Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	9
3. Yfirlit þjóðhagsspár	14
Fylgiskjal: Töfluviðauki	19

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Skerðingarákvæði, 7. grein: Heimildir.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Skerðingarákvæði, 8. Heimildir, 9. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga www.fjarlog.is

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær, auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er fjallað um yfirlit þjóðhagsspár, um framvindu efnahagsmála og horfur næsta ár. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

Lagagreinar frumvarpsins - síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Skerðingarákvæði.
7. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *www.fjarlog.is*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Aukið jafnvægi í efnahags-málum

Meira jafnvægi ríkir í efnahagsmálum en um árabil. Verðbólga er á hraðri niðurleið og viðskiptahallinn er horfinn. Kaupmáttur heimilanna er meiri en nokkru sinni fyrr, vextir fara lækkandi og verulega hefur dregið úr skuldsetningu fyrirtækja og einstaklinga. Margt bendir til að íslenskt efnahagslíf sé að taka við sér á nýjan leik eftir skammvinna niðursveiflu og að fram undan sé nýtt hagvaxtarskeið. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að landsframleiðsla á þessu ári standi í stað frá fyrra ári og að á næsta ári verði 1½% hagvöxtur.

Viðskiptajöfnuður 1991-2003



Traust staða ríkisfjármála

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2003 endurspeglar trausta og aðhaldssama stöðu ríkisfjármála. Þar er gert ráð fyrir 10,7 milljarða króna tekjuafgangi, eða sem nemur 1,3% af landsframleiðslu, og 10,1 milljarðs lánsfjárafgangi. Afgangurinn gengur sem fyrr til þess að lækka skuldbindingar ríkissjóðs og styrkja stöðu hans að öðru leyti. Sem dæmi má nefna að frá árinu 1999 til ársloka 2001 nema uppreiknaðar innborganir ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 34 milljörðum króna með vöxtum og tæplega 50 milljörðum króna til ársloka 2003, eða sem svarar til nálægt fjórðungi af heildarskuldbindingum ríkisins.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum að undanförnu hefur átt drjúgan þátt í því að skapa skilyrði fyrir þeirri umfangsmiklu skattalækkun sem lögfest var á

síðasta þingi og kemur til framkvæmda á næsta ári án þess að raska því meginmarkmiði stefnunnar í ríkisfjármálum að skila afgangi.

Tekjur og gjöld lækka

Heildarútgjöld og heildartekjur lækka í hlutfalli við landsframleiðslu frá árinu 2002 og sama gildir um hlutfall skatttekna. Heildarútgjöld hækka um 3% á milli ára, eða innan við 1% að raungildi miðað við verðlag landsframleiðslu. Hér munar mestu um hægan vöxt samneyslu sem meðal annars má rekja til sérstakra hagræðingaraðgerða. Útgjöld til fjárfestinga standa nánast í stað og vaxtakostnaður lækkar. Tilfærslur til heimilanna, meðal annars bætur almannatrygginga o.fl., hækka hins vegar nokkuð umfram verðlag. Skatttekjur ríkissjóðs standa í stað að raungildi á næsta ári. Það má einkum rekja til áhrifa lækkunar tekjuskatts lögaðila og eignarskatta einstaklinga og fyrirtækja.

... samanlagður tekjuafgangur 47 milljarðar

Frá árinu 1998 til 2003 stefnir samanlagður tekjuafgangur ríkissjóðs í 47 milljarða króna. Á sama tímabili mun uppsafnaður lánsfjárafgangur, eða það fé sem er til ráðstöfunar til að greiða niður skuldbindingar og styrkja stöðuna við Seðlabanka, nema tæplega 67 milljörðum. Ef ekki hefði komið til sérstök lántaka til að styrkja stöðu Seðlabanka Íslands á síðasta ári væri samanlagður lánsfjárafgangur rúmir 90 milljarðar á tímabilinu. Það lán var að stærstum hluta endurlánað til Seðlabankans en að hluta nýtt til að auka stofnfé hans og nýtur ríkissjóður í staðinn vaxtatekna og arðgreiðslna.

Traust staða ríkisfjármála, jafnt á tímum uppsveiflu sem niðursveiflu í þjóðarbúskapnum, er til marks um þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi íslensks efnahagslífs á undanförnum árum. Meginhersla hefur verið lögð á að treysta rekstrargrundvöll og samkeppnisstöðu atvinnulífsins og stuðla þannig að auknum hagvexti og bættum lífskjörum.

Dregið úr opinberri íhlutun

Ríkisfjármál hafa verið hér í lykilhlutverki enda vaxandi skilningur á mikilvægi ábyrgrar ríkisfjármálastefnu sem miðar að því að skila afgangi yfir hagsveifluna og greiða niður skuldir. Enn fremur hefur verið skipulega unnið að því að draga úr opinberri íhlutun og afskiptum af gangi efnahagslífsins, meðal annars með sölu ríkisfyrirtækja. Miklar endurbætur hafa verið gerðar í ríkisrekstri og leitast við að tryggja að saman fari fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð.

Umbætur í skattamálum

Miklar breytingar hafa verið gerðar á sviði skattamála. Rauði þráðurinn þar hefur verið að lækka skatthlutföll og breikka skattstofna. Tekjuskattshlutföll einstaklinga hafa verið lækkuð. Sama gildir um tekjuskatt lögaðila en hann er nú með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Á þessu ári tóku gildi lög sem kveða á um meira en helmings lækkun eignarskatta, jafnt einstaklinga sem fyrirtækja. Skattlagning fjármagnstekna hefur einnig verið samræmd og sama gildir um launatengd gjöld sem fyrirtækin greiða. Loks má nefna að margvíslegar breytingar hafa verið gerðar á álagningu ýmissa vörugjalda á bifreiðar, heimilistæki o.fl. í því skyni að draga úr neyslustýringu skattkerfisins og gera það hlutlausara.

Hækkun á barnabótum

Á næsta ári kemur til framkvæmda þriðji og síðasti áfangi í hækkun barnabóta en þá verður enn frekar dregið úr skerðingu bóta vegna tekna auk hækkunar á bótafjárhæðum og tekjumörkum. Þessar breytingar leiða til umtalsverðrar hækkunar ráðstöfunartekna barnafólks.

Bætt kjör aldraðra og öryrkja

Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir ýmsum breytingum á almannatryggingakerfinu sem miða að því að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Á síðasta ári tóku gildi lög sem kváðu á um sérstaka hækkun bóta auk þess sem dregið var úr skerðingu bóta vegna annarra tekna. Þessar breytingar hafa skilað sér í auknum kaupmætti bóta almannatrygginga.

Skipulagsbreytingar á fjármagnsmarkaði

Þá hafa verið gerðar róttækar skipulagsbreytingar á fjármagnsmarkaði sem hafa stuðlað að eflingu verðbréfa- og hlutabréfamarkaða, auknu frjálsræði á peninga- og gjaldeyrismarkaði, jafnt innanlands sem gagnvart útlöndum. Auk þess má nefna sölu á hlut ríkisins í viðskiptabönkunum og öðrum fjármálastofnunum.

Styrkari staða efnahags- og atvinnulífs

Allar þessar breytingar hafa orðið til þess að styrkja íslenskt efnahags- og atvinnulíf og leggja grundvöll að öflugri og fjölþættri starfsemi. Þessa sér meðal annars stað í örri framþróun og uppbyggingu nýrra atvinnugreina, svo sem í framleiðslu lyfja og lækningatækja og ýmiss hátæknibúnaðar. Útflutningstekjur þessara greina hafa margfaldast á undanförnum árum og eru orðnar jafnmiklar og útflutningstekjur af rótgrónum sjávarafurðum, svo sem saltfiski annars vegar og fiskimjöli og lýsi hins vegar. Þetta er ánægjuleg þróun og ber vott um þróttmikið atvinnulíf.

Uppbygging stóriðju

Sömu sögu er að segja af uppbyggingu stóriðju. Eftir áralangt tímabil kyrrstöðu hefur uppbygging hafist á nýjan leik á þessu sviði, bæði með rekstri Norðuráls og stækkun álversins í Straumsvík. Að undanförnu hafa farið fram undirbúningsviðræður um byggingu og rekstur álvers í Reyðarfirði og frekari stækkun Norðuráls og er niðurstaðna í þeim viðræðum að vænta innan skamms.

Stöðugleiki og hagstæð rekstrarskilyrði

Traust hagstjórn, jafnt í peninga- sem ríkisfjármálum, sem tryggir efnahagslegan stöðugleika, opið hagkerfi og hagstæð rekstrarskilyrði eru mikilvægar forsendur öflugrar atvinnuuppbyggingar af því tagi sem hér hefur verið rakið.

Staða og þróun efnahagsmála síðustu ár staðfestir árangur þeirrar efnahagsstefnu sem íslensk stjórnvöld hafa fylgt að undanförnu. Eftir langvinnt erfiðleikatímabil á árunum 1988–1995 tók efnahagslífið við sér svo um munaði enda eru árin 1996–2001 eitthvert mesta hagvaxtarskeið í íslenskri hagsögu. Þar fór saman umtalsverð kaupmáttaraukning heimilanna, mikil uppbygging á sviði orku- og stóriðjumála og ört vaxandi umsvif á peninga- og fjármagnsmarkaði, meðal annars í kjölfar aukins frelsis í fjármagnsviðskiptum og lækkunar fjármagnstekjuskatts sem hvort tveggja ýtti undir aukin viðskipti.

Viðskiptajöfnuður í jafnvægi

Mikil aukning þjóðarútgjalda leiddi til vaxandi viðskiptahalla sem náði hámarki á árinu 2000. Frá þeim tíma hafa útgjöld jafnt heimila sem fyrirtækja dregist hratt saman og viðskiptahallinn því farið ört minnkandi. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að viðskiptajöfnuður sé kominn í jafnvægi og svipaða sögu er að segja af næsta ári. Þannig hefur skapast jafnvægi á nýjan leik í þjóðarbúskapnum. Þessi þróun endurspeglar sveigjanleika íslenska hagkerfisins sem má ekki síst rekja til þeirra skipulagsbreytinga sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir á undanförnum árum.

Ábyrg stefna í ríkis- og efnahagsmálum

Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut. Aðhaldssöm og ábyrg stefna í ríkisfjármálum, sem einkum miðar að því að halda útgjaldavexti innan hóflegra marka, stuðlar að stöðugleika í efnahagsmálum. Hún skapar svigrúm til áframhaldandi skattalækkunar, jafnt hjá fyrirtækjum sem einstaklingum, og er því mikilvæg forsenda áframhaldandi uppbyggingar atvinnulífs og bættra lífskjara.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2002

Áætlun fjárlaga 2002

Fjárlög ársins voru afgreidd með 18,5 milljarða króna tekjuafgangi. Heildartekjur voru áætlaðar 257,9 milljarðar og útgjöld 239,4 milljarðar. Lánsfjárafgangur var áætlaður 40,2 milljarðar, þar af voru 20 milljarðar vegna eignasölu frá fyrra ári en eignasala ársins 20 milljarðar. Nú hafa áætlanir um tekjur og gjöld verið endurmetnar í ljósi þróunarinnar það sem af er árinu.

Tekjur aukast á nýjan leik

Tekjuáætlun fjárlaga 2002 byggðist á tveimur meginforsendum, annars vegar áætlun tekna árið 2001 og hins vegar spá um þróun helstu hagstærða á árinu 2002. Við endurskoðun tekjuáætlunar fyrir árið 2002 hefur verið tekið tillit til innheimtuþróunar á yfirstandandi ári og breytinga á almennum efnahagsforsendum. Þannig er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 verði 263,6 milljarðar, eða 5,7 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatta af einstaklingum og fyrirtækjum. Tekjuskattar einstaklinga hafa skilað tæplega 4 milljörðum meiri tekjum en áætlað var og tekjuskattur fyrirtækja er talinn verða 1 milljarði hærri en á fjárlögum. Af sömu ástæðum hækkar innheimta tryggingagjalds um 600 milljónir króna. Virðisaukaskattur er í takt við áætlanir fjárlaga og sama er að segja um aðra veltuskatta þegar á heildina er litið.

Endurmetin útgjöld

Útgjöld ríkisins hafa verið endurmetin og eru áætluð 7 milljörðum hærri en ráð var fyrir gert í fjárlögum, eða samtals 246,3 milljarðar króna. Um helmingur fráviksins er í heilbrigðis- og tryggingamálum vegna umframútgjalda sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og sjúkratrygginga. Aðrir þættir skýrast af kjarasamningum, auknu atvinnuleysi og endurmati á framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þá voru teknar upp niðurgreiðslur á nokkrar grænmetistegundir sem framleiddar eru hér á landi og horfið var frá hækkun ýmissa gjaldskráa vegna aðgerða í verðlagsmálum fyrr á árinu. Á móti lækka gengisbundnir liðir vegna styrkingar á gengi íslensku krónunnar. Nánari grein er gerð fyrir breytingum á útgjöldum í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Tekjuafgangur 2002 rýrnar

Endurskoðuð afkoma ríkissjóðs árið 2002 gerir því ráð fyrir að tekjuafgangur verði 17,2 milljarðar króna, eða 1,3 milljörðum króna lakari en í fjárlögum. Meiri breytingar verða þó á lánsfjárafgangi þar sem ekki varð af sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. í árslok 2001. Gert var ráð fyrir að 21,5 milljarðar af þeirri eignasölu kæmi til greiðslu á þessu ári og minnkar lánsfjárafgangur sem því nemur. Á móti kemur að innheimtar afborganir veittra lána verða 6,7 milljörðum hærri en áætlað var, en þar af eru 4,5 milljarðar af láni sem veitt var til Seðlabanka Íslands árið 2001 og 2,2 milljarðar af lánum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Loks verður handbært fé frá rekstri tæplega 3 milljörðum minna en gert var ráð fyrir sem skýrist af innlausn spariskírteina fyrir gjalddaga en það eykur greidda vexti ríkissjóðs um 3,5 milljarða. Að öllu samanlögðu verður lánsfjárjöfnuðurinn 10,7 milljarðar í stað 38,3 milljarða í fjárlögum. Ráðstöfun lánsfjárafgangsins breytist með þeim hætti að greiddar verða skuldir umfram ný lán sem nemur 3,6 milljörðum í stað 25,2 milljarða og staða ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands batnar um 8 milljarða í stað 4 milljarða í fjárlögum.

Tekjur, gjöld og afkoma sem hlutfall af VLF



2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003

Minni tekjur af sölu eigna

Tekjuafgangur ríkissjóðs er áætlaður 10,7 milljarðar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003 en er 17,2 milljarðar í endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár. Kemur þar einkum tvennt til: í fyrsta lagi verður hagnaður af sölu eigna 7 milljörðum lægri á næsta ári en ráð er fyrir gert í fjárlögum þessa árs. Í öðru lagi lækka skatttekjur ríkissjóðs um 4 milljarða

vegna sérstakra aðgerða í skattamálum. Þess hefur verið gætt að áhrifum skattalækkana sé mætt með aðhaldi í útgjöldum og rúmast þær því innan fjármálastefnu stjórnvalda. Ef litið er á tekjuafgang fyrir hagnað af sölu eigna í fyrirtækjum þá verður hann 3,2 milljarðar samkvæmt áætlun þessa árs en er 2,7 milljarðar í frumvarpi fyrir árið 2003. Þá verður að gæta að því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðstafa 1,2 milljörðum sérstaklega af söluandvirði eigna til að fjármagna framkvæmdir við jarðgöng. Sé tekið tillit til þess er tekjuafgangur árið 2003, án hagnaðar af sölu eigna og sérstakri ráðstöfun hans, 3,9 milljarðar króna. Lánsfjárafgangur í frumvarpinu er áætlaður 10,1 milljarður en er áætlaður 20,6 milljarðar árið 2002. Lækkunin stafar af minni tekjum af eignasölu og af minni afborgunum af veittum lánum.

Afkoma ríkissjóðs 2001 - 2003

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Tekjur	237,4	257,9	263,6	264,0
Gjöld	228,7	239,4	246,4	253,3
Tekjujöfnuður	**8,6**	**18,5**	**17,2**	**10,7**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-8,1	-20,3	-21,7	-14,8
Handbært fé frá rekstri	**0,5**	**-1,8**	**-4,5**	**-4,1**
Fjármunahreyfingar [2]	-26,5	40,1	25,2	14,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-26,0**	**38,3**	**20,7**	**10,1**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Hægfara efnahagsbati skilar auknum tekjum

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003 tekur mið af þeirri meginniðurstöðu þjóðhagsspár að efnahagslífið sé smám saman að taka við sér eftir veika niðursveiflu og að hagvöxtur muni aukast á nýjan leik á næsta ári. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði innan vikmarka verðbólgumarkmiðs, eða um 2¼%. Einnig er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni aukast um 2%. Á þessum forsendum eru skatttekjur taldar aukast um 5,3 milljarða og nema 232,5 milljörðum

króna. Hækkun skatttekna milli ára má meðal annars rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatts einstaklinga og hækkunar tryggingagjalds. Á móti vegur meira en helmings lækkun eignaskatts einstaklinga og fyrirtækja og lækkun tekjuskatts lögaðila. Einnig er miðað við að tekjur ríkisins af sölu eigna verði nokkru minni en á árinu 2002.

Útgjöld óbreytt á milli ára

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2003 eru áætluð 253,3 milljarðar króna og hækka um 14 milljarða frá fjárlögum 2002, en um 7 milljarða frá endurskoðaðri áætlun þessa árs. Hækkun frá endurskoðaðri áætlun er tæplega 3% og standa heildargjöld því í stað að raungildi milli ára. Útgjöld alls lækka um 0,3% sem hlutfall af landsframleiðslu frá þessu ári. Sé litið á hagræna skiptingu útgjalda þá stendur almennur rekstrarkostnaður í stað milli ára, neyslu- og rekstrartilfærslur aukast um 1,3% að raungildi, fjárfesting og viðhald er óbreytt á föstu verðlagi en vaxtagjöld lækka.

Hagræðing í rekstri

Við mörkun ríkisfjármálastefnu fyrir árið 2003 samþykkti ríkisstjórnin að hvert ráðuneyti lækkaði rekstrarútgjöld sín um 2% til að mæta nýjum verkefnum. Helstu breytingar á milli ára eru að framlög til sambýla fyrir fatlaða eru aukin til að stytta biðlista, rekstrargrunnur sjúkrastofnana er styrktur og framlög til háskóla aukast vegna fjölgunar nemenda. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka 1,3% að raungildi milli ára og stafar það af auknum framlögum til Fæðingarorlofssjóðs þar sem réttur karla og kvenna til fæðingarorlofs verður jafn á næsta ári og framlög til barnabóta aukast um hálfan milljarð þar sem stigið er þriðja skrefið í að hækka bæturnar og draga úr tekjutengingu þeirra. Stofnkostnaður og viðhald standa í stað milli ára. Framlög til nýframkvæmda í vegamálum aukast um ríflega fimmtung frá fjárlögum vegna sérstakrar fjármögnunar jarðganga af söluhagnaði eigna. Á móti kemur að mörgum stórum stofnkostnaðarverkefnum lýkur í ár og á því næsta og má þar m.a. nefna skála við Alþingi, barnaspítala og viðbyggingu Kennaraháskóla Íslands. Loks er áætlað að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um hálfan milljarð króna á milli ára.

Tekjuafgangur án óreglulegra gjalda og tekna

	Reikn. 1999	Reikn. 2000	Reikn. 2001	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frv. 2003
Tekjur umfram gjöld	**23,6**	**-4,3**	**8,6**	**18,5**	**17,2**	**10,7**
Óregluleg gjöld	19,0	37,6	8,5	8,8	8,8	8,8
Óreglulegar tekjur	16,0	3,8	1,1	15,5	14,4	8,5
Tekjuafg. fyrir óreglulega liði	**26,6**	**29,5**	**16,0**	**11,8**	**11,6**	**11,0**

Afkoman óbreytt

Taflan sýnir afkomu ríkissjóðs eins og hún birtist í ríkisreikningi og fjárlögum þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum tekjum og gjöldum. Með óreglulegum tekjum er talinn hagnaður af sölu eigna og endurmat á virði ríkisfyrirtækja sem fært er um tekjuhlið. Með óreglulegum gjöldum eru m.a. lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Tekjuafkoman á þennan mælikvarða sýnir að þrátt fyrir að afkoma á hefðbundinn mælikvarða rýrni heldur frá fjárlögum 2002 helst hún nær óbreytt fyrir óreglulega liði enda er gert ráð fyrir að hagnaður af sölu eigna minnki milli ára.

3 Yfirlit þjóðhagsspár

3.1 Helstu niðurstöður

Snörp aðlögun þjóðarútgjalda

Framvinda efnahagsmála upp á síðkastið endurspeglar fyrst og fremst mjög snarpa aðlögun í þjóðarbúskapnum í kjölfar mikillar uppsveiflu að undanförnu. Verulega hefur dregið úr verðbólgu á þessu ári og horfur fyrir næsta ár benda til að verðbólgan verði innan við 2½%. Atvinnuleysi hefur aukist tímabundið en flest bendir til að það fari fremur lækkandi á næstunni.

Kröftugur viðsnúningur í utanríkisviðskiptum frá árinu 2000 sýnir sveigjanleika íslenska hagkerfisins til að mæta tímabundnum áföllum. Þessi skjóta aðlögun sýnir einnig að þjóðarbúið virðist tilbúið til þess að hefja nýja sókn til aukins hagvaxtar sem flestar líkur benda til að gangi eftir á næstu árum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum nýrrar þjóðhagsspár fyrir árin 2002–2003 og horfum fyrir næstu ár þar á eftir. Rétt er að undirstrika að í þessari spá er ekki gert ráð fyrir áhrifum hugsanlegra virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á næstu árum.

- Gert er ráð fyrir að landsframleiðsla standi í stað árið 2002 í stað samdráttar í fyrri spám. Árið 2003 er spáð 1½% hagvexti og 2½-3% hagvexti að jafnaði á árunum 2004–2007.
- Þjóðarútgjöld eru talin dragast saman um 3% á árinu 2002. Það má einkum rekja til samdráttar í fjárfestingu en reiknað er með að fjárfesting atvinnuveganna verði fimmtungi minni en árið 2001. Árið 2003 eru þjóðarútgjöld hins vegar talin aukast um 1½%.
- Ein meginniðurstaða þjóðhagsspár er að viðskiptahallinn sem hér hefur mælst samfellt frá árinu 1995 hverfi á þessu ári. Það stafar einkum af mikilli aukningu útflutnings. Horfur eru á að áfram verði jafnvægi í utanríkisviðskiptum árið 2003.
- Spáð er ört lækkandi verðbólgu bæði í ár og næsta ár. Hækkun neysluverðsvísitölu er talin verða nálægt 4¾% milli áranna 2001 og 2002 og um 2¼% milli áranna 2002 og 2003.

- Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur aukist samfellt frá árinu 1994 og ekkert lát er á þeirri þróun. Árið 2002 er talið að kaupmátturinn aukist um 1½% og spáð er 2% aukningu árið 2003.
- Þjóðhagslegur sparnaður hefur aukist verulega að undanförnu í kjölfar minnkandi þjóðarútgjalda og er talinn verða um 19% af landsframleiðslu en hann var 14% árið 2000.
- Hagstæð þróun í utanríkisviðskiptum hefur skilað sér í batnandi skuldastöðu þjóðarbúsins. Hreinar erlendar skuldir þjóðarinnar hafa lækkað á þessu ári og spáð er áframhaldandi lækkun á næsta ári.

3.2 Framvinda efnahagsmála 2002

Hagvöxtur stendur í stað

Í nýrri þjóðhagsspá er reiknað með að hagvöxtur standi í stað árið 2002 en í fyrri spám var gert ráð fyrir að landframleiðslan myndi dragast saman um 0,8%. Frávikið stafar einkum af kröftugri útflutningi en áður var reiknað með. Þessi þróun veldur því að viðskiptajöfnuður er nú talinn verða í jafnvægi árið 2002.

Viðskiptakjör batna

Ytri skilyrði hafa almennt verið þjóðarbúinu hagfelld á árinu 2002. Þannig hafa viðskiptakjör batnað um tæplega 1%, fyrst og fremst vegna hækkunar á verðlagi sjávarafurða. Þessi áhrif koma meðal annars fram í því að þjóðartekjur aukast mun meira en sem nemur hagvexti á yfirstandandi ári, eða sem nemur liðlega 1¼%.

Þjóðarútgjöld dragast saman ...

Þjóðarútgjöld eru talin munu dragast saman annað árið í röð um 3%. Hér munar mestu um verulegan samdrátt í fjárfestingu atvinnuveganna en einnig er gert ráð fyrir töluverðum samdrætti í fjárfestingu opinberra aðila. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði er hins vegar talin standa nokkurn veginn í stað. Að öllu samanlögðu er talið að heildarfjárfesting verði tæplega 15% minni að magni árið 2002 en í fyrra sem er svipaður samdráttur og gert var ráð fyrir í fyrri spá.

Minni einkaneysla

Einkaneysla heldur áfram að dragast saman á árinu 2002 en þó ekki í sama mæli og árið á undan. Samdráttur einkaneyslunnar var um 3% árið 2001 og verður tæplega 1% á yfirstandandi ári sem er umtalsverður viðsnúningur frá tímabilinu 1996–2000 þegar einkaneyslan jókst árlega að meðaltali um 4%. Samdráttur einkaneyslunnar árin 2001 og 2002 á sér stað á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna er að aukast, sem

sýnir að sparnaður er að aukast. Samneysla ríkis og sveitarfélaga er talin aukast um 2¾% á árinu 2002. Þetta er minni vöxtur en mörg undanfarin ár.

Samdráttur í þjóðarútgjöldum eykur þjóðhagslegan sparnað og er nú talið að hann verði tæplega 19% af landframleiðslu á yfirstandandi ári en hann var tæplega 14% árið 2000. Þetta er afar jákvæð þróun sem hefur skilað sér í auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum sem meðal annars birtist í jöfnuði í viðskiptum gagnvart útlöndum.

3.3 Yfirlit þjóðhagsspár 2003

Hægur efnahagsbati ...

Í þjóðhagsspá fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir hægum efnahagsbata og liðlega 1½% hagvexti. Það er um 1% minni vöxtur en fólst í síðustu spá. Þjóðarútgjöld eru talin aukast um tæplega 1½%, eða helmingi minna en í fyrri spá. Frávikið stafar fyrst og fremst af breyttu mati á fjárfestingarhorfum auk þess sem samneysluspáin er mun lægri. Rétt er að undirstrika að í þessari spá er ekki gert ráð fyrir áhrifum hugsanlegra virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á næstu árum.

... og lítil aukning þjóðarútgjalda

Í spánni er reiknað með að einkaneyslan aukist að raungildi um 1¼% á næsta ári. Sem fyrr er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxi mun meira en sem nemur vexti einkaneyslu og að sparnaður muni því aukast þriðja árið í röð.

Áætlað er að samneysluútgjöld aukist aðeins um 1% árið 2003. Þetta er töluvert minni vöxtur en á undanförnum árum þar sem samneyslan jókst árlega um 3½% að meðaltali á árunum 1999–2002.

Spáin gerir ráð fyrir tæplega 2% aukningu í fjárfestingu árið 2003. Spáð er áframhaldandi samdrætti í íbúðarbyggingum sem nemur um 2%. Fjárfesting á vegum hins opinbera er hins vegar talin aukast lítillega, eða um ½% að raungildi. Mest óvissa ríkir um fjárfestingu atvinnuveganna þrátt fyrir verulega bætt rekstrarskilyrði, m.a. vegna lækkunar tekju- og eignarskatta og lækkandi raunvaxta. Gert er ráð fyrir að fjárfesting fyrirtækja muni aukast um 3½% á árinu 2003. Til samanburðar var síðast spáð um 10% aukningu í fjárfestingu alls sem fólst í 7,5% aukningu íbúðarbygginga, um 2% aukningu fjárfestingu á vegum hins opinbera og tæplega 14% aukningu í fjárfestingu atvinnuveganna fyrir árið 2003.

Jafnvægi í utanríkisviðskiptum

Reiknað er með að utanríkisviðskipti verði í jafnvægi á árinu 2003 og að halli í viðskiptajöfnuði verði innan við einn milljarð króna. Í þessari spá er gert ráð fyrir að gengisvísitalan verði að meðaltali 130 stig.

Helstu forsendur þjóðhagsspár

	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-1,0	-1,0	1¼
Samneysla	2½	2¾	1,0
Fjárfesting	-12,0	-14¾	1¾
Þjóðarútgjöld alls	-2½	-3,0	1½
Útflutningur vöru og þjónustu	1,0	5¼	3½
Innflutningur vöru og þjónustu	-4¼	-2¾	3,0
Verg landsframleiðsla	-½	0,0	1½
Þjóðartekjur	-5,0	0,0	0,0
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	5½	6¼	4¼
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-½	1½	2,0
Vísitala neysluverðs	6,0	4¾	2¼
Gengisvísitala	3¾	-2½	-1½
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,0	2½	2½

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	21
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	22
3.	Skipting ríkissjóðstekna	23
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	24
5.	Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum	25
6.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	26
7.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	27
8.	Veitt og tekin lán ríkissjóðs	28
9.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	29

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Skatttekjur	**200.651**	**211.729**	**221.348**	**227.238**	**232.524**
Skattar á tekjur einstaklinga	49.331	58.676	61.125	65.097	70.150
Skattar á tekjur lögaðila	9.679	9.551	6.500	7.500	5.250
Tryggingagjöld	19.680	21.909	23.365	23.986	27.744
Eignarskattar	9.872	10.596	11.320	11.105	6.933
Virðisaukaskattur	71.903	72.147	76.700	76.792	79.700
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	39.064	37.466	38.881	38.679	39.167
Skattar ótaldir annars staðar	1.121	1.384	3.457	4.079	3.581
Aðrar rekstrartekjur	**19.030**	**23.274**	**20.411**	**20.977**	**21.396**
Arðgreiðslur	2.477	1.917	1.629	2.533	2.437
Vaxtatekjur	10.698	14.727	13.402	12.444	12.564
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.855	6.630	5.381	6.000	6.395
Sala eigna	635	1.065	15.520	14.420	8.540
Fjárframlög	1.231	1.288	621	930	1.540
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	3.167				
Tekjur samtals	**224.714**	**237.356**	**257.900**	**263.565**	**264.000**
Æðsta stjórn ríkisins	2.149	2.111	2.546	2.583	2.250
Forsætisráðuneyti	1.459	1.146	1.124	1.199	997
Menntamálaráðuneyti	22.459	26.803	28.324	28.866	29.957
Utanríkisráðuneyti	4.807	4.965	5.196	5.144	5.165
Landbúnaðarráðuneyti	9.502	11.039	10.821	11.119	11.275
Sjávarútvegsráðuneyti	2.508	2.813	2.704	2.718	2.712
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11.574	12.901	13.620	13.980	14.239
Félagsmálaráðuneyti	11.266	16.767	17.932	19.199	20.822
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	78.479	84.559	90.409	94.336	96.778
Fjármálaráðuneyti	48.981	23.706	26.580	26.703	27.275
Samgönguráðuneyti	13.315	15.869	15.938	15.656	17.556
Iðnaðarráðuneyti	2.631	2.972	2.813	3.041	3.186
Viðskiptaráðuneyti	1.404	1.450	1.455	1.501	1.445
Hagstofa Íslands	378	399	380	511	531
Umhverfisráðuneyti	2.842	3.290	3.129	3.176	3.213
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.245	17.923	16.400	16.640	15.900
Gjöld samtals	**229.001**	**228.713**	**239.370**	**246.370**	**253.300**
Tekjujöfnuður	**-4.287**	**8.643**	**18.530**	**17.195**	**10.700**

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Handbært fé frá rekstri	**17,5**	**0,5**	**-1,9**	**-4,6**	**-4,1**
Fjármunahreyfingar					
Lánahreyfingar, nettó	3,3	-12,5	25,0	10,1	7,6
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	0,0	-11,3	15,2	15,2	6,6
Fjármunahreyfingar samtals	**3,3**	**-23,8**	**40,2**	**25,3**	**14,2**
Afföll af teknum lánum	2,5	2,7			
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**18,2**	**-26,0**	**38,3**	**20,7**	**10,1**
Framlag til LSR	**-8,8**	**-14,3**	**-9,0**	**-9,0**	**-6,0**
Lánsfjárafgangur að frádregnu framlagi í LSR [1]	9,5	-40,3	29,3	11,7	4,1
Fjármögnun	**-8,2**	**41,6**	**-25,2**	**-3,6**	**0,0**
Greiðsluafkoma	**1,3**	**1,3**	**4,1**	**8,1**	**4,1**
Hlutfall af VLF, %					
Handbært fé frá rekstri	2,7	0,1	-0,2	-0,6	-0,5
Hreinn lánsfjárjöfnuður	2,8	-3,5	4,9	2,6	1,2
Greiðsluafkoma	0,2	0,2	0,5	1,0	0,5

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun [1] 2002	Frumvarp 2003
I Skatttekjur	**200.651**	**211.729**	**221.348**	**227.238**	**232.524**
Skattar á tekjur og hagnað	59.595	68.896	69.902	75.224	77.500
Einstaklingar	49.331	58.676	61.125	65.097	70.150
Tekjuskattur einstaklinga	42.853	50.862	55.005	58.218	63.579
Sérstakur tekjuskattur	1.272	1.644	1.120	1.879	1.571
Skattur á fjármagnstekjur	5.206	6.170	5.000	5.000	5.000
Lögaðilar	9.679	9.551	6.500	7.500	5.250
Ótalið annars staðar	585	669	2.277	2.627	2.100
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	12	56	1.500	1.850	1.300
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	573	613	777	777	800
Tryggingagjöld	19.681	21.909	23.365	23.986	27.744
Eignarskattar	9.872	10.596	11.320	11.105	6.933
Skattar á vörur og þjónustu	110.966	109.614	115.581	115.472	118.867
Virðisaukaskattur	71.903	72.147	76.700	76.792	79.700
Almenn vörugjöld	11.067	11.161	15.425	15.425	15.132
Vörugjald af ökutækjum	4.960	2.853	3.150	3.000	3.200
Almennt vörugjald af bensíni	2.127	1.981	2.190	2.190	1.995
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.430	5.447	5.434	5.434	5.434
Aðrir sértækir veltuskattar	7.357	7.468	3.695	3.581	3.950
Bifreiðagjald	2.550	2.628	2.940	2.940	2.975
Þungaskattur	4.639	4.894	4.964	4.964	5.088
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	932	1.035	1.084	1.146	1.393
Aðrir skattar	538	714	1.180	1.452	1.481
II Aðrar rekstrartekjur	**19.030**	**23.274**	**20.411**	**20.977**	**21.396**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.477	1.917	1.629	2.533	2.437
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	10.698	14.727	13.402	12.444	12.564
Neyslu- og leyfisgjöld	5.208	5.782	4.682	5.301	5.628
Annað	647	848	699	699	767
III Sala eigna	**634**	**1.065**	**15.520**	**14.420**	**8.540**
IV Fjármagnstilfærslur	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
V Fjárframlög	**1.231**	**1.288**	**621**	**930**	**1.540**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	**3.167**	**-**	**-**	**-**	**-**
Heildartekjur ríkissjóðs	**224.713**	**237.356**	**257.900**	**263.565**	**264.000**
Sjóðshreyfing	**217.978**	**224.042**	**246.600**	**253.027**	**252.470**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög [1] 2002	Áætlun [2] 2002	Frumvarp 2003
Rekstrargjöld					
Laun	53.958	62.279	72.273	74.850	71.852
Lífeyrisskuldbindingar	24.877	2.612	4.781	4.781	4.755
Önnur gjöld	48.310	43.201	40.754	41.989	51.872
Sértekjur	-13.763	-16.414	-17.027	-17.027	-17.115
Rekstrargjöld samtals	**113.382**	**91.678**	**100.781**	**104.593**	**111.363**
Fjármagnskostnaður	**15.245**	**17.923**	**16.400**	**16.640**	**15.900**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	20.090	19.944	22.712	22.327	24.099
Sjúkratryggingar	10.873	11.663	11.879	12.818	12.961
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.200	7.295	6.968	7.238	7.258
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	5.435	5.823	6.484	6.349	6.859
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	4.200	5.763	5.146	5.468	5.626
Barnabætur	3.702	4.559	4.930	4.930	5.430
Fæðingarorlofssjóður	0	2.853	4.467	4.467	5.392
Vaxtabætur	4.309	4.721	4.385	4.385	4.605
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.246	2.473	2.427	2.517	2.617
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.910	2.420	2.550	2.645	2.898
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.444	1.592	2.273	2.853	2.858
Ríkisútvarpið	1.777	1.938	2.155	2.155	2.171
Aðrar neyslu og rekstrartilfærslur	18.037	25.063	23.541	24.445	20.453
Neyslu og rekstrartilf. samtals	**80.223**	**96.107**	**99.915**	**102.597**	**103.227**
Viðhald					
Vegagerðin	4.151	4.187	4.234	4.234	4.327
Annað	1.112	1.492	1.448	1.448	1.519
Viðhald samtals	**5.263**	**5.679**	**5.682**	**5.682**	**5.846**
Fjárfesting					
Vegagerðin	4.631	6.067	6.236	5.766	7.573
Háskólar og framhaldskólar	854	1.308	1.585	1.735	1.920
Hafnarframkvæmdir	486	888	1.331	1.331	1.202
Heilbrigðisstofnanir	1.010	1.072	1.389	1.459	1.087
Flugvellir	882	1.072	557	682	693
Annað	7.026	6.919	5.495	5.887	4.489
Fjárfesting samtals	**14.889**	**17.326**	**16.593**	**16.860**	**16.964**
Gjöld samtals	**229.002**	**228.713**	**239.370**	**246.372**	**253.300**

[1] Vegna breytinga á framsetningu Vegagerðarinnar hækka sértekjur um 3,2 milljarða kr. og rekstrargjöld um 3,2 milljarða kr., þar af hækka laun um 1 milljarð kr.

[2] Breytt flokkun á útgjöldum ríkissjóðs til einkarekinna hjúkrunarheimila og háskóla veldur því að tilfærsluútgjöld lækka um 3.856 m.kr. og rekstrargjöld hækka um sömu fjárhæð. Nánari grein er gert fyrir þeim breytingum í inngangi 3. kafla seinna heftis frumvarpsins.

Tafla 5 **Skipting útgjalda eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Frumvarp 2003
Almenn opinber þjónusta	11.233	13.026	13.430	14.154	13.887
Löggæsla og öryggismál	8.985	9.846	10.811	10.978	11.253
Fræðslumál	16.150	16.632	20.611	21.104	23.075
Heilbrigðismál	48.824	51.396	57.236	59.729	64.011
Almannatryggingar og velferðarmál	38.299	41.465	46.707	52.394	57.083
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	1.787	1.820	2.011	2.162	2.432
Menningar- og kirkjumál	7.638	8.465	9.139	9.648	10.009
Eldsneytis- og orkumál	1.619	1.746	1.855	1.914	2.147
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	11.510	11.615	13.469	13.138	13.526
Iðnaðarmál	714	654	783	743	831
Samgöngumál	11.924	13.418	15.908	16.055	17.626
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	3.284	3.744	5.049	4.133	4.334
Önnur útgjöld ríkissjóðs	37.036	55.175	31.705	33.219	33.087
Samtals	**199.003**	**229.002**	**228.714**	**239.370**	**253.300**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 6 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2003**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	365	0	10	414
Ríkisútvarpið	-215	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-34	0	0	0
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	-11	0	0	0
Ratsjárstofnun	0	0	8	0
Umsýslustofnun varnarmála	-6	0	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.875	133	85	0
Alþjóðaflugþjónustan	0	0	120	200
Rafmagnsveitur ríkisins	-181	219	903	500
Samtals	**2.793**	**352**	**1.126**	**1.114**

Tafla 7 **Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2003**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Veitt lán	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	841	5.327	40	4.100
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-15	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	216	1.909	0	1.600
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	541	0	0	500
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.912	29.856	12	29.557
Íbúðalánasjóður, leiguíbúða	32	8.050	0	10.706
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	-318	4.500	0	6.948
Íbúðalánasjóður, eldri byggingasjóðir	-239	0	7	8.961
Hafnabótasjóður	-121	0	0	0
Ferðamálasjóður	-10	104	0	100
Orkusjóður	-22	40	0	0
Byggðastofnun	86	2.800	0	2.500
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-70	40	5	0
Samtals	**2.833**	**52.626**	**64**	**64.972**

Tafla 8

Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Tekin lán	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**239 246**	**241 566**	**237 764**	**225 968**	**228 530**	**298 314**	**275 400**	**276 000**
Seðlabanki Íslands	6	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Spariskírteini	60 796	69 008	74 140	73 889	84 424	82 865	82 618	68 898	64 243	50 400	-
Ríkisbréf	6 012	5 563	5 768	8 366	11 258	15 846	11 018	11 430	19 588	28 700	-
Ríkisvíxlar	13 742	14 630	16 406	15 811	12 296	15 209	9 899	5 970	12 003	12 000	-
Aðrir innlendir aðilar	12 709	11 090	9 010	8 962	6 960	6 526	4 297	2 907	4 191	4 200	-
Erlend lán	102 304	113 633	127 261	132 218	126 628	117 318	118 136	139 325	198 289	180 100	-
Lánveitingar	**64 968**	**69 066**	**77 266**	**71 023**	**69 309**	**86 496**	**107 152**	**101 172**	**129 561**	**125 200**	**125 000**
Veitt lán	46 875	55 469	64 134	63 663	65 278	64 739	69 347	70 919	93 049	81 900	74 000
Lán tengd innlendu verðlagi	26 405	36 965	45 176	50 565	52 885	53 215	57 699	59 262	79 517	-	-
Gengisbundin lán	20 470	18 504	18 958	13 098	12 393	11 524	11 648	11 657	13 532	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	18 093	13 597	13 132	7 360	4 031	21 757	37 805	30 253	36 512	43 300	51 000
Nettó lántökur ríkissjóðs	**130 601**	**144 858**	**155 319**	**168 223**	**172 257**	**151 268**	**118 816**	**127 358**	**168 753**	**150 200**	**151 000**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	33,2	32,3	33,2	29,7	28,7	36,4	47,4	44,3	43,4	45,5	45,3
Hlutfall af VLF, % [2]											
Tekin lán	**47,0**	**48,5**	**51,2**	**49,1**	**46,9**	**41,8**	**36,8**	**34,5**	**39,6**	**34,8**	**33,6**
Þar af erlend lán	24,8	25,9	28,1	27,3	24,7	20,7	19,5	21,2	26,6	-	-
Veitt lán	**11,2**	**12,6**	**14,1**	**13,0**	**12,6**	**11,3**	**11,2**	**10,6**	**12,1**	**15,9**	**15,3**
Þar af gengisbundin lán	5,0	4,2	4,2	2,7	2,4	2,0	1,9	1,8	1,8	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	4,3	3,1	2,9	1,5	0,8	3,8	6,1	4,5	4,7	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**31,4**	**32,9**	**34,3**	**34,6**	**33,5**	**26,6**	**19,5**	**19,3**	**22,8**	**19,0**	**18,4**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 9 **Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Áætlun 2002	Áætlun 2003
Heildarskuldir hins opinbera..	**220 084**	**245 071**	**267 611**	**274 447**	**279 351**	**280 460**	**272 031**	**278 337**	**351 132**	**331 099**	**332 958**
Innlendar skuldir	113 296	126 467	135 881	138 088	145 149	153 144	142 048	125 434	138 543	135 919	-
Erlendar skuldir	106 788	118 604	131 730	136 359	134 202	127 316	129 983	152 903	212 589	195 180	-
Kröfur hins opinbera	**76 905**	**79 577**	**88 313**	**82 925**	**82 820**	**99 746**	**125 046**	**119 675**	**148 324**	**143 947**	**143 731**
Veitt lán	54 091	61 559	70 760	71 249	74 449	74 482	79 505	81 045	103 680	92 713	84 631
Skatta- og viðskiptakröfur	22 814	18 018	17 553	11 676	8 371	25 264	45 541	38 630	44 644	51 234	59 100
Hreinar skuldir hins opinbera	**143 180**	**165 494**	**179 298**	**191 522**	**196 531**	**180 713**	**146 984**	**158 662**	**202 808**	**187 152**	**189 227**
Ríkissjóður	130 602	144 858	155 390	168 224	172 256	151 297	118 815	127 358	168 753	150 200	151 000
Bæjar- og sveitarfélög	14 552	22 185	25 130	24 190	25 038	30 089	28 663	31 653	34 387	37 268	38 527
Almannatryggingar	-1 974	-1 549	-1 222	- 892	- 763	- 672	- 494	- 349	- 332	- 315	- 300
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	246 475	261 809	279 517	280 653	282 748	280 460	264 160	260 165	313 798	283 026	273 277
Hreinar skuldir hins opinbera	160 472	176 756	187 237	195 839	198 890	180 713	142 747	148 112	180 264	159 135	155 309
Hlutfall af VLF, %											
Skuldir hins opinbera	**53,2**	**55,8**	**59,2**	**56,6**	**54,5**	**49,4**	**44,8**	**42,3**	**47,2**	**42,1**	**40,8**
Innlendar skuldir	27,4	28,8	30,1	28,5	28,3	27,0	23,4	19,1	18,6	17,3	-
Erlendar skuldir	25,8	27,0	29,1	28,1	26,2	22,4	21,4	23,2	28,6	24,8	-
Kröfur hins opinbera	**18,6**	**18,1**	**19,5**	**17,1**	**16,2**	**17,6**	**20,6**	**18,2**	**19,9**	**18,3**	**17,6**
Hreinar skuldir hins opinbera	**34,6**	**37,7**	**39,7**	**39,5**	**38,3**	**31,8**	**24,2**	**24,1**	**27,3**	**23,8**	**23,2**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar.
Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002.)

Seinni hluti:
Lagagreinar og athugasemdir

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG
ISSN 1607-811X

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

Bls.

Inngangur 3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga 5
2. Helstu þættir ríkisfjármála 9
3. Framvinda og horfur í efnahagsmálum 14
Fylgiskjal: Töfluviðauki 19

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

Bls.

Efnisyfirlit fyrri- og seinni hluta 33

A-hluti Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana
1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs 35
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs 36

B-hluti Fjárreiður ríkisfyrirtækja
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja 37

C-hluti Fjárreiður lánastofnana
4. gr. Fjárreiður lánastofnana 38

Ýmis ákvæði
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 39
6. gr. Skerðingarákvæði 41
7. gr. Heimildir 42

Sundurliðanir
1. Tekjur A-hluta 48
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta 53
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta 224
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta 233

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 246
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 251
3. Markaðar tekjur 252
4. Aðrar rekstrartekjur stofnana 258
5. Lögbundin framlög 264

Athugasemdir

Inngangur 267
1. Yfirlit ríkisfjármála 269
2. Tekjur A-hluta 271
3. Gjöld A-hluta 278
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 460
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 466
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 477
7. Skerðingarákvæði 483
8. Heimildir 484
9. Yfirlit yfir lagabreytingar 486

Atriðisorðaskrá 487

Vefsetur fjárlaga: www.fjarlog.is

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2003 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**232.524,4**	**224.830,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	70.150,0	67.566,1
Skattar á tekjur lögaðila	5.250,0	4.410,0
Tryggingagjöld	27.744,1	26.954,6
Eignarskattar	6.933,0	6.861,0
Virðisaukaskattur	79.700,0	76.512,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	39.166,6	39.089,7
Skattar ótaldir annars staðar	3.580,7	3.436,6
Aðrar rekstrartekjur	**21.396,1**	**17.560,5**
Arðgreiðslur	2.437,0	2.437,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	12.564,0	8.794,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.395,1	6.329,5
Sala eigna	8.540,0	8.540,0
Fjárframlög	1.539,5	1.539,5
Tekjur samtals	**264.000,0**	**252.470,0**
Æðsta stjórn ríkisins	2.249,9	2.249,9
Forsætisráðuneyti	996,5	996,5
Menntamálaráðuneyti	29.956,6	29.956,6
Utanríkisráðuneyti	5.165,4	5.165,4
Landbúnaðarráðuneyti	11.274,5	11.274,5
Sjávarútvegsráðuneyti	2.712,2	2.712,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	14.238,8	14.238,8
Félagsmálaráðuneyti	20.821,8	20.821,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	96.778,2	96.778,2
Fjármálaráðuneyti	27.275,4	21.563,4
Samgönguráðuneyti	17.555,6	17.675,7
Iðnaðarráðuneyti	3.186,1	3.186,1
Viðskiptaráðuneyti	1.445,3	1.445,3
Hagstofa Íslands	531,2	531,2
Umhverfisráðuneyti	3.212,5	3.212,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.900,0	16.220,0
Gjöld samtals	**253.300,0**	**248.028,1**
Tekjujöfnuður	**10.700,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2003 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	10.700,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-11.068,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.570,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-120,0
Handbært fé frá rekstri	**-4.058,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-5.214,0
Afborganir veittra lána	13.200,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-4.900,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	11.500,0
Fjármunahreyfingar samtals	**14.186,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**10.128,0**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	28.400,0
Afborganir lána	-28.400,0
Fjármögnun samtals	**0,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-6.000,0
Breyting á handbæru fé	**4.128,0**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2003 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	365,0	0,0	10,0	414,0
Ríkisútvarpið	-215,0	0,0	0,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-34,3	0,0	0,0	0,0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	-11,0	0,0	0,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	8,1	0,0
Umsýslustofnun varnarmála	-6,0	0,0	0,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.874,8	133,0	85,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	120,0	200,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-181,0	219,0	903,0	500,0
Samtals	**2.792,5**	**352,0**	**1.126,1**	**1.114,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2003 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	841,0	5.327,0	40,0	4.100,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-15,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	216,3	1.909,0	0,0	1.600,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	541,0	0,0	0,0	500,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.912,0	29.856,0	12,0	29.557,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	32,0	8.050,0	0,0	10.706,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	-318,0	4.500,0	0,0	6.948,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam..	-239,0	0,0	7,0	8.961,0
Hafnabótasjóður	-121,4	0,0	0,0	0,0
Ferðamálasjóður	-10,0	104,0	0,0	100,0
Orkusjóður	-21,7	40,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	85,6	2.800,0	0,0	2.500,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-70,0	40,0	5,0	0,0
Samtals	**2.832,8**	**52.626,0**	**64,0**	**64.972,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 28.400 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 5.214 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 4.100 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 500 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 200 m.kr.
   - 2.4 Happdrætti Háskóla Íslands allt að 414 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2003 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.9, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 21.500 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 29.557 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 10.706 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 6.948 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.5 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 8.961 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.600 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.7 Byggðastofnun, allt að 2.500 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   - 3.8 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 28. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.
   - 3.9 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 500 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með ároðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.

4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2003 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
2.2 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.
2.3 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.
2.4 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.5 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2.6 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.7 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Gunnarsbraut 4-6, Dalvík.
2.8 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.
2.9 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.
2.10 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
2.11 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.12 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b, 39c og 39d Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.13 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.14 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.15 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.16 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.17 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
2.18 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.19 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.
2.20 Að selja fasteignina Bræðratungu á Ísafirði og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.21 Að selja fasteign og lóð Vegagerðar ríkisins að Stórhöfða 34-40 og ráðstafa andvirði hennar til vegamála.
2.22 Að selja prestssetrið Hólabraut 1, Skagaströnd.
2.23 Að selja prestsseturshúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.

3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.8 Að selja fjöleignarhús við Kópavogsbraut, sem nú er notuð fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar, og ráðstafa hluta af andvirðinu til að koma upp þremur sambýlum fyrir fatlaða og til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.12 Að selja hluta af eign ríkissjóðs í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
3.13 Að selja hús varamanns sendiherra í Stokkhólmi, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.14 Að selja hlut ríkissjóðs í sjúkraskýli að Túngötu 2, Suðureyri við Súgandafjörð, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir heilsugæslusel á sama stað.
3.15 Að selja húsnæði ÁTVR að Selási 19, Egilsstöðum.
3.16 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sandholti 28, Ólafsvík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum á Varmalandi í Borgarfirði, sem nýttar hafa verið fyrir starfsemi Kennaraháskóla Íslands og verja hluta andvirðisins til nýbyggingar skólans.
3.18 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
3.20 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í Sóltúni 1, Reykjavík og verja andvirðinu til kaupa á öðru húsnæði í þágu Háskóla Íslands.
3.21 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hvanneyrarbraut 64, á Siglufirði og kaupa annað hentugra.
3.22 Að selja hluta húsnæðis heilsugæslustöðvarinnar að Borgarbraut 65, Borgarnesi og verja andvirðinu til viðbyggingar við stöðina.
3.23 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Klettsbúð 33, Hellissandi.
3.24 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sjávarflöt 7, Stykkishólmi og verja andvirðinu til endurbóta á Heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.
3.25 Að selja eignarhlut ríkisins í flugskýli á Patreksfjarðarflugvelli.
3.26 Að selja íbúðar- og útihús við Garðskagavita.
3.27 Að selja eignarhlut ríkisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.

3.28 Að selja eignarhlut ríkisins að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
4.4 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.5 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
4.6 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.7 Að selja hluta af jörðinni Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.8 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.9 Að selja jörðina Gufudal, Ölfusi, Árnessýslu.
4.10 Að selja jörðina Gufudal II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.11 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.12 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.13 Að selja hluta af jörðinni Hrólfsstaðahelli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Húsagarði, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.15 Að selja jörðina Ása, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.
4.16 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.17 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.18 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.19 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.20 Að selja jörðina Skriðu, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.21 Að selja jörðina Fell, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.22 Að selja jörðina Fyrirbarð í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.23 Að selja jörðina Urðarbak, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.24 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.25 Að selja jörðina Kollafjörð, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.26 Að selja jörðina Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.27 Að selja hluta af jörðinni Ytra Lóni, Þórshafnarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
4.28 Að selja hluta af jörðinni Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.29 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.
4.30 Að selja jörðina Tjaldbúðir, Staðarsveit, Snæfellssnessýslu.
4.31 Að selja jörðina Kolfreyju, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.32 Að selja hluta af jörðinni Dalir II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.33 Að selja hluta af jörðinni Stað í Staðardal, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.34 Að selja hluta af jörðinni Brúum í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Kirkjuferjuhjáleigu, Ölfusi, Árnessýslu.
4.36 Að selja hluta af jörðinni Arnarbæli, Ölfusi, Árnessýslu.
4.37 Að selja hluta af jörðinni Brúnastöðum í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.38 Að selja hluta af jörðinni Búðum (utan friðlands), Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu.
4.39 Að selja hluta af jörðinni Saurbæ, Eyjafjarðarsveit, Eyjafjarðarsýslu.

4.40 Að selja jörðina Búlandshöfða, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsnessýslu.
4.41 Að selja jörðina Háu-Kotey í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.42 Að selja jörðina Lágu-Kotey í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.43 Að selja jörðina Sandhól í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.44 Að selja jörðina Kollafjarðarnes, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.45 Að selja jörðina Sandvík, Þingeyjarsveit, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.46 Að selja jörðina Stóra-Bakka, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.47 Að selja jörðina Straum á Skógarströnd, Dalabyggð, Dalasýslu.
4.48 Að selja jörðina Þjóðólfshaga 2, Rangárþing ytra, Rangárvallasýslu.
4.49 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.50 Að selja jörðina Hvítsstaði í Borgarbyggð, Mýrasýslu.
4.51 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.52 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.53 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.54 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.55 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.56 Að selja prestssetursjörðina Desjamýri í Borgarfirði Eystri, Múlaprófastsdæmi.
4.57 Að selja hluta af prestssetursjörðinni Mosfelli í Mosfellsdal.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.5 Að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunarinnar í Fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á sk. Stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.3 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.4 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans.
6.5 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.
6.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu.
6.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu.
6.8 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra Íslands í Moskvu.
6.9 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Vín.
6.10 Að kaupa eða leigja land fyrir Selfossflugvöll.
6.11 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss.

6.12 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir heilsugæslusel á Reyðarfirði.
6.13 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir sýslumanninn í Reykjavík.
6.14 Að kaupa til niðurrifs flugskýli á Reykjavíkurflugvelli vegna framkvæmda við flugvöllinn.
6.15 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti yfirdýralæknis.
6.16 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti veiðimálastjóra.
6.17 Að kaupa eða leigja læknisbústað í Borgarnesi.
6.18 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæsluna í Hafnarfirði.
6.19 Að kaupa jörðina Galtastaðir fram í Hróarstungu, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
6.20 Að kaupa eignarhlut St. Fransiskusreglunnar í St. Fransiskusspítalanum, Stykkishólmi.
6.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.22 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir útsendan ritara í Moskvu.
6.23 Að leigja hentugt húsnæði fyrir sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og selja núverandi húsnæði.
6.24 Að leigja með kauprétti sérhannað fangelsishúsnæði sem byggt yrði í Reykjavík.
6.25 Að kaupa eða leigja aðstöðu fyrir lögregluna á Kirkjubæjarklaustri.
6.26 Að kaupa læknisbústað á Hellu eða Hvolsvelli.
6.27 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.28 Að kaupa flugskýli á Akureyrarflugvelli.
6.29 Að kaupa jarðir innan fyrirhugað Vatnajökulsþjóðgarðs.
6.30 Að kaupa jarðir og semja um makaskipti á nálægum jörðum vegna þjóðgarðsins á Snæfellsnesi.
6.31 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Brunamálastofnun Íslands.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2003 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2003, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.5 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.
7.6 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.

7.7 Að stofna félag um rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg og greiða nauðsynlegan kostnað vegna þess.
7.8 Að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. IX. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, um framlög vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum.
7.9 Að leggja Seðlabanka Íslands til stofnfé á árinu 2003.
7.10 Að selja varðskipið Óðinn og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða smíða á nýju varðskipi.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	63.579,0	61.035,1
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.571,0	1.571,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	5.000,0	4.960,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**70.150,0**	**67.566,1**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	5.250,0	4.410,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.300,0	1.237,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	800,0	786,9
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**2.100,0**	**2.023,9**
	Skattar á tekjur og hagnað	**77.500,0**	**74.000,0**

2 Tryggingagjöld

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	160,0	160,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	23.781,1	23.067,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.803,0	3.726,9
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**27.744,1**	**26.954,6**
	Tryggingagjöld	**27.744,1**	**26.954,6**

3 Skattar á launagreiðslur

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	190,0	190,0

4 Eignarskattar

4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	1.720,0	1.720,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	1.050,0	1.050,0
	Skattar á hreina eign	**2.770,0**	**2.770,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	800,0	800,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.400,0	2.328,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	342,0	342,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	621,0	621,0
	Sértækir eignarskattar	**963,0**	**963,0**
	Eignarskattar	**6.933,0**	**6.861,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	79.700,0	76.512,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.079,1	2.058,3
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	700,0	700,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.200,0	3.200,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.995,0	1.995,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.434,0	5.434,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	36,1	36,1
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	646,0	646,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	6.632,0	6.689,7
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.200,0	3.200,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.839,2	1.839,2
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.704,0	2.656,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.244,3	1.244,3
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1,3	1,3
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**109.411,0**	**106.211,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.975,0	2.910,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	5.088,0	5.088,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	167,4	167,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	74,1	74,1
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	347,5	346,7
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	207,5	207,5
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	579,1	579,1
5.2.2.35	Ýmislegt	17,0	17,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**9.455,6**	**9.389,8**
	Skattar á vörur og þjónustu	**118.866,6**	**115.601,7**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	203,0	203,0
6.1.15	Markaðsgjald	237,7	237,7
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	760,0	760,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**1.200,7**	**1.200,7**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	90,0	22,0
	Aðrir skattar	**1.290,7**	**1.222,7**
	Skatttekjur, samtals	**232.524,4**	**224.830,0**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	915,0	915,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.522,0	1.522,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.437,0**	**2.437,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	6.926,0	3.243,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	5.036,0	4.949,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	570,0	570,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	32,0	32,0
	Aðrar eignatekjur	**12.564,0**	**8.794,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**15.001,0**	**11.231,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	496,7	496,7
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	220,8	220,8
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.171,0	2.171,0
9.1.3.5	Skólagjöld	336,0	336,0
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	584,1	584,1
9.1.3.20	Prófgjöld	12,9	12,9
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	118,5	118,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	815,4	815,4

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.35	Ýmislegt	300,8	330,2
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	379,7	379,7
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	47,2	47,2
9.1.4.15	Afgreiðslugjöld skipa	45,0	45,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**5.628,1**	**5.657,5**
	Ýmsar tekjur	**5.628,1**	**5.657,5**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	380,0	353,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	200,0	132,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**615,0**	**520,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	128,0	128,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0	24,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**152,0**	**152,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**21.396,1**	**17.560,5**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	8.000,0	8.000,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**8.500,0**	**8.500,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	40,0	40,0
	Sala eigna, samtals	**8.540,0**	**8.540,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	85,5	85,5
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	270,0	270,0
	Rekstrarframlög	**355,5**	**355,5**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	764,0	764,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	420,0	420,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.539,5**	**1.539,5**
	Fjárframlög, samtals	**1.539,5**	**1.539,5**
	Heildartekjur samtals	**264.000,0**	**252.470,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	97,5
1.50 Fálkaorðan	1,7
1.81 Opinberar heimsóknir	22,1
Almennur rekstur samtals	121,3
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**124,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,3

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	587,1
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	45,8
1.03 Fastanefndir	76,5
1.04 Alþjóðasamstarf	92,9
1.06 Almennur rekstur	482,7
1.07 Sérverkefni	28,8
1.10 Rekstur fasteigna	121,3
Almennur rekstur samtals	1.435,1
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	49,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	72,0
Gjöld samtals	**1.556,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,6

Gjöld umfram tekjur **1.548,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.548,5

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:
6.50 Nýbygging 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 152,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,8

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 85,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,9

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður Alþingis 75,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,8

m.kr.

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 271,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,4

Gjöld umfram tekjur **259,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 259,6

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **2.249,9**
Greitt úr ríkissjóði **2.249,9**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	174,1
1.20 Stjórnarráðshús	17,9
Almennur rekstur samtals	192,0
Gjöld samtals	**192,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	192,0

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	3,9
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,9
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,1
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	14,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,5
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,7
1.19 Efnahagsrannsóknir	40,0
1.23 Hrafnseyri	6,4
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	22,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	4,8
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.90 Ýmis verkefni	14,1
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	25,0
Almennur rekstur samtals	166,4
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	2,5
Gjöld samtals	**168,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**167,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 167,9

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 32,2

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 19,8

Gjöld samtals **52,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Stofnkostnaður:
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 25,7
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 91,6
Almennur rekstur samtals 117,3

Gjöld samtals **117,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **116,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,2

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 20,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,7

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðmenningarhúsið 75,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **71,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,9

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 9,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,7

01-255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini

Almennur rekstur:
1.01 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini 26,6

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 2,5

Stofnkostnaður:
6.21 Framkvæmdir 18,0

Gjöld samtals **47,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,5

Gjöld umfram tekjur **44,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,6

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 48,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,1

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 47,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **45,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,4

01-303 Kristnihátíðarsjóður

Almennur rekstur:
1.11 Kristnihátíðarsjóður 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 49,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

m.kr.

Stofnkostnaður:	
6.01 Nýframkvæmdir	39,5
Gjöld samtals	**90,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,5
Gjöld umfram tekjur	**78,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,0

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**996,5**
Greitt úr ríkissjóði	**996,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	406,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**404,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	404,2

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	2.394,1
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.286,1
1.13 Háskólasjóður	83,6
Almennur rekstur samtals	4.763,8
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	40,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	724,0
Gjöld samtals	**5.527,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-939,6
Gjöld umfram tekjur	**4.588,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.691,3
Innheimt af ríkistekjum	896,9

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	180,7
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	22,9
Almennur rekstur samtals	203,6
Gjöld samtals	**203,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-79,8
Gjöld umfram tekjur	**123,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,8
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	32,1
1.02 Rekstur fasteigna	16,9
1.03 Rannsóknastofur	269,2
Almennur rekstur samtals	318,2
Gjöld samtals	**318,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-110,3
Gjöld umfram tekjur	**207,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	207,9

02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Sigurðar Nordals	11,8
1.11 Íslenskukennsla erlendis	8,3
Almennur rekstur samtals	20,1
Gjöld samtals	**20,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **19,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,1

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 99,4
1.20 Bókaútgáfa 11,9
Almennur rekstur samtals 111,3

Gjöld samtals **111,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **105,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 105,8

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:
1.01 Orðabók Háskólans 31,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,8

Gjöld umfram tekjur **25,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,2

02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:
1.01 Íslensk málstöð 21,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,3

Gjöld umfram tekjur **17,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,2

02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Örnefnastofnun Íslands 14,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **13,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,6

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 482,7
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni 117,0
Almennur rekstur samtals 599,7

Gjöld samtals **599,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,8

Gjöld umfram tekjur **593,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 568,1
Innheimt af ríkistekjum 25,8

02-211 Tækniháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniháskóli Íslands 397,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,7
Innheimt af ríkistekjum 16,1

m.kr.

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	656,5
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	284,7
Almennur rekstur samtals	941,2
Gjöld samtals	**941,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	909,1
Innheimt af ríkistekjum	32,1

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	85,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-65,9
Gjöld umfram tekjur	**19,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,3

02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	104,6
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	23,2
Almennur rekstur samtals	127,8
Gjöld samtals	**127,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,8

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	391,4
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	30,7
Almennur rekstur samtals	422,1
Gjöld samtals	**422,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 422,1

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 367,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 367,9

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarráð Íslands 89,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,3

Gjöld umfram tekjur **64,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,9

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 109,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 109,4

02-235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum

Stofnkostnaður:
6.60 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 95,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,0

m.kr.

02-236 Vísindasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 8,6

Stofnkostnaður:
6.60 Vísindasjóður 201,5

Gjöld samtals **210,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 210,1

02-237 Tæknisjóður

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 14,4

Stofnkostnaður:
6.60 Tæknisjóður 187,5

Gjöld samtals **201,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 201,9

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 90,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 90,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	40,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður	130,0
Gjöld samtals	**170,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	20,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin	17,9
1.73 Reykjavíkurakademían	10,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	47,0
1.91 Háskólar, óskipt	87,6
Almennur rekstur samtals	182,5
Gjöld samtals	**182,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,5

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	313,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**313,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	307,0
Innheimt af ríkistekjum	6,3

m.kr.

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	267,6
1.09 Önnur verkefni	32,7
Almennur rekstur samtals	300,3
Gjöld samtals	**300,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**299,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	294,8
Innheimt af ríkistekjum	5,1

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	87,3
1.09 Önnur verkefni	21,5
Almennur rekstur samtals	108,8
Gjöld samtals	**108,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**108,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,4
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	374,6
1.09 Önnur verkefni	46,4
Almennur rekstur samtals	421,0
Gjöld samtals	**421,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,6

Gjöld umfram tekjur **409,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 401,1
Innheimt af ríkistekjum 8,3

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 285,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **284,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 279,1
Innheimt af ríkistekjum 5,7

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 142,9
1.09 Önnur verkefni 6,0
Almennur rekstur samtals 148,9

Gjöld samtals **148,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **147,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,1
Innheimt af ríkistekjum 2,1

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 136,6

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	20,3
Almennur rekstur samtals	156,9
Gjöld samtals	**156,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**154,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	151,5
Innheimt af ríkistekjum	2,5

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	436,4
1.09 Önnur verkefni	33,3
Almennur rekstur samtals	469,7
Gjöld samtals	**469,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,5
Gjöld umfram tekjur	**458,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	450,0
Innheimt af ríkistekjum	8,2

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	216,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**216,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	211,8
Innheimt af ríkistekjum	4,3

m.kr.

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir Héraðsskóla	19,4
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	10,0
Gjöld samtals	**29,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,4

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	472,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	20,0
Stofnkostnaður samtals	492,0
Gjöld samtals	**492,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	492,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	24,2
1.12 Orlof kennara	91,5
1.13 Forfallakennsla	37,7
1.14 Sérkennsla	298,8
1.15 Prófkostnaður	53,5
1.16 Nýjungar í skólastarfi	28,7
1.17 Námsskrárgerð	34,0
1.18 Námsefnisgerð	18,2
1.19 Kennslueftirlit	5,8
1.21 Nám tannsmiða	9,4
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	6,5
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,7
1.26 Þróunarsjóður	14,9
1.27 Íslenskukennsla	16,3

	m.kr.
1.28 Mat á skólastarfi	32,9
1.30 Endurmenntun	25,4
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	9,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	17,8
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	1,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	87,2
Almennur rekstur samtals	814,0
Gjöld samtals	**814,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	814,0

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	522,4
1.09 Önnur verkefni	99,9
Almennur rekstur samtals	622,3
Gjöld samtals	**622,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-34,7
Gjöld umfram tekjur	**587,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	576,7
Innheimt af ríkistekjum	10,9

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	304,3
1.09 Önnur verkefni	10,5
Almennur rekstur samtals	314,8
Gjöld samtals	**314,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**313,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 307,8
Innheimt af ríkistekjum 5,6

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 236,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **235,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 231,5
Innheimt af ríkistekjum 4,4

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 297,7
1.09 Önnur verkefni 17,6
Almennur rekstur samtals 315,3

Gjöld samtals **315,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,3

Gjöld umfram tekjur **308,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 302,4
Innheimt af ríkistekjum 5,6

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 282,0
1.09 Önnur verkefni 11,0
Almennur rekstur samtals 293,0

Gjöld samtals **293,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **290,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 286,1
Innheimt af ríkistekjum 4,6

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 116,9
1.09 Önnur verkefni 2,2
Almennur rekstur samtals 119,1

Gjöld samtals **119,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **118,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,3
Innheimt af ríkistekjum 1,7

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 183,5
1.09 Önnur verkefni 13,0
Almennur rekstur samtals 196,5

Gjöld samtals **196,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,4

Gjöld umfram tekjur **195,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 192,1
Innheimt af ríkistekjum 3,0

m.kr.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	343,8
1.09 Önnur verkefni	16,7
Almennur rekstur samtals	360,5
Gjöld samtals	**360,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**357,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	352,0
Innheimt af ríkistekjum	5,9

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	100,8
1.09 Önnur verkefni	8,9
Almennur rekstur samtals	109,7
Gjöld samtals	**109,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**107,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	106,5
Innheimt af ríkistekjum	1,3

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	542,7
1.09 Önnur verkefni	2,6
Almennur rekstur samtals	545,3
Gjöld samtals	**545,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,1

Gjöld umfram tekjur **540,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 531,8
Innheimt af ríkistekjum 8,4

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 219,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,8

Gjöld umfram tekjur **219,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 214,9
Innheimt af ríkistekjum 4,2

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 48,3
1.09 Önnur verkefni 0,6
Almennur rekstur samtals 48,9

Gjöld samtals **48,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **48,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,3
Innheimt af ríkistekjum 0,5

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 76,4

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **76,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,3
Innheimt af ríkistekjum 1,0

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 64,5
1.09 Önnur verkefni 15,9
Almennur rekstur samtals 80,4

Gjöld samtals **80,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **80,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,5
Innheimt af ríkistekjum 0,8

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 420,7
1.09 Önnur verkefni 16,4
Almennur rekstur samtals 437,1

Gjöld samtals **437,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,8

Gjöld umfram tekjur **427,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 421,1
Innheimt af ríkistekjum 6,2

m.kr.

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:	
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	22,1
1.02 Nám táknmálstúlka	3,4
Almennur rekstur samtals	25,5
Gjöld samtals	**25,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**23,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,5

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	130,1
1.02 Annað en kennsla	14,7
Almennur rekstur samtals	144,8
Gjöld samtals	**144,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**144,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	144,5

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.11 Símenntun og fjarkennsla	22,0
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	8,5
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	8,5
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	8,5
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	8,5
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	8,5

	m.kr.
1.26 Fræðslunet Austurlands	8,5
1.27 Fræðslunet Suðurlands	8,5
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	8,5
Almennur rekstur samtals	90,0
Gjöld samtals	**90,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,0

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	104,0
1.09 Önnur verkefni	12,8
Almennur rekstur samtals	116,8
Gjöld samtals	**116,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**115,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	114,1
Innheimt af ríkistekjum	1,3

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	49,1
1.09 Önnur verkefni	9,2
Almennur rekstur samtals	58,3
Gjöld samtals	**58,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**58,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,3
Innheimt af ríkistekjum	0,7

m.kr.

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	839,6
1.09 Önnur verkefni	88,4
Almennur rekstur samtals	928,0
Gjöld samtals	**928,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,0
Gjöld umfram tekjur	**889,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	876,5
Innheimt af ríkistekjum	12,5

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	329,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,4
Gjöld umfram tekjur	**320,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	316,7
Innheimt af ríkistekjum	3,3

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	12,7
1.02 Annað en kennsla	6,1
Almennur rekstur samtals	18,8
Gjöld samtals	**18,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,8

m.kr.

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	15,4
1.02 Annað en kennsla	1,1
Almennur rekstur samtals	16,5
Gjöld samtals	**16,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,5

02-563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.10 Tónlistarskólinn í Reykjavík	13,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,2

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	43,6
1.02 Annað en kennsla	14,0
Almennur rekstur samtals	57,6
Gjöld samtals	**57,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**56,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,3
Innheimt af ríkistekjum	5,3

02-571 Sjómannaskólahúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Sjómannaskólahúsið	35,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **35,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,3

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 435,6
1.09 Önnur verkefni 50,0
Almennur rekstur samtals 485,6

Gjöld samtals **485,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 485,6

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 20,5
1.33 Þróunarsjóður leikskóla 3,0
1.35 Samræmd próf 58,1
1.37 Endurmenntun 20,4
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 36,7
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum 12,0
Almennur rekstur samtals 150,7

Gjöld samtals **150,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,7

Gjöld umfram tekjur **147,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 147,0

m.kr.

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsgagnastofnun	362,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-36,1
Gjöld umfram tekjur	**326,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	326,2

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,3
Innheimt af ríkistekjum	6,7

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.898,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.898,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	441,9
1.10 Skólaakstur	42,6
Almennur rekstur samtals	484,5
Gjöld samtals	**484,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	484,5

m.kr.

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 39,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,9

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 223,9
1.11 Hönnunarsafn Íslands 4,5
Almennur rekstur samtals 228,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **230,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,4

Gjöld umfram tekjur **219,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 219,0

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 113,7
1.11 Héraðsskjalasöfn 11,2
Almennur rekstur samtals 124,9

Gjöld samtals **124,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,2

Gjöld umfram tekjur **118,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 118,7

m.kr.

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	443,7
Stofnkostnaður:	
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**513,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,6
Gjöld umfram tekjur	**443,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	443,1

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	11,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**10,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,1

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	86,5
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	4,5
Almennur rekstur samtals	91,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Listaverkakaup	12,0
Gjöld samtals	**103,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,9

Gjöld umfram tekjur **88,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,1

02-908 Kvikmyndasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasafn Íslands 28,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,0

Gjöld samtals **43,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,7

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 57,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **52,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,2

02-918 Safnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Safnasjóður 58,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,0

m.kr.

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	3,0
1.11 Nýlistasafn	5,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	6,0
1.90 Söfn, ýmis framlög	14,5
Almennur rekstur samtals	28,5
Stofnkostnaður:	
6.25 Geysisstofa í Haukadal	7,0
Gjöld samtals	**35,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,5

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	335,0
6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðustefnumiðstöðvar í Reykjavík	45,3
Stofnkostnaður samtals	380,3
Gjöld samtals	**380,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,3

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	2.171,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2.171,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:	
1.01 Íslenski dansflokkurinn	69,9

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,6
Gjöld umfram tekjur	**65,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,3

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhús	644,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-175,4
Gjöld umfram tekjur	**468,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	468,8

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	250,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	250,0

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	13,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,0

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttarsjóður	62,0
1.13 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	1,3

m.kr.

1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur	1,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	2,7
Almennur rekstur samtals	67,0
Gjöld samtals	**67,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0
Innheimt af ríkistekjum	66,0

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:	
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	254,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	254,3

02-979 Húsafriðunarnefnd

Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarnefnd	40,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,5

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:	
6.01 Listskreytingasjóður	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	12,2
1.10 Kvikmyndasjóður	318,8
Almennur rekstur samtals	331,0
Gjöld samtals	**331,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 331,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Bókasafnssjóður höfunda 19,3
1.15 Þýðingarsjóður 8,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður 6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga 17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 35,0
1.25 Tónlistarstarfsemi 5,5
1.27 Tónlist fyrir alla 4,5
1.28 Barnamenningarsjóður 2,5
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin 8,6
1.30 Íslenska óperan 156,5
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi 63,7
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál 34,0
1.55 Menningarkynning í Frakklandi 10,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 33,6
1.76 Menningarsjóður félagsheimila 8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík 16,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík 1,5
1.84 Samningur við Menningarborgarsjóð 15,0
1.90 Listir 37,8
1.91 Menningarstofnanir, óskipt 19,5
Almennur rekstur samtals 509,5

Gjöld samtals **509,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 509,5

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:
1.10 Fræðistörf 5,8
1.11 Styrkir til útgáfumála 7,5

	m.kr.
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	9,8
1.20 Iðnsaga Íslands	3,3
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,6
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	4,0
Almennur rekstur samtals	35,0
Gjöld samtals	**35,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,0

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	13,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,0

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.90 Alþjóðleg samskipti	87,0
1.91 Aðildargjöld ESB	399,9
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	14,5
Almennur rekstur samtals	501,4
Gjöld samtals	**501,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	501,4

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands	32,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta	12,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	1,5

	m.kr.
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	11,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir	1,5
1.90 Æskulýðsmál	9,4
Almennur rekstur samtals	71,4
Gjöld samtals	**71,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,4

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	74,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	16,5
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	5,8
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	3,5
1.21 Skáksamband Íslands	7,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	7,4
1.25 Skákskóli Íslands	6,0
1.29 Afreksmannasjóður	25,0
1.30 Bridgesamband Íslands	3,0
1.90 Ýmis íþróttamál	6,9
Almennur rekstur samtals	176,6
Stofnkostnaður:	
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	20,0
Gjöld samtals	**196,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,6

02-995 Tungutækni

Stofnkostnaður:	
6.51 Verkefnissjóður tungutækni	15,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 98,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,5

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.11 Forvarnastarf í skólum 5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd 2,5
1.43 Skriðuklaustur 10,8
1.44 Snorrastofa 5,9
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.90 Ýmis framlög 2,4
Almennur rekstur samtals 31,6

Stofnkostnaður:
6.93 Snorrastofa 6,0

Gjöld samtals **37,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,6

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **29.956,6**
Greitt úr ríkissjóði **26.520,2**
Innheimt af ríkistekjum **3.436,4**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	619,5
1.02 Varnarmálaskrifstofa	70,0
1.53 Þýðingamiðstöð	45,4
Almennur rekstur samtals	734,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,2
Gjöld samtals	**744,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**738,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	738,8

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	5,4
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	5,4
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	11,3
Almennur rekstur samtals	32,5
Gjöld samtals	**32,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,5

m.kr.

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	48,5
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	346,3
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	262,8
1.30 Fíkniefnaeftirlit	12,4
Almennur rekstur samtals	670,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**674,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-175,7
Gjöld umfram tekjur	**498,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	451,3
Innheimt af ríkistekjum	47,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur	508,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	508,9

m.kr.

03-301 Sendiráð Íslands í Berlín

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Berlín 74,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,4

03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 47,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,2

03-303 Sendiráð Íslands í London

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í London 87,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,3

03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Moskvu 81,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,1

03-305 Sendiráð Íslands í Ósló

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ósló 54,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 54,7

m.kr.

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO 104,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,0

03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 39,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,6

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Washington 78,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,6

03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 143,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 143,9

03-310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 102,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 102,7

m.kr.

03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 78,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,0

03-312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 79,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,3

03-313 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu 47,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,4

03-314 Sendiráð Íslands í Peking

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Peking 74,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,0

03-315 Sendiráð Íslands í Ottawa

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ottawa 56,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,8

m.kr.

03-316 Sendiráð Íslands í Tókíó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Tókíó 91,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 91,3

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki 50,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,1

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu 27,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,4

03-319 Sendiráð Íslands í Mapútó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Mapútó 26,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,4

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda 138,6

Viðhaldsverkefni:
5.21 Sendiráð Íslands í Brussel 23,0
5.90 Viðhald 24,9
Viðhaldsverkefni samtals 47,9

Stofnkostnaður:
6.28 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 140,0

	m.kr.
6.90 Tæki og búnaður	30,9
Stofnkostnaður samtals	170,9
Gjöld samtals	**357,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	357,4

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	34,9
1.11 Þróunaraðstoð	433,1
Almennur rekstur samtals	468,0
Gjöld samtals	**468,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	468,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	67,4
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	9,3
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	20,0
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	10,4
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	50,6
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	2,8
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	18,5
Almennur rekstur samtals	179,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**181,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	181,0

m.kr.

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	34,2
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	10,5
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	6,7
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	4,5
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	11,9
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	5,4
1.39 Evrópuráðið	19,6
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	15,5
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	42,4
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	47,2
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	75,3
1.72 EFTA-dómstóllinn	24,6
1.73 Þróunarsjóður EFTA	110,3
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	25,8
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	1,9
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	65,4
1.87 Íslensk friðargæsla	245,4
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	47,0
Almennur rekstur samtals	793,6
Gjöld samtals	**793,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	793,6

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	237,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	237,7

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5.165,4**
Greitt úr ríkissjóði	**4.371,8**
Innheimt af ríkistekjum	**793,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	181,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,5
Gjöld umfram tekjur	**171,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,3

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,9
1.12 Mat á búvörum	11,7
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5,9
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	23,7
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	4,1
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,6
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2,1
1.90 Ýmis verkefni	25,0
Almennur rekstur samtals	83,6
Gjöld samtals	**83,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,9
Innheimt af ríkistekjum	11,7

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	317,8
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	6,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,7
6.20 Fasteignir	1,3
Stofnkostnaður samtals	5,0
Gjöld samtals	**329,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-134,7
Gjöld umfram tekjur	**194,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	186,2
Innheimt af ríkistekjum	8,6

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	98,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,7
Gjöld umfram tekjur	**52,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,0

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	25,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,2
Gjöld umfram tekjur	**24,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,1
Innheimt af ríkistekjum 3,0

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 217,8
1.25 Sauðfjárveikivarnir 41,1
1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir 18,0
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum 70,0
Almennur rekstur samtals 346,9

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **350,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,3

Gjöld umfram tekjur **345,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 253,6
Innheimt af ríkistekjum 92,0

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins 23,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,6
Innheimt af ríkistekjum 19,3

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 219,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 7,0
6.20 Fasteignir og lóðir 42,0
Stofnkostnaður samtals 49,0

Gjöld samtals **272,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -83,7

Gjöld umfram tekjur **188,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 188,6

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 185,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 26,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.20 Fasteignir og lóðir 28,0
Stofnkostnaður samtals 30,0

Gjöld samtals **241,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -65,9

Gjöld umfram tekjur **175,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 175,6

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 100,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 5,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2

Gjöld samtals **107,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,4

Gjöld umfram tekjur **96,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,1

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 19,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **17,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,9

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 381,0
1.90 Fyrirhleðslur 44,3
Almennur rekstur samtals 425,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 8,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 46,0

Gjöld samtals **479,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -34,6

Gjöld umfram tekjur **444,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 444,7

m.kr.

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	159,4
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	65,3
1.90 Sérstök verkefni	67,2
Almennur rekstur samtals	291,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	6,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,2
6.20 Fasteignir, óskipt	9,1
Stofnkostnaður samtals	15,3
Gjöld samtals	**313,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-106,3
Gjöld umfram tekjur	**207,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	207,1

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:	
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	91,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**89,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,7

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:	
1.10 Suðurlandsskógar	79,3
1.13 Vesturlandsskógar	36,3

	m.kr.
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	32,3
1.16 Norðurlandsskógar	60,1
1.17 Austurlandsskógar	12,3
Almennur rekstur samtals	220,3
Gjöld samtals	**220,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	220,3

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.872,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	146,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	280,0
Almennur rekstur samtals	4.298,0
Gjöld samtals	**4.298,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.018,0
Innheimt af ríkistekjum	280,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.839,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	73,0
1.03 Jöfnunargreiðslur	70,0
1.05 Niðurgreiðslur á ull	255,0
1.06 Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	129,0
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	273,0
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	41,0
Almennur rekstur samtals	2.680,0
Gjöld samtals	**2.680,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.680,0

m.kr.

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	195,0
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	30,0
1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum	30,0
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	25,0
Almennur rekstur samtals	280,0
Gjöld samtals	**280,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta	144,7
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta	78,1
1.93 Búrekstraráætlanir	21,9
1.96 Búfjárrækt	72,1
Almennur rekstur samtals	316,8
Stofnkostnaður:	
6.97 Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni	85,0
Gjöld samtals	**401,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	401,8

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	233,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	233,4

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	190,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 190,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 162,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 162,4

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 121,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 121,6

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 340,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 340,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 74,3

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **72,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 72,0

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Fiskeldisrannsóknir 24,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 20,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **17,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 17,0

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.14 Átak í hrossarækt 25,0
1.91 Loðdýrafóður 15,0
Almennur rekstur samtals 40,0

Gjöld samtals **40,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

04-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 21,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **11.274,5**
Greitt úr ríkissjóði **9.913,5**
Innheimt af ríkistekjum **1.361,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	139,9
1.11 Fiskveiðisamningar	7,6
Almennur rekstur samtals	147,5
Gjöld samtals	**147,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**143,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	143,4

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	16,0
1.23 Matvælasetur	5,8
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	20,9
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	25,8
1.49 Úrskurðarnefndir	14,1
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	10,2
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	20,4
1.90 Ýmislegt	23,7
Almennur rekstur samtals	156,0
Gjöld samtals	**156,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	156,0

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 740,0
1.30 Rannsóknaskip 377,5
Almennur rekstur samtals 1.117,5

Viðhaldsverkefni:
5.31 Viðhald rannsóknaskipa 53,0

Stofnkostnaður:
6.31 Tæki og búnaður í skip 16,6
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa 13,9
Stofnkostnaður samtals 30,5

Gjöld samtals **1.201,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -196,6

Gjöld umfram tekjur **1.004,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.004,4

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 297,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,1

Gjöld samtals **312,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -178,5

Gjöld umfram tekjur **134,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 134,3

m.kr.

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	449,4
1.10 Landamærastöðvar	39,8
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	37,5
Almennur rekstur samtals	526,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**530,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,3
Gjöld umfram tekjur	**517,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,7
Innheimt af ríkistekjum	322,7

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	36,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**35,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	35,0

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	7,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 22,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,4

05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 18,9

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 25,8

Gjöld samtals **44,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -33,1

Gjöld umfram tekjur **11,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,6

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins 621,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 621,0

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 48,1
1.30 Keldnaholt 11,5
Almennur rekstur samtals 59,6

Gjöld samtals **59,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,9

Gjöld umfram tekjur **56,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,7

05-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.712,2**
Greitt úr ríkissjóði **1.733,5**
Innheimt af ríkistekjum **978,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	231,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**228,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	228,9

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	30,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,6
Gjöld umfram tekjur	**4,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,2

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	12,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,6
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:	
1.01 Lögbirtingablað	26,7

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,7

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 43,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,1

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 43,9
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 2,9
1.40 Alþjóðasamstarf 6,3
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands 4,0
1.51 Innheimta meðlaga 3,5
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga 3,4
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð 0,3
1.82 Biblíuþýðingar 0,6
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 1,8
Almennur rekstur samtals 66,7

Gjöld samtals **66,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,3

Gjöld umfram tekjur **48,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,2
Innheimt af ríkistekjum 3,2

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

m.kr.

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 71,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **70,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,5

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 582,9
1.11 Meðdómsmenn 27,8
Almennur rekstur samtals 610,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 16,5

Gjöld samtals **627,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 627,2

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 361,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -105,4

Gjöld umfram tekjur **256,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 256,2

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð 63,9

	m.kr.
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	4,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	72,2
Gjöld samtals	**72,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**71,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,3

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	67,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**60,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,5
Innheimt af ríkistekjum	10,0

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	79,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,4

m.kr.

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	639,0
1.05 Innheimta sekta	22,3
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	175,9
Almennur rekstur samtals	837,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,0
6.11 Bifreiðar	86,5
Stofnkostnaður samtals	101,5
Gjöld samtals	**938,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-276,6
Gjöld umfram tekjur	**662,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	656,8
Innheimt af ríkistekjum	5,3

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	141,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,3

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.921,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**1.924,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**1.917,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.902,3
Innheimt af ríkistekjum 14,7

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 78,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,3

06-333 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa 447,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **452,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -110,4

Gjöld umfram tekjur **342,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,2
Innheimt af ríkistekjum 257,0

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:
1.20 Fíkniefnamál 1,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 89,0
Almennur rekstur samtals 90,5

Gjöld samtals **90,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,5

m.kr.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	48,8
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips	0,9
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	15,0
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna	20,2
Almennur rekstur samtals	84,9
Gjöld samtals	**84,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,9

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.039,0
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	78,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**1.122,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**1.092,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.092,0

m.kr.

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 8,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen-samstarf 53,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,6

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 148,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,6

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 215,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **215,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 215,4

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 59,0

	m.kr.
1.20 Löggæsla	77,8
Almennur rekstur samtals	136,8
Gjöld samtals	**136,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	136,8

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	41,0
1.20 Löggæsla	58,9
1.40 Tollgæsla	7,3
Almennur rekstur samtals	107,2
Gjöld samtals	**107,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**105,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,3

06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	73,1
1.20 Löggæsla	53,2
Almennur rekstur samtals	126,3
Gjöld samtals	**126,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,3

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,4
1.20 Löggæsla	10,5
Almennur rekstur samtals	29,9
Gjöld samtals	**29,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,9

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 35,0
1.20 Löggæsla 34,6
Almennur rekstur samtals 69,6

Gjöld samtals **69,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **67,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,3

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 20,0
1.20 Löggæsla 16,9
Almennur rekstur samtals 36,9

Gjöld samtals **36,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,9

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 60,3
1.20 Löggæsla 82,3
1.40 Tollgæsla 4,7
Almennur rekstur samtals 147,3

Gjöld samtals **147,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **147,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 147,0

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 23,5
1.20 Löggæsla 17,1
Almennur rekstur samtals 40,6

Gjöld samtals **40,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **40,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,5

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 41,2
1.20 Löggæsla 56,2
Almennur rekstur samtals 97,4

Gjöld samtals **97,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **97,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,0

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 44,1
1.20 Löggæsla 57,6
1.40 Tollgæsla 1,7
Almennur rekstur samtals 103,4

Gjöld samtals **103,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **102,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 102,8

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 26,9
1.20 Löggæsla 33,7
Almennur rekstur samtals 60,6

Gjöld samtals **60,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,8

Gjöld umfram tekjur **55,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,8

06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 21,4
1.20 Löggæsla 16,4
Almennur rekstur samtals 37,8

Gjöld samtals **37,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,8

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 129,0
1.20 Löggæsla 183,9
1.40 Tollgæsla 12,2
Almennur rekstur samtals 325,1

Gjöld samtals **325,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **322,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 322,0

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 58,7
1.20 Löggæsla 76,6
Almennur rekstur samtals 135,3

Gjöld samtals **135,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur **134,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 134,6

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 55,0
1.20 Löggæsla 70,4
1.40 Tollgæsla 10,0
Almennur rekstur samtals 135,4

Gjöld samtals **135,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **133,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,2

m.kr.

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	60,9
1.20 Löggæsla	77,4
Almennur rekstur samtals	138,3
Gjöld samtals	**138,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**137,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,3

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	27,3
1.20 Löggæsla	36,0
Almennur rekstur samtals	63,3
Gjöld samtals	**63,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,3

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	22,7
1.20 Löggæsla	24,5
Almennur rekstur samtals	47,2
Gjöld samtals	**47,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**47,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,0

m.kr.

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	35,7
1.20 Löggæsla	34,2
Almennur rekstur samtals	69,9
Gjöld samtals	**69,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**69,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,5

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	51,5
1.20 Löggæsla	73,0
1.40 Tollgæsla	12,4
Almennur rekstur samtals	136,9
Gjöld samtals	**136,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**130,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,5

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	85,3
1.20 Löggæsla	177,6
1.40 Tollgæsla	11,3
Almennur rekstur samtals	274,2
Gjöld samtals	**274,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -26,6

Gjöld umfram tekjur **247,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 247,6

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 113,9
1.20 Löggæsla 236,3
1.40 Tollgæsla 14,5
Almennur rekstur samtals 364,7

Gjöld samtals **364,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **362,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 362,1

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 154,9
1.20 Löggæsla 203,6
1.40 Tollgæsla 33,9
Almennur rekstur samtals 392,4

Gjöld samtals **392,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **392,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 392,2

m.kr.

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	146,7
1.20 Löggæsla	161,3
Almennur rekstur samtals	308,0
Gjöld samtals	**308,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**307,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	307,5

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	29,9
1.11 Útgáfa ökuskírteina	10,2
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	104,2
1.60 Gagnalínukostnaður	25,8
1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	29,3
Almennur rekstur samtals	199,4
Gjöld samtals	**199,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,4

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.11 Húsnæði sýslumanns í Reykjavík	2,5
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	10,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	25,0
Stofnkostnaður samtals	42,5
Gjöld samtals	**47,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,5

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins 646,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fangelsisbygginga 10,0

Gjöld samtals **656,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -62,6

Gjöld umfram tekjur **593,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 593,7

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 1.046,6
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands 1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði 1,2
1.91 Skálholtsskóli 7,7
Almennur rekstur samtals 1.056,7

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 6,0
6.22 Hallgrímskirkja 6,0
6.23 Hóladómkirkja 3,0

	m.kr.
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	6,0
6.26 Auðunarstofa	12,0
Stofnkostnaður samtals	33,0
Gjöld samtals	**1.089,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,7
Gjöld umfram tekjur	**1.060,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.060,0

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	153,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	153,5

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	61,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,5

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	591,3
1.13 Kirkjugarðasjóður	50,7
Almennur rekstur samtals	642,0
Gjöld samtals	**642,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	642,0

m.kr.

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.360,7
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	125,5
Almennur rekstur samtals	1.486,2
Gjöld samtals	**1.486,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.486,2

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	251,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	251,5

06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**14.238,8**
Greitt úr ríkissjóði	**13.921,9**
Innheimt af ríkistekjum	**316,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	173,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**172,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	172,9

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fjölskylduráð	4,7
1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	4,2
1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	5,1
1.15 Kærunefnd húsnæðismála	4,3
1.16 Kærunefnd barnaverndarmála	6,2
1.17 Kærunefnd jafnréttismála	4,9
1.18 Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	4,5
1.19 Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	2,6
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	5,3
1.26 Jafnréttisráð	6,3
1.90 Ýmislegt	0,8
Almennur rekstur samtals	48,9
Gjöld samtals	**48,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	48,9

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

m.kr.

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:
6.21 Leiguíbúðir 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

07-207 Varasjóður húsnæðismála

Stofnkostnaður:
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 39,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,9

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 31,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,6

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 308,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **313,7**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-36,8
Gjöld umfram tekjur	**276,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	276,9

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	101,0
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	416,9
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	94,7
Almennur rekstur samtals	612,6
Gjöld samtals	**612,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	612,6

07-401 Barnaverndarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Barnaverndarráð	15,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,7

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	29,0
1.80 Starfsþjálfun	25,4
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	6,3
1.90 Ýmis verkefni	11,0
1.91 Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	128,8
1.93 Ný sambýli	44,3
Almennur rekstur samtals	244,8
Gjöld samtals	**244,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 244,8

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1.338,5
1.10 Svæðisráð 2,6
1.30 Verndaðir vinnustaðir 32,0
Almennur rekstur samtals 1.373,1

Gjöld samtals **1.373,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.373,1

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 833,5
1.10 Svæðisráð 2,0
1.30 Verndaðir vinnustaðir 30,0
1.61 Dagvistun Keflavík 16,7
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka 8,6
Almennur rekstur samtals 890,8

Gjöld samtals **890,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,1

Gjöld umfram tekjur **882,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 882,7

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 140,9
1.10 Svæðisráð 1,1
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir 37,2
Almennur rekstur samtals 179,2

Gjöld samtals **179,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,1

Gjöld umfram tekjur **167,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 167,1

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 115,8
1.10 Svæðisráð 1,1
Almennur rekstur samtals 116,9

Gjöld samtals **116,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,9

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,1
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 205,4
Almennur rekstur samtals 206,5

Gjöld samtals **206,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 206,5

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,1
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða 57,2
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 489,7
Almennur rekstur samtals 548,0

Gjöld samtals **548,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 548,0

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 158,2
1.10 Svæðisráð 1,1
1.30 Verndaðir vinnustaðir 13,0
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða 15,7
Almennur rekstur samtals 188,0

Gjöld samtals **188,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **185,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 185,9

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 196,8
1.10 Svæðisráð 1,1
1.30 Verndaðir vinnustaðir 17,8
1.72 Skaftholt 26,0
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða 56,3
Almennur rekstur samtals 298,0

Gjöld samtals **298,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **296,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 296,5

m.kr.

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:
1.01 Styrktarfélag vangefinna 429,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 429,4

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 184,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **183,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,1

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 153,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 153,6

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 175,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **171,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 171,9

m.kr.

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:	
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	274,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,4

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.291,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	335,0
Almennur rekstur samtals	5.626,0
Gjöld samtals	**5.626,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.626,0

07-972 Bjargráðasjóður Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður Íslands	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	338,3
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	9,5
Almennur rekstur samtals	347,8
Gjöld samtals	**347,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-193,8
Gjöld umfram tekjur	**154,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,0

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	8,5
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	9,3
1.90 Ýmislegt	10,7
Almennur rekstur samtals	28,5
Gjöld samtals	**28,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,5

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	421,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**381,1**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	381,1

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	2.172,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	58,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	115,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	175,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd	28,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	112,0
1.41 Framlög og styrkir	81,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	57,0
Almennur rekstur samtals	2.858,0
Gjöld samtals	**2.858,0**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-801,0
Gjöld umfram tekjur	**2.057,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2.057,0

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Almennur rekstur	15,0
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4,3
1.30 Norræni verkalýðsskólinn í Genf	0,2
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	4,0
Almennur rekstur samtals	23,5
Gjöld samtals	**23,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,5

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	30,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,0
Gjöld umfram tekjur	**15,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	15,9

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	49,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður	4.867,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	476,0
Almennur rekstur samtals	5.392,0
Gjöld samtals	**5.392,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 476,0
Innheimt af ríkistekjum 4.916,0

07-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 8,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,5

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 26,9
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 224,0
1.30 Sjómannastofur 0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir 46,5
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 10,8
1.35 Félag heyrnarlausra 5,2
1.36 Félagið Geðhjálp 5,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 27,4
1.41 Stígamót 17,0
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 19,7
1.44 Byrgið, líknarfélag 12,7
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 2,7
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 8,2
1.49 Móttaka flóttamannahópa 40,3
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna 16,5
1.90 Ýmis framlög 14,5
Almennur rekstur samtals 477,9

Gjöld samtals **477,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 477,9

	m.kr.
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**20.821,8**
Greitt úr ríkissjóði	**13.174,9**
Innheimt af ríkistekjum	**7.646,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	301,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**304,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**301,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	301,6

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	909,7
1.90 Rekstrarhagræðing	14,8
Almennur rekstur samtals	924,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**955,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-139,8
Gjöld umfram tekjur	**815,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	815,2

m.kr.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	290,0
1.15 Umönnunarbætur	961,0
1.21 Makabætur	33,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	78,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	428,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	73,0
1.41 Heimilisuppbót	2.206,0
1.51 Uppbætur	2.592,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	198,0
Almennur rekstur samtals	6.859,0
Gjöld samtals	**6.859,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.859,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	6.672,0
1.15 Örorkulífeyrir	2.624,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	8.371,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.876,0
1.26 Tekjutryggingarauki	766,0
1.31 Örorkustyrkur	185,0
1.35 Barnalífeyrir	1.527,0
1.91 Annað	78,0
Almennur rekstur samtals	24.099,0
Gjöld samtals	**24.099,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.209,0
Innheimt af ríkistekjum	18.890,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	3.046,0

	m.kr.
1.15 Lyf	5.003,0
1.21 Hjálpartæki	1.182,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	126,0
1.31 Þjálfun	1.198,0
1.35 Tannlækningar	1.126,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	167,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	601,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	138,0
1.55 Sjúkradagpeningar	252,0
1.91 Annað	122,0
Almennur rekstur samtals	12.961,0
Gjöld samtals	**12.961,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12.961,0

08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva

Almennur rekstur:	
1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	31,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	119,0
1.15 Bætur til framfærslu	305,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	160,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	40,0
Almennur rekstur samtals	624,0
Gjöld samtals	**624,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	464,0
Innheimt af ríkistekjum	160,0

m.kr.

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúklingatryggingar 28,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,1

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 175,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,0

Gjöld umfram tekjur **160,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,3

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 148,6
1.10 Læknaráð 2,8
1.20 Sjúkraflutningaráð 0,7
1.30 Slysavarnaráð 12,8
1.40 Siðaráð 1,0
Almennur rekstur samtals 165,9

Gjöld samtals **165,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 163,9
Innheimt af ríkistekjum 2,0

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 100,3

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 1,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**101,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**98,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,9

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	58,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**57,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,6

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	65,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,5
Gjöld samtals	**67,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**61,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,3
Innheimt af ríkistekjum	5,2

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:	
1.01 Manneldisráð	17,9

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**17,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,8

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	109,0
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	5,6
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	13,3
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	17,5
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2,9
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	6,1
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	3,9
1.80 Gigtarráð	4,0
1.90 Ýmis starfsemi	1,9
Almennur rekstur samtals	164,2
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	9,0
Gjöld samtals	**173,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,2

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.770,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	21,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	55,0
6.50 Nýbygging	10,0
Stofnkostnaður samtals	65,0
Gjöld samtals	**2.856,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -189,0

Gjöld umfram tekjur **2.667,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.667,0

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús 23.990,0

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 248,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 218,0
6.21 Barnaspítali 90,0
Stofnkostnaður samtals 308,0

Gjöld samtals **24.546,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.877,0

Gjöld umfram tekjur **22.669,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22.569,0
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 260,1

Stofnkostnaður:
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar 77,5

Gjöld samtals **337,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 337,6

m.kr.

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	20,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	204,0
Stofnkostnaður samtals	221,4
Gjöld samtals	**241,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	241,4

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:	
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	141,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**140,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,9

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:	
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	399,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	399,6

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	149,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,6
Gjöld umfram tekjur	**143,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,2
Innheimt af ríkistekjum 132,7

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga 21,1
1.14 Lyfjaverðsnefnd 6,2
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði 25,0
1.17 Vísindasiðanefnd 18,9
1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum 8,0
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 15,8
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 209,2
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir 13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð 39,4
1.36 Stórstúka Íslands 1,5
1.37 Skrifstofa líknarfélaga 3,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp 5,9
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 2,4
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 114,8
1.45 Útgáfa lyfjaskráa 3,2
1.50 Tannverndarsjóður 10,0
1.53 Tóbaksvarnir 55,4
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina 101,2
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili 26,2
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga 7,3
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn 20,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 12,1
1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrarsaltslöndunum 6,7
1.90 Ýmis framlög 63,8
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi 5,7
Almennur rekstur samtals 796,3

Gjöld samtals **796,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,0

Gjöld umfram tekjur **765,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 740,3
Innheimt af ríkistekjum 25,0

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt 57,3
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana 20,3
Almennur rekstur samtals 77,6

Gjöld samtals **77,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -60,0

Gjöld umfram tekjur **17,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,6

08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða 409,5

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur 312,5

Gjöld samtals **722,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 722,0

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 820,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -41,2

Gjöld umfram tekjur **779,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 779,2

m.kr.

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	654,9
1.15 Dagvist	17,5
Almennur rekstur samtals	672,4
Gjöld samtals	**672,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-32,8
Gjöld umfram tekjur	**639,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	639,6

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	780,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,2
Gjöld umfram tekjur	**741,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	741,3

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	324,5
1.15 Dagvist	12,1
Almennur rekstur samtals	336,6
Gjöld samtals	**336,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,3
Gjöld umfram tekjur	**320,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	320,3

m.kr.

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	503,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,2
Gjöld umfram tekjur	**478,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	478,3

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	586,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,4
Gjöld umfram tekjur	**557,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	557,3

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	187,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,4
Gjöld umfram tekjur	**178,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	178,0

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	387,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -19,5

Gjöld umfram tekjur **368,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 368,3

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 307,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,5

Gjöld umfram tekjur **292,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 292,2

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 99,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **94,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,5

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 75,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **71,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,6

m.kr.

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	84,9
1.15 Dagvist	4,0
Almennur rekstur samtals	88,9
Gjöld samtals	**88,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,3
Gjöld umfram tekjur	**84,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,6

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	29,3
1.15 Dagvist	1,3
Almennur rekstur samtals	30,6
Gjöld samtals	**30,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**29,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,1

08-418 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	128,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,5
Gjöld umfram tekjur	**122,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,3

m.kr.

08-419 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 453,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -22,6

Gjöld umfram tekjur **430,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 430,6

08-421 Víðines

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 186,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,4

Gjöld umfram tekjur **176,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 176,8

08-423 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 170,2
1.15 Dagvist 13,4
Almennur rekstur samtals 183,6

Gjöld samtals **183,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,6

Gjöld umfram tekjur **175,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 175,0

m.kr.

08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 84,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **80,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,1

08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 41,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **39,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,1

08-426 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 40,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **38,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,2

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 20,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **19,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,8

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 55,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **53,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,1

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 51,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **48,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,8

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 97,6
1.15 Dagvist 9,4
Almennur rekstur samtals 107,0

Gjöld samtals **107,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,9

Gjöld umfram tekjur **102,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 102,1

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 475,0
1.15 Dagvist 19,9
Almennur rekstur samtals 494,9

Gjöld samtals **494,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,0

Gjöld umfram tekjur **470,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 470,9

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 55,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **53,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,1

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 152,4
1.15 Dagvist 4,3
1.81 Fæðingar 5,0
Almennur rekstur samtals 161,7

Gjöld samtals **161,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,6

Gjöld umfram tekjur **154,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 154,1

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 67,7
1.15 Dagvist 0,7
Almennur rekstur samtals 68,4

Gjöld samtals **68,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **65,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,0

08-439 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 44,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **42,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,5

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 174,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,8

Gjöld umfram tekjur **166,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 166,1

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 103,1
1.17 Geðrými 158,6
Almennur rekstur samtals 261,7

Gjöld samtals **261,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **256,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 256,5

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 103,9
1.15 Dagvist 6,7
Almennur rekstur samtals 110,6

Gjöld samtals **110,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **105,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 105,4

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 122,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,2

Gjöld umfram tekjur **116,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,4

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 679,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -34,6

Gjöld umfram tekjur **644,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 644,4

08-470 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 9,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,9

08-471 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík 49,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,4

08-472 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík 32,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,3

m.kr.

08-473 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Lindargata, Reykjavík 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

08-474 MS-félag Íslands, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 MS-félag Íslands, Reykjavík 58,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,6

08-475 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Múlabær, Reykjavík 45,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,5

08-476 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Fríðuhús, Reykjavík 24,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,3

08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar 79,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,7

m.kr.

08-478 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.10 Vistheimilið Bjarg 36,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,6

08-479 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.10 Hlaðgerðarkot 61,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,8

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 868,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 868,5

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Endurhæfingardeild 128,0
1.15 Almenn deild 216,8
Almennur rekstur samtals 344,8

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaðarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands 25,0

Gjöld samtals **369,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 369,8

08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 295,4

m.kr.

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteignar 5,0

Gjöld samtals **300,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,2

Gjöld umfram tekjur **293,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 293,2

08-494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.10 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 69,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,8

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 239,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald, óskipt 27,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 25,0
6.90 Tölvuvæðing 52,2
Stofnkostnaður samtals 77,2

Gjöld samtals **343,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 343,6

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkraflutningar 389,0

	m.kr.
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	54,8
1.15 Sjúkraflug	118,1
Almennur rekstur samtals	561,9
Gjöld samtals	**561,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	561,9

08-505 Heilsugæsla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla í Reykjavík	1.123,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,4
Gjöld umfram tekjur	**1.073,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.073,0

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	436,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**426,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	426,8

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	107,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,6
Gjöld umfram tekjur	**97,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	97,7

m.kr.

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 196,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,8

Gjöld umfram tekjur **177,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 177,8

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 79,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,3

Gjöld umfram tekjur **74,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,6

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík 58,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,7

Gjöld umfram tekjur **56,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,2

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði 32,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **30,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,6

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 54,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **51,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,4

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 32,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,8

Gjöld umfram tekjur **31,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,3

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 53,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,1

Gjöld umfram tekjur **49,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,4

m.kr.

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:	
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	310,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,5
Gjöld umfram tekjur	**295,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	295,7

08-568 Samningur við sveitarfélagið Hornafjörð um heilsugæslu

Almennur rekstur:	
1.01 Samningur við sveitarfélagið Hornafjörð um heilsugæslu	78,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**74,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	74,2

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	30,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**29,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,7

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	31,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **30,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,2

08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi 75,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **69,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,5

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 58,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,4

Gjöld umfram tekjur **54,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 54,4

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 45,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **44,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,8

m.kr.

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	29,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**28,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,4

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	268,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,1
Gjöld umfram tekjur	**248,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	248,8

08-583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ	108,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**102,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,0

08-584 Heilsugæsla í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla í Kópavogi	276,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,1

Gjöld umfram tekjur **261,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 261,8

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 167,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,4

Gjöld umfram tekjur **154,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 154,7

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 104,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,1

Gjöld umfram tekjur **98,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,8

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð 8,1
1.90 Forvarnasjóður 69,0
Almennur rekstur samtals 77,1

Gjöld samtals **77,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,4
Innheimt af ríkistekjum 66,7

m.kr.

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	103,0
1.11 Sjúkrasvið	963,7
Almennur rekstur samtals	1.066,7
Gjöld samtals	**1.066,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-58,4
Gjöld umfram tekjur	**1.008,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.008,3

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	44,9
1.11 Sjúkrasvið	225,7
Almennur rekstur samtals	270,6
Gjöld samtals	**270,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,1
Gjöld umfram tekjur	**258,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	258,5

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	44,9
1.11 Sjúkrasvið	127,9
Almennur rekstur samtals	172,8
Gjöld samtals	**172,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**167,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 167,5

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 149,5
1.11 Sjúkrasvið 449,3
Almennur rekstur samtals 598,8

Gjöld samtals **598,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -44,3

Gjöld umfram tekjur **554,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 554,5

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 37,7
1.11 Sjúkrasvið 68,9
Almennur rekstur samtals 106,6

Gjöld samtals **106,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,9

Gjöld umfram tekjur **103,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 103,7

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 40,1
1.11 Sjúkrasvið 54,4
Almennur rekstur samtals 94,5

Gjöld samtals **94,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **92,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 92,6

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 50,9
1.11 Sjúkrasvið 146,2
Almennur rekstur samtals 197,1

Gjöld samtals **197,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,1

Gjöld umfram tekjur **189,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 189,0

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 54,8
1.11 Sjúkrasvið 228,5
Almennur rekstur samtals 283,3

Gjöld samtals **283,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,0

Gjöld umfram tekjur **274,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 274,3

m.kr.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	69,5
1.11 Sjúkrasvið	513,6
Almennur rekstur samtals	583,1
Gjöld samtals	**583,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,4
Gjöld umfram tekjur	**559,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	559,7

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	38,5
1.11 Sjúkrasvið	244,2
Almennur rekstur samtals	282,7
Gjöld samtals	**282,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,1
Gjöld umfram tekjur	**271,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	271,6

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	180,4
1.11 Sjúkrasvið	434,2
Almennur rekstur samtals	614,6
Gjöld samtals	**614,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,1
Gjöld umfram tekjur	**574,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 574,5

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 374,2
1.11 Sjúkrasvið 763,9
Almennur rekstur samtals 1.138,1

Gjöld samtals **1.138,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -60,5

Gjöld umfram tekjur **1.077,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.077,6

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 82,5
1.11 Sjúkrasvið 377,0
Almennur rekstur samtals 459,5

Gjöld samtals **459,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,9

Gjöld umfram tekjur **434,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 434,6

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 153,6
1.11 Sjúkrasvið 535,1
Almennur rekstur samtals 688,7

Gjöld samtals **688,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,3

Gjöld umfram tekjur **648,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 648,4

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 255,4
1.11 Sjúkrasvið 692,7
Almennur rekstur samtals 948,1

Gjöld samtals **948,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -63,8

Gjöld umfram tekjur **884,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 884,3

08-795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 564,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -69,2

Gjöld umfram tekjur **495,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 495,3

08-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 49,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,0

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**96.778,2**
Greitt úr ríkissjóði	**76.674,6**
Innheimt af ríkistekjum	**20.103,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	481,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,0
Gjöld samtals	**487,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**483,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	483,1

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	306,8
1.41 Launagreiðslukerfi	43,6
1.43 Tekjubókhaldskerfi	203,3
1.45 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	50,1
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	166,4
1.48 Innheimtuskilakerfi	16,3
1.49 Forsendukerfi innheimtugagna	16,1
Almennur rekstur samtals	802,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	10,0
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	25,0
6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríkisins	7,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	174,0
Stofnkostnaður samtals	222,0
Gjöld samtals	**1.024,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**1.023,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.023,5

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 378,2
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 127,6
1.20 Skatteftirlit 33,1
1.41 Skattvinnslukerfi 242,1
Almennur rekstur samtals 781,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 30,6
Stofnkostnaður samtals 38,6

Gjöld samtals **819,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,1

Gjöld umfram tekjur **814,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 814,5

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 311,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,0

Gjöld samtals **315,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 315,4

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 50,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **50,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,6

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 30,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **30,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,4

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 32,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **32,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,1

m.kr.

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra	76,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**75,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,9

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Austurlands	37,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**37,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,3

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Suðurlands	51,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**50,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,9

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja	20,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **20,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,7

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness 184,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **181,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 181,6

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld 9,4
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 1,0
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa 3,7
1.10 Skatteftirlit 7,4
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli 24,9
1.30 Þungaskattur 18,5
Almennur rekstur samtals 64,9

Stofnkostnaður:
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið 13,0

Gjöld samtals **77,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,9

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Yfirskattanefnd 88,8

m.kr.

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,0
Gjöld samtals	**89,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,8

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	118,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**120,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,6

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	321,1
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	6,3
Almennur rekstur samtals	327,4
Gjöld samtals	**327,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-115,2
Gjöld umfram tekjur	**212,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	212,2

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	723,0
1.45 Tollafgreiðslukerfi	151,8
Almennur rekstur samtals	874,8

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,0

Gjöld samtals **889,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **884,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 884,8

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 4.025,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna 103,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra 22,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga 344,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands 78,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands 10,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara 28,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana 139,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun 6,0
Almennur rekstur samtals 4.755,0

Gjöld samtals **4.755,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.233,0
Viðskiptahreyfingar 1.522,0

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna 417,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 417,0

m.kr.

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	347,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,5
6.02 Landskrá fasteigna	100,0
Stofnkostnaður samtals	115,5
Gjöld samtals	**463,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**461,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,6
Innheimt af ríkistekjum	346,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	198,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	4.000,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	4.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	1.300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.300,0

m.kr.

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 5.430,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.430,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 4.605,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.605,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 121,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -118,6

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.339,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.339,1

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lánasýsla ríkisins 166,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -104,6

Gjöld umfram tekjur **62,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,2

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 190,0
6.15 Tjónabætur 20,0
Stofnkostnaður samtals 210,0

Gjöld samtals **210,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0
Viðskiptahreyfingar 190,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur húsnæðis 163,5
1.05 Rekstur tölvukerfis 31,2
Almennur rekstur samtals 194,7

Stofnkostnaður:
6.21 Húsnæði 73,3
6.41 Tölvubúnaður 13,0
Stofnkostnaður samtals 86,3

Gjöld samtals **281,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -238,0

Gjöld umfram tekjur **43,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,0

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 50,5
1.11 Rekstur fasteigna 329,6
Almennur rekstur samtals 380,1

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 754,5

Gjöld samtals **1.134,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.134,6

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 458,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 458,3

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

m.kr.

09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	21,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	21,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:

1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	40,1
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	27,1
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	7,2
1.13 Kjarasamningar	15,0
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	36,3
1.15 Kjararannsóknir	8,7
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður	30,2
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr.	164,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	80,0
1.45 Ýmsar nefndir	6,9
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	8,3
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,6
1.60 Dómkröfur	86,5
1.65 Kjaranefnd	18,7
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	4,3
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Óviss útgjöld	26,9
Almennur rekstur samtals	586,8

Stofnkostnaður:

6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	2,0
6.91 Hagræðingarmál	1,0
Stofnkostnaður samtals	3,0
Gjöld samtals	**589,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	589,8

	m.kr.
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**27.275,4**
Greitt úr ríkissjóði	**21.217,4**
Innheimt af ríkistekjum	**346,0**
Viðskiptahreyfingar	**5.712,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	197,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,6
Innheimt af ríkistekjum	1,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,3
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	48,5
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	24,1
1.25 Staðsetningarkerfi	6,1
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	11,9
1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg	48,9
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	14,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	300,0
1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	5,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	66,5
1.48 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	5,6
1.90 Ýmislegt	19,4
Almennur rekstur samtals	580,6
Stofnkostnaður:	
6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0
Gjöld samtals	**590,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	590,6

m.kr.

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	5,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn	444,1
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	3.156,9
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	344,9
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	132,4
Almennur rekstur samtals	4.078,3

Viðhaldsverkefni:

5.05 Þjónusta	2.242,3
5.10 Viðhald	2.084,9
Viðhaldsverkefni samtals	4.327,2

Stofnkostnaður:

6.10 Nýframkvæmdir	6.979,4
6.21 Landsvegir	117,5
6.40 Tilraunir	103,2
6.43 Safnvegir	278,0
6.45 Styrkvegir	55,2
6.47 Reiðvegir	39,9
Stofnkostnaður samtals	7.573,2
Gjöld samtals	**15.978,7**

Sértekjur:

Sértekjur	-3.156,9
Gjöld umfram tekjur	**12.821,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	1.332,4
Innheimt af ríkistekjum	11.489,4

m.kr.

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	466,1
1.11 Rekstur strandarstöðva	158,1
Almennur rekstur samtals	624,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	1.066,0
6.74 Lendingabætur	3,8
6.76 Ferjubryggjur	6,5
6.80 Sjóvarnargarðar	77,1
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	16,6
Stofnkostnaður samtals	1.202,2
Gjöld samtals	**1.826,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-124,5
Gjöld umfram tekjur	**1.701,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.440,1
Innheimt af ríkistekjum	381,9
Viðskiptahreyfingar	-120,1

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	30,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,3

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	1.243,1
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	1.377,6

m.kr.

1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	97,5
Almennur rekstur samtals	2.718,2
Stofnkostnaður:	
6.41 Flugvellir, framkvæmdir	693,1
Gjöld samtals	**3.411,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.608,3
Gjöld umfram tekjur	**1.803,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	993,8
Innheimt af ríkistekjum	809,2

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	24,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,7

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	146,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	146,4

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	50,3
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis	92,1
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	25,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	12,3
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	49,8

	m.kr.
1.81 Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu	8,0
Almennur rekstur samtals	237,5
Gjöld samtals	**237,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,2
Gjöld umfram tekjur	**234,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	234,3
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**17.555,6**
Greitt úr ríkissjóði	**4.847,8**
Innheimt af ríkistekjum	**12.827,9**
Viðskiptahreyfingar	**-120,1**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 103,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,1

Gjöld samtals **104,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,3

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 113,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,8

Gjöld samtals **118,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 118,5

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Iðntæknistofnun Íslands 429,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,7

Gjöld samtals **437,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -292,9

Gjöld umfram tekjur **144,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,9

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 223,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5

Gjöld samtals **227,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -141,5

Gjöld umfram tekjur **86,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,4

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 14,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,4

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 203,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 203,0

m.kr.

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 75,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 31,7
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL 6,7
1.30 Alþjóðlegt samstarf 19,5
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 5,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar 80,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 32,6
Almennur rekstur samtals 180,5

Gjöld samtals **180,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,8
Innheimt af ríkistekjum 31,7

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 45,9
1.02 Orkumálasvið 112,0
1.03 Orkurannsóknir 120,4
1.04 Sala rannsókna 212,3
Almennur rekstur samtals 490,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 11,2

Gjöld samtals **501,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -231,5

Gjöld umfram tekjur **270,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 270,3

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs 2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda 16,5
1.13 Jarðhitaleit 11,8
1.23 Notendur utan samveitna 2,0
Almennur rekstur samtals 32,8

Stofnkostnaður:
6.11 Virkjanarannsóknir 50,0

Gjöld samtals **82,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,8

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis 847,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 847,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.13 Hafsbotnsrannsóknir 289,4
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum 142,0
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið 10,0
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum 5,0
1.21 Nýskipan orkumála 8,9
1.23 Þróunarverkefni o.fl. 11,0
Almennur rekstur samtals 466,3

Gjöld samtals **466,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 466,3

m.kr.

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 285,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 285,1

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 184,2
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 101,4
Almennur rekstur samtals 285,6

Gjöld samtals **285,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 285,6

11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **3.186,1**
Greitt úr ríkissjóði **2.832,9**
Innheimt af ríkistekjum **353,2**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	111,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**110,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,4

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	2,1
1.20 Icepro-nefnd	4,6
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	21,7
Almennur rekstur samtals	36,9
Gjöld samtals	**36,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,3
Innheimt af ríkistekjum	4,6

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	218,6

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,3

Gjöld samtals **220,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,0

Gjöld umfram tekjur **211,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,6
Innheimt af ríkistekjum 165,3

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið 268,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 268,6

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 481,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 481,0

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 165,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 165,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun 151,8

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,9

Gjöld samtals **153,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 153,7

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:
1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið 14,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,8

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.445,3**
Greitt úr ríkissjóði **360,8**
Innheimt af ríkistekjum **1.084,5**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	414,5
1.50 Þjóðskráin	106,6
Almennur rekstur samtals	521,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	13,6
Gjöld samtals	**534,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,5
Gjöld umfram tekjur	**524,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	407,3
Innheimt af ríkistekjum	116,9

13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	7,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**531,2**
Greitt úr ríkissjóði	**414,3**
Innheimt af ríkistekjum	**116,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	198,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**201,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,8

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	7,9
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	8,1
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	28,2
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,0
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	22,5
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,5
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	6,5
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	3,0
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	3,7
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	14,8
1.90 Ýmis verkefni	8,0
Almennur rekstur samtals	157,3
Gjöld samtals	**157,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	157,3

m.kr.

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 11,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,5

Gjöld umfram tekjur **6,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,8

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 500,3
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 19,5
Almennur rekstur samtals 519,8

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 6,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 35,5

Gjöld samtals **561,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -51,8

Gjöld umfram tekjur **509,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 464,7
Innheimt af ríkistekjum 44,8

m.kr.

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 220,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 220,0

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 11,1
1.10 Eyðing spilliefna 151,7
Almennur rekstur samtals 162,8

Gjöld samtals **162,8**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 162,8

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun 596,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 596,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 114,4
1.11 Mat á umhverfisáhrifum 28,0
Almennur rekstur samtals 142,4

Gjöld samtals **142,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -19,4

Gjöld umfram tekjur **123,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 123,0

m.kr.

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín 45,9
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál 36,1
Almennur rekstur samtals 82,0

Gjöld samtals **82,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 82,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 234,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **239,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -53,0

Gjöld umfram tekjur **186,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,8
Innheimt af ríkistekjum 3,0

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 88,7
1.10 Námssjóður 3,5
1.20 Brunamálaskóli 18,6
Almennur rekstur samtals 110,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,5

Gjöld samtals **113,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 113,3

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 14,9

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 183,5

Gjöld samtals **198,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 198,4

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 15,0
1.02 Setur í Reykjavík 213,1
1.03 Setur á Akureyri 47,9
Almennur rekstur samtals 276,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 0,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 7,0

Gjöld samtals **283,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -120,7

Gjöld umfram tekjur **162,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 162,8

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 7,5

	m.kr.
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	7,5
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	7,5
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	7,5
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	7,5
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	7,5
Almennur rekstur samtals	45,0
Gjöld samtals	**45,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,0

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	16,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**18,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,3

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	429,8
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	115,2
Almennur rekstur samtals	545,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	28,5
Gjöld samtals	**573,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-164,8
Gjöld umfram tekjur	**408,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	408,7

m.kr.

14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **3.212,5**
Greitt úr ríkissjóði **2.012,2**
Innheimt af ríkistekjum **1.200,3**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.900,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16.220,0
Viðskiptahreyfingar	-320,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**15.900,0**
Greitt úr ríkissjóði	**16.220,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-320,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	2.350,0
Rekstrargjöld	2.000,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**365,0**
Hagnaður (-tap)	**365,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	365,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	20,0
Handbært fé frá rekstri	**385,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	414,0
Afborganir af teknum löngum lánum	60,0
Greitt til Háskóla Íslands	704,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-350,0**
Breyting á handbæru fé	**25,0**
Handbært fé í ársbyrjun	166,0
Handbært fé í árslok	191,0

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	875,0
Rekstrargjöld	3.038,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-223,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-2.386,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.171,0
Hagnaður (-tap)	**-215,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-215,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	383,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-25,0
Handbært fé frá rekstri	**143,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	143,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-143,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,0
Handbært fé í árslok	1,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	55,0
Rekstrargjöld	537,7
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-480,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	250,0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	196,4
Hagnaður (-tap)	**-34,3**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-34,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**10,7**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	10,7
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-10,7**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3,0
Handbært fé í árslok	3,0

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	40,8
Rekstrargjöld	560,5
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-519,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	508,7
Hagnaður (-tap)	**-11,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-11,0
Handbært fé frá rekstri	**-11,0**
Breyting á handbæru fé	**-11,0**
Handbært fé í ársbyrjun	343,2
Handbært fé í árslok	332,2

m.kr.

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.247,8
Rekstrargjöld	1.247,8
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	36,8
Handbært fé frá rekstri	**36,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,1
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,1**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	28,7
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-28,7**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	103,9
Handbært fé í árslok	103,9

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	90,0
Rekstrargjöld	97,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-6,0**
Hagnaður (-tap)	**-6,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-6,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	4,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	4,0
Handbært fé frá rekstri	**2,5**
Breyting á handbæru fé	**2,5**
Handbært fé í ársbyrjun	1,8
Handbært fé í árslok	4,3

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	14.046,1
Rekstrargjöld	11.183,3
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	12,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**2.874,8**
Hagnaður (-tap)	**2.874,8**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.874,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	62,0
Handbært fé frá rekstri	**2.936,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	85,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-83,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	133,0
Tóbaksgjald í ríkissjóð	2.934,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.067,5**
Breyting á handbæru fé	**-214,2**
Handbært fé í ársbyrjun	1.007,0
Handbært fé í árslok	792,8

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.851,5
Rekstrargjöld	1.949,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-97,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	97,5

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	141,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-10,0
Handbært fé frá rekstri	**131,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-120,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	211,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-11,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2,0
Handbært fé í árslok	2,0

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	5.610,0
Rekstrargjöld	5.714,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-230,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-334,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	153,0
Hagnaður (-tap)	**-181,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-181,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.088,0
Handbært fé frá rekstri	**907,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	903,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-883,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	180,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	219,0
Afborganir af skammtíma lánum	360,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-259,0**
Breyting á handbæru fé	**-235,0**
Handbært fé í ársbyrjun	-542,0
Handbært fé í árslok	-777,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	2.330,0
Fjármagnsgjöld	2.580,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	940,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	600,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.790,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.898,0
Aðrar rekstrartekjur	15,0
Önnur rekstrargjöld	282,0
Hagnaður (-tap)	**841,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	841,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	456,0
Handbært fé frá rekstri	**1.297,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	100,0
Veitt löng lán	5.327,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.100,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.367,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-70,0**
Handbært fé í ársbyrjun	338,0
Handbært fé í árslok	268,0

m.kr.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	15,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Hreinar fjármunatekjur	**10,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	190,0
Aðrar rekstrartekjur	45,0
Önnur rekstrargjöld	260,0
Hagnaður (-tap)	**-15,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-15,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5,0
Handbært fé frá rekstri	**-10,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-5,0**
Handbært fé í ársbyrjun	140,0
Handbært fé í árslok	135,0

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.464,4
Fjármagnsgjöld	1.222,2
Framlög í afskriftasjóð útlána	100,0
Hreinar fjármunatekjur	**142,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	162,4
Aðrar rekstrartekjur	11,0
Önnur rekstrargjöld	99,3
Hagnaður (-tap)	**216,3**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	216,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-10,3
Handbært fé frá rekstri	**206,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.909,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.900,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-9,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.600,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.838,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-238,0**
Breyting á handbæru fé	**-41,0**
Handbært fé í ársbyrjun	199,5
Handbært fé í árslok	158,5

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	150,0
Fjármagnsgjöld	210,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-30,0
Hreinar fjármunatekjur	**-30,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	621,0
Önnur rekstrargjöld	50,0
Hagnaður (-tap)	**541,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	541,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-10,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**541,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	522,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**527,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.350,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-850,0**
Breyting á handbæru fé	**218,0**
Handbært fé í ársbyrjun	421,0
Handbært fé í árslok	639,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	21.700,0
Fjármagnsgjöld	19.446,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	413,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.841,0**
Aðrar rekstrartekjur	529,0
Önnur rekstrargjöld	458,0
Hagnaður (-tap)	**1.912,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1.912,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	12.438,0
Handbært fé frá rekstri	**14.350,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	29.856,0
Afborganir af veittum löngum lánum	6.605,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	12,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-23.263,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	29.557,0
Afborganir af teknum löngum lánum	21.275,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**8.282,0**
Breyting á handbæru fé	**-631,0**
Handbært fé í ársbyrjun	5.908,0
Handbært fé í árslok	5.277,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.782,0
Fjármagnsgjöld	1.958,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	13,0
Hreinar fjármunatekjur	**-189,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	167,0
Aðrar rekstrartekjur	68,0
Önnur rekstrargjöld	14,0
Hagnaður (-tap)	**32,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	32,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	498,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-274,0
Handbært fé frá rekstri	**256,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	8.050,0
Afborganir af veittum löngum lánum	186,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7.864,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	10.706,0
Afborganir af teknum löngum lánum	497,0
Afföll vegna sölu húsnæðisbréfa	2.691,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**7.518,0**
Breyting á handbæru fé	**-90,0**
Handbært fé í ársbyrjun	16,0
Handbært fé í árslok	-74,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.047,0
Fjármagnsgjöld	1.381,0
Hreinar fjármunatekjur	**-334,0**
Aðrar rekstrartekjur	30,0
Önnur rekstrargjöld	14,0
Hagnaður (-tap)	**-318,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-318,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	356,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-199,0
Handbært fé frá rekstri	**-161,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	4.500,0
Afborganir af veittum löngum lánum	76,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-4.424,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	6.948,0
Afborganir af teknum löngum lánum	375,0
Afföll vegna sölu húsnæðisbréfa	1.968,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**4.605,0**
Breyting á handbæru fé	**20,0**
Handbært fé í ársbyrjun	15,0
Handbært fé í árslok	35,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	6.673,0
Fjármagnsgjöld	6.563,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	225,0
Hreinar fjármunatekjur	**-115,0**
Aðrar rekstrartekjur	126,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-239,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-239,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-404,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-243,0
Handbært fé frá rekstri	**-886,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5.243,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	7,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5.236,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	8.961,0
Afborganir af teknum löngum lánum	11.143,0
Afföll vegna sölu húsnæðisbréfa	2.061,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.243,0**
Breyting á handbæru fé	**107,0**
Handbært fé í ársbyrjun	253,0
Handbært fé í árslok	360,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	41,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	20,0
Hreinar fjármunatekjur	**21,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	16,6
Önnur rekstrargjöld	159,0
Hagnaður (-tap)	**-121,4**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-121,4
Handbært fé frá rekstri	**-121,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	26,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**26,0**
Breyting á handbæru fé	**-95,4**
Handbært fé í ársbyrjun	118,6
Handbært fé í árslok	23,2

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	80,0
Fjármagnsgjöld	61,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	10,0
Hreinar fjármunatekjur	**5,0**
Aðrar rekstrartekjur	1,0
Önnur rekstrargjöld	16,0
Hagnaður (-tap)	**-10,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-10,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	14,0
Handbært fé frá rekstri	**4,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	104,0
Afborganir af veittum löngum lánum	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**16,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	120,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-20,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6,0
Handbært fé í árslok	6,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	15,0
Fjármagnsgjöld	0,7
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Hreinar fjármunatekjur	**9,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	82,8
Önnur rekstrargjöld	113,8
Hagnaður (-tap)	**-21,7**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-21,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	15,0
Handbært fé frá rekstri	**-1,7**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	40,0
Afborganir af veittum löngum lánum	18,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-22,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4,5**
Breyting á handbæru fé	**-28,2**
Handbært fé í ársbyrjun	65,8
Handbært fé í árslok	37,6

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.000,0
Fjármagnsgjöld	500,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	360,0
Hreinar fjármunatekjur	**140,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	285,6
Aðrar rekstrartekjur	10,0
Önnur rekstrargjöld	350,0
Hagnaður (-tap)	**85,6**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	85,6
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**485,6**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.800,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Áhættufjármunir	250,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.850,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	2.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.000,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.500,0**
Breyting á handbæru fé	**135,6**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	435,6

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	400,0
Fjármagnsgjöld	20,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	200,0
Hreinar fjármunatekjur	**180,0**
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-70,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-70,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	230,0
Handbært fé frá rekstri	**160,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	40,0
Afborganir af veittum löngum lánum	150,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Áhættufjármunir	300,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	400,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**205,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**363,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.420,0
Handbært fé í árslok	2.783,0

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	2.213,5
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	5.542,2
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	3.902,1
	Samtals	**11.657,8**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	649,0
	Samtals	**649,0**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	226,1
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	180,9
	Samtals	**407,0**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	411,0
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta	761,7
	Samtals	**1.172,7**
Almenn opinber þjónusta samtals		**13.886,5**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	6.349,7
	03.1.2 Brunavarnir	113,3
	Samtals	**6.463,0**
03.2	Dómstólar	1.535,2
03.3	Fangelsi	603,7
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	2.651,0
Löggæsla og öryggismál samtals		**11.252,9**

m.kr.

04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	473,2
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	7.694,9
	04.2.2 Sérskólastig	2.497,0
	Samtals	**10.191,9**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	11.170,6
	Samtals	**11.170,6**
04.4	Aðrir skólar, óta.	50,6
04.5	Námsaðstoð	484,5
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	704,5
Fræðslumál samtals		**23.075,3**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	32.527,6
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	540,5
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	11.062,8
	Samtals	**44.130,9**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	9.127,1
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	235,8
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	1.126,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	1.198,0
	Samtals	**11.686,9**
05.4	Lyf og hjálpartæki	6.328,9
05.6	Önnur heilbrigðismál	1.863,9
Heilbrigðismál samtals		**64.010,6**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	6.149,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	29.671,3
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	2.072,9

		m.kr.
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	6.931,9
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	4.891,0
	Samtals	**49.716,1**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.1 Barna- og unglingaheimili	628,3
	06.2.3 Málefni fatlaðra	5.309,6
	06.2.4 Önnur velferðarheimili	128,0
	06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	167,6
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta.	1.133,0
	Samtals	**7.366,5**
	Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**57.082,6**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	226,5
	07.1.2 Skipulagsmál	1.446,5
	Samtals	**1.673,0**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	596,0
	07.3.2 Mengunarmál	162,8
	Samtals	**758,8**
	Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**2.431,8**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	268,0
	08.0.2 Söfn, listir ofl.	3.619,0
	08.0.3 Fjölmiðlar	2.337,5
	08.0.4 Kirkjumál	3.754,7
	08.0.5 Önnur menningarmál	30,1
	Samtals	**10.009,3**
	Menningarmál samtals	**10.009,3**

m.kr.

09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	481,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	1.076,8
	09.2.3 Orkumál, óta.	589,6
	Samtals	**1.666,4**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**2.147,4**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	444,7
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	7.419,6
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	789,7
	10.1.5 Dýralæknisþjónusta	345,6
	10.1.6 Farsóttarvarnir	52,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.245,5
	Samtals	**10.297,1**
10.2	Skógræktarmál	517,1
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	22,4
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	1.863,0
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	826,8
	Samtals	**2.712,2**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**13.526,4**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	744,1
11.3	Byggingarstarfsemi	86,4
Iðnaðarmál samtals		**830,5**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	12.344,5
	Samtals	**12.344,5**

	m.kr.
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	1.543,8
Samtals	**1.543,8**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	2.454,3
Samtals	**2.454,3**
12.7 Önnur samgöngumál	1.283,6
Samgöngumál samtals	**17.626,2**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	234,3
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	2.427,8
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	935,7
13.6 Önnur atvinnumál	735,7
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**4.333,5**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	15.902,7
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	5.646,0
14.0.3 Önnur þjónusta	11.538,3
Samtals	**33.087,0**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**33.087,0**
Heildargjöld samtals	**253.300,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2003

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	71.851,5
Lífeyrisskuldbindingar	4.755,0
Önnur gjöld	51.871,7
Sértekjur	-17.115,1
Rekstrargjöld samtals	**111.363,1**
Fjármagnskostnaður	**15.900,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Lífeyristryggingar	24.099,0
Sjúkratryggingar	12.961,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.258,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.859,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.626,0
Barnabætur	5.430,0
Fæðingarorlofssjóður	5.392,0
Vaxtabætur	4.605,0
Afskriftir skattkrafna	4.000,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.616,8
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.898,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.858,0
Ríkisútvarpið	2.171,0
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	16.453,2
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**103.227,0**
Viðhald	
Vegagerðin	4.327,2
Annað	1.518,7
Viðhald samtals	**5.845,9**
Fjárfesting	
Vegagerðin	7.573,2
Háskólar og framhaldsskólar	1.920,0
Hafnarframkvæmdir	1.202,2
Heilbrigðisstofnanir	1.086,6
Flugvellir	693,1
Annað	4.488,9
Fjárfesting samtals	**16.964,0**
Gjöld samtals	**253.300,0**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2003

		m.kr	Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**		
	Almanaksgjald		1,7
	Greitt úr ríkissjóði		1,7
02-977	**Höfundarréttargjöld**		
	Höfundarréttargjald		62,0
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir		2,7
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef		1,3
	Greitt úr ríkissjóði		66,0
03-611	**Útflutningsráð Íslands**		
	Markaðsgjald		237,7
	Greitt úr ríkissjóði		237,7
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**		
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð		4,3
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð		4,3
	Greitt úr ríkissjóði		8,6
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**		
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum, innflutningur og innlend framleiðsla		1,5
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru		1,6
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu		5,9
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi		10,3
	Greitt úr ríkissjóði		19,3
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk		280,0
	Greitt úr ríkissjóði		280,0
04-818	**Búnaðarsjóður**		
	Hlutdeild Búnaðarsjóðs í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu		233,4
	Greitt úr ríkissjóði		233,4
04-823	**Lánasjóður landbúnaðarins**		
	Hlutdeild Lánasjóðs landbúnaðarins í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu		162,4
	Greitt úr ríkissjóði		162,4

04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	121,6
	Greitt úr ríkissjóði	121,6
04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	340,0
	Greitt úr ríkissjóði	340,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga	8,0
	Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva	9,0
	Greitt úr ríkissjóði	17,0
05-204	**Fiskistofa**	
	Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva	2,0
	Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni	37,2
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	6,0
	Veiðieftirlitsgjald	232,5
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	45,0
	Greitt úr ríkissjóði	322,7
05-811	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**	
	Þróunarsjóðsgjald á skip	102,0
	Þróunarsjóðsgjald á aflamark	519,0
	Greitt úr ríkissjóði	621,0
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	5,3
	Greitt úr ríkissjóði	5,3
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík	14,7
	Greitt úr ríkissjóði	14,7
06-333	**Umferðarstofa**	
	Skráningargjöld ökutækja	222,0
	Umferðaröryggiseftirlitsgjald	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	257,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	221,3
	Skráning vinnuvéla	1,5
	Greitt úr ríkissjóði	189,2
	Viðskiptahreyfing	33,6

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðargjald vegna launa	190,0
Greitt úr ríkissjóði	381,1
Viðskiptahreyfing	-191,1

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	3.633,7
Greitt úr ríkissjóði	2.057,0
Viðskiptahreyfing	1.576,7

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	93,2
Greitt úr ríkissjóði	15,9
Viðskiptahreyfing	77,3

07-989 Fæðingarorlof

Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	3.919,5
Greitt úr ríkissjóði	4.916,0
Viðskiptahreyfing	-996,5

08-204 Lífeyristryggingar

Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	18.890,0
Greitt úr ríkissjóði	18.890,0

08-208 Slysatryggingar

Slysatryggingagjald vegna sjómanna	160,0
Greitt úr ríkissjóði	160,0

08-397 Lyfjastofnun

Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	5,3
Lyfjaeftirlitsgjald	41,1
Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	36,6
Greitt úr ríkissjóði	83,0

08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	786,9
Greitt úr ríkissjóði	722,0
Viðskiptahreyfing	64,9

08-621 Forvarnasjóður

Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	66,7
Greitt úr ríkissjóði	66,7

09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	217,0
	Greitt úr ríkissjóði	217,0
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0
10-211	**Vegagerðin**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	5.434,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	2.549,0
	Þungaskattur, fast árgjald	2.539,0
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	10,0
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða	6,4
	Greitt úr ríkissjóði	11.489,4
	Viðskiptahreyfing	-951,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	213,2
	Vitagjald	103,5
	Skipagjald	63,9
	Greitt úr ríkissjóði	380,6
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Flugvallargjald	607,0
	Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar	4,3
	Greitt úr ríkissjóði	697,4
	Viðskiptahreyfing	-86,1
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	20,0
	Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta	60,3
	Greitt úr ríkissjóði	80,3
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	203,0
	Greitt úr ríkissjóði	203,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	32,3
	Greitt úr ríkissjóði	31,7
	Viðskiptahreyfing	0,6
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	4,6
	Greitt úr ríkissjóði	4,6

12-302	**Löggildingarstofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	36,1
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Löggildingarstofu	110,2
	Eftirlitsgjald vottunaraðila rafrænna undirskrifta	2,2
	Greitt úr ríkissjóði	148,5
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	481,0
	Greitt úr ríkissjóði	481,0
12-821	**Flutningssjóður sements**	
	Flutningsjöfnunargjald af sementi	165,0
	Greitt úr ríkissjóði	165,0
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	0,5
	Gjald af veiðikorti	23,2
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	1,5
	Veiðileyfi hreindýraráðs	13,5
	Greitt úr ríkissjóði	38,3
	Viðskiptahreyfing	0,4
14-285	**Spilliefnasjóður**	
	Spilliefnagjald	162,8
	Greitt úr ríkissjóði	162,8
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	538,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	58,0
	Greitt úr ríkissjóði	596,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	125,0
	Greitt úr ríkissjóði	82,0
	Viðskiptahreyfing	43,0
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	114,6
	Greitt úr ríkissjóði	113,3
	Viðskiptahreyfing	1,3

14-381 Ofanflóðasjóður

Ofanflóðasjóðsgjald	500,0
Greitt úr ríkissjóði	198,4
Viðskiptahreyfing	301,6
Heildartekjur	**45.157,3**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**45.282,6**
Mismunur	**-125,3**
Þar af skerðing	**0,0**
Þar af viðskiptahreyfingar	**-125,3**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2003

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	131,2
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	764,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	1,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	25,8
02-211	**Tækniháskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Tækniskóli Íslands	16,1
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Kennaraháskóli Íslands	32,1
02-238	**Bygginga- og tækjasjóður**	
	Einkaleyfisgjald H.Í.	90,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	6,3
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	5,1
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,1
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	8,3
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	5,7
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði	2,1
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,5

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi 8,2

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 4,3

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 10,9

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 5,6

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 4,4

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 5,6

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 4,6

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1,7

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 3,0

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 5,9

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,3

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 8,4

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 4,2

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 0,5

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík 1,0

02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	0,8
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	6,2
02-506	**Vélskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Vélskóli Íslands	1,3
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0,7
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Reykjavík	12,5
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	3,3
02-564	**Listdansskólinn**	
	Innritunargjöld, Listdansskólinn	5,3
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	
	Skoðunargjald kvikmynda	6,7
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjald RÚV, hljóðvarp	723,3
	Afnotagjald RÚV, sjónvarp	1.447,7
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	
	Tollafgreiðslugjöld til Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli	20,5
	Framlag Bandaríkjanna til löggæslu	26,5
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	506,5
	Vopnaleitargjald	144,0
	Greitt úr ríkissjóði	508,9
	Viðskiptahreyfing	141,6
04-190	**Ýmis verkefni**	
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á kjöti, gærum og ull	12,0
	Greitt úr ríkissjóði	11,7
	Viðskiptahreyfing	0,3
04-222	**Veiðimálastjóri**	
	Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva	3,0

04-233	**Yfirdýralæknir**	
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	70,0
	Gjald vegna matvælaeftirlits Yfirdýralæknis	22,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	32,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	40,0
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	
	Upptækur afli og veiðarfæri (landhelgisbrot og sekt)	35,0
06-105	**Lögbirtingablað**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	26,7
06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,2
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
06-251	**Persónuvernd**	
	Gjald fyrir eftirlit Persónuverndar með starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	10,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	7,3
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	75,7
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum (vinnueftirlit ríkisins)	4,7
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	24,0
08-301	**Landlæknir**	
	Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja	2,0
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
08-373	**Landspítali - háskólasjúkrahús**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	100,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	49,7

08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Gjald fyrir eftirlit nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	25,0
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Aðgangur að fasteignamatsskrá	129,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	77,6
	Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar	2,4
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara	23,5
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda	8,3
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	66,1
11-102	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	35,4
	Gjöld fyrir vörumerki	82,1
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,0
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Faggilding hjá Löggildingarstofunni	6,0
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Eftirlitsgjald til Löggildingarstofunnar	10,8
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	268,6
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	17,5
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	15,5
	Íbúaskrá Hagstofu Íslands	1,5
	Aðgangur að skrám þjóðskrárinnar	76,2
	Vottorð Hagstofu Íslands	6,2
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Mengunareftirlitgjald (árlegt gjald v. eftirlits)	5,0
	Gjald vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna	1,5

Heildartekjur	**5.449,2**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**5.283,3**
Mismunur	**165,9**
Þar af skerðing	**0,0**
Þar af viðskiptahreyfingar	**165,9**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
01-303	**Kristnihátíðarsjóður**	
	Lögbundið framlag	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	100,0
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Háskólasjóður	83,6
	Greitt úr ríkissjóði	83,6
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	254,3
	Greitt úr ríkissjóði	254,3
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	153,5
	Greitt úr ríkissjóði	153,5
06-733	**Kirkjugarðsgjöld**	
	Kirkjugarðsgjöld	591,3
	Kirkjugarðssjóður	50,7
	Greitt úr ríkissjóði	642,0
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	1.486,2
	Greitt úr ríkissjóði	1.486,2
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	251,5
	Greitt úr ríkissjóði	251,5
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	5.291,0
	Greitt úr ríkissjóði	5.291,0

08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	55,4
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	65,4
	Lögbundin framlög alls	**8.327,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**8.327,5**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sjö lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fjórum séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í sundurliðun 2.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. eru sýndar ákvarðanir um skerðingu á mörkuðum tekjustofnum og á ýmsum framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga. Sú skerðing tekna og framlaga sem hér um ræðir er í samræmi við ákvæði annarra greina laganna.
- Í 7. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar kemur fyrst málaflokkaskipting gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan hagræn skipting gjalda í rekstur, rekstrartilfærslur, fjármagnskostnað, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er eitt yfirlit yfir markaðar tekjur sem varið er til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs, annað yfir aðrar rekstrartekjur stofnana og það þriðja yfir lögbundin framlög.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum.
- Í áttunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í níunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *www.fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðum en nánar er fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Tekjuafgangur ríkissjóðs er áætlaður 10,7 milljarðar árið 2003 en er áætlaður 17,2 milljarðar árið 2002. Lækkun frá áætlun þessa árs stafar af því að hagnaður af sölu eigna verður 7 milljörðum minni á næsta ári en ráðgert er á þessu ári auk þess sem fram koma áhrif skattalækkana. Lánsfjárjöfnuður er í frumvarpinu áætlaður 10,1 milljarður en var 20,7 milljarðar árið 2002. Lækkun milli ára skýrist annars vegar af minni sölu eigna og hins vegar af minni innheimtu af veittum lánum ríkisins. Í frumvarpinu er beitt aðhaldi í útgjöldum þannig að sérstök lækkun skatta hefur ekki áhrif á afkomuna.

Afkoma ríkisjóðs 2001–2003

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Tekjur	237,4	257,9	263,6	264,0
Gjöld	228,7	239,4	246,4	253,3
Rekstrarafkoma	**8,6**	**18,5**	**17,2**	**10,7**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-8,1	-20,3	-21,7	-14,8
Handbært fé frá rekstri	**0,5**	**-1,8**	**-4,5**	**-4,1**
Fjármunahreyfingar [2]	-26,5	40,1	25,2	14,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-26,0**	**38,3**	**20,7**	**10,1**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna, sem skilar sér í ríkissjóð á árinu, fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ef litið er á uppsafnaðan lánsfjárafgang árin 1998–2002 stefnir hann í 67 milljarða króna. Ef ekki hefðu komið til sérstakar lántökur til að auka stofnfé í Seðlabanka Íslands og til að bæta gjaldeyrisstöðu hans væri samanlagður lánsfjárafgangur yfir 90 milljarðar. Ríkissjóður nýtur vaxtatekna og arðgreiðslna af því fjármagni. Áætlað er að heildarskuldir

ríkissjóðs verði 33,6% af landsframleiðslu árið 2003 og nettóskuldir, það er skuldir að frádregnum endurlánum og kröfum á aðra aðila, nemi 18,4%.

Efnahagsforsendur. Gert er ráð fyrir hægum efnahagsbata á næsta ári og að vöxtur vergrar landsframleiðslu verði liðlega 1½% á milli ára. Það er um 1% minni hagvöxtur en fólst í síðustu þjóðhagsspá. Áætlað er að þjóðarútgjöld aukist einnig um tæplega 1½%, eða helmingi minna en í fyrri spá. Stafar frávikið af minni vexti fjárfestingar og samneyslu. Einkaneysla vex þannig um 1¼% árið 2003, samneyslan aðeins um 1% og fjárfesting um tæplega 2%. Spáð er áframhaldandi samdrætti í íbúðarbyggingum, að fjárfesting hins opinbera aukist óverulega og fjárfesting atvinnuvega aukist um 3½%. Mikil óvissa er um fjárfestingu atvinnuveganna, m.a. um áhrif lækkandi tekju- og eignarskatta og lægri vaxta. Rétt er þó að undirstrika að í spánni er ekki gert ráð fyrir áhrifum af hugsanlegum virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum. Reiknað er með að utanríkisviðskipti verði í jafnvægi árið 2003.

Tekjuhlið. Tekjuáætlun frumvarpsins tekur mið af niðurstöðu þjóðhagsspár um að efnahagslífið sé að taka við sér eftir milda niðursveiflu og að hagvöxtur aukist á nýjan leik á næsta ári. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 2% og þjóðarútgjöld um tæplega 1½%. Á þeim forsendum er áætlað að skatttekjur aukist um 5,3 milljarða og nemi alls 232,5 milljörðum og er þá tekið tillit til um helmings lækkunar á eignarskatti einstaklinga og fyrirtækja, auk lækkunar á tekjuskatti lögaðila. Heildartekjur ríkissjóðs hækka þó óverulega milli ára þar sem hagnaður af sölu eigna verður minni en á þessu ári. Samtals er áætlað að tekjur ríkissjóðs verði 264 milljarðar árið 2003 en eru áætlaðar 263,6 milljarðar á þessu ári. Nánari grein er gerð fyrir tekjum ríkissjóðs í næsta kafla.

Gjaldahlið. Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 253,3 milljarðar og aukast þau um 7 milljarða frá áætlaðri útkomu þessa árs, eða um 3%, og standa því nánast í stað að raunvirði. Rekstrargjöld ríkisins, það er laun og önnur gjöld, eru óbreytt milli ára á föstu verðlagi en neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1,3% umfram verðlag milli ára. Stafar það einkum af auknum útgjöldum til fæðingarorlofs og barnabóta. Fjárfesting og viðhald standa í stað á föstu verði en vaxtagjöld lækka milli ára í krónutölu. Gerð er frekari grein fyrir breytingum á útgjöldum ríkissjóðs í 3. kafla.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2003, samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps, ásamt endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2002. Fyrst eru dregnar saman helstu niðurstöður. Síðan er gerð grein fyrir tekjum ríkissjóðs á árinu 2002 og helstu frávikum frá áætlun fjárlaga. Í síðasta hlutanum er fjallað um áætlun tekna fyrir árið 2003. Umfjöllun um tekjur ríkissjóðs miðast við rekstrargrunn sem sýnir álagðar tekjur á viðkomandi ári án tillits til þess hvenær þær eru innheimtar.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2002. Samkvæmt fjárlögum, sem afgreidd voru í lok síðasta árs, var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 gætu numið 257,9 milljörðum króna. Þessi áætlun byggðist á tveimur meginforsendum, annars vegar áætlun tekna árið 2001 og hins vegar spá um þróun helstu hagstærða á árinu 2002. Við endurskoðun tekjuáætlunar fyrir árið 2002 hefur verið tekið tillit til innheimtuþróunar á yfirstandandi ári og breytinga á almennum efnahagsforsendum. Þannig er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 verði 263,6 milljarðar, eða 5,7 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatts af einstaklingum og fyrirtækjum. Tekjuskattur einstaklinga hefur skilað tæplega 4 milljörðum meiri tekjum en áætlað var og tekjuskattur fyrirtækja er talinn verða 1 milljarði hærri en á fjárlögum. Af sömu ástæðum hækkar innheimta tryggingagjalds um 600 milljónir króna. Virðisaukaskattur er í takt við áætlanir fjárlaga og sama er að segja um aðra veltuskatta þegar á heildina er litið.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2003. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003 tekur mið af þeirri meginniðurstöðu þjóðhagsspár að efnahagslífið sé smám saman að taka við sér eftir veika niðursveiflu og að hagvöxtur muni aukast á nýjan leik á næsta ári. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði innan vikmarka verðbólgumarkmiðs, eða um 2¼%. Einnig er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni aukast um 2%. Á þessum forsendum eru skatttekjur taldar aukast um 5,3 milljarða og nema 232,5 milljörðum króna. Hækkun skatttekna milli ára má meðal annars rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatts einstaklinga og hækkunar tryggingagjalds. Á móti vegur meira en helmings lækkun eignaskatts einstaklinga og fyrirtækja og lækkun tekjuskatts lögaðila. Einnig er miðað við að tekjur ríkisins af sölu eigna verði nokkru minni en á árinu 2002.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun [1] 2002	Frumvarp 2003
I Skatttekjur	**200.651**	**211.729**	**221.348**	**227.238**	**232.524**
Skattar á tekjur og hagnað	59.595	68.896	69.902	75.224	77.500
Einstaklingar	49.331	58.676	61.125	65.097	70.150
Tekjuskattur einstaklinga	42.853	50.862	55.005	58.218	63.579
Sérstakur tekjuskattur	1.272	1.644	1.120	1.879	1.571
Skattur á fjármagnstekjur	5.206	6.170	5.000	5.000	5.000
Lögaðilar	9.679	9.551	6.500	7.500	5.250
Ótalið annars staðar	585	669	2.277	2.627	2.100
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	12	56	1.500	1.850	1.300
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	573	613	777	777	800
Tryggingagjöld	19.681	21.909	23.365	23.986	27.744
Eignarskattar	9.872	10.596	11.320	11.105	6.933
Skattar á vörur og þjónustu	110.966	109.614	115.581	115.472	118.867
Virðisaukaskattur	71.903	72.147	76.700	76.792	79.700
Almenn vörugjöld	11.067	11.161	15.425	15.425	15.132
Vörugjald af ökutækjum	4.960	2.853	3.150	3.000	3.200
Almennt vörugjald af bensíni	2.127	1.981	2.190	2.190	1.995
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.430	5.447	5.434	5.434	5.434
Aðrir sértækir veltuskattar	7.357	7.468	3.695	3.581	3.950
Bifreiðagjald	2.550	2.628	2.940	2.940	2.975
Þungaskattur	4.639	4.894	4.964	4.964	5.088
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	932	1.035	1.084	1.146	1.393
Aðrir skattar	538	714	1.180	1.452	1.481
II Aðrar rekstrartekjur	**19.030**	**23.274**	**20.411**	**20.977**	**21.396**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.477	1.917	1.629	2.533	2.437
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	10.698	14.727	13.402	12.444	12.564
Neyslu- og leyfisgjöld	5.208	5.782	4.682	5.301	5.628
Annað	647	848	699	699	767
III Sala eigna	**634**	**1.065**	**15.520**	**14.420**	**8.540**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**1.231**	**1.288**	**621**	**930**	**1.540**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	**3.167**	-	-	-	-
Heildartekjur ríkissjóðs	**224.713**	**237.356**	**257.900**	**263.565**	**264.000**
Sjóðshreyfing	**217.978**	**224.042**	**246.600**	**253.027**	**252.470**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2002

Yfirlit. Tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2002 hafa heldur batnað frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum og hafa þær hækkað um 5,7 milljarða króna. Þetta stafar fyrst og fremst af því að tekjubreytingar og almenn umsvif í efnahagslífinu hafa verið meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Almennar launatekjur hafa hækkað meira en reiknað var með og

það hefur skilað sér í aukinni innheimtu tekjuskatts. Tekjuskattur einstaklinga er talinn verða rétt um 60 milljarðar króna, eða 4 milljörðum meira en áætlað var, og tekjuskattur lögaðila er nú áætlaður 7,5 milljarðar, eða milljarði meira en ráð var fyrir gert. Hér á eftir verður fjallað nánar um frávik einstakra liða frá áætlun fjárlaga.

Skattar á tekjur og hagnað. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila nemi 75,2 milljörðum króna á árinu 2002 sem er aukning um 5,3 milljarða samanlagt frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga skili rúmlega 60 milljörðum króna, eða 4 milljörðum króna umfram fjárlög. Jafnframt er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila nemi 7,5 milljörðum króna, eða 1 milljarði króna meira en í fjárlagaáætlun. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til hækkunar á uppgjöri ársins 2001. Loks er talið að tekjur af fjármagnstekjuskatti verði rúmlega 6,8 milljarðar króna og hækki um 350 milljónir frá fjárlögum. Þar af nemur fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði 1,8 milljörðum.

Tryggingagjöld. Forsendur fjárlaga hvað varðar tekjur af tryggingagjöldum hafa að mestu staðist en þó er gert ráð fyrir að tryggingagjöldin verði um 600 milljónum hærri en í áætlun fjárlaga og nemi tæplega 24 milljörðum króna. Þessi aukna innheimta stafar alfarið af meiri tekjubreytingum en áður var reiknað með.

Eignarskattar. Endurskoðuð áætlun eignarskatta á árinu 2002 bendir til lítils háttar lækkunar, eða sem nemur um 200 milljónum króna.

Skattar á vörur og þjónustu. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að skattar á vörur og þjónustu verði að mestu óbreyttir, eða um 115,3 milljarðar króna. Tekjur af virðisaukaskatti eru nánast þær sömu og gert var ráð fyrir í fjárlögum enda er spáð svipaðri veltu og áður. Aðrir veltuskattar eru líka samkvæmt áætlun þegar á heildina er litið þótt einstakir liðir, eins og vörugjöld af bifreiðum, skili ívið minni tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Aðrar tekjur. Á heildina litið má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af öðrum rekstrartekjum verði um 21 milljarður króna, eða um 470 milljónum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Vaxtatekjur skila 12,4 milljörðum samkvæmt endurskoðaðri áætlun sem er tæplega milljarði minna en áætlað var. Á móti kemur að arðgreiðslur og leigutekjur eru taldar skila 900 milljónum króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir og tekjur af neyslu- og leyfisgjöldum fyrir þjónustu hækka um 700 milljónir króna frá áætlun fjárlaga. Tekjur ríkissjóðs af sölu eigna og fjárframlög skila um 15,4 milljörðum króna sem er tæplega 800 milljónum króna lægra en áætlað var.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2003

Yfirlit. Samkvæmt efnahagsforsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs nemi 264 milljörðum króna á árinu 2003 og hækki um 5,3 milljarða milli ára. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Samanlagt er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila verði 77,5 milljarðar króna. Það er rúmlega 2 milljarða króna aukning frá árinu 2002.

Skattar á tekjur og hagnað 2001–2003

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Einstaklingar	58.676	61.125	65.097	70.150
Tekjuskattur einstaklinga	50.862	55.005	58.218	63.579
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	1.644	1.120	1.879	1.571
Fjármagnstekjuskattur	6.170	5.000	5.000	5.000
Lögaðilar	9.551	6.500	7.500	5.250
Ótalið annars staðar	669	2.277	2.627	2.100
Samtals	**68.896**	**69.902**	**75.224**	**77.500**

Tekjuskattur einstaklinga. Við gerð áætlunar um tekjuskatta einstaklinga er tekið mið af áætluðum launahækkunum milli ára en gert er ráð fyrir að laun hækki um 4½% á árinu 2003. Einnig er gert ráð fyrir að fjölgun framteljenda verði nálægt 1½%. Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga verði rúmlega 70 milljarðar króna árið 2003 sem er um 5 milljarða króna aukning frá árinu 2002. Í þessari tekjuáætlun er tekið mið af þegar lögfestri hækkun á persónuafslætti, um 2,75%, um næstu áramót. Jafnframt er gert ráð fyrir að ákvæði laga um sérstakan tekjuskatt verði framlengd um eitt ár en að jafnframt verði skatthlutfallið lækkað úr 7% í 5%. Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum af fjármagnstekjuskatti á milli ára.

Tekjuskattur lögaðila. Áætlun um tekjuskatt lögaðila tekur mið af lækkun skatthlutfallsins, úr 30% í 18%, sem kom til framkvæmda frá upphafi árs 2002 og hefur áhrif á tekjur ríkissjóðs árið 2003. Á þeim grundvelli er talið að tekjuskattur lögaðila geti numið 5,3 milljörðum króna á árinu 2003 en hann var 7,5 milljarðar árið 2002. Hér eru ýmis óvissuatriði, meðal annars er álagningu lögaðila á þessu ári ekki lokið og því getur áætlunin tekið einhverjum breytingum fyrir afgreiðslu fjárlaga. Að öðru leyti tekur áætlunin mið af afkomuhorfum fyrirtækja eins og þær eru metnar í þjóðhagsspá.

Tryggingargjöld og launaskattar. Heildartekjur ríkissjóðs af tryggingargjöldum og launasköttum eru áætlaðar 27,7 milljarðar króna. Það er um 3,8 milljarða króna hækkun frá áætlun ársins 2002. Breytingar á tryggingargjaldi fylgja áætluðum breytingum launa á næsta ári en hluta af hækkuninni á milli ára má rekja til sérstakrar hækkunar á almenna

tryggingagjaldinu í tengslum við fyrrnefndar breytingar á tekjuskatti lögaðila. Upphaflega var gjaldið hækkað úr 4,34% í 5,11% af gjaldstofni tryggingagjalds. Hins vegar var ákveðið í tengslum við framlengingu kjarasamninga á almenna markaðnum sl. vor að draga hluta af þessari hækkun til baka og lækka gjaldið í 4,84%. Tekjuáætlun frumvarpsins tekur mið af þeirri lækkun.

Eignarskattar. Álagðir eignarskattar á árinu 2003 eru taldir nema 6,9 milljörðum króna. Það er um 4,4 milljarða króna lækkun frá áætlun yfirstandandi árs, eða sem nemur tæplega 40%. Ástæðan fyrir þessari lækkun er annars vegar sú lækkun eignarskatts einstaklinga og lögaðila úr 1,2% í 0,6% af eignarskattsstofni sem þegar hefur verið lögfest auk þess sem sérstakur eignarskattur verður afnuminn. Hins vegar var ákveðið í tengslum við áðurnefndar skattbreytingar að lækka stimpilgjald um allt að 900 m.kr.

Eignarskattar 2001-2003

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Eignarskattur einstaklinga	3.451	3.911	3.696	1.720
Eignarskattar lögaðila	2.415	2.399	2.399	1.050
Erfðafjárskattur	673	850	850	800
Stimpilgjöld	3.100	3.200	3.200	2.400
Sértækir eignarskattar	957	960	960	963
Samtals	**10.596**	**11.320**	**11.105**	**6.933**

Skattar á vörur og þjónustu. Gert er ráð fyrir að skattar á vörur og þjónustu skili tæplega 119 milljörðum króna á árinu 2003, eða tæplega 3,5 milljörðum króna meira en árið 2002.

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur nemur um þriðjungi af skatttekjum ríkissjóðs. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti verði tæplega 80 milljarðar króna. Það er um 3 milljarða króna hækkun frá áætlun fyrir árið 2002. Við áætlun virðisaukaskatts er í meginatriðum stuðst við forsendur fyrir breytingu á einkaneyslu og áætluðum verðbreytingum.

Almenn vörugjöld. Áætlað er að almenn vörugjöld, bæði af innfluttum vörum og innlendri framleiðslu ásamt áfengisgjaldi, verði 9,4 milljarðar króna á árinu 2003. Það er tæplega 400 milljóna króna aukning frá yfirstandandi ári.

Skattar á vörur og þjónustu 2001-2003

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Virðisaukaskattur	**72.147**	**76.700**	**76.792**	**79.700**
Vörugjöld	**21.440**	**22.955**	**22.237**	**22.525**
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	2.123	2.130	2.043	2.079
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	578	650	700	700
Vörugjald af ökutækjum	2.853	3.150	3.000	3.200
Vörugjald af bensíni	1.981	2.190	2.190	1.995
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.447	5.434	5.434	5.434
Flutningsjöfnunargjöld	717	673	673	646
Áfengisgjald	5.872	6.856	6.325	6.632
Ýmis vörugjöld	1.869	1.872	1.872	1.839
Hagnaður af einkasölu ÁTVR	2.915	3.300	3.200	3.200
Tollar og aðflutningsgjöld	3.022	2.840	2.840	2.704
Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	819	798	865	730
Bifreiðaskattar	7.521	7.904	7.904	8.063
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	1.750	1.084	1.634	1.945
Samtals	**109.614**	**115.581**	**115.471**	**118.867**

Vörugjöld af ökutækjum. Gert er ráð fyrir að vörugjöld af ökutækjum verði 3,2 milljarðar króna. Það er um 200 milljón króna hækkun frá fyrra ári. Í forsendum er reiknað með að innfluttum fólksbílum fjölgi um 500 á árinu og verði um 7.500.

Vörugjöld af bensíni. Á bensín eru lögð tvenns konar vörugjöld. Það er annars vegar sérstakt vörugjald á bensín sem er 28,60 krónur á hvern seldan bensínlítra og rennur til Vegagerðarinnar og hins vegar almennt vörugjald sem er 10,50 krónur einnig á hvern seldan bensínlítra og rennur í ríkissjóð. Við gerð áætlunar af tekjum af bensíni er gert ráð fyrir að þær verði rúmlega 7,4 milljarðar króna á árinu 2003. Gengið er út frá óbreyttri gjaldskrá og óbreyttri bensínsölu.

Aðrir sértækir veltuskattar. Undir þennan lið fellur hagnaður af einkasölu ÁTVR, tollar og aðflutningsgjöld og ýmsir þjónustuskattar. Samanlagt er gert ráð fyrir að tekjur af þessum liðum skili tæpum 4 milljörðum króna 2003, sem er um 400 milljón króna hækkun frá árinu 2002.

Bifreiðagjald og þungaskattur. Bifreiðagjald og þungaskattur eru skattar á bifreiðaeign. Bifreiðagjald miðast við þyngd bifreiðar og leggst á bifreiðar sem skráðar eru hér á landi. Áætlað er að bifreiðagjaldið skili tæpum 3 milljörðum árið 2003. Þungaskattur er eingöngu innheimtur af díselbifreiðum, bæði sem fast árgjald og sérstakt gjald á hvern ekinn kílómetra. Þungaskatturinn er áætlaður rúmir 5 milljarðar króna og er það rúmlega 100 milljóna króna hækkun frá yfirstandandi ári.

Aðrir neysluskattar, leyfisgjöld o.fl. Þessi liður nær yfir ýmiss konar neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld. Í heild er áætlað að hann skili tæpum 1,4 milljörðum króna árið 2003 sem er rúmlega 200 milljóna króna aukning frá áætluðum tekjum ársins 2002.

Aðrir skattar. Undir þennan lið falla ýmis gjöld af atvinnurekstri, svo sem iðnaðarmálagjald og framleiðslugjald af áli. Gert er ráð fyrir að áætlaðar tekjur verði tæplega 1,5 milljarðar króna á árinu 2003 og er það nánast óbreytt frá áætlun fyrir 2002.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlaðar rekstrartekjur ríkisins fyrir árið 2003 eru rúmlega 21 milljarður króna. Það er um 400 milljóna króna hækkun frá yfirstandandi ári. Tekjur af arðgreiðslum eru áætlaðar um 2,4 milljarðar króna sem er um 100 milljón króna lækkun frá áætlun 2002. Vaxta- og aðrar eignatekjur eru áætlaðar um 12,5 milljarðar króna og er það rúmlega 100 milljóna króna hækkun frá áætlun 2002. Undir flokkinn neyslu- og leyfisgjöld falla meðal annars afnotagjöld Ríkisútvarpsins, skólagjöld og lendingargjöld og nema þau um 5,6 milljörðum króna árið 2003. Það er um 300 milljóna króna hækkun frá áætlun 2002.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að hagnaður ríkissjóðs af sölu ríkiseigna nemi rúmlega 8,5 milljörðum króna á árinu 2003. Hér er aðallega um að ræða sölu á eignarhlut ríkisins í ríkisbönkunum.

Fjárframlög. Áætlað er að fjárframlög frá opinberum aðilum verði rúmlega 1,5 milljarðar króna á árinu 2003 en það er um 600 milljóna króna hærri upphæð en reiknað er með á þessu ári.

3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta árið 2003, helstu áherslumál og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málefnaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld þessa árs og helstu frávik skýrð. Gerð er grein fyrir forsendum fyrir framreikningi útgjalda næstu fjögur árin og sérstaklega er fjallað um útgjöld til rannsókna og þróunarmála. Loks er í sérstökum köflum fjallað ítarlega um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi ársins 2003 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun verðlags. Endurskoðaðar spár gera ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 4,7% frá 2001 til 2002 og um 2,2% frá 2002 til 2003. Eru rekstrarútgjöld miðuð við þær spár með sama hætti og gert var í fjárlögum fyrir árið 2002. Gert var ráð fyrir að almennt verðlag hækkaði um 5,9% frá 2001 til 2002 í fjárlögum í stað 4,7% og er leiðrétt fyrir því í verðforsendum árið 2003 þannig að nettóhækkun er 1,3%. Launabreytingar taka mið af fyrirliggjandi kjarasamningum við starfsmenn ríkisins og hækka laun almennt um 3% í upphafi árs 2003. Í samræmi við ákvæði laga um bætur almannatrygginga hækka bætur um 3,2% í upphafi næsta árs. Í forsendum frumvarpsins er miðað við gengi gjaldmiðla í upphafi september og gengisvísitöluna 130. Vegna styrkingar á gengi krónunnar frá forsendum fjárlaga 2002 lækka gengisbundin útgjöld frá fjárlögum.

3.1 Heildaryfirlit ríkisútgjalda.

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2003 eru áætluð 253,3 milljarðar króna og aukast um tæplega 7 milljarða frá endurskoðaðri áætlun þessa árs en um 14 milljarða frá fjárlögum 2002. Útgjöldin standa nánast í stað að raungildi frá endurskoðaðri áætlun þessa árs en frávik frá fjárlögum innan árs 2002 stafa meðal annars af umframútgjöldum sjúkrahúsa og sjúkratrygginga og af auknum útgjöldum atvinnuleysistryggingasjóðs.

Rekstrarkostnaður ríkissjóðs stendur í stað að raungildi frá áætluðum útgjöldum árið 2002 og var í fjárlagagerðinni miðað við að rammar ráðuneyta til rekstrarverkefna lækkuðu almennt um 2% til að skapa svigrúm fyrir ný verkefni. Áætlað er að lífeyrisskuldbindingar verði nær óbreyttar milli ára þar sem kjarasamningar eru bundnir. Neyslu- og rekstrartilfærslur vaxa um 1,3% að raungildi, aðallega vegna þess að réttur feðra til fæðingarorlofs verður fullir þrír mánuðir á næsta ári og að framlög til barnabóta hækka um hálfan milljarð króna í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Viðhald og stofnkostnaður standa í stað milli ára en nokkur tilfærsla verður milli verkefna. Á móti kemur að vaxtagjöld og greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs lækka í krónutölu milli ára þannig að heildargjöldin verða óbreytt.

Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 248,3 milljarðar en heildargjöld á rekstrargrunni eru áætluð 253,3 milljarðar, mismunurinn er 5 milljarðar og skýrist einkum af þrennu: Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur, sem ekki koma til greiðslu, áætlaðar 4 milljarðar króna. Í öðru lagi er áætlað að gjaldfærðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar verði 1,5 milljarða umfram það sem verður greitt í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna á árinu. Í þriðja lagi er mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum áætlaður 0,3 milljarðar. Á móti koma ýmsar viðskiptahreyfingar, einkum vegna afborgana Vegagerðarinnar af ferjulánum og greiðslur Siglingastofnunar til sveitarfélaga vegna hafnarframkvæmda.

Framsetning gjaldahliðar. Heildarútgjöld ríkissjóðs skiptast í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Til frádráttar almennum rekstrarkostnaði er sá hluti sem fjármagnaður er með sértekjum. Tvær veigamiklar breytingar eru gerðar á framsetningu gjaldahliðar frá fjárlögum og eiga að gera flokkun gjaldategunda í fjárlögum sambærilegri við ríkisreikning. Í fyrsta lagi eru útgjöld til daggjaldastofnana og einkarekinna hjúkrunarheimila, sem áður voru færð sem tilfærsluframlög, nú flokkuð sem rekstrarútgjöld eins og önnur þjónustukaup ríkisins. Í öðru lagi eru afskriftir skattkrafna færðar sem tilfærsluframlög til samræmis við ríkisreikning en voru áður flokkaðar sem rekstrargjöld. Breytt framsetning á daggjaldastofnunum veldur því að rekstrargjöld, það er laun og önnur gjöld, hækka um samtals 7.836 m.kr. og rekstrartilfærslur lækka um sömu fjárhæð. Á móti kemur að rekstrargjöld lækka um 4.000 m.kr. og tilfærsluútgjöld hækka um sömu fjárhæð vegna breytinga á framsetningu afskrifaðra skattkrafna. Nettóáhrifin eru þau að rekstrargjöld hækka um 3.856 m.kr. og tilfærsluútgjöld lækka um sömu fjárhæð. Í umfjöllun um breytingar á útgjöldum milli ára er tekið tillit til þessara breytinga.

Sú breyting er gerð á framsetningu á fjárreiðum stofnana og verkefna á hverjum fjárlagalið að í fjármögnun útgjalda er nú sýnt hvort framlag kemur beint úr ríkissjóði af almennu skattfé eða er af innheimtum ríkistekjum, það er af mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum stofnana. Áður voru markaðar tekjur flokkaðar með framlagi úr ríkissjóði.

Í séryfirlitum á bls. 252 og bls. 258 er gerð grein fyrir mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum og ráðstöfun þeirra til stofnana og verkefna. Markaðar tekjur vísa til þess að tilteknir aðilar eða verkefni eiga ákveðin hlut í viðkomandi tekjustofni og geta myndað kröfu á hendur ríkissjóði. Samkvæmt yfirlitinu eru markaðar tekjur samtals 45.157,3 m.kr., þar af er lagt til að -125,3 m.kr. komi fram sem viðskiptahreyfing sem krafa ríkissjóðs á markaðar tekjur. Ekki er gert ráð fyrir skerðingu á mörkuðum tekjum í frumvarpinu. Helstu kröfur á ríkissjóð eru vegna sjóðssöfnunar Atvinnuleysistryggingasjóðs en á móti kemur að gengið er á inneignir Fæðingarorlofssjóðs og ríkið eignast kröfu á markaðar tekjur Vegasjóðs þar sem framlög úr ríkissjóði eru umfram markaðar tekjur og sérstaka fjármögnun vegagerðar. Í séryfirliti yfir aðrar rekstrartekjur stofnana er áætlað að þær nemi samtals 5.449,2 m.kr. þar er um að ræða ríkistekjur sem varið er til að fjármagna tiltekin verkefni á A-hluta ríkissjóðs. Loks er á bls. 264 yfirlit yfir lögbundin framlög úr ríkissjóði en það eru

framlög sem ráðast af öðrum lögum en fjárlögum og þarf sérstaka lagaheimild til að breyta. Samtals er áætlað að lögbundin framlög nemi 8.327,5 m.kr. árið 2003.

Horfur 2002. Áætlað er að heildargjöld ríkissjóðs árið 2002 verði 246,4 milljarðar króna en eru 239,4 milljarðar í fjárlögum. Frávikið er samtals 7 milljarðar og er ríflega helmingur þess vegna heilbrigðis- og tryggingamála. Áætlað er að rekstrargjöld fari 3,8 milljarða umfram forsendur fjárlaga og er þar að stórum hluta um að ræða útgjöld sjúkrahúsa og áhrif kjarasamninga við lækna og flugumferðarstjóra auk kjaraúrskurða. Þá kostuðu aðgerðir sem gripið var til í upphafi ársins til að vega á móti verðhækkunum ríflega 300 m.kr. Áætlað er að neyslu- og rekstrarfærslur verði 2,7 milljarða umfram fjárlög árið 2002 og munar þar mest um útgjöld sjúkratrygginga umfram ramma, útgjöld atvinnuleysistrygginga vegna meira atvinnuleysis en spáð var og einnig má nefna samning við grænmetisframleiðendur. Þá hækka framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna viðmiðunar við skattstofna og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa hækka umfram forsendur. Áætlað er að stofnkostnaður hafi verið tæplega 300 m.kr. umfram fjárlög og munar þar mestu um flýtingu á framkvæmdum við flugvelli og kostnað við að ljúka viðbyggingu Kennaraháskóla Íslands. Loks er áætlað að vaxtagjöld ríkissjóðs verði rúmlega 200 m.kr. umfram áætlun vegna þess að áform um sölu eigna í lok síðasta árs gengu ekki eftir. Á móti framangreindum hækkunum kemur að gengisforsendur hafa verið endurmetnar og lækka útgjöld samtals um 450 m.kr. vegna þess. Nánari grein er gerð fyrir útgjöldum árið 2002 í frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt verður fyrir Alþingi í byrjun október.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2003. Ríkisstjórnin ákvað um miðjan apríl sl. útgjaldaramma fyrir hvert ráðuneyti og markaði stefnuna um afkomu á ríkissjóði að tillögu fjármálaráðherra. Ráðuneytin forgangsröðuðu verkefnum sínum innan útgjaldaramma og skiluðu tillögum sínum í byrjun júní. Í ágúst voru tekjur og bundin útgjöld endurmetin í ljósi þróunarinnar það sem af var ári og breytti það ekki markmiðum frá því fyrr á árinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001	Áætlun 2002	Breytt framsetning	Frumvarp 2003	Breyting 2002-2003
Rekstrargjöld					
Laun	62.279	74.850	5.787	71.852	2.789
Lífeyrisskuldbindingar	2.612	4.781	-	4.755	-26
Önnur gjöld	43.201	41.989	-9.643	51.872	240
Sértekjur	-16.414	-17.027	-	-17.115	-88
Rekstrargjöld samtals	**91.678**	**104.593**	**-3.856**	**111.363**	**2.914**
Fjármagnskostnaður	**17.923**	**16.640**	**-**	**15.900**	**-740**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	19.944	22.327	-	24.099	1.772
Sjúkratryggingar	11.663	12.818	-	12.961	143
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.295	7.238	-	7.258	20
Bætur skv. lögum um fél aðst.	5.823	6.349	-	6.859	510
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.763	5.468	-	5.626	158
Barnabætur	4.559	4.930	-	5.430	500
Fæðingarorlofssjóður	2.853	4.467	-	5.392	925
Vaxtabætur	4.721	4.385	-	4.605	220
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.473	2.517	-	2.617	100
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.420	2.645	-	2.898	253
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.592	2.853	-	2.858	5
Ríkisútvarpið	1.938	2.155	-	2.171	16
Aðrar- neyslu og rekstrartilf.	25.063	24.444	3.856	20.453	-135
Neyslu og rekstrartilf. samtals	**96.107**	**102.596**	**3.856**	**103.227**	**4.487**
Viðhald					
Vegagerðin	4.187	4.234	-	4.327	93
Annað	1.492	1.448	-	1.519	71
Viðhald samtals	**5.679**	**5.682**	**-**	**5.846**	**164**
Fjárfesting					
Vegagerðin	6.067	5.766	-	7.573	1.807
Háskólar og framhaldskólar	1.308	1.735	-	1.920	185
Hafnarframkvæmdir	888	1.331	-	1.202	-129
Heilbrigðisstofnanir	1.072	1.459	-	1.087	-372
Flugvellir	1.072	682	-	693	11
Annað	6.919	5.887	-	4.489	-1.398
Fjárfesting samtals	**17.326**	**16.860**	**-**	**16.964**	**104**
Gjöld samtals	**228.713**	**246.371**	**-**	**253.300**	**6.929**

Rekstrargjöld A-hluta, það er laun og önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, eru áætluð 111,4 milljarðar króna árið 2003. Við ákvörðun útgjaldaramma var fylgt þeirri stefnumörkun að hvert ráðuneyti lækkaði almennan rekstrarkostnað sinn um 2% til að mæta nýjum útgjöldum. Nánar er fjallað um hvernig ráðuneytin útfærðu sparnaðinn í kafla um hvert ráðuneyti. Að öllu samanlögðu hækka rekstrargjöld án lífeyrisskuldbindinga um 3%

frá áætlun þessa árs og standa því í stað að raungildi. Hefur þá verið tekið tillit til breytinga á flokkun gjalda í tegundir eins og nánar er útskýrt í umfjöllun um framsetningu frumvarpsins framar í þessum kafla en breytingin veldur því að rekstrargjöld árið 2003 hækka á kostnað tilfærsluútgjalda. Helstu breytingar á útgjöldum eru að rekstrargrunnur sjúkrastofnana er styrktur, haldið er áfram að byggja upp sambýli fyrir fatlaða í samræmi við stefnumörkun um styttingu biðlista og útgjöld háskóla aukast vegna fjölgunar nemenda. Á móti fellur niður tímabundinn kostnaður við ráðherrafund NATO og greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs lækkar vegna minni eignasölu á næsta ári en ráðgerð er í ár, þá er gerð almenn 2% hagræðingarkrafa til reksturs stofnana eins og áður hefur komið fram.

Sértekjur eru greiðslur notenda fyrir veitta þjónustu eða vörur sem opinberir aðilar í markaðstengdri starfsemi selja og eru ekki lögákvarðaðar. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti ríkisaðila í A-hluta. Sértekjur eru áætlaðar 17.115 m.kr. í frumvarpinu og eru nær óbreyttar í krónutölu frá 2002 en fallið var frá hækkun komugjalda hjá heilsugæslustöðvum og lækka sértekjur um 145 m.kr. af þeim sökum.

Launagjöld eru áætluð 71.852 m.kr. og eru 65% af rekstrargjöldum ríkisins. Launaútgjöld hækka um 2.620 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun 2002 þegar tekið er tillit til breytinga á framsetningu einkarekinna háskóla og hjúkrunarheimila. Kjarasamningar ríkisstarfsmanna gera almennt ráð fyrir 3% hækkun launa í janúar næstkomandi. Það sem skýrir hækkun launa umfram umsamda launabreytingu er að gerðir voru kjarasamningar á árinu 2002 við lækna og flugumferðarstjóra auk þess að kveðnir voru kjaraúrskurðir sem koma til gjalda að fullu árið 2003. Gert er ráð fyrir að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar verði nær óbreyttar frá áætlun fjárlaga 2002 og gjaldfærslan stafi að mestu af réttindaávinningi.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög. Neyslu- og rekstrartilfærslur nema samtals 103,2 milljörðum og hækka um 7% frá fjárlögum og 4,5% frá áætlun þessa árs, þegar tekið hefur verið tillit til breytinga á framsetningu. Hækkun umfram launa- og verðlagsbreytingar stafar einkum af eftirfarandi sex tilefnum: Í fyrsta lagi hækka útgjöld Fæðingarorlofssjóðs um 700 m.kr. vegna þess að heill mánuður bætist við í sjálfstæðum rétti föður til fæðingarorlofs, í öðru lagi hækka barnabætur um 500 m.kr. í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að draga úr tekjutenginu og stuðla að hækkun frítekjumarka þeirra. Í þriðja lagi eru teknar upp 280 m.kr. greiðslur til grænmetisbænda með það að markmiði að lækka verð á grænmeti og auka hagkvæmni í innlendri framleiðslu. Í fjórða lagi framlengjast framlög til markaðssóknar í ferðaþjónustu um eitt ár og hækka úr 150 m.kr. í 270 m.kr. og í sjötta lagi verða framlög til byggðamála í samræmi við nýja byggðaáætlun 280 m.kr. Aðrar breytingar stafa af framreikningi á lögbundnum og samningsbundnum framlögum. Þannig hækka framlög til sjúkratrygginga og atvinnuleysistrygginga vegna útgjalda umfram áætlanir á þessu ári. Þá hækka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna

um tæplega 350 m.kr. frá fjárlögum þrátt fyrir styrkingu á gengi krónunnar þar sem námsmönnum fjölgar og lán til skólagjalda aukast. Nokkrir tilfærsluliðir lækka vegna endurskoðunar á forsendum og að verkefnum er lokið. Þannig lækka aðildargjöld til ESB sem falla undir menntamálaráðuneyti um 124 m.kr. og lokið er 240 m.kr. uppkaupum á framleiðslurétti í sauðfjárrækt. Loks má nefna að ýmsir gengisbundnir tilfærsluliðir lækka vegna styrkingar á gengi krónunnar frá forsendum fjárlaga 2002. Nánar er greint frá þessum breytingum í köflum um útgjöld hvers ráðuneytis.

Fjármagnskostnaður. Áætlað er að áfallnir gjaldfærðir vextir ríkissjóðs verði 15,9 milljarðar króna og lækki um hálfan milljarð króna frá fjárlögum. Skýrist lækkunin m.a. af styrkingu á gengi krónunnar frá forsendum fjárlaga og lækkunum vaxta. Áætlanir gera ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með afgangi og áfram verði unnið að lækkun skulda ríkisins á næstu árum eftir aðstæðum á lánsfjármarkaði hverju sinni og að gjaldfærð vaxtagjöld fari því lækkandi.

Viðhaldsverkefni. Heildarviðhaldskostnaður er áætlaður 5.846 m.kr. en er 5.862 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2002. Þar af er viðhald vega hjá Vegagerðinni áætlað 4.327 m.kr. en er 4.234 m.kr. í fjárlögum 2002 og breytist í samræmi við verðlag. Annað viðhald er áætlað 1.519 m.kr. en er 1.448 m.kr. í fjárlögum. Breytingin stafar að mestu af 80 m.kr. auknu viðhaldi framhaldsskóla en ráðgert er að flestir framhaldsskólar verði komnir í umsjón Fasteigna ríkisins og greiði húsaleigu sem standi undir viðhaldi á húsnæði þeirra.

Stofnkostnaður. Útgjöld til stofnkostnaðar, það er framkvæmda- og stofnkostnaðartilfærslna, eru áætluð 16.964 m.kr. sem er óbreytt að raungildi milli ára en talsverðar innbyrðis breytingar eru á milli verkefna. Mestu munar um 21% hækkun á útgjöldum til nýframkvæmda Vegagerðarinnar en áformað er að ráðast í jarðgangagerð með 1.500 m.kr. framlagi. Þá er áformað að ljúka við stóra áfanga í byggingu Náttúrufræðihúss í Vatnsmýri í Reykjavík og aukast útgjöld til þeirrar framkvæmdar um 370 m.kr. Framkvæmdir við flugvelli hækka þar sem fjárveiting í fjárlögum 2002 var lækkuð tímabundið um 250 m.kr. vegna flýtikvæmda árið áður við Reykjavíkurflugvöll, á móti lækkar sami liður um 114 m.kr. vegna minni tekna af lendingargjöldum. Á móti þessum breytingum kemur að nokkrum verkefnum lýkur á yfirstandandi og næsta ári. Lokið verður við nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands, sem var með 320 m.kr. fjárveitingu, og einnig verður lokið byggingu á Barnaspítala á næsta ári og lækka fjárveitingar um 260 m.kr. vegna hans. Þá verður lokið við Skála Alþingis og falla af þeim ástæðum niður 440 m.kr. og niður fellur tímabundin 320 m.kr. fjárveiting til að kaupa ný fjárhagskerfi fyrir ríkissjóð. Hafnarframkvæmdir lækka þar sem sérstakt framlag til endurbóta á Seyðisfjarðarhöfn lækkar um 102 m.kr. og verður 98 m.kr. Loks má nefna að niður falla ýmsir stofnkostnaðarstyrkir hjá menntamálaráðuneyti til endurbóta á gömlum húsum og minjum að fjárhæð tæplega 140 m.kr.

3.2 Útgjaldahorfur næstu fjögur árin

Hér verður fjallað um helstu forsendur í reiknilíkani um útgjöld ríkissjóðs næstu þrjú ár á eftir frumvarpsárinu. Fjármálaráðuneytið hefur undanfarin ár framreiknað ríkisútgjöldin í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga þar um. Með reiknilíkaninu er sett fram spá um útgjöld ríkissjóðs að óbreyttu, það er út frá óbreyttum lögum og áætlunum sem þegar liggja fyrir við framlagningu frumvarpsins. Nær reikniverkið til allra fjárlagaliða í frumvarpinu og byggir á forendum um meðaltalsvöxt viðkomandi liðar sem annaðhvort eru byggðar á reynslutölum eða hagrænum þáttum svo sem mannfjölda og spám um atvinnuleysi. Niðurstöðurnar eru í meðfylgjandi töflu sem nær yfir málefnaflokka ríkissjóðs auk þess að tafla er yfir reiknuð útgjöld málaflokka ráðuneyta í upphafi hvers ráðuneytiskafla. Tölurnar eru allar á áætluðu meðalverðlagi ársins 2003 og sýna því magnbreytingar milli ára.

Gerður er sá fyrirvari að með útreikningunum koma ekki fram áform stjórnvalda um útgjöld heldur er um framreikning að ræða. Þó er í þeim tilvikum að samningar eða þingsályktanir liggja fyrir byggt á þeim áformum, t.d. í búvörusamningum og landgræðsluáætlun. Sú undantekning frá þeirri reglu er að miðað er við óbreytt framlög til samgöngumála frá því sem er í frumvarpinu þar sem samræmd samgönguáætlun liggur ekki fyrir. Forsendur áætlunarinnar byggja þannig bæði á þáttum sem liggja nokkuð ljósir fyrir næstu fjögur árin, svo sem fjölda nemenda í árgöngum og framvindu framkvæmda, og hreinum áætlunum byggðum á reynslutölum. Fjárveitingar til stofnana og þar með þróun ríkisútgjalda kann að sjálfsögðu að verða með öðrum hætti þar sem útgjaldaáherslur stjórnvalda koma fram í fjárlögum ár hvert.

Helstu forsendur spárinnar eru að rekstur stjórnsýslustofnana og almennrar þjónustu vaxi um að meðaltali 1% árlega á föstu verðlagi. Í öðrum málefnaflokkum er reiknað með talsvert meiri vexti, svo sem í mennta-, félags- og heilbrigðismálum þar sem almennur vöxtur er á bilinu 3–5% og fer hæst í 7% í lyfjakostnaði sjúkratrygginga. Nokkuð getur þó munað innan hvers málefnaflokks hver vöxtur einstakra liða er, t.d. milli skólastiga og tegunda heilbrigðisþjónustu. Almannatryggingar og veigameiri tilfærsluútgjöld byggjast á gildandi lögum og spám um mannfjöldabreytingar auk reynslutalna um aðra aukningu. Ýmis smærri framlög og styrkir sem ráðast af ákvörðun stjórnvalda eru óbreytt í krónutölu, nema þegar áætlanir liggja fyrir um annað eða um tímabundin verkefni er að ræða. Framlög til stofnkostnaðar eru framreiknuð miðað við fyrirliggjandi framkvæmdaáform að undaskildum framlögum til samgöngumála og framlögum á safnliði. Loks er fjármagnskostnaður ríkissjóðs framreiknaður miðað við óbreytta afkomu og er þá ekki reiknað með tekjum að sölu eigna umfram fjárlagaárið. Að öllu samanlögðu er því minnst breyting fyrsta ár áætlunarinnar þar sem fjöldi tímabundinna verkefna fellur niður eftir hvert fjárlagaár. Mestu munar þar um minni fjármagnstekjuskatt ríkissjóðs þar sem ekki er gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna árið 2004 og niðurfellingu á ýmsum tilfærsluútgjöldum þar á meðal útgjöldum samkvæmt búvörusamningi um sauðfjárrækt og tímabundins markaðsátaks í ferðaþjónustu.

Niðurstöður framreikninganna eru í eftirfarandi töflu sem sýnir magnbreytingar á helstu málefnaflokkum ríkissjóðs.:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006	Árleg breyting
Almenn opinber þjónusta	13.887	13.551	13.500	13.631	-0,6
Löggæsla og öryggismál	11.253	11.302	11.381	11.497	0,7
Fræðslumál	23.077	23.740	24.459	25.304	3,1
Heilbrigðismál	64.012	66.003	68.236	70.604	3,3
Almannatryggingar og velferðarmál	57.083	58.239	59.919	61.649	2,6
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	2.433	2.554	2.677	2.791	4,7
Menningar- og kirkjumál	10.010	10.123	10.191	10.174	0,5
Eldsneytis- og orkumál	2.148	2.137	1.925	1.890	-4,2
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	13.528	13.357	13.419	13.503	-0,1
Iðnaðarmál	830	836	837	843	0,5
Samgöngumál	17.627	17.188	17.140	17.199	-0,8
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.334	4.197	4.011	3.975	-2,8
Önnur útgjöld ríkissjóðs	33.087	31.622	31.430	31.223	-1,9
Samtals	**253.309**	**254.849**	**259.125**	**264.283**	**1,4**

Frekara niðurbrot á málaflokka er að finna í upphafi kafla um hvert ráðuneyti. Eins og undanfarin ár er mestur vöxtur útgjalda til heilbrigðismála, fræðslumála og velferðarmála. Mikill vöxtur húsnæðismála er vegna átaks í fjölgun leiguíbúða sem kemur fram í kostnaði við stofnstyrki eða greiðslu á vaxtamun hjá Íbúðalánasjóði. Framlög til atvinnumála, eldsneytis- og orkumála fara lækkandi en samgöngumál standa nánast í stað þar sem vinnuforsenda gerir ráð fyrir óbreyttum útgjöldum.

Þegar litið er á breytingu útgjalda eftir hagrænni skiptingu þá aukast rekstrargjöld að jafnaði um 2–2,5% árlega, rekstrar- og neyslutilfærslur um 2–3% og stofnkostnaður og viðhald lækka um 0,5–1%. Loks er áætlað að vaxtagjöld lækki að jafnaði um 3,5–4,5%. Samtals aukast því útgjöld ríkissjóðs um 1,4–1,8% árlega og ætti því að vera góður möguleiki á að þau lækki sem hlutfall af landsframleiðslu, sé miðað við að árlegur hagvöxtur verði að jafnaði 2,5%.

Mikla fyrirvara verður að gera við framreikninginn þar sem byggt er á gefnum forsendum við tilteknar aðstæður. Slíka framreikninga má þó nota til að sjá hvar líklegast er að breyting útgjalda verði næstu árin og til að sjá hvort núverandi staða ríkisfjármálanna stenst. Útreikningarnir benta ótvírætt til að með því að beita áframhaldandi aðhaldi að ríkisrekstrinum muni útgjöld fara hlutfallslega lækkandi og staða ríkissjóðs styrkjast.

3.3 Útgjöld til rannsókna- og þróunarmála 1999 til 2003

Greining á útgjöldum ríkisins til rannsóknarmála hefur verið birt í síðustu þremur frumvörpum til fjárlaga. Nú verður umfjöllunin víðtækari og tekur að hluta til yfir umfjöllun sem jafnan hefur verið í þjóðhagsáætlun.

Á sama tíma og Íslendingar eru að komast í fremstu röð meðal þjóða sem verja háu hlutfalli landsframleiðslunnar til rannsókna er unnið að umfangsmikilli endurskoðun á skipulagi rannsóknarmála. Breytt umhverfi rannsóknarmála á síðustu árum kallar á að aðferðir við að fjármagna og nýta krafta innan fyrirtækja og rannsóknarstofnana verði gerðar enn skilvirkari. Ekki er síst gerð meiri krafa um hverskonar stefnumótun á sviði rannsóknarmála. Ríkisstjórnin er með í undirbúningi þrjú lagafrumvörp sem munu efla stefnumótun á þessu sviði. Í fyrsta lagi frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð, í öðru lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og að lokum frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífinu. Frumvörpin miða bæði að því að færa vinnu við stefnumótun meira inn í ráðuneytin þar sem samþætting við málefnaflokka verður auðveldari og að því að auka þátt iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og fleiri ráðuneyta að stefnumótun á þessu sviði.

Íslendingar hafa lagt fremur hátt hlutfall opinbers fjár til rannsókna miðað við aðrar þjóðir. Árið 2001 námu opinber framlög til rannsóknarmála um 1,00% af vergri landsframleiðslu sem er það hæsta sem gerist. Aðeins Finnar leggja jafnmikið af opinberu fé til rannsóknarmála í hlutfalli við landsframleiðslu samkvæmt tölum frá OECD. Næstir í röðinni eru Frakkar með 0,89%, Svíar með 0,88% og Bandaríkjamenn með 0,86%. Opinber framlög Íslendinga jafngiltu 26 þús.kr. á mann og aðeins Bandaríkjamenn vörðu meira opinberu fé á mann til rannsókna og þróunar. Eftirfarandi mynd sýnir stöðu Íslands meðal þeirra 10 OECD-ríkja sem verja mestum opinberum útgjöldum á mann til þessara mála.



Í ríkjum OECD eru að meðaltali nálægt 30% heildarútgjalda til rannsókna fjármögnuð með opinberu fé en á Íslandi hefur það alla tíð verið heldur hærra. Gert er ráð fyrir að það hafi verið um 35% árið 2001 en líðlega 40% árið 1999. Lækkun hlutfallsins milli ára skýrist með því að íslensk fyrirtæki hafa verið að auka hlut sinn þótt ríkið hafi einnig aukið framlög sín nokkuð. Yfirleitt fylgist það að hversu ríki eru þróuð og hversu miklu fé fyrirtæki verja til rannsókna. Þróun síðustu ára hefur leitt til þess að Ísland er nú meðal fremstu þjóða hvað varðar fjárfestingu í rannsóknum.

Rannsóknarráð Íslands (RANNÍS) og þar á undan Rannsóknarráð ríkisins hafa gert reglulegar kannanir á útgjöldum til rannsóknarmála frá árinu 1971. Tölur eru þó til allt frá árinu 1950 og er einsdæmi að heimildir séu til um þessi mál svo langt aftur í tímann. Samstarfshópur ráðuneyta kom að þessari vinnu við undirbúning fjárlaga 2000 í því skyni að

fjalla mætti síðar meir um útgjöld til rannsóknarmála í langtímaáætlun fyrir ríkisbúskapinn. Umfang rannsókna- og þróunarstarfs í opinbera búskapnum hefur verið áætlað á tvennan hátt. Annars vegar með því að gera könnun á tveggja ára fresti meðal ríkisstofnana og hinsvegar með fjárlagagreiningu sem felst í því að leggja sjálfstætt mat á rannsóknarþátt frumvarps til fjárlaga, fjárlaga yfirstandandi árs og þeirra liða ríkisreiknings sem könnunin nær ekki til. Verður aðferðunum nú lýst í stuttu máli og greint frá fyrirvörum sem þarf að gera.

Könnunin nær til ríkisstofnana sem helst stunda rannsóknir. Forstöðumenn þeirra eru beðnir um að gefa upp hversu miklum útgjöldum var varið til rannsókna- og þróunarstarfa á liðnu ári, hvernig útgjöldin voru fjármögnuð og hlutfall útgjaldanna af heildarútgjöldum. Stofnanirnar sem fást við fleira en rannsóknir gefa upp áætlaðar tölur því að væntanlega hafa fáir skipulagt fjárhagsbókhald sitt með tilliti til þess að geta veitt slíkar upplýsingar. Ríkið heldur ekki sérstakt bókhald um hvernig framlög skiptast milli einstakra verkefna hjá hverri stofnun og það getur verið flókið fyrir stofnanir að finna það út eftir á. Síðasta könnunin fór fram árið 2000 og tók hún til ársins 1999 en úrvinnsla úr könnun á rannsóknarstarfi árið 2001 er á lokastigi. Nýjustu hlutfallstölur hverju sinni eru notaðar við fjárlagagreiningu, til þess að áætla útgjöld og fjárveitingar samkvæmt reikningi, fjárlögum yfirstandandi árs og fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár. Þessi notkun á hlutfallstölum við áætlanagerð er ýmsum annmörkum háð. Til dæmis þá tekur hún í fæstum tilvikum tillit til sérstakra ákvarðana um framlög og útgjöld til rannsókna í fjárlagafrumvarpi og fjárlögum. Einnig byggir hún á þeirri forsendu að hlutfallið milli útgjalda til rannsókna og framlags úr ríkissjóði sé hið sama og var á árinu sem könnunin náð til en svo þarf ekki að vera. Áætlun, sem byggð er á fjárlagagreiningu, fer þannig fram að RANNÍS áætlar rannsóknarútgjöld og framlög samkvæmt ríkisreikningi á öðrum fjárlagaliðum en þeirra ríkisstofnana sem könnunin náði til og notar þá niðurstöðu og könnunina til þess að áætla þátt rannsókna í fjárlögum yfirstandandi árs og í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Saman eru þessar aðferðir, könnun og fjárlagagreining, taldar gefa nokkuð góða vísbendingu um hvernig þessum málum er háttað í öllum aðalatriðum og hvert stefnir. Reynslan sýnir að útgjöld sumra stofnana eru meiri þegar upp er staðið en gert er ráð fyrir í fjárlögum og fjárlagafrumvarpi. Ástæðurnar geta meðal annars verið þær að þeim tekst að afla meiri sértekna en gert hafði verið ráð fyrir og að fjárveitingar eru auknar meðal annars með millifærslu af safnliðum ráðuneyta. Gerð er tilraun til að áætla fyrir þessu með því að nota meðalfrávik þriggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um. Fleira veldur ónákvæmni sem breytir þó tæpast heildarmyndinni. Þannig getur verið að einhverjar ríkisstofnanir, sem könnunin nær ekki til, vinni að tilfallandi rannsóknar- og þróunarverkefnum auk þess sem ekki er áætlað fyrir hlutdeild rannsókna í útgjöldum ráðuneyta, stoðþjónustu sem stofnanir sviði fjármála og starfsmannahalds veita ríkisstofnunum endurgjaldslaust, í vaxtagjöldum ríkissjóðs og í útgjöldum vegna fæðingarorlofs.

Hér á eftir er gerð grein fyrir því hvernig áætlað er að útgjöld og framlög hins opinbera til rannsókna og þróunar séu og hvernig þau skiptist eftir ráðuneytum, tegundum stofnana og loks eftir þeim markmiðum sem rannsóknirnar eru taldar þjóna.

Áætlað er að heildarútgjöld til rannsókna og þróunar samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nemi 9,3 milljörðum króna árið 2003 sé miðað við sama hlutfall útgjalda til þessara mála og stofnanir gáfu upp í könnun fyrir árið 1999. Umsvifin eru talin geta orðið allt að 11 milljarðar króna ef heildarútgjöld stofnana reynast vanmetin í frumvarpinu á svipaðan hátt og ríkisreikningur síðustu þriggja ára bendir til. Talið er að útgjöldin nemi 9,1 milljarði króna í fjárlögum 2002 og hækki því um 200 m.kr. milli ára. Það er nánast óbreytt raungildi. Samkvæmt fyrstu niðurstöðum úr könnun RANNÍS námu þau 9,6 milljörðum króna árið 2001. Talið er að framlag úr ríkissjóði til að fjármagna rannsóknir og þróunarstarf nemi 7,6 milljörðum króna í fjárlagafrumvarpinu og standi undir nálægt 82% heildarútgjaldanna en sértekjur standi undir þeim 18% sem eftir standa. Þetta er nánast sama fjárhæð og RANNÍS áætlar að sé framlag til rannsóknarmála samkvæmt fjárlögum 2002. Sé litið til reikningstalna þá er talið að framlögin hafi numið 6,9 milljörðum króna árið 2001 og um 6,0 milljörðum króna hvort ár 2000 og 1999.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Frumvarp 2003
Menntamálaráðuneyti	4.133	4.379	5.062	4.711	5.080
Sjávarútvegsráðuneyti	2.209	2.098	1.732	1.726	1.480
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	651	692	792	776	857
Iðnaðarráðuneyti	580	625	684	508	547
Landbúnaðarráðuneyti	500	534	578	551	565
Umhverfisráðuneyti	382	460	535	475	441
Samgönguráðuneyti	138	111	174	235	227
Forsætisráðuneyti	97	47	43	50	14
Fjármálaráðuneyti	7	11	9	22	16
Félagsmálaráðuneyti	8	9	11	14	14
Önnur ráðuneyti	9	12	10	41	15
Samtals	**8.714**	**8.978**	**9.631**	**9.108**	**9.257**

Í töflunni hér að ofan kemur fram að útgjöld til rannsókna og þróunar eru langhæst á vegum stofnana og verkefna sem falla undir menntamálaráðuneytið. Talið er að þau muni nema um 5 milljörðum króna á árinu 2003 sem er um 54% af heildarútgjöldum ríkisins til rannsókna að meðtöldum framlögum til innlendra og erlendra sjóða. Útgjöld menntamálaráðuneytis til rannsókna hafa aukist árlega. Þar munar mest um aukin útgjöld Háskóla Íslands sem fengið hefur aukin framlög til rannsókna og vegna aðildar til rammaáætlunum Evrópusambandsins sem íslenskir vísindamenn og rannsóknarstofnanir geta sótt um styrki til. Áætlað er að rannsóknarútgjöld Háskóla Íslands og stofnana hans nemi um 3 milljörðum króna á næsta ári. Næst kemur sjávarútvegsráðuneytið með um það bil 1,5 milljarða króna útgjöld til rannsóknarmála á árinu 2003. Þar vegur Hafrannsóknastofnunin þyngst með um

það bil 1,2 milljarða útgjöld til rannsóknarmála. Útgjöld sjávarútvegsráðuneytisins lækkuðu árið 2001 eftir að smíði nýs hafrannsóknarskips lauk. Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til rannsókna fara vaxandi og er talið að ráðuneytið muni verja liðlega 0,8 milljörðum króna til þessara þarfa á árinu 2003. Landspítali – háskólasjúkrahús er með 90% útgjaldanna. Næst á eftir þessum ráðuneytum koma svo iðnarráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti með um 550 m.kr. hvort um sig.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Frumvarp 2003
Menntastofnanir, rekstur	2.720	2.963	2.644	3.099	3.499
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, rekstur	2.916	3.003	2.095	2.456	2.297
Opinberar rannsóknastofnanir, rekstur	1.710	1.758	1.817	2.027	1.978
RANNÍS og sjóðir, rekstur	165	154	132	135	140
Áætlanir og verkefni, rekstur og styrkir til fyrirt.	120	135	132	155	115
Alþjóðlegar stofnanir, annað erlent	1	1	1	1	1
Sjóðir, styrkir til fyrirtækja	6	7	6	6	6
Samtals móttakendur innanlands	**7.637**	**8.020**	**6.826**	**7.879**	**8.036**
Tilfærslur innan A-hluta ríkisins					
RANNÍS og sjóðir, styrkir	588	549	523	573	587
Áætlanir og verkefni	67	75	279	304	187
Sjóðir	169	39	58	49	45
Aðild að erlendu vísindastarfi					
Alþjóðlegar stofnanir, þátttaka	254	296	291	303	403
Samtals tilfærslur	**1.077**	**958**	**1.151**	**1.229**	**1.222**
Samtals	**8.715**	**8.978**	**7.977**	**9.108**	**9.257**

Í töflunni hér að ofan eru útgjöldin flokkuð eftir tegundum ríkisaðila sem efna til útgjaldanna. Í efri hluta töflunnar eru áætluð útgjöld þeirra sem vinna að rannsóknarmálum og eru þeir nefndir móttakendur innanlands. Þar eru menntastofnanir fyrirferðamestar eða með um það bil 3,5 milljarða króna útgjöld á næsta ári eða tæplega 38% af útgjöldum ríkisaðila til þessara mála. Þetta er nokkuð hærra hlutfall en greining á fjárlagatölum 2002 bendir til og skýrist fyrst og fremst af auknu umfangi hjá stofnunum menntamálaráðuneytisins. Næst á eftir eru rannsóknastofnanir atvinnuveganna með um 2,3 milljarða króna áætluð útgjöld til rannsóknarmála. Þar vegur Hafrannsóknastofnunin þyngst og útgjöld vegna smíði hafrannsóknarskips hefur mest áhrif á breytingar milli ára. Samtals er áætlað að móttakendur innanlands efni til 8 milljarða króna útgjalda á árinu 2003 vegna rannsókna og þróunarstarfa. Þar af má reikna með að ríkisstofnanir verji 7,9 milljörðum króna til rannsókna en 100 m.kr. verði veitt fyrirtækjum og einstaklingum í formi styrkja. Verði þetta raunin og framlög til rannsóknarmála rétt áætluð 7,5 milljarðar króna þá munu ríkisstofnanir sækja 900 m.kr. króna á árinu 2003 til fyrirtækja, sveitarfélaga, erlendra aðila og annarra ríkisstofnana en könnunin nær til. Í neðri hluta töflunnar eru ríkisaðilar sem hafa fyrst og fremst þann tilgang að fjármagna rannsóknarútgjöld með tilfærslum og styrkjum en vinna ekki sjálfir að rannsóknum. Hér eru sýnd útgjöld ýmissa rannsóknasjóða vegna

styrkja til ríkisaðila og greiðslur vegna aðildar Íslands að rammaáætlunum ESB um rannsóknir o.fl. Þetta fé skilar sér að hluta til baka sem sértekjur ríkisstofnana og getur verið einn þeirra þátta sem skýrir meira umfang rannsókna en fjárlög og fjárlagafrumvarp gera ráð fyrir. Meðal tilfærslna er sá hluti styrkja úr sjóðum Rannsóknarráðs Íslands og öðrum sjóðum ríkisins sem áætlað er að komi í hlut ríkisaðila en í efri hluta töflunnar er það sem áætlað er að renni til einkaaðila og fyrirtækja. Áætlað er að tilfærslurnar nemi samtals 1,2 milljarði króna á árinu 2003 sem er um 13% heildarútgjalda til rannsókna, svipað og hefur verið á síðustu árum. Þar af er áætlað að um 0,8 milljarðar króna séu tilfærslur til stofnana í A-hluta fjárlaga vinna að rannsóknum og þróunarstarfi en 0,4 milljarðar króna verði greiddar erlendum aðilum.

Starfsemi stofnana á rannsóknasviðinu má skipta eftir helstu markmiðum með notkun fjár til rannsókna. Að venju er fylgt flokkunarreglum OECD um félags-hagfræðileg markmið en það er sama flokkunin og RANNÍS beitir við kannanir á rannsókna- og þróunarstarfsemi. Almenn þróun vísinda er sá flokkur rannsókna sem talið er að mestum útgjöldum sé varið til eða tæpum 3 milljörðum króna. Til þessa flokks teljast meðal annars allar rannsóknir í háskólum óháð fræðasviði og útgjöld rannsóknarsjóða vegna styrkja. Næst mestum útgjöldum eða 1,2 milljörðum króna er áætlað að verði varið til fiskveiðirannsókna. Í þriðja sæti eru rannsóknir í heilbrigðismálum með um 1 milljarðs króna útgjöld.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Frumvarp 2003
Almenn þróun vísinda	2.604	2.799	2.638	2.939	3.265
Fiskveiðar	1.757	1.795	1.140	1.440	1.231
Heilbrigðismál	815	876	851	924	983
Landbúnaður	427	456	415	446	469
Skipulagsmál bæja ofl.	378	403	327	385	404
Raunvísindi	299	324	280	295	318
Menningamál, fjölmiðlar ofl.	242	239	309	357	255
Almennur iðnaður	232	238	199	218	231
Samgöngumál og fjarskipti	136	111	198	221	226
Orkuframl. og dreifing	231	272	155	175	188
Fiskiðnaður	199	196	160	177	178
Byggingarstarfsemi	88	84	72	74	88
Hugvísindi	68	65	63	66	80
Efnahagsmál og opinber stjórnun	54	58	49	57	15
Umhverfi og mengunarvarnir	23	24	31	30	28
Fiskeldi	23	24	24	24	24
Samtals markmið	**7.577**	**7.964**	**6.912**	**7.829**	**7.985**
Tilfærslur innan A-hluta og til erlendra aðila					
Almenn þróun vísinda	539	484	578	582	592
Menningamál, fjölmiðlar o.fl. (erlent samstarf)	255	296	291	303	403
Efnahagsmál og opinber stjórnun	176	196	327	346	233
Orkuframl. og dreifing	29	31	41	31	31
Fiskveiðar	130	0	7	7	7
Landbúnaður	5	3	5	5	4
Skipulagsmál bæja ofl.	4	3	4	5	2
Samtals tilfærslur	**1.138**	**1.014**	**1.253**	**1.278**	**1.272**
Samtals	**8.715**	**8.978**	**8.165**	**9.108**	**9.256**

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.858,1	1.966,7	2.071,7	5	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	53,8	58,7	51,2	-13	-5
Stofnkostnaður og viðhald	199,2	520,5	127,0	-76	-36
Samtals	**2.111,1**	**2.545,9**	**2.249,9**	**-12**	**7**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	2.249,9	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	0,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**2.249,9**	-	-

Heildargjöld æðstu stjórnar ríkisins árið 2003 eru áætluð um 2.269 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 19 m.kr. en þær nema 0,84% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 2.250 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.071,7 m.kr. og hækka um 105 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 30 m.kr. tímabundið framlag til að mæta útgjöldum við áætluð biðlaun alþingismanna í kjölfar alþingiskosninga, 15 m.kr. tímabundið framlag til endurskipulagningar á skjalaskráningu Alþingis og 10 m.kr. hækkun fjárveitingar til Ríkisendurskoðunar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 7,5 m.kr. og verður 51,2 m.kr. en er 58,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2002.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 127 m.kr. og er það 393,5 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar felast í 437 m.kr. lækkun fjárveitingar til framkvæmda á Alþingisreit og 58 m.kr. tímabundnu framlagi til Alþingis til viðhalds fasteigna og endurnýjunar ýmiss tækjabúnaðar.

Í útgjaldaramma æðstu stjórnar hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstri sem nemur 16 m.kr. en á móti er 134 m.kr. veitt til ýmissa nýrra verkefna. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka æðstu stjórnar ríkisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Embætti forseta Íslands	124	125	126	127
Alþingi og stofnanir þess	1.887	1.869	1.886	1.903
Ríkisstjórn	153	154	156	158
Hæstiréttur	86	87	88	89
Samtals	**2.250**	**2.235**	**2.256**	**2.277**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum þeirra stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni

þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	121,6	124,3	124,3	0,0	2,2
Alþingi	1.396,2	1.433,1	1.548,5	8,1	10,9
Framkvæmdir á Alþingisreit	63,0	440,0	3,0	-99,3	-95,2
Ríkisstjórn	131,6	137,8	152,8	10,9	16,1
Hæstiréttur	77,9	78,1	85,9	10,0	10,3
Umboðsmaður Alþingis	71,2	73,1	75,8	3,7	6,5
Ríkisendurskoðun	249,6	245,5	259,6	5,7	4,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	14,0	0,0	-100,0	0,0
Samtals	**2.111,1**	**2.545,9**	**2.249,9**	**-11,6**	**6,6**

101 Embætti forseta Íslands. Útgjöld embættisins eru áætluð 124,3 m.kr. og eru óbreytt frá gildandi fjárlögum. Framlag vegna launa- og verðlagsbreytinga er 3,7 m.kr. en á móti lækkar framlag til viðfangs *1.01 Yfirstjórn* um 1,2 m.kr. vegna hagræðingarkröfu og á viðfangi *6.11 Bifreiðar* fellur niður 2,5 m.kr. tímabundin fjárveiting sem veitt var til endurnýjunar á þjónustubifreið.

201 Alþingi. Gert er ráð fyrir að útgjöld Alþingis verði 1.548,5 m.kr. sem er 115,4 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en þar af eru 37,2 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Niður falla 41,6 m.kr. fjárveitingar sem voru tímabundnar, gerðar eru tillögur um aukin framlög alls að fjárhæð 132 m.kr. en á móti lækka framlög til rekstrarverkefna um 12,2 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Almennur rekstur er áætlaður 1.427,5 m.kr. og hækkar um 55,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru 37,2 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Framlag til viðfangs *101 Alþingiskostnaður* hækkar um 27 m.kr. Þar er gerð tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til að mæta hugsanlegum útgjöldum við biðlaun alþingismanna, einnig er gerð tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag vegna aukins þingfararkostnaðar á kosningaári. Framlag til viðfangs *104 Alþjóðasamstarf* lækkar um 20,4 m.kr.; niður fellur 19,6 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til að kosta útgjöld við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs, fund þingmannanefndar EES, tvo norræna samráðsfundi IPU og hlut Íslands í sýningu helgaða veiðimenningu Vestur-Norðurlanda. Framlag til viðfangs *106 Almennur rekstur* hækkar um 6 m.kr. Lagt er til að 15 m.kr. fjárveiting til endurskipulagningar á skjalaskráningu ásamt því að mæta auknum kröfum um upplýsinga- og tölvuþjónustu, sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2002, verði framlengd um eitt ár. Gerð er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til leiðréttingar á launagrunni og 1 m.kr. til að vega upp á móti lækkun sértekna af sölu þingskjala; loks eru 7 m.kr. millifærðar af lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* á móti

samsvarandi lækkun á fé frá verkefnisstjórn. Á viðfangi *107 Sérverkefni* er lagt til að 7 m.kr. fjárveiting til skönnunar eldri árganga Alþingistíðinda verði framlengd um tvö ár. Lagt er til að framlag til viðfangs *1.10 Rekstur fasteigna* hækki um 6,9 m.kr. Þar af er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu vegna rekstrarkostnaðar við þjónustuskála Alþingis sem áformað er að taka í notkun í haust. Eins og áður er getið lækka framlög til rekstrarverkefna Alþingis um 12,2 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Kostnaður við viðhaldsverkefni er áætlaður 49 m.kr. og hækkar um 25 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Áformað er að 30 m.kr. fari í utanhússviðhald Alþingishúss, sem frestað hefur verið í nokkur ár, og 19 m.kr. til viðhalds annarra húsa Alþingis, þar af 2 m.kr. til Jónshúss í Kaupmannahöfn. Stofnkostnaður er áætlaður 72 m.kr. og hækkar um 35 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Á viðfang *6.01 Tæki og búnaður* er gerð er tillaga um 18 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á tækjum og búnaði þannig að fjárveiting til þess verði alls 57 m.kr. Gert er ráð fyrir að 10 m.kr. fari í skrifstofutæki, húsbúnað o.fl., 15 m.kr. í endurnýjun tölvubúnaðar á skrifstofum Alþingis og loks 32 m.kr. til endurnýjunar upplýsingakerfis Alþingis. Undirbúningur endurnýjunar á upplýsingakerfinu hófst árið 2000 og var haldið áfram árið 2001 en ekki var fjárhagslegt svigrúm til að hefja framkvæmdir árið 2002. Því er talið nauðsynlegt að bjóða verkið út í heild í lok árs 2002. Miðað er við að ljúka því á fyrri hluta árs 2004. Loks er gerð tillaga um 15 m.kr. tímabundna fjárveitingu til endurnýjunar á tölvubúnaði alþingismanna. Undanfarin ár hefur tölvubúnaður alþingismanna verið endurnýjaður á fjögurra ára fresti.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Á þennan lið hafa fjárveitingar til framkvæmda við þjónustuskála Alþingis verið færðar. Niður fellur 440 m.kr. fjárveiting fjárlaga 2002 en gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að vinna að frekari undirbúningi að framtíðarskipulagi á Alþingisreitnum.

301 Ríkisstjórn. Laun ráðherra, að undanskildu þingfararkaupi, og laun aðstoðarmanna ráðherra eru greidd af þessum fjárlagalið. Framlag til liðarins er 152,8 m.kr. og hækkar um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna launa- og verðlagsbreytinga.

401 Hæstiréttur. Laun hæstaréttardómara eru greidd af þessum fjárlagalið. Framlag til liðarins er 85,9 m.kr. og hækkar um 7,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna launa- og verðlagsbreytinga.

610 Umboðsmaður Alþingis. Gert er ráð fyrir 75,8 m.kr. fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar og er það 2,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en þar af eru 2,3 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Lagt er til að 2 m.kr. tímabundin fjárveiting, sem veitt var á fjárlögum 2001 til verkefna er lúta að stjórnsýslu sveitarfélaga, hækki um 1 m.kr. og framlengist um eitt ár. Vegna hagræðingarkröfu lækkar framlag til liðarins um 0,6 m.kr.

620 Ríkisendurskoðun. Framlag til Ríkisendurskoðunar er áætlað 259,6 m.kr. og hækkar um 14,1 m.kr. frá fjárlögum 2002, þar af um 6,7 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun fjárveitingar. Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til stofnunarinnar ekki nægt til að hægt væri að sinna fjárhagsendurskoðun hjá öllum þeim aðilum sem stofnuninni er falið samkvæmt lögum ásamt verkefnum á sviði stjórnsýsluendurskoðunar. Beiðnum til stofnunarinnar frá Alþingi og stjórnvöldum hefur fjölgað á undanförnum árum og ef svara á þeim innan eðlilegra tímamarka er nauðsynlegt að fjölga starfsfólki. Niður fellur 0,6 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 1998 vegna ferðakostnaðar við endurskoðun hjá Evrópuráðinu í Strassborg og vegna hagræðingarkröfu lækkar framlag til liðarins um 2 m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	750,7	605,0	537,3	-11	-28
Neyslu- og rekstrartilfærslur	226,2	293,7	329,9	12	46
Stofnkostnaður og viðhald	169,4	225,3	129,3	-43	-24
Samtals	**1.146,3**	**1.124,0**	**996,5**	**-11**	**-13**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	996,5	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	0,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**996,5**	-	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 1.019 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 22,6 m.kr. en þær nema 2,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 996,5 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 537,3 m.kr. og lækka um 67,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um að niður fellur 131,6 m.kr. fjárveiting til Þjóðhagsstofnunar en á móti kemur um 24 m.kr. fjárveiting til reksturs minningarsafns um Halldór Laxness og 17 m.kr. til öryggismála í Þjóðmenningarhúsinu.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 36,2 m.kr. og verður 329,9 m.kr. en er 293,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Þar vegur þyngst 30 m.kr. framlag til Alþýðusambands Íslands vegna efnahags- og atvinnumála.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 129,3 m.kr. og er það 96 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um að niður fellur 90 m.kr. framlag til vestnorræns menningarhúss í Kaupmannahöfn.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 11,1 m.kr. Á móti koma framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 133,9 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	365	341	343	345
Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir	100	100	100	0
Annað	532	507	511	515
Samtals	**997**	**948**	**954**	**860**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir,

auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Þess má þó geta hér að lækkun útgjalda milli áranna 2003 og 2004 skýrist af niðurfellingu tímabundinna framlaga. Í málefnaflokknum *Ráðuneyti* er gert ráð fyrir að niður falli 14 m.kr. framlag til ritunar sögu Stjórnarráðsins, 12 m.kr. framlag til Vesturfarasetursins og 2,5 m.kr. framlag til viðhaldsframkvæmda á Hrafnseyri og í málefnaflokknum *Annað* er gert ráð fyrir að niður falli alls 20,5 m.kr. framlög til minningarsafns um Halldór Laxness, 10 m.kr. framlag til viðhaldsverkefna hjá fasteignum forsætisráðuneytisins og 8,5 m.kr. framlög til byggingaframkvæmda í Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur á síðustu árum gert, eða áformar að gera, samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 17 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Vesturfarasetrið á Hofsósi		17,0	22,0	10,0	10,0	10,0
Samtals		**17,0**	**22,0**	**10,0**	**10,0**	**10,0**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	187,6	187,8	192,0	2,2	2,3
Ýmis verkefni	298,7	133,6	167,9	25,7	-43,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**486,3**	**326,4**	**364,9**	**11,8**	**-25,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 32 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir 40 m.kr. framlagi til eflingar rannsókna og kannana á efnahags- og atvinnumálum.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Framlög til skrifstofunnar eru áætluð 192 m.kr. og hækka um 4,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkun vegna launa- og verðlagsbóta er 5,4 m.kr. þannig að framlög lækka um 1,2 m.kr. að raungildi vegna hagræðingarkröfu.

190 Ýmis verkefni. Framlög til þessa fjárlagaliðar nema 167,9 m.kr. og hækka um 34,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af er 1,1 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsbóta og 1,5 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði í útgjaldaramma. Aðrar breytingar eru þær að á viðfangi *1.19 Efnahagsrannsóknir*, sem er nýtt viðfang, er tillaga um 40 m.kr. fjárveitingu til eflingar rannsókna í efnahags- og atvinnumálum. Um er að ræða 30 m.kr. framlag til Alþýðusambands Íslands og 10 m.kr. kostnað við kaup á hagrænum athugunum og hagfræðilegum rannsóknum. Á viðfangi *1.23 Hrafnseyri* er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka viðhaldsframkvæmdum á íbúðarhúsinu á Hrafnseyri, safni Jóns Sigurðssonar, kapellu staðarins og burstabæ. Á viðfangi *1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi* fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag gildandi fjárlaga en á móti er tillaga um 10 m.kr. árlegt framlag á árunum 2003–2006 vegna samnings sem í undirbúningi er milli ráðuneytisins og Vesturfarasetursins á Hofsósi. Með samningnum tekur setrið að sér að veita upplýsingar til Vestur-Íslendinga um rætur þeirra hér á landi, menningarlega og félagslega arfleið, íslenska ættingja, sögu og búferlaflutninga til Vesturheims. Þá mun Vesturfarasetrið veita Íslendingum upplýsingar um þá sem fluttust til Vesturheims, afkomendur þeirra og sögu. Ráðnir verða starfsmenn til að byggja gagnagrunna sem nýtast í framangreindu skyni. Á viðfangi *1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal*, sem er nýtt viðfang, er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til viðhalds og endurbóta samkvæmt máldaga fyrir Þjóðveldisbæinn sem undirritaður var 19. júlí 2002. Á viðfangi *1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar* er tillaga um 1,8 m.kr. hækkun fjárveitingar til leiðréttingar á viðmiði framlagsins við laun prófessora. Á viðfangi *1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba* fellur niður 11,6 m.kr. tímabundið framlag og á viðfangi *1.90 Ýmis verkefni* fellur niður 7 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til eflingar á öryggi rafrænna upplýsinga hjá ráðuneytum.

Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 303 Kristnihátíðarsjóður.

303 Kristnihátíðarsjóður. Á þennan fjárlagalið er nú í þriðja sinn fært 100 m.kr. árlegt framlag til 5 ára samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	50,8	36,7	52,0	41,7	2,4
Fasteignir Stjórnarráðsins	0,0	50,0	25,0	-50,0	-
Þjóðhagsstofnun	129,6	131,6	0,0	-100,0	-100,0
Norræna ráðherranefndin	113,6	118,7	116,2	-2,1	2,3
Umboðsmaður barna	18,9	18,1	20,7	14,4	9,5
Þjóðmenningarhúsið	51,2	56,8	71,9	26,6	40,4
Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	83,7	90,0	9,7	-89,2	-88,4
Minningarsafn um Halldór Laxess á Gljúfrasteini	0,0	0,0	44,6	-	-
Óbyggðanefnd	40,8	48,1	48,1	0,0	17,9
Ríkislögmaður	35,7	43,8	45,4	3,7	27,2
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	88,5	80,8	78,0	-3,5	-11,9
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,7	23,0	20,0	-13,0	-
Samtals	**613,5**	**697,6**	**531,6**	**-23,8**	**-13,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 171,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að 131,6 m.kr. fjárveiting til Þjóðhagsstofnunar fellur niður, niður fellur 90 m.kr. framlag til endurbóta á vestnorrænu menningarhúsi í Kaupmannahöfn en á móti er gert ráð fyrir 9,7 m.kr. rekstrarframlagi til hússins og gert er ráð fyrir 44,6 m.kr. fjárveitingu til minningarsafns um Halldór Laxness.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til þessa liðar verði 52 m.kr. og hækki um 15,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar af um 0,8 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta. Á viðfangi *1.01* er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu til reksturs á fasteigninni Hótel Valhöll á Þingvöllum með vísan til ríkisstjórnarsamþykktar frá 17. maí 2002. Á viðfangi *5.29* er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2003 til viðhaldsframkvæmda á Staðastað og endurbóta á þaki Þingvallabæjar sem um skeið hefur verið brýnt að ráðast í. Um er að ræða fyrsta áfanga áætlunar um víðtækari viðhaldsframkvæmdir fasteigna auk framkvæmda við öryggisbúnað.

203 ***Fasteignir Stjórnarráðsins.*** Vegna frestunar framkvæmda frá fyrri áformum er lagt til að fjárveiting til liðarins lækki um helming frá gildandi fjárlögum og verði 25 m.kr.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 116,2 m.kr. og lækki um 2,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar af um 2 m.kr. vegna gengisbreytinga.

241 ***Umboðsmaður barna.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 20,7 m.kr. og hækki um 2,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 0,5 m.kr. Lögð er til 2,1 m.kr. hækkun fjárveitingar m.a. vegna aukins kostnaðar við upplýsingamiðlun, erlendra samstarfsverkefna og sérfræðiþjónustu.

251 ***Þjóðmenningarhúsið.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 71,9 m.kr. og hækki um 15,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 2,1 m.kr. Á viðfangi *1.01* er tillaga um 17,3 m.kr. fjárveitingu vegna öryggismála í tengslum við handritasýningu í Þjóðmenningarhúsinu á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Gerð hefur verið úttekt á öryggismálum í húsinu með tilliti til þess að opnuð verði þar sýning á nokkrum merkustu handritum þjóðarinnar. Þörf er á viðveru gæslumanna í húsinu allan sólarhringinn auk kostnaðar við öryggisendurbætur. Gert er ráð fyrir að sýningin standi í nokkur ár. Þá lækkar framlag til viðfangsins um 1,3 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiði í útgjaldaramma. Á viðfangi *6.01 Tæki og búnaður* fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag gildandi fjárlaga.

253 ***Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn.*** Gerð er tillaga um 10 m.kr. rekstrarfjárveitingu til að koma upp aðstöðu til sýningarhalds í húsinu og þátttöku Íslands í stjórn þess en niður fellur 90 m.kr. tímabundin stofnkostnaðarfjárveiting gildandi fjárlaga. Annað skýrist af gengisbreytingum.

255 ***Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.*** Á þennan fjárlagalið, sem er nýr á fjárlögum, er gert ráð fyrir kostnaði við uppbyggingu og rekstur minningarsafns um Halldór Laxness sem áformað er að opna árið 2003. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 44,6 m.kr. Lagt er til að 24,1 m.kr. verði veittar til reksturs safnsins en þar af eru 2,5 m.kr. tímabundnar til eins árs. Einnig er lagt til að veittar verði 2,5 m.kr. til viðhaldsframkvæmda og auk þess 18 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til endurbóta og lagfæringa á húsinu og annarra framkvæmda sem ráðast þarf í til að opna megi safnið fyrir gestum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 er sótt um fjárveitingu til kaupa á fasteigninni Gljúfrasteini í Mosfellsbæ og listaverkum samkvæmt samningi þar um ásamt fjárveitingu til undirbúnings að uppbyggingu og opnun safns þar samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 26. mars 2002.

261 Óbyggðanefnd. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til óbyggðanefndar verði 48,1 m.kr. sem er óbreytt frá gildandi fjárlögum þar sem launabætur vega upp á móti hagræðingarkröfu.

271 Ríkislögmaður. Gert er ráð fyrir 45,4 m.kr. fjárveitingu til embættis ríkislögmanns og hækkar hún um 1,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna launa- og verðlagsuppfærslu.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 78 m.kr. og lækki um 2,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Rekstrarkostnaður hækkar um 2,7 m.kr., þar af um 1,2 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Lögð er til 2,2 m.kr. hækkun fjárveitingar til reksturs fræðslumiðstöðvarinnar á Hakinu sem tekin var í notkun í sumar. Stofnkostnaður lækkar um 5,5 m.kr. Niður fellur 4 m.kr. tímabundið framlag til snyrtiaðstöðu við þjónustumiðstöðina á Leirunum og 12 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á búnaði til sýningarhalds í fræðslumiðstöðinni á Hakinu. Lagt er til að veittar verði 2,5 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka við byggingu snyrtiaðstöðunnar við þjónustumiðstöðina auk 6 m.kr. tímabundins framlags til byggingar nýs starfsmannabústaðar í stað Gjábakka sem brann sl. haust. Þá er bakfært 2 m.kr. mótframlag liðarins til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnarinnar. Ákvörðun um verkefni er miðuð við að þau séu fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Að þessu sinni er ekki gerð tillaga um framlag til verkefna forsætisráðuneytis og bakfærist því 2 m.kr. mótframlag ráðuneytisins. Einnig er á þessum lið gert ráð fyrir sérstöku framlagi til sameiginlegra verkefna ráðuneyta. Lögð er til 2 m.kr. hækkun þess framlags þannig að það nemi 20 m.kr. en áður hafði það verið lækkað úr 19 m.kr. í 18 m.kr. samkvæmt heimild í 7. gr. fjárlaga 2002, tölulið 7.13. Framlagið skiptist þannig að 14 m.kr. fara til Stjórnarráðsvefs, þar af 7 m.kr. til þróunar og umsjónar og 7 m.kr. til upplýsingaveitu fyrir almenning, og 6 m.kr. til þróunarverkefnis um rafræna stjórnsýslu.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	16.503,7	17.542,0	18.745,7	7	14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	7.898,9	8.314,8	8.573,1	3	9
Stofnkostnaður og viðhald	2.400,3	2.467,0	2.637,8	7	10
Samtals	**26.802,9**	**28.323,8**	**29.956,6**	**6**	**12**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	26.520,2	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	3.436,4	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**29.956,6**	-	-

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 31.683,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1,727,3 m.kr. en þær nema 5,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 29.956,6 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 26.520,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.436,4 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 18.746 m.kr. og hækka um 1.204 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 414 m.kr. vegna fjölgunar háskólanemenda, 80 m.kr. til húsaleigu framhaldsskóla sem gengur til viðhalds skólahúsnæðis, 64 m.kr. til reksturs, búnaðar og sérkennslu í framhaldsskólum, 50 m.kr. tímabundið framlag til að efla rannsóknir, 36 m.kr. til reksturs Þjóðminjasafns í endurbyggðu Þjóðminjasafnshúsi, 30 m.kr. vegna nýrra laga um skylduskil til safna og nýrra kvikmyndalaga og 25 m.kr. vegna kostnaðar við aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Á móti kemur að tímabundin útgjöld að fjárhæð 59 m.kr. falla niður. Þar vegur þyngst 40 m.kr. framlag til smíði upplýsingakerfis fyrir framhaldsskólana. Þá hækka rekstrargjöld um nálægt 110 m.kr. vegna breyttrar skiptingar á gjaldategundir.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 258 m.kr. og verður 8.573 m.kr. en er 8.315 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Þyngst vegur 426 m.kr. aukið framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 25 m.kr. til styrkja Kvikmyndasjóðs til stutt- og fræðslumyndagerðar og 46 m.kr. til samnings um framlög til Íslensku óperunnar. Á móti kemur annars vegar að tímabundin framlög að fjárhæð 88 m.kr. falla niður, aðallega framlög til menningarmála og landsmóta ungmennasamtaka. Hins vegar leiðir breytt skipting á gjaldategundir til að tilfærslur lækka um 50 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.637,8 m.kr. og er það 171 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 370 m.kr. aukin útgjöld til framkvæmda við Náttúrufræðihús Háskóla Íslands og 196 m.kr. til nýframkvæmda framhaldsskóla. Áföngum við aðrar háskólabyggingar lýkur á yfirstandandi ári og lækka útgjöld af þeim sökum um 215 m.kr. Mestu munar um nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands. Þá eru veittar 45 m.kr. til undirbúnings fyrir byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík. Aðrar breytingar skýra samtals 38 m.kr. hækkun. Á móti kemur í fyrsta lagi að 140 m.kr. tímabundin framlög, einkum til menningarmála, falla niður, í öðru lagi að 33 m.kr. falla niður vegna upplýsingatæknimála og í þriðja lagi lækkar breytt skipting útgjalda á gjaldategundir viðhalds- og stofnkostnað um 60 m.kr.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 392 m.kr. Á móti eru veitt 520 m.kr. framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins og verkefna sem ekki voru innan fjárlagaramma, eða 128 m.kr. umfram hagræðingarkröfu. Vikið er nánar að þessum áformum og breyttri forgangsröðun verkefna í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	422	426	430	434
Háskólar og rannsóknir	9.636	9.641	9.727	9.893
Framhaldsskólar	9.876	10.400	10.808	11.215
Grunnskólar	473	481	488	495
Námsaðstoð	3.383	3.532	3.689	3.854
Söfn, listastofnanir o.fl.	5.667	5.735	5.747	5.770
Annað	500	500	501	497
Samtals	**29.457**	**30.215**	**30.889**	**31.661**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða ákvarðanir stjórnvöld taka við afgreiðslu fjárlaga.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka menntamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að reikna má með að framlög til *háskóla* aukist að jafnaði um 5% á ári vegna nemendafjölgunar en á móti komi minni nýframkvæmdir vegna húsnæðis skólanna en áætlað er fyrir í frumvarpinu. Þetta er sama fjölgun nemenda og í spá sem birt var í fjárlagafrumvarpi 2002. Stærð aldursárganga bendir ekki til fjölgunar nemenda á næstu árum, en skólasókn hefur farið vaxandi sérstaklega vegna aukinnar þátttöku í fjarnámi og reikna má með að sú þróun haldi áfram. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir *framhaldsskóla* vaxi smám saman vegna fjölgunar nemenda um 4% á ári á næstu árum vegna fjölmennari aldursárganga. Einnig er gert ráð fyrir að húsnæðisframkvæmdir aukist, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða nánast sömu forsendur og lagðar voru til grundvallar spá í fjárlagafrumvarpi 2002. Í þriðja lagi er reiknað með auknum útgjöldum til *námsaðstoðar* vegna 5% fjölgunar lánþega hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna milli ára og eins vegna meiri lána til skólagjalda, en þau hafa vaxið mikið milli ára. Í fjórða lagi er miðað við 3% aukningu í starfsemi safna eins og í fyrri spám. Loks má nefna að helstu tímabundu fjárveitingarnar, sem gert er ráð fyrir í spánni, falla niður á tímabilinu. Niðurstaða framreiknings er sú að á föstu verðlagi og að öðru óbreyttu sé líklegt að útgjöld menntamálaráðuneytisins aukist um 700-800 m.kr. á ári út tímabilið.

Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.933 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir 2003–2005 eru á verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur	Teg.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	2005 m.kr.
Akureyrarbær, menningarmál í bænum	A	52	64	64	64	64
Háskólinn í Reykjavík, háskólanám	A	299	386	391	391	391
Listaháskóli Íslands, listnám á háskólastigi	A	268	315	368	414	461
Stoðþjónusta, viðahald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	82	85	85	85	85
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	366	464	486	486	486
Viðskiptaháskólinn á Bifröst, háskólanám	A	61	108	128	128	128
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	31	36	37	36	36
Íslenska óperan	B	72	107	157	157	157
Menningarstarf í 16 austfirskum sveitarfélögum	B	0	25	35	35	35
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri	B	12	13	26	26	26
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	10	10	25	25	25
Evrópska skólamálanetið	C	0	2	2	2	2
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	5	5	5	5	5
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	0	74	145	145	145
Hafnarfjarðarleikhúsið, leikstarfsemi	C	10	10	10	10	0
Heimili og skóli	C	0	2	2	2	-
Hraðbraut	C	0	0	55	115	150
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framhaldsskóli	C	14	16	17	17	17
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framhaldsskóli	C	16	18	19	19	19
Lektorsstaða v/Humbolt háskóla í Berlín	C	0	3	3	3	3
Menningarborgarsjóður	C	5	5	15	15	15
Möguleikhúsið	C	0	3	2	0	0
Námskrá framhaldsskóla hjá starfsgreinaráðum	C	27	19	14	0	0
Nemendagarðar á Akureyri	C	0	25	25	25	25
Símenntunarmiðstöðvar á 8 stöðum	C	56	68	68	68	68
Snorrastofa í Reykholti	C	12	12	12	6	1
Tungumálamiðstöð í Austurríki	C	0	2	2	2	2
Umsýsla sveinsprófa og samninga	C	34	37	37	37	37
Upplýsingakerfi framhaldsskóla, hýsing	C	0	12	6	-	-
Upplýsingakerfi framhaldsskóla, þjónusta	C	0	4	7	7	3
Upplýsingaþjónusta iðn- og verknáms	C	4	5	5	5	5
Samtals		**1.434**	**1.933**	**2.249**	**2.327**	**2.389**

Samningar, sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 1.422 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðu-

neytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 181 m.kr. Að lokum eru 330 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni.

Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 2.300 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna sem er 8–9% af framlögum til rekstrar og rekstrartilfærsla ráðuneytisins. Endanleg niðurstaða samninga kann þó að verða önnur en fram kemur í töflunni. Samningur um framlög til menningarmála í Akureyrarbæ og um Vetrarmiðstöð á Akureyri renna út í lok yfirstandandi árs. Samningar við Háskólann í Reykjavík og Viðskiptaháskólann á Bifröst eru til ársloka 2003. Samningur við Listaháskólann gildir til ársloka 2004 og er áætlað að gera viðbótarsamning um tónlistarkennaranám frá næsta hausti. Gert er ráð fyrir viðaukasamningi við sveitarfélög á Austurlandi um menningarstarf með hækkun framlags. Samningur um framlög í Afreksmannasjóð rennur út í árlok 2003 og er gert ráð fyrir að framlag hækki á árinu 2003 vegna stuðnings við landslið í hópíþróttum. Samningur við Hafnarfjarðarleikhúsið rennur út í desember 2002 og gert ráð fyrir að gerður verði samningur um styrk við sama eða annað leikfélag. Gildistíma samnings um rekstur Hraðbrautarskóla var frestað um eitt ár til haustsins 2003 en hann er til þriggja ára. Samningar um rekstur hús(„sjórnarskólanna tveggja runnu út um mitt ár 2001 en þeim er þó fylgt áfram. Veitt er fé til fyrirhugaðs viðbótarsamnings um að Menningarborgarsjóður veiti styrki til verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Í ár voru gerðir samningar um annars vegar rekstur og hýsingu og hins vegar þjónustu vegna sameiginlegs upplýsingakerfis framhaldsskóla. Samningur um kaup á dvalarrýmum á nemendagörðum á Akureyri, sem gerður var í lok síðasta árs, er til tíu ára. Samningur við Viðskipta- og tölvuskólann rann út í haust. Aðrir samningar gilda út tímabilið eða eru ótímabundnir.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 19,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að 10 m.kr. vegna launa- og rekstrarútgjalda, 6,9 m.kr. vegna reksturs húsnæði og 2,4 m.kr. vegna kjaranefndarúrskurðar á árinu 2001.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201–208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tæknihaskóli Íslands; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Námsmatsstofnun; 225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228; Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarráð Íslands; 234 –239 Rannsóknasjóðir; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti. Tæknihaskóli Íslands tók við rekstri Tækniskóla Íslands 1. júní 2002.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	3.704,0	3.866,4	4.588,2	18,7	23,9
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	130,4	119,8	123,8	3,3	-5,1
Raunvísindastofnun Háskólans	189,9	201,3	207,9	3,3	9,5
Stofnun Sigurðar Nordals	13,1	18,7	19,1	2,1	45,8
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	79,3	88,0	105,8	20,2	33,4
Orðabók Háskólans	22,7	24,5	25,2	2,9	11,0
Íslensk málstöð	16,0	16,6	17,2	3,6	7,5
Örnefnastofnun Íslands	12,5	13,9	13,6	-2,2	8,8
Háskólinn á Akureyri	475,4	459,8	593,9	29,2	24,9
Tæknihaskóli Íslands	399,7	353,3	397,8	12,6	-0,5
Kennaraháskóli Íslands	872,1	919,2	941,2	2,4	7,9
Námsmatsstofnun	23,8	18,8	19,3	2,7	-18,9
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	88,1	108,3	127,8	18,0	45,1
Háskólinn í Reykjavík	317,3	385,5	422,1	9,5	33,0
Listaháskóli Íslands	291,3	315,0	367,9	16,8	26,3
Rannsóknarráð Íslands	50,7	63,2	64,9	2,7	28,0
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	0,0	99,2	109,4	10,3	-
Rannsóknir og þróun í uppl.tækni og umhv.m.	83,2	95,0	95,0	0,0	14,2
Vísindasjóður	198,8	210,0	210,1	0,0	5,7
Tæknisjóður	187,9	201,7	201,9	0,1	7,5
Bygginga- og tækjasjóður	79,7	77,0	90,0	16,9	12,9
Rannsóknarnámssjóður	44,1	40,0	40,0	0,0	-9,3
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	388,2	475,0	170,0	-64,2	-56,2
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	69,9	133,5	182,5	36,7	161,1
Alþjóðleg samskipti	387,9	625,0	501,4	-19,8	29,3
Samtals	**8.126,0**	**8.928,7**	**9.636,0**	**7,9**	**18,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 9.636 m.kr. og hækkar um 536 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi að útgjöld aukast um 414 m.kr. vegna fjölgunar háskólanemenda en á móti kemur krafa um aðhald í rekstri háskólanna sem nemur 42 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 370 m.kr. meiri framkvæmdum við Náttúrufræðihús en móti kemur að dregið er úr framkvæmdum við aðra háskóla um 245 m.kr. Í þriðja lagi hækka framlög um 78 m.kr.

vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2002 í framhaldi af úrskurðum kjaranefndar. Í fjórða lagi er veitt 50 m.kr. tímabundið framlag til að efla rannsóknir. Að lokum lækka útgjöld til aðildargjalda ESB um 111 m.kr., meðal annars vegna gengisþróunar. Aðrar breytingar eru minni.

Útgjöld til háskóla og rannsókna hafa aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Árið 1998 námu framlög til málefnaflokksins í fjárlögum og fjáraukalögum samtals 5,3 milljörðum króna en nema 9,6 milljörðum króna á næsta ári samkvæmt frumvarpinu. Þetta er 80% aukning og skýrist auk almennrar verðlagsþróunar einkum af bættum launakjörum starfsmanna, fjölgun nemenda og aðgerðum stjórnvalda til að efla háskóla. Þá hefur nám sem áætlað var fyrir meðal framhaldsskóla verið fært yfir á háskólastig og það eflt. Í fyrsta lagi er um að ræða tölvufræðinám sem færðist í fjárlögum 1999 til Háskólans í Reykjavík, í öðru lagi færðist nám fyrir íþróttakennara, fóstrur og þroskaþjálfa til Kennaraháskóla Íslands á sama ári og í þriðja lagi var myndlistarnám fært í fjárlögum 2000 til Listaháskóla Íslands og síðan leiklistarnám í fjárlögum 2001. Á árinu 1999 tók menntamálaráðuneytið í notkun reiknilíkan til að skipta framlögum til kennsluþáttarins í rekstri háskólanna samkvæmt skýrari reglum en áður hafði verið stuðst við. Jafnframt gerðu Háskóli Íslands og menntamálaráðuneytið með sér samkomulag um breytingar á fjárhagslegum samskiptum og stjórnunarháttum. Breytingarnar voru liður í auknu sjálfstæði skóla, m.a. samkvæmt lögum um háskóla sem gengu í gildi í ársbyrjun 1998. Í framhaldinu var gengið frá samkomulagi við aðra háskóla. Samhliða þessum breytingum voru framlög til skólanna aukin til að efla starf þeirra og til þess að mæta kostnaði við fjölgun nemenda. Samkeppni hefur aukist milli háskólanna og þeir breytt námsframboði og kynnt þjónustu sína meira til þess að höfða betur til nemenda. Jafnframt eiga skólarnir með sér samvinnu á ýmsum sviðum. Með tilkomu reiknilíkansins voru sjálfvirk tengsl á milli kennsluframlaga og rannsóknarframlaga skólanna rofin. Framlög til rannsókna hafa verið aukin en þó ekki eins mikið og til kennslu. Fjallað er um hlutdeild háskóla í útgjöldum til rannsókna í kafla 3.3 hér að framan. Á tímabilinu var 4,4 milljörðum króna veitt til viðhalds og nýframkvæmda háskóla og rannsóknarstofnana. Stærstu framkvæmdirnar eru Náttúrufræðihús Háskóla Íslands og viðbyggingar við Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.



Útgjöld háskóla og rannsókna skv. fjárlögum og fjáraukalögum

Haustið 2001 voru samtals 11.551 nemandi skráður í háskóla sem áætlað er fyrir undir menntamálaráðuneytinu, þar af 10.209 í dagskóla og 1.342 í fjarnámi sem er 12% af heildarfjölda. Þeim fjölgaði um 1.286 frá fyrra ári, m. a. vegna aukins námsframboðs skólanna og eftirspurnar eftir námi. Mikill vöxtur er í fjarnámi og erlendir námsmenn sækja íslenska skóla í auknum mæli. Gera má ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram. Stærð aldursárganga gefur hins vegar ekki tilefni til að reikna með miklum breytingum á fjölda háskólanemenda á næstu árum eins og myndin hér sýnir.



Eins og í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað fyrir kennsluþættinum í rekstri skólanna með hliðsjón af reiknilíkani og reglum nr. 646/1999, um fjárveitingar til háskóla. Líkaninu er ætlað að skipta fjárveitingum milli skóla. Námi er skipt í tíu flokka og fundið meðalverð sem greitt er á hverju ári fyrir nemanda sem gengur til prófa í 30 einingum náms til fyrsta lokaprófs, embættisprófs og meistaraprófs. Frammistaða nemandans á prófum hefur ekki áhrif á greiðslur. Hingað til hefur verið talað um nemendaígildi í þessu sambandi en nú er hugtakið ársnemandi notað. Frá dregst reiknuð fjárhæð vegna fjárbindingar í húsnæði sem byggt hefur verið fyrir fé ríkisins og er umfram ákveðna nemendaviðmiðun. Samkvæmt samningum við skólana dragast einnig frá tekjur af skrásetningargjaldi sama fjölda ársnemenda og greitt er framlag fyrir en skólar halda tekjum af skráningargjaldi umfram það og öðrum tekjum sem þeir afla. Ekki er gerður greinarmunur á staðbundnu námi og fjarnámi við útreikning framlaga. Kennsluframlög fylgja nemendabreytingum en útgjöld skóla lúta öðrum lögmálum og því er ekki tekið tillit til þess að kostnaður skóla og námsbrauta er mismunandi. Líkanið byggist á tiltölulega einföldum forsendum og forsendurnar fela ekki í sér leiðbeiningu um hversu háum fjárhæðum skóla er óhætt að verja til hinna ýmsu gjaldategunda eða námsbrauta. Það er hlutverk skólanna að laga útgjöld að heildarfjárveitingu sem þeim er ætluð enda eru þeir sjálfstæðar stofnanir með sjálfstæðan fjárhag gagnvart ríkissjóði. Miðað við áætlaðan fjölda ársnemenda og framlög til kennslu er reiknuð fjárhæð á ársnemanda á bilinu 374–1.987 þús.kr. fyrir frádrátt skrásetningargjalda, fjárbindingar í húsnæði umfram viðmiðun o.fl. Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti en gera má ráð fyrir að þeir verði á bilinu 850–2.500 þús.kr.

Verðflokkar	Verð Þús.kr.
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	374
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	592
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	634
Hjúkrunarnám og annað hliðstætt sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	668
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr. sem m.a. felst í verkl. æfingum og í notkun sérhæfðs búnaðar	852
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.191
Nám í tannlækningum	1.987

Frumvarpið gerir ráð fyrir að greitt verði fyrir að hámarki 8.867 ársnemendur. Þar af er áætlað vegna 8.687 ársnemenda á fjárlagalið skólanna og 180 nemenda á óskiptum lið. Um er að ræða fjölgun um 867 ársnemendur því að í fjárlögum 2002 er áætlað fyrir útgjöldum vegna 8.000 ársnemenda. Áætlaður fjöldi skiptist þannig á skóla og flokka:

Ársnemendur	HÍ	KHÍ	HA	VHB	HR	THÍ	LHÍ	Áætlað 2003	Áætlað 2002
Félags- og mannvísindi	2.705	0	248	275	520	245	0	3.993	3.470
Tölvufræði og stærðfræði	200	0	65	0	380	0	0	645	750
Hjúkrunarfræði	350	0	200	0	0	0	0	550	585
Kennaranám o.þ.h.	80	1.100	305	0	0	0	23	1.508	1.385
Verk-, tækni-, efnafræði	770	0	68	0	0	270	18	1.126	976
Læknisfræði	350	0	0	0	0	0	0	350	315
Tannlækningar	45	0	0	0	0	0	0	45	42
Listnám	0	0	0	0	0	0	260	260	238
Framhaldsskólastig	0	0	0	25	0	185	0	210	175
Óskiptur liður	0	0	0	0	0	0	0	180	64
Samtals	**4.500**	**1.100**	**886**	**300**	**900**	**700**	**301**	**8.867**	**8.000**
Áætlað 2002	**4.289**	**1.100**	**608**	**245**	**800**	**650**	**244**		

Í fjárlögum 2001 var áætlað fyrir útgjöldum vegna um það bil 7.744 ársnemenda. Þar af var áætlað á óskiptum lið fyrir fjárhæð sem samsvarar til um það bil 380 nemenda framlags. Þetta er nánast sami heildarfjöldi og var í skólunum á árinu 2001 en skipting milli skóla varð önnur en gert hafði verið ráð fyrir. Samningar menntamálaráðuneytisins við skólana og reglur um fjárveitingar til háskóla gera ráð fyrir því að ráðuneytið geri upp framlag ríkisins fyrir liðið almanaksár í byrjun næsta árs á eftir á grundvelli ársnemendafjölda. Þannig getur endanlegt framlag til kennsluþáttarins orðið annað en áætlað er fyrir á lið hvers skóla. Samningarnir gera ráð fyrir að greitt verði fyrir ákveðinn hámarksfjölda í hverjum skóla og miðast við ákveðna skiptingu á verðflokka. Skóli á ekki kröfu á framlag vegna nemenda umfram hámarkið en tekið er tillit til breyttrar innbyrðis skiptingar á verðflokka við uppgjör. Miðað er við að menntamálaráðuneytið færi framlög af fjárlagalið háskóla sem á að fá lægra framlag en áætlað er fyrir á lið hans yfir á lið *299-1.91 Háskóla-*

og rannsóknastarfsemi, háskólar, óskipt og á sama hátt er fært af þeim lið yfir á háskóla sem á að fá hærra framlag.

Drög að reglum um framlög til rannsókna í háskólum liggja fyrir eins og greint er frá í fjárlagafrumvarpi 2001 og 2002 en þær hafa ekki verið teknar í notkun.

Umfjöllun um málefnaflokkinn er skipt í fjóra hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um Háskóla Íslands og stofnanir hans, í öðrum hluta ef fjallað um aðra háskóla, í þriðja hluta er fjallað um rannsóknarsjóði og í fjórða hluta er fjallað um aðra fjárlagaliði málefnaflokksins. Nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni stofnana eru í Verkefnavísum 2003, þar á meðal tölulegar upplýsingar um þjónustu sem þær veita.

1. Háskóli Íslands og stofnanir hans. Hér verður fjallað í einu lagi um Háskóla Íslands og stofnanir sem tengjast honum, sem eru Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum; Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi; Íslensk málstöð; Raunvísindastofnun Háskólans; Orðabók Háskóla Íslands og Stofnun Sigurðar Nordals.

Heildargjöld Háskóla Íslands og stofnana hans eru áætluð 6.247,7 m.kr. og hækka um 788,3 m.kr.frá fjárlögum. Þar af eru 53,3 m.kr. vegna kjaranefndarúrskurða sem kveðnir voru upp á árinu 2001. Gjöld umfram sértekjur eru áætluð 5.100,8 m.kr. og eru þau fjármögnuð með 4.201,2 m.kr. ríkisframlagi, 764 m.kr. tekjum af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands, 131,2 m.kr. tekjum af innritunargjöldum og 1,7 m.kr. tekjum af almanaksgjaldi. Auk launa- og verðlagshækkana munar mestu um eftirfarandi breytingar.

Útgjöld á viðfangsefnalið *1.01 Kennsla* hjá Háskóla Íslands hækka um 95,5 m.kr. vegna fjölgunar nemenda. Gengið er út frá 4.500 ársnemendum sem er fjölgun um 211 frá forsendum fjárlaga 2002. Núgildandi kennslusamningur rennur út í árslok 2002 en hann gerir ráð fyrir framlagi vegna 4.300 ársnemenda að hámarki. Framlag á sama viðfangsefnalið hækkar að auki um 65,9 m.kr. til að fjármagna viðhaldsframkvæmdir skólans. Í samningi menntamálaráðuneytisins við skólann er gert ráð fyrir að skólinn fjármagni stærstan hluta viðhaldsframkvæmda af tekjum frá Happdrætti Háskóla Íslands. Eigi að síður var áætlað í fjárlögum yfirstandandi árs að leggja skólanum til 60 m.kr. af lið *269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostaður*. Það framlag er nú fært beint á skólann og reiknilíkanið notað til að áætla fyrir viðhaldsframlagi á sama hátt og hjá öðrum háskólum. Veitt er tímabundið 105 m.kr. framlag á viðfangsefnalið *1.02 Rannsóknir og önnur verkefni* til eflingar rannsókna á árinu 2003 samkvæmt samningi við skólann en skólinn fær 55 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og fékk 80 m.kr. í fjáraukalögum 2001 í sama tilgangi. Alls nemur tímabundið framlag til að efla rannsóknir í skólanum 240 m.kr. á þremur árum. Áætlað er fyrir 764 m.kr. útgjöldum til viðhalds og stofnkostnaðar á viðfangsefnum *5.50 Fasteignir* og *6.50 Byggingaframkvæmdir og tækjakaup* sem fjármögnuð eru með tekjum frá Happdrætti Háskóla Íslands og um að ræða 370 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Að hluta til er um að ræða fyrirframgreiðslu á tekjum sem Happdrættið fjármagnar með lántöku. Endurskoðuð framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við að ljúka

Náttúrufræðihúsi nemi 1.140 m.kr. og að framkvæmt verði fyrir 260 m.kr. árið 2002, 570 m.kr. árið 2003 og 310 m.kr. árið 2004. Samkvæmt endurskoðaðri framkvæmdaáætlun skólans og aðhaldi sem gætt er í ríkisútgjöldum lýkur framkvæmdinni ekki að fullu árið 2003. Að lokum er áætlað að sóknargjöld skili *1.13 Háskólasjóði* 83,6 m.kr. tekjum sem er 11,6 m.kr. meiri tekjur en áætlað var fyrir árið 2003 vegna hækkunar á meðaltekjuskattsstofni milli ára. Að lokum er leiðrétt skekkja við tæknilegan frágang fjárlaga 2003 sem leiddi til þess að innheimta af ríkistekjum er vanáætluð um 69 m.kr. en greiðsla úr ríkissjóði ofáætluð um sömu fjárhæð í fjárlögunum.

Útgjöld Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi aukast um 15 m.kr. vegna framlags til undirbúnings á sýningu á handritum Árna Magnússonar í Þjóðmenningarhúsinu. Fyrirhugað er að opna sýninguna á árinu 2002 í tilefni af 30 ára afmæli stofnunarinnar og yrði hún föst sýning í húsinu í nokkur ár. Þjóðmenningarhúsið fær einnig aukna fjárveitingu af sama tilefni.

Útgjöld Örnefnastofnunar lækka að raungildi um 1 m.kr. þar sem tímabundið framlag til útgáfu mynda með örnefnamerkingum í samvinnu við IWW ehf. fellur niður.

2 Aðrir háskólar. Hér verður fjallað í einu lagi um Háskólann á Akureyri, Tækniháskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Heildarútgjöld ríkisins vegna skólanna eru áætluð 2.941,7 m.kr. og hækka um 312 m.kr. frá fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru áætluð 2.870 m.kr. og eru þau fjármögnuð með 2.793 m.kr. ríkisframlagi og 77 m.kr. tekjum af innritunargjöldum. Útgjöld og framlag til þriggja síðasttöldu skólanna, sem eru reknir af sjálfseignarstofnunum, er lægra en til hinna skólanna sem nemur áætluðum tekjum af lögbundnum skráningargjöldum af nemendum. Auk launa- og verðlagshækkana eru breytingar þessar:

Útgjöld Háskólans á Akureyri aukast um 115 m.kr. Þar af eru 108 m.kr. vegna fjölgunar nemenda, 5 m.kr. vegna ferðamálaseturs um menningartengda ferðaþjónustu og 2 m.kr. vegna aðildar að Háskóla á norðurslóðum. Síðasttöldu útgjöldin eru fjármögnuð með tímabundnu framlagi sem gert er ráð fyrir að nemi allt að 9 m.kr. á þremur árum. Gert er ráð fyrir 886 ársnemendum, sem er fjölgun um 215 frá forsendum fjárlaga 2002, en þá var reiknað með 608 ársnemendum. Að auki hefur skólinn fengið framlög vegna staðsetningar skólans, tímabundið framlag vegna aðlögunar að reiknilíkani sem lækkar eftir því sem nemendum fjölgar og tímabundið framlag til rannsóknarleyfa og tækjakaupa. Samningur við skólann gerir ráð fyrir að greitt verði að hámarki fyrir 750 nemendaígildi á ári.

Útgjöld Tækniháskóla Íslands, sem tók við rekstri Tækniskóla Íslands, aukast um 32,5 m.kr. vegna áætlaðrar fjölgunar nemenda. Gert er ráð fyrir 700 ársnemendum í skólanum, þar af 515 í háskólanámi og 185 í framhaldsskólanámi. Þetta er fjölgun um 50 ársnemendur milli ára, þar af 35 á framhaldsstigi og 15 í háskólanámi. Samningur við Tækniskóla Íslands, sem Tækniháskólinn tók yfir, gerir ráð fyrir að greitt verði að hámarki fyrir 650

ársnemendur skólaárið 2002–2003. Samkvæmt honum er stefnt að fjölgun í tæknínámi en fækkun í rekstrarnámi á móti.

Útgjöld Kennaraháskóla Íslands lækka að raungildi um 8,8 m.kr. Áætlun um framlag til kennsluþáttarins í rekstri skólans gerir ráð fyrir 1.100 ársnemendum eins og forsendur fjárlaga 2002. Samningur við skólann, sem rennur út í árslok 2002, gerir ráð fyrir að greitt verði að hámarki fyrir 1.200 ársnemendur á ári.

Framlag til Viðskiptaháskólans á Bifröst hækkar um 15,3 m.kr. vegna fjölgunar nemenda frá fyrri áætlun. Áætlað er að greiða fyrir að hámarki 300 ársnemendur eins og samningur við skólann gerir ráð fyrir, þar af 25 á framhaldsskólastigi. Þetta er fjölgun um 55 ársnemendur á háskólastigi. Auk kennsluframlags fær skólinn 23,2 m.kr. framlag á viðfangsefnalið *1.02 Rannsóknir og önnur verkefni* vegna staðsetningar á landinu og til rannsókna.

Framlag til Háskólans í Reykjavík hækkar um 23,3 m.kr. að raungildi. Annars vegar er um að ræða 6,7 m.kr. lækkun til kennslusamnings. Skýringin er sú að reiknað er með fjölgun um 100 ársnemendur í skólanum að dragi úr aðsókn að tölvunámi á móti. Áætlun um kennsluframlag miðast við 900 ársnemendur sem er hámarksfjöldi samkvæmt samningi skólans við menntamálaráðuneytið er gildir út árið 2003. Hins vegar er um að ræða 30,7 m.kr. framlag til rannsóknar- og þróunarmála á nýjum viðfangsefnalið en þar af eru 20 m.kr. tímabundnar. Skólinn hefur fengið styrk til rannsókna og þróunarstarfa af óskiptu tímabundnu framlagi á lið *299-1.91 Háskóla- og rannsóknastarfsemi* og fellur það framlag niður á móti.

Útgjöld vegna Listaháskóla Íslands aukast um 43 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Annars vegar er um að ræða 30 m.kr. hækkun í samræmi við samning við skólann. Áformað er að hækka framlag til samningsins um 30 m.kr. til viðbótar á árinu 2004. Í honum er gert ráð fyrir að ríkið greiði að hámarki fyrir 244 ársnemendur árið 2002, 278 árið 2003 og 313 árið 2004. Fjölgun milli ára er fyrst og fremst vegna tónlistarnáms og náms í arkitektúr. Hins vegar er um að ræða 13 m.kr. hækkun vegna fyrirhugaðs viðbótarsamnings um að boðið verði upp á kennaranám fyrir allt að 30 nemendur á ári. Miðað er við að innrita 15 nemendur haustið 2002 og að 15 bætist við haustið 2003 þannig að meðalfjöldinn verði 22,5 á árinu. Gert er ráð fyrir að framlög til kennaranámsins verði 19,2 m.kr. árið 2004 þegar deildin hefur náð fullri stærð. Á sama tímabili mun fjara út jafnhátt framlag til tónlistarkennaranáms á vegum *563 Tónlistarskólinn í Reykjavík.*

3. Rannsóknarsjóðir. Hér verður fjallað í einu lagi um Rannsóknarráð Íslands, Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora, Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum, Vísindasjóð, Tæknisjóð, Bygginga- og tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð. Heildargjöld á þessum liðum eru áætluð 835,6 m.kr. og hækka um 25,5 m.kr. frá fjárlögum. Auk launa- og verðlagsbreytinga munar mestu um 13 m.kr. áætlaða hækkun til Bygginga- og tækjasjóðs sem fær jafnhátt framlag og nemur einkaleyfagjaldi sem Happdrætti Háskóla

Íslands greiðir í ríkissjóð. Þá er áætlað fyrir 7 m.kr. hækkun til Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora í framhaldi af úrskurðum kjaranefndar um hækkun launa þeirra. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi til Vísindasjóðs að fjárhæð 40 m.kr. og að fjárhæð 10 m.kr. til Rannsóknarnámssjóðs á sama hátt og í fjárlögum yfirstandandi árs og í fjáraukalögum 2001. Alls nemur tímabundið framlag í þessa sjóði 150 m.kr. á þremur árum.

269 ***Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Framlag á þennan fjárlagalið nemur 170 m.kr. sem er 305 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í fyrsta lagi fellur niður 320 m.kr. framlag til nýbyggingar Kennaraháskóla Íslands. Farið verður fram á 150 m.kr. aukafjárveitingu á árinu 2002 til að ljúka byggingunni. Í öðru lagi er 60 m.kr. framlag millifært yfir á Háskóla Íslands vegna viðhalds á húsnæði hans en skólinn hefur fengið framlög af fjárlagaliðnum til viðhalds og nýframkvæmda á síðustu árum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003
Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni, viðhald húsa	20,0
Tilraunastöð Háskólans að Keldum, viðhald húsa	10,0
Viðhald, óskipt	10,0
Háskólinn á Akureyri, nýbygging	100,0
Norræna eldfjallamiðstöðin, flutningur í Náttúrufræðihús	20,0
Háskólinn á Akureyri, rannsóknarhús	10,0
Samtals	**170,0**

Lokið er að mestu framkvæmdum við nýtt kennsluhús Háskólans á Akureyri en fram undan eru endurbætur á eldra húsnæði, frágangur á lóð o.fl. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við umsamda áfanga ljúki á árinu 2004 og kosti 200–250 m.kr. Í framhaldinu er stefnt að byggingu rannsóknarhúss, fyrirlestrasala og annarri uppbyggingu.

299 ***Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*** Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 183,5 m.kr. sem er 49 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2002. Helstu breytingar eru þær að sérstakt 2 m.kr. framlag til humarrannsókna á vegum Háskóla Íslands fellur niður. Framlag til Reykjavíkurakademíunnar hækkar úr 7 m.kr. í 10 m.kr. og áformar menntamálaráðuneytið að gera samning um framlagið. Viðfangsefnið *1.91 Háskólar, óskipt* hækkar um 46,1 m.kr. og nemur framlag 87,6 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana er um að ræða 70 m.kr. hækkun framlags. Á móti kemur að 20 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarmála er fært yfir á Háskólann í Reykjavík. Framlag á þennan lið er ætlað til uppgjörs við háskóla vegna óvissu í samsetningu og fjölda háskólanemenda. Fjárhæðin samsvarar framlagi vegna 175 ársnemenda á áætluðu meðalverði. Miðað er við að menntamálaráðuneytið færi framlög af fjárlagalið háskóla sem á vegna breyttra

nemendaforsendna að fá lægra framlag en áætlað er fyrir á lið hans yfir á þennan viðfangsefnalið og á sama hátt af liðnum yfir á háskóla sem á að fá hærra framlag.

*985 **Alþjóðlegt samstarf.*** Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 501,4 m.kr. og lækka um 123,6 m.kr. Skýringin er sú að drög að fjárlagafrumvarpi ESB gera ráð fyrir að EFTA-ríkin taki þátt í 94,6 milljarða evra útgjöldum. Þar af er áætlað að Íslendingar greiði 4,87% eða 4,61 milljón evra. Í fjárlögum yfirstandandi árs var áætlað að hlutfallið næmi 5,21% og að aðildargjaldið næmi 5,85 milljónum evra. Í ljós hefur komið að útgjöldin eru ofáætluð á yfirstandandi ári þar sem fjárlög ESB urðu lægri en áætlað hafði verið og dregið hefur verið úr áður áformuðu umfangi verkefna. Einnig lækkar framlagið vegna þess að gengi íslensku krónunnar hefur styrkst.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309, 350–365, 506–551 og 581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 451 Símenntun og fjarkennsla; 563–564 Listaskólar og 571 Sjómannaskólahúsið.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 9.876,1 m.kr. og hækkar um 434,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum en um 171 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirtaldar:

Rekstrarframlag hækkar um 144 m.kr. Þar af eru 80 m.kr. vegna kostnaðar við leigu og gengur til viðhalds á skólahúsnæði sem Fasteignir ríkissjóðs sjá um, 30 m.kr. til að mæta óvissri samsetningu og fjölda nemenda, 20 m.kr. til sérkennslu og 14 m.kr. sem skipt er á skóla með reiknilíkani sérstaklega til að koma til móts við kostnað við verklegt nám. Aðrar breytingar eru samtals 6,8 m.kr. Á móti kemur að 175,8 m.kr. útgjöld falla niður. Í fyrsta lagi er um að ræða tímabundið 40 m.kr. framlag vegna upplýsingakerfis fyrir framhaldsskóla sem fellur niður. Í öðru lagi fellur niður 43,1 m.kr. framlag til Viðskipta- og tölvuskólans vegna samnings sem rann út í haust. Í þriðja lagi falla niður 37,7 m.kr. til framkvæmdar nýrrar skólastefnu og í fjórða lagi falla niður 55 m.kr. til Hraðbrautarskólans vegna frestunar á skólastarfi. Þá eru 6,5 m.kr. millifærðar yfir á Listaháskóla Íslands vegna tónmenntakennaranáms.

Útgjöld til stofnkostnaðar framhaldsskóla aukast um 196 m.kr. og nema 492 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	321,5	313,7	313,3	-0,1	-2,6
Menntaskólinn á Akureyri	284,4	288,6	299,9	3,9	5,5
Menntaskólinn að Laugarvatni	97,5	98,1	108,5	10,6	11,3
Menntaskólinn við Hamrahlíð	471,8	398,7	409,4	2,7	-13,2
Menntaskólinn við Sund	276,0	288,7	284,8	-1,4	3,2
Menntaskólinn á Ísafirði	130,3	142,0	147,2	3,7	13,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	150,3	142,7	154,0	7,9	2,5
Menntaskólinn í Kópavogi	503,4	435,5	458,2	5,2	-9,0
Kvennaskólinn í Reykjavík	209,0	216,9	216,1	-0,4	3,4
Fasteignir framhaldsskóla	41,3	29,0	29,4	1,4	-28,8
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	326,6	296,0	492,0	66,2	50,6
Framhaldsskólar, almennt	546,1	903,6	814,0	-9,9	49,1
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	629,8	555,6	587,6	5,8	-6,7
Fjölbrautaskólinn Ármúla	329,9	303,3	313,4	3,3	-5,0
Flensborgarskóli	237,7	243,0	235,9	-2,9	-0,8
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	311,0	292,8	308,0	5,2	-1,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	297,5	280,9	290,7	3,5	-2,3
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	114,7	117,1	118,0	0,8	2,9
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	191,3	195,2	195,1	-0,1	2,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	326,6	356,4	357,9	0,4	9,6
Verkmenntaskóli Austurlands	108,4	108,9	107,8	-1,0	-0,6
Verkmenntaskólinn á Akureyri	557,4	517,2	540,2	4,4	-3,1
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	259,8	222,0	219,1	-1,3	-15,7
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	51,4	47,9	48,8	1,9	-5,1
Framhaldsskólinn á Húsavík	74,6	74,4	76,3	2,6	2,3
Framhaldsskólinn á Laugum	60,9	78,6	80,3	2,2	31,9
Borgarholtsskóli	356,6	393,0	427,3	8,7	19,8
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	122,6	137,2	144,5	5,3	17,9
Símenntun og fjarkennsla	87,3	89,5	90,0	0,6	3,1
Vélskóli Íslands	100,1	94,6	115,4	22,0	15,3
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	49,6	46,4	58,0	25,0	16,9
Iðnskólinn í Reykjavík	831,1	857,0	889,0	3,7	7,0
Iðnskólinn í Hafnarfirði	267,1	258,3	320,0	23,9	19,8
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	18,0	18,4	18,8	2,2	4,4
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	16,8	16,1	16,5	2,5	-1,8
Tónlistarskólinn í Reykjavík	21,5	19,3	13,2	-31,6	-38,6
Listdansskólinn	66,1	54,8	56,6	3,3	-14,4
Sjómannaskólahúsið	39,7	46,9	35,3	-24,7	-11,1
Verslunarskóli Íslands	459,8	463,5	485,6	4,8	5,6
Samtals	**9.345,5**	**9.441,8**	**9.876,1**	**4,6**	**5,7**

Samtals voru 17.312 nemendur skráðir í framhaldsskólum sem menntamálaráðuneytið áætlar fyrir haustið 2001. Þar af voru 16.773 í dagskólanámi og um 539 í fjarnámi sem er 3% af fjölda. Þess ber að geta að nemendur eru alltaf færri á vorönn en haustönn. Skólasókn árganga hefur farið vaxandi þótt verkfall kennara haustið 2000 hafi valdið bakslagi. Stærð árganga bendir til þess að nemendur verði aðeins færri árið 2003 en á yfirstandandi ári en fari síðan fjölgandi út áratuginn er þeim fækkar aftur. Aukin skólasókn og þátttaka í fjarnámi gæti þó haft áhrif á þróunina.



Áætlun um útgjöld til kennslu í dagskóla allra framhaldsskóla nema Fullorðinsfræðslu fatlaðra, listaskólanna og hússtjórnarskólanna er byggð á reiknilíkani framhaldsskóla og árangursstjórnunarsamningum sem menntamálaráðuneytið hefur gert við skólana um verkefni þeirra og fjárframlög. Í fjárlögum hefur hingað til verið áætlað fyrir hluta af útgjöldum Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans á lið Sjómannaskólahússins en nú er gert ráð fyrir útgjöldunum á lið skólana. Áætlað er fyrir kennslu í dagskóla, bæði staðbundnu námi og dreifðu, á viðfangsefninu *1.01 Almennur rekstur* og hækkar framlag að raungildi um 119 m.kr. Framlag til hvers skóla byggist á áætlun um nám og ársnemendur. Áður var hugtakið nemendaígildi notað yfir ársnemanda en það er mælikvarði á hversu mikið nám nemendur stunda í skólanum á einu ári og svarar hálfur ársnemandi til 17,5 námseininga. Áætlað er að ársnemendur verði 15.122. Í fjárlögum yfirstandandi árs var reiknað með 15.082 ársnemendum á viðfangsefnalið fyrir almennan rekstur hjá skólunum og framlagi fyrir 190 til viðbótar á almennum lið framhaldsskóla, samtals 15.272. Ársnemendur reyndust vera 14.748 árið 2001 eða 500 færri en áætlað var fyrir í fjárlögum þess árs. Í frumvarpinu er að þessu sinni reiknað með 15.069 ársnemendum hjá skólunum, 48 í hússtjórnarskólum og um það bil 170 á almennum lið, samtals 15.287 nemendur.

Við áætlanagerðina er byggt á áfangalistum skólanna frá árinu 2000 um samsetningu námsins. Endanlegt uppgjör við þá verður byggt á prófþátttöku nemenda. Miðað er við að menntamálaráðuneytið færi framlög af fjárlagalið skóla, sem á að fá lægra framlag en áætlað er fyrir, á lið hans yfir á lið *319-1.91 Framhaldsskólar almennt, framhaldsskólar óskipt* og á sama hátt af óskipta liðnum yfir á skóla sem á að fá hærra framlag. Að öðru leyti er áætlanagerðin byggð á nýrri útgáfu reiknilíkans fyrir framhaldsskóla sem breyst hefur í veigamiklum atriðum. Líkaninu er eins og líkani fyrir háskóla ætlað að skipta framlögum á milli skóla út frá tiltölulega fáum, einföldum og almennum forsendum. Það tekur

því ekki tillit til sérstakra aðstæðna hvers skóla eða felur í sér leiðbeiningu um hversu háum fjárhæðum skóla er óhætt að verja til hinna ýmsu gjaldategunda eða námsbrauta. Líkanið gerir heldur ekki greinarmun á því hvernig skólar bjóða fram þjónustu sína, t.d. hvort um er að ræða staðbundið nám eða fjarnám. Kennsluframlög fylgja nemendabreytingum en útgjöld skóla lúta öðrum lögmálum og það er fyrst og fremst hlutverk skólanna að aðlaga útgjöld að fjárveitingum þótt menntamálaráðuneytið geti þurft að koma að í einstaka tilvikum. Í endurskoðuðu líkani er áföngum skipt á tíu flokka eftir því hverskonar nám er um að ræða í stað sjö áður. Grundvallarviðmiðanirnar um nemendafjölda og nýtingu eru óbreyttar: Hæsta viðmiðun er 25 ársnemendur í bóklegum áföngum en lægst 12 í verklegum. Almennt er reiknað með 77,5% nýtingu, sem svarar til 19,4 ársnemenda í bóklegu áföngum og 9,3 í verklegum. Á almennri námsbraut er þó miðað við 15 nemendur og 65,8% nýtingu en það svarar til 9,9 ársnemenda í áfanga. Fjölgun flokka gerir flokkunina nákvæmari en í eldra líkani. Vísitala námsframboðs er ekki lengur reiknuð enda tekur hið nýja líkan mun meira mið af námsframboði í skólunum en eldra líkan. Önnur breyting er sú að leggja ein árslaun til grundvallar áætlun allra skólanna en ekki launaflokkaröðun í hverjum skóla eins og gert var áður. Sama aðferð er notuð í reiknilíkani háskóla. Breytingin tengist auknum heimildum skólameistara til raða starfsmönnum skóla í launaflokka. Hætt var að leggja launaflokkaröðun til grundvallar fjárlagagerð annarra ríkisstofnana fyrir um það bil áratug. Þriðja breytingin er að taka tillit til kostnaðar við húsnæði og búnað með því að miða eingöngu við fjölda og skiptingu ársnemenda í áfanga en áður var einnig tekið tillit til raunverulegs fermetrafjölda skólahúsnæðis og gjaldskráa orkuveitna. Skilgreindar eru fjórtán tegundir af misstórum kennslustofum með fylgirými auk almenns rýmis. Fyrir hverja tegund eru síðan gefnar forsendur um stofnkostnað nýrrar stofu með búnaði, auk þess sem reiknað er framlag til viðhalds húsa. Forsendurnar sem byggt er á benda til þess að þessir kostnaðarliðir hafi verið vanmetnir, ekki síst vegna þess að skólar hafa verið að tækjavæðast og viðhaldi ekki sinnt nógu vel. Svipað fyrirkomulag er notað í reiknilíkani fyrir háskóla. Samtals reiknar líkanið út þörf fyrir 143 þúsund fermetra af kennsluhúsnæði en húsnæði skólanna er tæplega 170 þúsund fermetrar. Fasteignir ríkisins annast umsýslu fasteigna nær allra framhaldsskóla og eykst framlag til leigugreiðslna um 80 m.kr. og rennur það til viðhalds húsnæði skólanna. Helsta breyting á húsnæði skólanna er sú að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu flutti á árinu 2002 frá Nesjum í nýtt húsnæði sem ber nafnið Nýheimar. Fjórða breytingin á líkaninu er á uppbótarframlögum til skóla. Tekið er tillit til hærri ferða- og flutningskostnaðar skóla utan Reykjavíkur auk þess sem þessir skólar fá viðbótarframlag til kennslu séu þeir með færri en 300 ársnemendur. Endurskoðað reiknilíkan leiðir til nokkurrar tilfærslu framlaga á milli skóla og milli útgjalda sem áætlað er fyrir á viðfangsefni *1.01 Almennur rekstur* yfir á lið *1.09 Önnur verkefni hjá skólunum*. Meginbreytingin er þó sú að framlög færast frá bóknámi til verknáms og frá skólum með slaka nýtingu á kennslukröftum til þeirra sem eru með betri nýtingu. Að öðru jöfnu leiðir 1% betri nýting á hreinum bóknámsáföngum til þess að losnar um 36 m.kr.

útgjöld. Meðalútgjöld á ársnemanda í dagskóla án sérverkefna er áætlað 515 þús.kr. en þau voru 501 þús.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og nemur hækkunin 2,8%.

	Reiknuð nemanda-ígildi 2001	Áætluð nemanda-ígildi 2001	Áætluð nemanda-ígildi 2002	Áætluð nemanda-ígildi 2003	% bók-náms	Gjöld á lið 1.01, m.kr.	Þús. kr. á nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	742	750	750	747	97,8	313,8	420
Menntaskólinn á Akureyri	532	561	600	600	97,7	267,6	446
Verslunarskóli Íslands	1.016	1.050	1.060	1.090	97,6	435,6	400
Menntaskólinn við Sund	709	701	672	672	97,2	285,4	425
Kvennaskólinn í Reykjavík	504	513	501	503	96,7	216,6	431
Menntaskólinn við Hamrahlíð	931	924	858	858	96,4	374,6	437
Menntaskólinn á Egilsstöðum	287	232	264	264	95,6	136,6	517
Framhaldsskólinn á Húsavík	103	136	120	119	95,0	76,4	642
Framhaldsskólinn á Laugum	94	69	95	95	94,8	64,5	679
Menntaskólinn á Laugarvatni	130	130	130	130	94,7	87,3	672
Flensborgarskóli	518	501	512	514	93,6	236,4	460
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	540	512	489	489	91,2	219,9	450
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	85	78	63	63	89,9	48,3	767
Fjölbrautaskólinn Ármúla	762	657	658	658	88,9	304,3	462
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	330	385	352	353	88,5	183,5	520
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	196	198	201	201	88,2	116,9	582
Menntaskólinn í Kópavogi	904	864	874	874	87,8	436,4	499
Fjölbrautaskóli Suðurlands	681	706	693	695	87,4	343,8	495
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	595	621	606	607	86,3	297,7	490
Menntaskólinn á Ísafirði	225	227	236	237	82,6	142,9	603
Fjölbrautaskóli Vesturlands	520	525	536	538	81,4	282,0	524
Verkmenntaskólinn á Akureyri	793	905	990	990	78,6	542,7	548
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	55	80	77	78	78,6	58,3	747
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	994	1.131	1.028	1.028	78,2	522,4	508
Verkmenntaskóli Austurlands	114	122	132	132	73,4	100,8	764
Borgarholtsskóli	607	583	695	697	71,7	420,7	604
Vélskóli Íslands	153	150	153	152	66,8	104,0	684
Iðnskólinn í Reykjavík	1.240	1.322	1.296	1.295	45,2	839,6	648
Iðnskólinn í Hafnarfirði	388	372	393	437	44,5	329,4	754
Framhaldsskólar almennt, óskipt		240	190	170		87,2	513
Samtals	**14.748**	**15.245**	**15.224**	**15.286**	**82,7**	**7.875,6**	**515**

Á viðfangsefni *1.09 Önnur verkefni* hjá viðkomandi skólum er áætlað fyrir ýmsum sérverkefnum þeirra. Stærstu sérverkefnin eru rekstur heimavista fyrir u.þ.b. 806 nemendur og rekstur kvöldskóla með u.þ.b. 770 ársnemendum. Útgjöld eru áætluð 7.955 m.kr. að frádregnum sértekjum. Framlag eykst að raungildi um 119 m.kr. og eru skýringarnar helstar þær að 65 m.kr. eru millifærðar af viðfangsefni *101 Almennur rekstur* vegna annarra rekstrargjalda kvöldskóla og 46 m.kr. færðar milli viðfangsefna á fjárlagaliðum Iðnskólans í Hafnarfirði og Verslunarskóla Íslands vegna leigu á húsnæði skólanna og reiknilíkanið tekur ekki til en það er kostnaður við fjárbindingu og greiðsla virðisaukaskatts.

Frekari upplýsingar um hlutverk, verkefni og þjónustu framhaldsskólanna eru í *Verkefnavísum 2003*.

318 ***Framhaldsskólar, stofnkostnaður.*** Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 492 m.kr. sem er 196 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætluð framlög til framkvæmda árið 2003:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003
Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	50,0
Sjómannaskólahús, endurbygging	40,0
Menntaskólinn í Reykjavík	20,0
Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör á samningum	50,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	10,0
Verkmenntaskólinn á Akureyri, samningur	70,0
Sjálfseignarstofnunin Lundur, samningur um heimavist við Menntaskólann á Akureyri	15,0
Framhaldsskólinn á Laugum, sundlaug	10,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	20,0
Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, uppgjör á samningum	10,0
Framhaldsskólar á Suðurlandi og Reykjanesi, óskipt	97,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	50,0
Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbygging	40,0
Tæki og búnaður, óskipt	10,0
Samtals	**492,0**

Áætlað er fyrir greiðslum vegna gildandi samnings um framkvæmdir við Verkmenntaskólann á Akureyri og væntanlegra viðbótarsamninga sem ráðgert er að standi næstu þrjú ár. Áætlað er að leggja samtals 30 m.kr. til byggingar nemendagarða á vegum Sjálfseignarstofnunarinnar Lundar á Akureyri á tveimur árum. Viðræður standa yfir vegna samninga um framkvæmdir við Framhaldsskóla Vesturlands, Framhaldsskólann á Laugum, Menntaskólann á Egilsstöðum og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Undirbúningur vegna samninga um framkvæmdir við framhaldsskóla á Suðurlandi, Reykjanesi og í Reykjavík er skemmra kominn en að honum er unnið. Vegna þess hversu kostnaðarsamra endurbóta Sjómannskólahús og hús Menntaskólans á Laugarvatni og Menntaskólans í Reykjavík þarfnast var ákveðið að umsjón með viðhaldi þeirra skóla færðist ekki til Fasteigna ríkissjóðs eins og gildir um annað skólahúsnæði. Áætlað er fyrir samtals 100 m.kr. til endurbóta þessara húsa.

319 ***Framhaldsskólar, almennt.*** Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 814 m.kr. sem er 89,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Helstu breytingar eru sem hér segir: Tímabundið 40 m.kr. framlag á *1.11 Sameiginleg þjónusta* vegna samnings um smíði upplýsingakerfisins Innu fyrir framhaldsskóla fellur niður. Kerfið hefur verið tekið í notkun en í því

verður haldið utan um námsframboð, skipulag náms, skráningu nemenda, stundatöflu- og prófatöflugerð, námsferil og einkunnir, upplýsingar um húsnæði, starfsmanna-upplýsingar o.fl. Framlag á viðfangsefni *1.14 Sérkennsla* eykst um 20 m.kr. og nemur 298,8 m.kr. Framhaldsskólar sækja um framlag til kennslu- og stuðningsstarfa af liðnum til menntamálaráðuneytisins en bera sjálfir annan kostnað. Fatlaðir nemendur í framhaldsskólum eru 338, þar af 248 í sérdeildum sem starfræktar eru við 17 skóla. Kennt er samkvæmt námskrá á þrenns konar starfsbrautum og tekur námið fjögur ár. Tvö síðustu árin eru nemendur búnir undir störf í atvinnulífinu. Þjónusta framhaldsskóla við fatlaða nemendur hefur aukist verulega á síðustu árum og er svo komið að flestir sem eru fatlaðir og á framhaldsskólaaldri sækja skólana hvernig sem fötlun þeirra er háttað og stunda nám í fjögur ár. Framlag til Viðskipta- og tölvuskólans á samnefndum viðfangsefnalið í fjárlögum að fjárhæð 43,1 m.kr. fellur niður þar sem samningur við skólann rann út í haust. Sama er að segja um 37,7 m.kr. framlag til Framkvæmdar nýrrar skólastefnu á samnefndum viðfangsefnalið í fjárlögum sem þar með fellur út. Á viðfangsefni *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* fellur niður 55 m.kr. framlag sem ætlað var til að gera samning um að Hraðbrautarskólinn hæfi rekstur haustið 2002. Miðað er við að skólinn hefji rekstur haustið 2003 og að kostnaður verði greiddur af geymdri fjárveitingu frá árinu 2001. Framlag á það viðfangsefni hækkar um 39 m.kr. til að mæta óvissum nemendafjölda og nemur 87,2 m.kr. Það samsvarar útgjöldum vegna um það bil 170 nemenda. Miðað er við að menntamálaráðuneytið færi framlög af fjárlagalið framhaldsskóla sem á vegna breyttra nemendaforsendna að fá lægra framlag en áætlað er fyrir á lið hans yfir á þennan viðfangsefnalið og á sama hátt af liðnum yfir á skóla sem á að fá hærra framlag.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	151,3	142,4	147,0	3,2	-2,8
Námsgagnastofnun	297,1	320,3	326,2	1,8	9,8
Samtals	**448,4**	**462,7**	**473,2**	**2,3**	**5,5**

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 513 m.kr. og hækka um 1,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Annars vegar hækka útgjöld á viðfangefni *1.35 Samræmd próf* um 4 m.kr. vegna fjölgunar samræmdra prófa í 10. bekk grunnskóla úr fjórum í sex. Áætlað er að kostnaður vegna trúnaðarmanna í skólum verði um 10 m.kr. á næsta ári. Hins vegar fellur niður tímabundið

2,7 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni* vegna m.a. könnunar sem fram fór á ljósrituðu efni í grunn- og framhaldsskólum í samræmi við samning við samtök höfundarréttarhafa.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.420,0	2.550,0	2.898,0	13,6	19,8
Jöfnun á námskostnaði	414,7	478,3	484,5	1,3	16,8
Samtals	**2.834,7**	**3.028,3**	**3.382,5**	**11,7**	**19,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 3.382,5 m.kr. og hækkar um 354,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helsta skýringin er sú að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eykst um 445 m.kr. vegna fjölgunar lánþega, aukinna lána til skólagjalda á Íslandi, minni tekjuhækkunar námsmanna milli ára en áður var áætlað og hækkunar á framfærslugrunni umfram verðlagsþróun milli áranna 2002 og 2003. Á móti kemur 97 m.kr. lækkun vegna styrkara gengis íslensku krónunnar en fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir.



Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 901–919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 976 Menningarsjóður; 977 Höfundarréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingarsjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir framlög. Liðurinn 908 Kvikmyndasafn Íslands var áður viðfangsefni Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndamiðstöð Íslands hét áður Kvikmyndasjóður. Húsafriðunarnefnd hét áður Húsafriðunarsjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	-	30,0	39,9	33,0	-
Þjóðminjasafn Íslands	248,6	226,6	219,0	-3,4	-11,9
Þjóðskjalasafn Íslands	96,4	115,6	118,7	2,7	23,1
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	413,9	379,6	443,1	16,7	7,1
Listasafn Einars Jónssonar	5,1	10,1	10,1	0,0	98,0
Listasafn Íslands	75,7	85,9	88,1	2,6	16,4
Kvikmyndasafn Íslands	33,5	18,2	43,7	140,1	30,4
Blindrabókasafn Íslands	44,0	50,8	52,2	2,8	18,6
Safnasjóður	-	58,0	58,0	0,0	-
Söfn, ýmis framlög	124,7	99,5	35,5	-64,3	-71,5
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	358,9	349,0	380,3	9,0	6,0
Ríkisútvarpið	1.937,7	2.155,0	2.171,0	0,7	12,0
Íslenski dansflokkurinn	74,7	63,6	65,3	2,7	-12,6
Þjóðleikhús	436,7	454,3	468,8	3,2	7,4
Sinfóníuhljómsveit Íslands	210,8	238,0	250,0	5,0	18,6
Menningarsjóður	11,8	13,0	13,0	0,0	10,2
Höfundarréttargjöld	81,5	67,0	67,0	0,0	-17,8
Listasjóðir	237,9	246,9	254,3	3,0	6,9
Húsafriðunarnefnd	42,8	57,5	40,5	-29,6	-5,4
Listskreytingasjóður	10,2	8,0	8,0	0,0	-21,6
Kvikmyndamiðstöð Íslands	265,5	305,7	331,0	8,3	24,7
Listir, framlög	374,3	443,1	509,5	15,0	36,1
Samtals	**5.084,7**	**5.475,4**	**5.667,0**	**3,5**	**11,5**

Heildarútgjöld málefnaflokksins nema 5.956,1 m.kr. Að frádregnum 289,1 m.kr. sértekjum nema útgjöld 5.667 m.kr. og eru þau fjármögnuð með 3.496 m.kr. ríkisframlagi og innheimtu á 2.171 m.kr. ríkistekjum. Heildarútgjöld hækka um 140 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru 46 m.kr. aukin framlög til Íslensku óperunnar samkvæmt samningi þar að lútandi, 45 m.kr. vegna nýrra laga um skylduskil safna og laga um Kvikmyndasafn, 45 m.kr. til undirbúnings fyrir byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík, 36 m.kr. til reksturs Þjóðminjasafnsins, 25 m.kr. vegna kostnaðar við aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, 25 m.kr. áfangahækkun til eflingar kvikmyndagerðar, 16 m.kr. vegna aukinna tekna af afnotagjöldum Ríkisútvarpsins. Aðrar hækkanir nema samtals 95 m.kr. Á móti kemur að tímabundin framlög að fjárhæð samtals 193 m.kr. falla niður, mest til ýmissa styrkja.

Hér á eftir verður fjallað um helstu breytingar en nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni stofnana eru í Verkefnavísum 2003, þar á meðal tölulegar upplýsingar um þjónustu sem þær veita.

901 ***Fornleifavernd ríkisins.*** Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 39,9 m.kr. sem er 9 m.kr. hækkun frá fjárlögum umfram launa- og verðlagsbreytingar. Fornleifavernd ríkisins var hluti af Þjóðminjasafni Íslands fram á mitt ár 2001. Áætlað er fyrir 5 m.kr. framlagi til að stofna fornleifasjóð skv. 24. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001. Úthlutunarreglur hafa verið settar og skal stjórn sjóðsins úthluta styrkjum til rannsókna, varðveislu auk annarra verkefna. Miðað er við að sjóðurinn sinni einungis brýnum verkefnum á sviði fornleifavörslu sem Kristnihátíðarsjóður gerir ekki og að starfsemi Fornleifasjóðs verði endurskoðuð þegar framlög til Kristnihátíðarsjóðs falla niður. Einnig er áætlað fyrir 4 m.kr. hækkun á framlagi vegna reksturs umdæma minjavarða.

902 ***Þjóðminjasafn Íslands.*** Útgjöld safnsins eru áætluð 219 m.kr. sem er 18,9 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum eru helstu breytingar þær á viðfangsefni *101 Þjóðminjasafn Íslands* að framlag hækkar um 36 m.kr. vegna reksturs starfseminnar við Suðurgötu í Reykjavík eftir að endurnýjun húsnæðisins lýkur. Þá er veitt 10 m.kr. framlag vegna skráningar gagna safnsins í upplýsingakerfið Sarp en vinnan fer fram í fjarvinnslu en það er 1 m.kr. hækkun milli ára. Á móti kemur að niður fellur tímabundið 6 m.kr. framlag vegna Reykholtsrannsókna og 4 m.kr. tímabundið framlag vegna skráningar á málverkasafni um íslenska sjávarhætti. Á viðfangsefnalið *110 Byggða- og minjasöfn* falla niður tímabundnar fjárveitingar til eftirfarandi verkefna: 8 m.kr. til að halda áfram rannsóknum og kynningu á Gásakaupstað, 7 m.kr. til endurbyggingar Norska hússins í Stykkishólmi, 7 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar Vatneyrarbúðar á Patreksfirði, 3 m.kr. til undirbúnings safnahúss í Garðinum, 2 m.kr. til að standa undir kostnaði við frágang umhverfis Glaumbæ í Skagafirði og 2 m.kr. til bátasafns í Stykkishólmi. Að lokum falla niður tímabundin framlög til tveggja verkefna á sérstökum viðfangsefnaliðum: 7 m.kr. til að standa straum af byggingarkostnaði Samgöngusafns Íslands í Skógum og 4 m.kr. til áframhaldandi viðhalds og endurbyggingar á Kútter Sigurfara.

905 ***Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.*** Útgjöld safnsins eru áætluð 513,7 m.kr. sem er 53 m.kr. hækkun umfram launa- og verðlagsþróun. Í fyrsta lagi aukast framlög um 20 m.kr. í framhaldi af nýsamþykktum lögum um skylduskil til safna. Þar af er gert ráð fyrir að 8 m.kr. verði varið til búnaðarkaupa. Í umsögn um kostnaðarmat við frumvarp til laganna er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður verði um 34–53 m.kr. og stofnkostnaður að lágmarki 35–46 m.kr. sem falli á nokkrar stofnanir. Miðað er við að þær áætlanir sem lagðar voru til grundvallar kostnaðarmati verði endurskoðaðar til að gera þær nákvæmari. Í öðru lagi hækkar framlag um 25 m.kr. vegna kostnaðar við opinn aðgang landsmanna að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á Netinu. Í þriðja og síðasta lagi hækkar framlag um 8 m.kr. vegna reksturs varaeintakasafns safnsins sem geymt er að Reykholti í Borgarfirði.

908 Kvikmyndasafn Íslands. Á þessum lið er áætlað fyrir rekstri Kvikmyndasafns Íslands sem er ný stofnun samkvæmt kvikmyndalögum sem öðlast gildi 1. janúar 2003. Útgjöld eru áætluð 43,7 m.kr. Kvikmyndasafnið var áður deild í Kvikmyndasjóði. Af þessu tilefni er millifærð á þennan nýja fjárlagalið 18,2 m.kr. fjárheimild af *981-102 Kvikmyndasafn* í fjárlögum. Að auki hækkar rekstrarframlag um 10 m.kr. og stofnkostnaðarframlag um 15 m.kr. bæði vegna kostnaðar við kvikmyndalög og ný lög um skylduskil til safna. Talið er að bæði lögin leiði til 40–49 m.kr. tímabundins stofnkostnaðar vegna kvikmyndamála og 19–35 m.kr. hækkunar á árlegum rekstrarkostnaði kvikmyndamála frá því sem nú er. Miðað er við að þær áætlanir sem lagðar voru til grundvallar kostnaðarmati verði endurskoðaðar til að gera þær nákvæmari.

919 Söfn, ýmis framlög. Framlag á fjárlagaliðinn nemur 35,5 m.kr. og lækkar um 64 m.kr. vegna þess að tímabundin framlög falla niður. Viðfangsefnaliður *190 Söfn, ýmis framlög* hækkar um 10 m.kr., annars vegar tímabundið um 4 m.kr. í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn, þar sem ákveðið er að ríkissjóður styrki tölvuvæðingu almenningsbókasafna með 4 m.kr. framlagi í fimm ár, samtals 20 m.kr. Þegar hafa verið veittar 16 m.kr. til verksins og er lokaframlag veitt á árinu 2003. Hins vegar er veitt 6 m.kr. framlag vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að tilnefna íslenska staði á heimsminjaskrá UNESCO. Sótt verður um að Skaftafell og Þingvellir fari á heimsminjaskrána. Útbúa þarf umsóknir, m.a. með gerð gróðurkorta, loftljósmynda, lögfræðilegra greinargerða, skráningu fornleifa o.fl. Á móti kemur að eftirtalin tímabundin framlög, samtals að fjárhæð 74 m.kr., falla niður: 7 m.kr. til frekari uppbyggingar Sögusetursins á Hvolsvelli, 7 m.kr. til uppbyggingar Galdrasýningar á Ströndum, 7 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar á húsnæði Hvalamiðstöðvar á Húsavík, 7 m.kr. til uppbyggingar Sögusafnsins í Reykjavík, 7 m.kr. til Síldarminjasafnsins á Siglufirði, 7 m.kr. til Safnahússins í Búðardal, 6 m.kr. til byggingar safnahúss í Neðstakaupstað á Ísafirði, 4 m.kr. vegna endurbyggingar vélbátsins Blátinds í Vestmannaeyjum, 4 m.kr. til Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystri, 4 m.kr. til framkvæmda við endurbyggingu Tryggvaskála, 3,5 m.kr. til viðgerða á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði, 3,5 m.kr. til viðgerða á vélbátnum Gesti, Ísafirði, 3 m.kr. til undirbúnings Saltfiskseturs Íslands í Grindavík, 3 m.kr. til uppbyggingar Brydebúðar og að lokum 1 m.kr. til viðgerða á flutninga- og uppskipunarbátnum Friðþjófi á viðfangsefnalið Sjóminjasafns Íslands

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Útgjöld Endurbótarsjóðs menningarstofnana eru áætluð 335 m.kr. eins og í fjárlögum 2002. Þar sem lög um sérstakan eignarskatt sem rann til endurbóta menningarbygginga hafa verið felld úr gildi fær hann framlag úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að fjárhæðinni verði skipt á eftirfarandi hátt en samkvæmt lögum er það stjórn sjóðsins sem ákveður endanlega úthlutun.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003
Þjóðminjasafn Íslands, endurbygging Þjóðminjasafnshúss	210,0
Þjóðminjasafn Íslands, endurbætur gamalla húsa í vörslu safnsins	55,0
Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	25,0
Þjóðskjalasafn Íslands	10,0
Þjóðleikhús, endurbætur	10,0
Listasafn Íslands	10,0
Viðhald, óskipt	15,0
Samtals	**335,0**

Viðamesta verkefnið er endurbætur á Þjóðminjasafnshúsi og er áætlað að verja 210 m.kr. til þess sem er álíka fjárhæð og í fjárlögum 2002. Talið er að það kosti um 300 m.kr. að ljúka endurbótunum, lóðafrágangi, búnaðarkaupum ásamt hönnun og uppsetningu fastrar sýningar.

Á nýjum viðfangsefnalið *6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík* er áætlað fyrir 45,3 m.kr. framlagi til að mæta kostnaðarhlutdeild ríkisins við hönnun og annan undirbúning fyrir byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík. Miðað er við að um einkaframkvæmd verði að ræða og að Reykjavíkurborg greiði 46% af kostnaðinum en ríkissjóður 54%. Gert er ráð fyrir að næstu árin verði heildarkostnaður beggja aðila við undirbúninginn 238 m.kr. og skiptist þannig á ár:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun
Árið 2002: Verkefnisstjórn, gerð útboðsgagna og forval	89,0
Árið 2003: Verkefnisstjórn, útboð og greiðsla til bjóðenda	84,0
Árið 2004: Verkefnisstjórn, hönnunarrýni og eftirlit	25,0
Árið 2005: Verkefnisstjórn, hönnunarrýni og eftirlit	20,0
Árið 2006: Verkefnisstjórn, hönnunarrýni og eftirlit	20,0
Samtals	**238,0**

Á móti kemur að tímabundið framlag, 7 m.kr., til Kaupvangs á Vopnafirði og sömuleiðis 7 m.kr. til Duushúsa í Reykjanesbæ fellur niður.

971 Ríkisútvarpið. Framlag til Ríkisútvarpsins vegna tekna af afnotagjöldum sem innheimt eru samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, er áætlað 2.171 sem er 16 m.kr. hækkun vegna 0,8% fjölgunar greiðenda afnotagjalda milli ára. Í forsendum fjárlaga 2002 var gert ráð fyrir 7% hækkun afnotagjalda 1. janúar 2002 sem ríkisstjórnin ákvað að fresta en bæta stofnuninni tekjutapið á árinu 2002 með 140 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag ríkisins til reksturs hljómsveitarinnar nemur 250 m.kr. og hækkar um 12 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana er framlag aukið um 5,6 m.kr. til að mæta kostnaði við endurnýjaðan leigusamning sem gerir ráð fyrir auknum afnotum af Háskólabíói.

979 Húsafriðunarnefnd. Útgjöld Húsafriðunarnefndar eru áætluð 40,5 m.kr. Nefndin starfar samkvæmt lögum nr. 104/2001, um húsafriðun, og er ráðgefandi um húsafriðun og veitir styrki úr húsafriðunarsjóði. Eftirfarandi tímabundin stofnkostnaðarframlög, samtals að fjárhæð 17 m.kr., falla niður: 7 m.kr. til viðgerða á gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði, 4 m.kr. til endurbóta á Syðstabæjarhúsinu í Hrísey, 2 m.kr. til endurbóta á Pakkhúsinu í Borgarbyggð, 2 m.kr. til endurbyggingar gamla kaupfélagshússins á Breiðdalsvík, 1 m.kr. til að endurhlaða Hraunsrétt í Aðaldal, 1 m.kr. til að ljúka viðgerðum á gömlum beitiskúr á Grenivík.

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Kvikmyndamiðstöð tekur við hlutverki Kvikmyndasjóðs samkvæmt kvikmyndalögum sem taka gildi 1. janúar 2003. Áætlað er fyrir 331 m.kr. framlagi til miðstöðvarinnar, þar af eru 12,2 m.kr. ætlaðar til reksturs en 318,8 m.kr. til styrkja. Tvennt skýrir breytingar umfram launa- og verðlagshækkun. Annars vegar hækkar framlag um 25 m.kr. í samræmi við samkomulag við samtök í íslenskri kvikmyndagerð um að myndaður verði 100 m.kr. sjóður á fjórum árum til að styðja við gerð stuttmynda, hreyfimynda og heimildamynda þar sem Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur verið lagður niður. Í fjárlögum 2001 voru veittar 25 m.kr., á fjárlögum 2002 50 m.kr., fjárhæðin hækkar í 75 m.kr. árið 2003 og í 100 m.kr. árið 2004. Hins vegar lækkar framlag um 18,2 m.kr. vegna reksturs á *908 Kvikmyndasafni Íslands* sem flyst á nýjan fjárlagalið.

982 Listir, framlög. Framlög á liðinn nema 509,5 m.kr. sem er hækkun um 66,4 m.kr. *1.15 Þýðingarsjóður* fær 1 m.kr. hækkun svo unnt sé að framfylgja 2 gr. laga nr. 35/1981, um þýðingarsjóð, um lágmarksframlag. *1.30 Íslenska óperan* fær 49,4 m.kr. hækkun í samræmi við samning við menntamálaráðuneytið um óperustarfsemi sem gildir til ársloka 2005. Samkvæmt honum nemur árlegt framlag 130 m.kr. árin 2003–2005 auk verðlagsuppfærslu og nemur framlag ársins 2003 samkvæmt því 156,5 m.kr. Greitt er fyrir uppfærslu á tveimur nýjum óperum auk annaðhvort barnaóperu eða endurflutnings á einni óperu. *1.43 Samningur við Sveitarfélög á Austurlandi um* menningarmál fær 9 m.kr. hærra framlag vegna rekstrarkostnaðar menningarmiðstöðva á Austurlandi. Tímabundið 17 m.kr. stofnkostnaðarframlag til menningarmiðstöðvanna, sem veitt var í fjárlögum 2002, fellur niður. *1.55 Menningarkynning í Frakklandi* er nýr viðfangsefnaliður með 10 m.kr. tímabundið framlag vegna undirbúnings fyrir menningarkynningu sem fram fer í Frakklandi árið 2004. Áætlað er að verkefnið kosti samtals 40

m.kr. *1.80 Listahátíð í Reykjavík* lækkar um 12 m.kr. þar sem árið 2003 er ekki listahátíðarár en á móti kemur að veitt er 3 m.kr. eins árs framlag vegna Listahátíðar í Reykjavík árið 2002. Framlag til *1.84 Samningur við Menningarborgarsjóð* hækkar um 10 m.kr. og er sjóðnum þar með ætlað að styrkja listviðburði sem efla menningartengda ferðaþjónustu. *1.90 Listir* fær 1 m.kr. hækkun sem gengur til þjóðbúningaráðs sem stofnað var í kjölfar þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti 10. mars 1999. Ráðinu er m.a. ætlað að veita ráð og leiðbeiningar um gerð þjóðbúninga. Viðfangsefnið *1,91 Menningarstofnanir, óskipt* hækkar um 12 m.kr. og verður framlag þá 19,5 m.kr. Því er ætlað að mæta ófyrirséðum útgjöldum menningarstofnana ríkisins.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 995 Tungutækni; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt. Liðurinn Tungutækni fékk fjárveitingu í fjárlögum 2001 en ekki árið 2002.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarskertra	27,5	22,8	25,5	11,8	-7,3
Kvikmyndaskoðun	10,2	8,8	9,0	2,3	-11,8
Ýmis fræðistörf	48,9	38,5	35,0	-9,1	-28,4
Norræn samvinna	14,6	14,5	13,0	-10,3	-11,0
Æskulýðsmál	55,0	88,4	71,4	-19,2	29,8
Ýmis íþróttamál	181,5	213,2	196,6	-7,8	8,3
Tungutækni	11,6	0,0	15,0	-	29,3
Íslenska upplýsingasamfélagið	166,4	147,0	98,5	-33,0	-40,8
Ýmislegt	95,8	60,4	37,6	-37,7	-60,8
Samtals	**611,5**	**593,6**	**501,6**	**-15,5**	**-18,0**

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 501,6 m.kr. og lækka um 95,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 15 m.kr. meiri stuðningi við afrekslið í hópíþróttum og 13 m.kr. hækkun á framlagi til Vetraríþróttamiðstöðvar á Akureyri. Á móti kemur að framlög að fjárhæð 123 m.kr. falla niður. Þar af eru 43 m.kr. tímabundin framlög til ýmissa annarra verkefna, 46,5 m.kr. vegna hagræðingar en þar af voru 4 m.kr. veittar Iðnsögu Íslands á lið *983 Ýmis fræðistörf* og 1,5 m.kr. veittar *984 Norrænni samvinnu* og að lokum 33,5 m.kr. vegna upplýsingatæknimála.

988 Æskulýðsmál. Framlag til *1.12 Ungmennafélag Íslands* lækkar um 10 m.kr. Þá fellur niður tímabundinn rekstrarstyrkur 3 m.kr. til landsmóts skáta 2002 á viðfangsefnalið *1.13 Bandalag Íslenskra skáta* og tímabundið 4 m.kr. framlag til KFUM og KFUK í Reykjavík á viðfangefnalið *1.17 Landssamband KFUM og KFUK.*

989 Ýmis íþróttamál. Framlag til styrkja á þennan fjárlagalið nemur 196,6 m.kr. og lækkar um 16,6 m.kr. Rekstrarframlag til *1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* nemur 5,8 m.kr. og hækkar um 3 m.kr. vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á samkomulagi við Akureyrarbæ um fjárframlög vegna reksturs og uppbyggingar miðstöðvarinnar. Á *6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* er áætlað fyrir 20 m.kr. stofnkostnaðarframlagi sem er 10 m.kr. hækkun. Gildandi samkomulag er fyrir tímabilið 1998–2002 og nam stofnkostnaðarframlag alls 50 m.kr. á þeim tíma. Áætlað er fyrir 15 m.kr. hækkun á framlagi á viðfangsefni *1.29 Afreksmannasjóður* til stuðnings við afrekslið í hópíþróttum til þátttöku í fjölþjóðlegum mótum. Alls nemur framlag á liðinn 25 m.kr. Eftirfarandi tímabundin framlög að fjárhæð samtals 31 m.kr. falla niður: 2 m.kr. *1.21 Skáksamband Íslands*; 5 m.kr. framlag til undirbúnings unglingalandsmóts UMFÍ árið 2002 á viðfangsefnalið *1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi.* Eftir stendur tímabundið 5 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2001 og í fjárlögum 2002. Samtals voru veittar 15 m.kr. í verkefnið, þ.e. 5 m.kr. á árinu 2001 og 10 m.kr. árið 2002; 10 m.kr. á lið *1.24 Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, landsmót ungmennafélaga 2004*; 7 m.kr. til *6.45 Gaddastaðir, reiðskemma* og að lokum 7 m.kr. til *6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði.* Vegna breyttrar forgangsröðunar fellur framlag til skólaíþrótta niður en í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað fyrir 3 m.kr. útgjöldum til viðfangsefnisins. Af þeirri fjárhæð er 1 m.kr. færð yfir á *1.90 Ýmis íþróttamál* til að mæta að hluta til sömu útgjöldum. Af sömu ástæðu er lagt til að fjárframlag til *1.30 Bridgesamband Íslands* verði lækkað um 7 m.kr. og nemur framlagið þá 3 m.kr.

995 Tungutækni. Áætlað er fyrir 15 m.kr. tímabundnu framlagi til verkefna á sviði tungutækni. Veittar voru 64,5 m.kr. til verkefnanna í fjárlögum 2001 en ekki var veitt fé til þeirra árið 2002.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Sérstakt framlag lækkar um 19 m.kr. til viðbótar við þær 29,5 m.kr. sem það lækkaði um skv. 7. gr. gildandi fjárlaga þannig að það nemur 28 m.kr. í frumvarpinu. Mótframlag menntamálaráðuneytisins er óbreytt, 70,5 m.kr., og því alls áætlað fyrir 98,5 m.kr. framlagi á þennan lið. Framlagið skiptist þannig að 12 m.kr. eru ætlaðar til uppbyggingar á fjarvinnu á Menntagátt, 9 m.kr. til dreifmenntunar í dreifbýli, 8 m.kr. til háskólanáms á

Netinu, 7 m.kr. til menntunarmála fatlaðra, 10 m.kr. til Menningargáttar á landsbyggðinni, 10 m.kr. til að koma á háhraðatengingu við landsbyggðastofnanir á fjarkennsluneti, 20 m.kr. til uppbyggingar Menntagáttar, sbr. samþykkt ríkisstjórnar 1. mars 2002, 15 m.kr. til fartölvuverkefna og 7,5 m.kr. til ráðstefnunnar UT2003.

999 Ýmislegt. Vegna breyttrar forgangsröðunar lækkar viðfangsefnaliður *1.90 Ýmis framlög* um 23 m.kr. og nemur framlag á liðinn þá 2,4 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.399,0	3.594,9	3.000,9	-17	-12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.047,3	1.484,0	1.930,5	30	84
Stofnkostnaður og viðhald	518,4	116,8	234,0	100	-55
Samtals	**4.964,7**	**5.195,7**	**5.165,4**	**-1**	**4**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	4.371,8	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	793,6	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**5.165,4**	-	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 5.346,4 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 181 m.kr. en þær nema 3,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.165,4 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.371,8 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 793,6 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.000,9 m.kr. og lækka um 594 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagsbreytinga munar þar mest um niðurfellingu á 243,6 m.kr. tímabundnu framlagi vegna utanríkisráðherrafundar NATO og samstarfsríkja sem haldinn var á Íslandi á yfirstandandi ári. Í annan stað eru felldar niður 478,1 m.kr. af rekstrarframlagi til Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli við að stofnunin færist úr A-hluta fjárlaga í B-hluta fyrirtæki. Loks eykst rekstrarframlag til íslensku friðargæslunnar um 109,9 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 446,5 m.kr. og verður 1.930,5 m.kr. en er 1.484 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Þyngst vegur 508,9 m.kr. tilfærsluframlag ríkistekna Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli sem er veitt áfram til B-hluta í gegnum A-

hluta fjárlaga. Á móti lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 82 m.kr. vegna gengisbreytinga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 234 m.kr. og er það 117,2 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru að gert er ráð fyrir 140 m.kr. tímabundnu framlagi til innréttingar á nýju húsnæði fyrir sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn, auk 23 m.kr. framlags til viðgerða á sendiherrabústaðnum í Brussel. Á móti lækkar viðhalds- og stofnkostnaður um 61,8 m.kr. við flutning Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli úr A-hluta fjárlaga í B-hluta fyrirtæki.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 68,9 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 40 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald í rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	776	768	754	756
Keflavíkurflugvöllur	1.007	951	981	1.037
Sendiráð og fastanefndir	1.702	1.694	1.709	1.724
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	1.443	1.298	1.320	1.343
Útflutningsmál	238	240	242	244
Samtals	**5.166**	**4.951**	**5.006**	**5.104**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka utanríkisráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins Keflavíkurflugvöllur lækki um 6% á milli áranna 2003–2004, en aukist að jafnaði um 4% á ári á árunum 2005 og 2006. Skýrist það af því að framlög vegna sérstakra aðgerða hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, vegna 11. september 2001 breytast og af því að reiknað er með að fjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll taki að vaxa á nýjan leik. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins Þróunarmál og alþjóðastofnanir lækki um 10% á árinu 2004 og skýrist það af því að gert er ráð fyrir að framlag til Þróunarsjóðs EFTA falli niður sem og framlag vegna átaks til lækkunar skulda þróunarríkja, þar sem núverandi átaki er lokið. Að öðru leyfi eru forsendur fyrir langtímaáætluninni þær sömu og kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga 2002.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir utanríkisráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	666,5	722,5	738,8	2,3	10,8
Ýmis verkefni	30,7	275,6	32,5	-88,2	5,9
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**697,2**	**1.003,1**	**776,3**	**-22,6**	**11,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 205,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Heildargjöld nema 738,8 m.kr. og hækka um 16,3 m.kr. frá fjárlögum 2002. Gjöld á viðfangsefni *1.01 Yfirstjórn* hækka um 21 m.kr. og nema 619,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði tímabundin 10 m.kr. hækkun á framlagi vegna formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu sem Ísland gegnir frá september 2002 fram á haust 2004. Í fjárlögum 2002 var veitt 20 m.kr. framlag vegna verkefnisins og var gert ráð fyrir að framlagið hækkaði á árinu 2003 um 10 m.kr. og lækkaði síðan í 20 m.kr. 2004. Heildarkostnaður er áætlaður 70 miljónir króna. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til að leiðrétta rekstrargrunn aðalskrifstofu vegna aukins launakostnaðar. Í þriðja lagi er felld niður 7 m.kr. tímabundin fjárveiting sem veitt var í fjárlögum 2002 í eitt ár vegna samningsbundinnar formennsku Íslands í ráðherraráði EFTA. Á viðfangsefni *102 Varnarmálaskrifstofa* er lagt til að veitt verði 2 m.kr. framlag vegna aukins kostnaðar við framkvæmd varnaræfingarinnar Norður-Víkingur og almannavarnaræfingarinnar Samvörður. Upphafleg fjárveiting vegna æfinganna er 7 m.kr. Í fjórða lagi er lögð til breyting á framsetningu fjárlaga þannig að 10 m.kr. ríkistekjur af lóðarleigu varnarsvæða verða ekki lengur heimfærðar á aðalskrifstofu ráðuneytisins heldur renna þær eftirleiðis í ríkissjóð. Í staðinn eykst fjármögnun með beinni greiðslu úr ríkissjóði sem því nemur. Útgjaldaheimildir aðalskrifstofunnar verða óbreyttar eftir sem áður. Loks er aðalskrifstofunni gert að hagræða í rekstri um 14,3 m.kr. vegna aðhaldsmarkmiða. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags.

190 Ýmis verkefni. Framlag til þessa liðar lækkar um 243,1 m.kr. og verður 32,5 m.kr. Skýrist lækkunin nær eingöngu af því að á viðfangsefni *1.19 Ráðstefnur* er fellt niður 243,6 m.kr. tímabundið framlag vegna utanríkisráðherrafundar NATO og sam-

starfsríkja sem haldinn var á Íslandi í maí 2002. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags.

Keflavíkurflugvöllur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og 211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Breyting verður á framsetningu fjárlaga á þann hátt að rekstur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli flyst til B-hluta ríkisfyrirtækja. Tekjur af lendingargjöldum og vopnaleitargjaldi samkvæmt lögum nr. 60/1998, um loftferðir, verður hins vegar veitt gegnum A-hluta fjárlaga til stofnunarinnar í B-hluta fyrirtæki. Heildargjöld málefnaflokksins nema 1.007,2 m.kr. og lækka um 26,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

*201 **Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.*** Heildargjöld verða 498,3 m.kr. og hækka um 4,8 m.kr. Á viðfangsefni *1.10 Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli* er gerð tillaga um að tímabundið 69,1 m.kr. framlag, sem veitt var í fjárlögum 2002 vegna aukins eftirlits í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001, verði veitt eitt ár í viðbót. Í öðru lagi er er lagt til að veitt verði 11 m.kr. framlag til að fjölga starfsmönnum hjá tollgæslunni. Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli ehf. tók í notkun nýja fraktmiðstöð á flugvellinum á síðasta ári og í kjölfarið hafa aðilar sem sinna hraðflutningaþjónustu flutt starfsemi sína frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar. Þetta hefur haft í för með sér tilflutning tollafgreiðslu frá Tollstjóranum í Reykjavík til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Á viðfangsefni *1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli* er lagt til að tímabundið 22 m.kr. framlag, sem veitt var í fjárlögum 2002 vegna sameiginlegs eftirlits á varnarsvæðum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001, verði veitt eitt ár í viðbót. Loks er 23,2 m.kr. hagræðingarkrafa á rekstur embættisins. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags.

*211 **Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.*** Breyting verður á framsetningu fjárlaga á þann hátt að rekstur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli flyst til B-hluta ríkisfyrirtækja. Við það falla niður fjárheimildir stofnunarinnar í A-hluta að fjárhæð 539,9 m.kr. en á móti hækka tilfærslur til B-hluta um 508,9 m.kr. Áætlað er að ríkistekjur af lendingargjöldum og vopnaleitargjaldi, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 60/1998, um loftferðir, verði samtals 650,5 m.kr á árinu 2003. Þar af er hluti lendingargjalda af tekjunum 506,5 m.kr. og hluti vopnaleitargjaldsins 144 m.kr. Samkvæmt fyrri ákvörðun er 25% af lendingargjöldum haldið eftir í ríkissjóði og notuð til afborgunar á lánum stofnunarinnar eða samtals 126,6 m.kr. Fyrir er 15 m.kr. viðskiptahreyfing á stofnuninni vegna skerðingar á tekjum sem er óbreytt frá fyrra ári. Ríkistekjur stofnunarinnar, sem er veitt áfram til B-hluta, eru því samtals 508,9 m.kr. Nánar er fjallað um fjárreiður Flugmálastjórnar í umfjöllun um B-hluta fyrirtæki.

Sendiráð og fastanefndir

Öll sendiráð og fastanefndir Íslands á erlendri grund tilheyra þessum málefnaflokki. Sendiráð og fastanefndir eru 19 talsins. Heildarframlag til málefnaflokksins nemur 1.701,6 m.kr. og hækkar um 174,4 m.kr. eða 11,4%. Framlag til rekstrar lækkar um 4,6 m.kr. en á móti kemur að framlög til stofnkostnaðar hækka um 179 m.kr. milli ára. Launa- og verðlagsbreytingar lækka rekstrarframlag til málefnaflokksins um 38,3 m.kr. vegna gengisbreytinga.

Helstu breytingar á framlögum til einstakra sendiráða og fastanefnda eru sem hér segir: Hjá sendiráði Íslands í Moskvu er lagt til að framlag hækki um 2,4 m.kr. vegna hækkunar á húsaleigu sendiherrabústaðar og húsnæðis ritara. Hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismanni Íslands í New York er lagt til að veitt verði 9 m.kr. til að fjármagna nýtt stöðugildi hjá fastanefnd Íslands í New York. Fastanefnd var styrkt um einn starfsmann á árinu 2001 en vegna fyrirhugaðs framboðs Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á tímabilinu 2009–2010 þarf af byggja upp starfsemi fastanefndarinnar jafnt og þétt á næstu árum. Hjá sendiráði Íslands í Brussel og Evrópusambandinu fellur niður tímabundin fjárveiting að upphæð 2,5 m.kr. sem veitt var á fjárlögum 2002 vegna samningsbundinnar formennsku Íslands í EFTA og EES. Hjá sendiráði Íslands í Mapútó er lagt til að framlag hækki um 8 m.kr. vegna aukins kostnaðar við opnun sendiráðsins. Upphafleg kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir að kostnaður yrði 17 m.kr. á ári en kostnaður reyndist hærri eftir að sendiráðið var opnað. Loks er hagræðingarkrafa á rekstur sendiskrifstofa og fastanefnda, samtals 9,4 m.kr. Aðrar breytingar á framlögum til einstakra sendiráða og fastanefnda má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Sameiginleg útgjöld á lið *320 Sendiráð almennt* hækka um 199,5 m.kr. milli ára og verða 357,4 m.kr. Framlag til rekstrar hækkar um 20,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 12,1 m.kr. vegna lífeyrisréttinda fyrir maka flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni. Að mati utanríkisráðuneytisins veldur flutningsskylda starfsmanna utanríkisþjónustunnar því að næstum ógjörningur er fyrir maka þeirra að eiga eðlilegan starfsferil og byggja upp sjálfstæð lífeyrisréttindi og því er lagt til að ríkissjóður kaupi lífeyrisréttindi fyrir þá. Í öðru lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 9,9 m.kr. til að koma á starfsþjálfun hjá sendiráðum og fastanefndum Íslands. Undanfarin ár hefur utanríkisráðuneyti auglýst starfsþjálfun hjá fastanefnd í Strassborg, sem frá árinu 2000 hefur tekið við þremur starfsnemum í um 6 mánuði í senn. Lagt er til að í byrjun verði allt að fjórir starfsnemar í starfsþjálfun hjá sendiskrifstofum í um 6 mánuði í senn, samtals því 8 starfsnemar á ári. Í þriðja lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 5 m.kr. vegna fæðingarorlofs karlmanna í utanríkisþjónustunni. Ný lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, munu hafa útgjaldaauka í för með sér fyrir utanríkisþjónustuna sem hlýst af ferða- og flutningskostnaði afleysingarstarfsmanna á starfstöðvar erlendis í stað þess sem er í orlofi. Framlag til viðhalds- og stofnkostnaðar hækkar um 179 m.kr. og það skýrist í fyrsta lagi af því að lögð er til 140 m.kr. tímabundin fjárveiting á árinu 2003 vegna innréttingar á

nýju sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn. Í mars 2000 var tekin ákvörðun af hálfu íslenskra stjórnvalda um að framtíðarhúsnæði íslenska sendiráðsins í Kaupmannahöfn yrði flutt í pakkhús frá árinu 1760 við Grønlands Handels Plads á Norðurbryggju. Endurbygging hússins er samstarfsverkefni Íslendinga, Færeyinga, Grænlendinga og Dana og miðar að því að koma á fót í húsinu menningarmiðstöð, helgaðri menningu landanna. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði tímabundið 23 m.kr. framlag til viðgerða á sendiherrabústaðnum í Brussel. Í þriðja lagi er lögð til 16 m.kr. hækkun á framlagi til viðhalds- og stofnkostnaðar sendiskrifstofa og sendiherrabústaða erlendis. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða auk launa- og verðlagsbreytinga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands í Berlín	67,8	75,1	74,4	-0,9	9,7
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	46,4	47,2	47,2	0,0	1,7
Sendiráð Íslands í London	91,3	88,9	87,3	-1,8	-4,4
Sendiráð Íslands í Moskvu	81,1	79,8	81,1	1,6	0,0
Sendiráð Íslands í Ósló	51,7	50,4	54,7	8,5	5,8
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd	105,0	105,1	104,0	-1,0	-1,0
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	39,9	38,4	39,6	3,1	-0,8
Sendiráð Íslands í Washington	92,6	85,2	78,6	-7,7	-15,1
Fastanefnd og aðalræðismaður í New York	149,7	147,6	143,9	-2,5	-3,9
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB	104,4	106,1	102,7	-3,2	-1,6
Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	77,5	78,1	78,0	-0,1	0,6
Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf	73,4	78,2	79,3	1,4	8,0
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE	39,7	47,5	47,4	-0,2	19,4
Sendiráð Íslands í Peking	76,6	81,1	74,0	-8,8	-3,4
Sendiráð Íslands í Ottawa	62,1	61,3	56,8	-7,3	-8,5
Sendiráð Íslands í Tókíó	54,3	100,8	91,3	-9,4	68,1
Sendiráð Íslands í Helsinki	42,8	50,3	50,1	-0,4	17,1
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	31,7	27,7	27,4	-1,1	-13,6
Sendiráð Íslands í Mapútó	16,1	20,5	26,4	28,8	64,0
Sendiráð, almennt	474,5	157,9	357,4	126,3	-24,7
Samtals	**1.778,6**	**1.527,2**	**1.701,6**	**11,4**	**-4,3**

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	479,7	468,5	468,0	-0,1	-2,4
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	157,3	182,1	181,0	-0,6	15,1
Alþjóðastofnanir	630,3	763,4	793,6	4,0	25,9
Samtals	**1.267,3**	**1.414,0**	**1.442,6**	**2,0**	**13,8**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 1.442,6 m.kr. og hækkar um 28,6 m.kr. Helstu breytingar eru þær að framlag til fjölgunar í íslenskri friðargæslu hækkar um 124 m.kr. og framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hækkar um 50 m.kr. vegna ýmissa þróunarverkefna. Launa- og gengisbreytingar lækka framlag til málefnaflokksins um 74 m.kr., auk breytinga vegna aðhaldsmarkmiða. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag til þessa liðar nemur 468 m.kr. Á stofnkostnaðarviðfangefni *1.11 Þróunaraðstoð* er lagt til að veitt verði 50 m.kr. hækkun á framlagi sem mun m.a. renna til þróunarstarfs í Malaví, Mósambik, Namibíu og Úganda. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða auk launa- og gengisbreytinga.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Framlag til þessa liðar nemur 181 m.kr. og lækkar um 1,1 m.kr. Lagt til að veitt verði 2 m.kr. tímabundið framlag vegna greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar fyrrverandi nemenda Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á ráðstefnu og afmælishátíð vegna 25. starfsárs skólans sem halda á í september 2003. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og gengisbreytinga.

401 Alþjóðastofnanir. Framlag til alþjóðastofnana nemur 793,6 m.kr. og hækkar um 30,2 m.kr. Á viðfangsefni *1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO* er lagt til að veitt verði 1 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að fjármagna þátttöku þróunarríkja í samningaviðræðum á vegum WTO. Sótt er um 1 m.kr. vegna framlaga áranna 2003 og 2004 en framlag ársins 2002 var greitt af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar. Á viðfangsefni *1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)* fellur niður tímabundið framlag, 27,2 m.kr., sem veitt var á fjárlögum 2001, svokallað ESAF-framlag til að styðja fátæk ríki. Á viðfangsefni *1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafarsjóðurinn (IMF)* er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag. Sjóðurinn var

upphaflega stofnaður með samningi 5. mars 1990 til að greiða þóknun einstakra ráðgjafa frá Íslandi sem Alþjóðabankinn ræður til að undirbúa, meta og hafa eftirlit með verkefnum og áætlunum Alþjóðabankans, svo og annarri þeirri starfsemi sem samkomulag kann að verða um. Í fjárlögum 2002 var veitt 15 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til sjóðsins en nú er lagt til að framlagið verði ótímabundið. Á viðfangsefni *1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið* fellur niður 1 m.kr. framlag á fjárlögum 2001 til að kosta þátttöku utanríkisráðuneytisins í samningsbundnu samstarfi um geisla- og kjarnöryggismál og gerð samnings um mælingar á geislun og geislavirkni í andrúmslofti í ríkjum Eystrasaltsráðsins. Gerður hefur verið samningur um samstarfið og annast Geislavarnir ríkisins framkvæmdina fyrir Íslands hönd. Því er talið eðlilegt að fjárveitingin færist á lið *08-327 Geislavarnir ríkisins*. Framlag á viðfangsefni *1.87 Íslensk friðargæsla* hækkar um 109,9 m.kr. og verður 245,4 m.kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um eflingu íslenskrar friðargæslu. Á viðfangsefni *1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja* er lagt til að veitt verði 47 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að standa megi við HIPC-skuldbindingar Íslands um framlag vegna afléttingar á skuldum fátækustu ríkja heims. Í fjárlögum 2001 fékkst 67 m.kr. framlag til tveggja ára til sama verkefnis en nú er lagt til að framlagið verði framlengt um eitt ár og lækki í 47 m.kr. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð er eini liður þessa málefnaflokks. Framlag til þess nemur 237,7 m.kr. og er það jafnt tekjum sem markaðsgjald skilar. Framlagið hækkar um 19,7 m.kr. vegna aukinna tekna af markaðsgjaldi.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.824,9	1.557,6	1.935,2	24	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	8.711,8	8.791,4	8.790,9	0	1
Stofnkostnaður og viðhald	502,7	472,0	548,4	16	9
Samtals	**11.039,4**	**10.821,0**	**11.274,5**	**4**	**2**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	9.913,5	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	1.361,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**11.274,5**	-	-

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 11.789 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 514 m.kr. en þær nema 4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.275 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 9.914 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.361 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.935 m.kr. og hækka um 378 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um að landshlutabundin skógræktarverkefni eru skilgreind nú sem rekstur en voru áður skilgreind sem tilfærslur, að auki hækkar framlag til verkefnanna um 29 m.kr. Framlag til Landgræðslu ríkisins hækkar um 43 m.kr. vegna landgræðsluáætlunar. Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar einnig um 15 m.kr. og loks má nefna 10 m.kr. hækkun hjá Veiðimálastofnun vegna rannsókna á laxi í sjó.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna stendur í stað milli ára og verður 8.791 m.kr. en þó eru nokkrar breytingar á milli fjárlagaliða. Þyngst vegur 240 m.kr. niðurfelling þar sem uppkaupum á greiðslumarki sauðfjár er nú lokið. Á móti kemur 280 m.kr. nýtt framlag til grænmetisframleiðslu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 548 m.kr. og hækkar um 76 m.kr. á milli ára. Stærstu breytingarnar eru framlög til byggingar fjóss á Hvanneyri og til framkvæmda á vegum Hólaskóla.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 40 m.kr. til að mæta kostnaði vegna nýrra verkefna og lagabreytinga. Hagræðingarkrafa skiptist hlutfallslega jafnt á alla rekstarliði ráðuneytisins og stofnana þess. Á móti koma framlög sem alls nema 25 m.kr. til að mæta veikleikum í fjárlagaramma ráðuneytisins, s.s. fjárþörf vegna rekstrarhalla stofn-

ana. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald í rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	261	265	267	269
Landbúnaðarstofnanir	1.119	1.092	1.056	1.065
Skógrækt og landgræðsla	962	1.001	1.040	1.065
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.258	7.165	7.208	7.252
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar	1.675	1.649	1.614	1.604
Samtals	**11.275**	**11.172**	**11.185**	**11.255**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Þó má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til skógræktar og landgræðslu aukist að jafnaði um 3% á ári. Skýrist það einkum af auknum áherslum á þennan málefnaflokk. Framlög til búvöruframleiðslu eru samkvæmt gildandi samningum. Gert er ráð fyrir að mjólkurframleiðsla aukist að jafnaði um 1% á ári til að uppfylla eftirspurn innanlands. Lækkun á málefnaflokknum landbúnaðarstofnanir skýrist af lokum framkvæmda við Hólaskóla og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Framlög og sjóðir lækka vegna niðurfellingar framlaga til átaks í hrossarækt og niðurgreiðslna loðdýrafóðurs.

Skuldbindandi samningar

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök og einkaaðila um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7.324,6 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	3.715,0	3.872,0	3.910,7	3.949,8	
Sauðfjársamningur	B	2.737,0	2.607,0	2.478,0	2.478,0	2.478,0
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	492,1	583,6	578,6	573,6	573,6
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	280,0	280,0	280,0	280,0	280,0
Hestamiðstöð Íslands	B	15,0	15,0	15,0	0,0	0,0
Hrossaræktarfélög, átaksverkefni	B	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Landgræðsluskógar	B	16,0	16,0	20,0	20,0	20,0
Bleikjurækt við Hólaskóla	B	15,7	15,7	15,7	15,7	15,7
Stofnfiskur	B	24,0	24,0	24,0	24,0	24,0
Aksturskostnaður dýralækna	C	8,2	8,2	8,2	8,2	8,2
Norður-Atlanshafslaxveiðinefndin	A	5,9	5,7	5,7	5,7	5,7
Skógræktarfélag Ísland, rekstrarframlag	C	5,7	5,7	5,7	5,7	5,7
Samtals		**7.324,6**	**7.442,9**	**7.351,6**	**7.360,7**	**3.410,9**

Samningar sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 498 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðuneytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 6.812,7 m.kr. Að lokum eru 13,9 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem landbúnaðarráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 7.350 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal helst nefna samning um mjólkurframleiðslu, sem rennur út árið 2005, en samkvæmt ákvæðum hans er farið að huga að gerð nýs samnings. Einnig er bent á að fjöldi samninga um landshlutabundin skógræktarverkefni liggja fyrir en um það bil helmingur framlaga á fjárlögum hverju sinni greiðist til bænda; hinn helmingurinn skiptist á laun starfsmanna og rekstur. Loks má nefna að landbúnaðarráðuneytið hefur umsjón með leigu á um 470 ríkisjörðum til bænda sem greiða til Jarðasjóðs leigu sem nemur um 4% af fasteignamati jarðanna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé ráðherra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	141,2	146,8	171,3	16,7	21,3
Ýmis verkefni	130,1	87,5	83,6	-4,5	-35,7
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**271,3**	**240,3**	**260,9**	**8,6**	**-3,8**

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalaskrifstofa. Alls hækkar liðurinn um 19 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er farið fram á að 8 m.kr. verði varið til að styrkja starfsemi aðalskrifstofu ráðuneytisins og tryggja rekstur þess. Í öðru lagi er lagt er að veitt verði 4 m.kr. framlag til að standa straum af kostnaði við gerð og framkvæmd milliríkjasamninga á sviði landbúnaðarmála. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 2 m.kr. hækkun á fjárveitingu aðalskrifstofunnar vegna hækkunar á húsaleigu og viðhaldi. Húsaleigan rennur til *09-980 Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga* og er gert ráð fyrir sömu hækkun sértekna og útgjalda á þeim lið fjárlaga. Loks er farið fram á 5 m.kr. millifærslu frá *04-190 Framkvæmdanefnd búvörusamninga* yfir á landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofu. Starfsmanni ráðuneytisins hafa verið greidd laun af þessum lið en þau verða hér eftir greidd af lið aðalskrifstofu ráðuneytisins.

190 Ýmis verkefni. Alls lækkar liðurinn að raungildi um 3,6 m.kr. Farið er fram á 5 m.kr. millifærslu frá framkvæmdanefnd búvörusamninga yfir á landbúnaðarráðuneyti aðal-

skrifstofu, eins og áður er getið. Lagt er til að framlag til Skógræktarfélags Íslands hækki um 4 m.kr. Tillagan er í samræmi við nýjan samning félagsins við landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, og er þar gert ráð fyrir 25,7 m.kr. árlegu framlagi í 4 ár eða til ársins 2006. Þar af eru 20 m.kr. vegna Landgræðsluskóga og 5,7 m.kr. rekstarframlag vegna framkvæmdastjórnar. Felldar eru niður 1,5 m.kr. sem ætlaðar voru til verkefnisins Islandica, hestasýningar í Laugardal. Lækkun á liðnum til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er 1,1 m.kr.

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 222 Veiðimálastjóri; 233 Yfirdýralæknir, 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn Hólum í Hjaltadal; 283 Garðyrkjuskóli ríkisins og Hagþjónusta landbúnaðarins. Gjöld málefnaflokksins hækka um 106,6 m.kr. sem skýrist helst af framkvæmdum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Hólaskóla. Breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	196,2	194,5	194,8	0,2	-0,7
Veiðimálastofnun	46,9	42,1	52,0	23,5	10,9
Veiðimálastjóri	14,7	20,3	24,1	18,7	63,9
Yfirdýralæknir	341,6	331,5	345,6	4,3	1,2
Aðfangaeftirlit ríkisins	18,6	19,8	23,9	20,7	28,5
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	147,2	149,1	188,6	26,5	28,1
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	148,1	143,1	175,6	22,7	18,6
Garðyrkjuskóli ríkisins	88,2	95,1	96,1	1,1	9,0
Hagþjónusta landbúnaðarins	15,6	16,5	17,9	8,5	14,7
Samtals	**1.017,1**	**1.012,0**	**1.118,6**	**10,5**	**10,0**

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Alls lækka útgjöld fjárlagaliðar stofnunarinnar að raungildi um 3,6 m.kr. Tímabundið 6 m.kr. framlag vegna verkefnisins Nytjalands fellur niður. Mótframlag stofnunarinnar til *04-996 Íslenska upplýsingasamfélagsins* vegna verkefnisins Nytjalands lækkar úr 7 m.kr. í 4 m.kr. og færist því áður millifært 3 m.kr. mótframlag aftur til stofnunarinnar. Loks lækkar liðurinn um 0,6 m.kr. vegna hagræðingar.

221 Veiðimálastofnun. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag til eins árs vegna rannsókna á gönguleiðum lax í sjó. Rannsóknir þessar byggjast á merkjum sem fest eru við sjógönguseiði en merkin nema staðsetningu seiðanna, hitastig o.fl. í hafinu.

Þá lækkar framlagið um 1 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða. Aðrir liðir skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

222 ***Veiðimálastjóri.*** Fjárlagaliðurinn hækkar um 2,7 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi lækkar áætlun um ríkistekjur af eftirlitsgjaldi fiskeldis- og hafbeitarstöðva um 2 m.kr. Í öðru lagi er farið fram á 5 m.kr. framlag vegna kostnaðar við útgáfu rekstrarleyfis fyrir eldi ferskvatnsfiska samkvæmt breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax og silungsveiði. Upphaflega var gert ráð fyrir að rekstraraðilar greiddu fyrir útgáfu leyfanna samkvæmt gjaldskrá er tæki mið af kostnaði. Frumvarpið breyttist í meðförum Alþingis þannig að fallið var frá þessari gjaldtökuheimild fyrir útgáfu rekstrarleyfa.

233 ***Yfirdýralæknir.*** Alls hækkar fjárlagaliðurinn um 6,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Þar af hækka ríkistekjur, sem einnig koma til hækkunar útgjalda, um 13 m.kr. Tekjur og gjöld vegna matvælaeftirlits hækka úr 15 m.kr. í 22 m.kr. og eftirlitsgjöld vegna heilbrigðiseftirlits sláturafurða hækka frá 64 m.kr. í 70 m.kr. Loks lækka fjárveitingar embættisins um 6,5 m.kr. vegna hagræðingarkröfu.

261 ***Aðfangaeftirlit ríkisins.*** Farið er fram á 3,6 m.kr. fjárveitingu til að mæta veikleikum í rekstri og til að sinna stjórnsýsluverkefnum sem ekki er talið unnt að innheimta þjónustugjöld fyrir.

261 ***Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði.*** Hækkun framlaga að undanskildum launa- og verðlagsbreytingum er 35 m.kr. Lagt er til að veitt verði 35 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til fjósbyggingar á Hvanneyri sem er fjármagnað af hluta söluandvirðis jarðarinnar Straums samkvæmt samkomulagi þar um. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við fjósbygginguna verði um 100 m.kr. og framkvæmdinni verði lokið árið 2004. Það sem á vantar, eða 30 m.kr., greiðist af hagsmunaaðilum. Fjósið sem nú er notað til kennslu og rannsókna á Hvanneyri var byggt árið 1929 og samræmist aðstaðan ekki þeim kröfum sem gerðar eru.

271 ***Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.*** Fjárveitingar til skólans hækka um 29,1 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er lagt til að tímabundið framlag til eins árs vegna viðhalds gamalla bygginga á Hólum verði 22 m.kr. Um er að ræða söluandvirði svonefnds Búshúss, sem selt var til Nemendagarða, sem er sjálfseignarfélag og rekur heimavist nemenda. Í öðru lagi er lagt til 10 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára til stækkunar reiðskemmu en kennsla og rannsóknir í hestamennsku og hrossarækt eru eitt af meginviðfangsefnum skólans. Framlagið er hluti af söluandvirði jarðarinnar Straums. Nauðsynlegt þykir að bæta aðstöðuna til að mæta síaukinni aðsókn í reiðmennsku, fjölgun verkefna og meiri kröfum. Í þriðja lagi millifærist 0,5 m.kr. framlag til *996-561 Íslenska upplýsingasam-*

félagsins vegna fjarkennslu og netrænna ráðgjafa á vegum skólans en alls verður varið 7 m.kr. til verkefnisins árið 2003. Í fjórða lagi lækka framlögin um 2,4 m.kr. vegna hagræðingarkröfu.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins. Lagt er til að framlagið verði lækkað um 1,8 m.kr. vegna rekstrarhagræðingar til að ná útgjaldamarkmiðum.

293 Hagþjónusta ríkisins. Farið er fram á 1 m.kr. framlag til að mæta veikleikum í rekstri stofnunarinnar.

Skógrækt og landgræðsla

Til þess málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 331 Héraðsskógar og 343 Landshlutabundin skógrækt, sem samanstendur af fimm stofnunum. Auk þeirra stofnana ríkisins sem fá framlög á fjárlögum er bent á að undir liðnum *190 Ýmis verkefni* er fært 23,7 m.kr. framlag til Skógræktarfélags Íslands og 4 m.kr. framlag til Gróðurs fyrir fólk í landnámi Ingólfs sem eru bæði frjáls félagasamtök. Sérstaklega er gerð grein fyrir þessum málefnaflokki, stefnu hans og þróun í ritinu Verkefnavísar 2003. Gjöld málefnaflokksins hækka um 77,7 m.kr. sem skýrist af útgjöldum til landgræðsluáætlunar og landshlutabundinnar skógræktar. Aðrar breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	366,3	381,0	444,7	16,7	21,4
Skógrækt ríkisins	219,0	222,3	207,1	-6,8	-5,4
Héraðsskógar	97,1	87,6	89,7	2,4	-7,6
Landshlutabundin skógrækt	181,4	193,2	220,3	14,0	21,4
Samtals	**863,8**	**884,1**	**961,8**	**8,8**	**11,3**

311 Landgræðsla ríkisins. Hækkun framlags umfram launa- og verðlagsbætur er 56,1 m.kr. Þar af er 59,8 m.kr. hækkun í samræmi við landsgræðsluáætlun. Þingsályktun um landgræðslu byggist á fjórum aðalmarkmiðum: í fyrsta lagi að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og koma í veg fyrir frekari eyðingu og landspjöll, í öðru lagi að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf, í þriðja lagi að öll landnýting verði sjálfbær og í fjórða lagi að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig millifærist 4 m.kr. framlag frá liðnum *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnisins Landupplýsingakerfi sem nú er lokið. Loks er gerð 7,7 m.kr. hagræðingarkrafa til reksturs stofnunarinnar.

*321 **Skógrækt ríkisins.*** Liðurinn lækkar um 20,6 m.kr. að raungildi. Þyngst vegur niðurfelling á 15 m.kr. tímabundnu framlagi vegna rannsókna á kolefnisbindingu nýskógræktar og kolefnislosunar skógareyðingar. Að auki lækkar framlagið um 2 m.kr. en árið 2002 var veitt 8 m.kr. framlag til stofnunarinnar til aðlögunar vegna tekjumissis. Plöntusala var ekki lengur heimil samkvæmt úrskurði Samkeppnisstofnunar og lækkar framlagið um 2 m.kr. á ári til ársins 2004. Loks lækka útgjöld um 3,6 m.kr. vegna hagræðingarkröfu.

*343 **Landshlutabundin skógrækt.*** Alls hækkar liðurinn um 23 m.kr. að raungildi. Þar af er 10 m.kr. framlag til Suðurlandsskóga, 10 m.kr. til Norðurlandsskóga, 2,3 m.kr. til Vesturlandsskóga, 2,3 m.kr. til Skjólskóga á Vestfjörðum, 2,3 m.kr. framlag til Austurlandsskóga og 2,3 m.kr. til Héraðsskóga. Á móti kemur 5,7 m.kr. hagræðingarkrafa sem skiptist hlutfallslega jafnt á öll verkefnin. Einnig verður lögð til 20 m.kr. hækkun framlaga til verkefnanna í fjáraukalögum fyrir árið 2002. Landshlutabundin skógrækt er sá fjárlagaliður landbúnaðarmála sem einna mest áhersla hefur verið lögð á undanfarin ár og hefur hækkað að meðaltali frá 1997 um 38% árlega. Markmiðið með verkefnunum er að veita atvinnu, bæta ásýnd og landsskilyrði á landbúnaðarsvæðum og að binda kolefni. Nánari upplýsingar um árangur við bindingu kolefnis og kostnað er að finna í ritinu *Verkefnavísar 2003*. Í myndinni eru sýnd framlög á fjárlögum til verkefnanna að meðtöldum Héraðsskógum.



Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu, 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Gjöld málefnaflokksins hækka um 289,6 m.kr. sem skýrist af nýjum greiðslum til garðyrkjubænda. Breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	3.881,3	4.186,7	4.298,0	2,7	10,7
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	3.138,2	2.781,7	2.680,0	-3,7	-14,6
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	0,0	0,0	280,0	-	-
Samtals	**7.019,5**	**6.968,4**	**7.258,0**	**4,2**	**3,4**

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Alls hækkar liðurinn um 31,4 m.kr. umfram verðlag. Þar af vegur þyngst hækkun greiðslumarks mjólkur úr 104 í 106 milljónir lítra sem eykur beingreiðslur til bænda um 25,8 m.kr. Samkvæmt samningi um mjólkurframleiðslu greiðir ríkisjóður 47,1% af grundvallarverði mjólkur sem fer á innanlandsmarkað. Einnig hækkar framlag í lífeyrisjóð bænda um 0,6 m.kr. en það er miðað við 4% af beingreiðslum til mjólkurbænda undir 70 ára aldri. Loks hækkar verðtilfærslugjald um 5 m.kr. Frá 1998 hefur verið innheimt verðtilfærslugjald hjá afurðastöðvum af hverjum innvegnum mjólkurlítra í afurðastöð innan greiðslumarks. Gjald þetta telst til heildsölu- og dreifingarkostnaðar og er það ákveðið af verðlagsnefnd landbúnaðarafurða. Verðtilfærslugjaldið er 2,65 kr. á hvern lítra mjólkur. Gjald þetta greiðist á tilteknar mjólkurafurðir við sölu innanlands samkvæmt ákvörðun verðlagsnefndar. Alls eru því beinar greiðslur til kúabænda á 106 milljón lítra áætlaðar 4.298 m.kr.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Alls lækkar liðurinn um 160 m.kr. að raungildi. Þyngst vegur niðurfelling á 239,5 m.kr. tímabundnu framlagi sem varið var til uppkaupa á greiðslumarki. Alls voru keypt 45.000 ærgildi. Ekki er gert ráð fyrir að gerð verði meiri uppkaup af hálfu íslenska ríkisins á gildistíma samningsins. Greiðslur til bænda hækka um 78,8 m.kr. Þar af eru 37 m.kr. til endurúthlutunar á 7.500 ærgildum af uppkaupum ríkisins. Er úthlutunin til svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmakaðir. Framkvæmd úthlutunar verður með þeim hætti að Byggðastofnun verður falið að skilgreina svæðin með tilliti til vægis sauðfjárræktar og að deila ærgildum niður á einstök lögbýli. Við úthlutun verður haft samráð við viðkomandi sveitastjórnir og búnaðarsambönd. Vinnutilhögunin verður svipuð því sem var við úthlutun byggðakvóta í sjávarútvegi. Vegna breytinga á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum er upptöku á gæðastýrðu framleiðsluferli frestað um eitt ár eða til 1. janúar 2004. Frestast því niðurfelling á sérstöku álagi vegna uppkaupa sem átti að nema beingreiðslum 25.000 ærgilda eða 129 m.kr. greiðslum.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Liðurinn er nýr og nemur alls 280 m.kr. Eru framlögin í samræmi við samning til 10 ára um framlög til grænmetisbænda. Í fyrsta lagi er um að ræða 81 m.kr. árlegt framlag til framleiðslu tómata, 74 m.kr. til gúrku-

ræktar og 40 m.kr. til paprikuframleiðslu. Heildarupphæðinni er deilt á selt magn innan ársins hverju sinni frá og með 1. janúar 2001. Í öðru lagi koma 30 m.kr. til niðurgreiðslu rafmagns sem garðyrkjubændur nota en það er í viðbót við um 40 m.kr. afslátt miðað við gjaldskrá samkvæmt sérstökum samningi bænda, Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar frá 12. febrúar 1997. Einnig er gert ráð fyrir 25 m.kr. árlegu framlagi til 10 ára til kynningar og til endurmenntunar grænmetisbænda. Loks er gert ráð fyrir 30 m.kr. í fimm ár til úreldingarstyrkja á gróðurhúsum. Alls greiðir íslenska ríkið grænmetisbændum 2.650 m.kr. á samningstímanum. Gert er ráð fyrir sömu tillögum í frumvarpi til fjáraukalaga 2002.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 823 Lánasjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 826 Stofnverndarsjóður búfjár; 827 Fóðursjóður; 828 Garðaávaxtasjóður; 829 Útflutningsgjald á hross; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki; 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Gjöld málefnaflokksins lækka um 40,4 m.kr. sem skýrist af breytingu á innheimtu búnaðargjalds. Helstur breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	304,1	335,3	401,8	19,8	32,1
Búnaðarsjóður	267,1	281,0	233,4	-16,9	-12,6
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	170,0	165,0	190,0	15,2	11,8
Lánasjóður landbúnaðarins	185,0	195,0	162,4	-16,7	-12,2
Verðmiðlun landbúnaðarvara	121,5	117,3	121,6	3,7	0,1
Fóðursjóður	518,7	340,0	340,0	0,0	-34,5
Útflutningsgjald á hross	11,4	18,0	0,0	-100,0	-100,0
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	118,7	52,0	72,0	38,5	-39,3
Fiskeldisrannsóknir	24,0	24,0	24,0	0,0	0,0
Fiskræktarsjóður	11,6	17,5	17,0	-2,9	46,6
Greiðslur vegna riðuveiki	8,0	52,0	52,0	0,0	550,0
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	100,5	80,0	40,0	-50,0	-60,2
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	38,5	21,0	-45,5	-
Samtals	**1.840,6**	**1.715,6**	**1.675,2**	**-2,4**	**-9,0**

811 Bændasamtök íslands. Alls hækkar framlagið um 52,9 m.kr. samkvæmt nýjum samningi við Bændasamtök Íslands sem undirritaður var 6. mars 2002. Samningurinn er til ársins 2007 og gerir ráð fyrir sömu verkefnum og fyrri samningur. Kostnaður ríkissjóðs vegna samningsins er alls 2 milljarðar og 835 milljónir.

*818 **Búnaðarsjóður.*** Í áætlun um ríkistekjur af búnaðargjaldi er gert ráð fyrir að á árinu 2003 skili gjaldið Búnaðarsjóði 233,4 m.kr. í tekjur sem er 47,6 m.kr. lækkun frá áætlun fjárlaga. Sömuleiðis lækkar innheimta Lánasjóðs landbúnaðarins um 32,6 m.kr. og verður 162,4 m.kr. Ástæða lækkunarinnar er breyting á lögum um búnaðargjald en þar er gert ráð fyrir að gjaldið lækki úr 2,55% af verðmæti búvöruframleiðslu í 2% en þar af greiðist 59% til Búnaðarsjóðs og 41% til Lánasjóðs landbúnaðarins.

*824 **Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Framlagið hækkar um 25 m.kr. vegna nýs markaðsverkefnis sem sjóðnum er falið að stjórna. Markmið verkefnisins er að auka útflutning íslenskra landbúnaðarafurða. Verkefnið er til 5 ára og er í samræmi við samning Bændasamtakanna við ríkissjóð. Á móti kemur að sérstakt 25 m.kr. framlag til átaksverkefna um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða fellur niður.

*824 **Verðmiðlun landbúnaðarvara.*** Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af verðmiðlunargjöldum landbúnaðarins gerir ráð fyrir að á árinu 2003 skili gjaldið 121,6 m.kr. í tekjur sem er 4,3 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga.

*829 **Útflutningsgjald á hross.*** Samkvæmt breytingu á lögum nr. 161/1994, um útflutning hrossa, fellur útflutningsgjald á hross niður. Gjaldið nam 6.800 kr. fyrir hvert útflutt hross og stóð undir markaðsstarfi sem útflytjendur munu eftirleiðis sjá um sjálfir. Lækka því tekjur og gjöld sjóðsins um 18 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga og er sjóðurinn því lagður niður.

*831 **Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins.*** Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af sölu jarðeigna Jarðasjóðs gerir ráð fyrir að salan verði með svipuðum hætti og á undafömum árum. Sjóðurinn hefur einnig tekjur af leigu ríkisjarða í ábúð sem eru um 470. Leigutekjur eru áætlaðar samtals 32 m.kr. m.kr. árið 2003.

*891 **Sérstakar greiðslur í landbúnaði.*** Niðurfellt er tímabundið 25 m.kr. framlag til markaðssetningar vistvænna og lífrænna afurða. Framlagið ákvarðaðist í lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, en gert var ráð fyrir 25 m.kr. framlagi á ári í 7 ár eða alls 175 m.kr. Einnig lækkar niðurgreiðsla á loðdýrafóðri úr 30 m.kr. í 15 m.kr. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 19. júní 2001.

*996 **Íslenska upplýsingasamfélagið.*** Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Sérstakt framlag lækkar um 0,5

m.kr. í viðbót við 10,5 m.kr. sem liðurinn lækkaði um, skv. 7. gr. gildandi fjárlaga þannig að það nemur nú 13,5 m.kr. í frumvarpinu. Mótframlag ráðuneytisins er 13,5 m.kr., og því alls áætlað fyrir 27 m.kr. útgjöldum á þennan lið. Fjárhæðin skiptist þannig að 8 m.kr. fara til verkefnisins Nytjalands, sem er gagnagrunnur um jarðir á Íslandi en það er lækkun um 2 m.kr frá fyrra ári. Einnig kemur 7 m.kr. framlag til fjarkennsluverkefnis við Hólaskóla en fjárveiting þess verkefnis hækkar um 2,5 m.kr. frá fyrra ári. Loks eru 6 m.kr. til uppbyggingar og fræðslu í upplýsingatækni í dreifbýli. Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkir verkefnið með sömu upphæð. Samkvæmt lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins hefur hann heimild til að styrkja hagnýt og framleiðniaukandi verkefni í landbúnaði.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.986,1	1.785,3	1.815,2	2	-9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	208,2	183,6	154,8	-16	-26
Stofnkostnaður og viðhald	618,9	735,2	742,2	1	20
Samtals	**2.813,2**	**2.704,1**	**2.712,2**	**0**	**-4**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	1.733,5	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	978,7	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**2.712,2**	-	-

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 3.149 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 437 m.kr. en þær nema 13% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.712 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.733 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 979 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.815 m.kr. og hækka um 30 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 29 m.kr. og verður 155 m.kr. en er 184 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Þyngst vegur niðurfelling á viðfanginu *190 Ýmsum verkefnum* vegna tímabundinna úttekta og hagkvæmnisrannsókna.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 742 m.kr. og er það 7 m.kr. hækkun milli ára vegna verkefna á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 36,6 m.kr. til að mæta kostnaði vegna nýrra verkefna og lagabreytinga. Hagræðingarkrafa skiptist hlutfallslega jafnt á alla fjárlagaliði ráðuneytisins og stofnana þess. Á móti eru veitt framlög sem alls nema 20 m.kr. til að mæta veikleikum í fjárlagaramma ráðuneytisins, s.s. fjárþörf vegna rekstrarhalla stofnana. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	302	305	308	311
Rannsóknir og eftirlit	1.782	1.689	1.694	1.709
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	621	621	621	621
Annað	7	7	7	7
Samtals	**2.712**	**2.622**	**2.630**	**2.648**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir,

auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Framlög vegna rannsókna og eftirlits lækka árið 2004 þar sem viðgerð á rannsóknarskipti verður þá lokið.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa, 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Alls lækkar málefnaflokkurinn um 20,2 m.kr. vegna Ýmissa verkefna en útgjöld vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins standa í stað að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	134,4	139,0	143,4	3,2	6,7
Ýmis verkefni	234,1	180,6	156,0	-13,6	-33,4
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**368,5**	**322,6**	**302,4**	**-6,3**	**-17,9**

190 Ýmis verkefni. Alls lækkar liðurinn um 24,6 m.kr. Þar af fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag vegna hagkvæmnirannsóknar kalkþörungavinnslu í Arnarfirði og Húnaflóa. Einnig er fellt niður tímabundið 5 m.kr. framlag til Fiskifélags Íslands vegna sjóvinnukennslu á skólaskipinu Dröfn. Fellt er niður tímabundið 6 m.kr. framlag vegna hagkvæmnikönnunar á þorskeldi. Loks lækkar liðurinn um 2,6 m.kr. vegna rekstrarhagræðingar. Aðrar breytingar eru minni.

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla; 213 Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknarstofnana atvinnuveganna: Gjöld þessa máefnaflokks hækka um 21,3 m.kr. sem skýrast að mestu af launa- og verðlagsbreytingum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.031,8	1.003,0	1.004,4	0,1	-2,7
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	148,7	125,7	134,3	6,8	-9,7
Fiskistofa	526,6	501,6	517,4	3,1	-1,7
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	46,2	40,0	35,0	-12,5	-24,2
Verðlagsstofa skiptaverðs	19,2	23,1	22,4	-3,0	16,7
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	19,0	11,6	11,6	0,0	-38,9
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	90,5	55,5	56,7	2,2	-37,3
Samtals	**1.882,0**	**1.760,5**	**1.781,8**	**1,2**	**-5,3**

202 Hafrannsóknastofnun. Alls lækkar framlag til stofnunarinnar um 13,2 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar af eru 11,4 m.kr. vegna hagræðingarkrafna til að mæta útgjaldamarkmiðum. Einnig lækkar framlagið um 1,8 m.kr. vegna millifærslu á fjárlagaliðinn *05-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* til að byggja upp gagnagrunn um fiskveiðar, afla, aflaheimildir, haf- og fiskirannsóknir.

203 Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Lagt er til að liðurinn hækki að raungildi um 6 m.kr. vegna ráðningar fjármálastjóra. Ráðningin kemur í kjölfar alhliða endurskipulagningar á fjármálum stofnunarinnar. Nánar er greint frá endurskipulagningunni í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

204 Fiskistofa. Alls hækka framlögin um 3,1 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er farið fram á 6 m.kr. hækkun á gjöldum og tekjum af veiðieftirlitsgjaldi. Er hækkuninni ætlað að standa undir auknum kostnaði við skeytasendingar til og frá stofnuninni, sem er sett sem kvöð með breytingum á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, sem samþykkt voru á haustþingi 2001. Ef upplýsingar Fiskistofu benda til að skip hafi veitt umfram aflaheimildir sínar í einhverri tegund, skal Fiskistofa tilkynna það útgerð og skipstjóra viðkomandi skips með símskeyti og jafnframt að skipið sé svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með fjórða virka degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Í öðru lagi er farið fram á 5 m.kr. framlag vegna kostnaðar við útgáfu rekstrarleyfa þeirra sem hyggjast stunda eldi sjávarlífvera. Tillagan er í samræmi við kostnaðarmat laga um eldi nytjastofna sjávar, nr. 33/2002, og samræmist breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, um eldi í ferskvatni. Í þriðja lagi eru millifærðar 1,7 m.kr. vegna uppbyggingar á gagnagrunni um fiskveiðar, afla, aflaheimildir, haf- og fiskirannsóknir, sem er verkefni á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins. Í fjórða lagi lækkar framlagið um 6,2 m.kr. vegna hagræðingar.

207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur gerir ráð fyrir 5 m.kr. lækkun á tekjum og gjöldum miðað við áætlun fyrri fjárlaga. Tekjur sjóðsins í ríkisreikningi 2001 voru 46 m.kr., en 22 m.kr. árið áður. Vegna betra skipulags og umfangsmeira eftirlits verður æ minni þörf til að grípa til sektarákvæða sem þessara.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Til þessa málefnaflokks telst aðeins einn fjárlagaliður: 811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn er stofnun í C-hluta sem hefur tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 102 m.kr. og þróunarsjóðsgjaldi á aflamark 519 m.kr. og er það óbreytt miðað við áætlun fjárlaga 2002. Nánar er fjallað um þróunarsjóðinn í C-hluta fjárlagafrumvarps.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnastjórnar ríkisstjórnarinnar og mótframlög ráðuneyta. Sérstakt framlag hækkar um 3,5 m.kr. og mótframlag ráðuneytisins hækkar einnig um sömu upphæð. Alls er því varið 7 m.kr. í verkefnið Gagnagrunnur um veiðar og rannsóknir á sjávarfangi. Markmið verkefnisins er að miðla upplýsingum um fiskveiðar, afla, aflaheimildir, haf- og fiskirannsóknir. Af 3,5 m.kr. mótframlagi ráðuneytisins eru millifærðar 1,8 m.kr. frá Hafrannsóknastofnun og 1,7 m.kr. frá Fiskistofu.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	9.719,7	10.528,1	11.228,9	7	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.601,5	2.767,6	2.698,9	-2	4
Stofnkostnaður og viðhald	580,0	324,1	311,0	-4	-46
Samtals	**12.901,2**	**13.619,8**	**14.238,8**	**5**	**10**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	13.921,9	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	316,9	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**14.238,8**	-	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 14.993 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 754 m.kr. en þær nema um 5% af heildar-

gjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 14.239 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 13.922 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 317 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 11.229 m.kr. og hækka um 700 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 217 m.kr. sem er hluti rekstrargjalda vegna nýrrar stofnunar, Umferðarstofu. Sá hluti rekstrarframlags stofnunarinnar var áður færður sem rekstrartilfærsla á fjárlagalið Skráningarstofunnar hf. og er því ekki um nettóhækkun að ræða heldur einungis breytta framsetningu. Í annan stað hækkar rekstrarframlag um 30 m.kr. vegna alþingiskosninga á næsta ári. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fjölga um fjögur störf hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun og leiðir það til samtals 26 m.kr. hækkunar. Þá hækka útgjöld til fangelsismála um 20 m.kr. vegna fjölgunar fanga. Í fimmta lagi hækkar rekstrarkostnaður um tæplega 13 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi trygginga lögreglumanna. Loks hækkar framlag til Persónuverndar um 10 m.kr. vegna eftirlitskostnaðar með miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði en ríkistekjur hækka á móti um sömu fjárhæð vegna gjaldtöku. Á móti kemur að nokkrir liðir lækka frá gildandi fjárlögum og munar þar mest um lækkun framlags til Landhelgisgæslu Íslands og Almannavarna ríkisins vegna áforma um hagræðingu í rekstri ráðuneytisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 69 m.kr. og verður 2.699 m.kr. Þyngst vegur niðurfelling 230 m.kr. framlags til Skráningarstofunnar hf. en það færist í staðinn að mestu sem rekstrargjöld á nýjum fjárlagalið, Umferðarstofu. Nokkrar smærri tímabundnar fjárveitingar falla niður en á móti hækka rekstrartilfærslur um 154 m.kr. vegna aukinna lögboðinna framlaga til sókna og kirkjugarða en þau fylgja hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli ára og fólksfjölgun.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 311 m.kr. og er það um 13 m.kr. lækkun milli ára. Helsta breytingin er að fjárheimild Landhelgisgæslu Íslands til viðhalds skipa og flugvéla hækkar um 20 m.kr. Á móti lækka þessi framlög um 8 m.kr. vegna áforma um að leggja varðskipinu Óðni en við það sparast fyrirséð viðhald á skipinu. Gerð er 11,5 m.kr. millifærsla af stofnkostnaði yfir á rekstur í framsetningu á útgjöldum við bílabanka ríkislögreglustjóra, auk þess sem tímabundið 10 m.kr. framlag til framkvæmda á lóð Hallgrímskirkju fellur niður. Að lokum lækkar stofnkostnaðarframlag til Íslenska upplýsingasamfélagsins um 9,5 m.kr. en af þeirri fjárhæð millifærast 4,5 m.kr. á rekstur aðalskrifstofu.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur um 95 m.kr. Stærstu breytingarnar eru áform um að leggja varðskipinu Óðni og að færa verkefni Almannavarna ríkisins til embættis ríkislögreglustjóra. Einnig er gerð 0,3% hagræðingarkrafa til aðalskrifstofu og stærstu löggæsluembætta auk annarra smærri breytinga. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði eftir því sem við á.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	362	325	328	341
Dómsmál	1.126	1.136	1.147	1.158
Löggæslustofnanir og öryggismál	4.700	4.744	4.788	4.833
Sýslumenn	3.793	3.830	3.868	3.906
Fangelsismál	604	610	616	622
Kirkjumál	3.655	3.716	3.286	3.349
Samtals	**14.240**	**14.361**	**14.033**	**14.209**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýr-

ingar. Útgjaldaspáin fyrir málaflokka dóms- og kirkjumálaráðuneytisins byggist á þeim forsendum að því undanskildu að reiknað er með að framlög til málaflokksins *Ráðuneyti* lækki árin 2004 og 2005 en hækki svo nokkuð aftur árið 2006. Skýrist það af því að útgjöld við kosningar tilheyra þessum málaflokki og er tekið mið af því að alþingiskosningar verða á árinu 2003, engar kosningar á árunum 2004 og 2005 en síðan verða sveitarstjórnarkosningar á árinu 2006.

Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.065 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið á um í sumum samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	895,8	1.078,4	1.078,4	1.078,4	1.078,4
Fasteignamat ríkisins, Landskrá fasteigna	B	12,5	20,0	30,0	31,0	0,0
Skálholtsskóli	B	7,5	7,7	7,7	7,7	7,7
Skráningarstofa, Tölvumiðstöð dómsmálar.n.	C	70,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Neyðarlínan hf.	C	68,7	72,1	72,1	72,1	72,1
Hagstofa Íslands, aðgangur að þjóðskrá	C	5,5	5,6	5,6	5,6	5,6
Rauði kross Íslands v/flóttamanna (áætlun)	C	1,8	2,0	2,0	2,0	2,0
Alþjóðleg björgunarsveit	C	2,1	2,1	2,1	2,1	2,1
Samtals		**1.064,5**	**1.187,9**	**1.197,9**	**1.198,9**	**1.167,9**

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar, sem dómsmálaráðuneytið stendur að í samvinnu við fjármálaráðuneytið, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar um 1.105 m.kr. á næsta ári. Að lokum eru um 82 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Ætla má að nauðsynlegt reynist að endurskoða samning við Rauða kross Íslands vegna flóttamanna þar sem fjöldi hælisleitenda hefur verið verulega umfram áætlanir. Má því gera ráð fyrir að sú fjárhæð hækki á næstu árum eða að þessu viðfangsefni verði sinnt með öðrum hætti. Að frátöldum samningi um Landskrá fasteigna, sem rennur út á árinu 2005, má gera ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur. Þannig má ætla að til jafnaðar verði um 1.170 m.kr. skuldbundnar árlega.

Ekki hafa bæst við nýir samningar frá fyrra ári en samningur um tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins fellur úr gildi 1. október á þessu ári. Í samræmi við breytingu á umferðarlögum tekur til starfa ný stofnun, Umferðarstofa, sem tekur við verkefnum

Umferðarráðs og Skráningarstofunnar hf. Samningur ráðuneytisins um tölvumiðstöðina var við Skráningarstofuna en hin nýja stofnun tekur við verkefninu og færast til hennar þær fjárveitingar sem ráðuneytið hefur haft til ráðstöfunar til þessara verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 105 Lögbirtingablað; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	201,9	214,0	228,9	7,0	13,4
Stjórnartíðindi	13,8	4,1	4,2	2,4	-69,6
Lagasafn	0,0	0,0	0,0	-	-
Lögbirtingablað	25,4	26,5	26,7	0,8	5,1
Kosningar	0,5	12,5	43,1	-	-
Ýmis verkefni	50,8	54,3	48,4	-10,9	-4,7
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	12,5	3,0	-76,0	-
Samtals	**292,4**	**331,9**	**362,3**	**9,2**	**23,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 19,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Útgjöld hækka um 30 m.kr. vegna alþingiskosninga á næsta ári og framlag til aðalskrifstofu hækkar um 5,2 m.kr., m.a. vegna nýs starfs vefstjóra. Á móti lækka framlög til nokkurra verkefna á safnlið og framlag til Íslenska upplýsingasamfélagsins.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Aðalskrifstofa. Útgjöld hækka um 5,2 m.kr. að raungildi og eru áætluð 228,9 m.kr. á næsta ári. Þar af eru millifærðar 4,5 m.kr. af fjárlagalið Íslenska upplýsingasamfélagsins vegna nýs starfs vefstjóra og tengdra verkefna. Honum er ætlað að sinna heimasíðu ráðuneytisins, vef réttarheimilda og aðstoð við vefi undirstofnana, auk þess að koma upp og reka kosningavef vegna alþingiskosninga á næsta ári. Framlag hækkar um 1,3 m.kr. vegna hækkunar á húsaleigu til rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga sem ætluð er til að mæta kostnaði við fjölgun öryggisvarða og auknu viðhaldi.

111 ***Kosningar.*** Framlag til þessa fjárlagaliðar nemur 43,1 m.kr. og hækkar um 30 m.kr. milli ára þar sem Alþingiskosningar munu fara fram vorið 2003. Kostnaður við kosningarnar er aðallega vegna starfa landskjörstjórnar, húsnæðis til afnota fyrir landskjörstjórn og fyrir kjörgögn og önnur áhöld sem dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té. Þá greiðir ríkissjóður líka fyrir nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna, fyrir húsnæði þar sem talning fer fram og fyrir kjörgögn og önnur áhöld sem yfirkjörstjórnir láta í té.

190 ***Ýmis verkefni.*** Heildarfjárveiting til verkefna sem falla undir þennan lið í frumvarpinu er 48,4 m.kr. að frádregnum sértekjum, sem er 6,5 m.kr. raunlækkun miðað við fjárlög þessa árs. Framlag sem ætlað er til að standa undir kostnaði vegna lögræðislaga lækkar um 1 m.kr. Útgjöld síðustu tveggja ára hafa verið innan við 2 m.kr. og með þessari lækkun verður framlag á liðnum 3,3 m.kr. Tvær tímabundnar fjárveitingar falla niður. Annars vegar er fellt niður framlag til biblíuþýðinga að fjárhæð 3,5 m.kr. Biblíufélagið hefur unnið að þýðingu gamla testamentisins frá árinu 1992 samkvæmt ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar. Ákveðið var að veita sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis til ársloka 2002. Hins vegar er fellt niður 2 m.kr. framlag til kaþólska biskupsdæmisins í Reykjavík til viðgerðar á Dómkirkju Krists konungs í Landakoti en samkvæmt ákvörðun Alþings í fjárlögum 2001 var framlagið veitt til tveggja ára.

996 ***Íslenska upplýsingasamfélagið.*** Fjárheimild liðarins er 3 m.kr. en 12,5 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Framlag verkefnisstjórnar var 5 m.kr. í fjárlögum þessa árs en það fellur nú niður. Heildarmótframlag ráðuneytisins var 7,5 m.kr. en af þeirri fjárhæð hafa 4,5 m.kr. verið millifærðar á aðalskrifstofu til að standa undir kostnaði við starf vefstjóra og tengdra verkefna. Eftir standa þá 3 m.kr. sem fyrirhugað er að ráðstafa aðallega til frekari uppbyggingar og reksturs vefs um réttarheimildir, til miðlunar lagagagna á netinu að öðru leyti, til þróunar á vefjum ráðuneytisins og undirstofnana og til uppbyggingar á rafrænni stjórnsýslu.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	63,0	68,6	70,5	2,8	11,9
Héraðsdómstólar	626,3	589,3	627,2	6,4	0,1
Málskostnaður í opinberum málum	224,6	253,0	256,2	1,3	14,1
Opinber réttaraðstoð	77,7	71,5	71,3	-0,3	-8,2
Bætur brotaþola	18,7	40,0	40,0	0,0	113,9
Persónuvernd	62,3	48,6	60,5	24,5	-2,9
Samtals	**1.072,6**	**1.071,0**	**1.125,7**	**5,1**	**5,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um rúmar 22 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru annars vegar að leigu- og rekstrarkostnaður hækkar um samtals 9,3 m.kr. hjá tveimur héraðsdómstólum sem flytja í nýtt húsnæði. Hins vegar hækkar framlag til Persónuverndar um 10 m.kr. en um er að ræða eftirlitskostnað vegna miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði. Á móti hækka ríkistekjur um sömu fjárhæð vegna gjaldtöku af rekstrarleyfishafa. Einnig er gert ráð fyrir um 4 m.kr. hækkun á kostnaði við meðdómendur.

201 Hæstiréttur. Fjárheimild til hæstaréttar er 70,5 m.kr. á næsta ári og er óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum. Gerð er sú breyting að sérgreint framlag til útgáfu hæstaréttardóma er flutt á viðfangsefni yfirstjórnar. Með tilkomu rafrænnar birtingar á dómum hefur dregið úr prentun og áskrift á hæstaréttardómum en á móti hefur tölvukostnaður aukist vegna umsýslu með heimasíðu o.fl. Sá kostnaður hefur færst á yfirstjórn og er samþættur við ýmiss konar tölvukostnað af öðrum toga.

210 Héraðsdómstólar. Heildarframlag til héraðsdómstóla er 627,2 m.kr. og hækkar um 13,3 m.kr. að raungildi. Tveir dómstólar hafa tekið við nýju og stærra húsnæði, á Reykjanesi og Vestfjörðum, og hækka rekstrargjöld af þeim sökum um 9,3 m.kr. Þá hækkar framlag til meðdómsmanna um 4 m.kr. Kostnaður þessi fellur til eftir því sem meðdómsmenn eru kvaddir til og hafa útgjöld farið hækkandi.

231 Málskostnaður í opinberum málum. Framlag er 256,2 m.kr. á næsta ári og er óbreytt að raungildi. Gerð er sú breyting að viðfangsefnið *1.20 Réttargæslumenn* er fellt niður og framlagið fært yfir á almennt viðfangsefni liðarins. Kostnaður vegna réttargæslumanna er hluti af málskostnaði og hefur undanfarin ár ekki verið sérgreindur í bókhaldi. Um er að ræða heimild til að skipa brotaþola yngri en 18 ára réttargæslumann.

232 Opinber réttaraðstoð. Fjárveiting til opinberrar réttaraðstoðar er 71,3 m.kr. í frumvarpinu. Framlag til viðfangsefnisins *1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita*

nauðasamninga lækkar um 1 m.kr. Útgjöld síðustu tveggja ára hafa verið innan við 3 m.kr. og með þessari lækkun verður framlag á liðnum 4 m.kr.

251 Persónuvernd. Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum eru áætluð 60,5 m.kr. á næsta ári og hækka um 10 m.kr. að raungildi vegna eftirlits í tengslum við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Gert er ráð fyrir að greiðslur fyrir erlenda sérfræðiþjónustu vegna eftirlits Persónuverndar með öryggi í vinnslu persónuupplýsinga úr gagngrunninum nemi um 6 m.kr. Innlend sérfræðiþjónusta er talin nema um 3 m.kr. og annar kostnaður stofnunarinnar verður um 1 m.kr. Á móti framangreindum kostnaði er gert ráð fyrir ríkistekjum af gjaldtöku, enda er rekstraraðila gagnagrunnsins skylt að greiða fyrir framangreint eftirlit. Að auki hækka bæði gjöld og tekjur um 5 m.kr. til samræmis við aukna veltu frá forsendum fjárlaga.

Löggæsla og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 325 Neyðarsímsvörun; 333 Umferðarstofa; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	71,2	76,9	79,4	3,3	11,5
Ríkislögreglustjóri	466,5	609,2	662,1	8,7	41,9
Lögregluskóli ríkisins	111,9	131,9	141,3	7,1	26,3
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.710,5	1.869,1	1.917,0	2,6	12,1
Almannavarnir ríkisins	53,3	41,4	0,0	-	-
Neyðarsímsvörun	62,7	68,7	78,3	14,0	24,9
Umferðarráð	99,4	46,4	0,0	-	-
Skráningarstofan hf., skráningargjald ökutækja	0,0	230,0	0,0	-	-
Umferðarstofa	0,0	0,0	342,2	-	-
Áfengis- og fíkniefnamál	2,0	63,1	90,5	43,4	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	10,2	150,7	84,9	-43,7	-
Húsnæði löggæslustofnana	0,0	10,0	10,0	0,0	-
Landhelgisgæsla Íslands	1.298,4	1.084,3	1.092,0	0,7	-15,9
Landhelgissjóður Íslands	-25,7	0,0	0,0	-	-
Schengen-samstarf	123,8	52,6	53,6	1,9	-56,7
Útlendingaeftirlitið	82,8	132,5	148,6	12,2	79,5
Samtals	**4.067,0**	**4.566,8**	**4.699,9**	**2,9**	**15,6**

Fjárveitingar til stofnana og verkefna á sviði löggæslu og öryggismála aukast alls um 133,1 m.kr. frá fjárlögum 2002 en að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum er hækkunin 8,6 m.kr.

Rekstrargjöld eru áætluð 4.490 m.kr. á næsta ári og hækka um 233,2 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Þrír fjárlagaliðir eru felldir brott og inn kemur ný stofnun, Umferðarstofa. Annars vegar er um að ræða niðurfellingu á liðum Umferðarráðs og Skráningarstofunnar sem renna saman við fjárlagalið Umferðarstofu. Hins vegar er fjárlagaliður Almannavarna ríkisins felldur niður og það framlag að hluta fært til embættis ríkislögreglustjóra. Heildarhækkun rekstrargjalda skýrist að stærstum hluta, eða sem nemur um 220 m.kr., af fjárveitingu á lið *335 Skráningarstofan hf., skráningargjald ökutækja* sem sett var fram sem rekstrartilfærsla til hlutafélagsins í fjárlögum 2002 en færist nú sem rekstrargjöld á fjárlagalið Umferðarstofu. Önnur hækkunartilefni eru m.a. fjölgun starfsmanna í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, breytingar á tryggingum fyrir lögreglumenn og fjölgun starfa hjá Útlendingastofnun á grundvelli nýrra laga. Á móti framangreindum hækkunartilefnum lækka nokkrir liðir og er þar helst að nefna áform um að leggja varðskipinu Óðni og hagræðingu sem hlýst af því að flytja verkefni Almannavarna ríkisins til embættis ríkislögreglustjóra. Auk þess lækkar framlag um 50 m.kr. vegna tímabundins framlags í fjárlögum þessa árs til öryggisgæslu vegna NATO-fundar. Einnig er um að ræða nokkra smærri liði sem lækka eða eru felldir brott, auk þess sem gert er ráð fyrir hagræðingu sem nemur 0,3% af rekstrargjöldum hjá embætti ríkislögreglustjóra og lögreglunnar í Reykjavík.

Tilfærsluframlag málefnaflokksins lækkar um 230 m.kr. en það skýrist af breyttri ráðstöfun á ríkistekjum af skráningargjöldum ökutækja sem runnu til Skráningarstofunnar hf. Annars vegar eru 222 m.kr. millifærðar til Umferðarstofu og færast sem rekstur á þeim lið og hins vegar er um að ræða endurskoðun á áætlun um tekjurnar sem gerir ráð fyrir að skráningargjöldin lækki um 8 m.kr. á næsta ári.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar hækkar um 5,4 m.kr. milli ára og verður 191 m.kr. á næsta ári.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

303 Ríkislögreglustjóri. Heildarframlag til embættisins er 662,1 m.kr. í frumvarpinu en er 609,2 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Raunhækkun framlagsins nemur um 36 m.kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Almannavarnir ríkisins verði lagðar niður og að þau verkefni verði færð til embættis ríkislögreglustjóra. Við þá breytingu flytjast til embættisins 20,2 m.kr. af framlagi Almannavarna ríkisins en það nam alls 41,4 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Þannig er reiknað með því að með þessari hagræðingu í rekstrinum sparist 21,2 m.kr. að þessu leyti. Fyrirhugað er að hin nýja deild almannavarna verði til húsa í Skógarhlíðinni, á sama stað og Neyðarlínan og fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, og er einnig ráðgert að reka þar sameiginlega stjórnstöð. Með þessu móti er unnt að virkja

enn betur samskiptakerfi lögreglunnar, stytta boðleiðir og koma neyðaráætlunum með skilvirkum hætti inn í kerfi lögreglunnar og Neyðarlínunnar. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 5,5 m.kr. hækkun vegna reksturs á nýja húsnæðinu fyrir almannavarnadeildina. Í annan stað hækkar framlag um 2,6 m.kr. vegna aukins rekstrar- og leigukostnaðar fjarskiptamiðstöðvar lögreglu í þessu sama húsnæði. Miðstöðin hefur verið þar til húsa en fyrirhugað er að bæta úr bráðabirgðahúsnæði sem hún var í og stækka það. Í þriðja lagi hækkar framlag um 15 m.kr. til að fjölga störfum lögreglumanna við efnahagsbrotadeild um tvo. Málum deildarinnar fjölgar stöðugt og eru málin sífellt umfangsmeiri. Þar geta t.d. verið um að ræða auðgunarbrot, listaverkafalsanir, brot á skattalögum, verðlags- og samkeppnislögum, lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um stjórn fiskveiða o.fl. Í fjórða lagi hækka launagjöld embættis ríkislögreglustjóra um 6,4 m.kr. vegna sérsveitarmanna. Þeir hafa frá árinu 1986 fengið greidda dagpeninga vegna þjálfunar, æfinga og annarra sérhæfðra verkefna sveitarinnar samkvæmt samningi við lögreglustjórann í Reykjavík. Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við umrætt fyrirkomulag í desember 2001 vegna þess að verið væri að greiða að hluta til þóknun sem bæri að skattleggja. Ríkislögreglustjórinn hefur því sagt upp þessum samningi. Til að tryggja sérsveitarmönnum óbreytt kjör þarf að hækka skattskyldar greiðslur til þeirra um 6,4 m.kr. en umræddur kostnaður rennur aftur í ríkissjóð í formi skatta. Í fimmta og síðasta lagi hækka áætluð útgjöld embættisins um 1,2 m.kr. til að standa undir gagnalínukostnaði vegna alþjóðlegs tölvukerfis þar sem miðlað er upplýsingum um þá sem leita hælis hér á landi. Á móti framangreindum hækkunartilefnum fellur í fyrsta lagi niður tímabundið framlag vegna formennsku Íslands í norrænum samtökum lögregluyfirvalda að fjárhæð 5,8 m.kr. Þá er 6,2 m.kr. framlag vegna þjónustukaupa frá Neyðarlínunni hf. fært frá embætti ríkislögreglustjórans á fjárlagalið Neyðarsímsvörunar undir umsýslu dómsmálaráðuneytisins. Framlag lækkar um 1,8 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri embættisins. Að lokum fellur niður framlag að fjárhæð 0,7 m.kr. sem veitt var tímabundið til að koma upp gagnagrunni fyrir erfðaefnisskrár.

305 Lögregluskóli ríkisins. Rekstrarútgjöld skólans eru áætluð 141,3 m.kr. og hækka að raungildi um 5,7 m.kr. Skýrist það af auknum kostnaði við vaktaálagsgreiðslur til lögreglunema. Í framhaldi af dómi Hæstaréttar frá því í byrjun árs 2002, þar sem fjallað var um starfskjör lögreglunema, gerðu samninganefnd ríkisins og Landssamband lögreglumanna breytingu á kjarasamningi aðila. Breytingin felur í sér að kveðið er á um að þeir lögreglunemar sem stunda nám á síðustu önn í Lögregluskóla ríkisins skuli auk mánaðarlauna fá greitt vaktaálag.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Fjárveiting til embættisins er áætluð 1.917 m.kr. og er óbreytt að raungildi að því frátöldu að framlag lækkar um 5,6 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri embættisins.

325 ***Neyðarsímsvörun.*** Heildarframlag til Neyðarlínunnar hf. er 78,3 m.kr. á næsta ári og hækkar um 6,2 m.kr. að raungildi. Um er að ræða framlag vegna þjónustukaupa sem flutt er af fjárlagalið embættis ríkislögreglustjóra og verður framvegis undir umsýslu dómsmálaráðuneytisins.

333 ***Umferðarstofa.*** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en Umferðarstofa tekur til starfa 1. október 2002 á grundvelli breytinga sem gerðar voru á umferðarlögum sl. vor með lögum nr. 83/2002. Umferðarstofa tekur við verkefnum Umferðarráðs og Skráningarstofunnar ehf. og eru tekjustofnar Umferðarstofu þeir sömu og runnu áður til þessara aðila en þar er um að ræða umferðaröryggiseftirlitsgjald og skráningargjöld ökutækja. Fjárveiting til Umferðarstofu er 452,6 m.kr. en gert er ráð fyrir að sértekjur verði 110,4 m.kr. Breytt fyrirkomulag starfseminnar leiðir ekki til hækkunar á útgjöldum heldur eru fjárheimildir einungis fluttar á milli liða. Í fyrsta lagi er felldur niður fjárlagaliðurinn *335 Skráningarstofan hf.* og framlagið millifært á fjárlagalið Umferðarstofu. Áætlun um ríkistekjur af skráningargjaldi ökutækja gerir ráð fyrir að á árinu 2003 skili gjaldið 222 m.kr. Í öðru lagi er felldur niður fjárlagaliðurinn *331 Umferðarráð* og er framlag að frádregnum sértekjum, alls 46,4 m.kr., millifært á fjárlagalið Umferðarstofu. Að lokum fellur niður framlag til viðfangsefnisins *06-490-1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins.* Hin nýja Umferðarstofa mun sinna þeim verkefnum og fær 65,6 m.kr. framlag til þess sem er 5 m.kr. lægri fjárhæð en í gildandi fjárlögum vegna áforma um hagræðingu.

341 ***Áfengis- og fíkniefnamál.*** Framlag til þessa fjárlagaliðar er 90,5 m.kr. á næsta ári og hækkar um 25 m.kr. að raungildi vegna millifærslu af safnlið löggæslu. Í fjárlögum 2001 var framlag á safnlið löggæslu hækkað um 25 m.kr. til að efla löggæslu með því að fjölga lögreglumönnum, einkum á sviði fíkniefnalöggæslu. Að auki var framlagið á safnliðnum hækkað vegna átaks í löggæslu og fíkniefnamála. Eðlilegra þykir að vista þessar fjárveitingar saman á þessu viðfangsefni.

390 ***Ýmis löggæslu- og öryggismál.*** Heildarframlag til verkefna á þessum safnlið fjárlaga er 84,9 m.kr. í frumvarpinu en var 150,7 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Viðfangsefnið *1.10 Ýmis löggæslukostnaður* lækkar um 79,7 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi fellur niður 50 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna löggæslu í tengslum við NATO-fund hér á landi sl. vor. Í öðru lagi eru 25 m.kr. millifærðar á liðinn *06-341 Áfengis- og fíkniefnamál.* Að lokum eru 4,7 m.kr. færðar á nýtt viðfangsefni, *1.18 Viðbótartrygging lögreglumanna.* Framlag á þeim lið verður alls 20,2 m.kr. og hækkar því um 15,5 m.kr. milli ára. Dómsmálaráðuneytið hefur greitt helming iðgjaldanna á grundvelli bréfs fjármálaráðherra frá árinu 1984 um þátttöku ríkisins í þessari tryggingu. Í kjarasamningi lögreglumanna frá síðasta ári, og viðbótum við hann, voru gerðar breytingar

sem miða að hækkun bótafjárhæða og að ríkið greiði allan kostnað en tryggingin hefur verið boðin út. Fjárheimild að fjárhæð 7,5 m.kr. fellur niður á viðfangsefninu *1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds* vegna áforma um hagræðingu í rekstri ráðuneytisins.

395 ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Heildarframlag til stofnunarinnar er 1.092 m.kr. á næsta ári en það er 20 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Breytinguna má rekja til tveggja tilefna að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Gert er ráð fyrir að útgjöld lækki um 40 m.kr. þar sem fyrirhugað er að hætta rekstri varðskipsins Óðins í hagræðingarskyni. Verða þá tvö varðskip gerð út og nemur lækkunin um helmingi heildarkostnaðar við útgerð Óðins þar sem ekki er gert ráð fyrir að segja upp allri áhöfn skipsins vegna aukins úthalds á hinum skipunum og afleysinga á þeim. Auk þess er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaðar við þau aukist að einhverju marki, enda verður fjölgað úthaldsmánuðum á þeim þannig að heildarfjöldi úthaldsmánaða verði sá sami og áður. Í 7. gr. frumvarpsins er heimild til handa fjármálaráðherra að selja Óðin og verja andvirðinu til kaupa eða smíði á nýju varðskipi. Á móti þessum sparnaði vegur að framlag til viðhalds skipa og flugfarkosta er hækkað um 20 m.kr. Á undanförnum árum hafa meðalútgjöld vegna viðhaldsins farið hækkandi og stefnir í að þau verði hærri en framlag í gildandi fjárlögum en flest viðhaldsverkefnin verða ekki umflúinn vegna ákvæða um tryggingar og fleiri þátta.

398 ***Útlendingastofnun.*** Fjárheimild á næsta ári er 148,6 m.kr. og hækkar að raungildi um 12,5 m.kr. á grundvelli nýrra laga um útlendinga. Við bætast tvö ný störf til að annast aukna stjórnsýslu á þessu sviði, auk tímabundins kostnaðar að fjárhæð 1,5 m.kr. til að skapa nýjum starfsmönnum starfsaðstöðu. Nýju lögin hafa að geyma heildstæðar reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi við komu þeirra, dvöl og brottför. Þau leysa af hólmi löggjöf um eftirlit með útlendingum sem að stofni til var frá árinu 1965.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411–437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumannsembætti, rekstur	3.179,5	3.441,8	3.545,6	3,0	11,5
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	270,3	267,2	199,4	-25,4	-26,2
Húsnæði og búnaður	58,5	47,5	47,5	0,0	-18,8
Samtals	**3.508,3**	**3.756,5**	**3.792,5**	**1,0**	**8,1**

Fjárveiting málefnaflokksins er 3.792,5 m.kr. á næsta ári og lækkar um 73,7 m.kr. að raungildi.

Rekstrargjöld sýslumannsembætta lækka um 73,7 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Skýrist það aðallega af því að framlag til tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins er flutt til Umferðarstofu. Að auki er gert ráð fyrir 0,3% hagræðingu í rekstri stærstu sýslumannsembættanna, eða sem svarar til um 3,2 m.kr. lækkunar. Fellt er niður 2 m.kr. tímabundið framlag til embættisins í Vestmannaeyjum vegna reynsluverkefnis í skipulögðum fíkniefnaleitum. Framlag til embættisins í Vík í Mýrdal hækkar um 1 m.kr. til að efla löggæslu við Kirkjubæjarklaustur. Framlag til húsnæðis og búnaðar er 47,5 m.kr. á næsta ári og er óbreytt frá fjárlögum þessa árs.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar lækkar um 67,8 m.kr. milli ára og verður 199,4 m.kr. á næsta ári. Er það óbreytt að raungildi að því frátöldu að 70,6 m.kr. fjárheimild á viðfangsefninu *1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins* fellur niður. Þar af flytjast 65,6 m.kr. til hinnar nýju Umferðarstofu, sem annast mun um verkefni miðstöðvarinnar í stað Skráningarstofunnar áður, en gert er ráð fyrir að þessi útgjöld lækki um 5 m.kr. vegna áforma um hagræðingu.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	592,7	555,8	593,7	6,8	0,2
Fangelsisbyggingar	1,8	10,0	10,0	0,0	-
Samtals	**594,5**	**565,8**	**603,7**	**6,7**	**1,5**

Rekstrarframlag Fangelsismálastofnunar verður 593,7 m.kr. á næsta ári og hækkar um 22 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Annars vegar er um að ræða 20 m.kr. hækkun vegna fjölgunar fanga og aukins rekstrarkostnaðar af þeim sökum. Hins vegar hækka áætluð útgjöld um 2 m.kr. vegna hærri leigugreiðslna og aukins rekstrarkostnaðar í kjölfar stækkunar á húsnæði Fangelsismálastofnunar.

Fjárveiting til fangelsisbygginga verður 10 m.kr. og er óbreytt. Í 7. gr. frumvarpsins er ákvæði sem heimilar fjármálaráðherra að leigja með kauprétti sérhannað fangelsishúsnæði sem byggt yrði á þegar úthlutaðri lóð. Unnið hefur verið að undirbúningi að smíði nýs fangelsis við Hafravatnsveg á Hólmsheiði skammt utan Reykjavíkur.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðsgjöld; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	893,7	901,0	1.060,0	17,6	18,6
Kirkjumálasjóður	143,4	144,7	153,5	6,1	7,0
Kristnisjóður	46,9	47,7	61,5	28,9	31,1
Kirkjugarðsgjöld, hlutur kirkjugarða	550,1	555,6	591,3	6,4	7,5
Kirkjugarðasjóður	47,6	47,4	50,7	7,0	6,5
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.268,7	1.282,5	1.360,7	6,1	7,3
Sóknargjöld til annarra trúfélaga	110,6	111,9	125,5	12,2	13,5
Sóknargjöld til Háskóla Íslands	70,7	0,0	0,0	-	-
Jöfnunarsjóður sókna	234,7	237,0	251,5	6,1	7,2
Samtals	**3.366,4**	**3.327,8**	**3.654,7**	**9,8**	**8,6**

701 Þjóðkirkjan. Framlag til þjóðkirkjunnar er 1.060 m.kr. á næsta ári. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.027 m.kr. og eru í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á árinu 1998. Aukningin í rekstrargjöldunum milli ára nemur 169 m.kr. sem svarar til nærri 19% hækkunar. Skýrist það af launahækkunum en kjaranefnd hefur úrskurðað um mun meiri hækkanir til handa prestum og próföstum á árinu 2002 en gert hefur verið ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Fellt er niður 10 m.kr. tímabundið framlag til að vinna að framkvæmdum á lóð Hallgrímskirkju. Samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum 2001 var framlagið veitt til tveggja ára.

733-736 Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld. Fjárveitingar á þessum fjárlagaliðum hækka alls um 145,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og verða 2.379,7 m.kr. á næsta ári. Þessi lögboðnu framlög aukast í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 2000 og 2001. Framlög til Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna taka einnig mið af heildarfjárhæð sóknargjalda. Á fjárlagaliðnum *733 Kirkjugarðsgjöld* er fellt niður 3 m.kr. framlag til Kirkjugarðasambands Íslands sem veitt var tímabundið í eitt ár til að styrkja vinnu að skráningu legstaða í fámennari sóknum landsins.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.053,8	3.542,6	5.206,6	47	28
Neyslu- og rekstrartilfærslur	12.100,6	14.033,7	15.117,3	8	25
Stofnkostnaður og viðhald	612,3	356,0	497,9	40	-19
Samtals	**16.766,7**	**17.932,3**	**20.821,8**	**16**	**24**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	13.174,9	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	7.646,9	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**20.821,8**	-	-

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 21.937,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.115,4 m.kr. en þær nema 5,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 20.821,8 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 13.174,9 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 7.646,9 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.206,6 m.kr. og hækka um 1.664 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Vegna breyttrar framsetningar hækka rekstrargjöld um 1.120 m.kr. en neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um sömu fjárhæð þar sem framlög til rekstrar, sem unnin eru af öðrum en ríkisaðilum, eru nú færð sem önnur gjöld. Auk launa- og verðlagshækkana munar mest um rúmlega 390 m.kr. framlag til málefna fatlaðra en þar er meðtalið 83 m.kr. framlag vegna útskriftar af Kópavogshæli sem millifært er frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Meðal verkefna í þessum málaflokki er 143 m.kr. framlag til nýrra heimila og verkefna í þágu fatlaðra. Þá er 75 m.kr. framlag til að tryggja heilsársrekstur tveggja nýrra sambýla. Enn fremur er 53 m.kr. framlag vegna samnings við Akureyrarbæ um málefni fatlaðra, 13 m.kr. af sama tilefni til Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og 18 m.kr. framlag til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Á móti koma áform félagsmálaráðuneytis að ná niður rekstrargjöldum um 80 m.kr. vegna aðhaldsaðgerða.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 1.083,6 m.kr. og verður 15.117,3 m.kr. en er 14.033,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Eins og áður er getið er 1.120 m.kr. lækkun á framlagi vegna breyttrar framsetningar. Raunveruleg hækkun á liðnum er því 2.203,6 m.kr. Þyngst vegur um 700 m.kr. framlag í Fæðingarorlofssjóð auk verðlagsbóta, 480 m.kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð, 454 m.kr. framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

og 100 m.kr. í Ábyrgðasjóð launa. Þá lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um tæpar 30 m.kr. vegna hagræðingar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 497,9 m.kr. og er það 141,9 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 90 m.kr. framlög til niðurgreiðslu vaxtamunar til leiguíbúða og 60 m.kr. tímabundið framlag til Varasjóðs húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga. Lækkun viðhalds- og stofnkostnaðar vegna hagræðingar nemur rúmlega 5 m.kr.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 113,5 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 60 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	227	229	231	233
Húsnæðismál	210	300	390	480
Stjórnsýslustofnanir	348	352	355	358
Málefni barna	628	635	641	647
Málefni fatlaðra	5.234	5.415	5.623	5.839
Sveitarfélög	5.626	5.735	5.846	5.960
Vinnumál	8.062	7.651	7.657	7.771
Annað	486	396	400	404
Samtals	**20.821**	**20.713**	**21.143**	**21.692**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka félagsmálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *húsnæðismála* aukist að jafnaði um 90 m.kr. á ári næstu ár til greiðslu vaxtamunar lána til leiguíbúða eða til stofnstyrkja. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir *málefni fatlaðra* vaxi árlega um 4% að meðaltali. Skýrist það einkum af því að þjónusta við fatlaða hefur aukist verulega síðustu ár og að nokkur tími líði þar til hún kemst í jafnvægi og unnt verði að mæta eftirspurn eftir núverandi þjónustu. Í þriðja lagi er miðað við að framlög til *sveitarfélaga* fylgi almennri tekjuþróun enda er þar um að ræða framlög í Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er fjármagnaður með hlutfalli af skatttekjum og útsvarsstofni. Í fjórða lagi er miðað við að útgjöld til *vinnumála* lækki nokkuð á árinu 2004 vegna minnkandi atvinnuleysis og lægri framlaga til Ábyrðasjóðs launa. Á síðari hluta tímabilsins er gert ráð fyrir að útgjöld til vinnumála verði í jafnvægi.

Skuldbindandi samningar

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.120,4 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	65,3	67,3	67,3	67,3	67,3
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	0,8	0,8	0,8	0,0	0,0
Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna	A	24,1	24,8	16,6	0,0	0,0
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	48,9	50,4	50,4	50,4	50,4
Hvítárbakki, meðferð barna og ungmenna	A	31,1	21,3	0,0	0,0	0,0
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	36,0	37,1	37,1	37,1	37,1
Torfastaðir, meðferð barna og ungmenna	A	23,3	23,9	23,9	23,9	23,9
Handverkstæðið Ásgarður	A	13,4	13,8	13,8	13,8	0,0
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	12,3	12,7	12,7	12,7	12,7
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	13,6	14,0	14,0	14,0	14,0
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	199,6	205,4	205,4	205,4	205,4
Akureyrarbær, þjónusta við fatlaða	A	464,8	489,7	489,7	489,7	489,7
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	15,3	15,7	15,7	15,7	15,7
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	17,1	17,6	0,0	0,0	0,0
Árvellir, meðferð barna og ungmenna	C	62,4	0,0	0,0	0,0	0,0
Skjöldólfsstaðir, meðferð barna og ungmenna	C	14,8	0,0	0,0	0,0	0,0
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	40,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Félagsþjónusta Rvk., þjónusta við fatlaða	C	32,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	C	5,0	5,1	5,1	5,1	5,1
Samtals		**1.120,4**	**999,6**	**952,5**	**935,1**	**921,3**

Samningar sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 965,6 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningar sem félagsmálaráðuneytið stendur eitt að eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 154,8 m.kr. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna samning við Blindrafélagið um rekstur vinnustofu fyrir blinda, Héraðsnefnd Þingeyinga, Vestmannaeyjabæ og Styrktarfélag vangefinna vegna þjónustu við fatlaða.

Fallið hafa úr gildi samningar við Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Vímulausa æsku og Félagsþjónustuna í Reykjavík.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	149,5	145,6	172,9	18,8	15,7
Ýmis verkefni	33,8	45,2	48,9	8,2	44,7
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**183,3**	**195,8**	**226,8**	**15,8**	**23,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 24,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 18,5 m.kr. framlagi til að mæta auknum kostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins en á undanförnum árum hafa verkefni hennar vaxið verulega, m.a. með tilkomu 6 kæru- og úrskurðanefnda og í tengslum við fæðingar- og foreldraorlof og málefna útlendinga. Þá hefur umsýsla sveitarstjórnarmála vaxið mikið, m.a. með tilkomu sérstakrar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Loks er 6,5 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við skipulagsbreytingar á aðalskrifstofu.

190 Ýmis verkefni. Heildarútgjöld fjárlagaliðarins eru 48,9 m.kr. sem er 3 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Helstu breytingar skýrast af 6 m.kr. framlagi á nýtt viðfangsefni *1.16 Kærunefnd barnaverndarmála* sem er skipuð í samræmi við ákvæði nýrra barnaverndarlaga sem samþykkt voru á Alþingi í apríl síðastliðnum.. Á viðfangsefni *1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu* er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. hækkun framlaga, sömu hækkun fjárhæðar á viðfangsefni *1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála* og 1 m.kr. á viðfangsefni *1.19 Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.* Þá er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. framlagi á verkefni *1.90 Ýmislegt* til tölfræðilegra úrvinnslu gagna á sviði kjaramála og 1 m.kr. á viðfangsefni *1.11 Fjölskylduráð* til undirbúnings könnunar á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni í samræmi við þingsályktun. Niður falla 3,3 m.kr. framlög til *1.21 Reynslusveitarfélög* og 4,6 m.kr. á viðfangsefni *1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum* þar sem verkefninu lýkur í árslok 2002. Loks eru bakfærðar 3 m.kr. til Íslenska upplýsingasamfélagsins vegna sveitarfélagavefs sem stuðla á að bættum upplýsingum á vettvangi sveitarstjórnarmála.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	57,4	39,8	39,9	0,3	-30,5
Skrifstofa jafnréttismála	5,5	0,0	0,0	-	-100,0
Jafnréttisstofa	33,0	31,2	31,6	1,3	-4,2
Vinnueftirlit ríkisins	287,3	282,5	276,9	-2,0	-3,6
Samtals	**383,2**	**353,5**	**348,4**	**-1,4**	**-9,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

*331 **Vinnueftirlit ríkisins.*** Heildargjöld fjárlagaliðarins eru ætluð 276,9 m.kr. en eru 282,5 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, sem nema 8 m.kr., eru helstu breytingar þær að tímabundin framlög til kynningar á framkvæmd heilsuverndar á vinnustöðum og til kaupa á húsnæði við Bíldshöfða samtals að fjárhæð 8 m.kr. falla niður. Einnig er gerð krafa um 5,6 m.kr. lækkun útgjalda vegna hagræðingar.

Málefni barna

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa en fjárlagaliðurinn 401 Barnaverndarráð fellur niður. Ný barnaverndarlög voru samþykkt á Alþingi í apríl síðastliðnum og í samræmi við ákvæði laganna skal skipuð Kærunefnd barnverndarmála og er áætlað fyrir útgjöldum nefndarinnar á nýju viðfangsefni *1.16 Kærunefnd barnaverndarmála* á fjárlagalið 190 Ýmis verkefni.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	543,7	579,3	612,6	5,7	12,7
Barnaverndarráð	16,0	15,7	15,7	0,0	-
Samtals	**559,7**	**595,0**	**628,3**	**5,6**	**12,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 16 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

400 Barnaverndarstofa. Útgjöld á þessum fjárlagalið eru 612,6 m.kr. sem er 33 m.kr hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Auk launa- og verðlagsbreytinga hækkar fjárlagaliðurinn um 16 m.kr. sem skýrist í fyrsta lagi af tillögu um 25 m.kr. fjárveitingu vegna áhrifa nýrra barnaverndarlaga. Í nýjum barnaverndarlögum, sem samþykkt voru á Alþingi síðastliðið vor, er lagt til að ríkissjóður greiði hluta kostnaðar vegna barns, sem ráðstafað hefur verið í fóstur, telji Barnaverndarstofa þörf á að það fái sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun. Gert er ráð fyrir að um 20 börn geti fallið undir þetta úrræði. Í öðru lagi er ætlað fyrir 7 m.kr. fjárheimild vegna samningsbundinna útgjalda Barnaverndarstofu á viðfangsefni *1.20 Heimili fyrir börn og ungmenni*. Þá falla niður tvær tímabundnar fjárheimildir samtals að fjárhæð 4 m.kr. Að öðru leyti skýrast breytingar af hagræðingarmarkmiðum. Loks eru 18 m.kr. fjárheimildir Barnahúss sem hafa verið á viðfangsefni *1.20 Heimili fyrir börn og unglinga* færðar á *1.01 Yfirstjórn*.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700–722 Málefni fatlaðra og tengdar stofnanir; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
700 Málefni fatlaðra	70,5	67,9	244,8	260,5	247,2
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	1.100,6	1.220,0	1.373,1	12,5	24,8
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	804,0	817,8	882,7	7,9	9,8
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	147,6	164,2	167,1	1,8	13,2
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	104,5	113,2	116,9	3,3	11,9
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	177,6	187,6	206,5	10,1	16,3
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	439,1	461,9	548,0	18,6	24,8
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	160,1	181,3	185,9	2,5	16,1
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	259,3	286,4	296,5	3,5	14,3
711 Styrktarfélag vangefinna	384,5	418,0	429,4	2,7	11,7
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	175,0	179,5	183,1	2,0	4,6
722 Sólheimar, Grímsnesi	139,4	150,9	153,6	1,8	10,2
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	142,2	152,9	171,9	12,4	20,9
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	273,8	280,0	274,4	-2,0	0,2
Samtals	**4.378,2**	**4.681,6**	**5.233,9**	**11,8**	**19,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 393,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru skýrðar í eftirfarandi fjárlagaliðum.

700 Málefni fatlaðra. Framlag á þennan fjárlagalið nemur tæpum 245 m.kr. og hækkar um 177 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru að 83 m.kr. færast frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi í samræmi við samkomulag sem félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra undirrituðu í janúar 2002 um flutning 20 íbúa af Kópavogshæli í sambýli á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess er gert ráð fyrir 42,5 m.kr. vegna útskriftar íbúa af Kópavogshæli í sambýli en ráðuneytið áformar að taka á leigu fjögur hús fyrir sambýli og dagvistun til nota fyrir þá íbúa sem þar voru. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir 43,1 m.kr. framlagi til nýrra verkefna í samræmi við áætlun starfshópsins. Er að því stefnt að koma á fót nýrri dagvistarstofnun á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2003 í samræmi við áætlun starfshóps um biðlista. Jafnframt er gert ráð fyrir að efla stoðþjónustu, svo sem skammtímavistun eða stuðningsfjölskyldur. Einnig er ætlað fyrir 18,8 m.kr. framlagi á viðfangsefni *1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.* til að mæta uppsöfnuðum halla síðustu ára vegna greiðslna fæðingarorlofs og veikindaforfalla í tengslum við barnsburð. Ekki verður um frekari greiðslur að ræða af þessum fjárlagalið eftir stofnun Fæðingarorlofssjóðs. Þá eru framlög af þessum lið samtals að fjárhæð 16,6 m.kr. millifærð til svæðisskrifstofa eða verkefna í umdæmum þeirra.

701–702 Málefni fatlaðra, Svæðisskrifstofur í Reykjavík og Reykjanesi. Farið er fram á 100 m.kr. til nýrra heimila fyrir fatlaða í samræmi við áætlun starfshóps um styttingu biðlista. Ráðuneytið stefnir að því að komið verði á fót á árinu 2003 einu nýju sambýli í Reykjavík og tveimur á Reykjanesi í samræmi við áætlun starfshópsins. Í frumvarpinu er einnig farið fram á 75,4 m.kr. framlag til heilsársreksturs tveggja sambýla fyrir fatlaða í Reykjavík að Barðastöðum og að Hólmasundi í samræmi við áætlunina. Í fjárlögum ársins 2002 fékkst fjárveiting til þess að reka sambýlin frá október 2002. Þá er ætlað fyrir 2 m.kr. fjárveitingu vegna samningsbundinna útgjalda Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík og 4 m.kr. vegna samnings um skammtímavistun fyrir fatlaða í Reykjadal. Loks eru millifærð tvö framlög samtals að fjárhæð 6 m.kr. af fjárlagalið *700 Málefni fatlaðra.* Um er að ræða 4 m.kr. framlag vegna samnings félagsmálaráðuneytis og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík annars vegar og Handverkstæðisins Ásgarðs hins vegar og 2 m.kr. fjárveitingu sem ætluð er til umönnunar tveggja alvarlegra veikra barna.

703–708 Málefni fatlaðra, aðrar svæðisskrifstofur. Í frumvarpinu er farið fram á 53,8 m.kr. til að framlengja samning við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða. Enn fremur er farið fram á 13 m.kr. vegna samnings ráðuneytisins við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlaða. Þá er gerð tillaga um 4 m.kr. framlag vegna aukins kostnaðar við rekstur heimilis fyrir fötluð börn við Álftarima á Selfossi. Breyttar reglur Tryggingastofnunar ríkisins um aukna kostnaðarhlutdeild heimilisins við kaup á hjálpartækjum o.fl. hafa leitt til útgjalda sem ekki var reiknað

með þegar starfsemi heimilisins hófst. Millifærðar eru af lið *700 Málefni fatlaðra* 8,9 m.kr. vegna samnings félagsmálaráðuneytis og héraðsnefndar Þingeyinga um þjónustu við fatlaða og 1,7 m.kr. vegna samnings félagsmálaráðuneytis og Sveitarfélagsins Hornafjarðar um þjónustu við fatlaða. Loks fellur niður tímabundin fjárheimild að fjárhæð 2,5 m.kr. til Fjöliðjunnar á Vesturlandi.

*750 **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*** Útgjöld stöðvarinnar eru áætluð 172 m.kr. en eru 153 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Launa- og verðlagsbreytingar nema 6,6 m.kr. en auk þess er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag til að styrkja rekstur stöðvarinnar og til nýrra verkefna. Þá fellur m.a. niður tímabundin fjárheimild að fjárhæð 2,5 m.kr. til kaupa á búnaði og hjálpartækum.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 480 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

*801 **Jöfnunarsjóður.*** Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með þrennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er 2.734 m.kr. framlag úr ríkissjóði á verðlagi þessa árs sem er 1,4% af innheimtum tekjum ríkisins af beinum og óbeinum sköttum. Í öðru lagi er 1.250 m.kr. framlag á verðlagi þessa árs sem er 0,64% af sama tekjustofni og skal því varið til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Loks er 1.173 m.kr. framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Lögbundin framlög eru því 5.156 m.kr. á verðlagi ársins 2002. Reiknað er með framlagið hækki í 5.270 m.kr. á verðlagi ársins 2003.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlofssjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður Íslands	30,0	10,0	10,0	0,0	-66,7
Vinnumálastofnun	164,4	153,0	154,0	0,7	-6,3
Vinnumál	53,9	34,8	28,5	-18,1	-47,1
Ábyrgðasjóður launa	286,2	223,0	381,1	70,9	33,2
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.403,0	1.576,9	2.057,0	30,4	46,6
Félagsmálaskóli alþýðu	22,0	23,1	23,5	1,7	6,8
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-4,3	19,9	15,9	-20,1	-
Fæðingarorlof	2.852,8	4.466,5	5.392,0	20,7	89,0
Samtals	**4.808,0**	**6.507,2**	**8.062,0**	**23,9**	**67,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.555 m.kr. frá gildandi fjárlögum eða um tæp 24% og er tilefni þeirra hækkana skýrt í eftirfarandi fjárlagaliðum.

981 Vinnumál. Gert er ráð fyrir að hækka framlag til Félagsdóms um 1 m.kr. en setudómarar eru kallaðir til í vaxandi mæli. Þá er hluti framlags til vinnumála að fjárhæð 4,3 m.kr., sem greiddur hefur verið Alþýðusambandi Íslands, fluttur á nýjan fjárlagalið undir forsætisráðuneyti. Enn fremur fellur niður 3,3 m.kr. tímabundin heimild frá árinu 1999 vegna þátttöku ráðuneytisins í nefnd sem falið var að móta tillögur um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar.

982 Ábyrgðasjóður launa. Útgjöld sjóðsins eru áætluð 381 m.kr. en eru 223 m.kr. í fjárlögum 2002. Útgjöld sjóðsins á árinu 2001 voru um 350 m.kr. og stefnir í nokkuð hærri upphæð á árinu 2002. Gert er ráð fyrir auknum útgreiðslum fram á árið 2003. Því er farið fram á 100 m.kr. hækkun á framlagi til Ábyrgðasjóðs launa. Loks er gert ráð fyrir að vaxtatekjur af inneign markaðra tekna lækki um 40 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Útgjöld sjóðsins eru samkvæmt frumvarpinu 2.858 m.kr. en eru 2.272,9 m.kr. í fjárlögum ársins. Þar af nema útgjöld vegna atvinnuleysisbóta 2.172 m.kr en eru 1.624,3 m.kr. í fjárlögum. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi árið 2003 verði um 2,5% í stað tæpra 2% sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga árið 2002. Gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki því um tæpar 548 m.kr. vegna atvinnuleysisbóta. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur af inneign markaðra tekna hækki um 105 m.kr. Loks er farið fram á 25 m.kr. hækkun framlaga á viðfangsefni *1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva,* sem eru 143 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Greiðslur til fiskvinnslustöðva hafa verið að aukast undanfarin ár og voru 177 m.kr. árið 2001.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	741,3	1.624,3	2.172,0	33,7	193,0
Umsýslukostnaður Vinnumiðlunar	55,0	56,2	58,0	3,2	5,5
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana	110,0	112,4	115,0	2,3	4,5
Styrkir til fiskvinnslustöðva	177,1	144,7	175,0	20,9	-1,2
Kjararannsóknarnefnd	27,8	27,1	28,0	3,3	0,7
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	80,8	112,0	112,0	0,0	38,6
Framlög og styrkir	123,2	81,0	81,0	0,0	-34,3
Starfsmenntasjóðir	54,6	60,0	60,0	0,0	9,9
Rekstur úthlutunarnefnda	44,8	55,2	57,0	3,3	27,2
Vaxtatekjur	-11,6	-46,0	-47,0	2,2	-
Samtals	**1.403,0**	**2.226,9**	**2.811,0**	**26,2**	**100,4**

987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Útgjöld sjóðsins eru áætluð tæpar 16 m.kr. en eru tæpar 20 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Gert ráð fyrir að vaxtatekjur af inneign markaðra tekna hækki um 5 m.kr.

989 Fæðingarorlofssjóður. Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, skal Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi sem eru á innlendum vinnumarkaði en greiðslur til foreldra utan vinnumarkaðar koma úr ríkissjóði. Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með 0,85% af gjaldstofni til tryggingagjalds, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins. Á viðfangsefni *1.11 Fæðingarorlofssjóður* eru færðar áætlaðar greiðslur vegna fæðingarorlofs fólks á vinnumarkaði. Þær eru áætlaðar 4.867 m.kr. og hækka um 910 m.kr frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hluti þess framlags, eða 700 m.kr., eru áætlaðar vegna aukins réttar feðra til sjálfstæðs orlofs. Á árinu 2003 verða að fullu komin til framkvæmda ákvæði í lögunum um aukinn rétt feðra til fæðingarorlofs og verður sá réttur orðinn þrír mánuðir á því ári. Aðrar breytingar á viðfangsefninu og liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 950 Rekstrarhagræðing, 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Hér er einnig gerð grein fyrir liðnum 205 Leiguíbúðir og nýjum lið 207 Varasjóður húsnæðismála.

205 Leiguíbúðir. Lagt er til að veitt verði 90 m.kr. framlag til niðurgreiðslu vaxta vegna leiguíbúða í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra í júlí 2001 um átak til að bæta ástand á leigumarkaði. Samkomulagið gerir annars vegar ráð fyrir að aflað verði lánsfjárheimilda í fjárlögum til átaks um byggingu allt að 400 leiguíbúða á ári á 3,5% breytilegum vöxtum en gert verði ráð fyrir eðlilegu svigrúmi á

milli ára. Lánin verði veitt sveitarfélögum, félögum fatlaðra, öryrkja, aldraðra og námsmanna er leigja íbúðirnar til þeirra sem uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk skv. VIII. kafla húsnæðislaga. Hins vegar er gert ráð fyrir lánsheimildum til byggingar eða kaupa 150 leiguíbúða á ári í 4 ár á 4,5% breytilegum vöxtum. Gert er ráð fyrir að leitað verði eftir samstarfi við sveitarfélög um að þau taki þátt í umræddu átaki. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði til greiðslu vaxtamunar þessara lána sem taki mið af inn- og útlánsvöxtum Íbúðalánasjóðs hverju sinni og stöðu lána.

207 Varasjóður húsnæðismála. Í samræmi við ákvæði laga nr. 86/2002, um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, hefur verið stofnaður nýr sjóður, Varasjóður húsnæðismála, sem er í eigu og á ábyrgð sveitafélaga, og er honum m.a. falin umsýsla Varasjóðs viðbótarlána, sem einnig er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 60 m.kr. tímabundnu árlegu framlagi til Varasjóðs húsnæðismála frá og með árunum 2002 til 2006 samkvæmt samkomulagi frá 4. apríl 2002 milli félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar. Á móti framangreindu framlagi fellur niður 50 m.kr. fjárveiting á heimildarlið fjármálaráðuneytis til Varasjóðs viðbótarlána sem samþykkt var við 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1999. Sjóðnum er ætlað að veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða í þeirra eigu og að veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennan markað að undangenginni innlausn.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Sérstakt framlag lækkar um 3,5 m.kr. skv. 7. gr. gildandi fjárlaga þannig að það nemur 3,5 m.kr. í frumvarpinu. Mótframlag félagsmálaráðuneytisins er lækkað um 0,5 m.kr. og því alls áætlað fyrir 7 m.kr. framlagi á þennan lið sem fer til uppbyggingar upplýsingaveitu sveitarstjórnarstigsins. Gert er ráð fyrir að 2 m.kr. framlag af liðnum *07 999 1.60 Ráðgjafastofa heimilanna* gangi til baka en 3 m.kr. verði þess í stað millifærðar af viðfangsefninu Ýmislegt undir liðnum *07 190 Ýmis verkefni.*

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Lögð er til 89 m.kr. fjárveiting á viðfangsefni *1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992* til að jafna skuld ráðuneytisins við Tryggingastofnun ríkisins til ársloka 2001 á greiddum meðlögum. Ráðuneytið áætlar að fjárheimild fjárlaga ársins 2002 ásamt innborgunum dugi fyrir útgjöldum. Þá er bakfært 2 m.kr. framlag af viðfangsefni *1.60 Ráðgjafastofa heimilanna* til liðar *996 Íslenska upplýsingasamfélagsið* þar sem verkefninu er lokið.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	39.558,6	38.965,3	49.544,1	27	25
Neyslu- og rekstrartilfærslur	43.017,0	49.639,8	45.732,5	-8	6
Stofnkostnaður og viðhald	1.984,2	1.804,1	1.501,6	-17	-24
Samtals	**84.559,8**	**90.409,2**	**96.778,2**	**7**	**14**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	76.674,6	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	20.103,6	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**96.778,2**	-	-

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins árið 2003 eru áætluð um 100.198,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.420 m.kr. en þær nema 3,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 96.778,2 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 76.674,6 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 20.103,6 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 49.544,1 m.kr. og hækka um 10.578,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, sem nema 2.328,7 m.kr., hækka rekstrargjöldin um 8.250,1 m.kr. Þar vegur þyngst breytt framsetning þar sem framlög til rekstrarverkefna sem unnin eru af öðrum en ríkisaðilum eru nú færð sem rekstrargjöld en voru áður talin til rekstrartilfærslna. Hækka rekstrargjöld ráðuneytisins af þessum sökum um tæpar 6.300 m.kr. en neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um sömu fjárhæð. Þyngst vega tæpar 1.050 m.kr. til almennrar sjúkrahúsþjónustu og tæpar 630 m.kr. til heilsugæslustöðva. Á móti koma áform um hagræðingu sem nema 560 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 3.907,3 m.kr. og verður 45.732,5 m.kr. en er 49.639,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Hækkun á milli ára er hins vegar um 2.500 m.kr. að frátöldum áhrifum breyttrar framsetningar. Þar vega þyngst aukin framlög til almannatrygginga sem nema um 1.845 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 156,5 m.kr. lækkun framlaga vegna hagræðingar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.501,6 m.kr. og er það 302,5 m.kr. lækkun milli ára. Skýrist það af því að framlög lækka til byggingar Barnaspítala þar sem hann verður fullbyggður snemma á næsta ári.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 716,5 m.kr., þar af 523 m.kr. almenn hagræðingarkrafa til stofnana. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 400 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld heilbrigðisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	310	313	316	319
Tryggingamál	45.578	47.405	49.337	51.356
Sjúkrahús og sérgreind sjúkrahúsaþjónusta	26.456	27.047	27.809	28.614
Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.	10.764	11.171	11.568	12.007
Heilsugæsla	4.467	4.585	4.706	4.831
Heilbrigðisstofnanir	7.594	7.746	7.901	8.059
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	546	543	548	551
Annað	1.065	1.039	1.047	1.055
Samtals	**96.780**	**99.849**	**103.232**	**106.792**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *tryggingamála* aukist að jafnaði um 4% á ári. Skýrist það einkum af því að reiknað er með að árleg fjölgun bótaþega lífeyrisbóta og félagslegrar aðstoðar verði 3,5%, árleg aukning sjúkratrygginga verði 5% og lyfjaútgjalda 7% og er það í samræmi við auknar komur til sérfræðinga utan sjúkrahúsa og aukið vægi lyfja í meðferð. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld til *sjúkrastofnana* og *heilsugæslustöðva* aukist um 3% á ári en 2% til *heilbrigðisstofnana*. Í þriðja lagi er spáð fyrir meiri aukningu í þjónustu öldrunarstofnana eða 4% á ári en var áður 2%. Þá er miðað við að árleg aukning í umsýslu *eftirlitsstofnana* vaxi að jafnaði um 1%. Loks má nefna að helstu tímabundu fjárveitingarnar, sem gert er ráð fyrir í spánni að falli niður á tímabilinu, er 90 m.kr. lokaframlag til byggingar Barnaspítala en hann verður fullbúinn og tekinn í notkun á árinu 2003.

Skuldbindandi samningar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við ýmis samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 4.146 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um í sumum samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	105,1	109,0	109,0	0,0	0,0
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	191,8	209,2	0,0	0,0	0,0
Lundur, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	84,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Hulduhlíð, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	67,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Hornbrekka, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	80,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Naust, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	27,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	440,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	152,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	A	624,1	644,4	644,4	644,4	644,4
Gistiheimili RKÍ	A	61,4	63,2	63,2	0,0	0,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	330,5	369,8	369,8	0,0	0,0
Reykjalundur	A	831,2	868,5	868,5	0,0	0,0
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum í Reykjavík	A	7,6	7,8	7,8	0,0	0,0
Akureyrarbær, fangar	A	1,0	1,1	1,1	0,0	0,0
Sjúkraflutningar í Árnessýslu	A	25,3	26,1	26,1	26,1	0,0
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	35,6	36,6	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	36,0	37,1	37,1	37,1	37,1
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	255,1	262,8	262,8	262,8	0,0
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	54,1	55,7	55,7	55,7	0,0
Sjúkraflug á Vestfirði og suðursvæði	A	31,9	32,9	0,0	0,0	0,0
Flugfélag Íslands - sjúkraflug á Norðursvæði	A	48,3	49,7	0,0	0,0	0,0
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm.	A	12,0	12,4	0,0	0,0	0,0
Heimilislæknastöðin ehf., rekstur heilsugæslu	A	93,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Læknavaktin ehf., rekstur heilsugæslu	A	162,1	177,8	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	244,4	0,0	0,0	0,0	0,0
Sveitarfél. Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	A	63,8	0,0	0,0	0,0	0,0
Geislavarnir	C	37,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Samstafsamningur um heilbrigðistækni	C	3,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Hjartavernd, hóprannsóknir	C	38,5	39,7	39,7	39,7	39,7
Samtals		**4.145,7**	**3.003,8**	**2.485,2**	**1.065,8**	**721,2**

Samningar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 4.067 m.kr. á yfirstandandi ári. Skuldbindingar vegna samninga sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sendur eitt að eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður tæpar 80 m.kr. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði 3.500 til 4.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna samning við Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið um rekstur meðferðadeilda, Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun um endurhæfingarþjónustu og Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða. Þá er einnig unnið að útboðlýsingu um

rekstur nýrrar heilsugæslustöðvar í Salahverfi í Kópavogi en áformað er að bjóða rekstur stöðvarinnar út á haustmánuðum 2002.

Ráðuneytið stefnir að endurnýjun nokkurra samninga í lok þessa árs eða á næsta ári. Þar á meðal er samningur við Geislavarnir ríkisins, Heimilislæknastöðina ehf. um rekstur heilsugæslustöðvarinnar Lágmúla, Reykjavík, Akureyrarbæ og Sveitarfélagið Hornafjörð.

Ráðuneytið hefur gert árangursstjórnunarsamninga við flestar heilbrigðisstofnanir sem tóku gildi á árinu 2001 eða á yfirstandandi ári og er yfirlit þeirra samninga birt í töflu að neðan. Samningarnir kveða nánar á um starfsskyldur, verkefni, áætlunargerð og mat á árangri stofnananna. Með gerð áætlana sem samningarnir kveða á um er mótuð stefna um þjónustu og rekstur til næstu ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	2002	2003
Heilbrigðisstofnunin Akranesi, rekstur	971,7	971,7
St. Franciskusspítali, rekstur	247,8	247,8
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, rekstur	159,0	159,0
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, rekstur	535,6	535,6
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, rekstur	97,4	97,4
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, rekstur	86,8	86,8
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, rekstur	181,0	181,0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, rekstur	261,4	261,4
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, rekstur	534,7	0,0
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, rekstur	261,6	261,6
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, rekstur	529,1	529,1
Heilbrigðisstofnun Austurlands, rekstur	1.010,8	1.010,8
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	411,9	411,9
Heilbrigðisstofnunin Selfossi, rekstur	622,1	622,1
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum, rekstur	799,7	799,7
Samtals	**6.710,6**	**6.175,9**

Ráðuneytið áformar einnig gerð þjónustusamninga við Landslæknisembættið, Lyfjastofnun, Sjónstöð Íslands og St. Jósefsspítala en slíkir samningar hafa ekki verið í gildi. Loks er stefnt að endurnýjun árangursstjórnunarsamnings við Heilbrigðisstofnunina Sauðarkróki.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	272,0	283,6	301,6	6,3	10,9
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**272,0**	**291,6**	**309,6**	**6,2**	**13,8**

Heildargjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins eru 301,6 m.kr. sem er 18 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Auk launa- og verðlagsbreytinga, sem eru 10,2 m.kr., skýrist hækkunin af 15 m.kr. framlagi sem skal varið til að styrkja aðalskrifstofu ráðuneytisins en brýnt þykir að efla einstaka skrifstofur þess. Á móti kemur að gerð er 7,2 m.kr. hagræðingarkrafa til skrifstofunnar.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	746,8	732,6	815,2	11,3	9,2
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	5.822,8	6.483,7	6.859,0	5,8	17,8
Lífeyristryggingar	20.124,5	22.711,5	24.099,0	6,1	19,7
Sjúkratryggingar	11.663,5	11.878,8	12.961,0	9,1	11,1
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa	512,7	761,7	31,0	-95,9	-94,0
Slysatryggingar	512,7	568,0	624,0	9,9	21,7
Sjúklingatryggingar	0,1	68,1	28,1	-58,7	-
Eftirlaunasjóður aldraðra	184,7	195,3	160,3	-17,9	-13,2
Samtals	**39.567,8**	**43.399,7**	**45.577,6**	**5,0**	**15,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 2.177,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum og þar af er 1.024,1 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Breytingar, sem má rekja til hagrænna þátta, svo sem fjölgunar bótaþega, nema 1.711 m.kr. Þá eru millifærðar tæpar 690 m.kr. til stofnana frá liðnum *207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva* vegna breytinga sem gerðar hafa verið á greiðslufyrirkomulagi fyrir rannsóknir. Þá er gerð 165 m.kr. hagræðingarkrafa til málefnaflokksins sem að mestu fellur á útgjöld sjúkratryggginga vegna lyfja- og sérfræðilækniskostnaðar.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Heildargjöld á þessum fjárlagalið eru 815,2 m.kr. en eru 732,6 m.kr. í fjárlögum og hækka því sem nemur 82,6 m.kr. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum hækkar liðurinn um 59 m.kr. sem skýrist m.a. 25 m.kr. framlagi til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar en stofnunin var rekin með tæplega 50 m.kr. halla á árinu 2001. Enn fremur er gert ráð fyrir 16,5 m.kr. hækkun á 32,5 m.kr. tímabundnu framlagi, sem samþykkt var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs, til smíði á nýju greiðslukerfi fyrir lífeyristryggingar. Heildarkostnaður við endurgerð kerfisins er metinn 260,5 m.kr. en fjármögnun verksins lýkur árið 2006. Frá 2004 til ársloka 2006 verður framlagið 21 m.kr. á ári. Þá eru 12,5 m.kr. ætlaðar til að mæta viðbótarkostnaði við nýja samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, sem varð til með lögum nr. 154/2001, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, og lögum um almannatryggingar. Lögin kveða á um að heilbrigðisráðherra skipi samninganefnd sem kemur í stað samninganefndar sem tryggingaráð skipaði áður. Nefndin skal semja við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Gert er ráð fyrir að árlegt ráðstöfunarfé nefndarinnar verði samtals um 17 m.kr. að meðtöldum kostnaði Tryggingastofnunar af fyrri samninganefnd sem gengur yfir til nýju nefndarinnar. Einnig er mælt fyrir 10 m.kr. framlagi til stofnunarinnar í kjölfar samþykktar laga nr. 74/2002, um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum. Lögin kveða m.a. á um breytingu á tekjuhugtaki almannatryggingalaga, bótaútreikningi o.fl. Samkvæmt mati Tryggingastofnunar hefur breytingin meiri áhrif á rekstur hennar en upphaflega var gert ráð fyrir. Umfangsmiklar breytingar þarf að gera á tölvukerfi stofnunarinnar auk þess að ráða sérhæfða starfsmenn m.a. til að vinna við tölvuúrvinnslu. Þá er gert ráð fyrir 3,5 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við nýtt greiðslukerfi hjúkrunarheimila sem taka á upp frá 1. janúar 2003. Að síðustu er framlag til stofnunarinnar lækkað sem nemur 8,5 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

203 Bætur samkvæmt lögum um félaglega aðstoð. Útgjöld til bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 6,859 m.kr. en eru 6,483,7 m.kr. í fjárlögum 2002. Hækkunin skýrist einkum af fjölgun bótaþega eða 240 m.kr. og 213 m.kr. af launa- og verðlagsbreytingum. Hækkun framlags til greiðslu endurhæfingarlífeyris skýrist einkum af aukinni áherslu á að úrskurða einstaklinga á tímabundinn lífeyri meðan gerð er tilraun til að endurhæfa viðkomandi og forða honum þannig frá varanlegri örorku. Millifærð eru framlög af viðfangsefni *1.51 Uppbætur* samtals að fjárhæð 77,4 m.kr. til nokkurra öldrunarstofnana vegna breytinga á dvalarrýmum í hjúkrunarrými.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	241,3	271,2	290,0	6,9	20,2
Umönnunarbætur	800,9	895,8	961,0	7,3	20,0
Makabætur	28,8	32,4	33,0	1,9	14,6
Ekkju- og ekklabætur	57,6	75,9	78,0	2,8	35,4
Endurhæfingarlífeyrir	333,5	359,4	428,0	19,1	28,3
Barnalífeyrir vegna menntunar	59,5	70,9	73,0	3,0	22,7
Heimilisuppbót	1.800,9	2.052,7	2.206,0	7,5	22,5
Sérstök heimilisuppbót	71,7	0,0	0,0	-	-
Uppbætur	2.270,1	2.533,6	2.592,0	2,3	14,2
Bifreiðakaupastyrkir	158,5	191,8	198,0	3,2	24,9
Samtals	**5.822,8**	**6.483,7**	**6.859,0**	**5,8**	**17,8**

*204 **Lífeyristryggingar.*** Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 24.099 m.kr. á árinu 2003 en eru 22,712 m.kr. í fjárlögum 2002. Hækkunin skýrist af fjölgun bótaþega eða 640 m.kr. og 747 m.kr. af launa- og verðlagsbreytingum. Með lagabreytingum sem tóku gildi á miðju ári 2001 var sérstök heimilisuppbót lögð niður sem bótaflokkur og nýr bótaflokkur, tekjutryggingarauki, kom í hans stað frá sama tíma. Með breytingum á lögum um almannatryggingar árið 2001 fjölgaði örykjum verulega sem eiga rétt til bóta almannatrygginga sem skýrir að mestu aukin framlög til tekjutryggingarauka. Öryrkjar eiga rétt á að fá greiddan barnalífeyri eigi þeir barn undir 18 ára aldri. Barnalífeyrir er ekki tekjutengdur og því kunna öryrkjar að eiga rétt á greiðslu barnalífeyris þótt þeir njóti ekki sjálfir tekjutryggingabóta. Aukin framlög til barnalífeyris skýrast því einkum af rýmri bótarétti sem varð með lagabreytingunni árið 2001.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	5.458,8	6.335,1	6.672,0	5,3	22,2
Örorkulífeyrir	2.170,4	2.462,2	2.624,0	6,6	20,9
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.964,9	7.976,5	8.371,0	4,9	20,2
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.117,0	3.690,7	3.876,0	5,0	24,4
Tekjutryggingarauki	312,0	652,1	766,0	17,5	145,5
Örorkustyrkir	138,0	174,1	185,0	6,3	34,1
Barnalífeyrir	1.225,3	1.344,9	1.527,0	13,5	24,6
Fæðingarorlof	479,9	0,0	0,0	-	-
Annað	258,2	75,9	78,0	2,8	-69,8
Samtals	**20.124,5**	**22.711,5**	**24.099,0**	**6,1**	**19,7**

Útgjöld lífeyristrygginga hafa verið endurmetin í ljósi þróunar á þessu ári og er tekið tillit til þeirra breytinga sem lagðar verða til í fjáraukalögum. Mismunandi hækkun einstakra bótaflokka á sér skýringar í slíku endurmati.

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 12.961 m.kr. en eru 11.878 m.kr. í fjárlögum 2002. Heildaráhrif launa- og verðlagsbreytinga á liðnum nema 40 m.kr. og koma þá bæði til lækkanir vegna gengistengdra kostnaðarliða svo og hækkanir á öðrum liðum. Í frumvarpinu verður lækniskostnaður 3.046 m.kr. á árinu 2003 en er 2.581 m.kr. í fjárlögum þessa árs sem er hækkun um 465 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir 4,5% magnaukningu milli ára sem nemur 120 m.kr. og 88,7 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Millifærðar eru 115 m.kr. á viðfangsefnið af lið *207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva* en kostnaður við rannsóknir ferlisjúklinga sem ákveðnar eru af sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum greiðast nú af sjúkratryggingum. Til að mæta settum aðhaldsmarkmiðum er gert ráð fyrir að komugjöld til sérfræðilæknis hækki á árinu 2003 sem nemur 56 m.kr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lyfjakostnaður verði 5.003 m.kr. Í fjárlögum ársins í ár er gert ráð fyrir að hann verði 4.973 m.kr., en við þriðju umræðu var samþykkt að draga úr lyfjaútgjöldum sem næmi 310 m.kr. á árinu með breytingum á greiðsluþátttöku, smásöluálagningu og hámarksheildsöluverði. Nú er sýnt að lyfjaútgjöld ársins fara 530 til 680 m.kr. umfram fjárlög þrátt fyrir fyrrnefndar aðgerðir. Útgjöld vegna lyfja í ár verða því á bilinu 5.500 m.kr. til 5.650 m.kr. og er það hækkun um 14 til 17% miðað við fyrra ár. Í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður á næsta ári aukist um ríflega 5% miðað við fjárhæð fjárlaga eða um 260 m.kr. Þá er einnig tekið mið af áhrifum gengis á lyfjaverð og gengur verðbreyting þessa árs að nokkru leyti til baka eða sem nemur 130 m.kr. Lögð er til 100 m.kr. lækkun á framlagi til lyfja til að mæta markmiðum um aðhald með því að lágmarks- og hámarksgreiðslur einstaklinga vegna lyfja hækki í takt við verðlagsbreytingar frá og með 1. janúar nk. Gert er ráð fyrir að framlag til hjálpartækja hækki um 50 m.kr. vegna breyttra úthlutunarreglna sem tóku gildi í mars á þessu ári, einnig er gerð tillaga um 100 m.kr. framlag sem er áætluð magnbreyting. Enn fremur er gert ráð fyrir 47 m.kr. auknu framlagi til þjálfunar af sama tilefni. Þá hækka framlög til þjálfunar um 120 m.kr. á árinu 2002 og 75 m.kr. á árinu 2003 vegna nýs samnings við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem tók gildi 1. apríl 2002. Loks er tannlæknakostnaður lækkaður um 140 m.kr. til að mæta auknum kostnaði á öðrum viðfangsefnum sjúkratrygginga. Aðrar breytingar skýrast einkum af verðlagsbreytingum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	2.787,0	2.581,5	3.046,0	18,0	9,3
Lyf	4.834,8	4.973,0	5.003,0	0,6	3,5
Hjálpartæki	972,4	998,0	1.182,0	18,4	21,6
Hjúkrun í heimahúsum	96,8	107,6	126,0	17,1	30,2
Þjálfun	848,4	921,5	1.198,0	30,0	41,2
Tannlækningar	974,3	1.117,0	1.126,0	0,8	15,6
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	130,4	146,9	167,0	13,7	28,1
Bryn meðferð erlendis	578,6	524,1	601,0	14,7	3,9
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	138,5	146,1	138,0	-5,5	-0,4
Sjúkradagpeningar	204,0	245,0	252,0	2,9	23,5
Annað	98,3	118,1	122,0	3,3	24,1
Samtals	**11.663,5**	**11.878,8**	**12.961,0**	**9,1**	**11,1**

207 ***Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.*** Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 31 m.kr. og lækka um 730 m.kr. sem skýrist af því að fjárveiting er færð á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir til að greiða fyrir þær rannsóknir sem þar eru ákveðnar. Á undanförnum árum hafa greiðslur sjúkratrygginga fyrir rannsóknir á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum verið færðar á þennan lið. Markmiðið var að einfalda samskipti milli sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana annars vegar og Tryggingastofnunar ríkisins. Lögð er nú til breyting á þessu fyrirkomulagi sem felst í því að færa greiðslur vegna rannsókna til þeirra sem þær ákveða þannig að saman fari fjárhagsleg og fagleg ábyrgð.

209 ***Sjúklingatryggingar.*** Framlag á þennan fjárlagalið er 28,1 m.kr. sem er 40 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Sjúklingatrygging er nýr bótaflokkur sem stofnaður var með lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, en þau tóku gildi í ársbyrjun 2001. Í fjárlögum þessa árs er 68,1 m.kr. framlag til þessa bótaflokks en bótagreiðslur úr sjóðnum hafa til þessa verið mun lægri en ætlað var.

214 ***Eftirlaunasjóður aldraðra.*** Áætlað er að hlutur ríkisins í eftirlaunum aldraðra verði 160,3 m.kr. sem er 35 m.kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum ársins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 113/1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem eru fæddir 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum. Dregið hefur úr útgjöldum sjóðsins á undanförnum árum og er lögð til 10 m.kr. lækkun framlags í frumvarpinu. Þá er 25 m.kr. viðskiptahreyfing sjóðsins, sem stafaði af því að gengið var á stöðu hans, felld niður. Loks er gert ráð fyrir 15 m.kr. sértekjum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins; 330 Manneldisráð og 397 Lyfjastofnun. Niður falla fjárlagaliðirnir 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra þar sem embætti þessi hafa verið lögð niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	161,5	161,5	165,9	2,7	2,7
Héraðslæknir í Reykjavík	13,7	13,7	0,0	-	-
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	8,0	8,0	0,0	-	-
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	55,5	55,5	98,9	78,2	78,2
Sjónstöð Íslands	57,1	57,1	57,6	0,9	0,9
Geislavarnir ríkisins	44,3	44,3	61,5	38,8	38,8
Manneldisráð	17,9	17,9	17,8	-0,6	-0,6
Lyfjastofnun	109,2	109,2	143,9	31,8	31,8
Samtals	**467,2**	**467,2**	**545,6**	**16,8**	**16,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 57,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að auknu framlagi til Geislavarna ríkisins, Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og Lyfjastofnunar.

301 Landlæknir. Heildarútgjöld embættisins eru ætluð 165,9 m.kr. en eru 161,5 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist aðallega af launa- og verðbreytingafærslum.

311–315 Héraðslæknir í Reykjavík og Héraðslæknir á Norðurlandi eystra. Heildarútgjöld embættanna eru ætluð samtals 21,7 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Með lögum um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., nr. 93/2002, eru embætti héraðslækna lögð niður. Verkefni héraðslækna færast að mestu leyti yfir til heilsugæslunnar. Eru fjárheimildir þessara fjárlagaliða færðar til heilsugæslunnar í Reykjavík og á Akureyri.

324 Heyrnar- og talmeinastöðin. Í frumvarpinu er gert ráð að heildarútgjöld stöðvarinnar verði 101,3 m.kr. Gjöld umfram tekjur verða 98,9 m.kr. en eru 55,5 m.kr. í fjárlögum ársins sem er 43,4 m.kr. hækkun. Auk launa- og verðlagsbreytinga vegur þyngst að sértekjur af sölu heyrnartækja að fjárhæð 30 m.kr., sem áður voru færðar á stöðina, eru fluttar á viðfangsefnið *1.55 Niðurgreiðslur hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina* liðnum *08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.* Þá er lögð til 10 m.kr. hækkun á framlagi til stöðvarinnar til að styrkja rekstur hennar og gengur tæpur helmingur þeirrar

fjárhæðar til að mæta kostnaði við uppbyggingu á upplýsingamálum sem felst m.a. í því að stöðin hyggst gera samninga um rekstrarleigu á tölvubúnaði og samninga um notkun á Sögukerfinu. Unnið hefur verið að skipulagsbreytingum innan stöðvarinnar og til viðbótar við nýja starfsmenn, sem ráðnir hafa verið, er gert ráð fyrir að ráða talmeinafræðing í fullt starf og tæknimenntaðan starfsmann í hálft starf.

327 Geislavarnir ríkisins. Útgjöld stofnunarinnar eru 61,5 m.kr. að frádregnum 5,7 m.kr. sértekjum. Útgjöld þessa árs að frádregnum sértekjum eru 44,3 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana munar mestu um eftirfarandi breytingar. Áætlað er fyrir 13 m.kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði við aukin verkefni í kjölfar samþykktar á nýjum heildarlögum um geislavarnir sem samþykkt voru á Alþingis síðastliðið vor. Af þeirri fjárhæð eru 2,5 m.kr. tímabundið framlag á fyrsta ári vegna stofnkostnaðar. Þá er lagt til 2 m.kr. tímabundið framlag til stofnbúnaðar í þrjú ár vegna framkvæmdar á samningi Eystrasaltsráðsins um skipti á gögnum um vöktun vegna geislunar. Kostnaðarmat vegna framkvæmdarinnar var kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar þann 29. janúar 2002 en þá var samþykkt að samningurinn yrði fullgiltur af Íslands hálfu. Enn fremur er óskað eftir 1,9 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi af sama tilefni.

397 Lyfjastofnun. Heildarútgjöld stofnunarinnar eru 143,9 m.kr. að frádregnum 5,6 m.kr. sértekjum. Samtals hækka útgjöld stofnunarinnar um 33 m.kr. en á móti er gert ráð fyrir 34,8 m.kr. hækkun tekna. Með þessum breytingum eru fjárheimildir stofnunarinnar færðar til samræmis við tekjur hennar.

Breyting á framsetningu sjúkrastofnana og öldrunarstofnana

Á undanförnum árum hefur verið fjallað um sjúkrastofnanir og heilsugæslu í einum kafla sem skipt hefur verið í fimm hluta. Í fyrsta hluta hefur verið fjallað um sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús, í öðrum hluta um heilbrigðisstofnanir, í þeim þriðja um heilsugæslustöðvar sem reknar eru án starfstengsla við sjúkrastofnanir, í fjórða hluta hefur verið fjallað um hjúkrunarheimili og í síðasta hluta hefur verið fjallað um stofnkostnað og tækjakaup.

Í þessu frumvarpi er fyrri framsetningu breytt í þá veru að fjallað er um sjúkrastofnanir í sérstökum kafla en þeim er skipt í almenna sjúkrahúsþjónustu og sérgreinda sjúkrahúsþjónustu. Þá er fjallað um heilbrigðisstofnanir, heilsugæslu og öldrunarstofnanir í sérstökum köflum og innan hvers kafla er gerð grein fyrir breytingum á stofnkostnaði og tækjakaupum eftir því sem við á. Gerð er nánari grein fyrir þessum breytingum í upphafi hvers kafla.

Sjúkrastofnanir

Þessum málefnaflokki er skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta er fjallað um almenna sjúkrahússþjónustu og eru heildarútgjöld stofnana sem falla undir þann hluta 25.915 m.kr. Í síðari hluta kaflans er fjallað um sérgreinda sjúkrahússþjónustu og nema heildarútgjöld stofnana sem falla undir þann hluta 540,5 m.kr. Heildarútgjöld málefnaflokksins í heild eru því 26.455,5 m.kr.

1. Almenn sjúkrahúsþjónusta. Undir þennan hluta falla fjárlagaliðirnir 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali – háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt og 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Liðurinn 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi er felldur niður en fjárheimildir sem þar voru eru fluttar á lið *379 Sjúkrahús, óskipt.*

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.523,5	2.422,2	2.667,0	10,1	5,7
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	25,9	261,1	0,0	-	-
Landspítali - háskólasjúkrahús	21.345,9	21.045,9	22.669,0	7,7	6,2
Sjúkrahús, óskipt	0,0	74,8	337,6	351,3	-
Sjúkrahús og læknisbústaðir	288,5	241,4	241,4	0,0	-16,3
Samtals	**24.183,8**	**24.045,4**	**25.915,0**	**7,8**	**7,2**

*358 **Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.*** Heildarútgjöld sjúkrahússins verða samkvæmt frumvarpinu 2.856 m.kr. en frá dragast 189 m.kr. sértekjur. Gjöld umfram tekjur eru því áætluð 2.667 m.kr. sem er 244,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins. Þar af skýrast 163,2 m.kr. af launa- og verðlagsbreytingum. Lagt er til að framlög til sjúkrahússins hækki um 53,5 m.kr. til að mæta kostnaðaráhrifum af ákvæðum í EES-samningi um lágmarkshvíld og frítökurétt lækna. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að fjölga stöðum lækna við sjúkrahúsið og kemur sú fjölgun að fullu til framkvæmda á árinu 2002. Framlagið mætir að fullu auknum launaútgjöldum sjúkrahússins. Enn fremur er lagt til 50 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahússins en á undanförnum árum hefur starfsemi þess vaxið verulega. Talið er því nauðsynlegt að auka framlög til sjúkrahússins eigi það að veita áfram óbreytta þjónustu. Einnig er gert ráð fyrir 40,2 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við aukin ferliverk og starfsemi meinafræðideildar. Ferliverkum fjölgaði yfir 30% á árinu 1999 til 2001. Meinafræðideildin er ein sinnar tegundar utan höfuðborgarsvæðisins og gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi spítalans. Til þessa hefur deildin búið við þröngan kost en flytur innan tíðar í nýtt og endurbætt húsnæði og er ætlunin að styrkja starfsemi hennar í kjölfarið og veita heilbrigðisstofnunum á Norður- og Austurlandi betri þjónustu. Í fjárlögum 2002 var samþykkt 20 m.kr. óskipt fjárveiting til átaks á sviði geðheilbrigðismála sem vistuð var á fjárlagalið *08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi* og verða 5 m.kr. millifærðar af

þeim lið til sjúkrahússins. Þá eru fluttar 4,2 m.kr. vegna kostnaðar við rannsóknir fyrir ferlisjúklinga af lið *207 Verktakagreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva* þar sem sjúkrahúsum er ætlað að greiða fyrir þær rannsóknir sem þau ákveða. Loks eru sértekjur sjúkrahússins hækkaðar um 46,2 m.kr. af sama tilefni þar sem sjúkrahúsið annast ýmsar rannsóknirnar fyrir heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar.

373 ***Landspítali – háskólasjúkrahús.*** Heildarútgjöld sjúkrahússins verða samkvæmt frumvarpinu 24.546 m.kr. en frá dragast 1.877 m.kr. sértekjur. Gjöld umfram tekjur eru því áætluð 22.669 m.kr. sem er 1.623,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins. Rekstrarútgjöld spítalans að frádregnum tekjum nema 22.113 m.kr. sem er 880,4 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum og endurmati launaforsendna fjárlaga sem nema 1.072,7 m.kr. Helstu breytingar á rekstrargjöldum spítalans skýrast í fyrsta lagi af 603 m.kr. framlagi til sjúkrahússins til að mæta auknum útgjöldum af ýmsu tilefni, m.a. vegna S-merktra lyfja. Við flutning fjármagns frá Tryggingastofnun ríkisins til sjúkrahússins í fjárlögum þessa árs láðist að flytja fjármagn vegna S-merktra lyfja sem afgreidd eru á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, og er það nú leiðrétt. Fjárhæðinni er einnig ætlað að koma á móts við erfiðan rekstur sjúkrahússins en uppsafnaður rekstrarhalli þess í árslok 2001 var 1.061 m.kr. og var rekstrarhalli yfirstandandi árs áætlaður 1.050 m.kr. í upphafi þess árs. Miðað við stöðu eftir fyrstu fimm mánuði ársins bendir ýmislegt til þess að hallinn geti orðið meiri. Nú þegar hefur verið gripið til aðgerða sem eiga að leiða til 400 m.kr. sparnaðar í útgjöldum sjúkrahússins. Í öðru lagi eru fluttar á liðinn 412,7 m.kr. vegna kostnaðar við rannsóknir fyrir göngudeildarsjúklinga af fjárlagalið *207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa þar sem sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum* er ætlað að greiða af sinni föstu fjárveitingu fyrir rannsóknir sem þau ákveða. Einnig eru millifærðar 15 m.kr. til spítalans vegna átaks á sviði geðheilbrigðismála en í fjárlögum 2002 var samþykkt 20 m.kr. óskipt fjárveiting til átaks á því sviði. Loks er millifærð 4,4 m.kr. fjárveiting vegna túlkaþjónustu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 82 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við frítökurétt lækna. Uppsafnaður frítökuréttur frá síðari hluta árs 1997 fram á mitt ár 2001 er áætlaður um 440 m.kr. og getur útgreiðsla numið allt að þriðjungi. Gert er ráð fyrir að þar af komi um 90 m.kr. til útgreiðslu á árinu 2002 og 57 m.kr. á næsta ári. Með kjarasamningi sem tók gildi 1. apríl 2002 og breyttu vinnuskipulagi er gert ráð fyrir að dregið verði úr frítökurétti lækna og er áætlað að hann geti árlega numið 82 m.kr. og um þriðjungur eða 25 m.kr. komið til útgreiðslu ár hvert. Í fjórða lagi er 59 m.kr. framlag til reksturs húsnæðis Barnaspítala en í áætlun Ríkisspítala frá 1. október 1997 var gert ráð fyrir að húsnæðiskostnaður nýja Barnaspítalans væri 540 kr. á mánuði á hvern fermetra eða samtals 59 m.kr. á verðlagi árs 2002 að teknu tilliti til stærðar spítalans. Í fimmta lagi er gerð tillaga um 11 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við ígræðslu ýmiss konar taugaörvara sem hafin var á síðasta ári með samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Þessi þjónusta hefur áður verði keypt frá útlöndum og var sérstök 10 m.kr. fjárveiting flutt frá sjúkratryggingum vegna þessa á árinu 2001. Í sjöunda lagi er gerð krafa um 223,5 m.kr. hagræðingu í rekstri spítalans. Loks lækkar rekstrarframlag til spítalans um 83 m.kr. í samræmi við samning félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um flutning íbúa úr fjölbýlishúsi á lóð Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi til sambýla á vegum Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. Hefur fjárveitingin verið færð á fjárlagalið *700 Málefni fatlaðra* undir félagsmálaráðuneyti. Framlag til nýbyggingar Barnaspítala lækkar um 330 m.kr. og verður 90 m.kr. sem þarf til að ljúka byggingu spítalans á árinu. Gert er ráð fyrir 70 m.kr. framlagi í fjáraukalögum 2002 til að flýta framkvæmdum við spítalann.

379 ***Sjúkrahús, óskipt.*** Framlög á fjárlagaliðinn nema 337,6 m.kr. en eru 74,8 m.kr. í fjárlögum. Breytingin skýrist m.a. af millifærslu 260,3 m.kr. fjárheimilda á þennan fjárlagalið af *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi* sem er lagður niður. Af öðrum breytingum eru þessar helstar: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 55 m.kr. framlagi til að mæta rekstrarvanda heilbrigðisstofnana og er þá sér í lagi litið til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum. Í öðru lagi er 20 m.kr. framlag til að mæta rekstrarvanda einstakra stofnana sem fram kann að koma fram í tengslum við þá breytingu að heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar greiði sjálfar fyrir þá rannsóknarþjónustu sem þær kaupa. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 17,5 m.kr. tímabundnu stofnframlagi á árinu 2003 til sjúkrastofnana Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið enda liggi fyrir undirritaður þjónustusamningur við samtökin. Þá er í fjórða lagi ætlað fyrir 10,5 m.kr. tímabundnu framlagi til að greiða skuld samtakanna við Landspítala – háskólasjúkrahúss aðallega vegna vinnu við skimunarrannsóknir. Í drögum að þjónustusamningi er gert ráð fyrir að kostnaður vegna þessara rannsókna greiðist af SÁÁ. Í fimmta lagi er lagt til að veittar verði 6 m.kr. til að mæta kostnaði ráðuneytisins við túlkaþjónustu sem hefur aukist umtalsvert á undanförnum árum en samkvæmt 5. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi og skyldur sjúklinga, skal sjúklingi, sem ekki talar íslensku eða notar táknmál, tryggð túlkun á upplýsingum um heilsufar sitt. Loks er millifært er af liðnum 74,8 m.kr. til ýmissa heilbrigðisstofnana til leiðréttingar á rekstrargrunni þeirra.

381 ***Sjúkrahús og læknisbústaðir.*** Stofnkostnaðarframlög á liðinn nema 241.4 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum yfirstandandi árs.

2. Sérgreind sjúkrahúsþjónusta. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna; 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	123,7	136,5	140,9	3,2	13,9
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	405,3	408,9	399,6	-2,3	-1,4
Samtals	**529,0**	**545,4**	**540,5**	**-0,9**	**2,2**

*386 **Vistun ósakhæfra afbrotamanna.*** Númeri þessa fjárlagaliðar hefur verið breytt en var áður 490 undir sama heiti. Heildarútgjöld fjárlagaliðarins eru 140,9 m.kr. en voru 136,5 m.kr. og skýrast breytingarnar eingöngu af launa- og verðlagsbreytingum.

*388 **Samtök áhugamanna um áfengisvandann.*** Númeri þessa fjárlagaliðar hefur verið breytt en var áður 420 undir sama heiti. Heildarframlög til liðarins nema 399,6 m.kr. sem gengur allt til almenns rekstrar. Á fjárlagalið *379 Sjúkrahús, óskipt* er gert ráð fyrir 17,5 m.kr. tímabundnu stofnframlagi til þessa liðar sem er bundið því skilyrði að gerður verði þjónustusamningur um rekstur sjúkrastofnana samtakanna.

Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir o.fl.

Undir þennan málefnaflokk falla öldrunar- og endurhæfingarstofnanir auk annarra stofnana sem veita skylda þjónustu. Nokkur breyting er á framsetningu þessara stofnana í frumvarpinu sem m.a. má rekja til þess að tekið er upp samræmt greiðslukerfi fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili. Vegna þessara breytinga er ekki alltaf mögulegt að sýna nákvæman samanburð við fyrri ár. Málefnaflokknum er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um dvalar- og hjúkrunarheimili og framlög til hjúkrunarrýma og dagvista. Í öðrum hluta er fjallað um dagvistir aldraðra og aðrar umönnunarþjónustu sem rekin er án starfstengsla við dvalar- og hjúkrunarheimili. Í þriðja hluta er fjallað um endurhæfingarstofnanir og skylda starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dvalar- og hjúkrunarheimili	6.869,7	7.931,8	8.734,6	10,1	27,1
Dagvistun, aðrar o.fl.	322,4	328,6	329,7	0,3	2,3
Endurhæfingarstofnanir o.fl.	1.513,5	1.603,6	1.699,7	6,0	12,3
Samtals	**8.705,6**	**9.864,0**	**10.764,0**	**9,1**	**23,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 478 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar sem eru 422 m.kr. Þar munar mest um útgjöld til dvalar- og hjúkrunarheimila eða 8.734,6 m.kr. sem hækka um 462 m.kr. á milli ára utan launa- og verðlagsbreytinga. Þá fara 1.699,7 m.kr. til endurhæfingarstofnana en raunhækkun á milli ára er 26,7 m.kr. Framlög til hjúkrunarrýma á dvalar- og hjúkrunarheimilum hafa hækkað úr 4.700 m.kr. á árinu 1998 í rúmlega 8.700 m.kr. á árinu 2003 eða um 14% árlega. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers ár og sýna útgjöld samkvæmt bókhaldi fyrir árin 1998–2001, framlag fjárlaga 2002 og frumvarps 2003. Samkvæmt upplýsingum heilbrigðisráðuneytis voru 1.387 hjúkrunarrými á dvalar- og hjúkrunarstofnunum í árslok 1997 en 1.772 undir lok þessa árs.



1. Dvalar- og hjúkrunarheimili. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 400–447 en þar undir falla auk dvalar- og hjúkrunarheimila fjárlagaliðirnir 401 Hjúkrunarheimili, almennt sem er nýr liður og 402 Framkvæmdasjóður aldraðra en sjóðurinn var áður undir fjárlagalið 385. Eins og áður er vikið að er gerð veruleg breyting á framsetningu dvalar- og hjúkrunarheimila í frumvarpinu. Megintilgangur þessara breytinga er að samræma greiðslukerfi dvalar- og hjúkrunarheimila og tryggja þeim sambærileg fjárframlög en framlög hafa til þessa verið ákvörðuð eftir þremur ólíkum greiðslukerfum. Í fyrsta lagi hafa nokkrar stofnanir fengið greidd föst framlög á fjárlögum. Í öðru lagi hefur stofnunum verið greitt samkvæmt ákvæðum þjónustusamninga. Í þriðja lagi fá svokallaðar daggjaldastofnanir framlög greidd sem daggjöld fyrir hvern nýttan dag samkvæmt gjaldskrá sem sett er í upphafi hvers árs. Þessi ólíku greiðslukerfi hafa leitt til nokkurs misræmis í fjárframlögum þar sem þau taka ekki með sama hætti mið af nýtingu eða umönnunarþyngd íbúa. Markmið með nýju samræmdu greiðslukerfi er að stuðla að kerfisbundinni skiptingu fjármuna milli stofnana innan þess fjárhagsramma sem er til ráðstöfunar og taka jafnframt tillit til mismunandi umönnunarþyngdar. Áformað er að greiðslukerfið verði komið að fullu til framkvæmdar í fjárlögum árið 2005. Fjárframlög hverrar stofnunar verða færð á sérstakan fjárlagalið og sundurliðuð á viðfangsefnin *101 Hjúkrunarrými*, *111 Dvalarrými* og *115 Dagvist* eftir því sem við á. Skipting heildarfjárframlaga milli stofnana er ákvörðuð með ólíkum hætti eftir því hvort um er að ræða hjúkrunarrými, dvalarrými eða dagvist. Við skiptingu heildarfjárframlaga til hjúkrunarrýma er fundið út hlutfallslegt vægi sem tekur mið af

meðalumönnunarþyngd stofnunar og fjölda leyfðra rýma. Við skiptingu heildarfjárframlaga til dagvistarrýma er tekið mið af fjölda rýma og hvers eðlis veitt þjónusta er, svo sem geðrými. Framlög fyrir dvalarrými verða á árinu 2003 greidd með óbreyttum hætti af framlagi lífeyristrygginga hjá Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að þau framlög verði sýnd fyrir hverja stofnun í fjárlögum árið 2004 undir viðfangsefninu *111 Dvalarrými.*

Með breyttri framsetningu þarf að taka mið af breytingum á fjárlagaramma fyrir hvert ár áður en fjárframlögum er skipt á milli stofnana. Þar er um að ræða breytingar sem geta orðið á bundnum útgjöldum, s.s. skuldbindingum vegna fyrri lagasetningar og ákvarðana ríkisstjórnar og niðurfelld framlög, aðhaldsmarkmið og áform um framlög til að styrkja núverandi starfsemi. Þar sem heildarfjárlagaramma er í raun skipt upp ár hvert þarf samhliða að taka upp samræmda aðferð við að meta áhrif launa- og verðlagsbreytinga á framlag stofnana í heild. Mun framlag vegna launa taka mið af hlutfallslegu vægi starfshópa sem lagt er til grundvallar fyrir stofnanirnar í heild fremur en vægi þeirra hjá einstökum stofnunum og mati fjármálaráðuneytis á hækkunum á kjarasamningum stéttarfélaga viðkomandi starfshópa. Framlag til annars kostnaðar breytist samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar hjá sambærilegum stofnunum.

Heildarútgjöld dvalar- og hjúkrunarheimila eru 8.734,6 m.kr. og hækka um 460 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar sem eru 343 m.kr. Þar af hækka framlög til hjúkrunarheimila um 350 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn þeirra auk þess sem framlög eru millifærð af öðrum liðum. Rekstrargrunnur hjúkrunar- og dvalarheimila hefur verið til sérstakrar athugunar í ráðuneytum fjármála og heilbrigðis- og tryggingamála og verður áfram til skoðunar í tengslum við nýtt greiðslukerfi sem tekið verður í notkun um næstu áramót. Niðurstöðu þessarar athugunar er að vænta á haustmánuðum. Í töflu hér að neðan eru sýnd framlög til hvers dvalar- og hjúkrunarheimilis í heild vegna hjúkrunarrýma, dagvistunar eða annarrar þjónustu sem þau veita í nokkrum tilvikum, t.d. vegna geðrýma eða fæðinga. Fjárhæðir eru að frátöldum 409,5 m.kr. rekstrarframlögum frá Framkvæmdasjóði aldraðra sem er skipt niður á stofnanir sem sértekjur. Eins og áður er getið sýnir frumvarpið ekki framlög til dvalarrýma og mun Tryggingastofnun ríkisins greiða þau með óbreyttum hætti sem hluta af lífeyrisgreiðslum og elliheimilisuppbót. Stefnt er hins vegar að því að framlög þessi komi fram í næsta frumvarpi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hjúkrunarheimili, almennt	0,0	0,0	17,6	-	-
Framkvæmdasjóður aldraðra, stofnkostnaður	312,5	312,5	312,5	0,0	0,0
Hrafnista, Reykjavík	861,0	747,5	820,4	9,8	-4,7
Hrafnista, Hafnarfirði	567,5	615,9	672,4	9,2	18,5
Grund, Reykjavík	603,7	657,3	780,5	18,7	29,3
Sunnuhlíð, Kópavogi	225,9	284,3	336,6	18,4	49,0
Hjúkrunarheimilið Skjól	423,7	478,9	503,5	5,1	18,8
Hjúkrunarheimilið Eir	495,6	554,1	586,7	5,9	18,4
Garðvangur, Garði	168,2	175,6	187,4	6,7	11,4
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	341,0	362,3	387,8	7,0	13,7
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	258,1	294,0	307,7	4,7	19,2
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	78,6	84,6	99,5	17,6	26,6
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	62,5	67,2	75,4	12,2	20,6
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	74,0	80,7	88,9	10,2	20,1
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	25,7	27,5	30,6	11,3	19,1
Seljahlíð, Reykjavík	109,7	117,9	128,8	9,2	17,4
Sólvangur, Hafnarfirði	407,0	439,0	453,2	3,2	11,4
Víðines	181,7	185,8	186,2	0,2	2,5
Höfði, Akranesi	153,5	169,1	183,6	8,6	19,6
Dvalarheimili aldraða Borgarnesi	68,3	74,9	84,3	12,6	23,4
Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi	34,5	37,3	41,2	10,5	19,4
Fellaskjól, Grundarfirði	20,6	36,4	40,2	10,4	95,1
Jaðar, Ólafsvík	17,0	18,2	20,8	14,3	22,4
Fellsendi, Búðardal	41,4	43,2	55,9	29,4	35,0
Barmahlíð, Reykhólum	42,3	48,5	51,4	6,0	21,5
Dalbær, Dalvík	88,8	96,3	107,0	11,1	20,5
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	347,1	406,8	494,9	21,7	42,6
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	52,4	51,8	55,9	7,9	6,7
Samningur við Sveitarfél. Hornafjörð, öldrunarþ.	134,4	152,2	161,7	6,2	20,3
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	56,5	62,0	68,4	10,3	21,1
Hjallatún, Vík	34,7	37,0	44,8	21,1	29,1
Kumbaravogur, Stokkseyri	147,1	158,6	174,9	10,3	18,9
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	218,1	243,3	261,7	7,6	20,0
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	90,8	100,0	110,6	10,6	21,8
Holtsbúð, Garðabæ	125,8	114,0	122,6	7,5	-2,5
Sóltún ehf., Reykjavík	0,0	597,1	679,0	13,7	-
Samtals	**6.869,7**	**7.931,8**	**8.734,6**	**10,1**	**27,1**

Hjúkrunarrými. Heildarframlagi til hjúkrunarrýma er skipt kerfisbundið samkvæmt reiknilíkani. Við ákvörðun framlaga til stofnana er tekið mið af umönnunarþyngd til að tryggja að greiðslur verði í samræmi við ástand íbúa. Framlag hverrar stofnunar er umreiknað sem daggjald á hvern íbúa og heildarframlag hennar miðast því við fulla nýtingu og að veitt sé að lágmarki tilskilin þjónusta. Upplýsingar um umönnunarþyngd íbúa eru hins vegar sóttar í gagnasafn sem er hluti RAI-mælitækisins og notað hefur

verið á hjúkrunarstofnunum undanfarin ár. Við matið er heilsufar hvers íbúa flokkað í einn 44 álagsflokka (RUG-III). Skal hver íbúi metinn að lágmarki einu sinni á ári og oftar ef breyting verður á heilsufari hans. Meðaltal umönnunarþyngdar fyrir hvert hjúkrunarheimili skal taka til allra íbúa þess. Upplýsingar úr gagnasafninu má síðan nota við skipulagningu umönnunar og hjúkrunaráætlunar fyrir íbúa hjúkrunarheimila. Upplýsingarnar má enn fremur nota til margs konar samanburðar innan og milli heimila og til að þróa gæðavísa sem meta árangur þjónustu. Gert er ráð fyrir að umönnunarstuðull hvers íbúa sé nokkuð stöðugur nema í undantekningartilvikum. Þá má reikna út meðalumönnunarstuðul hverrar stofnunar sem verður þá einnig tiltölulega stöðugur. Athuganir leiða í ljós að um 60% af útgjöldum stofnananna vegna hjúkrunarrýma ráðast af fjölda rýma og meðalumönnunarþyngd stofnunar. Gert hefur verið reiknilíkan þar sem hlutfallslegt vægi stofnunar miðað við aðrar stofnanir ræður hlutfalli hennar í því heildarfjármagni sem ráðstafað er vegna umönnunar til hjúkrunarheimila. Miðað við umönnunarþyngdina 1.00, sem er meðaltal hjúkrunarstofnana, er daggjaldið 11.651,6 kr. fyrir árið 2003 samkvæmt upplýsingum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og er það reiknað út frá heildarfjárveitingu sem er til ráðstöfunar í frumvarpi, heildarfjölda hjúkrunarrýma, vegnu meðaltali umönnunarstuðuls allra hjúkrunarheimila og út frá tæpum 60% af heildarframlagi til hjúkrunarheimila. Ljóst er að greiðslur samkvæmt reiknilíkani falla ekki í öllum tilvikum að þeim framlögum sem stofnanirnar hafa fengið á liðnum árum. Lagt er því til að þau 40% sem eftir eru til úthlutunar verði notuð tímabundið í þrjú ár til að laga stofnanirnar að endanlegum framlögum samkvæmt reiknilíkani. Skipting þess hluta tekur mið af fjölda rýma og fyrri fjárframlögum. Skipting framlaga milli stofnana í fjárlagafrumvarpi, er byggð á meðalumönnunarstuðli fyrir næsta heila almanaksár á undan. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003 er því byggt á meðalumönnunarstuðlum heimila fyrir árið 2001. Byggt er hins vegar á upplýsingum heilbrigðisráðuneytis um fjölda leyfðra hjúkrunarrýma fyrir viðkomandi fjárlagaár. Nánari reglur verða settar um vinnslu og skil þessara upplýsinga þar sem framlög stofnana ráðast mikið af þessum tveimur þáttum. Eftir að þessi aðferð til niðurjöfnunar fjárframlaga er komin til fullra framkvæmda falla niður sérstök fjárframlög til einstakra stofnana. Stefnt er að því að í kjölfar þessara breytinga verði gerður þjónustusamningur við hverja stofnun sem kveður m.a. á um framlög og þjónustu sem hún veitir.

Í töflunni hér að neðan eru öll hjúkrunarheimili nema Sóltún í Reykjavík en það heimili fær framlög samkvæmt sérstökum samningi. Á Sóltúni eru 92 hjúkrunarrými og heildargjöld eru áætluð 679 m.kr. á næsta ári miðað við fulla nýtingu, þar af eru 102 m.kr. vegna húsnæðiskostnaðar.

Hjúkrunarrými	Þyngd um-önnunar	Fjöldi hjúkrunar-rýma	Umönnun kostnaður m.kr.	Almennur rekstrar-kostnaður m.kr.	Verðlags-breyting m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.
Hjúkrunarheimili, almennt	1,00	4	8,2	5,7	2,7	16,7
Hrafnista, Reykjavík	1,04	183	471,3	316,2	32,8	820,4
Hrafnista, Hafnarfirði	1,02	146	372,6	254,9	27,5	654,9
Grund, Reykjavík	1,00	181	441,3	307,9	31,3	780,5
Sunnuhlíð, Kópavogi	1,05	70	180,3	119,8	12,7	312,8
Hjúkrunarheimilið Skjól	1,01	112	285,1	197,0	21,5	503,5
Hjúkrunarheimilið Eir	1,02	130	333,5	228,2	25,0	586,7
Garðvangur, Garði	1,00	41	105,6	73,7	8,2	187,4
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,06	79	225,0	148,1	14,6	387,8
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,03	68	176,5	119,6	11,6	307,7
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1,06	23	57,8	38,0	3,7	99,5
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,99	18	42,5	29,9	3,0	75,4
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	0,95	20	46,8	34,4	3,7	84,9
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,98	7	16,4	11,7	1,2	29,3
Seljahlíð, Reykjavík	1,08	28	75,3	48,6	4,9	128,8
Sólvangur, Hafnarfirði	0,99	96	253,5	178,7	21,0	453,2
Víðines	1,00	38	105,3	73,5	7,4	186,2
Höfði, Akranesi	0,98	39	95,5	68,0	6,6	170,2
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	1,01	20	47,9	33,1	3,3	84,3
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	0,90	10	22,2	17,2	1,8	41,2
Fellaskjól, Grundarfirði	0,88	10	21,5	17,1	1,6	40,2
Jaðar, Ólafsvík	1,01	5	11,8	8,1	0,9	20,8
Fellsendi, Búðardal	0,92	17	30,6	23,2	2,1	55,9
Barmahlíð, Reykhólum	0,87	12	27,4	22,0	2,0	51,4
Dalbær, Dalvík	1,00	23	55,2	38,5	4,0	97,6
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1,00	108	269,5	188,1	17,4	475,0
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,93	13	30,7	23,1	2,1	55,9
Samningur við Sveitarfél. Hornafjörð, öldrunarþj.	1,01	32	85,8	59,3	7,2	152,4
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,94	16	37,2	27,6	3,0	67,7
Hjallatún, Vík	0,90	11	24,3	18,9	1,6	44,8
Kumbaravogur, Stokkseyri	1,01	40	99,3	68,6	7,0	174,9
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,93	26	56,3	42,2	4,6	103,1
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,95	25	57,5	42,3	4,1	103,9
Holtsbúð, Garðabæ	0,94	28	67,6	50,2	4,9	122,6
Samtals		**1679**	**4.237,4**	**2.933,3**	**307,0**	**7.477,7**

Dagvistun aldraðra á hjúkrunarheimilum. Nokkur dvalar- og hjúkrunarheimili fá einnig framlög vegna dagvistar og eru þau sýnd í sérstöku yfirliti. Framlögin eru reiknuð út með sama hætti og á við aðrar dagvistir sem reknar eru án starfstengsla við dvalar- og hjúkrunarrými. Framlög til dagvistar á þessum heimilum nema 247,9 m.kr. á árinu 2003 en voru um 235,4 m.kr. á þessu ári.

Dagvistun aldraðra á hjúkrunarheimilum	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Hrafnista, Hafnarfirði	16,7	17,5	4,8
Sunnuhlíð, Kópavogi	11,7	12,1	3,4
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	3,9	4,0	2,6
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	1,3	1,3	0,0
Höfði, Akranesi	12,9	13,4	3,9
Dalbær, Dalvík	9,0	9,4	4,4
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	15,3	19,9	30,1
Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, öldrunarþ.	4,3	4,3	0,0
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,6	0,7	16,7
Ás/Ásbyrgi, geðrými	153,3	158,6	3,5
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	6,4	6,7	4,7
Samtals	**235,4**	**247,9**	**5,3**

2. Dagvistun aldraðra, aðrar. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 470–477 sem áður voru sem viðfangsefni undir fjárlagalið 495 Daggjaldastofnanir. Þessar stofnanir reka flestar dagvistir fyrir einstaklinga sem sökum sjúkdóms eða fötlunar þurfa aðstoð við daglegar athafnir. Gistiheimili Rauða kross Íslands er hins vegar sjúkrahótel fyrir einstaklinga sem eru yfirleitt langt að komnir til lækninga eða aðgerða. Greiðslur til þessara stofnana hafa í flestum tilvikum verið daggjald samkvæmt reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana sem heilbrigðisráðuneyti gefur út eða fara eftir sérstökum samningum.

Dagvistun aldraðra, aðrar	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vesturhlíð, Reykjavík	9,5	9,5	9,9	4,2	4,2
Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	47,1	47,7	49,4	3,6	4,9
Hlíðabær, Reykjavík	30,5	31,2	32,3	3,5	5,9
Lindargata, Reykjavík	27,2	28,9	30,0	3,8	10,3
MS-félag Íslands, Reykjavík	55,1	56,4	58,6	3,9	6,4
Múlabær, Reykjavík	45,9	43,9	45,5	3,6	-0,9
Fríðuhús, Reykjavík	22,8	23,4	24,3	3,8	6,6
Dagvistun aldraðra, aðrar	84,3	87,6	79,7	-9,0	-5,5
Samtals	**322,4**	**328,6**	**329,7**	**0,3**	**2,3**

Heildarútgjöld dagvista og annarrar umönnunarþjónustu utan dvalar- og hjúkrunarheimila eru 329,7 m.kr. og er u.þ.b óbreytt frá gildandi fjárlögum. Laun og verðlagsbætur í þessum hluta nema 11,9 m.kr. Gerð er tillaga um 7,2 m.kr. aukið framlag á liðinn *477 Dagvistir aldraðra*, aðrar vegna aukinna dagvista hjá Reykjanesbæ, Dagvistun Skagafjarðar og Mosfellsbæ. Á móti eru hins vegar færðar 11,7 m.kr. af liðnum til Sunnhlíðar í Kópavogi.

3. Endurhæfingarstofnanir o.fl. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 478 Vistheimilið Bjarg; 479 Hlaðgerðarkot; 491 Reykjalundur, Mosfellsbæ; 492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélag Íslands; 493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun; 494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	33,1	36,2	36,6	1,1	10,6
Hlaðgerðarkot	58,0	61,9	61,8	-0,2	6,6
Reykjalundur, Mosfellsbæ	776,3	831,5	868,5	4,4	11,9
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	313,6	320,5	369,8	15,4	17,9
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	267,9	284,5	293,2	3,1	9,4
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	64,6	69,0	69,8	1,2	8,0
Samtals	**1.513,5**	**1.603,6**	**1.699,7**	**6,0**	**12,3**

Heildarútgjöld endurhæfingarstofnana eru 1.699,7 m.kr. og hækka um 26,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 25 m.kr. tímabundnu framlagi til Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands á árunum 2003 og 2004 til byggingar baðhúss og íbúðarálmu við stofnunina fyrir 23 til 30 vistmenn. Auk þess mun heilbrigðisráðuneyti greiða stofnuninni 15 m.kr. til þessara framkvæmda af eigin fjárhagsramma árið 2002. Þá eru millifærðar 10 m.kr. til Heilsustofnunar af lið *379 Sjúkrahús, óskipt.*

Heilbrigðisstofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir frá 700–799, þ.e. sjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem rekin eru sameiginlega. Hér undir falla einnig 711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi; 785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi; 791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum og 795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði sem er breyting frá fyrri framsetningu. Framlög til heilbrigðisstofnana eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 374,6 m.kr. Helstu breytingar umfram launa- og verðlagsbætur er 30 m.kr. framlag á lið *791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum* til reksturs annarrar hæðar D-álmu stofnunarinnar til viðbótar við 30 m.kr. framlag í fjárlögum þessa árs en aðstaðan var tekin í notkun á miðju þessu ári. Enn fremur er 3,2 m.kr. framlag til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki vegna hækkunar á einstaka aðföngum til stofnunarinnar. Þá er gerð tillaga um 2,1 m.kr. framlag til Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi vegna kostnaðar við rekstur nýrrar aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	880,3	971,7	1.008,3	3,8	14,5
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	227,2	247,8	258,5	4,3	13,8
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	158,7	159,0	167,5	5,3	5,5
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	481,6	535,6	554,5	3,5	15,1
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	94,8	97,4	103,7	6,5	9,4
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	88,0	86,8	92,6	6,7	5,2
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	179,6	181,0	189,0	4,4	5,2
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	253,9	261,4	274,3	4,9	8,0
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	492,1	534,7	559,7	4,7	13,7
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	261,2	261,6	271,6	3,8	4,0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	550,4	529,1	574,5	8,6	4,4
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.000,9	1.010,8	1.077,6	6,6	7,7
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	397,4	411,9	434,6	5,5	9,4
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	588,7	622,1	648,4	4,2	10,1
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	766,0	799,7	884,3	10,6	15,4
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	485,5	509,2	495,3	-2,7	2,0
Samtals	**6.906,3**	**7.219,8**	**7.594,4**	**5,2**	**10,0**

Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús.

Undir þennan málefnaflokk falla stofnanir á fjárlagaliðum 500–586 en liðurinn 378 Læknishéraðasjóður fellur niður og eru eftirstöðvar fjárheimilda á liðnum færðar á lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 628,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 145 m.kr. framlagi til heilsugæslustöðva vegna breytinga á komugjöldum á þessu ári. Fyrirhugað var að hækka komugjöld til heilsugæslustöðva á árinu 2002 úr 700 kr. í 850 kr. og var áætlað að þessi hækkun skilaði 40 m.kr. í hækkun sértekna til stöðvanna. Í ársbyrjun var fallið frá þessum áformum vegna viðleitni ríkisstjórnar að hafa heimil á almennu verðlagi og voru komugjöld stöðvanna lækkuð í 400 kr. sem var áætlað að leiddi til 105 m.kr. lækkunar sértekna eða samtals 145 m.kr. frá því sem upphaflega var áformað. Lagt er til að veitt verði 58 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við nám læknanema á síðasta námsári en samkvæmt reglugerð nr. 340/1999, um breytingu á reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa, nr. 305/1997, er læknanema skylt að vinna þrjá mánuði af síðasta námsári sínu á heilsugæslustöð til þess að fá lækningaleyfi. Enn fremur er lagt til að veitt verði 30 m.kr. framlag til að mæta rekstrarvanda heilsugæslustöðva og er ætlun ráðuneytisins að nota reiknilíkan til að jafna framlagið til stöðvanna en rekstrarvandi þeirra er að mestu bundinn við höfuðborgarsvæðið. Þá er óskað eftir 24 m.kr. til að stuðla að auknu framhaldsnámi lækna í heimilislækningum. Til þessa hafa verið veittar 5 m.kr. til þessa verkefnis sem felst m.a. í því að námslæknir starfar á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum jafnframt því að stunda fræðilegt nám. Í frumvarpinu er tillaga um 14,2 m.kr. framlag til

námsleyfa heilsugæslulækna en samkvæmt úrskurði kjaranefndar um launakjör heilsugæslulækna segir að þeir eigi rétt til endurmenntunar og námsferða eftir sömu reglum og gilda um sjúkrahúslækna. Í frumvarpinu er einnig tillaga um 1,5 m.kr. framlag til að styðja starfsnám sjúkraliða. Loks eru millifærðar 237 m.kr. á málefnaflokkinn og vega þar þyngst framlög til að mæta lækkun komugjalda og vegna breytinga á greiðslum fyrir rannsóknir. Þar á meðal eru fjárheimildir Læknishéraðasjóðs sem hefur verið lagður niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Læknishéraðasjóður	1,1	2,5	0,0	-	-
Heilsugæslustöðvar, almennt	40,3	253,5	343,6	35,5	752,6
Sjúkraflutningar	396,8	428,9	561,9	31,0	41,6
Heilsugæsla í Reykjavík	844,6	837,8	1.073,0	28,1	27,0
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	477,4	411,1	426,8	3,8	-10,6
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	88,0	93,1	97,7	4,9	11,0
Læknavaktin	159,8	162,1	177,8	9,7	11,3
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	70,6	66,9	74,6	11,5	5,7
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	56,4	49,5	56,2	13,5	-0,4
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	26,8	28,1	30,6	8,9	14,2
Heilsugæslustöðin Búðardal	48,4	45,6	51,4	12,7	6,2
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	30,4	28,0	31,3	11,8	3,0
Heilsugæslustöðin Dalvík	44,1	44,6	49,4	10,8	12,0
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	234,7	244,4	295,7	21,0	26,0
Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, heilsug.	59,5	63,8	74,2	16,3	24,7
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	27,4	27,8	29,7	6,8	8,4
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	25,7	27,2	30,2	11,0	17,5
Heilsugæslustöðin Rangárþingi	62,0	60,9	69,5	14,1	12,1
Heilsugæslustöðin Laugarási	46,2	43,5	54,4	25,1	17,7
Heilsugæslustöðin Hveragerði	42,6	29,7	44,8	50,8	5,2
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	25,9	24,8	28,4	14,5	9,7
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	211,2	194,2	248,8	28,1	17,8
Heilsugæslustöðin Garðabæ	87,5	86,2	102,0	18,3	16,6
Heilsugæsla í Kópavogi	228,8	233,5	261,8	12,1	14,4
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	129,5	133,2	154,7	16,1	19,5
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	92,0	79,4	98,8	24,4	7,4
Samtals	**3.557,7**	**3.700,3**	**4.467,3**	**20,7**	**25,6**

Á lið *501 Sjúkraflutningar* er áætlað fyrir 94,8 m.kr. hækkun á greiðslu til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna nýs samnings um sjúkraflutninga. Þá er gert ráð fyrir 25 m.kr. framlagi til sjúkraflugs til Hafnar í Hornafirði en flugið verður boðið út samhliða útboði á áætlunarflugi.

Gerð er tillaga um 54,8 m.kr. á lið *505 Heilsugæsla í Reykjavík* til að styrkja óbreyttan rekstur og þá sérstaklega rannsóknir og heimahjúkrun. Mikill rekstrarvandi hefur steðjað að heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum. Lagt er til að á sama lið verði

veittar 12 m.kr. til Miðstöðvar heilsuverndar barna til að þróa enn frekar ungabarna- og smábarnavernd fyrir landið allt. Þá er ætlað fyrir 1,2 m.kr. vegna bakvakta sjúkraflutningamanna við heilsugæslustöðina Búðardal og loks 1 m.kr. til Heilsugæslustöðvarinnar Hornafirði til að styrkja heilsueflingu og þjónustu utan stofnana.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 621 Forvarnasjóður og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	176,7	168,1	173,2	3,0	-2,0
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	543,7	639,9	765,3	19,6	40,8
Forvarnasjóður	78,5	79,3	77,1	-2,8	-1,8
Íslenska upplýsingasamfélagið	43,6	49,0	49,0	0,0	12,4
Samtals	**842,5**	**936,3**	**1.064,6**	**13,7**	**26,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 100 m.kr. m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingarnar skýrast fyrst og fremst af hækkun framlaga á liðnum 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi en liðurinn hækkar um rúmar 103 m.kr. auk launa- og verðlagsbreytinga og eru helstu breytingar eru sýndar í meðfylgjandi yfirliti. Þá lækkar framlag til Forvarnasjóðs lítillega í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af hlutdeild í áfengisgjaldi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003
Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	25,0
Vísindasiðanefnd	8,5
Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum	7,8
Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	17,5
Tóbaksvarnir	9,3
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	2,7
Stuðningur við sóttvarnir í Eystrarsaltslöndunum	-4,0
Til stofnunar Lýðheilsustöðvar.	18,0
Stofnframlag vegna Lýðheilsustöðvar, tímabundið.	5,0
Árlegur styrkur til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands	20,0
Framlag til þegar samþykktra verkefna, tímabundið.	7,0
Niðurfellt tímabundið framlag til samnings um heilbrigðistækni.	-3,0
Til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnar.	-10,0
Samtals	**103,8**

Stofnkostnaður og tækjakaup

Hér eru á einum stað dregin saman framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á fjárlagaliðunum 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali – háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 402 Framkvæmdasjóður aldraðra og 500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Fjárlagaliðurinn 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi hefur verið felldur niður og eru fjárheimildir á liðnum færðar á lið 379 Sjúkrahús, óskipt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	175,5	65,0	65,0	0,0	-
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	5,0	60,0	0,0	-100,0	-100,0
Landspítali - háskólasjúkrahús	604,7	638,0	308,0	-51,7	-49,1
Sjúkrahús, óskipt	0,0	0,0	77,5	-	-
Sjúkrahús og læknisbústaðir	288,3	221,4	221,4	0,0	-23,2
Framkvæmdasjóður aldraðra	326,9	312,5	312,5	0,0	-4,4
Heilsugæslustöðvar, almennt	20,9	77,2	77,2	0,0	269,4
Samtals	**1.421,3**	**1.374,1**	**1.061,6**	**-22,7**	**-25,3**

Útgjöld til stofnkostnaðar á þessum liðum eru samtals 1.061,6 m.kr. en voru 1.374,1 m.kr. í fjárlögum 2002. Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds fyrir ráðuneytið í heild eru 1.501,6 m.kr. og fer þar af 321 m.kr. til ýmissa viðhaldsverkefna. Helstu breytingar eru þær að framlög til byggingar Barnaspítala á Landspítalalóð lækkar um 330 m.kr. Í frumvarpinu er hins vegar 90 m.kr. framlag til byggingar spítalans og 70 m.kr. í fjáraukalagafrumvarpi sem er það sem á vantar til að ljúka framkvæmdum við spítalann snemma á árinu 2003. Á árinu 2003 verður unnið að endurnýjun fæðinga- og kvensjúkdómadeildar við Heilbrigðisstofnunina Akranesi, viðbyggingu við gamla sjúkraskýlið við Heilbrigðisstofnunina Hólmavík, viðbyggingu við heilsugæslustöðina á Egilsstöðum, endurbætur 3. hæðar Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum og loks lokaáfangi D-álmu Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum. Næstu stofnframkvæmdir sem ráðuneytið stefnir að eru bygging heilsugæslustöðvar á Reyðarfirði, heilsugæslustöðvar og hjúkrunardeildar á Selfossi og kaup á tækjum og búnaði í fyrirhugaða heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi í Reykjavík.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	6.021,7	14.776,9	11.089,5	-25	84
Neyslu- og rekstrartilfærslur	15.785,9	9.827,4	14.537,5	48	-8
Stofnkostnaður og viðhald	1.897,8	1.975,7	1.648,4	-17	-13
Samtals	**23.705,4**	**26.580,0**	**27.275,4**	**3**	**15**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	21.217,4	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	346,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	5.712,0	-	-
Samtals	-	-	**27.275,4**	-	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 30.348 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.073 m.kr. en þær nema um 10% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 27.275 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 21.217 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 346 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 5.712 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 11.090 m.kr. og lækka um 3.687 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst breytt framsetning sem felst í því að 4 milljarðar króna vegna afskrifta skattkrafna eru í frumvarpinu færðir sem tilfærsla til einstaklinga og atvinnuvega en sem rekstrargjöld í gildandi fjárlögum. Sú breyting er gerð til samræmis við alþjóðleg viðmið um reikningshald ríkisfjármála. Í annan stað lækka rekstrargjöldin um 470 m.kr. vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir en það endurspeglar áætlun um talsvert minni hagnað af sölu eigna á árinu 2003 en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2002. Þá lækka ýmsir liðir alls um 85 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri og auk þess um 35 m.kr. vegna rekstrarframlaga sem veitt hafa verið tímabundið en falla nú niður. Helstu tilefni til hækkunar á rekstrargjöldum ráðuneytisins eru í fyrsta lagi að fjárheimild á liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* er aukin um 310 m.kr. frá gildandi fjárlögum til að mæta kostnaði við úrskurði kjaranefndar og ýmsar aðrar ófyrirséðar breytingar á launakjörum ríkisstarfsmanna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld við tölvurekstur bókhaldskerfa Fjársýslu ríkisins aukist um tæpar 135 m.kr. Í þriðja lagi er áætlað að mótframlag ríkisins vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna hækki um 100 m.kr. á næsta ári í kjölfar aukinnar þátttöku í þessari tegund sparnaðar. Í fjórða lagi eru 70 m.kr. af fjárheimildum til hugbúnaðargerðar skattavinnslukerfa fluttar yfir í rekstur kerfanna. Í fimmta lagi er fjárheimild vegna innheimtukostnaðar ríkissjóðs aukin um 50 m.kr. til

samræmis við útgjaldaþróun undanfarinna ára. Loks nema launa- og verðlagsbreytingar í rekstri ráðuneytisins um 135 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 4.710 m.kr. og verður 14.538 m.kr. en er 9.827 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Hækkunin skýrist af þremur tilefnum. Eins og áður segir er framsetningu breytt á þann veg að 4 milljarðar króna vegna afskrifta skattkrafna eru nú færðir sem tilfærslur en voru áður færðir sem rekstrargjöld. Í annan stað er gert ráð fyrir að greiðslur barnabóta verði auknar um 500 m.kr. Þar er um að ræða þriðja áfangann í breytingum á barnabótakerfinu sem hafist var handa við í fjárlögum ársins 2001. Í þriðja lagi er áætlað að greiðslur vaxtabóta vegna vaxtagjalda einstaklinga af húsnæðislánum hækki um 220 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.648 m.kr. og er það 327 m.kr. lækkun milli ára. Þar munar mest um 320 m.kr. niðurfellingu á framlögum sem veitt voru tímabundið til kaupa og innleiðingar á nýjum fjárhagskerfum fyrir ríkisreksturinn. Einnig eru 70 m.kr. fluttar úr stofnkostnaði við skattavinnslukerfi í rekstur þeirra. Þá fellur niður 50 m.kr. fjárveiting á lið fyrir útgjöld vegna ákvæða í 7. gr. frumvarpsins. Þar er um að ræða fjárheimild vegna Varasjóðs húsnæðismála sem nú er gert ráð fyrir á sérstökum lið hjá félagsmálaráðuneyti. Á móti vegur að gert er ráð fyrir 40 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Fasteignamats ríkisins vegna uppbyggingar á Landskrá fasteigna auk ýmissa annarra minni framlaga til stofnkostnaðar og eignakaupa hjá stofnunum ráðuneytisins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur tæplega 86 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 60 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði eftir því sem ástæða er til.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti o.fl.	489	494	499	504
Skatta- og tollamál	2.995	3.024	3.053	3.083
Lífeyrir og eftirlaun	5.172	5.398	5.595	5.774
Barnabætur og vaxtabætur	10.035	10.235	10.435	10.635
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur	5.510	4.710	4.710	4.710
Verðlagsmál	458	458	458	458
Þjónusta við ríkisaðila	1.608	1.500	1.363	1.381
Annað	1.009	1.012	1.015	1.018
Samtals	**27.276**	**26.831**	**27.128**	**27.563**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við

um málaflokka fjármálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að gjaldfærð aukning lífeyrisskuldbindinga og mótframlaga vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launafólks aukist að jafnaði um u.þ.b. 3,5% á tímabilinu en þar er aðallega tekið mið af árlegum réttindaávinningi ríkisstarfsmanna. Gert hefur verið ráð fyrir 500 m.kr. hækkun *Barnabóta* árið 2003 og er reiknað með að þau útgjöld taki síðan litlum breytingum árin þar á eftir en áætlað er að *Vaxtabætur* aukist um 2% árlega. Gengið er út frá því að gjaldfærðar *Afskriftir skattkrafna* og fjárheimildir til að mæta frávikum í *Verðlagsmálum* haldist óbreyttar frá árinu 2003 en talsverð óvissa er jafnan um áætlanir um þessi útgjöld. Miðað er við að *Fjármagnstekjuskattur* sem ríkissjóður greiðir lækki um 800 m.kr. árið 2004 og haldist síðan óbreyttur þar sem í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir hagnaði af sölu ríkiseigna. Þá er reiknað með talsverðum breytingum í útgjöldum sem falla undir málaflokkinn *Þjónusta við ríkisaðila.* Skýrist það að mestu af áfangaskiptingu annars vegar í kaupum á nýjum fjárhagskerfum ríkisins og niðurlagningu eldri kerfa og hins vegar í uppbyggingu á Landskrá fasteigna sem lokið verður við á árinu 2004.

Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við fyrirtæki um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 699 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um í sumum samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	53	166	177	177	177
Launagreiðslukerfi	A	68	44	10	6	6
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	A	56	50	8	8	8
Tekjubókhaldskerfi	A	203	203	203	203	203
Innheimtukerfi	A	32	32	32	32	32
Skattavinnslukerfi	A	202	204	204	204	204
Samtals		**614**	**699**	**634**	**630**	**630**

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og eru þeir merktir með bókstafnum A í töflunni. Helstu breytingar frá samsvarandi töflu í fjárlagafrumvarpi 2002 eru þær að gerður var samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði á árinu 2002 og mun árlegur kostnaður við hann verða um 177 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og Bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins fara lækkandi frá og með árinu 2003 en nauðsynlegt er að reka kerfin áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattavinnslukerfi eru

samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema um 204 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samning um Sögukerfi og veffframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir fjármálaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	413,7	426,5	483,1	13,3	16,8
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**413,7**	**432,5**	**489,1**	**13,1**	**18,2**

Fjárveiting til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins er 483,1 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 42 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Skýrist það einkum af því að þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður voru verkefni sem snúa að þjóðhagsspá flutt til aðalskrifstofunnar en önnur verkefni, s.s. þjóðhagsreikningar, flutt til Hagstofu Íslands. Þetta breytta fyrirkomulag felur í sér að 7 störf færast til fjármálaráðuneytisins ásamt 44,1 m.kr. fjárveitingu en 15 störf færast til Hagstofunnar ásamt 100 m.kr. fjárveitingu og nemur fjárveiting vegna þessara verkefna því alls 144,1 m.kr. Á móti kemur að hjá forsætisráðuneyti fellur niður 135,6 m.kr. útgjaldaheimild Þjóðhagsstofnunar en mismunurinn svarar til halla sem var á rekstri stofnunarinnar. Í annan stað er gert ráð fyrir 4,5 m.kr. framlagi til aðalskrifstofunnar vegna hækkunar á húsaleigu til rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga sem ætluð er til að mæta kostnaði við fjölgun öryggisvarða og aukið viðhald. Þá færist starf við símsvörun fyrir Stjórnarráðið og 2,9 m.kr. fjárheimild til aðalskrifstofunnar frá Hagstofunni vegna flutnings Hagstofunnar í nýtt húsnæði við Borgartún í Reykjavík. Á móti vegur að gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld aðalskrifstofunnar lækki um 8,5 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins og að tímabundið 1 m.kr. framlag til tækjakaupa fellur niður og færist til embættis tollstjórans í Reykjavík.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202–211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	470,1	744,3	814,5	9,4	73,3
Skattstofan í Reykjavík	299,1	310,8	315,4	1,5	5,4
Skattstofa Vesturlands	46,3	47,0	50,6	7,7	9,3
Skattstofa Vestfjarða	27,9	28,2	30,4	7,8	9,0
Skattstofa Norðurlands vestra	30,7	29,8	32,1	7,7	4,6
Skattstofa Norðurlands eystra	68,9	72,5	75,9	4,7	10,2
Skattstofa Austurlands	35,4	34,5	37,3	8,1	5,4
Skattstofa Suðurlands	41,2	47,7	50,9	6,7	23,5
Skattstofa Vestmannaeyja	18,8	20,0	20,7	3,5	10,1
Skattstofa Reykjaness	164,2	178,6	181,6	1,7	10,6
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	46,4	129,0	77,9	-39,6	67,9
Yfirskattanefnd	85,6	87,9	89,8	2,2	4,9
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	96,9	100,1	120,6	20,5	24,5
Innheimtukostnaður	189,5	159,3	212,2	33,2	12,0
Tollstjórinn í Reykjavík	877,0	834,6	884,8	6,0	0,9
Samtals	**2.498,0**	**2.824,3**	**2.994,7**	**6,0**	**19,9**

Útgjöld stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka alls um 85 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Helstu tilefni til hækkunar eru í fyrsta lagi að fjárheimild liðarins *09-250 Innheimtukostnaður* er aukin um 50 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 19 m.kr. hækkun til skattrannsóknarstjóra þar sem verkefni embættisins hafa orðið umfangsmeiri á síðustu árum. Þá má nefna að húsnæðiskostnaður embættis tollstjórans í Reykjavík hækkar um 13,4 m.kr. Gert er ráð fyrir ýmsum öðrum minni framlögum og tilflutningi á fjárveitingum til þessara verkefna en á móti kemur um 51 m.kr. lækkun á útgjöldum þeirra til að mæta markmiði um aðhald í rekstri ráðuneytisins.

201 Ríkisskattstjóri. Fjárveiting embættisins nemur 814,5 m.kr. og hækkar um 54 m.kr. að raungildi. Mikil aukning kemur fram í veltu stofnunarinnar milli áranna 2001 og 2002 en það skýrist af því að rekstrar- og stofnkostnaður við skattavinnslukerfi var fluttur undir hana af safnlið fyrir skýrsluvélakostnað í fjárlögum 2002. Aukningin frá fjárlögum þessa árs á einnig að verulegu leyti rætur að rekja til millifærslna á fjárheimildum frá öðrum liðum í þessum málaflokki fjárlaga. Þar munar mest um að 26,2 m.kr. fjárheimild vegna rekstrarleigu tölvubúnaðar fyrir skattkerfið er flutt til embættisins af safnliðnum *09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld* þar sem það hefur umsjón með þessum rekstri. Einnig er 13 m.kr. af fjárveitingu til hugbúnaðargerðar fyrir skattkerfið

flutt af sama safnlið yfir á viðfangsefni fyrir rekstur skattavinnslukerfa hjá stofnuninni. Þá er tæplega 11 m.kr. fjárheimild millifærð frá fjárlagaliðum skattstofa þar sem stofnunin hefur tekið að sér að annast um miðlægar póstútsendingar fyrir skattkerfið. Undir lok ársins 2001 voru samþykktar á Alþingi breytingar á ákvæðum um reiknað endurgjald lögaðila í lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem að fenginni reynslu er gert ráð fyrir að leiði til nokkurrar aukningar í vinnu við álagningu og eftirlit í skattkerfinu. Af þeim sökum er gert ráð fyrir 8 m.kr. framlagi til stofnunarinnar sem verði varið til að ráða í tvö ný störf á þessu sviði. Einnig er veitt 5 m.kr. framlag til að mæta auknum kostnaði við rekstur tölvukerfa stofnunarinnar. Loks eru framlög að fjárhæð 5 m.kr. sem voru færð á lið fyrir verkefni Íslenska upplýsingasamfélagsins flutt aftur til stofnunarinnar en lokið verður við þau verkefni í ár. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að hagrætt verði í rekstri stofnunarinnar sem nemur 14,1 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

202–211 Skattstofur. Heildarútgjöld skattstofa eru um 795 m.kr. í frumvarpinu og eru því sem næst óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum. Að teknu tilliti til fjárheimilda sem eru fluttar frá skattstofunum til embættis ríkisskattstjóra vegna miðlægra póstútsendinga er um 11 m.kr. raunhækkun að ræða. Aðrar breytingar eru aðallega af þrennum toga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 12 m.kr. framlagi sem varið verði til að ráða í þrjú ný stöðugildi hjá skattstofum vegna aukinnar vinnu við álagningu og eftirlit í kjölfar breytinga sem gerðar voru á lagaákvæðum um reiknað endurgjald lögaðila í lok síðasta árs. Um er að ræða skattstofurnar í Reykjavík, á Reykjanesi og á Norðurlandi eystra. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur nýjum störfum hjá embætti ríkisskattstjóra af sömu ástæðu. Í öðru lagi eru veitt framlög sem alls nema 9 m.kr. til nokkurra skattstofa til að mæta auknum kostnaði vegna breytinga í starfsmannahaldi og aukinnar starfsemi. Í þriðja lagi er skattstofum ætlað að hagræða í rekstri sínum sem nemur 9,8 m.kr. til að mæta markmiði ráðuneytisins um aðhald með útgjöldum.

212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld. Fjárveiting til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins nemur 77,9 m.kr. og lækkar um 52,5 m.kr. að raungildi. Skýrist það að mestu leyti af millifærslum á fjárheimildum. Af viðfangsefninu *1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið* eru fluttar 26,2 m.kr. til embættis ríkisskattstjóra sem hefur með höndum umsýslu með þessum rekstri. Einnig er færð til embættisins 13 m.kr. fjárheimild af viðfangsefninu *6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið* og verður varið til reksturs skattavinnslukerfa. Þá falla niður tvær tímabundnar fjárveitingar á viðfangsefninu *1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld* en þar er annars vegar um að ræða 5 m.kr. vegna athugunar á fjármálaviðskiptum milli landa og 1,5 m.kr. vegna endurskoðunar á staðgreiðslukerfinu. Loks eru fjárveitingar nokkurra viðfangsefna þessa fjárlagaliðar lækkaðar um 6,8 m.kr. til að mæta markmiði um útgjaldaaðhald.

214 Yfirskattanefnd. Fjárveiting nefndarinnar er 89,8 m.kr. en það svarar til raunlækkunar um 1,7 m.kr. sem er liður í að mæta aðhaldsmarkmiði ráðuneytisins.

215 Skattrannsóknastjóri ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar er aukin um 17 m.kr. í frumvarpinu að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Annars vegar er fjárveitingin hækkuð um 19 m.kr. í kjölfar þess að verkefni stofnunarinnar hafa farið vaxandi ár frá ári og orðið umfangsmeiri en áður. Fyrirhugað er að framlaginu verði varið til að ráða í ný störf þriggja sérfræðinga við stofnunina og til að standa straum af kostnaði við aukna vinnu starfsmanna. Hins vegar er gert ráð fyrir að stofnunin hagræði í rekstri sínum sem nemur 2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

250 Innheimtukostnaður. Fjárheimild þessa fjárlagaliðar er aukin um 50 m.kr. í frumvarpinu og er alls 212,2 m.kr. Hækkunin er gerð með hliðsjón af útgjaldaþróun þessara verkefna síðustu árin en talsverð óvissa er jafnan um innheimtukostnaðinn sem fellur til frá einu ári til annars.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum hækkar fjárveiting til stofnunarinnar um 16,7 m.kr. Þar vegast á nokkur tilefni til hækkunar og lækkunar. Gert er ráð fyrir að kostnaður embættisins af húsaleigu hækki um 13,4 m.kr. Þegar gerður var leigusamningur um núverandi húsnæði stofnunarinnar á miðju ári 1999 var leigan greidd fyrirfram til þriggja ára. Í fjárlögum þessa árs er því reiknað með leigukostnaði fyrir hálft árið en frá og með næsta ári þarf að reikna með leigukostnaði fyrir allt árið. Þá er gert ráð fyrir 7 m.kr. hækkun á fjárheimild til að treysta rekstrargrundvöll stofnunarinnar en hún hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að etja undanfarin ár sem tekið hefur verið á með fækkun starfsfólks og öðrum breytingum í starfseminni. Veitt er 5,5 m.kr. framlag vegna starfskostnaðar og annarra útgjalda í tengslum við rekstur á gegnumlýsingarbifreið stofnunarinnar en framlag til kaupa á bifreiðinni í fjárlögum ársins 2000 var hluti af sérstöku átaki til að varna fíkniefnasmygli. Þá er millifært til stofnunarinnar 7 m.kr. mótframlag hennar til verkefnis á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins sem nú er lokið og 1 m.kr. til búnaðarkaupa sem færð var tímabundið hjá aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Á móti þessum hækkunartilefnum vegur að gert er ráð fyrir að hagrætt verði í rekstri stofnunarinnar sem nemur 16,8 m.kr. til að mæta áformum um aðhald með útgjöldum.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málefnaflokk teljast fjárlagaliðirnir 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og 385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	1.239,2	4.781,0	4.755,0	-0,5	283,7
Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar	397,9	303,0	417,0	37,6	4,8
Samtals	**1.637,1**	**5.084,0**	**5.172,0**	**1,7**	**215,9**

Áætlað er að útgjöld málefnaflokksins hækki um 88 m.kr. frá fjárlögum ársins 2002.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknaðar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á nýjum áunnum lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum lífeyrisskuldbindingum með iðgjöldum. Áætlað er að skuldbindingar B-deildar hækki um 10,8 milljarða króna á árinu 2003 og verði samtals um 170 milljarðar króna í lok ársins. Er þá tekið tillit til sérstakrar 6 milljarða króna fyrirframgreiðslu ríkissjóðs sem fyrirhugað er að renni til lífeyrissjóðsins árið 2003. Af hækkuninni er talið að rekja megi 6,1 milljarð króna til launa- og verðlagsbreytinga. Sá hluti kemur ekki fram á gjaldahlið frumvarpsins heldur færist til skuldar um endurmatsreikning við uppgjör ríkisreiknings. Það sem þá stendur eftir, eða sem nemur 4,7 milljörðum króna, er fært um gjaldahlið frumvarpsins og er breytingin frá áætlun gildandi fjárlaga óveruleg.

Framsetning ríkisreiknings og fjárlaga felur í sér að fyrirframgreiðslur ríkisins til sjóðsins eru ekki færðar til eignar sem fyrirfram greiddur kostnaður heldur koma þær til lækkunar á skuldbindingunni. Áætlað er að á tímabilinu 1999 til 2003 muni uppreiknaðar fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði ásamt vöxtum nema tæplega 50 milljörðum króna, eða sem svarar til nálægt fjórðungi af skuldbindingum ríkisins. Með þessu móti lækkar sá stofn sem breyting á skuldbindingunni reiknast af. Þá hafa verið gerðir kjarasamningar undanfarin ár um breytingar á launakerfi ríkisstarfsmanna sem fólu í sér hækkun dagvinnulauna umfram heildarlaun og þar með hækkun á lífeyrisskuldbindingunni. Af þessu leiðir að búast má við að á næstu árum hækki gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga minna en árin þegar þessar kerfisbreytingar fóru fram.

Greiðslur úr ríkissjóði vegna verðlagsuppbóta á lífeyri sem færast á þennan lið árið 2002 eru áætlaðar 1,7 milljarðar króna. Til að styrkja stöðu sjóðsins er einnig miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá

verðlagsuppbótunum og nema áætlaðar greiðslur vegna þessa 1,5 milljörðum króna. Loks ber að geta þess að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslum þegar þær falla til eða gera upp við lífeyrissjóðinn með langtímaskuldabréfi.

385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna. Áætlað er að þessi útgjöld aukist um 114 m.kr. Samkvæmt lögum er atvinnurekendum heimilt að draga 10% mótframlag vegna allt að 4% af viðbótarlífeyrissparnaði starfsmanna sinna frá skilum á tryggingagjaldi til ríkissjóðs. Í fjárlögum er gert ráð fyrir þessu með því að færa mótframlagið til gjalda en á móti er tryggingagjald fært að fullu til tekna án frádráttarins. Talsverðum vandkvæðum er bundið að áætla þennan kostnað með vissu þar sem erfitt hefur reynst að segja fyrir um fjölgun þátttakenda í þessari sparnaðarleið, auk þess sem töluverður tími líður áður en upplýsingar um greiðslur berast í gegnum skatta- og bókhaldskerfi ríkisins.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	4.559,1	4.930,0	5.430,0	10,1	19,1
Vaxtabætur	4.720,6	4.385,0	4.605,0	5,0	-2,4
Samtals	**9.279,7**	**9.315,0**	**10.035,0**	**7,7**	**8,1**

811 Barnabætur. Áætlað er að útgjöld vegna barnabóta hækki um 500 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verði 5.430 m.kr. Er hækkunin í samræmi við yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við gerð kjarasamninga snemma á árinu 2000. Hækkunin árið 2003 er þriðji áfanginn í breytingum á barnabótakerfinu sem felast í því að teknar eru upp ótekjutengdar barnabætur, dregið úr skerðingu bóta vegna tekna og skerðing vegna eigna er felld niður.

821 Vaxtabætur. Áætlað er að á árinu 2003 verði greiddar 4.605 m.kr. í vaxtabætur vegna húsnæðislána fjölskyldna og einstaklinga. Er það 220 m.kr. hækkun milli ára og skýrist að stærstum hluta af meiri fasteignaviðskiptum og lántökum en gert hefur verið ráð fyrir í fyrri áætlunum.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur; 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	5.616,7	4.000,0	4.000,0	0,0	-28,8
Fjármagnstekjuskattur	685,2	1.770,0	1.300,0	-26,6	89,7
Ríkisábyrgðir	450,0	0,0	0,0	0,0	-
Tapaðar kröfur og tjónabætur	6,4	210,0	210,0	0,0	-
Samtals	**6.758,3**	**5.980,0**	**5.510,0**	**-7,9**	**-18,5**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks lækkar um 470 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs og verður 5.980 m.kr. Stafar það af því að áætlað er að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum og söluhagnaði eigna lækki sem þessu nemur frá fjárlögum 2002. Gert er ráð fyrir að sala á ríkiseignum og hagnaður af henni verði talsvert minni á næsta ári en á yfirstandandi ári. Sama fjárhæð færist til tekna hjá ríkissjóði þannig að afkoman verður óbreytt eftir sem áður.

Verðlagsmál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2003. Á árunum 2000 og 2001 var gengið frá kjarasamningum við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Kjaradómur og kjaranefnd hafa einnig úrskurðað um svipaðar hækkanir á launum embættismanna. Í flestum tilvikum hefur verið samið um eða úrskurðað að laun hækki um 3% í byrjun ársins 2003. Í launaforsendum frumvarpsins hefur verið tekið tillit til allra slíkra hækkana á launakjörum ríkisstarfsmanna, bæði hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum og öðrum aðilum sem fá rekstrartilfærslur úr ríkissjóði. Einnig hafa launaforsendur fjárlaga 2002 verið endurmetnar í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem kjör starfshópa breyttust eftir afgreiðslu fjárlaganna. Hækkun hverrar stofnunar hefur verið metin sérstaklega með tilliti til vægi stéttarfélaga í launaútgjöldunum og hækkunar hvers félags. Hlutfallslegar hækkanir á launafjárveitingum stofnana geta því verið mismunandi eftir því hvaða stéttarfélögum starfsmenn þeirra tilheyra. Í samræmi við ákvæði laga um bætur almannatrygginga er gert ráð fyrir að þær hækki um 3,2% í upphafi næsta árs og er þá tekið mið af kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og viðbótarhækkun sem aðilar vinnumarkaðarins komu sér saman um í tengslum við samkomulag um verðlagsforsendur samninganna.

Endurskoðaðar spár gera ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 4,7% milli áranna 2001 og 2002 og um 2,2% milli áranna 2002 og 2003. Eru önnur rekstrarútgjöld en laun miðuð við þær spár með sama hætti og jafnan áður. Í fjárlögum fyrir árið 2002 var reiknað með því að almennt verðlag hækkaði um 5,9% frá árinu 2001 eða um 1% meira en horfur eru á samkvæmt endurskoðaðri spá. Í verðlagsforsendum frumvarpsins er leiðrétt fyrir því þannig að nettóhækkun annarra rekstrargjalda er 1,3%. Almennt gildir að sértekjur stofnana eru hækkaðar til jafns við þetta. Í vissum málaflokkum er þó gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana er gert ráð fyrir að tekjuöflun aukist meira til samræmis við launahækkanir. Eins og lengi hefur tíðkast er í forsendum frumvarpsins ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september, en það svarar nú til gengisvísitölunnar 130. Styrking á gengi krónunnar frá forsendum fjárlaga 2002 leiðir til lækkunar á gengisbundnum fjárlagaliðum en það á nær eingöngu við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í erlendri mynt, svo sem útgjöld sendiráða og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka.

Á fjárlagaliðnum er tæplega 460 m.kr. fjárheimild til að standa straum af launabreytingum sem eftir er að útfæra nánar í samræmi við samninga og til að mæta ýmsum ófyrirséðum launaútgjöldum sem kunna að falla til á árinu 2003. Þar af eru 80 m.kr. vegna sjúkrahúsa í samræmi við bókun með kjarasamningi við sjúkrahúslækna.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignamat ríkisins; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs og 984 Fasteignir ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	245,1	1.194,1	1.023,5	-14,3	-
Ríkisfjárhirsla	46,1	42,0	0,0	-	-
Fasteignamat ríkisins	421,5	421,4	461,6	9,5	9,5
Framkvæmdasýsla ríkisins	20,8	2,7	2,7	0,0	-87,0
Ríkiskaup	-7,9	0,0	0,0	0,0	-
Lánasýsla ríkisins	49,7	60,3	62,2	3,2	25,2
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	44,8	22,3	43,0	92,8	-4,0
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	127,0	14,5	14,5	0,0	-88,6
Fasteignir ríkissjóðs	-0,3	0,0	0,0	0,0	-
Samtals	**946,8**	**1.757,3**	**1.607,5**	**-8,5**	**69,8**

Þessi málaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhaldsþjónustu og innkaupaþjónustu. Málaflokkurinn var fyrst settur fram með þessum hætti í fjárlögum fyrir árið 2002 og verður samanburði við reikningstölur ársins 2001 ekki komið við með góðu móti vegna innbyrðis tilfærslna á útgjöldum milli málaflokka ráðuneytisins. Heildargjöld málaflokksins eru áætluð 4.545 m.kr. og er jafnframt gert ráð fyrir að innheimtar verði 2.938 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu, eða sem nemur um 65% af veltu. Fjárveiting málaflokksins nemur því alls um 1.609 m.kr. og svarar það til um 175 m.kr. lækkunar að raungildi.

103 Fjársýsla ríkisins. Fjárveiting stofnunarinnar er 1.023,5 m.kr. í frumvarpinu og lækkar um 185 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Þar vegast á nokkur tilefni bæði til lækkunar og hækkunar. Þyngst vegur að gert er ráð fyrir um 350 m.kr. niðurfellingu á tímabundnum framlögum til kaupa og aðlögunar á nýjum bókhaldskerfum fyrir ríkið og á framlögum til reksturs og viðhalds á eldri bókhaldskerfum. Einnig er stofnuninni ætlað að hagræða í rekstrinum sem nemur um 15 m.kr. Á hinn bóginn er framlag til reksturs á nýju fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins hækkað um 107 m.kr. í samræmi við niðurstöðu útboðs en í gildandi fjárlögum hefur þegar verið gert ráð fyrir 50 m.kr. til rekstursins. Einnig er veitt 20 m.kr. framlag til kynningar og fræðslu um kerfið fyrir notendur þess. Fjárveiting stofnunarinnar er hækkuð um 7,5 m.kr. til að standa straum af kostnaði við rekstur á sameiginlegum þjóðskrárgögnum fyrir landskerfi ríkisins sem Hagstofan annaðist um áður. Þá er gert ráð fyrir 3,7 m.kr. fjárheimild vegna hækkunar á húsaleigu til rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga sem ætluð er til að mæta kostnaði við fjölgun öryggisvarða og aukið viðhald. Loks hækkar fjárveiting stofnunarinnar sem nemur 42 m.kr. í kjölfar ákvörðunar um samruna Ríkisfjárhirslu við hana en sá fjárlagaliður fellur niður í staðinn.

402 Fasteignamat ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 32,5 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Þar er einkum um að ræða aukið stofnkostnaðarframlag til uppbyggingar á Landskrá fasteigna, eða sem nemur 39,2 m.kr., en vinna að þessum áfanga verkefnisins hófst árið 2001 og lýkur á árinu 2004. Kostnaðurinn við uppbygginguna er fjármagnaður með sérstakri, tímabundinni hækkun á umsýslugjaldi af brunabótamati fasteigna sem húseigendur greiða samhliða brunatryggingariðgjöldum. Hins vegar er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður við verkefnið lækki um 2 m.kr. á næsta ári. Þá er millifært til stofnunarinnar 2 m.kr. mótframlag hennar á liðnum *09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnis sem miðar að rafrænni afgreiðslu og upplýsingagjöf en því er nú lokið. Vegna áforma um aðhald með rekstrarútgjöldum ráðuneytisins er gert ráð fyrir að stofnunin geri ráðstafanir til hagræðingar sem nemi 6,7 m.kr.

905 Ríkiskaup. Velta stofnunarinnar lækkar um 146 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Er þar um að ræða aðlögun fjárheimilda að áætlun um minni veltu á næsta ári. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.

972 Lánasýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að bæði útgjöld og sértekjur stofnunarinnar hækki um tæpar 32 m.kr. vegna aukinnar veltu. Fjárveiting til stofnunarinnar er óbreytt að raungildi fyrir utan 1,2 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði ráðuneytisins.

980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsbygginga við Arnarhól. Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól. Í frumvarpinu er miðað við að veltan aukist um 10 m.kr. vegna fjölgunar starfa og annars kostnaðar við nýtt öryggiskerfi í byggingum í umsjón félagsins og um 15 m.kr. vegna aukins kostnaðar við ýmis reglubundin viðhaldsverkefni. Á móti þessum kostnaði koma sértekjur af hærri húsaleigu frá viðkomandi ráðuneytum en gert hefur verið ráð fyrir því með hækkun framlaga til þeirra í frumvarpinu. Einnig er veitt tímabundið framlag í eitt ár að fjárhæð 15 m.kr. til að unnt verði að gangast í brýnar viðhaldsframkvæmdir sem skotið hefur verið á frest mörg undanfarin ár.

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Auk launa- og verðlagsbreytinga er gert ráð fyrir að veltan í rekstri og viðhaldi húsnæðis á vegum stofnunarinnar aukist um 17 m.kr. vegna endurleigu rannsóknarhúss á lóð Háskólans á Akureyri til rannsóknastofnana.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	3,0	240,0	198,0	-17,5	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Skýrsluvélakostnaður	1.318,5	-	-	-	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	39,0	21,0	-46,2	-
Ýmislegt	850,3	561,6	589,8	5,0	-30,6
Samtals	**2.171,8**	**1.040,6**	**1.008,8**	**-3,1**	**-53,6**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks er 1.009 m.kr. og lækkar um 37 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þyngst vegur að fjárheimild vegna útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum í 7. grein frumvarpsins lækkar um 42 m.kr. Einnig lækkar fjárveiting til verkefna á liðnum *09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* um 18 m.kr. Á móti koma ýmis minni útgjaldatilefni eins og greint er frá hér á eftir.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 7. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 50 m.kr. frá fjárlögum ársins sem er að líða. Þar er um að ræða fjárheimild sem færð var á þennan lið við afgreiðslu fjárlaga ársins 1999 en í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir henni á liðnum *07-207 Varasjóður húsnæðismála* hjá félagsmálaráðuneyti. Þá hækkar liðurinn um 8 m.kr. vegna fjárheimildar til verkefna átaksins um Íslenska upplýsingasamfélagið sem verkefnisstjórn á eftir að ráðstafa. Sérstök umfjöllun er um 7. gr. frumvarpsins í kafla 8 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Af þessum lið eru greidd ýmis mál ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Fjárheimild liðarins er 21 m.kr. og lækkar um 18 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Framlag verkefnisstjórnar lækkar um 6,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og verður 12,5 m.kr. Þar af eru 8,5 m.kr. til verkefnis um rafræn opinber innkaup, eða svokallað rafrænt markaðstorg ríkisins, og 4 m.kr. til verkefnis um uppbyggingu dreifilyklaskipulags vegna rafrænnar stjórnsýslu.

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Fjárveiting til þessara verkefna nemur um 590 m.kr. og hækkar um 23 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar vegast á nokkrar hækkanir og lækkanir. Helstu tilefni til hækkunar eru í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir 15,5 m.kr. viðbótarfjárheimild á viðfangsefninu *1.90 Óviss útgjöld* til að mæta ýmsum tilfallandi útgjöldum innan ársins og ófyrirséðum rekstrarmálum stofnana ráðuneytisins. Á viðfangsefnið *1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður* er fært 12,5 m.kr.

framlag sem ætlað er til reksturs á Starfatorg.is, en það er safn starfsauglýsinga á Netinu þar sem birtar eru auglýsingar um laus störf hjá ríkinu ásamt öðrum tengdum upplýsingum. Með þessu móti verður ríkisstofnunum gert kleift að lækka umtalsvert kostnað við birtingu starfsauglýsinga í hefðbundnum fjölmiðlum. Þá er gert ráð fyrir 2 m.kr. hækkun á viðfangsefninu *1.15 Kjararannsóknir* vegna aukins launakostnaðar kjararannsóknanefndar opinberra starfsmanna, 3 m.kr. hækkun á *1.45 Ýmsar nefndir* vegna aukins fjölda mála hjá Kærunefnd útboðsmála, 4 m.kr. hækkun á *1.65 Kjaranefnd* vegna aukins launa- og rekstrarkostnaðar, en formanni nefndarinnar hefur verið sett erindisbréf og falin ábyrgð á fjármálastjórn nefndarinnar, og loks 1,5 m.kr. hækkun á *1.66 Yfirfasteignamatsnefnd* þar sem kærum hefur fjölgað, einkum vegna breytinga á fasteigna- og brunabótamati. Á hinn bóginn lækkar fjárveiting á viðfangsefninu *1.31 Lífeyrissjóður bænda* um 10 m.kr. þar sem bótaþegum fer fækkandi. Þá er gert ráð fyrir aðhaldi með útgjöldum nokkurra verkefna á þessum fjárlagalið sem nemur 2,8 m.kr. alls. Loks er flutt 2,5 m.kr. framlag af viðfangsefninu *6.91 Hagræðingarmál* á liðinn *09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* sem mótframlag til verkefnis um uppbyggingu og innleiðingu rafræns markaðstorgs ríkisins.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.657,0	2.560,0	2.505,6	-2	-6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	825,7	1.006,0	1.244,3	24	51
Stofnkostnaður og viðhald	12.386,6	12.372,4	13.805,7	12	11
Samtals	**15.869,3**	**15.938,4**	**17.555,6**	**10**	**11**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	4.847,8	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	12.827,9	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-120,1	-	-
Samtals	-	-	**17.555,6**	-	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 22.448,5 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.892,9 m.kr. en þær nema um 22% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.555,6 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.847,8 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 12.827,9 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, -120,1 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.505,6 m.kr. og lækka um 54,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 158,1 m.kr. millifærslu af rekstarviðfangsefni hjá Póst- og fjarskiptastofnun á tilfærsluviðfangsefni Siglingastofnunar vegna reksturs strandarstöðva.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 238,3 m.kr. og verður 1.244,3 m.kr. en er 1.006 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Þyngst vegur áðurnefnd 158,1 m.kr. millifærsla af rekstrarviðfangsefni á tilfærsluviðfangsefni vegna reksturs strandarstöðva. Auk þess er 100 m.kr. hækkun á framlagi til markaðsátaks í íslenskri ferðaþjónustu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 13.805,7 m.kr. og er það 1.433,3 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 1.430,4 m.kr. hækkun til vegamála og 136 m.kr. hækkun til flugmála. Á móti kemur 129,1 m.kr. lækkun til siglingamála.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 45 m.kr. Á móti koma framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 25 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003 til 2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	793	465	396	398
Vegamál	12.822	12.822	12.822	12.822
Siglingamál	1.732	1.615	1.594	1.598
Flugmál	1.828	1.742	1.742	1.742
Póst- og fjarskiptamál	146	148	149	150
Ferðamál	234	236	238	240
Samtals	**17.555**	**17.028**	**16.941**	**16.950**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka samgönguráðuneytisins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins Ráðuneyti lækki um 41,4% milli áranna 2003 og 2004 vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til markaðsátaks í ferðaþjónustu á árinu 2004. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að milli áranna 2004 og 2005 lækki framlög um 15% sem skýrist af því að framlag vegna samnings um kynningarátak í Norður-Ameríku fellur niður. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins Siglingamál lækki um 3% milli áranna 2003 og 2004 sem skýrist af því að endurbótum á Seyðisfjarðarhöfn verður lokið. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins Flugmál lækki um 5% milli áranna 2003 til 2004 vegna lækkunar á framlögum til framkvæmda á flugvöllum. Þar sem samræmd samgönguáætlun liggur ekki fyrir er, sem vinnuforsenda gert ráð fyrir óbreyttu framlagi til vegamála, flugmála og siglingamála í áætlun áranna 2004 til 2006.

Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 915 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið á um í sumum samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum	B	11,6	11,9	0,0	0,0	0,0
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	B	50,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	123,3	132,4	0,0	0,0	0,0
Samningur við Slysavarnafélagið Landsbjörg	B	47,7	48,9	48,9	0,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	B	47,1	48,5	48,5	0,0	0,0
Samningar við sérleyfishafa	C	159,9	134,4	134,4	78,4	0,0
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	34,1	34,1	34,1	0,0	0,0
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	35,5	35,5	35,5	0,0	0,0
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	64,1	90,6	0,0	0,0	0,0
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	55,4	55,4	0,0	0,0	0,0
Mjóafjarðarferjan Anný	C	5,5	2,3	0,0	0,0	0,0
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	4,1	1,0	0,0	0,0	0,0
Rekstur strandarstöðva	C	156,4	158,1	0,0	0,0	0,0
Hestamiðstöð Íslands	C	5,0	5,0	5,0	0,0	0,0
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	72,5	66,5	66,5	0,0	0,0
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	12,2	12,3	12,3	12,3	0,0
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	C	23,4	24,1	0,0	0,0	0,0
Samningur um Snorrastofu	C	2,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Samningur um Geysisstofu	C	2,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Samningur við Hólaskóla um gestastofu	C	3,0	3,0	0,0	0,0	0,0
Samtals		**914,8**	**868,0**	**385,2**	**90,7**	**0,0**

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá samgönguráðuneytinu. Aðrir samningar sem ráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 241,7 m.kr. Að lokum eru 626,3 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem samgönguráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 870 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga og eru þessir helstir: Samningur um þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum, samningur um tilkynningarskyldu íslenskra skipa og samningur um rekstur strandarstöðva. Þeir tveir síðastnefndu hafa verið framlengdir um eitt ár en í undirbúningi er að leggja fram frumvarp til laga um vaktstöð skipa og þar er gert ráð fyrir að þessi starfsemi verði vistuð. Samningur um markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu rennur út á árinu 2002 og ekki er gert ráð fyrir að hann verði endurnýjaður en gert er ráð fyrir að þau verkefni sem unnin hafa verið samkvæmt samningnum verði hluti af öðru verkefni með sama heiti. Gerður hefur verið viðaukasamningur um rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs þar sem gert er ráð fyrir fjölgun ferða. Þá hefur verið gerður samningur um rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars á grundvelli útboðs. Samningur um rekstur Mjófjarðarferjunnar Annýjar er til eins árs og rennur út á árinu 2003. Samningur um farþega- og vöruflutninga til og frá Vigur og Æðey í Ísafjarðardjúpi rennur

út á árinu 2003. Samningsfjárhæð vegna áætlunarflugs innanlands hækkar vegna framlenginga á samningstíma eldri samnings. Þá er í fyrsta sinn birtur nýr flokkur samninga sem verið er að gera vegna sérleyfisaksturs. Þjónustusamningar við sérleyfishafa gilda að hámarki til ársins 2005 en það ár verður lokið við að bjóða út allar áætlunarleiðir á landi. Gerður hefur verið einn heildarsamningur um rekstrarverkefni Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Samningur um samstarf í ferðamálum við Færeyjar hefur verið endurnýjaður og gildir til ársloka 2005. Stefnt er að endurnýjun samstarfssamnings við Grænland fyrir áramót með sama gildistíma. Gerður hefur verið samningur um þjónustu við ferðamenn í Geysisstofu og við Hólaskóla vegna fjarkennslu í ferðamálafræðum.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	188,1	185,1	197,6	6,8	5,1
Ýmis verkefni	334,5	504,1	590,6	17,2	76,6
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	4,0	0,0	-100,0	-
Samtals	**522,6**	**698,2**	**793,2**	**13,6**	**51,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 92,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 197,6 m.kr. og hækka um 12,5 m.kr. frá fjárlögum 2002. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag vegna aukinna verkefna á sviði áætlunargerðar. Fellt er niður 2,4 m.kr. framlag vegna skólagjalda fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Loks er millifært 2 m.kr. mótframlag frá lið *10-996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna miðlunar upplýsinga sem snerta öryggis- og

réttindamál sjómanna. Mótframlagið kom upphaflega frá Siglingastofnun en er nú fært á aðalskrifstofu samgönguráðuneytisins. Aðrar breytingar má rekja til launa, verðlags og hagræðingar í rekstri, samtals 2,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld eru 590,6 m.kr. og hækka um 86,5 m.kr. milli ára. Útgjöldin skiptast á viðfangsefni eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,7	9,3	9,3	0,0
Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	6,9	0,0	0,0	0,0
Rannsóknarnefnd sjóslysa	20,7	0,0	0,0	0,0
Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,7	1,5	1,5	0,0
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	4,5	3,0	3,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	43,9	47,3	48,5	1,2
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	21,8	23,5	24,1	0,6
Staðsetningarkerfi	1,0	6,0	6,1	0,1
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,0	1,1	1,1	0,0
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	13,3	0,0	0,0	0,0
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	16,2	13,6	11,9	-1,7
Slysavarnafélagið Landsbjörg	44,7	47,7	48,9	1,2
Flugskóli Íslands	9,7	9,7	9,7	0,0
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	1,0	0,0
Gestastofur, söfn og markaðsstarf	9,5	17,0	14,0	-3,0
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	50,0	200,0	300,0	100,0
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	1,0	5,0	5,0	0,0
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	72,5	74,4	66,5	-7,9
Hestamiðstöð Íslands	2,5	5,0	5,0	0,0
Aldamótabærinn Seyðisfjörður, húsahótel	0,0	5,0	0,0	-5,0
Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	2,5	5,5	5,6	0,1
Ýmislegt	1,4	18,5	19,4	0,9
Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	0,0	10,0	10,0	0,0
Samtals	**334,5**	**504,1**	**590,6**	**86,5**

Á viðfangsefni *1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa* er lagt til að veitt verði tímabundið 24,1 m.kr. rekstrarframlag í eitt ár. Stefnt er að því að gera nýjan samning um reksturinn í stað samnings sem gengur út um næstu áramót. Á viðfangsefni *1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum* er lagt til að veitt verði 11,9 m.kr. tímabundið rekstrarframlag í eitt ár. Stefnt er að því að endurnýja samning um reksturinn. Felld er niður 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til uppbyggingar rústabjörgunaraðstöðu að Gufuskálum sem fékkst í fjárlögum 2002. Á viðfangsefni *1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf* er fellt niður 3 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Samgönguminjasafnsins að Ystafelli í Ljósavatnshreppi. Á viðfangefninu *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* er lagt til að framlag hækki um 100 m.kr. Í fjárlögum

2002 var veitt tímabundið 150 m.kr. framlag til almennra markaðsmála í íslenskri ferðaþjónustu innanlands. Nú er lagt til að fjárveitingin verði framlengd um eitt ár og verði samtals 300 m.kr. á árinu 2003. Auk fyrrgreinds verkefnis er ætlunin að unnið verði að verkefni sem voru unnin á vegum markaðsráðs ferðaþjónustunnar samkvæmt samningi sem rennur út um næstu áramót og ekki stendur til að endurnýja. Jafnframt er gert ráð fyrir að framlagið nýtist til verkefna er tengjast eflingu heilsutengdrar ferðaþjónustu, menningartengdrar ferðaþjónustu og uppbyggingu markaðssvæða íslenskrar ferðaþjónustu innanlands. Á viðfangsefni *1.49 Aldamótabærinn, Seyðisfjörður, húsahótel* er fellt niður 5 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar húsa. Á viðfangsefni *1.90 Ýmislegt* er lagt til að framlag hækki um 0,9 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna flutnings verkefna út á land. Í fjárlögum 2002 var veitt 11 m.kr. tímabundin fjárveiting til sama verkefnis og er nú lagt til að sú fjárveiting verði framlengd um eitt ár og hækki í samtals 15 m.kr. Í öðru lagi fellur niður 2 m.kr. tímabundinn styrkur til Björgunarfélaga Ísafjarðar og í þriðja lagi fellur niður 1 m.kr. tímabundinn styrkur til Björgunarsveitarinnar Sæbjargar á Flateyri. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags og hagræðingar í rekstri samkvæmt aðhaldsmarkmiðum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Sérstakt framlag lækkar um 1 m.kr. til viðbótar við þá 1 m.kr. sem það lækkaði um samkvæmt 7. gr. gildandi fjárlaga þannig að ekki gert ráð fyrir sérstökum framlögum frá verkefnisstjórninni í frumvarpinu. Mótframlag samgönguráðuneytisins lækkar um 2 m.kr. og er sú fjárheimild flutt til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Framlag til þessara verkefna samgönguráðuneytis lækkar því um 4 m.kr. og ekki er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til slíkra verkefna ráðuneytisins á árinu 2003.

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst 211 Vegagerðin. Útgjöld Vegagerðarinnar eru 12.821,8 m.kr. og eru sýnd í töflunni hér að neðan.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	523,6	402,1	391,1	-2,7	-25,3
Umsýslugjald	0,0	52,0	53,0	1,9	-
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	623,1	364,0	344,9	-5,2	-44,6
Styrkir til innanlandsflugs	60,5	123,3	132,4	7,4	118,8
Þjónusta	2.135,4	2.194,0	2.242,3	2,2	5,0
Viðhald	2.051,3	2.040,0	2.084,9	2,2	1,6
Nýframkvæmdir	5.577,0	5.655,0	6.979,4	23,4	25,1
Landsvegir	108,5	115,0	117,5	2,2	8,3
Tilraunir	72,6	101,0	103,2	2,2	42,1
Safnvegir	235,0	272,0	278,0	2,2	18,3
Styrkvegir	40,3	54,0	55,2	2,2	37,0
Reiðvegir	34,0	39,0	39,9	2,3	17,4
Samtals	**11.461,3**	**11.411,4**	**12.821,8**	**12,4**	**11,9**

Umsýsluþóknun til ríkissjóðs vegna innheimtu á mörkuðum tekjum hækkar um 1. m.kr. og verður 53 m.kr. Styrkir til ferja og sérleyfishafa lækka um 27 m.kr. vegna hækkunar á afborgunum af lánum sem tekin voru til smíði á ferjum þar eð ríkissjóður annast um greiðslu afborgana af ferjulánunum sem verða samtals 290 m.kr. á árinu 2003. Jafnframt er lagt til að fjárveiting vegna styrkja til innanlandsflugs hækki um 9,1 m.kr. og verði 132,4 m.kr. Hækkunin er tilkomin vegna framlengingar á samningi um áætlunarflug á Vestfirði og vegna verðlagshækkunar á samningnum.

Til nýframkvæmda er varið 6.979,4 m.kr. sem er 1.324,4 m.kr. hækkun frá árinu 2002, eða 23,4%. Ráðgert er að ráðstafa hagnaði af sölu eigna, eða 1.200 m.kr., til jarðgangagerðar en fyrir voru 300 m.kr. í vegáætlun yfirstandandi árs þannig að framlagið verður alls 1.500 m.kr. Samgönguráðherra mun gera nánari grein fyrir forgangsröðun vegaframkvæmda við framlagningu samgönguáætlunar á Alþingi. Aðrar breytingar á viðfangsefnum Vegagerðarinnar má rekja til verðlagshækkana.

Heildargjöld Vegagerðarinnar eru 12.821,8 m.kr. en voru 11.411,4 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og hækka um 1.401,4 m.kr. milli ára. Vegagerðin greiðir 330 m.kr. af lánum til ríkissjóðs sem er annars vegar 40 m.kr. afborgun af láni vegna vegtengingar við Hvalfjarðargöng og hins vegar 290 m.kr. vegna afborgana af ferjulánum vegna smíði á ferjum.



Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 10.538,4 m.kr. Auk þessa er greitt 1.281 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem kemur til frádráttar á stöðu markaðra tekna síðar. Af mörkuðum tekjum eru greiddar í ríkissjóð afborganir af lánum vegna Hvalfjarðaganga og ferja, samtals 330 m.kr. Samtals eru greiðslur úr ríkissjóði 11.489,4 m.kr. Viðskiptahreyfing upp á 951 m.kr. myndast á stofnunina vegna fyrirframgreiðslu á mörkuðum tekjum að frádregnum afborgunum lána. Sjá nánar yfirlit yfir stöðu markaðra tekna á séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu. Þessu til viðbótar er 1.200 m.kr. framlag vegna sérstakrar fjáröflunar til jarðgangagerðar og styrkir vegna innanlandsflugs 132,4 m.kr. Samtals eru beinar greiðslur úr ríkissjóði umfram markaðar tekjur því 1.332,4 m.kr.



Á meðfylgjandi mynd eru sýnd útgjöld Vegagerðarinnar frá 1990 til 2003 ásamt fjármögnun útgjaldanna frá sama tíma. Línurnar sýna annars vegar markaðar tekjur og hins vegar viðbótarframlög á verðlagi hvers árs. Ýmist hefur þetta viðbótarframlag verið fjármagnað með beinu framlagi úr ríkissjóði eða sérstakri fjáröflun eins og t.d sölu á eignum. Á árunum 1990 til 1992 standa markaðar tekjur undir útgjöldum til vegamála. Hins vegar fjármagna mörkuðu tekjurnar einungis hluta af útgjöldum áranna 1993 til 1995 vegna sérstaks átaks í vegamálum sem stóð til 1998. Árið 1999 er eina árið fyrir utan upphafsárin 1990 og 1991 sem ekki er veitt framlag úr ríkissjóði til viðbótar við makaðar tekjur. Á árunum 2001 til 2003 dregur úr vexti markaðra tekna og sá hluti útgjalda til vegamála sem er fjármagnaður með sérstöku framlagi eða gengið er á stöðu markaðra tekna, eykst.

Siglingamál

Undir þennan málefnaflokk teljast fjárlagaliðirnir: 335 Siglingastofnun Íslands og 381 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Heildargjöld málefnaflokksins eru 1.732,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	997,6	1.663,9	1.701,9	2,3	70,6
Rannsóknarnefnd sjóslysa	0,0	23,8	30,3	27,3	-
Samtals	**997,6**	**1.687,7**	**1.732,2**	**2,6**	**73,6**

*335 **Siglingastofnun Íslands.*** Heildargjöld eru 1.701,9 m.kr. umfram sértekjur og hækka um 38 m.kr. milli ára. Gert er ráð fyrir að 341,6 m.kr. renni til reksturs stofnunarinnar en í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir 332,6 m.kr. Lagt er til að 15 m.kr. tímabundin fjárveiting sem fékkst í fjárlögum 2002 verði framlengd um eitt ár til vinnu við framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. Einnig er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til rannsókna á öldufari og straumum og áhrifum þess á siglingaöryggi mismunandi tegunda skipa á siglingaleiðum við suðurströndina, auk Bakkafjöru og Vestmannaeyja. Loks er stofnuninni gert að hagræða um 6,8 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Á nýtt viðfangsefni *1.11 Rekstur strandarstöðva* eru millifærðar 158,1 m.kr. af fjárlagalið *10-512 Póst- og fjarskiptastofnun* vegna endurnýjunar á samningi um rekstur strandarstöðva. Núgildandi samningur rennur út um áramótin 2002 og er gert ráð fyrir að við endurnýjun hans færist verkefnið til Siglingastofnunar frá Póst- og fjarskiptastofnun. Gert er ráð fyrir að fjárveiting á viðfangsefni *6.70 Hafnarmannvirki* lækki um 132,4 m.kr. milli ára og verði 1.066 m.kr. Í fyrsta lagi lækkar samningsbundið framlag úr 200 m.kr. í 98 m.kr. á árinu 2003 vegna dýpkunar Seyðisfjarðarhafnar fyrir nýja Norrænu. Í öðru lagi er lögð til 30 m.kr. tímabundin lækkun framlags í eitt ár til framkvæmda við hafnir vegna aðhalds. Í þriðja lagi lækkar

greiðsla úr ríkissjóði um 77,9 m.kr. vegna lægra uppgjörs til sveitarfélaga. Uppgjör hafnaáætlunar við sveitarfélög fyrir 2003 er 120,1 m.kr. en var í fjárlögum 2002, 198 m.kr. Á viðfangsefni *6.80 Sjóvarnargarðar* er tillaga um 3,3 m.kr. hækkun á framlagi til sjóvarna í samræmi við þingsályktun um sjóvarnaáætlun 2001-2004. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags, samtals 10,4 m.kr.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til nýframkvæmda í höfnum og lækkun á skuldum ríkissjóðs vegna fyrri hafnarframkvæmda en það kemur fram sem viðskiptahreyfing í framsetningu fjárlaga.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Nýframkvæmdir í höfnum	1.198,4	1.066,0	-11,0
Lækkun skulda ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda	198,0	120,1	-39,3
Samtals, greiðslur úr ríkissjóði	**1.396,4**	**1.186,1**	**-15,1**

Af 1.066 m.kr. útgjöldum ríkissjóðs vegna hafnarmannvirkja á næsta ári eru 213,2 m.kr. fjármagnaðar með sérstöku vörugjaldi samkvæmt hafnalögum. Aðrir markaðir tekjustofnar Siglingastofnunar eru vitagjald, 103,5 m.kr., og skipagjald 63,9, m.kr.

Í töflunni hér á eftir eru sýnd framlög til einstakra hafna samkvæmt tillögu samgönguráðuneytis um skiptingu.

Sveitarfélag	Til nýfrkv.	Til uppgjörs	Alls
Akranes	57,4	0,0	57,4
Borgarnes	2,6	0,0	2,6
Snæfellsbær	47,3	0,0	47,3
Grundarfjörður	10,7	0,0	10,7
Stykkishólmur	9,1	0,0	9,1
Búðardalur	1,6	0,0	1,6
Bolungarvík	13,1	0,0	13,1
Ísafjarðarbær	54,4	0,0	54,4
Drangsnes	2,7	0,0	2,7
Skagafjörður	0,2	0,0	0,2
Siglufjörður	20,7	0,0	20,7
Hafnasamlag Eyjafjarðar	40,2	0,0	40,2
Hafnasamlag Norðurlands	29,0	0,0	29,0
Grímsey	0,7	0,0	0,7
Húsavík	97,0	0,0	97,0
Þórshöfn	109,0	0,0	109,0
Vopnafjörður	80,2	0,0	80,2
Hafnasamlag A- Héraðs og Fella	23,1	0,0	23,1
Seyðisfjörður	98,0	0,0	98,0
Fáskrúðsfjörður	24,1	0,0	24,1
Hornafjörður	105,3	0,0	105,3
Vestmannaeyjar	137,2	15,1	152,3
Þorlákshöfn	43,2	12,0	55,2
Grindavík	0,0	93,0	93,0
Sandgerði	32,3	0,0	32,3
Óskipt til slysavarna o.fl.	10,5	0,0	10,5
Rannsóknir	16,4	0,0	16,4
Samtals	**1.066,0**	**120,1**	**1.186,1**

Í eftirfarandi töflu eru sýndar fyrirhugaðar fjárveitingar til sjóvarna á árinu 2003 samkvæmt tillögu samgönguráðuneytisins um skiptingu.

Sveitarfélag	Fjárveiting alls
Akraneskaupstaður	2,3
Innri-Akraneshreppur	0,9
Grundarfjörður	2,4
Vesturbyggð	6,9
Blönduósbær	4,4
Höfðahreppur	1,9
Skagahreppur	3,5
Dalvíkurbyggð	10,7
Húsavíkurkaupstaður	4,4
Vestmannaeyjabær	1,8
Árborg, sveitarfélag	9,4
Ölfus, sveitarfélag	3,2
Sandgerðisbær	4,7
Gerðahreppur	2,7
Vatnsleysustrandarhr.	3,6
Bessastaðahreppur	3,2
Seltjarnarneskaupstaður	10,0
Óskipt	1,1
Samtals	**77,1**

381 ***Rannsóknarnefnd sjóslysa.*** Framlag til nefndarinnar hækkar um 6,5 m.kr. milli ára og verður 30,3 m.kr. Vegna aukins umfangs er lagt til að veitt verði 4,8 m.kr. framlag til ráðningar nýs starfsmanns og 1,5 m.kr. framlag til að styrkja rekstur nefndarinnar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlags og lækkunar rekstrarkostnaðar til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Flugmálastjórn og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Heildargjöld eru áætluð 1.827,7 m.kr. en voru 1.606,7 í fjárlögum 2002 og hækka um 221 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

471 ***Flugmálastjórn.*** Heildarframlag til Flugmálastjórnar verður 1.803 m.kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að gjöld vegna rekstrar Alþjóðaflugþjónustunnar lækki um 63 m.kr. og kemur sú lækkun fram á viðfangsefni *1.70 Alþjóðaflugþjónustan*. Gert er ráð fyrir að tekjur Flugmálastjórnar af yfirflugsgjöldum muni einnig lækka að sama skapi. Áætlað er að framlag Íslands vegna ákvæða um 5% kostnaðarhlutdeild í þjónustunni í samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina lækki um 3% milli ára eða um 2,9 m.kr. úr 100,4 m.kr. í 97,5 m.kr. og kemur sú lækkun fram á viðfangsefni *1.81 Framlag Íslands við Alþjóðaflugmálstofnunina, ICAO*. Á viðfangsefni *6.41*

Flugvellir, framkvæmdir hækkar framlag um 136 m.kr. Í fyrsta hækkar gjaldaheimild um 250 m.kr. Í fjárlögum 2002 var gjaldaheimildin lækkuð tímabundið um 250 m.kr. vegna endurgreiðslu flýtingar á framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli á árinu 2001. Þar sem greiðsluheimild var ekki breytt myndaðist viðskiptahreyfing á lið *10-471 Flugmálastjórn*. Viðskiptahreyfingin vegna þessa mun nú hverfa úr fjárlögum. Í öðru lagi er lagt til að framlag lækki um 114 m.kr. Gert er ráð fyrir að markaðar tekjur af flugvallargjaldi samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga 2003 lækki um 114 m.kr. úr 721 m.kr. í 607 m.kr. Gjaldaheimild til framkvæmda í flugmálum lækkar sem því nemur. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags og lækkunar rekstrarkostnaðar til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Framlag til nefndarinnar hækkar um 4,6 m.kr. milli ára og verður 24,7 m.kr. Vegna aukins umfangs er lagt til að veitt verði 3,0 m.kr. framlag vegna ráðningar starfsmanns og 1,5 m.kr. framlag til að styrkja rekstur nefndarinnar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlags og til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

Póst og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnun. Útgjöld eru áætluð 146,4 m.kr. og lækka um 157,7 m.kr. frá fjárlögum 2002. Skýrist það aðallega af því að af viðfangsefni *1.11 Rekstur strandarstöðva* er millifærður 158,1 m.kr. á lið *10-335 Siglingastofnun Íslands*. Núgildandi samningur rennur út um áramótin 2002 og er gert ráð fyrir að við endurnýjun hans færist verkefnið frá Póst- og fjarskiptastofnun til Siglingastofnunar. Aðrar breytingar á liðnum eru vegna launa og verðlags og breytinga á ríkistekjum.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Útgjöld ráðsins eru áætluð 234,3 m.kr. og hækka um 4 m.kr. Á viðfangsefninu *1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis* er í fyrsta lagi lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag vegna opnunar nýrrar skrifstofu Ferðamálaráðs í Norðurbryggjuhúsi í Kaupmannahöfn. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. framlag til aukinnar þjónustu í Bretlandi en gert er ráð fyrir að skrifstofa Ferðamálaráðs í Reykjavík annist þjónustuna. Á viðfangsefninu *1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar* er lagt til að veitt verði áframhaldandi 12,3 m.kr. tímabundið framlag til ársins 2005 vegna samstarfssamninga við Grænland og Færeyjar. Stefnt er að því að ljúka gerð nýrra samninga í stað þeirra sem ganga út um næstu áramót. Gert er ráð fyrir að samningarnir nái til þriggja ára og gildi frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2005. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags auk lækkunar rekstrarkostnaðar til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	499,8	668,4	726,6	9	45
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.913,2	1.835,0	2.365,2	29	24
Stofnkostnaður og viðhald	559,3	309,3	94,3	-70	-83
Samtals	**2.972,3**	**2.812,7**	**3.186,1**	**13**	**7**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	2.832,9	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	353,2	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**3.186,1**	-	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 3.852 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 666 m.kr. en þær nema 17% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.186 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.833 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 353 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 727 m.kr. og hækka um 58 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um framlög vegna kostnaðar við innleiðingu ýmissa áforma í frumvarpi til raforkulaga.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 526 m.kr. og verður 2.361 m.kr. en er 1.835 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Þyngst vegur 220 m.kr. framlag til landgrunnsrannsókna og 280 m.kr. framlag vegna byggðaáætlunar. Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 98 m.kr. og er það 211 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru niðurfelling 200 m.kr. tímabundins framlags til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni sem tilheyrði byggðaáætlun frá 1999–2001.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 40 m.kr. Hagræðingarkrafa skiptist hlutfallslega jafnt á alla rekstrarliði ráðuneytisins og stofnana þess. Á móti koma framlög sem alls nema 25 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald í rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	245	247	249	251
Iðnaðarmál	704	709	709	714
Orkumál	1.666	1.655	1.443	1.408
Byggðamál	571	599	629	661
Samtals	**3.186**	**3.210**	**3.030**	**3.034**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Helstu breytingar á málefnaflokknum Orkumál skýrast af rannsóknum á landgrunninu sem verður að stærstum hluta lokið árið 2004.

Skuldbindandi samningar

Iðnaðarráðuneytið hefur gert einn samning um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 5 m.kr. á yfirstandandi ári. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um samningnum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Hestamiðstöð Íslands	B	5,0	5,0	5,0	0,0	0,0
Samtals		**5,0**	**5,0**	**5,0**	**0,0**	**0,0**

Samningurinn er samstarfssamningur þriggja ráðuneyta um framlög til Hestamiðstöðvar Íslands. Að samningnum koma ráðuneyti byggðamála, ferðamála og landbúnaðarmála sem leggja alls 25 m.kr. til verkefnisins út árið 2004.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Gjöld málefnaflokksins hækka um 36,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	80,7	84,1	104,3	24,0	29,2
Einkaleyfastofan	222,6	111,9	118,5	5,9	-46,8
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	4,0	14,0	250,0	-
Samtals	**303,3**	**208,0**	**244,8**	**17,7**	**-19,3**

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Alls hækka fjárveitingar til aðalskrifstofu um 17 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er farið fram á 6,8 m.kr. hækkun framlags til styrktar rekstri ráðuneytisins en meðal áhersluverkefna á næsta ári er vinna að innleiðingu raforkulaga, nýrri víðtækri löggjöf um hitaveitur, rannsóknir á jarðlögum og athugun á vinnsluskilyrðum olíu og gass sem og aukin áhersla á byggðamál. Einnig er farið fram á 8 m.kr. framlag til ráðningar sérfræðings á sviði raforkumála til að fylgjast með innleiðingu og stjórnsýslueftirliti í samræmi við frumvarp til raforkulaga. Tillagan er í

samræmi við kostnaðarmat með frumvarpi til raforkulaga sem iðnaðarráðherra mælti fyrir á vorþingi 2002. Gerð er tillaga um 2,2 m.kr. hækkun á fjárveitingum vegna húsnæðiskostnaðar. Er þeirri hækkun ætlað að mæta kostnaði við fjölgun öryggisvarða og auknum viðhaldskostnaði rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga.

102 Einkaleyfastofan. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur gerir ráð fyrir 4,1 m.kr. hækkun á tekjum og gjöldum miðað við áætlun frá fyrra ári. Einkaleyfastofan hefur þrjá tekjustofna en þeir eru gjald fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd. Gert er ráð fyrir að gjöld fyrir einkaleyfi skili stofnuninni 34,6 m.kr. í tekjur, gjald fyrir fyrir vörumerki skili 80,4 m.kr. tekjum og hönnunarverndargjöld skili 1 m.kr. tekjum á árinu 2003.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnarinnar og mótframlög ráðuneyta. Sérstakt framlag hækkar um 5 m.kr. að frátöldum 10,5 m.kr. sem liðurinn lækkaði um skv. 7. gr. gildandi fjárlaga. Framlagið nemur því 7 m.kr. í frumvarpinu. Mótframlag ráðuneytisins er einnig 7 m.kr. og því er gert ráð fyrir alls 14 m.kr. framlag á þessum fjárlagalið. Það skiptist þannig að 8 m.kr. er ætlaðar til uppbyggingar á gagnagrunni á netinu fyrir almenning um orkulindir á Íslandi og 6 m.kr. til uppbyggingar á þjónustu Impru sem er frumkvöðlasetur, rekið af Iðntæknistofnun. Þar er ætlunin að bjóða upp á gagnvirka handleiðslu á netinu fyrir lítil fyrirtæki og einyrkja sem eru að hefja rekstur.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir; 245 Samtök iðnaðarins; 299 Iðja og iðnaður og 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Gjöld málefnaflokksins hækka um 6,9 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðntæknistofnun Íslands	133,2	146,3	144,9	-1,0	8,8
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	64,6	79,8	86,4	8,3	33,7
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	8,5	14,6	14,4	-1,4	69,4
Samtök iðnaðarins	232,8	202,4	203,0	0,3	-12,8
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	13,1	75,0	75,0	0,0	472,5
Iðja og iðnaður, framlög	193,1	179,2	180,5	0,7	-6,5
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	57,3	0,0	0,0	-	-
Samtals	**702,6**	**697,3**	**704,2**	**1,0**	**0,2**

201 ***Iðntæknistofnun íslands.*** Alls lækkar liðurinn um 4,4 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi lækkar framlagið um 1,4 m.kr. vegna rekstrarhagræðingar til að mæta útgjaldamarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi eru millifærðar 3 m.kr. til *11-996 Íslenska upplýsingasamfélagsins* sem leggur til sömu upphæð til nýs verkefnis á vegum frumkvöðlaseturs Impru. Alls eru því ætlaðar 6 m.kr. til að byggja upp gagnvirka miðlun á netinu þar sem einyrkjar og lítil fyrirtæki geta fengið handleiðslu um fyrirtækjarekstur.

203 ***Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.*** Framlög til stofnunarinnar hækka um 4,5 m.kr. að raungildi. Þar af er farið fram á 3 m.kr. framlag til norræns samstarfs í byggingariðnaði með áherslu á sjálfbæran og vistvænan iðnað. Í öðru lagi er farið fram á 2 m.kr. framlag til CE-merkingar byggingarvara og vottanir þar að lútandi sem er talin forsenda markaðsetningar. Loks er 0,5 m.kr. lækkun framlaga til að mæta útgjaldamarkmiði.

245 ***Samtök iðnaðarins.*** Alls er gert ráð fyrir að iðnaðarmálagjald skili samtökunum 203 m.kr. fyrir árið 2003 sem er 0,6 m.kr. hækkun frá fyrra ári.

299 ***Iðja og iðnaður, framlög.*** Í fyrsta lagi lækkar framlagið um 4 m.kr vegna niðurfellingar tímabundins framlags til að styrkja starfsemi fagráðs textíliðnaðarins og framleiðslu íslenskar ullarvöru. Í öðru lagi lækkar framlagið um 1,6 m.kr. vegna hagræðingaraðgerða. Í þriðja lagi hækkar framlag til Staðlaráðs um 1 m.kr. vegna endurskoðara áætlun um áætlun um ríkistekjur.

Orkumál

Til þessa málaflokks teljast fjórir fjárlagaliðir: 310 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun og 399 Ýmis orkumál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 255,5 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	195,0	230,2	270,3	17,4	38,6
Orkusjóður	114,3	83,3	82,8	-0,6	-27,6
Niðurgreiðslur á húshitun	0,0	0,0	847,0	-	-
Ýmis orkumál	1.035,3	1.097,4	466,3	-57,5	-55,0
Samtals	**1.344,6**	**1.410,9**	**1.666,4**	**18,1**	**23,9**

301 ***Orkustofnun.*** Liðurinn hækkar alls um 33,8 m.kr. að raungildi. Þar vegur þyngst að farið er fram á 40 m.kr. vegna kostnaðar við ýmis áform í frumvarpi til raforkulaga og ákvæða sem eru í frumvarpinu. Reiknað er með að stofnunin þurfi fjóra nýja sérfræðinga, hagfræðing, lögfræðing og tvo rafmagnsverkfræðinga. Þar að auki þarf stoðvinnu svo sem ritara og skjalavörð. Ætla má að kostnaður við sérfræðing með aðbúnaði, svo sem húsnæði sem Orkustofnun verður að taka á leigu og lágmarksstoðþjónustu, sé um 9 m.kr. á ári. Kostnaður við sérfræðingana fjóra reiknast því 36 m.kr. Þar við bætist byrjunarkostnaður og aðkeypt sérfræðiþjónusta eða alls 40 m.kr. Í öðru lagi er farið fram á 3 m.kr. framlag til rannsókna á loftslagsbreytingum vegna nýtingar vatnsorku. Framlagið er mótframlag Íslands á móti 13 m.kr. framlagi frá Norræna orkurannsóknasjóðnum. Með rannsóknum á að meta áhrif loftslagsbreytinga á jöklabráð, hættur og tækifæri sem aukið afrennsli hefði í för með sér á vatnsaflvirkjanir og virkjanamöguleika. Í þriðja lagi lækkar framlagið um 4 m.kr. vegna millifærslu yfir á Íslenska upplýsingasamfélagið. Því verkefni er ætlað að byggja netaðgang fyrir almenning að gagnagrunni um orkulindir á Íslandi. Í fjórða lagi lækkar framlagið um 5,2 m.kr. vegna hagræðingar.

373 ***Niðurgreiðsla á húshitun.*** Annars vegar er farið fram á millifærslu 853,1 m.kr. frá *399 Ýmis orkumál* yfir á þennan fjárlagalið vegna umfangs framlaga ríkisins til málefnisins. Hins vegar er lögð til 17,0 m.kr. lækkun fjárheimildar til að mæta útgjaldamarkmiðum ársins 2003. Framlög til málaflokksins hafa aukist jafnt og þétt frá og með árinu 1998 eða að meðaltali um 15% á ári. Samkvæmt lögum nr. 78/2000 er heimilt að niðurgreiða orkukostnað hjá þeim sem nýta rafmagn til hitunar íbúðarhúsnæðis einnig er heimilt að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun. Eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslu á rafhitun og einnig ef notuð er varmadæla við hitun. Þá er heimilt að veita stofnstyrki til hitaveitna í einkaeigu. Orkustofnun hefur framkvæmd og eftirlit með niðurgreiðslunum.



399 ***Ýmis orkumál.*** Alls lækkar liðurinn um 631,1 m.kr. Þar af eru 853,1 m.kr. vegna millifærslu á fjárlagaliðinn *373 Niðurgreiðsla á húshitun.* Að þeirri millifærslu frátalinni

hækkar liðurinn um 222 m.kr. Farið er fram á 220 m.kr. aukningu framlags til landgrunnsrannsókna en áætlað var fyrir 60 m.kr. á árinu 2002. Gert er því ráð fyrir að framlag til verkefnisins verði alls 280 m.kr. árið 2003 sem er í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá árinu 2001 um undirbúning greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan efnahagslögsögunnar. Gert er ráð fyrir að undirbúningur greinargerðarinnar taki um fjögur ár og kosti alls um 700 m.kr. Þá hækkar framlag til styrkingar dreifikerfa í sveitum um 3 m.kr. og verður 142 m.kr. samkvæmt samningi um arðgreiðslur frá Rafmagnsveitum ríkisins frá 1995. Farið er fram á 3 m.kr. framlag til kynningar og tæknilegrar aðstoðar við bændur sem vilja stofna og reka smávirkjanir og 2 m.kr. framlag vegna kærunefndar raforkumála í samræmi við frumvarp til raforkulaga. Loks lækkar liðurinn um 6 m.kr. til að mæta útgjaldarömmum fyrir árið 2003.

Byggðamál

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun sem skiptist í tvö viðfangsefni 110 Byggðastofnun og 111 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	9,0	0,0	285,1	-	-
Byggðastofnun	209,8	170,6	184,2	8,0	-12,2
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	103,0	100,9	101,4	0,5	-1,6
Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0	200,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**621,8**	**471,5**	**570,7**	**21,0**	**-8,2**

401 Byggðaáætlun. Alls hækkar liðurinn um 285 m.kr. Þessum fjármunum verður varið til að sinna verkefnum sem tilgreind eru í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Mestum hluta fjármunanna verður varið til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni, uppbyggingar rafrænna samfélaga og samstarfsverkefna landa í Norður-Atlantshafi á grundvelli Northern Periphery áætlunarinnar. Þá verður hluta varið til vinnu við byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð, til athugunar á búsetuskilyrðum fólks á landsbyggðinni og könnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna. Samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga ársins 2002 er gert ráð fyrir 200 m.kr. framlagi til framkvæmdar byggðaáætlunarinnar á yfirstandandi ári.

411 Byggðastofnun. Liðurinn lækkar um 192,9 m.kr. frá fjárlögum fyrra árs sem skýrist af 200 m.kr. niðurfellingu á tímabundnu framlagi vegna eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni og tilheyrði byggðaáætlun 1999–2001. Farið er fram á að 12,5 m.kr. verði

millifærðar til stofnunarinnar af fjárlagaliðnum *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefna ársins 2002. Loks er gert ráð fyrir 5,4 m.kr. lækkun útgjalda vegna útgjaldamarkmiða árið 2003.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	665,5	735,2	759,7	3	14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	772,0	715,5	681,4	-5	-12
Stofnkostnaður og viðhald	12,4	4,2	4,2	0	-66
Samtals	**1.449,9**	**1.454,9**	**1.445,3**	**-1**	**0**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	360,8	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	1.084,5	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**1.445,3**	-	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 1.455 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 10 m.kr. en þær nema 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.445 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 361 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.085 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 760 m.kr. og hækka um 25 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um kostnað við eftirlit sem áformað er í frumvarpi til raforkulaga.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 34 m.kr. og verður 681 m.kr. en er 716 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Þyngst vegur minni álagning olíujöfnunargjalds.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir 5,6 m.kr. lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum. Hagræðingarkrafa skiptist hlutfallslega jafnt á alla rekstrarliði ráðuneytisins og stofnana þess. Á móti eru veitt 3 m.kr. framlög til að mæta veikleikum í fjárlagaramma ráðuneytisins, s.s. fjárþörf vegna rekstrarhalla stofnana. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003–2006. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	150	152	153	154
Viðskiptamál	649	655	655	661
Flutningsjöfnun	646	646	646	646
Samtals	**1.445**	**1.453**	**1.454**	**1.461**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur gert samning við Neytendasamtökin sem áætlað er að nemi 8,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessi samningur er tilgreindur í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í samningnum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004	2005	2006
Þjónustusamningur við Neytendasamtökin	C	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
Samtals		**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir viðskiptaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins lækka um 5,3 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	108,1	106,9	110,4	3,3	2,1
Ýmis verkefni	48,7	45,7	36,9	-19,3	-24,2
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**156,8**	**155,6**	**150,3**	**-3,4**	**-4,1**

190 Ýmis verkefni. Framlögin lækka um 9,4 m.kr. að raungildi. Tímabundið 9 m.kr. framlag vegna kynningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum fellur niður.

Viðskiptamál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 302 Löggildingarstofa; 402 Fjármálaeftirlitið; 902 Samkeppnistofnun og 999 Ýmis viðskiptamál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 22,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Löggildingarstofa	225,7	188,1	211,9	12,7	-6,1
Fjármálaeftirlitið	202,7	287,4	268,6	-6,5	32,5
Samkeppnisstofnun	132,6	136,0	153,7	13,0	15,9
Ýmis viðskiptamál	15,0	14,8	14,8	0,0	-1,3
Samtals	**576,0**	**626,3**	**649,0**	**3,6**	**12,7**

302 Löggildingarstofa. Alls hækkar framlagið um 19 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Þar af er farið fram á 9,5 m.kr. framlag í samræmi við áform frumvarps til raforkulaga. Löggildingarstofu er þar ætlað að hafa eftirlit með raforkuvirkjunum, neysluveitum og rafföngum. Einnig er farið fram á 8 m.kr. framlag í kjölfar endurskipulagningar á stofnuninni. Endurskipulagningin beindist að því að greina á milli stjórnsýslu- og eftirlitshlutverka stofnunarinnar. Einnig var fækkað um 6 starfsgildi og stofnuninni gert að minka við sig húsnæði. Betur er gerð grein fyrir skipulagsbreytingum stofnunarinnar í greinargerð frumvarps til fjáraukalaga 2002. Loks er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. tímabundnu framlagi vegna vottunar og eftirlits með vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í atvinnuskyni. Tillagan er í samræmi lög um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002. Gert er ráð fyrir 1 m.kr. í stofnkostnað fyrsta árið en 0,5 m.kr. til árlegs rekstarkostnaðar.

402 Fjármálaeftirlitið. Endurskoðuð áætlun um tekjur og gjöld gera ráð fyrir 268,6 m.kr. útgjöldum sem fjármögnuð eru með sömu upphæð ríkistekna sem eru greiddar af tryggingа- og fjármálafyrirtækjum. Það er 18,8 m.kr. lækkun frá áætlun gildandi fjárlaga.

902 Samkeppnisstofnun. Framlög til stofnunarinnar hækka um 13,6 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er lögð til 13 m.kr. hækkun í samræmi við kostnaðarmat frumvarps til raforkulaga. Gert er ráð fyrir að stofnunin ráði til sín tvo starfsmenn til eftirlits með innleiðingu laganna fyrstu tvö árin en eftir það er aðeins gert ráð fyrir einu starfsgildi eða 8 m.kr. kostnaði. Í öðru lagi er farið fram á 2 m.kr. á grundvelli kostnaðarmats með lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu er samþykkt voru á Alþingi 10. apríl sl. Samkvæmt 19. grein laganna skal stofnunin hafa eftirlit með atvinnustarfsemi á netinu í samvinnu við ýmsar evrópskar stofnanir. Lögin byggjast á tilskipun nr. 2001/31/EB og er gert ráð fyrir að lögfesting tilskipunarinnar auki álag stofnunarinnar sem samsvari einum þriðja úr starfsgildi eða sem nemi 2 m.kr. árlega. Loks er lögð til 1,4 m.kr. lækkun vegna útgjaldamarkmiða fyrir árið 2003.

Flutningsjöfnun

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 811 Flutningssjóður olíuvara og 821 Flutningssjóður sements. Gjöld málefnaflokksins lækka um 27 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	510,8	503,0	481,0	-4,4	-5,8
Flutningssjóður sements	206,3	170,0	165,0	-2,9	-20,0
Samtals	**717,1**	**673,0**	**646,0**	**-4,0**	**-9,9**

*811 **Flutningssjóður olíuvara.*** Endurskoðuð áætlun á tekjum og gjöldum sjóðsins gerir ráð fyrir 10 m.kr. hækkun útgjalda en 22 m.kr. lækkun á tekjum þannig að gjöld verða alls 513 m.kr. en tekjur 481 m.kr. Ástæða fyrir þessu misræmi milli gjalda og tekna er að 32 m.kr. sjóður hefur myndast sem ætlað er að nýta árið 2003.

*821 **Flutningssjóður sements.*** Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af flutningsjöfnunargjaldi sements gerir ráð fyrir að á árinu 2003 skili gjaldið 165 m.kr. tekjum sem er 5 m.kr. lækkun frá áætlun gildandi fjárlaga.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	385,7	344,7	506,8	47	31
Neyslu- og rekstrartilfærslur	0,2	3,8	3,8	0	-
Stofnkostnaður og viðhald	13,4	31,6	20,6	-35	54
Samtals	**399,3**	**380,1**	**531,2**	**40**	**33**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	414,3	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	116,9	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**531,2**	-	-

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2003 eru áætluð um 542 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 10,5 m.kr. en þær nema 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 531,2 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 414,3 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 116,9 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til Hagstofunnar hækki um 151,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en þar af eru 13,4 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta. Þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður voru verkefni þau sem stofnunin hafði haft með höndum flutt til fjármálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands og af starfsfólki Þjóðhagsstofnunar fluttust 7 manns til fjármálaráðuneytisins og 15 manns til Hagstofunnar. Vegna þessa tilflutnings er gerð tillaga um 100 m.kr. hækkun fjárveitingar til Hagstofunnar, auk 44,1 m.kr. samsvarandi tillögu hjá fjármálaráðuneytinu, og alls er því lögð til 144,1 m.kr. hækkun fjárveitinga af þessu tilefni. Á móti kemur að hjá forsætisráðuneyti fellur niður 135,6 m.kr. útgjaldaheimild Þjóðhagsstofnunar en mismunurinn svarar til halla á rekstri Þjóðhagsstofnunar. Um næstu áramót flytur hagskýrslusvið Hagstofunnar í nýtt og stærra leiguhúsnæði við Borgartún og hefur það í för með sér umtalsverða hækkun húsnæðiskostnaðar. Í því sambandi er gerð tillaga um 43,1 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna aukins húsnæðiskostnaðar en þar af eru 6,2 m.kr. tímabundnar til eins árs. Þá er gert ráð fyrir að í kjölfar flutningsins flytjist 2,9 m.kr. fjárveiting, sem Hagstofan hefur haft til símsvörunar fyrir Stjórnarráðið, yfir til fjármálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að Þjóðskráin verði áfram í núverandi húsnæði fram á mitt næsta ár. Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til skrárbyggðrar hagskýrslugerðar. Helsta úrræði erlendra hagstofa til að mæta auknum kröfum um hagtölur, skipulagningog framkvæmd nýrra kannana, á síður við á Íslandi vegna kostnaðar og mikillar svarbyrði fyrirtækja og einstaklinga í fámenninu hér. Af þessum sökum er brýnt að hagnýta stjórnvaldsskrár og gera þær þannig úr garði að þær geti nýst til gagnaöflunar og að því hefur Hagstofan unnið. Brýnt verkefni á þessu sviði er myndun fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar. Það verk hefur þegar verið skipulagt, kynnt samstarfsstofnunum og fengið góðar undirtektir. Annað verkefni sem hefur verið í mótun og orðið er brýnt að ráðast í er skráning íbúa í íbúðir en það gerir kleift að vinna upplýsingar um heimili sem nú fást ekki nema með mjög dýrum könnunum. Loks er gert ráð fyrir 3 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Hagstofunnar vegna hagræðingarkröfu. Á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* lækkar sérstakt framlag samkvæmt tillögu verkefnisstjórnar um 8 m.kr. til viðbótar við þær 1,5 m.kr. sem það var lækkað um samkvæmt 7. gr. gildandi fjárlaga, verður 3,5 m.kr. og gengur til gagnabanka Hagstofu Íslands. Verkefnið er að hálfu fjármagnað með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu og að hálfu með framlagi Hagstofunnar. Alls er því áætlað fyrir 7 m.kr. á þessum fjárlagalið.

Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Hagstofa Íslands	531	536	541	546
Samtals	**531**	**536**	**541**	**546**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.794,7	1.607,9	1.689,3	5	-6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	944,3	960,1	1.015,7	6	8
Stofnkostnaður og viðhald	550,5	560,5	507,5	-9	-8
Samtals	**3.289,5**	**3.128,5**	**3.212,5**	**3**	**-2**
Greitt úr ríkissjóði	-	-	2.012,2	-	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	1.200,3	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	0,0	-	-
Samtals	-	-	**3.212,5**	-	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 3.627 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 414,2 m.kr. en þær nema um 11% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.212,5 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.012,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.200,3 m.kr. innheimtar af mörkuðum ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.689,3 m.kr. og hækka um 81,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 45 m. kr. nýtt framlag til Umhverfisstofnunar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 55,6 m.kr. og verður 1.015,7 m.kr. en er 960,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2002. Þyngst vegur 32 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. vegna skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjavöruumbúðir.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 507,5 m.kr. og er það 53 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru að niður fellur 25 m.kr. framlag til byggingar vistmenningarmiðstöðvar að Sólheimum í Grímsnesi og 24 m.kr. lækkun á framlögum til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 31,6 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 94,6 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2003 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2003 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003	Spá 2004	Spá 2005	Spá 2006
Ráðuneyti	379	382	375	378
Umhverfisvernd	1.495	1.532	1.570	1.589
Skipulagsmál	704	705	670	675
Rannsóknir	635	637	633	638
Samtals	**3.213**	**3.256**	**3.248**	**3.280**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að sjálfsögðu að verða aðrar eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Skuldbindandi samningar

Umhverfisráðuneytið hefur gert samning við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 9 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningurinn er tilgreindur í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2003 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í samningnum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2002	2003	2004
Heilbrigðiseftirlit Rvk.borgar, mengunarmæl.	C	8,7	8,7	8,7
Sýslumaðurinn á Patreksfirði, snjóflóðaeftirlit	C	1,0	0,0	0,0
Samtals		**9,7**	**8,7**	**8,7**

Samningar sem umhverfisráðuneytið stendur eitt að eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Samningi Veðurstofu Íslands við sýslumannsembættið á Patreksfirði um snjóflóðaeftirlit var sagt upp frá og með 1. júlí 2002.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2003* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	203,2	197,8	201,8	2,0	-0,7
Ýmis verkefni	160,1	152,6	157,3	3,1	-1,7
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	39,0	15,0	-61,5	-
Samtals	**363,3**	**394,4**	**379,1**	**-3,9**	**4,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 20,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar og munar þar mest um 24 m.kr. lækkun framlags til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að útgjöld aðalskrifstofu verði 201,8 m.kr. og hækki um 4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkun vegna launa- og verðlagsbóta er 6 m.kr. þannig að fjárveiting lækkar um 2 m.kr. að raungildi. Til að mæta aðhaldsmarkmiði í útgjaldaramma er framlag til liðarins lækkað um 3,5 m.kr. Á viðfangi *6.01 Tæki og búnaður* er tillaga um 1,5 m.kr. fjárveitingu til endurnýjunar á tölvubúnaði.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til þessa liðar verði 157,3 m.kr. sem er 4,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Á viðfangi *1.10 Fastanefndir* er tillaga um 1,7 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna fjölgunar á nefndum ráðuneytisins. Lögð er til 1,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til viðfangs *1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið*. Á viðfang *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* er gerð tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna samnings umhverfisráðuneytisins og Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands um prófessorsstöðu við líffræðiskor þar sem fjárveitingar undanfarinna ára hafa ekki haldið í við launabreytingar. Á viðfangi *1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál* er tillaga um 1,5 m.kr. framlag til nefndarinnar vegna aukins málafjölda og á viðfangi *1.90 Ýmis verkefni* fellur niður 1,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til skráningar á gömlum húsakynnum á Núpstað í Skaftárhreppi. Aðrar breytingar á liðnum skýrast af launa- og verðlagsreikningi. Neðangreind tafla gefur yfirlit yfir gjöld og framlög til liðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	18,6	6,0	7,9	31,7	-57,5
Samvinnunefnd um miðhálendið	6,9	6,5	8,1	24,6	17,4
Ýmis umhverfisverkefni	34,6	25,3	28,2	11,5	-18,5
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	12,8	12,9	13,0	0,8	1,6
Umhverfisvöktun	25,3	28,0	28,0	0,0	10,7
Alþjóðastofnanir	17,6	25,0	22,5	-10,0	27,8
Vernd gróður- og dýraríkis á norðl. slóðum CAFF	11,5	12,3	12,5	1,6	8,7
Varnir gegn mengun hafsins, PAME-skrifstofa	5,2	6,4	6,5	1,6	25,0
Undirbúningur þjóðgarða	1,1	3,0	3,0	0,0	172,7
Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,1	1,1	1,1	0,0	-
Vernd Breiðafjarðar	2,7	3,6	3,7	2,8	37,0
Náttúruverndarráð	7,2	0,0	0,0	-	-100,0
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	11,7	13,0	14,8	13,8	26,5
Ýmis verkefni	4,8	9,5	8,0	-15,8	66,7
Samtals	**160,1**	**152,6**	**157,3**	**3,1**	**-1,7**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnarinnar. Ákvörðun um verkefni er miðuð við að þau séu fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Sérstakt framlag til þessara verkefna umhverfisráðuneytisins lækkar um 2,5 m.kr. frá fyrra ári til viðbótar við þær 9,5 m.kr. sem það var lækkað um samkvæmt. 7. gr. gildandi fjárlaga. Framlagið verður því alls 7,5 m.kr. og skiptist þannig að 4 m.kr. eru ætlaðar til gerðar stafræns grunnkorts af Íslandi og 3,5 m.kr. fara til bráðaviðvörunarkerfis vegna náttúruhamfara. Mótframlög ráðuneytisins eru 4 m.kr. frá Landmælingum Íslands og 3,5 m.kr. frá Veðurstofu Íslands. Alls er því áætlað fyrir 15 m.kr. útgjöldum á þessum fjárlagalið.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 289 Spilliefnasjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	11,0	8,2	6,8	-17,1	-38,2
Náttúruvernd ríkisins	130,8	139,8	0,0	-100,0	-100,0
Veiðistjóri	64,5	57,8	0,0	-100,0	-100,0
Umhverfisstofnun	0,0	0,0	509,5	-	-
Hreindýraráð	25,8	14,8	0,0	-100,0	-100,0
Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi	25,0	25,0	0,0	-100,0	-100,0
Hollustuvernd ríkisins	218,8	247,2	0,0	-100,0	-100,0
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	118,1	220,0	220,0	0,0	86,3
Hreinsun umhverfis	123,1	0,0	0,0	-	-100,0
Spilliefnasjóður	135,6	160,0	162,8	1,8	20,1
Endurvinnslan hf., skilagjald	565,6	564,0	596,0	5,7	5,4
Samtals	**1.418,3**	**1.436,8**	**1.495,1**	**4,1**	**5,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 47,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um 39 m.kr. hækkun til Umhverfisstofnunar, 32 m.kr. hækkun til Endurvinnslunnar hf. og að niður fellur 25 m.kr. framlag til framkvæmda á Sólheimum í Grímsnesi.

*202 **Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.*** Framlag til stöðvarinnar er áætlað 6,8 m.kr. og lækkar um 1,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Niður fellur 1,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2001 til alþjóðlegrar ráðstefnu um Mývatn og gert er ráð fyrir 0,1 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsbóta.

*211 **Umhverfisstofnun.*** Umhverfisstofnun er nýr fjárlagaliður. Stofnunin var sett á fót samkvæmt lögum nr. 90 frá 15. maí 2002 og tekur við verkefnum Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til hennar verði 509,5 m.kr. á árinu 2003 og hækki um 49,9 m.kr. frá því sem veitt var til hinna stofnananna í gildandi fjárlögum en þar af eru 10,9 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta. Á viðfangi *1.01 Umhverfisstofnun* er tillaga um 45 m.kr. hækkun fjárveitingar, þar af 30 m.kr. vegna nýrra og aukinna kostnaðartilefna, aðallega vegna ESB-tilskipana, og 15 m.kr. til þjóðgarða og landvörslu. Gert er ráð fyrir 3 m.kr. bakfærslu mótframlaga frá lið Íslenska upplýsingasamfélagsins, þ.e. 0,5 m.kr. vegna rafrænnar miðlunar veiðikorta og 2,5 m.kr. vegna landupplýsingavefs um heilbrigðis-, matvæla- og mengunareftirlit. Niður fellur 4 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2001 til að sinna verkefnum sem til komu við breytingar á náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Áætlað er að ríkistekjur af gjaldi fyrir veiðikort hækki um 1,8 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga og sú hækkun verði flutt til gjaldahliðar. Auk þess er gerð 6,8 m.kr. hagræðingarkrafa á stofnunina.

Millifærðar eru 17,6 m.kr. af viðfangi *1.11 Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink* yfir á viðfang *1.01 Umhverfisstofnun* til leiðréttingar á 33 m.kr. millifærslu milli viðfanganna í fjárlagagerð fyrir árið 2001 sem einnig innihélt framlag til veiðikortastyrkja. Eftir þessa leiðréttingu er fjárlagagrunnur viðfangsins 19 m.kr. fyrir launa- og verðlagsreikning.

281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir 220 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er óbreytt frá gildandi fjárlögum. Þar af eru 20 m.kr. vegna 3. endurgreiðslu af 5 á 100 m.kr. skerðingu fjárveitingar í fjárlögum ársins 2000.

285 Spilliefnasjóður. Gert er ráð fyrir 162,8 m.kr. fjárveitingu til Spilliefnasjóðs. Sjóðurinn er alfarið fjármagnaður með tekjum af spilliefnagjaldi. Áætlað er að gjaldið skili 162,8 m.kr. tekjum á árinu 2003 sem er 2,8 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum.

289 Endurvinnslan hf. Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjavöruumbúðir. Gert er ráð fyrir að þessar tekjur hækki um 32 m.kr. milli ára og verði alls 596 m.kr.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	100,4	119,7	123,0	2,8	22,5
Skipulagsmál sveitarfélaga	123,2	80,9	82,0	1,4	-33,4
Landmælingar Íslands	207,8	179,7	186,8	4,0	-10,1
Brunamálastofnun ríkisins	111,8	108,0	113,3	4,9	1,3
Ofanflóðasjóður	332,7	198,1	198,4	0,2	-40,4
Samtals	**875,9**	**686,4**	**703,5**	**2,5**	**-19,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 6,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

301 Skipulagsstofnun. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar verði 123 m.kr. og hækki um 3,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar af um 3 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta. Farið er fram á 3 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára til að ljúka gerð áætlunar um landnotkun á landsvísu. Felst verkefnið m.a. í fræðilegri úttekt á aðferðum og kostum við skráningu og samanburð áætlana um landnotkun á landsvísu

og umhverfismat áætlana hér á landi. Þá lækkar framlag til liðarins um 2,7 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiði í útgjaldaramma.

*303 **Skipulagsmál sveitarfélaga.*** Á þennan lið er áætlað fyrir fjárveitingum til skipulagsmála sveitarfélaga sem fjármögnuð eru með tekjum af skipulagsgjaldi. Gert er ráð fyrir að vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga hækki fjárveiting til liðarins um 1,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verði 82 m.kr.

*310 **Landmælingar Íslands.*** Gert er ráð fyrir 186,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er 7,1 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum, þar af eru 4 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Að öðru leyti skýrast breytingar af 7,5 m.kr. bakfærslu mótframlaga frá lið Íslenska upplýsingasamfélagsins og 4,4 m.kr. hagræðingarkröfu.

*321 **Brunamálastofnun ríkisins.*** Brunamálastofnun er alfarið fjármögnuð með tekjum af brunavarnargjaldi. Gert er ráð fyrir 113,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er 5,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en þar af eru 2,1 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga og 2 m.kr. vegna áætlaðrar hækkunar tekna af brunavarnargjaldi sem flutt er til gjaldahliðar. Lagt er til að veitt verði 3 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna kostnaðar við flutning stofnunarinnar í nýtt húsnæði og gerð er 1,8 m.kr. hagræðingarkrafa á stofnunina.

*381 **Ofanflóðasjóður.*** Gert er ráð fyrir 198,4 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins sem er 0,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og skýrist af almennum launa- og verðlagsbreytingum. Vegna aukinnar vinnu hjá sjóðnum við gerð frumathugana er lagt til að 7,5 m.kr. verði millifærðar af viðfangi *6.60 Ofanflóðasjóður* yfir á viðfang *1.01 Almennur rekstur*, sem verður samtals 14,9 m.kr. eftir breytingu.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	155,2	159,3	162,8	2,2	4,9
Náttúrustofur	44,1	44,1	45,0	2,0	2,0
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	17,9	17,8	18,3	2,8	2,2
Veðurstofa Íslands	414,8	389,7	408,7	4,9	-1,5
Samtals	**632,0**	**610,9**	**634,8**	**3,9**	**0,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 23,9 m.kr. en að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum lækkar hún um 8,6 m.kr.

*401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Gert er ráð fyrir 162,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er 3,5 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 4,3 m.kr. þannig að fjárveiting lækkar að raungildi um 0,8 m.kr. Helstu breytingar eru þær að á viðfangi *6.01 Tæki og búnaður* er tillaga um 3 m.kr. fjárveitingu til endurnýjunar á bifreið til notkunar við rannsóknir á hálendinu og niður fellur 1 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á tækjum og búnaði sem veitt var á fjárlögum 2002. Á viðfangi *1.02 Setur í Reykjavík* fellur niður 2 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2000 til rannsókna á áhrifum veiðiálags á rjúpnastofninn og þar sem gert var ráð fyrir að framlagið væri að fullu fjármagnað með styrkjum úr rannsóknarsjóðum lækka sértekjur sömuleiðis um 2 m.kr. Aðrar breytingar eru þær að bakfært er fyrra árs mótframlag stofnunarinnar að fjárhæð 2 m.kr. til verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins um stafrænan gagnagrunn um náttúru Íslands og til þess að mæta aðhaldsmarkmiði í útgjaldaramma er gerð 4,8 m.kr. hagræðingarkrafa.

*403 **Náttúrustofur.*** Með hliðsjón af breytingum sem gerðar voru á síðasta þingi á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, er lagt til að framlag ríkissjóðs til hverrar náttúrustofu hækki um 1,8 m.kr. og verði 7,4 m.kr., eða alls 44,4 m.kr. til 6 náttúrustofa. Almennar launa- og verðlagsbætur eru 0,6 m.kr. og alls er því gert ráð fyrir 7,5 m.kr. framlagi til hverrar náttúrustofu, eða alls 45 m.kr. til liðarins.

*407 **Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.*** Gert er ráð fyrir 18,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er 0,5 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og skýrist af almennum launa- og verðlagsbreytingum.

*410 **Veðurstofa Íslands.*** Gert er ráð fyrir 408,7 m.kr. fjárveitingu til Veðurstofu Íslands sem er 19 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga er 27,1 m.kr. en þar af eru 16,2 m.kr. vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2002 vegna ákvörðunar um breytingu á kjörum veðurathugunarmanna. Aðrar breytingar eru þær helstar að á viðfangi *6.01 Tæki og búnaður* fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2002 til endurnýjunar á símkerfi stofnunarinnar og lagt er til að veitt verði 5 m.kr. árlegt framlag, tímabundið til þriggja ára til kaupa og uppsetningar á vindmælum á mönnuðum veðurathugunastöðvum. Mótframlag stofnunarinnar til verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins um bráðaviðvörunarkerfi vegna náttúruhamfara sem kemur af viðfangi *1.01 Almenn starfsemi* hækkar um 0,5 m.kr. og verður 3,5 m.kr. Gerð er 7,6 m.kr. hagræðingarkrafa á stofnunina.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Spariskírteini	3.790,0	3.500,0	2.555,0	-27,0	-32,6
Ríkisbréf	1.570,0	1.900,0	2.680,0	41,1	70,7
Önnur innlend lán	167,0	145,0	140,0	-3,4	-16,2
Skammtímalán	1.231,0	1.100,0	960,0	-12,7	-22,0
Erlend lán	9.300,0	8.395,0	7.990,0	-4,8	-14,1
Annar vaxtakostnaður	1.118,0	995,0	1.225,0	23,1	9,6
Innlendur lántökukostnaður	615,0	275,0	250,0	-9,1	-59,3
Erlendur lántökukostnaður	132,0	90,0	100,0	-	-24,2
Samtals	**17.923,0**	**16.400,0**	**15.900,0**	**-3,0**	**-11,3**

Áætlað er að gjaldfærðir vextir af lánum ríkissjóðs, lántökukostnaði og öðrum vaxtakostnaði nemi um 15,9 milljörðum króna og lækki um 500 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld á þessu ári bendir hins vegar til að gjaldfærðir vextir hækki um 0,2 milljarða króna frá fjárlögum og að greiddir vextir aukist um 3,7 milljarða vegna innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs fyrir gjalddaga sem ekki var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Á undanförnum árum hefur fjármögnun ríkissjóðs verið að færast úr verðtryggðum ríkisskuldabréfum í óverðtryggð og hefur sala því í auknum mæli beinst að óverðtryggðum ríkisbréfum á sama tíma greitt hefur verið af útgefnum spariskírteinum. Skýrir það aukinn vaxtakostnað vegna ríkisbréfa í samanburði við spariskírteini. Reiknað er með að vaxtagjöld af erlendum lánum fari lækkandi frá árinu 2001 og skýrist það helst af lægra vaxtastigi á erlendum mörkuðum auk þess sem krónan hefur styrkst. Hækkun annarra vaxtagjalda ríkissjóðs er einkum að rekja til vaxta á inneign Atvinnuleysistryggingasjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur til markaðra tekjustofna hjá ríkissjóði. Áætlað er að greiddir vextir árið 2003 nemi 16,2 milljörðum króna en þeir verða 13,8 milljarðar króna samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2002.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári, óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Sama er að segja um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess. Frá hagnaði eða tapi eru dregnar fjárhæðir sem ekki koma til greiðslu eða verða innheimtar á árinu. Hér er meðal annars um að ræða afskriftir, reiknaða vexti, gengismun og nettóbreytingar á lífeyrisskuldbindingum.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta á árinu 2003 eru áætlaðar 26,2 milljarðar króna og rekstrargjöld 26,3 milljarðar króna. Velta B-hluta eykst um 1,1 milljarð króna milli ára eða 4,4%. Mestar hlutfallsbreytingar eru hjá Happdrætti Háskóla Íslands og Ratsjárstofnun. Að teknu tilliti til 3,2 milljarða króna framlags frá A-hluta ríkisins og óreglulegra liða er áætlað að hagnaður B-hluta nemi samtals tæpum 2,8 milljörðum króna sem er um 600 m.kr. lakari afkoma en ráð er fyrir gert í fjárlögum 2002, aðallega vegna lakari afkomu af reglulegri starfsemi og 100 m.kr. lækkunar á framlagi A-hluta. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er eina fyrirtækið í B-hluta með jákvæða afkomu og skilar ríflega 2,8 milljarða króna hagnaði en það er um 350 m.kr. lakari afkoma en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist aðallega af hækkun rekstrarkostnaðar samfara fjölgun verslana. Arðgreiðslur til ríkissjóðs eru áætlaðar 352 m.kr. og breytast óverulega milli ára. Áætlað er að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiði rúma 2,9 milljarða króna í tóbaksgjald til ríkissjóðs og Happdrætti Háskóla Íslands greiði 704 m.kr. til Háskóla Íslands. Fjárfestingar eru áætlaðar 1,1 milljarður króna og lækka um 100 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lántökur eru áætlaðar 1,1 milljarður króna en eru 230 m.kr. í fjárlögum 2002 ef undan er skilin 650 m.kr. heimild Happdrættis Háskóla Íslands sem ekki er gert ráð fyrir að verði nýtt á árinu. Áætlað er að Happdrætti Háskóla Íslands taki 414 m.kr. lán til að flýta byggingu Náttúrufræðihúss og Rafmagnsveitur ríkisins taki 500 m.kr. lán til að mæta taprekstri af óarðbærum rafveitum í dreifbýli og afborgunum af teknum lánum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um rekstur og fjárreiður þeirra fyrirtækja í B-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2002	Frumvarp 2003
Rekstrartekjur	25.071,7	26.166,2
Rekstrargjöld	-24.932,5	-26.327,3
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	-233,0	-423,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-93,8**	**-584,1**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	3.296,5	3.180,2
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	187,2	196,4
Hagnaður (-tap)	**3.389,9**	**2.792,5**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	3.389,9	2.792,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.756,0	1.780,3
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-166,3	-31,0
Handbært fé frá rekstri	**4.979,6**	**4.541,8**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-1.234,5	-1.126,1
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	10,0	21,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.224,5**	**-1.104,6**
Tekin löng lán	230,0	1.114,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-503,8	-633,4
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-346,0	-352,0
Annað	-3.638,9	-3.998,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.258,7**	**-3.869,9**
Breyting á handbæru fé	-503,6	-432,7
Handbært fé í ársbyrjun	1.330,8	1.085,9
Handbært fé í árslok	827,2	653,2

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Rekstartekjur eru áætlaðar 2.350 m.kr. og hækka um 200 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en rekstrargjöld 2.000 m.kr. sem er 170 m.kr. hækkun. Meðal rekstrargjalda er einkaleyfisgjald sem nemur 20% af áætluðum hagnaði, eða um 90 m.kr. Því er varið til að fjármagna lið *02-238 Bygginga- og tækjasjóður*. Fjármunatekjur eru áætlaðar 15 m.kr. umfram fjármagnsgjöld eins og í fjárlögum. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir 365 m.kr. hagnaði af rekstrinum en hann er 335 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Til samanburðar, þá var 517 m.kr. hagnaður af reglulegri starfsemi á árinu 2001, 471 m.kr. árið 2000 og 455 m.kr. árið 1999 þannig að um varfærna áætlun er að ræða. Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi eru áætlaðir 20 m.kr. í stað 18 m.kr. í fjárlögum. Handbært fé frá rekstri er samkvæmt þessu áætlað 385 m.kr. Þar af renna 350 m.kr. til Háskóla Íslands og skiptist fjárhæðin þannig að um 60 m.kr. verður varið til að greiða af lánum sem Happdrættið tók til að

flýta framkvæmdum skólans en 290 m.kr. verður varið til nýrra framkvæmda. Að auki er gert ráð fyrir að Happdrættið taki lán að fjárhæð 414 m.kr. til að flýta framkvæmdum við Náttúrufræðihús Háskóla Íslands.

971 ***Ríkisútvarpið.*** Gengið er út frá því að áfram verði hagrætt í rekstri fyrirtækisins eins og við gerð fjárlaga síðustu ára. Gert er ráð fyrir 215 m.kr. halla á reglulegri starfsemi en hann var 337 m.kr. á árinu 2001 og 147 m.kr. árið 2002. Tekjur af auglýsingum og annarri þjónustu eru áætlaðar 875 m.kr. á árinu 2003 en voru 833 m.kr. árið 2001 sem er 5% hækkun. Að raungildi hafa tekjurnar þó lækkað því að áætlað er að almennt verðlag hækki um 7,2% á sama tímabili. Miðað er við að rekstargjöld dragist einnig saman að raungildi og nemi 3.038 m.kr. á árinu 2003 sem svarar til 3,2% hækkunar milli áranna 2001 og 2003. Meðal gjalda er áætlað 120 m.kr. framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands en Ríkisútvarpið á fulltrúa í stjórn og hljóðritar verk hennar. Áætlað er að framlag úr ríkissjóði vegna tekna af afnotagjaldi nemi 2.171 m.kr. af lið *02-971 Ríkisútvarpið*. Það er 16 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og stafar af fjölgun greiðenda. Gert hafði verið ráð fyrir því í forsendum fjárlaga að afnotagjaldið hækkaði um 7% þann 1. janúar 2002 en hækkuninni var frestað vegna verðlagsáhrifa. Í fjáraukalagafrumvarpi 2002 verður sótt um 140 m.kr. aukafjárveitingu til að bæta fyrirtækinu tekjutapið. Fjármagnsgjöld eru áætluð 223 m.kr. meiri en fjármunatekjur og hækka um 59 m.kr. frá árinu 2001 en 74 m.kr. sé miðað við áætlun fjárlaga. Gjöldin skýrast af skuld fyrirtækisins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi eru áætlaðir 383 m.kr. þar af eru 250 m.kr. vegna afskrifta og 133 m.kr. vegna skuldar við LSR. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna rekstrartengdra eigna og skulda nemi 25 m.kr. eins og í fjárlögum. Framangreindar forsendur leiða til þess að handbært fé frá rekstri nemur 143 m.kr. sem er sama fjárhæð og áætlað er að greiða þurfi af langtímalánum. Í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að svigrúm yrði til fjárfestinga að fjárhæð 100 m.kr. en afkomuhorfur á árinu 2003 gefa ekki tilefni til að áætla fyrir fjárfestingu.

974 ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Ríkisframlag A-hluta á lið *02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands* nemur 250 m.kr. og hækkar um 12 m.kr. milli ára. Ríkissjóður greiðir 56% af gjöldum umfram sértekjur hljómsveitarinnar á móti Ríkisútvarpinu sem greiðir 25%, Reykjavíkurborg sem greiðir 18% og Seltjarnarnesbæ sem greiðir 1%. Framlag annarra rekstraraðila en ríkisins nemur 196,4 m.kr. og hækkar um 9,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir því að hljómsveitin afli 55 m.kr. sértekna, en þær voru 52 m.kr. samkvæmt. fjárlögum, og 2 m.kr. nettóvaxtatekna en í fjárlögum 2002 var reiknað með 2 m.kr. vaxtagjöldum umfram vaxtatekjur. Rekstrargjöld nema 537,7 m.kr. sem er 24,4 m.kr. hækkun frá fjárlögum og skýrist bæði af almennri launa- og verðlagsþróun og auknum húsnæðiskostnaði, meðal annars vegna þess að nýr leigu-

samningur tryggir að hljómsveitin geti haldið fleiri hljómleika í Háskólabíói en eldri samningur gerði. Áætlað er að 34 m.kr. rekstrarhalli verði á árinu sem er 4 m.kr. betri afkoma en áætlað er á fjárlögum 2002. Áætlað er að eldri lífeyrisskuldbindingar hækki um 45 m.kr. umfram það sem greitt er af. Hljómsveitin hefur ekki gengið frá samningum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um uppgjör lífeyrisskuldar en hún nam um 1.270 m.kr. í árslok 2001 og hafði hækkað um 43% milli ára í framhaldi af launahækkunum.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

111 ***Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.*** Fyrirhugað er að Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli færist úr A-hluta í B-hluta fjárlaga í ársbyrjun 2003 og að tekjur af lendingargjaldi og vopnaleitargjaldi sem innheimtar eru samkvæmt lögum nr. 60/1998, um loftferðir, verði færðar sem tilfærsluframlag frá A-hluta, lið *03-211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli*. Áætlað er að tekjur af lendingargjaldi verði 506,5 m.kr. og að tekjur af vopnaleitargjaldi, sem Flugmálastjórn greiðir til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli fyrir framkvæmd vopnaleitar, verði 144 m.kr. Ríkistekjur fyrirtækisins eru því áætlaðar alls 650,5 m.kr. Samkvæmt fyrri ákvörðun er 25% tekna af lendingargjöldum haldið eftir í ríkissjóði og verða þau notuð til að borga af lánum vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eða samtals 126,6. Ríkistekjur fyrirtækisins sem veitt er frá A- til B-hluta eru því samtals 508,9 m.kr. Áætlaðar rekstrartekjur eru 40,8 m.kr. og rekstrargjöld 560,5 m.kr. Tap af rekstrinum er áætlað um 11 m.kr. og handbært fé í árslok 332 m.kr.

118 ***Ratsjárstofnun.*** Ratsjárstofnun sér um rekstur og viðhald á ratsjárstöðvunum á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og Stokksnesi. Þá starfrækir Ratsjárstofnun hugbúnaðarmiðstöð á Keflavíkurflugvelli þar sem rekstur og viðhald á hugbúnaði íslenska loftvarnakerfisins fer fram, sem og innkaupa- og birgðahald. Einnig rekur stofnunin viðhaldseftirlitsdeild á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld Ratsjárstofnunar á árinu 2003 verði 1.247,8 m.kr. Samkvæmt samningi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda greiða Bandaríkjamenn allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar.

121 ***Umsýslustofnun varnarmála.*** Umsýslustofnun varnarmála sér um kaup á umframvöru frá varnarliðinu og flokkun hennar í söluhæfa vöru og úrgang. Þá sér stofnunin um sölu bifreiða og tækja og hefur umsjón með forvali íslenskra viðskiptaaðila vegna samninga við varnarliðið um kaup á vöru og þjónustu. Tekjur stofnunarinnar hafa í gegnum tíðina að mestu byggst á bifreiðasölunni en rekstrarumhverfi fyrir sölu notaðra

bifreiða hefur verið erfitt á síðustu árum. Tap varð á rekstrinum bæði árið 2000 og 2001. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur lækki um 2 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2002 og verði 90 m.kr., rekstrargjöld hækki um 7 m.kr. og verði 97 m.kr., fjármagnsliðir verði jákvæðir um 1 m.kr. og tap ársins verði 6 m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar 14.046 m.kr. á næsta ári en það er 596 m.kr. aukning frá fjárlögum fyrir árið 2002. Söluáætlun áfengis byggist á gildandi verðskrá og vörusamsetningu í sölu undanfarna tólf mánuði en miðast við að selt magn aukist um 2% á næsta ári. Allt bendir til þess að verulegur samdráttur verði í sölu tóbaks á árinu 2002 og í áætlun er gert ráð fyrir að samdráttur á tóbaki verði um 3%. Rekstrargjöld ársins 2003 eru áætluð 11.183 m.kr. og hækka um 983 m.kr. frá yfirstandandi ári. Skýrist það að stærstum hluta af auknu umfangi með fjölgun verslana sem hefur áhrif á rekstrarkostnað, svo sem launakostnað, húsnæðis- og bifreiðakostnað. Fjármunatekjur hækka lítillega frá áætlun 2002. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 3.068 m.kr. til ríkissjóðs á árinu 2002, þar af eru 2.934,5 m.kr. tóbaksgjald og 133 m.kr. arðgreiðslur. Þessar greiðslur til ríkissjóðs eru 262,5 m.kr. lægri en áætlun yfirstandandi árs. Skýrist það af áætluðum samdrætti í sölu tóbaks á næsta ári.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

471 Alþjóðaflugþjónustan. Ísland er aðili að samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um þjónustu við flugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að 95% af kostnaði Flugmálastjórnar, Landssíma Íslands hf. og Veðurstofu Íslands við rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar er greiddur af flugrekendum í formi yfirflugsgjalda sem ákvörðuð eru árlega. Gjöldin taka mið af kostnaði við rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar og flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 1.949 m.kr. á næsta ári sem er 59 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2002. Tekjurnar eru áætlaðar 95% af þessum kostnaði eða 1.851,5 m.kr. Mismunurinn, alls 97,5 m.kr., er framlag úr ríkissjóði og kemur sem tilfærsla af lið *10-471 Flugmálastjórn* í A-hluta fjárlaga. Alþjóðaflugþjónustan áformar að fjárfesta fyrir um 120 m.kr. á næsta ári í ýmsum tækjabúnaði fyrir flugstjórnarmiðstöðina og hugbúnaði fyrir alþjóðaflugið og afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 211 m.kr. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri skili 131 m.kr. til fjármögnunar þessara verkefna en til viðbótar verði tekið 200 m.kr. lán

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Rekstrartekjur á árinu 2003 eru áætlaðar 5,6 milljarðar króna, hækka um 240 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2002 og 413 m.kr. frá ríkisreikningi 2001. Rekstrargjöld eru áætluð 5,7 milljarðar króna, hækka um 119 m.kr. frá fjárlögum 2002 og 306 m.kr. frá reikningi 2001. Fjármagnsliðir eru neikvæðir um 230 m.kr. og gert er ráð fyrir að tap af reglulegri starfsemi verði 334 m.kr. eða 215 m.kr. lægra en árið 2001. Framlag til rekstrar úr ríkissjóði er áætlað 153 m.kr. og tap ársins 181 m.kr. Handbært fé frá rekstri er hins vegar jákvætt um 907 m.kr. því að rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi eru jákvæðir um rúman 1 milljarð króna. Fjárfesting er áætluð 903 m.kr. samkvæmt framkvæmdaáætlun 2002–2003. Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 við yfirtöku lána skulu Rafmagnsveiturnar greiða arð í ríkissjóð sem nemur 2% af bókfærðu eigin fé fyrirtækisins. Vegna þessa ákvæðis nemur arðgreiðsla til ríkissjóðs 219 m.kr. fyrir árið 2003. Samkvæmt framangreindum samningi endurgreiðir ríkissjóður Rafmagnsveitunum 142 m.kr. eða 65% vegna endurnýjunar og styrkingar rafdreifikerfis í sveitum og 5% eða 11 m.kr. til rannsókna og þróunarverkefna. Áætlað er fyrir þessum greiðslum á lið *11-399 Ýmis orkumál* í A-hluta frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að heimild fáist til 500 m.kr. nýrrar lántöku. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 180 m.kr. og gert ráð fyrir 360 m.kr. afborgun skammtímaskulda. Staða handbærs fjár versnar um 235 m.kr. og er áætlað neikvætt um 777 m.kr. í árslok en það var jákvætt um 3 m.kr. í árslok 2001. Miðað við framangreint verður greiðslustaða fyrirtækisins mjög erfið í árslok 2003.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Heildarfjármunatekjur lánastofnana í C-hluta eru áætlaðar 36,7 milljarðar króna en eru 43,6 milljarðar króna í fjárlögum og er það tæplega 16% lækkun. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 33,9 milljarðar króna í stað 38,7 milljarða króna í fjárlögum og er lækkunin rúm 12%. Heildarfjármunatekjur C-hluta reyndust vera 56,6 milljarðar króna á árinu 2001 en fjármagnsgjöld 52,4 milljarðar króna. Í þessu sambandi munar mestu um Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Framlög í afskriftasjóði útlána eru áætluð 1,9 milljarðar króna og er það um 140 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga en 600 m.kr. lækkun frá reikningi 2001. Hreinar fjármunatekjur eru því taldar neikvæðar um 110 m.kr. en eru jákvæðar um rúma 1,3 milljarða króna í fjárlögum 2002. Útkoman var neikvæð um tæpa 1,3 milljarða króna á árinu 2001.

Framlag til rekstrar úr ríkissjóði hækkar um 260 m.kr. og verður 4,4 milljarðar króna. Hæst ber 2,9 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem hækkar um 348 m.kr. milli ára. Rekstrarafkoma C-hluta er talin verða jákvæð um 2,8 milljarða króna en var jákvæð um 4,1 milljarð króna í fjárlögum 2002 og versnar því í heild um 1,3 milljarða króna. Þar af er áætlað að afkoma Íbúðalánasjóðs versni um tæpa 1,2 milljarða króna og verði jákvæð um tæpa 1,4 milljarð króna, afkoma Lánasjóðs íslenskra námsmanna batni um tæpar 250 m.kr. og verði jákvæð um rúmar 840 m.kr. og afkoma Byggðastofnunar versni um tæpar 330 m.kr. og verði jákvæð um 85 m.kr.

Að teknu tilliti til rekstrarliða, sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytingu á rekstrartengdum eignum og skuldum, er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi 16,1 milljarði króna og aukist um 4,2 milljarða króna milli ára en aukningin er 13,6 milljarðar króna frá reikningi 2001. Þess ber þó að geta að 6,7 milljarða króna áætluð afföll af seldum húsnæðisbréfum eru nú sýnd undir liðnum „Annað, nettó“ í fjármögnunarhreyfingum en fram til þessa hafa þau verið talin með undir liðnum „Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum“. Samkvæmt fyrri framsetningu væri handbært fé frá rekstri 9,4 milljarðar króna í stað 16,1 milljarðs og lækkaði um 2,6 milljarð króna milli ára.

Áætlað er að veitt verði löng lán að fjárhæð 52,6 milljarðar króna sem er 2,3 milljarða króna hækkun frá fjárlögum 2002 og að innheimtar afborganir af veittum löngum lánum hækki um 3,2 milljarða króna og verði rúmir 19 milljarðar króna. Tekin löng lán eru talin nema tæpum 65 milljörðum króna en eru 59,4 milljarðar króna í fjárlögum 2002. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 40,7 milljarðar króna en 31,7 milljarðar í fjár-

lögum yfirstandandi árs. Lántökur umfram afborganir eru því áætlaðar 24,3 milljarðar króna árið 2003 en eru 27,7 milljarðar í fjárlögum 2002. Nettólántökur sjóða í C-hluta eru því taldar munu lækka um 3,4 milljarða króna milli ára. Samkvæmt þessu er talið að handbært fé sjóða í C-hluta lækki um 117 m.kr. á árinu 2003 en gert var ráð fyrir 4,3 milljarða króna hækkun í fjárlögum 2002.

Hér á eftir er fjallað nánar um fjárreiður lánastofnana í C-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2002	Frumvarp 2003
Fjármunatekjur	43.631,2	36.697,4
Fjármagnsgjöld	-38.734,7	-33.941,9
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-1.826,0	-974,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-1.752,0	-1.891,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.318,5**	**-109,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	4.162,7	4.423,4
Aðrar rekstrartekjur	742,0	835,0
Önnur rekstrargjöld	-2.060,3	-2.316,1
Hagnaður (-tap)	**4.162,9**	**2.832,8**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	4.162,9	2.832,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	13.593,7	13.977,7
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-5.791,0	-691,0
Handbært fé frá rekstri	**11.965,6**	**16.119,5**
Veitt löng lán	-50.320,0	-52.626,0
Afborganir af veittum löngum lánum	15.907,5	19.151,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	-57,0	-64,0
Annað, nettó	-824,0	-245,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-35.293,5**	**-33.784,0**
Tekin löng lán	59.350,0	64.972,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-31.693,5	-40.704,5
Annað, nettó	-10,0	-6.720,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**27.646,5**	**17.547,5**
Breyting á handbæru fé	4.318,6	-117,0
Handbært fé í ársbyrjun	18.619,8	10.200,9
Handbært fé í árslok	22.938,4	10.083,9

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Fjármunatekjur sjóðsins árið 2003 eru áætlaðar 2.330 m.kr. í stað 3.550 m.kr. í fjárlögum ársins 2002, fjármunagjöld 2.580 m.kr. í stað 3.200 m. kr. og verðbreytingarfærsla er talin verða 940 m. kr. í stað 1.550 m.kr. Gert er ráð fyrir 2,2% verðbreytingu milli áranna 2002 og 2003. Framlag í afskriftasjóð útlána er sama hlutfall og áður eða 11% af útlánum, alls 600 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar svipaðar milli ára eða neikvæðar um 1.790 m.kr.

Áætlaður hagnaður af rekstri sjóðsins er 841 m. kr. í stað 595 m. kr. í fjárlögum ársins 2002. Orsök aukins hagnaðar er sú að heildarútlán og heildarskuldir sjóðsins fara enn vaxandi. Framlag ríkissjóðs fer m.a. til að mæta framtíðarútgjöldum sjóðsins vegna vaxtamunar á námslánum og teknum lánum og leiðir þannig til hagnaðar í rekstri þar til sjóðurinn kemst í jafnvægi. Þrátt fyrir vaxtahækkun á teknum lánum sjóðsins á þessu ári er miðað við óbreytt framlag frá árinu 2002, samkvæmt útreikningum Ríkisendurskoðunar, 49% af útlánum, auk rekstrarkostnaðar. Framlag ríkissjóðs til LÍN er reiknað samkvæmt framangreindu 49% af 5.327 m.kr., að viðbættum 262 m.kr. vegna rekstrarkostnaðar sjóðsins án afskrifta og að viðbættri 40 m.kr. fjárfestingu. Til frádráttar koma 15 m.kr. rekstrartekjur sjóðsins. Alls er því áætlað ríkisframlag 2.898 m.kr. Áætlað er fyrir framlaginu á lið *02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna* í A-hluta frumvarpsins.

Rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður 282 m. kr. sem er hækkun um rúm 9% frá fyrra ári. Vegur þar þyngst tæplega 17% hækkun vaxtastyrks til námsmanna en hann er nú áætlaður 70 m.kr. Gert er ráð fyrir 71 m.kr. almennum rekstrarútgjöldum, 108 m.kr. launaútgjöldum, 20 m.kr. afskriftum, 6 m.kr. vegna málskotsnefndar og að umsjón jöfnunarstyrks kosti 7 m.kr.

Útlán sjóðsins árið 2003 eru áætluð 5.327 m.kr. Þá er byggt á endurskoðaðri áætlun sjóðsins um útlán árið 2002, sem byggði á upplýsingum um lánveitingar á fyrri hluta yfirstandandi árs en hún benti til þess að útlánin yrðu 375 m.kr. umfram fjárlög. Talið er að útlán sjóðsins til náms á Íslandi árið 2002 nemi 2.500 m.kr. og til náms erlendis 2.520 m.kr., alls 5.020 m.kr. Til hækkunar á útlánum til náms á Íslandi kemur að auki hækkun framfærslu um 8,5% eða 215 m.kr. Samsvarar það áætlaðri verðlagshækkun frá janúar 2001–janúar 2003 að frádreginni 4,5% hækkun á framfærslu sl. vor og er í samræmi við hækkun almannatryggingarbóta í janúar sl. Talið er að lánþegum fjölgi um 3% sem leiðir til um 80 m.kr. hækkunar og að skólagjöld á Íslandi hækki um 61 m. kr. umfram verðlag. Alls er því áætlað að útlán sjóðsins til náms á Íslandi muni nema um 2.856 m. kr. Reiknað er með 2,5% hækkun framfærslu erlendis og gert ráð fyrir að gengisvísitala ársins 2003 verði 130,6 stig en miðað var við 140 stig við gerð áætlunar ársins 2002. Leiðir það til lækkunar um 130 m.kr. Áætlað er að

lánþegum erlendis muni fjölga um 3% sem leiðir til um 80 m.kr. hækkunar og að útlán alls til lánþega erlendis nemi því um 2.470 m.kr. Áætluð fjárhæð markaðskjaralána er 100 m.kr. Talið er að afborganir af veittum lánum sjóðsins hækki um 300 m.kr. og nemi alls 3.100 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn þurfi að taka lán að fjárhæð 4.100 m. kr. sem ganga til greiðslu á eldri lánum. Afborganir af þeim eru áætlaðar 3.100 m.kr. og vaxtagjöld um 1.650 m.kr., alls 4.750 m.kr. Sjóðsstaða er áætluð 268 m.kr. í árslok 2003 sem er hækkun um 106 m.kr. frá áætlaðri sjóðsstöðu í árslok 2002. Innstreymi til sjóðsins er töluvert umfram útstreymi síðustu mánuði ársins og hefur sjóðurinn brugðist við því á þann hátt að færa gjalddaga af teknum lánum til október og desember. Þá þarf sjóðurinn að hafa rúma lausafjárstöðu til að geta mætt sveiflum í útgreiddum lánum í janúar en þau námu rúmum 1.200 m.kr. í janúar 2002. Að venju er nauðsynlegt að endurskoða áætlun sjóðsins í nóvember með tilliti til fjölda umsækjenda en bráðabirgðatölur um miðjan september benda til þess að nemendum í lánshæfu námi á Íslandi fjölgi umfram það sem hér er gert ráð fyrir.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum og eru tekjur hans tvenns konar, starfsfé sem Alþingi ákveður í fjárlögum og tekjur af kjarnfóðurgjaldi skv. 33. gr. laga nr. 99/1993. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til atvinnuuppbyggingar í sveitum og stuðla að hagræðingu og nýsköpun í búvöruframleiðslu. Framleiðnisjóður hefur veitt fé til eflingar nýrra búgreina á móti framlagi bænda en sjóðurinn hefur að hámarki lagt hverri framkvæmd til 30% kostnaðar, allt að 1,8 m.kr. Þá hefur hann í vaxandi mæli stutt við rannsóknir og þekkingaröflun í samvinnu við rannsóknastofnanir og Rannsóknarráð Íslands. Stuðningur við fræðslu og endurmenntun bænda hefur einnig verið ríkur þáttur í starfi sjóðsins. Í samræmi við samning ríkisins og Bændasamtaka Íslands frá 6. mars 2002 er gert ráð fyrir 190 m.kr. framlagi til rekstrar úr ríkissjóði á árinu 2003 af lið *04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins*, þar af 25 m.kr. til markaðsverkefna hliðstæðum þeim sem áður voru á könnu Áforms-átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Tap sjóðsins er áætlað 15 m.kr. en var 63,3 m.kr. árið 2001. Þar vegur þyngst endurúthlutun áður gefinna fyrirheita sem ekki hefur verið vitjað en fyrningartími styrkloforða hefur verið fjögur ár. Gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok lækki um 100 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2002 og verði 135 m.kr.

823 Lánasjóður landbúnaðarins. Lánasjóður landbúnaðarins er stofnlánasjóður í eigu ríkisins og telst lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993. Nánar er kveðið á um starfsemi sjóðsins í lögum nr. 68/1997. Hlutverk sjóðsins er að tryggja landbúnaðinum aðgang

að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og þannig stuðla að æskilegri þróun landbúnaðarins. Í stjórn sjóðsins eiga sæti fimm menn skipaðir af landbúnaðarráðherra, tveir eftir tilnefningu Bændasamtaka Íslands en þrír án tilnefningar. Starfsmenn eru átta. Sjóðurinn hefur aðallega veitt lán til bænda en einnig í minna mæli til afurðastöðva og annarra verkefna í landbúnaði. Lán sjóðsins hafa undanfarin ár verið í íslenskum krónum og öll lán sjóðsins eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs. Lánstími er breytilegur, frá 10 árum og allt að 40 árum. Vaxtakjör eru einnig breytileg. Lægstu vextir nú eru 3,43% en algengir vextir eru 7,25%.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af útlánum og hluti búnaðargjalds. Áætlað er að fjármunatekjur sjóðsins verði rúmir 1,4 milljarðar króna árið 2003 og fjármagnsgjöld 1,2 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir 162,4 m.kr. framlagi til rekstrar frá ríkissjóði. Framlagið er fjármagnað með hlutdeild sjóðsins í tekjum af búnaðargjaldi og áætlað er fyrir því á lið *04-823 Lánasjóður landbúnaðarins* í A-hluta frumvarpsins. Aðrar rekstrartekjur sjóðsins eru áætlaðar 11 m.kr., rekstrargjöld 99,3 m.kr. og hagnaður ársins 216,3 m.kr. Hagnaður eykst mikið, bæði miðað við 68,3 m.kr. áætlun fjárlaga yfirstandandi árs og 14,8 m.kr. hagnað ársins 2001 en skýrist að mestu af breyttum reikningsskilaaðferðum sem felst í því að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga eru nú ekki færð í reikninga sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að 1,9 milljarðar króna verði veittir í ný lán og að afborganir veittra lána skili sömu fjárhæð inn í sjóðinn. Reiknað er með að sjóðnum verði heimilað að taka 1,6 milljarða króna í ný lán og afborganir tekinna lána verði 1,8 milljarðar króna. Áætlað er að handbært fé sjóðsins verði tæpar 160 m.kr. í árslok.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Samkvæmt lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er hlutverk hans að innheimta þróunarsjóðsgjöld af fiskiskipum, fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins, innheimta skuldabréf og greiða skuldbindingar ásamt því að fjármagna smíði á rannsóknarskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Áætlað er að fjármunatekjur sjóðsins lækki um 20 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2002 og verði 150 m.kr. og fjármagnsgjöld lækki um 55 m.kr. og verði 210 m.kr. Rekstrarumfang hefur því minnkað umtalsvert frá árinu 2001 en það ár var óvenjulegt að því leyti hve mikið var greitt til smíðar á rannsóknarskipi fyrir Hafrannsóknastofnun. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. framlögum úr afskriftasjóði útlána og að hreinar fjármunatekjur sjóðsins verði neikvæðar um 30 m.kr. Framlag til rekstrar úr ríkissjóði er áætlað 621 m.kr. Þar er um að ræða 102 m.kr. tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip og 519 m.kr. tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á aflamark. Þessar tekjur eru færðar sem ríkistekjur og er áætlað fyrir framlagi til sjóðsins á lið *05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins* í A-hluta frumvarpsins og

er framlagið óbreytt frá fjárlögum 2002. Önnur rekstrargjöld eru talin lækka um 12 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2002 og verða 50 m.kr. og áætlað er að hagnaður ársins verði 541 m.kr. en hann var 495 m.kr. á áætlun gildandi fjárlaga. Handbært fé frá rekstri er sömuleiðis áætlað 541 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir lánveitingum á árinu en afborganir veittra lána eru áætlaðar 522 m.kr. Afborganir tekinna lána eru áætlaðar 1.350 m.kr. og gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki 500 m.kr. ný langtímalán til endurfjármögnunar. Handbært fé eykst um 218 m.kr. á árinu og verður 639 m.kr. í árslok en var áætlað 623 m.kr. í árslok á fjárlögum 2002 sem nú hefur verið endurskoðað.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðalánasjóður

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekin lán Íbúðalánasjóðs árið 2003 nemi samtals um 56,2 milljörðum króna en eru 52,4 milljarðar króna í fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlað er að afborganir sjóðsins af teknum lánum nemi samtals um 33,3 milljörðum króna. Á hinn bóginn er reiknað með að sjóðurinn veiti lán fyrir samtals 42,4 milljarða króna miðað við 41,1 milljarð króna frá fjárlögum 2002 sem er 3,2% hækkun. Áætlað er að heildarafborganir veittra lána verði samtals um 12,1 milljarður króna sem er 23% hækkun en í fjárlögum ársins eru þær 9,8 milljarðar króna. Rekstrartekjur Íbúðalánasjóðs eru áætlaðar 753 m.kr. á árinu 2003 en rekstrartekjur sjóðsins eru þjónustutekjur, lántökugjöld og innheimtuþóknun. Rekstrargjöld eru áætluð 736 m.kr. og er heildarniðurstaða rekstrar því áætluð jákvæð um 17 m.kr. Fjármagnstekjur sjóðsins eru áætlaðar 31,2 milljarðar króna en eru 36,1 milljarður króna í fjárlögum 2002. Fjármagnsgjöld eru áætluð 29,3 milljarðar króna en eru 33 milljarðar króna í fjárlögum 2002. Er þessi lækkun tilkomin vegna áætlunar um lækkun verðbólgu á árinu 2003 og þá um leið lækkun á tekjum og gjöldum vegna verðtryggingar veittra og tekinna lána. Þá er gert ráð fyrir að hreinar fjármunatekjur sjóðsins verði 1,2 milljarðar króna en þær eru tæpur 2,5 milljarður króna í fjárlögum 2002. Breyting þessi skýrist að mestu af óhagstæðari skilyrðum á fjármagnsmarkaði fyrir lántökur Íbúðalánasjóðs vegna skuldbindinga gömlu byggingarsjóðanna og fjármögnunar viðbótarlána á næsta ári miðað við það sem reiknað hafði verið með við gerð fjárlaga 2002. Búist er við að hreinar fjármunatekjur vegna leiguíbúðalána og viðbótarlána verði neikvæðar um 523 m.kr. þar sem útlánavextir þessara lánaflokka hafa ekki haldist í hendur við vexti af fjármögnunarlánum þeirra. Nokkuð hefur verið bætt úr neikvæðum vaxtamun vegna leiguíbúða með því að ríkissjóður greiðir niður vexti vegna ákveðinna lána í þeim lánaflokki. Hinn neikvæði vaxtamunur á einkum rætur að rekja til viðbótarlána þar sem sá lánaflokkur hefur vaxið mikið undanfarin ár og hafa útlánavextir ætíð verið þó nokkru lægri en lántökukostnaður ef árið 1999 er undanskilið. Gert er ráð fyrir að stjórnendur sjóðsins bæti úr neikvæðum vaxtamun viðbótarlána. Húsnæðislán eru ákveðin af húsnæðisnefndum sveitar-

félaga og bera sveitarfélögin ábyrgð á þeim. Í frumvarpi þessu er gerð sú breyting á framsetningu frá fjárlögum 2002 að liðunum „Framlög í afskriftarsjóð útlána", „Aðrar rekstrartekjur" og „Önnur rekstrargjöld" er skipt niður á alla lánaflokkana en ekki eingöngu niður á gömlu byggingarsjóðina og húsbréfadeild. Með þessu er ætlunin að nálgast betur raunverulegan rekstur viðkomandi lánaflokka. Auk þess eru nú sérstaklega tilgreind áætluð afföll vegna sölu húsnæðisbréfa en þau hafa til þessa verið talin með liðnum „Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum".

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Gert er ráð fyrir að starfsemi deildarinnar verði með svipuðum hætti og á árinu 2002. Fjármunatekjur húsbréfadeildar eru áætlaðar 21,7 milljarðar króna, fjármagnsgjöld 19,4 milljarðar, framlag í afskriftasjóð útlána 413 m.kr. og hreinar fjármunatekjur rúmlega 1,8 milljarðar króna. Rekstrartekjur deildarinnar eru áætlaðar 529 m.kr., rekstrargjöld 458 m.kr. og hagnaður ársins liðlega 1,9 milljarðar króna. Handbært fé frá rekstri er áætlað um 14,4 milljarðar króna. Veitt lán eru áætluð 29,9 milljarðar og innheimtar afborganir af áður veittum lánum nema 6,6 milljörðum. Áætlað er að taka ný lán með útgáfu húsbréfa fyrir samtals 29,6 milljarða króna, afborganir af áður teknum lánum eru áætlaðar 21,3 milljarðar króna og hrein lánsþörf nemur því 8,3 milljörðum króna.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir. Heildarlánveitingar vegna leiguíbúða á árinu 2003 eru áætlaðar 8.050 m.kr. í stað 7.900 m.kr. á árinu 2002 sem er hækkun um 150 m.kr. frá fjárlögum þessa árs eða 1,9%. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir að lánaðir verði allt að 7,5 milljarðar króna til leiguíbúða í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra um að bæta ástand á leigumarkaði. Er í samkomulagi þessu gert ráð fyrir að árlega verði lánað til 400 íbúða með 3,5% vöxtum sem leigðar verði einstaklingum og fjölskyldum með tekjur og eignir innan ákveðinna marka. Þar að auki verði á næstu fjórum árum efnt til sérstaks átaks til að fjölga leiguíbúðum og að árlega verði veitt lán til 150 íbúða á 4,5% vöxtum eða 600 íbúða alls. Auk þessa er síðan gert ráð fyrir að eftirspurn verði eftir lánum til leiguíbúða fyrir almennan markað óháð þessu sérstaka átaki og miðað við fyrirliggjandi umsóknir er talið rétt að áætla lán til 200 íbúða á árinu 2002. Lán samkvæmt þessum lánaflokki bera vexti sem taka mið af þeim kjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast á markaði hverju sinni. Af þeim 7,5 milljörðum króna er gert ráð fyrir 4 milljörðum til lána 400 íbúða með 3,5% vöxtum, 1,5 milljörðum til lána 150 íbúða með 4,5 vöxtum og loks 2 milljörðum til 200 almennra leiguíbúða og taki vextir af þeim lánum mið af fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Hefur eftirspurn eftir lánum til leiguíbúða verið að aukast mjög undanfarin ár og því er gert ráð fyrir að lán þessi verði nær öll afgreidd á árinu enda liggja fyrir umsóknir um verulegan hluta þessara lána og framkvæmdir vel á veg komnar í mörgum tilfellum. Þá er gert ráð fyrir samtals 550 m.kr. lánsfjárheimildum til greiðsluörðugleikalána, sérþarfa-

lána og lána til meiriháttar utanhússviðhalds þeirra félagslegu íbúða sem sveitarfélög hafa innleyst. Ekki eru veittar lánsfjárheimildir til að halda öðrum lánaflokkum opnum. Að lokum skal þess getið að áætluð afföll vegna sölu húsnæðisbréfa eru sýnd undir liðnum „Annað (út)“ í fjármögnunarhreyfingum, en fram til þessa hafa þau verið talið með undir liðnum „Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum“.

*211 **Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.*** Viðbótarlán eru ætluð einstaklingum sem búa við erfiðar aðstæður og hafa tekjur og eignir undir ákveðnum mörkum og þurfa aðstoð til kaupa á eigin íbúðarhúsnæði. Lánin koma til viðbótar almennum húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar. Þau eru veitt að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga með hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis lánsumsækjanda. Lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og er sérstökum varasjóði ætlað að bæta útlánatap sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna viðbótarlána. Greiða sveitarfélögin því sem nemur 5% af andvirði þeirra lána sem veitt eru út á íbúðir í viðkomandi sveitarfélagi í varasjóðinn. Íbúðalánasjóður hefur umsýslu með þessum lánum fyrir hönd sveitarfélaganna og á starfsemin að standa undir sér. Frumvarpið gerir ráð fyrir að veitt verði viðbótarlán að fjárhæð 4,5 milljarðar króna sem er 790 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 2002. Er þessi aukning tilkomin vegna töluvert meiri eftirspurnar eftir þessum lánum. Í samræmi við 31. gr. laga um húsnæðismál skulu vextir af viðbótarlánum taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni.

*215 **Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna.*** Áætlað er að tap af rekstri sjóðanna nemi 239 m.kr. í stað 854 m.kr. hagnaðar í fjárlögum 2002. Meginskýringin á þessari breytingu er sú að í áætlunum fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir lægri vöxtum en raunin hefur orðið og er því áætlun fyrir árið 2003 byggð á reynslu yfirstandandi árs. Undanfarin ár eru nokkur dæmi um að lántakendur hafi greitt upp eldri lán byggingarsjóðanna. Á yfirstandandi ári hefur kaupskyldu vegna félagslegra eignaríbúða verið aflétt í mörgum sveitarfélögum og því líklegt að uppgreiðsla lána verði meiri en áður. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir uppgreiðslu eldri lána en ekki í fjárlögum 2002. Á hinn bóginn hefur Íbúðalánasjóður ekki heimildir samkvæmt skilmálum skuldabréfanna til greiða upp þau lán sem Húsnæðisstofnun tók hjá lífeyrissjóðunum á árunum fyrir 1993 samkvæmt svokölluðum „skyldukaupum lífeyrissjóðanna“ til að fjármagna útlán til félagslegra íbúða á þeim tíma. Flest þessara bréfa eru hagstæð eigendum þeirra en nú styttist í að þau verði uppgreidd en þau voru í upphafi gefin út til 15 eða 20 ára.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

335 ***Hafnabótasjóður.*** Hlutverk Hafnabótasjóðs er að veita lán og styrki til hafnargerðar og bæta tjón á hafnarmannvirkjum. Áætlaðar fjármunatekjur 2003 eru 41 m.kr. Þær skiptast í vaxtatekjur af handbæru fé, vaxtatekjur af útlánum sjóðsins og reiknaðar tekjur vegna vaxta og verðbóta af útlánum. Ekki er gert ráð fyrir fjármagnsgjöldum en hins vegar að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga nemi 20 m.kr. Framlag úr ríkissjóði af fjárlagalið *10-335 Siglingastofnun* í A-hluta frumvarpsins er áætlað 16,6 m.kr. Áætlað er að rekstrargjöld verði 159 m.kr. og er þá gert ráð fyrir að greiddar verði 100 m.kr. í styrki á móti hlut hafnarsjóða, tjónastyrkir eru áætlaðir 50 m.kr. og eignarskattur 6 m.kr. og 3 m.kr. eru áætlaðar í almenn rekstrargjöld. Áætlað er að tap sjóðsins verði liðlega 121 m.kr. sem kemur aðallega til vegna fyrrnefndra styrkja sem er mun hærri fjárhæð en vaxtatekjur hans að viðbættu framlagi ríkissjóðs. Þrátt fyrir stífari reglur hefur styrkúthlutun aukist undanfarið, aðallega vegna kostnaðarsamra framkvæmda á núgildandi hafnaáætlun sem eiga rétt á kostnaðarþátttöku Hafnabótasjóðs samkvæmt reglum hans. Helsti óvissuþáttur áætlunarinnar er útlán skammtíma- og bráðabirgðalána. Þau eru yfirleitt veitt til að fjármagna hlut ríkisins í framkvæmd t.d. vegna hröðunar verkefna eða til að forða verkefnum frá skemmdum. Ekki er gert ráð fyrir að Hafnabótasjóður veiti löng lán á árinu 2003 enda hefur útlánahlutverk hans tekið miklum breytingum á undanförnum árum við öra þróun fjármálamarkaðarins. Útlán sjóðsins taka mið af markaðsvöxtum og eru bundin til hafnarframkvæmda. Stærri sveitarsjóðir hafa náð betri kjörum á markaði með því að bjóða út fjármögnun. Afborganir veittra lána Hafnabótasjóðs nema 26 m.kr. Áætlað er að handbært fé lækki um 95 m.kr. vegna fyrrnefnds tapreksturs. Gert ráð fyrir að heildarfjárhæð útistandandi lána lækki þar sem gömul lán greiðast upp og ekki hefur verið um ný útlán að ræða.

651 ***Ferðamálasjóður.*** Sjóðurinn stuðlar að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum. Honum er ætlað að veita lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði og annars sem er talið að feli í sér þróun íslenskra ferðamála. Útlán eru á sömu kjörum og lán sem sjóðurinn tekur hverju sinni. Tillögur um sjóðinn eru með fyrirvara um líklegar breytingar á honum. Nefnd sem samgönguráðherra skipaði til að gera tillögur um framtíð sjóðsins skilaði tillögum sínum hinn 16. ágúst sl. og komst að þeirri samhljóða niðurstöðu að sameina ætti sjóðinn Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Samgönguráðuneytið hefur hafið viðræður um framkvæmd á tillögum nefndarinnar og samgönguráðherra stefnir að því að flytja frumvarp á Alþingi um breytingar á lögum um skipulag ferðamála þar sem sjóðurinn yrði lagður niður. Skoða verður neðangreindar tillögur í ljósi ofanritaðs en gert er ráð fyrir að á næsta ári verði veitt 104 m.kr. framlag í ný lán og styrki og að innheimtar verði 120 m.kr. í afborganir af veittum lánum. Áætlað er að

sjóðurinn taki 100 m.kr. að láni og greiði 120 m.kr. í afborganir. Reiknað er með að rekstrarafkoma sjóðsins verði neikvæð um 10 m.kr. og að sama fjárhæð verði lögð í afskriftasjóð útlána.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

*371 **Orkusjóður.*** Lög nr. 49/1999 gilda um Orkusjóð. Meginhlutverk sjóðsins er að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem hann gerir til fimm ára á grunni rannsóknaráætlunar Orkustofnunar. Áætlunin skal endurskoðuð árlega og hljóta samþykki iðnaðarráðherra. Fjárveiting ríkissjóðs til sjóðsins á lið *11-371 Orkusjóður* í A-hluta er 82,8 m.kr. og skiptist í 32,8 m.kr. rekstrarframlag og 50 m.kr. framlag til virkjanarannsókna. Framlag til virkjanarannsókna er óbreytt frá fjárlögum fyrra árs en lækkar um 25 m.kr. frá árinu 2001. Áætlað er að tap nemi 21,7 m.kr. á árinu 2003 en tap 2001 var 14,6 m.kr. Handbært fé frá rekstri er áætlað neikvætt um 1,7 m.kr. en var jákvætt um 16,7 m.kr. árið 2001. Áætlað er að lánveitingar ársins verði 40 m.kr. og afborganir veittra lána verði 18 m.kr. Gert er ráð fyrir að handbært fé lækki um rúmar 28 m.kr. og verði 36,7 m.kr. í árslok.

*411 **Byggðastofnun.*** Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til Byggðastofnunar árið 2003 verði 285,6 m.kr. og að niður falli 200 m.kr. framlög ríkissjóðs vegna eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni sem tilheyrði byggðaáætlun 1999–2001. Af framlaginu eru 101,4 m.kr. ætlaðar til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og 184,2 m.kr. til almenns rekstrar stofnunarinnar. Áætlað er að veita 2,8 milljarða í ný lán sem er 500 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og tæplega 1,2 milljarða króna hækkun frá ríkisreikningi 2001. Farið er fram á heimild til 2,5 milljarða króna lántöku sem er 1,2 milljarða króna hækkun frá gildandi fjárlögum og 1,5 milljarða króna hækkun frá reikningi 2001. Áætlað er að afborganir veittra lána verði 1,2 milljarðar króna og að stofnunin greiði 1 milljarð króna í afborganir tekinna lána. Samkvæmt reglum stofnunarinnar skal ávallt leggja fyrir 12 hundraðshluta af útlánafé í afskriftasjóð. Einnig skal verulegur hluti útlána miðast við lágmarksáhættu samkvæmt sérstakri stefnumótun sem gerð er í upphafi hvers árs.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

*101 **Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Nýsköpunarsjóður fjárfestir í fyrirtækjum, veitir áhættulán og annast fjármögnun verkefna. Innan sjóðsins er starfrækt tryggingardeild útflutningslána sem veittir ábyrgðir vegna verkefna á vegum íslenskra fyrirtækja innanlands og erlendis. Deildinni er ætlað að tryggja lán, kröfur, þjónustu, fjárfestingar og búnað er tengist útflutningi. Sjóðurinn sér einnig um Framtakssjóð sem ætlað er að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni með áherslu á landsbyggðina. Gert er ráð fyrir 70 m.kr. tapi á rekstri sjóðsins á árinu 2003 en árið 2001 tapaði sjóðurinn 772 m.kr. Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði 160 m.kr. og fjárfestingarhreyfingar skili 205 m.kr., aðallega vegna afborgana af veittum lánum ásamt því að stefnt er að sölu hlutabréfa í eigu sjóðsins fáist fyrir þau viðunandi verð. Áætlað er að handbært fé aukist um rúmar 360 m.kr. á árinu og verði tæpir 2,8 milljarðar króna í árslok.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum í A-hluta ríkissjóðs, hjá ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2002

Áætlað er lánsfjárafgangur ríkissjóðs á árinu 2002 verði 20,7 milljarðar króna í stað 38,3 milljarða eins og áætlað var í fjárlögum ársins. Breytingin er samtals 17,6 milljarðar króna og skýrist aðallega af þrennu: Í fyrsta lagi gengu ekki eftir áform um sölu á hlut í Landssímanum undir árslok 2001 sem áætlað var að skila myndi inn í ríkissjóð 21,5 milljarða króna söluandvirði á árinu 2002. Í öðru lagi er nú gert ráð fyrir 4,5 milljarða króna afborgun frá Seðlabanka Íslands af 16 milljarða króna láni sem ríkissjóður veitti bankanum árið 2001 og 2,2 milljarða króna endurgreiðslu af skuld Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í þriðja og síðasta lagi er nú gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 4,6 milljarða króna í stað 1,9 milljarða króna eins og áætlað var í fjárlögum. Loks má nefna að veitt lán ríkissjóðs hækka um 120 m.kr. og skýrist það annars vegar af 770 m.kr. lánveitingum vegna jarða- og eignasölu og hins vegar verður 650 m.kr. lánsfjárheimild happdrættis Háskóla Íslands ekki nýtt á þessu ári. Áformað er að lánsfjárafgangi verði ráðstafað þannig: Í fyrsta lagi verði framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 9 milljarðar króna, í öðru lagi verði greiddar niður skuldir er nema 3,6 milljörðum og loks verði staðan við Seðlabanka bætt um 8,1 milljarð.

Lántökur ríkissjóðs árið 2002. Gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs árið 2002 verði 35,2 milljarðar í stað 15 milljarða í fjárlögum ársins. Eins og fram hefur komið skýrist hækkunin af því að ekki varð af sölu á eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. í árslok 2001 en áætlað var að söluandvirðið kæmi til greiðslu í ríkissjóð árið 2002. Áætlað er að afborganir af teknum lánum minnki um 1,4 milljarða og verði 38,8 milljarðar þannig að afborganir tekinna lána umfram nýjar lántökur verði 3,6 milljarðar króna. Sú breyting hefur verið gerð á samsetningu lánsfjár ríkissjóðs á undanförnum árum að hlutur óverðtryggðra skuldabréfa hefur aukist á kostnað verðtryggðra skuldabréfa.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2003

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs og fyrirtækja og sjóða í ríkiseigu árið 2003 eru alls áætlaðar 110,8 milljarðar króna. Heildarafborganir af teknum lánum eru áætlaðar 71,3 milljarðar þannig að hrein lánsfjárþörf þessara aðila er 39,5 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að lántökur og afborganir A-hluta ríkissjóðs standist á en að lántökur ríkisfyrirtækja og

sjóða í C-hluta umfram greiddar afborganir nemi alls 39,5 milljörðum króna. Hækkun áætlaðrar nettólántöku þessara aðila um rúma 14 milljarða frá áætlun 2002 má að stærstum hluta rekja til aukinna lántökuáforma Landsvirkjunar vegna virkjana en nýting þeirrar heimildar er háð því að samningar náist um álversframkvæmdir.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lánsfjárþörf ríkissjóðs og þeirra aðila sem ríkissjóður ábyrgist lántökur fyrir.

	Áætlun 2002			Frumvarp 2003		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**70,9**	**30,5**	**101,4**	**-**	**-**	**110,8**
Ríki	70,9	23,5	**94,4**	-	-	**89,3**
A-hluti	15,0	20,2	**35,2**	-	-	**28,4**
B- og C-hluti	55,9	3,3	**59,2**	-	-	**60,9**
Landsvirkjun	0,0	7,0	**7,0**	-	-	**21,5**
Afborganir	**52,1**	**27,6**	**79,7**	**-**	**-**	**71,3**
Ríki	51,4	21,0	**72,4**	-	-	**64,8**
A-hluti	18,6	20,2	**38,8**	-	-	**28,4**
B- og C-hluti	32,8	0,8	**33,6**	-	-	**36,4**
Landsvirkjun	0,7	6,6	**7,3**	-	-	**6,5**
Hrein lánsfjárþörf	**18,8**	**2,9**	**21,7**	**-**	**-**	**39,5**
Hlutfall af landsframleiðslu	**2,4%**	**0,4%**	**2,8%**	**-**	**-**	**4,8%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Í áætlun um sjóðstreymi fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir ríflega 10 milljarða króna lánsfjárafgangi. Handbært fé frá rekstri er neikvætt um 4 milljarða en fjármunahreyfingar skila 14 milljörðum. Þar munar mest um 11,5 milljarða króna tekjur af eignasölu og 13,2 milljarða króna afborganir af veittum lánum en á móti koma 5,2 milljarða króna lánveitingar og 4,9 milljarða króna stofnframlög til Seðlabanka Íslands og alþjóðastofnana. Áformað er að verja lánsfjárafganginum þannig að 6 milljarðar króna verði greiddir inn á skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka batni um rúmlega 4 milljarða króna.

M.kr.	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Handbært fé frá rekstri	**-4.567**	**-4.058**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-400
Veitt löng lán	-4.750	-5.214
Afborganir veittra lána	15.200	13.200
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-4.800	-4.900
Sala hlutabréfa og eignarhluta	20.000	11.500
Fjármunahreyfingar samtals	**25.250**	**14.186**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**20.683**	**10.128**
Fjármögnun:		
Skammtímalán	0	0
Tekin löng lán	35.200	28.400
Afborganir	-38.800	-28.400
Fjármögnun samtals	**-3.600**	**0**
Framlag til LSR	-9.000	-6.000
Breyting á handbæru fé	**8.083**	**4.128**

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Áætlað er að á árinu 2002 verði handbært fé frá rekstri neikvætt um 4,6 milljarða króna en um rétt rúma 4 milljarða árið 2003. Helstu skýringarnar á neikvæðu handbæru fé er að vaxtagreiðslur ríkissjóðs árið 2003 verða mun meiri en undanfarin ár ef litið er hjá áhrifum innlausnar spariskírteina fyrir gjalddaga.

Veitt stutt lán, viðskiptareikningar. Áætlað er að á árunum 2002 og 2003 verði útstreymi af viðskiptareikningum ríkissjóðs 400 m.kr. hvort ár um sig, en gert var ráð fyrir um 21.100 m.kr. innstreymi í fjárlögum 2002; skýrist munurinn alfarið af því að ekki er lengur gert ráð fyrir því að tekjur af eignasölu standi á viðskiptareikningum yfir áramót. Að öðru leyti er hér um að ræða hreyfingar á ýmsum á viðskiptareikningum ríkissjóðs innan fjárlagaáranna, m.a. vegna fyrirgreiðslu við stofnanir ríkisins, gjaldfrests á aðflutningsgjöldum og krafna á ríkissjóð vegna innheimtu tekna fyrir aðra aðila.

Veitt löng lán. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga á árinu 2003 til lengri tíma en eins árs. Alls er sótt um 5.214 m.kr. árið 2003 samanborið við 4.750 m.kr. áætlun þessa árs og nemur hækkunin 464 m.kr. Breytingar heimilda milli ára eru þessar: Lánasjóður íslenskra námsmanna hækkar um 550 m.kr. aðallega vegna hækkunar á framfærslu og skólagjöldum og fjölgunar nemenda. Happdrætti Háskóla Íslands hækkar um 414 m.kr. til að flýta byggingu Náttúrufræðihúss, en 650 m.kr. heimild sem veitt var á fjár-

lögum 2002 verður ekki nýtt á þessu ári og Þróunarsjóður sjávarútvegsins hækkar um 300 m.kr. til að mæta afborgunum tekinna lána og jafna greiðsluflæði innan ársins. Á móti kemur 700 m.kr. lækkun vegna kaupa Kópavogsbæjar á Vatnsenda- og Fífuhvammslandi á þessu ári og 70 m.kr. lækkun lánveitinga vegna annarrar eignasölu. Loks lækka lántökur Alþjóðaflugþjónustunnar um 30 m.kr. vegna bættrar lausafjárstöðu.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla stofnfjárframlög ríkissjóðs og kaup ríkissjóðs á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Stofnfjárframlög ríkisins til alþjóðastofnana eru lítið breytt frá áætlun fjárlaga 2002 ef frá er talið framlag til Alþjóðabankans og IDA.

M.kr.	Áætlun 2002	Frumvarp 2003
Alþjóðabankinn og IDA, Washington, DC	100,0	160,0
Evrópubankinn, EBRD	25,0	25,0
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	40,0	40,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	20,0	20,0
Stofnfjárframlag til Seðlabanks Íslands	4.500,0	4.500,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	115,0	155,0
Samtals	**4.800,0**	**4.900,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sölu á eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækjum fyrir alls 11,5 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að seldir verði eignarhlutar í viðskiptabönkunum í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að selja hlutabréf í ríkisbönkunum með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni. Fyrirvara verður að gera um sölutekjur þar sem þær ráðast af aðstæðum á markaði hverju sinni og gætu orðið hærri eða lægri þegar upp er staðið. Heimildir til sölu á eignarhlutum ríkisins í fyrirtækjum eru ýmist í 7. gr. fjárlaga eða í sérlögum um hvert fyrirtæki.

Hreinn lánsfjárafgangur. Gert er ráð fyrir að í ár verði hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs, fyrir greiðslu framlaga til LSR, rúmlega 20 milljarðar króna en 10 milljarðar á árinu 2003. Lánsfjárafgangi verður ráðstafað til að greiða niður skuldir eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti, svo sem með fyrirframgreiðslu til LSR eins og fram kemur í inngangi þessa kafla. Gangi þessi áform eftir verður lánsfjárafgangur áranna frá 1998 til 2003 tæplega 67 milljarðar króna og að viðbættum stofnfjárframlögum og lánveitingum til Seðlabanka Íslands er hann ríflega 90 milljarðar króna.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Áætlað er að á árinu 2003 verði lántökur A-hluta ríkissjóðs alls 28,4 milljarðar króna en 35,2 milljarðar í ár. Ekki er endanlega ákveðið hvernig staðið verður að lántökum næsta árs sem ræðst af stöðunni á fjármála- og gjaldeyrismarkaði.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að á árinu 2003 verði afborganir af teknum lánum alls 28,4 milljarðar króna en 38,8 milljarðar í ár. Því er áætlað að afborganir og lántökur á næsta ári standist á en að í ár nemi nettóafborgun tekinna lána um 3,6 milljörðum króna. Þessi áform verða endurskoðuð við afgreiðslu fjárlaga eftir því sem tilefni gefst til.

6.4 Lántökur og ábyrgðir

Í 3. tölulið 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Áætlað er að á árinu 2003 verði heildarlántökur sjóða í C-hluta og ríkisfyrirtækja alls 87,6 milljarðar króna en gert er ráð fyrir að í ár verði lántökur þessara aðila rúmir 70 milljarðar. Afborganir eru áætlaðar 47,8 milljarðar árið 2003 en 45 milljarðar í ár. Stærsta breytingin felst í auknum lántökuáformum Landsvirkjunar. Verða hér raktar lántökuheimildir skv. 3. tölulið 5. gr. en nánari greinargerð um stofnanir í B- og C- hluta er í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

1. Landsvirkjun. Áætlað er að Landsvirkjun taki 21,5 milljarða króna lán í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaráætlanir fyrir árið 2003 og er nýting heimildarinnar umfram endurfjármögnun eldri lána háð því að samningar náist um álversframkvæmdir. Gert er ráð fyrir að afborganir tekinna lána verði 6,5 milljarðar króna.

2. Íbúðalánasjóður. Áætlað er að á árinu 2003 verði lántökur sjóðsins alls 56,2 milljarðar króna en gert er ráð fyrir 54,1 milljarða lántöku í ár. Mest munar um 3,9 milljarða króna hækkun hjá Byggingarsjóði ríkisins og verkamanna, sem skýrist af endurfjármögnun vegna mismunar á innheimtum afborgunum veittra lána og afborgunum tekinna lána og 1,6 milljarða króna lækkun hjá húsbréfadeild.

3. Lánasjóður landbúnaðarins. Sótt er um heimild til 1,6 milljarða króna lántöku á árinu 2003 sem er 200 m.kr. lægri heimild en veitt var á fjárlögum 2002.

4. Byggðastofnun. Miðað er við að stofnunin fái heimild til allt að 2,5 milljarða króna lántöku á árinu sem er veruleg hækkun miðað við 1,3 milljarða króna heimild í fjárlögum 2002. Gert er ráð fyrir að lánveitingar stofnunarinnar aukist í samræmi við áherslur í byggðamálum og nýjar lánareglur stofnunarinnar.

5. Ferðamálasjóður. Sótt er um 100 m.kr. lántökuheimild í frumvarpinu sem er óbreytt frá fjárlögum 2002.

6. Rafmagnsveitur ríkisins. Gert er ráð fyrir því að fyrirtækið fái allt að 500 m.kr. lántökuheimild til að mæta taprekstri óarðbærra eininga í rafdreifikerfinu og afborgana af teknum lánum.

7 Skerðingarákvæði

Eins og undanfarin ár er gerð tillaga um að Framkvæmdasjóði fatlaðra verði heimilt á árinu 2003 að standa undir kostnaði við félagslega endurhæfingu og stjórnarnefndir. Áætlað er að kostnaðurinn nemi um 20 m.kr. árið 2003.

8 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta – sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 7. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 156. Heimildirnar skiptast þannig að heimildir til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 23, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 28, til sölu lóða og jarða eru 57, til sölu hlutabréfa eru 6, heimildir til kaupa og leigu á fasteignum eru 31 og ýmsar heimildir eru 10. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 240 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er hins vegar ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er til komin vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila og er reiknað með því að hún standi yfir um nokkurra ára skeið.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi má nefna heimild 2.21 sem er vegna mannvirkja við Stórhöfða 34–40 sem aðallega hafa verið notuð til geymslu á efni og tækjum fyrir Vegagerð ríkisins. Í skoðun er hvort hagkvæmt sé að flytja þá starfsemi annað og selja eignina og lóðarspilduna sem henni fylgir. Í heimildum 3.21–3.24 eru heimildir til sölu á eignum heilbrigðisstofnana víðs vegar um landið í því skyni að hagræða í húsnæðismálum þeirra. Í lið 3.25 er heimild til sölu flugmannvirkis sem ekki er lengur þörf fyrir. Heimild 3.26 fjallar um sölu á íbúðar- og útihúsum við Garðskagavita sem ekki eru lengur nýtt en byggðasafn hreppsins hefur sýnt áhuga á að kaupa eignirnar.

Fjórði flokkurinn er heimildir til sölu lóða og jarða. Um er að ræða 57 heimildir til sölu jarða, hluta úr jörðum og landspildna. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna jarðaumsýslu landbúnaðarráðuneytisins og nokkrar vegna umsýslu prestssetrasjóðs.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Endurnýjaðar eru söluheimildir vegna Íslenskra aðalverktaka hf., Sementsverksmiðjunnar hf., Barra hf., Endurvinnslunnar hf., Flugskóla Íslands hf. og Fiskeldis Eyjafjarðar. Heimild í fjárlögum í fyrra til sölu á hlutafé ríkissjóðs í Hólalaxi hf. er fallin niður þar sem hlutaféð hefur verið selt.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildirnar eru 31 talsins og skýra sig flestar sjálfar. Að mestu leyti er um að ræða heimildir sem hafa verið endurnýjaðar frá fyrri árum. Rétt er þó að fara nokkrum orðum um hluta þeirra heimilda sem eru nýjar. Heimild 6.23 er til komin vegna þess að margt bendir til að hagkvæmt kunni að vera að Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli séu undir sama þaki. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hefur nú aðsetur sitt á fjórum stöðum sem veldur talsverðu óhagræði. Skrifstofur Flugmálastjórnar eru í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og er talið eðlilegt að losa það rými undir aðra starfsemi hennar. Í lið 6.24 er heimild til að leigja sérhannað fangelsishúsnæði í Reykjavík. Reykjavíkurborg hefur úthlutað lóð undir fangelsi við Hólmsheiði í Reykjavík og með heimildinni er öðrum en ríkinu gefinn kostur á að sjá um byggingu fangelsisins eftir kröfum fangelsisyfirvalda og sjái um viðhald þess en ríkissjóður taki fangelsið hins vegar á leigu. Í heimildinni er gert ráð fyrir að í slíkum samningi yrði kveðið á um kauprétt ríkissjóðs á eigninni á skilgreindu verði að loknu ákveðnu leigutímabili. Heimildir 6.29 og 6.30 eru vegna kaupa á jörðum vegna þjóðgarða á Snæfellsnesi og við Vatnajökul og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í lið 6.31 er heimild til að leigja eða kaupa húsnæði vegna Brunamálastofnunar. Heimildin er til komin vegna hugmynda húseigenda um breytta nýtingu Kjörgarðshússins við Laugaveg þar sem stofnunin hefur aðsetur.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar. Rétt er þó að nefna nýja heimild í lið 7.10 um sölu á varðskipinu Óðni og ráðstöfun á andvirðinu til kaupa eða smíða á nýju varðskipi. Ástæðan er sú að ákveðið hefur verið að leggja varðskipinu enda orðið gamalt og óhagkvæmt í rekstri.

9 Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Sérstakur tekjuskattur eða svonefndur hátekjuskattur er framlengdur um eitt ár en lækkar úr 7% í 5%.

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Tryggingagjald lækki um 0,27% frá 1. janúar 2003.

Lög nr. 36/1978, um stimpilgjald. Lækkun stimpilgjalda um 900 m.kr. samkvæmt nánari útfærslu.

Lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands. Framlengja þarf bráðabirgðaákvæði í lögunum þannig að markaðsgjald falli ekki niður frá og með 1. janúar 2003

Atriðisorðaskrá

A

bls.

Aðfangaeftirlit ríkisins ... 252, 344, 345
Aðflutningsgjöld ... 253
Aðgangur að fasteignamatsskrá ... 262
Aðgangur að fyrirtækjaskrá ... 262
Aðgangur að hlutafélagaskrá ... 262
Aðgangur að skrám þjóðskrárinnar ... 262
Aðrar rekstrartekjur ... 258
Afborganir lána ríkissjóðs ... 36
Afgjöld ríkisjarða ... 261
Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar ... 255
Afkoma ríkissjóðs ... 269
Afnotagjald RÚV ... 260
Afreksmannasjóður ... 330
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur ... 418
Afskriftir skattkrafna ... 251, 411, 418
Almanaksgjald ... 252
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum ... 428
Alþingi ... 294
Alþjóðaflugþjónustan ... 37, 435, 464
Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO ... 338
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 251, 254, 377, 378
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ... 443
Auglýsingar í Lögbirtingablaði ... 261

Á

Ábyrgðasjóður launa ... 254, 261, 377, 378
Áfengis- og fíkniefnamál ... 362, 365
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 37, 460, 464
Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík ... 253
Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra ... 253
Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar ... 254
Átak í lækkun skulda þróunarríkja ... 339
ÁTVR ... 43, 276

B

Barnabætur ... 251, 417
Barnalífeyrir ... 388
Barnaverndarráð ... 374
Barnaverndarstofa ... 374, 375

Bifreiðagjald 276
Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands 256
Bjargráðasjóður 377
Borgarholtsskóli 260
Bridgesamband Íslands 330
Brunamálastofnun ríkisins 256, 456, 457
Brunavarnargjald 256
Búnaðarsjóður 252, 349, 350
Byggðaáætlun 443
Byggðamál 443
Byggðastofnun 38, 39, 348, 443, 475, 481
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 353
Bygginga- og tækjasjóður 258, 461
Bændasamtök Íslands 349
Bætur brotaþola 360
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 251, 386

D

Dagvistun aldraðra 402
Dómsmál 360
Dvalar- og hjúkrunarheimili 397

E

Efnahagsforsendur 270
Eftirlaunasjóður aldraðra 386, 390
Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki 262
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir 391
Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva 260
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins 262
Eftirlitsgjald til Löggildingarstofunnar 262
Eftirlitsgjald vottunaraðila rafrænna undirskrifta 256
Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru 252
Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins 261
Eignarskattar 273, 275
Einkaleyfastofan 262, 439, 440
Einkaleyfisgjald H.Í. 258
Embætti forseta Íslands 294
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 440
Endurhæfingarstofnanir 403
Endurvinnslan hf. 256, 454, 456

F

Faggilding hjá Löggildingarstofunni 262
Fangelsisbyggingar 367

Fangelsismál 367
Fangelsismálastofnun ríkisins 367
Fasteignamat ríkisins 255, 262, 419, 420
Fasteignir forsætisráðuneytis 300
Fasteignir framhaldsskóla 316
Fasteignir ríkissjóðs 316, 421
Fasteignir Stjórnarráðsins 300, 301
Ferðamál 436
Ferðamálaráð 436
Ferðamálasjóður 38, 474, 482
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa 372
Félagsmálaráðuneyti, C-hluti 471
Félagsmálaskóli alþýðu 377
Fiskeldisrannsóknir 349
Fiskistofa 253, 353, 354
Fiskræktarsjóður 253, 349
Fisksjúkdómagjald 258
Fjármagnskostnaður 283
Fjármagnstekjuskattur 411, 418
Fjármálaeftirlitið 262, 446, 447
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa 412
Fjármálaráðuneyti, B-hluti 464
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 38
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 37
Fjársýsla ríkisins 419, 420
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 393
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 259
Fjölbrautaskóli Suðurlands 259
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 259
Fjölbrautaskóli Vesturlands 259
Fjölbrautaskólinn Ármúla 259
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 259
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 259
Fjölskylduráð 373
Flensborgarskóli 259
Flugmál 435
Flugmálastjórn 255, 262, 435
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli 37, 46, 260, 335,463,485
Flugstöð Leifs Eiríkssonar 485
Flugvallargjald 255
Flugvellir, framkvæmdir 436
Flutningsjöfnun 448
Flutningssjóður olíuvara 256, 448
Flutningssjóður sements 256, 448
Fornleifavernd ríkisins 325
Forsætisráðuneyti 296

Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa 298, 299
Forvarnasjóður 254, 406
Fóðureftirlitsgjald 252
Fóðursjóður 253, 349
Framhaldsskólar 316, 321
Framhaldsskólar, stofnkostnaður 316, 321
Framhaldsskólinn á Húsavík 259
Framhaldsskólinn á Laugum 260
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 259
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 259
Framkvæmdasjóður aldraðra 254, 397, 407
Framkvæmdasjóður fatlaðra 375
Framkvæmdir á Alþingisreit 295
Framlag Bandaríkjanna til löggæslu 260
Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands 258
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 38, 349, 350, 351, 469
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins 349
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 316
Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef 252
Fæðingarorlof 254
Fæðingarorlofssjóður 251, 377, 379

G

Garðyrkjuskóli ríkisins 344, 346
Geislavarnir ríkisins 261, 339, 385, 391, 392
Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum 256
Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva 253
Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga 253
Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á kjöti, gærum og ull 260
Gjald af veiðikorti 256
Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni 253
Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja 261
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 254
Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa 255
Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum 253
Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum 261
Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja 254
Gjald vegna matvælaeftirlits Yfirdýralæknis 261
Gjald vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna 262
Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Löggildingarstofu 256
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla 261, 353, 355
Gjöf Jóns Sigurðssonar 299
Gjöld fyrir einkaleyfi 262
Gjöld fyrir hönnunarvernd 262
Gjöld fyrir vörumerki 262

Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar 256
Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 323
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu 347
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu 347, 348
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 252, 347, 348
Greiðslur vegna riðuveiki 349
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 347, 348
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 375, 377
Grunnskólar 322

H

Hafnabótasjóður 38, 474
Hafrannsóknastofnunin 288, 289, 353
Hagræn skipting gjalda í A-hluta 251
Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa 262
Hagþjónusta landbúnaðarins 344
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs 36
Happdrætti Háskóla Íslands 37, 39, 312, 315, 460, 461, 479
Háskóla- og rannsóknastarfsemi 308, 312, 314, 315
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður 308, 315
Háskólar, óskipt 315
Háskólasjóður 264
Háskóli Íslands 252, 258, 264, 308, 309, 312
Háskólinn á Akureyri 258, 308
Háskólinn í Reykjavík 308
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 385
Heilbrigðisstofnanir 403
Heilbrigðisstofnunin Akranesi 403
Heilbrigðisstofnunin Selfossi 403
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum 403
Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs 477
Heildaryfirlit ríkisútgjalda 278
Heilsugæsla í Reykjavík 405
Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús 404
Heimildir 42
Heimili fyrir börn og unglinga 375
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 391
Héraðsdómstólar 360, 361
Héraðsskógar 346
Hjúkrunarheimili, almennt 397
Hlaðgerðarkot 403
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 384, 403
Hlutdeild Búnaðarsjóðs í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu 252
Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi 254
Hlutdeild Lánasjóðs landbúnaðarins í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu 252

Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi 254
Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga 254
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 345
Hrafnseyri 298, 299
Hreinn lánsfjárafgangur 480
Húsafriðunarnefnd 323, 328
Húsbréfadeild 39
Hæstiréttur 295, 360, 361
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir 252
Höfundarréttargjöld 252, 323

I

Iðnaðarmál 440
Iðnaðarmálagjald 255
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 439
Iðnaðarráðuneyti, B-hluti 465
Iðnaðarráðuneyti, C-hluti 475
Iðnskólinn í Hafnarfirði 260
Iðnskólinn í Reykjavík 260
Iðntæknistofnun Íslands 440
Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum 261
Innheimtukostnaður 413, 415

Í

Íbúaskrá Hagstofu Íslands 262
Íbúðalánasjóður 481
Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna 473
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild 38, 472
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir 38, 472
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán 38, 473
Íslensk málstöð 312
Íslenska óperan 328
Íslenski dansflokkurinn 323

J

Jafnréttisstofa 374
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 261, 349, 350
Jöfnun á námskostnaði 323
Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu 255
Jöfnunarsjóður sókna 264, 368
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 251, 264, 377

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög 36, 480
Keflavíkurflugvöllur 335
Kennaraháskóli Íslands 258, 308
Kirkjugarðsgjöld 264, 368
Kirkjugarðssjóður 264
Kirkjumál 368
Kirkjumálasjóður 264, 368
Kjaranefnd 423
Kjararannsóknir 423
Kosningar 359, 360
Kristnihátíðarsjóður 264, 299, 325
Kristnisjóður 368
Kvennaskólinn í Reykjavík 259
Kvikmyndamiðstöð Íslands 323, 328
Kvikmyndasafn Íslands 323, 326
Kvikmyndasjóður 323
Kvikmyndaskoðun 260, 329
Kærunefnd barnaverndarmála 373, 374
Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála 373

L

Lagasafn 359
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 345
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 343
Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti 469
Landbúnaðarstofnanir 344
Landgræðsla ríkisins 346
Landhelgisgæsla Íslands 362, 366
Landhelgissjóður Íslands 362
Landkynningarskrifstofur erlendis 436
Landlæknir 261, 391
Landmælingar Íslands 256, 456, 457
Landshlutabundin skógrækt 346, 347
Landskrá fasteigna 358, 409, 411, 420
Landspítali - háskólasjúkrahús 261
Landssamband KFUM og KFUK 330
Landsvirkjun 481
Launa- og verðlagsmál 408, 418
Lánasjóður íslenskra námsmanna 38, 251, 323, 468, 479
Lánasjóður landbúnaðarins 38, 252, 349, 469, 470, 481
Lánasýsla ríkisins 419, 421
Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs 36
Lántökur A-hluta ríkissjóðs 477, 481

Lántökur og ábyrgðir 481
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 39
Leiguíbúðir 379
Lendingargjald vegna millilandaflugs 260
Lendingargjöld vegna innanlandsflugs 262
Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi 255
Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða 256
Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða 255
Listaháskóli Íslands 308
Listahátíð í Reykjavík 329
Listamannalaun 264
Listasjóðir 264, 323
Listdansskólinn 260
Listir, framlög 328
Lífeyrir og eftirlaun 416
Lífeyrissjóður bænda 423
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun 416
Lífeyristryggingar 251, 254, 386, 388
Lyfjaeftirlitsgjald 254
Lyfjastofnun 254, 261, 385, 391, 392
Lögbirtingablað 261, 359
Lögbundin framlög 264
Löggildingarstofa 256, 262, 446, 447
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli 335
Löggæsla og öryggismál 362
Lögregluskóli ríkisins 362, 364
Lögreglustjórinn í Reykjavík 253, 362, 364

M

Manneldisráð 391
Markaðar tekjur 252
Markaðsgjald 252
Markaðsleyfi Lyfjastofnunar 261
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu 428
Málefni barna 374
Málefni fatlaðra 375, 376, 395, 406
Málskostnaður í opinberum málum 360, 361
Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 380
Mengunareftirlitgjald 262
Menningarkynning í Frakklandi 328
Menningarsjóður 323, 328
Menningarstofnanir, óskipt 329
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður 323, 326
Menntamálaráðuneyti 303
Menntamálaráðuneyti, B-hluti 461

Menntamálaráðuneyti, C-hluti 468
Menntaskólinn að Laugarvatni 258
Menntaskólinn á Akureyri 258
Menntaskólinn á Egilsstöðum 258
Menntaskólinn á Ísafirði 258
Menntaskólinn í Kópavogi 259
Menntaskólinn í Reykjavík 258
Menntaskólinn við Hamrahlíð 258
Menntaskólinn við Sund 258
Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini 300, 301
Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna 416, 417

N

Námsaðstoð 323
Námsgagnastofnun 322
Námsmatsstofnun 308
Náttúrufræðistofnun Íslands 457, 458
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 454, 455
Náttúrustofur 457, 458
Neyðarsímsvörun 362, 365
Neytendasamtökin 446
Niðurgreiðslur á húshitun 441
Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið 339
Norræn samvinna 329
Norræna ráðherranefndin 300, 301
Nýsköpunarsjóður 38, 476
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 38, 476

O

Ofanflóðasjóðsgjald 257
Ofanflóðasjóður 257, 456, 457
Opinber réttaraðstoð 360, 361
Orkumál 441
Orkusjóður 38, 441, 475
Orkustofnun 441, 442

Ó

Óbyggðanefnd 300, 302

P

Persónuvernd 261, 360, 362
Póst og fjarskiptamál 436
Póst- og fjarskiptastofnunin 255, 262
Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda 261

Prófgjöld vegna prófa fasteignasala 261
Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins 261
Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar 262

R

Rafmagnsveitur ríkisins 37, 460, 465, 482
Rannsóknarráð Íslands 286, 308, 314, 469
Rannsóknarsjóðir 314
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 440, 441
Rannsóknastofnun landbúnaðarins 252, 344
Rannsóknir 457
Rannsóknir og eftirlit 353
Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 314
Ratsjárstofnun 37, 460, 463
Raunvísindastofnun Háskólans 312
Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta 255
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs 35
Reykjalundur, Mosfellsbæ 403
Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 362
Ríkisábyrgðir 39
Ríkisendurskoðun 296, 364
Ríkiskaup 419, 421
Ríkislögmaður 300, 302
Ríkislögreglustjóri 253, 362, 363
Ríkissaksóknari 362
Ríkissáttasemjari 374
Ríkisskattstjóri 413
Ríkisstjórn 295
Ríkisstjórnarákvarðanir 421
Ríkisútvarpið 37, 251, 260, 323, 327, 462

S

Sala eigna 277
Sala hlutabréfa og eignarhluta 36, 480
Sala jarðeigna jarðasjóðs 261
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa 255, 427
Samgönguráðuneyti, B-hluti 464
Samgönguráðuneyti, C-hluti 474
Samkeppnisstofnun 447
Samningur við Menningarborgarsjóð 329
Samræmd próf 322
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 329
Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar 436
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 384, 396

Samtök iðnaðarins 255, 440, 441
Samvinnunefnd um miðhálendið 453
Schengen-samstarf 362
Sendiráð og fastanefndir 336
Sérgreind sjúkrahúsþjónusta 396
Sérstakar greiðslur í landbúnaði 349, 350
Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni 255
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs 255
Sérstakur tekjuskattur 486
Sértekjur 282
Siglingamál 432
Siglingastofnun Íslands 255, 262, 432, 436
Sinfóníuhljómsveit Íslands 37, 323, 328, 462
Símenntun og fjarkennsla 316
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 384, 403
Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti 470
Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir 299
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs 36
Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs 478
Sjómannaskólahúsið 316
Sjónstöð Íslands 385, 391
Sjúklingatryggingar 386, 390
Sjúkraflutningar 405
Sjúkrahúsþjónusta 393
Sjúkrastofnanir 393
Sjúkratryggingar 251, 386, 389
Skammtímalán ríkissjóðs 36
Skatta- og tollamál 413
Skattar á tekjur og hagnað 273, 274
Skattar á vörur og þjónustu 273, 275
Skattrannsóknarstjóri ríkisins 413
Skáksamband Íslands 330
Skerðingarákvæði 41
Skilagjald á einnota umbúðir 256
Skipagjald 255
Skipulagsgjald 256
Skipulagsmál 456
Skipulagsmál sveitarfélaga 256, 456, 457
Skipulagsstofnun 456
Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda 262
Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara 262
Skoðunargjald kvikmynda 260
Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins 261
Skógrækt og landgræðsla 346
Skógrækt ríkisins 346, 347
Skráning vinnuvéla 253

Skráningargjöld ökutækja 253
Slysastofugjöld Landspítalans 261
Slysatryggingagjald vegna sjómanna 254
Slysatryggingar 254, 386
Sóknargjöld 264, 368
Spilliefnagjald 256
Spilliefnasjóður 256, 454, 456
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 403
Stjórnartíðindi 359
Stjórnsýslustofnanir 374
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 312
Stofnun Sigurðar Nordals 312
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 457, 458
Styrkir til fiskvinnslustöðva 378
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 454, 456
Styrktarfélag vangefinna 372
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 260
Sveitarfélög 377
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 260, 335, 485
Sýslumenn 366
Söfn, listastofnanir og fleira 323
Söfn, ýmis framlög 326

T

Tannverndarsjóður 265
Tekin löng lán ríkissjóðs 36
Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2003 274
Tekjuhorfur 2002 271
Tekjujöfnuður 35
Tekjur A-hluta 271
Tekjuskattur einstaklinga 274
Tekjuskattur lögaðila 274
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 422
Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks 253
Tilkynningaskylda íslenskra skipa 428
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 258
Tollafgreiðslugjöld til Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli 260
Tollstjórinn í Reykjavík 413, 415
Tóbaksvarnir 265
Tónlistarskólinn í Reykjavík 314
Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs 254
Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar 255
Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga 254
Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs 255
Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins 253

Tryggingagjöld 273
Tryggingamál 386
Tryggingargjöld og launaskattar 274
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 254, 377, 379
Tryggingastofnun ríkisins 380, 386, 387, 394, 398
Tungutækni 329, 330
Tæknihäskóli Íslands 258, 308

U

Umboðsmaður Alþingis 295
Umboðsmaður barna 300, 301
Umferðarstofa 253, 358, 362, 363, 365
Umferðaröryggiseftirlitsgjald 253
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa 453
Umhverfisstofnun 256, 262, 454, 455
Umhverfisvernd 454
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins 255
Umsýslustofnun varnarmála 37, 463
Umsýsluþóknun af einnota umbúðum 256
Ungmennafélag Íslands 330
Upptækur afli og veiðarfæri 261
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 334
Utanríkisráðuneyti, B-hluti 463

Ú

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu 373
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 453
Útflutningsmál 339
Útflutningsráð Íslands 252, 486
Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum 261
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 421, 422
Útlendingastofnun 356, 362, 363, 366

V

Varasjóður húsnæðismála 379, 380, 422
Varnarmálaskrifstofa 334
Vaxtabætur 251, 411, 417
Vaxtagjöld ríkissjóðs 35, 459
Veðurstofa Íslands 457, 458
Vegagerðin 251, 255, 430
Vegamál 430
Veiðieftirlitsgjald 253
Veiðileyfi hreindýraráðs 256
Veiðimálastjóri 260, 344, 345

Veiðimálastofnun 340, 344
Veitt löng lán 479
Veitt löng lán ríkissjóðs 36
Veitt stutt lán ríkissjóðs 36
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar 479
Verðlagsforsendur 278
Verðlagsmál 418
Verðlagsstofa skiptaverðs 353
Verðmiðlun landbúnaðarvara 253, 349, 350
Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins 253
Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk 252
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 386, 389, 390
Verkmenntaskóli Austurlands 259
Verkmenntaskólinn á Akureyri 259
Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 301
Vesturfarasetrið á Hofsósi 299
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 330
Vélskóli Íslands 260
Viðskiptaháskólinn á Bifröst 308
Viðskiptamál 446
Viðskiptaráðuneyti, C-hluti 476
Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva 253
Vinnueftirlit ríkisins 253, 261, 374
Vinnumál 377, 378
Vinnumálastofnun 377
Virðisaukaskattur 35, 271, 275
Vistheimilið Bjarg 403
Vistun ósakhæfra afbrotamanna 396
Vitagjald 255
Vopnaleitargjald 260
Vottorð frá Geislavörnum ríkisins 261
Vottorð Hagstofu Íslands 262
Vottorð Siglingastofnunar 262
Vörugjöld af bensíni 276
Vörugjöld af ökutækjum 276

Y

Yfirdýralæknir 261, 344, 345
Yfirfasteignamatsnefnd 423
Yfirskattanefnd 413, 415

Þ

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 300, 302
Þjóðkirkjan 368

Þjóðleikhúsið 323
Þjóðmenningarhúsið 300, 301, 313
Þjóðminjasafn Íslands 325
Þjóðskráin 449
Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal 299
Þróunaraðstoð 338
Þróunarmál og alþjóðastofnanir 338
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 338
Þróunarsjóðsgjald á aflamark 253
Þróunarsjóðsgjald á skip 253
Þróunarsjóður sjávarútvegsins 38, 253, 355, 470, 480
Þungaskattur 255
Þýðingarsjóður 328

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 292
Æskulýðsmál 329, 330

Ö

Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir 396

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Inngangur.

Í þjóðhagsáætlun hefur jafnan verið gerð grein fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnar og niðurstöðum þjóðhagsspár fyrir komandi ár, auk þess sem ítarlega hefur verið fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum. Hefur síðastnefndi þátturinn verið unninn í Þjóðhagsstofnun og verið undirstaða þjóðhagsspár ásamt þeim forsendum sem efnahagsstefnan setur.

Á þessu ári voru gerðar breytingar á verkaskiptingu opinberra stofnana á sviði efnahagsmála er Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Þau verkefni stofnunarinnar er lutu að hagskýrslugerð voru færð til Hagstofu en gerð efnahagsspár og áætlana var færð til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Af þessu leiðir að framsetning þjóðhagsáætlunar og umfjöllun um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum er nú með nokkuð öðrum hætti en verið hefur. Í þjóðhagsáætlun, sem lögð er fram af forsætisráðherra, er eins og jafnan áður gerð grein fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og auk þess eru þar kynntar helstu niðurstöður þjóðhagsspár. Spáin er unnin í fjármálaráðuneyti á grundvelli mats á horfum í þjóðarbúskapnum og efnahagsstefnu ríkisstjórnar. Jafnframt gefur fjármálaráðuneytið út skýrsluna „Þjóðarbúskapurinn" þar sem ítarlega er fjallað um einstaka þætti efnahagsmála. Með þessari breytingu verður þjóðhagsáætlun fyrst og fremst lýsing á efnahagsstefnunni eins og hún er ákveðin af ríkisstjórn.

Yfirlit efnahagsstefnunnar 1999–2002.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var mynduð 28. maí 1999. Meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar var að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum og skapa þar með skilyrði fyrir aukinn hagvöxt. Stefna stjórnarinnar í gengis- og peningamálum sem og í ríkisfjármálum skyldi miðast við þetta meginmarkmið.

Ríkisfjármál.

Á árunum 1999–2001 óx íslenska hagkerfið hratt og kom sá vöxtur í kjölfarið á 5–6% hagvexti nokkur ár þar á undan. Megineinkenni stefnunnar í ríkisfjármálum á þessum árum var að tryggja að ríkissjóður yrði rekinn með myndarlegum afgangi. Þannig var hið hagstæða árferði nýtt til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og um leið lagður grunnur að mögulegum skattalækkunum.

Tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu tímabili var 32 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2002 og lánsfjárafgangurinn á sama tíma var samanlagt 25 milljarðar kr. miðað við verðlag árið 2002. Rétt er að geta þess að lánsfjárafgangurinn hefði orðið helmingi hærri ef ekki hefði komið til sérstök lántaka ríkissjóðs 2001 til að styrkja stöðu Seðlabanka Íslands.

Jafnframt nema uppreiknaðar greiðslur ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árunum 1999–2001 34 milljörðum kr. með vöxtum.

Í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2000 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um aðgerðir í ríkisfjármálum sem ætlað var að greiða fyrir samningum og treysta þar með stöðugleikann í efnahagslífinu. Samþykkt var að draga úr tekjutengingu barnabóta og skyldi sú ákvörðun koma til framkvæmda í þremur áföngum á árunum 2001–2003. Einnig var samþykkt að

undirbúa breytingar á löggjöf um fæðingarorlof og var frumvarp þar að lútandi samþykkt í maímánuði árið 2000.

Ýmsar breytingar voru gerðar á almannatryggingakerfinu sem miða að því að tryggja og bæta hag þeirra aldraðra og öryrkja sem lægstar tekjur hafa.

Mikilvæg skref voru stigin í einkavæðingu ríkisfyrirtækja á þessum árum. Í október 1999 seldi ríkissjóður 51% hlut sinn í FBA til dreifðs hóps fjárfesta og í desember sama ár voru samþykkt frá Alþingi lög um heimild til ríkissjóðs um sölu á 15% hlutafjár í ríkisbönkunum, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Alþingi samþykkti einnig að heimila sölu á Landssíma Íslands. Sala á hlutabréfum í Landssímanum hófst í september 2001 en þar sem markaðsaðstæður höfðu versnað verulega tókst ekki að selja allt það hlutafé sem í boði var og var því sölunni frestað um sinn.

Á árinu 1999 tók verðbólga að gera vart við sig á nýjan leik. Á árunum 1994–1998 var hún að jafnaði 2% en á síðari helmingi ársins 1999 og fyrri helmingi árs 2000 hækkaði neysluverðsvísitalan um 5–6%. Verðbólgan hjaðnaði nokkuð þegar líða tók á árið 2000 og var hún 3,5% yfir árið. En á árinu 2001 hækkaði verðbólgan umtalsvert og mældist 9,4% yfir árið, en það var mesta hækkun á 12 mánuðum frá því 1990. Halli á viðskiptum við útlönd fór vaxandi, árið 1997 var hallinn 1,7% af vergri landsframleiðslu en árið 2000 var hallinn kominn í rúmlega 10% af vergri landsframleiðslu. Megineinkenni þessa halla var að hann var ekki tilkominn vegna skuldbindinga ríkissjóðs heldur fyrst og fremst vegna fjárfestinga og neyslu einstaklinga og fyrirtækja. Þess var því að vænta að þegar draga tæki úr þeirri þenslu sem hafði myndast mundi hallinn réttast af og jafnvægi kæmist á í viðskiptum við útlönd. Aðhald í rekstri ríkissjóðs sem og í peningamálastefnu Seðlabanka ásamt þeirri samsetningu viðskiptahallans sem áður var getið leiddi til þess að hallinn fór í 4,3% af vergri landsframleiðslu árið 2001 og nú stefnir í hallalaus viðskipti við útlönd á árinu 2002.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á skattalöggjöfinni á síðustu árum. Markmið breytinganna hefur verið að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og auka kaupmátt almennings. Tekjuskattshlutfall einstaklinga hefur lækkað og hlutfall ríkisins í staðgreiðslunni er nú 25,75% og hefur það hlutfall ekki verið lægra síðan staðgreiðsla var tekin upp árið 1988. Gripið hefur verið til ýmissa skattalegra aðgerða til að örva þjóðhagslegan sparnað. Má þar nefna að heimildir fólks til viðbótarlífeyrissparnaðar voru hækkaðar úr 2% í 4%. Einnig voru sett sérstök skattaleg ákvæði vegna kaupa starfsfólks á hlutabréfum samkvæmt kaupréttarákvæðum.

Árið 2001 voru samþykktar á Alþingi umfangsmiklar breytingar á skattalögunum. Meðal helstu breytinga var að tekjuskattur fyrirtækja lækkaði almennt úr 30% í 18% hinn 1. janúar 2002. Einnig voru verðbólgureikningsskil afnumin og fyrirtækjum var heimilað að færa bókhald og ársreikninga sína í erlendri mynt. Eignarskattur fyrirtækja og einstaklinga var lækkaður úr 1,2% í 0,6% miðað við árslok 2002. Frítekjumörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga (hátekjuskatti) hækkuðu um 15%, skattlagning húsaleigubóta var afnumin og tekjuskattur einstaklinga lækkaði um 0,33% frá og með ársbyrjun 2002.

Í tengslum við þá ákvörðun aðila vinnumarkaðarins að fresta endurskoðun verðlagsmarkmiða kjarasamninganna sem gerðir voru árið 2000 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um aðgerðir í ríkisfjármálum. Þar var því lýst yfir að gengju verðlagsmarkmið samninganna eftir mundi ríkisstjórnin beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,27% á árinu 2003. Einnig lýsti ríkisstjórnin því að hún mundi beita sér fyrir því að tollar á grænmeti yrðu felldir niður á nokkrum mikilvægum afurðum og í öðrum tilvikum yrðu tollar lækkaðir verulega.

Hagvöxtur árið 1999 var 3,9%, árið 2000 var hann 5,5% og árið 2001 var hann 3,6%. Samkvæmt þjóðhagsspá er áætlað að hagvöxtur verði enginn á árinu 2002, en áður var talið

að landsframleiðslan mundi dragast saman um tæplega eitt prósent. Ástæðan er einkum sú að útflutningur hefur orðið meiri en áður var talið og er því nú spáð að viðskiptajöfnuðurinn verði í jafnvægi í fyrsta sinn síðan 1995. Verðbólga hefur hnigið hratt og örugglega og samkvæmt þjóðhagsspá verður hún um 2¼% á milli áranna 2002 og 2003 miðað við 4¾% á milli áranna 2001 og 2002.

Áætlað er að tekjuafgangur ríkissjóðs á árinu 2002 verði 17,2 milljarðar kr. og lánsfjárafgangur 10,7 milljarðar kr. Þessi niðurstaða úr rekstri ríkissjóðs er ánægjuefni þar sem sjóðurinn er áfram rekinn með afgangi þrátt fyrir að dregið hafi úr vexti hagkerfisins. Ríkissjóður er því áfram vel í stakk búinn til að takast á við það verkefni að tryggja stöðugleika og vaxtartækifæri í þjóðlífinu.

Peningamál.

Á árunum 1999–2001 urðu gagngerar breytingar á umgjörð og framkvæmd peningamálastefnunnar hér á landi. Í ársbyrjun 2000 voru málefni Seðlabanka Íslands flutt frá viðskiptaráðuneyti til forsætisráðuneytis. Í framhaldinu voru á vormánuðum 2001 samþykkt ný lög um Seðlabanka Íslands. Megininntak þeirra var að bankanum var veitt fullt sjálfstæði og honum gert að ná tilteknum verðbólgumarkmiðum. Á sama tíma var horfið frá gengisstefnu sem miðaði að því að íslenska krónan sveiflaðist innan tiltekinna vikmarka. Breyting þessi á lagaumhverfi og hlutverki bankans var í samræmi við þá þróun sem hafði orðið á erlendum vettvangi.

Meginmarkmið peningamálastefnunnar er að tryggja stöðugt verðlag. Áður en Seðlabankanum voru sett formleg verðbólgumarkmið var stöðugleiki í gengismálum millimarkmið bankans að því meginmarkmiði. Í september 1995 var formlegt svigrúm til breytinga á gengi íslensku krónunnar ákveðið +/–6% til hvorrar handar. Með því að halda gengisbreytingum innan þessara marka taldi bankinn að tryggja mætti stöðugt verðlag.

Á árinu 1999 tók verðlag að hækka og var það mat bankans að hækkunina mætti að verulegu leyti rekja til ofþenslu í þjóðarbúskapnum. Bankinn brást við þessum aðstæðum með því að herða verulega aðhald peningastefnunnar og freista þess þannig að hækka gengi krónunnar til mótvægis við verðlagshækkanir. Bankinn hækkaði vexti sína þrisvar á árinu 1999, samanlagt um 1,5 prósentustig.

Krónan styrktist við þessar aðgerðir bankans og undir lok ársins, þegar krónan var hvað sterkust, var gengi hennar rösklega 5% yfir miðgengi.

Á árinu 1999 setti Seðlabankinn nýjar reglur um lausafjárhlutfall bindiskyldra lánastofnana og voru þær taldar betur til þess fallnar en eldri reglur að tryggja að lánastofnanir ættu nægjanlegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum.

Gengi krónunnar hélt áfram að styrkjast á fyrsta ársfjórðungi ársins 2000. Ákveðið var að víkka vikmörk hennar úr +/–6% frá miðgildi í +/–9% frá miðgildi í febrúar það ár þar sem fyrri vikmörk þóttu hamla frekari styrkingu sem talin var nauðsynleg sem viðnám við vaxandi verðbólgu. Samtímis voru stýrivextir bankans hækkaðir og var gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum sterkast í lok apríl. Í júní hófst lækkunarferill krónunnar sem stóð með hléum til ársloka. Seðlabankinn reyndi að hamla gegn þessari lækkun gengisins með inngripum á gjaldeyrismarkaði, alls þrettán sinnum.

Á árinu 2000 hækkaði Seðlabankinn stýrivexti sína fjórum sinnum, alls um 2,5 prósentustig.

Gengi íslensku krónunnar hélt áfram að síga í upphafi árs 2001 og greip Seðlabankinn til aðgerða á gjaldeyrismarkaðinum þrisvar sinnum til að stöðva veikingu hennar.

Mikil viðskipti urðu síðan á gjaldeyrismarkaðinum í aðdraganda þeirra breytinga sem urðu 28. mars á hlutverki og starfsemi Seðlabankans. Þrátt fyrir nokkurn óróleika tókst Seðlabankanum að verja vikmörk krónunnar, en gengisvísitalan var komin mjög nærri efri mörkunum síðustu dagana fyrir 28. mars.

Hinn 23. maí 2001 voru samþykkt á Alþingi ný lög um Seðlabanka Íslands. Var bankanum veitt aukið sjálfstæði og honum sett verðbólgumarkmið. Bankinn hafði reyndar strax 27. mars afnumið vikmörk krónunnar á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og tekið upp verðbólgumarkmið sem ákvarðað hafði verið 2,5%. Í yfirlýsingunni kom fram að stefnt yrði að því að ná þessu verðbólgumarkmiði eigi síðar en í árslok 2003.

Seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína 27. mars 2001 um 0,5%. Þar með hófst vaxtalækkunarferill sem enn stendur yfir. Allt bendir til að verðbólgumarkmið það sem bankanum var sett náist innan þeirra tímamarka sem áætlað var.

Efnahagsstefnan 2003.

Mikill viðsnúningur hefur orðið í íslensku efnahagslífi á síðustu tveimur árum. Viðskiptahallinn sem var um 10% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2000 hefur dregist svo mjög saman að nú er því spáð að viðskiptajöfnuður við útlönd verði hallalaus á þessu ári. Yfir árið 2001 hækkaði vísitala neysluverðs um 9,4% en samkvæmt þjóðhagsspá verður hækkun vísitölunnar 2,25% á milli áranna 2002 og 2003. Þessar breytingar sýna mikla aðlögunarhæfni íslensks efnahagslífs sem og árangur þeirrar efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum.

Megininntak efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar verður því áfram hið sama. Tryggja þarf að það jafnvægi sem náðst hefur í efnahagslífinu haldist, þannig að fram gangi þær væntingar sem nú eru gerðar um hagvöxt á næstu árum.

Ríkisfjármál.

Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá stendur hagvöxtur í stað á þessu ári. Er það betri niðurstaða en áður var talin líkleg, en í spá sinni frá því í júní 2002 hafði Þjóðhagsstofnun gert ráð fyrir því að landsframleiðslan drægist saman um 0,8% að raungildi. Kaupmáttur ráðstöfunartekna mun samkvæmt nýrri þjóðhagsspá vaxa um 1,5% árið 2002 og hefur þá kaupmáttur vaxið átta ár í röð.

Hluti þeirra umfangsmiklu skattalækkana sem samþykktar voru á árinu 2001 komu til framkvæmda í upphafi árs 2002 Má þar nefna ákvæði um lækkun tekjuskatts fyrirtækja sem og lækkun á tekjuskatti einstaklinga. Önnur ákvæði, svo sem um lækkun eignarskatts einstaklinga og fyrirtækja, koma til framkvæmda í árslok 2002. Vænta má að þessar skattalækkanir muni örva atvinnulífið á næstu árum og styrkja enn frekar atvinnulíf landsmanna.

Mikilvægt er að ríkissjóður skilji eftir sem mest svigrúm í efnahagskerfinu til þess að atvinnulífið fái sem best dafnað. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir því að samneysluútgjöld vaxi einungis um 1%. Það er mun minni vöxtur heldur en verið hefur undanfarin ár, en samneyslan hefur vaxið um 3,5% að meðaltali síðustu ár. Þessi vöxtur samneyslunnar er ívið minni heldur en vöxtur einkaneyslunnar sem talið er að verði 1,25% árið 2003.

Á árinu 2003 er reiknað með því að ríkissjóður verði rekinn með 10,7 milljarða tekjuafgangi sem er 6,5 milljörðum kr. minni afgangur en áætlað er að verði á rekstri ríkissjóðs á árinu 2002. Þennan mun má fyrst og fremst rekja til þess að talið er að skatttekjur dragist saman á árinu um 4 milljarða kr. og eins er reiknað með minni tekjum af sölu eigna en á yfirstandandi ári. Reynsla sú sem fékkst meðal annars af lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 50% í 30% á síðasta áratug bendir til þess að sá samdráttur sem verður í tekjum ríkissjóðs

á árinu 2003 sé tímabundinn og reikna megi með að á næstu árum muni tekjur ríkissjóðs aukast vegna vaxandi umsvifa í hagkerfinu í kjölfar skattalækkunarinnar.

Í þjóðhagsspá er ekki gert ráð fyrir áhrifum stóriðju- eða virkjanaframkvæmda umfram það sem nú þegar hefur verið ákveðið að ráðast í. Líkur standa þó til að samningar takist um byggingu nýs álvers á Austfjörðum og einnig eru til athugunar möguleikar á aukinni raforkuframleiðslu í tengslum við stækkun álvera á suðvesturhorni landsins. Gott lag er nú í hagkerfinu til að ráðast í þær umfangsmiklu framkvæmdir sem hér er um að ræða og er mikilvægt að ríkissjóður verði á næstu árum áfram rekinn með afgangi þannig að ekki komi til óæskilegrar þenslu vegna þeirra.

Ekki liggur fyrir hvenær sölu á hlut ríkisins í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands lýkur. Þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvenær aftur verður hafist handa við sölu Landssíma Íslands. Miklu skiptir að vel sé vandað til sölu þessara mikilvægu fyrirtækja og framtíð þeirra tryggð. Hvað varðar sölu á Landssímanum er nauðsynlegt að bíða rétts tækifæris til að selja fyrirtækið. Ekki er einungis slæmt að selja eignir ríkisins undir sannvirði, heldur getur það líka verið tvíbent að selja ríkisfyrirtæki á yfirverði því nýir eigendur geta þá lent í alvarlegum rekstrarvandræðum. Dæmi um slíkt hafa komið fram við einkavæðingu símafyrirtækja og sölu þriðju kynslóðar farsímaleyfa í Evrópu. Ekki er því um að ræða þrýsting á ríkisvaldið að selja Landssímann að svo stöddu, öllu skiptir að Alþingi hefur samþykkt að selja fyrirtækið og því einungis um val á heppilegri tímasetningu að ræða.

Reiknað er með að kaupmáttur ráðstöfunartekna hækki á árinu 2003 um 2% og yrði það níunda árið í röð sem kaupmátturinn eykst. Í kjölfar endurskoðunar á almannatryggingakerfinu sem gerð var á árinu 2001 voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar og var meginmarkmið þeirra breytinga að bæta stöðu þeirra bótaþega sem hvað höllustum fæti stóðu. Nú á haustmánuðum ákvað ríkisstjórnin að efna til samráðs við eldri borgara með það að markmiði að bæta kjör þeirra enn frekar en nú er. Vænta má að í nóvember liggi fyrir tillögur um aðgerðir á árinu 2003.

Þriðji og síðasti áfangi í breytingum á greiðslu barnabóta kemur til framkvæmda á næsta ári. Þar með er að fullu lokið þeim umbótum á þessum málaflokki sem samþykkt var að ráðast í við gerð kjarasamninga árið 2000.

Ljóst er að verðbólga er nú á hraðri niðurleið og að á næsta ári verður hún innan þeirra marka sem Seðlabanka Íslands er ætlað að halda henni innan. Hagkerfið aðlagaði sig hratt að breyttum aðstæðum sem upp komu í kjölfar þeirrar þenslu sem tók að gera vart við sig undir lok síðasta áratugar. Þessa hröðu aðlögun má helst rekja til þess sveigjanleika sem felst í gengi íslensku krónunnar sem og auknum útflutningi. Miklu skiptir að aðlögunin tókst án þess að til kæmi alvarlegs atvinnuleysis eða kollsteypu í efnahagslífinu.

Mikilvægt er að vel takist að samræma stjórn ríkisfjármála og peningamála. Styrk stjórn ríkisfjármála þar sem aðhald og festa eru leiðarsteinar auðveldar stjórnun peningamála. Seðlabankinn hefur styrkt stöðu sína á gjaldeyrismarkaði með aukningu eigin fjár. Á undanförnum missirum hefur bankinn sýnt að honum er vel treystandi fyrir hinu nýja hlutverki sínu. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir því að gengi íslensku krónunnar verði í meginatriðum það sama árið 2003 og á árinu 2002 og að meðaltal gengisvísitölunnar verði 130 stig.

Af öðrum málum má nefna að á árinu voru lögð fram á Alþingi frumvörp um skipan vísinda- og rannsóknamála. Frumvörpin hafa verið til skoðunar undanfarið og verða lögð fram að nýju á haustþinginu. Stefnt er að því að lögin komi til framkvæmda fyrir árslok 2002.

Í byggðamálum er lögð áhersla á að skapa sem best skilyrði fyrir verðmætasköpun út um hinar dreifðu byggðir landsins. Reynslan sýnir að ef fyrirtækin þrífast vel þá mun heimil-

unum farnast vel og búseta treystast. Nokkrar leiðir í þessu efni hafa verið settar fram í byggðaáætlun sem lögð var fyrir Alþingi síðasta vor. Tillögurnar byggjast á því að styðja byggðakjarna á landsbyggðinni og skapa þannig lífvænlegt starfsumhverfi.

Undanfarið hefur hið opinbera búið í haginn fyrir stóriðju á Austurlandi og er líklegt að af stóriðjuframkvæmdum verði. Þetta mun bæta búsetuskilyrði á Austurlandi mikið og er líklegt að í kjölfarið muni Mið-Austurland styrkjast mjög sem byggðakjarni.

Meginatriði þjóðhagsspár.

Í kjölfar þess að Þjóðhagsstofnun var lögð niður með lögum frá Alþingi var verkefnum hennar dreift til Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytis. Meðal þeirra verkefna sem fjármálaráðuneytinu voru falin var gerð þjóðhagsspár.

Í þeirri þjóðhagsspá sem birtist í „Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2002“ kemur fram að hagvöxtur árið 2003 er nokkru minni en áður var áætlað. Í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar frá 21. júní 2002 var gert ráð fyrir að hagvöxtur árið 2003 yrði 2,4%. Ástæðan fyrir þessum mismun er að í spá Þjóðhagsstofnunar var gert ráð fyrir að vöxtur í fjármunamyndun á árinu 2003 yrði 9,9% en í núgildandi þjóðhagsspá er reiknað með að vöxturinn verði umtalsvert minni eða 1,7%. Eins var gert ráð fyrir töluvert meiri aukningu samneyslu á árinu í spá Þjóðhagsstofnunar, 3% samanborið núverandi spá sem gerir ráð fyrir 1% vexti í samneyslunni.

Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir að þjóðarframleiðslan standi í stað á þessu ári en dragist ekki saman um 0,8% eins og talið var að yrði raunin í spá Þjóðhagsstofnunar. Meginniðurstaðan er sú að tekist hefur að koma í veg fyrir alvarlegan samdrátt í kjölfar umtalsverðrar hagvaxtaraukningar undanfarinna ára.

Einkaneysla mun vaxa á árinu 2003 eftir tveggja ára samdráttarskeið. Einkaneyslan mun vaxa umfram vöxt samneyslunnar en þó minna en nemur áætlaðri aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna. Sparnaður mun því aukast á árinu 2003.

Gert er ráð fyrir að jafnvægi muni ríkja í viðskiptum Íslendinga við útlönd á árinu 2003 og er talið að hallinn á viðskiptajöfnuðinum verði innan við einn milljarður króna.

Verðbólga innan ársins 2002 er áætluð 1,5%. Styrking íslensku krónunnar er ein meginástæða þess að svo mjög hefur dregið úr verðbólgu en á árinu 2001 var verðbólga innan ársins 9,4%. Á næsta ári er talið að verðbólgan verði um 2,25% og er þá miðað við að gengi íslensku krónunnar verði um 130 stig, launahækkanir verði í kringum 3,5% og launaskrið hverfandi.

Þjóðhagsyfirlit 2000-2003.

	Milljarðar króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
		Bráðab.	Áætlun	Spá		Bráðab.	Áætlun	Spá
	2000	2001	2002	2003	2000	2001	2002	2003
1. Einkaneysla	389,6	408,4	423,6	439,5	4,0	-3,0	-1	1¼
2. Samneysla	156,7	175,5	188,9	196,1	3,7	3,2	2¾	1
3. Fjármunamyndun	156,5	166,2	148,6	154,2	14,8	-4,4	-14¾	1¾
Atvinnuvegafjárfesting	101,0	103,3	82,2	86,9	14,9	-9,3	-20¾	3½
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	25,5	30,5	33,0	33,0	10,5	12,9	-¼	-2
Fjárfesting hins opinbera	30,0	32,3	33,4	34,3	18,1	-0,7	-7	½
4. Neysla og fjárfesting alls	702,8	750,1	761,1	789,8	6,2	-2,2	-3¼	1½
5. Birgðabreytingar [2]	2,5	-2,1	-0,2	0	0,4	-0,8	¼	0
6. Þjóðarútgjöld, alls	705,3	748,0	760,9	789,8	6,7	-3,0	-3	1½
7. Útflutningur vöru og þjónustu	231,6	303,4	318,4	329,4	5,0	7,8	5¼	3½
8. Innflutningur vöru og þjónustu	278,6	307,3	292,4	303	8,0	-9,0	-2¾	3
9. Verg landsframleiðsla	**658,3**	**744,2**	**786,9**	**816,6**	**5,5**	**3,6**	**0**	**1½**
10. Jöfnuður þáttatekna	-20,2	-27,4	-24,9	-27,0	-	-	-	-
11. Rekstrarframlög	-0,8	-1,0	-0,7	-0,8	-	-	-	-
12. Viðskiptajöfnuður (7.–8.+10.+11.)	-68,0	-32,2	0,4	-1		-	-	-
13. Vergar þjóðartekjur (9.+10.)	**638,1**	**716,8**	**762,0**	**789,6**	**4,6**	**3,0**	**½**	**1½**
14. Viðskiptakjaraáhrif [3]	-	-	-	-	-1,0	0,2	¾	-¼
15. Vergar þjóðartekjur með viðskiptakjaraáhrifum	-	-	-	-	3,5	3,1	1¼	1¼
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-10,3	-4,3	0	0	-	-	-	-

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.
[2] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.
[3] Hlutfall af vergum þjóðartekjum fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita orsaka fyrir mismunandi matvælaverði á Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins. Í þessu skyni fari fram nákvæmur samanburður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins og þeim skilyrðum sem matvælaframleiðslu og matvöruverslun eru búin í hverju

landi fyrir sig. Jafnframt verði sérstaklega leitt í ljós hvort ólík tenging Norðurlanda við Evrópusambandið hafi áhrif á mismunandi þróun matvælaverðs í löndunum.

Niðurstöðum þessarar athugunar skal skila til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt þessarar tillögu.

Greinargerð.

Tvennt vegur þyngst í fjárhagslegri afkomu heimilanna í landinu, annars vegar kostnaður við íbúðarhúsnæði og hins vegar matarkostnaður sem hér er gerður að umtalsefni. Þetta tvennt ræður í raun úrslitum um þau lífsgæði sem almenningi í landinu eru búin.

Hátt matvælaverð hér á landi er staðreynd. Það sýna fyrirliggjandi tölfræðigögn svo að ekki verður um villst. Samanburðurinn er verulega óhagstæður hvort sem litið er til annarra Norðurlanda eða Evrópusambandsins í heild. Nákvæm greining á orsökum þessa liggur ekki fyrir en slíkt er forsenda þess að málefnaleg umræða geti farið fram um leiðir til að draga úr þessum mun eða eyða honum, en slíkt er stórkostlegt hagsmunamál fyrir almenning.

Þróun vísitalna neysluverðs á Norðurlöndum.

Með fyrirspurn til ráðherra Hagstofu Íslands á síðasta þingi óskaði fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu upplýsinga um þróun matvöruverðs á Norðurlöndum. Spurt var hvernig verðlagsvísitala matvæla, í fyrsta lagi grænmetis, í öðru lagi landbúnaðarafurða og þriðja lagi allra matvæla, hefði þróast á Norðurlöndunum á árunum 1990–2000 sundurliðað eftir árum og á tímabilinu í heild. Í svari ráðherra voru eftirfarandi töflur settar fram en þær sýna þróun vísitalnanna á umræddu tímabili en upplýsingum fyrir árið 2001 hefur verið bætt við:

Tafla 1. Vísitölur fyrir matvæli á Norðurlöndum, 1990–2001 (1996=100).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Danmörk	90,7	91,3	92,8	92,6	95,3	98,2	100,0	103,4	104,8	104,8	106,4	110,6
Finnland	103,0	107,1	108,0	107,8	107,9	101,9	100,0	101,5	103,2	102,8	103,9	108,4
Svíþjóð	103,3	108,0	102,5	103,2	105,0	106,5	100,0	101,0	102,4	103,8	104,0	107,4
Noregur	93,8	96,0	97,1	96,0	98,2	99,3	100,0	103,1	108,0	111,1	113,3	111,3
Ísland	90,4	92,9	94,2	96,3	94,1	96,8	100,0	102,9	105,7	109,2	113,7	121,5

Tafla 2. Vísitölur fyrir grænmeti á Norðurlöndum, 1990–2001 (1996=100).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Danmörk	87,1	90,6	91,5	91,8	96,2	100,9	100,0	97,2	96,3	93,8	87,6	86,4
Finnland	112,9	116,2	116,0	121,1	112,9	101,1	100,0	99,9	106,5	106,3	105,4	109,6
Svíþjóð	96,8	103,1	95,2	99,1	106,7	111,1	100,0	98,0	101,2	108,5	103,3	111,7
Noregur	85,1	85,6	87,0	85,2	93,9	100,2	100,0	99,9	108,7	112,3	116,8	111,8
Ísland	78,9	75,6	72,4	89,1	82,9	91,2	100,0	103,7	108,1	111,2	115,0	117,1

Tafla 3. Vísitölur fyrir landbúnaðarvörur á Norðurlöndum, 1990–2001 (1996=100).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Danmörk	95,1	94,0	95,0	94,5	95,7	98,2	100,0	103,2	102,8	102,3	103,3	107,1
Finnland	114,1	117,4	116,7	115,9	114,9	102,7	100,0	100,0	101,1	100,3	101,4	107,3
Svíþjóð	107,8	112,2	105,8	106,3	107,9	107,0	100,0	100,0	100,5	102,2	102,2	107,4
Noregur	98,3	99,9	101,1	99,1	99,2	99,2	100,0	103,1	107,6	110,1	111,7	108,4
Ísland	95,4	127,7	101,0	99,5	95,7	96,6	100,0	101,8	105,7	108,5	112,3	117,1

Úr framangreindum töflum má lesa að matvælaverð hefur stigið mun hraðar hér á landi síðustu fimm árin – frá árinu 1996 þegar vísitölur landanna voru settar á hundrað – en á öðrum Norðurlöndum. Noregur fylgir okkur þó fast á eftir framan af en á árinu 2001 virðist skilja verulega á milli.

Samanburður á vísitölum landanna segir þó aðeins hálfa söguna þar sem þær sýna aðeins verðbreytingar innan lands í hverju ríki fyrir sig og af þeim verður því ekkert ráðið um mun á verðlagi milli ríkjanna.

Samanburður matvælaverðs á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu.

Í júní á síðasta ári gaf norska hagstofan (Statistisk sentralbyrå) út athyglisverða skýrslu um verðlag á matvælum á Norðurlöndum og í Þýskalandi og Evrópusambandinu á árunum 1994–2000 (Rapporter 2001/20). Niðurstöður skýrslunnar eru sláandi þegar matvælaverð á Íslandi er borið saman við matvælaverð á Norðurlöndum og í Þýskalandi annars vegar og hins vegar við meðaltalsverð matvæla í Evrópusambandsríkjunum.

Í skýrslunni er að finna verðsamanburð á milli ýmissa matvælaflokka. Við samanburðinn er farin sú leið að fundið er út meðaltalsverð hvers matvælaflokks í Evrópusambandsríkjunum og því gefið gildið 100. Ef verð matvæla í tilteknum flokki hér á landi mælist t.d. 120 þýðir það að verðið hér er 20% hærra en meðaltalið í Evrópusambandsríkjunum. Verður nú gerð grein fyrir helstu niðurstöðum skýrslunnar.

Hæsta matvælaverðið á Íslandi og í Noregi.

Samkvæmt niðurstöðum norsku hagstofunnar var matvælaverð hér á landi á árinu 2000 *69% hærra* en í umræddum Evrópusambandsríkjum. Í Noregi var matvælaverð 62% hærra en í Evrópusambandsríkjunum. Önnur Norðurlönd eru einnig með nokkru hærra verð en lægsta matvælaverð á Norðurlöndum reyndist vera í Finnlandi. Í Þýskalandi var matvælaverð rétt yfir meðaltalsverði í Evrópusambandslöndunum fimmtán, sbr. töflur hér á eftir.

Tafla 4.
Verðlagsvísitölur fyrir matvörur á Norðurlöndunum og Þýskalandi 1994–2000[1]. ESB15=100.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Þýskaland
1994	136	132	136	137	125	110
1995	136	120	129	139	121	110
1996	134	112	126	139	119	105
1997	138	110	129	148	115	103
1998	129	110	145	151	118	106
1999	129	110	154	157	121	105
2000	129	110	169	162	125	10

[1] Tölurnar fyrir árin 1999 og 2000 eru framreiknaðar af norsku hagstofunni út frá tölum ársins 1998.

Inni í þessum útreikningum er verð allra flokka matvæla. Áberandi er hversu mjög munurinn eykst á árunum 1997–2000. Þetta endurspeglast jafnframt þegar þróun verðlags í einstökum vöruflokkum er skoðað.

Einstakir matvælaflokkar.

Fróðlegt er að skoða verðmun milli landanna eftir einstökum matvælaflokkum. Það sama virðist vera upp á teningnum þegar einstakir flokkar eru skoðaðir, þá sést að verulega byrjar að halla á Ísland á árabilinu 1997–2000.

Brauð, kornvörur o.fl.

Tafla 5.

Verðlagsvísitölur fyrir brauð, kornvörur o.fl. á Norðurlöndunum og í Þýskalandi 1994–2000[1]. ESB15=100.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Þýskaland
1994	138	152	122	128	124	116
1995	136	137	127	135	131	112
1996	135	129	124	133	131	109
1997	132	127	135	134	125	106
1998	138	125	157	154	130	110
1999	141	125	167	160	134	110
2000	142	126	180	165	141	109

[1] Tölurnar fyrir árin 1999 og 2000 eru framreiknaðar af norsku hagstofunni út frá tölum ársins 1998.

Þessum flokki matvæla tilheyrir ekki aðeins brauð og þess háttar heldur jafnframt grjón, pastavörur, frosnar pitsur, morgunkorn o.fl. Í ljós kemur að í þessum flokki matvæla var verð hér á landi *80% hærra* en að meðaltali í Evrópusambandsríkjunum árið 2000. Athyglisvert er að hér er um vörur að ræða sem að langmestu leyti er fluttar inn til landsins og sérstakar innflutningshömlur eru engar og er m.a. af þeim sökum erfitt að átta sig á gífurlegum verðmun sem hér er þótt vafalaust megi skýra hluta hans með vísan til flutningskostnaðar, óhagkvæmni stærðarinnar í magninnkaupum og þess háttar.

Kjötvörur.

Tafla 6.

Verðlagsvísitölur fyrir kjötvörur á Norðurlöndunum og í Þýskalandi 1994–2000[1]. ESB15=100.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Þýskaland
1994	130	133	144	141	132	114
1995	138	119	156	144	125	116
1996	140	106	149	152	120	109
1997	149	98	147	161	111	108
1998	132	100	154	160	112	117
1999	133	99	165	169	113	116
2000	136	99	174	171	118	114

[1] Tölurnar fyrir árin 1999 og 2000 eru framreiknaðar af norsku hagstofunni út frá tölum ársins 1998.

Kjötvörur voru *74% dýrari* á Íslandi árið 2000 en í Evrópusambandsríkjunum fimmtán. Noregur fylgir okkur fast á eftir og þá Danmörk með 36% hærra verð. Ætla má að ástæður þessa liggi fyrst og fremst í háum framleiðslukostnaði á kjöti hér á landi og innflutningshömlum.

Sjávarafurðir.
Tafla 7.
Verðlagsvísitölur fyrir sjávarafurðir á Norðurlöndunum og í Þýskalandi 1994–2000[1]. ESB15=100.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Þýskaland
1994	123	93	80	109	103	112
1995	134	93	87	111	101	127
1996	131	84	83	109	100	121
1997	132	78	84	110	97	118
1998	110	83	87	109	107	114
1999	111	85	97	115	109	114
2000	112	84	112	119	111	112

[1] Tölurnar fyrir árin 1999 og 2000 eru framreiknaðar af norsku hagstofunni út frá tölum ársins 1998.

Á árinu 2000 voru sjávarafurðir *12% dýrari* hér á landi en í Evrópusambandslöndunum fimmtán. Í þessum flokki kemur Ísland einna skást út. Á hitt er þó að líta að Íslendingar eru fiskveiðiþjóð og sjávarafurðir langmesta útflutningsafurð þjóðarinnar. Spyrja má hvort eðlilegt sé að fiskur sem veiddur er hér við land og fluttur til Evrópulanda sé ódýrari út úr búð þar en ef hann væri seldur beint til neytenda hér á landi. Eiga íslenskir neytendur í svo harðri samkeppni við útflutninginn að smásöluverð á sjávarafurðum hækki langt fram yfir það sem getur talist eðlilegt, að teknu tilliti til kostnaðar við veiðarnar o.fl.?

Mjólkurvörur og egg.
Tafla 8.
Verðlagsvísitölur fyrir mjólkurvörur og egg á Norðurlöndunum og í Þýskalandi 1994–2000[1]. ESB15=100.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Þýskaland
1994	115	111	135	143	112	94
1995	121	107	126	147	109	94
1996	117	101	122	145	111	89
1997	123	102	131	162	111	85
1998	104	104	144	155	108	87
1999	106	105	154	160	111	86
2000	107	106	172	164	116	85

[1] Tölurnar fyrir árin 1999 og 2000 eru framreiknaðar af norsku hagstofunni út frá tölum ársins 1998.

Í þessum flokki eiga heima allar mjólkurafurðir, að frátöldu smjöri, og jafnframt egg. Verð matvæla í þessum flokki var *72% hærra* hér á landi en í Evrópusambandsríkjunum fimmtán á árinu 2000. Eflaust má rekja þennan mikla mun til mikils framleiðslukostnaðar hér á landi og innflutningshamla.

Smjör og matarolía.
Tafla 9.
Verðlagsvísitölur fyrir smjör og matarolíu á Norðurlöndunum og í Þýskalandi 1994–2000[1]. ESB15=100.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Þýskaland
1994	113	173	123	128	134	106
1995	116	129	105	131	122	104
1996	112	113	93	124	117	96
1997	125	121	104	145	124	99
1998	133	121	131	145	125	110
1999	133	123	144	151	129	106
2000	135	124	158	158	134	104

[1] Tölurnar fyrir árin 1999 og 2000 eru framreiknaðar af norsku hagstofunni út frá tölum ársins 1998.

Í þessum flokki matvæla deilir Ísland hæsta verðinu með Noregi en í þessum tveimur löndum var verðið *58% hærra* en í Evrópusambandslöndunum fimmtán.

Ávextir og grænmeti.
Tafla 10.
Verðlagsvísitölur fyrir ávexti og grænmeti á Norðurlöndunum og í Þýskalandi 1994–2000[1]. ESB15=100.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Þýskaland
1994	163	131	138	135	130	122
1995	155	124	130	144	131	114
1996	154	119	133	144	126	112
1997	149	118	134	150	118	110
1998	134	114	160	150	124	107
1999	131	112	168	156	131	105
2000	123	111	187	164	131	104

[1] Tölurnar fyrir árin 1999 og 2000 eru framreiknaðar af norsku hagstofunni út frá tölum ársins 1998.

Undir þennan flokk falla einnig kartöflur o.fl. Verðlag reyndist *87% hærra* hér á landi en í Evrópusambandslöndunum og er þetta mesti munur sem mældist. Ýmislegt hefur gerst í þessum málum síðan þessar tölur voru fengnar og má gera ráð fyrir að munurinn hafi minnkað eitthvað. Hér má gera ráð fyrir að sömu þættir og áður hafa verið tilgreindir hafi mest áhrif, þ.e. mikill framleiðslukostnaður hér á landi og háir verndartollar.

Aðrar matvörur.

Tafla 11.

Verðlagsvísitölur fyrir „aðrar matvörur" á Norðurlöndunum og í Þýskalandi 1994–2000[1]. ESB15=100.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Þýskaland
1994	153	144	164	146	133	105
1995	138	125	120	134	117	105
1996	132	118	117	134	117	102
1997	135	123	121	143	117	98
1998	139	126	136	151	125	95
1999	139	123	143	157	124	95
2000	140	124	157	165	129	93

[1] Tölurnar fyrir árin 1999 og 2000 eru framreiknaðar af norsku hagstofunni út frá tölum ársins 1998.

Í þennan flokk fara þau matvæli sem ekki falla undir aðra flokka, svo sem sykur, sælgæti, kaffi, te o.fl. Hæsta verðið reyndist vera í Noregi árið 2000. Þar var það 65% hærra en í Evrópusambandslöndunum fimmtán. Næst kemur Ísland með *57% hærra* verð og þá Danmörk með 40% hærra verð. Sama gildir um þennan flokk og flokkinn sem nefndur var „brauð, kornvörur o.fl.", sbr. töflu 5, að engar sérstakar innflutningshömlur eru lagðar á til að vernda innlenda framleiðslu enda er hún lítil og engin í mörgum tilvikum. Því er erfitt að skilja hinn gífurlega verðmun.

Hverjar eru orsakir mismunandi matvælaverðs á Norðurlöndum?

Í áðurgreindri fyrirspurn til ráðherra Hagstofu Íslands var þess jafnframt óskað að ef í ljós kæmu veruleg frávik í þróun vísitalna matvælaverðs milli landanna yrði tilgreint hverjar ástæður væru helst taldar liggja þar að baki. Sérstaklega var óskað eftir mati á því hvort skýringa væri að leita í mismunandi tengslum landanna við Evrópusambandið, mismunandi framleiðslu- og verslunarháttum eða sérstökum verndaraðgerðum í þágu innlendrar framleiðslu.

Eins og reifað hefur verið hér að framan kom fram í svari ráðherra að vísitölur fyrir matvæli höfðu hækkað langmest á Íslandi og í Noregi á tímabilinu, þ.e. í löndunum tveimur sem standa utan Evrópusambandsins. Ekki var talið unnt samkvæmt svarinu að ráðast í nákvæman samanburð á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á Norðurlöndum né þeim skilyrðum sem þessum greinum er búin í hverju landi fyrir sig. Ekki þótti heldur gerlegt að leggja mat á það hvort skýringa væri að leita í mismunandi tengslum ríkjanna við Evrópusambandið. Taldi ráðherra að ekki lægi fyrir greining á handbærum tölfræðigögnum um verðlagsþróun sem skýrt gæti mismunandi þróun þeirra vísitalna sem vísað er til í svarinu. Ráðuneytið benti þó á að mismunandi hlutfall virðisaukaskatts hefði áhrif á verðmælingar í löndunum.

Samfylkingin telur það eitt brýnasta hagsmunamál heimilanna í landinu að þau búi við áþekkt matvælaverð og gerist í nágrannalöndunum og því leggja flutningsmenn til að bætt verði úr þeim þekkingarskorti sem fyrrgreint svar ráðherra afhjúpar og fengnar verði upplýsingar um orsakir mismunandi matvælaverðs í löndunum. Í þessu skyni er nauðsynlegt að fram fari nákvæmur samanburður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á Norðurlöndum og þeim skilyrðum sem matvælaframleiðslu og matvöruverslun eru búin í hverju landi fyrir sig. Jafnframt verður ekki undan því vikist að kanna sérstaklega hvort ólík tenging Norðurlanda við Evrópusambandið hafi áhrif á mismunandi þróun matvælaverðs í löndunum. Sú

staðreynd að matvælaverð er hæst á Íslandi og í Noregi svo tugum prósenta skiptir bendir til að svo sé.

Ljóst er að tillaga þessi felur í sér mikla vinnu. Hins vegar er brýnt að henni verði lokið sem allra fyrst og því er lagt til að niðurstöður skuli liggja fyrir innan sex mánaða frá því að tillagan verður samþykkt af Alþingi. Það er jafnframt trú flutningsmanna þessarar tillögu að málið fái skjóta meðferð á Alþingi enda um að ræða eitt mikilvægasta hagsmunamál íslenskra neytenda og almennings alls.

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um að einkavæðingarnefnd verði leyst frá störfum og frekari einkavæðing stöðvuð.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að leysa einkavæðingarnefnd frá störfum og stöðva frekari einkavæðingu opinberra fyrirtækja og stofnana.

Greinargerð.

Í kjölfar þess að nefndarmaður í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar sagði sig úr nefndinni vegna þess að hann taldi vinnubrögð hennar mjög ámælisverð hefur forsætisráðherra óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að á hennar vegum fari fram úttekt á tilteknum verkþáttum í starfi nefndarinnar. Fyrr á árinu beindi forsætisnefnd Alþingis, að beiðni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, því til Ríkisendurskoðunar að „hún geri ítarlega úttekt á störfum einkavæðingarnefndar með sérstakri hliðsjón af einkavæðingu Landsímans hf. sem um leið verði könnuð sérstaklega“.

Enda þótt erindi þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi á sínum tíma beinst fyrst og fremst að Landssíma Íslands hf. kom skýrt fram að jafnframt ætti að kanna einkavæðingarferlið almennt og aðkomu einkavæðingarnefndar að því eftir því sem tilefni væri til. Í beiðni þingflokksins um þetta efni frá 30. janúar 2002 segir orðrétt: „Athuguð verði vinnubrögð, verklag og stjórnskipuleg staða einkavæðingarnefndar, kostnaður við störf hennar bæði vegna eigin verkefna og aðkeyptrar vinnu, hvort útgjöld nefndarinnar hafi verið í samræmi við fjárheimildir, hvernig staðið er að ákvarðanatöku af hálfu nefndarinnar og annað sem efni standa til.“ Enginn sem fylgst hefur með einkavæðingarferlinu og störfum einkavæðingarnefndar getur velkst í vafa um að þar er margt sem þarf athugunar við. Í nefndinni hafa átt sæti einstaklingar sem eru nátengdir atvinnulífinu og þá einnig þeim fyrirtækjum sem hafa hagnast á einkavæðingunni. Hörð gagnrýni, m.a. á Alþingi, hefur komið fram vegna mjög hárra greiðslna til nefndarmanna en einkum hafa vinnubrögð nefndarinnar verið gagnrýnd, m.a. af Ríkisendurskoðun, og nú síðast af einum nefndarmanna sem segist aldrei hafa kynnst eins slæmum og ámælisverðum vinnubrögðum og tíðkist í nefndinni.

Um einkavæðinguna sem og þá pólitísku stefnu sem hún er byggð á hafa verið mjög skiptar skoðanir í þjóðfélaginu. Á 125. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem Ögmundur Jónasson var fyrsti flutningsmaður að, um að sérstakri nefnd skyldi falið að skoða verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila, en því miður hefur það starf tafist. Til viðbótar pólitískum ágreiningi er einnig

ljóst að mikið skortir á að aðgerðir í þessum efnum hafi verið undirbúnar sem skyldi, stefna mótuð og skýrar verklagsreglur ákveðnar fyrirfram. Sú gagnrýni sem hér er til umræðu lýtur að öllu þessu en þó sérstaklega óöguðum og óvönduðum vinnubrögðum og hugsanlega einnig hagsmunaárekstrum í starfi. Þá hafa vaknað ýmsar spurningar um samskipti einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar, eftirlit og aðhald hennar gagnvart þeim stofnunum í almannnaeign sem gerðar hafa verið að hlutafélagi. Þannig bárust fréttir af ágreiningi og átökum á milli einkavæðingarnefndar annars vegar og þeirra aðila sem falin var umsjá Landssíma Íslands hf. hins vegar. Hvorki Alþingi né almenningur hefur verið upplýstur um þennan ágreining og aðkomu einkavæðingarnefndar og afskipti hennar af Landssímanum hf.

Allt þetta þarf að upplýsa og þykir þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ekki annað forsvaranlegt en að einkavæðingarnefnd verði leyst frá störfum þegar í stað og einkavæðingarferlið stöðvað, jafnt breytingar á rekstrarformi fyrirtækja sem bein sala, þar til úttekt Ríkisendurskoðunar liggur fyrir. Gildir það um athugunina sem embættið lætur nú fara fram samkvæmt beiðni forsætisráðuneytisins og einnig þá rannsókn sem framkvæmd er að beiðni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það á svo að vera Alþingis og ríkisstjórnar þegar þar að kemur að taka ákvarðanir um framhaldið. Í þeim efnum liggur skýr stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir. Flokkurinn er andvígur einkavæðingu í velferðarþjónustunni og einnig einkavæðingu mikilvægra almannaþjónustufyrirtækja, en verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila, sem og leikreglur í samskiptum þeirra, er eðlilegt og þarft að yfirfara og ræða.

5. Frumvarp til laga [5. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félags-

manna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir (6 x 30 = 180 dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði (3 x 30 = 90 daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætast 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga á launþeginn orðið lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir og má rifja hana upp síðar ef þurfa þykir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 14 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 14 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek“ LÍÚ í þessum efnum er einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en flutningsmaður kann þá sögu. Oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjara-

deilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt að þessu sinni.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem ákveðnar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum.

Frumvarp sama efnis var flutt á 126. og 127. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1985 – 31. desember 2003*)

Gildistími kjara-samninga eða laga	Undirskrift kjara-samninga eða laga	Samningslaust tímabil
15.01.85–30.11.88	03.06.89	185 dagar
01.06.89–31.12.89	20.11.90	324 dagar
20.11.90–15.09.91	27.07.92	315 dagar
27.07.92–01.03.93	**14.01.94**	320 dagar
14.01.94–15.06.94	15.06.95	365 dagar
15.06.95–31.12.96	**27.03.98**	451 dagar
27.03.98–15.02.00	**19.03.01**	397 dagar
19.03.01-01.04.01	**16.05.01**	46 dagar
16.05.01-31.12.03)**	?	–
		Alls 2.403 dagar

*) Gildistími gerðardóms samkvæmt lögum nr. 34/2001 er til 31. desember 2003.
**) Gildir ekki fyrir félagsmenn.

Athugasemdir: Feitletraðar dagsetningar tákna setningu og gildistíma laga til framlenginga á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Gildistími kjarasamninga eða laga: Hér er átt við þann gildistíma sem kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða lögum. Hins vegar er hinn raunverulegi gildistími lengri eins og dæmin sanna, þar sem gildi nýs kjarasamnings tekur ekki gildi fyrr en nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður eða lög sett.

Samningslaust tímabil: Hér er átt við þann tíma sem skilur á milli frá gildislokum kjarasamnings/laga og þar til undirritun kjarasamnings/setning laga hefur farið fram.

Á framangreindu yfirlitstímabili, þ.e. frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2003, eru 6.920 dagar. Á þessu tímabili eru 2.403 „samningslausir" dagar eða rúmlega 35% af yfirlitstímanum. Á þessu tímabili hafa lög framlengt kjarasamninga um 2.622 daga eða sem nemur um 38% af yfirlitstímanum. Samtals eru því sjómenn á fiskiskipum samningslausir og bundnir lögum sem nemur um ¾ af yfirlitstímanum.

6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætlaður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostnaður hennar.

Greinargerð.

Mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps. Það á við um fólk í dreifðum byggðum víða um land, þar sem móttökuskilyrði eru slæm, og Íslendinga erlendis, en stærsti hópurinn er sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Móttökuskilyrði sjónvarps hafa verið mjög misjöfn á hafinu umhverfis landið. Þau hafa verið allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu. Sjómenn segja að móttökuskilyrðin hafi versnað á undanförnum árum.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig misjöfn en bötnuðu mjög á hafinu með tilkomu langbylgjusendinga frá Gufuskálum og Eiðum, en um sendana þar er útvarpað blandaðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Þessar sendingar nást allt til Færeyja, eða u.þ.b. 500 sjómílur. Í sparnaðarskyni hafa langbylgjusendingar nýlega verið skertar og stuttbylgjusendingar aflagðar, en þær náðust um allan heim.

Það er mikið öryggismál að bæta sendingar ljósvakamiðlanna til fiskimiða og farskipaleiða, t.d. til að fylgjast með aðvörunum um hættu, svo sem fárviðrisspám og tilkynningum um ís. Bent hefur verið á að engin veðurspá er gerð nema á Íslandi fyrir siglingaleiðina Bandaríkin–Nýfundnaland–Ísland.

Meðan ríkið stendur fyrir rekstri sjónvarps og útvarps og skyldar landsmenn til að greiða afnotagjöld verður að leita allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga.

7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um samanburð á matvælaverði hérlendis og á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ráðherra Hagstofu Íslands að láta bera saman reglulega matvælaverð á Íslandi við matvælaverð á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu. Samanburðinn skal birta opinberlega ársfjórðungslega.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram samhliða tillögu til þingsályktunar um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Eins og ítarlega er gerð grein fyrir í greinargerð með þeirri tillögu er matvælaverð á Íslandi mun hærra en annars staðar á Norðurlöndum og miklu mun hærra en meðaltalsverð í Evrópusambandinu.

Afar brýnt er að fram fari nákvæm úttekt á matvöruframleiðslu og verslunarháttum milli Íslands og nágrannalandanna til að leiða í ljós orsakir hins háa matvælaverðs hérlendis eins og framangreind þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir en jafnnauðsynlegt er að reglulega sé gerður samanburður á matvælaverði í löndunum og hann birtur til upplýsinga og aðhalds.

Í þessari tillögu er lagt til að settur verði saman staðlaður listi yfir helstu matvæli og verð þeirra borið saman við verðið annars staðar á Norðurlöndum ársfjórðungslega og niðurstöður birtar. Mikilvægt er að fá meðaltalsverð í Evrópusambandslöndunum inn í þennan samanburð og því er æskilegt að bera saman sömu vörutegundir og þar mynda meðaltalsverð svo að samanburður fáist jafnframt milli Norðurlandanna og Evrópusambandsins.

Í fréttum hefur komið fram að forsvarsmenn Bónuss hyggist kanna reglulega verð í Bónuss og öðrum lágvöruverðsverslunum á Norðurlöndum. Slíkt framtak einkaaðila er góðra gjalda vert og ber að fagna því. Það kemur þó ekki í stað kannana sem eru framkvæmdar af hlutlausum opinberum aðilum.

Ályktun þessari er beint til ráðherra Hagstofu Íslands enda er Hagstofan sá aðili sem lögum samkvæmt ber að fylgjast með og rannsaka verslun í landinu. Þá er jafnframt ljóst að þar á bæ búa menn yfir þekkingu sem til þarf til að skila af sér raunhæfum samanburði í þessum efnum.

8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Sala eða annað framsal stofnfjárhluta í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Sé endurgjald innt af hendi skal um það fara samkvæmt reglu 2. mgr. 22.gr. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

2. gr.

37. gr. A, 37. B og 2. málsl. 1. mgr. 72. gr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar varð þjóðin vitni að því að stofnfjáreigendum í SPRON voru gerð tilboð um kaup á stofnfjárhlutum á margföldu yfirverði. Ljóst er að þetta var í andstöðu við vilja löggjafans eins og fram kom í umfjöllun um málið á Alþingi og í margítrekuðum yfirlýsingum ráðherra og þingmanna úr stjórn og stjórnarandstöðu í kjölfarið. Eðlilegt er að eignarhlutur stofnfjáreigenda sé varinn og að þeir eigi kost á því að selja hann á verðbættu nafnverði. Raunávöxtun stofnfjárbréfa hefur í reynd verið tryggð þar sem arður af stofnfé hefur verið reiknaður af verðbættu nafnverði og hafa stofnfjáreigendur þannig notið arðs sem hefur að jafnaði verið meiri en almennt gengur um hlutabréf.

Hlutverk sparisjóðanna hefur verið mjög þýðingarmikið í íslensku atvinnulífi og mörgum byggðarlögum mikilvæg lyftistöng enda voru þeir settir á laggirnar með félagslegu átaki. Í greinargerð með frumvarpi viðskiptaráðherra á 126. löggjafarþingi (567. mál) segir m.a.: „Sparisjóðir á Íslandi, líkt og annars staðar í Evrópu, eru fyrst og fremst staðbundin fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við starfssvæði sitt og nána samvinnu sín á milli. Sparisjóðirnir hafa verið reknir með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til hámarksarðs fyrir stofnfjáreigendur. Markmiðið með rekstrinum var því að stuðla að almannahag.“ Brýnt er að þetta markmið glatist ekki.

Þær lagabreytingar sem þetta frumvarp felur í sér varðandi meðferð stofnfjárhluta eru í samræmi við vilja Sambands íslenkra sparisjóða.

Þá leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að numin verði úr gildi heimild til að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Augljóst er að heimildarákvæði laganna um að breyta sparisjóðum í hlutafélög hafa þegar valdið uppnámi og tefla tilverugrundvelli sparisjóðanna í tvísýnu. Óhjákvæmilegt er að endurskoða málið allt frá grunni í ljósi atburða sumarsins og er lagt til að þar til sú endurskoðun hafi farið fram verði óheimilt að breyta sparisjóðum í hlutafélög.

Fylgiskjal I.

Ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um stöðu og framtíð sparisjóðanna.

(27. júní 2002.)

Af umræðu síðustu daga um hlutafélagavæðingu og yfirtöku SPRON virðist ljóst að endurskoða þarf nýleg lög um sparisjóði þannig að eðli þeirra, markmið og þjónustuskyldur verði tryggð.

Hlutverk sparisjóðanna hefur verið að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfs í viðkomandi byggðarlögum, en ekki að hámarka arð einstakra stofnfjáreigenda. Sérstaklega hafa sparisjóðirnir sinnt því mikilvæga hlutverki að veita almenningi og ekki síst minni fyrirtækjum þjónustu. Minnt er á að í samþykktum sparisjóðanna er skýrt kveðið á um að sé hlutverki sparisjóðs lokið og ákveðið að leggja hann niður skuli eignir að frátöldum skuldum og greiðslum til stofnfjáraðila renna til líknar- og menningarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs. Stærstur hluti eigin fjár sparisjóðanna er því í raun samfélagseign og sameign menningar- og líknarfélaga á starfssvæði sjóðanna. Allar breytingar á eignarformi eða rekstri sem ganga á svig við þessa hugmyndafræði og tilgang sparisjóðanna er brot á þeim samþykktum sem kveða á um tilveru þeirra.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðu við þeim breytingum sem samþykktar voru á Alþingi vorið 2001 sem m.a. heimiluðu hlutafélagavæðingu sparisjóðanna. Það var álit þingflokksins að lagabreytingarnar væru hroðvirknislega unnar og lögin byðu þeim hættum heim sem nú hafa komið á daginn. Þingflokkurinn lagði það til að opnað yrði fyrir öðrum leiðum til að styrkja hag og samkeppnisstöðu sparisjóðanna, ef þess reyndist þörf.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvetur til þess að frestað verði öllum áformum um hlutafélagavæðingu einstakra sparisjóða og öðrum grundvallarbreytingum á eignarhaldi þeirra. Hag sparisjóðanna ber að tryggja án þess að fallið sé frá grundvallarhugsjónum þeirra og þjónustuskyldum við það samfélag sem þeir starfa í.

Með frumvarpinu voru einnig tvö önnur fylgiskjöl:

II. Um sparisjóði fólksins, Jón Bjarnason. (Morgunblaðið 5. júlí 2002.)

III. Sparisjóður Dalasýslu og Búnaðarbankinn, Jón Bjarnason. (Skessuhorn 14. ágúst 2002.)

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um rekstur Ríkisútvarpsins.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 126. og 127. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.

Í samræmi við það miðar tillagan að því að Alþingi kjósi nefnd sem semji frumvarp til nýrra laga um Ríkisútvarpið. Nefndinni ber að semja frumvarpið innan þess stefnuramma sem hér fer á eftir:

a. Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign.
b. Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.
c. Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.
d. Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan ramma áætlunar eða þjónustusamnings til 3–5 ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar

í samkeppni við aðra fjölmiðla, en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.

e. Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill, og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu, og verði lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu.
f. Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það, að öllu samanlögðu, mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum.
g. Dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum.
h. Gagnvirkni milli Ríkisútvarpsins og hlustenda varðandi dagskrárgerð er mikilvæg.
i. Ný skipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem er nú, þar sem flokkspólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.
j. Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar „akademía“, e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu: úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og e.t.v. fleiri aðilum. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti í dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins.
k. Ráðning útvarpsstjóra væri í höndum þessa útvarpsráðs. Stofnunin sjálf, þ.e. starfsfólk, og útvarpsráð, veldi í sameiningu útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefði óskorað umboð til skipulagningar stofnunarinnar og til mannaráðninga og annars forræðis á rekstri, samhliða fullri ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar. Útvarpsráð hefði skilyrðislaust umboð til að setja útvarpsstjórann af ef því er ítrekað misboðið í því hvernig stofnunin hunsar þær ábendingar um dagskrárstefnu og rekstur sem ráðið setur fram.
l. Gætt verði fyllstu hlutlægni við val og flutning efnis og Ríkisútvarpið verði farvegur fyrir allar skoðanir.

Uppi eru hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og þeim röksemdum beitt að stofnunin þurfi að geta brugðist skjótt við í samkeppni og verið fljót til ákvarðana. Hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins er óþörf til að gefa stofnuninni slíkt svigrúm. Með lögum um stofnunina má gefa henni allt það umboð sem hún kann að þurfa á að halda til að vera jafnviðbragðsfljót til ákvarðana og hlutafélag getur verið. Breyting stofnunarinnar í hlutafélag gefur hins vegar til kynna að til greina kæmi að selja það hlutafélag. Minnsta vísbending í þá átt er að mati flutningsmanns beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggishagsmuni landsmanna og ekki hvað síst fyrir fjölmiðlaveröld landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira og þess þroska lýðræðisins í landinu sem vænta má næstu ár og áratugi. Sú lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst Ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg.

Núgildandi fjármögnun Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum og auglýsingatekjum er óviðunandi. Afnotagjöld eru að vísu ekki há með tilliti til þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir, en rökin gegn skylduáskrift eru góð og gild. Sömuleiðis má segja að samkeppnin á auglýsingamarkaði við aðra ljósvakafjölmiðla sé alls ekki sanngjörn. Ríkisútvarpið nýtur í henni meðgjafar með afnotagjöldunum sem Stöð 2 nýtur að vísu einnig, en með eðlilegri markaðssetningu og sölu þjónustu sinnar. Hér þarf breyting að koma til. Ekki verður séð að önnur

lausn sé til í stöðunni en sú að Ríkisútvarpið verði að fullu fjármagnað úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert og því um leið skákað út af auglýsingamarkaðnum.

Gerð er tillaga um að viðskiptaauglýsingar verði felldar út úr dagskrá útvarpsins. Hins vegar er þörf félagasamtaka og opinberra stofnana fyrir að koma á framfæri tilkynningum til almennings of brýn til að þær megi fjarlægja úr útvarpinu.

Útvarpið svarar ekki þeim gríðarlega áhuga sem nú speglast vetur eftir vetur í aðsókn almennings að hvers kyns fræðslu og símenntun á vegum ýmissa aðila. Fólk víðs vegar um land á ekki kost á þessari fræðslu og útvarpið, stundum sjónvarpið, eru hinir eðlilegu miðlar til að jafna þennan aðstöðumun. Sumir þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu vilja líka fræðast, en eiga ekki heimangengt. Þá vantar ekki síður í dagskrána skipulega valið, vel gert og ígrundað efni um samfélag okkar, vandamál þess og viðfangsefni, pólitísk eða ópólitísk, eins og þau eru nú.

Þjóðarútvarpi þarf að vera stýrt af hæfum fulltrúum fólksins í landinu. Þessi tillaga ber með sér að núgildandi skipan á flokkapólitísku, þingkjörnu útvarpsráði þyki ekki fullnægjandi í þessu sambandi. Þess í stað er gerð tillaga um að safnað verði saman allstóru ráði hinna hæfustu fulltrúa víðs vegar að úr samfélaginu. Vel mætti hugsa sér að slík akademía yrði tilnefnd einungis í fyrsta skipti og endurnýi sig svo sjálf með einhverjum hætti.

Grunnurinn undir réttarbót af því tagi sem hér er fjallað um þarf að vera bjargföst, undanbragðalaus og metnaðarfull stefna um að menningarlífið í landinu, almenningsfræðsla og samfélagsumræða þurfi á sjálfstæðu og öflugu þjóðarútvarpi að halda sem máttarstólpa lýðræðislegrar umfjöllunar.

10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um skattfrelsi lágtekjufólks.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Kristján L. Möller.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Í því sambandi verði m.a. skoðaðir möguleikar á endurgreiðslu skattsins eða sérstökum frádrætti frá tekjum. Í nefndinni verði m.a. fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og samtaka aldraða og öryrkja.

Niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2003.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að leitað verði leiða til að afnema eða lækka verulega skatta lífeyrisþega og launafólks sem hefur tekjur undir lágmarkslaunum fyrir fulla dagvinnu. Hugmyndin er að lækkun, afnám eða endurgreiðsla skattanna nái eingöngu til þeirra sem hafa sér til framfærslu tekjur frá skattleysismörkum að lágmarkslaunum. Með lágtekjufólki er eingöngu átt við fólk sem hefur launatekjur og lífeyrisgreiðslur undir lágmarkslaunum, auk atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Þannig eru fjármagnstekjur ekki innifaldar. Sérstakur frádráttur í skatti á móti launatekjum láglaunafólks þekkist t.d. í Finnlandi og Bandaríkjunum. Flutningsmenn þessarar tillögu gera sér grein fyrir því að málið er ekki einfalt, einkum með tilliti til jaðaráhrifa. Engu að síður er það sannfæring flutningsmanna

að það sé vilji mikils meiri hluta þjóðarinnar að ná sátt um skattfrelsi lægstu launa og lífeyrisgreiðslna, sem og atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, sem eru langt frá því að hrökkva fyrir allra brýnustu nauðþurftum. Brýnt er að það verði skoðað sérstaklega hvaða leiðir eru færar í þessu efni og meta kosti og galla slíkra breytinga á sköttum láglaunafólks.

Verulegar breytingar hafa orðið á skattgreiðslu láglaunafólks og lífeyrisþega á síðustu árum. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar á sl. ári greiddi láglaunafólk og lífeyrisþegar með laun og bætur undir 90 þús. kr. á mánuði um 1 milljarð kr. í tekjuskatt og útsvar. Þá er miðað við heildarlaun og greiðslur frá Tryggingastofnun og úr lífeyrissjóði, auk atvinnuleysisbóta, húsaleigubóta og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga.

Í nýjum upplýsingum frá ríkisskattstjóra kemur fram að samkvæmt skattframtölum ársins 2002 eru tæplega 11 þúsund einstaklingar og samskattaðir með tekjur á bilinu 781.579 kr. til 1.100.000 kr. í árstekjur á árinu 2001, þ.e. frá skattleysismörkum að 92 þús. kr. á mánuði. Þá eru undanskildir þeir sem eru á þessu tekjubili og hafa einhverjar fjármagnstekjur. Ljóst er að langur vegur er frá því að þessar tekjur dugi fyrir allra brýnustu nauðþurftum, enda þarf fólkið með lægstu launa- og lífeyristekjurnar iðulega að leita sér fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum eða matargjafa hjá hjálparstofnunum. Skemmst er að minnast nýlegra upplýsinga frá kirkjunni, mæðrastyrksnefnd og félagsþjónustunni í Reykjavík, þar sem fram kom að fjöldi þeirra sem þurfa að leita sér fjárhagsaðstoðar eða matargjafa hafi vaxið um 20–30% sl. 12 mánuði. Í Reykjavík fengu 2.615 manns fjárhagsaðstoð á sl. ári en mikil aukning hefur orðið milli ára á fjárhagsaðstoðinni. Ef bornir eru saman fyrstu sex mánuðir þessa árs kemur í ljós að það stefnir í 40% aukningu milli ára og að kostnaður Reykjavíkurborgar vegna fjárhagsaðstoðar verði nálægt 800 millj. kr. Í leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins frá nóvember 1996 um reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð er lágmarksfjárþörf vegna framfærslukostnaðar skilgreind þannig átt sé við þá lágmarksupphæð sem ætlað er að einstaklingur eða fjölskylda þurfi til að lifa af. Í rannsókn sem nýlega var gerð af Hörpu Njálsdóttur félagsfræðingi sem rannsakað hefur fátækt í íslensku þjóðfélagi kemur fram að 40 þús. kr. vantar mánaðarlega upp á fullan lífeyri frá Tryggingastofnun til þess að bótaþegar sem ekki hafa aðrar tekjur en frá ríkinu geti framfleytt sér miðað við lágmarksframfærsluviðmið. Það segir sig sjálft að það gengur ekki að skattleggja fólk sem vantar tugi þúsunda á mánuði til að eiga til hnífs og skeiðar, en algengt er að lífeyrisþegar sem eingöngu hafi sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga greiði sem svarar eins mánaðar lífeyrisgreiðslum í skatta. Skattgreiðslur þeirra eru 5–7 þús. kr. á mánuði. Þeir sem eingöngu hafa lágmarkslaun sér til framfærslu greiða nú 11–12 þús. kr. í skatt á mánuði.

Hér skal sérstaklega vikið að afnámi skattlagningar á fjárhagsaðstoð en sérstök tregða hefur verið í þá veru hjá framkvæmdarvaldinu að afnema skattlagningu á fjárhagsaðstoð. Þegar skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar voru til afgreiðslu á 126. þingi, sem að meginhluta til fólu í sér verulega skattalækkun á fyrirtæki, fluttu þingmenn Samfylkingarinnar breytingartillögu við frumvarpið um að fella niður skatta af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Sú breytingartillaga náði ekki fram að ganga. Samfylkingin telur fráleitt að skattleggja fjárhagsaðstoð fátæks fólks sem ekki á fyrir allra brýnustu nauðþurftum. Hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða fyrir ríkissjóð, en skiptir öllu fyrir þá sem minnst hafa í þjóðfélaginu. Samkvæmt lauslegu mati Þjóðhagsstofnunar á sl. ári kostar 120–135 millj. kr. að hætta að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Rétt til fjárhagsaðstoðar hafa þeir einstaklingar og fjölskyldur sem hafa ónógar tekjur sér og sínum til lífsviðurværis. Tilgangur fjárhagsaðstoðar samkvæmt leiðbeiningarreglum sem félagsmálaráðuneyti hefur gefið út er að koma í veg fyrir að einstaklingar eða fjölskylda

komist í þá aðstöðu að geta ekki framfleytt sér og sínum. Litið er á fjárhagsaðstoð sem stuðning á meðan einstaklingur eða fjölskylda er að vinna sig út úr ákveðnum erfiðleikum, því er litið á þessa aðstoð sem hreina neyðaraðstoð. Í reglunum kemur fram að jafnan skuli kanna til þrautar möguleika á annarri aðstoð en fjárhagsaðstoð og henni aðeins beitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar. Jafnframt kemur fram að við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skuli lágmarksfjárþörf viðkomandi lögð til grundvallar. Lágmarksfjárþörf skal að öðru jöfnu metin svo að hún sé mismunur á því sem telst framfærslukostnaður miðað við fjölskyldustærð annars vegar, og ráðstöfunarfé fjölskyldunnar hins vegar. Með lágmarksframfærslukostnaði er átt við þá fjárhæð sem ætlað er að einstaklingur eða fjölskylda geti lifað af. Mjög óeðlilegt er að skattleggja þessa fjárhagsaðstoð, enda er hún aðeins veitt þeim sem ekki eiga fyrir brýnustu nauðþurftum. Ekki er óalgengt að þeir sem leita sér fjárhagsaðstoðar þurfi að leita þangað aftur gagngert til að geta greitt skatta af fjárhagsaðstoðinni sem þeir fengu árið á undan. Það sýnir kannski best fáránleika málsins.

Rökin fyrir afnámi skattlagningarinnar eru því augljós. Hér er um að ræða neyðaraðstoð sem ætluð er til skamms tíma og þar af leiðandi eru upphæðirnar lágar. Þannig eru þær hugsaðar til þess að fólk geti dregið fram lífið í stuttan tíma meðan verið er að komast yfir erfiðleika. Af sjálfu leiðir að það er afar óeðlilegt að taka skatt af slíkum bótum. Skattlagning fjárhagsaðstoðar hefur líka leitt til þeirra tilhneigingar að halda bótunum sem næst skattleysismörkunum til að reyna að forðast skattlagningu þeirra. Skattleysismörkin hafa á undanförnum árum dregist mjög aftur úr almennum verlagshækkunum og vísitölu, sem aftur hefur leitt til að fjárhagsaðstoðin hefur lítið hækkað. Staðgreiðsluskyldan gerir það líka að verkum að skattur er tekinn af fjárhagsaðstoðinni og síðan er gert upp með öðrum tekjum í lok árs, en fjöldi fólks hefur svo lágar tekjur að ekki kemur til skattgreiðslu af fjárhagsaðstoðinni. Annars staðar á Norðurlöndum hefur ekki verið greiddur skatt af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Því var þó breytt fyrir 3–4 árum í Danmörku þegar tekin var upp skattlagning á fjárhagsaðstoð um leið og tekið var upp samræmt viðmið um aðstoð um allt land, en þar eru fjárhæðir aðstoðar líka miklu hærri en hér á landi.

Lífeyrisþegar sem eingöngu hafa sér til framfærslu tekjur almannatrygginga hafa mátt sæta því að lífeyrisgreiðslur þeirra hafa ekki haldið í við launavísitölu á umliðnum árum. Grunnlífeyrir og tekjutrygging hefðu á árinu 2001 verið rúmum 7 þús. kr. hærri á mánuði, eða rúmum 84 þús. kr. hærri á árinu, ef lífeyrisgreiðslur hefðu tekið mið af þeim breytingum sem orðið hafa á launavísitölu á árabilinu 1995–2001. Ef skoðuð er þróun kaupmáttar samanlagðs grunnlífeyris og tekjutryggingar á árunum 1995–2001 samanborið við kaupmátt lágmarkslauna kemur í ljós samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur aukist um 11,09% á árabilinu 1995–2001, en kaupmáttur lágmarkslauna hefur aftur á móti aukist á sama tímabili um 42,07%.

Það eru því ekki síst lífeyrisþegar sem hafa farið illa út úr skattlagningu. Því til viðbótar hefur meira en helmingur aldraðra framfærslueyri sem er undir lágmarkslaunum og það staðfestir bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi. Auk þess hefur lyfja- og lækniskostnaður hækkað gífurlega og ekki er óalgengt að öryrkjar og aldraðir greiði í lyfjakostnað á einu ári sem samsvarar eins mánaðar lífeyrisgreiðslum. Þannig þurfa þeir verst settu í hópi aldraðra og öryrkja iðulega að greiða sem svarar tveggja mánaða lífeyrisgreiðslum í skatta og lyf, auk þess sem húsnæðiskostnaður er þessum hópi líka ákaflega þungbær. Það segir líka sína sögu að tæplega 49% lífeyrisþega höfðu óskerta tekjutryggingu á árinu 2001. Í skýrslu um kjör öryrkja sem Samfylkingin óskaði eftir frá forsætisráðherra og lögð

var fram á Alþingi á þarsíðasta þingi kom fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði.

Annars staðar á Norðurlöndum og víðar í Evrópu er notuð neysluviðmiðun til leiðbeiningar um mat framfærsluþörf og greiðslugetu fólks. Í Svíþjóð og Noregi hefur verið lögð mikil vinna í þróun og vinnslu viðmiðunarneyslu á sl. 20 árum. Þar hefur verið tekið mið af neysluviðmiðun heimilanna þegar ákvarðaðar eru bætur skattalaga. Hér á landi tekur hið opinbera mið af a.m.k. mjög mismunandi framfærslugrunnum við ákvörðun bóta, lána, fjárhagsaðstoðar og styrkveitinga. Má þar nefna tryggingakerfið, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóð og lánastofnanir. Hagstofan gerir síðan reglulega neyslukannanir. Síðast en ekki síst eru það svo tekjutengdar bætur skattkerfisins. Allur gangur virðist vera á því að hve miklu leyti kannanir liggja að baki þegar áætlaður er nauðsynlegur framfærslukostnaður hverrar fjölskyldugerðar. Ráðgjafarstofa heimilanna notar framfærslugrunn sem miðaður er við fólk í miklum greiðsluerfiðleikum og ætlaður aðeins til að sýna framfærsluþörf í skamman tíma meðan fólk er að ná sér út úr greiðsluerfiðleikum. Hann sýnir því framfærsluþörf fyrir allra brýnustu nauðþurftum. Raunverulegur framfærslukostnaður til lengri tíma er því eðli máls samkvæmt mun hærri.

Í nýlegum samanburði frá miðju síðasta ári á framfærslukostnaði samkvæmt lágmarksframfærslu Íbúðalánasjóðs, viðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofu heimilanna og neyslukönnun Hagstofunnar áætlar Íbúðalánasjóður framfærslukostnað hjóna með tvö börn 108 þús. kr., Ráðgjafarstofan tæpar 140 þús. kr. og Hagstofan rúmlega 242 þús. kr. Framfærsluviðmið Ráðgjafarstofu heimilanna er miðuð við framfærsluþörf í skamman tíma fyrir fólk í miklum greiðsluerfiðleikum. Ef miðað er við þá framfærsluþörf vantar um 50 þús. kr. til að lágmarkslaunin dugi fyrir brýnustu nauðþurftum fjögurra manna fjölskyldu.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mælir fyrir um að öllum sem þess þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Öllum skuli tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ætla má að á margan hátt séu þessi mikilvægu mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar ekki virt, þegar litið er til hvaða aðstæða láglaunafólki, atvinnulausum og fjölda aldraðra og öryrkja er búin. Það samræmist ekki almennum mannréttindum þessa fólks, barna þeirra og fjölskyldna, að auk þess að hafa sultarlaun sér til framfærslu séu launin skattlögð.

Öll rök mæla með því að þessi tillaga verði samþykkt og reynt að ná þjóðarsátt um leiðir sem tryggi að ekki séu skattlögð laun sem ekki duga fyrir allra brýnustu nauðþurftum.

11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að grípa tafarlaust til aðgerða til verndar rjúpnastofninum. Haustið 2002 skal leyfilegur veiðitími á rjúpu vara 1.–30. nóvember. Rannsóknir á viðgangi rjúpnastofnsins skulu efldar eins og kostur er og fylgst grannt með því hvort aukin

friðun skilar sýnilegum árangri. Áður en veiðitími hefst haustið 2003 skal metið hvort grípa verði til enn frekari aðgerða, svo sem sölubanns eða alfriðunar stofnsins um eitthvert árabil.

Greinargerð.

Hafið er yfir allan vafa að ástand rjúpnastofnsins er afar bágborið um þessar mundir og að teknu tilliti til vel þekktra sveiflna er ljóst að stofninn hefur verið á hægfara niðurleið um langt árabil. Staðkunnugum mönnum á helstu varp- og uppeldisslóðum rjúpunnar, sem eru ekki hvað síst á Norð-Austurlandi, ber nær undantekningarlaust saman um að ástandið hafi versnað jafnt og þétt. Nú síðast hefur Náttúrufræðistofnun komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til þess að hafa alvarlegar áhyggjur af stöðu stofnsins og mun setja rjúpuna á válista sem tegund í yfirvofandi hættu. Fjölmargir landeigendur, gamalreyndir veiðimenn, sveitarstjórnir og fleiri aðilar hafa að undanförnu látið í sér heyra um málið og sent frá sér ályktanir og áskoranir til stjórnvalda um að gripið verði til aðgerða. Í hópi þessara baráttumanna fyrir verndun rjúpnastofnsins er Árni G. Pétursson, fyrrverandi ráðunautur á Vatnsenda á Melrakkasléttu, en hann hóf baráttu fyrir því fyrir nokkrum árum að rjúpan yrði sett á válista.

Að sjálfsögðu kunna að vera skiptar skoðanir um hvaða aðgerðir séu vænlegar til verndar rjúpnastofninum. Hafa menn í því sambandi nefnt kosti allt frá því einu að auka rannsóknir og eftirlit með rjúpunni án þess að grípa til neinnar friðunar fyrst um sinn. Eru færð fram þau rök að fyrst þurfi að rannsaka hversu stór þáttur veiðiálagið sé í afkomu stofnsins eða jafnvel hvort veiðar hafi yfir höfuð nokkur áhrif. Aðrir hafa mælt með því að sala á rjúpum eða jafnvel allri villibráð verði bönnuð til þess að draga úr magnveiði. Einnig er þekkt sums staðar í nágrannalöndunum, t.d. í Noregi, að veiði sé bundin við tiltekinn fjölda fugla á dag. Enn aðrir, og þeim fjölgar nú ört, ganga svo langt að leggja til tafarlausa alfriðun rjúpunnar um ótilgreindan tíma þar til stofninn hefur náð sér. Sú tillaga sem hvað víðtækastur stuðningur virðist vera við er að stytta veiðitímann. Er þá oftast talað um að færa upphaf veiðitímans aftur, að minnsta kosti til 1. nóvember. Eins ætti að vera útlátalaust að fella niður veiði í desember. Bent er á að til viðbótar því að draga úr veiðiálagi mundi þetta koma að gagni til verndar landi á viðkvæmu tímabili í bleytutíð á haustin. Tillagan gerir því ráð fyrir að umhverfisráðherra verði falið að grípa til slíkra aðgerða þegar á þessu hausti. Með öllu er óviðunandi að því sé borið við haust eftir haust að ekki sé tími til aðgerða fyrr en að ári liðnu. Í því sambandi er rétt að fram komi að flutningsmaður tillögu þessarar lagði fyrirspurn fyrir umhverfisráðherra þegar í upphafi þings síðasta haust um hvort fyrirhugaðar væru aðgerðir til verndar rjúpunni. Því miður sá ráðherra sér ekki fært að svara fyrirspurninni fyrr en eftir að veiðitíminn var hafinn og var því þá eðlilega borið við að of seint væri að aðhafast nokkuð á því hausti. Jafnframt styttingu veiðitímans gerir tillagan ráð fyrir að rannsóknir verði efldar og eftirlit aukið þannig að unnt sé að meta eins vel og kostur er hvaða áhrif þessi friðunaraðgerð hefur á viðkomu stofnsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréf forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til umhverfisráðherra um ástand rjúpnastofnsins og tillögur um aðgerðir. (21. ágúst 2002.)
II. Um ástand rjúpnastofnsins, Ólafur K. Nielsen, Náttúrufræðistofnun Íslands. (21. ágúst 2002.)

III. Bréf Eyþings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, til umhverfisráðherra. (24. september 2001.)

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjald til sjóðsins skal nema 12% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 8%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna mynda tvö prósentustig af greiðslu launagreiðanda ekki réttindi til lífeyris fyrr en tryggingafræðileg úttekt sýnir að Lífeyrissjóður sjómanna getur staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 126. og 127. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Um alllangt skeið hafa eignir Lífeyrissjóðs sjómanna ekki staðið undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Stjórn sjóðsins hefur leitað leiða til að minnka muninn milli eigna hans og skuldbindinga. Í nokkur skipti hafa verið gerðar lagabreytingar sem allar hafa haft í för með sér mikla skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna. Þrátt fyrir þetta vantar enn um 4.494 millj. kr. eða 6% til þess að eignir sjóðsins standi undir skuldbindingum hans samkvæmt tryggingafræðilegu mati miðað við árslok 2000, en halli sjóðsins árið á undan, þ.e. 1999, var 2.185 millj. kr. eða um 3,2%. Með viðvarandi halla sjóðsins yfir 5% verður lögum samkvæmt að grípa til ráðstafana sem felast í enn frekari lækkun réttinda sjóðfélaga, ef engar viðbótargreiðslur koma til.

Með því að hækka lögbundið framlag launagreiðanda í Lífeyrissjóð sjómanna um tvö prósentustig, án þess að lífeyrisréttindi sjóðfélaga aukist, er stigið mikilvægt skref í þá átt að brúa það sem upp á vantar til að sjóðurinn eigi fyrir framtíðarskuldbindingum sínum. Auk þess er það réttlætismál að launagreiðendur leggi fram sinn skerf og taki þátt í því að koma sjóðnum á réttan kjöl. Til þess hníga ýmis rök, svo sem afar háar greiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna vegna örorkulífeyris sem er afleiðing af því hversu hættulegt sjómannsstarfið er. Á undanförnum árum hefur örorkulífeyrir verið nálægt 45% af heildarlífeyrisgreiðslum Lífeyrissjóðs sjómanna. Sambærilegt hlutfall hjá öðrum lífeyrissjóðum er mun lægra, í sumum tilfellum allt niður í 20%.

Í frumvarpinu er lagt til að þessi hækkun á hlutfallslegri greiðslu launagreiðanda myndi ekki aukinn rétt til lífeyris fyrr en tryggingafræðileg úttekt sýnir að sjóðurinn getur staðið

undir framtíðarskuldbindingum sínum. Þess í stað verði auknar greiðslur í sjóðinn af þessum toga notaðar til þess að brúa það sem upp á vantar hvað snertir skuldbindingar sjóðsins og framtíðarhagur sjóðfélaga þannig bættur. Jafnframt munu auknar greiðslur launagreiðenda verða til þess að stöðva enn frekari skerðingar á réttindum núverandi lífeyrisþega í Lífeyrissjóði sjómanna.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um neysluvatn.

Flm.: Katrín Fjeldsted.

Alþingi samþykkir að beina því til ríkisstjórnarinnar að
a. neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum,
b. málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og
c. stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir að eftirlit með gæðum vatns verði áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar frá 1. janúar 2003) og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Greinargerð.

Sú merka auðlind sem felst í fersku lindarvatni er ekki öllum ljós. Þó er vitað að við Íslendingar eigum yfir að ráða mun meira vatni en við þurfum sjálf á að halda þótt vatnsskorts geti gætt á einstaka stað á landinu. Samt er það svo að auðlindin er munaðarlaus og hvergi vistuð í stjórnsýslunni þar sem engin ein stofnun fer með markvissa ráðgjöf eða heldur utan um málefni hennar. Mikilvægt er að umgangast þessa auðlind þannig að komandi kynslóðir eigi aðgang að fersku neysluvatni í framtíðinni því þrátt fyrir gnægð þess núna er ferskt vatn á Íslandi ekki ótakmörkuð auðlind. Núverandi heildarnotkun og vinnsla á neysluvatni er hvergi skráð og í stjórnsýslunni er hvergi haldið utan um þekkingu á auðlindinni á einum stað. Eðlilegt væri að fela Orkustofnun það verkefni.

Mestu skipta eftirtalin þrjú atriði:
1. Að auðlindin verði skilgreind sem slík og stjórn á meðferð hennar vistuð á einum stað í stjórnsýslunni.
2. Að eftirlit með gæðum neysluvatns og vernd vatnsbóla í heimabyggð sé í góðum höndum svo sem verið hefur hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og Hollustuvernd ríkisins.
3. Að möguleikar eru á arðbærri nýtingu á neysluvatni umfram það sem þjóðin neytir sjálf.

Hver á vatnslindir?

Um 70% af yfirborði jarðar eru vatn en af heildarvatnsforðanum á jörðinni eru 97,4% saltvatn. Ferskvatn nemur aðeins 2,5% af öllu vatni og neysluhæft vatn er eingöngu 0,27%. Vatn er því takmörkuð auðlind, sérstaklega þegar þess er gætt að aðgangur að neysluhæfu vatni er mjög misjafn eftir landsvæðum á jörðinni.

Neysluvatn hefur verið skilgreint sem matvæli og vatnsveitur sem matvælafyrirtæki samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995, en þar segir í 4. gr.: „Matvæli eru hvers konar vörur

sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn, sbr. þó einnig 2. mgr. 2. gr.“ Þar með þarf vatn að lúta ströngum gæðakröfum eins og önnur matvæli. Í lögunum er umhverfisráðherra falin yfirstjórn mála (5. gr.) að svo miklu leyti sem hún er ekki falin öðrum ráðherrum. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar, en lög um matvæli heyra undir landbúnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra. Þá starfar samstarfsráð skv. 8. gr. Um vatn gilda einnig vatnalög, orkulög og lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en í þeim segir í 14. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.“ Í 15. gr. segir: „Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar.“

Landeigendum er þannig samkvæmt lögum nr. 57/1998 heimil vatnstaka án leyfis iðnaðarráðherra allt að 70 l/sek. þótt 10 l/sek. séu taldir nægja fyllilega fyrir venjulegan búrekstur. 70 l/sek. eru 1.000 tonn á dag en það er sambærilegt við þarfir sveitarfélags með 500–1.000 íbúa. Nokkrar vatnsveitur á landinu nota meira en 70 l/sek., þ.e. í Reykjavík, á Akureyri, Suðurnesjum, Hafnarfirði, Akranesi og Selfossi. Víða á landinu er vatnsnotkun óeðlilega mikil vegna leka í dreifikerfi en í Reykjavík hefur markvisst verið leitað að leka á kaldavatnslögnum með þeim árangri að vatnið nýtist betur en áður og dregið hefur úr notkun, þrátt fyrir fólksfjölgun á þjónustusvæði Orkuveitunnar.

Hér á landi heyra vatnsveitulög undir félagsmálaráðuneyti, hitaveitur og rafveitur undir iðnaðarráðuneyti og Hollustuvernd ríkisins undir umhverfisráðuneyti. Í vatnalögum, nr. 15/1923, er í 151. gr. kveðið á um að atvinnumálaráðherra hafi yfirstjórn vatnamála á hendi. Gert er ráð fyrir að væntanleg matvælastofnun heyri undir sjávarútvegsráðuneyti.

Auðlindanefnd, sem skilaði skýrslu í september 2000, fjallaði um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, þ.e. nytjastofna á Íslandsmiðum, auðlindir á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og náttúruauðlindir í þjóðlendum. Í skýrslunni kemur fram að eignarhald á náttúruauðlindum sé skilgreint í ýmsum lögum og eru sumar náttúruauðlindir á landi háðar einkaeignarrétti en aðrar eignarrétti ríkisins sem sérstaklega er kveðið á um í lögum. Skv. 3. gr. laga nr. 57/1998 er eignarréttur að auðlindum í eignarlöndum, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, í höndum landeigenda. Hins vegar er lýst yfir eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda og nær sá réttur m.a. til jarðefna, jarðhita og grunnvatns. Í 2. gr. vatnalaga segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni og stöðuvatni sem á henni er. Þessi réttur eiganda nær til nýtingar á vatnsorku, sbr. 49. gr. laganna. Í skýrslunni er þó fyrst og fremst fjallað um vatn út frá nýtingu þess sem vatnsorku þótt minnst sé á hreint vatn sem dæmi um umhverfisgæði. Í séráliti Geirs Oddssonar umhverfisfræðings segir að í raun megi skilgreina alla náttúruna (jarðveg, plöntur, dýr, andrúmsloft, sól og vatn) sem mögulega náttúruauðlind. Almennt megi þó segja að hlutar náttúrunnar verði ekki að náttúruauðlind fyrr en þeir gegni einhverju skilgreindu hlutverki í efnahagsstarfsemi mannlegs samfélags eða í neyslu einstaklinga. Þannig geti náttúruauðlindir orðið til við nýja notkun á náttúrunni. Snjór sé t.d. náttúruauðlind í augum þeirra sem reka skíðasvæði. Náttúruauðlindir geti á sama hátt horfið, eins og gúanó á eyjum undan strönd Suður-Ameríku. Í flokkun Geirs Oddssonar á náttúruauðlindum koma fram nokkur atriði sem einkenna ferskvatn, þ.e. villtir fiskar, ómengað vatn, vatnsból, vatnsföll, útivist

og örverur. Einnig kemur fram í séráliti hans að margar auðlindir sem eru á landi og í ferskvatni séu í einkaeign og því hafi þær ekki verið til umfjöllunar hjá auðlindanefnd.

Kostir vatns hér á landi.

Íslenskt vatn á gjöfulum linda- og grunnvatnssvæðum er hreint, gerla- og efnasnautt. Sýrustig vatns hér á landi er víða pH 8,5–9 (t.d. í Reykjavík), en allvíða er það lægra, þar sem vatnið kemur grynnra úr jörðu, eða allt niður fyrir pH 7, sem þó er afar sjaldgæft. Nokkuð víða er sýrustigið pH 7,5–8,5. Leyfileg mörk sýrustigs hér á landi samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 eru pH 6,5–9,5. Svolítið er misjafnt með hverju er mælt sem „æskilegu" en neðri mörk eru oftast pH 7–7,5 og efri mörk pH 8–8,5 . E.t.v. væri rétt hér á landi að miða við pH 7–8,5. Þá er litið til þess hvað vatnið er „þunnt" sem veldur því að vatnið er síður óæskilegt þrátt fyrir sýrustig á bilinu pH 8–8,5 eins og víða erlendis. Unnt er að lækka sýrustig vatns með því að bæta í það kolsýru. Slíkt er vænlegur kostur hér á landi, einkum þar sem við höfum yfir að ráða nýtanlegri náttúrlegri kolsýru.

Vatnið kemur úr kísilríkum og tiltölulega kalksnauðum jarðvegi sem veldur því að harka þess er mjög lítil og bragðið ekki eins rammt og víða er. Þessi litla harka veldur því m.a. að bragð ýmissa blandefna í vatni, svo sem kaffis, tes, ávaxtadrykkja o.fl., helst miklu betur en í hörðu og kalkríku vatni. Íslenskt vatn hefur jafnframt komið vel út í bragðprófunum eitt og sér.

Þá er ekki nítrat í íslensku grunnvatni, einkum vegna gróðurleysis á hálendinu. Magn nítrats er 0,1–0,3 mg/l en Evrópustaðallinn er 25–40 mg/l. Í ýmsum iðnaðarlöndum kringum Norðursjó, svo sem í Danmörku, Þýskalandi, Bretlandi, Frakklandi og Niðurlöndum, er nítrat í vatni farið að nálgast hættumörk. Víða hefur miklu verið spillt, t.d. með áburði og skordýraeitri. Danir hafa gert vatnsverndaráætlun (Handlingsplan for rent vand, Ökologisk råd, ecocouncil.dk) og taka vatn sitt neðanjarðar. Í Bandaríkjunum hefur EPA viljað lækka viss viðmiðunarmörk en ekki fengið því framgengt þar sem margar vatnsveitur gætu þá ekki séð fólki fyrir vatni.

Víða um lönd er almennt vatn aðgreint frá drykkjarvatni og gerðar mismunandi kröfur um efnainnihald og gæði. Í mörgum löndum er klórbragð af vatni enda er það klórblandað, sums staðar eru eiturefni en það er víðast hvar gerlafrítt. Arsenik er náttúrulegt efni í jarðvegi víða.

Vatnsmagn á Íslandi.

Í bæklingi frá Worldwatch Institute Norden frá 1998 kemur fram að Ísland er ferskvatnsauðugasta land veraldar, með 666.667 m^3 á mann á ári, Kongó hefur helming af því, Kanada 108.900 m^3, Noregur 97.268 m^3, Brasilía 46.631 m^3, Bandaríkin 9.913 m^3, Japan 4.428 m^3, Mexíkó 4.226 m^3 og Frakkland 3.262 m^3. Af þeim vatnssnauðustu hefur Jórdanía 327 m^3, Sádi-Arabía 306 m^3, Singapúr 221 m^3, Malta 85 m^3, Kúveit 75 m^3 og lestina rekur Djíbútí með 23 m^3 af fersku vatni á íbúa á ári. Ljóst er að vatnsskortur er orðinn verulegur í ýmsum stórborgum heims og má nefna Mexíkóborg og Ríó de Janeiro sem dæmi.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun koma 400.000 l/sek af grunnvatni upp í byggð á vatnsgæfum lindarsvæðum. Talið er að vatnsöflun í iðnaðarlöndunum sé um tífalt dýrari en hér og í grein eftir Freystein Sigurðsson jarðfræðing í AVS 1994 kemur fram að 1 m^3 af hreinu grunnvatni kosti um 20 kr. á Íslandi en 1 m^3 af vatni úr krana í Kaupmannahöfn kosti um 250 kr. (skattar meðtaldir). Vatn er selt út úr búð í útlöndum á 10–50 kr./l. Sé miðað við 25 kr./l eru 400.000 l á sekúndu um 10 millj. kr. virði. Augljóslega er það ekki nýtanlegt nema að hluta. Áætla má að verð á 1 m^3 hérlendis hafi hækkað frá árinu 1994 og sé nú nær því að vera 40 kr. Verðmæti 400 m^3/sek af vatni er því meira en 500 milljarðar kr. á ári.

Taka þarf vatn við uppkomustað ef vel á að vera, t.d. undan hrauni nálægt sjó. Í almannaveitur og fiskeldi er nú nýtt um 1% af vatnsmagninu eða 4–5 m^3/sek. Væri það vatn allt selt sem neysluvatn á 25 kr./l mundi það skila 3 billj. kr. brúttó.

Það að taka t.d. 1% í viðbót mundi ekki hafa teljandi áhrif á lífríkið, en færi þó eftir því hvaðan vatnið væri tekið. Hugsa mætti sér að tekin yrðu 100 millj. tonna á ári eða jafnvel 150 millj. tonna. Til samanburðar má nefna að innflutt eldsneyti er um 1 millj. tonna á ári og nokkur hundruð þúsund tonn af fiski eru flutt út árlega.

Okkar möguleikar liggja helst í drykkjarvatni. Ef teknir væru 5.000 l/sek. á dag væru það 500 millj. lítra á dag. Hver maður neytir um tveggja lítra á dag og með þessu væri t.d. hægt að fullnægja þörfum allra íbúa Evrópusambandsins fyrir drykkjarvatn.

Samkeppni er gríðarleg í vatnssölu í veröldinni. Víða nota menn vatn sem fæst í heimabyggð og því er hver eining ekki dýr. Hár flutningskostnaður háir okkur mest við að koma vatni á markaði erlendis. Vatn hefur þó verið flutt út frá Íslandi. Frumkvöðull í því var Davíð Scheving Thorsteinsson, en síðastliðinn áratug hefur fyrirtækið Þórsbrunnur, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðal hluthafa, selt vatn úr landi, einkum á Bandaríkjamarkað og hefur vatnssalan lengst af verið í jafnvægi þótt tap hafi orðið á henni undanfarna mánuði. Ekki hefur verið kannað til hlítar hvort t.d. megi flytja og selja vatn með tankskipum til fjarlægari heimshluta eða hvort vatnsútflutningur gæti orðið liður í þróunaraðstoð Íslendinga.

Vatnsnotkun Íslendinga.

Í handbók um vistvernd í verki kemur fram að langflestir landsmenn (um 61%) eru tengdir vatnsveitum sem vinna vatn úr borholum, 32% nýta sér vatn úr uppsprettum og lindum, 3% úr brunnum og önnur 3% yfirborðsvatn. Eftir því sem vatnið er unnið úr efri jarðlögum er meiri hætta á mengun. Árið 1909 tók Vatnsveita Reykjavíkur til starfa og var hún mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í frá landnámi. Helstu vatnsból Reykvíkinga eru í Heiðmörk og sér vatnsveitan Reykvíkingum fyrir köldu vatni, svo og íbúum Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar, eða alls um 140 þús. manns í árslok 1998. Áætlað er að hver einstaklingur noti um 160 l af köldu vatni á sólarhring. Gera má ráð fyrir að vatnsnotkun heimila á sólarhring í þessum sveitarfélögum sé um 22 millj. lítra. Að auki fara um 19 millj. lítra til nota í iðnaði, 12 millj. lítra til viðskiptalífsins og um 10 millj. lítra til ríkis og borgar. Heildarnotkun á veitusvæðinu er því nálægt 63 millj. lítra á sólarhring. Meðalrennsli á veitusvæði Reykjavíkur var 491 l/sek. árið 1998 og er áætlað svipað nú.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur í mars 2002 notar hver íbúi í Reykjavík nú um 150–160 l af köldu vatni á sólarhring og til viðbótar um 50 l á sólarhring af heitu vatni eða alls rúmlega 200 l. Til samanburðar má nefna að hver íbúi í Danmörku notar um 105–110 l af vatni á sólarhring.

Hérlendis er vatnsskattur innheimtur sem lóðarskattur á eignir. Miðað er við rúmmál húss en ekki er borgað fyrir magn. Enginn hvati er því til þess að spara vatn. Við úttekt sem OECD gerði á umhverfismálum Íslendinga vorið 2001 var það talinn galli að notendur skuli ekki borga fyrir samkvæmt magni. Orkuveita Reykjavíkur bendir á að það mundi auka kostnað neytenda að setja upp mæla í hvert hús og reka þá, enda nægt vatn fyrir hendi og vatnskostnaður á íbúa einungis um 10–15 þús. kr. á ári.

Alþjóðalög og samningar.

Til er tilskipun 98/83/EB um gæði neysluvatns og rammatilskipun 2000/60/EB um vatn gerir ráð fyrir að komið skuli á heildarvatnsstjórn fyrir allt landið.

Þá hafa Sameinuðu þjóðirnar beint tilmælum um mikilvægi drykkjarvatns til stjórnvalda í einstökum ríkjum. Vatn er hluti af því sem ríki heims fjölluðu um í Staðardagskrá 21. Það eru talin mannréttindi að eiga aðgang að vatni.

Vatnsskortur fyrirsjáanlegur í heiminum.

Árið 2050 munu 4,2 milljarðar manna búa í löndum sem ekki geta séð fyrir því sem Sameinuðu þjóðirnar mæla með af vatni, en það eru a.m.k. 50 l af vatni á dag til matseldar, þvotta og drykkjar að því er fram kom í frétt í breska blaðinu The Daily Telegraph 8. nóvember 2001.

Talið er að lönd með innan við 1.000 m^3 af endurnýjanlegu vatni árlega á hvern íbúa skorti vatn, en lönd þar sem vatnsmagnið er 1.000–1.700 m^3 eru talin sýna álagseinkenni. Í skýrslu frá The Worldwatch Institute um ástand heimsins árið 2002 (State of the World 2002) segir að 505 milljónir manna búi í löndum þar sem vatnsskorts gæti og er búist við að árið 2025 verði svo ástatt hjá helmingi heimsbyggðarinnar (2,4–3,4 milljarða manna), einkum í Mið-Austurlöndum, norður-, suður- og vesturhluta Afríku og suður- og vesturhluta Asíu. Vatnsskortur og lélegt vatn eru talin valda dauða 4 milljóna manna ár hvert, einkum barna. Talið er nauðsynlegt, eftir því sem fólki fjölgar í heiminum, að draga úr vatnsnotkun á mann og einnig að fara verði betur með vatn.

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) telur að heiminn muni skorta ferskt vatn árið 2050 vegna fólksfjölgunar. Auðlindir veraldar séu nýttar meira nú en nokkru sinni fyrr í sögunni.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Í greinargerð þessari er m.a. vitnað til eftirfarandi heimilda:

Freysteinn Sigurðsson: Vatnið í lindunum. Eyjar í eldhafi. Gott mál hf., Reykjavík 1996.
Freysteinn Sigurðsson: Nytjavatnsauðlindin. Hvers virði er vatnið? AVS, 1. tölublað 1994.
Upplýsingar frá Orkustofnun og Orkuveitu Reykjavíkur.
State of the World 2002, Worldwatch Institute 2002.
EU focus on clean water, bæklingur frá Evrópuráðinu.
Ráðstefna um áhrif EES-samningsins á íslensk sveitarfélög 8. febrúar 2002.
Upplýsingar um Bonn Freshwater Meeting í desember 2001.
Vann: Den Globale Krisen. Worldwatch Institute Norden 1998.
Vistvernd í verki (Global Action Plan, GAP), Landvernd 2001.
Auðlindavernd: Álitsgerð með fylgiskjölum. September 2000.
Gestur Ólafsson: Íslenskt vatn. Vanmetin auðlind. AVS, 1. tölublað 1994.
Davíð Sch. Thorsteinsson: Úflutningur á íslensku vatni.
Environmental Performance Reviews, ICELAND OECD 2001.
Handlingsplan for rent vand, Økologisk råd, ecocouncil.dk.
Tilskipun Evrópusambandsins nr. 98/83/EB um gæði neysluvatns.
Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/60/EB um vatn.
Þingsályktunartillaga Jóns Helgasonar um skipan nefndar um vatnsútflutning á 117. og 118. löggjafarþingi.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um úttekt á óhreyfðum skipum í höfnum og skipsflökum og kostnaði við hreinsun.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Gunnar Birgisson, Kristján Pálsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna fjölda óhreyfðra og úreltra skipa í höfnum landsins, svo og fjölda strandaðra skipa og skipsflaka nálægt landi. Kannað verði hvort unnt sé að nýta þessi skip á einhvern hátt en ella hvað það kosti að flytja þau burt og farga þeim og jafnframt hvort það borgi sig að endurvinna brotamálm, timbur og plast úr skipsskrokkunum.

Greinargerð.

Umhverfis landið, jafnt í höfnum sem annars staðar, er að finna óhreyfð skip, úrelt, ónýt og jafnvel án eigenda. Enginn vilji er hjá eigendum til að fjarlægja úr sér gengna skipsskrokka sökum þess hve kostnaðarsamt það er talið vera.

Á síðustu árum hefur verið lögð vaxandi áhersla á það, bæði hér heima og erlendis, að endurnýta og endurvinna og draga þar með úr sóun. Starf á vegum Sorpu bs. hefur verið þungt á metunum og skipt sköpum hvað endurvinnslu varðar hér á landi.

Á árinu 2000 voru tæp 36 þús. tonn af brotajárni og málmúrgangi flutt úr landi. Sama ár var skilað 10.000 tonnum af timbri til endurvinnslu í Sorpu og þar var einnig tekið á móti 60 tonnum af drykkjarfernum og 5.500 tonnum af dagblöðum. Endurvinnslan hf. tók á móti 3.300 tonnum af gleri, 1.400 tonnum af plasti og 500 tonnum af málmi (áli).

Ætlunin er að koma á skilagjaldi á bifreiðar. Það mun gjörbreyta margra ára ófremdarástandi því að bílhræ hafa víða verið skilin eftir í reiðileysi. Hreinsun á bílflökum um allt land hefur þó skilað verulegum árangri. Erfiðleikar hafa hins vegar skapast á mörgum stöðum á landinu hvað skipsskrokka varðar. Þannig hafa safnast saman úr sér gengin og ónýt skip í höfnum sums staðar á landinu. Þar geta legið talsverð verðmæti í málmi, timbri og plasti. Þá er skipsflök einnig að finna utan hafna auk þess sem skip hafa strandað eða sokkið nálægt landi. Ekki hefur verið lagt mat á hvert verðmæti í þessum skipum og bátum kynni að vera, en kostnaður við að flytja efnið í móttökustöð til endurvinnslu hefur vaxið mönnum í augum og orðið til þess að engin úrlausn hefur fundist. Þannig er um óleyst umhverfisvandamál að ræða.

Samkvæmt upplýsingum hafnarstjórans í Reykjavík eru engin ónýt skip í Reykjavíkurhöfn, en þar eru nokkur verkefnalaus skip sem þó er vel við haldið.

Umhverfisnefnd Hafnasambands sveitarfélaga gekkst fyrir könnun á langlegu- og reiðileysisskipum í höfnum á Íslandi 4.–7. desember árið 2000 og kom í ljós að slík skip voru á þeim tíma um 161 talsins, með brúttóþyngd alls tæp 37 þús. tonn. Þar voru m.a. 14 skuttogarar, 88 fiskibátar og 38 trillur. Í Hafnarfjarðarhöfn voru þá 17 skip, í Vestmannaeyjahöfn tíu skip og á Höfn í Hornafirði þrjú skip svo að dæmi séu nefnd. Á Mjóafirði var einn skuttogari og á Reyðarfirði annar. Í Grindavíkurhöfn voru sjö skip, þar af sex fiskibátar og ein trilla. Í Ísafjarðarhöfn voru sjö skip, þar af fimm fiskibátar, og á Siglufirði fimm skip, tveir skuttogarar og þrír fiskibátar.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, sbr. 3. tölul. 3. gr. sömu laga, er bannað að sökkva skipum í sjó og er það í samræmi við alþjóðlega samninga (OSPAR) þótt í þeim sé gert ráð fyrir að bannið taki gildi á alþjóðavísu í ársbyrjun 2005.

Tillagan gerir ráð fyrir að metið verði umfang þessa umhverfisvandamáls nú, einkum með tilliti til þess hve kostnaðarsamt yrði að leysa það. Í kjölfarið þyrfti ríkisstjórnin í samvinnu við hafnarstjórnir og sveitarfélög að ákveða til hvaða aðgerða sé rétt að grípa.

Tillaga þessi er nú endurflutt frá síðasta þingi þar sem hún hlaut ekki afgreiðslu.

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller.

1. gr.

Á eftir 104. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Íbúaþing.

Sveitarstjórn skal að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili standa fyrir íbúaþingi. Á þinginu skal sveitarstjórn leitast við hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlun. Tryggt skal að að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Sveitarstjórn skal að loknu íbúaþingi gera grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Inngangur.

Þær meginbreytingar sem nú eiga sér stað á sveitarstjórnarstiginu í vestrænum þjóðfélögum einkennast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi er aukin samvinna við einkageirann og samtök af ýmsu tagi í því skyni að sinna betur tilteknum þjónustuþáttum. Í öðru lagi er valddreifing sem vísar til þeirrar meginreglu að ákvarðanir séu í sem flestum tilvikum teknar af því stjórnvaldi sem er næst íbúunum. Dæmi um þetta hér á landi er flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Í þriðja lagi er á alþjóðavettvangi vaxandi áhersla á þátttökulýðræði.

Sveitarstjórn er það stjórnvald sem er næst íbúum og gegnir því veigamiklu hlutverki við mótun hvers samfélags. Vegna þessarar nálægðar liggur lykillinn að auknu lýðræði, þ.e. að auka vitund íbúanna um ábyrgð og möguleika til áhrifa á framgang og þróun einstakra mála og málaflokka í sveitarfélaginu, hjá sveitarstjórnum.

Þjónustuhlutverk sveitarfélaga og forgangsröðun verkefna.

Með aukinni áherslu á þjónustuhlutverk sveitarfélaga verður samráð við þá sem njóta þjónustunnar, þ.e. íbúana sjálfa, stöðugt mikilvægara. Því má halda fram að hver og ein sveitarstjórn gegni leiðtogahlutverki við að tryggja góða þjónustu.

Af þessum sökum er samráð við íbúana um málefni sveitarfélaga nauðsynlegt. Margt bendir til þess að hollusta við stjórnmálaflokka sé á undanhaldi og víða erlendis fer þátttaka í sveitarstjórnarkosningum minnkandi. Á sama tíma kallar almenningur eftir auknu samráði og þá oftast um einstök málefni, svo sem í skipulagsmálum og skólamálum. Af því má draga þá ályktun að fulltrúalýðræði eitt og sér nægi ekki lengur til að skapa öflug, framsýn og lifandi sveitarfélög. Það getur aðeins gerst með því að íbúarnir taki virkari þátt í mótun samfélagsins.

Sveitarfélög hafa yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og því eru átök um forgangsröðun óhjákvæmileg. Ólíkir hópar hafa ólíka sýn og ólíkar þarfir. Samráðsferlið snýst því ekki síst um að tryggja að öll sjónarmið komi fram og að leitað sé leiða til samræmingar. Endanleg ákvörðun er í höndum sveitarstjórnar, sem síðan getur staðið íbúum skil á ákvörðun sinni.

Með því að virkja þá þekkingu og reynslu sem býr í hverju samfélagi fást betri lausnir. Ólíkir hópar í sveitarfélaginu kynnast og læra að hlýða hver á annars sjónarmið. Þannig getur skapast kraftur og samstaða sem getur orðið grunnur að jákvæðum breytingum í sveitarfélaginu.

Íbúalýðræði / þátttökulýðræði – viðbót við fulltrúalýðræði.

Lýðræði vísar ekki eingöngu til kosninga. Það vísar til samræðna ólíkra hagsmunaaðila í því skyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þau málefni sem brenna á samfélaginu.

Í fulltrúalýðræði er áherslan á baráttu, þ.e. fulltrúar berjast fyrir kjöri og stjórnmálaflokkar berjast innbyrðis innan yfirstjórnar. Þannig dregur þetta ferli fram ágreiningsmál. Með auknu samráði við íbúa, þar sem beitt er aðferðum sem draga fram sameiginlegar áherslur, fæst ákveðið jafnvægi inn í það ákvarðanaferli sem beitt er við stjórnun sveitarfélagsins.

Meðal þess sem vinnst með auknu íbúalýðræði er að almenningur verður meðvitaðri um málefni sveitarfélagsins, sem undir venjulegum kringumstæðum eru eingöngu til umfjöllunar meðal kjörinna fulltrúa og embættismanna. Þannig á sér stað uppfræðsla og menntun sem stig af stigi styrkir grunninn undir aukna aðkomu íbúa að ákvörðunum. Með þátttökunni er brúað bilið milli almennings og kjörinna fulltrúa og íbúar fengnir til liðs við sveitarstjórnir í ákvarðanatöku. Þannig eykst skilningur íbúa á nauðsyn málamiðlunar.

Traust – félagslegur auður.

Almennt ríkir heldur takmarkað traust milli sveitarstjórna og íbúa. Þegar stigin eru skref í átt að auknu samráði snúast þau í fyrstu um að byggja upp þetta traust. Ef sveitarstjórn boðar til opins samráðs og nýtir síðan niðurstöðurnar við ákvarðanatöku, sjá íbúar ástæðu til að taka frekari þátt í mótun samfélagsins. Þannig getur traust milli þessara tveggja aðila, sem hvor um sig skiptir sköpum um hag sveitarfélagsins, vaxið stig af stigi.

Notað hefur verið hugtakið „félagslegur auður“ um þetta traust sem þannig myndast. Það hefur m.a. verið skýrt á eftirfarandi hátt:

„Einn hagnýtur afrakstur þátttöku, er myndun „félagslegs auðs“. Félagslegur auður er það traust og trúnaður sem þróast þegar stjórnvöld og hið almenna samfélag koma saman til að vinna að sameiginlegum hagsmunum, samfélaginu til góða, segir stjórnmálafræðingurinn Robert Putnam. Félagslegur auður er grunnurinn að lögmæti opinberra stjórnvaldsstofnana og er nauðsynlegur fyrir áhrifaríka og árangursríka stjórnun. Án félagslegs auðs, þegar traust og trúnaður er ekki til staðar, getur það stöðvað framvindu aðgerða stjórnvalda; til lengri tíma litið virka samfélög án trausts illa og í verstu tilfellum getur brotist út ofbeldi milli andstæðra fylkinga samfélagsins. Samstarf og samráð stjórnvalda við almenning geta skipt sköp-

um í að efla þann félagslega auð sem er til staðar og byggja hann upp frá grunni þar sem hann hefur ekki þekkst áður."[1]

Farvegur fyrir samráð.

Ýmsar leiðir eru færar til samráðs sveitarstjórnar við íbúa, en þar er lykilatriði að farvegurinn sé skilgreindur og ljós. Í fámennum sveitarfélögum, þar sem aðgengi íbúa að sveitarstjórnarfólki er mjög gott, getur það þó aldrei komið í stað formlegs samráðs sem sveitarstjórn boðar til, með það að markmiði að hlýða á raddir íbúa.

Lengst getur sveitarstjórn gengið með því að boða til almennrar og bindandi atkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

Íbúaþing sem samráðsvettvangur.

Tilgangur íbúaþings, eins og hér er vísað til, er að sveitarstjórnir boði til opins samráðs við íbúa um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að íbúaþing sé haldið að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili. Eðlilegast verður að telja að íbúaþing séu haldin á fyrri hluta hvers kjörtímabils enda mest um vert fyrir nýkjörnar sveitastjórnir að leita samráðs við íbúa áður en þeir hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Hætt er við að íbúaþing stuttu fyrir kosningar missi marks af ýmsum ástæðum. Mikilvægt er að notaðar verði aðferðir sem tryggja að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á íbúaþingi verði meginhersla á að hlusta eftir skoðunum íbúa, frekar en kynningar af hálfu sveitarstjórnar. Má segja að þetta sé það sem aðgreinir íbúaþing frá hefðbundnum borgarafundum. Æskilegt er að óhlutdrægur aðili verði fenginn til að stýra samráðinu.

Ekki er gert ráð fyrir að ályktanir séu gerðar á íbúaþingum enda hér fyrst og fremst um samráðsvettvang að ræða og það er síðan hlutverk sveitastjórna að vinna úr því sem fram kemur.

Að loknu íbúaþingi gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarstjórn geri grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Loks er gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

---

[1] Timothy D. Sisk, Democracy at the Local Level, The International IDEA Handbook on Participation, Representation, Conflict Management and Governance, IDEA 2001.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Áætlunin feli í sér sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögur til úrbóta:

- kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgangi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi,
- aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu,
- kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga,
- aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu,
- kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri,
- kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar,
- skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja,
- stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir,
- stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri,
- stöðu frumkvöðla,
- stöðu uppfinningamanna.

Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2003 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti.

Greinargerð.

Starfsemi smárra og meðalstórra fyrirtækja og frumkvæði einyrkja, brautryðjenda og uppfinningamanna er drifkraftur og meginundirstaða framfara í efnahags- og atvinnumálum hvers lands. Reynslan er alls staðar sú að smá og meðalstór fyrirtæki í allri sinni fjölbreytni og lítil fyrirtæki, sem eru að vaxa, leggja til hrygglengjuna í efnahagslíf þjóða og þar verða flest ný störf til. Þannig kemur langt yfir helmingur af samanlagðri þjóðarframleiðslu allra Evrópulanda frá slíkum aðilum. Kannanir hafa sýnt að allt að 70% nýrra starfa í almennu atvinnulífi verða til í nýjum smáfyrirtækjum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum í vexti. Þrátt fyrir alla þá athygli sem umsvif stórfyrirtækja og fjölþjóðafyrirtækja fá leggja þau þegar allt kemur til alls mun minna til þjóðarframleiðslu en smáir og meðalstórir aðilar og í rekstri þeirra verða til færri ný störf.

Atvinnurekstur í smáum stíl og starfsemi einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna eru ekki síst mikilvæg þegar kemur að hvers kyns nýsköpun. Mjög algengt er að nýjar hugmyndir kvikni hjá slíkum aðilum þótt þær, eða jafnvel aðilarnir sjálfir, séu síðan oft keyptar upp af stórfyrirtækjum. Þegar kemur að hvers kyns nýsköpun og framþróun hefur reynslan sýnt að

það er ekki síst mikilvægt að hlúa vel að grasrótinni og vextinum úti á akri sjálfstætt starfandi einstaklinga og smáfyrirtækja. Það sýnir sig einnig að smáfyrirtæki eru viðbragðsfljót og iðulega fyrst til að laga sig að breyttum aðstæðum, mæta nýjum markaðsaðstæðum og nýjum þörfum. Mikilvægi smáfyrirtækja í byggðaþróun og mögulegri atvinnuuppbyggingu í fámennum byggðarlögum er ótvírætt. Oft eiga heil ævintýri og nánast kraftaverk í atvinnumálum upphaf sitt í því að útsjónarsamir aðilar vildu skapa sér atvinnu þar sem enga slíka var að hafa.

Í seinni tíð er áberandi að frumkvæði kvenna í atvinnulífinu kemur ekki síst fram í stofnun nýrra fyrirtækja og smáfyrirtækja þar sem konur með útsjónarsemi sinni eygja tækifæri í viðskiptum sem aðrir hafa ekki komið auga á eða áður nýtt sér. Ísland er hér engin undantekning. Má í því sambandi nefna fjölmörg fyrirtæki sem konur hafa byggt upp á undanförnum árum á mörgum sviðum viðskipta, svo sem í ferðaþjónustu, menningu og listum, handverks- og smáiðnaðarframleiðslu, ráðgjafarþjónustu og í framleiðslu á snyrtivörum, lyfjum og heilsuvörum.

Menn hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir mikilvægi þess að skapa slíkri starfsemi smáfyrirtækja og sjálfstætt starfandi aðila í atvinnulífinu, einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna, hagstæð skilyrði. Hjá Evrópusambandinu gildir sérstök stefna eða sáttmáli um smáfyrirtæki (European Charter for Small Enterprises). Málið hefur einnig verið á dagskrá norrænnar samvinnu þar sem skoðuð hefur verið þörfin á því að tekið verði á hlutunum sameiginlega á norrænum vettvangi. Ljóst er að smáfyrirtæki eiga á ýmsan hátt á brattann að sækja þegar kemur að aðgangi að fjármagni og möguleikum til að sækja sér ráðgjöf og stuðning. Atvinnurekstur í smáum stíl hefur að sjálfsögðu ekki sömu möguleika og stóratvinnurekstur á að byggja upp sérfræðiþekkingu og hafa í sínum röðum sérhæft starfsfólk á ýmsum sviðum. Þar sem einn eða fáeinir starfsmenn þurfa að vera allt í öllu er afar mikilvægt að hafa aðgang að skilvirkri ráðgjöf og upplýsingum um það hvert menn geti snúið sér, ella er hætt við að ýmsar hindranir trufli vöxt þessa bráðnauðsynlega nýgræðings eða lággróðurs í atvinnulífinu. Þröskuldar sem stórfyrirtæki eða stærri aðilar yfirstíga án nokkurra vandkvæða geta reynst nýjum og veikburða aðilum um megn.

Með vísan til þess er að framan greinir er lagt til að unnin verði sérstök framkvæmdaáætlun um stuðningsaðgerðir sem taki mið af aðstæðum og hagsmunum atvinnurekstrar í smáum stíl. Vandlega verði farið yfir og síðan kortlagt hvernig aðstæður eru að þessu leyti hér á landi. Að sjálfsögðu er ljóst að mikið af því atvinnuþróunarstarfi sem fyrir er og starfsemi stofnana eins og Byggðastofnunar og Iðntæknistofnunar beinast að smáum aðilum. Má sem dæmi um slíkt nefna stuðning Iðntæknistofnunar við ýmsa frumkvöðlastarfsemi, t.d. Frumkvöðlagarð á sviði efna- og líftækni. Engu að síður má færa fyrir því traust rök að á það hafi skort að málin hafi verið skoðuð út frá aðstæðum smáatvinnurekstrar sérstaklega. Yfirleitt hafi allir, stórir sem smáir, verið settir undir sama hatt þótt ljóst sé að aðstæður allar og úrlausnarefni séu gerólík eftir því hvort í hlut á nýstofnað smáfyrirtæki eða rótgróið og þekkt stórfyrirtæki með milljarðaveltu.

17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Árni Steinar Jóhannsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2004.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði fyrir eðlilega verðmyndun á öllum óunnum fiski á markaði, heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Greinargerð.

Lagalegar forsendur.

a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.“

Fullvíst má telja að viðskiptalegt umhverfi verslunar með óunninn fisk hér á landi fullnægir ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

b. Íslensk samkeppnislög.

Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal

þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi."

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Óviðunandi ástand á innlendum fiskkaupamarkaði.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótruflaðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil starfað uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá ríkir mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

a. Viðskipti milli óskyldra aðila.

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði ríkir samt sem áður mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum". Þá er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fénýti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir með lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

b. Viðskipti milli skyldra aðila.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum. Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst. Þetta ástand leiðir

til þess að á Íslandi liggja upplýsingar um afurðaverð á erlendum mörkuðum fyrir unninn fisk og fiskafurðir ekki fyrir mánuðum og jafnvel árum saman. Á sama tíma eru auðfengnar allar upplýsingar um verð afurða hjá öðrum þjóðum, t.d. í Færeyjum og Noregi.

Fénýting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð.

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Lögin um kvótaþing hafa nú verið afnumin án þess að bæta ástandið og á upplýsingavef Fiskistofu sést að uppgefin leiguverð á óveiddum fiski eru algjör markleysa. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Að sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast.

Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrædd, og er því endurflutt.

18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Flm.: Kristján L. Möller, Margrét Frímannsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson, Lúðvík Bergvinsson, Karl V. Matthíasson, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Nefndin kanni jafnframt hvaða þættir hafa helst áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og hvar skilur á milli.

Nefndin kanni sérstaklega og meti:

a. áhrif *þungaskatts* á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni,

b. áhrif *þungaskatts* á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á rekstrarskilyrði þeirra.

Nefndin móti tillögur sem hafi að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð og jafni rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja í sambandi við flutningskostnað milli landsvæða. Nefndin kanni sérstaklega hvernig breyta megi skattkerfinu til að ná þessu marki.

Nefndin skili Alþingi skýrslu fyrir 1. október 2003.

Greinargerð.

Verðlagskannanir hafa sýnt að verðlag á landsbyggðinni er yfirleitt hærra en á höfuðborgarsvæðinu og munar oft talsverðu. Þá hafa kannanir sýnt að fólk telur óhagstætt verðlag á meðal helstu ókosta þess að búa á landsbyggðinni.

Orsakir hærra verðlags á landsbyggðinni eru margvíslegar, þó verður að telja að hár flutningskostnaður og hátt innkaupsverð frá heildsölum, sem oft má rekja til óhagstæðra rekstrareininga, skipti þar mestu sem og lítil samkeppni í mörgum tilvikum.

Verðkönnun.

Fyrsti flutningsmaður tillögu þessarar hefur á liðnu sumri skoðað verð á tíu algengum vörutegundum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, og voru niðurstöðunar eftirfarandi.

Tafla 1.

Upphæðir í kr.	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	Ódýrast, kr.	Dýrast, kr.	Mismunur, kr.	Dýrara en ódýrast
Ora fiskbollur 1/1 dós	**199**	199	199	202	202	254	254	258	258	259	259	201	289	264	264	264	264	284	296	296	269	296	264	**355**	316	284	340	199	355	156	78%
Ora grænar baunir 1/2 dós	**53**	53	53	56	56	68	68	71	71	69	70	55	72	74	74	74	74	79	79	79	69	86	74	102	93	84	**108**	53	108	55	104%
Merrild kaffi 500 g (103)	329	329	**309**	339	339	389	395	395	398	429	418	327	399	428	415	415	415	399	399	423	398	399	415	456	398	434	**501**	309	501	192	62%
Melroses te 25 grisjur				**149**	149	165	165	165	165	191	192		175	175	175	175	175	199	199	211	189	204	175		216	204	**244**	149	244	95	64%
Maraþon extra þvottaduft				569	569	675		671	677	689	689	**567**	677					679	679	709	739	724			**755**		732	567	755	188	33%
Sykur 1 kg		**85**			109	119	119	111	109	119	109		123				129	129			119			**149**		128		85	149	64	75%
Sykur 2 kg	**185**	185	185	218	189		189	220				191		239	239	246	239	229	219	229	239	261	239	298	268	238	**308**	185	308	123	66%
Kornax hveiti 2 kg	**79**	79	79	84	84	91	91	91	91	94	94	83	94	94	94	94	94	109	109	109	109	117	94	148	135	114	**164**	79	164	85	108%
Cheerios 567 g	**339**	339	339	359	349	439	439	439	415	469	473	357	449	449	449	455	449	449	449	449	459	461	449	498		378	**543**	339	543	204	60%
Frón mjólkurkex	**125**	125	129	135	135	164	164	164	169	179	178	136	185	185	185	185	185		189	179	159	193	179	215	210	218	**252**	125	252	127	102%

Verslanir sem verð var kannað í – hér raðað í stafrófsröð. Þessi röð verslana samsvarar þó ekki dálkunum að ofan. (Dálkur 1 stendur t.d. ekki fyrir verslun 10-11 á Egilsstöðum né dálkur 27 fyrir verslunina Urð á Raufarhöfn, svo að dæmi séu tekin.)

10-11 Egilsstöðum	Hagkaup Akureyri	Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	Sparkaup Bolungarvík
11-11 Höfn	Hagkaup Smáralind	Krónan Höfn	Strax í Kópavogi
Bakki Kópaskeri	Kaupfélagið Blönduósi	Lónið Þórshöfn	Strax Mývatnssveit
Bónus Akureyri	Kaupfélagið Hófsósi	Nettó Akureyri	Strax Ólafsfirði
Bónus Ísafirði	Kaupfélagið Hólmavík	Nettó Mjódd	Strax Siglufirði
Bónus Smáratorgi	Kaupfélagið Sauðárkróki	Samkaup Egilsstöðum	Urð Raufarhöfn
Dalakjör Búðardal	Kaupfélagið Varmahlíð	Samkaup Ísafirði	

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar kemur í ljós mikill munur á vöruverði milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Á einstökum vörutegundum var verðmunurinn sláandi eða allt að 108% munur á hæsta og lægsta verði. Þessi könnun gefur sterka vísbendingu um þann gífurlega aðstöðumun sem fólki er búin hér á landi að þessu leyti.

Þegar niðurstöður könnunar eru skoðaðar kemur í ljós að nokkrar af stærstu verslunarkeðjum landsins sem reka verslanir bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni bjóða því sem næst sama verð í verslunum sínum, óháð staðsetningu þeirra. Þetta er athyglisvert því svo er að sjá að þessar verslunarkeðjur haldi uppi eigin flutningsjöfnuði milli verslana sinna án tillits til staðsetningar á landinu og er það til mikillar fyrirmyndar. Þetta sýnir jafnframt að hægt er að jafna vöruverð milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis sé vilji fyrir hendi.

Hátt innkaupsverð.

Nokkrir verslunareigendur á landsbyggðinni veittu fyrsta flutningsmanni aðgang að gögnum sínum um innkaupsverð umræddra vörutegunda og flutningskostnað.

Í eftirfarandi töflu má sjá innkaupsverð hjá einni verslun, útsöluverð hennar og áætlaðan flutningskostnað á hverri einingu miðað við tilboð á flutningi fyrir hvert kíló sem viðkomandi verslun hefur frá flutningsaðila.

Tafla 2.

	Verð í landsbyggðar-verslun, kr.	Þar af vsk., kr.	Verð án vsk.	Innkaups-verð	Framlegð 1, án flutnings-kostnaðar	Framlegð 1, %	Áætlaður flutnings-kostnaður 14 kr./kg	Framlegð 2, eftir greiðslu flutnings-kostn-aðar, kr.	Framlegð 2, %
Ora fiskbollur 1/1 dós	269	33	236	188	48	20,3	14	34	14,4
Ora grænar baunir 1/2 dós	85	10	75	64	11	14,2	7	4	4,8
Merrild kaffi 500 g	430	53	377	308	69	18,3	7	62	16,5
Melroses te 25 grisjur	189	23	166	140	26	15,6	4	22	13,4
Maraþon extra þvottaduft	685	135	550	439	111	20,2	21	90	16,4
Sykur 1 kg	130	16	114	88	26	22,8	14	12	10,5
Sykur 2 kg									
Kornax hveiti 2 kg	99	12	87	73	14	15,9	28	-14	-16,3
Cheerios 567 g	445	55	390	317	73	18,8	8	65	16,7
Frón mjólkurkex	185	23	162	139	23	14,4	4	19	11,9

Tafla 2 sýnir m.a. eftirfarandi:

1. Hátt innkaupsverð landsbyggðarkaupmanna á viðkomandi vöru miðað við útsöluverð þeirra verslana sem eru með lægst vöruverð.
2. Mjög háan flutningskostnað frá birgjum/framleiðendum á höfuðborgarsvæðinu út á land.
3. Flutningskostnaður sem er svipaður og framlegð kaupmannsins.
4. Mjög litla framlegð verslana á landsbyggðinni þegar tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts og flutningskostnaðar.

Þetta sýnir að álagning kaupmanna er ekki mikil og ekki orsök hás vöruverðs á landsbyggðinni.

Virðisaukaskattur.

Tafla 3.

	Ódýrast, kr.	Þar af vsk., kr.	Dýrast, kr.	Þar af vsk., kr.
Ora fiskbollur 1/1 dós	199	24,44	355	43,59
Ora grænar baunir 1/2 dós	53	6,51	108	13,26
Merrild kaffi 500 g	309	37,95	501	61,52
Melroses te 25 grisjur	149	18,30	244	29,96
Maraþon extra þvottaduft	567	111,59	755	148,58
Sykur 1 kg	85	10,44	149	18,30
Sykur 2 kg	185	22,72	308	37,82
Kornax hveiti 2 kg	79	9,70	164	20,14
Cheerios 567 g	339	41,63	543	66,68
Frón mjólkurkex	125	15,35	252	30,95
Samtals	**2.090**	**299,00**	**3.379**	**471,00**

Mismunur á ódýrast og dýrast	1.289 kr.	Mismunur á greiðslu virðisaukaskatts	172 kr.
Dýrara í prósentum	62%	Mismunur á greiðslu virðisaukaskatts í %	58%

Í töflu 3 er sýndur útreikningur á virðisaukaskatti af útsöluverði, annars vegar þegar lægsta verð er greitt fyrir hverja vöru, sem iðulega er að finna á höfuðborgarsvæðinu, og hins vegar þegar dýrasta verð er greitt fyrir sömu vöru, en það verð er iðulega að finna á landsbyggðinni.

Í töflunni kemur fram að höfuðborgarbúar greiða 2.090 kr. fyrir þessa tíu vöruflokka og *299 kr.* í virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Landsbyggðarbúinn þarf hins vegar að greiða 3.379 kr. fyrir þessar sömu vörur og *471 kr.* í virðisaukaskatt til ríkisins. Mismunur á greiðslu virðisaukaskatts til ríkisins er því *58%*. Af þessu dæmi sést að landsbyggðarbúar greiða til ríkissjóðs, í formi virðisaukaskatts, miklu hærri upphæðir af vörukaupum sínum en höfuðborgarbúar. Rétt er einnig að minna á virðisaukaskattur af flutningskostnaði verður auðvitað meiri eftir því sem lengra er ekið og flutningsgjöld hækka. Í þessu felst skattaleg mismunun sem ríkisvaldinu ber skylda til að afnema.

Með þingsályktunartillögu þessari er ætlunin að kannað verði rækilega hvaða orsakir liggja að baki umræddum verðlagsmun þannig að menn geti gripið til markvissra aðgerða til að jafna þennan mun. Í þessum tilgangi er lagt til að skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs á landsbyggðinni og bera hana saman við þróun vöruverðs á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að nefndin kanni þá þætti sem helst hafa áhrif á vöruverð á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og greini jafnframt hvar helst ber á milli.

Rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni.

Nefndinni er m.a. ætlað að kanna þróun á rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, hvaða áhrif þungaskattur hefur á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni þeirra og hvort þungaskattskerfið mismuni fyrirtækjum eftir því hvar þau eru á landinu. Flutningsmenn telja að samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sé að versna jafnt og þétt og nægir þar að nefna nýlegar gjaldskrárbreytingar Eimskipafélags Íslands sem er eina skipafélagið sem enn rekur strandsiglingaþjónustu hér á landi.

Í þessu sambandi er rétt að benda á grein Ásgeirs Magnússonar, forstöðumanns Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri, í Fréttabréfi Samtaka iðnaðarins í október 2001 (sjá fylgiskjal II).

Landsmenn sitji við sama borð.

Flutningsmenn telja að ríkisvaldinu beri skylda til að tryggja að allir landsmenn sitji við sama borð þegar kemur að setningu laga og reglna í samfélaginu. Fullyrða má að þungaskattskerfið sem við búum við sé þess eðlis að það komi harðar niður á landsbyggðarbúum en íbúum höfuðborgarsvæðisins. Nú er svo komið að langstærstum hluta innfluttra vara er skipað upp í Reykjavík eða nágrenni hennar og þaðan er vörunum dreift út um landið með vöruflutningabifreiðum. Þungaskattur leggst á þessa flutninga og því lengra sem ekið er með vöru því hærri verður skatturinn. Skatturinn kemur þannig fram í hærri flutningskostnaði sem aftur hækkar vöruverð til viðkomandi neytenda.

Nauðsynlegt er að bregðast við þessu og því er lagt til að nefndin kanni sérstaklega áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni en ætla má að áhrif hans hafi aukist síðari ár, sérstaklega eftir að afsláttarkerfi þungaskatts var lagt niður.

Lagt er til að nefndinni verði falið að gera tillögur sem miði að því að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð á landsbyggðinni. Benda má á að í núgildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar er veittur afsláttur af þungaskatti af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum og eins njóta bændur afsláttar. Í lögunum er jafnframt kveðið á um að þeir sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skuli greiða 50% lægri þungaskatt. Af þessu má sjá að þungaskatturinn er bæði notaður til jöfnunar og sem stýritæki.

Í Noregi hafa menn farið þá leið að skipta landinu niður í svæði og er mismunandi skattheimta á milli svæðanna réttlætt út frá byggðasjónarmiðum. Rétt er að nefndin skoði ítarlega hvernig þetta er framkvæmt í Noregi.

Aðgerðir í byggðamálum.

Verulega hefur skort á aðgerðir í byggðamálum þótt vandi landsbyggðarinnar og áhrif hans hafi verið ljós. Má í því sambandi vitna í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 sem samþykkt var á 123. þingi, en þar segir í upphafi ályktunargreinarinnar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1998–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010.“

Í fylgiskjali IV með tillögunni segir síðan:

„IV. Hvers vegna flytur fólk búferlum frá landsbyggðinni?

Rannsóknin á orsökum búferlaflutninga á Íslandi, sem sagt er frá í bókinni Búseta á Íslandi, leiðir í ljós að mjög náið samband er milli mats íbúa einstakra landshluta á búsetuskilyrðum byggðarlagsins og fólksfjöldaþróunar. Þar sem íbúar hafa yfir fleiru að kvarta í búsetuskilyrðunum hefur fólksfjöldaþróunin orðið óhagstæðust vegna mikils brottflutnings. Þar sem ánægja með 24 þætti búsetuskilyrða er mest hefur þróunin orðið hagstæðust og mest fjölgað.

Búsetan er almennt veikust í smæstu sjávarútvegsbyggðarlögunum, einkum í þorpum með innan við 1000 íbúa. Náið samband er milli þróunar atvinnutækifæra í fiskvinnslu á landsbyggðinni og brottflutnings til höfuðborgarsvæðisins á síðastliðnum 35 árum. Flutningur vinnslu út á sjó í frystitogara og það óöryggi sem frjálst framsal veiðikvóta skapar í minni sjávarútvegsþorpum virðist eiga ríkan þátt í aukinni búseturöskun á síðustu árum. Hins vegar eru íbúar sumra stærri þéttbýlisstaðanna á landsbyggðinni ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

IV.1. Viðhorf íbúa á hættusvæðunum.

Til að draga skýrt fram niðurstöður rannsóknarinnar er gagnlegt að skoða meðfylgjandi yfirlit um óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrðanna í mestu jaðarbyggðunum, eða þeim svæðum sem Byggðastofnun hefur skilgreint sem sérstök hættusvæði á landsbyggðinni, vegna þess að þau hafa tapað meira en 10% af íbúum sínum á síðustu 10 árum.[1] Þessi greining sýnir á skýran hátt hvaða einstakir þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest sviður undan á þeim svæðum sem flestu fólki tapa. Um er að ræða eftirfarandi svæði:

Hættusvæðin á landsbyggðinni:

Vesturland:	Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla
Vestfirðir:	Allt kjördæmið
Norðurland vestra:	Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla
Norðurland eystra:	Siglufjörður, Fljóta- og Hofshreppur
Austurland:	Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Suður-Múlasýsla
Suðurland:	Vestur-Skaftafellssýsla

Tafla 2 sýnir hvaða þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest óánægja er með á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Heildarmynstur niðurstaðna er í samræmi við niðurstöðurnar fyrir landið allt, þó að mikilvægi einstakra þátta sé misjafnt. Hér kemur skýrlega fram að flestir íbúar hættusvæðanna, þ.e. þeirra svæða sem langflestu fólki hafa tapað á síðastliðnum árum, eru óánægðir með húshitunarkostnað, næstmest er óánægjan með verðlag og verslunaraðstæður, þá kemur lagning og viðhald vega, tekjuöflunarmöguleikar, atvinnutækifæri, húsnæðiskostnaður almennt, framboð hentugs húsnæðis á svæðinu, atvinnuöryggi og framhaldsskólamál. Á hinum enda listans eru þau atriði sem litla óánægju vekja, og þar eru áberandi margir þættir opinberrar þjónustu, veðurfar og umhverfisskilyrði.

Tafla 2. Viðhorf íbúa til búsetuskilyrða á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Það sem flestir eru óánægðir með.

	% íbúa sem segjast óánægðir með viðkomandi þátt
Húshitunarkostnaður	78
Verðlag og verslunaraðstæður	69
Lagning og viðhald vega	58
Tekjuöflunarmöguleikar	52
Atvinnutækifæri	49
Húsnæðiskostnaður almennt	49
Framboð hentugs húsnæðis	45
Atvinnuöryggi	43
Framhaldsskólamál	43
Aðstaða til afþreyingar	38
Vöruúrval	37
Skemmtanalíf	37
Menningarlíf	35
Hætta vegna náttúruhamfara	34
Þjónustuúrval	32
Ruðningur vega á vetrum	29

[1] „Byggðir sem höllum fæti standa“ (Byggðastofnun, október 1997).

	% íbúa sem segjast óánægðir með viðkomandi þátt
Aðstaða til íþróttaiðkunar	28
Flugsamgöngur	27
Dagvistunarmál	24
Heilbrigðisþjónusta	22
Veðurfar í byggðarlaginu	21
Grunnskólamál	20
Þjónusta við aldraða	14
Hætta af völdum umferðar og ofbeldis	8

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997

Húshitunarkostnaðurinn er beint kjaraatriði fyrir almenning, en eins og fram kemur í annarri greinargerð,[2] þá greiða íbúar þeirra svæða sem ekki njóta jarðhitaveitna allt að tvöfaldan húshitunarkostnað á við það sem tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Meðalhúshitunarkostnaður á „köldu svæðunum“ er nú nærri heilum mánaðarlaunum verkamanns á einu ári.

Annað mesta umkvörtunarefnið, verðlag og verslunaraðstæður, tengist auðvitað aðgengi að verslunarþjónustu sem erfitt er að veita svo fullnægjandi teljist nema í stærri þéttbýliskjörnum. Síðan koma atriði tengd atvinnumálum og svo fleiri atriði tengd húsnæðisaðstæðum. Loks eru margir sem kvarta undan aðgengi að framhaldsskólanámi, sem eðlilega er takmarkað á umræddum svæðum.“

Jöfnun lífskjara – mikilvægasta byggðamálið.

Þrátt fyrir að verðlag sé annað mesta umkvörtunarefni fólks, sbr. það sem fram kemur hér að framan, er jöfnun verðlags ekki meðal þeirra atriða sem talin eru upp í texta umræddrar þingsályktunar.

Mikilvægt er að rannsaka ofan í kjölinn þær ástæður sem liggja að baki mismunandi vöruverði eftir landshlutum þannig að unnt sé grípa til viðeigandi ráðstafana til að jafna muninn.

Sama á við um samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sem hafa versnað mikið á undanförnum árum, og er rétt að benda á að nýlega voru stofnuð „Samtök fyrirtækja á Norðurlandi“ sem m.a. hafa það markmið að jafna rekstrar- og starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni, m.a. með endurbótum á flutningskerfinu hvort heldur er á sjó, landi eða í lofti.

Jöfnun lífskjara, svo og jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja án tillits til staðsetningar þeirra verður að vera meðal forgangsverkefna ef árangur á að nást í byggðamálum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Samþykkt Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra: Ályktun um aðgerðir í skattamálum til jöfnunar lífskjara.
II. Er ekki hægt að koma á einhvers konar verðjöfnunargjaldi á flutninga í landinu? Ásgeir

[2] Stefán Ólafsson, „Tengsl viðhorfa til húshitunarkostnaðar og aðgangs að hitaveitu“ (greinargerð fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998).

Magnússon, forstöðumaður Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri. (Úr Fréttabréfi Samtaka iðnaðarins, október 2001.)

III. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum.

IV. Samþykkt Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra: Tillaga um jöfnun lífskjara með aðgerðum í skattamálum.

V. Gjaldskrá flutningaþjónustu Flytjanda. (Frá 10. júní 2002.)

19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að stuðla að bættu starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Það verði m.a. gert á eftirfarandi hátt:

a. Stofnaður verði sjóður með lið á fjárlögum í þeim tilgangi að styrkja hvers konar starf félagasamtaka, hópa og einstaklinga sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna. Hluta sjóðsins verði varið til þess að tryggja þátttöku sömu hópa í alþjóðlegu starfi.

b. Jafnréttisfulltrúum eða öðrum starfsmönnum ráðuneytanna verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem innan starfssviðs hvers ráðuneytis vinna að jafnari stöðu kynjanna á hverjum tíma.

Greinargerð.

Starfsemi frjálsra félagasamtaka er einn af hornsteinum lýðræðisins. Þau starfa oft í beinum tengslum við grasrótina og eru í mun betri aðstöðu en stjórnvöld til þess að bregðast vafningalaust við nýjum aðstæðum og skilgreina þarfir og skoðanir almennra borgara. Þau koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum sem koma stjórnvöldum að gagni og verka þannig sem mótvægi við stjórnkerfi sem oft er þungt og seinvirkt.

Á alþjóðavettvangi hefur á undanförnum árum skapast aukinn skilningur á mikilvægi frjálsra félagasamtaka. Til marks um það er samþykkt Árósasamningsins í júní 1998, samnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og tryggingu fyrir réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þessi skilningur hefur einnig náð til frjálsra félagasamtaka sem starfa á vettvangi kvenfrelsis og hefur það orðið til að skerpa hlutverk kvennahreyfingarinnar. Skemmst er að minnast öflugrar framgöngu málefnahóps kvenna sem starfaði í tengslum við heimsþing Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 26. ágúst til 4. september 2002.

Innan Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna hefur aukinn skilningur og hvatning haft í för með sér bætt starfsskilyrði. Fyrir nokkrum árum ákvað Evrópusambandið að koma á laggirnar svokölluðu Daphne-verkefni sem sækir kraft sinn og hugmyndir til frjálsra félagasamtaka og hefur það hlutverk að vinna gegn ofbeldi á konum og börnum. Evrópusambandið hefur lagt gífurlega fjármuni til þessa verkefnis og er ástæðan sú að sögn Anitu Gradin, fyrrverandi fulltrúa í framkvæmdarstjórn ESB, að „félagasamtök beiti árangursríkari aðferðum en hið opinbera til að ná til almennings og til þeirra sem eru í áhættuhópum.“

Þetta hlutverk félagasamtaka þarf einnig að meta að verðleikum hér á landi og skapa svigrúm fyrir nýja hópa með nýjar hugmyndir. Sérstaklega þarf að huga að og veita brautargengi góðum hugmyndum sem gætu haft keðjuverkandi áhrif í þá átt að leiðrétta kynjamisrétti á Íslandi, jafnvel þótt hugmyndirnar komi frá litlum og lítt skilgreindum hópum eða einstaklingum.

Að vissu marki koma íslensk stjórnvöld til móts við rótgróin félagasamtök eins og ungmennahreyfinguna, íþróttahreyfinguna, skáta og fleiri samtök með hefðbundið skipulag og uppbyggingu, en á meðal félagasamtaka hefur kvennahreyfingin mikla sérstöðu. Það er eðli hreyfingarinnar að innan hennar hafa oft myndast litlir óformlegir hópar sem ekki hafa neinar félagaskrár og finnast hvergi á skrám yfir formleg félagasamtök. Þessir hópar hafa brugðist skjótt við nýjum aðstæðum og hafa starfað að afmörkuðum verkefnum í stuttan tíma. Þannig stigu Samtök um kvennaathvarf, Kvennaráðgjöf, Stígamót o.fl. sín fyrstu skref, en einnig má nefna t.d. Konur gegn klámi, áhugahóp um aðgerðir til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir unglingsstúlkna o.fl.

Sem dæmi um nýja kvennapólitíska hópa sem starfa hér á landi mætti nefna Bríeti, félag ungra femínista. Kvennakirkjan nýtur æ meiri vinsælda og ekki er vanþörf á að hlúa að kvenfrelsisstarfi innan íslenskrar kirkju. Lífslíkur og árangur þessara hópa mundu aukast til mikilla muna ef hægt væri að sækja um fjárveitingar til þess að koma í verk einhverjum af þeim hugmyndum sem félagsfólk hefur. Þessum hópum og einstaklingum þyrfti að gefa tækifæri til að sækja um styrki til pólitískra verkefna, svo fremi þau geti rökstutt þörfina og sýnt fram á almennt gildi starfsins fyrir samfélagið.

Aukið samstarf á alþjóðavettvangi snertir ekki síður kvennapólitískt starf en aðra þætti samfélagsins. Reynslan hefur sýnt að á Íslandi er mikill áhugi á þátttöku í alþjóðlegu kvennapólitísku starfi. Til marks um það er þátttaka íslenskra kvenna í Nordisk forum, Peking-ráðstefnunni 1995, ráðstefnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Valmiera í ágúst 1997 og síðast en ekki síst hinni viðamiklu ráðstefnu um konur og lýðræði við árþúsundamót sem haldin var í Borgarleikhúsinu 8.–10. október 1999. Íslensk stjórnvöld hafa stutt ferðir íslenskra kvenna á þessar mikilvægu ráðstefnur og hefur sá stuðningur tryggt mikla þátttöku og virkni fyrir og meðan á ráðstefnunum hefur staðið. Sá stuðningur skilaði sér einnig svo um munaði í öflugri þátttöku íslenskra kvenna á fyrrnefndri ráðstefnu um konur og lýðræði. En ráðstefnuferðir eru lítils virði ef ekki eru tök á að fylgja þeim eftir með gróskumiklu starfi úti á akrinum og áframhaldandi tengslum milli félaga og samtaka sem vinna að svipuðum verkefnum vítt um heiminn. Það er eðli alþjóðastarfsins að á ráðstefnum og fundum myndast tengsl sem nauðsynlegt er að rækta áfram eftir að heim er komið, en slíkt hefur einatt reynst örðugt, ekki síst vegna fjárskorts.

Þegar þessi tillaga var upphaflega flutt á 123. löggjafarþingi í febrúar 1999 var hugmyndin sótt til norskrar stjórnsýslu. Í Noregi hefur verið komið á því kerfi að barna- og fjölskyldumálaráðuneytið auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki til kvennapólitískrar upplýsingastarfsemi og einnig til kvennapólitísks alþjóðastarfs. Styrkirnir hafa tryggt þann jarðveg sem nauðsynlegur er fyrir frjótt starf. Þar í landi er haft samráð og gagnkvæmt upplýsingaflæði á milli stjórnvalda og kvennahreyfingarinnar. Þar er einnig hefð fyrir því í utanríkisráðuneyti að drög að samningum og hugmyndir sem snerta konur á alþjóðavettvangi séu send til umsagnar þeirra aðila sem starfa að málefnum kvenna og upplýsinga- og samráðsfundir eru haldnir í ráðuneytinu þegar þurfa þykir. Í norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytinu er tveggja áratuga hefð fyrir samráðsfundum og gagnkvæmu upplýsingaflæði á milli ráðuneytis, stofnana, frjálsra félagasamtaka og baráttuhópa sem hefur gefið góða raun og tryggt sýnilegan árangur.

Á sama hátt þyrftu íslensk stjórnvöld að hafa félagasamtök á þessu sviði með í ráðum og bera hugmyndir sínar undir slíka aðila þegar um er að ræða mál er varða áhuga- og baráttumál þeirra. Það ætti að vera fengur í því fyrir íslenska stjórnsýslu að nýta alla þá reynslu og þekkingu sem safnast hefur saman innan kvennahreyfingarinnar. Í mörgum tilvikum er um sérfræðikunnáttu að ræða sem nauðsynlegt er fyrir opinbera aðila að hafa aðgang að. Einnig ætti að kappkosta að kynna kvennahreyfingunni hugmyndir og fyrirætlanir sem opinberir aðilar vinna að og hafa um þær samráð. Það er hugmynd flutningsmanna þessarar tillögu að komið verði á formlegum boðleiðum milli einstakra fagráðuneyta og félagasamtaka, hópa og/eða einstaklinga sem vinna að því að jafna stöðu kynjanna og að það verði í verkahring jafnréttisfulltrúa fagráðuneytanna eða annarra starfsmanna sem ráðuneytin tilnefna að annast það starf. Á þann hátt má tryggja upplýsingastreymi og samskipti milli hins opinbera kerfis og þeirra sem starfa í grasrótinni á hverjum tíma.

Sjóður sá sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að stofnaður verði í þeim tilgangi að styrkja starf samtaka, hópa og einstaklinga, sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna ásamt þátttöku í alþjóðlegu starfi, yrði sérgreindur liður á fjárlögum, hefði faglega sjóðstjórn og yrði þannig sambærilegur við sjóði sem styrkja starf á sviði menningar og lista. Setja þyrfti sjóðnum reglur sem kvæðu nánar á um framkvæmdina, skipun sjóðstjórnar og það hvar sjóðurinn yrði hýstur.

Eins og lýst er í greinargerð þessari eru hugmyndir sem kvikna í grasrótinni oft þess eðlis að þær þurfa ekki nema örlitla aðhlynningu til að bera góðan ávöxt. Ef lögð er rækt við að fanga slíkar hugmyndir má skapa það umhverfi sem þarf til að kvennahreyfingin og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna.

20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breytingu á lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Stefánsson,
Jóhann Ársælsson og Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna koma tveir málsliðir nýir sem orðast svo: Slík leyfi skal veita aðilum sem fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands ásamt nánari almennum skilyrðum sem ráðherra setur í reglugerð. Ef nauðsynlegt reynist að takmarka hvalveiðar af einhverjum ástæðum, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., er ráðherra heimilt með reglugerð að veita þeim aðilum sem mesta reynslu hafa af hvalveiðum í fiskveiðilandhelginni forgang til veiðanna.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. er ráðherra óheimilt að takmarka veiðar umfram það sem Hafrannsóknastofnunin telur óhætt að veiða hverju sinni eða beita öðrum takmörkunum sem gera ókleift að veiða það magn.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir 2. mgr. 4. gr. er ráðherra heimilt á árunum 2003 og 2004 að takmarka veiðar við færri hvali af hverri tegund en þann fjölda sem Hafrannsóknastofnunin leggur til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja að nú beri að hefja hvalveiðar í samræmi við ályktun Alþingis frá 123. löggjafarþingi, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 standi ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.“

Upphaf hvalveiðibannsins má rekja til nefndrar þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 2. febrúar 1983. Þar ályktaði Alþingi um að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða skyldi ekki mótmælt af Íslands hálfu. Frá því að þessi ályktun var gerð hefur löggjafinn ekki tjáð sig um hvalveiðibannið ef frá er talin fyrrgreind þingsályktun sem frá 123. þingi. Hvalveiðibanninu var hrundið í framkvæmd af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins með stöðvun á útgáfu leyfa til hvalveiða. Í lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, sem hér eru lagðar til breytingar á, er þó hvergi kveðið á um bann við hvalveiðum. Lögin gera þvert á móti ráð fyrir að hvalveiðar séu öllum heimilaðar sem fullnægja skilyrðum til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Ráðherra er þó heimilt skv. 4. gr. laganna að kveða á um ýmsar takmarkanir á veiðunum með reglugerð. Síðasta reglugerðin sem sett var á þessum grunni er frá árinu 1984 og er þar er kveðið á um takmörkun á fjölda hvala af hverri tegund sem heimilt er að veiða. Það er því svo að hvorki samkvæmt lögum né reglugerðum settum samkvæmt þeim er bannað að veiða hval við Íslandsstrendur. Rétt er að taka það fram að þingsályktanir þær sem að framan er getið raska í engu ákvæðum laga og reglugerða, né hafa alþjóðasamningar og samþykktir alþjóðastofnana áhrif á íslenskan rétt nema samningarnir séu innleiddir í hann. Þess má þó geta að í 10. gr. reglugerðar nr. 163/1973, um hvalveiðar, segir að landstöðvum sé skylt að hlíta því að erlendir eftirlitsmenn fylgist nákvæmlega með starfsemi stöðvarinnar í samræmi við samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem bindandi eru fyrir Ísland, eða ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Þetta ákvæði getur þó ekki með nokkru móti leitt til þess að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um hvalveiðibann gangi framar íslenskum lögum. Séu menn í einhverjum vafa um þetta má telja það fullvíst að ákvæði þetta hafi enga þýðingu eftir að Íslendingar sögðu sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992.

Það er því ekkert því til fyrirstöðu að hefja hvalveiðar að óbreyttum lögum fáist til þess leyfi ráðherra.

Það má gagnrýna að ráðherra geti á þennan hátt stöðvað framgang laga með því einfaldlega að neita útgáfu leyfa, jafnvel þótt vilji Alþingis hafi verið kannaður. Ráðherrum sem og öðrum stjórnsýsluaðilum ber skylda til að framkvæma lög, þ.m.t. að veita þau leyfi sem þeim er falið að veita að uppfylltum skilyrðum laga og öðrum málefnalegum skilyrðum sem unnt er að setja.

Frumvarp þetta gengur annars vegar út á það að kveða á um með ákveðnari hætti en nú er gert að ráðherra skuli gefa út leyfi að uppfylltum almennum og sérstökum skilyrðum og hins vegar að þrengja heimildir ráðherra til að takmarka hvalveiðar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir aðlögunartímabili en þegar það er liðið er ekki heimilt að takmarka veiðar umfram það sem Hafrannsóknastofnunin telur óhætt að veiða hverju sinni.

Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegsráðherra hefur þegar verið varið tæplega 60 millj. kr. til kynningarstarfa. Kostnaður við kynningu á málstað Íslendinga var sem hér segir 1999–2001:

Árið 1999	9,8 millj. kr.
Árið 2000	14,4 millj. kr.
Árið 2001	33,9 millj. kr.
	58,1 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 er ráðgert að verja 25 millj. kr. til kynningarverkefnisins. Mikil kynning á málstað Íslendinga hefur því þegar átt sér stað og tímabært að hefja veiðar.

Nú eru liðin rúm þrjú ár síðan þessi ályktun um að hefja hvalveiðar hið fyrsta var samþykkt á Alþingi. Frumvarpið miðar að því að þeirri stefnu verði nú framfylgt í verki.

Sífellt fleiri rök mæla með því að nú skuli taka af skarið og hefja veiðar. Þeim sjónarmiðum vex nú ört fylgi að nauðsyn beri til þess að horfa á vistkerfi hafsins sem eina heild og að hvalir séu hluti af vistkerfinu sem verði að nýta á ábyrgan hátt með veiðum. Fjölgun hvala er nú þegar mikil á Íslandsmiðum og veiðar sem samræmast eðlilegri nýtingu hvalastofna geta bætt vöxt og aukið nýtingu okkar á nytjastofnum. Við umræður um stærð og afrán hvalastofna á Alþingi á 127. löggjafarþingi var m.a. upplýst að ekki liggja fyrir beinar upplýsingar um stofnstærðir hvala frá því seint á 19. öld. Vísindalegt mat á stærð og ástandi nytjategunda hvala hefur verið gert með útreikningum á líklegum stofnstærðum hvala fyrir tíma svokallaðra nútímahvalveiða. Þessir útreikningar byggjast á gögnum um núverandi stofnstærð út frá hvalatalningum og veiðisögu viðkomandi tegunda að gefnum forsendum um líffræðilega framleiðslugetu stofnsins. Slíkir útreikningar hafa verið gerðir fyrir stofna hrefnu og langreyðar hér við land. Þeir benda til að báðir þessir stofnar séu í góðu ástandi og yfir 70% af upprunalegri stærð en almennt er talið æskilegast hvað snertir afrakstursgetu að stofnar séu á bilinu 60–70% af upprunalegri stærð.

Þótt formlegar úttektir hafi ekki verið gerðar á fleiri tegundum benda fyrirliggjandi gögn til að stofnar sandreyðar og hnúfubaks séu einnig í góðu ástandi en steypireyður á líklega enn langt í land með að ná fyrri stofnstærð.

Samkvæmt útreikningum sem byggjast á fyrirliggjandi gögnum um stofnstærðir, viðverutíma, fæðuþörf og fæðuval éta allir hvalir árlega um 6 millj. tonna af sjávarfangi á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þar af er talið að rúmlega 2 millj. tonna séu fiskmeti en vegna gagnaskorts um fæðuval flestra tegunda er ekki unnt að flokka fiskmeti frekar. Minnsti skíðishvalurinn, hrefnan, er atkvæðamesti afræninginn hvað varðar heildarmagn og fiskát. Heildarmagnið er 2 millj. tonna og fiskmetið 1,2 millj. tonna. Samkvæmt mjög takmörkuðum

gögnum sem liggja fyrir um fæðusamsetningu hrefnunnar, um 60 magasýni á 15 ára tímabili, nemur árlegt afrán hennar um 125 þús. tonnum af þorskfiskum, um 50 þús. tonnum af síli og ríflega 600 þús. tonnum af loðnu. Þessar tölur ber þó að taka með miklum fyrirvara þar eð gögnin að baki eru mjög takmörkuð og ekki tilviljunarbundið úrtak úr stofninum.

Af tannhvölum éta grindhvalur og andarnefja mest, 700–800 þús. tonn hvor tegund. Hjá þessum tegundum er smokkfiskur langstærsti hluti fæðunnar en grindhvalir éta þó rúmlega 150 þús. tonn af fiskmeti. Heildarneysla höfrungategundanna hnýðings og leifturs losar 400 þús. tonn samkvæmt útreikningum en hjá þessum tegundum samanstendur matseðillinn að mestu leyti af fiskmeti. Ekki er þó unnt á þessu stigi að leggja tölulegt mat á afrán þeirra á sérstökum fisktegundum eða tegundahópum. Rétt er að geta þess að útreikningar á heildarneyslu byggjast að miklu leyti á stofnstærðarmati og af aðferðafræðilegum ástæðum má ætla að stofn tannhvala sé frekar van- en ofmetinn.

Á Hafrannsóknastofnuninni hafa verið gerðar frumtilraunir til að kanna hugsanleg áhrif þriggja skíðishvalstegunda, hrefnu, langreyðar og hnúfubaks, í fjölstofna líkani sem auk þess innihélt þorsk, loðnu og rækju. Þessar athuganir gefa m.a. vísbendingar um að vöxtur hvalastofnanna gæti haft veruleg áhrif á langtíma afrakstursgetu þorskstofnsins, allt að 20%, og einnig veruleg áhrif á loðnustofninn. Mikil óvissa ríkir þó um þessi áhrif. Stærstu óvissuþættir útreikninganna varða hlutdeild þorsks í fæðu hrefnunnar og framtíðarþróun í stærð hvalastofnanna.

Í tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um veiði á hrefnu, sbr. skýrslu stofnunarinnar frá júní 2001, fjölrit nr. 80, segir á bls. 101:

„Í ljósi ofangreindrar úttektar vísindanefndar NAMMCO leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark fyrir hrefnu verði 250 dýr á ári."

Tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar um veiði á langreyði:

„Í ljósi ofangreindrar úttektar mælir Hafrannsóknastofnun með að veiðar verði takmarkaðar við 200 langreyðar innan A-Grænland/Íslands svæðisins, þó ekki fleiri en 30 dýr innan A-svæðis, 110 innan B-svæðis og 60 innan C-svæðis."

Ekki hefur verið gerð bein tillaga um veiði á sandreyðarstofninum, þótt lesa megi út úr texta skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar að stofninn þoli veiðar.

Það er von flutningsmanna að frumvarp þetta fái skjóta meðferð í þinginu enda má telja að mikill stuðningur sé við það að hefja hvalveiðar á ný svo sem samþykkt þingsályktunartillögunnar á 123. þingi gefur til kynna.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um ábyrgðarmenn.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og framsal.

1. gr.

Lög þessi gilda um:

a. samninga og viðskiptabréf, þar með talda tékka og víxla, þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara,
b. samninga og viðskiptabréf þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum aðalskuldara.

Lög þessi ganga framar ákvæðum annarra laga sem kveða á um ábyrgðarmenn eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð undanþegið samninga og viðskiptabréf ef nafnvirði fjárhæðar þeirra nær ekki 300.000 kr., auk þess sem lögin gilda ekki um framsal tékka við innlausn hans í fjármálastofnun.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðarmaður: Einstaklingur sem skuldbindur sig persónulega eða með eigum sínum gagnvart öðrum til tryggingar efndum fjárskuldbindinga þriðja aðila.

Aðalskuldari: Sá sem gengist er í ábyrgð fyrir.

Kröfuhafi: Eigandi eða handhafi kröfu sem ábyrgðarmaður hefur ábyrgst.

Framsalshafi: Sá er fær kröfu framselda til sín.

3. gr.

Við framsal kröfu sem ábyrgðarmaður er í ábyrgð fyrir eða hefur veðsett eigur sínar til tryggingar efndum á gilda ákvæði þessara laga um samband framsalshafa og ábyrgðarmanns. Framsalshafi skal án tafar tilkynna ábyrgðarmanni um framsalið. Framsalshafi ber ábyrgð á því tjóni sem af því kann að hljótast að tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

II. KAFLI
Stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga.

4. gr.

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur.

Ábyrgðarsamningur sem ekki kveður skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara er ógildur. Enn fremur er ábyrgðarsamningur ógildur ef hann kveður á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast í framtíðinni.

Skilyrði sem ekki kemur fram í ábyrgðarsamningi er ekki bindandi fyrir ábyrgðarmann nema lög kveði á um annað.

5. gr.

Áður en ábyrgðarmaður undirritar ábyrgðarsamning skal kröfuhafi upplýsa hann skriflega um hvers konar ábyrgð um er að ræða og hversu víðtæk hún er. Kröfuhafi skal enn fremur upplýsa ábyrgðarmann um hverju það geti varðað falli ábyrgðin að öllu leyti eða að hluta á hann með tilliti til fjárhags ábyrgðarmanns.

Auk þess skal kröfuhafi upplýsa ábyrgðarmann um:

a. kröfu þá sem ábyrgðarmaður vill ábyrgjast, auk upplýsinga um þann tíma sem ábyrgðinni er ætlað að gilda, fjárhæð kröfu, fyrningarreglur, hlutfall ábyrgðar eða hæstu fjárhæð sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast og kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna vanefnda aðalskuldara,
b. veð og tryggingar sem auk ábyrgðarloforðs er ætlað að standa til tryggingar efndum kröfu, þar með talið virði eigna sem aðalskuldari hefur sett til tryggingar efndum,
c. aðrar skuldir aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og hvort þær eru í vanskilum enda liggi samþykki aðalskuldara fyrir um veitingu slíkra upplýsinga; hafni aðalskuldari því að ábyrgðarmanni verði veittar þessar upplýsingar skal ábyrgðarmanni tilkynnt um það áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af lánssamningi og ábyrgðarsamningi auk annarra skriflegra upplýsinga sem skylt er að veita honum.

III. KAFLI
Réttarsamband kröfuhafa og ábyrgðarmanns.

6. gr.

Kröfuhafi skal tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um vanefndir aðalskuldara. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var send tilkynning um vanefndir aðalskuldara. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni ef veð eða aðrar tryggingarráðstafanir eru ekki lengur tiltækar. Jafnframt skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um lát aðalskuldara eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Kröfuhafi skal, fyrir hver áramót, tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um hvaða kröfum hann er í ábyrgðum fyrir, hverjar eftirstöðvar þeirra eru, hvort þær eru í vanskilum og hversu mikil vanskil eru, ef um þau er að ræða.

Vanefni kröfuhafi tilkynningarskyldu sína ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir vegna þess.

7. gr.

Kröfuhafi getur ekki gert fyrirvara um það í ábyrgðarsamningi að hann geti einhliða breytt skilmálum samnings í óhag fyrir ábyrgðarmann. Breyting á upphaflegum lánssamningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur engin áhrif á ábyrgðarsamning nema samhliða sé gerð á honum sams konar breyting. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt samningi við aðalskuldara.

Ákvæði í samningi um að ábyrgðarmaður afsali sér rétti til að gera kröfur á hendur lánveitanda vegna vanefnda á skyldum hans gagnvart ábyrgðarmanni eru ógild.

8. gr.

Vanefni aðalskuldari skyldur sínar þannig að kröfuhafi gjaldfellir kröfu ásamt vöxtum og kostnaði gildir sú gjaldfelling ekki gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið tilkynnt um vanefnd aðalskuldara og jafnframt gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um dráttarvexti eða kostnað vegna innheimtu eða annarra fullnustuaðgerða nema honum hafi áður verið gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ef ábyrgðarmaður ákveður að greiða kröfuna eða koma henni í skil skal hann tilkynna kröfuhafa og aðalskuldara um það um leið og greiðsla hefur átt sér stað.

9. gr.

Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs enda hafi ábyrgðarmaður ekki haft hag af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.

Kröfuhafi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða eða ábyrgðarmaður hafi haft ávinning af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.

IV. KAFLI
Takmarkanir á ábyrgð.

10. gr.

Hafi kröfuhafi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls aðalskuldara og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á kröfuna.

Ef kröfuhafi vanrækir að lýsa kröfu í gjaldþrota- eða dánarbú aðalskuldara lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi aðalskuldara.

Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveður á um lækkun kröfu á hendur aðalskuldara hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

V. KAFLI
Brottfall ábyrgðar eða annarra tryggingarráðstafana.

11. gr.

Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu hafi aðalskuldari aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi.

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingarráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar, og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var, er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild.
12. gr.

Viðskiptaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd I. og II. kafla laga þessara.

VII. KAFLI
Gildistaka.
13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt í sjötta sinn og er óbreytt frá 127. löggjafarþingi. Í fylgiskjali er bréf laganefndar Neytendasamtakanna um frumvarpið frá 6. desember 2001.

Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Í skýrslu nefndar frá því í nóvember 1996, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera má ráð fyrir að um 90.000 einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um 47% allra Íslendinga á þessum aldri. Ekki hefur tekist að finna nýrri upplýsingar um stöðu þessara mála hér en fátt bendir til þess að verulegar breytingar hafi orðið á þessu sviði þrátt fyrir vilja fjármálastofnana til þess. Því bendir flest til þess að ábyrgðarskuldbindingar séu mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eða í Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu viðskiptaráðuneytisins, *Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga,* að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið önnur en annars staðar á Norðurlöndum.

Markmiðið með framlagningu þessa frumvarps er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu kröfuhafa og ógildingarástæður, auk samskiptareglna milli ábyrgðarmanna og lánveitanda. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Um framhald greinargerðar og fylgiskjal, bréf laganefndar Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn (Reykjavík 6. desember 2001), vísast til samhljóða greinargerðar og fylgiskjals í þskj. 845 (540. mál 127. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 2001–2002, bls. 3703–3713.

22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera rammaáætlun um markvissar umbætur í velferðarmálum og framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi. Áætlunin taki til helstu þátta velferðarþjónustunnar og meðal annars eftirfarandi atriða:

Almannatryggingar og félagsmál.

Gerð verði heildarendurskoðun á almannatryggingalögum með það að meginmarkmiði að:

a. tryggja öllum sem þurfa að reiða sig á almannatryggingar laun, samfélagslaun, sem duga til framfærslu og binda í lög að slík laun fylgi fortakslaust almennri launaþróun,
b. tryggja öryrkjum sjálfstæðan, einstaklingsbundinn rétt til framfærslu án tillits til hjúskaparstöðu,
c. auka hlutdeild almannatrygginga í tannlæknaþjónustu og efla forvarnastarf,
d. hraða endurskoðun á samspili almannatrygginga, lífeyrisréttinda og skattkerfis, endurskoða alla viðmiðun tekjutenginga og sameina meðferð almannatrygginga, atvinnuleysisbóta og lífeyrismála í einu ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands,

Jafnframt verði unnið að:

a. hækkun atvinnuleysisbóta og auknum stuðningi til endurmenntunar og starfsendurhæfingar.
b. hækkun barnabóta og réttindi foreldra og aðstandenda langveikra barna tryggð,
c. verulegu átaki til að auka framboð félagslegs leiguhúsnæðis,
d. auknum stuðningi við tekjulága einstaklinga og fjölskyldur vegna húsnæðiskostnaðar og sá stuðningur samræmdur,
e. áætlun um að auðvelda sveigjanleg starfslok,
f. aðgerðum til að útrýma kynbundnum launamun sem verði sérstakt forgangsverkefni næstu árin,
g. styttingu vinnuvikunnar og hækkun dagvinnulauna, til að rjúfa vítahring lágs tímakaups og langrar vinnuviku, sem verði meginmarkmið í samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins,
h. setningu laga sem varna því að fólki sé mismunað á vinnumarkaði vegna aldurs,
i. heildarlöggjöf um málefni innflytjenda.

Heilbrigðismál.

Heilbrigðisþjónustan verði efld og aðgangur allra landsmanna að henni tryggður án tillits til tekna, búsetu, aldurs, kynferðis eða annarra þátta. Meðal brýnna verkefna eru:

a. afnám sjúklingaskatta og komugjalda á heilsugæslustöðvar,
b. endurskoðun lyfjakostnaðar,
c. réttarbætur fyrir langveik börn,
d. að auka rými á sjúkrastofnunum og afnema sumarlokanir þannig að fullnægjandi þjónusta sé í boði árið um kring,

e. að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga sem lið í að tryggja jafnrétti í heilbrigðismálum,
f. umbætur í geðheilbrigðismálum, m.a. með stuðningi við fjölskyldur geðsjúkra,
g. aukið forvarnastarf á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar.

Menningarmál, uppeldis- og menntamál.

Opinber stuðningur við menningarmál, uppeldis- og menntamál verði endurskoðaður og tryggt að menntun og menningarstarfsemi verði aldrei séreign fáeinna einstaklinga eða hópa. Þannig er m.a. mikilvægt að:

a. fjárhagslegar aðstæður sveitarfélaga til rekstrar leikskóla og grunnskóla verði endurskoðaðar og bættar,
b. tryggt verði að opinbert fé til skólastarfs á öllum skólastigum skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla og ákvæði sett í lög sem tryggja að einkaskólum verði ekki hyglað umfram opinbert skólastarf,
c. fjölgað verði tækifærum til framhaldsnáms og námsfólki á landsbyggðinni boðið samfellt nám í heimabyggð sinni til 18 ára aldurs,
d. fjölgað verði námsleiðum á framhaldsskólastigi og komið á fót stuttum starfsmenntabrautum,
e. átak verði gert til að jafna aðstöðu til náms og hagnýta möguleika fjarkennslu til að bæta aðstöðu landsbyggðarfólks,
f. tryggt verði að þeir sem eiga í félagslegum erfiðleikum eða námserfiðleikum njóti ráðgjafar og stuðnings til að geta nýtt sér þær námsleiðir sem í boði eru,
g. viðmiðunarmörk Lánasjóðs íslenskra námsmanna um framfærslu og frítekjumark hækki til samræmis við framfærsluþörf,
h. gert verði sérstakt átak í fræðslumálum fatlaðra á framhaldsskólastigi, jafnrétti þeirra til náms tryggt og fullorðinsfræðsla og starfsþjálfun fatlaðra efld,
i. sérstakt átak verði gert til að efla og styrkja mikilvægustu menningarstofnanir þjóðarinnar, svo sem Ríkisútvarpið, atvinnuleikhús, sinfóníuhljómsveitir o.fl.,
j. skipulagður stuðningur verði veittur til sjálfsprottinnar menningarstarfsemi víðs vegar um land og starf áhugahópa á sviði menningar og lista stutt þannig að slíkir hópar og einstaklingar eigi þess kost að starfa á sínum heimaslóðum á eigin forsendum.

Mannvænt samfélag umhyggju og samhjálpar.

Markvisst verði brugðist við ýmsum knýjandi verkefnum sem við blasa í samfélaginu. Meðal forgangsverkefna á þessu sviði er að:

a. tryggja að móttaka innflytjenda til Íslands lúti samræmdum reglum og að nýir íbúar verði búnir undir fullgilda þátttöku í samfélaginu af kostgæfni og alúð,
b. gera stórátak í aðgengismálum hreyfihamlaðra sem og að tryggja mannréttindi fatlaðra á öllum sviðum samfélagsins með hliðsjón af viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna,
c. takast á við þau verkefni sem breyting á sjálfræðisaldri hafði í för með sér,
d. efla forvarnir gegn notkun fíkniefna,
e. veita fjármagn til að taka á vanda ungmenna sem af einhverjum ástæðum eiga þess ekki kost að stunda almennt skólanám, hvort sem er á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi,
f. auka fjármagn og fjölga valkostum til meðferðar og stuðnings við ungmenni sem eiga við alvarlegan félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda að stríða,
g. koma á fjölskylduvænu skattkerfi,
h. stuðla að sveigjanlegum vinnutíma.

Fjármögnun velferðarkerfisins.

Skattkerfið verði tekið til heildstæðrar skoðunar með það að markmiði að tryggja réttláta skattbyrði, tekjujöfnun og fjölskylduvænt fyrirkomulag skattheimtu. Gerð verði langtímaáætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og skattstofnar sveitarfélaga endurskoðaðir með það í huga að tekjur sveitarfélaga dugi til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að sinna. Brýnustu verkefni á þessu sviði eru að:

a. tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir,
b. skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga verði fjölgað,
c. skattleysismörk fylgi launaþróun,
d. skattur á fjármagnstekjur og arðgreiðslur verði endurskoðaður.

Greinargerð.

Inngangur og rökstuðningur.

Hér er endurflutt þingsályktunartillaga sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa að stofni til flutt á þremur undangengnum þingum en hún hefur aldrei orðið útrædd. Í þessari nýju tillögu hafa ýmsir útreikningar sem fram koma í greinargerð verið reiknaðir aftur auk þess sem nokkrar breytingar koma fram í texta.

Meðal helstu nýmæla sem stefnumótun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á sviði velferðarmála felur í sér má nefna:

1. Horfið verði frá „bóta- og ölmusuhugsunarhætti“ sem enn gætir allt of mikið í almannatryggingakerfinu og þess í stað tekið upp hugtakið „samfélagslaun“.
2. Sjálfstæður réttur hvers einstaklings til mannsæmandi afkomu verði styrktur og sérstaklega skilgreindur. Af þessu leiðir að horfið verði með öllu frá niðurlægjandi viðmiðun við tekjur maka hjá öryrkjum og aldrei gengið svo langt í slíkum tekjutengingum eða viðmiðunum að hver og einn njóti ekki fullrar sjálfsvirðingar sem einstaklingur og búi við fullnægjandi afkomuöryggi.
3. Endurskoðun og samræming lífeyrisréttinda, almannatrygginga og skattkerfis verði forgangsmál og málaflokkur lífeyrisréttinda, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta verði sameinaður í einu ráðuneyti.
4. Sett verði lög sem banna mismunun fólks á vinnumarkaði á grundvelli aldurs.
5. Sett verði heildarlöggjöf um málefni innflytjenda.
6. Hafið verði á nýjan leik átak í byggingu félagslegra leiguíbúða og stuðningur við lágtekjufólk vegna húsnæðiskostnaðar samræmdur og aukinn.
7. Komugjöld og sjúklingaskattar verði afnumin.
8. Hugtakið „jafnrétti til þjónustu“ verði grundvallarregla heilbrigðiskerfisins.
9. Sett verði ákvæði í lög sem tryggja að einkaskólum verði ekki hyglað á kostnað opinbers skólastarfs.
10. Öllum verði tryggður réttur og möguleiki á samfelldu námi til 18 ára aldurs í heimabyggð.
11. Gert verði stórátak í aðgengismálum hreyfihamlaðra og réttindamálum fatlaðra með hliðsjón af viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna.
12. Hafin verði barátta fyrir styttingu vinnuvikunnar.
13. Sérstakt forgangsverkefni á næstu árum verði að útrýma kynbundnum launamun.
14. Skattþrepum í tekjuskatti verði fjölgað.

Með þessari þingsályktunartillögu leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til aðgerðir í nokkrum þeirra mála sem hvað brýnast er að takast á við í íslensku samfélagi um þessar mundir. Það ber þó að ítreka að hér verður ekki látið staðar numið, þing-

flokkurinn mun halda áfram að vinna að tillögum um úrbætur og endurreisn velferðarkerfisins til hagsbóta fyrir alla Íslendinga og leggja línur fyrir framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að líta heildstætt á velferðarþjónustuna og vill ráðast í lagabreytingar með skýra og markvissa framtíðarsýn. Sama gildir um atvinnu- og umhverfismál, en samhliða þessari tillögu flytur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þingsályktunartillögu um sjálfbæra atvinnustefnu. Þessir málaflokkar voru umfjöllunarefni á stjórnmálafundum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð efndi til um land allt undir yfirskriftinni: Græn framtíð – atvinna, velferð, umhverfi. Tillögurnar eru því sprottnar úr starfi á vegum flokksins og umræðum á almennum fundum í öllum kjördæmum landsins. Afrakstur starfsins sést í þessum tillögum, en því er ekki lokið þar með heldur verður unnið áfram að viðfangsefninu.

Uppbyggileg framtíðarstefna.

Kannanir benda til þess að félagslegrar mismununar sé farið að gæta innan velferðarþjónustunnar hér á landi. Við þetta eiga Íslendingar ekki að sætta sig. Með þessari þingsályktunartillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er lagt til að hafin verði gagnsókn til að styrkja og bæta velferðarkerfið. Það mun gagnast öllu samfélaginu, gera það kröftugra og betur í stakk búið að takast á við verkefni í nútíð og framtíð. Mikilvægt er að horft sé til langs tíma og mörkuð uppbyggileg stefna til að skapa velferðarsamfélagi framtíðarinnar traustan grunn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að í allri stefnumótun verði kvenfrelsissjónarmið lögð til grundvallar og allar ákvarðanir stjórnvalda metnar með tilliti til þess hvaða áhrif þær hafa á stöðu kvenna.

Aukin misskipting.

Íslenska velferðarkerfið varð aldrei jafnþróað og velferðarkerfi annarra Norðurlandaþjóða. Þegar skoðað er umfang opinbera geirans í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð árin 1980 og 1996 kemur í ljós að auk þess sem Íslendingar vörðu minni hluta vergrar landsframleiðslu til velferðarsamfélagsins en hinar þjóðirnar árið 1980, varð þróunin allt önnur á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum á næstu 16 árum. Þetta kemur greinilega fram í eftirfarandi töflu:

Heildarútgjöld til velferðarmála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1980	1996
Danmörk	56	61,5
Finnland	38	57,4
Ísland	32	38,4
Noregur	43	45,5
Svíþjóð	60	64,7

Heimild: Íslenska leiðin, Stefán Ólafsson, Tryggingastofnun ríkisins, Háskólaútgáfan 1999.

Á þeim 16 árum sem tafla þessi tekur til varð afturför í velferðarmálum mest á undangengnum áratug en þá kom til sögunnar hærri gjaldtaka innan heilbrigðis- og skólakerfis. Á sama tíma var dregið úr stuðningi við barnafólk með stórfelldum niðurskurði á barnabótum. Barnabætur voru 1,21% af vergri landsframleiðslu (VLF) í byrjun tíunda áratugarins, en eru nú aðeins 0,60%. Auk þessa voru skattbyrðar auknar hjá láglauna- og millitekjuhópum. Frá

1988 til 1999 hefur staðgreiðsluhlutfall skatta hækkað um 9%. Hækkunin var mest fyrstu ár staðgreiðslunnar, en síðan hækkaði staðgreiðsluhlutfallið þrisvar sinnum: 1993 til að fjármagna lækkun aðstöðugjalds, 1994 til að fjármagna hluta af lækkun virðisaukaskatts á matvæli og í ársbyrjun 1997 vegna yfirtöku sveitarfélaga á rekstri grunnskólans. Árið 1997 var síðan ákveðið að lækka skatthlutfallið um 4% í áföngum. Í meðfylgjandi töflu, sem að stofni til er fengin úr skýrslu ASÍ og BSRB, Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks, má sjá breytingu á tekjuskattshlutfalli, útsvari og persónuafslætti á árabilinu 1988–2001.

Ár	Tekjuskatts-hlutfall	Útsvar	Staðgreiðslu-hlutfall[1]	Hátekju-skattur[2]	Persónu-afsláttur	Skattleysis-mörk, kr.	Skattleysismörk launamanns, kr.
1988	28,5	6,7	35,2		15.552	44.182	44.182
1989	30,8	6,94	37,74		18.631	49.367	49.367
1990	32,8	6,99	39,79		21.482	53.988	53.988
1991	32,8	6,99	39,79		23.377	58.750	58.751
1992	32,8	7,05	39,85		23.968	60.144	60.144
1993	34,3	7,04	41,34	5	23.761	57.477	57.477
1994	33,15	8,69	41,84	5	23.930	57.193	57.193
1995	33,15	8,78	41,93	5	24.495	58.419	59.310
1996	33,15	8,79	41,94	5	24.544	58.522	60.332
1997	30,41	11,57	41,98	5	24.544	58.466	60.902
1997	29,31	11,57	40,88	7	23.901	58.466	60.902
1998	27,41	11,61	39,02	7	23.360	59.867	62361
1999	26,41	11,93	38,34	7	23.329	60.848	63.383
2000	26,41	11,96	38,37	7	23.912	62.320	64.916
2000	26,41	11,96	38,37	7	24.510	63.878	66.540
2001	26,08	12,68	38,76	7	25.245	65.132	67.845
2002	25,75	12,79	38,54	7	26.002	67.468	70.279

[1] Tekjuskattur og útsvar. [2] Sérstakur tekjuskattur.

Heimild: Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks. Úttekt. Lífeyris-, velferðar- og skattanefnd ASÍ, skattanefnd BSRB, september 1999.

Skattleysismörk hafa ekki þróast í samræmi við launaþróun og veldur tvennt: tekjuskattshlutfall hefur verið hækkað án þess að persónuafsláttur hækki nægilega til að viðhalda óbreyttum skattleysismörkum og persónuafsláttur hefur að auki lækkað, eins og fram kemur í töflunni.

Þegar líða tók á tíunda áratuginn varð ljóst að aukin misskipting var farin að valda alvarlegri félagslegri mismunun. Í skýrslu sem landlæknisembættið gaf út í apríl 1997 undir heitinu Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð, segir m.a.: „Gjalda ber varhug við frekari hækkun gjalda eða verulegum þjónustugjöldum, því að í óbirtri rannsókn landlæknisembættisins kemur í ljós að meðal barnafólks, sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er *allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts.*“ Í skýrslunni kemur fram að það er einkum á sviði tannlækninga sem fólk veigrar sér við að leita lækninga. „*Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.*“

Könnun á álögum á sjúklinga.

Í árslok 2001 birti BSRB könnun sem unnin var í samráði við lækna um kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Tekin voru dæmi af sjö sjúklingum sem áttu við mismunandi veikindi að stríða og lagðir fram útreikningar á þróun kostnaðar þeirra á tímabilinu 1990–2001. Öllum þessum sjúklingum var fylgt í gegnum ráðlagða læknismeðferð í eitt ár og haldið til haga kostnaði þeirra yfir árið. Sama eða sambærileg meðferð var skoðuð á fimm ára fresti; 1990, 1996 og 2001. Niðurstaðan var mjög afgerandi. Í öllum tilvikum hafði kostnaður sjúklingsins stóraukist, í sumum hafði hann margfaldast. Samanburður af þessu tagi er alltaf erfiður og í sumum tilvikum kynni að vera um einhverja kostnaðaraukningu að ræða vegna aukinnar meðferðar. Það á t.d. við varðandi lungnaþembu. Þá er á það að líta að í sumum tilfellum er kostnaðarhlutdeild sjúklinga meiri en í þeim dæmum sem notuð voru í könnuninni, í öðrum tilfellum minni.

Þróun heildarkostnaðar sjúklinganna yfir árin 1990, 1996 og 2001



	Sjúkdómur	1990	1996	2001	1990–1996	1996–2001	1990–2001
#1	lungnaþemba	8.504	36.927	70.902	334,23%	92,01%	733,75%
#1b	nikótínmeðferð sleppt	8.505	36.928	46.380	334,20%	25,60%	445,34%
#2	fjölbreytt vandamál	10.665	37.320	34.886	249,93%	-6,52%	227,11%
#3	kransæðasjúkdómur	13.560	24.719	34.475	82,30%	39,47%	154,25%
#4	barn m/eyrnabólgu	17.524	22.556	24.342	28,71%	7,92%	38,91%
#5	þunglyndi	19.626	54.527	53.388	177,83%	-2,09%	172,02%
#6	ofnæmi	19.481	42.840	57.067	119,91%	33,21%	192,94%
#7	gigt	29.905	43.241	48.563	44,59%	12,31%	62,39%

Heimild: BSRB.

Góð samfélagsþjónusta gagnast öllu samfélaginu.

Í könnun sem danska atvinnumálaráðuneytið lét gera meðal atvinnurekenda árið 1996 á því hvaða þættir skiptu mestu máli þegar þeir ákváðu staðsetningu fyrirtækja sinna kom fram að góð almannaþjónusta skipti höfuðmáli við valið. Yfir 90% sögðu að skólamál, heilbrigð-

ismál og löggæsla skiptu meginmáli. Fast á hæla þessara þriggja þátta með yfir 80% komu leikskólarnir og stoðkerfi samfélagsins, þ.e. samgöngur, veitur, sími og póstur. Tæplega 80% lögðu áherslu á öldrunarþjónustu. Þessi könnun ber þess glögglega vott að forsvarsmenn í atvinnurekstri gera sér í vaxandi mæli grein fyrir mikilvægi þess að treysta innviði samfélagsins. Þarna fara því saman efnahagslegar forsendur uppbyggingar í atvinnulífi og kröfur um félagslegt réttlæti og samábyrgð þegnanna.

Þessi sjónarmið koma sérstaklega til álita þegar hugað er að byggðastefnu því að traust samfélagsþjónusta er lykilatriði til að tryggja atvinnulíf og þar með byggð. (Bætum samfélagsþjónustuna, BSRB, 1999.)

Einkavæðing veikir samfélagsþjónustuna.

Á undanförnum árum hafa nokkrar stofnanir í eigu ríkisins verið gerðar að hlutafélögum með það að markmiði að selja þær í hendur einkaaðilum. Innan velferðarþjónustunar er þessarar stefnu einnig farið að gæta bæði í skólakerfinu og heilbrigðisþjónustunni. Þegar hafa elliheimili verið boðin út á grundvelli svokallaðra einkaframkvæmda. Athygli vekur að í kynningu á einkaframkvæmdum leggur ríkisstjórnin áherslu á að „sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum ...“ (skýrsla frá árinu 1998, Einkaframkvæmd). Hér er beinlínis verið að boða skólagjöld og sjúklingaskatta sem koma til með að valda mismunun í þjóðfélaginu í framtíðinni, ef svo fer fram sem horfir.

Sú einkavæðingarstefna sem fylgt hefur verið undangenginn áratug hefur orðið til að veikja samfélagsþjónustuna og draga úr almannaþjónustu, einkum á landsbyggðinni þar sem þjónustan er talin hafa hlutfallslega mestan kostnað í för með sér. Þannig er nú verið að fækka starfsmönnum innan póst- og símaþjónustu á landsbyggðinni og hætt er við því að með frekari einkavæðingu innan almannaþjónustunnar muni starfsfólki enn fækka á þeim stöðum sem síst mega við frekari röskun. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur beitt sér fyrir því á Alþingi að allri einkavæðingu verði slegið á frest og breiðri sátt náð um markalínur milli opinbers rekstrar og einkarekstrar. Þeim mun brýnna er að huga að samspili skipulagsbreytinga í samfélaginu og byggðaþróunar að á undanförnum árum hefur orðið meiri byggðaröskun í landinu en verið hefur áratugum saman.

Byggðaröskun.

Stórfelld röskun byggðar í landinu er mikið áhyggjuefni. Allar götur síðan 1979 hefur straumurinn legið frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og síðastliðin tíu ár hafa brottfluttir af landsbyggðinni umfram aðflutta verið um 12.500. Þessi þróun hefur á margan hátt haft neikvæð félagsleg og menningarleg áhrif á allt þjóðfélagið, en nú fer einnig vaxandi skilningur á þjóðhagslegum kostnaði sem er samfara þessari röskun. Talið er að það kosti sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. 3–5 millj. kr. á hvern íbúa sem þangað flyst að byggja upp nauðsynlega aðstöðu og þjónustu, og er þá rekstrarkostnaður ekki meðtalinn. Á móti verður fjárfesting og uppbygging á landsbyggðinni vannýtt. Skólar, heilbrigðisstofnanir og aðrar þjónustustofnanir standa hálftómar og tekjur sveitarfélaganna minnka, auk félagslegra erfiðleika sem skapast. Er þá ónefndur mikill kostnaður fjölskyldna og einstaklinga sem oftar en ekki yfirgefa eignir sínar verðlitlar eða verðlausar og þurfa að kosta miklu til að útvega sér húsnæði og koma sér fyrir á nýjum stað.

Fjölbreytni er forsenda góðrar byggðastefnu.

Við svo mikla byggðaröskun verður atvinnuþróun óhagstæðari og atvinnulíf einhæfara, einkum í fámennari byggðarlögum. Hafa ber í huga að búseta ræðst ekki lengur aðeins af

atvinnu heimilisföður heldur þarf að taka tillit til þess að konur eru einnig virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Þær mennta sig ekki síður en karlar og eiga bæði þær sjálfar og þjóðfélagið rétt til þess að sú menntun og starfskraftar nýtist. Orsakir byggðaröskunar felast einnig í margháttuðum aðstöðumun byggðarlaga hvað varðar samgöngur, verslun og vöruverð, orkukostnað, aðstöðu til menntunar, heilsugæslu og margvíslegrar félagslegrar þjónustu. Þá er ekki hægt að líta fram hjá því að fjölbreytni á sviði menningar og afþreyingar vegur þungt og skiptir fólk æ meira máli. Fjölbreytni, jöfn lífsskilyrði og öryggi eru því lykilorðin við markmiðssetningu í byggðamálum. Síðast en ekki síst snýst málið um að efla tiltrú fólks á búsetu til framtíðar í byggðum utan höfuðborgarsvæðisins. Um vilja þess hefur verið spurt í skoðanakönnun sem staðfestir að fjölmargir kysu búsetu á landsbyggðinni ef öryggi og allar aðstæður væru þar í góðu lagi. Því liggur beint við að álykta að róttækar aðgerðir til úrbóta gætu snúið við þeirri þróun sem verið hefur í flutningum fólks af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis.

Skal nú vikið að einstökum áhersluatriðum, þáttum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að hafa skuli forgang við endurreisn velferðarkerfisins í samræmi við þingsályktunartillöguna sem hér er flutt.

Almannatrygginga- og félagsmál.

Almannatryggingalöggjöfin er mjög yfirgripsmikil heildarlöggjöf með fjölda réttinda- og heimildarákvæða. Undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar breytingar á einstökum liðum laganna án tillits til þess hver áhrif þær breytingar hafa á aðra þætti. Þetta hefur valdið því að kerfið er hvorki gagnsætt né skilvirkt, í mörgum tilvikum getur eitt rekist á annars horn og þeir sem þurfa á þjónustu kerfisins að halda þekkja iðulega ekki rétt sinn og hafa litla möguleika á að kynna sér hann. Almannatryggingakerfið er öryggiskerfi sem allir landsmenn njóta góðs af, en ljóst er að þegar fram líða stundir mun lífeyrissjóðakerfið að verulegu leyti leysa það af hólmi. Sú breyting mun hins vegar taka langan tíma og mikilvægt er að menn rasi ekki um ráð fram við tekjutengingu lífeyris.

Breyttar áherslur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill gerbreyttar áherslur í almannatryggingakerfinu. Í stað þess að nota hugtökin „bætur“ og „bótaþegi“ um þá sem fá greiðslur úr almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum ber að tala um „laun“ til að leggja áherslu á þann rétt sem einstaklingnum ber til tekna hvort sem um er að ræða atvinnutekjur eða samfélagslaun.

Þá vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð afnema skerðingu tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka og draga úr öðrum tekjutengingum innan almannatryggingakerfisins. Koma þarf í veg fyrir að kerfið festi í sessi ríkjandi hugmyndir um karlinn sem aðalfyrirvinnu og konu hans sem efnalega háða honum.

Stuðningur við atvinnulausa.

Enda þótt atvinnuleysi hafi minnkað mjög á síðustu árum er það engu að síður enn alvarlegt vandamál þúsunda einstaklinga og fjölskyldna og í ágústmánuði síðastliðnum voru um 3.400 manns á atvinnuleysisskrá. Brýnt er að tryggja réttindi þessa fólks til endurmenntunar og sjá til þess að það fái stuðning til að finna starf við hæfi. Þá má aldrei gleymast að tryggja þarf atvinnulausu fólki tekjur til að sjá sér farborða, stunda menningarlíf og veita sér og börnum sínum þá lífsfyllingu sem aðrir þegnar þjóðfélagsins telja sjálfsagða.

Sveigjanleg starfslok.

Ryðja þarf úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk geti hætt starfi, breytt starfshlutfalli eða á annan hátt endurskipulagt vinnu sína þegar það kemst á efri ár.

Heilbrigðismál.

Vel starfhæft heilbrigðiskerfi sem reist er á þeirri meginforsendu að allir hafi þar sama rétt til þjónustu er einn af hornsteinum sterks velferðarkerfis. Þar til fyrir fáum árum uppfyllti íslenska heilbrigðiskerfið allvel þessar kröfur. Á undanförnum árum hefur hins vegar verið vegið að þessari þjónustu með niðurskurði og kerfisbreytingum sem hafa bæði bitnað á þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og starfsfólki heilbrigðiskerfisins. Jafnframt hafa verið innleiddir sjúklingaskattar í ýmsum myndum. Það hefur haft þær afleiðingar að tekjulægsta fólkið, sem þó þarf oft mest á heilbrigðisþjónustu að halda, getur ekki notað hana vegna útgjaldanna sem það hefur í för með sér.

Langtímaáætlun.

Skipulag heilbrigðisþjónustunnar þarf að hugsa til langs tíma. Á því leikur ekki vafi að þegar til lengri tíma er litið mundi það spara mikla fjármuni ef forvarnastarf yrði eflt innan heilbrigðisþjónustunnar og öflug, almenn heilsugæsla tæki tímanlega á málum áður en þau komast á alvarlegt stig. Auk þess mætti grípa til margvíslegra aðgerða til að gera þjónustuna markvissari og hagkvæmari. Í því sambandi má nefna svokölluð sjúkrahótel sem er millistig milli sjúkrahúss og heimilis. Þegar í stað þarf hins vegar að ráðast í lagabreytingar til að tryggja jöfnuð innan kerfisins. Afnema þarf sjúklingaskatta og komugjöld á heilsugæslustöðvar og brýnt er að taka lyfjakostnað til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum að draga úr óhóflegum kostnaði sem veldur því að efnalítið fólk hefur ekki ráð á því að kaupa nauðsynleg lyf.

Meðal brýnna verkefna á sviði heilbrigðismála eru réttarbætur fyrir langveik börn og fjölskyldur þeirra. Þá leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ríka áherslu á nauðsyn umbóta í geðheilbrigðismálum.

Menntun og menning.

Menning þjóðarinnar birtist í hvers konar athöfnum hennar þar sem saman fara verk hugar og handa. Góð grunnmenntun er undirstaða þess að menning, vísindi og listir blómstri og það er skylda samfélagsins að sjá til þess að allir þegnar þess eigi jafnan aðgang að bestu grunnmenntun á hverjum tíma.

Leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli.

Kostnaður við rekstur leikskóla og grunnskóla eru stærstu útgjaldaliðir sveitarfélaganna og jafnframt einn mikilvægasti málaflokkurinn sem þau sinna. Í ljós hefur komið að eins og margir óttuðust hafa breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla haft í för með sér grundvallarbreytingar á því skólastigi. Mörg sveitarfélög ráða illa við hinn mikla kostnað sem skólarekstrinum fylgir og það hefur m.a. orðið til þess að skólar hafa verið lagðir niður eða sameinaðir. Mjög áríðandi er að tekjustofnar sveitarfélaga til skólarekstrarins verði endurskoðaðir og tryggt að öll sveitarfélög geti staðið undir góðu og metnaðarfullu skólastarfi, bæði í leikskóla og grunnskóla.

Áhugi stjórnvalda á því að styðja einkaframkvæmdir og draga úr opinberum rekstri hefur meðal annars orðið til þess að hluti þess opinbera fjármagns sem ætlað er til skólastarfs grunnskóla og framhaldsskóla fer til að styrkja einkaskóla sem síðan afla viðbótarfjár með

skólagjöldum og/eða styrkjum frá fyrirtækjum og stofnunum. Í Reykjavík þar sem reknir eru nokkrir einkaskólar á grunnskólastigi er einkaskólunum ætluð sama fjárhæð fyrir hvern nemanda og grunnskólar sveitarfélagsins fá. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þessa þróun ógna mjög þeirri jafnréttishugsun sem mikilvægt er að höfð sé að leiðarljósi þegar grunnmenntun þjóðarinnar er annars vegar og leggur áherslu á að tryggt verði að opinber fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólastarfs skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla, hvort sem er á grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi.

Samfellt grunnnám allra ungmenna.

Engin stéttaskipting er hættulegri en menningarleg stéttaskipting. Það er því grundvallaratriði að ungmenni, hvar sem þau búa á landinu og hver sem efnahagsleg staða þeirra eða fjölskyldna þeirra er, eigi greiðan aðgang að skólanámi a.m.k. til 18 ára aldurs. Benda má á þá mismunun sem felst í miklum námskostnaði þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína, en ekki er fjarri lagi að kostnaður við það sé 300–500 þús. kr. á ári. Á vegum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er einnig lögð fram þingsályktunartillaga um tólf ára samfellt grunnnám alls staðar á landinu svo að unglingar innan sjálfræðisaldurs geti stundað nám daglega frá heimili sínu.

Verknám.

Þróun menntamála undanfarin ár hefur orðið til þess að stefna æ fleiri nemendum til bóknáms þegar komið er á framhaldsskólastig og jafnvel svo að ástæða er til að óttast um framtíð verkmenntunar í landinu. Sem dæmi má nefna að í Iðnskólanum í Reykjavík, stærsta iðnmenntaskóla landsins, hefur fjölgun nemenda í skólanum í heild fyrst og fremst orðið á bóknámsbrautum, svo sem í almennu námi, fornámi og á tölvufræðibraut, en á þeirri braut eru nemendur þrisvar sinnum fleiri nú en þeir voru í upphafi tíunda áratugarins. Nemendum hefur hins vegar fækkað mjög á nær öllum iðnnámsbrautum. Þetta eru alvarleg tíðindi þegar hugsað er til iðn- og verkmenntunar í landinu og mikilvægt að grípa í taumana og styrkja sérstaklega verknáms- og iðnnámsbrautir og gera slíkar námsbrautir fýsilegar fyrir góða námsmenn.

Allt skólastarf á að miða að því að samfara góðri fræðslu í mismunandi námsgreinum verði lögð áhersla á að efla samfélags- og siðferðisvitund nemenda, frumkvæði þeirra og hugmyndaflug. Mikilvægt er einnig að nám sé metið til jafns við aðra vinnu og áhersla lögð á að nám sérhvers námsmanns sé mikilvægt fyrir þjóðina alla. Því ber að gera öllum kleift að stunda háskólanám, starfstengt nám og endurmenntun með stuðningi hagstæðra námslána sem einnig taka til efnis- og bókakaupa.

Listir og menning.

Listsköpun og hvers kyns menningarstarfsemi skilar þjóðinni bæði menningarlegum og fjárhagslegum verðmætum. Þess vegna er mikilvægt að efla skilning á hlut lista og menningar í þjóðlífinu, í hugsun og handverki, smekk, tísku og lífsmáta. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur grundvallaratriði að helstu menningarstofnanir þjóðarinnar, svo sem Ríkisútvarpið, Þjóðarbókhlaða, atvinnuleikhús, sinfóníuhljómsveitir og listasöfn, eflist sem máttarstólpar menningarinnar í landinu og verði áfram burðarásar hver á sínu sviði og í eigu þjóðarinnar allrar. Jafnframt er nauðsynlegt að veita sjálfsprottinni menningarstarfsemi víðs vegar um land skipulegan stuðning þannig að starf áhugahópa á sviði menningar og lista geti dafnað og blómstrað, en slíkt styður ekki síst við farsæla byggðaþróun.

Mannvænt samfélag umhyggju og samhjálpar.

Hnignun velferðarkerfisins á Íslandi hefur m.a. haft í för með sér að samfélagið hefur þróast meira og meira í átt til sérhyggju og hagsmunagæslu fyrir þá sem best standa fjárhagslega og félagslega. Jafnframt hefur verið horfið frá ýmsum gildum sem fram á síðustu ár hafa verið undirstaða velferðarkerfisins. Þannig kemur víða fram að umhyggja fyrir öðrum, samhjálp og samábyrgð þykja gamaldags og afturhaldssöm viðhorf. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er því ósammála og leggur þess í stað áherslu á að tekið verði markvisst og skipulega á málum margra samfélagshópa sem ekki eiga þess alltaf kost að gæta eigin hagsmuna. Hér er aðeins getið örfárra mikilvægra verkefna sem við blasa.

Móttaka útlendinga sem setjast að á Íslandi.

Á undanförnum árum hefur fjölgað útlendingum sem setjast að á Íslandi eða óska eftir að gera Ísland að heimalandi sínu. Þetta er fjölbreyttur hópur og ástæður þess að Ísland hefur valist sem dvalarstaður eru mismunandi. Sem dæmi má nefna að síðustu ár hafa nokkrir hópar erlendra flóttamanna komið hingað og sest hér að, íslenskt atvinnulíf hefur tímabundið sóst eftir erlendu vinnuafli og Íslendingar hafa gengið í hjónaband með erlendu fólki. Þá getur verið um að ræða fólk sem á fjölskyldu hér fyrir, erlenda foreldra eða erlend börn Íslendinga.

Sumum útlendinganna sem hér hafa sest að hefur tekist vel að samlagast íslensku samfélagi, þeir hafa sett svip sinn á það, styrkt og auðgað á margvíslegan hátt. Því miður eru þeir þó miklu fleiri sem þurfa sérstakan stuðning þegar þeir setjast að í nýju landi með framandi tungu og menningu. Ef ekki verður brugðist við og tryggt að innflytjendum sem setjast að á Íslandi verði sérstaklega sinnt og séð til þess að þeir og börn þeirra fái viðunandi kennslu á öllum skólastigum og innan fullorðinsfræðslunnar og tryggt að almennar upplýsingar um íslenskt samfélag, t.d. um heilbrigðis- og tryggingakerfi, séu tiltækar og búið svo um hnúta að íslenskur vinnumarkaður sé þeim aðgengilegur, er hætt við að áður en langt um líður verði ýmis vandamál sem tengjast þessum hópi þjóðfélagsþegna á Íslandi orðin svo yfirgripsmikil og fjölþætt að vart verði við ráðið. Síðast en ekki síst þarf að sjá til þess að innflytjendurnir missi ekki tengsl við eigin menningu og fyrra samfélag.

Hækkun sjálfræðisaldurs.

Þegar sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 bentu margir á að sú ákvörðun hefði í för með sér að endurskoða þyrfti og hugsanlega breyta fjölda lagaákvæða sem varða ungmenni á þessum aldri. Í skýrslu umboðsmanns barna fyrir 1996 er að finna ítarlega greinargerð um þau atriði sem umboðsmaðurinn telur að taka þurfi til endurskoðunar. Þó að svo kunni að hafa verið gert að einhverju marki er ástæða til að skipulega verði farið yfir alla löggjöf þar sem fjallað er um ungmenni á aldrinum 16–18 ára og gengið úr skugga um að réttur þessa hóps sé að öllu leyti tryggður.

Forvarnir og fíkniefni.

Notkun fíkniefna er sívaxandi vandamál hér á landi og því miður virðist neysla fíkniefna færast æ neðar í aldurshópa. Brýnt er að taka í taumana, bæði með því að stórefla forvarnastarf og fjölga meðferðarúrræðum.

Í bæklingi sem Fræðslumiðstöð í fíknivörnum hefur sent frá sér er aðgerðum í fíkniefnamálum skipt í þrennt. Þar er forvarnastarf nefnt fyrsta aðgerðastig í fíkniefnamálum. Forvarnir beinast fyrst og fremst að þeim sem ekki hafa neytt fíkniefna. Annað aðgerðastig er íhlutun sem hefur það að markmiði að draga sem mest úr hugsanlegum eða yfirvofandi vanda

sem hlýst af neyslu fíkniefna. Þriðja stig er svo meðferð þar sem brugðist er við neyslu sem farin er að hafa afgerandi áhrif á neytanda eða stjórna lífi hans.

Ef takast á að ná árangri í þessum málaflokki er ljóst að verja verður umtalsverðu fjármagni, tíma og vinnu í að sameina krafta þeirra sem þegar starfa á þessu sviði, tengja starf stjórnvalda, stofnana og félagasamtaka og leita nýrra leiða til ná betri árangri.

Einnig er nauðsynlegt að auka fjármagn og fjölga valkostum til meðferðar og stuðnings við ungmenni sem eiga við alvarlegan félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda að stríða, en slíkur vandi er oft afleiðing vímuefnaneyslu, annaðhvort unglingsins sjálfs eða nákomins ættingja hans.

Skattar.

Mikilvægt er að tryggja ríki og sveitarfélögum trausta tekjustofna svo að þau rísi undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna. Það er staðreynd að á sama tíma og verkefni hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga skortir á að nægilegt fjármagn hafi fylgt með. Þetta segir til sín m.a. í versnandi skuldastöðu sveitarfélaganna.

Versnandi hagur sveitarfélaganna að þessu leyti er gagnstæður því sem gerist hjá ríkinu sem á undanförnum árum hefur greitt niður skuldir sínar.

Tekjuþróun hjá hinu opinbera.

Miklu máli skiptir að skattlagning sé réttlát og að þeir beri skatta sem eru aflögufærir. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig tekjur hins opinbera hafa þróast á undanförnum árum hér á landi sem hlutfall af VLF. Upplýsingarnar eru fengnar frá Þjóðhagsstofnun.

Tekjur hins opinbera 1990–1998 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
1. Tekjuskattar	9,92	10,12	10,43	11,09	11,00	11,67	12,23	13,13	13,79	15,37	15,74
1100 Tekjuskattar einstaklinga	9,17	9,35	9,53	10,28	10,15	10,54	11,32	11,64	12,10	13,02	13,59
1200 Tekjuskattar fyrirtækja	0,76	0,77	0,90	0,82	0,85	1,13	0,91	1,08	1,20	1,48	1,40
1300 Fjármagnstekjuskattur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,41	0,48	0,88	0,75
2. Tryggingagjöld	0,96	2,33	2,52	2,48	2,47	2,58	2,82	2,89	2,92	3,01	3,05
3. Launaskattar	0,99	0,09	0,00	-0,01	-0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
4. Eignarskattar	2,80	3,09	3,00	3,02	3,01	3,17	3,02	3,10	2,98	2,97	3,31
5. Vöru- og þjónustuskattar	16,94	17,25	17,27	16,30	15,79	15,86	16,16	16,21	16,76	17,69	16,73
6. Aðrir skattar	1,46	1,40	1,54	0,27	0,17	0,15	0,21	0,19	0,17	0,21	0,19
Skatttekjur hins opinbera, samtals	*33,06*	*34,29*	*34,76*	*33,16*	*32,43*	*33,43*	*34,43*	*35,51*	*36,61*	*39,26*	*39,02*

Eins og getið er hér að framan hafa álögur á einstaklinga, einkum láglauna- og millitekjuhópa, farið vaxandi þar sem skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun auk þess sem dregið hefur úr stuðningi við barnafólk. Á sama tíma hafa skattbyrðar á fyrirtæki verið minnkaðar, aðstöðugjaldi verið aflétt og tekjuskattshlutfall fyrirtækja hefur farið lækkandi. Jafnframt voru skattar á arðgreiðslur lækkaðir úr tekjuskattshlutfalli niður í 10%, sem er sama hlutfall og skattur af fjármagnstekjum.

Þróun tekjuskatts hjá fyrirtækjum.

Á meðfylgjandi töflu má sjá hvernig tekjuskattur fyrirtækja hefur þróast á árunum 1990–1998 til samanburðar við þróun tekjuskatts einstaklinga og skattleysismörk.

Skattur lagður á	Vegna tekna ársins	Hf., %	Sf., %	Einstaklingur, %	Þar af ríki, %	Þar af útsvar, %	Persónuafsláttur, kr.	Skattleysismörk ellilíf eyrisþega, kr.	Skattleysismörk launamanns kr.	Hátekjuskattur, %	Hátekjumörk á mánuði, kr.
1990	1989	50	50	37,74	30,8	6,94	18.631	49.367	49.367		
1991	1990	45	45	39,79	32,8	6,99	21.482	53.988	53.988		
1992	1991	45	45	39,79	32,8	6,99	23.377	58.751	58.751		
1993	1992	39	41	39,85	32,8	7,05	23.968	60.144	60.144		
1994	1993	33	41	41,34	34,3	7,04	23.761	57.477	57.477	5	203.340
1995	1994	33	41	41,84	33,15	8,69	23.930	57.193	57.193	5	207.840
1996	1995	33	41	41,00	33,15	8,78	24.494	58.419	59.310	5	233.820
1997	1996	33	41	41,94	33,15	8,79	24.544	58.522	60.332	5	233.820
1998	1997	33	41	41,98	30,41	11,57	24.544	58.466	60.902	5	233.820
1998	1997	33	41	40,00	29,31	11,57	23.901	58.466	60.902	5	233.820
1999	1998	30	38	39,02	27,41	11,61	23.360	59.867	62.361	7	266.500
2000	1999	30	38	38,00	26,41	11,93	23.329	60.848	63.386	7	273.063
2000	2000	30	38	38,37	26,00	11,96	23.912	62.320	64.916	7	273.063
2001	2000	30	38	38,37	26,00	11,00	24.510	63.878	66.540	7	273.063
2002	2001	30	38	38,76	26,08	12,00	25.245	65.132	67.845	7	273.063
2003	2002	18	26	38,54	25,75	12,79	26.002	67.468	70.279	7	322.083

Heimild: Embætti ríkisskattstjóra, að undanskildum útreikningi á skattleysismörkum.

Stundum er því haldið fram að íslenskt atvinnulíf búi við þyngri álögur en atvinnurekstur annars staðar á Norðurlöndum eða innan OECD. Þetta er hins vegar ekki rétt. Hlutföll og uppbygging skattkerfisins hér á landi eru talsvert frábrugðin því sem þekkist annars staðar. T.d. er hlutfall tekjuskatta, bæði einstaklinga og fyrirtækja, lægra hér á landi og sama gildir um launa- og tryggingagjöld. Skattar á vöru og þjónustu eru hins vegar hærri hér á landi en í Evrópuríkjum OECD og annars staðar á Norðurlöndum.

1998	Ísland	Norðurlönd	Evrópuríki OECD	Evrópuríki ESB
Tekjuskattur einstaklinga	11,9	17,5	10,2	10,8
Tekjuskattur fyrirtækja	1,2	3,5	3,2	3,5
Launa- og tryggingagjöld	2,9	10,3	11,5	11,9
Skattar á vöru og þjónustu	16,2	14,5	12,4	12,3
Skatttekjur sem hlutfall af VLF	35,9	47,9	39,8	41,3
Heildartekjur sem hlutfall af VLF	38,1	52,9	–	44,5
Heildartekjur sem hlutfall af VLF, 2000	40,9	51,8	–	44,8

Heimildir: Revenue Statistics, OECD, 2000, Economic Outlook, OECD, júní 2001 og Þjóðhagsstofnun.

Þessu til viðbótar má svo nefna að hlutfall fjármagnstekjuskatts hér á landi er mjög lágt miðað við ríki OECD.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir,
Þuríður Backman, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða sérislensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 126. löggjafarþingi en komst ekki á dagskrá og er því lagt fram að nýju.

24. Frumvarp til laga [24. mál]

breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson,
Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller,
Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Úthlutun sóknardaga til báta sem hafa rétt til veiða samkvæmt þessari grein skal skert um 1/10 á fiskveiðiárinu 2003/2004. Eftir það skal skerða úthlutaða sóknardaga þeirra um sama fjölda að teknu tilliti til flutnings sóknardaga til bátsins og frá honum.

Fiskveiðiárið 2012/2013 og framvegis fá þessir bátar einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. 2. mgr. 7. gr.

Bátum sem hafa réttindi til veiða á sóknardögum samkvæmt þessari grein er einnig heimilt til og með fiskveiðiárinu 2011/2012 að róa aðra daga á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert enda hafi þeir þá lokið veiðum sínum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar um sóknardaga, tilkynnt um það til Fiskistofu og leigt til sín veiðiréttindi samkvæmt reglum þar um.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma. Heimilt er að svæðisbinda veiðar einstakra tegunda enda liggi fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksveiðiþol þeirrar fisktegundar sem um ræðir á viðkomandi svæði.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skal úthlutað til einstakra skipa, sbr. þó ákvæði 6. gr. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild öðlast skip með eftirfarandi hætti:

1. Á fiskveiðiárinu 2003/2004 fær skipið úthlutað aflahlutdeild í samræmi við þau réttindi sem það á samkvæmt því kerfi sem við lýði var við gildistöku þessara laga, að frádreginni skerðingu sem nemur 1/10 aflahlutdeildar.

   Eftir það skal skerða upphaflegu hlutdeildina árlega fyrir úthlutun um sama hundraðshluta til viðbótar að teknu tilliti til flutnings aflahlutdeildar til skipsins og frá.

   Á fiskveiðiárinu 2012/2013 og framvegis fá þessi skip einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul.
2. Skip öðlast aflahlutdeild með því að leigja hana til sín, sbr. þó 1. tölul. Aflahlutdeild sem skip leigir til sín samkvæmt þessu ákvæði lýtur ekki skerðingarákvæðum 1. tölul.
3. Aflamark skips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 1. og 2. tölul.

   Skal Fiskistofa senda útgerð hvers skips sérstaka tilkynningu um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Aflahlutdeild sem ekki er ráðstafað á annan hátt í lögum þessum skal boðin til leigu í einingum með stöðugu og jöfnu framboði.

Hver eining er hlutdeild í veiði á tiltekinni fisktegund til fimm ára í senn. Skal hæstbjóðandi fá samning um hverja einingu enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu aflahlutdeildarsamningsins.

Fiskiskipaflotinn skiptist í eftirfarandi útgerðarflokka og skal heildaraflahlutdeild í hverjum útgerðarflokki vera samanlögð aflahlutdeild allra skipa og báta í flokknum við gildistöku þessara laga og skal bjóða þá aflahlutdeild sem losnar frá skipum í hverjum flokki til leigu til skipa innan hans:

1. flokkur: Almennur flokkur fiskiskipa sem ekki tilheyra 2. og 3. útgerðarflokki samkvæmt þessari grein og bátar undir 15 brúttótonnum sem velja þennan kost.
2. flokkur: Fiskiskip sem veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og falla undir 1. flokk skipa samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.

3. flokkur: Bátar undir 15 brúttótonnum. Bátum úr þessum útgerðarflokki skal heimilt að leigja til sín aflamark frá skipum utan flokksins.

Heimildir til sérveiða skulu boðnar til leigu sérstaklega aðgreint eftir svæðum og tegundum.

Útgerðir allra skipa sem leyfi hafa til veiða samkvæmt lögum þessum skulu hafa jafnan rétt til að bjóða í þær aflaheimildir sem í boði verða hafi þær rétt til veiða á viðkomandi svæði og í viðkomandi útgerðarflokki. Sé atvinnuöryggi í sjávarbyggð ógnað vegna skorts á afla til vinnslu er ráðherra þó heimilt að láta bjóða aflaheimildir sérstaklega til leigu til útgerða sem skuldbinda sig til að landa afla til vinnslu þar. Heimildin er háð því skilyrði að Byggðastofnun hafi að beiðni sveitarstjórnar metið aðstæður og lagt til að heimildinni verði beitt.

Heimilt er að skila aflahlutdeild sem skip hafa hlotið skv. 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. og skal þá bjóða hana til leigu að nýju svo fljótt sem auðið er með sambærilegum hætti og aðrar veiðiheimildir. Greitt skal sérstakt umsýslugjald vegna slíks útboðs.

Heimilt skal þeim útgerðum sem leigja til sín aflahlutdeild að framleigja 50% aflamarks og skipta á veiðiheimildum innan síns útgerðarflokks á því fiskveiðiári sem stendur hverju sinni.

Fiskistofa skal sjá um framkvæmd útboða á þeim aflaheimildum sem samkvæmt lögum þessum á að bjóða til leigu á markaði og ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með þessari starfsemi. Fiskistofa getur falið öðrum aðilum framkvæmd einstakra þátta, þar á meðal innheimtu leigugjalds.

Leigugjaldinu skal skila til ríkissjóðs.

Leigugjald vegna veiða á viðkomandi fiskveiðiári skal innheimta með þremur jöfnum greiðslum í samræmi við þá aflahlutdeild sem skipið hefur fengið úthlutað til veiða á því ári skv. 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. Skulu eindagar greiðslnanna vera 1. september, 1. janúar og 1. maí.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu flotans í útgerðarflokka, uppboð, leigu og innskil aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla skal bjóða aflaheimildirnar til leigu samkvæmt ákvæðum 7. gr. a.

5. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Við 6. mgr. 11. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild sem skip hefur hlotið samkvæmt ákvæðum 2. tölul. 2. mgr. 7. gr.

7. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2003/2004 skal skerða aflahlutdeild krókabáta um $^{1}/_{10}$ á ári þannig að fiskveiðiárið 2011/2012 jafngildi úthlutuð aflahlutdeild $^{1}/_{10}$ af aflahlutdeild bátsins á fiskveiðiárinu 2003/2004 að teknu tilliti til flutnings aflahlutdeildar til og frá bátnum.

Á fiskveiðiárinu 2012/2013 og framvegis fá þessir bátar einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. 2. mgr. 7. gr.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXV í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2003/2004 skal skerða úthlutanir aflaheimilda samkvæmt ákvæði þessu um 1/10 á ári þannig að fiskveiðiárið 2010/2011 jafngildi úthlutuð aflahlutdeild samkvæmt ákvæði þessu 1/10 af því sem hún væri óskert en falli niður að loknu því ári.

9. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXVIII.)

Sjávarútvegsráðherra skal með útgáfu reglugerðar heimila löndun á fiski utan kvóta á næstu tveimur fiskveiðiárum og ákveða verð sem fyrir hann skal greiða til útgerða. Skal við það miðað að útgerðir geti ekki hagnast á að gera sérstaklega út á slíkar veiðar en skaðist þó ekki á því að koma með aflann að landi.

Fiskur, sem landað er samkvæmt þessari heimild, skal seldur hæstbjóðanda og mismunur þess verðs sem útgerðin fær til sín og þess verðs sem fæst fyrir fiskinn skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.

b. (XXIX.)

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd fimm sérfróðra manna til þess að fylgjast með framkvæmd laganna og gera tillögur um breytingar ef ástæða þykir til, svo sem um framsalsreglur og um framkvæmd aðstoðar við sjávarbyggðir sem eiga við alvarleg atvinnuvandamál að etja vegna skorts á afla til vinnslu. Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framkvæmd og áhrif þessara laga innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2003.

Greinargerð.

Meginatriði frumvarpsins.

Frumvarpið var lagt fram á 127. löggjafarþingi og er nú lagt fram nær óbreytt. Frumvarpið felur í sér tillögur um verulegar breytingar á nokkrum mikilvægum þáttum gildandi fiskveiðistjórnarlaga. Megintilgangur breytinganna er að tryggja jafnræði og atvinnufrelsi.

Jafnhliða er gert ráð fyrir breytingum á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, og um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

1. Úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verður afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á aflahlutdeildarsamningi til fimm ára í senn á markaði þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og nýliðun þar með auðvelduð. Greiðslum fyrir veiðiheimildir verður dreift á það ár sem þær eru nýttar á. Allar aflahlutdeildir verða komnar á markað eftir tíu ár.
2. Fiskveiðiflotanum verður skipt í þrjá útgerðarflokka, m.a. til að tryggja hagsmuni landvinnslunnar og strandveiðiflotans, og fær hver um sig tiltekinn hluta heildaraflahlutdeilda. Smábátunum er heimilað að leigja til sín aflakvóta frá öðrum útgerðarflokkum

en útgerðarmenn annarra fiskiskipa öðlast ekki heimild til að leigja til sín aflakvóta frá smábátum.

3. Sérstakt tillit verður hægt að taka til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuerfiðleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu með því að heimila sérstakt útboð á aflahlutdeildum til útgerða sem skuldbinda sig til að landa fiski til vinnslu á viðkomandi stað.
4. Vilji útgerð ekki nýta aflahlutdeild sem hún hefur aflað sér á markaði er henni ekki heimilt að framselja hlutdeildina heldur skal skila henni inn og verður hún þá umsvifalaust boðin öðrum. Einungis verður hægt að leigja frá sér innan ársins allt að 50% af aflaheimildum hvers árs, enda hafi útgerð staðið skil á greiðslu vegna heimildanna. Framsalskerfi aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt núverandi úthlutunarkerfi verður óbreytt þau tíu ár sem tekur að hverfa frá því.
5. Tekið er á brottkasti. Næstu tvö fiskveiðiár skal löndun á afla utan kvóta heimiluð. Verð aflans skal miðast við að útgerðir hagnist ekki á slíkum veiðum en skaðist þó ekki við að koma með fiskinn að landi. Slíkur afli skal seldur hæstbjóðanda og mismunur af andvirði þess sem útgerðin fær og greidds verðs skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.
6. Fiskistofu verður falið að hafa umsjón með útboðum aflahlutdeilda en henni jafnframt gefin heimild til þess að fela öðrum aðilum einstaka þætti framkvæmdarinnar. Innheimta leigugjalda á sér stað þrisvar á ári á leigutímanum, jafnóðum og veiðum vindur fram. Leigutekjur renna í ríkissjóð og er m.a. ætlað að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem vegna hafrannsókna og eftirlits.
7. Skipuð verður sérstök nefnd sérfræðinga til þess að fylgjast með áhrifum og afleiðingum þessara breytinga, svo sem hvað varðar framsal aflaheimilda og vanda sjávarbyggða, og getur hún lagt til breytingar ef þurfa þykir hvenær sem er á tímabili kerfisbreytingarinnar. Innan fimm ára skal nefndin skila Alþingi sérstakri skýrslu um málið.

Grundvöllur stefnumörkunar.

Stjórn fiskveiða hefur um árabil verið eitt helsta deilumál meðal þjóðarinnar. Eftir að ljóst varð að takmarka þyrfti aðgang að auðlindinni hefur verið harðlega gagnrýnt að sameign þjóðarinnar skuli hafa verið afhent tilteknum aðilum án endurgjalds og að þeir hafi síðan verið sjálfráðir um hvort þeir nýttu veiðiréttindi sín til eigin veiða, leigðu þau öðrum eða seldu. Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi. Þar með var jafnræði og atvinnufrelsi í þessari grein raskað. Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda samkvæmt núgildandi kerfi. Það verður aldrei sátt meðal þjóðarinnar um núgildandi úthlutun veiðiréttinda. Það stangast á við réttlætiskennd landsmanna að helsta auðlind hennar skuli þannig afhent fáum sem ígildi eignar.

Við framboð Samfylkingarinnar var sú stefna mótuð að komið skyldi á jafnræði þeirra sem nýta sjávarauðlindina. Þær vonir voru bundnar við niðurstöðu auðlindanefndar að tillögur hennar gætu skapað grundvöll sátta um nýtingu auðlinda í þjóðareign. Í tillögum auðlindanefndar sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir tveimur leiðum til gjaldtöku og úthlutunar veiðiréttinda. Önnur er svokölluð veiðigjaldsleið þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi úthlutun veiðiréttinda til útgerðarmanna líkt og verið hefur en með innheimtu gjalds af nýtingu auðlindarinnar. Nefndin gerir að tillögu sinni að verði veiðigjaldsleiðin farin skuli auka sveigjanleika og aðgengi að greininni með því að skylda útgerðarmenn til að selja hæstbjóðanda hluta af aflahlutdeild sinni árlega á opnum markaði. Útgerðarmenn fengju andvirðið og gætu líka keypt á þessum markaði meira eða minna en þeir seldu. Tillögur endurskoðunarnefndar um stjórn fiskveiða liggja nú fyrir. Nefndin er klofin. Meiri hluti hennar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og annar fulltrúi Framsóknarflokksins vilja fara afbrigði af

veiðigjaldsleið. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hinn fulltrúi Framsóknarflokksins vilja hins vegar fara fyrningarleið. Fulltrúar Samfylkingarinnar, fyrst Sighvatur Björgvinsson og síðar Jóhann Ársælsson sem tók við af honum, lögðu til að farin yrði fyrningarleið á grundvelli tillagna Samfylkingarinnar. Góð samstaða virtist á tímabili í nefndinni um að breyta ætti veiðiréttinum í aflahlutdeildarsamninga. Til þess þarf innköllun veiðiheimilda og nýja úthlutun. Þeir sem skipa meiri hlutann nú hlupu frá þeirri umræðu þegar þeim varð ljóst að Samfylkingin mundi aldrei samþykkja að þessum samningum yrði úthlutað eingöngu til þeirra sem eru nú handhafar kvótans. Fulltrúi Samfylkingarinnar gerði þá kröfu að þeir sem vildu stunda útgerð fengju jafnan rétt til að keppa um þær veiðiheimildir sem breytt yrði í aflahlutdeildarsamninga. Helstu rök andstæðinga þeirrar leiðar voru þau að útgerðir mundu ekki þola innköllun veiðiheimilda vegna þess að þær yrðu að kaupa sambærilegar heimildir á markaðnum og þær misstu við innköllunina. Margar þessara útgerða hefðu goldið þessar veiðiheimildir fullu verði. Slík aðferð væri skattur á útgerðina. Þegar ljóst var að ekki næðist áfangi til sátta á þessum grundvelli í nefndinni lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram tillögu um að á næstu sex árum yrðu 5% aflahlutdeilda innkölluð hvert ár, breytt í aflahlutdeildarsamninga og sett á markað þar sem allir útgerðarmenn hefðu jafnræði til að nálgast heimildirnar en handhafar kvótans fengju andvirði samninganna þegar þeir yrðu seldir í fyrsta sinn. Með þessari leið væri komið mjög til móts við þá sem nú eru í útgerð en samt sem áður næðist verulegur áfangi til lausnar á þessu stóra deilumáli.

Með þessari tillögu var látið reyna á raunverulegan vilja til sátta. Meiri hlutinn felldi þessa tillögu og féllst ekki á að halda áfram umræðum á þeim grundvelli sem þarna var lagður til. Sleit hann öllum viðræðum, lagði hugmyndir um aflahlutdeildarsamninga á hilluna og lagði fram tillögur sínar um þá leið sem Landssamband íslenskra útvegsmanna féllst á þegar auðlindanefnd skilaði af sér. Ekki fór þó meiri hlutinn að tillögum auðlindanefndar um aukinn aðgang að veiðiheimildum eða uppboð á heimildum vegna kostnaðargjalda.

Fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að fara þessa leið þannig að jafnræði og réttlæti verði tryggt. Í þessari leið felst áframhaldandi einokun og greinin verður áfram undir pilsfaldi stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir pólitískum ákvörðunum um upphæð veiðigjaldsins. Þessi tillaga er auk þess ekki í samræmi við meginlínu tillagna auðlindanefndarinnar. Þar er gert ráð fyrir jafnræði aðila til nýtingar auðlinda í þjóðareign með útboðum nýtingarréttinda, að því tilskildu að samkeppnisaðstæður séu fyrir hendi. Tillaga auðlindanefndarinnar um svokallaða fyrningarleið er hins vegar í þeim anda. Þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar er því í samræmi við aðaltillögu auðlindanefndar um ráðstöfun annarra auðlinda í þjóðareign þar sem jafnræði og opinn aðgangur að nýtingunni er haft að leiðarljósi.

Enginn vafi er á því að fyrningarleiðin, og þar með þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar, leysir úr aðalágreiningnum um aðgang og gjaldtöku fyrir aðgang að sjávarauðlindinni. Veiðigjaldsleiðin gerir það einungis að hluta og verði sú leið farin munu átökin um auðlindina halda áfram til óbætanlegs tjóns fyrir útgerð á Íslandi og þar með eiganda auðlindarinnar, þjóðina sjálfa.

Úthlutun aflahlutdeildarsamninga á leigumarkaði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að úthlutun aflaheimilda verði í stigvaxandi mæli í formi aflahlutdeildarsamninga sem verði seldir á markaði þar sem jafnræði ríkir. Með vísan til þess sem fram kemur í þessari greinargerð um að löggjafinn hafi heimildir til að breyta núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi sýnist þingflokknum ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á kerfi sem byggist á gerð slíkra samninga við þá sem reiðubúnir eru að greiða fyrir þá hæsta verð enda sé jafnræðis gætt meðal bjóðenda. Það er mat þingflokksins, stutt lögfræðilegum út-

tektum, að kerfi af þeim toga sem lagt er til að komið verði á rúmist fyllilega innan marka stjórnskipunarinnar.

Aflamarkskerfið hefur verið notað annars vegar sem fiskveiðistjórnarkerfi og hins vegar í hagrænum tilgangi. Leiga veiðiheimilda er aðferð sem tryggir að mati hagfræðinga að fiskveiðiarðurinn verði áfram til staðar en hann mun skiptast með öðrum hætti en hann gerir nú. Sú aðferð sem notuð verður við uppboð veiðiréttarins mun ráðast af þeim markmiðum sem stefnt verður að. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að með þeim reglum sem settar verði skuli gæta sérstaklega að eftirfarandi:

a. að fulls jafnræðis milli þeirra sem starfa í greininni verði gætt,
b. að stöðugleiki skapist í greininni,
c. að reglur verði einfaldar og skýrar og þátttaka á markaðnum aðgengileg um allt land,
d. að framboði veiðiheimilda verði dreift með það að markmiði að verðlag verði sem stöðugast og útgerðarmenn hafi gott ráðrúm til að meta stöðu sína með tilliti til verðlags á heimildunum.

Heildarafli einstakra fisktegunda verður áfram ákveðinn árlega samkvæmt tillögum vísindamanna og fiskveiðiárið verður óbreytt. Lagt er til að sú leið verði valin að bjóða til sölu aflahlutdeildarsamninga. Með því móti verður auðveldara að gefa útgerðinni kost á veiðiheimildum til lengri tíma og það einfaldar kerfið hvað varðar breytileika fiskstofnanna.

Leiga veiðiheimilda innan ársins hefur verið hluti af viðskiptum með aflaheimildir á undanförnum árum. Eftir að frjálst framsal aflaheimilda var leyft árið 1990 myndaðist strax markaður með slíkar leiguheimildir. Útgerðarmenn þekkja vel til þessa leigukerfis. Takmarkað framboð hefur hins vegar spennt leiguverð langt upp fyrir þau mörk sem jafnvel bestu útgerðir geta borgað. Verðið sem þar hefur ríkt er jaðarverð sem ræðst af ýmsum öðrum aðstæðum en hagnaði af veiðum á viðkomandi tegund. Að loknu aðlögunartímabili, þegar allar aflahlutdeildir eru komnar á markað, má ætla að leigugjald verði í fullu samræmi við afkomumöguleika útgerðarinnar.

Framsal aflaheimilda.

Aflahlutdeildarsamningar sem útgerðir leigja til sín til fimm ára verða ekki framseljanlegir. Útgerðirnar geta hins vegar skilað samningunum til baka ef þær af einhverjum ástæðum sjá sér ekki hag í að nýta sér þá. Er með því horfið frá meginreglu núgildandi laga um óheft framsal aflahlutdeildar. Þingflokkurinn telur þó ekki skynsamlegt að breyta reglum um framsal aflahlutdeilda eða aflamarks í núgildandi kerfi meðan á aðlögunartímanum stendur. Fráleitt væri hins vegar að leyfa eingöngu þeim sem eru handhafar heimilda úr því kerfi að leigja frá sér og til sín. Af þessum ástæðum og til að viðhalda nauðsynlegum sveigjanleika í kerfinu er lagt til að þeir sem leigja til sín aflahlutdeild eftir nýju kerfi geti leigt frá sér 50% aflamarks innan ársins, enda hafi þeir þá staðið skil á leigugjaldinu.

Leigugjald verður innheimt árlega á þremur gjalddögum. Í því er fólgið mikið hagræði fyrir útgerðina þar sem aðgangur hennar að veiðiheimildum verður allur annar en ef reiða þyrfti fram fimm ára leigu á einu bretti. Þetta auðveldar líka aðgang nýliða að greininni.

Aðlögunartími.

Þingflokkur Samfylkingarinnar telur mikilvægt að útgerðinni verði gert fært að laga sig að þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á stjórn fiskveiða. Í frumvarpinu er lagt til að aðlögun að leigukerfinu ljúki á fiskveiðiárinu 2011/2012. Að því er þá báta varðar sem stunda veiðar samkvæmt kerfi um sóknardaga er gert ráð fyrir að full skerðing eigi sér

stað á fimm árum. Með vísan til reifunar Hæstaréttar í máli nr. 145/1998 er ástæða til að telja að slíkur aðlögunartími standist lög.

Aðlögunartíminn miðast við að komið verði í veg fyrir fjárhagsleg áföll útgerðarinnar eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta, m.a. vegna fyrri fjárfestinga í aflahlutdeildum. Hann má þó ekki vera mjög langur vegna þess að hann skekkir verulega samkeppnisaðstöðu útgerða á leigumarkaðnum. Úthlutun samkvæmt eldra kerfi til þeirra útgerða sem hafa besta kvótastöðu veitir þeim forskot í samkeppninni og virkar með sama hætti og um ríkisstyrk væri að ræða.

Í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða kemur sú regla fram í 2. mgr. 7. gr. að veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skuli úthlutað til einstakra skipa. Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar og nefnist hún aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild skips helst óbreytt frá ári til árs og er því varanleg.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að varanleg aflahlutdeild þeirra sem notið hafa úthlutunar á grundvelli núgildandi laga skerðist til fulls á tíu árum. Lagt er til að á aðlögunartímanum verði veiðirétturinn skertur jafnmikið öll árin. Með þessari aðferð fæst einföld og jöfn aðlögun. Þessi leið er valin með það fyrir augum að koma á jafnræði og sanngirni í atvinnugreininni en á sama tíma að veita þeim sem hafa aflahlutdeild samkvæmt núgildandi kerfi hæfilegt svigrúm til aðlögunar að breyttum aðstæðum.

Atvinnuréttindi og stjórnarskrárvernd.

Þar sem sjómenn eða útgerðarmenn hafa ef til vill áunnið sér ákveðin réttindi í skjóli núgildandi kerfis um stjórn fiskveiða, svo sem eignarréttindi eða atvinnuréttindi, er njóta stjórnarskrárverndar hafa spurningar vaknað um valdheimildir löggjafans til að breyta kerfinu og svipta með því rétthafa samkvæmt núgildandi kerfi þessum réttindum sínum. Ávallt verður að hafa í huga í þessu sambandi að skv. 1. gr. laga nr. 38/1990 myndar úthlutun veiðiheimilda „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum". Um efnið hefur margt verið rætt og ritað á sviði lögfræði og virðist það almennt álit fræðimanna að breytinga sé vissulega kostur en að hugsanlega séu valdheimildum löggjafans sett ákveðin takmörk að því leyti.

Í ritgerð Þorgeirs Örlygssonar, þáverandi lagaprófessors, sem birt var í Tímariti lögfræðinga í febrúar 1998 og bar yfirskriftina *Hver á kvótann?* kemst hann meðal annars að þeim niðurstöðum um heimildir löggjafans til að breyta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að löggjafinn geti afnumið núverandi kerfi og tekið upp annað, án þess að slíkt leiði til bótaskyldu, enda eigi núverandi rétthafar aðgang að nýju kerfi og njóti þar jafnræðis á við aðra. Enn fremur kemur fram í ritgerð Þorgeirs að telja verði að löggjafinn hafi rúmar heimildir til þess að breyta eða lagfæra núverandi kerfi, enda sé við slíkar breytingar gætt jafnræðis og málefnalegra sjónarmiða að öðru leyti.

Ekki er ástæða til að rekja hér þær lögfræðilegu röksemdir sem framangreindu liggja til grundvallar heldur látið við það sitja að benda á að telja verði að það leiði af almennum valdheimildum löggjafans, m.a. til að kveða á um breytt skipulag atvinnu- og efnahagsmála, að hann geti gert breytingar á gildandi fyrirkomulagi fiskveiðistjórnar. Ætla verður að slíkar breytingar mundu eiga sér stað bótalaust nema gengið yrði svo hart að einstökum aðilum að eignarnám gæti talist.

Það er skoðun þingflokks Samfylkingarinnar að frumvarpið styðjist við jafnræði og almennan efnislegan mælikvarða, sbr. áðurnefnd sjónarmið sem liggja breytingunum til grundvallar, og veiti handhöfum veiðiheimilda samkvæmt núgildandi kerfi fullnægjandi svigrúm

til að aðlagast breyttum aðstæðum. Af því leiðir að þingflokkurinn fær ekki séð að kerfið sem frumvarpið miðast við feli í sér brot gegn einstökum greinum í stjórnarskrá lýðveldisins.

Eftir skoðun sérfróðra manna liggja þær niðurstöður fyrir að ekki standi efni til að ætla annað en að tillögur þær sem fram koma í þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða standist ákvæði stjórnarskrár:

a. Tillögur um skerðingu varanlegra aflaheimilda á ákveðnu tímabili stangast ekki á við eignarréttarákvæði stjórnarskrár eða önnur ákvæði hennar.
b. Hugmyndir um leigu á aflaheimildum til hæstbjóðanda í samræmi við það fyrirkomulag sem er undirstaða 3. gr. frumvarpsins eru hvorki í ósamræmi við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár né eignarréttarákvæðið í 72. gr.
c. Takmörkun á rétti til framsals aflahlutdeildar og aflamarks, þótt mismunandi sé eftir því hvort aflahlutdeild er úr eldra kerfi eða því sem frumvarpið ráðgerir, er innan þeirra marka sem löggjafinn hefur til að meta nauðsyn slíkra reglna.

Öryggisráðstafanir.

Við breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða þarf að leitast við að skapa greininni sem best starfsumhverfi og tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum og eru þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar við þetta miðaðar.

Margir óttast að rask geti orðið á útgerðarmynstri við breytingar á aðgangi að veiðiheimildum. Stórar og öflugar útgerðir geti náð til sín enn meiri veiðirétti og aukið vanda smærri útgerðarstaða og útgerða. Þingflokkurinn telur rétt að farið verði varlega í þessu efni meðan reynsla kemst á nýja skipan. Þess vegna er lagt til að heimilt verði að skipta flotanum í útgerðarflokka og eru þrír útgerðarflokkar skilgreindir sérstaklega. Með þessu er stórskipaútgerðin skilin frá grunnslóðarveiðiflotanum og smábátum afmarkaður sérstakur „pottur". Þessi tilhögun á að tryggja að tilfærslur veiðiheimilda valdi ekki stórkostlegri röskun. Einnig munu allar heimildir til sérveiða verða boðnar sérstaklega til leigu.

Enginn vafi er á að staða sjávarbyggðanna mun batna við þá breytingu sem hér er lögð til ef stjórnvöld móta reglur um aðlögun að nýju kerfi og meðferð leiguheimilda með jafnræði og réttlæti í huga. Stöðugt framboð leiguheimilda og lækkun stofnkostnaðar í útgerð mun tryggja stöðu nýliða í greininni. Sjávarbyggðirnar munu líka hafa allt aðra og betri stöðu en þær hafa nú í samkeppninni um veiðiréttinn.

Þó telur þingflokkurinn rétt að gæta fyllstu varúðar hvað varðar byggðarlög sem standa höllum fæti og er þess vegna gert ráð fyrir að Byggðastofnun geti, að ósk viðkomandi sveitarstjórnar, lagt mat á stöðu slíkra útgerðarstaða. Ráðherra getur á grundvelli slíks mats tekið til ráðstöfunar veiðiheimildir í því skyni að tryggja atvinnu á viðkomandi svæði.

Hlutverk Fiskistofu og ráðstöfun leigugjalds.

Lagt er til að Fiskistofa beri ábyrgð á útleigu veiðiheimildanna. Stofnunin sér um eftirlit með veiðum og að þær séu í samræmi við úthlutaðar heimildir. Allar upplýsingar um flotann og veiðirétt hans eru þar ævinlega til reiðu og þess vegna er skynsamlegt og hagkvæmt að fela stofnuninni þetta verkefni. Fiskistofu yrði hins vegar gefin heimild til að fela öðrum aðilum að sjá um framkvæmd einstakra þátta en bæri þá ábyrgð á eftirliti með þeirri starfsemi.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir fjármunir sem til falla vegna leigu veiðiheimilda renni í ríkissjóð. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að við ákvarðanir um nýtingu fjármunanna hljóti hafrannsóknir og annar kostnaður við nýtingu auðlindarinnar að verða efst á blaði en einnig að taka eigi sérstakt tillit til byggðasjónarmiða og hagsmuna sveitarfélaga þegar þessum fjármunum verður ráðstafað.

Jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á öðrum lögum:

A. Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Í þeim breytingum felst að útgjöld vegna leigu veiðiheimilda á uppboði skuli heimilt að færa til rekstrargjalda innan hvers rekstrarárs í samræmi við það hvernig útgjöldin falla til. Jafnframt skuli heimilt að afskrifa á næstu tíu árum með 10% afskriftahlutfalli ár hvert þær aflahlutdeildir sem keyptar hafa verið og óafskrifaðar eru.

Einnig verða lagðar til þær breytingar á 17. gr. laganna að óheimilt verði að fresta greiðslu skatts af söluhagnaði hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu söluhagnaðar af hlutabréfum með kaupum á nýjum.

B. Breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994.

Í þeim breytingum felst að gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins (þróunarsjóðsgjald) skuli aðeins greiða af þeim afla sem ekki er tilkominn vegna uppboðs á aflahlutdeild og skal þróunarsjóðsgjaldið aðlagað þeim breytingum þannig að sjóðurinn geti lokið þeim verkefnum sem hann nú hefur innan tiltekins tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Bátar á sóknardögum eru einu bátarnir í núgildandi kerfi sem ekki eru hluti af aflamarkskerfinu. Þessi flokkur báta er of smár og með of lítinn hluta aflaheimildanna til að skynsamlegt sé að hafa um hann sérreglur. Veiðiréttur hvers báts í þessum flokki er afar takmarkaður og augljóst virðist að þeir verði betur settir í almenna kerfinu sem á að taka við. Lagt er til að þessir bátar fái sama aðlögunartíma að nýju kerfi og aflamarksbátarnir.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að aflahlutdeild skips skerðist árlega um 1/10 hluta þess sem hún er á yfirstandandi fiskveiðiári og fyrnist þannig á tíu árum. Fiskveiðiárið 2012/2013 hafi skip því einungis þá aflahlutdeild sem það hefur öðlast með leigu á markaði.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að skip öðlist hlutdeild í heildarafla hverrar tegundar á aðlögunartímanum með því að leigja hana til sín á grundvelli útboða til viðbótar því sem skipið fær úthlutað af ófyrntri aflahlutdeild skv. 2. gr.

Lagt er til að aflahlutdeildir sem losna samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga þessara verði boðnar út til fimm ára í senn. Þær verða boðnar út í þremur flokkum skipa, m.a. til að tryggja það að röskun á útgerðarmynstri verði ekki mikil á aðlögunartímanum.

Þótt aflahlutdeild sé leigð til fimm ára er einungis greitt fyrir hvert fiskveiðiár í senn og skal greiðslan innt af hendi á þremur gjalddögum. Ef útgerð nýtir ekki þá aflahlutdeild sem hún hefur tryggt sér skilar hún henni inn svo hún verði boðin öðrum. Ekki er heimilt að skila inn aflahlutdeild vegna yfirstandandi fiskveiðiárs. Umsýslugjald er aðeins vegna kostnaðar við nýtt útboð. Einungis verður heimilt að leigja frá sér 50% aflahlutdeildar innan ársins, enda er meginreglan sú að menn hafi ekki ráðstöfunarrétt á öðru en því sem þeir hafa greitt fyrir.

Fiskistofu verður falið að sjá um útboðið, enda sá aðili sem hefur allar upplýsingar um aflahlutdeild skipa og þær breytingar sem á þeim verða. Fiskistofu verður þó heimilt að fela öðrum framkvæmd einstakra þátta. Leigugjaldið rennur í ríkissjóð og er m.a. hugsað til þess að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem við hafrannsóknir og eftirlit.

Í þessari grein eru jafnframt úrræði fyrir stjórnvöld að bregðast við ef atvinnuöryggi í sjávarbyggð er ógnað vegna skorts á afla til vinnslu. Þetta úrræði er í samræmi við meginhugsun frumvarpsins um jafnræði hvað varðar aðgang að auðlindinni en sjávarútvegsráðherra verður heimilt að bjóða til leigu aflaheimildir sem þau skip ein geta boðið í sem skuldbinda sig til að landa aflanum til vinnslu í viðkomandi sveitarfélagi.

Um 4. gr.

Verði veiðar takmarkaðar eftir að þessi lög taka gildi á tegundum sjávardýra sem ekki hafa áður verið takmarkaðar er lagt til að allar slíkar veiðiheimildir verði boðnar til leigu.

Um 5. gr.

Þetta frumvarp miðar að því að breyta aðgangi að aflaheimildum. Þess vegna væri ekki eðlilegt að auka hlut þeirra sem fengju úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar með heimildum sem ætlaðar eru til uppbóta.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Margir telja brottkast afla einn af verstu fylgifiskum núgildandi aflamarkskerfis. Stöðugt ganga sögur um að afla sé fleygt í sjóinn. Án vafa er fiski hent í nokkrum mæli en afar erfitt hefur hins vegar reynst að meta hve mikið meint brottkast er. Mjög mikilvægt er að fá um það örugga vissu hvort og í hve miklum mæli fiski er fleygt fyrir borð vegna kvótakerfisins. Hér er lagt til að gerð verði umfangsmikil athugun á þessu máli sem standi yfir í tvö ár. Að slíkri athugun lokinni er hægt að meta á grundvelli fullnægjandi þekkingar hvort og þá hvernig skuli bregðast við.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um uppbyggingu sjúkrahótela.

Flm.: Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir uppbyggingu sjúkrahótela.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt ásamt svohljóðandi greinargerð sem henni fylgdi.

Segja má að sjúkrahótel og sú hugmynd sem liggur þeim að baki sé verulega vannýtt úrræði hér á landi. Megintilgangur sjúkrahótela er að draga úr þörf og eftirspurn eftir sjúkrahúsplássum. Sjúkrahótel eru ákveðið millistig milli sjúkrahúss og hótels. Þar geta sjúklingar dvalist meðan þeir bíða eftir þjónustu á sjúkrahúsi eða eru að jafna sig eftir aðgerðir og eru

hvorki það veikir að þeir þurfi að liggja á sjúkrahúsi né það frískir að þeir geti verið án daglegs eftirlits. Það er ljóst að kostnaður á dag á sjúkrahóteli er margfalt minni en kostnaður við legupláss á sjúkrahúsi.

Frá árinu 1974 hefur Rauði kross Íslands starfrækt sjúkrahótel við Rauðarárstíg í Reykjavík. Húsnæðisvandi landsbyggðarfólks sem þurfti að sækja heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu var hvatinn að rekstri sjúkrahótelsins. Í dag eru um 65% gesta frá landsbyggðinni en 35% af höfuðborgarsvæðinu og er þeirra þörf engu minni, þótt hún sé af öðrum toga en þess fólks sem ekki kemst til heim til sín meðan á meðferð stendur. Mjög gott starf hefur verið unnið á sjúkrahótelinu og starfsemin sannað gildi sitt. Húsnæðið sem starfsemin er í er þó engan veginn hannað til þessara nota auk þess sem hótelið var lengst af ekki í nægilega nánum tengslum við sjúkrahús og háði það rekstrinum. Rauði kross Íslands hefur borið bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum.

Nú fær sjúkrahótel Rauða kross Íslands greidd daggjöld fyrir sem nemur 28 plássum á sjúkrahótelinu, en hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir starfsemi sem nemur allt að 50 rýmum. Rauði krossinn hefur því lagt umtalsverðar fjárhæðir til rekstrarins á undanförnum árum. Nú er í gildi samningur milli Rauða krossins og heilbrigðisráðuneytisins um fjárframlag og stöðugildi hjúkrunarfræðinga við sjúkrahótelið. Fram að síðustu áramótum féllu sjúkrahótel undir skilgreiningu sjúkrahúsa, en þá var sú skilgreining felld niður með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þessi breyting á skilgreiningu sjúkrahótela kallar á nýja skilgreiningu svo að þessi mikilvægi rekstur standi á öruggum lagalegum grunni innan heilbrigðisþjónustunnar.

Sjúkrahótel eru rekin með ólíku sniði á Norðurlöndum, sum eru hluti af sjúkrahúsrekstri eða heilbrigðisþjónustu en önnur eru sjálfstæðar einingar. Í marsmánuði árið 1996 stóð landlæknisembættið fyrir kynnisferð til Lundar og Kaupmannahafnar til að kanna starfsemi sjúkrahótela. Með í för voru auk fulltrúa landlæknis fulltrúar allra sjúkrahúsanna í Reykjavík og fulltrúi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Í skýrslu sem gerð var um ferðina kemur fram að sjúkrahótel sem þjónustueining hafi sannað gildi sitt innan heilbrigðisþjónustunnar í mörgum löndum. Umræðan um að taka upp það þjónustuform hér á landi hefur farið vaxandi í tengslum við leit að nýjum og ódýrari úrræðum í heilbrigðisþjónustu og betri nýtingu fjármagns sem fer til rekstrar bráðasjúkrahúsa. Stefnumótun og ákvarðanataka hefur þó látið á sér standa.

Í skýrslunni kemur fram að í marsmánuði árið 1995 hafi verið gerð könnun á vegum landlæknisembættisins í samvinnu við sjúkrahúsin í Reykjavík og ráðuneyti heilbrigðis- og fjármála til að kanna hvort sjúklingar sem þá lágu á þessum sjúkrahúsum kynnu að geta nýtt sér slíkt þjónustuform. Könnunin sýndi að um 20% sjúklinga sem þá lágu á deildum sem hún náði til gátu nýtt sér vistun á sjúklingahóteli í stað vistunar á sjúkrahúsi.

Sjúklingahótelin í Kaupmannahöfn og Lundi.

Í framangreindri skýrslu er m.a. fjallað um eignarform og stjórnun hótelanna í Kaupmannahöfn og Lundi sem og fjármögnun og rekstur þeirra. Þar segir:

Sjúklingahótelið í Kaupmannahöfn.

„Eignarform og stjórnun.

Sjúklingahótelið er til hliðar við aðalbyggingu Rigshospitalet og er stjórnunar- og rekstrarlega undir stjórn sjúkrahússins. Dagleg stjórnun er hjá hótelstjóra sem stjórnunarlega heyrir undir framkvæmdastjóra þjónustusviðs sjúkrahússins.

Fjármögnun og rekstur.

Reksturinn er fjármagnaður með greiðslum frá sjúkratryggingum. Sólarhringsgjald fyrir sjúklinga er 908 dkr. (íkr. 10.520), en sólarhringsgjald á deildum er á bilinu 3–4.000 dkr. (íkr. 35–46.000). Sjúklingurinn greiðir ekkert gjald frekar en á sjúkrahúsinu sjálfu. Aðstandendur geta líka verið á hótelinu, en greiða þann kostnað sjálfir, 300–400 dkr. (íkr. 3.500–4.600), nema aðstandendur barna. Greitt er fyrir einn aðstandanda hverju sinni. Sjúkratryggingar utanhéraðssjúklinga greiða 837 dkr. á sólarhring (íkr. 9.700) að auki ásamt meðferðarhluta sem er breytilegur eftir þjónustu sjúkrahússins. Hótelið er hagkvæmur valkostur fyrir sjúkrahúsið og sveitarfélögin.

Veltan var 10 milljónir danskra króna árið 1995 og skilaði hótelið 4 milljónum í „hagnað". Kostnaður vegna húsnæðis, rafmagns, síma o.fl. er ekki færður á rekstur hótelsins. Nýting herbergja var milli 60–70% árið 1995.

Sjúklingahótelið er nýtt sem viðbót við legurými sjúkrahússins, þ.e. að sjúklingar eru færðir á sjúklingahótelið, en án útskriftar af sjúkradeild, til þess að hægt sé að leggja inn nýjan sjúkling."

Sjúklingahótelið í Lundi.

„Eignarform og stjórnun.

Lundsjukvårdsdistrikt gerði svokallað „managementavtal" við hlutafélagið Skandinaviska Patienthotel AB. Það felur í sér, að sjúkrahúsið heldur rekstrarlegri ábyrgð, en stjórnunarleg ábyrgð er hjá fyrirtækinu. Þetta hefur í för með sér, að stjórn sjúkrahússins hefur fulla innsýn í rekstur sjúklingahótelsins og verður hann samverkandi þáttur í heildarstarfsemi sjúkrahússins. Á þennan hátt næst best faglegt öryggi og um leið mestu mögulegu gæði og hagræðing.

Hótelinu er stjórnað af stjórnarnefnd sem í sitja: hótelframkvæmdastjóri, hótelstjóri, forstöðulæknir sjúkrahússins, forstöðuhjúkrunarfræðingur sjúkrahússins og fulltrúi forstjóra sjúkrahússins. Hlutverk þeirra er að gera fjárhagsáætlanir, starfsemisáætlanir og þróunaráætlanir. Stjórnarnefndin fundar á þriggja mánaða fresti.

Hótelstjóri sér um daglegan rekstur. Hótelstjórinn heldur fund með móttökustjórum einu sinni í mánuði en með öðru starfsfólki einu sinni í viku. Lögð er áhersla á að allt starfsfólkið vinni vel saman sem teymi án mjög skýrra verkefnismarka.

Fjármögnun og rekstur.

Fjármögnun á rekstri sjúklingahótelsins er að mestu með skattpeningum. Kostnaður á sólarhring er 730 skr. (íkr. 7.300). Sænsku sveitarfélögin (Landstingen) greiða 650 skr. (íkr. 6.500), en sjúklingurinn greiðir 80 skr. (íkr. 800). Gjaldið er ekki tekjutengt og er óháð fjárhag sjúklingsins. Gjald fyrir aðstandendur er 210 skr. (íkr. 2100) á dag með morgunmat, en á nýja hótelinu fyrir aðstandendur verður sólarhringsgjaldið 300–350 skr. (íkr. 3.000–3.500) án morgunverðar. Fæðingadeild sjúkrahússins greiðir hótelinu 550 skr. (íkr. 5.500) vegna sængurkvenna innan héraðs sjúkrahússins.

Með þessari rekstrarfjármögnun hefur hótelið verið rekið innan fjárhagsramma. Undantekning er þó árið 1995 vegna verkfalls hjúkrunarfræðinga sem gerði það að verkum að nýting varð ekki eins og áætlað hafði verið. Hlutfall fasts rekstrarkostnaðar er um 55%. Þar með er talið afskriftir, fjármagnskostnaður o.fl. Breytilegur rekstrarkostnaður er um 45%. Vörur og þjónusta eru keypt frá sjúkrahúsinu ef það er jafnhagstætt og hjá einkaaðilum. Nýting er að jafnaði 90–100% á virkum dögum en um 50% um helgar. Sjúklingar eru ekki innskrifaðir á sjúkrahúsið á meðan þeir dvelja á sjúklingahótelinu.

Það hefur sýnt sig að með rekstri sjúklingahótels má auka þjónustuna til muna fyrir 25% af sólarhringskostnaði á bráðasjúkrahúsi.

Heppileg stærð á hóteli er talin vera 10–24% af rúmafjölda sjúkrahúss.

Reynslan af rekstri sjúkrahótelsins sýndi að til þess að halda uppi ákveðnum gæðum var ákveðið að reka eigið eldhús. Eldhúsið býður upp á matseðil sniðinn að þörfum hvers einstaklings ef þörf krefur. Boðið er upp á hlaðborð allan sólarhringinn. Allur almennur matur er innifalinn í verðinu, en boðið er upp á sérréttarmatseðil og er sá matur seldur á hálfvirði miðað við það sem algengast er á veitingahúsum."

Niðurstaða.

Í lok skýrslunnar draga höfundar hennar niðurstöður sínar saman:

„Í könnun frá 28. mars 1995, sem gerð var af landlæknisembættinu, kom fram vísbending um að 22,4% (139) af inniliggjandi sjúklingum (Bsp., Lsp. og Landakoti) gætu nýtt sér dvöl á sjúklingahóteli.

Hér á landi er ekki um annars konar sjúklingahópa að ræða en í öðrum löndum þar sem það hefur sýnt sig að sjúkrahótel gagnast ákveðnum hópum sjúklinga mjög vel.

Megintilgangur með rekstri sjúklingahótela er:

1. Aukin rekstrarhagkvæmni.
2. Þjónustuform sem hentar ákveðnum sjúklingahópum.
3. Valkostir, þ.e.a.s. boðið er upp á val milli sjúklingahótels og sjúkrahúsdvalar.

Mikilvægt er að undirbúningur fyrir starfsemi sjúklingahótels sé góður og talið er að eftir að ákvörðun hefur verið tekin um stofnun sjúklingahótels þurfi að líða eitt ár þar til hægt er að opna það. Hér á Íslandi hefur átt sér stað marghátttaður undirbúningur eins og fram kemur í inngangsorðum þessarar skýrslu. Því er orðið tímabært að taka ákvörðun um hvort setja eigi á stofn sjúklingahótel eða ekki.

Til að sjúklingahótel geti nýst vel þarf að vera öflug göngudeildarþjónusta á viðkomandi sjúkrahúsi. Reynslan hefur sýnt að stofnun sjúklingahótela mætir alltaf nokkurri andstöðu hjá fagfólki og það gætir tregðu á að nýta það fyrst í stað. Reynslan hefur jafnframt sýnt að fjölgun er stöðug í sjúklingahópum sem dvelja á sjúklingahótelum. Einnig er nýting vaxandi. Þegar niðurskurður innan heilbrigðiskerfisins er annars vegar er eðlilegt að líta til þess valkosts sem sjúklingahótel er. Hér er um að ræða ódýrari valkost um leið og öryggi sjúklinga er tryggt.

Líkt og aðrir nýir valkostir í heilbrigðiskerfinu, svo sem dagdeildarþjónusta, fimm daga þjónusta, þjónusta í heimahúsum o.fl. sem hefur miðað að því að sjúklingar liggi sem skemmst inni á legudeildum má vænta þess að sjúklingahótel sé vænlegur kostur á Íslandi. Vissulega er hér starfrækt sjúkrahótel Rauða krossins sem mætir að nokkru þörf sjúkrahúsanna fyrir þessa þjónustu. Einnig eru íbúðir í leigu sjúkrahúsa sem nýtast vel fyrir aðstandendur. Reikna má með að hér sé því e.t.v. þörf á nokkru hærra þjónustustigi heldur en veitt er t.d. í Lundi og jafnvel á Rigshospitalet þar sem þó er eilítið meiri hjúkrunarþjónusta frá hjúkrunarfræðingum. Algjör forsenda þess að sjúklingahótel nýtist til fullnustu er að það sé á sjúkrahúslóðinni stutt frá göngudeildum og bráðamóttöku.

Ekki er annað fyrirséð en að sjúkrahúsin verði að hagræða hjá sér á næstu árum og útskrifa sjúklinga fyrr.

Það er því niðurstaða flutningsmanna að hafinn verði undirbúningur á rekstri sjúklingahótela á Íslandi, þar sem öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar verði tryggð.

Fyrsta skrefið í þeim undirbúningi verði að hugmyndafræði sjúklingahótela verði kynnt enn frekar og í framhaldi af því verði gerð að nýju könnun á þörf fyrir sjúklingahótel og niðurstöður þeirrar könnunar m.a. nýttar við gerð rekstrarlíkans að slíkum hótelum."

Hinn 16. janúar 2000 birtist svohljóðandi frétt í Morgunblaðinu:

„Nær helmingur sjúklinga rangt staðsettur.

Í könnun sem gerð var á staðsetningu sjúklinga á SHR 6. janúar síðastliðinn kemur fram að af 372 inniliggjandi sjúklingum voru alls 152 rangt staðsettir að mati deildarstjóra eða 41%.

Þetta kemur fram í greinargerð hjúkrunarforstjóra til framkvæmdastjórnar vegna álags og yfirlagna á sjúkradeildir Sjúkrahúss Reykjavíkur.

„Þessar upplýsingar koma ekki á óvart. Þetta eru mál sem hafa verið rædd í mörg ár þannig að það er ekki eins og það sé eitthvað nýtt í þessu," segir Magnús Pétursson, forstjóri Ríkisspítalanna.

Af þessum sjúklingum biðu 86 eftir hjúkrunarheimilum eða 23%. Þetta er alvarlegasta niðurstaða könnunarinnar að mati Sigríðar Snæbjörnsdóttur hjúkrunarforstjóra. Nítján sjúklingar eða 5% hefðu getað nýtt sér sjúkrahústengda heimaþjónustu, níu sjúklingar eða 2% biðu eftir rými á öldrunardeild, þrír sjúklingar hefðu getað nýtt sér sjúkrahótel og 35 sjúklingar annað.

Í greinargerðinni er fjallað um mikilvægi þess að sjúklingar fái þjónustu á réttu þjónustustigi. Bent er á óhagkvæmni þess að sjúklingar liggi of lengi á deildum sem eru dýrar í rekstri þegar aðrir möguleikar mundu henta betur. Bráðadeildir eru t.d. dýrar í rekstri vegna þess hversu hátt hlutfall starfsfólks er með sérþekkingu, fjölda fólks á vöktum og hve tækni og tækjabúnaður er dýr.

Nefnt er sem orsök vanda lokun lyflækningadeildar vegna endurbóta á gjörgæsludeild. Segir að oft hafi verið bent á vanda þess að loka deildum, sérstaklega á þessum árstíma þegar flensur og fylgikvillar herja á landann. Það fylgi líka mikið álag á starfsfólkið sem hafi verið sérlega mikið í desember.

„Það brennur ákveðinn vandi á spítölunum. Fólk þarf einhvers staðar að komast að og því er vísað frá spítölum. Það er hins vegar slæmt ef spítali getur ekki sinnt þeim verkefnum sem hann á að sinna vegna þess að fólk sem gæti komist af með minni og ódýrari úrræði er þar."

Að sögn Magnúsar hefur honum borist bréf frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem spurt er hvort sjúkrahúsin séu aflögufær á pláss til að reka hjúkrunarheimili. Það pláss sé ekki auðfengið en verið sé að skoða málin.

Meðal tillagna til úrbóta sem stungið er upp á í greinargerðinni er auk þess að leggja áherslu á uppbyggingu hjúkrunarheimilis, efling sjúkrahústengdrar heimaþjónustu, efling heimahjúkrunar og heilsugæslu og markvissari útskriftaráætlanir sjúklinga, efling dag- og göngudeilda, betri kaup og kjör starfsfólks og að hagkvæmni þess að byggja sjúkrahótel verði könnuð."

Af framangreindu má ráða að kostir sjúkrahótela verða vart ekki dregnir í efa.

29. nóvember 2000 var skrifað undir samning milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Rauða kross Íslands um stækkun og aukna þjónustu á sjúkrahóteli Rauða krossins við Rauðarárstíg. Sá samningur ber vitni um skilning manna á hagkvæmni sjúkrahótela. En betur má ef duga skal.

Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2001 var rekstur sjúkrahótela felldur út úr skilgreiningu laga um heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsþjónustu. Að mati flutningsmanna var þessi lagabreyting síst til þess fallin að auka vægi og mikilvægi þessarar þjónustu. Það er nauðsynlegt að löggjafinn endurskoði þessa ákvörðun sína í tengslum við þá uppbyggingu sjúkrahótela sem er efni þessarar tillögu.

Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

Það er álit flutningsmanna að við fyrirhugaða uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut, sbr. nefndarálit starfsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framtíðarskipulag og uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss, gefist kærkomið tækifæri til uppbyggingar sjúkrahótels í nánum tengslum við spítalann.

Flutningsmenn eru sammála um nauðsyn þess að sjúkrahóteli sé valinn staður sem næst meginstarfsemi sjúkrahúsa. Jafnframt má telja nauðsynlegt að sjúkrahótel sé undir stjórn sjúkrahússins eða í nánum stjórnunartengslum við það. Þetta tvennt telja flutningsmenn forsendu þess að hægt sé að ná fram þeirri hagræðingu og sparnaði sem sjúkrahótel bjóða upp á.

Uppbygging Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er annað stærsta sjúkrahús landsins og gegnir mikilvægu hlutverki í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Verið er að styrkja sérgreinaþjónustu og bráðamóttöku sjúkrahússins auk margvíslegrar göngudeildarþjónustu. Þar sem sjúkrahúsið þjónar að mestu Norður- og Austurlandi og vegalengdir eru miklar er ljóst að margir sjúklingar þurfa á gistingu að halda utan sjúkrahússins. Ef stuðla á að samsvarandi þróun í þjónustu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og að er stefnt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, þ.e. að fækka innlagningardögum og auka göngudeildarþjónustu, þá þarf að reka sjúkrahótel við FSA. Byggingu sjúkrahótels ætti að finna stað innan framtíðarskipulags FSA-svæðisins.

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Við A-lið 30. gr. bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattalagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári.

Frádráttarheimild þessi gildir ekki um þá sem fá útlagðan kostnað greiddan í formi ökutækjastyrkja enda eru slíkar greiðslur frádráttarbærar skv. 1. tölul. A-liðar 30. gr. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað gegn slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2004.

27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta skrá náttúru landsins, flokka hana og kortleggja á samræmdan hátt og með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem þróuð hefur verið á vegum alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að og skyldra alþjóðastofnana, svo sem Evrópsku umhverfisstofnunarinnar. Útgáfu náttúrufarskorta í mælikvarða 1:250.000 af öllu landinu verði lokið á næstu fjórum árum og í mælikvarða 1:50.000 á næstu tíu árum.

Jafnframt verði kröfur sem gerðar eru til náttúrufarsgagna við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilgreindar á skýran hátt, þ.e. lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna, og ákveðið hvaða náttúrufarsgögn skuli framleiða á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli vera að þeim. Miða skal við að þessum þætti málsins verði lokið og viðkomandi reglugerðum breytt í samræmi við niðurstöður fyrir árslok 2001.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi en fékkst ekki rædd og er nú endurflutt óbreytt.

Í kjölfar Ríó-ráðstefnunar 1992 breyttust viðhorf til umhverfismála mikið og þjóðir heims lögðu áherslu á að endurskoða löggjöf á þessu sviði og þróa nothæfar aðferðir sem beita má til að skrá, flokka, meta og vakta náttúruna og skapa þannig grunn fyrir skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis. Þessum aðferðum hafa önnur norræn ríki, Evrópusambandsríki og mörg önnur ríki sem aðild eiga að Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu beitt með góðum árangri á undanförnum árum.

Um er að ræða aðferðir sem miða að því að greina og kortleggja þá náttúrufarsþætti sem hafa verndargildi og þá sem mikilvægir eru fyrir varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Sam-

ræmt kerfi til að gera þetta hefur verið þróað í samvinnu Evrópulanda og hvílir það á ákvæðum Bernarsamningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Grunneiningin í þessu kerfi er hugtakið „vistgerð“ en hver vistgerð lýsir svæðum með tilliti til ýmissa sameiginlegra þátta, lífrænna og ólífrænna, svo sem ríkjandi plöntutegunda, smádýra, fugla og jarðvegsgerðar. Skilgreindum verndarviðmiðum er beitt til að meta verndargildi hinna ýmsu vistgerða.

Íslendingar hafa verið samstíga öðrum þjóðum í að setja lög og reglur er varða umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúrunnar og búa nú við svipaðan lagaramma á þessu sviði og önnur Evrópu- og OECD-ríki. Íslendingar eru hins vegar eftirbátar margra þessara ríkja er kemur að grunngögnum sem nauðsynleg eru til að fyrrgreind umhverfislöggjöf nái markmiðum sínum. Íslendingar eru ekki búnir að skrá, flokka og meta náttúru landsins í sama mæli og hinar þjóðirnar. Þá er mikið af þeim gögnum sem safnað hefur verið ekki aðgengilegt, t.d. í stafrænu formi. Þar af leiðandi eigum við mjög erfitt með að framfylgja alþjóðlegum skyldum sem við höfum tekið á okkur, t.d. hvað varðar skuldbindingar í Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu og tengdum verkefnum, svo sem sameiginlegri náttúruverndaráætlun Evrópu (Emerald Network). Íslendingar eiga aðild að Evrópsku umhverfisstofnuninni og þar á bæ byggist gagnaöflun um náttúrufar, mat á ástandi þess og vöktun á samræmdu flokkunar- og skráningarkerfi sem okkur gengur illa að nota vegna skorts á gögnum.

Ein af afleiðingum þessa gagnaskorts er að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er yfirleitt mun dýrara hér á landi en í grannríkjum okkar. Munurinn felst fyrst og fremst í því að hér á landi geta framkvæmdaraðilar ekki gengið að góðum gögnum um náttúrufar á viðkomandi svæði, þeir þurfa sjálfir að afla þessara gagna og oft með dýrum grunnrannsóknum. Í Svíþjóð og Finnlandi t.d. hefur áhersla verið lögð á að skapa góðan grunn og þar nægir framkvæmdaraðila í mörgum tilfellum að gefa upp staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar og getur hann þá fengið án frekari vettvangsathugana upplýsingar um náttúrufar svæðisins og verndargildi þess. Sami gagnaskortur háir gerð skipulagsáætlana hér á landi, en þess má geta að nú er allt landið skipulagsskylt. Mörg sveitarfélög þurfa sjálf að kosta dýrar rannsóknir til að afla nauðsynlegra grunngagna um náttúrufar. Landsáætlanir sem gert er ráð fyrir í náttúruverndar- og skipulagslögum, svo sem rammaáætlun um virkjun jarðhita og fallvatna eða náttúruverndaráætlun, eru einnig illframkvæmanlegar vegna þessa gagnaskorts. Það má því segja að grunnur skynsamlegrar landnotkunar og sjálfbærrar nýtingar náttúrunnar sé mjög ótraustur.

Önnur afleiðing þessa gagnaskorts er að hvorki löggjafarvaldið né framkvæmdarvaldið hefur sett skýrar línur er varða kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem leggja ætti til grundvallar við gerð skipulagsáætlana eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Afleiðing þessa er t.d. að kröfur eru misjafnar, óljósar og skapa skilyrði fyrir ágreining um ákvarðanir, t.d. úrskurði Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra. Í nýlegum úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar kom fram að ekki var í öllum tilvikum ljóst hvaða gögn stofnunin taldi þurfa að liggja fyrir til að unnt væri að meta áhrif framkvæmdarinnar. Af þessu leiðir að erfitt er fyrir framkvæmdaraðila að meta hvenær nauðsynlegt er að leggja í kostnaðarsamar rannsóknir á svæðum sem ætlunin er að raska og ósamræmi vill verða í kröfugerðinni.

Meðan kröfur um gögn er varða náttúrfarsþætti og gæði þeirra hafa ekki verið skilgreindar verður mat á verndargildi náttúrufyrirbæra og verðmæti þeirra háð of mikilli tilviljun og geðþótta sem aftur leiðir til þess að „pólitískar ákvarðanir“ verða ráðandi. Óeining virðist vera

meiri hér á landi en í grannríkjum varðandi úrskurði um mat á umhverfisáhrifum og kærur hlutfallslega miklu fleiri sem skýrist að hluta til af þessari óvissu.

Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að bætt verði úr þessum slæma skorti á grunngögnum og að sömu vinnubrögðum verði beitt til þess og grannþjóðirnar nota með góðum árangri. Nokkur reynsla er komin á þessi vinnubrögð hér á landi þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur beitt þeim við öflun grunngagna fyrir rammaáætlun um virkjun jarðhita og vatnsfalla og fyrir mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Stofnunin hefur einnig stigið fyrsta skrefið við flokkun og skilgreiningu vistgerða á landsvísu með því að kanna skipulega allar lýsingar og skilgreiningar á vistgerðum Evrópusambandsins og þær viðbætur sem unnar hafa verið um norðlægar vistgerðir (sjá skýrsluna „Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla“, Sigmundur Einarsson o.fl., Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 2000). Í þingsályktunartillögunni er jafnframt lagt til að kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem notuð eru við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði skilgreindar og samræmdar.

Með náttúrfarskortum er átt við mismunandi þekjur af upplýsingum sem sýna t.d. vistgerðir sem endurspegla gróðurfar, dýralíf og jarðvegsgerð, búsvæði tegunda sem þarfnast sérstakrar verndar og sérstæðar jarðmyndanir og náttúruvætti, svo og þekjur sem sýna staðsetningu mikilvægra svæða fyrir spendýr, svo sem selalátur og burðarsvæði hreindýra, og mikilvæg fuglasvæði á borð við fuglabjörg og önnur mikilvæg varplönd, viðkomustaði fartegunda og vetrarstöðvar sem hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglastofna.

Gert er ráð fyrir að nýta fjarkönnun og ýmis afleidd gögn til að vinna tiltölulega hratt yfirlitskort af öllu Íslandi er taki til framangreindra náttúrufarsþátta, líkt og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert í tengslum við rofkort af landinu og verkefnið „Nytjaland“. Þess má geta að gervihnattamyndir verða sífellt fullkomnari og góð upplausn þeirra gerir t.d. kleift að greina með viðunandi nákvæmni helstu gróðurlendi. Stefnt skal að því að ljúka þessari grófu kortlagningu í mælikvarðanum 1:250.000 á næstu 3–4 árum í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landmælinga Íslands. Samhliða verði hrint af stað nákvæmari kortlagningu sem felist að stórum hluta á sannprófun á fyrirliggjandi gögnum og samræmingu þeirra miklu upplýsinga sem þegar liggja fyrir á víð og dreif hjá mörgum vísindastofnunum. Stefnt skal að því að ljúka þessari ítarlegu kortlagningu landsins í mælikvarðanum 1:50.000 á næstu tíu árum. Einnig er brýnt að skýra hvaða stefnu ríkisvaldið hefur í gagnamálum, skilgreina hvaða og hvers konar gögn hið opinbera á að láta í té um náttúru landsins og hver aðgangur að þeim eigi að vera.

28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hrinda í framkvæmd frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Greinargerð.

Á Kristnesi í Eyjafirði er starfrækt eina endurhæfingardeildin utan suðvesturhorns landsins. Nítján virk endurhæfingarrými eru á deildinni sem er of lítið miðað við þarfir upptökusvæðis Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Á endurhæfingarstofnunum á Suðurlandi eru 35–40 rúm að meðaltali nýtt af sjúklingum af Norður- og Austurlandi. Langir biðlistar eru á þeim stofnunum og því einsýnt að aukin afkastageta endurhæfingardeildar á Kristnesi væri hagkvæm lausn. Húsnæðið er til en þarfnast lagfæringa og fjölga þyrfti stöðuheimildum. Raunhæft virðist að stefna að 25 rúma legudeild auk 11 dagvistarrýma sem fyrst og fremst yrðu notuð af sjúklingum frá Akureyri og næsta nágrenni. Sjúklingar sem búsettir eru fjær þyrftu að eiga kost á sjúkrahóteli. Aukin starfsemi endurhæfingardeildar mundi þannig bæta endurhæfingarþjónustu á Norður- og Austurlandi, stytta legutíma endurhæfingarsjúklinga á bráðadeildum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og stytta biðlista vegna endurhæfingar. Þessi aðgerð yrði tvímælalaust til mikilla hagsbóta í heilbrigðiskerfinu. Að mati Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri næmi rekstrarkostnaður við aukna endurhæfingu u.þ.b. 54 millj. kr. á ári.

Þessi tillaga er í fullu samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Hún mun auka þjónustuna á Norður- og Austurlandi, verða til hagsbóta fyrir allt það fólk sem þarf á þessari þjónustu að halda á svæðinu. Þá mundi framkvæmd hennar létta á þessari starfsemi á suðvesturhorninu og hafa jákvæð áhrif fyrir landið allt. Einnig mundu skapast auknir möguleikar fyrir framhaldsendurhæfingu á sjúkrahúsunum á Norður- og Austurlandi, t.d. á Húsavík og Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Aðgerð af þessu tagi mun einnig auka atvinnu á þessu sviði á Eyjafjarðarsvæði og er það í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í byggðamálum eins og þau eru sett fram í nýrri byggðaáætlun.

Fylgiskjal.

Kostnaðaráætlun fyrir stöður vegna aukinnar endurhæfingar.
(Að mati Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.)

Fjöldi		Starfsmannafélag	Launaflokkur – þrep, janúar 2002	
1,50	sérfræðingur	LA	302-4	6.650.064 kr.
3,40	hjúkrunarfræðingur	FÍH	B-3:3	7.317.847 kr.
2,00	yfiriðjuþjálfi 3	BHM	5:3	4.234.200 kr.
1,00	aðstoðarmaður iðjuþjálfa	stak	A-6:6	1.345.884 kr.
0,50	íþróttafræðingur	BHM	201-3	939.684 kr.
1,00	aðstoðarmaður sjúkraþjálfa	STAK	A-4:5	1.345.884 kr.
0,50	yfirfélagsráðgjafi	BHMR		1.101.474 kr.
2,50	yfirsjúkraþjálfi 4	BHMR	B-8:2	5.701.800 kr.
0,50	starfsstúlkur	Eining	1-3	572.850 kr.
0,50	læknaritarar	STAK	B-1:5	724.950 kr.
13,40	föst laun dagvinna			29.934.937 kr.

2% aukagreiðsla (persónu-/orlofsuppbót)	598.693 kr.
25% afleysing, yfirvinna, álag	7.483.659 kr.
17% lífeyrissjóðsframlag	6.462.888 kr.
5,23% tryggingagjald	1.988.289 kr.
Samtals áætluð árslaun	46.468.166 kr.
Alm. rekstrargj. áætluð 15% af launak.	6.970.225 kr.
Heildarkostnaður á ársgrundvelli	**53.438.391 kr.**

29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi aðgerðaáætlun sem hafi það að markmiði að draga úr fyrirsjáanlegu ójafnvægi í byggðamálum.

Greinargerð.

Á síðustu missirum hafa horfur í byggðamálum breyst verulega. Ástæða er til að gera ráð fyrir að fyrirætlanir um mestu framkvæmdir Íslandssögunnar í orku- og iðnaðarmálum verði að veruleika á Austfjörðum. Gangi það eftir verða þar gífurlegar framkvæmdir sem standa í mörg ár. Þær munu hafa í för með sér aðra uppbyggingu í tengslum við búsetu og þjónustu við atvinnustarfsemina sem þar verður.

Jafnframt þessu liggja fyrir ákvarðanir stjórnvalda um að gerð þriggja jarðganga á Norðausturlandi verði boðin út í einu lagi.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að í byggðaáætlun sem samþykkt var á liðnu vori var aðaláhersla lögð á að styrkja Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Það yrði fagnaðarefni ef hillti undir betri tíma á þessum hluta landsins. Hins vegar hlýtur það að vera umhugsunarefni hversu þær fyrirætlanir og áætlanir sem hér um ræðir, og allar eru frá stjórnvöldum komnar, deilast ójafnt niður á landið. Það er veruleg hætta á því, ef fram fer sem horfir, að næstu ár verði öðrum svæðum í dreifbýlinu mjög erfið nema gripið verði til aðgerða til að draga úr því ójafnvægi sem í stefnir. Stjórnvöld bera alla ábyrgð í þessu efni vegna þess að hinar miklu framkvæmdir sem standa fyrir dyrum eru fyrir atbeina þeirra. Þörf fyrir byggðaaðgerðir myndast vegna ójafnvægis milli byggðarlaga og landsvæða. Stjórnvöld þurfa því að hafa heildaráhrif aðgerða í huga þegar þær eru ákveðnar. Það hefur augljóslega ekki verið gert nú. Þess vegna er þörf á að endurskoða tímasetningu framkvæmda og aðrar fyrirætlanir sem geta haft jákvæð áhrif á búsetu og atvinnulíf annars staðar en á vaxtarsvæðunum sem njóta munu þeirra umfangsmiklu fyrirætlana sem fram undan eru. Í ljósi breyttra aðstæðna þarf að bregðast við og taka ákvarðanir sem koma öðrum landsvæðum til góða.

Þar væri nærtækast að skoða hvort unnt sé og rétt að flýta framkvæmdum í samgöngumálum, sérstaklega þeim sem hafnar eru eða mögulegt er að hefja án mikils fyrirvara.

Sérstakt átak til að auka möguleika til framhaldsmenntunar og að styrkja menntun í dreifbýli væri sjálfsagður hluti slíkra fyrirbyggjandi aðgerða.

Aflétta þarf höftum á atvinnufrelsi manna í sjávarbyggðum sem byggja atvinnulíf sitt nánast alfarið á útgerð og fiskvinnslu þannig að þær geti aftur farið að njóta nálægðarinnar við gjöful fiskimið.

Það er ekki sjálfsagt mál að allir þeir gríðarlegu fjármunir sem nú stefnir í að fáist fyrir sölu ríkiseigna fari í samgöngumannvirki á einu landsvæði. Þá má líka nota annars staðar og þá má ekki síður nota í menntamál en samgöngumál.

Nú þarf að bregðast við af myndugleik og verulegum krafti til að ójafnvægi milli landsvæða í dreifbýli skapi ekki nýjan vanda í byggðarlögum sem hafa hann nógan fyrir. Mótvægisaðgerðir eru þess vegna bráðnauðsynlegar og ákvarðanir um þær þarf að taka strax á þessu hausti.

30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Einnig að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi, en fékkst þá ekki útrædd. Hún var send til umsagnar nokkurs fjölda aðila er tengjast málinu og hlaut afar jákvæðar undirtektir. Af þeim sem gáfu umsögn um tillöguna voru það eingöngu Landsvirkjun og hreppsnefnd Ásahrepps sem voru á móti henni. Af þessum jákvæðu undirtektum má ráða að hér sé um mikilvæga og góða tillögu að ræða, þess vegna er hún flutt á nýjan leik óbreytt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi tillögunni.

Þjórsárver er sú gróðurvin á hálendi Íslands, sem talin er hvað dýrmætust. Kemur þar margt til, landslag er þar stórbrotið, vatnafarið einstaklega öflugur þáttur í lífríkinu og er vistkerfi veranna óvenju tegundaríkt og mikilvægt til viðhalds á mörgum tegundum dýra og plantna. Í Þjórsárverum er að finna fjölbreyttar búsvæðagerðir, þar eru rústir, sífreri og flæðiengi. Verin eru vel afmörkuð heild og það svæði á Íslandi þar sem áhrifa manna gætir hvað minnst. Þau eru gífurlega mikilvæg varpstöð fyrir heiðagæsarstofninn og fleiri fugla. Gróðursamfélagið er afar fjölbreytt, þar hafa fundist um 183 tegundir háplantna, eða meira en þriðjungur íslensku flórunnar, 225 mosategundir, eða um 38% íslensku mosaflórunnar og heildarfjöldi fléttna sem greindur hefur verið í Þjórsárverum er um 148 tegundir. Í Þjórsárverum er að finna síðustu leifar gróðurs sem áður mun hafa þakið mun stærra svæði af öræfunum, gróðurs sem sums staðar teygir sig upp í 1.000 – 1.100 m hæð yfir sjávarmáli í hlíðum Arnarfells hins mikla og Arnarfells hins litla.

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1988 skrifar dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir um Þjórsárver: „Nálægt miðju Íslands, suður af Hofsjökli, þar sem stærstu upptakakvíslar Þjórsár koma saman, eru víðáttumikil gróðulendi sem einu nafni kallast Þjórsárver. Þau eru ein stærsta en jafnframt einangraðasta gróðurvin á miðhálendi Íslands. Að norðan skríða fram jökultungur Hofsjökuls en annars liggja að þeim eyðisandar. Í suðvestri er Fjórðungssandur. Sprengisandur er í norðaustri, en öræfin í austri og suðri eru nafnlaus. Allar bera þessar auðnir líkan svip; gráir melar á mishæðóttu landi þar sem hver ávöl og dökkleit aldan tekur við af annarri."

Samþykktir Gnúpverja.

Þjórsárver njóta sérstakrar verndar bæði sem friðland og sem Ramsar-svæði, sem staðfestir sérstöðu og mikilvægi þess sem votlendis á heimsvísu. Til Þjórsárverafriðlands var stofnað árið 1981 með heimild í lögum um náttúruvernd. Þá höfðu um nokkurt skeið verið uppi hugmyndir um stórt uppistöðulón í verunum í allt að 593,5 m yfir sjávarmáli. Þær hugmyndir mættu strax talsverðri andstöðu. Til marks um það er eftirfarandi ályktun almenns sveitarfundar Gnúpverja, sem haldinn var í Árnesi 17. mars 1972.

„Fjölmennur sveitarfundur Gnúpverja haldinn að tilhlutan landgræðslunefndar Ungmennafélags Gnúpverja í félagsheimilinu Árnesi 17. mars 1972, lýsir yfir eindreginni andstöðu við rafvæðingaráætlanir þar sem gert er ráð fyrir myndun uppistöðulóns í Þjórsárverum. Fundurinn vekur athygli á nokkrum mikilvægum atriðum varðandi Þjórsárver:

a) Þjórsárver eru geysistór og einstæð vin á miðhálendi Íslands. Þau eru umlukin auðnum á alla vegu og eiga ekki sinn líka hvað varðar fjölbreytilegan gróður og fuglalíf.
b) Gróðureyðing í aldaraðir er alvarlegasta vandamál náttúruverndar á Íslandi. — Verði Þjórsárver sett undir vatn er gróðri og gróðurfari landsins unnið óbætanlegt tjón. Auk þess eru miklar líkur á því að mismunandi hæð yfirborðs vatnsins í fyrirhuguðu lóni í Þjórsárverum orsaki uppblástur.
c) Þjórsárver eru verðmætt beitiland.
d) Talið er að ¾ hlutar alls heiðagæsarstofnsins í heiminum verpi í Þórsárverum. Margar fuglategundir í heiminum eiga nú á hættu að verða útrýmt. Röskun í Þjórsárverum stofnar varplöndum heiðagæsarinnar í hættu.

Af ofangreindum ástæðum andmælir fundurinn hvers konar röskun á náttúru Þjórsárvera og skorar á almenning í landinu að sameinast um að varðveita þessa einstæðu perlu íslenskra öræfa."

Framkvæmdir hingað til og frekari áform.

Á þessum tíma var náttúruvernd á Íslandi ekki fyrirferðamikil í dægumálaumræðunni og ekki margir sem þekktu þá gersemi sem kúrði í miðri sandauðn miðhálendisins uppi undir Hofsjökli umgirt jökulkvíslum og erfið aðkomu, nema kannski fyrir fuglinn fljúgandi. Það munu helst hafa verið fjallmenn, sem smalað höfðu öræfin upp undir jökla, sem þekktu leyndardóm veranna. Stærsti hluti Þjórsárvera er á afrétti Gnúpverja og þekktar eru sagnir fjallmanna sem sneru aftur af fjalli með leyndardóminn í hjartanu og ævintýrið í augunum. Þetta mun vera drjúgur hluti ástæðunnar fyrir andstöðu Gnúpverja við hugmyndir um miðlunarlón í Þjórsárverum. Umræðan um náttúruverndargildi veranna og ásetningur Landsvirkjunar um miðlunarlón og virkjanir á efra vatnasviði Þjórsár leiddu til þess að Þjórsárver voru friðlýst með auglýsingu í desember 1981. Í friðlýsingunni var gert ráð fyrir þeim möguleika að uppistöðulóni yrði valinn staður í námunda við hið friðlýsta svæði, en þó var tekin afgerandi ákvörðun varðandi stærð mögulegs lóns. Þannig var verunum forðað frá algerri eyðileggingu og komið í veg fyrir þau áform Landsvirkjunar að sökkva þeim í heilu lagi undir 200 km^2 miðlunarlón. Hins vegar gerði friðlýsingin ráð fyrir undanþágu frá ákvæðum friðlýsingarinnar „til þess að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y.s. enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati [Náttúruverndar ríkisins]." Þetta kom þó ekki í veg fyrir að heimilaðar yrðu veitur austanvert í verunum, austan Þjórsár; Kvíslarveitur 1.–5. áfangi. Þannig voru upptakakvíslir Þjórsár af Sprengisandi og austurþverár hennar teknar í áföngum og þeim veitt í Þórisvatn. Komið er stórt lón, Kvíslavötn, sem er um 30 km^2 og stíflur í þverár Þjórsár, Eyvindaverskvísl, Þúfuverskvísl og í Þjórsá sjálfa ofan Hreysis. Þessar aðgerðir hafa valdið talsverðum spjöllum á Þjórsárverum, 6 km^2 af grónu landi hefur verið sökkt undir vatn, auk þess sem umtalsvert landsvæði hefur farið undir veituskurði. Þá hefur meðalrennsli Þjórsár minnkað um allt að 40%, sem spillt hefur ýmsum einstökum fossum, Kjálkaversfossi, Dynk og Gljúfurleitarfossi. Ekki er vitað hvort þessum spjöllum á verunum austan Þjórsár og á Þjórsá sjáfri er lokið því enn lúra áform um 6. áfanga Kvíslaveitna á borðum Landsvirkjunar.

Afstaða Þjórsárveranefndar og ný ályktun Gnúpverja.

Síðustu mánuði hefur umræðan um lón við Norðlingaöldu blossað upp enn á ný, nú í tengslum við orkuöflun fyrir væntanlega stækkun álbræðslu Norðuráls á Grundartanga. Landsvirkjun og Þjórsárveranefnd, sem er ráðgjafarnefnd Náttúruverndar ríkisins varðandi málefni Þjórsárverafriðlandsins, hafa í 20 ár átt í viðræðum um mögulegar lónhæðir, hin seinni ár hefur umræðan hverfst um lón frá 581 m yfir sjávarmáli til 575 m yfir sjávarmáli. Ekki verður annað ráðið en nokkur einhugur hafi ríkt í nefndinni, sem ætlað er það hlutverk samkvæmt friðlýsingarákvæðunum að vera til ráðuneytis um málefni friðlandsins og koma með tillögur að nauðsynlegum rannsóknum vegna ákvarðanatöku um endanleg mörk mannvirkja. Á fundi Þjórsárveranefndar 3. maí 2001 var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma: „Þjórsárveranefnd hafnar áformum um 6. áfanga Kvíslaveitu. Nefndin hafnar einnig öllum hugmyndum um lón sem eru hærri en 575 m y.s. Nefndin samþykkir að fresta ákvörðun um lón í 575 m y.s., þar sem hluti nefndarmanna telur nauðsynlegt að fá fyllri úttekt á áhrifum þeirrar lónshæðar á náttúruverndargildi Þjórsárvera."

Það verður að telja eðlilegt að Þjórsárveranefnd vilji sýna varkárni nú þegar ljóst er hversu mikið virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum hafa þegar skaðað verin og dregið úr verndargildi þeirra. Það verður einnig að teljast eðlilegt að Gnúpverjar séu tregir til að fórna meiru en orðið er af Þjórsárverum. Lón við Norðlingaöldu yrði í farvegi Þjórsár og mundi raska svæðinu vestan Þjórsár, sem fram að þessu hefur verið óraskað. Fyrr í þessari greinargerð er sagt frá almennum sveitarfundi, sem haldinn var í Árnesi, Gnúpverjahreppi 1972, nú hefur það aftur gerst að Gnúpverjar sjá ástæðu til að álykta um framtíð Þjórsárvera.

„Almennur sveitarfundur haldinn í Árnesi 24. maí 2001 lýsir eindreginni andstöðu við Norðlingaölduveitu og aðrar fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Þjórsárverum og efri hluta Þjórsár.

Þjórsárver og efri hluta Þjórsár ber að vernda sem einstætt vistkerfi og landslagsheild og minnt skal á að framkvæmdir á þessu svæði verða ekki aftur teknar.

Fundurinn bendir á að margþættar rannsóknir færustu vísindamanna sem sanna sérstöðu svæðisins í íslenskri náttúru þar sem þeir vara við allri röskun af manna völdum enda er svæðið þekkt víða um heim og stór hluti þess friðlýstur.

Fundurinn vekur athygli á því að nú þegar hefur orðið veruleg röskun á vatnafari Þjórsár með 1.–5. áfanga Kvíslaveitu.

Fundurinn minnir á ályktun fundar í Árnesi 17. mars 1972 og ítrekar fyrri mótmæli þar."

Athugasemdir við skipulag miðhálendisins.

Í svæðisskipulagi miðhálendsins, sem gildir fram til ársins 2015, er fjallað um Norðlingaölduveitu og hugsanlegt lónsvæði auðkennt með blandaðri landnotkun; orkuvinnsla/náttúruvernd. Þegar svæðisskipulagið var á umsagnarstigi mótmæltu þessu meðal annarra hreppsnefnd Gnúpverja og Náttúruverndarsamtök Íslands. Í athugasemdum Náttúruverndarsamtakanna við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands segir: „Í greinargerð samvinnunefndarinnar er talað um þrjú fyrirhuguð orkuvinnslusvæði eða virkjanahugmyndir í Rangárvallasýslu: Búðahálsvirkjun í Tungnaá, Vatnsfellsvirkjun og loks Norðlingaölduveitu. Í ritinu *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku,* Iðnaðarráðuneytið 1994, er hins vegar að auki greint frá áformum um Markarfljótsvirkjun. Náttúruverndarsamtök Íslands telja að það brjóti í bága við tilmæli skipulagsreglugerðar að gera ekki grein fyrir og sýna ekki á skipulagsuppdrætti allar fyrirliggjandi frumforsendur um landnotkun, þ.m.t. virkjunarhugmyndir. Annars fæst röng mynd af landnotkuninni og forsendur fyrir skipulaginu verða þar með rangar. Úr þessu þarf að bæta. Varðandi Norðlingaölduveitu leggja samtökin ríka áherslu á að stífluhæð við

Norðlingaöldu verði ekki meiri en svo að ekki gangi frekar á gróðurlendi Þjórsárvera sunnan Hofsjökuls en nú er. Þjórsárver eru einstök náttúruperla og eitt stærsta samfellda gróðurlendi miðhálendisins með einstökum heimskautagróðri. Þá telja samtökin, eftir því sem bestur verður séð, að auðkenni samvinnunefndarinnar á Norðlingaölduveitulóni sem *„blönduð landnotkun þar sem fleiri en ein gerð landnotkunar fer saman, t.d. landgræðsla og verndun"* sé óraunsæ vægast sagt."

Í athugasemdum hreppsnefndar Gnúpverja segir: „Í greinargerð er gert ráð fyrir sérstöku náttúruverndarsvæði, nefnt Þjórsárver–Kerlingarfjöll, þar sem eru tilgreind m.a. Þjórsárver og svæðið með Þjórsá frá Gljúfraá að Kisu. Jafnframt er tilgreint fyrirhugað orkuvinnslusvæði í neðsta hluta Þjórsárvera, nefnt Norðlingaölduveita. Um friðland í Þjórsárverum gildir reglugerð frá 1979 og á grundvelli hennar er unnið að rannsóknum af Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins og sveitarstjórnum.

Hreppsnefnd telur ljóst að áhrif af Norðlingaölduveitu yrðu ekki síður veruleg á farveg Þjórsár milli væntanlegs Norðlingaöldulóns og Sultartangalóns, þar sem landslag er sérstætt og stórfenglegt og gróðurfar gróskumikið.

Hreppsnefnd álítur að varðveita beri þennan hluta Þjórsár í þeirri mynd sem hann er nú. Vatnsmagn árinnar hefur stórminnkað með Kvíslaveitum og frekari miðlun spillir hinum einstæðu fossum hennar.

Það er því álit hreppsnefndar að gerð Norðlingaölduveitu stangist á við áform um sérstakt náttúruverndarsvæði með Þjórsá og undirstrikar mikilvægi svæðisins sem útivistar- og ferðamannasvæðis."

Möguleg áhrif lóns við Norðlingaöldu.

Verði gert lón við Norðlingaöldu (575 m y.s.) færu gróðursvæði í Eyvafeni, Hnífárbotnum og neðsta hluta Tjarnavers á kaf. 5–15 m breitt öldurof yrði að öllum líkindum á 3 km belti í Tjarnaveri og Sóleyjarhöfða og grónum svæðum vestan Þjórsár. Í hvassri suðaustanátt hækkar vindaldan vatnsborð allt að 20 sm og líklegt er að slíkt geti haft ófyrirsjáanleg áhrif austan Sóleyjarhöfðavaðs eða í Tjarnarveri þar sem landslag í Þjórsárverum er mjög flatt og hæðarmunur lítill á stórum svæðum. Lón í 575 m hæð yfir sjávarmáli gæti valdið vindrofi úr fjöruborði á 7,1 km langri strandlínu sem er gróin í dag og er með halla 1–7% og úr 3,6 km langri strandlínu með meira en 7% halla. Alls væri þetta yfir 10 km strandlína með gróðurþekju, þar sem rof mundi hefjast. Alls yrði veruleg rofhætta á 22,7 km löngu belti í fjöruborði lónsins og nokkur hætta á 23,7 km belti, eða samtals á um ⅔ hluta alls fjöruborðsins. Rof gæti átt sér stað úr fjöruborðinu öllu þegar lágt væri í lóninu á haustin og fyrri hluta vetrar, þegar snjólétt væri, og einnig á vorin þegar snjóhula væri lítil. Mótvægisaðgerðir gætu að öllum líkindum eingöngu falist í fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem að reyna að hindra frekari eyðileggingu sem alls er óvíst um árangur af, eða aðgerðum til að bæta fyrir skaðann, svo sem að reyna að endurheimta gróðursvæði annars staðar. Nær útilokað má telja að hægt sé að búa til svæði sem væri sambærilegt við Þjórsárver. Enn eru ótalin veruleg áhrif sem væntanlegt lón gæti haft á fugla- og dýralíf Þjórsárvera.

Yfirlýsing frá alþjóðlegum fuglaverndarsamtökum.

Alþjóðleg fuglaverndarsamtök, BirdLife International, hafa sent umhverfisráðherra erindi þar sem varað er við því að miðlunarframkvæmdir í Þjórsárverum verði til þess að minnka um 8% það landsvæði sem heiðagæsarstofninn hér á landi notar fyrir mökun og beitilönd um 13%. Enn fremur segir að framkvæmdirnar komi illa niður á sendlinga- og óðinshanastofninum og að þær geti haft ýmis óbein áhrif sem rýra mundu landgæði og möguleika fugla á

að nýta svæðið. Þá eru stjórnvöld minnt á aðild Íslendinga að Ramsar-sáttmálanum og í niðurlagi bréfsins segir: „Fyrir hönd aðildarfélaga okkar og 2,5 milljóna félagsmanna, væntum við þess að íslensk stjórnvöld ígrundi skuldbindingar þær sem þau undirgengust með undirritun Ramsar-sáttmálans, sérstaklega þær er lúta að verndun Ramsar-svæða. Samtökin BirdLife International eru þess fullviss að þú deilir áhyggjunum með okkur og sért fær um að hafa áhrif í málinu þessu sérstæða svæðis til framdráttar."

Áhugamannasamtök um stækkun friðlandsins.

Hér að framan hefur verið greint frá ályktunum og samþykktum Gnúpverja varðandi Þjórsárver og er það ekki að ófyrirsynju. Enn ganga Gnúpverjar fram fyrir skjöldu til varnar verunum. Nú nýverið var stofnaður í Gnúpverjahreppi formlegur hópur áhugafólks um verndun Þjórsárvera. Hópurinn hefur farið þess á leit við Náttúruvernd ríkisins að skoðaðir verði möguleikar á stækkun friðlandsins og einnig kannaðir möguleikar á friðlýsingu Þjórsár frá friðlandsmörkunum að Sultartangalóni. Í greinargerð með tillögum hópsins segir: „Umtalsvert gróðurlendi er utan núverandi marka sem líta verður á sem hluta af heildarsvæðinu og myndar, ásamt verunum og jökulkvíslunum, einstakt vistkerfi. Má þar helst nefna svæðið austan Arnarfells og niður með vestustu kvísl Þjórsár, svæðið sunnan og suðaustan Sóleyjarhöfða suður fyrir Svartá, Eyvafen og drög þess til norðvesturs og Hnífárbotna. Í Þjórsá eru fossarnir Kjálkaversfoss (Hvanngiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss, hver um sig sérstakur og áhugaverður og ekki síður sem röð í stórfenglegu landslagi með aðliggjandi svæði í Búðarhálsi að austan og Norðurleit og Gljúfurleit að vestan þar sem er að finna fjölbreytt og gróskumikið gróðurfar, fuglalíf og lindasvæði. Friðlýsing eins og hér er lagt til stuðlar að mun víðtækari og markvissari verndun en nú er á þeirri sérstöku landslagsheild sem svæðið er."

Mikilvægi Þjórsárvera.

Um vistkerfi Þjórsárvera og verndargildi þeirra segir eftirfarandi á heimasíðu Náttúruverndar ríkisins (stutt samantekt á mögulegum áhrifum miðlunarlóns við Norðlingaöldu í friðlandinu Þjórsárverum):

„Sérstaða og tilvist Þjórsárvera felst aðallega í samspili margra þátta við vissar aðstæður, þ.e. jökuls, vatns, jarðvegs, veðráttu, gróðurs og dýralífs. Þjórsárver eru friðland og Ramsarsvæði. Öll ákvarðanataka um framtíð Þjórsárvera þarf því [...] að miðast við að nú þegar er búið að meta náttúruverndargildi Þjórsárvera sem óvenju mikið á héraðs-, lands- og heimsvísu.

Þjórsárver er stærsta varpland heiðagæsar í heiminum og fræðimenn hafa verið sammála um að verin geti haft úrslitaáhrif fyrir tilveru heiðagæsarstofnsins. Það verður þó að líta á Þjórsárver í mun víðara samhengi því ekki er það af engu sem heiðagæsin hefur valið sér þar búsvæði.

Gróðurvinjar hálendisins eru leifar áður víðáttumeira og samfelldara gróins lands og eru athvarf fjölmargra lífvera sem ekki þrífast í auðninni umhverfis. Þjórsárver verður líka að skoða m.t.t. að verin eru uppspretta fræja eða einskonar „fræbanki" sem getur nýst þegar aðstæður leyfa í umhverfinu.

Hluti Þjórsárvera er flæðiengi sem óvíða finnst á hálendinu. Í Þjórsárverum er að finna fjölbreyttasta rústasvæði landsins sem er sjaldgæft landslagsfyrirbæri. Upplýsingar benda til þess að Þjórsárver séu tegundaauðugasta hálendisvin landsins hvað varðar flesta hópa lífvera s.s. háplöntur, mosa og fléttur, smádýr og fuglalíf. Þjórsárver eru mjög mikilvæg fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Ekki er til búsvæðakort/vistgerðakort (gróðurkort er til) yfir Þjórsárver. Út frá þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið, gróðurkort o.fl., má telja víst að búsvæði í Þjórsárverum séu fjölbreyttari en í öðrum hálendisvinjum t.d. flæðiengi, tjarnastararflóar, gulstararflóar, brokflóar, flár með smágerðu mynstri rústa og tjarna, heiðagróður ýmiss konar, jurtastóð og háfjallagróður. [...]

Mikilvægi Þjórsárvera felst einna helst í verndun búsvæða og verndun sérstakrar landslagsheildar sem enn er að mestu ósnortin, þótt Kvíslaveita sé í jöðrum friðlandsins. Landslagsheild Þjórsárvera er almennt viðurkennd sem fögur með jökul sem bakgrunn, fjölbreytt gróðurlendi, tjarnir og vötn, mikið fugla- og smádýralíf, jökulár svo ekki sé minnst á víðernið.

Þeim svæðum fer stöðugt fækkandi þar sem ekki eru vegir, kofar eða skálar, lón eða önnur mannvirki. Þótt vegir auðveldi aðkomu fyrir ferðamenn geta þeir líka valdið truflun á dýralífi og aukið „slit" í náttúrunni. Ef ferðamannastraumur eykst óhindrað og ekki er fyrir hendi aðstaða og skipulag, sem tekur á þeim vandamálum sem koma upp, getur orðið erfitt að vernda bæði viskerfi veranna og landslagsheildina. Einmitt það sem sóst er eftir að njóta, þ.e. víðernið, kyrrðin og það að takast á við annað en malbik er fljótt að breytast."

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auglýsing um friðland í Þjórsárverum. (Stjórnartíðindi B, nr. 507/1987.)

II. Ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs samþykkt einróma á opnum þingflokksfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem haldinn var í Þjórsárverum laugardaginn 21. júlí 2001.

Sjá samhljóða fylgiskjöl með þskj. 8 (8. mál 127. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 2001–2002, bls. 595–597.

31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breytingar á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við slit óvígðrar sambúðar foreldra, sbr. 3. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 29. gr., skulu þeir ákveða hvar barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu. Ef eigi er um annað samið fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns. Ákvæði 4. mgr. 33. gr. á við um samninga samkvæmt þessari málsgrein.

b. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „samningur um sameiginlega“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: sameiginleg.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. orðast svo: Um kröfu foreldris til niðurfellingar sameiginlegrar forsjár fer þó samkvæmt næstu málsgrein.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Foreldrar, er fara sameiginlega með forsjá barns, geta hvenær sem er krafist þess, bæði eða annað, að hún verði felld úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 1. júlí 1992 voru í fyrsta sinn lögtekin hér á landi ákvæði sem heimila foreldrum sem ekki eru í samvist að fara sameiginlega með forsjá barna sinna. Heimild þessi er bundin því skilyrði að foreldrar séu sammála um þessa skipan mála og er staðfesting sýslumanns skilyrði fyrir gildi slíks samkomulags. Í samningi foreldra verður einnig að ákveða hjá hvoru þeirra barnið skuli hafa lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Eins og reglunar eru uppbyggðar er miðað við að það foreldri sem barnið hefur lögheimili hjá hafi réttarstöðu einstæðs foreldris. Í því felst réttur til að taka við meðlagsgreiðslum úr hendi hins foreldrisins, réttur til barnabóta og réttur til bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Nokkrar umræður hafa orðið um hvort rétt sé að breyta þessu fyrirkomulagi með þeim hætti að sameiginleg forsjá verði meginregla við hjónaskilnaði og sambúðarslit. Í júní 1999 skilaði forsjárnefnd, skipuð af dómsmálaráðherra, af sér áfangaskýrslu þar sem m.a. er fjallað um reynsluna af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Kemur þar m.a. fram að bæði í Finnlandi og Svíþjóð hafi sameiginleg forsjá verið gerð að meginreglu við hjónaskilnað foreldra og er það niðurstaða nefndarinnar að rétt sé að feta í fótspor þeirra.

Ein meginröksemd forsjárnefndar fyrir sameiginlegri forsjá sem meginreglu er sú að slíkt fyrirkomulag samrýmist best 1. mgr. 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur fullgilt.

1. mgr. 18. gr. samningsins hljóðar svo:

„Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.“

Flutningsmenn þessa frumvarps taka undir þessa röksemd og telja að með því að gera sameiginlega forsjá að meginreglu eins og hér er lagt til sé íslenska ríkið að gera það sem í þess valdi stendur til að tryggja sameiginlega ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna. Réttur foreldris til að fara með forsjá barns síns er réttlætismál og á sama hátt er það réttlætismál fyrir barnið að njóta forsjár þess þótt foreldri geti vissulega fyrirgert þessum rétti sínum með því að bregðast skyldum sínum. Löggjafanum ber því að stuðla að því að réttur beggja foreldra sé tryggður svo sem framast er unnt. Réttur foreldris til að fara með forsjá barns síns er jafnframt tilfinningamál. Það skiptir máli fyrir foreldri tilfinningalega að hafa eitthvað að segja um framtíð barns síns. Sameiginleg forsjá tryggir rétt beggja foreldra hvað þetta varðar,

að því marki sem unnt er. Þá má ætla að sameiginleg forsjá sé til þess fallin að efla ábyrgðarkennd foreldra gagnvart barni og hvetja þá til að ná samkomulagi um ráðstafanir sem varða hagsmuni þess.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að við hjónaskilnað eða sambúðarslit foreldra fari þeir áfram sameiginlega með forsjá barna sinna nema um annað sé samið. Foreldrar verða þó að ná samkomulagi um það hvar barnið skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu.

Grundvöllur sameiginlegrar forsjár samkvæmt gildandi lögum er að foreldrar séu sammála um þá skipan mála. Það mun í raun ekki breytast verði frumvarp þetta að lögum. Foreldrar þurfa, eins og áður sagði, að ná samkomulagi um það hvar barnið skuli eiga lögheimili með þeim réttaráhrifum sem því fylgir. Náist ekki samkomulag um þetta er grundvöllur sameiginlegrar forsjár brostinn og verður þá að ákvarða hvort foreldrið skuli fara með forsjá barnsins eftir þeim leiðum sem lögin gera ráð fyrir. Þannig mun sameiginleg forsjá foreldra með barni eftir sem áður byggjast á samkomulagi. Breytingin hefur þannig ekki síst huglæga þýðingu þar sem löggjafinn sendir þau skilaboð að sameiginleg forsjá sé sú skipan mála sem þjóni hagsmunum barns og beggja foreldra best, sé hún á annað borð möguleg.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laganna fer móðir ein með forsjá barns ef foreldrar eru ekki í hjúskap eða sambúð við fæðingu þess. Ekki er lögð til að breyting á þessu fyrirkomulagi enda aðstæður þá oft aðrar en við skilnað eða sambúðarslit foreldra.

Eins og kom fram fyrr hefur þetta mál verið til skoðunar hjá dómsmálaráðherra um nokkurra ára skeið. Forsjárnefnd sem ráðherra skipaði í maí 1997 skilaði af sér skýrslu í júní 1999 þar sem hún lagði til að sameiginleg forsjá yrði gerð að meginreglu. Þrátt fyrir þetta hefur dómsmálaráðherra af einhverjum ástæðum ekki brugðist við og því er þetta frumvarp lagt fram, enda að mati flutningsmanna afar brýnt mál sem ástæðulaust er að dragist frekar en orðið er.

32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi og að grípa til aðgerða ef í ljós kemur að um undirboð er að ræða.

Greinargerð.

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa á Akranesi síðla árs 1958. Henni var breytt í hlutafélag árið 1993 og heitir nú Sementsverksmiðjan hf. Öll hlutabréf í fyrirtækinu eru í eigu ríkisins og verða ekki seld öðrum nema með samþykki Alþingis. Heimild er í fjárlögum til að selja 25% hlut ríkisins í verksmiðjunni. Tilkoma Sementsverksmiðjunnar gjörbreytti á sínum tíma skilyrðum til mannvirkjagerðar í landinu og skipti sköpum fyrir atvinnulíf á Akranesi. Alls starfa nú um 90 manns við fyrirtækið.

Innflutningur á sementi hefur aukist á undanförnum missirum. Sement er flutt inn frá Danmörku og mun hlutdeild innflutts sements nú vera um 20% af heildarnotkun sements í landinu. Samkvæmt upplýsingum sem flutningsmenn hafa er verð þessa innflutta sements mun lægra en í útflutningslandinu og jafnframt lægra en sementsverð í öðrum löndum sem við-

komandi aðilar flytja út til. Sementsverksmiðjan hf. hefur kært meint undirboð samkeppnisaðilans til samkeppnisyfirvalda. Er það mál enn óútkljáð og óvíst hve lengi svo verður. Getur biðtíminn orðið verksmiðjunni afar dýrkeyptur. Afar mikilvægt að ekki sé um óeðlilega viðskiptahætti að ræða, í ljósi stöðu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi og íslenska markaðarins, þar eð slíkt dregur óhjákvæmilega dilk á eftir sér. Því telja flutningsmenn nauðsynlegt að stjórnvöld grípi nú þegar inn í og láti gera úttekt á innflutningi og hvernig verðmyndun er háttað. Ef um er að ræða undirboð, eða svokallað „dumping“, þarf að taka á því og tryggja að jafnræðis verði gætt hvað varðar framleiðslu Sementsverksmiðjunnar hf. Flutningsmenn telja að verði ekkert að gert geti það stofnað rekstri Sementsverksmiðjunnar á Akranesi í hættu og jafnvel orðið þess valdandi að reksturinn yrði lagður niður. Yrði þá skarð fyrir skildi í íslensku atvinnulífi. Hætt er við að það kæmi sér illa fyrir íslenskan markað og skaðaði hagsmuni neytenda til lengri tíma litið.

Með tillögunni var fylgiskjal: Samkeppni á sementsmarkaði teygir anga sína til Færeyja. (Viðskiptablað Morgunblaðsins, 30. maí 2002.)

33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um sjálfbæra atvinnustefnu.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta, í samráði við sveitarfélög, samtök atvinnurekenda og launafólks og opinber ráð og rannsóknastofnanir, rammaáætlun um sjálfbæra atvinnuþróun á Íslandi með hliðsjón af Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21 og vinna að framgangi hennar stig af stigi.

Slík stefnumótun miði meðal annars að því:

- að atvinnuvegir landsmanna lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar og miðist við hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda,
- að skapa nýjum atvinnugreinum á sviði þekkingar og tækni í umhverfismálum hagstæð vaxtarskilyrði og efla þannig atvinnulíf og auka fjölbreytni þess,
- að beislun innlendra orkulinda hafi að markmiði að vistvæn orka komi í stað innflutts jarðefnaeldsneytis samhliða því sem komið verði í veg fyrir orkusóun,
- að fylgt verði alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við markmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyotobókunina,
- að móta umhverfisstefnu með „grænu bókhaldi“ í stofnunum og fyrirtækjum og þróa og birta „græna þjóðhagsreikninga“,
- að taka upp „græna skatta“ stig af stigi og draga í staðinn úr núverandi skattheimtu og leggja á umhverfisgjöld til að ýta undir sjálfbær framleiðsluferli og örva endurnýtingu,
- að draga úr sorpmyndun með því að flokka og endurnýta sorp og lífrænan úrgang,

- að tryggja að skipulag og landnotkun lúti langsæjum markmiðum um sjálfbæra landnýtingu, náttúruvernd og verndun menningar- og búsetuminja,
- að stuðla að rannsóknum og menntun þannig að ætíð sé til haldgóð þekking aðgengileg fyrir almenning og vel menntað starfsfólk til að stuðla að sjálfbærri atvinnuþróun,
- að styrkja byggðir landsins með fjölgun starfa og fjölbreyttari atvinnutækifærum á sviði umhverfis- og náttúruverndar.

Rammaáætlunin um sjálfbæra atvinnuþróun verði kynnt á Alþingi eigi síðar en á haustþingi 2004.

Greinargerð.

Tillaga sú sem hér er flutt er endurflutt frá 126. löggjafarþingi, þskj. 278 253. mál, og er efnislega af sama toga og 590. mál 125. löggjafarþings, þskj. 892, sem flutt var af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Umhverfis- og náttúruvernd er óaðskiljanlegur hluti farsællar samfélagsþróunar á 21. öld og skilyrði þess að mannkynið haldi velli. Umhverfis- og náttúruvernd mun einnig skipta sköpum í baráttunni fyrir því að viðunandi jöfnuður náist með einstaklingum og þjóðum. Allir geta lagt sitt af mörkum til umhverfis- og náttúruverndar og þannig orðið virkir þátttakendur í sameiginlegri vegferð heimsbyggðarinnar í átt til sjálfbærrar þróunar. Þetta á ekki síður við hér á Íslandi en annars staðar. Því er mikilvægt að nú þegar verði hafist handa við að skipuleggja hvernig Íslendingar geti byggt upp sjálfbæra atvinnustefnu þar sem umhverfisvernd og atvinnuuppbygging fara saman. Ein helsta forsenda þess að svo geti orðið er að skilningur á þeim miklu atvinnutækifærum sem í raun felast í markvissri og metnaðarfullri umhverfisvernd verði efldur. Nauðsynlegt er að eyða tortryggni sem oftar en ekki stafar af því að litið er á umhverfisvernd sem dragbít á þróttmikið atvinnulíf eða jafnvel andstæðu þess. Vernd náttúru og umhverfis er ekki einungis skylda okkar við komandi kynslóðir heldur einnig uppspretta tækifæra.

Tillaga sú sem hér er flutt miðar að því að allir atvinnuvegir þjóðarinnar lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar, við alla framleiðslu verði lögð áhersla á hrein framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Mikilvægt er að allt kapp verði lagt á að varðveita hreinleika lands og sjávar, enda er slíkt forsenda fyrir framleiðslu og sölu á hollum neysluvörum. Vinna þarf markvisst að því að framleiðsluvörur þjóðarinnar standi undir ímynd hollustu og hreinleika.

Þá miðar tillagan að því að komið verði á umhverfisstefnu og „grænu bókhaldi“ í stofnunum og fyrirtækjum. Mikilvægt er að koma því á að birtir verði svokallaðir "grænir þjóðhagsreikningar“ auk þess sem gera þarf gagngera áætlun um endurskoðun skattkerfisins sem miði að því að taka í áföngum upp „græna skatta“. Markmiðið verði að innkaupsverð vöru endurspegli þann umhverfiskostnað sem framleiðsla, notkun og eyðing vörunnar hefur í för með sér.

Tækni og menntun.

Nauðsynlegt er að ryðja braut nýjum starfsgreinum á sviði umhverfisfræða og fjölga menntunartækifærum í umhverfistækni og umhverfisstjórnun. Einnig ber að tengja þekkingariðnað þessum greinum og efla hann með samræmdum aðgerðum. Leggja þarf sérstaka áherslu á hvers konar rannsóknarstarf og sjá til þess að hluti opinberra fjárveitinga til rannsóknarstarfa verði merktur rannsóknum á sviði umhverfismála, svo sem umhverfistækni og umhverfisstjórnunar.

Á Íslandi eru ákjósanlegar aðstæður til margs kyns rannsókna á sviði náttúruvísinda. Þar sem landið er stöðugt í mótun er það í rauninni lifandi kennsluefni í jarðfræði, líffræði og

fleiri greinum. Rannsóknarefnin eru næg og skapa möguleika á að laða hingað erlenda vísindamenn til rannsókna í samvinnu við innlenda aðila. Norræna eldfjallastöðin, Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna, Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar eru dæmi um stofnanir sem hægt er að efla og hafa til hliðsjónar við uppbyggingu alþjóðlegra vísindarannsókna á Íslandi. Þá mætti hugsa sér að komið yrði á vísindasetrum í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði.

Frændur okkar Norðmenn hafa komið á fót aðstöðu á Svalbarða fyrir fjölda vísindamanna úr ýmsum greinum náttúruvísinda. Þar dveljast nú næstum 300 vísindamenn við rannsóknir og tengd störf yfir sumartímann og að vetrarlagi dveljast þar 90–100 vísindamenn. Háskólar og aðrar rannsóknastofnanir kosta dvöl vísindamannanna á Svalbarða og hefur starfsemin þar aukist mjög á síðustu árum.

Annað dæmi má nefna frá japönsku eynni Hokkaido þar sem grænþörungurinn *Cladophora aegagropila* þekur stór botnsvæði í vatni einu og nær þvílíkri stærð að það hefur gert hann að miklu aðdráttarafli fyrir vísindamenn og ekki síður ferðamenn frá öllum heimshornum. Þetta vatn, Akanvatn, mun vera annað af tveimur vötnum í heiminum þar sem þessi þörungur nær slíkri stærð, hitt vatnið er Mývatn.

Ljóst er að náttúra landsins og fjölbreytileg vistkerfi hennar eru uppspretta atvinnutækifæra jafnt í ferðamennsku sem í vísindasamfélaginu. Nú hafa verið settar upp tvær skrifstofur á Akureyri sem tengjast umhverfissamstarfi Norðurlandanna, Bandaríkjanna, Kanada og Rússlands. Önnur þeirra (CAFF – Conservation of Arctic Flora and Fauna) hefur umsjón með samvinnuverkefni um náttúruvernd á norðurslóðum og hin (PAME – Protection of the Arctic Marine Environment) annast þau verkefni samstarfsins sem lúta að verndun hafsins. Skrifstofurnar skapa möguleika á enn frekara samstarfi á sviði vísinda, tækni og menntunar. Íslendingar eiga líka að nýta sér sóknarfæri sem felast í því að þróa umhverfisvæna tækni á ýmsum sviðum en hún verður stöðugt dýrmætari og eftirsóttari. Umhverfisvæn tækni er forsenda ýmiss konar vottunar eða viðurkenningar sem gefur vörum forskot á markaði. Jafnframt fer þörfin fyrir nýjar umhverfisvænar leiðir ört vaxandi með aukinni alþjóðlegri samvinnu um vernd umhverfis og náttúru, ekki síst í iðnvæddum ríkjum.

Orkumál.

Mikilvægt er að taka upp sjálfbæra orkustefnu með það að markmiði að endurnýjanlegir orkugjafar leysi jarðefnaeldsneyti af hólmi og dregið verði úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Taka verður tillit til umhverfis- og náttúruverndar í áætlunum um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og fresta öllum stóriðjuframkvæmdum uns lokið er gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Gera þarf átak í rannsóknum á vistvænum orkugjöfum á borð við vindorku, sólarorku, virkjun sjávarfallanna og virkjun djúpsjávarstrauma í úthöfunum.

Sjálfbær orkustefna er gríðarlega mikilvægur liður í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í hrópandi andstöðu við þá hugmyndafræði. Íslendingar eru svo lánsamir að eiga miklar endurnýjanlegar orkulindir og því er mikilvægt að nýta þær eins skynsamlega og kostur er. Sú stóriðjustefna sem nú er fylgt bindur gríðarlegt orkumagn í fáeinum stórverksmiðjum. Hverfa verður af þeirri braut ef Íslendingar ætla að eiga þess kost að taka í notkun umhverfisvæna orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis og verða sjálfum sér nægir um orku. Samfara stóriðjustefnunni hefur meginhersla verið lögð á stórar vatnsaflsvirkjanir með hámarksrekstrarhagkvæmni án tillits til umhverfiskostnaðar. Flutningsmenn tillögunnar hafna þessari stefnu og telja rétt að fresta öllum stóriðjuáformum þar til langtímaáætlun um vernd og nýtingu allra vatnsfalla og jarðhitasvæða á landinu liggur fyrir. Í því

sambandi ber að styðja vinnu við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og bíða niðurstöðu hennar áður en frekar er aðhafst í virkjanamálum. Mikilvægt er einnig að ákvarða stjórnsýslulegt vægi þeirrar rammaáætlunar, svo hana dagi ekki uppi sem leiðbeinandi plagg, sem ráðamönnum ber engin skylda til að fylgja.

Varðandi þróun í virkjanamálum verður að teljast skynsamlegt að huga í auknum mæli að smávirkjunum sem hafa sáralítil umhverfisáhrif og gætu skapað störf í dreifbýli, ekki síst til sveita. Kanna ber möguleika smávirkjana á að tengjast orkuflutningsneti Landsvirkjunar sem keypti þá raforkuna af eigendum slíkra virkjana. Jafnframt eru aðstæður hér á landi ákjósanlegar til að vinna að rannsóknum á nýjum orkuberum eða orkugjöfum og gætu þær haft í för með sér mörg störf á sviði vísinda. Frekari rökstuðning um þetta málasvið er að finna í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um sjálfbæra orkustefnu sem tveir flutningsmenn þessarar tillögu fluttu á 125. og 126. löggjafarþingi (sjá þskj. 302, 274. mál 126. löggjafarþings).

Endurvinnsla og endurnýting.

Mikilvægt er að draga úr sorpmyndun um a.m.k. 5% á ári næstu fimm árin. Flokka þarf sorp í auknum mæli jafnt frá heimilum sem atvinnustarfsemi og bæta skil til móttökustöðva með sérstakri áherslu á efni sem brotna hægt niður í náttúrunni, svo sem gúmmí og nælon. Nauðsynlegt er að endurskipuleggja fráveitukerfi landsmanna með áherslu á vistvæna hreinsiferla og endurnýta ætti allan lífrænan úrgang til jarðgerðar og framleiðslu á lífrænum áburði og auka verðmætasköpun úr hvers kyns öðrum endurunnum úrgangi.

Stuðla ber markvisst að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs hér á landi. Til þess að svo megi verða þarf að gera stórátak í flokkun sorps og annars úrgangs, bæði frá heimilum og fyrirtækjum. Lykilatriði í þeirri þróun er skilningur á því að endurvinnsla er hluti af náttúruvernd og er atvinnuskapandi þrátt fyrir þann kostnað sem hún hefur í för með sér. Með aðild sinni að Ríó-yfirlýsingunni 1992 hafa Íslendingar ákveðið að taka upp svokallaða mengunarbótareglu. Hún felur í sér að miða skuli við að sá sem veldur mengun borgi fyrir þær ráðstafanir sem gera þarf til að koma í veg fyrir umhverfisskaða af völdum mengunarinnar. Ljóst er að í framtíðinni mun gjaldtaka fyrir sorphirðu og förgun í vaxandi mæli taka mið af þessari reglu þannig að hver og einn beri kostnaðinn af meðferð síns sorps. Þegar hafa nokkur sveitarfélög hafið undirbúning að sorphirðukerfi sem á að hvetja fólk til að minnka sorp. Þar yrði heimilisúrgangur vigtaður og sorphirðugjöld miðuð við magnið.

Á undanförnum árum hafa nokkrir aðilar hér á landi unnið að vöruþróun í tengslum við endurvinnslu með góðum árangri. Svo dæmi sé tekið hefur Sæplast hf. þróað endurvinnanleg fiskkör frá árinu 1994, svonefnd MPC-kör, sem eru einstök á markaðinum. Þau eru dýrari í innkaupum en hefðbundin kör en á móti kemur að auðvelt er að endurnýta plastið í þeim á umhverfisvænan hátt þegar þar að kemur. Í hefðbundnum körum er pólý-úretan einangrun sem gerir ómögulegt að endurvinna þau og því er mun dýrara að farga þeim. Annað fyrirtæki sem hefur farnast vel á þessu sviði er Gúmmívinnslan hf. sem framleiðir öryggishellur úr endurunnu gúmmíi og jók sölu sína á endurunnum vörum um 100% frá 1998 til 1999. Þá hefur Úrvinnslan hf. sérhæft sig í framleiðslu á brettakubbum úr pappa og plasti sem fellur til í landbúnaði. Loks má nefna að Hampiðjan hefur verið að feta sig áfram með framleiðslu á girðingarstaurum úr endurunnu plasti.

Víða um land er ástand fráveitumála afar slæmt og ljóst að ráðast þarf í mjög dýrar framkvæmdir til að bæta þar úr. Enginn vafi leikur á því að hér um bil öll sveitarfélög landsins munu eiga afar erfitt með að standa undir framkvæmdum við nauðsynlegar hreinsistöðvar. Kostnaður vegna skolphreinsunar mun í framtíðinni að öllum líkindum dreifast æ meir í

samræmi við mengunarbótaregluna og lenda að töluverðu leyti á fyrirtækjum. Í þessu felast hins vegar líka tækifæri því að hér á landi fer mikill úrgangur frá matvælaframleiðslufyrirtækjum út í holræsi og þaðan til sjávar. Þegar þessum úrgangi er blandað saman við húsaskolp og það síðan grófhreinsað með miklum tilkostnaði verður til þurrefni sem í besta falli nýtist til landgræðslu en meiri hluta lífrænna efna er dælt í sjóinn.

Með því að skilja að húsaskolp og skolp frá matvælaiðnaði og stóreldhúsum má bæði draga úr kostnaði og búa til verðmæti úr skolpinu. Frá fiskvinnslunni á Íslandi fara um 10.000 tonn af nýtanlegu þurrefni á ári og frá sláturhúsunum fara sennilega um 500 tonn. Með nýrri hreinsitækni geta t.d. fiskvinnslufyrirtæki hreinsað sitt eigið skolp, sjálfum sér og umhverfinu til hagsbóta. Í fiskvinnslu sem framleiðir 50 tonn af afurðum á dag, svo dæmi sé tekið, fellur til nægilegt magn af lífrænu efni til að framleiða lífrænan áburð fyrir 300 hektara af ræktuðu landi á ári. T.d. mundi frárennsli frá allri fiskvinnslu á Akureyri duga til að framleiða lífrænan áburð fyrir 10–15% af ræktuðu landi í Eyjafirði. Þessi áburður hefur þann stóra kost umfram húsdýraáburð að í honum eru engin óæskileg fræ, hvorki illgresisfræ né önnur. Ef Íslendingar tileinkuðu sér þessa vistvænu hreinsitækni væri stærsta hindrunin fyrir þróun lífræns landbúnaðar hér á landi úr sögunni.

Önnur leið til að búa til verðmæti úr lífrænum úrgangi er að framleiða gas sem gæti komið í stað olíu. Fiskvinnslufyrirtækið í dæminu hér að framan gæti með vistvænu hreinsiferli framleitt eldsneyti sem svarar hálfu tonni af olíu á dag og t.d. nýtt það til að knýja bifreiðar og vinnuvélar á vegum fyrirtækisins. Búnaðurinn sem til þarf kostar á bilinu 2–10 millj. kr. eftir stærð fyrirtækisins en borgar sig hratt upp. Ef áfram er miðað við 50 tonna framleiðslu á dag er hagnaðurinn 30.000 kr. á dag eða 7 millj. kr. á ári ef lífræni áburðurinn er verðlagður eins og tilbúinn áburður. Þessi hreinsitækni er allt í senn umhverfisvæn, hagkvæm og atvinnuskapandi. Henni fylgja störf tæknimanna og umsjónarmanna á hverjum stað. Hún dregur úr mengun, stuðlar að aukinni endurnýtingu og bætir ímynd matvælafyrirtækjanna og íslensks atvinnulífs.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur magn úrgangs sem er grafinn í jörð stöðugt farið vaxandi frá 1992 og nam árið 1999 157.000 tonnum eða um tæp 68% af því sem til féll á árinu. Afar dýrt er að grafa svo stóran hluta sorpsins, ekki er um varanlega lausn að ræða og enn fremur er verið að kasta verðmætum á glæ. Einfaldasta og hagkvæmasta leiðin til að draga úr þessu magni er með meiri flokkun og endurvinnslu, m.a. á pappír, plasti og ekki síst lífrænum úrgangi. Engar tölur eru aðgengilegar um hlutfall lífræns úrgangs af fyrrnefndu magni. Þó liggur fyrir að árlega eru grafin 10.000 tonn af lífrænum úrgangi frá sláturhúsum hér á landi. Hægt er að geta sér til um magn lífræns úrgangs sem fellur til á íslenskum heimilum. Í Bandaríkjunum er hlutfall lífræns úrgangs af heimilissorpi um 30% (sjá t.d. *Backyard Composting*, Harmonious Press, 1992, bls. 7). Heildarmagn heimilisúrgangs hér á landi er um 71.000 tonn þannig að ætla má að þar af séu yfir 20.000 tonn af lífrænum úrgangi að því gefnu að hlutfallið sé svipað hér og í Bandaríkjunum. Hvað sem því líður er ljóst að magnið er verulegt og mætti hæglega nýta til jarðgerðar eða annarrar verðmætasköpunar með svipuð um hætti og áður er lýst. Ekki verður fullyrt hér um arðsemi þess en það er án efa skynsamlegt að nýta sem mest af lífrænum úrgangi til landgræðslu og áburðarframleiðslu.

Sjávarútvegur.

Í sjávarútvegi verður að leggja áherslu á notkun vistvænna veiðarfæra og umhverfisvænna vinnsluaðferða. Vinna þarf markvisst að því að draga úr orkunotkun á aflaeiningu og hvetja til varkárni í umgengni við auðlindina og allt lífríki sjávar. Nauðsynlegt er að marka stefnu sem miðar að fullvinnslu afla og finna leiðir til að nýta allan lífrænan úrgang sem til fellur í sjávarútvegi, jafnt í landvinnslu sem á hafi úti.

Flutningsmenn telja brýnt að undirstöðuatvinnugrein landsmanna, sjávarútvegurinn, verði löguð að kröfum um vistvænni veiðar og vinnslu aflans. Þar fara saman hagsmunir umhverfisins og atvinnugreinarinnar sjálfrar þar sem útflutningur sjávarafurða styðst mjög við ímynd íslenskrar náttúru. Það gefur íslenskum sjávarútvegi talsvert forskot að þar er ekki við stórkostleg vandamál að eiga vegna ofveiði. Stöðugt eru gerðar meiri kröfur um vottun afurða með tilliti til umhverfissjónarmiða og neytendur spyrja æ oftar ekki aðeins um hvaðan varan sé komin heldur hvernig hún hafi verið unnin á öllum stigum framleiðslunnar. Í þessari þróun felast því ýmis tækifæri fyrir Íslendinga ef þeir bera gæfu til að huga betur að umhverfismálum í sjávarútvegi. Okkur ber að leggja áherslu á fullvinnslu aflans með vistvænu framleiðsluferli þannig að sem mest verðmæti fáist fyrir afurðirnar með sem minnstum áhrifum á umhverfið. Í því sambandi vísast til þess sem fyrr er sagt um endurvinnslu lífræns úrgangs.

Áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar eru eitt af mikilvægustu umhverfismálum þessa atvinnuvegar. Rannsóknir í Norðursjó benda til að um 50% af yfirborði sjávarbotnsins þar sé raskað á hverju ári. Enn er lítið vitað um áhrif dragnóta- og botnvörpuveiða á lífríkið á hafsbotninum en ljóst er að toghlerar botnvörpunnar valda þar nokkru raski. Á síðustu árum hafa fregnir borist af stórkostlegri eyðileggingu kóralsvæða á hafsbotni við Noreg og fyrir liggur að þar hefur mikilvægum uppvaxtarsvæðum nytjafiska verið spillt til frambúðar. Það er því allra hagur að rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar verði efldar og unnið verði markvisst að þróun vistvænni veiðarfæra.

Orkunotkun í sjávarútvegi er ekki síður stórt mál. Losun koltvíoxíðs, sem er helsta gróðurhúsalofttegundin, frá fiskiskipaflotanum hefur aukist mikið frá árinu 1982 þegar hún nam 588.000 tonnum. Árið 1996 var losunin í hámarki og nam þá 868.000 tonnum sem er 48% yfir losuninni 1982. Árið 2001 var þessi losun hins vegar 721.000 tonn og hafði því aukist um tæp 23% frá 1982. Hlutur fiskiskipaflotans í heildarlosun koltvíoxíðs var um 26% árið 2001. Olíunotkun flotans hefur aukist úr rúmlega 187.000 tonnum árið 1982 í nálega 225.000 tonn árið 2001. Ástæður þessa er trúlega fyrst og fremst að finna í stærri og afkastameiri togurum sem eru búnir kraftmeiri vélum og nota sífellt stærri og þyngri veiðarfæri. Því hljóta að vakna áleitnar spurningar um samsetningu flotans með tilliti til orkunotkunar. Núna er orðið flóknara en áður var að finna haldbærar upplýsingar um eldsneytisnotkun skipa eftir stærðarflokkum en þó fást vísbendingar ef bornar eru saman tölur fyrri ára úr ritum Orkustofnunar og Hagstofunnar um það að út frá umhverfissjónarmiðum sé mun hagkvæmara að stunda veiðar á smærri skipum með léttari veiðarfæri. Þannig er orkunotkun á aflaeiningu mun meiri á stærri skipunum, sem draga þungu veiðarfærin og þurfa að sigla langar leiðir til að sækja aflann. Togaraflotinn sækir að miklu leyti á fjarlæg mið þar sem öðrum skipum verður ekki beitt og fer því oft miklar vegalengdir í veiðiferðum. Samt sem áður er greinilegt að togararnir nota óhemjumikla olíu við veiðar sínar miðað við smærri skip. Þegar litið er á aflamagn og aflaverðmæti sem skipin skila fyrir hvert tonn af olíu er munurinn mikill en hafa ber í huga að veiðar á uppsjávarfiskum gætu skekkt myndina töluvert. Þar er aflamagn mikið en verðmæti tiltölulega lítið hlutfallslega. Tölur þær sem aðgengilegar eru gefa sterkar vísbendingar um að báta- og smábátaflotinn skili margföldu aflaverðmæti á hvert tonn af olíu

miðað við það sem gerist í togaraútgerð. Þessa þætti er nauðsynlegt að rannsaka til hlítar og nota niðurstöðurnar til að þróa fiskveiðar á Íslandsmiðum í átt til umhverfisvænni veiðiaðferða.

Brottkast afla hefur lengi verið vandamál í íslenskum sjávarútvegi. Útgerðin hefur borið því við að ekki sé fjárhagslegur hagur af því að færa undirmálsfisk og úrgang að landi og því fer hvort tveggja allt of oft í sjóinn. Um þetta atriði eru ekki allir á eitt sáttir og hefur því verið haldið fram að úr þeim 60 þúsund tonnum, sem fullvinnsluskip henda árlega í sjóinn, megi vinna afurðir að verðmæti 1,5 milljarð kr. Leita verður leiða til að nýta allan þann afla sem kemur úr sjó og tryggja þannig breytta umgengni við hafið. Meðal þess sem kanna má í þessu sambandi er að styrkja fyrirtæki til að gera út skip sem tækju við þessum úrgangi og færðu hann að landi. Slík tilraun mundi færa okkur heim sanninn um það hversu mikil verðmæti eru í raun fólgin í þeim afla og úrgangi, sem eins og málum er nú háttað, er hent í sjóinn.

Ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta og náttúruvernd geta farið vel saman, enda er sjálf náttúran sú auðlind sem ferðaþjónustan byggist á. Mikilvægt er að efla þessa ungu atvinnugrein ferðaþjónustuna. Það verður m.a. gert með því að efla náttúruvernd sem er ein undirstaða blómlegrar ferðaþjónustu. Gera þarf sérstakt átak í atvinnuuppbyggingu í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði. Landvörðum og leiðsögumönnum þarf að fjölga, styrkja þarf stöðu þeirra og nauðsynlegt er að efla menntun í ferðaþjónustu og auka fjölbreytni hennar. Koma þarf á fót tilraunaverkefnum um sjálfbær samfélög undir merkjum vistmenningar og þau samfélög sem þegar eru til þarf að styrkja.

Ferðaþjónusta fer ört vaxandi hér á landi enda hefur fjöldi ferðamanna sem kemur til landsins rúmlega sexfaldast á síðustu tíu árum. Árið 2000 komu rúmlega 303 þús. erlendir ferðamenn til Íslands og fjölgaði um 15% frá árinu áður. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum námu 30 milljörðum kr. árið 2000 og 28 milljörðum kr. árið 1999. Samkvæmt opinberum tölum má gera ráð fyrir að ferðaþjónustan skapi u.þ.b. 13% gjaldeyristekna okkar og hefur það hlutfall aukist um meira en 30% frá árinu 1995, og eru þá tekjur af innlendum ferðamönnum ótaldar. Hlutfall ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu 1999 var 4,5% á móti 7,5% hlut fiskveiða og 1,5% hlut ál- og kísilmálmframleiðslu. Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem vex hraðast á Íslandi og samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar voru 2.848 starfsmenn í flugrekstri, hótelrekstri og hjá ferðaskrifstofum 1998 en á sama tíma var 761 starfsmaður í áliðnaði og orkuverum.

Enginn vafi leikur á því að náttúra Íslands er það aðdráttarafl sem öðru fremur laðar erlenda ferðamenn hingað til lands í svo miklum mæli. Það er því mikið hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuna að viðhalda óspilltri náttúru eftir fremsta megni og varðveita þannig auðlindina til framtíðar. Ferðaþjónustu á Íslandi verður að skipuleggja og reka í anda sjálfbærrar þróunar í sátt við landið. Aðeins þannig er mögulegt að gera ferðaþjónustuna að blómlegri atvinnugrein til framtíðar og gæta þess um leið að náttúra og umhverfi hljóti ekki skaða af. Hluti af sjálfbærri ferðaþjónustu er að styrkja menningarsamfélög til að vekja athygli ferðamanna á menningu og sögu viðkomandi þjóðar. Þar eiga Íslendingar vannýtta auðlind sem sjálfsagt er að nota til að efla ferðaþjónustuna.

Jafnframt ber að nefna heilsutengda ferðaþjónustu sem er meðal nýjustu vaxtarbrodda í þessum atvinnuvegi. Heilsutengd ferðaþjónusta gæti átt mikla framtíð fyrir sér á hér á landi þar sem hér er m.a. hreint loft og heilnæmt vatn. Nægir að benda á hina miklu uppbyggingu sem hefur orðið í tengslum við Bláa lónið að undanförnu. Árið 1999 voru gestir þar rúmlega

250 þús. og gert er ráð fyrir 350 þús. gestum árið 2000. Þar er aðstaða til meðhöndlunar húðsjúkdóma og framleiðslu á húð- og snyrtivörum. Aðstandendur starfseminnar hafa nú hrint í framkvæmd rannsóknum á lífríki svæðisins og hlutu fyrir slíkt starf nýsköpunarverðlaun Rannsóknarráðs Íslands og Útflutningsráðs árið 2000 og markaðsverðlaun ÍMARK 2001.

Til að tryggja sjálfbæra þróun ferðaþjónustunnar þarf að vinna fjölmörg verk. Nauðsynlegt er að kortleggja betur helstu ferðamannasvæði og stýra ferðamannastraumnum þannig að álag verði ekki of mikið á vinsælustu svæðunum. Einnig þarf að auka landvörslu til mikilla muna, bæði til að auka öryggi ferðamanna og koma í veg fyrir landspjöll. Þá er nauðsynlegt að sinna rannsóknarverkefnum sem tengjast náttúruvernd og álagi á ferðamannastaði til að vakta auðlindina. Allt er þetta atvinnuskapandi og óhjákvæmilegt að leggja í kostnað sem því fylgir. Þar að auki sýnir vaxandi markaður fyrir ferðaþjónustu sem stenst kröfur um sjálfbæra þróun að umhverfisvernd í þessari atvinnugrein hefur beinan efnahagslegan ávinning í för með sér. Reynsla annarra þjóða sýnir að ferðamenn eru tilbúnir að greiða mun hærra verð fyrir ferðir inn á verndarsvæði og um þjóðgarða, jafnvel allt að 100% hærra verð en greitt er fyrir ferðir um óskilgreind svæði.

Eitt mikilvægasta atriðið er að gera stórátak í skipulagi vinsælla ferðamannastaða svo að þeir geti borið að skaðlausu álag af ferðamannastraumi, ella verður að takmarka aðsókn að þeim. Einnig er mikilvægt að gera áætlun sem miði að því að dreifa ferðamönnum um landið.

Landbúnaður.

Í landbúnaði ber að leggja áherslu á lífræna búskaparhætti og stefna að því að hlutfall lífrænnar framleiðslu verði 5% á árinu 2005. Gera verður markvissar áætlanir um beitarstjórnun í öllum landshlutum og tryggja að gæðastýring í landbúnaðarframleiðslu skili tilætluðum árangri. Nauðsynlegt er að mæta auknum kröfum um merkingu afurða hvað varðar framleiðsluaðferðir og rekjanleika ásamt gæðavottun til að tryggja fæðuöryggi.

Íslenskur landbúnaður mun víðast hvar vera stundaður í meiri sátt við náttúruna en gengur og gerist í flestum nálægum löndum. Þó þarf að taka fyrir ofbeit sauðfjár og hrossa í úthaga þar sem hennar gætir enn. Ef rétt er á haldið eru mikil tækifæri fólgin í því að taka í auknum mæli upp lífræna búskaparhætti hér á landi. Meginhindrunin í vegi þeirrar þróunar hefur verið skortur á lífrænum áburði þar sem innlendur húsdýraáburður hefur ekki dugað til. Með vistvænu hreinsiferli á lífrænu skolpi og endurnýtingu lífræns úrgangs er hægt að ryðja þessari hindrun úr vegi. Liður í endurheimt landgæða þryfti að vera friðun auðna og rofsvæða fyrir beit.

Markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur stækkar stöðugt. Í fyrstu var eftirspurnin aðallega bundin við grænmeti, korn og ávexti en í seinni tíð hefur hún náð til annarra afurða á borð við kjöt, mjólk og egg. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd og fellur afar vel að hugmyndum um sjálfbæra þróun. Með meiri hvatningu, stuðningi og rannsóknum gæti lífrænn landbúnaður einnig stuðlað að traustari byggð til sveita og uppbyggingu í úrvinnsluiðnaði.

Nú vantar lífrænt vottað dilkakjöt á markað í nágrannalöndum okkar og á síðustu árum hefur megnið af lífrænni framleiðslu íslenskra bænda farið á erlendan markað. Af þeim sökum er ekki til nægilegt magn fyrir innanlandsmarkað. Þetta sýnir að nú er lag fyrir fleiri bændur að snúa sér að lífrænni framleiðslu. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að 50 bændur séu í stakk búnir að stíga þetta skref án mikillar fyrirhafnar. Þeir bættust þá í hóp þeirra 30 sem nú þegar stunda lífræna ræktun. Það er ekki einfalt að stíga þetta skref og víðast hvar í Evrópu hafa bændur fengið hvatningu frá hinu opinbera kerfi í formi aðlögunarstyrkja fyrstu

árin sem þeir stunda búskap af þessu tagi. Nú er það opinber stefna í Evrópusambandinu að hvetja bændur til að breyta búskaparháttum sínum á þennan hátt. Það væri stórt en veigamikið skref í átt til sjálfbærrar þróunar ef íslensk stjórnvöld gera slíkt hið sama.

Ekki einasta framleiðsla á lífrænu dilkakjöti gæti orðið ábatasöm búgrein hér því að miklir möguleikar eru einnig fólgnir í grænmetis- og blómarækt. Það er vandasamt að rækta grænmeti án tilbúins áburðar og án allra eiturefna við íslenskar aðstæður, en það fæli í sér atvinnu fyrir fjölda fólks ef rannsóknir á þessu sviði væru efldar, raforkuverð til ylræktarbænda lækkað og útflutningur lífrænt ræktaðra afurða aukinn. Ekki skortir erlenda markaði því að gera má ráð fyrir að hlutdeild lífrænnar framleiðslu í löndum Evrópusambandsins, sem nú er 2%, aukist í 5–10% á næstu fimm árum. Í Þýskalandi telja 70% neytenda lífrænt ræktaðar matjurtir hollari en aðrar matjurtir og þarlendir framleiðendur anna ekki eftirspurn. Það gera Danir ekki heldur; þeir flytja inn sem svarar 30% af seldri lífrænni matvöru. Markaður fyrir lífrænar afurðir stækkar óðum í Bretlandi. Þar eru flutt inn u.þ.b. 70% af heildarneyslu lífrænna matvæla. Einnig stækkar markaður hérlendis hratt.

Umræðan um erfðabreytt matvæli virðist styrkja markað fyrir lífrænar afurðir þar sem neytendur stilla þessum afurðum upp sem andstæðum. Það er mikil andstaða gegn erfðabreyttum matvælum um alla Evrópu og andstaðan fer vaxandi í Bandaríkjunum. Mörg lönd hafa lögleitt bann við ræktun erfðabreyttra matjurta, m.a. Brasilía sem er næstmesta kornframleiðsluland heimsins. Í Þýskalandi eru neytendur afar tortryggnir gagnvart erfðabreyttum afurðum sem kemur kannski best fram í því að segja má að næstum allur barnamatur þar sé að framleiddur úr lífrænum afurðum og þar í landi hefur brauðgerð úr lífrænt ræktuðu korni vaxið hröðum skrefum síðustu ár.

Ljóst er að matvæli sem framleidd eru úr lífrænum afurðum eru ekki tískubóla því að markaður fyrir þessar vörur hefur verið í örum vexti í 30 ár. Einnig er ljóst að neytendur setja hollustu í auknum mæli í forgang og neysluvenjur taka mið af því. Þannig má segja að tækifærin til nýsköpunar í landbúnaði og ræktun felist í lífrænum aðferðum.

Gróðurvernd, landgræðsla og skógrækt.

Brýnt er að marka framtíðarstefnu um gróðurvernd, landgræðslu og skógrækt með vistvænum aðferðum. Landvörslu og löggæslu á hálendinu og aðliggjandi ferðamannastöðum þarf að efla og fylgja verður fast eftir reglum um umgengni við landið og náttúruna. Stefnumörkun í skipulagsmálum hálendisins, með verndarsjónarmið í fyrirrúmi, ber að halda áfram. Allar rannsóknir á vistkerfum landsins ber að efla og hraða skráningu búsvæðagerða, sbr. áætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands, og gerð náttúruverndaráætlunar, sbr. áætlanir Náttúruverndar ríkisins.

Á þeim tiltölulega skamma tíma sem liðinn er frá því að búseta manna hófst á Íslandi hefur orðið stórkostleg gróðureyðing. Uppblástur hefur leikið stór landsvæði grátt og ógnar viðkvæmum svæðum, ekki síst á hálendinu sem verður ein mesta auðlind landsmanna í framtíðinni. Þrátt fyrir aukinn kraft í baráttunni gegn landeyðingu á síðustu áratugum er ljóst að betur má ef duga skal. Allar aðgerðir í þeirri baráttu verða að vera vandlega skipulagðar og byggjast á rannsóknum og þekkingu.

Gróðurvernd á þar að vera forgangsverkefni, að verja það sem eftir er af náttúrulegu gróðurfari landsins og vistkerfi sem því tengjast. Nauðsynlegt er að friða svæði sem eru illa farin og skapa þannig forsendur fyrir endurheimt landgæðanna. Aðferðir við uppgræðslu verða að standast kröfur um sjálfbæra þróun og sérstaklega ber að varast innflutning plöntutegunda sem geta skaðað íslenskt lífríki. Hér verða að koma til lög um jarðvegs- og gróðurvernd sem taka heildstætt á nýtingu og verndun þessara auðlinda.

Nú eru um 1,4% Íslands klædd skógi og kjarri en ef einungis eru talin svæði sem teljast vaxin skógi samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu er hlutfallið aðeins 0,3%. Þetta hlutfall er hið lægsta í Evrópu en skógleysið er hins vegar ekki náttúrulegt ástand miðað við gróðurfarsskilyrði hér á landi. Talið er að ef útbreiðsla skóga hér væri svipuð og við landnám þektu þeir á bilinu 25–30% landsins. Danir og Írar stóðu í svipuðum sporum og Íslendingar við síðustu aldamót hvað þetta snertir, með um 1% landanna vaxið skógi. Ræktunaraðgerðir þar hafa borið góðan árangur, nú eru 8% Írlands og 12% Danmerkur þakin skógi.

Brýnt er að efla rannsóknir á þessu sviði og ljóst að mikilvægi þeirra mun aukast á nýrri öld. Í því sambandi má benda á nauðsyn þess að finna leiðir til að stunda árangursríka skógrækt í sátt við vistkerfið sem fyrir er, rannsaka áhrif hennar á vatnsbúskap, jarðvegsvernd, líffræðilega fjölbreytni o.s.frv. Þá má nefna rannsóknir á umhirðu og ræktun nytjaskóga sem nú er stunduð víða um land, skógrækt til að binda koltvísýring og til að bæta búsetuskilyrði, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Endurheimt votlendis er framtíðarverkefni, sem brýnt er að leggja drög að, enda eru votlendissvæði lífseigustu vistkerfi landsins. Votlendi setur mikinn svip á náttúru Íslands en mjög hefur verið gengið á það undanfarna áratugi. Frjósamar láglendismýrar hafa verið ræstar fram í miklum mæli auk þess sem vegagerð og þéttbýlismyndun hafa tekið sinn toll, að ekki sé talað um áhrif virkjana sem hafa sökkt stórum svæðum votlendis undir miðlunarlón. Umræðan um endurheimt votlendis hefur eflst mjög síðustu ár og nú er svo komið að rannsóknir leiða í ljós miklar líkur á að við ákveðnar aðstæður og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sé endurheimt votlendis möguleg. Vísindamenn starfa nú ötullega við að fullkomna þessar rannsóknir en eins og aðrar rannsóknir í náttúruvísindum hefur þær skort fjármagn og hvatning frá hinu opinbera hefur verið lítil. Rannsóknir á votlendi Íslands gætu skapað fjölda starfa, að ekki sé talað um sjálfa aðgerðina sem fólgin er í undirbúningi að endurheimt votlendisins. Þar er mikilvægt að standa vel og faglega að málum, enda er endurheimt á ákveðnum svæðum bæði vandmeðfarin og kostnaðarsöm. Með endurheimt votlendis vinnst margt. Landið er fært aftur til fyrra horfs sem skapar lífsskilyrði fyrir gróður og dýralíf sem áður ríkti á svæðunum. Þannig má líta á endurheimt votlendis sem lið í almennri náttúru- og landslagsvernd. Þá má gera ráð fyrir að endurheimtin auki útivistargildi svæða, þau verði áhugaverð til fuglaskoðunar og skilyrði geti skapast til veiða á fugli og fiski. Með tímanum mun endurheimt votlendis að öllum líkindum binda kolefni í stað þess að losa það út í andrúmsloftið og önnur virkni ætti að færast til fyrra horfs. Endurheimt votlendis væri þannig liður í því að hamla gegn losun koltvísýrings, metans og annarra skaðlegra lofttegunda út í andrúmsloftið.

Jarðvegsrannsóknir er ein tegund rannsókna sem skortir tilfinnanlega hér á landi. Íslenskur jarðvegur er eldfjallajarðvegur sem er um margt afar sérstæður og sjaldgæfur í meira lagi. Sem dæmi um sérstöðu hans má nefna mjög háa fosfórbindingu, en rannsóknir á honum skortir. Hér væri um að ræða rannsóknir sem ætla mætti að vísindamenn alls staðar teldu eftirsóknarvert að komast í.

Nauðsynlegt er að við stöndum vörð um líffræðilega fjölbreytni og leggjum okkar af mörkum til að uppfylla samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem tók gildi hér á landi 10. desember 1994. Það gerum við fyrst og fremst með öflugum rannsóknum á vistkerfi landsins og tegundavernd, jafnt í dýra- og jurtaríkinu, einnig með því að marka varfærna stefnu hvað varðar erfðabreyttar lífverur og afurðir framleiddar úr erfðabreyttum lífverum, bæði dýrum og plöntum.

Menning og listir.

Brýnt er að gera stefnumarkandi áætlun um stuðning við menningarstarfsemi atvinnu- og áhugamanna með það að markmiði að hann dreifist jafnar um landið og til ólíkra verkefna. Leggja ber mikla áherslu á alþýðumenningu hvers konar þar sem menningararfur þjóðarinnar og einstakra byggðarlaga verði nýttur sem efniviður til listflutnings. Gera þarf átak til að efla skráningu, uppgröft og varðveislu fornminja og annars mannvistarlandslags og sjá til þess að slíkar minjar verði aðgengilegar fyrir lærða sem leika og uppspretta atvinnutækifæra. Huga ber sérstaklega að eflingu áhugafélaga um listir og menningu í dreifbýli með það að markmiði að tengja starf þeirra t.d. skólastarfi og ferðamennsku.

Íslendingar eiga fjölda glæsilegra menningarstofnana. Má þar nefna Þjóðminjasafn, Þjóðarbókhlöðu, Þjóðmenningarhús, Þjóðleikhús, Þjóðskjalasafn, Listasafn Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið. Allar þessar stofnanir búa yfir möguleikum til landvinninga á lista- og menningarsviðinu. Hugmyndir og kunnátta starfsfólks slíkra stofnana er auðlind sem nýta mætti betur en gert er. Oft skortir fjármagn, en stundum hefur líka vantað hvatningu stjórnvalda. Til að nýta til fullnustu þær hugmyndir sem búa í hugskoti fræði- og listamanna þarf að gera áætlun sem stjórnvöld og stofnanir gætu komið sér saman um að fara eftir.

Aukin tækifæri til listsköpunar og menningarstarfsemi má finna við hvert fótmál og er hægt að hugsa sér að aukið samstarf milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar geti gefið af sér nýjungar í því tilliti. Þar má nefna hugmyndir að atvinnuleikhúsum í landsfjórðungum, samstarf Listaháskóla Íslands og stofnana og félaga á landsbyggðinni, frumkvöðlasetur á sviði menningar, vísinda og lista o.fl. Sjóður sá er stofnaður var að loknu menningarborgarárinu 2000 er sannarlega skref í rétta átt. Víða um land standa auðar byggingar sem eitt sinn hýstu menntastofnanir á borð við húsmæðraskóla og héraðsskóla. Þessar byggingar gætu gegnt lykilhlutverki í að efla menningarstarfsemi á landsbyggðinni og samstarf milli aðila.

Byggðaleikhús er dæmi um starfsemi sem gæti tengt ólíkar greinar og ólíkar stofnanir saman í skapandi starfi. Þá er sett á svið leiksýning sem sækir efnivið í sögu viðkomandi byggðarlags eða svæðis. Hópur manna velur sér verkefni, t.d. skútuöldina á Fáskrúðsfirði. Safna þarf heimildum, rituðum jafnt sem munnmælum. Þar mætti hugsa sér að unga fólkið fengi það hlutverk að taka viðtöl við eldra fólkið í bænum eða héraðinu. Skjalasafn yrði skoðað og leitað fjársjóða í því. Ættfræðingar og sagnfræðingar kæmu að málinu og þegar heimildirnar væru fengnar væri hægt að hefjast handa við ritsmíðina, skrifa leikritið. Svo þarf að safna tónlist frá tímanum, grafa upp hljóðfæri eða smíða þau og læra að leika á þau. Söngvana þarf að rifja upp og skrifa út. Dansarnir þurfa líka að vera til staðar og með réttum blæ. Þá þarf að velja sýningunni stað, mögulega verður gert upp gamalt hús eða gömul bryggja, og það þarf að sækja hugmyndir að leikmunum og búningum á byggðasafnið. Saumakonur, smiðir og málarar eru þar með komin til starfa. Síðan þarf að gefa út leikskrá eða vandaða bók með sýningunni, þá þarf ljósmyndara og grafíska hönnuði og svona mætti áfram telja. Útkoman er sýning sem getur lifað ár eftir ár og laðað ferðamenn til bæjarins, jafnt innlenda sem erlenda. Þetta er dæmi um menningartengda ferðamennsku.

Mikil gróska hefur verið í verkefnum á sviði fornleifaverndar síðan Kristnihátíðarsjóðurinn var stofnaður og hafið að veita fé úr honum. Á því sviði er enn gífurlegt starf óunnið og mikilvægt að taka þar myndarlega á, enda er fátt vinsælla meðal ferðamanna en að sjá fornleifafræðinga að störfum og njóta leiðsagnar þeirra um söguslóðir. Fræðslugildi verkefna á sviði minjavörslunnar er óumdeilt og þyrfti að efla samstarf fornleifafræðinga, minjavarða, safnamanna og skólafólks um allar byggðir. Verðugt verkefni er einnig að skrá menningarlandslag Íslands, skrá allar búsetuminjar og koma þeim fjársjóði sem landið býr yfir í því

tilliti á framfæri. Vel má hugsa sér að slíkt starf gæti auðveldað okkur að viðhalda búsetu um allt land. Til dæmis má hugsa sér verkefni sem fælist í rannsóknum og skráningu á strandmenningu íslensku þjóðarinnar. Hvernig hefur það verið í gegnum aldirnar að búa við sjávarsíðuna? Hvað hefur einkennt líf þess hluta þjóðarinnar sem þannig hefur búið? Hvaða sögur voru sagðar til sjós og hvaða söngvar sungnir?

Enn eru ótaldir þeir möguleikar sem felast í náttúrustofum landshlutanna. Þar eru stofnanir sem komið hefur verið á fót af vanefnum, þeim ekki verið markað nægilega skýrt hlutverk og ekki verið hvatt til tengsla við aðrar stofnanir í nægilega ríkum mæli. Fullt tilefni er til að leita nýrra hugmynda um það hvernig flétta mætti náttúrustofurnar inn í menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Þar er örugglega vannýtt auðlind. Ekki verður komist hjá því að nefna í þessu sambandi nauðsyn þess að koma Náttúruminjasafni Íslands á legg. Þó að safnið sé til og í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur um áratuga skeið verið óskað eftir fjárveitingu til að koma upp húsnæði yfir safnið, sem ekki hefur fengist. Það er orðið löngu tímabært að safnið fái þann sess sem því ber, sem höfuðsafn á sviði náttúruvísinda. Einnig má nefna nauðsyn þess að Íslendingar eignist höfuðsafn á sviði vísinda og tækni. Slíkt safn gæti auðgað safnaflóru landsmanna til muna.

Þegar öllu er á botninn hvolft sést hversu mikið mætti framkvæma af hugmyndum sem lifa í hugskoti fræðimanna, vísindamanna og listamanna. Jafnt áhugamenn sem atvinnumenn búa yfir hafsjó af fróðleik og kunnáttu sem er hluti af mannauði okkar. Þessa þætti þarf að tvinna saman og leita leiða til að vefa fjölskrúðugan vef úr menningararfinum okkar þar sem hann blandast listflutningi framsýnna hugmyndasmiða.

Iðnaður o.fl.

Í iðnaði ber að leggja áherslu á hrein framleiðsluferli, rannsóknir á vistvænum efnum sem geta komið í stað skaðlegra efna, minni umbúðanotkun og fullvinnslu úr innlendum hráefnum. Styðja ber sérstaklega við verkefni sem miða að hreinni framleiðslutækni og uppbyggingu umhverfisstjórnunarkerfa. Marka þarf stefnu um eflingu smáiðnaðar sem nýtir hugmyndaauðgi, listfengi og endurnýtingu hvers konar efna við vinnsluna.

Huga ber sérstaklega að nýsköpun í iðnaði sem byggist á sjálfbærri nýtingu auðlinda og sjálfbærri þróun. Sem dæmi um slíkan iðnað má nefna líftækniiðnað og í því sambandi að nýlega lauk líftæknifyrirtækið Prokaria við að raðgreina allt erfðamengi áður óþekktrar hverabakteríu og fundir í henni yfir 1500 ný gen. Uppfinning af þessu tagi getur nýst við ýmsa iðnaðarferla, svo sem í lyfjaiðnaði og í matvælaiðnaði. Fleiri nýlegar uppgötvanir má nefna, en nýlega fannst örvera í hafinu við Kolbeinseyjarhrygg sem talið er að sé minnsta lífvera heims. Slík uppgötvun hefur talsverða þýðingu og það vekur athygli á starfi íslenskra vísindamanna þegar þeir ná árangri af þessu tagi með starfi sínu.

Hvers konar hönnunariðnaði hefur vaxið fiskur um hrygg hér á landi á síðustu árum og í landinu hefur þróast kunnátta í ýmsum greinum smáiðnaðar sem byggist á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Til marks um hugmyndaauðgina er árleg handverkssýning í Hrafnagilsskóla í Eyjafirði. Einnig má nefna vistvæna húsagerðarlist, en samtök atvinnulífsins gangast fyrir námsstefnu um vistvæna byggingastarfsemi í nóvember nk. Fyrirmynd að slíkum iðnaði er m.a. sótt til annarra Norðurlanda þar sem víða hafa myndast svokallaðir vistvænir byggðakjarnar. Auk þess sem mikilvægt er að efla menntun í verklegum greinum á grunn- og framhaldsskólastigi er brýnt að hraða uppbyggingu náms í skipulagsfræðum, koma fótunum undir arkitektanám á háskólastigi og efla rannsóknir er tengjast byggingarlist. Þá er einnig brýnt að efla rannsóknir sem varpað gætu ljósi á húsasótt og áhrif raf- og segulsviðs í híbýlum manna samhliða því að þróa vistvænar aðferðir við húsbyggingar.

Hafa verður í huga að margvíslegur iðnaður sem stundaður hefur verið á Íslandi gegnum tíðina hefur átt undir högg að sækja, nægir þar að nefna skipasmíðaiðnaðinn. Um afstöðu flutningsmanna til skipasmíðaiðnaðarins vísast til greinargerðar með þingsályktunartillögu um endurreisn skipasmíðaiðnaðar á Íslandi (sjá þskj. 380 306. mál 127. löggjafarþings). Nauðsynlegt er að móta stefnu um iðnað á Íslandi og hafa ber í huga þá hættu sem smáiðnaði ýmiss konar getur stafað af orkufrekum iðnaði, þar sem stórfyrirtækin ryðja oft úr vegi þeim sem smærri eru. Slíkt getur aukið á byggðaröskun og bitnar oft verst á jaðarsvæðum sem eru í eðli sínu viðkvæm og þurfa að njóta sérstakrar athygli stjórnvalda. Hugvit og verkþekking eru auðlindir, sem fullyrða má að Íslendingar eigi í miklum mæli. Virkjun mannauðsins er verkefni sem stjórnvöld þyrftu að sinna af natni því að í honum felast möguleikar sem auðga mannlífið án þess að ganga þurfi á náttúruauðlindir. Mannauðurinn er líka óumdeilanlega endurnýjanleg auðlind og hafa margar þjóðir komist langt í veraldlegri velferð með því með því að virkja hann af útsjónarsemi.

Vistvæn samfélög.

Víða eru að verða til samfélög sem byggjast á hugmyndafræði vistmenningar (perma culture). Dæmi um slíkt samfélag eru Sólheimar í Grímsnesi sem voru útnefndir fyrsta vistvæna samfélagið (ECO-Village) á Íslandi af alþjóðasamtökunum Global Eco Village Network árið 1997. Markmið slíkra vistvænna samfélaga felast í því að setja í öndvegi manngildi, ræktun og umhverfismál í víðasta skilningi. Hugmyndin er byggð á því að blanda saman hefðum og nýrri tækni til að efla mannlíf sem samræmist hringrás náttúrunnar og ábyrgri nýtingu auðlinda og skerðir ekki möguleika komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sín um. Rétt er að hvetja til þess að byggðakjarnar í þessum anda rísi sem víðast um landið. Hér er um að ræða mannfélag sem byggist á mikilvægum gildum, jafnt í andlegu sem efnahagslegu tilliti, þar sem mannrækt er í hávegum höfð og áhersla er lögð á samhljóm manns og náttúru.

Önnur dæmi um uppbyggingu í þessum anda eru t.d. nýjasta byggðin að Hellnum á Snæfellsnesi og hugmyndir íbúa Hríseyjar að sjálfbæru samfélagi í eynni. Þess má geta að flutningsmenn þessarar tillögu stóðu að þingmáli um það efni á 126. löggjafarþingi (sjá þskj. 17 17. mál).

Meginreglur umhverfisréttar.

Stuðla ber að öflugu samstarfi sveitarfélaga og atvinnulífs í umhverfismálum, m.a. með stuðningi við verkefni í anda sjálfbærrar þróunar og Staðardagskrár 21, í samræmi við samþykktir heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992 og framkvæmdaáætlun heimsþings Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002.

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro í Brasilíu árið 1992 var m.a. samþykkt yfirlýsing, Ríó-yfirlýsingin, þar sem staðfestar voru nokkrar grundvallarreglur um samskipti manns og umhverfis sem stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Ríki heims voru hvött til þess að taka þessar reglur upp í umhverfislöggjöf sinni. Þrátt fyrir góðan vilja og tilraunir fyrrverandi umhverfisráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, hafa þessar meginreglur enn ekki verið festar í íslensk lög og hlýtur það að teljast löngu tímabært. Ríkisstjórnin samþykkti 1997 framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Í eftirfarandi kafla, sem er úr þeirri áætlun, má lesa lýsingu á meginreglum umhverfisréttar:

„Í Ríó-yfirlýsingunni segir að mannkyninu beri réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Þar er einnig minnst á réttinn til þróunar, sem beri að nýta með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi

kynslóða. Tekið er fram að hver einstaklingur eigi rétt á upplýsingum um umhverfið, ástand þess og aðgerðir á sviði umhverfismála. Einnig á hver einstaklingur rétt á þátttöku í ákvarðanatöku sem snertir nánasta umhverfi hans.

Segja má að þessar réttindayfirlýsingar séu ein af fjórum meginreglum sem finna má í Ríó-yfirlýsingunni. Hinar eru:

Varúðarreglan, sem kveður á um að ekki skuli að öðru jöfnu ráðist í framkvæmdir sem kunna að hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisáhrif í för með sér, fyrr en sýnt sé að þær hafi ekki slík áhrif.

Mengunarbótareglan, sem kveður á um að þeir sem spilla umhverfinu beri nauðsynlegan kostnað við að bæta skaðann og kostnað vegna aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir umhverfisskaða. Reglan felur m.a. í sér að þeir sem hyggja á framkvæmdir sem geta haft mengun eða umhverfisspjöll í för með sér greiði kostnað við mat á umhverfisáhrifum og umhverfiseftirlit.

Nytjagreiðslureglan, sem felur í sér að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir sér til ávinnings eða ánægju greiði þann kostnað sem til fellur við verndun og viðhald þessara auðlinda."

Hugmyndafræði þessarar þingsályktunartillögu er að stórum hluta byggð á Ríó-yfirlýsingunni og þeim meginreglum sem þar voru staðfestar og síðan endurnýjaðar með framkvæmdaáætlun og pólitískri yfirlýsingu nýafstaðins heimsþings Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem haldið var í Jóhannesarborg í Suður-Afríku 26. ágúst til 4. september 2002. Hér er vakin athygli á nauðsyn þess að þessar fjórar grundvallarreglur verði lögfestar þótt slíkt falli utan ramma tillögunnar.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Koma þarf á fót virku eftirliti með því að Íslendingar fari eftir alþjóðlegum samningum sem þeir hafa fullgilt á sviði umhverfis- og náttúruverndar, svo sem Ramsar, OSPAR, rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, samningi um líffræðilega fjölbreytni, framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, Bernarsamningnum, samningi um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, svo og samkomulagi um Norðurskautsráðið og alþjóðlegri framkvæmdaáætlun gegn mengun hafsins af völdum þrávirkra lífrænna efna.

Nú þegar búið er að samþykkja að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni þarf að móta áætlun til að tryggja að settum markmiðum hennar verði náð, því að þótt stjórnvöld hafi fengið undanþágur frá losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkufreks iðnaðar þá þarf að sýna aðhald til að ekki verði farið fram úr +10% úthlutuninni frá Kyoto. Horfa þarf til þeirra atvinnuskapandi tækifæra sem fullgilding bókunarinnar getur fært okkur og leggja áherslu á að draga úr losun frá samgöngum og fiskiskipaflotanum með þróun vistvænna orkugjafa. Íslensk stjórnvöld þurfa að taka undir með Vladimir Pútín, forseta Rússlands, J.M. Aznar, forseta Evrópuþingsins, og Romano Prodi, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem fyrr á þessu ári gáfu út sameiginlega yfirlýsingu, þar sem segir: „Við munum gera allt sem þarf til að tryggja að Kyoto-bókunin verði raunverulegt tæki til að leysa vandamál hnatthitunar svo fljótt sem verða má."

Niðurlag.

Í ljósi umræðna um efnahagsmál og atvinnuþróun undanfarin missiri virðast margir þeirrar trúar að eingöngu stóriðja geti viðhaldið efnahagsvexti í landinu og staðið undir fjölgun atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Flutningsmenn þessarar tillögu aðhyllast önnur sjónarmið og telja að hagvöxtur þurfi ekki að verða neikvæður á næstu árum þó að ekki komi til virkjana- eða stóriðjuframkvæmdir. Auk þess má halda því fram að meðan gælt er við stór-

iðjustefnu liggi aðrar hugmyndir í láginni á meðan. Þannig dragi það úr möguleikum okkar að skapa fjölbreytt atvinnulíf að einskorða sig við hugmyndir um atvinnuuppbyggingu með stóriðju. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að hlutlaust mat hefur ekki verið lagt fram á efnahagslegum áhrifum stóriðjustefnunnar.

Með nýútkomnu riti um stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi „Velferð til framtíðar" má segja að stigið hafi verið skref sem er góðra gjalda vert, en þó verður að gagnrýna stjórnvöld fyrir metnaðarleysi í þessum efnum þar sem í ritinu virðist algerlega sniðgengin sú staðreynd að stoðirnar undir sjálfbæra þróun eru þrjár, efnahagsleg, félagsleg og vistfræðileg. Efnahagsþættinum er ekki gerð viðhlítandi skil í ritinu og lítt fjallað um stefnu Íslendinga í alþjóðaviðskiptum eða áhrif hnattvæðingar á möguleika jarðarbúa til að innleiða hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig má gera enn betur ef leggja á fram sannfærandi stefnu til framtíðar, stefnu sem í raun og veru gerir komandi kynslóðum kleift að sinna þörfum sínum á sama hátt og við fullnægjum okkar þörfum nú. Lykillinn að sjálfbærri þróun er að ekki sé gengið svo á auðlindir náttúrunnar að möguleikar komandi kynslóða á að nýta þær sömu auðlindir séu skertir.

Í þessu sambandi má vitna til orða John C. Sawhill, fyrrverandi framkvæmdastjóra Nature Conservancy í Bandaríkjunum, sem vitnað er til í nýjasta fréttabréfi Landverndar (okt. 2002), en hann sagði: „Þegar fram líða stundir verður samfélag okkar ekki bara dæmt af þeim mannvirkjum sem okkur tókst að reisa, heldur öllu fremur af þeim mikilvægu náttúrufyrirbærum sem við neituðum að spilla."

34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi og skili nefndin áliti innan eins árs.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga svipaðs efnis hefur þrívegis verið lögð fram án þess að hljóta afgreiðslu. Tillagan er nú endurflutt óbreytt frá síðasta löggjafarþingi ásamt þeirri greinargerð sem henni fylgdi.

Margt bendir til að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða fremur ungt fólk til starfa en eldra fólk, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólki sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru.

Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum. Sumar stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka þá stefnu upp að segja fólki upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, langt innan við þau aldursmörk sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt

árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði. Þetta hefur valdið óöryggi hjá eldra fólki og ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga þannig að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu til dæmis mjög veigamikil rök að liggja fyrir fengju þeir launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánu samstarfi við samtök launafólks. Í þessu sambandi má benda á að Samband íslenskra bankamanna og fleiri samtök hafa lýst þungum áhyggjum yfir því misrétti gegn eldra starfsfólki sem viðgengst á vinnustöðum og segja þau að það færist mjög í vöxt að fólk sé látið gjalda aldurs.

Meðal ábendinga sem fram hafa komið má nefna að Mannréttindaskrifstofa Íslands telur ástæðu til að ítreka grundavallarreglu Sameinuðu þjóðanna um eldra fólk sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1991. Þar kemur m.a. fram að eldra fólk eigi að hafa um það að segja hvenær og á hvern hátt starfslok verða.

Í umsögnum sem Alþingi hafa borist vegna þessa máls hafa almennt komið fram mjög jákvæð viðbrögð og er hvatt til þess að málið fái framgang. Á meðal þeirra sem tekið hafa undir efni þingsályktunartillögunnar má nefna Landssamband eldri borgara, Mannréttindaskrifstofu Íslands, BHM, BSRB, Þjóðkirkjuna, Eyþing, Öryrkjabandalag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Vissulega hafa einnig komið fram gagnrýnisraddir og varnaðarorð. Þannig segir í umsögn Samtaka atvinnulífsins: „Löggjöf eins og hér er gerð tillaga um skapar hins vegar fleiri vandamál en henni er ætlað að leysa. Hún er eingöngu til þess fallin að skerða snerpu og viðbragðsflýti fyrirtækja og dregur þannig úr samkeppnishæfni þeirra og þá jafnframt atvinnumöguleikum starfsmanna. “ Flutningsmaður telur þetta sjónarmið ekki eiga við rök að styðjast. Þvert á móti hafi komið fram sterkar vísbendingar um að æskudýrkun sem svo hefur verið nefnd geti komið fyrirtækjum í koll og beinlínis orðið til þess að veikja stöðu þeirra.

35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um rannsóknir á þorskeldi.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson,
Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði stórauknar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.

Greinargerð.

Á Íslandi hefur ekki verið mótuð nein stefna varðandi eldi á þorski eða þorskseiðum.

Mikill vöxtur hefur orðið í öllu eldi á heimsvísu og samkvæmt FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna) er fiskeldi sú grein matvælaiðnaðarins sem vex hrað-

ast. Þess má geta að fiskeldi annaði heildaraukningu á fiskneyslu heimsins á árunum 1990–97, aukningu sem nam um 20 milljónum tonna.

Ástæður aukinnar heildarneyslu fisks eru ekki eingöngu fólksfjölgun heldur einnig almennt meiri fiskneysla. Þau vandamál sem upp hafa komið í evrópskum landbúnaði á síðustu missirum ættu, ef að líkum lætur, að auka enn frekar fiskneyslu.

Frændur okkar Norðmenn hafa lagt fyrir sig laxeldi með góðum árangri og er nú svo komið að verðmæti framleiðslu þeirra á eldislaxi eru orðin meiri en sem nemur verðmæti útflutnings okkar Íslendinga á þorski, ýsu, ufsa og karfa. Ótaldar eru þó tekjurnar sem þeir hafa af útflutningi þekkingar og tækni sem tengist fiskeldi.

Á undanförnum árum hefur þorskafli minnkað í Atlantshafi og hefur það leitt til hækkandi verðs á þorskafurðum. Minnkandi afli og hækkandi olíuverð hefur leitt til aukins kostnaðar við veiðarnar. Reynslan hefur hins vegar sýnt að framleiðslukostnaður við eldi fer lækkandi og markaðirnir kalla eftir þeim stöðugleika í framboði og gæðum sem eldisfiskur býður upp á.

Eðlilegt má því telja að Íslendingar horfi til eldis og er óhætt að segja að þorskurinn standi okkur næst, enda samlegðaráhrif þorskeldis og sjávarútvegs á Íslandi nokkuð augljós og augljósari en t.d. laxeldis og sjávarútvegs. Ræður þar mestu þekking á vinnslu og mörkuðum og markaðsstaða íslenska þorksins. Aðstæður til þorskeldis eru á margan hátt hagstæðar hér við land og hafa eldistilraunir hingað til lofað góðu og nokkuð góður vöxtur náðst í þeim. Einnig má benda á að við ýmsa fiskvinnslu á Íslandi fellur til mikið af aukaafurðum sem nýta mætti til að fóðra eldisfisk.

Hinar miklu væntingar sem gerðar voru til laxeldis á áttunda áratugnum brugðust. Ástæðurnar voru ef til vill fyrst og fremst skortur á þekkingu, rannsóknum og þróun. Mikilvægt er að læra af reynslunni og standa betur að undirbúningi nýrrar atvinnugreinar nú.

Eins og kemur fram hér á eftir hafa fyrirtæki og hið opinbera meðal margra þjóða þegar markað sér stefnu í þorskeldismálum. Nái áform þessara þjóða fram að ganga gæti sú staða komið upp innan nokkurra ára að við yrðum eftirbátar þeirra í samkeppninni.

Hugsanlega eru hér ónýttir möguleikar, möguleikar sem áfram geta haldið íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð.

Ótal vandamál eru óleyst í þorskeldi.

Skortur á seiðum stendur stríðeldi á þorski fyrir þrifum, ótímabær kynþroski er vandamál sem og hátt lifrarhlutfall. Ekki hefur verið þróað nógu skilvirkt fóður, þekking á atferli þorsks í eldi er takmörkuð, vöxtur er ekki nógu hraður, sjúkdómar hafa ekki verið rannsakaðir nægjanlega og samspil eldis við umhverfið og villta þorskstofna er óþekkt. Sum þessara vandamála blöstu við laxeldismönnum í árdaga þeirrar atvinnugreinar en hafa nú verið leyst. Ekki er ástæða til að ætla annað en að slík vandamál megi einnig leysa í þorskeldi en til þess þarf markvissar rannsóknir og samvinnu eldisaðila.

Þorskeldi getur orðið mikil lyftistöng fyrir landsbyggðina og hafa ýmsir reynt fyrir sér í greininni á undanförnum árum. Rétt væri að nýta áhuga þeirra, þekkingu og reynslu til samstarfs um rannsóknir.

Staða þorskeldis.

Ísland.

Þorskseiðaframleiðsla á Íslandi er eingöngu stunduð hjá útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar á Stað við Grindavík. Þar hafa verið framkvæmdar ýmsar tilraunir með eldi á þorskseiðum frá árinu 1993. Frá árinu 1994 hefur ársframleiðslan verið á bilinu 1.000–7.000 seiði og á

allra síðustu árum hefur stofnunin látið frá sér um 25.000 seiði til eldisstöðva í eigu sjávarútvegsfyrirtækja. Fyrir fáeinum vikum var svo fyrstu fiskunum komið fyrir í kvíum í sjó. Af þessu má sjá að þróunin hefur verið fremur hæg og of lítið fjármagn sett í rannsóknir og nýsköpun í þorskeldi ætli menn sér stóran hlut á þessu sviði.

Stofnunin hefur einnig verið með hrygningarstofn og tilraunir með áframeldi í landkerum. Þarna er um að ræða lítið tilraunaverkefni þar sem fjárveitingar hafa verið af skornum skammti hingað til.

Við tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafa verið gerðar rannsóknir á sjúkdómum og sníkjudýrum í þorskseiðum. Síðasta áratug hafa verið gerðar nokkrar tilraunir með áframeldi og fjarðaeldi á Íslandi. Tilgangur þessara tilrauna var m.a. að kanna holdgæði, vaxtarhraða o.fl. Niðurstöðurnar eru nokkuð misvísandi, en þó eru þær ákveðinn grunnur til að byggja síðari tilraunir á.

Við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hefur verið vaxandi áhugi á þorskeldi. Nemendur þar hafa unnið nokkur verkefni tengd þorskeldi í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir og er Háskólinn í samstarfi við fyrirtæki um rannsóknir á þorskeldi. Í Eyjafirði stendur til að fara af stað með fóðurtilraun og er það samstarf nokkurra nema við sjávarútvegsdeild Háskólans og sjávarútvegsfyrirtækis.

Ársframleiðsla á eldisþorski hefur undanfarin ár verið á milli 20 og 30 tonn. Nú er vitað um tvær tilraunir með áframeldi. Á Vestfjörðum hefur einn aðili sótt um leyfi fyrir þrjár kvíar í Álftafirði. Þar stendur til að gera tilraun með heilsársáframeldi.

Á Tálknafirði er að fara af stað tilraunaverkefni um áframeldi í samstarfi Hafrannsóknastofnunarinnar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Háskóla Íslands og heimamanna. Enn fremur hafa nokkur sjávarútvegsfyrirtæki sótt um leyfi til þorskeldis, samtals á milli 10 og 20 þúsund tonn.

Noregur.

Í Noregi er um þessar mundir mikill áhugi á þorskeldi. Nú eru 20 seiðaeldisstöðvar í burðarliðnum og gæti framleiðsla þeirra numið um 19 milljónum seiða árið 2004. Þegar hafa rúmlega tvö hundruð leyfi verið gefin út til stöðva sem hyggja á matfiskeldi og rúmlega eitt hundrað umsóknir til viðbótar liggja nú hjá yfirvöldum til meðhöndlunar. Framleiðsla nú er u.þ.b. 150 tonn á ári en gæti farið í 50 þúsund tonn á næstu árum.

Nýfundnaland og Austur-Kanada.

Mjög lítil seiðaframleiðsla hefur verið í Kanada. Hugmyndir eru um að byggja seiðaeldisstöð með framleiðslugetu upp á 2 milljónir seiða. Í Kanada hefur verið lögð áhersla á áframeldi og snýst umræðan þar um að eingöngu verði leyfðar þorskveiðar til áframeldis. Tvær ástæður eru helst nefndar fyrir því, annars vegar er það bágt ástands þorskstofna þar og hins vegar efling dreifðra byggða. Árið 1999 nam framleiðslan 200 tonnum af þorski og kom hún öll frá einyrkjum í áframeldi.

Bretland.

Áætlað er að koma upp fimm til sex seiðaeldisstöðvum í samvinnu háskóla og eldisfyrirtækja. Reiknað er með að framleiðslan verði um 2,1 milljón seiða strax árið 2004 og 5.000 tonna „hágæðaafurð" árið 2006, sem jafnast á við íslenskan „flugfisk" í verði og gæðum. Komið hefur fram að Bretar stefna leynt og ljóst í eldisáformum sínum á ferska markaðinn. Í fyrra var framleiðsla Breta um 50 tonn og var það samvinna Marks & Spencer og Seafish. Við sölu á þessum fiski var hann aðgreindur frá villtum fiski og sérmerktur sem eldisþorskur.

Eldisfiskurinn þótti ekki gefa þeim villta neitt eftir í gæðum og var mjög vinsæll. Vinsældirnar voru fyrst og fremst til komnar af því að um var að ræða eldisafurð en ekki fisk úr ofveiddum stofni. Rétt er að vekja athygli á því að um mjög lítið magn var að ræða og því óvíst hvort umhyggja fyrir ofveiddum stofnum sé almenn.

Danmörk.

Danir hafa uppi mikil áform í þorskeldi. Þar er aðallega um eitt fyrirtæki að ræða og fer þar fremstur í flokki Björn Westh, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Dana. Áform eru uppi um 20–30 þúsund tonna ársframleiðslu og verður verkefnið styrkt af Evrópusambandinu. Jafnvel eru hugmyndir um að flytja þorskinn lifandi í tankbílum á markað! Áætlað er að hefja rekstur á næsta ári.

Af framangreindu má sjá að Íslendingum er ekki til setunnar boðið hvað þorskeldi varðar og er brýnt að hafist verði hér handa um að móta ákveðna stefnu í þessum málum landi og lýð til heilla.

36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 130. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Látist maður sem dæmdur hefur verið til greiðslu málskostnaðar eða hafi hann verið úrskurðaður gjaldþrota eftir að dómur gengur í máli hans og eignir dánar- eða þrotabúsins duga ekki til greiðslu málskostnaðar skal málskostnaður eða það sem eftir stendur af honum greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af grundvallaratriðum íslenskrar stjórnskipunar er að einstaklingar og lögaðilar geta leitað réttar síns með því að bera álitaefni undir dómstóla og fá niðurstöður. Eitt af því sem kemur í veg fyrir að einstaklingar leita réttar síns er sú staðreynd að jafnvel þótt dómur falli viðkomandi í hag getur hann þurft að greiða málskostnað vegna þess að sá sem er sóttur ýmist er eða lýsir sig gjaldþrota áður en til greiðslu málskostnaðar kemur og því fellur það á þann sem sækir rétt sinn að greiða kostnaðinn.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að koma í veg fyrir að þessi staðreynd hindri fólk í að leita réttar síns og því er þetta frumvarp lagt fram. Samfélagið á að sjá til þess að óprúttnir aðilar geti ekki komist hjá því að standa skil á því sem þeim ber með því að lýsa sig gjaldþrota. Ríkissjóður verður að bera ábyrgð á slíkum mönnum. Því er lagt til að ríkissjóður ábyrgist greiðslur í tilvikum sem þessum og að sama regla eigi við þegar sá sem sóttur er fellur frá og eignir dánarbús hans duga ekki til greiðslu málskostnaðar.

37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að víkja frá skilyrði 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I ef gildar ástæður eru fyrir hendi að mati bótanefndar. Í þeim tilvikum þar sem bótanefnd hefur hafnað umsókn um greiðslu bóta á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I er henni heimilt að endurskoða ákvörðun sína berist um það ósk frá umsækjanda. Umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er gert ráð fyrir að bótanefndin geti, ef gildar ástæður eru fyrir hendi, tekið til afgreiðslu umsóknir vegna tjóns sem átti sér stað fyrir gildistöku laganna, þrátt fyrir að frestur skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sé útrunninn.

Við setningu laganna um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota var miðað við að umsóknir um bætur vegna tjóns sem leiddi af brotum sem framin voru fyrir 1. júlí 1996 þyrftu að berast bótanefnd innan árs frá gildistöku laganna.

Þessi frestur var í stysta lagi og má til samanburðar nefna að almennur frestur laganna, sbr. 2. mgr. 6. gr., til að leggja fram umsókn er tvö ár frá því að brot var framið. Auk þess var með lögum nr. 118/1999 veitt heimild til að víkja frá skilyrðum 2. mgr. 6. gr. laganna ef veigamikil rök mæltu með því. Engin heimild er til að víkja frá settum fresti varðandi brot sem framin voru fyrir 1. júlí 1996.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu sem varð að lögum nr. 118/1999 kemur fram að lögunum sé fyrst og fremst ætlað að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota, og þá alveg sérstaklega þeirra barna sem þolað hafa kynferðislegt ofbeldi, en jafnframt sé gert ráð fyrir að önnur tilvik geti réttlætt frávik. Gert er ráð fyrir að sú undantekningarheimild sem hér er lögð til nái til sömu tilvika og 3. mgr. 6. gr. en jafnframt að heimild þessi verði rýmri í þeim skilningi að fleiri tilvik gætu fallið undir ákvæðið en unnt er að heimfæra undir 3. mgr. 6. gr.

Gert er ráð fyrir að auk þeirra tilvika sem nefnd eru í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 118/1999 geti gildar ástæður í þessu samhengi t.d. verið að tjón hafi ekki verið komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en frestur samkvæmt lögunum rann út og framlagning umsóknar af þeim sökum erfiðleikum bundin. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að bótanefndin meti það út frá almennum sanngirnissjónarmiðum hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

Til að taka af allan vafa er tekið fram að bótanefnd sé heimilt að endurskoða ákvarðanir sínar í þeim málum þar sem greiðslu bóta hefur verið hafnað á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

Það heimildarákvæði sem hér er lagt til tekur aðeins til tjóns vegna brota sem framin voru fyrir gildistöku laganna þann 1. júlí 1996. Af þeim sökum og eins vegna þess að hér er um rýmra ákvæði að ræða en hið almenna ákvæði í 3. mgr. 6. gr. laganna er lagt til að umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar samkvæmt ákvæðinu verði að hafa borist innan árs frá gildistöku ákvæðisins.

38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa sem tilnefndir verði af öllum þingflokkum, Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands, auk formanns sem iðnaðarráðherra skipar, til að fullmóta og hafa yfirumsjón með aðgerðum til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði. Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, auðvelda fjármögnun verkefna og tryggingar vegna útflutnings, auka menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Þess var þá getið í greinargerð með tillögunni að ákveðið hefði verið að efna til samstarfsverkefnis iðnaðarráðuneytis, Samtaka iðnaðarins og Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, sem hefði það að markmiði að kanna raunveruleg starfsskilyrði skipaiðnaðarins og móta stefnu í málefnum greinarinnar. Nú hefur verið lögð fram skýrsla með niðurstöðum þessa verkefnis og er þar að finna úttekt á stöðu greinarinnar og tillögur til aðgerða. Nauðsynleg gögn liggja þannig að mestu leyti fyrir og því er hér lagt til að þegar í stað verði hafin vinna við að hrinda í framkvæmd aðgerðum til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði.

Skipasmíðar og þjónusta við skip eiga sér langa sögu á Íslandi og á köflum hefur blómlegur iðnaður dafnað á þessu sviði sem skapað hefur þúsundir starfa í landinu og sparað þjóðinni umtalsverðan gjaldeyri. Nú um langt árabil hefur skipaiðnaðurinn hins vegar átt í miklum erfiðleikum. Samdráttur hefur verið viðvarandi í greininni, fyrirtækjum hefur fækkað til muna og miklir rekstrarerfiðleikar hrjá mörg þeirra sem eftir eru. Sérstaklega hefur staða nýsmíða verið erfið og má heita að nýsmíðar stærri skipa séu aflagðar í landinu. Staðan er því miður litlu skárri hvað varðar meiri háttar viðhaldsverkefni, endurbyggingar eða endurbætur því að slík verkefni fara unnvörpum úr landi.

Margt veldur því að svo er komið fyrir íslenskum skipaiðnaði sem raun ber vitni. Nefna má sem eina af meginástæðunum að um langt árabil hefur íslenskur skipaiðnaður óstuddur af stjórnvöldum mátt sæta mjög erfiðri samkeppni við ríkisstyrkta og niðurgreidda starfsemi í nágrannalöndunum. Einnig hefur samkeppni við nýsmíðar frá löndum þar sem vinnulaun eru til muna lægri en hér verið greininni erfið. Engu síður er enn verið að gera merkilega hluti í íslenskum skipasmíðum og má þar sem dæmi taka nýsmíðar fyrirtækisins Óseyjar í Hafnarfirði á minni fiskiskipum bæði fyrir innlendan markað og til útflutnings. Einnig hefur verið talsverð gróska í nýsmíðum smábáta, plastbáta eða hraðfiskibáta af ýmsu tagi hjá þó nokkrum fyrirtækjum. Stærstu fyrirtækin í greininni, sem áður fyrr stunduðu jöfnum höndum

nýsmíðar, viðhald og viðgerðir, sem og upptökur stærri skipa, eiga öll í meiri eða minni erfiðleikum. Engin stór nýsmíðaverkefni hafa verið í gangi hér á landi um nokkurt árabil og ekki verður séð að óbreyttu að nein slík séu í sjónmáli. Ekki er síður alvarlegt að velflest stærri viðhalds-, endurbyggingar- eða viðgerðaverkefni fara einnig úr landi. Mikil hætta steðjar því að þessari atvinnugrein og nauðsynlegt er að grípa nú þegar til aðgerða til þess að ekki glatist úr landi eða tapist með öllu mikilvæg verkþekking og reynsla. Væri þá illa komið fyrir þjóð sem byggir jafnmikið á sjósókn, fiskveiðum og siglingum og Íslendingar gera.

Sú staðreynd að sjávarútvegur er mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga ætti að nægja til þess að allt sé gert sem hægt er til þess að hér á landi séu skipasmíðastöðvar, málmiðnaður, vélsmiðjur, rafiðnaður og önnur þjónusta sem sé fær um að veita skipaflotanum vandaða og örugga þjónustu hvað varðar nýsmíðar, breytingar, endurbætur og reglubundið viðhald. Í þessum efnum verður ekki bæði sleppt og haldið. Við getum ekki haft mannskap, þekkingu og fullnægjandi aðstöðu og afköst til taks þegar það hentar, t.d. þegar hávertíð stendur, tjón verður á skipi eða það bilar og hver sólarhringur í frátafir kostar milljónir króna, ef ekkert er svo gert til að skapa fyrirtækjunum verkefni og rekstrargrundvöll þar fyrir utan. Að óbreyttu heldur hnignunin áfram, fyrirtækin týna tölunni, þekking glatast, afköst verða minni og minni o.s.frv. Svo rammt kveður að þessari óheillaþróun að jafnvel verkefni á vegum stjórnvalda, eins og viðhald og viðgerðir á varðskipum Landhelgisgæslunnar, fara nú úr landi. Stórar pantanir, jafnvel hóppantanir, á fiskiskipum fara beint til erlendra skipasmíðastöðva. Þetta hvort tveggja gerist þó að öll rök, einnig hagkvæmnisrök, standi til þess að vinna slík verkefni hérlendis. Rétt er að benda á að fleira er í húfi en störfin í skipaiðnaðinum sjálfum í þröngri merkingu. Mikill fjöldi starfa í tengdum greinum, sjálfstætt starfandi aðilar og hreinlega þekking – ekki aðeins til að vinna verk hér innan lands heldur einnig skipuleggja þau, hanna, stjórna og hafa eftirlit með þeim – hangir hér á spýtunni. Með sama áframhaldi verður leitun að íslenskum tæknimönnum til þess að útbúa útboðsgögn, semja um viðhald eða nýsmíði eða til þess að hafa eftirlit með slíkum verkefnum. Ekki þarf að fjölyrða um óhagræði þess að þurfa að sækja slíka þjónustu meira og minna til útlanda. Reyndar er ástæða til að ætla að kostnaðarauki sem er því samfara að fara með verkefni úr landi sé oft vanmetinn.

Tillagan gerir ráð fyrir því að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka og fulltrúum aðila vinnumarkaðarins undir forustu fulltrúa iðnaðarráðuneytisins. Verkefni nefndarinnar verði að fullmóta tillögur um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði á grundvelli fyrirliggjandi gagna og hrinda þeim í framkvæmd. Vænlegast er að líkindum að einbeita sér fyrst í stað að því að auka hlut innlendra fyrirtækja í viðhalds- og endurbótaverkefnum á nýjan leik, horfa til nýsmíða eða samsetningar minni og meðalstórra skipa hér á landi og sækja síðan fram til stærri verkefna á þeim grunni sem þannig yrði lagður. Norðmenn, sem styðja sinn skipaiðnað leynt og ljóst og hafa lengi gert, nýta sér í talsverðum mæli ódýrt vinnuafl og lágan kostnað við stálvinnu í Póllandi, Kaliningrad og víðar en setja skipin saman eða fullbúa þau í norskum stöðvum. Þá þarf að taka á þáttum eins og fagmenntun starfsfólks. Eitt áhyggjuefnið er að verkþekking glatast nú óðum út úr greininni og engir nýir árgangar iðnaðarmanna og annars fagfólks bætast við. Einnig þarf að huga að því hvernig unnt er að efla rannsóknir og þróunarstarf og auka samstarf háskóla og rannsóknastofnana við greinina til þess að Íslendingar geti nýtt sér verkþekkingu og hugvit sem hér er að finna til þess að komast aftur í fremstu röð í þessari atvinnugrein.

39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Þuríður Backman.

1. gr.

206. gr. laganna orðast svo:

Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn, yngra en 18 ára, til þess að stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að fólk sé flutt úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði, hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita, svo sem með útleigu húsnæðis eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem býður upp á kynferðislegar nektarsýningar og hefur þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu skal sæta allt að 4 ára fangelsi. Sömu refsingu varðar það að skipuleggja og reka kerfisbundna klámþjónustu gegnum síma eða tölvur.

2. gr.

1. og 2. mgr. 210. gr. laganna orðast svo:

Ef klám birtist á prenti, myndbandsspólum eða geisladiskum skal sá sem ábyrgð ber á birtingu þess sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það þann sem er ábyrgur fyrir að auglýsa í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi aðgang að klámi í hvaða mynd sem það er fram borið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú lagt fram fjórða árið í röð enda er það mat flutningsmanna að æ brýnna verði að kveða skýrt á um þau atriði í lögum sem frumvarpið tekur á. Frumvarpið var tekið til umræðu á 127. og 126. löggjafarþingi og vísað til allsherjarnefndar en nefndin afgreiddi málið ekki frá sér. Málið var sent út til umsagnar og komu mismundandi sjónarmið fram í umsögnum aðila. Dómsmálaráðuneytið skýrði frá því í sinni umsögn að væntanleg væri skýrsla nefndar sem falið var af ráðuneytinu að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis á Íslandi. Nú hefur skýrsla nefndarinnar verið gefin út (dóms- og kirkjumálaráðuneytið 16. apríl 2002) og er það skoðun flutningsmanna að niðurstöður nefndarinnar gefi ekki tilefni til annars en að endurflytja frumvarpið.

Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum á 206. gr. laganna:

— Refsiábyrgð vegna vændis breytist þannig að kaup á vændi og annarri kynlífsþjónustu verði refsiverð en vændi sem stundað er til framfærslu verði ekki lengur refsivert.
— Gert er ráð fyrir að refsing fyrir að hafa milligöngu um vændi annarra verði þyngd, sömuleiðis að þyngd verði refsing fyrir það að ginna, hvetja eða aðstoða barn til að stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu.
— Orðalaginu í gildandi lögum „hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra“ verði breytt í „hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra“.
— Lagt er til að orðinu „lauslæti“ í gildandi lögum verði breytt í „vændi“.
— Orðinu „ungmenni“ í gildandi lögum er breytt í „barn“ og orðalaginu „viðurværi sitt af lauslæti“ er breytt í „stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu“.
— Ákvæði 4. mgr. 206. gr. verði breytt þannig að aldursmörk hverfi út úr greininni og gert ráð fyrir því að athæfi það sem greinin fjallar um verði refsivert hvort sem viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki. Eins og greinin er í gildandi lögum virðist refsing einungis liggja við athæfinu ef sá sem fluttur er á milli landa er undir 21 árs aldri og er ekki kunnugt um tilgang fararinnar. Þá er lagt til að orðalagið „hafa viðurværi sitt af lauslæti“ breytist í „taka þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði“.
— Í 5. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir því að orðalagið „gerir sér lauslæti annarra að tekjulind“ breytist í „hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita“.
— Í nýrri málsgrein í lok greinarinnar er gert ráð fyrir því að refsivert verði að bjóða upp á kynferðislegar nektarsýningar og hafa þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu. Sömuleiðis að refsivert verði að reka kerfisbundna klámþjónustu í gegnum síma eða tölvur.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum á 210. gr. laganna:

— Hámarksrefsing verði þyngd vegna brota er varða klámefni það sem getið er um í 1. og 2. mgr. núgildandi laga.
— Birting klámefnis skv. 1. mgr. nái ekki einungis til prentefnis, eins og í gildandi lögum, heldur taki einnig til klámefnis á myndbandsspólum og geisladiskum.
— Við refsingu varði að auglýsa aðgang að klámi í fjölmiðlum, netmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

Um hugtökin „vændi“ og „lauslæti“.

Hvorki hugtakið „vændi“ né hugtakið „lauslæti“ hafa verið skilgreind í lagatexta og ekki heldur í greinargerðum með lögum. Af því má draga þá ályktun að erfitt hafi verið fyrir löggregluyfirvöld sem dómstóla að starfa eftir bókstaf laganna. Þegar að er gáð kemur líka á daginn að einungis fjórir dómar er lúta að vændi finnast í dómasafni Hæstaréttar. Þar af eru þrír frá svokölluðum ástandsárum, eða fyrir 1956. Einn dómur hefur verið kveðinn upp í Hæstarétti þar sem sakfellt hefur verið á grundvelli 206. gr. almennra hegningarlaga á grunni þeirra ákvæða er lúta að vændi eða milligöngu um vændi.

Í mikilvægri og nákvæmri skýrslu dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., sem lögð var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi, getur að líta eftirfarandi um hugtakið „lauslæti“: „Í 2.–5. mgr. 206. gr. íslensku hegningarlaganna er ávallt notað orðið lauslæti. Í 1. mgr. er aftur á móti notað orðið vændi. Orð sambærileg við lauslæti voru framan af notuð í lagatexta nágrannaríkjanna en hafa nú að mestu leyti vikið fyrir orðinu „prostitution“

(vændi) sem þykir mun nútímalegra orðfæri. Ástæða er til þess að hafa þetta í huga ef íslensku lögin verða endurskoðuð.“ Margt fleira sem fram kemur í þessari skýrslu er þess eðlis að það ýtir undir að lagabreytingar af því tagi sem hér er lagt til að verði gerðar.

Nútímaþrælasala og alþjóðlegar aðgerðir.

Síðustu árin hefur verið áberandi hversu umræðan um klám og vændi hefur færst í vöxt hér á landi sem annars staðar í nágrannalöndum okkar. Ástæður þess má að miklu leyti rekja til þess að þjóðir á Vesturlöndum hafa opnað augu sín fyrir því að stunduð er skipulögð verslun með manneskjur sem eru fluttar til Vesturlanda frá fátækari heimshlutum. Fórnarlömb þessarar skipulögðu nútímaþrælasölu, eins og þessi starfsemi hefur verið kölluð, eru aðallega konur og börn og eru þau ýmist ginnt eða neydd til að þjóna sívaxandi klám- og kynlífsiðnaði á Vesturlöndum. Menn telja sig nú orðið hafa fullvissu fyrir því að umfang þessarar starfsemi, sem talin er rekin af skipulögðum glæpahringjum um allan heim, jafnast orðið á við umfang eiturlyfja- og vopnasölu í veröldinni. Talið er að árlega sé verslað með hundruð þúsunda kvenna og barna um allan heim og áætlað hefur verið að tekjur glæpahringja af starfseminni nemi jafngildi um 7 milljarða bandaríkjadala á ári. Þjóðir heims hafa brugðist við á ýmsan hátt, t.d. með því að endurskoða ákvæði í löggjöf sinni er lúta að vændi og öðrum þáttum klám- og kynlífsiðnaðar. Þá hafa fjölþjóðlegir samningar verið gerðir til að freista þess að koma lögum yfir starfsemi af þessu tagi. Má þar nefna Samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og tvo viðauka sem gerðir voru við þann samning. Fjallar annar þeirra sérstaklega um mansal, einkum barna og kvenna, og er markmiðið samkvæmt viðaukanum að sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem viðurkennd er skylda þjóða til að vernda og aðstoða þolendur slíkra glæpa eftir fremsta megni. Komið hefur fram í umræðum á Alþingi að samningur þessi hafi verið undirritaður fyrir Íslands hönd og vænta megi þess að hann verið fullgiltur þegar undirbúningsvinnu þess ferlis er lokið. Evrópusambandið hefur brugðist við með ýmsum hætti og er skemmst að minnast sameiginlegs fundar dómsmálaráðherra sambandsins í lok september, þar sem ákveðið var að samræma löggjöf um smygl á fólki og mansal og herða refsingar.

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og þar með undirgengist m.a. að banna að hneppa menn í þrældóm eða nauðungarvinnu og banna þrælahald og þrælaverslun, hverju nafni sem hún nefnist. Þá eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum ákvæði þess efnis að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal staðfesta lagasetningu, til þess að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi sem tengist vændi kvenna. Þannig er Ísland þegar skuldbundið samkvæmt samningum af þessu tagi og því ekki seinna vænna að færa gildandi lög til betri vegar í þessum efnum.

Skýrsla um vændi á Íslandi.

Mikilvægt innlegg í þessa umræðu og jafnframt öflugt tæki í þeirri vinnu sem framundan hlýtur að vera í þessum málaflokki hjá löggjafarvaldinu, er skýrsla sú sem dómsmálaráðherra lét gera og út kom í mars 2001. Skýrslan ber heitið *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess*. Í skýrslunni er staðfest það sem áður hefur verið bent á, t.d. í grein eftir Áshildi Bragadóttur stjórnmálafræðing í Veru, 1. tbl. 2000. Í greininni er að finna fimm skilgreiningar á vændi sem fullyrt er að stundað sé hér á landi. Í fyrsta lagi kemur fram að hér á landi eru starfrækt vændishús „þar sem einn aðili á eða stjórnar starfseminni, tekur á móti pöntunum og útvegar viðskiptavinum hold. Vændið fer ýmist fram innan veggja vændishússins, á hótelum, vinnustöðum viðskiptavinarins eða heimili hans.“ Í öðru lagi kemur fram að eigendur

eða rekstraraðilar ákveðinna veitingahúsa hafi tekið að sér að vera milliliðir viðskiptavinarins og þess sem „seldi sig". Í þriðja lagi er nefnd svokölluð fylgiþjónusta. Í fjórða lagi er talað um vændi þar sem karlmenn „gera skipulega út á konur". Í fimmta lagi kemur fram í áðurnefndri grein Áshildar Bragadóttur að hér á landi þrífist það sem hún nefnir tilviljanakennt götuvændi.

Í skýrslu dómsmálaráðherra eru allar upplýsingar Áshildar staðfestar og niðurstaða skýrslunnar er eftirfarandi: Vændi á sér stað á Íslandi í ýmsum myndum, meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu, meðal eldri einstaklinga heimahúsum, tilviljanakennt götuvændi, vændi gegnum auglýsingar í dagblöðum, á símalínum og á internetinu, vændi sem rekið er gegnum milliliði af ýmsu tagi og skipulagt vændi í tengslum við starfsemi nektardansstaða.

Í skýrslu dómsmálaráðherra er gerð grein fyrir þeim kynlífsiðnaði sem umræðan hefur snúist um og er upptalning skýrslunnar yfirgripsmikil og greinargóð. Samkvæmt skýrslunni er með kynlífsiðnaði vísað til klámtímarita, starfsemi nektardansstaða, klámmyndbanda, barnakláms, kláms á Internetinu, skipulagðs vændis, götuvændis, símavændis, erótískra nuddstofa og fylgdarþjónustu. Við þessa upptalningu má bæta auglýsingum um ýmiss konar kynlífsþjónustu, t.d. í dagblöðum, auk þess sem talið er að í tengslum við ákveðnar vefsíður sé stundað skipulagt vændi.

Vændi skilgreint sem ofbeldi.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum sem jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og ráðherranefnd þess hafa afgreitt telst mansal til kynlífsþrælkunar eða kynlífsmisnotkunar vera til staðar „þegar einstaklingur, lögpersóna og/eða samtök útvega og/eða flytja innan lands eða milli landa á löglegan eða ólöglegan hátt einstaklinga, jafnvel með samþykki þeirra, í þeim tilgangi að nýta þá kynferðislega í gróðaskyni og beita til þess meðal annars þvingunum, einkum ofbeldi eða hótunum, blekkingum og misnotkun valds eða misnota sér bága stöðu einstaklinganna". (Elsa Þorkelsdóttir, Mansal, erindi flutt á fræðslufundi undir yfirskriftinni *Mansal — kynlífsþrælkun — staðreynd eða upphrópun á Íslandi,* á Hótel Borg, 8. febrúar 2000.)

Kaup á kynlífi og kynlífsþjónustu eru því gróf valdbeiting, kynferðislegt ofbeldi, þar sem valdastaða þess sem kaupir, selur eða hefur milligöngu um þjónustuna er staða hins sterka. Þá er þess einnig að geta að talið er að verslun með konur til kynlífsþrælkunar sé oftast tengd annarri glæpastarfsemi, svo sem eiturlyfjasmygli, peningaþvætti og öðrum ólöglegum athöfnum.

Afleiðingar vændis eða sölu hvers kyns kynlífsþjónustu eru iðulega mjög svipaðar og hjá öðrum þolendum kynferðisofbeldis, þ.e. brotin sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitning, þunglyndi, sjálfsvígsþankar og tilraunir til sjálfsvíga. Ótal kannanir hafa einnig sýnt að konur sem selja líkama sinn eru að stórum hluta konur sem beittar hafa verið kynferðisofbeldi í bernsku og hafa því alla tíð staðið höllum fæti í lífinu. Á síðari árum hafa fátækt og litlar vonir um mannsæmandi framtíð einnig knúið fólk til vændis og auðveldað þannig þeim sem kaupa kynlífsþjónustu eða gerast milligöngumenn um slíkt að ná valdi yfir því.

Það sem viðgengst hér varðar við lög hjá nágrönnum okkar.

Ein er sú þjónusta sem nektardansstaðirnir hér á landi bjóða upp á og kölluð er einkadans. Í einkadansi bjóða eigendur staðanna viðskiptavinum aðgang að litlum klefum þar sem stúlka dansar nakin fyrir þá eina. Verðlagningin tekur mið af þeim tíma sem viðskiptavininum er tryggð einvera með dansaranum. Verðlistar hanga uppi á stöðunum og viðskiptavinurinn greiðir staðnum fyrir þjónustuna, en ekki stúlkunni. Stúlkurnar munu síðan gera samninga við staðina um sinn hlut greiðslunnar. Þessi hluti starfsemi staðanna hefur verið harðlega

gagnrýndur m.a. af þeim aðilum hér á landi sem hafa með höndum þjónustu til handa fórnarlömbum kynferðisofbeldis.

Samkvæmt upplýsingum frá PRO-miðstöðinni í Kaupmannahöfn, sem er opinber fræðslu-, ráðgjafar- og rannsóknarmiðstöð um vændi og kynlífsiðnað í Danmörku, er einkadans af þessu tagi ekki leyfður þar í landi. Þar er í gildi reglugerð sem kveður á um að viðskiptavinir á nektardansstöðum þurfi að halda sig í a.m.k. fjögurra metra fjarlægð frá stúlkunum. Hjá PRO-miðstöðinni í Noregi fást þær upplýsingar að einkadansinn tíðkist ekki heldur þar í landi. Þar vakti það gífurlega hörð viðbrögð þegar opnaðir voru barir þar sem þjónustustúlkur gengu um berbrjósta. Nú er aðeins einn slíkur bar starfandi í Ósló. Sænsk yfirvöld hafa gengið hvað lengst í lagasetningu til að stemma stigu við kaupum á kynlífsþjónustu. Þau hafa gengið fram fyrir skjöldu, svo eftir hefur verið tekið víða um heim, og bannað kaup á kynlífsþjónustu, hvaða nafni sem hún nefnist.

Hollenska leiðin.

Ekki verður fjölyrt hér frekar um þá kynlífs- og klámþjónustu sem í boði er hér á landi. Þó verður ekki hjá því komist að benda á þá staðreynd að dæmi eru um stór og virðuleg hótel í Reykjavík, sem birta í sjónvarpskerfum sínum auglýsingar frá nektardansstöðum um ókeypis akstur í límósínu frá hótelinu á viðkomandi nektardansstað, auk þess sem boðið er upp á fylgdarþjónustu. Þá hefur einnig rutt sér til rúms hér á landi sá siður að bjóða hótelgestum upp á þann möguleika að kaupa sér aðgang að klámefni á lokuðum sjónvarpskerfum hótelanna. Ef þetta er það sem Íslendingar leggja metnað sinn í að bjóða erlendum gestum er spurning hvort ekki fari á endanum fyrir okkur eins og Hollendingum, sem hafa lögleitt vændi þannig að nú geta þeir sem stunda vilja vændi sótt um starfsleyfi til hins opinbera. Þar með er búið að gera kynlífsiðnaðinn löglegan og nú segja sumir að Hollendingar byggi 5% þjóðarframleiðslu sinnar á kynlífsiðnaðinum.

Sænska leiðin.

Í frumvarpi þessu er lagt til að við Íslendingar förum eins að og Svíar. Sænsku lögin gengu í gildi 1999 og samkvæmt upplýsingum sem lagðar voru fram á norrænni ráðstefnu, sem haldin var hér á landi í ágúst 2001 af samtökum norrænna kvenna sem berjast gegn ofbeldi, kom fram að þegar væru fallnir nokkrir dómar á grundvelli hins nýja ákvæðis. Á þessari ráðstefnu var samþykkt svohljóðandi yfirlýsing:

„*Norrænar konur gegn ofbeldi* líta á vændi sem ofbeldi gegn konum. Svíþjóð er eina landið á Norðurlöndunum sem hefur haft kraft til þess að beina sjónum frá þolendum ofbeldisins að ofbeldismönnunum með því að hafa árið 1999 gert kaup á kynlífsþjónustu ólögleg. Um 80% af sænsku þjóðinni styðja þessi lög.

Þrátt fyrir samnorræn viðhorf löggjafa um jafnrétti fer fjöldi vændiskvenna vaxandi. Þar að auki eru fleiri útlenskar konur og unglingar seld til réttindalauss lífs á Norðurlöndunum til þess að þjóna auknum fjölda kynlífskaupenda. Norðurlöndin öll hafa lög sem hægt hefði verið að beita til þess að hindra vöxt og viðgang kynlífsiðnaðar og vændis í löndum okkar. Lögin eru almennt ekki notuð.

Norrænar konur gegn ofbeldi líta svo á að kominn sé tími til þess að Norðurlöndin öll fari að dæmi Svía. Með því að gera kaup á kynlífsþjónustu ólögleg er áherslan flutt frá þeim sem fyrir ofbeldinu verða og yfir á ofbeldismennina. Þar með viðurkenna ríkisstjórnir, löggjafarvald og félagsþjónusta ofbeldið gegn konum og hafna því að líkamar barna og kvenna séu til sölu.“

Lokaorð.

Auknar umræður hafa orðið um þessi mál á Alþingi nú á síðustu missirum og á haustþingi 1999 var samdóma álit þingmanna sem tóku til máls í umræðum utan dagskrár um málið að stemma þyrfti stigu við þeim klám- og vændisiðnaði sem virðist hafa haslað sér völl á Íslandi. Þá ber einnig að hafa í huga hið dýrmæta tæki sem Alþingi hefur nú í höndunum í skýrslu Sólveigar Pétursdóttur dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. sem nefnd var hér að framan. Í henni koma fram afar gagnlegar upplýsingar sem eiga eftir að vera styrkur í vinnu við breytingar á löggjöf þeirri sem hér um ræðir.

40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um eflingu félagslegs forvarnastarfs.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks.

Áætlunin feli í sér úttekt á félagsstarfi í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu sem til greina kemur í þessu sambandi, svo sem starfi á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um hvernig vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist.

Til átaksins verði varið allt að 10 millj. kr. á árinu 2002 til að undirbúa framkvæmd þess og síðan allt að 180 millj. kr. árlega í fimm ár eða þar til ákvarðanir verða teknar um frekara framhald þess. Tekna verði aflað með hækkun á hlutfalli áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1995. Áfengis- og vímuvarnaráð geri tillögur til heilbrigðisráðherra, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 76/1998, um ráðstöfun þess fjár sem við bætist í Forvarnasjóð og sérstaklega er ætlað til eflingar félagslegs forvarnastarfs. Heilbrigðisráðherra setji, að höfðu samráði við menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra, nánari ákvæði í reglugerð, sbr. 6. gr. laga nr. 76/1998, um þetta efni, þ.m.t. hvernig háttað skal samráði og samstarfi einstakra aðila sem málið varðar.

Ríkisstjórnin skili Alþingi árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar þar sem árangur átaksins er metinn.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt með nokkrum breytingum. Er þar m.a. tekið mið af atriðum sem fram komu í umsögnum sem bárust á síðastliðnu þingi. Meginbreytingin er sú að mælt er fyrir um að tekna skuli aflað með hækkun á þeim hluta áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð. Verði hluti Forvarnasjóðs hækkaður úr 1% í 2% af áfengisgjaldi strax 1. nóvember nk. gæti það gefið nálægt 10 millj. kr. í viðbótartekjur til að hefja undirbúning að framkvæmd átaksins. Hækkun þess hluta áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð í 4% um næstu áramót mundi svo skila nálægt 180 millj. kr. á ári í viðbótar tekjur til að standa straum af kostnaði við átakið. Samhliða tillögu þessari verður flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki þar

sem lagt verður til að hlutur Forvarnasjóðs hækki eins og áður sagði. Í samræmi við þetta er einnig valin sú leið að mæla fyrir um að áfengis- og vímuvarnaráð hafi með höndum tillögugerð til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Af hálfu flutningsmanna var að sjálfsögðu alltaf ætlunin að átak til eflingar félagslegu forvarnastarfi yrði hrein viðbót og til styrktar almennu forvarnastarfi sem fyrir er og unnið í góðu samráði allra málsaðila. Tillagan í eldri útgáfu sinni fól hins vegar ekki í sér nein fyrirmæli um hvernig staðið yrði að framkvæmd átaksins eða hver annaðist fjárvörslu og tillögugerð um ráðstöfun. Augljóst er að eigi tillagan að ná tilgangi sínum þarf að takast mjög gott samstarf milli allra sem sinna áfengis- og vímuvarnamálum og þeirra fjölmörgu sem halda úti félagastarfsemi sem efla má í forvarnaskyni, sbr. eftirfarandi greinargerð. Einnig er mikilvægt að virkja aðila eins og sveitarfélögin og samtök þeirra til liðs við baráttuna. Sérstök ástæða er til að beina fjárstuðningi til verkefna í fámennum og fjárhagslega veikburða sveitarfélögum þar sem ástæða er til að ætla að starfsemi af því tagi sem um ræðir standi höllum fæti. Ráðherra er því falið að setja nánari ákvæði í reglugerð um þetta atriði sérstaklega, þ.e. hvernig samráði og samstarfi einstakra aðila skuli háttað. Að öðru leyti stendur eldri greinargerð tillögunnar óbreytt fyrir sínu

„Ljóst er að neysla fíkniefna er alvarlegt samfélagsvandamál á Íslandi. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst vilja til að bregðast við þessum vanda og í umræðu um þessi efni er jafnan lögð mikil áhersla á forvarnir. Sú tillaga sem hér er flutt er hugsuð sem innlegg í baráttuna gegn neyslu ávana- og fíkniefna og snýr að félagslegum forvörnum. Um leið er ætlunin að stuðla að þroskandi þátttöku ungs fólks, bæði félagslega, andlega og líkamlega, í uppbyggilegu félagsstarfi.

Það er ekki markmið forvarnastarfs í sjálfu sér að hafa úrslitaáhrif á það hvernig einstaklingar haga lífi sínu eftir að þeir eru komnir á fullorðinsár. Segja má að forvarnir snúist um að stuðla að því að fólk láti vera að nota vímuefni eða hefji a.m.k. ekki notkun þeirra fyrr en það getur tekið yfirvegaða ákvörðun um það og neyti þeirra þá ekki í óhófi. Það er samdóma álit þeirra sem vinna að forvörnum að það eitt að seinka notkun vímuefna hjá ungu fólki sé alltaf til bóta, enda hljóti það að vera betur í stakk búið til að umgangast vímugjafa eftir því sem það öðlast meiri þroska og þekkingu á þeim efnum sem um er að ræða.

Félagslegar forvarnir hafa þann mikla kost að í raun eru þátttakendurnir sjálfir að sinna eigin forvörnum með því að taka þátt í þroskandi og uppbyggjandi félagsstarfi og sniðganga vímuefnin í senn. Slíkt félagsstarf eykur alla jafna samskiptahæfni fólks, eflir sjálfstraust þess og virðingu fyrir öðrum. Hvað félagslegar forvarnir snertir er höfuðatriði að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Eðlilegt er að líta til nemendafélaga, tómstundafélaga, skáta, félagsmiðstöðva, trúfélaga og síðast en ekki síst íþróttahreyfingarinnar.

Íþróttahreyfingin vinnur sem kunnugt er geysilega mikilvægt starf á þessu sviði. Kannanir sýna að íþróttir gegna stóru hlutverki í félagslegum forvörnum gegn ávana- og fíkniefnum. Þar kemur ekki aðeins til hið mikla félagslíf sem íþróttaiðkun fylgir. Unglingar sem stunda íþróttir velja sér einnig frekar fyrirmyndir úr hópi íþróttafólks og það hvetur þá á sinn hátt til að hlúa enn frekar að heilsunni og láta vímuefni ósnert.

Þótt margvíslegt íþrótta- og tómstundastarf sé í boði á vegum fjölmargra félagasamtaka er fjöldi unglinga sem ekki finnur þar neitt við sitt hæfi. Jafnframt er brottfall úr íþróttum mikið meðal unglinga. Félagsmiðstöðvar gegna því afar mikilvægu hlutverki í lífi nútímaunglinga og skipta þá stöðugt meira máli. Í félagsmiðstöðvum er boðið upp á vímulaust, verndað umhverfi sem foreldrar geta treyst. Þar er yfirleitt að finna starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu og þar eru forvarnir útgangspunktur.

Starf félagsmiðstöðvanna er afar fjölbreytt og í sem stystu máli mætti segja að hlutverk þeirra sé að aðstoða unglinga við að gera það sem þeir hafa áhuga á, hvort sem það snýst um

tónlist, leiklist, kvikmyndagerð, námskeið og fræðslufundi, skáldskap, íþróttir eða annað tómstundastarf. Fyrirlestrar af ýmsu tagi eru mikilvægur þáttur í starfi félagsmiðstöðvanna enda miða þeir að því að uppfræða unglinga og eyða fordómum, svo sem gagnvart tilteknum sjúkdómum og minnihlutahópum. Tilgangur starfsins er þó ekki síst að styrkja sjálfsímynd unglinga og gefa þeim raunverulegt val um hvernig þeir verja frítíma sínum. Oft þarf í raun og veru ekki annað en að útvega unglingum aðstöðu til að vinna að áhugamálum sínum. Á það ekki síst við um alls kyns íþróttir sem ekki hafa náð mikilli útbreiðslu, eða svokallaðar „jaðaríþróttir", sem gjarnan ná fyrst og fremst hylli unglinga og geta átt eftir að festa rætur í íþróttalífi landsmanna síðar meir. Sem dæmi má nefna að meðal unglinga er snjóbrettaiðkun nú orðin útbreiddari en skíðaiðkun.

Nú eru meira en 70 félagsmiðstöðvar starfræktar víðs vegar um landið. Þar er unnið mikilvægt starf en fjárveitingar eru af skornum skammti. Staðreyndin er sú að á bilinu 92–97% af rekstrarfé félagsmiðstöðvanna fara í launagreiðslur. Þá er bersýnilega lítið sem ekkert eftir til viðhalds og efnis- og tækjakaupa, hvað þá til að greiða utanaðkomandi fyrirlesurum þóknun. Ófært er að ætlast til þess að félagsmiðstöðvar afli sértekna af einhverju tagi. Það gefur augaleið að þá sem þangað sækja má ekki krefja um aðgangseyri eða þátttökugjöld. Ljóst er að aðstæður unglinganna eru afar misjafnar og gjaldtaka gæti leitt til þess að þeir heltust úr lestinni sem síst mega við því.

Samkvæmt mælingum á vegum Gallup taka nú á bilinu 50–65% unglinga þátt í félagsstarfi á vegum félagsmiðstöðvanna og er það heldur meiri þátttaka en í íþróttaiðkun á vegum íþróttahreyfingarinnar. Einnig ber að hafa í huga að félagsmiðstöðvar, einkum í Reykjavík, gegna í vaxandi mæli því hlutverki að vera eins konar hverfamiðstöðvar fyrir alla aldurshópa. Dæmi eru um að 6–9 ára börnum sé sinnt allan ársins hring með frístundaheimili og leikjanámskeiðum. Því er óhætt að segja að félagsmiðstöðvar sinni stöðugt fleiri verkefnum á sviði æskulýðsmála í landinu. Allur kostnaður við rekstur þeirra er greiddur af sveitarfélögum og styrktaraðilum. Mun það vera einsdæmi innan Evrópusamtaka félagsmiðstöðva (ECYC) að landssamtök félagsmiðstöðva, í okkar tilviki *Samfés* sem allar félagsmiðstöðvar landsins eru í, byggist alfarið á félagsgjöldum og kostun.

Ljóst er að stórefla má félagslegt forvarnastarf með tiltölulega litlum viðbótarfjármunum. Félagsmiðstöðvarnar eru fyrst og síðast byggðar upp á fólkinu sem þar starfar þannig að þær þarfnast aðallega svigrúms til að kosta viðhald, efni og annað slíkt. Þó ber að hafa í huga að áríðandi er að félagsmiðstöðvarnar geti aukið starfsemi sína verulega á næstunni. Þar kemur ekki síst til þörf fyrir að þjóna aldurshópnum 16–18 ára sem virðist í auknum mæli leita í öryggi og afþreyingu miðstöðvanna. Sýnilegt er að nýleg hækkun á sjálfræðisaldri íslenskra unglinga kallar á sérstaka skoðun á málefnum þessa aldurshóps.

Í tillögunni er lagt til að gerð verði yfirgripsmikil úttekt á þeirri starfsemi sem fallið getur undir félagslegar forvarnir. Enn fremur að gerð verði áætlun um að efla slíkar forvarnir og veita til þess umtalsverða fjármuni. Til að meta árangurinn af slíku átaki skal ríkisstjórnin árlega skila skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar."

41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember árið 2002 skal þetta hlutfall vera 2% og síðan 4% frá og með 1. janúar árið 2003.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs. Hækkun þess hluta áfengisgjalds sem rennur til Forvarnasjóðs er ætluð til að standa straum af kostnaði við sérstakt átak í þeim efnum. Áætlað er að hækkunin skili um 10 millj. kr. viðbótartekjum á tveimur síðustu mánuðum ársins 2002 og um 180 millj. kr. á ári eftir það. Um frekari rökstuðning vísast í greinargerð með áðurnefndri tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs.

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir sem hann leitar til gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma og jafnframt gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar. Miða skal við að bið eftir aðgerð sé að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við umfjöllun um frumvarp það sem varð að lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram breytingartillögu sama efnis og hér gefur að líta. Breytingartillagan hlaut ekki samþykki. Nú er þessi breyting lögð til í þriðja sinn en á 126. löggjafarþingi var hún einnig flutt en náði eigi fram að ganga.

Ýmis rök mæla með því að kveðið sé á um það í lögum hvað skuli að öllu jöfnu teljast hámarksbiðtími eftir aðgerð. Engar reglur eru til um þetta aðrar en verklagsreglur sjúkrahúsa

og annarra heilsustofnana. Á sumum sviðum eru alls engar reglur til. Þetta fyrirkomulag verður að teljast ófullnægjandi þegar svo mikilvægt málefni er annars vegar.

Langur biðtími eftir aðgerð hefur í för með sér mikil óþægindi fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. Vanlíðan, streita, kvíði og óvissa eru algeng hjá þeim sjúklingum sem þurfa að bíða lengi eftir aðgerð. Þá upplifir fólk langa bið sem virðingarleysi við líf sitt og heilsu ef það á annað borð stendur í þeirri trú að aðgerð geti læknað mein þess og linað þjáningar.

Langur biðtími hefur ekki einungis slæm áhrif á tilfinningalegt og líkamlegt ástand sjúklings. Viðurkennt er að biðlistar eru kostnaðarsamir bæði fyrir sjúklingana sjálfa og þjóðfélagið í heild. Hér er fyrst að nefna að sjúklingar eru oft frá vinnu vegna veikinda sinna. Löng bið eftir aðgerð hefur þau áhrif að vinnutap verður meira en ella sem oft hefur alvarleg áhrif á fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Vinnutapið leiðir síðan til minni skatttekna ríkissjóðs og lyfjakostnaður Tryggingastofnunar eykst í hlutfalli við lengd veikindanna. Auk þessa má nefna aukinn kostnað ríkis og sveitarfélaga vegna heimaþjónustu, heimahjúkrunar, annarra læknismeðferða og vistunarplássa. Gera má ráð fyrir að aðgerð verði umfangsmeiri og erfiðari og þar með kostnaðarsamari eftir því sem hún dregst lengur. Í lokin má benda á að aukið álag og fjölgun innlagna á bráðadeildir sjúkrahúsanna má að hluta til rekja til biðlistanna.

Af þessu má sjá að langur biðtími er bæði þjóðhagslega og heilsuhagfræðilega óhagkvæmur. Flutningsmenn gera sér grein fyrir því að ekki er unnt að setja einhlítar reglur sem gilda skuli við allar aðstæður. Ýmsar ástæður geta valdið því að biðtími eftir aðgerð verði langur, svo sem skortur á læknum með næga sérþekkingu, skortur á nauðsynlegum áhöldum og tækjum o.fl. Við slíkar aðstæður getur langur biðtími oft reynst óhjákvæmilegur. Af þeim sökum er aðeins gerð tillaga um viðmiðunarákvæði um hámarksbiðtíma að öllu jöfnu. Að mati flutningsmanna er ein ástæða sem ekki getur réttlætt langan biðtíma, en það er fjárskortur, þar sem ljóst er að biðlistar spara enga peninga heldur er einungis verið að kasta peningum á glæ með myndun þeirra.

Víða erlendis hafa verið settar reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og heilbrigðisþjónustu. Í Svíþjóð og Noregi hefur verið lögfestur þriggja mánaða hámarksbiðtími eftir aðgerð. Í Danmörku er biðtíminn tveir mánuðir. Þar eiga sjúklingar rétt á að fara annað til að fá læknisaðgerð líti út fyrir að biðin verði lengri en hámarksbiðtíminn og greiðir hið opinbera þá fyrir aðgerðina sömu upphæð samkvæmt DRG-mælingu og upprunalega sjúkrahúsið hefði fengið.

Flutningsmenn leggja áherslu á að viðmiðunarregla eins og hér er lögð til er til þess fallin að skapa samræmi og eyða óvissu við meðferð mála, auka hagkvæmni og tryggja réttindi sjúklinga enn frekar, í samræmi við réttindi sjúklinga annars staðar á Norðurlöndum þótt hér sé ekki gengið eins langt og þar.

43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breytingar á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, sbr. lög nr. 52/2001.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Foreldrar sem fara með sameiginlega forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit eiga bæði rétt til bóta vegna barnsins óháð lögheimili þess.

2. gr.

5. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. um íbúðarhúsnæði hafa eftirtaldir rétt til húsaleigubóta:

1. fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða,
2. námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum eða herbergi með sameiginlegri eldhús- og snyrtiaðstöðu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um húsaleigubætur. Fyrri breytingin snýr að foreldrum sem eftir skilnað eða sambúðarslit eru með sameiginlega forsjá barns eða barna sinna. Eins og lögin eru nú getur aðeins foreldrið sem barnið eða börnin eiga lögheimili hjá fengið viðbótarhúsaleigubætur. Foreldrið sem er einnig með forsjána en barnið býr ekki hjá þarf að geta sinnt börnum sínum til jafns við hitt foreldrið en fær þessa viðbót ekki. Reynslan hefur sýnt að þetta hefur gert foreldrum, sem barn er ekki með lögheimili hjá, erfitt fyrir að rækja þær skyldur sem felast í sameiginlegri forsjá. Til að jafna mun foreldra hvað þetta varðar er þessi breyting lögð til. Félagsmálayfirvöld í Reykjavík hafa bent á að þörf væri á breytingu í þessa veru.

Hin breytingin snýr að námsmönnum, en með lagabreytingu frá 16. maí 2001 er nemendum í framhalds- og háskólum mismunað. Námsmenn á heimavist eða stúdentagörðum öðluðust rétt á húsaleigubótum þótt þeir byggju í herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði. Nú er það svo að námsmenn hafa ekki allir kost á slíku húsnæði og verða þá að leigja sér sambærilegt húsnæði annars staðar, sem er almennt mun dýrara en garður eða heimavist, en þeir fá ekki húsaleigubætur samkvæmt núgildandi lögum. Úr þessu óréttlæti er bætt með þessu frumvarpi.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en fékk ekki afgreiðslu.

44. Frumvarp til laga [44. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: maður sem leiðir að því líkur að hann geti verið faðir barns er búsettur hér á landi.

2. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Faðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður, manns sem telur sig vera föður barns eða varnaraðila, sbr. og 2. mgr.

Nú á sóknaraðili ekki varnarþing hér á landi og má þá höfða mál á varnarþingi móður barns eða þess manns sem telur sig vera föður barns, eða því varnarþingi sem annað þeirra átti síðast hér á landi ef þau eru farin af landi eða ókunnugt er hvar þau eru niður komin eða á varnarþingi þar sem með bú þeirra er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns ef varnarþingi hér á landi skv. 1. og 2. mgr. er ekki til að dreifa eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis.

3. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Sóknaraðili faðernismáls er móðir barns, barnið sjálft eða maður sem leiðir að því líkur að hann geti verið faðir barns. Nú hefur móðir barns höfðað mál og hún andast áður en máli er lokið og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag sem við framfærslu barns hefur tekið að nokkru eða öllu haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn sem taldir eru hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns eða móðir barns. Nú er varnaraðili látinn áður en mál er höfðað og má þá höfða það á hendur búi hans. Varnaraðili máls getur einnig verið sá einstaklingur eða það sveitarfélag sem hefur tekið að nokkru eða öllu við framfærslu barns við andlát móður.

Ef víst má þykja eða líklegt að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns skal stefna þeim báðum eða öllum ef móðir barns er sóknaraðili máls.

4. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Meðan á meðferð faðernismáls stendur á sóknaraðili kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar eftir því sem dómari telur þörf á.

Sóknaraðili faðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

5. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Aðilum máls er skylt, eftir kröfu dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu sem þeim er unnt að gefa fyrir dómi og leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varnaraðilum“ í 1. málsl. kemur: þeim manni eða þeim mönnum sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns.
b. Í stað orðsins „varnaraðila“ í 3. málsl. kemur: þeim manni eða mönnum sem taldir eru hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns.

7. gr.

Síðari málsliður 49. gr. laganna orðast svo: Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með aðilum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var áður flutt á 125. og 127. löggjafarþingi og er tilgangur þess að bæta úr þeim ágalla á barnalögum að einungis móðir og barn geti átt aðild að barnsfaðernismáli en Hæstiréttur Íslands kvað upp þann dóm 18. desember 2000 að þessi ágalli á barnalögum brjóti í bága við 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Faðerni barna er ákvarðað með fernum hætti samkvæmt núgildandi lögum. Í fyrsta lagi verða börn sem fæðast í hjúskap foreldra sjálfkrafa börn eiginmanns. Hér gildir svokölluð faðernisregla eða „pater-est“-reglan sem byggist á því að svo sterkar líkur séu fyrir því að barnið sé getið við samfarir konunnar við eiginmann sinn að gengið er út frá því sem reglu. Reglan er því öðrum þræði hagkvæmnisregla en hún miðar einnig að því að vernda barnið og fjölskylduna í heild meðan þau vilja sjálf una við niðurstöðu reglunnar. Í öðru lagi nær reglan einnig til barna sambýlisfólks þegar foreldrar búa saman við fæðingu barnsins en er þó bundin því skilyrði að móðir hafi lýst mann föður. Í þriðja lagi verður barn sem fæðist utan hjónabands eða sambúðar feðrað með faðernisviðurkenningu þess manns sem móðir kennir föður þess. Í fjórða lagi verður barn fætt utan hjónabands eða sambúðar feðrað með dómi í faðernismáli gangist maður sem móðirin hefur lýst föður barns ekki við faðerninu.

Réttarþróun hér á landi.

Mikilvægustu réttarheimildina á sviði feðrunar barna er að finna í barnalögum, nr. 22/1992, en þau eru jafnframt mikilvægasti lagabálkurinn á sviði barnaréttar. Barnalögunum má að efni til skipta í þrennt, þ.e. ákvörðun á faðerni barna og dómsmál vegna faðernis í II. og VII. kafla, um framfærslu barna í III., V. og IX. kafla og um forsjá og umgengnisrétt í VI., VII. og IX. kafla. Barnalögin frá 1992 leystu af hólmi barnalög, nr. 9/1981, sem voru fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Fyrir árið 1981 giltu lög nr. 57/1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og lög nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Með barnalögum frá 1981 varð mikil breyting á réttarstöðu barna á Íslandi. Stigið var stórt skref í átt að því að afnema mismuninn á milli skilgetinna og óskilgetinna barna og var jafnframt leitast við að jafna félagslega stöðu barna með ákvæðum um framfærslu þeirra. Fyrir gildistöku laganna frá 1981 áttu börn ekki sjálfstæðan rétt til umgengni við feður sína né heldur áttu feður rétt til umgengni við börn sín. Það var því fyrst árið 1981 sem börn á Íslandi öðluðust sjálfstæða réttarstöðu gagnvart foreldrum sínum án tillits til stöðu þeirra. Með lögunum frá 1992 var sjálfstæð réttarstaða barns gagnvart foreldrum sínum styrkt, réttarstaða

barna varð hin sama án tillits til hjúskaparstöðu foreldra og gengið enn lengra í þá átt að jafna stöðu foreldra með því að styrkja réttarstöðu föður.

Árið 1989 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samning um réttindi barnsins, The Convention on the Rights of the Child. Samningurinn var staðfestur fyrir Íslands hönd árið 1990. Markmið hans er að vernda börn í heiminum og byggist hann á því að börn hafi hvorki þroska til að skilgreina þarfir sínar né til að fylgja eftir réttindum sínum og þess vegna verði aðrir að gera það fyrir þau. Samkvæmt samningnum skulu börn hafa sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra eða annarra forráðamanna.

Skylda til feðrunar.

Í íslenskum rétti er ekki að finna ákvæði sem skyldar móður til að feðra barn sitt og karlmaður sem telur sig vera föður að barni hefur engin bein lagaúrræði til að fá skorið úr um hugsanlegt faðerni sitt ef móðirin lýsir hann ekki föður. Þó má lesa úr barnalöggjöfinni þau grundvallarsjónarmið að ekki sé einungis æskilegt að börn verði feðruð heldur einnig að þau verði réttilega feðruð. Það birtist m.a. í því að ákveði móðirin að feðra ekki barn sitt öðlast hún ekki rétt til barnalífeyris skv. 14. gr. almannatryggingalaga. Öðru máli gegnir ef móður tekst ekki að feðra barn sitt þrátt fyrir tilraunir til þess. Þá öðlast hún rétt til greiðslu barnalífeyris frá hinu opinbera en hún þarf að leggja fram gögn sem sýna að ferðrun hafi ekki tekist. Þá miða mörg ákvæða barnalaganna að því að niðurstaðan í faðernismálum leiði til rétts faðernis, þ.e. að sá maður sem lagði til sæði sem náði að frjóvga egg móðurinnar verði ákvarðaður faðir barnsins. Þannig eru gerðar strangar form- og hæfiskröfur til faðernisviðurkenningar, svo sem í reglum um lögræði sem varða aldur og andlegt hæfi. Komi í ljós að fleiri en hinn lýsti faðir hafi haft samfarir við móður á líklegum getnaðartíma barnsins er ekki tekið mark á viðurkenningu heldur verður að höfða mál. Reglur um málsmeðferð barnsfaðernismála mótast einnig af því að faðir og barn hafi hagsmuni af því að niðurstaðan leiði til þess að kynfaðir verði jafnframt faðir að lögum. Hið opinbera hefur og hagsmuni af feðrun barns.

Hagsmunir barnsins af því að vera feðrað.

Barnalöggjöfin byggist á því meginsjónarmiði að barnið hafi sjálfstæða réttarstöðu gagnvart foreldum og öðrum og sama gildir um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi réttindi barnsins geta verið lagaleg, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg. Reglurnar miða að því að koma til móts við þarfir barnanna og þjóna hagsmunum þeirra. Þegar hagsmunir barns rekast á hagsmuni annarra, t.d. foreldra, skulu hagsmunir annarra víkja en hagur og þarfir barnsins sitja í fyrirrúmi.

Samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum eiga börn rétt til verndar og umönnunar foreldra sinna. Um leið og slík réttindi eru virt er sú skylda lögð á herðar foreldrum að þau gegni þessum uppeldisskyldum. Í skyldunni felst að tryggja barni öryggi, sjá fyrir líkamlegum þörfum þess, sýna barni umhyggju og nærfærni og sjá til þess að barnið fái menntun í samræmi við hæfileika og áhugamál. Því má segja að réttur barnsins til umönnunar kynföður síns sem vill taka þátt í uppeldinu sé sjálfstæður réttur þess. Lagarök þessa sjálfstæða réttar eru byggð á sálfræðilegum og félagslegum viðhorfum, svo sem þörfinni til að þekkja réttan uppruna sinn og nauðsyn persónulegra tengsla við sína nánustu sem er mikilvægt fyrir mótun sjálfsímyndar og almennan þroska barnsins. Í 1. mgr. 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að börn eigi rétt á að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Ljóst er að börn hafa og fjárhagslega hagsmuni af réttri feðrun. Fyrir utan framfærslu föður njóta þau erfðaréttar eftir föður og föðurfrændur og þau geta öðlast skaðabótarétt fyrir missi framfæranda og lífeyrisréttindi við lát foreldris.

Rétti föður til umgengni við barn sitt verður að fullu jafnað við rétt móður.

Í réttarvitund almennings er krafan um jafnan rétt einstaklinga orðin sjálfsögð og hefur náð að lita innviði samfélagsins. Þetta hefur speglast í löggjöf Vesturlanda. Þannig hefur réttarþróun miðað að því að jafna stöðu íslenskra barna án tillits til ytri aðstæðna, svo sem hjúskaparstöðu foreldra. Þróunin hefur einnig mætt kröfunni um að jafna beri stöðu foreldra gagnvart börnum sín með því að styrkja réttarstöðu föður, t.d. þegar óvígðri sambúð var jafnað við hjúskap við feðrun. Það gerðist einnig með lögfestingu réttar föður til umgengni við óskilgetið barn sitt. Þá hefur löggjafinn leitast við að jafna stöðu foreldra í ágreiningsmálum um forsjá og lögfest reglu um sameiginlega forsjá. Því er réttarstaða feðra í faðernismálum í hrópandi andstöðu við almenna réttarvitund og eðlilega þróun í jafnréttismálum á Íslandi. Hagsmunum föður af því að hafa samskipti við barn sitt verður að öllu leyti jafnað við hagsmuni móður. Því er það andstætt lögum nr. 97/1995 sem kveða á um að allir skuli jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis. Það er einnig í andstöðu við 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995, og alþjóðasamninga á sviði jafnréttismála, sbr. 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, þar sem kveðið er á um rétt manna til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta, og í 14. gr. sömu laga er mælt fyrir um að þessi réttindi skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis.

Rétturinn til óháðra dómstóla.

Í 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995, er kveðið á um að menn skuli almennt eiga rétt á að bera mál sín undir dómstóla. Takmörkun á aðgangi þeirra sem telja sig vera feður barna að dómstólum landsins gæti því verið í andstöðu við regluna sem tryggir aðgang manna að dómstólum og rétt þeirra til að fá þar úrlausn um hagsmuni sína, hvort sem er í einkamálum eða sakamálum. Rétturinn er einnig tryggður í mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér í heild og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Í andstöðu við réttarvitund almennings.

Fjölskyldumynstrið hefur breyst ört á síðustu árum og í sífellt fleiri fjölskyldum er aðeins eitt foreldri ásamt barni eða börnum. Nú eru einstæðir foreldrar orðnir 8.665 og fara þeir með forsjá 12.479 barna. Árið 1996 fæddist 2.181 barn í sambúð foreldra en 445 börn utan sambúðar eða hjúskapar. Feðrun 2.626 barna ákvarðaðist því við faðernisviðurkenningu, dóm eða á grundvelli faðernisreglunnar eftir að móðir hafði lýst tiltekinn mann föður að barni. Kjósi móðirin að feðra ekki barn sitt er maður sem telur sig vera hinn rétta kynföður varnarlaus, hann getur ekki aðhafst og verður að una algjöru forræði móður.

Hér hefur verið bent á að reglur barnalaga miða að mörgu leyti að því að kynfaðir verði jafnframt faðir að lögum, en það er einnig stefna laganna að það gerist með sem minnstri röskun fyrir móðurina. Í seinni tíð hefur faðernismálum fækkað mjög og koma þar til örar framfarir í vísindum og tækni við rannsóknir í mannerfðafræði. Niðurstaða slíkra rannsókna kemst svo nálægt því að staðreyna rétt faðerni að nær öruggt er að dómari legði hana til grundvallar í dómi sínum. Þegar niðurstaða er fengin kemur viðurkenning oftast í kjölfarið og er dómsmál því óþarft eða fellur niður ef það hefur þegar verið höfðað. Því er vart um að ræða verulega röskun og óþægindi fyrir móður af málarekstrinum. Þá er og ólíklegt að kostn-

aður ríkisins af rekstri faðernismála verði mikill þótt lögbundin gjafsókn haldist hjá sóknaraðilum án tilltis til þess hver höfðar málið. Hið opinbera hefur og fjárhagslega hagsmuni af því að barn verði feðrað. Reglu sem felur í sér slíka mismunun kynjanna og stríðir gegn almennri réttarvitund ætti að leiðrétta til samræmis við breyttan tíðaranda. Þótt mál af þessu tagi hafi í raun ekki verið mörg felur fjöldi þeirra barna sem feðruð eru að undangenginni yfirlýsingu móður í sér hættu á að slík mál komi upp og vert er að koma í veg fyrir það. Þá er fjöldi ágreiningmála ekki mælikvarði á tíðni tilvika því að búast má við því að einhverjir gefist upp og leiti ekki réttar síns þegar í ljós kemur að þeir eiga ekki aðgang að dómstólum til að fá skorið úr réttindum sínum og skyldum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að maður sem leiðir að því líkur að hann geti verið faðir barns geti sótt málið.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að móðir barns og barnið sjálft geti verið varnaraðili málsins þegar maður sem telur sig vera föður barnsins og vill fá úr því skorið geti sótt málið.

Um 3. gr.

Hér er vikið frá meginreglu 43. gr. barnalaga um sóknar- og varnaraðila í barnsfaðernismálum. Gert er ráð fyrir að líklegur faðir geti höfðað feðrunarmál telji hann sig vera föður tiltekins barns.

2. málsl. 1. mgr. er samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 43. gr. barnalaga. Þar er að finna reglu um fyrirsvar þegar móðir andast eftir að hafa höfðað mál og áður en niðurstaða liggur fyrir og er þá gert ráð fyrir að framfærandi barns taki við rekstri málsins.

Í 2. mgr. er í samræmi við breytingar varðandi sóknaraðila. Hér er gert ráð fyrir að móðir barns og barnið geti einnig verið varnaraðilar. Reglan um að höfða megi mál á hendur búi varnaraðila sem teljast verður líklegur faðir er óbreytt. Þá er lagt til að höfði líklegur faðir mál til feðrunar geti hann höfðað mál á hendur þeim aðila sem hefur haft með höndum framfærslu barns, einstaklingi eða sveitarfélagi.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 43. gr. barnalaga.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að sóknaraðili skuli eiga kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar eftir því sem dómari telur þörf á og tekur það einnig til þess þegar líklegur faðir hefur höfðað málið, enda verður að telja að liðveisla barnaverndarnefndar miði að því að vernda hagsmuni barnsins. Þá er einnig lagt til að hin lögbundna gjafsókn nái einnig til föður höfði hann barnsfaðernismál.

Um 5. gr.

Lagt er til að móðurinni verði eins og öðrum gert skylt að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu að kröfu dómara. Þá verði henni gert skylt eins og öðrum aðilum máls að leggja sig og barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega óbreytt að öðru leyti en því sem varðar aðildina. Hér er miðað við að varnaraðildin sé ekki einvörðungu bundin við líklegan föður.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að fulltrúi barnaverndarnefndar geti sótt þing með barnsmóður, barni eða líklegum föður. Í reynd mundi lögmaður aðila sækja þing með honum.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Pater est – aðild þriðja manns að vefengingarmáli. Bergþóra Ingólfsdóttir, Dýrleif Kristjánsdóttir, Edda Björk Andradóttir, Guðríður A. Kristjánsdóttir, Gunnhildur Pétursdóttir, Marín Ólafsdóttir, Sigríður Anna Ellerup. (Rannsóknarverkefni unnið af Mannréttindahópi ELSA Ísland 2000–2001. Mannréttindaskrifstofa Íslands, rit nr. 7, Reykjavík 2001.)

Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 125 (125. mál 127. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 2001–2002, bls. 839–856.

45. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Vatnasvið:* Landsvæði sem vatn safnast af í sameiginlegan farveg.

2. gr.

Við 1. mgr. 50. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 rúmmetra á sekúndu úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið er þó aldrei heimill nema að fengnu sérstöku samþykki Alþingis; sama gildir um vatnsmiðlun skv. 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum en í hvorugt skiptið orðið útrætt. Efni þess á brýnt erindi inn í landslög eins og nú háttar til, því í bígerð eru a.m.k. á tveimur stöðum á landinu stórfelldari vatnaflutningar og meiri röskun á náttúrulegu vatnafari en landsmenn hafa áður staðið frammi fyrir. Hér er að sjálfsögðu átt við fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun og tilheyrandi flutning jökulsár á Dal austur í Lagarfljót og fyrirhugaða Norðlingaöldumiðlun í Þjórsárverum sem einnig hefði í för með sér stórfellda röskun á náttúrulegu vatnafari og rennslisháttum. Hverjar sem lyktir þessara mála verða er eftir sem áður

nauðsynlegt að sett séu í lög skýrari ákvæði en nú eru til staðar til að tryggja að vatnaflutningar sem slíkir komi alltaf til sjálfstæðrar skoðunar og að vald til að heimila meiri háttar breytingar á náttúrulegum rennslisháttum fallvatna liggi hjá Alþingi. Frumvarpið er því endurflutt óbreytt ásamt þeirri greinargerð sem því fylgdi.

„Vatnalögin frá 1923 eru með merkari lagabálkum. Þrátt fyrir að vera tæplega átta áratuga gömul halda velflest ákvæði þeirra fullu gildi þó að annað hafi minna gildi við þær aðstæður sem nú ríkja, svo sem ákvæði um áveitur.

Höfundar laganna hafa verið vel meðvitaðir um mikilvægi þess að mannvirkjagerð, hvort sem heldur væri áveitur, stíflugerð eða vatnstaka til neyslu eða virkjana, raskaði ekki meiru í náttúrunni en óhjákvæmilegt væri. Á mörgum stöðum er vikið að því að hvers kyns breytingum og raski skuli haldið í lágmarki og vatnsfarvegum ekki breytt meira en óhjákvæmilegt sé. Almenna reglan er skýrt mótuð í 1. mgr. 7. gr. laganna þar sem segir: „Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.“ Frávikin frá þeirri meginreglu laganna helgast svo af því sem nauðsynlegt er vegna nýtingar vatnsorku eða vatnsmiðlunar. Athyglisverð er sú áhersla sem á það er lögð í IV. kafla, um áveitur, að eins lítið sé hróflað við náttúrulegum eða fornum rennslisháttum vatnsfalla og mögulegt er, sbr. t.d. 1. mgr. 41. gr.

Tæplega hafa menn við setningu vatnalaganna 1923 gert sér í hugarlund að áform yrðu uppi um jafnstórfellda vatnaflutninga og nú eru á dagskrá ef ráðist verður í Kárahnjúkavirkjun eystra og til eru á teikniborði í frumhugmyndum um nokkrar fleiri stórvirkjanir.

Allmiklir vatnaflutningar hafa þegar átt sér stað á Þjórsársvæðinu og með Kvíslaveitum og tilraun var gerð til að snúa kvíslum úr Skjálfandafljóti við í Vonarskarði þannig að það vatn félli suður af heiðum en ekki norður. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri einföldu breytingu að allir meiri háttar vatnaflutningar verðir háðir sérstöku samþykki Alþingis í hverju einstöku tilviki. Er tilgangurinn sá að jafnalvarleg breyting og það er í náttúrunni að flytja vatnsfall milli vatnasviða fái ávallt sérstaka umfjöllun og skoðun og Alþingi sjálft taki um slíkt endanlega ákvörðun. Slíkt yrði að sjálfsögðu gert að undangengnu mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar og að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Rétt þykir að bæta inn í 1. gr. laganna einfaldri skilgreiningu á orðinu „vatnasvið“ þar sem efni frumvarpsins tekur til þess sérstaklega ef flytja á vatnsföll milli vatnasviða. Vatnasvið er það landsvæði sem vatn safnast saman af í sameiginlegan farveg af nokkru svæði þannig að um verður að ræða skýrt afmarkað vatnsfall. Ekki er með öðrum orðum átti við smákvíslar eða drög heldur meginfarveg sem safnar vatni af nokkru svæði. Á hinn bóginn er ekki gert að skilyrði að vatnsfall hafi sérstakan farveg allt til sjávar. Þverár hafa sín sjálfstæðu vatnasvið, sem aftur eru svo hluti af vatnasviði stærri vatnsfalla. Til að fyrirbyggja misskilning eru svo sett viðmiðunarmörk, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þar sem miðað er við tiltekið meðaltalsársrennsli.

Lagt er til að flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 m^3/sek. úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið verði í öllum tilvikum háður sérstöku samþykki Alþingis. Frumvarpið tekur þannig til flutnings á vatnsföllum með svipað rennsli og Elliðaár í Reykjavík eða meira. Enginn slíkur flutningur í tengslum við virkjanir, sbr. V. kafla, eða vatnsmiðlun, sbr. VI. kafla, yrði heimill nema með sérstöku samþykki Alþingis og þá auðvitað að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og að öðrum skilyrðum uppfylltum. Vatnaflutningarnir sem slíkir fengju því alltaf sérstaka skoðun og umfjöllun á Alþingi og þingið sjálft hefði síðasta orðið um hvort leyfðir yrðu.“

46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um breiðbandsvæðingu landsins.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að ljúka skuli uppbyggingu fjarskipta- og gagnaflutninganets landsins á næstu þremur árum þannig að fyrirtæki, stofnanir og heimili hvar sem er í landinu hafi aðgang að bestu fáanlegu fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum með breiðbandinu eða annarri jafngildri tækni. Landssímanum verði, einum sér eða eftir atvikum í samstarfi við aðra, falið að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar og endurbætur á grunnfjarskiptanetinu til að fyrrgreint markmið náist fram. Landssíminn verði undanþeginn arðgreiðslum til eigenda meðan á átakinu stendur.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Nú þegar ljóst er að ekki verður af sölu Landssímans í bráð er brýnt að snúa sér að því að skapa sátt um fyrirtækið og efla það á ný. Mestu máli skiptir að Landssíminn verði í stakk búinn til að sinna því hlutverki sínu vel að tryggja öllum landsmönnum aðgang að fyrsta flokks fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum. Gera þarf átak til að tryggja að Ísland verði í fremstu röð á sviði fjarskipta og gagnaflutninga og landsmenn allir sitji við sama borð í þeim efnum.

Hið opinbera verður að tryggja að fullnægjandi tækni og fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikar séu fyrir hendi og standi öllum til boða án tillits til búsetu. Þetta er niðurstaða vinnuhóps á vegum Norðurlandaráðs sem fjallaði ítarlega um upplýsingasamfélagið, stöðu Norðurlanda í því sambandi og skyldur stjórnvalda. Í sömu skýrslu kom einnig fram að ekki sé líklegt að gervihnattasambönd eða önnur tækni leysi ljósleiðara eða breiðband af hólmi á allra næstu árum hvað varðar almenn fjarskipti og gagnaflutninga í miklu magni.

Á 126. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður tillögunnar fram fyrirspurn um kostnað við ljósleiðaravæðingu landsins og er svar við henni fylgiskjal með tillögunni. Svarið, sem reyndar dróst í marga mánuði, veitir takmarkaðar upplýsingar í þessum efnum, en ljóst er þó að gera þarf nokkurt átak ef markmið tillögunnar eiga að nást. Sem stendur er unnið samkvæmt þeirri áætlun stjórnvalda að koma ISDN-tengingu á alla þéttbýlisstaði/heimili, en segja má að það markmið sé þegar að nokkru leyti úrelt eða ekki nógu metnaðarfullt.

Ljóst er að aðgerðir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir væru í senn róttæk byggðaaðgerð og framsækin stefna sem miðaði að því að gera menn betur í stakk búna til að nýta sér alla möguleika í upplýsingasamfélaginu og möguleika til fjarvinnslu og hvers kyns gagnaflutninga. Í reynd er algjört úrslitaatriði að landsmönnum verði tryggt jafnræði í þessum efnum. Ef svo verður ekki eru þau svæði, sem ekki hafa fullnægjandi aðgang að möguleikum upplýsingasamfélagsins, dæmd til að dragast aftur úr. Tryggja þarf ekki aðeins tæknilega möguleika og gæði, heldur líka að verð sé hið sama án tillits til þess hvar menn eru á landinu. Síðast en ekki síst þarf að sjálfsögðu að kappkosta að gera öllum kleift að nýta sér möguleika tækninnar og hafa hana á valdi sínu.

Fjárfestingin mun skila sér margfalt og þeim fjármunum, sem þjóðin hefur safnað og byggt upp í Landssímanum, er vel varið í arðsamar og framsæknar fjárfestingar af þessu tagi.

Nota á styrk fyrirtækisins, sem aftur er nær alfarið í opinberri eigu, til þess að ljúka þessu brýna verkefni eins fljótt og unnt er. Þetta átak er að mati flutningsmanna ólíkt viturlegri ráðstöfun en mislukkuð einkavæðingaráform sem leggja ber á hilluna. Grunnnetið þannig uppbyggt verður síðan til staðar og aðgangur að því tryggður samkvæmt fjarskiptalögum hvað sem framtíðin ber í skauti sér að öðru leyti varðandi samkeppni á þessum markaði, rekstrarform fyrirtækja og eignarhald. Flutningsmönnum er að sjálfsögðu ljóst að fjárfestingum í fjarskipta- og gagnaflutningakerfum verður ekki lokið með svona átaki í eitt skipti fyrir öll, en hér væri um mjög mikilsverðan áfanga að ræða sem mundi í framhaldinu auðvelda að halda landinu í fremstu röð á þessu sviði.

Með tillögunni var fylgiskjal: Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um kostnað við ljósleiðaravæðingu landsins. (245. mál 126. löggjafarþings.)
Sjá þskj. 1131 í A-deild Alþingistíðinda 2000–2001, bls. 4836–4838.

47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um strandsiglingar.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er hafi það hlutverk að kanna þróun, stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Nefndin láti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land séu öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og öðru sem máli skiptir. Strandsiglinganefnd skili niðurstöðum sínum til Alþingis fyrir 1. október 2003, ásamt tillögum um leiðir til að efla strandsiglingar eftir því sem niðurstöður nefndarinnar gefa tilefni til. Markmiðið sé að strandsiglingar verði raunhæfar og samkeppnisfærar borið saman við landflutninga, sérstaklega með tilliti til þungaflutninga.

Greinargerð.

Fullyrða má að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur hér á landi. Þróunin í þessum málum hefur verið á þann veg að dregið hefur úr þessum flutningum ár frá ári og er nú svo komið að einungis eitt skip stundar reglulegar siglingar meðfram ströndum landsins.

Þessi þróun hefur orðið á sama tíma og menn hafa almennt verið sammála um margvíslega kosti sjóflutninga umfram landflutninga, svo sem minni mengun og minna slit á vegum. Þá hafa öryggismálin verið mjög til umræðu en því fer fjarri að vegakerfi landsins beri hina miklu þungaflutninga þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Lýtur þetta bæði að ökumönnum og farmi flutningabílanna, sem og öryggi annarra vegfarenda. Það er álit flutningsmanna þessarar tillögu að verulega hafi skort á stefnumótun af hálfu stjórnvalda í þessum efnum.

Umhverfisþættir.

Í skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum frá maí 2001 segir starfshópur á vegum samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar eftirfarandi um strandsiglingar (bls. 25–26):

„Í samanburði við flutninga á vegum eru flutningar á sjó taldir vænlegri kostur með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda. Hér skiptir þó nýtingin mestu máli. Eðli skipaflutninga veldur því að miklu magni er safnað saman til flutninga í stórum flutningaeiningum. Þetta er einnig helsti veikleiki sjóflutninga því þeir eru mun seinvirkari en flutningar á vegum.

Árið 1990 komu um 7% losunar gróðurhúsalofttegunda frá innanlandssamgöngum frá strandsiglingum. Miðað við heildarlosun af völdum brennslu jarðefnaeldsneytis var hér um tæplega 3% að ræða. Í dag hefur mjög dregið úr losun frá þessum flutningum þar sem nú sinnir einungis eitt skip strandsiglingum og annað olíuflutningum við Ísland en flutningar sem áður voru á sjó hafa færst yfir á vegi. Fátt bendir til þess að þetta breytist á næstunni við óbreytt kostnaðarhlutföll. Ýmsir hafa haldið því fram að minnka mætti verulega útstreymi CO_2 með því að snúa þessari þróun við. Það kann að vera rétt og er ástæða til að fjalla um það sérstaklega en umfang þessarar skýrslu leyfir það ekki.“

Í annarri ódagsettri skýrslu starfshóps á vegum samgönguráðherra um útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum er gerður samanburður á losun gróðurhúsalofttegunda eftir flutningsmátum, en þar kemur eftirfarandi fram (bls. 5–7):

„I. Vöruflutningar:

Verulegur munur er á losun gróðurhúsalofttegunda eftir flutningsmátum. Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi um hver sá munur getur verið.

Samanburður á losun koltvísýrings frá flutningabílum og skipum á leiðunum Reykjavík–Akureyri og Reykjavík–Ísafjörður leiðir eftirfarandi í ljós.

Mynd 1 sýnir losun CO_2 í kg á hvert flutt tonn á leiðinni Reykjavík–Akureyri eftir flutningsmáta



Mynd 2 sýnir losun CO_2 í kg á hvert flutt tonn á leiðinni Reykjavík–Ísafjörður eftir flutningsmáta



Myndirnar sýna reiknuð dæmi um flutninga vöruflutningabíls og vöruflutningaskips. Miðað var við áætlun um bæði eyðslu og flutninga. Í báðum tilfellum er stór hluti eldsneytisnotkunar óháður flutningsmagni. Meiri hagkvæmni skips byggist því á að það flytur mun meira auk þess sem sjóleiðin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur er styttri en landleiðin.

Miklu munar á koltvísýringslosun eftir flutningsmátum. Um helmingsmunur losunar er á leiðinni Reykjavík–Akureyri og Hvalfjarðargöng munu ekki breyta samanburðinum svo neinu nemi. Munurinn er margfaldur á leiðinni Reykjavík–Ísafjörður."

Annar umhverfislegur en jafnframt fjárhagslegur þáttur felst í sliti á vegum landsins. Vitað er að þungaflutningabifreiðar slíta vegum margfalt á við fólksbifreiðar. Þetta hefur í för með sér ómælda mengun auk þess sem það skapar mikinn umframkostnað vegna viðhalds vega.

Margvísleg byggðaáhrif.

Fram hjá því verður ekki horft að fjölmörg byggðarlög búa nú við erfiðari aðstæður hvað samgöngur snertir en meðan reglubundnar strandsiglingar með samræmdri gjaldskrá voru við lýði. Einkum hefur þróunin orðið sú að flutningskostnaður þungavöru til og frá þeim byggðarlögum sem fjærst liggja helstu innflutnings- og útflutningshöfnum hefur hækkað og þjónusta og áreiðanleiki er misjafnari en áður var eftir ástandi vegakerfisins, vegalengdum og öðrum aðstæðum. Svo rammt kveður að þessu að nú er beinlínis flúið með framleiðslustarfsemi af landsbyggðinni til suðvesturhornsins, eingöngu vegna stóraukins flutningskostnaðar að sögn forráðamanna. Gæði, öryggi og verðlagning flutningaþjónustu eru því allt þættir sem líta verður til þegar byggðaáhrif mismunandi flutningsaðferða eru metin.

Samkeppnisstaða sjóflutninga gagnvart landflutningum.

Í fréttabréfi Siglingastofnunar, *Til sjávar* (4. tbl. 5. árg. nóvember 2001), segir frá ályktun sem samþykkt var á ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga 5. og 6. október 2001. Þar segir (bls. 8):

„Á fundinum var lýst ánægju með vinnu að samræmdri samgönguáætlun. Um leið minntu fundarmenn á mikilvægi hafna í samgöngukerfi landsmanna og að sjóflutningar væru að

hluta til vannýttir sem samgöngukostur. Í því sambandi var bent á þá staðreynd að fiskihafnir landsins væru mikilvæg uppspretta samgangna á landi og sjó vegna þeirra afurða sem þar koma á land.

Þá væru sjóflutningar þjóðhagslega hagkvæmir til lengri tíma litið vegna góðrar orkunýtingar á hvern tonn/km. Að auki væru þeir umhverfisvænir og öruggari flutningsmáti en landflutningar.

Fulltrúar á ársfundinum skoruðu á stjórnvöld að láta fara fram endurskoðun á Flutningsjöfnunarsjóði og töldu óþolandi að landflutningar væru styrktir umfram sjóflutninga úr þeim sjóði. Var einkum bent á flutninga á olíu og sementi í því sambandi.

Þá skoruðu fundarmenn á samgönguráðherra að hafa vinnu Hagfræðistofnunar um samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum að leiðarljósi í vinnu að samræmdri samgönguáætlun.“

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir framangreind sjónarmið. Gert er ráð fyrir að strandsiglinganefndin skili tillögum sínum fyrir 1. október 2003.

Tillaga þessi er endurflutt frá síðasta þingi en þá var gert ráð fyrir að unnt yrði að nýta niðurstöður nefndarinnar við meðferð þingsályktunartillögu um samræmda samgönguáætlun sem ráðherra hefur boðað að verði lögð fram á þessu þingi. Tillagan var ekki afgreidd og því ljóst að ekki verður unnt að styðjast við vinnu strandsiglinganefndar eins og ætlunin var. Mikilvægi þess að ráðist verði í þessa vinnu hefur þó ekki minnkað og því er tillagan flutt að nýju.

48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um bættar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa þriggja manna nefnd í samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja og sveitarstjórn Ölfuss sem kanni möguleika á kaupum, smíði eða útvegun skips sem ekki er lengur í ferðum en eina til tvær klukkustundir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Skipið uppfylli að öðru leyti allar kröfur sem gerðar eru til siglinga á þessari leið, beri ekki færri farþega en núverandi skip og geti flutt fleiri bíla. Jafnframt skal nefndin skoða og meta þann möguleika að lengja og bæta núverandi ferju þannig að hún þjóni betur hlutverki sínu í samræmi við áðurnefnd markmið um hraða og flutningsgetu.

Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en 1. febrúar 2003.

Greinargerð.

Herjólfur, ferjan sem gengur á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, uppfyllir ekki lengur þær kröfur um hraða og flutningsgetu sem gerðar eru til samgangna nú í upphafi 21. aldarinnar. Ferjan er tíu ára gömul og því á margan hátt barn síns tíma. Þróun í smíði og hönnun hraðskreiðra ferja hefur verið ör frá þeim tíma sem Herjólfur var tekinn í notkun árið 1992.

Undanfarin ár hefur landsbyggðin átt undir högg að sækja, ef mælikvarði fólksfjölgunar er notaður sem viðmið um viðgang og vöxt byggða. Fólki hefur víðast hvar fækkað á lands-

byggðinni en að sama skapi fjölgað á höfuðborgarsvæðinu. Þessa þróun má ekki síst rekja til þess að mun færri atvinnutækifæri eru á landsbyggðinni en áður var og skiptir stefna stjórnvalda í fiskveiðistjórn miklu í þeim efnum. Sú stefna hefur leitt af sér færri atvinnutækifæri á stöðum sem byggðust upp vegna nálægðar við auðlindina. Þeir staðir njóta ekki lengur þess forskots sem sú nálægð fól í sér með tilheyrandi afleiðingum. Lykilatriðið í því að þessar byggðir fái áfram vaxið og dafnað er að þeim verði sköpuð þannig umgjörð að þær geti keppt um fólk og atvinnutækifæri og þar skipta samgöngur meginmáli. Ljóst er að núverandi samgöngur við Vestmannaeyjar uppfylla ekki þessar kröfur og að staða Vestmannaeyja hefur því versnað til muna undanfarin ár. Flugfélögin hafa hætt reglulegu áætlunarflugi til Eyja og ferðaskrifstofur hafa ekki talið eyjarnar spennandi kost vegna þess tíma sem tekur að fara með Herjólfi. Grípa þarf til aðgerða nú þegar og því er þessi tillaga borin fram enda skiptir miklu að vilji Alþingis liggi fyrir í þessum efnum. Það flýtir mjög fyrir úrbótum takist að ná um þær pólitískri samstöðu.

Gert er ráð fyrir að nefndin, sem skipuð verði, skili tillögum sínum ásamt greinargerð um áætlaðan kostnað við hverja tillögu eigi síðar en 1. febrúar 2003. Þessi skammi tími endurspeglar þörfina á úrbótum í þessu mikilvæga máli.

49. Frumvarp til laga [49. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast ársfjórðungslega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal fylgja launavísitölu. Þó skulu framangreindar bætur, greiðslur og fjárhæðir hækka í samræmi við verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs ef slík viðmiðun leiðir til hærri bóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á því ákvæði almannatryggingalaga sem kveður á um hækkun bóta, greiðslna og fjárhæða samkvæmt lögunum. Með lögum nr. 130/1997, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998, var núgildandi regla sett. Þar er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. almannatryggingalaganna, séu endurskoðaðar árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni og breytt í samræmi við þróun launa, en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Í ljós hefur komið að á síðustu árum hefur launavísitala hækkað mun meira en vísitala neysluverðs. Því hefði viðmiðun við fyrrnefnda vísitölu leitt til mun meiri og sanngjarnari hækkana en viðmiðun við vísitölu neysluverðs hefur gert, sjá fylgiskjal með yfirliti frá Hagstofu Íslands um breytingar á vísitölu neysluverðs og launavísitölu á árunum 1998–2001.

Þar kemur fram að meðaltalshækkun vísitölu neysluverðs og meðaltalshækkun launavísitölu var sl. fimm ár eftirfarandi:

Ár	Neysluvísitala	Launavísitala
1998	1,7	9,4
1999	3,4	6,8
2000	5,0	6,6
2001	6,7	8,9

Eins og sjá má hefur launavísitalan hækkað miklu meira en neysluvísitalan. Þannig hafa lífeyrisþegar verið hlunnfarnir um verulegar fjárhæðir á hverju ári með því að miða lífeyrisgreiðslur ekki við launavísitölu. Útreikningar Þjóðhagsstofnunar sýna t.d. að grunnlífeyrir og tekjutrygging hefðu árið 2001 verið rúmum 7 þús. kr. hærri á mánuði, eða rúmum 84 þús. kr. hærri á árinu, ef útreikningar þessara lífeyrisgreiðslna hefðu tekið mið af þeim breytingum sem orðið hafa á launavísitölu á árabilinu 1995–2001. Mjög athyglisverðar upplýsingar koma líka fram þegar skoðuð er þróun kaupmáttar samanlagðs grunnlífeyris og tekjutryggingar á árunum 1995–2001 og hún borin saman við kaupmátt lágmarkslauna. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar kemur í ljós að kaupmáttur þessara lífeyrisgreiðslna hefur aukist um 11,09% á árunum 1995–2001, en kaupmáttur lágmarkslauna hefur aftur á móti aukist á sama tímabili um 42,07% Aukning á kaupmætti lágmarkslauna er því 28% umfram aukningu á kaupmætti grunnlífeyris og tekjutryggingar á árabilinu 1995–2001. Afar villandi er, eins og stjórnvöld hafa reynt að gera, að taka með í útreikninga um kaupmátt heimilisuppbót og tekjutryggingarauka sem lítill hluti aldraðra og öryrkja fær. Má t.d. nefna að aðeins 1,3% aldraðra og 9,3% öryrkja, eða 908 öryrkjar, fengu á árinu 2001 tekjutryggingarauka, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins. Einnig fá einungis milli 16–20% aldraðra og öryrkja heimilisuppbót. Stærstur hluti lífeyrisþega fá því ekki heimilisuppbót eða tekjutryggingarauka.

Stjórnvöld hafa valið þá leið að fylgja vísitölu neysluverðs í stað þess að fylgja þróun launa við fyrrgreindar breytingar. Hér er lagt til að launavísitölu verði fylgt og að framangreindar breytingar komi til framkvæmda ársfjórðungslega í stað þess að slíkt gerist árlega enda vísitölur reiknaðar út mánaðarlega. Bið eftir hækkunum og uppfærslu í allt að tólf mánuði verður að teljast óeðlilega löng og óréttlát. Landssamband eldri borgara hefur lagt áherslu á að þessu verði breytt, sbr. ályktun um kjaramál frá landsfundi sambandsins 20.–21. maí 1999. Í ályktuninni er lýst nauðsyn þess að hækka grunnlífeyri almannatrygginga án skerðingar tekjutryggingar og að í kjölfarið verði breytingar á upphæð grunnlífeyris almannatrygginga og annarra bótaflokka látnar fylgja breytingum á launavísitölu Hagstofunnar og verðlagi sem komi til framkvæmda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Svipaðar áherslur koma fram í tillögum fulltrúa Landssambands eldri borgara í samráðsnefnd um málefni aldraðra 3. nóvember 1999.

Ef sú staða kæmi síðan upp að vísitala neysluverðs reyndist hagstæðari viðmiðun er lagt til að við hana verði miðað í stað launavísitölunnar og er fyrirvara í 3. málsl. 1. gr. frumvarpsins ætlað að tryggja það.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 125. löggjafarþingi árið 1999. Nú er það flutt á nýjan leik lítið breytt, en í greinargerðina hefur verið bætt viðbótarupplýsingum sem styðja mjög framgang þessa frumvarps. Við meðferð málsins á 125. löggjafarþingi var málið sent til umsagnar fjölda aðila.

Flestar umsagnir voru afar jákvæðar, t.d. frá Öryrkjabandalaginu, aðgerðarhópi aldraðra, Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, Landssambandi eldri borgara, Alþýðusambandi Íslands, Þroskahjálp og Félagi eldri borgara. Enginn umsagnaraðili mælti gegn frumvarpinu, en það var m.a. einnig sent til fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins.

Ástæða er því til þess að ætla að nú þegar frumvarpið er lagt fram á nýjan leik að um það geta skapast víðtæk sátt um nauðsyn þess að kjör þessa hóps verði leiðrétt og bætt, enda liggur skýrt fyrir að aldraðir og öryrkjar hafa ekki fengið réttmætan hlut í aukningu þjóðartekna á umliðnum árum.

Fylgiskjal.

Launavísitala 1998--2001.

			Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar		
Des. 1988 = 100	Vísitala launamánaðar	Breyting frá fyrra mánuði, %	Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
1998					
Janúar	167,9	4,5	23,4	13,1	12,8
Febrúar	168,4	0,3	23,3	13,6	13,1
Mars	168,7	0,2	21,4	13,3	12,8
Apríl	169,2	0,3	3,1	12,8	9,8
Maí	169,4	0,1	2,4	12,4	8,1
Júní	169,9	0,3	2,9	11,8	8,1
Júlí	170,4	0,3	2,9	3,0	7,9
Ágúst	171,4	0,6	4,8	3,6	8,5
September	171,7	0,2	4,3	3,6	8,3
Október	172,1	0,2	4,1	3,5	80
Nóvember	172,5	0,2	2,6	3,7	7,9
Desember	173,3	0,5	3,8	4,0	7,8
Meðaltal	170,4				9,4
1999					
Janúar	180,4	4,1	20,7	12,1	7,4
Febrúar	180,9	0,3	20,9	11,4	7,4
Mars	181,2	0,2	19,5	11,4	7,4
Apríl	181,4	0,1	2,2	11,1	7,2
Maí	181,6	0,1	1,6	10,8	7,2
Júní	181,8	0,1	1,3	10,1	7
Júlí	182,0	0,1	1,3	1,8	6,8
Ágúst	182,2	0,1	1,3	1,4	6,3
September	182,5	0,2	1,5	1,4	6,3
Október	182,9	0,2	2,0	1,7	6,3
Nóvember	183,5	0,3	2,9	2,1	6,4
Desember	184,0	0,3	3,3	2,4	6,2
Meðaltal	182,0				6,8
2000					
Janúar	186,9	1,6	9,0	5,5	3,6
Febrúar	189,3	1,3	13,3	7,9	4,6
Mars	189,6	0,2	12,7	7,9	4,6
Apríl	191,1	8,0	9,3	9,2	5,3
Maí	194,5	1,8	11,4	12,3	7,1
Júní	195,7	0,6	13,5	13,1	7,6
Júlí	196,4	0,4	11,6	10,4	7,9
Ágúst	196,6	0,1	4,4	7,9	7,9

Des. 1988 = 100	Vísitala launamánaðar	Breyting frá fyrra mánuði, %	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar: Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
September	196,8	0,1	2,3	7,7	7,8
Október	197,2	0,2	1,6	6,5	7,8
Nóvember	197,4	0,1	1,6	3,0	7,6
Desember	198,0	0,3	2,5	2,4	7,6
Meðaltal	194,1				6,6
2001					
Janúar	204,2	3,1	15,0	8,1	9,3
Febrúar	204,8	0,3	15,9	8,5	8,2
Mars	207,0	1,1	19,5	10,6	9,2
Apríl	208,7	0,8	9,1	12,0	9,2
Maí	210,0	0,6	10,5	13,2	8,0
Júní	211,7	0,8	9,4	14,3	8,2
Júlí	212,4	0,3	7,3	8,2	8,1
Ágúst	213,9	0,7	7,6	9,1	8,8
September	214,8	0,4	6,0	7,7	9,1
Október	215,2	0,2	5,4	6,3	9,1
Nóvember	215,9	0,3	3,8	5,7	9,4
Desember	217,0	0,5	4,2	5,1	9,6
Meðaltal	211,3				8,9

Skýring: launavísitala er reiknuð og birt skv. lögum nr. 89/1989. Vísitalan miðast við meðallaun í hverjum mánuði og er reiknuð og birt um miðjan næsta mánuð.

Breytingar vísitölu neysluverðs 1998-2001.

Maí 1988 = 100	Vísitala	Breyting í hverjum mánuði, %	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar: Síðasta mánuð, %	Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
1998						
Janúar	182,4	0,6	6,8	1,1	2,6	2,2
Febrúar	182,0	-0,2	-2,6	7,0	1,6	2,0
Mars	182,7	0,4	4,7	2,9	1,6	2,4
Apríl	183,1	0,2	2,7	1,5	1,3	1,9
Maí	183,7	0,3	4,0	3,8	2,2	2,4
Júní	184,0	0,2	2,0	2,9	2,9	2,3
Júlí	183,6	-0,2	-2,6	1,1	1,3	1,9
Ágúst	182,6	-0,5	-6,3	-2,4	0,7	1,1
September	182,8	0,1	1,3	-2,6	0,1	0,8
Október	183,6	0,4	5,4	0,0	0,5	0,9
Nóvember	184,1	0,3	3,3	3,3	0,4	1,3
Desember	183,7	-0,2	-2,6	2,0	-0,3	1,3
Meðaltal	183,3					1,7
1999						
Janúar	184,8	0,6	7,4	2,6	1,3	1,3
Febrúar	184,5	-0,2	-1,9	0,9	2,1	1,4
Mars	185,4	0,5	6,0	3,8	2,9	1,5
Apríl	186,4	0,5	6,7	3,5	3,1	1,8
Maí	187,3	0,5	6,0	6,2	3,5	2,0
Júní	188,8	0,8	10,0	7,5	5,6	2,6
Júlí	189,5	0,4	4,5	6,8	5,2	3,2
Ágúst	190,2	0,4	4,5	6,3	6,3	4,2
September	191,8	0,8	10,6	6,5	7,0	4,9
Október	193,3	0,8	9,8	8,3	7,5	5,3
Nóvember	193,3	0,0	0,0	6,7	6,5	5,0
Desember	194,0	0,4	4,4	4,7	5,6	5,6
Meðaltal	189,6					3,4

			Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar			
Maí 1988 = 100	Vísitala	Breyting í hverjum mánuði, %	Síðasta mánuð, %	Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
2000						
Janúar	195,5	0,8	9,7	4,6	6,4	5,8
Febrúar	194,9	-0,3	-3,6	3,4	5,0	5,6
Mars	196,4	0,8	9,6	5,0	4,9	5,9
Apríl	197,6	0,6	7,6	4,4	4,5	6,0
Maí	198,4	0,4	5,0	7,4	5,3	5,9
Júní	199,1	0,4	4,3	5,6	5,3	5,5
Júlí	200,1	0,5	6,2	5,2	4,8	5,6
Ágúst	199,1	-0,5	-5,8	1,4	4,4	4,7
September	199,5	0,2	2,4	0,8	3,2	4,0
Október	201,5	1,0	12,7	2,8	4,0	4,2
Nóvember	202,1	0,3	3,6	6,2	3,8	4,6
Desember	202,1	0,0	0,0	5,3	3,0	4,2
Meðaltal	199,1					5,0
2001						
Janúar	202,4	0,1	1,8	1,8	2,3	3,5
Febrúar	202,8	0,2	2,4	1,4	3,8	4,1
Mars	204,0	0,6	7,3	3,8	4,6	3,9
Apríl	206,5	1,2	15,7	8,4	5,0	4,5
Maí	209,4	1,4	18,2	13,7	7,4	5,5
Júní	212,6	1,5	20,0	18,0	10,7	6,8
Júlí	214,2	0,8	9,4	15,8	12,0	7,0
Ágúst	214,9	0,3	4,0	10,9	12,3	7,9
September	216,3	0,7	8,1	7,1	12,4	8,4
Október	217,7	0,6	8,0	6,7	11,1	8,0
Nóvember	218,5	0,4	4,5	6,9	8,9	8,1
Desember	219,5	0,5	5,6	6,1	6,6	8,6
Meðaltal	212,4					6,7

50. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Í stað orðsins „álitsgerða“ í 1. málsl. 5. mgr. 3. gr. laganna kemur: úrskurðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „gefa skriflegt rökstutt álit“ í 2. mgr. kemur: kveða upp úrskurð.
b. Í stað orðanna „álit er gefið“ í 3. mgr. kemur: úrskurður er kveðinn upp.
c. 4. mgr. orðast svo:

Úrskurðir kærunefndar eru bindandi gagnvart málsaðilum. Að kröfu málsaðila getur nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunarúrskurði og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga. Sé mál höfðað vegna úr-

skurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem eru til meðferðar hjá henni, þar til dómur gengur í málinu.

d. Í stað orðanna „álit sín“ í 5. mgr. kemur: úrskurði sína.

3. gr.

Í stað orðanna „veitir álit sitt“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: kveður upp úrskurð sinn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ef málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verði bindandi fyrir málsaðila. Þó geti nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar síns að kröfu annars hvors málsaðila að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi breyting gæfi kærunefndinni og niðurstöðu hennar mun meira vægi en nú og færði framkvæmd þessara mála nær því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum.

Eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um réttindi kvenna hefur gagnrýnt í nýlegri skýrslu sinni um Ísland að niðurstöður kærunefndar jafnréttismála skuli ekki vera bindandi, sérstaklega þegar stjórnvöld eiga hlut að máli. Gerir nefndin það að tillögu sinni að álit kærunefndar jafnréttismála verði bindandi.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka kærumál til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds. Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal kærunefnd leita umsagnar hjá heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum þeirra áður en álit er gefið út.

Samkvæmt upplýsingum frá kærunefnd jafnréttismála bárust nefndinni 103 erindi á árunum 1991–2001. Í 55 tilvika taldi nefndin að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefðu verið brotin en langflest þeirra lutu að stöðuveitingum. Fjöldi þeirra laut einnig að launajafnrétti kynjanna. Hlutverk Jafnréttisstofu er að fylgja eftir áliti kærunefndar og getur hún samkvæmt 3. gr. jafnréttislaga höfðað mál til viðurkenningar á rétti kærenda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða ef hagsmunir kærenda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þyki að fá úrlausn dómsstóla. Það hefur hins vegar komið fram að það sé verulega flókið og ýmsum vandkvæðum bundið að fylgja álitum kærunefndar eftir. Allur gangur virðist því á hvort það sé gert. Iðulega hafa niðurstöður kærunefndar jafnréttismála verið teknar upp á Alþingi, bæði varðandi stöðuveitingar og launajafnrétti kynjanna. Auk ýmissa stöðuveitinga má nefna niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála um að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna í bankakerfinu sem bryti í bága við jafnréttislög. Kærunefndin tók þetta mál til athugunar í kjölfar svars viðskiptaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessarar tillögu um bifreiðastyrki í bankakerfinu. Þar kom ljóslega fram að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til þess að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans. Það var síðan staðfest í áðurnefndu áliti kærunefndar, en bæði þingflokkur jafnaðarmanna og Samband íslenskra bankamanna fóru þess á leit við Jafnréttisráð í kjölfar niðurstöðunnar að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum. Athyglisvert er að

báðir bankarnir neituðu að ákvæði jafnréttislaga væru brotin í þessu efni. Þó að málinu hafi verið fylgt fast eftir, m.a. af Jafnréttisstofu, er lítið vitað um hvort nokkur leiðrétting hafi fengist á þessum mismun á bifreiðastyrkjum í bankakerfinu. Sama gildir um mörg önnur álit sem kærunefnd hefur afgreitt frá sér.

Stjórnvöldum ber skylda til að sjá til þess að jafnréttislögum sé framfylgt. Jafnréttislög kveða á um að jafnréttissjónarmiða skuli gætt á öllum sviðum samfélagsins og að unnið sé að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku. Reynslan sýnir að ákvæðið um kærunefnd virkar ekki eins og til var ætlast, því að veruleg undanbrögð eru á því að álit nefndarinnar séu virt. Frumvarp þetta á að bæta úr þeirri brotalöm. Norðurlöndin hafa vakið athygli víða fyrir framsýni og baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og öll kappkostað að ganga eins langt í löggjöf og hægt er til að tryggja jafna stöðu karla og kvenna. Með samþykkt þessa frumvarps væri framkvæmd þessa ákvæðis jafnréttislaganna færð nær því sem er annars staðar á Norðurlöndunum.

51. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um könnun á umfangi fátæktar.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Guðrún Ögmundsdóttir, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, bæði félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treysti öryggisnet velferðarkerfisins. Til að ná því markmiði verði lágmarksframfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð skilgreindur og gerðar tillögur til úrbóta sem miði við að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

Úttektin verði unnin í nánu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Niðurstöður ásamt tillögum um aðgerðir til úrbóta verði lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2003.

Greinargerð.

Á umliðnum mánuðum og missirum hafa komið fram upplýsingar m.a. frá ýmsum hjálparstofnunum, stéttarfélögum og félagsþjónustu sveitarfélaga sem benda til verulegrar aukningar á fjölda fátækra. Svo virðist sem m.a. fullvinnandi fólk þurfi í vaxandi mæli að sækja sér matargjafir til líknarsamtaka og leita fjárhagsaðstoðar til að eiga fyrir brýnustu nauðþurftum. Í þessum hópi er fjöldi öryrkja og aldraðra, sem og einstæðir foreldrar, atvinnulausir, einstæðingar og barnmargar fátækar fjölskyldur. Einnig hefur komið fram að stöðugt fjölgar í þeim hópi fólks sem hefur ekki efni á að leita til læknis eða leysa út lyfin sín. Athyglisvert er líka að í nýlegri könnun á vegum nokkurra verkalýðsfélaga kom fram að 30% aðspurðra telur að fjárhagsstaða sín sé lakari en fyrir 3–4 árum síðan vegna verðhækkana á vöru og þjónustu.

Fyrir liggur norræn úttekt sem sýnir að útgjöld til félags- og heilbrigðismála aldraðra og öryrkja séu langlægst á Íslandi. Sama gildir um útgjöld vegna barna og barnafjölskyldna, jafnvel þótt börn undir 18 ára aldri séu hlutfallslega miklu fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Skertar barnabætur á liðnum árum hafa komið mjög illa við margar fjöl-

skyldur með lágar tekjur og meðaltekjur. Ísland er ein fárra þjóða innan OECD sem tekjutengir barnabætur. Í því sambandi má benda á að fjöldi barna á hverja fjölskyldu er mestur á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd. Hér á landi er engu að síður varið lægsta hlutfalli af landsframleiðslu til að aðstoða barnafólk. Sterk tengsl eru oft milli slæmrar efnahagslegrar stöðu foreldra og heilsufars og félagslegra möguleika barna. Í uppvextinum hafa börn frá mjög efnalitlum heimilum ekki sömu möguleika til þroskandi félagslegrar þátttöku og tómstunda og önnur börn. Ljóst er að það hefur m.a. mjög hamlandi áhrif á eðlilegan þroska barna þegar þau skynja að möguleikar þeirra til að taka þátt í félagslega uppbyggjandi tómstundastarfi eru miklu minni en jafnaldra þeirra. Rannsóknir hafa líka sýnt að andlegt og líkamlegt heilsufar barna sem koma frá fátækum heimilum er mun verra en annarra barna.

Í nýrri rannsókn Hörpu Njálsdóttur félagsfræðings, sem rannsakað hefur fátækt í íslensku þjóðfélagi, kemur fram að 40 þúsund krónur vantar mánaðarlega upp á fullan lífeyri frá Tryggingastofnun til þess að bótaþegar sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur frá ríkinu geti framfleytt sér miðað við lágmarksframfærsluviðmið. Í Morgunblaðinu 7. júlí sl. er viðtal við Hörpu og greint frá rannsókninni. Þar kemur fram að í rannsókninni er sett fram aðferð til að greina, skýra og mæla fátækt. Rannsóknin beindist að því að leita svara við spurningum um hvað það sé í uppbyggingu og úrræðum samfélagsins sem veldur því að fólk lifir í fátækt á Íslandi í lok 20. aldar og hvernig saman fari góð lífskjör heillar þjóðar, mæld á mælikvarða þjóðartekna á mann, og fátækt meðal meðlima einstakra þjóðfélagshópa. Til að skýra og mæla fátækt er í rannsókninni notað lágmarksframfærsluviðmið sem byggist á opinberum skilgreiningum, þ.e. lágmarkstekjum sem hið opinbera ákvarðar lífeyrisþegum og skilgreiningu framfærsluþátta sem hið opinbera telur að séu nauðsynlegir til að komast af. Harpa bendir m.a. á að í leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins frá 1996 komi skýrt fram hvaða þættir séu álitnir nauðsynlegir einstaklingum til að framfleyta sér. Í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að lágmarksfjárþörf fólks skuli miðast við þann lágmarksframfærslukostnað sem ætlaður er einstaklingum eða fjölskyldum til að geta lifað af.

Sömuleiðis er bent á að árið 2001 hafi verið gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem lágmarksframfærsla var ítrekuð og að hlutverk almannatrygginga væri að vera öryggisnet sem byggðist ekki á skilgreindum réttindum heldur tæki mið af framfærslu. Loks má benda á að Harpa segir orðrétt í þessu viðtali: „Ef bætur sem hið opinbera hefur ætlað fólki til framfærslu duga því ekki er fátækt tilkomin vegna brotalama í uppbyggingu velferðarkerfisins."

Margt bendir til að þetta sé rétt og að öryggisnet velferðarkerfisins sé brostið. Ljóst er að á því eru verulegir agnúar sem sníða þarf af til að treysta stöðu þeirra sem ekki eiga fyrir brýnustu nauðþurftum. Brýnt er því að greina helstu orsakir og afleiðingar fátæktar á Íslandi, bæði fjárhagslegar og ekki síður félagslegar. Á grundvelli þess þarf að fara fram heildarendurskoðun á öryggisneti velferðarkerfisins bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Ýmislegt bendir til að stjórnvöld geri sér ekki grein fyrir því að fátækt fari vaxandi og sýna þau almennt skeytingarleysi við upplýsingum sem fram koma um það efni. Má í því sambandi nefna skýrslu sem þingmenn Samfylkingarinnar kölluðu eftir frá forsætisráðherra á 121. löggjafarþingi um þróun og umfang fátæktar á Íslandi. Í þeirri skýrslu voru fundin öll tormerki á því að svara spurningum skýrslubeiðenda um orsakir og afleiðingar fátæktar og hvernig hún hafi þróast og dregnir fram allir hugsanlegir vankantar á „fátæktarmælingum" eins og það var orðað. Um orsakir fátæktar kom fram eftirfarandi: „Allt bendir til að mælt á algildan mælikvarða heyri fátækt til hreinna undantekninga hér á landi og hennar gætti fyrst og fremst hjá þeim sem telja má olnbogabörn þjóðfélagsins, þ.e. þeim sem ekki eru færir um að ala önn fyrir sér af einhverjum ástæðum."

Þetta sýnir ljóslega að brýnt er að Alþingi taki á málinu og krefji stjórnvöld um að ráðast í það verkefni að skilgreina orsakir og afleiðingar fátæktar og kanna hve stór sá hópur er sem hefur tekjur undir því lágmarksviðmiði sem nauðsynlegt er til að eiga fyrir brýnustu nauðþurftum. Það er forsenda þess að hægt sé með raunhæfum hætti að taka á málinu. Í því sambandi er ástæða til að benda á að í maí 2001 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um gerð neyslustaðals, sem m.a. átti að nota við ákvörðun um fjárhæðir bóta og styrkja í velferðarkerfinu, og má reikna með að þegar liggi fyrir nokkur vinna sem nýtast muni vel í það verkefni sem tillaga þessi felur í sér.

Það hlýtur að vera forgangsverkefni í þjóðfélaginu að treysta á nýjan leik öryggisnet velferðarkerfisins, þannig að hægt sé að losa fólk úr fjötrum fátæktar, sem verður sífellt meira sýnileg í þjóðfélaginu.

52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum er hafi það hlutverk að standa fyrir og efla rannsóknir á þessu sviði í samvinnu við háskóla- og rannsóknastofnanir. Verði starfsemi rannsóknastofnana á svæðinu efld í því skyni.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 127. löggjafarþingi en var eigi útrædd og er því endurflutt.

Athyglisverðar tilraunir hafa staðið yfir á áframeldi þorsks hér við land á undanförnum árum. Ljóst er að þær geta falið í sér margvíslega möguleika á næstu árum. Til þess að svo geti orðið þarf á hinn bóginn að fara fram mikil þróunar- og rannsóknarvinna, að frumkvæði atvinnulífsins en með öflugum stuðningi hins opinbera. Er mikilvægt að vel verði að málum staðið og þess gætt að rasa ekki um ráð fram. Forsenda þess er að skipulega verði unnið að þróunar- og vísindastarfi og að sú vinna sé samhæfð sem mest og best til þess að hún skili sem mestum, bestum og skjótustum árangri. Er með tillögu þessari lagt til að þessi samhæfing verði fyrir tilstuðlan sérstakrar miðstöðvar atferlis- og eldisrannsókna á Vestfjörðum.

Möguleikar á fiskeldi.

Þessi hugmynd var sett fram opinberlega af Kristjáni G. Jóakimssyni, vinnslu- og markaðsstjóra Hraðfrystihússins Gunnvarar, á ráðstefnu um þorskeldi sem fór fram á Ísafirði 27. febrúar sl.

Margvísleg rök hníga að því að þessi miðstöð verði sett niður á Vestfjörðum.

Í nýrri tillögu að byggðaáætlun er einmitt vikið að því að möguleikar séu á Vestfjörðum á uppbyggingu fiskeldis og eru það orð að sönnu. Þegar hafa menn hafist þar handa hvað varðar lax- og bleikjueldi. Og langmestur hluti þess eldisþorsks sem komið hefur til slátrunar

hér á landi er alinn í kvíum á Vestfjörðum, sbr. fylgiskjal. Fyrir því eru þess vegna augljós rök að vel sé að þessum vaxtarbroddi hlúð.

Staðarkostir.

Fram kom á fyrrgreindri ráðstefnu um þorskeldi á Vestfjörðum að afar þýðingarmikið væri að þorskeldisstöðvar lægju nærri gjöfulum fiskimiðum. Gilti það um áframeldi þorksins en einnig ef menn reyndu að afla þorskseiða, þar sem flutningur á fiski og seiðum frá veiðislóð að kvíum væri dýr. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þessar aðstæður eru allar fyrir hendi á Vestfjörðum og eiga örugglega sinn þátt í því frumkvæði sem Vestfirðingar hafa sannarlega sýnt í þessum efnum. Þess vegna er skynsamlegt að byggja á þeirri dýrmætu þekkingu sem orðið hefur til á þessum slóðum og koma upp miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum.

Það gerir þorskeldi líka fýsilegra á Vestfjörðum, og raunar víðar, að fiskurinn vex við kaldara hitastig en til dæmis laxinn. Af þessum ástæðum er hægt að koma við þorskeldi á svæðum þar sem erfiðara er að stunda laxeldi.

Samstarf fyrirtækja og stofnana.

Þann veg hefur verið staðið að þorskeldi á Vestfjörðum að fyrirtæki og einstaklingar hafa haft að því frumkvæði og leitað aðstoðar vísindamanna og annarra sérfræðinga á þessu sviði. Á undanförnum árum hefur þess verið freistað að byggja upp á Vestfjörðum öflugra þróunarstarf. Má í því sambandi nefna að starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í Þróunarsetrinu á Ísafirði hefur verið efld og enn fremur hefur Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík mjög vaxið fiskur um hrygg. Hafa starfsmenn þessara stofnana mjög komið að starfinu við þorskeldið og notið atbeina Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Þetta starf þarf að þróa áfram og virkja það mikla frumkvæði sem fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt. Hlutur þeirra í þessu starfi verður því að vera stór.

Áhersla á rannsóknir og umhverfisþætti.

Ljóst er að forsenda framfara í þorskeldi er aukin áhersla á rannsóknir. Í því sambandi þarf að hyggja að sjúkdómavörnum, þótt talið sé að sjúkdómahætta við þorskeldi sé ekki yfirvofandi. Engu að síður þarf að efla viðbúnað takist okkur að auka umsvif þorskeldisins. Enn fremur er mjög brýnt að ná tökum á kynbótum í eldisþorski, líkt og menn hafa gert í öðru fiskeldi. Er það talin einhver mikilvægasta forsenda þess að okkur auðnist að draga úr kostnaði við framleiðslu á eldisþorski og gera hana arðbæra. Hefur verið áætlað að með skipulegum kynbótum megi jafnvel lækka framleiðslukostnað um 1–3% á ári, sem er verulegur árangur.

Eitt af því sem menn hafa gert frá byrjun við þorskeldi á Vestfjörðum er að hyggja vel að umhverfisþáttum málsins. Þetta er mikilvægt, eins og vel kom fram í máli forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða, dr. Þorleifs Eiríkssonar, á þorskeldisráðstefnunni á Ísafirði. Þar lagði hann meðal annars áherslu á eftirtalin atriði:

- Til að fiskeldi (þorskeldi) fái að þróast sem mikilvæg atvinnugrein verður að taka á umhverfismálum jafnhliða.
- Í þróun fiskeldis á Vestfjörðum hafa stofnanir og einkaaðilar sameinað krafta sína við uppbyggingu greinarinnar.
- Umhverfismál hafa verið á dagskrá frá byrjun og er það viðurkennt að best sé að leysa þau fyrst.

Miðstöð þorskeldisrannsókna.

Í ræðu Kristjáns G. Jóakimssonar, sem fyrr er vitnað til, víkur hann að því að heildarmagn slátraðs eldisþorsks sé enn sem komið er ekki mikið. Og síðan bætir hann við:

„En ég get auðveldlega séð fyrir mér að á næstu þrjú til fimm árin geti þetta magn tvö- til þrefaldast á ári. Sem þýðir að innan fárra ára gæti heildarmagn slátraðs eldisþorsks á Vestfjörðum numið þúsundum tonna.

Til þess að það gangi eftir þurfa einstaklingar og fyrirtæki að hafa ákveðið áræði og fjárhagslegt úthald. Þá þarf einnig stóraukna og markvissa uppbyggingu í rannsóknum og opinberri þjónustu. Það er ekki síður mikilvægt fyrir rannsóknarvinnuna að hún sé unnin í sem mestri nálægð við atvinnustarfsemina sjálfa sem og að uppbygging eldisins sé í nálægð við rannsóknaumhverfið.

Mín framtíðarsýn er því einnig sú að samfara uppbyggingu þorskeldis hér á Vestfjörðum verði jafnframt tekin sú pólitíska ákvörðun að á Vestfjörðum verði miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski. Það rannsóknaumhverfi verði byggt upp með því að efla starfsemi Hafró og Rf á svæðinu og með því að efla frekari tengingar við háskólana í landinu.

Ef við lítum á aðrar eldistegundir þá hefur rannsókna- og kynbótastöð fyrir lax verið komið fyrir í Kollafirði. Þróunarstöð fyrir bleikju í Skagafirði og miðstöð lúðueldis í Eyjafirði. Markvissar rannsóknir eru nú stundaðar á heitsjávartegundunum sandhverfu og sæeyrum í Grindavík sem og þorskseiðarannsóknir eins og fram hefur komið. Þá eru hafnar rannsóknir á hlýraeldi í Neskaupstað sem er vel. Í þessu samhengi færi vel á að miðstöð þorskeldis yrði á Vestfjörðum, enda búið að marka slíkar tillögur með ákveðnum hætti í tillögum að nýrri byggðaáætlun fyrir Vestfirði, en þar eru möguleikar Vestfjarða metnir góðir innan fiskeldis.

Eins og fram hefur komið hér á undan hefur ákveðið frumkvæði verið tekið í tilraunum á áframeldi þorski hér á Vestfjörðum af einstaklingum og fyrirtækjum ásamt útibússtjórum Hafró og Rf í góðum tengslum við háskóla fyrir norðan og sunnan ásamt þátttöku þjónustufyrirtækja í fjórðungnum. Áratuga löng reynsla er fyrir eldi á laxi og silungi á svæðinu, sérstaklega á Tálknafirði en einnig víðar á suðursvæði Vestfjarða og Ísafjarðardjúpi. Auk þessa hefur Náttúrustofa Vestfjarða hafið ákveðið starf og er þátttakandi í norrænu verkefni er snýr m.a. að umhverfismálum og fiskeldi.

Hefðbundinn sjávarútvegur á svæðinu sem býr yfir mikilli fagþekkingu á veiðum og vinnslu er einnig kjörinn jarðvegur til að fóstra uppbyggingu þorskeldis. Hér eru því að mínu mati kjörin sóknarfæri í atvinnulífi okkar Vestfirðinga. Hér er líka kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld að ná fram lögbundnum markmiðum í byggðamálum með almennum aðgerðum sem felast í uppbyggingu rannsókna- og þróunarstarfsemi hér á Vestfjörðum, starfsemi sem jafnframt getur þjónað landinu öllu, en starfað hér við kjöraðstæður í þessari grein.“

Góð tækifæri.

Allt hnígur þetta að hinu sama. Möguleikarnir eru vissulega góðir. Afar óráðlegt er þó að líta svo á að þorskeldi sé í hendi. Mjög margt er ógert áður en svo verður. Skipuleg rannsóknarstarfsemi, öflugt frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja og markviss opinber stuðningur þarf að fara saman svo að vel takist til. Í því skyni er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir eldisstaði og magn.

Staður	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Samtals, tonn
Skutulsfjörður		3,0	7,6	11,1	0,5			9,0	7,6	38,8
Patreksfjörður		11,5								11,5
Tálknafjörður (2 stöðvar)		20,0						2,2	23,3	45,5
Dýrafjörður		2,5	2,4	3,5						8,4
Drangsnes		0,7		3,1						3,8
Álftafjörður við Súðavík			1,1						31,0	32,1
Súgandafjörður				0,2	slapp					0,2
Stöðvarfjörður (3 stöðvar)	0,7	6,0	12,1							18,8
Norðfjörður		1,7	11,6	10,0						23,3
Seyðisfjörður				9,0						9,0
Berufjörður					slapp					0,0
Eskifjörður					slapp					0,0
Eyjafjörður (2 stöðvar)					lítið				4,0	4,0
Siglufjörður									4,0	4,0
Samtals, tonn	**0,7**	**45,4**	**34,8**	**36,9**	**0,5**	**0,0**	**0,0**	**11,2**	**69,9**	**199,4**

53. Frumvarp til laga [53. mál]

um breytingu á lögum, nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Kristján Pálsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: skipum eða loftförum allt til 31. desember 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 127. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Mikill vandi steðjar nú að í höfnum landsins. Úrelt skip og úr sér gengin liggja þar í stórum stíl, taka pláss í höfnunum, valda eigendum skipanna og höfnunum fjárhagstjóni og geta jafnvel verið hættuleg. Engin úrræði hafa fundist til þess að farga þessum skipum samkvæmt heimildum í gildandi lögum. Fjárhagslegar forsendur hafa ekki verið fyrir hendi svo hægt væri að búta skipin niður og koma þeim í brotajárn. Fyrir vikið er smám saman að hlaðast upp illviðráðanlegt vandamál sem nú er orðið mjög brýnt að taka á.

Það gerir vandann verri viðureignar að í ýmsum tilvikum finnst vart eigandi að þessum bátum og skipum. Fyrirtæki koma og fara og í nokkrum tilvikum eru fyrirtækin sem áttu skipin nú orðin gjaldþrota. Eftir stendur að skipin eru í höfnunum, valda kostnaði og óþægindum og taka dýrmætt pláss.

Við leggjum verulegt fjármagn til hafnargerðar og er eðlilegt að gerð sé krafa um að sú fjárfesting nýtist sem best. Kostnaður við gerð viðlegukanta er verulegur. Við athugun umhverfisnefndar Hafnarsambands sveitarfélaga dagana 4.–7. desember 2000 kom í ljós að í höfnum landsins voru 158 verkefnalaus skip, þar af 88 fiskibátar, 14 skuttogarar, 38 smábátar og 20 önnur skip. Talið var að í þessum bátum væru um 70 þúsund tonn af járni. Kostnaður við förgun stálskipa er nú talinn vera um 15 kr. á hvert tonn. Ef þessi skip og bátar lægju hver fram af öðrum tækju þeir upp um 5 km af viðlegurými, en 2–3 km ef um algenga viðlegu væri að ræða þar sem bátar liggja hver utan á öðrum.

Nauðsynlegt er hins vegar að taka fram að þessi skip eru í mörgum tilvikum fjarri því að vera í reiðileysi. Mörg þeirra hafa einfaldlega ekki verkefni af ýmsum ástæðum og eigendur þeirra eru að kanna sölumöguleika. Eigi að síður er ljóst að ýmis þeirra bíða einfaldlega förgunar, en lög koma hins vegar í veg fyrir að henni verði við komið nema með gríðarlegum kostnaði. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um stjórn fiskveiða, í kjölfar svonefnds Valdimarsdóms í árslok 1998, hafa enn aukið vandann og er augljóst að hann mun að óbreyttu vaxa á næstu árum. Því er brýnt að bregðast við.

Auk þeirrar leiðar sem bent er á í frumvarpinu má hugsa sér að skipin væru send úr landi til förgunar, eða sérstaklega greitt fyrir förgun þeirra. Þá þarf að finna aðila sem getur tekið slíkt að sér og væntanlega þarf að bjóða verkið út á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta mundi kosta verulegt fé og því óhjákvæmilegt að finna leið til þess að standa undir því. Ekki er ólíklegt að upp kæmi hugmynd um förgunargjald sem útgerðir þyrftu að greiða, líkt og förgunar-, endurnýtingar- og spilliefnagjöld þau sem innheimt eru af einstaklingum og atvinnurekstri. Má ætla að þetta gjald þyrfti að vera umtalsvert til þess að standa undir kostnaði við förgun hérlendis eða erlendis.

Sú aðferð sem bent er á í frumvarpinu er tímabundin leið og án efa langt um hagkvæmari en aðrar aðferðir til að leysa við vandann sem nú hleðst upp. Benda má á að nágrannar okkar, svo sem Norðmenn, hafa farið þessa leið.

Samkvæmt hinum svokallaða OSPAR-samningi um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, sem undirritaður var í París 30. september 1992 og tók gildi 25. mars 1998, er varp skipa í hafið heimilað til 31. desember 2004. Þegar flutt var stjórnarfrumvarp árið 1996 um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, var ætlunin að styðjast við þessa heimild úr OSPAR-samningnum og gert ráð fyrir að Hollustuvernd gæti leyft til ársloka 2004 að farga skipum á þennan hátt. Alþingi ákvað hins vegar að fella brott heimildina, án þess að það væri í raun rökstutt í nefndaráliti.

Hér er hins vegar lagt til að tekið verði upp það fyrirkomulag sem stjórnarfrumvarpið frá árinu 1998 gerði ráð fyrir og OSPAR-samningurinn heimilar. Eðlilegt er að í reglugerð verði nánar kveðið á um útfærslu þessa ákvæðis. Þar þarf að kveða á um að öll mengandi efni séu fjarlægð áður en skipum eða bátum er sökkt í sæ. Enn fremur að fyrir fram séu ákveðin þau svæði þar sem bátarnir mega liggja og þess gætt að þeir séu utan hefðbundinnar veiðislóðar. Þar með væri fullnægt þeirri sjálfsögðu skyldu að förgun skipanna ylli ekki mengun og um leið komið í veg fyrir að þau gætu valdið hættu á veiðislóð.

54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (reynslulausn).

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

2. málsl. 5. mgr. 40. gr. laganna orðast svo: Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar sem er styttri en 30 dagar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 127. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt.

Ákvæði um reynslulausn fanga getur að líta í 40. gr. almennu hegningarlaganna en þar segir m.a. að Fangelsismálastofnun ríkisins geti þegar fangi hefur afplánað ⅔ hluta refsitímans ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu. Ef sérstaklega stendur á má þó veita reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans. Reynslulausn verður hins vegar ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn eða þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar verður reynslulausn hins vegar ekki veitt.

Af þessu má ráða að löggjafinn veitir allrúmar heimildir til þess að fangi geti fengið reynslulausn en auk þess hefur myndast sú venjuhelgaða framkvæmd að refsifangar fái nær undantekningarlaust reynslulausn eftir helming eða ⅔ hluta refsitímans svo framarlega sem skilyrðum laganna um reynslulausn er fullnægt. Reynslulausn verður þó ekki veitt þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn og þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar. Að öðru leyti hefur Fangelsismálastofnun rúmar heimildir til þess að veita fanga reynslulausn. Önnur ákvæði hegningarlaganna um reynslulausn kveða á um önnur þau atriði sem uppfylla þarf áður en reynslulausn er veitt.

Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um þessi mál og kemst m.a. að þeirri niðurstöðu í máli nr. 2424/1998 að réttarstaða þeirra sem afpláni vararefsingu fésekta sé að öllu jöfnu sú sama og annarra fanga sem sviptir hafa verið frelsi sínu með refsivist. Tilgangur reynslulausnar sé að takmarka andfélagsleg áhrif frelsisskerðingar til lengri tíma og aðstoða fanga í þeim miklu aðlögunarerfiðleikum sem þeirra bíða við lok refsivistar og það geti jafnt átt við um þá menn sem afplána óskilorðsbundinn fangelsisdóm og þá sem sviptir eru frelsi sínu vegna ógreiddra fésekta. Þá telur umboðsmaður óeðlilegt að dómur, úrskurður eða sátt um greiðslu fésektar að viðlagðri vararefsingu reynist dómþolum þungbærari ákvörðun en óskilorðsbundin fangelsisrefsing þar sem fésektir séu vægasta tegund refsinga samkvæmt lögunum. Loks telur umboðsmaður verulegan vafa leika á því að fært sé að útiloka fanga sem afplánaði vararefsingu fésekta og fullnægði að öðru leyti skilyrðum laganna frá möguleika á reynslulausn sökum þess að hann gæti stytt afplánunartíma sinn ef hann hefði til þess fjárhagslegt bolmagn.

Það er afar vandséð hvers vegna afplánun vararefsingar fésekta á að leiða til þess að mönnum sé meinuð reynslulausn. Ljóst er að eðli afbrotsins hefur ekkert með það að gera hvort menn fá reynslulausn samkvæmt lögunum. Afpláni fangi vararefsingu fésektar, t.d.

vegna bágra fjárhagslegra aðstæðna, er fyrir það synjað að hann eigi möguleika á reynslulausn. Augljóst er að nær undantekningarlaust reyna menn að greiða sektina til þess að komast hjá fangelsisvist. Frelsi sitt meta menn ekki til fjár. Þeir sem ekki greiða sekt sína en afplána fangelsisvist gera það að jafnaði vegna þess að þeim eru sektargreiðslurnar ofviða. Þannig kveða lög á um svimandi háar sektargreiðslur vegna skattalagabrota eða vegna þess að vanhöld verða á skilum á vörslusköttum. Slíkar greiðslur geta í slíkum tilvikum og öðrum verið svo háar að viðkomandi einstaklingur getur engan veginn innt þær af hendi. Þá kemur jafnan til fangelsisvistar sem verður ekki stytt með reynslulausn. Hér er því í raun verið að mismuna mönnum að þessu leyti eftir efnahag. Sá sem fjáður er greiðir sekt sína og getur um frjálst höfuð strokið. Sá sem minna hefur á milli handanna verður að afplána fangelsisvist og það án minnsta möguleika á reynslulausn. Hér sker efnahagurinn því í raun úr um örlög manna að loknum dómi dómstólanna. Það getur alls ekki hafa verið ætlun löggjafans. Að mati flutningsmanna er þess vegna afar brýnt að breyta þessu ákvæði hegningarlaganna, treysta þannig í raun jafnræði þegnanna og afnema lög sem leiða til þess að efnahagur manna ræður því hvort þeir þurfa að afplána refsivist án minnsta möguleika á reynslulausn. Þar sem menn verða samkvæmt lögunum ekki dæmdir í fangelsi skemur en 30 daga er lagt til að reynslulausn vegna afplánunar vararefsingar fésekta komi ekki til skoðunar ef hún er styttri en 30 dagar.

55. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Karl V. Matthíasson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd og er því er endurflutt nú.

Þjóðfélag sem á samfélag á borð við Árneshrepp í Strandasýslu er auðugt. Sveitarfélagið hefur algjöra sérstöðu hér á landi, m.a. vegna landfræðilegrar legu. Sauðfjárrækt er ráðandi atvinnugrein, en síðustu ár hefur þess verið freistað að skjóta öðrum stoðum undir atvinnulífið. Allnokkur útgerð á smábátum er stunduð frá Norðurfirði og ferðamannastraumur um Árneshrepp hefur vaxið að undanförnu.

Eigi að síður hefur byggðin átt undir högg að sækja. Flutningsmenn þessarar tillögu telja brýnt að þeirri þróun sé snúið við og að búseta í Árneshreppi verði treyst. Í því skyni þarf að efla forsendur byggðarinnar. Mestu skiptir að íbúarnir fái notið staðarkostanna, sem augljóslega snúa að sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu, en einnig að efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri sérstöðu sem óumdeilanlega er fyrir hendi í Árneshreppi.

Stjórn Landverndar samþykkti árið 1998 ályktun um að hrinda af stað tilraunaverkefni um verndun menningarumhverfis landslags hér á landi (sjá fylgiskjal I). Undir þetta var tekið á

aðalfundi Landverndar árið 1999 og hvatt til þess að leitað yrði til íbúa Árneshrepps í Strandasýslu í þessu skyni. Hefur síðan verið unnið að þessu máli með margvíslegu móti. Fram hefur komið jákvæð afstaða Árneshrepps gagnvart þessari hugmynd, sbr. bréf oddvita Árneshrepps frá 21. desember 1998 (sjá fylgiskjal II). Dagana 17.–18. mars 2001 var efnt til ráðstefnu í Árneshreppi þar sem þessi mál voru m.a. á dagskrá og hlaut hugmyndin góðar viðtökur.

Hugmyndin um verndun menningarminja og menningararfs á rætur sínar að rekja til samþykktar ráðherranefndar Norðurlanda frá 12. september 1996 um framkvæmdaáætlun um verndun menningarumhverfis. Á fyrrnefndri ráðstefnu í Árneshreppi flutti Jón Helgason, fyrrverandi alþingismaður og þáverandi formaður Landsverndar, ávarp þar sem hann færði fram rök fyrir því að unnið skyldi „að því að samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar yrði ekki dauður bókstafur, heldur skyldi þegar í stað hafist handa við að sýna viljann í verki," eins og hann komst að orði. Vék hann síðan sérstaklega að aðstæðum í Árneshreppi og sagði þá m.a.:

„Fólki hefur fækkað ört í byggðarlaginu síðustu áratugi eftir uppgang á fyrri hluta aldarinnar. Vegna þess fámennis ætti tiltölulega lítið fjármagn að nægja til að leiða í ljós, hvort að gagni geti komið einhver þau úrræði, sem eru föl fyrir krónur og aura. Byggðin er skýrt afmörkuð, svo auðvelt verður að meta áhrif aðgerða, og aðstæður svo sérstakar, að teljast verður illkvittni að fyllast öfund vegna einhvers stuðnings í þessu skyni við hana.

Með þessum rökum lagði Landvernd fram tillögu um, að ríkisvaldið ákvæði að gera 5–10 ára tilraun hér í Árneshreppi til að styrkja búsetu á jaðarsvæði með raunhæfum aðgerðum í samræmi við samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Það yrði gert með þeim hætti að íbúar Árneshrepps skyldu spurðir, hvað ríkisvaldið gæti gert til að fá þá fram til samstarfs við að varðveita þennan menningararf með gróandi mannlíf í byggðarlaginu.

Það eru að sjálfsögðu fyrst og fremst íbúarnir sjálfir, sem geta gefið góð ráð og leiðbeiningar um hvað þurfi til, þó að einhver atriði liggi í augum uppi. Framtíð þess hlýtur auðvitað hér eftir sem hingað til að byggjast á því, að gæði náttúrunnar til lands og sjávar verði nýtt með þeim hætti, að afkoma þeirra sem að því vinna verði viðunandi."

Mikilvægt er að áfram verði unnið að framgangi málsins. Ljóst er að það snertir ýmis ráðuneyti og stofnanir sem þurfa að koma að verkinu, enda er hér um að ræða nýstárlega nálgun gagnvart verkefni af þessu tagi. Því er nauðsynlegt að sett verði á laggirnar nefnd sem fari betur ofan í málin, móti stefnu og leggi fram fyrir stjórnvöld til að vinna eftir. Verkefni af þessu tagi ætti ekki að þurfa að taka langan tíma og ýmsar ákvarðanir sem það snerta væri hægt að taka án þess að vinnunni væri að fullu lokið. Því er brýnt að hafist verði handa hið fyrsta til þess að unnt sé að móta stefnu um mikilvægt mál sem ekki þolir langa bið.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ályktun Landverndar frá 1998 um tilraunaverkefni um verndun menningarumhverfis landslags.
II. Bréf hreppsnefndar Árneshrepps til forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar. (Norðurfirði, 21. desember 1998.)

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 693 (431. mál 127. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 2001–2002, bls. 3124–3127.

56. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um skipan nefndar til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins.

Flm.: Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Háskóla Íslands, sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnuninni, Samtökum fiskvinnslustöðva og sjávarútvegsráðherra sem jafnframt skipar formann.

Sjávarútvegsráðherra kynni Alþingi niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en 15. mars 2003.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa orðið á síðustu mánuðum um færeyska fiskveiðistjórnarkerfið. Sýnist þar sitt hverjum. Ýmsum fullyrðingum er haldið á lofti um kosti og galla þess fyrirkomulags sem Færeyingar nota við fiskveiðistjórn sína. Athygli vekur þó að svo virðist sem nokkuð almenn sátt ríki í Færeyjum um þetta fyrirkomulag. Þess vegna telur flutningsmaður eðlilegt að fram fari hlutlaus úttekt á kerfinu. Sjávarútvegsráðherra er ætlað að skipa fimm manna nefnd til að sinna því verki og skila niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 15. mars 2003. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Háskóla Íslands, sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnuninni, Samtökum fiskvinnslustöðva og sjávarútvegsráðherra sem jafnframt skipar formann.

Einhverjum kann að þykja óeðlilegt að enginn fulltrúi útgerðar eða sjómanna eigi sæti í nefndinni. Sú leið er þó valin til að nálgast viðfangsefnið á hlutlausan hátt. Vitaskuld getur nefndin sjálf kallað eftir áliti þessara aðila.

Flutningsmaður telur eðlilegt að nefndin leggi m.a. mat sitt á tengsl fiskveiðiráðgjafar við heimilaðan afla, brottkast, þjóðhagslegan ávinning, takmörkun afkastagetu fiskveiðiflotans, tengsl landvinnslu og útgerðar, launamál sjómanna, verndun veiðistofna, takmörkun veiðisvæða, takmörkun veiðiskipa, markaðsmál, nýliðun í útgerð, endurnýjun veiðiskipa og fleiri skyld atriði og beri saman við fiskveiðistjórn Íslendinga. Því er nauðsynlegt að fram fari hlutlaus úttekt á kerfinu.

57. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um ferðasjóð íþróttafélaga.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 126. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram óbreytt.

Með tillögunni er gert ráð fyrir að árlega verði veitt af fjárlögum upphæð í sérstakan ferðasjóð íþróttafélaga. Gert er ráð fyrir að íþróttafélög geti sótt um ferðastyrki í sjóðinn til að mæta kostnaði við að senda keppnislið á milli byggðarlaga til þátttöku í íþróttamótum. Drjúgur þáttur í rekstri einstakra íþróttadeilda er fjármögnun keppnisferða á viðurkennd mót, svo sem Íslandsmót og bikarkeppni. Félögin standa misvel að vígi hvað þennan kostnaðarlið varðar. Sem dæmi um félög sem tekið hafa þátt í slíkum mótum má nefna keppnislið frá Ísafirði í úrvalsdeild körfuknattleiks, knattspyrnu- og handknattleikslið frá Vestmannaeyjum, blaklið af Austurlandi og knattspyrnu-, körfuknattleiks- og handknattleikslið frá Sauðárkróki og Akureyri. Í einstökum flokkum getur verið um að ræða fjölda ferða utan af landi til höfuðborgarsvæðisins þar sem flest keppnislið í viðkomandi flokkum eru. Félög á suðvesturhorninu þurfa reyndar einnig að leggja í kostnað vegna keppnisferða út á land en í sumum tilvikum getur verið um eina ferð á keppnistímabili að ræða fyrir höfuðborgarlið á móti tíu ferðum sama keppnisflokks af landsbyggðinni. Þetta leiðir til þess að einstök íþróttafélög eru að kikna undan kostnaði og kemur það niður á öllu íþróttastarfi.

Íþróttaástundun er hverju byggðarlagi afskaplega mikilvæg. Um er að ræða eina mestu forvörn fyrir ungt fólk. Að auki eiga keppnislið einstakra sveitarfélaga drjúgan þátt í að efla samkennd og samstöðu íbúa sveitarfélaganna. Íþróttamannvirkjum hefur fjölgað ört á þéttbýlisstöðum á landinu og möguleikar til íþróttaiðkunar eru víða afskaplega góðir. Það eykur mjög áhuga iðkenda ef þeir eiga kost á því að taka þátt í t.d. Íslandsmóti viðkomandi íþróttagreinar. Augljóslega leggst ferðakostnaðurinn þyngra á sum íþróttafélög en önnur af landfræðilegum ástæðum.

Ferðasjóði íþróttafélaga er ætlað að jafna þennan aðstöðumun og stuðla þannig að öflugra íþróttastarfi í landinu. Hér er um eðlilega jöfnunaraðgerð að ræða. Menntamálaráðherra er ætlað að setja sérstakar reglur um úthlutun úr sjóðnum. Benda má á að í slíkum reglum mætti gera ráð fyrir fastri upphæð fyrir hvern keppnismann liðs á viðurkenndum mótum, svo sem Íslandsmóti og bikarkeppni á vegum viðkomandi sérsambanda.

58. Frumvarp til laga [58. mál]

um styrktarsjóð námsmanna.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Gunnar Birgisson, Magnús Stefánsson.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk styrktarsjóðs námsmanna er að styrkja efnilega nemendur til náms við framhaldsskóla eftir nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Styrktarsjóður námsmanna er sjálfstæð stofnun með eigin stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

2. gr.

Stjórn.

Menntamálaráðherra skal skipa sjóðnum sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn. Þrír stjórnarmanna skulu skipaðir án tilnefningar en Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna einn mann hvort, stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag íslenskra sérskóla-

nema, Samband íslenskra námsmanna erlendis og Iðnnemasamband Íslands tilnefna sameiginlega tvo menn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Reikningar sjóðsins skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda.

Stjórnin setur sjóðnum starfsreglur og úthlutunarreglur sem skulu staðfestar af menntamálaráðherra. Stjórninni er m.a. heimilt að ákveða skiptingu ráðstöfunarfjár eftir námsgreinum, sviðum eða verkefnum, sbr. þó 4. gr.

Stjórnin tekur ákvörðun um úthlutun námsstyrkja í samræmi við samþykktar úthlutunarreglur. Ákvörðun stjórnarinnar verður ekki kærð til menntamálaráðherra.

3. gr.

Tekjur.

Tekjur styrktarsjóðs námsmanna eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.
3. Vaxtatekjur.
4. Aðrar tekjur.

4. gr.

Ráðstöfun tekna.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekna.

Þeim sem leggur til fé í sjóðinn, öðrum en ríkissjóði, er heimilt að binda framlag sitt skilyrðum. Skilyrtu framlagi ásamt vaxtatekjum af því verður eingöngu ráðstafað í samræmi við skilyrði sem sett eru af hálfu styrktaraðila, svo framarlega sem þau rúmast innan lögbundins hlutverks sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skylt að fara eftir slíkum fyrirmælum.

Stjórn sjóðsins er ekki skylt að ráðstafa öllu ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert.

Þóknun stjórnarmanna og önnur rekstrargjöld skulu greidd af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Skattalegt hagræði af framlögum.

Við ákvörðun skatta geta einstaklingar og fyrirtæki dregið framlög til styrktarsjóðs námsmanna frá tekjum sínum skv. II. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, á því ári sem framlag er veitt.

6. gr.

Umsóknir.

Eigi síðar en í júlí ár hvert skal stjórnin auglýsa styrki til umsóknar fyrir komandi skólaár.

Stjórnin setur reglur um form og efni umsókna, fylgigögn með umsóknum og umsóknarfresti.

Í auglýsingu skal koma fram svo skýrt sem verða má hvaða styrkir eru í boði, umsóknarfrestur, afhendingarstaður umsóknar og hvaða atriði ráði vali á styrkþega.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á 123. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram að nýju. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að komið verði á fót sérstökum styrktarsjóði námsmanna sem veiti efnilegum nemendum óafturkræfa styrki til framhaldsnáms við innlenda eða erlenda skóla.

Gert er ráð fyrir því að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé ár hvert en jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar muni leggja fjármuni í sjóðinn.

Menntamálaráðherra er falið að skipa sjö manna sjóðstjórn sem ætlað er að semja úthlutunarreglur og annast rekstur sjóðsins að öðru leyti.

Hugmyndin er m.a. sú að þeir sem leggja fé í sjóðinn geti bundið framlög sín skilyrðum og mætti til dæmis nefna að ákveðnu framlagi megi eingöngu verja til ákveðins náms eða jafnvel til náms við ákveðna stofnun. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn starfi nokkuð sjálfstætt og er ekki gert ráð fyrir afskiptum ráðherra af málefnum sjóðsins að öðru leyti en því að skipa stjórn og staðfesta úthlutunarreglur. Ákvörðun stjórnar um úthlutun styrkja er fullnaðarákvörðun um úthlutun og verður henni ekki skotið til menntamálaráðherra með stjórnsýslukæru.

Frumvarpið mælir fyrir um sérstakt skattalegt hagræði fyrir þá sem leggja til fjármuni í styrktarsjóð námsmanna. Nýmæli er að einstaklingar geti lækkað skattstofna sína með framlögum sem þessum en lögaðilar og sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa getað dregið frá tekjum sínum gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa sem rekstrarkostnað, sbr. 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar, nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Hugsanlegt er að framlög til styrktarsjóðs námsmanna falli undir 31. gr. skattalaga og reglugerðina eða að breyting á reglugerðinni nægi til að leyfa frádrátt framlaganna frá atvinnurekstrartekjum. Þrátt fyrir þetta þykir heppilegra að hafa skýrt ákvæði um að framlög séu frádráttarbær. Þá er samkvæmt frumvarpinu ekki gert ráð fyrir hámarki frádráttar eins og mælt er fyrir um í fyrrnefndum ákvæðum. Um skattalega meðferð styrkja og formkröfur að öðru leyti fer eftir gildandi skattalögum og má gera ráð fyrir að skattyfirvöld geri sambærilegar kröfur um sönnun frádráttar og greinir í 17. og 18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Um skattalega meðferð styrkveitingar hjá styrkþega fer eftir reglum skattalaga.

59. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um skipulagða áfallahjálp í sveitarfélögum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samstarfi við sveitarfélög að koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga til að bregðast við þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram nær óbreytt.

Með tillögunni er mælst til þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því í samstarfi við sveitarfélögin að koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga og/eða í samstarfi við þau.

Við alvarleg og mannskæð slys er höfuðáhersla lögð á fyrstu aðstoð, þ.e. björgunaraðgerðir og líkamlega aðhlynningu fórnarlamba. Björgunarsveitir, lögregla, sjúkraflutningamenn og fjöldi sjálfboðaliða hafa staðið sig með eindæmum vel við slíkar aðgerðir. Hins vegar virðist sem markviss áfallahjálp í kjölfarið sé yfirleitt ekki til staðar. Fórnarlömb slysa og náttúruhamfara eru skilin eftir óstudd og í óvissu eftir að fyrstu aðgerðum lýkur og fagleg aðstoð virðist af skornum skammti. Gildir það um andlega líðan og tilfinningar fórnarlamba, fjármál þeirra og aðstæður til að fóta sig í tilverunni að nýju. Þá virðist sem áfallahjálp til björgunarfólks, fjölskyldna fórnarlamba og vinnufélaga sé lítil sem engin. Mannskæð slys hafa djúp og varanleg áhrif á alla aðstandendur og jafnt innan fjölskyldna sem meðal vinnufélaga. Oft hafa válegir atburðir áhrif á heilt samfélag. Mikilvægt er að bregðast rétt við slíkri sorg, kerfisbundið og af fagmennsku.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að í hverju sveitarfélagi eða í samstarfi nærliggjandi sveitarfélaga sé komið á markvissri stjórn áfallahjálpar. Slíkri stjórn væri ætlað að bregðast við þegar ósköp dynja yfir. Stjórnunarnefndin hefði frumkvæði að því að veita þeim sem hinir válegu atburðir snerta mest faglega hjálp, m.a. þeim sem lifa atburðina af og fjölskyldum þeirra, ættingjum þeirra sem kunna að hafa farist, vinnufélögum fórnarlamba og björgunarfólki.

Mikilvægt er að slík stjórnunarnefnd sé skipuð formlega með aðal- og varamönnum þannig að þegar hörmungar dynja yfir komi nefndin strax saman, skilgreini aðstæður, bregðist markvisst við og af fagmennsku.

Ekki er óeðlilegt að í hverri stjórnunarnefnd áfallahjálpar sveitarfélaga sitji fulltrúar heilsugæslu, prestar, lögreglumenn, björgunarsveitarfólk og fulltrúar peningastofnunar, tryggingafélags, skóla og atvinnulífs.

Þá er eðlilegt að skipuð verði yfirstjórn áfallahjálpar fyrir landið allt til þess að veita staðbundnum stjórnum áfallahjálpar faglega ráðgjöf sem og til að fylgjast með skipan og fyrirkomulagi áfallahjálpar á hverjum stað. Gildi fræðslu fyrir einstaklinga í slíkum stjórnum, á vinnustöðum og heimilum er ómetanlegt.

Áhrif mannskæðra slysa geta verið langvarandi og alvarleg fyrir einstaklinga jafnt sem samfélagið í heild. Segja má að aðstoð við að takast á við sorgina sé jafnmikilvæg og fyrstu björgunaraðgerðir. Því telja flutningsmenn það hafa mikið forvarnagildi fyrir samfélagið í heild að markvissum aðgerðum við sorgarviðbrögðum verði komið á þannig að unnið verði kunnáttusamlega að því að einstaklingar og hópar nái sem fyrst fyrri styrk sínum eftir að alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.

60. Frumvarp til laga [60. mál]

um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Flm.: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

3. mgr. 26. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði skiprúmssamningi slitið af þeim sökum er greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til kaups skv. 25. gr. að lágmarki í þrjá mánuði frá því að hann kemur til heimilis síns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 127. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram efnislega óbreytt.

Í 26. gr. núgildandi sjómannalaga er svohljóðandi ákvæði:

„Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri en þrjá mánuði, er skiprúmssamningi slitið nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur er sjóferðaskýrsla er tekin og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi er slitið af þeim sökum sem segir í 1. mgr. á skipverji rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns og greiðir ríkissjóður þann kostnað.

Verði skiprúmssamningi slitið erlendis af þeim ástæðum sem greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en í einn mánuð frá sama tíma ef hann gegnir annarri stöðu á skipi.“

Framangreint ákvæði á sér langa sögu og hefur tekið litlum breytingum við endurskoðun sjómannalaga á 20. öld, sbr. lög nr. 41/1930, lög nr. 67/1963 og lög nr. 35/1985. Ákvæði þetta er til að mynda að finna í 103. gr. siglingalaga, nr. 56/1914, sbr. 2. málsl. 1. mgr., en þar segir: „Ef skip týnist eða laskast og er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður kostnaðinn; svo er og, ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki um ófriðinn, þá er hann ljet í haf síðast, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá. Annars kostar greiði útgerðarmenn þann kostnað.“

Ákvæði þessu var lítillega breytt með setningu sjómannalaga nr. 41/1930, en í 1. og 2. mgr. 41. gr. laganna sagði um þetta atriði:

„Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er skiprúmssamningi slitið nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er tekin, og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, er segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér

á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, er skipverji á rétt á samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann og rétt á kaupi meðan hann er á heimleið, þó eigi fyrir lengri tíma en tvo mánuði, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, og eigi fyrir lengri tíma en einn mánuð, sé hann í lægri stöðu á skipinu. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann þá eigi rétt á kaupi frá útgerðarmanni skips er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu."

Framangreint ákvæði er að finna óbreytt í 41. gr. sjómannalaga, nr. 67/1963, og ákvæði þetta í núverandi mynd er að finna í 26. gr. núgildandi sjómannalaga, eins og fyrr greinir.

Af framangreindu má sjá að réttur sjómanna við þær kringumstæður að skip ferst er nánast enginn. Um leið og skipverjinn er kominn til síns heima að björgun afstaðinni er hann atvinnulaus án nokkurs bótaréttar úr hendi útgerðar skipsins. Til samanburðar má geta þess að við sölu skips, nauðungarsölu eða frjálsa sölu, gjaldþrot útgerðarfélags eða við þau atvik að skipum er lagt fyrirvaralaust við bryggju vegna vöntunar á veiðiheimildum eða af öðrum ástæðum, njóta sjómenn fullra launa í þrjá mánuði miðað við aflareynslu skipsins síðustu mánuðina áður en nefnd atvik gerðust, ef um fiskiskip er að ræða, en miðað við meðalyfirvinnutíð ef um er að ræða kaupskip. Þau sjónarmið hafa nú nýverið verið staðfest af Hæstarétti en umræddur bótaréttur er ýmist leiddur af 25. eða 27. gr. núgildandi sjómannalaga.

Það verður að teljast óeðlilegt og óviðunandi að sjómaður sem missir skip sitt í hafið njóti rýrari bótaréttar en sjómenn sem lenda í þeim atvikum sem að framan eru reifuð. Oftast nær eru sjómenn lengi að jafna sig eftir skipsskaða og eru sálrænt ekki færir um að hefja störf á öðrum skipum þegar í stað. Á það sérstaklega við um þá skipsskaða þar sem einhver eða einhverjir skipverjar farast.

Ákvæði 26. gr. núgildandi sjómannalaga á í megindráttum rætur að rekja til dönsku sjómannalaganna en íslensku sjómannalögin eru byggð á þeim lögum. Sjómannalög allra Norðurlanda eru svipuð að flestu leyti enda afsprengi norrænnar samvinnu á 20. öld. Tilvísanir í þeim efnum má finna í greinargerð með frumvarpi til íslensku sjómannalaganna frá 1930, 1963 og 1985. Ákvæðið um réttarstöðu skipverja eftir að skip þeirra ferst hefur setið eftir við endurskoðun íslensku sjómannalaganna en tilurð ákvæðisins á rætur að rekja til 19. aldar.

Upphaflega þótti það sanngjarnt að útgerðarmanni bæri ekki að greiða bætur til skipverja eftir að skip fórst enda var tjón útgerðarmannsins engu minna en tjón skipverjanna. Tryggingar á skipum voru lítt þekktar og eigandi skipsins var oft og tíðum skipstjóri þess. Um þessar mundir eru mál með gjörólíkum hætti enda eru öll skip tryggð hjá stórum tryggingafélögum og afkastageta útgerðarmannsins síður bundin við tiltekin skip með tilkomu „kvótakerfisins". Þannig má segja að tjón útgerðarmannsins verði í flestum tilfellum lítið sem ekkert; hann fær tryggingabætur fyrir skipið og getur leigt frá sér veiðiheimildir sínar þar til hann fær nýtt skip í sínar hendur. Þá getur hann einfaldlega selt veiðiheimildirnar til annars útgerðarmanns. Önnur sjónarmið kunna vissulega að vera fyrir hendi hvað við kemur útgerðum kaupskipa enda um annars konar rekstrarform að ræða en fiskiskipaútgerð. Þó má telja ljóst að kaupskipaútgerðir séu vel tryggðar fyrir áföllum sem þessum.

Tjón einstakra skipverja getur hins vegar orðið tilfinnanlegt. Óeðlilegt er að einstakir skipverjar þurfi að tryggja sig fyrir áföllum sem þessum enda verður að telja að um eðlilegan rekstrarkostnað útgerðarinnar sé að ræða. Þá er með öllu óljóst hvort sjómenn geti yfirhöfuð tryggt sig fyrir atvinnuleysi í kjölfar skipsskaða. Þá ber einnig til þess að líta að sjómenn skipta oft um skiprúm en framangreindar tryggingar hljóta alltaf að vera bundnar við tiltekin skip. Af þessu gæti því skapast töluvert óhagræði.

61. Frumvarp til laga [61. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „50“ í 1. og 2. mgr. kemur: 1.000.
b. Á eftir orðinu „samfleytt“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eftir gildistöku laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126. og 127. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Er frumvarpið því flutt að nýju efnislega óbreytt.

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því fyrir tæpum áratug. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, skipaði „sveitarfélaganefnd“ í febrúar 1992. Nefndin skilaði lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda sveitarfélaganna. Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil. Fyrir tíu árum voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 105. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir örsmá sveitarfélög sem geta illa sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.

Pólitískur vilji til þess að færa til sveitarfélaganna fleiri verkefni frá hinu opinbera virðist vera almennur. Ástæða er þó til að ætla að sá vilji byggist á þeirri forsendu að flest og helst öll sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni. Eigi að hafa þetta sjónarmið að forsendu mun þróun í þá átt að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera stöðvast nema þau smáu sameinist og myndi þannig nægilega öflug samfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því að efling sveitarfélaganna, skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið og flutningur verkefna til þeirra er forsenda þess að byggð geti haldist og þróast víða um land. Það er því eitt brýnasta verkefni byggðamálanna að styrkja sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ástæður þess að sameining sveitarfélaga hefur gengið hægt eru margvíslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda þessu að hluta til. Mikil breyting hefur þó orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út og almennt er afstaða til sameiningar jákvæðari en áður. Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á ýmsum svæðum. Til eru dæmi um að fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum, sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði, hafi ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar. Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögunum komið í veg fyrir eðlilega sameiningu sveitarfélaga. Afar brýnt er að hraða almennri þróun í átt til öflugri sveitarfélaga sem geta veitt sambærilega þjónustu og tekið við nýjum og auknum verkefnum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1.000

manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1.000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúunum þau búsetuskilyrði sem nú eru nauðsynleg til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt frumvarpsins yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða góður jarðvegur fyrir umræðu um að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til öflugri sveitarfélaga.

Miklar umræður hafa farið fram um þessi mál á undanförnum árum og ýmsar hugmyndir komið fram um hvernig standa skuli að eflingu sveitarfélaganna. Þótt stjórnvöld hafi sýnt viðleitni til að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera virðast þau þó ekki hafa dug til að marka stefnu sem leiði til öflugri sveitarfélaga sem geri þeim almennt fært að taka að sér slík verkefni. Náist ekki að sameina fámennu sveitarfélögin í nægilega stórar einingar stöðvast sú þróun sem verið hefur í þá átt að flytja verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna. Þetta frumvarp er flutt til að freista þess að koma í veg fyrir að þessi mál staðni í því fari sem þau eru í nú.

62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur sem miði að því að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða. Sérstaklega verði hugað að breytingum á álögum hins opinbera, svo sem tollum, vörugjöldum og þungaskatti, í þeim tilgangi að auka notkun dísil- og fjórhjóladrifsbifreiða og draga úr notkun nagladekkja.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram óbreytt.

Drjúgur kostnaður og margs konar vandamál hljótast af mikilli umferð bifreiða hér á landi sem fer síst minnkandi. Mest kveður að þessum vanda í þéttbýli og því þarf að vinna að þessu máli í náinni samvinnu við forsvarsmenn sveitarfélaga.

Mengun af völdum bifreiða er mikil en þó hafa stjórnvöld ekki beitt hagrænum aðgerðum til að draga úr henni. Notkun dísilbifreiða sem eyða mun minna eldsneyti og menga minna en bensínbifreiðar gæti skipt verulegu máli í náinni framtíð til að draga úr mengun. Stefna stjórnvalda hvað varðar þungaskatt hefur ekki ýtt undir að bifreiðaeigendur kaupi frekar slíkar bifreiðar. Þvert á móti hafa stjórnvöld með óréttlátum þungaskatti á dísilbíla komið í veg fyrir kaup á þeim. Bensínbílar eru skattlagðir á hvern lítra sem þeir eyða en dísilbílar með þungaskatti sem beitt er þannig að hagkvæmara er að kaupa bensínbíla þó að þeir eyði 25–50% meira eldsneyti. Dísilbílum hefur fjölgað mun meira í nágrannalöndum okkar. Þannig voru þeir einungis 13,6% af innfluttum bílum á Íslandi árið 2001 en í nágranna

löndum okkar var markaðshlutdeild þeirra um 32% árið 2000 og verður væntanlega um 40% árið 2004.

Allan síðasta áratug lýsti fjármálaráðherra því ítrekað yfir að til stæði að breyta þungaskattskerfinu. Þær fyrirætlanir snúast um allan bílaflotann en mikill og almennur stuðningur er um þær meðal þingmanna. Ekkert hefur þó miðað í málinu. Því er kominn tími til að Alþingi setji ríkisstjórninni fyrir að ljúka því verkefni á kjörtímabilinu. Þessi tillaga boðar ekki byltingu en mundi sýna ef samþykkt verður jákvæða viðleitni stjórnvalda til að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á umhverfið. Hún miðar að því að stefna stjórnvalda verði endurskoðuð á þessu ári og m.a. fundin leið sem í er falin hvatning til kaupa og notkunar dísilbifreiða í þeim tilgangi að draga úr mengun.

Vegslit vegna notkunar nagladekkja er afar mikið og rykmengun af þeim völdum einnig. Ef mögulegt er að draga úr notkun nagladekkja án þess að slysahætta aukist en draga um leið úr rykmengun og spara stórfé í viðhaldi gatna er mikið í húfi.

Stjórnvöld hafa ekki ýtt undir notkun fjórhjóladrifsbifreiða þó að vitað sé að slíkar bifreiðar eru mun öruggari í hálku og erfiðum akstursaðstæðum en eindrifsbifreiðar. Þetta hefur margra ára reynsla Íslendinga af notkun slíkra bíla sannað.

Bifreið á góðum vetrardekkjum, þótt ónegld séu, með drif á öllum hjólum er miklu öruggari til notkunar í misjafnri vetrarfærð í þéttbýli en eindrifsbifreið á negldum dekkjum. Því er ástæða til að hvetja til notkunar fjórhjóladrifsbifreiða. Slíkt mætti m.a. gera með lækkun á þungaskatti eða sérstökum afslætti innflutningsgjalda. Einnig þarf að hvetja eigendur slíkra bifreiða til að nota frekar góð ónegld dekk en nagladekk. Það mætti t.d. gera með sérstökum afslætti af þungaskatti. Með samræmdum aðgerðum sem hafa að markmiði að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiðaumferðar mætti draga verulega úr mengun og kostnaði við umferð í þéttbýli. Þetta ætti alls ekki að valda aukinni slysahættu því að mjög sterk rök eru fyrir því að vel búin fjórhjóladrifsbifreið sé fullkomlega hæf til vetraraksturs. Þvert á móti ætti fjölgun slíkra bifreiða að auka öryggi í umferðinni.

Flutningsmenn leggja til að skoðað verði vandlega hvort taka beri upp staðbundið gjald á notkun nagladekkja í þéttbýli en slíkt fyrirkomulag hefur verið í gildi í Ósló síðustu fjögur ár með svo góðum árangri að stjórnvöld hyggjast koma því á í fleiri borgum í Noregi. Slíkt fyrirkomulag mundi gilda um allar bifreiðar en í tengslum við slíka breytingu yrði að tryggja mjög góða hreinsun gatna. Hugsanlegt er að það gæti hentað á höfuðborgarsvæðinu og þarf að skoða þá hugmynd gaumgæfilega.

63. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram óbreytt.

Á Íslandi er samstaða um að allt skuli gert sem mögulegt er til að tryggja öryggi sjófarenda. Björgunarsveitir og stjórnvöld þurfa þess vegna að vera stöðugt á varðbergi til að nýta nýjustu tækni og nýja möguleika til að auka öryggi á sjó og flýta björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið. Flutningsmenn telja rétt að stjórnvöld fari vandlega yfir skyldur sínar hvað þessi mál varðar í samráði við aðra sem annast framkvæmd þeirra í því skyni að bæta enn frekar það öryggiskerfi sem fyrir er. Minna má á að ýmsar breytingar hafa orðið á skipulagi björgunarmála á undanförnum árum og af þeim ástæðum er nauðsynlegt að stjórnvöld skoði hvort hlutverkum sé þar skipt með skilvirkum og öruggum hætti eða hvort gera þurfi breytingar á lögum í því skyni.

Sjóslys geta orðið hvar sem er á miðunum umhverfis landið og við ströndina en þó hefur reynslan sýnt að sumir staðir við strendur landsins eru mun hættulegri en aðrir. Sem dæmi má nefna Snæfellsnes og Reykjanes. Á sumum þessara staða er afar erfitt að koma við björgun frá landi og um algerar vegleysur að fara. Þó að notkun þyrlna hafi mjög aukið möguleika til björgunar úr lofti mun aðstoðar frá landi alltaf verða þörf.

Á suma af þessum stöðum mætti gera akfæra slóða sem mundu nýtast björgunarmönnum þegar slys yrðu. Gerð slíkra slóða, glögg merking þeirra og annarra slóða sem nýta má til að nálgast slysstað og við leit með ströndum fram getur flýtt fyrir því að hjálp berist. Einnig ber að skoða hvort staðsetning einhvers konar búnaðar eða aðstöðu á þessum sérstöku hættustöðum væri skynsamleg. Fyrrnefndar aðgerðir geta nýst björgunar- og leitarmönnum og einnig aukið öryggi þeirra sjálfra við mjög erfiðar aðstæður sem víða eru á þessum hættulegu strandsvæðum. Flutningsmenn leggja til að skoðað verði hvar þörf er framkvæmda af þessu tagi og að stjórnvöld tryggi fjármuni til slíkra verkefna strax og aðgerðaáætlun liggur fyrir á einstökum svæðum.

Þó að betri skip og margs konar öryggisbúnaður þeirra hafi aukið öryggi á sjó eru sjóslys enn algeng við strendur landsins.

Ný tækni við staðsetningu skipa og björgun hefur gert kleift að koma til hjálpar í neyðartilvikum miklu oftar og fyrr en áður var hægt. Kosti þeirrar tækni sem til er hefur þó ekki tekist að nýta til fulls. Búnaður til staðsetningar skipa gerir til dæmis mögulegt að hefja björgunaraðgerðir fáeinum mínútum eftir að skip lendir í nauðum þótt ekki hafi borist frá því neyðarkall. Öryggi boðsendinga frá þessum tækjum hefur þó ekki verið nægilegt og þessi tækni hefur því ekki nýst sem skyldi. Úrbóta er þörf bæði hvað varðar boðsendingar frá staðsetningartækjum og móttöku þeirra. Bæta þarf búnað í skipum og tryggja með endurvarpsstöðvum öryggi sendinga frá þeim. Reglur um tilkynningarskyldu þarf að endurskoða eigi að tryggja að boð um slys berist strax þó að ekki berist neyðarkall frá skipi. Flutningsmönnum er ljóst að þeir sem annast björgunarmál eru að endurskoða þessi málefni og er þessari tillögu ekki ætlað að trufla þá endurskoðun. Stjórnvöld bera hins vegar ábyrgð á því skipulagi sem ríkir og því að fjármunir fáist til nauðsynlegra úrbóta.

64. Frumvarp til laga [64. mál]

um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum.

2. gr.

Fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelisku lútersku kirkju skal náð innan fimm ára frá gildistöku laga þessara. Með fullum aðskilnaði er átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað.

3. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skal skipa nefnd fimm manna til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og sjá um annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

4. gr.

Eftir að lög þessi hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í samræmi við 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu alþingiskosningum, vorið 2003. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast undirbúning atkvæðagreiðslunnar. Hún skal vera leynileg og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Um nánari framkvæmd kosninganna fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast ákvæði 1.–3. gr. gildi að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, enda hafi meiri hluti þeirra er greiddu atkvæði veitt þeim samþykki sitt.

Greinargerð.

Efnislega felur þetta frumvarp í sér að öllum trúfélögum skuli gert jafnhátt undir höfði og í samræmi við það skuli stefnt að aðskilnaði ríkis og hinnar evangelisku lútersku kirkju.

Kirkjuskipan sú sem við búum við er bundin í stjórnarskrá, nánar tiltekið í 62. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styrkja hana og vernda.“

Í 2. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er síðan tekið fram að þessu megi breyta með lögum, og þýðir það að sú kirkjuskipan sem mælt er fyrir um í greininni nýtur ekki verndar 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um hina hefðbundnu meðferð sem frumvörp til breytinga á stjórnarskránni verða að hljóta áður en þau geta talist gild stjórnarskipunarlög. Einungis þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem varin eru af 1. mgr. 79. gr. teljast til grundvallarlaga í íslenskum rétti. Ákvæði 1. mgr. 62. gr. stjórnar-

skrárinnar er ekki í þeim flokki þar sem breyta má þeirri kirkjuskipan sem þar er kveðið á um með almennum lögum frá Alþingi. Þótt ákvæði 1. mgr. 62. gr. teljist ekki til grundvallarlaga nýtur það þó sérstakrar verndar sem kveðið er á um í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

„Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg."

Frumvarp það sem hér liggur fyrir miðar að því að breyta kirkjuskipan ríkisins samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar og því ber að leggja málið, hljóti það samþykki á Alþingi, undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu skv. 2. mgr. 79. gr. og ræður niðurstaða þeirra kosninga úrslitum um það hvort lögin öðlast gildi eða ekki.

Þótt kirkjuskipan sú sem kveðið er á um í 62. gr. stjórnarskrárinnar teljist ekki til grundvallarlaga eins og flest önnur ákvæði stjórnarskrárinnar má segja að sú vernd sem ákvæðinu er veitt í 2. mgr. 79. gr. sé ekki minni en felst í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar þótt annars eðlis sé. Þjóðaratkvæðagreiðsla um löggjafarmál er einungis stjórnarskrárbundin í tveimur tilvikum, annars vegar skv. 2. mgr. 79. gr. sem hér hefur verið rædd og hins vegar þegar forseti hefur synjað staðfestingar á lögum skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Því er ljóst að stjórnarskráin veitir ríkjandi kirkjuskipan mikla og sérstaka vernd sem tryggir að henni verður ekki breytt án mikillar og almennrar umræðu í þjóðfélaginu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum. Þetta er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Núverandi ástand er í andstöðu við þau meginsjónarmið sem þetta ákvæði stjórnarskrárinnar byggist á. Ef 63. gr. stjórnarskrárinnar um trúfrelsi er skoðuð með hliðsjón af 65. gr. er eðlilegast að draga þá ályktun að hvers kyns forréttindi eins trúfélags umfram önnur gangi gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisregla eru byggð á. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins felur í sér að óheimilt er að mæla fyrir um það í lögum að eitt trúfélag skuli njóta einhverra sérréttinda umfram önnur og kemur þannig til móts við þá kröfu að menn skuli hafa jafnan rétt og jafna möguleika á að iðka trú sína.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aðskilnað ríkisins og hinnar evangelisku lútersku kirkju og skal honum náð innan fimm ára frá gildistöku laganna. Kveðið er á um fullan aðskilnað og með því átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Ákvæði 2. gr. er í samræmi við 1. gr. frumvarpsins og í raun rökrétt afleiðing þeirrar greinar þar sem jafnrétti verður ekki talið ríkja meðal trúarsafnaða og kirkjudeilda fyrr en þessi aðskilnaður hefur farið fram.

Aðskilnaður ríkis og kirkju er flókið verk og margt sem þarf að huga að og því er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að aðskilnaðurinn sé að fullu yfirstaðinn fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2002.

Hér verður ekki fjallað að öðru leyti um það samkomulag sem ríkisvaldið og kirkjan hafa gert með sér hvað varðar eignaskiptingu o.fl., enda varðar það ekki grundvallaratriði þessa frumvarps, heldur er það framkvæmdaratriði sem leysa verður þegar grundvallaratriðið um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið fest í lög.

Fleiri rök eru fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Íslenskir söfnuðir, sem standa utan þjóðkirkjunnar, eru margir og þeim hefur fjölgað ört á undanförnum árum.

Hér á landi hafa lengi starfað fríkirkjusöfnuðir, sumir hverjir evangelisk-lúterskir eins og þjóðkirkjan, en hafa þó ekki notið aðstoðar ríkisvaldsins með sama hætti og þjóðkirkjan.

Sífellt fleira fólk flyst hingað til lands frá öðrum þjóðlöndum, fólk sem iðkar ólík trúarbrögð. Því fólki og þeim trúarbrögðum ber okkur skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar að sýna fyllstu virðingu. Mismunun gagnvart þeim er engan veginn sæmandi.

Með núverandi skipan mála má segja að öðrum trúarhópum en þjóðkirkjunni sé sýnt óréttlæti sem ekki samrýmist eiginlegu trúfrelsi.

Skoðanakannanir hafa leitt í ljós að 60–65% þjóðarinnar styðja aðskilnað ríkis og kirkju. Skoðanakannanir Gallups á Íslandi um aðskilnað ríkis og kirkju hafa verið gerðar átta sinnum á síðastliðnum átta árum. Alltaf hefur verið spurt sömu spurninganna. Úrtakið hefur verið um 1.200 manns í hvert sinn. Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar, sem Gallup gerði í september 2000, voru tæplega tveir af hverjum þremur fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju en rúmur þriðjungur andvígur. Á sama tíma eru nær níu af hverjum tíu landsmönnum skráðir í þjóðkirkjuna og bendir það til þess að þeir vilji þrátt fyrir það hverfa frá núverandi skipan mála.

Tengsl þjóðkirkjunnar við fólkið í landinu hafa slævst. Til marks um það var kristnihátíð á Þingvöllum sumarið 2000 sem almenningur sýndi mikið tómlæti.

Flytjendum þessa frumvarps er öldungis ljóst mikilvægi hins menningarlega og félagslega hlutverks kirkjunnar í samfélaginu. Því felur frumvarpið ekki á neinn hátt í sér óvild í garð kirkjunnar. Með því er einungis ætlunin að tryggja jafnrétti allra þegnanna á þessu sviði sem öðrum í samfélaginu.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal ráðherra skipa sérstaka nefnd sem verði honum til aðstoðar við gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa og við annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr. Til þess að fyllsta hlutleysis verði gætt er lagt til að ráðherra skipi nefndarmenn samkvæmt tilnefningum frá Hæstarétti Íslands. Þá er gert ráð fyrir að a.m.k. tveir nefndarmenn hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands sem er eðlileg krafa ef horft er til þeirra verkefna sem nefndinni er ætlað að inna af hendi.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með hvaða hætti skuli leggja málið undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu, sbr. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í greininni er síðan kveðið á um að um nánari framkvæmd kosninganna skuli fara eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á sem felur meðal annars í sér að um kosningarrétt manna fer eftir þeim lögum.

Álitaefni er með hvaða hætti eigi að fara með frumvarpið eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 79. gr. virðist nærtækast að skilja ákvæðið svo að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en málið er lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar, enda veitir staðfesting forseta því lagagildi, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar, nema það öðlist gildi síðar samkvæmt ákvæðum sínum. Þetta fyrirkomulag vekur hins vegar spurningar um það hvernig með skuli fara ef forseti, eftir að málið hefur verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, synjar frumvarpinu staðfestingar. Hér vaknar það álitaefni hvort leggja beri frumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu að nýju, sbr. 26. gr., eða hvort synjunarréttur forseta sé niður fallinn í þessum tilvikum. Í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, annarri útgáfu 1978, bls. 300, segir svo um þetta efni:

„Eigi er þess getið í stjórnarskránni hvernig með skuli fara, ef forseti synjaði slíku frumvarpi staðfestingar, sem reyndar er ekki sennilegt, en þó ekki fræðilega útilokað. Samkvæmt 26. gr. stjskr. er að vísu ljóst, að lögin taka þegar gildi, þrátt fyrir synjun forseta, en spurningin er, hvort leggja þurfi málið að nýju undir þjóðaratkvæði vegna synjunar á staðfestingu. Eftir orðanna hljóðan mætti ætla að lögin þyrftu að nýju að ganga til þjóðar-

atkvæðis, en það væri þó heldur umsvifamikið að láta þannig tvisvar sinnum hvað eftir annað fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um sama frumvarpið. Sennilega yrði því ekki talin þörf á nýrri atkvæðagreiðslu, heldur yrði hin fyrri talin fullnægjandi, og fengju þá lögin fullt gildi til frambúðar, þótt forseti synjaði staðfestingar. Þýðir það í reyndinni, að forseti hefur ekki málskotsrétt gagnvart þeim lögum, sem þegar hafa gengið til þjóðaratkvæðis, og ber því að staðfesta þau. Hin aðferðin, að bera frumvarpið fyrst upp fyrir forseta, verður ekki höfð, því að lögin fá gildi við staðfestingu hans eða synjun samkvæmt 26. gr. stjskr., en það er ekki ætlunin samkv. 2. mgr. 79. gr. stjskr.“

Síðan segir í sama riti:

„Reyndar mætti mæla svo fyrir í lögunum, að þau öðluðust ekki gildi fyrr en þau hefðu verið samþykkt af kjósendum við almenna atkvæðagreiðslu. Mætti þá sjálfsagt leita staðfestingar forseta fyrir þjóðaratkvæðið, þótt ekki sé það alveg í samræmi við bókstaf 2. mgr. 79. gr. stjskr.“

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er síðastnefnda leiðin farin. Gert er ráð fyrir því að frumvarpið verði lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar með hefðbundnum hætti eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Eftir að lögin hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu og er lagt til að kosningarnar fari fram samhliða næstu alþingiskosningum, vorið 2003. Þessi leið hefur þann kost að ef hún er farin reynir ekki á það álitaefni, sem nefnt var hér að framan, hvað skuli gera ef forseti synjar staðfestingar eftir að lögin hafa verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með því að setja málið fram með þeim hætti sem hér er gert hefur synjun forseta enga réttarlega þýðingu því skyldan til þjóðaratkvæðagreiðslu er þegar fyrir hendi og um leið tryggt að ekki þurfi að fara fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um sama málið. Þá gefur þessi leið möguleika á því að kveða nánar á um þjóðaratkvæðagreiðsluna í sama lagafrumvarpinu og þar sem kveðið er á um hina breyttu kirkjuskipan, svo sem gert er í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. En telja verður nauðsynlegt að kveða nánar á um framkvæmd kosninga í lögum þar sem ekki er kveðið á um einstök framkvæmdaratriði kosninganna í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Í samræmi við framangreint er gildistaka laganna tvískipt. Annars vegar öðlast 4. gr. laganna gildi með hefðbundnum hætti en hins vegar ræður þjóðaratkvæðagreiðslan, sbr. 4. gr., úrslitum um hvort ákvæði 1.–3. gr. öðlast gildi eða ekki, eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 127. þingi en komst þá ekki út úr nefnd og er því endurflutt.

65. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna og gera tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, einkum barna og unglinga.

Verkefni nefndarinnar verði að gera ítarlega úttekt á stöðu þolenda kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu. Sérstaklega skal skoða lagaákvæði er varða starfshætti dómstóla og hvort þörf er á að herða refsiúrræði. Einnig skal nefndin leggja fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á.

Í úttektinni skal jafnframt kanna hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum hægt er að beita, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Jafnframt skal nefndin leitast við að benda á leiðir sem eru færar til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Tillögur nefndarinnar og úrbætur skulu lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi árið 2003.

Greinargerð.

Kynferðisbrot gegn börnum er einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja, enda er ljóst að slíkt getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð.

Það er alvarlegt áfall fyrir þjóðina ef 17% barna eru misnotuð fyrir 18 ára aldur eins og kom fram í rannsókn um umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Þegar í stað þarf að bregðast við þessu, en í rannsókninni kemur fram að fjórðungur þolenda er sex ára börn eða yngri og að í 67% tilvika sé misnotkunin gróf eða mjög gróf. Jafnframt þarf að leita skýringa á því hvers vegna hér er um hærri tölur að ræða en komið hafa fram í rannsóknum annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er því að kalla til færustu sérfræðinga í þá nefnd sem hér er gerð tillaga um að skipa.

Fyrir fimm árum komu líka fram hrikalegar tölur um kynferðislega misnotkun á börnum þegar félagsmálaráðherra svaraði fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um þetta efni. Þar kom fram að á árunum 1992–1996 hefðu barnaverndarnefndir fengið til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis gegn börnum og áttu þar hlut að máli 560 börn yngri en 16 ára. Í einhverjum tilvikum voru þolendur fleiri en einn af völdum sama ofbeldismanns. Athyglisvert var að aðeins var birt ákæra í 45 málum af 465 eða í um 10% þeirra mála sem barnaverndarnefndir fengu til meðferðar. Ástæður þess verður að brjóta til mergjar og fara yfir allan kæruferil í réttar- og dómskerfinu allt frá því að kæra berst og þar til úrskurður dómstóla liggur fyrir. Sömuleiðis verður að finna markvissar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Fram hefur komið að ákærum ríkissaksóknara vegna kynferðisbrota gegn börnum hefur fjölgað mikið á þessu og síðasta ári. Nýja rannsóknin sem sýnir hve óhugnanlega mikill fjöldi barna er beittur kynferðislegri misnotkun staðfestir að stjórnvöld verða að veita meira fjármagn til stuðnings- og meðferðarúrræða fyrir þolendur kynferðisbrota. Framtíð fjölda barna er þar í húfi.

Í fyrrnefndu svari ráðherra kom fram að búast mætti við að árlega þyrftu ekki færri en 50 börn á sérhæfðri meðferð að halda vegna kynferðisofbeldis. Væru fjölskyldur þeirra teknar með mætti áætla að á annað hundrað manns þyrfti á stuðningi og meðferð að halda á ári hverju. Engin hópmeðferð stæði þessum börnum til boða og áfallahjálp og langtímameðferð væri sjaldnast skipulögð af barnaverndarnefndum enda væru lagaskyldur á því sviði óljósar. Búast má við að sá hópur sem þarf á sérhæfðum meðferðar- og stuðningsúrræðum að halda hafi stækkað verulega frá því að svör við framangreindri fyrirspurn komu fram. Fyrirspurnin leiddi síðan til stofnunar Barnahúss, en starfsemi þess hefur vakið mikla athygli erlendis.

Alþingi kemst ekki hjá því að taka upp alvarlega umræðu um herta refsingu fyrir kynferðislega misnotkun á börnum og skoða sérstaklega hvernig fyrningu í þessum málum er háttað. Sérstaklega þarf að skoða aðgerðir sem varða stöðu brotaþola kynferðisofbeldis í

réttar- og dómskerfinu og hvort herða þurfi refsiúrræði og þá hvernig. Sömuleiðis er brýn þörf á að bæta stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Þá þarf að benda á mögulegar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Ástæða er til að endurskoða lagaákvæði um kynferðisbrot gagnvart börnum. Í þeim er engin lágmarksrefsing en hámarksrefsing er allt að 12 ára fangelsi allt eftir aldri barns og skyldleika geranda við barnið. Aftur á móti er lágmarksrefsingu beitt fyrir nauðgun og er hún eitt ár og hámarksrefsing 16 ár, en því ákvæði er beitt ef ofbeldi eða hótun um það er beitt burtséð frá aldri þolanda. Erfitt er að sjá af hverju ekki er hér á landi sambærilegt lágmarksákvæði vegna kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum. Í Noregi er lágmarksrefsing eitt ár og í Svíþjóð er fangelsisvist að lágmarki tvö ár vegna kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Það skýrir væntanlega að einhverju leyti að dómar hér á landi eru mun vægari, að hér er engin lágmarksrefsing vegna kynferðisbrota gegn börnum.

Einnig verður að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum svo að börn verði ekki þolendur. Í því sambandi hlýtur staða gerenda eða kynferðisbrotamanna að verða skoðuð og þau meðferðarúrræði sem þeim gefst kostur á, en oftar en ekki er um mjög sjúka einstaklinga að ræða.

Enn fremur verður að athuga refsiákvæði og starfshætti dómstóla, m.a. meta hvort skylt ætti að vera að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu þegar fjallað er um kynferðisbrot gegn börnum. Jafnframt þarf að kanna hvernig betur er hægt að tryggja aðbúnað og aðstöðu þeirra sem leita réttar síns vegna kynferðisbrota, enda ljóst að hér er um mjög vandmeðfarin tilfinningamál að ræða og ber opinberum aðilum skylda til að auðvelda þolendum kæru- og dómsferilinn eins og kostur er.

Mikilvægt er að í nefndinni, sem skipa á samkvæmt tillögunni, verði sérfræðingar á sviði kynferðisbrota. Flutningsmenn leggja áherslu á að í nefndina verði m.a. skipaðir fulltrúar stéttarfélaga geðlækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga, auk fulltrúa Barnaverndarstofu, Stígamóta og lögregluyfirvalda.

Skoðun flutningsmanna þessarar tillögu er að víðtæk sátt ætti að nást á Alþingi um að láta gera slíka úttekt, enda ætti hún að leiða til úrbóta í kynferðisbrotamálum og bættrar stöðu þolenda.

Mál þetta var fyrst flutt á 125. löggjafarþingi, en er nú endurflutt með nokkuð breyttri greinargerð.

66. Frumvarp til fjáraukalaga [66. mál]

fyrir árið 2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2002, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**5.890,2**	**5.612,5**
Skattar á tekjur og hagnað	5.321,9	5.244,7
Tryggingagjöld	621,0	321,8
Eignarskattar	-215,0	-214,4
Skattar á vörur og þjónustu	-109,7	-11,4
Aðrir skattar	272,0	271,8
Aðrar rekstrartekjur	565,8	1.605,5
Sala eigna	-1.100,0	-1.100,0
Fjárframlög	309,0	309,0
Tekjur samtals	**5.665,0**	**6.427,0**
Æðsta stjórn ríkisins	8,8	8,8
Forsætisráðuneyti	78,2	78,2
Menntamálaráðuneyti	436,4	507,4
Utanríkisráðuneyti	80,0	80,0
Landbúnaðarráðuneyti	288,1	288,1
Sjávarútvegsráðuneyti	56,5	106,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	484,2	499,2
Félagsmálaráðuneyti	1.393,8	1.393,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.896,6	2.896,6
Fjármálaráðuneyti	690,4	690,4
Samgönguráðuneyti	208,0	197,0
Iðnaðarráðuneyti	201,1	201,1
Viðskiptaráðuneyti	48,0	58,0
Hagstofa Íslands	137,5	137,5
Umhverfisráðuneyti	28,9	28,9
Vaxtagjöld ríkissjóðs	240,0	3.720,0
Gjöld samtals	**7.276,5**	**10.891,5**
Tekjujöfnuður	**-1.611,5**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2002:

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-1.611,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.810,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	192,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	135,0
Handbært fé frá rekstri	**-3.364,5**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-21.500,0
Veitt löng lán	-120,0
Afborganir veittra lána	6.700,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	0,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-14.920,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-18.284,5**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	20.200,0
Afborganir lána	1.400,0
Fjármögnun samtals	**21.600,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**3.315,5**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2002:

1. Í stað orðanna „allt að 15.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 35.200 m.kr.

2. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 29.180 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 31.200 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 10.680 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 10.800 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 4.970 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 6.720 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 7.500 m.kr.“ í lið 3.8 kemur: allt að 6.070 m.kr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2002:

Nýir liðir:

2.26 Að selja Nemendagörðum Hólaskóla eignina Prestssæti 4-8, Hólum í Hjaltadal, og ráðstafa andvirðinu til Hólaskóla.
2.27 Að selja fasteign Rafmagnveitna ríkisins að Öldugerði 9, Hvolsvelli.
2.28 Að selja húsnæði Ríkisútvarpsins að Fjölnisgötu 3, Akureyri, og leigja annað hentugra.
2.29 Að selja húsnæði aðalræðismanns Íslands í Winnipeg og leigja annað hentugra.
2.30 Að selja bráðabirgðahúsnæði sem byggt var vegna jarðskjálfta á Suðurlandi.

3.22 Að selja hluta af fasteign ríkisins í Stjórnsýsluhúsinu við Hafnarstræti 1 á Ísafirði.
3.23 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í heilsugæslustöð á Raufarhöfn og kaupa annað hentugra.

4.52 Að selja landsvæði ríkisins við Vatnsenda og Fífuhvamm í Kópavogi.

6.35 Að kaupa fasteignina Glúfrastein í Mosfellsbæ.
6.36 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Vinnueftirlit ríkisins, Bíldshöfða 16, Reykjavík.
6.37 Að kaupa með sameigendum viðbótarhúsnæði að Hlemmi 3 vegna lagfæringar á aðgengi.
6.38 Að kaupa íbúðarhúsnæðið Norðurbæ innan landsvæðis Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti.
6.39 Að kaupa bústað fyrir skólameistara Menntaskólans á Ísafirði.
6.40 Að leigja húsnæði fyrir Hagstofu Íslands.

7.14 Að ráðstafa hluta eigna Skráningarstofunnar hf. í tengslum við slit félagsins, til nýrrar Umferðarstofu.

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**	m.kr.	m.kr.
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	3.212,5	3.023,8
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	759,4	759,4
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**3.971,9**	**3.783,2**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	1.000,0	760,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	350,0	701,5
	Skattar á tekjur og hagnað	**5.321,9**	**5.244,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	522,8	297,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	98,2	24,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**621,0**	**321,8**
	Tryggingagjöld	**621,0**	**321,8**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	11,0	10,8
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	-215,0	-214,4
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	92,3	190,6
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-150,0	-150,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	-114,0	-114,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-171,7**	**-73,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-6,0	-6,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	68,0	68,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**62,0**	**62,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-109,7**	**-11,4**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	261,0	261,0
	Skatttekjur, samtals	**5.890,2**	**5.612,5**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-46,0	388,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	950,5	950,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**904,5**	**1.338,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	830,0	570,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	1.304,0	1.434,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-3.092,0	-2.392,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	0,0	0,0
	Aðrar eignatekjur	**-958,0**	**-388,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-53,5**	**950,5**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	400,0	400,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	180,0	180,0
9.1.3.35	Ýmislegt	39,3	75,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	0,0	0,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**619,3**	**655,0**
	Ýmsar tekjur	**619,3**	**655,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**565,8**	**1.605,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	200,0	200,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-2.000,0	-2.000,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-1.800,0**	**-1.800,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	700,0	700,0
	Sala eigna, samtals	**-1.100,0**	**-1.100,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	9,0	9,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	300,0	300,0
	Fjárframlög, samtals	**309,0**	**309,0**
	Heildartekjur samtals	**5.665,0**	**6.427,0**

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.81 Opinberar heimsóknir	6,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,8

00-201 Alþingi	
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	2,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**8,8**
Greitt úr ríkissjóði	**8,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	11,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,8

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.19 Efnahagsrannsóknir	10,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	2,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.53 Landafundanefnd	7,0
1.90 Ýmis verkefni	14,6
Almennur rekstur samtals	35,6
Gjöld samtals	**35,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,6

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Viðhaldsverkefni:	
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðhagsstofnun	-67,8
Sértekjur:	
Sértekjur	2,0
Gjöld umfram tekjur	**-65,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-65,8

m.kr.

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðmenningarhúsið 7,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,6

01-255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini

Almennur rekstur:
1.01 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini 9,0

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteign 66,0

Gjöld samtals **75,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **78,2**
Greitt úr ríkissjóði **78,2**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Stofnkostnaður:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -69,0
Viðskiptahreyfingar 69,0

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniskóli Íslands 205,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 205,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 158,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 158,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 140,0
Viðskiptahreyfingar ..... -140,0

m.kr.

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.90 Alþjóðleg samskipti	9,0
1.91 Aðildargjöld ESB	-95,6
Almennur rekstur samtals	-86,6
Gjöld samtals	**-86,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-86,6

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis framlög	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**436,4**
Greitt úr ríkissjóði	**507,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-71,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	10,0
Innheimt af ríkistekjum	-10,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	80,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	80,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**80,0**
Greitt úr ríkissjóði	**90,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-10,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastjóri 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

04-311 Landgræðsla ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 12,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,1

04-324 Landgræðslusjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Landgræðslusjóður ..... -23,0

Sértekjur:
Sértekjur 23,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:

1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	2,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2,3

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:

1.10 Suðurlandsskógar	3,7
1.13 Vesturlandsskógar	5,0
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	2,3
1.16 Norðurlandsskógar	6,0
1.17 Austurlandsskógar	0,7
Almennur rekstur samtals	17,7
Gjöld samtals	**17,7**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	17,7

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:

1.01 Beinar greiðslur til bænda	-45,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	-2,0
Almennur rekstur samtals	-47,0
Gjöld samtals	**-47,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	-47,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:

1.01 Beinar greiðslur til bænda	195,0
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	30,0
1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum	30,0

m.kr.

1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	25,0
Almennur rekstur samtals	280,0
Gjöld samtals	**280,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta	13,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**288,1**
Greitt úr ríkissjóði	**288,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	54,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,0

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	2,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,5
Viðskiptahreyfingar	-50,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**56,5**
Greitt úr ríkissjóði	**106,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-50,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	2,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**10,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,9

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	91,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,0

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-18,5
1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn	-0,8
Almennur rekstur samtals	-19,3
Gjöld samtals	**-19,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	7,6
Gjöld umfram tekjur	**-11,7**

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-11,7
06-333 Umferðarstofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	114,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,2
Gjöld umfram tekjur	**86,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	101,9
Viðskiptahreyfingar	-15,0
06-335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja	
Almennur rekstur:	
1.11 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja	-57,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-57,5
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál	
Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	55,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,8
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	
Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	30,0
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	90,0
Gjöld samtals	**120,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 120,0

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 15,0
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins ..... -5,7
Almennur rekstur samtals 9,3

Gjöld samtals **9,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,3

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins 30,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,6

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 82,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,3

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður 7,6

07 Félagsmálaráðuneyti

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,6
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**484,2**
Greitt úr ríkissjóði	**499,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-15,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-207 Varasjóður húsnæðismála

Stofnkostnaður:

6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga 60,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 60,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:

1.01 Ríkissáttasemjari 6,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 6,1

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 10,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 10,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 513,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 513,4

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:

1.10 Félagsdómur 4,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 4,3

m.kr.

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 300,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 300,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:

1.11 Atvinnuleysisbætur 495,0

1.41 Framlög og styrkir 5,0

Almennur rekstur samtals 500,0

Gjöld samtals **500,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 500,0

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.393,8**

Greitt úr ríkissjóði **1.393,8**

Innheimt af ríkistekjum **0,0**

Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	24,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,5

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.15 Umönnunarbætur	-40,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	-20,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	20,0
1.41 Heimilisuppbót	-45,0
1.51 Uppbætur	-50,0
Almennur rekstur samtals	-135,0
Gjöld samtals	**-135,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-135,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	-170,0
1.15 Örorkulífeyrir	25,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-190,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	-70,0
1.31 Örorkustyrkur	-40,0
1.35 Barnalífeyrir	60,0
Almennur rekstur samtals	-385,0
Gjöld samtals	**-385,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-385,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	318,5
1.15 Lyf	677,0
1.21 Hjálpartæki	47,0
1.31 Þjálfun	99,0
1.35 Tannlækningar	-100,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	-24,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-26,0
1.55 Sjúkradagpeningar	-35,0
1.91 Annað	-10,0
Almennur rekstur samtals	946,5
Gjöld samtals	**946,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	946,5

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	11,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,0

08-311 Héraðslæknir í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðslæknir í Reykjavík	5,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,2

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	108,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,0

m.kr.

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús 1.200,0

Stofnkostnaður:
6.21 Barnaspítali 70,0

Gjöld samtals **1.270,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.270,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 1,7
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 90,0
1.53 Tóbaksvarnir 11,5
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina 20,0
1.90 Ýmis framlög 20,0
Almennur rekstur samtals 143,2

Gjöld samtals **143,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 143,2

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 24,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,5

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.11 Hjúkrunarrými 12,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,8

08-499 Hjúkrunarheimili

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 487,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 487,0

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur 140,0

Gjöld umfram tekjur **140,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 140,0

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkraflutningar 129,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,5

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

m.kr.

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 25,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,4

Gjöld umfram tekjur **13,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,4

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri 6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 28,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,5

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.896,6**
Greitt úr ríkissjóði **2.896,6**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 25,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,5

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins 90,0

Stofnkostnaður:
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi 99,5

Gjöld samtals **189,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 189,5

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0
Innheimt af ríkistekjum ..... -10,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 24,6

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,6

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ..... -50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -50,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur húsnæðis 6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.11 Rekstur fasteigna 16,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,1

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 450,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 450,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.90 Óviss útgjöld 8,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,2

10 Samgönguráðuneyti

	m.kr.
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**690,4**
Greitt úr ríkissjóði	**700,4**
Innheimt af ríkistekjum	**-10,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-30,0
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	30,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	73,0
6.40 Tilraunir	-3,0
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**70,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,0
Viðskiptahreyfingar	11,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Stofnkostnaður:	
6.80 Sjóvarnargarðar	7,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,0

10-471 Flugmálastjórn

Stofnkostnaður:	
6.41 Flugvellir, framkvæmdir	125,0

10 Samgönguráðuneyti

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,0
10-481 Rannsóknanefnd flugslysa	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**208,0**
Greitt úr ríkissjóði	**197,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**11,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.48 Átak til atvinnusköpunar	107,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,1

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	1,0
1.02 Orkumálasvið	10,0
Almennur rekstur samtals	11,0
Gjöld samtals	**11,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið	70,0

11 Iðnaðarráðuneyti

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0
11-401 Byggðaáætlun	
Almennur rekstur:	
1.10 Byggðaáætlun	200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,0
11-411 Byggðastofnun	
Almennur rekstur:	
1.10 Byggðastofnun	10,5
Stofnkostnaður:	
6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	-200,0
Gjöld samtals	**-189,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-189,5
11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið	
Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	-10,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,5
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**201,1**
Greitt úr ríkissjóði	**201,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	45,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,0
Viðskiptahreyfingar	-10,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppnisstofnun	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**48,0**
Greitt úr ríkissjóði	**58,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-10,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	55,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	62,5
6.21 Húsnæði	21,0
Stofnkostnaður samtals	83,5
Gjöld samtals	**138,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**137,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,5

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**137,5**
Greitt úr ríkissjóði	**137,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	3,0
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	5,5
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	4,0
Almennur rekstur samtals	12,5
Gjöld samtals	**12,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,5

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri	17,6
1.11 Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	-17,6
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	1,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,4

14 Umhverfisráðuneyti

m.kr.

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 13,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **28,9**
Greitt úr ríkissjóði **28,9**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	240,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.720,0
Viðskiptahreyfingar	-3.480,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**240,0**
Greitt úr ríkissjóði	**3.720,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-3.480,0**

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

		m.kr.
01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	56,2
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	243,2
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	-86,6
	Samtals	**212,8**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	80,0
	Samtals	**80,0**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	71,7
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta.	61,2
	Samtals	**132,9**
Almenn opinber þjónusta samtals		**425,7**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	285,1
	Samtals	**285,1**
03.2	Dómstólar	10,9
03.3	Fangelsi	30,6
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	72,7
Löggæsla og öryggismál samtals		**399,3**
04.	**Fræðslumál**	
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	363,0
	Samtals	**363,0**
Fræðslumál samtals		**363,0**

		m.kr.
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	1.413,0
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	499,8
	Samtals	**1.912,8**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	667,9
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	-100,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	99,0
	Samtals	**666,9**
05.4	Lyf og hjálpartæki	724,0
05.6	Önnur heilbrigðismál	123,4
Heilbrigðismál samtals		**3.427,1**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	-35,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	-480,0
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	500,0
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	-40,0
	Samtals	**-55,0**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.3 Málefni fatlaðra	10,0
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta	24,5
	Samtals	**34,5**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**-20,5**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	60,0
	07.1.2 Skipulagsmál	15,4
	Samtals	**75,4**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**75,4**

		m.kr.
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.2 Söfn, listir ofl.	82,6
	08.0.3 Fjölmiðlar	0,0
	08.0.4 Kirkjumál	89,9
	08.0.5 Önnur menningarmál	10,0
	Samtals	**182,5**
Menningarmál samtals		**182,5**
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.2	Orkumál	
	09.2.3 Orkumál, óta.	81,0
	Samtals	**81,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**81,0**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	12,1
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	233,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	23,0
	Samtals	**268,1**
10.2	Skógræktarmál	20,0
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	54,0
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	2,5
	Samtals	**56,5**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**344,6**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	109,6
Iðnaðarmál samtals		**109,6**

	m.kr.
12. Samgöngumál	
12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð	70,0
Samtals	**70,0**
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	7,0
Samtals	**7,0**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	125,0
Samtals	**125,0**
12.7 Önnur samgöngumál	1,0
Samgöngumál samtals	**203,0**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	211,5
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	310,4
13.6 Önnur atvinnumál	10,5
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**532,4**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	240,0
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	513,4
14.0.3 Önnur þjónusta	400,0
Samtals	**1.153,4**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**1.153,4**
Heildargjöld samtals	**7.276,5**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	2.250,8
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Önnur gjöld	1.400,9
Sértekjur	109,0
Rekstrargjöld samtals	**3.760,7**
Fjármagnskostnaður	**240,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Sjúkratryggingar	946,5
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	513,4
Atvinnuleysistryggingasjóður	500,0
Hjúkrunarheimili	487,0
Ábyrgðasjóður launa	300,0
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	280,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	158,0
Sjúkraflutningar	129,5
Átak til atvinnusköpunar	105,0
Varasjóður húsnæðismála	60,0
Lífeyristryggingar	-385,0
Verðlags- og gengisforsendur	-349,4
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-135,0
Alþjóðleg samskipti	-95,6
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	134,8
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**2.649,2**
Viðhald	**134,0**
Fjárfesting	
Háskólastofnanir	150,0
Flugvellir	125,0
Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og starfsmannakerfi	99,5
Vegagerð	73,0
Barnaspítali	70,0
Annað	-24,9
Fjárfesting samtals	**492,6**
Gjöld samtals	**7.276,5**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2002

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Sérstakur eignaskattur, einstaklingar	2,7
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	2,7
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	10,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	10,8
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	10,8
	Greitt úr ríkissjóði	300,0
	Viðskiptahreyfing	-289,2
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	20,4
	Greitt úr ríkissjóði	500,0
	Viðskiptahreyfing	-479,6
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnu-tryggingargjaldi	3,7
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	3,7
07-989	**Fæðingarorlofssjóður**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	56,9
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	56,9
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	228,2
	Greitt úr ríkissjóði	228,2
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Flugvallargjald	-114,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	-114,0

11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	1,6
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	1,6
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	0,2
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,2
	Heildartekjur	221,3
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	1.028,2
	Mismunur	-806,9
	Þar af skerðing	0,0
	Þar af viðskiptahreyfingar	-806,9

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2002

		Sjóðs-hreyfingar m.kr
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Lóðarleiga á varnarsvæðum	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	-10,0
	Viðskiptahreyfing	10,0
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	
	Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans í Reykjavík	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	-10,0
	Viðskiptahreyfing	10,0
	Heildartekjur	0,0
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	-20,0
	Mismunur	20,0
	Þar af skerðing	0,0
	Þar af viðskiptahreyfingar	20,0

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2002

		Sjóðs-hreyfingar m.kr
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	513,4
	Greitt úr ríkissjóði	513,4
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	11,5
	Greitt úr ríkissjóði	11,5
	Lögbundin framlög alls	**524,9**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**524,9**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2002. Tillögurnar eru í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Tekið er tillit til nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld.

Endurskoðaðar afkomuhorfur árið 2002. Fjárlög ársins 2002 voru afgreidd með 18,5 milljarða króna tekjuafgangi. Heildartekjur voru áætlaðar 257,9 milljarðar og útgjöld 239,4 milljarðar. Lánsfjárafgangur var áætlaður 38,3 milljarðar og byggðist m.a. á þeim forsendum að söluhagnaður frá fyrra ári næmi 21,5 milljörðum vegna áforma um sölu á Landssíma Íslands í árslok 2001 og að eignasala á þessu ári verði 20 milljarðar króna. Nú hafa áætlanir um tekjur og gjöld verið endurmetnar í ljósi efnahagsmála, gengisbreytinga, kjarasamninga o.fl.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	257,9	263,6	5,7
Gjöld	239,4	246,4	7,0
Rekstrarafkoma	**18,5**	**17,2**	**-1,3**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-20,3	-21,8	-1,5
Handbært fé frá rekstri	**-1,8**	**-4,6**	**-2,8**
Fjármunahreyfingar	40,1	25,3	-14,8
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**38,3**	**20,7**	**-17,6**

Endurskoðuð afkoma ríkissjóðs sýnir að tekjuafgangur lækkar um 1,3 milljarða frá áætlun fjárlaga og verður 17,2 milljarðar. Lánsfjárafgangur lækkar talsvert vegna þess að ekki varð af áformum um sölu eigna í árslok 2001 en áform um 20 milljarða eignasölu á þessu ári eru óbreytt. Lánsfjárafgangur stefnir þannig í 20,7 milljarða í stað 38,3 milljarða í fjárlögum. Til lækkunar koma 21,5 milljarðar vegna þess að ekki varð af sölu eigna í árslok 2001 og handbært fé er 2,7 milljörðum minna en áætlanir gerðu ráð fyrir, einkum vegna innlausnar spariskírteina fyrir gjalddaga sem eykur greidda vexti. Á móti kemur að innheimtar afborganir af veittum lánum verða 6,6 milljörðum meiri en áætlað var. Rýrnar því lánsfjárjöfnuðurinn um 17,6 milljarða. Þær breytingar verða á ráðstöfun lánsfjárafgangs að í

stað þess að greiða niður skuldir er nemur 15,2 milljörðum verða greiddar skuldir umfram nýjar lántökur 3,6 milljarðar, framlag í LSR er óbreytt eða 9 milljarðar en staðan við Seðlabanka Íslands batnar um 8 milljarða í stað 4 milljarða eins og áformað var í fjárlögum.

Eins og undanfarin ár er vakin athygli á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda árið 2002. Kemur þar einkum tvennt til: Í fyrsta lagi eru veittar fjárheimildir til umframútgjalda stofnana frá fyrri árum sem þegar hafa verið gjaldfærð í reikningum ríkisins, svonefndur uppsafnaður rekstrarhalli. Í öðru lagi verða ekki öll umframgjöld bætt á árinu og reynslan sýnir að fjárheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu, t.d. í vegamálum. Þannig flytjast ónýttar fjárveitingar á milli ára eða umframgjöld verða dregin frá útgjaldaheimild næsta árs.

Hér á eftir verður fjallað um breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við niðurstöður fjárlaga 2002.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2002. Fyrst eru dregnar saman helstu niðurstöður. Síðan er gerð grein fyrir tekjum ríkissjóðs á árinu 2002 og helstu frávikum frá áætlun fjárlaga. Umfjöllun um tekjur ríkissjóðs miðast við rekstrargrunn sem sýnir álagðar tekjur á viðkomandi ári án tillits til þess hvenær þær innheimtast.

Tekjuhorfur 2002. Samkvæmt fjárlögum, sem afgreidd voru í lok síðasta árs, var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 gætu numið 257,9 milljörðum króna. Þessi áætlun byggðist á tveimur meginforsendum, annars vegar áætlun tekna árið 2001 og hins vegar spá um þróun helstu hagstærða á árinu 2002. Við endurskoðun tekjuáætlunar fyrir árið 2002 hefur verið tekið tillit til innheimtuþróunar á yfirstandandi ári og breytinga á almennum efnahagsforsendum. Þannig er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 verði 263,6 milljarðar, eða 5,7 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatta af einstaklingum og fyrirtækjum. Tekjuskattar einstaklinga hafa skilað tæplega 4 milljörðum meiri tekjum en áætlað var og tekjuskattur fyrirtækja er talinn verða 1 milljarði hærri en á fjárlögum. Af sömu ástæðum hækkar innheimta tryggingagjalds um 600 milljónir króna. Virðisaukaskattur er í takt við áætlanir fjárlaga og sama er að segja um aðra veltuskatta þegar á heildina er litið.

	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Frávik frá fjárlögum
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-1,0	-1,0	0,0
Samneysla	2½	2¾	¼
Fjárfesting	-12,0	-14¾	-2¾
Þjóðarútgjöld alls	-2½	-3,0	-½
Útflutningur vöru og þjónustu	1,0	5¼	4¼
Innflutningur vöru og þjónustu	-4¼	-2¾	1½
Verg landsframleiðsla	-½	0,0	½
Þjóðartekjur	-5,0	0,0	5,0
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	5½	6¼	¾
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-½	1½	2,0
Vísitala neysluverðs	6,0	4¾	-1¼
Gengisvísitala	3¾	-2½	-6¼
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,0	2½	½

Í nýrri þjóðhagsspá er reiknað með að hagvöxtur standi í stað árið 2002 en í fyrri spám var gert ráð fyrir að landsframleiðslan myndi dragast saman um 0,8%. Frávikið stafar einkum af kröftugri útflutningi en áður var reiknað með. Þessi þróun veldur því að viðskiptajöfnuður er nú talinn verða í jafnvægi árið 2002. Ytri skilyrði hafa almennt verið þjóðarbúinu hagfelld á árinu 2002. Þannig hafa viðskiptakjör batnað um tæplega 1%, fyrst og fremst vegna hækkunar á verðlagi sjávarafurða. Þessi áhrif koma meðal annars fram í því að þjóðartekjur aukast mun meira en sem nemur hagvexti á yfirstandandi ári, eða sem nemur liðlega 1¼%. Þjóðarútgjöld eru talin munu dragast saman annað árið í röð um 3%. Hér munar mestu um verulegan samdrátt í fjárfestingu atvinnuveganna en einnig er gert ráð fyrir töluverðum samdrætti í fjárfestingu opinberra aðila. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði er hins vegar talin standa nokkurn veginn í stað. Að öllu samanlögðu er talið að heildarfjárfesting verði tæplega 15% minni að magni árið 2002 en í fyrra sem er svipaður samdráttur og gert var ráð fyrir í fyrri spá.

Einkaneysla heldur áfram að dragast saman á árinu 2002 en þó ekki í sama mæli og árið á undan. Samdráttur einkaneyslunnar var um 3% árið 2001 og verður tæplega 1% á yfirstandandi ári sem er umtalsverður viðsnúningur frá tímabilinu 1996–2000 þegar einkaneyslan jókst árlega að meðaltali um 4%. Samdráttur einkaneyslunnar árin 2001 og 2002 á sér stað á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna er að aukast sem sýnir sparnaður er að aukast. Samneysla ríkis og sveitarfélaga er talin aukast um 2¾% á árinu 2002. Þetta er minni vöxtur en mörg undanfarin ár. Samdráttur í þjóðarútgjöldum eykur þjóðhagslegan sparnað og er nú talið að hann verði tæplega 19% af landsframleiðslu á

yfirstandandi ári en hann var tæplega 14% árið 2000. Þetta er afar jákvæð þróun sem hefur skilað sér í auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum og birtist einna gleggst í jöfnuði í viðskiptum gagnvart útlöndum.

Skattar á tekjur og hagnað. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila nemi 75,2 milljörðum króna á árinu 2002 sem er aukning um 5,3 milljarða samanlagt frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga skili rúmlega 60 milljörðum króna, eða 4 milljörðum króna umfram fjárlög. Jafnframt er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila nemi 7,5 milljörðum króna, eða 1 milljarði króna meiri en í fjárlagaáætlun. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til hækkunar á uppgjöri ársins 2001. Loks er talið að tekjur af fjármagnstekjuskatti verði rúmlega 6,8 milljarðar króna og hækki um 350 milljónir frá fjárlögum. Þar af nemur fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði 1,8 milljörðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2002	Áætlun [1] 2002	Frávik m.kr.	Frávik %
I Skatttekjur	**221.348**	**227.238**	**5.890**	**2,7**
Skattar á tekjur og hagnað	69.902	75.224	5.322	7,6
Einstaklingar	61.125	65.097	3.972	6,5
Lögaðilar	6.500	7.500	1.000	15,4
Ótalið annars staðar	2.277	2.627	350	15,4
Tryggingagjöld	23.365	23.986	621	2,7
Eignarskattar	11.320	11.105	-215	-1,9
Skattar á vörur og þjónustu	115.581	115.472	-110	-0,1
Virðisaukaskattur	76.700	76.792	92	0,1
Vörugjöld	26.199	26.049	-150	-0,6
Aðrir sértækir veltuskattar	3.695	3.581	-114	-3,1
Bifreiðaskattar	7.904	7.904	0	0,0
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	1.084	1.146	62	5,7
Aðrir skattar	1.180	1.452	272	23,1
II Aðrar rekstrartekjur	**20.411**	**20.977**	**566**	**2,8**
Arðgreiðslur og leigutekjur	1.629	2.533	905	55,5
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	13.402	12.444	-958	-7,1
Neyslu- og leyfisgjöld	4.682	5.301	619	13,2
Annað	699	699	0	0,0
III Sala eigna	**15.520**	**14.420**	**-1.100**	**-7,1**
V Fjárframlög	**621**	**930**	**309**	**49,8**
Heildartekjur ríkissjóðs	**257.900**	**263.565**	**5.665**	**2,2**
Sjóðshreyfing	**246.600**	**253.027**	**6.427**	**2,6**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tryggingagjöld. Forsendur fjárlaga hvað varðar tekjur af tryggingagjöldum hafa að mestu staðist en þó er gert ráð fyrir að tryggingagjöldin verði um 600 milljónum hærri en í áætlun fjárlaga og nemi tæplega 24 milljörðum króna. Þessi aukna innheimta stafar alfarið af meiri tekjubreytingum en áður var reiknað með.

Eignarskattar. Endurskoðuð áætlun eignarskatta á árinu 2002 bendir til lítils háttar lækkunar, eða sem nemur um 200 milljónum króna.

Skattar á vörur og þjónustu. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að skattar af vörum og þjónustu verði að mestu óbreyttir, eða um 115,3 milljarðar króna. Tekjur af virðisaukaskatti eru nánast þær sömu og gert var ráð fyrir í fjárlögum enda er spáð svipaðri veltu og áður. Aðrir veltuskattar eru líka á áætlun þegar á heildina er litið þótt einstakir liðir, eins og vörugjöld af bifreiðum, skili ívið minni tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Aðrar tekjur. Á heildina litið má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af öðrum rekstrartekjum verði um 21 milljarður króna, eða um 470 milljónum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Vaxtatekjur skila 12,4 milljörðum samkvæmt endurskoðaðri áætlun sem er tæplega milljarði minna en áætlað var. Á móti kemur að arðgreiðslur og leigutekjur eru taldar skila 900 milljónum króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir og tekjur af neyslu- og leyfisgjöldum fyrir þjónustu hækka um 700 milljónir króna frá áætlun fjárlaga. Tekjur ríkissjóðs af sölu eigna og fjárframlög skila um 15,4 milljörðum króna sem er tæplega 800 milljónum króna lægra en áætlað var.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við önnur ráðuneyti lagt mat á fjárvöntun til einstakra verkefna og stofnana. Leitað hefur verið skýringa á þeim og lögð til viðbrögð. Miðað er við að í fjáraukalögum verði bætt ófyrirséð útgjöld, áhrif kjarasamninga og nýrrar löggjafar. Þá er tekið tillit til breytinga á gengi, endurskoðunar áætlana almannatrygginga, vaxtagjalda og fleiri liða sem lögbinda útgjöld. Einnig er tekið tillit til ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld. Loks er rekstrarhalli nokkurra stofnana gerður upp og er þá miðað við að fram hafi farið endurskipulagning á fjármálum eða stjórnun þannig að tryggt verði að rekstur verði framvegis innan fjárheimilda.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir verði hækkaðar samtals um 7,3 milljarða króna, þar af eru stærstu breytingarnar í heilbrigðis- og félagsmálum. Lagt er til að útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hækki um tæplega 3 milljarða króna, mest vegna hallareksturs sjúkrastofnana og sjúkratrygginga. Útgjöld til félagsmála hækka um tæplega milljarð, einkum vegna aukins atvinnuleysis og aukinna útgjalda Ábyrgðasjóðs

launa. Þá hækka framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um rúmlega 500 m.kr. og framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um tæplega 160 m.kr. Loks hækka launa- og verðlagsmál um 900 m.kr. vegna kjarasamninga og kjaraúrskurða en á móti lækka gengisbundin útgjöld um rúmlega 450 m.kr. Aðrar breytingar eru vegna ýmissa tilefna og eru skýrðar í athugasemdum við einstaka fjárlagaliði.

Rekstrarkostnaður verður um 4 milljarðar umfram áætlun fjárlaga. Þar ef er 1,3 milljarðar til reksturs sjúkrahúsa vegna hallareksturs, kostnaðar við S-merkt lyf og vinnutímatilskipunar EES. Um 800 m.kr. er vegna kjarasamninga og kjaraúrskurða og greiddur er 205 m.kr. uppsafnaður rekstrarhalli Tækniskóla Íslands sem var breytt í háskóla um mitt ár. Þá lækka sértekjur um 140 m.kr. vegna lækkunar á komugjöldum á heilsugæslustöðvar í kjölfar aðgerða til að vinna á móti hækkun vísitölu í upphafi ársins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur aukast um tæplega 2,6 milljarða samkvæmt frumvarpinu. Þar af munar mest um rúmlega 900 m.kr. hækkun sjúkratrygginga, atvinnuleysisbætur aukast um 500 m.kr. og aukin tilfærsluframlög til reksturs hjúkrunarheimila nema um 490 m.kr. Útgjöld Ábyrgðasjóðs launa aukast um 300 m.kr. og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 513 m.kr., þar af eru 322 m.kr. útgjöld þessa árs. Ný framlög til að styrkja innlenda grænmetisframleiðslu eru samtals 280 m.kr. Loks hækka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um tæplega 160 m.kr. og til byggðaáætlunar eru færð 200 m.kr. framlög. Aðrar breytingar eru minni. Á móti hækkunum tilfærsluliða lækka aðildargjöld menntamálaráðuneytisins til verkefna ESB um 96 m.kr. og gengisbundnir tilfærsluliðir lækka um 372 m.kr. vegna styrkingar á gengi krónunnar.

Fjármagnskostnaður eykst um 240 m.kr. m.a. vegna þess að lán verða ekki greidd eins mikið niður og áformað var í fjárlögum. Greiddir vextir hækka mun meira eða um tæplega 3,5 milljarða og felst skýringin aðallega í því að spariskírteini hafa verið innleyst fyrir gjalddaga og breytingar verða á greiðsluheimild vaxta af mörkuðum tekjum.

Viðhalds- og stofnkostnaður verður 630 m.kr. umfram áætlun. Þar af eru 150 m.kr. til að ljúka við nýbyggingu við Kennaraháskóla Íslands og tæplega 100 m.kr. til nýrra fjárhagskerfa ríkisins vegna vanáætlaðs virðisaukaskatts. Framkvæmdir flugmálaáætlunar verða 125 m.kr. umfram áætlun vegna Reykjavíkurflugvallar. Farið er fram á 90 m.kr. vegna uppsafnaðs viðhaldskostnaðar flugflota Landhelgisgæslu Íslands og farið er fram á 70 m.kr. flýtigreiðslu til byggingar barnaspítala. Loks má nefna 66 m.kr. til kaupa á Gljúfrasteini í Mosfellsdal ásamt listaverkum og rúmlega 80 m.kr. í innréttingar, húsgögn og tölvulagnir í nýju leiguhúsnæði Hagstofu Íslands. Á móti kemur að 200 m.kr. stofnkostnaðarframlag til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni fellur niður. Í áætlunum um útgjöld árið 2002 er gert ráð fyrir að ónýttar stofnkostnaðarheimildir nemi um 500 m.kr.

Nánar er fjallað um breytingar á útgjaldaheimildum í athugasemdum við einstaka fjárlagaliði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Breyt.frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	72.273	74.850	-2.577	-3,6
Lífeyrisskuldbindingar	4.781	4.781	0	0,0
Önnur gjöld	40.754	41.989	-1.235	-3,0
Sértekjur	-17.027	-17.027	0	0,0
Rekstrargjöld samtals	**100.781**	**104.593**	**-3.812**	**-3,8**
Fjármagnskostnaður	**16.400**	**16.640**	**-240**	**-1,5**
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	22.712	22.327	385	1,7
Sjúkratryggingar	11.879	12.818	-939	-7,9
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.968	7.248	-280	-4,0
Bætur skv. lögum um fél aðst.	6.484	6.349	135	2,1
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.146	5.468	-322	-6,3
Barnabætur	4.930	4.930	0	0,0
Fæðingarorlofssjóður	4.467	4.467	-1	0,0
Vaxtabætur	4.385	4.385	0	0,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.427	2.517	-90	-3,7
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.550	2.710	-160	-6,3
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.273	2.786	-513	-22,6
Ríkisútvarpið	2.155	2.155	0	0,0
Aðrar- neyslu og rekstrartilf.	23.541	24.436	-895	-3,8
Neyslu og rekstrartilf. samtals	**99.915**	**102.596**	**-2.681**	**-2,7**
Viðhald				
Vegagerðin	4.234	4.234	0	0,0
Annað	1.448	1.448	0	0,0
Viðhald samtals	**5.682**	**5.682**	**0**	**0,0**
Fjárfesting				
Vegagerðin	6.236	5.766	470	7,5
Háskólar og framhaldskólar	1.585	1.735	-150	-9,5
Hafnarframkvæmdir	1.331	1.331	0	0,0
Heilbrigðisstofnanir	1.389	1.459	-70	-5,0
Flugvellir	557	682	-125	-22,4
Annað	5.495	5.887	-392	-7,1
Fjárfesting samtals	**16.593**	**16.860**	**-267**	**-1,6**
Gjöld samtals	**239.370**	**246.371**	**-7.000**	**-2,9**

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármögnun ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tölulið 3. gr. frumvarpsins er farið fram á að bein lánsfjárheimild ríkissjóðs hækki úr 15.000 m.kr. í 35.200 m.kr., eða um 20.200 m.kr. Breytingin skýrist aðallega af því að ekki varð af sölu á hlut í Landssímanum undir árslok 2001 eins og reiknað hafði verið með en áætlað hafði verið að salan myndi skila 21.500 m.kr. inn í ríkissjóð á árinu 2002.

Í 2. tölulið 3. gr. er farið fram á að veittar ríkisábyrgðir hækki um 2.460 m.kr. Um er að ræða breytingar á lántökuheimildum Íbúðalánasjóðs, þar af er 2.020 m.kr. hækkun hjá húsbréfadeild, 120 m.kr. hækkun vegna leiguíbúða, 1.750 m.kr. hækkun til viðbótarlána en 1.430 m.kr. lækkun til byggingarsjóða ríkisins og verkamanna. Aukin lántökuþörf húsbréfadeildar er vegna aukinnar eftirspurnar eftir húsbréfum, aukin lántökuþörf leiguíbúða er vegna aukinna sérþarfa- og viðhaldslána og aukin lántökuþörf viðbótarlána skýrist af auknum umsóknum sveitarfélaga en lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og koma til viðbótar almennum húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar. Lántökuþörf byggingarsjóða ríkisins og verkamanna lækkar vegna meiri uppgreiðslu veittra lána en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í milljónum króna	Fjárlög 2002	Áætlun 2002	Breyting frá fjárlögum m.kr.
Handbært fé frá rekstri	**-1.854**	**-4.567**	**-2.713**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	21.100	-400	-21.500
Veitt löng lán	-4.630	-4.750	-120
Afborganir veittra lána	8.500	15.200	6.700
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-4.800	-4.800	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	20.000	20.000	0
Fjármunahreyfingar samtals	**40.170**	**25.250**	**-14.920**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**38.316**	**20.683**	**-17.633**
Fjármögnun:			
Skammtímalán	0	0	0
Tekin löng lán	15.000	35.200	20.200
Afborganir af teknum lánum	-40.200	-38.800	1.400
Fjármögnun samtals	**-25.200**	**-3.600**	**21.600**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-9.000	-9.000	0
Breyting á handbæru fé	**4.116**	**8.083**	**3.967**

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum er nú gert ráð fyrir því að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um tæpa 4,6 milljarða króna. Það er 2,7 milljörðum króna minna en áætlað er í fjárlögum og skýrist að stærstum hluta af vaxtagreiðslum vegna innlausnar spariskírteina. Gert er ráð fyrir að fjármunahreyfingar skili rúmlega 25 milljörðum króna sem er um 15 milljörðum minna en áætlað er í fjárlögum og stafar breytingin aðallega af tvennu. Annars vegar því að ekki varð af sölu á hlut í Landssímanum hf. á árinu 2001, en reiknað hafði verið með að salan færi fram undir árslok og myndi skila 21,5 milljörðum króna í ríkissjóð á árinu 2002, og hins vegar af því að nú er gert ráð fyrir 4,5 milljarða króna afborgun frá Seðlabanka Íslands af 16 milljarða króna láni sem ríkissjóður veitti bankanum árið 2001 og 2,2 milljarða króna afborgun af skuld Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. Þá mun Happdrætti Háskóla Íslands ekki nýta 650 m.kr. lánsfjárheimild sína á þessu ári en á móti kemur að ríkissjóður seldi landspildur við Vatnsenda og Fífuhvamm í Kópavogi og var söluandvirðið greitt með 700 m.kr. skuldabréfi.

Eins og áður hefur komið fram er nú gert ráð fyrir því að afborganir tekinna lána umfram nýjar lántökur á árinu verði 3,6 milljarðar króna en í fjárlögum 2002 er áætlað að skuldir verði greiddar niður um 25,2 milljarða króna. Samtals batnar því staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka um rúmlega 8 milljarða króna frá upphafi til loka árs sem er um 4 milljörðum umfram það sem áætlað er í fjárlögum 2002.

4 Heimildir

Sótt er um 15 nýjar heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að 7 eru til ráðstöfunar á húseignum, 1 til sölu á landspildum, 6 til kaupa eða leigu á húseignum og 1 til ráðstöfunar á öðrum eignum.

Sótt er um heimild til að selja Nemendagörðum Hólaskóla eignina Prestssæti 4–8, Hólum í Hjaltadal. Um er að ræða sk. „Búshús“ en eftir kaupin hyggst sjálfseignarstofnunin, sem stendur að rekstri nemendagarðanna endurbyggja húsnæðið, og leigja það út til nemenda og starfsmanna skólans.

Heimild 2.27 er til sölu á íbúðarhúsnæði á Hvolsvelli sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki not fyrir.

Heimild 2.28 er til sölu á húsnæði RÚV á Akureyri sem ekki er lengur þörf fyrir en stofnunin hefur leigt aðstöðu við Kaupvangsstræti fyrir starfsemina.

Heimild 2.29 er vegna bústaðar og skrifstofu aðalræðismanns Íslands í Winnipeg. Í vor var tekið á leigu nýtt húsnæði fyrir aðalræðismanninn. Farið er fram á að heimilt verði að selja fyrrverandi húsnæði hans.

Heimild 2.30 skýrir sig að mestu sjálf en hún er til sölu þeirra húsa sem byggð voru eða keypt vegna jarðskjálftanna sem riðu yfir Suðurland sumarið 2000.

Heimild 3.22 er til sölu og endurskipulagningar á húsnæðismálum ríkisins í Stjórn-

sýsluhúsinu á Ísafirði en í haust flutti Héraðsdómur Vestfjarða í nýtt leiguhúsnæði að Hafnarstræti 9–13.

Heimild 3.23 er vegna þess að hagkvæmara er talið að leita eftir kaupum á íbúðarhúsnæði á Raufarhöfn sem breyta mætti í heilsugæslustöð en að fara í kostnaðarsamar endurbætur á núverandi stöð.

Heimild 4.52 er til sölu á landsvæðum ríkisins við Vatnsenda og Fífuhvamm í Kópavogi en samið var með fyrirvara við Kópavogsbæ um kaup á spildunum í vor.

Heimild 6.35 er vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að kaupa fasteignina Gljúfrastein í Mosfellsbæ.

Heimild 6.36 er vegna kaupa Vinnueftirlitsins á viðbótarhúsnæði fyrir aðalskrifstofur þess að Bíldshöfða.

Heimild 6.37 er til kaupa á nokkrum fermetrum húsnæðis við Hlemm 3 ásamt öðrum húseigendum sem lagðir yrðu til sameignar hússins. Um er að ræða nauðsynlega aðgerð til að bæta aðgengi að þeirri starfsemi sem er í húsnæðinu.

Heimild 6.38 er til kaupa á íbúðarhúsnæðinu Norðurbæ innan landsvæðis Landgræðslu ríkisins. Kaupin eru gerð á grunni skuldbindingar landbúnaðarráðuneytis frá 1974 þar sem fallist er á að kaupa húsið þegar húsbyggjandi hættir störfum hjá Landgræðslu ríkisins.

Heimild 6.39 er til kaupa á húsnæði fyrir skólameistara Menntaskólans á Ísafirði en núverandi leiguhúsnæði hefur verið sagt upp.

Heimild 6.40 er til komin vegna áforma um flutning Hagstofu Íslands úr Skuggasundi í Borgartún 21 a.

Heimild 7.14 er til komin vegna slita á hlutafélaginu Skráningarstofunni hf. en ætlunin er að ráðstafa hluta af eignum félagsins til hinnar nýju Umferðarstofu.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 8,8 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands.

1.81 Opinberar heimsóknir. Farið er fram á 6,8 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við opinbera heimsókn forseta Kína til landsins í sumar. Við fjárlagagerð vegna ársins 2002 lá ekki fyrir að forseti Kína kæmi í opinbera heimsókn á árinu og því var ekki sérstaklega gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárlögum ársins.

201 Alþingi.

6.21 Fasteignir. Gerð er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til leiðréttingar á neikvæðri stöðu liðarins í fjárlögum.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 78,2 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að framlag til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins hækki um 11,8 m.kr. af tveimur tilefnum. Annars vegar er farið fram á 9,3 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við opinbera heimsókn forseta Kína til landsins í sumar. Kostnaðurinn er vegna aksturs, leigu á þyrlu, risnu og móttöku auk annars rekstrarkostnaðar. Við fjárlagagerð vegna ársins 2002 lá ekki fyrir að forseti Kína kæmi í opinbera heimsókn á árinu og því var ekki sérstaklega gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárlögum ársins. Hins vegar er sótt um 2,5 m.kr. fjárveitingu til endurnýjunar á bifreið ráðuneytisins.

190 Ýmis verkefni.

1.19 Efnahagsrannsóknir. Óskað er eftir 10 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við ráðgjöf á sviði efnahagsmála. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur undanfarin ár tekið að sér afmörkuð verkefni á sviði hagfræðirannsókna fyrir forsætisráðuneytið. Samkomulag milli þessara aðila var endurnýjað 11. júlí sl. Um er að ræða rannsóknarverkefni sem snýr að byggðaþróun á Íslandi, kynslóðareikninga fyrir Ísland árið 2000,

þróun þjóðhagslíkans auk ráðgjafar um efnahagsmál og hagfræði. Samkomulagið var gert með fyrirvara um fjárheimild í fjáraukalögum 2002.

1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi. Gerð er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu. Í undirbúningi er samningur milli Vesturfarasetursins á Hofsósi og forsætisráðuneytisins um að safnið taki að sér að veita upplýsingar til Vestur-Íslendinga um rætur þeirra hér á landi, menningarlega og félagslega arfleið, íslenska ættingja, sögu og búferlaflutninga til Vesturheims. Þá mun Vesturfarasetrið veita Íslendingum upplýsingar um þá sem fluttust til Vesturheims, afkomendur þeirra og sögu. Ráðnir verða starfsmenn til að byggja gagnagrunna sem nýtast í framangreindu skyni. Samkvæmt samningnum mun ríkið greiða 5 m.kr. árið 2002 og 10 m.kr. á ári í fjögur ár, frá 2003 til og með 2006.

1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal. Farið er fram á 2 m.kr. framlag til viðhalds og endurbóta þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal, sbr. 6. gr. máldaga fyrir þjóðveldisbæinn frá 19. júlí 2002.

1.53 Landafundanefnd. Óskað er eftir 7 m.kr. fjárveitingu vegna víkingaskipsins Íslendings. Með samstarfi við fyrirtæki og ríkið hefur Reykjanesbær keypt víkingaskipið Íslending og mun skipið framvegis eiga heimahöfn í Reykjanesbæ. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar hefur verið ákveðið að ríkissjóður styðji verkefnið með 20 m.kr. framlagi. Eftirstöðvar ráðstöfunarfjár Landafundanefndar að fjárhæð 13 m.kr. verða einnig nýttar til verkefnisins.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 14,6 m.kr. fjárveitingu vegna uppgjörs á framkvæmdum við Þjóðhildarkirkju og bæinn í Brattahlíð á Grænlandi. Um er að ræða uppgjör við Ístak vegna verkbreytinga árið 2000, sbr. verksamning við Vestnorræna ráðið dags. 24.03.1998.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis. Lagt er til að framlag til fasteigna forsætisráðuneytisins hækki um 14 m.kr. í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 17. maí sl. Annars vegar 12 m.kr. til að mæta viðhalds- og rekstrarkostnaði við Hótel Valhöll á Þingvöllum ásamt ýmsum kostnaði sem til féll svo unnt væri að bjóða upp á veitinga- og gistiþjónustu á hótelinu sumarið 2002 og hins vegar 2 m.kr. til að meta ástand hússins og kostnað við lagfæringar á því.

211 Þjóðhagsstofnun.

1.01 Þjóðhagsstofnun. Lagt er til að niður falli 65,8 m.kr. fjárveiting sem svarar til helmings þeirrar fjárveitingar sem Þjóðhagsstofnun hafði á fjárlögum 2002. Samkvæmt lögum nr. 51/2002 var Þjóðhagsstofnun lögð niður þann 1. júlí sl. og verkefni þau sem stofnunin sinnti voru flutt til fjármálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands.

251 Þjóðmenningarhúsið.

1.01 Þjóðmenningarhúsið. Farið er fram á 7,6 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við öryggismál og úrbætur á aðgengi fyrir fatlaða í tengslum við handritasýningu á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í Þjóðmenningarhúsinu. Gerð hefur verið úttekt á öryggismálum í Þjóðmenningarhúsinu með tilliti til þess að opnuð verði þar sýning í byrjun október á nokkrum merkustu handritum þjóðarinnar. Þörf er talin vera á viðveru öryggisvarðar í húsinu allan sólarhringinn auk kostnaðar við öryggisendurbætur. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er sótt um fjárveitingu vegna áætlaðs kostnaðar við öryggisgæslu á árinu.

255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.

1.01 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini. Lagt er til að veitt verði 9 m.kr. fjárveiting vegna nauðsynlegs undirbúningskostnaðar við minningarsafn Halldórs Laxness að Gljúfrasteini, s.s. vegna öryggiskerfa, aðstöðu gesta, búnaðar o.þ.h., sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar um minningarsafn Halldórs Laxness frá 26. mars sl.

6.21 Fasteign. Óskað er eftir 66 m.kr. fjárveitingu vegna kaupa íslenska ríkisins á Gljúfrasteini og listaverkum samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar þann 26. mars sl. og samningi um safn Halldórs Laxness að Gljúfrasteini í Mosfellsdal sem undirritaður var að Gljúfrasteini þann 21. apríl sl.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 436,4 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

5.50 Fasteignir. Í ljós hefur komið að þegar útgjaldaheimild skólans vegna viðhalds var lækkuð um 44 m.kr. við 2. umræðu fjárlaga voru greiðslur úr ríkissjóði lækkaðar um sömu fjárhæð í stað þess að áætlun um tekjur frá Happdrætti Háskóla Íslands hefðu átt að lækka. Lagt er til að þetta verði leiðrétt og greiðsla úr ríkissjóði á þessum viðfangsefnalið hækki um 44 m.kr.

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Í ljós hefur komið að þegar útgjaldaheimild skólans vegna framkvæmda var hækkuð um 313 m.kr. við 2. umræðu fjárlaga var af misgá gert ráð fyrir að fjárhæðin yrði greidd úr ríkissjóði í stað þess að vera fjármögnuð með tekjum frá Happdrætti Háskóla Íslands. Í 3. umræðu voru útgjöldin síðan lækkuð um 200 m.kr. vegna sparnaðaraforma og greiðsla ríkisins sömuleiðis. Eftir er að fella niður 113 m.kr. greiðslu og er lagt til að það verði gert nú.

211 Tækniskóli Íslands.

1.01 Tækniskóli Íslands. Lagt er til að veitt verði 205 m.kr. fjárveiting til að gera upp uppsafnaðan halla á rekstri Tækniskóla Íslands en skólinn var lagður niður með lögum um Tæknihaskóla Íslands sem tóku gildi 1. júní sl.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Stofnkostnaður. Farið er fram á 150 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands en ákveðið var að hraða framkvæmdum svo að taka mætti húsið í notkun í ár.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Farið er fram á 158 m.kr. fjárveitingu. Heildarútborgun námslána á vormisseri var um 20% hærri en á sama tímabili í fyrra. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að útlán næmu 4.645 m.kr. á árinu 2002 en miðað við 20% aukningu milli ára verða útlán ársins 5.020 m.kr. eða 375 m.kr. hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Tvær meginskýringar eru á frávikinu, annars vegar ofmat á tekjuaukningu námsmanna milli ára og hins vegar að fleiri lánsumsækjendur en áður verða lánþegar og er talið að hlutfallið hækki úr 86% í 89% af umsækjendum á Íslandi og úr 92% í 94% af umsækjendum um námslán erlendis. Miðað við 49% framlagsþörf til sjóðsins af veittum útlánum, auk rekstrarkostnaðar, hækkar framlagsþörfin um 158 m.kr. Á fjárlagalið *09-989 Launa- og verðlagsmál* er áætlað fyrir 63,4 m.kr. lækkun framlagsins í samræmi við endurskoðaða gengisforsendu.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Ríkisstjórnin ákvað að fresta 7% hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins, sem ákveðin hafði verið frá 1. janúar 2002 að telja, til þess að sporna gegn hækkun verðlags. Áætlað var að hækkunin hefði skilað stofnuninni 140 m.kr. tekjum og er farið fram á að ríkissjóður greiði henni þá fjárhæð til að bæta fyrir tekjutapið. Tillagan hefur áhrif á greiðslur úr ríkissjóði en ekki heildarútgjöld ríkisins.

985 Alþjóðleg samskipti.

1.90 Alþjóðleg samskipti. Farið er fram á 9 m.kr. fjárveitingu til að koma til móts við viðbótarkostnað á árunum 2000 og 2001 við framkvæmd samninga sem Íslendingar eru aðilar að á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

1.91 Aðildargjöld ESB. Greiðslur vegna aðildargjalda að samstarfsáætlunum ESB 2002 verða alls 407,5 m.kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 524,4 m.kr. og nemur lækkunin 116,9 m.kr. Þar af skýrist 95,6 m.kr. lækkun með því að fjárlög ESB fyrir 2002 og útgjöld til áætlana urðu lægri en gert var ráð fyrir og 21,3 m.kr. með hagstæðari gengisþróun og er áætlað fyrir þeirri fjárhæð á liðnum 09-989 Launa- og verðlagsmál.

999 Ýmislegt.
1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu vegna halla fyrri ára. Þar af eru 5 m.kr. ætlaðar til Útvarpsréttarnefndar og 5 m.kr. til Fransk-íslenskrar orðabókar.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 80 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.
1.01 Yfirstjórn. Gert er ráð fyrir að 10 m.kr. ríkistekjur af lóðaleigu varnarsvæða verði ekki lengur heimfærðar á aðalskrifstofu ráðuneytisins heldur renni þær eftirleiðis í ríkissjóð. Í staðinn eykst fjármögnun með beinni greiðslu úr ríkissjóði sem því nemur. Útgjaldaheimildir aðalskrifstofunnar verða óbreyttar eftir sem áður.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð. Sótt er um 80 m.kr. fjárveitingu til hjálpargagnaflugs vegna aðstoðar við Afganistan. Ríkisstjórnin ákvað í janúar og mars 2002 að veita aðstoð við Afganistan í því formi að Flugfélagið Atlanta sæi um flutninga frá Evrópu á tækjum, varningi og lyfjum til hjálparstarfs í Afganistan. Atlanta flaug tvær ferðir í þessu skyni í byrjun febrúarmánaðar með ökutæki, matvæli og annan varning, samtals um 70 tonn, frá Danmörku til Tashkent í Úsbekistan fyrir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna o.fl. en þaðan var séð um flutning til Afganistan. Einnig var flogið frá Hollandi til Íslamabad í Pakistan með 100 tonn af lyfjum fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Í byrjun apríl var flug með hjálpargögn frá Sagreb og Kaíró til Íslamabad. Áætlað er að eitt hjálparflug til viðbótar verði seinni hluta ársins.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 288,1 m.kr.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 3 m.kr. framlag til bifreiðakaupa fyrir ráðuneytið.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. framlag til að rannsaka íslenska kúakynið með hliðsjón af því hvernig megi auka nyt til jafns við það sem gerist í öðrum löndum. Tillagan er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar 26. október 2000. Gert var ráð fyrir framlagi í fjárlögum 2001 til 7 ára en tillagan féll út í meðförum Alþingis.

222 **Veiðimálastjóri.** Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. framlag vegna ársins 2002 til að standa straum af útgáfu rekstrarleyfa í fiskeldi. Tillagan er í samræmi við kostnaðarmat frumvarps er varð að lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.

311 **Landgræðsla ríkisins.** Lagt er til að veitt verði 12,1 m.kr. framlag til Landgræðslu ríkisins til kaupa á íbúðarhúsi, sem staðsett er í Gunnarsholti en sótt er um heimild til kaupanna í 7. grein frumvarpsins.

324 **Landgræðslusjóður.** Farið er fram á að Landgræðslusjóður verði fellur úr fjárlagafrumvarpi til samræmis við framsetningu ríkisreiknings.

331 **Héraðsskógar.** Lagt er til að veitt verði 2,3 m.kr. framlag til Héraðsskóga.

343 **Landshlutabundin skógrækt.** Farið er fram á að þessi liður verði hækkaður um alls 17,7 m.kr. Þar af er lagt til að veitt verði 6 m.kr. framlag til Norðurlandsskóga, 5 m.kr. framlag til Vesturlandsskóga, 3,7 m.kr. framlag til Suðurlandsskóga, 2,3 m.kr. framlag til Skjólskóga Vestfjörðum og 0,7 m.kr. framlag til Austurlandsskóga.

801 **Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.** Gert er ráð fyrir að beingreiðslur vegna mjólkurframleiðslu verði 45 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum. Samkvæmt samningi um mjólkurframleiðslu greiðir ríkissjóður 47,1% af grundvallarverði mjólkur sem fer á innanlandsmarkað og er hér miðað við gildandi verð fyrir verðlagsárið, eða 76,04 kr. á hvern lítra. Lífeyrisiðgjöld af beingreiðslunum lækka þá í hlutfalli við beingreiðslur, eða sem nemur 2 m.kr.

807 **Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.** Alls er gert ráð fyrir að þessi liður hækki um 280 m.kr. Þar vegur þyngst að farið er fram á 195 m.kr. í niðurgreiðslur til framleiðenda á papriku, gúrkum og tómötum. Einnig er farið fram á 30 m.kr. til niðurgreiðslna á ljósabúnaði og raforku grænmetisbænda og 30 m.kr. styrkveitingar til garðyrkjubænda sem vilja hætta starfsemi á næstu fimm árum. Loks er farið fram á 25 m.kr. fjárveitingu til kynningar, rannsókna, þróunar á garðrækt og til endurmenntunar bænda í ylrækt.

811 **Bændasamtök Íslands.** Farið er fram á 13 m.kr. framlag til jöfnunar á aksturskostnaði dýralækna vegna dýralæknaþjónustu. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðuneyti beiti sér fyrir nauðsynlegum breytingum á reglugerð og fyrirkomulagi þannig að kostnaður verði framvegis innan fjárheimilda.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 56,5 m.kr.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Farið er fram á 54 m.kr. vegna uppsafnaðs rekstrarhalla Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins síðustu ár og til biðlauna sem stofnunin varð að greiða vegna endurskipulagningar á starfsemi og starfsháttum hennar. Þar af má gera ráð fyrir að biðlaun til fyrrverandi starfsmanna nemi um 16 m.kr. Er litið svo á að með þessum ráðstöfunum hafi verið komist yfir viðvarandi halla á rekstri stofnunarinnar og að hún verði eftirleiðis innan ramma fjárlaga.

204 Fiskistofa. Farið er fram á 2,5 m.kr. framlag vegna kostnaðar við útgáfu rekstarleyfa fyrir eldi sjávarlífvera. Er tillagan í samræmi við kostnaðarmat frumvarps sem varð að lögum, nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar. Einnig er farið er fram á breytingu á greiðsluheimild ríkistekna vegna mistaka er urðu í 3. umræðu fjárlaga frumvarpsins. Lagt var til að tekjur Fiskistofu ykjust um 50 m.kr. og bein framlög úr ríkissjóði til stofnunarinnar lækkuðu að sama skapi. Við þetta myndaðist viðskiptahreyfing sem leiðréttist hér með. Tillagan hefur ekki áhrif á útgjöld stofnunarinnar þar sem aðeins er um breytta greiðslutilhögun að ræða.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 484,2 m.kr.

210 Héraðsdómstólar.

1.01 Héraðsdómstólar. Óskað er eftir 2,9 m.kr. hækkun á fjárheimild héraðsdómstóla vegna flutnings héraðsdóms Vestfjarða í nýtt húsnæði en við það eykst rekstrar- og leigukostnaður. Við það er miðað að dómurinn flytji á miðju þessu ári.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. framlag vegna flutnings héraðsdóms Vestfjarða í nýtt húsnæði og til kaupa á húsbúnaði, brunavarnarkerfi o.fl.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Gert er ráð fyrir 9 m.kr. viðbótarframlagi til að fjölga störfum lögreglumanna við efnahagsbrotadeild um tvo. Málum deildarinnar fjölgar stöðugt og verða sífellt umfangsmeiri. Þar getur t.d. verið um að ræða auðgunarbrot, listaverkafalsanir, brot á skattalögum, verðlags- og samkeppnislögum, lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um stjórn fiskveiða o.fl. Þá koma fyrirvaralaust upp verkefni sem kalla á skjótar aðgerðir embættisins, s.s. vegna fíkniefnamála og annarra umfangsmikilla saka-

mála sem mikilvægt er að dragist ekki á langinn að rannsaka. Gert er ráð fyrir auknu framlagi til stofnunarinnar vegna þessara mála í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

305 Lögregluskóli ríkisins.

1.01 Lögregluskóli ríkisins. Farið er fram á viðbótarframlag að fjárhæð 91 m.kr. til að standa undir dagpeningagreiðslum, vaktaálagi og ferðakostnaði lögreglunema á grundvelli dóms sem gekk í Hæstarétti um kjarasamningsbundinn rétt þeirra. Um er að ræða fimm árganga lögreglunema en kostnaður getur verið mismunandi eftir því hve margir nemendur eru búsettir á landsbyggðinni. Framangreind fjárhæð miðast við áfallinn kostnað.

331 Umferðarráð.

1.01 Yfirstjórn. Í frumvarpinu eru millifærðar samtals 11,7 m.kr. af fjárlagalið Umferðarráðs á fjárlagalið Umferðarstofu en það er ný ríkisstofnun sem tekur til starfa 1. október 2002 á grundvelli nýrra laga. Af þeirri fjárhæð eru 10,9 m.kr. af viðfangsefninu *1.01 Yfirstjórn* og 0,8 m.kr. af viðfangsefninu *1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn.* Sjá nánar í skýringum við fjárlagaliðinn *06-333 Umferðarstofa.*

1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn. Í frumvarpinu eru millifærðar samtals 11,7 m.kr. af fjárlagalið Umferðarráðs á fjárlagalið Umferðarstofu eins og nánar er greint frá í skýringum við fjárlagaliðinn *06-333 Umferðarstofa.*

333 Umferðarstofa.

1.01 Umferðarstofa. Í frumvarpinu eru millifærð alls 114,1 m.kr. útgjaldaheimild og 27,2 m.kr. sértekjuáætlun, eða alls 86,9 m.kr. framlag nettó, á fjárlagalið Umferðarstofu af liðunum *06-331 Umferðarráð, 06-335 Skráningarstofan hf.* og *1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins.* Umferðarstofa er ný ríkisstofnun sem tekur til starfa 1. október 2002 á grundvelli nýrra laga. Markmiðið með lagasetningunni var að koma á heildstæðu skipulagi á stjórnsýslu umferðarmála með því að sameina verkefni Skráningarstofunnar ehf. og Umferðarráðs og ýmis verkefni dómsmálaráðuneytisins. Ekki er gert ráð fyrir því að samruninn leiði til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Ráð er fyrir því gert í lögunum að tekjustofnar Umferðarstofu verði þeir sömu og voru hjá Skráningarstofunni ehf. og Umferðarráði. Þar er um að ræða 36 m.kr. árlegar skatttekjur af umferðaröryggiseftirlitsgjaldi og um 230 m.kr. skatttekjur af skráningargjöldum ökutækja sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs en er varið til þessarar starfsemi. Því til viðbótar kemur árlegt framlag úr ríkissjóði sem rann áður til Umferðarráðs og tölvumiðstöðvar ráðuneytisins og nemur um 81 m.kr. á verðlagi í dag. Hin nýja stofnun tekur til starfa 1. október og er framsetning í fjáraukalögum við það miðuð að fjórðungur af fjárveitingu Umferðarráðs, Skráningarstofu hf. og tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins verði millifærður inn á nýjan fjárlagalið Umferðarstofu, eins og nánar er tilgreint í

skýringum við viðkomandi fjárlagaliði. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að fjármögnunarliðurinn „Greitt úr ríkissjóði" hækki um 15 m.kr. Útgjaldaheimild stofnunarinnar verður óbreytt á rekstrargrunni eftir sem áður. Um er að ræða viðskiptahreyfingu á ríkistekjum stofnunarinnar af skráningargjaldi ökutækja sem á rætur að rekja til þess að álagning gjaldanna færist á hendi Umferðarstofu þegar stofnunin tekur til starfa þann 1. október. Skráningargjöldin eru innheimt um tveimur mánuðum eftir að þau eru lögð á og mun því hluti gjalda, sem voru lögð á fyrir 1. október verða innheimt síðar og skila sér inn í rekstur Skráningarstofunnar hf. en fyrirhugað er að félaginu verði slitið um næstu áramót og að eftirstöðvar renni í ríkissjóð. Viðskiptahreyfingin svarar til þessa mismunar á álögðum og innheimtum skráningargjöldum þann 1. október nk.

335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja.

1.11 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja. Í frumvarpinu eru millifærðar 57,5 m.kr. af fjárlagalið Skráningarstofunnar á fjárlagalið Umferðarstofu eins og nánar er greint frá í skýringum við fjárlagaliðinn *06-333 Umferðarstofa.*

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Í frumvarpinu er lagt að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði aukin alls um 55,8 m.kr. af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 22,7 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar sem féll til við löggæslu við heimsókn forseta Kína til Íslands í júní á þessu ári. Launakostnaður löggæsluembætta nam tæplega 18 m.kr. en annar rekstrarkostnaður sem féll til er meðal annars vegna læknis, sjúkrabifreiða, leigu á tækjum og bifreiðum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 19,4 m.kr. framlag til viðbótar við 50 m.kr. framlag í fjárlögum 2002 sem ætlað var til löggæslu í tengslum við ráðherrafund NATO hér á landi í maí 2002. Umframkostnaðurinn stafar meðal annars af mun hærri kostnaði á Keflavíkurflugvelli en gert var ráð fyrir í upphaflegum áætlunum embættis ríkislögreglustjóra, hærri launakostnaði á nær öllum embættum sem tóku þátt í löggæslunni vegna aukinna krafna um öryggi sem fram komu á síðari stigum undirbúnings fundarins o.fl. Í þriðja lagi er farið fram á að veitt verði 13,7 m.kr. fjárveiting til að standa undir hækkun iðgjalda af viðbótartryggingu lögreglumanna en dómsmálaráðuneytið hefur greitt helming iðgjaldanna á grundvelli bréfs frá fjármálaráðherra 1984 um þátttöku ríkisins í þessari tryggingu. Tillaga um hækkun fjárheimildarinnar snýr annars vegar að þeim kostnaði sem féll til á árinu 2001, 2,4 m.kr., og hins vegar að viðbótarútgjöldum á þessu ári. Samkvæmt nýju samkomulagi greiðir ríkið allan kostnað af iðgjöldunum og má ætla að hann verði um 16 m.kr. á þessu ári en framlag í fjárlögum er áætlað 4,7 m.kr. þannig að fjárvöntun vegna þessa árs nemur 11,3 m.kr. Tryggingarnar voru boðnar út og fyrir liggur tilboð sem felur í sér að kostnaður verður um 20 m.kr. á ársgrundvelli.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Gerð er tillaga um 30 m.kr. viðbótarframlag vegna rekstrarhalla Landhelgisgæslunnar í lok ársins 2001. Fjárheimildin er í samræmi við tillögur starfshóps dómsmálaráðherra sem fjallaði um málið en aðild að honum áttu fulltrúar Alþingis, fjármálaráðuneytis, Landhelgisgæslunnar og dómsmálaráðuneytis. Það var mat starfshópsins að almennur rekstur Landhelgisgæslunnar gæti orðið innan ramma fjárlaga á árinu 2002 enda verði áfram beitt ýtrasta aðhaldi í rekstrinum. Það sem veldur erfiðleikum er verulegur uppsafnaður greiðsluvandi sem ekki verður séð að takist að vinna á miðað við óbreytt hlutverk Landhelgisgæslunnar. Er aðallega um að ræða vanda sem hefur safnast upp vegna aukins kostnaðar við flugrekstur og mikils viðhalds á skipum og flugvélum.

5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta. Farið er fram á 90 m.kr. fjárheimild vegna halla á viðhaldslið Landhelgisgæslunnar í lok árs 2001 í samræmi við niðurstöður starfshóps dómsmálaráðherra eins og áður segir.

433 Sýslumaðurinn á Selfossi.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 50 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarvanda sýslumannsembættisins á Selfossi í lok árs 2001. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar í júlí 2002 um fjárhagsstöðu embættisins kemur fram að uppsafnaður vandi muni að óbreyttu þrengja verulega að fjárhag embættisins á næstu árum og ekki verði séð hvernig embættið muni leysa úr þeim vanda nema á mjög löngum tíma án verulegrar skerðingar á þjónustu. Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að reksturinn verði í samræmi við fjárheimildir frá og með árinu 2002.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður. Gerð er tillaga um 15 m.kr. viðbótarfjárheimild til að draga úr uppsöfnuðum halla nokkurra smærri sýslumannsembætta sem eiga við verulegan rekstrarvanda að stríðar. Ljóst er að halli hjá sumum embættum er það mikill að ekki verður unnið á honum nema með verulegum niðurskurði á löggæslu og annarri þjónustu.

1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Lagt er til að veitt verði 12 m.kr. viðbótarfjárheimild til að fella niður halla tölvumiðstöðvarinnar. Þegar þetta viðfangsefni var fyrst sett fram í fjárlögum 2000 var fjárþörf miðuð við að tiltekinn hluti fengist endurgreiddur vegna virðisaukaskatts af sérfræðiþjónustu. Á því stigi var gerður fyrirvari um þá áætlun þar sem ekki var ljóst hve stórt hlutfall flokkaðist sem sérfræðiþjónusta. Þessi áætlun reyndist vera of há og endurgreiðslan hefur í reynd verið mun lægri en reiknað var með. Í annan stað eru millifærðar 57,5 m.kr. af fjárlagalið tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins á fjárlagalið Umferðarstofu, eins og nánar er greint frá í skýringum við fjárlagaliðinn *06-333 Umferðarstofa.*

501 Fangelsismálastofnun ríkisins.

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins. Gerð er tillaga um að hækka fjárheimild Fangelsismálastofnunar um 25 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar sem fylgir fjölgun fanga í afplánun. Samanlagður refsitími sem barst til fullnustu árið 2001 var 241 ár en var 142 ár á árinu 1999 og svarar það til 70% aukningar á tveimur árum. Lagt er til að fjárveiting verði aukin um 5,6 m.kr. vegna stækkunar á húsnæði Fangelsismálastofnunar sem tekið var í notkun þann 15. mars sl. Húsnæðið er nú 604 fm en var áður 411 fm. Vegna þessa hækkar leiga um 1,2 m.kr. á ársgrundvelli en um rúmlega 0,9 m.kr. á þessu ári. Kostnaður vegna ræstingar, sameiginlegur kostnaður húseignar vegna hita, rafmagns í sameign, húsvörslu og fleira er talinn nema alls um 0,6 m.kr. á þessu ári. Kostnaður vegna húsgagna- og tölvubúnaðarkaupa auk breytinga á öryggiskerfi nemur um 4 m.kr. Alls nemur fjárþörf vegna stækkunarinnar á húsnæðinu því 5,6 m.kr. á þessu ári.

701 Þjóðkirkjan.

1.01 Biskup Íslands. Gerð er tillaga um 82,3 m.kr. aukafjárveitingu vegna hækkunar á launum presta, prófasta, biskupa og starfsmanna biskupsstofu í samræmi við samning ríkis og kirkju um rekstur þjóðkirkjunnar. Launaliður kirkjunnar hækkar vegna úrskurða kjaranefndar á árinu.

707 Kristnisjóður.

1.10 Kristnisjóður. Lagt er til að framlag í Kristnisjóð hækki um 7,6 m.kr. í samræmi við ákvæði í samningi ríkis og kirkju en framlagið í sjóðinn er miðað við 16 prestslaun og hækkar vegna úrskurða kjaranefndar á árinu.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1.393,8 m.kr.

207 Varasjóður húsnæðismála.

6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga. Lagt er til að veitt verði 60 m.kr. framlag til Varasjóðs húsnæðismála sem var stofnaður með breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 86/2002. Sjóðurinn er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga og er rekinn sem sjálfstæð rekstrareining. Samkvæmt sérstöku samkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, frá 4. apríl 2002, leggur ríkissjóður fram 60 m.kr. á ári til verkefnis Varasjóðs húsnæðismála. Samkomulag þetta gildir í fimm ár, þ.e. árin 2002–2006. Á móti fellur niður heimild á lið fjármálaráðuneytis 09 481 6.01 til að greiða allt að 50 m.kr. til Varasjóðs viðbótarlána sem samþykkt var við þriðju umræðu fjárlaga fyrir árið 1999.

302 Ríkissáttasemjari.

1.01 Ríkissáttasemjari. Farið er fram á 6,1 m.kr. viðbótarfjárheimild til að greiða uppsafnaðan halla embættisins á árinu 2001. Félagsmálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að embættið geti greitt þennan halla niður af fjárveitingu ársins 2002. Á árinu 2003 hefjast nýjar kjarasamningsviðræður og því ekki raunhæft að gera ráð fyrir að hallinn verði greiddur niður á því ári.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu til að greiða rekstrarhalla stofnunarinnar. Unnið hefur verið að endurskipulagningu á starfsemi hennar til að styrkja rekstur hennar. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2003 er bætt úr þessum vanda með 18 m.kr. hækkun á rekstrargrunni.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Farið er fram á að liðurinn hækki um samtals 513,4 m.kr. af tveimur tilefnum. Í fyrri tillögunni er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 328 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2002. Spáin miðast við að skatttekjur verði 195.874 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars verði 434.465 m.kr. árið 2002. Hækkun á lögbundnu framlagi ríkisins til Jöfnunarsjóðs skýrist af þremur þáttum í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er reiknað með að framlag úr ríkissjóði sem nemur 1,4% af innheimtum tekjum ríkisins af beinum og óbeinum sköttum hækki um 151 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 69 m.kr. hækkun á framlagi sem er 0,64% af sama tekjustofni en því er ætlað að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Í þriðja lagi er reiknað með 108 m.kr. hækkun á framlagi sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Þannig er áætlað að lögbundin framlög til sjóðsins hækki alls um 328 m.kr. frá forsendum fjárlaga. Í síðari tillögunni er lögð til 185,4 m.kr. fjárveiting til greiðslu á viðskiptaskuld ríkissjóðs við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í árslok 2001. Hlutdeild Jöfnunarsjóðs hækkar annars vegar um tæpar 119 m.kr. af 1,4% skatttekjum ríkisins og 0,264% af útsvarsstofni næstliðins tekjuárs og hins vegar um 66,5 m.kr. vegna 0,64% af skatttekjum ríkisins vegna fasteignaskatta sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins.

981 Vinnumál.

1.10 Félagsdómur. Farið er fram á 4,3 m.kr. viðbótarfjárheimild til að mæta uppsöfnuðum halla Félagsdóms til ársloka 2001. Kostnaður við starfsemi dómsins hefur farið hækkandi á sl. árum og nokkuð umfram heimildir fjárlaga. Í tillögum til fjárlaga næsta árs er lögð til 1 m.kr. hækkun á fjárheimild Félagsdóms.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Farið er fram á 300 m.kr. viðbótarfjárheimild til Ábyrgðasjóðs launa þar sem greiðslur úr sjóðnum eru umtalsvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins. Greiðslur úr sjóðnum á fyrstu sjö mánuði ársins nema 368 m.kr. Fjárheimild sjóðsins á árinu er á hinn bóginn 223 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

Farið er fram á 500 m.kr. hækkun á framlagi til þessa liðar af tveimur tilefnum.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Óskað er eftir 495 m.kr. viðbótarheimild til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna aukins atvinnuleysis sem gert er ráð fyrir að verði rúm 2,2% á árinu. Í fjárlögum eru 1.624 m.kr. til greiðslu atvinnuleysisbóta.

1.41 Framlög og styrkir. Lögð er til 5 m.kr. fjárveiting til starfsmenntunar sjómanna í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra, Samtaka atvinnulífsins, Landssambands ísl. útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands um starfsmenntamál sjómanna. Samkvæmt samkomulaginu eru verkefninu tryggðar 45 m.kr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði á þriggja ára samningstíma, þ.e. til 15. maí 2004.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.896,6 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Óskað er eftir 24,5 m.kr. framlagi til þessa viðfangsefnis í tveimur tillögum. Í fyrsta lagi er farið fram á 14,5 m.kr. framlag til að mæta áföllnum ófyrirséðum kostnaði vegna aðkeyptrar vinnu kerfis- og tölvunarfræðinga í kjölfar breytinga á lögum um almannatryggingar. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárveitingum til stofnunarinnar. Upplýsingar lágu ekki fyrir fyrr en of seint til að ná inn í fjárlög ársins 2002. Af þeim sökum er beiðnin sett fram nú í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002. Í öðru lagi er óskað eftir 10 m.kr. fjárveitingu til nýrrar samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem varð til með lögum Alþingis frá 21. desember 2001 um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar. Í kostnaðarmati frumvarpsins var gert er ráð fyrir að árlegur útgjaldaauki nýrrar nefndar næmi 11–12,5 m.kr. auk 1 m.kr. stofnkostnaðar á fyrsta ári sem gert var ráð fyrir að rúmaðist innan ramma heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Gert var ráð fyrir 4,5-5 m.kr. árlegum kostnaði við eldri samninganefnd TR sem gangi yfir til þeirrar nýju. Árlegur kostnaður nýrrar nefndar næmi því 15,5–17,5 m.kr. Forsendur kostnaðarmats voru þær að fjölgað yrði í nefndinni um tvo sem næmi

1 m.kr. og 1,5 m.kr. vegna fjölgunar mála. Þá var gert ráð fyrir að ráðnir yrðu tveir sérfræðingar og kostnaður við þá næmi samtals 10 m.kr. Fjölgað hefur verið í nefndinni um tvo og ráðinn annar af tveimur sérfræðingum. Nokkur tímabundinn kostnaður hefur hins vegar fallið til vegna breytinga á skipan nefndarinnar. Í fjárlagafrumvarpi 2003 er lagt til 12,5 m.kr. fjárframlag í samræmi við kostnaðarmat.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Framlög til félagslegrar aðstoðar hafa verið endurskoðuð í ljósi útgjalda fyrri hluta ársins. Í samræmi við þá endurskoðun er lagt til að liðurinn í heild lækki um 135 m.kr.

1.15 Umönnunarbætur. Lagt er til að framlag lækki um 40 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu.

1.25 Ekkju- og ekkilsbætur. Framlag lækkar um 20 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Lögð er til 20 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld.

1.41 Heimilisuppbót. Lögð er til 45 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins.

1.51 Uppbætur. Framlag lækkar um 50 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld.

204 Lífeyristryggingar.

Framlög til lífeyristrygginga hafa verið endurskoðuð í ljósi útgjalda fyrri hluta ársins. Í samræmi við þá endurskoðun er lagt til að liðurinn í heild lækki um 385 m.kr.

1.11 Ellilífeyrir. Lagt er til að framlag lækki um 170 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu.

1.15 Örorkulífeyrir. Lögð er til 25 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðuð útgjöld á árinu.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Framlag lækkar um 190 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lögð er til 70 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu.

1.31 Örorkustyrkur. Lögð er til 40 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu.

1.35 Barnalífeyrir. Óskað er eftir 60 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Lagt er til að framlag til þessa viðfangsefnis hækki um 318,5 m.kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um útgjöld er gert ráð fyrir að halli á

læknisþjónustu verði 318,5 m.kr. og framlagið verði 2.900 m.kr. en það er 2.581,5 m.kr. í fjárlögum. Þar af er gert ráð fyrir leiðréttingu að fjárhæð 57 m.kr. þar sem hækkanir, sem tóku gildi 1. janúar 2002, á greiðsluþátttöku sjúklinga fyrir sérfræðilæknishjálp voru dregnar til baka í febrúar.

1.15 Lyf. Lögð er til 677 m.kr. hækkun á lyfjaútgjöldum sjúkratrygginga. Fjárveiting til lyfja er 4.973 m.kr. í ár en verður með tillögu þessari 5.650 m.kr. Á launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytis er hins vegar gert ráð fyrir 171,4 m.kr. lækkun lyfjakostnaðar á verðlagi árs 2002 eftir að metin hafa verið áhrif gengis á lyfjaverð. Lyfjaútgjöld verða því 5.478,6 m.kr. Lyfjaútgjöldin voru 4.835 m.kr. á árinu 2001 sem þýðir að gert er ráð fyrir hækkun frá fyrra ári sem nemur að um 13,3% þrátt fyrir að gripið hafi verið til aðgerða sem eiga að skila 310 m.kr. lækkun lyfjaútgjalda ársins. Aukningin í lyfjaútgjöldum janúar til júlí hefur verið 22% borið saman við sama tíma í fyrra en gert er ráð fyrir að hún verði um 12% það sem eftir lifir ársins enda er að draga úr áhrifum gengisbreytinganna frá fyrra ári.

1.21 Hjálpartæki. Lögð er til 47 m.kr. hækkun á framlagi til hjálpartækja í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Útgjöld vegna hjálpartækja á árinu verða því 1.045 m.kr. en voru 972 m.kr. á síðasta ári sem er 7,5% hækkun sem má rekja til fjölgunar bótaþega.

1.31 Þjálfun. Lögð er til 99 m.kr. hækkun á framlagi til þjálfunar. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna þjálfunar verði 1.020 m.kr. á árinu og má rekja hækkunina til nýs samnings við sjúkraþjálfara sem tók gildi 1. apríl sl.

1.35 Tannlækningar. Lögð er til 100 m.kr. lækkun í útgjöldum í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins.

1.45 Brýn meðferð erlendis. Framlag lækkar um 24 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins.

1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis. Lögð er til 26 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins.

1.55 Sjúkradagpeningar. Lögð er til 35 m.kr. lækkun á framlagi til þessa viðfangsefnis í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins.

1.91 Annað. Lögð er til 10 m.kr. lækkun á þessu viðfangsefni í samræmi við endurskoðaða áætlun um útkomu ársins.

208 Slysatryggingar.

1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar. Farið er fram á 11 m.kr. framlag til að mæta auknum kostnaði við sjúkrakostnað slysatrygginga vegna samnings við sjúkraþjálfara á árinu.

311 Héraðslæknir í Reykjavík.

1.01 Héraðslæknir í Reykjavík. Farið er fram á 5,2 m.kr. viðbótarfjárveitingu til embættis héraðslæknis í Reykjavík í samræmi við lög um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl. sem samþykkt voru á sl. vorþingi en með þeim voru embætti héraðslækna lögð niður. Starf héraðslæknis í Reykjavík var lagt niður frá og með 1. júlí sl. og sama er að segja um starf skrifstofustjóra við embættið. Í sparnaðaráformum heilbrigðisráðuneytis var hins vegar ger ráð fyrir að lögin kæmu til framkvæmda strax í upphafi árs og því hefur fallið til kostnaður vegna embættisins fyrri hluta ársins sem ekki var gert ráð fyrir.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Farið er fram á samtals 108 m.kr. fjárveitingu til til sjúkrahússins. Í fyrsta lagi er óskað eftir 103 m.kr. framlagi til að mæta auknum kostnaði vegna EES-samnings um lágmarkshvíld. Stóran hluta af áætluðum uppsöfnuðum halla Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri má rekja til EES-samnings um lágmarkshvíld eða 16 m.kr. á árinu 2000, 37 m.kr. á árinu 2001 og 50 m.kr. á árinu 2002. Hér er um samningsbundinn kostnað að ræða sem ekki verður hjá komist. Þá er farið fram á 5 m.kr. fjárveitingu vegna aukinnar starfsemi meinafræðistofu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Á árinu 2001 reyndist óhjákvæmilegt að auka starfsemi meinafræðideildar vegna aukins umfangs í starfsemi sjúkrahússins. Við þriðju umræðu um frumvarp til fjáraukalaga 2001 samþykkti fjárlaganefnd að veita sjúkrahúsinu 5 m.kr. vegna þessarar auknu starfsemi en ekki var gerð leiðrétting á fjárveitingum þess fyrir árið 2002.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Farið er fram á 6 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við túlkaþjónustu. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, skal sjúklingi sem ekki talar íslensku eða notar táknmál tryggð túlkun á upplýsingum um heilsufar sitt. Í fjárlögum 1998 var samþykkt 8 m.kr. fjárveiting til að mæta kostnaði við túlkaþjónustu við heyrnarskerta, heyrnarlausa og nýbúa. Umfang túlkaþjónustu fyrir nýbúa hefur aukist umtalsvert eftir að lögin tóku gildi. Ljóst er að fjárveitingin dugar ekki til að standa undir kostnaðinum. Í fjárlögum ársins 2003 verður millifærð fjárveiting til stofnana og munu þær frá þeim tíma greiða fyrir túlkaþjónustu.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lagt er til að framlag til reksturs sjúkrahússins hækki samtals um 1.200 m.kr. Þyngst vegur tillaga um 1.110 m.kr. fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla sjúkrahússins í árslok 2002, að meðtöldum 306 m.kr. halla vegna S-merktra lyfja. Miðað við hálfs árs uppgjör stefnir í 1.144 m.kr. halla í

rekstri þess, að meðtöldum útgjöldum sjúkrahússins vegna S-merktra lyfja, verði ekkert að gert. Gera má ráð fyrir að frekari hagræðingaraðgerðir á síðari hluta árs muni skila 86 m.kr. og rekstrarhalli ársins 2002 verði um 1.058 m.kr. Þá er óskað eftir 90 m.kr. fjárveitingu til greiðslu á uppsöfnuðum frítökurétti lækna á sjúkrahúsinu til ársloka 2001. Frítökurétturinn fram að þeim tíma nemur alls 441 m.kr. og samkvæmt bókun í kjarasamningi milli Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra frá 2. júlí sl. eiga þeir sem hlut eiga að máli rétt á því að fá greiddan sem nemur þriðjungi viðurkennds réttar eða 147 m.kr. Starfsmannahalds sjúkrahússins áætlar að þar af komi 90 m.kr. til greiðslu á þessu ári.

6.21 Barnaspítali. Lögð er til 70 m.kr. hækkun fjárveitinga til byggingar Barnaspítalans af fyrirhuguðum fjárheimildum fyrir árið 2003. Skýrist það af hraðari framgangi verksins hjá verktaka á þessu ári og er því gert ráð fyrir 70 m.kr. lægri fjárheimild til byggingarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit. Farið er fram á 1,7 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um starfsemi leitarsviðs. Er það í samræmi við ákvæði samningsins.

1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi. Óskað er eftir 90 m.kr. framlagi til bólusetningar gegn meningókokkasjúkdómi C. Þann 1. febrúar 2002 samþykkti ríkisstjórn Íslands tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um að hefja undirbúning að bólusetningu gegn meningókokkasjúkdómi. Miðað er við að allir á aldrinum þriggja mánaða til 18 ára verði bólusettir fyrir árslok 2003 en gert er ráð fyrir að bólusetning hefjist haustið 2002. Gert er ráð 13–17 m.kr. árlegum kostnaði við verkefnið frá og með árinu 2003. Gert er ráð fyrir að kostnaður á fyrsta ári geti numið allt að 90 m.kr. eftir því hve hratt er farið í að ná til allra á þessu aldursbili.

1.53 Tóbaksvarnir. Farið er fram á 11,5 m.kr. fjárveitingu til tóbaksvarna í samræmi við lög um tóbaksvarnir, nr. 95/2001. Samkvæmt 15. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 101/1996, var skylt að verja a.m.k. 0,7% af búttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs en hlutfall þetta hækkaði í 0,9% 1. ágúst 2001 með gildistöku nýrra laga um tóbaksvarnir, nr. 95/2001. Brúttósala tóbaks var 3.525 m.kr. janúar til júlí 2001 og 2.626 m.kr. ágúst til desember eða alls 6.151 m.kr. og skal því verja 48,3 m.kr. til tóbaksvarna það ár eða 2,2 m.kr. hærra en fjárheimildir ársins. Gert er ráð fyrir óbreyttri brúttósölu tóbaks árið 2002 frá fyrra ári og miðað við 0,9% hlutfall verður framlag til tóbaksvarna 55,4 m.kr. sem er 9,3 m.kr. hærri fjárhæð en er í fjárlögum.

1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina. Farið er fram á 20 m.kr. framlag til að greiða skuld við Ríkiskaup frá í árslok 2001 vegna kaupa á heyrnartækjum.

1.90 Ýmis framlög. Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu til greiðslu styrks til Íþrótta-

og Ólympíusambands Íslands. Með samþykki ríkisstjórnar ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að veita Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands árlegan styrk vegna kostnaðar íþróttamanna vegna sjúkraþjálfunar og læknishjálpar umfram það sem sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins greiða (sjúklingahluta). Kemur styrkurinn í stað þeirra bóta sem Tryggingastofnun ríkisins greiddi samkvæmt undanþáguheimild í 3. mgr. 27. gr. laga, nr. 117/1993, um almannatryggingar. Tryggingaráð ákvað að hætta þann 1. apríl 2002 að nýta undanþáguheimildina þegar um er að ræða slysatryggingu íþróttafólks og endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins nú eingöngu sjúkrakostnað (þ.e. kostnað sjúklings umfram það sem sjúkratryggingar greiða) ef slys hefur valdið óvinnufærni í minnst 10 daga.

400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Farið er fram á 24,5 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar spítalans við S-merkt lyf á árunum 2001 og 2002. Í ársbyrjun 2001 tóku sjúkrahúsin, þ.e. Landspítali – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, að greiða fyrir S-merkt lyf í stað sjúkratrygginga áður. Framlag var flutt af sjúkratryggingum til þessara tveggja sjúkrahúsa til að standa undir kostnaði við S-merkt lyf. Við kerfisbreytingu þessa láðist að taka tillit til afgreiðslu S-merktra lyfja á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði. Á árinu 2001 voru útgjöld St. Jósefsspítala vegna S-merktra lyfja 9,5 m.kr. og stefna útgjöld ársins 2002 í 15 m.kr. Um 1,5 m.kr. af hækkun milli ára má rekja til verulegrar aukningar ávísana á eitt lyf, þ.e. Gammagard S/D, lyfs sem gefið er MS-sjúklingum. Sú skýring hefur verið gefin að aðgegni MS-sjúklinga sé betra og jafnara að St. Jósefsspítala en Landspítala – háskólasjúkrahúsi, en leggja þarf sjúkling inn í tvo til þrjá daga á meðan lyfjagjöf sendur yfir. Frá og með áramótum 2002–2003 er gert ráð fyrir að Landspítali – háskólasjúkrahús greiði fyrir S-merkt lyf á St. Jósefsspítala enda öll afgreidd af Sjúkrahúsapótekinu hf. og talið eðlilegt að ávísun þeirra fari í gegnum lyfjanefnd spítalans.

496 Reynslusveitarfélagið Akureyri.

1.11 Hjúkrunarrými. Farið er fram á 12,8 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Akureyrarbæjar til greiðslu á rekstri hjúkrunarrýma til samræmis við önnur hjúkrunarheimili og umönnunarþyngd þess.

499 Hjúkrunarheimili.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til 487 m.kr. viðbótarframlag til dvalar- og hjúkrunarheimila sem skipt verði milli þeirra stofnana sem hafa skilað inn rekstrarupplýsingum. Gert er ráð fyrir að framlaginu verði skipt milli þessara stofnana með hliðsjón af reiknilíkani sem verið er að innleiða og tekur mið af umönnunarþyngd stofnana og gangi eingöngu til að mæta rekstrarvanda þeirra vegna hjúkrunarrýma og dagvistunar.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Sértekjur heilsugæslustöðva lækkuðu um 140 m.kr. í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að falla frá hækkun á komugjöldum til að sporna við verðhækkunum.

501 Sjúkraflutningar.

1.11 Sjúkraflutningar. Lagt er til 129,5 m.kr. framlag til sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt ákvæðum samnings sem undirritaður var í febrúar á þessu ári. Samkvæmt honum eru greiddar 94,8 m.kr. sem er hækkun samningsfjárhæðar, 26 m.kr. vegna magnaukningar fyrri ára og 8,7 m.kr. vegna verðbóta á samningsfjárhæð 2001 umfram þær forsendur sem fjárlög gera ráð fyrir.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.

1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Farið er fram á 60 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við rannsóknir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma. Eftir að ný sóttvarnalög tóku gildi og við gildistöku reglugerðar um göngudeildir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma og um undanþágu frá greiðsluhlutdeild sjúklinga lagðist kostnaður á berkladeild Heilsuverndarstöðvarinnar vegna skoðana á útlendingum. Eftir gildistöku reglugerðarinnar hóf Landspítali – háskólasjúkrahús að senda reikninga vegna rannsókna til Heilsuverndarstöðvarinnar. Nú greiðir Heilsuverndarstöðin fyrir þessa þjónustu og fyrir lok reikningsársins 2001 var gengið frá greiðslu á eldri reikningum.

517 Læknavaktin.

1.01 Læknavaktin. Lögð er til 13,4 m.kr. viðbótarfjárveiting til Læknavaktarinnar til að greiða fyrir komur umfram forsendur samnings. Samkvæmt þjónustusamningi, sem gerður var við Læknavaktina á árinu 1998, var gert ráð fyrir 17.000 komum sjúklinga á ári. Talsverð fjölgun hefur orðið á komum til Læknavaktarinnar frá því að samningurinn tók gildi. Hins vegar hefur dregið úr fjölda vitjana. Samkvæmt upplýsingum frá Læknavaktinni er áætlað að komur sjúklinga verði um 53.000 á þessu ári en fjöldi vitjana verði 7.100.

553 Reynslusveitarfélagið Akureyri.

1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri. Farið er fram á 6,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Akureyrarbæjar til að greiða áætlaðan halla á rekstri heilsugæslustöðvarinnar á þessu ári. Ráðuneytið hefur átt í samningaviðræðum við Akureyrarbæ um rekstur heilsugæslustöðvarinnar.

791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.

1.11 Sjúkrasvið. Farið er fram á 28,5 m.kr. til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla fyrri ára. Stofnunin hefur átt við langvarandi rekstrarvanda að stríða. Lagt er til að halli fyrri ára verði gerður upp svo að stofnunin þurfi ekki að bera vaxtakostnað vegna hans.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 690,4 m.kr.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Með lögum nr. 51/2002 var Þjóðhagsstofnun lögð niður þann 1. júlí sl. og verkefni þau sem hún sinnti flutt til fjármálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands. Vegna þessa er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 lögð til 100 m.kr. hækkun fjárveitingar til Hagstofu Íslands og 44,1 m.kr. hækkun fjárveitingar til fjármálaráðuneytisins. Í samræmi við framangreint er hér lagt til að fjárveiting til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins hækki um 22 m.kr. auk þess sem samsvarandi tillaga um 50 m.kr. hækkun fjárveitingar er gerð hjá Hagstofunni. Á móti fellur niður helmingur fjárveitingar Þjóðhagsstofnunar árið 2002 hjá forsætisráðuneytinu. Í annan stað er lagt til að veitt verði 3,5 m.kr. viðbótarframlag vegna flutnings hluta af starfsemi Þjóðhagsstofnunar til fjármálaráðuneytisins. Um er að ræða kostnað við að ráða starfsfólk, kaup á húsgögnum og tölvum og annarri uppbyggingu á starfsaðstöðu.

103 Ríkisbókhald.

1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins. Óskað er eftir 90 m.kr. hækkun á fjárveitingu stofnunarinnar til þess að greiða kostnað við rekstur fjárhags- og starfsmannakerfis fyrir ráðuneyti og stofnanir. Í fjárlögum ársins 2002 var gert ráð fyrir 53,4 m.kr. fjárheimild vegna samnings um rekstur og hýsingu kerfanna sem gerður var árið 2002 að undangengnu útboði. Undirbúningsvinna vegna þessa hófst hins vegar á árinu 2001 og nemur heildarkostnaður vegna reksturs kerfisins á árunum 2001 og 2002 um 143,2 m.kr.

6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi. Farið er fram á 99,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til greiðslu á virðisaukaskatti vegna samnings um gerð fjárhags- og starfsmannakerfis fyrir ráðuneyti og stofnanir ríkisins. Í meðferð málsins hafði Fjársýsla ríkisins gert ráð fyrir að virðisaukaskattur yrði endurgreiddur af kerfunum og miðað áætlanir sínar við undirbúning fjárlaga við það. Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytið hafa úrskurðað að greiða beri virðisaukaskatt af kerfunum. Er því farið fram á fjárheimild sem nemur virðisaukaskattinum.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. viðbótarframlag til reksturs embættisins. Umfang skattrannsókna hefur aukist verulega frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum og hefur því fallið til aukinn launakostnaður, sérfræðikostnaður og ferðakostnaður. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

262 Tollstjórinn í Reykjavík.

1.01 Tollstjórinn í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fjármögnun samkvæmt liðnum „Greitt úr ríkissjóði" hækki um 10 m.kr. frá fjárlögum en að fjármögnunarliðurinn „Innheimt af ríkistekjum" lækki um sömu fjárhæð. Fjárheimild stofnunarinnar á rekstrargrunni verður óbreytt eftir sem áður. Um er að ræða ríkistekjur af tollafgreiðslugjaldi sem gert hefur verið ráð fyrir í forsendum fjárlaga en skila orðið óverulegum tekjum vegna breytinga á reglugerðum hvað þetta varðar á undanförnum árum.

402 Fasteignamat ríkisins.

1.01 Fasteignamat ríkisins. Í frumvarpinu er farið fram á 24,6 m.kr. viðbótarfjárheimild til að mæta ófyrirséðum kostnaði við endurmat fasteigna- og brunabótamats. Í kjölfar mikillar fjölmiðlaumræðu rétt fyrir gildistöku endurmatsins 15. september 2001 barst fjöldi athugasemda sem alls voru um 13.600 talsins og varða margar þeirra fleiri en eina matsákvörðun. Alls voru teknar 573.393 matsákvarðanir í endurmatinu. Til úrvinnslu athugasemdanna hefur þurft að bæta við tveimur starfsmönnum í almenn ritara- og skjalaskráningarstörf og tveimur tæknimönnum við úrvinnslu mats. Þá hefur yfirvinna annarra starfsmanna aukist og einnig kostnaður við prentun og póstsendingar vegna málsmeðferðar athugasemdanna. Þá hafa fallið til útgjöld vegna forritunar og kerfisgerðar skráningar- og matskerfanna. Þann 1. júlí sl. var lokið við afgreiðslu um 5.500 athugasemda en ljóst er að vinna við afgreiðslu þeirra verður ekki lokið fyrr en á árinu 2003.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Lagt er til að niður falli fjárheimild til að greiða allt að 50 m.kr. til Varasjóðs viðbótarlána sem samþykkt var við 3. umræðu fjárlaga fyrir árið 1999. Með frumvarpi félagsmálaráðherra um breytingu á lögum um húsnæðismál er lagt til að umsýsla Varasjóðs viðbótarlána, sem er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga, verði falin í umsjá nýs sjóðs, Varasjóðs húsnæðismála, sem einnig er í eigu og á ábyrgð sveitafélaga. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að greidd verði framlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs eignarhalds- eða leigufélaga um félagslegar íbúðir í þeirra eigu og til að mæta útgjöldum sveitarfélaga við sölu þessara íbúða á almennum markaði að undangenginni innlausn. Samkomulag er milli félags-

málaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og Sambands íslenskar sveitarfélaga hins vegar um að ríkissjóður greiði 60 m.kr. á ári í fimm ár til sjóðsins vegna þessara verkefna. Gert er ráð fyrir fjárheimild vegna málsins á lið 07-207 hjá félagsmálaráðuneytinu í þessu frumvarpi og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.

1.01 Rekstur húsnæðis. Gerð er tillaga um 6,5 m.kr. hækkun á fjárheimild rekstrarfélagsins. Þegar Einkaleyfastofa flutti úr húsnæði að Lindargötu 9 árið 2001 stóð til að Hagstofa Íslands flytti þangað hluta af starfsemi sinni. Ekki varð af því og til stendur að Hagstofan flytji annað í byrjun næsta árs. Húsið stóð því autt í 13 mánuði og varð rekstrarfélagið því af leigutekjum sem nemur 6,5 m.kr. Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins fluttist tímabundið í umrædda aðstöðu í sumar og greiðir ráðuneytið húsaleigu frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir að svipuð staða komi upp á næsta ári þegar Hagstofan flytur alla starfsemi sína úr Skuggasundi 3 og Lindargötu 9.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

6.25 Húsnæði ríkisskattstjóra, Laugavegi 164. Óskað er eftir breytingu á ráðstöfun fjárveitingar í fjárlögum ársins 2001 sem nam 26,5 m.kr. en framlag til stofnunarinnar verður óbreytt eftir sem áður. Í fjárlögum ársins 2001 var samþykkt tillaga um breytingar á húsnæði á Laugavegi 164166. Í breytingunum fólst að innrétta viðbótarhúsnæði, kennsluaðstöðu og nýtt mötuneyti fyrir stofnanir á svæðinu. Að tillögu Fasteigna ríkissjóðs og í samráði við fjármálaráðuneytið er lagt til að fjárveitingunni verði breytt og ráðstafað í framkvæmd bílastæða á baklóð hússins. Í lóðasamningi hússins er þinglýst kvöð frá árinu 1978 sem mælir fyrir um að 46 bílastæði skuli vera við bakhlið hússins á Laugavegi 166. Samkvæmt fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að gerð bílastæða ljúki á árinu 2003. Beðið verði með framkvæmdir við húsnæðið á Laugavegi 166. Áætlaður heildarkostnaður við gerð bílastæðanna er 43 m.kr.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

1.11 Rekstur fasteigna. Óskað er eftir 16,1 m.kr. viðbótarframlagi til þess að standa straum af leigugjöldum við húsnæði við Hringbraut 121 umfram leigutekjur. Eftir sameiningu Vita- og hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar ríkisins og flutning þeirrar starfsemi í nýtt húsnæði í Kópavogi ákvað fjármálaráðuneytið haustið 1998 að Fasteignir ríkissjóðs skyldu greiða af leigusamningi sem Siglingamálastofnun hafði gert vegna Hringbrautar 121 og gilti til 31. mars 2002. Gert var ráð fyrir að Fasteignir ríkisins fengju aukna fjárheimild til þess. Veitt var fjárheimild vegna málsins í fjáraukalögum fyrir árið 1999 en eftir stendur kostnaður vegna áranna 2000 og 2001 sem alls nemur 16,1 m.kr. Leigusamningurinn um húsnæðið rann út 31. mars á þessu ári.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild á þessum lið fjárlaga verði aukin um 450 m.kr. Skýrist það annars vegar af ýmsum hækkunum sem orðið hafa á launakjörum ríkisstarfsmanna eftir afgreiðslu fjárlaga og hins vegar af lækkun fjárheimilda vegna útgjalda í erlendri mynt sem leiðir af endurmati á gengisforsendum gildandi fjárlaga. Gert er ráð fyrir þessum breytingum í einu lagi á þessum fjárlagalið en að fjárheimildum viðkomandi stofnana verði síðan breytt til samræmis í greiðsluáætlun ársins. Í launabreytingum eftir afgreiðslu fjárlaga vegur þyngst kjarasamningur við sjúkrahúslækna sem gildir frá 1. apríl sl. og felur í sér að auka þarf launafjárveitingar til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana um 625 m.kr. á þessu ári en um 800 m.kr. á ársgrundvelli. Í öðru lagi var gerður kjarasamningur við flugumferðarstjóra sem gildir frá 1. febrúar sl. og er talinn leiða til um 62 m.kr. viðbótarútgjalda á þessu ári en um 65 m.kr. á ársgrundvelli. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að launakostnaður ýmissa stofnana hækki á þessu ári um 53 m.kr. í kjölfar úrskurðar kjaranefndar um laun nokkurra hópa embættismanna, s.s. sýslumanna, sendimanna og skrifstofustjóra ráðuneyta, sem gildir frá 1. júní sl. Í fjórða lagi hafa launafjárveitingar háskólastofnana verið endurmetnar í ljósi úrskurðar kjaranefndar um laun prófessora sem tók gildi 1. ágúst 2001 en áætlað er að sú hækkun nemi um 71 m.kr. á ári. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 92 m.kr. fjárheimild til að standa straum af eingreiðslum til lögreglumanna og tollvarða í kjölfar dóms um framkvæmd bókunar með fyrri samningi þeirra um viðmiðun við aðra hópa launþega. Þá er tæplega 30 m.kr. fjárheimild vegna kjaradóms um laun alþingismanna, ráðherra og dómara sem tók gildi 1. júní sl. og svipuð fjárhæð vegna hækkunar á þóknun til veðurathugunarmanna Veðurstofu Íslands. Loks er gert ráð fyrir um 30 m.kr. fjárheimild vegna ýmissa annarra ófyrirséðra kjarabreytinga og hækkana á launakostnaði á þessu ári.

Í forsendum fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er jafnan miðað við gengi þeirra í byrjun september. Sú mikla styrking sem orðið hefur á gengi krónunnar frá forsendum fjárlaga leiðir til lækkunar á útgjöldum gengisbundinna fjárlagaliða en það á nær eingöngu við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í erlendri mynt, svo sem útgjöld sendiráða og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka. Í samræmi við endurmat á þessum forsendum er gert ráð fyrir að fjárheimildir viðkomandi fjárlagaliða verði lækkaðar sem nemur alls um 455 m.kr.

Tillaga um hækkun á fjárveitingu til liðarins tekur einnig mið af því að á liðnum er gert ráð fyrir 146 m.kr. fjárheimild í gildandi fjárlögum og að ekki hefur að fullu verið lokið við mat á nokkrum smærri málum vegna kjarabreytinga eftir afgreiðslu fjárlaga.

999 Ýmislegt.

1.90 Óviss útgjöld. Lagt er til að veitt verði fjárveiting að fjárhæð 8,2 m.kr. til uppbyggingar og reksturs á Starfatorg.is, en það er safn starfsauglýsinga á Netinu þar sem birtar eru auglýsingar um laus störf hjá ríkinu ásamt öðrum tengdum upplýsingum. Búið er að breyta reglum um auglýsingar á lausum störfum til samræmis við birtingu á Starfatorginu. Búist er við að stofnanir notfæri sér í vaxandi mæli þetta nýja fyrirkomulag og að það geri þeim kleift að lækka umtalsvert kostnað við birtingu starfsauglýsinga í hefðbundnum fjölmiðlum.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 208 m.kr.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 1 m.kr. framlag til að jafna tap sem varð af sýningunni ISLANDICA 2001 sem haldin var á árinu 2001. Sýningin var haldin að tilhlutan ráðuneyta iðnaðar og viðskipta, landbúnaðar og samgöngu eftir tillögum sérstakrar nefndar.

211 Vegagerðin.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að færðar verði 30 m.kr. á fjárlagalið *10-211-5.10 Viðhald.* Tillagan er í samræmi við þingsályktum um vegáætlun árið 2002 sem samþykkt var á Alþingi 2. maí 2002.

5.10 Viðhald. Lagt er til að á þetta viðfangefni verði millifærðar 30 m.kr. af fjárlagalið *10-211-1.01 Yfirstjórn* í samræmi við þingsályktum um vegáætlun árið 2002.

6.10 Nýframkvæmdir. Lagt er til að framlag til nýframkvæmda í vegamálum hækki um 73 m.kr. Í fyrsta lagi er um er að ræða 70 m.kr. framlag sem er ráðstöfun hluta söluandvirðis Steinullarverksmiðjunnar til framkvæmda við Þverárfjallsveg samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar þar um. Í öðru lagi er lagt er til að millifærðar verði 3 m.kr. af fjárlagalið *10-211-6.40 Tilraunir.* Tillagan er í samræmi við þingsályktun um vegáætlun árið 2002. Loks er lögð til leiðrétting á greiðslu um 11 m.kr. vegna mismunar á greiðslugrunni og rekstrargrunni fjárlaga 2002. Tillagan hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

6.40 Tilraunir. Lagt er til að 3 m.kr. verði færðar á fjárlagalið *10-211-6.10 Nýframkvæmdir.* Tillagan er í samræmi við þingsályktum um vegáætlun árið 2002.

335 Siglingastofnun Íslands.

6.70 Hafnamannvirki. Gerð er tillaga um breytingu á framkvæmdaröð í hafnaáætlun sem ekki hefur áhrif á heildarframlag til stofnunarinnar. Framlag til framkvæmda á Raufarhöfn hækkar um 104 m.kr. Gert er ráð fyrir að til framkvæmdarinnar verði varið 2,5 m.kr. af óskiptu fé samkvæmt hafnaáætlun. Þá er samsvarandi lækkun á framlögum til framkvæmda sem áætlaðar voru á þessu ári: Í Snæfellsbæ 5 m.kr., á Hólmavík 3,5 m.kr., í Húnaþingi vestra 13 m.kr., á Skagaströnd 1,2 m.kr., í Skagafirði 7 m.kr., á Kópaskeri 1,8 m.kr, í Fjarðabyggð 24 m.kr., á Breiðdalsvík 5 m.kr, á Djúpavogi 15 m.kr., á Hornafirði 6 m.kr., í Vestmannaeyjum 18 m.kr. og í Sandgerði 2 m.kr.

6.80 Sjóvarnargarðar. Farið er fram á 7 m.kr. framlag til sjóvarna í Grindavík. Tillagan er í samræmi við þingsályktun um sjóvarnaáætlun en samkvæmt henni átti framlag ársins 2002 að hækka um 7 m.kr. frá árinu áður.

471 Flugmálastjórn.

6.41 Flugvellir, framkvæmdir. Lagt er til að framlag til framkvæmda hækki um 125 m.kr. Um er að ræða sérstaka fjárheimild vegna framkvæmda samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun árið 2002 sem samþykkt var á Alþingi 2 maí sl. Í upphaflegri áætlun frá 1998 var gert ráð fyrir að framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli kostuðu um 1.520 m.kr. en kostnaðaráætlunin var á verðlagi þess árs. Verðbætur á verktímanum nema um 125 m.kr. sem tekið hefur verið tillit til í þingsályktuninni. Verður fjárheimildin greidd af tekjum flugmálaáætlunar og á því framlag næsta ár að lækka sem þeim nemur. Einnig er leiðrétt greiðsla úr ríkissjóði á viðfangsefninu um 10 m.kr. til móts við samsvarandi lækkun á tekjum af lendingargjöldum í fjárlögum 2002 en greiðslan átti að hækka á viðfangsefni *10-471-1.01 Flugmálastjórn.* Tillagan hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

481 Rannsóknanefnd flugslysa.

1.01 Rannsóknanefnd flugslysa. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til nefndarinnar til að jafna viðvarandi halla sem hefur verið á starfsemi hennar undangengin ár og til að bæta áfallinn kostnað á þessu ári vegna þjálfunar nýs aðstoðarrannsóknarstjóra, til endurnýjunar á tölvubúnaði og vegna rannsóknar m.a. á alvarlegu flugatviki í Noregi. Lagt hefur verið til að á fjárlögum næsta árs fái nefndin 4,5 m.kr. varanlega auknar fjárheimildir. Að baki þeirri tillögu liggur mat á fjárþörf nefndarinnar miðað við umsvif hennar og reynslu undangenginna ára af rannsóknarumfangi flugslysa og alvarlegra flugatvika eins og þau gerast í meðalári.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 201,1 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 8 m.kr. vegna launa starfsmanns til að vinna að gerð og innleiðingu raforkulaga auk annars kostnaðar. Tillagan er í samræmi kostnaðarmat frumvarps til raforkulaga sem iðnaðarráðherra flytur á haustþingi.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Farið er fram á 5 m.kr. vegna kostnaðarauka ráðuneytisins við aukin umsvif á sviði stóriðjumála. Um er að ræða ófyrirséða vinnu og umsýslu við viðræður við Alcoa um álver á Reyðarfirði.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Alls hækkar liðurinn um 107,1 m.kr. Farið er fram á að 105 m.kr. tilfærsluframlag til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki en samkvæmt kaupsamningi er söluverðmæti hlutar íslenska ríkisins um 210 m.kr. Gert ráð fyrir að 50% af söluverðmæti eða 105 m.kr. renni í ríkissjóð auk 12 m.kr. sem er arðgreiðsla fyrir árið 2001. Eftirstöðvar, eða 105 m.kr., renna til samgöngu- og atvinnubóta í sveitarfélögum í grennd við Sauðarkrók. Er tillagan í samræmi við breytingar á lögum nr. 61/1981 sem samþykkt voru á vorþingi 2002. Einnig er óskað eftir 2,1 m.kr. til að fjármagna rekstrarhalla af sýningunni ISLANDICA 2001 sem haldin var að frumkvæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og samgönguráðuneytis. Helmingur þessarar upphæðar færist yfir á iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti eða 2,1 m.kr. en hinn helmingurinn skiptist jafnt milli hinna tveggja ráðuneytanna.

301 Orkustofnun. Farið er fram á 11 m.kr. fjárveitingu. Þar af eru 10 m.kr. vegna undirbúningskostnaðar vegna breytts fyrirkomulags raforkumála. Þjálfa þarf starfsmenn og kaupa tæknibúnað. Tillagan er í samræmi við kostnaðarmat frumvarps til raforkulaga sem iðnaðarráðherra mun flytja á haustþingi. Í öðru lagi er farið fram á 1 m.kr. vegna úttektar Framkvæmdasýslunnar á húsnæðismálum stofnunarinnar.

399 Ýmis orkumál. Farið er fram 70 m.kr. framlag til orkusviðs Fjárfestingarstofu. Í fyrsta lagi breyttust forsendur um álver í Reyðarfirði; uppgjör við Reyðarál þurfti vegna umhverfisathugana, til kynningarstarfsemi á vegnum fyrirtækisins STAR og samningagerðar og aðstoðar við Alcoa. Áætlað er að þessi liður kosti um 30 m.kr. Í öðru lagi var ráðist í að athuga hvort hagkvæmt sé að starfrækja súrálsvinnslu í tengslum við samstarf við rússneska aðila en gert er ráð fyrir að sú athugun kosti um 30 m.kr. Loks er ætlað að rannsóknir vegna jarðgufunotenda kosti 10 m.kr.

401 Byggðaáætlun. Farið er fram á að 200 m.kr. framlag vegna þátttöku í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni verði millifært yfir á byggðaáætlun sem er nýr fjárlagaliður vegna byggðaáætlunar er tók gildi í byrjun árs og gildir út árið 2005. Í hinni nýju áætlun er ekki gert ráð fyrir framlögum til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni eins og var í fyrri áætlun.

411 Byggðastofnun. Framlög til stofnunarinnar lækka um 189,5 m.kr. vegna tveggja millifærslna. Í fyrsta lagi er lagt er til að 200 m.kr. framlag vegna þátttöku í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni verði millifært yfir á *401 Byggðaáætlun*. Í öðru lagi er lagt til að verkefnið Byggðabrunnur millifærist frá upplýsingasamfélaginu yfir á Byggðastofnun. Ekki var farið af stað með verkefnið sem var eitt af verkefnum Íslenska upplýsingasamfélagsins.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Framlagið lækkar um 10,5 m.kr. vegna millifærslu frá upplýsingasamfélaginu yfir á Byggðastofnun.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 48 m.kr.

302 Löggildingarstofa. Farið er fram á 45 m.kr. fjárveitingu. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag til að auðvelda mælifræðideild að flytja úr ónothæfu húsnæði að mati Vinnueftirlits ríkisins. Í öðru lagi er farið fram á 30 m.kr. framlag til að greiða fyrir starfslokasamninga 6 starfsgilda og er það í samræmi við endurskipulagningu stofnunarinnar sem unnið hefur verið að síðustu sex mánuði. Endurskipulagningin fól í sér minna starfsmannahald, rekstrarlega aðgreiningu á stjórnsýslu og eftirlitsþáttum og flutning í minna húsnæði. Loks er lagt til að gerð verði 10 m.kr. leiðrétting á greiðsluheimild vegna ríkistekna. Tillagan hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

902 Samkeppnisstofnun. Vegna umfangsmikilla mála og aukinna verkefna á árinu 2002 er óskað eftir 3 m.kr. viðbótarfjárveitingu.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 137,5 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 54 m.kr. fjárveitingu. Með lögum nr. 51/2002 var Þjóðhagsstofnun lögð niður þann 1. júlí sl. og verkefni þau sem hún sinnti flutt til fjármálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands. Vegna þessa er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 lögð til 100 m.kr. hækkun fjárveitingar til Hagstofu Íslands og 44,1 m.kr. hækkun fjárveitingar til fjármálaráðuneytisins. Í samræmi við framangreint er hér lagt til að fjárveiting til Hagstofunnar hækki um 50 m.kr. auk þess sem samsvarandi tillaga um 22 m.kr. hækkun fjárveitingar er gerð hjá fjármálaráðuneyti. Á móti fellur niður helmingur fjárveitingar Þjóðhagsstofnunar árið 2002 hjá forsætisráðuneytinu. Einnig er óskað eftir 4 m.kr. fjárveitingu til húsaleigu og reksturs á nýju húsnæði Hagstofu Íslands. Hagstofan fær afhent nýtt leiguhúsnæði að Borgartúni 21A í byrjun desember. Húsaleiga í einn mánuð er 3,4 m.kr. fyrir utan rekstrarkostnað.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 62,5 m.kr. fjárveitingu til kaupa á ýmsum búnaði í nýtt húsnæði sem Hagstofan fær afhent í byrjun desember næstkomandi. Kostnaður við tölvulagnir og -tengingar ásamt símkerfi og öryggiskerfum er áætlaður 29 m.kr., kostnaður við kaup á ýmsum húsbúnaði, innréttingum og tækjum er talinn vera 22 m.kr., nýjar vinnustöðvar fyrir fyrrverandi starfsmenn Þjóðhagsstofnunar kosta 6 m.kr. og ófyrirséður kostnaður er 5,5 m.kr.

6.21 Húsnæði. Farið er fram á 21 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við flutning, ýmsan frágang og breytingar sem gera þarf innanhúss á nýju húsnæði Hagstofu Íslands til að húsnæðið nýtist betur og falli vel að þörfum Hagstofunnar.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 28,9 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Óskað er eftir 1,5 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við LACDE-ráðstefnuna – alþjóðlega ráðstefnu um hamfarir sem haldin var hér á landi í ágúst 2000.

190 Ýmis verkefni.

1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið. Farið er fram á 3 m.kr. fjárveitingu til að leysa uppsafnaðan rekstrarvanda nefndarinnar frá árunum 2000, 2001 og 2002. Vandinn stafar einkum af miklum fjölda mála umfram það sem upphaflega var gert ráð fyrir og

vegna vanmats á rekstrarkostnaði við vinnu svo fjölmennrar nefndar. Nefndarmenn eru 16 og koma víðs vegar að af landinu.

1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Óskað er eftir 5,5 m.kr. fjárveitingu vegna óuppgerðs kostnaðar við hreinsun á olíu úr flaki El Grillo í Seyðisfirði.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Farið er fram á 4 m.kr. fjárveitingu til að styrkja starf nefndarinnar með því að ráða lögfræðing og starfsmann á skrifstofu hennar vegna stöðugrar fjölgunar mála sem koma til kasta nefndarinnar.

210 Veiðistjóri.

1.01 Veiðistjóri. Lögð er til 17,6 m.kr. millifærsla af viðfangi *1.11 Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink* yfir á viðfang *1.01 Veiðistjóri.* Um er að ræða leiðréttingu á 33 m.kr. millifærslu í fjárlagagerð fyrir árið 2001 því að sú millifærsla innihélt einnig framlag til veiðikortastyrkja.

1.11 Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink. Lögð er til 17,6 m.kr. millifærsla af viðfanginu yfir á viðfang *1.01 Veiðistjóri.* Um er að ræða leiðréttingu á 33 m.kr. millifærslu í fjárlagagerð fyrir árið 2001 því að sú millifærsla innihélt einnig framlag til veiðikortastyrkja.

310 Landmælingar Íslands.

1.01 Landmælingar Íslands. Farið er fram á 1,4 m.kr. fjárveitingu til að greiða uppsöfnuð vanreiknuð húsgjöld frá ársbyrjun 1999 til ársloka 2002. Gerð eignaskiptasamnings fyrir Húsfélagið Stillholti 16–18 lauk ekki fyrr en á fyrri hluta ársins 2002 og miðað við hann hefur hlutdeild Landmælinga í húsgjöldum verið vanreiknuð um 1,4 m.kr.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Farið er fram á 13,5 m.kr. fjárveitingu til áframhalds á sérstakri vöktun umbrota í Mýrdals- og Eyjafjallajökli. Í framhaldi af hlaupi í Jökulsá á Sólheimasandi í júlí 1999 var ákveðið að efla vöktun með svæðinu. Um er að ræða viðbót við þá jarðskjálftavöktun sem fyrir er á svæðinu og er um lokaframlag að ræða þar sem verkefnið verður hluti af annarri starfsemi Veðurstofunnar.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtagjalda verði aukin um 240 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild vegna gjaldfærðra vaxta ríkissjóðs hækki um 240 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga en að vextir sem koma til greiðslu á árinu hækki um 3,7 milljarða króna.

67. Fyrirspurn [67. mál]

til dómsmálaráðherra um aðgerðir til að efla löggæslu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður aðgerðum ráðuneytisins sem efla áttu löggæslu og þá sérstaklega grenndarlöggæslu?

68. Fyrirspurn [68. mál]

til félagsmálaráðherra um útskriftir fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður útskriftum fatlaðra af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi, áður Kópavogshæli? Hvenær er fyrirhugað að ljúka verkefninu? Hvernig verður hagað búsetu þeirra sem ekki geta flutt á sambýli en eiga lögheimili á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi?

69. Fyrirspurn [69. mál]

til heilbrigðisráðherra um val kvenna við fæðingar.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða leiðir sér ráðherra færar til að auka val kvenna á fæðingaraðstæðum?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fleiri möguleikum, t.d. með áherslu á heimafæðingar og fæðingar á minni stofnunum utan hátæknisjúkrahúsa?

70. Fyrirspurn [70. mál]

til forsætisráðherra um verkaskiptingu ráðuneyta.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður endurskoðun verkaskiptingar ráðuneyta, m.a. flutningi félagslegra verkefna til félagsmálaráðuneytis, og endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands sem ríkisstjórnin boðaði í stefnuyfirlýsingu sinni 28. maí 1999?

71. Fyrirspurn [71. mál]

til menntamálaráðherra um starfsemi Ríkisútvarpsins.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hverjar eru helstu væntanlegar breytingar á starfsemi og þjónustu Rásar 2 samfara flutningi starfseminnar til Akureyrar?
2. Eru áform um að allir landshlutar njóti á svipaðan hátt þjónustu svæðisútvarps Rásar 2?
3. Eru áform um að bæta dreifikerfi Ríkisútvarpsins þannig að allir landsmenn nái útsendingu útvarps og sjónvarps allra landsmanna?

72. Fyrirspurn [72. mál]

til félagsmálaráðherra um niðurfellingu á meðlagsskuldum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?
3. Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt framangreindra umsókna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.

Skriflegt svar óskast.

73. Fyrirspurn [73. mál]

til fjármálaráðherra um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa leitað heimildar til samninga um greiðslu eignarskatts eða tekjuskatts skv. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamninga við skuldheimtumenn skv. 4. mgr. sömu greinar frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir slíkir samningar hafa verið gerðir frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað skv. 3. og 4. mgr. 111. gr. laganna?
3. Hve háar fjárhæðir hefur verið samið um á framangreindu tímabili? Svar óskast sundurliðað eftir umsóknum.
4. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögunum sem miðar að því að gera úrræðið skilvirkara fyrir fólk í fjárhagsörðugleikum?

Skriflegt svar óskast.

74. Fyrirspurn [74. mál]

til dómsmálaráðherra um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 65/1996 frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu oft hefur réttaraðstoð við nauðasamningsumleitanir verið veitt á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

75. Fyrirspurn [75. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnaðargreiningu í heilbrigðiskerfinu.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

1. Hvað er langt síðan farið var að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum hér á landi?

2. Hvaða þjónusta hefur nú þegar verið kostnaðargreind og hversu langan tíma er talið að taki að ljúka verkefninu?
3. Hverjar eru helstu ástæður fyrir töfum sem orðið hafa við vinnu við kostnaðargreiningarkerfi sjúkrahúsanna? Hefði ekki verið eðlilegra að ljúka kostnaðargreiningarferlinu fyrir sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík?
4. Hvaða aðferðum hafa menn beitt við kostnaðargreiningu heilbrigðisþjónustu?

Skriflegt svar óskast.

76. Fyrirspurn [76. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rekstrarform heilbrigðisþjónustu.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

Hvaða mun sér ráðherra á einkarekstri í heilbrigðisþjónustu og auknu sjálfstæði einstakra sjúkrahúsdeilda?

77. Fyrirspurn [77. mál]

til viðskiptaráðherra um kvartanir vegna verðbréfaviðskipta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar eru helstu ástæður kvartana vegna verðbréfaviðskipta sem úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafa borist annars vegar og Fjármálaeftirlitinu hins vegar, og hver hefur fjöldi kvartana verið árlega síðustu þrjú ár?
2. Hversu oft á þessum árum hafa komið fram kvartanir um rangar upplýsingar frá verðbréfafyrirtækjum vegna sölu hlutabréfa og hversu oft hefur það verið vegna sama fyrirtækis?
3. Hafa verðbréfasalar orðið bótaskyldir vegna rangra upplýsinga um kaup og sölu í verðbréfaviðskiptum? Ef svo er, hversu oft hefur það gerst og um hve háar fjárhæðir hefur verið að ræða?
4. Eru dæmi þess að bankar hafi fallið frá kröfu um greiðslu á hlutabréfum vegna gylliboða verðbréfasala bankanna og óraunhæfra væntinga um hagnað? Ef svo er, hvaða tilvik voru þetta, um hvaða fjárhæðir var að ræða og hvaða fordæmisgildi hefur það að mati ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til heilbrigðisráðherra um úrræði fyrir ungt hreyfihamlað fólk.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað hyggst ráðherra gera til að leysa vanda ungs fólks sem hefur hlotið varanlegan heilaskaða og mikla hreyfihömlun og þarfnast hjúkrunarrýmis?
2. Hvað eru margir í þessum hópi, sbr. 1. lið, hvar eru þeir vistaðir nú og hver eru varanleg úrræði sem þeir þurfa á að halda?
3. Telur ráðherra það forsvaranlegt að þetta fólk festist á endurhæfingar- eða öldrunardeildum?
4. Hve mikið kostar að leysa vanda þessa fólks með sérhæfðu hjúkrunarheimili og hver er kostnaður nú við vistun þessara einstaklinga?
5. Hve margir framangreindra einstaklinga, sbr. 2. lið, eru í umsjá aðstandenda og fá þeir nægjanlega hjúkrunar- og heimilisaðstoð?

79. Fyrirspurn [79. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins árin 2000 og 2001, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum, og hver hefur raunhækkun orðið milli þessara ára, sundurliðað á sama hátt?
2. Hver hefur raunhækkun framangreindra kostnaðarliða orðið síðustu fimm ár samanborið við neysluverðsvísitölu, annars vegar í prósentum og hins vegar fjárhæðum og sundurliðað milli bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar?

Skriflegt svar óskast.

80. Fyrirspurn [80. mál]

til heilbrigðisráðherra um fæðingarorlof.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve oft hafa foreldrar í fæðingarorlofi, flokkað eftir hjúskaparstétt og stöðu, orðið af umönnunargreiðslum eða sjúkradagpeningum vegna ákvæða 2. mgr. 33. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof?
2. Hve mikil getur skerðing lífeyrisgreiðslna til öryrkja orðið og í hve langan tíma eftir töku fæðingarorlofs eða greiðslu fæðingarstyrks?
3. Telur ráðherra rétt að fella niður skerðingarákvæði 2. málsl. 2. mgr. 33. gr. laganna?

Skriflegt svar óskast.

81. Fyrirspurn [81. mál]

til félagsmálaráðherra um launa- og starfskjör á vernduðum vinnustöðum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver eru launa- og starfskjör á vernduðum vinnustöðum, sundurliðað milli sambærilegra vinnu- og starfsþjálfunarstöðva, og gilda samræmdar reglur um launa- og starfskjör þar og mat á vinnugetu fatlaðra? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að settar verði reglur sem tryggi samræmd lágmarkskjör á vinnu- og starfsþjálfunarstöðvum fatlaðra?
2. Hverjir gæta hagsmuna fatlaðra varðandi kaup og kjör á vernduðum vinnustöðum?
3. Hvernig hefur lífeyrisréttindum fatlaðra verið háttað á hverri vinnu- og starfsþjálfunarstöð fyrir sig síðustu fimm ár og hafa verið virt ákvæði laga um skyldu til greiðslu í lífeyrissjóð? Óskað er eftir að greint verði frá hvernig málum þessum er háttað á hverjum stað fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

82. Fyrirspurn [82. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðbúnað og öryggi á sjúkrahúsum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þeirra fullyrðinga forsvarsmanna Félags ungra lækna að allar reglur um hvíldardaga og frídagatöku á sjúkrahúsum séu brotnar?

2. Telur ráðherra eðlilegt að læknar í starfsnámi séu undanþegnir ákvæðum um lágmarkshvíld?
3. Hver er afstaða ráðherra og hvernig ætlar hann að bregðast við þeim aðgerðum sem boðaðar hafa verið um að gripið verði til opinberra rannsókna á lögbrotum sjúkrahúsanna á grundvelli 99. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eins og lögmaður Félags ungra lækna hefur ítrekað bent á að væri í undirbúningi?
4. Telur ráðherra að hætta sé á mistökum og slysum vegna álags á unga lækna sem ekki fá tilskilinn hvíldartíma og að öryggi sjúklinga sé með því stefnt í hættu?

83. Fyrirspurn [83. mál]

til umhverfisráðherra um eyðingu sjúkrahússorps.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hve mikið fellur til af sjúkrahússorpi hér á landi á ári?
2. Hvernig er staðið að eyðingu slíks sorps?
3. Hversu margar sorpeyðingarstöðvar í landinu uppfylla skilyrði um eyðingu sjúkrahússorps og hverjar eru þær?
4. Er tryggt að eyðing sjúkrahússorps fari eingöngu fram í sorpeyðingarstöðvum sem hafa til þess öll tilskilin leyfi?

Skriflegt svar óskast.

84. Fyrirspurn [84. mál]

til iðnaðarráðherra um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við undirbúning álvers í Reyðarfirði.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við undirbúning álvers í Reyðarfirði, sundurliðað eftir árum, og af hvaða fjárlagaliðum hafa þeir fjármunir komið?
2. Hver hefur þátttaka Norsk Hydro/Hydro Aluminium verið í þessum kostnaði?
3. Hvert hefur verið hlutverk STAR, samstarfsnefndar um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði, í þessum undirbúningi og hverjar voru árlegar heildargreiðslur til nefndarinnar á tímabilinu 1997–2002?
4. Hvaða hlutverki hefur eignarhaldsfélagið Hraun ehf. gegnt við undirbúning álvers í Reyðarfirði og er það enn starfandi? Hvaða greiðslur hafa runnið til félagsins úr ríkissjóði vegna undirbúnings álvers í Reyðarfirði, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

85. Fyrirspurn [85. mál]

til samgönguráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi samgönguráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

86. Fyrirspurn [86. mál]

til landbúnaðarráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi landbúnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

87. Fyrirspurn [87. mál]

til iðnaðarráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi iðnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

88. Fyrirspurn [88. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi sjávarútvegsráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

89. Fyrirspurn [89. mál]

til umhverfisráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi umhverfisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

90. Fyrirspurn [90. mál]

til iðnaðarráðherra um undanþágu frá tilskipun um innri markað raforku.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur iðnaðarráðuneytið kannað eða óskað eftir að utanríkisráðuneytið kanni möguleika á að Ísland verði undanþegið ákvæðum tilskipunar 96/92/EB um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku?
2. Hvaða leiðir teldi ráðuneytið helst færar til að fá Ísland undanþegið ákvæðum áðurnefndrar tilskipunar í ljósi þess að fallið var frá stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu vorið 2000?
3. Hvaða afleiðingar telur ráðherra að það geti haft að Ísland hefur vanefnt skuldbindingar sínar um að innleiða efni tilskipunarinnar í íslenska löggjöf fyrir 1. júlí 2002?

91. Fyrirspurn [91. mál]

til utanríkisráðherra um ályktun Alþingis um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvernig hefur ráðherra fylgt eftir ályktun Alþingis frá 19. maí 2001 um endurskoðun viðskiptabanns á Írak?

92. Fyrirspurn [92. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað líður efndum fyrirheita ríkisstjórnarinnar frá því fyrir síðustu alþingiskosningar, sem kynnt voru 7. janúar 1999 af fjórum ráðherrum, um að koma upp menningarhúsum á landsbyggðinni?

93. Fyrirspurn [93. mál]

til fjármálaráðherra um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu?

94. Fyrirspurn [94. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hverjar voru brúttótekjur Íslenskra söfnunarkassa sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 2000 og 2001?
2. Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?
3. Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

95. Fyrirspurn [95. mál]

til umhverfisráðherra um þjóðgarð á Snæfellsnesi.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hver eru áform um starfsemi og rekstur þjóðgarðs á Snæfellsnesi?
2. Hvenær er áætlað að ljúka gerð göngustíga og að merkja helstu sögustaði?
3. Hver er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður þjóðgarðsins?
4. Hversu margir landverðir er áætlað að starfi í garðinum og í hve margar vikur á ári?
5. Hvað líður gerð verndaráætlunar og úttekt á veðurfari á þjóðgarðssvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

96. Fyrirspurn [96. mál]

til landbúnaðarráðherra um jarðir í eigu ríkisins.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu margar jarðir í eigu ríkisins eru notaðar af stofnunum þess sem sumardvalarstaðir?
2. Hverjar eru þessar jarðir og hvaða stofnanir nýta þær?
3. Er greidd leiga fyrir afnotin og, ef svo er, hver er heildarleigan og hvernig skiptist hún á einstakar jarðir?
4. Eru einhverjar þessara jarða á söluskrá?
5. Eru einhverjar jarðir í eigu ríkisins nýttar sem sumardvalarstaðir af öðrum, þ.e. einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum?

Skriflegt svar óskast.

97. Fyrirspurn [97. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslukostnað.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hver er sundurliðaður sérstakur löggæslukostnaður einstakra sveitarfélaga vegna bæjarhátíða árin 1998–2001?
2. Hver er sundurliðaður löggæslukostnaður vegna sumarhátíða einstakra félaga, svo sem hestamannafélaga og íþróttafélaga, árin 1998–2001?

3. Sitja öll byggðarlög og félagasamtök við sama borð hvað löggæslukostnaði vegna hátíðahalda viðvíkur?

Skriflegt svar óskast.

98. Fyrirspurn [98. mál]

til samgönguráðherra um samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hve margir farþegar flugu annars vegar til Vestmannaeyja og hins vegar frá Vestmannaeyjum um:
   a. Bakkaflugvöll,
   b. Selfossflugvöll,
   c. Reykjavíkurflugvöll
   árin 1995–2001, sundurliðað eftir árum?
2. Hve margir farþegar og hve mörg farartæki voru flutt með Herjólfi sömu ár, sundurliðað eftir árum?
3. Hvernig hyggst ráðherra tryggja betri samgöngur milli lands og Eyja?

99. Fyrirspurn [99. mál]

til félagsmálaráðherra um ábyrgðasjóð launa.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hver er sjóðseign ábyrgðasjóðs launa sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 53/1993?
2. Hve háar hafa greiðslur vegna vangreiddra lífeyrisréttinda launþega verið úr sjóðnum síðustu þrjú ár?
3. Hve háar hafa kröfur verið á sjóðinn vegna vangreidds lífeyrissparnaðar launþega síðustu þrjú ár?
4. Hvaða lífeyrissjóðir hafa krafist greiðslna úr sjóðnum síðustu þrjú ár og hve hárra?
5. Hafa verið gerðar kröfur í ábyrgðasjóðinn um greiðslur á séreignarlífeyrissparnaði vegna gjaldþrota fyrirtækja og ef svo er, hve háar?

Skriflegt svar óskast.

100. Fyrirspurn [100. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á nýtingu fiskúrgangs o.fl.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða rannsóknir, innlendar eða erlendar, hafa verið gerðar á nýtingu aukahráefna (afskurðar, hausa, hryggja, innyfla og roðs) sem falla til við fiskvinnslu á sjó og landi? Hverjar eru helstu niðurstöður þeirra?
2. Hafa verið gerðar rannsóknir hérlendis eða erlendis á áhrifum þess á lífríkið þegar miklu magni af aukahráefnum frá fiski eða annarri vinnslu, t.d. á skel og rækju, er hent í hafið? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?
3. Liggja fyrir einhverjar rannsóknir á áhrifum þess á fiskgöngur þegar miklu magni fiskúrgangs er hent á viðkvæma fiskislóð? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?

Skriflegt svar óskast.

101. Fyrirspurn [101. mál]

til landbúnaðarráðherra um starfssvæði og verkefni Suðurlandsskóga.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvernig skiptast núverandi verkefni Suðurlandsskóga eftir sýslum?
2. Að hvaða verkefnum er unnið hjá Suðurlandsskógum á Suðurnesjum og í Austur-Skaftafellssýslu?
3. Hver eru áætluð fjárframlög til Suðurlandsskóga árið 2003 og hve hátt hlutfall rennur til verkefna á Suðurnesjum og í Austur-Skaftafellssýslu?

102. Fyrirspurn [102. mál]

til sjávarútvegsráðherra um nýtingu afla af fullvinnsluskipum og öðrum skipum sem vinna afla um borð.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve mikill var afli þeirra skipa fiskveiðiárið 2001–2002 sem teljast svonefnd fullvinnsluskip samkvæmt sérstökum leyfum?
2. Hve mikill var afli annarra skipa sem vinna afla sinn um borð án sérstakra leyfa?
3. Hve miklum afurðum landa þessi skip og hver er nýtingin á afla þeirra, sundurliðað eftir tegundum?

4. Hve mörg tonn af afla þessara skipa nýtast ekki til vinnslu um borð í skipunum og er hent fyrir borð, sundurliðað eftir tegundum?

Skriflegt svar óskast.

103. Fyrirspurn [103. mál]

til samgönguráðherra um einbreiðar brýr.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve margar einbreiðar brýr eru á þjóðvegi eitt eftir kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan?
2. Hvaða áform eru uppi um fækkun einbreiðra brúa á þjóðvegi eitt eftir kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan og hver er áætlaður kostnaður?

Skriflegt svar óskast.

104. Fyrirspurn [104. mál]

til iðnaðarráðherra um fjárveitingar til rannsókna á nýjum orkugjöfum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve miklu fé hefur verið varið síðustu þrjú ár af hálfu ráðherra til rannsókna á nýjum orkugjöfum fyrir ökutæki, svo sem raforku, vetni, metani, lífdísli, etanóli og metanóli, sundurliðað eftir orkugjöfum?
2. Hvaða stefnu er fylgt við úthlutun fjár til slíkra þróunarverkefna?
3. Hvaða verkefni eru í undirbúningi og á vinnslustigi með öðrum aðilum eins og NýOrku ehf., VistOrku o.fl.?
4. Hve mikla fjármuni hefur NýOrka ehf. haft til umráða frá ráðuneytinu og til hvaða verkefna?

105. Fyrirspurn [105. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur úr ábyrgðasjóði launa.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikið var greitt úr ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota fyrirtækja á árinu 2001 og fram til 1. október 2002 og í hvaða atvinnugreinum hafa þau helst verið? Hver er útgjaldaáætlun sjóðsins fram til næstu áramóta?
2. Hve mikið hafa greiðslur úr ábyrgðasjóði launa aukist frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002?
3. Hver var árlegur fjöldi fyrirtækja síðustu fimm ár sem urðu gjaldþrota og ávísað var á greiðslum úr ábyrgðasjóði launa, skipt eftir starfsgreinum?
4. Telur ráðherra að um vísvitandi misnotkun á sjóðnum sé að ræða? Ef svo er, í hverju felst hún og hvernig hyggst ráðherra bregðast við?

Skriflegt svar óskast.

106. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um endurskoðun laga um innflutning dýra.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman, Karl V. Matthíasson,
Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, og búnaðarlaga, nr. 70/1998, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

Greinargerð.

Hinn 11. desember 1994 öðlaðist gildi hér á landi samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Ríó de Janeiró 5. júní 1992 og undirritaður af Íslands hálfu 12. júní sama ár. Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra notkun efnisþátta hennar og réttláta skiptingu hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda. Samkvæmt samningnum er viðurkennt að aðildarríkin eigi fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegum auðlindum og jafnframt að þau beri ábyrgð á verndun þessara auðlinda.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um innflutning á erlendu erfðaefni búfjár og ljóst er að gildandi lög um innflutning dýra eru lítið í takt við ákvæði Ríó-samningsins. Hin norrænu kyn og stofnar nautgripa, sauðfjár, hrossa, geita og alifugla sem hér hafa verið ræktuð þarfnast verndar m.a. vegna þess að þrjú þessara kynja standa undir hefðbundinni búfjárframleiðslu í landinu og í þeim eru fólgnar verðmætar erfðaauðlindir. Undanþáguheimildir landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum um innflutning dýra eru allt of rúmar og ekki í samræmi við nútímasjónarmið.

Helstu atriði sem taka þarf til endurskoðunar eru:

1. Herða þarf skilyrði fyrir innflutningi erfðaefnis, einkum þegar það getur leitt til þess að innlendir stofnar verði undir í samkeppninni og þannig lent í útrýmingarhættu.
2. Í gildandi lögum er hvergi minnst á að íslenskir stofnar og eiginleikar þeirra séu auðlind sem beri að varðveita. Í Ríó-samningnum eru hugtökin líffræðileg auðlind og erfðaauðlind skilgreind og væri rétt að laga íslenska löggjöf til samræmis við þau hugtök. Í 6. gr. laga um innflutning dýra er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að fela búgreinasamböndum og ræktunarfélögum framræktun kynja. Hugtakið „ræktunarfélag“ er hvergi skilgreint í lögum eða lögskýringargögnum en telja verður nauðsynlegt að það liggi alveg ljóst fyrir hvers konar félög megi takast á hendur svo ábyrgðarmikið starf sem framræktun innfluttra kynja óhjákvæmilega er.
3. Gera þarf meiri kröfur til rökstuðnings fyrir hugsanlegum ábata af innflutningi en ljóst er að innflutningur erfðaefnis getur haft verulega neikvæð áhrif á innlenda stofna ef illa tekst til.
4. Gera ætti sérstakt verndunarmat áður en ráðist er í kynblöndun en í 12. gr. laga um innflutning dýra er þess aðeins getið að þess skuli gætt að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Tvímælalaust ætti verndunarmat að fara fram á kostnað þess sem fer fram á innflutning erlends kyns. Þá skal á það bent að í lokamálslið 2. mgr. 12. gr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerðarákvæði um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar ef ástæða þykir til. Slíkt verndunarákvæði hefur ekki verið sett og í lögunum er ekki að finna ákvæði sem með virkum hætti vernda innlent erfðaefni í búfé. Með sérstöku verndunarmati væri betur hægt að koma í veg fyrir stórslys á þessum vettvangi. Slíkt mat gæti m.a. falið í sér ítarlega skoðun á kostum, göllum og eiginleikum erfðaefnis og efnahagslegir hagsmunir vegnir og metnir gagnvart verndarhagsmunum til lengri tíma litið. Þá gæti slíkt mat einnig kveðið á um hvernig unnt væri að varðveita hið innlenda erfðaefni sem best í samkeppni við innflutt erfðaefni ef innflutningur yrði leyfður.
5. Setja þarf skýrar reglur um ábyrgð innflutningsaðila á sjúkdómum eða erfðagöllum sem fylgt geta innfluttu erfðaefni.

Í 9. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, segir að markmið búfjárræktar sé að tryggja framfarir í ræktun búfjár í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjár og búfjárafurða og að búfjárræktin skuli taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Markmiðið er ágætt svo langt sem það nær en efnisreglur skortir að mestu og hugtakanotkun er ekki samræmd við Ríó-samninginn.

107. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um greiningu lestrarvanda.

Flm.: Þuríður Backman, Árni Steinar Jóhannsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands fái sérstakt framlag í fjárlögum að upphæð 30 millj. kr. til að greina lestrarvanda barna, unglinga og fullorðins fólks, veita ráðgjöf um viðbrögð og skipuleggja forvarnir.

Greinargerð.

Kennaraháskóli Íslands rak í u.þ.b. áratug sérstaka stofnun innan sinna vébanda, Lestrarmiðstöð KHÍ. Meginhlutverk hennar var að greina lestrarörðugleika nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum og fólks utan skólakerfisins, veita ráðgjöf, miðla þekkingu og vinna að rannsóknum á sérsviði sínu. Mikil þörf var fyrir þjónustu miðstöðvarinnar sem m.a. má sjá af því að allan tímann sem hún starfaði mynduðust langir biðlistar eftir greiningu.

Kennaraháskólinn fékk sérstakt framlag í fjárlögum til að standa að hluta til straum af kostnaði við rekstur Lestrarmiðstöðvarinnar en að auki aflaði miðstöðin nokkurra tekna með starfi sínu. Nú hefur það framlag verið fellt niður og Kennaraháskólinn hætt rekstri miðstöðvarinnar.

Afar mikilvægt er að greina lestrarvanda barna og fullorðinna og bregðast við honum. Þessi vandi er vaxandi og augljóst að nemendur á öllum skólastigum og fjöldi fullorðins fólks á við verulegan vanda að stríða sem dregur úr möguleikum til náms og háir því í daglegu starfi í atvinnulífi auk þess sem hömlun af þessu tagi hefur veruleg áhrif á andlega líðan og almennt gengi í lífinu.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja mikilvægt að brugðist sé við þeim vanda sem skapast þegar Lestrarmiðstöðvar KHÍ nýtur ekki lengur við. Eðlilegt hlýtur að teljast að tengja verkefnið þeim stofnunum sem sinna rannsóknum á sviði fræðslumála, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu, hins vegar úti á landi. Af þessum sökum er lagt til að Háskólinn á Akureyri annars vegar og Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans hins vegar fái sérstakt framlag í fjárlögum til þess að greina lestrarvanda barna, unglinga og fullorðins fólks, veita ráðgjöf um viðbrögð og skipuleggja forvarnir.

108. Frumvarp til laga [108. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Flm.: Hjálmar Árnason, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva ökutæki eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögur um heimild til hægri beygju á móti rauðu ljósi voru fluttar á 121. og 122. löggjafarþingi en náðu ekki fram að ganga. Á 127. löggjafarþingi var málið flutt sem frumvarp til breytinga á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er nú endurflutt nær óbreytt.

Markmið frumvarpsins er að taka upp þá meginreglu að bifreiðastjórum verði heimilt að beygja til hægri á umferðarljósum á móti rauðu ljósi. Að öðru leyti skulu almenn umferðarlög gilda, svo sem um stöðvunarskyldu og forgang umferðar úr öðrum áttum. Þessi regla hefur um langt skeið verið gildandi í Bandaríkjunum og Kanada og gefið góða raun. Oft neyðist bifreiðastjóri, sem hyggst taka hægri beygju, til að bíða á móti rauðu ljósi þótt engin umferð sé í þá aksturssstefnu. Mikið hagræði væri að því að bifreiðastjórinn gæti haldið för sinni áfram án þess að bíða eftir grænu ljósi. Það stytti biðtíma margra bílstjóra, losaði um umferðarteppu á álagstímum og greiddi almennt fyrir umferð. Þá er ónefndur sá þáttur að slík heimild drægi úr kostnaði við lagningu afreina í sumum tilvikum.

Áhersla er lögð á að bifreiðastjóra ber að meta aðstæður og virða almennar umferðarreglur þegar ákvörðun um hægri beygju móti rauðu ljósi er tekin. Í raun er um svipaða ábyrgð og ákvörðun að ræða og þegar bifreiðastjóri tekur ákvörðun um að aka úr aðrein inn á aðalbraut. Í einhverjum tilvikum getur verið óheppilegt að leyfa hægri beygju móti rauðu ljósi og skal þá tekið sérstaklega fram með þar til gerðum merkingum að slík beygja sé óheimil. Meginreglan á að vera sú að hægri beygja móti rauðu ljósi sé heimil nema annað sé tekið fram sérstaklega.

109. Fyrirspurn [109. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölgun hjúkrunarrýma í Reykjavík.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra standa að endurbótum og fjölgun nýrra hjúkrunarrýma í Reykjavík, sbr. viljayfirlýsingu ráðherra frá því í maí sl.?
2. Hver er áætluð aukning hjúkrunarrýma á næsta ári í samræmi við þá yfirlýsingu?
3. Hversu langur er biðlisti nú eftir hjúkrunarrýmum í Reykjavík og hver er árleg áætluð þörf næstu fjögur ár?

110. Fyrirspurn [110. mál]

til utanríkisráðherra um Evrópusambandið og sjávarútvegsstefnu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvaða viðbrögð hefur ráðherra fengið hjá Evrópusambandinu við hugmyndum sem hann setti fram í Berlín um Norður-Atlantshaf sem sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði? Er litið á slíkar skilgreiningar sem undanþágu frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins?

111. Fyrirspurn [111. mál]

til forsætisráðherra um Þingvelli.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að koma Þingvöllum á heimsminjaskrá UNESCO?

112. Fyrirspurn [112. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um öldrunarstofnanir.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er opinberum greiðslum til öldrunarstofnana háttað?
2. Með hvaða hætti er í greiðslunum tekið tillit til þeirrar þjónustu sem veitt er á hverri öldrunarstofnun fyrir sig?
3. Hvaða reglur gilda um gjaldtöku af dvalarmönnum á öldrunarstofnunum?
4. Eru til reglur um lágmarksþjónustu sem öldrunarstofnanir skulu veita, eða er í bígerð að setja slíkar reglur?
5. Hvernig er háttað reglubundnu eftirliti með þeirri þjónustu sem öldrunarstofnanir veita?

Skriflegt svar óskast.

113. Fyrirspurn [113. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskóla á Snæfellsnesi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað dvelur ákvörðun um stofnun nýs framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi sem stefnt hefur verið að á undanförnum árum?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að veitt verði framlag í fjárlögum næsta árs til stofnunar slíks skóla eins og sveitarstjórnir og íbúar í Snæfellsbæ, Grundarfirði, Helgafellssveit og Stykkishólmi hafa sóst mjög eftir?

114. Fyrirspurn [114. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um einkahlutafélög.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hversu mörg einkahlutafélög voru stofnuð árið 2001 annars vegar og frá 1. janúar 2002 til 1. september sl. hins vegar, skipt eftir starfsgreinum og núverandi kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

115. Fyrirspurn [115. mál]

til fjármálaráðherra um skattamál.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti annars vegar og fjármagnstekjuskatti hins vegar sl. fimm ár, skipt eftir sveitarfélögum og kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

116. Fyrirspurn [116. mál]

til félagsmálaráðherra um íbúafjölda.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver hefur þróunin verið í íbúafjölda hvers sveitarfélags á landinu, eins og þau eru nú, sl. tíu ár?
2. Hver hefur þróunin verið í íbúafjölda hvers kjördæmis fyrir sig, miðað við nýja kjördæmaskipan, sl. tíu ár?
3. Hver hefur hlutfallsleg fjölgun eða fækkun íbúa í einstökum sveitarfélögum verið á sl. tíu árum?
4. Hvert er hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda hvers sveitarfélags fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

117. Fyrirspurn [117. mál]

til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði útsendinga Ríkisútvarpsins.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Er áætlað að bæta móttökuskilyrði Ríkisútvarpsins á Raufarhöfn og Kópaskeri? Sé ekki svo, hyggst ráðherra þá beita sér fyrir því að úr verði bætt?
2. Telur ráðherra eðlilegt eða sanngjarnt að fólki á þessum stöðum sé gert að greiða fullt afnotagjald þegar móttökuskilyrði bæði hljóðs og myndar eru sem raun ber vitni? Sé ekki svo, hyggst ráðherra þá beita sér fyrir að afnotagjöldin verði lækkuð eða felld niður á þessum svæðum þar til móttökuskilyrði hafa verið bætt?
3. Eru fleiri staðir á landinu þar sem móttökuskilyrði Ríkisútvarpsins eru þannig að óviðunandi megi teljast?

118. Frumvarp til laga [118. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir g-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sérfræðiþjónustu við börn og unglinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar skv. 37. gr. a.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir sérfræðiþjónustu við börn og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrastofnana og skólakerfis greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Gjaldskráin gildir bæði um sérfræðiþjónustu sem veitt er af hinu opinbera og öðrum.

Sérfræðiþjónusta barna og unglinga utan sjúkrastofnana og skólakerfis á sviði sálfræði og félagsráðgjafar er því aðeins greidd að fyrir liggi sérstök umsókn frá heilsugæslulækni eða sérfræðingi á sviði geðlækninga, barnalækninga, sálfræði, félagsráðgjafar eða sérkennslu.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd sérfræðiþjónustunnar, meðal annars mæla fyrir um hverjir eigi rétt á henni og hverjir veiti hana.

Reikningi fyrir sérfræðiþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis hefur áður verið flutt á nokkrum löggjafarþingum. Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur fjallað um frumvarpið og fengið fjölda jákvæðra umsagna, en engu að síður hefur málið ekki fengist afgreitt frá nefndinni. Frumvarpið er því lagt fram aftur nær óbreytt. Breyting er þó gerð á 2. gr. frumvarpsins þar sem sérfræðingar á sviði geðlækninga og barnalækninga bætast í hóp þeirra sem sótt geta um greiðsluþátttöku vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem kveðið er á um í frumvarpinu. Er það gert með hliðsjón af athugasemdum umsagnaraðila.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Gert er ráð fyrir því að þiggjendur þjónustunnar greiði fyrir ákveðinn hluta hennar, t.d. fasta upphæð fyrir hvert viðtal. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu, þ.e. að einungis verði greitt fyrir þjónustu réttindafólks á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, sbr. lög nr. 40/1976, um sálfræðinga, og lög nr. 95/1990, um félagsráðgjöf. Einnig verður að gera þá kröfu að einungis verði greitt fyrir þjónustu þeirra sem hafa ákveðna lágmarksreynslu á þessu sviði og má þá m.a. horfa til reglna um veitingu sérfræðileyfa í sálfræði og setja skilyrði um framhaldsmenntun.

Vaxandi þörf er fyrir slíka sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Hún er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni, sem dveljast á sjúkrastofnunum, geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Hins vegar skortir verulega á að nægjanlegur fjöldi sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar starfi á heilbrigðisstofnunum svo að hægt sé að sinna þessari þjónustu eins og þörf er á. Við breytingu á grunnskólalögum fyrir nokkrum árum varð breyting á þessari sérfræðiþjónustu innan skólanna. Hlutverk sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar við skóla er nú að mestu leyti greiningarstarf en börnum er síðan í mörgum tilvikum vísað annað til meðferðar. Því er staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þarf á þessari sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana. Komið hafa fram þær ábendingar frá skólaskrifstofum víða um land að við breytingu sem gerð var á grunnskólalögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir að veita meðferðarþjónustu innan skólakerfisins á sama hátt og áður var. Með þessu er verið að færa þjónustuna í auknum mæli út fyrir skólakerfið og kostnaðinn yfir á foreldra. Þá er einnig ljóst að á landsbyggðinni er þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki til staðar utan skólakerfisins eða sjúkrastofnana nema í undantekningartilvikum. Kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldu vegna þessarar sérfræðiþjónustu við börn eða ungmenni getur því verið mjög mikill þegar við bætist ferðakostnaður. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur margoft bent á nauðsyn þess að börnum, sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða, standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn, sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða, þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur einnig og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna réð sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu og margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér hana. Félagið reyndi þannig að bregðast við vanda þessara fjölskyldna.

Til lengri tíma litið er fráleitt að félagasamtök beri kostnað af þessari nauðsynlegu sérfræðiþjónustu. Hér hlýtur að vera um samfélagslegt verkefni að ræða sem líta ber á sem sjálfsagðan hluta öflugrar heilbrigðisþjónustu.

Börn og ungmenni sem hafa mátt þola hvers konar líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi þurfa oft um langan tíma á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda. Sú þjónusta er að hluta greidd

úr almannatryggingakerfinu. En þau þurfa einnig þjónustu sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar í langan tíma. Það sama á við þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri gildar ástæður mætti að sjálfsögðu nefna því að ljóst er að þörfin fyrir þessa sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum.

Í reglugerð skv. 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins skal eins og unnt er skilgreina þá sem rétt eiga á þessari þjónustu. Einnig skal í reglugerðinni kveða á um hvernig staðið verði að umsóknum um hana. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa utan skóla eða heilbrigðisstofnana skal aðeins greidd af Tryggingastofnun ríkisins ef sjúklingur framvísar sérstakri umsókn heilsugæslulæknis eða sérfræðings á sviði geðlækninga, barnalækninga, sálfræði, félagsráðgjafar eða sérkennslu.

Sveitarfélög hafa í nokkrum tilvikum tekið þátt í kostnaði við sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni en fá sveitarfélög veita fullkomna þjónustu að þessu leyti. Mjög margar fjölskyldur búa við svo bágan efnahag að þær geta ekki mætt kostnaðinum sem fylgir því að fjölskyldumeðlimur þarf í lengri eða skemmri tíma að nota þjónustu sálfræðings og/eða félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, allra síst þegar um er að ræða börn eða ungmenni.

Umsagnir sem bárust heilbrigðis- og tryggingarnefnd voru eins og áður sagði jákvæðar um efni þessa frumvarps og því er það lagt fram nær óbreytt. Í ljósi jákvæðra umsagna vænta flutningsmenn þess að málið fái skjóta afgreiðslu. Umsagnir um frumvarpið sem bárust nefndinni á 126. þingi eru birtar sem fylgiskjöl.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Barnageðlæknafélags Íslands, 23. apríl 2001.
II. Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar, 11. apríl 2001.
III. Umsögn Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, 8. maí 2001.
IV. Umsögn Vímulausrar æsku, 2. maí 2001.
V. Umsögn Barnaheilla, 31. maí 2001.
VI. Umsögn Félags íslenskra heimilislækna, 24. apríl 2001.
VII. Umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, 7. ágúst 2001.
VIII. Umsögn Sálfræðingafélags Íslands, 22. ágúst 2001.
IX. Umsögn Fagráðs Samtaka krabbameinssjúkra barna, 15. maí 2001.

119. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, með síðari breytingum, og lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ólafur Örn Haraldsson, Kristján L. Möller.

I. KAFLI
Breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

1. gr.

3. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Sé hús sem skaðast hefur byggt að nýju eða við það gert skal vátryggingarfjárhæð miðuð við endurstofnverð eignarinnar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

II. KAFLI
Breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 2. tölul., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. skulu húseignir viðlagatryggðar fyrir sömu fjárhæð og endurstofnverð þeirra nemur samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 15. gr., svohljóðandi:

Upplýsingaskylda.

Viðlagatrygging Íslands skal láta vátryggðum í té allar þær upplýsingar í tengslum við vátryggingaratburð og meðferð og afgreiðslu bótamáls sem hann óskar eftir í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2004.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 127. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt og er því endurflutt.

Öllum eru ofarlega í minni jarðskjálftarnir sem urðu á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000 þar sem fjöldi fólks varð fyrir verulegu eignatjóni.

Fljótlega eftir að farið var að meta tjónið kom í ljós að verulegur munur er á brunabótamati sambærilegra eigna milli svæða eða sveitarfélaga og jafnvel sambærilegra eigna innan sama svæðis. Bætur vegna náttúruhamfara eins og jarðskjálfta eru greiddar af Viðlagatryggingu Íslands. Við ákvörðun bóta vegna tjóna sem Viðlagatrygging bætir er farið eftir meginreglum vátryggingaréttar, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 83/1993, um Viðlagatryggingu Íslands.

Gildandi brunabótamat eignar er lögákveðin vátryggingarfjárhæð við upphaf vátryggingarinnar en ekki ákvarðandi varðandi tjónabótafjárhæð. Þannig getur bótafjárhæð verið lægri en brunabótamat, en það er þó alltaf hámark bótafjárhæðar skv. 12. gr. áðurnefndrar reglugerðar um Viðlagatryggingu Íslands.

Tilkvaddir matsmenn eiga því samkvæmt reglugerð að ákveða verðmæti vátryggðrar eignar með hliðsjón af því hvert var raunverulegt verðmæti hennar þegar tjón varð. Við þetta mat skal samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands tekið tillit til verðrýrnunar vegna aldurs, notkunar, minnkandi notagildis eða annarra ástæðna.

Við ákvörðun um hvernig staðið skuli að mati er vísað í 37. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar segir í 1. mgr.: „Með undantekningum þeim, sem um getur í 38. og 75. gr., skal verð hlutarins talið nema þeirri upphæð, er þurft hefði til kaupa á hlut þeim, er fórst eða skemmdist, með því verðlagi, er síðast var á slíkum hlut áður en vátryggingaratburðurinn gerðist, að frádreginni hæfilegri verðrýrnun hans vegna aldurs, brúkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika."

Í 2. mgr. 37. gr. segir: „Þegar um búsgögn er að ræða eða hluti til persónulegra nota og þess háttar, er verðrýrnun vegna aldurs og brúkunar því aðeins dregin frá verðinu, að telja megi að notagildi hlutanna fyrir vátryggðan hafi minnkað svo verulegu nemi."

Þá segir í 3. mgr. 37. gr: „Sé hús, sem skaðast hefur, byggt að nýju eða við það gert, skal aðeins dreginn frá mismunur milli gamals og nýs."

Svo virðist af skriflegum svörum sem borist hafa við erindum til Viðlagatryggingar að allar málsgreinar 37. gr. laga um vátryggingarsamninga séu notaðar til hliðsjónar við mat á tjóni á húseign. Brunabótamatið er þó eftir sem áður sá grunnur sem matsmönnum er ætlað að byggja á ásamt settum vinnureglum Viðlagatryggingar Íslands.

Öllum var ljóst áður en jarðskjálftarnir urðu að mikið ósamræmi ríkti á þessu svæði hvað varðar brunabótamat eigna. Fáir áttuðu sig þó á að til væru sérstakar fyrningarreglur sem nýttar væru í tilvikum sem þessum. Þetta hefur komið mjög illa við þá sem urðu fyrir altjóni í jarðskjálftunum, ásamt því að brunabótamatið reyndist í nokkrum tilvikum óraunhæf viðmiðun.

Það hlýtur einnig að teljast óeðlilegt að iðgjald sé greitt af brunabótamati sem þegar á reynir er ekki marktæk viðmiðun. Það á eingöngu við ef eignin skemmist af völdum náttúruhamfara og bætur greiðast af Viðlagatryggingu Íslands því sömu reglur eru að því best verður séð ekki notaðar t.d. ef hús eyðileggst í bruna.

Þeir sem starfað hafa við að meta tjón einstaklinga og fyrirtækja eftir jarðskjálftana á Suðurlandi hafa unnið gott starf en reglur og lagaákvæði sem þeim er ætlað að starfa eftir verður að endurskoða í ljósi fenginnar reynslu.

Ljóst er að brunabótamat eigna er ekki grunnur sem hægt er að byggja á við mat á tjóni af völdum náttúruhamfara. Mun eðlilegra er að byggja á endurstofnverði eignar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Þá er einnig ljóst að þær vinnureglur sem settar hafa verið um mat á fyrningum húseigna og byggðar eru á ákvæðum 37. gr. laga um vátryggingarsamninga þurfa endurskoðunar við og eðlilegra að taka tillit til aldurs og ástands tryggðra mannvirkja í endurstofnverði þeirra þannig að eigendur viti hver staðan er hverju sinni.

Frumvarp þetta er flutt til þess að skýra réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum jarðskjálfta eins og þeirra sem urðu sumarið 2000, en einnig tjóna sem kunna að verða af völdum annarra náttúruhamfara eins og við þekkjum frá liðnum árum. Valin var sú leið að flytja í einu frumvarpi breytingu á tvennum lögum þar sem verið er að fjalla um sambærileg ákvæði.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á 3. mgr. 37. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, þar sem tekinn er af allur vafi um við hvað skal miðað þegar bætur fyrir tjón á húseignum eru ákvarðaðar, þ.e. endurstofnverð eignarinnar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, þar sem um er að ræða sambærilegt ákvæði, þ.e. að miðað skuli við endurstofnverð húseigna þegar þær eru viðlagatryggðar. Einnig er lagt til að lögtekið verði ákvæði um upplýsingaskyldu þar sem kveðið er á um að tjónþoli skuli eiga rétt á öllum upplýsingum um meðferð og afgreiðslu eigin bótamáls í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga. Að lokum er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lögin skuli endurskoða fyrir 1. janúar árið 2003. Nauðsynlegt er að endurskoðun þessara laga fari nú þegar af stað og að í henni taki þátt t.d. fulltrúar frá þeim sveitarfélögum þar sem tjón hefur orðið verulegt af völdum náttúruhamfara.

Ljóst er af þeirri sáru reynslu sem margir hafa orðið fyrir vegna tjóns af völdum náttúruhamfara að nauðsynlegt er fyrir okkur að búa við trausta löggjöf sem dregur sem mest úr þeim skaða sem einstaklingar, fjölskyldur, fyrirtæki, sveitarfélög og þjóðfélagið allt geta orðið fyrir og umfram allt að reglur séu skýrar og almenningi sé fullljós réttarstaða sín þegar áföll verða.

120. Frumvarp til laga [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að fenginni umsögn og mati heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123., 125., 126. og 127. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili og önnur meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa margoft bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Þar sé ekki aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir

þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings sem hefur ánetjast fíkniefnum er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan tekur við biðtími þar til pláss fæst á meðferðarheimili eða í annarri meðferð. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda áður en meðferð hefst og eftir að henni „lýkur“. Þá þarf stöðuga umönnun og eftirfylgni ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut í lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn voru viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þessum sjúkdómi. Þó þarf oft að annast börn í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi.

Í umsögnum sem bárust heilbrigðis- og tryggingnefnd um málið þegar það var lagt fram á fyrri þingum komu fram efasemdir þess efnis að erfitt yrði að leggja mat á það hvenær barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum telst svo veikt að þörf sé á umönnun heima og einnig að um meðvirkni foreldra gæti verið að ræða. Því hafa flutningsmenn frumvarps þessa bætt inn í textann því ákvæði að leita þurfi umsagnar heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa þeirra sem um umönnunarlaun sækja. Ráðherra er síðan falið að sjá um nánari útfærslu á framkvæmd ákvæðisins. Þá komu einnig fram þær athugasemdir að brýnna væri að bæta úr þörfinni fyrir meðferðarúrræði og faglega eftirmeðferð. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta þjónustu hins opinbera hvað varðar möguleika til meðferðar við fíkniefnaneyslu barna og unglinga en benda á nauðsyn þess að foreldrum og aðstandendum barna og ungmenna sem háð eru fíkniefnum sé gert kleift að taka fullan þátt í meðferðinni. Stór þáttur í því er réttur til þess að fá greidd umönnunarlaun. Það er orðið löngu tímabært að viðurkenna í verki að hér er um alvarleg veikindi barna og ungmenna að ræða.

121. Frumvarp til laga [121. mál]

um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 37. gr., svohljóðandi:

Stimpilgjald óþinglýstra skjala skal lækka um fimmtung árlega frá 1. janúar 2003 fram til 1. janúar 2007. Frá þeim tíma skal stimpilgjald af skjölum sem ekki ber skylda til að þinglýsa fellt endanlega niður.

Stimpilgjald þinglýstra skjala skal lækkað niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er við stimplunina 1. janúar 2003.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Taka skal lög þessi til heildarendurskoðunar með tilliti til þess hvort fella eigi þau úr gildi fyrir 1. júlí 2007.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 126. og 127. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Það er endurflutt óbreytt.

Í núgildandi lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, er gert ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum. Nokkuð er misjafnt eftir því hvers konar skjal er um að ræða hversu hátt stimpilgjaldið er.

Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur í för með sér neikvæð áhrif, svo sem að mismuna aðilum innan lands og veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Jafnframt má halda því fram að með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa sé hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða. Einnig má líta svo á að með innheimtu stimpilgjalds af lánum til einstaklinga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja sé í raun verið að innheimta nokkurs konar „fátækraskatt“, en þessi lán eru oftast veitt þeim sem ekki hafa efni á að fjármagna húsnæðiskaup eða aðrar nauðsynjar með eigin fé. Þá bendir flutningsmaður jafnframt á að óeðlilegt sé að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt æ ofan í æ. Þarna er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun.

Hér er lagt til að stimpilgjald af óþinglýstum skjölum verði afnumið í þrepum, þannig að það lækki um fimmtung árlega og falli endanlega niður 1. janúar 2007. Þá er gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 2003 verði stimpilgjald þinglýstra skjala lækkað niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er. Eftir stendur þá þjónustugjald í stað skatts. Jafnframt er gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð í heild með tilliti til þess hvort fella eigi þau endanlega úr gildi eigi síðar en 1. júlí 2007.

122. Fyrirspurn [122. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lyfjaávísanir lækna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvað leiddi rannsókn landlæknisembættisins í ljós um meintar óeðlilegar ávísanir lækna á ávanabindandi lyf?
2. Hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna verið hert? Ef svo er, á hvern hátt?

123. Fyrirspurn [123. mál]

til samgönguráðherra um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur framkvæmdaáætlun sem ráðherra setti fram í janúar 1998 um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd verið fylgt eftir? Ef svo er, hver er staðan varðandi eftirfarandi markmið áætlunarinnar:

a. að Ísland nái sérstöðu á sviði umhverfismála,
b. ferðamennska verði nýtt sem afl til verndunar auðlindum,
c. stuðlað verði að fræðslu og aukinni umhverfisvitund,
d. að samþætta ferðaþjónustu og náttúruvernd,
e. framkvæmd laga og reglugerða verði virk og
f. að gott aðgengi fyrir fatlaða verði sem víðast?

124. Fyrirspurn [124. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um gjaldskrá tannlæknaþjónustu.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið gengið frá samningum milli Tryggingastofnunar og tannlækna um gjaldskrá fyrir endurgreiðslu á tannlæknaþjónustu? Ef svo er, hvað felst í þeim samningi, og ef ekki, má vænta breytinga á gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar fyrir tannlæknaþjónustu?

125. Fyrirspurn [125. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurskoðun reglugerðar um landlæknisembættið.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Telur ráðherra tímabært að endurskoða reglugerð frá 28. desember 1973, um landlækni og landlæknisembættið? Ef svo er, hvenær má vænta nýrrar reglugerðar?

126. Fyrirspurn [126. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um daggjöld dvalar- og hjúkrunarheimila.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver er rekstrarstaða þeirra dvalar- og hjúkrunarheimila sem eru á daggjöldum miðað við fyrstu átta mánuði þessa árs? Ef um hallarekstur er að ræða, verður hann bættur í fjáraukalögum?
2. Eru fyrirhugaðar breytingar á greiðslu daggjalda til þessara stofnana? Ef svo er, hverjar eru þær og hvenær má vænta þeirra?

127. Fyrirspurn [127. mál]

til félagsmálaráðherra um húsaleigu og húsaleigubætur.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver er heildarfjöldi leigjenda skipt eftir kjördæmum,
   a. á almennum markaði,
   b. á vegum sveitarfélaga,
   c. á vegum félagasamtaka?
2. Hve margir leigjendur fengu greiddar húsaleigubætur á árinu 2001 og það sem af er 2002, sundurliðað eftir kjördæmum og stærð húsnæðis, og hverjar eru meðaltekjur leigjenda sem fá húsaleigubætur,
   a. á almennum markaði,
   b. á vegum sveitarfélaga,
   c. á vegum félagasamtaka?
3. Hvert er meðaltal greiddrar húsaleigu fyrir tveggja til fimm herbergja íbúðir í tíu stærstu sveitarfélögum landsins,
   a. á almennum markaði,
   b. á vegum sveitarfélaga,
   c. á vegum félagasamtaka?

4. Hefur ráðherra látið kanna sérstaklega í hve miklum mæli svokallaðar „svartar greiðslur“ tíðkast á leigumarkaði? Ef svo er, hver er niðurstaða þeirrar könnunar? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að hún verði gerð og þá hvenær?

Skriflegt svar óskast.

128. Fyrirspurn [128. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um öryggisgæslu á sjúkrahúsum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að öryggisgæsla á sjúkrahúsum verði hert? Ef svo er, á hvern hátt og hver verður kostnaður við það?

129. Fyrirspurn [129. mál]

til félagsmálaráðherra um úrbætur í jafnréttismálum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvað hefur verið gert til þess að framfylgja niðurstöðum um réttindi kvenna hér á landi í skýrslu sérfræðinganefndar Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, um afnám allrar mismununar gegn konum, þar sem m.a. voru gerðar athugasemdir við kynbundinn launamun og þá staðreynd að niðurstöður kærunefndar jafnréttismála eru ekki bindandi þegar stjórnvöld eiga hlut að máli?

130. Frumvarp til laga [130. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við A-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Félagsgjöld sem launþegi hefur greitt til stéttarfélags samkvæmt kjarasamningi eða samþykkt stéttarfélags.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá skatti.

Yfirskattanefnd hefur markað þá stefnu að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnurekenda megi draga frá tekjuskattsstofni. Félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga sinna hafa hins vegar ekki verið frádráttarbær frá skatti fram að þessu. Flutningsmenn telja engin rök fyrir því misræmi. Það felur í sér ranglæti, jafnt gegn launamönnum sem verkalýðshreyfingunni, og stenst varla jafnræðisreglu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú mismunun sem í þessu felst verði afnumin.

131. Frumvarp til laga [131. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 30. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þá getur Náttúruvernd ríkisins falið sveitarstjórn eða sveitarstjórnum sem land eiga að þjóðgarði umsjón og rekstur hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Náttúruvernd ríkisins verði heimilt að fela sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjórnum umsjón og rekstur þjóðgarða. Skv. 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, hefur Náttúruvernd ríkisins umsjón, rekstur og eftirlit með náttúruverndarsvæðum í samræmi við lög. Í 3. gr. laganna eru þjóðgarðar skilgreindir sem náttúruverndarsvæði. Þá kemur fram í 30. gr. að Náttúruvernd ríkisins geti falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum.

Samfylkingin er hlynnt valddreifingu og hefur beitt sér fyrir því að verkefni séu færð frá ríki til sveitarfélaga. Í samræmi við það þykir eðlilegt að sveitarstjórn eða sveitarstjórnir sem land eiga að þjóðgarði geti farið með stjórn hans. Þannig er í senn ýtt undir dreifingu valdsins og um leið nýtist þekking og vinnuafl heimamanna á svæðinu.

Samkvæmt framangreindu hlutverki Náttúruverndar ríkisins þykir rétt að gerður verði samningur um umsjón og rekstur svæðisins milli viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og Náttúruverndar ríkisins, svo sem nánar er kveðið á um í 30. gr. laganna.

132. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Einar K.Guðfinnsson, Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Sverrir Hermannsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera úttekt á réttarstöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Skal nefndin jafnframt gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu.

Í nefndinni eigi sæti fulltrúi forsætisráðuneytis, sem jafnframt verði formaður nefndarinnar, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðra. Sérstakur starfsmaður verði nefndinni til aðstoðar.

Nefndin skili Alþingi skýrslu og tillögum eigi síðar en 15. janúar 2004.

Greinargerð.

Hér á landi hafa verið stigin mjög mikilvæg skref í þá átt að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Enn vantar þó nokkuð upp á að fullt jafnræði sé til staðar á þessu sviði og er afar brýnt að bæta þar úr. Koma hér fyrst og fremst til álita tvö atriði, í fyrsta lagi réttur samkynhneigðra til að eignast og ala upp börn og í öðru lagi réttarstaða samkynhneigðra í sambúð.

Hinn 11. október 2000 var samþykkt á Alþingi beiðni um skýrslu frá dómsmálaráðherra um réttarstöðu sambúðarfólks og að gerður yrði samanburður á réttarstöðu sambúðarfólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Skýrsla dómsmálaráðherra var lögð fram í mars 2001 (þskj. 935, 88. mál 126. löggjafarþings).

Í skýrslunni kemur fram að engin heildarlög hafi verið sett á Íslandi um réttarstöðu sambúðarfólks. Krafa um sérstakar lagareglur um réttarstöðu sambúðarfólks hafi fyrst og fremst tengst þeim einstaklingum sem velji sér að búa í því sem kölluð hafi verið „óvígð sambúð". Fram kemur að með hugtakinu „óvígð sambúð" hafi almennt verið átt við sambúð karls og konu sem hafi sameiginlegt heimili, án þess að vera í hjúskap, og vissa fjárhagslega samstöðu. Stefnumið síðustu ára hafa ótvírætt verið í þá átt að leggja sambúð án vígslu í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum og er í skýrslunni gerð grein fyrir lagaákvæðum á fjölmörgum réttarsviðum sem sett hafa verið um réttarstöðu einstaklinga í óvígðri sambúð.

Í skýrslunni er sérstaklega tekið fram að ekki hafi verið gerð úttekt á því hvort og þá hvernig rétt væri að setja sérstök lagaákvæði um réttarstöðu samkynhneigðra í „óstaðfestri samvist". Þannig er mikil óvissa um hvort og á hvaða réttarsviðum unnt er að leggja að jöfnu sambúð gagnkynhneigðra og samkynhneigðra og rétt er að leggja áherslu á að þetta snertir bæði réttindi og skyldur samkynhneigðra í sambúð. Á sumum réttarsviðum njóta samkynhneigðir lakari réttinda, þ.e. njóta ekki þess hagræðis sem löggjafinn ætlar gagnkynhneigðu fólki óvígðri sambúð. Má hér nefna sem dæmi rétt til að krefjast opinberra skipta vegna sambúðarslita samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, rétt til að telja fram saman samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, og brottfall erfðafjárskatts þegar gerð er erfðaskrá til hagsbóta fyrir langlífari sambúðarmaka samkvæmt

lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984. Í öðrum tilvikum verður að telja að litið sé á samkynhneigða í sambúð sem einstaklinga sem aftur leiði til þess að þeir njóti sterkari stöðu en gagnkynhneigðir í óvígðri sambúð. Þannig hefur verið talið að fólk í hjúskap eða sambúð þurfi minna sér til framfærslu en sá sem býr einn og gerður hefur verið nokkur munur á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi er í sambúð eða ekki. Sambúðarstaða hefur þannig t.d. áhrif á ákvörðun vaxtabóta, barnabóta og bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Skýrsla þessi er mjög gott yfirlit yfir þessa stöðu hér á landi, en varpar enn fremur ljósi á skort á réttarstöðu samkynhneigðra sem eru í sambúð en ekki staðfestri samvist. Nauðsynlegt er því að skoða þau mál náið og koma með tillögur til úrbóta. Jafnframt er nauðsynlegt að árétta að skráð sambúð er alltaf val, með kostum og göllum sem einstaklingarnir verða að vega og meta hverju sinni.

Hinn 27. júní 1996 tóku gildi lög nr. 87/1996, um staðfesta samvist. Samkvæmt þeim geta tveir einstaklingar af sama kyni staðfest samvist sína og njóta þeir þá sömu réttarstöðu og einstaklingar í hjúskap með nánar tilgreindum undantekningum sem snerta fyrst og fremst tengsl samkynhneigðra og barna, nánar tiltekið ættleiðingar og tæknifrjóvgun. Í upphafi var ekki gert ráð fyrir að ákvæði ættleiðingarlaga um hjón giltu um einstaklinga í staðfestri samvist, þ.e. þeir gátu ekki sótt um að frumættleiða barn saman og hvorugur gat sótt um leyfi til að stjúpættleiða barn hins. Lögunum um staðfesta samvist var breytt með lögum nr. 52/2000 og nú getur maki í staðfestri samvist fengið heimild til þess að stjúpættleiða barn maka síns. Einstaklingar í staðfestri samvist geta ekki fengið tæknifrjóvgun samkvæmt lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun.

Fullvíst er að afstaða samfélagsins til barna í fjölskyldum samkynhneigðra hefur breyst undanfarin ár og hefur þetta málefni verið ofarlega í umræðu á öllum Norðurlöndunum. Árið 1999 var skipuð í Svíþjóð nefnd sem skilaði viðamikilli skýrslu um málefnið árið 2001. Nefndin athugaði m.a. fyrirliggjandi alþjóðlegar rannsóknir á stöðu barna sem alist hafa upp hjá samkynhneigðum og lagði mat á gildi þeirra. Gerðar voru sérstakar rannsóknir í Svíþjóð, m.a. könnun á afstöðu almennings til samkynhneigðra með börn. Lögð var áhersla á meginregluna um jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra og hagsmuni barnsins en jafnframt var farið yfir öll þau sjónarmið sem notuð hafa verið til að takmarka tengsl barna og samkynhneigðra. Var niðurstaða nefndarinnar sú að hvorki rannsóknir né fagleg rök lægju að baki því að neita samkynhneigðum almennt um leyfi til að ættleiða börn. Í kjölfarið var sænsku lögunum um staðfesta samvist breytt árið 2002 og geta samkynhneigðir nú sótt um að ættleiða börn á sama hátt og gagnkynhneigðir. Nauðsynlegt er í vinnu þeirrar nefndar sem lagt er til að hér verði skipuð að hún skoði vel þróun þessara mála, annars staðar á Norðurlöndum og víðar í Evrópu, með það að markmiði að styrkja réttarstöðu samkynhneigðra.

Öll rök hníga að því að jafna verði stöðu sambúðarfólks í óvígðri sambúð og óstaðfestri samvist og mikilvægt að eyða óvissunni sem ríkir hér á landi.

Með skipun nefndarinnar sem þessi þingsályktunartillaga felur í sér er lagt það lóð á vogarskálar jafnréttis að skoða stöðu samkynhneigðra í samfélaginu og koma með tillögur til úrbóta.

133. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi við förgun spilliefna sem til falla í landinu ásamt öðrum iðnaðarúrgangi.

Greinargerð.

Fram á 20. öld bjuggu flestir Íslendingar í torfbæjum þar sem annað varanlegra byggingarefni var ekki til í landinu. Með tilkomu steinsteypunnar á seinni hluta 19. aldar skapaðist möguleiki á að gera varanlegar byggingar úr íslenskum steini og innfluttu sementi. Íslendingar tileinkuðu sér mjög fljótt steinsteyputæknina og notkun sements hófst um 1880 þegar það var notað í prestshúsið að Görðum á Akranesi, en fyrsta húsið úr reglulegri steinsteypu var byggt að Sveinatungu í Borgarfirði árið 1895. Á fyrri hluta 20. aldar jókst notkun steinsteypu og sements hröðum skrefum í byggingariðnaði. Þannig var innflutningur sements kominn í um 20.000 tonn árið 1930. Á árunum 1935–1937 var því farið að huga að möguleikum á framleiðslu sements hérlendis. Ekki varð þó af frekari aðgerðum þá. Í byrjun heimsstyrjaldarinnar síðari varð skortur á sementi hér, en notkun steinsteypu jókst þá mjög hratt með bættum efnahag og aukinni byggingastarfsemi landsmanna. Í stríðslok 1945 var ársnotkun sements orðin um 43.000 tonn. Sementsnotkunin hafði því tvöfaldast á 15 árum og ljóst að hún mundi aukast enn. Hugmyndin um íslenska sementsframleiðslu vaknaði á ný. Árið 1947 var flutt frumvarp til laga á Alþingi um sementsverksmiðju. Varð frumvarpið að lögum árið 1948. Lög þessi, sem að meginstofni eru enn þá í gildi, voru heimildarlög til þess að láta byggja sementsverksmiðju.

Árið 1949 var skipuð nefnd þriggja verkfræðinga til þess að undirbúa byggingu verksmiðjunnar. Nefndin lauk störfum það ár og skipaði þáverandi atvinnumálaráðherra sama ár fyrstu stjórn Sementsverksmiðju ríkisins. Næstu ár fóru síðan í undirbúning og rannsóknir vegna verksmiðjunnar. Var henni valinn staður á Akranesi. Bygging verksmiðjunnar hófst árið 1955 og 14. júní 1958 lagði þáverandi forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, hornstein að verksmiðjunni. Var hún þá nær fullbyggð og fór vígsla hennar einnig fram þennan dag um leið og ofn verksmiðjunnar var settur í gang af þáverandi iðnaðarráðherra, Gylfa Þ. Gíslasyni.

Flestir landsmenn vita hvert meginhlutverk Sementsverksmiðjunnar á Akranesi er en fæstir hafa áttað sig á því að verksmiðjan getur gegnt lykilhlutverki hvað varðar förgun spilliefna og notkun á iðnaðarúrgangi sem til fellur í landinu. Nú þegar hefur verksmiðjan unnið brautryðjendastarf á því sviði þar sem nokkur hluti þeirrar afgangsolíu sem til fellur í landinu er unninn í verksmiðjunni. Komið hefur fram í viðtölum við forráðamann verksmiðjunnar að hún gæti hæglega tekið að sér förgun aukins hluta spilliefna sem til falla hér á landi. Má þar nefna gúmmí, svo sem hjólbarða, sem væri hægt að nota í brennsluferli verksmiðjunnar, en einnig timburafganga og olíur af ýmsu tagi í meira mæli en gert hefur verið fram að þessu.

Tilgangur flutningsmanna er að gengið verði úr skugga um hvernig Sementsverksmiðjan getur í enn ríkari mæli unnið að förgun spilliefna. Gríðarlegt magn fellur til í landinu, afgangsolíur af ýmsu tagi, timbur- og gúmmíafgangar. Pappi sem til fellur er t.d. um 15–

20.000 tonn, timbur 14–15.000 tonn, dagblöð 10–12.000 tonn, plast 1.500–2000 tonn og hjólbarðar 1.500–2.000 tonn. Nú fargar verksmiðjan um 5.000 tonnum af fljótandi efnum sem nær eingöngu eru úrgangsolíur. Sum þessara spilliefna eru flutt til útlanda til förgunar en vegna eðlis Sementsverksmiðjunnar þar sem unnin er vara við mjög hátt brennslustig er talið að hún geti auðveldlega sinnt mun stærri hluta þessarar nauðsynlegu spilliefnaförgunar og jafnframt gæti það styrkt rekstur hennar að einhverju leyti.

Öllum ætti að vera ljóst að sívaxandi magn spilliefna í umhverfinu er gríðarlegt vandamál sem verður að leysa til frambúðar. Verði niðurstaða úttektarinnar jákvæð telja flutningsmenn mjög mikilvægt að Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi fái það hlutverk að vera þátttakandi í spilliefnaförgun landsmanna og með því móti geti framtíðarrekstrargrundvöllur verksmiðjunnar styrkst verulega.

134. Fyrirspurn [134. mál]

til viðskiptaráðherra um framlög ríkisins til neytendamála.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hve miklum fjármunum hefur verið varið árlega til neytendaverndar, neytendafræðslu og annarra aðgerða til þess að tryggja réttindi neytenda hér á landi síðustu fimm ár, sundurliðað eftir verkefnum?
2. Hversu há fjárhæð var veitt til starfsemi Neytendasamtakanna á sama árabili og til hvaða verkefna rann hún?

Skriflegt svar óskast.

135. Fyrirspurn [135. mál]

til fjármálaráðherra um aðkeypta ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og stofnana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var kostnaðurinn við aðkeypta ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og stofnana þeirra árin 1999–2001? Svarið óskast skipt eftir árum og sundurgreint milli ráðuneyta og undirstofnana.
2. Hve mörg aðkeypt ráðgjafarverkefni á þessum árum voru útboðsskyld, skipt eftir ráðuneytum og stofnunum, og hvernig var útboðsskyldunni framfylgt?
3. Hafa verið settar samræmdar leiðbeiningarreglur um kaup á ráðgjafarþjónustu, og ef svo er, hverjar eru þær?

Skriflegt svar óskast.

136. Fyrirspurn [136. mál]

til dómsmálaráðherra um leyniþjónustu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Eru uppi einhver áform um að koma á fót leyniþjónustu innan embættis ríkislögreglustjóra til að sinna verkefnum sem eru talin varða öryggi ríkisins? Ef svo er, hvers konar upplýsingum er þá ætlunin að safna og hvaða reglur mundu gilda um þessa starfsemi?

137. Fyrirspurn [137. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Eru áætlanir um að einkavæða fangelsi?

138. Fyrirspurn [138. mál]

til dómsmálaráðherra um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur nefnd sem skipuð var 1999 um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta lokið störfum? Ef svo er, hver var niðurstaða hennar? Ef ekki, hvenær má þá vænta niðurstöðu?
2. Hverjir voru skipaðir í nefndina og hverjar eru heildarlaunagreiðslur til nefndarmanna á þeim tíma sem hún hefur starfað, skipt niður á ár?

139. Fyrirspurn [139. mál]

til félagsmálaráðherra um einelti á vinnustað.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur farið fram ítarleg könnun á því hversu víðtækt einelti er á vinnustöðum hér á landi? Ef svo er, hverjar voru helstu niðurstöður? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slík athugun verði gerð?
2. Eru fyrirhugaðar einhverjar lagabreytingar sem tryggja betur en nú er rétt þeirra sem verða fyrir einelti á vinnustað og þá hverjar?

140. Fyrirspurn [140. mál]

til dómsmálaráðherra um fjölda lögreglumanna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvað ættu lögreglumenn að vera margir í hverju umdæmi ef miðað er við stærð og íbúafjölda, að teknu tilliti til dulinnar búsetu, sundurliðað eftir embættum sýslumannsins

a. á Selfossi,
b. á Hvolsvelli,
c. í Vík,
d. á Höfn,
e. í Vestmannaeyjum,
f. í Keflavík?

Skriflegt svar óskast.

141. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Árni R. Árnason, Ásta Möller, Vilhjálmur Egilsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Katrín Fjeldsted, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2012.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Greinargerð.

Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfi okkar til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra.

Opinber bresk stofnun hefur viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga

frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem búa ekki við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst. Því er tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2012. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins og hugsanlegt er að hún geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 126. og 127. löggjafarþingi en komst ekki á dagskrá og er því lögð fram að nýju.

142. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum.

Flm.: Ásta Möller, Gunnar Birgisson, Drífa Hjartardóttir,
Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason,
Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að undirbúa og ákveða fyrirkomulag innheimtu sérstaks þjónustugjalds á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum sem stæði undir uppbyggingu og þjónustu á slíkum svæðum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil vakning meðal Íslendinga að ferðast um eigið land. Jafnframt hefur erlendum ferðamönnum fjölgað verulega á síðustu árum. Árið 1990 komu um 142 þúsund erlendir ferðamenn til landsins, en tíu árum síðar voru þeir orðnir 303 þúsund talsins, hafði fjölgað um 113% á 10 ára tímabili. Fjölgunin milli áranna 1999 og 2000 ein og sér var tæp 16%, fór úr 262 þúsund ferðamönnum í 303 þúsund eins og fyrr segir. Spáð er frekari fjölgun erlendra ferðamanna og er gert ráð fyrir að árið 2020 verði þeir um hálf milljón.

Ýmsar kannanir hafa sýnt að íslensk náttúra er eitt meginaðdráttarafl erlendra ferðamanna. Íslensk náttúra er því auðlind í sjálfu sér, auðlind sem ferðaþjónustan byggist á. Það skiptir þá atvinnugrein afar miklu máli hvernig búið er að íslenskri náttúru og hvernig aðstöðu ferðamönnum er boðið upp á.

Þótt verulega auknu fjármagni hafi verið varið til uppbyggingar til móttöku ferðamanna á vinsælum ferðamannastöðum á síðustu árum er ljóst að margir þeirra standast tæpast kröfur um aðgengi, aðstöðu og fræðslu sem ferðamenn vænta. Fæstir vinsælla ferðamannastaða eru undir það búnir að taka á móti þessum aukna fjölda ferðamanna. Afleiðingin er að víða hefur land látið á sjá, en slíkt leiðir fljótt til minni virðingar fyrir umhverfinu og verri umgengni.

Samhliða auknum áhuga á ferðalögum um Ísland til að njóta einstakrar náttúrufegurðar þess, hefur áhugi á verndun landsins aukist. Það endurspeglast m.a. í stofnun nýrra þjóð-

garða. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var formlega opnaður sumarið 2001 og ákveðið hefur verið að stofna Vatnajökulsþjóðgarð í náinni framtíð, þar sem Skaftafellsþjóðgarður yrði hluti hans. Auk þess eru þjóðgarðar í Jökulsárgljúfrum og á Þingvöllum. Þjóðgarðar hafa alþjóðlega tilvísun í huga ferðamanna enda eru þeir stofnaðir til að varðveita sérstakar náttúruheildir sem verðugt er að njóta. Í hugtakinu felst ákveðinn gæðastimpill og eru tilteknar kröfur gerðar til aðbúnaðar og umbúnaðar á slíkum stöðum.

Í úttekt OECD 2001 á stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi segir m.a. eftirfarandi:

„Í flestum þjóðgörðum og á öðrum verndarsvæðum þarf fleiri eftirlitsmenn og framkvæmdaáætlanir ... Mikil aukning varð í ferðaþjónustu á síðasta áratug og þar með jókst einnig þörfin fyrir það að hafa hemil á því mikla álagi á náttúru landsins sem þessu fylgir, og þörfin fyrir auknar fjárveitingar til uppbyggingar á betri aðstöðu og fleiri eftirlitsmenn á vinsælustu ferðamannasvæðunum."

Í skýrslu OECD eru lagðar fram ýmsar tillögur sem geta stuðlað að auknum árangri landsins á sviði umhverfismála. Þar er m.a. lagt til að „fjölgað verði landvörðum á náttúruverndarsvæðum og fjármagn til náttúruverndar aukið, t.d. með því að beita nytjagreiðslureglunni í ferðaþjónustu og með gjaldtöku af ferðamönnum á friðuðum svæðum...".

Með hliðsjón af auknum fjölda ferðamanna sem kjósa að ferðast um Ísland, þörf á auknu fjármagni til að standa undir uppbyggingu aðstöðu til móttöku þeirra á vinsælum ferðamannastöðum og um leið nauðsyn þess að vernda íslenska náttúru og koma í veg fyrir landspjöll vegna aukins ágangs er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Þjónustugjald á vinsælum ferðamannastöðum.

Á síðari árum hefur svokölluð mengunarbótastefna rutt sér rúms í umhverfismálum, en meginhugsunin að baki henni er að þeir sem menga greiði fyrir förgun mengunarefna. Á sama hátt hefur stefnan í nágrannalöndum okkar verið að þeir sem njóta náttúrunnar greiði fyrir þá þjónustu og aðstöðu sem þörf er á til að taka á móti ferðamönnum á viðunandi máta. Erlendis þykir það sjálfsagt að ferðamenn greiði aðgangseyri að náttúrufyrirbærum sem eru sérstakt aðdráttarafl ferðamanna. Þá er það almenn regla erlendis að greitt er aðgangsgjald að þjóðgörðum, enda stendur slíkt gjald undir tiltekinni þjónustu sem veitt er innan þjóðgarðsins, svo sem öryggisþjónustu, bæklingum, leiðarlýsingum, aðgangi að fræðslusetrum og annarri fræðslu eða leiðbeiningum. Einnig stendur það undir gerð og viðhaldi göngu- eða hjólastíga, bílastæða og tjaldstæða, auk þjónustuhúsa, t.d. salerna og þvottaaðstöðu, að ónefndri verndun náttúru svæðisins, sem er meginástæða þess að fólk kýs að sækja staðinn.

Hér á landi þykir eðlilegt að greiða fyrir aðgang að sögusýningum, fornminjum og merkum sögustöðum. Hins vegar hefur ekki þótt eins sjálfsagt að greiða þjónustugjald fyrir aðgang að náttúrufyrirbærum eða þjóðgörðum. Mörg rök hafa verið færð fyrir því og þau algengust að fólk eigi ekki að greiða fyrir að upplifa eigið land né fyrir aðgang að náttúru landsins. Jafnframt hefur verið bent á að af landfræðilegum ástæðum sé eingöngu hægt að krefjast gjalds á tilteknum stöðum og það feli í sér mismunun. Landfræðilegar ástæður ráði þannig hvaða svæði fái aukið fjármagn til uppbyggingar. Einnig sé um mismunun að ræða í þeim skilningi að þeir sem fara á tiltekna staði greiða gjald, en aðrir fái frían aðgang að öðrum svæðum. Þá þurfi jafnvel að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir til að girða land af, ef stýra á aðstreymi ferðamanna. Það sé óæskilegt, slíkt hindri frítt flæði um landið og sé umhverfismengandi. Þá sé ferðamannatíminn stuttur, innheimtukostnaður hár og innheimtan jafnvel erfið í framkvæmd og mundi í ýmsum tilvikum ekki skila miklu. Að lokum er því haldið fram að þjónustugjald fæli ferðamenn frá að heimsækja viðkomandi stað og ferðaskrifstofur sneiði hjá slíkum stöðum.

Á hinn bóginn má benda á að ýmsir vinsælir ferðamannastaðir eru tilvaldir í þessu sambandi, bæði af landfræðilegum ástæðum, en einnig vegna fjölda ferðamanna og þeirrar þjónustu sem þarf að standa til boða. Hér má nefna staði eins og Dimmuborgir, Gullfoss, Geysi, Þórsmörk og Öskju, að ónefndum þjóðgörðunum Snæfellsjökli, í Skaftafelli, og Jökulsárgljúfrum, Ásbyrgi og Dettifoss þar innifalið, sem fullkomlega eðlilegt er að sett sé á þjónustugjald við aðgang, enda þarf að gera miklar kröfur til öryggisgæslu, aðstöðu og þjónustu á slíkum stöðum eðli málsins samkvæmt. Þjónustugjald gæti í ákveðnum tilvikum, t.d. í Þórsmörk, einnig virkað sem takmarkandi á aðgang, þar sem þegar er um oftroðslu á landi að ræða.

Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði ávallt undanskilinn þjónustugjaldi, enda hefur hann slíka sérstöðu meðal þjóðarinnar að eðlilegt er að kostnaður við hann sé alfarið greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Sem dæmi um fjölda ferðamanna á einstökum stöðum má nefna að um 140 þúsund ferðamenn komu í þjóðgarðinn í Skaftafelli á síðasta ári og um 200 þúsund manns koma að Gullfossi á ári hverju. Ef hver ferðamaður sem skoðar Gullfoss greiðir sem nemur 200–250 kr. gætu árlegar tekjur numið 40–50 millj. kr. Á sama hátt gæfu árleg þjónustugjöld fyrir aðgang að Skaftafelli 28–35 millj. kr., eða 23–28 millj. kr. ef miðað er við að börn fái ókeypis aðgang og miðað við að þau séu 20% gesta. Innheimtukostnað þar má áætla 4–5 millj. kr. á ári miðað við að þjónustugjald sé innheimt yfir sumartímann. Þess má geta að algengt aðgangsgjald í þjóðgörðum í Kanada er sem samsvarar um 250–350 kr. fyrir fullorðna, 200–250 kr. fyrir eftirlaunaþega og 130–170 kr. fyrir börn á aldrinum 6–16 ára og sérstakt afsláttargjald fyrir hópa. Þessi gjöld standa að mestu undir rekstri viðkomandi þjóðgarða. Þar er litið svo á að greiðsla aðgangseyris jafngildi því að fjárfest sé í verndun garðsins fyrir óbornar kynslóðir.

Það mætti hugsa sér að aðgangur að þjóðgarðinum væri innifalinn í tjaldleyfum ef fólk kýs að gista á staðnum. Þá er algengt að þjónustugjald sé innifalið í skipulagðri ferð ferðaskrifstofa, þannig að hver og einn ferðamaður þurfi ekki að standa skil á því við inngang. Einnig er algengt erlendis að keypt sé aðgangskort að fleiri en einum stað, sem gildir ákveðinn tíma. Slíkt getur virkað sem hvatning til að skoða náttúruperlur á ferðalögum. Fjölskyldur gætu skipulagt ferð sína með hliðsjón af þessu og gefur ómetanlegt tækifæri til fræðslu og útiveru. Innifalið í þjónustugjaldi væri aðgangur að gestastofu, leiðbeiningar og upplýsingar auk þess sem viðkomandi getur gengið að því vísu að öll aðstaða, svo sem hreinlætisþjónusta og sorphirða, aðstaða til útivistar, t.d. göngustígar og öryggisgæsla, svo og verndun landsins, sé í því horfi sem vænta má af þjóðgarði.

Skaftafellsþjóðgarður er elsti þjóðgarðurinn hér á landi. Vel var vandað til verka og hann talinn til fyrirmyndar langt út fyrir landsteinana. Frá fyrstu tíð hefur hann verið vinsæll viðkomustaður ferðamanna jafnt innlendra sem erlendra. Því miður hefur aðstaða og þjónusta í þjóðgarðinum ekki náð að þróast í samræmi við breyttar kröfur og hugmyndir manna um rekstur þjóðgarða. Þarf að gera bragarbót á göngustígum og umhverfi þeirra, sem hefur látið á sjá við aukna aðsókn ferðamanna. Þá þarf einnig að fjölga vegvísum og huga nánar að öryggismálum. Aukið fjármagn til staðarins með því að leggja á þjónustugjald getur bætt verulega úr fjárvöntun til að standa m.a. undir þessum úrbótum.

Varðandi mismunun milli staða þyrfti að skoða að hluti þess fjármagns, sem innheimtist á þeim stöðum þar sem þjónustugjald er innheimt, nýttist öðrum stöðum til uppbyggingar aðstöðu.

Vegna stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs má einnig velta fyrir sér að láta tryggingu vegna ferðalaga á jöklinum vera innifalda í þjónustugjaldi og gæti hún m.a. staðið straum af kostn-

aði vegna hugsanlegra björgunaraðgerða um leið og hún er trygging fyrir að fólk sem áformar ferð á jökul tilkynni um för sína og að fylgst sé með því. Það eitt og sér er ákveðin öryggistrygging.

Ástand og uppbygging vinsælla ferðamannastaða.

Í skýrslu um framkvæmdir og aðgerðir til úrbóta á náttúruverndarsvæðum og vinsælum viðkomustöðum ferðamanna – samantekt vegna fjögurra ára framkvæmdaáætlunar (2000–2004) frá 1999, sem unnin var og gefin út af Ferðamálaráði, Náttúruvernd ríkisins og Vegagerðinni, segir m.a. eftirfarandi:

„Á undanförnum árum hefur það orðið æ ljósara að vegna stóraukins fjölda ferðamanna er nauðsynlegt að fara í ýmsar framkvæmdir á friðlýstum svæðum og öðrum vinsælum ferðamannastöðum í mun ríkara mæli en áður hefur verið gert. Náttúruvernd ríkisins hefur engan veginn getað uppfyllt þær kröfur sem eru gerðar til stofnunarinnar um úrbætur á friðlýstum svæðum vegna fjölgunar ferðamanna. Stofnunin lagði því til við umhverfisráðuneytið, við fjárlagagerð, að fjármunir til framkvæmda á friðlýstum svæðum væru stórauknir."

Þar sem yfirleitt fer saman náttúruverndarsvæði og vinsælir áningarstaðir ferðamanna tóku framangreindir aðilar sig saman um að gera yfirlit um nauðsynlegar úrbætur á slíkum stöðum. Nauðsynlegar úrbætur taka til umhverfisþátta og aðstöðu, auk fræðslu og merkinga, sem m.a. hefur þá þýðingu að stýra umferð á eða um ákveðin svæði. Í skýrslunni segir m.a. um ástand á vinsælum ferðamannastöðum:

„Aðstaða og aðgengi ferðamanna að helstu náttúruperlum landsins eru víða hvar í mjög bágu ástandi. Þar sem svæðin hafa ekki verið skipulögð og undirbúin fyrir ferðamenn hafa þau látið á sjá vegna átroðnings. Víða þarf að grípa til aðgerða strax ef koma á í veg fyrir eyðileggingu. Opin sár í gróðurþekjuna geta stækkað af völdum vatns og vinda."

Skýrsluhöfundar taka jafnframt undir eftirfarandi lýsingu sem kemur fram í skýrslu verkefnishóps á vegum samgönguráðuneytis frá árinu 1995 þar sem segir m.a.:

„Víða skortir þætti sem nútíma ferðamannastaðir þurfa að hafa, s.s. þjónustuhús, snyrtiaðstöðu, rotþrær, vatnsöflun, stígagerð, göngubrýr, vegabætur, bílastæði, merkingar, sorphirðu og uppgræðslu."

Í skýrslunni kemur fram það mat skýrsluhöfunda að leggja þurfi til um 434 millj. kr. á verðlagi ársins 1999 til nauðsynlegra úrbóta á vinsælum ferðamannastöðum. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er þar undan skilinn. Reiknað til núvirðis samsvarar það um 500 millj. kr. Þar af yrði um þriðjungi varið til bætts aðgengis: gerðar stíga, palla, hliða, príla, trappa, göngubrúa, bílastæða, áningarborða og skipulags. Um 15% fjárhæðarinnar yrði varið til bættrar salernisaðstöðu, tæplega fjórðungs til fræðslu, t.d. friðlýsingarskilta og fræðsluskilta, stika, varða og annarra leiðarmerkinga. Öðrum tæpum fjórðungi yrði varið til húsagerðar, gestastofa og húsnæðis landvarða. Gerð varnargarða, girðinga, tjaldstæða og leiksvæða, auk annars, samsvarar milli 7–8 % af heildarupphæð. Þessi upphæð er varlega áætluð, þar sem ekki er m.a. sérstaklega gert ráð fyrir aukakostnaði vegna aðgengis fatlaðra, né til gerðar fræðslubæklinga.

Sem dæmi má nefna að fram kemur í framkvæmdaáætlun Ferðamálaráðs, Náttúruverndar ríkisins og Vegagerðarinnar fyrir tímabilið 2000–2004 að um 35 millj. kr. þurfi í Skaftafellsþjóðgarð, 75 millj. kr. í Jökulsárgljúfur og 11 millj. kr. í Öskju í Dyngjufjöllum.

Fjárframlög til þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Náttúruvernd ríkisins hefur samkvæmt lögum eftirlit og umsjón með þjóðgörðum og vernduðum svæðum, svo sem friðlöndum.

Töluverðu auknu fjármagni hefur verið varið til uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum á fjárlögum á undanförnum árum. Á fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir 86 millj. kr. til almenns reksturs, viðhalds og stofnkostnaðar vegna þjóðgarða og friðlýstra svæða. Upphæðin hækkaði nokkuð á fjárlögum 2000, en hafði verið um 55–60 millj. kr. árin á undan. Því til viðbótar hefur Ferðamálaráð árlega undanfarin ár haft til ráðstöfunar nokkurt fé vegna þessa málaflokks, sem er nú um 50 millj. kr. Einnig hefur Vegagerðin lagt málaflokknum til fé. Þannig kostuðu þessir tveir aðilar framkvæmdir við Dettifoss upp á um 8 millj. kr. vegna stígagerðar, snyrtihúss og aðkomu; nýtt bílastæði var gert við Ásbyrgi fyrir um 12 millj. kr. og sömu upphæð varið til nýs bílastæðis í Skaftafelli. Ferðamálaráð kostar framkvæmdir við Gullfoss sem munu nema allt að 14 millj. kr.

Miklu munar um þessar framkvæmdir en meira þarf til að koma ástandi vinsælla ferðamannastaða í viðunandi horf svo að þeir standist kröfur sem almennt eru gerðar til ferðamannastaða. Þess má geta að Bretar og Skotar telja að rekstur þjóðgarðs með svipaðan gestafjölda og hér, á milli 100–150 þúsund manns á ári, kosti 90–120 millj. kr. Þetta þýddi um 270–360 millj. kr. á ári miðað við þá þrjá þjóðgarða sem nú eru starfræktir fyrir utan þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þjónustugjald gæti mætt þessu að hluta.

Lagaheimild fyrir þjónustugjaldi.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd er veitt heimild til að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu og aðgang að náttúruverndarsvæðum. Skal gjaldið renna til verndunar og fegrunar eða uppbyggingar á því svæði. Þessi heimild hefur ekki verið notuð.

Ljóst er því að lagaheimild er fyrir því að innheimta þjónustugjald á náttúruverndarsvæðum. Hins vegar þarf sennilega lagabreytingu ef nýta á þjónustugjöld á einum stað einnig til uppbyggingar á öðrum stöðum, þar sem aðstæður, fjöldi ferðamanna eða aðrar ástæður eru í vegi fyrir innheimtu þjónustugjalda.

Skýrsla um tekjuöflun af náttúruperlum 1999.

Í frumvarpi til fjárlaga 2000 var lagt til að „innheimtur verði aðgangseyrir að friðlýstum svæðum og tekjum varið til uppbyggingar þeirra svæða þar sem aðgangseyrir er tekinn. Áætlað er að á árinu 2000 verði innheimtar 15 m. kr.“.

Í október 1999 skipaði umhverfisráðherra starfshóp til að gera tillögur um tekjuöflun af náttúruperlum í samræmi við markmið frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000. Jafnframt skyldi nefndin gera tillögu að stefnumótun til lengri tíma um aðgangs- og þjónustugjöld á verndduðum svæðum, eða á hvern hátt best megi tryggja nauðsynlegt fjármagn til að byggja upp fjölsótt náttúruverndarsvæði til að mæta vaxandi umferð ferðafólks. Í nefndinni áttu sæti Þórður H. Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, sem jafnframt var formaður, Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, Magnús Oddsson ferðamálastjóri, fulltrúi Ferðamálaráðs, Þorleifur Þór Jónsson, hagfræðingur Samtaka ferðaþjónustunnar, og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin fjallaði um innheimtu aðgangseyris að friðlýstum svæðum. Það var niðurstaða nefndarinnar að fáeinir friðlýstir staðir kæmu til greina, þar sem með tiltölulega einföldum hætti væri hægt að halda utan um aðstreymi ferðamanna og voru Ásbyrgi, Skaftafell, Dimmuborgir og Gullfoss nefnd í því sambandi. Innheimta yrði sennilega einungis á háferðamannatíma (15. júní–31. ágúst) og líklega aðeins hluta sólarhringsins. Meiri hluti nefndarinnar lýsti sig andvígan slíkri gjaldtöku. Rökin voru þau að í því fælist mismunun milli staða bæði er varðar aðgang og möguleika til tekjuöflunar. Þá kom fram það sjónarmið að kröfur um hreinan aðgangseyri að íslenskri náttúru gæti ekki verið í anda náttúruverndarlaga, sem

segja að lögin eigi að auðvelda þjóðinni umgengni um náttúru landsins og auka kynni af henni.

Minni hluti nefndarinnar, fulltrúar Náttúruverndar ríkisins og fjármálaráðuneytis, taldi að breyta þyrfti náttúruverndarlögum til að hægt væri að nýta fjármuni sem fengjust á tilteknum fjölsóttum ferðamannastöðum til uppbyggingar á öðrum stöðum.

Í skýrslu starfshópsins er lýst þremur leiðum til að fjármagna uppbyggingu og rekstur fjölsóttra náttúruverndarsvæða til að mæta vaxandi umferð ferðafólks.

1. Þjónustugjöld.

Starfshópurinn var sammála um að stórbæta mætti „ýmsa þjónustu á mörgum stöðum, sem aftur skapaði forsendur til frekari tekjuöflunar rekstraraðila á þeim stöðum og ná þannig inn auknu fjármagni til enn frekari uppbyggingar". Til þess þyrfti þó enn frekara fjármagn í byrjun, sem t.d. fengist með langtímaþjónustusamningum við einstaka rekstraraðila um að annast uppbyggingu á staðnum gegn möguleikum á ýmissi sölustarfsemi á svæðinu. Á það er bent að veruleg aukning á „seljanlegri þjónustu og þar með viðbótartekjum næst ekki nema á takmörkuðum fjölda ferðamannastaða og leysir ekki nema hluta til vandann um almenna uppbyggingu allra ferðamannastaða á landinu".

2. Framlög á fjárlögum.

Meiri hluti nefndarinnar taldi að í náinni framtíð verði áfram veitt einhver framlög úr ríkissjóði, en „eðlilegt verður að telja að fleiri aðilar en ríkissjóður komi að fjármögnun þeirra verkefna". Í séráliti fulltrúa samtaka ferðaþjónustunnar kom fram að með framlögum úr ríkissjóði sé hægt að tryggja verndun og viðhald íslenskrar náttúru, en uppbygging á ferðamannastöðum rennir „stoðum undir möguleika að veita þjónustu sem í vaxandi mæli er hægt að taka gjald fyrir".

3. Gistináttagjald.

Nefndin velti fyrir sér þeirri leið að leggja svokallað gistináttagjald á alla selda gistingu í landinu, sem yrði föst krónutala á hvern gest hverja nótt, óháð verði gistingarinnar. Þetta væri raunverulega skattur, innheimtur af söluaðila, sem stendur skil á honum gagnvart ríkissjóði. Innheimt gjald rynni óskert til uppbyggingar ferðamannastaða um allt land, úthlutað af sérstakri nefnd. Jafnhátt gjald væri lagt til úr ríkissjóði árlega til úthlutunar til þessara verkefna. Gistináttagjald þekkist m.a. í Þýskalandi, Sviss, Austurríki og Færeyjum og eru dæmi um upphæðir sem samsvara frá um 10 kr. íslenskum í um 225 kr. Ekki náðist samstaða innan nefndarinnar um þessa leið. Bent var á sem mótrök að með gistináttagjaldi væri settur skattur á eina atvinnugrein umfram aðra, sem að auki væri flókinn í framkvæmd og erfitt að hafa eftirlit með skilum hans. Fulltrúi samtaka ferðaþjónustunnar benti á í áliti sínu að hann væri mótfallinn því „að lagður verði sérstakur skattur á seljendur gistingar. Það stríði gegn því grundvallarsjónarmiði að ekki beri að innheimta gjöld eða skatta af einum þætti atvinnugreinar sérstaklega, heldur einungis að miða við eðlilegt gjald fyrir veitta þjónustu". Jafnframt kom fram það sjónarmið að það væri stefna fjármálaráðuneytis að fækka smáum tekjustofnum.

Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um tekjuöflun af náttúruperlum. Ákvæði um tekjuöflun af náttúruperlum var fellt úr frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

A.m.k. ein aðferð til viðbótar hefur verið nefnd til að afla frekari fjár til uppbyggingar vinsælla ferðamannastaða, en það væri álagning ferðamannagjalds á alla ferðamenn sem koma til landsins. Ókostur slíkrar aðferðar er að með því er lagður skattur á alla ferðamenn,

hvort heldur þeir stoppa í styttri eða lengri tíma hér á landi og óháð því hvaða aðstöðu og þjónustu þeir nýta sér. Einnig væri spurning hvort heimilt væri að undanskilja Íslendinga álagningu slíks gjalds, en augljóslega er álagning slíks gjalds á Íslendinga á leið heiman og heim frá útlöndum undarleg.

Lokaorð.

Eins og sagði í upphafi þessarar greinargerðar þarf verulegt viðbótarfé til að byggja upp aðstöðu á vinsælum ferðamannastöðum svo að unnt verði að taka á móti auknum fjölda ferðamanna og vernda um leið íslenska náttúru. Vægt þjónustugjald sem innheimt yrði við aðgang að fjölsóttum náttúruverndarsvæðum gæti mætt þessari fjárþörf að hluta.

Ferðaþjónustuaðilar hafa jafnan lýst sig mótfallna sérstakri gjaldtöku á ferðamenn ef þjónusta kemur ekki á móti. Hafa hugmyndir um aðgangseyri eða þjónustugjald á ferðamannastöðum stöðvast vegna meintrar andstöðu þeirra.

Lögð skal á það áhersla að gjaldtaka á vinsælum ferðamannastöðum er fyrst og fremst hugsuð til að standa undir óskum ferðamanna um þjónustu og aðbúnað á slíkum svæðum. Á undanförnum mánuðum hafa ýmsir ferðaþjónustuaðilar lýst því yfir að verði gjaldið hóflegt og látið standa undir tiltekinni þjónustu væri hægt að ljá máls á slíku þjónustugjaldi.

Núverandi umhverfisráðherra hefur margoft lýst því yfir að hann telji að í framtíðinni verði tekin upp gjöld í formi aðgangseyris og rekstrarleyfisgjalda á stöðum sem margir ferðamenn fara um. Þá hefur forstjóri Náttúruverndarráðs lýst því að augljóst sé að slík gjaldtaka væri markmið sem stefna bæri að. Í úttekt OECD 2001 á stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi var íslenskum stjórnvöldum bent á að til að stuðla að auknum árangri landsins á sviði umhverfismála þyrfti meira fjármagn til náttúruverndar, sem yrði aflað m.a. með því að beita nytjagreiðslureglunni í ferðaþjónustu og með gjaldtöku af ferðamönnum á friðuðum svæðum.

Þingsályktunartillaga um þjónustugjald á náttúruverndarsvæðum er lögð fram til að ná fram frekari umræðu um málið. Það eru hagsmunir ferðaþjónustunnar, íslenskrar náttúru og þjóðarinnar allrar að staðinn sé vörður um fjölsótt náttúruverndarsvæði. Fjármagn til þessa þáttar hefur á undanförnum árum ekki verið nægilegt og ljóst að munar um þótt ekki sé nema hóflegt þjónustugjald við aðgang að tilteknum stöðum.

Tillaga þessi var flutt á 127. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

143. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að koma á opinberri lögfræðiaðstoð með það að markmiði að tryggja að efnalítið fólk geti leitað réttar síns. Aðstoðin taki til lausnar á lögfræðilegum álitaefnum og til mála sem lögð eru fyrir dómstóla og falla ekki undir ákvæði um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð vegna gjafsóknar.

Dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á haustþingi 2003.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar tillögu er að tryggja að réttur þeirra sem hafa þörf fyrir lögfræðiaðstoð verði ekki fyrir borð borinn sökum fátæktar eða vanefna.

Á síðasta áratug hafa þrívegis verið lögð fram stjórnarfrumvörp um opinbera lögfræðiaðstoð sem greidd yrði úr ríkissjóði að hluta eða að fullu til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Síðast var slíkt frumvarp lagt fram á 118. löggjafarþingi en áður á 112. og 113. löggjafarþingi. Einnig má nefna að árið 1974 var lögð fram tillaga á Alþingi frá þingmönnum um sama efni sem ekki náði fram að ganga. Af umræðum um fyrrgreind stjórnarfrumvörp á sínum tíma er ljóst að mikill vilji var fyrir framgangi málsins og má í því sambandi nefna að á 113. löggjafarþingi var málið afgreitt samhljóða úr allsherjarnefnd en náði þó ekki fram að ganga.

Full ástæða er til að láta á nýjan leik reyna á framgang þessa máls. Samfélagið er sífellt að verða flóknara og tæknivæddara og miklar breytingar hafa orðið á réttindum og skyldum fólks, m.a. með aukinni alþjóðavæðingu. Oft er það því ekki á færi hins almenna borgara að fylgjast með réttindum sínum eða leita réttar síns nema með lögfræðilegri aðstoð. Einnig verður sífellt dýrara að leita sér slíkrar aðstoðar í lögfræðilegum málum og að reka mál fyrir dómstólum. Mál þetta snýst því að verulegu leyti um það að allir séu jafnir fyrir lögum og hafi sömu möguleika á að leita réttar síns í þjóðfélaginu. Að öðrum kosti er hætta á að efnalítið fólk glati réttindum sem það hefur.

Álitaefni sem tengjast löggjöf um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk eru t.d. á hvaða réttarsviðum lögfræðiaðstoðin eigi að vera, hverjir og hvaða tekjuhópar eigi að njóta hennar, hverjir eiga að hafa á hendi ákvörðun og úrskurð í álitaefnum sem upp kunna að koma og hverjir eigi að veita þjónustuna. Í grein sem Gunnar Eydal hdl. og Ragnar Aðalsteinsson hdl. skrifa í Úlfljót (32. árg., 3. tbl., 1979) kemur fram að við úrlausn þessa máls þurfi að skoða eftirfarandi:

a. Hverjir skulu eiga rétt til slíkrar lögfræðiaðstoðar og hversu mikil á hún að vera.
b. Hvaða aðili á að ákveða hverjir skuli eiga rétt til aðstoðar.
c. Á hvaða réttarsviðum á að veita aðstoðina.
d. Hverjir eiga að veita lögfræðiþjónustuna.

Flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu telur framangreint helstu viðfangsefni sem taka þurfi á í löggjöf um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk. Í tilvitnaðri grein Gunnars Eydal og Ragnars Aðalsteinssonar koma fram afar fróðlegar upplýsingar um stöðu þessara mála annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi. Þar kemur m.a. fram að í Noregi er langalgengast eða í tæplega 59% allra tilvika að leitað sé eftir lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk í hjúskaparmálefnum en næstalgengust eru erfðamál.

Athyglisvert er að Ísland sker sig nokkuð úr varðandi löggjöf um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, en í flestum nágrannaríkja okkar er að finna reglur og löggjöf um réttaraðstoð við tekjulítið fólk og lögfræðiaðstoð við almenning. Á Norðurlöndum og í Bretlandi hafa slíkar reglur verið í gildi í 30–40 ár. Aðstoðin er að öllu jöfnu tekju- og eignatengd, en mörkin eru mismunandi eftir ríkjum. Auk þess er ekki óalgengt að þeir sem leita sér þessarar aðstoðar taki einhvern þátt í kostnaðinum. Mismunandi er hver annast þjónustuna, og virðist það ýmist vera ríkisvald eða ríki og sveitarfélög sameiginlega. Einnig er það breytilegt eftir löndum hvort lögfræðiaðstoðin er veitt af sjálfstætt starfandi lögmönnum gegn greiðslu frá hinu opinbera eða af sérstökum skrifstofum hins opinbera þar sem lögmenn starfa á föstum launum.

Réttaraðstoðin er oft takmörkuð við ákveðna málaflokka, en algengustu málaflokkar sem óskað er aðstoðar við eru sifja- og erfðamál. Í Danmörku nær lögfræðiaðstoðin til eftirtalinna málaflokka:

a. persónu-, sifja- og erfðaréttarmálefna,
b. skaðabóta utan samninga,
c. vátryggingarmálefna,
d. lausaurakaupa eða samninga um verksleigu, þ.m.t. verk- og viðgerðarsamninga, þó ekki í atvinnuskyni,
e. leigu á íbúðarhúsnæði og ágreinings í sambandi við öflun íbúðarhúsnæðis,
f. vinnusamninga og orlofs,
g. mála sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum og kæra út af ákvörðunum þessara stjórnvalda.

Einnig tekur aðstoðin til samningar umsókna um gjafsókn.

Þótt ekki hafi verið sett lög hér á landi um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk hefur lögfræðiaðstoð Orators og Lögmannafélags Íslands gegnt veigamiklu hlutverki í að aðstoða fólk í lögfræðilegum málefnum og við að leita réttar síns. Einnig ber að geta þess að ýmis önnur félagasamtök hafa verið með lögfræðilega leiðbeiningarþjónustu fyrir félagsmenn sína. Slík aðstoð kemur þó aldrei í stað þeirrar lögfræðiaðstoðar sem efnalítið fólk hefur áratugum saman átt rétt á í nágrannaríkjum okkar enda felst þjónusta þessara félaga fyrst og fremst í ráðgjöf um réttarstöðu þeirra sem þangað og hugsanlega framvindu máls þeirra. Ef frekari aðstoðar er þörf verður viðkomandi að leita annað og þá greiða fyrir þá þjónustu.

Þá er í lögum um meðferð einkamála að finna ákvæði um gjafsóknarheimildir. Samkvæmt þeim getur gjafsóknarnefnd mælt með því að gjafsókn verði veitt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi verður málstaður umsækjanda gjafsóknar að gefa nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarna en auk þess verður að fullnægja skilyrðum um annaðhvort efnahag eða hagsmuni umsækjanda. Við mat á efnahag er höfð hliðsjón af skattleysismörkum tekju- og eignarskatts á hverjum tíma en einnig er litið til tekna maka eða sambúðarmanns, framfærslubyrðar, vaxtagjalda af skuldum vegna eigin íbúðar umsækjanda, fjármagnstekna o.fl. Þannig fer fram heildstætt mat á efnahag umsækjanda. Samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum frá gjafsóknarnefnd bárust nefndinni 2.534 umsóknir á árunum 1992–2001 og mælti nefndin með 1.687 þeirra eða um 66,6%. Í 1.155 tilvikum taldi nefndin að skilyrðum um efnahag væri fullnægt.

Ljóst er að með flóknara þjóðfélagi og flóknara réttarkerfi verður sífellt erfiðara fyrir efnalítið fólk að leita réttar síns. Það er markmið þessarar tillögu að fela stjórnvöldum að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga á haustþingi 2003 sem tryggi að efnalítið fólk hér á landi eigi rétt á sambærilegri lögfræðiaðstoð og tíðkast hjá helstu nágrannaþjóðum okkar.

144. Fyrirspurn [144. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunardeild fyrir aldraða í Árborg.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hver er núverandi staða áætlana um byggingu hjúkrunardeildar fyrir aldraða í Árborg?
2. Mun ráðherra við afgreiðslu fjárlaga beita sér fyrir að tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna á næsta ári?

145. Fyrirspurn [145. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hvers vegna eru barnabætur ekki greiddar út strax eftir fæðingu barna?
2. Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir breyttu fyrirkomulagi barnabótagreiðslna?

146. Fyrirspurn [146. mál]

til menntamálaráðherra um einelti.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hyggst ráðherra leggja baráttunni gegn einelti lið með fjárveitingum eða á annan hátt?
2. Hvað er gert nú þegar á vegum ráðuneytisins í baráttunni gegn einelti og til að aðstoða þá sem hafa orðið fyrir því?

147. Fyrirspurn [147. mál]

til forsætisráðherra um vatnsréttindi á Þjórsársvæðinu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi meðferð vatnsréttinda á Þjórsársvæðinu eftir að óbyggðanefnd hefur úrskurðað að þau séu eign ríkisins en ekki Landsvirkjunar eins og ætlað var?

148. Fyrirspurn [148. mál]

til utanríkisráðherra um aðgerðir til að auka flugumferð um Keflavíkurflugvöll.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvað er nú gert eða fyrirhugað að gera til að auka flugumferð um Keflavíkurflugvöll?
2. Hvaða aðgerðir koma helst til greina til að bæta samkeppnisstöðu Keflavíkurflugvallar gagnvart öðrum alþjóðaflugvöllum?
3. Hvað er flugvallarskattur hár annars vegar í Kaupmannahöfn og Frankfurt og hins vegar í Keflavík?

149. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhann Ársælsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við samtök aldraðra og öryrkja að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega svo að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín. Þá skal sérstaklega taka tillit til sérstöðu ungra öryrkja sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Einnig verði kannaðir möguleikar á því að tryggja öryrkjum sem ekki eru á almenna vinnumarkaðnum aðgang að lífeyrissjóðakerfinu.Samningur um afkomutryggingu taki gildi frá og með 1. janúar 2003 og verði undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Greinargerð.

Alltof margir þjóðfélagsþegnar búa við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða brýnustu framfærslu. Á það ekki síst við ýmsa aldraða, öryrkja og einstæða foreldra, atvinnulausa og þá sem búa við langvarandi sjúkdóma.

Samfylkingin hefur það stefnumál að komið verði á afkomutryggingu svo að enginn þurfi að una fátækt og óvissu um kjör sín. Með þeirri tillögu sem hér er flutt er stigið fyrsta skrefið í þessa átt og lýtur hún að afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Í næsta áfanga mun þingflokkur Samfylkingarinnar beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli ríkisvaldsins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um afkomutryggingu þeirra sem af félags-, heilsufars- eða öðrum óviðráðanlegum ástæðum hafa ekki sér til framfærslu það sem samsvarar lágmarkslaunum í þjóðfélaginu hverju sinni. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa á yfirstandandi þingi lagt fram tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, sem felur m.a. í sér að atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verði ekki skattlögð. Markmið beggja tillagna er að enginn þurfi að una því að eiga ekki fyrir nauðþurftum.

Til að ná því sem að er stefnt er hér lagt til að teknar verði upp viðræður milli stjórnvalda og samtaka lífeyrisþega um nýjan samning um afkomutryggingu sem komi til framkvæmda um næstu áramót og verði síðan undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Þjóðfélag getur ekki talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim tryggð sómasamleg kjör. Margt hefur verið vel gert í málefnum þessa fólks á umliðnum áratugum. Samt býr allt of stór hópur aldraðra og öryrkja við bágborið ástand og í heild hefur þessi hópur ekki fengið sanngjarnan eða eðlilegan hlut í góðæri liðinna ára. Í því efni hefur verulega dregið sundur með lífeyrisþegum og þeim sem verst hafa kjörin á vinnumarkaðnum. Sama gildir um bilið milli meðallauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna. Þegar á allt er litið fer því fjarri að afkoma og aðbúnaður margra aldraðra hér á landi sé mannsæmandi.

Sú staðreynd að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum staðfestir bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu. Í skýrslu um kjör öryrkja sem Samfylkingin óskaði eftir frá forsætisráðherra og lögð var fram á Alþingi á 126. löggjafarþingi kom fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Athyglisvert er einnig að 22% ellilífeyrisþega, 5.855 manns, voru með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði á árinu 1999.

Frá 1995 til 1. október 2000 hefur grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað um nálægt 25% en launavísitala hins vegar hækkað frá sama tíma um 41,5%. Þegar litið er á kaupmátt lífeyrisgreiðslna samanborið við lágmarkslaun liggur fyrir að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna er langt undir kaupmætti lágmarkslauna verkafólks og hefur munurinn aukist jafnt og þétt, ekki síst eftir að skorið var á tengsl launa og lífeyrisgreiðslna árið 1995.

Fram hefur komið að grunnlífeyrir og tekjutrygging voru samtals 51,7% af meðaldagvinnulaunum verkamanna á árinu 1991 en 1999 var hlutfallið komið niður í 43,8%. Grunnlífeyrir og tekjutrygging þarf þannig að hækka um 18% til að aldraðir haldi stöðu sinni gagnvart verkafólki. Það þyrfti því að auka lífeyrisgreiðslur um 3–4 milljarða kr. til að hlutfallið milli dagvinnulauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna, þ.e. grunnlífeyris og tekjutryggingar, sé það sama nú og var árið 1991.

Ef miðað er við nýlega kjarasamninga stefnir í að grunnlífeyrir og tekjutrygging haldi áfram að lækka sem hlutfall af launum verkamanna og verður hlutfallið að óbreyttu komið niður í 42,4% árið 2003. Árið 1989 námu lífeyrisgreiðslur 80,2% af lágmarkslaunum verkakarla. Þetta hlutfall var 60,5% árið 1998 og 64% á árinu 1999. Þau viðmið sem hér hafa verið nefnd ætti m.a. að hafa í huga þegar metnar eru leiðir til að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega.

Staða flestra lífeyrissjóða er sem betur fer traust og því munu aukin lífeyrisréttindi bæta kjör eldri borgara á komandi árum. Hlutur almannatrygginga í eftirlaunum mun minnka og lífeyrissjóðanna aukast. Þó ber að hafa í huga að þeir sem nú þegar eru komnir á eftirlaun munu ekki njóta þess, heldur aðeins þeir sem hefja töku lífeyris á komandi árum.

Eignastaða aldraðra hér á landi er yfirleitt góð og ber að fagna því. Þó er allt of algengt að tekjustaða þeirra sé slæm og þeim reynist erfitt að greiða skatta og skyldur af eignum sínum sem oftast eru fólgnar í íbúðum sem fólkið býr sjálft í og hefur mikinn kostnað af.

Húsnæðisaðstaða of margra er þó afar bágborin. 15% þeirra sem eru í 700 leiguíbúðum á vegum Reykjavíkurborgar eru aldraðir, eða vel á annað hundrað, og aldraðir á biðlista eftir leiguíbúðum hjá borginni eru 126. Á biðlistum eftir þjónustuíbúðum í Reykjavík eru 250 aldraðir og eftir hjúkrunarheimilum um 230. Hér er miðað við árið 2000.

Þannig bíða um 600 aldraðir eftir hjúkrunar- eða þjónustuíbúðum auk leiguíbúða, en stærsti hluti þessa hóps er í mjög brýnni þörf fyrir húsnæði, aðhlynningu eða þjónustu.

Sama gildir um öryrkja en stór hópur öryrkja er á leigumarkaði og langur biðlisti er eftir íbúðum hjá Öryrkjabandalaginu, en á fimmta hundrað bíða þar eftir húsnæði.

Lífeyrisþegar voru ekkert of sælir af kjörum sínum á árum niðursveiflu í efnahagslífinu 1988–1993, en þá var þó miklu betur reynt að tryggja að lífeyrir öryrkja og aldraðra fylgdi lágmarkslaunum, þrátt fyrir það að raunhækkun á tekjum hins opinbera hafi aðeins verið rúmir 4 milljarðar kr. á þessu sex ára tímabili.

Á árunum 1996–2001 hefur aftur á móti orðið 64 milljarða kr. raunhækkun á tekjum hins opinbera. Þrátt fyrir þennan gífurlega tekjuauka hafa lífeyrisgreiðslur aldrei verið lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu, hvort sem miðað er við lágmarkslaun í þjóðfélaginu eða meðallaun verkamanna.

Það er því deginum ljósara að lífeyrisþegar hafa ekki fengið sinn hlut í góðærinu og eiga raunar rétt og kröfu til þess að fá eðlilega og sanngjarna leiðréttingu á kjörum sínum. Ljóst er einnig að mikill tekjuafgangur á ríkissjóði hefur m.a. verið fenginn með því að taka af öldruðum og öryrkjum eðlilegan hlut þeirra í góðærinu.

Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin árið 1996. Það hefur átt mestan þátt í skerðingu á lífeyri aldraðra og öryrkja. Í staðinn var lögum um almannatryggingar breytt og kveðið á um að bætur almannatrygginga skuli taka

mið af launaþróun, þó þannig að fjárhæðin geti aldrei farið niður fyrir það sem vísitala neysluverðs mælir. Af umræðum á Alþingi er ljóst að margir þingmenn töldu að með þessu ákvæði væri tryggt að lífeyrisgreiðslur ættu að hækka til samræmis við launavísitölu. Engu að síður hafa þær ekki gert það. Grunnlífeyrir og tekjutrygging hefðu á árinu 2001 verið rúmum 7 þús. kr. meiri á mánuði eða rúmum 84 þús. kr. hærri sl. ár ef útreikningar þessarar lífeyrisgreiðslna hefðu tekið mið af þeim breytingum sem orðið hafa á launavísitölu á árabilinu 1995–2001.

Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar fyrr á þessu ári (2002) kemur í ljóst að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna hefur aukist um 11,09% á árunum 1995–2001, en kaupmáttur lágmarkslauna hefur aftur á móti aukist á sama tímabili um 42,07%. Aukning á kaupmætti lágmarkslauna er því 28% umfram aukningu á kaupmætti grunnlífeyris og tekjutryggingar á árabilinu 1995–2001. Af þessu má ljóst vera að öldruðum og öryrkjum hefur verið skammtað minna af góðæri liðinna ára en komið hefur í hlut annarra.

Á undanförnum missirum hafa þær litlu hækkanir sem runnið hafa til lífeyrisþega iðulega verið teknar aftur með ýmsum hætti. Hér skal minnt á nokkur veigamikil atriði sem hafa skert kjör lífeyrisþega til viðbótar skerðingu á lífeyrisgreiðslum.

Gífurleg hækkun hefur orðið á lyfja- og lækniskostnaði sem rýrt hefur verulega kjör lífeyrisþega. Ófá dæmi eru um að lífeyrisþegar þurfi að greiða sem svarar mánaðarlífeyrisgreiðslum vegna lyfjakostnaðar á ári.

Húsnæðiskostnaður öryrkja og aldraðra hefur líka hækkað gífurlega á síðustu árum, ekki síst þeirra sem eru á leigumarkaði. Styrkir til bifreiðakaupa öryrkja eru líka færri og að raungildi lægri en þeir voru árið 1995. Auk þess hefur ríkisstjórnin afnumið þau hagstæðu bifreiðakaupalán sem öryrkjum stóðu áður til boða og vísar þeim nú á almennar lánastofnanir.

Benda má einnig á að skattleysismörk eru u.þ.b. þau sömu og í byrjun tíunda áratugarins. Þau hafa ekki aðeins dregist aftur úr launaþróun, heldur einnig vísitölu neysluverðs. Þessi raunlækkun vegur afar þungt fyrir lífeyrisþega og hefur veruleg áhrif á kaupmátt þeirra.

Frítekjumörk þeirra lífeyrisþega, sem ná því að fá rúmar 9 þús. kr. úr lífeyrissjóði og eiga ekki útivinnandi maka, hafa einnig dregist mun meira aftur úr launavísitölu en sjálfar bótaupphæðirnar.

Notkun síma er lífeyrisþegum mjög mikilvæg, ekki aðeins til að draga úr einangrun sem oft er að finna í þessum hópi, heldur er hér einnig um mikið öryggistæki að ræða. Verulega hefur dregið úr þeirri aðstoð sem öryrkjar og aldraðir hafa fengið til að standa undir afnotagjöldum.

Afar brýnt er orðið að móta heildarstefnu í málefnum aldraðra, m.a. út frá breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar á næstu árum, en öldruðum mun fjölga mjög hratt og mun meira hlutfallslega en þeim sem eru á vinnumarkaði.

Heildarstefnumótun í málefnum lífeyrisþega þarf auk tryggingagreiðslna að taka til heilbrigðis-, húsnæðis- og atvinnumála þeirra. Sérstaklega þarf að skoða markvissa stefnumótun í uppbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimila og sveigjanleg starfslok aldraðra.

Velferðarkerfið á Íslandi er miklu veikara en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöld ríkissjóðs hér mun minni en annars staðar gerist. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru t.d. miklu lægri hér á landi en í flestum OECD-löndunum. Í samantekt, sem Kristinn Karlsson tók saman í október 1999 um útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum árið 1997, kemur fram að útgjöld til félags- og heilbrigðismála aldraðra og öryrkja, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru langlægst hér á landi. Á Íslandi er hlutfallið 7,7% af landsframleiðslu en allt upp í 17,3% af landsframleiðslu í Svíþjóð, 14,6% í Danmörku, 13,9% í Finnlandi og 12,4% í Noregi.

Í því efnahagsumhverfi sem við búum við nú er mjög brýnt að hafa öflugt velferðarkerfi sem tryggir að enginn þurfi að þola fátækt eða öryggisleysi. Í löndum þar sem óheft frjálshyggja og markaðshyggja er allsráðandi í stefnu stjórnvalda hefur bilið milli ríkra og fátækra breikkað. Þetta hefur líka gerst á Íslandi. Atvinnu- og ráðstöfunartekjur þeirra tekjuhærri í þjóðfélaginu hafa á undanförnum árum aukist mun meira en þeirra tekjulægri, þannig að misskiptingin hefur vaxið.

Þegar litið er til þess misréttis sem við blasir í tekjuskiptingunni er ljóst að öflugt markaðskerfi sem tryggir heilbrigða samkeppni kallar líka á styrkar stoðir velferðarkerfisins, annars breikkar bilið milli ríkra og fátækra eins og dæmin sanna. Þannig þarf samhliða öflugu markaðskerfi að tryggja öflugt og skilvirkt velferðarkerfi sem m.a. tryggir örugga afkomu þeirra sem höllum fæti standa og að allir geti lifað með fullri reisn.

Mikilvægt er að stjórnvöld líti til þess að hér er ekki aðeins um útgjöld að ræða heldur skilar hluti kostnaðarins sér til baka í formi beinna og óbeinna skatta, auk þess sem markmið tillögunnar er að vinna gegn félagslegri misskiptingu.

Árið 1998 voru lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum til aldraðra samtals 9 milljarðar kr. og 2,5 milljarðar kr. til öryrkja. Úr almannatryggingakerfinu voru hins vegar greiddir 10 milljarðar kr. í lífeyrisgreiðslur (grunnlífeyri og tekjutryggingu) til aldraðra og 3,5 milljarðar kr. til öryrkja.

Á næstu árum munu lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðunum enn aukast og má ætla að á síðasta ári hafi hlutur almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna í lífeyrisgreiðslum verið svo til jafn, en að strax á þessu ári verði hlutur lífeyrissjóðanna meiri en almannatryggingakerfisins og fari upp úr því vaxandi. Hlutur lífeyrissjóðanna mun þannig jafnt og þétt stækka með auknum lífeyrisréttindum og hærra hlutfalli aldraðra af heildarfjölda þjóðarinnar.

Rétt og eðlilegt er því að horfa á lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja í þessu samhengi um leið og þjóðarsátt verði um það markmið að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega sem tryggi að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín.

Í tillögunni er lagt til að skoðaðir verði möguleikar á því að tryggja öryrkjum sem ekki eru á almenna vinnumarkaðinum aðgang að lífeyrissjóðakerfinu. Tæplega 49% öryrkja, eða 4.773 af 9.780, fengu óskertan lífeyri og tekjutryggingu á sl. ári. Þetta er hópur sem lítið sem ekkert fær út úr almenna lífeyrissjóðakerfinu. 10% iðgjaldagreiðslur vegna þessa hóps væru um 325 millj. kr. á ári, sem semja yrði um að kæmi úr ríkissjóði. Þetta tryggði öryrkjum sem ekki geta verið á vinnumarkaði á 10 árum um 100 þús. kr. á ári í aukinn lífeyri.

Tillagan gerir einnig ráð fyrir því að kjör ungra öryrkja verði sérstaklega bætt og að með því verði viðurkennd sérstaða þeirra. Framfærslubyrði ungra öryrkja er oft mjög mikil, ekki síst ef þeir hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Í því sambandi skal minnt á ályktun Öryrkjabandalagsins frá 1998. Þar var skorað á Alþingi að hækka grunnlífeyri sérstaklega og mest hjá þeim sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Tillaga bandalagsins var sú að verði einstaklingur fyrir varanlegri örorku 20 ára eða yngri skuli grunnlífeyrir hans nema ekki lægri upphæð en 51.000 kr. á mánuði, miðað við 1998, og fylgi sú upphæð þróun launavísitölu. Verði einstaklingur fyrir örorku síðar á starfsævinni skal grunnlífeyrir hans nema hlutfallslega lægri upphæð, eða sem svarar 1,4% fyrir hvert ár umfram tvítugt, uns ellilífeyrisaldri er náð. Flutningsmenn leggja til að þessi tillaga Öryrkjabandalagsins komi til skoðunar verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt.

Ætla má að það kosti a.m.k. 3–5 milljarða kr. að gera sérstakt átak í málefnum lífeyrisþega og ungra öryrkja eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir. Til álita kæmi að skipta þessum útgjöldum á tvö ár. Fyrri áfangi yrði um næstu áramót, 1. janúar 2003, með samningi um afkomutryggingu sem gerður yrði við samtök öryrkja og aldraðra. Síðari áfangi yrði 1. janúar 2004

og yrði þá lokið endurskoðun almannatryggingakerfisins, en tillaga þessi gerir ráð fyrir að samningur um afkomutryggingu verði undirstaða nýrra laga um lífeyristryggingar almannatrygginga. Í undirbúningi eru tillögur til að mæta þessum útgjöldum, þar á meðal tilfærslur í skattkerfinu sem kynntar verða síðar.

150. Frumvarp til laga [150. mál]

um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „þó aldrei hærra en sem nemur fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar“ í 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Foreldri, sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum, um menntunarmeðlag skv. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, eða um sérstök framlög skv. 15. gr. sömu laga, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur um aldur barna. Sama skal gilda um foreldri sem leggur fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. III. kafla barnalaga.

III. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

3. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga skal einnig innheimta, sé þess óskað, þann hluta barnsmeðlags sem er hærri en lögmæltur barnalífeyrir, svo og aðrar kröfur sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyri hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

IV. KAFLI
Breyting á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.
4. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðilum er greinir í 27. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um aldur barns er greinir í almannatryggingalögum svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði á hverjum tíma.

V. KAFLI
Gildistaka.
5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt:
- að afnema skattlagningu á öllum meðlagsgreiðslum, hvort sem um er að ræða einfalt, tvöfalt eða jafnvel margfalt meðlag,
- að fela Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu á meðlagsgreiðslum umfram lágmarksmeðlag líkt og nú er gert varðandi lágmarksmeðlag, sem og innheimtu á menntunarframlögum og sérstökum framlögum sem foreldri fær úrskurð um.

Í þessu skyni eru lagðar til breytingar á fernum lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að breytt verði lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, þannig að allar meðlagsgreiðslur verði skattfrjálsar. Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem felur í sér að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða einnig meðlag umfram lágmarksmeðlag, þ.e. aukameðlag, sem úrskurðað er af sýslumanni eða aðilar semja um. Í þriðja lagi er lagt til að sú breyting verði á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, að stofnuninni verði gert skylt, sé þess óskað, að innheimta aukameðlagsgreiðslur. Að lokum er lagt til að barnalögum verði breytt eins og lögum um almannatryggingar.

Innheimta meðlagsgreiðslna.

Samkvæmt 25. gr. barnalaga er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða foreldri barns sem á framfærslurétt hér á landi og öðrum sem eru nefndir í 27. gr. laganna framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns sem greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um á hverjum tíma.

Í 2. mgr. 11. gr. og 17. gr. barnalaga er gengið út frá því að óheimilt sé að ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í almannatryggingalögum. Hvergi er að finna ákvæði sem kveður á um hámark meðlagsgreiðslna.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga er það hlutverk stofnunarinnar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlag sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra samkvæmt almannatryggingalögum. Heimild er fyrir því í 3. mgr. 3. gr. laganna að stofnunin taki að sér innheimtu á aukameðlögum. Þessa heimild hefur stofnunin aldrei nýtt, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað. Sé samið um hærra meðlag en lágmarksmeðlag eða sýslumaður úrskurðar slíkt þarf foreldrið sjálft að

innheimta það sem er umfram lágmarksmeðlag eftir öðrum leiðum. Í frumvarpinu er þessi innheimta gerð að skyldu Innheimtustofnunar ásamt því að felld er brott heimild stofnunarinnar til að taka greiðslu fyrir innheimtuna.

Algengast er að meðlagsgreiðendur, sem í flestum tilvikum eru feður, séu aðeins krafðir um lágmarksmeðlag, þótt heimild sé fyrir aukameðlagi miðað við að mánaðartekjur greiðenda fari yfir 200 þús. kr. Að vísu hefur færst í vöxt að í samningum um skilnaðarkjör og forsjá barna sé kveðið á um greiðslu hærra meðlags en sem nemur fjárhæð barnalífeyris. Þannig hefur þeim samningum fjölgað nokkuð sem kveða á um greiðslu tvöfalds meðlags. Dómsmálaráðuneytið gefur út viðmiðunarreglur til leiðbeiningar við ákvarðanatöku í málum vegna krafna um hærra meðlag með börnum. Ástæða þess að meðlög umfram lágmarksmeðlag eru þó ekki algengari en raun ber vitni er einkum sú að viðtakendur aukameðlaganna, oftast mæður, verða að sjá um innheimtu þeirra.

Komið hefur fram að sérfræðingar telja þessa tilhögun eina helstu ástæðu þess að margir einstæðir foreldrar sem fara með forræði barna treysti sér ekki til þess að krefjast aukameðlags þótt meðlagsgreiðandi hafi háar tekjur. Meðlag með einu barni er um 15 þús. kr. á mánuði. Það segir sig sjálft að það er ekki stór hluti af framfærslukostnaði hvers barns og því í litlu samræmi við raunveruleikann eða þarfir barnsins.

Í bók Davíðs Þórs Björgvinssonar, lagaprófessors við Háskóla Íslands, Barnarétti, sem kom út árið 1995, segir að í framkvæmd sé þeirri reglu fylgt að úrskurða aðeins aukið meðlag sé þess sérstaklega krafist. Þar af leiðandi er ekki aflað sérstakra gagna um fjárhagslegar og félagslegar aðstæður aðila nema beinlínis sé gerð krafa um hærri framfærslueyri en nemur lágmarksmeðlagi. Þá er bent á að skv. 1. mgr. 25. gr. barnalaga eru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins á grundvelli stjórnvaldsúrskurðar háðar þeim takmörkunum um fjárhæð og aldur barns sem greinir í almannatryggingalögum. Þetta þýðir að Tryggingastofnun ríkisins greiðir aldrei meira samkvæmt úrskurði en sem nemur fjárhæð barnalífeyris, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma, þ.e. lágmarksmeðlag, óháð því hvort úrskurður sýslumanns eða dómsmálaráðuneytis kveður á um hærri greiðslur. Orðrétt segir Davíð Þór Björgvinsson í bók sinni: „Er þess tæplega að vænta að tilgangur 2. mgr. 10. gr. barnalaga náist að öllu leyti nema kveðið sé nánar á um hlutverk sýslumanns eða ráðuneytis varðandi öflun upplýsinga um framangreind atriði eða sú skylda lögð á herðar úrskurðaraðila að leiðbeina krefjanda í þessu efni, og/eða að reglur verði settar um rýmri aðgang að Tryggingastofnun en nú gilda.“ Ljóst er að þetta styður mjög þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Skattfrelsi meðlagsgreiðslna.

Annað meginefnisatriði frumvarpsins er að leggja til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Fram til ársins 2000 var litið svo á að meðlag umfram barnalífeyri almannatryggingakerfisins væri skattskylt, en þá var ákvæði 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, breytt þannig að tvöfalt meðlag var gert skattfrjálst, en skattlagt eftir það. Í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur móttakanda heldur fremur ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. Má í því sambandi benda á að í 19. gr. barnalaga kemur fram að þessi framfærslueyrir tilheyri barni. Illskiljanlegt er því að takmarka undanþágu frá tekjuskatti við tvöfalt meðlag, en gera meðlagsgreiðslur umfram það skattskyldar. Reyndar má segja að í slíkum tilvikum sé um tvísköttun að ræða, þ.e. fyrst er greiddur skattur af tekjum meðlagsgreiðanda og síðan af meðlaginu þegar það er komið í hendur þess sem hefur forræði yfir barninu. Það verður því að teljast í hæsta máta ósanngjarnt að meðlag umfram tvöfaldan barnalífeyri almannatryggingakerfisins myndi skattskyldar tekjur.

Við mat á því hvort líta eigi á meðlagsgreiðslur sem eðlilegt andlag skattlagningar verður að líta á eðli greiðslunnar og sifjaréttarleg tengsl foreldris og barns. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að meðlag er eign barns og er byggt á lögbundinni skyldu foreldris til framfærslu barns síns. Breytingin sem hér er lögð til á lögum um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér að barnsmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar sýslumanns eða samkomulags um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni teljist ekki til tekna.

Staða einstæðra foreldra.

Breyttar þjóðfélagsaðstæður sem felast m.a. í auknum menntunarkröfum leiða til þess að börn dveljast lengur í foreldrahúsum en áður og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna að halda. Reyndar er það svo að framfærsla foreldranna er oftast forsenda þess að ungmenni fái tækifæri til að mennta sig. Núna búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum.

Félag einstæðra foreldra gerði fyrir nokkrum árum könnun á framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára og var hann áætlaður um 500 þús. kr. árlega. Þetta eru mjög mikil útgjöld, ekki síst í ljósi þess að ætla má að stór hluti einstæðra foreldra þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum og þurfi að verulegu leyti einnig að sjá um kostnað af menntun og uppeldi barna. Í sömu könnun kom fram að hlutfall meðlags í þeim kostnaði er aðeins um ⅛. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá 1995, um rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi, kemur fram að konur fara með forsjá barna sinna í yfir 90% skilnaðartilvika og eru einar um umönnun og framfærslu þeirra. Fastar meðlagsgreiðslur miðast við leikskólakostnað og eru því lítill hluti heildarframfærslunnar. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að börn einstæðra foreldra standi félagslega og efnalega verr að vígi en börn í fjölskyldum þar sem báðir foreldrar sjá um framfærsluna. Konur vinni mikið eftir skilnað, bæði heima og heiman, og veik fjárhagsstaða kvenna bitni á lífsskilyrðum barnanna.

Á ráðstefnu sem Félag einstæðra foreldra hélt fyrir nokkrum árum komu fram upplýsingar um mjög slæma stöðu einstæðra foreldra og barna þeirra, bæði fjárhagslega og félagslega. Virðist svo vera að á margan hátt hafi einstæðir foreldrar dregist aftur úr öðrum og má í því sambandi geta þess að einstæðum foreldrum sem leita fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum hefur fjölgað verulega. Auk þess eru einstæðir foreldrar mjög margir í hópi láglaunafólks og þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði að halda. Einnig má benda á að komið hefur fram hjá landlæknisembættinu að samhengi sé milli heilsufars barna og félagslegrar stöðu foreldra.

Skýrsla sem félagsmálaráðherra lagði fram á 125. löggjafarþingi um kjör einstæðra foreldra, að beiðni þingmanna Samfylkingarinnar, staðfestir framangreinda lýsingu á kjörum einstæðra foreldra. Ljóst má því vera að brýnt er að bregðast við og bæta kjör þeirra. Sú leið sem hér er lögð til er skref í þá átt.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 125. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Það var endurflutt á síðasta þingi með lítils háttar breytingum. Þegar frumvarpið var fyrst flutt hafði það að geyma ákvæði til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, þess efnis að meðlagsgreiðslur á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings milli aðila umfram lögboðið lágmarksmeðlag yrðu skattfrjálsar með öllu. Efni frumvarpsins var tekið upp að hluta í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á 547. máli á 125. löggjafarþingi, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar var sú breytingartillaga gerð og samþykkt að meðlagsgreiðslur samkvæmt meðlagsúrskurði sýslumanns eða samkomulagi um framfærslu barns

sem staðfest hafði verið af sýslumanni væru skattfrjálsar, en þó aldrei umfram það sem næmi fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér lagt til að allar meðlagsgreiðslur á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings milli aðila umfram lögboðið lágmarksmeðlag verði skattfrjálsar.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sambærileg breyting á almannatryggingalögum og á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að meðlagsgreiðslur umfram lögboðið lágmarksmeðlag verði skattfrjálsar og að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings aðila.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú breyting að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert skylt að innheimta, sé þess óskað, þann hluta barnsmeðlags sem er hærri en lögmæltur barnalífeyrir, þ.e. greiðslur umfram lágmarksmeðlag. Þá verði stofnuninni ekki heimilt að taka greiðslu fyrir innheimtuna. Samkvæmt núgildandi lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga er stofnuninni heimilt, gegn gjaldi, að innheimta þessar kröfur, sé þess óskað.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sambærileg breyting og á lögum um almannatryggingar, sbr. 2. gr., sem miðar að því að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings aðila.

Um 5. gr.

Lagt er til að frumvarpið öðlist þegar gildi.

151. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að heildarendurskoðun skuli fara fram á ákvæðum laga um landsdóm, nr. 3/1963. Í því skyni skipi forsætisnefnd Alþingis fimm manna nefnd og ljúki hún störfum fyrir árslok 2003. Nefndin hafi að markmiði að einfalda framkvæmd laganna og tryggja tilteknu hlutfalli alþingismanna málshöfðunarrétt samkvæmt lögunum. Jafnframt verði kannaðir kostir þess og gallar að leggja af landsdóm en ábyrgð á hendur ráðherrum verði komið fram fyrir almennum dómstólum.

Forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa og skal einn þeirra vera formaður nefndarinnar. Hæstiréttur Íslands tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga um landsdóm með það að markmiði að einfalda framkvæmd laganna sem orðin eru úrelt og hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur á dóms- og réttarkerfinu. Samhliða þessari tillögu er flutt önnur tillaga sem felur í sér að einnig fari fram heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð. Hér er um tengd mál að ræða þannig að rétt er að heildarendurskoðun verði gerð samtímis á lögunum sem orðin eru nær 40 ára gömul.

Forsagan og núverandi skipan mála.

Lög um landsdóm voru fyrst sett árið 1905 en heildarendurskoðun fór fram á þeim lögum árið 1960 og ný lög voru sett um dóminn á árinu 1963. Sú löggjöf fól í sér gagngerar breytingar á lögum um landsdóm. M.a. var dómurum fækkað um helming, en hann skipuðu áður 30 dómarar. Reglurnar um skipan dómsins þóttu úreltar og flóknar. Það nýmæli var þá sett í lögin að Alþingi kysi fimm menn úr sínum hópi, saksóknarnefnd, til að vera saksóknara til aðstoðar þegar mál væri höfðað gegn ráðherra.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1963 fer landsdómur með og dæmir þau mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra en eins og kunnugt er hefur landsdómur aldrei verið kallaður saman hérlendis til að höfða slík mál.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Í 29. gr. stjórnarskrárinnar er einnig kveðið á um að forseti Íslands geti ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu sem landsdómur hefur dæmt nema með samþykki Alþingis. Stjórnarskráin setur því breytingu á skipan þessara mála þröngar skorður en samkvæmt henni er ákæruvaldið gegn ráðherra í höndum Alþingis og dómsvaldið í þeim málum sem Alþingi samþykkir að höfða hjá landsdómi. Án breytingar á stjórnarskránni virðist löggjafinn því einungis geta ákvarðað um hvernig skipan dómsins skuli háttað, fyrir hvaða athæfi eða verknað ráðherra skuli sæta ábyrgð og hvaða viðurlögum hann skuli sæta.

Lögin um ráðherraábyrgð kveða á um efnisþætti ráðherraábyrgðar, skilyrði sakfellingar og viðurlög. Lögin um landsdóm kveða aftur á móti á um skipan dómsins og dómsferil.

Í greinargerð með frumvarpi sem Ólafur Jóhannesson samdi um landsdóm og varð að lögum nr. 3/1963 kemur eftirfarandi fram: „Satt er það að refsiábyrgðar ráðherra gætir minna, þar sem þingræðisstjórn er komin í fastar skorður. Þar er málshöfðun gegn ráðherra fyrir sérstökum stjórnardómstóli fátíð. Þörf á slíku úrræði er þar miklu minni. Hin þinglega ábyrgð veitir ráðherrum nauðsynlegt aðhald, og ráðherra, sem meiri hluti þings vill losna við, verður að víkja. Í þingstjórnarlöndum er þingmeirihluti oft samábyrgur ráðherra og liggur í hlutarins eðli, að sá meiri hluti samþykkir ógjarna málshöfðun gegn ráðherra. Samt sem áður er það ofmælt, að í þingstjórnarlöndum sé ákvæðum um refsiábyrgð ráðherra og um sérstakan ráðherradóm algerlega ofaukið. Þar getur orðið þörf á slíkum úrræðum, þegar sérstaklega stendur á. Vitund um, að sérstakur dómstóll sé tiltækur, ef brot er framið, getur og veitt ráðherra almennt aðhald. Það er því eigi aðeins ástæðulaust heldur og óskynsamlegt, að afskrifa þetta úrræði, sem algerlega gagnslaust.“

Ákvæði laga um landsdóm hefur aldrei verið beitt. Ríkar og alvarlegar ásakanir á hendur ráðherra þurfa að koma til til að svo verði. Það sem fyrst og fremst gefur tilefni til þessarar endurskoðunar er úrelt ákvæði laganna og því rétt að sníða þau að því dómskerfi sem við búum við.

Gildandi ákvæði um landsdóm, sem staðið hafa óbreytt frá setningu þeirra, eru mjög þung í vöfum. Í raun má segja að þau séu orðin úrelt og ekki í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa í dóms- og réttarkerfinu þar sem stefnan hefur verið að fækka sérdómstólum. Samkvæmt lögunum fer landsdómur með mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra og dæmir í þeim.

Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, þ.e. hæstaréttardómarar, dómstjórinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Síðan eru átta kosnir af Alþingi. Forseti Hæstaréttar er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Í 13. gr. laga nr. 3/1963 kemur fram að ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skuli gerð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda er sókn málsins bundin við þau. Alþingi kýs jafnframt mann til að sækja málið af sinni hendi. Enn fremur kýs Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar. Síðan tekur við langt, þunglamalegt og flókið dómsferli sem lýst er í yfir fimmtíu greinum í lögunum.

Almennur dómstóll í stað landsdóms.

Það er mat flutningsmanna að ástæða væri til að einfalda mjög skipan þessara mála og jafnvel að leggja af landsdóm þannig að ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum með venjulegum hætti, þ.e. þeir verði saksóttir sem hverjir aðrir embættismenn. Það krefst breytingar á stjórnarskránni en engu síður er fyllsta ástæða til að kanna þennan kost. Þannig fyrirkomulag tíðkast í Englandi, en jafnframt eru í gildi þar í landi sérstakar siðareglur fyrir ráðherra. Þótt ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum mætti engu síður hugsa sér að málshöfðunarrétturinn væri í höndum Alþingis eins og áður. Rökin fyrir framangreindu eru m.a. þau að æðstu handhafar framkvæmdarvalds eru ráðherrar. Þær stofnanir sem fara með ákæruvald (ríkissaksóknari/ lögreglustjóri) heyra undir ráðherra, a.m.k. að formi til. Í nágrannaríkjum okkar er þó þróunin sú að tryggt verði sjálfstætt ákæruvald. Því verður að telja eðlilegt að Alþingi fari með málshöfðunarréttinn í þessu tilviki. Ætla má að það hafi verið hugsunin að baki núverandi tilhögun ákærureglna landsdóms og ekki ástæða til að breyta því þótt mál gegn ráðherra verði rekin fyrir almennum dómstólum.

Í þessu samhengi má enn fremur benda á að fræðimenn hafa gagnrýnt tilvist dómsins. Dr. Gunnar G. Schram fjallar um þýðingu hans í bók sinni Um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Segir hann þar m.a.: „Má því spyrja, hvort ekki væri réttara að leggja dómstól þennan niður og fá verkefni hans Hæstarétti, sem fullfær er að annast það.“ Einnig segir dr. Gunnar: „Alþingi myndi eftir sem áður hafa í sínum höndum ákæruvaldið vegna embættisbrota ráðherra.“ Sýnist þetta mun einfaldari og heppilegri lausn. Nægilegt réttaröryggi ætti að vera fólgið í því að ákæruvaldið yrði áfram í höndum Alþingis. Jafnframt mundi sú skipun sem dr. Gunnar nefnir fella úr gildi þær vafasömu reglur sem nú gilda um skipan landsdóms. Sú hugmynd fer að verulegu leyti saman við hugmyndir sem hér eru settar fram um breytingu á dómnum. Þrátt fyrir niðurfellingu landsdóms mætti enn fremur skoða hvort ástæða væri til að huga að breytingum á réttarfarslögum og lögum sem fjalla um dómstóla þannig að Alþingi geti tilnefnt sérstaka meðdómendur í dómsmálum á hendur ráðherrum.

Hér má enn fremur benda á að í Danmörku hafa fræðimenn haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sem sé stirt og þunglamalegt geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð.

Réttur minni hluta þingmanna betur tryggður.

Flutningsmenn telja einnig að rétt sé að kanna hvort ekki væri eðlilegt að tryggja betur rétt minni hluta alþingismanna til málshöfðunar. Ástæða þess er einkum sú hefð sem hér er fyrir meirihlutastjórnum og því nauðsynlegt að réttur minni hlutans verði betur tryggður. Það styrkir lýðræðið og veitir um leið stjórnarmeirihlutanum hverju sinni meira aðhald. Í því sambandi er rétt að benda á 39. gr. stjórnarskrárinnar um skipan rannsóknarnefndar sem er algjörlega óvirk. Ástæða þess er að tillögur um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar hafa allar verið felldar utan ein er að málefni eða málsástæður ályktunarinnar beinast oft að sitjandi ráðherra eða málaflokki hans sem stjórnarmeirihlutinn ver. Í skjóli meiri hlutans hafa því 50–60 tillögur um skipan rannsóknarnefndar með stoð í 39. gr. stjórnarskrár sem fluttar hafa verið sl. 40 ár, eða allar utan ein, verið felldar.

Niðurlag.

Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til að forsætisnefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að ráðist verði í vinnu við að einfalda framkvæmd og jafnvel gera grundvallarbreytingar á lögum um landsdóm með því að leggja hann niður og að ráðherrar sæti ábyrgð fyrir almennum dómstólum. Eins og komið hefur fram þyrfti til þess stjórnarskrárbreytingu. Jafnframt mætti halda því fyrirkomulagi sem felst í lögum um landsdóm að Alþingi komi að skipun dómsins, t.d. með því að Alþingi tilnefni sérstaka meðdómendur er tækju sæti í dómi kæmi til þess að höfðað verði mál á hendur ráðherra. Er lagt til að kostir og gallar þess verði kannaðir. Með framangreindum tillögum þarf ekki að afnema málshöfðunarrétt þingmanna, en lagt er til að réttur minni hluta þingmanna verði betur tryggður í því efni.

Í þessu skyni er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sem skuli hafa lokið störfum fyrir árslok 2003. Forsætisnefnd tilnefni þrjá nefndarmenn og úr þeim hópi komi formaður nefndarinnar en Hæstiréttur Íslands og lagadeild Háskóla Íslands tilnefni hvort sinn nefndarmanninn. Æskilegt væri að í hóp nefndarmanna veljist menn er hafi víðtæka þekkingu og reynslu af stjórnskipunarrétti og stjórnmálafræði. Vel kemur til greina að sömu menn veljist til setu í þessari nefnd og veljist í nefnd er endurskoði ákvæði laga um ráðherraábyrgð, sbr. þingsályktunartillögu þess efnis, enda um nátengd mál að ræða.

152. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að heildarendurskoðun skuli fara fram á ákvæðum laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu. Í því skyni skipi forsætisnefnd Alþingis fimm manna nefnd og skal hún hafa hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum. Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2003.

Forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa og skal einn þeirra vera formaður nefndarinnar. Hæstiréttur tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu og í því skyni verði höfð hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum. Samhliða þessari tillögu er flutt önnur tillaga sem felur í sér að fram fari heildarendurskoðun á lögum um landsdóm. Þar sem hér er um nátengd mál að ræða er rétt að heildarendurskoðun verði gerð samtímis á lögunum sem eru orðin nær 40 ára gömul.

Lagaleg og pólitísk ábyrgð ráðherra.

Ráðherraábyrgð getur hvort tveggja verið lagaleg og pólitísk. Samkvæmt lögum nr. 4/1963 getur lagaleg ábyrgð t.d. falist í stjórnarskrárbroti, broti á landslögum eða að ráðherra misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættismörk sín, og stofnar með því heill einstaklinga eða almennings í hættu. Lögin eiga því við um embættisbrot ráðherra. Skilyrði refsiábyrgðar eru að brotin séu annaðhvort framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Stjórnmálaleg ábyrgð lýtur öðru fremur að hinni þingræðislegu ábyrgð, en um hana segir í tímaritinu Sagnir frá 1985 í grein eftir Magnús Hauksson: „Stjórnmálalega ábyrgðin er nokkuð annars eðlis en sú lagalega. Hún er engum lagareglum háð. Það má hugsa sér að hún skiptist í nokkra þætti. Í fyrsta lagi er ríkisstjórn ábyrg gagnvart kjósendum því í lýðræðisríkjum verða ráðherrar að leggja embættisverk sín og stjórnarstefnu undir dóm kjósenda við almennar kosningar. Jafnvel þótt ráðherra vilji ekki vera áfram í embætti skiptir dómur kjósenda máli því flokkur hans líður fyrir verk hans eða nýtur þeirra eftir atvikum. Það má því einnig tala um flokkslega ábyrgð ráðherra. Loks má nefna þinglega ábyrgð ráðherra þar sem þingræði er í heiðri haft. Ráðherrar verða að standa þinginu reikningsskil ráðsmennsku sinnar og verja stefnu sína og framkvæmdir. Þar eð þingið ræður í raun og veru hverjir sitja í ráðherrastólunum verða þeir sem í þeim sitja hverju sinni að gæta þess að haga hvorki orðum sínum né gerðum á þann veg að þeir glati trausti meirihluta þingsins.“ Fram kemur einnig í þessari grein að auðvelt ætti að vera að halda lagalegu ráðherraábyrgðinni aðgreindri frá þingræðishugtakinu. Öðru máli gegni hins vegar um stjórnmálalegu ábyrgðina. Þingræði og þingleg ráðherraábyrgð merki það sama.

Pólitíska ábyrgðin lýtur þannig nokkuð öðrum lögmálum en sú lagalega. Má segja að um hana gildi frekar skráðar og óskráðar siðareglur og það traust og trúnaður sem ráðherra hefur hjá þingi og þjóð. Hjá nágrannaþjóðum okkar er það algengt, þótt hér heyri það til undantekninga, að ráðherra segi af sér sem ekki nýtur lengur trausts til að gegna þeim trúnaðarstörfum sem honum er treyst fyrir. Hér þarf ekki eingöngu að vera um að ræða refsi- eða bótaábyrgð fyrir embættisbrot eða brot gegn lögum. Miklu fremur liggur hin pólitíska og siðferðilega ábyrgð að baki afsögn ráðherra erlendis. Ljóst er einnig að því markvissari og skýrari sem ráðherraábyrgðarlögin eru verður auðveldara að leggja mat á hina pólitísku ábyrgð ráðherra.

Tilhögun í nágrannalöndum.

Skipan þessara mála er með ýmsu móti í nágrannalöndum okkar. Ákvæði er í stjórnarskrám margra landa um ráðherraábyrgð og um sérstakan dómstól til að dæma í þeim málum sem þjóðþing ákveður að höfða á hendur ráðherrum. Í Danmörku gilda svipaðar reglur og á Íslandi um ábyrgð ráðherra og landsdóm. Hefur fimm sinnum komið til kasta landsdóms þar í landi á grundvelli laga um ráðherraábyrgð og sýnir reynsla Dana að ákvæði um ábyrgð ráðherra geta komið í góðar þarfir. Má í því sambandi nefna að fjögur af þessum fimm

málum voru höfðuð í kringum aldamótin 1900 og hafði landsdómur því legið í dvala í um 80 ár áður en hann var endurvakinn í svokölluðu Tamílamáli sem höfðað var gegn fyrrverandi dómsmálaráðherra Danmerkur og dæmt var í árið 1995. Í því tilviki var ráðherrann sakfelldur fyrir að hafa af ásettu ráði og á refsiverðan hátt vanrækt þær skyldur sem á honum hvíldu samkvæmt lögum og eðli stöðu hans. M.a. með hliðsjón af reynslu Dana verður ekki um villst að ákvæði laga um ráðherraábyrgð og refsiábyrgð ráðherra vegna brota í starfi eiga fullan rétt á sér, en af og til hafa komið upp mál hérlendis sem hafa vakið upp spurningar um ábyrgð ráðherra. Athygli vekur hins vegar í þessu samhengi að í Danmörku hafa fræðimenn m.a. haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sé stirt og þunglamalegt og geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð. Er eins og áður segir lögð fram þingsályktunartillaga samhliða þessari er kveður á um endurskoðun á lögum um landsdóm, nr. 3/1963.

Markmið heildarendurskoðunar á lögunum.

Ástæða þess að gerð er tillaga um endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð er sú að telja verður að ýmis ákvæði laganna séu ófullkomin og óskýr og má þá t.d. nefna ákvæði 6. og 7. gr. um ábyrgð ráðherra vegna athafna undirmanna og er rík þörf á að þau verði tekin sérstaklega til skoðunar. Má t.d. benda á að í Danmörku geta ráðherrar orðið ábyrgir vegna athafna undirmanna á grundvelli skorts á eftirliti og leiðbeinandi fyrirmælum.

Einnig má nefna að engin ákvæði er að finna varðandi ábyrgð ráðherra ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi. Slík ákvæði er t.d. að finna í lögum um ábyrgð ráðherra bæði í Danmörku og Noregi eins og komið verður nánar að hér á eftir. Fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar hefur áður lagt fram frumvörp þessa efnis til breytinga á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, sem ekki hafa náð fram að ganga. Rétt þykir hins vegar nú að leggja til að heildarendurskoðun fari fram á ákvæðum laganna samhliða tillögu um heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 3/1963, um landsdóm.

Ljóst er að æðstu embættismenn framkvæmdarvaldsins fara með vandmeðfarið vald og nauðsynlegt er að samhliða slíku valdi fari rík ábyrgð, enda bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum samkvæmt lögunum og stjórnarskrá. Því er nauðsynlegt að styrkja lög um ráðherraábyrgð og veita með því ráðherrum nauðsynlegt aðhald, ekki síst þar sem lögin eru óljós og matskennd á köflum og inn í þau vantar mikilvægt ákvæði sem t.d. er að finna í norskum og dönskum lögum um ráðherraábyrgð. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um að ráðherrar sæti ábyrgð samkvæmt lögunum gefi þeir þinginu röng svör eða villandi upplýsingar. Varla þarf um það að deila að mikilvægt er að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi. Það er grundvallaratriði til að styrkja þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Því er nauðsynlegt að lög um ráðherraábyrgð taki til tilvika eins og þeirra ef ráðherrar veita röng eða villandi svör við fyrirspurnum frá alþingismönnum eða við meðferð mála á Alþingi, svo og gagna og upplýsinga sem ráðherrar eða ráðuneytin gefa Alþingi eða einstökum þingnefndum við umfjöllun stjórnarfrumvarpa eða annarra mála sem fyrir liggja. Sambærileg ákvæði má finna í dönskum og norskum lögum sem fjalla um ábyrgð ráðherra en eins og áður segir taka núgildandi lög um ráðherraábyrgð ekki sérstaklega til ábyrgðar ráðherra vegna upplýsinga sem þeir veita Alþingi. Of oft hefur það hins vegar komið fyrir að ráðherrar hafa legið undir ámæli fyrir að veita Alþingi rangar eða villandi upplýsingar. Slíkt getur leitt til trúnaðarbrests milli þingsins og ráðherra. Auk þess er hætta á að ef vafi leikur á að ráðherrar gefi Alþingi réttar upplýsingar geti það leitt

til óvandaðrar málsmeðferðar og lagasetningar sem byggist ekki á staðreyndum um efni máls. Því er nauðsynlegt að nefnd sú er endurskoðar lög um ráðherraábyrgð taki tillit til þessa. Með því verður það refsivert ef ráðherra er fundinn sekur um athæfi eins og að framan greinir. Hér má nefna að þegar lög um ráðherraábyrgð voru sett í Danmörku árið 1964, ári eftir að lög um ráðherraábyrgð voru sett hérlendis, var lögð á það rík áhersla að ráðherra yrði refsiábyrgur í slíkum tilvikum og var það talið mikilvægt til að styrkja stöðu þjóðþingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Niðurlag.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að nefnd verði skipuð sem skuli vinna að heildarendurskoðun á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja þingræðið og eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Endurskoðunin á að taka mið af því að færa ráðherraábyrgð til sambærilegs horfs og þekkist í nágrannalöndum okkar. Sérstaklega á að skoða ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi ef ráðherra greinir rangt frá og gefur þingmönnum og þingi rangar upplýsingar eða leynir upplýsingum sem mikilvægar eru fyrir meðferð mála. Mikilvægt er einnig að styrkja ákvæði laga um ráðherraábyrgð sem kveða á um að ráðherra sé ábyrgur fyrir stjórnarframkvæmdum öllum, þar með talið vegna athafna undirmanna hans.

Í þessu skyni er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sem skuli hafa lokið störfum fyrir árslok 2003. Forsætisnefnd tilnefni þrjá nefndarmenn og úr þeim hópi komi formaður nefndarinnar og Hæstiréttur Íslands og lagadeild Háskóla Íslands tilnefni hvort sinn nefndarmanninn. Æskilegt er að í nefndina veljist menn er hafi víðtæka þekkingu og reynslu af stjórnskipunarrétti og stjórnmálafræði. Vel kemur til greina að sömu menn veljist til setu í þessari nefnd og veljist í nefnd er skal endurskoða ákvæði laga um landsdóm, sbr. þingsályktunartillögu þess efnis, enda um nátengd mál að ræða.

153. Frumvarp til laga [153. mál]

um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson,
Einar K. Guðfinnsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Þó er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 5% af hreinni eign sjóðsins í stofnfjárbréfum sparisjóða eða verðbréfum hlutafélaga sem stofnuð eru til að taka yfir starfsemi sparisjóða, eða í verðbréfum sem falla undir 6. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu a.m.k. 30% af heildarhlutafé viðkomandi fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga þegar fjárfesting fer fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 127. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt.

Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, var komið á almennri löggjöf um lífeyristryggingar. Í VII. kafla laganna, 36.–39. gr. eru ákvæði um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða sem m.a. setja mörk um fjárfestingar þeirra í einstökum tegundum verðbréfa við hlutfall af hreinni eign. Þau ákvæði takmarka heimildir sjóðanna til fjárfestingar í verðbréfum sem ekki hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði við 10% af hreinni eign sjóðs.

Í þessu tilliti er ekki gerður greinarmunur á óskráðum verðbréfum eftir því hve trygg endurgreiðsla þeirra er metin. Á því takmörkun samkvæmt þessum ákvæðum jafnt við um fjárfestingu í ríkisbréfum, ríkistryggðum verðbréfum eða skuldabréfum sveitarfélaga sem í hlutabréfum fyrirtækja. Takmarkanirnar draga úr áhættudreifingu lífeyrissjóða í fjárfestingum og bein afleiðing þess er aukin áhætta. Höfuðhlutverk lífeyrissjóða er að ávaxta lífeyrissparnað fólks, en áhrif aukinnar áhættu vegna takmarkaðrar áhættudreifingar birtist í lakari ávöxtum lífeyrissparnaðar en ella væri.

Ákvæðin hafa leitt til þess að lífeyrissjóðir fjárfesta umtalsvert í erlendum verðbréfum sem falla undir skilyrði um skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Gengislækkun skráðra verðbréfa, innlendra sem erlendra, hefur í mörgum tilvikum leitt til þess að eign lífeyrissjóða í óskráðum bréfum hefur hækkað sem hlutfall af hreinni eign þeirra og orðið hærri en sem nemur 10% án viðbótarfjárfestingar í þeim. Möguleikar sjóðanna til þátttöku í fyrirtækjum á starfssvæðum sjóðfélaga eru því verulega takmarkaðir þar sem flest þeirra eru ekki skráð á skipulegum markaði fyrr en alllöngu eftir stofnun.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur, að draga úr takmörkunum áhættudreifingar í fjárfestingum lífeyrissjóða og veita þeim þannig möguleika á betri ávöxtun lífeyrissparnaðar og jafnframt að skapa lífeyrissjóðunum rýmri heimildir til fjárfestinga í innlendum óskráðum verðbréfum fyrirtækja, um allt að 5% af hreinni eign þeirra, sem hér segir:

1. Annars vegar að heimila þeim að fjárfesta í stofnfjárbréfum sparisjóða eða verðbréfum hlutafélaga sem stofnuð eru til að taka yfir starfsemi sparisjóða þótt þau séu ekki skráð á skipulegum markaði. Sparisjóðir og hlutafélög sem stofnuð verða til að yfirtaka starfsemi þeirra eru háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins og ársreikningar þeirra öllum aðgengilegir. Lífeyrissjóðir eru víða meðal stærstu stofnfjáraðila sparisjóðanna. Stofnfé hefur verið aukið til að standast kröfur laga um eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og sparisjóða sem leiðir til þess að auka þarf eigið fé til móts við aukin umsvif í útlánum. Þótt sparisjóðir hafi nú fengið heimild til að færa starfsemi sína í hlutafélög kunna þeir að þurfa nokkurn tíma til undirbúnings því, ellegar að þau hlutafélög verða ekki strax skráð á Verðbréfaþingi. Meðan svo stendur er nauðsyn að auðvelda lífeyrissjóðum að gegna áfram sama hlutverki í starfi sparisjóðanna og að nýta sér þann fjárfestingarkost sem stofnfjárbréf þeirra eru eða hlutabréf í þeim þar til skráning fer fram.
2. Hins vegar að heimila þeim að fjárfesta í verðbréfum fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélög stofna til að taka við starfsemi fyrirtækja sinna eða stofnana sem breytt er í hlutafélög í þeim tilgangi að fá aðra aðila að rekstri þeirra, eða hlutafélaga sem stofnuð eru til fjármögnunar efnilegra viðskiptahugmynda í atvinnuþróunarstarfi. Hið fyrra kann að koma upp þegar raforkufyrirtæki starfa í samkeppni, en þau hafa hingað til starfað hvert um sig á sínu tilgreinda svæði, án allrar samkeppni og þess aðhalds sem hún veitir. Það kann einnig að eiga við um áhaldahús eða vélamiðstöðvar sveitarfélaga sem eru í samkeppni við verktakafyrirtæki. Þá þykir eðlilegt að ríki og sveitarfélög takmarki áhættu sína, selji

jafnvel eignarhluta sína til að stunda ekki samkeppni við fyrirtæki annarra aðila sem eiga að öðru leyti mál sín undir afstöðu ríkis og sveitarfélaga sem stjórnvalda. Hið síðara varðar uppbyggingu eignarhaldsfélaga sem eru hlutafélög sveitarfélaga, Byggðastofnunar fyrir hönd ríkissjóðs og annarra fjárfesta, stofnuð víða um land til að greiða fyrir fjármögnun nýrra viðskiptahugmynda eða endurfjármögnun sprotafyrirtækja. Sú uppbygging mun ganga mjög hægt við núgildandi takmarkanir í heimildum lífeyrissjóða til að fjárfesta í þeim og eignast hluta þess sem ráðgert er að verði í eigu annarra en ríkis og sveitarfélaga. Í þessum tilvikum eru lífeyrissjóðir álitlegir til að gegna hlutverki leiðandi fjárfesta hver á sínu svæði og hafa forustu um hlutafjárkaup annarra aðila af ríki og sveitarfélögum eða til móts við þau.

154. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um nýtingu innlends trjáviðar.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Jónas Hallgrímsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið, sem fellur til við grisjun, til framleiðslu listmuna, byggingarefnis, límtrés eða til eldiviðarframleiðslu. Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þau verðmæti er til falla í skógum landsins.

Greinargerð.

Með aukinni skógrækt víða um land fellur mikið til af trjáviði við grisjun skóga. Miklu máli skiptir að nýta þann trjávið sem best. Eðlilegt er talið að 30–50 ár líði frá gróðursetningu skógarplantna þar til grisjunarviðurinn verður nýtanlegur. Á næstu árum mun magn hans aukast mikið víða um land. Benda má á eftirtaldar leiðir til að hámarka verðmætasköpun úr grisjunarviði:

a. Á vegum Skógræktar ríkisins hefur verið komið upp sérstökum viðarlager (viðarmiðlun). Þar geta handverks- og listamenn orðið sér úti um íslenskan við til handverks- og listmunagerðar eða sem byggingarefni. Einnig má nýta viðinn sem efni til handmenntakennslu í skólum landsins. Notkun íslensks viðar hefur uppeldislegt gildi fyrir nemendur og í henni er fólgin kynning á því hvernig nýta má afurðir skógarins.
b. Límtré er víða talið mjög heppilegt byggingarefni mannvirkja. Benda má á að ending timburs er í mörgum tilfellum margfalt betri en ending steinsteypu. Fram til þessa hefur mestallt hráefni til vinnslunnar verið innflutt.

   Fyrir nokkrum árum gekkst Límtrésverksmiðjan á Flúðum fyrir tilraunaverkefni þar sem 36 ára íslensk lerkitré af síberískum uppruna voru notuð til framleiðslu límtrésbrúar. Sú tilraun þótti takast mjög vel. Eðlilegt er að allar göngubrýr í íslenskum skógum og þjóðgörðum verði gerðar úr slíku efni. Þetta er í raun táknrænt dæmi um hvað hægt er að gera úr íslenskum viði.
c. Lerki er ákjósanlegt efni til framleiðslu gluggaviðar, skjólgirðinga, sólpalla o.fl. Afgangsvið og úrgangsvið má einnig nota til framleiðslu á eldiviði til upphitunar heimila og stofnana, svo og sem eldivið í ál- eða járnblendiframleiðslu. Kurl hentar og vel í göngustíga.

Alþekkt er að skógur sem ekki er grisjaður liggur undir skemmdum. Víða á landinu má finna þéttan skóg sem brýn þörf er á að grisja. Einnig fellur mikið til af trjáviði í þéttbýli þegar verið er að grisja tré á húsalóðum.

Flutningsmenn leggja til að Alþingi beini þeirri áskorun til landbúnaðarráðherra að hann kanni möguleika á að allur viður sem fellur til við grisjun í skógum landsins og skrúðgörðum verði nýttur þannig að sem mest verðmæti skapist.

Nefna má nokkur dæmi um fyrirtæki á Íslandi sem vinna að tilraunum með vinnslu á íslenskum trjáviði: Límtré hf. á Flúðum hefur kannað notkunarmöguleika lerkis og Byko hf. hefur í hyggju að reyna lerki í gólfefni, sólbekki o.fl. Trésmiðja Fljótsdalshéraðs mun gera tilraunir með smíði glugga úr lerki og hjá nokkrum aðilum er hafin önnur vinnsla, svo sem smíði húsgagna og ýmissa handverksmuna.

Landshlutabundin skógræktarverkefni hafa nú verið sett á laggirnar í öllum landshlutum. Löng hefð er fyrir skógrækt á Héraði, sem og á Suðurlandi, í Borgarfirði og víðar um land. Þessi verkefni leiða til þess að mjög brýnt er og nauðsynlegt að skoða nýtingu innlends trjáviðar til hlítar og nýta sem best öll þau verðmæti sem skógurinn gefur.

155. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um niðurfellingu lendingargjalda fyrir reglubundið millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gera áætlun um niðurfellingu lendingargjalda á Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli til næstu fimm ára. Lendingargjöldin verði felld niður hjá þeim flugfélögum sem hyggja á reglubundið flug frá þessum flugvöllum til útlanda.

Greinargerð.

Á Íslandi eru fjórir alþjóðlegir flugvellir. Þeirra langstærstur er Keflavíkurflugvöllur, þá Reykjavíkurflugvöllur síðan Akureyrarflugvöllur og loks Egilsstaðaflugvöllur. Ferðaþjónustuaðilar eru sammála um að mjög mikil hagsbót væri að því fyrir ferðaþjónustuna, sérstaklega á landsbyggðinni, að flugvellirnir á Akureyri og á Egilsstöðum nýttust betur í þágu hennar en nú er. Sama má segja um möguleika eða áform manna um inn- og útflutning frá þessum flugvöllum.

Gerðar hafa verið tilraunir til þess að auka samgöngur við útlönd frá þessum flugvöllum í allnokkur ár. Til dæmis stóð Akureyrarbær ásamt hagsmunaaðilum að samningi við flugfélag sem flaug reglubundið milli Zürich í Sviss og Akureyrar. Sú tilraun stóð í nokkur ár en er nú aflögð. Það flug var styrkt beint af Akureyrarbæ og óbeint af öðrum aðilum í ferðaþjónustu, t.d. með auglýsingum.

Nú um skeið hefur Egilsstaðabær staðið fyrir svipuðum samningi þar sem flogið hefur verið á milli Egilsstaða og Düsseldorf og auk þess eru áform um að fljúga á milli Egilsstaða og München næsta sumar. Í báðum þessum tilvikum hefur verið um sumarflug að ræða.

Nokkrir aðilar hafa átt í viðræðum við erlend flugfélög um að auka þjónustuna við þessa staði. Þar má m.a. nefna Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar sem staðið hefur í viðræðum við flugfélag erlendis um að hefja beint flug til Akureyrar. Það er mat allra þeirra sem að þessu

máli koma að einhvers konar stuðningur þurfi að koma til eins og dæmin frá fyrrgreindum stöðum sýna svo að þessi kostur á notkun vallanna sé fýsilegur.

Það er mat flutningsmanna að vænlegt sé að gera tilraun til næstu fimm ára með niðurfellingu lendingargjalda á þessum tveimur flugvöllum þannig að öllum þeim flugfélögum sem hafa áhuga sé með því móti gert fært að lækka kostnað vegna flugsins á jafnréttisgrundvelli.

Að því er best verður séð væri hægt að líta á niðurfellingu lendingargjaldanna sem byggðastyrk og væri hún því í fullu samræmi við þær reglur sem settar eru varðandi byggðastyrki á Evrópska efnahagssvæðinu.

156. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um meðferðardeild við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra að hefja þegar í stað undirbúning að uppbyggingu meðferðardeildar við fangelsi fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn í tengslum við starfsemi Heilbrigðisstofnunar Selfoss, fangelsið á Litla-Hrauni og réttargeðdeild að Sogni. Ákvörðun um úrræði fyrir þennan hóp sjúkra afbrotamanna liggi fyrir eigi síðar en 1. maí 2003.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur verið mikið rætt um meðferðarúrræði fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn og hvernig hægt væri að koma þeim til aðstoðar. Hér er um mjög viðkvæman og alvarlegan málaflokk að ræða sem nauðsynlegt er að taka á svo fljótt sem auðið er. Sakhæfir geðsjúkir einstaklingar sem brotið hafa af sér hafa ekki í mörg hús að venda því að engin sérhæfð stofnun er til. Aðstandendur geðsjúkra afbrotamanna, sem og forsvarsmenn Geðhjálpar og Samhjálpar, hafa margoft bent á alvöru þessara mála og þau vandræði sem steðja að þessum hópi.

Jákvæð reynsla er af starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni sem og fangelsisins að Litla-Hrauni við Eyrarbakka. Hvorug þessara stofnana er þó ætluð til að hýsa sakhæfa geðsjúka afbrotamenn. Því er brýnt að byggja eða kaupa húsnæði í grennd við þessa staði þar sem þeir geta átt athvarf.

Nauðsynlegt er að þessir afbrotamenn fái uppbyggilega meðferð um leið og þeir afplána dóma. Starfsmenn heilbrigðisstofnana á Suðurlandi eru vanir að liðsinna þessum sérhæfðu og viðkvæmu stofnunum og nokkur samvinna er á milli starfsmanna á Sogni og Litla-Hrauni. Sú reynsla mundi nýtast nýrri meðferðarstofnun og því er hyggilegt að byggja upp meðferðarfangelsi á þessum slóðum. Talið er að um sé að ræða um 20 sakhæfa geðsjúka einstaklinga. Verkefnið er brýnt og nauðsynlegt að taka á vandanum sem allra fyrst.

157. Frumvarp til laga [157. mál]

um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, svohljóðandi:

Siglingastofnun Íslands getur heimilað að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá sé skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Þurrleiguskráning er tímabundin skráning skips, sem leigt hefur verið án áhafnar, á erlenda skipaskrá án þess að það sé afmáð af íslenskri skipaskrá. Siglingastofnun Íslands getur ákveðið að heimild til þurrleiguskráningar takmarkist við skipaskrár tiltekinna ríkja. Heimilt er að skrá skip með þessum hætti til allt að eins árs og framlengja þurrleiguskráningu í framhaldi af því um allt að sex mánuði í senn. Með umsókn um heimild til þurrleiguskráningar skulu fylgja:

a. upplýsingar um leigutaka skipsins,
b. upplýsingar um hvar óskað er að skrá skipið þurrleiguskráningu,
c. afrit þurrleigusamnings, auk löggiltrar þýðingar á samningnum ef hann er á öðru tungumáli en íslensku eða ensku,
d. staðfesting erlendrar skipaskrár á því að heimilt sé að skrá skipið þurrleiguskráningu þar,
e. staðfesting erlendrar skipaskrár á því að skipið verði tafarlaust afmáð af skipaskránni ef íslensk stjórnvöld fara fram á það,
f. skriflegt samþykki veðhafa fyrir þurrleiguskráningunni,
g. aðrar upplýsingar sem samgönguráðherra getur kveðið á um í reglugerð.

Áður en Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting sjávarútvegsráðuneytisins á því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
b. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur grafa ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við reglur þjóðaréttar,
c. verndunarsjónarmið mæla ekki gegn þeim veiðum sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
d. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur eru í samræmi við þær reglur sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um,
e. sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki,
f. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga,
g. önnur skilyrði sem sjávarútvegsráðherra getur kveðið á um í reglugerð.

Skip, sem skráð er á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá, siglir undir þjóðfána erlenda ríkisins og skal fylgja ákvæðum laga og reglna þess ríkis, þ.m.t. ákvæðum um eftirlit með skipum, búnað skipa og mönnun þeirra, á meðan á þurrleiguskrán-

ingu stendur. Veðbönd skips, sem skráð er með þessum hætti, skulu skráð hjá hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra hér á landi.

Heimild til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður þegar:

a. þurrleigusamningur fellur úr gildi,
b. forsendur heimildar til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. eru brostnar að mati Siglingastofnunar Íslands,
c. skilyrði fyrir heimild til þurrleiguskráningar skv. 2. mgr. er ekki lengur uppfyllt að mati sjávarútvegsráðuneytisins,
d. leigutaki skipsins óskar þess,
e. 1. mgr. 15. gr. á við um skipið.

Þegar heimild skips til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður skal Siglingastofnun Íslands fara fram á það við erlendu skipaskrána að skipið verði tafarlaust afmáð af henni.

Þurrleiguskráningu skips telst lokið þegar tilkynning berst frá erlendu skipaskránni um að það hafi verið afmáð af henni.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skip sem er skráð á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá telst þó ekki vera íslenskt skip og hefur ekki rétt til að sigla undir þjóðfána Íslendinga meðan á þurrleiguskráningunni stendur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er samið af nefnd sem samgönguráðherra skipaði í samráði við sjávarútvegsráðherra, en nefndinni var ætlað að „gera tillögur um tvískráningu íslenskra fiskiskipa, þar með talið hvort óska eigi eftir samningum þar um við erlend ríki og gera tillögur um lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að vera ef þurrleiguskráning íslenskra fiskiskipa verður heimiluð. Í störfum sínum ber nefndinni að hafa samráð við hagsmunaaðila". Í nefndinni voru Stefán Ásmundsson sjávarútvegsráðuneyti, formaður, Helgi Jóhannesson samgönguráðuneyti og Tómas H. Heiðar utanríkisráðuneyti. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurbergur Björnsson, Siglingastofnun Íslands.

Með þurrleiguskráningu er átt við skráningu skips þegar gerður er samningur um leigu á skipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Leigutaki getur ýmist verið tengdur leigusala eða ótengdur honum. Leigusali getur komið upp fyrirtæki í öðru ríki, t.d. með þátttöku þarlendra aðila, sem uppfyllir kröfur þess ríkis um eignarhald. Þetta fyrirtæki gæti þurrleigt skipið af móðurfyrirtækinu. Í öðrum tilvikum gæti leigutakinn verið ótengdur leigusala með öllu. Skipið er áfram skráð á skipaskrá í heimalandi eiganda skipsins, þ.e. leigusalans. Hafi eigandinn veðsett skipið með samningsveðum er haldið utan um þau í landi eigandans, þ.e. frumskráningarríkinu. Leigutaki tekur við skipinu og skráir það þurrleigu á skipaskrá heimalands síns. Við það færist skipið undir lögsögu fánaríkis leigutakans og lög þess gilda um allan rekstur skipsins, þ.m.t. um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi.

Tilgangur frumvarpsins er að auka möguleika íslenskra útgerða að nýta skip sín til verkefna erlendis og veita heimild til þess að fiskiskip séu skráð þurrleiguskráningu á erlenda

skipaskrá en verði eftir sem áður frumskráð á íslenska skipaskrá. Í frumvarpinu eru sett mjög ströng skilyrði fyrir slíkri heimild og miðað við að þurrleigð skip stundi aðeins veiðar sem íslensk skip ættu annars ekki kost á. Veiðiheimildir annarra ríkja, innan eða utan lögsögu þeirra, er yfirleitt einungis hægt að nýta með skipum er bera fána viðkomandi ríkis. Íslenskar útgerðir, sem hafa sóst eftir að veiða úr veiðiheimildum annarra ríkja, hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki og jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á þær veiðiheimildir sem ætlunin er að nýta. Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi. Mikil fyrirhöfn og kostnaður er þessu samfara fyrir útgerðir skipanna. Veiðar þessara skipa yrðu því hrein viðbót við þau verkefni sem íslenski flotinn getur nú stundað. Í því felast ekki aðeins auknar tekjur fyrir útgerðir heldur einnig aukin atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn og auknar tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú. Hinn meginkosturinn er að íslenskar útgerðir gætu nýtt þurrleiguskráningu til að bæta réttarstöðu sína við sölu á skipum til erlendra aðila með kaupleigusamningi.

Í frumvarpinu er lagt til að áður en Siglingastofnun Íslands veiti heimild til þurrleiguskráningar skips skuli liggja fyrir staðfesting sjávarútvegsráðuneytisins á því að nánar tiltekin skilyrði séu uppfyllt, en þau eru eftirfarandi:

- skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
- þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur grafa ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við reglur þjóðaréttar,
- verndunarsjónarmið mæla ekki gegn þeim veiðum sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
- þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur eru í samræmi við þær reglur sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um,
- sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki,
- þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur ganga ekki að öðru leyti gegn hagsmunum Íslands,
- önnur skilyrði sem sjávarútvegsráðherra getur kveðið á um í reglugerð.

Nefndin sem útbjó frumvarpið viðaði að sér upplýsingum og gögnum um alþjóðasamninga er varða málið og skoðaði með hliðsjón af mögulegri þurrleiguskráningu frá íslenskri skipaskrá. Einnig aflaði utanríkisráðuneytið upplýsinga, í gegnum nokkur sendiráð Íslands, um löggjöf erlendra ríkja um þurrleiguskráningu og úthlutun veiðiheimilda erlendis. Loks aflaði hún upplýsinga um löggjöf í Danmörku og Færeyjum um skráningu skipa í þessum löndum, en þar er þurrleiguskráning heimiluð sem felur í sér heimild til þurrleiguskráningar á og frá skipaskrám þessara landa. Í Danmörku er heimildin bundin við kaupskip. Niðurstaða nefndarinnar var að þurrleiguskráning er heimil samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og vísast til umfjöllunar í áliti nefndarinnar sem birtist í fylgiskjali með frumvarpi þessu.

Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar sem vann að frumvarpinu leitaði hún álits hagsmunaaðila um málið. Af hálfu stéttarfélaga sjómanna hafa komið fram sjónarmið um að engin rök standi til þess að veita heimild til þurrleiguskráningar fiskiskipa.

Sjómannasamband Íslands lýsti m.a. þeirri skoðun að útgerðarmenn séu að þrýsta á stjórnvöld um að heimila þurrleiguskráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn og að útgerðir muni nota þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem stunda mætti undir íslenskum fána, í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar. Að því er fyrra atriðið varðar óttast sambandið að þegar þurrleiguskráð skip ljúka verkefnum sínum erlendis, verið afskráð af erlendri skipaskrá og komi aftur til Íslands með erlenda áhöfn aukist þrýstingur á að þeir starfi áfram á skipinu. Einnig óttast þeir að samningsstaða íslenskra sjómanna að því er kjaramál varðar versni við þessar aðstæður.

Til svara við þessum athugasemdum er rétt að benda á að íslensk lög og kjarasamningar gilda um skip sem sigla undir íslenskum fána. Til þess að unnt sé að ráða erlenda sjómenn á skip sem siglir undir íslenskum fána þurfa þeir að fá viðurkenningu á atvinnuskírteinum sínum. Auk þess þurfa þeir atvinnuleyfi á Íslandi ef þeir koma frá löndum utan EES- svæðisins. Skylt er að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélaga áður en atvinnuleyfi er veitt. Sé atvinnuleyfi veitt fá viðkomandi sjómenn laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Árétta skal í þessu sambandi að það er brot á 6. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, að greiða samkvæmt erlendum kjarasamningum á skipum sem sigla undir íslenskum fána. Rétt er að minna á að óheimilt er að ráða erlendan skipstjóra á íslenskt skip, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum. Hvað seinna atriðið varðar miðar frumvarpið við að heimild til þurrleiguskráningar verði ekki veitt ef skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga gætu ekki stundað þær veiðar.

Farmanna- og fiskimannasambandið taldi að áhætta væri fólgin í þurrleiguskráningu þar sem óvissa gæti ríkt um réttarstöðu áhafnar, eigenda og skips gagnvart öðrum ríkjum. Vísaði sambandið í því efni til ákvæðis 2. tölul. 92. gr. hafréttarsamningsins. Að mati nefndarinnar sem vann að frumvarpinu er þessi athugasemd byggð á þeim misskilningi að þurrleiguskráning sé hið sama og tvíflöggun. Niðurstaða nefndarinnar var að þurrleiguskráning sé heimil samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sambandið benti jafnframt á að veiðireynsla þurrleigðra skipa komi fánaríkinu til góða, sem gæti unnið gegn hagsmunum Íslands, en með frumvarpi þessu er tekið undir þau sjónarmið og lagt til að heimild til þurrleiguskráningar verði ekki veitt ef skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga gætu ekki stundað þær veiðar.

Í máli Vélstjórafélags Íslands kom fram að félagið gerði sér grein fyrir því að þurrleiguskráning mundi auka tekjumöguleika íslenskra útgerða, en legðist samt sem áður gegn því að þurrleiguskráning yrði heimiluð hér á landi.

Þegar skip eru þurrleigð gildir leigusamningurinn einungis um skipið, en ekki um áhafnir eins og ef um tímaleigusamning væri að ræða. Ætla má að íslenskar útgerðir kjósi að hafa íslenska sjómenn um borð að meira eða minna leyti, m.a. til þess að draga úr þeirri áhættu sem fylgir því að leigja frá sér þessi dýru atvinnutæki. Heimild íslenskra sjómanna til þess að starfa á þurrleigðum skipum er háð reglum fánaríkisins um atvinnuleyfi.

Að öðru leyti vísast til álits nefndar sem birtist í fylgiskjali með frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Skýrsla nefndar um tvískráningu fiskiskipa.
I. Forsaga og nefndarskipan.

Með bréfi til samgönguráðuneytisins, dags. 29. apríl 1999, (fylgiskjal 1) fór Landssamband íslenskra útvegsmanna þess á leit að íslensk stjórnvöld leyfðu tvískráningu íslenskra fiskiskipa. Í gögnum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, er vísað til slíkrar skráningar sem skráningar skipa á þurrleigu (e.: bareboat charter registration) sem nefndin kýs að kalla þurrleiguskráningu og verður það hugtak notað í þessari skýrslu.

Þurrleiguskráning felur í sér að gerður er samningur um leigu á skipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Skipið er áfram skráð á skipaskrá í heimalandi eiganda skipsins, þ.e. leigusalans. Hafi eigandinn veðsett skipið með samningsveðum er algengast að haldið sé utan um þau í landi eigandans, þ.e. frumskráningarríkinu. Leigutaki tekur við skipinu og þurrleiguskráir það á skipaskrá heimalands síns. Við það færist skipið undir lögsögu fánaríkis leigutakans og lög þess gilda um allan rekstur skipsins, þ.m.t. um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi. Farið er með skipið eins og það sé eign leigutaka að því er sjóveð varðar. Leigusali og samningsveðhafar taka því nokkra áhættu varðandi sjóveð. Safni skipið t.d. hafnagjöldum í landi leigutakans er sú hætta ávallt fyrir hendi að skipið verði boðið upp til fullnustu sjóveðskrafna. Einnig tekur leigusali áhættu af því að skipinu verði haldið af yfirvöldum leigutaka í einhvern tíma ef leigutaki brýtur af sér við veiðar. Leigutaki hefur hins vegar hagsmuni af því að gæta þess að ekki hvíli sjóveðskrafa á skipinu áður en hann tekur við því.

Leigutaki getur ýmist verið tengdur leigusala eða ótengdur honum. Leigusali gæti komið upp fyrirtæki í öðru landi, t.d. með þátttöku þarlendra aðila, sem uppfyllir kröfur þess ríkis um eignarhald. Þetta fyrirtæki gæti þurrleigt skipið af móðurfyrirtækinu. Í öðrum tilvikum gæti leigutakinn verið ótengdur leigusala með öllu.

Þegar skip eru þurrleigð gildir leigusamningurinn einungis um skipið, en ekki um áhafnir eins og ef um tímaleigusamning væri að ræða. Hins vegar má ætla að íslenskar útgerðir kjósi að hafa íslenska sjómenn um borð að meira eða minna leyti, m.a. til þess að draga úr þeirri áhættu sem fylgir því að leigja frá sér þessi dýru atvinnutæki. Heimild íslenskra sjómanna til þess að starfa á þurrleigðum skipum er háð reglum fánaríkisins um atvinnuleyfi.

Fram hefur komið að nokkrar ástæður liggja að baki fyrrnefndrar beiðni LÍÚ. Íslenskar útgerðir hafa á undanförnum árum ekki haft næg verkefni fyrir flota sinn. Þetta ásamt öðru hefur leitt til þess að útgerðir sækjast í auknum mæli eftir verkefnum erlendis. Að auki hafa íslenskar útgerðir fundið markað erlendis fyrir skip sem þær hafa ekki not fyrir og fengið greitt fyrir þau með afla. Að sögn útgerðarmanna yrði um eftirfarandi tilvik að ræða:

- Sala á skipi úr landi með kaupleigusamningi. Skipið yrði í þessum tilvikum þurrleiguskráð þar til kaupverð hefur verið að fullu greitt. Með þessu væru útgerðarmenn að tryggja sig gagnvart kaupendum skipa er búa við réttarkerfi sem þeir treysta ekki fyllilega.
- Leiga á skipum til ótengdra aðila í tímabundin verkefni erlendis.
- Leiga á skipum til tengdra erlendra aðila svo þau geti veitt tímabundið úr veiðiheimildum annarra ríkja sem ekki er hægt að nýta undir íslenskum fána. Í sumum tilvikum yrði um dótturfyrirtæki að ræða með eignaraðild þarlendra aðila. Dæmi eru um að íslenskar útgerðir eigi hlut í fyrirtækjum eða dótturfyrirtæki erlendis, t.d. í Eistlandi, Lettlandi, Þýskalandi, Bretlandi og Noregi. Þessi ríki taka þó ekki öll við skipum til þurrleiguskráningar.

Veiðiheimildir annarra ríkja, innan eða utan lögsögu þeirra, er yfirleitt einungis hægt að nýta með skipum er bera fána viðkomandi ríkis. Íslenskar útgerðir, sem hafa sóst eftir að veiða úr veiðiheimildum annarra ríkja, hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki og jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á þær veiðiheimildir sem ætlunin er að nýta. Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi. Mikil fyrirhöfn og kostnaður er þessu samfara og hefur það ásamt öðru leitt til fyrrnefndrar beiðni frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Samgönguráðherra hefur í samráði við sjávarútvegsráðherra brugðist við þessari beiðni með því að skipa nefnd (sjá fylgiskjal 2) sem hefur það hlutverk að: „gera tillögur um tvískráningu íslenskra fiskiskipa, þar með talið hvort óska eigi eftir samningum þar um við erlend ríki og gera tillögur um lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að vera ef þurrleiguskráning íslenskra fiskiskipa verður heimiluð. Í störfum sínum ber nefndinni að hafa samráð við hagsmunaaðila“.

Í nefndinni eru Stefán Ásmundsson, sjávarútvegsráðuneytinu, formaður, Helgi Jóhannesson, samgönguráðuneytinu, Tómas H. Heiðar, utanríkisráðuneytinu. Starfsmaður nefndarinnar er Sigurbergur Björnsson, Siglingastofnun Íslands. Nefndin hélt alls 18 fundi, þ.m.t. þrjá samráðsfundi með hagsmunaaðilum.

II. Umfjöllun nefndarinnar.

Nefndin byrjaði á að fara yfir umfjöllun hagsmunaaðila og fjölmiðla á innlendum vettvangi sem vitað var um. Þá viðaði hún að sér upplýsingum og gögnum um alþjóðasamninga er varða málið og skoðaði með hliðsjón af mögulegri þurrleiguskráningu frá íslenskri skipaskrá. Einnig aflaði utanríkisráðuneytið upplýsinga um þurrleiguskráningu og úthlutun veiðiheimilda erlendis í gegnum nokkur sendiráð Íslands. Loks aflaði hún upplýsinga um löggjöf í Danmörku og Færeyjum um skráningu skipa í þessum löndum, en þar er þurrleiguskráning heimiluð sem felur í sér heimild til þurrleiguskráningar á og frá skipaskrám þessara landa. Rétt er að geta þess að heimildin í Danmörku er bundin við kaupskip.

Á fundum nefndarinnar komu fljótlega fram eftirfarandi sjónarmið:

- Fara þyrfti yfir þjóðréttarlegan grundvöll þurrleiguskráningar.
- Kanna þyrfti fyrirkomulag skráningar skipa og úthlutunar veiðiheimilda erlendis.
- Kanna þyrfti sjónarmið hagsmunaaðila í þessu máli.

Þjóðaréttur.

Hér á eftir er farið yfir helstu niðurstöður athugunar nefndarinnar á þjóðarétti að því er að þurrleiguskráningu varðar.

Hvað heimilar þjóðaréttur í þessu sambandi og hvað ekki?

- Ríki skulu skv. 91. gr. hafréttarsamningsins (fylgiskjal 3) „setja skilyrði fyrir veitingu þjóðernis síns til handa skipum, skráningu skipa í landi sínu og réttinum til að sigla undir fána sínum.“ Upptalningin virðist bera með sér að greinarmunur sé gerður á þessum þrem atriðum. Þau verða þó að teljast nátengd.
- Að þjóðarétti virðist því vera heimilt að setja mismunandi skilyrði fyrir því að skip a) fáist skráð á Íslandi, b) teljist vera íslensk skip samkvæmt íslenskum lögum og c) megi sigla undir íslenskum fána.

- Ef ríki er heimilt að ákveða skilyrði fyrir skráningu, þjóðerni og réttinum til að sigla undir fána sínum er því þar með í sjálfsvald sett hvort það heimilar að skip séu skráð innan lands og erlendis samtímis.
- Jafnframt er ríki í sjálfsvald sett hvaða skilyrði það setur fyrir þurrleiguskráningu. Ákvæði 2. tl. 92. gr. hafréttarsamningsins (fylgiskjal 3) kveður þó á um að skip, sem siglir undir fánum tveggja eða fleiri ríkja og notar þá eftir sinni hentisemi, teljist þjóðernislaust.
- Samningur S.þ. um skilyrði fyrir skráningu skipa frá 7. febrúar 1986 (fylgiskjal 4) byggist m.a. á því að þurrleiguskráning sé heimil samkvæmt þjóðarétti. Samningurinn hefur þó ekki enn öðlast gildi.
- Í umfjöllun IMO um þurrleiguskráð skip (fylgiskjal 5) er gengið út frá því að ekki ríki neinn ágreiningur um þjóðréttarlegt lögmæti þurrleiguskráningar.
- Í samþykkt Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, nr. FC DOC 99/11 (fylgiskjal 6) eru reglur varðandi veiðar þurrleiguskráðra skipa á NAFO svæðinu. Í samþykktinni koma ekki fram neinir fyrirvarar um lögmæti slíkrar skráningar.

Hvernig skiptist lögsaga yfir skipum sem eru þurrleiguskráð?

- Þótt hægt sé að kveða á um í íslenskum lögum að skip, sem siglir undir erlendum fána en er skrásett á Íslandi, teljist vera íslenskt er því að frumskráningu og eignarhald varðar nær lögsaga Íslands að öðru leyti ekki til þess fyrr en þurrleigu lýkur.
- Skipið telst vera erlent skip að því er alþjóðlegar fiskveiðistjórnunarráðstafanir varðar og getur ekki nýtt íslenskar veiðiheimildir.

Hver verða áhrif „FAO Compliance Agreement“?

- Ef Ísland fullgildir samninginn og hann öðlast gildi munu íslensk skip sem fara undir erlendan fána þurfa ný úthafsveiðileyfi í hvert sinn sem þau koma aftur undir íslenskan fána. Áður en slíkt leyfi yrði gefið út þyrfti að kanna feril skipsins skv. 5. tl. 3. gr. samningsins. Allar upplýsingar um feril skipsins ættu að liggja fyrir og yrði slík könnun því vart erfið eða tímafrek.

Hverjar eru skuldbindingar Íslands gagnvart alþjóðlegum fiskveiðistjórnarstofnunum og fiskveiðisamningum?

- Gera þarf ráðstafanir til þess að íslensk skip grafi ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum á meðan þau sigla undir erlendum fána.

Hvaða áhrif hefur krafan um raunveruleg tengsl milli skips og fánaríkisins á þurrleiguskráningu?

- Íslenskum stjórnvöldum ber að fullvissa sig um að fánaríki hafi virkt eftirlit með þurrleigðuskráðu skipi. Að öðru leyti er það í höndum fánaríkis að meta hvort um raunveruleg tengsl samkvæmt þjóðarétti sé að ræða.

Eftirlit og stjórn fánaríkis.

- Í 4. tl. 12. gr. samnings S.þ. um skráningu skipa er kveðið á um að ríki hafi lögsögu yfir þurrleigðu skipi sem siglir undir fána þess.

Af framangreindu er ljóst að þurrleiguskráning er heimil samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Fyrirkomulag skráningar skipa og úthlutunar veiðiheimilda erlendis.

Að beiðni nefndarinnar óskaði utanríkisráðuneytið eftir svörum frá tilteknum ríkum við eftirfarandi spurningum:

Hvort þurrleiguskráning fiskiskipa sé leyfð þar og hvaða reglur gildi þar um.

Hvort það sé skilyrði fyrir því að skip geti fengið heimildir til að veiða úr veiðiheimildum viðkomandi ríkis að það sigli undir þarlendum fána.

Óskað var eftir upplýsingum frá eftirfarandi ríkjum: Argentínu, Bretlandi, Bandaríkjunum, Chile, Eistlandi, Frakklandi, Írlandi, Japan, Kanada, Kína, Lettlandi, Litháen, Noregi, Portúgal, Póllandi, Rússlandi, Spáni og Þýskalandi.

Skemmst er frá því að segja að svör frá Argentínu, Chile, Japan, Kína, Noregi, Póllandi og Spáni voru á þá leið að þurrleiguskráning væri ekki leyfileg. Einungis skip undir innlendum fána gætu nýtt veiðiheimildir þessara landa. Í Japan gætu erlend skip frá nálægum slóðum þó fengið veiðiheimildir hjá þarlendum stjórnvöldum.

Samkvæmt svari frá Bandaríkjunum er þurrleiguskráning ekki leyfð þar í landi. Hins vegar geta bandarísk stjórnvöld veitt erlendum útgerðum fiskveiðiheimildir ef fiskstofnar eru í góðu ástandi.

Í svari frá Þýskalandi kom fram að einungis skip sem sigla undir þýskum fána geta nýtt sér þýskar veiðiheimildir. Fram kom að einungis skip sem hafa þýskt „fánavottorð" geta siglt undir þýskum fána. Ekki kom fram hvort þurrleiguskráning væri leyfileg.

Ráða má af svari frá Frakklandi að þurrleiguskráning sé leyfileg á franska skipaskrá að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í svari frá Eistlandi kom fram að heimilt er að þurrleiguskrá skip til Eistlands. Eistnesk lög gilda um þurrleiguskráð skip á þarlenda skipaskrá og sigla undir þarlendum fána. Ef öryggisreglur frumskráningarríkisins eru strangari en þær eistnesku gilda reglur frumskráningarríkisins um skipið. Skilyrði fyrir skráningu skips á eistneska skipaskrá er að leigutakinn sé eistneskur ríkisborgari, opinber aðili eða lögaðili. Ef um sameignarfélag er að ræða verður meirihlutaeign að vera í höndum Eistlendinga. Þá setja lögin skilyrði um að a.m.k. helmingur áhafnar sé eistneskir ríkisborgarar. Eftirfarandi verður að liggja fyrir áður en hægt er að þurrleiguskrá skip:

- Það sé þurrleigt til eistneskra aðila, sbr. skilyrðin hér að framan.
- Lög frumskráningarríkisins heimili þurrleiguskráningu.
- Eigandi skipsins leyfi þurrleiguskráningu.

Að uppfylltum þessum skilyrðum er skipið þurrleiguskráð til allt að tveggja ára og hægt að framlengja skráninguna um allt að eitt ár í senn. Til þess að nýta eistneskar veiðiheimildir verða erlend skipa að sigla undir eistneskum fána.

Í svari frá Litháen kom fram að þurrleiguskráning fiskiskipa væri leyfð með vissum skilyrðum. Enn fremur kom fram að einungis skip sem sigldu undir litháenskum fána gætu veitt úr veiðiheimildum landsins.

Í svari frá Lettlandi kom fram að veiðiheimildum væri einungis úthlutað til lettneskra útgerða. Lettneskar útgerðir gætu stofnað til samstarfs við erlendar útgerðir en í slíkum tilfellum yrðu þau að flytja skip sín undir lettneskan fána. Ekki kom fram hvort leyfi væri veitt til þurrleiguskráningar fiskiskipa.

Sjónarmið hagsmunaaðila.

Nefndin kallaði helstu hagsmunaaðila á fund sinn og kynnti fyrir þeim hugmyndir um framkvæmd þurrleiguskráningar og skilyrði sem yrðu sett í því sambandi. Um var að ræða Landssamband íslenskra útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands og Samtök fjármálafyrirtækja. Hagsmunaaðilarnir kynntu sjónarmið sín fyrir nefndinni. Í kjölfarið sendi nefndin hagsmunaaðilum bréf með endurskoðuðum hugmyndum sínum (fylgiskjal 7) og óskaði eftir að þeir gæfu nefndinni

skriflega umsögn. Umsagnirnar fylgja skýrslunni (fylgiskjöl 8 – 12). Hér á eftir fara athugasemdir hagsmunaaðila og umfjöllun nefndarinnar um þær.

Sjónarmið Landssambands íslenskra útvegsmanna.

LÍÚ vill opna fyrir möguleika á þurrleiguskráningu fiskiskipa eins og vikið er að í inngangi þessarar skýrslu. Sambandið færir rök fyrir því að slíkt muni auka tækifæri útgerða og sjómanna á frekari tekjuöflun. Ástæðurnar eru einkum tvær. Annars vegar að þurrleiguskráning geri útgerðarmönnum kleift að nýta skip sín betur en nú. Mörg íslensk fiskiskip hafi litlar aflaheimildir. Möguleikar á að leigja aflaheimildir og flytja þær á milli skipa hafi minnkað í kjölfar nýlegrar lagasetningar. Þessu til viðbótar sé afkastageta íslenskra skipa sífellt að aukast. Þetta leggist allt á eitt um að verkefni íslenskra fiskiskipa dragist saman. Hættara sé við því en áður að þessi dýru tæki liggi í einhvern tíma á ári bundin við bryggju verkefnalaus sjómönnum og útgerðum til vanþurftar. Hin ástæðan er sú að kostnaður við þurrleiguskráningu sé minni en við að taka skip af íslenskri skipaskrá og skrá þau á erlenda skipaskrá.

– Gagnrökin eru þau að ríkissjóður yrði af tekjum af stimpilgjöldum sem útgerðir greiða af kaupsamningi við útflöggun skipa. Sömuleiðis yrði ríkið af tekjum af stimpilgjöldum þegar skip eru aftur skráð á íslenska skipaskrá. Þegar betur er að gáð verður þó vart séð að það eigi við sterk rök að styðjast að ríkissjóður yrði fyrir tekjumissi ef þurrleiguskráningu frá íslenska skipaskrá væri heimiluð. Útgerðir og sjómenn fengju tekjur sem ólíklegt er að fengjust ella. Þar sem þurrleiga frá íslenskri skipaskrá mundi leiða til þess að kostnaður og fyrirhöfn við að nýta veiðiheimildir erlendra ríkja minnkaði er líklegt að fleiri íslensk skip gerðu slíkt en nú. Áhafnir greiða skatta og gjöld til viðkomandi fánaríkis en ekki til Íslands ef tvísköttunarsamningur er í gildi við viðkomandi ríki. Hins vegar aukast tekjur íslenska þjóðarbúsins þar sem tekjur skipverja og útgerða koma væntanlega að meira eða minna leyti inn í landið. Þessar tekjur eru nýttar til framfærslu áhafna, fjölskyldna þeirra og til reksturs útgerða. Þegar tekjurnar fara í umferð hérlendis innheimtast beinir og óbeinir skattar. Ríkissjóður fær þannig tekjur sem hann hefði ella ekki fengið. Þessar auknu skatttekjur yrðu væntanlega hærri en tekjur af stimpilgjöldum sem ríkissjóður yrði af ef þurrleiguskráning yrði leyfð frá íslenskri skipaskrá.

Eftirfarandi eru athugasemdir við hugmyndir nefndarinnar um skilyrði fyrir leyfi til þurrleiguskráningar sem komu fram í umsögn LÍÚ.

LÍÚ taldi rétt að heimild til þurrleiguskráningar næði til tilvika þar sem skip eru seld með kaupleigusamningi.

– Nefndin telur þetta eðlilega tilhögun.

LÍÚ taldi eðlilegt að eftirfarandi ákvæði 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 gilti um veiðar þurrleigðra skipa: „Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, [50%] lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.“

– Nefndin telur rétt að þetta fyrirkomulag mundi gilda.

LÍÚ óskaði eftir því að jákvætt yrði tekið í hugsanlegar kröfur erlendra ríkja um gagnkvæmni þurrleiguskráningar.

– Nefndin telur óraunhæft að ætla að þurrleiguskráning inn á íslenska skipaskrá yrði heimiluð.

LÍÚ lagði til að hámarksgildistími þurrleiguskráningar yrði a.m.k. eitt ár í stað sex mánaða eins og hugmyndir nefndarinnar gerðu ráð fyrir.

– Hugmynd nefndarinnar um sex mánaða hámarksgildistíma var sett fram í ljósi athugasemda sem Samtök fjármálafyrirtækja gerðu á fundi sínum með nefndinni. Í umsögn sinni telja samtökin nú ásættanlegt að leyfi séu gefin út til eins árs og telur nefndin því rétt að hámarksgildistími leyfis yrði eitt ár í senn.

LÍÚ taldi að erfiðleikum yrði háð að fá yfirlýsingu frá fánaríki um að það uppfyllti skuldbindingar sínar sem slíkt og að heimild til þess að afturkalla leyfi til þurrleiguskráningar væri nægjanleg.

– Nefndin telur þessa ábendingu réttmæta. Í stað slíkrar yfirlýsingar virðist eðlilegra að kveðið yrði á um að heimilt væri að hafna umsókn um þurrleiguskráningu ef sýnt þætti að erlent ríki muni ekki uppfylla skuldbindingar sínar sem fánaríki.

LÍÚ taldi óeðlilegt að leggja þyrfti fram tryggingar vegna hugsanlegra brota á reglum um þurrleiguskráningu eða brota á reglum um veiðar sem framin væru undir erlendum fána. Í því fælist hlutlæg refsiábyrgð á brotum sem viðkomandi íslensk útgerð hefði engin tök á að koma í veg fyrir og starfsmenn hennar ættu engan þátt í.

– Nefndin fjallaði ítarlega um þetta mál og telur að LÍÚ hafi nokkuð til síns máls. Nefndin telur þó nauðsynlegt að gerðar yrðu ráðstafanir til að stemma stigu við brotum. Slíkar ráðstafanir gætu m.a. falist í að krefjast þess að lögð yrðu fram gögn um leigutaka og leigusala skips, s.s. nöfn stjórnarmanna og helstu eigenda viðkomandi fyrirtækja, og upplýsingar um bein eða óbein eignatengsl milli leigutaka og leigusala. Ef brot sannaðist væri heimilt að synja umsóknum um þurrleiguskráningu síðar ef aðilar sem gerst hefðu brotlegir væru tengdir leigunni.

LÍÚ taldi álitamál hvaða reglur um öryggismál væru strangastar og taldi rétt að ekki yrðu gerðar kröfur um að framfylgja þyrfti íslenskum reglum um öryggismál um borð í þurrleiguskráðum skipum. Eðlilegra væri að reglur fánaríkisins giltu.

– Nefndin telur að um réttmæta ábendingu sé að ræða. Að athuguðu máli telur nefndin ekki raunhæft að framfylgja íslenskum reglum um öryggismál um borð fremur en öðrum íslenskum reglum meðan á þurrleigu stendur.

LÍÚ benti á að e.t.v. þyrfti að huga að breytingum á þinglýsingarlögum vegna þurrleiguskráningar fiskiskipa þannig að tryggt væri að réttarvernd þinglýsingar héldist meðan á þurrleiguskráningu stendur.

– Hugað verður að þessu atriði við frekari útfærslu á hugmyndum nefndarinnar ef niðurstaðan verður sú að leggja fram lagafrumvarp um að heimila þurrleiguskráningu fiskiskipa frá íslenskri skipaskrá.

Sjónarmið Sjómannasambands Íslands.

Sjómannasambandið lýsti þeirri skoðun að „útgerðarmenn séu að þrýsta á stjórnvöld um að heimila tvískráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn". Svo virðist sem athugasemdir sambandsins lúti einkum að tvennu í þessu efni. Annars vegar að aðstæðunum þegar skip kæmi aftur til Íslands með erlenda áhafnarmeðlimi að lokinni þurrleigu. Hins vegar að því að útgerðir noti þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem stunda mætti undir íslenskum fána, í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar.

– Að því að fyrra atriðið varðar óttast sjómenn að þegar þurrleiguskráð skip lyki verkefni sínu, hefði verið afskráð af erlendri skipaskrá og væri komið aftur til Íslands með erlenda áhafnarmeðlimi ykist þrýstingur á að þeir yrðu áfram skráðir á skipið. Einnig óttast þeir að samningsstaða íslenskra sjómanna að því er kjaramál varðar mundi versna við þessar aðstæður.

Því er til að svara að íslensk lög og kjarasamningar gilda um skip sem sigla undir íslenskum fána. Til þess að unnt sé að ráða erlenda sjómenn á skip sem siglir undir íslenskum fána þurfa þeir að fá viðurkenningu á atvinnuskírteinum sínum. Auk þess þurfa þeir atvinnuleyfi á Íslandi ef þeir koma frá löndum utan EES-svæðisins. Skylt er að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélaga áður en atvinnuleyfi er veitt. Sé atvinnuleyfi veitt fá viðkomandi sjómenn laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Áréttað skal í þessu sambandi að það er brot á 6. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, að greiða samkvæmt erlendum kjarasamningum á skipum sem sigla undir íslenskum fána. Rétt er að minna á að óheimilt er að ráða erlendan skipstjóra á íslenskt skip.

Fram hefur komið að samtök sjómanna telja að við núverandi aðstæður sé opinberu eftirliti ábótavant, bæði varðandi það að erlendir sjómenn starfi á íslenskum skipum án atvinnuleyfis og varðandi þau laun sem erlendir sjómenn fái greidd. Sjómannasambandið óttast að við þurrleiguskráningu mundi þetta vandamál versna.

- Að því er varðar síðara atriðið hefur nefndin aflað gagna til þess að kanna hvort íslensk skip geti nýtt veiðiheimildir erlends ríkis án þess að sigla undir fána þess. Benda þau til að möguleikar til þess séu mjög takmarkaðir. Tekið skal fram að hugmyndir nefndarinnar gera ráð fyrir því að þurrleigð skip gætu eingöngu nýtt veiðiheimildir sem ekki væri hægt að nýta undir íslenskum fána.

Sjómannasambandið gagnrýndi að þurrleiguskráning mundi ýta undir „kvótabrask“ útgerðarmanna.

- Þar sem heimild til þurrleiguskráningar mundi auka möguleika til þess að nýta tækifæri erlendis má gera ráð fyrir því að framsal veiðiheimilda mundi aukast, enda mundi skip ekki geta nýtt íslenskar veiðiheimildir sínar meðan á þurrleigu stæði. Það er stjórnvalda hverju sinni að setja reglur um fiskveiðistjórnun, veiðiheimildir og framsal þeirra og fellur það utan verksviðs nefndarinnar.

Sjómannasambandið taldi að ekki yrði hægt að framfylgja íslenskum reglum um öryggismál um borð í þurrleiguskráðum skipum.

- Nefndin telur þessa ábendingu vera réttmæta. Eftir að hafa athugað málið nánar telur nefndin ekki raunhæft að framfylgja íslenskum reglum um öryggismál um borð fremur en öðrum íslenskum reglum meðan á þurrleigu stendur.

Sjómannasambandið taldi eðlilegra að stjórnvöld leituðu eftir samningum við önnur ríki um veiðiheimildir innan lögsögu þeirra en að þurrleiguskráning yrði heimiluð.

- Nefndin telur óraunhæft að ætla að slíkir samningar gætu komið í stað þurrleiguskráningar, enda krefjist erlend ríki undantekningarlaust gagnkvæmni við slíka samningagerð.

Sjómannasambandið benti á að veiðireynsla þurrleigðra skipa kæmi fánaríkinu til góða og að veiðar þurrleigðra skipa gætu þannig unnið gegn hagsmunum Íslands.

- Nefndin telur að hér sé um réttmæta ábendingu að ræða. Í hugmyndum hennar hefur verið tekið fullt tillit til þessarar ábendingar og gera þær ráð fyrir því að leyfi yrði veitt til veiða úr tilteknum stofnum. Leyfi yrði ekki veitt ef fyrirhugaðar veiðar gengju gegn hagsmunum Íslands.

Sjónarmið Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Farmanna- og fiskimannasambandið taldi að áhætta væri fólgin í þurrleiguskráningu þar sem óvissa gæti ríkt um réttarstöðu áhafnar, eigenda og skips gagnvart öðrum ríkjum. Vísaði sambandið í því efni til ákvæðis 2. tl. 92. gr. hafréttarsamningsins.

- Svo virðist sem þessi athugasemd sé byggð á þeim misskilningi að þurrleiguskráning sé hið sama og tvíflöggun. Vísað er til umfjöllunar um þjóðarétt hér að framan. Niður-

staða þeirrar umfjöllunar er sú að þurrleiguskráning sé heimiluð samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á fundi með nefndinni komu fram ýmis sjónarmið FFSÍ m.a. um að veiðireynsla þurrleigðra skipa komi fánaríkinu til góða, sem gæti unnið gegn hagsmunum Íslands.

– Fjallað er um þessa ábendingu í síðasta lið umfjöllunar um athugasemdir Sjómannasambands Íslands.

Sjónarmið Vélstjórafélags Íslands.

Í umsögn Vélstjórafélags Íslands kom fram að félagið gerði sér grein fyrir því að þurrleiguskráning mundi auka tekjumöguleika íslenskra útgerða, en legðist samt sem áður gegn því að þurrleiguskráning yrði heimiluð hér á landi.

Röksemd félagsins var sú að ef þurrleiguskráning yrði heimiluð yrði erfiðara að standa gegn kröfum útgerðarmanna um að innlendum vélstjórum er nytu markaðslauna yrði „skipt út fyrir pólska eða rússneska vélstjóra sem gerðu sér að góðu nakta kauptaxta."

– Nefndin vísar til umfjöllunar um fyrstu athugasemd Sjómannasambands Íslands varðandi þetta atriði.

Sjónarmið Samtaka fjármálafyrirtækja.

Samtök fjármálafyrirtækja lýstu sig fylgjandi hugmyndum um að leyfa þurrleiguskráningu á íslenskum fiskiskipum að því gefnu að strangar reglur gildi þar um. Eftirfarandi eru athugasemdir sem komu fram í umsögn samtakanna um hugmyndir nefndarinnar.

Samtökin óskuðu þess að gerð yrði krafa um að viðkomandi erlend stjórnvöld mundu staðfesta að veiðileyfi hafi verið gefið út til viðkomandi skips eða útgerðar áður en leyfi til þurrleiguskráningar yrði veitt.

– Nefndin telur þetta ekki raunhæft þar sem í mörgum tilfellum settu erlend ríki það sem skilyrði fyrir útgáfu veiðileyfis að viðkomandi skip sigldi undir fána þess. Í slíkum tilfellum mundi umsækjandi lenda í pattstöðu þar sem annars vegar fengi skip hans ekki veiðileyfi fyrr en það væri komið undir viðkomandi erlendan fána en hins vegar fengi það ekki að fara undir erlendan fána fyrr en það hefði fengið erlent veiðileyfi. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt tillögum nefndarinnar er þurrleiga háð samþykki veðhafa og geta þeir sett skilyrði um að veiðileyfi hafi verið gefið út telji þeir slíkt nauðsynlegt.

Samtökin óskuðu þess að gerðir yrðu tvíhliða samningar milli Íslands og viðkomandi ríkja um þurrleiguskráningu.

– Nefndin telur þetta óraunhæft vegna væntanlegra krafna um gagnkvæmni. Hugsanlegt væri að koma á beinu sambandi við skipaskrár viðkomandi ríkja enda væri það líklega besta og hagkvæmasta leiðin til að framkvæma þurrleiguskráningu.

Samtökin óskuðu eftir að samþykki veðhafa yrði þinglýst. Auk þess óskuðu samtökin eftir að nefndin útskýrði réttarstöðu fjárnámsbeiðanda og uppboðsbeiðanda í þessu sambandi.

– Nefndin taldi rétt að óska eftir nánari útskýringum á því við hvað væri átt. Svar við þessu erindi hefur ekki borist nefndinni. Ljóst er að þetta mál gæti haft áhrif á endanlega útfærslu á lagafrumvarpi um heimild til þurrleiguskráningar, en ætti ekki að hafa áhrif á ákvörðun um framhald málsins á þessu stigi.

Á fundi með nefndinni kom fram það sjónarmið samtakanna að hámarksgildistími leyfis til þurrleiguskráningar yrði ekki lengri en sex mánuðir. Í skriflegri umsögn samtakanna kemur hins vegar fram að sá tími gæti verið of knappur og ásættanlegt væri að leyfi yrði gefið út til eins árs í senn.

– Nefndin leggur til að hámarksgildistími leyfis verði eitt ár í senn.

III. Niðurstaða.

Ljóst er að ákvörðun um hvort heimila eigi þurrleiguskráningu hér á landi er fyrst og fremst pólitísk, enda hafa hagsmunaaðilar mjög ólíka afstöðu til málsins. Landssamband íslenskra útvegsmanna er fylgjandi því að þurrleiguskráning verði leyfð hér á landi og Samtök fjármálafyrirtækja eru því einnig fylgjandi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samtök sjómanna eru hins vegar andvíg því að þurrleiguskráning verði heimiluð.

Eins og ráða má af umfjölluninni hér að framan sér nefndin ýmsa kosti við að heimila þurrleiguskráningu. Meginkostirnir eru annars vegar aukin verkefni fyrir íslensk skip, enda mundu þurrleigð skip aðeins stunda veiðar sem íslensk skip ættu annars ekki kost á. Veiðar þurrleigðra skipa yrðu því hrein viðbót við þau verkefni sem íslenski flotinn getur nú stundað. Í því mundu ekki aðeins felast auknar tekjur fyrir útgerðir heldur einnig aukin atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn og auknar tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú. Hinn meginkosturinn er að íslenskar útgerðir gætu nýtt þurrleiguskráningu til að bæta réttarstöðu sína við sölu á skipum til erlendra aðila með kaupleigusamningi.

Í ljósi þess að ákvörðun um framhald þessa máls er í eðli sínu pólitísk telur nefndin, sem skipuð er embættismönnum, ekki rétt að gera beinar tillögu þar að lútandi. Með skýrslu þessari telur nefndin hins vegar að forsendur séu skapaðar fyrir viðkomandi ráðherra til þess að taka ákvörðun um framhald málsins.

Nefndin hefur mótað hugmyndir um reglur varðandi þurrleiguskráningu sem hún leggur til að verði lagðar til grundvallar verði ákvörðun tekin um að heimila slíka skráningu hér á landi. Hefur nefndin endurskoðað upphaflegar hugmyndir sínar í ljósi athugasemda hagsmunaaðila.

Í hugmyndum nefndarinnar er miðað við eftirfarandi:

- Þurrleigusamningur með eða án kaupréttar yrði forsenda þurrleiguskráningar.
- Rekstur skips færðist alfarið til fyrirtækis í því landi sem leigði skipið og mundu þarlend lög gilda um reksturinn.
- Lögsaga Íslands næði ekki til skipsins. Það teldist vera erlent skip meðan á þurrleigu stæði. Lög fánaríkis þess giltu um borð, þ.m.t. lög um veiðileyfi, veiðieftirlit, atvinnuleyfi, kjaramál og öryggismál.

Hugmyndir nefndarinnar gera ráð fyrir að leyfi til þurrleiguskráningar yrði háð margvíslegum skilyrðum sem hefðu það m.a. að markmiði:

- að koma í veg fyrir veiðar sem hægt væri að stunda undir íslenskum fána,
- að koma í veg fyrir veiðar sem græfu undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum,
- að koma í veg fyrir veiðar sem verndunarsjónarmið mæltu gegn,
- að stuðla að því að veiðarnar færu fram eftir þeim reglum sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um,
- að koma í veg fyrir veiðar sem að öðru leyti gengju gegn hagsmunum Íslands,
- að veiðar yrðu einungis stundaðar þar sem sýnt þætti að fánaríki virti skyldur sínar sem slíkt.

Verði ákvörðun tekin um að leyfa þurrleiguskráningu leggur nefndin til að bætt yrði heimildarákvæði í lög nr. 115/1985, um skráningu skipa, þar sem kveðið yrði á um skilyrði þurrleiguskráningar. Unnt yrði að kveða nánar á um slík skilyrði í reglugerð. Útfærsla á þurrleiguskráningu mundi kalla á samvinnu samgönguráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins þar sem málið varðar bæði fiskveiðar og skráningu skipa. Einnig yrði að koma á samskiptum við viðkomandi stjórnvöld í þeim erlendu ríkjum sem leyfa þurrleiguskráningu á sína skipa

skrá. Nefndin telur ekki rétt að útfæra nánar lagabreytingar og reglugerðarsetningar nema ákvörðun verði tekin um að heimila þurrleiguskráningu íslenskra fiskiskipa.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Tilgangur með frumvarpinu er að veita heimild til að skrá íslensk fiskiskip svokallaðri þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Þurrleiguskráning er tímabundin skráning skips, sem leigt hefur verið án áhafnar, á erlenda skipaskrá án þess að það sé afmáð af íslenskri skipaskrá. Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Verði frumvarpið að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð.

158. Frumvarp til laga [158. mál]

um skipamælingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars sem skráð er á íslenska skipaskrá.

2. gr.

Hvert skip með skráningarlengd 24 metra eða lengri skal mælt og tonnatala þess reiknuð samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingu skipa sem undirrituð var í London 23. júní 1969.

Hvert skip með skráningarlengd allt að 24 metrum skal mælt og tonnatala þess reiknuð samkvæmt reglum sem ráðherra setur að tillögum Siglingastofnunar Íslands.

Heimilt er að mæla hvert skip og reikna brúttórúmlestatölu þess samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa, gefnum út af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er fyrir í samningi, undirrituðum í Ósló 10. júní 1947, með síðari breytingum, eftir nánari reglum sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

3. gr.

Skip sem mælt hefur verið samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingu skipa, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal fá alþjóðlegt mælibréf.

Skip sem mælt er samkvæmt reglum sem ráðherra hefur sett skv. 2. mgr. 2. gr. skal fá íslenskt mælibréf.

Form mælibréfa skal vera á þann veg sem framangreind alþjóðasamþykkt og reglur mæla fyrir um.

4. gr.

Skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans skal senda Siglingastofnun Íslands skriflega tilkynningu um smíði skips, sem ætlað er til skráningar hér á landi, ásamt útreikningum á tonnatölum og teikningum og öðrum nauðsynlegum gögnum sem sýna form og fyrirkomulag skipsins. Enn fremur skal hann tilkynna Siglingastofnun Íslands hvenær tímabært er að skoða og mæla skipið.

5. gr.

Ef skipi er breytt þannig að tonnatala þess breytist er eiganda þess skylt að tilkynna það til Siglingastofnunar Íslands og skal þá senda stofnuninni nýja útreikninga á tonnatölum og teikningar og önnur nauðsynleg gögn til að ákveða mælingu þess. Að því loknu skal gefa út nýtt mælibréf.

6. gr.

Þegar skip er skráð á íslenska skipaskrá ber eiganda þess að senda Siglingastofnun Íslands útreikninga á tonnatölum þess og teikningar og önnur nauðsynleg gögn til þess að ákveða mælingu þess. Heimilt er að taka útreikninga og mælingar sem samþykktar hafa verið af erlendu ríki gildar ef það ríki er aðili að alþjóðasamþykkt um mælingar skipa frá 1969.

7. gr.

Siglingastofnun Íslands getur hvenær sem ástæða þykir til endurskoðað mælingu skipa. Einnig geta eigendur skipa fengið skip sín mæld að nýju óski þeir þess.

8. gr.

Heimilt er að mæla erlent skip við komu hingað til lands hafi það ekki gilt mælibréf samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingar skipa frá 1969.

9. gr.

Greiða skal fyrir mælingar skipa, endurmælingu skipa, yfirferð á mælingum, útgáfu og endurútgáfu mælibréfa samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu þeirra. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar. Siglingastofnun er einnig heimilt að innheimta ferða- og dagpeningakostnað þeirra sem mælingar skipa annast svo sem hann er ákveðinn hverju sinni.

Gjöldum skv. 1. mgr. fylgir lögveð í skipi.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um skipamælingar, nr. 50 frá 12. maí 1970, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Siglingastofnun Íslands. Að undanförnu hafa átt sér stað ýmsar lagabreytingar er varða gjaldtöku opinberra stofnana fyrir veitta þjónustu og hefur ráðuneytið og Siglingastofnun Íslands skoðað með skipulegum hætti hvernig gjaldtökuákvæðum er hagað í lögum sem fjalla um siglingar og gjaldtöku Sigl-

ingastofnunar Íslands. Í því starfi hefur verið miðað við að gjaldtaka Siglingastofnunar Íslands standi undir beinum kostnaði við veitta þjónustu.

Komið hefur í ljós nokkurt ósamræmi í gjaldskrárákvæðum þeirra laga sem um þetta fjalla. Þannig er t.d. fjallað um gjald fyrir mælingar bæði í lögum um skráningu skipa og í lögum um skipamælingar. Þá er tekið fram að gjald fyrir mælingu skipa í lögum um skipamælingar skuli miðast við brúttórúmlestir. Sú mælieining hefur verið minna notuð og í stað hennar eru skip nú mæld í brúttótonnum í auknum mæli. Markvisst er unnið að því að leggja niður mælingu sem miðast við brúttórúmlestir og miða við brúttótonn þess í stað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi laga um skipamælingar, nr. 50/1970, með síðari breytingum. Miðað er við að lögin taki til allra skipa sem skráð eru á íslenska skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Um 2. gr.

Í greininni segir að skip skuli mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að.

Um mælingu skipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri er gert ráð fyrir að brúttótonnatala þeirra verði reiknuð samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingu skipa sem undirrituð var í Lundúnum 23. júní 1969.

Um mælingu skipa sem eru styttri en 24 metrar er gert ráð fyrir að samgönguráðherra setji reglur að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands.

Í 3. mgr. kemur fram að heimilt sé að mæla skip eftir brúttórúmlestatölu samkvæmt alþjóðasamþykkt um skipamælingar frá 1947 og er lagt til að samgönguráðherra setji um það ákvæði í reglugerð ef ákveðið verður að nýta þessa heimild laganna. Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að því að breyta ákvæðum í lögum sem miða við stærð skipa, t.d. vegna gjaldtöku, lögskráningar, atvinnuréttinda áhafna eða veiðiréttindi, þannig að tekið sé mið af brúttótonnum í stað brúttórúmlesta. Í nokkrum lögum er þó enn miðað við brúttórúmlestir, t.d. er viðmiðun atvinnuréttinda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna enn í brúttórúmlestum, sbr. ákvæði laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og nr. 113/1984, með síðari breytingum. Í ljósi þess að enn eru ákvæði í lögum sem miða við brúttórúmlestir skipa, t.d. um atvinnuréttindi áhafna skipa og veiðiheimildir er lagt til að heimild verði í lögum enn um sinn að til mæla skip í brúttórúmlestum. Samgönguráðherra getur ákveðið að þessi heimild laganna verði ekki nýtt.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að skip sem mæld eru samkvæmt Lundúnasamþykktinni skuli fá útgefið alþjóðlegt mælibréf, sem Siglingastofnun Íslands gefur út á sérstöku formi sem mælt er fyrir um í samþykktinni.

Skip mæld samkvæmt reglum sem ráðherra setur fá íslenskt mælibréf sem Siglingastofnun Íslands gefur út.

Ákvæði þessarar greinar eru sambærileg við ákvæði 13. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Grein þessi er sambærileg við 4. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Grein þessi er sambærileg við 5. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Hér er fjallað skráningu skips á íslenska skipaskrá, en þá skal eigandi þess senda Siglingastofnun Íslands útreikninga á tonnatölum skipsins og teikningar og önnur nauðsynleg gögn til þess að ákveða mælingu þess. Siglingastofnun Íslands er heimilt er að taka útreikninga og mælingu gilda sem samþykktar hafa verið af erlendu ríki sem aðili er að Lundúnasamþykktinni, sbr. 2. gr.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir Siglingastofnun Íslands geti hvenær sem ástæða þykir til endurskoðað mælingu skipa. Einnig er við það miðað að eigendur skipa geti fengið skip sín mæld að nýju óski þeir þess. Þetta getur átt við ef uppgötvast að mistök eða villa hafi orðið við mælingu skipsins eða að skipinu hafi á einhvern hátt verið breytt.

Um 8. gr.

Með grein þessari er Siglingastofnun Íslands heimilt að mæla skip við komu hingað til lands sem skráð er á erlendri skipaskrá og ekki hefur gilt mælibréf samkvæmt Lundúnasamþykktinni, sbr. 2. gr. Á þetta getur reynt við töku ýmissa gjalda sem miðast við stærð skipa, t.d. vitagjöld og hafnagjöld.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að Siglingastofnun Íslands setji gjaldskrá fyrir veitta þjónustu samkvæmt lögunum og er miðað við að gjaldtaka nemi beinum kostnaði stofnunarinnar við yfirferð mælinga, útgáfu og endurritun mælibréfs. Gert er ráð fyrir að gjaldskráin nemi aldrei hærri upphæð en svarar sannanlegum kostnaði Siglingastofnunar af því að veita þjónustuna, svo sem tímagjald sérfræðinga, prentun skírteina o.s.frv. Siglingastofnun hefur lagt mat á hve langan tíma sé verið að mæla skip í hverjum stærðarflokki fyrir sig byggt á tímaskráningu og reynslu skoðunarmanna. Miðað er við stærð skipa, tillit tekið til búnaðar skipategunda o.s.frv.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um refsingar við brot á ákvæðum laganna.

Um 11. gr.

Miðað er við að lögin, verði frumvarpið að lögum, öðlist þegar gildi og leysa þau af hólmi gildandi lög um skipamælingar, nr. 50 frá 12. maí 1970, með síðari breytingum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skipamælingar.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma gjaldskrárákvæði í lögum sem kveða á um siglingar og gjaldtöku Siglingastofnunar Íslands. Miðað er að því að gjaldtakan standi undir beinum kostnaði við veitta þjónustu. Einnig er í frumvarpinu lagt til að gjald fyrir mælingu skipa skuli miðast við brúttótonn en ekki brúttórúmlestir. Verði frumvarpið að lögum falla jafnframt úr gildi lög um skipamælingar, nr. 50 frá 12. maí 1970, með síðari breytingum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

159. Fyrirspurn [159. mál]

til fjármálaráðherra um áhrif hækkunar persónuafsláttar.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Hvaða áhrif mundi hækkun persónuafsláttar hafa annars vegar á ráðstöfunartekjur skattgreiðenda og hins vegar á tekjur ríkissjóðs og tekjur sveitarfélaga? — Í svarinu komi fram áhrif af hækkunum um 1.000, 5.000, 10.000, 20.000, 30.000, 40.000 og 50.000 kr.

Skriflegt svar óskast.

160. Fyrirspurn [160. mál]

til iðnaðarráðherra um þróun orkuverðs á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hver hefur þróun gjaldtaxta verið frá því að ríkið tók við rekstri Orkubús Vestfjarða:
   a. taxta einstaklinga,
   b. taxta iðnfyrirtækja?
2. Hvaða áætlanir eða áform eru uppi hjá Orkubúi Vestfjarða um þróun gjaldskrár á þessu ári og næstu tveimur árum (2002–2004):
   a. gjaldskrár einstaklinga,
   b. gjaldskrár iðnfyrirtækja?

161. Fyrirspurn [161. mál]

til iðnaðarráðherra um þróun orkuverðs á Sauðárkróki.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hvernig hefur orkuverð til iðnfyrirtækja þróast eftir að Rarik tók við rekstri Rafveitu Sauðárkróks, t.d. til Steinullarverksmiðjunnar hf., Loðskinns ehf., Sauðárkróksbakarís og Efnalaugar Sauðárkróks?
2. Hvernig gerir Rarik ráð fyrir að raforkuverð til fyrrgreindra aðila þróist á þessu ári og næstu tveimur árum (2002–2004)?

162. Fyrirspurn [162. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda keisaraskurða.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvert var árlegt hlutfall keisaraskurða við fæðingar á árunum 1970–2002?

Skriflegt svar óskast.

163. Fyrirspurn [163. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað við sængurlegu.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og Svanfríði Jónasdóttur.

Hver er kostnaður við hvern dag sængurlegu við fæðingu á fæðingardeildum sjúkrahúsa annars vegar og fæðingu í heimahúsi hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

164. Fyrirspurn [164. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning hrossa.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Hver er þróun útflutnings á hrossum síðustu sjö ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

165. Fyrirspurn [165. mál]

til forsætisráðherra um nefnd um endurreisn Þingvallaurriðans.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hverjir voru skipaðir í nefnd sem gera átti tillögur um leiðir til að efla urriðastofna í Þingvallavatni, samkvæmt samþykkt Alþingis frá 3. mars 1998?
2. Hvernig hefur starfi nefndarinnar miðað?
3. Er að vænta tillagna frá nefndinni?

166. Fyrirspurn [166. mál]

til viðskiptaráðherra um viðskiptahætti á matvælamarkaði.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað liggur á bak við þessi ummæli Guðmundar Sigurðssonar, forstöðumanns samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar í DV 8. okt. sl.: „Það virðist hafa orðið stefnubreyting hjá stóru keðjunum í þá átt, að þær hafi ekki beitt sér með sama hætti og áður eftir að skýrslan kom út. Við höfum upplýsingar um það frá birgjum að ástandið hafi gjörbreyst“?

167. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um stofnframlög til uppbyggingar fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að setja fram tillögur um stofnframlög til uppbyggingar fiskeldisfyrirtækja vegna eldis kaldsjávarfiska.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hefur Fiskeldi Eyjafjarðar hf. á Hjalteyri og Dalvík náð góðum árangri við klak á lúðuseiðum á undanförnum árum. Fyrirtækið er nú í fararbroddi í heiminum á þessu sviði og mun u.þ.b. 80% af klöktum lúðuseiðum koma frá þessari stöð.

Eins og er getur Fiskeldi Eyjafjarðar hf. klakið út um 400 þús. lúðuseiðum á ári en gert er ráð fyrir að innan tveggja til þriggja ára muni seiðaframleiðslan vera orðin allt að einni milljón seiða.

Áframeldi lúðuseiðanna fer að mjög litlu leyti fram á Íslandi. Um 50–60 þús. seiði eru í áframeldi í fiskeldisstöð í Þorlákshöfn en talið er að til þess að skila arði í áframeldi þurfi allt að 100 þús. seiða stöð. Víða á landinu eru ákjósanleg skilyrði til þess að setja upp og starfrækja áframeldi á lúðuseiðum. Nú er megnið af lúðuseiðunum flutt út, m.a. til stöðva í Kanada og Wales. Þær hafa báðar notið stofnstyrkja til framleiðslunnar frá viðkomandi yfirvöldum; í Wales frá Evrópusambandinu og í Nova Scotia frá ríkisstjórn Kanada. Hér eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi þar sem um er að ræða verðmætt hráefni og gott aðgengi að því og er því fyllsta ástæða til að styðja opinberlega við að áframeldi á lúðuseiðum. Sama á að sjálfsögðu við um áframeldi þorskseiða og annarra tegunda kaldsjávarfiska sem nú er í þróun.

168. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Um útlendinga sem falla undir EES-samninginn eða stofnsamning EFTA gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins (EES-útlendingur) eða stofnsamnings EFTA (EFTA-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuðum ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Útlendingur, sem greinir í viðauka K við stofnsamning EFTA, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbætis, má koma til landsins án sérstaks leyfis og veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári.

c. Í stað orðsins „EES-útlendingur“ í 2. mgr. (sem verður 3. mgr.) kemur: EES- eða EFTA-útlendingur.

3. gr.

Í stað orðsins „EES-útlendingur“ í upphafi 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: EES- eða EFTA-útlendingur, þó ekki útlendingur sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

4. gr.

Í stað orðsins „EES-útlendingi“ í 1. og 3. mgr. 42. gr. og 1. og 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: EES- eða EFTA-útlendingi.

5. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).**

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér beytingar á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, til samræmis við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings, en lögin öðlast gildi 1. janúar 2003. Á síðasta þingi var einnig samþykkt heimild til að fullgilda þennan nýja stofnsamning EFTA og hefur hann þegar öðlast gildi. Þá voru einnig samþykkt lög um breytingu á ýmsum lögum vegna hins nýja stofnsamnings, lög nr. 76/2002, þar sem m.a. var breyting á lögum um eftirlit með útlendingum frá 1965. Ákvæðum frumvarps til laga um útlendinga var hins vegar ekki breytt af þessu tilefni og lögin samþykkt án slíkra breytinga.

Með hinum nýja stofnsamningi EFTA var ákveðið að reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES. Skulu reglur þessar þannig einnig gilda gagnvart Sviss, en önnur EFTA-ríki, Ísland, Liechtenstein og Noregur, eru þegar aðilar að EES. Í EFTA-samningnum er eitt ákvæði sem er víðtækara en EES-reglur. Er það ákvæði í 20. gr. samningsins, sbr. og viðauka K, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbætis. Varðar það einstaklinga, óháð þjóðerni, sem starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og er hluti af almennum vinnumarkaði EFTA-ríkis. Þessum einstaklingum skal vera heimilt að koma til annars aðildarríkis og veita þjónustu á yfirráðasvæði þess í allt að 90 raunverulega starfsdaga á almanaksári.

Með frumvarpinu er lagt til að hvarvetna í lögunum þar sem vísað er til EES-samningsins eða EES-útlendings verði einnig vísað til EFTA-samningsins, stofnsamningsins eða útlendings. Ekki er um að ræða aðrar efnisbreytingar á lögunum ef undan er skilið hið nýja ákvæði b-liðar 2. gr. frumvarpsins (ný 2. mgr. 35. gr.) sem vikið er að í b-lið í 16. gr. 1. viðbætis og ákvæði 3. gr. frumvarpsins (breyting á 1. mgr. 36. gr.) þar sem vísað er til 2. mgr. 35. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í 2. mgr. 1. gr. laganna verði vísað til EES-samningsins og stofnsamnings EFTA og svo til VI. kafla laganna án fulls heitis samninganna, en heitin komi hins vegar fram í fyrirsögn VI. kafla laganna, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að tilvísun til frjálsra fólksflutninga í 1. mgr. 35. gr. laganna falli niður en með 5. gr. frumvarpsins er lagt til að í fyrirsögn komi fram að um sérreglur sé að ræða. Þá er lagt til að á eftir orðinu „dveljast“ komi orðin „eða starfa“. Heimild til að koma til landsins byggist einnig á öðrum reglum, svo sem varðandi ferðamenn, og ákvæði eru í kaflanum um komu í öðru skyni, sbr. m.a. c- og d-lið 1. mgr. 36. gr. laganna, sbr. og 37. og 38. gr.

Í b-lið er nýtt sérákvæði um þá útlendinga, án tillits til þjóðernis, sem falla undir viðauka K við EFTA-samninginn, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbætis, og starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og er hluti af almennum vinnumarkaði EFTA-ríkis, sendur til að veita þjónustu hér á landi. Mega þessir útlendingar koma til landsins og veita þjónustu í allt að 90 raunverulega starfsdaga á almanaksári. Lagt er til að í sjálfum lagatextanum verði vísað til ákvæða í stofnsamningnum sjálfum en að öðru leyti verði kveðið á um stöðu þessara útlendinga í reglugerð, sbr. nú reglugerð um dvöl útlendinga, sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamning Fríverlsunarsamtaka Evrópu, nr. 674 20. desember 1995.

C-liður þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að lagaákvæðið nái ekki til þeirra útlendinga sem getið er í b-lið 2. gr. frumvarpsins (nýrri 2. mgr. 35. gr.).

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lagt er til að orðinu „sérreglur“ verði bætt við fyrirsögn VI. kafla. Má þá fella niður orðin „um frjálsa fólksflutninga“ í 1. mgr. 35. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga.

Frumvarp þetta miðar að því að lögum um útlendinga verði breytt á þann veg að reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga gildi einnig gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að samningnum. Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

169. Frumvarp til laga [169. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Flm.: Þuríður Backman.

1. gr.

6. málsl. i-liðar 36. gr. laganna orðast svo: Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt á síðustu þremur löggjafarþingum en aldrei orðið útrætt. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð: „Samkvæmt gildandi lögum greiðir Tryggingastofnun ríkisins kostnað við sjúkraflug ef sjúklingur er fluttur beint að heiman frá sér en sé hann fluttur af sjúkrahúsi greiðir viðkomandi stofnun flutninginn. Þetta fyrirkomulag hefur þann galla að minni sjúkrahús veigra sér við að innrita sjúklinga sem gætu þurft á sjúkraflugi að halda vegna þess að kostnaðurinn gengur nærri fjárhag lítilla stofnana. Það ýtir undir að sjúklingar séu strax sendir á sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri í stað þess að gangast undir rannsókn heima fyrir til að ganga úr skugga um hvort sjúkraflug reynist nauðsynlegt. Einnig leiðir þetta til ónákvæmrar skráningar í þeim tilfellum þegar sjúklingur nýtur aðhlynningar á litlu sjúkrahúsi áður en til flutnings kemur. Sú breyting sem hér er lögð til mundi koma minni sjúkrahúsunum til góða, bæta nýtingu þeirra og draga úr sjúkraflugi.“

170. Svar [86. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi landbúnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Svar við fyrirspurninni kemur fram í eftirfarandi töflu, upphæðir eru í þús. kr.

Nafn	Forsvarsmaður	Verkefni	1998	1999	2000	2001
Ýmis verkefni.						
Æðaræktarfélag Íslands	Jónas Helgason, Æðey við Ísafjörð	Stuðningur við starfsemi æðarræktenda	200	300	300	300
Flóaáveitufélagið	Geir Ágústsson, Selfossi	Umsjón vatnsmiðlunar í skurðakerfi Flóans	500	500	500	500
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur	Stuðningur við uppgræðslu örfoka lands í landnámi Ingólfs	2.000	3.000	3.000	4.000
Landvernd	Ólöf Guðný Valdimarsdóttir	Stuðningur við starfsemi Landverndar	500	4.000	3.000	3.000
Skrúður við Dýrafjörð	Kristinn Jón Jónsson, Ísafirði	Stuðningur við viðhald og varðveislu trjálundarins Skrúðar við Dýrafjörð				500
Félag um uppkaup laxaneta í sjó	Jón Gíslason, Kjós	Hagsmunaaðilar greiddu 50% á móti ríkissjóði til uppkaupa á laxalögnum í sjó	4.800	7.200		4.000
Félag hrossabænda	Kristinn Guðnason, Landssveit	Sérstakt markaðsátak til stuðnings hrossarækta		5.500		
Samband íslenskra loðdýraræktenda	Björn Halldórsson, Vopnafirði	Stuðningur við félagsstarf loðdýraræktenda		1.500		
Islandica hestasýning		Stuðningur við sýningu á íslenska hestinum, samstarfsverkefni landbúnaðarráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og hagsmunaaðila sem tengjast ferðaþjónustu og hrossarækt			1.120	
Landssamtök skógareigenda					1.000	
Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva	Vigfús Jóhannsson, Reykjavík	Styrkur til markaðssetningar á bleikju				1.200
Ferðaþjónusta bænda	Sævar Skaptason, Reykjavík	Frumvinna við tölvuvæðingu ferðaþjónustu í dreifbýli				1.500
Ráðstöfunarfé ráðherra.						
Samtök selabænda	Árni Snæbjörnsson, bændasamtök FSI	Gerð myndbands um vinnubrögð við verkun selskinna				150
Æðaræktarfélag Íslands	Jónas Helgason, Æðey við Ísafjörð	Stuðningur við starfsemi æðarræktenda	500	500	250	250
Íslandsdeild NJF	Guðni Þorvaldsson	Stuðla að sambandi við starfsfélög á Norðurlöndum		50		50
Kvenfélagsamband Íslands	Kristín Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri	Styrkur til að senda fulltrúa á þing ACWW í Toronto				150
Líffræðifélag Íslands	Róbert A. Stefánsson, formaður	Styrkur vegna ráðstefnu um áhrif innfluttra tegunda á lífríki Íslands		50		50
Blátindur VE	Sigtryggur Helgason	Endurbygging vélbátsins Blátinds VE-21				300
Hundaræktarfélag Íslands	Guðni Ágústsson, Reykjavík	Verndun og ræktun íslenska fjárhundsins			300	500
Skógræktarfélag Íslands	Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri	Ráðstefnan Skógrækt í íslensku landslagi				100
Landsbyggðin lifi	Fríða Vala Ásbjörnsdóttir, Selfossi	Styrkur vegna stofnfundar Landsbyggðin lifi				50
Skákfélag Selfoss	Ríkharður Sveinsson	Styrkur til útgáfu á bók vegna 100 ára sögu félagsins				75
Búnaðarsamband Suðurlands	Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri	Markaðssetning hrútssæðis í Bandaríkjunum				350
Landssamband skógareigenda	Edda Björnsdóttir, A-Héraði	Útgáfa á niðurstöðum stefnumótarvinnu				200
Landssamband vistforeldra	Bændasamtökin	Styrkur vegna fundarsetu á Búnaðarþingi				250

Nafn	Forsvarsmaður	Verkefni	1998	1999	2000	2001
Íslenska lífmassafélagið	Ásgeir Leifsson	Verkefni vegna þátttöku fulltrúa á CRAFT-ráðstefnu			350	350
Barnið okkar	André Bachmann	Styrkur vegna Barnaspítala Hringsins				200
Umhverfisverndarsamtök Íslands	Steingrímur Hermannsson, formaður	Ráðstefna um jarðvegsrof og beitaráhrif á hálendinu			200	
Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	Anna Pála Vignisdóttir	Matvæladagur helgaður öryggi matvæla			200	
Forystufjárræktarfélag Íslands	Ólafur R. Dýrmundsson	Verndun og ræktun forystufjár			300	
Landssamband smábátaeigenda	Arthúr Bogason, formaður	Aðalfundur samtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks		250		
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Hörður Ríkharðsson	Styrkur til tækjakaupa fyrir sótthreinsun á vélum	250		100	
Hestamannafélagið Þjálfi	Böðvar Baldursson, Aðaldal	Stuðningur við gerð skeiðvallar á Einarsstöðum		500		
Sumar á Selfossi	Snorri Sigurfinnsson, umhverfisstjóri Árborgar	Stuðlað að kynningu á starfsemi á Selfossi		250		
Landssamband hestamanna	Jón Albert Sigurbjörnsson	Styrkur til þátttöku í heimsmeistaramóti í hestaíþróttum í Þýskalandi 1.–8. ágúst 1999		300		
Sögusetrið Hvollsvelli	Arthúr Björgvin Bollason, forstöðumaður			100		
BPW-klúbburinn	Samtök kvenna í viðskiptum og atvinnulífi	Styrkir til að planta trjám frá Austurríki		150		
Framtíðarstofnun	Steingrímur Hermannsson	Ráðstefna um sjálfbæra þróun	100			
Melgerðismelar	Sigfús Helgason, framkvæmdastjóri	Landsmót hestamanna	400			
Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu	Jóhanna B. Magnúsdóttir, ferðamálafulltrúi	Styrkur vegna ferðamála	100			
Dýralæknafélag Íslands	Eggert Gunnarsson, formaður	Styrkur fyrir erlendan fyrirlesara	100			
Pólarráðstefna bókavarða	Steinunn S. Ingólfsdóttir, Hvanneyri	Styrkur á ráðstefnu bókavarða	50			
Skógræktarfélag Eyfirðinga	Hallgrímur Indriðason, framkvæmdastjóri	Styrkur til nytjaskóga	1.000			
Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar.						
Byrgið	Helga Haraldsdóttir, Hafnarfirði	Styrkur til aðstoðar fólki í fíkniefnavanda				200
Landssamband veiðifélaga	Óðinn Sigþórsson, formaður	Styrkur til Landssambands veiðifélaga				200
Klúbbur matreiðslumanna	Gissur Guðmundsson	Styrkur vegna Ólympíuleika í matreiðslu				300
Íslenska lífmassafélagið	Ásgeir Leifsson	Styrkur til CRAFT-verkefnis			300	
Melgerðismelar	Sigfús Helgason, framkvæmdastjóri	Landsmót hestamanna			1.500	
Útflutningsráð Íslands	Katrín Björnsdóttir	Þjóðarbás á heimsmeistaramóti íslenska hestsins		2.000		

171. Fyrirspurn [170. mál]

til dómsmálaráðherra um fjölda lögreglumanna.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hve margir lögreglumenn eru til þjónustu að meðaltali á hvern íbúa í kaupstöðum og sýslum landsins?
2. Hvað liggur til grundvallar útreikningum dómsmálaráðuneytis um fjárveitingar til einstakra sýslumannsembætta með tilliti til fjölda lögreglumanna?
3. Á hvern hátt hefur starfsemi ríkislögreglustjóra haft áhrif á starfsemi sýslumanns- og lögregluembætta landsins?

Skriflegt svar óskast.

172. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, Magnús Stefánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Drífa Hjartardóttir.

Alþingi ályktar að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytis félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála og fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefur að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Jafnframt geri starfshópurinn kostnaðaráætlun um verkefnið. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins verði formaður starfshópsins.

Starfshópurinn leggi fram tillögur sínar fyrir 1. október 2003.

Greinargerð.

Lögð er fram sú tillaga að unnin verði framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla þar sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra eru lagðar til grundvallar. Til að hægt sé að vinna að úrbótum í aðgengismálum þarf að meta stöðu þeirra nú, hvaða lög og reglugerðir fjalla um aðgengi og hversu vel þau tryggi aðgengi fyrir alla og að lokum vinna framkvæmdaáætlun um hvernig skuli staðið að úrbótum í aðgengismálum. Setja verður þeim framkvæmdum tímamörk og skilgreina kostnað og hver beri ábyrgð á þeim kostnaði. Markmiðið er að haustið 2003 liggi fyrir tillaga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, sem og öðrum lögum sem aðgengismál falla undir, og framkvæmdaáætlun um úrbætur í aðgengismálum.

Það kjörorð sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna byggjast á er „samfélag fyrir alla“. Með það að leiðarljósi hafa öll Norðurlöndin að Íslandi frátöldu unnið verkefna- og framkvæmdaáætlun um aðgengismál þar sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatl

aðra til jafns við aðra eru lagðar til grundvallar. Þar að auki hafa ríkisstjórnirnar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi lagt fram frumvörp um úrbætur í aðgengismálum. Aðgengi fyrir alla felur í sér samfélag sem mætir þörfum allra þegna sinna og endurspeglar þátttöku allra.

Grunntónninn í meginreglum Sameinuðu þjóðanna er réttur fatlaðra á við aðra þegna landsins. Lögð er skylda á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að vekja athygli samfélagsins á málefnum fatlaðra og eru reglurnar ætlaðar aðildarríkjunum til leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að aðgengismálum. Meginreglur Sameinuðu þjóðanna leggja ekki lagaskyldur á herðar ríkisstjórnum aðildarríkja þeirra en þær skuldbinda engu síður ríkin bæði siðferðislega og pólitískt.

Þegar unnið er að aðgengismálum er í langflestum tilvikum aðeins hugsað fyrir ytra aðgengi, þ.e. aðgengi fyrir hreyfihamlaða. En í aðgengi felst meira en það. Til að tryggja aðgengi fyrir alla þarf að huga að aðgengismálum sjónskertra og blindra, heyrnarlausra og heyrnarskertra og einstaklinga með þroskafrávik. Hafa ber þó í huga að með bættu aðgengi er ekki aðeins verið að mæta þörfum fatlaðra heldur allra þegna því öll eigum við það sameiginlegt að eldast sem felur í sér lakari sjón, heyrn og hreyfigetu.

Gildandi réttur.

Þau lög sem taka aðallega á aðgengismálum hér á landi eru skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eru mjög almenns eðlis og kveða ekki nema að litlu leyti á um aðgengismál. Lögin hafa þó þau markmið að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fer umhverfisráðherra með yfirstjórn málaflokksins og setur hann, í samráði við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga, byggingarreglugerð er nær til alls landsins. Í byggingarreglugerð er mælt fyrir um kröfur sem gerðar eru til hönnunar mannvirkja, m.a. varðandi aðgengi fatlaðra. Þær kröfur snúa þó einungis að ytra aðgengi. Ekkert er fjallað um innra aðgengi, svo sem litaval og lýsingu, með tilliti til þarfa blindra og sjónskertra og aðgengi að upplýsingum, menntun o.fl. Skipulagsstofnun sinnir einnig aðgengismálum og er eitt af hlutverkum stofnunarinnar að veita upplýsingar um ferlimál fatlaðra.

Mikill galli er á lögum um skipulags- og byggingarmál er snýr að aðgengi og vantar t.d. öll ákvæði um aðgengi fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa og heyrnarskerta og einstaklinga með þroskafrávik. Dæmi um hversu lítið lögin taka á þessu atriði er endurbygging Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Þar töldu menn sig vera að hanna byggingu aðgengilega öllum en svo er ekki. Aðeins er tekið á þörfum hreyfihamlaðra en ekki annarra hópa svo sem blindra og heyrnarskertra. Fleiri dæmi mætti nefna um endurbyggingar þar sem aðgengismálum hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Þá er það sameiginlegt öllum lögum sem fjalla um réttarstöðu fatlaðra að ekki eru nein ákvæði um viðurlög ef lögunum er ekki framfylgt.

Skýrsla starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra.

Árið 1999 kom út skýrsla starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra. Skýrslan var unnin af starfshópi á vegum félagsmálaráðuneytisins sem var skipaður samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 1996. Ályktunin var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Tryggt verði að fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp komi að málinu.“

Meðal annars hafði starfshópurinn til hliðsjónar meginreglur Sameinuðu þjóðanna í umfjöllun um afmörkun og skilgreiningu á verkefninu, þ.e. 5., 10., 11. og 12. reglu, en þær reglur fjalla um tómstundir, menningu og aðgengi.

Í skýrslunni er leitað eftir upplýsingum um þátttöku barna og unglinga í skipulögðu tómstundastarfi, möguleika fatlaðra til ferðalaga og sumardvalar og aðgengi að menningarstarfsemi. Var þar sérstaklega litið á möguleika fatlaðra til að njóta leiklistar, sækja söfn og listsýningar, nýta sér þjónustu bókasafna og taka þátt í starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar. Einnig leggur starfshópurinn fram tillögur og ábendingar um úrbætur til þeirra ráðuneyta og sveitarfélaga sem eiga hlut að málinu.

Í skýrslunni eru dregnir fram fjölmargir þættir sem betur mega fara í aðgengismálum. Sem dæmi má nefna að af 116 kirkjum sem svöruðu erindi starfshópsins var staðan sú í 73% tilvika að fólk í hjólastól komst ekki inn hjálparlaust og sums staðar alls ekki. Tónmöskvar fyrir heyrnarskerta voru aðeins í 17% kirknanna.

Aðgengi fatlaðra barna að skipulögðu tómstundastarfi sveitarfélaganna er einnig mjög ábótavant. Af 124 sveitarfélögum sem fengu fyrirspurn svöruðu 99 (svarhlutfall tæp 80%). 36 af þessum sveitarfélögum hafa skipulagt tómstundastarf í boði og eru flest þeirra stærri sveitarfélögin. Athygli vekur að þegar spurt er hverjar séu helstu hindranir varðandi þátttöku fatlaðra í almennu tómstundastarfi er lélegt aðgengi oftast nefnt. Aðeins 21 sveitarfélag af 99 taldi aðgengi sæmilegt eða viðunandi, önnur sveitarfélög töldu aðgengi slæmt eða svöruðu ekki.

Hvað varðar aðgengi fatlaðra að sumardvöl og ferðalögum eru möguleikar þeirra mjög misjafnir. Aðgengi í orlofshúsum er mismunandi auk þess sem fatlaðir, sem þurfa að hafa með sér fylgdarmenn, þurfa yfirleitt að greiða þann kostnað sjálfir og getur það verið þeim ofviða.

Aðgengi að bókasöfnum var einnig kannað og sendi starfshópurinn fyrirspurn til 50 héraðs- og amtsbókasafna auk bókasafna stærri bæja og þéttbýlisstaða. Svarhlutfallið var 58%. Aðeins 11 af 50 bókasöfnum töldu aðgengi fyrir fólk í hjólastól vera viðunandi.

Þegar aðgengi að söfnum, kvikmyndahúsum og leikhúsum var kannað af starfshópnum var m.a. leitað eftir upplýsingum hjá fulltrúum ferlinefnda sveitarfélaganna. Aðgengi að söfnum er víða mjög ábótavant, það sama má segja um Þjóðleikhúsið og Þjóðminjasafn Íslands. Starfshópurinn bendir m.a. á að nauðsynlegt sé að gerð verði úttekt á hvernig búið sé að fötluðu fólki varðandi listsköpun og gerð verði áætlun til úrbóta sem byggist á þeim upplýsingum.

Starfshópurinn tekur einnig á möguleikum fatlaðra til þess að nýta sér almenn tilboð um sumardvöl, ferðalög og ferðaþjónustu. Atriði sem voru könnuð voru m.a. kostnaður vegna aðstoðarfólks, aðgengileg farartæki og gisti- og veitingastaðir.

Þeir sem ekki geta vegna fötlunar sinnar ferðast einir verða að kaupa sér aðstoð sem þýðir að þeir verða að greiða allt að tvöfaldan kostnað vegna ferða og uppihalds fylgdarmanns. Hér er um mikið réttlætismál að ræða sem úr þarf að bæta því óhætt er að fullyrða að margir fatlaðir ráða ekki við þann kostnað sem fylgir því að hafa aðstoðarmann á ferðalögum. Kemur einnig fram að aðstaða fatlaðra er mismunandi hvað þetta varðar. Þannig virðast þeir sem búa á sambýlum og stofnunum hafa betri möguleika til að ferðast þar sem starfsfólkið fylgir þeim á ferðalögum en þeir sem eru á eigin vegum.

Starfshópurinn mælir með að tryggð verði með lögum fjárhagsaðstoð við fatlaða til að standa straum af kostnaði vegna aðstoðarmanns.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðgengi að gisti- og veitingahúsum eða ferðamannastöðum.

Starfshópurinn beinir þeim tilmælum til samgönguráðuneytisins að það beiti sér fyrir því að gerð verði ítarleg úttekt á hótelum og gististöðum í landinu með tilliti til aðgengis og þjónustu við fatlaða.

Félagsmálaráðuneytið sendi öllum ráðuneytum skýrslu starfshópsins 20. febrúar 2000 þar sem vakin var athygli ráðuneytanna á einstökum köflum skýrslunnar sem sneru að hverju ráðuneyti fyrir sig.

Verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins — Menntun og menning fyrir alla.

Árið 1999 var gefin út af menntamálaráðuneytinu verkefnáætlunin „Menntun og menning fyrir alla". Markmiðið með áætluninni var skýrt: Menntun og menning fyrir alla. Fram kom að til að raunverulegur árangur náist muni menntamálaráðuneytið fylgja þeirri áætlun af mikilli festu. Meðal annars muni ráðuneytið fylgja eftir hinu víðtæka menningarátaki ársins 2000. Menningarstarf verði eflt um land allt og íslensk menning nýtt til að efla styrk þjóðarinnar og stöðu hennar í samfélagi þjóðanna. Í áætluninni segir einnig að markmið ríkisstjórnarinnar sé að standa vörð um íslenska tungu og þjóðmenningu og stuðla að öflugu lista- og menningarlífi sem sé aðgengilegt öllum landsmönnum.

Til að ná þessum markmiðum þyrfti samhliða að gera framkvæmdaáætlun þannig að fatlaðir mættu njóta öflugs menningarstarfs. Slík framkvæmdaáætlun liggur ekki fyrir.

Aðgengi að upplýsingum.

Í framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið er aðalmarkmiðið að Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar. Eitt af meginmarkmiðunum er að landsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum. Kostir upplýsingasamfélagsins verði nýttir til þess að efla lýðræðið og auka lífsgæði til hagsbóta fyrir almenning og íslenskt atvinnulíf. Upplýsingatækni verði beitt á öllum sviðum, hvort sem er við nýsköpun, heilbrigðismál, vísindi, listir og menningu eða á öðrum sviðum daglegs lífs.

Forsætisráðuneytið fer með framkvæmd stefnunnar og hefur verið unnið mjög vel að aðgengi fatlaðra að netinu. Er raduneyti.is dæmi um mjög aðgengilega vefsíðu.

Til að tryggja aðgengi að upplýsingum verður einnig að hafa í huga þarfir heyrnarlausra og heyrnarskertra og einstaklinga með þroskafrávik. Textun og táknmálstúlkun á sjónvarpsefni, sem og upplýsingar á táknmáli, svo sem um stjórnsýsluna, eru afar mikilvægar. Tryggja verður einstaklingum með þroskafrávik aðgengi að upplýsingum með útgáfu á auðlesnu efni.

Árið 1999 var lögð fram þingsályktunartillaga um textun á íslensku sjónvarpsefni. Í greinargerð með tillögunni segir að á Íslandi séu um 25.000 manns heyrnarskertir sem mundu nýta sér textun á íslensku sjónvarpsefni. Þessi tillaga hefur ekki náð fram að ganga og þegar lög um Ríkisútvarpið voru endurskoðuð var ákvæði um textun ekki sett inn í lögin. Það sem af er þessu ári (2001) hefur aðeins einn íslenskur þáttur verið textaður hjá Ríkissjónvarpinu.

Einnig er rétt að benda á dóm Hæstaréttar frá maí 1999 þar sem synjun Ríkisútvarpsins um að túlka framboðsumræður í sjónvarpssal daginn fyrir alþingiskosningar var dæmd ólögmæt. Segir í dómi Hæstaréttar að Ríkisútvarpinu beri að gæta jafnræðis milli þeirra sem útsendingum er beint til og beri eftir megni að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt sé heyrnarlausum.

Forsenda þess að heyrnarlausir geti tekið þátt í samfélaginu er að þeir fái upplýsingar á táknmáli. Til þess að svo megi verða þarf að stórefla túlkun á umræðu- og fréttaþáttum sem og textun á íslensku sjónvarpsefni.

Staðan annars staðar á Norðurlöndum.

Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hefur verið unnin framkvæmdaáætlun um „samfélag fyrir alla“ þar sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna eru lagðar til grundvallar. Í öllum þessum löndum hefur verið unnið að framkvæmdaáætlun um aðgengi og hvernig skuli unnið að úrbótum og lagt fram fjármagn til að ná settum markmiðum. Eru hér aðeins nefnd nokkur dæmi um slíka vinnu.

Danmörk.

- Framkvæmdaáætlun gefin út af menningarmálaráðherra um aðgengi fatlaðra að menningu og menningarviðburðum.
- Samvinna menningarmálaráðuneytisins og By- og Boligministeriet (verkefnasvið sem fellur á Íslandi undir félagsmála- og umhverfismálaráðuneyti) um breytingu á lögum sem hefur að markmiði að koma í veg fyrir að reistar séu byggingar sem ekki eru aðgengilegar.
- Menningarmálaráðuneytið hefur haft frumkvæði að því að fara fram á textun á dönsku sjónvarpsefni. Árið 1998 var þriðjungur af dönsku sjónvarpsefni textaður.

Finnland.

- Félags- og heilbrigðismálaráðuneytið gaf út framkvæmdaáætlun 1996 um „samfélag fyrir alla“ þar sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna voru hafðar að leiðarljósi. Í áætluninni var m.a. lögð áhersla á aukna textun og túlkun á sjónvarpsefni.
- Í stjórnarskránni er frá árinu 1995 kveðið á um rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu.
- Árið 2000 skipaði menningarmálaráðherra vinnuhóp til að vinna að úrbótum í aðgengi fatlaðra að menningu og menningarviðburðum.

Noregur.

- Árið1998 lagði ríkisstjórnin fram framkvæmdaáætlun um þátttöku og jafnræði fatlaðra í samfélaginu. Meginreglur Sameinuðu þjóðanna eru hafðar að leiðarljósi. Meðal verkefna er að auka styrki til leiksýninga sem fluttar eru á táknmáli, herða kröfur um aðgengi að íþróttamiðstöðvum og vinna að þróunarverkefninu „Menning og heilsa“.

Svíþjóð.

- Aðgengi fatlaðra að menningu, skýrsla sem gefin var út árið 1998.
- Frá því að skýrslan kom út hefur ríkisstjórnin árlega lagt fram 2 milljónir sænskra króna til að vinna að úrbótum í aðgengi fatlaðra að menningu. Hefur m.a. verið unnið að þróunarverkefninu „Söfn fyrir alla“.
- Árið 2000 lagði sænska ríkisstjórnin fram stjórnarfrumvarpið „Från patient til medborgare“ (frá sjúklingi til samfélagsþegns), framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra þar sem leggja á áherslu á bætt aðgengi, þjónustu og viðmót við fatlaða. Lögð verður áhersla á að áætlunin snerti öll svið samfélagsins.
- Um 27% sænsks sjónvarpsefnis eru textuð og hafa verið sett markmið um að helmingur af efninu verði textaður árið 2005.
- Agenda 22, verkefni styrkt af Evrópubandalaginu. Verkefnið hefur að leiðarljósi að kynna meginreglur Sameinuðu þjóðanna fyrir sveitarfélögunum.

Niðurlag.

Ýmislegt hefur áunnist hér á landi í réttindamálum fatlaðra á undanförnum árum og áratugum en af samanburði við stöðuna annars staðar á Norðurlöndum má sjá að enn er mikið verk óunnið, ekki síst hvað varðar aðgengismál í víðum skilningi. Flutningsmenn vilja með tillögu þessari hvetja til þess að unnið verði markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra.

173. Fyrirspurn [172. mál]

til fjármálaráðherra um afskrifaðar skattskuldir.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptist fjárhæð afskrifaðra skattskulda árlega síðustu þrjú ár milli atvinnugreina, hlutfallslega og í fjárhæðum, milli beinna afskrifta annars vegar og óbeinna hins vegar?
2. Hver var tekjuskattsstofn þeirra einstaklinga sem fengu skattskuldir afskrifaðar á árunum 2000 og 2001, sundurliðað milli beinna og óbeinna afskrifta annars vegar og milli tekjubila sem gefur góða mynd af tekjudreifingu einstaklinganna hins vegar?
3. Hvernig skiptast afskrifaðar skattskuldir á lögaðila og einstaklinga árlega síðustu þrjú ár? Fram komi upphafleg skattskuld annars vegar og viðurlög hvers konar, innheimtukostnaður og dráttarvextir hins vegar.
4. Hver er skoðun ráðherra á reglum um álagðan kostnað, viðurlög og dráttarvexti vegna vanskila á skattkröfum ríkissjóðs og telur ráðherra rétt að endurskoða þær reglur?

Skriflegt svar óskast.

174. Fyrirspurn [173. mál]

til fjármálaráðherra um rekstrartap fyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var uppsafnað yfirfæranlegt rekstrartap fyrirtækja í ársbyrjun 1999, 2000 og 2001?
2. Hvað hefur nýting rekstrartapsins leitt til mikillar lækkunar á skattstofni fyrirtækja á þessum árum og hverjar hefðu skattgreiðslurnar orðið án þessarar lækkunar tekjuskattsstofnsins?
3. Hvert var ónýtt yfirfæranlegt rekstrartap í árslok 2001?

4. Hversu mörg fyrirtæki sýndu hagnað á árunum 1999, 2000 og 2001 en voru skattlaus vegna nýtingar á yfirfæranlegu tapi? Hver var hagnaður þeirra á þessum árum í heild og sundurliðað eftir atvinnugreinum?

Skriflegt svar óskast.

175. Fyrirspurn [174. mál]

til iðnaðarráðherra um Orkubú Vestfjarða.

Frá Sigríði Ragnarsdóttur.

Hverjar eru fyrirætlanir ráðherra varðandi eignarhald og framtíðarrekstur Orkubús Vestfjarða?

176. Fyrirspurn [175. mál]

til menntamálaráðherra um menningarmál á landsbyggðinni.

Frá Sigríði Ragnarsdóttur.

1. Hefur verið unnin aðgerðaáætlun í samræmi við skýrslu samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni frá október 2000 og hvaða verkefni sem lögð eru til í skýrslunni eru þegar komin til framkvæmda?
2. Hvert er framtíðarhlutverk Menningarsjóðs félagsheimila?
3. Við hve mörg sveitarfélög hefur ríkið gert menningarsamninga? Verða slíkir samningar gerðir við fleiri sveitarfélög á næstunni? Ef svo er, hver eru þau?

Skriflegt svar óskast.

177. Fyrirspurn [176. mál]

til samgönguráðherra um menningartengda ferðaþjónustu.

Frá Sigríði Ragnarsdóttur.

1. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa á næstu árum til að auka menningartengda ferðaþjónustu, sbr. skýrslu samgönguráðuneytisins frá ágúst 2001?

2. Hefur verið unnin framkvæmdaáætlun í þessu skyni og hverjar eru helstu áherslur hennar? Óskað er eftir að í svarinu komi fram hve miklir fjármunir eru ætlaðir til verkefnisins.

Skriflegt svar óskast.

178. Fyrirspurn [177. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðaáætlun fyrir Vestfirði.

Frá Sigríði Ragnarsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að Byggðastofnun verði heimilað í lögum að veita stofnstyrki til nýsköpunar atvinnulífs og að hluta til áhættufjármagn til nýsköpunar- og þróunarstarfs, sbr. byggðaáætlun fyrir Vestfirði frá mars 2002?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á fót þróunarsjóði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafi það hlutverk að styðja við nýsköpun og endurskipulagningu fyrirtækja, sbr. fyrrgreinda áætlun?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að gert verði sérstakt svæðisskipulag fyrir Vestfirði í heild, sbr. sömu áætlun?

Skriflegt svar óskast.

179. Fyrirspurn [178. mál]

til iðnaðarráðherra um framlög Byggðastofnunar til eignarhaldsfélaga og atvinnuþróunarsjóða á landsbyggðinni.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve há voru framlög Byggðastofnunar til eignarhaldsfélaga og atvinnuþróunarsjóða á landsbyggðinni hvert ár síðustu fjögur ár og hvar á landinu eru þau?
2. Hver er ástæða þess að hætt er að veita þessi framlög?

180. Fyrirspurn [179. mál]

til utanríkisráðherra um alþjóðasakamáladómstólinn.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hefur Bandaríkjastjórn farið fram á viðræður við íslensk stjórnvöld um tvíhliða samninga um friðhelgi bandarískra þegna fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum?

181. Frumvarp til barnalaga. [180. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Móðerni og faðerni barns.

1. gr.

Réttur barns til að þekkja foreldra sína.

Barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína. Móður er skylt að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur 2. gr. eiga ekki við.

2. gr.

Feðrunarreglur um börn hjóna og foreldra í skráðri sambúð.

Eiginmaður móður barns telst faðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra. Hið sama gildir ef barn er alið svo skömmu eftir hjúskaparslit að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins eða ef móðir þess giftist eða skráir sambúð sína í þjóðskrá, með öðrum manni, fyrir fæðingu barnsins.

Nú giftist móðir barns eftir fæðingu þess manni sem hún hefur lýst föður barnsins og telst hann þá faðir þess, enda sé barnið þá ófeðrað.

Ef móðir barns og maður sem hún lýsir föður þess hafa skráð sambúð sína í þjóðskrá við fæðingu þess telst hann faðir barnsins. Sama er ef móðir barns og maður er hún lýsir föður þess skrá sambúð sína í þjóðskrá síðar, enda sé barnið þá ófeðrað.

3. gr.

Ákvörðun um faðerni barns er ákvæði 2. gr. taka ekki til.

Ef feðrunarreglur 2. gr. eiga ekki við verður barn feðrað með faðernisviðurkenningu manns, sbr. 4. gr., samþykki skv. 6. gr. eða dómsúrlausn, sbr. II. kafla.

4. gr.

Faðernisviðurkenning.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir barn sitt, við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu sinni fyrir sýslumanni, dómara í máli skv. II. kafla, presti eða bréflega, og telst hann þá faðir barnsins. Sé yfirlýsingin gefin bréflega skal undirritun hennar staðfest af héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða tveimur vitundarvottum. Þar skal tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess eða þeirra

er undirskriftina staðfesta. Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs.

Dómsmálaráðuneytið getur mælt svo fyrir að faðernisviðurkenning sem fengin er erlendis sé jafngild faðernisviðurkenningu sem fengist hefur hér á landi.

Ef lýstur faðir er ósjálfráða skal yfirlýsing hans gefin fyrir sýslumanni eða dómara að viðstöddum lögráðamanni hins ósjálfráða manns.

Nú er sálrænum högum lýsts föður svo háttað að ekki þykir fullvíst að hann geri sér grein fyrir þýðingu faðernisviðurkenningar og skal þá úr máli leyst með dómi.

Nú skýrir móðir frá því að hún hafi haft samfarir við fleiri menn en einn á hugsanlegum getnaðartíma barns og skal þá leyst úr máli með dómi. Þess er þó eigi þörf ef fyrir liggja niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna er benda eindregið til þess að tiltekinn maður, sem móðir hefur lýst sennilegan föður barns, sé faðir þess. Getur þá sá maður gengist við faðerni barnsins.

Ef niðurstaða mannerfðafræðilegrar rannsóknar útilokar að sá maður sé faðir barns sem móðir hefur lýst föður þess skal greiða úr ríkissjóði kostnað vegna rannsóknar sem sýslumaður hefur talið rétt að efna til.

5. gr.

Móðerni barns við tæknifrjóvgun.

Kona sem elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun telst móðir þess.

6. gr.

Faðerni barns við tæknifrjóvgun.

Maður sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun telst faðir barns sem þannig er getið. Sama á við um mann og konu sem skráð hafa sambúð sína í þjóðskrá.

Maður sem gefur sæði í þeim tilgangi að það verði notað við tæknifrjóvgun á annarri konu en eiginkonu sinni eða sambúðarkonu, sbr. 1. mgr., samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun verður ekki dæmdur faðir barns sem getið er með sæði hans.

Maður sem gefið hefur sæði í öðrum tilgangi en greinir í 2. mgr. telst faðir barns sem getið er með sæði hans nema sæðið hafi verið notað án vitundar hans eða eftir andlát hans.

7. gr.

Skráning á faðerni barns.

Barn skal skráð í þjóðskrá þegar eftir fæðingu þess.

Læknir eða ljósmóðir sem tekur á móti barni skal spyrja móður sem ekki er í hjúskap um faðerni þess og skrá yfirlýsingu hennar um það. Skal yfirlýsingin undirrituð af móður og send Þjóðskrá. Sá sem móðir lýsir föður barns verður þó ekki skráður faðir þess í þjóðskrá nema barnið sé feðrað samkvæmt lögum þessum. Ráðherra Hagstofu Íslands getur sett nánari ákvæði um form og framkvæmd skráningar skv. 1. og 2. mgr. í reglugerð.

Hafi barn ekki verið feðrað innan sex mánaða frá fæðingu þess skal Þjóðskrá tilkynna sýslumanni, þar sem móðir á lögheimili, að barn sé enn ófeðrað.

Þegar sýslumanni berst tilkynning skv. 3. mgr. skal hann með bréfi vekja athygli móður á ákvæði 1. gr. laganna og skora á hana að gera ráðstafanir til að barnið verði feðrað. Skal henni leiðbeint um skyldur sínar í þessu sambandi og rétt barnsins, svo og um málshöfðunarheimild manns sem telur sig föður barns.

II. KAFLI
Dómsmál til feðrunar barns.

8. gr.
Lögsaga.

Dómsmál um faðerni barns er unnt að höfða hér á landi ef:
a. aðili er búsettur hér á landi,
b. dánarbú stefnda er eða hefur verið til skipta hér á landi,
c. barn er búsett hér á landi.

Leyst skal úr máli, sem rekið er á grundvelli þessarar greinar, eftir íslenskum lögum.

Ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að skulu ganga framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

9. gr.
Varnarþing.

Faðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi aðila.

Nú á hvorugur aðili eða enginn þeirra varnarþing hér á landi og má þá höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

10. gr.
Málsaðild.

Stefnandi faðernismáls getur verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns. Nú hefur móðir barns höfðað mál og hún andast áður en því er lokið og getur þá sá sem við forsjá barns tekur haldið málinu áfram. Ef maður sem telur sig föður barns höfðar mál og hann andast áður en máli er lokið getur sá lögerfingja hans sem gengi barninu næst eða jafnhliða að erfðum haldið málinu áfram.

Höfði barnið sjálft mál eða móðir þess skal stefnt þeim manni eða mönnum sem eru taldir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barns. Nú er maður látinn áður en mál er höfðað og má þá höfða það á hendur þeim lögerfingja hans sem gengi barninu jafnhliða eða næst að erfðum.

Ef maður sem telur sig föður barns höfðar mál skal móður þess stefnt, en sé hún látin, barninu sjálfu.

11. gr.
Málskostnaður.

Nú er barn stefnandi máls og skal þá greiða þóknun lögmanns stefnanda sem dómari ákveður úr ríkissjóði, svo og annan málskostnað stefnanda, þar með talinn kostnað við öflun mannerfðafræðilegra rannsókna og annarra sérfræðiskýrslna.

12. gr.
Málsmeðferð.

Faðernismál sæta almennri meðferð einkamála að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

Þinghald í faðernismáli skal háð fyrir luktum dyrum.

13. gr.
Málsvari.

Ef ekki er sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu máls eða þingsókn hans fellur á síðari stigum niður getur dómari, þegar sérstaklega stendur á, skipað honum málsvara. Málsvari

skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður við úrlausn málsins þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði, en kveða má svo á að stefnda beri að endurgreiða þóknunina að nokkru leyti eða öllu.

14. gr.

Aðilaskýrslur.

Aðilum máls er skylt að verða við kvaðningu dómara um að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu. Láti stefnandi það undir höfuð leggjast skal málinu vísað frá dómi. Eins skal farið að ef stefnandi neitar sjálfur að gangast undir rannsókn skv. 15. gr., eða láta barnið gangast undir hana ef hann fer með forsjá þess. Neiti aðili að öðrum kosti að koma fyrir dóm getur dómari neytt sömu úrræða gagnvart honum og beita má við vitni.

15. gr.

Mannerfðafræðilegar rannsóknir.

Dómari getur, samkvæmt kröfu, ákveðið með úrskurði að blóðrannsókn verði gerð á aðilum máls og barninu og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þar á meðal mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru þeir sem í hlut eiga skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur með sama hætti ákveðið með úrskurði að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fara fram á foreldrum og eftir atvikum systkinum aðilanna, svo og á öðrum börnum þeirra. Úrskurð samkvæmt þessari málsgrein má kæra til Hæstaréttar.

Lögreglu er skylt að verða við tilmælum dómara um aðstoð við að flytja aðila til rannsóknar skv. 1. mgr.

16. gr.

Gagnaöflun dómara.

Dómari getur, ef nauðsynlegt þykir, aflað sjálfur sönnunargagna, enda hafi hann áður árangurslaust beint því til aðila að afla þeirra.

17. gr.

Sönnun.

Maður skal talinn faðir barns ef niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna benda eindregið til þess að hann sé faðir þess.

18. gr.

Lyktir máls.

Máli sem rekið er samkvæmt ákvæðum þessa kafla verður lokið með dómsátt ef aðilar svo kjósa en ella með dómi nema því sé vísað frá eða það fellt niður.

Dómari skal senda Þjóðskrá upplýsingar um feðrun barns á eyðublaði sem Hagstofa Íslands leggur til.

19. gr.

Nafnleynd og birting dóms.

Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls skal afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til einkahagsmuna.

III. KAFLI
Dómsmál til vefengingar á faðerni barns eða ógildingar á faðernisviðurkenningu.

20. gr.
Lögsaga og varnarþing.

Um lögsögu og varnarþing í málum samkvæmt þessum kafla fer skv. 8. og 9. gr.

21. gr.
Málsaðild.

Dómsmál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað barnið sjálft og móðir þess. Einnig sá sem skráður er faðir barns skv. 2. gr. og að honum látnum sá erfingi hans er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

Mál til ógildingar á faðernisviðurkenningu getur barn höfðað, sá sem viðurkennt hefur faðerni barns og móðir þess.

Máli barns eða móður skal beint að föður, en að honum látnum að þeim erfingja hans sem gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum. Máli föður eða þess sem í hans stað kemur skal beint að móður barns, en að henni látinni að barninu sjálfu.

22. gr.
Málsmeðferð o.fl.

Ákvæði 11., 12., 13., 14., 15., 16., 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. eiga við um mál sem rekin eru samkvæmt þessum kafla.

23. gr.
Vefenging á faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun.

Nú hefur maður samþykkt að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu sinni, sbr. 1. mgr. 6. gr., og er þá í máli samkvæmt þessum kafla því aðeins unnt að taka til greina kröfu um vefengingu á faðerni barns að ljóst sé að það sé ekki getið við tæknifrjóvgunina.

24. gr.
Lyktir máls.

Máli sem rekið er samkvæmt þessum kafla verður lokið með dómsátt ef aðilar svo kjósa, í samræmi við niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna, en ella með dómi nema því sé vísað frá eða það fellt niður.

IV. KAFLI
Greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.

25. gr.
Framlög til móður.

Sýslumaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með móður þess samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns, að kröfu hennar, ef sérstaklega stendur á.

Nú veikist móðir vegna meðgöngu eða barnsfara og er sýslumanni þá heimilt, að kröfu hennar, að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en níu mánuði eftir fæðingu.

Skylda má mann til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein þótt barn fæðist andvana.

26. gr.

Kostnaður vegna meðgöngu, barnsfara o.fl.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 58. gr. skal sýslumaður úrskurða hann að kröfu hennar til að greiða allan kostnað er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Að kröfu konu getur sýslumaður enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga hennar, sbr. 1. mgr., til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

27. gr.

Gjalddagi o.fl.

Framlög þau sem greind eru í 25. og 26. gr. eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim nema sýslumaður ákveði annað í úrskurði.

Framlög skv. 1. mgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

Framlög skv. 25. og 26. gr. skulu renna til móður barns.

V. KAFLI
Foreldraskyldur og forsjá barns.

28. gr.

Inntak forsjár.

Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum.

Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði. Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirsvar barns.

Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það. Foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmælts stjórnvalds.

Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.

Ef annað forsjárforeldra barns er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum eru nauðsynlegar ákvarðanir hins um persónulega hagi barns gildar.

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er öðru foreldri þá óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

29. gr.

Forsjármenn.

Barn á rétt á forsjá beggja foreldra sinna sem eru í hjúskap, sbr. þó 3. mgr. 31. gr., eða hafa skráð sambúð sína í þjóðskrá.

Nú eru foreldrar barns hvorki í hjúskap né skráðri sambúð við fæðingu barns og fer móðir þá ein með forsjá þess, sbr. þó 1. mgr. 32. gr.

Ef foreldri, sem er ekki í hjúskap og fer eitt með forsjá barns síns, gengur í hjúskap eða tekur upp sambúð með öðrum en hinu foreldrinu er forsjá barns einnig hjá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, enda hafi skráð sambúð í þjóðskrá staðið samfleytt í eitt ár. Forsjá stjúpforeldris eða sambúðarforeldris varir eingöngu meðan hjúskapur eða sambúð stendur, sbr. þó 2. mgr. 30. gr.

Ákvæði 28. gr., 5. og 6. mgr. 30. gr., 3.–5. mgr. 32. gr., 33. gr., 34. gr. og 35. gr. eiga einnig við um aðra en foreldra sem fara með forsjá barns samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við getur átt.

30. gr.

Forsjá við andlát forsjárforeldris.

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og annað þeirra andast og fer þá eftirlifandi foreldri eitt með forsjána ásamt maka sínum eða sambúðarmaka, sbr. 3. mgr. 29. gr., ef því er að skipta.

Nú hefur annað foreldri farið með forsjá barns og fer þá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, sbr. 3. mgr. 29. gr., áfram með forsjá eftir andlát forsjárforeldris.

Við andlát foreldris sem farið hefur eitt með forsjá barns hverfur forsjá þess til hins foreldrisins.

Við andlát forsjárforeldris má með samningi skv. 32. gr. eða dómi fela öðrum forsjá barns, að kröfu hans, en þeim sem forsjá annars fellur til skv. 1.–3. mgr. ef það er barni fyrir bestu.

Verði barn forsjárlaust vegna andláts forsjárforeldra hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar.

Nú hafa forsjárforeldrar ákveðið hver eða hverjir fara skuli að þeim látnum með forsjá barns þeirra og skal þá eftir því farið nema sú ákvörðun sé andstæð lögum eða annað þyki barni fyrir bestu.

Yfirlýsing skv. 6. mgr. skal gefin bréflega og skal undirritun hennar staðfest af sýslumanni eða héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess er undirskriftina staðfestir og að honum hafi verið leiðbeint um réttaráhrif yfirlýsingarinnar.

31. gr.

Forsjá við skilnað eða samvistarslit foreldra.

Forsjá barns skal ávallt skipa við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við slit sambúðar foreldra sem skráð hefur verið í þjóðskrá.

Foreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði sameiginleg eða í höndum annars hvors.

Nú slíta giftir foreldrar samvistir án þess að hjúskap ljúki og geta þeir þá ákveðið að annað þeirra fari með forsjá barns.

Ef ágreiningur rís um forsjá barns við skilnað foreldra eða við slit sambúðar foreldra, sem skráð hefur verið í þjóðskrá, fer um það mál eftir því sem kveðið er á um í 34. gr.

32. gr.

Samningar foreldra um forsjá.

Foreldrar geta samið um að forsjá barns verði sameiginleg. Í samningi um sameiginlega forsjá skal greina hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa fasta búsetu.

Foreldrar geta samið um breytingu á forsjá barns þannig að forsjá flytjist frá öðru foreldri til hins eða að samningur um sameiginlega forsjá falli niður og forsjá verði í höndum annars foreldris.

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barns síns með samningi, enda mæli barnaverndarnefnd með þeirri skipan. Ef forsjá barns er í höndum annars foreldris skal leitað umsagnar hins foreldrisins.

Samning foreldra um forsjá barns má tímabinda, þó ekki skemur en til sex mánaða.

Samningur um forsjá barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings. Hann getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns og ber að gera það ef hann er andstæður lögum.

33. gr.

Sáttaumleitan.

Sýslumaður skal bjóða aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sá sem veitir ráðgjöf getur rætt við barn, sem mál varðar, telji hann það þjóna hagsmunum þess, enda séu forsjárforeldrar því samþykkir.

Sýslumaður getur látið hjá líða að bjóða sérfræðiráðgjöf skv. 1. mgr. ef hann telur hana ónauðsynlega eða tilgangslausa.

Þeim sem veitir ráðgjöf skv. 1. mgr. er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðgjöf skv. 1. mgr., svo og um tilhögun þjónustusamninga við þá sem annast slíka ráðgjöf.

34. gr.

Dómur um forsjá barns o.fl.

Þegar foreldra greinir á um forsjá barns sker dómari úr málinu með dómi hafi sátt ekki tekist um forsjá þess. Ef foreldrar leita skilnaðar fyrir dómi leysir dómari um leið úr ágreiningi um forsjá. Sýslumaður getur veitt leyfi til skilnaðar hjóna þótt ágreiningsmál um forsjá barns þeirra sé rekið fyrir dómi.

Dómari kveður á um hjá hvoru foreldra forsjá barns verði, eftir því sem barni er fyrir bestu. Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi, en foreldrar geta með dómsátt ákveðið að forsjáin verði sameiginleg.

Við úrlausn máls um forsjá skal m.a. líta til þess hvort foreldri, sem krefst forsjár barns síns, hefur verið tálmuð umgengni við barnið.

Í ágreiningsmáli um forsjá barns ber dómara að kröfu annars foreldris eða beggja að kveða á um meðlag í dómi, sem og um inntak umgengnisréttar barns og foreldris, eftir því sem barni er fyrir bestu, hafi sátt ekki tekist um þessi efni, enda hafi krafa um það verið gerð í stefnu eða greinargerð stefnda. Dómari getur hafnað því að ákveða inntak umgengnisréttar ef slík úrlausn er barni fyrir bestu.

Um meðferð þessara mála fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum VI. kafla.

Dómari skal senda Þjóðskrá upplýsingar um niðurstöðu máls um forsjá barns á eyðublaði sem Hagstofa Íslands leggur til.

35. gr.

Úrskurður til bráðabirgða um forsjá barns o.fl.

Í máli um forsjá barns hefur dómari heimild til að úrskurða til bráðabirgða að kröfu aðila hvernig fara skuli um forsjá þess eftir því sem barni er fyrir bestu. Í sama úrskurði getur dómari kveðið á um umgengni og meðlag til bráðabirgða.

Hafni dómari kröfu um niðurfellingu sameiginlegrar forsjár meðan forsjármál er til meðferðar fyrir dómi getur hann eigi að síður kveðið á um lögheimili barns, umgengni og meðlag til bráðabirgða. Í slíku máli getur dómari enn fremur ákveðið að barn skuli búa hjá foreldrum sínum á víxl, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns.

Breyta má úrskurði skv. 1. og 2. mgr. vegna sérstakra ástæðna þyki það vera barni fyrir bestu.

Nú hefur forsjármáli eigi verið ráðið til lykta fyrir héraðsdómi og getur dómari þá, að kröfu málsaðila, kveðið svo á í úrskurði að ekki megi að óloknu máli fara með barnið úr landi. Sé forsjármál rekið fyrir Hæstarétti getur hann á sama hátt tekið ákvörðun um að óheimilt sé að fara með barnið úr landi. Dómari skal þegar í stað senda úrskurð um farbann til embættis ríkislögreglustjóra.

Heimilt er að kæra úrskurð héraðsdómara skv. 1.–4. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum. Kæra úrskurðar um farbann skv. 4. mgr. frestar þó ekki réttaráhrifum úrskurðar.

Úrskurður skv. 1.–4. mgr. bindur ekki hendur dómara þegar ákveða skal forsjá, umgengni eða meðlag skv. 34. gr.

Dómari verður ekki vanhæfur til að leysa úr máli skv. 34. gr. af þeirri ástæðu einni að hann hefur kveðið upp úrskurð skv. 1.–4. mgr.

Úrskurður skv. 1.–4. mgr. fellur sjálfkrafa niður þegar dómur um forsjá er kveðinn upp. Þetta gildir þó ekki hafi dómari ákveðið að áfrýjun dóms fresti réttaráhrifum hans. Þegar svo stendur á fellur úrskurðurinn sjálfkrafa niður þegar annaðhvort héraðsdómur í málinu verður bindandi um úrslit sakarefnis, sbr. 1. mgr. 44. gr., eða dómur fellur í Hæstarétti.

VI. KAFLI

Dómsmál vegna ágreinings um forsjá barns.

36. gr.

Lögsaga.

Dómsmál vegna ágreinings um forsjá barns er unnt að höfða hér á landi ef:

a. stefndi er búsettur hér á landi,
b. barn eða börn, sem málið varðar, eru búsett hér á landi,
c. stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi þar sem hann býr eða þar sem stefndi eða börn búa, eða
d. báðir foreldrar eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir sig eigi andvígan því að mál sé höfðað hér á landi.

Leyst skal úr máli sem rekið er á grundvelli 1. mgr. eftir íslenskum lögum.

Ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að skulu ganga framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

Nú er gerð krafa um forsjá barns í hjúskaparmáli og gilda þá reglur hjúskaparlaga um lögsögu og varnarþing. Um forsjárþátt málsins skal að öðru leyti gæta ákvæða þessa kafla.

37. gr.

Varnarþing.

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi barns eða á heimilisvarnarþingi stefnda að öðrum kosti. Ef hvorugt þeirra á heimilisvarnarþing hér á landi má höfða mál á heimilisvarnarþingi stefnanda.

Eigi hvorki aðilar né barn heimilisvarnarþing hér á landi má höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

38. gr.

Málsmeðferð.

Mál vegna forsjár barns verður rekið eftir almennum reglum um einkamál nema að því leyti sem mælt er fyrir á annan veg í lögum þessum.

Stefnanda máls vegna forsjár barns verður ekki gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

Þinghald í forsjármáli skal háð fyrir luktum dyrum.

Flýta skal meðferð forsjármáls.

39. gr.

Málsvari.

Ef ekki er sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu máls eða þingsókn hans fellur á síðari stigum niður getur dómari, þegar sérstaklega stendur á, skipað honum málsvara. Málsvari skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður við úrlausn málsins þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði, en kveða má svo á að stefnda beri að endurgreiða þóknunina að nokkru leyti eða öllu.

40. gr.

Sáttaumleitan.

Dómari getur ákveðið að sátta verði leitað milli aðila eftir ákvæði 33. gr. í stað þess að gera það sjálfur.

41. gr.

Málsástæður.

Aðilar geta borið fram nýjar málsástæður og haft uppi ný andmæli allt til þess er mál er dómtekið.

Dómari er ekki bundinn af málsástæðum aðila.

42. gr.

Gagnaöflun.

Dómari fylgist með öflun sönnunargagna. Aðilum máls er skylt að verða við kvaðningu dómara um að mæta fyrir dóm og gefa skýrslu. Aðila má knýja til að koma fyrir dóm í samræmi við ákvæði 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála.

Dómari getur lagt fyrir aðila að afla tilgreindra gagna sem varða aðstæður þeirra eða barna þeirra. Verði aðili ekki við tilmælum dómara eða er það ókleift getur dómari sjálfur aflað gagna sem hann telur nauðsynleg til að leggja megi dóm á mál.

Dómari getur lagt fyrir aðila að afla sérfræðilegrar álitsgerðar ef hann telur hennar þörf. Dómari getur að eigin frumkvæði bætt matsatriðum við dómkvaðningu. Um álitsgerðir samkvæmt þessari málsgrein fer að öðru leyti samkvæmt reglum um dómkvadda matsmenn.

Dómari getur ákveðið að kostnaður af gagnaöflun sem hann mælir fyrir um eða vegna gagna sem hann aflar sjálfur samkvæmt þessari grein greiðist úr ríkissjóði.

43. gr.

Réttur barns til að tjá sig um mál o.fl.

Veita skal barni, sem náð hefur nægilegum þroska, kost á að tjá sig um mál nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Dómari getur falið sérfróðum manni að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það samkvæmt ákvæðum 42. gr. Þegar sérfróður maður hefur ekki verið dómkvaddur getur dómari falið sérfræðingi að kynna sér viðhorf barns og gefa skýrslu um það.

Dómari getur ákveðið að öðrum málsaðila eða báðum sé óheimilt að vera viðstaddur er hann kannar viðhorf barns. Sérfróður maður, sem dómari hefur falið að kanna viðhorf barns, hefur sömu heimildir.

Kynna skal aðilum hvað fram hafi komið um afstöðu barns. Ef aðilum er ekki veittur aðgangur að skýrslu um afstöðu barns skal bókað um það hvaða upplýsingar þeim voru veittar.

Dómari getur, ef þörf er á, beint þeim tilmælum til barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem barn er búsett að nefndin skipi barninu tilsjónarmann til að vera því til stuðnings við meðferð forsjármálsins.

44. gr.

Dómsorð, nafnleynd og birting dóms.

Í dómsorði skal héraðsdómari ávallt tiltaka hvort áfrýjun dóms fresti réttaráhrifum hans. Frestur til að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar er einn mánuður. Þegar héraðsdómari ákveður að áfrýjun fresti réttaráhrifum dóms verður dómur fyrst bindandi um úrslit sakarefnis við lok áfrýjunarfrests, enda hafi áfrýjunarstefna þá ekki verið gefin út. Slíkur dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis afsali aðilar sér skriflega rétti til áfrýjunar. Þegar dómi er áfrýjað innan áfrýjunarfrests frestast réttaráhrif hans hafi svo verið tiltekið í dómsorði. Slíkur dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis ef mál er fellt niður fyrir Hæstarétti eða því er vísað þar frá dómi.

Um nafnleynd og birtingu dóms fer samkvæmt því sem segir í 19. gr.

VII. KAFLI
Framkvæmd forsjárákvörðunar.

45. gr.

Framkvæmd forsjárákvörðunar.

Ef sá sem barn dvelst hjá neitar að afhenda það réttum forsjármanni getur héraðsdómari, að kröfu hans, ákveðið að forsjánni verði komið á með aðfarargerð. Fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 13. kafla laga um aðför, en þó skal gæta þar ákvæða 43. gr. laga þessara. Ekki skal greiða gjald í ríkissjóð vegna kröfu samkvæmt þessari grein.

Ef aðili sem barn dvelst hjá neitar þrátt fyrir úrskurð héraðsdómara að afhenda barnið eða veita upplýsingar, sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs gerðinni, getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda kveðið upp úrskurð um dagsektir, sbr. 48. gr. Skulu dagsektir ákvarðaðar fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar þar til barn er afhent gerðarbeiðanda eða umkrafðar upplýsingar veittar sýslumanni. Dagsektir renna í ríkissjóð. Ákvæði 48. og 49. gr. eiga við um dagsektir samkvæmt þessari grein.

Ef til aðfarar kemur skv. 1. mgr. skal sýslumaður boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan gerðina og skal hann gæta hagsmuna barns. Sýslumaður getur leitað lið-

sinnis lögreglu við gerðina og er lögreglu skylt að verða við slíkum fyrirmælum sýslumanns. Lögreglumenn skulu vera óeinkennisklæddir við gerðina. Framkvæmd aðfarar skal hagað þannig að sem minnst álag verði fyrir barn og er sýslumanni heimilt að stöðva gerðina telji hann sérstaka hættu á að barn hljóti skaða af framhaldi hennar.

VIII. KAFLI
Umgengnisréttur o.fl.

46. gr.
Umgengnisréttur.

Barn á rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Við skilnað eða slit á sambúð hvílir sú skylda á báðum foreldrum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur.

Foreldri sem barn býr ekki hjá á í senn rétt og ber skylda til að rækja umgengni og samneyti við barn sitt. Skal það foreldri greiða kostnað vegna umgengninnar nema annað sé ákveðið með samningi, sbr. 3. mgr., eða úrskurði, sbr. 1. mgr. 47. gr.

Foreldrar geta samið um hvernig skipa skuli umgengnisrétti, enda fari sú skipan ekki í bága við hag og þarfir barnsins.

Foreldrar geta óskað staðfestingar sýslumanns á samningi skv. 3. mgr. Sýslumaður skal leiðbeina þeim um réttaráhrif samnings. Sýslumaður getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns.

47. gr.
Úrskurður sýslumanns um umgengni.

Sýslumaður tekur ákvörðun um umgengni samkvæmt þessari grein með úrskurði. Ákvörðun skal ávallt tekin eftir því sem barni er fyrir bestu.

Ef foreldra greinir á um umgengni úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um inntak umgengnisréttar og hversu honum verði beitt, þar á meðal hvort foreldra skal bera kostnað af ferðum barns. Ef sérstaklega stendur á getur sýslumaður að ósk foreldris sem barn býr ekki hjá mælt fyrir um rétt þess til að hafa bréfa- og símasamband við barn svo og annað samband með hliðstæðum hætti.

Nú er annað foreldra barns látið eða bæði, eða foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn, og geta þá nánir vandamenn þess foreldris krafist úrskurðar sýslumanns um umgengni þeirra við barn í samræmi við 2. mgr.

Þegar sérstök ástæða er til getur sýslumaður mælt svo fyrir í úrskurði, að undangengnu samráði við barnaverndarnefnd, að umgengni skuli fara fram undir eftirliti eða með liðsinni barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds umsjónarmanns.

Sýslumaður getur breytt eða fellt úr gildi úrskurð eða samning um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu.

Sýslumaður getur hafnað því að ákveða inntak umgengnisréttar eða breyta ákvörðun um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu.

Ef sérstök atvik valda því að mati sýslumanns að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag og þörfum þess getur hann kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við.

Þótt inntak umgengnisréttar hafi verið ákveðið með dómi eða dómsátt, sbr. 34. gr., hefur sýslumaður sömu heimildir til breytinga á þeirri skipan og hefði hún verið ákveðin með úrskurði hans.

Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum XI. kafla.

48. gr.

Dagsektir til að koma á umgengni.

Umgengni við barn samkvæmt úrskurði, dómi, dómsátt foreldra eða samningi þeirra, staðfestum af sýslumanni, verður þvinguð fram með dagsektum tálmi sá sem hefur forsjá barns hinu foreldrinu eða öðrum, sem eiga umgengnisrétt við barnið, að neyta hans.

Sýslumaður getur, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn skv. 1. mgr., skyldað þann sem með forsjá barnsins fer til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum allt að 30.000 kr. fyrir hvern dag. Dagsektir verða ekki lagðar á fyrir lengra tímabil en 100 daga í senn. Dagsektir verða ekki lagðar á fyrr en að liðnum kærufresti skv. 78. gr. eða að gengnum úrskurði dómsmálaráðuneytis hafi úrskurður sýslumanns um umgengni verið kærður. Hafi umgengni verið ákveðin með héraðsdómi verða dagsektir ekki lagðar á fyrr en að liðnum áfrýjunarfresti eða að gengnum dómi Hæstaréttar.

Sýslumaður getur, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn skv. 1. mgr., úrskurðað að dagsektir falli ekki niður fyrr en látið hafi verið af tálmunum og að umgengni hafi farið þrisvar fram undir eftirliti fulltrúa barnaverndarnefndar í samræmi við gildandi skipan á umgengni.

Við rannsókn máls getur sýslumaður óskað liðsinnis barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins. Sýslumaður getur frestað því í allt að sex vikur að taka afstöðu til kröfu um dagsektir ef sérstaklega stendur á. Um meðferð þessara mála fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XI. kafla.

Dagsektir skulu ákveðnar með úrskurði og falla á fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu hans þar til látið er af tálmunum.

Áfallnar dagsektir falla niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmunum.

Dagsektarkrafa fyrnist á einu ári. Fyrningarfrestur telst frá uppkvaðningu úrskurðar.

49. gr.

Fjárnám fyrir dagsektum.

Gera má fjárnám fyrir dagsektum samkvæmt kröfu þess sem tálmað er að njóta umgengnisréttar og renna þær í ríkissjóð. Ekki skal greiða gjald í ríkissjóð vegna kröfu samkvæmt þessari grein.

50. gr.

Umgengni komið á með aðför.

Tálmi forsjármaður umgengni þrátt fyrir úrskurð um dagsektir og fjárnám fyrir þeim getur héraðsdómari, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn, heimilað að henni verði komið á með aðfarargerð. Um meðferð máls og framkvæmd aðfarar gilda ákvæði 45. gr.

51. gr.

Fyrirhugaður flutningur barns úr landi.

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi nema því foreldri sem umgengnisréttinn á sé sannanlega tilkynnt um fyrirhugaðan brottflutning með minnst 30 daga fyrirvara. Verði foreldrar ekki sammála um hvernig þá skuli skipa umgengni má bera mál undir sýslumann til úrskurðar. Flýta skal meðferð málsins.

52. gr.

Réttur til upplýsinga um barn.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu upplýsingar um hagi þess, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá leikskólum, skólum, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingagjöf sé skaðleg fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til dómsmálaráðuneytis.

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjárforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 78. gr.

IX. KAFLI
Framfærsla barns.

53. gr.

Framfærsluskylda foreldra o.fl.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt svo sem eigið barn þess væri ef það fer með forsjá þess skv. 3. mgr. 29. gr. Sama á við um sambúðarforeldri sem fer með forsjá barns samkvæmt sama ákvæði.

54. gr.

Meðlag með barni við skipan forsjár þess.

Meðlagsgreiðslur með barni skal ávallt ákveða við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við ákvörðun um forsjá barns vegna slita foreldra á sambúð, sem skráð hefur verið í þjóðskrá. Sama á við þegar foreldrar gera með sér samning um breytingu á forsjá skv. 32. gr.

55. gr.

Samningur um meðlag.

Samningur um meðlag með barni er því aðeins gildur að sýslumaður staðfesti hann eða að gerð sé sátt fyrir dómi um meðlagið.

Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri nemur eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. Nefnist það einfalt meðlag í lögum þessum.

Eigi má takmarka meðlagsskyldu foreldris við lægri aldur barns en 18 ár. Þegar svo háttar til að foreldrar gera með sér tímabundinn samning um forsjá, sbr. 4. mgr. 32. gr., er þó heim-

ilt að semja um meðlagsgreiðslur til jafnlangs tíma og forsjá er ákveðin samkvæmt samningnum.

56. gr.

Hverjir krafist geta meðlags.

Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns getur krafist þess að meðlag sé ákveðið og innheimt, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða barn búi hjá honum samkvæmt lögmætri skipan.

Nú hefur verið innt af hendi meðlag af hálfu hins opinbera og hefur þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann sem greinir í 1. mgr.

57. gr.

Úrskurður eða dómur um meðlag.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni og getur sýslumaður þá úrskurðað það til greiðslu meðlags með því. Meðlag verður þó ekki ákvarðað lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

Meðlag skal ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.

Í meðlagsúrskurði má hvorki ákveða lægri meðlagsgreiðslu en einfalt meðlag né heldur takmarka meðlagsskyldu foreldris við lægri aldur barns en 18 ár.

Þegar svo háttar til að foreldrar hafa gert með sér tímabundinn samning um forsjá, sbr. 4. mgr. 32. gr., er þó heimilt að úrskurða meðlag til jafnlangs tíma og forsjá er ákveðin samkvæmt samningnum.

Dómsmálaráðuneytið gefur út leiðbeiningar um viðmiðunarfjárhæðir vegna krafna um meðlag umfram lágmarksmeðlag skv. 3. mgr.

Þegar dómari sker úr ágreiningsmáli um faðerni eða forsjá barns skal hann einnig, að kröfu, leysa úr ágreiningi um meðlag í dómi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

58. gr.

Sérákvæði um framfærsluskyldu.

Nú hefur faðir barns sætt dómi fyrir brot skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess og telja verður að barn sé getið við þessa háttsemi og er þá heimilt að úrskurða hann til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

59. gr.

Úrskurður um meðlagsgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Nú hefur verið sett fram krafa um meðlag með barni, en fyrirsjáanlegt er að mál muni dragast á langinn þar sem foreldri, sem krafa beinist gegn, er búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum er bundið að ná til þess og getur þá sýslumaður kveðið upp bráðabirgðaúrskurð um meðlag með barninu frá Tryggingastofnun ríkisins. Bráðabirgðameðlag verður ekki ákvarðað hærra en nemur einföldu meðlagi og ekki lengra aftur í tímann en krafan á hendur foreldri tekur til. Slík krafa verður þó aldrei úrskurðuð lengra aftur í tímann en eitt ár, enda hafi barnið verið búsett hér á landi þann tíma. Bráðabirgðameðlag, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkvæmt þessari málsgrein, verður innheimt hjá hinu meðlagsskylda foreldri í samræmi við úrskurð sýslumanns á hendur því en er óafturkræft að öðru leyti.

Ef svo háttar til að foreldri, sem er búsett erlendis, hefur með erlendri ákvörðun verið gert að greiða foreldri barns, sem búsett er hér á landi, meðlag með því, sem er lægra en einfalt meðlag, getur sýslumaður úrskurðað að Tryggingastofnun ríkisins greiði til foreldris sem

barn býr hjá meðlag sem nemur mismuninum á fjárhæð meðlagsins og einföldu meðlagi. Ef ákveðið hefur verið í erlendri meðlagsákvörðun að foreldri, sem er búsett erlendis, skuli ekki greiða meðlag með barni getur sýslumaður úrskurðað að Tryggingastofnun ríkisins greiði einfalt meðlag til foreldris sem barn býr hjá.

60. gr.

Úrskurður vegna sérstakra útgjalda.

Heimilt er að úrskurða þann sem meðlagsskyldur er til að inna af hendi sérstakt framlag vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlag skv. 1. mgr. verður því aðeins úrskurðað að krafa um það sé uppi höfð við sýslumann innan þriggja mánaða frá því að svara varð til útgjalda nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

Dómsmálaráðuneytið gefur út leiðbeiningar um viðmiðunarfjárhæðir vegna krafna um sérstök framlög samkvæmt þessari grein.

61. gr.

Lok framfærsluskyldu.

Framfærsluskyldu lýkur er barn verður 18 ára.

Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma ef barn gengur í hjúskap nema sýslumaður ákveði annað.

62. gr.

Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar.

Þrátt fyrir ákvæði 61. gr. er heimilt að úrskurða foreldri til að greiða barni sínu framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt kröfu þess frá 18 ára aldri og allt til þess er það nær 20 ára aldri. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. á hér við að sínu leyti.

Sýslumaður getur breytt úrskurði skv. 1. mgr. ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldris eða barns hafi breyst.

63. gr.

Greiðsla meðlags.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram nema annað sé löglega ákveðið.

Meðlag samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni og skal notað í þágu þess. Sá sem krafist getur meðlags skv. 56. gr. innheimtir þó meðlag og tekur við greiðslum þess í eigin nafni.

64. gr.

Breyting á samningi eða dómsátt um meðlag.

Sýslumaður getur með úrskurði breytt staðfestum samningi um meðlag eða dómsátt, sbr. 55. gr., ef rökstudd krafa kemur fram um það, ef

a. aðstæður hafa breyst verulega,
b. samningur eða dómsátt gengur í berhögg við þarfir barns eða
c. samningur eða dómsátt er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu foreldra.

Ákvörðun um meðlag, sem fallið er í gjalddaga áður en krafa er uppi höfð, verður þó ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

65. gr.

Breyting á úrskurði eða dómi um meðlag

Sýslumaður getur breytt meðlagsúrskurði stjórnvalds og ákvörðun um meðlag, sem tekin hefur verið með dómi, ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldra eða barns hafi breyst.

Ákvæði 2. mgr. 64. gr. á hér við að sínu leyti um meðlagsúrskurði stjórnvalda.

X. KAFLI
Greiðsla meðlags og framfærslueyris. Innheimtuúrræði.

66. gr.

Fjárnámsheimild.

Gera má fjárnám fyrir meðlagi á grundvelli dóms, dómsáttar eða úrskurðar. Hið sama gildir um aðrar greiðslur sem sýslumaður úrskurðar skv. IV. og IX. kafla.

Fyrir greiðslum skv. 1. mgr., sem samningur staðfestur af sýslumanni tekur til, má einnig gera fjárnám.

67. gr.

Greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða rétthafa greiðslna skv. IV. og IX. kafla, sem á framfærslurétt hér á landi, samkvæmt dómi, dómsátt, úrskurði sýslumanns eða samningi staðfestum af honum, þó innan þeirra marka sem lög um almannatryggingar setja.

XI. KAFLI
Meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

68. gr.

Lögsaga íslenskra stjórnvalda.

Stjórnvöld geta leyst úr þeim málum er tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

- ef barn sem málið varðar er búsett hér á landi,
- ef sá sem krafa beinist að er búsettur hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga um lögsögu sem Ísland er aðili að ganga framar ákvæðum 1. mgr.

69. gr.

Úrskurðarumdæmi.

Úrskurða skal ágreiningsmál, er sæta úrlausn sýslumanns eftir lögum þessum, í umdæmi þar sem barn býr. Nú flytur barn milli umdæma áður en máli er lokið og ákveður þá sýslumaður, sem málið hefur til meðferðar, hvort hann lýkur málinu eða framsendir það sýslumanni í því umdæmi sem barn hefur flust til.

Sé barn ekki búsett hér á landi skal úrskurða mál þar sem sá er krafa beinist að er búsettur.

Séu samtímis rekin samkynja mál er varða systkin sem eru ekki búsett í sama úrskurðarumdæmi skal sameina málin og úr þeim leysa í því umdæmi þar sem úrskurða átti um þá kröfu er kom fyrr fram.

Dómsmálaráðuneytið ákveður úrskurðarumdæmi ef hvorki barn né sá sem krafan beinist að eru búsett hér á landi eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

70. gr.

Kröfur aðila og tilkynning um meðferð máls.

Aðilum máls ber að gera skýrar kröfur fyrir sýslumanni. Eftir að fram er komið erindi frá aðila máls skal gagnaðili boðaður til fyrirtöku þess hjá sýslumanni eða honum veitt færi á að tjá sig skriflega um það, sbr. 2. og 3. mgr. 71. gr.

Ef aðili sinnir ekki tilmælum sýslumanns um að mæta við fyrirtöku máls eða senda skriflega greinargerð um viðhorf sín til þess skal sýslumaður senda honum gögn málsins með sannanlegum hætti og gefa honum frest til að tjá sig skriflega um málið eða tækifæri til að mæta á fund sýslumanns á tilteknum tíma. Í bréfinu skal gerð grein fyrir því hverju það varði að sinna ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns.

Ef gagnaðili á lögheimili eða þekkt aðsetur í öðru ríki fer um birtingu tilkynningar eftir lögum þess ríkis. Móttekið ábyrgðarbréf eða birting tilkynningar af stefnuvotti telst þó ávallt nægileg birting. Hið sama gildir riti gagnaðili undir tilkynningu frá sýslumanni um að samrit hafi verið afhent sér.

Sýslumaður má birta tilkynningu um meðferð máls í Lögbirtingablaði ef:

a. upplýsinga verður ekki aflað um heimili gagnaðila,
b. erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að birta tilkynningu um meðferð máls,
c. birting tekst ekki samkvæmt lögum þess ríkis þar sem reynt var að birta tilkynninguna eða
d. neitað hefur verið viðtöku ábyrgðarbréfs á heimili gagnaðila.

Í tilkynningu sem birt er í Lögbirtingablaði skal geta um nafn, kennitölu og síðasta þekkta heimilisfang aðilans, ef unnt er, efni kröfu og tilvísun til þeirrar lagaheimildar sem hún byggist á, áskorun til aðilans um að mæta til fyrirtöku málsins á tilteknum stað og tíma, og loks hverju það varði að sinna ekki kvaðningu sýslumanns. Birta skal tilkynningu í Lögbirtingablaði hið minnsta 30 dögum áður en málið verður tekið fyrir.

Ef tími til nýrrar fyrirtöku máls er ákveðinn við fyrirtöku þess er ekki þörf frekari tilkynninga um þá ákvörðun til aðila sem er staddur þar þegar hún er kynnt.

71. gr.

Málsmeðferð.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum fer um meðferð máls samkvæmt stjórnsýslulögum.

Sýslumaður ákveður hvort hann kveður aðila, saman eða hvorn í sínu lagi, á sinn fund til umræðu um málið eða hvort hann gefur þeim kost á að tjá sig skriflega um það, allt eftir eðli og umfangi þess svo og þörfum málsaðila. Sýslumaður skal þó ávallt verða við ósk aðila um að mega tjá sig munnlega um mál sitt.

Sýslumaður getur ákveðið að fyrirtaka máls varðandi gagnaðila fari fram í umdæmi þess sýslumanns þar sem gagnaðili býr.

Um rétt barns til að lýsa viðhorfum sínum í ágreiningsmálum um umgengni fer samkvæmt ákvæðum 43. gr. að breyttu breytanda.

72. gr.

Rannsókn máls.

Aðilum máls ber að afla þeirra gagna sem sýslumaður telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur sýslumaður aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Ef úrskurðarbeiðandi sinnir eigi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um framlagningu gagna, sbr. 1. og 2. mgr. 70. gr., er sýslumanni heimilt að synja um úrlausn. Synjun sýslumanns um að veita úrlausn skal vera skrifleg og afrit hennar sent gagnaðila hafi honum verið kynnt krafa úrskurðarbeiðanda.

Nú sinnir gagnaðili máls eigi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um gagnaöflun, sbr. 70. gr., og getur sýslumaður þá krafist afhendingar ljósrits af skattframtali hans, sakavottorðs eða lögregluskýrslu frá hlutaðeigandi stjórnvaldi.

73. gr.

Sáttaumleitan.

Sýslumaður leitar sátta með aðilum áður en hann tekur ákvörðun í ágreiningsmáli nema sáttaumleitan sé bersýnilega tilgangslaus eða aðili sinni ekki ítrekuðum kvaðningum sýslumanns. Ef aðilar máls búa eða dvelja hvor í sínu umdæmi má leita sátta þar sem úrskurða skal mál eða þar sem hvor aðili býr eða dvelst.

Hafi sérfræðileg ráðgjöf verið veitt í samræmi við ákvæði 33. gr. er eigi þörf fyrir sáttaumleitan sýslumanns skv. 1. mgr.

74. gr.

Álitsumleitan o.fl.

Sýslumaður getur leitað umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til og liðsinnis hennar við meðferð máls í samræmi við 4. mgr. 43. gr.

75. gr.

Upplýsingaréttur aðila.

Ákvæði 15.–19. gr. stjórnsýslulaga gilda um rétt aðila til að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál varða.

Sýslumanni er heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum er veita upplýsingar um afstöðu barns ef ætla má að það geti reynst barni skaðlegt eða sambandi barns og foreldris.

Ef gögn eru í heild undanþegin aðgangi aðila skal sýslumaður þó kynna honum niðurstöðu þeirra ef til greina kemur að á þeim verði byggt við úrlausn máls.

76. gr.

Form og efni úrskurðar.

Úrskurður sýslumanns skal ávallt vera skriflegur og undirritaður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Afrit úrskurðar skal varðveitt af sýslumanni.

Í úrskurði skal m.a. greina eftirfarandi atriði:

a. nöfn og kennitölur aðila,
b. nafn og kennitölu barns eða barna er mál varðar,
c. kröfur aðila,
d. meginrök og málsástæður aðila,
e. stutta og glögga lýsingu á málsatvikum,
f. rökstuðning fyrir niðurstöðu máls, sbr. 22. gr. stjórnsýslulaga,
g. aðalniðurstöðu sem skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð,
h. embættisheiti sýslumanns, er úrskurðar í máli, og dagsetningu úrskurðar.

Í úrskurði skal veita leiðbeiningar um kæruheimild, kærufrest og hvert beina skuli stjórnsýslukæru.

Í úrskurðarorði skal geta fullnustu- og þvingunarúrræða, ef þeim er að skipta, svo og hvort kæra til dómsmálaráðherra fresti réttaráhrifum úrskurðarins.

77. gr.
Birting úrskurðar.

Úrskurður sýslumanns skal birtur aðilum máls af stefnuvotti, sendur með ábyrgðarbréfum eða kynntur á annan sannanlegan hátt.

78. gr.
Stjórnsýslukæra.

Aðilum máls er heimilt að kæra úrskurð sýslumanns til dómsmálaráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans. Um meðferð kærumálsins fer samkvæmt stjórnsýslulögum og ákvæðum þessara laga eftir því sem við getur átt.

Sýslumaður getur ákveðið í úrskurði að kæra til dómsmálaráðherra fresti réttaráhrifum hans.

XII. KAFLI
Reglugerð, gildistaka, lagaskil o.fl.

79. gr.
Reglugerð.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um málsmeðferð og starfshætti sýslumanna svo og um einstök atriði er varða framkvæmd þessara laga í reglugerð.

80. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2003.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi barnalög, nr. 20/1992, ásamt síðari breytingum, og 8. tölul. 36. gr. laga nr. 37/1993, sbr. þó ákvæði 81. gr.

81. gr.
Lagaskil.

Beita skal lögum þessum um dómsmál skv. II., III. og VI. kafla laganna sem hafa verið þingfest eftir 1. janúar 2003.

Dómsmál sem hafa verið þingfest fyrir 1. janúar 2003 en hefur ekki verið lokið þá skulu rekin og dæmd eftir barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum. Hið sama gildir ef úrskurður í slíku máli er kærður til Hæstaréttar eða dómi áfrýjað.

Beita skal lögum þessum um stjórnsýslumál sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum eftir gildistöku laganna.

Um meðferð og úrlausn stjórnsýslumála sem komið hafa til meðferðar hjá sýslumönnum fyrir 1. janúar 2003 en hefur ekki verið lokið þá skal farið samkvæmt barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum. Hið sama gildir ef úrskurður í slíku máli er kærður til dómsmálaráðherra.

Beita skal lögum þessum um endurupptöku mála þótt þau hafi verið dæmd fyrir gildistöku laganna. Hið sama gildir um endurupptöku stjórnsýslumála.

Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 23. gr. verður ekki beitt um börn sem fædd eru fyrir 1. júlí 1992.

Efnisreglur laga þessara gilda einungis um atvik sem gerast eftir gildistöku laganna.

Breytingar á öðrum lögum.

82. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðanna „skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í 10. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, kemur: samkvæmt barnalögum.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993:
   a. Orðin „skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í fyrri málslið 1. mgr. falla brott.
   b. Í stað orðanna „III. kafla barnalaga, nr. 20/1992“ í síðari málslið 1. mgr. kemur: IX. kafla barnalaga.
   c. Í stað orðanna „1. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í a-lið 2. mgr. kemur: 1. mgr. 25. gr. barnalaga.
   d. Í stað orðanna „2. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í b-lið 2. mgr. kemur: 2. mgr. 25. gr. barnalaga.
   e. Í stað orðanna „1. mgr. 22. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í c-lið 2. mgr. kemur: 1. mgr. 26. gr. barnalaga.
3. Í stað orðanna „1. mgr. 13. gr.“ í 3. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118 23. desember 1993, kemur: 1. mgr. 62. gr.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., nr. 160 27. desember 1995:
   a. Í stað orðanna „63. gr. barnalaga um þinghöld og 75. gr.“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: 3. mgr. 38. gr. barnalaga um þinghöld og 45. gr.
   b. Í stað orðanna „4. mgr. 34. gr.“ í 17. gr. kemur: 43. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Á árinu 1999 fól dómsmálaráðherra sifjalaganefnd að endurskoða gildandi barnalög. Þeirri vinnu lauk á fyrr á þessu ári með því að nefndin lét ráðherra í té frumvarp til barnalaga. Í ráðuneytinu var gerð breyting á 1. mgr. 42. gr. frumvarpsins samkvæmt ábendingum réttarfarsnefndar og frumvarpið sem hér lítur dagsins ljós er því í öllum meginatriðum það frumvarp sem sifjalaganefnd samdi.

Í sifjalaganefnd áttu sæti Páll Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Valborg Þ. Snævarr hæstaréttarlögmaður. Ritari nefndarinnar var Kristrún Kristinsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Nefndinni til aðstoðar var enn fremur Jóhanna Gunnarsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Gildandi barnalög eru nr. 20 frá árinu 1992, með síðari breytingum. Með þeim voru á sínum tíma gerðar verulegar breytingar á íslenskum barnarétti og margvísleg nýmæli tekin upp eins og þau að heimila foreldrum sem búa ekki saman að semja um að fara sameiginlega með forsjá barns. Þá var dómstólum og fyrst berum orðum falin úrlausn forsjármála. Á þeim tæpa áratug sem liðinn er frá gildistöku laganna hafa miklar breytingar orðið á viðhorfum og sjónarmiðum í barna- og fjölskyldurétti, bæði hér á landi og erlendis, og því tímabært að endurskoða þau í ljósi fenginnar reynslu og þróunar.

Sifjalaganefnd varð ljóst strax við upphaf endurskoðunar laganna á árinu 1999 að taka þyrfti afstöðu til fjölmargra sjónarmiða og álitaefna og var ákveðið á fyrstu fundum nefndarinnar að veita ýmsum þeim stofnunum, félaga- og hagsmunasamtökum sem láta sig málefni á sviði barnaréttar varða tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á fram-

færi við sifjalaganefnd í tilefni fyrirhugaðrar endurskoðunar. Þeir sem nefndin ritaði bréf í þessu skyni voru Barnaheill, Barnaverndarráð, Barnaverndarstofa, Dómarafélag Íslands, Félag ábyrgra feðra, Félag einstæðra foreldra, Fjölskylduráð, Heimili og skóli, Íslandsdeild OMEP (Bernskan), Jafnréttisráð, karlanefnd Jafnréttisráðs, Kvenréttindafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Samtökin 78, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Sýslumannafélag Íslands og umboðsmaður barna. Þeir sem létu sifjalaganefnd í té ábendingar og tillögur voru Barnaheill, Barnaverndarráð, Barnaverndarstofa, Dómarafélag Íslands, Félag ábyrgra feðra, Fjölskylduráð, Jafnréttisráð, karlanefnd Jafnréttisráðs, Lögmannafélag Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa og umboðsmaður barna. Þá bárust og athugasemdir frá Tryggingastofnun ríkisins. Um sumt voru flestir umsagnaraðilar sammála en um annað voru sjónarmið ósamræmanleg. Sifjalaganefnd tók allar athugasemdir og ábendingar sem henni bárust til efnislegrar athugunar og var við samningu frumvarpsins tekið tillit til fjölmargra þeirra.

Þá hefur nefndin við samningu frumvarpsins haft sérstaka hliðsjón af þeim alþjóðlegu samningum og samþykktum sem Ísland er aðili að og varða málefni á sviði barnaréttar. Sérstaklega hefur verið litið til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og mannréttindasáttmála Evrópu, en einnig til norræns samstarfs á sviði sifjaréttar. Þá er og vert að geta þess að litið hefur verið til starfa sérfræðinganefndar Evrópuráðsins í fjölskyldurétti (CJ-FA), tillit tekið til þeirra meginreglna um lagalega stöðu barna sem greinir í sérstakri skýrslu, „White Paper“, sem nefndin hefur látið gera og þess gætt að frumvarpið sé í samræmi við þær meginreglur.

Sifjalaganefnd fékk Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur lögfræðing til að gera úttekt á þeim lagareglum sem gilda í nokkrum nágrannaríkjum varðandi þvingunarúrræði til að koma á umgengni þegar um umgengnishindrun er að ræða. Var litið til þessa við samningu nýmæla frumvarpsins sem að slíkum þvingunarúrræðum lúta og er skýrslan fylgiskjal I með frumvarpinu.

Við samningu frumvarpsins var enn fremur litið til áfangaskýrslu nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði 1997, forsjárnefndar, til að kanna reynslu af sameiginlegri forsjá, úrræði laga til að þvinga fram umgengni o.fl. Við samningu frumvarpsins hafði sifjalaganefnd jafnframt samráð við Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra Þjóðskrár, Hagstofu Íslands, sérstaklega um I. kafla frumvarpsins, svo og um önnur þau ákvæði er lúta að skráningu barns og feðrun.

Þótt ljóst væri í upphafi að huga þyrfti að fjölmörgum þáttum við endurskoðun laganna var í fyrstu óljóst hversu víðtækar breytingar yrðu lagðar til og hvort samið yrði frumvarp til breytinga á barnalögum eða frumvarp til nýrra barnalaga. Eftir því sem störfum nefndarinnar vatt fram kom æ betur í ljós að best færi á að sett yrðu ný barnalög, enda nýmæli orðin fjölmörg auk margvíslegra breytinga. Þegar fyrir lá að frumvarp til nýrra barnalaga mundi líta dagsins ljós þótti ástæða til að huga sérstaklega að uppbyggingu frumvarpsins, með það fyrir augum að gera það eins aðgengilegt og skýrt og unnt væri, ekki síst með það að markmiði að auðvelda ólöglærðum að glöggva sig á efni þess. Sú athugun leiddi til uppstokkunar á kaflaskipan frumvarpsins, miðað við gildandi barnalög, og þykir hin nýja framsetning mun gleggri en hin eldri.

Þegar sifjalaganefnd hafði lokið við gerð draga að frumvarpi til barnalaga, í árslok 2001, voru þau send áðurnefndum aðilum og fleirum til kynningar og þeim gefinn kostur á að veita nefndinni umsögn sína um þau. Athugasemdir bárust frá Barnaverndarráði, Barnaverndarstofu, Dómarafélagi Íslands, Félagi ábyrgra feðra, Fjölskylduráði, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Jafnréttisstofu, Lögmannafélagi Íslands, Samtökunum 78, Stéttarfélagi félagsráðgjafa,

Sýslumannafélagi Íslands, sýslumanninum á Akranesi, sýslumanninum í Reykjavík og umboðsmanni barna. Flestir þessara umsagnaraðila lýstu mikilli ánægju með frumvarpsdrögin en fram komu þó ýmsar ábendingar og athugasemdir og sem fyrr var tekið tillit til þeirra við samningu frumvarpsins.

Eftir að umsagnir þessara aðila lágu fyrir þótti sifjalaganefnd rétt, að gefnu tilefni, að kalla sérstaklega eftir áliti sérfróðra manna á því hvernig væri best að skipa réttarstöðu barns í forsjármáli, einkum hvort talist gæti forsvaranlegt að veita barni stöðu aðila í slíku máli. Leitað var til sálfræðinganna Aðalsteins Sigfússonar, Guðfinnu Eydal og Þorgeirs Magnússonar í þessu skyni og skiluðu þeir nefndinni skýrslu sinni um efnið og er hún fylgiskjal II með frumvarpi þessu. Niðurstaða skýrsluhöfunda var mjög í samræmi við skoðanir og álit sifjalaganefndar en nánar verður vikið að efni skýrslunnar í umfjöllun um VI. kafla.

Verða nú helstu nýmæli frumvarpsins reifuð í kafla II í athugasemdum þessum en síðan verður vikið að einstökum köflum frumvarpsins.

II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er að finna mörg nýmæli. Rétt þykir að gefa yfirlit yfir þau helstu til glöggvunar en umfjöllun um þau er enn fremur að finna í athugasemdum við hvern kafla og einstakar greinar, eftir því sem við á. Nýmæla frumvarpsins er hér getið í sem næst þeirri röð sem þau koma fram í frumvarpinu.

1. *Skylda móður til að feðra barn.* Í gildandi barnalögum er ekki að finna ákvæði sem leggur afdráttarlausa skyldu á móður til að feðra barn sitt. Þrátt fyrir augljósa hagsmuni barns af því að vera feðrað hefur fram til þessa ekki þótt rétt að skylda móður til þess með beinum lagafyrirmælum að feðra barn sitt en sifjalaganefnd telur tímabært að stíga það mikilvæga skref nú. Með þessu er stefnt að því að réttur barns til að þekkja báða foreldra sína, sem mælt er fyrir um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sé virtur. Þrátt fyrir að sifjalaganefnd sé þeirrar skoðunar að taka beri upp skylduákvæði eins og lýst hefur verið er nefndin einhuga um að ekki sé rétt að leggja til að viðurlögum verði beitt láti móðir hjá líða að feðra barn. Bæði þykir hið nýja ákvæði um málsaðild manns, sem telur sig föður barns, að faðernismáli draga úr þörf á viðurlagaákvæðum, auk þess sem reynsla Dana af því að beita sektum í tilfellum sem þessum þykir ekki hafa skilað tilætluðum árangri og er því ekki í frumvarpi þessu lagt til að unnt verði að beita slíkum úrræðum.
2. *Reglur um feðrun barns verða einfaldaðar.* Samkvæmt gildandi barnalögum telst eiginmaður móður faðir barns hennar sem fætt er í hjúskap þeirra. Hið sama á við um mann sem er í sambúð með móður samkvæmt því sem greinir í þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum. Lagt er til að þessar reglur verði einfaldaðar þannig að barn karls og konu sem búa saman verði ekki sjálfkrafa feðrað nema því aðeins að þau hafi tilkynnt Þjóðskrá um sambúð sína.
3. *Móðerni barns við tæknifrjóvgun.* Lagt er til að lögfest verði ákvæði sem afdráttarlaust kveður á um að kona sem elur barn eftir tæknifrjóvgun teljist móðir þess. Á síðari árum hafa orðið miklar framfarir í læknavísindum og ný tækni hefur gert mörgum barnlausum foreldrum kleift að eignast barn. Með því að lögfesta ákvæði af þessum toga er komið í veg fyrir hugsanlegar deilur um móðerni barns í þeim tilvikum þegar notaðar eru gjafaeggfrumur við tæknifrjóvgun en ekki eggfrumur konunnar sem gengur með barn og elur það.
4. *Réttarstaða sæðisgjafa.* Í frumvarpinu er að finna ákvæði um réttarstöðu sæðisgjafa en samkvæmt því telst maður ekki faðir barns ef hann gefur sæði í þeim tilgangi að það

verði notað við tæknifrjóvgun á annarri konu en eiginkonu hans eða sambúðarkonu, svo framarlega sem tæknifrjóvgun fer fram í samræmi við ákvæði laga um tæknifrjóvgun. Gefi maður sæði í öðrum tilgangi telst hann hins vegar faðir barns sem getið er með sæði hans, í samræmi við almennar faðernisreglur. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

5. *Skráning barns í þjóðskrá.* Þykir rétt að í barnalögum sé berum orðum tryggður réttur barns sem fram kemur í 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns, að það skuli skráð þegar eftir fæðingu. Með því að mæla fyrir um skráningu barns í þjóðskrá þegar eftir fæðingu þess þykir réttur barnsins, til að tilvist þess í ríkinu sé opinberlega viðurkennd, vera tryggður.
6. *Heimild manns sem telur sig föður barns til að höfða faðernismál.* Í dómi Hæstaréttar frá 18. desember 2000 er fjallað um heimild manns til þess að fá úr því skorið með dómi hvort hann sé faðir barns. Samkvæmt gildandi barnalögum er sóknaraðili faðernismáls barnið sjálft eða móðir þess. Í framangreindu máli hafði maður leitt að því líkur að hann væri faðir tiltekins barns og krafðist hann viðurkenningar á því. Héraðsdómur hafði vísað málinu frá á þeim grundvelli að maðurinn gæti ekki samkvæmt barnalögum átt aðild að faðernismáli. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að eins og á stóð gætu takmarkanir barnalaga á aðild faðernismáls ekki staðið í vegi fyrir því að maðurinn fengi úrlausn dómstóla um efniskröfur sínar. Ákvæði barnalaga voru með öðrum orðum talin brjóta gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar. Í ljósi þessa dóms og þeirra sjónarmiða sem reifuð eru undir 1. lið hér að framan er lögð til breyting á ákvæðum barnalaga um aðild að faðernismálum, þannig að maður, sem telur sig föður barns, geti höfðað faðernismál. Ákvæði frumvarpsins er í samræmi við fyrrgreindar meginreglur sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um lagalega stöðu barns.
7. *Málsvari í faðernismálum, vefengingarmálum og málum til ógildingar á faðernisviðurkenningu.* Lagt er til að dómara verði heimilt þegar sérstaklega stendur á að skipa stefnda í faðernismáli málsvara, en slíka heimild er ekki að finna í gildandi lögum. Hliðstætt ákvæði er hins vegar að finna í 2. mgr. 117. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, þ.e. um málsvara í hjúskaparmáli. Einkum eru höfð í huga þau tilvik þegar stefndi er útlendingur og dvelst ekki hér á landi, en þá verður oft ekki komið við úrræðum 15. gr. frumvarpsins varðandi mannerfðafræðilegar rannsóknir. Málsvari, sem er trúnaðarmaður stefnda, hefur samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er og getur m.a. leiðbeint honum um ákvæði barnalaga og rétt hans og skyldur samkvæmt þeim og í tengslum við málið. Sömu heimildir til skipunar málsvara eru lagðar til í vefengingarmálum og málum til ógildingar á faðernisviðurkenningu.
8. *Vernd barna gegn ofbeldi meðal forsjárskyldna.* Í frumvarpinu er leitast við að setja fram hverjar forsjárskyldur eru með fyllri og skýrari hætti en gert er í gildandi lögum. Nýmæli er að sérstaklega er tiltekið að meðal forsjárskyldna sé skylda forsjármanna til að vernda barn gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Þótt vissulega megi leiða þessi skyldu af hinum almennt orðuðu ákvæðum gildandi laga þykir rétt, vegna mikilvægis hennar, að færa hana berum orðum í barnalög.
9. *Sjálfvirkri forsjá stjúpforeldris og sambúðarmaka verður breytt.* Samkvæmt gildandi barnalögum öðlast stjúpforeldri eða sambúðarmaki sjálfkrafa forsjá fyrir barni maka eða sambúðarmaka síns, sem hinir síðastnefndu fara með forsjá fyrir, strax við stofnun hjúskapar þeirra eða sambúðar. Gildir þetta jafnvel þótt foreldri barnsins fari með forsjá þess ásamt hinu kynforeldrinu, þ.e. forsjáin sé sameiginleg. Með þessu móti geta forsjármenn barns orðið fjórir. Engin rök þykja vera til þess að forsjármenn barns geti orðið

svo margir og er því lagt til að stjúpforeldri eða sambúðarmaki öðlist aðeins forsjá barns með foreldri þess þegar foreldrið fer eitt með forsjá.

10. *Forsjá sambúðarmaka verður ekki sjálfkrafa við stofnun sambúðar.* Auk þeirra takmarkana sem nefndar eru í 9. lið er lagt til að forsjá karls eða konu fyrir barni sambúðarmaka komist ekki á fyrr en að liðnu einu ári frá skráningu sambúðar þeirra í þjóðskrá. Það verða því gerðar sérstakar kröfur til lengdar sambúðar foreldris og sambúðarmaka en ekki að sama skapi til lengdar hjúskapar foreldris og stjúpforeldris. Hjúskapur og sambúð eru hér ekki lögð að jöfnu, en víðar eru í lögum gerðar ríkari kröfur til varanleika sambúðar en hjónabands og má í þessu sambandi benda á ákvæði laga um ættleiðingar.
11. *Yfirlýsing um forsjárskipan barns eftir andlát forsjárforeldra.* Samkvæmt gildandi lögum er lögbundið hvernig fer um forsjá barns að foreldrum þess látnum. Lagt er til að lögfest verði heimild fyrir foreldra til þess að mæla fyrir um, með sérstakri yfirlýsingu, hver skuli fara með forsjá barns þeirra að þeim látnum. Rétt er að undirstrika að yfirlýsing foreldris um það hver skuli að því látnu taka við forsjá barns hefur því aðeins gildi að hún sé ekki andstæð lögum og að hún sé í samræmi við hagsmuni barns. Ákvæðið helst í hendur við 51. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, en þar er mælt fyrir um heimild foreldris til þess að ákveða hver skuli að því látnu vera fjárhaldsmaður barns. Ákvæði lögræðislaga fjalla aðeins um þann þátt lögráða barns er felst í fjárhaldi þess og við samningu frumvarps til lögræðislaga var á sínum tíma lagt til að ákvæði af þessum toga yrði einnig sett í barnalög, þ.e. um þann þátt lögráðanna er tekur til persónulegra haga barns, forsjár. Tillaga sifjalaganefndar nú er því í samræmi við þá tillögu, en jafnframt vegna þarfar, sem vart hefur orðið við í þjóðfélaginu, á að slíkar yfirlýsingar hafi gildi að lögum.
12. *Tímabundnir samningar um forsjá.* Lagt er til að foreldrum verði heimilað að gera með sér tímabundna samninga um forsjá barns, en slíka heimild er ekki að finna í gildandi barnalögum. Margvíslegar ástæður geta legið að baki því að foreldrar vilja gera með sér tímabundna samninga um forsjá og þykir rétt með tilliti til hagsmuna barns að heimila slíka samninga.
13. *Aðeins dómstólar leysa úr ágreiningsmálum um forsjá.* Heimild dómsmálaráðuneytisins til að skera úr forsjárágreiningi verður afnumin verði frumvarp þetta að lögum. Við setningu gildandi barnalaga var um það rætt í sifjalaganefnd að leggja úrlausn forsjármála alfarið í hendur dómstóla en frá því var horfið, einkum með hliðsjón af langri reynslu ráðuneytisins af úrlausn slíkra mála. Af hálfu sifjalaganefndar var þó á sínum tíma út frá því gengið að skrefið yrði stigið til fulls í náinni framtíð og að dómstólum yrði alfarið falið að greiða úr forsjármálum og eru breytingartillögur nefndarinnar nú því rökrétt framhald þeirra fyrirætlana. Ekki verður séð að álag muni aukast á dómstóla við þessar breytingar, þar sem forsjármálum hefur fækkað jafnt og þétt í dómsmálaráðuneytinu. Til skýringar má geta þess að á árinu 2000 voru aðeins kveðnir upp 3 úrskurðir í forsjármálum í ráðuneytinu og á árinu 1999 voru kveðnir upp 2 úrskurðir. Á árinu 2001 voru 2 úrskurðir kveðnir upp og frá janúar til apríl 2002 hefur verið úrskurðað í einu forsjármáli í ráðuneytinu.
14. *Heimild dómara til þess að dæma um meðlagsgreiðslur og umgengni í forsjármálum.* Samkvæmt gildandi lögum er úrlausn meðlags- og umgengnismála einvörðungu í höndum stjórnvalda. Þegar ákvörðun um forsjá barns liggur fyrir þurfa foreldrar því að leita til sýslumanns í því skyni að fá úrskurð um umgengni eða meðlag, ef ágreiningur er um þessa þætti. Foreldrar þurfa einnig að leita til sýslumanns að því er meðlagsgreiðslur varðar, þrátt fyrir að samkomulag sé um meðlagið, þar sem samningar um meðlag eru

því aðeins gildir að þeir séu staðfestir af sýslumanni. Sifjalaganefnd leggur til að dómstólum verði veitt heimild í vissum tilvikum til þess að dæma um meðlag og umgengni. Úrlausnarvald dómstóla verði þó bundið við þau mál er dómstólar hafa til meðferðar og varða ágreining foreldra um forsjá barns eða faðerni, sbr. síðar. Áður en dómari leysir úr kröfum aðila um forsjá barns fer yfirleitt fram ítarleg rannsókn á högum þess og foreldranna. Nauðsynlegar upplýsingar liggja því fyrir í málinu til þess að taka megi einnig afstöðu til krafna um umgengni og meðlagsgreiðslur enda eru öll þessi atriði efnislega samofin. Það þykir því augljóst hagræði fyrir foreldra að geta fengið ákvörðun um umgengni og meðlag í sama máli og tekin er afstaða til forsjár barns. Áréttað er að heimild dómara til að dæma um umgengnisrétt foreldris og barns og meðlag er bundin við að forsjármálið sé til meðferðar fyrir dómi. Í öllum öðrum tilvikum verður að beina umgengnis- og meðlagsmáli til sýslumanns.

15. *Heimild dómara til að úrskurða til bráðabirgða um umgengni og meðlag á meðan dómsmál um forsjá er rekið.* Lagt er til að dómari fái heimild til þess að ákveða umgengni og meðlagsgreiðslur til bráðabirgða, meðan forsjármál er til meðferðar, auk þess sem hann getur ákveðið að forsjá verði áfram sameiginleg meðan mál er til lykta leitt. Dómari getur þá ákveðið hjá hvoru foreldra barn skuli búa, jafnvel að barn skuli búa til skiptis hjá þeim. Ákvæðin eru til þess fallin að stuðla að því að barn haldi tengslum við báða foreldra sína undir rekstri máls og draga úr líkum á því að annað foreldri öðlist betri stöðu en hitt ef mál dregst á langinn, sem og að tryggja barni framfærslu beggja foreldra sinna.
16. *Heimild dómara til að skipa málsvara fyrir stefnda í forsjármáli.* Reglur einkamálalaga um útivist þykja ekki eiga skilyrðislaust við í forsjármálum vegna tillits sem taka þarf til hagsmuna barns. Vísast að öðru leyti um þetta nýmæli til umfjöllunar um 7. lið hér að framan.
17. *Réttur barns til að tjá sig um mál ekki bundinn við 12 ára aldur barns.* Réttur barns til að tjá sig um mál verður bundinn við að barn hafi náð nægilegum þroska til að tjá sig um mál en ekki þykir rétt að binda þann rétt við ákveðinn aldur barns. Nýmæli þetta styðst m.a. við þau rök sem fram koma í fskj. 2 með frumvarpinu.
18. *Staðfesting sýslumanns á samningum um umgengni.* Unnt verður að fullnusta slíkan samning með sama hætti og úrskurð um umgengni.
19. *Sýslumaður getur úrskurðað um umgengni þegar forsjá er sameiginleg.* Rétt þykir að styrkja ákvæði barnalaga um sameiginlega forsjá með því að heimila sýslumanni að úrskurða um umgengni barns og foreldris sem það býr ekki hjá, þótt forsjá sé í höndum beggja foreldra. Samkvæmt gildandi lögum er úrskurðarvald sýslumanns bundið við þau tilvik þegar forsjá er í höndum annars foreldris en umgengniságreiningur foreldra, sem fara sameiginlega með forsjá barns, leiðir til þess að forsendur sameiginlegrar forsjár teljast brostnar. Þykir það samræmast hagsmunum barns best að sýslumaður geti ákveðið umgengni þess og foreldris sem það býr ekki hjá með úrskurði, þótt forsjá sé og verði áfram sameiginleg. Af þessu leiðir jafnframt að hægt verður að neyta sömu þvingunarúrræða ef umgengni er tálmað þegar forsjá er sameiginleg samkvæmt samningi foreldra og eiga við þegar forsjá er í höndum annars foreldris.
20. *Ný þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti.* Samkvæmt gildandi barnalögum er eina úrræðið til að knýja fram efndir á úrskurði um umgengni álagning dagsekta. Lagt er til að lögfest verði nýtt þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti til viðbótar beitingu dagsekta, þ.e. að umgengni verði komið á með beinni aðfarargerð ef álagning og innheimta dagsekta skilar ekki viðunandi árangri. Mikilvægi þess að barn hafi tækifæri til þess að þekkja og njóta samvista við það foreldri sem það býr ekki hjá er undir-

strikað með margvíslegum hætti í frumvarpi þessu. Tillaga sifjalaganefndar um að umgengnisrétti verði komið á með beinni aðfarargerð er þáttur í því. Rétt er að geta þess að í löggjöf flestra norrænna ríkja er að finna hliðstæð ákvæði, sbr. nánar fylgiskjal I með frumvarpi þessu. Þá má einnig geta þess að frá 1. nóvember 1996 hefur, skv. 6. gr. laga nr. 160/1995, verið skylt að framfylgja erlendri umgengnisákvörðun hér á landi með beinni aðfarargerð á grundvelli Evrópusamnings frá 1980 um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna. Því hefur um nokkurt skeið gætt ósamræmis milli erlendra umgengnisákvarðana og íslenskra, að því er þvingunarúrræði varðar. Nái fyrrgreind tillaga sifjalaganefndar fram að ganga verður bætt úr því ósamræmi. Þá eru og lagðar til breytingar á ákvæðum um dagsektir sem þvingunarúrræði þegar umgengni er tálmað.

21. *Sýslumaður getur úrskurðað um meðlag þegar forsjá er sameiginleg.* Eins og vikið hefur verið að í 19. lið að framan er lagt til að sýslumaður geti úrskurðað um umgengni þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns samkvæmt samningi. Með sömu rökum og þar er greint frá er lagt til að sýslumaður fái heimildir til að úrskurða í meðlagságreiningi foreldra, þrátt fyrir að forsjá barns sé í höndum beggja. Hið sama gildir um framlög vegna sérstakra útgjalda, svo sem vegna fermingar og tannréttinga.
22. *Dómarar fá heimildir til þess að dæma um meðlagsgreiðslur í faðernismálum.* Með skírskotun til sömu hagræðissjónarmiða og getið er í 14. lið hér að framan er lagt til að dómara verði heimilt að kröfu að dæma um meðlag í faðernismálum, en samkvæmt gildandi lögum þarf móðir barns ávallt að snúa sér til sýslumanns í kjölfar faðernisdóms með meðlagskröfu sína. Ekki þykja hníga rök að því að færa dómara í faðernismáli vald til að dæma um umgengni föður og barns.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Áður en nánar verður vikið að efni I. kafla frumvarpsins þykir rétt að benda sérstaklega á að sifjalaganefnd leggur til að ekki verði tekið upp í frumvarpið ákvæði sem svarar til I. kafla gildandi barnalaga um gildissvið laganna. Í því felst þó engin vísbending um breytingar á gildandi rétti. Í ættleiðingarlögum, sem skírskotað er til í 1. gr. barnalaga, segir að kjörbarn öðlist sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra og við ættleiðingu falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess. Það leiðir samkvæmt því af eðli máls að ákvæði frumvarpsins taka til sambands kjörbarns og kjörforeldris. Þá þykir það ekki hafa neina þýðingu í sjálfu sér að skírskota til þess í upphafi laganna að þau gildi um tiltekin börn eftir því sem nánar greini í þeim, sbr. 2. málsl. 1. gr. gildandi laga. Að því er fósturbörn varðar sérstaklega tekur sifjalaganefnd fram að um málefni þeirra er kveðið í XII. kafla nýju barnaverndarlaganna, sem samþykkt voru á Alþingi 30. apríl 2002, og kemur m.a. fram þar að það skuli tiltaka í fóstursamningi hver fari með forsjá barns og að hvaða leyti og hvernig framfærslu þess skuli háttað.

Í 2. mgr. 1. gr. gildandi barnalaga segir nú að réttarstaða barna sé í hvívetna hin sama, nema lög mæli á annan veg. Sifjalaganefnd telur rétt barna til jafnrar réttarstöðu varinn af þeim ákvæðum sem er að finna í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, ásamt síðari breytingum, og því ekki nauðsynlegt að tiltaka þetta sérstaklega í frumvarpinu. Í því sambandi má einnig benda á að í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem Ísland er aðili að, sbr. lög nr. 18/1992, er m.a. er mælt svo fyrir um að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samn-

ingnum, án mismununar af nokkru tagi. Þykir því ekki lengur þörf á að hafa sérstakt ákvæði á þessa lund í barnalögum.

I. kafli frumvarpsins ber yfirskriftina „Móðerni og faðerni barns“. Þar er skipað reglum er mæla fyrir um hvernig barn verður feðrað, sbr. nú II. kafla barnalaga, og enn fremur er þar að finna sérstakt ákvæði um móðerni barns, sem er nýmæli. Í kaflanum er auk þess að finna önnur nýmæli og ýmsar breytingar frá gildandi lögum sem rétt er að geta áður en vikið er að einstökum ákvæðum kaflans.

Í fyrsta lagi má nefna það nýmæli sem er að finna í upphafsákvæði frumvarpsins. Í ákvæðinu er lögð skylda á móður til að feðra barn sitt. Þótt ákvæði gildandi barnalaga gangi vissulega út frá því sem almennri reglu að barn sé feðrað og að í lögunum sé kveðið á um rétt og skyldur beggja foreldra gagnvart barni í margvíslegu tilliti og enn fremur rétt barns gagnvart foreldrum sínum er hér um ákveðna stefnumörkun að ræða því hingað til hefur ekki þótt rétt að ganga svo langt að skylda móður til að feðra barn sitt. Á síðari árum hafa sjónarmið í barnarétti hins vegar breyst mikið, ekki síst hefur vaxandi áhersla verið lögð á rétt barns til að þekkja báða foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og samvista við þau bæði. Má m.a. sérstaklega nefna að í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja að komið sé í framkvæmd réttindum barns til að þekkja foreldra sína, eftir því sem unnt sé. Hið nýja ákvæði 1. gr. er í samræmi við þessi sjónarmið.

Í öðru lagi má nefna að nokkrar breytingar eru gerðar á því hvernig hin svokallaða „pater est“-regla kemur til framkvæmda. „Pater est“-reglan felur það í sér í hnotskurn að eiginmaður eða sambúðarmaður móður skuli sjálfkrafa teljast faðir barns hennar. Það er með öðrum orðum litið svo á að löglíkur séu fyrir faðerni barns þegar móðir er í hjúskap eða sambúð skráðri í Þjóðskrá og því sé ekki þörf á sérstökum feðrunaraðgerðum þegar svo stendur á. Sérstök vandamál skapast ef móðir barns hefur verið í hjúskap eða sambúð með manni A á getnaðartíma barns en manni B við fæðingu barns. Í skýrslu vinnuhóps á vegum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins, sem getið er um í almennum athugasemdum, er mælt fyrir um að ríki skuli hafa í löggjöf sinni reglur sem skera úr um faðerni barns þegar svona stendur á. Sifjalaganefnd þykja ákvæði gildandi barnalaga ekki nægilega skýr hvað þetta varðar og er því í frumvarpinu sérstaklega tekið á þessu álitaefni. Lagt er til að því verði slegið föstu að eiginmaður móður eða maður sem er í skráðri sambúð með móður þegar barn fæðist, maður B, teljist sjálfkrafa faðir barns þegar svona háttar til. Sú tillaga þykir samræmast þeim sjónarmiðum sem dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli „Nyland gegn Finnlandi“ frá 29. júní 1999 er byggður á. Í málinu hélt maður því fram að hann væri faðir barns fyrrverandi eiginkonu sinnar, sem þá var í hjúskap með öðrum manni. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að maðurinn hefði ekki myndað nein tilfinningaleg tengsl við barnið og samband hans við barnið félli ekki innan skilgreiningar á því hvað teldist fjölskyldulíf. Það hafi verið réttlætanlegt fyrir innanríkisdómstólinn að leggja meiri áherslu á hagsmuni barnsins og fjölskyldunnar sem það tilheyrði en hagsmuni mannsins af því að fá viðurkennda líffræðilega staðreynd.

Rétt er að undirstrika að hér er aðeins verið að fjalla um hvaða reglur eigi að gilda um sjálfkrafa feðrun barns. Faðerni barns sem ákvarðað er með þessum hætti getur eftir sem áður verið vefengt samkvæmt reglum frumvarpsins um vefengingarmál, sbr. kafla III.

Fleiri breytingar eru lagðar til á efni 3. mgr. 2. gr. gildandi laga. Að mati sifjalaganefndar er „pater est“-reglan eins og hún er nú fram sett í barnalögum of víðtæk. Samkvæmt henni telst maður sem móðir býr með samkvæmt því sem greinir í þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum faðir barns hennar. Lagt er til að „pater est“-reglan verði aðeins látin taka til eiginmanns móður og manns sem er í skráðri sambúð með móður. Til þess að um sjálfkrafa

feðrun barns verði að ræða þurfi sambúð foreldranna því að hafa verið tilkynnt Þjóðskrá. Samkvæmt tillögum nefndarinnar telst því maður sem býr með móður í óskráðri sambúð ekki sjálfkrafa faðir barns hennar heldur verður hann að viðurkenna faðerni barns í samræmi við 4. gr. frumvarps þessa eða foreldrarnir að skrá sambúð sína í þjóðskrá, sbr. seinni málslið 3. mgr. 2. gr. frumvarps þessa. Í þessu sambandi er á það bent að skráning sambúðar í Þjóðskrá er einföld og gerð með tilkynningu til Hagstofunnar. Sú tilkynning verður þó að vera skrifleg og stafa frá báðum aðilum.

Þessar breytingar hafa að öllum líkindum í för með sér að þeim börnum fækkar sem sjálfkrafa eru feðruð samkvæmt beinum lagafyrirmælum og við fyrstu sýn mætti því draga þær ályktanir að tillögur sifjalaganefndar fælu í sér ákveðna skerðingu á réttindum barns. Sú er ekki reyndin og kemur þar fleira en eitt til. Í fyrsta lagi verður að benda á að ákvæðið eins og það er núna hefur minni þýðingu í framkvæmd en ætla mætti og kann auk þess að vera til þess fallið að skapa réttaróvissu. Samkvæmt orðanna hljóðan er maður sem í raun býr með móður barns faðir þess, hvort sem sambúð þeirra hefur verið skráð í þjóðskrá eða ekki. Ef sambúð foreldranna hefur ekki verið tilkynnt þjóðskrá hefur Hagstofa Íslands, sem m.a. hefur það hlutverk að gefa út fæðingarvottorð barna, hins vegar ekki forsendur til réttrar skráningar á faðerni barns og því skráist sambúðarmaður móður ekki sjálfkrafa faðir þess, þegar svona háttar til, þrátt fyrir skýr ákvæði laganna. Hin opinbera skráning á faðerni barns verður því ekki í samræmi við réttarstöðu barnsins. Tillaga sifjalaganefndar horfir hér til einföldunar og eyðir þeirri óvissu sem fylgir hinni óskráðu sambúð að þessu leyti. Í öðru lagi verður til þess að líta að sifjalaganefnd leggur til að tekið verði upp nýtt ákvæði í barnalög er kveður á um skyldu móður til að feðra barn sitt, sbr. athugasemd við 1. gr., sbr. og 7. gr. hér á eftir og eftirlitsskyldu Hagstofu Íslands í tengslum við það, og í þriðja lagi er rétt að benda á tillögur sifjalaganefndar um heimild manns, sem telur sig föður barns, til höfðunar faðernismáls. Tvö síðastgreindu atriðin munu væntanlega leiða til þess að þeim börnum fækkar sem ekki verða feðruð, þrátt fyrir þrengingu 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að mjög fá börn á Íslandi eru ófeðruð. Að beiðni sifjalaganefndar kannaði Hagstofa Íslands hvernig faðerni barna, sem fæddust 1998, væri háttað. Þetta ár fæddust 4.178 börn. Í 14 tilvikum lýsti móðir engan föður að barni við fæðingu þess, eða í 0,33% tilvika. Þann 23. nóvember 1999 reyndust 12 börn enn ófeðruð eða 0,28%, og í 8 tilvikum af þessum 12 hafði móðir ekki lýst neinn mann föður, eða í 0,19% tilvika.

Í þriðja lagi er lagt er til að tekin verði upp ný ákvæði um faðerni og móðerni við tæknifrjóvgun. Efni laga um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, og II. kafla barnalaga skarast að nokkru en í lögunum um tæknifrjóvgun er þó fyrst og fremst kveðið á um hvar, hvenær og hvernig tæknifrjóvgun megi fara fram. Eðlilegt þykir að ákvæðum sem varða móðerni og faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun, sé skipað í barnalögum. Í barnalögum er nú að finna ákvæði um faðerni barns, sem getið er við tæknifrjóvgun, en með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðið verði gert fyllra, auk þess sem upp eru tekin ákvæði um móðerni barns. Hin nýju ákvæði eru að danskri fyrirmynd og þótt ætla megi að ekki reyni oft á ákvæði af þessum toga þykir engu að síður rétt að lögfesta þau til að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Að því er reglur um móðerni varðar er tekið fram að spurning getur að sjálfsögðu því aðeins vaknað um móðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun að um gjafaeggfrumur sé að ræða. Lagt er til að því verði slegið föstu að kona er elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun teljist móðir þess, burtséð frá því, hvort hennar eigin eggfrumur eru notaðar við tæknifrjóvgunina eða gjafafrumur.

Um 1. gr.

Greinin er nýmæli. Í ákvæðinu segir að barn eigi rétt á að þekkja báða foreldra sína og af þeim rétti barnsins er dregin skylda móður til að feðra barn sitt sem ekki er feðrað samkvæmt beinum fyrirmælum barnalaga.

Í 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem vikið hefur verið að kemur m.a. fram að aðildarríki samningsins skuldbinda sig til að gera viðeigandi ráðstafanir, m.a. á sviði löggjafar og stjórnsýslu, til að tryggja að réttindi þau sem viðurkennd eru í samningnum komi til framkvæmda. Í samningnum er m.a. mælt svo fyrir að barn eigi frá fæðingu rétt til, eftir því sem unnt er, að þekkja foreldra sína og er hið nýja upphafsákvæði frumvarpsins leitt af þessum ákvæðum.

Í gildandi barnalögum er ekki lögð bein lagaskylda á móður að feðra barn sitt. Af ákvæðum laganna leiðir hins vegar að litið hefur verið svo á að barn eigi tilkall til þess að vera feðrað. Nægir þar að nefna ákvæði laganna um framfærsluskyldu beggja foreldra gagnvart barni og rétt barns til umgengni við forsjárlaust foreldri. Sjónarmiðin sem lögð hafa verið til grundvallar í barnarétti eru því þau að móður beri að feðra barn sitt, án þess þó að mælt hafi verið fyrir um það með beinum hætti, en með hinu nýja ákvæði eru öll tvímæli tekin af hvað þetta varðar.

Þrátt fyrir að sifjalaganefnd telji rétt að leggja til að móður verði með beinum lagafyrirmælum gert skylt að feðra barn sitt, og að rétt sé að hafa með því ákveðið eftirlit, þykir ekki rétt að taka upp sérstök viðurlög við því að feðra ekki barn og kemur þar tvennt til. Annars vegar verður að líta til þess að lagt er til í frumvarpi þessu að upp verði tekin ný ákvæði um aðild í faðernismálum, þ.e. að manni sem telur sig föður barns verði heimilað að höfða faðernismál fyrir dómstólum. Hins vegar er rétt að nefna að það úrræði sem hugsanlega kæmi til greina, vanrækti móðir skyldu sína til að feðra barn, væri að mati sifjalaganefndar álagning dagsekta, þ.e. að móður yrði gert að greiða dagsektir í ríkissjóð fyrir hvern dag sem liði án þess hún gerði reka að því að feðra barn. Úrræði af þessum toga hafa verið reynd í Danmörku en hafa ekki þótt skila viðunandi árangri og sifjalaganefnd telur ekki ástæðu til að ætla að slíkt ákvæði mundi reynast betur hér á landi.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna feðrunarreglur um börn hjóna og foreldra sem eru í sambúð sem skráð hefur verið í þjóðskrá.

1. mgr. er hliðstæð 1. mgr. 2. gr. gildandi laga. Svo sem vikið er að í inngangi að I. kafla eru þó lagðar til mikilvægar breytingar á 2. gr., sem þó má ætla að reyni ekki oft á. Í 1. málsl. er óbreytt sú grundvallarregla að eiginmaður móður teljist faðir barns hennar ef það er alið í hjúskap þeirra. Í 2. málsl. er kveðið á um að hið sama gildi ef barnið er alið svo skömmu eftir hjúskaparslit þeirra að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þá teljist eiginmaðurinn einnig sjálfkrafa faðir barnsins. 3. málsl. hefur á hinn bóginn að geyma undantekningu frá 2. málsl., því þar segir að ef hjón voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barns eigi faðernisregla 2. málsl. ekki við og er það óbreytt frá gildandi lögum. Nýmæli er að faðernisregla 2. málsl. eigi heldur ekki við ef móðir barns hefur gengið í nýjan hjúskap eða skráð sambúð sína með öðrum manni fyrir fæðingu barnsins. Með síðastgreindu reglunni eru tekin af öll tvímæli um að það er sá maður sem konan er gift þegar barnið fæðist eða sá maður sem er í skráðri sambúð með móður þegar barnið fæðist sem telst sjálfkrafa faðir þess.

„Pater est"-regla 1. mgr. á ekki við um „feðrun" barns sem fæðist í staðfestri samvist móður og annarrar konu, þrátt fyrir að í 5. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, segi að ákvæði laga er varði hjúskap og maka gildi um staðfesta samvist og einstaklinga í

staðfestri samvist. Í 2. mgr. 6. gr. laga um staðfesta samvist segir að lagaákvæði sem feli í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gildi ekki um staðfesta samvist. Verður að telja feðrunarreglu 1. mgr. til slíkra ákvæða.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 2. gr. gildandi laga og er lagt til að við málsgreinina verði bætt orðunum „enda sé barnið þá ófeðrað“, til samræmis við 3. mgr.

3. mgr. svarar til 3. mgr. 2. gr. gildandi laga, en eins og vikið hefur verið að er lagt til að sambúðarmaður móður teljist ekki sjálfkrafa faðir barns hennar nema þau hafi skráð sambúð sína í Þjóðskrá. Það er því lagt til að stuðst verði við skýrt og ákveðið greinimark þegar faðerni barns er ákvarðað samkvæmt „pater est“-reglunni. Með því að miða við að sambúð verði að vera skráð í þjóðskrá til þess að sambúðarmaður teljist faðir barns, án sérstakra feðrunaraðgerða, er komið í veg fyrir að ágreiningur geti risið, jafnvel löngu síðar, um hvort raunverulegri sambúð sé eða hafi verið til að dreifa og skráning Hagstofu ræður hér úrslitum. Ef foreldrar barns búa saman í óskráðri sambúð þarf því sambúðarmaður að viðurkenna faðerni barns samkvæmt reglum 4. gr. eða foreldrarnir að skrá sambúð sína í þjóðskrá, svo barnið verði feðrað.

Glöggt dæmi um þá réttaróvissu sem gildandi réttur hefur skapað í þessum efnum kemur fram í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 223/1998, en í því krafðist maður þess að viðurkennt yrði með dómi að hann væri faðir barnsins X. Það kom fram við sönnunarfærslu fyrir rétti í máli þessu að barnið X var þegar feðrað á grundvelli barnalaga og var faðernismálinu því vísað frá héraðsdómi af meiri hluta Hæstaréttar. Sambúð foreldranna var óskráð og faðernisyfirlýsing lá ekki fyrir, þannig að enginn grundvöllur hafði verið fyrir hendi til að skrá faðerni barnsins í þjóðskrá, fyrr en sýnt hafði verið fram á sambúð foreldranna í dómsmálinu. Í sératkvæði minni hluta Hæstaréttar var talið að viðurkenna ætti í dómsorði að staða mannsins væri sú sem um væri mælt í fyrri málslið 3. mgr. 2. gr. barnalaga, þ.e. að hann ætti að teljast faðir barnsins. Í rökstuðningi minni hlutans segir m.a. að tilvitnað ákvæði barnalaga um ákvörðun faðernis á grundvelli óvígðrar sambúðar beri ekki uppi til nægilegrar hlítar þá sjálfvirkni sem þeim sé ætluð eftir lögunum. Hugtakið sambúð hafi ekki skýr ytri mörk þótt það eigi sér fastan kjarna. Ef dregið sé í efa að samvistir karls og konu á fæðingartíma barns feli eða hafi falið í sér sambúð í skilningi laganna geti það orðið undir mati komið hvaða gögn um sambúðina séu í raun ótvíræð eins og lagagreinin áskilji og þá þurfi að skera úr um það. Eðlilegt sé að dómstólar gegni því hlutverki, enda sé ekki öðrum sérstaklega falið það með lögunum.

Um 3. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. gildandi barnalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna efnisatriði 5. gr. gildandi barnalaga, með nokkrum breytingum þó, sem lagt er til að gerðar verði til einföldunar og skýringar.

Af öðrum ákvæðum frumvarpsins leiðir að maður getur viðurkennt faðerni barns fyrir dómara í faðernismáli og skýrir það skírskotun til dómara í 1. málsl. 1. mgr. Í 2. málsl. 1. mgr. er áréttað að vottar að bréflegri faðernisviðurkenningu, sem ekki er gefin fyrir sýslumanni, dómara eða presti, skuli vera tveir, nema um sé að ræða héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmann og að í vottun komi fram að viðkomandi hafi ritað nafn sitt eða kannist við undirritun sína í viðurvist vottanna, sem eiga að geta kennitölu sinnar eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs. Þegar þannig stendur á að barnshafandi kona og maður sem viðurkennir að vera faðir barns þess er hún gengur með vilja ganga frá feðrun barnsins áður en það fæðist

er ekkert því til fyrirstöðu að gengið verði frá faðernisviðurkenningu í samræmi við ákvæði þessarar greinar meðan barnið er enn ófætt. Þetta getur til dæmis átt við ef faðir barnsins hyggst flytja af landi brott eða er lífshættulega veikur.

2. mgr. svarar til 6. gr. barnalaga. Hér er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um það í hverju einstöku máli sem upp kann að koma hvort faðernisviðurkenning skuli viðurkennd.

3. mgr. svarar til 2. mgr. 5. gr. barnalaga en í frumvarpinu er kveðið á um að ósjálfráða maður skuli ávallt rita undir faðernisviðurkenningu í viðurvist sýslumanns eða dómara, að viðstöddum lögráðamanni sínum. Bæði er átt við menn sem eru ósjálfráða fyrir æsku sakir svo og þá sem sviptir hafa verið sjálfræði. Bréfleg viðurkenning ósjálfráða manns á faðerni barns skv. 1. mgr. hefur því ekki gildi að lögum nema að uppfylltum skilyrðum 3. mgr.

Í 4. mgr. segir að leysa skuli úr máli með dómi ef talið er að sálrænum högum lýsts barnsföður sé svo háttað að ekki sé fullvíst að hann geri sér grein fyrir þýðingu faðernisviðurkenningar. Hér undir geta bæði fallið menn sem eru sjálfráða og ósjálfráða. Það sem skiptir hér sköpum er hvort viðkomandi gerir sér grein fyrir þýðingu yfirlýsingar eða ekki. Ef vafi leikur á því verður einvörðungu leyst úr máli með dómi. Skylda til mats á því hvort skilyrði greinarinnar eru fyrir hendi hvílir á þeim sem yfirlýsingin er gefin frammi fyrir. Ef grunur vaknar um að högum lýsts föður sé þannig háttað væri viðkomandi rétt að leita álits læknis á því hvort lýstur faðir geri sér grein fyrir þýðingu faðernisviðurkenningar.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um hvernig fara skuli með mál þegar í ljós kemur að móðir hefur haft samfarir við fleiri menn en einn á hugsanlegum getnaðartíma barns. Þegar svo háttar til þykir almennt rétt að leyst verði úr máli fyrir dómi. Þó er ekki talið rétt að skjóta loku fyrir að úr máli verði leyst á embætti sýslumanns með faðernisviðurkenningu, enda fylgir því minni kostnaður auk þess sem sú leið er til muna skilvirkari. Því er það lagt til að ef fram fara mannerfðafræðilegar rannsóknir, DNA-rannsóknir, samkvæmt samkomulagi aðila sem staðreyna faðerni barns þurfi ekki að bera mál undir dómstóla. Hér er því ekki gert ráð fyrir breytingum á þeirri framkvæmd sem nú ríkir.

6. mgr. er nýmæli. Þar segir að greiða skuli kostnað vegna mannerfðafræðilegra rannsókna, sem sýslumaður hefur talið rétt að efna til, úr ríkissjóði ef sá maður sem móðir hefur lýst föður barns útilokast frá því að geta verið faðir þess samkvæmt rannsóknunum. Ákvæðið er í samræmi við ríkjandi framkvæmd þessara mála en nauðsynlegt er að mæla fyrir um með ótvíræðum hætti hvernig fara skuli með kostnað þegar svo háttar til sem í ákvæðinu segir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði áfram þannig að sýslumaður hlutist til um að mannerfðafræðileg rannsókn verði framkvæmd að kröfu lýsts föður sem jafnframt lýsir því yfir að hann muni greiða kostnaðinn sem af rannsóknunum hlýst gangist hann við faðerni barns að rannsókn lokinni. Verði raunin sú að viðkomandi er faðir barns innheimtir sýslumaður kostnaðinn hjá föðurnum en ella fellur hann á ríkissjóð.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. Lagt er til að sérstaklega verði kveðið á um móðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun. Vissulega gæti móðerni barns aðeins orðið sérstakt álitamál ef við tæknifrjóvgun er notast við gjafaeggfrumur en ekki eggfrumur hlutaðeigandi konu. Þykir rétt að taka af öll tvímæli um að það er ávallt sú kona sem gengur með og elur barn sem er móðir þess, óháð því hvort barn er getið með eggfrumum hennar sjálfrar eða gjafafrumum. Ekki þykir þó þörf á að taka þetta sérstaklega fram í barnalögum nema þegar svo stendur á að barn er getið við tæknifrjóvgun.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun. 1. mgr. kemur í stað 3. gr. barnalaga og er efnislega áþekk en 2. og 3. mgr. eru nýmæli sem samin eru að danskri fyrirmynd, sbr. dönsku barnalögin, nr. 460 frá 7. júní 2001, með gildistöku 1. júlí 2002.

Af 1. mgr. leiðir að eiginmaður eða skráður sambúðarmaður móður telst faðir barns hennar ef hann hefur gefið samþykki sitt fyrir því að tæknifrjóvgun fari fram og barnið telst getið við tæknifrjóvgunina. Sérstaklega er tekið fram, til þess að taka af allan vafa, að með tæknifrjóvgun sé átt við tæknifrjóvgun sem framkvæmd er samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun og annars konar „tæknifrjóvgun“ fellur því utan við ákvæðið og almennar reglur um feðrun eiga við. Rétt þykir að benda á að ákvæðið á við hvort sem tæknifrjóvgunin á sér stað með kynfrumum eiginmannsins eða sambúðarmannsins eða með gjafafrumum, þótt það skapist í raun aðeins sérstök álitamál ef gjafasæði er notað við tæknifrjóvgunina.

Í 2. mgr. er fjallað um réttarstöðu sæðisgjafa. Eins og málum er háttað í dag hér á landi er við tæknifrjóvgun aðeins notast við gjafasæði frá útlöndum. Rétt þykir að kveða á um réttarstöðu sæðisgjafa í lögum. Því er slegið föstu að maður sem gefur sæði í þeim tilgangi að það verði notað við tæknifrjóvgun á annarri konu en eiginkonu hans eða sambúðarkonu, samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun, verði ekki dæmdur faðir barns sem getið er með sæði hans. Hér á landi eru ekki til sérstakir sæðisbankar, en komi til þess að þeir verði stofnaðir munu ákvæði 2. mgr. einnig eiga við um menn sem gefa sæði í slíkan banka.

Skv. 3. mgr. telst maður faðir barns sem getið er með sæði hans, hafi hann gefið það í öðrum tilgangi en skv. 2. mgr. Hér er það því grundvallaratriði í hvaða tilgangi sæði er gefið. Sé sæði manns notað án hans vitundar eða eftir andlát hans verður hann þó ekki talinn faðir barns.

Um 7. gr.

Greinin tekur til skráningar barns í þjóðskrá og til skráningar á faðerni barns ógiftrar móður.

1. mgr. er nýmæli. Ákvæðið er í samræmi við 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og undirstrikar þau mikilvægu réttindi barnsins að fá opinbera viðurkenningu á tilvist sinni innan ríkis.

2. mgr. er efnislega í samræmi við 7. gr. gildandi laga, en hefur einnig að geyma nýmæli. Lækni eða ljósmóður sem tekur á móti barni ber að skrá niður frásögn móður um faðerni barns og er það í samræmi við gildandi rétt. Í framkvæmd mun það þó vera svo að upplýsingar um faðerni barns eru skráðar miklu fyrr eða strax við fyrstu mæðraskoðun. Það er hins vegar á ábyrgð þess læknis eða ljósmóður sem tekur á móti barninu að yfirlýsing móður um faðerni barnsins liggi fyrir og hafi hennar ekki verið aflað ber viðkomandi að skrá niður frásögn móðurinnar þar um, í síðasta lagi við fæðingu barns. Það nýmæli sem felst í ákvæðinu lýtur að þeirri breytingu sem er ætlað að verði á framkvæmd þess er móðir lýsir mann föður barns. Þannig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að móðir undirriti yfirlýsingu sína um faðerni barns og að sú yfirlýsing verði send Þjóðskrá. Lýstur faðir getur þá viðurkennt faðerni barns, í samræmi við 4. gr. frumvarpsins, án frekari atbeina móður. Þótt ekki sé beinlínis mælt fyrir um það í barnalögum hefur móðir í framkvæmd verið talin þurfa að gefa yfirlýsingu sína um faðerni barns með formlegum hætti til að hún geti orðið grundvöllur feðrunar barns, enda þótt yfirlýsing hennar um faðerni hafi verið skráð í fæðingarskýrslu af lækni eða ljósmóður. Er þessari breytingu ætlað að taka af allan vafa um gildi yfirlýsingar móður um faðerni barns við fæðingu þess og einfalda málsmeðferð við feðrun barns skv. 4. gr.

Móðir getur vitaskuld eftir sem áður lýst mann föður barns síðar en við fæðingu þess, eða fyrr, sbr. athugasemdir við 1. mgr. 4. gr. Þá er ráðherra Hagstofu Íslands í ákvæðinu veitt heimild til að mæla nánar fyrir um framkvæmd skráningar í reglugerð.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvað gera skuli hafi barn ekki verið feðrað innan sex mánaða frá fæðingu þess. Vera kann að móðir hafi ekki tilgreint nafn föður barns við lækni eða ljósmóður samkvæmt framanskráðu eða hitt að lýstur faðir samkvæmt fæðingarskýrslu hvorki viðurkenni faðerni barns með formlegum hætti hjá sýslumanni, presti eða bréflega né skrái sambúð sína með móðurinni í þjóðskrá. Lagt er til að Þjóðskrá verði gert að tilkynna sýslumanni, þar sem móðir á lögheimili, um að barn hennar sé ófeðrað þegar barnið hefur náð sex mánaða aldri.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvernig sýslumaður skuli bregðast við slíkri tilkynningu. Gert er ráð fyrir að sýslumaður riti móður bréf og leiðbeini henni um hinn ótvíræða rétt barns til að þekkja föður sinn og veki athygli á skyldu hennar í því sambandi. Einnig ber að kynna henni rétt manns til höfðunar faðernismáls. Með bréfi sýslumanns er rétt að fylgi eyðublað fyrir móðurina til útfyllingar, þ.e. yfirlýsing um faðerni barns, en sýslumaður gæti enn fremur gefið konunni kost á að mæta til viðtals á skrifstofu sína í því skyni að leiðbeina henni enn frekar. Vissulega kunna að vera lögmætar skýringar á því að dráttur verður á feðrun barns, t.d. gæti lýstur barnsfaðir verið staddur tímabundið erlendis eða faðernismál verið til meðferðar fyrir dómi. Í viðtali við sýslumann gæfist móðurinni kostur á að koma slíkum skýringum á framfæri.

Um II. kafla.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum er uppsetning frumvarps þessa með öðru sniði en gildandi barnalög. Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um dómsmál vegna faðernis barna og kemur hann í stað VII. kafla barnalaga. Kaflinn hefur að geyma reglur um faðernismál vegna barna sem feðrunarreglur 2., 4. og 6. gr. frumvarpsins taka ekki til, þ.e. dómsmál til feðrunar barns. Í III. kafla frumvarpsins er á hinn bóginn fjallað um vefengingarmál og mál til ógildingar á faðernisviðurkenningu. Þykir skýrara að fjalla um faðernismál heildstætt og í samfellu, án tillits til þess hvort um mál hjá stjórnvöldum er að ræða eða dómstólum.

Í dómsmálum vegna faðernis barna er markmiðið að leita sannleikans um það hver sé faðir barns og í tímans rás hefur réttarfarsreglum verið hagað þannig að þær þjóni þeim tilgangi. Lengi hafa þessi mál því sætt afbrigðilegri meðferð einkamála og jafnvel borið keim opinberra mála. Nú er svo komið að framfarir og aukin tækni í læknavísindum gera að verkum að hægt er að skera úr um með næsta óyggjandi hætti með mannerfðafræðilegum rannsóknum hvort tiltekinn maður sé faðir barns og taka ákvæði frumvarpsins m.a. mið af þessu nýja umhverfi tækni og vísinda.

Verulegar breytingar eru lagðar til í II. kafla frá gildandi lögum. Ákvæðum er raðað á annan hátt innan kaflans, orðalagi er breytt, ákvæði eru felld brott og ný tekin upp. Leitast hefur verið við að færa ákvæði frumvarpsins til samræmis við almennar reglur einkamálalaga eins og kostur er, en vegna eðlis þessara mála eru frávik frá einkamálaréttarfari þó enn nokkur. Stefnt hefur verið að einföldun kaflans og er í honum aðeins að finna réttarfarsreglur er fela í sér frávik frá almennum reglum laga um meðferð einkamála. Í þessu sambandi má geta til skýringar að 1. mgr. 46. gr. barnalaga, sem kveður á um að dómara beri að fylgjast með öflun sönnunargagna, er ekki tekin upp í frumvarpið þar sem það þykir leiða af hinu almenna ákvæði 2. mgr. 46. gr. laga um meðferð einkamála að dómara beri að gera það. Einnig er rétt að nefna að 2. og 3. mgr. 50. gr. barnalaga, sem hafa að geyma sérstakar sönnunarreglur, þykja heyra fortíðinni til og eru ekki teknar upp í frumvarpið. Sifjalaganefnd telur að al-

mennar reglur einkamálalaga um sönnun og sönnunarmat leiði til sömu niðurstöðu og fyrrnefnd ákvæði.

Af öðrum ákvæðum sem nú eru í barnalögum en eru ekki tekin upp í frumvarpið má nefna ákvæði er lúta að liðsinni og aðstoð barnaverndarnefndar við móður og barn í faðernismáli, sbr. 1. mgr. 45. gr. og síðari málslið 49. gr. laganna. Ekki verður séð að ástæða sé til að skipa ákvæðum af þessum toga í barnalög en bent er á að samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, bera sveitarfélög ríkar skyldur gagnvart íbúum sínum, m.a. að því er við kemur ráðgjöf og aðstoð í málum er varða málefni barna og félagslega ráðgjöf. Þá er í barnaverndarlögum mælt fyrir um skyldu barnaverndarnefnda til að veita barni og fjölskyldu þess stuðning og liðsinni þegar þörf er á. Málsaðilar geta því með skírskotun til ákvæða þessara laga leitað liðsinnis sveitarfélags og barnaverndarnefndar og verður ekki séð að rök séu til að takmarka aðstoð og ráðgjöf við móður og barn.

Mikilvægasta nýmæli kaflans lýtur að málshöfðunarheimild í faðernismálum. Lagt er til að manni sem telur sig föður barns verði í barnalögum veitt heimild til höfðunar faðernismáls.

Á undanförnum árum hafa verulegar breytingar orðið á viðhorfum í barnarétti eins og vikið hefur verið að. Kastljósinu hefur m.a. í auknum mæli verið beint að rétti barns til að þekkja báða foreldra sína og rétti þess til að njóta samvista við þá. Viðurkenning á rétti manns sem telur sig föður barns til að höfða faðernismál er fallin til að styrkja þessi réttindi barns. Í ljósi þessara breyttu viðhorfa, sem m.a. endurspeglast í dómi Hæstaréttar í máli nr. 419/2000, eru fyrrgreindar breytingar á málsaðild lagðar til.

Í áðurnefndum dómi komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að héraðsdómur ætti að taka til efnismeðferðar kröfu manns um viðurkenningu á því að hann væri faðir tiltekins barns, en héraðsdómari hafði vísað málinu frá þar sem talið var að sóknaraðilar í faðernismálum væru tæmandi taldir í barnalögum. Við úrlausn málsins í Hæstarétti var höfð hliðsjón af breytingum sem gerðar voru á stjórnarskránni eftir gildistöku barnalaga, þar sem í 65. og 70. gr. eru stjórnarskrárbundin ákvæði um jafnræði borgaranna og rétt þeirra til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstóli en einnig var vísað til ríkra hagsmuna barnsins sjálfs af því að vera réttilega feðrað. Í dóminum vó sú staðreynd þungt við mat á því hvort manninum skyldi heimilt að fá efnisúrlausn um kröfur sínar að hann hafði leitt að því líkur að hann gæti verið faðir barnsins. Fallist var á það með honum að löggjöf, sem við þessar aðstæður takmarkaði rétt manns til að fá úrlausn dómstóla um málefni er vörðuðu hagsmuni hans, bryti gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá var ekki talið að nægar málefnalegar forsendur stæðu til þeirrar mismununar sem birtist í reglum barnalaga um málsaðild í faðernismálum.

Töluverðar umræður urðu um það í sifjalaganefnd hvernig ætti að standa að því að opna fyrir heimild manns sem telur sig föður barns til höfðunar faðernismáls, einkum um það hvort og þá hvaða takmarkanir ættu að vera á slíkri heimild. Nefndarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að sporna við því að hinar nýju aðildarreglur gæfu tækifæri til tilhæfulausra málshöfðana. Niðurstaða nefndarinnar varð þó sú að ekki væri rétt að takmarka málshöfðunarheimildina sérstaklega í frumvarpinu eða binda við nánar afmörkuð tilvik. Telur nefndin þegar vera til staðar ýmis úrræði í lögum sem veita eigi nægа vörn gegn slíkum málshöfðunum og eigi reyndar að geta gegnt þýðingarmiklu hlutverki í því sambandi. Einkum er það þrennt sem nefndin hefur í huga. Í fyrsta lagi almennar reglur einkamálalaga um málskostnaðartryggingu. Samkvæmt þeim getur stefndi krafist þess að stefnanda verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar ef leiða má líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ef stefnandi setur ekki slíka málskostnaðartryggingu eftir ákvörðun

dómara er máli vísað frá dómi. Í öðru lagi má nefna reglur einkamálalaga um refsimálskostnað en dæma má aðila til að greiða gagnaðila álag á málskostnað undir vissum kringumstæðum ef sakir eru miklar, m.a. ef mál er höfðað að þarflausu eða ef hafðar eru uppi kröfur sem viðkomandi vissi eða mátti vita að væru rangar. Í þriðja lagi er rétt að hafa í huga að skv. XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, varðar rangur framburður fyrir dómi refsingu, jafnvel fangelsi allt að fjórum árum.

Í þessu sambandi er rétt að minna á hve fátítt það er að börn hér á landi séu ófeðruð, sbr. yfirlit í inngangi að I. kafla frumvarpsins. Ætla má að faðernismál þar sem maður er stefnandi máls verði, með hliðsjón af því, ekki mörg.

Geta má þess í sambandi við heimildir manns sem telur sig föður barns til höfðunar faðernismáls að samkvæmt tillögum í skýrslu vinnuhóps sérfræðinganefndar Evrópuráðsins, sem vikið hefur verið að hér að framan, ber aðildarríkjum Evrópuráðsins að tryggja rétt barns til höfðunar faðernismáls í löggjöf sinni, auk þess sem ríki mega kveða á um í lögum að móðir barns og maður sem telur sig föður eigi þann rétt.

Til nýmæla í II. kafla telst einnig heimild dómara til að skipa stefnda í faðernismáli málsvara ef ekki er sótt þing af hans hálfu við þingfestingu máls. Gengið er út frá því að sjaldan reyni á ákvæðið en það getur einkum átt við þegar um útlenda menn er að ræða sem ekki eru búsettir hér á landi. Þá getur málsvari, sem er trúnaðarmaður stefnda, gegnt mikilvægu hlutverki, einkum ef hann getur haft samráð við skjólstæðing sinn og leiðbeint honum. Ekki er gert ráð fyrir að gripið verði til þess ráðs að skipa manni sem er búsettur hér á landi málsvara, nema í algerum undantekningartilvikum, enda getur dómari þrátt fyrir útivist kveðið upp dóm á grundvelli niðurstaðna mannerfðafræðilegra rannsókna, hafi slíkar rannsóknir farið fram. Hafi þær ekki farið fram hefur dómari vald til þess að láta færa mann til blóðtöku í því skyni að láta gera mannerfðafræðilegar rannsóknir.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um lögsögu íslenskra dómstóla í faðernismálum o.fl. og er hún hliðstæð 41. gr. gildandi barnalaga.

1. mgr. er lítið breytt frá 1. mgr. 41. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. segir að leyst skuli úr máli sem sé rekið á grundvelli greinarinnar eftir íslenskum lögum. Er hér um nýmæli að ræða í barnalögum.

Í 3. mgr. er að finna undantekningarreglu, þar sem segir að ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland sé aðili að skuli ganga framar 1. og 2. mgr. Er hún hliðstæð 2. mgr. 41. gr. gildandi laga og er því ekki um breytingar að ræða frá gildandi rétti, að öðru leyti en því að 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins tekur til lagaskilareglu 2. mgr., auk 1. mgr. um lögsögu.

Um 9. gr.

Í greininni eru reglur um varnarþing og kemur greinin í stað 42. gr. gildandi barnalaga. Lagt er til að varnarþingsreglurnar verði einfaldaðar.

Í 1. mgr. kemur meginreglan fram. Er hún í stuttu máli sú að mál megi höfða á heimilisvarnarþingi aðila. Ef aðilar eru búsettir hver í sínu umdæmi getur stefnandi valið það varnarþing sem honum þykir hentugast.

2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um málsaðild. Eins og reifað hefur verið að framan er ákvæðið verulega frábrugðið 43. gr. gildandi barnalaga.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um hverjir geta verið stefnendur máls. Segir að stefnandi geti verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns. Barnið er sett í öndvegi og talið upp fyrst í því skyni að leggja áherslu á að það eru hagsmunir þess fyrst og fremst sem marka form og efni aðildarreglnanna, eins og annarra reglna barnalaga. Um rök fyrir því að rýmka reglur um málshöfðunaraðild, þannig að þær taki einnig til manns sem telur sig föður barns, er vísað til áðurnefnds dóms Hæstaréttar frá 18. desember 2000 og ekki síst til þeirra ríku hagsmuna barns af því að vera feðrað, sbr. almennar athugasemdir við kaflann.

Í 2. mgr. er kveðið á um hverjum skuli stefnt ef barn eða móðir barns er stefnandi máls. Ákvæðið svarar til 2. og 3. mgr. 43. gr. gildandi barnalaga en er frábrugðið að því leyti að ekki er gert ráð fyrir að dánarbú manns geti verið aðili faðernismáls. Ekki þykir alveg ljóst hvernig varnaraðild verði best afmörkuð í þeim tilvikum þegar lýstur faðir er látinn en ljóst er að skipa verður þeim málum á einhvern hátt. Vegna eðlis faðernismála þykir óeðlilegt að dánarbú manns geti orðið varnaraðili auk þess sem spurningar vakna þá um aðild ef skiptum er lokið á búi hans. Það er mat sifjalaganefndar að best fari á því, ef lýstur faðir er látinn, að þeim sé stefnt sem gangi jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hann, jafnvel þótt fallast megi á að sú leið sé ekki gallalaus. Bréferfingjar falla eðli málsins samkvæmt ekki hér undir heldur aðeins lögerfingjar.

3. mgr. mælir fyrir um hverjum skuli stefnt ef stefnandi máls er maður sem telur sig föður barns. Segir að þá skuli stefna móður barns en að henni látinni barninu. Einu gildir hvort barn er ósjálfráða eða sjálfráða, því verður ekki stefnt nema að móður látinni.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um greiðslu kostnaðar þegar barn er stefnandi faðernismáls. Ákvæðið leysir af hólmi 2. mgr. 45. gr. gildandi barnalaga og er töluvert frábrugðið. Í ákvæðinu segir að málskostnaður greiðist úr ríkissjóði þegar barn er stefnandi máls. Átt er við allan kostnað vegna málsins, þ.m.t. þóknun lögmanns stefnanda sem er ákveðin af dómara og kostnað við öflun mannerfðafræðilegra rannsókna og annarra sérfræðiskýrslna.

Tvær meginbreytingar felast í greininni. Annars vegar er það sú breyting að aðeins er mælt fyrir um að kostnaður greiðist úr ríkissjóði þegar barn er stefnandi máls en móðir barns og maður sem telur sig föður barns lúta almennum gjafsóknarreglum einkamálalaga. Það eru fyrst og fremst hinir ríku hagsmunir barns af því að vera rétt feðrað sem hafðir eru að leiðarljósi þegar mælt er fyrir um greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði í faðernismáli og þykir eðlilegt að ávallt sé tryggt að barn þurfi ekki að bera kostnað vegna slíks máls. Það þykir á hinn bóginn ekki ástæða til þess að hafa reglurnar svo rúmar að þær taki einnig til móður barns og manns sem telur sig föður barns og því er lagt til að hinar almennu reglur einkamálalaga um gjafsókn gildi hvað þau varðar. Móðir sem er knúin til að höfða faðernismál mundi með hliðsjón af hinum nýju reglum væntanlega oftast höfða málið f.h. barnsins og færi þá um málskostnað samkvæmt þessari grein.

Hin meginbreytingin sem er fólgin í greininni er framsetning ákvæðisins. Af hálfu sifjalaganefndar er markmiðið með breyttu orðalagi og nýrri framsetningu það að koma í veg fyrir að stefnandi þurfi að sækja sérstaklega um gjafsókn til dómsmálaráðuneytisins, sem leita þarf umsagnar gjafsóknarnefndar áður en gjafsókn er veitt. Það þykir óþarfa umstang fyrir aðila að þurfa að snúa sér til dómsmálaráðuneytisins með beiðni um gjafsókn. Orðalag greinarinnar er með sama sniði og 17. gr. lögræðislaga, en málskostnaður greiðist úr ríkissjóði í málum sem rekin eru á grundvelli lögræðislaga án þess að gjafsókn hafi verið veitt.

Um 12. gr.

1. mgr. svarar til 2. mgr. 44. gr. gildandi barnalaga.
2. mgr. er samhljóða fyrri málslið 49. gr. gildandi barnalaga.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli. Lagt er til að dómari geti, ef sérstaklega stendur á, skipað stefnda málsvara ef ekki er mætt af hans hálfu við þingfestingu máls eða ef þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðari stigum. Málsvari talar máli hins stefnda og gætir hagsmuna hans, en hefur ekki heimild til að skuldbinda hann fyrir dómi. Þess er ekki krafist að málsvari skuli vera lögmaður, þótt ætla megi að slík verði oftast raunin. Undirstrikað er að aðeins í sérstökum tilvikum kemur til álita að skipa stefnda málsvara. Þannig getur það t.d. átt við í þeim tilvikum er stefndi er búsettur erlendis. Málsvari gæti þá gegnt mikilvægu hlutverki, en í slíkum tilvikum er örðugleikum bundið að neyta úrræða 15. gr. frumvarpsins um mannerfðafræðilegar rannsóknir. Ef viðkomandi er á hinn bóginn búsettur hér á landi en mætir ekki til dómþings getur dómari ákveðið með úrskurði að hann skuli færður til blóðrannsóknar. Þá er að jafnaði ekki þörf á skipun málsvara og enn síður í þeim tilvikum er niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna liggja fyrir sem staðreyna faðernið.

Gert er ráð fyrir að þóknun til málsvara greiðist úr ríkissjóði, en dómari geti kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði hana að öllu eða nokkru leyti.

Um 14. gr.

Greinin leysir af hólmi 47. gr. gildandi barnalaga. Málsaðilum er skylt að mæta fyrir dómi samkvæmt kvaðningu dómara og gefa skýrslu. Ef stefnandi máls mætir ekki fyrir dóm ber dómara að vísa máli frá, svo og ef stefnandi neitar sjálfur að gangast undir sérfræðilegar kannanir skv. 15. gr. eða að færa barn, sem lýtur forsjá hans, til slíkra rannsókna. Ef aðili neitar að öðrum kosti að koma fyrir dóm getur dómari neytt þeirra úrræða gagnvart honum sem beita má við vitni skv. VIII. kafla laga um meðferð einkamála. Í því felst m.a. að dómari getur að kröfu leitað til lögreglu og óskað eftir að aðili verði sóttur og er lögreglu skylt að verða við slíkum fyrirmælum dómara. Þá getur dómari með úrskurði gert aðila að greiða sekt ef hann mætir til dóms en gefur ekki skýrslu svo sem honum ber.

Um 15. gr.

1. mgr. svarar til 48. gr. gildandi barnalaga. Mælt er fyrir um heimild dómara til að ákveða að rannsóknir, þar á meðal mannerfðafræðilegar eða DNA-rannsóknir, skuli fara fram í því skyni að staðreyna faðerni barns. Ætla má að slíkar mannerfðafræðilegar rannsóknir fari fram í flestum faðernismálum þegar aðilar eru báðir búsettir hér á landi, liggi niðurstöður slíkra rannsókna ekki fyrir áður en mál er höfðað, þar sem þær skera úr um faðerni barns með mjög afdráttarlausum hætti. Í þeim tilvikum sem stefndi er búsettur erlendis verður erfiðara um vik um framkvæmd slíkra rannsókna, en þá getur málsvari gegnt mikilvægu hlutverki eins og reifað hefur verið. Sú breyting er á 15. gr. frumvarpsins frá 48. gr. gildandi barnalaga að gert er ráð fyrir að þær rannsóknir sem mælt er fyrir um í ákvæðinu verði framkvæmdar að kröfu aðila, annars eða beggja, í samræmi við almennar reglur um meðferð einkamála en ekki að frumkvæði dómara. Þá er lagt til að ákvörðun dómara um sérfræðirannsóknir skuli teknar í úrskurði sem sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum.

Í 2. mgr. eru tekin af öll tvímæli varðandi skyldu lögreglu til að verða við tilmælum dómara um aðstoð við að flytja aðila til sérfræðirannsókna.

Um 16. gr.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum við II. kafla eru ákvæði frumvarpsins er lúta að gagnaöflun og sönnun breytt frá gildandi barnalögum. Helgast það af því að ekki er talið rétt að taka upp í frumvarpið aðrar málsmeðferðarreglur en þær sem fela í sér frávik frá almennum reglum einkamálalaga. Í þessari grein frumvarpsins, sem fjallar um gagnaöflun og leysir af hólmi 46. gr. barnalaga, er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að aðilar afli sjálfir sönnunargagna í samræmi við 2. mgr. 46. gr. einkamálalaga en dómari geti jafnframt beint því til aðila að afla tiltekinna gagna sem hann telur nauðsynleg. Vegna séreðlis þessara mála þykir þó einnig rétt að mæla fyrir um að dómari geti sjálfur aflað sönnunargagna hafi hann áður beint tilmælum til aðila um gagnaöflun án árangurs.

Um 17. gr.

Í greininni er að finna nýtt ákvæði er lýtur að sönnun. Í því segir að maður skuli talinn faðir barns ef mannerfðafræðilegar rannsóknir benda eindregið til þess að hann sé faðir þess. Eins og vikið hefur verið að gerir sú tækni sem læknavísindin ráða yfir í dag að verkum að hægt er að slá því föstu, eða því sem næst, hvort tiltekinn maður er faðir barns eða ekki. Í niðurstöðum þeirra álitsgerða sem ritaðar eru í kjölfar mannerfðafræðilegra rannsókna sem framkvæmdar eru vegna faðernismála hjá rannsóknastofu Háskólans í meinafræði segir að jafnaði annað tveggja að maður útilokist frá því að geta verið faðir barns sem í hlut á eða að niðurstöður rannsóknanna samrýmist því að viðkomandi sé faðir barnsins og að líkurnar á því séu geysisterkar, eða meira en 99%. Lagt er til að í þessari grein verði með ótvíræðum hætti ákveðið að maður skuli talinn faðir barns ef niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna benda eindregið til þess að viðkomandi sé faðir barns. Gæta þarf að því að þótt mælt sé fyrir um gildi niðurstöðu DNA-rannsóknar með þessu móti má ekki gagnálykta út frá ákvæðinu og segja að maður verði aðeins dæmdur faðir barns liggi slíkar niðurstöður fyrir. Verði mannerfðafræðilegum rannsóknum ekki komið við geta önnur sönnunargögn komið til sögunnar samkvæmt hinni almennu reglu um frjálst sönnunarmat.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig faðernismáli geti lokið. Ákvæðið er í samræmi við gildandi rétt, en er nýtt í barnalögum. Samkvæmt því getur máli lokið með dómi eða dómsátt. Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er, eins og fram hefur komið, tekið fram að lýstur faðir geti viðurkennt faðerni fyrir dómara í faðernismáli. Eðlilegt þykir að aðilar geti gert með sér dómsátt og maður með því móti viðurkennt faðerni barns, t.d. eftir að niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna liggja fyrir sem benda eindregið til þess að hann sé faðir barns. Auk framangreinds getur máli verið vísað frá dómi eða það fellt niður.
2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin svarar til 51. gr. gildandi barnalaga en orðalag ákvæðisins tekur nú mið af 2. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála, enda þykir það rýmra og veita ríkari vernd. Sá munur er þó á þessari grein frumvarpsins og 2. mgr. 14. gr. einkamálalaga að hér er mælt fyrir um að afmá skuli úr endurritum atriði sem eðlilegt er að leynt fari, en í hinu almenna ákvæði einkamálalaga er aðeins gert ráð fyrir að slík atriði séu afmáð ef sérstök ástæða er til. Fyrirmæli greinarinnar um nafnleynd koma að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að Þjóðskrá séu sendar upplýsingar um niðurstöðu faðernismáls í samræmi við 2. mgr. 18. gr.

Um III. kafla.

III. kafli tekur til vefengingarmála og mála til ógildingar á faðernisviðurkenningu. Ákvæði kaflans taka til breytinga á faðerni barns, en ekki til breytinga á móðerni barns. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að móðir barns teljist ávallt sú kona sem elur barn, óháð því hvernig það er getið. „Breytingar“ á móðerni geta því ekki komið til eðli málsins samkvæmt, nema móðerni hafi verið ranglega skráð í upphafi. Þá gæti komið til leiðréttingar á skráningu þess, en ekki væri um „vefengingarmál“ að ræða í eðli sínu.

Þótt ýmislegt sé sammerkt með II. og III. kafla horfa mál ólíkt við samkvæmt þeim. Í II. kafla er fjallað um mál til feðrunar barns sem þá er ófeðrað, en ákvæði III. kafla lúta að börnum sem þegar eru feðruð en freistað er að hnekkja faðerninu. Ákvæðin taka mið af því svo sem síðar verður vikið að.

Líkt og II. kafli er III. kafli í margvíslegu tilliti frábrugðinn ákvæðum gildandi barnalaga og eiga breytingarnar m.a. rætur að rekja til nýrrar þekkingar og tækni í læknavísindum sem gerir kleift að staðreyna faðerni barns með afdráttarlausum hætti.

Í gildandi lögum er að finna reglur um tímafresti sem lagt er til að verði alfarið felldar niður. Í lögunum segir nú að vefengingarmál, eða mál til ógildingar á faðernisviðurkenningu, eigi að höfða innan árs frá því að sóknaraðili fær vitneskju um atvik sem orðið geta efni til að vefengja faðerni barns, en slíkt mál verði þó ekki höfðað eftir fimm ára aldur barns. Dómsmálaráðuneytið geti þó veitt málshöfðunarheimild ef sérstaklega stendur á. Fyrrnefndir tímafrestir gilda þó aldrei ef barn er stefnandi máls.

Vandséð er hvað geti réttlætt þessa tímafresti nú á dögum, ekki síst í ljósi ákvæða 70. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstóli og þess hversu óyggjandi niðurstöður fást í nútímarannsóknum á faðerni barns.

Leyfi til málshöfðunar eru í dag veitt af dómsmálaráðuneytinu ef niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna liggja fyrir sem eindregið benda til að sá sem talinn hefur verið faðir barns geti ekki verið faðir þess. Meðal annars með hliðsjón af jafnræðisreglum þykir mikilvægt að tryggt sé að mál verði borið undir dómstóla, hvenær svo sem efasemdir vakna um faðerni barns og hvort sem aðilar hafa komist að samkomulagi um framkvæmd mannerfðafræðilegra rannsókna eða ekki. Heimildir dómara til að mæla fyrir um nauðsynlegar rannsóknir eru hinar sömu og í faðernismálunum.

Ætla má að einnig í málum samkvæmt þessum kafla geti hin almennu úrræði sem finna má í lögum um meðferð einkamála um málskostnaðartryggingu, refsimálskostnað og réttarfarssektir, sbr. umfjöllun um II. kafla frumvarpsins, spornað við tilhæfulausum málshöfðunum.

Um 20. gr.

Um lögsögu og varnarþing í vefengingarmálum og málum til ógildingar á faðernisviðurkenningu er vísað til 8. og 9. gr. frumvarpsins. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um aðild að málum sem rekin eru á grundvelli kaflans.

Í 1. mgr. segir að mál til vefengingar á faðerni barns geti höfðað barnið sjálft og móðir þess. Einnig sá sem er skráður faðir barns skv. 2. gr. en að honum látnum sá erfingi hans sem gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum. Ákvæðið er nokkuð breytt frá 1. mgr. 52. gr. barnalaga. Í 52. gr. laganna er þess getið að lögráðamaður barns, sérstaklega skipaður, geti verið aðili máls. Áfram er gert ráð fyrir að sérstaklega skipaður lögráðamaður geti höfðað

mál samkvæmt kaflanum, en geri hann það er það í nafni barnsins og er það aðili málsins en ekki lögráðamaðurinn sjálfur. Því er beinlínis villandi að geta lögráðamanns sem aðila.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um aðild í máli til ógildingar á faðernisviðurkenningu og er hún efnislega samhljóða 2. mgr. 53. gr. barnalaga.

3. mgr. snýr að varnaraðild og þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin lýtur að málsmeðferð og þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin er hliðstæð 55. gr. gildandi barnalaga.

Um 24. gr.

Greinin er nýmæli en svarar til 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Þó er rétt að benda sérstaklega á að máli skv. III. kafla getur aðeins lokið með dómsátt að hún samræmist niðurstöðum mannerfðafræðilegra rannsókna. Hér kemur í ljós sá munur sem er á faðernismálum annars vegar og vefengingarmálum og málum til ógildingar á faðernisviðurkenningu hins vegar. Í faðernismálum er markmiðið að feðra barn sem þá er ófeðrað, en í vefengingarmálum og málum til ógildingar á faðernisviðurkenningu er þess freistað að fá faðerni barns hnekkt. Gangi sú fyrirætlan eftir stendur barn uppi ófeðrað. Þykir með hliðsjón af því aðeins rétt að heimila aðilum að ljúka máli með dómsátt að hún sé í samræmi við það sem satt reynist um faðerni barns.

Um IV. kafla.

IV. kafli frumvarpsins, sem hefur að geyma ákvæði 25.–27. gr., fjallar um greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu. Kaflinn svarar til IV. kafla barnalaga en er lítið eitt breyttur.

Í samræmi við álit sem sifjalaganefnd aflaði frá lögfræðiskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, vegna samspils ákvæða IV. kafla og annarra laga, einkum laga um almannatryggingar, varð það niðurstaða nefndarinnar að ekki væri tímabært að fella kaflann úr barnalögum. Ljóst þykir að ekki reyni oft á ákvæði hans, en brottfall hans þýddi lakari réttarstöðu mæðra við þær aðstæður er ákvæðin taka til, að óbreyttum lögum um almannatryggingar. Í 25. og 26. gr. er aðeins gert ráð fyrir að sýslumaður úrskurði um greiðslur úr hendi barnsföður að fram komi krafa af hálfu móður þar að lútandi en í gildandi lögum er það ekki áskilið. Þessar breytingar þýða þó ekki breytingar á framkvæmd hvað þetta varðar.

Um 25. gr.

1. mgr. er hliðstæð 1. mgr. 21. gr. gildandi barnalaga. Þær breytingar eru þó lagðar til, auk þess sem áskilið er að fram komi krafa um framfærslueyri, að sýslumaður geti því aðeins úrskurðað framfærslueyri úr hendi föður að sérstaklega standi á. Gert er ráð fyrir að það verði aðeins í undantekningartilvikum að úrskurðað sé um slík framlög, en það gæti t.d. átt við ef móðir nyti ekki greiðslna á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Í 2. mgr. er að finna smávægilegar orðalagsbreytingar frá 2. mgr. 21. gr. gildandi barnalaga, sem ekki þarfnast skýringa.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 21. gr. gildandi laga.

Um 26. og 27. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um V. kafla.

Helstu efnisatriði V. kafla frumvarpsins eru reglur um inntak forsjár, forsjármenn, samninga foreldra um forsjá, dóma um forsjá o.fl. Í kaflanum eru lagðar til veigamiklar efnisbreytingar frá gildandi barnalögum auk þess sem uppbygging kaflans og eftirfarandi kafla er með öðru sniði en uppbygging laganna. Síðarnefndu breytingunum er m.a. ætlað að gera ákvæði frumvarpsins aðgengilegri, meira lýsandi og auðskiljanlegri, ekki síst fyrir hinn almenna borgara.

Rétt þykir, áður en vikið er að einstökum ákvæðum kaflans, að fara nokkrum orðum um helstu nýmælin sem þar er að finna.

Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði um inntak forsjár verði ítarlegra en nú er í barnalögum og mælt berum orðum fyrir um tilteknar forsjárskyldur sem taldar eru vera fyrir hendi en ekki er mælt fyrir um í gildandi barnalögum, t.d. skyldu foreldra til að vernda börn sín gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi.

Í öðru lagi er lagt til að lögfest verði heimild forsjárforeldra til að mæla fyrir um það hver fara skuli með forsjá barns eftir andlát þeirra og hvernig með slíka yfirlýsingu skuli farið, en nú er ekki sérstaklega mælt fyrir um meðferð slíkra yfirlýsinga í lögum.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á reglum um hverjir verða sjálfkrafa forsjármenn barns. Óbreytt verður að barn eigi rétt á forsjá beggja foreldra sinna sem eru í hjúskap, en á hinn bóginn eru lagðar til breytingar á því hvenær sambúðarforeldri öðlast forsjá barns. Móðir barns fer nú sem fyrr ein með forsjá þess ef hún er hvorki í hjúskap né sambúð við fæðingu barnsins. Þeim tilvikum fækkar þar sem stjúpforeldri eða sambúðarforeldri öðlast sjálfkrafa forsjá fyrir barni. Samkvæmt gildandi barnalögum geta forsjármenn barns orðið allt að fjórir. Það á við í þeim tilvikum er foreldrar barns sem fara sameiginlega með forsjá þess samkvæmt samningi ganga báðir í nýjan hjúskap, staðfesta samvist eða stofna til sambúðar. Slík forsjá stjúpforeldris eða sambúðarforeldris er í raun takmörkuð og þykja hagsmunir barns ekki kalla á forsjá allra þessara aðila, þegar forsjár beggja foreldra nýtur við. Það þykir óþarfi og getur orðið til trafala að forsjármenn barns verði svo margir. Það þykir hins vegar ekki rétt að ganga svo langt að leggja til að stjúpforeldri eða sambúðarforeldri geti ekki við ákveðnar aðstæður öðlast forsjá barns. Þannig þykir það vera í samræmi við hagsmuni barns, þegar forsjárforeldri er aðeins eitt, að stjúpforeldri eða sambúðarforeldri öðlist einnig forsjá þess. Sambúðarforeldri fer þó aðeins með forsjá með foreldri barns að skráð sambúð hafi staðið í eitt ár. Stjúp- eða sambúðarforeldri hefur þá t.d. heimildir til þess að taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi barn ef svo háttar til að foreldrið er hindrað í að sinna skyldum sínum, sbr. 7. mgr. 28. gr. Þá hefur það og verulega þýðingu að stjúp- eða sambúðarforeldri fari með forsjá ef forsjárforeldri fellur frá. Stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem farið hefur með forsjá barns, ásamt foreldri þess, heldur þá áfram að fara með forsjána og hún færist því ekki sjálfkrafa til eftirlifandi kynforeldris. Það er niðurstaða sifjalaganefndar að í þeim tilvikum er foreldrar hafa ekki kosið að taka upp sameiginlega forsjá og stjúp- eða sambúðarforeldri fer með forsjá barns ásamt foreldrinu verði almennt að telja heppilegast að forsjá barns verði sjálfkrafa áfram í höndum stjúp- eða sambúðarforeldrisins og barnið dveljist a.m.k. fyrst um sinn áfram á heimili sínu þegar foreldri þess fellur frá. Eftirlifandi kynforeldri getur krafist þess að fá forsjá barns síns í slíkum tilvikum og ef það er talið koma barni best verður forsjá þess falin foreldrinu. Hér sem endranær við ákvörðun um forsjá barns eru það hagsmunir og þarfir barnsins sem ráða niðurstöðu máls og fram fer

ítarleg athugun á högum aðila og barns, þar sem m.a. eru könnuð atriði eins og tengsl barns við aðila, aldur barns og afstaða þess samkvæmt því sem lög mæla fyrir um o.fl.

Í fjórða lagi er rétt að geta þess hér að verði frumvarp þetta að lögum verður foreldrum veitt heimild til þess að gera með sér tímabundna samninga um forsjá. Sú heimild er ekki fyrir hendi í gildandi barnalögum og því verða samningar foreldra um forsjá barns ekki staðfestir af sýslumanni nema þeir kveði á um forsjá þess til 18 ára aldurs. Ekki er óalgengt að barn sem lýtur forsjá annars foreldris flytjist tímabundið til hins. Til þess geta legið margvíslegar ástæður. Vera kann að barn vilji sjálft prófa að búa hjá því foreldri sem ekki hefur farið með forsjá þess og foreldrum þyki rétt og eðlilegt að láta á það reyna tímabundið áður en ákvörðun er tekin um endanleg búsetuskipti. Þá kunna tímabundnar breytingar á högum forsjárforeldris, svo sem vegna veikinda eða dvalar erlendis, vegna náms eða starfs, að leiða til þess að foreldrum og barni finnist rétt að breyta búsetu barns. Eins og málum er háttað nú verða foreldrar, ef þeir telja rétt að breyta skipan forsjár vegna flutnings barns frá öðru til hins, að gera með sér samning um breytta forsjárskipan til 18 ára aldurs þess, þótt þeir séu einhuga um að breyta forsjánni á ný fyrir þann tíma. Þetta kann foreldrum að þykja óeðlilegt og vera kann að forsjárforeldri vaxi í augum að samþykkja slíkar breytingar þegar fyrir liggur að markmið beggja foreldra er annað. Lagaákvæðin, eins og þau eru í dag, kunna því að leiða til þess að foreldrar geri ekki breytingar á forsjá þegar réttmætt er að gera slíkar breytingar. Í kjölfarið kunna að skapast erfiðleikar, m.a. í tengslum við ákvarðanatöku um málefni barns. Það þykir því eðlilegt með tilliti til hagsmuna barns að opna fyrir þá leið að forsjá barns færist tímabundið frá öðru foreldri til hins. Hér sem endranær verða foreldrar að hafa hagsmuni barns síns að leiðarljósi og taka upp þá forsjárskipan sem best hentar barni.

Í fimmta lagi er hér nefnt að samkvæmt frumvarpi þessu verður einvörðungu dómstólum ætlað að leysa úr ágreiningsmálum um forsjá. Við setningu gildandi barnalaga var um það rætt í sifjalaganefnd hvort rétt væri að leggja til að færa úrskurðarvald í forsjármálum alfarið til dómstóla en frá því var horfið. Þótti rétt, einkum með hliðsjón af hinni löngu hefð að dómsmálaráðuneytið leysti úr forsjármálum og reynslu ráðuneytisins í meðferð þeirra, að gefa foreldrum kost á því áfram að bera forsjárágreining undir ráðuneytið. Í barnalögum er því nú kveðið á um tvíþætt úrlausnarkerfi forsjármála, þ.e. að auk dómstóla leysi dómsmálaráðuneytið úr forsjármálum, en þó aðeins ef aðilar eru á einu máli um að fela ráðuneytinu úrlausnarvald. Í reynd er það svo að þeim málum sem dómsmálaráðuneytið sker úr árlega hefur fækkað nokkuð. Að beiðni sifjalaganefndar var það kannað í ráðuneytinu hve mörg forsjármál bárust því árin 1995–2000 og hve mörgum af þeim lauk með úrskurði. Árið 1995 var fjöldi forsjármála 37, en 5 lauk með úrskurði, árið 1996 bárust ráðuneytinu 33 mál og 11 lauk með úrskurði, árið 1997 bárust 20 mál og 6 lauk með úrskurði, árið 1998 barst 21 mál og 5 lauk með úrskurði, árið 1999 bárust 10 mál og 2 lauk með úrskurði og árið 2000 bárust ráðuneytinu 15 mál og lauk 3 þeirra með úrskurði þess. Eins og fram kemur í I. kafla frumvarpsins var úrskurðað í tveimur forsjármálum í ráðuneytinu á árinu 2001 og í einu máli tímabilið janúar til apríl árið 2002.

Það er skoðun sifjalaganefndar að æskilegt sé að svo mikilvæg mál lúti öll sömu reglum og sæti úrlausn dómstóla. Nefndin telur því rétt að leggja nú til að dómstólum verði alfarið falið að leysa úr forsjármálum.

Í sjötta og síðasta lagi er rétt að geta þeirra breytinga sem frumvarp þetta boðar varðandi úrlausn umgengnis- og meðlagsmála þegar svo háttar til að mál vegna forsjár þess barns sem í hlut á er til úrlausnar hjá dómstólum.

Í barnalögum er gert ráð fyrir að foreldrar þurfi í öllum tilvikum að leita til sýslumanns með ágreiningsmál sín varðandi umgengnisrétt og meðlag. Foreldrar þurfa því að leita til

sýslumanns í kjölfar dóms eða úrskurðar dómsmálaráðuneytisins um forsjá og kveður sýslumaður upp úrskurð í ágreiningsmáli þeirra varðandi fyrrgreinda þætti að lokinni rannsókn máls, eða staðfestir samkomulag þeirra um meðlag. Með sanni má segja að það fyrirkomulag geti verið þunglamalegt og þykir af því augljóst hagræði að fela dómstólum heimild til þess að dæma um umgengni barns og forsjárlauss foreldris í tengslum við forsjármálið og ákveða meðlagsgreiðslur með barni því sem í hlut á — og þá einnig að staðfesta samninga foreldra varðandi þessi atriði, ef því er að skipta. Þetta þykir ekki síst eðlilegt í ljósi þess að við ákvörðun um forsjá barns koma hagsmunir þess í víðum skilningi til ítarlegrar skoðunar og hagir barnsins og þarfir eru kannaðar ítarlega. Meðal þess sem úrlausnaraðili lítur mjög til við ákvörðun forsjár er afstaða foreldris til umgengni barns við hitt foreldrið. Þessir þættir, réttur barns til umgengni og væntanleg framkvæmd umgengnisréttarins, eru því að jafnaði kannaðir alveg sérstaklega við meðferð forsjármálsins og þykir því eðlilegt að fela dómara heimild til að dæma um umgengnina samhliða forsjánni, svo samofin sem þessi úrlausnarefni eru.

Deilumál um meðlag með barni eru ekki alltaf jafnsamofin forsjárákvörðun og umgengnismál. Engu síður þarf að taka ákvörðun um meðlagsgreiðslur í tengslum við skipan forsjár barns og gefur augaleið að það horfir til hagræðis fyrir aðila að úr meðlagsþætti máls sé leyst samhliða forsjá og eftir atvikum umgengni, enda liggja oftast fyrir upplýsingar um fjárhag aðila í forsjármálinu.

Rökin fyrir því að skipa málum á þennan veg eru mjög veigamikil að mati sifjalaganefndar. Að úrlausn allra þessara þriggja þátta, ef því er að skipta, fáist í einu og sama málinu felur í sér verulegt hagræði fyrir aðila máls og er enn fremur í samræmi við þær kröfur sem eru gerðar um aukna skilvirkni við úrlausn mála og einföldun málsmeðferðar.

Að sama skapi þykir það horfa mjög til hagræðis fyrir foreldra að dómari sem ákveður forsjá barns til bráðabirgða, ef því er að skipta, geti enn fremur ákveðið umgengni og meðlag til bráðabirgða í sama máli. Nefndin telur rétt að ganga nokkru lengra varðandi heimildir dómara til að kveða á um ákvarðanir um forsjá til bráðabirgða en endanlega forsjá, og því er lagt til að dómara verði heimilt að hafna því að sameiginleg forsjá verði felld úr gildi meðan forsjármál er til meðferðar, og jafnframt að honum verði þá heimilað að ákveða hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili og að ákveða að barn skuli búa á víxl hjá foreldrum. Rétt er að undirstrika að þetta er bundið við þau tilvik þegar forsjá er sameiginleg og á einungis við meðan ágreiningsmálið er til meðferðar fyrir dómi. Markmið þessara tillagna er einkum að stuðla að því að barn geti haldið tengslum við báða foreldra meðan forsjármál er til úrlausnar. Sifjalaganefnd telur ekki rétt að leggja til að dómara verði heimilt að kveða á um sameiginlega forsjá til frambúðar með dómi, heldur telur nefndin að farsælast sé að sameiginleg forsjá byggist ávallt á samningi foreldra, enda reynir oft eðli máls samkvæmt töluvert á samskipti og samband foreldra við framkvæmd sameiginlegrar forsjár og því er brýnt að slík forsjárskipan sé ekki í andstöðu við vilja foreldris.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um inntak forsjár og er hún hliðstæð 29. gr. gildandi barnalaga. Nokkrar breytingar eru á framsetningu frá 29. gr. og er ákvæðið ívið ítarlegra. Breytingarnar stafa m.a. af því að litið hefur verið til ábendinga sem sifjalaganefnd bárust við samningu frumvarpsins og til skýrslu vinnuhóps sem starfar á vegum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins í fjölskyldurétti, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum, og tillit tekið til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram. Ákvæði frumvarpsins um forsjá barns og forsjárskyldur taka ekki til fjárhalds barns. Um fjárhald barns fer skv. 2. mgr. 51. gr. lögræðislaga.

1. mgr. svarar til fyrri málsliðar 1. mgr. 29. gr. gildandi laga en er fyllra. Í ákvæðinu segir að foreldrum beri að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum. Þykir rétt að undirstrika að barn þurfi á umönnun foreldra sinna að halda og að foreldrum beri að hlú að barni sínu og sýna því virðingu.

2. mgr. er nýmæli. Lagt er til, samkvæmt ábendingu umboðsmanns barna, að tekið verði upp ákvæði er leggur skyldu á forsjármann til að vernda barn gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Vart þarf að taka fram að í ákvæðinu felst að foreldrum er óheimilt að leggja hendur á barn sitt. Í tengslum við þetta ákvæði er vakin á því athygli að hvorki í gildandi barnalögum né í frumvarpi þessu er að finna sérstök viðurlög við brotum á forsjárskyldum. Brot gegn ýmsum ákvæðum frumvarpsins er lúta að skyldum forsjármanna geta á hinn bóginn einnig verið brot gegn ákvæðum barnaverndarlaga. Í barnaverndarlögum er að finna margvísleg úrræði sem hægt er að grípa til barni til stuðnings og verndar þegar svo háttar til að aðbúnaði barns er áfátt.

3. mgr. Fyrri málsliður er samhljóða síðari málslið 1. mgr. 29. gr. gildandi barnalaga. Síðari málsliður er samhljóða 4. mgr. 29. gr. laganna.

Í 4. mgr. er hnykkt á því að forsjárforeldri hafi rétt til að ákveða búsetustað barns auk þess sem undirstrikað er að forsjárforeldri fari með lögformlegt fyrirsvar barns.

5. mgr. er áþekk 2. mgr. 29. gr. gildandi laga en lagt er til að felldur verði niður 2. málsl. 2. mgr. 29. gr. um að einstakar forsjárskyldur geti haldist lengur en til 18 ára ef þarfir barns krefjast. Ákvæðið kom í gildandi barnalög óbreytt úr barnalögum nr. 9/1981 en er óljóst og verður ekki séð að unnt sé að leggja á foreldri óafmarkaðar og óskilgreindar skyldur í lögum með þessum hætti.

Í 6. mgr. er kveðið á um skyldu foreldra til þess að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Þá þykir rétt að taka fram berum orðum í ákvæðinu að afstaða barns skuli fá aukið vægi eftir því sem það eldist og þroskast. Ákvæðið eins og það er fram sett í frumvarpinu þykir skýrara en 5. mgr. 29. gr. gildandi barnalaga og því er ætlað að beina sjónum foreldra enn frekar að því að þeim ber skylda til að hafa samráð við barn sitt um málefni þess eftir því sem gerlegt er og taka tillit til afstöðu barns, í samræmi við vaxandi þroska þess. Sifjalaganefnd telur þó ekki heppilegt að afmarka nánar í barnalögum sjálfsákvörðunarrétt barna í tilteknum málum heldur beri að leggja á það áherslu að barn njóti almennt stigvaxandi réttinda miðað við aldur og þroska. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

7. mgr. er nýmæli. Hún fjallar um heimild annars forsjárforeldra barns til að taka nauðsynlegar ákvarðanir ef hitt er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum. Þetta getur t.d. átt við ef foreldri er horfið eða mjög sjúkt, en ætti einnig við ef foreldri er langdvölum fjarri heimili. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu í 2. málsl. 4. mgr. 51. gr. lögræðislaga þar sem segir að ef annar fjárhaldsmanna barns er tímabundið hindraður í að gegna fjárhaldinu séu nauðsynlegar ákvarðanir hins um fjárhaldið gildar. Hér má og geta reglna í lögum um vegabréf, nr. 136/1998, sem heimila útgáfu vegabréfs fyrir ósjálfráða barn samkvæmt samþykki annars forsjárforeldris ef hitt er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna. Þykir rétt að taka af öll tvímæli í þessu sambandi og ákveða að öðru forsjárforeldri sé almennt heimilt að taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi barn þegar svo háttar til sem í ákvæðinu segir. Hér er ekki verið að vísa til minni háttar ákvarðana, því almennt er ekki gert ráð fyrir að atbeina beggja foreldra þurfi til slíkra ákvarðana, heldur er átt við ákvarðanir sem talist geta þýðingarmiklar. Rétt er að undirstrika að ákvæðið er bundið

við nauðsynlegar ákvarðanir og því verður sú krafa almennt gerð að ákvarðanir, sem mega bíða þar til foreldri er ekki lengur hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum, geri það.

8. mgr. er samhljóða 2. mgr. 39. gr. gildandi barnalaga en ákvæðið þykir betur eiga heima meðal ákvæða um forsjárskyldur í frumvarpinu en í kafla um umgengnisrétt, eins og því er skipað í barnalögum. Ákvæðið var tekið upp í barnalög er þeim var breytt með lögum nr. 23/1995 og tengist aðild Íslands árið 1996 að Haagsamningi um afhendingu brottnuminna barna og Evrópusamningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna o.fl. Ákvæðið er í samræmi við meginreglur Haagsamningsins og hefur sérstaklega mikla þýðingu við úrlausn mála sem rekin eru á grundvelli hans. Samkvæmt ákvæðinu er öðru foreldri óheimilt að fara með barn úr landi án samþykkis hins þegar forsjá er í höndum beggja. Ástæða er til að undirstrika að hér undir falla allar ferðir til útlanda, þar á meðal sumarleyfisferðir. Ómálefnalega synjun foreldris vegna utanfarar barns í sumarleyfisferð með hinu foreldrinu verður almennt að telja vísbendingu um að grundvöllur sé brostinn fyrir sameiginlegri forsjá. Við þessar aðstæður væri unnt að fara fram á úrskurð sýslumanns skv. 47. gr.

Um 29. gr.

Í greininni er fjallað um hverjir eru forsjármenn barns.

1. og 2. mgr. svara til 1. og 2. mgr. 30. gr. gildandi barnalaga, með þeirri breytingu að forsjá beggja foreldra sem eru í sambúð er bundin við það að sambúð þeirra sé skráð í þjóðskrá. Barn á samkvæmt framansögðu rétt á forsjá beggja foreldra sinna sem búa saman í skráðri sambúð eða eru í hjúskap. Tekið skal fram að foreldrar sem búa saman í óskráðri sambúð geta samið um að forsjáin verði sameiginleg og þarf sýslumaður að staðfesta slíkan samning, sbr. 5. mgr. 32. gr. frumvarpsins, en foreldrar þurfa að ákveða hjá hvoru barn skuli eiga lögheimili, sbr. 1. mgr. 32. gr.

3. mgr. er töluvert frábrugðin 3. mgr. 30. gr. gildandi barnalaga. Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir því að stjúpforeldri og sambúðarforeldri fái ekki forsjá barns maka síns eða sambúðarmaka, er það gengur í hinn nýja hjúskap eða hefur búið í skráðri sambúð í eitt ár, nema foreldri barnsins fari áður eitt með forsjá þess. Þetta þýðir að forsjárskipan barns breytist ekki ef kynforeldrar þess, sem fara sameiginlega með forsjá þess samkvæmt samningi, ganga í hjúskap eða taka upp sambúð með öðrum, eins og nú er, heldur fara foreldrarnir einir áfram sameiginlega með forsjána. Samkvæmt barnalögum geta forsjármenn barns orðið fjórir, þegar svo háttar til, en fullyrða má að engin rök mæli með því að forsjármenn verði svo margir. Þvert á móti verður að telja það heldur óheppilegt því í framkvæmd er almennt ekki litið sérstaklega til þessarar forsjár stjúp- eða sambúðarforeldris og líklegt má telja að afstaða stjúp- eða sambúðarforeldris megi sín að jafnaði lítils andspænis afstöðu foreldranna sjálfra við ákvarðanir um málefni barns. Hér má t.d. nefna til skýringar samskipti skóla- og heilbrigðisyfirvalda og foreldra. Fullyrða má að það heyri til undantekninga að yfirvöld beini nauðsynlegum erindum eða tilkynningum til allra forsjármanna barns og má segja að forsjá sem þessi, sem að jafnaði er ekki virk, hafi litla þýðingu er á reynir. Á hinn bóginn þykir það vera í samræmi við hagsmuni barns að stjúp- eða sambúðarforeldri öðlist forsjá þess ef aðeins einu forsjárforeldri er til að dreifa. Vísast nánar um rökin fyrir þessum breytingum til almennra athugasemda við V. kafla.

Þá er þess að geta að ekki er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að sambúðarmaki fái forsjá barns nema skráð sambúð hans og foreldris barnsins hafi staðið samfleytt í eitt ár a.m.k. Hér er sett það skilyrði að sambúðin hafi verið tilkynnt þjóðskrá. Með því að binda í lög að miða skuli við skráningu í þjóðskrá er verulega dregið úr líkum á því að ágreiningur rísi um við hvaða

tímamark skuli miða upphaf sambúðar, en það getur haft verulega þýðingu að það tímamark sé skýrt, t.d. við þær aðstæður er forsjárforeldri sem farið hefur eitt með forsjá barns fellur frá, þar sem forsjá barns færist ekki sjálfkrafa til eftirlifandi kynforeldris, ef stjúp- eða sambúðarforeldri samkvæmt framansögðu er til að dreifa. Þá er að auki gerð sú krafa að sambúð hafi staðið samfleytt í eitt ár. Þrátt fyrir að óvígð sambúð sé lögð að jöfnu við hjúskap á sífellt fleiri sviðum eru dæmi um það í löggjöf að gerðar séu ríkari kröfur til sönnunar á varanleika sambúðar en hjúskapar, þannig að óvígðri sambúð fylgi ekki réttindi til jafns á við hjúskap, nema sýnt sé fram á stöðugleika sambandsins. Má í þessu sambandi minna á að í ættleiðingarlögum eru gerðar strangari kröfur til lengdar sambúðar en hjúskapar við ákvörðun um ættleiðingu barns. Hér er sú leið farin að binda forsjá sambúðarforeldris fyrir barni við að sambúð þess og foreldris hafi staðið a.m.k. í eitt ár samfleytt.

Tekið er sérstaklega fram í 3. mgr. að forsjá stjúpforeldris eða sambúðarforeldris vari aðeins meðan hjúskapur eða sambúð stendur, nema samvistum ljúki vegna andláts foreldrisins. Um nánari afmörkun á því hvenær forsjá fellur niður vegna hjúskaparslita verður miðað við útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng, eftir atvikum lögskilnaðar án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng, eða uppkvaðningu dóms í hjúskaparmáli. Að því er sambúð varðar horfa mál ólíkt við eftir því hvort aðilar eiga barn saman eða ekki. Ef aðilar eiga ekki saman barn er skráning sambúðarslita hjá Þjóðskrá jafneinföld og skráning sambúðar upphaflega, þ.e. skrifleg tilkynning nægir. Ef aðilar eiga barn saman verða sambúðarslitin hins vegar ekki skráð í þjóðskrá fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um skipan forsjár þess. Forsjá sambúðarforeldris helst því þar til Þjóðskrá breytir skráningu samkvæmt framanskráðu.

4. mgr. er ný, en samsvarar að vissu leyti 6. mgr. 29. gr. gildandi barnalaga. Í þeim ákvæðum sem talin eru upp í málsgreininni er talað um foreldra, en skv. 4. mgr. taka þau eftir því sem við getur átt einnig til annarra sem fara með forsjá barns samkvæmt barnalögum. Að því er forsjá fósturforeldra varðar tekur sifjalaganefnd fram að barnaverndarnefndir ráðstafa börnum í fóstur á grundvelli barnaverndarlaga. Í fóstursamningum ber samkvæmt lögunum að taka fram hvort forsjá barns skuli vera í höndum fósturforeldra og að hvaða marki. Það grundvallast því á barnaverndarlögum en ekki barnalögum hvort fósturforeldrar beri þær skyldur gagnvart barni sem felast í 28. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Í greininni er mælt fyrir um forsjá barns við andlát forsjárforeldris. Við andlát forsjárforeldris verður eðli máls samkvæmt veruleg röskun á högum barns og við mótun reglna um forsjá í kjölfar slíks áfalls er brýnt sem aldrei fyrr að haga reglum þannig að sem best samræmist hagsmunum barns.

1. mgr. svarar til fyrri málsliðar 1. mgr. 31. gr. gildandi barnalaga, að öðru leyti en því sem leiðir af áðurgreindum breytingum sem lagðar eru til um forsjármenn þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns.

2. mgr. er samsvarandi fyrri málslið 2. mgr. 31. gr. gildandi laga. Stjúp- eða sambúðarforeldri fer með forsjá barns ásamt forsjárforeldri þess þegar foreldrarnir hafa kosið að fara ekki sameiginlega með forsjá. Við andlát forsjárforeldris, þegar svona háttar til, er því ekki um að ræða að forsjá barns hverfi til eftirlifandi stjúp- eða sambúðarforeldris, heldur hitt að viðkomandi heldur áfram að fara með forsjána. Þessar reglur leiða til þess að ekki verða meiri háttar forsjárbreytingar umsvifalaust við andlát forsjárforeldris með því álagi sem kynni að vera samfara slíku heldur á barn þá rétt á að vera um kyrrt á heimili sínu þar til samkomulag verður um annað eða dómari ákveður annað, sbr. 4. mgr.

3. mgr. svarar til fyrri málsliðar 3. mgr. 31. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. kemur fram að heimilt sé, með samningi eða dómi, að fela öðrum forsjá barns en þeim sem forsjá fellur til skv. 1.–3. mgr. enda þyki það barni fyrir bestu. Hér er staðan sú að aðili sem ekki fær forsjá barns sjálfkrafa við andlát forsjárforeldris óskar eftir að fá forsjá þess. Geta lyktir slíks máls verið þær að samkomulag takist milli þess sem óskar forsjár og þess sem fékk forsjá barns við andlát forsjárforeldris um breytingu á skipan forsjár. Þá staðfestir sýslumaður það samkomulag í samræmi við ákvæði 32. gr., að fengnum meðmælum barnaverndarnefndar. Verði ekki samkomulag um breytingar á forsjá er leyst úr ágreiningsmálinu fyrir dómi eins og endranær.

5. mgr. svarar til 5. mgr. 31. gr. gildandi barnalaga.

Í 6. mgr. er að finna nýmæli. Lagt er til að forsjárforeldrar geti ákveðið hver eða hverjir skuli að þeim látnum fara með forsjá barns þeirra. Ber að fara eftir slíkri ákvörðun foreldra, nema því aðeins að annað þyki barni fyrir bestu eða ákvörðunin sé andstæð lögum. Breyting á skipan forsjár yrði gerð með samningi eða dómi, sbr. 4. mgr., að kröfu þess sem forsjá skal falla til samkvæmt yfirlýsingu forsjárforeldris eða forsjárforeldra. Nokkuð er nú um að slíkar yfirlýsingar séu gerðar. Eru þær gerðar í þeim tilgangi að upplýsa um mat forsjárforeldra á því hvernig hagsmunum barns væri best borgið að þeim látnum, í þeirri von að farið yrði að vilja þeirra. Ákvæðið sem hér er lagt til á sér hliðstæðu í lögræðislögum en í þeim er eðlilega aðeins fjallað um þann þátt lögráða sem felst í fjárhaldi barns.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um form ákvörðunar skv. 6. mgr. og er gert ráð fyrir að yfirlýsing foreldra beri með sér að þeir geri sér grein fyrir réttaráhrifum hennar.

Um 31. gr.

Í greininni er fjallað um forsjá við skilnað eða samvistarslit foreldra. Hún er hliðstæð 32. gr. gildandi barnalaga en lagðar eru til breytingar á röðun málsgreina og felldar eru út tilvísanir til lagaákvæða, í því skyni að gera ákvæðið einfaldara og rökrænna. Lokamálsliður 2. mgr. 32. gr. gildandi barnalaga um að skipan forsjár við skilnað að borði og sæng skuli gilda óbreytt við lögskilnað er ekki tekin upp í frumvarpið, þar sem það þykir ekki hafa þýðingu að skipa því í barnalög, enda er kveðið svo á um í hjúskaparlögum, nr. 31/1993, að lögskilnaðarleyfi skuli gefið út með sömu skilnaðarskilmálum og ákveðnir eru við skilnað að borði og sæng. Þá verður og að benda á að foreldrum er almennt heimilt að semja um breytingar á skipan forsjár barns síns, ef þeim býður svo við að horfa, svo framarlega að slík breyting samræmist hagsmunum barns og samningur hljóti staðfestingu sýslumanns. Þessar breytingar geta í raun átt sér stað bæði fyrir og eftir lögskilnað foreldra.

Flestir eru þeirrar skoðunar að brýnt hafi verið við setningu gildandi barnalaga að lögfesta reglu um heimild foreldra til þess að semja um sameiginlega forsjá barna sinna. Ljóst er að margir foreldrar kjósa að taka upp sameiginlega forsjá við skilnað eða sambúðarslit, eða rúmlega þriðjungur heildarhóps fráskilinna foreldra frá gildistöku barnalaga árið 1992 og fram til 1997, samkvæmt því sem greinir í ritinu „Áfram foreldrar“ eftir dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og Nönnu K. Sigurðardóttur félagsráðgjafa, útgefnu af Háskólaútgáfunni 2000, og kemur þar jafnframt fram að hlutfallið hafi verið stigvaxandi. Í ritinu eru birtar niðurstöður rannsóknar sem þær gerðu um sameiginlega forsjá og af þeim verður sú ályktun dregin að almennt sé reynsla foreldra af sameiginlegri forsjá jákvæð. Rannsóknin náði til 701 foreldra sem fóru sameiginlega með forsjá og höfðu annaðhvort slitið sambúð eða fengið lögskilnað á tímabilinu 1. janúar 1994 til 31. desember 1996, en úrtakið var 1.000 manns. Svörun var því góð og var svörun kynjanna nokkuð jöfn, 54% hjá konum og 46% hjá körlum. Í ljós kom að börnin áttu oftast lögheimili hjá móður,

því af þeim sem kváðu barn eiga lögheimili hjá sér voru 90% konur. Aðspurð um aðalástæður þess að sameiginleg forsjá hefði verið tekin upp kváðust um 82% foreldra telja þá skipan þjóna hagsmunum barns best. Næst á eftir þeirri ástæðu sögðu foreldrar að þessi skipan yki þátt beggja í uppeldi og þar næst að þessi skipan væri sanngjörnust fyrir báða foreldra. Af konunum sem svöruðu spurningunni um hversu góða reynslu þær hefðu af sameiginlegri forsjá svöruðu tæp 50% því til að þær hefðu góða reynslu, 21% að þær væru hlutlausar en um 29% sögðust hafa slæma reynslu. Af körlunum höfðu 67% góða reynslu, um 21% voru hlutlausir en um 11% höfðu slæma reynslu af sameiginlegri forsjá. Foreldrarnir voru almennt frekar eða mjög sáttir við samvinnu við hitt foreldrið, um 52% kvennanna og 68% karlanna. Rétt tæplega 65% kvennanna voru mjög eða frekar sáttar við skipan forsjár en um 74% karlanna. Þegar spurt var hvort samkomulagi um sameiginlega forsjá hefði verið rift kom í ljós að það var aðeins í 6,4% tilvika en þegar svo háttaði til var langalgengasta ástæðan sú að samvinna og samskipti hefðu verið erfið. Í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra mála þegar samningi um sameiginlega forsjá var rift var það gert hjá embætti sýslumanns, sem táknar að samkomulag hafi verið um forsjárskipan í kjölfar niðurfellingar sameiginlegrar forsjár, þannig að samningur um forsjá hjá öðru foreldra hafi verið staðfestur af sýslumanni. Þegar skoðað er hverjir kjósa að taka upp sameiginlega forsjá kemur í ljós að það eru frekar foreldrar sem hafa slitið sambúð en þeir sem fengið hafa lögskilnað. Þeir tilheyra þeim yngri í hópi foreldranna og eru fremur í hópi þeirra sem hafa meiri menntun.

Flestir þeirra sem gefinn var kostur á að koma á framfæri athugasemdum við sifjalaganefnd vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar barnalaga lýstu skoðunum sínum á ákvæðum laganna um forsjá. Þau sjónarmið komu m.a. fram að breyta ætti gildandi lögum í þá veru að forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra væri sjálfkrafa sameiginleg, þ.e. áfram í höndum beggja foreldra, nema foreldrar semdu sérstaklega um annað eða dómari ákvarðaði annað. Sameiginleg forsjá yrði því meginreglan eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra og því þyrfti ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir varðandi forsjá barns, nema sérstaklega stæði á. En þau sjónarmið komu einnig fram að rétt væri að styðjast áfram við ríkjandi skipan þessara mála, þar sem það stuðlaði að því að foreldrar, sem slíta samvistir, ræddu um málefni barna sinna í tengslum við samvistarslitin og leiddu hugann að því hvaða forsjárskipan kæmi þeim raunverulega best. Því ætti ekki að hrófla við þessu fyrirkomulagi nema að vel athuguðu máli og sérstök fagleg rök mæltu með breytingum á því. Sifjalaganefnd tekur undir síðastgreindu atriðin og er jafnframt þeirrar skoðunar að fagleg rök knýi ekki á um að breytingar verði gerðar á því hvernig sameiginleg forsjá kemst á við skilnað eða sambúðarslit. Því leggur nefndin til að ákvæði barnalaga um þetta verði óbreytt. Á hinn bóginn leggur sifjalaganefnd til aðrar breytingar sem eru fallnar til þess að styrkja enn frekar hina sameiginlegu forsjá og er hér vísað til þess að sýslumönnum verði heimilað að úrskurða í ágreiningsmálum foreldra, sem fara sameiginlega með forsjá barns, samkvæmt staðfestum samningi, um umgengni og meðlag, en slík heimild er ekki fyrir hendi í dag. Ágreiningur um þessa þætti hefur því haft í för með sér að annað foreldri, eða bæði, hafa þurft að krefjast niðurfellingar á samningi um sameiginlega forsjá, svo bera mætti ágreiningsmálið undir sýslumann. Þær tillögur sem fram koma í frumvarpi þessu um heimild sýslumanns að úrskurða um meðlags- og umgengniságreining foreldra þegar forsjá er sameiginleg þykja því koma til móts við sjónarmið þeirra sem vilja veg sameiginlegrar forsjár sem mestan, þar sem ágreiningur um þessa þætti þýðir ekki sjálfkrafa að forsendur fyrir sameiginlegri forsjá séu brostnar.

Samningar skv. 2. og 3. mgr. öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns, sbr. 5. mgr. 32. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Greinin fjallar um samninga foreldra um forsjá og svarar til 33. gr. gildandi barnalaga.

1.–3. mgr. eru efnislega samhljóða 1.–3. mgr. 33. gr. laganna, en í 3. mgr. er gert ráð fyrir að í stað orðanna „þriðja manni“ komi orðið „öðrum“.

4. mgr. er nýmæli. Lagt er til að foreldrum verði heimilt að tímabinda samninga um forsjá barns. Samkvæmt gildandi barnalögum er ekki heimilt að gera tímabundna samninga um forsjá og því kveða samningar foreldra um forsjá barns ávallt á um forsjá þess til 18 ára aldurs. Í almennum athugasemdum við V. kafla eru nefnd dæmi um aðstæður sem kynnu að valda því að foreldrar teldu rétt að gera tímabundinn samning um forsjá og vísast til þess er þar kemur fram. Auk þeirra tilvika má nefna að foreldrar kunna að vilja gera með sér tímabundinn samning um sameiginlega forsjá barns, áður en þeir ákveða að taka upp það úrræði endanlega, en einnig að foreldrar sem farið hafa sameiginlega með forsjá geri tímabundinn samning um forsjá annars foreldris. Foreldrum ber vitaskuld hér sem endranær að hafa hagsmuni barns síns að leiðarljósi og ákveða forsjá þess eftir því sem því kemur best.

Þrátt fyrir að lagt sé til að foreldrum verði veitt heimild til þess að gera tímabundna samninga um forsjá barna sinna og rétt kunni að vera að slíkir samningar séu gerðir undir vissum kringumstæðum verður nú sem fyrr sú krafa almennt gerð að um forsjárskipan barns ríki ákveðin festa. Með vísun til þess þykir rétt að leggja til að óheimilt verði að tímabinda samninga um forsjá til skemmri tíma en sex mánaða. Almennt verður að teljast óþarft og oftast jafnvel óæskilegt að gera breytingar á forsjárskipan barns, þótt það dveljist um stundarsakir hjá því foreldri sem ekki fer með forsjá þess og er hér lagt til að miðað verði við sex mánuði hvað þetta varðar.

Gert er ráð fyrir að forsjá barns færist sjálfkrafa til fyrra horfs að þeim tíma liðnum sem samningurinn tekur til.

5. mgr. er sambærileg 4. mgr. 33. gr. gildandi barnalaga og kveður á um að samningar um forsjá barns öðlist gildi við staðfestingu sýslumanns. Við lokamálsliðinn hefur því verið bætt að sýslumanni beri að synja um staðfestingu samnings ef hann er andstæður lögum. Krafa um staðfestingu sýslumanns á forsjársamningi hefur fyrst og fremst þýðingu fyrir hagsmuni barns því staðfesting felur í sér eftirlit með því að samningur um forsjá sé ekki í andstöðu við hagsmuni þess eða ólögmætur að efni til.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um sáttaumleitan í forsjár-, umgengnis- og dagsektarmálum. Hún kemur í stað 37. gr. A gildandi barnalaga, sem bætt var við lögin með lögum nr. 18/2001. Efnislega tekur greinin mið af 37. gr. A, en horfið er þó frá því að skylda sýslumann til þess að bjóða barni sem náð hefur 12 ára aldri ráðgjöf. Þess í stað er lagt til að sá sem ráðgjöfina veitir geti rætt við barn sem mál varðar telji hann það þjóna hagsmunum þess og forsjárforeldrar samþykkja. Það fer því eftir eðli deilunnar og atvikum máls að öðru leyti hvort rætt er við barn af hálfu ráðgjafans, meðan málið er til meðferðar hjá honum. Ekki þykir rétt að leggja til ákveðin aldursmörk í ákvæðinu, heldur fer best á að mat fari fram á því í hverju máli fyrir sig hvort ástæða er til að ræða við barn.

Eftir lögfestingu ákvæðis 37. gr. A komu í ljós vissir vankantar að því er varðar þátt barns í sáttaumleitaninni. Borið hefur á því að ákvæðið hafi verið túlkað þannig að sýslumanni beri skilyrðislaust að kalla barn á sinn fund til þess að skýra mál út fyrir því og honum beri því næst að bjóða því ráðgjöfina, án tillits til afstöðu foreldra. Barnið þurfi í kjölfarið að taka afstöðu til þess hvort það vill þiggja ráðgjöf eða ekki. Þegar litið er til tilgangs ákvæðisins má vera ljóst að slík túlkun stenst ekki. Þótt sýslumanni sé skylt að bjóða foreldrum sérfræði-

ráðgjöf er þeim ekki skylt að þiggja hana. Markmið ráðgjafarinnar er að hjálpa foreldrunum að finna lausn á ágreiningi sínum og eðli máls samkvæmt verða foreldrar ekki þvingaðir til sátta. Jafnljóst má vera að foreldrar sem þiggja ráðgjöf og reyna að ná sáttum verða að vera sáttir við að rætt sé við barnið um málið. Þess vegna er eðlilegt að breyta orðalagi ákvæðisins svo það þjóni betur tilgangi sínum.

Hafa ber í huga að þótt lagt sé til að horfið verði frá því að skylda sýslumann til að bjóða barni sem náð hefur 12 ára aldri sérfræðiráðgjöf vegna deilu foreldra um forsjá eða umgengni ber eftir sem áður að veita barni sem náð hefur nægilegum þroska kost á að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin í því nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Dómara, og sýslumanni í umgengnismáli, ber því að kynna sér viðhorf barns áður en ákvörðun er tekin, sbr. nánar 43. gr. og 4. mgr. 71. gr. frumvarpsins, og getur hann eftir atvikum falið sérfræðingnum að ræða við barnið í stað þess að gera það sjálfur, en hann getur einnig falið öðrum að gera það, svo sem starfsmanni barnaverndarnefndar. Þær breytingar sem sifjalaganefnd leggur til á ákvæði 37. gr. A barnalaga skerða því ekki á nokkurn hátt þennan rétt barns skv. 43. gr.

Ákvæðið tekur til þriggja tegunda mála, forsjármála, umgengnismála og dagsektarmála. Með dagsektarmálum er bæði átt við mál sem eru tilkomin vegna kröfu um álagningu dagsekta skv. 45. gr. og skv. 48. gr. Sifjalaganefnd telur brýnt að reynt sé til þrautar að ná sáttum í slíkum málum áður en ákvörðun er tekin um álagningu dagsekta og því sé rétt að bjóða aðilum þessara mála sérfræðiráðgjöf samkvæmt ákvæðinu.

Rétt er að undirstrika að gert er ráð fyrir að það sé aðeins í sérstökum undantekningartilvikum sem sýslumaður lætur hjá líða að bjóða foreldrum ráðgjöf samkvæmt þessari grein.

Þegar fjölskyldugerð er ekki hefðbundin, t.d. í tilvikum samkynhneigðra, getur verið ástæða fyrir þann sem annast sáttaumleitan að leita sér sérþekkingar telji viðkomandi sig ekki búa yfir nauðsynlegri þekkingu á efninu eða að sýslumaður kalli til ráðgjafar þann sem hefur slíka sérþekkingu. Sama getur átt við ef þeir sem í hlut eiga, foreldrar eða barn, búa við mikla fötlun líkamlega eða andlega, eða í öðrum alveg sérstökum tilvikum.

Um 34. gr.

Í greininni er kveðið á um ágreiningsmál um forsjá og fleira og svarar hún til 34. gr. gildandi barnalaga en verulegar breytingar eru þó lagðar til frá gildandi rétti, svo sem reifað hefur verið.

Í 1. mgr. er fjallað um úrlausnarvald í ágreiningsmálum um forsjá. Gert er ráð fyrir að dómstólum einum verði falið að leysa úr slíkum málum með dómi, en þau fari ekki til úrlausnar dómsmálaráðuneytisins. Um rök fyrir þessari breytingu vísast til almennra athugasemda við V. kafla. Sætir dómur héraðsdóms áfrýjun til Hæstaréttar og er áfrýjunarfrestur einn mánuður. Sem fyrr getur sýslumaður veitt leyfi til skilnaðar hjóna þótt þau greini á um forsjá barns, enda hafi forsjármál verið höfðað.

Í 2. mgr. er áréttað að ákveða skuli hjá hvoru foreldra forsjá barns verði eftir því sem barni er fyrir bestu og lagt er til að óbreytt verði að dómari hafi ekki heimild til þess að mæla fyrir um sameiginlega forsjá. Foreldrum sé á hinn bóginn heimilt að gera með sér dómsátt þess efnis eins og verið hefur í framkvæmd.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að gildandi barnalögum var drepið á ýmis þau atriði sem á reynir og koma til skoðunar við ákvörðun um forsjá barns. Rétt þykir að taka hér upp þessi minnisatriði að mestu og án frekari skýringa, þó í annarri röð, en þau eru þessi:

1. Tengsl barns við hvort foreldri um sig.

2. Dagleg umönnun og umsjá. Þar kemur m.a. til, að ungt barn þarf sérstakrar umönnunar og einnig er hér að líta á börn með sérþarfir vegna heilsuhaga o.fl.
3. Persónulegir eiginleikar og hagir hvors foreldris um sig og svo barnsins. Má hér nefna m.a. geðræna heilsu foreldra og heilsufar almennt, reglusemi, og ekki síst hvort foreldra telst hæfara til að sinna uppeldi barns og hver skilningur þess á þörfum barnsins er. Hér koma einnig til atvinnuhagir og heimilisaðstæður, þar á meðal ef foreldri hefur stofnað nýtt heimili og gengið í hjúskap eða hafið sambúð o.fl.
4. Óskir barns. Mikilvægt er að barni sé veittur kostur á að tjá sig um forsjármálið. Oft er sagt að þegar barn sé orðið 9–10 ára hljóti úrlausnaraðili að taka mikið tillit til afstöðu þess en engin skýr viðmiðun er um aldursmörk og hlýtur þetta að velta á atvikum hvers máls. Vægi þessa vex með aldri barns og í norrænum dómum hefur þessa gætt mjög mikið.
5. Kyn og aldur. Sú meginregla að ung börn fylgi móður, og eftir atvikum drengir feðrum en stúlkur mæðrum, ef systkinahópi er dreift hefur ekki jafnmikið vægi í norrænum dómum og áður var. Matið á að vera sem sjálfstæðast og einstaklingsbundið án tillits til slíkra meginreglna með þarfir barns að leiðarljósi.
6. Systkinahópur. Oft er vikið að því, að áhættusamt sé og varhugavert að sundra systkinahópi, en ýmis sjónarmið eru þar uppi og misjafnt m.a. á hvaða aldri börn eru og hversu samrýnd þau eru o.fl. Þetta viðhorf hefur öllu minna vægi í dómsúrlausnum nú en áður var að því er virðist, enda ber við úrlausn forsjármáls að meta hvað hverju einstöku barni kemur best.
7. Húsnæðismál. Athuga þarf húsnæði sem hvort foreldra um sig getur boðið upp á og uppeldiskosti hvors um sig, skóla, leikskóla og umhverfi allt.
8. Liðsinni vandamanna hvors um sig, þar á meðal nágrenni foreldra og annarra vandamanna hvors um sig við það heimili sem boðið er upp á, og svo athugun á því hvernig nýr maki eða sambúðaraðili muni bregðast við barni er á heimili kemur.
9. Breyting á umhverfi. Oft er bent á áhættu við að hrífa barn úr kæru umhverfi, frá skólafélögum og vinum og flytja það í óþekkt umhverfi og verða aðlögunarörðugleikar þá oft miklir. Sérstaklega á þetta við ef barni er ætlað að flytjast til annars lands. Hér skiptir aldur barns og margvísleg einstaklingsbundin atriði máli.
10. Umgengni barns og forsjárlauss foreldris. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á rétt og þörf barns til að viðhalda tengslum við það foreldra sinna sem ekki fer með forsjá þess. Hefur það vægi við úrlausn slíks máls hvort foreldra er líklegra til að viðhalda eðlilegri umgengni barns við hitt foreldra sinna til frambúðar og rétt að kanna sérstaklega afstöðu foreldra til þessa atriðis.
11. Ekki þarf að taka fram að sök foreldra á skilnaði skiptir hér ekki máli. Ólögmæt sjálftaka foreldris á barni getur skapað því lakari stöðu en ella, en einnig í því tilviki er það reglan um þarfir barnsins sem sitja á í fyrirrúmi.

3. mgr. er nýmæli. Lagt er til að lögfest verði að við forsjárákvörðun beri að líta sérstaklega til þess hvort foreldri, sem krefst forsjár barns, hefur verið tálmuð umgengni við það. Fram til þessa hefur vissulega verið talið rétt að líta til þess við ákvörðun forsjár hvernig foreldrar sjá fyrir sér umgengni barnsins og þess foreldris sem ekki fær forsjá þess, sbr. hér að framan, og getur þetta atriði verið mikilvægur þáttur í forsjármáli. Með lögfestingu ákvæðis 3. mgr. er hins vegar kastljósinu beint sérstaklega að því hvort umgengni foreldris og barns hafi verið tálmað. Dómara ber í úrlausn sinni að taka afstöðu til þess hvort svo hafi verið og þá jafnframt að taka tillit til þess við ákvörðun máls. Með þessu er reynt að koma í veg fyrir að foreldri sem barn býr hjá geti skapað sér betri stöðu í forsjármáli með því að hindra með

ólögmætum hætti eðlileg tengsl og umgengni barns við hitt foreldrið. Rétt er þó að leggja á það áherslu að hér eftir sem hingað til koma mörg önnur sjónarmið til athugunar við mat á því hvað barni er fyrir bestu við ákvörðun forsjár eins og nefnt hefur verið. Með lögfestingu þessa ákvæðis er ætlunin að þetta sjónarmið fái aukið vægi við úrlausn máls og lýsir það þeirri viðleitni sifjalaganefndar að tryggja rétt barns til að þekkja og umgangast báða foreldra sína.

Í 4. mgr. er einnig að finna nýmæli. Lagt er til að dómara verði fengið vald til að ákveða, að kröfu annars eða beggja foreldra, inntak umgengnisréttar foreldris og barns í dómi, svo og meðlag með barni, takist ekki sættir milli foreldra um þessa þætti.

Úrlausn umgengnis- og meðlagsmála er nú einvörðungu í höndum stjórnvalda. Foreldrar þurfa því að leita til sýslumanns varðandi þá þætti í kjölfar dóms um forsjá, ef því er að skipta, og þarf sýslumaður þá að kynna sér hagi foreldra og barns frá grunni. Verði frumvarp þetta að lögum verður dómurum falið að leysa úr ágreiningi af þessum toga, að kröfu aðila, í tengslum við forsjárágreiningsmál sem til meðferðar er. Þykir þetta horfa mjög til hagræðis fyrir aðila máls og þjóna hagsmunum barns best. Eins og vikið var að í almennum athugasemdum við V. kafla verður almennt talið æskilegast að verkaskipting stjórnvalda og dómstóla sé afdráttarlaus og mál sömu tegundar hljóti sömu meðferð. Liður í því er að sami aðili leysi úr sams konar málum. Sérstök rök geta á hinn bóginn mælt með því að vikið sé frá þessu og að mati sifjalaganefndar verður ekki litið framhjá þeim hagkvæmnisrökum sem eru fyrir því að fela dómstólum að greiða úr umgengnismálum samhliða forsjárágreiningi. Þessi leið er mun skilvirkari en hin að leita til sýslumanns í kjölfar forsjármálsins, þar sem öll atriði sem líta þarf til við ákvörðun um umgengni liggja fyrir í gögnum dómsmálsins, en sýslumaður þarf að kynna sér þau frá grunni eftir að mál berst honum. Ekki verður séð að breyting þessi auki álag á dómstóla, svo nokkru nemi, þar sem ekki er lagt til að þessir málaflokkar verði færðir í heild sinni til dómstólanna, heldur aðeins að dómurum verði fært úrlausnarvald í tilteknum þáttum til viðbótar í forsjármáli, sem sannanlega er komið til þeirra kasta, þáttum sem geta jafnvel verið lykilþættir þess. Ætla verður á hinn bóginn að álagi létti nokkuð af sýslumannsembættum. Þá verður og að ætla að kostnaður aðila og ríkisvalds, umfram kostnað vegna forsjármálsins sem slíks, sé óverulegur. Þótt rökin fyrir því að fela dómstólum að ákveða einnig meðlagsgreiðslur samhliða forsjá séu e.t.v. ekki jafnbrýn, er augljóst hagræði að láta úrlausn slíks máls sæta sömu meðferð og umgengnismáls og til þess fallið að flýta úrlausn málsins.

Meginrökin fyrir því að fela dómara vald til þess að úrskurða um umgengni og meðlag er það hagræði sem felst í að fá úrlausn allra þessara þátta í einu og sama máli. Af því leiðir að krafa um ákvörðun um umgengni og/eða meðlag má ekki verða til þess að tefja meðferð forsjármálsins. Því verður að gera þá kröfu að aðili geri strax í upphafi máls grein fyrir kröfu sinni um að dómari ákveði inntak umgengnisréttar og/eða meðlag þannig að meðferð málsins taki mið af því, eftir því sem við á. Þykir því rétt að miða við að kröfunnar verði að geta í stefnu eða greinargerð stefnda, svo hún komi til álita fyrir dómi. Ef aðilar svo kjósa geta þeir borið kröfu um umgengni og meðlag undir sýslumann í stað þess að gera slíkar kröfur í forsjármáli.

Eftir að dómur hefur verið kveðinn upp verður ágreiningur um umgengni eða meðlag einvörðungu borinn undir dómara í tengslum við úrlausn kröfu um forsjárbreytingu. Í öðrum tilvikum ber að vísa ágreiningi um umgengni eða meðlag til úrlausnar sýslumanns í samræmi við ákvæði 47. og 57. gr.

Varðandi það álitaefni hvernig skuli brugðist við ef sett er fram krafa um umgengni eða meðlag fyrir sýslumanni og dómstóli á sama tíma er tekið fram að gert er ráð fyrir að sýslu-

maður vísi máli frá ef svo háttar til, í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar um mörk valdheimilda stjórnvalda og dómstóla. Þetta á bæði við þegar mál er til meðferðar fyrir dómi og aðili beinir því síðan einnig til sýslumanns og jafnframt þegar mál er til meðferðar hjá sýslumanni en því er enn fremur skotið til dómstóla. Þá eiga sömu sjónarmið og við þótt mál sé komið á kærustig í stjórnsýslunni.

5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

6. mgr. samsvarar 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins um tilkynningu til Þjóðskrár um niðurstöðu faðernismáls, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um ýmsar bráðabirgðaákvarðanir dómara í tengslum við forsjárágreiningsmál. Hún leysir af hólmi 36. gr. gildandi laga og hefur að geyma nýmæli.

Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram að dómari geti með úrskurði ákveðið til bráðabirgða hvernig skuli fara með forsjá barns að kröfu aðila. Grundvallarsjónarmið við slíka ákvörðun er eins og ávallt hvað barni er fyrir bestu. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar aðrar en þær sem leiða af eðli máls vegna breytinga á reglum um ákvörðunarvald í forsjárágreiningsmálum, sem reifaðar hafa verið. Hins vegar er að finna nýmæli í 2. málsl. 1. mgr. þar sem lagt er til að dómari geti í sama úrskurði einnig kveðið á um umgengni og meðlag til bráðabirgða. Um rökin að baki þessu má vísa til þess sem reifað hefur verið að framan, en það þykir ekki síður mikilvægt að stuðla að því að barn geti notið umgengni við báða foreldra, meðan forsjármál er til meðferðar, enda getur meðferð slíks máls tekið langan tíma. Brýnt er að barni sé gert kleift að halda tengslum við báða foreldra sína meðan á meðferð máls stendur, ekki síst vegna þess að tengsl barns og foreldris er mikilvægur þáttur við mat á því hvað barni er fyrir bestu við ákvörðun forsjár. Að fela dómara heimild til þess að ákveða umgengni til bráðabirgða samhliða forsjá er fallið til að treysta tengsl barns við það foreldri sem það býr ekki hjá meðan mál er til úrlausnar dómstóls. Ákvæðið geymir einungis heimild fyrir dómara til að kveða upp úrskurð til bráðabirgða, honum er það ekki skylt og getur því hafnað slíkri kröfu ef hann telur þá úrlausn vera barni fyrir bestu. Varðandi það álitaefni hvernig skuli brugðist við ef sett er fram krafa um umgengni eða meðlag fyrir sýslumanni og dómstóli á sama tíma er vísað til þess er fram kemur í athugasemdum við 5. mgr. 34. gr.

Í 2. mgr. er að finna heimild fyrir dómara til að hafna því að sameiginleg forsjá falli niður meðan ágreiningsmál um forsjá er til meðferðar. Þessi heimild er bundin við þau tilvik þegar forsjáin er sameiginleg þegar leitað er til dómstóla með forsjárkröfu en almennt má líta svo á að æskilegt teljist að forsjá haldist sameiginleg meðan máli er ráðið til lykta. Ef dómari ákveður að forsjá skuli áfram vera í höndum beggja foreldra, meðan á meðferð málsins stendur, getur hann enn fremur ákveðið hjá hvoru foreldri barn skuli eiga lögheimili, umgengni og meðlagsgreiðslur. Dómari getur enn fremur ákveðið að barn skuli búa hjá foreldrum sínum á víxl meðan mál er til meðferðar, enda komi það barninu best. Við könnun máls að því er síðastgreinda atriðið varðar mundi einkum verða litið til þess hvernig búsetu barns hefur verið háttað fram að því að ágreiningsmál rís og hver tengsl þess eru við foreldra.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimild dómara til þess að breyta ákvörðun skv. 1. og 2. mgr. vegna sérstakra ástæðna. Ákvörðun um forsjá til bráðabirgða er tekin eins fljótt og kostur er og sú könnun sem fram fer á aðstæðum og högum foreldra og barns er takmörkuð og vera kann að aðstæður breytist meðan mál er til meðferðar. Er mikilvægt að heimildir séu til að breyta fyrri ákvörðun.

Í 1. málsl. 4. mgr. er ákvæði um úrskurð um farbann barns meðan mál er rekið, samsvarandi 1. mgr. 39. gr. gildandi barnalaga, sbr. þó breytingar sem leiða af því að dómstólum

verður alfarið falið að leysa úr forsjármálum. Enn fremur er skýrt tekið fram að Hæstiréttur hafi sömu heimildir og héraðsdómur til að mæla fyrir um bann við því að farið sé með barn úr landi. Þykir þetta ákvæði eiga betur heima í þessari grein, þar sem fjallað er um úrskurði undir rekstri forsjármáls, sem aðeins er ætlað að gilda til bráðabirgða, en í sérstöku ákvæði eins og nú er. Í 3. málsl. 4. mgr., sem er nýmæli, er mælt fyrir um að dómari skuli þegar í stað senda ríkislögreglustjóra úrskurð um farbann barns. Er þetta lagt til í því skyni að tryggja, eins og við verður komið, að upplýsingar um farbann komist til viðeigandi eftirlitsaðila þannig að unnt verði að fylgja því eftir í raun. Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri setji verklagsreglur um hvernig slíkum úrskurðum verði fylgt eftir í framkvæmd.

Í fyrri málslið 5. mgr. er mælt fyrir um að úrskurður héraðsdómara skv. 1.–4. mgr. sæti kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum, en í síðari málslið er gerð sú undantekning að því er varðar úrskurð skv. 4. mgr. að kæra fresti ekki réttaráhrifum slíks úrskurðar.

Í tengslum við kæruheimild og heimild héraðsdómara til að breyta úrskurði sínum er rétt að víkja að 147. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Þar kemur fram að héraðsdómari geti, ef kæra kemur fram, ákveðið sjálfur að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Ef héraðsdómari telur ástæður til að fallast á viðhorf kæranda getur hann því sjálfur fellt úrskurðinn úr gildi og kemur mál þá ekki til kasta Hæstaréttar.

Ákvæði 6. og 7. mgr. eru efnislega í samræmi við lokamálslið 36. gr. gildandi barnalaga.

Í 8. mgr. er kveðið á um hvenær úrskurður samkvæmt ákvæðinu falli sjálfkrafa niður, en ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins er að finna reglur um meðferð forsjármála fyrir dómi og svarar hann til VIII. kafla gildandi barnalaga. Gleggra þykir að fjalla um dómsmál vegna ágreinings um forsjá strax á eftir ákvæðum um foreldraskyldur og forsjá barns enda verður umfjöllun um forsjárþáttinn í heild sinni þá samfelld og aðgengileg.

Við setningu gildandi barnalaga var við það miðað að réttarfarsreglur laganna yrðu endurskoðaðar ekki síðar en innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Ekki hefur þótt ástæða til þess fram til þessa að hrófla sérstaklega við þessum reglum og nú fyrst eru þær endurskoðaðar.

Vegna séreðlis forsjármála verður ekki hjá því komist að þau sæti afbrigðilegri meðferð einkamála og ganga tillögur sifjalaganefndar í frumvarpi þessu í þá átt. Nefndin hefur þó við endurskoðun laganna leitast við að færa málsmeðferðarreglurnar til samræmis við almennar reglur einkamála eftir því sem þótt hefur fært, eins og málsmeðferðarreglur faðernismála, sbr. umfjöllun að framan um II. kafla. Frávikin frá hinum almennum reglum eru þrátt fyrir það enn nokkur og er þau að finna í VI. kafla frumvarpsins.

Það sem mótar hinar sérstöku réttarfarsreglur forsjármála er fyrst og fremst sú grundvallarregla barnaréttar að ávallt skuli leyst úr máli eftir því sem barni kemur best, en af henni leiðir m.a. að sakarefni er ekki að öllu leyti á forræði aðila. Gert er ráð fyrir að dómari geti lagt fyrir aðila að afla tilgreindra gagna, auk þess sem hann geti sjálfur aflað gagna. Hann geti enn fremur lagt fyrir aðila að afla sérfræðilegrar álitsgerðar ef hann telur hennar þörf og gert er ráð fyrir að dómari geti að eigin frumkvæði bætt matsatriðum við dómkvaðningu. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að dómari í forsjármálum taki að jafnaði mun virkari þátt í meðferð máls en almennt í einkamálum. Mikilvægt er að dómari stjórni því að ekki sé farið út í óþarfa, kostnaðarsama og tímafreka gagnaöflun, því almennt hefur barn hag af því að úr máli sé leyst eins fljótt og kostur er.

Sifjalaganefnd telur mikilvægt að hlífa börnum við óþarfa sársauka og erfiðleikum vegna forsjárdeilu foreldra eftir því sem kostur er og því sé ekki rétt að blanda börnum í deilur

foreldra sjálfvirkt. Meðal þeirra tillagna sem nefndinni bárust við samningu frumvarpsins var að barni yrði tryggð sjálfstæð aðild að forsjármáli og ábending um að barni yrði skipaður réttargæslumaður við meðferð forsjár- og umgengnismáls. Starfshópur sjálfstætt starfandi sálfræðinga (sjá fskj. II) veitti sifjalaganefnd að beiðni hennar álit sitt á því m.a. hvort æskilegt væri að barn fengi sjálfstæða aðild að dómsmáli um forsjá þess og á því hvort rétt væri að mæla fyrir um að barni yrði skipaður réttargæslumaður við meðferð máls. Var það álit starfshópsins að óæskilegt væri að barn væri aðili máls. Með því yrði barnið beinn þátttakandi í deilu foreldranna og hætt væri við að hin virka þátttaka barnsins í ferli málsins hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir samskipti foreldra og barns eftir að máli lyki. Hópurinn taldi að verja bæri börn fyrir slíku álagi. Þá taldi starfshópurinn ekki þörf á að færa í lög að barni verði skipaður réttargæslumaður við meðferð máls. Þar sem vandi barns í þessum málum væri oftast fyrst og fremst tilfinningalegur og tengdur flóknum samskiptum þess við sína nánustu var það mat starfshópsins að talsmaður, sem væri fagmaður á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar, væri vænlegri til að gæta hagsmuna barns. Það varð því niðurstaða nefndarinnar að hvorki yrði í frumvarpi þessu lagt til að barn yrði aðili máls né að barni skuli skipa réttargæslumann við meðferð forsjár- og umgengnismála.

Eins og nánar kemur í ljós við umfjöllun um einstakar greinar kaflans fela þær breytingar sem lagðar eru til á réttarfarsákvæðunum ekki í sér grundvallarbreytingar frá gildandi rétti. Við endurskoðun ákvæðanna ráðfærði sifjalaganefnd sig við dómara sem hafa mikla reynslu af úrlausn dómsmála samkvæmt barnalögum. Hjá þeim kom ótvírætt fram að réttarfarsreglurnar hefðu að meginstefnu til reynst mjög vel en fyrirhugaðar breytingar horfðu eigi að síður til bóta.

Um 36. gr.

Greinin svarar til 56. gr. gildandi barnalaga og er lítið breytt. Þó er rétt að vekja á því athygli að 4. mgr. 56. gr. laganna er ekki tekin upp í frumvarpið. Ákvæðið, sem var tekið upp í barnalög að norskri fyrirmynd, fjallar um heimild til að ákveða forsjá barns til bráðabirgða ef barnið eða stefndi dvelst hér á landi en er ekki hér búsett. Í lögskýringargögnum með barnalögum kom fram að reglunni yrði aðeins beitt í undantekningartilvikum, en hún gæti einkum átt við ef talið væri að velferð barns yrði stefnt í voða ef ekki yrði leyst úr máli hér á landi. Sifjalaganefnd er þeirrar skoðunar að ákvæðið sé óljóst og vandséð undir hvaða kringumstæðum gæti komið til álita að beita því. Það fjallar aðeins um forsjá til bráðabirgða en lætur því ósvarað hvað gert skuli að slíkri ákvörðun fenginni. Því er alveg óráðið hvernig farið skuli með mál við svo búið. Á það skal og bent að ákvæðið virðist byggjast á nokkurs konar neyðarréttarsjónarmiðum en í því sambandi bendir sifjalaganefnd á heimildir barnaverndarlaga til að grípa til aðgerða án samþykkis foreldra, m.a. heimildir til kyrrsetningar barns og til að ákveða að ekki megi fara með barn úr landi. Að lokum er athygli vakin á því að eftir gildistöku barnalaga hafa verið lögfest ýmis fyrirmæli um forsjárákvarðanir, m.a. um viðurkenningu forsjárákvarðana sem teknar hafa verið í þeim löndum sem eru aðilar að Evrópu- og Haagsamningunum, sbr. lög nr. 160/1995, um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl. Ætla má að í þeim lögum, sé a.m.k. að einhverju leyti, tekið á þeim álitaefnum, sem höfð hafa verið í huga við lögfestingu fyrrgreinds ákvæðis.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 56. gr. gildandi laga.

2. mgr. er ný. Þar kemur fram sú meginregla að úr forsjármáli skuli leyst eftir íslenskum lögum.

3. mgr. hefur á hinn bóginn að geyma frávik frá 1. og 2. mgr. og er samhljóða 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið svarar til 2. mgr. 56. gr. gildandi barnalaga.

4. mgr. er hliðstæð 3. mgr. 56. gr. gildandi barnalaga.

Um 37. gr.

Greinin svarar til 57. gr. gildandi barnalaga.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

2. mgr., sem leysir 2. mgr. 57. gr. af hólmi, þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Greinin fjallar um málsmeðferð forsjármála.

1. mgr. svarar til 58. gr. gildandi barnalaga.

Í 2. mgr. felst nýmæli. Þar segir að stefnanda forsjármáls verði ekki gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Sifjalaganefnd telur bágan fjárhag foreldris ekki eiga að girða fyrir að dómstóll geti leyst úr ágreiningi um forsjá barns, enda gæti slík niðurstaða verið í brýnni andstöðu við hagsmuni og réttindi barns.

3. mgr. leysir af hólmi 63. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

4. mgr. er hliðstæð niðurlagi 1. mgr. 34. gr. gildandi barnalaga.

Um 39. gr.

Greinin er nýmæli en er samhljóða 13. gr. frumvarpsins. Reglur einkamálalaga um útivist eiga ekki alls kostar við í forsjármálum, þar sem úrlausn máls verður ávallt að byggjast á því hvað kemur barni best. Ef ekki er sótt þing af hálfu stefnda, þrátt fyrir löglega birtingu stefnu, eða ef þingsókn hans fellur á síðari stigum, getur dómari skipað honum málsvara, en þó aðeins ef sérstaklega stendur á. Er svipað ákvæði að finna í 117. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Tekur ákvæðið til svipaðra aðstæðna og þar er lýst, þ.e. ef hvorki er vitað um heimilisfang stefnda né dvalarstað, stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum sjálfum stefnu þótt lögmæt stefnubirting hafi allt að einu tekist eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækir þing við þingfestingu og sérstakar ástæður mæla með því að öðru leyti að honum verði skipaður málsvari. Hefur dómari allvíðtæka heimild til mats á því hvort þær sérstöku ástæður séu fyrir hendi að beita skuli úrræðinu. Er það að mati sifjalaganefndar nauðsynlegt að dómarinn hafi þetta úrræði til að fá fram sjónarmið beggja foreldra um það hvernig forsjá barns skuli háttað svo að hagsmunir barns verði best tryggðir. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um 13. gr. frumvarpsins.

Um 40. gr.

Í greininni er fjallað um sáttaumleitan. Samkvæmt meginreglu 106. gr. einkamálalaga leitar dómari sátta ef aðilar fara með forræði á sakarefni. Í frumvarpsgreininni kemur fram að dómari geti ákveðið að sátta verði leitað skv. 33. gr. í stað þess að leita sátta sjálfur.

Um 41. gr.

Greinin leysir af hólmi 62. gr. gildandi barnalaga. Í þessu ákvæði og því næsta endurspeglast e.t.v. einna helst sú sérstaða sem einkennir forsjármál. Í 1. mgr. kemur fram að aðilar geti borið fram nýjar málsástæður og haft uppi ný andmæli allt til þess er mál er dómtekið. Í forsjármálum hagar oft þannig til að í upphafi máls liggja ekki fyrir allar upplýsingar sem máli kunna að skipta fyrir úrlausn máls. Oft er það ekki fyrr en skýrsla sérfræðings um hagi og aðstæður foreldra og barns liggur fyrir að tilefni verður fyrir aðila að hafa uppi máls-

ástæður. Því er nauðsynlegt að heimild sé til að hleypa þeim að eftir því sem tilefni gefst til og máli vindur fram. Á hinn bóginn telur sifjalaganefnd ekki rétt að ganga eins langt og gildandi barnalög, sem heimila að settar séu fram nýjar kröfur allt þar til mál er flutt. Í forsjármálum eru kröfur aðila venjulega skýrar og afmarkaðar, oftast er um að ræða að foreldri krefst forsjár eins eða fleiri barna sinna. Nýjar kröfur um forsjá geta vart lotið að öðru en því að krefjast forsjár fleiri barna en upphaflega var gert. Sifjalaganefnd telur rétt, ef svo háttar til, að nýrri kröfu verði komið að með framhaldsstefnu eða með höfðun nýs máls, en með því sé betur tryggt að sjónarmið beggja aðila komi skýrlega fram í máli og hagsmunir barns þar með betur tryggðir. Nýja málið mætti síðan sameina hinu fyrra. Felst í þessu að stefnandi forsjármáls verður jafnframt að gera kröfu um að dómurinn kveði á um inntak umgengnisréttar barns við forsjárlaust foreldri sem og meðlagsgreiðslur með því, verði ákvæði 5. mgr. 34. gr. frumvarpsins að lögum, þegar í upphafi máls vilji hann hafa slíka kröfu uppi í málinu. Að dómari sé ekki bundinn af kröfum felur m.a. í sér að honum sé heimilt, telji hann það barni fyrir bestu, að dæma aðila forsjá barns, sem hann hefur ekki krafist forsjár fyrir. Sifjalaganefnd telur slíkt ekki geta komið til álita og því er lagt til að samsvarandi ákvæði verði ekki tekið upp í frumvarp þetta.

Í 2. mgr. kemur fram að dómari sé ekki bundinn af málsástæðum aðila. Eins og vikið hefur verið að ber dómara að leysa úr máli í samræmi við það sem barni kemur best. Af því leiðir að kveða verður á um frávik frá þeirri meginreglu að dómari sé bundinn af málsástæðum aðila, — málin eru „indispositiv“. Gagnaöflun fer að meginstefnu til fram fyrir dóminum og því getur aðili í reynd ekki haft allar sínar málsástæður uppi frá byrjun máls. Þá tekur gagnaöflun fyrir dómi alllangan tíma og geta hagir aðila og barnanna breyst á tímabilinu. Vera kann að málsástæður beggja aðila séu þess eðlis að dómari geti ekki byggt dóm sinn á þeim en gögn málsins beri með sér veigamikil rök fyrir þeirri niðurstöðu sem dómari telur koma barni best.

Um 42. gr.

Í greininni er fjallað um gagnaöflun og leysir hún af hólmi 60. gr. gildandi barnalaga.

1. málsl. 1. mgr. er óbreytt 1. mgr. 60. gr. barnalaga. Í 2. og 3. málsl. 1. mgr. segir að aðilum máls sé skylt að verða við kvaðningu dómara um að mæta fyrir dóm og gefa skýrslu og að knýja megi aðila til þess í samræmi við 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála. Af því leiðir að dómari getur, að kröfu aðila, leitað aðstoðar lögreglu við að færa viðkomandi fyrir dóm.

Í 2. mgr. kemur fram að dómari getur lagt fyrir aðila að afla tilgreindra gagna sem varða aðstæður aðila eða barns og svarar málsgreinin að nokkru til 2. mgr. 60. gr. gildandi barnalaga. Gert er ráð fyrir að heimildinni verði beitt eftir því sem sérstök atvik í máli gefa tilefni til. Verði aðili ekki við tilmælum dómara um gagnaöflun eða honum er ókleift að afla þeirra getur dómari sjálfur aflað gagna sem hann telur nauðsynleg til að leggja megi dóm á mál.

Í 3. mgr. er að finna sérstaka reglu vegna séreðlis forsjármála. Sérfræðileg álitsgerð er í mörgum forsjármálum aðalsönnunargagnið. Í álitsgerð sérfræðings koma venjulega fram þau atriði sem nauðsynlegt er að fá fram til að leggja megi dóm á mál. Það eru atriði er varða hagi foreldra og hæfi, aðstæður og hagi barns, tengsl þess við foreldra og margt fleira. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dómari geti lagt fyrir aðila að afla sérfræðilegrar álitsgerðar telji hann hennar þörf. Í þessu felst að aðili máls útbýr beiðni um dómkvaðningu matsmanns og tiltekur hvaða atriði hann vill að verði könnuð í samræmi við almennar reglur laga um meðferð einkamála. Dómari yfirfer beiðnina og getur sjálfur bætt matsatriðum við dómkvaðninguna, þannig fer fram eftirlit dómara með matsbeiðninni. Dómari getur enn fremur í matsbeiðninni

falið sérfræðingnum að ræða við barn í því skyni að kanna viðhorf þess, sbr. nánar umfjöllun um 43. gr. frumvarpsins. Almennt verður gengið út frá því að aðeins einn sérfræðingur verði dómkvaddur, og við hugsanlegt yfirmat verði þeir því tveir. Í undantekningartilvikum gæti þó komið til álita að tveir sérfræðingar yrðu kallaðir til ef aðstæður barns eða aðila gæfu tilefni til, svo sem ef um væri að ræða líkamlega fötlun eða geðræn vandamál eða aðrar sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Oftast væri þó nægjanlegt að kveðja til sérfróða meðdómendur með sérþekkingu á viðkomandi sviði.

Eins og nefnt var er sérfræðileg áltisgerð í mörgum forsjármálum helsta sönnunargagnið. Þrátt fyrir það má sjá fyrir ýmis konar tilvik þar sem ekki er þörf slíkrar álitsgerðar. Dæmi um slíkt tilvik er ef dómari telur augljóst að annað foreldri sé óhæft til að fara með forsjá barns, eða fyrir liggur nýleg skýrsla sérfræðings, t.d. vegna þess að höfðað er mál til breytinga á forsjá sem ákveðin hefur verið skömmu áður eða þegar svo stendur á að barn er komið á unglingsaldur og hefur ákveðna skoðun á því hvar það vill búa og það þykir ekki ganga gegn hagsmunum þess að fara að vilja þess.

Í 4. mgr. kemur fram að dómari geti ákveðið að kostnaður af gagnaöflun sem hann mælir fyrir um eða vegna gagna sem hann aflar sjálfur samkvæmt ákvæðinu greiðist úr ríkissjóði. Almenna reglan er sú í einkamálum að aðilar standa straum af kostnaði við öflun þeirra gagna sem þeir leggja fram. Í málum er varða forsjá barna getur dómari lagt fyrir aðila að afla gagna sem hann telur nauðsynleg, auk þess sem hann getur sjálfur aflað gagna. Það kann að vera ósanngjarnt í einstökum málum að leggja kostnað sem af slíkri gagnaöflun rís fortakslaust á aðila. Því þykir rétt að mæla fyrir um að dómari geti ákveðið að kostnaður vegna gagnaöflunar sem hann ákveður eða mælir fyrir um skuli greiðast úr ríkissjóði.

Um 43. gr.

Í greininni er mælt fyrir um rétt barns til að tjá sig um mál. Efni greinarinnar er að finna í gildandi barnalögum að meginstefnu til, sbr. 4. mgr. 34. gr. og 61. gr. laganna, en framsetning þess er nú með öðru sniði en áður, þannig þykir ákvæði frumvarpsins ítarlegra og skýrara, og að auki er um nokkuð breytta áherslu að ræða þar sem ekki er gert ráð fyrir að skylda til að leyfa barni að tjá sig um mál miðist við tiltekinn aldur barns.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er kveðið á um rétt barns til að tjá sig við meðferð máls, sem það varðar, hjá stjórnvöldum og dómstólum og hafa ákvæðin ekki að geyma sérstök aldursmörk við afmörkun á þeim rétti þess. Með hliðsjón af ákvæðum samningsins tók sifjalaganefnd til gaumgæfilegrar athugunar hvort rétt væri að halda í þá reglu að miða skilyrðislausan rétt barns til að tjá sig um mál við 12 ára aldur en mælast til þess að rætt væri við yngra barn miðað við aldur þess og þroska, eins og mælt er fyrir um í gildandi barnalögum. Leitaði nefndin m.a. eftir áliti fyrrnefnds starfshóps sálfræðinga á því hvort ástæða væri til breytinga frá gildandi rétti að því er varðar rétt barna til að tjá sig í forsjár- og umgengnismálum og hverjar tillögur þeirra væru í þeim efnum. Það var mat starfshópsins að tryggja skuli barni sem myndað geti eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varðar, nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit máls og var það niðurstaða hópsins að ekki væri ráðlegt að binda skylduna til að leyfa barni að tjá sig í slíkum málum við ákveðinn aldur. Tekur sifjalaganefnd undir þau sjónarmið sem fram koma í áliti starfshópsins og vísar til álitsins, sem er sem fyrr segir birt í heild sinni í fylgiskjali II með frumvarpi þessu.

Sifjalaganefnd telur þó rétt að geta þess í þessu samhengi að eftirlitsnefnd með framkvæmd barnasáttmálans, sem starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna og hefur kynnt sér ítarlega ákvæði gildandi íslensks réttar um rétt barns til að tjá sig um mál, hefur ekki þótt ástæða

til að gera athugasemdir við íslenska löggjöf á þessu sviði, við hefðbundið eftirlit með framkvæmd samningsins og má af því vera ljóst að ákvæði gildandi barnalaga þykja vera í samræmi við barnasáttmálann hvað þetta varðar. Til samanburðar þykir einnig rétt að greina frá sambærilegum lagaákvæðum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í gildandi danskri löggjöf er kveðið á um að rætt skuli við barn sem náð hefur 12 ára aldri áður en ákvörðun er tekin um forsjá þess eða umgengni, nema slíkt sé skaðlegt fyrir barn eða það hafi ekki þýðingu fyrir úrslit máls, en ekki er að finna ákvæði um að rétt sé að ræða við yngra barn. Í norskum lögum er kveðið á um að 12 ára gamalt barn hafi rétt til að tjá sig um mál og enn fremur að hlustað skuli eftir sjónarmiðum yngri barna við ákvörðun í málum hjá stjórnvöldum og dómstólum er þau varðar, eftir aldri og þroska og eru ákvæðin því nokkuð sambærileg þeim íslensku. Í Svíþjóð er ekki kveðið á um sérstök aldursmörk í lögum við afmörkun á rétti barns til að tjá sig í forsjármálum, en þar í landi hafa dómstólar litið svo á að 13 ára gamalt barn eigi rétt á að fá að tjá sig í forsjármáli.

Í 1. mgr. kemur fram sú grundvallarregla að veita skuli barni sem náð hefur nægilegum þroska færi á að tjá sig um mál nema það geti haft skaðleg áhrif á það eða það teljist þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Skylda til að veita barni færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri er því ekki bundin við 12 ára aldur þess heldur ræðst það af atvikum máls og þroska barns hverju sinni, svo sem fram hefur komið. Ljóst má þó vera að aðeins í undantekningartilvikum yrði talið rétt að víkja frá því að ræða við barn sem náð hefur 12 ára aldri, en dæmi um aðstæður sem gætu réttlætt það eru að barn sé mikið andlega fatlað.

Gæta þarf að því að það verður að sjálfsögðu að meta vandlega í hverju máli fyrir sig hvað barni er fyrir bestu og sú staða getur hæglega komið upp að vilji barns komi skýrlega í ljós en það sé í andstöðu við hagsmuni þess að fara eftir þeim vilja. Hér má nefna sem dæmi að barn skýri frá því í forsjármáli, með ótvíræðum hætti, að það vilji búa hjá móður sinni, en jafnframt sé ljóst að sú afstaða byggist á því að móðir sé eftirgefanlegri í samskiptum þeirra en faðir. Niðurstaða máls varðandi forsjá barns verður ekki einvörðungu byggð á afstöðu barns, heldur verður að taka ákvörðun á grundvelli þess sem dómari metur að sé því fyrir bestu, eftir að heildstætt mat hefur verið lagt á alla þá þætti sem máli kunna að skipta fyrir hagsmuni þess.

Í 2. málsl. 1. mgr. er gert ráð fyrir að dómari geti, í stað þess að ræða sjálfur við barn, falið dómkvöddum matsmanni að kynna sér viðhorf barns en hann geti líka falið sérfræðingi að gera það, hafi ekki verið dómkvaddur matsmaður. Hér hefur dómari svigrúm til að meta hvert mál og velja þá leið sem best hentar hverju sinni, með tilliti til hagsmuna barns. Það eru viðurkennd sjónarmið að ekki sé nauðsynlegt að dómarinn ræði ávallt sjálfur við barn er viðhorfa þess er leitað og í sumum tilvikum fer betur á því að við barn sé rætt af sérfróðum aðila. Í því sambandi skiptir einkum aldur og þroski barns máli. Þegar um ung börn er að ræða er ekki aðeins nauðsynlegt að hlusta á sjónarmið og afstöðu barns, heldur þarf einnig að ráða í þessi atriði, m.a. að grafast fyrir um hvort það sem barnið segir endurspegli í raun viðhorf þess eða hvort afstaða þess mótist af öðru en óskum þess sjálfs. Oftast er stuðst við ýmis hjálpartæki þegar viðhorfa ungra barna er leitað, m.a. lögð fyrir þau tengslapróf sem gefið geta mikilvægar vísbendingar um tengsl og afstöðu barns til foreldra sinna og annarra.

2. mgr. er hliðstæð fyrri málslið 61. gr. gildandi barnalaga, en nýmæli er að sérfróður maður, sem dómari hefur falið að kynna sér viðhorf barns, hafi sömu heimildir og dómari til að ákveða að aðila sé óheimilt að vera viðstaddur er afstaða barns er könnuð.

Í 3. mgr. kemur fram að kynna skuli aðilum hvað hafi komið fram um afstöðu barns í viðræðum við dómara eða sérfróðan mann og ber að bóka sérstaklega um hvaða upplýsingar aðilum eru veittar ef þeim er ekki veittur aðgangur að skýrslu um þessi efni. Ákvæðið er

byggt á sömu sjónarmiðum og 75. gr. frumvarpsins um takmörkun á upplýsingarétti í því skyni að vernda hagsmuni barns.

4. mgr. er ætlað að leysa af hólmi 5. mgr. 34. gr. gildandi barnalaga um heimild til skipunar talsmanns barns í forsjármáli. Nokkurs misskilnings hefur gætt varðandi tilgang og þýðingu þessa ákvæðis barnalaga. Þannig hefur verið gagnrýnt að heimildinni hafi ekki verið beitt og þau sjónarmið komið fram að með því að skipa barni ekki slíkan talsmann í forsjármáli séu hagsmunir þess fyrir borð bornir. Sumir hafa jafnvel ætlað að með því að skipa ekki slíkan talsmann sé gengið framhjá rétti barns til að tjá sig um mál. Vegna þessa er á það lögð rík áhersla að það er ljóst, þegar litið er til lögskýringargagna barnalaga, að gert var ráð fyrir að það heyrði til undantekninga að barni yrði skipaður talsmaður samkvæmt ákvæðinu. Í greinargerð með lagafrumvarpinu sagði að sjaldan mundi reyna á ákvæðið en það gæti átt við í þeim tilvikum er úrlausnaraðili teldi barni brýna þörf á stuðningi og talsmaðurinn væri þá fagmaður á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar. Markmiðið með lögfestingu ákvæðisins var því að tryggja barni sem yrði bitbein foreldra í erfiðu forsjármáli stuðning en ekki hitt að talsmaðurinn talaði máli barnsins við meðferð málsins, eða kæmi sjónarmiðum þess sérstaklega á framfæri fyrir dómi. Segja má að orðið talsmaður hafi e.t.v. verið villandi og fallið til að valda fyrrgreindum misskilningi og m.a. þess vegna er notað orðið tilsjónarmaður í frumvarpi þessu um stuðningsmann barns í stað orðsins talsmaður og er sú orðnotkun í samræmi við barnaverndarlög. Fyrrnefndur starfshópur sálfræðinga sem sifjalaganefnd leitaði álits hjá við samningu frumvarpsins telur að í sumum tilvikum geti það þjónað hagsmunum barns að hafa talsmann (tilsjónarmann) sem liðsinni því í tengslum við forsjármál og að rök styðji réttmæti þess að unnt sé að skipa barni talsmann. Starfshópurinn leggur í áliti sínu á það áherslu að með talsmanni eigi hann við fagmann á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar og nefnir sérstaklega að reynsla af slíkum talsmanni í barnaverndarmálum sé góð og að oft séu erfiðleikar barna í forsjármálum sambærilegir við erfiðleika barna í barnaverndarmálum. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að dómari skipi barninu sjálfur tilsjónarmann við meðferð máls. Þess í stað mundi dómari beina því til barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem barn býr að nefndin skipi barninu tilsjónarmann í samræmi við d-lið 24. gr. nýju barnaverndarlaganna. Gera má ráð fyrir að ef svo sérstaklega stendur á í forsjármáli að dómari teldi þörf á skipun tilsjónarmanns til stuðnings barni væri í raun um barnaverndarmál að ræða og því eðlilegast að viðkomandi barnaverndarnefnd láti til sín taka í samræmi við framangreint ákvæði barnaverndarlaga. Því má og bæta við í þessu sambandi að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, bera sveitarfélög ríkar skyldur gagnvart íbúum sínum að því er viðkemur félagslegri ráðgjöf. Í lögunum kemur m.a. fram að félagsmálanefndum sé skylt að bjóða upp á félagslega ráðgjöf og að markmið þeirrar ráðgjafar sé m.a. að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda, þar á meðal á sviði forsjár- og umgengnismála. Það er því ljóst að á grundvelli þessa ákvæðis getur barn sótt stuðning og ráðgjöf í tengslum við forsjármál til sveitarfélagsins.

Um 44. gr.

1. mgr. hefur að geyma nýtt ákvæði. Lagt er til að héraðsdómara verði skylt að tiltaka ávallt í dómsorði hvort áfrýjun fresti réttaráhrifum dóms. Mikilvægt er að ekki leiki vafi á því hvaða réttarástand ríkir eftir uppkvaðningu héraðsdóms og að foreldrar geti gert sér skýra grein fyrir rétti sínum og skyldum þegar dómur hefur fallið. Lykilatriði hvað þetta snertir er að dómari tiltaki hvort dómur verði bindandi þá þegar eða hvort áfrýjun fresti réttaráhrifum hans. Ákveði dómari að áfrýjun fresti réttaráhrifum dóms verður héraðsdómurinn ekki bindandi fyrr en við lok áfrýjunarfrestsins hafi áfrýjunarstefna þá ekki verið gefin út. Dómurinn

getur þó orðið bindandi fyrr ef báðir aðilar falla skriflega frá áfrýjun. Ef dómi er áfrýjað innan áfrýjunarfrests frestast réttaráhrif hans hafi svo verið tiltekið í dómsorðinu. Dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis ef mál er fellt niður fyrir Hæstarétti eða því vísað frá dómi. Ekki er gert ráð fyrir að hægt verði að gefa út áfrýjunarstefnu á nýjan leik innan fjögurra vikna, svo sem 4. mgr. 153. gr. laga um meðferð einkamála kveður á um, enda brýnt að mati sifjalaganefndar að úr því verði skorið eins fljótt og verða má hvort og hvenær héraðsdómur verður bindandi.

Vegna séreðlis forsjármála og þeirra mikilvægu hagsmuna sem í húfi eru í slíkum málum leggur sifjalaganefnd enn fremur til að áfrýjunarfrestur í forsjármálum verði ákveðinn einn mánuður í stað hins almenna þriggja mánaða áfrýjunarfrests einkamála. Þó er gert ráð fyrir að reglur einkamálalaga um áfrýjunarleyfi eigi við um forsjármál, þó þannig að Hæstiréttur geti einungis orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja dómi sem berst á næsta mánuði eftir lok eins mánaðar áfrýjunarfrests.

Ákveði héraðsdómari að áfrýjun fresti réttaráhrifum dóms hefur það verulega þýðingu, m.a. þá að foreldri, eða sá sem með dómi fær forsjá barns, getur ekki krafist þess að forsjá verði komið á með aðfarargerð skv. 45. gr. frumvarpsins meðan áfrýjunarfresturinn er að líða.

2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

VII. kafli frumvarpsins er aðeins ein grein, 45. gr., sem svarar til 75. gr. gildandi barnalaga. Breytingar eru nokkrar frá gildandi rétti.

Í 1. mgr. kemur fram að dómari geti að kröfu rétts forsjármanns ákveðið að forsjá hans verði komið á með aðfarargerð ef aðili sem barn dvelst hjá neitar að afhenda það. Ákvæðið tekur bæði til þess ef viðkomandi neitar að afhenda barn í kjölfar dóms um forsjá og endranær, svo sem að lokinni umgengni samkvæmt samningi eða úrskurði. Rétt þykir að undirstrika sérstaklega breytt orðalag ákvæðisins, en í því er fjallað um það ef barn er ekki afhent réttum forsjármanni. Í þessu felst að unnt verður að beita ákvæði 45. gr. í þeim tilvikum er forsjá er sameiginleg, en ekki aðeins ef forsjá er í höndum annars foreldris, eins og samkvæmt gildandi barnalögum. Eins og fram hefur komið ber ávallt í samningi um sameiginlega forsjá að ákveða hvar barn skuli eiga lögheimili. Að jafnaði er dagleg umsjá barns í höndum þess foreldris sem það á lögheimili hjá, en barn dvelst á ákveðnum tímum hjá hinu. Ef foreldri afhendir ekki barn á heimili þess eða á annan stað í samræmi við samkomulag foreldranna, að loknum samvistum við það, getur það foreldri sem barn á lögheimili hjá krafist aðfarargerðar. Sá sem neitar að afhenda barn þegar svo háttar til þarf þá að sýna fram á að hann hafi í raun heimildir til þess að hafa barnið hjá sér. Á það ber þó að benda í þessu sambandi að ætla má að forsendur sameiginlegrar forsjár þegar mál eru komin í slíkan farveg séu í raun brostnar og tilefni til að krefjast breytingar á samningi um sameiginlega forsjá.

Komi til aðfarar fer um mál skv. 13. kafla laga um aðför en þó ber dómara jafnframt að gæta ákvæða 43. gr. frumvarpsins. Honum ber því að kanna afstöðu barns til máls áður en máli er ráðið til lykta. Vísað er til umfjöllunar um 43. gr. hér að framan. Í lokamálslið 1. mgr. kemur fram að ekki skuli greiða gjald fyrir aðfarargerð eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs vegna kröfu skv. 45. gr.

Í 2. mgr. segir að sýslumaður geti kveðið upp úrskurð um dagsektir að kröfu gerðarbeiðanda, ef barn er ekki afhent þrátt fyrir úrskurð þar að lútandi. Dagsektir, sem renna í ríkissjóð, eru ákvarðaðar fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar þar til barn er afhent eða nauðsynlegar upplýsingar til framgangs gerð eru veittar sýslumanni. Ákvæðið er

hliðstætt 2. mgr. 75. gr. gildandi barnalaga. Einkum kemur til álita að beita ákvæðinu í þeim tilvikum sem dvalarstað barns er haldið leyndum og því ógerlegt að láta aðför fara fram. Verði dagsektir samkvæmt úrskurði sýslumanns ekki greiddar má gera fjárnám fyrir þeim, sbr. 49. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig skuli staðið að framkvæmd aðfarar skv. 1. mgr. Sýslumanni ber að boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan gerð og gætir hann hagsmuna barns. Ekki er talin ástæða til að hafa í frumvarpinu heimild fyrir sýslumann til að skipa barni sérstakan talsmann, svo sem mælt er fyrir um í gildandi lögum, þar sem hlutverk fulltrúa barnaverndarnefndar er að styðja barnið við gerðina og gæta hagsmuna þess. Almennt verður og að telja að það komi barni best að sem fæstir séu viðstaddir gerð. Sýslumanni ber að haga framkvæmd aðfarar þannig að álag verði sem minnst fyrir barn. Telji sýslumaður, eftir atvikum að fengnu áliti fulltrúa barnaverndarnefndar eða sérfróðra manna, sérstaka hættu á að barn hljóti skaða af framhaldi gerðar er honum heimilt að stöðva hana. Í 3. mgr. er undirstrikað að lögreglu sé skylt að verða við fyrirmælum sýslumanns um liðsinni hennar og skulu lögreglumenn vera óeinkennisklæddir við þessi störf.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er að finna reglur um umgengnisrétt, samninga og úrskurði um umgengni og þvingunarúrræði til framdráttar umgengnisrétti. Einnig eru í kaflanum ákvæði um rétt forsjárlauss foreldris til upplýsinga um barn og eru þau samhljóða 40. gr. A gildandi barnalaga, sem bætt var í barnalögin 1995.

Umgengnisréttur í barnarétti felur í sér rétt til samveru foreldris og barns, venjulega með heimsóknum barnsins til foreldrisins á heimili þess eða á öðrum stað og sameiginlegum ferðalögum. Ef sérstaklega stendur á getur sýslumaður að ósk foreldris, sem umgengnisrétt á, mælt fyrir um rétt þess til að hafa bréfa- og símasamband eða hliðstætt samband við barnið.

Segja má að umgengnisrétturinn feli í sér nokkra skerðingu á réttindum þeim er fylgja því að fara með forsjá barns, þar sem foreldrið sem barn býr hjá getur almennt ekki sett skilyrði um hvar umgengni skuli fara fram eða með hvaða hætti, t.d. hverja barnið megi heimsækja með umgengnisforeldrinu meðan á umgengni stendur eða um það hvað foreldri og barn taki sér fyrir hendur meðan á umgengninni stendur o.s.frv. Þetta á þó að sjálfsögðu ekki við ef umgengnin þykir andstæð hag og þörfum barns og er þá unnt að setja sérstök skilyrði í úrskurð um umgengni eða leggja bann við umgengninni.

Uppsetning ákvæða um umgengni í frumvarpi þessu er með öðru sniði en uppsetning samsvarandi ákvæða gildandi barnalaga og með því að skipa þessum ákvæðum í sérstakan kafla verður framsetning þeirra skýrari og auðveldara verður fyrir hinn almenna borgara að tileinka sér efni kaflans.

Verulegar breytingar eru lagðar til á gildandi rétti í þessum kafla og er helsta breytingin sú að lagt er til að ákveðið verði að umgengni verði komið á með aðfarargerð, skili dagsektarúrskurður og innheimtuaðgerðir dagsekta ekki viðunandi árangri. Samkvæmt gildandi barnalögum eru einu þvingunarúrræðin til framdráttar umgengnisrétti beiting dagsekta, að kröfu þess sem ekki fær notið umgengni samkvæmt úrskurði.

Margir þeirra sem komu á framfæri athugasemdum við sifjalaganefnd í tilefni af fyrirhugaðri endurskoðun barnalaga viku að reglum laganna um umgengni og úrræðum gegn brotum á umgengnisrétti. M.a. komu þau sjónarmið fram að þvingunarúrræði barnalaga væru gagnslítil er forsjárforeldri tálmaði umgengni og að brýnt væri að breytingar yrðu gerðar þar að lútandi.

Sifjalaganefnd tekur undir að brýnt sé að breyta ákvæðum gildandi barnalaga um þvingunarúrræði til framdráttar umgengnisrétti bæði vegna þess hversu skammt úrræði gildandi laga ná og þess að nú ríkir ákveðið ósamræmi varðandi þvingunarúrræði vegna innlendra umgengnisúrskurða annars vegar og erlendra ákvarðana hins vegar. Það ósamræmi kemur til af því að frá 1. nóvember 1996 hafa íslensk stjórnvöld verið skuldbundin til þess að fullnusta umgengnisákvörðun frá öðrum ríkjum Evrópu með aðfarargerð á grundvelli laga nr. 160/1995, um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl. Sifjalaganefnd er þeirrar skoðunar að sömu reglur eigi að gilda um úrræði til framdráttar umgengnisrétti óháð því hvar umgengnisákvörðun er upphaflega tekin og því sé eðlilegt að færa íslenskan rétt til samræmis við ákvæði fyrrgreindra laga og eru fyrrnefndar breytingar því lagðar til. Lögfesting þessa ákvæðis hefur í för með sér að hægt verður að undangengnum úrskurði dómara að sækja barn, t.d. á heimili þess, í því skyni að koma umgengni á og fellur hér undir úrskurðuð og dæmd umgengni en einnig umgengni sem ákveðin hefur verið með samningi foreldra, sem staðfestur er af sýslumanni.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á að með lögfestingu þessara tillagna verður íslensk löggjöf í betra samræmi við löggjöf annarra norrænna ríkja, sbr. nánar um erlendan rétt í fylgiskjali I með frumvarpi þessu.

Í þessu sambandi er og vert að geta þess að af hálfu Mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið litið svo á að skortur á að ríki framfylgi lögmætri umgengnisákvörðun yfirvalda á viðeigandi og fullnægjandi hátt geti talist brot gegn 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Lögfesting ákvæðis sem heimilar beina aðfarargerð eykur möguleika á að umgengnisákvörðun verði fullnustuð og er því til samræmis við fyrrgreind sjónarmið.

Sifjalaganefnd var einhuga um það, við mat á því hvaða úrræði kæmu til greina til viðbótar álagningu dagsekta vegna tálmunar á umgengni, að aðeins bein aðfarargerð gæti þar komið til álita í samræmi við löggjöf annarra ríkja. Þau sjónarmið hafa komið fram við umfjöllun um umgengnismál að rétt væri að grípa til ráðstafana eins og þeirra að „frysta“ meðlagsgreiðslur til foreldris sem tálmar umgengni eða að heimila stjórnvöldum að hafna kröfu um aukið meðlag eða sérstakt framlag vegna umgengnistálmunar. Nefndarmenn eru á einu máli um að slík úrræði geti ekki komið til álita til framdráttar umgengnisrétti. Leggja ber á það áherslu að barn á sjálfstæðan rétt til framfærslu úr hendi foreldris og að sú framfærsla sé í samræmi við þarfir barnsins og fjárhagsstöðu foreldris. Sifjalaganefnd getur ekki fallist á að það sé í samræmi við hagsmuni barns að skerða rétt þess til framfærslu úr hendi foreldris í því skyni að koma umgengni á og er nefndinni ekki kunnugt um að slík úrræði finnist í löggjöf annarra ríkja. Á það skal og bent í þessu sambandi að aðgerðir af þessu tagi mundu koma mjög misjafnlega niður á börnum eftir efnahag þess sem tálmar umgengni.

Um 46. gr.

Í greininni eru almenn ákvæði um umgengnisrétt. Í 1. mgr. kemur sú grunnregla fram að barn eigi rétt á að umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Lagt er til að ívið lengra verði gengið í að skilgreina hvað felist í rétti barns til umgengni en gert er í gildandi barnalögum, með því að tiltaka að í umgengnisrétti felist réttur til reglubundinnar umgengni.

Við ákvörðun um umgengni hjá stjórnvöldum hér á landi hafa mótast skýrar verklagsreglur við meðferð mála og ákveðin grundvallarsjónarmið eru höfð að leiðarljósi við úrlausn þeirra. Þannig verður almennt við það miðað að það teljist lágmarksumgengni að barn dveljist aðra hverja helgi hjá því foreldri sínu sem það býr ekki hjá ef búseta foreldra er með þeim hætti að það þjóni hagsmunum barns, eða samsvarandi ef því er að skipta, um jól, áramót og

páska og í sumarleyfi. Lagt er til grundvallar að barn eigi að hafa tækifæri til þess að njóta samvista við báða foreldra sína við ýmiss konar tækifæri, bæði með reglubundnum hætti og um hátíðir og í leyfum. Við nánari útfærslu á umgengninni, t.d. varðandi það hvort regluleg umgengni skuli hefjast á fimmtudegi, föstudegi eða laugardegi, svo dæmi sé tekið, verður að taka mið af aðstæðum hverju sinni, og þar ráða hagsmunir barns för. Haldi foreldri, sem barn býr hjá, því fram að hagsmunir og þarfir barns krefjist þess að umgengni þess við foreldri sem það býr ekki hjá verði ákveðin minni en samkvæmt framansögðu verður sú krafa almennt gerð að foreldrið færi fram viðhlítandi rök máli sínu til stuðnings og sýni fram á sérstakar aðstæður sem réttlætt geti að umgengni verði skert miðað við það sem venjulegt getur talist.

Þau sjónarmið hafa verið færð fram að rétt væri að kveða á um umgengnisreglur með nokkuð nákvæmum hætti í reglugerð. Sifjalaganefnd tekur ekki undir þau sjónarmið og telur að með því væri gengið lengra í afskiptum yfirvalda af einkalífi fólks en nauðsynlegt er og að slíkar reglur gætu gengið gegn hagsmunum barna. Farsælasta leiðin sé að stjórnvöld leysi úr þeim málum sem ágreiningur er um á grundvelli mats á hagsmunum sérhvers barns, sbr. hér að framan.

Áréttað er að ákvæði greinarinnar tekur ekki aðeins til réttar barns til umgengni við forsjárlaust foreldri, eins og gildandi barnalög kveða á um, heldur er kveðið á um rétt barns til umgengni við foreldri sem það býr ekki hjá og gagnkvæmt. Af þessari breytingu leiðir að sýslumanni verður heimilt að úrskurða um umgengni barns og foreldris þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá þess samkvæmt samningi, en ákvæði gildandi barnalaga standa því í vegi.

Lagt er til að foreldrum verði gert skylt við skilnað eða sambúðarslit að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að umgengnisréttur barns verði virtur. Í ákvæðinu felst almenn hvatning til foreldra til þess að huga að umgengnisrétti barns strax í kjölfar samvistarslita. Gert er ráð fyrir að sýslumaður leiðbeini foreldrum um umgengnisreglur barnalaga og eftir atvikum aðstoði við gerð umgengnissamnings.

Í 2. mgr. er kveðið á um rétt og skyldu foreldris sem barn býr ekki hjá til að rækja umgengni og samneyti við barn og eru þar ekki lagðar til efnisbreytingar frá gildandi lögum. Ástæða er að taka sérstaklega fram að ekki kemur til álita að mati nefndarinnar að leggja til að upp verði tekin þvingunarúrræði til að koma umgengni á, þegar svo háttar til að foreldri sinnir ekki skyldu sinni til umgengni við barn. Nefndinni er ekki kunnugt um að í löggjöf annarra þjóða finnist slík úrræði og má ætla að flestir geti verið sammála um að verulega megi draga í efa að umgengni, sem komið er á gegn vilja foreldris, sem barn býr ekki hjá, með beinum þvingunarúrræðum, sé barni til góðs. Í 2. málsl. 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú óskráða meginregla, sem gilt hefur, að foreldri sem nýtur umgengnisréttar greiði kostnað vegna umgengninnar, nema annað sé ákveðið með samningi eða úrskurði. Hér er átt við útlagðan kostnað foreldrisins, svo sem kostnað vegna ferða barns. Komi foreldrar sér saman um annað fyrirkomulag varðandi greiðslu kostnaðar við umgengni fara þeir eftir því og sú heimild er enn fremur fyrir hendi að sýslumaður ákveði að foreldri sem barn býr hjá greiði að nokkru eða öllu leyti kostnað vegna umgengninnar. Slíkt yrði þó aðeins ákveðið að undangengnu sérstöku mati á fjárhagslegri og félagslegri stöðu beggja aðila og atvikum máls að öðru leyti. Þannig mætti úrskurða foreldri sem barn býr hjá til þess að greiða kostnað vegna umgengni ef fjárhagsleg staða þess foreldris sem umgengni nýtur er mjög bágborin. Þegar um óverulegan kostnað vegna umgengni er að ræða fyrir það foreldri sem barn býr hjá mundi því þó almennt verða gert að taka hann á sig, svo sem þann kostnað sem hlýst af því að koma barni á flugvöll eða bifreiðastöð, þegar barn þarf að ferðast milli landshluta, a.m.k.

þegar foreldri býr skammt frá flugvelli eða bifreiðastöð. Það kæmi hins vegar í hlut foreldris sem nýtur umgengni að greiða kostnað vegna flugferðar barns eða ferðar með langferðabifreið, nema sérstök atvik mæltu með öðru.

3. mgr. svarar til 2. mgr. 37. gr. gildandi barnalaga.

Í 4. mgr. er að finna nýmæli en þar er kveðið á um að foreldrar geti óskað staðfestingar sýslumanns á umgengnissamningi skv. 3. mgr. Staðfesting sýslumanns á slíkum samningi hefur verulega þýðingu því samningur foreldra um umgengni við barn þarf að vera staðfestur til að geta orðið grundvöllur þvingunarúrræða skv. 48.–50. gr. frumvarpsins. Telji sýslumaður umgengnissamning andstæðan hag og þörfum barns getur hann synjað staðfestingar hans. Í þessu sambandi er áréttað að þótt umfang eða tíðni umgengni barns og foreldris sé ekki lögákveðin eru sjónarmið barnaréttar um lágmarksumgengni nokkuð skýr, svo sem vikið hefur verið að. Samningur sem berst sýslumanni til staðfestingar og kveður á um umgengni sem er mjög frábrugðin hefðbundinni umgengni gefur sýslumanni tilefni til að kanna hjá foreldrum hverjar ástæður þess eru. Ef foreldrar eru búsettir hvor í sínu sýslumannsumdæmi er ekki skylt að leita til sýslumanns í því umdæmi sem barn býr, heldur má leita til hvors sem er, eins og endranær þegar um staðfestingu á samningi samkvæmt frumvarpinu er að ræða.

Ákvæði greinarinnar er bundið við umgengni foreldra og barna. Af því leiðir m.a. að ekki er gert ráð fyrir að samningur sem foreldri kann að gera við vandamenn barns um umgengni hljóti sérstaka staðfestingu sýslumanns. Umgengni annarra en foreldra verður því ekki knúin fram með þvingunarúrræðum nema hún hafi verið ákveðin með úrskurði sýslumanns, sbr. 3. mgr. 47. gr., eða með dómi. Þykir þetta eðlilegt í ljósi þess að heimildir vandamanna til umgengni við barn eru leiddar af rétti foreldris til umgengni við barn, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., en er ekki sjálfstæður réttur.

Um 47. gr.

Í greininni er fjallað um úrskurði sýslumanns um umgengni.

Framsetning 1. mgr. er ný, en efni hennar í samræmi við gildandi rétt. Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði sú grundvallarregla að ákvörðun um umgengni skal ávallt tekin eftir því sem barni er fyrir bestu.

Í úrskurði um umgengni er kveðið á um inntak umgengninnar og oft einhver nánari fyrirmæli um framkvæmd hennar. Til margs verður að líta þegar úrskurða þarf um umgengni eftir því sem hverju einstöku barni þykir koma best en ákvörðunin um inntak umgengni markast að sjálfsögðu af þeim kröfum sem uppi eru hafðar í málinu, en misjafnt er hversu ítarleg kröfugerð er. Rétt þykir að reifa hér þau atriði sem helst eiga að koma til skoðunar við ákvörðun um inntak umgengninnar.

1. Tengsl barns við umgengnisforeldrið skipta að sjálfsögðu miklu máli og hvernig umgengni barnsins við það hefur verið hagað áður. Ef á að ákvarða umgengni í beinu framhaldi af skilnaði eða sambúðarslitum foreldranna mælir það með ríflegri umgengni, nema sérstakar ástæður mæli því gegn. Sama gildir hafi barn haft náið samband við foreldri samkvæmt samkomulagi, sem af einhverjum ástæðum hefur rofnað.
2. Aldur barns skiptir verulegu máli við ákvörðun um umgengni. Þannig hefur aldur barns áhrif á lengd umgengni og hvort barn gistir utan heimilis. Mjög ungt barn yrði sjaldan úrskurðað til að dvelja næturlangt hjá foreldri sem það hefur ekki búið hjá og þekkir ekki þarfir barns, gegn mikilli andstöðu þess foreldris sem það býr hjá.
3. Vilji barnanna sjálfra, sérstaklega ef um stálpuð börn er að ræða, skiptir mjög miklu máli. Það segir sig sjálft að ef 14–18 ára börn eiga í hlut er tilgangslítið að ætla að knýja þau til umgengni gegn vilja þeirra og ákvörðun um umgengni barna á aldrinum 12–14

ára er einnig hæpin gegn eindregnum vilja þeirra. Hér verður þó að reyna að meta hvort andstaða barns við umgengni sé raunverulegur vilji þess, eða hvort afstaðan mótist að einhverju leyti af andstöðu þess foreldris sem það býr hjá að staðaldri. Réttur barns sem náð hefur nægilegum þroska til að tjá sig um mál er tryggður í 4. mgr. 71. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr., en horfið hefur verið frá því að binda slíkan rétt við 12 ára aldur barns, sbr. umfjöllun um 43. gr.

4. Búseta foreldranna er atriði sem skiptir máli við ákvörðun um umgengni. Ljóst er að um allt aðrar umgengnisreglur verður að ræða ef foreldrar búa hvor í sínum landshlutanum en ef foreldrarnir búa í sama bæ eða borg. Hér þarf einnig að líta til atriða eins og samgangna, færðar o.fl.
5. Sérþarfir barns, t.d. vegna íþróttaiðkana og annarra áhugamála í tómstundum, eru atriði sem oft þarf að hafa í huga við ákvörðun um umgengni, einkum ef um er að ræða stálpuð börn, og ber að taka mið af þeim. Einnig ber að líta til hugsanlegra sérþarfa barns vegna fötlunar eða veikinda.
6. Fyrirkomulag um umgengni áður en krafa er uppi höfð er eitt þeirra atriða er líta ber til við ákvörðun um umgengni. Hafi ákveðið fyrirkomulag gilt í raun um umgengnina á grundvelli samkomulags foreldranna yrði við úrskurð oft tekið mið af því og því meira þeim mun lengur sem fyrirkomulagið hefur varað. Að sjálfsögðu yrði þó að líta til þeirra raka sem færð væru fram til stuðnings kröfu um breytta umgengni.
7. Um aðfangadagskvöld hefur mótast sú verklagsregla að ákvarða yfirleitt að barn skuli dveljast hjá því foreldri sem það hefur fasta búsetu hjá á aðfangadagskvöld. Rökin fyrir þeim reglum eru þau að það komi barni að jafnaði best að dvelja þá á heimili sínu, enda hafi barnið yfirleitt tekið mestan þátt í undirbúningi hátíðarhaldanna þar. Gegn þessari reglu gæti t.d. mælt það sjónarmið að systkini sem ekki búa hjá sama foreldri gætu verið saman þessa hátíð, e.t.v. til skiptis hjá foreldrunum. Um það hvar barn skuli dvelja á aðfangadagskvöld er oft deilt harkalega í umgengnismálum.
8. Þegar úrskurðað er um gagnkvæma umgengni, þ.e. þegar eitt eða fleiri börn búa hjá öðru foreldra og eitt eða fleiri hjá hinu, gilda sérstök sjónarmið. Þá verður að líta til þeirra hagsmuna systkinanna að geta umgengist hvort eða hvert annað og notið eðlilegra samvista og jafnframt hagsmuna hvers einstaks barns og foreldris þess af því að eiga kost á samveru án þeirra truflana er dvöl annarra systkina getur valdið.
9. Þegar foreldri sem barn býr ekki hjá er erlendur ríkisborgari eða búsett erlendis ber að gæta sérstakrar varkárni og gera þær ráðstafanir sem unnt er til að tryggja að umgengnisforeldrið fari ekki með barnið úr landi með ólögmætum hætti.
10. Ef fram kemur krafa um að umgengni fari fram annars staðar en á Íslandi og foreldri sem barn býr hjá er því andvígt hefur almennt þótt rétt að hafna slíkri kröfu vegna ríkja utan Norðurlandanna. Huga þarf í það minnsta sérstaklega að því við ákvörðun um umgengni erlendis hvort heimaríki erlends foreldris eða búseturíki foreldris er aðili að Haag- eða Evrópusamningum um afhendingu brottnuminna barna, sbr. lög nr. 160/1995. Því yngra sem barn er þeim mun meiri ástæða er til að sýna varkárni þegar svona hagar til. Þessi sjónarmið eiga þó síður við þegar álitaefnið er venjuleg sumarleyfisferð og umgengnisforeldrið er búsett á Íslandi.
11. Í flestum tilvikum er umgengnisúrskurði ætlað að standa til frambúðar að óbreyttum aðstæðum. Fyrir kemur þó að rétt sé að kveða upp reynsluúrskurð, sem ætlað er að gilda í afmarkaðan tíma. Þetta á helst við þegar verið er að reyna að koma á umgengni í fyrsta sinn milli foreldris og barns eða þegar umgengni hefur legið niðri í langan tíma.

Að öllu því athuguðu sem að framan greinir og oft fleiru ber að taka ákvörðun um inntak umgengni og framkvæmd hennar og verður að meta aðstæður í hverju máli fyrir sig og úrskurða í samræmi við það sem best hentar hverju barni.

2. mgr. svarar til 3. mgr. 37. gr. gildandi barnalaga að því viðbættu að sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að sýslumaður hafi heimild til að úrskurða um hvort foreldra skuli bera kostnað af ferðum barns. Þótt þessa atriðis sé ekki getið í barnalögum er það engu síður talið í samræmi við gildandi rétt.

Ákvæði um bréfa- og símasamband og hliðstætt samband við barn var tekið upp í barnalög með lögum nr. 23/1995 og er í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga gerð ítarleg grein fyrir hvað í því geti falist. Í ljósi aukinnar netvæðingar og vaxandi notkunar tölvupósts samhliða henni er rétt að undirstrika að samskipti foreldris og barns með slíkum hætti getur fallið undir samband með „hliðstæðum hætti“ í 2. mgr. Sama á við um samband með símbréfum.

3. mgr. er hliðstæð 5. mgr. 37. gr. gildandi barnalaga en áréttað er að ákvörðun sýslumanns um umgengni barns og náinna vandamanna er tekin með úrskurði, í samræmi við 2. mgr. Slíkur úrskurður getur síðan verið grundvöllur fyrir álagningu dagsekta eða beinni aðfarargerð. Þegar litið er til þess hverjir teljist til náinna vandamanna mundi einkum horft til afa og ömmu barns en aðrir ættingjar og venslamenn gætu og komið til greina. Ákvæðið á við ef annað foreldra barns er látið, eða bæði, en einnig ef foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar, t.d. vegna vanhæfni eða langvarandi dvalar erlendis. Í tengslum við síðastgreinda atriðið er rétt að geta þess vegna misskilnings, sem sifjalaganefnd hefur orðið vör við, að það að foreldri sem býr erlendis hafi síma- og/eða bréfasamband við barn leiðir ekki sjálfkrafa til þess að ekki komi til álita að ákveða umgengni þess við t.d. afa og ömmu. Verður að koma til mats á hagsmunum barnsins áður en ákveðið er hvort umgengni afa og ömmu, eftir atvikum annarra, kemur til greina þegar svo stendur á.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að ákvæði um umgengni barns og foreldra annars vegar og umgengni barns og náinna vandamanna hins vegar horfa ólíkt við. Í fyrra tilvikinu á barn rétt á umgengni við foreldri og foreldri rétt á umgengni við barn sitt, auk þess sem því ber skylda til að rækja umgengnina. Nálgast má viðfangsefnið með því að segja að umgengni barns og foreldris skuli njóta við nema sýnt sé fram á að það sé barni fyrir bestu að hennar njóti ekki við eða hún sé takmörkuð. Þegar vandamenn barns eiga í hlut er ekki um að ræða að viðkomandi eigi sjálfstæðan rétt á umgengni við barn samkvæmt framansögðu heldur hitt að viðkomandi geti krafist ákvörðunar um umgengni með hliðsjón af og háð því hvað barninu kemur best þegar svo stendur á að foreldri getur ekki rækt umgengni eða umgengni foreldris og barns er takmörkuð.

Í 4. mgr. segir að sýslumaður geti þegar sérstaklega stendur á mælt fyrir um í úrskurði, að undangengnu samráði við barnaverndarnefnd, að umgengni skuli fara fram undir eftirliti eða með liðsinni barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds umsjónarmanns. Ákvæðið leysir af hólmi 6. mgr. 37. gr. gildandi barnalaga en hér er notað orðið umsjónarmaður um það sem þar er nefnt tilsjónarmaður. Kemur þessi breytta orðnotkun m.a. til af því að orðið tilsjónarmaður er notað í d-lið 1. mgr. 24. gr. nýju barnaverndarlaganna um stuðningsmann barns og í samræmi við það er orðið tilsjónarmaður notað í 4. mgr. 43. gr., sbr. og 74. gr. frumvarpsins í stað orðsins talsmaður sem í gildandi barnalögum er notað um stuðningsmann barns. Ákvörðun sýslumanns um eftirlit með umgengni yrði oftast tekin í málum þegar ástæða þykir til að óttast að ekki fari nægilega vel um barnið hjá umgengnisforeldrinu þannig að þörf sé á eftirliti og þá að sjálfsögðu einkum þegar ung börn eiga í hlut. Umgengni undir eftirliti barnaverndarnefndar getur eftir atvikum farið fram í húsakynnum sem barnaverndar-

nefnd leggur til. Einnig getur verið þörf liðsinnis með umgengni þegar um harkalegar deilur milli foreldra er að ræða og barnið verður vitni að átökum foreldra þegar það er sótt og því skilað eftir umgengni en slíkt er ekki óalgengt.

Efni 5.–7. mgr. er að finna í 3. mgr. 37. gr. gildandi barnalaga, en er nú sett fram með skýrari hætti.

5. mgr. hefur að geyma heimild sýslumanns til að breyta eða fella úr gildi úrskurð eða samning um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu. Ekki er óalgengt að foreldri setji fram kröfu um breytingu á fyrri úrskurði eða samningi og getur hún vissulega átt rétt á sér ef aðstæður hafa breyst að mun, t.d. vegna búferlaflutninga foreldra eða ef langt er liðið frá fyrri niðurstöðu og vilji barns hefur breyst síðan þá. Hins vegar er ekki fátítt að fram komi kröfur um breytingu án þess að aðstæður hafi breyst, stundum stuttu eftir að umgengnisúrskurður hefur verið kveðinn upp og þá einungis vegna þess að foreldri vill ekki una niðurstöðu umgengnismáls. Í slíkum tilvikum gæti sýslumaður hafnað því að taka á máli að nýju og héldi fyrirliggjandi úrskurður þá gildi sínu.

6. mgr. heimilar sýslumanni að hafna því að ákvarða inntak umgengnisréttar ef hann telur þá úrlausn vera barni fyrir bestu. Þessari heimild yrði einkum beitt í þeim tilvikum þegar úrskurðar er krafist um umgengni við stálpað barn sem er mótfallið því að umgengni verði bundin nákvæmum tímamörkum og vill sjálft vera með í ráðum um það hvenær umgengni fer fram. Enn fremur gæti höfnun komið til álita í þeim tilvikum sem krafist er úrskurðar um umgengni við mjög ung börn sem ekki hafa áður haft tengsl við það foreldra sem úrskurðar krefst. Synjun í þeim tilvikum yrði þó væntanlega oft einungis að svo stöddu. Rétt er að leggja áherslu á að höfnun sýslumanns á því að ákveða inntak umgengnisréttar hróflar ekki við réttinum sem slíkum, hann er eftir sem áður til staðar skv. 1. mgr. þessarar greinar.

7. mgr. heimilar sýslumanni að leggja bann við umgengni ef sérstök atvik valda því að mati sýslumanns að umgengni barns og foreldris sé andstæð hag og þörfum barns. Hér er um að ræða frávik frá grundvallarreglunni um rétt barns og foreldris til umgengni og er ljóst að sterk rök þurfa að liggja til grundvallar slíkri niðurstöðu sýslumanns. Má sem dæmi nefna í því sambandi að foreldrið hafi hlotið dóm eða viðurkennt ofbeldi gagnvart barninu eða öðrum börnum. Í svo alvarlegu máli væri rétt að kalla eftir umsögn barnaverndarnefndar áður en úrskurður er lagður á mál.

Í 8. mgr. er að finna ákvæði sem er til komið vegna tillagna sifjalaganefndar um að dómarar hafi í sérstökum tilvikum heimildir til þess að ákveða inntak umgengnisréttar. Heimild dómstóla til þess að kveða á um inntak umgengnisréttar er bundin við að til úrlausnar sé jafnframt ágreiningsmál um forsjá, svo sem rakið hefur verið. Því kemur ekki til álita að dómstóll taki síðar ákvörðun um endurskoðun umgengninnar, þar sem umgengnin stendur þá ekki í tengslum við forsjármálið. Lagt er til að kveðið verði á um það með skýrum hætti að sýslumaður hafi heimildir til breytinga á umgengnisákvörðun óháð því hver tekið hefur upphaflega ákvörðun um umgengni.

9. mgr. þarfnast ekki skýringa. Sérstaklega er þó í tengslum við meðferð umgengnismáls vakin athygli á 74. gr. frumvarpsins, sbr. 4. mgr. 43. gr., um tilmæli til barnaverndarnefndar um skipun tilsjónarmanns barni til stuðnings við meðferð máls og á 73. gr., sbr. 33. gr. um sáttaumleitan og sérfræðiráðgjöf.

Um 48. gr.

Í 1. mgr. segir að umgengni samkvæmt úrskurði, dómi, dómsátt foreldra eða staðfestum umgengnissamningi þeirra verði þvinguð fram með dagsektum. Samkvæmt gildandi rétti verður umgengni því aðeins þvinguð fram að um umgengni samkvæmt úrskurði sé að ræða.

Samkvæmt tillögum sifjalaganefndar í frumvarpi þessu má ákveða umgengni í vissum tilvikum með dómi og dómsátt og umgengni samkvæmt dómi og dómsátt foreldra verður einnig þvinguð fram samkvæmt ákvæðinu. Þá er og nýmæli að samningur um umgengni geti orðið grundvöllur dagsekta, en það á þó aðeins við um samninga foreldra um umgengni sem staðfestir hafa verið af sýslumanni. Í því felst ákveðið réttaröryggi því með slíkum áskilnaði er leitast við að tryggja að samningurinn sé ekki í andstöðu við hagsmuni barns, sbr. að framan. Má og ætla að foreldrar hafi þá notið leiðsagnar sýslumanns um mál við gerð samnings eða við staðfestingu hans. Samningur um rétt annarra en foreldra til umgengni við barn verður ekki staðfestur af sýslumanni skv. 4. mgr. 46. gr., sem er bundin við samninga foreldra barns, og getur því samkvæmt ákvæðinu ekki orðið grundvöllur álagningar dagsekta. Sama á við um dómsátt um rétt annarra en foreldra til umgengni við barn. Vísast um þetta til umfjöllunar um 4. mgr. 46. gr. hér að framan. Heimilt er að beita dagsektum sé umgengni tálmað við aðra en foreldra sem eiga rétt á umgengni við barn samkvæmt úrskurði eða dómi.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hvenær og hvernig dagsektir verði á lagðar. Ef lögmætri umgengni er tálmað getur sýslumaður skyldað forsjármann barns með úrskurði til að láta af tálmunum, að viðlögðum dagsektum. Ákvæðið á bæði við í þeim tilvikum er aðeins annað foreldri fer með forsjá svo og þegar forsjá er sameiginleg, en væntanlega má efast um gildi sameiginlegrar forsjár þegar mál eru komin í slíkan hnút að þörf er þeirra úrræða sem greinin kveður á um. Úrskurður um dagsektir verður því aðeins upp kveðinn að sá krefjist þess sem á rétt til umgengni við barn.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að hámark dagsekta geti orðið 30.000 kr. fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu dagsektarúrskurðar og þar til látið er af tálmunum. Mikilvægt er að undirstrika að í ákvæðinu er kveðið á um hvert hámark dagsekta geti orðið. Fjárhæðin er ekki bundin vísitölu, eins og nú er í 38. gr. barnalaga. Við ákvörðun á fjárhæð dagsekta þarf að gæta meðalhófs og sýslumaður verður að líta til tekna og aðstæðna þess sem tálmar umgengni í hverju máli fyrir sig. Þá er og brýnt að fjárhæð dagsektanna sé ákveðin þannig að úrræðið þjóni tilgangi sínum og beiting þess sé vænleg til árangurs. Þau takmörk eru sett í 2. málsl. 2. mgr. að ekki sé heimilt að leggja dagsektir á fyrir lengra tímabil en 100 daga í senn. Nefndin telur að með þessu móti sé ákvæðið skýrara en í gildandi barnalögum, þar sem í framkvæmd hefur það valdið misskilningi að dagsektir verði ákveðnar til allt að þriggja mánaða í senn. 3. málsl. 2. mgr. er samsvarandi 2. málsl. 38. gr. gildandi barnalaga. Þess ber þó að gæta í þessu sambandi að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samningar foreldra um umgengni geti hlotið staðfestingu sýslumanns og að þá megi fullnusta með sama hætti og úrskurð þegar svo hagar til. Fyrirvari 3. málsl. um að dagsektir verði ekki lagðar á fyrr en að liðnum kærufresti eða að gengnum úrskurði dómsmálaráðuneytis á því jafnt við um úrskurð sýslumanns og staðfestingu sýslumanns á samningi foreldra um umgengni, enda er staðfesting sýslumanns á samningi kæranleg stjórnvaldsákvörðun.

Í 3. mgr. er að finna nýmæli þar sem segir að sýslumaður geti í úrskurði sínum um dagsektir ákveðið, að kröfu aðila, að dagsektir falli ekki niður fyrr en umgengni hafi farið fram þrisvar sinnum. Ákvæðið er sett fram til að sporna við því að forsjárforeldri fái dagsektir felldar niður með því að láta umgengni fara fram í eitt skipti en taki svo til við það á nýjan leik að tálma umgengni. Sá sem krefst dagsektarúrskurðar verður þá strax í upphafi dagsektarmálsins að gera kröfu um að sýslumaður úrskurði á þann veg að dagsektir falli ekki niður fyrr en umgengni hefur farið þrisvar sinnum fram. Sýslumaður mundi að öðru jöfnu helst fallast á slíka kröfu ef áður hefur verið úrskurðað um dagsektir og þær felldar niður eftir að umgengni hefur farið fram í eitt skipti.

Í 4. mgr. er sérstaklega kveðið á um rannsókn dagsektarmáls. Áður en sýslumaður tekur ákvörðun um álagningu dagsekta á hendur þeim sem tálmar umgengni ber honum að rannsaka mál gaumgæfilega og ganga úr skugga um að skilyrði séu til slíkra aðgerða, með öðrum orðum að umgengni sé í raun tálmað. Hann getur í þessu skyni óskað eftir liðsinni barnaverndarnefndar í samræmi við 74. gr., eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns. Viðkomandi yrði þá viðstaddur er látið væri á umgengni reyna og gæti eftir atvikum aðstoðað við framkvæmd umgengnisréttarins ef honum er tálmað og staðfest að svo hafi verið.

Sýslumanni ber skv. 1. mgr. 33. gr. að bjóða aðilum dagsektarmáls sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls og er það nýmæli. Ef sérstaklega stendur á má sýslumaður fresta því að taka afstöðu til kröfu um dagsektir í allt að sex vikur. Ljóst er að um undantekningarákvæði er að ræða en þetta gæti sérstaklega átt við í þeim tilvikum er umgengnisákvörðun er óframkvæmanleg og krafa hefur komið fram um breytingu á henni.

Í 5. mgr. segir að dagsektir verði ákveðnar með úrskurði og að þær falli á fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðarins þar til látið er af tálmunum.

Í 6. mgr. kemur fram að áfallnar dagsektir falli niður ef sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmunum. Mikilvægt er að hafa í huga að markmið dagsekta og annarra þvingunaraðgerða er að koma umgengni samkvæmt lögmætri ákvörðun á, þ.e. að knýja fram efndir á ákvörðuninni. Dagsektir eru hvorki refsing né annars konar viðurlög. Ef forsjárforeldri lætur af tálmunum er tilgangi þvingunaraðgerða náð. Dagsektarúrskurður er þá ekki lengur aðfararhæfur og dagsektirnar falla niður. Greiddar dagsektir verða þó ekki endurgreiddar þótt látið sé af tálmunum síðar.

Í 7. mgr. er kveðið á um að krafa fyrnist á einu ári og telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu úrskurðar um dagsektir í samræmi við almennar reglur um fyrningarfrest dóma. Fyrningu er slitið þegar beiðni um aðför fyrir dagsektum berst sýslumanni.

Um 49. gr.

Greinin svarar til 6. málsl. 38. gr. gildandi barnalaga. Þar sem vafi hefur þótt leika á hver teljist gerðarbeiðandi vegna kröfu um fjárnám fyrir dagsektum skal tekið fram að það er sá sem tálmað er að njóta umgengnisréttar sem er gerðarbeiðandinn, þrátt fyrir að dagsektir renni í ríkissjóð. Það er jafnframt hann sem biður um nauðungarsölu eða gjaldþrotaskipti ef því er að skipta. Um fjárnám samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 10. kafla laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 50. gr.

Í greininni segir að dómari geti heimilað, að kröfu þess sem á rétt til umgengni við barn, að umgengni verði komið á með aðfarargerð. Skilyrði er að umgengni sé tálmað þrátt fyrir úrskurð um dagsektir og fjárnám fyrir þeim. Því er gert ráð fyrir að það geti aðeins komið til aðfarar samkvæmt ákvæðinu að aðrar og viðurhlutaminni aðgerðir hafi ekki skilað tilætluðum árangri.

Að umgengni verði komið á með aðfarargerð felur í sér að heimilt verður, að fullnægðum lagaskilyrðum, að fara á heimili barns, eða annan þann stað sem barn dvelst á, og sækja það í því skyni að koma á umgengni milli þess og foreldris eða annars sem rétt á til umgengni við það. Þegar svo háttar til að umgengnisúrskurði er ekki framfylgt af hálfu forsjármanns og grípa þarf til aðgerða af hálfu yfirvalda til að koma umgengni á verður að hafa í huga að tvenns konar hagsmunir takast á, í fyrsta lagi hagsmunir foreldris og barns af því að njóta samvista hvors annars og í öðru lagi hagsmunir barns af því að framkvæmd umgengninnar valdi því ekki of miklum erfiðleikum eða skaða. Hér á landi hafa þau sjónarmið lengi verið

ríkjandi að hættan á tjóni fyrir barn samfara því að þvinga umgengni fram með innsetningu sé svo mikil að ekki hefur þótt fært að heimila slíkt þvingunarúrræði en um rök fyrir því að taka upp frekari þvingunarúrræði vísast til almennra athugasemda við VIII. kafla.

Það gefur á hinn bóginn augaleið að þrátt fyrir að nú sé talið rétt að barnalög geymi ákvæði sem mæli fyrir um heimild til innsetningar er jafnbrýnt að þess sé gætt að hagsmunir barns verði hafðir í fyrirrúmi við ákvörðun og framkvæmd innsetningarinnar. Því verður m.a. að leggja áherslu á að sátta verði leitað til þrautar áður en til þess kemur að beita beinni aðfarargerð. Um meðferð málsins og framkvæmd aðfarar gilda ákvæði 45. gr. Vísast til umfjöllunar um þá grein.

Ákvæðið á við um umgengni sem ákveðin hefur verið með staðfestum samningi foreldra, úrskurði stjórnvalda, dómsátt eða dómi.

Um 51. gr.

Í greininni er kveðið á um réttarstöðu foreldra og barns við fyrirhugaðan flutning barns úr landi og leysir ákvæðið af hólmi 40. gr. gildandi barnalaga. Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að foreldri sem hyggst flytja með barn úr landi beri að tilkynna því foreldri sem rétt á til umgengni við barn um þá ákvörðun sína með sannanlegum hætti og með hæfilegum fyrirvara. Tryggast er að tilkynna fyrirhugaðan flutning með símskeyti eða í ábyrgðarbréfi með móttökukvittun, en aðrar leiðir geta komið til greina, svo fremi að óyggjandi sé að tilkynning berist móttakanda. Lagt er til að við það verði miðað að tilkynna verði um fyrirhugaðan flutning með minnst 30 daga fyrirvara. 30 dagar eru lágmarksfrestur í þessu sambandi, en gera má ráð fyrir að innan þess tíma geti legið fyrir hvort samkomulag takist milli foreldra um umgengni í ljósi breyttra aðstæðna eða hvort bera þurfi mál undir sýslumann til úrlausnar. Verði ekki samkomulag milli foreldra er nægilegt að mál sé komið til kasta sýslumanns áður en barn flytur af landi brott, svo leyst verði úr máli hér á landi. Á það ber hins vegar að leggja áherslu að málum af þessum toga sé hraðað eftir föngum hjá sýslumanni og þau njóti þar forgangs því afar mikilvægt er að sýslumaður hafi lokið ákveðinni frumrannsókn áður en barn flyst brott. Þannig verður t.d. að gæta að því að réttur barns til að tjá sig verði virtur, en slíkt gæti reynst örðugt eða útilokað þegar barnið er farið af landi brott.

Um 52. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 40. gr. A gildandi barnalaga. Ákvæðið um rétt til upplýsinga um barn var tekið upp í barnalög með lögum nr. 23/1995 og er skýrt í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um framfærsluskyldu gagnvart barni. Ekki eru lagðar til verulegar efnislegar breytingar frá VI. kafla gildandi barnalaga, nokkrar þó, en röðun ákvæða innan hans er breytt. Þeim breytingum er einkum ætlað að gera kaflann samfelldari og aðgengilegri. Kaflinn er nú þannig uppbyggður að í upphafi hans er að finna frumreglu um framfærsluskyldu foreldra gagnvart barni og meðlagsgreiðslur með barni við skipan forsjár þess. Þá eru ákvæði um samninga foreldra um meðlag, hverjir geti krafist meðlags og úrskurði um meðlag, m.a. frá Tryggingastofnun ríkisins, sérstök framlög og lok framfærsluskyldu. Síðan eru almenn ákvæði um greiðslu meðlags og hverjum meðlagið tilheyrir, og breytingar á meðlagsákvörðunum. Þá er rétt að geta þess að notkun hugtaka er nokkuð breytt frá gildandi lögum án þess að þar sé um efnislegar breytingar að ræða. Í frumvarpinu er stuðst við orðin „meðlag“ og „meðlagsgreiðslur“ um þau framlög sem foreldri greiðir með barni sínu til

framfærslu þess, en sagt er að foreldri sé „framfærsluskylt“ gagnvart barni, en vart hefur orðið misskilnings hjá foreldrum vegna misvísandi orðavals í gildandi lögum.

Af efnislegum breytingum er helst að nefna að lagt er til að síðari málsliður 1. mgr. 19. gr. gildandi barnalaga verði felldur brott, en þar er kveðið á um að meðlagsgreiðslur sem greiddar eru með fúlgu skuli varðveittar á tiltekinn hátt. Þegar svo háttar til að barn býr ekki hjá báðum foreldrum sínum sinnir það foreldri sem barnið býr hjá lögboðinni framfærsluskyldu sinni gagnvart því með því að veita barninu fæði, klæði, húsnæði o.s.frv. Það foreldri sem barn býr ekki hjá sinnir framfærsluskyldum sínum á annan hátt, eða með greiðslu meðlags. Meðlagsgreiðslunum er ætlað að renna til daglegrar framfærslu barnsins. Meðlagsgreiðslurnar gegna því aðeins þessu hlutverki að þær falli til foreldrisins sem barn býr hjá jafnt og þétt með reglubundnum hætti en skylda viðtakanda meðlagsgreiðslnanna er að ráðstafa þeim á þann hátt að þær nýtist sem best til framfærslu barnsins. Að mati sifjalaganefndar samrýmist það ekki því markmiði sem meðlagsgreiðslur hafa að þær séu inntar af hendi með fúlgu og því eru fyrrgreindar breytingar lagðar til. Foreldrum er í samræmi við þessi sjónarmið óheimilt við fjárskipti sín á milli að semja svo um að það foreldri sem barn býr hjá fái aukinn hlut í eignum í stað meðlags með barni. Með sama hætti er foreldrum óheimilt að semja svo um að eign færist á nafn barns í stað þess að með því sé greitt meðlag.

Um 53. gr.

Greinin er lítið breytt 9. gr. gildandi barnalaga og fjallar um skyldu foreldra til að framfæra barn sitt. Með skyldu til framfærslu er átt við að foreldrum, stjúpforeldrum og sambúðarforeldrum sé skylt að fæða og klæða barn og sjá því fyrir húsnæði, eða að leggja til fjárframlög í þessum tilgangi. Framfærsluskylda stjúp- og sambúðarforeldris er þó aðeins virk meðan hjúskapur eða sambúð við foreldri barns varir og það fer með forsjá barnsins ásamt foreldri þess. Þessir aðilar verða ekki meðlagsskyldir gagnvart barni við samvistarslit.

Lagt er til að 3. málsl. 1. mgr. 9. gr. gildandi barnalaga, þ.e. sérstök skírskotun til kjörforeldra og kjörbarna falli brott, sbr. athugasemdir við I. kafla frumvarps þessa. Einnig er gert ráð fyrir að 3. mgr. 9. gr. laganna falli brott án þess að í því felist breytingar á réttarstöðu fósturbarna, því um málefni barna sem eru í fóstri, þar á meðal um framfærsluskyldu fósturforeldra, er fjallað í barnaverndarlögum sem fjalla um þau efni sem lúta að fósturbörnum og fóstri almennt.

Um 54. gr.

Í greininni er fjallað um meðlagsgreiðslur þegar foreldrar skilja eða slíta samvistir svo og endranær þegar foreldrar gera samning um forsjá barns. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að foreldrum sé skylt að taka ákvörðun um meðlag við skilnað, slit á skráðri sambúð og við breytingar á forsjárskipan barns. Um er að ræða nýmæli í barnalögum en í hjúskaparlögum segir að meðlagsgreiðslum skuli skipa við skilnað að borði og sæng og við lögskilnað í samræmi við ákvæði barnalaga. Með ákvæðinu er reynt að tryggja þann mikilvæga rétt barns sem felst í framfærsluskyldu foreldris gagnvart því.

Um 55. gr.

Í greininni er fjallað um samninga um meðlag og er í 1. og 2. mgr. m.a. að finna efni 17. gr. gildandi barnalaga. Nýmæli er hins vegar að finna í 3. mgr. 55. gr.

Í 1. mgr. segir að samningur um meðlag sé því aðeins gildur að hann sé staðfestur af sýslumanni, eða að sátt sé gerð um meðlagið fyrir dómi. Eins og vikið hefur verið að hér að framan og nánar kemur fram í umfjöllun um 34. gr. frumvarpsins geta meðlagsmál komið

til kasta dómara í vissum tilvikum. Fari svo að samkomulag takist fyrir dómi um meðlagsgreiðslur er hagfelldast að úr málinu verði leyst með dómsátt og hefur slíkur meðlagssamningur sömu réttaráhrif og samningur um meðlag staðfestur af sýslumanni. Áður en samningur um meðlag er staðfestur kannar sýslumaður eða dómari hvort samningurinn er í samræmi við ákvæði laga og hagsmuni barns og getur sýslumaður synjað um staðfestingu hans telji hann samninginn í andstöðu við hagsmuni barnsins og ber að synja staðfestingar ef samingurinn er í andstöðu við lög. Á sama hátt getur dómari synjað aðilum um að gera dómsátt, sbr. 108. gr. laga um meðferð einkamála. Aðeins kemur til álita að staðfesta samninga um meðlag þegar foreldrar búa ekki saman en ekki getur komið til staðfestingar á meðlagssamningi þegar foreldrar eru samvistum. Þá sinna foreldrar framfærsluskyldum sínum með því að veita barni fæði, klæði og húsnæði og með því að annast það og framfæra daglega.

Í 2. mgr. er almenn regla sem kveður á um að ekki sé heimilt að semja um lægra meðlag en nemur einföldum barnalífeyri eins og hann er ákveðinn samkvæmt lögum um almannatryggingar hverju sinni. Greinin svarar til hluta 17. gr. gildandi barnalaga. Í ákvæðinu er fyrrgreint lágmarksmeðlag nefnt einfalt meðlag til hægðarauka. Gert er ráð fyrir að það orðalag festi sig í sessi þar sem það er óþjált, bæði í almennri umræðu og í stjórnsýslunni, að vitna til einfalds meðlags sem meðlags sem nemur einföldum barnalífeyri eins og hann er ákveðinn samkvæmt lögum um almannatryggingar hverju sinni.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ekki megi ákveða meðlag til skemmri tíma en til 18 ára aldurs barns sem er í samræmi við 17. gr. gildandi laga. Í 3. mgr. er þó einnig að finna frávik frá þessari reglu og er það nýmæli að lagt er til að foreldrum sem gera með sér tímabundinn samning um forsjá verði heimilt að gera tímabundinn samning um meðlag. Meðlagssamningur tekur þá til jafnlangs tíma og forsjársamningur. Gert er ráð fyrir að forsjárskipan og þá einnig skipan meðlagsgreiðslna hverfi aftur til fyrra horfs að gildistíma samnings liðnum eða að samningur hafi að geyma sérstök fyrirmæli um hvernig skuli fara með forsjá og meðlag að gildistímanum liðnum.

Um 56. gr.

Greinin er tvær málsgreinar sem eru efnislega samhljóða 2. mgr. 19. gr. gildandi barnalaga. Um breytta notkun hugtaka vísast til almennra athugasemda við IX. kafla. Sú meginregla kemur hér fram að sá sem hefur forsjá barns getur krafist þess að meðlag sé ákveðið og innheimt, enda standi viðkomandi straum af útgjöldum vegna framfærslu barns. Ákvæðið á við hvort sem forsjá er í höndum annars foreldris eða sameiginleg. Þegar svo háttar til að forsjá er sameiginleg getur það foreldri sem barn á lögheimili hjá krafist meðlags úr hendi hins, en ekki er gert ráð fyrir því að það foreldra sem barnið á ekki lögheimili hjá geti krafist úrskurðar um meðlag á hendur hinu foreldrinu. Búi barn hjá öðrum en forsjármanni samkvæmt lögmætri skipan getur viðkomandi krafist meðlags með sama fyrirvara, þ.e. að hann standi straum af framfærslu barns. Með lögmætri skipan er átt við að barn búi hjá hlutaðeigandi aðila með samþykki forsjármanns, eftir atvikum barnaverndaryfirvalda. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til forms samþykkis samkvæmt framanskráðu og getur jafnvel þegjandi samþykki dugað til. Ætla má að það sé vísbending um að forsjármaður samþykki búsetu barns hjá öðrum ef hann neytir ekki þeirra úrræða sem honum standa til boða til þess að fá barn aftur í hendur. Leggja ber þó á það áherslu að kanna verður hvert mál sérstaklega og ekki verður staðhæft að foreldri sem ekki krefst aðfarargerðar í því skyni að fá umráð barns síns teljist með því samþykkja búsetu þess hjá öðrum. Þetta á ekki síst við þegar um stálpaða unglinga er að ræða.

Í tengslum við þetta ákvæði tekur sifjalaganefnd sérstaklega fram að ekki kemur til álita að mati nefndarinnar að stálpaðir en ólögráða unglingar, sem fluttir eru að heiman, geti öðlast sjálfstæðan rétt til að krefjast úrskurðar um meðlag úr hendi foreldra. Vissulega geta skapast erfiðleikar þegar ungmenni flytur að heiman, t.d. vegna ósamkomulags við foreldri og það heldur áfram að taka við meðlagsgreiðslum úr hendi hins foreldrisins, án þess að þær renni til framfærslu barnsins. Þegar svo háttar til getur þessi grein frumvarpsins þó í flestum tilvikum tryggt barninu framfærslu með því að sá sem barn býr hjá krefjist meðlags úr hendi foreldra sem svo renni til framfærslu ungmennisins. Í þessu sambandi er á það bent að hægt er að koma á framfæri við Tryggingastofnun ríkisins beiðni um að hún stöðvi meðlagsgreiðslur til forsjármanns ef sýnt er jafnframt fram á að barn búi ekki hjá viðkomandi og að hann annist þar af leiðandi ekki framfærslu þess. Í þeim tilvikum þegar enginn aðili er fyrir hendi sem annast framfærslu ungmennis og enginn getur þar af leiðandi krafist meðlags með því hefur ungmenni þó enn síðasta úrræðið, en það er að leita til félagsmálayfirvalda með beiðni um fjárstuðning sér til framfærslu. Samkvæmt upplýsingum sem sifjalaganefnd hefur aflað frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur hefur stofnunin veitt ungmennum undir 18 ára aldri fjárhagsstuðning.

Um 57. gr.

Í greininni er fjallað um úrskurði og dóma um meðlag.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 10. gr. gildandi barnalaga. Í ákvæðinu segir að sýslumaður geti úrskurðað foreldri sem ekki sinnir framfærsluskyldu sinni gagnvart barni til greiðslu meðlags með því. Ákvæðið getur tekið til foreldris í hjúskap þegar hjón eru ekki samvistum, en hins vegar verður að gera ráð fyrir að framfærsluskyldu gagnvart barni teljist fullnægt ef foreldrar eru samvistum og foreldri verði því ekki úrskurðað til greiðslu meðlags þegar svo háttar til.

Í lögskýringargögnum með gildandi barnalögum er þess sérstaklega getið að sýslumaður úrskurði ekki í ágreiningsmálum foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns samkvæmt samningi. Litið hefur verið svo á að ágreiningur foreldra um meðlag, þegar svo háttar til, þýði að forsendur sameiginlegrar forsjár séu brostnar og foreldri verði að snúa sér til sýslumanns, eða eftir atvikum til dómstóla eða dómsmálaráðuneytisins, með beiðni um breytingu samnings um sameiginlega forsjá. Að fenginni þeirri reynslu sem komin er á hið nýja úrræði, sameiginlega forsjá, er það mat sifjalaganefndar að ekki beri skilyrðislaust að fullyrða að ágreiningur um meðlag, eða eftir atvikum ágreiningur um umgengni, sbr. áður, valdi því að forsendur sameiginlegrar forsjár teljist brostnar. Því þykir ekki rétt að girða fyrir að úrskurðað verði um meðlag á hendur því foreldri sem barn á ekki lögheimili hjá, þegar forsjá er í höndum beggja foreldra. Ágreiningur um meðlag verður því borinn undir sýslumann þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns en gæta verður að því að skilyrði skapast því aðeins til að úrskurða foreldri til greiðslu meðlags að það fullnægi ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni. Sifjalaganefnd gerir þó ráð fyrir að mál af þessum toga verði fremur fátíð og ljóst er að verulegur ágreiningur foreldra um framfærslu barns þýðir væntanlega að ekki séu lengur forsendur fyrir því að foreldrar fari sameiginlega með forsjá.

Í 2. málsl. 1. mgr. segir að meðlag verði ekki ákvarðað lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess. Ákvæðið svarar til 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. gildandi barnalaga. Hér er aðeins átt við frumákvörðun meðlags, því breytingar á fyrirliggjandi meðlagsákvörðun miðast almennt við þann dag sem krafa er sett fram, sbr. síðar. Af orðalagi ákvæðisins má sjá að skilyrði fyrir því að úrskurða meðlag lengra aftur í tímann en eitt ár eru ströng.

Í 2. mgr., sem er efnislega samhljóða 2. mgr. 10. gr. gildandi barnalaga, er kveðið á um að meðlag skuli ákveðið með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Ákvæðið verður þó að skoðast með hliðsjón af 3. mgr.

Í framkvæmd er það þannig að langoftast er farið fram á lágmarksmeðlag með barni, sem í frumvarpinu er nefnt einfalt meðlag, og þá reynir ekki á úrskurð sýslumanns um aukið meðlag. Þegar á reynir er hins vegar byggt á þeim sjónarmiðum sem getið er í 2. mgr. Þeim til fyllingar hafa að auki í framkvæmd myndast verklagsreglur sem stuðst er við við ákvarðanatöku í málum er varða kröfur um aukið meðlag og þykir rétt að reifa nokkuð ítarlega þau atriði og sjónarmið hér. Þegar sett er fram krafa um aukið meðlag, þ.e. meðlag umfram einfalt meðlag, verður ákvörðun um meðlagsfjárhæð almennt byggð á upplýsingum og gögnum sem aðilar láta úrskurðaraðila í té um þau atriði sem að framan er mælt fyrir um, þ.e. þarfir barns, fjárhag og félagslega stöðu foreldra og aflahæfi þeirra. Sú venja hefur skapast að aðilar leggi fram, að ósk úrskurðaraðila, staðfest ljósrit skattframtala fyrir tvö undanfarandi ár og launaseðla vegna tekna yfirstandandi árs en að jafnaði einnig sérstaka greinargerð um fjárhag og félagslega stöðu, en dómsmálaráðuneytið hefur látið sýslumönnum í té sérstakt eyðublað sem foreldrar fylla venjulega út varðandi fjárhagslega og félagslega stöðu. Ef svo háttar til að krafa um aukið meðlag er byggð á langvarandi veikindum barns eða foreldris er sú krafa almennt gerð að frásögn viðkomandi þar að lútandi sé staðfest með læknisvottorði. Hafi meðlagsgreiðandi fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða aukið meðlag með barni sínu, að teknu tilliti til atvika máls að öðru leyti, er viðkomandi gert að greiða aukið meðlag. Dómsmálaráðuneytið hefur árlega látið sýslumönnum í té viðmiðunarfjárhæðir sem hafðar hafa verið til leiðbeiningar við ákvarðanatöku í málum vegna aukins meðlags og er meginmarkmiðið með því að tryggja að samræmis og jafnræðis sé gætt við ákvarðanatöku í meðlagsmálum svo sem greinir í dreifibréfi ráðuneytisins til sýslumanna. Viðmiðunartekjur ráðuneytisins eru framreiknaðar árlega til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs og sendar sýslumönnum. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sá háttur verði áfram hafður á. Þrátt fyrir þessar viðmiðunartekjur ráðuneytisins ber ávallt að gæta að því í sérhverju máli að ákveða fjárhæð meðlags með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Viðmiðunartafla dómsmálaráðuneytisins leysir með öðrum orðum úrskurðaraðila ekki undan skyldubundnu mati á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Tafla ráðuneytisins sem gildir frá 30. apríl 2002 er eftirfarandi:

Tekjur á mánuði, kr.	**1 barn**	**2 börn**	**3 börn**
241.000	Lml. + 50%	Lml. + 25%	
265.000	Lml. + 75%		
292.000	Lml. + 100%	Lml. + 50%	Lml. + 25%
321.000		Lml. + 75%	
353.000		Lml. + 100%	Lml. + 50%
388.000			Lml. + 75%
427.000			Lml. + 100%

Af þessu sést að meðlagsgreiðandi sem hefur að jafnaði u.þ.b. 241.000 kr. í heildartekjur á mánuði telst geta greitt einfalt meðlag með barni sínu auk 50% af lágmarksmeðlagi til við-

bótar, enda gefi atvik máls ekki sérstakt tilefni til þess að vikið verði frá töflunni. Að því er hið síðastgreinda varðar má nefna að til frádráttar heildartekjum meðlagsgreiðanda koma framlög er hann greiðir með öðrum börnum sínum og samsvarandi fjárhæð vegna eigin barna undir 18 ára er hann hefur á framfæri sínu svo og vegna barna hans á aldrinum 18–20 ára sem eru á heimili hans og eru í námi. Ef barnið eða börnin hafa sérþarfir sem kalla á aukaútgjöld getur orðið um frekari frádrátt frá heildartekjum meðlagsgreiðanda að ræða áður en greiðslugeta hans er metin. Eignir og skuldir meðlagsgreiðanda hafa á hinn bóginn almennt lítil áhrif við ákvörðun meðlagsfjárhæðar, en slíkt gæti helst komið til álita ef eignir eða skuldir eru verulega umfram það sem venjulegt getur talist, eða ef til óhjákvæmilegra skulda hefur verið stofnað, t.d. vegna húsnæðiskaupa vegna þarfa nýrrar fjölskyldu. Það hefur almennt ekki áhrif í meðlagsmálum þótt aðilar hafi önnur börn, t.d. stjúpbörn, á framfæri á heimili sínu, enda er nánast alltaf innt af hendi meðlag með þeim af kynforeldri þeirra eða greiddur með þeim barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar. Aðstæður barnsins sjálfs og þess foreldris sem það býr hjá kunna einnig að skipta máli við mat á því hvort vikið skuli frá fyrrgreindum viðmiðunarfjárhæðum. Má m.a. nefna sérstök útgjöld vegna sérþarfa eða veikinda barns og skert aflahæfi foreldris, t.d. vegna umönnunar barns eða vegna sjúkdóms foreldrisins sjálfs eða barnsins.

Við útreikning tekna aðila eru venjulega lagðar til grundvallar meðaltekjur þeirra, almennt 2–3 næstliðinna ára, m.a. í því skyni að jafna út þær sveiflur sem kunna að vera í tekjuöflun milli ára, án þess að um varanlegar breytingar á tekjum sé að ræða. Elstu tekjurnar eru framreiknaðar miðað við vísitölu neysluverðs. Þegar svo háttar til að réttar og fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir um tekjur aðila, einkum meðlagsgreiðanda, eða þegar ástæða er til að ætla að skattframtal gefi ekki rétta mynd af tekjum viðkomandi er rétt vegna skírskotunar til aflahæfis í 2. mgr. að líta til þess hvað telja megi líklegt um tekjur viðkomandi. Með hugtakinu aflahæfi er hér átt við hvað ætla má að karl eða kona með tiltekna menntun geti almennt unnið sér inn á ákveðnum stað og tíma.

Sérstakt álitaefni skapast í tengslum við þá gagnaöflun sem fer fram í meðlagsmálum, um það hvort gagnaðili eigi að fá óheftan aðgang að öllum gögnum sem lögð eru fram og eru skattframtöl einkum höfð í huga. Á skattframtölum koma fram ítarlegar upplýsingar um fjárhagslega stöðu aðila en einnig stöðu maka eða sambúðarmaka ef því er að skipta. Eins og vikið hefur verið að skiptir eigna- og skuldastaða aðila að jafnaði ekki máli við mat á greiðslugetu vegna krafna um aukið meðlag en úrskurðaraðili verður að kanna sérstaklega í hverju máli fyrir sig hvort rétt sé að líta til þessara þátta. Að mati sifjalaganefndar geta ákvæði 17. gr. stjórnsýslulaga staðið því í vegi að aðili máls fái afrit skattframtala gagnaðila í heild sinni, sbr. og 3. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Rétt er að veita aðila upplýsingar um heildartekjur gagnaðila, eftir atvikum að afhenda honum ljósrit þess hluta framtalsins, en upplýsingar um eignir og skuldir á því aðeins að veita að til greina komi að á þeim verði byggt við niðurstöðu málsins.

3. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 11. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að síðari málsliður 2. mgr. 11. gr. fellur nú brott eðli málsins samkvæmt.

4. mgr. er nýmæli. Samkvæmt ákvæðinu má úrskurða meðlag tímabundið, en það á aðeins við í þeim tilvikum er foreldrar hafa gert með sér tímabundinn samning um forsjá.

5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

6. mgr. er ný. Hún kveður á um að dómari skuli, að kröfu aðila, dæma um meðlag samkvæmt ákvæðinu í faðernis- og forsjármáli, sbr. II. og VI. kafla. Meginreglan er sú að meðlagsmál sæta úrlausn sýslumanns. Í þeim tilvikum er dómarar hafa til meðferðar faðernis- eða forsjármál þykir af því svo augljóst hagræði að meðlag sé ákveðið samhliða að lagt er til að

dæmi megi um meðlag er svo háttar til. Í 6. mgr. er undirstrikað að ákvæðið á við hvort sem sýslumaður úrskurðar um meðlag eða dómari dæmir um það.

Um 58. gr.

Greinin er óbreytt 3. mgr. 10. gr. gildandi barnalaga.

Um 59. gr.

Greinin tekur til úrskurða um meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins. Þykir það gleggri framsetning að skipa saman í einni grein í frumvarpinu í kafla um framfærslu barns heimildum til að úrskurða um meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins, enda þótt annars vegar sé um að ræða úrskurð til bráðabirgða, sbr. 1. mgr., en hins vegar úrskurð til frambúðar, sbr. 2. mgr.

1. mgr. svarar til 12. gr. gildandi barnalaga um meðlag til bráðabirgða. Hér er þó lagt til að heimild til að úrskurða um meðlag aftur í tímann verði takmörkuð við eitt ár og þann tíma sem krafan á hendur foreldri hljóðar um og jafnframt að barnið hafi verið búsett hér á landi þann tíma. Hámarksfjárhæð miðast við einfalt meðlag, sem er í samræmi við framkvæmdina samkvæmt gildandi barnalögum. Sifjalaganefnd leggur áherslu á að ákvæðið á aðeins við í þeim tilvikum er framfærsluskylda liggur fyrir, en á ekki við er móðir krefst meðlags með barni sem ekki hefur verið feðrað. Er rétt að sýslumaður gangi úr skugga um þetta með því að krefjast fæðingarvottorðs barns, sem Hagstofa Íslands gefur út. Í þessu sambandi er minnt á heimild Tryggingastofnunar ríkisins í 3. mgr. 59. gr. laga um almannatryggingar til að greiða móður barnalífeyri þegar eftir að sýslumaður hefur veitt viðtöku beiðni hennar um öflun faðernisviðurkenningar.

2. mgr. leysir af hólmi 3. mgr. 25. gr. gildandi barnalaga og fjallar um þau tilvik er tekin hefur verið ákvörðun um meðlag með barni erlendis. Ákvæðið er einkum raunhæft í þeim tilvikum er foreldrar hafa báðir verið búsettir erlendis en annað foreldra flytur síðan til Íslands með barnið. Ákvæðið er ekki bundið við að foreldrar hafi verið í hjúskap, sbr. hins vegar 3. mgr. 25. gr. gildandi barnalaga.

Fyrri málsliður á við þegar meðlagsfjárhæðin, sem ákveðin hefur verið í hinni erlendu meðlagsákvörðun, er lægri en einfalt meðlag. Í þeim tilvikum úrskurðar sýslumaður Tryggingastofnun ríkisins til að greiða foreldri fjárhæð sem nemur mismuninum á fjárhæð meðlagsins og einföldu meðlagi. Foreldri snýr sér því í kjölfar úrskurðar sýslumanns til Tryggingastofnunar ríkisins með tvær gildar meðlagsákvarðanir, sem samtals nema einföldu meðlagi.

Síðari málsliður á hins vegar við ef ákveðið hefur verið í hinni erlendu ákvörðun að foreldri beri ekki að greiða meðlag. Þá getur sýslumaður úrskurðað einfalt meðlag til foreldris frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 60. gr.

1. og 2. mgr. 60. gr. eru sama efnis og 15. gr. gildandi barnalaga, en orðaval er annað. 3. mgr. er ný.

Í 1. mgr. eru nefnd nokkur tilvik sem geta orðið grundvöllur ákvörðunar um sérstakt framlag. Auk þeirra tilvika sem nefnd eru í gildandi barnalögum er lagt til að ákvæðið taki til gleraugnakaupa og tannréttingameðferðar, sem er í samræmi við túlkun á gildandi barnalögum.

Eftir sem áður segir að úrskurða megi framlög vegna annarra sérstakra tilefna og er rétt að árétta að með orðunum önnur sérstök tilefni er átt við tilefni sem eru sérstaks eðlis en ekki almenns, því reglubundnum meðlagsgreiðslum með barni er ætlað að standa straum af al-

mennri framfærslu þess. Meðal þess sem rétt er að telja almenna framfærslu má nefna kostnað vegna tónlistarnáms barns eða íþróttaiðkunar svo og kostnað vegna almennra tannviðgerða. Kostnaður vegna tannviðgerða sem væru sérstaks eðlis mundi á hinn bóginn geta fallið undir ákvæðið, auk kostnaðar vegna sérkennslu vegna sérstakra námserfiðleika hjá barni o.s.frv.

Að því er 2. mgr. varðar er rétt að taka fram að ef meira en þrír mánuðir eru liðnir frá því að svarað var til útgjalda metur sýslumaður hvort eðlilegt hafi verið að bíða með að setja fram kröfu um framlag. Í þessu sambandi má sérstaklega nefna að ekki verður talið skylt að setja fram kröfu um framlag vegna tannréttinga, sem iðulega stendur yfir í nokkurn tíma, innan þriggja mánaða frá því að hver einstök greiðsla var innt af hendi, a.m.k. ekki ef um samfellda meðferð hefur verið að ræða, heldur getur verið eðlilegt að bíða með kröfu vegna slíkra aðgerða, allt þar til innan þriggja mánaða frá því að meðferð lýkur. Með lokum meðferðar er hér átt við það tímamark þegar föst tæki hafa verið fjarlægð af tönnum samkvæmt staðfestingu réttingatannlæknis, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. reglna tryggingaráðs um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannréttingar barna og ungmenna, er gildi tóku 1. maí 2002. Að því er kostnað vegna fermingar barns varðar má sérstaklega nefna að líta verður svo á að alla jafna megi bíða með að leggja fram kröfu um framlag þar til innan þriggja mánaða frá því að ferming átti sér stað, en þá kunna ýmsir reikningar sem eru tilkomnir vegna undirbúnings fermingarinnar að vera eldri en þriggja mánaða.

3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Framlög sem innt eru af hendi samkvæmt þessari grein tilheyra þeim sem svarað hefur til útgjaldanna. Þau eru því ekki meðlag sem tilheyrir barni, sbr. 2. mgr. 63. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Greinin fjallar um lok framfærsluskyldu og svarar til 1. og 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. gildandi barnalaga.

Um 62. gr.

1. mgr. kveður á um heimild til að úrskurða ungmenni framlag til menntunar eða starfsþjálfunar og svarar til 3. og 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. gildandi barnalaga. Þegar menntunarframlag er ákveðið samkvæmt framansögðu er oftast um það að ræða að ungmenni búi hjá öðru foreldri sínu og fer það þá fram á menntunarframlag úr hendi hins. Ef svo háttar til að ungmenni býr hjá hvorugu foreldri getur það á hinn bóginn krafist framlags úr hendi beggja foreldra. Úrlausn í slíku máli ræðst af fjárhagslegri og félagslegri stöðu aðila eins og endranær.

Um 63. gr.

1. mgr. er sama efnis og 14. gr. gildandi barnalaga.

Fyrri málsliður 2. mgr. samsvarar fyrri málslið 1. mgr. 19. gr. laganna um að meðlag tilheyri barni. Hér er enn fremur mælt fyrir um að meðlag skuli notað í þágu barns. Vísað er til almennra athugasemda við II. kafla um rökin fyrir tillögum um brottfall síðari málsliðar 1. mgr. 19. gr. barnalaga. Síðari málsliður 2. mgr. er nýr. Rétt þykir að undirstrika að þrátt fyrir að meðlag tilheyri barni sé það sá sem hefur rétt til að krefjast meðlags skv. 56. gr. sem innheimtir meðlagið og tekur við greiðslum þess í sínu nafni. Eins og vikið hefur verið að er meðlagi ætlað að renna til daglegrar, venjulegrar framfærslu barns og það er sá sem barnið býr hjá sem ráðstafar greiðslunum til framfærslunnar samkvæmt því sem best hentar á hverjum tíma, en samráð foreldris við barn sitt um ráðstöfun meðlagsgreiðslna fer stigvaxandi

eftir því sem barn eldist og þroskast. Af þeim sökum er eðlilegt að viðkomandi taki við greiðslunum í sínu nafni, þótt meðlagið tilheyri barninu. Þýðing þess að það tilheyri barninu er fyrst og fremst sú að meðlag verður hvorki notað til skuldajafnaðar við skuldir þess foreldris sem fær meðlagið né getur það orðið andlag fjárnáms á hendur því. Auk þess stuðlar það að því að foreldrar haldi kröfu um meðlag utan við annan ágreining sem þeir kunna að eiga í, t.d. varðandi fjárskipti við skilnað eða sambúðarslit.

Um 64. gr.

Greinin svarar til 18. gr. gildandi barnalaga en er framsett á annan hátt og þykir nú gleggri. Talin eru upp í þremur stafliðum þau skilyrði sem fyrir hendi verða að vera til þess að staðfestum samningi eða dómsátt verði breytt en rétt er þó að undirstrika að nægilegt er að einu skilyrði sé fullnægt svo breytingu megi gera, sbr. orðið „eða“ í b-lið.

Skilyrðin sem eru talin upp í a- og b-lið eru hin sömu og í gildandi lögum. Áréttað er að þegar mælt er fyrir um að aðstæður hafi breyst verulega er almennt átt við að aðstæður hafi breyst verulega til nokkurrar frambúðar.

Skilyrði c-liðar er nýmæli. Í ákvæðinu segir að sýslumaður geti breytt samningi eða dómsátt sem er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu foreldra. Nú háttar stundum þannig til að foreldrar gera með sér samkomulag um greiðslu einfalds meðlags með barni þegar efni eru í raun til þess að greitt sé aukið meðlag með því. Vera kann að meðlagsviðtakandi óski síðar eftir því að meðlagsgreiðandi greiði aukið meðlag í samræmi við fjárhagsstöðu hans án þess að aðstæður hafi breyst verulega. Þá hefur fram til þessa gjarnan verið litið svo á að fyrri samningurinn gangi í berhögg við þarfir barns, þegar meðlagsskylt foreldri er talið hafa fjárhagslega getu til að greiða aukið meðlag með því og samanburður á fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra mælir með því. Sifjalaganefnd telur hins vegar eðlilegt að á þessu sé tekið sérstaklega svo að tekinn sé af allur vafi um að heimilt sé að breyta meðlagssamningi ef fjárhæð meðlagsgreiðslna er ekki í samræmi við greiðslugetu foreldris og ákvæði laganna mæla að öðru leyti með breytingu á samningi.

Ákvæðið tekur bæði til breytinga á staðfestum samningi og dómsátt en nýmæli er að meðlagsmáli geti lokið með dómsátt. Á sama hátt og skilyrði geta skapast til breytinga á samningi staðfestum af sýslumanni getur verið rétt að breyta samningi sem gerður er fyrir dómi.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 16. gr., sbr. 2. mgr. 18. gr. gildandi barnalaga. Í ákvæðinu segir að ákvörðun um meðlag, sem fallið er í gjalddaga áður en krafa er uppi höfð, verði ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess. Grafast þarf fyrir um það hvers vegna meðlagskrafa var ekki sett fram fyrr en ljóst er að skilyrði ákvæðisins um breytingu aftur í tímann eru mjög ströng, sbr. orðalagið „alveg sérstakar ástæður“.

Um 65. gr.

Greinin fjallar um breytingar á meðlagsákvörðun og kemur í stað 16. gr. gildandi barnalaga með þeirri viðbót sem er til komin vegna tillagna sifjalaganefndar um breytingar á úrskurðarvaldi um meðlag. Að sjálfsögðu geta þau skilyrði skapast að breyta þurfi ákvörðun dómstóls um meðlag vegna breyttra haga foreldra eða barns. Þar sem gert er ráð fyrir að meðlagsmál verði aðeins borið undir dómstól í tengslum við faðernis- eða forsjármál, sem þar er til meðferðar, er nauðsynlegt að kveða á um það með skýrum hætti að stjórnvöldum sé heimilt til að breyta ákvörðunum dómstóls í þessum efnum, enda um frávik frá almennum reglum að ræða. Skilyrði fyrir breytingum á meðlagsákvörðun sem tekin er með dómi eru þau sömu og fyrir breytingum á meðlagsúrskurði stjórnvalds, þ.e. að hagir foreldra eða barns hafi breyst. Skilyrðin eru því ólík skilyrðum 64. gr. um breytingar á samkomulagi um meðlag.

2. mgr. tekur aðeins til breytinga úrskurða stjórnvalds um meðlag. Sýslumaður getur ekki gert breytingar á meðlagi sem fallið er í gjalddaga samkvæmt ákvörðun dómara. Dómum um meðlag verður því ekki breytt af sýslumanni með afturvirkum hætti, en í samræmi við 1. mgr. getur sýslumaður breytt meðlagsgreiðsluskyldu til framtíðar ef skilyrði eru fyrir hendi til breytinga.

Um X. kafla.

X. kafli frumvarpsins er hliðstæður V. kafla gildandi barnalaga, en töluverðar breytingar er þó að finna. Þannig eru ákvæði 2. og 4. mgr. 25. gr. og 26.–28. gr. felld brott. Í 2. mgr. 25. gr. barnalaga er og fjallað um atriði sem best fer á að séu ákveðin af Tryggingastofnun ríkisins. Í 4. mgr. 25. gr., 26. gr. og 28. gr. gildandi barnalaga er í raun aðeins verið að vísa til annarra laga og þykir ekki hafa þýðingu að skipa þessum ákvæðum í barnalög. Þá verður ákvæði 27. gr. gildandi laga óþarft eftir þær breytingar sem lagðar eru til á öðrum ákvæðum kaflans.

Efni ákvæðis 3. mgr. 25. gr. gildandi laga er í frumvarpi þessu í 2. mgr. 59. gr., þar sem í einni grein er fjallað um úrskurði um meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins.

Þær breytingar sem lagðar eru til á úrskurðarvaldi í meðlagsmálum leiða til þess að kaflinn tekur til dóma og dómsátta um meðlag.

Um 66. gr.

Efnislega svarar ákvæðið til 24. gr. gildandi laga en er nú einfaldara og gleggra.

Um 67. gr.

Ákvæðið samsvarar 1. mgr. 25. gr. gildandi barnalaga og þarfnast ekki skýringa. Ákvæðið tekur til allra greiðslna skv. IV. og IX. kafla.

Um XI. kafla.

XI. kafli frumvarpsins, sem hefur að geyma reglur um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt frumvarpinu, er allnokkuð breyttur frá gildandi lögum. Breytingarnar koma aðallega til af því að nú er litið sérstaklega til ákvæða stjórnsýslulaga, sem sett voru eftir gildistöku barnalaga, nr. 20/1992, en einnig er í kaflanum að finna nokkrar málsmeðferðarreglur sem fram til þessa hefur verið kveðið á um í öðrum köflum barnalaga og í reglugerð nr. 231/1992, um stjórnsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum.

Í frumvarpinu er sú grundvallarregla áréttuð að ákvæði stjórnsýslulaga gildi um meðferð máls, að svo miklu leyti sem ekki sé kveðið öðru vísi á. Þær lágmarkskröfur sem gerðar eru í stjórnsýslulögunum til stjórnsýslunnar gilda því um ákvarðanir stjórnvalda á sviði barnalaga, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum frávikum frá stjórnsýslulögum. Að sumu leyti eru gerðar ríkari kröfur til stjórnvalda en samkvæmt stjórnsýslulögunum, t.d. skulu úrskurðir sýslumanns ávallt vera rökstuddir. Í öðrum tilvikum er um annars konar sérákvæði að ræða, sbr. t.d. tveggja mánaða kærufrest í stað hins almenna þriggja mánaða frests stjórnsýslulaga. Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé nú ekki að finna ákvæði þess efnis að sýslumanni beri að leiðbeina aðilum máls, sbr. 67. gr. gildandi barnalaga og ákvæði um að aðili skuli eiga kost á að tjá sig um mál, sbr. 71. gr. laganna, má ekki líta svo á að slakað hafi verið á málsmeðferðarkröfum, heldur ber samkvæmt framansögðu að virða reglur stjórnsýslulaga um leiðbeiningarskyldu og rétt aðila til að tjá sig um mál, sbr. 7. og 13. gr. þeirra laga.

Auk þess sem að framan er getið er rétt að benda sérstaklega á þau nýmæli sem er að finna í 4. mgr. 70. gr. frumvarpsins um heimild sýslumanns til að birta tilkynningu um meðferð máls opinberlega ef heimili gagnaðila er óþekkt o.fl. Í gildandi rétti er ekki að finna heimildir fyrir sýslumann í þessa veru. Sýslumanni er því vandi á höndum þegar krafa kemur fram og heimili gagnaðila, hérlendis eða erlendis, er óþekkt. Þar sem ákvarðanir sýslumanns eru alla jafna þýðingarmiklar og íþyngjandi fyrir aðila þykir rétt að mælt sé fyrir um það með glöggum hætti í lögum hvernig sýslumaður skuli tilkynna aðila um mál þegar þannig háttar til. Lagt er til að sýslumanni verði veitt heimild til þess að birta tilkynningu um kröfu og meðferð máls, og áskorun til gagnaðila um að láta mál til sín taka, í Lögbirtingablaði, m.a. í þeim tilvikum þegar ókunnugt er um heimili viðkomandi. Með þessum ákvæðum er reynt að tryggja réttaröryggi beggja aðila máls en fyrirmynd ákvæðanna er að finna í lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Um 68. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir stjórnvalda til að leysa úr málum sem tengjast öðrum ríkjum og svarar greinin til 65. gr. gildandi barnalaga. Ef hvorki barn né gagnaðili er búsettur hér á landi er vandséð hvaða kringumstæður geta réttlætt að upp sé kveðinn meðlagsúrskurður hér á landi þótt forsjár- eða faðernisákvörðun hafi fengist hér á landi og því leggur sifjalaganefnd til að c-liður 65. gr. barnalaga verði felldur brott.

Um 69. gr.

Greinin er óbreytt 66. gr. gildandi barnalaga að mikilvægu nýmæli þó viðbættu. Í síðari málslið 1. mgr. er lagt til að ef svo háttar til að barn flyst milli sýslumannsumdæma áður en máli er lokið geti sýslumaður, sem hefur mál til meðferðar, ákveðið hvort hann lýkur máli eða framsendir það sýslumanni í því umdæmi sem barn hefur flust til. Ekki er að finna samsvarandi ákvæði í gildandi rétti og því hefur almennt verið litið svo á að sýslumanni beri að framsenda mál til sýslumanns í því umdæmi sem barn býr, jafnvel þótt mál sé komið á lokastig. Það hefur á hinn bóginn alla jafna í för með sér töluverðar tafir á úrlausn máls og getur verið í andstöðu við hagsmuni barns. Með lögfestingu hins nýja ákvæðis skapast svigrúm fyrir sýslumann til að ákveða að ljúka máli sjálfur í stað þess að framsenda það. Sýslumaður þarf að meta hvert mál fyrir sig þegar svona háttar til og má gera ráð fyrir að sýslumaður mundi að jafnaði framsenda mál sem væri nýbyrjað en ljúka sjálfur máli sem væri á lokastigi. Brýnt er við ákvörðun um framhald máls að hafa í huga hagsmuni barns þess sem í hlut á og taka þá ákvörðun sem best samrýmist hagsmunum þess.

Um 70. gr.

Í greininni er fjallað um kröfur aðila og tilkynningu um meðferð máls.

Í 1. mgr. segir að sýslumaður skuli boða aðila til viðtals eða veita honum færi á að tjá sig skriflega um mál, sbr. 71. gr. Ekki þykir rétt að setja sérstaka tímafresti í þessu sambandi, en í samræmi við 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ber honum að kynna gagnaðila málið án ástæðulausra tafa.

Í 2. mgr. kemur fram að gagnaðila skuli send gögn málsins og honum veitt lokafæri á að mæta til sýslumanns eða tjá sig, bregðist hann ekki við erindi sýslumanns, sbr. 1. mgr., en þess skal þá gætt að honum verði gerð grein fyrir því hverju það varði að sinna ekki erindinu, þ.e. að búast megi við að veitt verði úrlausn í málinu á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja, eftir atvikum að lokinni sérstakri gagnaöflun sýslumanns, sbr. 3. mgr. 72. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig skuli tilkynna gagnaðila máls sem á lögheimili eða þekkt aðsetur í öðru ríki um kröfur þær sem uppi eru hafðar í máli og um meðferð þess. Segir að um þá birtingarháttu fari eftir lögum þess ríkis. Þrátt fyrir þessa meginreglu telst mál ávallt réttilega tilkynnt aðila ef hann móttekur ábyrgðarbréf sýslumanns eða annars sem kann að hafa milligöngu um tilkynningu, svo sem sendiráðs eða ræðismanns, bréf er birt af einum stefnuvotti eða gagnaðili staðfestir skriflega að hafa fengið samrit bréfs sýslumanns. Í síðastgreindum tilvikum liggur fyrir með óyggjandi hætti að viðkomandi hafi fengið bréfið í hendur og breytir þá engu þótt reglur búsetulandsins kveði á um aðrar birtingaraðferðir. Lokamálsliður ákvæðisins hefur einkum þýðingu í þeim tilvikum sem gagnaðila er kynnt krafa fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í viðkomandi landi eða ræðismanns. Þá getur m.a. hagað svo til að honum sé kynnt mál er hann mætir í sendiráð eða skrifstofu ræðismanns, sem afhendir honum bréf. Áritun viðtakanda á samrit bréfs sýslumanns, um að það hafi verið birt honum, telst ávallt nægileg birting.

Í 4. mgr. er kveðið á um að sýslumaður geti í vissum tilvikum birt tilkynningu um meðferð máls í Lögbirtingablaði og er um þýðingarmikið nýmæli að ræða. Þeim málum fjölgar sífellt hjá stjórnvöldum þar sem örðugleikum er bundið að ná til gagnaðila máls og er brýn þörf fyrir skýr lagafyrirmæli um hvernig skuli brugðist við þegar svo háttar til, en fram til þessa hefur slík fyrirmæli ekki verið að finna í lögum. Þessi ákvæði hafa fyrst og fremst þýðingu í málum er varða meðlagsgreiðslur með feðruðu barni og málum vegna kröfu um sérstök framlög skv. 60. gr. frumvarpsins, þar sem slíkar greiðslur fást aðeins úr Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli staðfests samnings eða úrskurðar sýslumanns. Ákvæðin hafa ekki mikla þýðingu í málum er varða aukið meðlag því meðlagsviðtakandi á þess ekki kost að fá aukið meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins og þarf sjálfur að innheimta meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag.

Í a-lið 4. mgr. segir að birta megi tilkynningu um meðferð máls í Lögbirtingablaði ef upplýsinga verður ekki aflað um heimili gagnaðila. Hér er bæði átt við aðila sem talið er að séu búsettir hér á landi og þá sem búsettir eru erlendis. Vert er að leggja á það áherslu að á sýslumanni hvílir að sjálfsögðu ákveðin rannsóknarskylda þegar svo háttar til að ókunnugt er um heimili gagnaðila. Honum ber því að kanna hvort eitthvað verði upplýst um það hvar viðkomandi kann að vera að finna. Hann getur m.a. skorað á málshefjanda að veita þær upplýsingar sem viðkomandi kann að hafa í fórum sínum um þá sem líklegir eru til að geta gefið upplýsingar um gagnaðila. Aðeins ef slík rannsókn leiðir í ljós að ómögulegt sé að hafa uppi á aðila og heimili hans er óþekkt mundi sýslumaður birta tilkynningu um málið í Lögbirtingablaði.

Skv. b-lið verður tilkynning birt í Lögbirtingablaði ef erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að birta tilkynningu um meðferð máls. Hér þarf að vera búið að láta á það reyna að fá erlend yfirvöld til að birta tilkynningu, án árangurs.

Í c-lið segir að birta megi tilkynningu í Lögbirtingablaði ef birting tekst ekki. Ákvæðið getur átt við um birtingu hér á landi og erlendis og á við t.d. þegar upplýsingar liggja fyrir um heimili viðkomandi en hann hittist ekki fyrir á heimili sínu og hvorki tekst að birta honum tilkynninguna né öðrum þeim sem bær er til að taka við slíkri tilkynningu.

Í d-lið kemur fram að ef neitað er viðtöku ábyrgðarbréfs á heimili gagnaðila megi birta tilkynningu í Lögbirtingablaði og á ákvæðið bæði við um aðila sem eru búsettir hér á landi og erlendis.

5. mgr. mælir fyrir um efni tilkynningar og birtingarháttu í Lögbirtingablaði. Í tilkynningu skal m.a. koma fram hverju það varði að sinna ekki kvaðningu sýslumanns og er þar átt við

að fram skuli koma að búast megi við að veitt verði úrlausn í málinu á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja.

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

6. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 71. gr.

Í 1. mgr. er undirstrikað að um meðferð máls gildi reglur stjórnsýslulaga, nema sérstaklega sé kveðið á um frávik frá þeim í frumvarpinu, svo sem vikið hefur verið að.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimildir sýslumanns til að ákveða hvort aðilar eru kvaddir á hans fund, saman eða hvor í sínu lagi, eða hvort hann gefur þeim kost á að tjá sig skriflega um mál. Óski aðili eftir því sérstaklega að fá að tjá sig munnlega við sýslumann skal þó ávallt verða við ósk hans þar að lútandi. Ekki er að finna ákvæði sama efnis í gildandi lögum.

Málefni á sviði barnalaga sem koma til úrlausnar sýslumanns eru ólík að umfangi og eðli. Í einföldum málum getur verið hagkvæmast að aðilar tjái sig skriflega um mál og mundi sýslumaður þá að jafnaði hafa þann hátt á. Í framkvæmd er það svo að mörg mál byrja hjá sýslumanni með því að aðili fyllir út eyðublað með kröfum sínum og leggur það fram hjá embættinu, eftir atvikum með frekari gögnum. Má hér t.d. nefna er aðili fer fram á úrskurð um aukið meðlag eða framlag vegna fermingar barns. Málið byrjar því án þess að málshefjandi fái sérstakan viðtalstíma hjá sýslumanni eða fulltrúa hans. Oft mundi óþarft að boða gagnaðila þá þegar á fund og gæti verið heppilegra að veita honum færi á að tjá sig skriflega um kröfu, í fyrstu a.m.k. Viðbrögð viðkomandi við kröfu málshefjanda gætu síðan gefið sýslumanni tilefni til að boða aðila til viðtals, saman eða hvorn í sínu lagi, allt eftir eðli og umfangi máls.

Ef aðili treystir sér ekki til þess að tjá sig skriflega um mál eða vill af öðrum ástæðum fá að tjá sig munnlega um mál ber að gefa honum færi á því og þá þarf sýslumaður að gæta að því að skrá niður það sem þýðingu hefur fyrir úrlausn málsins, sbr. 23. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Í 3. mgr. segir að sýslumaður geti ákveðið að fyrirtaka máls varðandi gagnaðila fari fram í umdæmi þess sýslumanns þar sem hann býr. Ákvæði af þessum toga er ekki í gildandi barnalögum. Ákvæðið er hins vegar í samræmi við þá framkvæmd sem nú ríkir hvað þetta varðar. Sú venja hefur skapast að mál eru send milli sýslumannsembætta til fyrirtöku með gagnaðila, þ.e. þegar þörf er á að taka mál fyrir með formlegum hætti, þar sem ætla má að viðkomandi eigi hægast með að mæta til viðtals á skrifstofu sýslumanns í umdæmi þar sem hann býr. Þær undantekningar hafa þó verið á þessari meginreglu í framkvæmd að aðilar umgengnismáls eru að jafnaði báðir boðaðir á fund þess sýslumanns sem úr máli leysir, verði því við komið, enda eru slík mál oft vandmeðfarin og mikilvægt að úrlausnaraðili kynni sér afstöðu beggja aðila frá fyrstu hendi.

Í 4. mgr. er vísað til 43. gr. frumvarpsins um rétt barns til að tjá sig í umgengnismáli og vísast um skýringar til umfjöllunar um það ákvæði.

Um 72. gr.

Greinin mælir fyrir um rannsókn máls og svarar til 69. gr. gildandi barnalaga.

Í 1. mgr. kemur fram að aðilum máls beri að afla þeirra gagna sem sýslumaður telur þörf á til úrlausnar máls en jafnframt að sýslumaður geti að eigin frumkvæði aflað gagna. Vísað er til rannsóknarreglu stjórnsýslulaga og með því er sjónum beint að þeirri skyldu sýslumanns að sjá til þess að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Vert er að undirstrika að aðilar geta hvenær sem er undir meðferð máls, allt þar til úrskurðað hefur verið

í máli, sett fram nýjar málsástæður og enn fremur komið að nýjum andmælum, en sýslumaður er ekki bundinn af málsástæðum aðila.

Efni 2. mgr. er sama og efni 2. mgr. 69. gr. gildandi laga, þó að því viðbættu að mælt er fyrir um að synjun sýslumanns um að veita úrlausn skuli vera skrifleg og að gagnaðila skuli tilkynnt um synjunina, hafi honum verið kynnt krafa úrskurðarbeiðanda, en um hið síðarnefnda hefur verið kveðið á í reglugerð fram til þessa.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig fer um mál ef gagnaðili máls sinnir ekki kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um gagnaöflun. Hér er lögð til breyting frá reglu 3. mgr. 69. gr. gildandi barnalaga um að veita skuli úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja, enda hafi erindi sýslumanns verið birt, þegar svona stendur á. Þykir regla barnalaga minna um of á áhrif útivistar fyrir dómi en hvorki taka nægjanlegt mið af grundvallarreglu barnaréttar um að hagsmunir barnsins séu hafðir í fyrirrúmi né af meginreglum stjórnsýsluréttar um meðalhóf og skyldu stjórnvalds til rannsóknar máls. Það þykir óþarfi að tekið sé sérstaklega fram í barnalögum að sýslumaður veiti úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja í máli. Það er hin almenna regla um úrlausn máls, en sýslumaður hefur, svo sem nefnt er hér að framan, skyldu til að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Gert er ráð fyrir því að sýslumaður afli þeirra tilgreindu gagna sem gagnaðila varða og nefnd eru í málsgreininni, en þó allt eftir atvikum máls hverju sinni. Það þykir nauðsynlegt, til að taka af öll tvímæli, að lögfest verði að sýslumaður hafi heimild til að fá skattframtal gagnaðila, sakavottorð hans og lögregluskýrslur er hann varða, ef hann telur þörf á, áður en hann veitir úrlausn í máli, enda óvíst hvort hlutaðeigandi stjórnvöld mundu veita sýslumanni aðgang að þessum gögnum án beinnar lagaheimildar. Sú heimild sem lagt er til að sýslumanni verði veitt til að afla sjálfur þar tilgreindra gagna um gagnaðila máls gildir ekki um gögn er varða úrskurðarbeiðanda, enda er skýrt tekið fram í 2. mgr. hverju það varðar ef úrskurðarbeiðandi sinnir eigi tilmælum sýslumanns um gagnaöflun.

Um 73. gr.

Í greininni er fjallað um sáttaumleitanir og svarar hún til 37. gr. A og 68. gr. gildandi barnalaga.

1. mgr. 73. gr. er samhljóða 1. mgr. 68. gr. laganna.

Um skýringu 2. mgr. er vísað til athugasemda við 33. gr.

Um 74. gr.

Greinin er almennt ákvæði sem kveður á um að sýslumaður geti leitað umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til. Ákvæðið á sér samsvörun í 6. mgr. 37. gr. gildandi barnalaga en er víðtækara. Meðferð máls hjá sýslumanni og úrlausn verður að vera í samræmi við hagsmuni barns sem í hlut á. Þótt sýslumaður geti í langflestum tilvikum veitt úrlausn í máli á grundvelli þeirra málsgagna sem aðilar leggja fram og afstöðu þeirra og málsástæðna koma öðru hverju upp mál sem þarfnast frekari rannsóknar, sem sýslumaður er e.t.v. ekki best fallinn til að framkvæma. Hér getur t.d. komið til að kanna þurfi aðstæður hjá foreldri í umgengnismáli eða vegna staðfestingar á samningi um forsjá eða umgengni, eða að ræða þurfi við barn í tengslum við slík mál. Þá getur verið eðlilegt að afla umsagnar barnaverndarnefndar og gerir sýslumaður það á grundvelli ákvæðisins. Rétt er þó að undirstrika að aðeins í þeim tilvikum er hagsmunir barns krefjast þess mundi sýslumaður afla umsagnar barnaverndarnefndar. Ef sýslumaður sendir mál til umsagnar barnaverndarnefndar þarf hann að gæta að ákvæði 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga og tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að nefndin láti umsögn í té.

Sifjalaganefnd tók til athugunar hvort rétt væri að fela öðrum en barnaverndarnefndum að veita sýslumanni umsagnir þegar þörf er á þeim, einkum vegna gagnrýni Barnaverndarstofu á að barnaverndarnefndum væru falin þessi verkefni. Sifjalaganefnd komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að það stæði engum nær en einmitt barnaverndarnefndum að veita sýslumanni umsagnir í slíkum málum. Þess konar þjónusta er einnig samofin þeim skyldum sem hvíla á sveitarfélögunum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um liðsinni barnaverndarnefndar við meðferð máls er vísað til 4. mgr. 43. gr. frumvarpsins og vísast til umfjöllunar um það ákvæði. Úrræðið varðar tilmæli þess sem fer með mál, ef þörf er á, til barnaverndarnefndar þar sem barn býr um skipun tilsjónarmanns barni til stuðnings við meðferð umgengnismáls.

Um 75. gr.

Ákvæði greinarinnar um upplýsingarétt aðila er að meginstefnu til sama efnis og 70. gr. gildandi barnalaga, en með breyttu sniði þó.

Í 1. mgr. er sérstaklega tiltekið að ákvæði 15.–19. gr. stjórnsýslulaga gildi um rétt aðila til að kynna sér skjöl og gögn er mál varðar. Um frekari skýringar á þeim ákvæðum vísast til stjórnsýslulaga.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 70. gr. gildandi barnalaga og er þar mælt fyrir um heimild sýslumanns til að takmarka aðgang að gögnum er veita upplýsingar um afstöðu barns, ef ætla má að það geti reynst barni eða sambandi barns og foreldris skaðlegt að heimila aðgang að þeim.

Í samræmi við meginsjónarmið stjórnsýslulaga ber sýslumanni skv. 3. mgr. að kynna aðila niðurstöður þeirra gagna sem í heild eru undanþegin aðgangi hans, ef til greina kemur að á þeim verði byggt við úrlausn málsins. Ef þau gögn sem sýslumaður ákveður að undanþiggja aðgangi aðila hafa ekki beina þýðingu fyrir niðurstöðu máls er honum óskylt að skýra aðila frá niðurstöðu þeirra.

Um 76. gr.

Í greininni er fjallað um form og efni úrskurða sýslumanns. Samsvarandi ákvæði eru nú í 72. gr. gildandi laga og 15. gr. reglugerðar um stjórnsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum. Ákvæðið felur í sér óverulegar breytingar frá gildandi rétti. Í því sambandi er þó rétt að geta þess að gert er ráð fyrir því að tiltekin séu í úrskurðarorði þau fullnustu- og þvingunarúrræði sem við eiga hverju sinni svo og hvort kæra til dómsmálaráðherra fresti réttaráhrifum úrskurðar.

Um 77. gr.

Greinin svarar til 73. gr. gildandi barnalaga. Orðalag er breytt en greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 78. gr.

Greinin er sama efnis og 74. gr. gildandi barnalaga en í tveimur málsgreinum.

Sérstaklega er tiltekið í 1. mgr. að um meðferð kærumálsins fari samkvæmt stjórnsýslulögum og ákvæðum barnalaga eftir því sem við getur átt.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild sýslumanns til að ákveða að kæra fresti réttaráhrifum úrskurðar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á framkvæmd hvað þetta varðar, en hin almenna regla er sú að kæra frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar, sbr. 1. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga.

Um XII. kafla.

Hér eru fyrirmæli um gildistöku laganna, brottfelld lagaákvæði og ákvæði er tengjast framkvæmd þeirra.

Um 79. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild dómsmálaráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um málsmeðferð og starfshætti sýslumanna og um einstök atriði er varða framkvæmd laganna.

Um 80. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2003.

Í 2. mgr. segir að barnalög, nr. 20/1992, ásamt síðari breytingalögum, falli úr gildi við gildistöku laga þessara, enda er frumvarpið svo úr garði gert að það á að leysa barnalög af hólmi í heild sinni. Þá er lagt til að 8. tölul. 36. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, falli úr gildi.

Um 81. gr.

Í greininni er fjallað um lagaskil. Í frumvarpinu er byggt á að úr álitamálum um tengsl barnalaga og þessa frumvarps verði leyst samkvæmt mótuðum lagasjónarmiðum um skil yngri laga og eldri. Lög þessi raska ekki ákvörðunum sem teknar hafa fyrir gildistöku þeirra í samræmi við ákvæði gildandi laga á hverjum tíma.

Í 1. mgr. segir að um dómsmál skv. II., III. og VI. kafla, sem þingfest eru eftir gildistöku laganna, 1. janúar 2003, fari samkvæmt hinum nýju lögum.

Skv. 2. mgr. fer um dómsmál sem hafa verið þingfest fyrir gildistöku laganna, en er ólokið, samkvæmt lögum nr. 20/1992. Ef úrskurður í slíku máli er kærður til Hæstaréttar eða ef dómi er áfrýjað fer um málsmeðferð í Hæstarétti samkvæmt eldri lögum.

Í 3. mgr. segir að stjórnsýslumál sem koma til meðferðar hjá sýslumönnum eftir 1. janúar 2003 lúti reglum hinna nýju laga.

Í 4. mgr. segir að um meðferð og úrlausn stjórnsýslumála sem komið hafa til meðferðar hjá sýslumönnum fyrir 1. janúar 2003 en er ekki lokið þá, skuli fara samkvæmt barnalögum, nr. 20/1992, og að hið sama eigi við ef úrskurður sýslumanns í slíku máli er kærður til dómsmálaráðherra.

Ef dæmd mál eða stjórnsýslumál eru endurupptekin eftir 1. janúar 2003 skal beita hinum nýju lögum samkvæmt því sem greinir í 5. mgr.

Í 6. mgr. kemur fram að 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. (um áhrif skilnaðar að borði og sæng) og 23. gr. (vefenging á faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun) verði ekki beitt um börn sem eru fædd fyrir gildistöku laga nr. 20/1992.

Í 7. mgr. er áréttað að efnisreglur frumvarpsins gilda einungis um atvik sem gerast eftir gildistöku laganna. Þannig gilda því ákvæði I. kafla um móðerni og faðerni barns eingöngu um börn sem fæðast eftir gildistöku laganna. Á sama hátt gilda ákvæði 29. gr. eingöngu um skráða sambúð sem tekin er upp eftir gildistöku laganna o.s.frv.

Um 82. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á öðrum lögum. Fyrst og fremst er um að ræða breytingar sem leiða af sjálfu sér, t.d. breytingar á lagatilvitnunum annarra laga sem skírskota til barnalaga.

Fylgiskjal I.

Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir lögfræðingur:

LAGAREGLUR SEM VARÐA UMGENGNI OG ÞVINGUNARÚRRÆÐI VEGNA BROTA Á UMGENGNISRÉTTI

Könnun á lagareglum á Íslandi, í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Finnlandi, Þýskalandi og Englandi.
(Verkefni unnið fyrir sifjalaganefnd. Október 2001.)

1. Inngangur

Samantekt þessi er gerð að beiðni Sifjalaganefndar, og var undirritaðri falið síðla sumars 1999 að vinna að gerð hennar, eftir að hafa verið í námsvist á einkamálaskrifstofu dómsmálaráðuneytis í júlímánuði sama ár.

Í þessari könnun eru rannsakaðar lagareglur, sem varða umgengni og þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti, með hliðsjón af norrænum, enskum og þýskum rétti. Einkum er litið til þess hvernig löggjafinn hefur í þessum löndum tekið á því þegar annað foreldrið meinar hinu að umgangast barn sitt, þrátt fyrir úrskurð eða dóm viðkomandi yfirvalda þar um. Ekki verður fjallað um þvingunarúrræði umgengnisréttar frá því sjónarhorni þegar fullur vilji er af hálfu forsjárforeldris og barns að umgengni verði virt, en hitt foreldrið sinnir umgengnisréttinum ekki. Í slíkum tilvikum bjóða íslensk lagaákvæði ekki upp á nein þvingunarúrræði sem unnt er beita foreldri svo það umgangist barn sitt.

Í upphafi var ætlunin að kanna einungis lagareglur í Englandi, Þýskalandi, Belgíu og Hollandi. Það reyndist hins vegar mjög örðugt að finna heimildir og lagatextar ekki auðfundnir á ensku. Í því sambandi má nefna að heimildir, þ.m.t. helstu kennslubækur, voru oft og tíðum nokkurra ára gamlar, auk þess sem þær voru almenns eðlis og tóku þ.a.l. ekki til jafn afmarkaðra atriða og könnunin tekur til. Niðurstaðan varð því sú að kannaður var réttur Norðurlanda, Englands og Þýskalands, en rétti Belgíu og Hollands sleppt, þar sem ekki fengust upplýsingar frá dómsmálaráðuneytum síðast nefndu landanna, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Í 2.–8. kafla er gerð grein fyrir rétti viðkomandi landa. Í undirköflum er greint frá reglum sem gilda um umgengnisrétt, og svo frá þvingunarúrræðum. Í 9. kafla er að finna samantekt og helstu ályktanir sem af umfjölluninni má draga. Lokaorð eru að síðustu viðfangsefni 10. kafla.

2. Ísland

2.1. Um umgengnisrétt

Í íslenskum lögum er fjallað um umgengni í 37. gr. barnalaga, nr. 20 22. maí 1992, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1995. Lagagreinin er svohljóðandi:

„Barn á rétt á umgengni við það foreldra sinna er ekki fer með forsjá þess og gagnkvæmt. Foreldri er skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta.

Ef foreldrar verða sammála um hvernig skipa skuli umgengnisrétti skal eftir því farið nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati sýslumanns.

Ef foreldra greinir á um umgengni úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt. Sýslumaður getur hafnað því að ákvarða inntak umgengnisréttar og getur einnig breytt eða fellt úr gildi úrskurð eða samning foreldra um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu. Ef sérstök atvik valda því að mati sýslumanns að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag barns og þörfum getur hann kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við. Ef sérstaklega stendur á getur sýslumaður að ósk foreldris, sem ekki hefur forsjá barns, mælt fyrir um rétt þess til að hafa bréfa- og símasamband og hliðstætt samband við barnið.

Meðan forsjármál er til meðferðar getur sýslumaður að kröfu þess foreldris, sem barn býr ekki hjá, ákveðið umgengni barns við það til bráðabirgða samkvæmt meginreglum 1. og 3. mgr. uns forsjármálinu hefur verið ráðið til lykta.

Nú er annað foreldra barns látið eða bæði eða foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn og geta þá nánir vandamenn látins foreldris eða foreldris, er ekki getur rækt umgengnisskyldur sínar, krafist þess að sýslumaður mæli fyrir um umgengni þeirra við barn. Ræður hann máli til lykta eftir því sem barni þykir koma best.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins. Ákvæði 4. mgr. 34. gr. á hér við að breyttu breytanda."

Af framangreindu er ljóst að barn á rétt á umgengni við það foreldra sinna er ekki fer með forsjá þess og gagnkvæmt. Ef almenn sátt er með foreldrum um fyrirkomulag umgengni kemur málið ekki til kasta sýslumanns, heldur fyrst ef foreldrum tekst ekki að ákveða fyrirkomulag umgengni á eigin spýtur.

Úrskurðir sýslumanna í umgengnismálum geyma langoftast ákvörðun um inntak umgengninnar og einhver fyrirmæli um nánari framkvæmd. Ákvörðunin um inntak umgengninnar markast af þeim kröfum sem uppi eru hafðar í hverju einstöku máli, en misjafnt er hversu ítarleg kröfugerð er. Í barnalögum er ekki að finna reglur um hvernig umgengni skuli hagað eða hversu lengi hún skuli standa, enda talið nánast ógjörningur að setja fastar reglur þar um. Til margs verður að líta þegar úrskurða þarf um inntak umgengni, en almennt er viðurkennt að við ákvörðun umgengni beri að líta til þess hvernig hagsmunum barnsins er best borgið. Sjónarmið sem þarf að líta til eru m.a. tengsl barns við það foreldra sem ekki fer með forsjá þess, aldur og vilji barnsins, búseta og sérþarfir barns og fyrirkomulag umgengni áður en krafa er höfð uppi. Algengt er þó, ef ekki er um mjög ung börn að ræða, að regluleg umgengni fari fram aðra hvora helgi, henti slíkt með tilliti til búsetu foreldra og barns, nokkra daga um jól og áramót og í páskaleyfum og 3–4 vikur í sumarleyfi.[1]

Samkvæmt 37. gr. A barnalaga, sbr. lög nr. 18/2001, skal sýslumaður bjóða aðilum umgengnis- og forsjármála sérfræðiráðgjöf til lausnar máli. Tilgangur ráðgjafar er að aðstoða aðila við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sýslumaður skal einnig bjóða barni, sem náð hefur tólf ára aldri, ráðgjöf og getur einnig boðið yngra barni ráðgjöf ef hann telur það þjóna hagsmunum þess, sbr. nánar 37. gr. A barnalaga.

2.2. Þvingunarúrræði

Þegar metið er hvernig bregðast skuli við, þegar forsjárforeldri tálmar umgengni og neitar að hlíta löglegum ákvörðunum um það efni, togast tvenn sjónarmið á. Annars vegar þörf fyrir einhvers konar úrræði til að fylgja eftir löglegum ákvörðunum þar til bærra yfirvalda um

[1] Dómsmálaráðuneytið. Leiðbeiningar til sýslumanna um meðferð sifjamála („hvíta bókin"), 1992 með áorðnum breytingum, Umgengnismál, bls. 6–7. Óútgefið, en dreift til sýslumanna.

umgengnisrétt, en hins vegar tillitið til hagsmuna barnsins. Ljóst er að hið síðarnefnda setur því takmörk hvers konar þvingunarúrræðum er unnt að beita. Niðurstaðan hefur orðið sú í íslenskum rétti að samkvæmt 38. gr. barnalaga, sbr. lög nr. 18/2001, er eingöngu heimilt að beita dagsektum til að fylgja eftir löglegum ákvörðunum um umgengnisrétt.[2] Ákvæðið er svohljóðandi:

„Nú tálmar aðili, sem hefur forsjá barns, þeim sem á umgengnisrétt samkvæmt úrskurði að njóta umgengni við barnið og getur sýslumaður þá að kröfu þess sem meinuð er umgengnin skyldað þann sem með forsjá barnsins fer til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 5.000 kr. Dagsektir verða eigi lagðar á fyrr en að liðnum málskotsfresti þeim er greinir í 74. gr. eða fyrr en úrskurður ráðuneytisins um umgengni er genginn ef máli hefur verið skotið þangað. Dagsektir skal ákveða með úrskurði, en gefa skal þeim sem með forsjá barnsins fer kost á að tala máli sínu áður en hann er kveðinn upp. Dagsektir skulu ákveðnar til allt að þriggja mánaða í senn fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar þar til látið er af tálmunum. Dagsektir falla niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmunum. Dagsektir má innheimta með fjárnámi samkvæmt kröfu þess sem tálmað er að njóta umgengnisréttar og renna þær í ríkissjóð. Hámarksfjárhæð dagsekta samkvæmt framansögðu skal taka breytingum í samræmi við lánskjaravísitölu sem í gildi verður 1. júlí 1992. Öðrum lagaúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti."

Unnt er því að leggja dagsektir á það foreldri sem tálmar umgengni. Í 3. mgr. 40. gr. eldri barnalaga, nr. 9/1981, var það orðalag notað að foreldri sem hefði forsjá barns **torveldaði** hinu að umgangast barn. Þar sem notað er sagnorðið „tálma" í 38. gr. núgildandi laga, felst í því að öllu strangari kröfur verða gerðar til þess að unnt sé að leggja á dagsektir en skv. 3. mgr. 40. gr. eldri barnalaga.[3]

Ekki er hægt að nota dagsektarúrræðið fyrr en annað hvort kærufrestur samkvæmt 74. gr. barnalaga er liðinn, eða niðurstaða dómsmálaráðuneytis í kærumáli liggur fyrir. Áður en úrskurður um dagsektir er kveðinn upp skal gefa viðkomandi forsjárforeldri kost á því að tala máli sínu. Samkvæmt 7. málslið 38. gr. breytist hámarksfjárhæð dagsekta í samræmi við lánskjaravísitölu 1. júlí 1992. Í samræmi við ofangreint er hámark dagsekta í nóvember 2001 kr. 6.653,-.[4]

Niðurlag 38. gr. er mjög afdráttarlaust og gefur ekki tilefni til mikils vafa — öðrum lagaúrræðum en dagsektum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti. Það eru því tekin

[2] Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*. Bókaútgáfa Orators, Reykjavík, bls. 238.

[3] Frumvarp til barnalaga, Alþingistíðindi (1991-1992) 115. lþ., 72. mál, þskj. 73.

[4] Hinn 1. júlí 1992 var lánskjaravísitalan 3.230 stig, en var 1. nóvember 4.298 stig. Við breytingu á barnalögum þarf að tengja hámarksupphæð við aðra vísitölu, þar sem hætt var að nota lánskjaravísitölu til verðtryggingar nýrra innlendra fjárskuldbindinga í apríl 1995, samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Hagstofu Íslands (www.hagstofa.is) 25. október 2001. Vegna verðtryggingar fjárskuldbindinga, sem urðu til fyrir þann tíma og eru með ákvæðum um lánskjaravísitölu skv. lögum nr. 13/1979, er reiknuð sérstök vísitala og tekur hún sömu breytingum og vísitala neysluverðs. Birting vísitölunnar er í samræmi við lög nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987. Sjá nú lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, sem tóku gildi 1. júlí 2001.

af öll tvímæli um að ekki verði beitt aðfarargerð, líkt og hægt er að nota til að framfylgja úrskurði um forsjá, sbr. 75. gr. barnalaga.[5]

3. Svíþjóð

3.1. Um umgengnisrétt

Ákvæði um umgengni í sænskum lögum er að finna í foreldralagabálkinum nr. 1949:381 (FB).[6] Í 6. kafla lagabálksins er fjallað um forsjá og umgengni (s. *umgänge*). Samkvæmt 1. mgr. 6:15 FB ber forsjárforeldri ábyrgð á því að umgengnisþörf barns verði uppfyllt eins og kostur er við forsjárlaust foreldri eða aðra sem standi barninu sérstaklega nærri. Í skýringum með ákvæðinu kemur meðal annars fram að barnið ætti ekki einungis að hitta þá sem það óskar eftir, heldur einnig skyldmenni og aðra sem er gefandi fyrir barnið að umgangast. Það er á ábyrgð forsjárforeldris að hvetja barnið til að hitta það foreldri sem ekki fer með forsjá þess, eða aðra einstaklinga sem standa barninu sérstaklega nærri, t.d. móður- eða föðurforeldra eða fyrrum fósturheimilisforeldra (s. *familjehemsföräldrar*).[7] Forsjárforeldri skal gefa upplýsingar um barnið, sem geta eflt eða styrkt umgengnina, nema sérstök rök mæli gegn því.[8] Upplýsingar sem átt er við með þessu ákvæði varða mikilvæga atburði sem hafa þýðingu vegna umgengninnar, t.d. búferlaflutningur barnsins, heilsufarsástand þess, skólaganga, tengsl við leikfélaga, einelti, áhugamál o.fl.[9]

Ef forsjárforeldri er andvígt kröfu forsjárlauss foreldris um umgengni, úrskurðar dómstóll um umgengni á grundvelli þess hvað barninu er fyrir bestu, sbr. 2. mgr. 6:15 FB. Við mat á hagsmunum barnsins skal m.a. taka tillit til aldurs og þroska þess, tengsl við foreldri sem ekki fer með forsjána, afstöðu þess, og hvernig sambandi foreldranna er háttað.[10] Ef forsjárforeldri er andvígt umgengni að kröfu annars aðila en foreldris barnsins, t.d. ættingjum látins foreldris eða fyrrum stjúpforeldra,[11] úrskurðar dómstóll að beiðni félagsmálanefndar (s. *socialnämnden*) um umgengni eftir því hvað barninu er fyrir bestu, sbr. 3. mgr. 6:15 FB. Dómstóll skal við mat á umgengni taka tillit til vilja barnsins með hliðsjón af aldri þess og þroska. Ennfremur skal dómstóllinn meta áhættuna á því hvort barnið verði fyrir ofbeldi, verði ólöglega numið á brott eða haldið kyrru[12] eða hljóti að öðru leyti einhvern skaða af framkvæmd umgengninnar, sbr. 4. mgr. 6:15 FB.

---

[5] Um beitingu 38. gr. barnalaga til ársins 1998, sjá svar dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, alþingismanns, um dagsektir vegna umgengnisbrota (123. löggjafarþing 1998-1999, þskj. 175 — 72. mál). Í svarinu kemur m.a. fram að frá gildistöku barnalaga 1. júlí 1992 hafði alls fjórum sinnum verið úrskurðað um dagsektir á grundvelli 38. gr. barnalaga, fjárnámsheimild ákvæðisins hafði verið beitt alls þrisvar sinnum, en engin innheimta dagsekta hafði skilað sér í ríkissjóð. Í svarinu kom einnig fram mat ráðuneytisins á gildi slíkra sekta í ljósi reynslunnar.

[6] Föräldrabalk, 10. júní 1949, SFS 1949:381, hér eftir skammstafað FB.

[7] Göran Ewerlöf í *Karnov 1998/99*, bls. 411, neðanmálsgrein nr. 169.

[8] Einkum er átt við upplýsingagjöf til þeirra aðila sem eiga rétt til umgengni við barnið, skv. nefndu ákvæði. Hins vegar kemur fram í skýringum með ákvæðinu að upplýsingagjöf geti einnig átt sér stað til annarra aðila, t.d. til starfsmanna félagsþjónustunnar (s. *socialtjänstemän*), sem geta lagt af mörkunum til að framkvæmd umgengni gangi vel fyrir sig. Hvorki er hægt að kæra ákvörðun forsjárforeldris um þetta atriði, né að þvinga (s. *sanktionera*, ATH) það beint fram.

[9] Göran Ewerlöf í *Karnov 1998/99*, bls. 411, neðanmálsgrein nr. 170.

[10] Göran Ewerlöf í *Karnov 1998/99*, bls. 411, neðanmálsgrein nr. 171, og prop. 1981/82:168, bls. 75.

[11] Göran Ewerlöf í *Karnov 1998/99*, bls. 411, neðanmálsgrein nr. 172.

[12] Í skýringum með ákvæðinu kemur fram að bæði beri að taka tillit til áhættunnar að barnið verði ólöglega numið á brott af landinu, og áhættunnar að barnið verði ólöglega fært (s. förs bort, ATH) eða haldið kyrru innan landsins. Göran Ewerlöf í *Karnov 1998/99*, bls. 411, neðanmálsgrein nr. 175.

3.2. Þvingunarúrræði

Í 21. kafla foreldralagabálksins er fjallað um fullnustu dóma, úrskurða eða samninga um forsjá, búsetu eða umgengni.[13] Í 1. mgr. 21:1 FB kemur fram nokkurs konar markmiðsyfirlýsing: Við fullnustu (s. *verkställighet*) skulu hagir barnsins hafðir að leiðarljósi.[14] Til að þvinga fram umgengnisrétt samkvæmt úrskurði eða dómi eru tvenns konar úrræði tæk: annars vegar er hægt að ákvarða sektir (s. *vite*) og hins vegar er unnt að fá aðstoð lögreglu til þess að sækja barn og framfylgja þannig úrskurði eða dómi um umgengni, sbr. 1. mgr. 21:3 FB.[15]

Kröfu um fullnustu úrskurðar eða dóms um forsjá, búsetu, umgengni eða að barn verði tekið úr umsjá forsjárforeldris, skal beina til dómstóls (s. *länsrätten*).[16] Áður en dómstóll mælir fyrir um fullnustu úrskurðar getur hann falið nefndarmanni eða varamanni í félagsmálaráði, starfsmanni innan félagsþjónustunnar eða öðrum sem þykir vel til þess fallinn, að vinna að því að sá sem annast barnið framfylgi skyldum sínum samkvæmt úrskurði eða dómi, sbr. 1. mgr. 21:2 FB. Sá frestur getur að hámarki verið tvær vikur, nema sýnt þyki að samkomulag náist af fúsum og frjálsum vilja. Framangreindir aðilar skulu afhenda dómstólnum yfirlit yfir þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið og hvað fram hefur komið, sbr. 2. mgr. 21:2 FB. Í skýringum með ákvæðinu kemur fram mikilvægi þess að það sé fullreynt að barn sé afhent af fúsum og frjálsum vilja. Þessi leið skal þó ekki farin ef telja má ósennilegt að það leiði til afhendingar barnsins, eða það tefji málið óþarflega.[17]

Ef dómstóll mælir fyrir um fullnustu úrskurðar eða dóms um umgengni, getur dómstóll ákvarðað sektir eða úrskurðað að barn skuli sótt með aðstoð lögreglu, sbr. 1. mgr. 21:3 FB. Þó má aðeins úrskurða að barn skuli sótt með aðstoð lögreglu í þeim tilfellum og með þeim skilyrðum sem fram koma í 2. og 3. mgr. sömu greinar. Samkvæmt 3. mgr., sem varðar umgengni, getur dómstóll úrskurðað að barn skuli sótt ef fullnusta geti annars ekki átt sér stað og barnið hafi sérstaka þörf fyrir umgengni við viðkomandi foreldri, sbr. 3. mgr. 21:3 FB. Með tilliti til hagsmuna barnsins skal reyna sektarúrræðið fyrst ef þörf er á að nota þvingunarúrræði. Afhending barns með aðstoð lögreglu án undanfarandi sektarmeðferðar skal eingöngu koma til skoðunar í undantekningartilfellum.[18] Nánari ákvæði um sektir er að finna í 4. mgr. 21:3 FB.

Ýmis tilfelli geta komið upp þar sem dómstóll getur breytt úrskurði eða dómi eða neitað að framfylgja honum. Ef aðstæður breytast frá því dómur var kveðinn upp getur dómstóll breytt skilyrðum eða tímasetningum vegna umgengni, sbr. 3. mgr. 21:4 FB. Fullnusta má ekki eiga sér stað andstætt vilja barnsins ef það er eldra en 12 ára nema dómstóll telji það nauðsynlegt með tilliti til velferðar þess. Það sama á við ef barn er yngra en 12 ára en að mati dómstóls svo þroskað að taka beri tillit til vilja þess, sbr. 21:5 FB. Ef greinilegt er að aðstæður hafi breyst síðan dómur eða úrskurður féll, og nauðsynlegt er að umgengni verði metin aftur með tilliti til hagsmuna barnsins, getur dómstóll jafnframt hafnað fullnustu, sbr.

---

[13] Einnig eru nánari ákvæði að finna í reglugerð 1967:715 um beitingu 21. kafla foreldralagabálksins (Förordningen (1967:715) om tillämpning av 21 kap. föräldrabalken, „tillämpningsförordningen").

[14] Eins og segir á sænsku: „Vid verksällighet skall barnets bästa komma i främsta rummet," 1. mgr. 21:1 FB.

[15] Í 1. mgr. 3. gr. 21. kafla stendur: „Förordnar länsrätten om verkställighet, får den förelägga vite eller besluta att barnet skall hämtas genom polismyndighetens försorg."

[16] *Länsrätten* er stjórnsýsludómstóll (1. dómstig) og fer einkum með mál milli einstaklinga og stjórnvalda.

[17] Janåke Kvennberg í *Karnov 1998/99*, bls. 453, neðanmálsgrein nr. 650.

[18] Janåke Kvennberg í *Karnov 1998/99* bls. 454, neðanmálsgrein nr. 654.

1. mgr. 21:6 FB. Þá getur dómstóll í öðrum tilfellum hafnað fullnustu ef hætta er á því að andleg eða líkamleg velferð barnsins beri skaða af, sbr. 2. mgr. 21:6 FB.

Allar ráðstafanir sem tengjast fullnustu úrskurðar eða dóms, þ.m.t. þegar barn er sótt með aðstoð lögreglu, skulu fara fram á eins nærgætinn hátt gagnvart barninu og hægt er, sbr. 1. mgr. 21:9 FB. Ef barn er sótt skal aðili vera viðstaddur sem veitt getur barninu stuðning. Með því er átt við tengilið samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Jafnframt skal barnalæknir, barnageðlæknir eða barnasálfræðingur koma við sögu ef hægt er, sbr. 2. mgr. 21:9 FB.

4. Danmörk

4.1. Um umgengnisrétt

Í dönskum rétti er ákvæði um umgengni að finna í 2. kafla laga um forsjá og umgengni, nr. 387/1995.[19] Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna skulu tengsl barns við báða foreldra þess tryggð þannig að það foreldri, sem ekki býr með barninu, njóti umgengnisréttar (d. *samvær*).[20] Þegar ágreiningur er um umgengni barns úrskurða stjórnvöld (d. *statsamtet*) um umfang og framkvæmd umgengni, og geta þau jafnframt úrskurðað um nauðsynleg atriði því tengdu. Haft er að leiðarljósi hvað barninu er fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 17. gr. Stjórnvöld geta breytt samningi eða úrskurði um umgengni þegar það er talið vera barni fyrir bestu, einkum vegna breyttra aðstæðna, sbr. 2. mgr. 17. gr. Þá geta stjórnvöld hafnað að staðfesta samning um umgengni eða fellt úr gildi samning eða úrskurð þar að lútandi þegar það er nauðsynlegt með tilliti til hagsmuna barnsins, sbr. 3. mgr. 17. gr. Ákvörðun stjórnvalds um umgengnisrétt er hægt að kæra til stofnunar um einkamálarétt (d. *Civilretsdirektoratet*). Kæra frestar þó ekki fullnustu umgengnisréttar.[21]

Stjórnvöld[22] skulu bjóða foreldrum og börnum sérfræðiráðgjöf þegar ósamkomulag er um forsjá og umgengni. Markmiðið er að hjálpa aðilum til að leysa deiluna með tilliti til þess hvað barninu er fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 28. gr. laganna.

4.2. Þvingunarúrræði

Um þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti er fjallað í réttarfarslögum, nr. 713/1999.[23] Í 478. gr. er talið upp í 7 töluliðum hvað geti verið grundvöllur aðfarar (d. *tvangsfuldbyrdelse*). Að því er snertir umgengni kemur fram að aðfarargerð geti átt sér stað á grundvelli dóma og úrskurða kveðnum upp af dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sáttum gerðum fyrir þeim, réttarsáttum um umgengni og ákvarðanir um forsjá og umgengni teknum af stjórnvöldum, sbr. nánar 478. gr.

Í 48. kafla er kveðið á um sérreglur við aðför til fullnustu kröfu um annað en peningagreiðslu. Kemur þar fram í 536. gr. að ákvörðunum um forsjá og framkvæmd umgengnisréttar megi framkvæma með því að beita sektum eða valdbeitingu. Sýslumaður er ekki bundinn af kröfum gerðabeiðanda um fullnustugerð. Aðför (d. *fuldbyrdelse*) fer ekki fram ef andlegri eða líkamlegri velferð barnsins er stefnt í voða. Í vafatilfellum getur sýslumaður frestað aðför til að afla sérfræðilegrar álitsgerðar, sbr. 1. mgr. 536. gr. Sýslumaður getur

---

[19] Lov 1995-06-14 nr. 387 om forældremyndighet og samvær, som ændret ved L 1997-06-10 nr. 416. Einnig er í gildi reglugerð um sama efni nr. 994/1995 (Bekendtgørelse 1995-12-14 nr. 994 om forældremyndighed og samvær, som ændret ved bkg. 1996-06-19 nr. 535 og bkg. 1996-12-13 nr. 1128).

[20] Réttur móður- og föðurforeldra, systkina eða annarra nákominna til umgengni er ekki tryggður í þessu ákvæði, sbr. Karnovs lovsamling, bls. 5314, neðanmálsgrein nr. 36.

[21] Karnov, bls. 5315, neðanmálsgrein nr. 37.

[22] d. *statsamtet.*

[23] Á dönsku: Retsplejelov, lovbekendtgørelse 1999-09-13 nr. 713.

tilnefnt óhlutdrægan aðila, t.d. fulltrúa frá sveitarfélaginu til að sinna þörfum barnsins við meðferð málsins. Sýslumaður getur eftir atvikum gefið gerðarþola stuttan frest áður en barn skal afhent eða umgengnisréttur framkvæmdur, sbr. 2. mgr. 536. gr. Ef beita á sektum ákveður sýslumaður daglegar eða vikulegar sektir sem gilda skulu þar til barn er afhent, sbr. 3. mgr. 536. gr. Við fullnustu ákvörðunar um umgengnisrétt er þó hægt að ákveða sekt sem fellur í gjalddaga þegar framkvæmd umgengnisréttar er ekki framfylgt á nánar tilgreindum tíma, eða að dagsektir eru lagðar á gerðarþola þar til barn er afhent, sbr. seinni málslið 3. mgr. 536. gr.

Dagsektum skal eingöngu beita til að hvetja hinn aðilann til að uppfylla skyldu sína.[24] Ef sáttaumleitanir í umgengnismáli hafa ekki borið árangur er meginreglan sú að sektir eru ákvarðaðar. Ástæðan fyrir því er sú, að valdbeiting er einkar óheppileg aðferð meðal annars vegna þess að til hennar gæti komið í nokkur skipti.[25] Hvað varðar dagsektir, eru þær ekki taldar raunhæfar varðandi umgengnisrétt, þar sem umgengnisrétturinn varir einungis í stuttan tíma í hvert skipti, t.d. yfir eina helgi. Framkvæmdin væri, að sýslumaður tilkynnti gerðarþola að fyrirfram ákveðin sekt falli í gjalddaga ef gerðarþoli framfylgi ekki umgengnisrétti í samræmi við úrskurð stjórnvalda við fyrsta tækifæri, sbr. nánar úrskurðinn.[26]

Sektir má innheimta með fjárnámi skv. 1. mgr. 11. gr. laga um fjárnám[27] og ef fjárnám reynist árangurslaust getur gerðarþoli þurft að sæta því að hann verði frelsissviptur.[28]

5. Noregur

5.1. Um umgengnisrétt

Í norskum lögum er ákvæði um umgengnisrétt að finna í 44. og 44. gr. a laga um börn og foreldra nr. 7/1981.[29] Í 1. mgr. 44. gr. kemur fram að barn eigi rétt til umgengni (n. *samvær*) með báðum foreldrum, jafnvel þótt þau búi aðskilin. Foreldrar hafa gagnkvæma skyldu að umgengnisréttur sé uppfylltur. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að barn eigi kröfu á umhyggju og umhugsun þess sem er með því. Sá sem er með barninu getur tekið ákvarðanir varðandi umhyggju barnsins meðan á umgengni stendur.[30]

Foreldri sem ekki býr með barni á rétt á umgengni við barnið nema annað sé umsamið eða ákveðið, og skal umfang umgengnisréttar ákveðið nánar í samningi, sbr. 1. mgr. 44. gr. a. Verði samið um eða ákveðin „venjuleg umgengni" gefur það rétt til umgengni við barnið einn eftirmiðdag í viku, aðra hvora helgi, 14 daga í sumarleyfistíma og jól eða páska, sbr. 2. mgr. 44. gr. a.

Í 3. mgr. 44. gr. a er að finna ýmis ákvæði varðandi umgengnisréttinn. Kemur þar m.a. fram að foreldrar geta höfðað mál fyrir dómstólum varðandi umfang umgengnisréttar, en málið getur farið til meðferðar hjá sýslumanni (n. *fylkesmannen*) ef aðilar eru um það sammála. Beina má deilumáli vegna umgengnisréttar til meðferðar sýslumanns þótt aðeins annað foreldranna fari fram á það, ef barn hefur náð 15 ára aldri. Ákvörðun um umgengni skal fyrst

[24] Karnovs lovsamling, bls. 7864, neðanmálsgrein nr. 2135.

[25] Karnovs lovsamling, bls. 7865, neðanmálsgrein nr. 2138.

[26] Karnovs lovsamling, bls. 7865, neðanmálsgrein nr. 2143.

[27] d. Lov om udpantning og om udlæg uden grundlag av dom eller forlig, nr. 774/1986 (d. *utpantningsloven*).

[28] Karnovs lovsamling, bls. 7865, neðanmálsgrein nr. 2136.

[29] Lov 1981-04-08 nr. 07: Lov om barn og foreldre (barnelova).

[30] Ákvæði 2. mgr. 44. gr. er svohljóðandi: „Barnet har krav på omsut og omtanke frå den som er saman med barnet. Den som er saman med barnet, kan ta avgjerder som gjeld omsuta for barnet under samværet." Orðalag ákvæðisins bendir til þess að það nái til þess sem dvelst með barninu, en ekki eingöngu til forsjárforeldris.

og fremst byggð á því hvað barni er fyrir bestu, og binda má framkvæmd umgengnisréttar skilyrðum. Málsaðilar skulu leita sátta áður en mál kemur til meðferðar dómstóla eða sýslumanns og setur barna- og fjölskylduráðuneytið (n. *Barne- og familiedepartementet*) nánari tilmæli um slíkar sáttatilraunir. Samsvarandi ákvæði eru í norsku hjúskaparlögunum,[31] sbr. nánar 3. mgr. 44. gr. a.

Tilkynna skal því foreldri sem ekki fer með forsjá barns tímanlega þegar umgengni getur ekki farið fram eða þegar nánar þarf að ákveða tímasetningu umgengni, sbr. 4. mgr. 44. gr. a. Ef framkvæmd umgengnisréttar er hindruð af forsjárforeldri eða aðila sem barnið býr hjá, getur sá sem nýtur umgengnisréttar krafist nýrrar ákvörðunar samkvæmt 2. mgr. 39. gr. um skipan forsjár barnsins eða hjá hverjum barnið skuli búa, sbr. 5. mgr. 44. gr. a.

Í 44. gr. b. er kveðið á um ferðakostnað í tengslum við umgengni og 45. gr. varðar umgengnisrétt annarra en forelda barns.

5.2. Þvingunarúrræði

Samkvæmt norskum rétti er einungis hægt að beita sektum ef ákvæði um umgengnisrétt eru ekki virt. Samkvæmt 48. gr. laganna má þvinga fram ákvörðun um umgengni með sektum samkvæmt almennum reglum í 13. kafla aðfararlaga, nr. 86/1992.[32] Sýslumaður (n. *namsmannen*) annast innheimtu sekta. Innheimta skal aðeins fara fram ef þess er krafist af hálfu þess aðila sem ekki fær notið umgengnisréttar. Fyrir ákveðið tímabil getur héraðsdómur (n. *namsretten*)[33] fyrirfram ákvarðað sekt sem leggst á í hvert skipti sem umgengnisréttur er ekki virtur. Samþykkt frá sýslumanni eða ráðuneytinu er sérstakur grundvöllur þvingunar. Fullnusta má samkvæmt bráðabirgðaákvörðun um umgengni þótt hún sé ekki endanleg, sbr. síðasta málslið 48. gr. laganna.

Eins og áður er fram komið eru nánari ákvæði um fullnustuna að finna í 13. kafla aðfararlaga, sem fjallar um fullnustu kröfu um annað en peningakröfu.

6. Finnland

6.1. Um umgengnisrétt

Í Finnlandi gilda lög nr. 361/1983 um forsjá barna og umgengnisrétt.[34] Í 2. gr. laganna kemur fram að tilgangur umgengnisréttar sé að tryggja rétt barns til að halda sambandi við og hitta foreldri sem það býr ekki hjá, sbr. 1. mgr. 2. gr. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skulu foreldrar barnsins stuðla að því að tilgangi umgengnisréttar verði náð samkvæmt meginreglu 1. mgr., með gagnkvæmu samkomulagi og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Foreldrar geta samið um umgengnisrétt og í þeim samningi kveðið á um hvernig sambandi barns skuli háttað við það foreldra sem það býr ekki hjá, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. Slíkan samning þarf að gera skriflega og þarf félagsmálanefnd (s. *socialnämnden*) þess sveitarfélags, þar sem barn er búsett, að samþykkja samninginn, sbr. 1. mgr. 8. gr. Samningur sem félagsmálanefnd hefur samþykkt telst gildur, og má fullnusta samkvæmt honum eins og um úrskurð dómstóls væri að ræða, skv. 2. mgr. 8. gr. Þá getur dómstóll kveðið upp úrskurði um umgengnisrétt, sbr. 5. tl. 1. mgr. 9. gr. Þegar dómstóll úrskurðar um umgengnisrétt getur hann

---

[31] Lov om ekteskap (ekteskapslova) nr. 47/1991, §§ 26 og 26 a.

[32] Lov om tvangsfullbyrdelse og midlertidig sikring (tvangsfullbyrdelsesloven) nr. 86/1992. Á nýnorsku eru lögin nefnd „tvangsfullføringslova" og er þannig vísað til þeirra í 48. gr. barnalaganna.

[33] Samkvæmt upplýsingum undirritaðarar er *namsretten* bæjar- eða héraðsdómstóll (*by- eller herredsretten*) þegar dómstóllinn hefur til meðferðar mál sem varða aðför.

[34] Lag angående vårdnad om barn och umgängesrätt nr. 361/1983.

mælt fyrir um nánari skilyrði sem gilda skuli um umgengnina og réttinn til að hafa barnið hjá sér, sbr. 3. mgr. 9. gr. Í slíkum málum skulu hagsmunir barnsins hafðir að leiðarljósi, sbr. 1. mgr. 10. gr.

6.2. Þvingunarúrræði

Mælt er fyrir um þvingunarúrræði í lögum um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt, nr. 619/1996[35] og reglugerð sama efnis, nr. 729/1996.[36] Í 2. gr. laganna kemur fram að sé barn orðið 12 ára megi fullnusta umgengnisréttar *(s. verkställighet)* ekki fara fram andstætt vilja þess. Ef barn er yngra en 12 ára, og svo þroskað að hægt sé að taka tillit til vilja þess, má þvingun ekki heldur fara fram andstætt vilja þess. Allar ráðstafanir sem varða börn skulu framkvæmdar á eins tillitssaman hátt og mögulegt er og á þann hátt að ekki komi barni í uppnám, sbr. 3. gr.

Kröfu um fullnustu umgengni skal beint til dómstóls (*s. tingsrätt*) í því umdæmi þar sem barnið eða varnaraðili eru búsett eða eitthvert þeirra vistast, sbr. 4. gr. laganna. Þegar krafa hefur borist dómstóli skal hann fela sáttasemjara að reyna sátt í málinu, sbr. 1. mgr. 6. gr. Nánari ákvæði um tilnefningu hans er að finna í 9. gr. Kemur þar fram að félagsmálayfirvöld skuli tilnefna hæfilega marga einstaklinga til að annast sáttatilraunir í sveitarfélaginu skv. 6.–8. gr. Einungis má tilnefna aðila sáttasemjara sem hefur sérþekkingu á sviði sálfræði, geðlæknisfræði eða félagsfræði, og hefur starfað með börnum og fjölskyldum eða að barnaverndarmálum.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. þarf ekki að reyna sættir í þeim tilvikum þegar velferð barns krefst þess að ákvörðun verði fullnustað þegar í stað, greinilegt er að sáttameðferð muni ekki leiða til árangurs með tilliti til undangenginna sáttatilrauna, eða ef minna en þrír mánuðir eru liðnir frá því að ákvörðun um forsjár var tilkynnt og ekki eru sérstök rök fyrir því að mæla fyrir um málamiðlum.

Tilgangur málamiðlunar er að stuðla að samvinnu aðila til að tryggja velferð barnsins samkvæmt þeirri ákvörðun sem á að þvinga fram, sbr. 7. gr. laganna. Þar er einnig mælt nánar fyrir um störf og ráðstafanir sáttasemjara, sbr. og 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skal fullnusta ákvörðunar um umgengnisrétt fara þannig fram, að varnaraðili er skyldaður til að leyfa samvistir barns og sóknaraðila, auk þess að gera aðrar ráðstafanir til að samvistirnar geti orðið að veruleika, samkvæmt ákvörðun um umgengni. Í Finnlandi eru tvö úrræði fyrir hendi til að fullnusta ákvörðun um umgengnisrétt; annars vegar að varnaraðili er skyldaður að framkvæma skyldu sína samkvæmt ákvörðun að viðlögðum sektum (s. *vite*), sbr. 2. mgr., og hins vegar að barn er sótt með valdi.[37] Skilyrði fyrir því úrræði er að telja verði ósennilegt að ekki verði annars af samvistum og sérstök rök mæli með því með tilliti til velferðar barns, sbr. 3. mgr.

Í 17. gr. er talið upp í 7 liðum til hvaða ráðstafana dómstóll getur gripið með það að markmiði að tryggja að fullnusta fari fram, og í 18. gr. er fjallað um álagningu sekta. Samkvæmt 1. mgr. ber að ákvarða sektir að ákveðinni upphæð. Ákvörðun sekta getur þó ráðist af tímalengd ef sérstakar ástæður mæla með því, t.d. daglegar sektir (s. *löpande vite*). Þess háttar sektir samanstanda af annars vegar ákveðinni grunnupphæð og hins vegar viðbótarupphæð, sem bætist við sektina með ákveðnu millibili á ákveðnu tímabili (s.

[35] Lag om verkställighet av beslut beträffande vårdnad om barn och umgängesrätt 16.8.1996/619.

[36] Förordning om verkställighet av beslut beträffande vårdnad om barn och umgängesrätt 18.10.1996/729.

[37] „Verkställigheten av ett beslut om umgängesrätten kan dock även förordnas att ske så att det bestäms att barnet skall hämtas..."

vitesperiod) ef ákvörðun um umgengni er ekki virt. Einnig er hægt að ákvarða daglegar sektir *(s. löpande vite)* þannig að ákveðin viðbótarupphæð skuli greiðast fyrir hvert skipti sem ákvörðunin ekki er virt. Þess háttar sektir má ekki leggja á lengra tímabil en sex mánuði, sbr. 2. mgr. 18. gr.

Þegar dómstóll hefur ákveðið að barn skuli sótt með valdi heyrir fullnustan undir sýslumann, sbr. 21. gr.[38] Um ráðstafanir sýslumanns gilda viðeigandi ákvæði í aðfararlögum um fullnustu dóma eða ákvarðana, nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum um forsjá barna og umgengnisrétt, nr. 619/1996.

Þegar barn er sótt með hjálp yfirvalda skal sá sem leitaði sátta milli aðila málsins eða fulltrúi félagsmálayfirvalda vera viðstaddur gerðina. Þeir aðilar skulu sjá til þess að til staðar sé einnig aðili sem stendur barninu nærri, og einnig læknir eða annar sérfræðingur ef þörf er á, sbr. 2. mgr. 24. gr.

7. Þýskaland[39]

7.1. Um umgengnisrétt

Í þýskum rétti hefur hvert foreldri rétt og skyldu til að umgangast barn sitt óháð því hvort það fari með forsjá þess (þ. *elterliche Sorge*). Foreldri, sem barn býr hjá, á að gera hinu foreldrinu það mögulegt að umgangast barn sitt. Foreldrar eru skyldugir til að láta allt hjá líða sem gæti spillt sambandi barns við hitt foreldrið eða gerir uppeldi barnsins erfitt, sbr. 1. og 2. mgr. 1684. gr. borgaralegu lögbókarinnar (BGB).[40]

Í grundvallaratriðum er kappkostað við að foreldrar komist að samkomulagi um fyrirkomulag umgengnisréttar. Þegar fjölskyldudómstólinn (þ. *das Familiengericht*) og barnaverndaryfirvöld (þ. *das Jugendamt*) hafa til meðferðar ágreining er varðar umgengnisrétt, er keppt að því fyrst og fremst að ná samkomulagi sem báðir foreldrarnir eru ásáttir við, þar sem við það aukast líkur á að samkomulag um umgengni verði virt.

Fjölskyldudómstóll getur ákveðið umfang umgengnisréttar og nánar um framkvæmd hans, komist foreldrar ekki að samkomulagi um eðli og umfang umgengnisréttar þess foreldris sem barn býr ekki hjá, sbr. 3. mgr. 1684. gr. BGB. Í slíkum úrskurðum dómstóla er venjulega kveðið á um stund, lengd og tíðni umgengni, og einnig staðsetningu og eðli umgengni við barn.[41]

Dómstóll úrskurðar í samræmi við velferð barns með hliðsjón af raunverulegum aðstæðum og hagsmunum málsaðila, sbr. 1697. gr. BGB.

7.2. Þvingunarúrræði

Þegar erfiðleikar koma upp við framkvæmd umgengnisréttar, einkum þar sem forsjárforeldrið varnar því að umgengni barns við hitt foreldrið geti átt sér stað, geta foreldrar beðið barnaverndaryfirvöld (þ. das *Jugendamt*) um aðstoð og ráðgjöf, sbr. 18. gr. áttundu bók þjóðfélagslögbókarinnar.[42]

---

[38] s. *utmätningsmannen*. Þýðing sem gefin í orðabók: Lögtaksmaður, fógeti.

[39] Eftirfarandi kafli um þýskan rétt er byggður á bréfi sem höfundur fékk frá þýska dómsmálaráðuneytinu (Bundesministerium der Justiz), dags. 28. mars 2000, sem svar við fyrirspurn um þýskan rétt varðandi þessi atriði.

[40] Bürgerliche Gesetzbuch, skammst. BGB.

[41] Væntanlega hvort umgengni eigi við í málinu, eða hvort kveðið er á um annars konar samskipti en umgengni, s.s. bréfaskipti eða símtöl.

[42] § 18 Achtes Buch Sozialgesetzbuch, SGB VIII.

Þann 1. júlí 1998 gengu í gildi lög til að endurbæta barnaréttinn (þ. *kindschaftsrecht*). Með lögunum var jafnframt innleidd sáttaleið fyrir dómstólum til að betur væri hægt að framkvæma umgengisréttinn, sbr. 52. gr. a laga um málefni sjálfviljugs dómsvalds, FGG.[43] Ef ákvörðun dómstóls liggur þegar fyrir um umgengnisrétt, þegar ágreiningur ris milli foreldra, á að gera foreldrum kleift með aðstoð dómstólsins, að komast að samkomulagi, sem báðir aðilar eru sáttir við. Þessi nýmæli í lögunum hvíla á þeim grunni að lausnir deilumála verði helst samþykktar og virtar sem orðið hafa til fyrir atbeina aðila.

Dómstóll getur úrskurðað að það forsjárforeldri sem tálmar umgengni beri að greiða sekt (þ. *Zwangsgeld*) til að knýja á um að ákvæði samkomulags um umgengni verði virt í framtíðinni, sbr. 33. gr. FGG. Jafnframt er hægt að úrskurða að forsjárforeldri skuli sæta fangelsisvist (þ. *Zwangshaft*). Því úrræði ber einungis að beita í undantekningartilfellum, með tilliti til þeirra neikvæðu áhrifa sem það hefur á fjölskyldulegar aðstæður, einkum barnsins sem í hlut á.

Dómstóll getur úrskurðað að forsjárforeldri skuli svipt forsjá í stað þess að umgengnisrétti verði náð með þvingun, ef það er til hagsbóta fyrir barnið. Í því tilfelli væri hægt að flytja forsjána til foreldris sem brotinn hefur verið á umgengnisréttur. Þessi ráðstöfun kemur einungis til greina eftir gaumgæfilegt mat á kringumstæðum og málavöxtum vegna þeirra djúpstæðu áhrifa sem slík breyting hefði á viðkomandi barn.

Nánari ákvæði varðandi umgengni, umgengnisrétt og þvingunarúrræði í þýskum rétti er að finna í 1626. gr., 1627. gr., 1632. gr., 1666. gr., 1671. gr., 1684. gr., 1696. gr., 1697 a gr. BGB, 18. og 50. gr. SGB VIII og 33. gr. og 52. gr. a FGG.

8. England[44]

8.1. Um umgengnisrétt

Stjórnvöld í Bretlandi er þeirrar skoðunar að börn hafi almennt hag af því að viðhalda stöðugu sambandi við báða foreldra sína. Barnalögin frá 1989[45] hvetja foreldra sem ekki búa saman til að gera eigin ráðstafanir varðandi framtíð barna sinna. Í málum þar sem foreldrum er ókleift að ná samkomulagi er það hlutverk dómstóla að kveða upp úrskurð.

Dómstólum ber skylda til að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi í öllum málum sem varða uppeldi barns, þar með talin mál sem varða búsetu (e. *residence*) og umgengni (e. *contact*). Dómstólar ákveða hvað barni er fyrir bestu á grundvelli málsatvika í hverju einstöku máli. Allir foreldrar geta farið fram á umgengni við barnið sitt. Dómstólar hlýða á rök aðila og ákveða að því loknu hvað barni er fyrir bestu í hverju einstöku máli.

Samkvæmt barnalögunum frá árinu 1989 ber dómstólum, þegar umsókn er til meðferðar varðandi búsetu eða umgengni, að taka tillit til þess skaða sem barnið hefur orðið fyrir eða líklegt er að það verði fyrir. Dómstólar geta bundið umgengni skilyrðum í viðeigandi til-

---

[43] Á þýsku: § 52 a des Gesetz über die Angelegenheiten der freiwilligen Gerichtbarkeit - FGG. Höfundi hefur ekki tekist að þýða heiti laganna almennilega, en heldur að um sé að ræða dómstól sem aðilar þurfa vera sammála um að leita til.

[44] Örðugt reyndist að finna heimildir um umgengnisrétt og þvingunarúrræði í enskum rétti. Eftirfarandi kafli er því byggður á bréfi sem höfundur fékk sem svar við fyrirspurn um þessi atriði frá Lord Chancellor's Department, Family Policy Division, dags. 26. maí 2000. Lord Chancellor er „breskur embættismaður sem gengur næst dómsmálaráðherra að völdum í ríkisstjórn; er forseti lávarðadeildar þingsins og situr í forsæti hennar þegar hún dæmir í málum sem áfrýjunardómstóll. Hann er jafnframt forseti í *The Supreme Court of Judicature*, dómari í *The Court of Appeal* og forseti í *The Chancery Division of the High Court*." Sören Sörenson, Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi, bls. 599.

[45] The Children Act 1989.

fellum og gefið fyrirmæli í smáatriðum hvenær, hvar og hvernig umgengni skuli fara fram, þar með talið hvort umgengni fari fram undir eftirlit og hvernig því verði háttað. Hægt er að úrskurða um umgengni undir eftirliti með þeim skilmálum að opinber aðili (e. *welfare officer*) eða annar þriðji aðili skuli vera viðstaddur allt eða hluta tímabils umgengni við barn. Úrskurða má um slíkt við kringumstæður þar sem meint ofbeldi eða misnotkun hefur átt sér stað eða komið fyrir. Í sumum tilfellum getur dómstóll úrskurðað enga umgengni, eða að önnur samskipti eigi betur við, s.s. korta- eða bréfaskipti.

8.2. Þvingunarúrræði

Það er viðurkennt að foreldrar, sem fengið hafa lögskilnað eða skilnað að borði og sæng og ekki búa með börnum sínum, eiga stundum í erfiðleikum með að viðhalda umgengni við þau. Í sumum tilfellum er það vegna tálmandi hegðunar þess foreldris sem barnið býr hjá.

Þvingun umgengnisréttar er viðkvæmt úrræði samkvæmt engilsaxneskum rétti. Það að neita með ráðnum hug að hlýða dómsúrskurði er bein óvirðing við réttinn og hægt er að refsa fyrir slík brot með sektum eða fangelsi.[46] Refsing í formi sekta eða fangelsis getur samt sem áður verið ekki viðeigandi í umgengnisréttarmálum vegna þeirra áhrifa sem refsingin getur haft á barnið sem stendur í miðju deilunnar. Það er samt sem áður ófullnægjandi að bæði dómsúrskurður um umgengni sé virtur að vettugi án þess að refsing hljótist af, og að barni sé neitað um umgengni við annað foreldra sinna.

Samkvæmt upplýsingum frá Lord Chancellors's Department í Englandi er engin auðveld lausn til á þessu vandamáli. Staðan í Englandi virðist vera þannig að undirnefnd barnalaganna í ráðgjafarnefnd um fjölskyldurétt[47] ætlar að kynna sér þetta mál nánar og gefa út skýrslu um þetta efni í lok ársins 2000. Er þess vænst að einhverjar tillögur varðandi þessi mál komi fram þar.

Höfundi þessa könnunnar er ókunnugt um hvort þegar sé búið að gefa út ofangreinda skýrslu eða hvaða tillögur þar koma fram.

9. Samantekt og helstu ályktanir

9.1. Almennt

Það er ljóst af undangenginni yfirferð að þær þjóðir, sem könnun þessi tekur til, nálgast á ólíkan hátt þau álitaefni sem til staðar eru varðandi umgengnisrétt og þvingunarúrræði vegna brota á þeim rétti. Þó má finna samsvörun í rétti norrænu þjóðanna, svo sem við var að búast. Það er þó sameiginlegt einkenni á rétti allra þjóðanna, að hagsmunir barnsins skuli hafðir að leiðarljósi við ákvörðun um umgengni, ef foreldrum tekst ekki að ákveða á eigin spýtur umgengni barns og foreldris sem það ekki býr hjá.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum atriðum varðandi umgengnina og gerður samanburður milli landanna. Að eftirtöldum atriðum verður vikið; umgengni barns við það foreldri sem ekki fer með forsjá þess, og vandamenn, inntak umgengnisréttar, lagatæknileg atriði, ráðgjöf og að lokum tæk þvingunarúrræði — dagsektir eða aðför (innsetning). Verður einkum litið til norræns réttar, þar sem nákvæmar upplýsingar um einstök atriði í þýskum og enskum rétti liggja ekki fyrir.

---

[46] „Deliberate refusal to obey any court order is a contempt of court and can be punished with a fine or imprisonment."

[47] The Children Act Sub-Committee of the Advisory Board on Family Law.

9.2. Umgengni barns við það foreldri sem ekki fer með forsjá þess, og vandamenn

Kveðið er á um rétt barns til umgengni við það foreldri sem ekki fer með forsjá þess og gagnkvæmt í rétti allra þjóðanna sem hér hefur verið til umfjöllunar. Enda verður að telja að önnur niðurstaða samræmist vart nútímaviðhorfum, þegar barn býr við góðar eða þokkalegar fjölskylduaðstæður.

Þannig er kveðið skýrt á um það í 1. mgr. 37. gr. íslensku barnalaganna, nr. 20/1992, að barn eigi rétt á umgengni við það foreldra sinna er ekki fer með forsjá þess og gagnkvæmt. Samkvæmt ákvæðinu er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta. Sambærilegt ákvæði er í norsku lögunum um börn og foreldra, nr. 7/1981. Í 1. mgr. 16. gr. dönsku laganna um forsjá og umgengni, nr. 387/1995, kemur fram að tengsl barns við báða foreldra sína skulu tryggð þannig að það foreldri, sem ekki býr með barninu, njóti umgengnisréttar.

Gengið er skrefi lengra í sænsku og finnsku lögunum. Þannig kemur fram í 1. mgr. 6:15 sænska foreldralagabálksins nr. 1949:381, FB, að forsjárforeldri beri ábyrgð á því að umgengnisþörf barns verði uppfyllt við forsjárlaust foreldri eða aðra sem standi barninu sérstaklega nærri, eins og kostur er. Það sé á ábyrgð forsjárforeldris að hvetja barnið til að hitta foreldrið sem ekki fer með forsjána, eða aðra einstaklinga sem standi barninu sérstaklega nærri, t.d. móður- eða föðurforeldra eða fyrrum fósturheimilisforeldra.

Þá kemur fram í 2. mgr. 2. gr. finnsku laganna um forsjá barna og umgengnisrétt, nr. 361/1983, að foreldrar barns skuli vinna að því að tilgangi umgengnisréttar verði náð samkvæmt meginreglu 1. mgr. með gagnkvæmu samkomulagi og með hagsmuni þess að leiðarljósi, sem er að tryggja rétt barns til að halda sambandi við og hitta foreldri sem það býr ekki hjá.

Misjafnt er hvort einungis sé kveðið á um umgengnisrétt foreldris, eða einnig umgengnisrétt við aðra nána vandamenn. Þannig er mögulegt á Íslandi að ákvarða umgengnisrétt við nána vandamenn, ef foreldri er látið eða getur ekki rækt umgengni, sbr. 5. mgr. 37. gr. barnalaga. Sambærileg heimild er í sænskum og norskum lögum.

Hins vegar tryggja ákvæði um umgengni í dönsku lögunum ekki rétt móður- og föðurforeldra, systkina eða annarra nákominna vandamanna til umgengni.[48] Í finnskum lögum virðist heldur ekki skýrt vikið að rétt náinna vandamanna til umgengni.

9.3. Inntak umgengnisréttar

Mismunandi er hversu nákvæmlega inntak umgengnisréttar er tilgreint í lögum landanna. Þannig er t.d. í íslensku barnalögunum ekki tiltekið nákvæmlega um inntak umgengninnar, þar sem talið hefur verið að til margs verði að líta þegar úrskurða þurfi um inntak umgengni, og skuli hún ákvörðuð eftir því sem hverju einstöku barni þykir koma best.[49] Svipað er uppi á teningnum í dönskum, sænskum og finnskum lögum.

Í Noregi er hins vegar önnur leið farin í þessum efnum. Í lögum um börn og foreldra, nr. 7/1981, er nákvæmlega tiltekið hvernig „venjulegri umgengni" skuli háttað. Kemur m.a. fram í 1. mgr. 44. gr. a að foreldri sem ekki býr með barni eigi rétt á umgengni við það nema annað sé umsamið eða ákveðið, og skal umfang umgengnisréttar ákveðið nánar í samningi.

---

[48] Karnovs lovsamnling, bls. 5314, neðanmálsgrein nr. 36.

[49] Dómsmálaráðuneytið. Leiðbeiningar til sýslumanna um meðferð sifjamála („hvíta bókin"), 1992 með áorðnum breytingum, Umgengnismál, bls. 6–7. Óútgefið, en dreift til sýslumanna.

Verði samið um eða ákveðin „venjuleg umgengni" gefur það rétt til umgengni við barn einn eftirmiðdag í viku, aðra hverja helgi, 14 daga í sumarleyfistíma og jól eða páska, sbr. 2. mgr. 44. gr. a.

Þá er einungis að finna í norskum rétti, að því er undirrituð kemst næst, ákvæði þess efnis að tilkynna skuli tímanlega ef umgengni geti ekki átt sér stað eins og fyrirfram ákveðið, eða ef ákveða þarf nánar varðandi tímasetningu umgengni, sbr. 4. mgr. 44. gr. a laga um börn og foreldra, nr. 7/1981.

9.4. Lagatæknileg atriði

Ýmist er mælt er fyrir um þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti í barnalögunum eða í réttarfarslögum í viðkomandi löndum.

Í íslenskum barnalögum, nr. 20/1992, er ákvæði um umgengni og þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti að finna í sömu lögunum, barnalögum. Því er líkt farið í sænskum rétti, en þar er kveðið á um umgengni og þvingunarúrræði í foreldralagabálkinum. Í Noregi er hins vegar að finna almenn ákvæði um umgengni og þvingunarúrræði í lögum um börn og foreldra, en vísað í aðfararlög varðandi innheimtu sekta.

Þessu er á annan veg farið í dönskum og finnskum rétti. Í dönskum rétti er ákvæði um umgengni að finna í lögum um forsjá og umgengni, en um þvingunarúrræðin, sektir og valdbeitingu, er fjallað í réttarfarslögum. Í finnskum lögum er fjallað um umgengni í lögum um forsjá barna og umgengnisrétt, en um þvingunarúrræðin í lögum um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt.

9.5. Ráðgjöf

Það er sammerkt í rétti þeirra þjóða sem hér hefur verið til umfjöllunar, að það viðhorf virðist ríkja að reyna skuli til þrautar að ná sáttum milli aðila áður en til kasta stjórnvalda kemur. Liggur þar eflaust að baki það sjónarmið að aðilum gangi best að halda samkomulag sem þeir hafa sjálfir komið á. Virðist það því vera takmarkið að sem flestum ágreiningsmálum um umgengni ljúki með samkomulagi aðila sjálfra í stað stjórnvaldsúrskurðar eða dóms. Einnig er ljóst að ef samkomulag hefur ekki náðst áður en gripið er til þvingunarúrræða, er líklegt að deilan verði enn illleysanlegri en áður. Þá hefur einnig komið fram að þvingunarúrræði til að ná fram umgengnisrétti eru ekki varanleg lausn, t.d. er óásættanlegt til frambúðar að koma þurfi á umgengni með valdi aðra hverja viku.

Það virðist færast í vöxt að foreldrum sem ekki tekst að ná samkomulagi um forsjá og umgengni sé boðin ráðgjöf, þannig að aðilar geti með aðstoð utanaðkomandi aðila leyst sín mál sjálfir í eins góðri sátt og hægt er. Er þetta í takt við síðustu breytingu á barnalögunum nr. 20/1992, sbr. lög nr. 18/2001. Að þeirri lagasetningu bjó m.a. að baki tilraunaverkefni við embætti sýslumannsins í Reykjavík, sem fólst í því að öllum foreldrum sem áttu í ágreiningsmálum vegna umgengni, og einnig í mörgum forsjármálum, var boðið upp á sérfræðiráðgjöf og sáttaumleitan sem hafði að markmiði að hjálpa foreldrum að leysa ágreiningsmál með samkomulagi þar sem hagsmunir barna voru hafðir að leiðarljósi.[50] Sú ráðgjöf, sem framkvæmd var í tilraunaskyni, skilaði góðum árangri og var í framhaldinu lagt til að þessi þjónusta yrði boðin í umdæmum allra sýslumanna. Var það lögfest, sbr. núgildandi 37. gr. a barnalaga, nr. 20/1992, sbr. lög nr. 18/2001.

---

[50] Alþingistíðindi (2000–2001). Frumvarp til laga um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992. 126. lþ., þskj. 377 — 314. mál.

Verður að telja þetta mjög jákvætt atriði og skref í rétta átt, þar sem það hlýtur í flestum tilvikum að auðvelda framkvæmd umgengni í framtíðinni að aðilar sjálfir komist að samkomulagi um hana.

Hvað viðkemur rétti annarra þjóða varðandi þetta úrræði, virðist vera mismunandi hvort boðið er upp á ráðgjöf þegar ósamkomulag er í upphafi um fyrirkomulag umgengni, eða hvort boðið er upp á ráðgjöf á seinni stigum, t.d. þegar þvinga á fram umgengni.

Í 1. mgr. 28. gr. dönsku laganna um forsjá og umgengni, kemur fram að stjórnvöld skuli bjóða foreldrum og börnum sérfræðiráðgjöf þegar ósamkomulag er um forsjá og umgengni. Markmiðið er að hjálpa aðilum að leysa deiluna með tilliti til þess hvað barninu er fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 28. gr. laganna. Í norskum rétti er kveðið á um að málsaðilar skuli leita sátta áður en mál kemur til meðferðar dómstóla eða sýslumanns og setur barna- og fjölskylduráðuneytið nánari tilmæli um slíkar sáttatilraunir, sbr. 3. mgr. 44. gr. a laga um börn og foreldra.

Samkvæmt 1. mgr. 6:18 sænska foreldralagabálksins getur dómstóll, þegar ósamkomulag er um forsjá eða umgengni, lagt fyrir félagsmálanefnd eða aðra stofnun að skipuleggja samtal í þeim tilgangi að ná samkomulagi milli foreldra (s. *samarbetssamtal*) vegna hagsmuna barnsins. Í finnsku lögunum um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt, nr. 619/1996, er kveðið á um störf sáttasemjara í 6. gr. Samkvæmt 1. mgr. skal dómstóll fela sáttasemjara að reyna sátt í málinu, þegar krafa um fullnustu umgengnisréttar hefur borist dómstóli. Einungis má tilnefna aðila sáttasemjara sem hefur sérþekkingu á sviði sálfræði, geðlæknisfræði eða félagsfræði, og hefur starfað með börnum og fjölskyldum eða að barnaverndarmálum. Samkvæmt 7. gr. sömu laga er tilgangur málamiðlunar að stuðla að samvinnu aðila til að tryggja velferð barnsins samkvæmt þeirri ákvörðun sem á að þvinga fram.

9.6. Tæk þvingunarúrræði — dagsektir eða aðför (innsetning)

Þegar komið er að því tímamarki að beita þurfi þvingunarúrræðum í þeim tilgangi að knýja fram umgengni, verða önnur úrræði að vera fullreynd. Ljóst er að beiting þvingunarúrræða getur haft skaðleg áhrif á barnið. Það er því almenn regla í löggjöf landanna að þvingunarúrræðum skuli beitt af varfærni gagnvart barninu miðað við aðstæður. Í löggjöf Norðurlandanna eru tvenn þvingunarúrræði sem hægt er að beita til að framfylgja umgengnisrétti; sektir og aðför (innsetning).

Eins og áður hefur komið fram er samkvæmt íslenskum rétti einungis hægt að beita dagsektum þegar umgengni er ekki virt, sbr. 38. gr. barnalaga, nr. 20/1992, og hefur löggjafinn með einkar skýru orðalagi tekið af öll tvímæli að öðrum lagaúrræðum verði ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti, sbr. 38. gr. barnalaga. Samkvæmt norskum rétti eru sektir einnig eina úrræðið vegna brota á umgengnisrétti, sbr. 48. gr. laga um börn og foreldra, nr. 7/1981. Hvað öll hin Norðurlöndin varðar er hins vegar hægt að beita sektum *eða* aðför (innsetningu). Fyrir síðast nefndu valdbeitingunni eru strangar kröfur og verður hér gerð nánari grein fyrir aðstæðum í hverju landi fyrir sig.

Samkvæmt 1. mgr. 21:3 sænska foreldralagabálksins eru tvenns konar úrræði tæk til að þvinga fram umgengnisrétti samkvæmt úrskurði eða dómi: annars vegar sektir og hins vegar er hægt að fá aðstoð lögreglu við að sækja barn. Þó má aðeins úrskurða að barn skuli sótt með aðstoð lögreglu ef fullnusta geti ekki átt sér stað með öðrum hætti og barnið hafi sérstaka þörf fyrir umgengni við viðkomandi foreldri, sbr. 3. mgr. 21:3 FB. Með tilliti til hagsmuna barnsins skal reyna sektarúrræðið fyrst ef þörf er á að nota þvingunarúrræði. Afhend-

ing barns með aðstoð lögreglu án undanfarandi sektarmeðferðar skal eingöngu koma til skoðunar í undantekningartilfellum.[51]

Samkvæmt 536. gr. dönsku réttarfarslaganna, nr. 713/1999, má fullnusta ákvarðanir um forsjá og framkvæmd umgengnisréttar með því að beita sektum eða valdbeitingu. Ef sáttaumleitanir í umgengnisréttarmáli hafa ekki borið árangur er hins vegar meginreglan sú að leggja á sektir, þar sem valdbeiting er einkar óheppileg aðferð, meðal annars vegna þess að til hennar gæti komið í nokkur skipti.[52]

Samkvæmt 16. gr. finnsku laganna um fullnustu ákvaðana um forsjá barna og umgengnisrétt, nr. 619/1996, eru tvö úrræði fyrir hendi til að framfylgja ákvörðun um umgengnisrétt, annars vegar að varnaraðili er skyldaður til að framkvæma skyldu sína að viðlögðum sektum, og hins vegar að barn er sótt með valdi. Skilyrði fyrir því úrræði er að telja verði ósennilegt að ekki verði annars af samvistum, og sérstök rök mæli með því með tilliti til velferðar barnsins.

Í norskum rétti er athyglisverð leið tæk í lögunum sem snertir þetta atriði óbeint. Ef framkvæmd umgengnisréttar er hindruð af forsjárforeldri eða aðila sem barnið býr hjá, getur sá sem nýtur umgengnisréttar krafist nýrrar ákvörðunar samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laganna, um skipan forsjár barnsins eða hjá hverjum barnið skuli búa, sbr. 5. mgr. 44. gr. a. Telja verður, að þetta ákvæði geti einnig haft forvarnargildi í ljósi þess að líkur eru á því að foreldri, sem fer með forsjá barnsins, eða sem barnið býr hjá, reyni ekki að tálma umgengni barns við hitt foreldrið, vitandi hverjar hugsanlegar afleiðingar þess yrðu.

10. Lokaorð

Af ofangreindri yfirferð má sjá að ágreiningur um umgengni er einkar erfitt viðfangsefni. Engar algildar leiðir standa löggjafanum til boða þótt óumdeilt sé að búa verður svo um hnútana í lagaframkvæmd að barn geti með raunhæfum hætti notið þess réttar að umgangast það foreldri sem ekki hefur forsjá þess. Á undanförnum áratugum hafa nágrannaþjóðir okkar tekið fjölskyldulöggjöf sína til endurskoðunar þar sem þróunin hefur verið sú að auka réttindi barnsins.

Almennt er viðurkennt að markmið umgengnisréttar sé að barni sé fært að viðhafa eðlilega umgengni og samskipti við báða foreldra sína, þótt barnið búi aðeins hjá öðru þeirra. Deila má þó um leiðir að því markmiði þegar annað foreldrið meinar hinu að umgangast barn sitt. Með hliðsjón af rétti þeirra landa sem reifuð hafa verið hér að ofan, eru einkum þrjú þvingunarúrræði til staðar á Norðurlöndum. Er þar um að ræða í fyrsta lagi ýmsar útgáfur sekta, í öðru lagi aðför (innsetning) með ströngum skilyrðum, og í þriðja lagi úrræði norskra laga, um að ef framkvæmd umgengnisréttar er hindruð af forsjárforeldri eða aðila sem barnið býr hjá, geti sá sem nýtur umgengnisréttar krafist nýrrar ákvörðunar um skipan forsjár barnsins eða hjá hverjum barnið skuli búa, sbr. 5. mgr. 44. gr. a.

Hins vegar má telja líklegt að hversu mikið sem löggjafinn mun leggja sig fram við að finna nýjar lausnir og úrræði, verður það úrræði seint fundið sem allir eru sáttir við, og helgast það af eðli þeirrar deilu sem hér um ræðir.

11. Heimildaskrá

Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*. Bókaútgáfa Orators, Reykjavík, bls. 238.

---

[51] Janåke Kvennberg í *Karnov 1998/99* bls. 454, neðanmálsgrein 654.

[52] Karnovs lovsamling, bls. 7865, neðanmálsgrein nr. 2138.

Dómsmálaráðuneytið (1992). Leiðbeiningar til sýslumanna um meðferð sifjamála („hvíta bókin"), með áorðnum breytingum. Kafli um umgengnismál, bls. 6–7. Óútgefið, en dreift til sýslumanna.

Frumvarp til barnalaga, *Alþingistíðindi* (1991–1992) 115. lþ., 72. mál, þskj. 73.

Frumvarp til laga um breyting á barnalögum, nr. 20 22. maí 1992. *Alþingistíðindi* (2000-2001). 126. lþ., 314. mál, þskj. 377.

Karnov. Svensk lagsamling med kommentarer. 1998/99. Huvudredaktörer: Birgitta Blom, Anders Eiriksson, Jan Ramberg og Magnus Sjöberg. Fakta Info direkt. Stockholm, 1998.

Karnovs lovsamling. Redigeret af Bo von Eyben, Jan Pedersen og Jøgen Nørgaard. 15. udgave. Forlaget Thomson A/S 2000, København.

Svar dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar alþingismanns, um dagsektir vegna umgengnisbrota (123. löggjafarþing 1998-1999, 72. mál, þskj. 175).

Sören Sörenson (ritstj.) (1984). *Ensk-íslensk orðabók, með alfræðilegu ívafi.* Örn og Örlygur, Reykjavík.

12. Lagaskrá

1. Íslensk lög og reglugerðir

Barnalög, nr. 20 22. maí 1992, sbr. lög nr. 23/1995 og 18/2001.

Barnalög, nr. 9/1981.

2. Sænsk lög og fyrirmæli

Föräldrabalk, 10 juni 1949, SFS 1949:381 (FB).

Förordningen (1967:715) om tillämpning av 21 kap. föräldrabalken („tillämpningsförordningen").

3. Dönsk lög og reglur

Lov 1995-06-14 nr. 387 om forældremyndighet og samvær, som ændret ved L 1997-06-10 nr. 416.

Bekendtgørelse 1995-12-14 nr. 994 om forældremyndighed og samvær, som ændret ved bkg. 1996-06-19 nr. 535 og bkg. 1996-12-13 nr. 1128.

Retsplejelov, lovbekendtgørelse 1999-09-13 nr. 713.

4. Norsk lög og reglur

Lov 1981-04-08 nr. 07: Lov om barn og foreldre (barnelova).

Lov om tvangsfullbyrdelse og midlertidig sikring (tvangsfullbyrdelsesloven) nr. 86/1992 („tvangsfullføringslova").

5. Finnsk lög og reglur

Lag angående vårdnad om barn och umgängesrätt nr. 361/1983.

Lag om verkställighet av beslut beträffande vårdnad om barn och umgängesrätt 16.8.1996/619.

Förordning om verkställighet av beslut beträffande vårdnad om barn och umgängesrätt 18.10.1996/729.

6. Þýsk lög og reglur

1. og 2. mgr. 1684. gr. Bürgerliche Gesetzbuch, BGB.

§ 18 Achtes Buch Sozialgesetzbuch, SGB VIII.

§ 52 a des Gesetz über die Angelegenheiten der freiwilligen Gerichtbarkeit, FGG.

7. Ensk lög og reglur

The Children Act 1989.

Fylgiskjal II.

Álit starfshóps vegna bréfs sifjalaganefndar, dags. 1. mars 2002.
(24. mars 2002.)

Undirrituðum var með bréfi sifjalaganefndar falið að láta í té álit á nokkrum atriðum sem upp hafa komið við endurskoðun barnalaga að undanförnu. Álitaefnin sem nefnd eru í bréfinu eru eftirfarandi:

1. **Aldur barns sem skylt er að ræða við áður en forsjár- eða umgengnismáli er það varðar er ráðið til lykta. Sérstaklega er óskað álits um hvort ástæða sé til breytinga frá gildandi rétti og frumvarpsdrögum sifjalaganefndar og sé svo þá hverjar tillögur yðar eru í því efni.**
2. **Aðild barns að dómsmáli er varðar forsjá þess, annars vegar bein aðild og hins vegar aðild fyrir milligöngu talsmanns, þ.e. lögmanns barns. Hvort æskilegra sé að barn sé aðili að forsjármáli eða að það sé ekki aðili máls, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögum sifjalaganefndar. Ef þér teljið aðild barns æskilegri er óskað tillagna yðar um fyrirkomulag þeirrar aðildar.**
3. **Réttargæslumaður fyrir barn í forsjár- og umgengnismálum, þ.e. að barni væri sjálfkrafa skipaður slíkur lögmaður þegar foreldra greinir á um forsjá eða umgengni, sem m.a. yrði til þess að þriðji lögmaðurinn yrði viðstaddur munnlegan flutning forsjármáls, en sifjalaganefnd leggur ekki til í frumvarpsdrögum sínum að þetta úrræði verði tekið upp í barnalög. Óskað er álits yðar á þeirri ákvörðun. Starfshópurinn er sammála um eftirfarandi álit:**

1. Ekki skuli einungis binda það við 12 ára aldur hvort veita skuli barni „kost á að tjá sig um mál“ eins og segir í drögum nefndarinnar. Þótt ævialdur skipti hér vissulega máli og hækkandi aldur gefi vísbendingar um að barnið hafi öðlast aukna vitsmunalega og tilfinningalega getu til þess að mynda sér skoðun, taka afstöðu og láta í ljós afdráttarlausan vilja sinn, er ekki hægt að horfa fram hjá að yngri börn eru oft vel fær um að mynda sér ígrundaða skoðun í þessum efnum og tjá hana skýrt.

Þótt aldurinn sé leiðbeinandi skipta fleiri atriði máli sem þarf að taka tillit til þegar meta á réttmæti þess að láta barn tjá sig í forsjár- eða umgengnismáli. Þroski barna getur t.d. verið afar mismunandi þótt jafngömul séu. Eðli deilumálanna veldur því einnig að vandi barnanna er í sjálfu sér mismikill þegar kemur að því að tjá sig um einkahagi. Þar getur unglingur auðveldlega verið í meiri vanda en yngra barn eða öfugt.

Þegar vilji kemur fram hjá barni í forsjármáli er nauðsynlegt að vita á hverju hann byggist, óháð aldri barnsins. Þessu til stuðnings má nefna nokkur mikilvæg atriði eins og andlegt jafnvægi barnsins, sjálfstæði þess eða ósjálfstæði, tryggð þess við foreldri, reynslu þess af að hafa dvalið hjá foreldrunum, stöðu þess og tengsl í systkinahópnum, raunsæi barnsins, vonir þess og langanir ásamt hæfi til þess að sjá fram í tímann og lifa sig inn í breyttar aðstæður.

Þessi atriði eru flest þess eðlis að ekki er hægt að varpa á þau skýru ljósi nema að rætt sé við barnið sjálft.

Sum börn hafa myndað sér skoðun og vilja gjarnan tjá hana. Rétt virðist að slíkt álit fái þá að koma fram og að jafnframt verði lagt mat á hvað að baki liggur.

Sum börn hafa myndað sér skoðun en vilja ekki að hún komi beint fram til að þau verði ekki gerð ábyrg fyrir niðurstöðu málsins. Mikilvægt er að reynt sé að átta sig á stöðu slíkra barna og þeim hjálpað til að tjá sig að því marki sem þau treysta sér til við hlutlausan fag-

aðila. Í þessu samhengi er sérstaklega verið að hugsa um börn sem eru bitbein foreldra sinna og eiga því í mikilli innri togstreitu.

Sum börn hafa ekki myndað sér neina skoðun um málið sem þau geta tjáð beint í orðum. Þetta gildir vitaskuld helst um yngri börnin, t.d. þau sem eru á forskólaaldri, en einnig um eldri börn sem gera sér illa grein fyrir kenndum sínum og tilfinningum. Þau sýna samt ýmislegt atferli sem tjáir viðhorf þeirra og tengsl við foreldra. Mikilvægt er að reynt sé að taka tillit til slíkrar tjáningar þannig að eðli sambands við foreldra og aðra nána skýrist eftir föngum. Í slíkum tilvikum álítur starfshópurinn að „réttur barns til að tjá sig um mál" sé naumast virtur nema reynt sé að leggja mat á samband þess við sína nánustu með óbeinum aðferðum (dæmi: fjölskyldutengslapróf, fylgst sé markvisst með samskiptum og tenglum foreldra og barna, mat á persónulegum þörfum barns og hvar það fær þeim helst fullnægt o.s.frv.).

Þannig er það mat starfshópsins og í samræmi við 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, að tryggja skuli barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varðar, nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.

Niðurstaða starfshópsins er því sú að ekki sé ráðlegt að binda skylduna til að leyfa barni að tjá sig í forsjár- og umgengnismálum við ákveðinn aldur.

2. Starfshópurinn er sammála sifjalaganefnd um að óæskilegt sé að barn sé aðili máls. Með því yrði barnið beinn þátttakandi í deilu foreldranna. Hætt er við að deilan skerpist og að hin virka þátttaka barnsins í ferli málsins hafi ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir samskipti foreldra og barns eftir að máli lýkur. Hópurinn telur að verja beri börn fyrir slíku álagi.

Hins vegar telur starfshópurinn að í sumum tilvikum geti það þjónað hagsmunum barns að hafa talsmann sem liðsinnti því í tengslum við forsjármál. Þar sem ljóst virðist að deilur um forsjá munu áfram verða algengar í þjóðfélaginu er mikilvægt að útiloka ekki þau bjargráð sem kynnu að þjóna vel hagsmunum og þörfum barna í slíkum aðstæðum. Þó svo að hér á landi hafi smám saman verið byggðar upp góðar verklagsreglur í forsjármálum, eins og t.d. að hafa matsmenn og meðdómendur, finnst starfshópnum rétt að gera ráð fyrir því að vinnureglur geti breyst og þróast þannig að talsmaður gæti oftar átt hlutverki að gegna. Starfshópnum finnst þessi rök styðja réttmæti þess að sá möguleiki sé fyrir hendi að hægt sé að skipa barni talsmann. Í þessu tilliti vill hópurinn leggja áherslu á að með talsmanni er átt við fagmann á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar.

Nefna má að reynsla af talsmanni í barnaverndarmálum er góð og oft á tíðum eru erfiðleikar barna í forsjármálum sambærilegir við erfiðleika barna í barnaverndarmálum. Því getur verið heppilegt að hafa slíkt ákvæði í barnalögum eins og raun er á í dag.

3. Starfshópurinn er sammála sifjalaganefnd um að ekki sé þörf á að binda í lög að barni sé sjálfkrafa skipaður réttargæslumaður í forsjár- og umgengnismálum. Þar sem vandi barns í þessum málum er oftast fyrst og fremst tilfinningalegur og tengdur flóknum samskiptum við sína nánustu er það mat starfshópsins að talsmaður (sbr. ofangreint) sé vænlegri til að vernda hagsmuni þess.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Sigfússon,	*Guðfinna Eydal,*	*Þorgeir Magnússon,*
sálfræðingur.	sálfræðingur.	sálfræðingur.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til barnalaga.

Með frumvarpi þessu er lögð til heildarendurskoðun á gildandi barnalögum þar sem tekið verði mið af breyttum viðhorfum í barna- og fjölskyldurétti og alþjóðlegum samningum og samþykktum sem varða barnarétt og Ísland er aðili að. Frumvarpinu er meðal annars ætlað að kveða nánar á um réttarstöðu barna og foreldra og ætti það að öðru jöfnu að geta orðið til þess að draga úr fjölda mála sem rekin eru fyrir dómstólum eða hjá stjórnvöldum. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á útgjöld dómstóla eða stjórnsýsluaðila og áformar dómsmálaráðuneytið að því verði framfylgt innan útgjaldaramma gildandi fjárlaga.

182. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
   Almennt tryggingagjald skal vera 4,84% af gjaldstofni skv. III. kafla.
b. 4., 5., 6. og 7. mgr. falla brott og breytist töluröð annarra málsgreina í samræmi við það.
c. Í stað tilvísunarinnar „8. mgr.“ í 9. og 10. mgr. kemur: 4. mgr.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi Tryggingastofnun ríkisins fallist á umsókn um almannatryggingar hér á landi skv. 9. gr. b laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skal heimilt að taka við greiðslu tryggingagjalds og fullnægja þannig skilyrðum almannatryggingalaga um greiðslu þess. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja reglur um upplýsinga- og skýrslugjöf og eftir atvikum reglur um rafræn skil samkvæmt þessari málsgrein.

3. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Hafi innheimtumaður hafið aðför vegna vangoldinnar staðgreiðslu tryggingagjalds skulu þau aðfararúrræði sem innheimtumaður hefur gripið til halda lögformlegu gildi sínu eftir álagningu tryggingagjalds vegna þess hluta kröfunnar sem rekja má til vangoldinnar staðgreiðslu.

Séu ekki gerð fullnægjandi skil á álögðu eða endurákvörðuðu tryggingagjaldi innan 15 daga frá eindaga er innheimtumanni heimilt með aðstoð lögreglu að stöðva atvinnurekstur

launagreiðanda með innsigli á starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur þar til full skil hafa farið fram.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lagafrumvarpi þessu eru lagðar til fjórar breytingar á lögum um tryggingagjald. Sú fyrsta varðar lækkun á almenna hluta tryggingagjaldsins um 0,27%. Í öðru lagi er um að ræða niðurfellingu nokkurra ákvæða um gjaldflokka tryggingagjalds sem lokið hafa hlutverki sínu. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar er varða samræmingu á lögum þessum við ákvæði almannatryggingalaga, þar sem greiðsla á tryggingagjaldi er í ákveðnum tilvikum gerð að skilyrði fyrir rétti til bótagreiðslna úr almannatryggingakerfinu. Að lokum eru lagðar til breytingar sem lúta að samræmingu innheimtuúrræða vegna vangoldins tryggingagjalds við þær reglur sem gilda um innheimtu vangoldins tryggingagjalds í staðgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að sú hækkun á tryggingagjaldi sem samþykkt var með lögum nr. 133/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt o.fl. og taka á gildi 1. janúar 2003, gangi til baka að hluta. Er sú lækkun sem hér er lögð til í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags við aðila vinnumarkaðarins frá 13. desember 2001. Þar kemur m.a. fram að gangi verðlagsmarkmið kjarasamninga eftir muni ríkisstjórnin beita sér fyrir lækkun tryggingjalds um 0,27% á árinu 2003.

Í b-lið er lagt til að ákvæði um gjaldflokka tryggingagjalds sem ekki eru lengur í gildi verði felld brott.

Í c-lið er lögð til breyting sem leiðir af breytingum á b-lið frumvarpsins.

Um 2. gr.

Samkvæmt 9. gr. b laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, er gert ráð fyrir því að menn geti haldið rétti sínum til almannatrygginga hér á landi þó að þeir flytjist til starfa á erlendum vettvangi. Þetta er annars vegar háð því að gerður sé samningur á milli íslenskra tryggingayfirvalda og sambærilegra erlendra yfirvalda um þetta efni og hins vegar að tryggingagjald sé greitt hér á landi. Samkvæmt íslenskum rétti er tryggingagjaldið skattur, en í því felst að gjaldið lýtur þeim ströngu kröfum sem um skattlagningarheimildir gilda samkvæmt stjórnarskrá. Laun sem greidd eru af starfsstöðvum íslenskra félaga í útlöndum mynda ekki stofn til tryggingagjalds hér á landi, né heldur teljast slíkar starfsstöðvar til gjaldskyldra aðila samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Á sama hátt er skattyfirvöldum ekki heimilt að leggja á aðra skatta en þá er lög beinlínis kveða á um og skilgreindir eru sem slíkir í lögum. Því er í reynd ekki unnt að stofna þann rétt sem kveðið er á um í 9. gr. b laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, nema með þeirri lagabreytingu sem hér er kynnt. Til þess að tryggja þá réttarvernd sem kveðið er á um í 9. gr. b almannatryggingalaga hefur fjármálaráðuneytið til skamms tíma séð til þess að erlendir launagreiðendur, sem vilja fullnægja ákvæðum 9. gr. b, geti greitt inn á sérstakan viðskiptareikning hjá Fjársýslu ríkisins fjárhæð sem er jöfn því tryggingagjaldi sem ella hefði verið greitt af þeim launum sem um ræðir. Þessi farvegur var þó einungis bráðabirgðaúrræði þar til unnt yrði að gera nauðsynlegar lagfæringar á lögum um tryggingagjald. Í 2. gr. frumvarpsins eru slíkar lagfæringar

lagðar til. Þar er gert ráð fyrir að hafi Tryggingastofnun ríkisins fallist á að skilyrðum tryggingaverndar sé fullnægt verði heimilt að greiða tryggingagjald af launum starfsmanna, sem almennt eru ekki tryggingagjaldsskyld. Gert er ráð fyrir að gjaldstigið sé það sama og fram kemur 2. gr. laganna, eða 5,64% frá næstu áramótum verði frumvarp þetta að lögum.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að þau úrræði sem innheimtumaður hefur eftir að álagning tryggingagjalds hefur farið fram verði samræmd við þau sem hann hefur vegna vangoldinnar staðgreiðslu.Samkvæmt gildandi reglum hefur krafa um vangoldið tryggingagjald í staðgreiðslu í reynd fallið niður við álagningu og við það stofnast ný krafa. Það hefur haft það í för með sér að aðfarargerðir sem gerðar hafa verið vegna vangoldinnar staðgreiðslu tryggingagjalds verða að engu við álagningu, þannig að hefjast verður handa að nýju með aðför vegna álagðs tryggingagjalds. Ákvæðið sem hér er lagt til á sér fyrirmynd í 10. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því er varðar tekjuskatt af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu og eftir álagningu. Þá er og gert ráð fyrir því að innheimtumaður hafi sömu heimildir til að loka atvinnurekstri vegna vangoldins tryggingagjalds eftir álagningu og hann hafði vegna sama vangoldna tryggingagjalds í staðgreiðslu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tryggingagjald. Aðeins ein þeirra, þ.e. lækkun á almennum hluta tryggingagjaldsins um 0,27%, hefur áhrif á tekjur ríkissjóðs á næsta ári. Sú breyting er í samræmi yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags aðila vinnumarkaðarins frá 13. desember árið 2001. Þar kemur m.a. fram að gangi verðlagsmarkmið kjarasamninga eftir muni ríkisstjórnin beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,27% á árinu 2003. Sú lækkun er talin skerða tekjur ríkissjóðs um 900 m.kr. og er þegar gert ráð fyrir henni í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

183. Frumvarp til laga [182. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2002, um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, HJÁ, ArnbS, SI, ÞKG, MS).

1. gr.

28. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl. sem samþykkt var frá Alþingi samhliða frumvarpi til laga um samgönguáætlun sl. vor var gert ráð fyrir að hafnaráð og flugráð sem skipuð voru samkvæmt þágildandi lagaákvæðum skyldu sitja út gildistíma núgildandi hafnaáætlunar og flugmálaáætlunar. Gildistími þessara áætlana er til 31. desember 2002. Þetta þýddi að breyttu hafnaráði og flugráði samkvæmt lögum nr. 73/2002, þar sem þátttaka fulltrúa atvinnulífsins er aukin, gefst hvorki tækifæri til að veita samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun 2003–14 né samgöngunefnd eftir að ráðherra hefur lagt tillöguna fyrir Alþingi.

Það er mat meiri hluta samgöngunefndar að eðlilegt sé og þarft að nýju hafnaráði og flugráði gefist kostur á að koma fram með ábendingar í tengslum við meðferð þingsins á samræmdri samgönguáætlun sem samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu verður lögð fram um miðjan nóvember nk.

184. Frumvarp til laga [183. mál]

um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Skuldbindingar sem stofnað er til áður en leyfi er afturkallað skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.
b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skuldbindingar sem stofnað er til áður en útibú er útilokað frá aðild að sjóðnum skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna athugasemdar Eftirlitsstofnunar EFTA við innleiðingu tilskipunar 97/9/EB, um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Í 6. gr. tilskipunarinnar segir að skuldbindingar skuli njóta tryggingaverndar þar til starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis er afturkallað. Í 8. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, segir hins vegar að skuldbindingar, sem stofnað er til áður en frestur fjármálafyrirtækis til að uppfylla skyldur sínar rennur út, skuli njóta tryggingaverndar. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til njóta viðskiptavinir aðildarfyrirtækja Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta tryggingaverndar þangað til starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis er afturkallað, í samræmi við tilskipun nr. 97/9/EB, um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Markmiðið með frumvarpinu er að treysta innstæðutryggingavernd fjármálafyrirtækja í samræmi við tilskipun nr. 97/9/EB, um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

185. Frumvarp til laga [184. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Vexti og verðbætur af námslánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna í fimm ár frá og með þeim tíma þegar endurgreiðsla hefst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002.

Þeir sem hafa hafið endurgreiðslu við gildistöku laga þessara njóta frádráttar uns fimm ár eru liðin frá því að greiðslur hófust.

Greinargerð.

Í frumvarpi þesu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þess efnis að heimilt verði að draga vexti og verðbætur af námslánum frá skattskyldum tekjum manna. Markmiðið er að heimilt verði að veita ákveðinn vaxtafrádrátt fyrstu fimm árin eftir að

endurgreiðsla námslána hefst. Mörgum hafa námslánin reynst erfiður skuldabaggi til viðbótar við öll þau útgjöld sem fylgja því að ljúka námi, festa kaup á húsnæði og stofna heimili og fjölskyldu. Húsnæðismarkaðurinn hefur iðulega verið þeim námsmönnum mjög erfiður sem ekki hafa fengið íbúð á vegum Félagsstofnunar stúdenta. Alls 630 námsmenn eru nú á biðlista eftir námsmannaíbúðum og margir þurfa að leita á almenna leigumarkaðinn meðan á námi stendur þar sem leigan er gríðarlega há og ofviða námsmönnum sem þurfa að framfleyta sér af námslánum.

Í ársskýrslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2000–2001 kemur fram að á námsárinu voru umsækjendur um námslán 7.814 en af þeim urðu 6.099 lánþegar, eða 78% sem er heldur hærra hlutfall en árið á undan. Lánþegum fjölgaði um 321 frá fyrra ári eða um 5,5%, en þeim hafði fjölgað um 2% árið áður. Það er sanngirnirmál að þeim sem þurfa að greiða af námslánum verði gert það léttara með því að vextir og verðbætur af lánunum verði frádráttarbær frá skattskyldum tekjum, en endurgreiðslur lánanna miðast að hluta til við tekjur. Með því væri í raun um fjárfestingu í menntun að ræða, en benda má á að sambærilegar skattaívilnanir tíðkast á ýmsum sviðum atvinnurekstrar.

Námslán eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum, en samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar er vaxtaprósentan nú 1%. Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok og er árleg endurgreiðsla 4,75% af vergum tekjum næsta árs á undan. Greiðslubyrði af námslánum getur því verið þung, en samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna er árið 2002 árleg lágmarksendurgreiðsla 65.057 kr., og sem dæmi má nefna að ársafborgun af 2 millj. kr. tekjum er 95.000 kr., eða tæpar 8.000 kr. á mánuði, og af 3 millj. kr. tekjum er ársafborgunin 142.500 kr., eða tæpar 12.000 kr. á mánuði.

Mjög gagnrýnisvert er hvernig framkvæmd námslána er háttað og að ekki skuli vera um samtímagreiðslur að ræða. Námsmenn eru settir í þá óviðunandi stöðu að þurfa að taka yfirdráttarlán í bönkum og fá ekki námslán nema þeir skili tilskildum námsárangri í lok hverrar annar. Mikið óöryggi og álag fylgir slíku fyrirkomulagi fyrir námsmanninn og fjölskyldu hans. Hver umsækjandi fær útreikning væntanlegs láns frá Lánasjóði íslenskra námsmanna miðað við fullt nám og 100% námsframvindu (svonefnda náms- og lánsfjárætlun) þegar hann hefur skilað öllum tilskildum gögnum til lánasjóðsins. Námslán greiðast inn á bankareikning námsmanns eftir hverja önn eða skólaár þegar lánasjóðinum hafa borist gögn um árangur í námi og önnur tilskilin gögn. Af lánunum er tekið 1,2% lántökugjald sem íþyngir verulega fjárhag námsmanna. Umsækjendur þurfa því að fjármagna nám sitt sjálfir með skammtímalánum eða yfirdráttarlánum þar til námslán fást greidd að lokinni einkunnagjöf. Skólar á Íslandi senda árangurinn beint til lánasjóðsins, en námsmenn erlendis verða að sjá um það sjálfir. Þeir sem ekki taka próf á miðjum vetri verða að senda staðfestingu á námsástundun.

Í úthlutunarreglum lánasjóðsins kemur fram að við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði, sem greiðist eftir hverja önn, missiri eða skólaár, skal greiða vaxtastyrk. Styrkur til haustmissiris skal nema 1,4% af framfærslu- og bókaláni missirisins, en styrkur til vormissiris 1,8% af framfærlsu- og bókaláni missirisins. Ef lán eða hluti láns fyrir missiri er greitt út á grundvelli árangurs sem skilað er á síðara missiri námsársins eða niðurstaðna upptökuprófa að hausti skal miða styrkinn við 3,7% af framfærslu- og bókaláninu, eða þeim hluta lánsins sem þá er greiddur út á grundvelli árangurs sem skilað er. Ljóst er að vaxtastyrkurinn dugar ekki til að mæta þeim kostnaði sem námsmenn verða fyrir vegna þeirra skammtímalána sem þeira verða að taka í formi yfirdráttarlána til að brúa bilið þar til námslánið er greitt að lokinni námsframvindu á vori og hausti. Samkvæmt útreikningum sem gerðir hafa verið vegna flutnings þessa frumvarps kemur í ljós að ef miðað er við framfærslugrunn lánasjóðsins, 75.500 kr. á mánuði, auk bókaláns að upphæð 20.000 kr. á haustönn,

miðað við haust- og vorönn og þá vaxtastyrki sem Lánasjóðurinn greiðir vegna þess, kemur í ljós að með lántökukostnaði, sem er 1,2% af greiddri fjárhæð, er mismunurinn sem námsmaður þarf að greiða tæpar 9.000 kr.

Í frumvarpinu er lagt til að í fimm ár eftir að námi lýkur og endurgreiðslur hefjast geti námsmenn dregið vexti og verðbætur af námslánum frá tekjuskattsstofni. Flutningsmenn þessa frumvarps telja að íhuga eigi þann möguleika í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á þessu máli að heimilt verði að greiða mismun á vaxtastyrkjum og sannanlegum kostnaði af yfirdráttarlánunum og lántökugjöldum á námstímanum frá tekjuskattstofni eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setji. Samkvæmt gögnum ríkisskattstjóra voru eftirstöðvar námslána, sem færðar voru á framtöl 2001, um 44,8 milljarðar kr. og vextir og verðbætur um 683 millj. kr. hjá 30.681 aðila. Við framtal 2002 voru eftirstöðvarnar 49,5 milljarðar kr. og vextir og verðbætur um 796 milljarðar kr. hjá 30.071 aðila. Framangreindar tölur ná eingöngu til þeirra sem voru taldir skattskyldir hér á landi en ekki til þeirra sem hafa skattalega búsetu erlendis og eru ekki á skrá skattyfirvalda hér á landi af öðrum ástæðum.

Tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga er um 100 millj. kr. Námsmenn munar verulega um slíkar fjárhæðir þegar þeir koma úr námi með miklar skuldir á bakinu, ekki síst ef um barnafjölskyldur er að ræða. Þessi leið mun jafna aðstöðu til náms og ýta undir fjárfestingu í menntun.

186. Fyrirspurn [185. mál]

til samgönguráðherra um akstur ferðamanna á malarvegum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra grípa til sérstakra aðgerða til að sporna við hinum tíðu slysum sem verða við akstur ferðamanna á malarvegum?

187. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka umsvif bandarísk fyrirtækisins deCODE Genetics Inc. og aðstoðarmanna þess í íslensku fjármálakerfi.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar með vísan til 39. gr. stjórnarskrárinnar að kjósa rannsóknarnefnd níu alþingismanna til að rannsaka umsvif bandarísk fyrirtækisins deCODE Genetics Inc. og aðstoðarmanna þess í íslensku fjármálakerfi.

Greinargerð.

Þeir viðskiptahættir sem viðhafðir voru við sölu hlutabréfa í deCODE á Íslandi virðast hafa verið með þeim hætti að ítarleg rannsókn sé nauðsynleg, ekki síst hvaða ábyrgð íslensk stjórnvöld kunna að bera í því sambandi. Með ótrúlegum blekkingum tókst starfsmönnum

ýmissa fjármálafyrirtækja að selja fjölmörgum Íslendingum bréf í deCODE sem verðlítil hafa reynst og standa kaupendur nú frammi fyrir gjaldþroti. Slíkar aðferðir voru einnig stundaðar af fyrirtækjum í ríkiseign, svo sem bönkum. Þessa rannsókn þarf að framkvæma með tilliti til þess einnig hvort íslensk stjórnvöld verði kölluð til fjárhagslegrar ábyrgðar á viðskiptunum.

188. Fyrirspurn [187. mál]

til heilbrigðisráðherra um faglega ráðgjöf um tæknifrjóvgun.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvenær er áformað að farið verði eftir því ákvæði laga um tæknifrjóvgun að veita skuli þeim sem sækja um tæknifrjóvgun faglega ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga?
2. Hvers vegna hefur slík þjónusta ekki verið veitt fram að þessu?

Skriflegt svar óskast.

189. Fyrirspurn [188. mál]

til heilbrigðisráðherra um sértekjur glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvað eru sértekjur glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss hátt hlutfall af kostnaði við meðferðir á hennar vegum og hvernig hefur þetta hlutfall þróast frá stofnun deildarinnar?
2. Hversu hátt hlutfall af meðferðarkostnaði greiða sjúklingar?

Skriflegt svar óskast.

190. Fyrirspurn [189. mál]

til samgönguráðherra um GSM-dreifikerfið.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hversu miklum fjármunum hefur Landssíminn hf. varið til að bæta GSM-dreifikerfið á ári síðustu fimm ár?
2. Hver voru helstu verkefnin sem ráðist var í?
3. Hvaða áætlanir hefur fyrirtækið um að stórbæta skilyrði GSM-farsímanotenda á næstu árum?

191. Fyrirspurn [190. mál]

til heilbrigðisráðherra um húsnæðismál glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Eru einhver áform uppi um að bæta úr húsnæðismálum glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss? Ef svo er, hver eru þau?

Skriflegt svar óskast.

192. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Karl V. Matthíasson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sambærilegra þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa til að efla atvinnu á tilteknum svæðum, endurskipuleggja atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu þess.

Að lokinni slíkri athugun verði skýrsla og tillögur lagðar fyrir Alþingi, eigi síðar en 1. október 2003.

Greinargerð.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki fyrirætlanir um að Ísland gangi í Evrópusambandið. Á þau stendur þó sú krafa að búa íslensku atvinnulífi sambærileg kjör þeim sem atvinnulífinu eru búin annars staðar í Evrópu. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum aðallega verið upptekin af skattaumhverfi atvinnulífsins og breytingar á því gjarnan útskýrðar, eða réttlættar, með samkeppnisstöðu þess gagnvart öðrum löndum. Það eru hins vegar fleiri þættir sem hafa áhrif á samkeppnisstöðuna, einkum ef við viljum skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið og ná nýjum atvinnufyrirtækjum og tæknikunnáttu inn í landið.

Evrópusambandið er með öfluga uppbyggingarsjóði sem það notar til að ná markmiðum sínum bæði í byggðamálum og í því að endurskipuleggja atvinnulífið. Norðmenn hafa einnig, á þeim grundvelli að þeir ákváðu að hafna aðild að ESB, byggt upp öflugan sjóð, SND, sem veitir stofnstyrki við uppbyggingu atvinnulífsins. Fyrirmynd hans er evrópski byggðaþróunarsjóðurinn. Við skoðun á uppbyggingarsjóðum væri því einnig rétt að líta til þess hvernig uppbygging og framkvæmd er í Noregi.

Miklar breytingar á atvinnuháttum hafa orðið á undanförnum árum og eiga sér enn stað. Mikilvægt er að stjórnvöld geti mótað og fylgt eftir skilvirkri stefnu um það hvernig við skuli brugðist á hverjum tíma og á hverju svæði landsins. Iðnaðarráðuneytið hefur skilgreint landið með tilliti til möguleika hvers svæðis. ESA hefur nú nýverið samþykkt nýtt byggðakort fyrir Ísland sem gilda á frá ágúst 2001 til ársloka 2006. Slíkt kort er grundvöllur byggðaaðgerða, bæði við núverandi aðstæður og einnig ef það yrði niðurstaðan að stofna til uppbyggingarsjóða á Íslandi. Í samningnum um EES fékkst undanþága frá því ákvæði að atvinnuleysi þyrfti að vera af tiltekinni stærð til að beita mætti byggðaaðgerðum. Þegar Finnar og Svíar sömdu um aðild sína að Evrópusambandinu var reglum breytt í þá veru að ekki yrði einungis litið til atvinnuleysis og meðaltekna á viðkomandi svæði heldur yrði dreifbýli einnig metið og þannig viðurkennt að það veldur ákveðnum erfiðleikum að byggja upp grunngerð og skapa forsendur fyrir fjölbreyttu atvinnulífi í dreifbýli. Hér á landi eru stór og strjálbýl svæði með einhæft atvinnulíf. Ákvörðun ESA um afmörkun nýs byggðakorts fyrir Ísland byggist því á mannfjöldaviðmiði á þeim svæðum sem styrkja má, en þar búa 0,92 íbúar á ferkílómetra eða rétt um þriðjungur landsmanna.

Mikilvægt er að gegnsæjar reglur gildi og að fagleg vinnubrögð verði viðhöfð til að þessi aðferð virki með tilætluðum hætti. ESB gerir mjög strangar kröfur og SND gerir líka ríkar faglegar kröfur. Sú stefna að veita stofnstyrki, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og á jafnréttisgrundvelli þannig að allir sem eins er ástatt um á sama svæði eigi rétt til þeirra, er sú leið sem stjórnvöld í okkar helstu samkeppnislöndum hafa valið til að geta markað og rekið árangursríka byggðastefnu og til að einstök svæði geti tekist á við breytingar eða þróun sem á sér stað í tilteknum atvinnugreinum. Þannig hafa Evrópusambandsríkin t.d. tekist á við endurnýjun atvinnulífsins á svæðum sem dregist hafa aftur úr í tækniþróun.

Dæmi eru um að fyrirtæki sem von var um að stofnsett yrðu hérlendis hafi endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að sætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi en höfum ekki tekið upp sjálf. Flutningsmenn telja rétt að stofnun uppbyggingarsjóða og úthlutun stofnstyrkja verði könnuð með tilliti til þess að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verði sem best.

Þingsályktunartillaga sama efnis var flutt á 126. og 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd.

193. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125. og 126. löggjafarþingi en varð í hvorugt skiptið útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt ásamt greinargerð sem henni fylgdi á 126. löggjafarþingi.

Í þingsályktun um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem einnig voru samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er m.a. lýst því markmiði að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er Bændasamtökum Íslands heimilað með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga að veita stuðning til lífrænnar ræktunar árin 1999–2003, nánar tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á ha lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Þá veitir ÁFORM – átaksverkefni, sem unnið er samkvæmt lögum nr. 27/1995, sauðfjárbændum stuðning til lífrænnar dilkakjötsframleiðslu, þ.e. 25.000 kr. til greiðslu kostnaðar við eftirlit og vottun á fyrsta ári aðlögunar (eingreiðsla). Auk þess eru greiddar 25 kr. á kg dilkakjöts sem er flutt út samkvæmt staðfestingu vottunarstofu. Þessi stuðningur var veittur haustin 1998 og 1999 og árið 1999 var farið að veita stuðning samkvæmt áðurnefndum búnaðarsamningi frá 5. mars 1999. Þótt þessar greiðslur stuðli að lífrænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur sem laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði njóta annars staðar á Norðurlöndum. Hér er einkum um eingreiðslur að ræða en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með fimm til tíu ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Samkvæmt ályktun búnaðarþings frá 1996 starfaði vinnuhópur með fulltrúum frá VOR, – verndun og ræktun – félagi framleiðenda í lífrænum búskap, og Bændasamtökum Íslands. Hann skilaði áliti til Bændasamtaka Íslands í nóvember það ár. Þar voru gerðar tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap og tilgreint hvernig það yrði best gert að teknu tilliti til aðstæðna hérlendis. Þetta álit var haft til hliðsjónar við gerð áðurnefnds búnaðarsamnings og er birt í fylgiskjali II með þingsályktunartillögu þessari þótt það sé síðan 1996.

Búnaðarþing ályktaði aftur um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna bæri að því að stærri hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbúnaðarráðherra skipaði sumarið 1999. Í skýrslunni, sem er frá 8. nóvember 1999, er greint frá því að náðst hafi allt að 25% hærra skilaverð til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu í útflutningi árin 1998 og 1999. Leggur nefndin til að í sjö ár verði veittar allt að 20 millj. kr. í fjárlögum hvers árs til þróunar og aðlögunarverkefna hjá bændum sem hefja lífræna framleiðslu dilkakjöts, einkum til útflutnings.

Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum skepnum. Þessi áhugi er enn meiri erlendis en hér á landi. Stóraukinn innflutningur á lífrænt vottuðum matvælum auk ýmissa vörutegunda sem flokkast undir heilsuvörur ber vott um breytt viðhorf. Heilsubylgja hefur gengið yfir Vesturlönd síðustu áratugi og algengast er að fólk kaupi þessar vörur fyrst og fremst af hollustuástæðum. Samhliða heilsubylgjunni hefur orðið umhverfisvakning í heiminum. Nú er alls staðar lögð stóraukin áhersla á bætta umgengni, verndun umhverfisins og náttúru. Þetta tvennt stuðlar að neyslu lífrænt ræktaðrar matvöru, þ.e. matvöru sem framleidd er með aðferðum sem uppfylla ströngustu kröfur um umhverfisvernd og er jafnframt líkleg til að stuðla að betri heilsu fólks. Matarsýkingum af ýmsum uppruna hefur fjölgað á undanförnum árum, svo sem af völdum kampýlóbakter og salmonellu. Fjölónæmar bakteríur hafa valdið alvarlegum veikindum hjá fjölda manns, fleira fólk sýkist en áður og alvarlegir faraldrar hafa orðið. Bakteríustofnar eru fjölbreyttari og sumir ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Þetta breytta umhverfi hefur leitt til þess að fleiri eru meðvitaðir um hollustu þess sem þeir neyta og áhugi á lífrænt ræktuðum matvælum hefur aukist að sama skapi. Líklegt er að umhverfis- og náttúruvernd, stóraukin áhersla á heilbrigt líferni og neysla lífrænt ræktaðrar matvöru verði það sem einkenni samfélagsþróunina á Vesturlöndum næstu árin.

Danir hafa tekið þessi mál föstum tökum og stefnir í að Danmörk verði fyrirmyndarland á sviði lífrænna landbúnaðarafurða. Danskar matvörur þykja ekki aðeins góðar heldur hafa danskir neytendur breytt matarvenjum sínum og kaupa lífrænar landbúnaðarvörur í stóraukn-um mæli. Í Danmörku er markaðshlutdeild lífrænnar mjólkur rúmlega 20%, egg, ýmsar kornvörur og gulrætur hafa yfir 10% af markaðnum en kjötvörur hafa minni hlutdeild. Í sumar hefur verið talað um „lífræna bylgju“ í Bretlandi. Lífrænt ræktaðar matvörur hafa náð fótfestu á breskum matvörumarkaði og taka undir sig æ meira pláss í hillum stórmarkaða.

Á Íslandi eru lífrænt vottaðar afurðir tæplega 1% af allri landbúnaðarframleiðslu og eru langt frá því að fullnægja þörfum markaðarins. Sterkar líkur má leiða að því að sama þróun verði á neysluvenjum fólks hér á landi og erlendis. Þess vegna er mikilvægt að nú þegar verði bændur hvattir og studdir til að breyta búskaparháttum svo að íslenskar lífrænt vottaðar afurðir verði á boðstólum til að mæta vaxandi eftirspurn. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í nýgerðum sauðfjársamningi voru engin ákvæði um stuðning við lífræna framleiðslu sauðfjárafurða. Sá samningur hefði verið tilvalinn til að stuðla að eflingu lífrænnar framleiðslu og búa sauðfjárbændur undir að verða við kröfum ört vaxandi eftirspurnar eftir lífrænt vottuðum vörum. Verð á matvöru, ásamt trausti á vörunni, hefur hvað mest áhrif á val neytenda og því skiptir máli að bændur sem stunda lífræna ræktun séu samkeppnisfærir á matvörumarkaðnum við bændur sem stunda hefðbundinn búskap.

Framleiðslukostnaður við lífræna ræktun er nokkuð meiri en við hefðbundna framleiðslu en á móti vegur hæsta afurðaverð. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda eru slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu byggðar í sveitum landsins og úrvinnsluiðnaði. Þessi valkostur getur hentað sumum bændum. Nú vantar meira lífrænt dilkakjöt til útflutnings og innan lands er markaður fyrir grænmeti og fleiri lífrænar vörur. Því verður að teljast eðlilegt að aðlögunarstuðningur við þessa grein landbúnaðar verði a.m.k. jafnmikill og í öðrum norrænum ríkjum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:
I. Ályktun um stuðning við lífrænan búskap á búnaðarþingi 1999.
II. Stuðningur við aðlögun að lífrænum búskap. — Áliti skilað til Bændasamtaka Íslands í nóvember 1996.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 678 (417. mál 125. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 3710–3717.

194. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.

Flm.: Þuríður Backman, Drífa Hjartardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Katrín Fjeldsted, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að landbúnaðarráðherra skuli þegar í stað koma á fót sérstakri áætlun um vernd íslensku mjólkurkýrinnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 127. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt ásamt greinargerð.

Í október árið 2000 heimilaði landbúnaðarráðherra innflutning á fósturvísum úr norskum kúm í tilraunaskyni í því augnamiði að gera afmarkaða tilraun sem leiða ætti í ljós hvort hagkvæmt væri að taka kýr af þeim stofni eða blendingsgripi af íslenskum og norskum stofni til notkunar við mjólkurframleiðslu á Íslandi. Ákvörðunin vakti upp hörð viðbrögð og á Búnaðarþingi 2001 var samþykkt að fresta innflutningi fósturvísanna á meðan málið yrði skoðað nánar. Hinn 15. nóvember 2001 fór fram kosning um það hvort Bændasamtökin og Landssamband kúabænda ættu að standa fyrir tilraunainnflutningi fósturvísa úr norskum kúm. Skemmst er frá því að segja að 75% kúabænda höfnuðu innflutningi á norskum fósturvísum. Þrátt fyrir þetta lagði Nautgriparæktarfélag Íslands fram umsókn um innflutning á norskum fósturvísum og eftir því sem næst verður komist hefur sú umsókn ekki enn hlotið afgreiðslu.

Hugmyndir um innflutning á norska kúakyninu hafa verið alllengi til umræðu og verið mjög umdeildar. Hér skulu á engan hátt tíundað þau trúverðugu rök sem fram hafa verið færð gegn slíkum innflutningi þar sem t.d. hefur verið bent á mikilvægi þess að vernda fágæta dýrastofna, en af slíkum stofni er íslenska kýrin, og vakin athygli á einstæðum kostum hennar til mjólkurframleiðslu. Undir þessi rök er að sönnu tekið. Hins vegar virðist umræðunni ekki lokið og því er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til verndar íslenska kúastofninum sem verið hefur hér frá því land var numið.

Í þessari þingsályktunartillögu er farið fram á að landbúnaðarráðherra annist um að gerð verði sérstök áætlun til verndar íslensku mjólkurkúnni en það er í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum um líffræðilega fjölbreytni frá 1992 en samningurinn tók gildi hér á landi 11. desember 1994. Um leið er vakin athygli á hættunni samfara leyfi til innflutnings á fósturvísum úr erlendum stofnum. Með innflutningi erlendra fósturvísa eru óhjákvæmilega veiktar verulega þær varnir sem drýgstar hafa verið til verndar íslenskum dýrastofnum og opnaðar leiðir fyrir alvarlega smitsjúkdóma sem haft gætu ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Eftir langa einangrun á eylandi er íslenskt búfjárkyn viðkvæmt og innflutningsbann hefur verið sú vörn gegn smitsjúkdómum sem best hefur reynst að mati færustu sérfræðinga. Hvað eftir annað hafa dunið yfir stór áföll í kjölfar ógætilegs innflutnings og annarra óhappa sem ekki verða öll skýrð. Nægir í því sambandi að vísa til hitasóttar í hrossum sem olli miklum usla fyrir tveimur árum. Minnt skal á að þrátt fyrir varnarlínur sem upp voru settar og aðrar varúðarráðstafanir sem áttu að koma í veg fyrir smit dreifðist hrossapestin um land allt. Það eitt sannar að komi upp nýr smitsjúkdómur af einhverju tagi í búfé er mjög erfitt eða jafnvel útilokað að tryggja að smit berist ekki frá einu landsvæði til annars.

Nokkur undanfarin ár hefur kúariðu og skyldra sjúkdóma orðið vart í Evrópulöndum. Í Englandi hafa þessir sjúkdómar valdið miklum usla og haft veruleg áhrif á útflutning þarlendra landbúnaðarafurða, t.d. til Frakklands. Kúariða hefur einnig komið upp í Þýskalandi og Portúgal svo að dæmi séu nefnd. Þar til nýlega hafa Norðurlöndin ekki orðið fyrir áföllum af þessu tagi. Hins vegar vildi svo til að sama dag og landbúnaðarráðherra heimilaði fyrrgreinda tilraun var greint frá því að nýtt afbrigði af hinum alvarlega og ólæknanlega heilahrörnunarsjúkdómi sem kenndur er við Creutzfeldt Jakob hefði komið upp í Noregi en sjúkdómurinn er það afbrigði kúariðusmits sem finnst í mönnum.Við nánari athugun reyndist þetta ekki vera nýja afbrigðið heldur það sem áður var þekkt. Hins vegar sýnir þetta hve tæpt við stöndum hvað varðar varnir landsins.

Danir hafa til þessa talið sig lausa við sjúkdóminn en svo reynist ekki vera, þar fannst kúariða í danskfæddri kú snemma árs 2000 og upplýst var í vönduðum sjónvarpsþætti í Danmörku að allar líkur væru til þess að dönsk kýr sem flutt var til Írlands nokkru áður hafi borið sjúkdóminn með sér þangað. Auk þess hefðu verið fluttar þúsundir tonna af kjöt- og beinamjöli til Danmerkur frá löndum þar sem kúariða hefur fundist og það þótt slíkur innflutningur hefði verið bannaður í áratugi (frá 1933). Kúariða getur því verið að búa um sig á nýjum stöðum í Danmörku. Í Noregi hefur sauðfjárriða verið útbreidd. Norðmenn telja sig lausa við kúariðu en þeir hafa flutt lifandi nautgripi frá Danmörku hundruðum saman síðustu árin í þeirri trú að kúariða væri ekki í Danmörku. Enn fremur kom fyrir fáum dögum í ljós að norskar kýr hafa verið fóðraðar á kjöt- og beinamjöli sem ekki var samþykkt af heilbrigðisyfirvöldum þar. Það kæmi því ekki á óvart að kúariða væri farin að búa um sig í Noregi þótt hún hafi ekki fundist enn þá. Slíkur sjúkdómur getur dulist í áratug áður en hans verður vart.

Smitleiðir kúariðu eru ekki að fullu ljósar, en hins vegar er vitað að kúariða getur smitast milli dýrategunda og í menn. Sjúkdómurinn er skyldur riðuveiki í sauðfé en óþarft er að minna á hvílíkum skaða sá sjúkdómur hefur valdið hér á landi og hversu erfitt hefur verið að ráða niðurlögum hans. Því hefur verið haldið fram að litlar líkur séu á því að kúariða geti smitast með fósturvísum. Það hefur hins vegar ekki verið afsannað og í ljós hefur komið að smitandi slímhúðarpest í nautgripum (BVD) getur smitast með fósturvísum.

Að lokum skal vísað til greinargerðar Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis á Keldum, sem snemma á þessu ári varaði við hættu sem fylgt gæti innflutningi á norsku kúakyni. Þar segir m.a.:

„Sagt er: Þetta er óraunhæf sjúkdómahræðsla. Hafa ekki verið flutt inn gæludýr og svín og frjóvguð egg alifugla um árabil án vandræða? Svarið er: Innflutningur á nýju kúakyni til Íslands er ekki sambærilegur við þetta. Í svínum, hænsnum og gæludýrum eru margir sömu smitsjúkdómar og finnast í nágrannalöndum, meðal annars vegna innflutningsins. Það er ekki hvað kýrnar varðar. Erlendis þekkjast smitsjúkdómar af ýmsum toga í kúm, sem ekki hafa borist hingað enn þá. Svín eru lokuð inni alla sína ævi við stranga sjúkdómavörn og sama gildir um fiðurfé, en kýrnar hafa fengið og fá vonandi áfram að ganga frjálsar úti hluta ársins. Oft eru þær í bland við aðrar dýrategundir, m.a. sauðfé. Smithætta frá kúm er því allt

önnur og meiri ef illa fer. Sauðfé gæti sýkst af innfluttum kúasjúkdómi og dreift honum um landið. Þannig tilkominn sauðfársjúkdómur gæti breiðst út án þess að vörnum yrði við komið og orðið landsplága. Slíkt hefur gerst áður. Varla eru menn búnir að gleyma því hvernig hrossapestin dreifðist um allt land þrátt fyrir varnarlínur. Hún gæti valdið árlegu tjóni um ókomin ár ef hún er landlæg orðin hér."

Full ástæða er fyrir okkur Íslendinga að gæta ýtrustu varúðar við allar breytingar á búfjárstofnum okkar enda hafa þeir vissulega notið þeirrar einangrunar sem við búum við hér á landi. Undanfarin ár hefur verið lagt kapp á að kynna íslenskar landbúnaðarafurðir erlendis og vinna þeim markað sem hreinni, ómengaðri vöru.

Neytendur eru – ekki síst vegna kúariðufársins í Evrópu – mjög á varðbergi og krefjast þess að gæði, hreinleiki og heilbrigði allrar vöru sé sannað og staðfest. Tilraun af því tagi sem hér er fjallað um getur haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir markaðssetningu íslenskra landbúnaðarafurða og gert að engu það brautryðjendastarf sem þegar hefur verið unnið á þeim vettvangi.

Því hefur verið haldið fram að framleiðni íslenska kúakynsins sé of lítil og því sé framleiðslukostnaður óhjákvæmilega hár. Vel má vera að nyt íslenska kúakynsins sé ekki að fullu sambærileg við sumar erlendar tegundir en úr því má bæta með ræktun, fóðrun og betri mjaltatækni. Rannsóknir hafa sýnt að efnasamsetning íslensku mjólkurinnar er með eindæmum góð. Mjólk frá íslenska kúakyninu er auðug af mjólkurpróteininu kappa-kasein B sem er m.a. mjög heppilegt við ostagerð en inniheldur lítið af próteininu beta-kasein A1 sem finnst meira af hjá öðrum tegundum, t.d. norska kúakyninu. Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna líkur á að beta-kasein A1 geti valdið hættu á insúlínháðri sykursýki hjá börnum. Þessum rannsóknum er enn ekki lokið en áður en niðurstaða fæst er óforsvaranlegt að hefja hér mjólkurframleiðslu með erlendu kúakyni. Íslenska kýrin hefur sýnt okkur hvað hún hefur að bjóða og nauðsynlegt er að standa vörð um þá eiginleika hennar. Þá má benda á það ef rannsóknir sýna að beta-kasein A1 hafi þessa hættulegu eiginleika er ljóst að íslenska mjólkin og afurðir úr henni geta verið geysiverðmæt útflutningsvara.

Skuldbindingar Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum krefjast þess að við stöndum vörð um hið íslenska kúakyn, landnámskúna, en markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra notkun efnisþátta hennar og réttláta skiptingu hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda. Jafnframt er viðurkennt að aðildarríkin eigi fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegu auðlindum og jafnframt að þau beri ábyrgð á verndun þessara auðlinda. Eiginleikar íslensku kýrinnar eru tvímælalaust verðmæt auðlind sem okkur ber skylda til að vernda.

Í ljósi þess sem hér er komið fram er því skorað á landbúnaðarráðherra að annast um að gerð verði sérstök verndaráætlun fyrir íslensku mjólkurkúna og tryggja þar með hagsmuni allra Íslendinga og ímynd landsins út á við en það verður seint ofmetið að geta tryggt sérstöðu okkar sem þjóðar sem framleiðir hreinar, hollar og góðar landbúnaðarafurðir. Miðað við það sem að framan er rakið er augljóst að hagsmunum okkar er betur borgið með verndarstefnu til lengri tíma litið.

Með þingsályktunartillögu þessari eru sem fylgiskjöl tvær blaðagreinar sem birtust í Morgunblaðinu á árinu 2000.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Innflutningur fósturvísa norskra kúa er ótímabær. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir á Keldum. (Morgunblaðið, 15. janúar 2000.)

II. Kúainnflutningur: Er óhagkvæmt að flytja inn norskar kýr? Stefán Aðalsteinsson, doktor í búfjárfræði. (Morgunblaðið, 3. febrúar 2000.)

195. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um gerð verndaráætlana samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson,
Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að gera verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, fyrir þau svæði hér á landi sem falla undir samþykktina. Þau eru Mývatns- og Laxársvæðið, Þjórsárver og Grunnafjörður.

Greinargerð.

Ramsar-samþykktin um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi tók gildi hér á landi árið 1978. Þrjú svæði á Íslandi hafa verið tilkynnt á skrá Ramsar-samþykktarinnar, Mývatns- og Laxársvæðið við gildistöku hennar, Þjórsárver árið 1990 og Grunnafjörður í Borgarfirði árið 1996, eða skömmu eftir að hann var friðlýstur. Samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar ber aðildarríkjum að semja og hrinda í framkvæmd áætlun sem stuðlar að vernd skráðra Ramsar-svæða, svo og að skynsamlegri nýtingu votlenda (wise use).

Í skýrslu umhverfisráðherra um framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar, sem lögð var fram á 125. löggjafarþingi, samkvæmt beiðni fyrsta flutningsmanns og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar, segir um Ramsar-samþykktina: „Markmið samþykktarinnar er að stuðla að verndun votlendis, einkum fyrir votlendisfugla og samkvæmt samningnum er hvert aðildarríki skuldbundið til þess að tilnefna a.m.k. eitt friðað votlendissvæði á skrá hennar yfir votlendi, sem hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglalíf.“

Verndaráætlun fyrir þau þrjú svæði sem tilkynnt hafa verið hér á landi hefur ekki litið dagsins ljós. Í skýrslu umhverfisráðherra kom fram að vinna við gerð verndaráætlunar fyrir Mývatns- og Laxársvæðið væri hafin en óljóst væri hvenær henni lyki. Þá var vinna við gerð sérstakra verndaráætlana fyrir Þjórsárver og Grunnafjörð ekki hafin. Í skýrslunni segir enn fremur: „Á fimmta aðildarríkjaþingi Ramsar-samþykktarinnar árið 1993 var samþykkt ályktun um skynsamlega nýtingu votlendissvæða þar sem aðildarríkin eru hvött til þess að nýta leiðbeiningarreglur samþykktarinnar á kerfisbundnari og markvissari hátt til þess að stuðla að betri framkvæmd samþykktarinnar og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða.“ Í reglunum er bent á leiðir til þess að styrkja framkvæmdina, svo sem um uppbyggingu stofnana, upplýsingaöflun, vöktun, rannsóknir, þjálfun starfsfólks, menntun og kynningarstarf.

Þótt Ramsar-samþykktin kveði á um verndun votlendissvæða heimsins, sérstaklega með tilliti til fuglalífs, er verndunin í raun mun víðtækari þar sem öll dýr og plöntur votlendis skulu vernduð gegn ofnýtingu þannig að vistkerfið raskist ekki. Skilgreining samþykktarinnar á votlendi er víðtæk og nær m.a. til mýra, flóa, fenja og vatna með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þ.m.t. er sjór þar sem dýpi er innan við sex metrar, t.d. leirur og sjávarfitjar. Sér-

stakt tillit þarf að taka til Ramsar-svæða við landnotkun og ákvarðanir um framkvæmdir eða aðgerðir sem geta haft áhrif á ástand þeirra.

Dregist hefur úr hömlu að semja verndaráætlun um nýtingu íslensku Ramsar-svæðanna. Það getur ekki talist fullnægjandi af hálfu íslenskra stjórnvalda að hafa tilnefnt þrjú votlendissvæði til Ramsar-skrárinnar, það fyrsta fyrir 24 árum, en láta gerð verndaráætlunar sitja á hakanum sem raun ber vitni. Án slíkrar áætlunar fullnægjum við ekki skyldum okkar á alþjóðlegum vettvangi.

196. Svar [74. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

1. *Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 65/1996 frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?*

Árið 1998 ókaði 21 einstaklingur eftir réttaraðstoð, árið 1999 11 einstaklingar, árið 2000 voru þeir 20, 22 árið 2001 og 13 árið 2002.

2. *Hversu oft hefur réttaraðstoð við nauðasamningsumleitanir verið veitt á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Árið 1998 var réttaraðstoð veitt í 10 tilvikum, árið 1999 í 7 tilvikum, árið 2000 í 12 tilvikum, í 13 tilvikum árið 2001 og réttaraðstoð var veitt í 6 tilvikum árið 2002.

197. Svar [85. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi samgönguráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Á því árabili sem spurt er um veitti samgönguráðuneytið styrki til frjálsra félagasamtaka í alls 175 skipti. Samtals var um að ræða 49.541.900 kr. og var meðalfjárhæð hvers styrks um 283 þús. kr. Styrkirnir voru veittir af alls fimm fjárlagaliðum. Í meðfylgjandi töflu er skrá um veitta styrki og hafa þeir verið sundurliðaðir samkvæmt óskum fyrirspyrjanda að svo miklu leyti sem það er unnt, en taka ber fram að í mörgum tilvikum er ekki tilgreindur sérstakur ábyrgðaraðili fyrir verkefninu. Í þeim tilvikum er litið svo á að skráður fyrirsvarsmaður styrkþega sé ábyrgur fyrir verkefninu þegar styrkþeginn er lögpersóna.

Nafn	Fjárhæð	Málefni / ábyrgðarmaður verkefnis
Fjárlagaliður10-101-1.01		
1998		
Arnar Már Ólafsson	500.000	Kynningarefni um sjálfbæra ferðaþjónustu
Baldvin Björnsson	200.000	Kynningarmyndband um akstur á fjallvegum
Félag um listasafn Samúels	100.000	Endurreisn Listasafns Samúels Jónssonar, Selárdal, Arnarfirði / Ólafur Engilbertsson
Fjallasýn ehf.	100.000	Markaðssetning Íslands sem ferðamannastaðar yfir vetrarmánuðina
Íþrótta-og tónlistarferðir ehf.	150.000	Iceland Football Festival '98 / Hörður Hilmarsson
Jón Ásgeir Hreinsson	50.000	Undirbúningur stofnunar skóla fyrir fluguveiðimenn
Júlíus Þór Gunnarsson	70.000	Háfjallaleiðangur í Nepal
Kerúb ehf.	200.000	Leiksýning um ferðir Guðríðar Þorbjarnardóttur
Kiwanisklúbburinn Súlur	100.000	Styrkur vegna minnisvarða í Héðinsfirði
Kristján Karlsson	100.000	Vegna Fiskesafnsins í Vesturheimi
Kvenfélagið Baugur	200.000	Til starfa að ferðamálum
Margrét Hólm Magnúsdóttir	150.000	Markaðssetning í ferðaþjónustu
Pétur Gautur Kristjánsson	60.000	Útgáfa íslensks bifreiðatals
Ragnar Fr. Munasinghe	100.000	Ferð til Mongólíu – viðskiptatengsl landanna
Rósa Ingólfsdóttir	175.000	75 þús. til sýningar á íslensku handverki, 100 þús. til sýningarinnar Útivist fyrir alla
Sigurbjörn Þ. Guðmundsson	12.450	Grímseyjarhreppur til pianókaupa (flutningur)
Slysavarnafélag Íslands	75.000	Landsþing SVFÍ í Sandgerði 1998
Snorri Þorfinnsson ehf.	150.000	Vesturfarasafnið á Hofsósi, styrkur til að ráða starfsmann / Valgeir Þorvaldsson
Taflfélag Reykjavíkur	100.000	Reykjavíkurskákmót
Ungmennafélag Íslands	12.450	Styrkur vegna vímuefnanotkunar
Þorvaldur Hreinn Skaftason	200.000	Markaðssetning á ferðaþjónustubátnum Húna II
Samtals	**2.804.900**	
1999		
Alfreð Schiöth	50.000	Vegna Tónlistarskólans á Akureyri
Bjarni Einarsson Faust	200.000	Rannsókn á Írskubúðum á Snæfellsnesi
Björgunarskóli Landsbjargar / SVFÍ	100.000	Ráðstefna um snjóflóðavarnir
Björn Björnsson	300.000	Þýðing á efni um stöðugleika skipa
Ferðafélag Akureyrar	250.000	Gönguleiðarkort af Öskjuvegi
Ferðamálafélag Eyjafjarðar	250.000	Markaðsþjónusta á Akureyri
Ferðamálamiðstöð Eyjafjarðar	300.000	Ferðamálaráðstefna '98
Ferðanetið ehf.	200.000	Styrkur vegna Ferðanetsins
Gilfélagið	60.000	Átak til að kynna Akureyri sem menningarbæ
Guðríðar- og Laugarbrekkuhópur	1.000.000	Framkvæmdir á Laugabrekku undir Jökli til að minnast Guðríðar Þorbjarnardóttur / Guðrún G. Bergmann
Hólmfríður Björg Ólafsdóttir	50.000	Nýsköpun í ferðaþjónustu
Hótel Geysir ehf.	1.000.000	Uppbygging ferðaþjónustu á staðnum
Landvernd	20.000	Samstarfsverkefni um vernd og nýtingu hálendisins
Minjasafn á Ystafelli	500.000	Til uppbyggingar safnsins að Ystafelli
Reykholtskirkja	1.000.000	Gestastofa í Reykholti
Sjónarhæðarsöfnuður	400.000	Til uppbyggingar ferðaþjónustu í Kelduhverfi
Skrúður, skrúðgarður	500.000	Kynningarefni / Ólafur Helgi Kjartansson
Stafnbúi, félag sjávarútvegsfræðinema	150.000	Styrkur til ráðstefnuhalds
Styrktarfélag vangefinna	50.000	Styrkur, von og starf
Styrktarsjóður Sólheima	400.000	Viðurkenning á afmælisári
Sverrir I. Ingólfsson	500.000	Til uppbyggingar safnsins að Ystafelli

Nafn	Fjárhæð	Málefni / ábyrgðarmaður verkefnis
Tækniskóli Íslands	250.000	Styrkur til kaupa á skjávarpa
Þorvaldur Hreinn Skaftason	200.000	Markaðssetning á ferðaþjónustubátnum Húna II
Samtals	**7.730.000**	
2000		
Alma Jenny Guðmundsdóttir	200.000	Til uppbyggingar ferðaþjónustu fatlaðra
Alþjóðafélag stjórnmálafræðinema	75.000	Ferð Alþjóðafélags stjórnmálafæðinema til Brussel
Efling Stykkishólms	200.000	Til atvinnuvegasýningar í Stykkishólmi
Ferðamálaskóli Íslands	50.000	Styrkur til þáttöku í fagkeppni
Hildibrandur Bjarnason	250.000	Til viðhalds á Síldinni SH-650
JC Ísland	100.000	Bætt umferð, betra líf
Karólína Hulda Guðmundsdóttir	150.000	Síldarmannagötur
Landvarðafélag Íslands	100.000	Alþjóðaráðstefna landvarða / Soffía Helga Valsdóttir
Rekstrarfélag Jöklaferða	200.000	Vegna íshellis í Vatnajökli
Rósa Ingólfsdóttir	100.000	Til viðgerða á rafmagnsbíl
Sagnfræðingafélag Íslands	50.000	Vegna ráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands og Félags þjóðfræðinga á Íslandi í Skagafirði
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	250.000	Nordisk Handikap Forbund
Sjóferðir Arnars ehf.	100.000	Vegna veitinga- og söguskipsins Thors
Sjóminjasafn Íslands	250.000	Til viðgerðar á sexæringnum Ögra
Skáksveit MR	50.000	Ferð skáksveitar á Norðurlandamót
Slysavarnafélagið Landsbjörg	50.000	Ráðstefna um fjallamennsku og fjallabjörgun
Samtals	**2.175.000**	
2001		
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.	200.000	Finnlandsferð um vetrarferðamennsku
Biskupstungnahreppur	100.000	Alþjóðasamstarf ferðamálafulltrúa
Blátindur VE 21, áhugamannafélag	400.000	Til endurbygginar vélbátsins Blátinds VE 21
Félag hjartasjúklinga	200.000	Vegna Sjúkrahúss Akraness – hjartahágæslutæki
Félag íslenskra fornleifafræðinga	70.000	Vegna ráðstefnu norrænna fornleifafræðinga / Garðar Guðmundsson
Félag íslenskra aflraunamanna	300.000	Vegna kvikmyndar um alþóðlegt fitnessmót í Reykjavík 2000
Félag leiðsögumanna	150.000	Vegna norræns þings leiðsögumanna
Framfarafélag Snæfellsbæjar	100.000	Vegna lokafrágangs við Sönghelli / Guðrún G. Bergmann
Guðrún Unnur Ægisdóttir	200.000	Vegna uppbyggingar ferðaþjónustu fatlaðra
Hans Kristján Árnason	500.000	Vegna heimildarmyndar um þekktasta Íslending 20. aldarinnar í Ameríku
Heimili og skóli	200.000	Evrópusamstarf
Hótel Geysir ehf.	1.000.000	Gestastofa við Geysi samkvæmt fjáraukalögum 2000
Kerúb ehf.	200.000	Vegna leiksýningar um ferðir Guðríðar, á Grænlandi og í Finnlandi
Leikfélag Ólafsvíkur	150.000	Fróðárundrin í Ólafsvík / Eygló E. Egilsdóttir
Sigurður Sigurþórsson	72.000	Kynningarferð starfsmanna Flugmálastjórnar til Heathrow
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	140.000	Vegna hjálparmanns í ferð fatlaðra
Skákfélag Grandrokks	100.000	Skákmót Hróksins í minningu Dans Hanssonar / Hrafn Jökulsson
Snorrastofa í Reykholti	1.000.000	Gestastofa í Reykholti, samkvæmt fjáraukalögum 2000
Strandagaldur ses	200.000	Menningar- og fjölskylduhátíð í Bjarnafirði / Jón Jónsson
Suðvestan tveir ehf.	300.000	Auglýsing í Gestinum 2001
Samtals	**5.582.000**	

Nafn	Fjárhæð	Málefni / ábyrgðarmaður verkefnis
Fjárlagaliður 10-190-1.12		
1999		
Björgunarsveitin Stefán	700.000	Til kaupa á sérútbúnum bíl
Samtals	**700.000**	
Fjárlagaliður 10-190-1.42		
1998		
Alþýðumenning við Eyjafjörð	300.000	Alþýðumenning við Eyjafjörð
Átak Akranes, félag	350.000	Kynning á Akranesi sem ferðamannabæ – Hvalfjarðargöng
Átak Akranes, félag	350.000	Kynning á Akranesi sem ferðamannabæ – Hvalfjarðargöng, síðari hluti
Bandalag íslenskra farfugla	400.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Efling Stykkishólms	400.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Eiríksstaðanefnd	500.000	Leifur heppni og Laxdæla – markaðssetning, útgáfa
Ferðafélagið Fjörðungur	100.000	Heimasíða, skiltagerð og veggspjöld
Ferða- og markaðsmiðstöð Austur-Húnavatnssýslu	500.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Ferðamálafélag Vestur-Rangárvallasýslu	200.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Ferðamálahópur Borgarfjarðar	200.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Ferðamálamiðstöð Eyjafjarðar	400.000	Markaðsátak í ferðamálum
Ferðamálamiðstöð Eyjafjarðar	400.000	Markaðsátak í ferðamálum, síðari hluti
Ferðamálasamtök Norðurlands	500.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Ferðamálasamtök Siglufjarðar	400.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Ferðamálasamtök Suðurnesja	500.000	Markaðsefling og sókn í ferðamálum
Ferðamálasamtök Suðurnesja	500.000	Markaðsefling og sókn í ferðamálum, síðari hluti
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf.	300.000	Ferðaþjónusta, Langjökull, Reykholt
Gilfélagið	100.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Héraðsnefnd Skagfirðinga	400.000	Gerð fræðslumyndar og sjónvarpsauglýsingar
Héraðsnefnd Skagfirðinga	400.000	Síðari hluti, gerð fræðslumyndar og sjónvarpsauglýsingar
Norður-Hérað	300.000	Efling á ferðaþjónustu tengdri hreindýrum m.a.
Samstarf í ferðamálum Vestur-Rangárvallasýslu	400.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
SAUMNAL – Samtök um markaðsmál á Norðausturlandi	200.000	Ferðamál á landsbyggðinni / Guðmundur Þórarinsson
Tanni, ferðaþjónusta	100.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Upplýsingamiðstöð Ferðamála sf.	400.000	Styrkir til ferðamála á landsbyggðinni
Þróunarfélag Vestmannaeyja	200.000	Kynning á þjóðaríþróttum Vestmannaeyinga
Samtals	**8.800.000**	
1999		
Alþýðumenning við Eyjafjörð	300.000	Alþýðumenning við Eyjafjörð, síðari hluti
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.	200.000	Kynning á Eyjafjarðarsvæðinu, Stefnum norður – efling vetrarferðamennsku
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.	400.000	Kynning á Eyjafjarðarsvæðinu, Stefnum norður – efling vetrarferðamennsku
Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar hf.	400.000	Samstarfshópur á söguslóð, kynningarátak / Deborah Robinson
Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar hf.	200.000	Hringur – Atvinnurþóunarfélag, markaðsátak
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	300.000	Gerð vefs um ferðamál á Vestfjörðum
Átak Akranes, félag	200.000	Kynningarátak
Brekkulækur	100.000	Markaðssókn í Þýskalandi / Arinbjörn Jóhannsson

Nafn	Fjárhæð	Málefni / ábyrgðarmaður verkefnis
Ferða- og markaðsmiðstöð Austur-Húnavatnssýslu	100.000	Gerð kynningarefnis
Ferðamálafélag Eyjafjarðar	300.000	Markaðsátak fyrir erlenda ferðamenn.
Ferðamálafélag Vestur-Húnavatnssýslu	200.000	Heimasíða, bæklingur, kynningarmyndband
Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri	200.000	Markaðssetning og kynning á víkingaslóðum / Jóna B. Sveinsdóttir
Ferðamálasamtök Norðurlands	100.000	Gerð vefs fyrir ferðaþjónustu / Sigurður H. Engilbertsson
Ferðamálasamtök Snæfellsness	100.000	Kynning og markaðssetning á Snæfellsnesi
Ferðamálasamtök Suðurlands	200.000	Til skilgreiningar á upplýsingaaðgengi og að koma á samvinnuneti / Rut Gunnarsdóttir
Ferðaþjónusta bænda, Barkarstöðum	100.000	Styrkur til fimm fyrirtækja í Húnaþingi vestra, sameiginlegt markaðsátak / Benedikt Ragnarsson
Ferðaþjónustan Lónskoti	50.000	Lónkot og Bergey, gerð kynningarefnis / Ólöf Margrét Ólafsdóttir
Fjallakráin Vatnsleysu	50.000	Gerð kynningarefnis / Jón K. Friðriksson
Fjórðungssamband Vestfirðinga	400.000	Gerð kynningarmyndbands um Vestfirði
Markaðsráð Borgfirðinga	100.000	Kynnningarátak meðal Íslendinga
Markaðsráð Suðausturlands	200.000	Lenging ferðamannatímas með fuglaskoðunarferðum og gerð gagnagrunns um þjónustustofnanir á sviði ferðamála
Markaðsskrifstofa Norðurlands	400.000	Sameiginleg markaðssetning fyrirtækja
Markaðsstofa Austurlands	300.000	Fjölþætt markaðsátak
Snæfellsássamfélagið	100.000	Kynning á vættabyggðum
Sögusetrið á Hvolsvelli	500.000	Markaðssetning Njáluslóða
Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands ehf.	400.000	Markaðsátak ferðaþjónustu á Vesturlandi / Sigríður Hrönn Theódórsdóttir
Þingvallavatnssiglingin	100.000	Efling ferðaþjónstu við Þingvallavatn / Kolbeinn Sveinbjörnsson
Þróunarfélag Austurlands	400.000	Lokavinnsla og markaðssetning ferðavefs og samstarfsnet innan ferðaþjónustu á Íslandi, í Noregi og Færeyjum
Þróunarfélag Austurlands	400.000	Hönnun og uppsetning á austfirskum upplýsingavef og markaðssetning fyrir innlenda ferðamenn
Þróunarfélag Austurlands	600.000	Hönnun og uppsetning á austfirskum upplýsingavef og markaðssetning fyrir innlenda ferðamenn
Samtals	**7.400.000**	
2000		
Atvinnuþróunarfélag Eyjafarðar bs.	100.000	Fornar þjóðleiðir á Tröllaskaga
Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar hf.	100.000	Fjölföldun myndbands um söguslóðir
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	200.000	Vestfjarðavefur
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	100.000	Könnun á ferðavenjum á Vestfjörðum
Ferða- og markaðsmiðstöð Austur-Húnavatnssýslu	100.000	Markaðssetning Austur-Húnavantssýslu sem landsvæðis fyrir búsetu, ferðalög og fyrirtækjarekstur
Ferðamálafélag Fnjóskadals	100.000	Merking gönguleiða á Vaðlaheiði og Hálshnjúki
Ferðamálasamtök Siglufjarðar	100.000	Kynningarblað um Siglufjörð
Ferðamálasamtök Snæfellsness	200.000	Markaðssetning á Snæfellsnesi fyrir ferðamenn
Ferðamálasamtök Suðurlands	200.000	Upplýsingabrunnur fyrir ferðamenn á Suðurlandi / Jóhanna B. Magnúsdóttir

Nafn	Fjárhæð	Málefni / ábyrgðarmaður verkefnis
Ferðamálasamtök Suðurnesja	400.000	Markaðssetning Bláa lónsins og Suðurnesja sem hvalaskoðunarsvæðis
Ferðamiðstöð Skagafjarðar	100.000	Gerð heimasíðu og auglýsingaátak ferðamiðstöðvarinnar
Gistiheimilið Brekkubær, Hellnum	100.000	Markaðssetning sjálfbærrar ferðaþjónustu
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	100.000	Uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu í Skagafirði
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	100.000	Kynning á söguslóð í Húnaþingi
Jóhann R. Jakobsson	200.000	Jeppa- og vélsleðafearðir, gisting á Hótel Varmahlíð
Karen Rut Konráðsdóttir	200.000	Markaðsaðgerðir í ferðaþjónustu fyrir Þórshöfn og nágrenni
Lagarfljótsormurinn	100.000	Ferðaþjónusta á Fljótsdalshéraði
Markaðsráð Suðausturlands	100.000	Vatnajökull 2000
Markaðsskrifstofa Norðurlands	400.000	Sameiginlegt átak ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi
Markaðsstofa Austurlands	100.000	Gerð afþreyingarkorts af Austurlandi
Norður-Hérað	100.000	Hestaferðir um Hérað og Vopnafjarðarsvæðið
Ólöf Margrét Ólafsdóttir	100.000	Siglingar með ferðamenn frá Lónkotshöfn
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	400.000	Gerð kynningarmyndar um Suðurland
SAUMNAL – Samtök um markaðsmál á Norðausturlandi	200.000	Útgáfa bæklingsins „The lure of the Northeast Iceland"
Snorrastofa í Reykholti	4.000.000	Vegna gestastofu í Reykholti
Strandagaldur ses	200.000	Auglýsing á galdrasýningu á Ströndum
Tjaldsvæði skáta Akureyri	200.000	Markaðsátak, lenging dvalar
Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands ehf.	300.000	Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi / Sigríður Hrönn Theódórsdóttir
Þingvallavatnssiglingin	100.000	Gerð bæklings um Þingvallasiglingar
Þróunarfélag Austurlands	200.000	Efling ferðaþjónustu á Fljótsdalshéraði
Samtals	**8.900.000**	
2001		
Bjarni Freyr Róbertsson	150.000	Útilífsmiðstöð á Húsafelli
Gunnar Kristinn Þórðarson	1.000.000	Styrkur vegna mótor- og tækjaminjasafnsins að Stóragerði, Skagafirði
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	400.000	Umhverfi og ferðaþjónusta á norðlægum slóðum
Sagnfræðingafélag Íslands	200.000	Styrkur vegna ráðstefnu um bókmenningu og daglegt líf við Breiðafjörð
Samtök verslunarinnar – Félag íslenskra stórkaupmanna	200.000	Styrkur vegna málþings
Snorrastofa í Reykholti	2.000.000	Samkvæmt samningi
Samtals	**3.950.000**	
Fjárlagaliður 10-190-1.43		
1998		
Jóhannes Kristjánsson	500.000	Styrkur við heilsárshótel á landsbyggðinni
Samtals	**500.000**	
Fjárlagaliður 10-190-1.45		
2000		
Steinaríki Íslands	1.000.000	Styrkur / Þorsteinn Þorleifsson
Samtals	**1.000.000**	
Alls	**49.541.900**	

198. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um úttekt á skipulagi og framkvæmd löggæslu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jónína Bjartmarz, Þuríður Backman,
Guðjón A. Kristjánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason,
Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem skilgreini, meti og geri tillögur um skipulag og framkvæmd löggæslu í landinu og móti reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi, með það að markmiði að ná fram hagræðingu, aukinni skilvirkni og samhæfingu innan lögreglunnar svo að tryggja megi aukna þjónustu við íbúana og öryggi þeirra. Þá fari nefndin einnig yfir menntunarmál lögreglumanna og geri tillögur til úrbóta ef þörf er á.

Nefndin kanni sérstaklega:

a. Breytingar á skipulagi lögreglumála með hliðsjón af kröfum um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi. Nefndin meti einnig hvort hægt væri að auka hagkvæmni með því að greina lögregluumdæmi frá sýslumannsembættum, jafnframt því sem lögregluumdæmi yrðu stækkuð og rannsóknardeildir styrktar eða stofnaðar við hvert embætti.
b. Kosti þess og galla að flytja tiltekin verkefni lögreglu til sveitarfélaga.
c. Grunnmenntun og framhaldsmenntun lögreglumanna.
d. Önnur þau atriði sem nefndin telur að geti orðið lögreglu til framdráttar.

Dómsmálaráðherra skipi í þessu skyni nefnd með aðild dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands, Lögregluskóla ríkisins, Landssambands lögreglumanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2003.

Greinargerð.

Síðastliðinn áratug hefur orðið gífurleg þróun í íslensku samfélagi og umhverfið allt orðið flóknara og alþjóðlegra. Samfara þessum breytingum hefur afbrotum fjölgað, ekki síst auðgunar-, ofbeldis- og fíkniefnabrotum, sem oft tengjast innbyrðis. Einnig hefur kærum vegna kynferðisbrota fjölgað og nýir brotaflokkar orðið til, svo sem skipulögð glæpastarfsemi, efnahagsbrot, tölvubrot og brot gegn ýmsum sérrefsilögum. Fólksfjölgun hefur verið mikil og þróun byggðar þannig að fleiri og fleiri flytjast til höfuðborgarsvæðisins.

Þá hefur bifreiðaeign landsmanna stóraukist og hefur það leitt til mikillar útþenslu í umferðinni. Veitingastöðum, fyrirtækjum og verslunum hefur fjölgað ört á þessu tímabili, einkum í höfuðborginni.

Vínveitingastöðum á landinu, utan Reykjavíkur, hefur fjölgað úr 375 árið 1997 í 466 árið 2001, um 91 stað. Á sama tíma hefur vínveitingastöðum í Reykjavík fjölgað úr 164 í 198, um 34 staði (sjá skýrslu dómsmálaráðherra um stöðu og þróun löggæslu, þskj. 1365 á 127. löggjafarþingi, bls. 17–18, töflu 2.2). Í Reykjavík hefur vínveitingastöðum fjölgað úr 79 árið 1990 í 198 árið 2001, um 119 staði.

Árið 1997 voru 149.973 bifreiðar á landinu en árið 2001 voru þær orðnar 181.536 sem er fjölgun um 31.563 bifreiðar. Árið 1997 voru bifreiðar í Reykjavík einni 64.188 en árið 2001 voru þær orðnar 81.136 sem er fjölgun um 16.948 bifreiðar. Á höfuðborgarsvæðinu er um-

ferðarþunginn sívaxandi vandamál og brýnt er að taka á hinum mikla fjölda banaslysa og alvarlegra umferðarslysa á landinu.

Á árunum 1990–2001 hefur yfirmönnum og stjórnendum í lögreglu fjölgað mikið. Á sama tíma hefur óbreyttum lögreglumönnum á landinu öllu fækkað um tæp 30%, þrátt fyrir það að íbúum hafi fjölgað um rúmlega 30.000 (sjá skýrslu dómsmálaráðherra um stöðu og þróun löggæslu, þskj. 1365 á 127. löggjafarþingi, bls. 11, töflu 1.7).

Ýmiss konar vandamál í miðborginni, sérstaklega þegar mikill fjöldi unglinga safnast þar saman um helgar, hafa verið mjög til umræðu sl. missiri og ár. Þessi umræða hefur m.a. snúist um skort á almennri löggæslu vegna fækkunar óbreyttra lögreglumanna og að fjárveitingar til löggæslumálefna hafi ekki fylgt launa- og verðlagsþróun og fjölgun verkefna lögreglunnar.

Óánægja ýmissa aðila í þjóðfélaginu með fjárveitingar til löggæslunnar er þó engan veginn bundin við höfuðborgina, og hafa sveitarfélög víða ályktað vegna ófullnægjandi löggæslu og öryggisleysis íbúanna að þeirra mati.

Breytingar á lögreglulögum.

Í lögreglulögum frá 1996 segir að ríkið haldi uppi starfsemi lögreglu. Hlutverk lögreglu er meðal annars:

„Að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi.“

„Að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins.“

Margir telja að þróun framlaga til lögreglunnar hafi ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á samfélaginu og tilflutningi íbúa. Alls ekki er þó við lögregluna að sakast, sem hefur oft við erfið skilyrði tekist vel til við löggæsluna, þrátt fyrir aukin verkefni, minnkandi yfirvinnu og verulega fækkun óbreyttra lögreglumanna. Miklar umræður og deilur hafa verið um það hvort almanna- og réttaröryggi sé tryggt með hliðsjón af núverandi fjölda lögreglumanna og skipulagi löggæslu í landinu.

Með breytingu á lögreglulögum var embætti ríkislögreglustjóra stofnað og breyttist skipulag löggæslunnar verulega og ríkislögreglustjóri tók við fjölmörgum verkefnum sem höfðu verið í höndum dómsmálaráðuneytisins, Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglustjórans í Reykjavík. Meginröksemdin fyrir stofnun embættis ríkislögreglustjóra var sú að nauðsynlegt væri að fela einum aðila yfirstjórn og samræmingu á störfum allra lögregluembætta í landinu.

Núverandi skipulag.

Líta má svo á að stofnun embættis ríkislögreglustjóra hafi verið fyrsta skrefið í áttina að því að einfalda og gera stjórn löggæslumála skilvirkari. Núverandi skipan lögregluumdæma er arfleifð frá fyrri öldum þegar þjóðfélagið var gjörólíkt því sem nú er. Breytingar á umdæmum hafa ekki fylgt eftir tilkomu ökutækja né samgöngubótum, svo sem vegum, brúarmannvirkjum, jarðgöngum og svo framvegis. Þá hefur fjarskipta- og tölvutækni skapað allt aðrar forsendur varðandi samræmingu og stjórnun.

Helstu gallar á núverandi skipulagi eru að flest embættin eru of litlar löggæslueiningar, sem kemur meðal annars í veg fyrir aukna sérhæfingu, svo sem varðandi rannsóknir, en nauðsynlegt er að koma upp öflugum rannsóknardeildum um landið. Stærð lögregluliða þarf m.a. að taka mið af staðháttum, samgöngum, stærð landsvæðis, lengd vegakerfis, fjölda íbúa og samsetningu byggðar, hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli. Hafa verður í huga tíðni

afbrota og heppilegt skipulag og stærð lögregluliðs, með það að markmiði að hvert lögreglulið hafi sem mesta getu til að ráða við þau verkefni sem upp geta komið í umdæminu. Þjónusta við almenning hvað varðar löggæslu er í reynd mismunandi eftir búsetu. Hvað skipulag snertir er þó nægjanlegt að hafa margvíslega umsýslu verkefna á einum stað fyrir allt landið, svo sem varðandi starfsmannamál.

Þróun mála á Norðurlöndum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á Norðurlöndin. – Í Noregi hafa orðið miklar breytingar á skipulagi lögregluembætta og um þessar mundir er verið að fækka embættum þar um nánast helming, þau voru áður 54. Í Svíþjóð og Finnlandi er unnið að fækkun embætta og í Danmörku eru þessi mál í mikilli skoðun. Samfara þeim breytingum hefur lögreglumönnum eða lögreglustöðvum ekki fækkað, heldur er einungis stefnt að nýrri uppbyggingu löggæslunnar í viðkomandi löndum. Í Svíþjóð hafa embætti ríkislögreglustjóra og landssamband sænskra lögreglumanna orðið ásátt um að fjölga þurfi lögreglumönnum um allt að 3.000, sem meðal annars lýtur að stækkun Evrópusambandsins til austurs og þeim vandamálum sem því fylgir, auk þess sem skipulögð glæpastarfsemi hefur aukist í Svíþjóð og eins glæpir almennt.

Hér á landi er ekki ástæða til að fækka lögreglustöðvum og hér þyrfti frekar en hitt að fjölga lögreglumönnum. Lögreglan á eftir sem áður að grundvallast á svæðisbundinni nálægð við fólkið í landinu. Núverandi skipting lögreglu í 26 embætti með 26 lögreglustjórum er mjög þunglamalegt og stendur þróun lögreglunnar fyrir þrifum. Ef lögreglustjórar væru jafnmargir og t.d. héraðsdómstólar (8) væri hægt að efla lögregluliðin. Í reynd má segja að núverandi kerfi sé þess eðlis að íbúar fái misjafna þjónustu lögreglu eftir búsetu.

Hlutverk ríkis og sveitarfélaga við stjórn og framkvæmd löggæslu.

Miklar umræður hafa verið um það skipulag löggæslumála að ríkisvaldið fari alfarið með stjórn lögreglumála. Sum sveitarfélög, t.d. Reykjavíkurborg, hafa óskað eftir því að taka til sín tiltekin verkefni lögreglu. Í því sambandi hefur helst verið nefnd grenndarlöggæsla og hverfaþjónusta lögreglunnar, en þessir löggæsluþættir hafa gegnt sífellt stærra og þýðingarmeira hlutverki, ekki síst í höfuðborginni.

Það er því full ástæða til að kanna sérstaklega kosti þess og galla að færa tiltekna þætti löggæslu yfir til sveitarfélaga. Ýmsir sveitarstjórnarmenn telja að með slíkum breytingum megi auka öryggi íbúa í nánari samvinnu við lögregluyfirvöld, félagasamtök og fagaðila á hverjum stað. Það gæti ekki einungis tryggt aukið öryggi og þjónustu, heldur einnig að hægt verði að skipuleggja markvisst átak gegn vímuefnavandanum með aðgerðaáætlun, ekki síður gæti það tryggt nauðsynlegar aðgerðir til að koma umferðaröryggismálum í betra horf.

Menntunarmál lögreglumanna.

Allar þær breytingar sem orðið hafa á starfsumhverfi lögreglunnar kalla óhjákvæmilega á aukna menntun lögreglumanna, bæði grunnmenntun, framhaldsmenntun og aukna menntun stjórnenda í lögreglunni. Það er nauðsynlegt að allir þættir séu til skoðunar þegar gera á úttekt eins og hér er lögð til sem hefur það að markmiði að auka hagkvæmni, jafnframt því að bæta þjónustu við íbúana. Eru menntunarmál lögreglunnar einn af þeim þáttum. Í því samhengi er rétt að benda á þá leið sem farin var á Írlandi árið 1985. Þar var skipuð nefnd sem hafði það hlutverk *„að skoða öll þjálfunar- og menntunarmál lögreglumanna frá grunnnámi og upp úr, m.a. námskeiðahald og gera tillögur“*.

Meginniðurstöður þeirrar nefndar voru að:

1. Lögreglan og menntunin þurfi að vera opin gagnvart samfélaginu.

2. Menntunin þurfi að vera í takt við raunveruleg lögreglustörf á hverjum tíma.
3. Auka fagmennsku hjá lögreglumönnum.

Niðurstöður nefndarinnar leiddu til þess að miklar breytingar voru gerðar á menntun og þjálfun lögreglumanna og var við menntun og þjálfun lögreglumanna farið eftir niðurstöðum nefndarinnar. Er það samdóma álit flestra á Írlandi sem að málinu komu að breytingarnar hafi verið til góðs og hafi skilað sér með bættum árangri lögreglu.

Niðurlag.

Megintilgangurinn með skipun nefndar sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir er að farið verði gaumgæfilega yfir hvaða leiðir séu skynsamlegastar til að auka hagkvæmni, skilvirkni, þjónustu við íbúana og öryggi þeirra. Sú mikla breyting sem orðið hefur í þjóðfélaginu á umliðnum árum og áður er getið gefur tilefni til að lagt sé í þá vinnu sem þingsályktunartillagan kveður á um.

Loks má benda á að einn megintilgangur þessarar tillögu er að ráðist verði í það brýna verkefni að móta reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi fyrir sig til að gætt sé almannaöryggis og réttaröryggi íbúa sé tryggt í samræmi við lögreglulög.

Umræður og deilur hafa staðið um það hérlendis hvort hin almenna löggæsla sé fullnægjandi og hvort fjárframlög til lögreglu á undanförnum árum hafi fylgt verðlagsþróun og þeim auknu verkefnum sem lögreglan þarf nú að takast á við. Til að ná sátt um uppbyggingu og stöðu lögreglunnar í landinu verður að fara af kostgæfni og vandvirkni yfir framangreind atriði til að tryggja sem best öryggi og þjónustu við borgarana. Í þá vinnu verður dómsmálaráðuneytið að ráðast með fulltrúum sveitarfélaga, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands, Lögregluskóla ríkisins og Landssambands lögreglumanna.

Það er von flutningsmanna þessarar tillögu að um hana geti náðst víðtæk sátt og að hraðað verði þeirri úttekt sem hér er lögð til. Niðurstaða og mat á kostum sem til greina koma verði síðan lagt fyrir haustþing 2003.

199. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]

um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og úttekt á ástandi eigna á öllum helstu jarðskjálftasvæðum á Íslandi. Rannsóknin fari fram á næstu tíu árum og markmið hennar verði að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum þar sem meginánersla verði lögð á að fyrirbyggja manntjón og draga úr slysum, sem og að lágmarka skemmdir á byggingum, tæknikerfum og innanstokksmunum. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkinu. Strax að lokinni úttekt á fyrsta svæði sem rannsakað verður skulu niðurstöður birtar og ákveðið hvernig staðið verði að því að bæta eða kaupa þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til mögulegs tjóns af völdum jarðskjálfta. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 126. og 127. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd og er því endurflutt.

Þann 17. og 21. júní 2000 urðu tveir öflugir jarðskjálftar á Suðurlandi með tilheyrandi eftirskjálftum. Fyrri jarðskjálftinn sem átti upptök sín í Holtum var um 6,6 á Richter, en sá síðari með upptök nálægt Hestfjalli var af stærðinni 6,5 á Richter.

Báðir þessir jarðskjálftar ollu töluverðu tjóni á íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum. Haustið 2000 hafði þegar verið tilkynnt um 1.800 tjón. Tjón þessi eru að sjálfsögðu mismunandi mikil. Nokkur hús sem skemmdust mjög mikið hafa verið dæmd ónýt, en önnur sem einnig eru mikið skemmd hafa verið dæmd viðgerðarhæf. Þá var einnig um að ræða verulegt tjón á innbúi, vöru og framleiðslu fyrirtækja ásamt óbeinu tjóni sem ekki fellur beint undir tryggingar. Telja verður einstakt lán að ekki urðu umtalsverð slys á fólki í þessum öflugu jarðskjálftum.

Í flestum tilvikum voru það eldri hús og byggingar sem fóru illa, en einnig hús sem voru nálægt upptökum skjálftanna. Vegna fjarlægðar frá upptökum sluppu ýmsir stórir þéttbýliskjarnar á vestanverðu Suðurlandi við verulegar skemmdir á húsnæði. Öflugir jarðskjálftar hafa orðið á Suðurlandi á undanförnum árum þótt þeir næðu ekki sömu stærð og skjálftarnir sumarið 2000. Sagan og staðfestar mælingar sýna að jarðskjálftar geta orðið enn stærri en þeir sem þá urðu og verulegar líkur eru taldar á því að þessari skjálftahrinu á Suðurlandi sé ekki lokið. Búast má við stórum skjálfta í Flóa eða Ölfusi innan skamms tíma og þá við eða nálægt stórum þéttbýlissvæðum.

Suðurland er ekki eina virka jarðskjálftasvæðið. Nægir að minna á Norðurland þar sem stórir skjálftar gætu ógnað byggð á stórum svæðum.

Það er eðlilegt í kjölfar jarðskjálftanna sumarið 2000 og þeirra jarðskjálfta sem þekktir eru að menn leiði hugann að því hvernig efla má varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að gerð verði heildarúttekt á mannvirkjum á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu þar sem búast má við stökum jarðskjálftum, með það að markmiði að niðurstöður slíkrar úttektar yrðu nýttar til þess að fyrirbyggja manntjón, draga úr slysum og lágmarka skemmdir á byggingum, innanstokksmunum og tæknikerfum. Tillagan gerir ráð fyrir að Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkefninu og að kostnaður vegna þess verði greiddur úr ríkissjóði. Í framhaldi af þessari vinnu verði einnig tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að því að kaupa eða bæta þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til tjóns af völdum jarðskjálfta.

Mikil vinna hefur verið lögð í að meta það tjón sem varð í jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 og er sú vinna vel á veg komin. Þar er um að ræða mat á tjóni í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda um Viðlagatryggingu Íslands. Í þessari vinnu hefur berlega komið í ljós að nauðsynlegt er fyrir Alþingi að taka til endurskoðunar lög um Viðlagatryggingu og aðra löggjöf sem málið varðar og einnig þær viðmiðanir sem hafðar eru að leiðarljósi, svo sem gildandi brunabótamat sem reynst hefur mjög ótryggur grunnur til að byggja matsniðurstöður á. Þá er langt í frá að Viðlagatryggingu Íslands sé ætlað að standa undir öllu því tjóni sem varð og því má reikna með að enn sé um óleystan vanda að ræða hjá mörgum þeim sem urðu fyrir tjóni í Suðurlandsskjálftunum. Þann vanda þarf að leysa og einnig að koma til móts við þau sveitarfélög þar sem tjón varð hvað mest. Þau hafa óhjákvæmilega borið mikinn kostnað vegna þessara náttúruhamfara. Margir urðu fyrir óbætanlegu tjóni, en það er mjög mikilvægt að allir þeir aðilar sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni fái það bætt með þeim hætti að enginn verði verr settur fjárhagslega en fyrir skjálftana.

Það má draga mikinn lærdóm af jarðskjálftunum sem urðu sumarið 2000. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hefur tekið saman skýrslu um skjálftana og afleiðingar þeirra. Einnig býr mikil vitneskja hjá sveitarfélögum, matsmönnum Rauða krossins, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og fleiri aðilum. Þessari vitneskju þarf að sjálfsögðu að safna saman.

Mjög mismunandi er hvernig húsum og innbúi reiddi af í jarðskjálftunum. Nokkur hús skemmdust mikið og hafa verið dæmd ónýt, önnur hús í næsta nágrenni við mesta skjálftasvæðið virðast vera lítið sem ekkert skemmd. Sama máli gegnir um innbú í húsum; víða varð stórtjón en á öðrum stöðum var komið í veg fyrir verulegt tjón með fyrirbyggjandi ráðstöfunum. Þessi lýsing á við þekkt tjón en einnig má reikna með að í nokkrum tilvikum hafi skemmdir orðið á innviðum húsa án þess að þær hafi enn komið í ljós eða að mannvirki eigi eftir að skemmast vegna ýmiss konar röskunar sem varð í skjálftunum. Sem dæmi má nefna að vitað er að víða varð sig á jarðvegi við hús og líkur eru á að einnig hafi orðið sig á fyllingum undir gólfplötum og jafnvel undir sökklum húsa. Við slíkar aðstæður verða gjarnan skemmdir á lögnum undir húsum og við þau, auk þess sem sökklar og gólfplötur geta farið að síga og brotna á næstu mánuðum eða árum. Í timburhúsum gætu þéttingar hafa rofnað þannig að þau verði óþétt í vindi og kaldari, eða að raki fari að safnast í grindur og húsin að fúna. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um hvort slíkar duldar skemmdir hafa orðið, bæði til að unnt verði að gera við húsin ef þess er kostur og einnig til að eyða röngum grunsemdum ef ekkert er að.

Mikilvægt er að á næstu árum verði unnið rétt og skipulega að undirbúningi jarðskjálftavarna. Liður í því er að nýta þá vitneskju sem fékkst um eðli og afleiðingar jarðskjálfta. Þar verður að forðast allar öfgar og má hvorki stinga höfðinu í sandinn og vona að nú sé þetta búið í bili og ekkert þurfi að gera né ganga of langt í varkárni og öryggiskröfum. Jarðskjálftar á Íslandi eru staðreynd sem nauðsynlegt er að búa sig undir af skynsemi og af varkárni. Til þess þarf að draga almennan lærdóm af skjálftunum og koma þeim upplýsingum á skipulegan hátt til almennings. Þar sem enn eru taldar verulegar líkur á að stórir jarðskjálftar verði innan tíðar á Suðurlandi þarf að hefjast handa strax.

Gera þarf með skipulegum hætti úttekt á því svæði þar sem skjálftarnir urðu sumarið 2000 og nýta þá þekkingu til forvarna. Þá þarf einnig að gera úttekt á öllum byggingum á Suðurlandi þar sem búast má við að stórir skjálftar verði þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana sem mögulegar eru til að lágmarka það tjón sem kann að verða.

Í framhaldi þarf síðan að fara í skipulega úttekt á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu og gera áhættugreiningu. Á grundvelli slíkrar áhættugreiningar mætti síðan flokka byggingar í áhættuflokka.

Þær upplýsingar væri síðan hægt að nota til að forgangsraða endurnýjun eða endurbótum á byggingum, setja fram hönnunarreglu og leiðbeiningar um forvarnir. Í þessari könnun verði sérstök áhersla lögð á t.d. íbúðarhúsnæði, skóla, leikskóla, sjúkrahús, dvalarheimili og annað húsnæði sem daglega hýsir margt fólk.

Af fenginni reynslu er augljóst að á þekktum jarðskjálftasvæðum er húsnæði sem þarf að afskrifa eða styrkja. Slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér kostnað sem ekki er hægt að velta alfarið yfir á eigendur þess.

Eðlilegt er að strax að lokinni ítarlegri úttekt á fyrsta hluta þess landsvæðis sem gerð yrði úttekt á verði ákveðið hver beri kostnað af niðurrifi eða endurbótum á hættulegu húsnæði. Þar má t.d. hugsanlega víkka hlutverk ofanflóðasjóðs og styrkja þannig að um verði að ræða sjóð vegna allra náttúruhamfara og hann eigi að bera kostnað af verkefnum eins og þessum.

Þá má nýta úttekt eins og þá sem tillagan gerir ráð fyrir til vinnu við leiðbeiningar um hvernig ganga þarf frá innanstokksmunum svo að öryggi íbúa sé sem best tryggt.

Þá er ekki síður mikilvægt að nota þá þekkingu sem fæst til að setja reglur hvað varðar hönnun bygginga.

Af framansögðu má ljóst vera að verkefnið sem tillaga þessi felur í sér er viðamikið og tímafrekt. Það krefst einnig sérþekkingar á mörgum sviðum, en þó ekki síst á sviði jarðskjálftaverkfræði. Slík sérfræðiþekking er til staðar í Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi, en starfsmenn miðstöðvarinnar hafa sýnt og sannað hæfni sína við að takast á við verkefni eins og þau sem hér um ræðir og nægir í þeim efnum að benda á þær skýrslur sem frá Rannsóknarmiðstöðinni hafa komið. Markmið Rannsóknarmiðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum, þróunarverkefnum og ráðgjöf á sviði jarðskjálftaverkfræði og skyldra greina.

Með því að fela Rannsóknarmiðstöðinni leiðandi hlutverk í þeim verkefnum sem tillagan gerir ráð fyrir mun verða stigið stórt skref til að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum og til að bæta öryggi íbúa landsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Ragnar Sigbjörnsson, 3. október 2000.
II. Bréf Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga til ríkisstjórnar Íslands, Selfossi, 9. október 2000.
III. Umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (27. febrúar 2001.)
IV. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (27. febrúar 2001.)
V. Umsögn Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (2. mars 2001.)
VI. Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (13. mars 2001.)
VII. Umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (14. mars 2001.)
VIII. Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (14. mars 2001.)
IX. Umsögn Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (15. mars 2001.)
X. Umsögn menntamálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XI. Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (15. mars 2001.)
XII. Umsögn Rafmagnsveitna ríkisins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XIII. Umsögn Viðlagatryggingar Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XIV. Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (20. mars 2001.)

XV. Umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (17. mars 2001.)

XVI. Umsögn Almannavarna ríkisins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (17. apríl 2001.)

Um I. og II. fylgiskjal vísast til samhljóða fylgiskjala í þskj. 116 (116. mál 126. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 764–772.

200. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [197. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fimmtungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum fimmtungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæði. Frumvarp þetta hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum en ekki náð fram að ganga.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¾ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Færa má að því gild rök, eins og að framan segir, að frumvarp til laga um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt mál sem rétt hefði verið að bera undir þjóðina með þessum hætti. Þegnar landsins geta átt réttmæta kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikilvæg atriði, eins og að framan greinir. Því er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir þeim þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Í frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er því lagt til að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Til greina kemur í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku. Krafa um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt frestar ekki gildistöku laga.

Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr. stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að fimmtungur kosningarbærra manna þarf alltaf að greiða atkvæði gegn gildi laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá fimmtungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Til skýringar er eftirfarandi dæmi: Í maí 1998 voru 193.632 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft fimmtung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 38.700 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni

sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 40% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 154.905, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.452 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir 40% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta fimmtungsreglunnar þannig að a.m.k. 20% kosningarbærra manna þurfa að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

201. Frumvarp til laga [198. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur þannig smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær hafa nú þegar skv. 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð er gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þingnefnd en einnig eru dæmi þess að nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. frumvarpsins og

þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í síðari málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum. Frumvarp þetta hefur verið lagt fram á undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga.

202. Fyrirspurn [199. mál]

til umhverfisráðherra um rannsóknarsetur að Kvískerjum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hverjar eru ástæður þess að fallið hefur verið frá því að koma á fót fræða- og rannsóknarsetri að Kvískerjum í Öræfasveit, eins og stjórnskipuð nefnd um málið lagði til, og þess í stað stofnaður sjóður í nafni Kvískerja?
2. Hvert verður stofnfé sjóðsins og hvert er markmiðið með stofnun hans?
3. Hvernig verður háttað stjórnun sjóðsins og fyrirkomulagi úthlutunar?

203. Fyrirspurn [200. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarrými á Vífilsstaðaspítala.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvað líður skipulagningu hjúkrunarrýma fyrir aldraða á Vífilsstaðaspítala, sbr. yfirlýsingu ráðherra í sumar?

204. Fyrirspurn [201. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um fjölda einstaklinga sem tengjast gjaldþrotum félaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hversu margir einstaklingar tengjast hlutafélögum og einkahlutafélögum (með setu í stjórn þeirra) sem hafa verið úrskurðuð gjaldþrota árin 1992–2002? Eru mörg dæmi um sömu einstaklinga, og þá hversu mörg? Óskað er eftir að svarið verði sundurgreint eftir atvinnugreinum.

Skriflegt svar óskast.

205. Fyrirspurn [202. mál]

til dómsmálaráðherra um stöðu löggæslumála í Rangárvallasýslu.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við stöðu löggæslumála í Rangárvallasýslu?

206. Skýrsla [203. mál]

fjármálaráðherra um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Í þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001, var fjármálaráðherra falið að gangast fyrir sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu. Í úttekt þessari yrði m.a. lagt mat á hvort lækkun endurgreiðslunnar hefði aukið tekjur ríkissjóðs eins og vonast var til, hvort og/eða hversu mikið svört atvinnustarfsemi á þessu sviði hefði aukist og hvort ástæða væri til þess að hækka endurgreiðsluhlutfallið á nýjan leik og bæta aðgang að endurgreiðslum.

Í kjölfar þingsályktunarinnar var settur á laggirnar starfshópur, skipaður tveimur starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og tveimur starfsmönnum frá embætti ríkisskattstjóra. Niðurstaða starfshópsins er skýrsla þessi þar sem farið er yfir þau atriði sem tilgreind eru í þingsályktuninni.

1. Hefur lækkun endurgreiðslunnar aukið tekjur ríkissjóðs eins og vonast var til?

1.1 Forsaga

Í upphafi tók endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði til alls þess virðisaukaskatts sem greiddur var af vinnu manna, en á árunum 1996-1997 var þetta endurgreiðsluhlutfall lækkað í 60%. Þannig var endurgreiðsluhlutfallið lækkað vegna vinnu manna við nýbyggingu íbúðarhúsnæðis hinn 1. júlí 1996 og vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis hinn 1. janúar 1997.

Með 1. gr. laga nr. 86/1996, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var endurgreiðsluhlutfallið fært niður í 60% vegna vinnu manna á byggingarstað. Með 9. gr. laga nr. 149/1996, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var síðan endurgreiðsluhlutfallið fært niður í 60% vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis, en samkvæmt ummælum í greinargerð átti fyrri lækkun endurgreiðslunnar einnig að ná til vinnu við viðhald og endurbætur. Í greinargerð með lögum nr. 86/1996 kemur fram að þessi breyting tengist aukinni fjárþörf ríkisins vegna breytinga á lögum nr. 97/1987, um vörugjald. Í greinargerðinni segir að áætlað hafi verið að árið 1996 næmi endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði u.þ.b. 1.100 millj. kr. Með því að færa hlutfallið niður í 60%

megi því gera ráð fyrir að endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu við íbúðarhúsnæði muni lækka um 440 millj. kr.

Samkvæmt lögskýringargögnum var því ráðgert að með þessari breytingu mundi endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu við íbúðarhúsnæði lækka um 440 millj. kr. á ári miðað við árið 1996. Jafnframt var tekið fram að ekki yrði þó um tekjuaukningu fyrir ríkissjóð að ræða því ákveðið hefði verið að fella niður og lækka vörugjöld af ýmsum vörum eins og áður greinir. Þess má geta að 440 millj. kr. á verðlagi ársins 1996 svara til 530 millj. kr. fært á verðlag í nóvember 2001.

1.2 Þróun endurgreiðslna frá 1997

Eins og kemur fram í töflu 1.0 var heildarendurgreiðsla vegna vinnu við íbúðarhúsnæði árið 1996 samtals 1.061 millj. kr. Miðað við lækkun um 40% (úr 100% í 60%) hefði því, að öðru óbreyttu, mátt gera ráð fyrir að árið 1997 næmu heildarendurgreiðslur u.þ.b. 637 millj. kr. (tekjuaukning upp á 424 millj. kr.). Eins og sjá má á töflu 1.0 reyndist heildarendurgreiðsla fyrir árið 1997 nema 602 millj. kr. Milli áranna 1996 og 1997 lækkaði því heildarendurgreiðslan um 459 millj. kr. Samsvarar það 43,3% lækkun á milli ára (var 56,7% frá því sem hún var 1996). Fara heildarendurgreiðslur síðan stighækkandi frá árinu 1997:

Árið 1997	602 millj. kr.
Árið 1998	702 millj. kr.
Árið 1999	776 millj. kr.
Árið 2000	1.008 millj. kr.

Samkvæmt þessum tölum má draga þá ályktun að lækkun endurgreiðslunnar hafi aukið tekjur ríkissjóðs í samræmi við það sem vonast var til og ráðgert í greinargerð með lögum nr. 86/1996.

Eins og kemur fram í kafla 3 í skýrslu þessari má með sams konar reikningsaðferðum komast að þeirri niðurstöðu að miðað við að árið 2000 hafi heildarfjárhæð endurgreiðslu numið 1.008 millj. kr. mundi heildarfjárhæð endurgreiðslu með 100% endurgreiðsluhlutfalli nema 1.680 millj. kr. Tekjutap ríkissjóðs, í formi aukinna endurgreiðslna (100% í stað 60%), yrði því 672 millj. kr. vegna ársins 2000 samkvæmt þessum forsendum.

1.3 Skýring á töflum

Á meðfylgjandi töflum er vinnu við íbúðarhúsnæði skipt í eftirtalda þrjá þætti:

RSK 10.18 e, sem tekur til endurgreiðslna vegna endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis.

RSK 10.18 N, sem tekur til endurgreiðslna vegna nýbyggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota húsbyggjanda.

RSK 10.17, sem tekur til endurgreiðslna vegna nýbyggingar íbúðarhúsnæðis til sölu eða leigu.

Allar fjárhæðir í meðfylgjandi töflum eru í þúsundum króna.

Myndir sem vísað er í eru birtar aftast í skýrslu þessari.

Síðbúin endurgreiðslubeiðni er afgreidd með beiðnum fyrir það tímabil sem er til meðferðar þegar hin síðbúna beiðni kemur fram. Þær upplýsingar um fjárhæðir endurgreiðslna og fjölda þeirra, sem fram koma í meðfylgjandi töflum, eru því ekki endanlegar þar sem enn geta komið fram endurgreiðslubeiðnir vegna framkvæmda á umræddum árum.

Tafla 1.0. Fjárhæð endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna við viðhald, endurbætur og nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.

Ár	RSK 10.18e	RSK 10.18N	RSK 10.17	Samtals	Fært á verðlag nóvember 2001
1990	175.685	180.019	765.796	1.121.500	1688370
1991	235.189	229.369	766.848	1.231.406	1722260
1992	268.738	255.585	673.229	1.197.553	1658978
1993	263.311	169.328	622.093	1.054.732	1413319
1994	292.077	138.628	610.530	1.041.234	1370705
1995	295.193	131.423	611.932	1.038.548	1327174
1996	444.425	116.927	500.052	1.061.404	1277291
1997	169.834	57.222	375.164	602.220	699034
1998	179.489	69.707	453.606	702.803	796733
1999	196.724	77.760	502.115	776.600	860299
2000	217.074	123.172	667.462	1.007.708	1074533
Samtals	**2.737.741**	**1.549.139**	**6.548.828**	**10.835.708**	**13888697**

2. Hefur svört atvinnustarfsemi aukist á þessu sviði og þá hversu mikið?

Af ýmsum ástæðum er erfitt að leggja mat á hvort svört atvinnustarfsemi hafi aukist á þessu sviði og þá hversu mikið. Leggja má fram rök sem leiða líkur að því að fækkun á endurgreiðslubeiðnum frá 1996 (sjá töflur 2.0 og 2.1) bendi til þess að svört atvinnustarfsemi hafi aukist á þessu sviði. Bent hefur verið á að endurgreiðsluheimildin hafi haft nokkuð að segja í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi og að þau áhrif hafi eitthvað minnkað við lækkun endurgreiðsluhlutfallsins.

Aftur á móti bendir stöðug hækkun heildarendurgreiðslufjárhæða frá 1997 ekki til þess að svört atvinnustarfsemi hafi aukist frá 1997 vegna lækkaðs endurgreiðsluhlutfalls (sjá töflu 1.0 og mynd 1).

Eins og kemur fram í eftirfarandi töflum hefur fjárhæð endurgreiðslna og fjöldi endurgreiðslubeiðna ekki haldist í hendur frá 1997. Skráðum endurgreiðslubeiðnum og aðilum sem sækja um hefur fækkað en fjárhæð endurgreiðslna hækkað. Samanburður á þessari þróun er sýndur á mynd 7.

Frá því að endurgreiðsluhlutfallið var lækkað niður í 60% hefur eftifarandi þróun átt sér stað:

a) Á árabilinu 1997 til 2000 hefur meðaltalsendurgreiðsla, per endurgreiðslubeiðni, hækkað um 21,8% (sjá töflu 3.0).

b) Aðilum sem sótt hafa um endurgreiðslu hefur fækkað um 20,2% á milli áranna 1997 til 2000 (sjá töflu 2.0).

c) Skráðum endurgreiðslubeiðnum hefur fækkað um 36,1% á milli áranna 1997 til 2000 (sjá töflu 2.1).

d) Fjárhæð endurgreiðslna hefur hækkað um 53,7% á milli áranna 1997 til 2000 (sjá töflu 1.0). Sú tala er miðuð við fast verðlag nóvember 2001. Ef tekið er verðlag árs 1997 annars vegar og 2000 hins vegar hefur fjárhæð endurgreiðslna hækkað um 67,3% á tímabilinu.

e) Íbúðum (og rúmmetrum) í byggingu hefur fækkað nokkuð á tímabilinu 1997 til 2000 (sjá töflu 3.3).

Af þessum tölum má ráða að nú sækja færri aðilar um hærri endurgreiðslufjárhæðir en áður. Á tímabilinu frá 1997 til 2000 hefur aðilum á virðisaukaskattsskrá, starfandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, fjölgað um 707 (sjá töflu 2.2). Skýringar á þessari þróun kunna að vera margþættar. Færa má rök fyrir því að einstaklingar sæki ekki endurgreiðslurétt sinn í sama mæli og fyrr þar sem hlutfallið sé nú lægra, þeim sé e.t.v. ekki nægilega kunnugt um endurgreiðslurétt sinn og að aðgengi að endurgreiðslum sé ekki nægilegt, sérstaklega með tilliti til einstaklinga sem ekki eru í virðisaukaskattsskyldum rekstri. Fækkun íbúða í byggingu kann einnig að skýra fækkun beiðna um endurgreiðslu.

Þess má geta að fækkun á skráðum beiðnum um endurgreiðslu á tímabilinu 1997 til 2000 hefur eingöngu verið í flokknum RSK 10.18e (endurbætur og viðhald) en beiðnum á sviði nýbygginga (RSK 10.18 N og RSK 10.17) hefur fjölgað.

Að öðru leyti er erfitt að draga aðrar ályktanir af meðfylgjandi töflum en að með hliðsjón af því að endurgreiðslur hafa aukist um 53,7% á árunum 1997 til 2000 sé ekki unnt að fullyrða að svört atvinnustarfsemi hafi aukist í verulegu mæli á þessu tímabili þrátt fyrir fækkun endurgreiðslubeiðna. Hafa ber hliðsjón af því að á árunum 1997 til 1999 hafa útlán í húsbréfakerfinu til nýbygginga og endurbóta aukist um 43,6% (sjá töflu 3.4).

Þess má geta að í skýrslu nefndar, sem skipuð var af fjármálaráðherra, um framkvæmd virðisaukaskatts frá mars 2000 er m.a. fjallað um skattsvik í virðisaukaskatti. Kemst nefndin að þeirri niðurstöðu (bls. 83) að *„undanskot í virðisaukaskatti hafi heldur minnkað á síðustu árum. Hefur því nokkuð áunnist í baráttunni gegn skattsvikum. Gott árferði undanfarin ár hefur án efa haft eitthvað að segja en ekki síður telur nefndin að góð skattframkvæmd og vönduð vinnubrögð skattyfirvalda skipti þar máli. Kemur þar margt til, breytt skipulag skattkerfisins með aukinni áherslu á skatteftirlit, aukin áhersla á virðisaukaskattseiningar á skattstofum og stofnun embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins.“*

Við gerð skýrslu þessarar var leitað til skattrannsóknarstjóra ríkisins um mat á því hvort svört atvinnustarfsemi hefði aukist á þessu sviði og hafði embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins engar athugasemdir fram að færa við efni skýrslunnar en tók undir það sem að framan greinir.

Tafla 2.0 Fjöldi aðila sem sótt hafa um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna viðhalds, endurbóta eða nýbyggingar íbúðarhúsnæðis.

Ár	RSK 10.18E	RSK 10.18 N	RSK 10.17	Samtals
1990	2.505	1.157	275	3.937
1991	3.422	1.283	284	4.989
1992	3.628	1.095	267	4.990
1993	3.454	901	241	4.596
1994	3.792	833	245	4.870
1995	3.888	857	259	5.004
1996	4.154	808	255	5.217
1997	2.783	538	214	3.535
1998	2.495	535	208	3.238
1999	2.201	559	214	2.974
2000	2.100	613	228	2.941
Samtals	**34.422**	**9.179**	**2.690**	**46.291**

Tafla 2.1 Fjöldi skráðra endurgreiðslubeiðna vegna viðhalds, endurbóta eða nýbyggingar íbúðarhúsnæðis.

Ár	RSK 10.18 E	RSK 10.18 N	RSK 10.17	Samtals
1990	3.614	1.934	1.256	6.804
1991	5.464	2.136	1.307	8.907
1992	6.024	1.785	1.241	9.050
1993	6851	1.410	1.130	9.391
1994	8.329	1.289	1.169	10.787
1995	8.620	1.325	1.239	11.184
1996	9.498	1.341	1.313	12.152
1997	6.187	760	1.121	8.068
1998	6.029	744	1.366	8.139
1999	4.706	857	1.463	7.026
2000	3.438	953	1.536	5.927
Samtals	**68.760**	**14.534**	**14.141**	**97.435**

Tafla 2.2 Fjöldi aðila á virðisaukaskattsskrá starfandi í deild 45 (byggingar-starfsemi og mannvirkjagerð).

Atvinnugrein	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Húsbyggingar og mannvirkjag.	799	904	1.020	1.158	1.262	1.400	1.656	1.799	2.071	2.286	2.506
Raf- og boðlagnir	320	335	376	413	443	477	533	559	616	651	646
Einangrun						1	1	1	1	1	3
Pípulagnir	216	232	245	270	297	314	335	364	363	371	388
Múrverk	237	255	258	274	294	322	344	341	361	358	370
Húsasmíði og uppsetning innr.	668	749	809	851	921	998	1066	1122	1154	1165	1141
Lagning gólf- og veggefna	78	82	91	96	95	100	97	107	119	124	118
Málningarvinna	206	239	273	289	324	357	406	423	460	474	493
Glerjun	4	4	6	6	7	8	9	10	13	11	11
Annar frágangur bygginga	14	17	16	17	16	14	19	28	38	37	40

Tafla 2.3 Virðisaukaskattsskyld velta árin 1996 til 2000 í deild 45 (byggingarstarfsemi) í þús. kr.

Atvinnugrein	1996	1997	1998	1999	2000	Samtals
Niðurrif bygginga og jarðvegsv.	1.564.840	2.400.075	3.480.328	3.327.916	3.055.846	13.829.005
Boranir v/ bygginga og mannv.	28.245	60.298	76.352	84.478	73.137	322.510
Húsbyggingar og mannvirkjag.	21.140.416	28.194.909	37.211.158	40.871.319	44.615.541	172.033.343
Raf- og boðl.; starfsemi rafverkt.	3.848.690	4.749.349	6.816.917	6.926.971	8.363.533	30.705.460
Einangrun	3.714	5.579	5.325	9.044	8.767	32.429
Pípulagnir	1.827.268	2.235.578	2.692.644	3.183.621	3.761.662	13.700.773
Múrverk	1.095.644	1.274.094	1.369.375	1.589.506	1.684.739	7.013.358
Húsasmíði og uppsetning innr.	2.705.750	3.127.356	3.817.615	3.950.178	4.142.903	17.743.802
Lagning gólf- og veggefna	651.104	652.599	758.929	671.268	725.568	3.459.468
Málningarvinna	1.637.559	1.911.456	2.187.810	2.442.095	2.833.214	11.012.134
Glerjun	13.527	21.115	28.503	43.682	62.421	169.248

Atvinnugrein	1996	1997	1998	1999	2000	Samtals
Annar frágangur bygginga	158.066	145.039	228.939	327.990	536.992	1.397.026
Leiga á vinnuv.m/stjórnanda	3.000.002	3.780.914	4.343.694	4.624.905	5.607.261	21.356.776
Samtals	**37.674.827**	**48.558.363**	**63.017.588**	**68.052.974**	**75.471.585**	**292.775.332**

3. Er ástæða til þess að hækka endurgreiðsluhlutfallið á nýjan leik og bæta aðgang að endurgreiðslum?

3.1 Hækkun endurgreiðsluhlutfalls

Ef endurgreiðsluhlutfallið yrði fært í 100% á nýjan leik er erfitt að áætla með nákvæmni hvert tekjutap ríkissjóðs yrði. Ef notaðar eru sams konar reikningsaðferðir og í greinargerð með lögum nr. 86/1996 má þó lauslega áætla að miðað við að árið 2000 hafi heildarfjárhæð endurgreiðslu numið 1.008 millj. kr. mundi heildarfjárhæð endurgreiðslu með 100% endurgreiðsluhlutfalli nema 1.680 millj. kr. Tekjutap ríkissjóðs, í formi aukinna endurgreiðslna, yrði því 672 millj. kr. vegna ársins 2000 samkvæmt þessum forsendum.

Að sjálfsögðu spila fleiri þættir inn í mat á tekjutapi ríkissjóðs, t.d. áhrif breytingarinnar á svarta atvinnustarfsemi í byggingariðnaði og bætt skattskil. Upphaflega var endurgreiðslan sett á þar sem ljóst var að full skattskylda á þessu sviði hefði í för með sér hækkun á byggingarkostnaði og þar með byggingarvísitölu. Til að koma í veg fyrir það og til að halda verðbólgudraugnum í skefjum var því brugðið á það ráð að setja endurgreiðsluákvæði inn í lögin.

Hafa ber í huga að hægt er að grípa til annarra úrræða til að berjast á móti svartri atvinnustarfsemi en að auka endugreiðsluhlutfallið. Sem dæmi um það má nefna aukið fjármagn til skatteftirlits.

Ákvörðun þess efnis hvort breyta skuli endurgreiðsluhlutfallinu er að mati starfshópsins fyrst og fremst pólitísks eðlis. Starfshópurinn bendir á að þó svo að skráðum endurgreiðslubeiðnum hafi fækkað frá 1997 hafa heildarendurgreiðslur frá sama tíma hækkað. Meðalendurgreiðslur pr. kennitölu hafa einnig hækkað á þessum tíma sem og meðalendurgreiðslur pr. beiðni (sjá töflur 3.0 og 3.1). Eins og fyrr hefur verið getið benda þær staðreyndir ekki til þess að svört atvinnustarfsemi hafi aukist á þessu sviði frá 1997.

Tafla 3.0 Meðaltalsendurgreiðsla pr. endurgreiðslubeiðni vegna virðisaukaskatts af vinnu við viðhald, endurbætur og nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.

Ár	RSK 10.18 E	RSK 10.18 N	RSK 10.17	Samtals
1990	48.612	93.081	609.710	751.404
1991	43.043	107.382	586.724	737.150
1992	44.611	143.185	542.489	730.286
1993	38.434	120.091	550.525	709.050
1994	35.067	107.547	522.267	664.881
1995	34.245	99.187	493.892	627.324
1996	46.791	87.194	380.847	514.832
1997	27.450	75.293	334.669	437.412
1998	29.771	93.693	332.069	455.533
1999	41.803	90.736	343.209	475.748
2000	63.140	129.246	434.545	626.931
Samtals	**452.969**	**1.146.633**	**5.130.947**	**6.730.549**

Tafla 3.1 Meðalendurgreiðsla virðisaukaskatts pr. kennitölu vegna vinnu við viðhald, endurbætur og nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.

Ár	RSK 10.18 E	RSK 10.18 N	RSK 10.17	Samtals
1990	70.134	155.591	2.784.714	3.010.438
1991	68.729	178.775	2.700.169	2.947.673
1992	74.073	233.411	2.521.458	2.828.942
1993	76.234	187.933	2.581.299	2.845.466
1994	77.025	166.420	2.491.958	2.735.402
1995	75.924	153.352	2.362.673	2.591.949
1996	106.987	144.711	1.960.989	2.212.688
1997	61.025	106.361	1.753.104	1.920.491
1998	71.939	130.294	2.180.800	2.383.034
1999	89.380	139.106	2.346.332	2.574.817
2000	103.369	200.933	2.927.463	3.231.764
Samtals	**874.819**	**1.796.888**	**26.610.959**	**29.282.665**

3.2 Bætt aðgengi að endurgreiðslum

Í áðurgreindri skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um framkvæmd virðisaukaskatts (mars 2000) kemur fram að stytta megi afgreiðslutíma beiðna um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem eigendur íbúðarhúsnæðis hafa greitt vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Í flestum tilvikum sé um að ræða framkvæmdir verktaka sem standa yfir í skamman tíma og gefinn er út reikningur fyrir við lok verks. Sömu forsendur fyrir því að binda beiðnir og afgreiðslu þeirra við uppgjörstímabil virðisaukaskatts eru ekki til staðar varðandi þessar endurgreiðslur eins og þegar um nýbyggingar er að ræða. Vafalaust eru til íbúðareigendur sem telja það ekki ómaksins vert að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði þegar reikningsfjárhæðir eru lágar og afgreiðslutíminn eins langur og hann er.

Í samræmi við framangreint var vorið 2002 gerð breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. lög nr. 64/2002, þar sem aðgengi að endurgreiðslum vegna vinnu við íbúðarhúsnæði var bætt með því að stytta afgreiðslutíma beiðna um endurgreiðslur virðisaukaskatts sem eigendur íbúðarhúsnæðis hafa greitt vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Með breytingunni var bætt við nýjum málslið á eftir 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, svohljóðandi: Endurgreiðsla vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga eins fljótt og auðið er, þó aldrei síðar en 14 dögum eftir að skattstjóra barst erindið.

Tafla 3.2 Sundurliðun byggingarvísitölu (undirvísitölur) frá janúar 1996.

Ár (staða í janúar)	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Hækkun '96-'01
Vinnuliðir, alls	181,4	206,6	219,1	228,5	237,0	246,1	35,67%
Efnisliðir, alls	222,7	225,3	228,6	229,0	230,8	233,8	4,98%
Annað, alls	203,6	210,5	217,1	223,5	230,0	244,5	20,09%
Vísitalan alls	**205,5**	**218,0**	**225,9**	**231,2**	**236,7**	**245,1**	**19,27%**

Tafla 3.3 Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu árin 1990–2000, fjöldi og rúmmetrar.

Ár	Í byggingu 1. jan		Byrjanir		Fullgert		Í byggingu 31. des	
	Fjöldi íbúða	þús. m³	Fjöldi	þús. m³	Fjöldi	þús. m³	Fjöldi	þús. m³
1990	3.667	1.805	1.929	822	1.758	783	3.838	1.844
1991	3.838	1.844	1.470	685	1.611	698	3.697	1.831
1992	3.697	1.831	1.495	645	1.600	745	3.592	1.731
1993	3.592	1.731	1.375	568	1.604	702	3.363	1.597
1994	3.363	1.597	1.350	556	1.714	744	3.000	1.409
1995	3.000	1.409	1.234	500	1.236	540	2.998	1.370
1996	2.998	1.370	1.280	519	1.620	672	2.657	1.216
1997	2.657	1.216	1.165	491	1.369	608	2.453	1.098
1998	2.453	1.098	1.016	463	1.427	639	2.042	922
1999	2.042	922	1.266	577	1.381	624	1.927	876
2000	1.927	876	1.643	755	1.258	572	2.312	1.059

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 3.4 Fjárhæðir sem einstaklingar fengu lánaðar í húsbréfakerfinu til nýbygginga og endurbóta á árunum 1990-1999.

Lánum til nýbygginga er skipt í tvo hluta; annars vegar lán sem veitt eru beint til einstaklinga og hins vegar lán sem upphaflega eru veitt framkvæmdaraðilum (byggingafyrirtækjum) sem svo einstaklingar yfirtaka við sölu til þeirra.

Ár	Lánaflokkar	Einstaklingar	Framkvæmdaraðilar	Samtals p. hvert ár
1990	Nýbyggingar	65.528.664	10.000.000	75.528.664
1991	Nýbyggingar	2.823.377.071	181.158.804	3.004.535.875
1992	Nýbyggingar	2.957.994.495	374.550.542	3.332.545.037
1992	Viðb./Endurb.	91.164.083		91.164.083
1993	Nýbyggingar	2.475.528.655	740.024.657	3.215.553.312
1993	Viðb./Endurb.	283.439.164		283.439.164
1994	Nýbyggingar	3.352.290.075	969.794.478	4.322.084.553
1994	Viðb./Endurb.	329.473.638		329.473.638
1995	Nýbyggingar	2.973.174.890	1.089.811.224	4.062.986.114
1995	Viðb./Endurb.	234.160.971		234.160.971
1996	Nýbyggingar	3.168.503.786	1.137.400.191	4.305.903.977
1996	Viðb./Endurb.	248.941.194		248.941.194
1997	Nýbyggingar	3.870.640.639	1.217.084.307	5.087.724.946
1997	Viðb./Endurb.	312.542.712		312.542.712

Ár	Lánaflokkar	Einstaklingar	Framkvæmdaraðilar	Samtals p. hvert ár
1998	Nýbyggingar	4.836.419.862	1.064.577.789	5.900.997.651
1998	Viðb./Endurb.	363.815.828		363.815.828
1999	Nýbyggingar	6.205.850.736	1.113.372.460	7.319.223.196
1999	Viðb./Endurb.	437.660.640		437.660.640
Samtals frá 1990–99		**35.030.507.105**	**7.897.774.452**	**42.928.281.557**

(Viðb./Endurb. = Viðbyggingar og endurbætur).
Upphæðir eru í krónum. Listinn greinir raunverulegar lánveitingar eins og þær voru á hverjum tíma og má því segja að upphæðir séu tilgreindar á því verðlagi sem þá gilti.

Heimild: Íbúðalánasjóður.

Mynd 1. Fjárhæð endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna við viðhald, endurbætur og nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.



Mynd 2. Fjöldi aðila sem sótt hafa um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við viðhald, endurbætur eða nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.



Mynd 3. Fjöldi skráðra endurgreiðslubeiðna vegna vinnu við viðhald, endurbætur eða nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.



Mynd 4. Meðalendurgreiðsla per endurgreiðslubeiðni.



Mynd 5. Fjöldi gjaldenda per atvinnugrein.



Mynd 6. Meðalendurgreiðsla virðisaukaskatts miðað við kennitölu.



Mynd 7. Fjárhæð endurgreiðslu og fjöldi endurgreiðslubeiðna.



207. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).

Greinargerð.

Árið 1936 samþykkti Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO, tilmæli nr. 48. Þessi tilmæli varða velferð sjómanna í höfn og fela í sér aðstöðu varðandi heilsu (þ.e. þær hættur sem steðja að heilsu sjómanna í höfn og meðferð í veikindum), ásamt gistiaðstöðu, tómstundahúsnæði, möguleika á að geta sent peninga til fjölskyldna sinna og upplýsingamiðlun til sjómanna um velferðaraðstöðu ýmiss konar. Á grundvelli þessara tilmæla var komið á fót sjómannaþjónustu víða um lönd. Norðurlöndin (önnur en Ísland) voru í fararbroddi, enda miklar siglingaþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Síðastliðna hálfa öld hafa íslenskir sjómenn getað notið þjónustu slíkra velferðarstofnana (sjómannastofa) annars staðar á Norðurlöndum, á Bretlandi og í Þýskalandi. Hins vegar hefur Ísland ekki tekið þátt í þessari starfsemi. Ástæðan hefur einkum verið sú að á Íslandi hafa verið allt aðrar forsendur ríkjandi í þessum málum. Flutningar fóru að megni til fram með íslenskum skipum til og frá landinu og mjög sjaldgæft að íslensk skip væru í svokallaðri langfart, þ.e. siglingum hafna á milli erlendis um langan tíma.

Undanfarna þrjá áratugi hafa þessar forsendur verið að breytast. Stórflutningaskip flytja mestan hluta allra fiskafurða á erlenda markaði. Stórflutningar í hráefnisinnflutningi, svo sem á hveiti og korni, súráli og málmblendi, fara að mestu fram með erlendum kaupskipum, en umfangsmestu breytingarnar hafa orðið í farþegaskipasiglingum. Um 15–20 þúsund starfandi sjómenn á skemmtiferðaskipum koma til hafnar á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári. Þeim til viðbótar koma um 1.000 kaupskip til hafnar á höfuðborgarsvæðinu með að meðaltali um 10 manns í áhöfn. Fjöldi erlendra og innlendra fiskiskipa kemur til hafnar á höfuðborgarsvæðinu árlega með um 5.000 manns samtals í áhöfnum, en það er varlega áætlað. Þeir Íslendingar sem starfa um borð í þessum skipum búa ekki allir á höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að á bilinu 25–30 þúsund sjómenn heimsækja hafnir á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári, þ.e. hafnirnar í Straumsvík, Hafnarfirði, Reykjavík og við Grundartanga).

Hinn 17. maí 2000 stofnuðu samtök sjómanna og þjóðkirkjan Sjómannaþjónustuna í Reykjavík og nágrenni. Að henni standa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjómannadagsráð, Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands og þjóðkirkjan. Sjómannaþjónustan í Reykjavík og nágrenni byrjaði á því að láta fara fram viðamikla könnun sumarið 2000 meðal erlendra sjómanna um borð í skipum í höfnum við Faxaflóa á þörf fyrir þjónustu við sjómenn á höfuðborgarsvæðinu og fól Gallup framkvæmd hennar.

Niðurstaða þessarar könnunar leiddi afdráttarlaust í ljós að mikil þörf er fyrir eftirtalda þjónustu:

	% svarenda
Síma-, tölvu- og póstþjónusta	89,4
Ferðaþjónusta	92,3
Veitingaþjónusta fyrir sjómenn	84,6
Skoðunarferðir, menning	83,7
Bókasafn og blöð	94,2
Félagsskapur við aðra sjómenn	82,7
Myndbönd og útvarp	76,0
Afþreying og leikir	84,6
Líkamsrækt	66,3
Guðsþjónusta, prestsþjónusta	81,8

Sú sjómannaþjónusta, sem nú er veitt víða erlendis, byggist á samþykkt ILO nr. 163 frá 1987, en í henni eru nú öll þau atriði sem voru í tilmælunum nr. 48 frá 1936. ILO-samþykktin nr. 163 er síðan útfærð nánar í sérstökum tilmælum ILO nr. 173. Ellefu ríki hafa fullgilt þessa samþykkt og þar með tryggt fjármagn til þeirrar starfsemi sem sjómannaþjónustan byggist á. Í hópi þessara ríkja eru öll Norðurlöndin nema Ísland.

Sjómannaþjónustunni í Reykjavík standa nú til boða fjármunir úr alþjóðlegum velferðarsjóði sjómanna, allt að 98 millj. kr., til að koma þessari aðstöðu á fót hér á landi með öllum þeim búnaði sem til þarf. Þessi alþjóðlegi velferðarsjóður getur ekki tekið að sér daglegan rekstur slíkrar þjónustu. Sjómannasamtökin binda vonir við að ríkisstjórnin fullgildi ILO-samþykkt nr. 163 og tilmæli nr. 173 til að tryggja fjárhagslegan rekstur þessarar starfsemi á Íslandi. Inn í slíka starfsemi mundi að sjálfsögðu fléttast margvísleg þjónusta við íslenska sjómenn, enda er lögð rík áhersla á það í samþykkt nr. 163 að um sé að ræða þjónustu við alla sjómenn, án tillits til þjóðernis.

Þjóðkirkjan hefur nú þegar stofnað embætti miðborgarprests sem ætlað er m.a. að sinna þjónustu við sjómenn og er það starf alfarið kostað af þjóðkirkjunni. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir þessa þjónustu í væntanlegri sjómannastofu nái tillagan fram að ganga.

Fjármögnun þessarar þjónustu annars staðar á Norðurlöndum er með ýmsu sniði. Í Svíþjóð og Finnlandi er þessi þjónusta innifalin í hafnargjöldum en í Danmörku eru beinar fjárveitingar á fjárlögum. Hér á landi mætti athuga með greiðslu til þessa nauðsynjamáls með tilteknu hlutfalli af hafnargjöldum. Um væri að ræða rekstrarkostnað sem gæti numið um 20 milljónum íslenskra króna á ári.

Eftirtalin ríki hafa fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163: Spánn (1989), Sviss (1989), Ungverjaland (1989), Mexíkó (1990), Svíþjóð (1990), Finnland (1992), Danmörk (1993), Noregur (1993), Slóvakía (1993), Tékkland (1993) og Brasilía (1997).

208. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um nýja námsbraut við Sjómannaskóla Íslands.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra athugun á möguleikum þess að við Sjómannaskóla Íslands verði stofnað til alþjóðlegs viðbótarnáms (námskeiðs) er lýtur að störfum skipstjórnarmanna á skemmtiferðaskipum. Kennsla fari fram á ensku en tímalengd og umfang námsins ráðist af þeim kröfum sem gerðar eru í dag til öryggis og rekstrar skemmtiferðaskipa.

Nám þetta verði viðbót við hefðbundið skipstjórnarnám (stýrimenn, vélstjórar) en miðist fyrst og fremst við umfangsmikinn rekstur skemmtiferðaskipa og síðar, ef þurfa þykir, fyrir aðrar starfsgreinar.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur hlutdeild skemmtiferðaskipa í ferðamannafjölda stóraukist. Talið er að aukning í þessari grein, miðað við farþegafjölda, hafi verið 8% að meðaltali sl. 15 ár. Nú eru 53 skemmtiferðaskip í pöntun hjá skipasmíðastöðvum víðs vegar um heiminn en smíði þeirra síðustu á að vera lokið árið 2003.

Hér er um að ræða viðbót við þann flota sem fyrir er.

Talið er að á næstu fimm árum þurfi u.þ.b. 100.000 nýja starfsmenn í áhafnir skemmtiferðaskipanna.

Mjög erfitt reynist að finna og fá skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra frá Vestur-Evrópulöndum til starfa, m.a. vegna þess að ungt fólk er orðið fráhverfara sjómennsku en áður var og æ færri stunda nám í sjómannaskólum. Á hinn bóginn sækjast flest félög sem reka skemmtiferðaskip eftir evrópskum yfirmönnum og er þess oft getið í kynningu og sölugögnum viðkomandi skips fyrir farþega að yfirmenn séu frá Evrópu og þykir það mjög traustvekjandi.

Til þess að gera störf yfirmanna eftirsóknarverðari hafa kjörin verið bætt, sem m.a. felst í því að tvær áhafnir yfirmanna eru tengdar hverju skipi. Stöður yfirmanna eru þá að sjálfsögðu fleiri og frítíminn meiri. Einnig þurfa útgerðir skemmtiferðaskipa menntaða skipstjórnarmenn til starfa í landi við margs konar stjórnunarstörf.

Útgerðarfyrirtæki hafa vissulega reynt að bregðast við þessum vanda, m.a. leitað eftir skipstjórnarmönnum frá Austur-Evrópu, en þá er vandinn skortur á málakunnáttu. Önnur útgerðarfyrirtæki hafa snúið sér til menntamálayfirvalda í viðkomandi landi og hvatt til aukinnar áherslu á þær greinar sem áður voru nefndar. Önnur leggja mikla áherslu á innri starfsmenntunarmál og samvinnu við sjómannaskóla víða um heim. Fram hefur þó komið að ákveðna og skipulagða kennslu vantar á þessu sviði.

Íslendingar hafa gerst aðilar að alþjóðakröfum um menntun háseta á kaupskipum og farþegaskipum og mun sú kennsla fara fram í Sjómannaskólanum. Til annarra áhafnarmanna skemmtiferðaskipa eru einnig gerðar miklar kröfur um kunnáttu á sviði eldvarna og björgunarbúnaðar. Þar gæti Slysavarnaskóli sjómanna einnig komið að málum.

Flutningsmenn telja mikla möguleika felast í kennslu og fræðslu á þessu sviði hér á landi í ljósi þess hve umfangsmikil þessi grein ferðamála er orðin og fer ört vaxandi. Þessi vöxtur er hvatning fyrir Íslendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, til frekari þátttöku í alþjóðasigl-

ingum. Þá má benda á að með þessu námi mundi Sjómannaskólahúsið nýtast allt árið og einnig nýjar nemendaíbúðir við Sjómannaskólann ásamt íbúðum við Kennaraháskólann. Þá má ætla að nám erlendra manna hér á landi vegna reksturs skemmtiferðaskipa gæti, til langs tíma litið, leitt til þess að komum slíkra skipa til Íslands fjölgaði verulega.

209. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller.

1. gr.

Á eftir orðunum „vegna atvinnurekanda og“ í 1. tölul. A-liðar 30. gr. laganna kemur: íþróttastyrkja sem.

2. gr.

Við 1. tölul. 31. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Til rekstrarkostnaðar telst jafnframt kostnaður sem lögaðili ber og miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna, svo sem af forvarnaaðgerðum og læknisskoðunum og framlögum til starfsmanna til íþróttaiðkana, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004.

Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að stuðla að betri heilsu landsmanna með þátttöku atvinnurekanda í kostnaði sem aftur ætti að leiða til lægri útgjalda ríkissjóðs til heilbrigðismála.

Með frumvarpinu er lagt til að kostnaður sem lögaðili ber og miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna, svo sem með forvarnaaðgerðum, læknisskoðunum og framlögum til starfsmanna til íþróttaiðkana, verði frádráttarbær frá skatti. Jafnframt er lagt til að einstaklingar geti dregið útgjöld að hámarki móttekinni fjárhæð íþróttastyrks frá tekjum.

Meginregla skattalaga um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri felur í sér að heimilt er að draga frá tekjum rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Helstu frádráttarliðir eru síðan taldir upp í lögunum en sú upptalning er engan veginn tæmandi og er í mörgum tilvikum matsatriði hvað fallið getur þar undir þegar lagaákvæðum sleppir.

Ekki hefur verið litið á greiðslur vinnuveitanda til starfsmanna vegna íþróttaiðkana sem frádráttarbæran rekstrarkostnað nema hann sé gefinn upp á launamiðum sem hlunnindi starfsmanna. Sú niðurstaða er þó engan veginn óumdeilanleg þar sem hagsmunir vinnuveitanda af því að starfsmenn séu við góða heilsu eru ótvíræðir. Heilbrigðir og hraustir starfsmenn eru líklegir til að skila meiri tekjum til fyrirtækja og gildir þá einu á hvaða sviði það

er. Kostnaður vegna starfsmannahalds minnkar því að gera má ráð fyrir minni veikindum ef starfsmenn stunda holla hreyfingu.

Samkvæmt framansögðu má því vissulega halda því fram að peningar sem varið er til heilsueflingar séu til þess fallnir að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við.

Gefi vinnuveitandi íþróttastyrki upp á launamiðum greiða starfsmennirnir skatt af þeim, geri hann það ekki greiðir vinnuveitandi sjálfur skatta af slíkum framlögum. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er tryggt að hvorki vinnuveitandi né starfsmenn þurfi að greiða skatta af slíkum styrkjum. Nauðsynlegt er að tiltaka frádráttarheimildina bæði hjá einstaklingum og lögaðilum þar sem fjölmargir óskattskyldir aðilar, t.d. ríkið og sveitarfélög, sjúkrasjóðir lífeyrissjóða, greiða líkamsræktarstyrki nánast alltaf gegn kvittunum. Það verður því að heimila frádrátt frá þessum greiðslum, til að jafnræðis sé gætt gagnvart þessum aðilum og launþegum skattskyldra vinnuveitenda.

Með hliðsjón af þessu er ekki óeðlilegt að mörg fyrirtæki hafa séð sér hag í því að hvetja og styrkja starfsmenn sína til að stunda líkamsrækt af einhverjum toga en gera má ráð fyrir að þau yrðu enn þá fleiri væri kostnaður frádráttarbær frá skatti.

Frumvarp þetta heimilar lögaðilum ekki aðeins að gjaldfæra framlög til starfsmanna sinna vegna íþróttaiðkana heldur er gert ráð fyrir að framlög til hvers konar aðgerða sem eru til þess fallnar að efla og tryggja heilsu starfsmanna séu frádráttarbærar. Gert er ráð fyrir að ráðherra útfæri þessa heimild nánar í reglugerð.

Ávinningur af þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til er margþættur. Gera má ráð fyrir að vinnuveitendur verði viljugri til að bera kostnað af ýmiss konar aðgerðum sem vernda og stuðla að betri heilsu starfsmanna sem aftur skilar sér í auknu starfsþreki og meiri framleiðni. Starfsmennirnir hafa augljósan persónulegan ávinning af þessu. Ávinningur þeirra er betri heilsa og starfsþrek til vinnu sem og tómstunda auk fjárhagslegs ávinnings. Ávinningurinn ristir dýpra því að heilsuefling og hreyfing er lýðheilsumál sem stjórnvöld á hverjum tíma hljóta að gefa gaum enda er aukin hreysti landsmanna þjóðhagslega hagkvæm, t.d. með minni kostnaði heilbrigðiskerfisins. Auk þessa má ætla, eins og áður segir, að heilbrigðir og hraustir starfsmenn skili meiri tekjum til fyrirtækja sem aftur eykur skatttekjur ríkissjóðs, en það vegur upp á móti því tekjutapi sem frádráttarheimildin felur í sér.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003 og komi til framkvæmda við álagningu á árinu 2004.

210. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [207. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Landið er eitt kjördæmi.

Í lögum um kosningar til Alþingis skal kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun þingsæta sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nýverið voru gerðar breytingar á stjórnarskránni er varða kosningar til Alþingis. Tilgangur þeirra var að einfalda kosningakerfið, draga úr misvægi atkvæða og stækka kjördæmi. Því er ekki að neita að skiptar skoðanir voru um ágæti þeirra tillagna sem leiddu til stjórnarskrárbreytinganna. Sumum fannst of langt gengið en öðrum of skammt.

Aðildarflokkar Samfylkingarinnar, þ.e. Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið og Samtök um kvennalista, tóku þátt í undirbúningi breytinganna og studdu enn fremur málið þegar það kom formlega til kasta Alþingis, bæði fyrir kosningarnar 1999 og eftir þær. Töldu þessir flokkar að skref í rétta átt væri betri kostur en kyrrstaða.

Á hinn bóginn var það og er ekkert launungarmál að á öllum stigum máls var þeirri skoðun jafnaðarmanna haldið fram að skynsamlegast væri að ganga alla leið til jöfnunar og það yrði best gert með því að landið yrði allt eitt kjördæmi. Í nefnd þeirri sem sett var á laggirnar haustið 1997 og skilaði rúmu ári síðar tillögum sem urðu grundvöllur þeirra breytinga sem síðar urðu lögfestar voru hins vegar sannarlega uppi ólíkar áherslur um leiðir. Sumir vildu einmenningskjördæmi, aðrir hölluðust að mörgum smáum kjördæmum með fáum þingmönnum og enn aðrir vildu að landið allt yrði eitt kjördæmi. Það var aftur á móti sameiginlegt álit fulltrúa allra þeirra flokka sem tóku þátt í nefndarstarfinu að verst yrði ef ekkert samkomulag næðist og óbreytt og óréttlát kjördæmaskipan með óviðunandi ójafnvægi atkvæða gilti áfram. Þess vegna náðist sátt um ákveðnar tillögur til úrbóta, skref í rétta átt.

Við meðferð málsins, í umræðum á Alþingi og einnig í kjölfar afgreiðslu Alþingis hafa þær raddir hins vegar ítrekað heyrst að áðurgreindar breytingar verði aðeins tímabundnar. Fljótt þurfi að taka skrefið til fulls og ákveða að landið verði eitt kjördæmi.

Samfylkingin hefur aldrei leynt viðhorfi sínu til kjördæmamálsins. Afstaða hennar er skýr og afdráttarlaus: Landið skal verða eitt kjördæmi. Til að hnykkja á þessu baráttumáli er frumvarp þetta til stjórnarskipunarlaga lagt fram. Frumvarp sama efnis var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt (þskj. 354 – 291. mál).

Jafnaðarmenn hafa barist fyrir því að landið verði eitt kjördæmi frá árinu 1927 þegar Héðinn Valdimarsson, fyrrum forustumaður jafnaðarmanna, flutti frumvarp þess efnis. Í greinargerð með frumvarpinu lýsti hann þeirri skoðun sinni að eftir mannréttindakenningum þeim sem þingræðið hvílir á ættu allir fullorðnir menn í landinu að hafa jafnrétti í þessum málum og muni óvíða í siðuðum löndum sveigt svo langt frá því marki sem hér á landi. Að mati Héðins var því reglan einn maður – eitt atkvæði hornsteinn lýðræðisins.

Kostir og gallar einstakra aðferða við kosningar og skipan mála í þeim efnum eru velflestum kunnir enda hefur umræðan um kjördæmamálið staðið hlélítið áratugum saman. Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um breytingar á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis frá október 1998 er á greinargóðan hátt farið yfir kosti og galla hinna fjölmörgu valkosta sem til sögunnar hafa verið nefndir varðandi þessi mál. Er til þeirrar skýrslu vísað varðandi þau efni.

Kostir þess að landið verði eitt kjördæmi eru augljósir. Hér skulu nokkrir nefndir:

1. Fullkominn jöfnuður næst milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki lengur til staðar.
2. Stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um.
3. Þingmenn hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum en ekki þröng kjördæmasjónarmið.
4. Kosningakerfið er einfalt og auðskilið.

Þeir gallar sem nefndir hafa verið á því að landið verði eitt kjördæmi eru þeir helstir að þingmenn verði of fjarri kjósendum sínum samfara minnkandi áhrifum dreifbýlisins hvað fjölda þingmanna varðar. Einnig er nefnt aukið flokksræði þar sem fyrir liggur að hjá stærri stjórnmálaflokkum yrði um nokkurs konar sjálfkjör að ræða hjá efstu frambjóðendum þeirra á landslistum. Flutningsmenn benda hins vegar á að vilji stjórnmálaflokkar sækja kjörfylgi vítt og breitt um landið leggja þeir framboðslista sína vitaskuld fram á þann veg að þar verði góð breidd fulltrúa þéttbýlis og dreifbýlis. Til að tryggja virkt lýðræði við val fulltrúa flokkanna á framboðslistum kemur einnig til álita að í kosningalög yrðu fest ákvæði í þá veru. Má þar nefna ákvæði um prófkjör stjórnmálaflokka, auknar heimildir kjósenda við endurröðun frambjóðenda á framboðslistum og að vægi þeirra breytinga yrði aukið umtalsvert, hugsanlegt frelsi kjósenda til að velja einstaklinga á fleiri en einum framboðslista og fleiri skyld atriði. Ekki er með frumvarpi þessu tekin afstaða til þess hvernig aukin áhrif kjósenda á framboðslista og aukið persónuval í kosningum verða tryggð í kosningalögum. Þau álitaefni ber að fara yfir og ákvarða við nauðsynlega endurskoðun kosningalaga verði frumvarp þetta samþykkt.

Ljóst er að stuðningur við tillöguna um að landið verði eitt kjördæmi hefur aukist umtalsvert hin síðari ár. Æ fleiri þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum hafa lýst yfir stuðningi við það fyrirkomulag kosninga. Í því ljósi vænta flutningsmenn víðtæks stuðnings við frumvarpið.

Ef frumvarp þetta fær brautargengi er þó ljóst að kosið verður samkvæmt núverandi skipan í næstu kosningum en að þeim afloknum og eftir staðfestingu nýs þings tæki hin nýja skipan mála við í þeim kosningum sem þá færu í hönd, í síðasta lagi vorið 2007.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar um fjölda þingmanna og hvernig kosningu þeirra skuli háttað verði óbreytt en að í stað 2.–6. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar.

Lögð er til sú breyting í 2. mgr. að landið verði eitt kjördæmi í stað sex eða sjö kjördæma. Núverandi skipan mála þykir draga úr samkennd þjóðfélagsins og styðja gæslu sérhagsmuna á kostnað heildarhagsmuna. Með því að gera landið að einu kjördæmi næst fullkominn jöfnuður milli kjósenda þannig að misvægi atkvæða og um leið mannréttinda er ekki lengur til staðar. Að sama skapi fengju stjórnmálaflokkar þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um og jafnframt yrði kosningakerfið einfalt og auðskilið.

Í 3. mgr. er lagt til að í lögum um kosningar til Alþingis skuli kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Hér miða flutningsmenn við d'Hondt-regluna sem notuð hefur verið lengst af hér á landi.

Þá er í 3. mgr. lagt til að við úthlutun þingsæta komi þau stjórnmálasamtök ein til álita sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. Ákvæði þetta tengist því markmiði að þing verði að vera starfhæft. Margir smáir flokkar gætu gert stjórn landsins erfiða. Til þess að ná framangreindu markmiði er því lagt til að settar verði kröfur um ákveðið lágmarksfylgi, svokallaðan þröskuld, þannig að þeir flokkar sem ekki ná þessum þröskuldi fái ekki fulltrúa á Alþingi. Ef engir þröskuldar væru dygðu rösklega 1,5% atkvæða til þess að fá mann kjörinn, þ.e. um 2.800 atkvæði. Sú tala gæti hins vegar lækkað eitthvað ef framboð væru mörg. Með 4% þröskuldi yrði þetta lágmark nú rúmlega 7.000 atkvæði og nægði það til að koma tveimur til þremur þingmönnum að, allt eftir því hvernig atkvæði skiptust að öðru leyti. Þröskuldar þessir eru alþekkt fyrirbæri víða um lönd þótt mjög sé misjafnt hversu háir þeir eru. Það er mat flutningsmanna að með þessu sé ekki girt fyrir að sjónarmið minni hluta fái notið sín.

211. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um stórframkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller,
Katrín Fjeldsted, Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gera úttekt á jarðgangakostum, mögulegum brúamannvirkjum og öðrum stórframkvæmdum sem ráðast þarf í á næstu árum í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu. Úttektin feli jafnframt í sér kostnaðar- og arðsemismat á framangreindum framkvæmdum.

Ráðherra skal í samráði við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gera tillögu að forgangsröðun þessara verkefna.

Úttektin ásamt tillögu um forgangsröðun verkefna verði lögð fyrir Alþingi í síðasta lagi 1. nóvember 2003.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að því að ráðist verði í vinnu sem nauðsynleg er til að unnt sé að öðlast heildaryfirsýn yfir nauðsynlegar stórframkvæmdir í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum og áratugum.

Mikilvægi greiðra samgangna á þessu svæði er öllum ljóst. Sú vinna sem tillagan gerir ráð fyrir er forsenda þess að unnt sé að móta skýra stefnu um framkvæmdir í vegagerð á svæðinu.

Jarðgangaáætlun sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi fyrir árin 2000–2004 náði eingöngu til jarðganga á landsbyggðinni. Þörfin fyrir jarðgöng eða sambærilegar stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu er þó síst minni en þar og eykst með hverju árinu sem líður.

Tillagan tekur ekki aðeins til jarðganga heldur einnig til brúagerðar og annarra stórframkvæmda, svo sem mislægra gatnamóta og tvö- og þrefaldra akbrauta. Verkefnin eru fjölmörg og verður ekki reynt að telja þau upp í þessari greinargerð.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að ráðist verði í kostnaðar- og arðsemismat á einstökum framkvæmdarkostum. Ljóst er að mikill kostnaður er við einstakar framkvæmdir, t.d. svokallaða Sundabraut. Á móti kemur að gera má ráð fyrir að arðsemi þessara framkvæmda sé mikil og meiri en gerist og gengur um sambærilegar framkvæmdir annars staðar á landinu.

Auknar framkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu eru ekki aðeins brýnar vegna þess gífurlega umferðarþunga sem er á svæðinu og eykst stöðugt heldur eru þær ekki síður mikilvægar til að bæta umferðaröryggi. Betri samgöngumannvirkjum fylgir aukið umferðaröryggi.

Umhverfisþættir vega hér einnig þungt. Mengun sem rekja má beint til þess að umferðarmannvirki anna ekki umferðarþunganum er mikil. Langar raðir bifreiða í hægagangi menga meira en margan grunar. Geiðari samgöngur og stytting vegalengda er því brýnt umhverfismál.

Gert er ráð fyrir að úttekt þessi sem og kostnaðar- og arðsemismat, ásamt tillögu um forgangsröðun verkefna, verði lögð fyrir Alþingi í síðasta lagi 1. nóvember 2003. Er gert ráð fyrir að þessi vinna nýtist við undirbúning að fyrstu endurskoðun fjögurra ára samræmdrar samgönguáætlunar.

212. Frumvarp til innheimtulaga. [209. mál]

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir.

I. KAFLI

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, þó ekki innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum, innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga og innheimtu umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.

2. gr.

Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI
Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr.
Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;
b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og
c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir.

4. gr.
Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið undir gjaldþrotaskiptum;
b. hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis;
c. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland;
d. er ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta að fjárhæð kr. 500.000.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr.

Leyfi má ekki veita til lengri tíma en fimm ára í senn.

5. gr.
Innheimta eigin peningakröfu.

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.
Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti. Ósanngjarnar kröfur um innheimtulaun teljast m.a. til slæmra innheimtuhátta. Það brýtur jafnframt gegn góðum innheimtuháttum að beita skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda óhæfilegum þrýstingi, tjóni, óþægindum eða hótunum eða breiða út persónulegar upplýsingar um þá.

7. gr.
Innheimtuviðvörun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan a.m.k. tíu daga frá sendingu viðvörunar.

Í viðvörun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;

b. lýsing á kröfu;
c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;
d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast;
e. greiðslustaður; og
f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Þá telst krafa greidd ef greiðsla hefur borist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.

Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.

Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu. Ljúki innheimtu samkvæmt lögum þessum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.

Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning en opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.

Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

12. gr.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra skal í reglugerð ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrar- eða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Tryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs og skulu þær breytast 1. janúar ár hvert frá gildistöku laganna. Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það vátryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti vátryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Leyfi og eftirlit.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal eftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum.

Fjármálaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hætta er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli.

Fjármálaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 1. mgr. 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt skal eftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Gagnvart lögmönnum fer stjórn Lögmannafélags Íslands með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

16. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Svipta má leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum; eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

17. gr.

Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. laga þessara eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. skal þó vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og skal beita þeim um innheimtustarfsemi sem stunduð er eftir gildistöku laganna.

Við gildistöku laga þessara orðast 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, svo:

Dómsmálaráðherra skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi. Heimild ráðherra takmarkast af heimild viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar samkvæmt innheimtulögum.

Greinargerð.

Markmiðið með þessu frumvarpi er að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti, innheimtuviðvörun. Þá er frumvarpinu ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum á frumstigi, þ.e. áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur, t.d. með því að takmarka hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja hann um. Slík löggjöf er vel þekkt hjá flestum nágrannaþjóðum okkar, m.a. á Norðurlöndum. Neytendasamtökin hér á landi hafa margoft kallað eftir að sett verði innheimtulöggjöf. Með réttu telja þau að staða skuldara hér á landi sé afar veik og innheimtumenn geti hagað sér eins og þeir vilja við gjaldtöku af þeim sem lenda í fjárhagserfiðleikum og vanskilum.

Tvívegis hefur viðskiptaráðherra lagt fram á Alþingi sambærilegt frumvarp og hér er lagt fram. Það var á 122. og 123. löggjafarþingi. Það náði ekki fram að ganga m.a. vegna ágreinings stjórnarflokkanna um málið. Á síðasta þingi beindi fyrsti flutningsmaður þessa máls fyrirspurn til viðskiptaráðherra um frumvarpið, fyrirkomulag innheimtukostnaðar og sérstaka löggjöf um innheimtuaðgerðir. Í svari viðskiptaráðherra kom fram að hann teldi þörf á slíkri löggjöf. Ráðherra sagði að til skoðunar væri að viðskiptaráðherra yrði veitt heimild til að ákveða hámark innheimtukostnaðar í reglugerð eða að setja í staðinn á fót sérstaka úrskurðarnefnd um kvartanir. Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í september sl. beindi fyrsti flutningsmaður þeirri fyrirspurn til viðskiptaráðuneytisins hvort til stæði að ráðherra flytti frumvarp um innheimtuaðgerðir á nýjan leik á 128. löggjafarþingi og fékk þau svör að svo yrði ekki. Af þessu má ráða að ágreiningurinn milli stjórnarflokkanna um framlagningu frumvarps til innheimtulaga er óleystur. Það er skoðun flutningsmanna að svo brýnt mál sé hér á ferð að ekki sé rétt að bíða með að leggja það fyrir Alþingi. Frumvarp viðskiptaráðherra frá 122. og 123. löggjafarþingi hefur því verið endurbætt m.a. með tilliti til athugasemda og ábendinga frá ýmsum umsagnaraðilum sem bárust þinginu þegar málið var lagt fram á sínum tíma. Þær breytingar sem gerðar hafa verið lúta m.a. að því að innheimtuleyfi skal eigi veita til lengri tíma en fimm ára í senn og gert er að skilyrði að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta. Ákvæði 6. gr. um góða innheimtuhætti er gert fyllra án þess þó að um tæmandi talningu sé að ræða. Einnig er skýrt nánar í ákvæði 7. gr. um innheimtuviðvörun hvenær krafa telst greidd. Þá er viðskiptaráðherra nú gert að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar í reglugerð en áður var um heimild til ráðherra að ræða. Jafnframt þykir rétt að eftirlit með lögmönnum samkvæmt lögunum verði í höndum stjórnar Lögmannafélags Íslands í stað úrskurðarnefndar lögmanna. Loks er lagt til að lögum nr. 77/1998, um lögmenn, verði breytt á þann veg að dómsmálaráðherra verði gert skylt að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Sú skylda dómsmálaráðherra mun að sjálfsögðu takmarkast við fyrrnefnda skyldu viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar á grundvelli frumvarpsins.

Eins og að framan greinir er frumvarpinu ætlað að taka til innheimtu á frumstigi. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að hugað verði hið fyrsta að setningu meginreglna til að styrkja stöðu skuldara við innheimtu á grundvelli réttarfarslaga.

Í frumvarpi ráðherra á sínum tíma sagði m.a. í greinargerð: „Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Með viðvörun væri stefnt að því að skuldarar almennt ættu kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en til innheimtuaðgerða yrði gripið. Lánardrottinn mundi væntanlega á þessu stigi innheimtu sjálfur senda skuldara viðvörun. Hann gæti þó leitað aðstoðarlögmanns eða annars innheimtuaðila en bæri þá sjálfur ábyrgð á hugsanlegri greiðslu til hans umfram lágmarkskostnað.

Við samningu frumvarpsins, sem snertir m.a. innheimtustarfsemi lögmanna, viðskiptabanka og sparisjóða og ýmissa stofnana, var einkum stuðst við norsk innheimtulög. Þá var höfð hliðsjón af dönsku lagafrumvarpi um þetta efni. Tekið skal fram að í Svíþjóð eru sérstök lög um innheimtu.

Samkvæmt frumvarpinu munu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem ákveða skal í reglugerð ráðherra. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Þau gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir lögin. Þykir eigi þörf á slíku þar eð innheimta skatta og gjalda er lögbundin og enginn kostnaður, annar en lögbundinn vaxtakostnaður, fellur á gjaldendur nema um sé að ræða útlagðan kostnað. Innheimta slíkra krafna er þannig almennt mun kostnaðarminni en almenn kröfuinnheimta. Virðist því réttur greiðenda í þeim fjölmörgu málum, sem hér um ræðir, vera nægilega tryggður samkvæmt gildandi lögum og verklagsreglum.

Innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falla heldur ekki undir innheimtu samkvæmt frumvarpi þessu. Sem dæmi um kostnað, sem væri utan ramma fyrirhugaðra laga, væri kostnaður við útgáfu stefnu, fjárnámsbeiðni og annar kostnaður fyrir dómstólum og kostnaður við birtingu greiðsluáskorunar með stoð í lögum um aðför eða nauðungarsölu. Ef lögmaður sendir innheimtubréf, án þess að innheimtuviðvörun hafi áður verið send, teldist það ekki innheimtuaðgerð á grundvelli réttarfarslaga heldur yrði bréfið, sem væntanlega yrði kallað innheimtuviðvörun eftir gildistöku innheimtulaga, að fullnægja skilyrðum sem gerð eru til viðvörunar samkvæmt innheimtulögum. Slíkt kallar á litlar breytingar á efni innheimtubréfa. Eftir sem áður verður heimilt að fara beint í aðför eða nauðungaruppboð vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna, þar sem heimild er til slíks í lögum, án þess að viðvörun samkvæmt lögum þessum sé gefin út. Nefna má að innheimta lögmanna og allra annarra aðila, svo sem banka, sparisjóða og Íbúðalánasjóðs, fellur undir ákvæði frumvarpsins nema innheimtuaðgerðir séu á grundvelli réttarfarslaga.

Innheimta umdeildra peningakrafna, þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf, fellur heldur ekki undir fyrirhuguð lög. Hér getur t.d. verið um að ræða lögfræðilega aðstoð vegna umferðarslyss.

Í 2. mgr. kemur fram að innheimtuaðilar séu einstaklingar og lögaðilar sem annast innheimtu. Hugtakið innheimtuaðili tekur yfir kröfuhafa nema annað komi fram. Svo sem fram kemur í 1. mgr. getur innheimtan verið fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Innheimta launþega á launakröfu sinni félli samkvæmt þessu ekki undir lögin, t.d. ákvæðin um sendingu innheimtuviðvörunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. málsl. þessarar greinar geta kröfuhafi og innheimtuaðili með samningi sín á milli vikið frá ákvæðum 9. gr. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og 1. mgr. 10. gr. um greiðslu innheimtufjár.

Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Eru þar almennt gerðar kröfur um innheimtuleyfi og fasta starfsstöð hér á landi og auk þess þarf gilda starfsábyrgðartryggingu.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þurfa vissir aðilar þó ekki innheimtuleyfi til að mega stunda innheimtu fyrir aðra, með öðrum orðum lögmenn, viðskiptabankar og sparisjóðir og opinberir aðilar, m.a. Íbúðalánasjóður. Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi þurfa almennt ekki innheimtuleyfi enda tekur 3. gr., sem mælir fyrir um innheimtuleyfi, aðeins til innheimtu fyrir aðra. Skv. 5. gr. mundi aðili þó þurfa innheimtuleyfi ef hann kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. þessarar greinar nægir ekki að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé tekin heldur þarf innheimtuaðili jafnframt að sjá til þess að hún sé ætíð í gildi.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. greint frá þeim skilyrðum sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta öðlast innheimtuleyfi en þau eru almennt séð lögræði, óflekkað mannorð og lögheimili hér á landi. Þá er sett það skilyrði að ekki séu fyrir hendi vanskil á opinberum gjöldum og vörslusköttum en hliðstæð krafa og fjárhæð er í dönsku innheimtulöggjöfinni.

Tekið skal fram að í 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, segir svo um óflekkað mannorð:

„Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“

Lögaðilar sem slíkir geta skv. 2. mgr. fengið innheimtuleyfi enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr. um lögræði o.fl.

Þá má ekki veita innheimtuleyfi til lengri tíma en fimm ára í senn.

Um 5. gr.

Í greininni felst undantekning frá því að eigi þurfi innheimtuleyfi ef innheimta er stunduð vegna eigin starfsemi. Þykir rétt að gera kröfu til innheimtuleyfis ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Þetta gildir ekki um lögmenn, opinbera aðila, viðskiptabanka og sparisjóði sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um góða innheimtuhætti.

Hér er um vísireglu að ræða svipað og sjá má t.d. í 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Krafan um góða innheimtuhætti gildir bæði um

samskipti innheimtuaðila við skuldara og kröfuhafa þótt kaflaheitið gangi skemmra. Í framkvæmd skiptir reglan þó væntanlega mestu máli um samskipti innheimtuaðila og skuldara. Vernd ákvæðisins getur þá náð til fjölskyldu skuldara, atvinnurekanda hans og kunningja hans. Gæta verður góðra innheimtuhátta við sérhverja ráðstöfun eða athöfn sem er þáttur í innheimtunni.

Þrátt fyrir að í greininni sé beinlínis tekið fram að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, tjóni eða óþægindum er eingöngu um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um góða innheimtuhætti án þess að tæmandi talningu tilvika sé um að ræða.

Um samband innheimtuaðila og kröfuhafa gildir sú meginregla að innheimtuaðila ber að fylgja fyrirmælum kröfuhafans. Á innheimtuaðilanum hvílir samt sem áður sú sjálfstæða skylda að hlýðnast ekki fyrirmælum kröfuhafa ef þau fela í sér eitthvað sem stríðir gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt lögunum eða reglugerð á grundvelli þeirra.

Innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmuni kröfuhafans.

Sé aftur vikið að skiptum innheimtuaðila og skuldara gildir sú regla að innheimtuaðili á ekki að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar.

Það getur brotið gegn góðum viðskiptaháttum ef beitt er hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara, svo sem maka, atvinnurekanda eða kunningjum. Óðruvísi stendur á þegar um er að ræða aðra sem tengdir eru málinu á einn eða annan hátt, t.d. samskuldara eða ábyrgðarmann.

Það getur talist brot á góðum innheimtuháttum að breiða út persónulegar upplýsingar um skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda. Um skilgreiningu á hugtakinu persónulegar upplýsingar vísast til laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Það getur brotið gegn góðum innheimtuháttum að hóta að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara í frekari mæli en heimilt er að lögum.

Endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir innheimtuhættir er að sjálfsögðu í höndum dómstóla.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtuviðvörun.

Samkvæmt 1. mgr. skal senda eina viðvörun og gefa skuldara færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda þarf viðvörunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d. ábyrgðarmönnum. Í grein þessari er kveðið á um minnst tíu daga frest en kröfuhafi eða annar innheimtuaðili getur haft frestinn lengri. Þótt skylt sé að senda eina viðvörun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviðvörun. Sé skylduviðvörun virt að vettugi og lögmanni síðan t.d. falin innheimta mundi innheimtubréf hans, hverju nafni sem nefnist, í því tilviki ekki falla undir hugsanleg reglugerðarákvæði um lágmarkskostnað vegna skylduviðvörunar.

Fresturinn telst frá sendingu viðvörunar. Í þessu felst að skuldari ber hallann af seinkun í pósti og því að viðvörunin komi ekki fram enda hafi hún verið send á nægilega tryggan hátt og á heimilisfang þar sem gild ástæða er til að ætla að unnt sé að ná til skuldara. Ef kröfuhafi eða innheimtuaðili hefur ekki ástæðu til að ætla að hafa megi upp á skuldara á öðru heimilis-

fangi verður almennt að teljast nægilegt að senda viðvörunina á það heimilisfang sem skuldarinn gaf kröfuhafanum upp. Ef ekkert heimilisfang var gefið upp telst almennt fullnægjandi að senda hana á lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Ekki er skylt að senda innheimtuviðvörun vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna þar sem farið er beint í aðför eða nauðungaruppboð á grundvelli heimildar í lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. þar sem segir að innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falli ekki undir gildissvið laganna. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir með sendingu greiðsluáskorunar heldur sent innheimtubréf gilda almennar reglur laganna um viðvörun, sbr. nánar það sem segir í athugasemdum við 1. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram hvað skuli standa í innheimtuviðvörun. Eins og segir í athugasemdum við 1. gr. er það svipað og venja er í innheimtubréfum nú. Sú breyting er gerð frá fyrra frumvarpi að á eftir orðinu kröfuhafi er bætt við orðunum „eða umboðsmanns hans“. Er með þessu tekið sérstakt tillit til innheimtu á grundvelli handhafabréfa.

Í 3. mgr. segir að krafa teljist greidd ef greiðsla hefur borist áður en settur frestur er liðinn. Nægilegt er að greiðslan berist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu eða sé sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests enda sé slíkt sannað.

Í 4. og 5. mgr. er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar um sendingu innheimtuviðvörunar í sérstökum tilvikum.

Samkvæmt 4. mgr. má víkja frá ákvæðunum ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt. Nefna má hættu á að krafan fyrnist ef mál er ekki höfðað. Undir öllum kringumstæðum verður einungis vikið frá ákvæðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir hættu á að fullnustumöguleikum verði spillt. Ef unnt er að fylgja ákvæðunum án þess að hættan aukist er innheimtuaðila það skylt.

Í 5. mgr. er tekið á því ef skuldari hreyfir sannanlega mótbárum gegn peningakröfu. Þá er innheimtuaðila heimilt að hverfa frá venjulegum innheimtuaðferðum, sem ella er skylt að gæta, og bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla. Í slíkum tilvikum er það meginreglan að innheimtuaðili þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort mótbáran sé studd efnislegum rökum eða aðeins tilraun skuldara til að draga að greiða kröfuna.

Til frekari skýringar er vísað til athugasemda við 1. gr. um að viðvörun geti komið í stað innheimtubréfa, svo og tengsl viðvörunar við innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga, en almennt má ætla að viðvörunin yrði undanfari slíkra aðgerða. Kjósi aðili að senda skuldara ítrekun yrði það að teljast heimilt enda sé ekki í undantekningartilvikum brotið með því í bága við regluna um góða innheimtuhætti.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umboð innheimtuaðila og felur hún m.a. í sér að uppgjör við innheimtuaðila er bæði hvað varðar stað og tíma jafngilt greiðslu til kröfuhafa sjálfs. Skuldari á að geta gert ráð fyrir að innheimtuaðili hafi umboð til að taka við greiðslu og semja um hana, jafnvel til að gefa alla kröfuna eftir eða hluta hennar eða veita greiðslufrest, svo að bindandi sé fyrir kröfuhafa. Gangi innheimtuaðili of langt kann hann að baka sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Gengið er út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að innheimtuaðili hafi fengið umboð frá kröfuhafa til innheimtu.

Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu innheimtuaðila gagnvart kröfuhafa enda fari sá síðarnefndi fram á upplýsingar um innheimtuna. Það er undir mati innheimtuaðila komið hvaða

upplýsingar hann veitir kröfuhafa og hvenær. Sérstök ástæða getur verið til að vekja athygli kröfuhafa á mótbárum sem skuldari hefur haft uppi þótt ekki sé gert ráð fyrir afdráttarlausri reglu um það efni. Ljúki innheimtu samkvæmt innheimtulögum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili þó að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör og er kveðið á um það hvað þar skuli greina. Í þessu felst t.d. að lögmaður, er lokið hefði innheimtu á grundvelli innheimtulaga en höfðaði síðan mál til innheimtu kröfunnar, þyrfti ekki að afhenda kröfuhafa slíkt skriflegt uppgjör sem kveðið er á um í greininni.

Grein þessi um upplýsingaskylduna er frávíkjanleg, sbr. 2. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skil innheimtuaðila á innheimtufé. Skv. 2. gr. er þessi málsgrein frávíkjanleg.

Í 2. mgr., sem er ekki frávíkjanleg, er kveðið á um skyldu innheimtuaðila, sem stunda innheimtu fyrir aðra, til að halda innheimtufé aðskildu frá eigin fé. Til að fullnægja þeirri kröfu þarf að leggja féð á vörslufjárreikninga þannig að það verði ekki dregið undir gjaldþrotaskipti innheimtuaðilans ef til þeirra kemur. Opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu og sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

Nefna má í þessu sambandi að í reglugerð nr. 201/1999, um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., segir í 1. gr. að lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendur sína, skuli halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin nafni og jafnframt sé honum skylt að veita stjórn Lögmannafélags Íslands upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar sé kveðið á um í reglugerðinni. Í 4. gr. segir að fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skuli varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt greininni og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

Gengið er út frá því að í almennri reglugerðarheimild ráðherra felist heimild til að setja reglur um fjárvörslureikninga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð skuldara á greiðslu kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt hinum fyrirhuguðu innheimtulögum. Reglurnar fjalla annars vegar um þau tilvik, er skuldari hefur greitt innan greiðslufrests í viðvörun á grundvelli 7. gr., eða hins vegar er innheimtuaðilar, m.a. kröfuhafar, hafa brotið þannig gegn ákvæðum 7. gr. að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum. Í þessum sérstöku tilvikum verður skuldari ekki krafinn um hærri kostnað en kveðið er á um í reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í 2. málsl. er það skilyrði sett að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar skuli taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

Með því að setja ákvæði um hámark þóknunar má stuðla að því að kröfur á hendur skuldara, þar sem skuldari hefur ekkert val um innheimtuaðila, verði ekki strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu á kostnað hans. Kjósi kröfuhafi að greiða umframþóknun getur hann það. Á hinn bóginn er ekki stefnt að því að skuldari komist hjá því að greiða útlagðan kostnað, sem almennt yrði án efa innan hóflegra marka, og jafnvel áætlaðan kostnað. Með kostnaði er með öðrum orðum átt við beinan og óbeinan kostnað sem leiðir af innheimtu samkvæmt innheimtulögum. Reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þóknunar lögmanna vegna aðfarar eða nauðungaruppboðs eða opinberra gjalda í því sambandi.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu innheimtuaðila, svo og starfsmanna hans í víðri merkingu.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu innheimtuaðila.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. að viðskiptaráðherra veiti leyfi og svipti leyfishafa þeim.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi almennt eftirlit með innheimtustarfsemi á grundvelli laganna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til að gefa innheimtuaðilum, m.a. kröfuhöfum, fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum og jafnframt um lok máls með sátt er gildi sem fyrirmæli.

Í 4. mgr. er heimild til að banna leyfisbundna innheimtustarfsemi til bráðabirgða. Verði eigi úr bætt skal Fjármálaeftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Samkvæmt 6. mgr. fer stjórn Lögmannafélags Íslands með eftirlit með framkvæmd laga þessara gagnvart lögmönnum. Stjórnin mun hafa eftirlit með starfsemi lögmanna sem stunda innheimtu auk annarra starfa, m.a. eftirlit með gjaldtöku þeirra, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Hugsanlegt er að Fjármálaeftirlitið og stjórn Lögmannafélagsins hafi, ef þurfa þykir, með sér samráð og jafnvel samstarf um gerð verklagsreglna, sem tengjast einstökum þáttum eftirlits, til að tryggja sem mest samræmi varðandi framkvæmd laganna, einkum að því er varðar góða innheimtuhætti.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sviptingu innheimtuleyfis, m.a. ef leyfishafi hefur ekki fullnægt skyldum sínum. Í því sambandi má m.a. benda á að leyfishafinn skal fullnægja skilyrðum 6. gr. um góða innheimtuhætti, 7. gr. um innheimtuviðvörun og 3. mgr. 15. gr. um að fylgja fyrirmælum um að breyta starfsháttum. Gæta þarf stjórnsýslulaga við framkvæmd ákvæðanna.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um refsingar. Ákvæðið um hlutdeild getur leitt til þess að starfsmönnum innheimtuaðila sé jafnvel refsað, svo og kröfuhafa eða öðrum sem geta verið hlutdeildarmenn í broti innheimtuaðila.

Um 18. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði.

Lagt er til að við gildistöku laga þessara verði jafnframt gerð sú breyting á 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, að dómsmálaráðherra skuli að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óbreytt lögmannalög skylda ekki dómsmálaráðherra til setningar leiðbeininganna. Sú heimild sem hann nú hefur er víðtækari en skylda viðskiptaráðherra samkvæmt lögum þessum þar sem leiðbeiningar dómsmálaráðherra eiga auk þess að ná til þess kostnaðar sem kann að leiða af innheimtuaðgerðum á grundvelli réttarfarslaga, svo fremi sem dómsmál hefur ekki verið höfðað til heimtu kröfu og þykir því rétt að breyta heimild dómsmálaráðherra í skyldu. Skylda dómsmálaráðherra mun þó augljóslega nú takmarkast af skyldu viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sem til fellur á frumstigi innheimtu samkvæmt lögum þessum.

213. Fyrirspurn [210. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um daggjöld hjúkrunarheimila og fjölda hjúkrunarrýma.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Við hvaða dvalarheimili og hjúkrunarheimili öldrunarstofnana hefur ráðherra haft samráð til ákvörðunar daggjalda, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar?
2. Telur ráðherra að samanlagðar tekjur öldrunarstofnana standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði?
3. Hefur reglugerð um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd verið gefin út?
4. Hvert var daggjald til hjúkrunarheimilisins Sóltúns frá 1. júní 2001 til 1. júní 2002, uppgefið fyrir hvern mánuð fyrir hvern einstakling? Hvert var sérstakt húsnæðisgjald á legudag fyrir sama tímabil?
5. Hve mörg ný hjúkrunarrými fyrir aldraða þarf að byggja til ársins 2010 svo að bið eftir rými verði aðeins 90 dagar, sbr. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010:
   a. í Reykjavík,
   b. utan Reykjavíkur?
6. Hve mörg tilbúin hjúkrunarrými eru vannýtt utan höfuðborgarsvæðisins og hvar eru þau?

Skriflegt svar óskast.

214. Fyrirspurn [211. mál]

til samgönguráðherra um stafrænar sjónvarps- og útvarpssendingar.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvenær má búast við að stafræn (digital) tækni taki við af hliðrænni (analog) tækni við sjónvarps- og útvarpssendingar og hvernig mun hin stafræna tækni verða fjármögnuð?

215. Fyrirspurn [212. mál]

til viðskiptaráðherra um þróun vaxta banka og sparisjóða.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvernig hafa kjörvextir og hæstu vextir banka og sparisjóða þróast í samanburði við stýrivexti Seðlabanka Íslands frá árinu 1995, sundurliðað eftir einstökum bönkum og sparisjóðum?

Skriflegt svar óskast.

216. Fyrirspurn [213. mál]

til menntamálaráðherra um uppbyggingu menningarstofnana á Suðurlandi.

Frá Ólafíu Ingólfsdóttur.

Hvað hefur verið gert í uppbyggingu menningarstofnana á Suðurlandi og hvað er á döfinni í þeim málum á næstu árum af hálfu menntamálaráðuneytis?

Skriflegt svar óskast.

217. Tillaga til þingsályktunar [214. mál]

um sýslur.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fjalla um stöðu sýslna í íslenskri löggjöf, landfræðileg mörk þeirra og hvort festa skuli þau í sessi með löggjöf. Að starfi nefndarinnar loknu leggi ráðherra málið fyrir Alþingi til upplýsinga og ákvörðunar um framtíðarstöðu sýslna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi 1999 af Hjörleifi Guttormssyni en þá náðist ekki að mæla fyrir henni. Tillagan var endurflutt á 126. löggjafarþingi af sömu flutningsmönnum og endurflytja hana nú. Þau fylgiskjöl sem fylgdu tillögunni þegar hún var fyrst flutt fylgja hér einnig með.

Eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 (lög nr. 8/1986) og aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði með lögum nr. 92/1989 heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sýslur á 122. löggjafarþingi, 668. máli, sem birt er sem fylgiskjal I með tillögunni. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Almenningur er almennt ekki meðvitaður um þessar breytingar á stöðu sýslna og jafnvel embættismenn og stjórnmálamenn velkjast í vafa um stöðu þeirra. Um það vísast meðal annars til fyrrgreinds svars ráðherra á Alþingi og til auglýsinga ráðuneyta, sbr. meðfylgjandi frásögn úr Morgunblaðinu 9. maí 1996 í fylgiskjali II. Skýrt dæmi um þetta er að finna í nýlegum bæklingi, Um hálendi Íslands – fjársjóður þjóðarinnar, gefnum út af ríkisstjórn Íslands. Þar er birtur uppdráttur af Íslandi sem í texta er sagður sýna sýslumörk, en í skýringum kemur fram að um er að ræða umdæmamörk sýslumanna!

Í máli almennings, handbókum og kennsluefni fyrir skóla og víðar lifa sýslur áfram góðu lífi. Þá er í lögum enn vísað til sýslna í nokkrum tilvikum. Sýslumörk eru hins vegar farin á flot í meðförum manna, eins og að framan greinir, þar eð ruglað er saman umdæmum sýslumanna og sýslum sem landfræðilegum einingum. Að mati flutningsmanna er full ástæða til að varpa ljósi á þetta samhengi og að Alþingi taki síðan afstöðu til stöðu sýslna framvegis. Þetta er bæði menningarsögulegt og hagnýtt viðfangsefni. Það sýnir sig að þörf er á stærri landfræðilegum einingum að vísa til en sveitarfélögum. Þótt þau fari stækkandi með sameiningu getur orðið bið á að þau fylli út í sýslurnar í landfræðilegum skilningi og með öllu óvíst að mörk yrðu hin sömu. Allt eru þetta rök fyrir því að rýna þurfi í málið af vísum mönnum.

Um tilurð og þróun sýslna hérlendis má meðal annars vísa í fróðlega ritgerð Axels Kristinssonar, Embættismenn konungs fyrir 1400 (Saga XXXVI (1998), bls. 113–152), þar sem nefndar eru ýmsar heimildir. Í ritgerð þessari segir m.a. (bls. 121–122):

„Á síðari tímum hafa sýslur verið fastar landfræðilegar einingar með ákveðin nöfn. Þannig var það ekki á miðöldum. Sýsla merkti þá það svæði sem embættismaður hafði til yfirsóknar. Áherslan var á embættismanninn en ekki landsvæðið. Sýsluheitið var heldur ekki einskorðað

við veraldlega valdsmenn því oft var talað um sýslur biskupa framan af. Sýsla var embætti valdsmannsins og það svæði sem hann stjórnaði, hversu stórt eða lítið sem það var. Flest bendir til að stærð sýslna og mörk þeirra hafi verið mjög á reiki og farið mest eftir því samkomulagi sem hver sýslumaður náði við konung eða hirðstjóra.

Landshættir hafa þó oft sett sýslum eðlileg mörk sem gátu haldist þótt nýir sýslumenn kæmu til. Einnig hafði þinga- og fjórðungaskipanin áhrif á sýsluskiptinguna og smám saman mynduðust hefðir um það hvar sýslumörk skyldu vera. Það er þó ekki fyrr en eftir lok miðalda að sýslurnar verða að föstum landfræðilegum einingum. Þetta sést vel á því að sýslunöfn þau sem við þekkjum koma ekki til sögunnar fyrr en á 16. öld – þau elstu eru frá fyrri hluta aldarinnar en flest birtast ekki í heimildum fyrr en um miðja öldina, þegar konungsvald var mjög að eflast og má þannig setja þau í samband við skilvirkara stjórnkerfi konungs á þeim tíma.“

Eðlilegt þykir að forsætisráðherra skipi þá nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir þar eð málið er ekki sérstaklega á borði dómsmálaráðherra og varðar stjórnsýslu og menningarsögu í víðu samhengi. Vonandi verður tillagan til þess að óvissu um mörk og stöðu sýslna verði eytt og staða þeirra verði lýðum ljós.

Það skal tekið fram vegna svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur, sbr. fylgiskjal I með máli þessu, að skv. 2. gr. núgildandi laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, skiptist landið í 25 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, sbr. einnig reglugerð nr. 102/2001, um breyting á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992. Þá skal jafnframt tekið fram að nöfn á sýslum og sýslumörk er ekki lengur að finna í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, né lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nú lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur. Sjá þskj. 1251 (668. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 5382–5383.

II. Forsætisráðuneytið vísar til sýslumarka í auglýsingu en sýslur „eru ekki til lengur“. (Mbl. 9. maí 1996).

218. Frumvarp til laga [215. mál]

um fjármálafyrirtæki.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um innlend fjármálafyrirtæki og um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi. Með fjármálafyrirtæki er í lögum þessum átt við fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr.

II. KAFLI
Starfsleyfi.
A. Veiting starfsleyfis.

2. gr.

Starfsleyfisveitandi.

Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Fjármálafyrirtæki er heimilt að hefja starfsemi þegar það hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

3. gr.

Leyfisskyld starfsemi.

Eftirtalin starfsemi er starfsleyfisskyld samkvæmt lögum þessum:

1. Móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi:
   a. Innlán.
   b. Skuldaviðurkenningar.
2. Veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.
3. Eignaleiga þegar fyrirtæki hefur slíka starfsemi að meginstarfsemi sinni. Með eignaleigu er átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma.
4. Útgáfa og umsýsla greiðslukorta.
5. Útgáfa og umsýsla rafeyris.
6. Viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti:
   a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
   b. Eignastýring, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.
   c. Sölutrygging í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetning slíkrar útgáfu.
   d. Umsjón með útboði verðbréfa.
7. Rekstur verðbréfasjóða.

Um aðrar starfsheimildir fjármálafyrirtækja fer skv. IV. kafla.

4. gr.

Tegundir starfsleyfa.

Fjármálafyrirtæki getur fengið starfsleyfi sem:

1. Viðskiptabanki skv. 1.–6. tölul. 3. gr. Viðskiptabanki skal þó ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 3. gr.

2. Sparisjóður skv. 1.–6. tölul. 3. gr. Sparisjóður skal þó ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 3. gr.
3. Lánafyrirtæki skv. b-lið 1. tölul. og 2.–6. tölul. 3. gr. Lánafyrirtæki skal ætíð hafa starfsleyfi skv. b-lið 1. tölul. og 2. tölul. 3. gr. Lánafyrirtæki hefur heimild til að kalla sig fjárfestingarbanka.
4. Rafeyrisfyrirtæki skv. 5. tölul. 3. gr.
5. Verðbréfafyrirtæki skv. 6. tölul. 3. gr.
6. Verðbréfamiðlun skv. a-lið 6. tölul. 3. gr. Verðbréfamiðlun getur fengið heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skv. 26. gr., sbr. 14. gr.
7. Rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. telst vera lánastofnun í skilningi laga þessara.

5. gr.

Umsókn.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Upplýsingar um tegund starfsleyfis sem sótt er um, sbr. 4. gr., leyfisskylda starfsemi, sbr. 3. gr., og aðra starfsemi sem fyrirhuguð er, sbr. IV. kafla.
2. Samþykktir félags.
3. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt.
4. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
5. Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
6. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur, sbr. VI. kafla.
7. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
8. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár.
9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila, sbr. 18. gr.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

6. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Í starfsleyfi skal koma fram til hvaða tegundar leyfið tekur, sbr. 4. gr., hvaða starfsleyfisskylda starfsemi heimilt er að stunda á grundvelli þess og aðra starfsemi sem fyrirhugað er að stunda skv. IV. kafla.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði.

7. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt fyrirtækinu innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Synjun skal þó alltaf hafa borist fyrirtækinu tólf mánuðum frá móttöku umsóknar.

8. gr.

Skrá yfir fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir fjármálafyrirtæki og útibú þeirra þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um hlutaðeigandi fyrirtæki. Breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal um fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

B. Afturköllun starfsleyfis.

9. gr.

Ástæður afturköllunar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta:

1. hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. fullnægi fyrirtækið ekki ákvæðum laga þessara um stofnfé, hlutafé, eigið fé eða fjölda stofnfjáreigenda,
3. nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt,
4. fullnægi hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækis ekki þeim hæfisskilyrðum sem fram koma í 42. og 52. gr.,
5. sé um að ræða náin tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila með þeim hætti sem um getur í 18. gr.,
6. hafi verið kveðinn upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla,
7. brjóti fyrirtækið að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal fyrirtækinu veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna fjármálafyrirtæki að stunda tiltekna starfsemi sem því er heimil skv. IV. kafla. Um slíkt bann gilda ákvæði 1. og 2. mgr.

10. gr.

Tilkynning um afturköllun og slit fjármálafyrirtækis.

Afturköllun á starfsleyfi fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

Ef starfsleyfi fjármálafyrirtækis er afturkallað skal fyrirtækinu slitið og fer um slitin samkvæmt ákvæðum XII. kafla.

III. KAFLI
Stofnun og starfsemi.

11. gr.

Búsetuskilyrði stofnenda.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur fjármálafyrirtækja.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Viðskiptaráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

12. gr.
Heiti.

Fjármálafyrirtækjum er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „banki“, „viðskiptabanki“, „fjárfestingarbanki“, „sparisjóður“, „rafeyrisfyrirtæki“, „verðbréfafyrirtæki“, „verðbréfamiðlun“ og „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum, í samræmi við starfsleyfi sitt.

Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlends og innlends fjármálafyrirtækis sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annað fyrirtækjanna verði auðkennt sérstaklega.

Fjármálafyrirtæki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

13. gr.
Rekstrarform.

Fjármálafyrirtæki skal starfa sem hlutafélag. Um rekstrarform sparisjóða gilda ákvæði VIII. kafla.

14. gr.
Hlutafé og stofnfé.

Hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfé sparisjóðs, sbr. þó 77. gr., skal að lágmarki nema 450 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Hlutafé rafeyrisfyrirtækis skal að lágmarki nema 90 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 1 milljónar evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 730 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfamiðlunar með heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skal að lágmarki nema 11 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 125 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfamiðlunar sem ekki hefur heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skal að lágmarki nema 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 50 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé rekstrarfélags verðbréfasjóða skal að lágmarki nema 11 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 125 þúsunda evra í íslenskum krónum. Hlutafé skal hækka um sem nemur 0,02% af eignum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru umfram 25 milljarða króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 250 milljóna evra í íslenskum krónum. Hlutafé skv. 1. og 2. málsl. skal þó ekki nema hærri fjárhæð en 1 milljarði króna eða sem nemur jafnvirði 10 milljóna evra í íslenskum krónum. Með eignum rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal telja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–6. mgr.

Bókfært eigið fé fjármálafyrirtækis má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–6. mgr.

15. gr.

Höfuðstöðvar.

Fjármálafyrirtæki, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

16. gr.

Endurskoðunardeild.

Við fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Ákvæði þetta nær ekki til verðbréfamiðlana og rafeyrisfyrirtækja. Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækisins sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi fjármálafyrirtækja og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrarins, veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá.

17. gr.

Eftirlitskerfi með áhættu.

Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis.

18. gr.

Náin tengsl.

Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með fyrirtækinu af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur, sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit.

Með nánum tengslum er átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast gegnum:

a. viðskiptahagsmuni, þ.e. beint eða óbeint eignarhald á minnst 20% hlutafjár eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis; eða
b. yfirráð, þ.e. tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki.

Þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sömu persónunni með yfirráðatengslum skal einnig litið á það sem náin tengsl milli aðila.

19. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

IV. KAFLI
Starfsheimildir.
A. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki.

20. gr.

Starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja.

Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða getur tekið til eftirfarandi þátta:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalána,
   b. langtímaveðlána,
   c. kröfukaupa og kaupa skuldaskjala og
   d. viðskiptalána.
3. Fjármögnunarleigu.
4. Greiðslumiðlunar.
5. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, rafeyris, ferðatékka og víxla).
6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
7. Viðskipta fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
   d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
   e. verðbréf.
8. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipta tengdra slíkum útboðum.
9. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlunar.
11. Stjórnunar og ráðgjafar varðandi samval verðbréfa.
12. Vörslu og ávöxtunar verðbréfa.
13. Upplýsinga um lánstraust (lánshæfi).
14. Útleigu geymsluhólfa.

Starfsemi lánafyrirtækja getur tekið til 1.–14. tölul. 1. mgr. að því undanskildu að lánafyrirtækjum er óheimilt að taka á móti innlánum.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki hafa heimildir til viðskipta með verðbréf skv. 25. gr.

21. gr

Önnur þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að sinna annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við heimildir þeirra skv. 20. gr.

Auk þjónustu skv. 20. gr. er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar tekur einnig til þess þegar fjármálafyrirtæki á eignarhlut í eða er þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi. Senda skal tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins ef fyrirhugað er að stunda starfsemi samkvæmt þessari málsgrein. Með slíkri tilkynningu skulu fylgja upplýsingar um hina fyrirhuguðu starfsemi sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi. Hafi Fjármálaeftirlitið ekki gert athugasemd við hina fyrirhuguðu starfsemi

innan eins mánaðar frá því að fullnægjandi tilkynning berst skal litið svo á að heimilt sé að hefja starfsemina. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að starfsemin sé stunduð í sérstöku félagi, en skal þá tilkynna viðkomandi aðila um þá ákvörðun sína innan fyrrgreinds frests. Sé vanrækt að senda tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein getur Fjármálaeftirlitið bannað starfsemina eða krafist þess að hún sé stunduð í sérstöku félagi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu.

22. gr.

Tímabundin starfsemi og yfirtaka eigna.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að það sé tímabundið og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Tilkynning hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og hagkvæmt er.

23. gr.

Heimildir til vátryggingastarfsemi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að reka vátryggingafélag í sérstöku félagi.

B. Önnur fjármálafyrirtæki.

24. gr.

Starfsheimildir rafeyrisfyrirtækis.

Starfsemi rafeyrisfyrirtækis tekur til útgáfu og umsýslu rafeyris. Önnur starfsemi rafeyrisfyrirtækis en útgáfa rafeyris er takmörkuð við:

1. náskylda fjármála- eða aðra þjónustu, svo sem umsýslu rafeyris með því að annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengjast útgáfu hans og útgáfu og umsýslu annarra greiðslumiðla, að undanskilinni hvers konar lánveitingu, og
2. geymslu gagna frá fyrirtækjum eða hinu opinbera á hinum rafræna miðli sem rafeyrir er geymdur á.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og V. kafla er erlendu rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu hér á landi einungis heimilt að gefa út rafeyri. Sama gildir um innlent rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu erlendis.

25. gr.

Starfsheimildir verðbréfafyrirtækis.

Starfsemi verðbréfafyrirtækis getur tekið til eftirfarandi þátta í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga:

1. *Þjónustu:*
   a. Móttöku og miðlunar fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmdar slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
   b. Viðskipta með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
   c. Eignastýringar, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.

d. Sölutryggingar í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetningar slíkrar útgáfu.
e. Umsjónar með útboði verðbréfa.

2. *Viðbótarþjónustu:*
a. Vörslu og stjórnunar í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga.
b. Öryggisvörslu fjár.
c. Veitingar lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
d. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
e. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
f. Fjárfestingarráðgjafar varðandi einn eða fleiri fjármálagerning.
g. Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
h. Fræðslu um og kynningar á verðbréfaviðskiptum.

26. gr.

Starfsheimildir verðbréfamiðlunar.

Starfsemi verðbréfamiðlunar tekur til milligöngu um kaup eða sölu fjármálagerninga og sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti þar sem endurgjald kemur fyrir. Verðbréfamiðlun er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum viðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma, enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milligöngu um.

Heildarverðmæti þeirra fjármálagerninga sem verðbréfamiðlun skv. 4. mgr. 14. gr. er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning skal ekki fara yfir 15% af stofnfé en um starfsheimildir verðbréfamiðlunar samkvæmt þessari grein, svo sem innan hvaða tímamarka slík viðskipti eru heimil, skal setja nánari ákvæði í reglugerð að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Verðbréfamiðlanir skulu setja tryggingu fyrir tjóni sem þær kunna að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skal setja í reglugerð.

27. gr.

Starfsheimildir rekstrarfélags.

Starfsheimildir rekstrarfélags taka ávallt til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Rekstrarfélagi er einnig heimilt að stunda eftirfarandi starfsemi:

1. Eignarstýringu.
2. Fjárfestingarráðgjöf.
3. Vörslu og stjórnun með fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu.

Rekstrarfélag með heimildir til eignarstýringar skal leita samþykkis viðskiptavinar áður en fjárfest er í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Rekstrarfélagi er óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir þeim kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa.

C. Eignarhlutir í fyrirtækjum og stórar áhættur.

28. gr.

Hámark virkra eignarhluta.

Fjármálafyrirtæki mega ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði og nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Með fyrirtæki tengdu fjármálasviði er átt við fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 2.–12. tölul. 1. mgr. 20. gr.

Samtala virkra eignarhluta skv. 1. mgr. má ekki nema hærri fjárhæð en 60% af eigin fé fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta sem fjármálafyrirtæki hefur eignast má ekki nema hærri fjárhæð en 100% af eigin fé þess. Eignarhlutir sem dregnir skulu frá við útreikning á eigin fé og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar. Tímabundinn eignarhlutur fjármálafyrirtækis í fyrirtæki skv. 22. gr. og eignarhlutir í veltubók skulu ekki teknir með við útreikning skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Heimilt er að eignarhlutir fjármálafyrirtækja fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. eða 1. málsl. 2. mgr., enda sé sú fjárhæð sem umfram er dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi fyrirtækis. Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. skal hærri fjárhæðin af þeim sem umfram eru dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi fyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki skulu gefa Fjármálaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum fjármálafyrirtækjum sem þeir hafa eignast eða tekið að veði, sbr. þó 64. gr.

Við útreikning á hlutföllum skv. 1.–2. mgr. og 29. gr. skal taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Til veltubókar teljast fjármálagerningar og hrávara sem fjármálafyrirtæki hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálagerningar sem fjármálafyrirtæki er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast enn fremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiðusamningum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum stofnunar sem myndast vegna viðskipta með fjármálagerninga og hrávörur í veltubók.

29. gr.

Eigin hlutir.

Fjármálafyrirtæki má ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins eiga eða taka að veði eigin hlutabréf sem nemur hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins. Eignist fyrirtækið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.

Veiti fjármálafyrirtæki í tengslum við hlutafjárútboð lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum fyrir hærri fjárhæð en 5% af nafnverði heildarhlutafjár eða stofnfjár hlutað-

eigandi fyrirtækis skulu settar traustar tryggingar fyrir lánum sem eru umfram framangreint hlutfall.

30. gr.

Takmarkanir á stórum áhættum.

Áhætta vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eigin fé fjármálafyrirtækis. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eigin fé en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eigin fé. Með eigin fé er átt við eigið fé skv. 84. gr.

Með áhættu skv. 1. mgr. er átt við lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhluta og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila, svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu.

Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja.

V. KAFLI

Starfsemi fjármálafyrirtækja á milli landa.

A. Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi.

31. gr.

Útibú fjármálafyrirtækja innan EES.

Erlent fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess. Svissnesk fjármálafyrirtæki geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Með útibúi er átt við starfsstöð sem að lögum er hluti af fjármálafyrirtæki og annast beint, að öllu leyti eða að hluta þá starfsemi sem fram fer hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með hinu erlenda fyrirtæki í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

Ákvæði hlutafélagalaga varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

32. gr.

Þjónusta fjármálafyrirtækis innan EES án stofnunar útibús.

Erlendu fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús. Ekki er heimilt að hefja slíka þjónustu fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fyrirtækisins. Heimildir til að veita þjónustu hér á landi erlendis frá samkvæmt þessari grein verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækisins í heimaríki þess. Svissnesk fjármálafyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

33. gr.

Þjónusta eða stofnun útibús hjá fjármálafyrirtæki utan EES.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

34. gr.

Heimildir til að banna starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendu fjármálafyrirtæki að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi fyrirtæki brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

Áður en ákvörðun er tekin um bann skv. 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til bráðabirgðaaðgerða ef brýna nauðsyn ber til í því skyni að vernda hagsmuni innlánseigenda, fjárfesta og viðskiptamanna fjármálafyrirtækis.

Málsmeðferð skv. 1. og 2. mgr. fer að ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

35. gr.

Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð um heimildir erlendra fjármálafyrirtækja til starfsemi hér á landi og innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um eftirlit með og nánari kröfur til útibúa og umboðsskrifstofa erlendra fjármálafyrirtækja, um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga fjármálafyrirtækja til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi og um heimildir innlendra fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði til að stunda fjármálastarfsemi erlendis.

B. Starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis.

36. gr.

Tilkynning um stofnun útibús.

Innlend fjármálafyrirtæki, sem hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar um í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú, lýsing á starfsemi útibúsins, skipulagi þess og fyrirhugaðri starfsemi og upplýsingar um heimilisfang útibúsins og nöfn stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum frá því að Fjármálaeftirlitinu bárust upplýsingar skv. 2. mgr. skal það senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda gistiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis upplýsingar um eigið fé fyrirtækisins, gjaldfærni, tryggingar innlána og bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.

Fjármálaeftirlitið getur bannað stofnun útibús skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega

traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku fullnægjandi upplýsinga skv. 2. mgr.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem það starfrækir útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 2. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

37. gr.

Tilkynning um þjónustu án stofnunar útibús.

Hyggist fjármálafyrirtæki veita þjónustu samkvæmt þessum lögum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. framsendir Fjármálaeftirlitið tilkynninguna til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi fjármálafyrirtækisins heimili fyrirhugaða starfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við starfsemi samkvæmt þessari grein ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum viðkomandi ríkis eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda.

38. gr.

Starfsemi utan EES.

Hyggist fjármálafyrirtæki hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

39. gr.

Kaup á hlutum í erlendu fjármálafyrirtæki.

Hyggist fjármálafyrirtæki kaupa eða fara með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við slíku ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að upplýsingagjöf með starfseminni eða samstæðunni verði ekki nægilega traust og eftirlit með henni torveldað. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og skal hún rökstudd.

VI. KAFLI

Eignarhlutir og meðferð þeirra.

40. gr.

Samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar

einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétt, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis.

41. gr.

Umsókn til Fjármálaeftirlitsins.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í fjármálafyrirtæki sem um ræðir í 40. gr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Nafn þess fjármálafyrirtækis sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum fjármálafyrirtækis.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við fjármálafyrirtæki.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virka eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 1. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

42. gr.

Mat á hæfi umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.

7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
8. Ef um virkan eignarhlut í sparisjóði er að ræða skal Fjármálaeftirlitið að auki leggja mat á hvort eignarhaldið samrýmist skilyrðum 2. mgr. 70. gr.

43. gr.

Synjun umsóknar.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

44. gr.

Nýting heimildar.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 40. og 41. gr.

45. gr.

Úrræði ef ekki er sótt um leyfi.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 41. gr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 43. gr. Berist gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut skal honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

46. gr.

Úrræði ef umsókn ef hafnað.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfi-

leg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Skal viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

47. gr.

Tilkynning eiganda um sölu á virkum eignarhlut.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20, 33 eða 50% eftir því sem við á eða svo mikið að fjármálafyrirtæki hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi móðurfyrirtækis skal það einnig tilkynnt.

48. gr.

Tilkynning fjármálafyrirtækja um aðilaskipti.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í fjármálafyrirtæki sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn fjármálafyrirtækis tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

49. gr.

Úrræði ef eigandi er ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut.

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 42. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. þyki það nauðsynlegt.

VII. KAFLI
Stjórn og starfsmenn.

50. gr.
Almennt ákvæði.

Um stjórn fjármálafyrirtækis gilda ákvæði laga um hlutafélög, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

51. gr.
Fjöldi stjórnarmanna.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Þó skulu stjórnir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja skipaðar eigi færri en fimm mönnum.

Skipa skal jafnmarga varamenn og aðalmenn í stjórn fjármálafyrirtækis.

52. gr.
Hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum, eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

53. gr.
Hæfisskilyrði starfsmanna í verðbréfaviðskiptum.

Starfsmenn fjármálafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 3. gr., skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Í tengslum við veitingu starfsleyfis og jafnskjótt og breytingar verða ber fjármálafyrirtæki að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta hefur umsjón með prófi í verðbréfaviðskiptum sem að jafnaði skal haldið einu sinni á ári. Viðskiptaráðherra skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu próftakar greiða gjald sem ráðherra ákveður. Ákvarðanir prófnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta er heimilt að fela óháðum aðilum að gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Þá getur prófnefnd verðbréfaviðskipta skipað prófdómara til að endurskoða úrlausn próftaka. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd prófs í verðbréfaviðskiptum, þar á meðal prófkröfur, og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild.

54. gr.
Verkaskipting stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmd starfa stjórnar.

Í samþykktum fjármálafyrirtækis skal kveðið á um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra sem skal taka mið af ákvæðum hlutafélagalaga.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í reglum þessum skal fjallað sérstaklega um framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélaga, og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna. Reglur þessar skal senda til Fjármálaeftirlitsins.

55. gr.

Þátttaka stjórnarmanna í meðferð mála.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

1. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða
2. viðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem ræðir um í 1. tölul.

Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis, eða stjórnarformann félags, til samþykktar eða synjunar. Stjórn fjármálafyrirtækis er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála, þar sem fyrir fram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, og þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur, sbr. 54. gr.

56. gr.

Þátttaka starfsmanna í atvinnurekstri.

Framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Stjórn fyrirtækis getur veitt heimild til slíks á grundvelli reglna sem hún setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Um stjórnarsetu framkvæmdastjóra í dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfélagi fjármálafyrirtækisins, og um heimildir annarra starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri, fer samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum 54. gr.

57. gr.

Viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið.

Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra eru háð samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um maka framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess fer að öðru leyti eftir reglum sem stjórn fyrirtækisins skal setja.

58. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni

viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

59. gr.

Undanþága frá þagnarskyldu vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.

Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. er heimilt að miðla upplýsingum til móðurfélags fjármálafyrirtækis ef móðurfélagið er einnig fjármálafyrirtæki í skilningi laga þessara eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, sbr. 4. mgr. 97. gr. Slík upplýsingamiðlun má þó aðeins eiga sér stað að því marki sem nauðsynlegt er vegna áhættustýringar og má ekki ná til einkamálefna einstakra viðskiptamanna. Sama gildir um miðlun upplýsinga vegna eftirlits á samstæðugrunni.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um heimila upplýsingamiðlun skv. 1. mgr.

60. gr.

Samþykki viðskiptamanns til miðlunar trúnaðarupplýsinga.

Heimilt er að miðla til utanaðkomandi aðila þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem um getur í 58. gr. að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingum á grundvelli þess og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað.

VIII. KAFLI
Sparisjóðir.

61. gr.

Stofnun.

Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárhluti og atkvæðisréttur,
4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
6. breytingar á samþykktum og
7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnfjáreigendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 11. gr.

62. gr.

Stofnfjárbréf.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,

2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 64. og 65. gr. og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

63. gr.

Réttindi stofnfjáreigenda.

Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.

Stofnfjáreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Stofnfjáreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 65. og 100. gr.

64. gr.

Sala og veðsetning stofnfjárhluta.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Telji sparisjóðsstjórn að væntanlegur kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði skal stjórnin vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins, sbr. VI. kafla. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

65. gr.

Innlausn stofnfjárhluta.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar lögaðila, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hann lagður niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda og
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 64. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

66. gr.

Aukning stofnfjár.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

67. gr.

Endurmat stofnfjár.

Sparisjóðum er heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af verðlagsbreytingum miðað við vísitölu neysluverðs.

Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins.

68. gr.

Ráðstöfun hagnaðar.

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Öryggissjóður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem allir sparisjóðir stofna í þessu skyni, ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Heimilt er að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóðs.
2. Til viðbótar arðgreiðslu skv. 1. tölul. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins, þó þannig að hækkun stofnfjár samkvæmt þessum tölulið verði aldrei meiri en 5% á ári. Heimild til endurmats samkvæmt þessum tölulið flyst ekki á milli ára. Endurmat samkvæmt þessum tölulið má ekki leiða til þess að bókfært eigið fé að frádregnu stofnfé verði lægra en það var í árslok 2000. Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats samkvæmt þessum tölulið miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Arðurinn skal reiknaður af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs.
3. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. og 2. tölul., skal leggja í varasjóð.

69. gr.

Leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld.

Sparisjóðabanka Íslands hf. er heimilt að leggja fyrir sparisjóði leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld, enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.

70. gr.

Skipting eignarhluta og atkvæða.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Nú leiðir framsal stofnfjárhlutar, eða aukning stofnfjár, til þess að einstakur stofnfjáraðili, eða stofnfjáreigandi og aðili sem hann er í nánum tengslum við í skilningi 18. gr., eignist eða fari með virkan eignarhluta í sparisjóðnum í skilningi laga þessara, og skal þá sparisjóðsstjórn ekki samþykkja framsalið nema að fullnægðu öðru hvoru eftirgreindra skilyrða:

a. að um sé að ræða lið í nauðsynlegri fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs og sýnt þyki að slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu verði ekki komið við nema með því að stofnfjáreigandi eignist virkan eignarhlut,
b. að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárhlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs. Um atkvæðisrétt ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn fer samkvæmt ákvæðum 71. gr. Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

Stofnfjáreiganda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á fundum stofnfjáreigenda nema slíkt sé leyft í samþykktum sparisjóðs.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

71. gr.

Sveitarfélagssparisjóðir.

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. um fjölda stofnfjáreigenda og 3. mgr. 70. gr. um tilhögun atkvæðaréttar í sparisjóði taka hvorki til þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög og héraðsnefndir eru einir stofnfjáreigenda við gildistöku laga þessara né til samruna þeirra, sbr. 101. gr. Sé héraðsnefnd einn stofnfjáreigenda takmarkast atkvæðisréttur hvers aðila við ⅕ hluta af atkvæðamagni í sparisjóði.

72. gr.

Stjórn.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Í samþykktum er heimilt að kveða á um að stofnfjáreigendur kjósi alla stjórnarmenn sparisjóðs. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

73. gr.

Breyting sparisjóðs í hlutafélag.

Að tillögu sparisjóðsstjórnar í sparisjóði sem starfandi var 31. desember 2000 getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaeftirlitsins. Skal breyting sparisjóðs í hlutafélag þá framkvæmd þannig að sparisjóðurinn sameinist hlutafélagi sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins og öllum eignum hans og skuldum, réttindum og skuldbindingum.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um fjölda stofnenda í hlutafélagi skv. 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. sömu laga um lágmarksfjölda hluthafa gilda ekki um hlutafélag skv. 1. mgr. fram að því að breyting sparisjóðs í hlutafélag skv. 1. mgr. á sér stað.

Við breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt þessari grein heldur starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu.

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum sem leiðir af breytingu sparisjóðs í hlutafélag er undanþegin stimpilgjöldum.

Nú fer um eigið fé sparisjóðs sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 77. gr. og skulu nefnd ákvæði þá gilda áfram um sparisjóðinn eftir breytingu hans í hlutafélag.

Nú er sparisjóði breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skulu þá í stað ákvæða kafla þessa gilda um sparisjóðinn að öðru leyti en kveðið er á um í undanfarandi

ákvæðum þessarar greinar og eftir því sem við getur átt ákvæði laga þessara, auk ákvæða laga um hlutafélög.

74. gr.

Skipting hlutafjár í sparisjóði.

Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 73. gr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 67. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins. Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal verða eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á stofn skv. 76. gr.

Ákvæði 120.–128. gr. og ákvæði 131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu að öðru leyti og eftir því sem við getur átt gilda um breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

75. gr.

Atkvæðaréttur í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag.

Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.

Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 76. gr. geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

76. gr.

Sjálfseignarstofnun sem hluthafi í sparisjóði.

Sé ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr. skal sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 74. gr. Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti fæst fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar.

Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skal kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu. Nú verða fulltrúaráðsmenn færri en þrjátíu og skal þá skylt að fjölga í ráðinu á næsta fundi þess þannig að meðlimir verði eigi færri en þrjátíu.

Einungis skal heimilt að úthluta af fjármunum sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. eða ráðstafa eignum, sem eftir verða við slit hennar, til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skulu að öðru leyti gilda um sjálfseignarstofnun skv. 1. mgr. Sjálfseignarstofnun sem stofnuð er samkvæmt þessari grein er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, enda sé farið eftir skilyrðum 1. málsl. um úthlutun til menningar- og líknarmála.

77. gr.

Lágmark stofnfjár.

Sparisjóðum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það stofnfé sem mælt er fyrir um í 14. gr., er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Fari eigið fé niður fyrir framangreind mörk er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi sparisjóði hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli sparisjóðurinn ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hans afturkallað samkvæmt ákvæðum II. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé sparisjóðsins hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 14. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

IX. KAFLI
Rafeyrisfyrirtæki.

78. gr.

Rafeyrir.

Með rafeyri er átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd í rafrænum miðli, gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en þau peningalegu verðmæti sem eru gefin út og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

79. gr.

Endurgreiðanleiki rafeyris.

Viðtaka fjár í skiptum fyrir rafeyri telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri.

Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en þess sem er nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 3. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en sem samsvarar 500 krónum.

80. gr.

Eiginfjárkröfur.

Eigið fé rafeyrisfyrirtækis skal, þrátt fyrir ákvæði 84. gr., ávallt vera að lágmarki 2% af þeirri fjárhæð sem hærri er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

Hafi rafeyrisfyrirtæki ekki starfað í sex mánuði skal eigið fé þess vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi fyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun fyrirtækisins með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem Fjármálaeftirlitið kann að hafa óskað eftir.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

81. gr.

Takmörkun fjárfestinga.

Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í auðseljanlegum eignum eða kröfum samkvæmt reglugerð sem viðskiptaráðherra setur um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja. Í reglugerðinni skal m.a. koma fram hvaða eignum og kröfum rafeyrisfyrirtæki getur fjárfest í, mat á verðmæti eigna, takmarkanir á markaðsáhættu og hámark fjárfestinga.

Ef verðgildi eigna eða krafna skv. 1. mgr. fer niður fyrir fjárhæð skuldbindinga rafeyrisfyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal viðkomandi rafeyrisfyrirtæki ráða bót á því ástandi án tafar og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ráðstöfunum sínum í því skyni.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Rafeyrisfyrirtæki má ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema þau annist rekstrarþætti sem tengjast rafeyri sem viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gefur út eða dreifir.

82. gr.

Takmarkanir á gildissviði.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að undanþiggja rafeyrisfyrirtæki frá einstökum eða öllum ákvæðum laga þessara ef að hámarki er unnt að geyma 6.000 krónur á hinum rafræna miðli og einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. rafeyrir, sem fyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum fyrirtækisins, hjá móðurfyrirtæki fyrirtækisins eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins eða
2. rafeyrir, sem rafeyrisfyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem augljóslega má afmarka þar sem þau eru staðsett á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á athafnasvæði rafeyrisfyrirtækis eða þau eru í nánum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum.

Rafeyrisfyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. skal árlega skila skýrslu um starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins eftir nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur þar sem fram skulu m.a. koma upplýsingar um heildarfjárhæð skuldbindinga vegna óinnleysts rafeyris. Skýrslan skal hafa borist fyrir 1. apríl ár hvert.

X. KAFLI
Laust fé og eigið fé.

83. gr.

Laust fé

Fjármálafyrirtæki skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis fylgja.

84. gr.

Skilgreining eigin fjár.

Eigið fé fjármálafyrirtækja eins og það er skilgreint skv. 4. mgr. skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi enda séu aðrar eftirlitsaðgerðir ekki líklegar til að bæta upp misvægi í eiginfjárstöðu og áhættustigi innan hæfilegs frests. Mat Fjármálaeftirlitsins á áhættustigi og ákvörðun um hærra eiginfjárhlutfall skal byggt á nánari reglum sem það setur.

Áhættugrunnur fyrirtækis skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreikningsins, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 85. gr. Séu eiginfjárliðir byggðir á árshlutauppgjöri skal það vera áritað sem endurskoðað eða kannað af endurskoðanda. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:

1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 85. gr.
2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni vegna markaðsáhættu liða í veltubók skv. 28. gr. og gengisáhættu.

Eiginfjárþáttur A telst vera innborgað hlutafé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum og óráðstafað eigið fé en að frádregnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa/stofnfjárbréfa, viðskiptavild og öðrum óáþreifanlegum eignum, svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun. Enn fremur skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í eign dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum.

Eiginfjárþáttur B telst vera samtala 1. og 2. tölul.:

1. Víkjandi lán sem fjármálafyrirtæki taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár eða hlutfallslega fyrir hluta úr ári sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt. Eingöngu er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt kostnaðarverðsreikningsskilum.

Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem fjármálafyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%. Fjármálaeftirlitið getur heimilað einstökum fjármálafyrirtækjum að til eiginfjárþáttar C teljist hagnaður af veltubókarviðskiptum á tímabilinu að frádreginni fyrir-

sjáanlegri gjaldfærslu og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

Heimilt er að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lántaki þess enda liggi fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins og slík endurgreiðsla hafi ekki óviðunandi áhrif á eiginfjárstöðu að mati þess.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–6. mgr. skal eigið fé verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Fjármálaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi félagsins milli ára. Á fyrsta starfsári verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs skal eigið fé þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstraráætlun starfsársins. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að gerð sé breyting á rekstraráætluninni ef það telur að hún gefi ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en greindir eru í 5. og 6. mgr. teljist með eigin fé fjármálafyrirtækis.

85. gr.

Frádráttur frá eigin fé.

Frá eigin fé skv. 3. mgr. 84. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi kröfum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði. Þegar um er að ræða eignarhluti sem nema allt að 10% af hlutafé í hverju einstöku fjármálafyrirtæki takmarkast frádrátturinn þó við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi krafna sem er umfram 10% af eigin fé eins og það er reiknað skv. 3. mgr. 84. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein. Eignarhlutir sparisjóða í Sparisjóðabanka Íslands hf. sem nema meira en 10% af hlutafé bankans skulu þó reiknast með sama hætti og eignarhlutir sem nema allt að 10%.

Þegar fjárfesting í hlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. málsl.1. mgr.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi fyrirtækis.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í félögum, sem reka vátryggingastarfsemi skv. 23. gr. dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 3. mgr. 84. gr. Frádrátturinn takmarkast þó við þá fjárhæð sem samsvarar hlutdeild í lágmarksgjaldþoli viðkomandi vátryggingafélags.

Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 28. gr.

86. gr.

Upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár.

Hafi stjórn eða framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir lögbundnu lágmarki ber þeim þegar í stað að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi fyrirtækis hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur þess hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Er Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé fjármálafyrirtækis sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 84. gr. skal það

krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að slíkt reikningsuppgjör sé áritað af endurskoðanda.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé fjármálafyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 84. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Greinargerð þessi skal afhent innan frests sem Fjármálaeftirlitið tiltekur. Berist greinargerð fjármálafyrirtækis ekki innan tilskilins frests skal fyrirtækinu slitið þegar í stað.

Þegar Fjármálaeftirlitinu hafa borist gögn skv. 3. mgr. er því heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 84. gr. Séu til þess ríkar ástæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar.

XI. KAFLI
Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

87. gr.
Samning ársreiknings og undirritun.

Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár fjármálafyrirtækja er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

88. gr.
Góð reikningsskilavenja.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Fjármálaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings fjármálafyrirtækis.

89. gr.
Skýrsla stjórnar.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis og afkomu þess á reikningsárinu er ekki koma fram í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun fyrirtækisins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun þess.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu og heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, framkvæmdastjóra, stjórnar og annarra í þjónustu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Sé um ágóðahlut að ræða til stjórnar eða framkvæmdastjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Stjórnir skulu í skýrslu sinni gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi fyrirtækis eða jöfnun taps.

90. gr.

Endurskoðun.

Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi.

Endurskoðandi skv. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi fjármálafyrirtækis til eins árs í senn.

Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Í móðurfélagi skal endurskoðandi jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

91. gr.

Hæfi endurskoðanda.

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður fyrirtækisins eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi má ekki vera skuldugur því fyrirtæki sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

92. gr.

Upplýsingaskylda endurskoðanda.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 18. gr. Slík tilkynning brýtur ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 58. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

93. gr.

Góð endurskoðunarvenja.

Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja.

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um endurskoðun fjármálafyrirtækja ákvæði VII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

94. gr.

Sérstök endurskoðun.

Fjármálaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá fjármálafyrirtæki telji eftirlitið ástæðu til að ætla að endurskoðað reikningsuppgjör gefi ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

95. gr.

Skil og birting ársreiknings.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi fyrirtækis og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

96. gr.

Árshlutauppgjör.

Fjármálafyrirtæki skulu semja og birta árshlutauppgjör í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

97. gr.

Samstæðureikningsskil.

Fyrirtæki telst vera móðurfyrirtæki þegar það:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 1. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki. Fyrirtæki sem er dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis, telst einnig vera dótturfyrirtæki móðurfélags.

Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess mynda samstæðu.

Með eignarhaldsfélagi á fjármálasviði er átt við fyrirtæki tengt fjármálasviði þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega lánastofnanir eða fyrirtæki tengd fjármálasviði og að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

Með blönduðu eignarhaldsfélagi er átt við móðurfyrirtæki sem ekki er eignarhaldsfélag á fjármálasviði þar sem að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfyrirtækja þess.

Ákvæði 87.–92. gr. og 95.–96. gr. gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðu, þar sem móðurfyrirtæki er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar.

Fjármálaeftirlitið setur að höfðu samráði við reikningsskilaráð nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um samstæðuuppgjör fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er blandað eignarhaldsfélag.

XII. KAFLI
Slit og samruni fjármálafyrirtækja.
A. Slit.
98. gr.
Ákvörðun um slit.

Bú fjármálafyrirtækis verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Slíta ber fjármálafyrirtæki í eftirtöldum tilvikum:

1. ef Fjármálaeftirlitið afturkallar starfsleyfi fjármálafyrirtækis, sbr. 9. gr., synjar fyrirtækinu um frest að hætti 4. mgr. 86. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækið hafi aukið eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 84. gr.,
2. ef skylt er að slíta fjármálafyrirtæki samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi fyrirtækis,
3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda ákveður að slíta fjármálafyrirtæki.

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal Fjármálaeftirlitið afla reikningsuppgjörs stjórnar hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á sama hátt og skv. 2. mgr. 86. gr.

Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

99. gr.
Úrskurður héraðsdóms um slit.

Þegar skylt er að slíta fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul. 2. mgr. 98. gr. eða þegar Fjármálaeftirlitið telur, í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir fyrirtækisins hrökkvi til greiðslu skulda þess skal Fjármálaeftirlitið senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi fyrirtækis kröfu um að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skylt er að slíta fjármálafyrirtæki skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 98. gr. og Fjármálaeftirlitið telur sýnt að eignir þess hrökkvi fyrir skuldum skal það senda héraðsdómara á varnarþingi fyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta til slita á fjármálafyrirtækinu.

Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 98. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Í innköllun í bú fjármálafyrirtækis skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

100. gr.

Framkvæmd skipta á búi fjármálafyrirtækis.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi fjármálafyrirtækis gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 99. gr.

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi fjármálafyrirtækis sá dagur sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 86. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 99. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 63. gr.

B. Samruni.

101. gr.

Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er aðeins heimill að ákvörðun þar að lútandi hafi hlotið samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda viðkomandi fyrirtækja sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda, og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma til atkvæðagreiðslu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar í yfirtekna félaginu.

Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða.

Um samruna fjármálafyrirtækja gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

Fjármálafyrirtæki, sem er slitið vegna samruna, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna fjármálafyrirtækja er undanþegin stimpilgjöldum.

Fjármálaeftirlitið skal auglýsa samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi fyrirtækja, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

Við samruna tveggja eða fleiri fjármálafyrirtækja skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækja á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 14. gr. ekki verið náð.

XIII. KAFLI

Eftirlit.

A. Almennar eftirlitsheimildir.

102. gr.

Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja tengdum fjármálasviði sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármála-

fyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í IV. kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

103. gr.

Aðstoð við yfirvöld annarra EES-ríkja.

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra fyrirtækja hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.

Gerist fjármálafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegt við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 34. gr., skal Fjármálaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

B. Eftirlit á samstæðugrundvelli.

104. gr.

Ákvæði IV. kafla C og X. kafla skulu gilda um samstæðu þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Móðurfyrirtækið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis. Ákvæði 84. og 85. gr. um eigið fé gilda einnig um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Eigi fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, eitt og sér eða ásamt með öðrum fyrirtækjum í samstæðunni, hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem er fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki á fjármálasviði og það fyrirtæki er starfrækt í samstarfi við önnur fyrirtæki sem ekki eru hluti af samstæðunni skal við beitingu ákvæða 1. mgr. um eigin fé nota hlutfallslega samstæðuaðferð með hliðsjón af hlutdeild í viðkomandi fyrirtæki. Sé ábyrgð fjármálafyrirtæk-

isins eða eignarhaldsfélagsins á viðkomandi hlutdeildarfélagi ekki takmörkuð við eignarhlutdeildina eða atkvæðisréttinn eiga ákvæði hefðbundinna samstæðureikningsskila við. Með hlutdeildarfélagi samkvæmt þessari málsgrein er átt við félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á eða beinn og óbeinn eignarhlutur nemur 20% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr. gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða fjármálafyrirtæki sem eitt og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum ákvæðum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr. gilda ekki um fyrirtæki sem fjármálafyrirtæki hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis, né heldur um fyrirtæki sem starfrækja vátryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr.

XIV. KAFLI
Viðurlög.

105. gr.
Sektir.

Það varðar sektum liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir (12. gr.),
2. starfsheimildir (IV. kafli A og B),
3. skyldu til að setja traustar tryggingar fyrir lánum umfram tiltekið hlutfall heildarfjárhæðar hlutafjár (2. mgr. 29. gr.),
4. starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis (1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr.),
5. virka eignarhluti (1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr.),
6. þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála (2. og 3. mgr. 55. gr.),
7. þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri (56. gr.),
8. viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið (1. mgr. 57. gr.),
9. skyldu sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag til að nota orðið hlutafélag í heiti sínu (4. mgr. 73. gr.) og
10. ársreikninga og endurskoðun (87. gr., 1. mgr. 88. gr. og 1. og 2. mgr. 95. gr.).

106. gr.
Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis (3. gr.),
2. hámark lána til einstaks viðskiptavinar (30. gr.),
3. starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi (1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr.),
4. þagnarskyldu (58. gr.),
5. takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja (1., 2. og 4. mgr. 81. gr.),

6. upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár (1. og 3. mgr. 86. gr.) og
7. hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri (91. og 92. gr.).

Hver sá sem vísvitandi gefur rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar opinberlega eða til Fjármálaeftirlits, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum.

107. gr.

Refsiábyrgð lögaðila. Tilraun og hlutdeild. Fyrning sakar.

Nú er brot framið í starfsemi fjármálafyrirtækis eða annars lögaðila og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum.

XV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

108. gr.

Nafnskráning reikninga.

Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans.

109. gr.

Glatað skilríki.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini er fjármálafyrirtæki hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur stjórn fjármálafyrirtækis stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur fjármálafyrirtækinu samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal fjármálafyrirtæki þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutaðeigandi fyrirtæki, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

110. gr.

Undanþága frá stimpilgjaldi.

Innlánsskilríki, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni fjármálafyrirtækja, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

111. gr.

Undanþegnir sjóðir.

Þrátt fyrir starfsheimildir Hafnabótasjóðs samkvæmt lögum nr. 23/1994, hafnalögum, Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og Ferðamálasjóðs samkvæmt lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, teljast þessir sjóðir ekki til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

XVI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

112. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, 93/6/EBE um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana, 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, 107/2001/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, 95/26/EB um breytingar á ýmsum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu með það í huga að efla eftirlit, 2000/28 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB er varðar skilgreiningu á lánastofnun og 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja.

113. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Þá falla úr gildi lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki.

114. gr.
Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Í stað 12. og 13. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Rekstur verðbréfasjóðs skal falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Starfandi viðskiptabankar, sparisjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir skulu halda starfsleyfi sínu við gildistöku laga þessara. Þau skulu innan sex mánaða tilkynna Fjármálaeftirlitinu hvaða starfsemi skv. 3. gr. og IV. kafla þau stunda við gildistöku laganna. Tilkynningin skal vera á því formi sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir.

Lánastofnanir, sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, skulu hafa starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum þessum.

Starfandi fjármálafyrirtæki skv. 1. mgr. er óheimilt að hefja síðar nýja starfsemi nema það tilkynni Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrir fram.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu sækja um starfsleyfi samkvæmt lögum þessum innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

II.

Fjármálafyrirtæki skulu senda Fjármálaeftirlitinu reglur skv. VII. kafla innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara.

III.

Verðbréfamiðlanir sem starfa sem einkahlutafélög skulu hafa komið rekstri sínum í hlutafélagsform innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Gildandi löggjöf um fyrirtæki sem hafa starfsleyfi stjórnvalda á fjármálamarkaði á rætur sínar að rekja til þess tíma þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Með aðildinni fengu íslensk fjármálafyrirtæki aðgang að innri markaðnum á sviði fjármálaþjónustu og starfsskilyrði fjármálafyrirtækja voru að verulegu leyti samræmd innan Evrópska efnahagssvæðisins. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Opnun markaða, aukin samkeppni og alþjóðavæðing og aukin áhersla á verðbréfaviðskipti hefur gert það að verkum að skilin á milli einstakra tegunda fjármálafyrirtækja hafa sífellt orðið óskýrari.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóða, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, verði sameinuð í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki. Jafnframt eru ákvæði um ríkisviðskiptabanka í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði felld niður. Með fjármálafyrirtækjum er átt við viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.

2. Þróun löggjafar um fjármálafyrirtæki.

a. Viðskiptabankar og sparisjóðir.

Löggjöf um viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi á sér langa sögu hér á landi og hefur tekið miklum breytingum í tímans rás. Allt til ársins 1985 giltu sérstök lög fyrir hvern viðskiptabanka sem fólu hverjum banka um sig að sinna að verulegu leyti tilteknum atvinnugreinum, atvinnurekstri eða hagsmunahópum. Með lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, varð grundvallarbreyting á löggjöf um starfsemi viðskiptabanka og með þeim var sett fyrsta almenna löggjöfin um viðskiptabankastarfsemi hér á landi.

Með lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, voru starfsheimildir sparisjóða auknar og felld úr gildi öll ákvæði eldri laga sem takmörkuðu starfsemi sparisjóðsins borið saman við viðskiptabanka. Hið ólíka rekstrarform og eignarhald viðskiptabanka og sparisjóða hélst hins vegar óbreytt.

Með lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var lagaákvæðum um viðskiptabanka og sparisjóði steypt saman í eina, heildstæða löggjöf. Í lögunum var enn fremur mælt fyrir um ýmis nýmæli auk þess sem aukið var við efnisinntak eldri ákvæða. Þannig voru starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða auknar með lögunum frá því sem áður hafði verið. Við samningu laganna var þess jafnframt freistað að laga íslenska löggjöf að EES-rétti í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland tók á sig með undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Árið 1996 voru lög um viðskiptabanka og sparisjóði gefin út að nýju sem lög nr. 113 1996. Breytingarnar voru gerðar til að laga gildandi rétt frekar að tilskipunum Evrópusambandsins. Lutu meginbreytingar laganna að breytingum á reglum um eigin fé annars vegar og innstæðutryggingum hins vegar.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á lögum nr. 113/1996:

1. Lög nr. 83/1997, um sérákvæði í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Breytingin laut að bankastjórum ríkisviðskiptabanka.
2. Lög nr. 84/1998, um sérákvæði í lögum um fjármálaeftirlit. Fjármálaeftirlitið kom í stað bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

3. Lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. X. kafli laga um viðskiptabanka og sparisjóði var felldur brott.
4. Lög nr. 11/2000, um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins voru auknar.
5. Lög nr. 48/2000, um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Viðskiptabönkum og sparisjóðum var heimilað að veita póstþjónustu með ákveðnum skilyrðum.
6. Lög nr. 69/2001, um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Sett voru ítarlegri ákvæði um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta.
7. Lög nr. 71/2001, um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Sparisjóðum var veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélög og stofnfjárbréf gerð að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti.
8. Lög nr. 82/2001, um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Kveðið var á um að sérstaklega skyldi taka mið af verðtryggingaráhættu í eftirlitskerfum með áhættu.
9. Lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki. Breytingar voru gerðar á 44. gr. vegna tilskipunar um rafeyrisfyrirtæki.
10. Lög nr. 76/2002, um breytingar á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ákvæði um stofnsetningarrétt var breytt í því skyni að veita Sviss sama rétt hér á landi og ríkjum innan EES.

b. Aðrar lánastofnanir.

Árið 1993 voru sett sérstök lög, nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Lánastofnunum var því skipt í tvo flokka samkvæmt þessum lögum. Annars vegar lánastofnanir sem heimild hafa til þess að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar, þ.e. viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og Póstgíróstofan. Hins vegar lánastofnanir sem ekki fjármagna starfsemi sína með innlánum frá almenningi heldur hafa heimild til útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Helstu dæmi um slíkar lánastofnanir voru sjóðir sem veittu stofnlán eða fjárfestingarlán og eignarleigufyrirtæki.

Allir fjárfestingarlánasjóðir höfðu verið settir á stofn með sérstökum lögum. Í meginatriðum greindust þeir í tvo flokka. Annars vegar voru það fjárfestingarlánasjóðir sem hið opinbera starfrækti til að sinna sérstökum samfélagslegum verkefnum. Hins vegar var um að ræða fjárfestingarlánasjóði sem tengdust ákveðnum atvinnugreinum.

Vegna eðlis innlánsstofnana var ákveðið árið 1993 að við aðlögun á gildandi löggjöf að ákvæðum EES-samningsins skyldi fjallað um þær í sérstökum lögum. Um allar aðrar lánastofnanir skyldi fjallað í öðrum lögum.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á lögum nr. 123/1993:

1. Lög nr. 20/1996, um breytingu á lögum nr. 123/1993. Ýmsar breytingar voru gerðar vegna aðlögunar að EES-samningnum.
2. Lög nr. 84/1998, um sérákvæði í lögum um fjármálaeftirlit. Fjármálaeftirlitið kom í stað bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
3. Lög nr. 11/2000, um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins auknar.
4. Lög nr. 69/2001, um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Sett voru ítarlegri ákvæði um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta.
5. Lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki. Breytingar voru gerðar á 8. gr. vegna tilskipunar um rafeyrisfyrirtæki.
6. Lög nr. 76/2002, um breytingar á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunar-

samtaka Evrópu. Ákvæði um stofnsetningarrétt var breytt í því skyni að veita Sviss sama rétt hér á landi og ríkjum innan EES.

c. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Fyrstu lög um verðbréfaviðskipti voru lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Þau voru síðar felld úr gildi með lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem voru mun ítarlegri en lögin frá 1986 og að ýmsu leyti í samræmi við löggjöf nágrannaríkjanna á þessu sviði. Eftir að nokkur reynsla var komin á framkvæmd þeirra laga var talið nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar, en einnig vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Voru þá samþykkt lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

Ný heildarlög um verðbréfaviðskipti voru síðan sett með lögum nr. 13/1996. Með þeim voru innleiddar tilskipanir Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (93/22/EBE) og eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (93/6/EBE). Í lögunum er kveðið á um starfsleyfi fyrir tvær tegundir fyrirtækja undir samheitinu fyrirtæki í verðbréfaþjónustu. Annars vegar eru það verðbréfafyrirtæki sem hafa starfsheimildir skv. 8. gr. laganna og hins vegar verðbréfamiðlanir sem hafa starfsheimildir skv. 9. gr.

Breytingar á lögum:

1. Lög nr. 35/1998, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna nýrra laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
2. Lög nr. 84/1998, um sérákvæði í lögum um fjármálaeftirlit. Fjármálaeftirlitið kom í stað bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
3. Lög nr. 94/1998, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar er lutu að stofnun Fjármálaeftirlitsins.
4. Lög nr. 11/2000, um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins auknar.
5. Lög nr. 99/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna aðskilnaðar starfssviða, starfsábyrgðartrygginga, prófkrafna og samningsbundinna uppgjöra afleiðusamninga.
6. Lög nr. 163/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna almenns útboðs verðbréfa og meðferðar trúnaðarupplýsinga.
7. Lög nr. 164/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna safnskráningar verðbréfa.
8. Lög nr. 69/2001, um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Sett voru ítarlegri ákvæði um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta.
9. Lög nr. 39/2002, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar á ákvæði um innherjaviðskipti.
10. Lög nr. 76/2002, um breytingar á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ákvæði um stofnsetningarrétt var breytt í því skyni að veita Sviss sama rétt hér á landi og ríkjum innan EES.

d. Rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Lög um verðbréfasjóði eru nr. 10/1993. Þar er kveðið á um að rekstur verðbréfasjóðs skuli falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélagið skal vera óháð í störfum sínum og einungis hafa með höndum daglegan rekstur verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.

Með tilskipun 107/2001/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eru kröfur til rekstrarfélaga auknar til muna. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu hafa starfsleyfi stjórnvalda, hafa leyfi til markaðssetningar innan Evrópska efnahagssvæðisins og lúta kröfum um stofnfé, ársreikninga, hæfi stjórnenda, eigið fé o.s.frv.

e. Rafeyrisfyrirtæki.

Tilskipun 2000/46/EB um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim fjallar um rafeyrisfyrirtæki, þ.e. tilteknar lögpersónur sem hafa með höndum útgáfu og umsýslu með rafeyri. Í tilskipuninni er meðal annars kveðið á um heimildir til útgáfu rafeyris, lágmarkskröfur um eigið fé rafeyrisfyrirtækja, fjárfestingarstefnu þeirra og eftirlit með þeim. Lög um rafeyrisfyrirtæki, nr. 37/2002, voru sett í apríl 2002.

3. Þróun á fjármálamarkaði.

Frá því að Ísland gerðist aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa átt sér stað miklar breytingar á íslenskum fjármálamarkaði. Þar má nefna:

- Afnám síðustu gjaldeyrishafta. Þar með tengdist íslenskur fjármálamarkaður erlendum mörkuðum traustari böndum en áður.
- Hlutafélagavæðing ríkisviðskiptabanka, sameining fjárfestingarlánasjóða í eigu ríkisins og sala á eignarhlutum ríkisins í þessum fyrirtækjum.
- Efling hlutabréfamarkaðar og stofnun gjaldeyrismarkaðar.
- Veruleg aukning fjárfestinga í erlendum verðbréfum.
- Lánsfjáröflun ríkissjóðs með markaðsútboðum og samkomulag fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans um að ríkissjóður afli sér lánsfjár á markaði en taki ekki lán hjá Seðlabankanum. Þetta atriði var staðfest í nýjum lögum um Seðlabanka Íslands sem juku sjálfstæði hans.
- Aukin áhersla fyrirtækja og sveitarfélaga á að afla lánsfjár með sölu skuldabréfa á verðbréfamarkaði í stað hefðbundinna bankalána.
- Samruni fjármálafyrirtækja og flóknara eignarhald.
- Ný stofnun, Fjármálaeftirlitið, tók yfir verkefni bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins og hefur eftirlit með lánamarkaði, verðbréfamarkaði, vátryggingamarkaði og lífeyrissjóðum.
- Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hafa skapast auknir möguleikar erlendra fjármálafyrirtækja til að veita þjónustu hér á landi.
- Sókn innlendra fjármálafyrirtækja á erlenda markaði með stofnun útibúa og skrifstofa, stofnun dótturfélaga og með kaupum á erlendum bönkum.

Fjármálamarkaðnum hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförnum árum. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands námu innlend útlán og verðbréfaútgáfa lánakerfisins 1.914,6 milljörðum króna í árslok 2001 en til samanburðar var áætluð landsframleiðsla ársins 2001 um 750 milljarðar króna. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu innlendra útlána og verðbréfaeignar lánakerfisins í milljörðum króna í árslok 2001:

Innlend útlán og verðbréfaeign	1.914,6
Bankakerfi	778,3
Fjárfestingarbankar o.fl.	118,6
Íbúðalánasjóður	350,2
Lífeyrissjóðir	499,9
Tryggingafélög	52,7
Eignarleigur	49,3
Verðbréfasjóðir	90,2
Útlönd	917,9
Lánasjóðir ríkisins	349,4
Milli samtala	3.206,6
Frá dragast innbyrðis viðskipti	-1.292,0

Bankakerfið hefur vaxið mjög ört á undanförnum árum, sér í lagi frá árinu 1997. Útlán og markaðsverðbréf bankakerfisins á verðlagi í janúar 2002 námu 264 milljörðum króna árið 1991 en höfðu hækkað í 752 milljarða króna í lok árs 2001. Árið 1991 voru útlán og markaðsverðbréf bankakerfisins rétt um helmingur af landsframleiðslu en um 110% af landsframleiðslu árið 2001. Hér verður þó að hafa í huga að nokkrir fjárfestingarlánasjóðir og fjárfestingarbankar urðu hluti af bankakerfinu á tímabilinu. Myndin sýnir útlán og markaðsverðbréf bankakerfisins 1991–2001.



Athyglisvert er jafnframt að skoða fjármögnun bankakerfisins á þessum tíma. Árið 1991 voru um 70% eigna bankakerfisins fjármögnuð með innlánum, 10% með verðbréfaútgáfu og 20% með erlendum lánum. Árið 2000 voru innlán tæplega helmingur af fjármögnun bankakerfisins, verðbréfaútgáfa um fimmtungur og erlend lán um þriðjungur. Innlán jukust lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu en hlutur verðbréfaútgáfu og erlendra lána stórjókst, eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Helstu fjármögnunarleiðir bankakerfisins,
hlutfall af landsframleiðslu



4. Vinna við gerð frumvarpsins.

Vinnu við gerð frumvarpsins má rekja aftur til ársins 1998. Í lok þess árs óskaði viðskiptaráðuneytið eftir sjónarmiðum viðskiptabanka og sparisjóða og samtaka þeirra um einstök efnisatriði í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði annars vegar og lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði hins vegar. Jafnframt óskaði ráðuneytið eftir ábendingum um breytingar sem nauðsynlegar eða æskilegar væru taldar af hálfu fyrirtækjanna eða samtaka þeirra.

Að lokinni yfirferð á athugasemdum og ábendingum fjármálafyrirtækja og samtaka þeirra skipaði viðskiptaráðherra nefnd um endurskoðun á löggjöf um fjármálastofnanir 23. ágúst 1999. Nefndin hefur gengið undir nafninu bankalaganefnd. Nefndinni var í skipunarbréfi ætlað að gera tillögur um breytingar á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Skyldi nefndin í því sambandi sérstaklega skoða hvort æskilegt væri að sameina fyrrgreind lög í ein heildarlög um lánastofnanir eða jafnvel að setja eina heildstæða löggjöf um fjármálastofnanir.

Bankalaganefnd setti sér eftirfarandi markmið í vinnu sinni:

1. Að löggjöf um fjármálamarkaðinn verði einföld og skýr.
2. Að tryggt verði öryggi og trúverðugleiki í starfsemi fjármálafyrirtækja.
3. Að tryggja jafnræði og virka samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði.
4. Að samkeppnishæfni íslensks fjármagnsmarkaðar verði tryggð.
5. Að löggjöf verði framsækin en þó verði haldið í þann grunn sem búið er að byggja upp að því leyti sem hann hefur sannað ágæti sitt.
6. Tryggja samræmi í löggjöf um fjármálafyrirtæki.

Bankalaganefnd hélt 56 fundi á tímabilinu frá desember 1999 til september 2002. Auk þess skipaði nefndin nokkra vinnuhópa til að fjalla um einstök mál. Í september 2000 fór nefndin til Noregs, Danmerkur og Lúxemborgar til að kynna sér viðhorf þarlendra samtaka fjármálafyrirtækja og fjármálaeftirlita til þróunar fjármálalöggjafar.

Bankalaganefnd var þannig skipuð: Aðalsteinn Jónasson, þáverandi lögfræðingur í Íslandsbanka hf., Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, varaformaður, Eiríkur Guðnason, bankastjóri Seðlabanka Íslands, Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga, Sigurður Hafstein, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, og Þorgeir Örlygsson, ráðuneytisstjóri iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, formaður.

Aðalsteinn Jónasson tók sæti Bjarna Ármannssonar í nefndinni 11. apríl 2001. Guðjón Rúnarsson tók sæti Finns Sveinbjörnssonar í nefndinni 28. nóvember 2000. Benedikt Árnason var skipaður í nefndina og varaformaður hennar 21. september 2000. Sigmar Ármannsson var skipaður í nefndina 10. maí 2001.

Starfsmenn nefndarinnar hafa verið Birgir Már Ragnarsson, þáverandi deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, til 28. nóvember 2000, Þóra Margrét Hjaltested, deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, til 1. ágúst 2001, og Hrafnkell Óskarsson, deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, frá 1. ágúst 2001.

Til viðbótar hafa ýmsir mætt á fundi bankalaganefndar og aðstoðað hana við gerð frumvarpsins. Hér má sérstaklega nefna Jónínu Sigrúnu Lárusdóttur, deildarsérfræðing í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, Hannes J. Hafstein, lögfræðing í Fjármálaeftirlitinu, og Hallgrím Ásgeirsson, lögfræðing í Seðlabanka Íslands.

Hinn 20. mars 2000 voru skipaðir þrír vinnuhópar undir bankalaganefnd. Sá fyrsti var um eigið fé, laust fé og ársreikninga. Hópurinn skilaði tillögum þann 26. júní 2000. Í hópnum voru Ragnar Hafliðason, formaður, Birgir Már Ragnarsson, Sigurjón Geirsson, Sigurður Jónsson og Yngvi Örn Kristinsson. Hópurinn var skipaður að nýju 31. janúar 2002 og skilaði hann drögum að köflum um eigið fé og ársreikninga og greinargerð með þeim 22. maí 2002. Í stað Birgis Más og Yngva Arnar voru Benedikt Árnason og Hallgrímur Ásgeirsson skipaðir í vinnuhópinn. Jónas Þórðarson var starfsmaður vinnuhópsins.

Annar vinnuhópurinn fjallaði um hlutverk og stöðu einstakra stjórnareininga. Hópurinn skilaði tillögum sínum 21. ágúst 2000. Í hópnum voru Jóhannes Sigurðsson, formaður, Ásmundur Stefánsson, Birgir Már Ragnarsson og Guðbjörg Bjarnadóttir.

Þriðji vinnuhópurinn fjallaði um starfsleyfi, starfsheimildir og afturköllun starfsleyfis lánastofnana. Hópurinn skilaði tillögum sínum 1. september 2000. Í hópnum voru Birgir Már Ragnarsson, formaður, Ólafur Haraldsson, Gunnar Viðar, Guðbjörg Bjarnadóttir og Jóhannes Sigurðsson.

Hinn 10. apríl 2001 var skipaður vinnuhópur til að fara yfir lög um vátryggingastarfsemi með hliðsjón af öðrum lögum um fjármálafyrirtæki og meta hvaða ákvæði séu þess eðlis að þau geti átt heima í sameiginlegri löggjöf um fjármálafyrirtæki. Í hópnum voru Þóra Margrét Hjaltested formaður, Rúnar Guðmundsson og Sigmar Ármannsson. Í framhaldi af störfum vinnuhópsins óskaði viðskiptaráðuneytið eftir því að Samband íslenskra tryggingafélaga tilnefndi fulltrúa sinn í bankalaganefnd.

Í maí 2002 kom saman vinnuhópur til að fara yfir viðurlagaákvæði laga á fjármálamarkaði. Í hópnum voru Jónína Sigrún Lárusdóttir formaður, Ársæll Hafsteinsson og Hannes J. Hafstein.

Hinn 19. febrúar 2001 óskaði viðskiptaráðuneytið eftir því við bankalaganefnd að nefndin gerði tillögu að innleiðingu tilskipunar 2000/46/EB um rafeyrisfyrirtæki í íslenskan rétt. Frumvarp til laga um rafeyrisfyrirtæki var lagt fram á Alþingi á 127. löggjafarþingi og varð að lögum nr. 37/2002.

Í júní 2002 voru drög bankalaganefndar að frumvarpi til laga kynnt á netinu og send til umsagnar til dómsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, Landssamtaka lífeyrissjóða, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Lögmannafélgsins, Dómarafélagsins, Félags löggiltra endurskoðenda, reikningsskilaráðs, Verslunarráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Neytendasamtakanna, Samtaka fjárfesta, Sambands íslenskra bankamanna, úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, Persónuverndar, ráðgjafarnefndar um opinbert eftirlit, Íbúðalánasjóðs, Íslandspósts og fyrirtækja sem starfa samkvæmt lögum um aðrar lánastofnanir, nr. 123/1993, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 113/1996, og eru ekki meðlimir í Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Jafnframt fóru drögin í ítarlega skoðun hjá þeim stofnunum og samtökum sem áttu fulltrúa í bankalaganefnd. Bankalaganefnd bárust umsagnir frá dómsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, ríkissaksóknara, Lögmannafélaginu, Félagi löggiltra endurskoðenda, Verslunarráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Persónuvernd og Íbúðalánasjóði.

Í ágúst 2002 óskaði viðskiptaráðherra eftir því að bankalaganefnd yfirfæri lagaákvæði um sparisjóði með hliðsjón af umræðu um yfirtökutilboð sem borist höfðu í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Bankalaganefnd skipaði undirhóp til að yfirfara lagaákvæðin. Í hópnum voru Benedikt Árnason og Hrafnkell Óskarsson frá viðskiptaráðuneyti, Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðideildar Landsbanka Íslands hf., f.h. viðskiptabanka, og Sigurður Hafstein, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, f.h. sparisjóða. Tillögur undirhópsins eru í VIII. kafla frumvarpsins en bankalaganefnd tók ekki afstöðu til þeirra. Fulltrúi viðskiptabanka var andvígur tillögum hópsins.

5. Helstu breytingar í frumvarpinu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóða, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, verði sameinuð í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki. Hugtakið fjármálafyrirtæki er nýjung í íslenskum rétti. Það nær yfir starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Samheitið fjármálafyrirtæki er notað yfir allar tegundir starfsleyfa að því marki sem það er unnt en í vissum tilfellum er þörf á sérákvæðum um einstakar tegundir starfsleyfa, svo sem um starfsheimildir og stofnfé.

Með sameiningu löggjafar og samræmingu heimilda einstakra tegunda fjármálafyrirtækja verður löggjöf á fjármálamarkaði einfaldari og skilvirkari. Þannig er í þessu frumvarpi að finna allir heimildir fjármálafyrirtækja til starfsemi en í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, er að finna almennar hegðunarreglur á verðbréfamarkaði og réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum. Að mestu leyti byggist þetta frumvarp á sömu starfsheimildum og einstakar tegundir fjármálafyrirtækja hafa í dag, en þær leiða að mestu af EES-samningnum. Gerðar hafa verið ýmsar breytingar til að taka mið af nýjum aðstæðum, greinum bætt við vegna nýrra krafna og ákvæði sem ekki eiga lengur við felld brott. Uppbyggingu laganna og niðurröðun greina hefur verið breytt verulega.

Af einstökum ákvæðum frumvarpsins sem tekið hafa verulegum breytingum skal helst telja:

- Fjármálaeftirlitið veitir og afturkallar starfsleyfi í stað viðskiptaráðherra. Sú skipan er í samræmi við almenna venju í Evrópu þar sem fjármálaeftirlit annaðhvort veita starfsleyfi eða inna af hendi alla þá undirbúningsvinnu við athugun á umsókn sem nauðsynleg

er til að umsækjandi geti hlotið starfsleyfi. Hægt er að veita starfsleyfi til hluta þeirrar þjónustu sem viðkomandi tegund fjármálafyrirtækja er heimil og afturkalla starfsleyfi að hluta.
- Rekstrarfélög verðbréfasjóða fá starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki. Samkvæmt nýlegri breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum fá rekstrarfélög verðbréfasjóða starfsleyfi og geta stofnað útibú og veitt þjónustu á EES-svæðinu. Starfsheimildir þeirra eru rýmkaðar þannig að þau geta t.d. sinnt eignastýringu auk reksturs sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi enda eru aðrar eftirlitsaðgerðir ekki líklegar til að bæta upp misvægi í eiginfjárstöðu og áhættustigi innan hæfilegs frests. Þessi viðbót er áfangi á þeirri leið sem fyrirsjáanleg er í náinni framtíð varðandi alþjóðlegar kröfur um eiginfjárákvæði fjármálafyrirtækja og heimildir eftirlitsaðila í því sambandi.
- Ákvæðum um sparisjóði er breytt til að treysta yfirtökuvarnir sparisjóða. Þannig er kveðið á um við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skal heimila framsal á virkum eignarhlut. Þá er tryggilegar búið um að tengdir stofnfjáreigendur geta ekki farið með yfir 5% heildaratkvæðamagns í sparisjóði. Að lokum er kveðið á um að sparisjóður skuli breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag áður en samruni við aðrar tegundir fjármálafyrirtækja getur átt sér stað.
- Ákvæði um ríkisviðskiptabanka eru felld brott. Þá er ekki lengur þörf á ákvæðum um fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem er notað sem samheiti verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Nokkur ákvæði eru felld brott úr gildandi lögum, svo sem ákvæði um hámark eignarhluta í fasteignum og skyldu viðskiptabanka og sparisjóða til að nota þau heiti í nafni sínu.
- Skilgreint er nánar en gert er í gildandi löggjöf hvaða brot eru refsinæm og sérstakir brotaflokkar tilgreindir. Varnaðaráhrif og virkni refsiákvæðanna eru talin mun meiri ef betur er skilgreint í lögunum hvaða háttsemi varðar refsingu og þá hvaða refsingu.
- Ítarlegri ákvæði eru um eftirlit með samstæðugrunni en í gildandi löggjöf, í samræmi við tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana. Meðal annars er bætt við ákvæðum um hlutfallslega samstæðuaðferð við beitingu eiginfjárákvæða laganna. Þá er bætt við skilgreiningu fyrrnefndrar tilskipunar um fyrirtæki tengd fjármálasviði, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög.

6. Kaflaskipting frumvarpsins.

Kaflaskipting frumvarpsins er eftirfarandi:

1. Gildissvið.
2. Starfsleyfi.
   a. Veiting starfsleyfis.
   b. Afturköllun starfsleyfis.
3. Stofnun og starfsemi.
4. Starfsheimildir.
   a. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki.
   b. Önnur fjármálafyrirtæki.
   c. Eignarhlutir í fyrirtækjum og stórar áhættur.
5. Starfsemi fjármálafyrirtækja á milli landa.
   a. Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi.

b. Starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis.
6. Eignarhlutir og meðferð þeirra.
7. Stjórn og starfsmenn.
8. Sparisjóðir.
9. Rafeyrisfyrirtæki.
10. Laust fé og eigið fé.
11. Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.
12. Slit og samruni fjármálafyrirtækja.
    a. Slit.
    b. Samruni.
13. Eftirlit.
    a. Almennar eftirlitsheimildir.
    b. Eftirlit á samstæðugrundvelli.
14. Viðurlög.
15. Ýmis ákvæði.
16. Gildistaka o.fl.
17. Ákvæði til bráðabirgða.

7. Verkaskipting stjórnvalda við setningu reglna á fjármálamarkaði.

Við undirbúning frumvarpsins var hugað að verkaskiptingu viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins við setningu reglna og reglugerða á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki. Í því efni var sérstaklega leitast við að tryggja innbyrðis samræmi í íslenskri löggjöf jafnframt því sem leitað var samanburðar við erlenda framkvæmd.

Óskað var eftir því að Fjármálaeftirlitið leitaði upplýsinga og tæki saman yfirlit yfir hvernig setningu reglna á grundvelli fjármálalöggjafar væri háttað í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt þeirri athugun er meginreglan sú að fjármálaeftirlit setja flestar eða allar reglur á fjármálamarkaði sem ekki koma fram í lögum viðkomandi landa. Þessi meginregla er í samræmi við alþjóðlegar grunnreglur um árangursríkt fjármálaeftirlit. Í niðurstöðum athugunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenska fjármálakerfinu („Financial Sector Stability Assessment"), sem birtar voru í maí 2002, er mælst til þess að heimildir til að setja reglur um fjármálafyrirtæki verði í ríkara mæli færð frá ráðuneytum til Fjármálaeftirlitsins.

Í frumvarpi þessu er lagt til að setning reglna sem varða fjárhagslegan styrkleika og gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja verði í höndum Fjármálaeftirlitsins. Þannig setji Fjármálaeftirlitið reglur um eigið fé og viðbótareiginfjárliði, reglur um ársreikninga, reglur um uppgjör og samstæðureikningsskil, reglur um hámark lána og ábyrgða, reglur um endurskoðun og reglur um eftirlitskerfi með áhættu fjármálafyrirtækja, auk þess sem það setur reglur um skýrslugjöf til eftirlitsins og staðfestir ýmsar innri reglur fjármálafyrirtækja. Reglur sem lúta að ytra starfsumhverfi, tryggingakerfi og öðrum þáttum í starfsumhverfi fjármálafyrirtækja verði hins vegar settar af viðskiptaráðuneytinu sem reglugerðir. Þannig verði kveðið á um starfsemi milli landa, próf í verðbréfaviðskiptum og starfsábyrgð verðbréfamiðlana í reglugerðum. Þá er lagt til að viðskiptaráðherra setji reglur um fjárfestingar rafeyrisfyrirtækja.

Með hliðsjón af framangreindu er ekki lagt til að Fjármálaeftirlitið fái jafnvíðtækar heimildir til að setja reglur á grundvelli laganna eins og mælst er til í alþjóðlegum grunnreglum og víða er gert í nágrannalöndum. Þó skal bent á að Fjármálaeftirlitinu er heimilt, skv. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, að setja almenn leiðbeinandi tilmæli. Með þeim tilmælum getur Fjármálaeftirlitið miðlað af reynslu úr eftirlitinu, skýrt og

túlkað lög og reglur og leitt fram meginreglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á sviði fjármálamarkaðar. Setning slíkra tilmæla takmarkast ekki við þau málefni sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að setja reglur um á grundvelli laga.

8. EES-samningurinn og fjármálaþjónusta.

a. Grunnreglur um fjármálaþjónustu í EES-samningnum.

Fjármálaþjónusta er veigamikill þáttur í efnahagsstarfsemi EES-ríkja. Um hana gilda ákvæði 36. og 37. gr. EES-samningsins um þjónustu og IX. viðauki þar sem nánar er fjallað um fjármálaþjónustu. Um er að ræða starfsemi vátryggingafélaga, lánastofnana, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja. Um þessa starfsemi gilda þrjár meginreglur:

- Fjármálafyrirtæki sem hefur fengið starfsleyfi í einu af aðildarríkjunum getur á grundvelli þess opnað útibú í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda þar eða boðið fram þjónustu sína þar án þess að opna útibú. Þetta þýðir t.d. að íslenskur banki getur opnað útibú í Lúxemborg eða boðið þar fram þjónustu sína án þess að þurfa til þess leyfi þarlendra yfirvalda.
- Eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækis í sérhverju aðildarríkjanna skal vera í höndum eftirlitsaðila í heimaríki fyrirtækisins. Þetta þýðir að starfsemi útibús þýsks banka hér á landi yrði undir eftirliti þarlendra yfirvalda en að sjálfsögðu í samvinnu við Fjármálaeftirlitið. Á sama hátt hefði Fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi útibús íslensks banka í Þýskalandi.
- Samræma skal reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja þannig að starfsskilyrði þeirra verði svipuð hvar sem er innan EES.

b. Tilskipanir sem innleiddar eru í frumvarpinu.

Með frumvarpi þessu eru innleidd ákvæði margra tilskipana á sviði fjármálaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Flest ákvæða þessara tilskipana hafa þó verið lögfest áður. Í sumum tilvikum er fyrri innleiðingu breytt. Ákvæði tilskipunar 107/2001/EB um breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum hefur ekki verið innleitt í íslenskan rétt áður.

Í tilskipun 2000/12 um stofnun og rekstur lánastofnana koma fram helstu ákvæði um lánastofnanir. Tilskipunin er heildarútgáfa sjö tilskipana um lánastofnanir. Þær eru:

1. Tilskipun 73/183/EBE um afnám hafta á staðfesturétt og rétti til að veita þjónustu að því er varðar sjálfstæða starfsemi banka og annarra fjármálastofnana.
2. Tilskipun 77/780/EBE (fyrsta bankatilskipun) um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana.
3. Tilskipun 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana.
4. Tilskipun 89/646/EBE (önnur bankatilskipun) um samræmingu á ákvæðum og lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og breyting á tilskipun 77/780/EBE.
5. Tilskipun 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana.
6. Tilskipun 92/30/EBE um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli.
7. Tilskipun 92/121/EBE um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana.

Að auki eru eftirfarandi tilskipanir innleiddar að hluta eða öllu leyti:

1. Tilskipun 93/6/EBE um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.
2. Tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.
3. Tilskipun 107/2001/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.

4. Tilskipun 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana.
5. Tilskipun 95/26/EB (Post-BCCI) um breytingar á ýmsum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu með það í huga að efla eftirlit.
6. Tilskipun 2000/28 um breytingu á tilskipun 2000/12 er varðar skilgreiningu á lánastofnun.
7. Tilskipun 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana.

c. Aðgerðaáætlun Evrópusambandsins og Basel-reglur.

Árið 1999 var samþykkt innan ESB sérstök aðgerðaáætlun á sviði fjármagnsmarkaðar, „Financial Services – Implementing the Framework for Financial Markets: Action Plan". Markmiðið er að skapa skilvirkan sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu en óhætt er að segja að ekki hafi tekist að byggja upp innri markað á þessu sviði á síðustu 25 árum eins og vonir stóðu til. Heildsölumarkaður er að vísu að verða nokkuð virkur en viðskipti á smásölumarkaði eru lítil á milli landa.

Í aðgerðaáætluninni er gerð grein fyrir um fimmtíu tilskipunum, tilmælum og athugunum sem talið er nauðsynlegt að ráðast í til að stuðla að aukinni samkeppnishæfni evrópsks fjármagnsmarkaðar. Lögð er áhersla á fljótari viðbragðstíma, skilvirkara eftirlit og öflugri neytendavernd. Þá er og vikið að skattamálum á fjármagnsmarkaði, en þau eru gríðarlega mikilvægur hlekkur fyrir skilvirkan innri markað á þessu sviði.

Tímasetning þessarar vinnu ESB er ekki tilviljun. Tvennt gerir það að verkum að nú er mun betra tækifæri en áður til að láta drauminn um skilvirkan innri markað verða að veruleika, annars vegar sameiginlegur gjaldmiðill, evran, og hins vegar netið.

Miðað er við að allar tillögur aðgerðaáætlunarinnar verði komnar í framkvæmd árið 2005. Meira en helmingur tillagnanna hefur nú þegar verið samþykkt og margar eru til umræðu á Evrópuþinginu og í ráðinu. Þær tilskipanir eða tillögur að tilskipunum sem munu koma til með að leiða til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, verði frumvarp þetta að lögum, eru tilskipun um slit lánastofnana (e. winding-up of credit institutions), tilskipun um fjármálasamsteypur (e. financial comglomorates) og tilskipun um eiginfjárhlutfall (e. CAD)

Ástæða er til að fjalla hér stuttlega um síðastnefndu tilskipunina, CAD-tilskipunina. Eiginfjárreglur hér á landi byggja á reglum Basel-nefndar um bankaeftirlit frá árinu 1988 (e. Basel Accord). Þær reglur voru færðar inní tilskipanir Evrópusambandsins sem síðar urðu hluti af EES-samningnum. Á árinu 1999 voru síðan innleiddar breytingar á þessum reglum í samræmi við svonefnda CAD-tilskipun en með þeim breytingum var sérstaklega tekið á markaðsáhættum. Í júní 1999 birti Basel-nefnd um bankaeftirlit drög að nýjum alþjóðlegum eiginfjárreglum. Mikil gagnrýni kom fram hjá ýmsum hagsmunaaðilum við drögin og hefur síðan verið unnið að endurbótum. Gert er ráð fyrir að nýjar eiginfjárreglur taki gildi árið 2007.

Þótt tillögurnar séu enn til umræðu er ljóst að meginrammi hinna nýju reglna liggur fyrir. Rétt er að rekja nokkur grundvallaratriði fyrirhugaðra breytinga.

a. Í fyrsta lagi er meginmarkmið breytinganna að auka næmni þeirra. Viðurkennt er að núgildandi reglur, sem samdar voru einvörðungu fyrir stóra alþjóðlega banka, eru ósveigjanlegar og gefa ekki svigrúm til að taka tillit til mismunandi áhættu og aðstæðna lánastofnana. Miðað er að því að stórar lánastofnanir með góða áhættustýringu njóti þeirrar stöðu sinnar við útreikning eiginfjárhlutfalls. Að sama skapi er miðað að því að smærri lánastofnanir og lánastofnanir með einfaldari og/eða slakari áhættustýringu bæti það upp í útreikningi síns eiginfjárhlutfalls.
b. Í öðru lagi er gengið út frá því að viðhalda eiginfjárstöðu í lánakerfinu í heild þótt stærri

og fullkomnari lánastofnanir fái í raun afslátt frá þeim reglum sem nú gilda. Á móti aukast eiginfjárkröfur hjá smærri og veikari lánastofnunum. Hugsunin er að tryggja þetta með því að skilgreina sérstaklega svokallaða rekstraráhættu sem síðar verður vikið að.

c. Í þriðja lagi einskorðast breytingarnar við áhættugrunninn. Ekki verða gerðar breytingar á skilgreiningu á eigin fé og lágmarkseiginfjárhlutfallið verður 8% eins og áður.
d. Í fjórða lagi er horfið frá því að leggja að jöfnu kröfur á ríki innan OECD. Kröfur á ríki munu byggjast á mati alþjóðamatsfyrirtækja eins og nánar er vikið að hér á eftir.

Hinar nýju tillögur skiptast í þrjár meginstoðir:

a. Fyrsta stoðin fjallar um eiginfjárkröfuna og útreikning á henni.
b. Önnur stoðin fjallar um eftirlitið með reglunum, hlutverk og heimildir eftirlitsaðila samkvæmt reglunum.
c. Þriðja stoðin fjallar um aukið markaðsaðhald og kveður á um aukna upplýsingagjöf í ársreikningum, uppgjörum lánastofnana og skýringum með þeim.

9. Úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenska fjármálakerfinu.

Í lok árs 2000 framkvæmdi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn athugun á íslenska fjármálakerfinu sem kallast „Financial Sector Stability Assessment". Athugunin var liður í sérstöku átaki sjóðsins sem miðar að því að efla yfirsýn yfir veikleika í fjármálakerfum einstakra landa og stuðla að stöðugleika. Farið var m.a. yfir lög og reglur um starfsemi á fjármálamarkaði og fyrirkomulag eftirlits með hliðsjón af grunnreglum sem settar hafa verið í alþjóðasamstarfi bankaeftirlita, verðbréfaeftirlita og vátryggingaeftirlita. Einnig var fjallað um löggjöf og eftirlit með lífeyrissjóðum.

Meginniðurstöður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru þær að fjármálaeftirlit hér á landi sé í góðri stöðu til að takast á við verkefni sitt. Hins vegar var það einnig mat sjóðsins að í íslensku fjármálakerfi væru veikleikar sem stefnt gætu stöðugleika þess í hættu. Sjóðurinn gerði athugasemdir og benti á ýmislegt sem betur mætti fara og stuðla mundi að frekara öryggi, bæði að því er varðar löggjöf og opinbert eftirlit.

Veigamestu ábendingar sjóðsins lutu að því að eiginfjárhlutföll íslenskra lánastofnana væru almennt of lág þegar horft er til aðstæðna hér á landi. Sjóðurinn lagði áherslu á að efla þyrfti heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að knýja á um hækkun eiginfjárhlutfalla og krefjast hærri eiginfjárhlutfalla hjá einstökum lánastofnunum þegar sérstök áhætta væri í rekstri þeirra. Mat sjóðsins var jafnframt að eiginfjárhlutföll sem upp eru gefin kynnu að vera ótraust vegna veikleika í lögum og reglum, ekki síst að því er varðar reglur um afskriftir og áhættuflokkun útlána. Sérstök áhersla var lögð á það af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að reglur um afskriftir lánastofnana og áhættuflokkun útlána væru ekki í samræmi við það sem best gerist.

Í áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslensk efnahagsmál vorið 2002 sagði m.a.: „Stjórnvöld hafa náð verulegum árangri við að taka á veikleikum í reglum sem varða starfsemi og eftirlit á fjármálamarkaði sem bent var á í svonefndri FSSA skýrslu (e. Financial Stability Assessment Report) árið 2001. Fjármálaeftirlitið lagði sérstaka áherslu á að bankar ykju eigið fé sitt. Viðleitni stjórnvalda hefur þegar skilað betri rekstrar- og þjóðhagsvísbendingum sem notaðar eru til að meta fjármálastöðugleika og einnig bættri stjórn fjármálastofnana. Sendinefnd sjóðsins fagnar því að regluverk og eftirlit með fjármálastofnunum hefur verið eflt. Einnig fagnar sendinefndin frumkvæði sem gætt hefur í starfi Fjármálaeftirlitsins. Í framhaldi af þessu leggur nefndin til að hert verði ákvæði um lágmarksstaðla fyrir áhættuflokkun útlána, framlög í afskriftareikning og veðmat. Einnig er mælst til að oftar verði framkvæmd athugun á staðnum hjá fjármálastofnunum og fylgst verði náið með ört vaxandi lán-

um á skuldabréfum og á fjárfestingarbankastarfsemi. Leggja ber áherslu á samþykkt og framkvæmd laga sem eru í undirbúningi. Gera má ráð fyrir að þau geri kleift að hafa betra eftirlit með innbyrðis tengdri fjármálastarfsemi, opni fyrir eftirlit á samstæðugrundvelli með vensluðum fyrirtækjum og leggi til reglur sem miða að því að eiginfjárreglur banka taki mið af áhættu í starfsemi þeirra."

Bankalaganefnd fór ítarlega yfir úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lagði til í vinnu sinni að gerðar yrðu nokkrar breytingar á bankalögum, m.a. vegna athugasemda sjóðsins. Þar má nefna:

- Fjármálaeftirlitið veiti og afturkalli starfsleyfi.
- Heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast hærra eiginfjárhlutfalls í vissum tilfellum.
- Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis við tilteknar aðstæður.
- Skýrari ákvæði um eftirlit á samstæðugrunni.
- Skýrari reglur um hæfi stjórnenda.

10. Listi yfir fjármálafyrirtæki.

Í júní 2002 voru 53 fjármálafyrirtæki sem heyra undir lög um viðskiptabanka og sparisjóði, lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög um verðbréfaviðskipti og lög um verðbréfasjóði. Þau skipast þannig að viðskiptabankar voru fimm, sparisjóðir 24, aðrar lánastofnanir tíu, verðbréfafyrirtæki sex, verðbréfamiðlanir þrjár og rekstrarfélög verðbréfasjóða fimm. Fyrirtækin eru:

Viðskiptabankar:

Búnaðarbanki Íslands hf., Íslandsbanki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf., Sparisjóðabanki Íslands hf.

Sparisjóðir:

Nb.is – sparisjóður, Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Hafnarfjarðar, Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis, Sparisjóður Hólahrepps, Sparisjóður Húnaþings og Stranda, Sparisjóður Höfðhverfinga, Sparisjóður Kaupþings, Sparisjóður Kópavogs, Sparisjóður Mýrasýslu, Sparisjóður Norðfjarðar, Sparisjóður Norðlendinga, Sparisjóður Ólafsfjarðar, Sparisjóður Ólafsvíkur, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóður Siglfirðinga, Sparisjóður Strandamanna, Sparisjóður Suður-Þingeyinga, Sparisjóður Svarfdæla, Sparisjóður Vestfirðinga, Sparisjóður Vestmannaeyja, Sparisjóður vélstjóra, Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis, Sparisjóðurinn í Keflavík.

Aðrar lánastofnanir:

Byggðastofnun, Ferðamálasjóður, Hafnabótasjóður, Lánasjóður landbúnaðarins, Glitnir hf., SP-fjármögnun hf., Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf., Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., Greiðslumiðlun hf. Visa Ísland, Kreditkort hf. – Europay Ísland.

Verðbréfafyrirtæki:

Fjárvernd – Verðbréf hf., Íslensk verðbréf hf., Jöklar – Verðbréf hf., MP Verðbréf hf., Verðbréfastofan hf., Virðing hf.

Verðbréfamiðlanir:

Annar hf. verðbréfamiðlun, Íslenskir fjárfestar, Vaxta ehf. verðbréfamiðlun.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða:

Kaupþing – eignastýring ehf., Landsvaki ehf., Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf., Rekstrarfélag VÍB ehf., SPH Rekstrarfélag.

11. Þjóðhagslegt mat á eftirliti.

Í frumvarpinu er kveðið á um það að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Þörfin á eftirliti er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, sbr. 3. gr. laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999. Eftirlitsheimildir byggjast á þeim 14 tilskipunum sem nefndar eru í 8. kafla athugasemda þessara og hafa allar að einni undanskilinni verið innleiddar áður í íslenskan rétt. Hér á eftir er stutt greining á þörf fyrir eftirlit, mat á kostnaði við eftirlitið og skipulag eftirlitsins.

a. Greining á þörf fyrir eftirlit.

Fjármálamarkaðurinn gegnir lykilhlutverki í hverju hagkerfi. Bankakerfið miðlar greiðslum, veitir lán og tekur á móti innlánum. Verðbréfamarkaðurinn er milliliður á milli útgefanda fjár og fjárfesta. Gjaldþrot fjármálafyrirtækja getur haft keðjuverkandi áhrif og leitt til hruns fjármagnsmarkaðarins eða einstakra hluta hans. Afleiðingarnar geta verið alvarlegar fyrir hagkerfið í heild sinni. Flest ríki heims hafa því sett strangur reglur um starfsemi fyrirtækja á fjármagnsmarkaði og komið á fót opinberu eftirliti með starfseminni.

Frumvarp þetta byggir að langmestu leyti á gerðum EES-samningsins um fjármálaþjónustu, sbr. kafla 8b hér að framan. Gerðir EES-samningsins á þessu sviði kveða á um grunnþætti í eftirliti á fjármagnsmarkaði. Það er síðan löggjafans í viðkomandi landi að útfæra eftirlitið nánar og í því efni er talsvert svigrúm.

Að auki byggir frumvarpið á öðrum alþjóðlegum reglum og viðmiðunum um starfsemi fjármálaeftirlita sem hafa að verulegu leyti þróast með alþjóðlegri samvinnu sem leitt hefur til ákveðinnar samræmingar eftirlitsreglna. Alþjóðlegt samstarf fjármálaeftirlita byggir á þremur meginstoðum:

- Baselnefnd um bankaeftirlit (Basel Committee on Banking Supervision) hefur sett ýmsar grundvallarreglur á fjármagnsmarkaði. Nefna má kjarnareglur fyrir árangursríkt bankaeftirlit og eiginfjárreglur fyrir lánastofnanir.
- IOSCO nefnast alþjóðasamtök verðbréfaeftirlita en þar eru mótaðar leiðbeinandi reglur um eftirlit á verðbréfamarkaði.
- IAIS eru alþjóðasamtök vátryggingaeftirlita en þau hafa einnig sett leiðbeinandi reglur.

b. Mat á kostnaði við eftirlit.

Eftirlitsskyldir aðilar kosta starfsemi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Álagt eftirlitsgjald fjármálafyrirtækja nemur um 111 millj. kr. á þessu ári en heildareftirlitsgjald eftirlitsskyldra aðila alls um 211 millj. kr.

Almennt markmið með starfsemi fjármálaeftirlita er stuðla að heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, auka öryggi eigna og stuðla að bættri vernd neytenda. Slíkt eftirlit er því talið hafa í för með sér mikinn ávinning fyrir samfélagið. Beinn kostnaður við eftirlitið liggur fyrir en erfitt er að meta hvort opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hefur í för með sér óbeinan kostnað. Óbeinn kostnaður fyrir einstaklinga getur t.d. verið fólgin í hærra verði þjónustu sem til kemur af eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar verða að greiða. Almennt má gera ráð fyrir að slíkur óbeinn kostnaður vegi ekki þungt þegar horft er til ávinnings sem felst í aðhaldi og eftirliti með fjármálafyrirtækjum sem miðar að því að draga úr og koma í veg fyrir áföll. Þannig verður að ætla að eftirlitið leiði ekki til hærra verðs á þjónustu eftirlitsskyldra aðila en vera mundi ef ekkert eftirlit væri með starfsemi þeirra.

Í frumvarpi þessu er ekki lagt nákvæmt mat á áhrif þess á núverandi rekstrarkostnað eftirlitsins. Ætla má að einhver kostnaðarauki fylgi því að koma ákvæðum laganna í framkvæmd af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hins vegar er erfitt að meta langtímaáhrif frumvarpsins þar sem

kostnaður af framkvæmd laga af þessu tagi ræðst einkum af þróun fjármálamarkaðarins. Því er talið eðlilegt að nánari áhrif frumvarpsins verði fremur metin í tengslum við frumvörp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem lögð eru fram á hverju haustþingi.

c. Skipulag eftirlits.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er beint eftirlit framkvæmt af eftirlitsstjórnvaldi. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins felst að miklu leyti í öflun upplýsinga um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, vettvangsrannsóknum, sérstökum athugunum og öðrum aðferðum sem gera því kleift að kanna hvort starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir og reglur sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Meginábyrgðin á eftirlitinu er hins vegar á hendi eftirlitsskyldra aðila sjálfra. Það er á ábyrgð stjórnenda fjármálafyrirtækja að skipuleggja starfsemi sína þannig að fyrir hendi sé virk áhættustýring, innra eftirlit og eftirfylgni við lög og reglur.

Reglur um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eru settar með lögum og reglugerðum. Í vissum tilfellum hefur Fjármálaeftirlitið heimild til setningar reglna um einstaka þætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Framkvæmd eftirlitsins er í höndum Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið hefur víðtækar heimildir til að krefjast úrbóta komi í ljós við athuganir þess að eftirlitsskyldir aðilar fylgi ekki lögum eða öðrum reglum sem um starfsemina gilda. Kveðið er á um slíkar heimildir í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins má skjóta til sérstakrar kærunefndar sem tilnefnd er af Hæstarétti.

Skipulag eftirlitsins byggist að langmestu leyti á erlendum fyrirmyndum og er ætlað að miða að því að opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hér á landi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í gildandi tilskipunum á Evrópska efnahagssvæðinu og alþjóðlegum grunnreglum um árangursríkt fjármálaeftirlit.

d. Breyting á umfangi eftirlits.

Frumvarp þetta kallar ekki á mikla breytingu á umfangi opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi. Almennar starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þær heimildir voru styrktar með lögum nr. 11/2000, um breytingu á lögum nr. 87/1998. Sérstakar heimildir er varða einstakar tegundir eftirlitsskyldra aðila er að finna í ýmsum lögum á fjármálamarkaði.

Í frumvarpi þessu er lagt til að samræmd verði starfsskilyrði nokkurra tegunda fyrirtækja sem starfa á fjármálamarkaði. Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru að langmestu leyti hinar sömu og í gildi eru í dag og byggjast á EES-samningnum. Þó má reikna með að þrjár nýjungar í frumvarpinu muni leiða til aukins eftirlits. Í fyrsta lagi mun rekstrarfélag verðbréfasjóðs fá starfsleyfi á fjármálamarkaði og getur opnað útibú eða stundað þjónustu án stofnunar útibús á EES-svæðinu í samræmi við breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að starfsleyfisumsóknir verði ítarlegri en áður og Fjármálaeftirlitið geti veitt og afturkallað leyfi til hluta þeirrar starfsemi sem viðkomandi tegund fjármálafyrirtækis stendur til boða að sækja um. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir fjármálafyrirtæki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þessi heimild er í samræmi við væntanlegar alþjóðlegar eiginfjárreglur. Gera má ráð fyrir mikilli vinnu Fjármálaeftirlitsins og fjármálafyrirtækja á næstu árum við undirbúning innleiðingar nýrra eiginfjárreglna.

Við samræmingu og einföldun lagaákvæða um fjármálafyrirtæki má reikna með að eftirlit með þeim geti orðið skilvirkara. Þetta vegur á móti auknu eftirliti vegna nýrra reglna í frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarp þetta fjallar um kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja, svo sem um stofnun, starfsemi, starfsheimildir, stjórn, eigið fé og ársreikninga. Þau fjármálafyrirtæki sem fá starfsleyfi hér á landi lúta lögum um fjármálafyrirtæki. Auk þess geta fjármálafyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi erlendis fengið heimild til að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til að skilyrðum V. kafla frumvarpsins uppfylltum.

Fjármálafyrirtæki er lykilhugtak í frumvarpi þessu. Fjármálafyrirtæki er samheiti yfir þær sjö tegundir starfsleyfa sem kveðið er á um í 4. gr. Með innleiðingu á hugtakinu fjármálafyrirtæki er búið að sameina í eitt hugtak þær kröfur sem gerðar eru til lánastofnana (e. credit institutions) samkvæmt tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana (2000/12/EB), fjárfestingarfyrirtækja (e. investment firms) samkvæmt tilskipun um fjárfestingarþjónustu (93/22/EBE) og tilskipun um eigið fé lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja (93/6/EBE), rafeyrisfyrirtækja samkvæmt tilskipun um rafeyrisstofnanir (2000/46/EB) og rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða samkvæmt breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2001/107/EB). Með hugtakinu fjármálafyrirtæki fellur út úr íslenskum lögum hugtakið fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem frá árinu 1996 hefur verið notað sem samheiti verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um veitingu og afturköllun starfsleyfa fjármálafyrirtækja.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingu frá gildandi lögum. Í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfaviðskipti, rafeyrisfyrirtæki og verðbréfasjóði veitir viðskiptaráðherra starfsleyfi að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Hér er lagt til að Fjármálaeftirlitið veiti fjármálafyrirtækjum starfsleyfi. Sú skipan er í samræmi við almenna venju í Evrópu þar sem fjármálaeftirlit annaðhvort veita starfsleyfi eða inna af hendi alla þá undirbúningsvinnu við athugun á umsókn sem nauðsynleg er til að umsækjandi geti hlotið starfsleyfi. Veiting starfsleyfis er í raun aðeins einn hluti af opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þessi breyting hefur það í för með sér að umsækjendur geta kært synjun Fjármálaeftirlitsins um starfsleyfi til kærunefndar sem starfar samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram hvaða starfsemi er starfsleyfisskyld. Í gildandi lögum um fjármálamarkaðinn er víða að finna ákvæði um einkarétt ákveðinna tegunda stofnana til fjármálastarfsemi. Þar má nefna:

a. Lög um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Í 2. mgr. 44. gr. segir að viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum stofnunum sem til þess hafa sérstaka lagaheimild er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Sem dæmi um slíka lagaheimild má nefna ákvæði laga nr. 22/1991 um innlánsdeildir samvinnufélaga.

b. Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993. Í 1. mgr. 2. gr. segir að með lánastofnun sé átt við félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Í 1. mgr. 9. gr. segir að með eignarleigufyrirtækjum sé átt við lánastofnanir sem hafa eignarleigu að meginstarfsemi sinni, óháð því hvernig sú starfsemi er fjármögnuð. Í 1. mgr. 3. gr. segir að óheimilt sé að hefja starfsemi lánastofnunar nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra.
c. Lög um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996. Í 8. og 9. gr. er tilgreind sú starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf sem er fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu heimil. Í 1. mgr. 10. gr. segir að öðrum aðilum en fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sé óheimilt að annast starfsemi sem um getur í 1. tölul. 8. gr. og 9. gr. nema lög ákveði annað. Í 28. gr. segir að almennt útboð verðbréfa skuli fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja eða annarra aðila sem til þess hafi heimild í lögum.
d. Lög um rafeyrisfyrirtæki, nr. 37/2002. Í 1. mgr. 5. gr. segir að rafeyrisfyrirtækjum, viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum sé einum heimilt að gefa út rafeyri.
e. Lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993. Skv. 12. gr. skal rekstur verðbréfasjóðs falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir einstökum töluliðum greinarinnar.

1. Móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi. Í 3. gr. tilskipunar um stofnun og rekstur lánastofnana er kveðið á um að aðildarríki skuli banna einstaklingum eða fyrirtækjum sem ekki eru lánastofnanir að taka við innlánum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu. Með orðunum „öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu“ er átt við hvers konar skuldaviðurkenningar frá almenningi sem fyrirtækið skal endurgreiða. Við túlkun á tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana er litið svo á að skuldabréfaútgáfur einstakra fyrirtækja sem ekki starfa á fjármálamarkaði falli ekki undir einkarétt fjármálafyrirtækja til að taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, enda ekki hægt að líta svo á að almenn atvinnufyrirtæki séu í þeirri starfsemi að taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.
2. Veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Veiting útlána er ekki starfsleyfisskyld starfsemi nema því aðeins að þau séu fjármögnuð með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Þetta er í samræmi við gildandi rétt og skilgreiningu á lánastofnun í tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana.
3. Eignaleiga. Eignaleiga er starfsleyfisskyld starfsemi skv. 9. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 2. gr. þeirra laga. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 123/1993 er sérákvæði um stofnfé eignaleigufyrirtækja, en þar segir að heimilt sé að stofna eignaleigufyrirtæki með 80 milljóna króna hlutafé hið lægsta. Hér er lagt til að eignaleiga verði áfram starfsleyfisskyld starfsemi en sérákvæði um eignaleigufyrirtæki afnumin. Þannig verði fyrirtæki sem stunda eignaleigu að uppfylla starfsleyfiskröfur um viðskiptabanka, sparisjóði eða lánafyrirtæki, m.a. um að stofnfé verði aldrei lægra en 5 milljónir evra. Útlán eignaleigufyrirtækja eru að jafnaði talin áhættumeiri en útlán banka og sparisjóða. Ástæðan fyrir þessu er að tryggingin fyrir fjármögnun hjá eignaleigufyrirtækjum er oft í tækjum sem hafa skamman líftíma og stundnum óvissan eftirmarkað ef á reynir. Einnig getur fjármögnunarhlutfall verið allt að 100% af kaupverði. Þegar um fasteignir er að ræða er fjármögnunarhlutfallið hátt og öll áhættan vegna fjármögnunarinnar hjá eignaleigufyrirtækinu. Ekki virðast rök fyrir því að gera minni kröfur til fyrir-

tækja sem stunda eignaleigu en til viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja þegar litið er til áhættunnar af starfseminni.

Samkvæmt tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana er fjármögnunarleiga (e. financial leasing) eitt form fjármálaþjónustu sem lýtur gagnkvæmri viðurkenningu á innri markaðnum. Hins vegar er ekki skilyrði að eignaleiga sé starfsleyfisskyld. Algengt er að fyrirtæki sem stunda eignaleigu séu dótturfyrirtæki lánastofnana sem geta notið gagnkvæmrar viðurkenningar á innri markaðnum sem fyrirtæki tengt fjármálasviði.

Þrjú fyrirtæki skilgreina sig sem eignaleigufyrirtæki hér á landi. Þau veita einnig hefðbundin lán í miklum mæli. Um er að ræða bílalán og tækjalán með veði í viðkomandi eign. Þessi fyrirtæki skilgreina starfsemi sína nú sem eignafjármögnunarstarfsemi (e. asset based financing).

Úr skilgreiningu á eignaleigu er fellt brott ákvæði um skilmála um eignar- og afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum þar sem í sumum formum eignaleigu skal skila hinu leigða skilyrðislaust í lok leigutíma. Eignaleigu er gjarnan skipt í þrennt: fjármögnunarleigu, kaupleigu og rekstrarleigu. Í fjármögnunarleigu helst eignarréttur hjá leigusala. Í kaupleigu er leigutaka veittur réttur til að eignast hið leigða í lok leigutíma. Rekstrarleiga er eignaleiga sem hvorki telst til fjármögnunarleigu eða kaupleigu.

Hér er lagt til að starfsemin nefnist eignaleiga í stað eignarleigu. Eignarleiga er ekki réttnefni fyrir þá starfsemi sem orðið á að lýsa. Eignarleiga merkir leigu á einhverju sem leigutaki eignast síðan. Eignaleiga merkir hins vegar leigu á eign, óháð því hvort leigutaki eignast hið leigða í lok samningstíma.

Í 3. tölul. 20. gr. er kveðið á um fjármögunarleigu sem eina tegund starfsemi sem viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að sinna. Með beitingu 21. gr. um þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við starfsemi skv. 20. gr. er kaupleiga og rekstrarleiga einnig talin starfsemi sem heimil er framangreindum tegundum fjármálafyrirtækja. Eignaleiga er síðan skilgreind sem starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt þessari grein svo fremi sem fyrirtækið hafi slíka starfsemi að meginstarfsemi sinni. Það er með öðrum orðum heimilt fyrir fyrirtæki að stunda eitthvert form eignaleigu, t.d. rekstrarleigu á ljósritunarvélum, án starfsleyfis að því marki að ekki verði talið að um meginstarfsemi þess sé að ræða.

4. Útgáfa og umsýsla greiðslukorta. Einn þáttur fjármálaþjónustu viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem háður er gagnkvæmri viðurkenningu á innri markaðnum skv. 1. viðauka í tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana er útgáfa og umsýsla greiðslukorta. Þess er á hinn bóginn ekki krafist að fyrirtæki sem eingöngu sinna þessari starfsemi séu með starfsleyfi. Í nær öllum tilvikum er greiðslukortastarfsemi aðeins ein tegund þjónustu sem viðskiptabankar veita viðskiptavinum sínum. Hér á landi er greiðslukortastarfsemi, eða a.m.k. stór hluti hennar, á hendi tveggja fyrirtækja í eigu viðskiptabanka og sparisjóða. Þau hafa bæði starfsleyfi sem lánastofnanir samkvæmt lögum nr. 123/1993. Telja verður eðlilegt í ljósi áhættunnar í greiðslukortastarfsemi að engir aðrir en þeir sem uppfylla kröfur samkvæmt þessum lögum geti haft með höndum útgáfu og umsýslu greiðslukorta. Það er einnig í samræmi við þær kröfur sem alþjóðagreiðslukortafyrirtæki gera til aðila að sínum viðskiptakerfum. Bent skal á að lánafyrirtæki sem fá starfsleyfi skv. 3. tölul. 4. gr. geta ekki gefið út debetkort þar sem þessar lánastofnanir hafa ekki heimild til að taka á móti innlánum.
5. Útgáfa og umsýsla rafeyris. Kveðið er á um einkarétt rafeyrisfyrirtækja og lánastofnana til rafeyrisstarfssemi í tilskipun um rafeyrisfyrirtæki.
6. Viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga. Hér eru tilgreind sem starfsleyfisskyld við-

skipti og þjónusta með fjármálagerninga þrír af fjórum þáttum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 13/1996, sbr. A-þátt viðauka við tilskipun um fjárfestingarþjónustu nr. 93/22/EB. Hér er notað hugtakið fjármálagerningur í stað hugtaksins verðbréf og er það í samræmi við hugtakanotkun í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti. Fjórði þátturinn, viðskipti með eigin reikning, er mikilvægur hluti starfsemi hverrar lánastofnunar og verðbréfafyrirtækis, en getur ekki talist starfsleyfisskyldur, enda hverjum einstaklingi og lögaðila frjálst að stunda verðbréfaviðskipti fyrir eigin reikning. Í þessum tölulið er einnig kveðið á um að umsjón með útboði verðbréfa sé starfsleyfisskyld starfsemi. Það er í samræmi við 28. gr. laga nr. 13/1996.

7. Rekstur verðbréfasjóða. Rekstur verðbréfasjóða er aðeins heimilaður rekstrarfélagi verðbréfasjóða samkvæmt tilskipun um breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2001/107/EB).

Um 4. gr.

Í greininni eru tilgreindar sjö tegundir starfsleyfa sem allar falla undir hugtakið fjármálafyrirtæki. Fyrstu fjórar tegundir starfsleyfanna uppfylla kröfur til að teljast lánastofnanir samkvæmt Evrópurétti.

Í greininni koma fram allar þær tegundir starfsleyfa sem nauðsynlegar eru til að uppfylla tilskipanir ESB á sviði banka- og verðbréfaviðskipta. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki falla öll undir hugtakið lánastofnun. Ekki er nauðsynlegt samvæmt Evrópurétti að greina með þessum hætti á milli þessara þriggja tegunda fjármálafyrirtækja, en skiptingin hér á landi byggist á sögulegri hefð. Rafeyrisfyrirtæki er lánastofnun sem lýtur þó takmarkaðri skilyrðum en aðrar tegundir lánastofnana samkvæmt tilskipun um rafeyrisfyrirtæki. Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir eru fjárfestingarfyrirtæki í skilningi tilskipunar um fjárfestingarþjónustu og tilskipunar um eigið fé lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja. Rekstrarfélag verðbréfasjóða lýtur kröfum samkvæmt tilskipun um breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.

Farin er sú leið í greininni að vísa til þeirrar starfsleyfisskyldu starfsemi sem fyrirtækið getur fengið heimild til að stunda. Heimildir viðskiptabanka og sparisjóða eru víðtækastar og geta þeir fengið heimild til að stunda alla starfsleyfisskylda starfsemi skv. 4. gr. að undanskildum rekstri verðbréfasjóða. Lánafyrirtæki hafa sömu heimildir og viðskiptabankar að því undanskildu að þau geta ekki tekið á móti innlánum. Ástæða er til að vekja athygli á því að þess er krafist að viðskiptabankar og sparisjóðir hafi bæði starfsleyfi fyrir og veiti þá þjónustu að taka á móti innlánum frá almenningi og veita lán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Sé þessi þjónusta ekki veitt getur hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki ekki talist viðskiptabanki eða sparisjóður. Með sama hætti þarf lánafyrirtæki bæði að hafa starfsleyfi fyrir og veita þá þjónustu að taka á móti skuldaviðurkenningum frá almenningi og veita útlán skv. 2. tölul. Í frumvarpinu er hugtakið lánafyrirtæki notað í stað lánastofnunar annarrar en viðskiptabanka og sparisjóða. Um aðrar starfsheimildir fjármálafyrirtækja en þær sem starfsleyfisskyldar eru er fjallað í IV. kafla.

Í frumvarpinu er, eins og í gildandi lögum, skilið á milli viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi og starfsemi lánafyrirtækja. Munurinn liggur í því að viðskiptabankar og sparisjóðir hafa heimild til þess að taka á móti innlánum en lánafyrirtæki ekki. Í EES-rétti er þessi aðskilnaður ekki gerður en aðildarríki mega skilgreina hugtakið lánastofnun í landsrétti og hafa gert það hvert á sinn hátt. Í Danmörku er t.d. ekki skilið á milli viðskiptabanka og sparisjóða annars vegar og annarra lánastofnana hins vegar. Í norskum lögum og fyrirliggjandi lagafrumvarpi er gerður greinarmunur þannig að lánastofnanir aðrar en bankar og spari-

sjóðir taka ekki á móti innlánum. Í Svíþjóð geta fjárfestingarbankar tekið við innlánum eins og viðskiptabankar og sparisjóðir, en aðrar lánastofnanir ekki.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu að viðskiptabankar og sparisjóðir *verði* að veita innlánaþjónustu mun koma í veg fyrir að í framtíðinni verði starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs veitt nema umsækjandi hafi í hyggju að veita innlánaþjónustu. Með þessu er viðskiptabönkum og sparisjóðum veitt ákveðin vernd og aðskilnaður milli þeirra og annarra tegunda lánastofnana skýr. Það auðveldar almenningi að gera sér grein fyrir þeim eðlismun sem er að þessu leyti á fjármögnun viðskiptabanka og sparisjóða annars vegar og lánafyrirtækja hins vegar.

Eðli málsins samkvæmt er nauðsynlegt að gefa lánafyrirtækjum svigrúm til þess að taka á móti fé inn á viðskiptareikninga vegna útlánastarfsemi og annarrar þjónustu sem þeim er heimilt samkvæmt lögum að veita. Þar á meðal verður að telja heimilt að stofna til reikninga í nafni viðskiptamanns án þess að það teljist til innláns. Slíkir reikningar væru að því leyti líkir innlánum að þeir gætu borið vexti, en ólíkir að því leyti að þeir einskorðast við viðskiptamenn lánafyrirtækisins en standa ekki öllum almenningi til boða. Hér á eftir er fjallað frekar um það svigrúm sem lánafyrirtæki hafa til að taka á móti fé inn á viðskiptareikninga.

Skilyrði þess að viðskiptamaður eigi reikning hjá lánafyrirtæki í eigin nafni er að þjónustan sé í nánum og órjúfanlegum tengslum við hina heimilu starfsemi lánafyrirtækisins. Reikningur sem opnaður er í tengslum við útborgun eða innheimtu veittra lána telst þannig ekki til innláns þar sem hann er í órjúfanlegum tengslum við hið veitta lán. Séu hinar umsömdu innborganir á reikninginn ekki í samræmi við innheimtu lánsins er hins vegar um innlán að ræða. Það sama á við um reikning sem notaður er í tengslum við inn- og útborganir í gjaldeyrisviðskiptum, t.d. í tengslum við viðskipti lántaka, eða aðra milligöngu lánafyrirtækis. Sé um reikninga að ræða, þar sem geymdar eru og ávaxtaðar fjárhæðir sem ekki eru í tengslum við þær millifærslur sem eiga sér stað, er hins vegar um innlán að ræða. Að sama skapi eru safnreikningar sem ekki eru í beinum tengslum við hin heimilu viðskipti lánafyrirtækisins innlán.

Mikilvægt er samkvæmt framansögðu að skilgreina viðskiptamannahóp þröngt þegar stofnaðir eru reikningar í þeirra nafni. Þannig er til dæmis lánafyrirtæki óheimilt að stofna reikning í nafni einstaklings eða fyrirtækis sem ætlaður er til hreinna gjaldeyrisviðskipta, ef viðkomandi er ekki í hópi viðskiptamanna að öðru leyti.

Mikilvægt er að lánafyrirtæki sem stofna til reikninga sem heimilir teljast samkvæmt framansögðu kynni þá hvorki né auglýsi sem innlán. Þá þurfa lánafyrirtæki að gæta varfærni við stofnun og notkun reikninga af þessu tagi. Viðskiptin þurfa þannig að tengjast beint inn- og útborgunum vegna sérgreindra viðskipta lánafyrirtækisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvaða fjármálafyrirtæki teljast til lánastofnana í skilningi Evrópuréttarins. Lánastofnun er skilgreind í tilskipun 2000/12/EB sem a) fyrirtæki með starfsemi sem felst í að taka á mótum innlánum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veita lán fyrir eigin reikning; eða b) rafeyrisfyrirtæki í skilningi tilskipunar 2000/46. Í orðskýringunni kemur fram að viðskiptabankar, sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og rafeyrisfyrirtæki eru lánastofnanir samkvæmt lögunum. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki þurfa skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr. ætíð að hafa starfsleyfi til og veita þá þjónustu að taka á móti endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita útlán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Hugtakið lánastofnun er lítið notað í frumvarpinu, enda er markmiðið að nota samheitið fjármálafyrirtæki að því marki sem það er unnt yfir lánastofnanir og aðrar tegundir fyrirtækja sem starfa á fjármálamarkaði og lög þessi taka til.

Um 5. gr.

Í greininni eru talin upp þau gögn sem fylgja skulu umsókn um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins. Upptalningin er ekki tæmandi því Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir frekari gögnum eftir því sem við á.

Upplýsingar sem koma skulu fram í umsókn skulu vera ítarlegar. Markmiðið er að umsækjendur geri fyrir fram grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að sinna og sýni fram á að þeir séu hæfir til að sinna henni. Fyrirtæki getur þannig byrjað með þrönga starfsemi en smátt og smátt víkkað út starfsheimildir sínar.

Umsækjendur þurfa að gera grein fyrir allri fyrirhugaðri starfsemi sinni og hvernig henni verði sinnt. Þannig er ekki fullnægjandi að umsækjandi um leyfi til að starfrækja viðskiptabanka segi í umsókn að hann hyggist sinna allri þeirri starfsemi sem viðskiptabanka er heimil. Hann þarf að gera grein fyrir hverjum einstökum þætti starfseminnar, sbr. starfsleyfisskylda starfsemi skv. 3. gr. og aðra starfsemi skv. 20. gr.

Athygli skal vakin á að upplýsingar skv. 6. tölul. eiga aðeins við um eigendur virkra eignarhluta, sbr. VI. kafla.

Um 6. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 5. mgr. 4. gr. gr. laga nr. 113/1996. Í tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnunar er gert ráð fyrir að lögbær yfirvöld hafi lengri tíma til að taka ákvörðun, eða sex mánuði frá því að umsækjandi sendir upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna ákvörðunartökunnar. Vakin er athygli á því að það er Fjármálaeftirlitsins að meta hvenær umsókn telst fullbúin. Til að umsækjandi sé ekki í vafa um hversu lengi þurfi að bíða úrlausnar Fjármálaeftirlitsins er til áréttingar tekið fram að tilkynna skuli umsækjandanum um það þegar umsókn telst fullnægjandi með þeim réttaráhrifum að frestur fari að líða.

Í 2. mgr. er tilgreint hvað skuli koma fram í starfsleyfi. Fjármálafyrirtæki sem hafa fengið sömu tegund starfsleyfis þurfa ekki ætíð að hafa sömu starfsheimildir. Skv. 5. gr. þurfa umsækjendur að greina frá þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að stunda, hvort sem hún er starfsleyfisskyld skv. 3. gr. eða önnur starfsemi skv. IV. kafla. Viðskiptabanki eða sparisjóður getur t.d. kosið að bjóða ekki upp á alla þjónustu sem þeim er heimilt að sækja um skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 20. gr. Fjármálafyrirtæki geta síðan óskað eftir uppfærslu á starfsleyfi sínu ef þau vilja bjóða upp á frekari starfsemi innan sömu tegundar eða samkvæmt annarri tegund starfsleyfis.

3. mgr. er efnislega óbreytt frá 3. mgr. 6. gr. laga nr. 113/1996.

4. mgr. er efnislega óbreytt frá 6. mgr. 4. gr. laga nr. 113/1996.

Um 7. gr.

Ákvæði um rökstuðning synjunar og fresti eru í samræmi við 10. gr. tilskipunar um stofnun og rekstur lánastofnana. Ákvæðið gengur lengra að því leyti að frestur Fjármálaeftirlitsins til synjunar er þrír mánuðir í stað sex samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar.

Um 8. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 96. gr. laga nr. 113/1996.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu eru talin upp helstu tilvik sem leitt geta til afturköllunar starfsleyfis fjármálafyrirtækis. Farin er sú leið í 1. mgr. að kveða á um heimild, fremur en skyldu, Fjármálaeftirlitsins til að afturkalla starfsleyfi. Ástæðan er sú að afturköllun er íþyngjandi stjórn-

valdsákvörðun sem veltur á mati, og er því eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að meta hvort beitt skuli afturköllun eða öðrum vægari úrræðum. Þá felur orðalag 1. mgr. í sér að unnt er að afturkalla leyfi fyrir einstaka starfsemisþætti. Fjármálaeftirlitið getur því látið við það sitja að draga til baka heimild fjármálafyrirtækis til að stunda tiltekna starfsemi ef ástæður afturköllunar snerta ekki hæfi fyrirtækisins til að sinna öðrum starfsemisþáttum. Er þetta í samræmi við hina almennu meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins.

Einstakir töluliðir 1. mgr. samsvara að mestu ákvæðum 1. mgr. 90. gr. núgildandi laga nr. 113/1996 og 1. mgr. 60. gr. laga nr. 13/1996, með nokkrum undantekningum.

4. tölul. samsvarar efnislega 5. tölul. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 113/1996 um hæfi. Tekið skal fram að afturköllun verður því aðeins beitt vegna vanhæfis hluthafa að viðkomandi hafi ekki getað eða viljað selja hluti sína.

Samkvæmt 5. tölul. geta náin tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila varðað afturköllun starfsleyfis á sama hátt og í núgildandi 6. tölul. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 113/1996. Skilgreiningu á inntaki hugtaksins „náin tengsl“ er hins vegar að finna í 18. gr. frumvarpsins.

Í 6. tölul. er áréttað að úrskurður um slit fyrirtækis leiði til afturköllunar starfsleyfis. Ákvæði þetta er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit fjármálafyrirtækja.

Loks er í 7. tölul. tekið fram að afturköllunarástæður eru ekki tæmandi taldar í greininni, enda er ekki unnt að sjá fyrir öll þau tilvik sem kunna að gera afturköllun nauðsynlega vegna þeirra verndarhagsmuna sem lögin byggjast á.

Í 2. mgr. er kveðið á um að afturköllunarúrræðinu skuli ekki beitt án þess að fjármálafyrirtæki hafi fyrst gefist færi á að færa starfsemi sína í löglegt horf. Þó kunna að vera fyrir hendi þær aðstæður að frestur gæti leitt til tjóns t.d. fyrir viðskiptamenn fyrirtækisins, auk þess sem frestur til úrbóta á ekki við aðstæður samkvæmt sumum töluliðanna í 1. mgr. Getur því ekki verið um fortakslausan rétt fjármálafyrirtækis að ræða hvað þetta snertir.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að banna starfsemi fjármálafyrirtækja skv. IV. kafla sem ekki er starfsleyfisskyld. Til beitingar ákvæðisins kann einkum að koma vegna heimilda fjármálafyrirtækis til að eiga viðskipti fyrir eigin reikning. Sú starfsemi fjármálafyrirtækja er afar viðkvæm en er ekki starfsleyfisskyld, svo sem áður er rakið. Mikilvægt er í ljósi meðalhófs að unnt sé að grípa til aðgerða vegna fjármálafyrirtækja sem misfer með slíkar heimildir sínar án þess að starfsleyfi sé afturkallað í heild sinni.

Um 10. gr.

Grein þessi er sama efnis og 92. gr. núgildandi laga nr. 113/1996 og 62. gr. laga nr. 13/1996 og þarfnast ekki skýringa.

Um III. kafla.

Í III. kafla er að finna sameiginlegar reglur er einkum eiga við þegar fjármálafyrirtæki er stofnað, svo sem ytri umgjörð og afmörkun starfsemi fyrirtækisins. Í IV. kafla er hins vegar að finna nánari afmörkun á heimilli starfsemi hverrar tegundar fjármálafyrirtækis, auk reglna um heimila hliðarstarfsemi.

Ákvæði kaflans eiga sér flest hliðstæðu í núgildandi löggjöf.

Um 11. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1996.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um einkarétt fjármálafyrirtækja til að kynna sig með heitum sem gefa til kynna starfsemi sem einkaréttur laganna tekur til. Hins vegar er lagt til að felld verði brott skylda viðskiptabanka og sparisjóða til að nota þau heiti, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1996. Þess er þó vænst að innlánsstofnanir auðkenni sig með heiti, enda má ætla að hagsmunir fyrirtækjanna sjálfra leiði til þess að glöggt komi fram í markaðssetningu þeirra að um innlánsstofnanir sé að ræða. Lagaboð um þetta virðist því óþarft, einkum með tilliti til þess að hættu á ruglingi á að vera útrýmt með þeim einkarétti til heitis sem fram kemur í ákvæðinu. Sé nafngift fjármálafyrirtækis villandi gæti Fjármálaeftirlitið haft afskipti af því á grundvelli almennra heimilda sinna til að tryggja eðlilega viðskiptahætti.

Samkvæmt 15. gr. tilskipunar 2000/12/EB hefur fjármálafyrirtæki rétt til þess að nota hvarvetna á EES-svæðinu sama nafn og það notar í heimaríki sínu, og er sá réttur tryggður í lokamálslið 1. mgr. Í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar er í 2. mgr. jafnframt kveðið á um úrræði Fjármálaeftirlitsins vegna hættu á ruglingi í slíkum tilvikum. Sérstök auðkenning að kröfu Fjármálaeftirlitsins mundi eiga sér stað í samræmi við almennar reglur þar að lútandi, svo sem firmaréttarreglur.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1996 og þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í ákvæði þessu kemur fram sú meginregla að fjármálafyrirtæki skuli starfa sem hlutafélög. Felld er brott heimild verðbréfamiðlana samkvæmt eldri lögum nr. 13/1996 til að starfa sem einkahlutafélög, enda var henni einkum ætlað að auðvelda sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlurum að laga sig að nýju rekstrarformi. Verður að ætla að sú þörf sé ekki lengur fyrir hendi og ekki sé ástæða til að gera minni kröfur til verðbréfamiðlana að þessu leyti.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um kröfur um hlutafé og stofnfé sem ávallt er skylt að uppfylla. Heimild Fjármálaeftirlitsins til afturköllunar starfsleyfis skv. 2. tölul. 9. gr. á við ef hlutafé eða stofnfé fer einhvern tímann niður fyrir það lágmark sem tiltekið er í ákvæðinu. Þó er vakin athygli á undanþágu samkvæmt ákvæði 77. gr. til handa þeim sparisjóðum sem starfandi eru við gildistöku laganna til að halda áfram starfsemi þrátt fyrir að hlutafé eða stofnfé þeirra sé undir fyrrgreindu lágmarki.

Allir fjárhæðir í evrum í greininni styðjast við tilskipanir. Farin er sú leið í frumvarpinu að tilgreina fyrst lágmarksfjárhæð hlutafjár og stofnfjár í íslenskum krónum en jafnframt að fjárhæðin skuli aldrei nema lægri fjárhæð en tilgreindri fjárhæð í evrum. Þar sem þróun gengis íslensku krónunnar er óviss getur þetta leitt til þess að 450 milljónir króna dugi ekki til að stofna viðskiptabanka hér á landi.

Ákvæði fyrstu sex málsgreinanna taka mið af stofnun nýs fyrirtækis. Í 7. mgr. er hins vegar kveðið á um að þegar fjármálafyrirtæki sækir um nýtt starfsleyfi sé ekki þörf á að hlutafé sé yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í fyrstu sex málsgreinunum, heldur nægi að bókfært eigið fé sé yfir fyrrgreindum mörkum. Óski t.d. verðbréfafyrirtæki með 75 millj. kr. hlutafé eftir starfsleyfi sem lánafyrirtæki er unnt að veita leyfið svo fremi sem bókfært eigið fé fyrirtækisins sé yfir 450 millj. kr. og 5 millj. evrur.

8. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Með ákvæði þessu er áréttað að sé fjármálafyrirtæki skráð hér á landi skuli það í raun stýra starfsemi sinni héðan. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1996 og er í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 7. mgr. 62. gr. laga nr. 113/1996. Krafa um sérstaka endurskoðunardeild á þó í gildandi lögum aðeins við um viðskiptabanka, sparisjóði og lánafyrirtæki en ekki um aðrar tegundir fjármálafyrirtækja. Hér er lagt til að sérstök endurskoðunardeild verði meginreglan hjá fjármálafyrirtækjum nema Fjármálaeftirlitið veiti undanþágu skv. 4. málsl. Þó er kveðið á um að ákvæðið nái ekki til verðbréfamiðlana og rafeyrisfyrirtækja. Talið er að sakir smæðar þessara tegunda fjármálafyrirtækja sé ekki eðlilegt að áskilið sé í lögum að við þau starfi endurskoðunardeild. Eins og fram kemur í orðalagi ákvæðisins kemur undanþága til álita ef um er að ræða umfangslítinn rekstur eða starfsemi á afmörkuðu sviði. Fjármálaeftirlitið getur sett undanþágu skilyrði, t.d. í þá veru að sett sé upp annars konar innra eftirlit.

Um 17. gr.

Greinin er að stofni til óbreytt frá 8. mgr. 62. gr. laga nr. 113/1996. Til að fyrirbyggja þann misskilning að reglur Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein séu leiðbeinandi tilmæli skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 er fellt brott orðið „leiðbeinandi“ í greininni. Þá þykir einnig fara betur á því að fjármálafyrirtækin ráði yfir eftirlitskerfi í tengslum við alla starfsemi sína í stað þess að þau ráði yfir slíku kerfi í tengslum við öll viðskipti sín.

Ástæða er til að gera nánari grein fyrir áhættu sem um er að ræða samkvæmt þessari grein. Helstu áhættuþætti má flokka á eftirfarandi hátt: Mótaðilaáhætta, markaðsáhætta, vaxta- og verðtryggingaráhætta, lausafjáráhætta og rekstraráhætta. Í tillögum að nýjum eiginfjárreglum sem unnið er að á alþjóðavettvangi er gert ráð fyrir að tekið verði tillit til allra þessara áhættuþátta með einhverjum hætti við mat á eiginfjárþörf viðkomandi fjármálafyrirtækis. Ljóst er að mat á eiginfjárþörf vegna þessara áhættuþátta mun að einhverju leyti verða byggt á því að fyrir hendi sé fullnægjandi eftirlitskerfi með áhættu hjá viðkomandi fyrirtæki. Í þessu sambandi má einnig benda á að Fjármálaeftirlitið gaf í janúar 2002 út leiðbeinandi tilmæli um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum þar sem kveðið er á um almennar lágmarkskröfur sem gerðar eru til innra eftirlits og áhættustýringar hjá fjármálafyrirtækjum og hlutverk stjórnenda fyrirtækjanna í því sambandi.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Í 1. mgr. er efnisregla varðandi svokölluð náin tengsl (*e.* close links) fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila. Skv. 9. tölul. 5. gr. frumvarpsins skal í umsókn um starfsleyfi upplýsa um náin tengsl til að hægt sé að ganga úr skugga um að skilyrði greinarinnar sé fullnægt, áður en starfsleyfi er gefið út. Jafnframt er Fjármálaeftirlitinu heimilt að afturkalla starfsleyfi komi síðar í ljós að um sé að ræða náin tengsl sem fara í bága við ákvæði greinarinnar., sbr. 5. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Það ræðst af atvikum í hverju tilviki hvort náin tengsl teljist til þess fallin að hindra eftirlit með fyrirtækinu af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Erfitt getur verið að tilgreina nákvæmlega þau tilvik þegar ákvæðið á við en sem dæmi um atvik sem áhrif hafa á mat samkvæmt ákvæðinu má benda á eftirfarandi tilvik: Verið getur að draga megi í efa að Fjármálaeftirlitið geti

fengið fullnægjandi upplýsingar frá fyrirtækinu og þeim aðilum sem það er í nánum tengslum við í þeim tilgangi að staðreyna að starfsemi þess sé í samræmi við þau lög og reglur sem um starfsemina gilda og að starfsemin fari að öðru leyti fram í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Einnig getur uppbygging og landfræðileg útbreiðsla fyrirtækisins eða samstæðunnar sem það tilheyrir og annarra aðila sem fyrirtækið er í nánum tengslum við verið með þeim hætti að hindrað geti upplýsingaflæði til Fjármálaeftirlitsins, en sem dæmi um slíkt er þegar um er að ræða útibú eða tengd fyrirtæki á landsvæðum þar sem önnur viðmið gilda við eftirlit eða þar sem lög takmarka upplýsingaflæði. Sæti fyrirtækið eða samstæðan sem það tilheyrir ekki eftirliti á samstæðugrundvelli getur það hindrað eðlilegt eftirlit með fyrirtækinu. Enn fremur má geta þess tilviks þar sem ekki er unnt á hverjum tíma að meta með vissu heildarfjárhagsstöðu samstæðunnar sem fyrirtækið tilheyrir. Atvik sem gætu leitt til erfiðleika í þessu sambandi er ef vöntun er á endurskoðuðum samstæðureikningi, ef fjárhagsár fyrirtækja í sömu samstæðunni er mismunandi og ef endurskoðendur eru ekki þeir sömu fyrir fyrirtæki innan samstæðunnar. Tilvísun 1. mgr. til laga og reglna sem gilda um tengda aðila vísar til þeirrar aðstöðu ef erlendar lagareglur er gilda um tengdan aðila eru til þess fallnar að torvelda eftirlit. Vegna ákvæða EES-samningsins mundi beiting ákvæðisins aðeins koma til álita í þeim tilvikum þar sem um er að ræða lagareglur ríkja utan EES.

Í 2. mgr. er því lýst hvers konar tengsl koma til álita sem „náin tengsl“ og er þar fylgt þeirri skilgreiningu sem er að finna í 26. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB. Ekki er um að ræða efnislega breytingu frá núgildandi löggjöf þótt framsetning sé nokkuð breytt.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, en skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skal Fjármálaeftirlitið meðal annars fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Við skýringu á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur verður bæði litið til fyrirmæla sem leiðir af settum lögum, t.d. 11. gr. tilskipunar 93/22/EB um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, og eins almennari siðareglna og viðtekinna venja í fjármálastarfsemi eða einstökum undirgreinum hennar. Þá geta ákvæði reglugerða og reglur og tilmæli Fjármálaeftirlitsins veitt leiðbeiningu.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er nánar kveðið á um starfsheimildir einstakra tegunda fjármálafyrirtækja. Vakin er athygli á að ekki er öll starfsemi samkvæmt þessum kafla starfsleyfisskyld.

Kaflanum er skipt í þrennt. Í fyrsta hluta eru starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja. Þar er kveðið á um starfsemi sem lýtur gagnkvæmri viðurkenningu á EES-svæðinu, aðra þjónustustarfsemi, hliðarstarfsemi og aðra tímabundna starfsemi. Í öðrum hluta eru starfsheimildir annarra tegunda fjármálafyrirtækja. Hjá þessum fyrirtækjum eru starfsheimildir ákveðnar í tilskipunum þannig að ekkert svigrúm er fyrir hendi til að víkka út starfsheimildir. Í þriðja hluta eru þrjár greinar sem lúta að stórum áhættum og heimildum fjármálafyrirtækja til að eiga í fyrirtækjum og fasteignum.

Um 20. gr.

Tölul. 1.–14. í 1. mgr. eru óbreyttir frá 1. mgr. 44. gr. laga nr. 113/1996. Þessi listi yfir starfsheimildir kemur úr 1. viðauka við tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana. Hann sýnir þá þjónustu sem lýtur gagnkvæmri viðurkenningu á EES-svæðinu. Listinn á að vera

víðtækur og til þess gerður að hann taki til allra helstu þjónustuþátta lánastofnana á EES-svæðinu. Honum til fyllingar eru ákvæði 21.–23. gr.

Vakin er athygli á að upphaf 44. gr. laga nr. 113/1996 er fellt brott en þar var eftirfarandi skilgreining á bankastarfsemi: „Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.“ Þessi skilgreining er ekki talin þjóna neinum tilgangi, enda talin leiða af fyrrgreindum lista yfir þjónustuþætti. Hins vegar er nauðsynlegt að viðhalda því að bankar og sparisjóðir geti stundað aðra þjónustustarfsemi, enda sé hún í eðlilegum tengslum við þjónustu sem kveðið er á um í listanum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að lánafyrirtæki hafi sömu heimildir og viðskiptabankar og sparisjóðir að því undanskildu að þeim er óheimilt að taka á móti innlánum. Í 8. gr. laga nr. 123/1993 er kveðið á um starfsheimildir lánastofnana. Þar eru tilgreindir tölul. 2.–14. í 1. mgr. þessarar greinar. Þetta er ekki rétt nálgun í lögum nr. 123/1993 því að aðrar lánastofnanir hafa heimild til að taka á móti endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi öðrum en innlánum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki hafi allar þær heimildir til verðbréfaviðskipta sem verðbréfafyrirtæki hafa skv. 25. gr. Þetta er í samræmi við lokamálslið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993.

Um 21. gr.

Í þessari grein er kveðið á um starfsemi sem er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum heimil, þó svo að hún sé ekki sérstaklega tilgreind í 20. gr. Hér er um að ræða aðra þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við starfsheimildir þessara fyrirtækja að öðru leyti og hliðarstarfsemi sem er í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækis. Heimild Fjármálaeftirlitsins þarf til að stunda hliðarstarfsemi en ekki aðra þjónustustarfsemi. Með því að heimila aðra þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi er leitast við að tryggja að starfsemi lánastofnana geti þróast með eðlilegum hætti án þess að löggjöfin setji henni óeðlilegar skorður. Hins vegar er talið eðlilegt að setja starfsemi lánastofnana ákveðnar skorður. Ástæðan er sú að sérfræðiþekking lánastofnana beinist að fjármálaþjónustu en ekki eðlisólíkum rekstri sem getur, verði tap á þeirri starfsemi, leitt til rekstraráhættu fyrir fyrirtækið og því stefnt heilbrigði þess í hættu. Tilgangurinn er því að tryggja heilbrigði lánastofnana og vernda hagsmuni viðskiptavina þeirra.

Í 1. mgr. er kveðið á um aðra þjónustustarfsemi. Er þetta í samræmi við núgildandi 44. gr. laga nr. 113/1996 og 8. gr. laga nr. 123/1993. Eins og áður sagði er með þessu ákvæði leitast við að tryggja að starfsemi fjármálafyrirtækja geti þróast með eðlilegum hætti án þess að löggjöfin setji því óeðlilegar skorður. Þannig er óumdeilt samkvæmt núgildandi lögum að útgáfa og umsýsla rafeyris fellur undir útgáfu og umsýslu greiðslumiðla, þótt rafeyrisútgáfa sé ekki sérstaklega nefnd. Einnig hefur lánastofnunum almennt (ekki einungis eignarleigufyrirtækjum) verið talið heimilt að stunda hvers konar form af eignarleigustarfsemi þótt í lögum sé einungis kveðið á um fjármögnunarleigu.

Álitamál getur verið hvort þjónusta feli í raun í sér sjálfstæða starfsemi. Þjónusta sem veitt er til þess að auðvelda aðgang að fjármálaþjónustu getur fallið undir þetta. Sömuleiðis þjónusta sem lýtur að markaðssetningu afurða. Það að bjóða ókeypis netaðgang verður t.d. ekki talið sjálfstæð starfsemi í skilningi frumvarpsins eða hliðarstarfsemi sem krefjist sérstaks samþykkis Fjármálaeftirlitsins. Þátttaka í rekstri netfyrirtækja umfram þetta getur hins vegar talist til slíkrar starfsemi. Stofnun fyrirtækis sem hefur með höndum rekstur fasteigna viðskiptabanka, sjálfstætt eða í samstarfi við aðra, félli einnig undir 20. gr. og þyrfti almennt

ekki sérstakt samþykki Fjármálaeftirlitsins, enda væri starfsemin afmörkuð við rekstrarverkefni sem ella væri óhjákvæmilegur hluti af rekstri viðskiptabanka. Rekstur almennrar fasteignasölu/fasteignamiðlunar eða bílasölu væri hins vegar ekki talin heimil, hvorki með vísan til þess að um aðra þjónustustarfsemi eða hliðarstarfsemi væri að ræða.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki sé heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Svipað ákvæði er nú í 4. mgr. 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Með samanburðarskýringu 20. gr. og annarrar þjónustustarfsemi skv. 1. mgr. tekur þetta ákvæði fyrst og fremst til starfsemi sem ekki telst til fjármálaþjónustu samkvæmt lögunum. Engu síður verður starfsemin að vera samþýðanleg fjármálaþjónustu viðkomandi fyrirtækis, þ.e. í eðlilegu framhaldi af henni. Af 3. mgr. má t.d. ráða að póstþjónusta verði ekki talin í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu þar sem slík starfsemi fjármálafyrirtækis er heimiluð sérstaklega. Milliganga um vátryggingaviðskipti gæti hins vegar talist eðlileg hliðarstarfsemi samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálafyrirtæki er þó skv. 23. gr. óheimilt að stunda vátryggingastarfsemi nema í sérstöku dótturfélagi. Af því ákvæði leiðir að starfsemi vátryggingafélags sem dótturfyrirtækis viðskiptabanka (fjármálafyrirtækis) yrði ekki talin til hliðarstarfsemi sem Fjármálaeftirlitið þyrfti að samþykkja. Hins vegar hefur verið talið að milliganga um vátryggingaviðskipti sem ekki felur í sér vátryggingaáhættu milligönguaðilans sé viðskiptabönkum heimil án stofnunar dótturfyrirtækis. Eðlilegt er þó að slík starfsemi sé skilgreind sem hliðarstarfsemi.

Enn fremur verður að skýra 2. mgr. til samræmis við 22. gr. sem heimilar aðra tímabundna starfsemi í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi. Þar er lögð áhersla á að slík starfsemi sé tímabundin og í ákveðnum tilgangi. Það ákvæði næði ekki markmiði sínu ef fjármálafyrirtæki væri unnt að fá samþykki fyrir slíkri starfsemi á grundvelli 2. mgr. þessarar greinar.

Starfsleyfisskyld starfsemi getur aldrei talist til hliðarstarfsemi fjármálafyrirtækis sem ekki hefur fengið sérstakt starfsleyfi til hennar. Rafeyrisfyrirtæki gæti þannig ekki fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir móttöku innlána á grundvelli ákvæðisins. Það sama ætti almennt við um starfsemi sem tilgreind er í þessum kafla þótt ekki sé um starfsleyfisskylda starfsemi að ræða, nema viðkomandi starfsemi sé forsenda fyrir því að unnt sé að veita þá þjónustu sem viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi til. Samþykki Fjármálaeftirlitsins kæmi til skoðunar í slíkum tilvikum.

Við mat á því hvað teljist til hliðarstarfsemi ber samkvæmt framangreindu að athuga hvort viðkomandi starfsemi sé í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu viðkomandi fyrirtækis. Eðlilegt framhald af starfsemi þýðir að hliðarstarfsemin sé samþýðanleg þeirri starfsemi sem viðkomandi fyrirtæki er að öðru leyti heimilt að stunda. Við mat á þessu verður fyrst og fremst tekið mið af verndarhagsmunum þeim sem ákvæðið tekur til. Kemur þar einkum þrennt til athugunar:

- Hvort starfsemin feli í sér einhvers konar hagsmunaárekstra. Það leiðir af sjálfu sér að fjármálafyrirtækjum ber að forðast hagsmunaárekstra í starfsemi sinni. Skaðlegt getur t.d. verið að banki tengist tveimur samkeppnisfyrirtækjum þannig að annað þeirra sé í lánaviðskiptum við bankann en hitt að stórum hluta í eigu bankans með langtímasamstarf í huga.
- Hvort starfsemin feli í sér einhvers konar áhættu sem gerir starfsemi viðkomandi fyrirtækis flóknari, dregur úr yfirsýn og áhættustýringu eða torveldar eftirlit með fjármálafyrirtækinu.

– Hvort starfsemin krefjist þekkingar og reynslu sem er óskyld þekkingu og reynslu af fjármálastarfsemi, en sú aðstaða getur leitt til aukinnar áhættu.

Til viðbótar þessu mati leiðir samræmisskýring á ákvæðinu til afmörkunar á beitingu þess, eins og að framan greinir.

Í 2. mgr. er bætt við frá núgildandi lögum að hliðarstarfsemi taki einnig til þess þegar fjármálafyrirtæki á eignarhlut í eða er þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi. Þátttaka í atvinnurekstri telst m.a. falla undir ákvæðið ef fjármálafyrirtækið á fulltrúa í stjórn viðkomandi fyrirtækis og 22. gr. á ekki við. Einnig kemur til skoðunar hvort fyrirtækið telst hlutdeildarfyrirtæki fjármálafyrirtækisins og hvort eignarhluturinn sé í veltubók, hversu lengi fjármálafyrirtækið hafi átt hlut í fyrirtækinu og áform um áframhaldandi eignarhald.

Í 2. mgr. er jafnframt sú breyting frá gildandi lögum að kveðið er á um tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins um hliðarstarfsemi í stað þess að áskilið sé samþykki Fjármálaeftirlitsins. Eðlilegt þykir að gera þá kröfu að viðkomandi fyrirtæki sem hyggjast fara út í hliðarstarfsemi eða kaupa eignarhlut í fyrirtæki í annarri atvinnustarfsemi upplýsi Fjármálaeftirlitið um það með sérstakri tilkynningu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi einn mánuð til að koma með athugasemdir ef það telur starfsemina á einhvern hátt ósamrýmanlega öðrum rekstri fyrirtækisins. Slíkar athugasemdir geta bæði lotið að því að leiðbeina um með hvaða hætti megi útfæra starfsemina þannig að hún samþýðist lögunum eða krefjast þess að slík hliðarstarfsemi sé stunduð í sérstöku félagi. Ef engar athugasemdir hafa borist að liðnum fyrrgreindum fresti er fyrirtækinu heimilt að hefja þá starfsemi sem tilkynnt var um. Hafa ber í huga að ef fyrirtæki færu út í slíka starfsemi án þess að hafa sinnt fyrrgreindri tilkynningarskyldu væri það alfarið á þeirra ábyrgð þar sem verið væri að bjóða þeirri hættu heim að Fjármálaeftirlitið krefðist stöðvunar starfseminnar að viðlögðum dagsektum ef það mæti hana óheimila.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild fjármálafyrirtækis til að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Greinin er hliðstæð 45. gr. núgildandi laga. Talsverð reynsla er fengin af beitingu þessa ákvæðis, en núgildandi ákvæði er samkvæmt lögskýringargögnum einskorðað við starfsemi og eignir viðskiptamanna sem ratað hafa í erfiðleika þar sem atbeina viðskiptabanka er þörf til að bæta úr. Með orðunum „að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila“ er hins vegar einnig átt við svokallaða fjárfestingarbankastarfsemi, þ.e. þær heimildir fjármálafyrirtækja til að kaupa verðbréf/hlutabréf í fyrirtækjum í því skyni að sameina annarri starfsemi, skrá viðkomandi verðbréf og selja þau almenningi.

Um 23. gr.

Greinin er hliðstæð núgildandi 3. mgr. 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði og á rætur að rekja til bankatilskipunar ESB.

Um 24. gr.

Ákvæði 1. mgr. styðjast við a- og b-lið 5. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim. Það mælir fyrir um þá starfsemi sem rafeyrisfyrirtæki mega hafa með höndum. Sem dæmi um náskylda fjármála- eða aðra þjónustu í 1. tölul. má nefna útgáfu og umsjón með öðrum greiðslumiðlum.

Ákvæði 2. mgr. er ætlað að tryggja að rafeyrisfyrirtæki komi ekki óbeint að rekstri eða áhættu í tengslum við fyrirtæki sem hefur með höndum starfsemi sem fellur ekki undir 1. mgr.

Um 25. gr.

Greinin er byggð á A- og C-þætti viðauka við tilskipun um fjárfestingarþjónustu og 8. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Bætt er við þjónustu skv. 1. lið að verðbréfafyrirtæki geti haft umsjón með útboði verðbréfa, en það leiðir af 28. gr. laga nr. 13/1996.

Um 26. gr.

Greinin byggist á 9. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og 6. tölul. 3. gr. sömu laga.

Um 27. gr.

1. mgr. á rætur að rekja til 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Þar er kveðið á um að rekstrarfélög verðbréfasjóða skuli hafa með höndum rekstur verðbréfasjóða. Til viðbótar er aðildarríkjum heimilt að útvíkka starfsemi rekstrarfélaga þannig að hún nái einnig til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnun með fjármálagerningum í sameiginlegri fjárfestingu. Lagt er til að sú heimild verði nýtt.

2. mgr. á rætur að rekja til 2. mgr. 5. gr. f í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Samþykki í skilningi ákvæðisins má hvort heldur sem er gefa í hvert eitt sinn eða með almennum hætti við gerð eignastýringarsamnings.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við 46. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Að hluta til er greinin enn fremur í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996 að því undanskildu að breytt er orðalagi á þann veg að í stað „mega ekki eiga eða taka að veði í gildandi ákvæði er nú orðalagið „mega ekki eiga virka eignarhluti“. Gildandi ákvæði átti sér fyrirmynd í dönsku lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði. Hið breytta orðalag frumvarpsins er hins vegar í samræmi við 1. mgr. 51. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Þá er sú breyting gerð að í stað „eignarhluta í einstökum fyrirtækjum sem stunda aðra starfsemi en þá sem getið er í 44. gr.“ er nú vísað til „eignarhluta í einstökum fyrirtækjum sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði“, og bætt er við skilgreiningu á því hvað í síðara hugtakinu felist. Í þessu felst sú efnisbreyting að nú koma til frádráttar eignarhlutir og víkjandi kröfur í félögum sem teljast til fjármálafyrirtækja eða fyrirtækja tengdra fjármálasviði en samkvæmt gildandi lögum getur verið um að ræða eignarhluti og víkjandi kröfur í félögum sem ekki mundu falla undir fyrrnefndu skilgreininguna. Eftir breytinguna er ákvæðið í betra samræmi við ákvæði 12. og 13. tölul. 2. mgr. 34. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Þessi breyting er talin hafa óveruleg áhrif á eiginfjárútreikning en er til bóta varðandi afmörkun á þeim félögum sem falla eiga undir þetta ákvæði.

Skilgreining á fyrirtæki tengdu fjármálasviði í 1. mgr. er nýmæli. Með því er innleitt orðrétt hugtakið „financial institution“ í bankatilskipuninni 2000/12/EB. Hugtakið kom fyrst inn í Evrópurétt árið 1989 í hinni svokölluðu annarri bankatilskipun (2nd Banking Directive). Hugmyndin var sú að útvíkka gildissvið Evrópupassans, þ.e. möguleika fyrirtækja á að opna

útibú eða veita þjónustu án stofnunar útibús hvarvetna á innri markaðnum án starfsleyfis í gistiríkinu án þess að hrófla við skilgreiningu fyrstu bankatilskipunarinnar á lánastofnun. Nauðsynlegt er að árétta að með orðunum „öflun eignarhluta“ er ekki átt við að hlutabréfa- eða áhættufjármagnssjóðir geti verið fyrirtæki tengd fjármálasviði. Hér er ekki átt við fjárfestingar í almennum atvinnufyrirtækjum heldur fyrst og fremst öflun eignarhluta í lánastofnunum og öðrum fyrirtækjum tengdum fjármálasviði. Þetta sést best á því að takmarkanir á kaupum á virkum eignarhlutum, sbr. 51. gr. tilskipunar 2000/12, á einnig við um fyrirtæki tengd fjármálasviði.

2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996 að því undanskildu að í síðasta málslið málsgreinarinnar er kveðið á um að eignarhlutir í veltubók skuli ekki teknir með við útreikning á takmörkunum skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. Hugtakið veltubók er skilgreint í 16. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, svo og í 2. gr. reglna nr. 693/2001, um eiginfjárhlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Hið breytta ákvæði er í samræmi við heimildarákvæði í 4. mgr. 51. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Ákvæðið er enn fremur í samræmi við túlkun á gildandi ákvæði varðandi meðferð á eignarhlutum í veltubók. Könnun á útfærslu þessa heimildarákvæðis í tilvitnaðri tilskipun meðal einstakra ríkja Evrópska efnahgssvæðisins sýnir að í tæplega helmingi ríkjanna hefur þetta ákvæði verið innleitt en í rúmlega helmingi ríkjanna gilda umræddar takmarkanir óháð því hvort umræddir eignarhlutir eru flokkaðir sem eign í veltubók eða ekki.

3. og 4. mgr. eru efnislega samhljóða 3. og 4. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996.

5. mgr. er nýmæli en með því er kveðið á um að taka skuli tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf og að Fjármálaeftirlitnu sé heimilt að setja nánari reglur í því sambandi. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Í 6. mgr. er að finna skilgreiningu á hugtakinu veltubók, og er hún efnislega óbreytt frá skilgreiningu þeirri er fram kemur í reglum 693/2001 um eiginfjárhlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Um 29. gr.

Ákvæði 1. mgr. er hliðstætt núgildandi 13. gr. laga nr. 113/1996. Tilgangur ákvæðisins er að takmarka umfang eigin hlutabréfa og veðtöku í eigin hlutabréfum.

2. mgr. er efnislega samhljóða 5. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996 að því undanskildu að bætt er inn orðalaginu „í tengslum við hlutafjárútboð“ sem þykir eðlilegra með hliðsjón af upphaflegum tilgangi ákvæðisins.

Um 30. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um hámark áhættu vegna einstaks eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna sem hlutfall af eigin fé fjármálafyrirtækis, og eru reglur um þetta að mestu samhljóða gildandi ákvæðum í reglum nr. 34/2002, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækis í þeim tilvikum þar sem áhættuskuldbindingar fara yfir þau mörk sem um getur í 1. mgr. Ef sérstaklega stendur á getur Fjármálaeftirlitið veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingarhlutfallinu niður fyrir lögleg mörk. Ákvæði þetta er í samræmi við 5. mgr. 49. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

Í 2. málsl. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996 segir að eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs og heildarskuldbindingar fyrirtækis gagnvart hlutaðeigandi stofnun skuli vera innan þeirra marka sem getur í reglum er ráðherra setur að fengnum tillögum Fjármálaeftir-

litsins um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila. Þessar reglur eru í reglugerð nr. 34/2002, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Í reglugerðinni koma fram mikilvægar reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja sem æskilegt væri að kveðið væri á um í lögum um fjármálafyrirtæki. Er það því lagt til hér. Þessar reglur leiðir af 3. þætti 2. kafla V. bálks tilskipunar nr. 2000/12. Ekki er um efnisbreytingu að ræða í greininni frá gildandi reglum á þessu sviði. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið setji þessar reglur því að þær lúta beint að áhættustýringu fjármálafyrirtækja. Vísast í því sambandi til 7. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er að finna þær reglur sem gilda um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Ákvæði þessi hafa til hliðsjónar meginreglur EES-samningsins um staðfesturétt fjármálafyrirtækja og gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa og eru byggð á III. bálki tilskipunar 2000/12/EB.

Helstu breytingar frá gildandi reglum felast í heimildum Fjármálaeftirlitsins til að hlutast til um kaup íslensks fjármálafyrirtækis á virkum eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki að vissum skilyrðum uppfylltum, auk þess sem lagt er til að sett verði í reglugerð ákvæði um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði til að veita þjónustu á milli landa.

Um 31. gr.

Ákvæði þetta samsvarar að mestu gildandi reglum um stofnsetningu útibúa fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu og starfsleyfi innan EES-svæðisins.

Í 3. mgr. er Fjármálaeftirlitinu falið að ganga úr skugga um atriði er varða hið erlenda fyrirtæki. Ákvæði þetta kemur í stað núgildandi lagafyrirmæla sem tiltaka hvaða upplýsinga Fjármálaeftirlitið skuli afla hjá eftirlitsaðila í heimaríki fyrirtækisins, en telja verður nægilegt að nánari fyrirmæli um þetta komi fram í reglugerð, sbr. 35. gr. frumvarpsins. Ekki er hins vegar lögð til efnisbreyting varðandi heimildir Fjármálaeftirlitsins að þessu leyti.

Um 32. gr.

Ákvæði þetta er byggt á 21. gr. tilskipunar 2000/12/EB. Óski erlent fjármálafyrirtæki eftir að bjóða þjónustu hérlendis án stofnunar útibús ber því að tilkynna eftirlitsstjórnvaldi í heimaríki sínu hvaða þjónustu fyrirhugað er að veita. Stjórnvald heimaríkis áframsendir tilkynningu þessa til Fjármálaeftirlitsins, og miðast heimild til að veita þjónustuna við það tímamark þegar Fjármálaeftirlitið hefur móttekið tilkynninguna. Heimildir erlends fyrirtækis til að veita þjónustu hérlendis takmarkast ávallt af umfangi starfsleyfis þess í heimaríkinu.

Um 33. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum, sbr. 2. mgr. 85. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði og 2. mgr. 56. gr. laga um verðbréfaviðskipti, skal viðskiptaráðherra setja reglur um heimildir fjármálafyrirtækja sem starfa utan EES-svæðisins til að stunda starfsemi hérlendis. Lagt er til að kveðið verði á um það almenna skilyrði fyrir leyfisveitingu að fyrirtækið hafi leyfi í heimalandi sínu og sæti sambærilegu eftirliti þar vegna starfsemi sem er hliðstæð þeirri sem fyrirhugað er að stunda hér á landi. Nánari skilyrði um efni umsóknar o.fl. mundu eftir sem áður koma fram í reglugerð, sbr. 37. gr. Ekki er heimilt að setja vægari skilyrði um stofnun og starfrækslu útibúa fjármálafyrirtækja frá löndum utan EES en leiðir af ákvæðum 31.–33. gr., sbr. 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

Um 34. gr.

Með ákvæði 1. mgr. eru tekin af tvímæli um það að Fjármálaeftirlitið geti brugðist við stórfelldum brotum á löggjöf um fjármálafyrirtæki með því að leggja bann við starfsemi erlends fjármálafyrirtækis. Ákvæðið er sama efnis og 1. mgr. 95. gr. núgildandi laga nr. 113/1996.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Með því er Fjármálaeftirlitinu heimilað að grípa til aðgerða ef hætta er á að hagsmunir innlánseigenda eða annarra spillist áður en bann skv. 1. mgr. kemur til framkvæmda. Heimild þessi er í samræmi við 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Með ákvæði þessu er mælt fyrir um almenna heimild ráðherra til setningar reglugerðar varðandi starfsemi fjármálafyrirtækja milli landa. Sérstaklega er tekið fram að í reglugerðinni skuli kveða á um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði til að stunda fjármálastarfsemi á milli landa. Hér eru höfð í huga ákvæði 19. gr. tilskipunar 2000/12/EB, en sú grein mælir fyrir um rétt fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði til að stunda fjármálastarfsemi, að vissum skilyrðum uppfylltum. Þykir heppilegra að geyma slík skilyrði í reglugerð en í lagatexta, svo sem gert er í núgildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 36. gr.

Hér er fjallað um upphafsaðgerðir vegna stofnunar útibús íslensks fjármálafyrirtækis í öðru EES-ríki. Ákvæðin eru í samræmi við 20. gr. tilskipunar 2000/12/EB og eru að mestu efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Þó er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti bannað stofnun útibús ef ástæða er til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða fjármálafyrirtækisins sé ekki nægjanlega traust, fremur en að það neiti einungis að senda fyrirhuguðu gistiríki staðfestingu. Þetta er í samræmi við tillögu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem gerði úttekt á íslenska fjármálamarkaðnum á árinu 2001.

Um 37. gr.

Ákvæði þetta fjallar um skilyrði þess að íslenskt fjármálafyrirtæki hefji starfsemi án stofnunar útibús í öðru EES-ríki. Er hér um að ræða sambærilegar reglur og fram koma í 36. gr., og eiga athugasemdir við það ákvæði því við að breyttu breytanda.

Um 38. gr.

Nauðsynlegt er, bæði vegna eftirlitssjónarmiða og vegna samskipta við erlend ríki, að eftirlit sé haft með starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja í löndum utan EES. Með sömu rökum og lýst var varðandi 36. gr. ber einnig nauðsyn til að Fjármálaeftirlitið geti lagt bann við slíkri starfsemi ef á þykir skorta að stjórnun og fjárhagsstaða fjármálafyrirtækis sé nægjanlega traust.

Unnt er að tilgreina í reglugerð, sbr. 35. gr., hvaða gögn skuli að lágmarki fylgja tilkynningu.

Um 39. gr.

Ákvæði þetta á sér ekki beina hliðstæðu í núgildandi löggjöf. Með því er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að leggja bann við því að íslenskt fjármálafyrirtæki kaupi eða fari með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki ef það hefur réttmæta ástæða til að ætla

að upplýsingagjöf með starfseminni eða samstæðunni verði ekki nægilega traust og eftirlit með henni torveldað. Þetta ákvæði er til viðbótar 38. og 40. gr. þar sem fram kemur að Fjármálaeftirlitið geti undir ákveðnum kringumstæðum bannað fjármálafyrirtæki að stofna útibú eða veita þjónustu erlendis. Með þessu ákvæði er verið að uppfylla kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit (Core principles for effective banking supervision) sem Basel-nefndin um bankaeftirlit hefur sett. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði til í niðurstöðum sínum um íslenska fjármálamarkaðinn að Fjármálaeftirlitið fengi heimildir til að banna fjárfestingar fjármálafyrirtækja í erlendum fjármálafyrirtækjum. Þar sem beiting heimildarinnar er íþyngjandi og varðar alla jafna mikilsverða hagsmuni fjármálafyrirtækis þykir rétt að mæla fyrir um að rökstuðningur skuli fylgja ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um bann.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur varðandi eignarhluti og meðferð þeirra. Að uppistöðu til eru efnisreglur kaflans um virka eignarhluti samhljóða núgildandi ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, eins og þeim var breytt með lögum nr. 69/2001 og þykir því að mestu mega vísa til athugasemda er fylgdu því frumvarpi. Til hægðarauka eru athugasemdirnar felldar inn í greinargerð þessa að því marki sem þær skipta máli.

Þó er gert ráð fyrir að fellt verði brott ákvæði núgildandi 1. mgr. 10. gr. laga nr. 113/1996 er mælir fyrir um að engar hömlur megi leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka. Þykja ekki standa rök til annars en að almennar reglur hlutafélagalöggjafarinnar gildi um þetta.

Um 40. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu er samþykki Fjármálaeftirlitsins áskilið ef fjárfestar hyggjast annaðhvort eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum eða auka svo við virkan eignarhlut sinn að þeir fari yfir nánar tilgreind mörk hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar.

Eins og fram kemur í ákvæðinu miðast þessi skylda við það þegar aðili eignast „virkan eignarhlut“, ýmist í einum viðskiptum eða fleiri. Sé hluthafi eða stofnfjáreigandi í vafa um hvort hlutdeild teljist virkur eignarhlutur eða óbein hlutdeild í skilningi laganna getur hann beint erindi um það til Fjármálaeftirlitsins, enda er til þess ætlast í 2. mgr. 102. gr. að Fjármálaeftirlitið leggi mat á það. Til þess er ætlast að samþykkis Fjármálaeftirlitsins sé aflað hverju sinni er aðili fer yfir tilgreind mörk. Fari hann niður fyrir þau, þótt aðeins sé í skamman tíma, skal honum eftir sem áður skylt að beina nýrri umsókn til Fjármálaeftirlitsins hyggist hann fara yfir mörkin að nýju.

Með virkum eignarhlut í sparisjóði er með sama hætti og að framan er lýst átt við beina og óbeina hlutdeild í stofnfé sparisjóðs. Um óbeina hlutdeild í stofnfé má vísa til þess tilviks þegar tveir eða fleiri stofnfjáreigendur kæmu sér saman með formlegu eða óformlegu samkomulagi um samræmda beitingu samanlagðs atkvæðaréttar eða að samkomulag tækist við annan eða aðra slíka hópa um beitingu atkvæðisréttar. Hvers konar samstilltar aðgerðir, hverju nafni sem nefnast, kunna þannig að falla undir virka eignaraðild.

Óbein hlutdeild aðila nægir til þess að hann verði talinn eigandi virks eignarhlutar í skilningi ákvæðisins. Með „óbeinni“ hlutdeild er átt við að ekki er nauðsynlegt að aðili sé sjálfur eigandi hlutanna eða atkvæðisréttarins, heldur nægir að hann ráði með einhverjum öðrum hætti yfir virka eignarhlutnum. Aðili gæti t.d. öðlast slík yfirráð með því að eignast ráðandi eignarhlut í móðurfélagi ef samanlagður eignarhlutur þess og dótturfélags í fjármálafyrirtæki er yfir þeim mörkum sem ákvarða hvað teljist virkur eignarhlutur. Að öðrum kosti væri fjárfestum hægðarleikur að dreifa eignarhaldi sínu á ýmis félög í sömu félagasamstæðunni og komast þannig hjá reglunum. Sama gildir um það þegar hlutir eru settir að veði og veðhafi

fer með atkvæðisréttinn á meðan á veðsetningunni stendur. Þar með á veðhafinn óbeint virkan eignarhlut. Undir óbeina hlutdeild félli einnig það tilvik þegar tveir eða fleiri hluthafar kæmu sér með formlegu eða óformlegu samkomulagi saman um samræmda beitingu samanlagðs atkvæðisréttar. Ljóst er að örðugt kann að vera að færa sönnur á að slíkt samkomulag sé fyrir hendi. Fjármálaeftirlitinu er hins vegar ætlað að nýta rannsóknarheimildir sínar til að grafast fyrir um hvort svo sé.

Um 41. gr.

Í grein þessari er lögð sú skylda á þá aðila sem falla undir 40. gr. að senda Fjármálaeftirlitinu skriflega umsókn áður en þeir eignast virkan eignarhlut. Til þess er ætlast að umsókninni sé beint til Fjármálaeftirlitsins áður en af viðskiptunum verður. Ekki er ástæða til að ætla að þetta torveldi viðskipti með virka eignarhluti í framkvæmd, þrátt fyrir að af slíkum við skiptum verði iðulega ekki fyrr en ljóst er hvort Fjármálaeftirlitið veitir samþykki fyrir eign arhaldinu. Þannig má eðli máls samkvæmt útfæra samninga um kaup á virkum eignarhlutum þannig að þeir séu háðir samþykki Fjármálaeftirlitsins. Stendur ákvæðið af þeim sökum ekki í vegi fyrir því að menn tryggi sér kauprétt að virkum eignarhlut án þess að samþykkis Fjármálaeftirlitsins hafi verið aflað.

Í 1. mgr. er talið upp hvaða upplýsingar skuli fylgja umsóknum sem beint er til Fjármálaeftirlitsins. Eins og þar kemur fram ber umsækjendum að láta margvíslegar upplýsingar fylgja slíkum beiðnum. Þessar upplýsingar lúta aðallega að umsækjandanum sjálfum og eiga að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að taka rökstudda afstöðu til þess hvort ástæða sé til að ætla að eignarhald umsækjandans hafi skaðleg áhrif á rekstur viðkomandi fjármálastofnunar.

Fjármálaeftirlitinu ber að rannsaka til hlítar hæfi umsækjenda í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga. Því er rétt að æskja frekari upplýsinga telji það ástæðu til þess og er sú heimild áréttuð í 12. tölul. 1. mgr. sem er til fyllingar almennri heimild Fjármálaeftirlitsins til upplýsingaöflunar skv. 2. mgr. 102. gr. frumvarpsins.

Þegar umsækjandi er einstaklingur skulu umbeðnar upplýsingar lúta að honum sjálfum og eftir atvikum aðilum sem hann tengist. Sé umsækjandi á hinn bóginn lögaðili leiðir af 2. mgr. að upplýst skal um atriði er varða hæfi lögaðilans sjálfs, stjórnarmanna hans, framkvæmdastjóra og þeirra einstaklinga sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum.

Um 42. gr.

Í grein þessari er Fjármálaeftirlitinu lögð sú skylda á herðar að leggja mat á hæfi umsækjenda á grundvelli þeirra gagna sem þeir hafa lagt fram og eftir atvikum þeirra gagna sem Fjármálaeftirlitið hefur sjálft aflað. Fjármálaeftirlitinu er ætlað að taka afstöðu til þess hvort umsækjendur séu hæfir til þess að fara með hið fyrirhugaða eignarhald með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi fjármálafyrirtækis. Lagt er til að fellt verði niður orðalag núgildandi 6. mgr. 10. gr. laga nr. 113/1996 þar sem tekið er fram að Fjármálaeftirlitið skuli gæta meðalhófs við mat sitt. Með þessu er ekki lögð til efnisbreyting varðandi skyldur Fjármálaeftirlitsins, heldur leiðir skylduna til að gæta meðalhófs af almennum reglum stjórnsýsluréttar, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Er áréttingá þessu í sérlögum því án sjálfstæðrar þýðingar.

Við mat sitt skal Fjármálaeftirlitið meðal annars hafa hliðsjón af þeim viðmiðunaratriðum sem rakin eru í ákvæðinu. Þrátt fyrir að þau viðmiðunaratriði eigi að gefa vísbendingu um hversu vel umsækjandinn er til þess fallinn að eiga virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki er hins vegar ekki um að ræða tæmandi upptalningu heldur upptalningu á þeim atriðum sem almennt séð er eðlilegt að hafa hliðsjón af. Vera kann að ástæða sé til að draga hæfi einstakra

umsækjenda í efa vegna annarra atvika en þar greinir. Þau viðmiðunaratriði sem rakin eru í greininni eru annars eftirfarandi:

Samkvæmt 1. tölul. skal horft til fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við. Algengt er í löggjöf Evrópuríkja að við mat á hæfi stórra hluthafa fjármálafyrirtækja sé við það miðað hvernig fjárhag þeirra er háttað. Slæm fjárhagsstaða eiganda virks eignarhlutar í fjármálafyrirtæki getur haft skaðleg áhrif á rekstur þess og dregið úr trúverðugleika þess. Því er rétt að Fjármálaeftirlitið hafi hliðsjón af því hvort umsækjandi sé í fjárhagslegu jafnvægi eða ekki.

Samkvæmt 2. tölul. skal hafa hliðsjón af því hver þekking og reynsla umsækjenda er. Æskilegt er að stærstu hluthafar fjármálafyrirtækja hafi til að bera þekkingu á fjármálastarfsemi og geti þannig stuðlað að heilbrigðum og traustum rekstri þeirra. Með þessu er hins vegar ekki að því stefnt að girða fyrir að aðrir en sérfróðir aðilar um fjármálastarfsemi eignist virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum. Í því sambandi skal á það bent að skv. 43. gr. getur Fjármálaeftirlitið lagt fyrir umsækjendur að tilnefna einstaklinga, sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa, sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Samkvæmt 3. tölul. skal Fjármálaeftirlitið hafa hliðsjón af því hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum. Eignarhald aðila á virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki kann að vera óæskilegt ef það veldur alvarlegum hagsmunaárekstrum á milli aðilans og fjármálafyrirtækisins. Sú staða kynni t.d. að koma upp þegar helsti samkeppnisaðili fjármálafyrirtækis öðlast rétt til að tilnefna fulltrúa sinn í félagsstjórn þess.

Almennt séð eru líkur á því að ef skaðleg áhrif hljótast á annað borð af eignarhaldi aukist hættan á þeim eftir því sem viðkomandi eignarhlutur stækkar. Því skal Fjármálaeftirlitið horfa til stærðar eignarhlutarins við mat á umsóknum, sbr. 4. tölul.

Samkvæmt 5. tölul. er til þess ætlast að Fjármálaeftirlitið meti hvort eignarhald umsækjanda í fjármálafyrirtæki muni torvelda eftirlit með því. Er Fjármálaeftirlitinu rétt í því sambandi að kanna hvort háttsemi umsækjanda í samskiptum hans við stjórnvöld gefi tilefni til að ætla að svo kunni að fara.

Við mat á umsóknum er Fjármálaeftirlitinu enn fremur rétt að hafa hliðsjón af því hvort umsækjandi hefur skilað upplýsingum sem það hefur beðið um í umsóknarferlinu og hvort þær hafa reynst villandi eða rangar, sbr. 6. tölul. Það skal þó aðeins hafa áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins ef umsækjandi hefur vísvitandi eða vegna hirðuleysis skilað röngum eða villandi upplýsingum. Hafi það hins vegar verið afsakanlegt af einhverjum sökum skal það ekki koma niður á mati Fjármálaeftirlitsins á hæfi umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið skal skv. 7. tölul. hafa hliðsjón af því hvort umsækjendur hafa þurft að sæta refsingu eða hvort opinber rannsókn stendur yfir á högum þeirra. Er eðlilegt að það hafi áhrif á mat á hæfi umsækjanda.

Samkvæmt 64. gr. er framsal á virkum eignarhluta í sparisjóði háð samþykki sparisjóðsstjórnar. Samþykki skal aðeins veitt í þeim tilvikum þegar fyrir liggja sérstakar aðstæður vegna nauðsynjar á fjárhagslegri endurskipulagningu eða þegar sýnt er fram á að öflun eignarhlutarins sé þáttur í eflingu samvinnu meðal sparisjóða í landinu, sbr. 2. mgr. 70. gr. Í 8. tölul. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið gangi úr skugga um að skilyrðum 2. mgr. 70. gr. sé raunverulega fullnægt þegar aðili hefur fengið samþykki stjórnar sparisjóðs til þess að eignast virkan eignarhlut.

Um 43. gr.

Ákvæði þetta fjallar um það, ef niðurstaða Fjármálaeftirlitsins verður á þá leið að umsækjandi sé ekki hæfur til að eiga eignarhlut með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs viðkomandi fjármálafyrirtækis. Er þá meginreglan sú að synja skuli umsókn. Meðalhófs skal þó gætt bæði varðandi mat á hæfi umsækjanda sem og varðandi það til hvaða úrræða skuli gripið. Í samræmi við þetta er í 2. málsl. 1. mgr. ákvæðisins kveðið á um það að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að samþykkja eignarhaldið gegn því að umsækjandinn grípi til tiltekinna ráðstafana sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Þær ráðstafanir verða ekki tæmandi taldar upp en tilgangur þeirra er að draga úr hinum skaðlegu áhrifum sem kynnu ella að fylgja eignarhaldinu. Í ákvæðinu sjálfu eru nefnd tvö dæmi. Þannig væri Fjármálaeftirlitinu til dæmis heimilt að samþykkja eignarhaldið gegn því að umsækjandinn tilnefndi sem fulltrúa sína í félagsstjórn einstaklinga sem hefðu reynslu af fjármálastarfsemi en væru án sérstakra viðskiptatengsla við umsækjandann. Á sama hátt gæti Fjármálaeftirlitið lagt fyrir umsækjanda að fela eignarhaldið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hefði aðeins þann tilgang að sinna eignarhaldi á fjármálafyrirtækinu. Fjármálaeftirlitið gæti gripið til annarra ráðstafana ef þær þættu til þess fallnar að draga úr skaðlegum áhrifum sem að öðrum kosti mætti búast við að stöfuði af eignarhaldi umsækjanda. Fleiri ráðstafanir koma til álita, t.d. að áskilja að umsækjandi neyti ekki þess atkvæðisréttar sem hlutunum fylgir.

Samkvæmt 2. mgr. getur Fjármálaeftirlitið ekki dregið úr hömlu að svara umsókn, en gert er ráð fyrir að skriflegt svar liggi fyrir og hafi borist umsækjanda eigi síðar en einum mánuði eftir að umbeðnar upplýsingar hafa borist. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn. Er umsækjendum þar veittur rýmri réttur til rökstuðnings en leiðir af V. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 44. gr.

Umsækjendur sem fá jákvætt svar Fjármálaeftirlitsins, verða að nýta sér heimildina til að eignast hluti eða atkvæðisrétt innan sex mánaða frá því að samþykki Fjármálaeftirlitsins lá fyrir. Dragist það lengur ber þeim að sækja um að nýju. Rökin að baki þessu ákvæði eru að á því tímabili frá því að fallist hefur verið á umsókn og þar til eignarhaldið flyst til umsækjenda hefur Fjármálaeftirlitið ekki eftirlit með hæfi þeirra. Á þeim tíma kunna aðstæður hjá umsækjendum að breytast og gera þá síður til þess fallna að fara með eignarhaldið. Því þykir rétt að takmarka þann tíma sem aðilar geta dregið að ráðast í kaup á eignarhlut sem fengist hefur leyfi fyrir. Þá gildir heimildin aðeins um fjárfestingu í þeim tilteknu hlutum sem sótt var um leyfi til að fjárfesta í. Þannig getur leyfishafi ekki keypt virkan eignarhlut í öðru fjármálafyrirtæki en því sem getið var um í umsókn eða keypt stærri eða minni hlut en getið var um í umsókn, enda geta slíkar breytingar breytt valdahlutföllum í viðkomandi fyrirtæki og þar með afstöðu Fjármálaeftirlitsins til umsóknarinnar.

Um 45. gr.

Í ákvæði þessu er tekið á því hvernig fer ef aðili hirðir ekki um að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins vegna kaupa á virkum eignarhlut eða aukningar á honum umfram þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. Í þeim tilvikum fellur niður sá atkvæðisréttur sem ella fylgdi hlutunum. Fjármálaeftirlitinu ber að hafa eftirlit með slíkum fjárfestingum og tilkynna fjármálafyrirtækjum sem svo háttar til um að atkvæðisréttur skuli ekki fylgja viðkomandi hlutum. Tilgangurinn með þeirri tilkynningu er að tryggja að unnt sé að taka tillit til þess á fundum hluthafa. Sé atkvæðisréttur, sem fallið hefur niður, eigi að síður nýttur á fundum hluthafa

kunna ákvarðanir sem þar eru teknar að verða ógildanlegar skv. 96. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995.

Fjármálaeftirlitinu ber jafnframt að skora á viðkomandi fjárfesti að sækja um leyfi fyrir fjárfestingunni. Geri hann það ekki innan fjögurra vikna ber honum að selja þann hluta sem er umfram leyfileg mörk. Með leyfilegum mörkum er átt við að fjárfestinum sé eftir sem áður heimilt að eiga þann hluta hlutafjárins sem gerir hann ekki að eiganda virks eignarhlutar. Sinni viðkomandi hluthafar ekki þeirri skyldu sinni er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita þá lögmæltum viðurlögum í samræmi við heimildir þess skv. 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Skili fjárfestirinn á hinn bóginn umsókn til Fjármálaeftirlitsins ræðst framhaldið af mati Fjármálaeftirlitsins á henni. Fallist Fjármálaeftirlitið á fjárfestinguna verður atkvæðisrétturinn virkur að nýju. Fallist Fjármálaeftirlitið hins vegar ekki á fjárfestinguna ber fjárfestinum að selja það sem er umfram leyfileg mörk.

Um 46. gr.

Í ákvæði þessu er kveðið á um hvernig farið skuli með það þegar fjárfestar fjárfesta í virkum eignarhlutum þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn þeirra um leyfi til þess. Við þær aðstæður fellur atkvæðisrétturinn niður sjálfkrafa. Ber fjárfestinum að selja þann hlut sem er umfram leyfileg mörk. Gilda sömu sjónarmið og í 45. gr. um lögmælt viðurlög sem Fjármálaeftirlitið getur beitt viðkomandi til að þvinga þá til að selja hluti sína.

Um 47. og 48. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 49. gr.

Þessi grein lýtur að hinu stöðuga eftirliti sem Fjármálaeftirlitinu ber að hafa með eigendum virkra eignarhluta. Komi í ljós að aðili sem á virkan eignarhlut, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, fullnægi ekki lengur þeim hæfisskilyrðum sem leidd verða af 42. gr. frumvarpsins er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til ráðstafana til að ráða bót á því ástandi. Í 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti gripið til einnar, tveggja eða allra í senn af þeim ráðstöfunum sem þar eru tilgreindar í þremur töluliðum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti fellt niður atkvæðisrétt af viðkomandi hlutum á meðan hæfi hluthafans verður dregið í efa.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt fyrir hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki að grípa til tiltekinna ráðstafana í því skyni að lagfæra ástandið.

Að síðustu getur Fjármálaeftirlitið boðað til hluthafafundar í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Á þeim fundi hefur Fjármálaeftirlitið málfrelsi sem það getur nýtt til að greina fundarmönnum frá þeim athugasemdum sem það hefur við hæfi eða háttsemi viðkomandi hluthafa. Athygli skal vakin á því að samhliða þessu úrræði getur Fjármálaeftirlitið fellt niður atkvæðisrétt hluthafans og er því rétt að gera það ef sú ráðstöfun er til þess fallin að draga úr hinum skaðlegu áhrifum sem viðkomandi hluthafi hefur á heilbrigði fjármálafyrirtækisins.

Af 1. mgr. leiðir að Fjármálaeftirlitið getur ýmist byggt niðurstöðu sína á mati á hæfi hluthafans sem slíku eða háttsemi hans sem kann að hafa verið skaðleg fjármálafyrirtækinu. Þá skal Fjármálaeftirlitið horfa sérstaklega til þess hvort tiltrú almennings á viðkomandi fjármálafyrirtæki sé í hættu vegna stöðu eða háttsemi hluthafans.

Samkvæmt 2. mgr. ber Fjármálaeftirlitinu meðal annars að horfa til þeirra viðmiða sem upp eru talin í 42. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitinu ber lögum samkvæmt að gæta meðalhófs og ber því að grípa til eins vægra úrræða og kostur er hverju sinni.

Nátengd þessu stöðuga eftirliti Fjármálaeftirlitsins með stærri hluthöfum eru þau ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sem eiga að draga úr líkunum á að stærri hluthafar hlutafélaga misbeiti áhrifum sínum þar. Nægir þar að nefna ákvæði 95. gr. laganna um ákvarðanir hluthafafundar sem afla tilteknum hluthöfum ótilhlýðilegs ávinnings. Slíkar ákvarðanir eru ógildanlegar skv. 96. gr. laganna.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla laganna er að finna ákvæði er lúta að starfsskyldum stjórnenda, hæfiskröfum sem gerðar eru til stjórnenda eða tiltekinna starfsmanna og reglum um skipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið. Í gildandi lögum eru ákvæði um þetta nokkuð á víð og dreif. Þannig er t.d. fjallað um stjórn viðskiptabanka og sparisjóða í IV. kafla laga nr. 113/1996, en kveðið á um lánveitingar til bankastjóra eða sparisjóðsstjóra í V. kafla laganna sem fjallar um starfsemi. Þykir fara betur á því að öll ákvæði er lúta að persónu þeirra sem starfa fyrir fjármálafyrirtæki og skyldum þeirra sé að finna á einum stað. Þó skal á það bent að í VIII. kafla er að finna sérákvæði um stjórn sparisjóða.

Að mestu leyti má segja að ákvæðin endurspegli núverandi réttarástand. Hins vegar er orðalag í einstaka núgildandi lagabálkum mismunandi, og í ýmsum tilvikum hefur verið leitast við að gera ákvæðin nákvæmari og skýrari. Verður nánar vikið að þessu í athugasemdum með hverju ákvæði fyrir sig.

Þar sem ekki er lengur um að ræða aðgreiningu milli ríkisviðskiptabanka og hlutafélagabanka eru ákvæðin minni að umfangi en í núgildandi lögum um viðskiptabanka, nr. 113/1996.

Um 50. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði hlutafélagalöggjafarinnar gildi að meginstefnu til um fjármálafyrirtæki, að því marki sem eðli rekstursins kallar ekki á sérstakar reglur. Þær reglur hlutafélagalöggjafar sem hér eiga við eru einkum í IX. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Um 51. gr.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er í samræmi við lágmarksfjölda stjórnarmanna skv. 1. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga.

Samkvæmt núgildandi lögum skulu stjórnarmenn hlutafélagsbanka eða sparisjóðs vera fimm hið fæsta. Starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja skv. 20. gr. frumvarps þessa eru mun víðfeðmari en annarra fjármálafyrirtækja og má gera ráð fyrir að stærstu og umsvifamestu fyrirtæki á íslenskum fjármálamarkaði fylli þennan flokk. Þykir því rétt að halda því fyrirkomulagi að ríkari kröfur séu gerðar um skipan stjórnar slíkra fyrirtækja.

Ekki er lengur notast við hugtökin bankaráð og bankastjóri. Þetta girðir þó að sjálfsögðu ekki fyrir það að fjármálafyrirtæki kalli stjórnir sínar slíkum nöfnum sé ákvæðum laga þessara fullnægt.

Um 52. gr.

Með ákvæði þessu er leitast við að samhæfa ákvæði gildandi fjármálalöggjafar um stjórn og framkvæmdastjóra og færa til samræmis við ákvæði hlutafélagalöggjafar eftir því sem kostur er, sbr. 66. gr. hlutafélagalaga.

Í 1. mgr. er lagt til að felld verði brott sérákvæði núgildandi laga um búsetu. Skv. 2. mgr. 66. gr. hlutafélagalaga er nægilegt að framkvæmdastjóri og helmingur stjórnarmanna hlutafélags sé búsettur hérlendis. Verður ekki séð að nauðsyn beri til að gera meiri kröfur um fjármálafyrirtæki en önnur hlutafélög hvað þetta snertir. Búsetuskilyrði gildir ekki um ríkisborgara EES-ríkja sem búsettir eru í EES-ríki, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 66. gr. hlutafélagalaga.

Samkvæmt 38. gr. núgildandi laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, sem gildir einnig um aðrar lánastofnanir skv. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 123/1993, mega stjórnendur aldrei hafa misst forræði á búi sínu. Ýmsar ástæður geta verið þess valdandi að menn missi forræði á búi sínu án þess að slíkt gefi tilefni til að ætla að þeir séu ófærir til að gegna störfum við stjórn fjármálafyrirtækis. Regla núgildandi laga þykir því of ströng, og þess í stað er lagt til að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri megi ekki hafa sætt skiptameðferð síðustu fimm ár áður en hann tók við starfi sínu. Til viðbótar þessu skilyrði koma matskenndar hæfisreglur 2. mgr.

Þá er lagt til að fellt verði brott skilyrði um óflekkað mannorð sem sérstakt hæfisskilyrði, en hins vegar er tilskilið að menn hafi ekki á síðustu fimm árum gerst sekir um meiri háttar brot er tengjast atvinnurekstri. Telja verður að þetta skilyrði nái til tilvika þar sem menn hafa með lögbrotum rúið sig trausti til að hafa með höndum stjórn fjármálafyrirtækis. Er ákvæðið að þessu leyti fært til samræmis við almennar reglur hlutafélagalöggjafarinnar. Fimm ára tímamarkið gengur lengra en gildandi ákvæði hlutafélagalaga en verður að teljast eðlilegt með tilliti til þeirrar ríku ábyrgðar sem í störfum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra felst.

Í 2. mgr. er að finna matskennda hæfisreglu sem er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/12/EB. Annars vegar lýtur reglan að því hvort þekking og reynsla stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra sé nægileg til að hann fái valdið starfanum. Eðli máls samkvæmt er ekki unnt að setja fram almenn viðmið um það hvaða þekkingar eða reynslu er þörf til að stjórna fjármálafyrirtæki, heldur verður að meta slíkt hverju sinni með hliðsjón af tegund fjármálafyrirtækis og umfangi rekstursins. Hins vegar má ekki vera um það að ræða að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafi með fyrri hegðun sinni rúið sig trausti til að takast á hendur stjórn fjármálafyrirtækis. Er hér um að ræða hliðstætt skilyrði og fram kemur í núgildandi 2. mgr. 38. gr. laga nr. 113/1996 varðandi starfsferil og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1996. Skilyrði þetta er óháð ákvæðum 1. mgr., og getur því t.d. refsiverður verknaður aðila haft áhrif á mat á hæfi hans skv. 2. mgr., enda þótt brotið hafi ekki lotið að atvinnurekstri eða lengra en fimm ár sé liðið frá því dómur gekk. Enn fremur getur fyrri þrotameðferð haft áhrif á mat á hæfi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra þótt lengri tími hafi liðið frá skiptameðferð en greinir í 1. mgr. Fyrri brot á lögum um starfsemi á fjármálamarkaði hefur sérstaka þýðingu við matið, auk þess sem fyrri afskipti Fjármálaeftirlitsins eða mat þess á fyrri störfum viðkomandi hefur þýðingu við mat á hæfi. Fleiri ástæður geta komið til skoðunar. Mat Fjármálaeftirlitsins verður eðli máls samkvæmt að vera rökstutt með hliðsjón af hagsmunum fyrirtækisins og þar með viðskiptamanns.

Um 53. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum, sbr. 11. gr. laga nr. 13/1996 eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 99/2000.

Í 2.–3. mgr. er að finna nánari ákvæði um prófnefnd verðbréfaviðskipta og framkvæmd prófa. Reglur um þetta hefur hingað til verið að finna í reglugerð, sbr. núgildandi reglugerð nr. 506/2000 um próf í verðbréfaviðskiptum. Rétt þykir að festa í lög helstu ákvæði um skipan prófnefndar, heimild til töku þjónustugjalda o.s.frv. Próf skulu að jafnaði haldin

árlega, en kunna þó að vera haldin með lengra millibili, t.d. ef þátttaka nær ekki vissu lágmarki. Áfram er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra mæli fyrir um nánari framkvæmd prófa og undanþáguheimildir í formi reglugerðar, sbr. lokamálslið 3. mgr.

Um 54. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækis til að hafa í samþykktum sínum ákvæði um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra. Með orðalaginu að tekið skuli mið af ákvæðum hlutafélagalaga er átt við að framkvæmdastjóri skuli að meginstefnu til annast daglegan rekstur fjármálafyrirtækis, en stjórn þess sinna stefnumótun, eftirliti og töku meiri háttar ákvarðana, sbr. 68. gr. hlutafélagalaga. Hér skal sérstaklega bent á þá meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins þess efnis að stjórn fjármálafyrirtækis eða einstakir stjórnarmenn skuli ekki hafa afskipti af einstökum ákvörðunum um viðskipti. Mundi því almennt í samþykktum þurfa að mæla fyrir um atriði eins og skyldu stjórnar til setningar reglna um mörk heimilda framkvæmdastjóra til að veita lán og til að ákveða fjárfestingar. Að því leyti sem ekki væri kveðið á um verkaskiptingu í samþykktum eða slíkum reglum mundi hún ráðast af meginreglum félagaréttar.

Samkvæmt 2. mgr. skal stjórn fjármálafyrirtækis setja sér reglur um framkvæmd þeirra starfa sem heyra undir hana samkvæmt framangreindri verkaskiptingu. Skyldu til setningar starfsreglna leiðir af ákvæðum 4. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga. Hér er hins vegar mælt fyrir um þau atriði sem nauðsyn ber til að komi fram í slíkum reglum vegna séreðlis fjármálafyrirtækja. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði sent afrit reglnanna og síðari breytinga á þeim. Með því móti gefst Fjármálaeftirlitinu færi á að gera athugasemdir ef það telur reglurnar á einhvern hátt fara í bága við lögin þótt ekki sé áskilin staðfesting Fjármálaeftirlitsins.

Um 55. gr.

Ákvæði þetta geymir reglur um þátttöku stjórnarmanna í einstökum ákvörðunum í rekstri fjármálafyrirtækis.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að ákvarðanataka varðandi einstök viðskipti eigi ekki að vera háð afskiptum stjórnar eða einstakra stjórnarmanna. Í þessu felst m.a., að einstakir stjórnarmenn geta ekki gefið framkvæmdastjóra eða undirmönnum hans fyrirmæli um afgreiðslu einstakra mála. Þó er sleginn sá varnagli að einstakar ákvarðanir, t.d. um lánveitingar, kunna að hafa úrslitaáhrif á rekstur fjármálafyrirtækis í heild sinni. Í slíkum tilvikum væri rétt að fela stjórninni ákvarðanatöku. Nánari afmörkun á heimildum stjórnar í þessa veru mundi ráðast af efni reglna sem stjórn setur, sbr. 54. gr.

Í 2. mgr. koma fram ófrávíkjanlegar reglur varðandi sérstakt hæfi stjórnarmanna við meðferð einstakra mála. Ákvæði 1. tölul. er sama efnis og 3. mgr. 40. gr. núgildandi laga nr. 113/1996 að því frátöldu að ekki er lengur mælt fyrir um að eignarhlutur í fyrirtæki geri stjórnarmann fortakslaust vanhæfan. Réttara þykir að hagsmunatengsl af þessu tagi séu metin í hverju tilviki eftir því hvort eignarhlutur feli í sér „verulega hagsmuni“ í skilningi ákvæðisins. Ákvæði 2. tölul. er hins vegar nýmæli. Styðst það annars vegar við þau augljósu rök að tengsl stjórnarmanns við t.d. fyrirtæki getur leitt til þess að hann geti ekki litið hlutlausum augum á viðskiptaerindi frá keppinaut þess, og hins vegar kann þátttaka stjórnarmanns í meðferð máls að leiða til þess að hann komist yfir upplýsingar varðandi viðkvæma samkeppnis- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækis sem á í samkeppni við aðila sem honum er tengdur. Skv. 2. mgr. 54. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stjórn fjármálafyrirtækis setji reglur er taki á meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn, m.a. með það í huga að þær

komi ekki fyrir augu vanhæfra stjórnarmanna. Regla 2. málsl. er sama efnis og 2. málsl. 3. mgr. núgildandi 40. gr. laga nr. 113/1996 og þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að viðskiptaerindi stjórnarmanna og aðila sem tengjast þeim skuli ávallt lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis. Rökin fyrir því að gera að þessu leyti ríkari kröfur um afgreiðslu viðskiptaerinda eru þau að koma í veg fyrir að stjórnarmenn geti í krafti stöðu sinnar komið á viðskiptum sem ella hefðu ekki verið samþykkt. Hins vegar er gert ráð fyrir heimild fyrir stjórn fjármálafyrirtækis að setja sér almennar reglur þess efnis að tiltekin viðskipti stjórnarmanna eða tengdra aðila þurfi ekki að hljóta slíka meðferð. Slíkar undantekningar þurfa að vera vel afmarkaðar í reglum og taka mið af áhættu og umfangi þeirra viðskipta sem um er að tefla.

Um 56. gr.

Tilgangur ákvæðis þessa er tvíþættur. Í fyrsta lagi er bann við því að framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis taki þátt í atvinnurekstri til þess fallið að minnka líkur á hagsmunaárekstri. Í öðru lagi verður að telja æskilegt að framkvæmdastjóri helgi sig starfanum óskiptur.

Með öðrum starfsmönnum í lokamálslið ákvæðisins er einkum átt við útibússtjóra, forstöðumenn sviða, sjóðsstjóra og aðra stjórnendur.

Um 57. gr.

Í grein þessari er mælt fyrir um að tiltekin meiri háttar viðskipti framkvæmdastjóra við fjármálafyrirtæki geti ekki átt sér stað án samþykkis stjórnar. Ákvæðið styðst við svipuð rök og áskilnaður 3. mgr. 55. gr. um að viðskiptaerindi einstakra stjórnarmanna sæti umfjöllun stjórnar, þ.e. að komið sé í veg fyrir að framkvæmdastjóri neyti aðstöðu sinnar til að koma á viðskiptum sem fjármálafyrirtækið hefði ella ekki staðið að. Gera verður ráð fyrir að stjórn fjármálafyrirtækis geti samkvæmt þessu ákvæði samþykkt fyrirkomulag í minni háttar viðskiptum, þannig að ekki þurfi að bóka hvern einstakan gerning þegar þeir skapa ekki einir og sér hættu á hagsmunaárekstrum, hættu á að trúverðugleiki verði dreginn i efa eða aðra áhættu.

Lagt er til að felldur verði brott áskilnaður núgildandi 1. mgr. 47. gr. laga nr. 113/1996 þess efnis að kjör í viðskiptum framkvæmdastjóra við fjármálafyrirtækið séu á engan hátt frábrugðin því sem aðrir viðskiptamenn njóti. Telja verður eðlilegra að fjármálafyrirtæki sé frjálst að ákveða sérkjör til framkvæmdastjóra ef það svo kýs, t.d. sem hluta launakjara. Áskilnaður um samþykki stjórnar tryggir að ekki sé gengið gegn hagsmunum fyrirtækisins sjálfs við slíka ákvarðanatöku.

Um 58. gr.

Í ákvæði þessu er að finna almennar reglur um bankaleynd. Til viðbótar ákvæðum þessara laga gilda almenn ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Meginreglan um þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækis kemur fram í 1. mgr., og samsvarar hún efnislega ákvæði núgildandi 43. gr. laga nr. 113/1996. Með breyttu orðalagi er hins vegar hnykkt á því að upplýsingar sem leynt eiga að fara geta bæði verið viðskiptalegs og persónulegs eðlis. Enda þótt beiting ákvæðisins hljóti ávallt að vera háð mati líkt og núgildandi ákvæði yrði í vafatilvikum að telja að upplýsingar sem fjármálafyrirtæki byggi yfir um viðskiptamann sinn félli undir þagnarskyldu, nema atvik bentu til annars. Felld er brott tilvísun í úrskurð dómara, enda fellur slíkt undir það tilvik þegar skylt er að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Hins vegar felur orðalag ákvæðisins í sér að þagnarskylda á við, jafnt þótt ekki sé um að ræða starfsmann fjármálafyrirtækis í skilningi vinnuréttar. Aðili sem

kemst á snoðir um trúnaðarupplýsingar vegna starfa sinna fyrir fjármálafyrirtæki sem verktaki er því bundinn þagnarskyldu.

Ekki er sjálfgefið að ólíkir hópar þagnarskyldra aðila hafi heimild til að skiptast á trúnaðarupplýsingum sín í milli. Upplýsingagjöf milli ólíkra fjármálafyrirtækja innan samstæðu er t.d. óheimil, nema uppfyllt séu skilyrði 62. gr. um undanþágu vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.

Í 1. málsl. 2. mgr. kemur fram meginregla þess efnis, að „trúnaðarskylda fylgi upplýsingum“. Miðlun trúnaðarupplýsinga, hvort sem hún byggist á samþykki, sjónarmiðum um áhættustýringu eða ákvæðum í sérlögum, leiðir ekki til þess að trúnaðinum sé aflétt gagnvart öðrum en mótttakanda upplýsinganna. Í samræmi við þetta er í 2. málsl. 2. mgr. kveðið á um skyldu þess sem veitir trúnaðarupplýsingar til að brýna inntak þagnarskyldunnar fyrir viðtakanda. Í mörgum tilvikum mundi viðtakandinn sjálfur vera bundinn þagnarskyldu samkvæmt lögum, en svo þarf þó ekki að vera í öllum tilvikum.

Um 59. gr.

Í þessu ákvæði er að finna undanþágu frá þagnarskyldu í þeim tilvikum þar sem upplýsingagjöf er nauðsynleg vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni. Ljóst er að umfang einstakra viðskipta getur verið slíkt að nauðsyn beri til slíkrar upplýsingagjafar. Hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum danskra laga um þetta efni.

Tilskilið er að móðurfélagið sé einnig fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði eins og það hugtak er skilgreint í 4. mgr. 97. gr. Um er að ræða undantekningu frá meginreglu um þagnarskyldu, og ber því að túlka heimildina þröngt, enda eru settar tvenns konar takmarkanir á upplýsingamiðlun samkvæmt ákvæðinu. Hið fyrra lýtur að því að upplýsingamiðlun sé nauðsynleg vegna áhættustýringar eða eftirlits á samstæðugrunni. Í þessu sambandi skal bent á að skv. 17. gr. er fjármálafyrirtækjum skylt að hafa yfir að ráða eftirlitskerfi með áhættum. Má því vænta þess að fyrir fram sé ljóst hvers konar upplýsingar fari milli eininga í samstæðu. Síðari takmörkunin er á þá leið að aldrei er heimilt að miðla upplýsingum er varða einkamálefni viðskiptamanna. Ákvörðun um það hvort upplýsingar um viðskiptamann teljist til einkamálefna hans er eðli máls samkvæmt ávallt háð mati. Þó má hafa leiðsögn af almennum lagasjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og ákvæðum í settum lögum, t.d. skilgreiningu á viðkvæmum persónuupplýsingum í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Að því er varðar upplýsingagjöf til stjórnar *sama* fyrirtækis leiðir af ákvæðum 54. og 55. gr. að stjórn fjármálafyrirtækis á í fyrsta lagi ekki að hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum varðandi einstaka viðskiptavini fram yfir það sem nauðsyn krefur við afgreiðslu þeirra mála sem heyra undir hana samkvæmt samþykktum. Í öðru lagi skulu starfsreglur stjórnar tryggja að trúnaðarupplýsingar um einstaka viðskiptamenn komi ekki fyrir augu vanhæfra stjórnarmanna.

Um 60. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Gert er ráð fyrir að viðskiptamaður geti samþykkt að bankaleynd sé aflétt, svo fremi sem ljóst sé um hvaða upplýsingar er að ræða, hver viðtakandi þeirra er og í hvaða tilgangi miðlun upplýsinganna fer fram. Samþykki sem ekki uppfyllir þessi skilyrði leiðir ekki til brottfalls bankaleyndar skv. 58. gr.

Um VIII. kafla.

Árið 1915 voru sett fyrstu lögin um sparisjóði. Í þeim var gerð nokkuð nákvæm grein fyrir hinum ýmsu þáttum sem snertu rekstur sparisjóða, t.d. hvaða ákvæði skyldi vera að finna í

samþykktum og hvernig stjórn skyldi kosin. Í lögunum var að meginstefnu til gengið út frá því að allur hagnaður rynni í varasjóð en þó voru þröngar heimildir í lögunum til að greiða stofnfjáreigendum vexti af stofnfé sínu.

Árið 1941 voru sett ný lög um sparisjóði, talsvert breytt frá þeim fyrri. Með lögunum var dregið úr valdi stofnfjáreigenda en forræði þess opinbera á stjórn þeirra aukið. Voru heimildir sparisjóða til útlána takmarkaðar og tengdar eigin fé viðkomandi sjóðs. Voru bæði sett mörk við þeim heildarútlánum sem sjóðum voru heimil og hversu mikið mætti lána einstökum aðilum. Þá var með lögunum komið á stofn tryggingarsjóði sparisjóðanna sem átti að tryggja að útlán kæmu ekki í veg fyrir að sparisjóðirnir gætu jafnan staðið innstæðueigendum skil á fé þeirra þegar þess væri krafist.

Hin þriðju lög um sparisjóði, sem sett voru árið 1985, fólu í sér veigamiklar breytingar á starfsgrundvelli sparisjóða. Þóttu lögin frá 1941 hafa gengið sér til húðar og ekki fullnægja þeim kröfum sem rekstur sparisjóða gerði. Var almennur vilji löggjafans að rýmka starfsheimildir sparisjóða og leyfa þeim að starfa á sömu forsendum og aðrar innlánsstofnanir. Voru starfsheimildir sparisjóða því auknar og felld úr gildi öll þau ákvæði eldri laga sem takmörkuðu starfsemi sparisjóða borið saman við starfsemi viðskiptabanka. Hið misjafna rekstrarform og eignarhald banka og sparisjóða hélst hins vegar óbreytt. Í lögunum var hagur stofnfjáreigenda þó aukinn, einkum með því að þá varð í fyrsta sinn heimilað að verðtryggja stofnfé sem hafði rýrnað mjög í verðbólgutíð. Þá var í fyrsta sinn kveðið á um heimild stofnfjáreigenda til að framselja stofnfjárhluti sína, að vissum skilyrðum fullnægðum.

Fram að gildistöku laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 43/1993, hafði löggjöf um sparisjóði annars vegar og viðskiptabanka hins vegar verið í tvennum aðskildum lögum. Með lögum nr. 43/1993 var lagaákvæðum um viðskiptabanka og sparisjóði hins vegar steypt saman í eina heildstæða löggjöf. Í lögunum var enn fremur mælt fyrir um ýmis nýmæli auk þess sem aukið var við efnisinntak eldri ákvæða. Þannig voru starfsheimildir auknar með lögunum frá því sem áður hafði verið.

Með lögum nr. 71/2001 voru gerðar mikilvægar breytingar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Með lögunum var starfandi sparisjóðum veitt heimild til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Þá voru gerðar breytingar á ákvæðum um stofnfjárbréf í því skyni að gera bréfin að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti. Að lokum var sú breyting gerð að í stað þess að sveitarfélög eða héraðsnefndir tilnefni tvo stjórnarmenn af fimm í sparisjóði er heimilt að kveða í samþykktum á um að stofnfjáreigendur kjósi alla fimm stjórnarmenn sparisjóðs.

Í þessum kafla frumvarpsins hefur verið safnað saman sérákvæðum um stofnun, stjórn og ráðstöfun hagnaðar sparisjóða. Þetta eru ákvæði 15.–23. gr., 32.–37. gr., 52. gr. og 59. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frumvarpinu er lagt til að ýmis ákvæði um sparisjóði falli úr gildi, vegna þess að þau annaðhvort leiðir af lögum um hlutafélög, sbr. VII. kafla frumvarpsins, eða þau eru ekki lengur talin eiga við um sparisjóði. Þetta eru 2. mgr. 15. gr., 19. gr., 32.–34. gr., 2.–4. mgr. 36. gr. og 37. gr.

Í þessum kafla er lagt til að að yfirtökuvarnir sparisjóða verði treystar. Helstu breytingum frá gildandi ákvæðum eru gerð skil í athugasemdum við 64. og 70. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Greinin er óbreytt frá 15. gr. laga nr. 113/1996 að því frátöldu að 2. mgr. gildandi laga um að ákvörðun um breytingu á samþykktum sparisjóðs skuli hljóta samþykki ⅔ hluta greiddra atkvæða hefur verið felld út. Ákvæðið er ekki sérákvæði fyrir sparisjóði þar eð það er tekið upp úr lögum nr. 2/1995 og gildir fyrir öll fjármálafyrirtæki.

Um 62. gr.

Greinin er óbreytt frá 16. gr. laga nr. 113/1996.

Um 63. gr.

Greinin er óbreytt frá 17. gr. laga nr. 113/1996 að öðru leyti en því að bætt hefur verið við 4. mgr. að stofnfé geti verið endurgreitt til stofnfjáreigenda samkvæmt ákvæðum 65. gr. Þetta er ekki efnisleg breyting heldur leiðir hana af þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 71/2001.

Um 64. gr.

Í grein þessari er áskilið að sala eða annað framsal stofnfjárhlutar verði að hljóta samþykki sparisjóðsstjórnar. Ef grunur vaknar um að fyrirhugað framsal sé liður í því að kaupandi eignist virkan eignarhlut skal sparisjóðsstjórn vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins. Leiði rannsókn Fjármálaeftirlitsins til þeirrar niðurstöðu að reglur um virkan eignarhlut eigi við tekur það afstöðu í samræmi við ákvæði VI. kafla.

Um 65. gr.

Greinin er óbreytt frá 20. og 21. gr. laga nr. 113/1996, en 20. gr. var breytt með lögum nr. 71/2001. Í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 71/2001 sagði um þessa breytingu:

„Með greininni er ætlunin að auðvelda stofnfjáreigendum að selja stofnfjárbréf sín. Í 1. mgr. 20. gr. laganna segir að stjórn sparisjóðs sé heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði við þrjár tilteknar aðstæður; í fyrsta lagi við andlát stofnfjáreiganda, í öðru lagi við eigendaskipti á stofnfjárhlut þegar fjárslit fara fram milli hjóna og í þriðja lagi við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins. Telja verður að skilyrði þessi séu of þröng og æskilegt sé fyrir stofnfjáreigendur að heimildin sé rýmkuð. Fyrir vikið ættu stofnfjárbréf að verða fýsilegri fjárfestingarkostur.

Samkvæmt þessari grein er innlausn stofnfjárhluta í sparisjóði að beiðni stofnfjáreigenda sparisjóðum einungis heimil en ekki skyld. Synji sparisjóður um innlausn fer samkvæmt ákvæðum 21. gr. Með þessari breytingu verða stofnfjárbréf ekki að framseljanlegum bréfum sem ganga kaupum og sölum á markaði. Áfram mun gilda ákvæði 18. gr. um bann við sölu eða öðru framsali stofnfjárhlutar í sparisjóði nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.“

Um 66. gr.

Greinin er óbreytt frá 22. gr. laga nr. 113/1996.

Um 67. gr.

Greinin samsvarar 23. gr. laga nr. 113/1996 að öðru leyti en því að miðað er við vísitölu neysluverðs í stað lánskjaravísitölu og tekin hefur verið út vísun til ártals. Þá er ekki lengur heimilt að hafa hliðsjón af stöðu eigin fjár sparisjóðs við endurmat.

Um 68. gr.

Greinin er óbreytt frá 59. gr. laga nr. 113/1996 en sú grein laganna tók miklum breytingum með lögum nr. 71/2001. Í athugasemd með frumvarpi sem varð að lögum nr. 71/2001 sagði um þessa grein:

„Í greininni er kveðið á um ráðstöfun hagnaðar og ákvörðun arðs í sparisjóðum sem ekki breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Markmiðið er að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverð-

ari kosti á fjármagnsmarkaði. Breyting í þá átt var síðast gerð árið 1993. Þá var við ákvörðun um greiðslu arðs felld niður viðmiðun við bestu innlánskjör í sparisjóði á hverjum tíma en lagt í vald aðalfundar að ákveða arðgreiðsluna.

Eina breytingin í 1. tölul. greinarinnar er að lagt er til að heimilt verði að greiða arð þótt tap sé af rekstri sparisjóðs. Arðgreiðslan takmarkast þó af ákvörðun öryggissjóðs. Í 1. tölul. er, eins og í gildandi lögum, kveðið á um að aðalfundur geti ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð og öryggissjóður ákveði hámarkshlutfall arðgreiðslu. Í greininni er kveðið á um öryggissjóð samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta í stað Tryggingasjóðs sparisjóða. Tilvísanir í Tryggingasjóð sparisjóða hafa verið teknar út úr lögum um viðskiptabanka og sparisjóði að frátaldri þessari í 59. gr. Með lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, var X. kafli laga um viðskiptabanka og sparisjóði felldur úr gildi. Tryggingasjóður sparisjóða er enn þá starfandi en nú sem öryggissjóður skv. 19. gr. laga nr. 98/1999. Ákvörðun Tryggingasjóðs sparisjóða um hámarkshlutfall arðgreiðslu er eins konar öryggisventill fyrir sjóðinn, enda hefur hann verulegra hagsmuna að gæta af því að útgreiðsla arðs tefli ekki hag einstakra sparisjóða í tvísýnu.

Í 2. tölul. er nýmæli. Í því skyni að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðum fjárfestingarkosti er lagt til að heimilt sé að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé sjóðsins, þó þannig að hækkun stofnfjár verði aldrei meiri en 5% á ári. Þessi hækkun á stofnfé kemur til viðbótar endurmati skv. 23. gr. laganna. Þessari breytingu er ætlað að bæta stöðu þeirra sparisjóða sem líklegt má telja að hafi ekki áhuga á að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag. Markmiðið er að gera stofnfjárbréf að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti með því að auka arðsvon stofnfjáreigenda.“

Um 69. gr.

Greinin er óbreytt frá 2. málsl. 52. gr. laga nr. 113/1996.

Um 70. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um eignarhluta og meðferð þeirra. Orðalagi ákvæða um atkvæðisrétt hefur verið breytt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að farið sé í kringum reglur um hámark atkvæðisréttar með eignarhaldi fleiri tengdra aðila á eignarhlutum. Hugtakið óbein eignaraðild er hér notað í sömu merkingu og í 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins og vísast um nánari skýringar til athugasemda við þá grein.

Í 2. mgr. er að finna nánari fyrirmæli um samþykki stjórnar, sbr. 64. gr., þegar um er að ræða eigendaskipti að stofnfjárhlutum sem leiða til þess að einn aðili eða tengdir aðilar öðlist virkan eignarhlut í skilningi laga þessara.

Dreifð eignaraðild að sparisjóðum hefur frá upphafi verið ein af meginstoðum sparisjóðakerfisins hér á landi. Sér þessa stað víða í gildandi löggjöf. Má þar nefna fyrirmæli laga um að stofnfjáreigendur skuli vera minnst 30 og þá meginreglu að stofnfjáreigendur skuli eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Í samræmi við þetta voru stofnfjárhlutir lengst af ekki framseljanlegir að íslenskum rétti. Framsal stofnfjárhluta var fyrst heimilað með 9. gr. laga nr. 87/1985, fyrst og fremst í því skyni að auðvelda sparisjóðunum að afla aukins eigin fjár. Framsali voru þó settar ýmsar skorður í lögunum, og studdust þær við þau rök að hin sérstöku einkenni sparisjóðanna og starfsemi þeirra gerðu að verkum að sparisjóðunum væri nauðsynlegt að hafa hönd í bagga varðandi það hverjir væru aðilar að þeim. Ákvæðum um samþykki stjórnar mun einkum hafa

verið ætlað að tryggja að stjórn sparisjóðs gæti haft ákvörðunarvald um það hverjir gerðust stofnfjáreigendur, með tilliti til eðlis og tilgangs sparisjóðsins.

Af athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 87/1985, sem og athugasemdum við síðari breytingar á lagaákvæðum um sparisjóði, má ráða að vilji löggjafans hafi ekki staðið til þess að stofnfjárbréf gengju kaupum og sölum á almennum markaði. Er enda ljóst að grundvallarmunur er á stofnfé í sparisjóði og hlutafé í hlutafélagi þar sem stofnfjáreign jafngildir ekki hlutdeild í eigin fé sparisjóðs með sama hætti og hlutafjáreign felur í sér. Í flestum sparisjóðum er því svo varið að stofnfé nemur einungis litlum hluta heildareiginfjár. Bróðurpartur eigin fjár er í eigu sparisjóðsins sjálfs, og til þeirra fjármuna eiga stofnfjáreigendur ekkert tilkall. Á hinn bóginn er ljóst að yfirráð yfir stjórn sparisjóðs veita völd til að stjórna þessum fjármunum.

Til viðbótar framangreindum röksemdum til stuðnings dreifðri eignaraðild að sparisjóðum er þess að geta að samkeppnishæfni sparisjóðakerfisins sem slíks byggist ekki síst á samstarfi þar sem hinir stærri og fjársterkari sparisjóðir leggja til mestu stærðarhagkvæmnina. Yfirtaka á einum eða fleiri þessara stærri sparisjóða mundi fyrirsjáanlega leiða til þess að sparisjóðakerfið liði undir lok.

Sumarið 2002 var gert yfirtökutilboð í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) með það að markmiði að SPRON rynni að lokum saman við annað fjármálafyrirtæki. Var afstaða Fjármálaeftirlitsins sú að ákvæði gildandi laga yrðu ekki túlkuð á þann veg að óheimilt væri að framselja stofnfjárhluti á yfirverði með þeim hætti sem yfirtökutilboðið gerði ráð fyrir. Sú niðurstaða hefur leitt af sér bagalega réttaróvissu fyrir sparisjóðina varðandi það hver staða þeirra er gagnvart hugsanlegum fjandsamlegum yfirtökutilboðum af hendi annarra fjármálafyrirtækja.

Með ákvæðum 2. mgr. eru treystar varnir sparisjóðanna gegn slíkum yfirtökuboðum með því að skerpa á meginreglunni um dreifða eignaraðild. Er í ákvæðinu skýrt kveðið á um það að stjórn sé heimilt og skylt að synja um framsal stofnfjárhluta sem leiða mundi til myndunar virks eignarhluta í skilningi laganna, nema því aðeins að uppfyllt sé annað hvort tveggja tilgreindra skilyrða.

Í fyrsta lagi kann myndun virks eignarhluta að réttlætast af sérstökum aðstæðum vegna nauðsynjar á fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs. Hér kann að vera um að ræða björgunaraðgerðir, t.d. tímabundna eignaraðild sveitarfélags á starfssvæði sparisjóðsins í því skyni að tryggja stöðugleika í atvinnulífi. Í öðru lagi kann öflun stofnfjárhlutarins að vera liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu, að því marki sem slík samvinna er heimil vegna ákvæða annarra laga, t.d. samkeppnislaga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að einstakur stofnfjáreigandi geti aldrei farið með meira en 5% heildaratkvæðamagns, og hefur það hlutfall gilt frá gildistöku laga nr. 43/1993. Samkvæmt þeim lögum sem áður giltu var atkvæðisréttur takmarkaður við 20% heildaratkvæðamagns í sparisjóði. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 43/1993 sagði um þessa málsgrein: „Með hliðsjón af breytingum sem lagðar eru til á 5. gr. frumvarpsins og opna stofnfjáreign í sparisjóðum fyrir öllum lögaðilum, þykir rétt að takmarka atkvæðisrétt enn frekar og miða nú við að enginn geti farið með fyrir sjálfs síns hönd eða annarra meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Með því er enn frekar stuðlað að valddreifingu innan sparisjóða og jafnframt má ætla að ákvæðið stuðli frekar að því að einstaklingar eða lögaðilar sjái sér hag í því að festa fjármuni sína í sparisjóðum."

Í 4. mgr. er áréttað að stofnfjáreiganda sé óheimilt að fela öðrum umboð sitt á fundum stofnfjáreigenda nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum viðkomandi sparisjóðs.

Um 71. gr.

Greinin er óbreytt frá 98. gr. laga nr. 113/1996.

Um 72. gr.

Greinin er óbreytt frá 1. mgr. 36. gr. laga nr. 113/1996. Þessi málsgrein tók breytingum með lögum nr. 71/2001. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 71/2001 sagði um þessa grein: „Í þessari grein er lagt til að fundur stofnfjáreiganda hafi val um hvort sveitarfélög (eða héraðsnefndir) skuli skipa tvo af fimm stjórnarmönnum í sparisjóði. Nokkuð hefur verið um það rætt á undanförnum árum hvort sú skipan að sveitarfélög skipi í stjórn sparisjóðs sé eðlileg. Hefur í því sambandi verið nefnt að það skjóti skökku við að í stjórn sparisjóða skuli sitja fulltrúar aðila sem oft eiga engra beinna hagsmuna að gæta við rekstur þeirra en fara samt sem áður með 40% stjórnarsæta. Sameiningar sparisjóða og sameiningar sveitarfélaga geta einnig leitt til þess að erfiðara er að velja sveitarfélagsmenn til setu í stjórnum sparisjóða. Sé það hins vegar vilji einstakra sparisjóða að hverfa ekki alfarið frá því fyrirkomulagi sem gilt hefur er því farin sú leið í þessu frumvarpi að aðkoma sveitarfélaga sé háð ákvörðun fundar stofnfjáreigenda.“

Stjórnarmenn, sem eru ekki kosnir af stofnfjáreigendum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Um 73. gr.

Þessi grein er óbreytt frá 1.–2. mgr., 5.–8. mgr. og 10. mgr. 37. gr. A. laga nr. 113/1996. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 71/2001 sagði svo um þessar málsgreinar:

„Í 1. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti breytingin í hlutafélag skuli eiga sér stað. Greinin á sér samsvörun í samrunaákvæði 72. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Það skal tekið fram að samþykki ráðherra er fengið að loknum fundi stofnfjáreigenda. Breyting sparisjóðs í hlutafélag er framkvæmd með samruna sparisjóðsins við hlutafélag sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í þessu skyni. Rétt er einnig að taka fram að heimildin til umbreytingar sparisjóðs í hlutafélag takmarkast við þá sparisjóði sem eru starfandi hinn 31. desember 2000. Verði frumvarpið að lögum verður ekki unnt að stofna nýja sparisjóði í formi hlutafélaga eða að breyta sparisjóðum sem stofnaðir verði eftir 31. desember 2000 síðar í hlutafélag. Við stofnun nýrra innlánsstofnana mun valið því standa á milli þess að stofna hlutafélagsbanka eða sparisjóð í rekstrarformi samkvæmt núgildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarksfjölda stofnenda og hluthafa. Þetta er gert til einföldunar þannig að sparisjóðurinn geti stofnað hlutafélagið án þátttöku annarra og verið eini hluthafinn í því þar til breyting sparisjóðs í hlutafélag á sér stað.

Í 5. mgr. segir að við breytingu sparisjóðs í hlutafélag haldi starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu. Hlutafélagið tekur að sér allan rekstur sparisjóðsins og allar eignir hans og skuldir, réttindi og skuldbindingar. Hér er því ekki um nýja starfsemi að ræða og ekki þörf á að veita starfsleyfi að nýju.

Í 6. mgr. segir að ekki sé skylt að gefa út innköllun til lánardrottna og breytingin sé undanþegin stimpilgjöldum í veðmálabókum.

Í 7. mgr. segir að undanþágur 7. gr. laganna frá kröfum um eigið fé gildi áfram eftir breytingu sparisjóðs í hlutafélag.

Í 8. mgr. er kveðið á um að sparisjóði sem breytt er í hlutafélag sé auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Í 10. mgr. er kveðið á um að ákvæði laganna um hlutafélagsbanka auk ákvæða laga um hlutafélög skuli gilda eftir því sem við getur átt um sparisjóði sem breyta sér í hlutafélög.“

Um 74. gr.

Greinin er óbreytt frá 3.–4. mgr. 37. gr. A laga nr. 113/1996. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 71/2001 sagði svo um þessar málsgreinar:

„Í 3. mgr. er sagt til um hvernig hlutafé í hlutafélaginu skuli skiptast við breytingu sparisjóðs í hlutafélag. Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Þeir geta einnig, sbr. 4. mgr. (131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög), krafist þess að stofnfjárbréf þeirra verði innleyst ef þeir hafa greitt atkvæði gegn samruna sparisjóðsins við hlutafélagið og skrifleg krafa um það er gerð innan mánaðar frá því að fundur stofnfjáreigenda var haldinn.

Í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði segir að stofnfjáreigendur hafi ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs um fram það sem mælt er fyrir um í lögunum. Einnig segir að stofnfjáreigendur skuli einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu. Stofnfjáreigendur eiga með öðrum orðum ekki tilkall til eigin fjár sparisjóðs nema þess stofnfjár sem þeir sjálfir lögðu til hans, en það er heimilt að endurmeta skv. 23. gr. laganna. 3. mgr. greinarinnar tekur mið af þessu. Þar segir að samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum skuli nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 23. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi. Þetta er best að útskýra með dæmi. Gerum ráð fyrir að stofnfé í sparisjóði nemi 50 millj. kr. af 500 millj. kr. eigin fé hans, eða 10%. Ef áætlað markaðsvirði sparisjóðsins samkvæmt mati óháðra aðila er tvöfalt eigið fé hans, eða 1.000 milljónir, eiga stofnfjáreigendur rétt á að fá hlutafé í sparisjóðnum sem nemur 5%, þ.e. 50 milljónum af áætluðu markaðsvirði, 1.000 milljónum. Afgangurinn, 95% af hlutafé sparisjóðsins, rennur til sjálfseignarstofnunar samkvæmt lokamálslið 3. mgr.

Í 3. mgr. kemur einnig fram að óháður aðili skuli meta áætlað markaðsvirði sparisjóðs sem hyggur á breytingar á rekstrarformi sínu. Miðað er við að markaðsvirðið sé áætlað út frá því að sparisjóðurinn haldi áfram rekstri í dreifðri eignaraðild en ekki hvað þriðji aðili sé tilbúinn að greiða fyrir sparisjóðinn. Mikilvægt er að óháður aðili sé fenginn til að meta markaðsvirðið. Ekki er eðlilegt að stjórn sparisjóðsins hafi sjálf þetta mat með höndum. Það kemur til af því að meiri hluti sparisjóðsstjórnar eru fulltrúar stofnfjáreigenda sem hafa hagsmuni af því að markaðsvirðið sé metið sem lægst enda leiðir það til meiri hlutafjáreignar stofnfjáreigenda í sparisjóðnum. Það er síðan sparisjóðsstjórnar, að fengnu mati óháðs aðila, að leggja til við fund stofnfjáreigenda að breyta sparisjóði í hlutafélag.

Sá aðili, einn eða fleiri, sem sparisjóðsstjórn fær til að meta markaðsvirði sparisjóðsins verður að hafa faglega þekkingu til að bera til að meta virði fyrirtækja. Hér er átt við lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, ráðgjafarfyrirtæki og endurskoðunarfyrirtæki svo dæmi séu nefnd. Með óháðum aðila er átt við að aðilinn hafi ekki beinna viðskiptahagsmuna að gæta við sparisjóðinn, t.d. endurskoði reikninga sparisjóðsins eða hafi sterk viðskiptatengsl við hann að öðru leyti.

Í 4. mgr. er kveðið á um að samrunaákvæði 120.–128. gr. hlutafélagalaga gildi um samruna sparisjóðs og hlutafélags þess sem sparisjóður stofnar í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins. Einnig gildir ákvæði 131. gr. en þar er kveðið á um að hluthafar eigi kröfu á því að hlutabréf þeirra verði innleyst ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að hluthafafundurinn var haldinn.

Eftirfarandi er stutt lýsing á gangi mála við umbreytingu sparisjóðs í hlutafélag:

1. Stjórn sparisjóðs tekur ákvörðun um að stefna að breytingu sparisjóðsins í hlutafélag.
2. Stjórn sparisjóðs felur óháðum aðila að meta áætlað markaðsvirði sparisjóðsins.

3. Sparisjóðurinn stofnar hlutafélag til breytingar á sparisjóðnum með samruna.
4. Stjórnir sparisjóðsins og hlutafélagsins gera og undirrita samrunaáætlun og semja greinargerð með henni. Greinargerðinni fylgir sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur hlutafélagssparisjóðsins.
5. Matsmenn gera skýrslu um samrunaáætlunina.
6. Samrunaáætlunin og skýrsla matsmanna eru send til hlutafélagaskrár og tilkynning um móttöku þessara skjala birt í Lögbirtingablaðinu.
7. Sparisjóðurinn undirbýr stofnun sjálfseignarstofnunar sem verður eigandi þess hluta hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda.
8. Tillaga um breytingu sparisjóðsins í hlutafélag á grundvelli samrunaáætlunarinnar og niðurstöðu mats óháðs aðila um áætlað markaðsvirði sparisjóðsins (og þar með um hlutdeild stofnfjáreigenda í heildarhlutafé hlutafélagssparisjóðsins) er lögð fyrir fund stofnfjáreigenda. Fund þennan má í fyrsta lagi halda einum mánuði eftir birtingu tilkynningar í Lögbirtingablaðinu um móttöku samrunaáætlunar og skýrslu matsmanna.
9. Stjórn hlutafélagsins tekur ákvörðun um samruna sparisjóðsins við félagið.
10. Samþykkis viðskiptaráðherra leitað fyrir breytingu sparisjóðs í hlutafélag.
11. Viðskiptaráðherra óskar eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins.
12. Hlutafélagaskrá tilkynntar ákvarðanir um samrunann.

Rétt er að taka fram að ákvæði 4. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, gilda um samruna sparisjóðsins við hlutafélagið. Slit sparisjóðsins við samrunann hefur því ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hlutafélagið og heldur ekki fyrir sparisjóðinn. Þá tekur hlutafélagið samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 65/1982 við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum sparisjóðsins.“

Um 75. gr.

Greinin er óbreytt frá 9. mgr. 37. gr. A laga nr. 113/1996, að því frátöldu að með sama hætti og gert er í 70. gr. er orðalagi ákvæðisins breytt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að farið sé í kringum reglur um hámark atkvæðisréttar með eignarhaldi fleiri tengdra aðila á eignarhlutum. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 71/2001 sagði um samsvarandi ákvæði:

„Í 9. mgr. er tekið upp það ákvæði 2. mgr. 35. gr. laganna að einstökum hluthöfum sé óheimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Þetta er gert í því skyni að stuðla að dreifðri eignaraðild. Ákvæðið um hámarksatkvæðisrétt einstakra hluthafa girðir ekki fyrir að í samþykktum einstakra hlutafélagssparisjóða verði kveðið á um enn takmarkaðri atkvæðisrétt einstakra hluthafa. Í samþykktum einstakra hlutafélagssparisjóða er unnt að kveða nánar á um framkvæmd takmörkunarinnar, t.d. varðandi það hvort tengdir aðilar samkvæmt nánari skilgreiningu í samþykktunum skuli teljast einn aðili.

Í þessari málsgrein er einnig kveðið á um að sjálfseignarstofnunin geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Skal kveðið á um slíka undanþágu frá meginreglunni í samþykktum hlutafélagsins. Sjálfseignarstofnunin mun í upphafi eiga mikinn meiri hluta í flestum ef ekki öllum sparisjóðum sem breyta sér í hlutafélag. Þykir óeðlilegt að hluthafi sem á mikinn meiri hluta hlutafjár njóti ekki atkvæðisréttar í samræmi við eign sína. Það er síðan sparisjóðum í sjálfsvald sett hvort þeir nýta þessa heimild. Þar eð sjálfseignarstofnunin sjálf er í flestum tilvikum ráðandi hluthafi er það í raun hún sem tekur ákvörðun um takmörkun á atkvæðisrétti. Hér verður að hafa í huga að megintilgangur hennar er að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Telja verður ólíklegt að áhugi fjárfesta á bréfum í sparisjóði verði mikill, eða að það myndist virkur markaður með bréf hans, hafi sjálfs-

eignarstofnunin ekki hug á að draga úr vægi sínu við stjórn sparisjóðsins. Þannig er hvati fyrir sjálfseignarstofnanir að minnka hlut sinn því annars nýtast ekki kostir hlutafélagsformsins til fulls. Á stofnfundi, þar sem atkvæði eru greidd um drög að samþykktum, skal sjálfseignarstofnunin greiða atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína."

Um 76. gr.

Greinin er óbreytt frá 37. gr. B laga nr. 113/1996. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 71/2001 sagði m.a. svo um þá grein:

„Í þessari grein eru ákvæði um sjálfseignarstofnunina sem eignast það hlutafé sparisjóðs sem stofnfjáreigendur geta ekki gert tilkall til. Um hana skulu gilda ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessari grein.

Í lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, segir í 3. gr. að sjálfseignarstofnun teljist stunda atvinnurekstur ef hún a) hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og því um líku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri; b) fer með meiri hluta atkvæða í hlutafélagi eða einkahlutafélagi eða öðrum félögum sem fer með öðrum hætti með sambærileg yfirráð. Ganga má út frá því að sjálfseignarstofnanir þær sem stofnaðar væru við breytingu sparisjóðs í hlutafélag mundu allar eða nær allar uppfylla skilyrði b-liðar við upphaf starfseminnar. Til að taka af allan vafa um það hvort ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnu rekstur eigi við, og til að allar sjálfseignarstofnanir sem stofnaðar eru í þessu skyni lúti sams konar reglum, er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um að þær lúti ætíð ákvæðum téðra laga.

Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Að lokum renna þó allar eignir hennar til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins. Hlutverki sínu sinnir sjálfseignarstofnunin fyrst og fremst með því að annast hlut sinn í viðkomandi sparisjóði og ráðstafa mótteknum arði. Þrátt fyrir þetta er mögulegt að sjálfseignarstofnunin stuðli best að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins með því að selja hluta af eign sinni í sparisjóðnum, sér í lagi ef hlutur hennar í sparisjóðnum er yfirgnæfandi. Sjálfseignarstofnunin gæti einnig aukið hlut sinn í sparisjóði eftir sölu fyrir það söluandvirði bréfa sem ekki var úthlutað strax til menningar- og líknarmála. Við sameiningu sparisjóðs við annað fjármálafyrirtæki er við það miðað að sjálfseignarstofnunin eignist hlut í hinu nýja fyrirtæki og haldi starfsemi sinni áfram nema ákvörðun verði tekin um slit.

Ekki er hægt að segja til um hver sé eðlilegur hlutur sjálfseignarstofnunar í sparisjóði eða hvort eðlilegt sé að sjálfseignarstofnun muni eiga í sparisjóði til allrar framtíðar. Minnkun eignarhlutar sjálfseignarstofnunar getur gerst með því að sjálfseignarstofnunin taki ekki þátt í útboðum á nýju hlutafé, með samruna eða með sölu á hluta af eignarhlut. Telja verður að í flestum tilvikum verði talið nauðsynlegt að sjálfseignarstofnun minnki eignarhlut sinn í sparisjóðum, enda ekki líklegt að kostir hlutafélagsformsins nýtist til fulls ef sjálfseignarstofnunin hefur í hyggju að viðhalda ráðandi eignarhlut í sparisjóði.

Af 10.–12. gr. laganna, sbr. 14. gr., leiðir að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með hæfi sjálfseignarstofnunar til að fara með hlut í sparisjóði sé eignarhlutur sjálfseignarstofnunarinnar virkur í skilningi laganna. Um eftirlit með sjálfseignarstofnunum fer að öðru leyti eftir lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Í frumvarpinu er ekki gerð tilraun til að kveða með afgerandi hætti á um fjárfestingarstefnu sjálfseignarstofnunarinnar, að öðru leyti en því sem leiðir af megintilgangi hennar.

Ástæðan er sú að ekki er líklegt að hægt sé að taka með tæmandi hætti í löggjöf á öllum þeim tilvikum sem upp kunna að koma á starfstíma sjálfseignarstofnunar.

Sá megintilgangur sjálfseignarstofnunar að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins setur starfsemi hennar ramma. Telja verður að hún sinni þessu hlutverki sínu best með eignarhlut í sparisjóði. Stór hluti efnahagsreiknings sjálfseignarstofnunar hlýtur því ætíð að vera hlutafjáreign hennar í sparisjóði.

Sjálfseignarstofnunin á ekki að vera fjárfestingarfélag sem fæst við virkar fjárfestingar í mismunandi félögum, enda tilgangur hennar annar. Sá hluti söluandvirðis eða arðgreiðslna sem ekki renna til líknar- og menningarmála samkvæmt ákvörðun stjórnar er þó nauðsynlegt að endurfjárfesta. Sem almenna leiðbeiningu um slíkar fjárfestingar má nefna að eðlilegt er að sjálfseignarstofnun fjárfesti í auðseljanlegum eignum, svo sem sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eða í skuldabréfum og hlutabréfum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, þó þannig að sjálfseignarstofnunin eignist ekki það stóran hlut að hún hafi með fjárfestingu sinni áhrif á stjórn viðkomandi útgefanda.

Andvirði greidds arðs til sjálfseignarstofnunar er hægt að ráðstafa með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er hægt að endurfjárfesta með kaupum á hlutabréfum í viðkomandi sparisjóði. Í öðru lagi getur sjálfseignarstofnunin ávaxtað laust fé, t.d. í innlánum eða markaðsverðbréf um, sbr. umfjöllun hér á undan. Í þriðja lagi getur hún ráðstafað andvirði móttekins arðs til menningar- og líknarmála.

Í 2. mgr. segir að í stjórn sjálfseignarstofnunar skuli eiga sæti fæst fimm menn úr fulltrúaráðinu. Þetta er frávik frá lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur þar sem fæst þrír menn skulu sitja í stjórn. Talið er mikilvægt að fleiri en þrír menn komi að stjórnun jafnmikils fjár og sjálfseignarstofnanir sem hér um ræðir hafa umleikis.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig kjósa skuli í stjórn sjálfseignarstofnana. Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar skal velja stjórnarmenn úr sínum hópi. Í fulltrúaráði skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag. Vakin skal athygli á því að af 1. mgr. 16. gr., sbr. 3. mgr. 22. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur leiðir að fulltrúaráðsmaður getur hvenær sem er sagt sig úr fulltrúaráðinu. Fulltrúaráðsmenn mega ekki vera færri en þrjátíu. Talið er að þeir einstaklingar sem hafa lagt sparisjóðnum til fé í gegnum tíðina í formi stofnfjár, og þannig tekið þátt í uppbyggingu hans, séu best til þess fallnir að stýra sjálfseignarstofnun sem hefur þann megintilgang að stuðla að viðgangi sparisjóðsins og og vexti í starfsemi hans. Stofnfjáreigendurnir sem mynda fulltrúaráðið hafa þó engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sjálfseignarstofnun inni, enda er úthlutun fjárins eingöngu til almannaheilla.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvernig ráðstafa skuli hagnaði og úthlutuðum fjármunum. Í gildandi samþykktum sparisjóða er kveðið á um að eignum sparisjóðsins, sem eftir kunna að vera við slit hans eftir að skuldir hafa verið greiddar og stofnfjáreigendum greiddur eignarhlutur þeirra, skuli ráðstafað til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins. Hér er því í reynd verið að kveða á um að þessi skipan skuli haldast þrátt fyrir breytingu sparisjóðs í hlutafélag. Orðalag greinarinnar þýðir þó ekki að sjálfseignarstofnanir geti ekki endurfjárfest arðgreiðslur með kaupum á hlutabréfum í viðkomandi sparisjóði eða fjárfest í öðrum markaðsverðbréfum, sbr. umfjöllun hér að framan, heldur að úthlutun af fjármunum hennar eða ráðstöfun eigna við slit verður að vera til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Með fjármunum sjálfseignarstofnunar er átt við upphafseign hennar, þ.e. hlutafjáreign í sparisjóði, og uppsafnaðan hagnað. Í þessari málsgrein er jafnframt kveðið á um undanþágu sjálfseignarstofnunar frá tekjuskatti og eignarskatti.“

Um 77. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 7. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 5. gr. laga nr. 123/1993.

Um IX. kafla.

Rafræn greiðslumiðlun hefur tekið miklum framförum undanfarin ár. Þetta er víðtækt hugtak og spannar ýmsa greiðslumiðla og greiðslutæki. Sem dæmi veitir debetkort korthafa aðgang að reikningi í banka, meðal annars til að skuldfæra á hann eða færa inn á annan reikning í gegnum hraðbanka eða heimabanka. Engir fjármunir eru í sjálfu debetkortinu. En það veitir heimild til úttektar af reikningum sem kortið er tengt. Síðan hefur komið fram greiðslumiðill sem hægt er að hlaða með ígildi peninga, svonefndur rafeyrir, og nota til greiðslu án frekari tengingar við bankareikning, annaðhvort með því að taka út í útstöð hjá seljanda eða senda hleðsluna um tölvunet.

Á árinu 2000 voru gefnar út tvær tilskipanir um rafeyri. Tilskipun 2000/46/EB um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim fjallar um rafeyrisfyrirtæki, þ.e. tilteknar lögpersónur sem hafa með höndum útgáfu og umsýslu með rafeyri. Í tilskipuninni er meðal annars kveðið á um heimildir til útgáfu rafeyris, lágmarkskröfur um eigið fé rafeyrisfyrirtækja, fjárfestingarstefnu þeirra og eftirlit með þeim. Tilskipun 2000/28/EB um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana mælir fyrir um að rafeyrisfyrirtæki skuli skilgreind sem lánastofnanir í skilningi síðarnefndrar tilskipunar. Slíkt gerir það að verkum að rafeyrisfyrirtæki getur stundað starfsemi sína hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í janúar 2001 fól viðskiptaráðherra bankalaganefnd að gera tillögu að innleiðingu framangreindra tveggja tilskipana. Frumvarpið var unnið í ráðuneytinu í samráði við bankalaganefnd og samþykkt sem lög frá Alþingi 10. apríl 2002. Nú er hins vegar lagt til að ákvæði laga um rafeyrisfyrirtæki verði hluti af frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki. Stuðst var mjög við gildandi lög á þessu sviði við vinnslu þessa kafla.

Ákvæði tilskipunarinnar eru flest innleidd án mikilla orðalagsbreytinga. Ekki hefur verið talið að gera þurfi breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti nr. 80/1993 þar sem talið er að þau lög nái yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Um 78. gr.

Í greininni er rafeyrir skilgreindur. Ákvæðið styðst við b-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Unnt er að líta á rafeyri sem rafrænan staðgengil peningaseðla og myntar sem eru geymd á rafrænum miðli, t.d. smartkorti eða tölvuminni, ætlaðan til rafrænnar greiðslu lágrar fjárhæðar. Það er skilgreiningaratriði að rafeyrir sé samþykktur sem greiðslumiðill hjá öðrum en útgefanda. Því teljast t.d. símakort sem gefin eru út af fjarskiptafyrirtækjum og einungis er unnt að nota í símtækjum á þeirra vegum ekki til rafeyris.

Um 79. gr.

Ákvæði 1. mgr. um að viðtaka rafeyris teljist ekki innlán að nánari skilyrðum fullnægðum styðst við 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Innleiða þarf það ákvæði vegna heimilda viðskiptabanka og sparisjóða til að taka við innlánum, sbr. II. kafla frumvarpsins.

Ákvæði 2.–4. mgr. styðst við 3. gr. tilskipunarinnar. Í henni er mælt fyrir um að handhafi rafeyris geti innleyst rafeyri sinn á gildistíma hans. Skilyrði innlausnar skulu tilgreind með skýrum hætti í samningi milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris. Ekki má taka aðra þóknun fyrir innlausn en þá sem styðst við undirliggjandi kostnað.

Um 80. gr.

Greinin styðst við 2. og 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Kröfu um eigið fé er ætlað að tryggja bæði handhafa og viðtakanda rafeyris að rafeyrisfyrirtækið sé nægilega greiðslufært til að uppfylla skyldur sínar á hverjum tíma.

Ákvæði 3. mgr. styðst við 6. gr. tilskipunarinnar. Það á að tryggja að Fjármálaeftirlitið fái upplýsingar um eigið fé rafeyrisfyrirtækja svo að því sé unnt að fylgjast með hvort rafeyrisfyrirtæki uppfylli ákvæði frumvarpsins um eigið fé.

Um 81. gr.

Greinin, að undanskilinni 4. mgr., hefur að geyma tillögur að innleiðingu 5. gr. tilskipunarinnar. Henni er ætlað að tryggja að rafeyrisfyrirtæki geti ætíð uppfyllt skyldu sína um innlausn. Ákvæði 5. gr. tilskipunarinnar er nokkuð ítarlegra en frumvarpsgreinin. Lagt er til að hún verði að öðru leyti innleidd með reglugerð.

Ákvæði 4. mgr. er ætlað að tryggja að rafeyrisfyrirtæki komi ekki óbeint að rekstri eða áhættu í tengslum við fyrirtæki sem hefur með höndum starfsemi sem fellur ekki undir 2. mgr. Ákvæðið styðst við 2. málsl. 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Um 82. gr.

Ákvæðið styðst við 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar. Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að undanþiggja tiltekin rafeyrisfyrirtæki frá ákvæðum frumvarpsins. Sem dæmi um náin fjárhagsleg eða viðskiptaleg tengsl í 2. tölul. 1. mgr. má nefna sameiginlega markaðssetningu eða dreifingu.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar skulu þau rafeyrisfyrirtæki sem veitt er undanþága frá tilskipuninni og þar með ákvæðum frumvarpsins skila reglubundið skýrslu um starfsemi sína. Ákvæði þetta er innleitt í 2. mgr.

Um X. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins er að stofni til í samræmi við VI. kafla í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 10. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og VII. kafla laga um verðbréfaviðskipti. Búið er að breyta hugtakanotkun til samræmis við önnur ákvæði þessa frumvarps.

Um 83. gr.

Greinin er í samræmi við 53. gr. laga nr. 113/1996 að því undanskildu að seinni málslið gildandi ákvæðis er sleppt en þar er nánar kveðið á um hvað átt er við með lausu fé. Seðlabanki Íslands hefur heimild á grundvelli 12. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands til að setja reglur um lágmark og meðaltal lauss fjár lánastofnana. Í slíkum reglum er nánar kveðið á um skilgreiningu á lausu fé og þykir því ekki ástæða til að kveða á um það í þessari grein frumvarpsins. Athygli er vakin á að í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti er ekki sérstakt ákvæði um laust fé.

Um 84. gr.

Greinin er í meginatriðum í samræmi við 54. gr. laga nr. 113/1996 og samsvarandi ákvæði í lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og lög um verðbréfaviðskipti. Helstu frávik eru eftirfarandi.

Í 2. mgr. er að finna það nýmæli að Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu

með hliðsjón af áhættustigi. Eins og orðalag ákvæðisins ber með sér verður ákvörðun um hærra eiginfjárhlutfall ekki tekin nema fyrir liggi að önnur og vægari úrræði komi ekki að haldi. Mat Fjármálaeftirlitsins á áhættustigi og lágmarkseiginfjárþörf skal byggt á nánari reglum sem það setur. Í þeim reglum yrði kveðið nánar á um einstaka þætti matsins og viðmið. Þeir þættir sem einkum koma inn í þetta mat eru eigið fé og aðgangur að eigin fé, gæði eigna, arðsemi eigin fjár, lausafjárstaða, næmni fyrir markaðsáhættu, stjórnun, áhættustýring og innra eftirlit. Þessum þáttum yrði gefin einkunn og á grundvelli heildareinkunnar yrði lágmarkseiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækis ákvarðað. Flestir þessara þátta eru mælanlegir, en mat á öðrum þáttum, svo sem stjórnun, yrði huglægt.

Þetta nýja ákvæði er í samræmi við heimildir sem eftirlitsaðilar í nokkrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu hafa nú þegar. Sem dæmi má nefna að í Bretlandi er löng hefð fyrir slíkum heimildum og í Noregi hefur eftirlitsaðilinn heimild til að takmarka víkjandi lántökur fjármálafyrirtækja með hliðsjón af fjárhagsstöðu viðkomandi fyrirtækis. Samkvæmt drögum að nýjum alþjóðlegum eiginfjárreglum sem jafnframt er verið að vinna að hjá Evrópusambandinu og stefnt er að að muni taka gildi í síðasta lagi á árinu 2007 er gert ráð fyrir að eftirlitsaðilum með fjármálafyrirtækjum verði skylt að leggja árlega mat á fjárhagsstöðu og áhættustig sérhvers fjármálafyrirtækis og ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en lágmarksákvæði gera gera ráð fyrir. Nýmælið í frumvarpinu er áfangi á þeirri leið sem fyrirsjáanleg er í náinni framtíð varðandi eiginfjárákvæði fjármálafyrirtækja og heimildir eftirlitsaðila í því sambandi. Þess má geta að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði sérstaka áherslu á að Fjármálaeftirlitið hefði slíka heimild í lokaskýrslu um úttekt á Fjármálaeftirlitinu og fjármálastöðugleika hér á landi á fyrri hluta ársins 2001. Eins og ákvæðið ber með sér þarf mat Fjármálaeftirlitsins á áhættustigi og lágmarkseiginfjárþörf að byggjast á nánari reglum sem það setur. Slíkar reglur eiga að tryggja gegnsæi og jafnræði. Sérhverju fjármálafyrirtæki þarf að vera kunnugt um á hverju slíkt mat er byggt og hafa möguleika á að bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum. Um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins ríkir þagnarskylda í samræmi við ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálafyrirtæki getir skotið ákvörðun Fjármálaeftirlitsins til sérstakrar kærunefndar samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í 4. mgr. er bætt inn nýjum málslið, sbr. 2. málsl., þar sem kveðið er á um að séu eiginfjárliðir við útreikning á eiginfjárhlutfalli byggðir á árshlutauppgjöri skuli það vera áritað sem endurskoðað eða kannað af endurskoðanda. Þetta ákvæði er efnislega í samræmi við ákvæði í 2. tölul. 2. mgr. 34. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Ekki er um að ræða breytingu varðandi framkvæmd á gildandi eiginfjárákvæðum en nauðsynlegt þótti að kveða á um þetta atriði til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar.

Í 5. mgr. er sú breyting gerð að fjórir töluliðir málsgreinarinnar samkvæmt gildandi ákvæði eru sameinaðir í eina samfellda málsgrein. Þá eru þær breytingar gerðar að annars vegar er felldur út seinni hluti 4. tölul. málsgreinarinnar í gildandi ákvæði sem hljóðar svo „svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi“. Hins vegar er sú breyting gerð að bætt er inn í lok hinnar breyttu málsgreinar textanum „svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun“ og bætt við nýjum málslið þar sem tekið er fram að taka skuli tillit til hlutdeildar minni hluta í eigin fé dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum. Fyrrnefnda breytingin er gerð þar sem ekki þykir nauðsynlegt að kveða á um áfallnar skattskuldbindingar í eiginfjárákvæðum laganna þar sem gildandi reikningsskilareglur kveða á um að reikna skuli áfallnar skattskuldbindingar í ársuppgjöri og árshlutauppgjöri. Síðarnefnda breytingin er gerð til að uppfylla ákvæði í 2. tölul. 2. mgr. 34. gr. og 37. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Ekki er um að ræða breytingu varðandi framkvæmd

á gildandi eiginfjárákvæðum en nauðsynlegt þótti að kveða á um þetta atriði til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar.

Í 6. mgr. eru gerðar nokkrar endurbætur á orðalagi miðað við gildandi ákvæði sem þó hafa ekki breytingar í för með sér miðað við núverandi framkvæmd. Í fyrsta lagi er felld út tilvísun í eigið fé ríkisviðskiptabanka, í öðru lagi er bætt inn í 2. málsl. 1. tölul. „eða hlutfallslega fyrir hluta úr ári", í þriðja lagi er bætt við eftirfarandi málslið í 1. tölul.: „Eingöngu er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir", og í fjórða lagi er í 2. tölul. breytt orðalagi varðandi tegund endurmatsreiknings en ekki er þar um efnisbreytingu að ræða. Þessar breytingar hafa ekki áhrif til breytinga á núverandi framkvæmd gildandi ákvæðis.

Í 7. mgr. hefur orðalag síðasta málsliðar verið endurbætt en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Í 8. mgr. hefur orðalag verið endurbætt en auk þess hefur orðinu „lánveitandi" verið breytt í „lántaki", enda var um að ræða mistök við gildandi lagasmíð. Ekki er um að ræða efnisbreytingu miðað við framkvæmd á gildandi ákvæði.

9. mgr. er samhljóða 7. mgr. 42. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og gildir eingöngu fyrir verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rafeyrisfyrirtæki.

10. mgr. er efnislega óbreytt frá 7. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og samsvarandi ákvæðum í lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og í lögum um verðbréfaviðskipti. Sú breyting er hins vegar gerð að heimild til reglusetningar um viðbótareiginfjárliði er færð frá viðskiptaráðuneyti til Fjármálaeftirlits í samræmi við þau meginsjónarmið um verkaskiptingu stjórnvalda sem fram koma í 7. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 85. gr.

Greinin er í meginatriðum í samræmi við ákvæði 55. gr. laga nr. 113/1996 og sambærileg ákvæði í lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og lögum um verðbréfaviðskipti. Tekið skal þó fram að 2.–4. mgr. 55. gr. laga nr. 113/1996 á sér ekki samsvörun í lögum um verðbréfaviðskipti. Í aðalatriðum er um að ræða breytingar á orðalagi, sbr. nánar hér á eftir.

1. mgr. 55. gr. laga nr. 113/1996 hefur verið skipt upp í tvær málsgreinar þannig að efnisákvæði 2. tölul. 1. mgr. er nú 2. mgr. en efnisákvæði 1. mgr. gildandi ákvæðis að öðru leyti er 1. mgr. í þessari grein frumvarpsins. Ekki er um efnisbreytingu að ræða fyrir utan breytingu á 1. málsl. 1. mgr. Í gildandi lögum er vísað til eignarhluta og víkjandi lána „hjá öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi sem talin er upp í 44. gr." í núgildandi lögum, en eftir breytinguna er nú vísað til eignarhluta og víkjandi krafna „í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði". Í þessu felst sú efnisbreyting að nú koma til frádráttar eignarhlutir og víkjandi kröfur í félögum sem falla undir skilgreiningu á hugtökunum „fjármálafyrirtæki" eða „fyrirtæki tengt fjármálasviði" en samkvæmt gildandi lögum getur verið um að ræða eignarhluti og víkjandi kröfur í félögum sem ekki mundu falla undir skilgreiningu á fyrrnefnda hugtakinu. Eftir breytinguna er ákvæðið í betra samræmi við ákvæði 12. og 13. tölul. 2. mgr. 34. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Þessi breyting er talin hafa óveruleg áhrif á eiginfjárútreikning en er til bóta varðandi afmörkun á þeim félögum sem falla eiga undir þetta ákvæði.

2. mgr. er eins og fyrr segir í meginatriðum efnislega samhljóða 2. tölul. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 113/1996. Orðalagi hefur þó verið breytt til samræmis við ákvæði 2. mgr. 12. tölul. 2. mgr. 34. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB.

3. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 55. gr. laga nr. 113/1996.

4. mgr. hefur að nokkru verið breytt frá ákvæði 3. mgr. 55. gr. laga nr. 113/1996. Annars vegar er um að ræða að í stað „dótturfélaga“ kemur „félög“ og hins vegar takmarkast frádrátturinn nú við þá fjárhæð sem samsvarar hlutdeild í lágmarksgjaldþoli viðkomandi vátryggingafélags en gildandi ákvæði kveður á um að allur eignarhluturinn og víkjandi kröfur dragist frá í eiginfjárútreikningi. Ákvæðið á sér fyrirmynd í dönsku lögunum um banka og sparisjóði. Eftir breytinguna er frádráttur vegna eignarhluta í vátryggingafélögum talinn endurspegla betur en áður þá áhættu sem þeim fylgir í reynd.

5. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 55. gr. laga nr. 113/1996.

Um 86. gr.

Grein þessi er hliðstæð núgildandi 67. gr. laga nr. 113/1996 að því frátöldu að samkvæmt lokamálslið 2. mgr. er tekið fram að Fjármálaeftirlitið geti gert þá kröfu að reikningsuppgjör samkvæmt ákvæðinu sé áritað af endurskoðanda. Þá skal Fjármálaeftirlitið skv. 3. mgr. setja stjórn fjármálafyrirtækis frest til að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hún hyggst grípa til vegna ónógs eigin fjár. Loks er mælt fyrir um að fyrirtækinu skuli slitið þegar í stað ef engin slík greinargerð berst innan frestsins. Þykir nauðsynlegt að kveða skýrt á um skyldur stjórnar fjármálafyrirtækis hvað þetta snertir og eins um heimildir Fjármálaeftirlitsins í tilefni af aðgerðaleysi stjórnar.

Um XI. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins er að stofni til í samræmi við VII. kafla í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 11. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti. Búið er að breyta hugtakanotkun til samræmis við önnur ákvæði þessa frumvarps. Þá hefur greinum í gildandi lögum verið skipt upp til að einfalda lestur laganna.

Kaflinn tekur mið af uppsetningu VII. kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Sá kafli gildir einnig um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Í flestum tilfellum eru samsvarandi ákvæði í VIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti en í nokkrum tilfellum er þó um auknar kröfur um ársreikninga og endurskoðun að ræða hjá verðbréfafyrirtækjum og verðbréfamiðlunum.

Nokkrar greinar eða hlutar úr greinum hafa verið teknar út úr kafla gildandi laga um ársreikninga, endurskoðun og samstæðureikningsskil. Í fyrsta lagi hefur 59. gr. gildandi laga um ráðstöfun hagnaðar sparisjóða verið færð inn í kafla þar sem fram koma sérákvæði um rekstur sparisjóða. Í öðru lagi hafa 7. og 8. mgr. 62. gr., um endurskoðunardeild annars vegar og eftirlitskerfi með áhættu hins vegar, verið færð inn í III. kafla um stofnun og starfsemi. Í þriðja lagi hafa ákvæði 7. og 9.–11. mgr. 66. gr. um eftirlit á samstæðugrundvelli verið færð í sérstakan kafla um eftirlit í þessu frumvarpi. Auk þessa hafa 4. mgr. 60. gr., 1.–4. mgr. og 6. mgr. 62. gr. verið felldar brott þar sem þær bæta ekki neinu við ákvæði VII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

Um 87. gr.

Greinin er í samræmi við 56. gr. laga nr. 113/1996. Þá hefur verið fellt brott ákvæði 2. mgr. um að ársreikningur ríkisviðskiptabanka skuli staðfestur af ráðherra.

Um 88. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 57. gr. laga nr. 113/1996.

Um 89. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 58. gr. laga nr. 113/1996.

Um 90. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 60. gr. laga nr. 113/1996, að því undanskildu að 4. mgr. 60. gr. um að skylt sé að veita endurskoðanda aðgang að öllum gögnum er felld brott. Ákvæðið þykir óþarft því að það leiðir af lögum um ársreikninga. Þá hefur verið tekið út ákvæði í 1. mgr. 60. gr. þess efnis að ársreikningur ríkisviðskiptabanka skuli endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Um 91. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 61. gr. laga nr. 113/1996.

Um 92. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 5. mgr. 62. gr. laga nr. 113/1996 að því frátöldu að tekið er fram að endurskoðandi skuli gera stjórn fyrirtækis og Fjármálaeftirlitinu aðvart um atriði er leiða mundu til þess að hann mundi synja um endurskoðun eða gera fyrirvara. Er þetta í samræmi við a-lið 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

Um 93. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt 9. mgr. 62. gr. laga nr. 113/1996.

Í 2. mgr. er kveðið á um að VII. kafli laga nr. 144/1994, um ársreikninga, eigi við um endurskoðun fjármálafyrirtækja að öðru leyti en því sem fram kemur í lögunum. Þessi tilvísun gerir það að verkum að unnt er að fella nokkrar málsgreinar út úr gildandi lögum, eins og áður hefur verið vikið að.

3. mgr. felur í sér nýtt ákvæði miðað við gildandi lög en með því er verið að innleiða hluta af efnisákvæðum 52. og 55. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB en í umræddum ákvæðum er fjallað um eftirlit á samstæðugrundvelli. Við fyrri lagasmíð voru umrædd tilskipunarákvæði ekki að fullu tekin inn í lög hér á landi.

Um 94. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 63. gr. laga nr. 113/1996 og 48. gr. laga nr. 13/1996.

2. mgr. felur í sér nýtt ákvæði miðað við gildandi lög en með því er verið að innleiða hluta af efnisákvæðum 52. og 55. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB en í umræddum ákvæðum er fjallað um eftirlit á samstæðugrundvelli. Við fyrri lagasmíð voru umrædd tilskipunarákvæði ekki að fullu tekin inn í lög hér á landi.

Um 95. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 64. gr. laga nr. 113/1996. 1. mgr. er einnig efnislega óbreytt frá 1. málsl. 46. gr. laga nr. 13/1996.

Um 96. gr.

Í 65. gr. laga nr. 113/1996 er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um mánaðarleg efnahagsyfirlit, árshlutauppgjör á eiginfjárhlutfalli, árshlutarekstraruppgjör og efnahagsuppgjör og lausafjáruppgjör. Lagt er til að þessi upptalning verði felld brott til einföldunar og þess í stað kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli semja og birta árshlutauppgjör í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur. Í því felst að felld er brott heimild til að setja

reglur um lausafjáruppgjör. Ákvæðið varðandi árshlutauppgjör á eiginfjárhlutfalli er nú þegar til staðar í sérstökum reglum um eiginfjárhlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og er því ekki þörf á því í þessu lagafrumvarpi. Ákvæðin varðandi mánaðarleg efnahagsyfirlit og lausafjáruppgjör eru ekki nauðsynleg vegna eftirlits Fjármálaeftirlitsins þar sem Seðlabanki Íslands safnar upplýsingum um þessa þætti á grundvelli heimilda í lögum um bankann og miðlar þeim upplýsingum til eftirlitsins.

1. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa umfram umfjöllun hér að framan.

2. mgr. gerir ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti veitt undanþágu frá skyldu til að semja og birta árshlutauppgjör. Ekki þykir rétt að skylda smærri fjármálafyrirtæki til að semja og birta árshlutauppgjör og er því gert ráð fyrir þessu undanþáguákvæði. Sem dæmi má nefna að í gildandi reglum um árshlutauppgjör lánastofnana eru allar lánastofnanir með niðurstöðutölu að fjárhæð 2.000 millj. kr. og lægri undanþegnar frá reglunni um samningu og birtingu hálfsársuppgjörs.

Um 97. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 1.–6. mgr. og 8. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Sambærileg ákvæði eru ekki í lögum nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti, en um samstæðu verðbréfafyrirtækis og dótturfélaga gilda þó almenn ákvæði ársreikningalaga, nr. 144/1994. Það nýmæli er þó að tekið er upp í greinina ákvæði um eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Með þessu nýmæli er verið að innleiða hluta af efnisákvæðum 52. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Um er að ræða ákvæði um eftirlit á samstæðugrundvelli sem við fyrri lagasmíð voru ekki að fullu tekin inn í lög hér á landi.

1. mgr. er efnislega óbreytt 2. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996.

2. mgr. er efnislega óbreytt 3. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996 fyrir utan fyrrnefnt ákvæði um eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Þá er áréttuð staða félags, sem er dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis. Er þetta í samræmi við 13. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

3. mgr. er efnislega óbreytt 1. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996.

Í 4. og 5. mgr. eru teknar upp skilgreiningar tilskipunar 2000/12/EB um eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög.

6. og 7. mgr. eru efnislega óbreyttar 4. og 5. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996.

8. mgr. er efnislega óbreytt 8. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996 fyrir utan fyrrnefnt ákvæði um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

9. mgr. er efnislega óbreytt 6. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996 fyrir utan fyrrnefnt ákvæði um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

10. mgr. er nýmæli en með henni yrði innleiddur í lög hluti af ákvæði 55. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB en í því ákvæði er fjallað um eftirlit á samstæðugrundvelli þegar í hlut eiga svonefnd blönduð eignarhaldsfélög.

Um XII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru að verulegu leyti sambærileg við ákvæði núgildandi laga. Helstu breytingar felast í afnámi sérákvæða varðandi einstakar tegundir fjármálafyrirtækja. Þá eru Fjármálaeftirlitinu fengnar þær heimildir sem áður heyrðu undir viðskiptaráðherra í tengslum við slit og samruna fjármálafyrirtækja, í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 98. gr.

Grein þessi er sama efnis og núgildandi 68. gr. laga nr. 113/1996. Í 1. mgr. er hnykkt á því að skiptameðferð á fjármálafyrirtæki getur aðeins átt sér stað samkvæmt þeim reglum er greinir í þessum kafla.

Um 99. gr.

Grein þessi er sama efnis og núgildandi 69. gr. laga nr. 113/1996.

Í 1. mgr. er fjallað um þá aðstöðu þegar slitameðferð er hafin vegna þess að líkur eru á að eignir hrökkvi ekki fyrir skuldum. Gilda þá ákvæði gjaldþrotalöggjafar fullum fetum, þar á meðal ákvæði um riftun löggerninga.

Í 2. mgr. er kveðið á um kröfu um skipti í öðrum tilvikum en þeim þegar ástæða er til að ætla að eignir hrökkvi ekki fyrir skuldum. Málsmeðferð varðandi skiptin fer þá eftir ákvæðum gjaldþrotalaga að því frátöldu að ákvæðum þeirra laga um riftun löggerninga verður ekki beitt. Með því móti er málsmeðferðin hliðstæð því sem gerist um skuldafrágöngubú, sbr. 59. gr. gildandi laga um verðbréfafyrirtæki, nr. 13/1996.

Um 100. gr.

Grein þessi er sama efnis og núgildandi 70. gr. laga nr. 113/1996. Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að um meðferð á búi fjármálafyritækis, sem tekið er til slitameðferðar, gildi reglur gjaldþrotalöggjafarinnar eftir því sem við getur átt. Þá eru tilgreindar þær sérreglur sem eiga við um búskipti vegna slita á fjármálafyrirtæki varðandi riftun ráðstafana, sbr. 99. gr., og ákvörðun frestdags. Loks er kveðið á um ráðstöfun eftirstandandi eigna í búi sparisjóðs.

Um 101. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða núgildandi 72. og 73. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Lagt er til að fellt verði brott skilyrði núgildandi 72. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði um samþykki hluthafafundar í yfirtökufélagi. Skilyrði þetta gengur lengra en ákvæði hlutafélagalaga, en í 2. mgr. 124. gr. hlutafélagalaga kemur fram sú meginregla að félagsstjórn í yfirtökufélagi taki ákvörðun um samruna. Verður ekki séð að ástæða sé til að aðrar reglur gildi um fjármálafyrirtæki að þessu leyti. Þá er veitt undanþága frá því skilyrði að boða þurfi til hluthafafundar í yfirteknu félagi ef yfirtekna félagið er alfarið í eigu yfirtökufélags.

Vakin skal athygli á því að lagt er til að 2. og 3. mgr. 72. gr. laga nr. 113/1996 verði felldar brott. Ákvæði 2. mgr. 72. gr. kveður á um að við samruna viðskiptabanka og sparisjóða við einstaka rekstrarhluta annarra stofnana skuli fara að hætti 1. mgr. Ekki er talin þörf á þessu ákvæði og því er lagt til að almennar reglur gildi um tilvik af þessu tagi. Þá er talið óþarft að taka fram að hið sameinaða fyrirtæki taki við allri starfsemi, réttindum og skyldum samrunaaðila, svo sem gert er í 3. mgr. 72. gr. núgildandi laga, þar sem slíkt leiðir af almennum reglum félagaréttar um samruna fyrirtækja.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að samruni sparisjóðs við annað fjármálafyrirtæki, sem ekki er einnig sparisjóður, verði aðeins framkvæmdur að undangenginni umbreytingu sparisjóðsins í hlutafélag. Með því móti er tryggt að eigið fé sparisjóðsins renni ávallt til sjálfseignarstofnunar samkvæmt ákvæðum VIII. kafla og umsjá þess þar með aðgreind frá yfirráðum yfir hinu sameinaða fyrirtæki. Þar sem ávallt verður gert að skilyrði að sparisjóði sé breytt í hlutafélag sem undanfara samruna er ekki lengur talað um samþykki stofnfjáreigenda.

Í 5. mgr. er kveðið á um að það sé í verkahring Fjármálaeftirlitsins að auglýsa samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði.

Í 6. mgr. kemur fram að eigið fé sameinaðs fyrirtækis skuli ekki nema lægri fjárhæð en samanlagt eigið fé þeirra fyrirtækja sem renna saman. Þessu til viðbótar þarf hið sameinaða fyrirtæki að uppfylla almenn lágmarksskilyrði laganna um eigið fé. Ekki er gert ráð fyrir að veittar verði undanþágur frá skilyrðum um eigið fé eins og gert er í 58. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, sbr. einnig 2. mgr. 6. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um XIII. kafla

Kaflinn er tvískiptur. Annars vegar er kveðið á um almennar eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins og aðstoð við eftirlitsstjórnvöld í öðrum EES-ríkjum og hins vegar er kveðið á um eftirlit á samstæðugrundvelli.

Um 102. gr.

Ákvæði þetta er með þremur undantekningum samhljóða 93. gr. laga nr. 113/1996, eins og henni var breytt með 10. gr. laga nr. 11/2000, og má almennt vísa til athugasemda með því frumvarpi. Fyrsta breytingin lýtur að því að Fjármálaeftirlitið mun ekki aðeins hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum heldur einnig fyrirtækjum tengdum fjármálasviði. Önnur breytingin felst í því að Fjármálaeftirlitinu er skv. 4. mgr. heimilað að krefja eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög um gögn og upplýsingar vegna eftirlits með dótturfélögum þeirra. Þriðja breytingin er sú að Fjármálaeftirlitið getur skv. 5. mgr. krafist gagna og upplýsinga frá eftirlitsskyldum aðilum þegar það gengur úr skugga um hvort starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa.

Hér á eftir eru rakin nokkur atriði athugasemda með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 11/2000 til skýringar.

Varðandi 1. mgr. skal áréttað að eftirlit Fjármálaeftirlitsins tekur til allrar starfsemi fjármálafyrirtækis, en ekki aðeins þeirrar sem starfsleyfisskyld er. Til dæmis tekur eftirlitið til verðbréfaviðskipta sem fyrirtæki stundar fyrir eigin reikning.

Í 2. mgr. er kveðið á um rétt Fjármálaeftirlitsins til að krefja um gögn og upplýsingar frá eigendum eða væntanlegum eigendum eignarhluta í fjármálafyrirtæki. Heimildin tekur ekki einungis til þeirra sem fara með virkan eignarhlut heldur allra sem fara með eignarhlut, hversu stór sem hann er. Þannig getur Fjármálaeftirlitið metið hvort minni hluthafar í fjármálafyrirtæki mynda saman aðila sem líta beri á sem einn virkan eiganda. Jafnframt er ákvæðinu ætlað að tryggja að Fjármálaeftirlitið hafi aðgang að upplýsingum til að meta hæfni þeirra sem eiga eða hyggjast eignast eignarhlut í fjármálafyrirtæki, sbr. VI. kafla frumvarps þessa.

Samkvæmt 3. mgr. er Fjármálaeftirlitinu veittur aðgangur að upplýsingum hjá dóttur- eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum í nánum tengslum, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

Í 5. mgr. er m.a. kveðið á um opinbera birtingu nafna þeirra sem taldir eru bjóða þjónustu sem lögin taka til án þess að hafa starfsleyfi. Þannig getur Fjármálaeftirlitið gefið út aðvaranir hugsanlegum viðskiptamönnum til hagsbóta.

Í 6. mgr. er hnykkt á því að beita megi ákvæðum III. kafla laga nr. 87/1998, sem varða dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á munum, við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt greininni. Þessi ákvæði taka því einnig til eigenda fjármálafyrirtækis, dóttur- og hlutdeildarfyrirækja þeirra og aðila sem stunda starfsemi án leyfis.

Um 103. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 94. gr. laga nr. 113/1996 og er í samræmi við þá meginreglu EES-réttarins að eftirlit sé á hendi stjórnvalda í heimaríki fjármálafyrirtækis.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 95. gr. laga nr. 113/1996 og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 104. gr.

Nokkur ákvæða 66. gr. laga nr. 113/1996 lúta að eftirliti á samstæðugrundvelli en ekki að samstæðureikningsskilum. Þykir fara illa á því að þessi ákvæði séu í kafla laganna um ársreikninga, endurskoðun og samstæðureikningsskil. Því er lagt til að ákvæðin verði sett í sérstaka grein í eftirlitskafla laganna.

Greinin er að stofni til efnislega samhljóða 7. mgr. og 9.–11. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Sambærileg ákvæði eru ekki í lögum nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti. Tvenn nýmæli eru þó tekin upp í greinina. Annars vegar er ákvæði um eignarhaldsfélag á fjármálasviði, en með því er verið að innleiða hluta af efnisákvæðum 52. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB. Hins vegar er ákvæði sem lýtur að því að nota svonefnda hlutfallslega samstæðuaðferð við beitingu eiginfjárákvæða laganna, sbr. umfjöllun hér á eftir um 2. mgr. Í báðum tilfellum er um að ræða ákvæði í tilvitnaðri tilskipun varðandi eftirlit á samstæðugrundvelli sem við fyrri lagasmíð voru ekki að fullu lögleidd hér á landi.

1. mgr. er efnislega óbreytt 7. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996 fyrir utan fyrrnefnt ákvæði um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

2. mgr. er nýmæli en um er að ræða að fjármálafyrirtæki og eignarhaldsfélag á fjármálasviði skuli við beitingu eiginfjárákvæða laganna nota hlutfallslega samstæðuaðferð þegar um er að ræða hlutdeild í fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki á fjármálasviði. Með þessari aðferð er átt við að í eiginfjárútreikningi sé bætt við áhættugrunn viðkomandi fyrirtækis hlutdeild í áhættugrunni hlutdeildarfélagsins í samræmi við hlutdeild í eigin fé þess. Hlutdeild í hlutdeildarfélagi í þessu sambandi er nánar skilgreind í niðurlagi þessarar málsgreinar frumvarpsins. Með þessu ákvæði er verið að innleiða 2. mgr. 54. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB sem við fyrri lagasmíð var ekki að fullu lögfest hér á landi eins og fyrr segir.

3.–5. mgr. eru í meginatriðum samhljóða ákvæðum 9.–11. mgr. laga nr. 113/1996.

Um XIV. kafla.

Ákvæði þessa kafla kveða á um refsinæmi tiltekinna brota gegn ákvæðum frumvarpsins. Einnig eru í kaflanum ákvæði sem tengjast refsiviðurlögum, svo sem um fyrningu brota. Lagt er til að skilgreint verði með nánari hætti en gert er í gildandi löggjöf hvaða brot eru refsinæm. Í gildandi íslenskri löggjöf á sviði fjármagnsmarkaðar eru yfirleitt almenn viðurlagaákvæði í lok hvers lagabálks. Í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, segir t.d. í lokaákvæði laganna að fyrir brot á lögunum skuli refsað með sektum eða fangelsi allt að tveimur árum liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Ekki er því gerður greinarmunur á því um hvers konar brot á lögunum er að ræða; refsiramminn er í öllum tilvikum hinn sami. Er þetta ólíkt því sem tíðkast í Danmörku þar sem sérstakir brotaflokkar eru taldir upp og gildir ólíkur refsirammi fyrir mismunandi tegundir brota.

Hinn 25. ágúst 1994 var skipaður starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytisins sem var falið að fara yfir refsiákvæði í lögum um íslenska fjármagnsmarkaðinn. Starfshópnum var jafnframt ætlað að semja tillögur til breytinga á lögunum eftir því sem hann teldi ástæðu til. Starfshópurinn taldi að skynsamlegt væri að skilgreina nánar hvaða háttsemi varðaði refsingu

og þá hvaða refsingu. Einnig mælti hann með því að skilgreind yrðu þrenns konar refsimörk og að ekki yrði vikið frá þeirri meginreglu að refsa ætti fyrir brot sem unnið er af ásetningi eða gáleysi, nema annars væri sérstaklega getið. Þá þótti rétt að halda í þann hefðbundna fyrirvara í refsiákvæðum sérlaga að beita bæri þyngri refsingu liggi hún við eftir öðrum lögum. Lagt var til að heimilt yrði að dæma hlutaðeigandi lögaðila í fésektir hefði brot á lögum verið framið í hans þágu. Loks var mælt með að brot fyrndust á fimm árum.

Eins og fyrr segir eru viðurlagaákvæðin í núgildandi refsilöggjöf á fjármagnsmarkaði aftast í lögunum og engir sérstakir brotaflokkar eru tilgreindir. Nefnd sú sem samdi frumvarpið telur að varnaðaráhrif og virkni refsiákvæðanna yrðu mun meiri ef betur yrði skilgreint í lögunum hvaða háttsemi varði refsingu og þá hvaða refsingu.

Hins vegar verður að hafa í huga að í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er kveðið á um í 8. gr. að Fjármálaeftirlitið skuli fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Þá kemur fram í 1. mgr. 11. gr. laganna að Fjármálaeftirlitið geti lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Einnig er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leggja févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna. Ákvæði þessi geta haft sérstaka þýðingu þegar fjármálafyrirtæki hafa skirrst við að afhenda Fjármálaeftirlitinu þau gögn sem skylt er að afhenda. Að þessu virtu hefur ekki verið kveðið á um að brot á skyldum um skil á upplýsingum til Fjármálaeftirlitsins varði sektum eða fangelsi.

Þá hefur ekki verið kveðið á um refsinæmi vegna brota gegn skilyrðum frumvarpsins fyrir starfsleyfi. Talið er nægilegt að Fjármálaeftirlitið kanni hvort skilyrði séu fyrir hendi og synji um starfsleyfi ef svo er ekki.

Loks hefur ekki verið kveðið á um refsinæmi brota gegn ákvæðum laganna þegar talið hefur verið að önnur ákvæði laganna kveði með fullnægjandi hætti á um réttaráhrif brota.

Vert er að vekja athygli á þeirri almennu reglu að hvaða starfsmaður sem er hjá fjármálafyrirtæki, hvort sem hann er almennur starfsmaður eða yfirmaður, getur gerst sekur um refsiverð brot, framin af ásetningi eða gáleysi, enda sé skilyrðum refsiákvæða að öðru leyti fullnægt. Mögulegt er að vanræksla á leiðbeiningar- eða eftirlitsskyldu eða ráðning óhæfs starfsmanns verði talið saknæmt brot fyrirsvarsmanns. Í þessum tilvikum er möguleiki að hin ámælisverða vanræksla verði lögð að jöfnu við beinar athafnir (óbeint athafnaleysisbrot). Ekki verður þess fortakslaust krafist, að unnt sé að sýna fram á sök starfsmannsins, en orsakatengsl þurfa að vera fyrir hendi, þannig að fyrirsvarsmaður ber ekki refsiábyrgð á verkum starfsmanns, er koma starfsemi lögaðilans ekkert við. Fræðimenn hafa þó haldið því fram að fara beri varlega í það að teygja slíka gáleysisábyrgð mjög langt þar sem hún geti í reynd orðið hlutlæg ábyrgð. Einnig getur refsiábyrgð fyrirsvarsmanna á saknæmu athafnaleysi byggst á skráðum réttarheimildum um eftirlitsskyldur. Þó svo að kveðið sé á um að brot gegn tilteknum ákvæðum frumvarpsins varði refsingu er það vitanlega undanskilið að skilyrðum refsinæmis sé að öðru leyti fullnægt. Þannig verður brot að vera framið af ásetningi eða gáleysi til þess að það teljist refsinæmt og er gerð ríkari krafa um gáleysi í refsirétti en í skaðabótarétti. Þannig verður hvorki fyrirsvarsmanni né öðrum starfsmönnum fjármálafyrirtækis refsað fyrir meint brot gegn lögunum sem verða vegna utanaðkomandi óviðráðanlegra ástæðna. Þá er einnig vakin athygli á því að Fjármálaeftirlitinu er einungis skylt að greina ríkislögreglustjóra frá brotum séu þau alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur að

mati eftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Um 105. gr.

Í greininni er kveðið á um að tiltekin brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum. Lagt er til að brot gegn ákvæðum laganna sem eru mikilvæg og ekki hafa fullnægjandi úrræði í för með sér varði sektum. Hér má taka sem dæmi starfsemi fjármálafyrirtækis með starfsleyfi sem fellur ekki innan starfsleyfis þess og verður ekki réttlætt með öðrum ákvæðum laganna. Þá falla tiltekin ákvæði um stjórn og starfsmenn hér undir, svo og ákvæði um ársreikninga og endurskoðun. Að því er varðar heimildarlausa notkun á starfsheiti sem starfsleyfi þarf fyrir er talið mikilvægt að almenningur geti treyst því að þeir aðilar sem nota viðkomandi starfsheiti starfræki í raun starfsemi fjármálafyrirtækja og að ekki rísi ruglingshætta í því sambandi. Eðlilegt þykir því að kveða sérstaklega á um refsingu við því að aðrir aðilar en fjármálafyrirtæki noti starfsheiti sem fjármálafyrirtæki hafa einkarétt á.

Um 106. gr.

Í greininni er kveðið á um að tiltekin brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum eða fangelsi allt að einu ári. Lagt er til að brot gegn grundvallarákvæðum laganna varði nefndri refsingu, svo sem þau brot sem fela í sér starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis. Hið síðastnefnda er og í samræmi við 186. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Einnig er talið að þau ákvæði sem miða að því að tryggja fullnægjandi eigið fé fjármálafyrirtækja séu svo mikilvæg að brot gegn þeim skuli varða sektum eða fangelsi allt að einu ári. Að því er varðar refsinæmi brots gegn þagnarskyldu þykir nauðsynlegt að kveða á um viðurlög ef starfsmenn brjóta þá þagnarskyldu sem þeim ber lögum samkvæmt að halda þar sem ljóst er að á fjármagnsmarkaðinum hafa ýmsir aðilar aðgang að viðkvæmum upplýsingum fyrirtækja og einstaklinga sem geta valdið ómældu tjóni ef opinberar verða. Í 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er kveðið á um að segi opinber starfsmaður frá nokkru er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan skuli hann sæta fangelsi allt að einu ári. Þrátt fyrir að ekki sé sektarheimild í þessu ákvæði þykir rétt að gefa dómstólum möguleika á að dæma mann til sektar í stað fangelsisvistar ef brot gegn þagnarskyldu samkvæmt frumvarpi þessu og afleiðingar þess eru ekki taldar alvarlegar. Er því lagt til að brot gegn þagnarskylduákvæðum frumvarpsins varði sekt eða fangelsi allt að einu ári.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsinæmi þess að gefa rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis opinberlega. Telja verður að ákvæði 153. og 154. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, verndi að einhverju leyti þá hagsmuni sem fyrrgreindu ákvæði var ætlað að vernda, en þar er kveðið á um refsinæmi þess að skýra rangt frá högum hlutafélags. Hins vegar ná þau ekki til allra fjármálafyrirtækja, svo sem ekki allra sparisjóða. Framangreint ákvæði verður að teljast vernda mikilvæga hagsmuni.

Um 107. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um refsiábyrgð fjármálafyrirtækja og annarra lögaðila. Þar sem brot gegn lögum þessum geta bæði verið framin af fjármálafyrirtækjum og öðrum lögaðilum er refsiábyrgðin ekki einskorðuð við fjármálafyrirtæki. Má sem dæmi um brot annarra lögaðila en fjármálafyrirtækja nefna ástundun starfsleyfisskyldrar starfsemi án starfsleyfis, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Í II. kafla A almennra hegningarlaga er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila. Skv. 19. gr. a almennra hegningarlaga verður lögaðila gerð sekt ef lög mæla svo fyrir. Skv. 19. gr. c almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er refsiábyrgð lögaðila bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Ekki er talin þörf á að mæla á annan hátt fyrir í frumvarpi þessu. Í 2. mgr. er ákvæði um tilraun og hlutdeild sem þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er kveðið á um að brot gegn frumvarpinu varði refsingu, óháð því hvort þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Ekki er talin ástæða til að víkja frá þeirri meginreglu laga að brot gegn sérlögum varði refsingu, óháð því hvort það er framið af ásetningi eða gáleysi, sbr. gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Því er gert ráð fyrir að brot gegn ákvæðum frumvarps þessa verði refsiverð, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Saknæmisstigið hafi hins vegar áhrif á refsiákvörðun. Kveðið er á um reglu þessa í frumvarpstextanum til þess að tryggja samræmi við frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Samkvæmt 4. mgr. skal sök samkvæmt ákvæðum kaflans fyrnast á fimm árum. Skv. 1. tölul. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal sök fyrnast á tveimur árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú sem til er unnið fer ekki fram úr sektum. Skv. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga er fyrningarfrestur vegna refsiábyrgðar lögaðila hins vegar fimm ár. Talið er skynsamlegt að mæla fyrir um að refsibrot samkvæmt frumvarpi þessu fyrnist í öllum tilvikum á fimm árum þar sem þau koma oft ekki í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum og rannsókn þeirra er tímafrek.

Um XV. kafla.

Í kaflanum eru ýmis ákvæði sem ekki eru talin eiga heima í öðrum köflum frumvarpsins.

Um 108. gr.

Lagt er til að haldið verði í áskilnað 48. gr. laga nr. 113/1996 um nafnskráningu innlánsreikninga og þess háttar, að því frátöldu að fellt er brott skilyrði um að reikningur skuli skráður á kennitölu. Áskilnaður um kennitölu er til óhagræðis fyrir erlenda viðskiptamenn íslenskra fjármálafyrirtækja sem hyggjast opna innlánsreikninga. Að öðru leyti ræðst það af fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, í hvaða mæli fjármálafyrirtæki er skylt að afla upplýsinga um núverandi eða væntanlega viðskiptamenn sína.

Um 109. gr.

Í grein þessari, sem er samhljóða 49. gr. laga nr. 113/1996, er fjallað um málsmeðferð til ógildingar á innlánsskilríki eða viðtökuskírteini og réttaráhrif ógildingar. Um meðferð ógildingarmáls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Um 110. gr.

Í greininni er kveðið á um undanþágu fjármálafyrirtæki frá stimpilgjöldum. Hún er byggð á 50. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 13/1996, og er ekki ætlað að breyta gildandi framkvæmd.

Um 111. gr.

Opinberum fjárfestingarlánasjóðum hefur fækkað mikið frá gildistöku laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Nú eru einungis eftir Byggðastofnun, Lánasjóður landbúnaðarins, Ferðamálasjóður og Hafnabótasjóður. Sá síðastnefndi er það lítill, og starfsemi hans með þeim hætti, að það þjónar ekki tilgangi að hann lúti opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri Ferðamálasjóðs þannig að verulega dragi úr starfsemi hans eða hann hætti alveg sjálfstæðum rekstri. Þessar breytingar gera það að verkum að ekki er þörf á því að sjóðurinn lúti eftirliti og teljist til lánastofnana. Lagt er því til að með beinum hætti verði kveðið á um að þessir sjóðir falli ekki undir lög þessi. Þá er starfsemi Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, undanskilin. Er það í samræmi við 21. gr. laga nr. 123/1993, en Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna runnu inn í Íbúðalánasjóð við stofnun hans.

Um XVI. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um gildistöku, brottfellingu laga og upplýsingar um innleiðingu tilskipana í íslenskan rétt.

Um 112. gr.

Í flestum tilskipunum er kveðið á um að við innleiðingu í landsrétt skuli tilgreina hvaða tilskipun verið er að innleiða. Í þessari grein eru nefndar þær átta tilskipanir sem innleiddar eru að hluta eða öllu leyti með lögum þessum.

Um 113. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um gildistökudag og brottfallin lög. Tekið skal fram að eins og rakið er í almennum athugasemdum er frumvarp þetta lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra heildarlaga um verðbréfaviðskipti sem munu leysa af hólmi núgildandi lög, nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Þau ákvæði laga nr. 13/1996 er lúta að verðbréfafyrirtækjum og starfsemi þeirra verða hins vegar leyst af hólmi með ákvæðum laga þessara.

Um 114. gr.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða þurfa ekki starfsleyfi viðskiptaráðherra samkvæmt lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Tilskipun 107/2001/EB um breytingu á tilskipun 85/611 EBE kveður á um þá breytingu að rekstrarfélög verðbréfasjóði hljóti starfsleyfi. Í frumvarpi þessu er lagt til að rekstrarfélög verðbréfasjóði verði fjármálafyrirtæki og fái starfsleyfi skv. 7. tölul. 4. gr. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta þeim greinum laga nr. 10/1993 sem snúa að starfsemi rekstrarfélags.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um miklar breytingar á veitingu og afturköllun starfsleyfis. Ekki er gert ráð fyrir að starfandi fjármálafyrirtæki sæki um starfsleyfi að nýju. Hins vegar er mikilvægt að þau geri Fjármálaeftirlitinu nánari grein fyrir starfsemi sinni með hliðsjón af heimildum sínum samkvæmt þessum lögum. Starfandi fjármálafyrirtæki þurfa því að fara vel í gegnum starfsheimildir sínar og gera grein fyrir þeirri starfsemi sem þau stunda við gildistöku laganna, með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir. Ekki er litið svo á að fjármálafyrirtæki sæki með þessu um nýtt starfsleyfi vegna þeirrar starfsemi sem þau stunda við gildistöku laganna. Tilkynning fyrirtækisins og yfirferð Fjármálaeftirlitsins vegna þeirrar

starfsemi lýtur því ekki ákvæðum II. kafla laganna um starfsleyfi og ekki þarf að láta í té þær upplýsingar sem kveðið er á um í 5. gr. nema upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins.

Æskileg framkvæmd á þessari grein er sú að Fjármálaeftirlitið óski strax við gildistöku laganna eftir upplýsingum frá starfandi fjármálafyrirtækjum og geri grein fyrir með hvaða hætti það vill að upplýsingarnar séu settar fram. Fjármálafyrirtækin hafa síðan sex mánuði til að tilkynna og gera grein fyrir starfsemi sinni. Starfandi fjármálafyrirtæki í skilningi ákvæðisins kann hins vegar síðar að vilja nýta fleiri heimildir samkvæmt upphaflegu starfsleyfi. Er þá til þess ætlast að Fjármálaeftirlitinu sé tilkynnt um það, áður en starfsemin er hafin.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða hafa ekki starfsleyfi í dag heldur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um verðbréfasjóði. Þau þurfa því að sækja um starfsleyfi á grundvelli þessara laga en munu halda, að öðru óbreyttu, viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins fram að þeim tíma sem starfsleyfi er fengið.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

VII. kafli frumvarps þessa felur í sér nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Lagt er til að fjármálafyrirtækjum verði gefinn tólf mánaða frestur til að skila Fjármálaeftirlitinu reglum samkvæmt þessum kafla.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins skulu öll fjármálafyrirtæki starfa sem hlutafélög. Verðbréfamiðlanir höfðu samkvæmt eldri löggjöf heimild til að stunda rekstur sem einkahlutafélög, og mun a.m.k. eitt fyrirtæki starfa sem slíkt. Þykja tólf mánuðir hæfilegur frestur til að skipta um félagsform.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki.

Með frumvarpinu er lagt til að lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr.123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, verði sameinuð í eina heildarlöggjöf um fjármálafyrirtæki. Með hugtakinu fjármálafyrirtæki er átt við viðskiptabanka, sparisjóði, aðrar lánastofnanir, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki verðbréfamiðlara og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Jafnframt er lagt til að ákvæði um ríkisviðskiptabanka í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði verði felld brott. Í frumvarpinu eru einnig ákvæði sem treysta yfirtökuvarnir sparisjóða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

219. Fyrirspurn [216. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um aðskilnað ríkis og þjóðkirkju.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Í hverju felst sérstaða þjóðkirkjunnar umfram önnur trúfélög?
2. Ef til aðskilnaðar kemur milli ríkis og þjóðkirkju, hvaða þættir í stjórnskipan, lögum og reglugerðum munu þurfa að breytast?

Skriflegt svar óskast.

220. Fyrirspurn [217. mál]

til samgönguráðherra um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hefur verið skoðað í samhengi við hugsanlegar breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun hvort rétt væri að sameina þá stofnun og Samkeppnisstofnun?

221. Fyrirspurn [218. mál]

til dómsmálaráðherra um atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hefur verið unnið að því fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins að útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa útlendinga verði á einni hendi eins og m.a. var bent á í nefndaráliti allsherjarnefndar á síðasta þingi?

222. Fyrirspurn [219. mál]

til samgönguráðherra um vegagerð og umferð norður Strandir í Árneshrepp.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hver er áætlun um framkvæmdir og verklok á vel uppbyggðum vegi með bundnu slitlagi norður Strandir frá Brú að Hólmavík?

2. Hversu mikil umferð er um veginn norður Strandir úr Kaldrananeshreppi í Árneshrepp og hvernig hefur hún þróast sl. tíu ár, sundurliðað eftir mánuðum?
3. Hver er verkáætlun um uppbyggingu vegarins um Kaldrananeshrepp og Árneshrepp og hvenær verður uppbyggingu góðs malarvegar norður í Árneshrepp lokið?

223. Fyrirspurn [220. mál]

til menntamálaráðherra um húsnæðismál Tækniháskóla Íslands.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvaða áform eru uppi um að leysa húsnæðismál Tækniháskóla Íslands?

224. Fyrirspurn [221. mál]

til heilbrigðisráðherra um komur á sjúkrastofnanir vegna heimilisofbeldis.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

1. Hversu margar komur á sjúkrastofnanir eru skráðar vegna heimilisofbeldis, sundurliðað eftir aldri og kyni?
2. Hversu mörg dauðsföll á síðustu tíu árum má rekja til heimilisofbeldis?

Skriflegt svar óskast.

225. Fyrirspurn [222. mál]

til heilbrigðisráðherra um notkun þunglyndislyfja.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

Hver er árleg notkun þunglyndislyfja eða geðlyfja hér á landi, sundurliðað eftir kyni og aldri notenda?

Skriflegt svar óskast.

226. Fyrirspurn [223. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyfjagjöf til of feitra barna.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

Hversu mörg börn eru á lyfjum við fylgikvillum offitu og hvaða úrræði önnur en lyfjagjöf eru tiltæk fyrir þessi börn?

227. Fyrirspurn [224. mál]

til heilbrigðisráðherra um ofvirk börn.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

Hversu mörg börn eru greind ofvirk hér á landi og eru á lyfjum við því, sundurliðað eftir kyni og aldri?

Skriflegt svar óskast.

228. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um tryggan lágmarkslífeyri.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 40 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 40 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót eða aðrar bætur lífeyrisþegans. Fyrir hver 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 40 þús. kr. verði skerðing ¼ þess sem nú er, fyrir hver 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 50 þús. kr. verði skerðing ½ þess sem nú er og fyrir hver 10 þús. kr. umfram 60 þús. kr. ¾ þess sem nú er.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun eða naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugar til framfærslu á efri árum.

Vitað er að lífeyrisgreiðslur eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð lífeyrisþega. Sú aðferð sem hér er lögð til leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 40 þús. kr. á

mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn fær út úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 40 þús. kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, þá fækkar þeim sem njóta þessarar reglu sem leiðir til þess smám saman að kostnaður ríkissjóðs minnkar. Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Verði tillagan samþykkt og framkvæmd eftir efni sínu verður hagur lífeyrisþega með lágan lífeyri mun tryggari en nú er.

229. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Áætlun um aðgerðir í þessu skyni miði m.a. að eftirfarandi:

1. Að efla vestnorrænt og fjölþjóðlegt samstarf við norðan- og norðvestanvert Atlantshaf með frumkvæði af Íslands hálfu sem landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum tengipunkti slíks samstarfs. Mótuð verði í þessu skyni íslensk nærsvæðastefna.
2. Að fylgja eftir uppbyggingu vestnorrænnar samvinnu sl. tvo áratugi með markvissum aðgerðum og auknum fjárframlögum, m.a. á sviði menningar- og menntamála, atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála og samgöngu- og ferðamála.
3. Að efla tengsl við nágrannalönd vestnorrænu landanna í austri og vestri með uppbyggingu skipulagðrar svæðissamvinnu á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu í huga.
4. Að stuðla að rannsóknum á og ritun sögu Norðvestur-Atlantshafssvæðisins þar sem m.a. verði lögð áhersla á eftirfarandi:
   a. landnám Íslendinga á Grænlandi og sögu búsetu norrænna manna þar,
   b. sérstök tengsl Íslands og Færeyja, menningarlegan skyldleika, samstarf á sviði atvinnumála og samstöðu og skyldleika þjóðanna almennt,
   c. norræna arfleifð á skosku eyjunum og á Írlandi, Bretlandi og vesturströnd Evrópu,
   d. landnám norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku,
   e. söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs,
   f. sögu siglinga, landafunda, byggðar og búsetu almennt við strendur norðan- og norðvestanverðs Atlantshafs.
5. Að fylgja eftir kynningu á vestnorrænni sögu og framlagi Íslands á sviði landafunda og landnáms í Vesturheimi í kjölfar 1000 ára afmælis Vínlandsfundar, siglingar Íslendings og annarra atburða í tilefni af landafundaafmælinu.
6. Að rækta tengsl Íslands við Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum.
7. Að efla stöðu Íslands sem tengipunkts á sviði samgöngu- og ferðamála á þessu svæði.
8. Að móta stefnu um fjárveitingar til framangreindra verkefna til fjögurra ára í senn sem lögð verði fyrir Alþingi og endurskoðuð með reglulegu millibili.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á tveimur síðustu löggjafarþingum, en varð í hvorugt skiptið útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt ásamt greinargerð.

Norðurlandaráð er ein mikilvægasta stoð Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi og norræna samstarfið hefur reynst afar vel. Til marks um hversu sterkt þetta samstarf hefur verið má benda á að það stóð af sér blokkaskiptingu kalda stríðsins þrátt fyrir að Norðurlöndin væru ekki öll á áhrifasvæði sama risaveldisins.

Það var ekki síst í tengslum við mikla umræðu um byggðamál og svæðisbundið samstarf á vettvangi Norðurlandaráðs í lok áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda að stofnað var til sérstakrar samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands árið 1985 en það hefur kallast Vestnorræna ráðið frá 1997. Samstarf vestnorrænu þjóðanna er reist á sögulegum og menningarlegum tengslum ásamt sameiginlegum hagsmunum í efnahagsmálum og umhverfismálum. Vestnorræna ráðið hefur á liðnum árum lagt höfuðáherslu á umhverfismál, menningarmál, sjávarútvegsmál, samgöngur og viðskiptamál.

Eftir að kalda stríðinu lauk og hinar pólitísku markalínur þess, sem áður skildu nágrannalönd að, voru úr sögunni hefur margs konar svæðisbundið samstarf aukist mjög. Sem dæmi um slíkt samstarf í okkar heimshluta má benda á Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið.

Eystrasaltsráðið var stofnað í mars 1992 með þátttöku Danmerkur, Finnlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Rússlands, Svíþjóðar og Þýskalands, auk Noregs og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Fyrirmynd ráðsins hvað snertir skipulag og starfsemi er einkum hið hefðbundna samstarf Norðurlandanna. Eystrasaltsráðið er vettvangur margs konar samstarfs aðildarríkjanna og gegnir ekki síst því hlutverki að tengja saman grannríki sem þrátt fyrir nálægðina eru um margt ólík og misjafnlega á vegi stödd. Samstarfið er einnig að hluta til reist á sögulegum grunni enda var Eystrasaltið um aldir miðpunktur margvíslegra samskipta þessara ríkja. Það var m.a. á grundvelli sögulegra tengsla sem Ísland fékk aðild að Eystrasaltsráðinu árið 1995 en einnig vegna breyttra áherslna Norðurlanda varðandi samstarf grannsvæða.

Í janúar 1993 var stofnað sérstakt Barentsráð með yfirlýsingu sem undirrituð var af utanríkisráðherrum sex ríkja, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, ásamt fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Barentsráðið er vettvangur til að fjalla um tvíhliða og fjölþjóðlegt samstarf á sviði efnahagsmála, viðskipta, vísinda og tækni, ferðaþjónustu, umhverfismála, samgangna, mennta- og menningarmála, svo og verkefna sem varða bættar aðstæður frumbyggja á svæðinu. Ísland hefur ekki átt jafnnáið samstarf og hin Norðurlöndin við Rússland í gegnum Barentsráðið, m.a. vegna legu landsins.

Norðurskautsráðið var stofnað í september árið 1996. Aðildarríkin eru átta talsins, Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Bandaríkin, Rússland og Kanada. Þar að auki eiga nokkur samfélög frumbyggja á norðurslóðum beina aðild að ráðinu. Helstu verkefni Norðurskautsráðsins beinast að því að vernda umhverfi og náttúru norðurskautsins og tryggja sjálfbæra þróun til að efla efnahagslega, félagslega og menningarlega velferð fólks á norðurslóðum. Íslendingar hafa lagt mikla áherslu á að efla samstarf ríkjanna í Norðurskautsráðinu og jafnframt verið virkir þátttakendur í því. Tvær skrifstofur á vegum ráðsins eru staðsettar hér á landi, nánar tiltekið á Akureyri, og lúta báðar að samstarfi á sviði umhverfismála. Þær eru CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna), sem hefur umsjón með samvinnuverkefni um náttúruvernd á norðurslóðum, og PAME (Protection of the Arctic Marine Environment), sem annast verkefni á sviði hafverndar.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri hafa verið mjög virkir þátttakendur af Íslands hálfu í auknu samstarfi á norðurslóðum. Má þar nefna uppbyggingu Háskóla norðurslóða og Rannsóknarþings norðursins (Northern Research Forum) en frumkvöðull og sérstakur hvatamaður að því samstarfi er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Hugmynd-

ina setti hann fram í ræðu í Rovaniemi á afmælishátíð Háskólans í Lapplandi árið 1998. Háskólinn á Akureyri hefur tekið þátt í undirbúningi náms í Norður-Atlantshafsfræðum (North Atlantic Studies) í samstarfi við háskóla í Skotlandi, á Írlandi og í Norðaustur-Kanada. Einnig má nefna að við stofnun Vilhjálms Stefánssonar er íslenskt aðsetur alþjóðlegu samtakanna North Atlantic Biocultural Organisation (NABO). NABO eru þverfræðileg samtök náttúruvísindafólks og félagsvísindamanna sem stunda rannsóknir og fræðslu sem beinist að umhverfi, auðlindum, sögu og menningu fólks við norðanvert Atlantshaf. Stofnunin er einnig aðsetur Samtaka um landbúnað á norðurslóðum (Circumpolar Agricultural Association) sem hafa það að markmiði að stuðla að alþjóðasamstarfi hvað varðar atvinnu, rannsóknir og stjórnun og eflingu sjálfbærs landbúnaðar. Á Akureyri er því, eins og sjá má af framantöldu, þegar til staðar ákveðinn vísir að miðstöð samstarfs á norðurslóðum. Því er eðlilegt að horfa til Akureyrar og þeirra stofnana sem þar eru starfandi þegar að því kemur að skipuleggja þau verkefni og byggja upp það samstarf sem tillagan gerir ráð fyrir.

Loks er rétt að nefna í þessu sambandi að vestnorræn samvinna hefur smátt og smátt sett á kortið svæðishugtakið Vestur-Norðurlönd eða útnorðrið eins og það heitir svo skemmtilega á færeysku.

Margt bendir einnig til þess að áhugi á ýmiss konar nærsvæðasamstarfi og þörf fyrir það fari ört vaxandi á tímum hnattvæðingar þar sem svo virðist sem allur heimurinn renni í auknum mæli saman sem viðskipta- og samskiptaheild. Má þar taka sem dæmi að í tengslum við stækkun Evrópusambandsins hefur umræðan um mikilvægi svæðisbundinnar samvinnu innan stærri heilda dafnað á nýjan leik og lítill vafi er á því að hnattvæðingin eða alþjóðavæðingin í heild sinni hefur í för með sér svipaða þróun.

Slík stefnumótun, þar sem horft er til ákveðinna svæða innan stærri heilda, er mjög víða á döfinni. Til viðbótar því sem áður er nefnt má benda á „norðurstefnu" kanadísku alríkisstjórnarinnar en veigamikill hluti hennar er stofnun sjálfsstjórnarsvæða inúíta í Norður-Kanada, Nunavut. Bandaríkin fylgja einnig ákveðinni stefnu í þessum efnum, svokallaðri „norðursvæðastefnu". Sama gildir um Evrópusambandið sem á sínum vettvangi er að þróa hugtakið „norræna vídd" að frumkvæði Finnlands.

Á sama hátt og Finnar höfðu frumkvæði að því að skilgreina sérstaka, norræna vídd í Evrópusamstarfinu er hugmyndin að baki tillögunni að Íslendingar taki frumkvæði að auknu svæðasamstarfi við norðvestanvert Atlantshaf. „Íslensk nærsvæðastefna" er eingöngu vinnuheiti á slíkri hugmynd sem er reyndar ekki ný af nálinni. Þannig hafa menn talsvert rætt um það innan vébanda vestnorrænnar samvinnu að útvíkka hana þannig að hún taki til skosku eyjanna og vesturstrandar Noregs og reyndar gerir hún það að hluta til nú þegar í Noranefndinni en þar eiga fylki á vesturströnd Noregs aðild.

Staðreynd er að Ísland hefur lengi horft talsvert í vesturátt ekkert síður en austurátt varðandi samstarf vegna mikilla viðskiptahagsmuna í Norður-Ameríku, sögulegra tengsla við Kanada, sameiginlegra sjávarútvegshagsmuna og af sögulegum og samgöngupólitískum ástæðum. Í enn ríkara mæli gildir þetta um Grænland sem landfræðilega er hluti af Norður-Ameríku og Grænlendingar hafa m.a. verið að byggja upp samstarf sitt við norðursvæðin í Kanada. Færeyingar eiga sér langa hefð fyrir því að sækja á fiskimið við austurströnd Norður-Ameríku, Ísland og Grænland. Þannig má segja að Vestur-Norðurlöndin hafi í ýmsum skilningi myndað ákveðna brú milli heimsálfanna. Ef horft er til sögulegra, landfræðilegra og náttúrufræðilegra þátta er þar margvísleg rök að finna fyrir því að Íslendingar gefi meiri gaum að þessari vídd og samvinnu og samstarfi á þessum grundvelli heldur en hingað til hefur verið gert.

Það skal undirstrikað að ætlunin er ekki að slíkt samstarf verði á nokkurn hátt á kostnað norrænnar samvinnu eða dragi úr mikilvægi þess að við ræktum góð tengsl við ríki á meginlandi Evrópu eða annars staðar. Aðstæður í alþjóðamálum kalla á að menn vinni að slíkum málum með mjög opnum huga og slíkt hentar best hagsmunum Íslands. Þá er einnig rétt að fara yfir möguleika Íslands í þessum efnum út frá þeim tækifærum sem slíkar áherslur eiga að geta skapað landinu. Í því sambandi má nefna uppbyggingu á orðspori Íslands og kynningu á landinu sem brú milli tveggja heima eða tengipunkt í norðanverðu Atlantshafinu. Stefnumótun af þessu tagi á einnig að geta fallið vel að uppbyggingu þeirrar ímyndar landsins að hér búi sjálfstæð smáþjóð sem hafi vegnað vel í kjölfar síns nýlega fengna sjálfstæðis. Þessi þáttur málsins er áhugaverður ekki síst nú þegar næstu nágrannar okkar, Færeyingar, eru á leið til sjálfstæðis og þeirrar tilhneigingar gætir víða að auka sjálfsstjórn svæða eða héraða.

Enginn vafi er á því að í sögu og fordæmi Íslands er að sækja mikla hvatningu til annarra sem búa við sambærilegar aðstæður. Hafa ýmsir bæði fyrr og síðar staldrað við sjálfstæði Íslands þegar leitað er skýringa á því að um margt hefur Íslendingum vegnað best þeirra samfélaga við norðanvert Atlantshaf sem byggja á sambærilegum aðstæðum, fyrst og fremst þeim að vera mjög háð nýtingu sjávarauðlinda. Að sjálfsögðu eiga Íslendingar að líta á það sem skyldu sína að rækta gott samstarf til allra átta en þó ekki síst við þá sem um margt eru sambærilega settir og við í okkar heimshluta. Síðast en ekki síst eiga Íslendingar að efla með sér sjálfstraust til að taka fullgildan þátt í alþjóðlegu samstarfi og leitast við að hafa þar áhrif burtséð frá smæð þjóðarinnar.

Gerð verður nánari grein fyrir hverjum tölulið tillögunnar fyrir sig í framsöguræðu við flutning hennar.

230. Frumvarp til laga [227. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Matsverð fasteigna skal ákveðið þannig: Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar eða kaupverð.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að setja reglur, sem félagsmálaráðherra staðfestir, um leiðréttingu á matsverði notaðra og nýrra íbúða við sérstakar aðstæður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að hætt verði að taka mið af brunabótamati þegar matsverð fasteigna er ákveðið. Þess í stað verði miðað við kaupverð eigna, þó þannig að há-

mark lánveitinga miðist við núverandi hámörk sem ákveðin voru með reglugerð nr. 408/2001, sem breytti reglugerð nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfaviðskipti. Um er að ræða 8 millj. kr. vegna notaðra íbúða og 9 millj. kr. vegna nýbygginga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að núgildandi ákvæði 20. gr. laga um húsnæðismál verði fellt brott, en þar segir að stjórn Íbúðalánasjóðs setji reglur, sem félagsmálaráðherra staðfesti, um eðlilegt matsverð fasteigna sem skuli byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði. Þess í stað verði fest í lagatexta hvernig matsverð fasteigna skuli ákveðið í stað þess að ákveða það í reglugerð. Við mótun ákvæðisins sem ætlað er að koma í stað núgildandi 20. gr. laganna hefur verið stuðst við texta úr reglugerð nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með reglugerð 27. ágúst 2001. Þannig er gert ráð fyrir að matsverð notaðrar íbúðar sé kaupverð hennar og matsverð nýrrar íbúðar sé samþykktur byggingarkostnaður hennar eða kaupverð eftir aðstæðum hverju sinni. Með þessari breytingu er ekki lengur miðað við brunabótamat þegar veðhæfni eignar er metin, heldur kaupverð viðkomandi eignar hverju sinni. Jafnframt eru tekin upp í ákvæði 1. gr. frumvarpsins heimildarákvæði til handa Íbúðalánasjóði til að leiðrétta matsverð við ákveðnar aðstæður sem kunna að skapast, en reglur þessa efnis er nú að finna í 29. gr. reglugerðar nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfaviðskipti. Þar sem heimild til reglusetningar er felld brott með þeim breytingum á 20. gr. laganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir er talið rétt að lögfesta þessa heimild. Reglurnar gera ráð fyrir að Íbúðalánasjóði sé heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar með tilliti til markaðsverðs íbúða eða færa það til núvirðis ef greiðslufyrirkomulag er óeðlilegt, að leiðrétta matsverð nýrra íbúða með tilliti til markaðsverðs, ef markaðsverð á viðkomandi landsvæði hefur verið óeðlilega lágt til lengri tíma og fyrir liggur að ekki er þörf fyrir frekari íbúðarbyggingar og að íbúðir eru á lausu á viðkomandi svæði, og að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar með tilliti til markaðsverðs.

Þá segir í reglunum að Íbúðalánasjóður geti falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast fyrrgreint mat. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins öðlist strax gildi.

Aðdragandi – brunabótamat ónothæfur lánagrundvöllur.

Þær verðhækkanir á fasteignum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem fylgdu m.a. í kjölfar breytinga á húsnæðiskerfinu sem tók gildi 1998 hafa leitt í ljós að brunabótamat er ónothæfur grundvöllur veðhæfni fasteigna í lánaviðskiptum. Frá þeim tíma hefur bilið milli söluverðs eigna og brunabótamats þeirra stöðugt vaxið, með þeim afleiðingum að íbúðarkaupendur hafa fengið skert lán hjá Íbúðalánasjóði þrátt fyrir næga greiðslugetu.

Á undanförnum missirum og árum hefur stefnt í algjört óefni í þessum málum. Ekki síst vegna þess að til viðbótar mikilli verðhækkun eigna varð breyting á brunabótamati í kjölfar lagabreytingar sem gerð var árið 1999. Á grundvelli þeirrar breytingar tekur nýtt brunabótamat gildi, en með henni var heimilað að afskrifa vátryggingarverðmæti fasteigna. Afleiðingarnar urðu þær að brunabótamat lækkaði á 70 þús. fasteignum, þar af 35 þús. eignum sem lækkuðu meira en afskriftir eða að meðaltali um 20%. Dæmi eru um að brunabótamat fasteigna hafi lækkað um allt að 50%.

Afstaða stjórnvalda.

Með þessari breytingu á brunabótamati varð flestum ljóst að breyta yrði viðmiði lánveitinga við brunabótamat. Brunabótamatið hefur á undanförnum mánuðum og missirum skapað ómælda erfiðleika hjá fjölda fasteignaeigenda sem fengið hafa skert lán hjá Íbúða-

lánasjóði þrátt fyrir fullnægjandi greiðslugetu. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli fasteignasala, stjórnar Íbúðalánasjóðs og fasteignaeigenda um að gildandi viðmið væri ónothæfur grundvöllur við mat á veðhæfni eigna, hefur niðurstaða stjórnvalda engu að síður orðið sú að miða áfram við brunabótamat, þ.e. húsbréfalán má ekki fara yfir 85% af brunabótamati eignar. Áfram er því notaður ónothæfur veðhæfnigrundvöllur fyrir lánveitingar Íbúðalánasjóðs sem er alls óviðunandi og getur leitt til hreinnar eignaupptöku hjá fjölda heimila. Afstaða stjórnvalda virðist fyrst og fremst ráðast af sjónarmiðum Seðlabankans í málinu sem ekki hefur teflt fram neinum haldbærum rökum gegn því að hætta að miða lánshæfni eigna við brunabótamat. Erfitt er að finna rök fyrir því að heimila ekki a.m.k. lánshæfni við fullt (100%) brunabótamat sem kostað hefði 10–20 millj. kr. til viðbótar við þær 170 millj. kr. sem breytingar úr 65–70% í 85% höfðu í för með sér. Ljóst er að þessi niðurstaða mun auka á útþenslu lána í bankakerfinu og hjá lífeyrissjóðum sem eru mun dýrari fyrir fasteignaeigendur.

Ljóst er einnig að áhætta Íbúðalánasjóðs við það að hætta að miða við brunabótamat en taka upp viðmið við kaupverð eigna með ákveðnu hámarksþaki á lánveitingar er lítil sem engin. Afar sjaldgæft er að veð tapist hjá Íbúðalánasjóði vegna brunatjóna. Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði eru nú 1.619 millj. kr. á afskriftareikningi. Þar af voru 564 millj. kr. lagðar á reikninginn á síðasta ári. Endanlega töpuð útlán á því ári námu 48 millj. kr. Áhættuálag til að mæta útlánatöpum er 0,35% ofan á 4,75% húsbréfavexti. Rök Seðlabankans um mikla áhættu ef lánveitingar verða miðaðar við 100% brunabótamat eða að lánshæfni fasteigna miðist við kaupverð með ákveðnu þaki á lánveitingum eru því ekki trúverðug.

Upplýsingar frá Íbúðalánasjóði.

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar sl. sumar fór Íbúðalánasjóður yfir umsóknir frá 1. janúar 1999 til júlí 2001, en fyrir þann tíma var brunabótamat í langflestum tilvikum hærra en kaupverð. Skoðaðar voru 15.531 umsóknir, en af þeim voru 3.366 þar sem kaupverð var hærra en brunabótamat. Af 3.366 umsóknum fengu 410 hámarkslán þannig að hærra kaupverð skipti ekki máli. Eftir standa 2.956 umsóknir þar sem lán var skert. Af þessum 2.956 umsóknum var lán skert um 100 þús. kr. eða minna hjá 1.623 umnsækjendum. Skerðing yfir 100 þús. kr. varð því hjá 1.333 umsækjendum. Einnig kemur fram að farið hafi verið yfir lánveitingar frá 1. janúar 1991 og bornar saman eftirstöðvar áhvílandi lána Íbúðalánasjóðs á 25 þús. íbúðum miðað við gildandi brunabótamat. Af þessum 25 þús. íbúðum eru 100 íbúðir þar sem uppreiknaðar eftirstöðvar lána Íbúðalánasjóðs eru hærri en brunabótamatið að teknu tilliti til annarra áhvílandi lána eins og þau voru við lánveitingu Íbúðalánasjóðs.

Af þessu má sjá að mjög virðist gengið á rétt fasteignaeigenda og hreinlega er verið að rýra verðgildi eigna þeirra. Búast má við að veruleg fjölgun verði á íbúðum þar sem eftirstöðvar lána verða hærri en brunabótamatið eftir gildistöku nýs brunabótamats 15. september sl. Endurskoðað brunabótamat mun einnig að óbreyttu fjölga verulega þeim sem fá skert lán vegna lágs brunabótamats.

Ástæða er til að geta þess að á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í júní sl. kom fram hjá fulltrúa Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja að lánveitingar bankanna til fasteignakaupa miðuðust við markaðsverð íbúðar en ekki brunabótamat. Þar kom líka fram að mikill munur á markaðsverði eignar og brunabótamati hennar gæti leitt til þess að bankarnir mundu endurskoða lánshlutfall sitt.

Tilgangur brunabótamats.

Samkvæmt ákvæðum laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, er brunabótamati ætlað að finna vátryggingarverðmæti húseignar á þeim tíma sem virðing fer fram. Vátryggingarfjár-

hæðin á að nægja til þess að byggja eign upp aftur í heild eða að hluta við brunatjón. Lagaákvæði um brunabótamat og ákvörðun vátryggingarfjárhæðar í brunatryggingum húsa eiga einungis að vera til nota í vátryggingaviðskiptum, enda hefur nú komið í ljós að brunabótamat er orðið ónothæfur grundvöllur til að ákvarða veðhæfni eigna.

Segja má að það sé andstætt tilgangi laga um brunatryggingar að gera brunabótamat að grundvelli veðhæfni eigna. Benda má einnig á að í 18. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, segir að um skilyrði þess að húsbréfadeild samþykki skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf fari eftir viðmiðunarreglum sem stjórn Íbúðalánasjóðs setji um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa. Síðara skilyrðið stangast hreinlega á við að brunabótamat sé grundvöllur veðhæfni eigna því að fasteignakaupandi getur haft rúma greiðslugetu til kaupa fasteignar en brunabótamat viðkomandi eignar hindrað kaupin. Á umliðnum missirum hafa því húsbréfalán sem hlutfall af kaupverði eignar iðulega farið lækkandi en dýrari lán eins og skammtímalán og lífeyrissjóðslán orðið stærri hluti í lánveitingum til íbúðarkaupa. Rök gegn viðmiðun við brunabótamat eru líka þau að matið endurspeglar ekki verðmæti eignarinnar því að lögin taka ekki til lands eða lóðar sem eignin stendur á né verðmætis sem felst í staðsetningu.

Í þessu sambandi má jafnframt benda á að þrátt fyrir reglugerðarákvæði um að húsbréfalán megi ekki fara yfir 85% af brunabótamati gildir sama regla ekki þegar um er að ræða viðbótarlán sem eru ætluð þeim sem búa við erfiðar aðstæður og þurfa sérstaka aðstoð við íbúðarkaup. Samkvæmt reglugerð getur viðbótarlán orðið allt að 25% af markaðsverði íbúðar sem er kaupverð hennar samkvæmt skilgreiningu í reglugerð. Brunabótamat er hins vegar ekki notað sem „öryggismörk“ í viðbótarlánunum eins og húsbréfalánunum. Þar sem viðbótarlán bætist við húsbréfalán er sá möguleiki fyrir hendi að brunabótamat skerði húsbréfalán en ekki viðbótarlán.

Brunabótamat lækkar á 70 þúsund eignum.

Markaðsverð fasteignar er oftast töluvert annað og hærra en brunabótamat sömu eignar. Á síðustu þremur árum hefur verð fasteigna, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hækkað um 30–40% og bilið milli markaðsverðs eigna og brunabótamats þeirra hefur því stöðugt verið að breikka. Ofan á þessar gífurlegu verðhækkanir fasteigna bætist nú nýtt brunabótamat sem enn eykur á þessa gliðnun. Þannig lækkar brunabótamat á 70 þús. fasteignum, þar af lækkar brunabótamat á 34 þús. þeirra meira en nemur afskriftum, að meðaltali um 20%. Þetta virðist bitna mjög harkalega á Reykvíkingum en brunabótamat lækkar hjá helmingi fasteignaeigenda í Reykjavík um meira en nemur afskriftum eða að meðaltali um 21%.

Ábendingar Fasteignamats ríkisins.

Með bréfi 28. apríl 1999 vakti Fasteignamat ríkisins athygli félagsmálaráðuneytisins á breytingu á lögum um brunatryggingar sem nú hefur leitt til verulegrar lækkunar á brunabótamati fjölda eigna í landinu, en þau höfðu verið samþykkt á Alþingi í mars sama ár. Þar kom fram að í kjölfar hækkandi fasteignaverðs breikki stöðugt bilið milli kaupverðs notaðra íbúða á höfuðborgarsvæðinu og matsverðs Íbúðalánasjóðs þar sem kaupverð notaðra íbúða, einkum 2–4 herbergja, sé í mörgum tilvikum mun hærra en brunabótamat. Þetta leiði til þess að væntanlegir kaupendur geti ekki fengið lán í húsbréfakerfinu fyrir 65–70% af kaupverði þótt þeir teljist hafa til þess greiðslugetu þar sem hámarksviðmiðun Íbúðalánasjóðs varðandi matsverð er brunabótamat. Jafnframt var í bréfinu bent á að matsmenn stofnunarinnar væru undir miklum þrýstingi að ákveða brunabótamat íbúða óeðlilega hátt svo að hámarkslán frá

Íbúðalánasjóði fáist. Stjórnvöldum hefur því lengi verið ljóst í hvaða öngþveiti stefndi á fasteignamarkaði og alvarlegar afleiðingar þess fyrir þúsundir heimila.

Niðurstaða þessara ábendinga Fasteignamatsins frá 1999 var sú að Íbúðalánasjóður gæti ekki lagt til breytingar á lögum eða reglugerðum, einkum vegna afstöðu Seðlabanka Íslands sem lagst hefur gegnum breytingunni með vægast sagt hæpnum rökum eins og fram kemur í þessari greinargerð.

Hæpin lagastoð.

Í minnisblaði Fasteignamats ríkisins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 29. júní sl., kemur eftirfarandi fram: „Í lögum um brunatryggingar er ekki vikið að hlutverki brunabótamats í sambandi við lánveitingar.“ Síðan er vísað til umfjöllunar Páls Hreinssonar í riti um stjórnsýslulögin, sem gefið var út af forsætisráðuneytinu 1994, þar sem hann fjallar um að sérhvert stjórnvald hafi ákveðinn og afmarkaðan verkahring og því beri að beita því stjórnsýsluvaldi sem það er lögum bært að fara með, með þau markmið fyrir augum sem því ber að vinna að lögum samkvæmt. Í riti Páls Hreinssonar kemur orðrétt fram: „Samkvæmt hinni skipulagslegu aðgreiningarreglu (d. organisatoriske specialitetsprincip) er stjórnvaldi óheimilt að leggja sjónarmið til grundvallar ákvörðunum sínum til að ná fram markmiði sem öðru stjórnvaldi ber að vinna lögum samkvæmt. Stjórnvöld eiga að halda sig innan valdmarka sinna og vinna að þeim markmiðum sem þeim ber að vinna lögum samkvæmt, en láta vera að skipta sér af málefnum sem heyra undir aðra og þau hafa ekki sérþekkingu á.“

Í sambandi við þessa afstöðu Páls Hreinssonar er rétt að rifja upp að í september 1999 setti Fasteignamat ríkisins svokallaðar bráðabirgðareglur um brunabótamat íbúða. Virðist svo vera að þær hafi verið settar til að bregðast við mikilli hækkun á fasteignamati og um leið minnkandi veðhæfni eigna. Í bréfi sem stofnunin gaf út til matsmanna í Reykjavík og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu segir að stofnunin sé að hefja viðræður við Íbúðalánasjóð til þess að brunabótamatið verði ekki jafnafgerandi sem viðmiðun um veðhæfni íbúða og nú. Ljóst er að þessar reglur byggðust á hæpinni lagastoð og gengu á svig við lög um brunabótamat.

Minnisblað nefndasviðs Alþingis.

Í þessu sambandi er líka ástæða til að geta minnisblaðs nefndasviðs Alþingis um breytingu á fasteigna- og brunabótamati frá ágúst 2001, en þar segir að þær reglur sem Fasteignamat ríkisins setti í september 1999 hafi eingöngu verið bráðabirgðareglur. Þegar ljóst var að Íbúðalánasjóður og félagsmálaráðuneyti voru ekki hlynnt þeim hafi þær strax verið felldar úr gildi. Orðrétt segir síðan: „Hafi komið til þess eftir niðurfellingu reglnanna að skert veðhæfi eigna hafi rýrt verðgildi þeirra þyrfti að skoða hvert einstakt tilvik með hliðsjón af jafnræðisreglunni, en jafnframt hinum sérstöku aðstæðum sem þarna voru til staðar og áður er lýst. Mögulegt er að í einhverjum tilvikum gæti íslenska ríkið borið ábyrgð.“

Víðtækar afleiðingar.

Sú staðreynd blasir við sem stjórnvöld verða að viðurkenna að brunabótamat er orðið ónothæfur grundvöllur til að miða lánveitingar við.

Miða á lánveitingar Íbúðalánasjóðs við kaupverð eigna með ákveðnu þaki á lánveitingum. Afar hæpið er að halda því fram að slík breyting leiði til þenslu. Afleiðingar af óbreyttu ástandi eru miklu fremur þær að fólk neyðist til að leita í dýrari lán í bankakerfinu sem auka mun bæði á þenslu í útlánum og á greiðsluerfiðleika heimila. Veðhæfni margra eigna getur líka minnkað um tugi prósenta og þar með verðfellt eigur fólks sem getur leitt til að uppreiknaðar eftirstöðvar éti upp þá eignamyndun sem orðin er. Ungt fólk hefur með því verið

hneppt í þá fjötra að geta ekki skipt um húsnæði og stækkað við sig. Fjölga mun verulega í hópi þeirra sem eru með meiri skuldir en eignir. Það getur þýtt hreina eignaupptöku hjá fjölda heimila í landinu.

Jafnframt gæti reynt á skaðabótaskyldu ríkisins, að minnsta kosti í þeim tilvikum þar sem Fasteignamat ríkisins hefur með nokkurra mánaða millibili hækkað brunabótamat og síðan lækkað aftur um tugi prósenta. Mikilvægt er líka að líta til þess að það er ekki eingöngu verið að hafa verðmæti og eignir af fólki heldur er hætta á að verið sé að innleiða opinbera verðstýringu á fasteignum og ganga gegn lögmálum framboðs og eftirspurnar. Í því sambandi er rétt að vitna til ályktunar Félags fasteignasala frá 29. ágúst 2001 þar sem segir m.a.:

„Til fasteignasala hafa leitað á síðustu dögum og vikum mikill fjöldi fasteignaeigenda og kaupenda, sem hafa verulegar áhyggjur af nýjum reglum og óttast afleiðingar þeirra á fjárhag sinn. Miðað við núverandi aðstæður á fasteignamarkaði er ljóst að æ fleiri kaupendur munu eiga í erfiðleikum með að koma sér þaki yfir höfuðið og húseigendur óttast um verðgildi eigna sinna.

Viðmiðun lánveitinga Íbúðlánasjóðs við brunabótamat fasteigna er ranglát, mismunar aðilum og er til þess fallin að skekkja eðlilega verðmyndun á fasteignum. Auk þess er verið að þvinga kaupendur til að leita dýrari og óhagstæðari leiða til lántöku en ella sem leiðir til þess að greiðslubyrði lána verður mun þyngri.

Stjórn Félags fasteignasala mótmælir því harðlega að félagsmálaráðherra beiti slíkri „handaflsaðgerð“ á fasteignamarkaðinn og fellst ekki á rök ráðherrans um að slíkt muni draga úr þenslu. Er slíkt framferði stjórnvalda óábyrgt, þar sem stjórnvöld með slíkum aðgerðum ógna fjárhagslegri afkomu og sjálfstæði einstaklinga, sem eiga yfirleitt allt sparifé sitt bundið í fasteignum þeim er fjölskyldur nota til íbúðar.“

Öll rök, sanngirni og réttlæti mæla því með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

231. Tillaga til þingsályktunar [228. mál]

um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið varðveiti sjálfstæði sitt og fullveldi og standi utan ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki, bandalög og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta. Sérstök áhersla verði lögð á þátttöku í vestnorrænu og norrænu samstarfi og aðra svæðisbundna samvinnu í okkar heimshluta, þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og starfi Evrópuráðsins.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á þremur síðustu þingum, en varð aldrei útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt frá síðasta þingi ásamt lítillega breyttri greinargerð.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að íslensk utanríkisstefna eigi að byggjast á góðum samskiptum til allra átta og að forðast beri að loka landið af innan hvers konar ríkjabandalaga. Það er eindregin skoðun flutningsmanna að skynsamlegast sé fyrir Íslendinga að halda óháðri stöðu sinni gagnvart efnahagsbandalögum og leita eftir hagstæðum samningum við slík bandalög í Evrópu, Norður-Ameríku, Austur-Asíu og víðar. Þannig gætu Íslendingar fært sér legu landsins í nyt og átt farsæl samskipti við marga heimshluta án þess að afsala sér sjálfsákvörðunarrétti sínum eða forræði yfir náttúruauðlindum. Slíkt er hins vegar óhjákvæmileg afleiðing aðildar að Evrópusambandinu.

Hvað efnahagslífið snertir hefur Ísland alla burði til þess að farnast vel sem óháðu ríki í þjóðbraut milli meginlanda. Af sömu ástæðum yrði landið aldrei annað en jaðarsvæði í stórum efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Náttúruauðlindir landsins eru miklar, bæði til lands og sjávar, og ef landsmönnum tekst að viðhalda yfirráðum yfir þeim og koma í veg fyrir mengun og ofnýtingu geta lífskjör hér á landi verið eins og þau gerast best í heiminum. Mörgum smærri þjóðum hefur tekist að nýta sér sérstöðu sína á grundvelli sjálfstæðis eða mikillar sjálfstjórnar. Þær gæta eigin hagsmuna á sjálfstæðum forsendum og gera smæð sína í hópi þjóðanna að styrkleika en ekki veikleika með sjálfstæðri rödd og sjálfstæðum vilja. Staðreyndin er sú að þessum þjóðum hefur vegnað mjög vel. Lífskjör eru til að mynda með því besta sem þekkist í flestum smáríkjum Evrópu og jafnvel Asíu.

Þróun alþjóðaviðskipta.

Þróun alþjóðaviðskipta er í raun nokkuð mótsagnakennd þar sem hún einkennist samtímis af vaxandi blokkamyndun og viðleitni til fríverslunar. Þannig eru nú þrjár meginviðskiptablokkir í heiminum: Evrópusambandið, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA) og hópur landa í Suðaustur-Asíu (ASEAN). Jafnframt er unnið að stórum fríverslunarsamningum á heimsvísu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Eðli hnattvæðingarinnar er mál út af fyrir sig og fylgifiskar hennar mæta nú víða vaxandi gagnrýni og andstöðu. Umfjöllun um annmarka hennar og mögulegar hættur fellur hins vegar utan þessarar greinargerðir.

Íslendingar þurfa að laga utanríkisviðskipti sín að framangreindri þróun alþjóðaviðskipta sem fyrst. Það væri óráð að loka sig af innan eins efnahagssvæðis vegna þess hversu smátt íslenska hagkerfið er og atvinnuvegirnir tiltölulega einhæfir. Innan Evrópusambandsins ráða ferðinni hagsmunir gamalgróinna iðnríkja Vestur-Evrópu og áhrif Íslands á þeim vettvangi yrðu hverfandi. Þar er sjávarútvegi, sem er stærsta atvinnugrein Íslendinga, fyrst og fremst stjórnað með hafta- og styrkjafyrirkomulagi sem á að vernda sjávarútveg aðildarríkjanna.

Ísland og Evrópusambandið.

Allt frá mótun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) á árunum um og eftir 1990 hefur framtíð samningsins þótt nokkuð óviss. Svokölluð EFTA-stoð hans varð fljótlega mun veikari en til stóð þar sem Svisslendingar höfnuðu aðild að samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu og bæði Svíar og Finnar gengu í Evrópusambandið. Norðmenn höfnuðu um sama leyti aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu. Umræða um þriðju aðildarumsóknina hefur aðeins látið á sér kræla af og til á síðustu árum í Noregi en ljóst er þó að ekkert verður aðhafst sem breytir stöðu Noregs á þessu kjörtímabili norska Stórþingsins sem lýkur haustið 2006. Enginn vafi er á því að úrslit atkvæðagreiðslunnar í Danmörku 28. september árið 2000

höfðu mikil áhrif. Afdráttarlaus meiri hluti dönsku þjóðarinnar hafnaði evrunni og aðild að myntbandalagi og sendi um leið skýr skilaboð til ráðamanna bæði heima fyrir og í Brussel. Þrátt fyrir að allar helstu valdastofnanir í dönsku samfélagi, þ.e. stærstu stjórnmálaflokkarnir, atvinnurekendur, verkalýðshreyfing, flestir fjölmiðlar o.s.frv., með algera yfirburði fjármagns á bak við sig að auki, reyndu að þvinga fram samþykki kaus danska þjóðin að stíga ekki þetta skref í evrópska samrunaferlinu. Þessi niðurstaða var, fyrir utan að vera stóráfall fyrir dönsku kratastjórnina þáverandi, áfall fyrir stjórnmálamenn og stjórnmálaöfl hér á landi sem hafa viljað keyra af stað umræðu um nánari tengsl eða aðild okkar að Evrópusambandinu. Þess vegna er líklegt að rólegra verði í þessum efnum en ella hefði orðið og bæði Danir og nágrannar þeirra, eins og Svíar og Bretar, fari sér hægt á næstunni og hugsi sig vel um áður en þeir aðhafast frekar. Því er síður en svo ástæða til óðagots hér á landi eða í Noregi og hyggilegt væri fyrir ráðamenn þessara landa sem annarra að láta sér lexíuna frá Danmörku að kenningu verða.

Vissulega er staða Íslands í samskiptum við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins langt frá því að vera eins og tillögumenn teldu heppilegasta. Við Íslendingar höfum hins vegar aðlagað okkur að þeim aðstæðum sem EES-samningurinn skapar um nokkurt árabil. Tollalækkanir samkvæmt samningnum hafa auðvitað verið til bóta, enda höfum við borgað fyrir með veiðiheimildum og greiðslum í þróunarsjóð sem voru framlengdar með þvingunum. Þá höfum við líka þurft að bera okkar hlut af rekstrarkostnaði þunglamalegs stofnanakerfis o.s.frv. Deilur um hið liðna þjóna hins vegar litlum tilgangi, enda engan samanburð hægt að gera við það sem ella hefði orðið, t.d. samskipti á grundvelli einfaldari viðskipta- og samstarfssamninga í stað EES. Þá getur það tæpast þjónað hagsmunum Íslands að við veikjum tiltrú á eða gröfum með málflutningi undan samskiptum okkar við Evrópusambandið hvað sem um EES-samninginn má segja sem slíkan. Hlýtur málflutningur núverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, að vekja furðu því að engu er líkara en að hann hafi tekið sér fyrir hendur að sannfæra alla sem málið varðar um bága og versnandi stöðu Íslands innan EES.

Óvissa skaðleg íslenskum hagsmunum.

Sú óvissa sem ríkir um það hvernig samskiptum Íslands við Evrópusambandið verði háttað í framtíðinni er óheppileg. Svo lengi sem vafi leikur á um hver framtíðarstefnan verður eru aðilar í hálfgerðri biðstöðu og Íslendingar geta ekki skipulagt samskipti sín við ýmsa aðila í löndum ESB eða einbeitt sér sem skyldi að samskiptum við aðra heimshluta. Það gildir jafnt um utanríkisþjónustuna, ráðuneyti og opinberar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök. Því er nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið og marki stefnuna í stórum dráttum svo að forsendur eða grundvöllur samskiptanna liggi fyrir. Þá verður hægt að byggja upp það fyrirkomulag sem best samrýmist hagsmunum Íslands til framtíðar litið. Við athugun þessara mála þarf þjóðin að líta til allra átta, óbundin af núverandi stöðu. Gera verður þá kröfu til stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka að þeir reyni að tala skýrt í þessu afdrifaríka máli. Umræða um mikilsverð utanríkismál eins og framtíðarfyrirkomulag samskipta okkar við Evrópusambandið er mikilvæg og sjálfsögð og Vinstri hreyfingin – grænt framboð og þingmenn hennar eru hvar og hvenær sem er tilbúnir til slíkra umræðna. Einnig þurfum við sem þjóð, að sjálfsögðu hér eftir sem hingað til, að fylgjast með þróun mála í kringum okkur. Nauðsyn þessa er hins vegar ekki afsökun fyrir því að tala óljóst og dulbúa afstöðu, eða þá afstöðuleysi, í endalausum orðavaðli um að það þurfi að taka málið á dagskrá, ræða það og skoða, fylgjast með, tímarnir séu að breytast o.s.frv. Í öllum aðalatriðum liggur fyrir hvað fælist í aðild að Evrópusambandinu og skýrsla utanríkisráðherra frá vorinu 2000 er gagnlegt innlegg

í þá umræðu. Mönnum er því engin vorkunn að taka skýra afstöðu til mála í ljósi aðstæðna og þar sem ekki er líklegt að þær breytist í grundvallaratriðum í fyrirsjáanlegri framtíð ætti slík stefnumörkun að fá staðist.

Rök með og á móti aðild.

Skipta má helstu rökum stuðningsmanna aðildar að Evrópusambandinu í tvennt. Annars vegar eru það nauðhyggjuröksemdir og hins vegar rök sem ganga út á nauðsyn aðildar til að hafa áhrif.

Af fyrra taginu eru fullyrðingar eins og þær að EES-samningurinn sé á fallanda fæti, verði EES-samningurinn ónothæfur í núverandi mynd sé ekki um annað að ræða en að „stíga skrefið til fulls", þ.e. að ganga í Evrópusambandið. Einnig er óspart látið að því liggja að Norðmenn kunni að ganga í Evrópusambandið einhvern tímann á komandi árum. Þá er sagt að allir aðrir séu að ganga í Evrópusambandið og er þá væntanlega verið að vísa til stækkunar þess til austurs og þannig mætti áfram telja. Í slíkum fullyrðingum eru ekki fólgnar efnislegar röksemdir heldur miklu fremur ákveðin tegund hræðsluáróðurs eða nauðhyggju eins og áður sagði. Vissulega eru þeir til einnig sem sjá aðeins gull og græna skóga í Evrópusambandinu og tala eins og hægt sé fyrirhafnarlaust og án nokkurra fórna að njóta þess jákvæða sem af aðild gæti leitt án þess að ókostirnir fylgi með í kaupunum. Hafa ber í huga að samskipti Íslands við aðrar þjóðir og heimshluta byggjast á tvíhliða samskiptum. Sá kostur er að sjálfsögðu einnig opinn að því er snertir samskipti við Evrópusambandið. Ekkert bendir til að við eigum ekki alla möguleika á að búa farsællega um samskipti okkar við Evrópusambandið án aðildar þó að samningurinn um EES breytist eða t.d. stofnanir hans hverfi. Slíkt gæti jafnvel einfaldað þau atriði sem mestu máli skipta, viðskiptaþættina, samstarf á sviði menntunar og rannsókna og, eftir atvikum, samræmingu löggjafar, sem við getum að sjálfsögðu framkvæmt að eigin frumkvæði, og fleira.

Sú röksemd að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið til að hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku sem þar fer fram virðist á yfirborðinu nokkuð gild, en dugir skammt þegar betur er að gáð. Fyrir það fyrsta verður að svara því hver líkleg áhrif smáríkis á borð við Ísland í stækkandi Evrópusambandi yrðu og hvaða verði yrðu þau „áhrif" keypt? Hvað mundi það kosta smáríki eins og okkar að gæta hagsmuna okkar innan frá á öllum vígstöðvum þessa mikla bákns og hvað með okkar sérstöðu og áhrif annars staðar á alþjóðavettvangi? Færa má rök fyrir því að þessu með áhrifin sé einmitt öfugt varið því að með aðild missum við sjálfstæða rödd og sjálfstæða fulltrúa í öðrum alþjóðasamskiptum og færumst yfir í baksveitir sem minnsta þjóðin af 15 eða 25 á bak við fulltrúa framkvæmdastjórnar eða ráðherraráðs. Hefðu áhrif Íslands verið meiri eða minni, t.d. í hafréttarmálum, utan eða innan Evrópusambandsins sl. þrjátíu ár eða svo? Svarið liggur nokkuð í augum uppi. Það var vegna sjálfstæðis okkar og fullveldis að við gátum beitt okkur sem raun ber vitni, ekki síst í andstöðu við Evrópusambandsríkin.

Ókostir aðildar.

Ef farið er yfir helstu ókosti aðildar að Evrópusambandinu, kostnað og fórnir sem henni yrðu samfara, vegur eftirfarandi þyngst að mati flutningsmanna:

1. Afsal sjálfstæðis og fullveldis, glötuð sérstaða.

Framsal á fullveldi Íslands er veigamesta ástæðan fyrir því að aðild að Evrópusambandinu er ekki fýsilegur kostur að mati tillögumanna. Þar með væru Íslendingar skuldbundnir til að innleiða alla lagasetningu Evrópusambandsins hér á landi og Evrópudómstóllinn yrði æðsti

dómstóll Íslendinga. Breytingin frá því sem við búum við nú yrði umtalsverð vegna þess að íslenskir dómstólar skýra innlendar réttarreglur til samræmis við EES-samninginn á grundvelli íslenskra lögskýringarreglna. Landsdómstólar í aðildarríkjum ESB framselja hins vegar þetta vald til Evrópudómstólsins.

Því er stundum haldið fram í umræðu um þessi mál að með aðild að ESB kæmu Íslendingar beint að lagasetningu ESB og gætu þannig haft mun meiri áhrif en nú. Einnig er sagt að þeir fengju neitunarvald í ráðherraráðinu sem mundi styrkja mjög stöðu Íslands á þessum vettvangi. Minnt skal á að það er engan veginn auðvelt að beita neitunarvaldi vegna fjölmargra samtengdra hagsmuna og samskipta. Jafnframt hafa leikreglur breyst hratt innan ESB með breytingum á stofnsamningi þar sem meirihlutaákvörðun gildir á æ fleiri sviðum. Á sinn hátt gildir svipað um þetta og „öryggisákvæðið" í EES-samningnum sem ekki hefur verið beitt fram að þessu.

Að öllu samanlögðu er það mat tillögumanna að langskynsamlegast sé að þróa samskipti Íslands við Evrópusambandið í átt til tvíhliða samninga um fríverslun, rannsóknir og vísindi og félagslegt og menningarlegt samstarf. Eðlilegt er að leita eftir slíkum samningum á grundvelli tiltekinna þátta í EES-samningnum og með hliðsjón af Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 1984 en hún varðaði m.a. samstarf á sviði mennta- og menningarmála, umhverfismála og rannsókna- og þróunarstarfs.

2. Skertir möguleikar til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar.

Ljóst er að aðild að Evrópusambandinu mundi skerða mjög möguleika íslenskra stjórnvalda til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar frá því sem nú er. Sveiflur í efnahagslífinu hér á landi eiga sér aðrar rætur en gengur og gerist á meginlandi Evrópu. Þar af leiðandi er afar varhugavert fyrir Íslendinga að vera bundnir af sameiginlegri efnahagsstefnu ESB, enda hefðu íslensk stjórnvöld þá enga möguleika á að bregðast sjálfstætt við, t.d. til að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi. Endastöð slíkrar bindingar væri aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins (EMU) sem flestöll ríki ESB verða aðilar að innan tíðar. Þar með væri sjálfstæð gengisskráning úr sögunni sem er afar óheillavænleg staða fyrir land sem treystir jafnmikið á útflutning og raun ber vitni. Sveiflur efnahagslífsins á Íslandi mundu eðlilega ekki hafa nokkur minnstu áhrif á sameiginlega gengisskráningu í Evrópusambandinu sem hefur innan sinna vébanda mörg stór hagkerfi, þar á meðal fjögur af sjö helstu iðnríkjum heims. Tæpast þarf að fjölyrða um hversu alvarlegar afleiðingar aðild að efnahagsstefnu ESB, svo ekki sé talað um sameiginlegan gjaldmiðil, hefði haft fyrir íslenskt efnahagslíf við þær aðstæður sem hér hafa ríkt á allra síðustu árum.

Áhrif hugsanlegrar aðildar á málefni atvinnugreina eins og sjávarútveg og landbúnað og möguleika Íslendinga til að stunda sjálfstæða hagstjórn eru nátengd áhrifunum á atvinnuöryggi og vinnumarkað. Lítið hefur verið um þann þátt mála rætt hér á landi en engu að síður er það staðreynd að atvinnuleysi er til muna meira í löndum Evrópusambandsins en hér á landi. Telja verður líklegt að aðild Íslands hefði slæm áhrif á atvinnuöryggi landsmanna, a.m.k. á vissum svæðum og í ákveðnum atvinnugreinum. Þannig er líklegt að störfum myndi fækka umtalsvert í landbúnaði og tengdum matvælaiðnaði og óvissa gæti skapast í sjávarútvegi, einkum fiskvinnslunni, og fleiri greinum. Þannig yrðu það líklega greinar sem vega þungt í atvinnulífi landsbyggðarinnar sem yrðu fremur fyrir neikvæðum áhrifum. Alvarlegustu áhyggjurnar tengjast þó áhrifum þess á jafnvægi á vinnumarkaði og atvinnuöryggi að taka upp evruna og tapa úr landinu stjórn efnahags- og peningamála, sjálfstæðri gengisskráningu og vaxtaákvörðunum. Þá blasir sú hætta við að aðlögun að sveiflum í efnahagslífi og/eða ytri sem innri skilyrðum þjóðarbúsins leiti út í atvinnustigið, mun meiri óstöðugleiki

verði á vinnumarkaði og hættan á stórauknu atvinnuleysi, þegar illa gengur, verði viðvarandi. Ótti Svía við aukið atvinnuleysi er ein meginástæða þess að þeir hafa þrjóskast við að taka upp evru, þó þeir ættu í raun að gera það sjálfkrafa í kjölfar aðildar. Þar hefur verið rætt um að koma á fót gríðarmiklum sveiflujöfnunarsjóðum til að vega upp á móti skertum möguleikum til sjálfstæðrar hagstjórnar og hættu á auknu atvinnuleysi samfara upptöku evrunnar.

3. Hagsmunum sjávarútvegsins fórnað.

Ljóst er að með inngöngu í Evrópusambandið mundu Íslendingar glata forræði yfir auðlindum hafsins við Ísland til framkvæmdastjórnar ESB. Að undanförnu hafa ýmsir haldið því fram að reglur Evrópusambandsins um stjórn fiskveiða mundu leiða til þess að Íslendingar sætu einir að veiðunum þar sem aðrar þjóðir hafi nánast enga veiðireynslu á Íslandsmiðum. Þar með er sú einkennilega staða komin upp að einhver mikilvægasti ávinningur sjálfstæðisbaráttunnar, útfærsla efnahagslögsögunnar og afleiðingar hennar, er notaður sem rök fyrir því að óhætt sé að afsala sér sjálfstæðinu í þessum efnum. Í þeim málflutningi er látið undir höfuð leggjast að fjalla um augljósar afleiðingar ESB-aðildar sem m.a. varða svokallað kvótahopp. Í því felst að fyrirtækjum í aðildarlöndum sambandsins væri í lófa lagið að skrá skip sín á Íslandi, fá veiðiheimildir hér en landa aflanum í heimalandinu. Þetta er vel þekkt innan ESB og hefur valdið mörgum sjávarbyggðum þar miklum vandræðum. Evrópudómstóllinn hefur svo ofan í kaupið dæmt í óhag ríkjum eins og Bretlandi, sem haft hafa uppi tilburði til að stöðva kvótahopp. Einnig er borðleggjandi að af hálfu þjóða eins og Spánverja yrði viðvarandi þrýstingur á að komast inn í íslensku landhelgina og gjarnan reynt að versla um slíka hluti í tengslum við lausn óskyldra deilumála eins og dæmin sanna. Slík hrossakaup eru venjulegur framgangsmáti innan Evrópusambandsins, eins og Íslendingar fengu meðal annars að kynnast í deilunum um áframhaldandi greiðslur í þróunarsjóðinn á grundvelli EES-samningsins.

Engar líkur eru á að í þessum efnum standi Íslandi annað til boða en í mesta lagi tímabundin aðlögun að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Eftir slíkan aðlögunartíma mundu ýmis málefni sem snerta þessa mikilvægu atvinnugrein flytjast til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel. Þar má nefna ákvörðun um heildarveiðiheimildir, stjórn veiða úr deilistofnum og flökkustofnum, forræði í samningamálum og samskipti við önnur ríki, t.d. úrskurð deilumál um skiptingu veiðiheimilda. Það yrði óumdeilanlega mikil afturför ef sjálfstæð rödd Íslands í hafréttarmálum á alþjóðavettvangi hljóðnaði.

4. Áfall fyrir íslenskan landbúnað.

Eins og fram kemur í fyrrnefndri skýrslu utanríkisráðherra bendir allt til þess að aðild að Evrópusambandinu yrði áfall fyrir allar greinar landbúnaðarins hér á landi, nema helst sauðfjárræktina. Útkoma sauðfjárbænda yrði þó undir því komin að ná hingað sem mestu af þeim styrkjum sem Evrópusambandið veitir greininni á þeim forsendum að hún er algjör aukabúgrein í ESB. Einnig er líklegt að matvælaiðnaður tengdur innlendri búvöruframleiðslu mundi láta verulega undan síga.

Oft er látið að því liggja að ESB-aðild mundi koma neytendum mjög til góða í formi lægra verðs á matvælum. Þessu var mjög haldið á loft í Finnlandi og Svíþjóð á sínum tíma og um það snúast einmitt einhver mestu vonbrigði almennings í þessum löndum eftir inngönguna í ESB. Matvælaverð hefur ekki lækkað eins og stuðningsmenn aðildar fullyrtu að mundi gerast en inngangan hefur jafnframt reynst landbúnaðinum í þessum löndum þung í skauti, einkanlega í Finnlandi.

5. Hagsmunir ferðaþjónustunnar.

Mörg álitamál tengjast hagsmunum einnar helstu vaxtargreinar íslensks atvinnulífs um þessar mundir, þ.e. ferðaþjónustunnar, og mögulegri aðild að Evrópusambandinu. Flestir eru sammála um að óumflýjanleg aðild að tollsamstarfinu, og þar með afnám tollfrjálsrar verslunar, kæmi sér illa fyrir ferðaþjónustuna, fyrir rekstur flug- og ferjuhafna, fríhafnarverslana og skattfrjálsrar ferðamannaverslunar. Einnig óttast margir að verr gengi að tefla fram og kynna sérstöðu landsins og gera það spennandi að ferðast hingað ef landið væri orðið hluti af Evrópusambandinu. Möguleikar Íslands til að setja sérreglur, t.d. á sviði umhverfismála vegna mikilla og sérstakra hagsmuna ferðaþjónustunnar, minnkuðu og fleira mætti nefna.

6. Fjarlægt og miðstýrt Brusselvald, ólýðræðisleg ákvarðanataka.

Miðstöð stjórnvalds í Evrópusambandinu er í Brussel. Þar situr framkvæmdastjórnin og Evrópudómstóllinn og Brussel er einn þriggja samkomustaða Evrópuþingsins. Sú skoðun er afar útbreidd í ESB-löndunum að stjórnkerfi sambandsins einkennist af óhóflegri miðstýringu og mikil fjarlægð sé á milli valdhafanna og þegnanna. Óhætt er að segja að þeir sem gagnrýna miðstýringuna hafi mikið til síns máls og má í því sambandi benda á að einstök ríki Bandaríkjanna hafa í sumum tilfellum mun meira sjálfstæði gagnvart alríkisstjórninni en ESB-ríki gagnvart æðstu stjórn Evrópusambandsins í Brussel.

Um fjarlægðina á milli valdhafanna í ESB og almennings í aðildarlöndunum má nefna tvö dæmi, hvort frá sinni hlið. Annars vegar er kjörsókn í kosningum til Evrópuþingsins yfirleitt mjög slök og hróplega léleg í samanburði við aðrar kosningar í ESB-löndunum, svo sem til þings og sveitarstjórna. Úrslitin gefa iðulega til kynna að kjörsókn í Evrópuþingskosningum sé mun meiri meðal andstæðinga ESB-aðildar en fylgismanna. Almenningur virðist því ekki hafa mikla trú á Evrópuþinginu sem slíku og þarf það ekki að koma á óvart þar sem það er aðeins ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina en hefur ekki eiginlegt löggjafarvald.

Hins vegar má benda á hvernig samrunaferlið innan ESB hefur verið knúið áfram af valdhöfunum gagnvart almenningi í aðildarlöndunum. Skemmst er að minnast þess þegar Danir felldu Maastricht-samkomulagið í þjóðaratkvæðagreiðslu og stjórnvöld efndu til nýrra kosninga um málið eftir að hafa fengið undanþágur frá tilteknum ákvæðum samkomulagsins. Það hefur líka sýnt sig að þar sem á annað borð er efnt til kosninga um samrunaferlið er gríðarlegum fjármunum varið til að sannfæra almenning um ágæti þess. Nú síðast var þetta áberandi í þjóðaratkvæðagreiðslu Dana um þátttöku í myntbandalagi Evrópusambandsins og notkun evrunnar í stað dönsku krónunnar.

Í raun og veru eiga aðildarríkin lítið val þegar kemur að breytingum á Rómarsáttmálanum, stofnsáttmála sambandsins, á borð við Maastricht- og Amsterdam-samkomulagið. Að hafna slíkum gerðum jafngildir úrsögn úr Evrópusambandinu og það er viðurkennt að í stofnsáttmálanum er einfaldlega ekki gert ráð fyrir því að ríki geti gengið úr Evrópusambandinu þegar þau eru einu sinni komin þangað inn.

Þessu til viðbótar má nefna að langur vegur er frá því að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð þegar ákvarðanir eru teknar af framkvæmdastjórn og ráðherraráði ESB. Ráðherrar einstakra ríkja geta beitt neitunarvaldi en til þess hefur enn ekki komið, enda væri sambandið þá í uppnámi. Af þeim sökum fer iðulega fram mikill kaupskapur til að tryggja stuðning fulltrúa allra ríkja við nýjar ákvarðanir. Þetta leiðir af sér óeðlilega mikið vægi sérhagsmuna við afgreiðslu margra mála enda þarf þá að launa einstökum fulltrúum fyrir stuðning við fyrri ákvarðanir.

7. Varhugaverðir tollmúrar.

Íslendingar eiga afar mikið undir útflutningi, einkum á sjávarafurðum. Með inngöngu í Evrópusambandið yrðu Íslendingar að taka upp sömu tollastefnu og önnur lönd bandalagsins gagnvart ríkjum utan ESB. Þar með væri forræði landsins á sviði viðskiptasamninga úr sögunni og samningsumboðið á hendi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta mundi augljóslega hefta möguleika Íslendinga á að sækja fram og leita nýrra markaða í öðrum heimshlutum. Það kæmi sér sérstaklega illa ef markaðurinn í ESB-löndum brygðist af einhverjum ástæðum. Nauðsynlegur sveigjanleiki í þessum efnum er best tryggður með samningum við efnahagsbandalög og einstök ríki um fríverslun og félagsleg og menningarleg samskipti.

Rétt er að benda á að tveir mikilvægustu útflutningsmarkaðir Íslendinga utan Evrópu, Norður-Ameríka og Suðaustur-Asía, hafa myndað viðskiptablokkir sem keppa við Evrópusambandið og standa í illdeilum við það á mörgum sviðum, m.a. varðandi tollamál og viðskiptakjör. Hagsmunir Íslands mundu af augljósum ástæðum ekki vega þungt í samskiptum ESB við þessar viðskiptablokkir og því er varhugavert fyrir Íslendinga að lenda innan tollmúra Evrópusambandsins.

8. Mikill kostnaður.

Það liggur fyrir að aðild að Evrópusambandinu yrði Íslendingum dýr. Að óbreyttu er hún talin kosta í kringum 8 milljarða kr. en líklegt er að með stækkun sambandsins yrði þessi upphæð á bilinu 10–12 milljarðar. Í besta falli væri mögulegt að fá helming þeirra fjármuna til baka í formi styrkja. Rétt er þó að hafa í huga að slíkir styrkir koma sjaldnast fyrirhafnarlaust. Því fylgir mikil vinna að krækja í þá, oftar en ekki er krafa um mótframlag af hálfu heimalandsins og upphæðinni að endingu skipt milli fleiri aðila. Þess vegna gætir oft þess misskilnings í umfjöllun um styrkupphæðir og sameiginleg verkefni að heildarfjárhæðin renni til viðkomandi aðila sem nettóframlag frá Evrópusambandinu, sem sjaldnast er tilfellið. Allir slíkir útreikningar eru auðvitað háðir mörgum óvissuþáttum, enda eiga þeir ekki að vera neitt aðalatriði í málinu. Ísland er vissulega eitt af ríkustu löndum heims og mætti gjarnan leggja meira af mörkum til aðstoðar þeim löndum sem verr standa. Það geta Íslendingar hins vegar hæglega gert á eigin forsendum ef viljinn er fyrir hendi og ráðstafað þeim fjármunum eins og þeir sjálfir telja skynsamlegast. Ekki má heldur gleyma því að það er dýrt að halda uppi velferðarsamfélagi í fámennu og strjálbýlu landi. Engin trygging er fyrir því að þær sérstöku aðstæður, sem við búum við á Íslandi, mundu alltaf mæta skilningi hjá framkvæmdarvaldinu í Brussel.

Loks er rétt að taka fram að flutningsmenn hafa allan fyrirvara á gagnvart þeirri hugmyndafræði sem mestu ræður bak við tjöldin um þróun mála hjá Evrópusambandinu. Hagsmunir fjármagnseigenda og stórfyrirtækja hafa verið drifkrafturinn á bak við markaðsvæðingu og afnám allra hindrana í vegi fjármagnsflutninga, fjárfestinga milli landa o.s.frv. Almenningur aðildarlandanna gerir sér æ betur grein fyrir því að þrátt fyrir tal um Evrópu fólksins og ýmis ágæt markmið og reglur á sviði t.d. félagsmála og umhverfismála er það samt fyrst og fremst Evrópusamband fjármagnsins og Evrópusamband stórfyrirtækjanna sem verið er að skapa. Þetta er án efa ein skýringin á þeirri miklu og breikkandi gjá sem hefur verið að skapast á milli almennings og þeirra sem ráða ferðinni og reka Evrópusamrunann áfram.

Samningar Svisslendinga.

Árið 1999 gerðu Svisslendingar tvíhliða samning við Evrópusambandið um samskipti á sjö sviðum. Þau eru afnám tæknilegra viðskiptahindrana, frjálsar ferðir fólks, rannsóknir, opinber innkaup, samgöngur á landi, farþegaflug og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Samningurinn gekk í gildi snemma árs 2000 og er nú hluti af löggjöf beggja samningsaðila. Samningurinn felur ekki að neinu leyti í sér framsal löggjafarvalds til yfirþjóðlegra stofnana. Meiri hluti samningsákvæðanna felur í sér gagnkvæma viðurkenningu á löggjöf beggja samningsaðila. Hins vegar er kveðið á um upplýsingaskyldu og sérstakt viðræðuferli ef annar samningsaðili hyggst breyta sinni löggjöf á sviðum samningsins. Ekki er vafi á því að vænlegt gæti verið fyrir Íslendinga að fylgja fordæmi Svisslendinga í þessum efnum og leita eftir tvíhliða samningum um samskipti við Evrópusambandið á afmörkuðum sviðum.

Aðrir heimshlutar.

Eðlilegt er að líta á vaxandi samskipti við Norður-Ameríku sem rök fyrir því að halda óháðri stöðu gagnvart efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Ísland hefur um langt skeið átt mikil samskipti við Bandaríkin, m.a. á sviði viðskipta og mennta- og menningarmála. Þessi samskipti munu áfram hafa mikla þýðingu fyrir Íslendinga en aðild Íslands að Evrópusambandinu mundi fljótlega hafa veruleg áhrif á þróun þeirra. Þarf raunar ekki beina aðild til, eins og glöggt má sjá af Schengen-samningnum sem nú er að verða að veruleika. Undanfarin ár hafa samskipti Íslands og Kanada einnig aukist verulega, ekki síst í tengslum við afmæli landafunda norrænna manna í Vesturheimi og vaxandi áhuga Íslendinga og Kanadamanna af íslenskum ættum á sögu íslensku vesturfaranna. Árið 1999 var opnuð aðalræðisskrifstofa í Winnipeg og Ísland opnaði sendiráð í Ottawa í Kanada í fyrra.

Fleira bendir til vaxandi samskipta og viðskipta við Norður-Ameríku í náinni framtíð. Gert er ráð fyrir að viðræðum EFTA-ríkjanna og Kanada um fríverslunarsamning ljúki innan tíðar og að hann verði undirritaður áður en langt um líður. Þetta er stærsti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert frá því að EES-samningurinn var undirritaður. Með honum verður útflytjendum í EFTA-löndunum tryggður tollfrjáls aðgangur að Kanadamarkaði og jafngóð útflutningsskilyrði og útflytjendur búa við í hinum NAFTA-ríkjunum, Bandaríkjunum og Mexíkó. Samningurinn gerir samkeppnisaðstöðu EFTA-landanna betri en ESB-landa hvað snertir vöruútflutning til Kanada. Landfræðilega markar samningurinn ákveðin tímamót því að hingað til hefur EFTA einkum beint sjónum sínum að Mið-Evrópu og löndum við Miðjarðarhaf. Þá eru samningaviðræður EFTA og Mexíkós um fríverslun hafnar og ráðgerðar eru viðræður við Chile.

Þótt afturkippur hafi komið í efnahagslíf margra Asíulanda fyrir nokkru og þess gæti enn að nokkru leyti í utanríkisviðskiptum þeirra er eftir sem áður vænlegur markaður þar. Vissar afurðir hafa fyrst og fremst farið héðan til Asíu, einkum Japans sem er efnahagslegt stórveldi og stendur utan ASEAN-hópsins. Mögulegt er að viðskiptin verði ekki síður mikil við Kína í framtíðinni en margir telja að þar sé álitlegur markaður fyrir sjávarafurðir. Slík viðskipti gætu haft í för með sér stóraukna vinnslu á uppsjávarfiski til manneldis. Loks má nefna að á síðasta ári opnuðu Íslendingar sendiráð í Japan og japönsk stjórnvöld opnuðu sendiráð hér á landi sama ár.

Niðurstaða.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu að Íslendingar geti skapað sér sterka stöðu utan stórra efnahags- og ríkjasambanda og nýtt með því þá kosti sem felast í legu landsins. Treysta á möguleika á alhliða samskiptum við umheiminn en forðast að lokast af

innan einstakra viðskiptablokka eða ríkjasambanda. Stefnumörkun í þessum efnum varðar miklu um framtíð lands og þjóðar. Það er staðreynd sem ekki verður hrakin að Íslendingum hefur vegnað vel sem sjálfstæðri þjóð og aldrei betur en síðustu fimmtíu ár. Á þeim tíma höfum við nær alfarið haft forræði eigin mála. Á grundvelli fullveldis gátum við stigið mikilvægustu skrefin til að tryggja afkomu og velferð þjóðarinnar. Nærtækasta og skýrasta dæmið er útfærsla landhelginnar og þau áhrif sem Íslendingar, sem fullvalda þjóð með sjálfstæða rödd á alþjóðavettvangi, höfðu á þróun hafréttarins. Sama gildir um sjálfstæða stöðu okkar í samningum um fiskveiðiréttindi og skylda hluti. Við höfum sjálf getað gætt auðlinda okkar og nýtt þær eða virkjað í eigin þágu og í samræmi við eigin hagsmuni. Sjálfstæðið hefur sem slíkt reynst okkur verðmæt auðlind. Tillagan sem hér er flutt snýst um að marka grundvallarstefnu og meginlínur í alþjóðasamskiptum Íslendinga. Vegna mikilvægis málsins og þess hversu gæfuríkt það væri ef landsmönnum tækist að sameinast um megináherslur í þessu afdrifaríka máli er lagt til að skipuð verði þverpólitísk nefnd allra stjórnmálaflokka til að vinna að því með stjórnvöldum. Á það má minna að á árunum 1988–90 starfaði nefnd níu alþingismanna, svonefnd Evrópustefnunefnd, um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu kosin hlutbundinni kosningu á Alþingi og því skipuð fulltrúum allra þingflokka.

Fylgiskjal.

Kafli úr stefnuyfirlýsingu stofnfundar
Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs.

Sjálfstæð utanríkisstefna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Hreyfingin vill binda enda á aðild Íslands að hernaðarbandalögum og veru erlends hers í landinu. Brýnt er að friðlýsa landið og lögsögu þess fyrir kjarnorkuvopnum og banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar aðild Íslands að Evrópusambandinu þar eð slík aðild mundi skerða fullveldi Íslands og forræði þjóðarinnar yfir auðlindum lands og sjávar. Í stað hægfara innlimunar í Evrópusambandið ber að þróa samskiptin í átt til einfaldari tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla samstarf allra þjóða heims á grundvelli jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar fyrir ólíkum skoðunum og menningu. Við vörum við aðgerðum sem beint er gegn velferð þjóða og þjóðarbrota. Nauðsynlegt er að leggja hömlur á spákaupmennsku með fjármagn heimshorna á milli með sérstakri skattlagningu eða alþjóðlegum reglum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla þátttöku Íslands í stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar sem öll ríki eiga aðild, svo og í svæðisbundnum samtökum, svo sem Norðurlandaráði, Evrópuráði og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Við viljum efla starfsemi Sameinuðu þjóðanna og styrkja lýðræðislega starfshætti á vettvangi þeirra. Treysta ber stoðir þjóðaréttar í þágu friðar og mannréttinda og stuðla að aukinni þátttöku almennra félagasamtaka í stefnumörkun alþjóðamála.

Ísland á að styðja eindregið markmið Sameinuðu þjóðanna og ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar með því að leggja sitt af mörkum til útrýmingar fátæktar, hungurs, félagslegs ranglætis, misskiptingar auðs, kynþáttamismununar, mannréttindabrota og hernaðarhyggju.

232. Fyrirspurn [229. mál]

til forsætisráðherra um breytta skipan matvælaeftirlits.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hvað líður undirbúningi þess að sett verði á fót ein stofnun hér á landi sem hafi yfirumsjón með matvælaeftirliti?
2. Hvaða breytingar gætu orðið á hlutverki sveitarfélaganna við matvælaeftirlit ef slíkri stofnun verður komið á fót?

233. Fyrirspurn [230. mál]

til utanríkisráðherra um tilnefningu dómara í alþjóðasakamáladómstólinn.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að tilnefna dómara til setu í alþjóðasakamáladómstólnum? Ef ekki, hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun?

Skriflegt svar óskast.

234. Fyrirspurn [231. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysisbætur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve háar væru atvinnuleysisbætur nú á mánuði miðað við 100% bótarétt ef greiðslur væru miðaðar við taxta fiskvinnslufólks (starfsaldursþrep eftir sjö ár) eins og gert var fram til ársins 1997?
2. Hverjar væru heildargreiðslur á ári til atvinnulausra miðað við 100% bótarétt annars vegar ef miðað er við það viðmið sem gilti fyrir árið 1997 (taxta fiskvinnslufólks, starfsaldursþrep eftir sjö ár) og hins vegar ef miðað er við hámarksbætur samkvæmt gildandi ákvæði 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar?
3. Hverjar væru heildargreiðslur á mánuði ef atvinnuleysisbætur miðað við 100% bótarétt hefðu tekið mið af breytingu á launavísitölu frá 1997?
4. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að hækka atvinnuleysisbæturnar og breyta viðmiði þeirra, t.d. að þær hækkuðu í samræmi við launavísitölu, og að hætt verði að skattleggja þær?

235. Fyrirspurn [232. mál]

til menntamálaráðherra um húsnæðismál Listaháskóla Íslands.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hafa verið kannaðir möguleikar á því að reisa húsnæði yfir Listaháskóla Íslands á lóð Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð og mynda þar enn öflugri háskólareit?
2. Ef svo er ekki, mun ráðherra þá beita sér fyrir gerð könnunar á hagkvæmni þessa möguleika og um leið hvort samvinna fyrrnefndra háskóla á tilteknum sviðum sé raunhæf?

236. Fyrirspurn [233. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er búsetudreifing sjúklinga sem leituðu þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga á árunum 1996–2001
   a. eftir sérgreinum,
   b. eftir núverandi kjördæmum?
2. Hve hátt hlutfall sjúklinga var með tilvísun frá öðrum lækni?

Skriflegt svar óskast.

237. Fyrirspurn [234. mál]

til heilbrigðisráðherra um aukna heilsugæsluþjónustu.

Frá Þuríði Backman.

1. Eru áform um að fjölga stöðugildum lækna í heilsugæslu á heilsugæslustöðvum
   a. utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. vegna mikils vaktaálags og hvíldarákvæða EES-samningsins,
   b. á höfuðborgarsvæðinu vegna mikillar eftirspurnar eftir þjónustu?
2. Eru áform um að fjölga stöðugildum hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum?
3. Eru áform um að ráða fleiri starfsstéttir á heilsugæslustöðvar, svo sem sálfræðinga og næringarráðgjafa?
4. Eru áætlanir um sérstakar aðgerðir til að
   a. auka áhuga ungra lækna á heimilislækningum,
   b. vekja áhuga lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á því að verja hluta starfsævinnar í dreifbýli,

c. stuðla að því að fleiri leggi fyrir sig ljósmæðranám og ljósmóðurstarf? Ef svo er, í hverju eru þær fólgnar?

Skriflegt svar óskast.

238. Fyrirspurn [235. mál]

til heilbrigðisráðherra um útselda hjúkrunarþjónustu.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er ástæða þess að heilbrigðisstofnanir á föstum fjárlögum kaupa útselda hjúkrunarþjónustu?
2. Hvaða heilbrigðisstofnanir kaupa eða hafa keypt útselda hjúkrunarþjónustu og af hverjum hefur sú þjónusta verið keypt, sundurgreint eftir stofnunum og sviðum eða deildum?
3. Hver var kostnaður hvers sviðs eða deildar við aðkeypta hjúkrunarþjónustu á síðasta ári, sundurgreint eftir útseldum tímum hvers mánaðar?
4. Hvernig er staðið að kaupum á útseldri hjúkrunarþjónustu og hvernig kemur þjónustan út rekstrarlega og faglega í samanburði við þjónustu fastráðinna hjúkrunarfræðinga?
5. Hefur verið kannað hvort þetta fyrirkomulag hafi haft áhrif á nýráðningar eða starfshlutfall þeirra hjúkrunarfræðinga sem fyrir eru í starfi?
6. Hve margir hjúkrunarfræðingar eru á samningi við Tryggingastofnun ríkisins og á hvaða sviðum vinna þeir?
7. Er áformað að fjölga sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingum
   a. á heilbrigðisstofnunum,
   b. utan heilbrigðisstofnana?

Skriflegt svar óskast.

239. Fyrirspurn [236. mál]

til heilbrigðisráðherra um mismunandi rekstrarform heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur verið gerður rekstrarlegur og faglegur samanburður á mismunandi rekstrarformi með tilliti til þjónustustigs og fjölbreytni í þjónustu á sviði heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu hjá
   a. heilsugæslustöðvum,
   b. Heimilislæknamiðstöðinni ehf.,

c. Læknalind ehf.,
d. sjálfstætt starfandi heimilislæknum?
2. Ef svo er, hvernig kemur sá samanburður út með tilliti til þeirrar þjónustu sem viðkomandi aðilar veita, bæði fyrir ríkissjóð og sjúklinga?
3. Hvernig eru forvarnastarf og heilsuvernd metin inn í rekstrarkostnað?
4. Hefur verið tekin ákvörðun um rekstrarform nýrra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og ef svo er, á hvaða forsendum byggist hún?

Skriflegt svar óskast.

240. Fyrirspurn [237. mál]

til heilbrigðisráðherra um tannheilsu barna og unglinga.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvernig er fylgst með tannheilsu barna og unglinga?
2. Hvernig er haldið utan um upplýsingar um tannheilsu barna og unglinga?
3. Eru reglulega gerðar kannanir á tannheilsu barna og unglinga?
4. Hvernig er tannheilsa íslenskra barna og unglinga nú í samanburði við tannheilsu jafnaldra þeirra annars staðar á Norðurlöndum?
5. Hversu hátt hlutfall barna, 18 ára og yngri, hefur ekki farið til tannlæknis á síðustu 18 mánuðum?
6. Hvert var fjárframlag til skólatannlækninga í Reykjavík árið 2001?
7. Eru áform um að hækka framlag til tannverndarsjóðs?
8. Eru áform um hækkun á gjaldliðum gjaldskrár fyrir tannlækningar sem hafa verið óbreyttir að krónutölu frá árinu 1999?

Skriflegt svar óskast.

241. Fyrirspurn [238. mál]

til dómsmálaráðherra um tollgæslu í Grundartangahöfn.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Eru uppi áform um að efla tollgæslu í Grundartangahöfn?

242. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um vexti og þjónustugjöld bankastofnana.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Gísli S. Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla upplýsinga um tekjur banka af vaxtamun og þjónustugjöldum hér á landi sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings síðastliðin tíu ár og bera þær saman við sams konar tekjur banka annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandslöndum. Ríkisstjórnin láti jafnframt rannsaka og greina ástæður mismunandi tekna bankastofnana af þessu eftir einstökum löndum. Ríkisstjórnin láti enn fremur rannsaka sérstaklega hvaða áhrif upptaka evrunnar hefði á vaxtamun stýrivaxta hér á landi.

Þá verði rannsakað það álitamál hvort og að hvaða marki rekja megi vaxtamun hér á landi til lítillar samkeppni milli bankastofnana.

Jafnframt verði kannað hvaða áhrif það hefur á vaxtamun íslenskra banka í alþjóðlegum samanburði að hlutfallslega ódýr lán húsbréfakerfisins standa fyrir utan lánakerfi bankanna.

Loks verði rannsakað hvaða áhrif verðtrygging hafi haft á þróun vaxtamunar á framangreindu tímabili.

Ríkisstjórnin skili niðurstöðum sínum til Alþingis innan hálfs árs frá samþykkt þessarar tillögu.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að því að brotið verði til mergjar hvers vegna íslenska bankakerfið er eins dýrt og raun ber vitni. Hvað veldur því að hér er miklu meiri munur á inn- og útlánsvöxtum en í þeim löndum sem við berum okkur saman við? Hvað veldur því að þjónustugjöld banka hér á landi eru mun hærri en í nágrannalöndum okkar?

Þetta eru spurningar sem verður að svara eigi að vera unnt að grípa til aðgerða sem duga til að lækka fjármagnskostnað heimila og fyrirtækja hér á landi.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að afla upplýsinga um tekjur banka af vaxtamun og þjónustugjöldum sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings síðastliðin tíu ár og bera þær saman við sams konar tekjur banka annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandslöndum. Með hugtakinu „meðalstaða efnahagsreiknings“ er vísað til stöðu efnahagsreiknings fyrir árið í heild. Meðalstaða er því eins konar nálgun við árið í heild. Til samanburðar mælir hefðbundinn efnahagsreikningur stöðuna á tilteknum tímapunkti. Heppilegra þykir að fá samanburð með þessum hætti. Í kjölfar upplýsingaöflunar er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti rannsaka og greina þær ástæður sem liggja að baki mismunandi tekjum bankastofnana af vaxtamun og þjónustugjöldum eftir löndum. Sérstaklega er gert ráð fyrir að könnuð verði áhrif evrunnar eða réttara sagt evruleysis á þróun vaxtamunar í þeim löndum sem ekki hafa tekið hana upp.

Dregið hefur verið í efa að virk samkeppni ríki á íslenskum bankamarkaði, sbr. umfjöllun hér á eftir, og er því lagt til að það verði kannað sérstaklega.

Jafnframt er lagt til að könnuð verði þau áhrif sem það hefur á vaxtamun íslenskra banka að hlutfallslega ódýr lán húsbréfakerfisins standa fyrir utan lánakerfi bankanna og enn fremur hvaða áhrif verðtrygging hafi haft á þróun vaxtamunar á framangreindu tímabili.

Bankaþjónusta á Íslandi.

Í nýrri skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar sem nefnist á íslensku „Bankaþjónusta – á hvaða kjörum“ (TemaNord 2002:502) er sett fram ýmis gagnrýni á bankaþjónustu á Íslandi.

Einhliða, staðlaðir samningsskilmálar.

Gagnrýnt er að viðskiptamenn bankanna hafi litla eða enga möguleika til að hafa áhrif á samningsskilmála útlána. Skilmálarnir eru samdir einhliða af bönkunum og taka þar af leiðandi einkum mið af sjónarmiðum og hagsmunum bankanna. Til að mynda má benda á að réttur banka til að breyta vöxtum, kostnaði og öðrum þjónustugjöldum er mjög takmarkaður annars staðar á Norðurlöndum. Á Íslandi taka bankar sér hins vegar þann rétt að gera breytingar án fyrirvara og án þess að viðskiptamenn eigi raunverulega möguleika á því að bregðast við. Getur verið að hér sé komin ein skýringin á þeim háu vöxtum sem viðgangast í útlánastarfsemi íslensku bankanna? Það er að minnsta kosti ljóst að aðhald viðskiptamanna er lítið sem ekkert og skapar það hættu á að bankarnir seilist of langt í töku vaxta og þjónustugjalda. Það er þekkt staðreynd í allri markaðsstarfsemi að hafi aðili yfirburðastöðu í viðskiptum hefur hann tilhneigingu til að vernda hagsmuni sína eins vel og honum er unnt á kostnað hins aðilans, sem í þessu tilviki er almenningur þessa lands.

Það er ekki nóg með að samningsskilmálar bankanna séu samdir einhliða af bönkunum hér á landi. Þeir eru meira og minna samhljóða milli bankastofnana í öllum helstu atriðum. Í þessu er fólgin eins konar samtrygging íslenskra bankastofnana. Viðskiptamaður hefur í fá hús að vernda sé hann ósáttur. Bankarnir geta því í raun farið sínu fram án þess að eiga raunverulega á hættu að tapa miklum viðskiptum.

Staða ábyrgðarmanna og notkun sjálfskuldarábyrgðarformsins.

Staða ábyrgðarmanna er nokkuð mismunandi á Norðurlöndum. Þó er ljóst að hún er hvað veikust hér á landi. Samfylkingin, með Lúðvík Bergvinsson í broddi fylkingar, hefur á síðastliðnum fimm löggjafarþingum lagt fram frumvarp til laga um ábyrgðarmenn sem mundi bæta og styrkja stöðu ábyrgðarmanna verulega. Frumvarpið hefur ekki fengið hljómgrunn í röðum þingmanna stjórnarflokkanna. Frumvarpið hefur nú verið lagt fram í sjötta sinn en tíminn verður að leiða í ljós hvort það hlýtur brautargengi í þetta sinn eða ekki.

Í Finnlandi er staða ábyrgðarmanna nokkuð vel tryggð. Með nýjum lögum þar í landi hefur einföld ábyrgð verið gerð að meginreglu í ábyrgðarskuldbindingum og taka skilmálar bankanna mið af því. Í Noregi hefur verið lagt bann við sjálfskuldarábyrgðum í lögum. Í Danmörku er lagaleg staða ábyrgðarmanna veik en hins vegar hafa sumir bankar tekið þá sjálfstæðu ákvörðun að hætta að veita lán með sjálfskuldarábyrgð.

Hér á landi er sjálfskuldarábyrgð algjörlega ráðandi ábyrgðarform í útlánastarfsemi bankanna og jafnframt hefur verulega skort á að réttur ábyrgðarmanna sé skilgreindur í skilmálum.

Notkun sjálfskuldarábyrgðar takmarkar mjög áhættu bankanna af útlánastarfsemi og mætti ætla að það hefði áhrif til lækkunar vaxta. Það virðist þó alls ekki vera raunin. Hvers vegna, er ekki ljóst.

Lítil samkeppni.

Hreyfanleiki viðskiptamanna banka endurspeglar í mörgum tilvikum þá samkeppni sem er ríkjandi. Með hreyfanleika er hér átt við það hversu algengt sé að viðskiptamenn skipti um bankastofnun, t.d. ef þeir eru óánægðir með þau kjör sem þeim býðst eða að betri kjör bjóðast í öðrum bankastofnunum. Þrátt fyrir að litlar hömlur séu á hreyfanleika viðskiptamanna á

Íslandi er hann ekki mikill eða um 5%. Hver er ástæðan fyrir þessu? Eru menn svo ánægðir með kjör sín hjá bönkunum að þeir hafa einfaldlega ekki áhuga á að skipta eða liggur eitthvað annað að baki? Til að átta sig á þessu er einfaldast að spyrja hvers vegna ætti fólk að skipta um banka, hverju mundi það breyta?

Harla litlu! Þótt vissulega séu ýmis blæbrigði á þjónustu bankanna er lítill munur á milli banka á þeim sviðum sem mestu skipta, þ.e. vaxtastigi inn- og útlána. Ef vextir á útlánum bankanna eru skoðaðir það sem af er þessu ári má sjá að lítill sem enginn munur er á útlánsvöxtum milli stærstu bankastofnananna:

Vextir yfirdráttarlána til fyrirtækja 2002.

	Búnaðarbanki	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. janúar	19,55	19,35	19,55	20,05	0,70
1. febrúar	19,55	19,35	19,55	20,05	0,70
1. mars	19,55	19,35	19,55	20,05	0,70
1. apríl	18,80	18,50	18,95	19,75	1,25
1. maí	18,80	18,50	18,65	19,45	0,90
1. júní	17,90	17,70	18,15	18,65	0,95
1. júlí	17,60	17,40	17,85	18,35	0,55
1. ágúst	17,60	17,40	17,35	18,35	1,05
1. september	17,00	16,80	17,05	17,75	1,05
1. október	16,20	16,00	16,55	16,90	0,85
Meðaltal vaxtaprósentu*	18,26	18,04	18,32	18,94	0,90

* Í meðaltalinu er ekki tekið tillit til allra vaxtaákvarðana bankanna, aðeins vaxtaprósentu í upphafi hvers mánaðar.

Vextir yfirdráttarlána til einstaklinga 2002.

	Búnaðarbanki	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. janúar	20,05	19,85	20,05	20,45	0,90
1. febrúar	20,05	19,85	20,05	20,45	0,90
1. mars	20,05	19,85	20,05	20,45	1,00
1. apríl	19,30	19,00	19,45	19,95	0,70
1. maí	19,30	19,00	19,45	19,65	0,70
1. júní	18,40	18,20	18,65	18,85	0,70
1. júlí	18,10	17,90	18,35	18,55	0,70
1. ágúst	18,10	17,90	18,35	18,55	0,70
1. september	17,50	17,30	17,85	17,95	0,65
1. október	16,70	16,50	17,05	17,10	0,60
Meðaltal vaxtaprósentu*	18,76	18,54	18,93	19,20	0,66

* Í meðaltalinu er ekki tekið tillit til allra vaxtaákvarðana bankanna, aðeins vaxtaprósentu í upphafi hvers mánaðar.

Kjörvextir óverðtryggðra skuldabréfa 2002.

	Búnaðarbanki	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. janúar	13,85	13,65	13,85	14,15	0,50
1. febrúar	13,85	13,65	13,85	14,15	0,50
1. mars	13,85	13,65	13,85	14,15	0,50
1. apríl	13,10	12,80	13,10	13,65	0,85
1. maí	13,10	12,80	13,10	13,30	0,50
1. júní	12,20	12,00	12,30	12,50	0,50
1. júlí	11,90	11,70	12,00	12,20	0,50
1. ágúst	11,90	11,70	12,00	11,90	0,90
1. september	11,30	11,10	11,50	11,30	0,70
1. október	10,50	10,30	10,70	10,70	0,40
Meðaltal vaxtaprósentu*	12,56	12,34	12,63	12,80	0,46

* Í meðaltalinu er ekki tekið tillit til allra vaxtaákvarðana bankanna, aðeins vaxtaprósentu í upphafi hvers mánaðar.

Kjörvextir verðtryggðra skuldabréfa 2002.

	Búnaðarbanki	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. janúar	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. febrúar	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. mars	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. apríl	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. maí	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. júní	7,65	7,45	7,75	7,75	0,30
1. júlí	7,65	7,45	7,75	7,75	0,30
1. ágúst	7,65	7,45	7,75	7,75	0,30
1. september	7,65	7,45	7,65	7,65	0,20
1. október	7,65	7,45	7,65	7,65	0,20
Meðaltal vaxtaprósentu*	7,65	7,60	7,73	7,73	0,13

* Í meðaltalinu er ekki tekið tillit til allra vaxtaákvarðana bankanna, aðeins vaxtaprósentu í upphafi hvers mánaðar.

Þessar tölur tala sínu máli! Samt sem áður hefur verið talsvert flökt á verðbólgunni á þessu tímabili en í slíku ástandi má almennt gera ráð fyrir meiri sveiflum í vaxtaákvörðunum bankanna. Í stöðugleika má því ætla að enn minni munur sé á vöxtum bankanna.

Fákeppniseinkenni á íslenskum bankamarkaði eru mörg. Stóru viðskiptabankarnir hafa sterk tök á markaðnum og má halda því fram að í skjóli samhljóða lánaskilmála og áþekks vaxtastigs inn- og útlána tryggi þeir að samkeppni skerði ekki tekjur þeirra.

Samtök iðnaðarins hafa séð ástæðu til að fara þess sérstaklega á leit við viðskiptaráðherra að hann feli það hlutlausum aðila að gera athugun á þróun inn- og útlánsvaxta íslenskra bankastofnana undanfarin átta til tíu ár. Hafa þeir óskað eftir því að kannað verði hvort bankarnir geri út á óeðlilega hátt vaxtaálag, hugsanlega vegna minnkandi samkeppni þeirra í milli. Í útreikningum sem Samtök iðnaðarins hafa gert er áætlað að vaxtamunurinn hafi aukist úr 3–4% í byrjun síðasta áratugar í um 8% nú.

Samtök iðnaðarins gerðu jafnframt samanburð á bankakerfinu á Íslandi og í 17 ríkjum Evrópu (15 ESB-ríkjum ásamt Noregi og Sviss) og kemur fram að vaxtamunurinn var meira

en helmingi meiri á Íslandi en í Evrópu allan síðasta áratug. Þar að auki sýna tölur OECD um þóknanir og gengishagnað annan eins mun. Þessar tölur benda til þess að bankakerfið á Íslandi sé óhemjudýrt!

Ýmsar ástæður geta legið hér að baki. Til að mynda má ætla að verðbólga síðustu missiri hafi valdið auknu vaxtaálagi en hins vegar fer því fjarri að þessi munur verði skýrður eingöngu á þessum nótum. Nauðsynlegt er að athuga hvort það sé hugsanlegt að bankarnir séu farnir að gera út á óeðlilega hátt vaxtaálag í skjóli minnkandi samkeppni.

Upplýsingar um þróun vaxtamunar liggja ekki fyrir og er það einn megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu að bæta úr því.

Skuldir heimilanna.

Skuldir íslenskra heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum voru í árslok ársins 1980 20%. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar því að í árslok árið 2001 taldi Seðlabanki Íslands að hlutfallið væri orðið 167% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Þetta er með því allra hæsta sem þekkist í heiminum.

Í samræmi við framangreint hefur greiðslubyrði heimilanna þyngst hröðum skrefum. Hátt vaxtastig við þessar aðstæður kemur því verulega niður á fjárhag heimilanna í landinu. Í grein eftir Þorstein Þorgeirsson, hagfræðing Samtaka iðnaðarins, sem birtist í Morgunblaðinu 4. desember 2001 kom fram að samkvæmt útreikningum hans verði skuldir heimilanna orðnar 645 milljarðar kr. á þessu ári og síðan segir hann:

„Miðað við að meðallánstími sé 13 ár munu heimilin greiða 103 milljarða kr. í afborganir á þessum lánum á komandi ári. Miðað við óbreytt vaxtastig verða meðalnafnvextir á þessi lán 13,75% árið 2002. Það samsvarar vaxtagreiðslum upp á 87 milljarða. Ef vextir lækka um 3% verða vaxtagreiðslurnar 70 milljarðar og 64 milljarðar ef vextir lækka um 4%. Hér er um að ræða hreina lækkun á bilinu um 17 til 23 milljarða. Miðað við að áætlaður fjöldi heimila verði 97.000 árið 2002 og að skuldir verði jafnt dreifðar á þau samsvarar 3–4% vaxtalækkun kjarabót um á milli 175 og 237 þúsund krónur á hvert heimili.“

Það munar um minna!

Af þessu má sjá að í því felst mikil kjarabót ef unnt reynist að ná vaxtastiginu niður og því forgangsmál að leita leiða í því efni.

Gengi krónunnar og vaxtamunur – áhrif evrunnar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um samhengið á milli gengis íslensku krónunnar og vaxtaálags bankanna. Lækki gengið eykst verðbólgan sem aftur veldur vaxtahækkunum. Miklar sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa valdið óstöðugleika og gengisáhættu sem íslensk fyrirtæki hafa átt erfitt með að glíma við. Hvað vaxtaálag varðar eru fyrirtækin þó betur sett en almenningur því að mörg hver eiga þau möguleika á því að sækja sér bankaþjónustu erlendis sem ekki getur talist raunhæft fyrir almenning.

Eðlilegt verður að teljast við þessar aðstæður að menn velti kostum þess að taka upp evruna fyrir sér. Talið er að upptaka evrunnar mundi auka hagvöxt hér á landi verulega. Gengisáhætta í evruviðskiptum hyrfi sem og gengiskostnaður. Fjármagnskostnaður opinberra aðila, fyrirtækja og heimila mundi lækka. Þá mundi verðsamanburður við Evrópulönd verða skýrari o.fl. Nauðsynlegt er að brotið verði til mergjar hversu hár fórnarkostnaðurinn er af því að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli. Þennan fórnarkostnað verðum við síðan að vega og meta við þá kosti sem vissulega fylgja því að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil. Þetta verður ekki gert nema að undangenginni víðtækri upplýsingaöflun og rannsókn, svo sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

Skiptar skoðanir hafa verið um ágæti verðtryggingar hér á landi. Með upptöku evrunnar yrði verðtrygging svo að segja sjálfkrafa aflögð hér á landi. Í því felst margvíslegur ávinningur að margra mati en áhrif verðtryggingar á vaxtamun er eitt af þeim atriðum sem gert er ráð fyrir að rannsakað sé verði tillagan samþykkt.

Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu sem tillagan mælir fyrir um verði lokið innan hálfs árs frá því að tillagan verður samþykkt af Alþingi. Lækkun vaxta er eitt brýnasta hagsmunamál neytenda hér á landi ásamt lækkun matvælaverðs. Þessir hagsmunir krefjast þess að gengið sé rösklega til verks og sá skammi tími sem ætlaður er í verkefnið endurspeglar það.

243. Svar [164. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um útflutning hrossa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver er þróun útflutnings á hrossum síðustu sjö ár, sundurliðað eftir árum?

Þróunin síðustu sjö ár hefur verið eins og kemur fram í töflunni.

Útflutningur hrossa.

1995	2.609
1996	2.840
1997	2.568
1998	1.994
1999	1.955
2000	1.897
2001	1.765

244. Frumvarp til laga [240. mál]

um verndun hafs og stranda.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

2. gr.
Gildissvið.

Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist framkvæmdum, skipum og loftförum, hér á landi, í lofthelgi og í íslenskri mengunarlögsögu, sem hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Lögin gilda einnig um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannslíf eða tryggja öryggi, svo og aðgerðir sem kunna að vera nauðsynlegar vegna óviðráðanlegra atvika, svo sem vegna veðurofsa eða annarra náttúruhamfara (force major).

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. *Besta fáanleg tækni:* Framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tæknin nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með *fáanlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.
2. *Bráðamengun:* Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða.
3. *Eftirlitsaðilar:* Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Landhelgisgæsla Íslands og Siglingastofnun Íslands. Einnig aðrir aðilar sem Umhverfisstofnun hefur gert samning við um eftirlit.
4. *Fljótandi efni:* Vökvar sem hafa lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/cm^2 við 37,8°C.
5. *Hafnarsvæði:* Umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnalögum og hafnarreglugerðum.
6. *Innsævi:* Hafsvæðið innan grunnlínupunkta landhelginnar.
7. *Kjölvatn:* Vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna styrk, halla, kjölristu, stöðugleika eða álagi skips.
8. *Losun:* Þegar vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi. Eftirfarandi telst ekki losun:
   a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafið í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
   b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
   c. að kasta í hafið óunnum fiski og fiskúrgangi vegna veiða og vinnslu.
9. *Lýsi og grútur:* Allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum og niðurbrotsefni þeirra.
10. *Mengun:* Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
11. *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

12. *Mengunartjón:* Tjón eða skaði sem hlýst af mengun hafs og stranda hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
13. *Netlög:* 115 m frá stórstraumsfjöru.
14. *Olía:* Vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þ.m.t. hráolía, svartolía, smurolía, jurtaolía, olíuúrgangur og unnin olía.
15. *Olíuflutningaskip:* Skip sem er smíðað eða breytt og aðallega er ætlað til að flytja olíu í lausu í farmrýmum, þ.m.t. fjölnota skip og sérhvert efnaflutningaskip, eins og það er skilgreint í viðauka 2 við MARPOL-samninginn, þegar það flytur olíufarm eða hluta af olíufarmi í lausu.
16. *Óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur:* Rekstrarúrgangur, þ.m.t. umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á hafi úti og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losa sig við.
17. *Rekstrarúrgangur:* Úrgangur frá framleiðslu, t.d. pappír, pappi, umbúðir og umbúðaefni, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu og þess háttar.
18. *Sérhafsvæði:* Hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.
19. *Skip:* Sérhvert fljótandi far sem gert er til flutnings á mönnum eða munum á sjó.
20. *Skolp frá skipum:* Frárennsli eða annar fljótandi úrgangur frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.
21. *Sorp frá skipum:* Hvers kyns neysluúrgangur frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgangur frá vistarverum.
22. *Strandsjór:* Sjór sem nær frá fjörumörkum og ferskvatnsmörkum í vatnsföllum að mengunarlögsögu.
23. *Úrgangur:* Hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.
24. *Varp:* Allt það sem ekki telst losun, þ.e. að efnum eða hlutum er vísvitandi eða af gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þ.m.t. að sökkva skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í hafið. Eftirfarandi telst ekki varp:
    a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
    b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
    c. að kasta óunnum fiski og fiskúrgangi vegna veiða og vinnslu í hafið.
25. *Vöktun:* Kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

II. KAFLI
Stjórn og skipan.

4. gr.
Yfirstjórn og eftirlitsaðilar.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögunum.

Umhverfisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra fer með eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins sem undir stofnunina heyra heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila eða við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eftir því sem við á. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. 22., 23. og 24. gr. er þó eingöngu í höndum Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun skal sjá um að vöktun vegna mengunar hafs og stranda sé framkvæmd.

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð fræðsluefnis og fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur.

Landhelgisgæsla Íslands, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast eftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó. Landhelgisgæsla Íslands tilkynnir Umhverfisstofnun og lögregluyfirvöldum ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs eða stranda sé að ræða. Siglingastofnun Íslands, undir yfirstjórn samgönguráðherra, annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna, sbr. lög um eftirlit með skipum.

5. gr.

Ráðgjafaraðilar.

Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnunin, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, Landhelgisgæsla Íslands, hafnarstjórnir, Almannavarnir ríkisins og Geislavarnir ríkisins eru ráðherra til ráðgjafar um þau atriði sem að lögum þessum lúta og eiga undir starfsemi þeirra.

III. KAFLI
Framkvæmd almennra ákvæða laganna.

6. gr.

Reglugerðir um verndun hafs og stranda.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, og eftir því sem við á í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra, í reglugerðir almenn ákvæði um:

a. losun olíu og olíublandaðs vatns í hafið frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, þ.m.t. á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
b. takmörkun á olíumagni í fráveituvatni sem heimilt er að leiða til sjávar,
c. bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir og bestu umhverfisvenjur,
d. búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,
e. söfnun og eyðingu úrgangsolíu, þar á meðal móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum,
f. takmörkun eða bann við losun lýsis og grútar,
g. flokkun fljótandi efna sem flutt eru í fargeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í hafið utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
h. flokkun efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum,
i. losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,
j. meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,

k. móttöku og meðferð úrgangs frá skipum,
l. móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum og annan úrgang sem ekki er talinn upp hér að framan og eyðingu þess,
m. takmörkun eða bann við losun kjölvatns frá öðrum hafsvæðum til að koma í veg fyrir að framandi lífverur berist til landsins,
n. bann eða takmörkun á losun þeirra efna í hafið frá landi sem upp eru talin í fylgiskjali II með lögum þessum,
o. varp efna í hafið,
p. hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjávarleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni,
q. vöktun og mælingar, svo sem til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins og hvaða rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífverum og á hafsbotni skuli fara fram,
r. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lögin sem Umhverfisstofnun annast útgáfu á,
s. flutning hættulegs varnings með skipum þar sem heimilt er að vísa til efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, enska textans,
t. varnir og viðbrögð við bráðamengun, rekstur mengunarvarnabúnaðar og skyldu eftirlitsaðila til samvinnu,
u. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,
v. bann eða takmörkun á mengun frá skipum eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL-samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að,
w. ábyrgðartryggingu vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun,
x. önnur sambærileg atriði.

Í reglugerðum sem ráðherra setur samkvæmt lögum þessum er heimilt að vísa í gildandi staðla.

Leita skal umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, atvinnulífsins og skipulagðra umhverfissamtaka áður en reglugerðir eru settar.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnunar Íslands, veitt tímabundna undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt þessari grein, en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

7. gr.

Um ábyrgð einstaklinga og lögaðila.

Hver sá sem veldur mengunartjóni í mengunarlögsögu Íslands ber ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því mengunartjóni sem rakið verður til mengunarinnar. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Ef hætta er á mengun hafs og stranda skal sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi valda öðrum.

Þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu. Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangi sem er eftir í skipinu þegar

það kemur til stöðvarinnar. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að um varnir gegn mengun hafsins og stranda. Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Umhverfisstofnunar jafnan hafa greiðan aðgang að þessu bókhaldi.

8. gr.

Bann við losun í hafið.

Losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri. Olíumagn blöndu við útrás utan strandsjávar skal að hámarki vera 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunnar. Olíublandað fráveituvatn sem losað er innan strandsjávar skal leitt um olíuskilju sem uppfyllir gildandi staðla.

Losun lýsis eða grútar í hafið er óheimil á innsævi. Við löndun fisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu fisks í landi, skal vinnsluaðili sjá svo um að ekki verði mengun í hafi eða á ströndum vegna losunar á lýsi eða grút.

Losun fljótandi efna frá skipum er að öðru leyti óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er heimil.

Óheimilt er að losa sorp frá skipum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang í hafið innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Óheimilt er að losa í hafið þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í hafinu, þ.m.t. plastílát, kaðla og net.

Losun skolps frá skipum er óheimil á hafnarsvæðum og innan netlaga.

9. gr.

Varp efna og lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna.

Varp efna og hluta í hafið er óheimilt. Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum,
b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Áður en leyfi er veitt skal stofnunin hafa samráð við sjávarútvegsráðuneytið og Siglingastofnun Íslands.

10. gr.

Brennsla úrgangsefna á hafi úti.

Óheimilt er að brenna úrgang eða önnur efni á hafi úti. Heimilt er þó að brenna eigið sorp og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang í þar til gerðum ofnum í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar sem tekið skal tillit til ákvæða í gildandi samningum um brennslu úrgangsefna á hafi úti og þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

11. gr.

Móttaka úrgangs og skolps í höfnum.

Hafnarstjórn skal koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Í höfnum þar sem flutninga- og farþegaskip hafa viðkomu skal hafnarstjórn koma upp móttöku fyrir skolp. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá móttöku skolps þar sem um litlar hafnir er að ræða og skipin þjónustuð í nærliggjandi höfnum. Hafnarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs og skolps í höfnum. Gjaldið má aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.

12. gr.

Tilkynningarskylda.

Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna Umhverfisstofnun eða Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun, sem lög þessi ná til, í hafið innan mengunarlögsögu Íslands sem og á strendur nema um sé að ræða varp og losun sem sérstaklega er heimilt samkvæmt lögunum.

IV. KAFLI
Bráðamengun.

13. gr.

Svæðisráð vegna bráðamengunar.

Landið skiptist í viðbragðssvæði vegna bráðamengunar og skal svæðisráð starfa á hverju svæði skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Í hverju svæðisráði skulu eiga sæti heilbrigðisfulltrúi, slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri í því sveitarfélagi þar sem mengunarvarnabúnaður er staðsettur. Hafnarstjóri er formaður svæðisráðsins. Sömu reglur gilda um varamenn og skulu þeir vera frá sveitarfélögum á svæðinu.

Hlutverk svæðisráðs er:

a. umsjón, rekstur og viðhald búnaðar í eigu hafnanna,
b. að sjá um fræðslu starfsmanna viðkomandi hafna varðandi viðbúnað við bráðamengun,
c. að sjá um æfingu og þjálfun í viðbrögðum,
d. að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,
e. að fara á vettvang og meta aðstæður í samráði við Umhverfisstofnun eftir að mengun hefur átt sér stað.

Kostnaður af rekstri svæðisráða skal borinn af hlutaðeigandi sveitarstjórnum.

Ráðherra ákveður í reglugerð fjölda viðbragðssvæða og mörk þeirra og flokkun hafna með hliðsjón af mengunarvarnabúnaði, svo og verksvið svæðisráða. Umhverfisstofnun annast samræmingu milli svæða og ber ríkissjóður kostnað af samræmingu.

14. gr.

Framkvæmd og stjórn á vettvangi.

Um framkvæmd og stjórn á vettvangi gildir eftirfarandi:

a. *Mengun innan hafnarsvæða:* Hafnarstjóri í umboði hafnarstjórnar annast hreinsun minni háttar mengunar innan hafnarsvæðisins og ber honum að grípa til hreinsunar og annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekara tjón vegna bráðamengunar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun innan síns hafnarsvæðis strax og verður vart við hana. Heilbrigðisfulltrúi, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með hreinsunaraðgerðum og ákveður í samráði við Umhverfisstofnun hvenær árangur af hreinsun er nægur.
b. *Mengun utan hafnarsvæða:* Þegar tilkynning berst um bráðamengun við strendur skal

hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúi fara á vettvang og meta umfang bráðamengunar og nauðsynlegar aðgerðir og tilkynna Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi. Umhverfisstofnun ber kostnað af störfum heilbrigðisfulltrúa í þessu tilviki. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum. Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands skulu gera skriflega aðgerðaáætlun um aðkomu stofnananna og um framkvæmd einstakra verkþátta.

Heimilt er að fela mengunarvaldinum sjálfum framkvæmd hreinsunar þegar trygging liggur fyrir um að hann muni greiða fyrir það tjón sem hann hefur valdið. Í slíkum tilvikum verður mengunarvaldurinn að leggja fram áætlun um hvernig hann muni standa að hreinsuninni.

Sé talið eða leiki vafi á því að mönnum geti stafað hætta af menguninni ber að tilkynna það landlækni tafarlaust.

Sé mengunin þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi almannavarnanefnd.

Umhverfisstofnun er heimilt að fela hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp með sérstökum samningi eða í einstökum tilvikum þegar við á.

15. gr.

Íhlutun vegna bráðamengunar.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu innan mengunarlögsögu Íslands til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun. Í íhlutun felst m.a. yfirtaka á stjórn skips sé fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands ekki fylgt. Þetta gildir þó ekki um skip sem eru í rekstri erlendra ríkja og notuð í þjónustu ríkisvalds hlutaðeigandi ríkis við störf sem flokkast ekki undir verslunarviðskipti.

Eftir því sem unnt er og þörf krefur skal Landhelgisgæsla Íslands hafa samráð við Umhverfisstofnun og hafnarstjóra þegar gripið er til íhlutunar.

Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða vegna hennar. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun.

16. gr.

Vátryggingar og ábyrgð á mengunartjónum.

Mengunarvaldur er ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans sé um að ræða mengun af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I. Þessi ábyrgð tekur til tjóns allt að 1 milljón SDR. Þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu ákvæði skulu taka ábyrgðartryggingu að upphæð allt að 1 milljón SDR svo sem nánar er tilgreint í reglugerð og skal vátryggingarfjárhæðin nema sömu fjárhæð. Nánari ákvæði um vátrygginguna og gildissvið skal sett í reglugerð. Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins.

Mengunarvaldi ber að bregðast strax við og koma í veg fyrir frekari mengun. Mengunarvaldi er heimilt að sjá sjálfur um hreinsun og skal það þá gert í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir, sbr. 14. gr.

Ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að eftir því sem lög kveða á um.

17. gr.

Vátryggingar olíuflutningaskipa.

Auk ákvæða 16. gr. gilda um ábyrgð og vátryggingar olíuflutningaskipa alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

18. gr.

Viðbragðsáætlanir.

Atvinnurekstur sem valdið getur mengun og talinn er upp í fylgiskjali I skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar og skulu þær liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út. Slíkar áætlanir skulu byggjast á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í fylgiskjali I og mælt verður frekar fyrir um í reglugerð.

Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr., um áætlanir um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun.

19. gr.

Mengunarvarnabúnaður.

Svæðisráð sér um geymslu og viðhald þess mengunarvarnabúnaðar sem til staðar er og um endurnýjun á honum og tilnefnir umsjónarmann og annan til vara.

Allar hafnir á hverju svæði, sbr. 13. gr., eiga hlut í mengunarvarnabúnaði svæðisins.

Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Enn fremur skal stofnunin sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnun landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

20. gr.

Siglingaleiðir og strönduð skip.

Samgönguáðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra, að setja reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farmrými og tönkum.

Hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot ber eiganda að fjarlægja það sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir að skip strandar. Eiganda skips sem liggur í fjöru ber að fjarlægja það innan eins árs. Telji eigandi slíkt ill- eða ógerlegt er honum heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að skipið skuli vera óhreyft þar sem það er. Slíkri beiðni skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja skipið. Við afgreiðslu málsins skal Umhverfisstofnun hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag.

21. gr.

Gjaldskrá fyrir eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá fyrir tímagjald sérfræðings og ferðakostnað fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og kostnaði hans við ferð. Þá skal ráðherra setja í gjaldskrá tímagjald vegna leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á

tækjum. Umhverfisstofnun skal krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti tvö ár eftir gjalddaga í viðkomandi skipi eða fasteign þegar eftirlitið er tengt notkun fasteignar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

Um gjaldtöku vegna aðgerða heilbrigðisnefnda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

V. KAFLI
Þvingunarúrræði og refsiviðurlög.

22. gr.
Þvingunarúrræði.

Til að knýja á um úrbætur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim getur Umhverfisstofnun beitt eftirfarandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,
b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
c. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun.

Stöðvun starfsemi skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er þá heimilt að leita aðstoðar lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands, eftir því sem við á, ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur Umhverfisstofnun afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Ef starfsleyfi fyrirtækis er gefið út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna skulu þær afturkalla starfsleyfi í samráði við Umhverfisstofnun.

Telji Umhverfisstofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

23. gr.
Dagsektir.

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun ákveðið honum sektir allt að 1.000.000 kr. á dag þar til úr er bætt. Ráðherra getur breytt upphæð dagsekta í samræmi við verðlagsþróun. Jafnframt er Umhverfisstofnun heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi. Greiðsla kostnaðar og dagsektir eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki eða skipi tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

24. gr.
Heimildir eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun getur látið fara fram athugun á skipum og vinnu- og borpöllum á hafi og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun hafs og stranda eða mengun hefur orðið sem er brot gegn lögum þessum. Umhverfisstofnun leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Siglingastofnunar Íslands, Geislavarna ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi viðkomandi eða ónauðsynlegum útgjöldum.

Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum um

athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar eru gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

25. gr.

Refsiviðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfellda eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að fjórum árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu sæta meðferð opinberra mála.

26. gr.

Sektir.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

27. gr.

Kyrrsetning.

Ef brotið er gegn ákvæðum laga þessara og brotið tengist skipi skal skipið kyrrsett og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt auk málskostnaðar greidd að fullu, svo og kostnaður eftirlitsaðila.

Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild til greiðslu sektar og alls kostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaðar og kostnaðar eftirlitsaðila skal vera lögveð í skipinu í tvö ár.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Ágreiningur.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að vísa honum til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Rísi ágreiningur milli eftirlitsaðila um framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim skal vísa honum til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að honum berst mál í hendur.

Rísi ágreiningur um það hvort um bráðamengun samkvæmt lögum þessum sé að ræða er heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar. Skal ráðherra úrskurða í málinu eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en viku eftir að honum berst mál í hendur.

29. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt falla úr gildi lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, halda gildi sínu að svo miklu leyti að þær gangi ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Fylgiskjal I.

Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla.
6. Kísilmálmframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar.
12. Sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Bensínstöðvar.
22. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla.
23. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
24. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
25. Olíubirgðastöðvar.
26. Stálsmíði og stálskipagerð.
27. Viðhald og niðurrif skipa.
28. Meðferð og húðun málma.
29. Bræðsla og málmblanda málma sem geta brætt 4 tonn af blýi og kadmíum á dag.

30. Yfirborðsmeðferð málma og plastefnis með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum og rúmmál kera er meira en 30 m^3.
31. Ullarþvottastöðvar.
32. Fitu- og lýsisvinnsla.
33. Sláturhús.
34. Alifugla- og svínaræktarstöðvar.
35. Skolphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.
36. Flugvellir.
37. Annar sambærilegur atvinnurekstur.

Þættir sem taka ber tillit til við mat á áhættu sem getur stafað af starfseminni á umhverfi hafs og strandar:

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuðu eru í starfseminni.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.

Fylgiskjal II.

Listi yfir olíur og önnur efni sem hægt er að banna eða takmarka losun á í hafið.

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkel, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Á síðasta þingi var lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar frumvarp til laga um verndun hafs og stranda. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu og er því lagt fram hér á nýjan leik. Frumvarpið kom í reynd aldrei til umræðu í umhverfisnefnd en nefndin sendi það út til valinna aðila og bárust umsagnir frá 36 þeirra sem eru: Hafrannsóknastofnunin, Vinnueftirlit ríkisins, félags-

málaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, landlæknir, Reykjanesbær, Húsavíkurbær, Fiskistofa, ríkislögreglustjóri, Almannavarnir ríkisins, Skipulagsstofnun, Grindavíkurbær, Sveitarfélagið Skagafjörður, Dalvíkurbyggð, Ísafjarðarbær, Raufarhafnarhreppur, Djúpárhreppur, dómsmálaráðuneyti, Náttúruvernd ríkisins, iðnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, Landvernd, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hafnasamband sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands, Samband íslenskra tryggingafélaga, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Landhelgisgæsla Íslands, Akureyrarbær, Vélstjórafélag Íslands, Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Samband íslenskra kaupskipaútgerða og Samtök atvinnulífsins. Af þessum aðilum gerðu 24 engar athugasemdir eða óverulegar við frumvarpið, m.a. þar sem þeir töldu að komið hefði verið til móts við sjónarmið þeirra við gerð frumvarpsins. Hinir 12 gerðu misjafnlega miklar athugasemdir en flestir þó við þau atriði er sérstaklega vörðuðu starfsemi þeirra, svo sem Siglingastofnun Íslands, Landhelgisgæsla Íslands sem og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna. Mestu athugasemdirnar og þær sem teljast meiri háttar komu frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Samtökum atvinnulífsins. Ákveðið var í umhverfisráðuneytinu að fara vandlega yfir allar áðurnefndar umsagnir með það fyrir augum að taka tillit til athugasemda og ábendinga sem þar komu fram eftir því sem efni stæðu til. Umhverfisráðuneytið vann að þessu síðla sumars í samstarfi við Hollustuvernd ríkisins og í samráði við umsagnaraðila eftir því sem ástæða þótti til. Frumvarpið er því nokkuð breytt frá fyrra frumvarpi.

Í lögum nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, er svo mælt fyrir að frá og með næstu áramótum taki til starfa sérstök stofnun, Umhverfisstofnun, og mun hún frá og með þeim tíma taka yfir verkefni Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóraembættisins og stjórnsýslu á vegum hreindýraráðs, auk þess sem dýraverndarmálum verður sérstaklega komið fyrir innan stofnunarinnar. Þessi breyting ein og sér hefur í för með sér að gera þarf breytingar á því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi þar sem í því var gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins færi með eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem um annað er ekki mælt fyrir í lögunum og að Náttúruvernd ríkisins væri ráðgefandi aðili. Í því frumvarpi sem hér birtist er því gert ráð fyrir því að þetta verkefni verði í höndum Umhverfisstofnunar enda lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar nk. eða um leið og Umhverfisstofnun tekur til starfa.

Að öðru leyti er frumvarp þetta í megindráttum samið af nefnd sem skipuð var 18. desember 1998 af þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, til þess að endurskoða lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með hliðsjón af reynslu liðinna ára og alþjóðlegum samningum er varða mengun sjávar og varnir og viðbrögð gegn mengun sjávar. Í nefndinni áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Davíð Egilson, þá forstöðumaður sjávarmengunarsviðs Hollustuverndar ríkisins, nú forstjóri Umhverfisstofnunar, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Hallur Árnason, deildarstjóri hjá Reykjavíkurhöfn, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Benedikt Bogason, þá skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, nú héraðsdómari, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Arnór Halldórsson, þá deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneytinu, og Jón Leví Hilmarsson, þá forstöðumaður hjá Siglingastofnun Íslands, tilnefndur af samgönguráðuneytinu. Með nefndinni störfuðu Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, og Kristín Linda Árnadóttir, deildarlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Nefndin hóf störf í febrúar 1999. Hinn 30. september 1999 sendi nefndin í samráði við umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttur, drög að frumvarpi til laga um verndun umhverfis hafsins og stranda til 37 aðila sem allir skiluðu umsögn og athugasemdum. Þessir aðilar voru:

Almannavarnir ríkisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, félagsmálaráðuneytið, Fiskistofa, Geislavarnir ríkisins, Hafnasamband sveitarfélaga, Hafrannsóknastofnunin, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Landhelgisgæsla Íslands, landlæknisembættið, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Landvernd, mengunarvarnaráð, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarsamtök Íslands, ríkislögreglustjóri, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, samgönguráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Siglingastofnun Íslands, sjávarútvegsráðuneytið, Sjómannasamband Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélag Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfissamtök Íslands, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið, Vélstjórafélag Íslands og Vinnueftirlit ríkisins.

Umsagnir voru að berast fram eftir ári 2000. Sumir komu með ábendingar, sérstaklega í tengslum við starfssvið hlutaðeigandi stofnana eða félaga, og nokkrir skiluðu ítarlegum athugasemdum um málið í heild. Vinnuhópur á vegum endurskoðunarnefndarinnar sem í áttu sæti formaður, forstöðumaður sjávarmengunarsviðs Hollustuverndar ríkisins og áðurnefndir tveir starfsmenn umhverfisráðuneytisins fór yfir umsagnirnar og lagði fyrir nefndina úrvinnslu á umsögnunum. Í þeirri vinnu voru sérstaklega kallaðir til fulltrúar Hafnasambands sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Sambands íslenskra tryggingafélaga. Enn fremur var frumvarpið kynnt sérstaklega í bráðamengunarnefnd umhverfisráðuneytisins en þar eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Náttúrufræðistofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Almannavörnum ríkisins, Geislavörnum ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Siglingastofnun Íslands og Hafrannsóknastofnuninni auk umhverfisráðuneytisins.

Af umsögnum mátti ráða að almennt virtust umsagnaraðilar vera sáttir við þá stefnu sem mótuð var í þeim frumvarpsdrögum sem send voru út 30. september 1999 og liggja til grundvallar þessu frumvarpi. Frumvarpið tók þó verulegum breytingum í meðförum nefndarinnar eftir að umsagnir lágu fyrir í samræmi við athugasemdir og breytingartillögur sem þar komu fram.

Í drögum nefndarinnar sem send voru út til umsagnar 30. september 1999 var gert ráð fyrir tengingu þess við annað frumvarp, þ.e. frumvarp til laga um skipströnd og vogrek, en það frumvarp var samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 23. apríl 1997 og fól að endurskoða lög nr. 42/1926, um skipströnd og vogrek. Drög að frumvarpi til nýrra laga um skipströnd og vogrek var sent dómsmálaráðherra 27. nóvember 1997 en frumvarpsgerð er ekki lokið. Í drögum að frumvarpi til laga um verndun umhverfis hafsins og stranda sem sent var til umsagnaraðila 30. september 1999 var gert ráð fyrir að um íhlutun vegna bráðamengunar á sjó færi samkvæmt lögum um skipströnd og vogrek. Samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti er ekki ætlunin á næstunni að fullvinna frumvarp til nýrra laga um skipströnd og vogrek og verður það því ekki lagt fram á næstunni. Tenging milli þessara tvennra laga var því ekki inni í myndinni og er ekki talið rétt að bíða lengur með að leggja fram frumvarp til laga um verndun umhverfis hafsins og stranda sem kæmu í stað laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, enda hefur þróun mála á undanförnum hálfum öðrum áratug verið ör og fyllsta ástæða til þess að öðruvísi verði haldið á ýmsum málum en þá var gert bæði í tengslum við stjórnsýslulega framkvæmd sem og í tengslum við ýmiss konar ábyrgð og vátryggingar. Frumvarp þetta tekur því ekki mið af þeirri tengingu við lög um skipströnd og vogrek sem upphaflega lá til grundvallar. Nægir þar að benda á að litið er á mál frá allt öðrum sjónarhóli en gert er í dag, enda viðhorf allt önnur á þeim tíma, en áhyggjur af mengun og öðrum umhverfisspjöllum voru nánast óþekktar þá. Lögin frá 1926

gera þannig beinlínis ráð fyrir að eingöngu sé um verðmæti að ræða þegar skipströnd og vogrek eiga sér stað en á síðari tímum er frekar litið á þess háttar atburði sem ógn við umhverfið og náttúruna. Nægir þar að nefna strand flutningaskipsins Vikartinds 5. mars 1997. Þótt vissulega hafi þar verið mikil verðmæti í húfi er ljóst að kostnaður við dælingu á olíu úr skipinu og hreinsun fjöru af ýmiss konar drasli auk niðurrifs skipsins var meiri en það sem hafðist upp úr strandgóssi. Því er nauðsynlegt að setja ákvæði um viðbrögð við bráðamengun, einkanlega rétt til íhlutunar, með skýrum hætti inn í þetta frumvarp.

Þar sem framkvæmd gildandi laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, er verkefni ríkis, þ.e. umhverfisráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins, að undanteknum aðgerðum innan hafna sem eru í höndum hafnarstjórna og heyra þar með undir sveitarfélögin, taldi endurskoðunarnefndin ástæðu til að fara yfir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga innan málaflokksins, sérstaklega þegar haft er í huga að framkvæmd laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kveðið er á um mengunarvarnir á landi, er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Mikilvægt er að ekki fari á milli mála hvort ríki eða sveitarfélög fari með framkvæmd þessa málaflokks en tillaga nefndarinnar er sú að ríkið fari með málaflokkinn allan og að Hollustuvernd ríkisins, Umhverfisstofnun eftir 1. janúar 2003, annist framkvæmdina fyrir hönd umhverfisráðherra. Þetta hefði í för með sér að ábyrgð á viðbrögðum við stórfelldri mengun innan hafnarsvæða færðist undir Umhverfisstofnun þótt nefndin leggi til að hafnarstjórnum verði falin ábyrgð á fyrstu aðgerðum og hreinsun sé ekki um meiri háttar mengunaróhöpp að ræða. Nefndin ræddi ítarlega við Samband íslenskra tryggingafélaga í tengslum við þá tillögu að komið verði á hlutlægri ábyrgð sé um að ræða bráðamengun af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnurekstrar á landi sem tilgreindur er í fylgiskjali I með frumvarpinu. Hér er verið að leggja til að lögfest verði svokölluð mengunarbótaregla (PPP-reglan) en um yrði að ræða ábyrgð án sakar að ákveðnu hámarki sem nemur 1 millj. SDR og er því nauðsynlegt að hlutaðeigandi atvinnurekstur geti aflað sér vátrygginga í slíkum tilvikum.

Eftir að farið hafði verið vandlega yfir þá þætti sem áður eru nefndir og athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila og í ljósi þess að ekki er ætlunin að leggja fram frumvarp til nýrra laga um skipströnd og vogrek rak endurskoðunarnefndin smiðshöggið á verkið og skilaði til umhverfisráðherra í september 2001.

Lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og önnur lög er varða málefnið.

Lög nr. 32/1986 mörkuðu tímamót í sögu íslenskra umhverfismála. Lögin eru fyrstu heildarlög hér á landi um varnir gegn mengun sjávar. Lögin voru sett í samræmi við 8. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, svokölluð landgrunnslög. Sett voru í einn lagabálk ákvæði þeirra alþjóðasamninga um mengun sjávar sem Ísland hafði staðfest auk þess sem lögin hafa að geyma ákvæði er taka mið af verndun sjávar gegn mengun með tilliti til séraðstæðna hér á landi. Rétt er að geta þess að lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, voru ekki sett inn í lög nr. 32/1986 og gilda þau enn sem sérlög. Eru lög nr. 20/1972 því einu lögin er varða mengun sjávar sem eru í gildi til hliðar við lög nr. 32/1986. Eftir að lög nr. 32/1986 öðluðust gildi hafa orðið töluverðar breytingar á lagaumhverfinu ekki síst í tengslum við stjórnkerfið og alþjóðlega samninga og hafa lögin verið löguð að þeim eftir föngum.

Rétt er að hafa í huga að löggjöf sem snýr að vernd hafsins byggist á alþjóðlegum samþykktum að verulegu leyti. Þetta stafar af þeirri einföldu staðreynd að mengun virðir ekki landamæri og eins af hinu að aðgerðir einstakra þjóða segja oft lítið og strangar reglur einstakra landa geta skekkt samkeppnissöðu ef alþjóðasamfélagið er ekki tilbúið til að standa

sem næst einhuga að slíkum skuldbindingum. Það er af framangreindum ástæðum sem alþjóðasamningar eru ráðandi í löggöf um vernd hafsins og raunar einnig um öryggi skipa og sjófarenda. Nánar verður gerð grein fyrir helstu alþjóðasamningum um vernd hafsins hér á eftir.

Markmið laga nr. 32/1986 er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna sem talin eru upp í fylgiskjali I með lögunum og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins. Lögin fjalla aðallega um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, sorps og annarra skaðlegra efna, varp efna í hafið, ábyrgð á mengun, íhlutun og framkvæmd laganna. Í lögunum er að finna skilgreiningar á orðum og orðasamböndum sem fram koma í lögunum þannig að merking þeirra fari ekki á milli mála. Þannig er merking hugtaksins mengun sú sama og í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem upp haflega voru sett 1981, sbr. nú lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í lögunum kemur fram skilgreining á hugtakinu mengunarlögsaga Íslands sem er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands og er þannig í samræmi við lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Mengunarlögsagan og efnahagslögsagan eru eitt og hið sama. Í lögunum er hugtakið mengunartjón skilgreint sérstaklega en það merkir tjón eða skaða sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum hún er. Mengunartjón tekur til alls kostnaðar af aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón eða frekara tjón eða skaða sem getur hlotist af ráðstöfunum sem grípa þarf til í slíku skyni. Í lögunum er enn fremur að finna ákvæði um bráðamengun og skýringu á hugtakinu bráðamengun en það merkir mengun sjávar sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða. Hins vegar er hvergi kveðið á um sérstakar aðgerðir í tengslum við bráðamengun í lögunum sjálfum en það er hins vegar gert í reglugerð nr. 465/1998, um bráðamengun.

Í lögunum er sérstaklega fjallað um losun í sjó, þ.e. losun efnaúrgangs sem verður til við rekstur og fellur þar undir allur úrgangur frá landstöðvum sem leiðir af eðlilegri starfrækslu. Samkvæmt lögunum er óheimilt, hvort sem er beint eða óbeint, að losa olíu í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Losun lýsis og grútar í sjó er enn fremur óheimil á innsævi og sú krafa gerð að við löndun feitfisks með dælingu úr skipum, svo sem og við vinnslu feitfisks í landi, skuli vinnsluaðili sjá svo um að ekki verði mengun á sjó vegna slíkrar losunar. Enn fremur er óheimilt að veita til sjávar óhreinsuðu vinnsluvatni nema Hollustuvernd ríkisins hafi gefið út leyfi til þess. Losun fljótandi efna, en um er að ræða vökva sem hafa lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/sm^2 við 37°C, er óheimil innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, en utan þess hafsvæðis fer um losunina samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur og skulu þær vera í samræmi við alþjóðasamning frá 1973, um varnir gegn mengun frá skipum.

Í lögunum segir og að óheimilt sé að losa sorp í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar og óheimilt er að losa í sjó öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, þar með talin plastílát, kaðlar og net. Umhverfisráðherra er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar og skulu þær vera í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Slíkar reglur voru settar með reglugerð nr. 124/1994. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglur um losun á skolpi í sjó frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó. Slíkar reglur hafa ekki verið settar en eigi að síður gilda um skolp alþjóðlegar reglur, eftir því sem við á, sem Ísland hefur gerst aðili að.

Önnur losun efna í sjó kemur fyrst og fremst frá landstöðvum og er umhverfisráðherra heimilt ef þörf krefur að setja reglur er takmarka losun slíkra efna í sjó frá landi í samræmi við alþjóðasamning frá 1974, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, vegna mengunar sem þessi efni geta valdið í sjó. Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, geyma hins vegar ákvæði um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun sjávar. Fjöldi reglugerða gildir og um starfsemi á landi sem mengað getur sjó, svo sem mengunarvarnareglugerðir sem settar voru í október 1999 með heimild í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar er annars vegar verið að setja reglur í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins í tengslum við skuldbindingar í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hins vegar um atriði sem taka mið af séríslenskum aðstæðum.

Í lögunum er fjallað um móttökustaði fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang, svo sem um olíuúrgang frá skipum og starfsemi á landi, og kvaðir lagðar á þá aðila sem annast dreifingu og sölu olíu að taka við olíuúrgangi frá skipum og starfsemi í landi og tryggja viðunandi eyðingu. Lagðar eru kvaðir á umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðastöðva að þær hafi aðstöðu til að taka við óblandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi er skip koma í stöðvarnar.

Lögð er sú skylda á hafnaryfirvöld að þau komi upp eða tryggi rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum og umhverfisráðherra er heimilt að setja reglur um móttökuaðstöðu fyrir annan úrgang en olíuúrgang og sorp.

Í IV. kafla laganna er sérstaklega fjallað um varp efna í hafið og er það óheimilt án leyfis Hollustuverndar ríkisins en þó með þeirri undantekningu að heimilt er að kasta dýpkunarefnum í hafið nema í þeim séu í verulegum mæli ákveðin efni sem talin eru upp í fylgiskjali með lögunum.

Í V. kafla laganna er fjallað um aðra mengun sjávar, svo sem brennslu úrgangsefna eða annara efna á hafi úti en til þess þarf leyfi Hollustuverndar ríkisins.

Í VI. kafla laganna er kveðið á um að hver sá sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands beri fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Lögin kveða enn fremur á um viðbúnað vegna mengunaróhappa, og eru þar lagðar skyldur á mengunarvald að koma í veg fyrir skaða af völdum mengunar, og um tafarlausar aðgerðir á vegum hafnaryfirvalda sé um að ræða mengun á hafnarsvæði, og á Hollustuvernd ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnun, sé um að ræða mengun utan hafnarsvæða. Í 19. gr. er umhverfisráðherra veitt heimild til að krefjast þess að fyrirtæki með starfsemi, sem getur valdið bráðamengun, leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkri mengun.

Lögin fjalla um tilkynningarskyldu eigenda skipa og skipstjórnarmanna, sem og eigenda og rekstraraðila vinnu- og borpalla á sjó og fyrirtækja í landi, um að tilkynna Siglingastofnun Íslands tafarlaust eða öðrum yfirvöldum um alla losun eða varp sem lögin ná til innan efnahagslögsögu landsins.

Sérstakur kafli fjallar um íhlutun, IX. kafli, en þar er Hollustuvernd ríkisins veitt heimild til að láta fara fram athugun á skipum, vinnu- og borpöllum á sjó eða fyrirtækjum á landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur þegar orðið sem stríðir gegn lögunum.

Umhverfisráðherra er heimilt að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar sem stríðir gegn lögunum nema vegna óviðráðanlegra atvika (force major), svo sem náttúruhamfara.

Framkvæmd laganna er í höndum umhverfisráðherra en Hollustuvernd ríkisins fer með framkvæmd mála. Hér er því um að ræða verkefni ríkisins en þó er gert ráð fyrir að sveitarfélögin, þ.e. hafnarstjórnir, séu ábyrgar sé um að ræða mengun innan hafnarsvæða eins og áður segir. Í lögunum er enn fremur gerð grein fyrir þeim alþjóðasamningum sem umhverfisráðherra annast framkvæmd á en þeirra verður getið síðar.

Um aðra mengun sjávar en kveðið er á um í lögunum fer m.a. samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lögum um geislavarnir. Framkvæmd laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er fyrst og fremst í höndum sveitarfélaganna en laga um geislavarnir í höndum Geislavarna ríkisins sem starfa á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

Í XI. kafla laganna þar sem fjallað er um mælingar á mengunarefnum í sjó er kveðið á um að umhverfisráðherra láti fara fram reglulegar rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í sjó, í sjávarlífverum og á hafsbotni. Í þessu skyni hefur verið stofnaður sérstakur starfshópur (AMSUM-hópurinn) sem í eiga sæti fulltrúar þeirra stofnana sem hér eiga hlut að máli, m.a. Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins og Hafrannsóknastofnunarinnar. Til þessara mála hefur verið varið töluverðu fé á undanförnum árum eða á bilinu 20–30 millj. kr. árlega. Hefur AMSUM-hópurinn gert samninga við hlutaðeigandi stofnanir eða fyrirtæki um framkvæmd rannsóknarmælinga á þessum efnum.

Í lögunum er kveðið á um viðurlög og málsmeðferð og varðar það sektum og fangelsi allt að tveimur árum ef brotið er gegn lögunum. Sé brotið gegn lögunum fer um málið að hætti opinberra laga. Það sérákvæði er í lögunum að hafnarstjóra er heimilt að gera sekt fyrir losun frá skipi á hafnarsvæði sínu, enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiri háttar tjóni, svo og að bætur skv. 15. gr. laganna, þar sem fjallað er um ábyrgð mengunarvalds, séu greiddar ef trygging er sett fyrir greiðslu þeirra.

Í lögunum er sérákvæði um brot skv. II. og IV. kafla, þ.e. tengist brot skipi og sé málinu ekki lokið með greiðslu sektar samkvæmt því sem segir hér að framan, skal skipið kyrrsett og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt og málskostnaður greiddur að fullu, svo og kostnaður skv. 15. gr. Þó er heimilt að láta skip laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging. Það sérákvæði er að finna í lögunum að sektum samkvæmt þeim er ætlað að renna í sérstakan sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð, sbr. nú reglugerð nr. 465/1998 um bráðamengun, en ekki ríkissjóð. Enn fremur fjalla lögin um álagningu dagsekta og að hámark dagsekta skuli ákveðið í reglugerð og þær renni í áðurnefndan sjóð.

Eins og áður segir gilda sérstök lög, sbr. lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, en þau hafa ekki verið felld inn í lög um varnir gegn mengun sjávar. Samkvæmt þeim er íslenskum skipum bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenskrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna. Í lögunum eru talin upp þau efni sem hér um ræðir en það eru öll eiturefni, lífræn og ólífræn, auðleysanleg og torleysanleg sambönd málma og málmleysingja, geislavirk efni og sprengiefni. Um öll þessi efni og skilgreiningar á þeim gilda einnig lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lög um geislavarnir og vopnalög, nr. 16/1998.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar.

Fyrsti alþjóðasamningur um mengun sjávar var gerður 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu. Á þessum tíma var olía helsta áhyggjuefni stjórnvalda víða um heim og talin helsti skaðvaldurinn. Þeir samningar sem settir hafa verið á síðari árum fjalla í auknum mæli um ýmiss konar takmarkanir og bönn við losun efna í hafið og um varnir gegn

mengun frá atvinnurekstri í landi. Þessir samningar eru af tvennum toga. Annars vegar taka þeir til allra heimshafanna og hins vegar til einstakra svæða. Þessir samningar snerta varnir gegn mengun hafsins með beinum hætti en auk þess er að finna sérstakan kafla í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um verndun hafsins. Ísland hefur gerst aðili að nokkrum þessara alþjóðasamninga með sérstökum lögum. Þeir eru:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969.
2. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.
3. Alþjóðasamningur frá 1978 (MARPOL 73/78).
4. Alþjóðasamningur um eftirlit með flutningi spilliefna og annars úrgangs milli lands og förgun þeirra.
5. OPRC-samningurinn frá 7. maí 1993 um sameiginleg viðbrögð við olíumengunaróhöppum.
6. Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun.
7. Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar.
8. Alþjóðlegur samningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.
9. Kaupmannahafnarsamningurinn um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna komi til óhappa af völdum olíu og annarra hættulegra efna.
10. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins 25. mars 1998, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra.

Fjallað verður um þessa samninga í stuttu máli hér á eftir.

Árið 1985 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, sbr. auglýsingu nr. 9/1985, með breytingum frá 1989 og 1992. Hér er um að ræða svokallaðan MARPOL-samning en markmið samningsins er að koma í veg fyrir losun mengandi efna í sjó, þ.m.t. í úthöfin, frá farartækjum sem eru á siglingu eða í höfnum. Til þess að ná markmiðum samningsins er kveðið á um skírteini skipa og um byggingu skipa og búnað og sérstakar reglur settar um skoðun skipa.

Hinn 30. ágúst 1975 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna, sbr. auglýsingu nr. 17/1973, með breytingu nr. 1/1976. Hér er um að ræða svokallaðan Lundúnasamning en markmið hans er að stýra og koma í veg fyrir varp úrgangsefna og mengandi efna í sjó, þ.m.t. í úthöf, frá skipum og flugvélum og bruna úrgangsefna á hafi. Til þess að tryggja framgang samningsins er að finna í honum reglur um varp úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sérstaklega efna sem eru hættuleg umhverfinu, og er þar þá sérstaklega átt við þrávirk lífræn efni, efni sem valda krabbameini, svo og nokkrar tegundir þungmálma að geislavirkum efnum frátöldum.

Hinn 7. maí 1997 staðfesti Alþingi samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, svokallaðan OSPAR-samning, sem undirritaður var í París 30. september 1992 og tók gildi 25. mars 1998. Öll Evrópulönd sem eiga land að Norður-Atlantshafi, auk Sviss og Lúxemborgar, eiga aðild að OSPAR og nær samningssvæðið yfir Atlantshafið frá Gíbraltar að sunnan að lengdargráðu sem sker Hvarf og markar hún svæðið til vesturs að Grænlandi. Þaðan markast samningssvæðið af Grænlandi í vestri og Noregi í austri norður fyrir Karahaf. Þessi samningur kemur í stað tveggja alþjóðasamninga, annars vegar alþjóðasamnings frá 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, Óslóarsamningsins svokallaða, og hins vegar samnings frá 4. júní 1984, um varnir gegn mengun sjávar frá land-

stöðvum, svokallaðs Parísarsamnings. Markmið samningsins er að draga úr, svo sem mögulegt er, varpi mengandi efna og hættulegra úrgangsefna í sjó, þ.m.t. í úthöf innan samningssvæðisins, frá skipum og flugvélum og brennslu efna á hafi sem hættuleg eru umhverfinu, enn fremur að draga svo sem frekast er kostur úr mengun sem berst til hafs frá starfsemi í landi en talið er að stærsta hluta mengunar í sjó megi rekja til mengunar frá landstöðvum eða starfsemi í landi. Samningurinn hefur að geyma ákvæði sem eiga að tryggja framgang hans, svo sem reglur um varp úrgangsefna í hafið frá skipum og flugvélum og um brennslu úrgangsefna á hafinu. Þannig er almennt varp allra úrgangsefna, með nokkrum undantekningum, bannað. Samningurinn hefur líka að geyma reglur um losun og útblástur efna er kunna að menga hafið, m.a. frá iðnaði, orkuframleiðslu, þ.m.t. geislavirks úrgangs, umferð, íbúðabyggð og landbúnaði. Í samningnum er m.a. að finna ákvæði um skipti á vísindalegum upplýsingum og um samstarf á sviði vöktunar.

Hinn 13. maí 1995 gerðist Ísland aðili að samningi um alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun vegna óhappa á sjó, sbr. auglýsingar nr. 13/1993. Þessi samningur gengur undir skammstöfuninni OPRC (Oil Preparedness and Response Convention) og er markmið hans að skapa grundvöll fyrir alþjóðlegri samvinnu og samhjálp um viðbrögð við mengunaróhöppum er stafa af olíu. Meginmarkmiðið með samningnum er að tryggja aðildarríkjum svokallaða gagnkvæmniaðstoð þegar veruleg mengunaróhöpp verða á hafsvæðum þeirra og hefur hann að geyma ákvæði um tilkynningarskyldu og lágmarkskröfur um viðbúnað og viðbragðsáætlanir. Hér er um bráðamengunarsamning að ræða.

Hinn 15. október 1980 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sbr. auglýsingu nr. 10/1980, með breytingu frá 1994, en markmið samningsins er að gera ríkjum kleift að grípa til aðgerða á úthafinu þegar óhöpp (skipskaðar) verða sem valda eða geta valdið olíumengun innan lögsögu þeirra. Þessi samningur skilgreinir þær aðgerðir sem heimilt er að beita og hvenær sé talið að skipskaði geti valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu samningsríkis sé ekkert að gert. Þessi samningur tekur til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurolíu. Þá eru ónefndir þrír aðrir alþjóðasamningar sem tengjast samningum um olíumengun en það er í fyrsta lagi alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs (Fund) til að bæta tjón af völdum olíumengunar ef það verður meira en sem nemur hinni einkaréttarlegu ábyrgð og í öðru lagi alþjóðasamningur um íhlutun (INTERVENTION) á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun og í þriðja lagi alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar (liability). Þessir þrír síðastnefndu samningar eru órofatengdir. Þeim er ætlað að tryggja einstaklingum skaðabætur sem verða fyrir tjóni vegna olíumengunar frá skipum og taka þeir til tankskipa sem flytja hráolíu, brennsluolíu, þykka smurolíu og hvallýsi og enn fremur er reynt að tryggja tjónþola olíumengunar baktryggingu í þeim tilvikum þegar þær hámarksbætur sem skipaeigendum er gert greiða samkvæmt samningum um einkaréttarlega ábyrgð duga ekki til að bæta það tjón sem hann hefur orðið fyrir. Um er að ræða sjóð sem hægt er grípa til í slíkum tilvikum. Samningurinn um íhlutun tryggir inngripsrétt hlutaðeigandi þjóða þegar hætta er á olíumengun eða hún hefur átt sér stað. Heimildir samningsins eru reyndar víðtækari en íslensk lög heimila og er lagt til í frumvarpinu að ráðin verði bót á því.

Loks ber að nefna svokallaðan Kaupmannahafnarsamning frá 1995, með gildistöku 16. janúar 1998, sem fjallar um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna vegna olíumengunar og mengunar af völdum annarra hættulegra efna. Ljóst er að Íslendingar hafa mikilla hagsmuna að gæta í tengslum við samvinnu Norðurlandanna þegar olíumengun eða mengun af völdum annarra hættulegra efna á sér stað, t.d. um notkun búnaðar sem er bæði dýr og kallar á mann-

afla en sem betur fer þarf sjaldan að nota. Þá er mikilvægt að hægt sé með stuttum fyrirvara að fá slíkan búnað flugleiðis frá því landi sem styst er til, þ.e. Noregi. Tryggir Kaupmannahafnarsamningurinn þessa samvinnu.

Eins og sjá má af framangreindri upptalningu hefur Ísland gerst aðili að meginsamningum um varnir gegn mengun hafsins og snerta þeir ekki síst þá þætti sem fallið geta undir bráðamengun.

Í maí 1993 ákvað stjórn Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) að kalla saman fund sérfræðinga til þess að gera uppkast að framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun hafsins frá landi. Undirbúningsfundurinn var haldinn í maí 1995 og ríkjaráðstefna var haldin í Washington síðla sama ár. Þetta var gert í því skyni að fylgja eftir samþykktum Ríóráðstefnunnar um umhverfi og þróun og er markmiðið að gera alþjóðlega framkvæmdaáætlun um ráðstafanir til verndar lífríki hafsins vegna athafna manna af landi. Þetta ferli, sem gengið hefur undir nafninu Washington-ferlið, hefur leitt til þess að aðildarríki hafa verið að setja sér framkvæmdaáætlun í þessum efnum og er ætlunin að hún verði grundvöllur að alþjóðasamningi síðar. Hollustuvernd ríkisins vann drög að slíkri framkvæmdaáætlun fyrir Ísland og lagði fyrir umhverfisráðuneytið. Í framhaldi af því var gengið frá áætluninni og er tekið mið af því að hún komi til framkvæmda í áföngum á næstu árum. Áætlunin var kynnt á fundi sem haldinn var á vegum UNEP í Montreal í nóvember 2001.

Í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Alþingi heimilaði með ályktun að ríkisstjórnin fullgilti 1985 er að finna sérstakan kafla, 12. kafla, þar sem fjallað er um verndun og varðveislu hafsins. Þar er að finna ítarlegar reglur um skyldur aðildarríkja til þess að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafsins. Ríkjum ber að haga löggjöf sinni í samræmi við ákvæði sáttmálans í þessum efnum. Sáttmálinn öðlaðist gildi 16. nóvember 1994, sbr. auglýsingu nr. 40/1993, um gildistöku hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, sem birtist í C-deild Stjórnartíðinda. Í 5. kafla sáttmálans eru ítarleg ákvæði um þau atriði sem setja á í lög til að koma í veg fyrir og draga úr mengun frá landi.

Reglugerð nr. 465/1998, um bráðamengun.

Eins og fram hefur komið setti umhverfisráðuneytið reglugerð um viðbrögð við bráðamengun sjávar árið 1998, þ.e. reglugerð nr. 465/1998. Má segja að með reglugerðinni sé verið að fylgja eftir tillögum fyrri „bráðamengunarnefndar“, eins og hún var kölluð, en hún tók saman gagnaskrá um viðbúnað við bráðum mengunaróhöppum á sjó sem gefin var út af umhverfisráðuneytinu 1997. Með reglugerðinni, sem reyndar má líka tengja þeim lærdómi sem stjórnvöld drógu af Vikartindsstrandinu, er reynt að samræma þær aðgerðir sem beita skal þegar sjór og strendur mengast skyndilega vegna olíuslyss eða sambærilegra óhappa, jafnt í höfnum landsins sem og utan hafnarsvæða, til að draga úr tjóni eða koma í veg fyrir tjón vegna bráðamengunar eftir því sem kostur er. Reglugerðin fjallar um ábyrgð og verksvið þeirra sem eiga að bregðast við bráðamengun sjávar og einnig um gerð viðbragðsáætlana innan sem utan hafnarsvæða í samræmi við 17. og 18. gr. laga nr. 32/1986. Innan hafnarsvæða fjallar reglugerðin einnig um mengunarvarnabúnað í umsjón hafna, rekstur hans og endurnýjun, þjálfun starfsmanna og samræmingu milli svæða og aðila sem vinna að þessum málum. Utan hafnarsvæða fjallar reglugerðin um notkun búnaðar, þjálfun starfsmanna og samræmingu milli aðila sem vinna að þessum málum.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir helstu nýmælum frumvarpsins:

1. Í 2. gr., þar sem fjallað er um gildissvið laganna, kemur fram í 1. mgr. að lögin gildi um

hvers konar starfsemi sem tengist framkvæmdum, skipum og loftförum hér á landi, í lofthelgi og íslenskri mengunarlögsögu, og hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem til greindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um. Lögunum er einnig ætlað að gilda um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum og er það nýmæli.

2. Lögunum er skipt í tvo meginframkvæmdakafla. Annars vegar er kveðið almennt á um vernd hafs og stranda, og hins vegar er að finna sérákvæði um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun sjávar, sbr. IV. kafla.
3. Í frumvarpinu er að finna fleiri og ítarlegri skilgreiningar á orðum og orðasamböndum en fram koma í gildandi lögum. Nauðsynlegt er að skilgreiningar á orðum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, svo sem setning reglugerða, byggist á þeim.
4. Frumvarpið er sett upp með öðrum hætti en gildandi lög og kaflaskipt með hliðsjón af markmiðum, gildissviði og skilgreiningum, stjórn og skipan, framkvæmd almennra ákvæða laganna, ákvæðum um bráðamengun, þvingunarúrræðum og refsiviðurlögum, ýmsum ákvæðum og ákvæðum til bráðabirgða. Þannig kemur fram í frumvarpinu í fyrsta lagi hvert er markmið laganna, í öðru lagi hverjir skuli sjá til þess að markmiðum laganna verði náð, í þriðja lagi hvaða tækjum skuli beitt til þess að ná fram markmiðum laganna og í fjórða lagi hvaða úrræði séu fyrir hendi til þess að þvinga fram aðgerðir og hver séu refsiviðurlög ef út af er brugðið.
5. Lagt er til að ábyrgð á framkvæmd laganna verði í höndum ríkisins, Umhverfisstofnunar, undir yfirstjórn umhverfisráðherra, og fari stofnunin með eftirlit með framkvæmdinni að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Umhverfisstofnun er veitt heimild til þess að fela tiltekna þætti eftirlitsins heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunarstofum.
6. Umhverfisstofnun er falið að annast eftirlit með framkvæmd vöktunar hafsins og stranda en engin slík ákvæði er að finna í gildandi lögum.
7. Lagðar eru til skýrar heimildir um gjaldtöku fyrir eftirlit með framkvæmd laganna.
8. Lagt er til að Landhelgisgæsla Íslands annist eftirlit með hafsvæðinu umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó, og að hún tilkynni Umhverfisstofnun ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða. Það er hlutverk Umhverfisstofnunar að grípa til aðgerða, svo sem að beita þvingunarúrræðum.
9. Kveðið er á um ráðgjafaraðila samkvæmt lögunum en þeir eru Umhverfisstofnun, Hafrannsóknastofnunin, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Landhelgisgæsla Íslands, hafnarstjórnir, Almannavarnir ríkisins og Geislavarnir ríkisins.
10. Í stað ótal reglugerða um hin ýmsu atriði sem undir lögin falla er í frumvarpinu gerð tillaga um setningu einnar, hugsanlega fleiri reglugerða um umhverfi hafsins og stranda og nákvæmlega talið upp, sbr. 6. gr., um hvað skuli þar sérstaklega fjalla. Í reglugerð á m.a. að setja ákvæði um bestu fáanlega tækni við mengunarvarnir (best available techniques) og bestu umhverfisvenjur (best environmental practice).
11. Lagt er til að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna verði bundin leyfum.
12. Sérákvæði er að finna um bráðamengun, sbr. IV. kafla. Þar er einkum stuðst við fengna reynslu af framkvæmd reglugerðar nr. 465/1998, um bráðamengun. Gert er ráð fyrir starfsemi sérstakra svæðisráða Umhverfisstofnunar til aðstoðar og kveðið á um hlutverk þeirra.
13. Ábyrgð á framkvæmd og stjórn á vettvangi þegar um bráðamengun er að ræða er í hönd-

um Umhverfisstofnunar en þó er hafnarstjóra í umboði hafnarstjórnar skylt að annast hreinsun minni háttar mengunar innan hafnarsvæðis.

14. Lagt er til að Landhelgisgæsla Íslands geti gripið til íhlutunar og gert þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu við Ísland til að koma í veg fyrir, draga úr eða útiloka bráðamengun eða hættu á bráðamengun eftir að óhapp hefur orðið á sjó og hafi um það samráð við Umhverfisstofnun og ef við á hafnarstjóra.
15. Lögð er sú skylda á Umhverfisstofnun, þegar mengun hefur orðið á hafi úti, að stofnunin grípi til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi í landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun af völdum strandaðs skips eða frá starfsemi í landi.
16. Gerð er tillaga um að mengunarvaldur verði ábyrgur fyrir mengunartjóni að ákveðnu hámarki (ein milljón SDR) þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans sé um að ræða mengun af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu skulu taka ábyrgðartryggingu er nemur sömu fjárhæð en nánar verður kveðið á um vátrygginguna og gildissvið hennar í reglugerð.
17. Gerð er tillaga um sérstakar vátryggingar olíuflutningaskipa.
18. Gerð er tillaga um áætlanir og að atvinnurekstur, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu, skuli gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar. Umhverfisstofnun skal gera tillögur til ráðherra, að höfðu samráð við ráðgjafaraðila, um áætlanir um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun og skal ráðherra setja reglugerð þar að lútandi.
19. Lagt er til að samgönguráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra, geti sett reglur um siglingaleiðir innan mengunarlögsögu Íslands sé um að ræða flutning á olíu eða hættulegum varningi í farmrými og í tönkum.
20. Lagt er til að mengunarvarnabúnaður verði ekki aðeins í höfnum landsins heldur einnig um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.
21. Lagt er til að hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot beri eiganda þess að fjarlægja það sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það strandar. Liggi skip óhreyft í fjöru ber eiganda þess að fjarlægja það innan árs
22. Lögð eru til ný þvingunarúrræði til þess að knýja á um framkvæmd laganna, m.a. heimild fyrir Umhverfisstofnun til að stöðva eða takmarka viðkomandi starfsemi eða notkun að veittri áminningu og tilhlýðilegum fresti til úrbóta nema nauðsyn krefjist tafarlausrar stöðvunar.
23. Lagt er til að hámark dagsekta verði ákveðið í lögunum sjálfum allt að 1 millj. kr. á dag þar til úr verður bætt, enn fremur að Umhverfisstofnun sé heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður innheimtur hjá hlutaðeigandi og stofnast lögveðsréttur í viðkomandi húsi, lóð, farartæki eða skipi í tvö ár eftir að greiðslu er krafist.
24. Lagt er til að rísi ágreiningur um hvort bráðamengun samkvæmt lögunum hafi átt sér stað sé heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar. Sama á við ef rís ágreiningur milli einstakra eftirlitsaðila varðandi valdsvið þeirra.

Heiti frumvarpsins.

Lagt er til að lögin heiti „Lög um verndun hafs og stranda“ í stað „Lög um varnir gegn mengun sjávar“ en tilgangur frumvarpsins er að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun. Ástæða þykir til að í heiti frumvarpsins komi fram að markmiðið sé að vernda haf og strendur. Telja verður að núverandi heiti laga nr. 32/1986 gefi ekki rétta mynd af til-

gangi laganna og yfir hvað þau ná þar sem þau hafa nokkru víðari skírskotun en varnir gegn mengun hafs og stranda í þröngum skilningi orðanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um markmið laganna og er greinin efnislega óbreytt frá 1. gr. gildandi laga. Greinin er orðuð með öðrum hætti og er reynt að ná yfir þau atriði sem lögin samkvæmt orðanna hljóðan taka til og er m.a. tekið mið af skilgreiningu á hugtakinu mengun í OSPAR-samningnum.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins og er það efnislega hið sama og samkvæmt sömu grein gildandi laga. Fram kemur að lögin séu heildarlög og gildi að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki um hlutaðeigandi atriði. Gildandi lög, nr. 32/1986, hafa verið túlkuð með þessum hætti þótt ekki sé það tekið fram í lögunum. Sérlög sem hér koma til greina eru t.d. lög um geislavarnir, lög um Siglingastofnun Íslands og siglingalög.

Gert er ráð fyrir að lögin gildi einnig um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig í alþjóðasamningum. Þannig mundu lögin ná yfir íslensk fiskiskip sem veiða utan íslenskrar mengunarlögsögu svo framarlega sem um er að ræða skip sem sigla undir íslenskum fána. Ákvæðið er sett til að tryggja með óyggjandi hætti að íslensk skip sem eru að störfum utan íslenskrar mengunarlögsögu fylgi ákvæðum alþjóðasamninga, svo sem MARPOL 73/78 og Montreal-bókuninni um verndun ósonlagsins.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um undanþágur verði mengun sökum óviðráðanlegra atvika, svo sem vegna veðurofsa eða annarra náttúruhamfara (force major).

Um 3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um skilgreiningar en mjög brýnt er að skilgreiningar á orðum, orðasamböndum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, þar á meðal setning reglugerða um framkvæmdina, byggist að miklu leyti á þessum skilgreiningum. Í 3. gr. gildandi laga eru skilgreiningar í níu töluliðum, auk atriða sem eru skilgreind í mismunandi lagagreinum, en í frumvarpi þessu eru skilgreiningar miklu fleiri, auk þess sem reynt hefur verið, eins og kostur er, að flytja skilgeiningar sem voru í mismunandi greinum gildandi laga saman í þessa grein um skilgreiningar. Nýjar skilgreiningar eru sem hér segir:

Gerð er grein fyrir hugtakinu *besta fáanleg tækni* (best available techniques) og er þar um að ræða sömu skilgreiningu og er að finna lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og er tekið mið af því að um sé að ræða framleiðsluaðferð og tækjakost sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs.

Enn fremur er að finna skilgreiningar á hugtakinu *fljótandi efni*, en þar er um að ræða vökva sem hafa lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/cm^2 við 37,8°C.

Í greininni er að finna skilgreiningu á hugtakinu *innsævi* en þar er um að ræða hafsvæðið innan grunnlínupunkta landhelginnar.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningar á *lýsi og grút* en þar er um að ræða allar tegundir feitmetis sem unnið er eða sem kemur úr sjávarlífverum.

Hugtakið *mengun* er skilgreint og er það í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í frumvarpinu er jafnframt að finna skilgreiningu á *mengunarlögsögu Íslands* og er breytingin sú frá gildandi löggjöf að mengunarlögsagan er einnig talin ná yfir efstu jarðlög sjávar-

botns en ekki aðeins innsævi, að efstu flóðamörkum á stórstraumsfjöruflóði, landhelgi og efnahagslögsögu og landgrunn Íslands.

Í greininni er jafnframt að finna skilgreiningar á hugtökunum *olía, óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur, rekstrarúrgangur og sérhafsvæði.* Með sérhafsvæði er átt við hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga og varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að og er í þessu sambandi aðallega miðað við skilgreiningar í MARPOL-samningnum og viðaukum hans.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningu á hugtakinu *skip*. Enn fremur er að finna skilgreiningar á orðasambandinu *skolp frá skipum* en þar er um að ræða fljótandi úrgang frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur. Þessi skilgreining kemur frá MARPOL-samningnum og viðauka IV við hann.

Einnig er að finna skilgreiningar á hugtakinu *sorp frá skipum* en þar er um að ræða hvers kyns neysluúrgang frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgang frá vistarverum. Skilgreiningin er í samræmi við MARPOL-samninginn og viðauka V við hann.

Í greininni er hugtakið *varp* skilgreint. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, var orðið *varp* notað, en það breyttist í meðförum þingsins í „úrkast". Orðið *varp* er talið lýsa betur því sem hér er átt við og er lagt til að það verði notað.

Að lokum er að finna skilgreiningu á hugtakinu *vöktun* en þar er um að ræða kerfisbundna og siendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu, sbr. nánar skilgreiningu á sama hugtaki í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu vöktun en umhverfisvöktun hefur verið falin Hollustuvernd ríkisins á landi og í lofti. Því er eðlilegt að hið sama gildi á sjó. Umhverfisstofnun, sem m.a. tekur við verkefnum Hollustuverndar ríkisins 1. janúar 2003, færi þar með alla mengunarvöktun. Rétt er að benda á að vöktun umhverfisþátta er grundvöllur þess að stjórnvöld og almenningur hafi vitneskju um ástand mála og hvort aðgerðir sem gripið er til skili árangri.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um yfirstjórn málaflokksins og lagt til að að hún verði í höndum umhverfisráðherra. Frá þessu kunna þó að vera frávik þar sem samgönguráðherra fer með mál t.d. í tengslum við starfsemi Siglingastofnunar Íslands og dómsmálaráðherra mál tengd starfsemi Landhelgisgæslu Íslands.

Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun sé sú stofnun á vegum umhverfisráðuneytisins sem fari með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að stofnuninni sé heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunaraðilum. Ekki er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti framselt heimild til beitingar þvingunarúrræða til þessara aðila þannig að stofnunin verður sjálf að taka slíkar ákvarðanir og fylgja þeim eftir.

Þá er í 3. mgr. lagt til að það verði hlutverk Umhverfisstofnunar að annast eftirlit með framkvæmd vöktunar hafsins og stranda og er það í samræmi við aðrar skyldur.

Í 5. mgr. kemur fram að Landhelgisgæsla Íslands annist eftirlit á hafsvæðunum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó, og að Landhelgisgæsla Íslands skuli tilkynna Umhverfisstofnun og lögregluyfirvöldum ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða en samkvæmt greininni er lagt til að Umhverfisstofnun sé sá aðili innan stjórnkerfisins sem beri ábyrgð á að eftirliti sé sinnt og grípi til viðeigandi þvingunarúrræða, sbr. V. kafla, í þeim tilvikum sem nauðsyn ber til. Siglingastofnun Íslands mun áfram annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um ráðgjafaraðila er tengjast framkvæmd laganna. Þar er um að ræða Umhverfisstofnun, sem reyndar gegnir hlutverki eftirlitsstofnunar og ber ábyrgð á framkvæmd laganna, Hafrannsóknastofnunina, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Landhelgisgæslu Íslands, hafnarstjórnir, Almannavarnir ríkisins og Geislavarnir ríkisins. Þessir aðilar allir fjalla um atriði er kunna að falla undir lögin. Hér er um að ræða þær stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga sem koma að þessum málum samkvæmt sérlögum um einstaka málaflokka og stofnanir en mikilvægt er að þessar stofnanir vinni sem mest saman. Rétt er að benda á nokkrar þeirra, þ.e.a.s. Hafrannsóknastofnunin, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Umhverfisstofnun og Geislavarnir ríkisins koma saman að þessum málum í tengslum við svokallaðan AMSUM-hóp sem hefur m.a. það verkefni að fjalla um umhverfisvöktun hafsins. Enn fremur er rétt að benda á að þessar stofnanir eiga aðild að bráðamengunarnefnd umhverfisráðuneytisins sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 465/1998 sem sett er með stoð í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna breytingu frá ákvæðum gildandi laga en þar er lagt til að ráðherra setji eina eða fleiri reglugerðir, í samráði dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra, eftir því sem við á, um verndun hafs og stranda. Í greininni eru talin upp þau atriði sem sérstaklega skulu tiltekin í 24 liðum auk sambærilegra atriða, sbr. x-lið. Umhverfisstofnun skal gera tillögur til umhverfisráðherra um framkvæmd mála samkvæmt þessari grein, þ.e. setningu reglugerðar. Er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem fjallað er um hliðstæð mál á landi og í lofti. Talið er æskilegt að byggja lögin upp á sama hátt.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á s-lið. Innan Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar hafa verið samþykktir kóðar sem notaðir eru við flutning á hættulegum farmi. Þessir kóðar sem eru alþjóðlegir eru geysilega viðamiklir og taka verulegum breytingum á hverju ári. Það svarar ekki kostnaði og hefur enga þýðingu að þýða slíka kóða yfir á íslensku þar sem einungis örfáir aðilar vinna með þá, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að fara eftir þeim og því er lagt til að enski textinn gildi. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og er að finna í 6. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, en þar segir að Ísland sé aðili að evrópsku lyfjaskránni ásamt viðaukum og að enska útgáfan gildi hér á landi. Rétt er að taka fram að um er að ræða alþjóðlega kóða og staðla og engan veginn verið að leggja þyngri byrðar á Íslendinga en nágranna okkar.

Kveðið er á um það að ráðherra leiti umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, atvinnulífsins og skipulagðra umhverfissamtaka áður en reglugerðir eru settar til þess að tryggja að viðhorf þessara aðila komi fram með skýrum hætti.

Í 4. mgr. er einnig gert ráð fyrir að ráðherra geti að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, og eftir því sem við á Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnunar Íslands, veitt tímabundnar undanþágur frá einstökum greinum hlutaðeigandi reglugerða. Í því tilviki er eingöngu um að ræða undanþágur til þess að laga sig að breyttum lögum og reglum, þ.e. til tiltekins tíma en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð einstaklinga og lögaðila. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og í gildandi lögum, sbr. VI. kafla, þ.e. 15. og 16. gr., og III. kafla, þ.e. 10. gr. um

olíuúrgang frá skipum og starfsemi í landi. Gert er ráð fyrir að eigendur skipa geti takmarkað fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lög og er þar átt við IX. kafla siglingalaga, nr. 34/1985, um ábyrgð útgerðarmanna og takmörkun ábyrgðar.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um bann við losun í hafið og er þar fjallað um losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, og er hún óheimil á hafnsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri, enda sé olíumagn blöndunnar frá útrás að hámarki 15 hlutar af 1.000.000 hlutum blöndunnar. Einnig er sett inn ákvæði um að óblandað fráveituvatn sem losað er innan strandsjávar skuli leitt um olíuskilju.

Greinin er efnislega samhljóða 4., 5. og 6. gr. gildandi laga nema skilgreiningar á hugtökum hafa verið teknar inn í 3. gr. fumvarpsins í stað þess að vera í einstökum greinum.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga með þeirri viðbót að fjallað er um lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðslna í 2. mgr. Allt varp efna og hluta í hafið er óheimilt samkvæmt greininni en Umhverfisstofnun getur þó að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar veitt leyfi til þess að ákveðnum efnum og hlutum sé varpað í hafið og eru þau talin upp. Til þess að taka af allan vafa er sett inn í frumvarpið ákvæði um að fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi sé heimilt að varpa í hafið með leyfi Umhverfisstofnunar, enda standi sérstaklega á og hið sama gildi um náttúruleg, óvirk efni, þ.e. föst jarðefni sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæði.

Í 2. mgr. er lagt til að lagning sæstrengja skuli háð leyfi Umhverfisstofnunar sem hafi samráð við Siglingastofnun Íslands og sjávarútvegsráðuneytið. Rétt er að benda á að engin sérstök leyfi þarf til að leggja sæstrengi eða neðansjávarleiðslur hér á landi. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skal meta sæstrengi til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og 20 km eða lengri. Enn fremur þarf leyfi Náttúruverndar ríkisins sé um að ræða svæði sem hafa verið friðlýst en engin slík svæði hafa verið friðlýst utan fastalandsins nema hverastrýtur í Eyjafirði. Mikilvægt er að einhver einn aðili gefi út leyfi fyrir sæstrengi þannig að slíkar framkvæmdir séu leyfisbundnar með sama hætti og í nágrannalöndunum. Nokkrum sinnum hefur reynt á þetta á undanförnum árum og því er ástæða til þess að koma þessum málum í fastan farveg. Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna gefa út fjölda starfsleyfa á landi sem eru sambærileg og er því eðlilegt að Umhverfisstofnun fari með þessi mál.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 14. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um bann við brennslu úrgangs og annarra efna á hafi úti nema í þar til gerðum ofnum.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að hafnarstjórn skuli koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum og er það í samræmi við 11. gr. gildandi laga. Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um móttökustaði úrgangs og eðlilegt er að miða við slíkar leiðbeiningar. Gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágu frá móttöku skólps í höfnum þar sem um er að ræða litlar hafnir og skip þjónustuð

í nærliggjandi höfnum. Enn fremur er lagt til að hafnarstjórn geti sett gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs og skolps í höfnum, þ.e. fyrir þá þjónustu sem þar er veitt í því skyni.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um tilkynningarskyldu eigenda skipa eða skipstjórnarmanna, eigenda og rekstraraðila vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi til Umhverfisstofnunar eða Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun sem lögin ná til, nema varpið sé sérstaklega heimilt samkvæmt lögunum, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Hér er efnislega samhljóða ákvæði og í 20. gr. gildandi laga nema bætt hefur verið inn tilkynningarskyldu til Landhelgisgæslunnar og telst hún ein og sér fullnægjandi.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað sérstaklega um bráðamengun sem er annar af meginþáttum frumvarpsins og sá þáttur sem sérstök ástæða er til þess að taka á í lögum og telst til helstu nýmæla í frumvarpinu. Ákvæði um bráðamengun er að finna í gildandi lögum en í framkvæmdinni hefur þó aðallega verið stuðst við reglugerð, sbr. reglugerð nr. 465/1998, um bráðamengun, og má segja að efnislega sé lagt til að helstu ákvæði bráðamengunarreglugerðarinnar verði sett inn í lögin enda er reynslan af þeim góð. Hafa ber þó í huga að ýmis ákvæði þarf að setja inn til þess að tryggja framkvæmdina, svo sem um íhlutun, hlutlæga ábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar, og vátryggingar, en engin slík ákvæði er að finna í gildandi lögum. Enn fremur þarf að koma fram hvernig háttað sé ábyrgð á hinum einstöku svæðum, þ.e. á hafnarsvæðum og utan hafnarsvæða, sérstaklega þegar haft er í huga að lagt er til í frumvarpinu að ábyrgð og framkvæmd laganna verði eingöngu í höndum ríkisins en ekki skipt eins og samkvæmt gildandi lögum þar sem sveitarfélögin fara með ábyrgð innan hafnarsvæða og ríkið með ábyrgð utan hafnarsvæða. Vísast nánar um þetta til almennra athugasemda með frumvarpinu hér að framan.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um svæðisráð vegna bráðamengunar. Lagt er til að landið skiptist í viðbragðssvæði vegna bráðamengunar og skal svæðisráð starfa á hverju svæði, skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Í hverju svæðisráði skulu eiga sæti heilbrigðisfulltrúi, slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri í því sveitarfélagi þar sem mengunarvarnabúnaður er staðsettur. Eðlilegt er að hafnarstjórar verði formenn svæðisráða, enda er búnaðurinn í vörslu hafnanna. Samkvæmt nýjum lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, hefur sú skylda verið lögð á slökkviliðsstjóra að þeir annist stjórn á vettvangi þegar mengunarslys á landi eiga sér stað, enda hafa þeir yfir að ráða búnaði í slíkum tilvikum og því eðlilegt að þeir komi að þessum málum einnig í tengslum við mengun sjávar. Heilbrigðisfulltrúar starfa á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og bera ábyrgð á aðgerðum til þess að koma í veg fyrir mengun á landi frá ýmiss konar starfsemi og taka við þegar ábyrgð slökkviliðsstjóra sleppir.

Hlutverk svæðisráða yrði fyrst og fremst að hafa umsjón með, reka og viðhalda mengunarvarnabúnaði sem er í eigu hafnanna, sem og annast fræðslu starfsmanna hafna um viðbúnað við bráðamengun, sjá um æfingu og þjálfun í viðbrögðum og vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar samkvæmt lögum.

Ekki er gerð tillaga um fjölda eftirlitssvæða eða mörk þeirra í lögunum heldur er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði það í samræmi við flokkun hafna með hliðsjón af mengunarvarnabúnaði og kveði nánar á um verksvið svæðisráða í reglugerð.

Sú skylda hvílir á svæðisráðum að þau meti aðstæður í samráði við Umhverfisstofnun eftir að mengun hafsins og stranda hefur átt sér stað. Gert er ráð fyrir því að kostnaður af störfum svæðisráða verði borinn af hlutaðeigandi sveitarfélögum, enda hér um að ræða starfsmenn sveitarfélaganna, en að kostnaður Umhverfisstofnunar varðandi samræmingu milli svæða verði borinn af stofnuninni.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um framkvæmd og stjórn á vettvangi þegar bráðamengun hefur átt sér stað. Þar er gerður greinarmunur á mengun innan hafnarsvæða og utan hafnarsvæða.

Sé um að ræða mengun innan hafnarsvæða er það hlutverk hafnarstjóra í umboði hafnarstjórnar að annast hreinsun minni háttar mengunar innan hafnarsvæðis og skal hann tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun innan síns hafnarsvæðis strax og hennar verður vart. Það er skylda hafnarstjóra að grípa til hreinsunar og annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekara tjón og meti hafnarstjóri málið alvarlegt ber honum að kalla á búnað frá nærliggjandi höfn sem hefur yfir betri búnaði að ráða og hefur þá samband við Umhverfisstofnun sem tekur yfir stjórn málsins. Heilbrigðisfulltrúi, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með hreinsunaraðgerðum og ákveður síðan í samráði við Umhverfisstofnun hvenær árangur af hreinsun er nægur.

Sé um að ræða mengun utan hafnarsvæða skal heilbrigðisfulltrúi fara á vettvang og meta umfang mengunar og nauðsyn aðgerða og tilkynna Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun ber síðan ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi. Lagt er til að Umhverfisstofnun geti heimilað heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum og að Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands skuli gera aðgerðaáætlun um aðkomu stofnananna að slíkum málum og um framkvæmd einstakra verkþátta. Þar sem heilbrigðisfulltrúi starfar í þessu tilviki í umboði Umhverfisstofnunar en ekki heilbrigðisnefndar enda bráðamengun utan hafna verkefni Umhverfisstofnunar er rétt að kostnaður af störfum hans að þessum málum verði borinn af Umhverfisstofnun.

Gert er ráð fyrir að mengunarvaldurinn geti sjálfur framkvæmt hreinsun þegar trygging liggur fyrir því að hann muni greiða fyrir tjón sem hann hefur valdið og að í slíkum tilvikum leggi mengunarvaldurinn fram áætlun um hvernig hann muni standa að hreinsuninni. Það er Umhverfisstofnunar að taka ákvörðun um hvort mengunarvaldurinn sé í stakk búinn til þess að annast framkvæmdina.

Enn fremur er í greininni að finna tilkynningarskyldu til landlæknis sé talið eða leiki vafi á því að mönnum geti stafað hætta af menguninni og enn fremur að sé mengun þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skuli aðgerðir unnar í samvinnu við viðkomandi almannavarnanefnd. Það er fyrst og fremst Umhverfisstofnun sem ber ábyrgð á því að þessari tilkynningarskyldu sé framfylgt og að samráði verði komið á við landlækni og almannavarnanefnd. Til að einfalda framkvæmdina er lagt til að þær stofnanir sem koma að málum er varða bráðamengun komi sér saman um hvernig aðkoma þeirra á að vera við bráðamengunaróhöpp. Lagt er til að Umhverfisstofnun sé heimilt að fela hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi við mengunaráhöpp með sérstökum samningi eða í einstökum tilvikum þegar það á við. Í þessu tilviki er rétt að benda á að slökkviliðsstjóri fer samkvæmt lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi, sbr. nánar 2. mgr. 16. gr. þeirra laga. Rétt þykir að hægt sé að fela slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi úti á sjó.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um íhlutun vegna bráðamengunar en ljóst er að þegar bráðamengun er yfirvofandi er mikilvægt að gripið verði til ráðstafana til að fyrirbyggja hana sem allra fyrst og oftast án tafar. Lagt er til að Landhelgisgæsla Íslands hafi ótvíræða heimild til íhlutunar til að koma í veg fyrir eða fyrirbyggja tjón af völdum bráðamengunar og að hún hafi samráð við Umhverfisstofnun um málið verði því við komið og einnig viðkomandi hafnarstjóra þegar um mengun innan hafnarsvæða er að ræða.

Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða og sé hætta talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi úti skal stofnunin gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun af völdum strandaðs skips eða frá starfsemi á landi. Í slíkum tilvikum getur Umhverfisstofnun gripið til þeirra þvingunarúrræða sem kveðið er á um í V. kafla.

Þessi ákvæði eru að efni til svipuð og ákvæði 21. og 22. gr. gildandi laga en eðli máls samkvæmt snýr ákvörðun um íhlutun eingöngu að bráðamengun eða hættu á bráðamengun en ekki að annarri mengun sem tekið verður á með öðrum úrræðum, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um vátryggingar og ábyrgð á mengunartjóni og lagt til að hlutlæg bótaregla verði lögfest sé um að ræða bráðamengun sem tengist atvinnurekstri, sbr. fylgiskjal I, eða flutningi á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Í slíkum tilvikum þarf því ekki að liggja fyrir saknæmt atferli heldur dugar að tjón hafi orðið þótt hvorki liggi að baki ásetningur né gáleysi. Lagt er til að ábyrgðin verði takmörkuð við tjón allt að einni milljón SDR sem er á gildandi gengi um 100 milljónir ísl. kr. og að vátryggingarfjárhæðin nemi sömu fjárhæð. Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins auk þess sem þessi hlutlæga ábyrgð kann að sæta takmörkunum samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland hefur gerst aðili að og að til sé að dreifa sjóðum sem taka að sér greiðslur vegna tjóns, svo sem af völdum olíu.

Það er ljóst að þegar settar eru svo víðtækar ábyrgðarskyldur á rekstraraðila án þess að fyrir liggi saknæmt atferli verða stjórnvöld að búa þannig um hnútana að hlutaðeigandi aðili geti tryggt sig gegn slíku tjóni.

Enn fremur er kveðið á um það að mengunarvaldi sé sjálfum heimilt að sjá um hreinsun en að það skuli þá gert í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt, sbr. nánar 14. gr.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um vátryggingar olíuflutningaskipa en auk ákvæða í 16. gr. gilda einnig um þá ábyrgð og vátryggingar alþjóðasamningar um íhlutun á úthafi þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun. Einnig gildir alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til þess að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Um 18. gr.

Atvinnurekstur samkvæmt fylgiskjali I skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar og skulu þær liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út þannig að þær verði hluti af starfsleyfinu. Hér er um að ræða starfsemi á landi sem getur valdið hvað alvarlegastri mengun, ekki síst mengun sjávar eða mengun vatnsfalla sem síðan berast til sjávar. Gert er

ráð fyrir að Umhverfisstofnun geri tillögur til umhverfisráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr., um þessar áætlanir og viðbrögð gegn bráðamengun.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um þann mengunarvarnabúnað sem á að vera tiltækur og lagt til að svæðisráð, sbr. 13. gr., skuli sjá um að umsjónarmaður verði skipaður með hverjum mengunarvarnabúnaði. Allar hafnir á hverju svæði um sig eiga hlut í mengunarvarnabúnaði svæðisins og er það hlutverk svæðisráða að annast geymslu og viðhald búnaðarins og endurnýjun hans.

Lagt er til að nauðsynlegur mengunarvarnabúnaður verði ekki aðeins í höfnum landsins heldur og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands og að Umhverfisstofnun skuli sjá um að þessi búnaður sé til staðar.

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum yrði fyrst og fremst fólgið í því að koma upp hlutaðeigandi mengunarvarnabúnaði og að annast reglulegt viðhald hans og endurnýjun. Á fjárlögum hefur verið varið fé til kaupa og endurnýjunar á mengunarvarnabúnaði á undanförnum árum. Rétt er að taka fram að verði meiri háttar mengunaróhöpp sem kalla á kostnaðarsamar aðgerðir eins og hreinsun verður að fá sérstakar fjárveitingar til framkvæmdanna.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að samgönguráðherra sé heimilt í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra að setja reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farmrými eða á tönkum. Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um hvernig haga skuli ákvörðunum um siglingaleiðir þegar í hlut eiga skip sem flytja olíu og annan hættulegan varning. Nefnd á vegum samgönguráðuneytisins hefur skilað tillögum um hvernig siglingaleiðum skuli háttað en engin ákvæði er að finna í lögum um hver skuli taka ákvörðun um siglingaleiðir sé þess talin þörf. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og að það verði samgönguráðherra sem taki slíka ákvörðun í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra. Í þessu tilviki ber að hafa í huga að nær allur olíuflutningur til landsins fer fram á svæði sem telst efnahagslega mikilvægt, þ.e. á grunnslóðum fyrir Suðurlandi þar sem er að finna viðkvæmar hrygningarstöðvar helstu nytjastofna.

Annar þáttur er varðar siglingaleiðir er hvernig haga skuli aðgerðum ef fjarlægja þarf skip sem truflað geta siglingar eða verið umhverfinu til óprýði og þekkjast mörg dæmi hér á landi um slíkt. Mikil umræða er á alþjóðlegum vettvangi um skyldu til að fjarlægja skipsflök sem liggja í fjörum og er verið að vinna að gerð alþjóðasamnings innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar að lútandi. Lagt er til í frumvarpi þessu að hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot, eða skip legið óhreyft í fjöru í eitt ár, beri eiganda þess að fjarlægja það. Hafi skip strandað ber eiganda að fjarlægja það sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir strand. Telji eigandi slíkt ill- eða ógerlegt er honum heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að skipið verði óhreyft þar sem það er og með slíkri beiðni fylgi áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja skipið. Við ákvörðun á slíku verður Umhverfisstofnun fyrst og fremst að taka tillit til umhverfissjónarmiða, þ.e. hvort betra sé að skipið sé þar sem það hefur strandað í fjöru og hvort það hefur truflandi áhrif á siglingar.

Um 21. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um setningu gjaldskrár þegar um er að ræða eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða sem grípa þarf til vegna hennar og vegna

leigu á mengunarvarnabúnaði. Kostnaður vegna slíkra aðgerða getur verið mjög mikill og má þar nefna strand Vikartinds sem dæmi. Eðlilegt er að mengunarvaldur greiði slíkan kostnað, þ.e. vegna eftirlits Umhverfisstofnunar og vegna nauðsynlegra aðgerða til að draga úr áhrifum slíkrar mengunar, og er í greininni lagt til að mengunarvaldur endurgreiði Umhverfisstofnun kostnað sem af eftirliti hennar hlýst í slíkum tilvikum, sbr. 17. gr. frumvarpsins, og nauðsynlegum aðgerðum til að draga úr áhrifum slíkrar mengunar. Í eftirliti felst m.a. að fara á staðinn og rannsaka það tjón sem orðið hefur, semja aðgerðaáætlun vegna mengunarvarna, hafa eftirlit með aðgerðum og leggja til mengunarvarnabúnað. Með aðgerðum er átt við hreinsunaraðgerðir og að fylgst sé með því að búnaðurinn sé notaður eins og við á. Gert er ráð fyrir því eins og í lögum nr. 7/1998 að gjöld skuli tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar eftirlitið er tengt notkun fasteigna. Varðandi eftirlit Siglingastofnunar Íslands fer gjaldtaka fram á vegum hennar á grundvelli laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

Í þeim tilvikum þar sem heilbrigðisnefndir þurfa að grípa til aðgerða fer um gjaldtöku samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um þvingunarúrræði og refsiviðurlög og eru þau í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að Umhverfisstofnun geti beitt aðgerðum til þess að knýja á um framkvæmd aðgerða samkvæmt lögunum, sem er að veita eingöngu áminningu, áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta og að stöðva eða takmarka viðkomandi starfsemi eða notkun. Stöðvun kemur því aðeins til greina að um sé að ræða alvarleg tilvik eða ítrekuð brot eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands eftir því sem við á ef með þarf. Umhverfisstofnun getur í slíkum tilvikum afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Sé um að ræða starfsleyfi sem gefið er út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga skal afturköllun leyfisins gerð í samráði við Umhverfisstofnun en þá er um að ræða rekstur sem fellur undir 5. og 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Slík starfsleyfi eru fá og eingöngu á sviði meiri háttar matvælaframleiðslu, svo sem stórra svína- og alifuglabúa, eða fyrir skolphreinsistöðvar, dælustöðvar og fráveitur.

Um 23. gr.

Hér er gerð tillaga um dagsektir, sem eru eitt þeirra þvingunarúrræða sem Umhverfisstofnun er ætlað að beita, og er gerð tillaga um hámark dagsekta 1 millj. kr. á dag. Dagsektir renna í ríkissjóð og skulu fylgja verðlagsþróun ákveði umhverfisráðherra það. Enn fremur er ákvæði um það að Umhverfisstofnun sé heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og að þá skuli kostnaður greiddur til bráðabirgða af ríkissjóði en innheimt síðan hjá hlutaðeigandi. Kostnaður og dagsektir eru tryggðar með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki eða skipi í tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir fyrir eftirlitsaðila til að láta fara fram athugun á skipum og vinnu- og borpöllum á hafi úti og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er talin á mengun hafs og stranda eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögunum. Hér er um

að ræða ákvæði sem er efnislega samhljóða 21. gr. gildandi laga með þeim breytingum sem áður er getið, svo sem um starfsemi sem veldur mengun og staðsett er á landi.

Í 2. mgr. er ákvæði um að eftirlitsaðilar skuli hvenær sem er eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða athugunum sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á eftirlitsaðila að veita allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits með framkvæmd laganna og að þeim beri endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um refsiviðurlög. Gert er ráð fyrir að brot gegn lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skuli þau varða fangelsi allt að fjórum árum. Í þessu tilviki er rétt að benda á að með breytingum sem samþykktar voru með lögum nr. 122/1999, um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er í fyrsta skipti tekið á umhverfislagabrotum í almennri hegningarlagalöggjöf hér á landi. Sum brot kunna að vera þess eðlis að þau verði færð undir almenn hegningarlög en þar er um að ræða allt að fjögurra ára fangelsi. Þannig falla saman refsiákvæði frumvarpsins og almennra hegningarlaga eins og þeim var breytt.

Með mál vegna brota gegn lögunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um sektir og að þær megi ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða geti orðið til hagsbóta fyrir lögaðila. Í slíkum tilvikum skal lögaðili þó ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má með sama skilorði gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn. Mikilvægt er að lögaðili beri slíka sektarábyrgð þótt ekki verði sönnuð sök á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra einstaklinga sem í þágu hans starfa og er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 27. gr.

Hér er fjallað um kyrrsetningu skipa. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og er að finna í 30. gr. gildandi laga en brotið er ekki takmarkað við losun úr sjó og varp efna í hafið eins og í gildandi lögum heldur tengist það lögunum í heild. Ekki er heldur gert ráð fyrir að einungis sé hægt að ljúka málinu með greiðslu sektar án þess að málið fari lengra eins og í gildandi lögum. Gerð er sú tillaga að lögveð stofnist í hlutaðeigandi skipi til tryggingar greiðslu sektar og að það standi í tvö ár en samkvæmt gildandi lögum er það ótímabundið og gildir því samkvæmt almennum reglum aðeins í eitt ár. Það telst of skammur tími í samræmi við reynslu liðinna ára.

Um 28. gr.

Hér er fjallað um ágreining sem kann að rísa um framkvæmd laganna, þar á meðal um það hvort um bráðamengun samkvæmt lögunum sé að ræða eða ekki, og er þá heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Í 3. mgr. er settur fram frestur sem ráðherra hefur til að kveða upp úrskurð en hann skal kveðinn upp svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að ráðherra berst mál í hendur. Hér ber að hafa í huga að sé um að ræða ágreining sem tengist bráðamengun hafa frestir í sjálfu sér litla þýðingu því samkvæmt eðli málsins er nauðsynlegt að bregðast við án tafar. Í slíkum tilvikum yrði ráðherra að kveða upp úrskurð eins fljótt og við verður komið en þá þarf að sjálfsögðu að hafa í huga rannsóknarreglu og ýmis önnur ákvæði stjórnsýslu laga, svo sem um leiðbeiningarskyldu og andmælarétt.

Um 29. gr.

Gerð er tillaga um að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003.

Þá er lagt til að lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, verði felld úr gildi.

Loks kemur fram í ákvæðinu að reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í bága við ákvæði nýrra laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Markmið frumvarpsins er hið sama og laganna, að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun, en í frumvarpinu er m.a. leitast við að kveða skýrar og nákvæmar á um ábyrgð, verksvið og verkaskiptingu þeirra sem skyldum hafa að gegna við framkvæmd laganna, ásamt því að skilgreina betur ýmis orð og orðasambönd en gert er í gildandi lögum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir aukinni ábyrgð mengunarvalda vegna bráðamengunartjóna og kveðið er á um skyldu þeirra sem tiltekna atvinnustarfsemi stunda til að tryggja sig fyrir skaða af slíkum tjónum. Vátryggingarkostnaðurinn félli á viðkomandi atvinnurekstur og hér er ekki lagt mat á hann. Þær greinar frumvarpsins sem einkum gætu haft áhrif á kostnað ríkissjóðs eru 4., 13., 19. og 21. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að Umhverfisstofnun fari með eftirlit með framkvæmd laganna sé ekki mælt fyrir um annað í lögunum og í 3. mgr. segir að Umhverfisstofnun skuli sjá um að vöktun vegna mengunar hafs og stranda sé framkvæmd. Í báðum tilvikum er um að ræða verkefni sem Hollustuvernd ríkisins sinnir samkvæmt gildandi lögum og lögfesting frumvarpsins hefði ekki í för með sér aukinn kostnað fyrir stofnunina frá því sem nú er.

Í 4. mgr. 4. gr. segir að Umhverfisstofnun skuli sjá um gerð fræðsluefnis, fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur. Það er mat Hollustuverndar ríkisins og umhverfisráðuneytis að árlegur rekstrarkostnaður af þessu verði 0,5 m.kr.

Í 5. mgr. 4. gr. er tekið fram að Landhelgisgæslan sjái um eftirlit á hafsvæðum umhverfis Ísland og Siglingastofnun Íslands annist eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna. Ekki er reiknað með auknum kostnaði af þessu. Gerður hefur verið samningur milli Hollustuverndar ríkisins og Landhelgisgæslunnar um að gæslan sinni eftirlitinu samhliða öðru eftirliti og ekki er reiknað með neinni breytingu á því eða auknum kostnaði. Um gjaldtöku Siglingastofnunar vegna eftirlitsins fer samkvæmt gjaldskrá eins og verið hefur.

Í 4. mgr. 13. gr. segir að Umhverfisstofnun annist samræmingu milli svæða og að ríkissjóður beri kostnað af samræmingunni. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan núverandi fjárhagsramma stofnunarinnar.

Í 1. málsl. 3. mgr. 19. gr. segir að Umhverfisstofnun skuli hafa yfir að ráða lausum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Samkvæmt upphaflegri áætlun var stefnt að því að eiga 1.000 metra af flotgirðingum en í dag eru til 600 metrar. Stofnkostnaður til að ná 1.000 metra markinu er að mati umhverfisráðuneytisins um 10 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður er talinn vera 0,5 m.kr.

Í 2. málsl. 3. mgr. 19. gr. segir að Umhverfisstofnun skuli sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands. Fé hefur verið veitt til þessara verkefna á fjárlögum undanfarinna ára og ekki er reiknað með að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér þörf á frekari fjárveitingum.

Í 21. gr. er kveðið á um að ráðherra skuli setja gjaldskrá fyrir tímagjald sérfræðings og ferðakostnað fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun og má gjaldið ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og kostnaði hans við ferð. Einnig skal ráðherra setja í gjaldskrá tímagjald vegna leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á tækjum. Þá segir að Umhverfisstofnun skuli krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I með frumvarpinu. Tekjur af gjöldum samkvæmt þessari grein mundu færast sem rekstrartekjur ríkissjóðs.

Að öllu virtu má því gera ráð fyrir að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, geti haft þau áhrif að rekstrarkostnaður Umhverfisstofnunar hækki um 1 m.kr. og stofnkostnaður hækki tímabundið um 10 m.kr. Á móti kostnaði kæmu tekjur Umhverfisstofnunar, samkvæmt gjaldskrá, af eftirliti og aðgerðum vegna bráðamengunar og notkun á mengunarvarnabúnaði, en eðli máls samkvæmt er alls óvíst hve miklar þær yrðu.

245. Frumvarp til laga [241. mál]

um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skipar sjö menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd landbúnaðarins að fengnum tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun og umhverfisráðuneyti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðalinda í landbúnaði,
b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðalinda í landbúnaði,
c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðalindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,

d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðalinda í landbúnaði,
e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um verkefni nefndarinnar og nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 127. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Á undanförnum áratugum hefur orðið mikil vakning um gildi varðveislu þeirra verðmæta sem felast í fjölbreytileika náttúrunnar, svonefndra erfðalinda.

Á plöntusviðinu hefur frá árinu 1974 verið starfræktur alþjóðlegur upplýsingabanki, „International Plant Genetic Resources Institute“ (IPGRI), í Róm. Skógrækt fellur einnig undir IPGRI. Á húsdýrasviðinu er starfræktur gagnagrunnurinn DAD–IS (Domestic Animal Diversity Information System) í samvinnu við FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Á sviði skógræktar hefur frá árinu 1967 verið starfandi á vegum FAO ráð um erfðalindir í skógrækt, „FAO Panel of Experts on Forest Gene Resources“. Undir þessari nefnd hefur starfað önnur sem hefur annast heildarúttekt á skógum heimsins, „Forest Resource Assessment 2000“ (FRA–2000).

Samstarf um varðveislu erfðalinda í ferskvatnsfiskum er einkum á vegum Alþjóðlega hafrannsóknaráðsins (International Committee for the Exploration of the Sea, ICES) og Alþjóðlegu laxaverndunarstofnunarinnar (North Atlantic Salmon Conservation Organization, NASCO). Veiðimálastofnun tekur þátt í starfi þessara stofnana.

Árið 1992 var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna ráðstefna í Rio de Janeiro um umhverfismál. Á ráðstefnunni var undirritaður alþjóðlegur sáttmáli um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Íslendingar eru aðilar að þessum sáttmála. Meginmarkmið sáttmálans eru eftirfarandi:

- Verndun líffræðilegs fjölbreytileika og trygging fyrir erfðabreytileika.
- Sjálfbær nýting lifandi auðlinda.
- Sanngjörn skipting hagnaðar af erfðalindum.

Árið 1996 hratt FAO af stað áætlun er nefnist „Global Strategy for the Management of Farm Animal Genetic Resources“. Sama ár var haldin ráðstefna í Leipzig á vegum FAO, „International Technical Conference on Plant Genetic Resources“. Fyrir Leipzig-ráðstefnuna þurftu þátttökulöndin að skila skýrslu um plöntuerfðalindir sínar. Íslensku skýrslunni ritstýrði Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Í Leipzig var ákveðið að setja af stað „Global Plan of Action for the Conservation and Sustainable Utilization of Plant Genetic Resources“. Ráðstefna var svo haldin í Róm í desember 1996 til þess að fylgja eftir ákvörðunum Leipzig-ráðstefnunnar.

Árið 1979 stofnaði norræna ráðherranefndin Norræna genbankann (NGB). Tilgangurinn með stofnun hans var að koma á fót svæðismiðstöð vegna varðveislu erfðaefnis plantna á Norðurlöndum í náinni alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði. Íslendingar hafa frá upphafi tekið virkan þátt í samstarfinu um Norræna genbankann og núverandi stjórnarformaður bankans er dr. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH) var stofnaður 1984. Hlutverk hans er að stuðla að

skráningu og varðveislu fjölbreytileika í erfðaefni húsdýra, en ekki hefur verið starfrækt sams konar „bankastarfsemi“ og á plöntusviðinu. Núverandi stjórnarformaður Norræna genbankans fyrir húsdýr er dr. Emma Eyþórsdóttir, forstöðumaður búfjársviðs Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Árið 1998 gáfu forsætisráðherrar Norðurlanda út yfirlýsingu um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Á landbúnaðarsviðinu hefur í framhaldi af því verið samþykkt áætlun, „Strategi för hållbart bevarende af genetiska ressurser i Norden“. Til þess að hafa umsjón með nánara samstarfi á þessu sviði hefur verið stofnað „Nordisk genressursråd“. Fulltrúi Íslands í ráðinu er Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Jafnframt hafa Norðurlönd samþykkt að gera hvert fyrir sig áætlanir til þess að skipuleggja varðveislustarfið í sínum löndum.

Hér á landi hófst skipulegt starf á þessu sviði með stofnun erfðanefndar búfjár samkvæmt lögum um búfjárrækt, nr. 84/1989. Núverandi erfðanefnd er skipuð samkvæmt ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, og eiga sæti í henni fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðimálastofnun. Nefndinni er ætlað að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum og gera tillögur til landbúnaðarráðherra um verndun tegunda og stofna í útrýmingarhættu. Reglugerð hefur ekki verið sett um starf nefndarinnar. Fjárveiting til starfsemi erfðanefndar búfjár er ákveðin í þjónustusamningi Bændasamtaka Íslands og ríkisins undir framlögum til búfjárræktar og nemur 2.500 þús. kr. á ári.

Þessi ákvæði eru ekki í samræmi við skuldbindingar sem Íslendingar hafa tekist á hendur með þátttöku í alþjóðlegu og norrænu samstarfi á þessu sviði. Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutverk erfðanefndar aukist og hún fjalli um varðveislu erfðalinda í landbúnaði á breiðum grundvelli, þ.e. fjalli um húsdýr, nytjajurtir og tré. Lagt er til að skipan nefndarinnar breytist í samræmi við það. Sérstaða Íslands er veruleg í þessu efni þar sem stór hluti þess plöntuerfðaefnis sem hér er notað í ræktun er af útlendum uppruna. Búfjárræktin byggist hins vegar að miklu leyti á gömlum búfjárkynjum sem eru sérstæð í hópi framleiðslukynja. Umhverfis- og menningarsjónarmið eru því ríkur þáttur í umræðunni og eðlilegt að þau fái sinn sess í stefnumótunarstarfinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir að verksvið erfðanefndar verði aukið og nái til verndunar allra erfðalinda í landbúnaði. Samkvæmt 16. gr. búnaðarlaga eins og hún hljóðar nú tekur verkefni erfðanefndar búfjár einungis til skráningar og varðveislu erfðabreytileika í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum. Lagt er til að erfðanefnd fjalli framvegis einnig um nytjajurtir og tré. Er það í samræmi við alþjóðlegar og norrænar skuldbindingar Íslendinga á þessu sviði. Í samræmi við aukið hlutverk nefndarinnar er lagt til að skipan hennar breytist og nefndarmönnum fjölgi úr fimm í sjö. Lagt er til að Skógrækt ríkisins tilnefni mann í nefndina og að landbúnaðarráðherra skipi formann nefndarinnar án tilnefningar. Þá er lagt til að í stað Náttúrufræðistofnunar Íslands skipi umhverfisráðuneyti mann í nefndina.

Með skilgreiningunni nytjajurtir og tré er átt við jurtir og tré sem notuð eru í ræktun hér á landi en ekki villtar jurtir og tré. Hafa ber í huga í þessu sambandi að breytingar geta orðið á því hvaða jurtir og tré eru skilgreind sem villt. Til dæmis eru tilraunir nú hafnar með ræktun ýmissa villtra jurta, svo sem hvannar og vallhumals, til nota í fæðubótarefni og lyf.

Ef slíkar tilraunir skila góðum árangri mundu þessar ræktuðu jurtir flokkast undir nytjajurtir í skilningi laganna.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að erfðanefnd fjalli framvegis um nytjajurtir og tré. Gert er ráð fyrir að nefndarmönnum fjölgi um tvo vegna þessa og að greiðslur til þeirra rúmist innan fjárheimilda Bændasamtaka Íslands.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

246. Frumvarp til laga [242. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952 (tvöfaldur ríkisborgararéttur).

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

3. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 49/1982, orðast svo:

Útlendingur sem hefur átt hér lögheimili og haft hér samfellda dvöl frá því að hann náði 11 ára aldri, eða frá 13 ára aldri sé hann ríkisfangslaus, öðlast íslenskan ríkisborgararétt með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína eftir að hann hefur náð 18 ára aldri en áður en hann hefur náð 20 ára aldri.

2. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 49/1982 og 9. gr. laga nr. 62/1998:

a. Í stað orðsins „forseti“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: dómsmálaráðherra.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra úrskurðar hvort fullnægt er skilyrði 1. mgr. um dvöl hér á landi til að halda ríkisfanginu, leiki á því vafi.

4. gr.

9. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 49/1982, orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur leyst þann sem búsettur er erlendis og er orðinn eða óskar að verða erlendur ríkisborgari undan íslensku ríkisfangi, enda sanni aðili að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það. Eigi hann lögheimili hér á landi verður hann eigi leystur frá íslensku ríkisfangi nema sérstakar ástæður séu til að mati dómsmálaráðherra.

Eigi verður þeim neitað um að verða leystur undan ríkisfangi sem er erlendur ríkisborgari og á lögheimili erlendis.

5. gr.

9. gr. a laganna fellur brott.

6. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 62/1998, orðast svo:

Yfirlýsingu skv. 3. gr., 4. gr. og B- og C-lið 9. gr. b um að maður óski að verða íslenskur ríkisborgari getur aðeins sá aðili sjálfur gefið en ekki forsjármaður.

7. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Barn sem er fætt eftir 1. júlí 1964 en fyrir 1. júlí 1982 og hefði öðlast íslenskan ríkisborgararétt ef ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga þessara, sbr. lög nr. 49/1982, hefði verið í gildi er það fæddist öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneyti skriflega þá ósk sína, enda hafi móðir þess verið íslenskur ríkisborgari við fæðingu þess og til 1. júlí 1982.

Sá sem óskar að öðlast íslenskt ríkisfang skv. 1. mgr. skal fullnægja ákvæði 8. gr. um lögheimili eða dvöl hér á landi fyrir 22 ára aldur.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs samkvæmt upphaflegum ákvæðum 7. gr. laga nr. 100/1952 en hefði haldið því ef greinin hefði verið fallin úr gildi á þeim tíma er hann missti íslenska ríkisfangið öðlast það að nýju með því að tilkynna dómsmálaráðherra skriflega þá ósk sína fyrir 1. júlí 2007 enda fylgi henni fullnægjandi gögn að mati ráðuneytisins.

Sé viðkomandi háður forsjá annarra annast forsjáraðili tilkynninguna.

Eigi sá sem öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt þessu ákvæði ógift börn undir 18 ára aldri sem hann hefur forsjá fyrir öðlast þau einnig ríkisfangið. Sé barnið orðið 12 ára og hafi erlent ríkisfang skal barnið veita samþykki sitt til að fá íslenskan ríkisborgararétt. Samþykkis skal þó ekki krafist sé barnið ófært um að veita það sökum andlegrar fötlunar eða annars sambærilegs ástands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Megintilgangur þess er að heimila íslenskum ríkisborgurum að halda íslensku ríkisfangi þótt þeir öðlist ríkisborgararétt í öðru ríki. Skv. 7. gr. núgildandi laga missir sá íslensks ríkisfangs sem hlýtur erlent ríkisfang

samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki, eða með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki. Eigi sá sem þannig hlýtur erlent ríkisfang ógift barn sem er undir 18 ára aldri missir barnið einnig íslenskt ríkisfang hafi foreldrið forsjá þess og hitt foreldrið er erlendur ríkisborgari. Sé hitt foreldrið íslenskur ríkisborgari og haldi sínu ríkisfangi missir barnið ekki ríkisfangsins.

Ákvæði laganna um missi ríkisborgararéttar eru í samræmi við þau samræmdu ríkisborgararéttarlög sem Norðurlöndin hafa búið við frá því á fyrri hluta síðustu aldar. Undanfarin ár hefur verið til umræðu í sumum Norðurlandanna að endurskoða ríkisborgararéttarlögin án þess að fram færi sameiginleg norræn endurskoðun. Svíar riðu á vaðið og ákváðu 1997 að efna til endurskoðunar á sínum lögum. Árangur þeirrar endurskoðunar var að ný ríkisborgararéttarlög tóku gildi í Svíþjóð 1. júní 2001. Lögin eru að ýmsu frábrugðin því sem er í fyrri lögum þeirra en mesta breytingin er þó sú að Svíar heimila tvöfaldan ríkisborgararétt, fella niður missi sænsks ríkisborgararéttar við töku erlends og falla frá kröfunni um að þeim sem veittur er sænskur ríkisborgararéttur samkvæmt umsókn sé skylt að fá lausn frá fyrri ríkisborgararétti.

Í Noregi og Finnlandi hefur þegar verið hafin endurskoðun ríkisborgararéttarlaganna og hefur ríkisstjórn Finnlands ákveðið að við samningu frumvarpsins skuli miðað við að tvöfaldur ríkisborgararéttur verði heimill. Ekki hefur verið tekin afstaða í Noregi til þess hvort slíkt verði heimilað þar. Ekki er vitað til að fyrirhuguð sé allsherjarendurskoðun á lögunum í Danmörku og ekkert bendir til að Danir hyggist heimila tvöfaldan ríkisborgararétt nema að mjög takmörkuðu leyti, eins og þegar hefur verið heimilað á öllum Norðurlöndunum.

Íslensk stjórnvöld hafa orðið vör við verulega óánægju íslenskra borgara með að missa íslenska borgararéttinn þegar þeir hafa tekið erlendan borgararétt, sérstaklega hafa sendiráðin orðið þessa vör. Hér á landi hefur hins vegar ekki verið gerð krafa til þess að þeir sem veittur er íslenskur borgararéttur samkvæmt umsókn fái lausn frá fyrri ríkisborgararétti. Hér á landi hefur slíkt skipt minna máli en í flestum öðrum ríkjum þar sem hér á landi er ekki herskylda en eitt meginsjónarmið við að heimila ekki tvöfaldan ríkisborgararétt er að koma í veg fyrir að maður geti haft herskyldu í tveim ríkjum.

Má í því sambandi benda á að á vegum Evrópuráðsins var árið 1963 gerður samningur um ríkisborgararéttarmálefni með sérstöku tilliti til þess hvernig haga skyldi herskyldu og er í þeim samningi miðað við að forðast beri tvöfaldan ríkisborgararétt. Ísland gerðist aldrei aðili að þeim samningi. Sá samningur hefur verið leystur af hólmi með nýjum Evrópusamningi um ríkisborgararétt sem er mun víðtækari en hefur þó enn að geyma ákvæði varðandi framkvæmd herskyldu. Ísland hefur undirritað þann samning en hann bíður endanlegrar staðfestingar ríkisstjórnarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til talsverðar breytingar á 3. gr. laganna. Samkvæmt núgildandi ákvæði á útlendingur rétt á að öðlast ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu þá ósk sína eftir að hann hefur náð 21 árs aldri en innan fullnaðs 23 ára aldurs, enda hafi hann átt hér lögheimili samfleytt frá því að hann náði 16 ára aldri og að auki búið hér áður eigi skemur en fimm ár samanlagt. Hann getur þó gefið þessa yfirlýsingu er hann hefur náð 18 ára aldri eigi hann hvergi ríkisfang eða sanni að hann muni missa ríkisfangs síns er hann öðlast íslenskt, enda hafi hann þegar yfirlýsingin er gefin átt lögheimili hér á landi síðustu fimm árin og að auki búið hér áður eigi skemur en fimm ár samanlagt. Sá sem óskar eftir að öðlast ríkisfang á grundvelli þessa ákvæðis þarf því að hafa búið hér tíu ár samanlagt.

Samkvæmt 5. gr. a er lögheimiliskrafan nú sjö ár. Verður því að teljast eðlilegt að stytta lögheimilistímann samkvæmt þessari grein einnig í sjö ár. Jafnframt er lagt til að reglan verði einfölduð og viðmið við 21 árs aldur fellt niður þar sem frumvarp þetta miðast við heimild til tvöfalds ríkisborgararéttar og því ekki ástæða til að halda tvenns konar reglu.

Því er lagt til að regla þessi verði þannig að útlendingur sem á hér lögheimili og hefur haft hér búsetuleyfi og dvalið hér samfellt frá því að hann náði 11 ára aldri, eða frá 13 ára aldri sé hann ríkisfangslaus, geti öðlast íslenskan ríkisborgararétt með yfirlýsingu eftir að hann hefur náð 18 ára aldri en áður en hann hefur náð 20 ára aldri. Ákvæðið miðast eftir sem áður við að heimild þessi sé einungis opin í tvö ár.

Núgildandi regla hefur að verulegu leyti vikið fyrir ákvæðum 5. gr. a þar sem þær reglur sem þar er að finna eru í flestum tilfellum hagstæðari en ákvæði 3. gr.

Þá er lagt til að 2. mgr. 3. gr. verði felld niður en hún lýtur að veitingu ríkisfangs þegar Ísland á í ófriði við þann sem eftir íslensku ríkisfangi leitar samkvæmt greininni. Þess má geta að við endurskoðun sænsku laganna var samsvarandi ákvæði í þeirra lögum fellt niður.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að núgildandi 7. gr. falli alfarið niður. Í þessu fellst meginefni frumvarpsins, þ.e. að fella niður ákvæðið að sá missi íslensks ríkisfangs sem öðlast erlent ríkisfang og að sama gildi einnig um ógift börn viðkomandi undir 18 ára aldri sem hann hefur forsjá fyrir.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að í stað þess að forseti geti veitt þeim sem sækir um að fá að halda ríkisfangi sínu leyfi til þess flytjist þessi heimild til dómsmálaráðherra. Með tilliti til þess að lagt er til að tvöfalt ríkisfang verði í ríkara mæli heimilt er ekki talin ástæða til að slíka leyfisveitingu þurfi að leggja fyrir þjóðhöfðingjann.

Þá er lagt til að bætt verði við 8. gr. nýrri málsgrein þar sem dómsmálaráðherra er falið að úrskurða um hvort fullnægt sé ákvæði 1. mgr. varðandi dvöl hér á landi fyrir 22 ára aldur. Það er í samræmi við þá venju sem verið hefur um árabil að sá sem óskar eftir að nýta sér heimildina til að halda íslensku ríkisfangi á grundvelli dvalar hér á landi án þess að hafa skráð hér lögheimili sitt hefur leitað eftir staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á því að dvöl hans hér sé slík að af megi ráða að viðkomandi vilji vera íslenskur ríkisborgari.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að heimildin til að leysa íslenskan ríkisborgara undan íslensku ríkisfangi flytjist frá forseta til dómsmálaráðherra. Þá er lagt til að í stað orðsins þegnskyldu sem notað er í 1. og 2. mgr. greinarinnar komi orðið ríkisfang.

Með tilliti til þess að veruleg aukning mun verða á ósk um lausn frá íslensku ríkisfangi eftir þá breytingu sem lögð er til með frumvarpi þessu, að íslenska ríkisfangið falli ekki sjálfkrafa niður við töku erlends ríkisfangs, þykir rétt að leggja til að einfalda lausnarveitingu þannig að hana þurfi ekki að leggja fyrir þjóðhöfðingja.

Þá er lagt til að lausnarheimildin verði þrengd þannig að hún taki fyrst og fremst til þeirra sem búsettir eru erlendis, en þeim sem lögheimili eiga hér á landi verði því aðeins veitt lausn frá ríkisfangi að ráðherra telji að til þess standi sérstakar ástæður.

Um 5. gr.

Lagt er til að 9. gr. a falli niður þar sem ekki hefur verið gerður samningur samkvæmt henni við önnur ríki og ekki er fyrirsjáanlegt að svo verði enda önnur ákvæði laganna sem taka til þess sem greinin fjallar um, það er missi íslensks ríkisborgararéttar og endurveitingu hans.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að í upptalningu greina í 3. mgr. 10. gr. falli niður vísun til 4. mgr. 9. gr. a þar sem lagt er til að 9. gr. a falli niður.

Um 7. gr.

11. gr. laganna hefur verið óbreytt frá því að þau tóku gildi 1. janúar 1953. Efni greinarinnar er í eðli sínu bráðabirgðaákvæði og miðast fyrst og fremst við lagaskil. Því er lagt til að efni greinarinnar verði fellt niður en í stað þess komi í 11. gr. ákvæði sem nú er að finna í 11. gr. laga nr. 62 12. júní 1998 um breytingu á lögum þessum og varðar þá sem fæddir eru eftir 1. júlí 1964 en fyrir gildistöku breytingalaganna nr. 49/1982. Í þeirri 11. gr. er kveðið á um heimild barns sem fætt er á þeim tíma og á íslenska móður til að fá íslenskan ríkisborgararétt með yfirlýsingu.

Greinin er endurskrifuð með tilliti til þess að ekki á lengur við að móðir gefi yfirlýsingu varðandi barnið þar sem allir þeir sem ákvæðið getur tekið til hafa nú náð 18 ára aldri.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið fjallar um heimild þess sem misst hefur íslensks ríkisfangs skv. 7. gr. laganna til að endurheimta það. Rétt þykir að veita þennan möguleika þeim sem hafa tekið upp erlendan ríkisborgararétt ýmissa ástæðna vegna. Þennan möguleika hafa þó aðeins þeir sem fengið hafa ríkisborgararétt í ríki sem heimilar tvöfaldan ríkisborgararétt. Þannig gætu Íslendingar sem tekið hafa sænskan ríkisborgararétt notfært sér heimildina til að endurheimta íslenskan ríkisborgararétt þar sem sænsk lög heimila nú tvöfaldan ríkisborgararétt. Hins vegar gætu Íslendingar sem tekið hafa danskan ríkisborgararétt ekki notfært sér heimildina þar sem Danir viðurkenna ekki tvöfaldan ríkisborgararétt fyrir þá sem veittur er danskur ríkisborgararéttur. Miðað við ákvæði þessa frumvarps mun Íslendingur sem vill öðlast danskt ríkisfang þurfa að fá lausn frá íslensku ríkisfangi. Sá sem óskar eftir að nýta heimild þessa þarf að leggja fram ýmis gögn með tilkynningu sinni, svo sem fæðingarvottorð, staðfestingu um fyrri íslenskan ríkisborgararétt og einnig upplýsingar um hvort ríki það sem hann nú er ríkisborgari í heimilar tvöfalt ríkisfang, þar sem ætla má að hann kynni að missa sitt erlenda ríkisfang við að fá íslenskt að nýju.

Lagt er til að heimildin til endurheimtu ríkisfangsins verði tímabundin og lagt til að heimildin gildi í þrjú ár miðað við að lögin taki gildi 1. júlí 2003.

Fylgiskjal I.

Tvöfaldur ríkisborgararéttur.
Afstaða einstakra ríkja.

Við undirbúning frumvarps að nýjum ríkisborgararéttarlögum í Svíþjóð fór fram könnun á afstöðu nokkurra ríkja til tvöfalds ríkisborgararéttar. Hér á eftir eru teknar saman niðurstöður þeirrar athugunar svo og upplýsingar úr European Bulletin on Nationality.

A. Norðurlönd.

Danmörk.

Árið 1898 gengu í gildi í Danmörku lög um ríkisborgararétt. Eru það fyrstu lögin þar í landi sem byggjast á þeim meginsjónarmiðum um ríkisborgararétt sem enn eru ríkjandi. Með þeim voru settar m.a. reglur um missi dansks ríkisborgararéttar við töku annars. Var það í fyrsta sinn sem slíkt ákvæði var lögtekið þar. Ný ríkisborgararéttarlög tóku síðan gildi 1925.

Norðurlöndin endurskoðuðu reglur um ríkisborgararétt á árunum 1946–1949. Urðu þau sammála um fyrirmynd að lögum og voru síðan sett lög í öllum ríkjunum samkvæmt þeirri fyrirmynd á árunum kringum 1950. Íslensku lögin frá 1952 eru samin eftir dönsku lögunum frá 1950. Samkvæmt dönsku og íslensku lögunum veitir þjóðþingið útlendingum ríkisborgararétt og er það samkvæmt sérstöku stjórnarskrárákvæði. Því er ekki ákvæði í lögunum um skilyrði fyrir veitingu réttarins þar sem þjóðþingið verður ekki bundið með lagaákvæði. Samkvæmt reglum danska þingsins er sett það skilyrði við veitingu ríkisborgararéttar að sá sem ríkisborgararéttinn fær afsali fyrri ríkisborgararétti sínum. Hér á landi var það til 1998 einungis Alþingi sem veitti ríkisborgararétt og það var ekki sett sem skilyrði fyrir veitingunni að fyrri ríkisborgararétti væri afsalað.

Hins vegar er ákvæði í 7. gr. íslensku og dönsku laganna sem segir að sá missi íslensks/dansks ríkisfangs sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki.

Það er því meginregla í Danmörku að sá sem fær danskt ríkisfang með lögum frá þjóðþinginu skuli missa sitt fyrra ríkisfang. Frá þessu eru þó ýmsar undanþágur í framkvæmd sökum þess að ekki er unnt að segja sig frá ríkisfangi í ýmsum ríkjum. Dönsk lagaframkvæmd miðar þannig að því að koma í veg fyrir tvöfalt ríkisfang.

Noregur.

Sömu meginreglur gilda í Noregi og í Danmörku varðandi tvöfalt ríkisfang. Þar er það hins vegar framkvæmdarvaldið sem veitir ríkisborgararétt skv. 6. gr. norsku laganna um ríkisborgararétt og þar er krafa um að afla þurfi lausnar frá fyrri ríkisborgararétti áður en norskur tekur gildi.

Nú er unnið að endurskoðun ríkisborgararéttarlaganna í Noregi og er þar m.a. sérstaklega til skoðunar hvort tvöfaldur ríkisborgararéttur verði almennt heimilaður. Ekki er að vænta ákvörðunar um það fyrr en í fyrsta lagi árið 2003.

Finnland.

Sama meginregla gildir í Finnlandi varðandi tvöfaldan ríkisborgararétt og í Danmörku og Noregi, tvöfaldan ríkisborgararétt ber að forðast.

Nú er unnið að samningu nýrra laga í Finnlandi um ríkisborgararétt og í vinnuumboði þeirra sem eru undirbúa lögin er tekið fram að miða skuli við að tvöfaldur ríkisborgararéttur verði heimill.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð tóku gildi hinn 1. júlí 2001 ný lög um ríkisborgararétt. Þau víkja í ýmsum atriðum frá þeirri fyrirmynd sem gerð var 1950 en byggjast þó að flestu leyti á sömu meginreglum og lög annarra Norðurlanda að því þó undanskildu að afnumin voru ákvæðin um missi sænsks ríkisborgararéttar við töku erlends og sömuleiðis var fellt niður skilyrðið um afsal fyrri ríkisborgararéttar við veitingu sænsks ríkisfangs. Svíþjóð er þannig fyrst Norðurlanda til að heimila tvöfaldan ríkisborgararétt sem almenna reglu.

B. Önnur Evrópuríki.

Austurríki.

Leyfir ekki tvöfalt ríkisfang við töku erlends ríkisfangs.

Belgía.

Belgískur borgari glatar belgísku ríkisfangi sínu við að öðlast erlent ríkisfang. Þar er einungis tvöfaldur ríkisborgararéttur viðurkenndur fyrir einstaklinga sem eiga foreldra sem hafa hvort sinn ríkisborgararéttinn.

Bretland.

Stóra-Bretland heimilar borgurum sínum að halda bresku ríkisfangi eftir að þeir hafa öðlast erlent og ekki er heldur gerð krafa um afsal erlends ríkisfangs við veitingu bresks.

Búlgaría.

Búlgari þarf að fá lausn frá sínu ríkisfangi til að geta fengið annað.

Frakkland.

Frakkland viðurkennir regluna um margfaldan ríkisborgararétt.

Grikkland.

Leyfir tvöfalt ríkisfang.

Holland.

Þar mun hafa verið heimilað tvöfalt ríkisfang með nýlegri lagabreytingu.

Írland.

Írar leyfa þeim sem eru af írskum uppruna að halda írskum borgararétti jafnvel þó þeir hafi ekki búið í Írlandi í nokkrar kynslóðir.

Ítalía.

Ný lög um ríkisborgararétt tóku gildi á Ítalíu árið 1992. Með þeim var gerð sú meginbreyting að ítalskir ríkisborgarar missa ekki ítalskt ríkisfang við að öðlast erlent eins og var samkvæmt fyrri lögum. Ekki er heldur gerð krafa um lausn frá fyrra ríkisfangi við veitingu ítalsks ríkisfangs.

Króatía.

Ekki er krafist lausnar frá króatísku ríkisfangi við töku erlends.

Kýpur.
Leyfir tvöfalt ríkisfang.

Lúxemborg.
Ríkisborgari þar missir ríkisfangið ef hann tekur erlent eftir 18 ára aldur. Afsala þarf fyrra ríkisfangi við töku ríkisfangs þar.

Malta.
Tvöfalt ríkisfang leyft.

Pólland.
Í Póllandi er ekki ákvæði um missi pólsks ríkisfangs við töku erlends ríkisborgararéttar en pólskur borgari getur þó fengið lausn frá pólsku ríkisfangi samkvæmt umsókn.

Portúgal.
Þar mun tvöfalt ríkisfang almennt leyft.

Slóvakía.
Heimilt að halda fyrra ríkisfangi við töku slóvakísks ríkisfangs ef ekki er hægt að fá lausn frá því. Tvöfalt ríkisfang virðist ekki vera bannað í lögunum.

Spánn.
Á Spáni er tvöfalt ríkisfang heimilt samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið við mörg ríki, einkum ríki Mið- og Suður-Ameríku en einnig Portúgal og Andorra í Evrópu. En að öðru leyti virðist tvöfaldur ríkisborgararéttur ekki vera leyfður. Spánskt ríkisfang þess sem fengið hefur erlent ríkisfang fellur niður eftir þriggja ára búsetu erlendis.

Sviss.
Gerð var breyting á svissnesku ríkisborgararéttarlögunum árið 1992 og frá þeim tíma er þar viðurkennt að fullu tvöfalt ríkisfang.

Tékkland.
Meginregla tékkneskra laga er að tékkneskir borgarar hafi ekki annan ríkisborgararétt. Frá því eru þó ýmis frávik, svo sem þegar annað foreldri er erlent. Barn tékknesks foreldris fær þó alltaf tékkneskt ríkisfang.

Tyrkland.
Tvöfalt ríkisfang almennt leyft.

Ungverjaland.
Ungverskur ríkisborgari missir ekki ríkisfangið við töku erlends en getur fengið lausn frá því með skilyrðum eftir að hafa fengið annað.

Þýskaland.
Í Þýskalandi gildir sú meginregla að forðast beri tvöfaldan ríkisborgararétt og sá sem vill öðlast þýskan ríkisborgararétt þarf að fá lausn frá fyrri ríkisborgararétti. Frá þessu eru þó

ýmsar undantekningar. Þjóðverji sem tekur erlendan ríkisborgararétt getur eftir síðustu lagabreytingu haldið þýskum í ýmsum tilvikum, einkum ef hann heldur tengslum við landið.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952 (tvöfaldur ríkisborgararéttur).

Með frumvarpi þessu er lagt til að íslenskum ríkisborgurum verði heimilt að halda íslensku ríkisfangi þótt þeir öðlist ríkisborgararétt í öðru ríki. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

247. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um aðild að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi sem gerður var í Ríó de Janeiró 14. maí 1966.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi sem gerður var í Ríó de Janeiró 14. maí 1966, hér eftir nefndur Atlantshafstúnfiskveiðisamningurinn. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Atlantshafstúnfiskveiðisamningurinn tekur til verndunar um 30 tegunda túnfisks og annarra áþekkra fisktegunda í Atlantshafi og aðliggjandi innhöfum með sjálfbæra hámarksnýtingu stofna þessara tegunda að markmiði. Í því skyni var með samningnum stofnað sérstakt ráð, Alþjóðaráð um verndun túnfiska í Atlantshafi, sem oftast er nefnt Atlantshafstúnfiskveiðiráðið. Heiti ráðsins á ensku er „International Commission for the Conservation of Atlantic Tunas“ og er það skammstafað ICCAT. Ráðinu er ætlað að vinna að markmiðum samningsins. Aðilar að samningnum eru alls 32, en þar á meðal er Evrópusambandið fyrir hönd sinna aðildarríkja. Skrifstofa ráðsins er í Madríd.

Frá árinu 1995 hefur Ísland haft áheyrnaraðild að Atlantshafstúnfiskveiðiráðinu. Áheyrnaraðild fylgir málfrelsi, sem þó er háð mati fundarstjóra, á fundum ráðsins og við vinnu nefnda sem settar eru á laggirnar á þess vegum. Á vettvangi ráðsins hefur Ísland ítrekað lýst óánægju með núverandi skiptingu veiðiheimilda, sem eingöngu byggist á veiðireynslu og gefur Íslandi þannig engan veiðirétt, og lagt áherslu á að tekið verði tillit til réttar strandríkja við úthlutun aflaheimilda. Þetta sjónarmið Íslendinga nýtur nú vaxandi hljóm-

grunns innan ráðsins og nýverið komst vinnuhópur ráðsins um endurskoðun reglna um úthlutun veiðiheimilda að niðurstöðu þar sem segir m.a. að tillit skuli tekið til réttinda og hagsmuna strandríkja við úthlutun veiðiheimilda.

Nú þegar þessi vinnuhópur hefur lokið verki sínu er ljóst að innan Atlantshafstúnfiskveiðiráðsins mun eiga sér stað endurúthlutun aflaheimilda. Ætli Íslendingar að stunda túnfiskveiðar í framtíðinni er mikilvægt að Ísland sé fullgildur aðili að ráðinu þegar viðræður um endurúthlutun eiga sér stað. Þær viðræður munu hefjast formlega á ársfundi ráðsins 28. október – 4. nóvember 2002.

Túnfiskveiðar í Atlantshafi.

Í Atlantshafi eru stundaðar veiðar á um 30 tegundum túnfiska og áþekkra tegunda. Útbreiðsla flestra þeirra er bundin við hitabeltis- og heittempruð hafsvæði og eingöngu ein túnfisktegund, bláuggatúnfiskur, gengur inn á íslensk hafsvæði. Hann er mikill sundfiskur og í göngum milli hrygninga- og fæðuslóða getur sundhraðinn náð allt að 90 km á klst. Bláuggatúnfiskur er einn af helstu svokölluðum víðförulum fiskstofnum og ganga sömu fiskar til að mynda inn í lögsögu Íslands og Tyrklands. Heildarútbreiðslusvæði bláuggatúnfisks í Norður-Atlantshafi er talið ná frá Grænhöfðaeyjum til Noregs í austri og frá ströndum Brasilíu til Nýfundnalands vestan megin Atlantshafs. Talið er að um tvo stofna sé að ræða og liggur skipting þeirra um 45. lengdargráðu vestlægrar lengdar. Það svæði sem Atlantshafstúnfiskveiðiráðið stjórnar veiðum á er þó enn víðáttumeira því hinar ýmsu tegundir túnfiska veiðast ekki aðeins um allt Atlantshaf heldur einnig í aðliggjandi innhöfum eins og Miðjarðarhafi og Mexíkóflóa. Stjórnunarsvæði ráðsins er því mun stærra en svæði fiskveiðistjórnarstofnana á borð við Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunina (NAFO).

Túnfiskur hefur ekki verið veiddur að ráði innan íslensku efnahagslögsögunnar og er reynsla Íslendinga af túnfiskveiðum því mjög takmörkuð. Túnfiskur er hins vegar með dýrari fiskafurðum og vaxtarmöguleikar íslenskrar túnfiskútgerðar því talsverðir. Um tuttugu þjóðir stunda veiðar á túnfiski í Norður-Atlantshafi og eru afkastamestir Evrópusambandið (Frakkar, Ítalir og Spánverjar), Tyrkir og Japanir, en langstærstur hluti aflans fer á markaði í Japan.

Hafrannsóknastofnunin hefur á hverju hausti frá 1996 stundað tilraunaveiðar á túnfiski innan íslensku efnahagslögsögunnar í samvinnu við japanskar túnfiskútgerðir. Tvö til fimm japönsk túnfiskveiðiskip hafa tekið þátt í veiðunum og veitt hluta af úthlutuðum ICCAT-kvóta sínum innan íslensku lögsögunnar. Starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar hefur verið um borð í hverju skipi og skráð upplýsingar um veiðarfæri og afla, auk þess að safna sýnum úr fiskunum til rannsókna í landi. Markmið veiðanna er í fyrsta lagi að fylgjast með göngum túnfisks um íslensk hafsvæði og kanna veiðanleika hans þar og í öðru lagi að afla upplýsinga um vist- og líffræði túnfisksins sem varpað gætu ljósi á göngur hans norður á bóginn. Með veiðunum hefur verið sýnt fram á að stór túnfiskur gengur inn í íslensku lögsöguna á haustin, þótt ekki sé hægt að fullyrða hvort um stöðugt fyrirbæri sé að ræða. Samhliða veiðum japönsku skipanna hefur eitt íslenskt skip stundað veiðar á túnfiski, en fleiri skip sem hafa búnað til veiðanna eru að bætast í flotann og vonir standa til þess að íslensk skip muni stunda túnfiskveiðar að staðaldri í framtíðinni.

Meginatriði Atlantshafstúnfiskveiðisamningsins.

Markmið og gildissvið. Samkvæmt samningnum er markmið hans að samningsaðilar vinni sameiginlega að því að halda stofnum túnfisks og áþekkra fisktegunda í Atlantshafi í ástandi sem getur gefið af sér hámarkslangtímaafla til manneldis og annarra nota. Með hliðsjón af

þessum sameiginlegu hagsmunum hafa samningsaðilar komið sér saman um verndun þessara auðlinda. Samningurinn tekur til svæðis sem nær yfir allt Atlantshaf og aðliggjandi innhöf.

Atlantshafstúnfiskveiðiráðið. Í 3. gr. samningsins eru ákvæði um Atlantshafstúnfiskveiðiráðið sem starfrækt er á vegum samningsaðila til að vinna að þeim markmiðum sem að er stefnt með samningnum. Í 4. gr. er fjallað um verkefni ráðsins sem felast m.a. í athugunum á stofnum túnfisks og áþekkra fisktegunda. Slíkar athuganir fela í sér rannsóknir á stofnstærð fisktegundanna og vistfræði þeirra, svo og haffræðilegar rannsóknir á umhverfi þeirra, auk rannsókna á þeim þáttum í náttúrunni og af mannavöldum sem áhrif hafa á stærð stofnanna. Til að rækja þetta hlutverk skal ráðið, eftir því sem unnt er, nýta sér tæknilega og vísindalega þjónustu opinberra stofnana á vegum samningsaðila og upplýsingar frá þeim, en að auki getur ráðið látið gera sjálfstæðar rannsóknir. Ráðið skal þannig safna og greina talnagögn um stöðu og framvindu túnfiskveiða á samningssvæðinu, athuga og greina upplýsingar um ráðstafanir og aðgerðir sem ætlað er að ná fram markmiðum samningsins, gera tillögur til samningsaðila um athuganir og rannsóknir og gefa út skýrslur um niðurstöður sínar.

Framkvæmdastjórn, nefndir og framkvæmdastjóri. Innan Atlantshafstúnfiskveiðiráðsins starfar sérstök framkvæmdastjórn sem annast þau verkefni sem henni eru fengin með samningnum eða falin af ráðinu. Í henni sitja formaður ráðsins og varaformenn. Ráðið getur auk þess skipað sérstakar nefndir til að ná fram markmiðum samningsins. Starfandi eru fjölmargar slíkar nefndir og gegna sumar þeirra veigamiklu hlutverki í starfi ráðsins. Mikilvægastar eru stjórnunarnefndirnar sem kveðið er á um í 6. gr. samningsins. Þær eru fjórar talsins og tekur verkaskipting þeirra mið af fisktegundum, tegundaflokkum og hafsvæðum. Hverri stjórnunarnefnd er skylt að hafa eftirlit með þeirri fisktegund, tegundaflokki eða hafsvæði sem umboð hennar nær til og safna vísindalegum og öðrum gögnum þar um. Mikilvægi stjórnunarnefndanna kemur einkum fram í því að þeim er heimilt að leggja fyrir ráðið tillögur, á grundvelli vísindalegra rannsókna, um sameiginlegar aðgerðir af hálfu allra samningsaðila, þ.e. hvernig veiðum skuli háttað. Öllum aðildarríkjum er frjálst að taka þátt í starfi þeirra stjórnunarnefnda sem þau óska.

Auk stjórnunarnefndanna eru starfandi nokkrar fastanefndir: fjármála- og umsýslunefnd (Standing Committee on Finance and Administration, STACFAD) sem er ráðgefandi um stjórnunarhætti, fjármál, fundahöld og útgáfu á vegum ráðsins; verndunarnefnd (Permanent Working Group on ICCAT Statistics and Conservation Measures, PWG) sem hefur eftirlit með veiðum ríkja sem eru ekki aðilar að samningnum; eftirlitsnefnd (Compliance Committee) sem fylgist með því hvernig samningsaðilar framfylgja skuldbindingum sínum og loks vísindanefnd (Standing Committee on Research and Statistics, SCRS) sem hefur á sinni könnu yfirstjórn allra rannsókna og stofnstærðarathugana. Að auki eru starfandi fjölmargar undirnefndir fastanefndanna og sérstakir vinnuhópar.

Ráðið tilnefnir jafnframt framkvæmdastjóra sem starfar samkvæmt ákvörðunum þess. Honum er m.a. ætlað að samræma rannsóknaráætlanir samningsaðila, efna til samvinnu við aðrar alþjóðlegar fiskveiðistjórnarstofnanir og vísindastofnanir og undirbúa gagnasöfnun og -vinnslu sem er nauðsynleg til að ná markmiðum samningsins.

Fiskveiðistjórn ráðsins. Í 8. gr. samningsins er að finna helsta stjórnunartæki samningsins, en það er heimild fyrir ráðið til að gera samþykktir er gilda skulu sem reglur um nýtingu þeirra túnfiskstofna sem samningurinn tekur til. Samþykktir ráðsins um þetta efni eru bindandi fyrir alla samningsaðila. Einstök ríki geta þó mótmælt samþykktum ráðsins og eru þau þá undanþegin þeim. Ráðið fer því ekki með yfirþjóðlegt vald og fullveldisréttindi samningsaðila eru óskert. Komi meiri hluti samningsaðila á framfæri mótmælum við einhverri samþykkt ráðsins í þessum efnum tekur hún ekki gildi. Samþykktir ráðsins eru jafnan gerðar að

fengnum tillögum stjórnunarnefnda ráðsins. Í 9. gr. er fjallað um þá skuldbindingu samningsaðila að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samningnum verði framfylgt. Þar er enn fremur kveðið á um samvinnu milli ráðsins og samningsaðila um gagnaöflun vegna rannsókna á túnfiskstofnunum.

Í samningnum eru ákvæði um þátttöku samningsaðila í kostnaði við rekstur Atlantshafstúnfiskveiðiráðsins. Hver samningsaðili greiðir hóflega upphæð árlega fyrir aðild sína að ráðinu og sömu upphæð fyrir aðild að hverri stjórnunarnefnd ráðsins sem viðkomandi samningsaðili á sæti í. Í samningnum er einnig kveðið á um samstarf við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), en framkvæmdastjóri hennar er vörsluaðili samningsins. Einnig er gert ráð fyrir að Atlantshafstúnfiskveiðiráðið eigi samstarf við aðrar alþjóðlegar fiskveiðistjórnarstofnanir og vísindastofnanir og því er að sama skapi heimilt að bjóða alþjóðasamtökum og hvaða aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sem er að senda áheyrnarfulltrúa á fundi ráðsins og nefnda þess.

Ákvarðanataka. Hver samningsaðili fer með eitt atkvæði á fundum ráðsins og eru ákvarðanir teknar með einföldum meiri hluta, nema í sérstökum undantekningartilvikum, en þá eru þær teknar með ⅔ hlutum atkvæða. Fundur þar sem ⅔ hlutar samningsaðila eiga fulltrúa telst ályktunarhæfur. Samþykki ¾ hluta samningsaðila þarf til að gera breytingar á samningnum.

Úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna.

Svonefndur úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna, sem gerður var í New York 4. ágúst 1995, hefur verulega þýðingu í sambandi við aðild Íslands að Atlantshafstúnfiskveiðisamningnum. Fullt heiti fyrrnefnda samningsins er „samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim“, en túnfiskstofnar teljast til víðförulla fiskstofna. Úthafsveiðisamningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 14. febrúar 1997, en Alþingi hafði heimilað fullgildingu samningsins með ályktun 19. desember 1996, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1997. Samningurinn öðlaðist gildi 11. desember 2001, þrjátíu dögum eftir að þrítugasta ríkið afhenti fullgildingarskjal sitt.

Einn meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru reglur III. hluta hans um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana að verndun og nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Ef fyrir hendi er svæðisbundin stofnun, sem er bær til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna tiltekinna stofna, skulu ríki sem veiða úr stofnunum á úthafinu og viðkomandi strandríki uppfylla samstarfsskyldu sína með því að gerast aðilar að stofnuninni, ef þau eru það ekki fyrir. Ríki sem hvorki eru aðilar að viðkomandi stofnun né fallast á að hlíta verndunar- og stjórnunarráðstöfunum er hún hefur ákveðið fá samkvæmt úthafsveiðisamningnum ekki aðgang að þeim auðlindum sem þessar ráðstafanir ná til.

Ísland er að þjóðarétti bundið af ákvæðum úthafsveiðisamningsins og ákvæði hans vega því þungt þegar kemur að ákvörðun um aðild Íslands að Alþjóðatúnfiskveiðiráðinu. Ráðið er svæðisbundin stofnun sem er bær til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna túnfiskstofna í Atlantshafi. Aðild að ráðinu er því nauðsynlegt þjóðréttarlegt skilyrði fyrir því að íslensk fiskiskip geti í framtíðinni stundað veiðar úr stofnum sem ráðið stjórnar veiðum úr.

Íslendingar hafa um áratugaskeið verið í fararbroddi þjóða á sviði hafréttar og ötulir talsmenn sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins. Forsenda slíkrar nýtingar á fiskstofnum sem veiðast á úthafinu er að veiðum sé stjórnað af þar til bærum svæðisbundnum stofnunum sem móta sameiginlega veiðistjórnun á vísindalegum grundvelli. Ísland er nú þegar aðili að

slíkum svæðisbundnum stofnunum og má þar nefna Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunina (NAFO). Eins og að framan greinir telst Atlantshafstúnfiskveiðiráðið vera bær fiskveiðistjórnarstofnun í skilningi III. kafla úthafsveiðisamningsins. Það er því rökrétt skref fyrir Ísland að gerast aðili að Atlantshafstúnfiskveiðisamningnum og í raun forsenda þess að íslensk fiskiskip geti stundað túnfiskveiðar í framtíðinni.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest að aðild að Atlantshafstúnfiskveiðisamningnum kalli ekki á lagabreytingar hér á landi.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM VERNDUN TÚNFISKA Í ATLANTSHAFI

Inngangsorð.

Ríkisstjórnirnar, en fulltrúar þeirra með fullt umboð hafa undirritað samning þennan, sem hafa hliðsjón af sameiginlegum hagsmunum sínum af túnfiskstofnum og stofnum áþekkra fisktegunda í Atlantshafi og vilja vinna sameiginlega að því að viðhalda ástandi þessara fiskstofna þannig að unnt sé að stunda sjálfbærar hámarksveiðar til fæðuöflunar og annarra nota, ásetja sér að gera samning um verndun túnfisks og áþekkra fisktegunda í Atlantshafi og eru í því skyni ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

Svæðið, sem samningur þessi tekur til, hér á eftir nefnt „samningssvæðið", skal ná yfir allt Atlantshaf, þar með talin aðliggjandi innhöf.

II. gr.

Ekkert í samningi þessum skal túlka með þeim hætti að hafi áhrif á réttindi, kröfur eða sjónarmið hvaða samningsaðila sem er með tilliti til landhelgismarka eða víðfeðmi fiskveiðilögsögu samkvæmt þjóðarétti.

III. gr.

1. Samningsaðilar samþykkja hér með að koma á fót og starfrækja ráð undir heitinu Alþjóðaráð um verndun túnfiska í Atlantshafi, hér á eftir nefnt „ráðið", sem skal vinna að markmiðum þeim sem sett eru fram í samningi þessum.

2. Hver samningsaðili skal eiga allt að þrjá fulltrúa í ráðinu. Fulltrúar þessir mega njóta aðstoðar sérfræðinga og ráðgjafa.

INTERNATIONAL CONVENTION FOR THE CONSERVATION OF ATLANTIC TUNAS

Preamble

The Governments whose duly authorized representatives have subscribed hereto, considering their mutual interest in the populations of tuna and tuna-like fishes found in the Atlantic Ocean, and desiring to co-operate in maintaining the populations of these fishes at levels which will permit the maximum sustainable catch for food and other purposes, resolve to conclude a Convention for the conservation of the resources of tuna and tuna-like fishes of the Atlantic Ocean, and to that end agree as follows:

Article I

The area to which this Convention shall apply, hereinafter referred to as the "Convention area", shall be all waters of the Atlantic Ocean, including the adjacent Seas.

Article II

Nothing in this Convention shall be considered as affecting the rights, claims or views of any Contracting Party in regard to the limits of territorial waters or the extent of jurisdiction over fisheries under international law.

Article III

1. The Contracting Parties hereby agree to establish and maintain a Commission to be known as the International Commission for the Conservation of Atlantic Tunas, hereinafter referred to as "the Commission", which shall carry out the objectives set forth in this Convention.
2. Each of the Contracting Parties shall be represented on the Commission by not more than three Delegates. Such Delegates may be assisted by experts and advisors.

3. Ákvarðanir í ráðinu skal taka með atkvæðum meiri hluta samningsaðila þar sem hver samningsaðili hefur eitt atkvæði nema kveðið sé á um annað í samningi þessum. Tveir þriðju hlutar samningsaðila telst ályktunarbær meiri hluti.
4. Halda ber reglulegan fund í ráðinu einu sinni á tveggja ára fresti. Heimilt er að boða til aukafundar hvenær sem er að ósk meiri hluta samningsaðila eða með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar eins og heimilað er í V. gr.
5. Á fyrsta fundi sínum, og síðan á hverjum reglulegum fundi, kýs ráðið sér formann, fyrsta varaformann og annan varaformann úr röðum samningsaðila og er heimilt að endurkjósa þá einu sinni.

6. Fundi ráðsins og undirstofnana þess skal halda fyrir opnum tjöldum nema ráðið ákveði annað.

7. Opinber tungumál ráðsins eru enska, franska og spænska.
8. Ráðinu skal heimilt að setja sér nauðsynlegar starfsreglur og fjárhagsreglugerðir til þess að gegna hlutverki sínu.
9. Ráðið skilar skýrslu til samningsaðila um starfsemi sína og niðurstöður á tveggja ára fresti og veitir enn fremur öllum samningsaðilum upplýsingar um hvert það málefni sem tengist markmiðum samningsins þegar þess er óskað.

IV. gr.

1. Ráðið skal, í því skyni að ná markmiðum samnings þessa, annast athuganir á túnfiskstofnum og stofnum áþekkra fisktegunda (*Scombriformes* að undanskildum ættunum *Trichiuridae* og *Gempylidae* og ættkvíslinni *Scomber*) og öðrum fisktegundum sem eru nýttar samhliða túnfiskveiðum á samningssvæðinu og aðrar alþjóðlegar fiskveiðistjórnarstofnanir stunda ekki rannsóknir á. Í slíkum athugunum skulu felast rannsóknir á stofnstærð, líffræðilegri tölvísi og vistfræði fiskanna, haffræðilegar rannsóknir á umhverfi þeirra og rannsóknir á áhrifum þátta í náttúrunni og þátta, sem má rekja til mannlegra athafna, á stofnstærð þeirra. Ráðið skal, í því skyni að sinna þessum skyldum sínum og eins og frekast er unnt, nýta sér tæknilega og vísindalega þjónustu opinberra stofnana samningsaðilanna og stjórnardeilda þeirra og upplýsingar frá þeim og því er heimilt, eftir því sem æskilegt er, að nýta sér fáanlega þjónustu og upplýsingar frá opinberum eða einkareknum stofnunum, samtökum eða einstaklingum og enn fremur, innan marka fjárhagsáætlunar sinnar, að ráðast í sjálfstæðar rannsóknir til viðbótar þeim rannsóknum sem ríkisstjórnir, innlendar stofnanir eða aðrar alþjóðastofnanir stunda.

3. Except as may otherwise be provided in this Convention, decisions of the Commission shall be taken by a majority of the Contracting Parties, each Contracting Party having one vote. Two-thirds of the Contracting Parties shall constitute a quorum.
4. The Commission shall hold a regular meeting once every two years. A special meeting may be called at any time at the request of a majority of the Contracting Parties or by decision of the Council as constituted in Article V.
5. At its first meeting, and thereafter at each regular meeting, the Commission shall elect from among its Members a Chairman, a first Vice-Chairman and a second Vice-Chairman who shall not be reelected for more than one term.
6. The meetings of the Commission and its subsidiary bodies shall be public unless the Commission otherwise decides.
7. The official languages of the Commission shall be English, French and Spanish.
8. The Commission shall have authority to adopt such rules of procedure and financial regulations as are necessary to carry out its functions.
9. The Commission shall submit a report to the Contracting Parties every two years on its work and findings and shall also inform any Contracting Party, whenever requested, on any matter relating to the objectives of the Convention.

Article IV

1. In order to carry out the objectives of this Convention the Commission shall be responsible for the study of the populations of tuna and tuna-like fishes (the Scombriformes with the exception of the families Trichiuridae and Gempylidae and the genus Scomber) and such other species of fishes exploited in tuna fishing in the Convention area as are not under investigation by another international fishery organization. Such study shall include research on the abundance, biometry and ecology of the fishes; the oceanography of their environment; and the effects of natural and human factors upon their abundance. The Commission, in carrying out these responsibilities shall, insofar as feasible, utilise the technical and scientific services of, and information from, official agencies of the Contracting Parties and their political sub-divisions and may, when desirable, utilise the available services and information of any public or private institution, organization or individual, and may undertake within the limits of its budget independent research to supplement the research work being done by governments, national institutions or other international organizations.

2. Í því að beita ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar felst meðal annars:

a) að safna og greina talnagögn um núverandi skilyrði og þróun þeirra auðlinda á samningssvæðinu sem túnfiskveiðar eru byggðar á;

b) að kanna og leggja mat á upplýsingar um ráðstafanir og aðferðir til að tryggja að túnfiskstofnum og stofnum áþekkra fisktegunda á samningssvæðinu sé haldið við í þeim mæli sem gerir sjálfbærar hámarksveiðar mögulegar og tryggir skilvirka nýtingu þessara fisktegunda á þann hátt sem samræmist slíkum veiðum;

c) að leggja tillögur fyrir samningsaðila um athuganir og rannsóknir;

d) að gefa út og dreifa með öðrum hætti skýrslum um niðurstöður ráðsins og talnagögnum, ásamt líffræðilegum upplýsingum og öðrum vísindalegum upplýsingum er lúta að túnfiskveiðum á samningssvæðinu.

V. gr.

1. Innan ráðsins skal mynda framkvæmdastjórn sem í eiga sæti formaður og varaformenn ráðsins, ásamt fulltrúum frá að minnsta kosti fjórum og allt að átta samningsaðilum. Kjósa skal um það, á hverjum reglulegum fundi ráðsins, hvaða samningsaðilar skuli eiga fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Fari fjöldi samningsaðila yfir fjörutíu er ráðinu þó heimilt að kjósa tvo samningsaðila til viðbótar sem skulu eiga fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Fulltrúa þeirra samningsaðila, sem formaðurinn og varaformennirnir koma frá, skal ekki kjósa í framkvæmdastjórnina. Þegar kosið er til framkvæmdastjórnar skal ráðið taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna einstakra samningsaðila að því er varðar landfræðilega legu þeirra og túnfiskveiðar og -vinnslu og til jafns réttar samningsaðila til setu í framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal vinna þau verk sem henni eru falin með samningi þessum eða ráðið tilnefnir hana til að vinna og skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á tímabilinu milli reglulegra funda ráðsins. Framkvæmdastjórnin skal, milli funda ráðsins, taka nauðsynlegar ákvarðanir um skyldustörf starfsmanna og gefa framkvæmdastjóranum nauðsynleg fyrirmæli. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við reglur sem ráðið setur.

VI. gr.

Ráðinu er heimilt, í því skyni að ná markmiðum samnings þessa, að skipa nefndir sem hafa fisk-

2. The carrying out of the provisions in paragraph 1 of this Article shall include:

(a) collecting and analysing statistical information relating to the current conditions and trends of the tuna fishery resources of the Convention area;

(b) studying and appraising information concerning measures and methods to ensure maintenance of the populations of tuna and tuna-like fishes in the Convention area at levels which will permit the maximum sustainable catch and which will ensure the effective exploitation of these fishes in a manner consistent with this catch;

(c) recommending studies and investigations to the Contracting Parties;

(d) publishing and otherwise disseminating reports of its findings and statistical, biological and other scientific information relative to the tuna fisheries of the Convention area.

Article V

1. There is established within the Commission a Council which shall consist of the Chairman and the Vice-Chairmen of the Commission together with the representatives of not less than four and not more than eight Contracting Parties. The Contracting Parties represented on the Council shall be elected at each regular meeting of the Commission. However, if at any time the number of the Contracting Parties exceeds forty, the Commission may elect an additional two Contracting Parties to be represented on the Council. The Contracting Parties of which the Chairman and Vice-Chairmen are nationals shall not be elected to the Council. In elections to the Council the Commission shall give due consideration to the geographic, tuna fishing and tuna processing interests of the Contracting Parties, as well as to the equal right of the Contracting Parties to be represented on the Council.

2. The Council shall perform such functions as are assigned to it by this Convention or are designated by the Commission, and shall meet at least once in the interim between regular meetings of the Commission. Between meetings of the Commission the Council shall make necessary decisions on the duties to be carried out by the staff and shall issue necessary instructions to the Executive Secretary. Decisions of the Council shall be made in accordance with rules to be established by the Commission.

Article VI

To carry out the objectives of this Convention the Commission may establish Panels on the basis of

tegundir, tegundaflokka eða hafsvæði að viðfangsefni. Hver slík nefnd

a) skal annast eftirlit með þeirri fisktegund, þeim tegundaflokki eða því hafsvæði sem er á hennar sviði og söfnun vísindalegra og annarra upplýsinga þar um;
b) hefur heimild til að beina til ráðsins tilmælum sem eru byggð á vísindarannsóknum og fjalla um sameiginlegar aðgerðir samningsaðilanna;
c) getur mælt með því við ráðið að fram fari nauðsynlegar athuganir og rannsóknir til að afla upplýsinga um þá fisktegund, þann tegundaflokk eða það hafsvæði sem er á verksviði hennar og að rannsóknaráætlanir samningsaðila séu samræmdar.

VII. gr.

Ráðið skal tilnefna framkvæmdastjóra sem skal starfa samkvæmt ákvörðunum ráðsins. Framkvæmdastjórinn hefur umboð til þess að ráða og stýra starfsliði ráðsins samkvæmt þeim reglum og því verklagi sem ráðið kann að ákveða. Eftirfarandi þættir falla meðal annars undir verksvið hans, eftir því sem ráðið kann að mæla fyrir um:

a) að samræma rannsóknaráætlanir samningsaðila;

b) að undirbúa fjárhagsáætlanir til umfjöllunar í ráðinu;
c) að veita greiðsluheimildir í samræmi við fjárhagsáætlun ráðsins;
d) að annast reikningshald sjóða ráðsins;
e) að undirbúa samvinnu við þær stofnanir sem um getur í XI. gr. samnings þessa;
f) að undirbúa söfnun og vinnslu nauðsynlegra gagna til að ná markmiðum samningsins, einkum gagna um yfirstandandi veiðar úr túnfiskstofnum og sjálfbærar hámarksveiðar úr sömu stofnum;

g) að ganga frá og leggja fyrir ráðið til samþykktar skýrslur frá ráðinu eða undirstofnunum þess um vísindarannsóknir, stjórnsýslu og annað.

VIII. gr.

1. a) Ráðið getur, á grundvelli vísindagagna, lagt fram tilmæli sem miða að því að viðhalda ástandi túnfiskstofna og álíkra fiskstofna, sem er heimilt að veiða úr á samningssvæðinu, þannig að unnt sé að stunda sjálfbærar hámarksveiðar. Fyrrnefnd tilmæli skulu gilda gagnvart samningsaðilum með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

b) Tilmælin, sem um getur hér að framan, skulu lögð fram:

species, group of species, or of geographic areas. Each Panel in such case:

(a) shall be responsible for keeping under review the species, group of species, or geographic area under its purview, and for collecting scientific and other information relating thereto;
(b) may propose to the Commission, upon the basis of scientific investigations, recommendations for joint action by the Contracting Parties;
(c) may recommend to the Commission studies and investigations necessary for obtaining information relating to its species, group of species, or geographic area, as well as the coordination of programmes of investigation by the Contracting Parties.

Article VII

The Commission shall appoint an Executive Secretary who shall serve at the pleasure of the Commission. The Executive Secretary, subject to such rules and procedures as may be determined by the Commission, shall have authority with respect to the selection and administration of the staff of the Commission. He shall also perform, inter alia, the following functions as the Commission may prescribe:

(a) co-ordinating the programmes of investigation by the Contracting Parties;
(b) preparing budget estimates for review by the Commission;
(c) authorising the disbursement of funds in accordance with the Commission's budget;
(d) accounting for the funds of the Commission;
(e) arranging for co-operation with the organizations referred to in Article XI of this Convention;
(f) preparing the collection and analysis of data necessary to accomplish the purposes of the Convention particularly those data relating to the current and maximum sustainable catch of tuna stocks;
(g) preparing for approval by the Commission scientific, administrative and other reports of the Commission and its subsidiary bodies.

Article VIII

1. *(a)* The Commission may, on the basis of scientific evidence, make recommendations designed to maintain the populations of tuna and tuna-like fishes that may be taken in the Convention area at levels which will permit the maximum sustainable catch. These recommendations shall be applicable to the Contracting Parties under the conditions laid down in paragraphs 2 and 3 of this Article.
(b) The recommendations referred to above shall be made:

i) að frumkvæði ráðsins, hafi viðkomandi nefnd ekki verið skipuð, eða með samþykki að minnsta kosti tveggja þriðju hluta allra samningsaðila, hafi viðkomandi nefnd verið skipuð;
ii) að tillögu viðkomandi nefndar, hafi slík nefnd verið skipuð;
iii) að tillögu viðkomandi nefnda, fjalli viðkomandi tilmæli um fleiri en eitt hafsvæði, eina fisktegund eða einn tegundaflokk.

2. Tilmæli skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu taka gildi gagnvart öllum samningsaðilum sex mánuðum eftir þann dag er ráðið tilkynnir samningsaðilum um tilmælin, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

3. a) Komi samningsaðili, þegar um ræðir tilmæli skv. i-lið b-liðar 1. mgr. hér að framan, eða samningsaðili, sem á sæti í hlutaðeigandi nefnd, og þegar um ræðir tilmæli skv. ii- eða iii-lið b-liðar 1. mgr. hér að framan, á framfæri við ráðið mótmælum gegn slíkum tilmælum innan sex mánaða tímabilsins sem kveðið er á um í 2. mgr. hér að framan skulu tilmælin ekki taka gildi næstu 60 daga eftir það.

b) Að svo búnu getur hver annar samningsaðili komið á framfæri mótmælum áður en 60 daga viðbótartímabilinu lýkur eða innan 45 daga frá þeim degi er tilkynnt er um mótmæli sem annar samningsaðili ber fram á slíku 60 daga viðbótartímabili og skal miða við þá dagsetningu sem er síðar.
c) Tilmælin skulu taka gildi í lok viðbótartímabilsins eða -tímabilanna þegar heimilt er að bera fram mótmæli nema gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa komið mótmælum á framfæri.
d) Hafi aðeins einn samningsaðili eða færri en fjórði hver samningsaðili komið mótmælum á framfæri gegn tilmælum, í samræmi við a- og b-liði hér að framan, skal ráðið þó án tafar tilkynna samningsaðilanum eða -aðilunum, sem komu slíkum mótmælum á framfæri, að þau séu ekki tekin gild.
e) Í því tilviki sem um getur í d-lið hér að framan skal hlutaðeigandi samningsaðili eða -aðilar fá 60 daga til viðbótar frá dagsetningu umræddrar tilkynningar til að ítreka mótmæli sín. Að þeim tíma liðnum skulu tilmælin taka gildi nema gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa borið fram mótmæli og ítrekað þau innan tilgreinds frests.

(i) at the initiative of the Commission if an appropriate Panel has not been established or with the approval of at least two-thirds of all the Contracting Parties if an appropriate Panel has been established;
(ii) on the proposal of an appropriate Panel if such a Panel has been established;
(iii) on the proposal of the appropriate Panels if the recommendation in question relates to more than one geographic area, species or group of species.

2. Each recommendation made under paragraph 1 of this Article shall become effective for all Contracting Parties six months after the date of the notification from the Commission transmitting the recommendation to the Contracting Parties, except as provided in paragraph 3 of this Article.

3. *(a)* If any Contracting Party in the case of a recommendation made under paragraph 1 (b) (i) above, or any Contracting Party member of a Panel concerned in the case of a recommendation made under paragraph 1 (b) (ii) or (iii) above, presents to the Commission an objection to such recommendation within the six months period provided for in paragraph 2 above, the recommendation shall not be come effective for an additional sixty days.
(b) Thereupon any other Contracting Party may present an objection prior to the expiration of the additional sixty days period, or within forty-five days of the date of the notification of an objection made by another Contracting Party within such additional sixty days, whichever date shall be the later.
(c) The recommendation shall become effective at the end of the extended period or periods for objection, except for those Contracting Parties that have presented an objection.
(d) However, if a recommendation has met with an objection presented by only one or less than one-fourth of the Contracting Parties, in accordance with sub-paragraphs (a) and (b) above, the Commission shall immediately notify the Contracting Party or Parties having presented such objection that it is to be considered as having no effect.
(e) In the case referred to in sub-paragraph (d) above the Contracting Party or Parties concerned shall have an additional period of sixty days from the date of said notification in which to reaffirm their objection. On the expiry of this period the recommendation shall become effective, except with respect to any Contracting Party having presented an objection and reaffirmed it within the delay provided for.

f) Hafi fleiri en fjórði hver samningsaðili, en þó ekki meiri hluti þeirra, borið fram mótmæli gegn tilmælum, í samræmi við ákvæði a- og b-liða hér að framan, skulu tilmælin taka gildi gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa ekki komið mótmælum á framfæri.

g) Hafi meiri hluti samningsaðila komið mótmælum á framfæri skulu tilmælin ekki taka gildi.

4. Hverjum samningsaðila, sem hefur mótmælt tilmælum, er hvenær sem er heimilt að draga mótmæli sín til baka og skulu tilmælin þá þegar í stað taka gildi gagnvart þeim samningsaðila, séu þau þegar í gildi, eða jafnskjótt og þau kunna að taka gildi samkvæmt skilmálum þessarar greinar.

5. Ráðið skal tilkynna öllum samningsaðilum án tafar um sérhver mótmæli sem því berast og um það þegar mótmæli eru dregin til baka og tilmæli taka gildi.

IX. gr.

1. Samningsaðilar eru ásáttir um að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja að samningi þessum sé framfylgt. Hver samningsaðili skal senda ráðinu, á tveggja ára fresti eða þegar ráðið kann að telja slíkt nauðsynlegt, yfirlýsingu um þær aðgerðir sem hann hefur gripið til í þeim tilgangi.
2. Samningsaðilar eru ásáttir um:
a) að láta í té, að beiðni ráðsins, öll fyrirliggjandi talnagögn, ásamt líffræðilegum upplýsingum og öðrum vísindalegum upplýsingum sem ráðið kann að þarfnast í því skyni að ná fram markmiðum samnings þessa;
b) að heimila ráðinu að afla fyrrnefndra upplýsinga, fyrir atbeina samningsaðila og að eigin ákvörðun, beint frá fyrirtækjum og einstökum fiskimönnum, geti opinberar stofnanir þeirra ekki aflað þeirra og látið þær í té.
3. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna saman að því að koma á viðeigandi og skilvirkum ráðstöfunum til að tryggja að ákvæði samnings þessa komi til framkvæmda og einkum til að koma á fót alþjóðlegu framkvæmdarkerfi á samningssvæðinu, þó ekki innan landhelgi og á öðrum hafsvæðum, ef um þau er að ræða, þar sem ríki hefur fiskveiðilögsögu að þjóðarétti.

X. gr.

1. Ráðið skal, að loknum hverjum reglulegum fundi, samþykkja fjárhagsáætlun til tveggja næstu ára vegna sameiginlegs kostnaðar þess.
2. Hverjum samningsaðila ber að leggja árlega fram

(f) If a recommendation has met with objection from more than one-fourth but less than the majority of the Contracting Parties, in accordance with sub-paragraphs (a) and (b) above, the recommendation shall become effective for the Contracting Parties that have not presented an objection thereto.
(g) If objections have been presented by a majority of the Contracting Parties the recommendation shall not become effective.
4. Any Contracting Party objecting to a recommendation may at any time withdraw that objection, and the recommendation shall become effective with respect to such Contracting Party immediately if the recommendation is already in effect, or at such time as it may become effective under the terms of this Article.
5. The Commission shall notify each Contracting Party immediately upon receipt of each objection and of each withdrawal of an objection, and of the entry into force of any recommendation.

Article IX

1. The Contracting Parties agree to take all action necessary to ensure the enforcement of this Convention. Each Contracting Party shall transmit to the Commission, biennially or at such other times as may be required by the Commission, a statement of the action taken by it for these purposes.
2. The Contracting Parties agree:
(a) to furnish, on the request of the Commission, any available statistical, biological and other scientific information the Commission may need for the purposes of this Convention;

(b) when their official agencies are unable to obtain and furnish the said information, to allow the Commission, through the Contracting Parties, to obtain it on a voluntary basis direct from companies and individual fishermen.
3. The Contracting Parties undertake to collaborate with each other with a view to the adoption of suitable effective measures to ensure the application of the provisions of this Convention and in particular to set up a system of international enforcement to be applied to the Convention area except the territorial sea and other waters, if any, in which a state is entitled under international law to exercise jurisdiction over fisheries.

Article X

1. The Commission shall adopt a budget for the joint expenses of the Commission for the biennium following each regular meeting.
2. Each Contracting Party shall contribute annually

til reksturs ráðsins fjárhæð sem nemur:
a) 1.000 (eitt þúsund) bandaríkjadölum vegna aðildar að ráðinu;
b) 1.000 (eitt þúsund) bandaríkjadölum vegna setu í hverri nefnd;
c) Fari framlögð fjárhagsáætlun um sameiginlegan kostnað á hvaða tveggja ára tímabili sem er fram úr heildarframlögum samningsaðila skv. a- og b-liðum þessarar málsgreinar skulu samningsaðilar leggja fram einn þriðja hluta umframkostnaðar í hlutfalli við framlög sín skv. a- og b-liðum þessarar málsgreinar. Vegna þeirra tveggja þriðju hluta sem eftir standa skal ráðið ákveða, á grundvelli nýjustu fyrirliggjandi upplýsinga:

   i) heildarþyngd túnfiskafla og afla áþekkra fisktegunda í Atlantshafi sem er nærri lagi og nettóþyngd niðursuðuvara úr þessum fiskum fyrir hvern samningsaðila fyrir sig;
   ii) samanlagðan heildarafla allra samningsaðila eins og hann er reiknaður skv. i-lið.

   Hverjum samningsaðila ber að leggja fram sinn skerf til þeirra tveggja þriðju hluta sem eftir standa eins og hlutfallið milli heildarafla hans skv. i-lið og samtölunnar í ii-lið segir til um. Ákveða ber þann hluta fjárhagsáætlunar, sem um getur í þessum lið, með samþykki allra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka síðari áfanga tveggja ára fjárhagsáætlunarinnar til endurskoðunar á reglulegum fundi sínum milli funda ráðsins og getur, á grundvelli yfirstandandi og fyrirsjáanlegrar þróunar, heimilað tilfærslur fjárhæða í fjárhagsáætlun ráðsins fyrir seinna árið innan ramma þeirrar heildarfjárhagsáætlunar sem ráðið hefur samþykkt.

4. Framkvæmdastjóri ráðsins tilkynnir hverjum samningsaðila um árgjald hans. Gjalddagi framlaga er 1. janúar á því ári sem árgjaldið er kræft. Hafi framlög ekki borist fyrir 1. janúar árið á eftir teljast þau í vanskilum.

5. Ráðið ákveður í hvaða gjaldmiðli skuli greiða framlög vegna tveggja ára fjárhagsáætlunar.

6. Ráðið skal samþykkja, á fyrsta fundi sínum, fjárhagsáætlun sem miðar að því að ná fram reikningsjöfnuði fyrir fyrsta starfsár ráðsins og fyrir næstu tvö ár þar á eftir. Það skal senda samningsaðilum án tafar afrit af fyrrnefndum fjárhagsáætlunum og tilkynningar um árgjald hvers og eins þeirra fyrsta árið.

7. Þaðan í frá skal framkvæmdastjórinn leggja fyrir hvern samningsaðila, á tímabili sem er eigi skemmra en 60 dagar fyrir reglulegan fund ráðsins sem er haldinn áður en hvert tveggja ára tímabil hefst, drög

to the budget of the Commission an amount equal to:
(a) U.S. $ 1,000 (one thousand United States dollars) for Commission membership.
(b) U.S. $ 1,000 (one thousand United States dollars) for each Panel membership.
(c) If the proposed budget for joint expenses for any biennium should exceed the whole amount of contributions to be made by the Contracting Parties under (a) and (b) of this paragraph, one-third of the amount of such excess shall be contributed by the Contracting Parties in proportion to their contributions made under (a) and (b) of this paragraph. For the remaining two-thirds the Commission shall determine on the basis of the latest available information:
   (i) the total of the round weight of catch of Atlantic tuna and tuna-like fishes and the net weight of canned products of such fishes for each Contracting Party;
   (ii) the total of (i) for all Contracting Parties.

   Each Contracting Party shall contribute its share of the remaining two thirds in the same ratio that its total in (i) bears to the total in (ii). That part of the budget referred to in this subparagraph shall be set by agreement of all the Contracting Parties present and voting.

3. The Council shall review the second half of the biennial budget at its regular meeting between Commission meetings and, on the basis of current and anticipated developments, may authorise reapportionment of amounts in the Commission budget for the second year within the total budget approved by the Commission.

4. The Executive Secretary of the Commission shall notify each Contracting Party of its yearly assessment. The contributions shall be payable on January first of the year for which the assessment was levied. Contributions not received before January first of the succeeding year shall be considered as in arrears.

5. Contributions to the biennial budget shall be payable in such currencies as the Commission may decide.

6. At its first meeting the Commission shall approve a budget for the balance of the first year the Commission functions and for the following biennium. It shall immediately transmit to the Contracting Parties copies of these budgets together with notices of the respective assessments for the first annual contribution.

7. Thereafter, within a period not less than sixty days before the regular meeting of the Commission which precedes the biennium, the Executive Secretary shall submit to each Contracting Party a draft

að fjárhagsáætlun fyrir komandi tveggja ára tímabil, ásamt yfirliti yfir væntanleg árgjöld.
8. Ráðið getur svipt samningsaðila atkvæðisrétti tímabundið ef vanskil hans á framlögum eru jöfn eða hærri en sú fjárhæð sem honum bar að greiða fyrir tvö undangengin ár.
9. Ráðið skal stofna rekstrarfjársjóð í því skyni að fjármagna starfsemi sína þar til árleg framlög berast og í öðrum þeim tilgangi sem ráðið kann að ákveða. Ráðið skal ákveða hversu gildur sjóðurinn skal vera, ákveða nauðsynleg lán til að unnt sé að stofnsetja hann og setja reglur um notkun sjóðsins.

10. Ráðið skal gera ráðstafanir til þess að óháður aðili endurskoði reikningshald þess á hverju ári. Ráðið skal, eða framkvæmdastjórnin þau ár sem ráðið heldur ekki reglulegan fund, yfirfara og samþykkja skýrslur um slíka endurskoðun.
11. Ráðinu er heimilt að taka við framlögum, öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, til styrktar starfsemi þess.

biennial budget together with a schedule of proposed assessments.
8. The Commission may suspend the voting rights of any Contracting Party when its arrears of contributions equal or exceed the amount due from it for the two preceding years.
9. The Commission shall establish a Working Capital fund to finance operations of the Commission prior to receiving annual contributions, and for such other purposes as the Commission may determine. The Commission shall determine the level of the Fund, assess advances necessary for its establishment, and adopt regulations governing the use of the Fund.
10. The Commission shall arrange an annual independent audit of the Commission's accounts. The reports of such audits shall be reviewed and approved by the Commission, or by the Council in years when there is no regular Commission meeting.
11. The Commission may accept contributions, other than provided for in paragraph 2 of this Article, for the prosecution of its work.

XI. gr.

1. Samningsaðilar eru ásáttir um að koma beri á samstarfi milli ráðsins og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í þessu augnamiði skal ráðið hefja samningaviðræður við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna í því skyni að gera samning skv. XIII. gr. stofnskrár stofnunarinnar. Í slíkum samningi skal meðal annars kveðið á um að aðalframkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna tilnefni fulltrúa sem taki þátt í öllum fundum ráðsins og undirstofnana þess, en án atkvæðisréttar.

2. Samningsaðilar eru ásáttir um að koma beri á samstarfi milli ráðsins og annarra alþjóðlegra fiskveiðiráða og vísindastofnana sem gætu lagt sitt af mörkum til starfsemi ráðsins. Ráðinu er heimilt að gera samninga við slík ráð og stofnanir.

3. Ráðinu er heimilt að bjóða alþjóðastofnunum, eftir því sem við á, og sérhverri ríkisstjórn, sem á aðild að Sameinuðu þjóðunum eða einhverri sérstofnun Sameinuðu þjóðanna og ekki á setu í ráðinu, að senda áheyrnarfulltrúa á fundi ráðsins og undirstofnana þess.

Article XI

1. The Contracting Parties agree that there should be a working relationship between the Commission and the Food and Agriculture Organization of the United Nations. To this end the Commission shall enter into negotiations with the Food and Agriculture Organization of the United Nations with a view to concluding an agreement pursuant to Article XIII of the Organization's Constitution. Such agreement should provide, inter alia, for the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations to appoint a Representative who would participate in all meetings of the Commission and its subsidiary bodies, but without the right to vote.
2. The Contracting Parties agree that there should be co-operation between the Commission and other international fisheries commissions and scientific organizations which might contribute to the work of the Commission. The Commission may enter into agreements with such commissions and organizations.
3. The Commission may invite any appropriate international organization and any Government which is a member of the United Nations or of any Specialized Agency of the United Nations and which is not a member of the Commission, to send observers to meetings of the Commission and its subsidiary bodies.

XII. gr.

1. Samningur þessi skal gilda í tíu ár og eftir það þar til meiri hluti samningsaðila samþykkir að fella hann úr gildi.
2. Hver samningsaðili getur hvenær sem er, að liðnum tíu árum frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi, sagt samningnum upp 31. desember hvaða ár sem vera skal, þar með talið tíunda árið, með skriflegri tilkynningu um uppsögn sem er afhent aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna 31. desember árið þar á undan eða fyrir þá dagsetningu.
3. Sérhver annar samningsaðili getur í kjölfar slíkrar uppsagnar sagt samningi þessum upp frá og með sama degi, 31. desember, með því að tilkynna skriflega um uppsögn sína til aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eigi síðar en einum mánuði eftir að honum bárust upplýsingar um uppsögn frá aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, þó eigi síðar en 1. apríl á því ári.

XIII. gr.

1. Sérhver samningsaðili eða ráðið getur gert tillögu um breytingar á samningi þessum. Aðalframkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum samningsaðilum staðfest eintak af texta breytingartillögu. Breyting, sem felur ekki í sér auknar skuldbindingar, öðlast gildi að því er alla samningsaðila varðar á þrítugasta degi eftir að þrír fjórðu hlutar samningsaðila hafa staðfest hana. Breyting, sem felur í sér nýjar skuldbindingar, öðlast gildi að því er varðar hvern samningsaðila, sem staðfestir hana, á nítugasta degi eftir að þrír fjórðu hlutar samningsaðila hafa staðfest hana og eftir það öðlast hún gildi að því er alla aðra samningsaðila varðar við staðfestingu þeirra. Álíti einn samningsaðili eða fleiri að breyting feli í sér nýjar skuldbindingar telst breytingin fela í sér nýjar skuldbindingar og öðlast gildi samkvæmt því. Ríkisstjórn, sem gerist aðili að samningnum eftir að staðfestingarferli breytingar er hafið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bundin af ákvæðum samningsins með áorðinni breytingu þegar fyrrnefnd breyting öðlast gildi.

2. Afhenda skal aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna breytingartillögur til vörslu. Tilkynningar um staðfestingu breytinga skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Article XII

1. This Convention shall remain in force for ten years and thereafter until a majority of the Contracting Parties agree to terminate it.
2. At any time after ten years from the date of entry into force of this Convention, any Contracting Party may withdraw from the Convention on December thirty-first of any year including the tenth year by written notification of withdrawal given on or before December thirty-first of the preceding year to the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations.
3. Any other Contracting Party may thereupon withdraw from this Convention with effect from the same December thirty-first by giving written notification of withdrawal to the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations not later than one month from the date of receipt of information from the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations concerning any withdrawal, but not later than April first of that year.

Article XIII

1. Any Contracting Party or the Commission may propose amendments to this Convention. The Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations shall transmit a certified copy of the text of any proposed amendment to all the Contracting Parties. Any amendment not involving new obligations shall take effect for all Contracting Parties on the thirtieth day after its acceptance by three-fourths of the Contracting Parties. Any amendment involving new obligations shall take effect for each Contracting Party accepting the amendment on the ninetieth day after its acceptance by three-fourths of the Contracting Parties and thereafter for each remaining Contracting Party upon acceptance by it. Any amendment considered by one or more Contracting Parties to involve new obligations shall be deemed to involve new obligations and shall take effect accordingly. A government which becomes a Contracting Party after an amendment to this Convention has been opened for acceptance pursuant to the provisions of this Article shall be bound by the Convention as amended when the said amendment comes into force.
2. Proposed amendments shall be deposited with the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations. Notifications of acceptance of amendments shall be deposited with the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations.

XIV. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkisstjórna sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum eða einhverri sérstofnun Sameinuðu þjóðanna. Fyrrnefndum ríkisstjórnum, sem undirrita ekki samning þennan, er hvenær sem er heimilt að gerast aðilar að honum.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu eða samþykki undirritunarríkja í samræmi við stjórnskipan þeirra. Skjöl um fullgildingu, samþykki eða aðild skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
3. Samningur þessi öðlast gildi þegar sjö ríkisstjórnir hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, samþykki eða aðild til vörslu og öðlast gildi að því er varðar hverja ríkisstjórn, sem afhendir síðar skjal sitt um fullgildingu, samþykki eða aðild til vörslu, sama dag og slík afhending fer fram.

XV. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkisstjórnum, sem um getur í 1. mgr. XIV. gr., um afhendingu skjala um fullgildingu, samþykki eða aðild að samningnum, um gildistöku samnings þessa, breytingartillögur, tilkynningar um staðfestingu breytinga, gildistöku breytinga og tilkynningar um uppsögn samningsins.

XVI. gr.

Frumrit samnings þessa skal falið aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu sem sendir staðfest afrit af honum til þeirra ríkisstjórna sem um getur í 1. mgr. XIV. gr.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð frá ríkisstjórnum sínum, undirritað samning þennan. Gjört í Ríó de Janeiró hinn 14. maí 1966 í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og eru allir þessir textar jafngildir.

Article XIV

1. This Convention shall be open for signature by any Government which is a Member of the United Nations or of any Specialized Agency of the United Nations. Any such Government which does not sign this Convention may adhere to it at any time.

2. This Convention shall be subject to ratification or approval by signatory countries in accordance with their constitutions. Instruments of ratification, approval, or adherence shall be deposited with the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations.
3. This Convention shall enter into force upon the deposit of instruments of ratification, approval, or adherence by seven Governments and shall enter into force with respect to each Government which subsequently deposits an instrument of ratification, approval or adherence on the date of such deposit.

Article XVI

The Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations shall inform all Governments referred to in paragraph 1 of Article XIV of deposits of instruments of ratification, approval or adherence, the entry into force of this Convention, proposals for amendments, notifications of acceptance of amendments, entry into force of amendments, and notifications of withdrawal.

Article XVI

The original of this Convention shall be deposited with the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations who shall send certified copies to the Governments referred to in paragraph 1 of Article XIV.

IN WITNESS WHEREOF the representatives duly authorized by their respective Governments have signed the present Convention. Done at Rio de Janeiro this fourteenth day of May 1966 in a single copy in the English, French and Spanish languages, each version being equally authoritative.

248. Frumvarp til laga [244. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi aðili ekki náð að nýta sér að fullu eða hluta þær aflaheimildir sem var úthlutað á fiskveiðiárinu 2001/2002 til tilrauna með áframeldi á þorski á því fiskveiðiári, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að samþykkja að ónýttar aflaheimildir verði nýttar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003.

Þær 500 lestir af óslægðum botnfiski, sem ráðherra hafði til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2001/2002 til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, skulu bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003, sbr. 2. málsl. 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 85 15. maí 2002, um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, voru m.a. ákvæði um sérstakar aflaheimildar sem ráðherra skyldi ráðstafa, annars vegar til tilrauna með áframeldi í þorski og hins vegar til stuðnings byggðarlögum sem lent hefðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Samkæmt b-lið 16. gr. laga nr. 85/2002 hefur ráðherra til ráðstöfunar 500 lestir af þorski til tilrauna með áframeldi í þorski. Heimild þessi tók gildi á fiskveiðiárinu 2001/2002 og gildir næstu fimm fiskveiðiár. Aflaheimildum þessum var því fyrst úthlutað á síðasta ári en vegna þess hve liðið var á fiskveiðiárið þegar lögin voru samþykkt og undirbúningi reglna um úthlutunina þar af leiðandi lokið nýttust þessar heimildir ekki nema að hluta og er hér lagt til að ónýttrar aflaheimildir fiskveiðiársins 2001/2002 flytjist til yfirstandandi fiskveiðiárs.

Með 4. gr. laga nr. 85/1990 var 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, breytt þannig að ráðherra var veitt heimild til að ráðstafa árlega allt að 1.500 lestum af botnfiski til stuðnings byggðarlögum sem lent hefðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Hafa skyldi í því sambandi samráð við Byggðastofnun. Í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2002 segir að á fiskveiðiárinu 2001/2002 skyldi úthlutun þessi þó takmarkast við 500 lestir. Þar sem það hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir að setja reglur um þessa sérstöku úthlutun kom hún ekki til framkvæmda á fiskveiðiárinu 2001/2002. Er því lagt til að þessi heimild flytjist til yfirstandandi fiskveiðiárs og verði því úthlutað 2.000 lestum í framangreindum tilgangi í ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að leyfa flutning á ónýttum aflaheimildum milli ára.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

249. Frumvarp til laga [245. mál]

um breytingu á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um alla frekari vinnslu afla um borð í skipum en blóðgun og slægingu. Vinnsla samkvæmt ákvæðum laga þessara er háð sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um nýtingarstuðla sem gildir um útreikning á nýtingu aflaheimilda einstakra skipa eða skipaflokka sem vinna afla um borð. Um nýtingu afla þeirra skipa gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fullvinnsluskipi“ í 1. mgr. kemur: skipi sem leyfi hefur til vinnslu afla.
b. Í stað orðsins „fullvinnsluskipum“ í 2. mgr. kemur: skipum sem leyfi hafa til vinnslu afla.

4. gr.

Í stað orðsins „fullvinnsluleyfi“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: leyfi til vinnslu afla.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fullvinnslu botnfiskafla“ í 1. málsl. kemur: vinnslu afla.
b. Í stað orðsins „fullvinnsluskips“ í 2. málsl. kemur: skips.
c. Í stað orðsins „fullvinnsluskip“ í lokamálslið kemur: skip sem vinnur afla um borð.

6. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofu er enn fremur heimilt vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip leyfi til vinnslu afla um borð.

7. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um vinnslu afla um borð í skipum.**

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, var kveðið á um það að öll fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum skyldi óheimil nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins. Í lögunum var fullvinnsla skilgreind þannig að það teldist fullvinnsla ef flökun eða flatning væri þáttur í vinnslu aflans. Í framhaldi af þessu var síðan komið á kerfi varðandi mælingu á nýtingu aflans, sem notað hefur verið að mestu óbreytt síðan. Byggist það á því að nýtingarmælingar fari fram um borð í hverju veiðiskipi sem fullvinni botnfiskafla og að þær mælingar séu grundvöllur fyrir nýtingu aflaheimilda viðkomandi skips. Fiskistofa hefur eftirlit með því að nýtingarmælingar fari fram og að samræmi sé milli útreiknaðrar nýtingar áhafnar og raunnýtingar.

Lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, taka aðeins til vinnslu á botnfiskafla og aðeins þegar flökun eða flatning aflans er þáttur í vinnslunni. Þau taka því ekki til flökunar á uppsjávarfiski eins og t.d. síld eða til vinnslu afla sem felur ekki í sér flökun eða flatningu, t.d. þeirra tilvika þegar afli er hausskorinn eða skorinn með öðrum hætti. Þegar lögin voru samþykkt á sínum tíma var flökun á uppsjávarfiski um borð í veiðiskipum óþekkt hér á landi og ýmis vinnsla sem ekki felur í sér flökun eða flatningu hefur aukist verulega á undanförnum árum.

Í frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð á lögunum að öll vinnsla á öllum sjávarafla um borð í veiðiskipum sem sé umfram slægingu og ísingu verði háð sérstöku leyfi Fiskistofu og þar með komi önnur ákvæði laganna til með að gilda um alla frekari vinnslu. Þykir nauðsyn bera til að samræma þannig reglurnar um mælingu á nýtingu og eftirlit þannig að þær taki til allra skipa sem vinna afla um borð samkvæmt þessari nýju skilgreiningu. Þó er rétt að geta þess hér að við vinnslu á ákveðinni tegund eða afurð getur þótt rétt að hafa fastan nýtingarstuðul.

Breytingar á einstökum greinum lúta að þeirri breytingu sem hér hefur gerð grein fyrir auk þeirrar breytingar að Fiskistofu er falið að gefa út leyfi til vinnslu en það er í raun í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur undanfarin ár. Er því ekki ástæða til að skýra einstakar greinar nánar en hér er gert.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að kveða á um fyrirkomulag botnfiskafla um borði í veiðiskipum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

250. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað „16.500 kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 17.500 kr.

2. gr.

Í stað „593 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 664 kr.

3. gr.

Í stað orðsins „fullvinnsluskipa“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: skipa sem leyfi Fiskistofu hafa til að vinna afla um borð og skipa sem stærðarflokka rækju um borð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Fram að lagabreytingunni var fjárhæðum breytt árlega með reglugerð. Við útreikning á gjaldinu var miðað við áætlaðan kostnað Fiskistofu af rekstri veiðieftirlitsins enda eftirlitsgjaldinu ætlað að standa undir þeim kostnaði. Gjaldinu var skipt þannig niður að leyfishafar greiða annars vegar gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni og hins vegar gjald sem ákvarðast af úthlutuðu aflamagni eða lönduðum afla hvers skips í þorskígildum talið.

Til að halda sömu reglu er hér lagt til:

1. Að gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni hækki úr 16.500 kr. í 17.500 kr. Með þessu móti hækka tekjur af gjaldinu á árinu 2003 um 2,5 millj. kr. og gætu þær orðið um 40 millj. kr. á árinu 2003.
2. Að gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum skuli hækka úr 593 kr. í 664 kr. Gjald vegna fiskveiðiársins sem hófst 1. september sl.

og lýkur 31. ágúst 2003 verður lagt á 1. desember nk. Gera má ráð fyrir að samtals verði úthlutað um 470 þús. þorskígildum á yfirstandandi fiskveiðiári. Miðað við þá úthlutun veiðiheimilda gætu tekjur af gjaldi þessu orðið um 312 millj. kr. á yfirstandandi fiskveiðiári. Hækkun gjaldsins er nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar og stafar m.a. af hækkun dagpeninga umfram verðlagsbreytingar, auknum stjórnunarkostnaði í kjölfar mikillar fjölgunar veiðieftirlitsmanna auk almennra verðhækkana.

Þá er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að sú breyting verði gerð á lögunum að ekki aðeins útgerðir skipa sem fullvinna botnfiskafla um borð greiði fyrir eftirlit um borð í skipum sínum, heldur taki greiðsluskyldan einnig til útgerða skipa sem vinna uppsjávarfisk og skipa sem vinna fisk um borð á einhvern hátt þó ekki sé um fullvinnslu að ræða. Fullvinnsla hefur verið skilgreind þannig að hún sé vinnsla þegar flökun eða flatning er þáttur í vinnslunni. Í þessu sambandi skal þess getið að lagt hefur verið fram frumvarp um breytingu á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, sem gerir ráð fyrir að gildissvið laganna verði rýmkað á sambærilegan hátt. Þá þykir eðlilegt að útgerðir rækjuskipa kosti einnig eftirlit þegar rækja er stærðarflokkuð um borð á hafi úti því slíku fylgir aukin hætta á brottkasti rækju og kallar það á sérstakt eftirlit með þessum skipum. Erfitt er að meta hvort þessi rýmkaða greiðsluskylda útgerða vinnsluskipa auki tekjur Fiskistofu, fer það m.a. eftir hvernig þeim mannafla sem Fiskistofa hefur yfir að ráða er ráðstafað um borð í veiðiskip.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að hækka gjaldstofna sem standa undir veiðieftirliti Fiskistofu. Í fyrsta lagi hækkar gjald sem lagt er á veiðileyfi við útgáfu þeirra til veiðileyfishafa um 6% eða sem nemur 2,5 m.kr. og verður alls 40 m.kr. Í öðru lagi er talin þörf á að gjald fyrir úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla hækki um 37 m.kr. Gert er ráð fyrir að eftir breytingu skili gjaldið 312 m.kr. til Fiskistofu. Ástæða hækkunarinnar umfram almennar verðlagsbreytingar er skýrð með hækkun dagpeninga og auknum stjórnunarkostnaði í kjölfar fjölgunar veiðieftirlitsmanna. Í þriðja lagi er gjaldtökuheimild fyrir veiðieftirliti um borð í fiskiskipum rýmkuð og leggst á fleiri skip þar sem rétt þykir að eftirlitið nái til allra skipa sem vinna afla um borð og skipa sem stærðarflokka rækju um borð. Ekki er gert ráð fyrir að það ákvæði feli í sér aukinn kostnað þar sem notast verði við núverandi mannafla Fiskistofu til að sinna eftirlitinu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi í för með sér útgjöld úr ríkissjóði umfram tekjur af gjaldtöku.

251. Frumvarp til laga [247. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað „1.018 kr.“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1.081 kr., og í stað „387.000 kr.“ í sömu málsgrein kemur: 410.000 kr.

2. gr.

Í stað „1.358 kr.“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 1.441 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Gjöldin eru tvenns konar og eru lögð á eigendur fiskiskipa. Annars vegar er um að ræða gjald sem lagt er á um hver áramót og miðast við stærð skips í brúttótonnum. Hins vegar er um að ræða gjald sem lagt er á við úthlutun aflaheimilda. Fram að framangreindri lagabreytingu hafði fjárhæðum verið breytt árlega með reglugerð og var miðað við breytingar sem orðið höfðu á vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma enda voru ákvæði þar að lútandi í þágildandi lögum. Til að halda sömu reglu er hér lagt til:

1. Að gjald á hvert brúttótonn fiskiskips verði hækkað úr 1.018 kr. í 1.081 kr. og að hámarksgjald sem lagt er á brúttótonn hvers skips hækki úr 387.000 kr. í 410.000 kr. Árið 2002 námu tekjur Þróunarsjóðs af þessu gjaldi um 87 millj. kr. og var það lækkun um 5 millj. kr. frá árinu áður. Lækkunin stafaði af fækkun skipa með veiðileyfi. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að tekjur Þróunarsjóðs af gjaldinu hækki um 5 millj. kr. og verði um 92 millj. kr. árið 2003.
2. Að gjald á hvert úthlutað þorskígildistonn hækki úr 1.358 kr. í 1.441 kr. Árið 2002 má gera ráð fyrir að tekjur Þróunarsjóðs af gjaldi á aflaheimildir verði um 615 millj. kr. Verði frumvarp þetta að lögum ásamt því að úthlutun þorskígilda verði söm og á yfirstandandi fiskveiðiári má gera ráð fyrir að tekjurnar hækki um 35 millj. kr. frá árinu 2002 og verði um 650 millj. kr. árið 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjald sem lagt er á aflaheimildir við úthlutun þeirra og rennur til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði hækkað úr 1.358 kr. í 1.441 kr. Áætlað er að slík hækkun leiði til 650 m.kr. innheimtu ríkistekna sem ganga til sjóðsins og er það 35 m.kr. hækkun frá innheimtu ársins 2001, en 131 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga 2002. Þar var gert ráð fyrir mun minni úthlutun en raun varð á. Einnig hækkar hámarksgjald sem lagt er á brúttótonn skipa úr 1.018 kr. í 1.081 kr. og hámarksgjald á brúttótonn hvers skips úr 387.000 kr. í 410.000 kr. sem hvort tveggja er 6% hækkun. Reiknað er með að þessi breyting skili sjóðnum 92 m.kr. í innheimtu ríkistekna. Það er 5 m.kr. hækkun frá innheimtu ársins 2001 en 10 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2002. Skýrist það af því að skipum með veiðileyfi hefur fækkað á þessu ári.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum, fjöldi skipa með veiðileyfi óbreyttur og úthlutun þorskígilda sú sama og á yfirstandandi fiskveiðiári er gert ráð fyrir að ríkistekjur sem renna til Þróunarsjóðsins á árinu 2003 nemi 742 m.kr. sem er 121 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2002 en 40 m.kr. hækkun frá innheimtu ársins 2001.

252. Frumvarp til laga [248. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað „89/48/EBE, 92/51/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/2001, kemur: 89/48/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, 92/51/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið á vegum menntamálaráðuneytisins og miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/19/EB sem lýtur að einföldun á gildandi reglum um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, var ákveðið að menntamálaráðuneytið skyldi sjá um að samræma framkvæmd tilskipunar 89/48/EBE hér á

landi. Með samþykkt laga nr. 76/1994, um breytingu á þeim lögum, var menntamálaráðuneytinu einnig falið að sjá um og samræma framkvæmd tilskipunar 92/51/EBE. Tilgangur þessara tilskipana er að auðvelda frjálsan flutning ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins sem óska eftir að stunda starf sitt í öðru landi en því sem þeir hlutu menntun sína og starfsþjálfun í. Framkvæmd framangreindra tilskipana hefur þannig auðveldað íslenskum ríkisborgurum að fá heimild til að starfa í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Þær tilskipanir sem þegar hafa verið lögleiddar hér á landi varða í fyrsta lagi almennt kerfi á vegum Evrópusambandsins til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár, sbr. tilskipun 89/48/EBE, svo og tilskipun 92/51/EBE sem er viðauki við hana og tekur til annars náms sem ekki er tilgreint í öðrum tilskipunum. Í öðru lagi er um að ræða tilskipanir fyrir einstakar starfsstéttir, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, ljósmæður, lyfjafræðinga, dýralækna og arkitekta.

Hinn 14. maí 2001 gaf Evrópusambandið út nýja tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, tilskipun 2001/19/EB, sem hefur þann megintilgang að einfalda framkvæmd tilskipana um þetta efni, samræma ákvæði um sömu efnisþætti og voru settir fram með mismunandi hætti í ólíkum tilskipunum og skýra frekar atriði sem þóttu óljós. Tilskipunin á að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjunum fyrir 1. janúar 2003.

Aðdragandi hinnar nýju tilskipunar var sá að í skýrslu sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendi Evrópuþinginu og ráðinu um framkvæmd tilskipunar 89/48/EBE í febrúar 1996 er vikið að nokkrum atriðum sem æskilegt væri að kveða á um í þeirri tilskipun til þess að einfalda framkvæmd hennar. Í kjölfarið fór fram ítarleg athugun á tilskipun 89/48/ EBE og 92/51/EBE, auk annarra tilskipana um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum. Leiddi sú athugun til þess að gefin var út tilskipun 2001/19/ EB.

Þessi nýja tilskipun breytir tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á menntun og prófskírteinum en þessar tilskipanir falla undir menntamálaráðuneytið. Auk þess breytast tilskipanir 77/452/EBE og 77/453/EBE um hjúkrunarfræðinga, tilskipanir 78/686/EBE og 78/687/EBE um tannlækna, tilskipanir 78/1026/EBE og 78/1027/ EBE um dýralækna, tilskipanir 80/154/EBE, 80/155/ EBE um ljósmæður, tilskipun 85/384/ EBE um arkitekta, tilskipanir 85/432/EBE, 85/433/ EBE um lyfjafræðinga og tilskipun 93/16/EBE um lækna. Þessar tilskipanir falla undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Helstu breytingar sem felast í tilskipun nr. 2001/19/EB og varða tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE eru eftirfarandi:

1. Hugtakið „lögvernduð menntun og þjálfun“ er tekið upp í tilskipun 89/48/EBE en þetta hugtak er nú þegar skilgreint í tilskipun 92/51/EBE. Hér er um að ræða nám sem fer fram samkvæmt námskrá, t.d. aðalnámskrá framhaldsskóla, en veitir ekki rétt til lögverndaðs starfs. Þar sem námið fer hins vegar fram samkvæmt opinberri námskrá telst það lögvernduð menntun og þjálfun.
2. Ef í ljós kemur að umtalsverður munur er á menntun og þjálfun þess sem sækir um viðurkenningu og þeim kröfum sem gerðar eru í gistiríkinu gat gistiríkið krafist þess að umsækjandi tæki aðlögunartíma eða gengist undir próf í þeim þáttum sem ekki fólust í upphaflegu námi og þjálfun umsækjanda. Með tilskipun 2001/19/EB er aðildarríkjunum gert skylt að kanna að hve miklu leyti starfreynsla viðkomandi, eftir að hann lauk námi og tilskildri starfsþjálfun, getur komið í stað þess sem talið er á vanta í upphaflegu námi og þjálfun.
3. Stefnt er að því að bæta og einfalda samhæfingu í framkvæmd almennu tilskipananna,

þ.e. tilskipana 89/48/EBE og 92/51/EBE, með því að fela samræmingarhópi, sem starfar samkvæmt ákvæðum í tilskipun 89/48/EBE, að samþykkja og birta álit um vandamál sem framkvæmdastjórnin vísar til hans og varða framangreindar tilskipanir.

Þar sem tilskipunin breytir efnislega tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE þarf að breyta lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, á þann veg að númer tilskipunarinnar komi fram í 1. gr. laganna. Tilskipunin felur ekki í sér nýjar kvaðir fyrir Ísland, enda miðar hún fyrst og fremst að því að auka skýrleika í framsetningu og framkvæmd áðurnefndra tveggja tilskipana.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Tilgangur frumvarpsins er að koma í framkvæmd hér á landi tilskipun Evrópusambandsins nr. 201/19/EB sem lýtur að einföldun á gildandi reglum um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Breytingin felur annars vegar í sér að nám sem fer fram samkvæmt opinberri námskrá telst vera lögvernduð menntun og þjálfun. Hins vegar geta íslensk stjórnvöld ekki lengur gert kröfu um að sá sem sækir um viðurkenningu á námi sem hann hefur stundað í skóla í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið gangist undir sérstakt próf til að kanna þætti sem ekki fólust í náminu. Þess í stað ber að kanna starfsreynslu viðkomandi eftir að hann lauk náminu.

Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkisins verði það að lögum.

253. Frumvarp til laga [249. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz, Árni R. Árnason, Gunnar Birgisson, Ásta Möller.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Er rekstur stöðvanna heimill einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva.

Ef umsækjandi um rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvar uppfyllir allar kröfur og skilyrði sem gerð eru til útbúnaðar og reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal landbúnaðarráðherra gefa út rekstrarleyfi.

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva

samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarna- og einangrunarstöðvar standi undir útgjöldum hennar, svo sem almennum rekstrarkostnaði, launakostnaði, leigugjöldum, fóðurkostnaði, lyfjakostnaði og dýralæknisþjónustu, kostnaði við sýnatökur og rannsóknir og opinberum gjöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 127. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram óbreytt. Frumvarpið var sent til umsagnar og þau svör sem bárust voru mjög jákvæð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum verði heimilt að starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar að uppfylltum þeim kröfum sem gerðar eru til útbúnaðar og reksturs slíkra stöðva. Ef umsækjandi um rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvar uppfyllir allar kröfur og skilyrði sem gerð eru til útbúnaðar og reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal landbúnaðarráðherra gefa út rekstrarleyfi. Samkvæmt gildandi lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum, er hins vegar einungis kveðið á um að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

Landbúnaðarráðuneytið stofnsetti sóttvarnastöð fyrir nautgripi í Hrísey árið 1973 og sá embætti yfirdýralæknis um rekstur hennar í umboði ráðuneytisins. Sóttvarnastöðin var leigð Landssambandi kúabænda l. janúar 1994 sem síðan hefur annast rekstur hennar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1993 var Svínaræktarfélagi Íslands heimilað að reisa sóttvarnastöð fyrir svín í Hrísey og hefur félagið sjálft annast rekstur stöðvarinnar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1990 stofnsetti landbúnaðarráðuneytið einangrunarstöð fyrir hunda, ketti og önnur gæludýr í Hrísey. Fyrstu árin annaðist embætti yfirdýralæknis rekstur stöðvarinnar í umboði ráðuneytisins en síðari ár hefur reksturinn verið í höndum einkaaðila undir eftirliti yfirdýralæknis samkvæmt sérstökum samningi.

Á 126. löggjafarþingi var lögum um innflutning dýra breytt á þann hátt að ákvæði laganna voru aðlöguð þeirri framkvæmd á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem komist hefur á, eins og rakið var hér að framan, og samkvæmt því getur landbúnaðarráðherra falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 175/2000 kemur m.a. fram að áhersla er lögð á að með þeirri breytingu væri á engan hátt slakað á kröfum um sóttvarnir sem gildandi lög kveða á um.

Að mati flutningsmanna er framangreind heimild ráðherra hins vegar of matskennd og tryggir ekki að aðilum sem eru í stakk búnir til að reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar og uppfylla öll skilyrði laganna verði veitt rekstrarleyfi. Því er hér lagt til að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að ef umsækjendur um starfrækslu slíkra stöðva uppfylla þær kröfur og skilyrði sem lögin og reglur settar samkvæmt þeim setja skuli ráðherra veita rekstrarleyfi. Rétt er að leggja áherslu á að með frumvarpinu er á engan hátt slakað á þeim kröfum sem gera skal til þeirra sem reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Hins vegar þykir eðlilegt út frá jafnræðissjónarmiðum að allir sitji við sama borð þegar kemur að rekstri framangreindra stöðva. Enn fremur má benda á sjónarmið um atvinnufrelsi, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fram kemur sú grundvallarregla að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa nema lög setji atvinnufrelsinu skorður sökum almannahagsmuna. Það hefur þegar sýnt sig í framkvæmd að einkaaðilum er fyllilega treystandi til að sjá um rekstur sóttvarna- og ein-

angrunarstöðva og það sjónarmið hefur löggjafinn viðurkennt, sbr. lög nr. 175/2000. Því er með frumvarpinu lagt til að ráðherra skuli veita rekstrarleyfi að öllum skilyrðum uppfylltum í stað þess að honum sé það heimilt samkvæmt gildandi lögum.

254. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

um aukinn tollkvóta hreindýrakjöts.

Flm.: Sigríður Ingvarsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Árni Steinar Jóhannsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta kanna hvort auka megi tollkvóta hreindýrakjöts og einnig hvort ástæða sé til að breyta innbyrðis skiptingu afurða í tollkvótanum þannig að sérstakur tollkvóti verði fyrir hreindýrakjöt.

Greinargerð.

Samkvæmt 65. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, er landbúnaðarráðherra heimilt að úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðaukum IV A og B við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. A tollalaga. Í tollalögum er tollkvóti skilgreindur sem tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 4. gr. tollalaga. Þetta á við um vörur sem áður voru háðar innflutningsleyfum.

Landbúnaðarráðherra hefur með stoð í 65. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sett reglugerð nr. 410/2002, um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti. Samkvæmt reglugerðinni er sameiginlegur tollkvóti á frystu hreindýrakjöti, dádýra-, dúfu-, fasana-, lynghænu- og strútakjöti samtals 12.000 kg og var sá kvóti boðinn út samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar, vegna mikillar eftirspurnar. Fjórir aðilar buðu í tollkvóta hreindýrakjöts og varð niðurstaða útboðsins sú að ráðherra úthlutaði kvótanum til hæstbjóðanda, aðila í veitingarekstri, samkvæmt tillögum ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara, sem fékk 3.000 kg. Á síðasta ári voru umsóknir um tollkvótann mun færri svo að hann var ekki fullnýttur, einungis 10.200 kg var úthlutað, þar af 8.000 kg í hreindýrakjöti.

Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls skal samkvæmt greinargerð með frumvarpi til tollalaga ráðast af því hvort nægilegt framboð sé af viðkomandi vörum á hæfilegu verði á innanlandsmarkaði. Tollhlutfall hverrar vöru skal hækka eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Þau tollgjöld sem í gildi eru um almennan innflutning á hreindýrakjöti eru það há að það takmarkar möguleika til að flytja kjötið inn og vinna það hérlendis vegna mikils kostnaðar. Þá hefur framboð hér innan lands verið frekar lítið og verðið mjög hátt, þannig að ekki hefur tekist að auka markaðshlutdeild á hinum almenna neytendamarkaði.

Hreindýrakjöt hefur einkum verið flutt til Íslands frá Grænlandi og er hreindýrum á Grænlandi slátrað við bestu mögulegu aðstæður, í sláturhúsi sem hefur fengið ESB-viðurkenningu til útflutnings. Um er að ræða ósýkt, stimplað úrvalskjöt sem tilvalið er að flytja inn og fullvinna hér á landi, jafnvel sem lúxusvöru fyrir erlendan markað. Þannig mundi skapast atvinna og virðisaukinn af verðmætasköpuninni við vinnsluna verða eftir í landi. Til þess að

það væri gerlegt þyrfti að lækka tolla eða jafnvel skipta upp í fleiri tollflokka eftir því hvort kjötið er með beini eða unnið. Í Noregi er tollum t.d. skipt þannig að tollur á hreindýrakjöti með beini er lægri, en hærri ef búið er að úrbeina kjötið. Á Íslandi er magntollur 960 kr. kg að viðbættum 30% verðtolli, hvort sem kjötið er með beini eða beinlaust.

Flutningsmenn telja að innflutningur á hreindýrakjöti muni ekki hafa áhrif á sölu lambakjöts, enda vörurnar ólíkar. Þá hafa vinsældir villibráðar sem hátíðarmatar aukist mjög mikið og kom það berlega í ljós í útboði ráðuneytisins að áhuginn á hreindýrakjöti er mikill, en kvótanum sem úthlutað var í þetta skiptið, einungis 3.000 kg á móti 8.000 kg á síðasta ári, var úthlutað til eins aðila í veitingahúsarekstri. Mikilvægt er að auka fjölbreytni og framboð á almenna markaðnum og eru viðbótarkvótar ætlaðir til að tryggja meira svigrúm á markaðnum til innflutnings. Með því að úthluta einungis 3.000 kg tollkvóta hefur ekki tekist að tryggja nægilegt svigrúm á hinum almenna markaði fyrir hreindýrakjöt og því nauðsynlegt að hann verði aukinn nú þegar og enn fremur að tollkvótanum verði skipt innbyrðis milli afurða, þannig að hreindýrakjöt fái sérstakan tollkvóta og dádýra-, dúfu-, fasana-, lynghænu- og strútakjöt sérstakan.

255. Fyrirspurn [251. mál]

til heilbrigðisráðherra um óútskýrða áverka.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

Hversu margir koma árlega á bráðamóttöku með óútskýrða áverka, sundurliðað eftir kyni og aldri?

Skriflegt svar óskast.

256. Fyrirspurn [252. mál]

til samgönguráðherra um fjárhagslega stöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Er til yfirlit yfir fjárhagsstöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu, þ.m.t. aðila sem bjóða upp á gistingu og afþreyingu fyrir ferðamenn? Ef svo er, hvernig er fjárhagsstaða fyrirtækjanna, sundurliðað eftir landsvæðum og greinum ferðaþjónustunnar?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að gerð verði vönduð úttekt á þessum málum?
3. Kemur til greina að ríkisvaldið beiti sér fyrir endurfjármögnun og skuldbreytingum í ferðaþjónustunni til að styrkja atvinnugreinina?

257. Fyrirspurn [253. mál]

til samgönguráðherra um upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hversu margar upplýsingamiðstöðvar í ferðaþjónustu eru starfandi hér á landi og hvar eru þær?
2. Hvaða reglur gilda um starfsemi slíkra upplýsingamiðstöðva, m.a. varðandi kröfur um þjónustu?
3. Hver er stuðningur
   a. ríkis,
   b. sveitarfélaga,
   c. annarra opinberra aðila
   við einstakar upplýsingamiðstöðvar?
4. Hver er stefna ráðherra sem yfirmanns ferðamála varðandi hlutverk upplýsingamiðstöðva í ferðaþjónustu og þátt opinberra aðila í fjármögnun þeirra?

258. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um nefnd til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar.

Flm.: Örlygur Hnefill Jónsson.

Alþingi ályktar að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Nefndin skoði ítarlega hvernig eignir fólks á landsbyggðinni hafa rýrnað í verði og um hvaða fjármuni er að ræða, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta.

Nefndi ljúki störfum fyrir lok október 2003.

Greinargerð.

Fasteign fjölskyldu, þ.e. íbúðarhúsnæði hennar, er í flestum tilvikum megineign hinnar venjulegu fjölskyldu sem myndar grunn íslensks samfélags. Það skiptir því flestar fjölskyldur mestu um daglegt líf og velferð, framfærslu, aðbúnað og framtíðarmöguleika bæði fullorðinna og barna að eignir þeirra fari ekki forgörðum.

Tillaga þessi er flutt þar sem flutningsmaður telur brotalöm á því að fjölskyldur þessa lands njóti jafnræðis varðandi það að verðmæti þessara stærstu eigna þeirra, fasteignar fjölskyldunnar, sé tryggt. Ójafnræðið í þessu felst í bersýnilegum mun milli höfuðborgar og landsbyggðar. Fasteignir þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu hafa á árabilinu 1990–2000 hækkað verulega í verði umfram þær vísitölur sem notaðar hafa verið til að mæla verðlag og verðlagsþróun og tryggja fjárkröfur, t.d. lánastofnana. Það er vel að eignir fólks á höfuðborgarsvæðinu hafa aukist að verðgildi og að þróunin hafi verið sú. Þessu hefur ekki verið eins farið með eignir fólks á landsbyggðinni og hafa þær í raun rýrnað, í mörgum tilvikum stórlega, og er það illt og óviðunandi. Flutningsmaður telur að stjórnmálamenn og Alþingi

hafi ekki hugað að þessu sem skyldi og að tími sé kominn til að löggjafinn láti þetta mál til sín taka með einhverjum hætti.

Á 127. löggjafarþingi beindi flutningsmaður fyrirspurn til félagsmálaráðherra um þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis (þskj. 164, 163. mál). Í svari ráðherra (þskj. 276) kemur m.a. fram að meðalverð fasteigna á landsbyggðinni var 5.105.000 kr. árið 1990 en árið 2000 var það 7.486.000 kr. og er hækkunin á þessu árabili því 2.381.000 kr., eða 46,64%. Hér eru talin með nágrannasvæði höfuðborgarinnar en þar varð mesta verðhækkunin og því einstök önnur svæði með verri útkomu.

Þá kemur fram að meðalverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu var 6.850.000 kr. árið 1990 en árið 2000 var það 12.086.000 kr. og er hækkunin á þessu árabili því 5.236.000 kr., eða 76,37%.

Þess má geta að eignir sem seldar eru á landsbyggðinni eru undantekningarlítið stærri í fermetrum talið en þær sem seldar eru á höfuðborgarsvæðinu.

Ef skoðuð eru einstök dæmi úr svarinu um meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Í Reykjavík árið 1990 var fermetraverð 66.007 kr. og 2000 var það 109.605 kr. Hækkun er 43.598 kr. á fermetra, eða 66,05%.
- Í Ísafjarðarbæ árið 1990 var fermetraverð 41.508 kr. og 2000 var það 44.493 kr. Hækkun er 2.985 kr., eða 7,19%.
- Á Akureyri 1990 var fermetraverð 51.140 kr. og 2000 var það 75.934 kr. Hækkun er 24.794 kr. eða 48,48%. Þess ber að geta að Akureyri sker sig úr á landsbyggðinni utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar.
- Í Fjarðarbyggð 1990 var fermetraverð 39.148 kr. og 2000 var það 39.794 kr. Hækkun var 646 kr., eða 1,65%.

Á miðju ári 1990 var lánskjaravísitalan 2887 stig, en í júní 2000 var hún 3917 stig, þ.e. hækkun um 35,67%. Byggingarvísitalan var í júní 1990 170,3 stig, en í júní 2000 var hún 244,4 stig, þ.e. hækkun um 43,51%

Af þessu má sjá það skelfilega sem er að gerast varðandi eignir og fjármál fólks sem hefur bundið eignir sínar á landsbyggðinni ekki hvað síst til að vinna að gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið við sjávarútveg og tekið þannig þátt í nauðsynlegum útgerðar- og fiskvinnslukostnaði. Því hvar væru útgerð og fiskvinnsla ef fólk hefði ekki byggt og keypt fasteignir hringinn í kringum landið til að taka þátt í veiðum og framleiðslu sjávarfangs. Sama á við um aðra nauðsynlega atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og þjónustu við íbúana þar.

Þessi þingsályktunartillaga er sett fram til að þessi mál verði skoðuð ítarlega og athugað hvort einhver ráð séu tiltæk til að rétta hlut íbúa landsbyggðarinar í þessum efnum. Ljóst er að vistun opinberra starfa í höfuðborginni hefur stórlega styrkt eignir fólks þar. Ef fyrirheitum sem gefin voru í ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–97 hefði verið fylgt eftir hefði staða mála ekki verið með þeim hætti sem að framan greinir. Í ályktuninni segir: „Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.“

Niðurstaða á úttekt efnda þessara fyrirheita til handa landsbyggðafólki, sem unnin var fyrir stjórn Byggðastofnunar og lögð fram í febrúar 1999, sýndi m.a. að samtals fjölgaði stöðugildum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi um 455 en fækkaði í öðrum kjördæmum um 31. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs, á verðlagi 1997, hækkuðu milli áranna 1994 og 1997 um 6,4 milljarða kr. í Reykjavík, um 2,7 milljarða kr. í Reykjaneskjördæmi og um 1,1 milljarð kr. í öðrum kjördæmum. Útgjöld vegna grunnskólans eru ekki meðtalin.

Við skoðun til jöfnunar og leiðréttingar þessa misvægis hljóta öll ráð að koma til greina og má varpa því fram hvort tengja megi verðtryggingu lána opinberra byggingarsjóða við þann raunveruleika sem landsbyggðarfólk býr við. Ljóst er eins og mál standa nú að lán á eignum víða á landsbyggðinni hækka með allt öðrum hætti en verðgildi eignarinnar sem byggð var fyrir þau, með fyrirséðu eignaleysi lántakendanna. Því hlýtur það að vera lánastofnunum jafnt sem landsbyggðarfólki mikið hagsmunamál sem hér er flutt.

259. Tillaga til þingsályktunar [255. mál]

um könnun á áhrifum aðildar Íslands að Evrópusambandinu á landsbyggðina.

Flm.: Örlygur Hnefill Jónsson, Össur Skarphéðinsson,
Bryndís Hlöðversdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna líkleg áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á atvinnu- og byggðaþróun á landsbyggðinni.

Greinargerð.

Staða byggðamála á Íslandi er um margt sérstök miðað við nágrannalöndin. Þrátt fyrir mikla umræðu og tilraunir til að sporna við því að byggðir utan höfuðborgarsvæðisins veikist hefur á engan hátt náðst viðunandi árangur í að styrkja búsetu þar. Stöðugur fólksflutningur hefur verið síðustu áratugi af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið með þeim afleiðingum að staða annarra byggðarlaga hefur veikst. Þjóðhagsleg áhrif þessa hafa verið neikvæð þar sem fólk fer frá eignum og uppbyggingu sem fyrir er og á sama tíma þarf aukna uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu til að mæta þörfum hinna nýju íbúa.

Í ritinu *Byggðastefna til nýrrar aldar* sem unnið var fyrir Byggðastofnun af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, undir ritstjórn dr. Inga Rúnars Eðvarðssonar, kemur m.a. fram að Ísland sé eitt strjálbýlasta land Evrópu, með aðeins þrjá íbúa á ferkílómetra. Flestir Íslendingar búi hins vegar á tiltölulega afmörkuðu svæði og fyrir vikið sé hlutfall þéttbýlisstaða eitt hið hæsta í álfunni, 91,5% þjóðarinnar eigi heima í þéttbýli. Hér séu aðeins 10 þéttbýlisstaðir með fleiri en 2000 íbúa og 58,4% landsmanna búi á höfuðborgarsvæðinu og sé það hærra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndum. Um 1960 voru íbúar höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar álíka margir. Fólki út um land fjölgaði verulega fram undir 1980, en fjölgun hefur orðið lítil frá þeim tíma. Íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað mun örar og ef fram fer sem horfir verða þeir 66% þjóðarinnar árið 2025 (ef sama þróun og frá 1980 heldur áfram).

Af þessu má sjá sérstöðu Íslands bæði með tilliti til búsetudreifingar og styrkingar höfuðborgarinnar á kostnað landsbyggðar að því er íbúa varðar.

Ástæður þessa eru eflaust margslungnar og má nefna breytingar á atvinnuháttum, fjölbreytni atvinnulífsins, námsframboð, verðlag og framboð vöru og þjónustu, afþreyingarmöguleika o.s.frv.

Í umræðunni um byggðamál hefur oft verið leitað fanga til nálægra landa og þá helst Noregs og tekið dæmi um hvernig Norðmenn hafi tekið á vanda hinna dreifðu byggða síns stóra lands þannig að nokkur fyrirmynd sé að.

Það sem skilur Íslendinga og Norðmenn að varðandi árangur í byggðamálum er m.a. að efnahagur Noregs er í blóma og óþrjótandi tekjur, t.d. af olíu, hafa gert Norðmönnum kleift að vinna að byggðamálum með meiri sóma og markvissar en okkur Íslendingum. Það sem við eigum hins vegar sameiginlegt með Norðmönnum, ef litið er til þjóða Vestur-Evrópu, er að við stöndum utan Evrópusambandsins.

Ýmis aðildarríki Evrópusambandsins hafa unnið að því að efla og jafna byggðaþróun landa sinna svo sem Írland, Spánn, Portúgal og Grikkland. Þá er ljóst að Finnar, Svíar og Danir geta sótt fjármagn í byggðasjóði Evrópusambandsins til stuðnings sínum dreifðu byggðum.

Alþýðusamband Íslands hefur skoðað Evrópumálin og telur Evrópusamstarfið geta styrkt stöðu umbjóðenda sinna og sama er að segja um Samtök iðnaðarins sem einnig hafa skoðað Evrópumálin.

Um markmiðið með þessari tillögu gildir það sama fyrir landsbyggðina, þ.e. er að ríkisstjórnin fari í það þarfa verk að skoða af nákvæmni hvaða áhrif aðild að Evrópusambandinu gæti haft á landsbyggðina. Hún á nú mjög undir högg að sækja og fæstir ef nokkrir segja að okkur Íslendingum hafi tekist vel til í byggðamálum. Mál þessi brenna mjög á því fólki sem enn býr á landsbyggðinni og á þar lífsviðurværi sitt og ævistarf, t.d. í formi fasteigna. Ef niðurstaðan verður sú að íslensk landsbyggð gæti sótt styrk og þrótt og nýja tíma uppbyggingar og fólksfjölgunar með þátttöku okkar í Evrópusamstarfinu þýddi það einnig styrk og þrótt fyrir höfuðborgina og höfuðborgarsvæðið því að staða baklandsins skiptir máli og sterk landsbyggð mun efla sína höfuðborg.

260. Svar [81. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um launa- og starfskjör á vernduðum vinnustöðum.

1. *Hver eru launa- og starfskjör á vernduðum vinnustöðum, sundurliðað milli sambærilegra vinnu- og starfsþjálfunarstöðva, og gilda samræmdar reglur um launa- og starfskjör þar og mat á vinnugetu fatlaðra? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að settar verði reglur sem tryggi samræmd lágmarkskjör á vinnu- og starfsþjálfunarstöðvum fatlaðra?*

Líta verður svo á að þessi fyrirspurn vísi til c-liðar 1. gr. og 10. gr. reglugerðar um atvinnumál fatlaðra, nr. 376/1996. Leitað var upplýsinga um launa- og starfskjör hjá öllum vernduðum vinnustöðum á landinu og svörin sem hér fylgja eru byggð á upplýsingum frá þeim, um er að ræða eftirtalda staði:

- Ás, vinnustofa, Brautarholti 6, Reykjavík.
- Starfsþjálfunarstaðurinn Örvi, Kársnesbraut, Kópavogi.
- Múlalundur, Hátúni 10c, Reykjavík.
- Vinnustaðir ÖBÍ, Hátúni 10, Reykjavík.
- Blindravinnustofan, Hamrahlíð 17, Reykjavík.
- Stólpi, Lyngási 12, Egilsstöðum.
- Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur, Akureyri.
- Fjöliðjan, Dalbraut 10, Akranesi.
- Ásgarður, handverkstæði, Kópavogi.

- Vinnustofa Sólheima í Grímsnesi (svör bárust ekki við fyrirspurninni).
- Kertaverksmiðjan Heimaey, Vestmannaeyjum.

Launa- og starfskjör á einstökum vinnustöðum.

Ás, vinnustofa.
- Eigandi og rekstraraðili: Styrktarfélag vangefinna.
- Laun eru að meðaltali liðlega 200.000 kr. á ári á hvern starfsmann.
- Frá setningu laga um lífeyrissjóðsgreiðslur á öll laun hafa allir hjá Ási notið þeirra og allir fá greidda veikindadaga og orlofsdaga.

Starfsþjálfunarstaðurinn Örvi.
- Eigandi: Ríkissjóður.
- Rekstraraðili: Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi.
- Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Eflingar fyrir 70% viðverutíma.
- Á 30% viðverutíma fer fram þjálfun, kennsla, fundir og annar stuðningur.
- Staðurinn greiðir launagjöld nema veikindadaga.

Múlalundur.
- Eigandi og rekstraraðili: SÍBS.
- Laun eru greidd samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið. Öll launatengd gjöld eru greidd.
- Ráðningarform er tvenns konar:
  - Fastráðnir starfsmenn, laun frá 352,42 kr. til 509,94 kr. á klst. og fara þau eftir afköstum og getu.
  - Sex mánaða ráðningasamningar, þ.e. starfshæfing, en þar eru greiddar 352,42 kr. á klst.
- Mat á starfsgetu er á ábyrgð forstöðumanns.

Vinnustaðir ÖBÍ.
- Laun eru samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið.
- Öll launatengd gjöld eru greidd.
- Mat á starfsgetu er á ábyrgð forstöðumanns.

Blindravinnustofan.
- Eigandi og rekstraraðili: Blindrafélagið.
- Laun eru samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið.
- Öll launatengd gjöld eru greidd.
- Mat á starfsgetu er á ábyrgð forstöðumanns.

Stólpi.
- Eigandi húsnæðis: Egilsstaðakaupstaður.
- Rekstraraðili: Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi.
- Laun eru greidd í hlutfalli við mat á starfsgetu:
  1. 70% starfsgeta – 327,81 kr. á klst., sem eru hæstu laun sem þar eru greidd.
  1. 60% starfsgeta – 280,98 kr. á klst.
  1. 45% starfsgeta – 210,73 kr. á klst., sem eru lægstu laun sem þar eru greidd.
- Öll framlög tengd launagreiðslum eru greidd samkvæmt lögum þar um sem tóku gildi 1. júlí 1998.

Plastiðjan Bjarg.
- Eigandi húsnæðis: Höldur ehf.
- Rekstraraðili: Akureyrarbær.
- Vinnulaun eru í sama formi og hjá vinnustofum ÖBÍ.

- Öll framlög tengd launagreiðslum eru greidd samkvæmt lögum þar um sem tóku gildi 1. júlí 1998.

Fjöliðjan.

- Eigandi húsnæðis: Ríkissjóður 91% og Akraneskaupstaður 9%.
- Rekstraraðili: Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi.
- Laun samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Borgarness með breytingum sem varða starfsgetu.
- Launakerfið samanstendur af fimm launaflokkum:
  - 100% laun, hæfing 0.
  - 70% laun, hæfing 30%.
  - 45% laun, hæfing 55%.
  - 25% laun, hæfing 75%.
  - 0% laun, hæfing 100%.
- Reiknað er með að stéttarfélögin hafi eftirlit þarna eins og gagnvart öðrum launþegum.
- Fjöliðjan hefur frá stofnun árið 1984 greitt í lífeyrissjóð lögbundið framlag af launum starfsmanna og önnur launagjöld.

Ásgarður.

- Eigandi og rekstraraðili: Sjálfseignarstofnun.
- Föst mánaðarlaun eru frá 8.000 kr. til 12.000 kr. fyrir vinnu frá 9.00–16.00.
- Að auki koma til ýmsar bónusgreiðslur en þær eru oft bundnar ákveðnum verkefnum eða til hvatningar. Bónusgreiðslur er frá 6.000 kr. á ári til 2.000 kr. á mánuði.
- Tveir einstaklingar eru á því sem kallast sérsamningur og launin eru annars vegar 20.000 kr. og hins vegar 40.000 kr. á mánuði. Í báðum tilvikum er miðað við hálfsdagsstarf.
- Ásgarður starfar samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið og Svæðisskrifstofur Reykjavíkur og Reykjaness ásamt samningum við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Þessir samningar eru gerðir á grundvelli laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og reglugerðar nr. 376/1996, um atvinnumál fatlaðra. Samkvæmt þessum samningum er eftirlit í höndum Svæðisráðs Reykjaness og Reykjavíkur í samræmi við lögin og 5. gr. reglugerðar nr. 142/1993, um svæðisráð málefna fatlaðra.

Heimaey, kertaverksmiðja.

- Eigandi: Ríkissjóður.
- Rekstraraðili: Vestmannaeyjabær.
- Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Eflingar – stéttarfélags við ríkið og miðast laun við lífaldur og starfsreynslu viðkomandi. Núna starfa 18 einstaklingar með fötlun á verndaðum vinnustað og skiptast launakjör þeirra þannig: Einn er í 50% starfi og fær í laun 50% af taxta Eflingar, 281,41 kr. á klst. Einn er í iðju í 25% og fær í laun 50% af taxta Eflingar, 271,01 kr. á klst. 16 einstaklingar eru í verndaðri vinnu í 50% starfi og fá í laun 80% af taxta Eflingar. Mismunandi er hvað tímakaupið er og fer það eftir lífaldri og starfsreynslu en er á bilinu 409,81 til 450,01 kr. á klst.
- Starfsmenn með fötlun eru ekki meðlimir í stéttarfélagi.
- Hagsmuna gæta þeir sjálfir og aðstandendur þeirra.
- Starfsmenn hafa allir greitt í Lífeyrissjóð Vestmannaeyja a.m.k. síðastliðin 10 ár.
- Ákvæði laga um skyldu til greiðslu í lífeyrissjóð hafa verið virt.

Samræming á milli vinnustaða.

Samræmt mat er ekki í gildi á milli þeirra vinnustaða sem falla undir 4. tölul. 1. gr. reglugerðar um atvinnumál fatlaðra. Mismunandi form hafa verið skoðuð og reynd en þarfirnar

eru mjög breytilegar, getustigið mismunandi og umhverfið allt ólíkt frá einum stað til annars.

Félagsmálaráðuneyti hefur með þjónustusamningum, sem gerðir hafa verið undanfarið, sett upp samræmdar viðmiðanir um laun og starfskjör. Sérstök ákvæði eru um þetta í samningum félagsmálaráðuneytisins við ÖBÍ., Blindrafélagið og SÍBS vegna Múlalundar. Í fylgiskjali með samningum stendur eftirfarandi:

„Laun fatlaðra starfsmanna.

Gert er ráð fyrir því að launastefna vegna fatlaðra starfsmanna taki mið af tvískiptingu starfsemi í framleiðslu og starfsþjálfun. Gerð er sú krafa að fyrir alla framleiðslu verði a.m.k. greidd lágmarkslaun og að starfsmenn njóti þeirra réttinda og beri þær skyldur sem launuð vinna felur í sér. Hins vegar verði ekki greidd nein laun eða þóknun fyrir starfsþjálfun.

Samkvæmt þessu þarf að fara fram mat á starfsgetu hvers einstaklings. Matið verði m.a. notað til að skipta viðveru niður í framleiðslu annars vegar og starfsþjálfun hins vegar. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir því að þessir tveir þættir verði aðgreindir í daglegu starfi heldur verði þeir samþættir. Starfsmönnum verði skipt eftir starfsgetu, t.d. eins og gert er í töflu 2.

Tafla 2. Skipting starfsmanna á vernduðum vinnustöðum eftir starfsgetu.

	Hlutfall framleiðslu	Hlutfall starfsþjálfunar	Laun (miðað við 84 þús. kr. lágmarkslaun)
Mikil starfsgeta	90%	10%	75.600
Fremur mikil starfsgeta	70%	30%	58.800
Fremur lítil starfsgeta	50%	50%	42.000
Lítil starfsgeta	30%	70%	25.200

Fari hlutfall framleiðslu undir 30% er ekki gerð krafa um launagreiðslur.

Þar sem gengið er út frá því að meðalstarfsgeta sé um 60% er miðað við að meðallaunagreiðslur til fatlaðra starfsmanna verði ekki lægri en 60% af lágmarkslaunum. Tekið skal fram að hér er um lágmarksviðmið að ræða. Hærri launagreiðslur eru að sjálfsögðu heimilar standi framleiðsla undir slíku."

Félagsmálaráðuneytið mun halda áfram að stuðla að frekari samræmingu launa og starfskjara þeirra sem hér um ræðir þar sem því verður komið við.

Það gerir málið flókið að starfsemi sumra þessara staða er blönduð starfsemi hæfingar og og verndaðrar vinnu. Nauðsynlegt er þó að tryggja að samræmt vinnulag sé notað á öllum vinnu- og starfsþjálfunarstöðum við að meta mismunandi þarfir fyrir þjónustu. Ráðuneytið mun halda áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð með þjónustusamningum í því að tryggja að samræmt vinnulag sé viðhaft við ákvörðun um kaup og kjör á vernduðum vinnustöðum.

2. Hverjir gæta hagsmuna fatlaðra varðandi kaup og kjör á vernduðum vinnustöðum?

Ýmsir gæta hagsmuna fatlaðra.

- Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra.
- Stéttarfélög.
- Trúnaðarmenn fatlaðra.
- Í samningum sem ráðuneytið hefur gert að undanförnu hafa verið ákvæði sem hafa það að markmiði að tryggja enn frekar réttindi þeirra sem starfa samkvæmt þeim. Settur hefur verið á laggirnar samstarfshópur sem er skipaður fulltrúum frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og rekstraraðilum verndaðra vinnustaða. Samstarfshópnum er ætlað að veita ráðgjöf um áherslur í atvinnu-

málum fatlaðra og þá sérstaklega varðandi starfsemi verndaðra vinnustaða. Samstarfshópurinn leitast við að tryggja nauðsynlega samhæfingu verndaðra vinnustaða og annarra sem koma að avinnnumálum fatlaðra í Reykjavík. Félagsmálaráðuneytið mun á næstunni vinna enn frekar að þróun þessara vinnubragða.
- Þeir sjálfir og aðstandendur þeirra.

3. *Hvernig hefur lífeyrisréttindum fatlaðra verið háttað á hverri vinnu- og starfsþjálfunarstöð fyrir sig síðustu fimm ár og hafa verið virt ákvæði laga um skyldu til greiðslu í lífeyrissjóð? Óskað er eftir að greint verði frá hvernig málum þessum er háttað á hverjum stað fyrir sig.*

Lífeyrisgreiðslur.

Ás, vinnustofa	Lífeyrisgreiðslur hófust 1. júlí 1998.
Örvi	Sama.
Múlalundur	Lífeyrisgreiðslur hófust 1. september 1997.
Vinnustaðir ÖBÍ	Lífeyrisgreiðslur hófust 1. júlí 1998.
Blindravinnustofan	Lífeyrisgreiðslur a.m.k. í 5 ár.
Stólpi	Lífeyrisgreiðslur hófust 1. júlí 1998.
Bjarg	Lífeyrisgreiðslur hófust 1. júlí 1998.
Fjöliðjan	Frá upphafi, 1984.
Ásgarður	Ekkert greitt.
Heimaey	Frá 1992.
Sólheimar	Svör bárust ekki.

261. Svar [135. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um aðkeypta ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og stofnana.

1. *Hver var kostnaðurinn við aðkeypta ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og stofnana þeirra árin 1999–2001? Svarið óskast skipt eftir árum og sundurgreint milli ráðuneyta og undirstofnana.*

Í töflunni hér á eftir eru umbeðnar upplýsingar um kaup ráðuneyta og stofnana þeirra á ráðgjafarþjónustu árin 1999–2001. Svarið er unnið í samvinnu við Fjársýslu ríkisins. Við mat á umfangi aðkeyptrar sérfræðiþjónustu var litið á eftirfarandi tegundaliði í bókhaldi ríkisins:
- Viðskiptafræðingar, endurskoðendur, rekstrarráðgjöf.
- Lögfræðingar.
- Verkfræðingar, arkitektar, tæknifræðingar.
- Sálfræðingar, félagsfræðingar.
- Náttúru- eðlis- og efnafræðingar.
- Þýðendur, túlkar.
- Önnur sérfræðiþjónusta.

Samtals keyptu ráðuneyti og stofnanir þeirra ráðgjafarþjónustu fyrir 2.004 millj. kr. árið 1999, 2.451 millj. kr. árið 2000 og 2.944 millj. kr. árið 2001.

Aðkeypt ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og stofnana.

Stofnun	Heiti stofnunar	Sérfræðiþjónusta samtals 1999	2000	2001
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**79.033.647**	**54.018.350**	**65.747.229**
00 101	Embætti forseta Íslands	2.183.580	637.061	325.766
00 201	Alþingi	7.211.003	17.347.715	16.108.364
00 205	Framkvæmdir á Alþingisreit	40.878.819	9.442.607	20.607.900
00 301	Ríkisstjórn	-53.491		
00 610	Umboðsmaður Alþingis	2.435.458	2.700.460	2.388.818
00 620	Ríkisendurskoðun	26.378.278	23.890.507	26.316.381
01	**Forsætisráðuneyti**	**72.869.193**	**228.015.587**	**167.445.216**
01 101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	3.673.895	3.724.687	8.233.967
01 190	Ýmis verkefni	52.460.917	213.682.378	143.123.423
01 201	Fasteignir forsætisráðuneytis	368.860	128.138	92.851
01 211	Þjóðhagsstofnun	2.766.239	1.183.550	1.356.651
01 231	Norræna ráðherranefndin	413.608	116.061	371.882
01 241	Umboðsmaður barna	205.062	39.000	480.270
01 251	Safnahús	6.359.088	4.633.211	2.707.085
01 253	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn			600.600
01 261	Óbyggðanefnd	645.296	3.372.991	5.835.727
01 271	Ríkislögmaður	3.799.673	441.603	1.274.049
01 303	Kristnihátíðarsjóður			372.501
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	2.176.555	693.968	2.996.210
02	**Menntamálaráðuneyti**	**387.192.326**	**436.166.585**	**480.800.207**
02 101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.944.898	4.012.879	5.917.657
02 201	Háskóli Íslands	187.604.360	221.204.812	227.184.170
02 202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	297.113	2.603.814	853.589
02 203	Raunvísindastofnun Háskólans	2.688.202	8.810.909	8.541.057
02 204	Stofnun Sigurðar Nordals	306.746	751.282	272.248
02 205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	1.968.821	2.594.049	1.075.251
02 206	Orðabók Háskólans	160.404		142.162
02 207	Íslensk málstöð	2.021.367	899.149	606.274
02 208	Örnefnastofnun Íslands	51.800	89.250	454.385
02 210	Háskólinn á Akureyri	17.892.806	22.157.882	21.529.276
02 211	Tækniskóli Íslands	844.083	1.993.463	6.154.071
02 215	Kennaraháskóli Íslands	15.793.142	21.545.984	20.565.133
02 223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	13.263.203	17.817.621	10.723.368
02 231	Rannsóknarráð Íslands	3.262.829	2.682.816	9.220.570
02 235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	2.898.400	582.775	2.338.300
02 236	Vísindasjóður	2.871.000	4.662.005	5.094.850
02 237	Tæknisjóður	4.493.400	4.827.256	6.527.958
02 238	Bygginga- og tækjasjóður	547.048	203.000	272.000
02 239	Rannsóknarnámssjóður	401.000	496.000	478.400
02 269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	1.376.415	819.096	5.428.775
02 299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi		230.000	400.000
02 301	Menntaskólinn í Reykjavík	382.258	259.166	138.900
02 302	Menntaskólinn á Akureyri	842.097	3.523.998	2.336.743
02 303	Menntaskólinn á Laugarvatni	530.795	433.500	305.000
02 304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	752.541	2.550.789	4.896.228
02 305	Menntaskólinn við Sund	3.045.059	192.834	466.302
02 306	Framhaldsskóli Vestfjarða	24.439	50.825	99.713
02 307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.170.972	1.484.407	2.092.126

Stofnun	Heiti stofnunar	Sérfræðiþjónusta samtals 1999	2000	2001
02 308	Menntaskólinn í Kópavogi	409.766	966.692	964.999
02 309	Kvennaskólinn í Reykjavík	748.100	645.000	250.000
02 316	Fasteignir framhaldsskóla	3.529.346	4.708.103	6.637.873
02 318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	10.673.630	4.507.319	4.587.554
02 319	Framhaldsskólar, almennt	15.445.529	7.615.088	7.734.319
02 350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.485.919	1.129.216	1.332.469
02 351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	7.604.659	6.067.953	13.252.284
02 352	Flensborgarskóli	4.273.753	2.707.337	1.136.864
02 353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.624.599	754.605	1.272.320
02 354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	240.247	705.615	623.405
02 355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum		250.000	295.051
02 356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	417.890	722.765	298.251
02 357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	354.967	378.917	322.690
02 358	Verkmenntaskóli Austurlands	367.762	1.330.354	449.523
02 359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.846.549	5.501.552	5.306.873
02 360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.671.115	2.622.531	3.467.421
02 361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	828.175	503.250	436.035
02 362	Framhaldsskólinn á Húsavík	175.930	214.856	110.729
02 363	Framhaldsskólinn á Laugum	721.670	5.860	38.090
02 365	Borgarholtsskóli	1.823.745	4.837.535	6.480.219
02 430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	1.272.142	610.647	336.497
02 441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	10.000	241.149	301.488
02 451	Símenntun og fjarvinnsluverkefni		4.255	475.756
02 506	Vélskóli Íslands	46.000	116.500	2.146.668
02 507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	981.707	1.480.504	2.948.363
02 514	Iðnskólinn í Reykjavík	1.765.482	670.635	3.357.417
02 516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	12.000		122.106
02 551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	113.525		
02 561	Myndlistar- og handíðaskóli Íslands	7.827.214		
02 562	Leiklistarskóli Íslands	40.000	570.000	
02 564	Listdansskólinn	248.670	59.819	23.018
02 610	Fasteignir héraðsskóla	387.500	1.571.313	
02 720	Grunnskólar, almennt	3.394.080	1.904.763	2.872.258
02 725	Námsgagnastofnun	544.746	655.344	333.459
02 804	Kvikmyndaskoðun	25.800		45.000
02 884	Jöfnun á námskostnaði			93.686
02 902	Þjóðminjasafn Íslands	11.714.890	5.624.013	7.262.994
02 903	Þjóðskjalasafn Íslands	435.900	1.253.164	5.020.656
02 905	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2.257.637	2.353.903	2.821.528
02 906	Listasafn Einars Jónssonar	260.547	25.187	20.000
02 907	Listasafn Íslands	254.932	597.876	2.807.422
02 909	Blindrabókasafn Íslands	2.272.233	3.133.304	3.965.328
02 919	Söfn, ýmis framlög			112.000
02 969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	5.704.089	7.997.797	8.454.706
02 972	Íslenski dansflokkurinn	193.500	44.398	82.421
02 973	Þjóðleikhús			1.236.444
02 978	Listasjóðir	29.913		
02 979	Húsafriðunarsjóður	7.723.196	11.805.044	9.401.513
02 980	Listskreytingasjóður	310.656	281.544	202.762
02 981	Kvikmyndasjóður	1.018.383	1.653.870	5.709.745
02 982	Listir, framlög	1.903.800	1.897.447	2.699.537
02 983	Ýmis fræðistörf	4.521.477	4.802.334	8.698.041
02 984	Norræn samvinna	1.689.501	1.012.440	787.995

Stofnun	Heiti stofnunar	Sérfræðiþjónusta samtals 1999	2000	2001
02 985	Alþjóðleg samskipti	854.416	447.500	508.500
02 988	Æskulýðsmál	541.300	105.600	300.000
02 989	Ýmis íþróttamál	299.717	240.363	938.203
02 995	Tungutækni		741.398	2.311.600
02 996	Íslenska upplýsingasamfélagið	2.615.976	9.235.397	5.222.661
02 999	Ýmislegt	242.848	1.374.968	68.960
03	**Utanríkisráðuneyti**	**47.298.137**	**53.332.181**	**65.042.745**
03 101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	27.967.624	19.600.885	18.268.849
03 190	Ýmis verkefni	1.707.106	201.182	10.888.298
03 201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	99.750	1.349.938	1.971.220
03 211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	6.683.205	19.175.705	16.908.023
03 301	Sendiráð Íslands í Berlín	831.010	5.027	47.078
03 302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	107.645	104.095	
03 303	Sendiráð Íslands í London	102.468	105.767	43.331
03 304	Sendiráð Íslands í Moskvu	161.287	313.695	210.651
03 306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	364.828	673.500	498.051
03 307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi			8.528
03 308	Sendiráð Íslands í Washington	894.389	300.197	174.098
03 309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York		61.931	536.564
03 310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópu-sambandinu		1.011.268	108.286
03 311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafs-bandalaginu	219.896	63.574	
03 314	Sendiráð Íslands í Peking		48.073	36.822
03 315	Sendiráð Íslands í Ottawa	6.737	56.902	313.186
03 316	Sendiráð Íslands í Tókíó			4.760.430
03 320	Sendiráð, almennt	1.574.773	1.557.056	1.153.981
03 390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	6.330.939	7.638.406	7.314.570
03 391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	144.000	843.480	
03 401	Alþjóðastofnanir	102.480	221.500	1.800.779
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**35.932.343**	**74.752.770**	**74.331.687**
04 101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	907.867	969.727	3.667.666
04 190	Ýmis verkefni	2.991.307	5.852.880	5.652.115
04 211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	570.324	1.288.398	2.796.044
04 221	Veiðimálastofnun	40.500	4.660.901	3.006.847
04 222	Veiðimálastjóri	19.000		1.445.079
04 233	Yfirdýralæknir	67.779	37.001	1.737.465
04 236	Aðfangaeftirlit ríkisins	6.000		177.101
04 261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	8.993.527	10.389.602	19.511.558
04 271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	2.237.178	6.609.874	6.030.334
04 283	Garðyrkjuskóli ríkisins	6.460.871	7.740.093	12.149.185
04 293	Hagþjónusta landbúnaðarins	2.648.553	1.989.570	2.296.718
04 311	Landgræðsla ríkisins	3.272.678	3.177.261	3.510.144
04 321	Skógrækt ríkisins	3.184.190	3.252.757	2.864.576
04 324	Landgræðslusjóður	93.688		
04 331	Héraðsskógar	45.457	297.440	365.373
04 343	Landshlutabundin skógrækt	3.400	1.920.726	2.467.952
04 805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu		3.310.430	1.453.565
04 831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	4.302.874	6.881.055	5.180.045
04 843	Fiskræktarsjóður	87.150	817.342	

Stofnun	Heiti stofnunar	Sérfræðiþjónusta samtals 1999	2000	2001
04 851	Greiðslur vegna riðuveiki		164.700	
04 891	Sérstakar greiðslur í landbúnaði		15.393.013	19.920
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**48.599.688**	**66.370.389**	**68.726.933**
05 101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	1.905.964	3.118.175	1.664.211
05 190	Ýmis verkefni	8.268.587	6.687.922	21.180.471
05 202	Hafrannsóknastofnunin	14.108.700	21.112.852	28.804.019
05 203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	7.325.111	4.280.878	5.164.170
05 204	Fiskistofa	2.993.380	7.281.194	2.411.629
05 207	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	1.062.778	324.746	250.435
05 208	Bygging hafrannsóknaskips	7.149.798	14.796.167	3.084.506
05 211	Kvótaþing	23.400	144.300	129.910
05 213	Verðlagsstofa skiptaverðs	1.723.550	3.164.561	3.052.461
05 272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	3.902.800	5.293.546	2.817.343
05 901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	135.620	166.048	167.778
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**226.147.562**	**298.784.477**	**336.018.397**
06 101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.527.567	5.148.819	4.972.729
06 103	Lagasafn		135.200	165.600
06 111	Kosningar	148.700		
06 190	Ýmis verkefni	33.210.037	31.385.445	9.832.288
06 201	Hæstiréttur	206.775	76.582	116.400
06 210	Héraðsdómstólar	303.796	934.423	1.093.415
06 231	Málskostnaður í opinberum málum	98.320.513	146.632.079	166.064.810
06 232	Opinber réttaraðstoð	61.608.275	73.963.589	68.840.994
06 235	Bætur brotaþola	838.252	202.125	
06 251	Persónuvernd		254.608	26.054.396
06 301	Ríkissaksóknari	81.573	191.895	132.892
06 303	Ríkislögreglustjóri	949.288	4.080.861	3.599.704
06 305	Lögregluskóli ríkisins	190.820	402.502	1.009.500
06 311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.559.266	3.149.200	3.108.320
06 321	Almannavarnir ríkisins	1.309.179	666.475	557.240
06 331	Umferðarráð	1.463.930	1.468.052	1.295.628
06 390	Ýmis löggæslumál	6.325.960	1.500.000	2.768.880
06 395	Landhelgisgæsla Íslands	3.424.236	10.164.014	22.594.664
06 397	Schengen-samstarf	461.653	971.802	3.134.133
06 398	Útlendingaeftirlitið	1.356.248	586.444	325.318
06 411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	164.813	1.285.429	2.845.654
06 413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	-27.677		
06 416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	6.200		
06 417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	9.222		
06 418	Sýslumaðurinn á Ísafirði		21.000	37.500
06 420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	61.745	-64.565	
06 421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	64.980	112.966	101.989
06 423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði		24.500	
06 424	Sýslumaðurinn á Akureyri	5.000	3.500	99.011
06 425	Sýslumaðurinn á Húsavík	30.000		10.221
06 427	Sýslumaðurinn í Neskaupstað	8.280		
06 428	Sýslumaðurinn á Eskifirði			20.000
06 429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	94.167	54.180	152.750
06 431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli			61.262
06 432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	145.184	2.390	37.815
06 433	Sýslumaðurinn á Selfossi	9.615		31.535
06 434	Sýslumaðurinn í Keflavík		20.000	

Stofnun	Heiti stofnunar	Sérfræðiþjónusta samtals 1999	2000	2001
06 436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	271.310	102.846	3.500
06 437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	358.190	190.208	243.441
06 490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	211.799	1.077.864	5.466.550
06 501	Fangelsismálastofnun ríkisins	1.324.226	3.841.845	2.305.965
06 591	Fangelsisbyggingar		130.200	854.894
06 701	Biskup Íslands	5.124.440	10.067.999	8.079.399
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**65.659.282**	**84.857.621**	**73.306.402**
07 101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	8.141.497	12.622.104	5.054.917
07 190	Ýmis verkefni			2.826.392
07 302	Ríkissáttasemjari	754.412	262.592	
07 311	Jafnréttisráð	1.204.648	955.960	
07 313	Jafnréttisstofa		593.600	2.013.902
07 331	Vinnueftirlit ríkisins	1.486.163	3.622.338	869.473
07 400	Barnaverndarstofa	23.023.623	23.820.392	31.296.863
07 401	Barnaverndarráð	122.500	248.973	979.563
07 700	Málefni fatlaðra			152.589
07 701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	793.067	988.999	691.974
07 702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	625.416	1.784.629	1.251.240
07 703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	121.400	189.699	46.363
07 704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	146.947	497.307	529.500
07 706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			100.000
07 707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	440.500	780.034	1.135.792
07 708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	306.111	102.147	518.895
07 750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.899.468	6.324.316	5.869.661
07 795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	9.631.428	12.249.345	2.940.715
07 980	Vinnumálastofnun	3.399.036	2.911.086	2.865.920
07 981	Vinnumál	420.221	62.490	215.926
07 982	Ábyrgðasjóður launa	9.844.882	11.656.295	13.119.094
07 984	Atvinnuleysistryggingasjóður	1.909.243	604.395	355.000
07 996	Íslenska upplýsingasamfélagið			188.000
07 999	Félagsmál, ýmis starfsemi	388.720	4.580.920	284.623
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**314.189.284**	**287.651.701**	**404.323.401**
08 101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	16.151.533	19.525.089	10.512.211
08 201	Tryggingastofnun ríkisins	30.568.274	32.298.269	24.018.632
08 301	Landlæknir	5.440.124	8.398.412	9.960.308
08 311	Héraðslæknir í Reykjavík		426.000	702.940
08 324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	47.360	3.734	427.473
08 326	Sjónstöð Íslands	249.568	190.742	16.475
08 327	Geislavarnir ríkisins	52.215		690.284
08 330	Manneldisráð	77.750	222.009	728.831
08 358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	8.532.203	19.823.727	12.483.019
08 368	Sólvangur, Hafnarfirði	906.182	629.127	833.557
08 370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	2.582.896	7.798.164	10.347.690
08 371	Ríkisspítalar	63.978.163		
08 373	Landspítali, háskólasjúkrahús	3.994.500	119.603.775	240.295.904
08 375	Sjúkrahús Reykjavíkur	100.320.202		
08 379	Sjúkrahús, óskipt	5.859.900		
08 381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	2.723.250		160.643
08 385	Framkvæmdasjóður aldraða	868.372	432.740	
08 393	Lyfjamál		1.200.000	
08 395	Lyfjaeftirlit ríkisins	735.244	330.000	

Stofnun	Heiti stofnunar	Sérfræðiþjónusta samtals 1999	2000	2001
08 396	Lyfjanefnd		235.000	
08 397	Lyfjastofnun			368.069
08 399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	28.215.115	21.544.469	28.448.142
08 400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	1.671.512	2.816.706	4.464.880
08 490	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	1.781.140	1.234.835	1.971.175
08 495	Daggjaldastofnanir	535.161	671.569	
08 500	Heilsugæslustöðvar, almennt	3.441.960	852.083	1.375.116
08 501	Sjúkraflutningar	-26.460	155.725	
08 505	Heilsugæsla í Reykjavík	936.114	3.580.716	4.589.605
08 510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	5.561.189	6.733.999	7.700.387
08 522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi		198.604	652.800
08 524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	21.807	68.600	
08 525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði			31.462
08 551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	369.307	381.638	499.402
08 552	Heilsugæslustöðin Dalvík		84.204	
08 558	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	281.461		
08 565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	15.423		
08 574	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	62.800	152.162	8.000
08 576	Heilsugæslustöðin Laugarási	20.000	183.403	
08 578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	94.916	191.095	459.006
08 579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn			248.354
08 582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	501.936	161.800	2.662.049
08 583	Heilsugæslustöðin Garðabæ		146.507	362.100
08 584	Heilsugæsla í Kópavogi	882.401	3.122.718	587.436
08 585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi		421.446	28.916
08 586	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	193.158	461.800	79.518
08 621	Forvarnasjóður	266.990	5.037.371	1.300.135
08 711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	978.322	1.845.049	2.366.604
08 721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	216.000	844.530	1.225.637
08 725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	3.417.569	1.692.222	941.938
08 731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	236.055	701.186	117.880
08 735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík		389.903	358.367
08 741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	343.694	21.000	41.414
08 745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	446.698	496.684	931.151
08 751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	1.372.960	2.851.468	3.676.691
08 755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	222.030	605.621	1.927.290
08 761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	2.304.005	2.980.158	3.987.920
08 765	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	3.593.835		
08 771	Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	79.824		
08 775	Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	370.787		
08 777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	224.100	3.949.366	2.353.705
08 781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	1.653.078	1.708.556	1.737.084
08 785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	1.264.034	290.989	218.317
08 791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	9.302.200	8.951.481	11.409.367
08 996	Íslenska upplýsingasamfélagið	250.427	1.005.250	6.015.517
09	**Fjármálaráðuneyti**	**159.068.052**	**149.172.362**	**289.653.348**
09 101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	7.250.435	8.431.546	12.116.389
09 103	Ríkisbókhald	130.300	97.164	156.650
09 104	Ríkisfjárhirsla	381.819	151.944	123.100
09 201	Ríkisskattstjóri	1.376.124	1.108.891	390.489
09 202	Skattstofan í Reykjavík	10.800	15.000	3.550
09 204	Skattstofa Vestfjarða		3.500	
09 207	Skattstofa Austurlands		5.664	

Stofnun	Heiti stofnunar	Sérfræðiþjónusta samtals 1999	2000	2001
09 208	Skattstofa Suðurlands	30.418	24.835	
09 212	Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld		75.840	3.415.878
09 214	Yfirskattanefnd	718.849	173.008	1.016.000
09 215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	404.078	190.000	603.938
09 250	Innheimtukostnaður	42.931.102	38.608.242	32.972.453
09 261	Ríkistollstjóri	1.937.553	1.783.840	
09 262	Tollstjórinn í Reykjavík	-2.400.855	-5.830.177	-6.442.519
09 402	Fasteignamat ríkisins	5.701.612	11.905.140	9.974.427
09 481	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	40.000		
09 901	Framkvæmdasýsla ríkisins	8.506.785	7.383.613	5.831.843
09 905	Ríkiskaup	2.182.659	1.536.172	498.691
09 972	Lánasýsla ríkisins	3.501.447	5.535.223	4.490.418
09 980	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	94.626	409.046	1.376.316
09 981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1.930.805	2.817.385	1.381.551
09 984	Fasteignir ríkissjóðs	47.861.217	26.630.091	20.796.856
09 995	Skýrsluvélakostnaður	806.662	18.400.300	172.531.305
09 996	Íslenska upplýsingasamfélagið		1.944.999	
09 999	Ýmis verkefni	35.671.616	27.771.096	28.416.013
10	**Samgönguráðuneyti**	**381.170.111**	**481.610.359**	**571.716.863**
10 101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	10.300.442	14.869.553	10.346.920
10 190	Ýmis verkefni	6.997.282	5.581.702	5.329.325
10 211	Vegagerðin	170.249.767	236.132.260	336.352.899
10 335	Siglingastofnun Íslands	7.741.972	10.445.546	15.221.902
10 471	Flugmálastjórn	153.869.413	185.146.245	184.258.696
10 481	Rannsóknanefnd flugslysa	19.750	51.600	786.880
10 512	Póst- og fjarskiptastofnunin	2.939.711	4.275.609	2.388.275
10 651	Ferðamálaráð	29.051.774	25.107.844	17.031.966
11	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**92.110.184**	**107.617.187**	**143.473.725**
11 101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	3.975.227	166.429	757.199
11 102	Einkaleyfastofan	4.726.775	3.919.190	5.710.824
11 201	Iðntæknistofnun Íslands	20.571.432	15.473.566	16.337.756
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	14.378.235	9.064.343	5.374.396
11 240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	2.852.212	1.240.615	998.200
11 299	Iðja og iðnaður, framlög	14.087.337	18.182.065	12.705.106
11 301	Orkustofnun	27.646.054	55.833.591	94.658.693
11 399	Ýmis orkumál	3.872.912	3.737.388	4.189.451
11 411	Byggðastofnun			2.742.100
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**27.279.575**	**28.647.324**	**33.487.282**
12 101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	10.046.294	4.858.182	3.712.567
12 190	Ýmis verkefni	1.290.000	96.084	1.248.000
12 302	Löggildingarstofa	9.386.639	12.388.525	14.511.223
12 402	Fjármálaeftirlitið	2.730.360	3.649.335	4.759.618
12 902	Samkeppnisstofnun	3.826.282	7.655.198	9.255.874
13	**Hagstofa Íslands**	**1.663.954**	**1.513.346**	**1.994.396**
13 101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	1.663.954	1.513.346	1.994.396
14	**Umhverfisráðuneyti**	**66.181.463**	**99.049.256**	**168.479.379**
14 101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	2.167.608	10.009.243	7.969.519
14 190	Ýmis verkefni	3.557.839	4.252.898	25.231.079

Stofnun	Heiti stofnunar	Sérfræðiþjónusta samtals 1999	2000	2001
14 202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	1.639.078	748.100	3.525.864
14 205	Náttúruvernd ríkisins	9.649.833	6.458.292	5.697.465
14 210	Veiðistjóri		23.700	388.828
14 213	Hreindýraráð	68.331	207.624	396.633
14 221	Hollustuvernd ríkisins	3.808.466	3.155.105	3.818.411
14 281	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	11.482		
14 283	Hreinsun umhverfis			2.838.495
14 285	Spilliefnasjóður	483.850	628.950	586.950
14 301	Skipulagsstofnun	5.402.371	4.792.062	3.696.933
14 303	Skipulagsmál sveitarfélaga			275.597
14 310	Landmælingar Íslands	5.714.488	17.061.803	43.134.039
14 321	Brunamálastofnun ríkisins	3.481.566	3.900.920	12.379.045
14 381	Ofanflóðasjóður	833.364	3.896.597	12.517.199
14 401	Náttúrufræðistofnun Íslands	1.734.587	16.004.811	21.449.221
14 407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	400.000	1.613.749	5.198.896
14 410	Veðurstofa Íslands	27.228.600	26.295.402	19.375.205
Samtals		**2.004.394.801**	**2.451.559.495**	**2.944.547.210**

2. *Hve mörg aðkeypt ráðgjafarverkefni á þessum árum voru útboðsskyld, skipt eftir ráðuneytum og stofnunum, og hvernig var útboðsskyldunni framfylgt?*

Vorið 2001 voru samþykkt á Alþingi ný lög um opinber innkaup, nr. 94/2001, sem tóku gildi 15. júní sama ár. Með lögunum voru felld úr gildi lög nr. 52/1987 með sama heiti og reglugerð um innkaup ríkisins nr. 302/1996. Í nýju lögunum er í 12. gr. kveðið á um að ríkisaðilar skuli bjóða út öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10.000.000 kr. Í fyrrgreindri reglugerð nr. 302/1996 var kveðið á um í 12. gr. að öll vörukaup og aðkeypta þjónustu yfir 3.000.000 kr. skyldi bjóða út og allar framkvæmdir yfir 5.000.000 kr.

Í bókhaldi ríkisins er gjöldum ekki skipt á deildir/viðfangsefni og kostnaðarliði og því er ekki sundurliðun fyrir hvert ráðgjafarverkefni um sig með kerfisbundnum hætti. Kaup á ráðgjöf eru í mörgum tilfellum hluti af stærri innkaupum, svo sem við opinberar framkvæmdir, í stærri þjónustuverkefnum og í tengslum við innkaup á sérhæfðum vörum. Af þessum sökum er ráðgjafarþjónusta oft á tíðum innifalin í annars konar útboðum. Á undanförnum árum hefur verið gert átak í því að kaupa ráðgjöf samkvæmt útboði hjá stórum verkkaupendum ríkisins. Má þar sérstaklega nefna útboð á eftirliti og ráðgjöf á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins sem hefur umsjón með opinberum framkvæmdum og Vegagerðina. Í þessum tilvikum er ráðgjöf boðin út og gerður rammasamningur við tiltekin fyrirtæki þar sem magn er ótilgreint. Samningar um einstök verkefni eru síðan gerðir á grundvelli rammasamningsins. Með þessum hætti er hægt að tryggja að markmiðum ríkisins um kaup á þjónustu sé náð en einnig er nauðsynlegur sveigjanleiki til staðar.

Rétt er að benda á að hluti af ráðgjafarþjónustu er undanþeginn útboðsskyldu samkvæmt lögum, nr. 94/2001, sbr. einnig tilskipun 92/50/EBE sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 302/1996. Má þar nefna lögfræðiþjónustu, ráðningarþjónustu, kennslu- og starfsmenntunarþjónustu og tómstunda-, menningar- og íþróttaþjónustu.

Af fyrrgreindum ástæðum er ekki hægt að segja til um það með vissu hversu mörg ráðgjafarverkefni á árunum 1999–2001 voru útboðsskyld samkvæmt fyrrgreindum viðmiðunarmörkum.

Útboðsskyldunni er framfylgt með tvenns konar hætti. Annars vegar með innra eftirliti af hálfu fjármálaráðuneytisins, Ríkisendurskoðunar og Ríkiskaupa. Hins vegar er um að ræða eftirlit sem snýr að réttarúrræðum til handa bjóðendum sem telja á sér brotið í opinberum innkaupum, svo sem ef talið er að um brot á útboðsskyldu sé að ræða. Með lögum nr. 53/1993 var komið á fót sérstakri kærunefnd útboðsmála sem hafði ráðgefandi hlutverk gagnvart fjármálaráðherra og fjallaði um formlegar kærur vegna ætlaðra brota á framkvæmd opinberra innkaupa. Hlutverk nefndarinnar var styrkt með lögum nr. 94/2001 og starfar hún nú sem sjálfstæð úrskurðarnefnd á stjórnsýslustigi. Á hverju ári berast nefndinni fjölmargar kærur og eru úrræði nefndarinnar m.a. þess efnis að hún getur breytt ákvörðunum verkkaupa og kveðið á um útboðsskyldu.

3. *Hafa verið settar samræmdar leiðbeiningarreglur um kaup á ráðgjafarþjónustu, og ef svo er, hverjar eru þær?*

Á vegum fjármálaráðuneytisins var árið 1995 gefið út leiðbeiningarritið Kaup á ráðgjöf, Val á ráðgjafa. Í framhaldi af útgáfu þess mælti fjármálaráðherra fyrir í bréfi dags. 3. apríl 1995 að allar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki legðu þær leiðbeiningar til grundvallar við kaup á ráðgjöf. Í ljósi breytinga á lagaumhverfi og örrar þróunar í málaflokknum ákvað fjármálaráðherra í samstarfi við félag sjálfstætt starfandi arkitekta, félag ráðgjafarverkfræðinga, Framkvæmdasýsluna, Landsvirkjun og Vegagerðina að vinna að nýjum leiðbeiningum um kaup á ráðgjöf. Afrakstur þessa starfs var kynntur sl. vor þegar gefið var út á vegum fjármálaráðuneytisins ritið Kaup á ráðgjöf, leiðbeiningarrit. Markmið með hinu nýja riti voru tvíþætt. Annars vegar að stuðla að vönduðum undirbúningi verkkaupa, skilgreiningu verkefna og samkeppni um verkefni, í þeim tilgangi að auka hagkvæmni við kaup á ráðgjöf. Í leiðbeiningunum er m.a. nákvæmlega lýst hvernig staðið skuli að útboði og vali á ráðgjöfum. Hins vegar eru í ritinu settar fram leiðbeiningar um ýmis atriði er taka til samskipta við ráðgjafa á hinum almenna markaði. Þrátt fyrir að leiðbeiningarnar miðist að mestu við ýmiss konar ráðgjöf við verklegar framkvæmdir, svo sem við mannvirkjagerð og í orkugeiranum, nýtist aðferðafræðin einnig við kaup á annars konar ráðgjöf eins og fram kemur í leiðbeiningunum. Í inngangsorðum leiðbeininganna kemur fram að fjármálaráðherra mælist til þess að ríkistofnanir og ríkisfyrirtæki nýti þá aðferðafræði sem þar er sett fram og hafa leiðbeiningarnar þannig gildi stjórnsýslufyrirmæla.

262. Svar [79. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins árin 2000 og 2001, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum, og hver hefur raunhækkun orðið milli þessara ára, sundurliðað á sama hátt?*
2. *Hver hefur raunhækkun framangreindra kostnaðarliða orðið síðustu fimm ár samanborið við neysluverðsvísitölu, annars vegar í prósentum og hins vegar fjárhæðum og sundurliðað milli bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar?*

Heildargjöld vegna bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar ríkisins árin 2000 og 2001 skiptast þannig (í þús. kr.):

Tafla 1. Heildargjöld vegna bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar árin 2000 og 2001.

	2000	2001	Hækkun	Raunbreyting
Bifreiðakostnaður	932.549	1.010.973	78.424	15.943
Ferðakostnaður	2.034.068	2.229.856	195.788	59.505
Risnukostnaður	281.336	286.179	4.843	-14.006

Í eftirfarandi töflum nr. 3, 4 og 5, sem unnar voru í samvinnu við Fjársýslu ríkisins, eru sundurliðaðar upplýsingar um þessa kostnaðarliði.

Raunhækkun framangreindra kostnaðarliða síðustu fimm ár kemur fram í töflu 2.

Tafla 2. Raunhækkun bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar 1997–2001.

	1997	1998	1999	2000	2001
Bifreiðakostnaður í þús. kr.	863.501	882.907	868.891	932.549	1.010.973
Raunaukning í %		0,54%	-4,82%	2,22%	1,60%
Raunaukning í þús. kr.		4.726	-44.034	20.213	15.943
Ferðakostnaður í þús. kr.	1.485.704	1.622.433	1.773.066	2.034.068	2.229.856
Raunaukning í %		7,38%	5,69%	9,26%	2,74%
Raunaukning í þús. kr.		111.472	95.470	172.350	59.505
Risnukostnaður í þús. kr.	191.012	209.469	257.455	281.336	286.179
Raunaukning í %		7,83%	18,87%	4,07%	-4,67%
Raunaukning í þús. kr.		15.210	40.865	11.008	-14.006

Tafla 3. Bifreiðakostnaður 2000 og 2001.

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
00		**Æðsta stjórn ríkisins**	**48.137**	**47.267**
00	101	Embætti forseta Íslands	1.706	5.549
00	201	Alþingi	43.672	39.470
00	205	Framkvæmdir á Alþingisreit	7	0
00	301	Ríkisstjórn	161	57
00	401	Hæstiréttur	874	768
00	610	Umboðsmaður Alþingis	322	152
00	620	Ríkisendurskoðun	1.394	1.271
01		**Forsætisráðuneyti**	**11.990**	**24.357**
01	101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	2.337	2.805
01	190	Ýmis verkefni	470	12.630
01	201	Fasteignir forsætisráðuneytis	934	435
01	211	Þjóðhagsstofnun	5.795	5.584
01	231	Norræna ráðherranefndin	41	50
01	241	Umboðsmaður barna	119	94
01	251	Safnahús	846	837
01	253	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	13	
01	261	Óbyggðanefnd	141	795
01	271	Ríkislögmaður	357	541
01	303	Kristnihátíðarsjóður	175	
01	902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	761	586
02		**Menntamálaráðuneyti**	**125.926**	**105.292**
02	101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.884	2.989

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
02	201	Háskóli Íslands	20.531	19.847
02	202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	4.674	2.810
02	203	Raunvísindastofnun Háskólans	4.013	1.824
02	204	Stofnun Sigurðar Nordals	48	75
02	205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	307	256
02	207	Íslensk málstöð	109	142
02	208	Örnefnastofnun Íslands	72	168
02	210	Háskólinn á Akureyri	3.618	3.521
02	211	Tækniskóli Íslands	326	428
02	215	Kennaraháskóli Íslands	7.295	6.621
02	223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	1.197	849
02	231	Rannsóknarráð Íslands	1.375	834
02	235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	137	85
02	236	Vísindasjóður	20	4
02	237	Tæknisjóður	67	382
02	299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi		44
02	301	Menntaskólinn í Reykjavík	827	525
02	302	Menntaskólinn á Akureyri	692	632
02	303	Menntaskólinn á Laugarvatni	1.187	242
02	304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	2.302	1.457
02	305	Menntaskólinn við Sund	761	776
02	306	Framhaldsskóli Vestfjarða	439	322
02	307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.261	1.172
02	308	Menntaskólinn í Kópavogi	2.917	2.585
02	309	Kvennaskólinn í Reykjavík	890	653
02	316	Fasteignir framhaldsskóla	132	540
02	319	Framhaldsskólar, almennt	706	232
02	350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.108	1.003
02	351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	1.206	1.159
02	352	Flensborgarskóli	1.319	896
02	353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.735	1.621
02	354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	2.124	1.702
02	355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	478	322
02	356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.406	1.177
02	357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	12.571	2.431
02	358	Verkmenntaskóli Austurlands	713	897
02	359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.825	1.819
02	360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.536	1.026
02	361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	223	133
02	362	Framhaldsskólinn á Húsavík	496	472
02	363	Framhaldsskólinn á Laugum	513	613
02	365	Borgarholtsskóli	2.695	1.664
02	430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	629	912
02	441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	586	596
02	451	Símenntun og fjarvinnsluverkefni	159	
02	506	Vélskóli Íslands	228	402
02	507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	127	99
02	514	Iðnskólinn í Reykjavík	804	217
02	516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	487	182
02	562	Leiklistarskóli Íslands		10
02	564	Listdansskólinn	507	344
02	571	Sjómannaskólahúsið	145	176
02	610	Fasteignir héraðsskóla	36	140
02	720	Grunnskólar, almennt	336	354
02	725	Námsgagnastofnun	1.421	1.377
02	804	Kvikmyndaskoðun	27	2
02	884	Jöfnun á námskostnaði	18.351	24.192
02	902	Þjóðminjasafn Íslands	2.015	1.565

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
02	903	Þjóðskjalasafn Íslands	2.260	1.461
02	905	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	689	583
02	906	Listasafn Einars Jónssonar	84	42
02	907	Listasafn Íslands	637	718
02	909	Blindrabókasafn Íslands	230	205
02	969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	235	552
02	972	Íslenski dansflokkurinn	265	559
02	973	Þjóðleikhús	2.462	
02	976	Menningarsjóður		28
02	978	Listasjóðir	9	14
02	979	Húsafriðunarsjóður	1.483	1.126
02	981	Kvikmyndasjóður	1.237	845
02	982	Listir, framlög	184	9
02	983	Ýmis fræðistörf	7	
02	984	Norræn samvinna	14	23
02	985	Alþjóðleg samskipti	290	18
02	988	Æskulýðsmál		136
02	989	Ýmis íþróttamál	306	227
02	995	Tungutækni	2	
02	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	198	353
02	999	Ýmislegt	741	873
03		**Utanríkisráðuneyti**	**30.614**	**21.739**
03	101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	8.901	11.076
03	190	Ýmis verkefni	3.496	28
03	201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	6.847	5.047
03	211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	8.794	2.870
03	301	Sendiráð Íslands í Berlín	260	14
03	302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	5	22
03	303	Sendiráð Íslands í London	113	122
03	304	Sendiráð Íslands í Moskvu	223	13
03	305	Sendiráð Íslands í Ósló	24	
03	306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	9	8
03	307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	82	16
03	308	Sendiráð Íslands í Washington	102	781
03	309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	248	650
03	310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	27	170
03	311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	5	11
03	312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf		1
03	313	Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	334	94
03	314	Sendiráð Íslands í Peking	69	21
03	315	Sendiráð Íslands í Ottawa	25	72
03	316	Sendiráð Íslands í Tókíó	516	
03	317	Sendiráð Íslands í Helsinki	25	16
03	319	Sendiráð Íslands í Mapútó	14	
03	320	Sendiráð, almennt	40	
03	390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	451	671
03	401	Alþjóðastofnanir	4	38
04		**Landbúnaðarráðuneyti**	**61.035**	**53.434**
04	101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	2.534	3.248
04	190	Ýmis verkefni	3.815	3.551
04	211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	7.203	5.803
04	221	Veiðimálastofnun	1.028	1.080
04	222	Veiðimálastjóri	463	669
04	233	Yfirdýralæknir	10.727	8.847
04	236	Aðfangaeftirlit ríkisins	388	275

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
04	261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	4.032	3.766
04	271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	3.314	2.641
04	283	Garðyrkjuskóli ríkisins	1.344	1.421
04	293	Hagþjónusta landbúnaðarins	1.157	961
04	311	Landgræðsla ríkisins	10.695	9.748
04	321	Skógrækt ríkisins	5.366	5.637
04	331	Héraðsskógar	1.415	405
04	341	Átak í landgræðslu og skógrækt		940
04	343	Landshlutabundin skógrækt	6.863	3.931
04	805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	65	
04	831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	372	327
04	840	Lán til fiskeldis	6	41
04	843	Fiskræktarsjóður	93	102
04	851	Greiðslur vegna riðuveiki	155	42
05		**Sjávarútvegsráðuneyti**	**17.306**	**17.654**
05	101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	2.791	1.327
05	190	Ýmis verkefni	1.467	926
05	202	Hafrannsóknastofnunin	4.582	5.953
05	203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	2.902	3.257
05	204	Fiskistofa	4.690	4.441
05	208	Bygging hafrannsóknarskips		1.103
05	213	Verðlagsstofa skiptaverðs	187	128
05	272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	111	76
05	901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	577	443
06		**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**57.066**	**56.567**
06	101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.598	1.073
06	102	Stjórnartíðindi	19	37
06	105	Lögbirtingablað	55	38
06	111	Kosningar		2
06	190	Ýmis verkefni	218	47
06	201	Hæstiréttur	401	387
06	210	Héraðsdómstólar	4.731	3.711
06	231	Málskostnaður í opinberum málum	1.417	2.972
06	232	Opinber réttaraðstoð	31	
06	251	Persónuvernd	50	5
06	301	Ríkissaksóknari	813	775
06	303	Ríkislögreglustjóri	2.562	2.173
06	305	Lögregluskóli ríkisins	831	429
06	311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	5.641	5.519
06	321	Almannavarnir ríkisins	940	742
06	331	Umferðarráð	1.599	2.358
06	395	Landhelgisgæsla Íslands	2.899	2.670
06	397	Schengen-samstarf	157	401
06	398	Útlendingaeftirlitið	337	443
06	411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	1.637	1.488
06	412	Sýslumaðurinn á Akranesi	599	577
06	413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	2.247	1.391
06	414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	1.652	1.597
06	415	Sýslumaðurinn í Búðardal	534	632
06	416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1.295	1.079
06	417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík		6
06	418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	1.009	798
06	419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	530	687
06	420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	1.182	1.335
06	421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	425	428
06	422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	133	599
06	423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	359	285
06	424	Sýslumaðurinn á Akureyri	1.244	1.147

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
06	425	Sýslumaðurinn á Húsavík	678	647
06	426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	1.298	1.186
06	428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	311	120
06	429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	179	131
06	430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	730	742
06	431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	527	749
06	432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	650	683
06	433	Sýslumaðurinn á Selfossi	3.284	3.148
06	434	Sýslumaðurinn í Keflavík	1.710	1.600
06	436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	1.645	1.346
06	437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	553	601
06	490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	47	
06	501	Fangelsismálastofnun ríkisins	3.026	2.745
06	591	Fangelsisbyggingar	48	
06	701	Biskup Íslands	5.238	7.040
07		**Félagsmálaráðuneyti**	**57.087**	**53.920**
07	101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.264	1.753
07	190	Ýmis verkefni	1.540	
07	302	Ríkissáttasemjari	222	235
07	311	Jafnréttisráð	0	308
07	313	Jafnréttisstofa	201	191
07	331	Vinnueftirlit ríkisins	16.482	15.255
07	400	Barnaverndarstofa	2.953	2.100
07	401	Barnaverndarráð	94	85
07	701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	6.474	6.472
07	702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	10.560	10.925
07	703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	4.230	3.499
07	704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	649	1.033
07	705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	191	170
07	706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	140	85
07	707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.575	1.304
07	708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1.451	1.413
07	750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	1.616	1.248
07	795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	1.180	663
07	980	Vinnumálastofnun	4.716	5.366
07	981	Vinnumál	2	
07	984	Atvinnuleysistryggingasjóður	1.139	1.280
07	987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	16	96
07	999	Félagsmál, ýmis starfsemi	392	439
08		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**359.534**	**333.646**
08	101	Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.983	3.841
08	201	Tryggingastofnun ríkisins	1.816	1.538
08	301	Landlæknir	748	160
08	311	Héraðslæknir í Reykjavík	259	20
08	315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	257	235
08	324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	508	645
08	326	Sjónstöð Íslands	1.000	959
08	327	Geislavarnir ríkisins	1.260	1.149
08	330	Manneldisráð	129	231
08	340	Málefni fatlaðra		1
08	358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	21.095	19.463
08	368	Sólvangur, Hafnarfirði	3.167	2.791
08	370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	85	138
08	373	Landspítali, háskólasjúkrahús	136.056	139.183
08	385	Framkvæmdasjóður aldraðra		712
08	393	Lyfjamál		2
08	395	Lyfjaeftirlit ríkisins		178
08	396	Lyfjanefnd		3

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
08	397	Lyfjastofnun	273	
08	399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	940	1.026
08	400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	4.437	4.163
08	490	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	5.497	5.629
08	500	Heilsugæslustöðvar, almennt	18	21
08	505	Heilsugæsla í Reykjavík	57.879	50.097
08	510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	7.151	5.882
08	522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1.236	1.251
08	524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	697	415
08	525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	83	15
08	526	Heilsugæslustöðin Búðardal	1.038	659
08	552	Heilsugæslustöðin Dalvík	209	177
08	571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	38	16
08	572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	133	131
08	574	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	1.701	1.744
08	576	Heilsugæslustöðin Laugarási	1.748	1.397
08	578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	213	57
08	579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	230	112
08	582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	8.121	5.906
08	583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	2.617	2.156
08	584	Heilsugæsla í Kópavogi	9.150	8.160
08	585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	6.446	5.824
08	586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	1.498	1.643
08	621	Forvarnasjóður	124	127
08	711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	11.985	9.026
08	721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	925	624
08	725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	1.361	996
08	731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	786	711
08	735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	1.260	424
08	741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	2.531	2.484
08	745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	3.903	3.362
08	751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	3.942	4.189
08	755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	833	1.302
08	761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	5.201	4.163
08	777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	6.425	4.942
08	781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	2.244	1.936
08	785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	12.170	10.207
08	791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	24.038	21.404
08	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	87	26
09		**Fjármálaráðuneyti**	**25.268**	**23.679**
09	101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.550	1.771
09	103	Ríkisbókhald	1.288	760
09	104	Ríkisfjárhirsla	98	88
09	201	Ríkisskattstjóri	434	539
09	202	Skattstofan í Reykjavík	388	478
09	203	Skattstofa Vesturlands	422	545
09	204	Skattstofa Vestfjarða		43
09	205	Skattstofa Norðurlands vestra	425	402
09	206	Skattstofa Norðurlands eystra	270	262
09	207	Skattstofa Austurlands	135	129
09	208	Skattstofa Suðurlands	400	533
09	209	Skattstofa Vestmannaeyja	122	140
09	211	Skattstofa Reykjaness	313	362
09	212	Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld		0
09	214	Yfirskattanefnd	14	16
09	215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	105	127
09	261	Ríkistollstjóri	0	273
09	262	Tollstjórinn í Reykjavík	2.747	2.208

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
09	402	Fasteignamat ríkisins	7.191	5.667
09	901	Framkvæmdasýsla ríkisins	1.488	1.159
09	905	Ríkiskaup	2.062	1.826
09	972	Lánasýsla ríkisins	4.229	5.098
09	980	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	154	117
09	981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	10	56
09	984	Fasteignir ríkissjóðs	1.002	860
09	995	Skýrsluvélakostnaður	165	44
09	999	Ýmis verkefni	257	176
10		**Samgönguráðuneyti**	**147.077**	**130.775**
10	101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	2.048	2.821
10	190	Ýmis verkefni	583	542
10	211	Vegagerðin	101.943	80.278
10	335	Siglingastofnun Íslands	13.494	13.341
10	471	Flugmálastjórn	24.739	29.943
10	481	Rannsóknanefnd flugslysa	307	253
10	512	Póst- og fjarskiptastofnunin	1.195	888
10	651	Ferðamálaráð	2.767	2.710
11		**Iðnaðarráðuneyti**	**26.314**	**24.292**
11	101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	980	608
11	102	Einkaleyfastofan	63	63
11	201	Iðntæknistofnun Íslands	9.244	9.484
11	203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	7.042	6.581
11	240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	390	162
11	299	Iðja og iðnaður, framlög	157	45
11	301	Orkustofnun	8.114	7.191
11	399	Ýmis orkumál	9	157
11	411	Byggðastofnun	315	
12		**Viðskiptaráðuneyti**	**7.704**	**7.367**
12	101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.411	1.176
12	302	Löggildingarstofa	2.779	2.608
12	402	Fjármálaeftirlitið	2.325	2.635
12	902	Samkeppnisstofnun	1.189	948
13		**Hagstofa Íslands**	**1.412**	**1.214**
13	101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	1.412	1.214
14		**Umhverfisráðuneyti**	**34.502**	**31.343**
14	101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.836	3.369
14	190	Ýmis verkefni	2.554	943
14	202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	621	537
14	205	Náttúruvernd ríkisins	3.340	2.179
14	210	Veiðistjóri	381	305
14	213	Hreindýraráð	321	209
14	221	Hollustuvernd ríkisins	2.564	2.714
14	283	Hreinsun umhverfis	144	
14	301	Skipulagsstofnun	2.338	2.555
14	310	Landmælingar Íslands	8.101	5.976
14	321	Brunamálastofnun ríkisins	3.446	3.370
14	381	Ofanflóðasjóður	182	225
14	401	Náttúrufræðistofnun Íslands	2.676	2.388
14	407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	225	214
14	410	Veðurstofa Íslands	5.772	6.359
99		**Samtals**	**1.010.973**	**932.549**

Tafla 4. Ferðakostnaður 2000 og 2001.

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
00		**Æðsta stjórn ríkisins**	**127.776**	**118.055**
00	101	Embætti forseta Íslands	8.477	12.540
00	201	Alþingi	109.384	99.645
00	610	Umboðsmaður Alþingis	2.033	2.283
00	620	Ríkisendurskoðun	7.883	3.587
01		**Forsætisráðuneyti**	**35.576**	**46.827**
01	101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	15.256	18.160
01	190	Ýmis verkefni	5.676	19.575
01	201	Fasteignir forsætisráðuneytis	5	0
01	211	Þjóðhagsstofnun	5.106	4.067
01	231	Norræna ráðherranefndin	4.099	2.077
01	241	Umboðsmaður barna	480	354
01	251	Safnahús	430	151
01	253	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	1.289	0
01	261	Óbyggðanefnd	209	731
01	271	Ríkislögmaður	850	48
01	303	Kristnihátíðarsjóður	566	0
01	902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	1.609	1.665
02		**Menntamálaráðuneyti**	**396.259**	**347.644**
02	101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	15.835	14.227
02	201	Háskóli Íslands	139.102	132.737
02	202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	6.716	3.418
02	203	Raunvísindastofnun Háskólans	32.481	19.837
02	204	Stofnun Sigurðar Nordals	532	2.468
02	205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3.074	1.581
02	206	Orðabók Háskólans	1.350	-3
02	207	Íslensk málstöð	2.196	769
02	208	Örnefnastofnun Íslands	309	189
02	210	Háskólinn á Akureyri	31.654	36.649
02	211	Tækniskóli Íslands	5.290	3.446
02	215	Kennaraháskóli Íslands	21.709	26.623
02	223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	3.147	2.462
02	231	Rannsóknarráð Íslands	10.102	8.479
02	235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	208	60
02	236	Vísindasjóður	69	86
02	237	Tæknisjóður	231	550
02	269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	220	65
02	299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	260	796
02	301	Menntaskólinn í Reykjavík	232	14
02	302	Menntaskólinn á Akureyri	2.096	1.084
02	303	Menntaskólinn á Laugarvatni	97	19
02	304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	2.903	1.713
02	305	Menntaskólinn við Sund	475	418
02	306	Framhaldsskóli Vestfjarða	680	581
02	307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.148	913
02	308	Menntaskólinn í Kópavogi	1.533	4.798
02	309	Kvennaskólinn í Reykjavík	1.521	568
02	316	Fasteignir framhaldsskóla	255	881
02	319	Framhaldsskólar, almennt	4.448	3.417
02	350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.098	1.539
02	351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	1.509	1.241
02	352	Flensborgarskóli	933	1.934
02	353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	691	637
02	354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	552	538
02	355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	381	783
02	356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	710	1.142

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
02	357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.793	2.825
02	358	Verkmenntaskóli Austurlands	697	1.233
02	359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.767	1.765
02	360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.957	4.183
02	361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	583	338
02	362	Framhaldsskólinn á Húsavík	199	946
02	363	Framhaldsskólinn á Laugum	437	577
02	365	Borgarholtsskóli	678	764
02	430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	688	672
02	441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	571	73
02	451	Símenntun og fjarvinnsluverkefni	644	79
02	506	Vélskóli Íslands	211	45
02	507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	630	370
02	514	Iðnskólinn í Reykjavík	302	827
02	516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	137	321
02	562	Leiklistarskóli Íslands	0	791
02	564	Listdansskólinn	4.370	3.624
02	610	Fasteignir héraðsskóla	0	117
02	720	Grunnskólar, almennt	660	845
02	725	Námsgagnastofnun	3.449	2.003
02	804	Kvikmyndaskoðun	28	0
02	902	Þjóðminjasafn Íslands	3.162	3.509
02	903	Þjóðskjalasafn Íslands	3.683	4.072
02	905	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	10.207	5.803
02	907	Listasafn Íslands	5.136	1.206
02	909	Blindrabókasafn Íslands	391	445
02	919	Söfn, ýmis framlög	153	0
02	969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	1.359	1.695
02	972	Íslenski dansflokkurinn	6.368	4.541
02	973	Þjóðleikhús	4.061	0
02	979	Húsafriðunarsjóður	2.759	1.665
02	981	Kvikmyndasjóður	16.012	1.920
02	982	Listir, framlög	2.098	1.387
02	983	Ýmis fræðistörf	13	29
02	984	Norræn samvinna	2.579	2.175
02	985	Alþjóðleg samskipti	17.510	14.778
02	988	Æskulýðsmál	415	308
02	989	Ýmis íþróttamál	969	940
02	995	Tungutækni	349	0
02	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	2.909	3.461
02	999	Ýmislegt	578	651
03		**Utanríkisráðuneyti**	**221.197**	**205.290**
03	101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	104.984	127.604
03	190	Ýmis verkefni	14.987	5.545
03	201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	6.488	5.051
03	211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	11.549	6.551
03	301	Sendiráð Íslands í Berlín	942	19
03	303	Sendiráð Íslands í London	48	54
03	305	Sendiráð Íslands í Ósló	7	4
03	306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	79	6
03	308	Sendiráð Íslands í Washington	23	160
03	309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	598	0
03	311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	0	124
03	312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	63	157
03	313	Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	20	2

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
03	315	Sendiráð Íslands í Ottawa	58	576
03	316	Sendiráð Íslands í Tókió	246	0
03	317	Sendiráð Íslands í Helsinki	15	17
03	319	Sendiráð Íslands í Mapútó	238	0
03	320	Sendiráð, almennt	34.002	32.083
03	390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	35.977	20.655
03	391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	0	312
03	401	Alþjóðastofnanir	10.873	6.370
04		**Landbúnaðarráðuneyti**	**93.809**	**85.170**
04	101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	9.709	9.777
04	190	Ýmis verkefni	5.331	3.002
04	211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	12.586	12.533
04	221	Veiðimálastofnun	5.894	8.531
04	222	Veiðimálastjóri	1.816	2.051
04	233	Yfirdýralæknir	8.963	8.916
04	236	Aðfangaeftirlit ríkisins	2.519	1.722
04	261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	2.271	2.929
04	271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	9.551	6.886
04	283	Garðyrkjuskóli ríkisins	2.900	1.239
04	293	Hagþjónusta landbúnaðarins	931	547
04	311	Landgræðsla ríkisins	4.529	3.706
04	321	Skógrækt ríkisins	17.974	17.717
04	331	Héraðsskógar	1.834	1.388
04	341	Átak í landgræðslu og skógrækt	0	837
04	343	Landshlutabundin skógrækt	6.266	2.749
04	805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	12	0
04	831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	579	572
04	840	Lán til fiskeldis	0	21
04	843	Fiskræktarsjóður	25	47
04	851	Greiðslur vegna riðuveiki	85	0
04	891	Sérstakar greiðslur í landbúnaði	34	0
05		**Sjávarútvegsráðuneyti**	**131.401**	**132.159**
05	101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	8.716	13.167
05	190	Ýmis verkefni	27.385	15.163
05	202	Hafrannsóknastofnunin	34.626	36.641
05	203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	12.405	12.423
05	204	Fiskistofa	47.258	35.511
05	208	Bygging hafrannsóknarskips	0	18.720
05	213	Verðlagsstofa skiptaverðs	807	318
05	901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	203	215
06		**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**172.504**	**139.944**
06	101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	18.582	13.825
06	190	Ýmis verkefni	1.314	1.560
06	201	Hæstiréttur	164	618
06	210	Héraðsdómstólar	4.783	4.694
06	231	Málskostnaður í opinberum málum	5.723	3.586
06	251	Persónuvernd	2.000	219
06	301	Ríkissaksóknari	2.298	1.007
06	303	Ríkislögreglustjóri	40.023	31.104
06	305	Lögregluskóli ríkisins	1.985	1.202
06	311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	11.795	12.844
06	321	Almannavarnir ríkisins	823	567
06	331	Umferðarráð	2.774	3.867
06	390	Ýmis löggæslumál	1.020	501
06	395	Landhelgisgæsla Íslands	26.680	17.131
06	397	Schengen-samstarf	11.076	9.907
06	398	Útlendingaeftirlitið	3.774	1.445
06	411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	76	70

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
06	412	Sýslumaðurinn á Akranesi	374	245
06	413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	538	390
06	414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	2.520	684
06	415	Sýslumaðurinn í Búðardal	216	164
06	416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	1.115	946
06	417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	540	340
06	418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	954	1.578
06	419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	690	253
06	420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	1.380	1.170
06	421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	1.055	994
06	422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	849	623
06	423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	99	16
06	424	Sýslumaðurinn á Akureyri	2.734	4.423
06	425	Sýslumaðurinn á Húsavík	974	1.221
06	426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	1.310	1.096
06	428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	643	943
06	429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	660	453
06	430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	448	-30
06	431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	245	291
06	432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	1.796	1.226
06	433	Sýslumaðurinn á Selfossi	1.031	1.356
06	434	Sýslumaðurinn í Keflavík	1.252	880
06	436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	245	528
06	437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	296	853
06	490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	110	660
06	501	Fangelsismálastofnun ríkisins	7.829	6.038
06	591	Fangelsisbyggingar	808	0
06	701	Biskup Íslands	6.905	8.454
07		**Félagsmálaráðuneyti**	**59.412**	**54.437**
07	101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	7.579	10.522
07	190	Ýmis verkefni	2.236	0
07	302	Ríkissáttasemjari	0	778
07	311	Jafnréttisráð	0	774
07	313	Jafnréttisstofa	4.679	1.600
07	331	Vinnueftirlit ríkisins	13.956	13.537
07	400	Barnaverndastofa	3.398	3.891
07	401	Barnaverndarráð	657	343
07	700	Málefni fatlaðra	309	134
07	701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	889	1.603
07	702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	613	530
07	703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	798	465
07	704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.845	1.242
07	705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	57	61
07	706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	17	0
07	707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	2.768	1.349
07	708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	815	154
07	750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.255	2.663
07	795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	597	406
07	980	Vinnumálastofnun	9.917	8.418
07	981	Vinnumál	5.389	3.539
07	984	Atvinnuleysistryggingasjóður	-663	578
07	987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-267	0
07	999	Félagsmál, ýmis starfsemi	1.566	1.849
08		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**374.395**	**330.559**
08	101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	21.018	14.150
08	201	Tryggingastofnun ríkisins	13.373	7.855
08	301	Landlæknir	7.960	5.427
08	311	Héraðslæknir í Reykjavík	65	327

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
08	315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	1.036	564
08	324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	2.113	2.425
08	326	Sjónstöð Íslands	373	532
08	327	Geislavarnir ríkisins	3.369	2.897
08	330	Manneldisráð	331	576
08	340	Málefni fatlaðra	331	0
08	358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	28.762	26.252
08	368	Sólvangur, Hafnarfirði	455	182
08	370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	377	213
08	373	Landspítali, háskólasjúkrahús	174.200	159.958
08	385	Framkvæmdasjóður aldraðra	0	649
08	393	Lyfjamál	0	152
08	395	Lyfjaeftirlit ríkisins	0	1.263
08	396	Lyfjanefnd	0	4.106
08	397	Lyfjastofnun	7.088	0
08	399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	3.978	2.073
08	400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	1.851	4.106
08	490	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	222	90
08	500	Heilsugæslustöðvar, almennt	95	270
08	505	Heilsugæsla í Reykjavík	11.390	17.845
08	510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	3.425	3.031
08	522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	522	327
08	524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	2.039	1.048
08	525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	214	283
08	526	Heilsugæslustöðin Búðardal	616	911
08	551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	566	328
08	552	Heilsugæslustöðin Dalvík	1.506	389
08	571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	381	224
08	572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	2	235
08	574	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	1.144	1.035
08	576	Heilsugæslustöðin Laugarási	144	122
08	578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	317	93
08	579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	81	0
08	582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	4.108	3.380
08	583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	1.921	1.626
08	584	Heilsugæsla í Kópavogi	5.434	3.848
08	585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	2.983	2.732
08	586	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	1.687	2.715
08	621	Forvarnasjóður	2.342	632
08	711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	4.725	7.725
08	721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	2.205	2.863
08	725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	5.188	4.385
08	731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	347	1.015
08	735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	2.216	917
08	741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	1.633	1.801
08	745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1.309	1.745
08	751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	4.512	4.413
08	755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	1.326	1.712
08	761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	7.974	6.827
08	777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	22.846	14.376
08	781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	3.744	1.675
08	785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	2.560	1.478
08	791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	4.844	3.863
08	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	1.147	894
09		**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**72.395**	**57.217**
09	101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	34.964	23.218
09	103	Ríkisbókhald	711	1.198
09	201	Ríkisskattstjóri	6.401	5.437

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
09	202	Skattstofan í Reykjavík	163	163
09	203	Skattstofa Vesturlands	262	438
09	204	Skattstofa Vestfjarða	546	410
09	205	Skattstofa Norðurlands vestra	358	363
09	206	Skattstofa Norðurlands eystra	433	509
09	207	Skattstofa Austurlands	343	512
09	208	Skattstofa Suðurlands	61	206
09	209	Skattstofa Vestmannaeyja	376	496
09	211	Skattstofa Reykjaness	205	0
09	212	Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	78	0
09	215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	1.615	1.261
09	250	Innheimtukostnaður	25	0
09	261	Ríkistollstjóri	0	4.370
09	262	Tollstjórinn í Reykjavík	8.210	3.532
09	402	Fasteignamat ríkisins	6.747	5.049
09	901	Framkvæmdasýsla ríkisins	1.872	1.439
09	905	Ríkiskaup	3.349	2.502
09	972	Lánasýsla ríkisins	1.010	1.896
09	980	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	1.087	94
09	981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	12	262
09	984	Fasteignir ríkissjóðs	810	512
09	995	Skýrsluvélakostnaður	2.394	2.592
09	999	Ýmis verkefni	363	755
10		**Samgönguráðuneyti**	**284.446**	**283.856**
10	101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	18.882	16.976
10	190	Ýmis verkefni	1.217	1.337
10	211	Vegagerðin	161.553	159.205
10	335	Siglingastofnun Íslands	31.244	28.142
10	471	Flugmálastjórn	52.917	60.168
10	481	Rannsóknanefnd flugslysa	1.256	346
10	512	Póst- og fjarskiptastofnunin	6.391	6.754
10	651	Ferðamálaráð	10.987	10.928
11		**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**95.379**	**88.160**
11	101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	3.009	1.655
11	102	Einkaleyfastofan	4.140	2.979
11	201	Iðntæknistofnun Íslands	17.544	17.286
11	203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	11.098	15.515
11	240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	1.453	1.955
11	251	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	0	212
11	299	Iðja og iðnaður, framlög	6.547	8.073
11	301	Orkustofnun	49.337	38.962
11	399	Ýmis orkumál	668	1.524
11	411	Byggðastofnun	1.582	0
12		**Viðskiptaráðuneyti**	**39.005**	**41.262**
12	101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	13.605	14.694
12	190	Ýmis verkefni	204	269
12	302	Löggildingarstofa	12.326	12.565
12	402	Fjármálaeftirlitið	8.656	10.466
12	902	Samkeppnisstofnun	4.213	3.268
13		**Hagstofa Íslands**	**17.428**	**13.300**
13	101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	17.428	13.300
14		**Umhverfisráðuneyti**	**108.873**	**90.188**
14	101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	20.343	19.107
14	190	Ýmis verkefni	7.765	1.067
14	202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	804	473
14	205	Náttúruvernd ríkisins	9.666	6.832
14	210	Veiðistjóri	1.874	2.093
14	213	Hreindýraráð	204	0

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
14	221	Hollustuvernd ríkisins	13.480	8.456
14	283	Hreinsun umhverfis	709	0
14	285	Spilliefnasjóður	619	771
14	301	Skipulagsstofnun	3.117	3.066
14	310	Landmælingar Íslands	8.366	7.712
14	321	Brunamálastofnun ríkisins	5.959	6.429
14	381	Ofanflóðasjóður	540	342
14	401	Náttúrufræðistofnun Íslands	15.364	13.476
14	407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	1.092	3.391
14	410	Veðurstofa Íslands	18.972	16.973
		Samtals	**2.229.856**	**2.034.068**

Tafla 5. Risnukostnaður 2000 og 2001.

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
0		**Æðsta stjórn ríkisins**	**20.766**	**26.813**
0	101	Embætti forseta Íslands	7.486	7.890
0	201	Alþingi	10.773	17.260
0	610	Umboðsmaður Alþingis	511	351
0	620	Ríkisendurskoðun	1.996	1.311
1		**Forsætisráðuneyti**	**13.875**	**34.206**
1	101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	11.144	11.060
1	190	Ýmis verkefni	811	21.380
1	201	Fasteignir forsætisráðuneytis	36	
1	211	Þjóðhagsstofnun	733	534
1	231	Norræna ráðherranefndin	394	669
1	241	Umboðsmaður barna	61	20
1	251	Safnahús	185	457
1	261	Óbyggðanefnd	88	
1	271	Ríkislögmaður	141	85
1	303	Kristnihátíðarsjóður	119	
1	902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	162	
2		**Menntamálaráðuneyti**	**44.578**	**38.262**
2	101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.037	8.957
2	201	Háskóli Íslands	11.743	9.256
2	202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	74	42
2	203	Raunvísindastofnun Háskólans	948	420
2	204	Stofnun Sigurðar Nordals	281	536
2	205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	625	288
2	206	Orðabók Háskólans	28	16
2	207	Íslensk málstöð	66	1
2	208	Örnefnastofnun Íslands	26	24
2	210	Háskólinn á Akureyri	1.059	2.045
2	211	Tækniskóli Íslands	534	461
2	215	Kennaraháskóli Íslands	826	696
2	223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	255	5
2	231	Rannsóknarráð Íslands	910	1.749
2	235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	20	
2	236	Vísindasjóður	103	
2	237	Tæknisjóður	103	29
2	299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	30	75
2	301	Menntaskólinn í Reykjavík	208	181
2	302	Menntaskólinn á Akureyri	427	553
2	303	Menntaskólinn á Laugarvatni	233	210
2	304	Menntaskólinn við Hamrahlíð		87
2	305	Menntaskólinn við Sund	496	211

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
2	306	Framhaldsskóli Vestfjarða	48	31
2	308	Menntaskólinn í Kópavogi	660	1.080
2	309	Kvennaskólinn í Reykjavík	1.090	857
2	319	Framhaldsskólar, almennt	584	46
2	350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	86	121
2	351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	1.107	352
2	352	Flensborgarskóli	883	298
2	353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	162	86
2	354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	572	188
2	355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	126	30
2	357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	12	
2	358	Verkmenntaskóli Austurlands	213	189
2	359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	591	25
2	360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	729	510
2	361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	10	35
2	362	Framhaldsskólinn á Húsavík	30	
2	365	Borgarholtsskóli	119	11
2	441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra		5
2	506	Vélskóli Íslands	98	
2	507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	63	23
2	514	Iðnskólinn í Reykjavík	923	358
2	516	Iðnskólinn í Hafnarfirði		82
2	562	Leiklistarskóli Íslands		92
2	564	Listdansskólinn	419	280
2	571	Sjómannaskólahúsið	67	
2	725	Námsgagnastofnun	355	247
2	902	Þjóðminjasafn Íslands	204	719
2	903	Þjóðskjalasafn Íslands	1.503	288
2	905	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1.423	2.161
2	906	Listasafn Einars Jónssonar	2	51
2	907	Listasafn Íslands	83	211
2	909	Blindrabókasafn Íslands	177	176
2	972	Íslenski dansflokkurinn	690	648
2	973	Þjóðleikhús	1.634	
2	978	Listasjóðir	3	
2	979	Húsafriðunarsjóður	59	83
2	980	Listskreytingasjóður	94	133
2	981	Kvikmyndasjóður	3.144	1.590
2	982	Listir, framlög	1.264	88
2	984	Norræn samvinna	42	227
2	985	Alþjóðleg samskipti	695	590
2	988	Æskulýðsmál	68	53
2	989	Ýmis íþróttamál	34	
2	995	Tungutækni	230	
2	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	142	174
2	999	Ýmislegt	108	287
3		**Utanríkisráðuneyti**	**79.513**	**69.775**
3	101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	19.696	33.907
3	190	Ýmis verkefni	10.255	308
3	201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	334	537
3	211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	1.285	1.037
3	301	Sendiráð Íslands í Berlín	1.790	1.701
3	302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1.378	1.148
3	303	Sendiráð Íslands í London	2.046	2.067
3	304	Sendiráð Íslands í Moskvu	2.396	1.928
3	305	Sendiráð Íslands í Ósló	1.283	1.047
3	306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	3.827	2.320

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
3	307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.154	981
3	308	Sendiráð Íslands í Washington	3.305	2.642
3	309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðis-maður Íslands í New York	4.694	3.357
3	310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	3.472	2.760
3	311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	2.816	2.336
3	312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	2.839	3.253
3	313	Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	1.695	1.104
3	314	Sendiráð Íslands í Peking	3.072	2.597
3	315	Sendiráð Íslands í Ottawa	2.649	1.685
3	316	Sendiráð Íslands í Tókíó	5.427	
3	317	Sendiráð Íslands í Helsinki	1.094	669
3	318	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	1.499	1.291
3	319	Sendiráð Íslands í Mapútó	376	
3	320	Sendiráð, almennt	101	
3	390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	870	1.087
3	401	Alþjóðastofnanir	163	12
4		**Landbúnaðarráðuneyti**	**11.056**	**7.808**
4	101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4.960	4.460
4	190	Ýmis verkefni	982	199
4	211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	2.093	451
4	221	Veiðimálastofnun	331	342
4	222	Veiðimálastjóri	49	34
4	233	Yfirdýralæknir	90	192
4	236	Aðfangaeftirlit ríkisins	3	
4	261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði		21
4	271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	280	120
4	283	Garðyrkjuskóli ríkisins	768	365
4	293	Hagþjónusta landbúnaðarins	6	37
4	311	Landgræðsla ríkisins	204	
4	321	Skógrækt ríkisins	735	1.268
4	331	Héraðsskógar	365	238
4	343	Landshlutabundin skógrækt	191	81
5		**Sjávarútvegsráðuneyti**	**12.133**	**8.018**
5	101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	7.557	4.650
5	190	Ýmis verkefni	1.984	227
5	202	Hafrannsóknastofnunin	1.780	1.241
5	203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	238	583
5	204	Fiskistofa	468	302
5	208	Bygging hafrannsóknarskips		979
5	211	Kvótaþing	18	
5	213	Verðlagsstofa skiptaverðs	87	36
6		**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**17.922**	**17.983**
6	101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.074	5.785
6	102	Stjórnartíðindi		17
6	105	Lögbirtingablað	4	
6	190	Ýmis verkefni	29	1.486
6	201	Hæstiréttur	403	663
6	210	Héraðsdómstólar	1.262	884
6	251	Persónuvernd	1.297	
6	301	Ríkissaksóknari	126	354
6	303	Ríkislögreglustjóri	1.460	556
6	305	Lögregluskóli ríkisins	44	
6	311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	30	68
6	321	Almannavarnir ríkisins	140	109
6	331	Umferðarráð	140	183
6	390	Ýmis löggæslumál	58	

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
6	395	Landhelgisgæsla Íslands	1.598	594
6	397	Schengen-samstarf	1.009	661
6	398	Útlendingaeftirlitið	109	114
6	411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	361	435
6	412	Sýslumaðurinn á Akranesi	224	187
6	413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	152	113
6	414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	199	144
6	417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	74	
6	419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	-14	
6	421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	191	
6	422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	79	
6	423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði		63
6	424	Sýslumaðurinn á Akureyri	618	312
6	425	Sýslumaðurinn á Húsavík	36	182
6	426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	233	12
6	428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	13	69
6	430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	110	62
6	431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	421	399
6	432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	18	286
6	433	Sýslumaðurinn á Selfossi		110
6	434	Sýslumaðurinn í Keflavík	284	610
6	436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	462	
6	437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	89	218
6	490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	41	
6	501	Fangelsismálastofnun ríkisins	389	289
6	701	Biskup Íslands	1.161	3.016
7		**Félagsmálaráðuneyti**	**8.989**	**7.982**
7	101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.684	3.351
7	190	Ýmis verkefni	351	
7	302	Ríkissáttasemjari	83	12
7	311	Jafnréttisráð		150
7	313	Jafnréttisstofa	94	125
7	331	Vinnueftirlit ríkisins	729	827
7	400	Barnaverndarstofa	676	924
7	401	Barnaverndarráð	149	17
7	701	Málefni fatlaðra, Reykjavík		48
7	702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	124	174
7	703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	43	41
7	704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	73	243
7	707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	109	18
7	750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	197	129
7	795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	43	46
7	980	Vinnumálastofnun	2.413	1.145
7	981	Vinnumál	19	121
7	984	Atvinnuleysistryggingasjóður	45	118
7	999	Félagsmál, ýmis starfsemi	155	496
8		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**18.560**	**18.670**
8	101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.374	6.383
8	201	Tryggingastofnun ríkisins	2.455	2.127
8	301	Landlæknir	197	831
8	311	Héraðslæknir í Reykjavík	75	
8	315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	34	
8	324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	21	39
8	326	Sjónstöð Íslands	153	96
8	327	Geislavarnir ríkisins	590	137
8	330	Manneldisráð		25
8	340	Málefni fatlaðra		42
8	358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	405	421

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
8	368	Sólvangur, Hafnarfirði	199	261
8	370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi		8
8	373	Landspítali, háskólasjúkrahús	2.446	3.153
8	385	Framkvæmdasjóður aldraðra		54
8	393	Lyfjamál		14
8	395	Lyfjaeftirlit ríkisins		110
8	396	Lyfjanefnd		38
8	397	Lyfjastofnun	138	
8	399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	127	439
8	400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	64	38
8	505	Heilsugæsla í Reykjavík	752	934
8	510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1.568	936
8	522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	94	192
8	524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík		48
8	525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	21	
8	526	Heilsugæslustöðin Búðardal	132	
8	571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	9	
8	576	Heilsugæslustöðin Laugarási	29	32
8	578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	270	175
8	582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	58	285
8	583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	145	119
8	584	Heilsugæsla í Kópavogi	182	301
8	585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	65	174
8	586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	138	
8	621	Forvarnasjóður	119	34
8	711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	752	468
8	725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	2	
8	731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík		10
8	735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	54	27
8	755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	685	395
8	761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	63	82
8	777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	147	192
8	791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum		32
8	996	Íslenska upplýsingasamfélagið		19
9		**Fjármálaráðuneyti**	**13.799**	**14.421**
9	101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.870	6.655
9	103	Ríkisbókhald	1.927	965
9	104	Ríkisfjárhirsla	13	159
9	201	Ríkisskattstjóri	498	1.026
9	202	Skattstofan í Reykjavík	100	84
9	203	Skattstofa Vesturlands	78	112
9	204	Skattstofa Vestfjarða	38	
9	205	Skattstofa Norðurlands vestra	216	203
9	207	Skattstofa Austurlands	2	216
9	208	Skattstofa Suðurlands	3	
9	209	Skattstofa Vestmannaeyja	10	30
9	212	Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	612	
9	214	Yfirskattanefnd	235	157
9	261	Ríkistollstjóri		589
9	262	Tollstjórinn í Reykjavík	1.479	1.268
9	402	Fasteignamat ríkisins	168	322
9	901	Framkvæmdasýsla ríkisins	332	1.119
9	905	Ríkiskaup	169	352
9	972	Lánasýsla ríkisins	962	579
9	980	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	19	8
9	984	Fasteignir ríkissjóðs	423	305
9	995	Skýrsluvélakostnaður	145	
9	999	Ýmis verkefni	501	272

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	2001	2000
10		**Samgönguráðuneyti**	**20.788**	**14.008**
10	101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	4.299	4.795
10	190	Ýmis verkefni	6	58
10	211	Vegagerðin	8.953	3.551
10	335	Siglingastofnun Íslands	785	871
10	471	Flugmálastjórn	3.265	3.196
10	481	Rannsóknanefnd flugslysa	13	84
10	512	Póst- og fjarskiptastofnunin	479	251
10	651	Ferðamálaráð	2.990	1.202
11		**Iðnaðarráðuneyti**	**5.968**	**4.575**
11	101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	195	403
11	102	Einkaleyfastofan	764	264
11	201	Iðntæknistofnun Íslands	1.166	1.236
11	203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	256	458
11	240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	1.353	420
11	299	Iðja og iðnaður, framlög	1.063	422
11	301	Orkustofnun	1.112	1.222
11	399	Ýmis orkumál		150
11	411	Byggðastofnun	60	
12		**Viðskiptaráðuneyti**	**6.555**	**6.740**
12	101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.230	4.578
12	302	Löggildingarstofa	761	638
12	402	Fjármálaeftirlitið	2.200	1.309
12	902	Samkeppnisstofnun	364	215
13		**Hagstofa Íslands**	**1.527**	**1.366**
13	101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	1.527	1.366
14		**Umhverfisráðuneyti**	**10.152**	**10.709**
14	101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	4.987	4.635
14	190	Ýmis verkefni	353	285
14	202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	12	
14	205	Náttúruvernd ríkisins	160	437
14	210	Veiðistjóri		64
14	221	Hollustuvernd ríkisins	453	431
14	283	Hreinsun umhverfis	323	
14	301	Skipulagsstofnun	265	36
14	310	Landmælingar Íslands	694	943
14	321	Brunamálastofnun ríkisins	562	1.718
14	401	Náttúrufræðistofnun Íslands	1.050	206
14	407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	108	136
14	410	Veðurstofa Íslands	1.185	1.819
		Samtals	**287.180**	**282.336**

263. Svar [95. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um þjóðgarð á Snæfellsnesi.

1. Hver eru áform um starfsemi og rekstur þjóðgarðs á Snæfellsnesi?

Markmið með þjóðgörðum er að vernda náttúru- og menningarminjar og að gera fólki kleift að njóta viðkomandi svæðis og þeirra minja sem þar finnast. Gert er ráð fyrir að miðstöð þjóðgarðsins verði á Hellissandi og að þar verði upplýsingamiðstöð og gestastofa. Einnig er gert ráð fyrir aðstöðu í sunnanverðum þjóðgarðinum. Yfir sumartímann verður svipuð starfsemi og í öðrum þjóðgörðum og gestum boðið upp á fræðslu- og gönguferðir. Í

skýrslu starfshóps um stofnun þjóðgarðsins er bent á að hægt verði að taka á móti nemendahópum og öðrum sem koma vilja á svæðið og kynna sér náttúru þess og sögu.

2. Hvenær er áætlað að ljúka gerð göngustíga og að merkja helstu sögustaði?

Ekki er hægt að segja nákvæmlega um hvenær gerð göngustíga verður lokið. Göngustíga þarf að endurnýja og lagfæra og einnig er gert ráð fyrir að nýjar leiðir bætist við í göngustígakerfið. Þjóðgarðsvörður hefur sett fram áætlun um að á næstu fimm árum verði lagðir stígar á þeim stöðum þar sem álag er nú mest. Áætlað er að á næstu þremur árum verði búið að setja upp helstu fræðsluskilti.

3. Hver er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður þjóðgarðsins?

Í ár var áætlaður rekstrarkostnaður 10.860 þús. kr. og inni í þeirri fjárhæð voru laun þjóðgarðsvarðar og landvarða, almennur rekstur sem og rekstur bifreiða. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir tæplega 15 millj. kr. kostnaði á næsta ári.

4. Hversu margir landverðir er áætlað að starfi í garðinum og í hve margar vikur á ári?

Auk þjóðgarðsvarðar störfuðu í sumar fjórir landverðir í samtals 25 vikur í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Til samanburðar voru vikurnar í Skaftafelli 92,3 (fimm landverðir í 57,4 vikur og þrír verkamenn í 34,9 vikur) og í Jökulsárgljúfrum voru vikurnar 78 (sex landverðir í 65,7 vikur og einn verkamaður í 12,3 vikur). Ljóst er að þörfin á sumarstarfsmönnum er minni í þjóðgarðinum Snæfellsjökli eins og sakir standa því að þar er ekki tjaldstæði. Stefnt er að ráðningu sérfræðinga/landvarða í alla þjóðgarðana til að geta flutt undirbúning sumarstarfsins og undirbúning fræðslu í auknum mæli yfir til þjóðgarðanna frá Reykjavík.

5. Hvað líður gerð verndaráætlunar og úttekt á veðurfari á þjóðgarðssvæðinu?

Vinna við verndaráætlun er hafin en ljúka þarf rannsóknum á svæðinu, þ.e. fornleifaskráningu og sögulegri úttekt, áður en hægt verður að ljúka verndaráætlun. Í tengslum við vinnu undirbúningsnefndar um stofnun þjóðgarðsins voru fornleifar á norðanverðu svæðinu, suður í Beruvík, skráðar gróflega á árinu 1996 og árið 1997 setti sagnfræðingur fram tillögur um hvernig sögukafli fyrir verndaráætlun skyldi unninn en eftir er að vinna hann. Yfirlit um náttúrufar á utanverðu Snæfellsnesi var unnið árið 1994 en náttúrufar undir Jökli hefur ekki verið skoðað skipulega. Úttekt á veðurfari á þjóðgarðssvæðinu hefur ekki verið gerð.

264. Svar [127. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um húsaleigu og húsaleigubætur.

1. Hver er heildarfjöldi leigjenda skipt eftir kjördæmum,
- *a. á almennum markaði,*
- *b. á vegum sveitarfélaga,*
- *c. á vegum félagasamtaka?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um heildarfjölda leigjenda eftir kjördæmum. Þau gögn sem ná til heildaryfirlits eru í fórum Hagstofu Íslands og byggjast á húsaleigukönnun í mars 1999. Niðurstöður könnunar Hagstofu eru ekki sundurliðaðar eftir kjördæmum. Í neyslukönnun

Hagstofunnar fengust upplýsingar um fjárhæð leigu og stærð leigumarkaðarins 1995. Í húsaleigukönnun Hagstofunnar árið 1999 er talið að hlutfall leigjenda hafi þá verið á bilinu 15–17%. Samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar 1995 var hlutfall leiguíbúða 19%.

Líklegt er talið að 17% íbúða í Reykjavík séu leiguíbúðir og því lætur nærri að fjöldi þeirra sé rúmlega 7.500 íbúðir. Upplýsingar gefa til kynna að félagslegar leiguíbúðir í Reykjavík séu um 2.900 og því líklegt að almennar leiguíbúðir séu 4.600 talsins. Heildarfjöldi húsaleigubótaþega í Reykjavík í maí 2002 var samtals 2.806. Miðað við þær forsendur fá rúmlega 37% leigjenda í Reykjavík húsaleigubætur.

Helstu niðurstöður úr könnun Hagstofunnar 1999 eru m.a.:

- Tæplega 50% leigjenda leigðu hjá einkaaðilum, þriðjungur hjá opinberum aðilum og félagasamtökum og 15% hjá skyldmönnum eða vinafólki.
- Samkvæmt húsaleigukönnuninni búa 66% leigjenda á höfuðborgarsvæðinu og 34% utan höfuðborgarsvæðisins. Leigjendur í kaupstöðum utan höfuðborgarsvæðisins eru 18% en í dreifbýli 16%. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1998 um 61% af öllum íbúum landsins en 39% búa annars staðar. Hlutfall leigjenda á höfuðborgarsvæðinu er því heldur hærra en hlutfall íbúa á svæðinu í heild.
- Nokkur munur var á eigendum leiguhúsnæðis á höfuðborgarsvæði og í öðrum landshlutum. Á höfuðborgarsvæðinu eru 55% íbúða á leigumarkaði í eigu einkaaðila en samsvarandi hlutfall úti á landi voru 39%. Íbúðir í eigu opinberra aðila og félagasamtaka voru hlutfallslega fleiri úti á landi (46%) en á höfuðborgarsvæðinu (23%).
- Húsaleigubætur voru greiddar til 27% þeirra sem tóku þátt í könnuninni og námu að meðaltali 10.415 kr. á mánuði fyrir skatta.

2. *Hve margir leigjendur fengu greiddar húsaleigubætur á árinu 2001 og það sem af er 2002, sundurliðað eftir kjördæmum og stærð húsnæðis, og hverjar eru meðaltekjur leigjenda sem fá húsaleigubætur,*
   a. *á almennum markaði,*
   b. *á vegum sveitarfélaga,*
   c. *á vegum félagasamtaka?*

Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur safnar árlega með sérstakri könnun í maímánuði upplýsingum frá sveitarfélögum um leigjendur sem fá greiddar húsaleigubætur. Meðfylgjandi eru upplýsingar úr könnunum samráðsnefndarinnar árin 2001 og 2002. Ekki er mögulegt að svara öllum liðum fyrirspurnarinnar.

Tafla 2.1 Fjöldi húsaleigubótaþega á almennum markaði og í félagslegum leiguíbúðum sundurliðað eftir kjördæmum í maí 2001.

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir			
Kjördæmi	**Bótaþegar**	**%**	**Bótaþegar**	**%**	**Samtals**	**%**
Reykjavík	1.368	56	880	41	2.248	49
Reykjanes	338	14	477	22	815	18
Vesturland	76	3	88	4	164	4
Vestfirðir	56	2	90	4	146	3
Norðurland vestra	74	3	125	6	199	4
Norðurland eystra	319	13	226	10	545	12
Austurland	91	4	130	6	221	5
Suðurland	119	5	154	7	273	6
Samtals	**2.441**	**100,0**	**2.170**	**100,0**	**4.611**	**100,0**

Tafla 2.2 Fjöldi húsaleigubótaþega á almennum markaði og í félagslegum leiguíbúðum sundurliðað eftir kjördæmum í maí 2002.

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir			
Kjördæmi	**Bótaþegar**	**%**	**Bótaþegar**	**%**	**Samtals**	**%**
Reykjavík	1.768	53	1.038	39	2.806	47
Reykjanes	449	15	608	22	1.057	18
Vesturland	111	3	122	5	233	4
Vestfirðir	77	2	146	5	223	4
Norðurland vestra	86	3	179	7	265	4
Norðurland eystra	445	13	273	10	718	12
Austurland	144	4	159	6	303	5
Suðurland	229	7	160	6	389	6
Samtals	**3.309**	**100,0**	**2.685**	**100,0**	**5.994**	**100,0**

Tafla 2.3 Skipting bótaþega eftir stærð húsnæðis í maí 2001 og í maí 2002.

	2001		2002	
	Samtals bótaþegar	**%**	**Samtals bótaþegar**	**%**
1 herbergi	engar upplýsingar		844	14
2 herbergi	1.834	46	2.529	43
3 herbergi	1.375	34	1.658	28
4 herbergi	635	16	733	13
5 herbergi	131	3	103	2
6 herbergi	15	0	20	0
Samtals	**3.990**	**100,0**	**5.887**	**100,0**

Tafla 2.4 Skipting bótaþega árið 2001 í almennum og félagslegum íbúðum eftir tekjum heimilis.

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Íbúðir samtals	
Árstekjur heimilis	**Bótaþegar**	**%**	**Bótaþegar**	**%**	**Bótaþegar**	**%**
Minna en 800 þús. kr.	836	35	757	34	1.593	35
800–1.100 þús. kr.	366	15	439	20	805	18
1.100–1.400 þús. kr.	244	10	293	13	537	12
1.400–1.700 þús. kr.	447	19	321	15	768	17
1.700–2.000 þús. kr.	166	7	131	6	297	6
2.000–2.300 þús. kr.	173	7	103	5	276	6
2.300–2.600 þús. kr.	75	3	61	3	136	3
Meira en 2.600 þús. kr.	80	3	80	4	160	3
Samtals	**2.387**	**100,0**	**2.185**	**100,0**	**4.572**	**100,0**

Tafla 2.5 Skipting bótaþega árið 2002 í almennum og félagslegum íbúðum eftir tekjum heimilis.

	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Íbúðir samtals	
Árstekjur heimilis	Bótaþegar	%	Bótaþegar	%	Bótaþegar	%
Minna en 800 þús. kr.	1.151	36	859	32	2.010	34
800–1.100 þús. kr.	477	15	470	17	947	16
1.100–1.400 þús. kr.	349	11	427	16	776	13
1.400–1.700 þús. kr.	466	14	358	13	824	14
1.700–2.000 þús. kr.	242	7	215	8	457	8
2.000–2.300 þús. kr.	276	9	140	5	416	7
2.300–2.600 þús. kr.	123	4	83	3	206	3
Meira en 2.600 þús. kr.	145	4	141	5	286	5
Samtals	**3.228**	**100,0**	**2.693**	**100,0**	**5.922**	**100**

3. *Hvert er meðaltal greiddrar húsaleigu fyrir tveggja til fimm herbergja íbúðir í tíu stærstu sveitarfélögum landsins,*
   a. á almennum markaði,
   b. á vegum sveitarfélaga,
   c. á vegum félagasamtaka?

Meðfylgjandi upplýsingar um leigugreiðslur ná aðeins til þeirra leigjenda sem fá húsaleigubætur. Samráðsnefndin hefur áætlað að um þriðjungur leigjenda fái húsaleigubætur. Könnun Hagstofunnar 1999 gaf til kynna að hlutfallið væri 27% en áætlað er að hlutfallið í Reykjavík árið 2002 sé um 37%. Fyrirliggjandi gögn gefa ekki kost á að sundurliða leigugreiðslur eftir almennum leiguíbúðum og félagslegum leiguíbúðum. Tölur um leiguverð eru því meðaltal leigu þeirra leigjenda sem fá húsaleigubætur.

Tafla 3.1 Meðalleiga árið 2001, kr.

	1 herb.	2 herb.	3 herb.	4 herb.	5 herb.	6 herb.
Reykjavík	engar upplýsingar	32.110	38.611	45.357	46.499	51.812
Kópavogsbær	engar upplýsingar	17.359	29.622	36.438	37.550	51.950
Seltjarnarnes	engar upplýsingar	36.027	39.377	49.596	0	0
Garðabær	engar upplýsingar	39.120	43.089	44.255	85.000	0
Hafnarfjörður	engar upplýsingar	36.000	46.000	42.000	55.000	0
Mosfellsbær	engar upplýsingar	40.822	40.289	38.000	0	0
Reykjanesbær	engar upplýsingar	27.926	31.950	35.350	36.526	0
Akraneskaupstaður	engar upplýsingar	24.927	29.790	35.165	28.312	0
Akureyrarkaupstaður	engar upplýsingar	31.014	31.432	34.185	43.728	0
Vestmannaeyjabær	engar upplýsingar	20.762	30.424	41.083	0	42.000
Sveitarfélagið Árborg	engar upplýsingar	27.822	29.857	34.980	0	0

Tafla 3.1 Meðalleiga árið 2002, kr.

	1 herb.	2 herb.	3 herb.	4 herb.	5 herb.	6 herb.
Reykjavík	23.179	34.760	43.616	50.481	46.363	53.177
Kópavogsbær	29.080	36.497	44.187	47.195	67.775	0
Seltjarnarnes	28.130	37.854	43.790	56.330	0	0
Garðabær	22.000	42.000	47.000	49.000	47.000	0
Hafnarfjörður	0	32.444	40.981	47.440	46.858	57.988
Mosfellsbær	0	33.774	36.727	46.959	51.010	0

	1 herb.	2 herb.	3 herb.	4 herb.	5 herb.	6 herb.
Reykjanesbær	24.000	29.000	38.000	42.000	40.000	48.000
Akraneskaupstaður	0	35.070	36.763	46.971	17.468	0
Akureyrarkaupstaður	22.450	29.875	35.351	42.115	48.236	54.000
Vestmannaeyjabær	19.858	23.261	33.877	37.273	0	47.000
Sveitarfélagið Árborg	26.283	32.578	37.011	40.630	39.236	0

4. *Hefur ráðherra látið kanna sérstaklega í hve miklum mæli svokallaðar „svartar greiðslur“ tíðkast á leigumarkaði? Ef svo er, hver er niðurstaða þeirrar könnunar? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að hún verði gerð og þá hvenær?*

Félagsmálaráðherra hefur ekki látið kanna „svartar greiðslur“ á leigumarkaði enda mun mjög torvelt að fá áreiðanlegar niðurstöður.

265. Svar [87. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi iðnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Styrkveitingar til frjálsra félagasamtaka geta fallið innan verksviða þriggja aðila sem heyra undir ábyrgð iðnaðarráðuneytisins. Þeir eru Átak til atvinnusköpunar, Byggðastofnun og Kísilgúrsjóður.

Átak til atvinnusköpunar er umfangsmesta stuðningsverkefnið sem rekið er á vegum iðnaðarráðuneytisins, en það hefur verið starfrækt frá árinu 1996. Ítarlega var gerð grein fyrir starfsemi þess árin 1996–99 á 126. löggjafarþingi í svari við fyrirspurn frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur, sjá þskj. 180 í 69. máli. Þá var gerð grein fyrir störfum þess árin 1998–2000 í svari við fyrirspurn frá Margréti Frímannsdóttur á þskj. 248 í 81. máli 127. löggjafarþings. Í sama svari var einnig gerð grein fyrir styrkveitingum Byggðastofnunar og Kísilgúrsjóðs til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar á árunum 1998–2000.

Engum frjálsum félagasamtökum var veittur beinn styrkur af Átaki til atvinnusköpunar árin 1998–2001. Aftur á móti var Félagi kvenna í atvinnurekstri veittur stuðningur með vinnuframlagi starfsmanns Impru sem er þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Áætlað er að vinnuframlagið megi meta að jafnvirði um 785 þús. kr. á árinu 2000 og um 643 þús. kr. á árinu 2001. Félag kvenna í atvinnurekstri var stofnað að undirlagi iðnaðarráðherra til að efla þátttöku kvenna í nýsköpun atvinnulífsins. Starfsemi Impru var á árunum 2000 og 2001 fjármögnuð af fjárlagaliðum 11-201 1.01 (Iðntæknistofnun) og 11-299 1.48 (Átak til atvinnusköpunar).

Byggðastofnun hefur veitt styrki sem frjáls félagasamtök geta sótt um. Málefni Byggðastofnunar voru færð undir iðnaðarráðuneytið í upphafi ársins 2000 en voru áður á verksviði forsætisráðuneytis. Engu að síður eru í svari þessu veittar upplýsingar um styrkveitingar

Byggðastofnunar til frjálsra félagasamtaka á árunum 1998 og 1999 þótt málaflokkurinn hafi ekki heyrt undir iðnaðarráðuneytið á þeim tíma.

Styrkveitingar Byggðastofnunar til frjálsra félagasamtaka árin 1998–2001 námu alls 12.000.000 kr. sem fóru til 25 verkefna. Skrá yfir styrkþega, verkefni, úthlutunarár og styrkupphæðir er að finna í töflu 1. Styrkveitingar Byggðastofnunar eru teknar af fjárlagalið 11-411 1.10 (Byggðastofnun).

Tafla 1. Styrkir veittir af almennu rekstrarfé Byggðastofnunar til frjálsra félagasamtaka 1998–2001.

Nafn	Vegna	Samþykkt	Upphæð (þús kr.)	Ábyrgðarmaður
Héraðsbygg	kaupa á raðsáningarvél og kornþreskivél	10.02.1998	1.000	
Skógræktarfél. Rangæinga	lagfæringa á umhverfi Þverár og fiskræktar	24.03.1998	500	
Handverkshópurinn Bolli	handverkshúss	24.03.1998	400	
Handverkshópurinn Úa	handverkshúss	24.03.1998	200	
Önfirðingafélagið í Reykjavík	undirbúnings að minjasafni á Flateyri	24.03.1998	200	
Steinar og Málmar	þróunar og markaðssetningar á handverki	24.03.1998	200	
Samtök um varðveislu Seljavallalaugar	varðveislu gamallar laugar	24.03.1998	200	
Kornræktarfélagið AX	kaupa á kornþreskivél	03.11.1998	800	
Félag áhugamanna um minjasafn	síldarminjasafns	28.05.1999	500	
Menningarfélag um Brydebúð	sýningar um náttúrufar og Kötlugos	28.05.1999	500	
Fjalla-Eyvindur og Halla, áhugahópur	kynningarverkefnis	28.05.1999	200	
Kvenfélag Sauðárkróks	afþreyingarverkefna	28.05.1999	200	
Ferðafélag fjarðamanna Austfjörðum	göngukorts og merkingar gönguleiða	28.05.1999	200	
Sumarmenning á Ísafirði	sumarkvölda í Neðstakaupstað	28.05.1999	200	
Snæfellsássamfélagið	ferðaþjónustu	28.05.1999	200	
Óperustúdío Austurlands	sýninga á "Töfraflautunni"	15.06.1999	500	
Önfirðingafélagið í Reykjavík	framkvæmda við menningarsetur	02.05.2000	2.000	
Strandagaldur ses	galdrasýninga á Ströndum	02.05.2000	1.000	
Óperustúdío Austurlands	sýninga á óperum	02.05.2000	700	
Önfirðingafélagið í Reykjavík	framkvæmda við menningarsetur	03.07.2001	1.000	Björn Ingi Bjarnason
Óperustúdío Austurlands	sýninga á óperum	03.07.2001	500	Wendell Keith Reed
Áhugahópur um menningarfjölbreytni á Vestfjörðum	þjóðhátíðar Vestfirðinga	03.07.2001	250	Magnús Ó. Hansson
Félag Ferðamálafulltrúa	ráðstefnuferðar til Evrópu	13.09.2001	150	*Auróra Guðrún Friðriksdóttir*
Kvenfélag Sauðárkróks	afþreyingarverkefna	05.10.2001	200	Þóra Björk Þórhallsdóttir
Rauði krossinn á Austurlandi	Þjóðhátíðar Austfirðinga	05.10.2001	200	Albert Eiríksson
			12.000	

Kísilgúrsjóður var stofnaður með lögum nr. 80/1966, um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn, í þeim tilgangi að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Nánar er kveðið á um Kísilgúrsjóð í reglugerð nr. 476/2001. Þar segir m.a. að tekjur sjóðsins séu 20% af námagjaldi Kísiliðjunnar fram til ársloka 2001 en vaxi þá í 68% af námagjaldinu.

Styrkveitingar úr Kísilgúrsjóði til frjálsra félagasamtaka 1998–2001 námu alls 1.150.000 kr. sem fóru til fjögurra verkefna. Skrá yfir styrkþega, verkefni, úthlutunarár og styrkupphæðir er að finna í töflu 2. Kísilgúrsjóður fékk ekki fé af fjárlögum á árunum 1998–2001.

Tafla 2. Styrkir Kísilgúrsjóðs til frjálsra félagasamtaka 1998–2001.

Ár	Styrkþegi	Verkefni	Upphæð	Ábyrgðarmaður
1998				
	Menningarsjóður þingeyskra kvenna	Til útgáfustarfsemi	100.000	Hólmfríður Pétursdóttir, Reykjahlíð
1999				
	Dyngjan handverkshópur	Til húsakaupa	500.000	Þórunn Einarsdóttir, Baldursheimi 1, Mývatnssveit
2000				
	Ferðafélag Akureyrar	Bygging snyrtihúss við Dreka	250.000	Ingvar Teitsson, Akureyri
	Kaðlín, handverkshópur, Húsavík	Lagfæringar á húsnæði	300.000	Rannveig Benediktsdóttir, Húsavík
2001				
	Enginn styrkur til frjálsra félagasamtaka			

266. Tillaga til þingsályktunar [256. mál]

um fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að þjóðgarðurinn í Skaftafelli skuli verða fjárhagslega sjálfstæð stofnun. Þjóðgarðsvörður verði forstöðumaður stofnunarinnar og beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri. Þjóðgarðinum verði fengið aukið hlutverk, m.a. viðhald og eftirlit á friðlöndum Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu. Ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag rekstursins.

Greinargerð.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður 1967. Myndarlega var staðið að uppbyggingu þar á sjöunda áratugnum. Byggð var þjónustumiðstöð og útbúið stórt tjaldstæði. Göngustígar voru skipulagðir og merktir. Rannsóknir voru gerðar á gróðri og söguminjar lagfærðar, svo sem Selbærinn (fjósbaðstofan).

Á síðastliðnum 25 árum hefur þjóðgarðurinn verið rekinn fyrir mjög takmarkað fjármagn. Vegna fjárskorts hefur uppbygging og rannsóknastarf ekki verið í takt við fjölgun gesta þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn gegnir mikilvægu hlutverki á Suðausturlandi í tengslum við ferðaþjónustu og styrkingu byggðar í landshlutanum. Starfsfólk þjóðgarðsins tekur á móti yfir 150.000

ferðamönnum á hverju ári. Búist er við því að fjöldi ferðamanna muni tvöfaldast á næstu tíu árum. Því er mikilvægt að fjármagn sem ríkissjóður leggur til uppbyggingar í þjóðgarðinum aukist verulega. Einnig er mikilvægt að sértekjur sem þjóðgarðurinn aflar skili sér til uppbyggingar þar.

Nú er í þjóðgarðinum rekin fræðslustofa, tjaldstæði og lítil minjagripaverslun. Veitingastaður og verslun hafa verið leigð út til einkaaðila í Öræfasveit. Á milli 15–20 þús. manns gista á tjaldstæðinu á hverju ári. Velta þjóðgarðsins er um 20 millj. kr. á ári en launakostnaður um 10 millj. kr. Á undanförnum árum hefur þjóðgarðurinn fengið um 2–5 millj. kr. til nýframkvæmda og viðhalds. Innan þjóðgarðsins eru um 1.500 fermetrar af húsnæði, göngustígar eru tugir kílómetra og tjaldstæðið stórt. Þjóðgarðurinn þarfnast aukins fjármagns til uppbyggingar, reksturs og rannsókna. Ekki er talið að ný stjórnsýslustofnun (Umhverfisstofnun) muni bæta fjárhagslega stöðu þjóðgarðanna. Það er mikilvægt að þjóðgarðarnir séu fyrirmynd annarra útivistarsvæða á Íslandi og njóti virðingar þjóðarinnar.

Rekstur þjóðgarðs hefur efnahagslega þýðingu fyrir sinn landshluta. Því er mikilvægt að styrkja alla starfsemi í þjóðgörðum. Þeir þurfa sífellt að vera í uppbyggingu svo að þeir geti verið til fyrirmyndar og tekið á móti vaxandi fjölda ferðamanna. Á komandi árum mun þjóðgarðurinn í Skaftafelli þarfnast töluverðra endurbóta til að mæta kröfum gesta og til að koma í veg fyrir að gróður traðkist niður vegna lélegra göngustíga.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að stofna Vatnajökulsþjóðgarð innan skamms. Um er að ræða stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli. Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að sækja um að Skaftafell verði sett á heimsminjaskrá UNESCO. Þegar garðurinn hefur verið stækkaður og Skaftafell komið á heimsminjaskrá er líklegt að gestum þjóðgarðsins fjölgi og verkefni starfsmanna verði fleiri.

Aukið fjárhagslegt sjálfstæði gæfi þjóðgarðinum aukin tækifæri til að afla sértekna sem skilaði sér í betri þjónustu við gesti. Auðveldara yrði fyrir þjóðgarðinn að sækja fjármagn til fyrirtækja og hagsmunasamtaka ef hann væri fjárhagslega sjálfstæður.

267. Svar [116. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um íbúafjölda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur þróunin verið í íbúafjölda hvers sveitarfélags á landinu, eins og þau eru nú, sl. tíu ár?*
2. *Hver hefur þróunin verið í íbúafjölda hvers kjördæmis fyrir sig, miðað við nýja kjördæmaskipan, sl. tíu ár?*
3. *Hver hefur hlutfallsleg fjölgun eða fækkun íbúa í einstökum sveitarfélögum verið á sl. tíu árum?*
4. *Hvert er hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda hvers sveitarfélags fyrir sig?*

Leitað var upplýsinga um málið hjá Hagstofu Íslands.

Upplýsingar um íbúafjölda í eftirfarandi töflu miðast við íbúafjölda 1. desember 2001 og sömu dagsetningu 1991. Skipan sveitarfélaga í töflunni er eins og hún varð að loknum sveitarstjórnarkosningum 25. maí 2002 en þá fækkaði sveitarfélögum úr 122 í 105.

Miðað er við kjördæmaskipan samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum. Þar sem skipting Reykjavíkurkjördæma liggur ekki fyrir er tölum um íbúafjölda Reykjavíkur ekki skipt eftir kjördæmum.

Um svör við 3. og 4. lið fyrirspurnarinnar vísast til töflunnar, þar sem jafnframt er að finna upplýsingar um hlutfall erlendra ríkisborgara á landinu öllu og í einstökum kjördæmum miðað við íbúafjölda 1. desember 2001 og sömu dagsetningu 1991.

Breytingar mannfjöldans 1991–2001 eftir sveitarfélögum og samkvæmt nýrri kjördæmaskipan 2000.

	Íbúafjöldi		Breyting á íbúafjölda 1991–2001		Erlendir ríkisborgarar		Hlutfall erlendra ríkisborgara	
	1. des. 1991	1. des. 2001	Fjölgun /fækkun	Fjölgun /fækkun	1. des. 1991	1. des. 2001	1. des. 1991	1. des. 2001
Landið allt	**259.581**	**286.250**	**26.669**	**10,3%**	**5.395**	**9.688**	**2,1%**	**3,4%**
Reykjavíkurkjördæmi	**100.119**	**112.268**	**12.149**	**12,1%**	**2.310**	**4.413**	**2,3%**	**3,9%**
Reykjavík	100.119	112.268	12.149	12,1%	2310	4.413	2,3%	3,9%
Suðvesturkjördæmi	**49.367**	**65.732**	**16.365**	**33,2%**	**827**	**1.698**	**1,7%**	**2,6%**
Kópavogur	16.635	24.229	7.594	45,7%	255	712	1,5%	2,9%
Seltjarnarnes	4.221	4.662	441	10,4%	73	108	1,7%	2,3%
Garðabær	7.202	8.445	1.243	17,3%	136	170	1,9%	2,0%
Hafnarfjörður	15.628	20.223	4.595	29,4%	264	550	1,7%	2,7%
Bessastaðahreppur	1.139	1.740	601	52,8%	19	37	1,7%	2,1%
Mosfellsbær	4.383	6.293	1.910	43,6%	79	117	1,8%	1,9%
Kjósarhreppur	159	140	-19	-12,0%	1	4	0,6%	2,9%
Suðurkjördæmi	**38.322**	**40.389**	**2.067**	**5,4%**	**846**	**1.583**	**2,2%**	**3,9%**
Reykjanesbær	10.180	10.944	764	7,5%	247	364	2,4%	3,3%
Grindavík	2.170	2.336	166	7,7%	33	117	1,5%	5,0%
Sandgerði	1.278	1.399	121	9,5%	43	100	3,4%	7,1%
Gerðahreppur	1.076	1.207	131	12,2%	36	103	3,3%	8,5%
Vatnsleysustrandarhreppur	651	841	190	29,2%	22	51	3,4%	6,1%
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.419	2.336	-83	-3,4%	59	59	2,4%	2,5%
Vestmannaeyjar	4.923	4.458	-465	-9,4%	98	68	2,0%	1,5%
Sveitarfélagið Árborg	5.137	6.048	911	17,7%	75	158	1,5%	2,6%
Mýrdalshreppur	595	526	-69	-11,6%	3	11	0,5%	2,1%
Skaftárhreppur	613	542	-71	-11,6%	1	4	0,2%	0,7%
Rangárþing eystra	1.766	1.643	-123	-7,0%	47	108	2,7%	6,6%
Rangárþing ytra	1.378	1.429	51	3,7%	38	62	2,8%	4,3%
Ásahreppur	147	145	-2	-1,4%	2	8	1,4%	5,5%
Gaulverjabæjarhreppur	146	132	-14	-9,6%	3	6	2,1%	4,5%
Hraungerðishreppur	198	183	-15	-7,6%	3	9	1,5%	4,9%
Villingaholtshreppur	200	189	-11	-5,5%	3	11	1,5%	5,8%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	559	506	-53	-9,5%	27	37	4,8%	7,3%
Hrunamannahreppur	628	745	117	18,6%	26	74	4,1%	9,9%
Bláskógabyggð	788	893	105	13,3%	13	50	1,7%	5,6%
Hveragerði	1.601	1.864	263	16,4%	41	58	2,6%	3,1%
Sveitarfélagið Ölfus	1.561	1.680	119	7,6%	20	103	1,3%	6,1%
Grímsnes- og Grafningshreppur	308	343	35	11,4%	6	22	1,9%	6,4%

	Íbúafjöldi		Breyting á íbúafjölda 1991–2001		Erlendir ríkisborgarar		Hlutfall erlendra ríkisborgara	
	1. des. 1991	1. des. 2001	Fjölgun /fækkun	Fjölgun /fækkun	1. des. 1991	1. des. 2001	1. des. 1991	1. des. 2001
Norðvesturkjördæmi	**32.850**	**30.273**	**-2.577**	**-7,8%**	**871**	**1.124**	**2,7%**	**3,7%**
Akranes	5.236	5.520	284	5,4%	57	83	1,1%	1,5%
Hvalfjarðarstrandarhreppur	162	157	-5	-3,1%	0	1	0,0%	0,6%
Skilmannahreppur	144	146	2	1,4%	0	5	0,0%	3,4%
Innri-Akraneshreppur	137	125	-12	-8,8%	2	2	1,5%	1,6%
Leirár- og Melahreppur	158	127	-31	-19,6%	4	5	2,5%	3,9%
Skorradalshreppur	53	57	4	7,5%	1	0	1,9%	0,0%
Borgarfjarðarsveit	710	689	-21	-3,0%	23	27	3,2%	3,9%
Hvítársíðuhreppur	71	83	12	16,9%	0	0	0,0%	0,0%
Borgarbyggð	2.503	2.522	19	0,8%	26	42	1,0%	1,7%
Kolbeinsstaðahreppur	118	113	-5	-4,2%	1	3	0,8%	2,7%
Grundarfjarðarbær	846	956	110	13,0%	53	73	6,3%	7,6%
Helgafellssveit	78	58	-20	-25,6%	0	1	0,0%	1,7%
Stykkishólmur	1.223	1.239	16	1,3%	37	76	3,0%	6,1%
Eyja- og Miklaholtshreppur	169	119	-50	-29,6%	2	2	1,2%	1,7%
Snæfellsbær	1.971	1.799	-172	-8,7%	149	135	7,6%	7,5%
Saurbæjarhreppur	112	90	-22	-19,6%	1	1	0,9%	1,1%
Dalabyggð	841	657	-184	-21,9%	4	15	0,5%	2,3%
Bolungarvík	1.179	958	-221	-18,7%	17	53	1,4%	5,5%
Ísafjarðarbær	4.907	4.182	-725	-14,8%	221	252	4,5%	6,0%
Reykhólahreppur	370	304	-66	-17,8%	2	9	0,5%	3,0%
Tálknafjarðarhreppur	358	372	14	3,9%	44	67	12,3%	18,0%
Vesturbyggð	1.505	1.134	-371	-24,7%	106	75	7,0%	6,6%
Súðavíkurhreppur	304	223	-81	-26,6%	11	12	3,6%	5,4%
Árneshreppur	113	59	-54	-47,8%	0	2	0,0%	3,4%
Kaldrananeshreppur	174	133	-41	-23,6%	5	2	2,9%	1,5%
Hólmavíkurhreppur	598	472	-126	-21,1%	22	3	3,7%	0,6%
Bæjarhreppur	129	107	-22	-17,1%	0	1	0,0%	0,9%
Broddaneshreppur	103	70	-33	-32,0%	0	0	0,0%	0,0%
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.350	4.162	-188	-4,3%	31	77	0,7%	1,9%
Húnaþing vestra	1.471	1.209	-262	-17,8%	27	51	1,8%	4,2%
Áshreppur	97	80	-17	-17,5%	0	3	0,0%	3,8%
Sveinsstaðahreppur	106	87	-19	-17,9%	1	0	0,9%	0,0%
Torfalækjarhreppur	118	90	-28	-23,7%	2	3	1,7%	3,3%
Blönduóssbær	1.158	965	-193	-16,7%	10	16	0,9%	1,7%
Svínavatnshreppur	127	141	14	11,0%	1	7	0,8%	5,0%
Bólstaðarhlíðarhreppur	128	114	-14	-10,9%	0	3	0,0%	2,6%
Skagabyggð	114	103	-11	-9,6%	0	0	0,0%	0,0%
Höfðahreppur	650	621	-29	-4,5%	11	10	1,7%	1,6%
Akrahreppur	259	230	-29	-11,2%	0	7	0,0%	3,0%
Norðausturkjördæmi	**38.923**	**37.588**	**-1.335**	**-3,4%**	**541**	**870**	**1,4%**	**2,3%**
Akureyri	14.437	15.632	1.195	8,3%	162	198	1,1%	1,3%
Húsavíkurbær	2.587	2.513	-74	-2,9%	35	33	1,4%	1,3%
Siglufjörður	1.771	1.508	-263	-14,9%	13	32	0,7%	2,1%
Ólafsfjarðarbær	1.170	1.035	-135	-11,5%	11	8	0,9%	0,8%
Dalvíkurbyggð	2.142	2.013	-129	-6,0%	23	83	1,1%	4,1%
Grímseyjarhreppur	117	95	-22	-18,8%	0	0	0,0%	0,0%
Hríseyjarhreppur	272	197	-75	-27,6%	13	7	4,8%	3,6%
Arnarneshreppur	230	184	-46	-20,0%	3	6	1,3%	3,3%
Eyjafjarðarsveit	978	979	1	0,1%	12	28	1,2%	2,9%

	Íbúafjöldi		Breyting á íbúafjölda 1991–2001		Erlendir ríkisborgarar		Hlutfall erlendra ríkisborgara	
	1. des. 1991	1. des. 2001	Fjölgun /fækkun	Fjölgun /fækkun	1. des. 1991	1. des. 2001	1. des. 1991	1. des. 2001
Hörgárbyggð	408	389	-19	-4,7%	8	7	2,0%	1,8%
Svalbarðsstrandarhreppur	319	371	52	16,3%	6	13	1,9%	3,5%
Grýtubakkahreppur	419	394	-25	-6,0%	11	20	2,6%	5,1%
Þingeyjarsveit	904	735	-169	-18,7%	2	19	0,2%	2,6%
Skútustaðahreppur	525	451	-74	-14,1%	2	9	0,4%	2,0%
Aðaldælahreppur	335	282	-53	-15,8%	5	4	1,5%	1,4%
Tjörneshreppur	87	69	-18	-20,7%	0	1	0,0%	1,4%
Kelduneshreppur	117	98	-19	-16,2%	0	5	0,0%	5,1%
Öxarfjarðarhreppur	373	353	-20	-5,4%	3	14	0,8%	4,0%
Raufarhafnarhreppur	380	296	-84	-22,1%	1	35	0,3%	11,8%
Svalbarðshreppur	119	120	1	0,8%	1	1	0,8%	0,8%
Þórshafnarhreppur	465	412	-53	-11,4%	5	33	1,1%	8,0%
Seyðisfjörður	919	773	-146	-15,9%	14	25	1,5%	3,2%
Fjarðabyggð	3.551	3.062	-489	-13,8%	83	130	2,3%	4,2%
Skeggjastaðahreppur	129	141	12	9,3%	1	21	0,8%	14,9%
Vopnafjarðarhreppur	912	742	-170	-18,6%	9	13	1,0%	1,8%
Fljótsdalshreppur	113	82	-31	-27,4%	2	3	1,8%	3,7%
Fellahreppur	413	457	44	10,7%	4	15	1,0%	3,3%
Borgarfjarðarhreppur	209	150	-59	-28,2%	1	6	0,5%	4,0%
Norður-Hérað	355	312	-43	-12,1%	0	5	0,0%	1,6%
Mjóafjarðarhreppur	38	31	-7	-18,4%	0	0	0,0%	0,0%
Fáskrúðsfjarðarhreppur	92	63	-29	-31,5%	1	2	1,1%	3,2%
Búðahreppur	757	569	-188	-24,8%	8	13	1,1%	2,3%
Stöðvarhreppur	340	257	-83	-24,4%	25	16	7,4%	6,2%
Breiðdalshreppur	350	271	-79	-22,6%	21	16	6,0%	5,9%
Djúpavogshreppur	597	521	-76	-12,7%	28	22	4,7%	4,2%
Austur-Hérað	1.993	2.031	38	1,9%	28	27	1,4%	1,3%

Skipting sveitarfélaga að loknum sveitarstjórnarkosningum 25. maí 2002, alls 105 sveitarfélög. Mannfjöldi 1991 samkvæmt endanlegum íbúatölum; mannfjöldi 1. desember 2001 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands.

268. Frumvarp til laga [257. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/2002, um póstþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á póstþjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 100 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en þrisvar sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Ný málsgrein, 5. mgr., bætist við, svohljóðandi:
   Rekstrarleyfishafa er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtæki sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega póstþjónustu.
b. Við 5. mgr., er verður 6. mgr., bætist nýr málsliður, sem verður 2. málsl., svohljóðandi: Óheimilt er að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.

3. gr.

Á undan 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Meðferð kvartana.

Rekstrarleyfishafar skulu semja reglur um meðferð kvartana frá notendum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal sjá til þess að reglur skv. 1. mgr. gefi kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum og/eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.

4. gr.

Í stað orðanna „39.–41. gr.“ í 42. gr. laganna, er verður 43. gr., kemur: 40.–42. gr.

5. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Meðferð kvartana og skaðabætur.**

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk 1. gr. breytast í 50 g og verðmörk í 2,5 sinnum lægsta burðargjald.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Í frumvarpi til núgildandi laga um póstþjónustu sem lagt var fyrir Alþingi í október 2001 var gert ráð fyrir að einkaréttur ríkisins héldist að mestu leyti óbreyttur frá þágildandi lögum. Í athugasemdum við frumvarpið kom fram að óráðið væri hvaða breytingar Evrópusambandið (ESB) mundi gera á ákvæðum tilskipunar 97/67/EC um póstsendingar í einkarétti og að umræða um einkaréttinn stæði enn yfir.

Nú hefur ESB gefið út og birt tilskipun nr. 2002/39/EC, dags. 10. júní 2002, sem breytir tilskipun 97/67/EC varðandi frekari opnun póstmarkaðarins í Evrópu fyrir samkeppni. Helsta breytingin lýtur að mörkum einkaréttar. Þar segir að aðildarríkin geti veitt rekstrarleyfishöfum með alþjónustuskyldur áfram einkarétt til þess að tryggja þá þjónustu að því marki sem talið er nauðsynlegt. Þjónusta innan einkaréttar skal takmörkuð við móttöku eða söfnun, flokkun, flutning og skil á póstsendingum innan lands og póstsendingum sem berast til landsins, hvort sem um er að ræða hraðsendingar eða ekki, innan eftirfarandi þyngdar-og verðtakmarkana:

Þyngdarmörkin skulu vera 100 g frá og með 1. janúar 2003 og 50 g frá og með 1. janúar 2006. Þessi þyngdarmörk gilda ekki ef póstsendingar bera burðargjald sem er frá 1. janúar

2003 jafnt eða hærra en þrisvar sinnum burðargjald bréfasendinga í fyrsta (lægsta) þyngdarflokki hraðasta flokks sendinga og frá 1. janúar 2006 ef burðargjaldið er jafnt eða hærra en 2,5 sinnum þetta gjald.

Lagt er til að fella niður ákvæði 2. tölul. 7. gr. í lögum um póstþjónustu en samkvæmt ákvæðinu hefur einkaréttur verið látinn ná til ábyrgðarbréfa sem notuð eru til að koma til viðtakenda birtingu á stefnum sem og opinberum tilkynningum stjórnvalda. Bent hefur verið réttilega á að vandkvæði geta verið á því að greina slík bréf frá öðrum. Þrátt fyrir heimild tilskipunar ESB til þess að vernda einkarétt á slíkum bréfum verður ekki séð að knýjandi ástæða sé til þess að slík bréf frekar en önnur ábyrgðarbréf verði í einkarétti.

Jafnframt er í þessari nýju tilskipun skerpt á nokkrum atriðum til bóta fyrir viðskiptavini póstrekenda. Í fyrsta lagi eru tekin inn skýrari ákvæði um sérstakar gjaldskrár rekstrarleyfishafa vegna þjónustu þeirra við þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu og taka slíkar gjaldskrár fyrst og fremst mið af þörfum atvinnufyrirtækja og annarra stórnotenda eða fyrirtækja sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Til þess að gætt sé jafnræðis verður slík gjaldskrá einnig að gilda fyrir aðra notendur sem uppfylla sömu skilyrði um afhendingu í miklu magni.

Í öðru lagi eru tekin inn ákvæði þar sem rekstrarleyfishöfum er bannað að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu utan einkaréttar með tekjum af einkaréttarþjónustu, nema sýnt sé fram á nauðsyn þess til að hægt sé að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem á eru lagðar á samkeppnissviði.

Í þriðja lagi eru sett inn ákvæði um að rekstrarleyfishafar gefi út skýrar reglur um meðferð kvartana frá notendum póstsins og skulu eftirlitsstofnanir tryggja það.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Umfang einkaréttar í póstþjónustu hefur verið til umræðu innan ESB um langt skeið og hafa verið skiptar skoðanir um málið. Í sumum Evrópulöndum hefur einkaréttur ríkisins verið afnuminn en í öðrum löndum er andstaða við breytingar á umfangi hans. Með tilskipun ESB nr. 2002/39/EC frá 10. júní 2002 eru gerðar breytingar á tilskipun nr. 97/67/EC þar sem fram kemur málamiðlun um einkaréttinn. Einkarétturinn skal nú ná til bréfa allt að 100 g í stað 350 g áður. Verðmörkin skulu vera þrisvar sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Með venjulegu bréfi er hér átt við bréf í hraðasta flokki póstútburðar. Jafnframt er mótuð stefna fram í tímann, sbr. gildistökuákvæði, og kveðið á um að þyngdarmörkin skuli lækka í 50 g frá og með 1. janúar 2006 og verðmörkin breytast í 2,5 sinnum lægsta burðargjald.

Frá árinu 1998 hefur einkaréttur hér á landi samkvæmt lögum um póstþjónustu verið takmarkaður við 250 g. Með hliðsjón af framangreindum breytingum á tilskipun ESB þykir rétt að leggja til að færa þyngdarmörk bréfa í einkarétti í 100 g frá og með 1. janúar 2003 og í 50 g frá og með 1. janúar 2006. Bréf 50 g og minna eru um 86% af öllum bréfum sem póstlögð eru hér á landi. Lagt er til að í 7. gr. verði orðin „án tillits til innihalds“ felld niður til samræmis við tilskipun ESB en rétt er að taka fram að þessi breyting hefur ekki áhrif á stöðu póstkorta sem munu áfram falla undir einkarétt, enda fellur póstkort undir orðskýringu á bréfi skv. 4. gr. laga um póstþjónustu. Með þessari breytingu verður munurinn milli bréfa og markpósts markvissari.

Um 2. gr.

Erlendis hafa verið sett á laggirnar endursölufyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem taka að sér að koma bréfum notenda á afhendingarstað rekstrarleyfishafa og njóta þess vegna afsláttar af venjulegri gjaldskrá. Sömuleiðis hefur það færst í aukana að stórfyrirtæki afhendi póst beint í póstmiðstöðvar og noti ekki venjulega afgreiðslustaði. Hið síðarnefnda á sér nú þegar stað hér á landi og líklegt er að endursölufyrirtæki skjóti áður en langt um líður upp kollinum hérlendis. Rétt þykir í þessu sambandi að setja ákvæði um að sérstök gjaldskrá sem kann að gilda í þessum tilfellum taki mið af kostnaði sem rekstrarleyfishafar spara sér við þessa tilhögun en að tekjur af almennum pósti verði ekki notaðar til að niðurgreiða þjónustuna. Ákvæði 16. gr. laganna um að gjaldskrár skuli vera auðskiljanlegar og gæta verði jafnræðis gilda hér og hefur hið síðarnefnda það í för með sér að láta skal einkaaðila njóta sömu kjara ef þeir uppfylla sömu skilyrði um afhendingu í miklu magni og atvinnufyrirtæki.

Í b-lið er sett fram almenn regla um að tekjur af þjónustu í einkarétti skuli ekki notaðar til að greiða niður önnur gjöld í alþjónustu. Líkt og í tilskipun ESB er hins vegar gert ráð fyrir undanþágu frá þessu ákvæði þegar á rekstrarleyfishafa eru lagðar sérstakar kvaðir um alþjónustu sem enginn annar er tilbúinn að veita þó að þjónustan sé opin fyrir samkeppni.

Um 3.–5. gr.

Heiti XIV. kafla í gildandi lögum er „Skaðabætur“ en í hinni nýju tilskipun ESB eru settar fram kröfur um málsmeðferð kvartana sem berast rekstrarleyfishöfum frá notendum. Af því tilefni hefur verið samin ný grein í XIV. kafla, 37. gr., sem skyldar rekstrarleyfishafa að setja reglur um meðferð kvartana. Með reglunum er stefnt að því að tryggja skjóta og sanngjarna lausn deilumála. Í samræmi við þetta er lagt til að breyta kaflaheitinu í „Meðferð kvartana og skaðabætur“.

Um 6. gr.

Lagt er til að lög þessi öðlist gildi 1. janúar 2003. Með því verður fyrirmælum tilskipunar 2002/39/EC um gildistöku í einstökum löndum fullnægt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/2002, um póstþjónustu.

Markmið frumvarpsins er að fylgja eftir tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/39/EC, um frekari opnun póstmarkaðarins í Evrópu fyrir samkeppni. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að íslenska ríkið hafi frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á póstþjónustu vegna póstsendinga bréfa, sem eru allt að 100 g í stað 250 g í núgildandi lögum og frá og með 1. janúar 2006 einkarétt á póstþjónustu vegna póstsendinga bréfa sem eru 50 g.

Jafnframt eru í frumvarpinu sett inn nokkur atriði sem skerpa á réttindum viðskiptavina póstrekenda. Í fyrsta lagi er bætt við ákvæðum um sérstakar gjaldskrár rekstrarleyfishafa vegna þjónustu við þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu. Í öðru lagi er bætt við

ákvæðum þar sem rekstrarleyfishöfum er bannað að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu utan einkaréttar með tekjum af einkaréttarþjónustu og loks er í þriðja lagi bætt við ákvæðum um að rekstrarleyfishafar gefi út skýrar reglur um meðferð kvartana frá notendum póstsins og skulu eftirlitsstofnanir tryggja að slíkt verði gert. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

269. Frumvarp til laga [258. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Vitagjald, 78,20 kr. af hverju brúttótonni skips, skal greiða af skipum sem taka höfn hér á landi og skal hálft tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Þó skal þetta gjald aldrei vera lægra en 3.500 kr.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar afla samþykkis Siglingastofnunar Íslands fyrir legu þeirra.

Jafnframt skal leita umsagnar Siglingastofnunar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og veðurdufla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og Siglingastofnun Íslands.

Tilgangur þess er að kveða á um hækkun vitagjalds í samræmi við verðlagsbreytingar frá því að upphæð gjaldsins var sett í lög í desember 1999 með lögum um vitamál, nr. 132/1999. Þá var ákveðið að vitagjald skyldi vera 68,60 kr. af hverju brúttótonni skips og lágmarksgjald 3.000 kr. Með frumvarpi þessu er lagt til að vitagjald verði kr. 78,20 kr. á hvert brúttótonn, sem er 14% hækkun og að lágmarksgjald hækki í 3.500 kr. Frá desember 1999 til september 2002 hefur neysluverðsvísitalan hækkað um 14,7%.

Auk þessa er tilgangur frumvarpsins að kveða á um að Siglingastofnun Íslands veiti umsögn, og þegar við á samþykki, fyrir legu og merkingu sæstrengja, neðansjávarleiðslna og hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 6. gr. laga um vitamál er vitagjald notað til verkefna Siglingastofnunar skv. 2. gr. laganna, þ.e. að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið. Til þessara verkefna teljast m.a.

vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki, radíómerki til staðarákvörðunar, upplýsingar um veður og sjólag, útgáfa upplýsinga um leiðbeiningarkerfi, útgáfa korta, eftirlit með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja sem sveitarfélög eða einstaklingar setja upp og leiðsögumál samkvæmt lögum um leiðsögu skipa, nr. 34/1993.

Rekstur og eignarhald vitakerfisins er tvískipt. Landsvitar eru til leiðbeiningar á almennum siglingaleiðum en hafnarvitar vísa leið inn á hafnir. Landsvitar eru í eigu og umsjón ríkisins en hafnarvitar í eigu og umsjón sveitarfélaganna. Siglingastofnun fer með framkvæmd vitamála á Íslandi, þ.e. annast uppbyggingu og rekstur landsvitakerfisins og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu og rekstri hafnarvita og innsiglingarmerkja.

Vita- og leiðsögubúnaður stofnunarinnar er margþættur. Tækniframfarir hafa breytt samsetningu og sjálfvirkni búnaðarins verulega undanfarna áratugi. Uppbyggingu ljósvitakerfisins lauk að mestu á sjötta áratugnum með byggingu Hrollaugseyjavita árið 1954 en þá var ljósvitahringnum um landið lokað. Alls eru 104 ljósvitar í umsjá stofnunarinnar. Flestir fá orku sína frá rafmagni, samveitum eða geymum, en einnig eru margir knúnir með sólarorku. Aðeins einn, Hvaleyrarviti í Hvalfirði, er enn með gasljósi. Starfsmenn stofnunarinnar sinna viðhaldi vitanna og þarf að leigja skip annað hvert ár til að sinna viðhaldi bauja og þeirra vita sem ekki er hægt að nálgast frá landi.

Annar leiðsögubúnaður er baujur (ljósdufl), radarsvarar, öldumælingadufl og sjálfvirkar veðurstöðvar. Öldumælingaduflum og veðurstöðvum hefur fjölgað undanfarin ár í tengslum við uppbyggingu á upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag. Baujum og radarsvörum hefur hins vegar farið fækkandi með tilkomu nýrrar tækni. Um 20 ljósvitar eru í hafnarvitakerfinu auk innsiglingarljósa á garðsendum og bryggjum, leiðarljósalínum og baujum er vísa leið í innsiglingum að höfnum.

Radíóvitar í notkun eru sex, Reykjanesviti, Bjargtangaviti, Skagatáarviti, Raufarhafnarviti, Djúpavogsviti og Skarðsfjöruviti. Þeir eru fyrst og fremst notaðir til að senda út leiðréttingarmerki með GPS-staðsetningarkerfinu en sú aðferð nefnist DGPS. Leiðréttingarmerkin nást í allt að 200 sjómílna fjarlægð og gera kleift að auka nákvæmni staðsetningar niður fyrir 10 metra.

Tekjur af vitagjaldi.

Innheimt vitagjald árið 2001 nam 90,1 millj. kr. Þar af greiddu erlend skip 71,9 millj. kr. Sama ár nam stofnkostnaður og kostnaður við rekstur öryggiskerfis fyrir sjófarendur hjá Siglingastofnun Íslands um 103,3 millj. kr.

Innheimt vitagjald 1994–2003, millj. kr.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Áætlun 2002	Áætlun 2003
Innheimt, innlend og erlend skip	58,1	61,7	62,7	64,5	72,0	68,8	85,1	90,1	90,1	103,6
þar af innlend skip	13,6	13,9	13,8	13,2	12,7	12,6	17,4	18,2	18,2	20,9
Samtals	**58,1**	**61,7**	**62,7**	**64,5**	**72,0**	**68,8**	**85,1**	**90,1**	**90,1**	**103,6**
Innheimt vitagjald á verðlagi desember 2001	74,7	77,7	77,4	78,0	86,1	77,8	92,4	90,1		

Kostnaður vegna vitasviðs Siglingastofnunar Íslands 1994–2003, millj. kr.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Áætlun 2002	Áætlun 2003
Almennur rekstur	85,3	83,1	81,8	82,2	90,9	95,2	104,9	94,4	103,0	103,0
Stofnkostnaður	30,3	22,7	17,1	17,2	18,8	19,3	8,5	8,9	15,0	15,0
Samtals	**115,6**	**105,8**	**98,9**	**99,4**	**109,7**	**114,5**	**113,4**	**103,3**	**118,0**	**118,0**
Kostnaður á verðlagi desember 2001	149	133,3	122,1	120,3	131,1	129,6	123,2	103,3	118,0	118,0

Vitagjald af skipum á íslensku skipaskránni var um 18,2 millj. kr. árið 2001 og 71,9 millj. kr. af erlendum skipum, samtals 90,1 millj. kr. Þetta er skiljanlegt í ljósi þess að nánast öll flutningaskip sem koma til landsins í eigu íslenskra eða erlendra kaupskipaútgerða eru á erlendum skipaskrám. Flutningaskip og skemmtiferðaskip eru nær undantekningarlaust stærri en fiskiskip mælt í brúttótonnum og greiða því hærra vitagjald. Auk þess eru skip minni en 10 brúttótonn undanþegin vitagjaldi samkvæmt gildandi reglum.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að afla þurfi samþykkis Siglingastofnunar Íslands fyrir legu sæstrengja og neðansjávarleiðslna. Miðað er við að einnig þurfi að leita samþykkis Siglingastofnunar fyrir merkingu slíkra hluta óháð eðli þeirra og staðsetningu. Ekki eru skýr ákvæði í vitalögum um að leita skuli samþykkis Siglingastofnunar áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar í sjó eða aðrir fljótandi hlutir settir upp sem ógnað geta öryggi siglinga. Hins vegar er ákvæði í 5. mgr. 3. gr. laganna sem segir að ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Siglingastofnun Íslands sem leitar umsagnar siglingaráðs um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Siglingastofnunar Íslands sem þá sér um að merkið verði auglýst svo sem nánar er greint í vitalögum. Nauðsynlegt er að bæta hér úr þannig að sæstrengir og neðansjávarleiðslur séu ekki á mikilvægum siglingaleiðum, nauðsynlegar upplýsingar séu aðgengilegar sjófarendum í sjókortum og tilkynningum til sjófarenda og að nauðsynleg leiðarmerki og aðrar merkingar sem Siglingastofnun telur nauðsynlegar séu til staðar.

Til upplýsingar má benda á að sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri eru háðir mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Í 52. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, eru eftirfarandi ákvæði um vernd sæstrengja:

„Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú er tjóni valdið á fjarskiptastreng af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna skulu önnur skip sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.“

Í 2. mgr. er kveðið á um að leitað skuli umsagnar Siglingastofnunar Íslands fyrir legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, óháð eðli þeirra og staðsetningu. Fyrir þessu eru sömu rök og talin eru upp hér að framan, þ.e. tryggja þarf að nauðsynlegar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir sjófarendur í sjókortum og tilkynningum til sjófarenda og að nauðsynleg leiðarmerki og aðrar merkingar sem Siglingastofnun telur nauðsynlegar séu til staðar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

Tilgangur frumvarpsins er tvískiptur, annars vegar að kveða á um hækkun vitagjalds og hins vegar að setja í lög að áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar skuli afla samþykkis Siglingastofnunar fyrir legu þeirra. Með frumvarpinu er lagt til að vitagjaldið hækki úr 68,60 kr. á hvert brúttótonn skips í 78,20 kr. á brúttótonn. Samkvæmt fjárlögum 2002 er gert ráð fyrir að vitagjaldið skili 85 m.kr. í tekjur, en verði af hækkuninni er gert ráð fyrir að gjaldið skili u.þ.b. 103 m.kr. í tekjur á ári. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist.

270. Tillaga til þingsályktunar [259. mál]

um hálendisþjóðgarð.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að leggja undir þjóðgarð víðernin norðan og norðaustan Vatnajökuls.

Innan þjóðgarðs verði meðal annars eftirtaldir staðir og land: Tungnafellsjökull, Nýidalur, Gæsavötn, Askja, Herðubreið, Kverkfjöll, Krepputunga, Hvannalindir, Fagridalur, Grágæsadalur, Snæfell og Vesturöræfi, Eyjabakkar og Lónsöræfi.

Nyrðri mörk þjóðgarðsins verði svo norðarlega að allt vatnasvið Kreppu sé innan þjóðgarðsmarka.

Að öðru leyti verði útlínur þjóðgarðsins í samræmi við línu sem dregin er á korti sem fylgir tillögu þessari.

Markmið þjóðgarðsins verði að vernda einstakar náttúruminjar, stuðla að útivist og ferðamennsku, og ýta undir jákvæða byggðastefnu með því að skapa störf og efla hefðbundna framleiðslu.

Umhverfisráðherra boði til íbúaþings með fulltrúum allra sveitarfélaga sem liggja að mörkum þjóðgarðsins og öðrum sem eiga hagsmuni tengda honum til að gera tillögur um fyrirkomulag á stjórn og rekstri hans.

Greinargerð.

Jökullinn býr yfir öllu. Hvítur, tær: og þegar nær dregur svo skelfandi með gný skriðjöklanna sem sækja fram sandi sorfnir í sárið, og seilast að söndunum svörtu og smáum vinjum eyðimerkurinnar sem nær með gargandi skúmi fram á brimlostna strönd.

Thor Vilhjálmsson.

Rök fyrir þjóðgarði.

Þótt ráðist verði í virkjun við Kárahnjúka eru enn fjölmörg dýrmæt svæði norðan og norðaustan Vatnajökuls sem brýnt er að vernda fyrir komandi kynslóðir. Í þjóðgarði felst æðsta stig verndunar samkvæmt íslenskum lögum. Samfylkingin telur farsælast að þessi svæði verði því lögð undir þjóðgarð. Það er besta tryggingin fyrir að ekki verði frekar á þau gengið. Auk einstaks gildis sem þjóðgarðurinn hefði fyrir náttúruvernd, jafnt á íslenska vísu sem alþjóðlega, væru náttúrugersemar norðan og norðaustan jökuls um leið virkjaðar í þágu jákvæðrar byggðastefnu. Það er í anda þeirrar stefnu um notagildi þjóðgarða sem nú er að ryðja sér til rúms.

Önnur rök fyrir nauðsyn verndunar á víðernum norðan og norðaustan Vatnajökuls er að finna í áformum um frekari virkjanir á þessum svæðum. Enn eru uppi hugmyndir um virkjanir sem spilla mundu ómetanlegum náttúruperlum á Norðausturlandi og almenn samstaða hefur verið meðal Íslendinga um að vernda til frambúðar. Nýlegt dæmi um það er fylgiskjal Orkustofnunar, frá febrúar 2002, með frumvarpi ríkisstjórnarinnar um virkjanaleyfi vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þar er vísað sjö sinnum til hugmyndar um að virkja Jökulsá á Fjöllum. Virkjun hennar mundi að sjálfsögðu leiða til þess að Dettifoss, einn glæstasti foss Íslands og sá sem þekktastur er utan landsins, yrði skertur.

Mörg önnur áform um virkjanir á svæðum sem Samfylkingin vill að verði hluti stórs hálendisþjóðgarðs er að finna í opinberum skýrslum frá síðustu árum. Í tilvitnuðu plaggi Orkustofnunar eru m.a. nefndir nokkrir virkjunarkostir á svæðum norðan Vatnajökuls. Eigi að freista þess að ná sáttum milli andstæðra sjónarmiða varðandi nýtingu hálendisins verður það best gert með þeirri pólitísku yfirlýsingu sem fælist í samþykkt tillögu Samfylkingarinnar um að leggja víðernin norðan jökuls undir þjóðgarð.

Þjóðgarðastefna.

Hugmyndir Samfylkingarinnar um að þjóðgarður verði stofnaður um þau svæði norðan og norðaustan Vatnajökuls sem falla utan virkjunar við Kárahnjúka hafa víða fallið í góðan jarðveg. Það hefur birst m.a. í jákvæðum yfirlýsingum umhverfisráðherra, þar sem tekið er undir slíkar hugmyndir. Ráðherrann hefur nú sýnt það í verki með því að stofna sérstaka nefnd til að undirbúa stofnun þjóðgarðs.

Samfylkingin leggur eigi að síður fram á nýjan leik tillögu sína um þjóðgarð á fyrrgreindu svæði. Með því er hnykkt á mikilvægi málsins en jafnframt kemur þar fram stefna sem Samfylkingin telur að eigi að fylgja varðandi uppbyggingu þjóðgarðins. Reynsla hér heima

og erlendis sýnir að gott samráð við íbúa er algert lykilatriði til að vel takist til. Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á dreifingu valds og íbúalýðræði. Má í því sambandi m.a. vísa til sérstakrar ráðstefnu flokksins um íbúalýðræði í Hótel Örk á sl. vori og frumvarps til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum sem Margrét Frímannsdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram á yfirstandandi þingi. Samfylkingin telur mjög brýnt að víðtækt samráð á grundvelli íbúalýðræðis verði haft við undirbúning þjóðgarðsins. Síðar í greinargerðinni er stefna flokksins og hugmyndir í því efni ítarlega reifuð undir kaflaheitinu „Heimastjórn – íbúaþing".

Sömuleiðis er það skoðun flutningsmanna að nauðsynlegt sé að stokka upp stefnuna sem fylgt hefur verið við stofnun þjóðgarða hér á landi, þ.e. að hefðbundinn landbúnaður geti ekki farið saman við rekstur þjóðgarða. Samfylkingin leggur til að öðruvísi verði farið að og er það ítarlega skilgreint undir kaflaheitinu „Sambýli þjóðgarðs og landbúnaðar".

Gríðarstór eldjalla- og jöklaþjóðgarður.

Mörk þjóðgarðsins eru sýnd á uppdrætti sem fylgir greinargerðinni. Vestan jökuls liggja þau sunnan frá Tungnafellsjökli og Nýjadal, spanna Gæsavötn, Kverkfjöll og Krepputungu og allar götur norður fyrir Herðubreiðarfriðland. Til austurs tæki hann yfir Fagradal og Grágæsadal, Snæfell, Vesturöræfi, Eyjabakka og loks Lónsöræfi. Öll þessi svæði eru á einhvern hátt sérstæð eða einstæð vegna landslags, jarðmyndana, gróðurfars eða dýralífs. Þau ná yfir gríðarmikið land og óröskuð víðerni, svo sem stóra samfellda hluta gosbeltanna og víðfeðm votlendissvæði. Verulegur hluti þeirra er ýmist friðlönd eða á náttúruminjaskrá, en hún geymir stefnuyfirlýsingu stjórnvalda um friðlýsingar framtíðarinnar.

Margar af sérstæðustu náttúruperlum landsins yrðu hluti hins nýja þjóðgarðs. Þar má nefna Tröllladyngju, Dyngjufjöll, Herðubreið, Öskju og Víti, auk Snæfells, Vesturöræfa og Lónsöræfa sem þegar eru nefnd. Flutningsmenn telja mikilvægt að mörk þjóðgarðsins nái norður fyrir Herðubreiðarfriðland. Með því væri tryggt að innan þjóðgarðs yrði allt vatnasvið Kreppu, sem fellur í Jökulsá á Fjöllum, og nægilega stór hluti af vatnasviði síðarnefnda fljótsins til að ókleift væri að ráðast í áform um virkjanir sem löskuðu Dettifoss. Flutningsmenn telja raunar vel koma til greina að Alþingi samþykki sérstaka ályktun um friðun vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum frá upptökum til hafs svo öll tvímæli verði tekin af um vernd árinnar. Slík tillaga á þó fremur heima sem sérstakt þingmál en í tengslum við þjóðgarðstillögu Samfylkingarinnar.

Gild rök má færa fyrir því að víðernin norðan og norðaustan Vatnajökuls yrðu lögð undir sérstakan þjóðgarð. Jafnvel hafa komið fram hugmyndir meðal vísindamanna um að svæðin yrðu lögð undir tvo mismunandi þjóðgarða. Sá vestari yrði þá fyrst og fremst eldfjallaþjóðgarður enda nokkur merkustu kennileita úr eldfjallasögu landsins innan hans. Hinn eystri mundi fremur byggja á sérstæðri og á köflum einstæðri líffræði, enda innan hans svæði á borð við Eyjabakka og Lónsöræfi. Fyrir liggur hins vegar að þegar er búið að samþykkja að ráðast í stofnun þjóðgarðs sem tæki yfir núverandi þjóðgarð í Skaftafelli að viðbættri hettu Vatnajökuls. Þingmenn Samfylkingarinnar telja því langskynsamlegast að bæta framangreindum svæðum við hinn fyrirhugaða Vatnajökulsþjóðgarð.

Víðernin norðan jökuls, sem yrðu hluti þjóðgarðs (sjá meðfylgjandi kort) spanna alls 4.500 km^2. Til samanburðar eru stærstu ósnortnu víðernin utan Íslands, Hardangersvidda í Noregi, um 3.900 km^2. Þrátt fyrir virkjun við Kárahnjúka og tilurð Hálslóns væru því langstærstu víðerni Evrópu innan þjóðgarðsins, næði tillaga Samfylkingarinnar fram að ganga.

Sjálfur jökullinn er 8.000 km^2. Hann, ásamt þjóðgarðinum í Skaftafelli og víðernunum norðan jökuls, næði samtals yfir 13.000 km^2. Til samanburðar má nefna að þjóðgarðurinn í

Skaftafelli virðist smár í samanburði, aðeins 1.600 km^2, og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum agnarsmár, enda aðeins 120 km^2. Í meðfylgjandi töflu er að finna stærð nokkurra erlenda þjóðgarða sem hægt er að bera saman við Vatnajökulsþjóðgarð, eins og hann yrði samkvæmt tillögu Samfylkingarinnar.

Vatnajökulsþjóðgarður samkvæmt tillögu Samfylkingarinnar	13.000 km^2
Hohe Tauern, Austurríki	1.787 km^2
Peak District, Englandi	1.437 km^2
Lake District, Englandi	2.300 km^2
Morvan, Frakklandi	2.258 km^2
Unterengadin, Sviss	169 km^2
Bayerischer Wald, Þýskalandi	2.068 km^2
Vanoise-Gran Paradiso, Frakklandi og Ítalíu	1.250 km^2

Víða á jöðrum hins fyrirhugaða þjóðgarðs er að finna mikinn áhuga heimamanna á að heimalönd, eða partur af þeim, verði hluti þjóðgarðsins. Áhuginn stafar af umhyggju fyrir náttúrunni en ekki síður hinu að heimamenn skynja æ betur þau sóknarfæri í atvinnulífi sem gætu siglt í kjölfar stofnunar þjóðgarðs. Sunnan Vatnajökuls, svo sem á Höfn í Hornafirði, er t.d. vaxandi áhugi á að þjóðgarðurinn nái suður af Lónsöræfum og í sjó fram og teygi sig svo með strandlengjunni til vesturs (sjá fylgiskjöl II og III). Vestan jökuls, á Kirkjubæjarklaustri og í grennd, er sömuleiðis áhugi á að þjóðgarðurinn nái með vesturjaðri jökulsins nægilega langt til suðurs til að Lakagígar, sem þegar eru friðland og eitt jarðfræðilega merkasta og fegursta svæði á landinu, verði hluti af þjóðgarðinum. Yrðu mörk þjóðgarðsins í samræmi við þetta næði hann alls yfir 16.000 km^2. Þingmenn Samfylkingarinnar telja álitlegan kost að í framtíðinni verði þessi svæði hluti af þjóðgarðinum. Með því yrðu möguleikar á að markaðssetja Ísland í krafti einstaks hálendisþjóðgarðs öflugri en ella.

Flutningsmenn leggja áherslu á að við stofnun þjóðgarðsins verði tekið strangt tillit til samninga sem ríkisstjórn Íslands hefur gerst aðili að. Sérstaklega er bent á að árið 1993 gerðust Íslendingar aðilar að Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu og árið 1995 að Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni. Framfylgd beggja er mikilvægur liður í náttúruvernd á Íslandi, jafnt innan fyrirhugaðs þjóðgarðs sem annars staðar.

Mat á náttúruverndargildi.

Flutningsmenn hafa reynt að meta verndargildi svæðanna sem falla innan þess lands sem hugsað er sem þjóðgarður, og nutu við það aðstoðar Náttúruverndar ríkisins, sem þökkuð er sérstaklega, einkum liðveisla Stefáns Benediktssonar, fyrrverandi þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli og starfsmanns Náttúruverndar. Í samræmi við lög um náttúruvernd voru eftirtaldir náttúrufarsþættir skoðaðir og gildi þeirra fyrir náttúruvernd metið:

a. landslag,
b. ósnortin víðerni,
c. jarðmyndanir,
d. lífverur,
e. búsvæði og
f. vistkerfi.

Til að skilgreina nauðsyn verndar var stuðst við eftirfarandi gögn:

– Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

- Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.
- Ramsar-samþykktin um vernd votlendis sem Ísland gerðist aðili að 1977.
- Bernarsamninginn um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða í Evrópu sem Ísland gerðist aðili að 1993.
- Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland gerðist aðili að 1994.
- Samning um verndun menningar og náttúruarfleifðar heimsins sem Ísland gerðist aðili að 1994.

Helstu heimildir um náttúrufar sem stuðst var við eru:

- Náttúruminjaskrár 1978–96.
- Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana að stórvirkjunum á Austurlandi (1993).
- Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar (1999).
- Mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar (2001).
- Miðhálendisskipulagið 2015 (1999).

Skoðunin leiddi eftirfarandi meginniðurstöðu í ljós: *Innan þjóðgarðsmarka tillögunnar er verndargildi landslags, ósnortinna víðerna, jarðmyndana og lífkerfa mjög hátt.*

Náttúrufar einstakra svæða.

Hér á eftir er látið nægja að fjalla um verndargildi tíu svæða sem falla undir mörk þjóðgarðstillögunnar. Svæðin sem merkileg teljast eru þó talsvert fleiri.

1. Tungnafellsjökull og umhverfi.

Á Náttúruminjaskrá síðan 1978, bæði jökullinn og umhverfi hans, með Nýjadal, Tómasarhaga og jarðhitasvæðinu í Vonarskarði. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum. Stofnun friðlands æskileg, m.a. vegna útivistar og náttúruskoðunar.*

2. Ódáðahraun, Dyngjufjöll.

Svæðið milli Skjálfandafljóts og Jökulsár á Fjöllum umhverfis Öskju. Hraunaflæmi milli Vatnajökuls og Dyngjufjalla. Gosmyndanir og auðnir. Engin samfelld gróðurlendi. Á þessu svæði er stærsta eyðimörk á Íslandi og í Evrópu. Um 100 ferkílómetrar sunnan Dyngjufjalla gróðurvana með öllu. Verndargildi: Landslag, ósnortin víðerni og jarðmyndanir.

3. Askja.

Friðlýst náttúruvætti síðan 1978. Askja er megineldstöð, fjallaklasi með sigkötlu (öskju) í miðju. Þar er Öskjuvatn og Víti (jarðhiti). Ljós vikur og svart hraun ráðandi í ytra svipmóti svæðisins. Verndargildi: Landslag og jarðmyndanir.

4. Herðubreiðarfriðland.

Friðlýst síðan 1974. Hraunasvæði, Herðubreiðarstapinn gnæfir yfir. Úfin hraun og ljósir vikrar einkennandi í áferð lands. Lindasvæði. Gróskumiklar viðkvæmar gróðurvinjar og fjölbreytt fuglalíf. Verndargildi: Landslag, jarðmyndanir, gróður og dýralíf.

5. Kverkfjöll – Krepputunga.

Á Náttúruminjaskrá síðan 1978. Friðlýsing hefur lengi verið í undirbúningi. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytileg-*

um jarðmyndunum. Jarðhitasvæði í Hveradal og Hveragili. Íshellir í Kverkjökli. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar.

6. Hvannalindir.
Svæðið hefur verið friðland frá 1973. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Gróðurvin á hálendi.*

7. Fagridalur og Grágæsadalur.
Á Náttúruminjaskrá síðan 1988. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Gróskumiklar vinjar í 600 m h.y.s. Í Fagradal hafa fundist yfir 100 tegundir háplantna og um 80 tegundir mosa. Auðugt smádýralíf og fagurt landslag.*

8. Snæfell og Vesturöræfi.
Snæfell og Vesturöræfi hafa verið á Náttúruminjaskrá síðan 1991. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Vesturöræfi eru víðáttumikið og vel gróið hálendissvæði ásamt því að vera sumarland [burðarsvæði, innsk. flm.] hreindýra. Mikilvægt beitiland heiðagæsa.*

9. Eyjabakkar.
Eyjabakkar hafa verið á Náttúruminjaskrá síðan 1978. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Óvenjugrösugt votlendi í um 650 m h.y.s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells. Jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Beitiland hreindýra, heiðagæsa og álfta.*

10. Lónsöræfi.
Friðland síðan 1977. Hálendi rist djúpum dölum og með sýnilegum djúpbergsinnskotum og útbreiddri jarðhitaummyndun. Stórbrotið og einstaklega fjölbreytt og litríkt landslag. Svæðið er lítt gróið en þó má finna kvistlendi og birkikjarr sums staðar. Verndargildi: Landslag, ósnortið víðerni og jarðmyndanir.

		Verndargildi				
	Kennileiti, svæði	**Landslag**	**Ósnortið víðerni**	**Jarðmyndanir**	**Dýralíf**	**Búsvæði og vistkerfi**
1	Tungnafellsjökull og umhverfi	X	X	X		X
2	Ódáðahraun, Dyngjufjöll	X	X	X		
3	Askja	X	X	X		
4	Herðubreiðarfriðland	X	X	X	X	X
5	Kverkfjöll – Krepputunga	X	X	X		
6	Hvannalindir	X	X		X	X
7	Fagridalur og Grágæsadalur á Brúaröræfum	X	X		X	X
8	Snæfell og Vesturöræfi	X	X	X	X	X
9	Eyjabakkar	X	X	X	X	X
10	Lónsöræfi	X	X	X		
	Verndargildi svæðisins í heild	**100%**	**100%**	**75%**	**50%**	**66%**

Þróun þjóðgarða.
Hugsunin bak við verndun sérstakra landsvæða og síðar stofnun þjóðgarða er ævaforn. Indverjar hafa um þúsundir ára verndað tiltekin skóglendi. Frá aldaöðli hafa þjóðir í Afríku

og við Kyrrahaf lagt helgi á svæði samkvæmt ákveðnum reglum og hefðum og verndað þau þannig. Frá miðöldum hafa Evrópubúar verndað veiðilendur. Rætur að hugmyndum nútímans um þjóðgarða liggja í Bandaríkjum Norður-Ameríku í kjölfar aukinnar nýtingar og ágengni á víðerni landsins á seinni hluta nítjándu aldar. Stofnuð voru samtök náttúruunnenda til að vernda nær ósnortna náttúru Yellowstone-svæðisins. Árið 1872 var stofnaður þar formlegur þjóðgarður. Yellowstone er því fyrsta náttúruverndarsvæði veraldar sem kallast þjóðgarður, eða National Park. Í nýlendum Breta í Kanada, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi voru stofnaðir nokkrir þjóðgarðar í lok 19. aldar. Fyrsti þjóðgarðurinn, sem kallaðist því nafni í Evrópu, var stofnaður í Svíþjóð 1909 af A.E. Nordenskjold.

Hér á landi náði þjóðgarðshugmyndin snemma fótfestu. Jafnaðarmenn komu þar rækilega við sögu. Ólafur Friðriksson, einn af glæsilegustu leiðtogum þeirra á fyrsta hluta síðustu aldar og ritstjóri Alþýðublaðsins, var meðal fyrstu Íslendinga til að reifa í riti þá hugmynd að Þingvellir yrðu gerðir að þjóðgarði. Árið 1928 samþykkti svo Alþingi frumvarp Jónasar frá Hriflu um sérstaka vernd á Þingvöllum. Friðlýsingin tók gildi Alþingishátíðarárið 1930. Í hugum flestra Íslendinga eru Þingvellir þjóðgarður þótt svæðið sé undir sérstakri stjórn Alþingis, og falli ekki formlega undir skilgreiningu íslenskra laga á þjóðgarði. Nú eru á Íslandi þrír þjóðgarðar friðlýstir samkvæmt lögum um náttúruvernd: Þjóðgarðurinn í Skaftafelli, sem stofnaður var árið 1967, þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, sem stofnaður var árið 1973, og þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, sem stofnaður var á utanverðu Snæfellsnesi í framhaldi af niðurstöðu nefndar sem Össur Skarphéðinsson, þáverandi umhverfisráðherra, skipaði 14. september 1994.

Ríkiseign ekki lengur skilyrði.

Þjóðgarðshugtakið hefur verið skilgreint með ýmsu móti milli þjóða. Fyrir vikið er það notað fyrir friðlýst svæði sem eru gerólík að eðli, og stundum rekin á afar ólíkan hátt. Aðgengi að þjóðgörðum er t.d. afar mismunandi eftir löndum. Í Frakklandi eru takmarkanir litlar sem engar og meginhersla lögð á útivistarkosti almennings, hins vegar gilda mjög strangar reglur um aðgengi og umferð í þjóðgörðum nágrannaríkisins Sviss, svo sem um hvert almenningur má fara og hvenær. Þjóðgarðar eru á svæðum sem eru ýmist í einkaeign, eign sveitarfélaga eða hvort tveggja. Um þá gilda reglur um umferð og útivist sem stjórnvöld setja í samvinnu við íbúa og eigendur. Þetta er einkennandi fyrir verndarsvæði á Bretlandseyjum.

Víðast byggja þó lög á þeirri meginreglu að þjóðgarðar séu á landi sem alfarið er í ríkiseigu. Svo er til dæmis hér á landi. Flutningsmenn telja þó að reynslan af stofnun þjóðgarða, m.a. þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, sé þannig að æskilegt væri að auðvelda eins og kostur er stofnun þjóðgarða sem ná yfir land í einkaeign. Jákvætt skref í þá átt var stigið við síðustu endurskoðun laga um náttúruvernd, árið 1999, en skv. 51. gr. laganna er heimilt að gera þjóðgarð um landsvæði sem ekki er í ríkiseign, svo fremi *„sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda“*.

Svipuð hugsun er víða að ryðja sér til rúms. Gott dæmi um þessi breyttu viðhorf er kafli úr ræðu Þorbjargar Arnórsdóttur, bæjarfulltrúa Kríunnar í Hornafirði, á ráðstefnu um Vatnajökulsþjóðgarð árið 2000: *„Stórfelld uppkaup ríkis á landi í tengslum við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er ekki að mínu mati það sem tryggir best framgang og þróun atvinnulífs og styrkingu byggðar. Landeigendur, bændur og sveitarfélög gætu séð sér hag í að leggja ákveðin landsvæði undir þjóðgarð með sérstökum samningum gegn því að fá fjármagn til gerðar göngustíga og bæta aðgengi að landi eða sinna landvörslu yfir ferðamannatímann*

og breyta þannig nýtingu eignarlands úr því að vera eingöngu beitarland og í það að opna áhugaverð landsvæði fyrir ferðamönnum og hafa af því tekjur."

Þjóðgarðar voru fyrr á árum stofnaðir að frumkvæði vísindamanna og náttúruverndarsinna. Markmiðið var að vernda fyrir ágangi landsvæði sem væru merkileg á landsvísu, jafnvel heimsvísu, frekar en að þjóðgarðssvæðið hefði sérstakt gildi fyrir heimamenn. Á síðari árum hefur þetta breyst. Í stað þess að þjóðgarðar séu stofnaðir eingöngu á forsendum verndunar er í auknum mæli horft til möguleikanna sem þeir veita til útivistar og sköpunar nýrra starfa. Lýsandi dæmi um breytt viðhorf birtust í undirbúningi að stofnun þjóðgarða í Loch Lomond og Trossacs og hálendissvæðinu Cairngorms í Skotlandi. Þeir voru meðal annars stofnaðir til að bæta hag íbúa svæðanna, og styrkja þannig byggðina sem fyrir er. Markmiðið er byggt á þrenningunni: *Fólk–vinna–svæði.*

Flokkun svæða – markmið verndunar.

Hugtakið þjóðgarður varð til löngu fyrir tíð alþjóðlegra skilgreininga á mismunandi verndarflokkum. Skilgreining þess er því ekki samræmd á alþjóðavísu. Eftir löndum er því breytilegt hvernig staðið er að verndun á svæðum sem flokkuð hafa verið sem þjóðgarðar. Mismunandi reglur geta þá gilt um eignarhald, umgengnisrétt og nýtingu lands. Kaflaskil urðu þegar Alþjóðanáttúruverndarsamtökin voru stofnuð árið 1948. Innan samtakanna var sérstök þjóðgarðanefnd sett á laggir árið 1958. Fyrir atbeina þeirra hefur verulegur skriður komist á stofnun þjóðgarða víða um heim á síðustu áratugum. ANS hafa beitt sér fyrir alþjóðlegum skilgreiningum á verndarsvæðum, sem stjórnvöld styðjast nú við í vaxandi mæli. Á ráðstefnu ANS í Buenos Aires í Argentínu árið 1994 var skilgreining á verndarsvæðum samþykkt. Samkvæmt henni er verndarsvæði:

„*Land eða hafsvæði sérstaklega ætlað til að vernda og viðhalda fjölbreytileika lífríkis og náttúruauðlinda ásamt menningu sem því tengist og er stýrt með löggjöf eða á annan haldgóðan máta.*"

Í Buenos Aires var einnig samþykkt nánari flokkun verndarsvæða og þeim skipt í sex flokka. Númerin gefa til kynna stigvaxandi mannleg áhrif þar sem I merkir lítil áhrif og VI mikil. Flokkun verndarsvæða fer eftir hlutverkinu sem þeim er ætlað og markmiðum verndunar.

Flokkar verndarsvæða og helstu markmið verndunar.

Flokkur I.
a. Algert náttúrufriðland/friðlýstar óbyggðir: Verndað svæði sem höfð er umsjón með vegna vísindalegs mikilvægis eða til verndar óbyggðum.
b. Friðlýstar óbyggðir: Svæði einkum til verndar óbyggðum.

Flokkur II.
Þjóðgarður: Verndað svæði sem höfð er umsjón með einkum til verndar vistkerfum og fyrir tómstundaiðkun.

Flokkur III.
Náttúruvætti: Vernd sérstæðra náttúruminja sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fagurfræðilegt mikilvægi.

Flokkur IV.
Verndarsvæði lífríkis (vistkerfa): Vernd með virkri stýringu/íhlutun í þeim tilgangi að tryggja viðhald kjörlendis og/eða að uppfylla þarfir tiltekinna tegunda.

Flokkur V.
Verndarsvæði landslags, fólkvangur: Verndað svæði sem umsjón er höfð með einkum til að varðveita landslag/sjávarsvæði og fyrir tómstundaiðkun.

Flokkur VI.
Verndarsvæði auðlinda: Verndað svæði sem höfð er umsjón með einkum fyrir sjálfbæra nýtingu náttúrulegra vistkerfa.

Í skilgreiningu ANS er þjóðgarður svæði sem friðlýst er fyrst og fremst til að vernda vistkerfi, eitt eða fleiri, en einnig til þess að tryggja almenningi útivist í náttúrulegu umhverfi. Skilgreiningu íslenskra stjórnvalda á hugtakinu er að finna í lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd. Þar segir í 51. gr.: „*Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.*“ Í íslenskum rétti er því þjóðgarðshugtakið að mestu í samræmi við flokkun ANS, þótt hann geri ekki kröfu um að í þjóðgarði skuli vernda eitt vistkerfi eða fleiri í heild sinni.

Íslensku þjóðgarðarnir falla allir, að friðhelginni á Þingvöllum meðtalinni, undir verndarflokk tvö í flokkunarkerfi ANS. Hálendisþjóðgarðurinn sem Samfylkingin leggur til félli líka í hann. Nábýli við stórt virkjunarlón breytti engu um það, enda fjölmörg dæmi um þjóðgarða, eða ígildi þeirra, þar sem virkjunarlón er í grenndinni. Í allnokkrum löndum, þar á meðal hjá frændþjóðum okkar annars staðar á Norðurlöndum, eru meira að segja þjóðgarðar sem hafa virkjunarlón innan marka sinna. Þeir falla samt í sama verndarflokk ANS og íslensku þjóðgarðarnir fjórir tilheyra.

Jákvæð byggðaþróun í krafti þjóðgarða.

Þjóðgarðar geta skilað miklum efnahagslegum og atvinnulegum ávinningi. Hann næst bæði í gegnum ferðaþjónustu, verktöku eða aðra starfsemi sem tengist rekstri þeirra. Reynslan sýnir að þjóðgarðar:

- Tryggja varðveislu landsvæða og landforma er þykja sérstæð.
- Varðveita náttúruleg ferli.
- Tryggja aðgang að óspilltum svæðum og veita tækifæri til kennslu á náttúrulegum ferlum.
- Styrkja atvinnulíf í byggðarlögum næst þeim, m.a. með vistvænni ferðaþjónustu.
- Veita tækifæri til útivistar.
- Veita tækifæri til einveru og friðar, fjarri ys og þys mannlífsins.
- Stuðla að því að sveitir haldist í byggð.
- Tryggja varðveislu menningarlandslags, svo sem bygginga, hleðslugarða, rétta, gamalla stíga og þjóðleiða gangandi og ríðandi ferðalanga o.s.frv.
- Ýta undir vísindarannsóknir á tilteknu svæði.

Stjórnvöld hafa í auknum mæli skilið þýðingu verndarsvæða fyrir styrkingu byggða á viðkvæmum svæðum. ANS á þátt í þeirri þróun. Samtökin hafa beint kastljósi að efnahagslegum ávinningi sem vel skipulagðir þjóðgarðar geta gefið samfélögum í grenndinni. Þau hafa meðal annars gefið út merkilegt rit, *Economic Values of Protected Areas* (Adrian Phillips, 1998), sem fjallar um þetta. Þar er lýst fróðlegum dæmum um gríðarleg efnahagsleg áhrif þjóðgarða, þar sem best hefur tekist til. Í Kanada er til dæmis gert ráð fyrir að tekjur af ferðamönnum sem koma til að skoða þjóðgarða og verndarsvæði leggi um 325 milljarða íslenskra króna til vergrar landsframleiðslu, skapi 159.000 störf í landinu og gefi af sér 125 milljarða kr. í skatttekjur á ári. Í Ástralíu nema ferðamannatekjur frá átta svæðum sem skilgreina má

sem þjóðgarða um 100 milljörðum kr. á ári. Árlegur kostnaður stjórnvalda við garðana er á hinn bóginn aðeins um 3 milljarðar kr.

Ítarleg úttekt hefur ekki verið gerð á efnahagslegu gildi íslensku þjóðgarðanna. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur verið mikilvægur fyrir atvinnulíf hins fámenna samfélags sem þrífst kringum hann. Heita má að hvert einasta býli umhverfis Þingvallavatn hafi tekjur í einni eða annarri mynd af þjóðgarðinum, og fyrir suma bændur skipta þær sköpum. Sama máli gegnir um Öræfinga þar sem almenn ferðaþjónusta og þjónusta við þjóðgarðinn í Skaftafelli hefur gegnt algeru lykilhlutverki í samfélaginu á síðustu árum. Uppbygging gistirýmis, bæði bændagistingar og hótela, hefði aldrei orðið jafnmyndarleg og raun ber vitni nema vegna nábýlis við alþjóðlega þekktan þjóðgarð.

Í skýrslu starfshóps um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi frá 2001 er gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn gegni þýðingarmiklu hlutverki við uppbyggingu ferðaþjónustu: *„Auk náttúruverndar verða ferðaþjónusta og útivist helsta landnýting svæðisins og er það mat starfshópsins að innan marka verði aðeins boðið upp á gæðaþjónustu. Gera má ráð fyrir að fjölmargir gestir sem koma í þjóðgarðinn, bæði erlendir sem innlendir, verði á eigin vegum. Til þess að þeir fái sem mest út úr heimsókn sinni þarf að vera til staðar vel skipulögð umhverfisfræðsla og umhverfistúlkun. Starfshópurinn leggur áherslu á að ferðaþjónusta verði skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku.“*

Þjóðgarður og ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Það var ræki leg staðfest í skýrslu Þjóðhagsstofnunar árið 2000. Þar kom fram að hlutfall ferðaþjónustu í útflutningstekjum landsins var 13% árið 1999. Á árunum 1996–99 óx landsframleiðslan að meðaltali um 4,7% á ári meðan ferðaþjónustan óx um 7,8% árlega. Það sýnir þrótt greinarinnar. Í skýrslunni kemur einnig fram að World Tourism Organization gerir ráð fyrir að erlendum ferðamönnum til Evrópulanda muni að óbreyttu fjölga um 3,4% á ári til ársins 2020. Þjóðhagsstofnun bendir hins vegar á að til að hægt sé að virkja sóknarfærin í fjölgun erlendra ferðalanga verði að styrkja innviði greinarinnar, ekki síst að bæta nýtingu á afkastagetu hennar. Einungis með því móti, segir Þjóðhagsstofnun, er hægt að fjölga störfum á landsbyggðinni fyrir tilstilli ferðaþjónustu.

Hvarvetna byggist ferðaþjónusta mjög á framboði á áfangastöðum með sérstæðri, óspilltri náttúru, samhliða góðri þjónustu. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar er einmitt dregið fram að þegar Ísland er kynnt fyrir erlendum ferðamönnum er lögð áhersla á hreinleika íslenskrar náttúru auk fornrar menningar þjóðarinnar. Verndarsvæði eins og þjóðgarðar gegna því lykilhlutverki og ekki hægt að ofmeta mikilvægi vel skipulagðra þjóðgarða fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu. Nýr þjóðgarður eykur jafnan aðdráttarafl viðkomandi landshluta fyrir ferðamenn. Bein tengsl eru því milli stofnunar þjóðgarðs og uppbyggingar ferðaþjónustu. Þótt þjóðgarðar séu yfirleitt ekki markaðssettir á sama hátt og gengur og gerist í ferðaþjónustu, sýnir reynslan að þeir verða oftsinnis eitt helsta aðdráttarafl hvers lands. Af sjálfu leiðir að stofnun hálendisþjóðgarðs á miðhálendinu getur þegar fram í sækir orðið kjarninn að verulegri sókn íslenskrar ferðaþjónustu á alþjóðlegum mörkuðum.

Fólk sem sækir þjóðgarða er að leita eftir tengslum og upplifun í óspilltri náttúru. Sú þjónusta sem í boði er á hverju svæði ræður því síðan hversu breiður markhópurinn er sem þangað sækir. Sum svæði eru eingöngu opin gangandi ferðalöngum en önnur eru einnig ætluð bílaumferð. Sums staðar er þjónustan sérstaklega sniðin að einstökum hópum, svo sem fötluðum, eins og vottur er af í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Þar er hafin stígagerð með aðgengi fatlaðra í huga. Snar þáttur stefnumótunar ferðaþjónustu í tengslum við þjóðgarða er því að

greina markhópa og stinga út stefnu um uppbyggingu og þjónustustig með hliðsjón af því. Ferðaþjónusta í tengslum við þjóðgarða verður þó jafnan að taka mið af þeim meginmarkmiðum sem byggt er á, þ.e. verndun landsvæðis vegna sérstakrar náttúru eða menningararfleifðar.

Mörg dæmi eru um að stofnun þjóðgarðs hafi stutt við atvinnugreinar á svæðinu, einkum ferðaþjónustu en einnig landbúnað, og styrkt þannig byggð jaðarsvæða. Sem dæmi um efnahagslegan ávinning af stofnun verndarsvæðis, sem í reynd er ígildi þjóðgarðs, má taka Vatnahéraðið (Lake District) í norðanverðu Bretlandi. Garðurinn var stofnaður árið 1951. Hann hefur haft mjög jákvæðar afleiðingar fyrir efnahagslega og félagslega velferð íbúanna. Það hefur birst jafnt í fjölgun starfa og bættri þjónustu á svæðinu. Af 42.000 íbúum innan hans starfa um 37% við smásölu, samgöngur og veitingarekstur og um 30% við önnur þjónustustörf. Auk þeirra starfa sem beinlínis tengjast ferðaþjónustu hefur þessi grunnstarfsemi margfeldisáhrif í för með sér.

Sambýli þjóðgarðs og landbúnaðar.

Landbúnaður á víða í vök að verjast. Hér á landi, eins og erlendis, hefur skapast hefð fyrir því að bændur í grennd við þjóðgarða, og fjölskyldur þeirra, sitja fyrir störfum sem skapast vegna reksturs þjóðgarða. Reynslan hefur sýnt að farsæl samvinna milli bænda og þjóðgarða hefur leitt til að þjóðgarðar hafa reynst hvalreki fyrir byggð í grennd. Þeir skapa árvissar aukatekjur sem gera fjölskyldum bænda kleift að stunda áfram hefðbundinn búskap og ný störf sem treysta búsetu sveitanna. Ný störf falla aðallega til innan ferðaþjónustu. Uppbygging hennar verður því eins og kostur er að taka mið af þörfum dreifbýlisins, ekki síst bænda, sem reynslan sýnir að hafa átt auðvelt með að laga sig að sóknarfærum ferðaþjónustunnar. Þetta jákvæða viðhorf er undirstrikað í nýlegri skýrslu landbúnaðarráðuneytisins, *Ferðaþjónusta bænda – Sóknarfæri til sveita* (2001). Þar segir að við stefnumótun fyrir ferðaþjónustu á landsbyggðinni sé nauðsynlegt *„að taka mið af því hvers konar ferðaþjónusta kemur sér best fyrir dreifbýlið, atvinnulíf einstakra svæða og samfélag“*.

Þótt ný atvinnutækifæri séu einkum tengd þjónustu við ferðamenn eru nýleg erlend dæmi um jákvæð áhrif þjóðgarða á framleiðslu hefðbundinna landbúnaðarvara. Dæmi um það er markaðssetning á kjöti og öðrum landbúnaðarafurðum í Hohe Tauern þjóðgarðinum í Austurríki, sem er hinn stærsti þar í landi. Vörur framleiddar í eða við þjóðgarðinn fá sérstakan stimpil eða vörumerki þjóðgarðsins, sem er mynd af einkennisdýrum þjóðgarðsins, fjallageit og ránfugli. Þannig eru afurðirnar markaðssettar í stórmörkuðum í Austurríki. Salan hefur gengið framar vonum. Neytendur tengja sérstakan hreinleika og jákvæða ímynd við vöru úr þjóðgarðinum.

Tilgangur Samfylkingarinnar með þjóðgarðstillögunni er líka að styrkja byggð og treysta hefðbundinn landbúnað á svæðinu. Flutningsmenn telja ekkert mæla á móti því að hefðbundinni sauðfjárrækt sé haldið áfram innan þjóðgarðs og í grenndinni. Hún er hluti af menningarsögu héraðanna. Þess vegna er æskilegt að halda henni við og merkum vinnuhefðum sem sauðfjárræktinni tengjast. Framleiðsla á lambakjöti undir sérstökum merkjum þjóðgarðsins, eða á handverki heimamanna, gæti því í framtíðinni orðið snar þáttur af viðurværi íbúa. Nýsköpun, svo sem eldi vatnafiska, ætti ekki síður heima innan garðsins. Þannig gæti stofnun hálendisþjóðgarðs um Vatnajökul styrkt hefðbundinn landbúnað. Flutningsmenn leggja áherslu á að þeir gera ráð fyrir að honum verði stjórnað af heimamönnum eins og skýrt er síðar í greinargerðinni.

Á ráðstefnu Landverndar og fleiri aðila um Vatnajökulsþjóðgarð 29. september 2001 komu athyglisverð og jákvæð sjónarmið fram hjá þeim dr. Ólafi R. Dýrmundssyni, lands-

ráðunaut í sauðfjárrækt og lífrænni ræktun, og Erni Bergssyni, bónda í Öræfum, gagnvart stofnun þjóðgarðs um Vatnajökul og nágrenni. Erindi þeirra bar titilinn Sambýli við Vatnajökulsþjóðgarð. Í því var að finna tillögu að áhersluþáttum bænda gagnvart þjóðgarðinum, og tengslum hans við hagsmuni landbúnaðar. Meðal annarra atriða má nefna eftirfarandi:

- Búseta og umferð verði sem mest óbreytt þannig að bændur og búalið geti reist mannvirki á jörðum sínum og stundað þar áfram viðeigandi bústörf.
- Byggingum og girðingum og öðrum mannvirkjum verði haldið við eftir þörfum og nýframkvæmdir verði leyfðar að því tilskildu að þær falli vel að landslagi og kröfum umhverfis- og náttúruverndar á svæðinu.
- Ræktun og uppgræðsla miðist við þarfir búrekstrar, svo og þau sjónarmið sem ríkja á svæðinu um þörf fyrir jarðvegs- og gróðurvernd.
- Beitarnýting verði sem minnst skert. Komi til breytinga eða takmarkana verði veittur allt að tíu ára aðlögunartími í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- Nýsköpun í sveitabúskap, svo sem ferðaþjónusta, fiskeldi og ýmis hlunnindanýting fái að þróast, auk annarrar vistvænnar atvinnusköpunar, þannig að samfélagið haldi áfram að dafna og afla nauðsynlegra tekna.

Örn bóndi orðaði viðhorf heimamanna í hnotskurn þegar hann sagði: „*Við teljum að í umræðunni um Vatnajökulsþjóðgarð eigi að miða við að hann tengist lífvænlegri sveitabyggð með því menningarlandslagi sem þar hefur mótast um aldir.*“ Undir þessi viðhorf taka þingmenn Samfylkingarinnar í öllum meginatriðum. Þjóðgarðurinn á að þróast á forsendum heimamanna ekki síður en verndarsjónarmiða. Þar á milli er ekki vík.

Erlend dæmi.

Frábær erlend dæmi eru til um jákvætt sambýli þjóðgarða og hefðbundinna bændasamfélaga. Eitt hið merkasta er frá Vatnahéraðinu, sem eins og áður er nefnt er ígildi þjóðgarðs. Innan hans búa 42.000 íbúar og árlega heimsækja hann um 12 milljónir gesta. Sérstaða Vatnahéraðsins felst í landslaginu sem einkennist af hæðum og dölum þöktum ökrum og bújörðum. Á svæðinu er stundaður svokallaður hálandabúskapur sem byggist á nýtingu háheiða og fjalllendis. Helstu búgreinar á svæðinu eru sauðfjárrækt og nautgriparækt. Breska ríkinu er umhugað um að halda landbúnaði í héraðinu þar sem hann hefur einkennt svæðið öldum saman. Bændum reynist erfitt að lifa af búskapnum einum sér og hafa nú langflestir ferðaþjónustu að aukabúgrein. Hún fer ört vaxandi í Vatnahéraðinu. Þeir bjóða upp á gistingu og morgunverð, kaffihús á býlunum, leigja hesta, selja veiðileyfi, gerast leiðsögumenn, stunda handverk, svo eitthvað sé nefnt. Þannig hefur þjóðgarðurinn í reynd haldið lífinu í hefðbundnu landbúnaðarsamfélagi, sem ella hefði átt mjög örðugt uppdráttar. Sambýli sérstakrar náttúru og hefðbundins landbúnaðarsamfélags þykir í dag svo merkilegt, að Evrópusambandið ásamt breska ríkinu styrkir þá bændur sem eiga undir högg að sækja til að koma í veg fyrir að þeir flosni upp. Styrkirnir geta í sumum tilvikum numið allt að 80% af heildartekjum þeirra.

Exmoor-þjóðgarðurinn í Devon í Bretlandi er ekki síðra dæmi. Frá stofnun hans hefur mikil uppbygging átt sér stað í ferðaþjónustu. Um 400.000 gestir heimsækja Exmoor árlega. Ferðaþjónustan hefur reynst bændum mikilvæg tekjulind. Þrátt fyrir ákveðnar reglur þjóðgarðsyfirvalda um verndun menningarlandslagsins hefur ríkur skilningur verið sýndur þeim bændum sem hyggjast byggja upp einhvers konar ferðaþjónustu á býli sínu. Þekking bændanna á sögu og landsháttum í Exmoor er einstök og því reyna þjóðgarðsyfirvöld að styðja við bak þeirra í héraðinu hvenær sem því verður við komið. Bændasamfélagið í Exmoor er þannig grunnur efnahagslífs héraðsins.

Hefðbundinn landbúnaður getur í sumum tilvikum verið æskilegur innan þjóðgarða. Sums staðar hefur hófleg beit orðið til þess að sérstæður blómgróður fær notið sín, jafnvel mjög sjaldgæfar tegundir. Þegar beit hefur síðan verið hætt hafa tegundir sem beitin hélt niðri, t.d. burkni, náð yfirhöndinni og sprottið sem aldrei fyrr. Afnám beitar getur þannig leitt til einhæfs gróðurlendis þar sem áður ríkti fjölbreytileiki. Um þetta er skemmtilegt dæmi frá Gettysburg-þjóðgarðinum í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Á svæðinu hvílir söguleg helgi vegna hinnar frægu orrustu sem eitt sinn var þar háð, og kennd við Gettysburg. Sökum hennar var þjóðgarðurinn stofnaður. Orrustan var háð á svæði sem á sínum tíma voru grónir akrar. Svæðið var friðlýst árið 1963. Þegar beit búsmala sleppti vegna friðunarinnar náðu furutegundir, sem búpeningur hafði áður haldið niðri, fótfestu á orrustuvellinum gamla. Innan skamms gátu gestir sem heimsóttu hið sögulega svæði ekki lengur grillt í orrustuvöllinn fyrir trjám. Þegar árið 1980 reyndist nauðsynlegt að fara í skógarhögg til að útrýma skóginum. Niðurstaðan varð sú að hófleg beit var æskileg til að halda þjóðgarðinum í sínu upprunalega horfi.

Í þjóðgarðinum í Skaftafelli eru nú uppi hugmyndir um að halda við heimatúnunum með hóflegri beit, þ.e. framan við Hæðir, Sel og Bölta. Í Þingvallanefnd hefur enn fremur verið rætt um að gera tilraunir með hóflega beit á ákveðnum svæðum innan þjóðgarðs.

Markmið tillögunnar.

Ljóst er að þjóðgarður þar sem saman fara eldfjöll, jöklar, sandauðnir, víðfeðm votlendissvæði, lífríkar hálendissvinjar andspænis hrjóstri eyðimarka, auk annarra einstakra náttúruperlna, er líklegur til að gera Ísland að einstökum valkosti ferðamanna á alþjóðavísu. Engum ætti því að dyljast sá mikli ávinningur sem gæti fylgt í kjölfar þjóðgarðstillögu Samfylkingarinnar.

Skipulagðar gönguleiðir, bygging skála og fjallaselja fyrir göngumenn ásamt hæfilegum vegasamgöngum gæfu landsmönnum jafnt sem erlendum ferðamönnum kost á glænýjum möguleikum til útivistar, og þar með að njóta náttúru svæða sem hafa til þessa verið mörgum lokuð. Þjóðgarðurinn gæti því skapað fjölmörg ný störf í tengslum við ferðaþjónustu og menningarstarfsemi. Hann yrði öflug lyftistöng fyrir jákvæða byggðastefnu,

Erfitt er að meta nákvæmlega hversu mörg störf gætu orðið til fyrir atbeina þjóðgarðsins. Miðað við erlenda reynslu telja flutningsmenn þó að hann gæti leitt til að nokkur hundruð nýrra starfa yrðu smám saman til. Þau yrðu að langmestu leyti í ferðaþjónustu. Á landsbyggðinni er henni að meira og minna leyti haldið uppi af konum. Þjóðgarður af þessum toga gæti því skapað hundruð nýrra kvennastarfa á austurhluta landsins. Hann yrði veruleg lyftistöng fyrir atvinnuuppbyggingu í mörgum sveitarfélögum sem liggja að honum.

Í samræmi við þetta eru markmið þingmanna Samfylkingarinnar með tillögunni þríþætt:

1. Að vernda einstakt landslag sem er að finna á fyrrnefndum svæðum norðan og norðaustan Vatnajökuls og sérstakt lífríki sem þar á skjól.
2. Að auka möguleika erlendra jafnt sem innlendra ferðamanna á útivist og ferðamennsku, og þar með að skjóta traustari stoðum undir ferðaþjónustu í landinu.
3. Að virkja þjóðgarðinn til að ýta markvisst undir jákvæða byggðastefnu með því að fjölga störfum fyrir tilstilli þeirra mörgu og fjölbreyttu möguleika sem þjóðgarðurinn mun bjóða upp á.

Heimastjórn – íbúaþing.

Reynslan sýnir að góð samvinna þjóðgarðsyfirvalda við íbúa í og við þjóðgarðana er forsenda þess að þeir blómgist og dafni. Gott samráð er því lykilatriði ef vel á að takast til. Sam-

fylkingin er fylgjandi dreifingu valds á öllum sviðum. Í samræmi við það er stefna flokksins að flytja verkefni eins nálægt þegnunum og hægt er, og auka völd þeirra á eigið líf og umhverfi. Samfylkingin telur því að stjórnun þjóðgarða og annarra verndarsvæða eigi að vera í höndum heimamanna.

Lög um náttúruvernd heimila hins vegar ekki umhverfisráðherra að framselja stjórn þjóðgarða til heimamanna. Í 52. gr. laganna segir: „*Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.*“ Samkvæmt þessu getur ráðherra heimilað heimamönnum þátttöku í rekstri þjóðgarða, en lögin leyfa ráðherranum ekki að láta stjórn þeirra í hendur heimamanna. Heimamönnum finnst því stundum að með stofnun þjóðgarðs sé verið að færa stjórnsýsluna úr höndum þeirra. Það eru skiljanleg sjónarmið sem Samfylkingin tekur undir. Nýi hálendisþjóðgarðurinn á að vera undir stjórn heimamanna og faglegu eftirliti Náttúruverndar ríkisins. Í tengslum við þjóðgarðstillöguna munu þingmenn Samfylkingarinnar því einnig flytja frumvarp til breytinga á lögum um náttúruvernd sem heimilar ráðherra að framselja stjórn þjóðgarða til heimamanna að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins um starfsreglur sem tryggja faglegan rekstur hans.

Samkvæmt þjóðgarðsmörkum á meðfylgjandi korti munu sex sveitarfélög liggja að þjóðgarðinum: Ása- og Djúpárhreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, og Hornafjörður. Í tillögu þessari er lagt til að haldið verði sérstakt íbúaþing til að gera tillögu um samvinnu heimamanna um rekstur og stjórn þjóðgarðsins. Þetta er í samræmi við stefnu þess sveitarfélags, sem lengst er komið í undirbúningi að þátttöku í væntanlegum þjóðgarði, Hafnar í Hornafirði. En í stefnumótun sveitarstjórnar segir einmitt að koma skuli á íbúaþingi til að vinna að stefnumótun fyrir þjóðgarðinn (sjá fylgiskjal III).

Víðtækt samráð við heimamenn er í fullu samræmi við stefnu ANS. Samtökin mæla eindregið með því að öll stjórnvöld og allir hagsmunahópar sem tengjast þjóðgarði verði fengnir til að taka þátt í stefnumótun við stofnun hans. Þegar vel tekst til og hagsmunir íbúanna fara saman við þarfir þjóðgarðanna sjálfra hefur jafnan skapast öflugt samstarf, sem styrkt hefur vöxt beggja. Auk sveitarstjórna, landeigenda og íbúa er æskilegt að kalla til samráðs fulltrúa fleiri aðila, svo sem atvinnurekenda, bænda, starfsfólks í ferðaþjónustu, ferðamálasamtaka, landeigenda, handverksmanna, náttúruverndarsinna, fjallgöngumanna, göngufólks, hjólreiðamanna, hestamanna, annarra útivistarmanna, og að sjálfsögðu fulltrúa framkvæmdarvaldsins. Að sönnu er það flókin jafnvægislist að vega og meta með þessum hætti hagsmuni náttúrunnar, íbúa og gesta með framtíðarhagsmuni þjóðgarðsins og heimamanna að leiðarljósi. Reynslan sýnir hins vegar að það er farsælast fyrir alla þegar til lengdar lætur.

Gott dæmi er frá Vanoise-þjóðgarðinum í Frakklandi, sem þykir afar vel heppnaður. Yfir honum er 40 manna stjórn. Í henni sitja fulltrúar frá ríki og þeim sveitarfélögum sem garðurinn nær til. Almenningur og ýmis félagasamtök eiga einnig fulltrúa í stjórninni, svo sem veiðimenn, skógarhöggsmenn og bændur, og þar sitja einnig fulltrúar iðnaðar, náttúruverndar og vísinda. Stjórnin mótar stefnu um rekstur garðsins og á grundvelli hennar er sett fram framkvæmdaáætlun sem átta manna framkvæmdastjórn vinnur eftir. Stjórnin hefur einnig vísindaráð sér til ráðgjafar, sem í sitja virtir vísindamenn á sínum sviðum. Í Exmoor, sem fyrr er nefndur, fer sjálfstætt 26 manna ráð með stjórn svæðisins. Af þeim eru 14 úr héraðinu en 12 eru skipaðir af umhverfisráðherra.

Kostnaður.

Þjóðgarður er dýr framkvæmd. Hægt er að meta gróflega hversu miklu fé þarf að kosta til stofnunar hálendisþjóðgarðs Samfylkingarinnar. Forsendur eru eftirfarandi:

Þjóðgarðurinn verður það víðfeðmur samkvæmt tillögunni að nauðsynlegt er að hafa aðkomu að honum á fimm stöðum að mati flutningsmanna. Á hverju þessara fimm svæða er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð af svipuðum toga og er nú þegar í Skaftafelli. Á hverju svæði þarf að vera þjónustumiðstöð sem næst byggð með upplýsinga- og fræðslusetri (gestastofu) og aðstöðu fyrir einn heilsársstarfsmann. Í tengslum við sérhverja þjónustumiðstöð er gert ráð fyrir einu til fjórum fjallaseljum fyrir göngumenn og landverði. Í Skaftafelli eru merktir 65 km af göngustígum. Gert er ráð fyrir jafnlöngum merktum stígum í tengslum við sérhverja hinna fimm þjónustumiðstöðva. Enn fremur er reiknað með að leggja þurfi 10 km vegtengingu með bundnu slitlagi að þjónustumiðstöðvum og lagfæra um 30 km af malarslóðum að fjallaseljunum á hverju svæðanna fimm.

Miðað við þetta er líklegt að stofnkostnaður vegna húsakynna verði um 700 millj. kr. Vegir og slóðar munu kosta um 1.800 millj. kr. Alls má því reikna með að stofnkostnaður við þjóðgarðinn verði aldrei minni en 2,5 milljarðar kr. Á móti kemur hins vegar að framkvæmdir á svæðinu í tengslum við Kárahnjúkavirkjun munu gagnast þjóðgarðinum. Flutningsmenn áætla þannig að næstum helmingur kostnaðarins muni liggja í framkvæmdum sem tengjast Kárahnjúkavirkjun, og hægt væri að nýta fyrir þjóðgarðinn. Þar er um að ræða bæði vegaframkvæmdir og byggingu húsa, sem áformað er að reisa í tengslum við virkjunarframkvæmdir, en væri með góðu móti hægt að nýta í þágu þjóðgarðs.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 1003, 632. mál 127. löggjafarþings, í A-deild Alþingistíðinda 2001–2002, bls. 4280–4284.

I. Tillaga um mörk Vatnajökulsþjóðgarðs. Kort.
II. Ræða Þorbjargar Arnórsdóttur, bæjarfulltrúa í Hornafirði, á ráðstefnu um Vatnajökulsþjóðgarð. (Haust 2000.)
III. Samþykkt sveitarstjórnarinnar á Höfn í Hornafirði um Vatnajökulsþjóðgarð.

271. Svar [72. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um niðurfellingu á meðlagsskuldum.

1. *Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?*

Á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, og 12.–13. gr. reglugerðar nr. 491/1996, um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga, getur stjórn Innheimtustofnunar gert tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef um áframhaldandi félagslega og fjárhagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara og stjórnin telur fullljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórninni heimilt að afskrifa höfuðstól meðlagsskuldar að hluta eða öllu

leyti. Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 12. gr. reglugerðarinnar.

Varðandi árlegan fjölda umsókna um gerð samnings um lægri mánaðarlegar greiðslur og afskriftir vísast til töflu 1. Umsóknir eru af mörgum toga, stundum er beðið um greiðslufrest eða önnur skammtímaúrræði. Rétt er að geta þess að meðlagsgreiðendur eru nú alls 9.673 talsins.

Tafla 1. Málafjöldi á stjórnarfundum Innheimtustofnunar sveitarfélaga 1998–2002.

Ár	Umsóknir um samninga um lægri greiðslu	Umsóknir um afskriftir höfuðstóls/vaxta	Frestuð mál*	Heildarfjöldi mála á ári
2002	772	94	191	1.057
2001	993	111	222	1.326
2000	1.266	90	285	1.641
1999	1.218	20	200	1.438
1998	1.116		189	1.305
Samtals	**5.365**	**315**	**1.087**	**6.767**

* Gerður er fyrirvari um að mál sem er frestað geta verið innifalin í fjölda umsókna næsta árs.

2. *Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Á grundvelli framangreindra lagaákvæða hefur stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga frá ársbyrjun 1998 til 1. október 2002 gert samtals 5.170 samninga við skuldara um greiðslu á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega. Rétt er að taka fram að í sumum tilvikum getur verið um að ræða fleiri en einn samning við einstaka skuldara. Þá er og rétt að geta þess að inni í framangreindri tölu eru ákvarðanir stjórnar sem teknar eru á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 491/1996, um að ekki skuli innheimt mánaðarlega hærri fjárhæð en sem nemur þremur barnsmeðlögum hjá skuldurum sem búa við sérstaka félagslega erfiðleika.

Fyrstu skuldarar sem samningar voru gerðir við á grundvelli 12. gr. reglugerðar nr. 491/1996 uppfylltu skilyrði 13. gr. reglugerðarinnar í nóvember 1999. Frá þeim tíma hefur stjórnin samþykkt 307 umsóknir um niðurfellingu höfuðstóls eða hluta hans. Um sundurliðun vísast til töflu 2.

Tafla 2. Afstaða stjórnar Innheimtustofnunar til umsókna um lækkun eða afskriftir 1998–2002.

Ár	Frestuð mál*	Samþykktar umsóknir um lægri greiðslu	Synjað um gerð samnings skv. 11.–12. gr.	Samþykkt afskrift höfuðstóls/vaxta	Synjað um afskrift skv. 13. gr.
2002	191	762	10	94	
2001	222	962	31	111	
2000	285	1.214	52	82	8
1999	200	1.164	54	20	
1998	189	1.068	48		
Samtals	**1.087**	**5.170**	**195**	**307**	**8**

* Gerður er fyrirvari um að mál sem er frestað geta verið innifalin í fjölda umsókna næsta árs.

Afskriftarhlutföll geta numið 100%, 75%, 50% eða 25% af höfuðstóli skuldar. Þessi mismunandi hlutföll gefa það mikið svigrúm að einungis hefur þurft að hafna átta umsóknum um afskrift. Sá hópur sem er verst settur getur einnig fengið niðurfellingu dráttarvaxta, sbr.

9. gr. reglugerðar nr. 491/1996. Áhrif reglugerðarinnar eru nú að koma í ljós. Umsóknum hefur fækkað og margir hafa fengið úrlausn sinna mála.

3. *Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt framangreindra umsókna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.*

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971 er stjórn Innheimtustofnunar heimilt að taka tillit til sérstakra félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem heilsufarsástæðna, ónógra tekna, skertrar starfsorku, mikillar greiðslubyrði, barnamergðar eða annarra sambærilegra ástæðna við meðferð umsókna skv. 11.–13. gr. reglugerðar nr. 491/1996, samanber einnig 9. gr. reglugerðarinnar. Sem dæmi um ástæður sem haft geta vægi við ákvarðanatöku stjórnar má nefna gjaldþrot skuldara og neyslu áfengis og vímuefna. Vandamálin geta verið af mörgum toga hjá sama aðila og því er ekki unnt að gera sundurliðaða grein fyrir ástæðum fyrir samþykkt umsókna.

272. Svar [73. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

1. *Hve margir einstaklingar hafa leitað heimildar til samninga um greiðslu eignarskatts eða tekjuskatts skv. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamninga við skuldheimtumenn skv. 4. mgr. sömu greinar frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?*

Á árinu 1998 leituðu fimm einstaklingar heimildar til samninga/skuldbreytinga á grundvelli 3. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, á árinu 1999 voru það átta einstaklingar, á árinu 2000 þrír aðilar, á árinu 2001 sótti enginn um heimild til samninga/skuldbreytinga og á þessu ári hefur einn aðili sótt um.

Á árinu 1998 leituðu þrír aðilar nauðasamninga á grundvelli 4. mgr. 111. gr. laganna, á árinu 1999 voru það sex aðilar, á árinu 2000 sex aðilar, á árinu 2001 einn aðili og á þessu ári hafa sjö aðilar leitað nauðasamninga á sama grundvelli.

2. *Hversu margir slíkir samningar hafa verið gerðir frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað skv. 3. og 4. mgr. 111. gr. laganna?*

Á árinu 1998 var enginn samningur gerður á grundvelli 3. mgr. 111. gr. laganna, 1999 og 2000 samþykkti fjármálaráðherra tíu samninga/skuldbreytingar en alls voru gefin út níu skuldabréf vegna átta einstaklinga, á árinu 2001 var enginn samningur gerður og á þessu ári hefur einn samningur verið gerður á þessum grundvelli.

Á árinu 1998 voru tveir nauðasamningar samþykktir á grundvelli 4. mgr. 111. gr. laganna, 1999 voru samþykktir þrír nauðasamningar, á árinu 2000 voru fimm nauðasamningar samþykktir af fjármálaráðherra en eingöngu tveir aðilar gengu frá nauðasamningum, 2001 var samþykktur einn nauðasamningur og á þessu ári hafa fjórir nauðasamningar verið samþykktir á þessum grundvelli.

3. *Hve háar fjárhæðir hefur verið samið um á framangreindu tímabili? Svar óskast sundurliðað eftir umsóknum.*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve háar fjárhæðir samið hefur verið um á framangreindum tímabilum sundurliðað eftir umsóknum. En upplýsingar um fjárhæðirnar sundurliðaðar eftir árum liggja fyrir, sbr. eftirfarandi.

Á árinu 1998 var enginn samningur gerður á grundvelli 3. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Á árunum 1999 og 2000 var heildarfjárhæð opinberra gjalda sem skuldbreytt var 20.639.665 kr. Bréfin voru öll verðtryggð og báru meðaltalsvexti eins og þeir voru ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands. Á árinu 2001 var enginn samningur gerður og á árinu 2002 er fjárhæð opinberra gjalda sem skuldbreytt hefur verið 1.024.815 kr.

Á árinu 1998 nam fjárhæð opinberra gjalda sem féllu undir nauðasamninga 2.069.553 kr. en alls voru greiddar 283.049 kr. upp í þessar skattkröfur, eða 13,7%. Á árinu 1999 nam fjárhæð opinberra gjalda 5.057.067 kr. en alls voru greiddar 1.414.486 kr. upp í þessar kröfur, eða 28,0%. Á árinu 2000 nam fjárhæð opinberra gjalda 7.217.742 kr. en alls voru greiddar 1.340.465 kr. upp í kröfurnar, eða 18,6%. Á árinu 2001 nam fjárhæð opinberra gjalda sem fellu undir nauðasamning 5.012.407 kr., boðin var 15% greiðsla. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvað var greitt upp í framangreinda skattkröfu. Á þessu ári hefur fjárhæð opinberra gjalda numið 33.900.347 kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvað hefur verið greitt upp í það.

4. *Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögunum sem miðar að því að gera úrræðið skilvirkara fyrir fólk í fjárhagsörðugleikum?*

Ákvæði 3. og 4. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru mjög skýr og eru mikilvæg úrræði fyrir gjaldendur í fjárhagserfiðleikum. Á grundvelli þeirra geta gjaldendur annars vegar fengið skuldbreytingu á opinberum gjöldum og hins vegar nauðasamning. Í ákvæðinu eru talin upp skilyrði sem gjaldandi þarf að uppfylla. Hann þarf að vera skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Jafnframt þarf hagsmunum ríkissjóðs að vera betur borgið með skuldbreytingu eða nauðasamningi. Tollstjóri gaf út leiðbeiningarrit fyrir innheimtumenn ríkissjóðs varðandi skuldbreytingar og nauðasamninga. Telur ráðuneytið að innheimtumönnum ætti því að vera ljós úrræði skv. 111. gr. laganna. Þá hefur ráðuneytið á fundum sínum með innheimtumönnum ríkissjóðs vakið sérstaka athygli á úrræðinu. Í ljósi þessa telur ráðherra enga þörf á lagabreytingu. Þá telur ráðherra ekki grundvöll til þess að víkja frá skilyrðum sem tiltekin eru í greininni.

273. Svar [105. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um greiðslur úr ábyrgðasjóði launa.

1. *Hve mikið var greitt úr ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota fyrirtækja á árinu 2001 og fram til 1. október 2002 og í hvaða atvinnugreinum hafa þau helst verið? Hver er útgjaldaáætlun sjóðsins fram til næstu áramóta?*

Á árinu 2001 námu heildargreiðslur úr ábyrgðasjóði 354.294.993 kr., að meðtöldu vangoldnu orlofi sem sjóðurinn greiðir án undangengins gjaldþrots, sbr. 11. gr. orlofslaga, nr. 30/1987. Á yfirstandandi ári eru áætlaðar heildargreiðslur sjóðsins um 600 millj. kr. Um skiptingu milli atvinnugreina vísast til töflu 1, varðandi árið 2001, og töflu 2, varðandi yfirstandandi ár.

Tafla 1. Skipting eftir atvinnugreinum 2001.

Atvinnugrein		Kr.
A	Landbúnaður, dýravörur, skógrækt	238.016
B	Fiskveiðar	29.979.126
DA	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	17.847.387
DB	Textíl- og fataiðnaður	15.557.427
DC	Leðuriðnaður	2.631.624
DD	Trjáiðnaður	9.707.282
DE	Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi	18.824.616
DH	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	16.003.695
DJ	Málmiðnaður	5.209.432
DK	Vélsmíði og vélaviðgerðir	33.110.278
DL	Rafmagns- og rafeindaiðnaður	15.633.273
DM	Framleiðsla samgöngutækja	7.459.769
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður	4.362.885
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	47.043.705
G	Verslun og ýmis viðgerðaþjónusta	60.705.910
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	16.412.341
I	Samgöngur og flutningar	7.896.275
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi	34.595.987
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi	8.550.163
P2	Ótilgreind starfsemi	2.525.802
	Samtals	**354.294.993**

Tafla 2. Skipting eftir atvinnugreinum 2001.

Atvinnugrein		Kr.
A	Landbúnaður, dýravörur, skógrækt	762.276
B	Fiskveiðar	4.163.754
C	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu	8.013
DA	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	18.088.252
DB	Textíl- og fataiðnaður	19.889.153
DC	Leðuriðnaður	1.136.745
DD	Trjáiðnaður	528.052
DE	Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi	30.166.474
DH	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	1.758.719
DJ	Málmiðnaður	35.258.945
DK	Vélsmíði og vélaviðgerðir	7.084.285
DL	Rafmagns- og rafeindaiðnaður	4.577.162
DM	Framleiðsla samgöngutækja	518.475
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður	144.477
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	41.517.828
G	Verslun og ýmis viðgerðaþjónusta	78.666.084
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	62.314.252
I	Samgöngur og flutningar	43.705.455
J	Fjármálaþjónusta	11.311.989
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	97.063.411

M	Fræðslustarfsemi	186.253
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi	15.429.071
P2	Ótilgreind starfsemi	11.029.278
	Samtals	**485.308.403**

2. *Hve mikið hafa greiðslur úr ábyrgðasjóði launa aukist frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002?*

Í töflu 3 er að finna yfirlit um heildargreiðslur úr ábyrgðasjóði árin 1998–2001 og fyrstu níu mánuði þessa árs. Árið 1998 námu greiðslur úr sjóðnum rúmlega 137 millj. kr. en áætlaðar greiðslur á þessu ári nema um 600 millj. kr.

Tafla 3. Greiðslur úr ábyrgðasjóði 1998–2002.

Ár	Kr.
1998	137.675.538
1999	214.562.003
2000	172.582.809
2001	354.294.993
2002 (9 mánuðir)	485.308.403

3. *Hver var árlegur fjöldi fyrirtækja síðustu fimm ár sem urðu gjaldþrota og ávísað var á greiðslum úr ábyrgðasjóði launa, skipt eftir starfsgreinum?*

Upplýsingar liggja ekki fyrir um skiptingu fyrirtækja eftir starfsgreinum á árinu 1998. Að öðru leyti vísast til töflu 4 en tekið skal fram að fjöldi fyrirtækja á þessu ári miðast við fyrstu níu mánuði þess.

Tafla 4. Árlegur fjöldi fyrirtækja miðað við úrskurðardag gjaldþrots frá 1999–2002.

Atvinnugrein		1999	2000	2001	2002
A	Landbúnaður, dýravörur, skógrækt			3	1
B	Fiskveiðar	2	9	9	2
C	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu	1		1	
DA	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	14	14	14	7
DB	Textíl- og fataiðnaður	2	2	3	3
DC	Leðuriðnaður			1	
DD	Trjáiðnaður	1		2	1
DE	Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi	5	6	6	11
DG	Efnaiðnaður				1
DH	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla		2	2	2
DI	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður			1	1
DJ	Málmiðnaður		4	6	2
DK	Vélsmíði og vélaviðgerðir		2	3	
DL	Rafmagns- og rafeindaiðnaður		1	1	2
DM	Framleiðsla samgöngutækja		3		
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður		1	3	2
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	12	15	26	28
G	Verslun og ýmis viðgerðaþjónusta	20	29	52	44
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	17	25	24	22
I	Samgöngur og flutningar		6	9	7

Atvinnugrein		1999	2000	2001	2002
J	Fjármálaþjónusta			1	
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	6	10	26	17
M	Fræðslustarfsemi	1		1	1
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi	4	6	11	13
P2	Ótilgreind starfsemi	1	6	4	7
	Samtals	**86**	**141**	**209**	**174**

4. *Telur ráðherra að um vísvitandi misnotkun á sjóðnum sé að ræða? Ef svo er, í hverju felst hún og hvernig hyggst ráðherra bregðast við?*

Erfitt er að svara spurningunni með nokkurri vissu. Starfsmenn sjóðsins yfirfara lýstar kröfur af nákvæmni og einnig er aflað umsagnar skiptastjóra viðkomandi þrotabús um réttmæti krafna, auk þess sem launamenn njóta í flestum tilvikum aðstoðar starfsmanna stéttarfélaga við kröfugerð sína. Fullyrða má að fátítt er að lýst sé vísvitandi röngum kröfum. Jafnframt hafa reglur 2. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1993, um hámark krafna, þau áhrif að kröfuhöfum stoðar almennt ekki að gefa upp hærri laun en þeir eiga raunverulega að fá greidd. Almennt má því segja að ekki sé mikið um að kröfuhafar reyni að misnota sjóðinn en rétt er að taka fram að skv. 17. gr. laga nr. 53/1993 varðar slík misnotkun þungum sektum, auk þess að geta varðað við almenn hegningarlög.

Hins vegar má segja að of mikið sé um það að vinnuveitendur reyni of lengi að halda áfram rekstri þótt ekki séu fyrir hendi fjármunir til að standa skil á launum og launatengdum gjöldum. Í mörgum tilvikum er þá einnig um að ræða vanskil á vörslusköttum og er ávallt nokkuð um að slík háttsemi sæti lögreglurannsókn og ákæru, að frumkvæði skattyfirvalda, skiptastjóra þrotabús eða einstakra kröfuhafa.

Í nýju frumvarpi til laga um ábyrgðasjóð launa sem lagt verður fram á yfirstandandi þingi verður reynt að sníða helstu vankanta af gildandi lögum, meðal annars til að hindra misnotkun.

274. Svar [99. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um ábyrgðasjóð launa.

1. *Hver er sjóðseign ábyrgðasjóðs launa sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 53/1993?*

Leitað var upplýsinga hjá ábyrgðasjóði launa til að svara fyrirspurninni.

Sjóðseign ábyrgðasjóðs var í árslok 2001 890.443.670 kr. Spá um þróun útgjalda á þessu ári gerir ráð fyrir að eigið fé sjóðsins verði í árslok um 537 millj. kr.

2. *Hve háar hafa greiðslur vegna vangreiddra lífeyrisréttinda launþega verið úr sjóðnum síðustu þrjú ár?*

Greiðslur sjóðsins vegna lífeyrisréttinda launþega voru þannig á árunum 1999–2001:

Ár	Kr.
1999	49.666.687
2000	38.063.244
2001	44.693.265
Samtals	**132.423.196**

3. *Hve háar hafa kröfur verið á sjóðinn vegna vangreidds lífeyrissparnaðar launþega síðustu þrjú ár?*

Kröfur vegna lífeyrissparnaðar voru þannig á árunum 1999–2001:

Ár	Kr.
1999	90.647.342
2000	93.511.187
2001	186.244.395

4. *Hvaða lífeyrissjóðir hafa krafist greiðslna úr sjóðnum síðustu þrjú ár og hve hárra?*

Á árunum 1999–2001 hafa tuttugu og þrír lífeyrissjóðir lýst kröfum sem samtals nema 370.402.924 kr. Þess skal getið að í mörgum tilvikum miðast upphafleg kröfulýsing við áætlanir. Um er að ræða eftirtalda lífeyrissjóði:

Lífeyrissjóður verslunarmanna Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður verkfræðinga, Lífeyrissjóður blaðamanna, Lífeyrissjóður tæknifræðinga og arkitekta, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, ALVÍB (Almennur lífeyrissjóður VÍB), Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður verkalýðsfélaganna á Suðurlandi, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Suðurnesja, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Lífeyrissjóðurinn Lífiðn, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Norðurlands, Lífeyrissjóðurinn Eining, Lífeyrissjóðurinn Hlíf, Lífeyrissjóður verkalýðsfélaganna á Norðurlandi, Lífeyrissjóður Vesturlands, Lífeyrissjóður Verkafólks í Grindavík og Lífeyrissjóður Bolungarvíkur.

5. *Hafa verið gerðar kröfur í ábyrgðasjóðinn um greiðslur á séreignarlífeyrissparnaði vegna gjaldþrota fyrirtækja og ef svo er, hve háar?*

Kröfur vegna séreignarlífeyrissparnaðar voru þannig á árunum 1999–2001 og það sem af er ári 2002:

Ár	Kr.
1999	0
2000	20.388
2001	754.016
2002	4.971.025
Samtals	**5.745.429**

275. Svar [89. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi umhverfisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Styrkir til frjálsra félagasamtaka.

Félagasamtök	Tilefni	Upphæð
1998		
Samtökin Sól í Hvalfirði	Styrkur til samtakanna	150.000
Hálendishópurinn	Styrkur til að halda almennan fund um verndun náttúru á miðhálendi Íslands	100.000
Samtals		**250.000**
1999		
Fuglaverndarfélag Íslands	Styrkur til að gera athugun á arnarstofninum	220.000
Landvernd	Samstarfsverkefni um vernd og nýtingu hálendis Íslands	250.000
Náttúruverndarsamtök Íslands	Ráðstefna um umhverfisáhrif virkjana norðan Vatnajökuls	50.000
Náttúruverndarsamtök Íslands	Styrkur til samtakanna	500.000
Samtökin Sól í Hvalfirði	Styrkur til samtakanna	100.000
Skotveiðifélag Íslands	Ráðstefnan Áhrif virkjana á heiðagæsastofninn í febrúar 1999	40.000
Slysavarnarfélag Íslands	Ráðstefna um öryggi í umhverfinu	150.000
Umhverfisverndarsamtök Íslands	Styrkur til samtakanna	500.000
Samtals		**1.810.000**
2000		
Bandalag íslenskra farfugla	Styrkur til framkvæmdar á umhverfisstefnu félagsins	150.000
Félag um verndun hálendis Austurlands	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Fuglaverndarfélag Íslands	Styrkur til að stuðla að auknu og betra eftirliti með varpstöðvum arnarins	70.000
Fuglaverndarfélag Íslands	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Landvernd	Styrkur vegna verkefnisins Vistvernd í verki GAP	600.000
Landvernd	Styrkur til almennrar starfsemi	66.000
Náttúruverndarsamtök Austurlands	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Náttúruverndarsamtök Íslands	Styrkur til almennrar starfsemi	500.000

Félagasamtök	Tilefni	Upphæð
Samtökin Sól í Hvalfirði	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Skógræktarfélag Eyfirðinga	Framlag til umhverfisbóta í Leyningshólum í Eyjafjarðarsveit	150.000
Skógræktarfélag Kópavogs	Styrkur til framkvæmda á útivistarsvæði félagsins í Guðmundarlundi	150.000
Umhverfisverndarsamtök Íslands	Styrkur til almennrar starfsemi	300.000
Umhverfisverndarsamtök Íslands	Styrkur til almennrar starfsemi	200.000
Samtals		**3.016.000**
2001		
Félag um verndun hálendis Austurlands	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Fuglaverndarfélag Íslands	Styrkur til að stuðla að verndun arnarstofnsins	75.000
Fuglaverndarfélag Íslands	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Gróður fyrir fólk	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Landvernd	Styrkur til að innleiða umhverfismerkið Græna flaggið á Íslandi	500.000
Landvernd	Styrkur til útgáfu bæklings um hreyfihitara	20.000
Landvernd	Styrkur vegna ráðstefnunnar Skógrækt í íslensku landslagi	50.000
Landvernd	Styrkur til almennrar starfsemi	400.000
Landvernd	Styrkur til almennrar starfsemi	100.000
Náttúruverndarsamtök Vesturlands	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Náttúruverndarsamtök Íslands	Styrkur til almennrar starfsemi	500.000
Samtök um náttúruvernd	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Samtökin Sól í Hvalfirði	Styrkur til almennrar starfsemi	166.000
Skógræktarfélag Reykjavíkur	Styrkur til félagssins	75.000
Umverfisverndarsamtök Íslands	Styrkur til almennrar starfsemi	2.000.000
Samtals		**2.718.000**

276. Fyrirspurn [260. mál]

til samgönguráðherra um styttingu þjóðvegar 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hvaða sparnaður yrði á kílómetra við styttingu þjóðvegar 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur miðað við núverandi umferð?
2. Hvar væri helst hægt að stytta þjóðveg 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur? Hversu mikil gæti styttingin orðið og hver er líklegur kostnaður?

Skriflegt svar óskast.

277. Fyrirspurn [261. mál]

til félagsmálaráðherra um verðmæti íbúðarhúsnæðis árin 1991 og 2000.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hvert var verðmæti alls íbúðarhúsnæðis í einstökum
   a. kjördæmum,
   b. sýslum,
   c. kaupstöðum,
   miðað við meðalverð á fermetra samkvæmt kaupsamningum, árið 1991 annars vegar og árið 2000 hins vegar og hver er mismunurinn í krónum talið og hundraðshlutum?
2. Hvert var virði alls íbúðarhúsnæðis landsmanna árið 1991 annars vegar og árið 2000 hins vegar?
3. Ef verðlag íbúðarhúsnæðis utan Reykjavíkur hefði fylgt þróun íbúðarverðs í Reykjavík 1991–2000, hversu verðmeira væri þá allt íbúðarhúsnæði utan Reykjavíkur samanlagt og sundurliðað eftir
   a. kjördæmum,
   b. sýslum,
   c. kaupstöðum?

Skriflegt svar óskast.

278. Fyrirspurn [262. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hefur verið unnið að því fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins að útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa útlendinga verði á einni hendi eins og m.a. var bent á í nefndaráliti allsherjarnefndar á síðasta þingi?

279. Fyrirspurn [263. mál]

til fjármálaráðherra um breytingar á skattbyrði árin 1995–2000.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver var heildarskattbyrði af sköttum til ríkisins á hverju áranna 1995–2000? Með skattbyrði er hér átt við skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Óskað er eftir að notaðar verði sömu skilgreiningar og OECD notar í skýrslum sínum (Revenue Statistics).

2. Hver var heildarskattbyrði að meðaltali í ríkjum OECD á sömu árum?
3. Hver var skattbyrði af tekjusköttum einstaklinga (almennum tekjuskatti, útsvari, sérstökum tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti) á sömu árum, þ.e. tekjur ríkis og sveitarfélaga af tekjusköttum á einstaklinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu?
4. Hver var skattbyrði af tekjusköttum lögaðila á sömu árum, þ.e. tekjur ríkisins af tekjusköttum lögaðila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu?
5. Hver var skattbyrði af tekjusköttum einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar að meðaltali í ríkjum OECD á sömu árum?

Skriflegt svar óskast.

280. Fyrirspurn [264. mál]

til fjármálaráðherra um tekjuskatta einstaklinga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver var fjárhæð álagðra tekjuskatta (almennur tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, útsvar og fjármagnstekjuskattur), barnabóta og vaxtabóta á hverju áranna 1995–2002, tilgreint á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi?
2. Hver var tekjuskattsbyrði einstaklinga á árunum 1995–2002 í heild og eftir tekjum og fjölskyldugerð? Með tekjuskattsbyrði er hér átt við álagða tekjuskatta (almennan tekjuskatt, sérstakan tekjuskatt, útsvar og fjármagnstekjuskatt) alls, að frádregnum barnabótum og vaxtabótum, sem hlutfall af heildartekjum (launum, lífeyri, rekstrartekjum, fjármagnstekjum o.s.frv.) viðkomandi einstaklinga. Í svarinu verði greint á milli einhleypra annars vegar og hjóna og fólks í sambúð hins vegar. Flokkun eftir tekjum miðist við að í hvern flokk komi 10% framteljenda raðað eftir fjárhæð heildartekna þannig að í neðsta flokkinn komi þau 10% sem lægstar heildartekjur hafa á hverju ári, í þann næsta þau 10% sem næst koma o.s.frv. Efsti flokkurinn verði þó sundurgreindur í tvennt þannig að í hvorn hluta komi 5% tekjuhæstu framteljendanna.
3. Hver yrðu áhrifin á tekjuskattsbyrðina í sundurliðun 2. liðar ef tekjusköttum væri breytt um 1,5 milljarða kr. og breytingin gerð með:
   a. lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins,
   b. hækkun persónuafsláttar,
   c. lækkun sérstaka tekjuskattsins,
   d. hækkun fjármagnstekjuskatts?

   Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 5 milljarða kr. breytingu?

Skriflegt svar óskast.

281. Fyrirspurn [265. mál]

til samgönguráðherra um Reykjanesbraut.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvenær og hvers vegna breyttust forsendur hönnunar á tvöföldun Reykjanesbrautar á milli Kópavogs og Hafnarfjarðar?

282. Fyrirspurn [266. mál]

til samgönguráðherra um hljóðvist.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Telur ráðherra að sveitarfélög, en ekki ríkissjóður, eigi að bera kostnað af hljóðvist við lagningu þjóðvega í þéttbýli?

283. Fyrirspurn [267. mál]

til menntamálaráðherra um dreifmenntun í Vesturbyggð.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hvaða áætlanir eru um uppbyggingu dreifmenntunar í Vesturbyggð?

284. Fyrirspurn [268. mál]

til menntamálaráðherra um fjarkennslu.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu margir stunda nú nám með fjarkennslusniði
   a. á háskólastigi,
   b. á framhaldsskólastigi?
2. Hver hefur þróun fjarkennslu verið frá árinu 1999?
3. Hvaða skólar á framhalds- og háskólastigi bjóða upp á fjarkennslu og hvaða námsgreinar eru í boði?

Skriflegt svar óskast.

285. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um stöðu hjóna og sambúðarfólks.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Fjeldsted, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks sem hafa börn á framfæri sínu með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra.

Nefndin kanni hvort brögð séu að því að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis í kerfinu. Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks í framangreindu tilliti.

Nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2003.

Greinargerð.

Hjúskapur eða sambúð felur í sér fjárhagslegt hagræði, ekki síst fyrir barnafólk. Hagræðið felst m.a. í því að auðveldara er fyrir tvo einstaklinga að halda heimili, þ.e. borga af húsnæði, kaupa inn o.s.frv. Um þetta er ekki deilt og hefur verið um það almenn samstaða að styrkja beri einstæða foreldra sem ekki njóta þessa hagræðis og hafa bæði ríkisvaldið og sveitarfélög gripið til ýmissa ráðstafanna í því skyni. Má þar nefna hærri barnabætur, uppbætur á meðlagsgreiðslur, hærri húsaleigubætur, hærri námslán, lægri leikskólagjöld o.fl. Hér er ekki gerður ágreiningur um þessar ráðstafanir enda gegna þær mikilvægu hlutverki við að jafna lífskjör hér á landi.

Því hefur verið haldið fram að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda beinlínis með það að markmiði að fá þær bætur og njóta þess hagræðis sem einstæðir foreldrar hafa notið. Þá má ætla að framangreint letji fólk mjög til að ganga í hjónaband eða tilkynna sambúð. Með hliðsjón af tekjutengingu þessara bóta má halda því fram að það sé einkum tekjulágt fólk sem grípur til þessara ráða.

Slíkir málamyndaskilnaðir og sambúðarslit er vitaskuld ólöglegt athæfi búi fólk eftir sem áður saman en þiggi bætur sem ætlaðar eru einstæðum foreldrum. Eftirlit með því hvort fólk býr saman eða ekki er hins vegar mjög erfitt og hefur ekki verið reynt nema að takmörkuðu leyti. Verst er þó að mati flutningsmanna að í kerfinu skuli vera innbyggðir hvatar til að slíta hjónabandi eða sambúð, hvatar sem hafa jafnframt þau áhrif að draga úr áhuga fólks á því að stofna til hjúskapar eða hefja sambúð. Slíkt getur aðeins haft óheppileg áhrif.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er því fyrst og fremst að kanna mismunandi stöðu fólks í hjúskap eða sambúð og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra og hversu algengt það sé að fólk skilji eða slíti sambúð vegna þess lagalega umhverfis sem hér hefur verið rakið. Í kjölfar þessa er síðan lagt til að nefndin kanni hvernig unnt sé að styrkja stöðu hjónabandsins og stöðu sambúðarfólks. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem kann að verða gripið til mega ekki á neinn hátt rýra núverandi kjör einstæðra foreldra.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2003.

286. Tillaga til þingsályktunar [270. mál]

um lífeyrisréttindi hjóna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Fjeldsted, Drífa Hjartardóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað.

Nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2003.

Greinargerð.

Samkvæmt 102. gr. hjúskaparlaga getur maki krafist þess við skipti að áunnin lífeyrisréttindi hans komi ekki til skipta við skilnað. Lífeyrisréttindi eru þannig beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Það er álitamál hvort ekki sé eðlilegra að litið sé á öflun lífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Telja má réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun lífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Þessi sjónarmið fá nokkurn hljómgrunn í 2. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga. Þar kemur fram að þyki það ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að lífeyrisréttindum sé haldið utan skipta sé heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum. Á ákvæði þetta reyndi í dómi Hæstaréttar frá 26. apríl sl. í máli nr. 170/2002. Í málinu krafðist sóknaraðili, sem hafði verið heimavinnandi í þau rúmlega 20 ár sem hjónaband hans stóð yfir, að honum yrði bætt það með fjárgreiðslum að lífeyrisréttindum maka hans væri haldið utan skipta við skilnaðinn að kröfu hans. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti með vísan til forsendna sagði m.a.:

„Er óumdeilt að sóknaraðili hafi borið hitann og þungann af heimilisstörfum og uppeldi barna þeirra á samvistatímanum, þótt deila megi um nauðsyn þess að hún væri heimavinnandi allan tímann, eins og varnaraðili bendir á máli sínu til stuðnings. Á hitt ber þó að líta að svo virðist sem aðilar hafi verið samhuga um þá tilhögun, á meðan allt lék í lyndi, og verður við það miðað við úrlausn málsins."

Þegar þetta var metið ásamt því að sóknaraðili hafði nánast engar tekjur haft og þar með ekki aflað sér lífeyrisréttinda en varnaraðili á hinn bóginn haft háar tekjur og aflað sér verulegra lífeyrisréttinda taldi dómurinn ósanngjarnt að lífeyrisréttindum varnaraðila væri haldið utan skipta og dæmdi varnaraðila til að greiða sóknaraðila 2,5 millj. kr.

Þessi dómur Hæstaréttar mun án efa hafa fordæmisgildi en langur vegur er hins vegar frá því að hann tryggi jöfn skipti þeirra verðmæta sem í lífeyrisréttindum felast við skilnaði í framtíðinni enda málsatvik iðulega ólík og heimild dómstóla matskennd.

Í Lögmannablaðinu (október, 3/2002) fjallar Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður um framangreindan dóm Hæstaréttar. Í grein sinni vekur hann athygli á þeirri staðreynd að lífeyrisréttindi eru persónubundin réttindi sem koma aðeins til greiðslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í því ljósi setur hann spurningarmerki við það hvort eðlilegt sé að hinn aðilinn geti fengið eingreiðslu sé slíkum réttindum haldið utan skipta, án tillits til þess hvort

nauðsynleg skilyrði fyrir útgreiðslu réttindanna verði uppfyllt. Telur hann ástæðu til að íhuga hvort rétt sé að breyta lögum með þeim hætti að unnt sé að skipta áunnum lífeyrisréttindum með samningi eða dómi. Með þessu væri tekið tillit til þeirrar óvissu hvort skilyrði fyrir útborgun úr lífeyrissjóði verða uppfyllt eða ekki.

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir að vert væri að skoða slíka breytingu, enda gengur hún í þá átt að tryggja rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað. Flutningsmenn telja þó rétt að skoða hvort ekki sé ástæða til að ganga enn lengra með því að skilgreina áunnin lífeyrisréttindi hjóna á hjúskapartímanum sem hjúskapareign þeirra sem kæmi þá til helmingaskipta samkvæmt helmingaskiptareglu hjúskaparlaga við skilnað. Með því yrði komið í veg fyrir deilur um skiptingu þessara verðmæta auk þess sem ætla má að slík niðurstaða yrði almennt sanngjörn. Þessa kosti þarf að gaumgæfa vel og í þeim tilgangi er þessi tillaga lögð fram.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast oft mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á lífeyrisréttindi sem sameiginlega eign eins og aðrar hjúskapareignir.

Flutningsmenn gera sér grein fyrir að það getur valdið vanda fyrir lífeyrissjóðina þar sem rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Í þingsályktunartillögu þessari er hins vegar aðeins gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn lífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, var komið nokkuð komið til móts við efni tillögu þessarar, sbr. 14. gr. laganna. Þar kemur fram að sjóðfélagi geti á grundvelli samkomulags við maka tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka, í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum skuli verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Framangreind heimildarákvæði eru til bóta. Þó má gagnrýna ýmislegt, t.d. að hafi sjóðfélagi gert samkomulag um að skipta uppsöfnuðum ellilífeyrisréttindum og mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka sinn eða fyrrverandi maka skerðast réttindi sjóðfélagans sem því nemur, sem hefur í för með sér að verði sjóðfélagi langlífari færast réttindin ekki aftur til hans. Sjóðfélagi tekur því nokkra áhættu með þessu.

Það er mat flutningsmanna að ekki sé nægjanlegt að sá sem t.d. hefur sinnt heimili og börnum meginhluta starfsævi sinnar verði að eiga það undir góðvild maka síns við skilnað hvort hann fái hlutdeild í þeirri eignamyndun sem orðið hefur til og felst í lífeyrisréttindum makans. Það er jafnframt ófullnægjandi að mati flutningsmanna að maki sem telur á sér brotið þurfi að ráðast í kostnaðarsöm málaferli til að sækja réttindi sem hann hefur átt þátt í að mynda.

Gert er ráð fyrir að nefndin sem skipuð verður, verði tillagan samþykkt, skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2003.

287. Svar [170. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um fjölda lögreglumanna.

1. *Hve margir lögreglumenn eru til þjónustu að meðaltali á hvern íbúa í kaupstöðum og sýslum landsins?*

Vísað er til nýlegrar skýrslu dómsmálaráðherra um stöðu og þróun löggæslu, sem lögð var fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi (þskj. 1365, 392. mál). Þar er að finna ýmsar sundurliðaðar töflur um fjölda lögreglumanna og samanburð við íbúafjölda viðkomandi umdæmis og þarf ekki að endurtaka þær í þessu svari.

2. *Hvað liggur til grundvallar útreikningum dómsmálaráðuneytis um fjárveitingar til einstakra sýslumannsembætta með tilliti til fjölda lögreglumanna?*

Ráðuneyti dóms- og kirkjumála tekur við fjárlagatillögum viðkomandi embætta og metur tillögur þeirra um fjölda lögreglumanna á grundvelli þess rökstuðnings sem tillögunum fylgir varðandi álag á löggæsluna. Ekki er þó ávallt hægt að verða við öllum fjölgunarbeiðnum en þær eru teknar til athugunar og ræddar við viðkomandi embætti m.a. í ljósi þess fjárhagsramma sem settur hefur verið í gerð fjárlagafrumvarps. Ekki er um neinar sjálfvirkar viðmiðunarreglur að ræða í þessu sambandi.

3. *Á hvern hátt hefur starfsemi ríkislögreglustjóra haft áhrif á starfsemi sýslumanns- og lögregluembætta landsins?*

Stofnun embættis ríkislögreglustjóra hefur styrkt samræmingu löggæslustarfa um land allt og embættið hefur tekið við verkefnum sem eru sameiginleg fyrir önnur lögregluembætti. Þar má nefna rekstur bílabanka fyrir löggæsluna í landinu. Sér embættið um rekstur og endurnýjun lögreglubifreiða, en viðkomandi lögregluembætti greiða fyrir bifreiðirnar í hlutfalli við notkun þeirra. Embætti ríkislögreglustjóra hefur einnig tekið við rekstri fjarskiptamiðstöðvar fyrir lögregluna á suðvesturhorni landsins. Þar er tekið við öllum hjálparbeiðnum og jafnframt fylgst með staðsetningu lögreglubifreiða. Stefnt er að því að útvíkka starfssvæði fjarskiptamiðstöðvarinnar eftir því sem uppbyggingu TETRA-fjarskiptakerfisins miðar áfram. Fjarskiptamiðstöðin sparar viðkomandi lögregluliðum símsvörun og sér um fyrstu viðbrögð. Embætti ríkislögreglustjóra veitir einnig einstökum lögregluliðum aðstoð við umferðareftirlit og rannsókn alvarlegra afbrota, svo sem meiri háttar ofbeldis- og fíkniefnaglæpa. Þá hefur umferðareftirlit verið eflt í samvinnu embættisins, einstakra lögregluliða og Vegagerðarinnar.

288. Svar [140. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um fjölda lögreglumanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað ættu lögreglumenn að vera margir í hverju umdæmi ef miðað er við stærð og íbúafjölda, að teknu tilliti til dulinnar búsetu, sundurliðað eftir embættum sýslumannsins

a. á Selfossi,
b. á Hvolsvelli,
c. í Vík,
d. á Höfn,
e. í Vestmannaeyjum,
f. í Keflavík?

Engar reglur hafa verið settar um viðmið í þeim efnum sem hér er spurt um. Oft hefur þó verið rætt um töluna 500 íbúa að baki hverjum lögreglumanni í umdæmi og er sú tala frá þeim tíma að sveitarfélög kostuðu lögregluna. Hún er þó alls ekki algild lengur og kemur þar ýmislegt til: margvíslegar breytingar á lögregluliði, svo sem aukin sérhæfing og verkaskipting innan þess, sameiginleg fjarskiptaþjónusta, aukin aðstoð frá miðlægu embætti ríkislögreglustjóra, breytt mynstur afbrota, fjölgun orlofshúsa í strjálbýli og fleira mætti nefna.

Í skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi (þskj. 1365, 392. mál) eru ýmsar staðreyndir um lögreglumál raktar og þarf ekki að endurtaka þær í þessu svari. Þó skal rakið að þar kemur fram á bls. 7–8 (sbr. skýringar efst á bls. 11) að við þau embætti sem nefnd eru í fyrirspurninni var fjöldi lögreglumanna og fjöldi íbúa á hvern lögreglumann sem hér segir miðað við árið 2001:

Embætti	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi íbúa á hvern lögreglumann
Selfoss	24,3	505,6
Hvolsvöllur	4	805,8
Vík	3	364,3
Höfn	3,3	718,2
Vestmannaeyjar	12,5	361,8
Keflavík	34,9	472,8

Tekið skal fram að frá árinu 2001 hefur lögreglumönnum fjölgað um einn á Höfn.

Erfitt er að draga ályktanir út frá þeim tölum sem hér um ræðir. Íbúatala hefur víða lækkað á síðustu árum, en fjöldi lögreglumanna staðið í stað eða þeim fjölgað. Bifreiðaeign og umferð bifreiða hefur hins vegar vaxið, orlofsbyggð hefur aukist og viðfangsefni lögreglunnar hafa almennt verið að breytast. Sýslumenn fylgjast með álagi á löggæsluna hver í sínu umdæmi og þegar þeim þykir þörf á starfsmannafjölgun bera þeir fram óskir þar að lútandi við undirbúning fjárlagafrumvarps á ári hverju. Vissulega hefur ekki ávallt verið unnt að verða við öllum óskum, en að því er unnið að mæta brýnustu þörfum.

Einnig hefur verið unnið að því að bæta þjónustu löggæslunnar með skipulagsbreytingum sem felast í símsvörun Neyðarlínunnar og fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar eftir því sem við á. Við það sparast mannafli við símsvörun hjá viðkomandi embættum. Einnig hefur hin sameiginlega símsvörun orðið til þess að efla samstarf lögregluliða yfir umdæmismörk.

Mjög mikilvægt er að þjónusta fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar, sem nú nær til suðvesturhorns landsins, nái sem fyrst til landsins alls. Með því móti er m.a. við útköll unnt að fylgjast með staðsetningu lögreglubifreiða sem í notkun eru og koma upplýsingum til þess lögregluliðs sem næst er slysstað eða öðru tilefni útkalls. Með þessu má stytta viðbragðstíma lögreglu og annarra viðbragðsaðila. Stærð umdæma er ekki góður mælikvarði fyrir löggæsluþörf. Lengd þjóðvega og umferðarþungi innan umdæmis væri e.t.v. skárri mælikvarði en þó aðeins eitt af fleiri atriðum sem taka þarf tillit til. Orlofsbyggð getur aukið eitthvað eril við löggæslu, en er þó ekki þungvægt vandamál í heildarverkefnum hennar miðað við mörg önnur nema hvað hún eykur umferðarþungann í viðkomandi umdæmi.

289. Fyrirspurn [271. mál]

til dómsmálaráðherra um skýrslutöku af börnum í Barnahúsi og dómhúsum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve mörg börn hafa komið í skýrslutöku frá því að Barnahúsið var opnað?
2. Hversu oft hafa verið teknar skýrslur af börnum í Barnahúsi annars vegar og í dómhúsum hins vegar frá því að breyting þar að lútandi var gerð á lögum um meðferð opinberra mála? Svar óskast sundurliðað eftir árum og aldri barna.

Skriflegt svar óskast.

290. Fyrirspurn [272. mál]

til fjármálaráðherra um afnám virðisaukaskatts á tæki og búnað til háskóla og rannsóknastofa.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Telur ráðherra koma til greina að afnema virðisaukaskatt á tæki og búnað til háskóla og rannsóknastofa?

291. Fyrirspurn [273. mál]

til menntamálaráðherra um afnám fjöldatakmarkana í Háskóla Íslands.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Telur ráðherra koma til greina að afnema fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands?

292. Fyrirspurn [274. mál]

til menntamálaráðherra um fjarnám í fámennum byggðum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra bæta aðgengi fámennustu byggða að fjarnámi?

293. Fyrirspurn [275. mál]

til samgönguráðherra um flugvallarskatta á Keflavíkurflugvelli.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Telur ráðherra að háir flugvallarskattar á Keflavíkurflugvelli dragi úr komu ferðamanna til landsins?
2. Hvernig telur ráðherra best að bregðast við fækkun ferðamanna til landsins?
3. Hefur auglýsingaherferð ráðuneytisins og Ferðamálaráðs utan lands og innan skilað tilætluðum árangri?

294. Fyrirspurn [276. mál]

til forsætisráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

295. Fyrirspurn [277. mál]

til dómsmálaráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

296. Fyrirspurn [278. mál]

til félagsmálaráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

297. Fyrirspurn [279. mál]

til fjármálaráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

298. Fyrirspurn [280. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

299. Fyrirspurn [281. mál]

til iðnaðarráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

300. Fyrirspurn [282. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

301. Fyrirspurn [283. mál]

til menntamálaráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

302. Fyrirspurn [284. mál]

til samgönguráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

303. Fyrirspurn [285. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

304. Fyrirspurn [286. mál]

til umhverfisráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

305. Fyrirspurn [287. mál]

til utanríkisráðherra um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?
2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?
3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?
4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?
5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Skriflegt svar óskast.

306. Fyrirspurn [288. mál]

til forsætisráðherra um þjóðlendumál.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hver er heildarkostnaður ríkisins af þjóðlendumálum?
2. Hver er heildarkostnaður sveitarfélaga?
3. Hver er kostnaður hvers einstaks sveitarfélags sem í hlut á?

Skriflegt svar óskast.

307. Nefndarálit [243. mál]

um till. til þál. um aðild að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Droplaugu Ólafsdóttur frá Hafrannsóknastofnuninni.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi sem gerður var í Ríó de Janeiró 14. maí 1966.

Samningurinn tekur til verndunar um þrjátíu tegunda túnfisks og annarra áþekkra fisktegunda í Atlantshafi og aðliggjandi innhöfum en markmið samningsins er m.a. sjálfbær hámarksnýting fiskstofnanna.

Samkvæmt 3. gr. samningsins fela samningsaðilar sérstöku ráði, Alþjóðaráði um verndun túnfiska í Atlantshafi, að vinna að þeim markmiðum sem samningurinn stefnir að en verkefni ráðsins eru m.a. athuganir á stofnstærð tegundanna, vistfræði þeirra og haffræðilegar rannsóknir á umhverfi þeirra auk annarra atriða sem geta haft áhrif á stærð stofnanna. Ráðið getur einnig sett reglur um nýtingu fiskstofna og fiskveiðistjórn án þess þó að fara með yfirþjóðlegt vald.

Ísland hefur frá árinu 1995 haft áheyrnaraðild að ráðinu en hefur ekki notið veiðiréttar. Nefndin leggur áherslu á að tekið verði tillit til réttar strandríkja við úthlutun veiðiheimilda. Á ársfundi ráðsins sem nú stendur yfir og lýkur 4. nóvember nk. munu eiga sér stað viðræður um endurúthlutun aflaheimilda og er mjög mikilvægt að Ísland geti komið að viðræðunum sem fullgildur aðili að ráðinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 29. okt. 2002.

Magnús Stefánsson, varaform., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Björn Bjarnason.	Ögmundur Jónasson.	Vilhjálmur Egilsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Jóhann Ársælsson.	Kristján Pálsson.

308. Þingsályktun [243. mál]

um aðild að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi.

(Afgreidd frá Alþingi 29. okt.)

Samhljóða þskj. 247.

309. Lög [182. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2002, um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 30. okt.)

Samhljóða þskj. 183.

310. Svar [134. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um framlög ríkisins til neytendamála.

1. *Hve miklum fjármunum hefur verið varið árlega til neytendaverndar, neytendafræðslu og annarra aðgerða til þess að tryggja réttindi neytenda hér á landi síðustu fimm ár, sundurliðað eftir verkefnum?*

Neytendamál teygja arma sína inn í fjölmarga málaflokka sem falla undir hin ýmsu ráðuneyti. Til dæmis húsnæðismál sem heyra undir félagsmálaráðuneyti, matvæli sem skipta neytendur miklu máli tilheyra umhverfisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti og neytendafræðsla í skólum heyrir undir menntamálaráðuneyti svo dæmi séu nefnd.

Hins vegar gegnir viðskiptaráðuneytið lykilhlutverki á sviði neytendamála enda heyra þau stjórnsýslulega undir ráðuneytið. Meðal annars þess vegna starfa tvær mikilvægar stofnanir á sviði neytendaverndar undir viðskiptaráðuneytinu, þ.e. Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofa. Erfitt er að meta neytendaþáttinn sérstaklega í starfsemi þessara stofnana. En rétt er að taka fram að innan Löggildingarstofu er markaðsgæsludeild og hjá Samkeppnisstofnun er sérstök neytendamáladeild.

Auk þess sinna fjölmargir aðrir starfmenn þessara stofnana verkefnum er lúta að neytendavernd. Sem dæmi um þetta má nefna að hjá Samkeppnisstofnun fara fram umfangsmiklar athuganir á ólögmætu samráði milli fyrirtækja en slíkt samráð bitnar fyrst og fremst á neytendum. Þá fer þar fram vinna við að efla verðskyn neytenda, m.a. með gerð verðkannana. En almennt er samkeppnisyfirvöldum ætlað að stuðla að því að neytendur fái góða vöru og þjónustu á sanngjörnu verði.

Bæði Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofa hafa auk annarrar starfsemi gefið út fræðsluefni ætlað neytendum. Hér eru ekki tilgreindar sérstaklega þær upphæðir sem til þess hafa fallið en hins vegar þykir rétt að taka fram þær heildarfjárveitingar sem þessar stofnanir hafa notið á fjárlögum undanfarin fimm ár.

Heildarfjárveitingar samkvæmt fjárlögum, millj. kr.

	Löggildingarstofa	Samkeppnisstofnun
1998	135,2	88,9
1999	144,3	97,4
2000	150,1	105,4
2001	170,5	130,6
2002	188,1	136,0

Auk þess sem að framan er talið er rétt að geta beinna framlaga viðskiptaráðuneytis til ýmissa verkefna svo sem hér segir:

Árið 1998 voru lagðar fram samtals 1.247.000 kr. til aðlögunar norræns kennsluefnis um neytendafræðslu í skólum sem einnig var gefið út á netinu.

Alþingi veitti 3.000.000 kr. til gerðar skýrslu um dagvöruverslun á vegum Samkeppnisstofnunar árið 1999.

Árið 1999 var gefin út skýrslan Stefnumörkun í málefnum neytenda og nam kostnaður við hana og nefndarstörf vegna hennar um það bil 300.000 kr.

Árið 2000 var gefinn út bæklingur um skilarétt neytenda. Kostnaður við nefndarstarf og gerð bæklings og merkis nam alls u.þ.b. 380.000 kr.

2. *Hversu há fjárhæð var veitt til starfsemi Neytendasamtakanna á sama árabili og til hvaða verkefna rann hún?*

Hinn 16. nóvember 1998 var gengið frá þjónustusamningi við Neytendasamtökin sem fólu í sér fjárframlög að upphæð 6.800.000 kr. árið 1999. Í þjónustusamningnum felst að þetta framlag rennur til að kosta að hluta rekstur kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna.

Árið 2000 nam þessi upphæð 6.800.000 kr.

Árið 2001 var þjónustusamningurinn endurskoðaður og runnu 7.800.000 kr. til kvörtunarþjónustu og 500.000 kr. til að kanna staðlaða samningsskilmála.

Samkvæmt þjónustusamningi fyrir árið 2002 munu Neytendasamtökin fá framlag vegna þjónustusamnings að upphæð 8.300.000 kr.

Auk þess sem að framan er getið hefur viðskiptaráðuneytið á árinu 2002 veitt Neytendasamtökunum styrk að upphæð 750.000 kr. vegna heimasíðu.

Undanfarin ár hefur ráðuneytið stutt Neytendasamtökin til þátttöku í aðalfundi evrópskra neytendasamtaka og hefur sú upphæð verið á bilinu 150.000–200.000 kr. hvert ár.

311. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]

um eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa.

Flm.: Örlygur Hnefill Jónsson, Margrét Frímannsdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf sem felur það í sér að stjórnvaldsfyrirmæli um nánari útfærslu laga komi til skoðunar Alþingis, t.d. þeirrar þingnefndar sem áður hefur fjallað um viðkomandi lög, og hljóti ekki staðfestingu ráðherra fyrr en samþykki viðkomandi þingnefndar liggur fyrir.

Greinargerð.

Samkvæmt grundvallarreglum stjórnskipunar Íslands, sbr. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er það hlutverk Alþingis að setja þegnum landsins lög. Í þessu felst heimild til handa Alþingi, kjörnum fulltrúum þjóðarinnar, til að setja þegnunum löggjöf hvort heldur hún varðar samskipti þegnanna innbyrðis eða samskipti þegnanna við ríkisvaldið.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, gerir þannig ráð fyrir þrígreiningu ríkisvaldsins. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Ef 2. gr. stjórnarskrárinnar er skilin eftir orðanna hljóðan og með hliðsjón af því að hugtakið löggjafarvald táknar þá starfsemi sem fólgin er í setningu réttarreglna, hverju nafni sem nefnast, ætti öðrum en löggjafanum að vera óheimilt að setja réttarreglur. Löggjafanum ætti samkvæmt þessu að vera óheimilt að framselja löggjafarvald sitt, og skal í því sambandi bent á að í stjórnarskránni eru engin ákvæði sem heimila löggjafanum að framselja þetta vald sitt.

Öllum er hins vegar ljóst að sú venja er löngu helguð að í einstökum lögum sé heimild eða boð til framkvæmdarvaldshafa um að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna eða önnur tilgreind atriði í reglugerð eða öðrum stjórnvaldsboðum. Hefur þetta tíðkast allt frá setningu stjórnarskrárinnar árið 1874, en ljóst er að þetta hefur færst í vöxt. Hefur þessi framkvæmd þannig helgast af langri venju. Ástæða þessa er að löggjafinn getur sparað sér að setja ítarlegar reglur um hrein framkvæmdaratriði og lagasetning öll yrði flóknari og yfirgripsmeiri og löggjafarstarf allt seinunnara. Þá þarf oft að breyta reglum þegar reynsla af þeim liggur fyrir eða í einstökum málaflokkum varðandi daglega útfærslu og því oft nauðsyn að hafa þennan hátt á, og má nefna ýmsar ástæður svo sem þessar:

1. *Tímaskortur.* Á Alþingi er oft mikið vinnuálag og fjöldi aðkallandi mála getur verið mikill. Hér kemur einnig til að þingið situr ekki allt árið, sumarhlé, jólaleyfi o.fl. stytta starfstímann.

2. *Mannekla.* Nátengd tímaskorti þingmanna er mannekla á Alþingi. Meðan stöðugt fjölgar starfsfólki hjá hinu opinbera hefur ekki verið sama þróun á Alþingi. Þetta leiðir til aukins vinnuálags á þingmenn sem hefur það m.a. í för með sér að þingmenn verða að fela framkvæmdarvaldshöfum mikinn þátt í setningu réttarreglna með því að bjóða eða heimila þeim setningu reglugerða og annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

3. *Tæknileg viðfangsefni.* Nútímalöggjöf krefst oft lagasetningar um flókin tæknileg viðfangsefni sem ekki er á færi nema sérfróðra manna að fást við svo vel sé. Erfitt getur verið fyrir stjórnmálamenn að átta sig á þessum viðfangsefnum og setja um þau þær réttarreglur sem vel mundu hæfa í hverju einstöku tilviki. Þetta leiðir oft til þess að löggjafinn framselur löggjafarvald sitt um þessi efni til sérfróðra framkvæmdarvaldsaðila.

4. *Ófyrirsjáanlegar aðstæður.* Þegar lög eru sett miða þau yfirleitt við það ástand sem er á hverjum tíma, enda löggjafanum ekki frekar en öðrum gefið að sjá fram í tímann. Framkvæmd lagasetningar hefur þannig þróast í þá átt að Alþingi hefur sett lög, grunnreglur, en falið handhöfum framkvæmdarvalds, ráðherrum, að setja reglur um nánari útfærslu laganna. Hér er því um það að ræða sem kallað er framsal löggjafarvalds, þ.e. þegar um er að ræða heimild í lögum til þess að setja þegnunum fyrirmæli eða reglur, sem án slíkrar lagaheimildar hefði aðeins verið hægt að setja í lögum.

Eftirlitsvald dómstóla með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa leiðir af 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þess ber þó að gæta að í þessu felst engin frumkvæðisskylda dómstóla varðandi þetta eftirlitsvald með t.d. reglugerðum. Það reynir því aðeins á þetta eftirlit dómstóla að eitthvað það komi fram í máli sem til þeirra er skotið sem athugavert þykir, t.d. við lagastoð reglugerðar.

Vegna þessa er eðlilegt að koma á þeirri skipan að Alþingi hafi eftirlit með þeim fyrirmælum sem koma frá framkvæmdarvaldshöfum á grundvelli framsals Alþingis á löggjafarvaldi.

Eðlilegast er að sá aðili sem veitir öðrum heimild til þess að vinna þessi verk, að setja þegnunum reglur, hafi eftirlit með því að heimildin sé notuð á þann hátt sem heimildargjafinn getur samþykkt og ekki sé farið út fyrir heimildina. Hér er því gerð tillaga um að eftirlit þetta verði í höndum Alþingis, t.d. á þann hátt að sú nefnd sem áður hefur fjallað um viðkomandi lög fari yfir reglugerðirnar og framkvæmdarvaldsfyrirmælin og þau hljóti ekki staðfestingu fyrr en að þeirri skoðun lokinni. Þannig er tryggt virkt eftirlit Alþingis með því löggjafarvaldi sem það hefur framselt til framkvæmdarvaldshafa að reglugerðir hafi bæði lagastoð og séu í samræmi við þau lög sem þær byggjast á og anda þeirra laga. Með þessu fyrirkomulagi væru skerptar línur 2. gr. stjórnarskrárinnar um að Alþingi fari með löggjafarvaldið.

Þingmál þetta var flutt í sömu mynd á síðasta löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

312. Fyrirspurn [290. mál]

til samgönguráðherra um safn- og tengivegi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hver er nú heildarlengd safnvega, tengivega og styrkvega á landinu?
2. Hvert hefur fjárframlag verið til þeirra sl. fimm ár og hver hefur verið hlutur þeirra miðað við heildarframlag til viðhalds- og stofnkostnaðar í vegamálum á landinu þessi ár að meðtöldum sérstökum fjárveitingum til stórverkefna?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hlutur þessara vega, þ.e. sveitaveganna, verði aukinn í heildarfjárveitingum til viðhalds- og stofnkostnaðar í vegakerfi landsins?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir endurskilgreiningu á heitum einstakra vegaflokka í vegalögum, svo sem styrkvega, með tilliti til breyttra aðstæðna?

313. Fyrirspurn [291. mál]

til viðskiptaráðherra um sparisjóði og bankaþjónustu.

Frá Jóni Bjarnasyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja örugga og góða nærþjónustu í bankastarfsemi í dreifbýli sem þéttbýli eftir að ríkið hefur selt meiri hluta sinn bæði í Landsbanka og Búnaðarbanka?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að skylda Búnaðarbankann eða Landsbankann til að hafa skilgreint net útibúa vítt og breitt um landið með tiltekinni þjónustu?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að láta kanna réttarstöðu þeirra sparisjóða sem fólu útibúum ríkisbankanna verkefni sín og eignir en sjá nú á bak þeim bótalaust við sölu ríkisbankanna?
4. Mun ráðherra styðja baráttu þeirra sem nú vilja treysta aftur bankaþjónustu í heimabyggð og endurheimta sparisjóði sína ásamt þeim eignum og fjármálaumsvifum sem heimamenn fólu bankaútibúi í trausti þess að bankarnir yrðu áfram þjóðareign?

314. Fyrirspurn [292. mál]

til samgönguráðherra um samning Vegagerðarinnar og Samskipa um rekstur Herjólfs.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hver er aðild bæjarstjórnar Vestmannaeyja að samningi Vegagerðarinnar og Samskipa um rekstur farþega-, bíla- og vöruflutningaferjunnar Herjólfs?

315. Fyrirspurn [293. mál]

til umhverfisráðherra um stuðning við kvikmyndagerð.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu margar umsóknir um fjárstuðning við kvikmyndagerð hafa borist til umhverfisráðuneytisins á kjörtímabilinu, hverjir hafa átt þar hlut að máli og hvernig afgreiðslu hafa þessar umsóknir hlotið?
2. Fjallar kvikmynd sú sem ráðherra hefur ákveðið að styrkja, „Ísland í öðru ljósi“, á einhvern hátt um mannvirkjagerð á hálendi Íslands eða hvert er megininntak myndarinnar?

316. Fyrirspurn [294. mál]

til umhverfisráðherra um bann við notkun á nónýlfenól-etoxýlötum (NFE) í hreinsiefnum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir tilmælum OSPAR-samningsins um að stöðva notkun á nónýlfenól-etoxýlötum (NFE) í hreinsiefnum?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að notkun NFE verði bönnuð með reglugerð líkt og sumar nágrannaþjóðir okkar hafa gert?
3. Hefur umfang innflutnings á NFE og vörum sem innihalda NFE verið kannað?
4. Hafa umhverfisyfirvöld á Íslandi efnt til samstarfs við fulltrúa atvinnulífsins til þess að stöðva notkun á NFE?

Skriflegt svar óskast.

317. Fyrirspurn [295. mál]

til heilbrigðisráðherra um byggingarkostnað hjúkrunarheimila.

Frá Ástu Möller.

1. Hver hefur hlutfallsleg kostnaðarskipting við byggingu hjúkrunarheimila verið sl. tvo áratugi milli:
   a. ríkis,
   b. sveitarfélaga,
   c. annarra framkvæmdaraðila,
   sundurliðað eftir hjúkrunarheimilum?
2. Á hvaða tímabilum hefur kostnaðarhlutdeild ríkisins í byggingarkostnaði hjúkrunarheimila verið miðuð við 85% og frá hvaða tíma hefur almennt verið miðað við 40%, sbr.

reglur um Framkvæmdasjóð aldraðra? Ef kostnaðarhlutdeildin hefur verið 85% á fyrri tímum, á hvaða grundvelli byggðist lækkun hennar?
3. Brjóta stjórnvöld lög um heilbrigðisþjónustu með því að leggja ekki til 85% byggingarkostnaðar hjúkrunarheimila heldur lægri hlutdeild?

Skriflegt svar óskast.

318. Fyrirspurn [296. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um öldrunarstofnanir.

Frá Ástu Möller.

1. Hvert er hlutfall aldraðra, annars vegar 80 ára og eldri og hins vegar 67 ára og eldri, á öldrunarstofnunum hér á landi, sundurliðað eftir núverandi kjördæmaskipan (Reykjavík, Reykjanes, Suðurland, Austurland, Norðurland eystra, Norðurland vestra, Vestfirðir, Vesturland)?
2. Hvernig hyggst heilbrigðisráðuneytið fylgja eftir markmiði heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 um að ekki dveljist hærra hlutfall en 25% 80 ára og eldri á öldrunarstofnunum?

319. Fyrirspurn [297. mál]

til forsætisráðherra um ferðaþjónustu og stóriðju.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver er hlutdeild og hlutur ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar í landsframleiðslu? Með ferðaþjónustu er átt við alla þjónustu sem snýr að erlendum og innlendum ferðamönnum í víðasta skilningi, t.d. flug, akstur og siglingu, gistingu, veitingar, verslun og skemmtanir. Með stóriðju er átt við allt sem þarf til framleiðslu áls og járnblendis, t.d. virkjanir, spennistöðvar, raflínur, verksmiðjur og flutninga.
2. Hverjar eru útflutningstekjur af ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?
3. Hver er afkoma fyrirtækja í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar í milljörðum króna og sem hlutfall af fjárfestingu?
4. Hvað eru mörg ársverk í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?
5. Hver eru mánaðarlaun starfsmanna í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar að meðaltali?
6. Hversu miklar árstíðasveiflur eru í rekstri ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?
7. Hvaða mengun og umhverfisröskun valda ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar beint og óbeint? Spurt er um efnamengun (útblástur verksmiðja, bíla og flugvéla, skolp og sorp), umhverfisröskun (vegagerð, uppistöðulón, mannvirki, átroðslu), sjón-

mengun (verksmiðjur, hótel, bifreiðar, mannfjölda) og hávaðamengun (flugvélar, bíla).
8. Hvaða opinberu styrkja nýtur ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar? Átt er við beina og óbeina styrki ríkis og sveitarfélaga, t.d. bein framlög, stofnstyrki, niðurgreiðslur á aðföngum, niðurgreiðslu vaxta, ábyrgðir og skattalækkanir, enn fremur sértækar framkvæmdir í vegagerð, hafnargerð og flugi.
9. Bera ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar sérstaka skatta og aðrar opinberar álögur? Ef svo er, hverjar og hve miklar?
10. Er talið að stóriðja hafi áhrif á ferðaþjónustu og öfugt?

Skriflegt svar óskast.

320. Frumvarp til laga [298. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta og næstsíðasta löggjafarþingi og var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin sá ekki ástæðu til þess að afgreiða málið og lagði ekki til að það yrði samþykkt, því yrði breytt eða að það yrði fellt með viðeigandi rökstuðningi. Er það athyglisvert þar sem í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram og færð fyrir því rök að ákvæði 7. gr. laganna kunni að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á tvennan hátt:

Það sé í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það sé enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Í 2. mgr. 7. gr., sem lagt er til að felld verði brott, segir: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi.“

Málsgreinin sem lagt er til að felld verði brott á rætur sínar að rekja til laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og laga nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þetta er í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana. Má þar nefna orlofsheimili sem dæmi. Þannig brýtur þetta ákvæði hugsanlega gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um félagafrelsi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995.

Umsagnir.

Frumvarpið var sent 21 aðila til umsagnar 18. mars 2001. Umsagnir bárust frá níu aðilum og voru þrjú meginþemu í umsögnunum:

Þema 1: Bent er á að ef 1. mgr. 7. gr. fellur niður rekist það á ákvæði 1. mgr. 6. gr. um að aðeins eitt stéttarfélag opinberra starfsmanna hafi rétt til samningsgerðar fyrir sömu starfsstétt.

Við þessari athugasemd er brugðist í nýjum búningi frumvarpsins sem fellir eingöngu niður 2. mgr. 7. gr. laganna. Það er svo umhugsunarefni að opinberum starfsmönnum er bannað með ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. 7. gr. og með 1. mgr. 6. gr. að stofna ný stéttarfélög og vekur það upp spurningar um frelsi manna til að stofna félög skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er er tekin afstaða til þess í þessu frumvarpi.

Þema 2: Talið er eðlilegt að þeir sem njóta kjara sem stéttarfélag nær fram beri kostnað af þeirri kjarasamningsgerð hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Allt launafólk eigi að standa sameiginlega undir kostnaði við sameiginlega hagsmunagæslu. Samningar stéttarfélaga kveða á um lágmarkskjör sem allir njóta, óháð félagsaðild. Félagsgjaldið sé í raun þjónustugjald fyrir þessa samningsvinnu.

Seinna í greinargerðinni verður rætt um þema 2.

Þema 3: Dómur Félagsdóms í máli nr. 4/1998 segir að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Um þennan dóm Félagsdóms verður fjallað síðar í greinargerðinni.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Læknafélag Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 1 og þema 2.

Landsamband lögreglumanna og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar lýsa yfir andstöðu við frumvarpið en vísa til umsagnar BSRB.

Alþýðusamband Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 2 og þema 3.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins nefnir þema 2, lýsir yfir andstöðu við frumvarpið og segir því beint gegn tilvist stéttarfélaga.

Varðandi hugsanlega tilvistarkreppu stéttarfélaga virðist félagið telja að enginn eða of fáir mundu vilja vera í stéttarfélagi opinberra starfsmanna nema tilneyddir með lögum.

BSRB lýsir eindreginni andstöðu við frumvarpið og nefnir þema 2 og þema 3.

Fjármálaráðuneytið nefnir þema 1 og þema 3. Þá nefnir ráðuneytið að stéttarfélög opinberra starfsmanna hafi að ýmsu leyti samið um rýmri rétt en tryggður er með lögum, t.d. orlof sem allir viðkomandi starfsmenn njóti, sem frekari rök fyrir þema 2.

Fjármálaráðuneytið lagði fram minnisblað á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem það nefnir þema 3 og þema 2. Þá er vísað til þess að greiðsluskylda ófélagsbundinna þekkist einnig á almennum markaði samkvæmt samningum. Varðandi síðasta atriðið verður að benda á að reginmunur er á samningsbundinni skyldu til greiðslu félagsgjalds eða lögbundinni.

Bandalag háskólamanna segir að samþykkt þessa frumvarps gangi gegn vilyrði fjármálaráðherra um heildarendurskoðun löggjafarinnar í samráði við stéttarfélög opinberra starfs-

manna. Þá segir að frumvarpið sé samið án samráðs við samtök opinberra starfsmanna og samþykkt þess gangi gegn sjálfum grundvelli samtakanna sem njóti verndar stjórnarskrárinnar.

Þessi síðustu rök eru merkileg í ljósi þess að Alþingi hefur samkvæmt stjórnarskrá eitt heimild til að setja lög og því einnig heimild til að afnema þau sömu lög og þarf ekki að fá leyfi til þess frá öðrum aðilum.

Lögmannafélag Íslands segir að ekki verði fram hjá því litið að önnur löggjöf feli að nokkru leyti í sér hvatningu til aðildar að stéttarfélagi. Þá er nefnt að ASÍ hafi eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir aðildarskyldu í lögum stéttarfélaga sinna og að í mörgum kjarasamningum séu ákvæði um forgang félaga stéttarfélaga til vinnu. Deilt hafi verið um hvort slík forgangsréttarákvæði stæðust ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár en á það hafi ekki reynt fyrir Hæstarétti.

Þá segir að ekki verði vikist undan því að fallast á þau sjónarmið flutningsmanns að 7. gr. laga nr. 94/1998 sé barn síns tíma og ekki í samræmi við réttarþróun síðan. Hæpið sé þó að breyta þessu ákvæði einu sér án þess að fram fari endurskoðun á annarri löggjöf.

Um þessar umsagnir er það að segja að allar nema tvær eru frá aðilum sem njóta núverandi kerfis skyldugreiðslu til stéttarfélaga. Engin þessara umsagna tók afstöðu til þess hvort hér gæti verið um skattlagningu að ræða.

Dómur Félagsdóms nr. 4/1998.

Samkvæmt 1. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar skulu dómendur í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögunum. Sama hugsun er áréttuð í 1. mgr. 24.gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, en þar segir: „Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.“ Því er enginn dómstóll, sem er sérstakur stjórnlagadómstóll samkvæmt stjórnarskrá, sem kannar valdheimildir löggjafarvaldsins, Alþingis, og það hvort ákvæði laga frá Alþingi stangast á við stjórnarskrána og séu því ógild, af því að alþingismenn sverja eið að stjórnarskránni. Rök eru fyrir því að Hæstiréttur einn ætti að geta tekið að sér þetta hlutverk:

Hvergi er minnst beint á Hæstarétt í stjórnarskránni en í 59. gr. segir: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“ Í 1. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, segir: „Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins.“ Í 3. gr. sömu laga segir: „Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.“ Hæstiréttur ætti því einn dómstóla að geta tekið að sér hlutverk stjórnlagadómstóls. Má færa fyrir því eftirfarandi rök:

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 4/1998 að 2. mgr. 7. gr. samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Gefum okkur að opinber starfsmaður, sem ekki er félagi í stéttarfélagi en sætir afdrætti greiðslu til stéttarfélags af launum, fari í einkamál við launagreiðanda sinn og krefjist endurheimtu á þessari eign sinni. Slíkt mál heyrir ekki undir Félagsdóm skv. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Gefum okkur enn fremur að það mál færi til Hæstaréttar og hann kæmist að öndverðri niðurstöðu, þ.e. að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Þá hlyti niðurstaða Hæstaréttar að gilda þar sem Hæstiréttur er æðstur dómstóla. Þess vegna ætti enginn dómstóll annar en Hæstiréttur að geta tekið að sér það hlutverk að úrskurða ákvæði laga frá Alþingi ógild þar sem þau rekist á ákvæði stjórnarskrár.

Það er svo spurning hvort Hæstiréttur ætti ekki að setja sér þá vinnureglu að úrskurða fullskipaður þegar hann tekur að sér hlutverk stjórnlagadómstóls og að aðrir dómstólar vísi slíkum málum ávallt beint til Hæstaréttar.

Samkvæmt 24. gr. fyrrgreindra laga um dómstóla, nr. 15/1998, skulu dómarar fara eingöngu eftir lögum. Þetta ákvæði er reyndar í IV. kafla, um réttindi og skyldur dómara, en sá kafli tekur jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara. Ekki er til sambærilegt ákvæði um dómara Félagsdóms. Með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrár má þó ályktа að það sama gildi um þá, þ.e. að við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum. Þess vegna hlaut Félagsdómur að taka mið af gildandi lögum við úrskurð sinn. Það má svo setja spurningarmerki við það að Félagsdómur skuli hafa talið sig geta kveðið á um að tiltekin lög frá Alþingi samrýmdust stjórnarskránni.

Notkun þessa dóms sem rök fyrir því að 2. mgr. 7. gr. samrýmist stjórnarskránni hefur að mati flutningsmanns ekkert gildi á meðan Hæstiréttur, sem æðstur dómstóla, hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

Félagsgjald sem þjónustugjald.

Skilyrði þess að skylda starfsmann til að greiða gjald til stéttarfélags án þess að skylda hann formlega til þátttöku er að um laun hans og önnur starfskjör fari samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags. Eini ágóði starfsmanns af því að greiða gjald til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er sá að hann nýtur þeirra kjarasamninga sem félagið hefur gert. Þar sem starfsmaðurinn er ekki félagi í stéttarfélaginu nýtur hann ekki annarrar þjónustu félagsins, svo sem orlofsheimila, þótt hann greiði gjald til félagsins jafnhátt félagsgjaldi.

Félagsgjaldið og þar með skyldugjald þeirra sem ekki eru félagar er yfirleitt prósenta af launum 1% eða 1,5%, og er það dregið af launum án sérstakrar heimildar starfsmannsins. Þeir greiða mest sem hæst hafa launin þó að þeir þurfi yfirleitt sjálfir að semja um þau laun. Það eru engin rök fyrir því að tvöfalt dýrara sé fyrir stéttarfélag að semja um launataxta með 200 þús. kr. mánaðarlaunum en launataxta með 100 þús. kr. mánaðarlaunum. Sú meginregla gildir um þjónustugjöld að fjárhæð þeirra tekur mið af kostnaði við að veita þjónustuna. Félagsgjöld einstaklings eru ekki ákveðin á grundvelli kostnaðar við þá meintu þjónustu sem hann fær heldur eru tiltekið hlutfall af launum hans. Fjárhæð gjaldsins stendur því í engum tengslum við þjónustuna vegna samningsgerðar sem hann nýtur. Félagsgjaldið skv. 7. gr. getur því ekki allt verið þjónustugjald. Hluti þess er annað en þjónustugjald og sá hluti verður að fullnægja kröfum stjórnarskrár um skatta, þ.e. fjárhæð þess hluta verður að vera ákveðin í lögum. Svo er ekki með félagsgjaldið sem opinberum starfsmanni er gert að greiða til stéttarfélags án þess að vera félagsmaður.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðalefni kjarasamninga opinberra starfsmanna eru laun þeirra. Um réttindi þeirra og skyldur, svo sem rétt til orlofs og launa í veikindaforföllum, er að öðru leyti kveðið á í sérlögum sem taka að sjálfsögðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga. Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör njóti starfsmaður utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun.

Þessi rök leiða til þeirrar niðurstöðu að lögþvinguð greiðsla opinbers starfsmanns til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er ekki þjónustugjald og hlýtur því að vera skattur.

Þá er athyglisvert að lögin kveða ekki á um hámark þess sem félagsgjaldið má vera, t.d. sem hlutfall af launum. Ef félagsfundur í litlu stéttarfélagi ákvæði að félagsgjald þyrfti og ætti að vera t.d. 100% af launum yrði launaskrifstofa ríkisins að innheimta það gjald samkvæmt þessari grein og greiða til stéttarfélagsins. Sá sem ekki væri félagi í stéttarfélaginu hefði ekkert um þá ákvörðun að segja en þyrfti að greiða gjaldið. Félagsgjaldið er enda misjafnt eftir stéttarfélögum.

Hvað er skattur?

Hugtakið skattur er jafnan skilgreint sem lögþvinguð greiðsla á gjaldi til opinberra aðila án þess að á móti komi sérgreint endurgjald. Andstætt skatti eru þjónustugjöld lögþvinguð gjöld sem greidd eru fyrir tiltekna veitta þjónustu hvort sem skylda er að neyta hennar eða ekki. Stundum blandast skattlagning og þjónustugjald saman, þ.e. þegar gjaldtakan er hærri en kostnaður við veitta þjónustu. Í slíkum tilvikum þarf lagaheimild til heimtu þjónustugjalda til að fullnægja þeim kröfum sem stjórnarskrá gerir til skattlagningarheimilda.

Hvorki liggur fyrir nánari skilgreining á hugtakinu skattur né hugtakinu opinber aðili. Með opinberum aðila er þó oftast átt við ríkissjóð og sveitarfélagasjóði, þ.e. stjórnsýsluaðila, og enga aðra. Þess vegna fær ekki staðist að skylda einstakling með lögum til að greiða gjald til stéttarfélags, sem hann er ekki félagi í. Ekki verður með neinu móti séð að stéttarfélag sem frjálst félag geti verið opinber aðili.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Hér er sérstaklega kveðið á um réttarvernd borgaranna gagnvart álagningu skatta. Ekki má framselja vald til ákvörðunar skatta til stjórnvalda og álagning skatta skal vera samkvæmt lögum. Hvorugt er til staðar varðandi það gjald sem fjallað er um í þessu frumvarpi. Upphæð þess er ákveðin á félagsfundi og álagningin er ekki samkvæmt lögum.

Í því ákvæði sem hér er lagt til að fellt verði brott er skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanni er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist eða haft nokkur áhrif á þá ákvörðun þar sem hann er ekki í stéttarfélaginu. Þar sem ákvæðið um bann við framsali skattlagningarvalds kom ekki inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 virðist hafa láðst að aðlaga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, að því. Frumvarpinu er ætlað að lagfæra þessa annmarka á löggjöfinni svo að hún samræmist stjórnarskránni. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr lögunum.

Önnur dæmi.

Mörg dæmi eru um greiðsluskyldu einstaklinga og fyrirtækja til félaga, samtaka eða sjóða. Flest dæmanna eru leyst þannig að ríkið sér um innheimtu gjaldsins en Alþingi veitir síðan aftur fé á fjárlögum til viðkomandi móttakanda greiðslu. En þá hefur Alþingi líka í hendi sér að breyta fjárveitingunni, t.d. til lækkunar. Eftirfarandi gjöld sem ekki fara í gegnum fjárlög vekja upp spurningar um framsal skattlagningavalds og þyrftu að skoðast sem slík:

Búnaðargjald samkvæmt lögum nr. 84/1997 er lagt á alla bændur og rennur m.a. til Bændasamtaka Íslands og Lánasjóðs landbúnaðarins. Það getur ekki talist þjónustugjald þar sem t.d. eignalausum tekjulágum bændum er gert að greiða gjaldið sem að hluta til rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins sem ekki má veita þeim lán. Bændur þurfa að eiga eignir og hafa þokkalegar tekjur til að fá lán. Þetta gjald er því að vissu leyti skattur á fátækt sem nýtist þeim ríku. Búnaðargjald fer í gegnum fjárlög.

Sóknargjald samkvæmt lögum nr. 91/1987 er nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi en ella til Háskóla Íslands ef viðkomandi er ekki í neinu trúfélagi. Ekki verður séð að sá trúlausi fái neina sérstaka þjónustu frá Háskólanum umfram aðra menn. Sóknargjöld fara í gegnum fjárlög.

Stefgjald. Í höfundalögum, nr. 72/1973, er kveðið á um álagningu vörugjalds á m.a. myndbands- og segulbandstæki, sem og spólur í slík tæki. Þessi vörugjöld renna til samtaka höfundarréttarfélaga, aðallega listamanna. Hér er um að ræða markaða skattheimtu þar sem rétthafi teknanna getur ekki talist vera opinber aðili í hefðbundnum skilningi. Athyglisvert er að þessi skattur rennur ekki til höfunda forrita sem oft eru þó geymd á slíkum miðlum. Stefgjald fer ekki í gegnum fjárlög.

Afnotagjald til RÚV. Samkvæmt lögum nr. 122/2000 bera eigendur viðtækja ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins. Útvarpsgjaldið er varla þjónustugjald þar sem einstaklingur þarf að greiða gjaldið jafnvel þó að hann vilji alls ekki horfa á Ríkissjónvarpið heldur t.d. á Skjá einn sem er ókeypis. Afnotagjaldið til RÚV fer ekki í gegnum fjárlög.

Iðnaðarmálagjald. Samkvæmt lögum nr. 134/1993 skal leggja iðnaðarmálagjald, 0,08% af veltu, á öll iðnfyrirtæki og rennur gjaldið til Samtaka iðnaðarins. Um þetta gjald gilda að mörgu leyti sömu rök og færð hafa verið gegn skyldugreiðslu til stéttarfélaga hér að framan. Iðnaðarmálagjald fer í gegnum fjárlög.

Iðgjald til lífeyrissjóðs, sbr. lög nr. 129/1997, er sömuleiðis ekki hreint þjónustugjald þar sem einhleypum barnlausum karlmanni er gert að greiða of hátt iðgjald sem að hluta til stendur undir barna- og makalífeyri annarra einstaklinga og dýrari ellilífeyri kvenna. Hér er því að hluta til um skattlagningu að ræða sem ekki hlítir ákvæðum stjórnarskrár því viðtakandi er ekki opinber aðili, ákvörðun greiðslunnar er ekki samkvæmt lögum og álagningin er ekki samkvæmt lögum. Iðgjald til lífeyrissjóðs fer ekki í gegnum fjárlög.

Fiskræktarsjóður. Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er ákvæði um að greitt sé af 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings eða stórnotenda, til Fiskræktarsjóðs sem ætlaður er til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Hér gildir að viðtakandinn er ekki opinber aðili. Samkvæmt lögunum skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Virðist sú lagasetning ganga þvert á ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þetta gjald vatnsaflsstöðva til fiskræktarsjóðs fer í gegnum fjárlög.

Árið 1992 skrifaði Elín Blöndal kandídatsritgerð til embættisprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands sem fjallar um neikvætt félagafrelsi. Í ritgerðinni kemur fram að nokkur dæmi séu um skyldu til að vera í félagi í íslenskri löggjöf og henni megi skipta í tvennt, beina félagaskyldu og óbeina félagaskyldu.

Bein félagaskylda leiðir til skyldu einstaklings að lögum til að vera í ákveðnum félagasamtökum og er viðkomandi þá fullgildur félagi með þeim réttindum og skyldum sem af því leiðir. Sem dæmi um beina félagaskyldu má nefna skyldu lögmanna til að vera félagar í Lögmannafélagi Íslands. Í því sambandi má nefna að menn eru ekki skyldugir að neinu leyti til að sækja um lögmannsréttindi. Menn velja að sækja um þessi starfsréttindi og því fylgir um leið umsókn um aðild að Lögmannafélaginu, sem rökstyðja má með hlutdeild og hlutverki lögmanna í dómskerfinu.

Þá má einnig nefna sem dæmi skyldu húseigenda til að eiga aðild að húsfélagi skv. 13. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignahús. Þessi skylda fylgir því að eiga hlut í fjöleignahúsi.

Óbein félagaskylda felur það í sér að viðkomandi verður ekki sjálfkrafa meðlimur viðkomandi félags heldur leggur viðkomandi lagaákvæði á ófélagsbundinn einstakling skyldur og/eða veitir honum réttindi sem fullgildir félagar njóta. Þá getur óbein félagaskylda falið

í sér að einstaklingum sé með lögum gert ókleift að standa utan ákveðinna félaga vilji þeir njóta ákveðinna réttinda.

Fram kemur í ritgerð Elínar Blöndal að 7. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, feli í sér óbeina félagsskyldu. Stéttarfélög opinberra starfsmanna semja um lágmarkskjör fyrir alla opinbera starfsmenn án tillits til félagsaðildar. Það að ófélagsbundnir starfsmenn verði einnig að greiða gjald í félögin er rökstutt með því að um sé að ræða gjald til félagsins fyrir samningsvinnuna sem hinir ófélagsbundnu njóti á sama hátt og skráðir félagar.

Því hefur verið haldið fram að samningsgjaldið sé ekki félagsgjald, enda veiti það hvorki réttindi né skyldur í viðkomandi stéttarfélagi umfram fyrrgreind afnot af kjarasamningi þess. Gjaldið feli því ekki í sér þvingaða félagsaðild. Hins vegar má benda á, gagnstæðri niðurstöðu til stuðnings, að slík gjaldtaka hlýtur að fela í sér a.m.k. óbeina félaganauðung þar sem einstaklingar hljóta, af tveimur kostum, fremur að kjósa að gerast félagar, verði þeir á annað borð að greiða félagsgjaldið, þar sem þeir öðlast þá a.m.k. önnur þau réttindi sem stéttarfélagsaðild veitir. Hér er heldur ekki um að ræða að launamenn geti án sérstakra kvaða valið hvort þeir vilji hafa eitthvað saman við viðkomandi stéttarfélag að sælda eða ekki heldur er beinlínis lögbundið að svo skuli vera. Það hvort einstaklingar eru formlegir félagar eða ekki hlýtur að teljast aukaatriði samkvæmt því.

Í ritgerð sinni segir Elín Blöndal loks að 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna samrýmist ekki ákvæði 2. gr. ILO 87 sem hafi verið túlkað þannig að þvingun að lögum til að greiða til ákveðins stéttarfélags, án tillits til þess hvort viðkomandi einstaklingur sé meðlimur félagsins (agency shop), sé brot á ákvæðinu.

321. Svar [175. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ragnarsdóttur um menningarmál á landsbyggðinni.

1. *Hefur verið unnin aðgerðaáætlun í samræmi við skýrslu samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni frá október 2000 og hvaða verkefni sem lögð eru til í skýrslunni eru þegar komin til framkvæmda?*

Í skýrslu um menningarmál á landsbyggðinni, sem menntamálaráðherra lagði fram á Alþingi í október 2000 og gerð var í samvinnu menntamálaráðuneytis, Byggðastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, eru gerðar tillögur um stefnumótun, aðstöðu, sjóði og styrki og um fjölgun starfa. Skýrslan var send sveitarstjórnum í landinu og öðrum þeim sem að menningarmálum starfa. Ekki hefur verið unnin sérstök aðgerðaáætlun í kjölfar skýrslunnar enda ætlunin að ríki og sveitarfélög sem bera lögbundna ábyrgð á málaflokknum geri sínar áætlanir og framkvæmi tillögurnar eftir því sem þurfa þykir.

Menntamálaráðuneytið hefur unnið að framkvæmd margra þeirra tillagna sem fram koma í skýrslunni og eiga sérstaklega við um verksvið ráðuneytisins, bæði í samstarfi við sveitarfélög og að eigin frumkvæði. Nauðsynlegt þótti að standa vel að kynningu skýrslunnar og var það gert á ráðstefnu sem samstarfsaðilarnir stóðu að vorið 2001 á Seyðisfirði undir nafninu „Menningarlandið“. Á þeirri ráðstefnu, sem 140 manns sóttu alls staðar að af landinu, var m.a. fjallað um stöðu og framtíðarhorfur í menningarmálum frá sjónarhóli þeirra er bera ábyrgð á og standa að menningarstarfi á landsbyggðinni auk þess sem vinnuhópar tóku

tillögur í skýrslunni til nánari umfjöllunar. Voru niðurstöður ráðstefnunnar birtar á heimasíðu ráðuneytisins.

Á þessu ári hefur verið hrundið af stað verkefninu „opin menning“ sem nýtir upplýsingatækni til að veita almenningi aðgang að menningarefni á netinu. Á næsta ári mun þetta verkefni beinast að því að skrá menningarefni á landsbyggðinni á samræmdan hátt þannig að það nýtist við margs konar miðlun. Nýtt bókasafnskerfi sem þjóna mun öllum bókasöfnum í landinu verður tekið í notkun í desember á þessu ári og mun auka mjög aðgengi að öllum bókasafnskosti og margvíslegum gagnasöfnum og stórbæta þannig aðgengi landsbyggðarinnar að þjónustu bókasafna.

Með árangursstjórnunarsamningum hefur þjóðmenningarstofnunum verið gert að efla samstarf við landsbyggðina. Í því sambandi ber að nefna góðan árangur í uppbyggingu á Sarpi, gagnagrunnskerfi Þjóðminjasafnsins. Listahátíð í Reykjavík er einnig í auknum mæli að leita samstarfs við landsbyggðina sem henni er nú heimilt samkvæmt nýlegum reglum um hátíðina.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á menningarstarf ungs fólks, m.a. varð hugmyndin að Íslandsleikhúsi ungs fólks til á ráðstefnunni um „Menningarlandið“ og hefur leikhúsið nú starfað tvö sumur í samstarfi við sveitarfélög víðs vegar um landið og vaxið fiskur um hrygg. Þá hefur menntamálaráðherra nýlega skipað nefnd sem hefur það hlutverk að gera úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Í nokkrum sveitarfélögum hefur verið komið á fót upplýsinga- og menningarhúsum fyrir ungt fólk yfir sextán ára aldri. Sum þeirra eru alfarið rekin af sveitarfélögum en önnur í samstarfi sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga. Auk þess var ráðstefna um listir og skapandi starf í skólum haldin 2001 í samvinnu við Bandalag íslenskra listamanna, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga undir yfirskriftinni „Fjársjóður til framtíðar“.

Í skýrslunni um menningarmál á landsbyggðinni er lögð áhersla á skýra stefnumótun stjórnvalda í menningarmálum. Til að mæta brýnni þörf fyrir stefnumótun í minja- og safnamálum ákvað ráðuneytið árið 2001 að fela Þjóðminjasafni Íslands það verkefni. Niðurstöður verða lagðar fram fyrir árslok. Sama ár skipaði þáverandi menntamálaráðherra hóp til að fara yfir lög um starfslaun listamanna með það í huga hvort ástæða sé til breytinga á þeim. Er tillagna og álits hópsins að vænta innan tíðar.

Endurbygging gamalla húsa hefur fengið aukinn drifkraft á undanförnum árum, vegna aukinna fjárveitinga til Húsafriðunarsjóðs og öflugs stuðnings Alþingis sem hefur ekki síður haft mikið að segja.

Menningarborgarsjóður var stofnaður 2001. Hlutverk sjóðsins er að úthluta styrkjum til nýsköpunarverkefna á sviði lista, menningarverkefna á vegum sveitarfélaga á landsbyggðinni og menningarverkefna fyrir börn og ungt fólk. Í fjárlagafrumvarpi 2003 er lagt til að sjóðurinn fái aukið fé til að geta tekið við verkefnum á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og fylgt eftir tillögum í skýrslu sem samgönguráðuneytið lét gera um það málefni. Í stjórn Menningarborgarsjóðs sitja fulltrúar ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um aðstöðu fyrir menningarstarfsemi er vísað til munnlegs svars ráðherra 6. nóvember við fyrirspurn um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni, sem er 92. mál þessa löggjafarþings.

2. Hvert er framtíðarhlutverk Menningarsjóðs félagsheimila?

Menningarsjóður félagsheimila starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1970, um félagsheimili, með áorðnum breytingum. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að menningarstarfi í félags-

heimilum og öðrum þeim stöðum sem henta menningarstarfi. Sjóðurinn skal stuðla að leikstarfsemi, tónleikahaldi, listsýningum, bókmenntakynningum og hvers konar annarri menningarstarfsemi.

Menningarsjóður félagsheimila er mikilvægur fyrir menningarstarf utan höfuðborgarsvæðisins. Úr honum eru veittir ferðastyrkir til einstakra listamanna og hópa, bæði atvinnumanna og áhugamanna. Á síðustu árum hefur umsóknum fjölgað talsvert og kemur þar margt til, aukinn áhugi á listkynningum í skólum, menningar- og listastarf aldraðra, aukin þekking á sjóðnum og meiri áhugi atvinnulistamanna á að fara um landið með list sína.

Nokkuð hefur verið rætt um framtíðarhlutverk sjóðsins. Reglur hans eru gamlar og þeim þarf að breyta í takt við nýja tíma og breyttar áherslur. Rætt hefur verið um að útvíkka starfsemi sjóðsins þannig að hún nái til dæmis einnig til listastarfs í skólum og tengist betur verkefninu „Tónlist fyrir alla“ og fé sem Félag íslenskra tónlistarmanna hefur fengið til tónleikahalds á landsbyggðinni. Þá hefur verið rætt um að skoða starfsemi sjóðsins með tilliti til verksviðs Menningarborgarsjóðs. Hvað sem þessum framtíðaráformum líður er ljóst að standa þarf vörð um meginhlutverk sjóðsins sem er annars vegar að styrkja hópa áhugamanna, kóra og leikfélaga til ferða um landið og hins vegar að styrkja atvinnulistamenn til að fara með list sína um allt land. Ráðuneytið hefur þessi mál til skoðunar.

Félagsheimilin eru ekki í eigu ríkisins en hins vegar hefur þurft að leita eftir formlegri heimild ríkisins þegar þau hafa verið seld, þar sem ríkið lagði fé til byggingar þeirra á sínum tíma.

Menningarsjóður félagsheimila fær 8,7 millj. kr. á fjárlögum 2002.

3. *Við hve mörg sveitarfélög hefur ríkið gert menningarsamninga? Verða slíkir samningar gerðir við fleiri sveitarfélög á næstunni? Ef svo er, hver eru þau?*

Mikilvægt er að sveitarfélög móti sér menningarstefnu sem hluta af lögbundnum verkefnum, ætli þau sér að leita samninga við ríkið um samvinnu í menningarmálum.

Menningarsamningur við Akureyri, hinn fyrsti sinnar tegundar, tók gildi 1997. Núgildandi samningur fellur úr gildi um næstu áramót en stefnt er að því að endurnýja hann. Því fé sem varið er til samningsins er fyrst og fremst ætlað að standa að hluta undir starfsemi Leikfélags Akureyrar sem eina atvinnuleikhússins utan höfuðborgarsvæðisins, og styrkja Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Listasafn Akureyrar.

Á síðastliðnu ári var undirritaður þriggja ára samningur við öll 16 sveitarfélögin á Austurlandi og tók hann gildi á þessu ári. Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Austurlandi og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt eru áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun verkefna aukin. Austurlandi er skipt í fjögur samstarfssvæði samkvæmt sérstökum samningi milli sveitarfélaganna og er Menningarráð Austurlands samstarfsvettvangur þeirra. Hlutverk ráðsins er að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna á Austurlandi og hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Menningarráðið hefur ráðið til sín menningarfulltrúa í fullt starf.

Samningsviðræður við sveitarfélög á Vesturlandi um gerð menningarsamnings eru langt komnar. Í upphafi þeirra óskaði ráðuneytið sérstaklega eftir því að kannaðar yrðu forsendur þess að Vestfirðingar yrðu einnig aðilar að samningnum. Mat þeirra og Vestlendinga var að hentugra væri að hvor landshluti fyrir sig ynni að undirbúningi menningarsamnings við ráðuneytið og tók ráðuneytið þau sjónarmið til greina. Ísafjörður hefur lýst yfir áhuga á menningarsamningi við ríkið, en formleg ósk þess efnis hefur ekki borist.

Reykjanesbær og Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi hafa óskað eftir menningarsamningi við ríkið sem yrði sambærilegur þeim sem gerðir hafa verið. Menntamálaráðuneytið hefur

lýst því yfir að það sé reiðubúið til viðræðna um samstarf, en ráðuneytið hefur jafnframt óskað eftir að upplýsingar um stefnu og markmið í menningarmálum liggi fyrir áður en við ræður hefjast. Ráðuneytið hefur einnig áréttað að vilji þess til samninga byggist á því að um samning við fleiri en eitt sveitarfélag í sama landshluta sé að ræða. Á þeirri forsendu hvatti ráðuneytið til viðræðna milli fulltrúa sveitarfélaga á Suðurlandi og fulltrúa bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum til að kanna kosti þess að ganga sameiginlega til samninga um menningarsamstarf. Ráðuneytið hefur ekki óskað eftir því á þessu stigi að kannaðir verði kostir þess að einn menningarsamningur nái til alls þessa svæðis, þ.e. Suðurlands og Reykjaness.

Nýlega barst ráðuneytinu í hendur ályktun Eyþings um skipun starfshóps til að undirbúa gerð samnings við ráðuneytið um eflingu menningarmála á Norðurlandi.

322. Svar [83. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um eyðingu sjúkrahússorps.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikið fellur til af sjúkrahússorpi hér á landi á ári?*
2. *Hvernig er staðið að eyðingu slíks sorps?*
3. *Hversu margar sorpeyðingarstöðvar í landinu uppfylla skilyrði um eyðingu sjúkrahússorps og hverjar eru þær?*
4. *Er tryggt að eyðing sjúkrahússorps fari eingöngu fram í sorpeyðingarstöðvum sem hafa til þess öll tilskilin leyfi?*

Gengið er út frá því að með hugtakinu „sjúkrahússorp“ sé átt við sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum sem hefur í för með sér meiri sýkingarhættu og hættu á meiðslum en annar úrgangur. Til þessa flokks heyrir sóttmengaður úrgangur, líkamsleifar, hvassir hlutir, lyfjaúrgangur og frumubreytandi efni, sem geta haft stökkbreytingar í för með sér.

Í eftirfarandi svari er einungis fjallað um úrgang sem fellur undir framangreint og er frá heilbrigðisþjónustu, en þar er talinn með úrgangur sem fellur til við heimaþjónustu (t.d. úrgangur vegna blóðskilunar og sprautunálar) og heilsuverndar dýra, en ætla má að hann sé 10–25% alls þess úrgangs sem fellur til hjá heilbrigðisstofnunum.

Magn sjúkrahússorps.

Magn úrgangs frá heilbrigðisstofnunum var kannað árið 2000. Ætla má að úrgangur sem fellur undir framangreint sé nálægt 350 tonnum á ári. Sorpbrennslan á Suðurnesjum tók á móti 220 tonnum árið 2000 og 280 tonnum árið 2001.

Eyðing.

Heilbrigðisstofnanir þar sem mest fellur til af umræddum úrgangi flokka hann yfirleitt og aðgreina frá öðrum úrgangi þó að enn vanti upp á að hann sé flokkaður sem skyldi. Rétt flokkun úrgangs er forsenda viðeigandi förgunar. Hollustuvernd ríkisins gaf út leiðbeiningar 1995 um meðferð á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum. Núna fer úrgangur frá heilbrigðisstofnunum að miklu leyti á förgunarstaði fyrir neysluúrgang og almennan rekstrarúrgang.

Á Suðurnesjum er gömul sorpbrennsla sem tekur á móti stærstum hluta þessa úrgangs en þar er ekki fullnægjandi förgun á sóttmenguðum úrgangi. Stefnt er að því að taka nýjan fullkominn brennsluofn í notkun á þar næsta ári. Á Suðurlandi er urðun viðtekin förgunaraðferð nema á Kirkjubæjarklaustri en þar er brennsluofn með viðunandi hreinsibúnaði. Í Vestmannaeyjum er brennsluofn með viðunandi hreinsibúnaði.

Fullkominn brennsluofn er á Ísafirði sem fullnægir þörfum norðurhluta Vestfjarða. Þá er einnig sorpbrennslustöð á Tálknafirði.

Á öllu Norðurlandi er úrgangur urðaður. Á Akureyri er allur sóttmengaður úrgangur frá FSA hitameðhöndlaður með gufu undir þrýstingi áður en hann fer á urðunarstað fyrir almennan úrgang.

Urðun er viðtekin förgunaraðferð á Austurlandi.

Þá eru nokkrar heilbrigðisstofnanir sem hafa eigin ofna fyrir þann úrgang sem fellur til hjá þeim en þeir uppfylla ekki settar kröfur nema ofn dýraspítalans í Víðidal.

Helstu leiðir sem koma til greina við förgun úrgangs eru brennsla, efnameðferð, hitameðferð og urðun, sbr. eftirfarandi yfirlit.

Brennsla.

Til greina kemur einungis háhitabrennsla úrgangsins. Brenna má annars vegar í stöðvum sem eru sérstaklega hannaðar fyrir brennslu úrgangs og eru búnar sérstökum hreinsibúnaði til að minnka verulega losun mengandi efna og hins vegar má brenna úrgangi í ofnum sem eru notaðir fyrst og fremst við framleiðslu efna, t.d. sements, en geta einnig brennt úrgangsefnum. Viðkomandi ofnar þurfa að hafa viðurkenndan hreinsibúnað og leyfi til að eyða spilliefnum, til þess að eyðing sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum komi til greina. Með háhitabrennslu er unnt að eyða öllum tegundum þessa úrgangs.

Efnameðferð.

Ýmis efni eru nothæf til þess að sótthreinsa sóttmengaðan úrgang. Gallar þeirrar meðferðar eru að not takmarkast við sóttmengaðan úrgang og hvassa hluti og að efnin sem eru notuð til sótthreinsunar eru varasöm.

Hitameðferð.

– Vothitameðferð. Um er að ræða sótthreinsun með gufu undir þrýstingi. Þessi aðferð hentar vel til þess að gera flestan sóttmengaðan úrgang óskaðlegan. Sumir ofnar duga fyrir líkamsleifar en engir fyrir lyfja- og efnaúrgang.

– Þurrhitameðferð. Úrgangur er kurlaður og flyst eftir snigli í hituðu hólfi, sem þannig sótthreinsar hann. Dugar ekki á lyf eða efnaúrgang.

– Örbylgjumeðferð. Góð sótthreinsunaraðferð. Kurla þarf og væta úrganginn fyrir meðferð. Eftir meðferð má blanda honum við almennan úrgang.

Urðun.

Tvær aðferðir urðunar koma til greina eftir að úrgangurinn hefur verið gerður óskaðlegur á annan hátt áður.

– Einangrun. Úrgangur er settur í slitsterk hylki úr pólýethýlen eða málmi, sem síðan eru urðuð. Hentar best fyrir úrgang þar sem eru skarpir hlutir, t.d. áhöld, og lyfja- og efnaúrgang þar sem lágmarkskröfur eru gerðar til förgunar.

– Örugg urðun. Endanleg förgun á flestum úrgangi, þar með töldum sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum, sem hefur verið gerður óskaðlegur áður.

Aðferðir við meðhöndlun á úrgangi frá heilbrigðisstofnunum.

Aðferð	Kostir	Ókostir	Sóttmengaður úrgangur	Líkamshlutar	Stungu-áhöld	Lyf	Frumudrepandi efni	Efnaúrgangur
BRENNSLA								
Meðbrennsla í iðnaðarofni, t.d. í sementsframleiðslu.								
	Fullnægjandi fyrir allar tegundir úrgangs frá heilbrigðisstofnunum.	Dýr í uppsetningu og rekstri, þarf sérstakt leyfi fyrir meðbrennslu spilliefna.	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Úrgangsbrennsluofn.								
	Fullnægjandi fyrir allar tegundir úrgangs frá heilbrigðisstofnunum.	Dýr í uppsetningu og rekstri.	Já	Já	Já	Já	Já	Já
EFNAMEÐFERÐ								
Efnameðferð.								
	Virk meðferð fyrir þær tegundir úrgangs sem henta þessari aðferð. Efnin eru tiltölulega ódýr. Dregur úr umfangi úrgangs.	Um notkun eiturefna er að ræða. Ekki nothæft fyrir líkamsleifar, lyf og efnaúrgang.	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
HITAMEÐFERÐ								
Vothitameðferð.								
	Virk og umhverfisvæn meðferð fyrir þær tegundir úrgangs sem henta þessari aðferð. Tiltölulega ódýr kostur.	Ekki nothæft fyrir lyf og efnaúrgang. Ekki fyrir líkamsleifar nema í sérstökum tækjum.	Já	Í sumum gerðum tækja	Já	Nei	Nei	Nei
Örbylgjumeðferð.								
	Virk og umhverfisvæn meðferð fyrir þær tegundir úrgangs sem henta þessari aðferð.	Tiltölulega dýr aðferð. Ekki nothæft fyrir lyf, efnaúrgang og fyrir líkamsleifar.	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
URÐUN								
Einangrun.								
	Einföld, örugg og ódýr lausn fyrir sumar tegundir úrgangs.	Ekki nothæft fyrir sóttmengaðan úrgang og líkamsleifar. Einungis nothæf aðferð eftir aðra meðhöndlun.	Nei	Nei	Já	Já	Í litlum mæli	Í litlum mæli
Urðun á viðurkenndum stað.								
		Einungis nothæf aðferð eftir aðra meðhöndlun.	Já	Já	Já	Já	Já	Já

Sorpeyðingarstöðvar sem uppfylla skilyrði um eyðingu sjúkrahússorps.

Hér á landi eru sex starfandi brennslustöðvar sem brenna við háan hita. Þær eru á Ísafirði, í Skaftafelli, á Kirkjubæjarklaustri, í Vestmannaeyjum, á Suðurnesjum og á Tálknafirði. Fyrirhugað er að reisa sorpbrennslustöð á Patreksfirði. Sementofninn á Akranesi getur einnig tekið við sóttmenguðum úrgangi en telst ekki vera brennslustöð.

Einungis sorpbrennslustöðin á Ísafirði er með starfsleyfi til að brenna sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum. Þá er vitað að úrgangi frá heilbrigðisstofnunum er eytt á Kirkjubæjarklaustri en magnið þar er tiltölega lítið, eða um 200 kg á mánuði.

Sérstakur úrgangur frá heilbrigðisstofnunum hefur verið brenndur í sorpbrennslustöðinni á Suðurnesjum. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur gert athugasemdir við förgun sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum þar sem brennslan á Suðurnesjum uppfyllir ekki kröfur til förgunar á þessum úrgangi vegna PVC-innihalds og því þarf að tryggja að í honum séu ekki slík efni. Sorpbrennslustöðin er á undanþágu þangað til að ný brennslustöð verður tekin í notkun, sem samkvæmt áætlun verður 2004. Gerður var samningur milli Efnamóttökunnar hf. og Sorpstöðvar Suðurnesja fyrr á þessu ári sem felur í sér að Sorpstöðin tekur því aðeins við sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum að Efnamóttakan sjái áður til þess að hann sé í viðunandi formi, t.d. með því að minnka magn plasts í honum. Efnamóttakan vinnur að úrbótum varðandi förgun þessa úrgangs og hefur m.a. átt í viðræðum við sorpbrennslustöðina á Ísafirði.

Á Akureyri eru nálar, umbúðir o.fl. sambærilegt meðhöndlað með gufu undir þrýstingi áður en það er urðað. Lyfjum og líkamshlutum hefur verið eytt á Húsavík en sorpbrennslu þar var nýlega hætt og hefur þessi úrgangur verið sendur til Suðurnesja. Ekki er vitað á þessari stundu hvernig framhaldið verður.

Enginn urðunarstaður er með starfsleyfi til að urða sóttmengaðan úrgang (nálar, sáraumbúðir o.fl.) nema hann sé meðhöndlaður og gerður óskaðlegur og honum pakkað sérstaklega en þó er ljóst að sóttmengaður úrgangur fer í urðun sums staðar.

Eyðing sjúkrahússorps í sorpeyðingarstöðvum sem hafa tilskilin leyfi.

Ekki er ekki öruggt að eyðing sjúkrahússorps fari eingöngu fram í stöðvum sem hafa til þess öll tilskilin leyfi, sbr. framangreint. Því skipaði umhverfisráðherra í lok árs 1999 starfshóp til að setja fram tillögur um viðeigandi förgun úrgangs frá heilbrigðisstofnunum. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra ári síðar. Í febrúar 2002 var gefin út reglugerð nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, þar sem tegundir úrgangs og förgunarleiðir eru tilgreindar. Á yfirstandandi löggjafarþingi verður lagt fram frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Verði frumvarp þetta að lögum verða í framhaldi af gildistöku þeirra settar nýjar úrgangsreglugerðir, m.a. verða ákvæði um sóttmengaðan úrgang gerð skýrari. Rétt er þó að taka fram að til eru leiðbeiningar um flokkun sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum og sé farið markvisst eftir þeim er hægt að halda í lágmarki úrgangi sem þarf að eyða á flókinn og dýran hátt.

323. Fyrirspurn [299. mál]

til fjármálaráðherra um framkvæmd þjóðlendulaganna.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig hyggst ríkisvaldið tryggja fjármuni til þess að sveitarfélög og einstaklingar verði fjárhagslega skaðlaus vegna þeirrar vinnu og málareksturs sem þau hafa þurft og þurfa að kosta til í framhaldi af lagasetningu Alþingis um þjóðlendur?
2. Hve mikið hefur verið greitt til einstaklinga og sveitarfélaga vegna málarekstrar sem þau hafa orðið að standa í á grundvelli þjóðlendulaganna?
3. Hvers vegna ákvað ráðherra að kæra úrskurð óbyggðanefndar sem hann hafði áður lýst fyllsta trausti á?

324. Fyrirspurn [300. mál]

til umhverfisráðherra um erfðabreytt matvæli.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður vinnu við reglugerð um nýfæði og merkingu erfðabreyttra matvæla?
2. Hvað líður endurskoðun á reglugerð Evrópusambandsins um nýfæði og er gert ráð fyrir miklum breytingum frá þeim reglum sem nú gilda?
3. Hvernig hefur fræðslu til almennings um erfðabreytt matvæli verið háttað hingað til?
4. Hvað hefur verið því til fyrirstöðu að setja sjálfstæðar reglur um nýfæði og merkingu erfðabreyttra matvæla á Íslandi á sama hátt og Norðmenn gerðu 1997?

Skriflegt svar óskast.

325. Fyrirspurn [301. mál]

til landbúnaðarráðherra um erfðabreyttar lífverur.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu mikið er um að dýrafóður, sáðvara og önnur aðföng landbúnaðar innihaldi erfðabreyttar lífverur eða afurðir framleiddar úr erfðabreyttum lífverum og hvernig er háttað auðkenningu og merkingu slíkra aðfanga?
2. Er að vænta sértækra aðgerða til að tryggja stöðu lífrænnar ræktunar hér á landi með tilliti til erfðabreyttra lífvera þar sem alþjóðlegt bann er í gildi við notkun þeirra við lífræna landbúnaðarframleiðslu?

3. Eru uppi áform í landbúnaðarráðuneytinu um sértækar aðgerðir til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðamengun í lífríki Íslands af völdum erfðabreyttra lífvera?

326. Fyrirspurn [302. mál]

til umhverfisráðherra um erfðabreyttar lífverur.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/220/EBE um erfðabreyttar lífverur og hvaða breytinga má vænta hér á landi í kjölfarið?
2. Hvernig hefur fræðslu til almennings um þau áhrif sem erfðabreyttar lífverur geta haft á umhverfið verið háttað hingað til?
3. Eru áformaðar sértækar aðgerðir til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðamengun í lífríki Íslands af völdum erfðabreyttra lífvera, t.d. í gróðri og fiski?
4. Hvernig eru íslensk lög og reglur varðandi erfðabreyttar lífverur frábrugðin því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

327. Fyrirspurn [303. mál]

til samgönguráðherra um fjarskipti á landsbyggðinni.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvað líður aðgerðum til að byggja upp dreifikerfi á landsbyggðinni fyrir ISDN/ADSL?

Skriflegt svar óskast.

328. Fyrirspurn [304. mál]

til landbúnaðarráðherra um úrskurð vegna jarðarsölu í Skorradal.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Með hvaða rökum var felld úr gildi sú ákvörðun Skorradalshrepps að neyta forkaupsréttar til að kaupa 50% hlut í jörðinni Efstabæ í Skorradal?

2. Með hvaða rökum var gengið gegn tilmælum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslunnar í málinu?
3. Á hvern hátt hefðu lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, og girðingarlög, nr. 135/2001, getað nýst hreppsnefnd Skorradalshrepps sem vægari aðgerðir en neyting forkaupsréttar á grundvelli jarðalaga?
4. Á hvern hátt telur ráðherra 1. gr. jarðalaga samrýmast úrskurði sínum?

Skriflegt svar óskast.

329. Fyrirspurn [305. mál]

til samgönguráðherra um samgöngur til og frá Vestmannaeyjum.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hvað hefur verið gert í samgöngumálum Vestmannaeyinga árin 2000–2002 af samgönguráðuneytinu og stofnunum þess?
2. Hversu margir farþegar fóru til og frá Vestmannaeyjum árin 1990–2001
   a. með flugi um Reykjavíkurflugvöll,
   b. með flugi um Bakkaflugvöll,
   c. með Herjólfi,
   sundurliðað eftir árum?
3. Hvert var sætaframboðið í þessum ferðum, sundurliðað á sama hátt?
4. Hver var kostnaður farþega við þá ferðamöguleika sem nefndir voru í 2. lið?
5. Hver var þróun fraktflutninga og bílaflutninga með Herjólfi árin 1990–2001?
6. Hefur verið kannaður möguleiki á rekstri tvíbytnu og loftpúðaskips til og frá Vestmannaeyjum?
7. Hvenær mun nefnd sem ráðherra skipaði árið 2001 um samgöngumál Vestmannaeyinga skila endanlegri skýrslu?

Skriflegt svar óskast.

330. Svar [201. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjölda einstaklinga sem tengjast gjaldþrotum félaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir einstaklingar tengjast hlutafélögum og einkahlutafélögum (með setu í stjórn þeirra) sem hafa verið úrskurðuð gjaldþrota árin 1992–2002? Eru mörg dæmi um

sömu einstaklinga, og þá hversu mörg? Óskað er eftir að svarið verði sundurgreint eftir atvinnugreinum.

Samkvæmt hlutafélagaskrá urðu á árunum 1992–2001 alls 3.014 hlutafélög og einkahlutafélög gjaldþrota. Í stjórnum þessara félaga sátu alls 7.456 einstaklingar. Upplýsingar um kennitölur 543 þeirra liggja ekki fyrir í skránni og á það sérstaklega við um fyrri hluta tímabilsins vegna ófullnægjandi skráningar á þeim tíma. Þessum einstaklingum er ekki hægt að fylgja eftir frá fyrsta gjaldþroti og því ekki hægt að segja til um hvort þeir tengjast fleiri en einu gjaldþroti. Til grundvallar þessu svari eru því upplýsingar um 6.913 einstaklinga.

Í töflu 1 eru tölur um þessa 6.913 einstaklinga birtar. Þegar litið er til þeirra sem sátu í stjórnum þriggja eða fleiri félaga sést að 228 þeirra sátu í stjórnum þriggja gjaldþrota félaga, 58 sátu í stjórnum fjögurra félaga og 45 sátu í stjórnum fimm félaga eða fleiri. Heildarfjöldi þessara einstaklinga er 331 og fjöldi einkahlutafélaga og hlutafélaga er 801.

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga sem sat í stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga sem urðu gjaldþrota 1992–2001.

Heildarfjöldi einstaklinga	**6.913**
Einstaklingar sem sátu í stjórnum fimm eða fleiri félaga	45
Einstaklingar sem sátu í stjórnum fjögurra félaga	58
Einstaklingar sem sátu í stjórnum þriggja félaga	228
Einstaklingar sem sátu í stjórnum tveggja félaga	887
Einstaklingar sem sátu í stjórn eins félags	5.695

Þegar kannaðir eru nánar þessir 331 einstaklingar, sem setið hafa í stjórnum 3 eða fleiri gjaldþrota félaga, sést að 16 þeirra hafa valið sér sama atvinnuveg fjórum sinnum eða oftar, þ.e. setið í stjórnum félaga sem voru innan sama atvinnuvegar. Aftur á móti hafa 90 einstaklingar valið sér sama atvinnuveg þrisvar sinnum. Sjá nánar töflu 2.

Tafla 2. Fjöldi gjaldþrota innan sama atvinnuvegar hjá einstaklingum sem sátu í stjórnum þriggja eða fleiri gjaldþrota hlutafélaga og einkahlutafélaga 1992–2001.

	Fjöldi gjaldþrota innan sama atvinnuvegar				
	Alls	4+	3	2	1
Heildarfjöldi einstaklinga	331	16	90	160	65
Einstaklingar sem sátu í stjórnum fimm eða fleiri félaga	45	11	16	18	–
Einstaklingar sem sátu í stjórnum fjögurra félaga	58	5	19	28	6
Einstaklingar sem sátu í stjórnum þriggja félaga	228	–	55	114	59

Sá atvinnuvegur sem flest gjaldþrot félaga falla undir á framangreindu tímabili er verslun og ýmiss konar viðgerðarþjónusta. Er þá miðað við þau félög sem í stjórn sátu einstaklingar sem áttu að baki þrjú eða fleiri gjaldþrot. Næstflest gjaldþrot eru í iðnaði og námugreftri. Sjá nánar töflu 3.

Tafla 3. Fjöldi gjaldþrota hlutafélaga og einkahlutafélaga 1992–2001 eftir atvinnuvegum. Stjórnarmenn þeirra tengjast þremur eða fleiri gjaldþrotum.

	Fjöldi félaga
Allir atvinnuvegir	801
Fiskveiðar og landbúnaður	47
Iðnaður og námugröftur	177
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	69
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	235
Hótel- og veitingahúsarekstur	77
Samgöngur og flutningar	18
Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta, fjármálaþjónusta og vátryggingar	125
Aðrir atvinnuvegir	53

331. Fyrirspurn [306. mál]

til iðnaðarráðherra um kynningarmál Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er heildarkostnaður
   a. Landsvirkjunar,
   b. Rafmagnsveitna ríkisins,
   c. Orkubús Vestfjarða
   af myndlistarsýningum og öðrum listviðburðum í stöðvarhúsum fyrirtækjanna á þessu kjörtímabili, sundurliðað eftir árum? Hversu stór hluti hans er auglýsingakostnaður?
2. Hver er heildarkostnaður sömu aðila af öðru kynningar- og upplýsingastarfi á þessu kjörtímabili, sundurliðað eftir árum?
3. Á hvern hátt samrýmist það lagalegu hlutverki Landsvirkjunar að gefa út landakort með göngu- og ferðaleiðum ætlað ferðamönnum og halda myndlistarsýningar og söngskemmtanir?
4. Hvar er það í samþykktum Landsvirkjunar sem heimilar fjármögnun menningarverkefna hvers konar?

Skriflegt svar óskast.

332. Fyrirspurn [307. mál]

til fjármálaráðherra um jaðaráhrif innan skattkerfisins.

Frá Páli Magnússyni.

1. Hafa markmið ríkisstjórnarinnar í stefnuyfirlýsingu hennar frá 28. maí 1999 um að draga úr jaðaráhrifum innan skattkerfisins náð fram að ganga?
2. Liggja fyrir tölulegar upplýsingar um jaðaráhrif innan skattkerfisins? Ef svo er, hvernig hafa þau þróast á kjörtímabilinu?
3. Hvernig skiptist álagning tekjuskatts hlutfallslega á einstaklinga eftir aldri, sundurliðað eftir áratugum, þ.e. 20–30 ára, 30–40 ára o.s.frv.?

Skriflegt svar óskast.

333. Fyrirspurn [308. mál]

til fjármálaráðherra um tekjutengingu barnabóta.

Frá Páli Magnússyni.

Hyggst ríkisstjórnin taka upp barnakort, ótekjutengdar barnabætur, fyrir eldri börn en sjö ára, sbr. það markmið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 að dregið verði úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum?

Skriflegt svar óskast.

334. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um þjóðarleikvanga.

Flm.: Páll Magnússon.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir setningu laga um byggingu þjóðarleikvanga.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nú flutt í annað sinn, en áður lagði flutningsmaður hana fram á 126. löggjafarþingi.

Í desember árið 1997 skilaði nefnd, sem menntamálaráðherra hafði skipað, af sér tillögum. Nefnd þessi var skipuð á grundvelli samþykktar Alþingis þess efnis að ríkisstjórnin skipaði sjö manna nefnd sem m.a. hefði það hlutverk að gera tillögur um að efla íþróttahreyfinguna og efla árangur íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi. Niðurstaða nefndarinnar var m.a. þessi: „Í öðru lagi þarf að vera til staðar öflug afreksmannastefna með þátttöku ríkisins til að skapa þá umgjörð sem þarf fyrir afreksíþróttafólk í landinu. Mikilvægt er að ríkið komi aftur inn í mannvirkjaþáttinn með því að styrkja sveitarfélög og sérsambönd í byggingu þjóðarleikvanga. Skilgreining nefndar á orðinu þjóðarleikvangur er eftirfarandi: „Þjóðarleikvangur er íþróttaaðstaða sem tengist sérstaklega ákveðinni íþróttagrein. Hér er um íþróttamannvirki að ræða, sem þegar er til staðar eða á eftir að reisa. Hver íþróttagrein sem hér á landi er stunduð fær því „fastan samastað“ eða þjóðarleikvang. Einkenni þessa staðar væri, að þar væru fullkomnar aðstæður til keppni og æfinga viðkomandi greinar. Hér er því um löglegar aðstæður að ræða sem nota má til keppni á landsmótum eða mótum landa á milli, Evrópukeppni, heimsmeistarakeppni o.s.frv.““

Hér gerði nefndin tillögu um að ríkið tæki þátt í byggingu þjóðarleikvanga í ýmsum íþróttagreinum. Gert er ráð fyrir samstarfi íþróttahreyfingarinnar, sveitarfélaga og ríkissjóðs. Markmiðið væri að hver íþróttagrein eignaðist a.m.k. einn þjóðarleikvang með fullkominni aðstöðu.

Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn um þetta efni á 125. löggjafarþingi 1999–2000 (þskj. 294, 154. mál) kom fram að tillögur nefndarinnar um þjóðarleikvanga hafa fengið umsögn íþróttanefndar ríkisins, sem ekki virðist gera beinar tillögur um útfærslu þeirra. Í svari menntamálaráðherra kemur einnig fram að ekki hefur verið tekin ákvörðun um sérstakar fjárveitingar til nýrra þjóðarleikvanga.

Það yrði íþróttastarfi í landinu mikil lyftistöng ef tillögur nefndar um eflingu íþróttastarfs er varða byggingu þjóðarleikvanga næðu fram að ganga. Víst má telja að þátttaka ríkisins í byggingu þeirra mannvirkja mundi ráða miklu um það hvort sveitarfélög treystu sér til að reisa mannvirki, sem uppfylltu alþjóðakröfur einstakra og ólíkra íþróttagreina. Því er lagt til með þessari þingsályktun að menntamálaráðherra verði falið að hrinda í framkvæmd hugmyndum nefndar um eflingu íþróttastarfs, frá árinu 1997, er varða byggingu þjóðarleikvanga.

335. Tillaga til þingsályktunar [310. mál]

um endurgreiðslu sjónglerja og linsa fyrir börn og unglinga.

Flm.: Páll Magnússon.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir endurskoðun reglna um endurgreiðslu sjónglerja og linsa fyrir börn þannig að öll börn undir sjálfræðisaldri fái endurgreiddan hluta kostnaðar sjónglerja og linsa.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nú flutt í annað sinn, en áður lagði flutningsmaður hana fram á 126. löggjafarþingi.

Í reglum um endurgreiðslu sjónglerja og linsa er kveðið á um styrk til gleraugnakaupa í lækningaskyni. Þannig er ekki um almennan fjárhagsstuðning að ræða heldur lið í meðferð

til að koma í veg fyrir að börn hljóti starfræna sjóndepru á auga. 16–17 ára börn njóta þó ekki endurgreiðslna þrátt fyrir hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Það er rökstutt með því að sjón sé aðeins í mótun til 12 ára aldurs og eins og að framan greinir er styrkurinn veittur í læknisfræðilegum tilgangi en ekki sem fjárhagsaðstoð.

Að hámarki er hverju barni veittur einn styrkur á tólf mánaða tímabili. Í flestum tilfellum dugir það, nema hjá yngstu börnunum þar sem vöxtur er hraðari en svo að ein gleraugu dugi þann tíma. Um 50–60% kostnaðar við kaup á sjónglerjum og linsum eru endurgreidd. Um fastar upphæðir er að ræða sem taka mið af eðli og gerð glerjanna.

Það er réttlætismál að börnum sé ekki mismunað þannig að sum þeirra njóti stuðnings við kaup á sjónhjálpartækjum en önnur ekki. Þannig fá nærsýn börn enga styrki. Það gengur ekkert barn með sjóngler nema af illri nauðsyn, hvort sem sjónglerið er liður í læknismeðferð eða ekki. Kostnaður foreldra getur verið umtalsverður. Ætla má að sjóngler barna endist mun skemur en fullorðinna, bæði vegna meira álags í leik þeirra og ekki síður vegna uppvaxtar. Með hliðsjón af þátttöku ríkisins í tannlækningum barna og stuðningi þess við kaup á heyrnartækjum byggist sú hugmynd á sanngirni að aðstoð við kaup á sjónglerjum og linsum fyrir börn verði aukin og að öll börn njóti hennar án tillits til eðlis sjóngalla.

336. Tillaga til þingsályktunar [311. mál]

um virðisaukaskatt af barnafatnaði.

Flm.: Páll Magnússon.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að kanna hvort fella megi niður eða lækka virðisaukaskatt á fötum og skófatnaði fyrir börn. Annars vegar verði lagt til grundvallar að föt og skófatnaður fyrir börn beri engan virðisaukaskatt og hins vegar að föt og skófatnaður fyrir börn beri 14% virðisaukaskatt.

Lagt verði mat á fjárhagslegt tap ríkissjóðs við þessar aðgerðir en einnig ávinning fyrir barnafjölskyldur. Einnig verði lagt mat á ávinning af slíkum aðgerðum fyrir verslun innan lands og í því efni sérstaklega litið til laga um þessi mál á Bretlandseyjum.

Greinargerð.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 28. maí 1999 er eitt af markmiðunum sagt vera að „endurskoða skattalöggjöfina með það að markmiði m.a. að draga úr jaðaráhrifum og mismunun innan skattkerfisins og stuðla þannig að aukinni skilvirkni þess.“ Þetta markmið er ekki hægt að skilja öðru vísi en svo að ríkisstjórnin hafi talið áhrif jaðarskatta of mikil í upphafi kjörtímabilsins og að á því þyrfti að taka. Jaðaráhrif skattkerfisins bitna ekki síst á barnafólki sem iðulega þarf í senn að koma sér upp húsnæði og greiða af námslánum og vinnur af þeim sökum langan vinnudag. Tekjur eru því oft ágætar og auk þess að greiða svonefndan hátekjuskatt skerðast bætur vegna tekjutengingar. Með því að lækka eða afnema virðisaukaskatt af barnafatnaði væri með einfaldri aðgerð komið til móts við barnafjölskyldur í landinu.

Ætla má að með þessari aðgerð aukist verslun innan lands verulega. Ljóst er að nokkuð hefur verið um svokallaðar verslunarferðir til útlanda. Hafa ferðaskrifstofur þá skipulagt stuttar ferðir á staði þar sem auglýst er að hagstætt sé að versla. Borgir á Bretlandseyjum hafa

oft orðið fyrir valinu þegar slíkar ferðir eru skipulagðar. Á Bretlandi er enginn virðisaukaskattur á fötum og skóm fyrir börn, sem henta ekki fullorðnum. Fellur varningurinn í 0 flokk, þ.e. varan fellur innan skattskyldusviðs laganna en ber 0% virðisaukaskatt. Eðlilegt er að kanna hvernig bresk stjórnvöld hafa framkvæmt þessi lagaákvæði og hvernig eftirliti er háttað með söluaðilum.

Með aukinni sölu innan lands á barnafötum má ætla að umsvif verslunar aukist og skili meiri hagnaði. Þannig fái ríkissjóður auknar skatttekjur af versluninni á móti niðurfellingu eða lækkun virðisaukaskatts.

337. Frumvarp til laga [312. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, og lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Magnússon.

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Fjárhæð sem svarar til 50% af frádráttarbærum kostnaði (útgjöldum eða afskriftum) í tengslum við rannsókna- eða þróunarverkefni. Það er skilyrði þessa frádráttar að verkefnið hafi fyrir fram verið samþykkt af Rannsóknarráði Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 61/1994.

Breyting á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Meta hvort rannsókna- og þróunarverkefni sem fyrirtæki hyggst eiga aðild að teljast þess eðlis að þau geti notið sérstaks frádráttar, sbr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Fyrir hvert starfsár ákveður ríkisstjórnin hámarksupphæð til rannsókna- og þróunarverkefna sem má samþykkja.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Ákvæði laganna koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2005 vegna tekna á árinu 2004.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt í annað sinn, en flutningsmaður lagði það fram á 126. löggjafarþingi.

Þekking er undirstaða framþróunar í atvinnulífinu. Til þess að afla hennar þarf að efla fyrirtæki til aukinnar þátttöku í rannsóknum og þróun, enda er nýsköpun í atvinnulífi forsenda efnahagslegra og félagslegra framfara. Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um Rannsóknarráð Íslands. Tilgangur frumvarpsins er að hvetja fyrirtæki til nýrrar sóknar á sviði nýsköpunar- og þróunarverkefna. Íslensku

atvinnulífi er nauðsynlegt að auka framleiðni en nauðsynleg forsenda þess að framleiðsla verði verðmætari er að fyrirtæki stórauki rannsókna- og þróunarstarf. Með því styrkist staða á heimamarkaði, innflutningur minnkar og útflutningur eykst. Það hefur í för með sér bætta afkomu fyrirtækjanna og hærri laun starfsmanna. Til þess að fyrirtæki treysti sér í slíka vinnu er nauðsynlegt að veita þeim skattalegt hagræði vegna rannsókna og þróunar. Verði frumvarp þetta samþykkt er líklegt að skatttekjur muni aukast þegar horft er til lengri tíma þótt þær muni ef til vill dragast saman í byrjun.

Með frumvarpinu, sem samið er að danskri fyrirmynd, er lagt til að bætt verði við ákvæði 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nýjum tölulið þess efnis að fyrirtækjum verði heimilaður sérstakur frádráttur sem numið geti allt að helmingi kostnaðar sem þau hafa haft af rannsókna- og þróunarstarfi. Til þess að fyrirtækjum verði veitt aðhald verði þó sett það skilyrði að Rannsóknarráð Íslands, RANNÍS, hafi fyrir fram viðurkennt verkefnið sem raunverulegt rannsókna- og þróunarverkefni og að frádrátturinn geti aldrei orðið meiri en helmingurinn af þeirri kostnaðaráætlun sem lá til grundvallar samþykktinni. Ekki er skilyrði að verkefnið hafi notið styrks úr sjóðum RANNÍS. Í tengslum við þessa breytingu á tekju- og eignarskattslögum er lagt til að nýr tölulíður bætist við 2. gr. laga um Rannsóknarráð Íslands, þar sem Rannsóknarráði er falið að meta hvort rannsókna- og þróunarverkefni sem fyrirtæki hyggst eiga aðild að teljast þess eðlis að þau geti notið frádráttar skv. 31. gr. tekju- og eignarskattslaganna. Jafnframt segir í ákvæðinu að ríkisstjórnin ákveði á ári hverju hámarksupphæð sem samþykkja megi. Hámark þetta er samanlagður heildarkostnaður við þau verkefni sem samþykkt eru.

Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa aukist nokkuð á liðnum árum. Hlutfallið var um 0,8% árið 1987 en fór í um 1,8% árið 1997. Framlag hins opinbera hefur verið stöðugt síðustu ár en framlag fyrirtækja aukist. Heildarútgjöld til þessara mála námu innan við fjórum milljörðum króna árið 1987, en voru um tíu milljarðar árið 1997. Enda þótt Íslendingar séu meðal þeirra þjóða, sem hvað mest hafa aukið útgjöld til rannsókna og þróunar á liðnum árum, er Ísland enn undir meðaltali OECD-landa. Því frumvarpi sem hér er lagt fram er ætlað að auka enn hlutfall rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu Íslendinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Lögð er til breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem veiti fyrirtækjum heimild til sérstaks frádráttar af álögðum sköttum sem numið geti allt að helmingi kostnaðar þeirra af rannsókna- og þróunarstarfi.

2. gr.

Sett er sem skilyrði að Rannsóknarráð Íslands, RANNÍS, hafi fyrir fram viðurkennt verkefnið sem raunverulegt rannsókna- og þróunarverkefni og að frádrátturinn geti aldrei orðið meiri en helmingurinn af þeirri kostnaðaráætlun sem liggur til grundvallar samþykktinni.

3. gr.

Til að rannsókna- og þróunarkostnaður geti komið til álagningar árið 2005 er nauðsynlegt að fyrir liggi árið 2003 að ríkisstjórnin beiti sér fyrir fjárveitingu á árinu 2004. Þannig getur RANNÍS metið verkefni sem unnin væru árið 2004 og kæmu til álagningar árið 2005.

338. Frumvarp til laga [313. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Karl V. Matthíasson, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skulu ekki vera undir 125.000 kr. fyrir fulla dagvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lágmarkslaun var lagt fram á 122. þingi en náði þá ekki fram að ganga. Það var lagt fram að nýju á 123., 125. og 126. þingi í breyttri mynd. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera lægri en 125.000 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu.

Meginvandi íslensks þjóðfélags er fátækt og skuldir og stafar það af lágum launum. Þó að um tiltölulega fá heimili sé að ræða hafa lág laun leitt til margs konar vanda og jafnvel hrakið fólk af landi brott. Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum. Launakerfið á Íslandi einkennist af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þannig hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar taxtalaunum. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Í samanburði sem var gerður milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vann um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði tíu vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig augljóslega fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum.

Lág framleiðni og fólksflótti.

Alþjóðlegur samanburður sýnir að laun á Íslandi eru áberandi lægri en í helstu viðmiðunarlöndum okkar. Ein aðalástæða þessa er að framleiðni íslenskra fyrirtækja er mun lægri en þekkist annars staðar. Þannig er samkeppnisstaða Íslands mjög léleg í alþjóðlegum samanburði. Framleiðni á hverja vinnustund á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Í samanburði á landsframleiðslu á vinnustund í 24 OECD-ríkjum er Ísland í 20. sæti.

Þegar borin eru saman laun og lífskjör verður vitaskuld að taka tillit til margra þátta, svo sem bótakerfis, skattkerfis, húsnæðiskerfis, vaxta, matvöruverðs, heilbrigðiskerfis og gjalda fyrir opinbera þjónustu.

Í íslensku þjóðfélagi hefur lengi tíðkast að vinna langan vinnudag. Sú hefð markast af einhæfu atvinnulífi um aldir þar sem unnið var í skorpum bæði til sjávar og sveita. Þessi vinnumáti hefur breyst síðustu áratugi eftir því sem íslenskt hagkerfi hefur færst nær því sem gerist

í nágrannalöndunum og ýmiss konar þjónustustörf skipta sífellt meira máli. Nýjar vinnutímareglur á Evrópska efnahagssvæðinu leyfa ekki lengur svo langan vinnutíma.

Lág taxtalaun hér á landi eru efnahagslegt vandamál. Þau leiða til þess að ýmsir sem eru á þessum launum eiga vart fyrir mat, hvað þá að þeir geti nýtt sér þá þjónustu sem eðlilegt er að veitt sé í nútímaþjóðfélagi. Jafnframt verður þetta til þess að ýmsar starfsstéttir fá viðbætur við laun sem ekki er samið um í kjarasamningum. Þetta skapar verulegt óöryggi fyrir launafólk í landinu og hefur, með öðru, stuðlað að því að launajafnrétti er ekki eins og skyldi. Það að lægstu taxtar skuli vera svipaðir og lágmarksframfærsla er ósvinna. Hér eru margir ábyrgir.

Tímakaup í dönskum iðnaði árið 1994 var 97% hærra en í íslenskum. Ekki eru nýjar tölur fyrirliggjandi. Tekjur hjóna í Danmörku árið 1993 voru um 39% hærri en á Íslandi. Danskur byggingaverkamaður hefur um 28% hærri ráðstöfunartekjur en íslenskur. Þessar tölur, sem komu fram í skýrslu forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar, segja alla söguna.

Skattar og lág laun.

Í þessum samanburði við Danmörku ber að hafa í huga að byrði beinna skatta er minni hér en í Danmörku. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatt en meðalheimili á Íslandi 21%. Jaðarskattar eru hærri í Danmörku en á Íslandi, en þykir þó mörgum nóg um þá hérlendis.

Hins vegar er athyglisvert að skattleysismörk hér á landi voru 57.000 kr. á mánuði þegar samanburðurinn var gerður en í Danmörku eru engin skattleysismörk. Skattleysismörk á Íslandi eru nú 67.468 kr. Það er umhugsunarvert hvort skattleysismörk hér á landi, sem vissulega eru ekki há, hafi komið í veg fyrir hækkun taxtalauna undanfarin ár. Ef greiddur væri skattur af öllum tekjum, ef til vill 10–15% skattur af lægstu tekjum, er ekki ósennilegt að það hefði leitt til hærri taxtalauna í kjarasamningum síðustu ár. Umræðu vantar um þennan þátt mála hérlendis. Jaðarskattar koma harðast niður á tekjulægsta fólkinu á Íslandi en leggjast jafnt á alla tekjuhópa í Danmörku. Af þeim sökum er full ástæða til að endurskoða skatta- og launakerfin á Íslandi í samhengi við ákvörðun lágmarkslauna.

Í alþjóðlegum samanburði kemur skýrt fram að óbeinir skattar hér eru mun hærri en erlendis. Þá er verð á matvælum mun hærra hér en í nágrannalöndunum og leiðir það hugann að því að löngu er tímabært að endurskoða stefnu stjórnvalda í því efni. Endurbætur á því sviði væru ein mesta kjarabót fyrir láglaunafólk sem hægt væri að hugsa sér.

Við gerð kjarasamninga undanfarin ár hefur verkalýðshreyfingin oft talað um að nú væri kominn tími til að hækka lægstu launin. Viðurkenna ber að árangur hefur náðst þótt lægstu umsamin laun, sem eru um 74.000 kr., séu verulega mikið fyrir neðan fátæktarmörk að mati félagsfræðinga. Á verðbólgutímanum var einna algengast að samið væri um kauphækkun sem átti að leiðrétta lægstu launin. Þá var reiknuð út prósentuhækkun þeirrar launahækkunar og hún gekk í gegnum allt kerfið. Láglaunafólk stóð þannig eftir í sömu sporum og áður og verðbólgan eyddi áhrifum hagstæðra kjarasamninga á örskömmum tíma.

Við gerð kjarasamninga síðari ár hefur reynst einna best að semja um eingreiðslur til að hækka lægstu laun. Sú aðferð virðist hafa gefist nokkuð vel í undanförnum kjarasamningum. Þrátt fyrir það eru lægstu taxtalaunin svo lág að það er gjörsamlega óverjandi fyrir þjóðfélagið. Ekki má gleyma því að fjölmargir fá greitt samkvæmt þessum töxtum og má þar nefna ófaglært starfsfólk, ekki hvað síst á vegum hins opinbera. Þetta launafólk hefur ekki tækifæri til að bæta sér upp lág laun með mikilli vinnu eða kaupaukakerfi. Það lifir í sárri fátækt og á fárra kosta völ.

Gildistaka frumvarpsins.

Flutningsmenn telja að allt sem viðkemur kjarasamningum eigi að vera á forræði samningsaðila. Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa undanfarin ár ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera undir 125.000 kr. Í kjölfar mjög mikilla launabreytinga sem orðið hafa hjá einstökum starfsstéttum undanfarið og eru langt umfram almenna kjarasamninga er ástæða til að flytja frumvarp til laga um lágmarkslaun. Nú er ljóst að 125.000 kr. mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu eru ekki há og flestir launþegar hafa hærri heildarlaun, að vísu með nokkurri eftirvinnu. Frumvarpinu er því fyrst og fremst ætlað að skapa vörn fyrir þá sem minnst mega sín. Rökin fyrir þessu eru augljós. Hækkun lægstu launa í 125.000 kr. á mánuði mun auka velferð þeirra fátækustu í íslensku þjóðfélagi, jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga. Það er engin ástæða til að ætla að lagasetning af þessum toga muni kalla á óðaverðbólgu, allra síst ef aðilar vinnumarkaðarins setjast nú niður í alvöru til að semja um hækkun lægstu taxtalauna eins og þeir hafa margoft talað um undanfarin ár.

Að mati flutningsmanna mun lagasetning af þessum toga knýja samningsaðila til að finna leiðir til að unnt verði að lifa mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum.

Lögbinding lágmarkslauna.

Launaumræða verður að vera í alþjóðlegu samhengi. Íslenskar vörur eru vitaskuld í samkeppni við erlendar, hvort sem um er að ræða útflutningsvörur okkar eða vörur sem keppa við innflutning. Við verðum að standast þessa alþjóðlegu samkeppni og okkur hefur fyrst og fremst tekist það með löngum vinnudegi. Löggjöf um lágmarkslaun er til erlendis, t.d. í Ameríku og Frakklandi. Þess má geta að nokkur umræða um lágmarkslaun var í Bandaríkjunum í aðdraganda forsetakosninganna árið 1996. Eitt af höfuðstefnuatriðum ríkisstjórnar Tonys Blairs er að setja lög um lágmarkslaun og að skilgreina þarfir einstaklinga og fjölskyldna til framfærslu. Sett voru lög um lágmarkslaun í Bretlandi 1999 og héldu andstæðingar laganna því fram á sínum tíma að þau mundu kynda undir verðbólgu og atvinnuleysi. Sú hefur ekki orðið raunin heldur þvert á móti. Haft er eftir Stephen Byers að lágmarkslaunin hafi tryggt að það borgaði sig að vinna. Lágmarkslaun fyrir unna klukkustund í Bretlandi urðu sem svaraði 610 kr. frá og með 1. október 2001, miðað við þáverandi gengi.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Að mati flutningsmanna eiga þau ekki við núverandi aðstæður hérlendis. Þau lágmarkslaun sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi eru ekki há og atvinnulífið á auðveldlega að geta ráðið við þau með aukinni framleiðni. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum. Það að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar mjög á reiki. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér eigi að verða láglaunasvæði eins og allt stefnir í og landsmenn verði að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin sé gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Lokaorð.

Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggjast á ódýru vinnuafli. Við verðum að snúa af þessari braut því að annars verður Ísland áfram láglaunaland.

Frumvarp þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið verður ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og ekki eiga sér viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (Verslunarmannafélag Reykjavíkur, febrúar 1996).
II. Samanburður á tekjum verkafólks á Íslandi og í Danmörku. Unnið fyrir 18. þing Verkamannasambands Íslands. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (október 1995).
III. Minnisblað um lágmarkslaun frá Þjóðhagsstofnun (10. desember 1998). Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 796 (486. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 3235–3241.

339. Tillaga til þingsályktunar [314. mál]

um áhrif lögbindingar lágmarkslauna.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta gera úttekt á áhrifum þess að lögbinda lágmarkslaun á Íslandi.

Greinargerð.

Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu hefur flutt frumvarp til laga um lögbindingu lágmarkslauna á síðustu þingum ásamt fjölmörgum meðflytjendum. Þrátt fyrir ítrekaðan rökstuðning og ábendingar hefur málið ekki náð fram að ganga. Þess vegna er nú farin sú leið að freista þess að leita eftir því að skipuð verði nefnd sérfræðinga sem skoði allar hliðar þessa máls.

Í fjölmörgum löndum hafa lágmarkslaun verið lögbundin með góðum árangri. Benda má á að fjármálaráðherra Bretlands hefur í ræðu og riti staðfest að efnahagslegur árangur hafi orðið af slíkri löggjöf. Löggjöf um lágmarkslaun hefur verið við lýði í Bandaríkjunum um árabil og telja fjölmargir að þar hafi nauðsyn lögbindingar lágmarkslauna sannað sig. Jafnframt má nefna að í Frakklandi þar sem lögbinding lágmarkslauna er hluti af efnahagskerfinu nota menn þau sem mælistiku og grunn fyrir afkomu einstaklinga.

Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum. Launakerfið á Íslandi einkennist af um-

fangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þó hefur verið reynt að bæta þar úr að nokkru í síðustu kjarasamningum og hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar taxtalaunum. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er því fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að úr vinnu dragi í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rökin gegn lögbindingu lágmarkslauna. Að mati flutningsmanna eiga þau ekki við hérlendis. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum. Það að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar ekki markviss. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér verði láglaunasvæði eins og allt stefnir í þar sem landsmenn neyðast til að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin er gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Þingsályktunartillaga þessi er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið verður ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og ekki eiga sér viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

340. Beiðni um skýrslu [315. mál]

frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ástæður þess að hlutfall öryrkja á Íslandi er hæst á Norðurlandi eystra.

Frá Soffíu Gísladóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Örlygi Hnefli Jónssyni, Drífu Hjartardóttur, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Adolf H. Berndsen, Pétri H. Blöndal og Einari Má Sigurðarsyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um ástæður þess að hlutfall öryrkja á Íslandi er hæst á Norðurlandi eystra.

Greinargerð.

Samkvæmt staðtölum Tryggingastofnunar ríkisins (TR) fyrir árið 2001 er hlutfallslegur fjöldi öryrkja á Íslandi 5,2%, þ.e. 9.780 manns á aldrinum 16–66 ára. Sé dreifingin skoðuð með tilliti til landshluta er hlutfall öryrkja á Norðurlandi eystra hæst miðað við íbúafjölda,

eða 6,1%. Samkvæmt því eru þar 1.032 manns á aldrinum 16–66 ára öryrkjar, 628 konur og 404 karlar. Í Reykjavík er hlutfallið 5,7%, eða 4.693 manns (staðtölur TR 2001).

Árið 1998 voru öryrkjar á Norðurlandi eystra 5,2% af íbúafjölda, eða 882 manns, og hefur hlutfallið því hækkað um 0,9 prósentustig á þremur árum, um 150 manns. Á sama tíma hefur landsmeðaltalið hækkað um 0,6 prósentustig, úr 4,6% (8.239 manns) 1998 í 5,2% (9.780 manns) árið 2001. Árið 1998 voru öryrkjar 5,3% (4.096 manns) af íbúafjölda Reykjavíkur (með Reykjavík teljast Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur samkvæmt staðtölum TR 1998).

Merkja má mikla fjölgun öryrkja um allt land á árunum 1998–2000 og má t.d. vekja athygli á því að á Suðurlandi hefur öryrkjum fjölgað úr 4,3% (556 íbúum) í 5,4% (742 íbúa) á tímabilinu, eða um 1,1 prósentustig (186 íbúa), á Vestfjörðum úr 2,9% (163 íbúum) í 4,2% (217 íbúa), eða um 1,3 prósentustig (54 íbúa), og á Norðurlandi vestra hefur þeim fjölgað úr 3,8% (227 íbúum) í 5,2% (307 íbúa), eða um 1,4 prósentustig (80 íbúa), og er það mesta hlutfallslega aukningin á landsvísu.

Í undirbúningi er að stofna heildstæða endurhæfingarmiðstöð fyrir öryrkja á Húsavík í samvinnu Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík. Þar munu öryrkjar fá viðtæka endurhæfingu svo að þeir geti tekið þátt í atvinnulífi eða stundað nám. Þetta er brýnt verkefni í ljósi mikillar fjölgunar öryrkja hér á landi og mun verkefni sem þetta í senn skila þjóðfélagslegum arði, heilbrigðari fjölskyldum og heilbrigðara samfélagi. En til þess að hægt sé að hrinda af stað verkefni sem þessu er mikilvægt að greina ástæður þess að öryrkjar eru hlutfallslega flestir í þessum landshluta. Þegar niðurstöður slíkrar greiningar liggja fyrir mun endurhæfingarstarfið án alls vafa skila betri og skjótari árangri en ella.

341. Frumvarp til laga [316. mál]

um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Bætur vegna einstaks verknaðar skulu ekki greiddar nema höfuðstóll kröfu sé 100.000 kr. eða hærri.

Af dæmdum eða ákvörðuðum bótum, að vöxtum meðtöldum, greiðir ríkissjóður ekki hærri fjárhæð en:

a. 500.000 kr. fyrir tjón á munum,
b. 5.000.000 kr. fyrir líkamstjón,
c. 1.000.000 kr. fyrir miska,
d. 3.000.000 kr. fyrir missi framfæranda.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ef umsókn um bætur hefur borist bótanefnd í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um ákvörðun bóta eftir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Á 118. löggjafarþingi voru samþykkt lög á Alþingi um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Í 7. gr. laganna var fjallað um hámarksfjárhæð bóta. Fyrir tjón á munum skyldi ekki greiða hærri bætur en 500.000 kr., fyrir líkamstjón skyldu bætur ekki vera hærri en 5.000.000 kr., fyrir miska skyldi ekki greiða hærri bætur en 1.000.000 kr. og fyrir missi framfæranda skyldu ekki greiddar hærri bætur en 3.000.000 kr. Þá áttu fjárhæðir samkvæmt greininni að taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga. Lögin áttu að öðlast gildi 1. janúar 1996 en áður en til þess kom var þeim breytt með 18. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Með breytingunni voru hámarksbætur lækkaðar. Af dæmdum eða ákvörðuðum bótum, að vöxtum meðtöldum, skyldi ríkissjóður ekki greiða hærri fjárhæð en 250.000 kr. fyrir tjón á munum, 2.500.000 kr. fyrir líkamstjón, 600.000 kr. fyrir miska og 2.500.000 kr. fyrir missi framfæranda. Þá var gildistöku laganna frestað og ákvæðið um að fjárhæðirnar skyldu taka verðlagsbreytingum samkvæmt skaðabótalögum fellt brott. Í umsögn meiri hluta allsherjarnefndar til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 kom fram að meiri hlutinn taldi skerðingarnar mjög miklar og mæltist eindregið til þess að við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997 yrði miðað við að bætur yrði greiddar til samræmis við það sem upphaflega var ákveðið. Minni hluti allsherjarnefndar mótmælti frumvarpinu harðlega og lagði þunga áherslu á að Alþingi tryggði nægilegt fjármagn svo að staðið yrði að fullu við upphafleg markmið laganna.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til verða hámarksfjárhæðir bóta þær sömu og upphaflega var gerð tillaga um og munu þær jafnframt taka verðlagsbreytingum eins og eðlilegt verður að teljast. Um er að ræða löngu tímabæra leiðréttingu enda hefur þessi lækkun á bótagreiðslum bitnað hvað harðast á börnum sem hafa orðið fyrir alvarlegu kynferðislegu ofbeldi. Ekki bólar enn á endurskoðun eða leiðréttingu af hálfu ríkisstjórnar og því er þetta frumvarp nú flutt.

342. Svar [114. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um einkahlutafélög.

Hversu mörg einkahlutafélög voru stofnuð árið 2001 annars vegar og frá 1. janúar 2002 til 1. september sl. hins vegar, skipt eftir starfsgreinum og núverandi kjördæmum?

Upplýsingar þær sem um er beðið koma fram í tveimur töflum sem fara hér á eftir. Að athuguðu máli þykir rétt að greina upplýsingarnar eftir eldri kjördæmaskipan en hana hefur Hagstofa Íslands notað um árabil til skiptingar talnaefnis á landsvæði. Hagstofan telur ekki rök standa til að vinna hagskýrslur eftir hinni nýju kjördæmaskipan þannig að þær verða áfram greindar eftir landsvæðum eins og gert er í töflunum. Þetta tryggir samfellu og samanburðarhæfni talnaefnis.

Tafla 1. Nýskráningar einkahlutafélaga eftir kjördæmum og yfirflokkum atvinnugreina 1.1. 2002 til 1.9. 2002.

	Samtals	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Fjöldi nýskráðra félaga, alls	2.348	947	634	166	105	62	166	118	150
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	73	6	10	9	1	13	11	2	21
Fiskveiðar	415	43	73	81	63	12	53	69	21
Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu	1	0	0	0	0	0	0	0	1
Iðnaður	131	41	54	9	5	5	8	3	6
Veitur	8	1	1	1	2	0	1	1	1
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	307	110	122	12	3	7	20	10	23
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	289	123	98	7	4	5	17	9	26
Hótel- og veitingahúsarekstur	99	46	19	5	3	3	7	7	9
Samgöngur og flutningar	88	46	15	6	8	2	6	1	4
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	26	15	10	0	1	0	0	0	0
Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	612	340	165	27	9	12	27	6	26
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fræðslustarfsemi	13	6	3	1	0	0	1	0	2
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	138	84	37	3	4	0	6	3	1
Önnur samfélagsþjónusta, félags- og menningarstarfsemi o.fl.	121	75	24	1	0	3	5	6	7
Ótilgreind starfsemi	27	11	3	4	2	0	4	1	2

Undir flokkinn fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta falla fjölbreyttar atvinnugreinar, svo sem rekstur eignarhaldsfélaga, leiga atvinnuhúsnæðis, hugbúnaðargerð; ráðgjöf varðandi hugbúnað og margt fleira.

Tafla 2. Nýskráningar einkahlutafélaga eftir kjördæmum og yfirflokkum atvinnugreina 2001.

	Samtals	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Fjöldi nýskráðra félaga, alls	1.841	852	502	91	66	48	112	58	112
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	32	5	5	6	2	5	2	1	6
Fiskveiðar	101	8	25	26	13	8	7	6	8
Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu	1	1	0	0	0	0	0	0	0
Iðnaður	133	46	47	4	9	3	12	6	6
Veitur	1	0	0	0	1	0	0	0	0
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	222	84	80	9	2	8	15	6	18
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	272	125	83	8	5	3	18	12	18
Hótel- og veitingahúsarekstur	83	35	24	4	3	4	5	1	7
Samgöngur og flutningar	68	25	12	4	5	2	6	7	7
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	27	16	6	1	1	0	2	0	1
Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	501	301	122	13	15	8	19	8	15
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fræðslustarfsemi	15	4	4	1	1	0	2	0	3
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	78	46	24	1	1	2	3	0	1
Önnur samfélagsþjónusta, félags- og menningarstarfsemi o.fl.	99	49	28	0	2	2	11	2	5
Ótilgreind starfsemi	208	107	42	14	6	3	10	9	17

Undir flokkinn fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta falla fjölbreyttar atvinnugreinar, svo sem rekstur eignarhaldsfélaga, leiga atvinnuhúsnæðis, hugbúnaðargerð; ráðgjöf varðandi hugbúnað og margt fleira.

343. Svar [176. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ragnarsdóttur um menningartengda ferðaþjónustu.

1. *Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa á næstu árum til að auka menningartengda ferðaþjónustu, sbr. skýrslu samgönguráðuneytisins frá ágúst 2001?*

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er m.a. lögð áhersla á að sóknarfæri ferðaþjónustunnar á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu verði nýtt. Í nóvembermánuði 1999 skipaði samgönguráðherra nefnd til að taka saman skýrslu um þetta málefni og gera tillögur um næstu skref sem nauðsynleg eru til þess að þessi sérstaka tegund ferðaþjónustunnar nái að skjóta fastari rótum. Nefndin skilaði greinargóðri skýrslu í september 2001, sem m.a. var kynnt á ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs Íslands þá um haustið. Í skýrslunni komu fram fjölmargar tillögur og hugmyndir sem lagt var til að vinna að á næstu árum.

Í samantekt og niðurstöðum skýrslunnar kemur m.a. fram í lokaorðum: Á grundvelli þess sem að framan er sagt, er lagt til að íslensk ferðaþjónusta verði í framtíðinni byggð upp á tveimur meginstoðum, íslenskri náttúru og íslenskri menningu og samverkan þessara þátta. Lagt er til að á fimm ára aðlögunrtímabili verði atvinnugreinin og menningarstarfsemin ásamt stoð- og grunnþjónustu búin undir að glíma við þetta verkefni. Æskilegt er að styðjast sem mest við það sem fyrir er og vel hefur reynst.

Við skoðun á framansögðu var það niðurstaða samgönguráðherra að taka saman aðgerðaráætlun um verkefnið og gera tillögur þar að lútandi Nú liggur þessi aðgerðaráætlun fyrir og er til meðferðar hjá Ferðamálaráði Íslands.

2. *Hefur verið unnin framkvæmdaáætlun í þessu skyni og hverjar eru helstu áherslur hennar? Óskað er eftir að í svarinu komi fram hve miklir fjármunir eru ætlaðir til verkefnisins.*

Aðgerðaráætlunin samanstendur af nokkrum atriðum, þ.e. helstu tillögum, almennum aðgerðum og sérstökum aðgerðum og hugmyndum. Meginatriðin eru byggð á tillögum úr skýrslu samgönguráðuneytisins um menningartengda ferðaþjónustu en lagaðar að þeim möguleikum sem til staðar eru.

Í aðgerðaráætluninni, sem er í formi greinargerðar, er m.a fjallað um verkefni sem eru þegar komin í vinnslu, t.d. í menntamálaráðuneytinu og hjá aðilum í ferðaþjónustunni, en jafnframt er bent á verkefni sem Ferðamálaráð gæti haft forustu um, t.d. samræmingu minjagripa, heildarskipulagningu á starfsskilyrðum ferðamálafulltrúa, samantekt á landkynningarefni o.s.frv. Þá eru ábendingar um verkefni og hugmyndir sem mætti nýta betur. Þar að auki er fjallað sérstaklega um helstu sögustaði landsins og þýðingu þeirra í allri markaðssetningu á menningartengdri ferðaþjónustu í næstu framtíð.

Helstu tillögur í greinargerðinni eru fjórar:

1. Stofnaður verði Þróunarsjóður ferðamála og verði markmið sjóðsins m.a. að styrkja þróunarstarf, nýsköpun, vöruþróun og önnur verkefni í ferðaþjónustunni og sérstaklega verkefni sem tengjast menningu og sögu þjóðarinnar.
2. Menningarborgarsjóður verði efldur með áherslu á menningarverkefni sem tengjast ferðaþjónustunni.
3. Stutt verði við kynningu á helstu sögustöðum landsins.
4. Gerð verði á netinu heimasíða um miðaldasamfélagið, bókmenntir, listir og nútímamenningu ásamt skrá um menningarviðburði sem tengjast ferðaþjónustu.

Tillögurnar eru til meðferðar hjá Ferðamálaráði og bindur samgönguráðuneytið miklar vonir við að hrinda megi a.m.k hluta þeirra í framkvæmd sem fyrst. Í tillögunum er gert ráð fyrir umtalsverðum fjárhæðum til þessara verkefna en Ferðamálaráði hefur verið falið að meta fjárþörfina m.a. með tilliti til þess að verkefnin falla að hluta til að þeim verkefnum sem Ferðamálaráð sinnir nú þegar.

344. Fyrirspurn [317. mál]

til dómsmálaráðherra um samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til að stemma stigu við skipulagðri glæpastarfsemi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað er fólgið í samþykkt dómsmála- og jafnréttisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sem gerð var í Vilníus sumarið 2001 og varðar samstarf landanna til að sporna við skipulögðum, ólöglegum flutningi kvenna milli landanna í þágu kynlífsiðnaðar?
2. Hvernig er samstarfi þessu hagað, hvert er markmið þess og hvernig miðar því áfram?
3. Hverjir annast þetta starf fyrir Íslands hönd?
4. Hver er áætlaður heildarkostnaður verkefnisins, hvernig er kostnaðarþátttöku landanna háttað og hver er hlutur Íslands?

Skriflegt svar óskast.

345. Fyrirspurn [318. mál]

til landbúnaðarráðherra um rannsóknir á sumarexemi.

Frá Jónasi Hallgrímssyni og Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig miðar vinnu samstarfshóps innlendra og erlendra vísindamanna sem settur var á stofn til að vinna að rannsóknum og lækningu á sumarexemi í íslenskum hestum?
2. Hve miklu fé hefur verið varið til þessara rannsókna? Svar óskast sundurliðað eftir löndum.
3. Hvaða líkur telja vísindamenn á að bólusetning við sjúkdómnum eða lækning finnist?
4. Hvenær má vænta þess að endanlegar niðurstöður starfshópsins liggi fyrir?

346. Fyrirspurn [319. mál]

til menntamálaráðherra um samkeppnisstöðu háskóla.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hyggst ráðherra breyta fjármögnunarkerfi háskóla hér á landi?
2. Hyggst ráðherra tryggja jafna samkeppnisstöðu ríkisháskóla og einkaháskóla?

347. Fyrirspurn [320. mál]

til fjármálaráðherra um úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun kynjanna.

Frá Drífu Snædal.

1. Hvers vegna hefur yfirlýsingum í kjarasamningum opinberra starfsmanna við ríki og Reykjavíkurborg frá 1997 um úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna ekki verið fylgt eftir?
2. Hvenær verður hafist handa við að greina áhrifin og hvernig verður það gert?

348. Svar [159. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um áhrif hækkunar persónuafsláttar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða áhrif mundi hækkun persónuafsláttar hafa annars vegar á ráðstöfunartekjur skattgreiðenda og hins vegar á tekjur ríkissjóðs og tekjur sveitarfélaga? — Í svarinu komi fram áhrif af hækkunum um 1.000, 5.000, 10.000, 20.000, 30.000, 40.000 og 50.000 kr.

Persónuafsláttur er ákveðinn í lögum sem ein heildarfjárhæð sem hver framteljandi nýtur á ári og kemur til frádráttar frá tekjuskatti og útsvari í staðgreiðslu. Þessi fjárhæð er 312.024 kr. árið 2002 (26.002 kr. á mánuði). Hjón og sambúðarfólk fá tvöfalda þessa upphæð og á næsta ári verður persónuafsláttur maka að fullu millifæranlegur.

Í svarinu er byggt á þessari grunnfjárhæð og persónuafslátturinn síðan hækkaður í samræmi við þær viðbótarfjárhæðir sem um er spurt, miðað við heilt ár.

Hækkun persónu-afsláttar / ráð-stöfunartekna á ári	Persónu-afsláttur á ári	Persónu-afsláttur á mánuði	Skattleysismörk á mánuði án tillits til frádráttar lífeyrisiðgjalda	Skattleysismörk á mánuði að teknu tilliti til 4% frádráttar lífeyrisiðgjalda	Lækkun tekna ríkissjóðs miðað við heilt ár	Lækkun tekna sveitar-félaga
Núgildandi	312.024 kr.	26.002 kr.	67.468 kr.	70.279 kr.	-	-
1.000 kr.	313.024 kr.	26.085 kr.	67.683 kr.	70.504 kr.	187 m.kr.	0 kr.
5.000 kr.	317.024 kr.	26.418 kr.	68.547 kr.	71.405 kr.	935 m.kr.	0 kr.
10.000 kr.	322.024 kr.	26.835 kr.	69.629 kr.	72.531 kr.	1.865 m.kr.	0 kr.
20.000 kr.	332.024 kr.	27.668 kr.	71.790 kr.	74.783 kr.	3.713 m.kr.	0 kr.
30.000 kr.	342.024 kr.	28.502 kr.	73.954 kr.	77.036 kr.	5.543 m.kr.	0 kr.
40.000 kr.	352.024 kr.	29.335 kr.	76.116 kr.	79.288 kr.	7.356 m.kr.	0 kr.
50.000 kr.	362.024 kr.	30.168 kr.	78.277 kr.	81.539 kr.	9.153 m.kr.	0 kr.

Ástæða er til að gera grein fyrir þeim hugtökum sem fram koma í svarinu. Svokölluð skattleysismörk eru gjarnan skilgreind sem þær tekjur sem einhleypur framteljandi getur haft án þess að komi til greiðslu tekjuskatts og útsvars. Er þá ekki tekið tillit til bóta sem viðkomandi kann að fá úr skattkerfinu, svo sem barnabóta og vaxtabóta, né sjómannaafsláttar. Skattleysismörkin eru fundin með því að deila skatthlutfallinu upp í persónuafsláttinn og margfalda með 100. Gengið er út frá staðgreiðsluhlutfallinu eins og það er árið 2002, þ.e. 38,54% en þar af nemur tekjuskattshlutfall ríkisins 25,75% og útsvarshlutfall sveitarfélaga er 12,79% að meðaltali. Miðað við þessar forsendur eru skattleysismörkin í ár 67.468 kr. á mánuði sé eingöngu horft á skatthlutfallið og persónuafslátt. Í reynd eru skattleysismörkin hærri þar sem greiðslur skattgreiðenda í lífeyrissjóði eru dregnar frá tekjuskattstofni áður en kemur til útreiknings á staðgreiðslu. Þessi frádráttur nemur að lágmarki 4% af tekjum en getur farið upp í 8% fullnýti einstaklingurinn heimildir skattalaga til viðbótarlífeyrissparnaðar. Í þessum tilvikum fara skattleysismörkin upp í 70.279 kr. miðað við 4% og 73.334 kr. miðað við 8% lífeyrissparnað. Eiga þessi mörk almennt við um launþega.

Rétt er að vekja athygli á því að þær aðgerðir sem hér er spurt um hafa engin áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaga. Ástæðan er sú að sveitarfélögum eru tryggðar tekjur sem svara að fullu til hlutfalls útsvars af tekjum viðkomandi skattgreiðanda frá ríkinu jafnvel þótt tekjurnar séu undir skattleysismörkum. Ríkissjóður greiðir sveitarfélögunum mismuninn. Þetta veldur því að skattleysismörkin gagnvart ríkissjóði, þ.e. áður en viðkomandi skattgreiðandi fer að greiða tekjuskatt, eru mun hærri en áður var nefnt, eða á bilinu 105.000–110.000 kr. á mánuði eftir því hvort miðað er við 4% eða 8% lífeyrisiðgjald.

Í töflunni er sem fyrr segir gengið út frá þeim fjárhæðum og skatthlutföllum sem gilda á tekjuárinu 2002. Tölur sem sýna áhrif hækkunar persónuafsláttar á tekjur ríkissjóðs miðast við heilt ár. Þar sem hækkun persónuafsláttar kemur beint fram í lækkun skattgreiðslu aukast ráðstöfunartekjur skattgreiðanda einfaldlega um sömu fjárhæð.

349. Frumvarp til laga [321. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra sem starfa að búrekstri. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal sjóðstjórn veita honum aðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess skriflega.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld bónda, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr., vegna búrekstrar, sbr. 3. gr., skulu skiptast milli hans og maka hans eða sambúðaraðila í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega og skal hlutur makans ganga til myndunar sjálfstæðra lífeyrisréttinda hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá 1984 hefur iðgjöldum bænda verið skipt jafnt á milli bónda og maka hans. Í fyrstu var stjórn sjóðsins heimilt að verða við umsókn um aðra skiptingu iðgjaldsins ef iðgjald þeirra náði ekki hámarksiðgjaldi og annað þeirra hafði atvinnutekjur af öðru en búrekstrinum sem skapaði rétt til lífeyris. Stjórnin gat ekki veitt maka undanþágu frá sjóðsaðild. Iðgjald var reiknað af öllum afurðum búsins og iðgjald sem barst umfram hámarksiðgjald einstaklings var þá bókað á makann.

Með lögum nr. 122/1997 var sjóðstjórn gefin heimild til þess að veita maka undanþágu frá sjóðsaðild ef hann var ekki aðili að búrekstrinunum og átti sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði. Frá þeim tíma hafa undanþágur frá sjóðsaðild verið veittar. Með lögum nr. 12/1999 sem tóku gildi 1. júlí 1999 varð sjóðstjórn skylt að veita framangreinda undanþágu.

Nú er því skipan mála sem hér segir:

1. Iðgjöldum hjóna eða sambýlisfólks er skipt til helminga milli þeirra.

2. Hafi annað hvort hjóna eða sambúðaraðila atvinnutekjur af öðru en búrekstri sem skapa ótvíræðan rétt til lífeyris í öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn heimilt að fallast á aðra skiptingu iðgjalda samkvæmt skriflegri umsókn þeirra.

3. Sjóðstjórn skal veita maka bónda undanþágu frá sjóðsaðild sé hann ekki aðili að búreksrinum og eigi sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði og óski þess skriflega. Iðgjaldi er þá ekki skipt.

4. Sé annað hjóna eða sambýlisaðila öryrki bókast iðgjöld óskipt.

Á síðustu árum hafa þær raddir orðið háværari meðal bænda sem telja að ekki sé rétt að skipta iðgjöldum milli hjóna/sambýlisfólks heldur bóka þau á hvorn aðila í samræmi við reiknuð laun hvors um sig enda hafa iðgjöld verið miðuð við 4% af reiknuðum launum frá ársbyrjun 1998. Á búnaðarþingi 2002 var samþykkt ályktun þar sem því er beint til stjórnar Bændasamtaka Íslands „að beita sér fyrir að lög um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, verði tekin til endurskoðunar, einkum til að tryggja að iðgjöld í sjóðinn verði ávallt í réttu hlutfalli

við reiknað endurgjald hlutaðeigandi.“ Bændasamtök Íslands hafa óskað eftir því að stjórn Lífeyrissjóðs bænda beiti sér fyrir þeirri endurskoðun laganna sem hér um ræðir.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur fjallað um þessa málaleitan og komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að leggja til breytingu á lögum um Lífeyrissjóð bænda varðandi skiptingu iðgjalda.

Sjóðurinn gerði úrtakskönnun meðal greiðandi sjóðfélaga á árinu 2001 eftir aldri til þess að kanna hvort hætta væri á að breyting á ákvæðum um skiptingu iðgjalda gæti orðið til þess að einhver hópur maka yrði án lífeyrisréttinda. Í úrtakinu voru 119 greiðendur eða 2,65%, makar þeirra voru 102 og af þeim voru 23 sem hvorki reikna sér endurgjald í landbúnaði né fá greidd laun vegna búrekstrar. Af þessum 23 eru 17 sem njóta skiptra iðgjalda hjá Lífeyrissjóði bænda en ávinna sér jafnframt, í flestum tilvikum, full réttindi í öðrum lífeyrissjóðum vegna vinnu utan búsins. Ef könnunin endurspeglar bændastéttina í heild má ætla að um 16,67% maka bænda þurfi að sækja um undanþágu frá sjóðsaðild. Aðeins tveir þessara 23 maka eru með undanþágu frá sjóðsaðild, þrír eru öryrkjar og einn kominn yfir greiðsluskyldualdur. Enginn þessara 23 maka virðist því vera í áhættuhópi, þ.e. makar bænda sem reikna sér ekki endurgjald í landbúnaði og stunda ekki aðra vinnu. Þó má telja víst að einhverjir makar bænda séu í fyrrgreindum hópi og þyrftu því að sækja um skiptingu iðgjalda til að njóta sjálfstæðra lífeyrisréttinda.

Í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er í 1. tölul. ákvæði um að aðilar (hjón/sambýlisfólk) geti gert samning um að skipta ellilífeyrisgreiðslum jafnt á milli sín. Í 2. tölul. er ákvæði um skiptingu ellilífeyrisréttinda á sama hátt ef a.m.k. sjö ár eru til töku ellilífeyris. Skipting þessi nær ekki til örorkulífeyrisréttinda. Í 3. tölul. er ákvæði um að aðilar geti samið um skiptingu iðgjalds sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi sjóðfélagans allt að hálfu og renni það til að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Skal líta svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Síðasta ákvæðið tekur til þeirrar skiptingar sem hefur farið fram hjá Lífeyrissjóði bænda og er því hægt að grípa til þess ef sjóðfélagi óskar eftir að iðgjöldum verði áfram skipt. Þó er í þessum ákvæðum einungis tekið til ellilífeyrisréttinda og þess vegna er nauðsynlegt að hafa sérákvæði í lögum um Lífeyrissjóð bænda um heimild til að skipta iðgjöldum milli hjóna/sambýlisfólks.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. verði bætt orðunum „sem starfa að búrekstri“. Með mökum sem starfa að búrekstri er átt við maka sem reikna sér laun í landbúnaði eða fá greidd laun frá einkahlutafélagi eða félagsbúi vegna bústarfa. Er þetta gert í þeim tilgangi að fella niður skylduaðild þeirra maka bænda sem ekki starfa að búrekstri að lífeyrissjóðnum. Eftir sem áður er þá í gildi skylduaðild þeirra maka sem starfa að búrekstrinum.

Jafnframt er lagt til að 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna falli brott þar sem ekki verður lengur þörf á að veita undanþágu frá sjóðsaðild þar sem ekki verður lengur um skylduaðild að ræða. En í stað hans komi nýr málsliður um að sjóðstjórn verði skylt að veita þeim mökum bænda, sem ekki reikna sér endurgjald í landbúnaði og stunda ekki aðra atvinnu sem veitir þeim lífeyrisréttindi, aðild að sjóðnum óski þeir eftir því.

Um 2. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 6. gr. laganna falli brott. Þar eru ákvæði um jafna skiptingu iðgjalds milli hjóna/samýlisfólks, aðra skiptingu iðgjalds og undanþágu frá sjóðsaðild. Þetta er í sam-

ræmi við það markmið frumvarpsins að aðalreglan verði sú að iðgjöld í sjóðinn verði í réttu hlutfalli við reiknað endurgjald hlutaðeigandi.

Þá er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein, sem yrði 1. mgr., sem kveði á um skiptingu iðgjalds bónda milli hans og maka hans í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega. Með þessari breytingu er aftur opnað fyrir þann möguleika að skipta iðgjöldum sé makinn án launa sem skapa honum lífeyrisrétt og ávinni makinn sér því sjálfstæð lífeyrisréttindi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

Frumvarp þetta er lagt fram að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs bænda og miðar að því í fyrsta lagi að felld verði niður skylduaðild þeirra maka bænda að sjóðnum sem ekki starfa að búrekstri. Í öðru lagi verði felld niður sú regla að iðgjöldum hjóna eða sambýlisfólks verði að skipta til helminga á milli þeirra en í þess stað verði iðgjöld í réttu hlutfalli við reiknað endurgjald eða greidd laun hlutaðeigandi. Verði frumvarpið lögfest hefur það ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

350. Frumvarp til laga [322. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 5. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

8. Forsjármálum.
9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995.

2. gr.

Í stað orðanna „og skipulagsfræðinga“ í 22. tölul. 10. gr. koma: skipulagsfræðinga og raffræðinga.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

51. Leyfi til sölu notaðra ökutækja
    a. til fimm ára 25.000 kr.
    b. endurnýjun leyfis skv. a-lið 2.500 kr.

4. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa 5.000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um aukatekjur ríkissjóðs er kveðið á um ýmiss konar gjaldtöku sem rennur í ríkissjóð.

Frumvarpið samanstendur af smávægilegum breytingum, þar sem m.a. er verið að bæta inn gjaldtökuheimild fyrir löggildingu á starfsheiti raffræðinga og fyrir leyfi til sölu notaðra ökutækja. Einnig er verið að bæta inn heimild til töku gjalds vegna friðlýsingar æðarvarpa. Jafnframt eru lagðar til breytingar í tengslum við frumvarp að nýjum barnalögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Forsjármálum má að nokkru marki jafna til mála skv. 2. tölul. 5. mgr. greinarinnar, barnsfaðernismála, og 3. tölul., mála til vefengingar á faðerni barns, sem einnig fjalla um hagsmuni barns. Það sjónarmið sem liggur m.a. hér til grundvallar er að bágur fjárhagur foreldris eigi ekki að girða fyrir að dómstóll geti leyst úr ágreiningi um forsjá barns, enda gæti slík niðurstaða verið í brýnni andstöðu við hagsmuni og réttindi barns. Auk framangreindra röksemda um mikilvæga hagsmuni barns verður, þegar um er að ræða afhendingarmál á grundvelli laga nr. 160/1995, einnig að líta til þess þegar krafist er afhendingar barns á grundvelli þeirra tveggja samninga sem lögin taka til, Haagsamningsins og Evrópusamningsins, að meginreglan er sú að það ríki sem fær til meðferðar beiðni um fullnustu ákvörðunar eða afhendingu barns stendur straum af kostnaði vegna meðferðar málsins í því ríki, sbr. 19. gr. laga nr. 160/1995. Þótt fyrirvari hafi verið gerður af Íslands hálfu við greiðslu kostnaðar vegna mála sem rekin eru á grundvelli Haagsamningsins þykir engu að síður rétt að leggja til að gjöld vegna meðferðar mála fyrir dómi sem rekin eru á grundvelli beggja samninganna falli niður.

Um 2. gr.

Vegna breytinga á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með lögum nr. 69/2002, þar sem raffræðingum var bætt við í upptalningu 1. gr., þarf að breyta 22. tölul. 10. gr. laganna þannig að unnt sé að taka gjald fyrir löggildingu á starfsheiti raffræðinga.

Um 3. gr.

Í þessum nýja tölulið er að finna gjaldtökuheimild fyrir útgáfu leyfa til sölu notaðra ökutækja. Verður gjaldið 25.000 kr. Bætt er við gjaldi fyrir endurnýjun slíkra leyfa og verður það gjald 2.500 kr.

Um 4. gr.

Sýslumenn annast friðlýsingu æðarvarpa á grundvelli laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Friðlýsingin er birt í Lögbirtingablaðinu og halda sýslumenn skrá um friðlýst æðarvörp. Lagt er til að innheimt verði gjald af þeim sem óska eftir friðlýsingu til að mæta kostnaði við hana.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar minni háttar breytingar á gjaldtökuheimildum í lögum um aukatekjur ríkisins. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að áhrif þess á tekjur og gjöld ríkisins verði óveruleg.

351. Frumvarp til laga [323. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skv. 1. gr. skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim tíma er gjaldandi sannanlega lagði fram kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra skatta eða gjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér eru lagðar til breytingar á 2. gr. laganna um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt gildandi lögum er miðað við að vextir séu jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma, en viðmiðunin „óbundnir sparireikningar“ er hins vegar ekki notuð lengur. Í 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er því lagt til að vextir verði þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 og fjallar um vexti af skaðabótakröfum.

Samkvæmt gildandi lögum skal greiða dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Vaxtalög, nr. 25/1987, voru felld úr gildi með lögum nr. 38/2001, um

vexti og verðtryggingu. Í ljósi þess er í 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins lagt til að dráttarvextir verði þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á viðmiðun vaxta vegna endurgreiðslna úr ríkissjóði á ofteknum sköttum. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi í för með sér teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs, verði frumvarpið að lögum.

352. Frumvarp til laga [324. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

3. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins, enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi. Sama gildir um happdrætti sem starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stjórnvöldum á hinu Evrópska efnahagssvæði, að sömu skilyrðum fullnægðum. Óheimilt er að auglýsa skattfrelsi vinninga nema fyrir liggi staðfesting ríkisskattstjóra á því að skilyrðum skattfrelsis samkvæmt þessum tölulið sé fullnægt.

2. gr.

Í stað orðsins „átta“ í 8. tölul. 31. gr. laganna kemur: tíu.

3. gr.

Orðin „framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum“ í 5. tölul. 52. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Fjármálaráðherra setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald að fengnum tillögum ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: fjármálaráðherra.

5. gr.

Í stað orðanna „undir 12 rúmlestum brúttó“ í 5. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: undir 20 brúttótonnum.

6. gr.

Á eftir 3. mgr. 90. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Framtals- og skattlagningarstaður félaga sem eru samsköttuð skv. 57. gr. B skal vera í því umdæmi þar sem móðurfélag er. Skattstjóra í því umdæmi skal heimilt að breyta framtölum hinna samsköttuðu félaga skv. 95. og 96. gr., sbr. 97. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað og ákveða annan framtals- eða skattlagningarstað þegar skattaðilar flytjast á milli skattumdæma.

7. gr.

Á eftir orðinu „afurðum“ í 5. mgr. 92. gr. laganna kemur: kaup og sölu á skráningarskyldum ökutækjum.

8. gr.

Við 1. mgr. 102. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra getur ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Skattstjóri sem fer með skatteftirlit í öðru skattumdæmi en sínu eigin skal annast skattbreytingar sem leiða af eftirlitsstörfum hans í umboði viðkomandi skattstjóra.

9. gr.

Á eftir orðunum „við upphaf rannsóknar“ í 6. mgr. 108. gr. laganna kemur: á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins.

10. gr.

1. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar, og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. 1. mgr. 93. gr. Við skiptingu fyrirframgreiðslu og eftirstöðva álagningar á gjalddaga skv. 2. og 4. mgr. skal þó við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

12. gr.

116. gr. laganna orðast svo:

Í upphafi hvers árs skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2003 skal árið 2004 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 4.089.450 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 8.178.900 kr. skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 4.089.450 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 4.089.450 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2004 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 2003. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2003 vegna tekna á árinu 2002 umfram 4.089.450 kr. hjá einstaklingi og umfram 8.178.900 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 5. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst til og með desember 2003. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 5. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal bæta 2,5% álagi við mismuninn.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Helstu breytingarnar eru þær að lagt er til að heimilt verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum. Lagt er til að sérstakur tekjuskattur manna verði framlengdur um eitt ár, skatthlutfallið lækkað um 2% og tekju-

mörkin hækkuð um 2,75%. Lagðar eru til breytingar á vaxtaákvæði laganna til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, og að lokum er að finna í frumvarpinu nokkrar breytingar sem lúta beint að skattframkvæmdinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 3. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna er kveðið á um að draga megi frá tekjum happdrættisvinninga að tilteknum skilyrðum fullnægðum. Meðal annars með hliðsjón af athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA er gert ráð fyrir að kveðið sé skýrt á um að skattfrelsi vinninga gildi um öll happdrætti á hinu Evrópska efnahagssvæði að fullnægðum skilyrðum ákvæðisins. Samkvæmt gildandi lögum er staðfesting ríkisskattstjóra forsenda skattfrelsis. Slíkt fyrirkomulag er eðli máls samkvæmt óhentugt þegar allt Evrópska efnahagssvæðið liggur undir. Eðlilegra þykir að um skattfrelsið gildi hlutlægar reglur og skattfrelsið sé þannig óháð staðfestingu ríkisskattstjóra, enda væri þar í reynd verið að fela stjórnvaldi ákvörðunarvald um skattskyldu, sem er vafasamt að samrýmist skattlagningarákvæðum stjórnarskrárinnar. Engu að síður þykir ekki óeðlilegt að ríkisskattstjóri gegni áfram ákveðnu hlutverki í þessu samhengi. Þannig er lagt til að óheimilt sé að auglýsa skattfrelsi nema að fyrir liggi staðfesting ríkisskattstjóra. Þessi regla felur í sér ákveðna neytendavernd, og er ætlað að tryggja að almenningur taki ekki þátt í happdrættum sem kynnt eru sem skattfrjáls, án þess að vera það.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að heimilt verði að draga frá tekjum af atvinnurekstri eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum í stað átta ára eins og verið hefur. Þessi breyting tengist óbeint afnámi verðbólgureikningsskila í upphafi árs, en tíu ára reglan er nær þeim reglum sem gilda í nágrannaríkjunum.

Um 3. gr.

Í 5. tölul. 52. gr. laganna er kveðið á um það að óheimilt sé að telja til rekstrarkostnaðar kostnað við rekstur fólksbifreiða sem látnar eru framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum starfsmönnum í té til eigin afnota, nema að því marki sem hlunnindin af notkun viðkomandi fólksbifreiðar hafa verið talin til tekna samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra. Hér er lagt til að regla þessi verði látin gilda um alla starfsmenn, án tillits til stöðu þeirra innan fyrirtækis. Eðli máls samkvæmt getur fyrirtæki ekki tekið ábyrgð á skattskilum starfsmanna sinna, en skilyrðum þessa ákvæðis er fullnægt ef hlunnindin eru gefin upp á launamiða.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum setur ríkisskattstjóri árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald. Hér er lögð til sú breyting á 59. gr. laganna að formleg ákvörðun um lágmark reiknaðs endurgjalds verði hjá fjármálaráðherra, en að fengnum tillögum ríkisskattstjóra, þannig að fleiri en eitt stjórnvald komi að ákvörðuninni.

Um 5. gr.

Breyting sú sem hér er lögð til leiðir af breytingum á 2. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987. Í þeim lögum er skylt að lögskrá alla skipverja, sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 20 brúttótonn eða stærri. Áður en 2. gr. laga um lögskráningu sjómanna var breytt með 1. gr. laga nr. 55/2001 var miðað við skipverja sem ráðnir voru til starfa á íslenskum skipum sem voru 12 rúmlestir brúttó eða stærri. Orsök þeirra breytinga er gerðar

hafa verið á 2. gr. laga um lögskráningu sjómanna er að teknar hafa verið upp nýjar mælingareglur til samræmis við alþjóðasamþykktir og samkvæmt þeim skal styðjast við tonn í stað rúmlesta. Ef breytingin verður ekki gerð þá munu einhverjir skipverjar sem eru ráðnir til starfa á íslenskum skipum sem eru undir 20 brúttótonnum en yfir 12 brúttórúmlestum ekki lengur eiga rétt á sjómannaafslætti.

Um 6. gr.

Lagt er til að þegar um samsköttuð félög er að ræða skuli skattlagningarstaður þeirra vera í því umdæmi sem móðurfélag hefur aðsetur. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að þegar skattaðili flyst á milli skattumdæma geti ríkisskattstjóri ákveðið annan framtals- eða skattlagningarstað en leiðir af ákvæðum 1.–3. mgr. Dæmi um slíkt tilvik er þegar skattstjóri byrjar mál einstaklings sem síðan flytur í annað umdæmi. Þá þarf samkvæmt gildandi lögum annar skattstjóri að byrja málið upp á nýtt. Þetta er eðli máls samkvæmt óhagkvæmt og hefur oftar en ekki í för með sér óþarfa bréfaskipti og umstang fyrir gjaldandann.

Um 7. gr.

Á framtali skal gera grein fyrir m.a. kaupum og sölum á ökutækjum. Upplýsingar um kaupverð liggja ekki fyrir í opinberum skrám. Hér er lagt til að slíkar upplýsingar verði skráðar á eigendaskiptatilkynningar og þar með skapaður grundvöllur fyrir rafræna forskráningu þessara upplýsinga á skattframtöl.

Um 8. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til lýtur að skipulagi skattkerfisins. Samkvæmt gildandi lögum annst skattstjórar skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Þá hefur ríkisskattstjóri á hendi yfirstjórn skatteftirlits og skatteftirlit á landinu öllu. Sú breyting sem hér er lögð til felur í sér að fjármálaráðherra getur ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu umdæmi og eftir atvikum skattbreytingu ef skatteftirlit leiðir til endurákvörðunar opinberra gjalda. Skatteftirlit var flutt frá landsbyggðarskattstofum til embættis ríkisskattstjóra árið 1996. Ástæðan var sú að illa gekk að manna þessar stöður úti á landi og einingarnar voru of litlar á hverjum stað til að þær gætu verið faglega og fjárhagslega hagkvæmar. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er gert ráð fyrir að heimilt verði að færa landsbyggðarskatteftirlitið frá ríkisskattstjóra til ákveðinna skattumdæma. Er talið að nú sé grundvöllur til að færa það aftur út á landsbyggðina, þó þannig að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi svo að eftirlitseiningar sem settar yrðu upp ráði yfir lágmarks mannafla.

Um 9. gr.

Hér er lögð til lítils háttar orðalagsbreyting á 6. mgr. 108. gr. laganna. Núgildandi ákvæði hljóðar svo: *„Sök samkvæmt 107. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.“* Til að taka af allan vafa er í þessari grein tekið skýrt fram að miðað er við að sök fyrnist miðað við upphaf rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Er þessi breyting lögð til í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 3047/2000. Taldi umboðsmaður réttaróvissu fylgja því að ekki væri kveðið með skýrum hætti á um það í 6. mgr. 108. gr. laganna, að rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins rjúfi fyrningarfrest þann sem ákvæðið mælir fyrir um.

Um 10. gr.

Lagðar eru til breytingar á 110. gr. laganna að því er varðar innheimtu opinberra gjalda. Breytingarnar felast í því að fyrirframgreiðslu þinggjalda og eftirstöðvum þeirra verði skipt þannig niður á gjalddaga að aldrei verði lægri fjárhæð til innheimtu á hverjum gjalddaga en 2.000 krónur. Gjalddagar geti mest orðið tíu. Ef ákvörðuð fyrirframgreiðsluskylda væri til dæmis 6.000 krónur kæmi hún til innheimtu þannig að 2.000 krónur væru til innheimtu 1. febrúar, 1. mars og 1. apríl og þar með væri fyrirframgreiðslan fullgreidd. Sama fyrirkomulag væri síðan haft á, þegar eftirstöðvum álagningar þinggjalda verður dreift á gjalddaga. Þá er gert ráð fyrir því að þeir mánuðir sem fyrirframgreiðslan er ákveðin, þ.e. janúar og sá mánuður sem álagningu lýkur, verði ekki gjalddagamánuðir samkvæmt ákvæðinu.

Um 11. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 1. og 2. mgr. 112. gr. gildandi laga sem fjallar um vexti og dráttarvexti, til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Í núgildandi 1. mgr. 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt kemur fram að dráttarvextir séu þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Þessi viðmiðun féll niður með lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og ákveður Seðlabanki Íslands ekki lengur dráttarvexti hjá innlánsstofnunum. Í ljósi þess er í a-lið greinarinnar lagt til að dráttarvextir verði þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Í 2. mgr. 112. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt er miðað við að vextir vegna ofgreiddra skatta skuli vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma. Viðmiðunin „óbundnir sparireikningar“ er ekki lengur notuð. Er í b-lið greinarinnar lagt til að vextir verði jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Er breytingin sem hér er lögð til samhljóða þeirri breytingu sem gerð var með 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, og fjallar um vexti af skaðabótakröfum.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að ákvörðun um mat á hlunnindum verði hjá fjármálaráðherra, en að fengnum tillögum ríkisskattstjóra, þannig að fleiri en eitt stjórnvald komi að endanlegri ákvörðun.

Um 13. gr.

Í þessari grein er lagt til að sérstakur tekjuskattur einstaklinga verði framlengdur um eitt ár. Jafnframt er lagt til að skatthlutfallið verði lækkað úr 7% í 5% og tekjumörkin hækkuð um 2,75%.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þar má nefna að lagt er til að sérstakur tekjuskattur falli ekki niður eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum heldur verði hann framlengdur um eitt ár og að skatthlutfallið lækki um 2% og tekjumörk skattsins hækki um 2,75%. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að heimilað verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta ára. Einnig eru lagðar til breytingar á vaxtaákvæðum laganna til samræmis við breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir ýmsum breytingum á skattframkvæmdinni. Verði ákvæði frumvarpsins lögfest er talið að áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði óveruleg og áformar fjármálaráðuneytið að þeim verði komið í framkvæmd innan útgjaldaramma gildandi fjárlaga. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 hefur verið gert ráð fyrir að sérstakur tekjuskattur verði framlengdur á sama hátt og í þessu frumvarpi og að tekjur af honum nemi tæplega 1,6 milljörðum króna. Reiknað er með að aðrar tekjubreytingar sem leitt gæti af frumvarpinu verði óverulegar.

353. Frumvarp til laga [325. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, þar af þrír án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands og einn tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.

3. gr

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá skipa nýja stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að verkefni sem nú heyrir undir sjávarútvegsráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar verði færð frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Nái þessi breyting fram að ganga mun umhverfisráðuneyti ákvarða heildaraflamark ár hvert, hafa umsjón með rannsóknum og gera tillögur varðandi almennt skipulag veiða innan efnahagslögsögunnar, ekki síst þær er tengjast hafsbotninum. Þá mun ráðuneytið veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra, jafnframt því að setja almennar reglur um notkun veiðarfæra. Sjávarútvegsráðuneyti mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mati á sjávarafurðum.

Nauðsynlegt þykir að gera umrædda breytingu og leggja þannig ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörðun sem þá varðar miklu fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Það skiptir miklu máli að við ákvarðanir um hagnýtingu auðlindar sé litið til langs tíma og þjóðarhags.

Verði frumvarp þetta að lögum er rétt að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á 10., 13., 15. og 18. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem leiðir af þeirri tilhögun að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á skipan stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar á þann veg að hagsmunaaðilar skipi ekki lengur fulltrúa í stjórnina heldur einvörðungu ráðherra, Fiskifélag Íslands og starfsmenn stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd við 1. gr.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna og að skipuð verði ný stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum.

354. Frumvarp til laga [326. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Heimilt er að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Námslán eru veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eðlileg námsframvinda í námsgrein miðast við reglur í þeim skóla þar sem nám er stundað.
c. 5.–7. mgr. orðast svo:
   Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess.
   Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán hafi námsmaður undirritað skuldabréf, sbr. 5. mgr.
   Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi skuli fullnægja.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, breytist 30% af upphæð námsláns í styrk. Styrkurinn er skattfrjáls og óháður tekjum viðkomandi námsmanns.

Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll, verður ekki um styrkveitingu að ræða. Stjórn sjóðsins sker úr um í vafatilvikum hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist: sbr. þó 1. mgr. 6. gr. a.
b. 5. mgr. orðast svo:
   Lán sjóðsins skulu vera vaxtalaus.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Orðin „og vöxtum“ í 2. mgr. falla brott.
b. Í stað hlutfallstölunnar „4,75“ í 3. mgr. kemur: 3,75.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól og verðbætur.
b. 2. mgr. fellur brott.

7. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til annarra erlendra ríkisborgara sem starfað hafa sem launþegar á Íslandi í a.m.k. þrjú ár.

8. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Um námslán og námsstyrki.**

9. gr.

Orðin „og vextir“ í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nokkuð er liðið síðan gerðar voru breytingar á núgildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þær breytingar sem þá voru gerðar voru til bóta en þó var allt of skammt gengið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Með þessu frumvarpi eru settar fram grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lagt er til að námslán verði ávallt greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þá er lagt til að krafa um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt og efnilegt fólk hefur orðið að hverfa frá áætlunum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns námsláns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Aðrar breytingar eru þær helstar að lagt er til að þegar námsmaður hefur lokið lokaprófum á tilskildum tíma eða framvísað vottorði um lögmætar tafir á námi breytist 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður. Breytingar þær sem hér eru lagðar til taka mið af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð eru 34,5% af þeirri upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma hreinn styrkur sé miðað við fullt nám en það eru u.þ.b. 7.200 sænskar kr. Annars staðar á Norðurlöndum eru námsstyrkir ekki bundnir við að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu.

Þá er lögð til sú meginbreyting að námslán verði vaxtalaus eins og var áður en núgildandi lög tóku gildi. Það hefur sýnt sig að það er mjög íþyngjandi fyrir fólk sem hefur verið í námi og er að byrja lífsbaráttuna, þ.e. stofna fjölskyldu og kaupa sér húsnæði og fleira sem tilheyrir fjölskyldustofnun, að standa undir þungum afborgunum af námslánum. Það er skylda þjóðfélagsins að binda ekki ungu fjölskyldufólki þær byrðar sem gera þeim erfitt fyrir að standast álagið sem nútímalífsbarátta á Íslandi krefst vegna þess að það hefur menntað sig til lífsstarfs.

Einnig er lagt til að endurgreiðsluhlutfalli námslána verði breytt úr 4,75% í 3,75% í því skyni að greiðslubyrði afborgana verði viðráðanlegri.

Í 13. gr. núgildandi laga um lánasjóðinn kemur fram að ríkisborgari ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfað hefur þar sem launþegi í a.m.k. fimm ár, á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Sama gildir um maka hans og börn sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi. Flutningsmenn leggja til að aðrir erlendir ríkisborgarar sem hafa starfað hér á landi í a.m.k. þrjú ár eigi rétt á námsláni vegna viðurkennds náms hér á landi.

Að lokum skal þess getið að lagt er til í 2. gr. laganna að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistarskólann í Reykjavík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Skv. 2. gr. laganna er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., enda stundi þeir sérnám. Hér er lagt til að lögfest verði í 2. gr. laganna að heimilt verði að lána til sérnáms sem er undirbúningur að námi í listaháskóla. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistarskólann í Reykjavík og er því á framhaldsskólastigi þó svo að innihald námsins sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi.

Um 2. gr.

Lagðar eru til ýmsar breytingar á 6. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að námslán verði veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir þá fjárhagserfiðleika sem nemendur lenda í við upphaf háskólanáms. Verði námsframvinda ekki með eðlilegum hætti samkvæmt reglum viðkomandi skóla stöðvast greiðslur námslána, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Í öðru lagi er lögð til frekari skilgreining á því hvað sé eðlileg námsframvinda og miðast ákvörðun þess við reglur skóla þar sem nám er stundað. Að lokum eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarmenn. Skv. 1. gr. laganna er það hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Námslán eiga þannig að tryggja jafnrétti til náms. Ekki getur verið um slíkt að ræða meðan krafist er ábyrgðarmanna fyrir námslán. Því er lagt til að hver námsmaður beri sjálfur ábyrgð á sínu námsláni.

Um 3. gr.

Lögð er til grundvallarbreyting á lögunum með því að kveða á um í nýrri grein, 6. gr. a, að 30% af upphæð námsláns verði styrkur ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla. Lagt er til að styrkurinn verði hvorki tekjutengdur né skattskyldur. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll verður ekki um styrkveitingu að ræða og námsmaður þarf þá að endurgreiða lán sitt að fullu. Að lokum er lagt til að stjórn sjóðsins skeri í vafatilvikum úr um hvort námsmaður teljist hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

Um 4. gr.

Lögð er til sú meginbreyting á 7. gr. laganna að námslán verði vaxtalaus eins og reyndin var áður en lög nr. 21/1992 tóku gildi. Það hefur sýnt sig að afborganir námslána eftir

framangreinda breytingu hafa reynst námsmönnum mjög erfiðar og því er lagt til að námslán verði á ný vaxtalaus.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á 8. gr. laganna um endurgreiðsluhlutfall námslána þar sem núverandi hlutfallstala endurgreiðslu þykir of há. Lagt er til að hlutfallstala endurgreiðslu verði 3,75 í stað 4,75. Skv. 3. mgr. 7. gr. núgildandi laga er lánstími námsláns ótilgreindur og greitt skal af námsláni þar til skuldin er að fullu greidd. Lækkun sú sem hér er lögð til mun ekki hafa úrslitaþýðingu í þessu sambandi. Hins vegar mun lægra endurgreiðsluhlutfall leiða til þess að greiðslubyrði verður viðráðanlegri. Þá er lögð til nauðsynleg breyting á greininni þar sem lagt er til að námslán verði vaxtalaus.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Lögð er til breyting á 2. mgr. 13. gr. laganna um lánshæfni útlendinga. Lagt er til að ákvæðið verði rýmkað og nái þannig til þeirra erlendu ríkisborgara sem starfað hafa sem launþegar á Íslandi í a.m.k. þrjú ár. Markmiðið er að auka möguleika þessa hóps á að afla sér menntunar og bæta þannig lífsskilyrði sín hér á landi.

Um 8. gr.

Lögð er til breyting á heiti II. kafla laganna svo að það lýsi betur inntaki hans.

Um 9. og 10. gr

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

355. Svar [103. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um einbreiðar brýr.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margar einbreiðar brýr eru á þjóðvegi eitt eftir kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan?*
2. *Hvaða áform eru uppi um fækkun einbreiðra brúa á þjóðvegi eitt eftir kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan og hver er áætlaður kostnaður?*

Hér í upphafi skal tekið fram að fyrirspurnin er efnislega samhljóða fyrirspurn frá sama þingmanni sl. vetur, sem var svarað á þskj. 302 í 111. máli 127. löggjafarþings. Nú háttar þannig til að tillaga að samgönguáætlun 2003–2014 er væntanleg fljótlega. Því verður hér ekki gerð tilraun til þess að gefa nýtt svar við 2. lið fyrirspurnarinnar, en það aðeins staðfest að fækkun einbreiðra brúa er með brýnni forgangsatriðum í umferðaröryggismálum að mati ráðuneytisins og eftir því er unnið.

Frá því að fyrirspyrjandi spurði um þetta síðast hefur verið unnið að breikkun sjö brúa á hringveginum og er framkvæmdum lokið við sumar þeirra. Ein þessara brúa er í Norðvestur-

kjördæmi, tvær í Norðausturkjördæmi og fjórar í Suðurkjördæmi. Gert er ráð fyrir að um næstu áramót verði því 71 einbreið brú á hringveginum. Þessar brýr eru í þremur kjördæmum og er skipting þeirra eftirfarandi:

Norðvesturkjördæmi	6 brýr
Norðausturkjördæmi	25 brýr
Suðurkjördæmi	40 brýr

Síðari lið fyrirspurnarinnar var svarað á 127. löggjafarþingi, sbr. hér að framan, á eftirgreindan hátt:

„Samkvæmt núgildandi vegáætlun sem samþykkt var 13. maí 2000 og nær til ársins 2004 er gert ráð fyrir að taka úr umferð, ýmist með endurbyggingu eða breikkun, 16 einbreiðar brýr. Bæði er um að ræða stök verkefni og verkefni tengd vegaframkvæmdum. Fjárveitingar í vegáætlun til þessara verkefna, bæði til vega- og brúargerðar, eru um 1.900 m.kr.

Fjöldi þeirra einbreiðu brúa sem teknar verða úr umferð á tímabili vegáætlunarinnar skiptist þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi	3 brýr
Norðausturkjördæmi	5 brýr
Suðurkjördæmi	8 brýr

Hugmyndir eru um frekari fækkun einbreiðra brúa í langtímaáætlun í vegagerð sem samþykkt var á Alþingi 2. júní 1998 og nær til ársins 2010. Þar er um að ræða 11 brýr, ýmist í stökum verkefnum eða í tengslum við breytingar og endurbætur á vegum. Kostnaður við þessi verkefni er áætlaður um 1.600 m.kr. og er þá talinn kostnaður við vega- og brúargerð.

Fjöldi þeirra einbreiðu brúa sem fara úr umferð samkvæmt tillögum í langtímaáætlun á árunum 2005–2010 skiptist milli kjördæma á eftirfarandi hátt:

Norðvesturkjördæmi	4 brýr
Norðausturkjördæmi	2 brýr
Suðurkjördæmi	5 brýr

Í flestum þessara verkefna eru stórar brýr, en auk þess verður haldið áfram að setja stálrör í stað smærri einbreiðra brúa, þar sem það er unnt. Fjöldi þeirra eða skipting milli kjördæma liggur ekki fyrir.“

356. Svar [216. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um aðskilnað ríkis og þjóðkirkju.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Í hverju felst sérstaða þjóðkirkjunnar umfram önnur trúfélög?*
2. *Ef til aðskilnaðar kemur milli ríkis og þjóðkirkju, hvaða þættir í stjórnskipan, lögum og reglugerðum munu þurfa að breytast?*

Almennt.

Ekki liggur fyrir nein ítarleg úttekt á því hvað felast mundi í aðskilnaði ríkis og þjóðkirkju og verður því að gera þann fyrirvara við þetta svar að við nánari og ítarlegri skoðun kann sitthvað fleira að koma í ljós en hér verður gerð grein fyrir. Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að gera slíka athugun innan þess almenna frests sem settur er til að svara fyrirspurninni.

Aðskilnaður þjóðkirkju og ríkis er ekki á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar.

Sérstaða þjóðkirkjunnar.

Sérstaða þjóðkirkjunnar felst í því að í 62. gr. stjórnarskrárinnar segir að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.

Í 63. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði um trúfrelsi og þar segir að allir eigi rétt á því að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó megi ekki kenna eða fremja neitt það sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. Nú eru skráð 25 trúfélög hér á landi en um 88% landsmanna eru í þjóðkirkjunni, þannig að hún hefur yfirburðastöðu. Af öðrum trúfélögum má nefna evangelísk lútersku fríkirkjusöfnuðina, sem í eru um 4% þjóðarinnar og kaþólsku kirkjuna sem í eru 1,6% þjóðarinnar.

Með hliðsjón af áðurnefndri 62. gr. stjórnarskrárinnar hefur þjóðkirkjan notið sérstakra réttinda umfram önnur trúfélög og hefur það ekki verið talið brjóta gegn almennu jafnræði sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þar má nefna sérstaklega að henni hefur verið tryggður annar fjárhagsgrundvöllur en öðrum trúfélögum. Þá má einnig nefna að tengsl ríkis og þjóðkirkju byggjast á sögulegri hefð, þar sem margir þættir hafa verið samofnir og má þar nefna félags- og menningarlega þætti í starfi þjóðkirkjunnar, tengsl sem aðgreina stöðu hennar frá öðrum trúfélögum.

Þættir í stjórnskipan, lögum og reglugerðum.

Í fyrsta lagi má nefna að ef sérstaða þjóðkirkjunnar verður afnumin með lögum, yrði 62. gr. stjórnarskrárinnar felld brott.

Í öðru lagi yrði núverandi löggjöf um sóknargjöld, Jöfnunarsjóð sókna, Kirkjumálasjóð o.fl. atriði fjárhagslegs eðlis felld niður. Hugsanlega kæmi önnur löggjöf um fjármál trúfélaga í staðinn, svo sem um innheimtu ríkissjóðs á gjöldum til trúfélaga á sama hátt og tíðkast í Svíþjóð og Þýskalandi. Í öðrum nálægum ríkjum, t.d. í ríkjum Norður-Ameríku, er ekki um slíkt að ræða.

Í þriðja lagi yrðu ýmis ákvæði um starfsmenn þjóðkirkjunnar felld úr lögum þannig að þeir teldust ekki til opinberra starfsmanna. Þjóðkirkjan mundi þess í stað setja reglur um skipan og ráðningu biskupa, presta og annarra starfsmanna.

Í fjórða lagi þarf að breyta samningum sem ríki og þjóðkirkja hafa gert sín á milli og skiptir þá mestu máli samningur frá 10. janúar 1997 þar sem kirkjujarðir runnu til ríkisins, en á móti kom að ríkissjóður skuldbatt sig til þess að greiða laun tiltekins fjölda starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þessari skuldbindingu ríkissjóðs mætti breyta með ýmsu móti, t.d. með greiðslu ákveðinnar fjárhæðar með einhvers konar verðtryggingu á ári hverju eða núvirðisreiknaða skuldbindingu, sem síðan yrði greidd að fullu á tilteknu árabili.

Í fimmta lagi er ennþá eftir að leysa úr og leiða til lykta ágreiningsmál varðandi prestssetur þjóðkirkjunnar.

Í sjötta lagi mætti nefna ákvæði er snúa að guðfræðikennslu við Háskóla Íslands.

Í sjöunda lagi þyrftu ríki og þjóðkirkja að gera með sér samninga um vörslu ýmissa menningarverðmæta er mikla þýðingu hafa fyrir íslenska menningu og þjóðkirkjan hefur umsjón með.

Í áttunda lagi má nefna kirkjugarða, sem reknir hafa verið í tengslum við þjóðkirkjuna. Hugsanlega mætti rjúfa þau tengsl og fela sveitarfélögum gerð og rekstur kirkjugarða.

Í fyrirspurninni er spurt um breytingar á reglugerðum. Nánast allar reglugerðir sem varða kirkjuleg málefni mundu taka breytingum í samræmi við þá grundvallarbreytingu sem aðskilnaðurinn hefði í för með sér. Það er hins vegar ekki tímabært að fjalla um þær breytingar fyrr en ljóst verður hvaða skipan þjóðkirkjunnar tæki við af af núverandi formi hennar.

Ljóst er að ef stefnt yrði að aðskilnaði ríkis og þjóðkirkju þyrfti að vanda mjög til undirbúnings hans. Skipa þyrfti nefnd til þess að fara nákvæmlega í saumana á þeim breytingum sem gera þyrfti og síðan yrði að gefa breytingunum nokkurn aðlögunartíma. Aðskilnaðarferlið myndi því taka nokkur ár frá því að ákvörðun væri tekin um að stefna að aðskilnaði ríkis og þjóðkirkju þar til slíkur aðskilnaður tæki gildi.

357. Fyrirspurn [327. mál]

til samgönguráðherra um afleiðingar hækkunar póstburðargjalda.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Til hvaða ráða verður gripið til að sporna gegn því að hækkun póstburðargjalda lami blaðaútgáfu á vegum félagasamtaka og aðra útgáfu, svo sem landsmálablöð sem hafa nýtt sér dreifikerfi póstsins?

358. Fyrirspurn [328. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um meðferð opinberra mála.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvernig miðar störfum réttarfarsnefndar við endurskoðun laga um meðferð opinberra mála og hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni?

359. Fyrirspurn [329. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað af heilsugæslu.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að íbúar á heilsugæslusvæðum þar sem heimilislæknar eru eða verða ekki að störfum fái endurgreiddan þann aukakostnað, þ.m.t. ferðakostnað, sem það hefur í för með sér að sækja þjónustuna annað? Ef ekki, hvernig hyggst ráðherra bæta þá mismunun sem íbúar þessara svæða búa við hvað varðar erfiðara aðgengi og aukinn kostnað þeirra sem þurfa á læknishjálp að halda?

360. Fyrirspurn [330. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hver hefur eftirlit með því að veiðar á smáhvelum séu ekki stundaðar án leyfa?
2. Hvernig hafa slík brot verið meðhöndluð?
3. Telur ráðherra að veiðar á smáhvelum og hvalaskoðun geti farið saman?
4. Fyrirhugar ráðherra endurskoðun á lögunum um hvalveiðar með tilliti til mismunandi nýtingar hvalastofnanna?

361. Fyrirspurn [331. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um notkun Vífilsstaðaspítala fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver yrði heildarbyggingarkostnaður við notkun húsnæðis Vífilsstaðaspítala fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga? Óskað er eftir lýsingu á fyrirhuguðum breytingum á húsnæðinu.
2. Hversu vel nýtist húsnæðið sem heimili fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga, m.a. með tilliti til hjálparbúnaðar og vinnuaðstöðu starfsmanna?
3. Hvað er gert ráð fyrir mörgum vistmönnum á heimilinu og hve margir verða í eins manns, tveggja, þriggja eða fjögurra manna herbergjum?
4. Hver er áætlaður kostnaður við rekstur heimilisins, m.a. launakostnaður?
5. Hver eru leigugjöld af húsnæðinu?

Skriflegt svar óskast.

362. Fyrirspurn [332. mál]

til fjármálaráðherra um eftirlit með vöruinnflutningi í gámum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvernig er eftirliti háttað með vöruinnflutningi í gámum eða á pallettum, annars vegar með flugi og hins vegar skipum? Er tæknibúnaði beitt við eftirlitið, t.d. gegnumlýsingu eða öðrum slíkum aðferðum?
2. Hve margir vörugámar voru fluttir inn til landsins árið 2001 og með hvaða farartækjum?
3. Hve margir tollverðir starfa að eftirliti með vöruinnflutningi í gámum?
4. Hve stórt hlutfall heildarinnflutnings vöru í gámum annars vegar og á pallettum hins vegar var skoðað árið 2001?
5. Hversu oft hafa komið upp mál í tengslum við vöruinnflutning í gámum sem má rekja til
   a. rangrar tollflokkunar sem leiddi til of lágra eða hárra tollgreiðslna,
   b. vísvitandi rangra upplýsinga um innihald,
   c. fíkniefnainnflutnings?
6. Hvernig er eftirliti og vöruskoðun í gámum háttað annars staðar á Norðurlöndum og hve stórt hlutfall gáma er skoðað þar við innflutning?

Skriflegt svar óskast.

363. Fyrirspurn [333. mál]

til landbúnaðarráðherra um samkeppnisstöðu íslenskrar mjólkurframleiðslu.

Frá Vigdísi M. Sveinbjörnsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra standa vörð um íslenska mjólkurframleiðslu við vaxandi samkeppni og æ háværari kröfur um aukna samkeppni?

364. Tillaga til þingsályktunar [334. mál]

um úttekt á aðstöðu til hestamennsku.

Flm.: Jónas Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Einar Már Sigurðarson,
Drífa Hjartardóttir, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggi fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar. Nefndin skili áliti fyrir 1. október 2003.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa einstaklingar, félög og hið opinbera sem kunnugt er sameinast um að auka kynningu og sölu á íslenska hestinum, bæði innan lands og utan. Samhliða þessu viðamikla átaki hafa verið byggðar nútímalegar reiðhallir sem jafnframt þjóna víða sem félagsmiðstöðvar hestamanna. Á þetta einkum við um suðvestanvert landið og Norðvesturland. Landbúnaðarráðuneyti og Reykjavíkurborg hafa stutt þetta málefni með myndarlegum fjárframlögum. Meðal annars hefur verið gerður samningur um miðstöð íslenska hestsins í Skagafirði. Einnig hafa einstaklingar í greininni byggt upp slík mannvirki og hafa í sumum tilfellum notið aðstoðar fyrirtækja í ferðaþjónustu. Landsvæði sem eru fjarri höfuðborgarsvæðinu, frá Eyjafirði norður og austur um land, allt til Hellu á Rangárvöllum, auk Vestfjarða, virðast eiga erfiðara uppdráttar hvað sölu- og markaðsmál áhrærir og er þá ekki alltaf lélegum hrossum um að kenna, nema síður væri. Frekar má nefna fjarlægð frá aðalkomustað erlendra ferðamanna til landsins ásamt aðstöðuleysi þeirra sem hlut eiga að máli. Er nú svo komið að höfuðborgarsvæðið og nærsveitir austan fjalls ásamt afmörkuðum hluta Norðurlands hafa yfirburðastöðu vegna hagstæðrar staðsetningar og framúrskarandi möguleika til þjálfunar, sýninga og sölu á hrossum. Af byggðaástæðum er því tímabært að spyrna við fótum og leita leiða til úrbóta fyrir þau landsvæði sem fjærst liggja markaðinum.

Stefna stjórnvalda hefur verið að æska þessa lands skuli eiga jafnan rétt til náms og þar með félagslífs, óháð búsetu. Ungt fólk víða um land hefur í auknum mæli haslað sér völl í hestamennsku, bæði í leik og starfi. Vitað er að nýjar og glæstar reiðhallir ásamt keppnisvöllum utan dyra skapa mikinn aðstöðumun milli unglinga sem annars vegar eiga greiða leið að góðu og heilbrigðu félagsstarfi þar sem aðstaða er fyrir hendi til tamningar og þjálfunar hesta og þeirra sem búa í dreifbýli og enga aðstöðu hafa.

Eðlilegt er að móta stuðning ríkisvaldsins við uppbyggingu í greininni og gengur þingsályktunartillagan út á að hestamennskan verði nýtt sem sóknarfæri fyrir dreifðar byggðir landsins.

365. Fyrirspurn [335. mál]

til menntamálaráðherra um eftirlit með iðn- og starfsnámi.

Frá Drífu Snædal.

1. Hver er stefna ráðherra varðandi einkarekna starfsnámsskóla og hvernig er eftirliti með starfsemi þeirra háttað?
2. Hyggst ráðherra beita sér gegn því að meistarar nýti nema sem launalaust vinnuafl í þeim stéttum þar sem erfitt er að komast á námssamning og ef svo er, á hvern hátt verður það gert?

366. Frumvarp til laga [336. mál]

um Vísinda- og tækniráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

2. gr.

Stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum skal mörkuð af Vísinda- og tækniráði til þriggja ára í senn. Umfjöllun þess á hvoru sviði um sig skal undirbúin af vísindanefnd og tækninefnd.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar 14 menn í Vísinda- og tækniráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila:

a. Fjóra samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins,
b. tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,
c. tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
d. einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra,
e. einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra,
f. einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra,
g. einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra,
h. einn samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
i. einn samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra.

Auk framangreindra skulu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra eiga föst sæti í ráðinu, en þar að auki skal forsætisráðherra vera heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn. Forsætisráðherra er formaður ráðsins.

4. gr.

Úr hópi þeirra sem skipaðir eru skv. 1. mgr. 3. gr. tilnefnir Vísinda- og tækniráð fulltrúa í vísindanefnd og jafnmarga til vara, sem menntamálaráðherra skipar. Ráðherra skipar jafnframt formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Iðnaðarráðherra skipar tækninefnd með sama hætti.

Nefndirnar skulu hafa með sér samráð um þau atriði sem máli skipta fyrir stefnumótun Vísinda- og tækniráðs.

5. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og tækniráðs. Sama á við um menntamálaráðherra vegna vísindanefndar og iðnaðarráðherra vegna tækninefndar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ný viðhorf á sviði vísinda og tækni.

Á undanförnum áratug hafa blásið nýir vindar í íslensku atvinnulífi. Miklar skipulagbreytingar hafa orðið við aukið frelsi á fjármálamarkaði og einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Fyrirtæki í hefðbundnum greinum hafa sameinast og nýir frumkvöðlar tekið forustu í þeim. Þá hafa sprottið upp fyrirtæki sem byggð eru á nýrri þekkingu og innlendum rannsóknum og þróunarstarfi, m.a. á sviði matvælatækni, upplýsingatækni, heilbrigðistækni og líftækni. Þau hafa látið að sér kveða á alþjóðlegum markaði og sum hver orðið leiðandi á sínu sviði. Fjárfesting í menntun, vísindarannsóknum og tækniþróun skilar þannig sýnilegum árangri, m.a. umtalsverðum og vaxandi tekjum í útflutningi á hátæknivörum og þjónustu sem byggð er á háþróaðri þekkingu og rannsóknum.

Þessi þróun ber að mörgu leyti sömu einkenni og gerist í öðrum löndum og kennd eru við „þekkingarþjóðfélagið". Í mati á samkeppnisstöðu þjóða er þáttur menntunar og frammistöðu á sviði vísindarannsókna og stuðningsumhverfi við nýsköpun hátt metinn. Þetta endurspeglast m.a. í nýlegum ályktunum ráðherraráðs Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) þar sem bent er á að menntun, rannsóknir, nýsköpun og framtakssemi séu drifafl hagvaxtar í þekkingarþjóðfélaginu. Aðildarríkin eru hvött til að efla stuðning við vísindi og rannsóknir og skapa hagstæð skilyrði til nýsköpunar á grundvelli nýrrar þekkingar.

Að undanförnu hefur farið fram samanburður milli þjóða á frammistöðu á ýmsum sviðum, ekki síst á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar. Hafa einstök ríki, OECD og Evrópusambandið staðið að slíkum samanburði. Samanburður þessi hefur m.a. beint sjónum að þætti stjórnvalda, þ.e. hvernig staðið er að stefnumótun, fjármögnun og ákvörðunum (forgangsröðun) um stuðning við rannsóknir, verndun hugverkaréttinda og skipulagningu á hvetjandi efnahagsumhverfi fyrir framtaksfjárfesta. Margar þjóðir hafa lagt sérstaka áherslu á þessa þætti og náð athyglisverðum árangri. Þar má sérstaklega nefna smærri þjóðir eins og Íra, Finna, Dani og Ástrali sem hafa á skömmum tíma náð mjög langt í tæknigreinum og með því aukið framleiðni og hagvöxt. Hafa Finnar og Írar t.d. náð að breyta hagkerfum sínum og ná sér upp úr verulegum efnahagserfiðleikum á tiltölulega skömmum tíma, ekki síst með fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun á sviði upplýsingatækni.

Íslenskar aðstæður.

Ísland hefur á síðustu árum staðið sig allvel í alþjóðlegum samanburði. Hafa orðið umtalsverðar breytingar frá því sem áður var að þjóðin varði hlutfallslega litlum fjármunum til vísindarannsókna og umhverfi til nýsköpunar var óhagstætt fyrir aðrar greinar en sjávarútveg. Nokkuð vel hefur tekist til um fjárfestingu í samskiptatækni og tölvu- og upplýsingatækni og búa Íslendingar við hagstæð skilyrði að þessu leyti og aðgangur að tölvum og interneti má heita almennur og þjónustugjöld með lægsta móti. Þjóðin hefur reynst móttækileg fyrir nýrri tækni og fljót að tileinka sér nýjungar á flestum sviðum. Verulegur vöxtur hefur orðið í nokkrum hátæknigreinum þar sem byggt er á innlendum rannsóknum og sérstöðu.

Þótt framsækni nýrra fyrirtækja á nýjum sviðum veki mesta athygli má ekki gleyma því að hefðbundnir atvinnuvegir byggja einnig á nýrri þekkingu sem fæst með rannsóknum og þróunarstarfi og aðgangi að menntuðu fólki sem tryggt getur endurnýjun á þekkingarinnviðum fyrirtækja og stofnana. Þörf fyrir vísindalega þekkingu og þjálfun fer vaxandi á öllum sviðum þjóðlífsins, ekki síst í mörgum þjónustugreinum, bæði á vegum hins opinbera og í einkageiranum.

Þörf á nýskipan vísinda- og tæknimála.

Ábyrgð á málum rannsókna og þróunar í þágu atvinnulífsins hefur um langt skeið hvílt á herðum einstakra fagráðuneyta, að mestu án heildarsamræmingar þeirra í milli. Þannig hefur skipan rannsóknastofnana atvinnuveganna að mestu verið óbreytt í 37 ár. Fjárveitingar til stofnana og viðfangsefna hinna hefðbundnu atvinnugreina hafa verið í fremur föstum skorðum. Þetta var m.a. gagnrýnt í úttekt OECD á vísinda-, tækni- og nýsköpunarstefnu á Íslandi árið 1992. Þar var reyndar lagt til að stofnuð yrði ráðherranefnd um vísinda- og tæknimál til að fjalla um þessi mál innan ríkisstjórnar. Af því varð þó ekki.

Rannsóknarráð Íslands hefur frá 1994, eftir sameiningu Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs, gegnt vissu samræmingarhlutverki, annast alþjóðatengsl, safnað upplýsingum um framlög til rannsókna og lagt áherslu á samstarf opinberra rannsóknastofnana, háskóla og atvinnulífs. Hefur náðst margvíslegur árangur með styrkveitingum úr sjóðum sem ráðinu var falið að varðveita og úthluta. Hefur ráðið á grundvelli laganna frá 1994 m.a. komið upp vönduðu kerfi til að meta umsóknir um styrki á helstu sviðum vísinda, tækni og fræða. Virðist það eiga nokkurn þátt í vaxandi metnaði og samkeppnishæfni íslenskra vísindamanna í alþjóðlegum samanburði ef marka má aukna tíðni birtingar á vísindalegum greinum og þátttöku í alþjóðasamstarfi á sviði vísinda á síðustu árum. Auk þess hefur ráðið annast og samræmt kynningu og framkvæmd á þátttöku Íslands í evrópsku samstarfi á sviði vísinda. Hefur hún tekist vel ef marka má sóknarárangur Íslendinga í rammaáætlun Evrópusambandsins, þar sem samkeppni er allhörð.

Með hliðsjón af framangreindri alþjóðlegri og heimafenginni reynslu og vaxandi mikilvægis þessa málaflokks þykir nú tímabært að færa samræmda umfjöllun um málefni vísinda og tækni á efsta stig stjórnsýslunnar. Ljóst er að framlög atvinnulífsins til rannsókna fara ört vaxandi og jafnframt eykst metnaður vísindasamfélagsins í réttu hlutfalli við góðan árangur þess. Þótt framlög ríkisins til mennta- og vísindamála hafi lengst af verið hlutfallslega mikil miðað við framlög atvinnuveganna má nú búast við að kröfur til stjórnvalda um aukin framlög til vísinda og tækni og til stuðnings við nýsköpun aukist á næstu árum. Því verður æ mikilvægara að ákvarðanir séu teknar með heildarsýn í fyrirrúmi á grundvelli stefnu sem mörkuð er af stjórnvöldum. Taka þarf mið af þörfum sem varða starfssvið margra ráðuneyta því vísindaframfarir og ný þekking nýtist þvert á þá skipan. Ljóst er að skipan opinberra rannsóknastofnana þarfnast endurskoðunar og örar breytingar eru að verða á verkaskiptingu

milli opinberra aðila og einkageirans á sviði rannsókna og þróunar um þessar mundir. Þá breytast viðhorf á sviði vísinda og tækni, sem og í atvinnulífinu, mjög hratt og mikilvægt að stjórnvöld séu vel upplýst og í aðstöðu til að bregðast við með breyttum áherslum.

Nýtt skipulag.

Aukin samkeppni, breyttar aðstæður og ytri skilyrði gera kröfu til þess að fjármunir sem varið er til vísindarannsókna og tækniþróunar séu nýttir á markvissari hátt en áður og dugi til að ryðja nýrri þekkingu braut. Með markvissri stefnumótun, aukinni samvinnu og samhæfingu rannsóknastofnana og skýrri verkaskiptingu þeirra er hægt að nýta betur opinbert fjármagn sem rennur til rannsókna og þróunar og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Við gerð þessa frumvarps hefur verið haft til hliðsjónar að stefna í vísindum, rannsóknum og þróun setji ótvíræðan svip á almenna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Erfitt getur verið fyrir Ísland að halda stöðu sinni í fremstu röð þjóða nema málaflokkurinn fái þann sess sem honum ber í stefnumótun stjórnvalda hverju sinni.

Lög um Rannsóknarráð Íslands tóku gildi 1. júlí 1994. Samkvæmt þeim bar að endurskoða þau innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Hefur sú endurskoðun farið fram á undanförnum missirum á vegum menntamálaráðuneytisins í nánu samstarfi við ýmsa aðila sem þekkja starfssvið Rannsóknarráðs og þær breytingar sem orðið hafa á rannsóknaumhverfinu á síðustu árum. Jafnframt var leitað eftir hugmyndum um hvaða breytingar helstu rannsóknastofnanir í landinu teldu helst þörf á og skiluðu margir inn athugasemdum sínum í upphafi endurskoðunarstarfsins. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er sú að samin hafa verið þrjú lagafrumvörp, sem fela í sér verulegar breytingar á stjórnskipulagi Rannsóknarráðs og tengdra aðila. Í fyrsta lagi frumvarp þetta til laga um Vísinda- og tækniráð, sem lagt er fram af forsætisráðherra, í öðru lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem lagt er fram af menntamálaráðherra, og í þriðja lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífs, sem lagt er fram af iðnaðarráðherra.

Samkvæmt frumvörpunum þremur er gert ráð fyrir því að stefnumótun í málefnum vísindarannsókna og tækniþróunar fari fram í Vísinda- og tækniráði. Vægi málaflokksins er aukið með því að stefnumótun fer fram í ráði sem fjórir ráðherrar eiga sæti í og starfar undir stjórn forsætisráðherra. Þar koma ráðherrar, vísindamenn og fulltrúar atvinnulífs saman til stefnumótunar í málefnum rannsókna og þróunar. Er þetta nýlunda á Íslandi. Oft hefur verið bent á að það hafi staðið málaflokknum fyrir þrifum að heyra undir mörg ráðuneyti. Það hafi byrgt heildarsýn og hindrað markvissar aðgerðir. Víst er að í þeim löndum sem mesta athygli hafa vakið fyrir stefnumótun í vísindum og tækni hafa oddvitar ríkisstjórna komið að málum og staðið fyrir aðgerðum.

Úthlutun styrkja verður samkvæmt frumvörpunum þremur á vegum tveggja sjóða, Rannsóknasjóðs sem heyrir undir menntamálaráðherra og Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Sjóðirnir starfi samkvæmt áherslum Vísinda- og tækniráðs og lúti sérstökum stjórnum og ráðinu er ætlað að tryggja nauðsynlega samhæfingu í starfi sjóðanna. Í núverandi skipulagi sjóða í vörslu Rannsóknarráðs eru mörkin dregin milli grunnrannsókna annars vegar og hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna hins vegar. Þessi skilgreining er hefðbundin en að margra mati úrelt. Einkum hafa hugtökin grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir nálgast mjög í hugum þeirra sem fást við rannsóknir. Það er til dæmis tímanna tákn að rannsóknir á ýmsum sviðum hátækni og líftækni eru oftar en ekki grunnrannsóknir í þeim skilningi að aflað er nýrrar þekkingar á meginundirstöðum fyrirbæra, þótt þær séu hagnýtar í þeim skilningi að þeim er beint að sérstökum hagnýtum markmiðum. Mörkin eru

einnig óljós í jarðvísindum svo annað dæmi sé tekið. Markmið tækniþróunar og nýsköpunar lýtur hins vegar fyrst og fremst að hagnýtingu vísindalegrar þekkingar til að skapa nýjar afurðir og aðferðir eða bæta þær sem fyrir eru. Í samræmi við þetta er Rannsóknasjóði ætlað að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir en Tækniþróunasjóði tækniþróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Markmið þessa frumvarps er að finna hentugt fyrirkomulag til að samhæfa starfsemi hins opinbera og sameina þá þætti sem hagkvæmt virðist. Einnig þarf að samræma sjónarmið opinberra aðila og einkaaðila varðandi stefnu í mennta-, vísinda- og tæknimálum.

Við gerð frumvarpsins var víða leitað fanga. Skoðuð var skipan rannsóknamála í helstu nágrannalöndum okkar. Að fengnu áliti sérfróðra aðila var ákveðið að hafa skipulag rannsóknamála í Finnlandi að nokkru til hliðsjónar við gerð frumvarpsins. Finnar hafa náð góðum árangri á þessu sviði á skömmum tíma og er talið að það megi rekja til þess vægis sem málaflokknum hefur verið gefið og einnig til skipulags vísinda- og tæknimála þar í landi.

Þótt greina megi á Íslandi flesta þætti sem Finnar hafa í sínu kerfi til stuðnings við vísindi, tækni og nýsköpun er ljóst að nokkuð skortir á yfirsýn og samræmingu hér á landi. Þótt tekið sé mið af finnska vísinda- og tæknikerfinu þá er það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvörpunum þremur miðað við íslenskar aðstæður.

Í aðalatriðum má lýsa nýju skipulagi með eftirfarandi skipuriti.



Samkvæmt skipuritinu mun Vísinda- og tækniráð vinna að eflingu vísindarannsókna, vísindamenntunar og tækniþróunar og móta stefnu fyrir opinbera aðila í vísinda- og tæknimálum. Vísinda- og tækniráðið starfar undir forustu forsætisráðherra og þar sitja jafnframt fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra. Auk þess tilnefna sjávarútvegsráðherra, landbúnaðarráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og umhverfisráðherra í ráðið, svo og aðilar vinnumarkaðarins og háskólar. Í ráðinu sitja samtals 18 menn. Milli

funda starfar Vísinda- og tækniráð í tveimur nefndum, vísindanefnd, sem heyrir undir menntamálaráðuneyti, og tækninefnd, sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti. Gert er ráð fyrir að nefndirnar hafi með sér náið samráð og vinni tillögur að stefnu í málaflokkum sem undir þær heyra. Menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið annast umsýslu fyrir vísindanefnd og tækninefnd.

Undir menntamálaráðuneyti heyra sjálfstæðir styrktarsjóðir, Rannsóknasjóður (núverandi Vísindasjóður og Tæknisjóður), Tækjasjóður og Rannsóknarnámssjóður. Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Rannsóknasjóðs til þriggja ára. Formaður vísindanefndar skal jafnframt vera formaður stjórnar Rannsóknasjóðs. Stjórn Rannsóknasjóðs fer með stjórn Tækjasjóðs. Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Rannsóknarnámssjóðs til þriggja ára í senn. Stjórnir sjóðanna taka endanlega ákvarðanir um úthlutun styrkja. Rannsóknamiðstöð Íslands heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneytið og er henni meðal annars ætlað að annast umsýslu sjóða. Nánar er fjallað um hlutverk hennar í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Undir iðnaðarráðherra heyrir Tækniþróunarsjóður. Hlutverk hans er að fjármagna verkefni sem tengjast nýsköpun í atvinnulífinu og standa nærri markaði. Stjórn sjóðsins er ætlað að endurspegla þetta og er uppbygging stjórnarinnar í grundvallaratriðum þannig að hún hafi sterk tengsl við nánasta faglegt umhverfi sitt og þekkingarlega breidd. Gert er ráð fyrir að tveir stjórnarmenn af fimm tengist tækninefnd Vísinda- og tækniráðs. Tveir tengist nýsköpunarstarfsemi, sem unnin er í þágu atvinnulífsins, þar af verði annar tilnefndur af rannsóknastofnunum atvinnulífsins og hinn af Samtökum iðnaðarins. Þá skipar iðnaðarráðherra fimmta stjórnarmanninn án tilnefningar. Nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er önnur lykilstarfsemi sem nýsköpunarferlið byggist á. Hlutverk hennar er fyrst og fremst miðlun vísindalegrar þekkingar til atvinnulífsins og aðstoð við frumkvöðla og fyrirtæki sem takast á við frumstig nýsköpunarinnar og þarfnast leiðsagnar til að ná tilætluðum árangri. Nánar er fjallað um þetta í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Rannsóknamiðstöð Íslands annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs samkvæmt samningi við iðnaðarráðherra.

Í Vísinda- og tækniráði mætast einstaklingar frá ólíkum stofnunum og mismunandi stjórnsýslusviðum og einstaklingar sem þekkingu hafa úr atvinnulífinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að þessir aðilar móti stefnuna í málaflokknum. Með þessu fyrirkomulagi er honum gefið aukið vægi auk þess sem stefnumótandi ráð af þessu tagi er líklegra til þess að ná árangri í því að samræma aðgerðir opinberra aðila í vísinda- og tæknimálum en það Rannsóknarráð sem nú starfar. Hér er um metnaðarfulla hugmynd að ræða sem byggist á því að þekkingarauður þjóðarinnar sé ein helsta auðlind hennar og öðru fremur líkleg til þess að stuðla að auknum hagvexti og bættum lífskjörum í framtíðinni.

Krafan um að vel sé fylgst með nýtingu opinbers fjár felur í sér að skilgreina verður hlut ríkisins í stuðningi við vísindi og tækni með skarpari hætti en gert hefur verið. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að á sviði menntamálaráðuneytisins verði höfuðáherslan lögð á að styrkja og styðja við bakið á vísindarannsóknum, án tillits til þess hvort þær megi flokka undir grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir, jafnframt því að stuðla að menntun ungra vísindamanna. Hlutverk ríkisins á þessu sviði verður samkvæmt því annars vegar að fjármagna öfluga sjóði til þess að styrkja vísindarannsóknir og hins vegar að stuðla að meistara- og doktorsnámi á háskólastigi. Aðrir þættir þróunar og nýsköpunar heyri undir iðnaðarráðuneytið að mestu leyti og hvíli á herðum sjóða eða einkaaðila, sem veita fé til vöruþróunar, nýsköpunar og áhættufjárfestinga.

Hugtök á sviði rannsókna og þróunar.

Í frumvarpinu gegna fjögur hugtök lykilhlutverki en þau eru: Vísindi og rannsóknir annars vegar og þróun og tækni hins vegar. Öll geta þessi hugtök tengst með ýmsum hætti en í frumvarpinu eru hugtökin vísindi og rannsóknir tengd saman annars vegar og hugtökin þróun og tækni hins vegar. Þetta er gert fyrst og fremst til hægðarauka og til þess að skilgreina styrkveitingar til vísindarannsókna og til fjármögnunar tækniþróunar. Orðið vísindarannsóknir er notað yfir allar tegundir vísindarannsókna án tillits til þess hvort um er að ræða grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir. Við gerð frumvarpsins var ákveðið að fara þá leið að fjalla um hugtökin í athugasemdum en ekki skilgreina þau í lagatexta. Vísinda- og tækniráði og nefndum þess er ætlað að sjá til þess að opinber stefna og stuðningur nái til allra þessara þátta og tengi þá saman.

Í frumvarpinu er jafnframt stuðst við þrjú grunnhugtök: Grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þróun. Fyrstu tvö hugtökin hafa ekki skýr mörk og eru því nefnd einu nafni rannsóknir í frumvarpinu. Í frumvarpinu eru eftirfarandi hugtök lögð til grundvallar:

- *Grunnrannsóknir* fela í sér tilraunir eða fræðilega vinnu sem innt er af hendi með það í huga að afla nýrrar þekkingar á undirstöðum fyrirbæra og atburða, oft án þess að hafa nokkra tiltekna hagnýtingu í huga. Meiri hluta slíkra rannsókna er samt sem áður beint að sviðum sem eru áhugaverð fyrir þann sem greiðir fyrir rannsóknirnar.
- *Hagnýtar rannsóknir* fela einnig í sér tilraunir eða fræðilega vinnu sem fer fram með það í huga að afla nýrrar þekkingar. Þeim er hins vegar oftast beint að sérstökum hagnýtum stefnumiðum eða markmiðum.
- *Þróun* felur í sér kerfisbundna vinnu, þar sem byggt er á fyrirliggjandi þekkingu sem hefur fengist með rannsóknum eða hagnýtri reynslu, sem miðar að því að framleiða ný efni, vörur og tæki; að setja upp ný ferli, kerfi og þjónustu; eða að bæta verulega þessa þætti þar sem þeir eru fyrir.

Tölulegar staðreyndir.

Umtalsverð aukning hefur orðið á útgjöldum til rannsókna og þróunar á Íslandi á síðustu árum. Upplýsingar um þessi útgjöld á Norðurlöndunum frá 1999 sýna t.d. að Ísland var með hæstu árlegu raunaukningu á Norðurlöndum á síðasta áratug eða um 12,6%.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram vilji til að auka veg menntunar og rannsókna sem eru forsenda fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Af því tilefni hefur frá árinu 2000 verið fjallað sérstaklega um útgjöld til rannsókna- og þróunarmála í fjárlagafrumvarpi í þeim tilgangi að fá heildaryfirsýn yfir þessi útgjöld á vegum ráðuneyta til að geta betur samræmt og samhæft aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2002 voru þessi útgjöld hjá öllum ráðuneytunum áætluð um 8,9 milljarðar kr. og er þá miðað við fjárframlög til stofnana ásamt sjálfsaflafé þeirra og önnur verkefni. Ef einungis er litið til áætlaðra framlaga ríkisins nemur sú upphæð um 7 milljörðum kr.[1] Áætluð skipting framlaga milli ráðuneyta sést á mynd 1. Þar kemur fram að menntamálaráðuneytið er umsvifamest. Framlög þess til rannsókna er um 4 milljarðar kr. árið 2002 sem er 57% af framlögum ríkisins til þessara mála. Næstumsvifamesta ráðuneytið er sjávarútvegsráðuneytið með 1,4 milljarð kr. til rannsókna 2002 sem er 21% af framlögum ríkisins til rannsóknamála (sjá mynd 1).

Mynd 2 sýnir áætlaða skiptingu framlaga til rannsóknamála á fjárlögum árið 2002. Framlög til menntastofnana eru rúmir 2,4 milljarðar kr. eða um 35% af heildarframlagi ríkisins.

---

[1] Samkvæmt gögnum Rannís.

Framlög til rannsókna atvinnuveganna eru um 1,8 milljarðar kr. eða um 26%. Opinberar rannsóknastofnanir eru svo þriðju í röðinni með 1,3 milljarð kr. eða 18,8%. Framlög til Rannsóknarráðs Íslands og ýmissa sjóða, þ.m.t. sjóða í vörslu þess, eru um 650 millj. kr. eða um 9,2% af heild. Til ýmissa áætlana og verkefna renna um 7,3% af framlögum til rannsóknamála og í erlent rannsóknastarf um 4,3%.

Mynd 1. Opinber framlög til rannsókna og þróunar árið 2002, eftir uppruna.



Mynd 2. Opinber framlög eftir viðtakendum 2002.



Eins og sést á mynd 2 er hlutfall ýmissa sjóða sem leggja fé til rannsókna og þróunar um 9% eða um 650 millj. kr. af heildarframlögum ríkisins til þessara mála. Þó að hlutfall samkeppnissjóða sem Rannsóknarráð hefur yfir að ráða sé ekki hærra en raun ber vitni er mikilvægi þeirra ótvírætt. Þar fer fram ítarlegt faglegt mat á umsóknum þar sem gæði og árangur verkefna hafa mest að segja. Sjóðirnir eru nánast eina opinbera fjármagnið hérlendis þar sem efnt er til samkeppni milli umsókna um styrki. Vægi þeirra er því meira en upphæðir gefa til kynna.

Mikilvægt er að samhæfing náist milli þeirra ráðuneyta sem hafa með rannsóknamál að gera. Umhverfi vísinda- og rannsóknastarfsemi hefur breyst ört á síðustu árum, m.a. með aukinni þátttöku fyrirtækja, alþjóðavæðingu og tilkomu áhættufjármagnssjóða. Breytt mynd kallar á skýrari stefnu og aukna samhæfingu og samráð þeirra sem fara með fjármagn ríkisins í þessum málaflokki. Þessi staðreynd er grunnurinn að þeirri hugmynd að myndað verði Vísinda- og tækniráð með þátttöku þeirra sem bera ábyrgð á rannsókna- og þróunarmálum, hverra á sínu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um meginmarkmið frumvarpsins og sérstök áhersla lögð á mikilvægi þeirra fyrir menningu þjóðarinnar og atvinnuvegina. Gert er ráð fyrir að stefna stjórnvalda, sbr. 2. gr., verði mörkuð í samræmi við þessi markmið.

Um 2. gr.

Hér er lagt að stefnumótun í vísinda- og tæknimálum verði í höndum Vísinda- og tækniráðs, sem skipað er skv. 3. gr., og umfjöllun ráðsins á hvoru sviði um sig undirbúin af vísindanefnd annars vegar og tækninefnd hins vegar, sem skipaðar eru skv. 4. gr. Gert er ráð fyrir að stefnan verði hverju sinni mótuð til jafnlangs tíma og ráðið og nefndirnar eru skipaðar eða til þriggja ára í senn.

Stefnumótun á þessu sviði varðar starfsemi opinberra rannsóknastofnana og opinberra úthlutunarsjóða, áherslur á sviði vísinda og tækni, þ.m.t. vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun. Þannig er gert ráð fyrir að umfjöllun ráðsins taki til almennrar þróunar á sviði vísinda og tækni, samhæfingar opinberra stofnana á sviði vísindarannsókna, aðgerða sem miða að þróun tækni og aukinnar nýtingar hennar og skiptingar fjármuna ríkisins til vísinda- og tæknimála.

Um 3. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skipan Vísinda- og tækniráðs. Til að starfsemi þess fái þá pólitísku athygli sem viðfangsefnið verðskuldar er lagt til að tilteknir fjórir ráðherrar eigi þar föst sæti, en þeim megi fjölga um allt að tvo í samræmi við þær áherslur sem ríkisstjórnin kýs að leggja hverju sinni. Auk þeirra verði ráðið skipað 14 fulltrúum stjórnvalda, atvinnulífsins og vísindasamfélagsins.

Gert er ráð fyrir að ráðið komi saman undir forsæti forsætisráðherra, en skipti að öðru leyti sjálft með sér verkum, ákveði starfshætti og skipuleggi starfsemi sína, að svo miklu leyti sem um það er ekki mælt í reglugerð sem forsætisráðherra setur, sbr. 5. gr.

Um 4. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stefnumótun Vísinda- og tækniráðs verði undirbúin af vísindanefnd annars vegar og tækninefnd hins vegar og taki mið af tillögum þeirra.

Vísindanefnd fjallar þá um mál er varða vísindi og rannsóknir, en tækninefnd um mál er varða tækni og þróun. Til að tryggja samfellu og samræmi í störfum nefndanna og ráðsins er hér lagt til að nefndirnar verði skipaðar ráðsmönnunum sjálfum og varamönnum þeirra til jafnlangs tíma og ráðið er skipað. Ekki er lögbundið hversu margir skuli vera í hvorri nefnd og því er t.d. mögulegt að skipa fleiri en sjö fulltrúa í hvora nefnd. Þá opnast sá möguleiki að skipa sömu fulltrúa bæði í vísindanefnd og tækninefnd og samhæfa þannig störf þeirra, verði það talið æskilegt. Með þessu fyrirkomulagi er lögð sérstök áhersla á mikilvægi samstarfs og samvinnu milli nefndanna og ekki er útilokað að þær afgreiði í einhverjum tilfellum mál sameiginlega. Þrátt fyrir að áhersla sé lögð á samstarf og samvinnu nefndanna er talið rétt að starfandi séu tvær nefndir. Er það æskilegt vegna ólíkrar aðkomu ríkisvaldsins að tækniþróun og nýsköpun annars vegar og rannsóknum hins vegar. Hvor ráðherra um sig ber ábyrgð á að búa nefndunum viðunandi starfsskilyrði og aðstöðu.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að forsætisráðherra geti sett nánari ákvæði um starfsemi Vísinda- og tækniráðs, eftir því sem þörf er á, og sama eigi við um menntamálaráðherra vegna vísindanefndar og iðnaðarráðherra vegna tækninefndar.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi við birtingu, en vitaskuld hljóta bæði ráðið og nefndirnar í upphafi að haga störfum sínum í takt við aðrar skipulagsbreytingar á þessu sviði, sbr. bráðabirgðaákvæði við frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð.

Frumvarpinu er ætlað að efla og samræma stefnumótun stjórnvalda á sviði vísindarannsókna, vísindamenntunar og tækniþróunar í landinu, gera hana markvissari og gefa henni aukið vægi. Frumvarpið er lagt fram af forsætisráðherra og er flutt samhliða frumvarpi menntamálaráðherra um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og frumvarpi iðnaðarráðherra um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífs.

Frumvarpið sem slíkt gerir ekki ráð fyrir auknum fjárveitingum til rannsókna- og þróunarmála frá því sem nú er en miðar þess í stað að því að fjármunir sem til málaflokksins er varið verði nýttir á markvissan hátt í samræmi við skýra stefnu.

Af þessum sökum er gengið út frá því að lögfesting frumvarpsins leiði ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Útgjöldin gætu þó skipst öðruvísi en áður.

367. Frumvarp til laga [337. mál]

um úrvinnslugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun:* endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting*: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð:* staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs:* aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð:* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð):* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Úrgangur:* hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.
8. *Úrvinnsla úrgangs:* söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

II. KAFLI
Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.

3. gr.
Almennt um gjaldtöku.

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin

hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

4. gr.

Fjárhæð úrvinnslugjalds.

Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs, sbr. 2. mgr. 3. gr. Vöruflokkum skal skipt í uppgjörsflokka og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks. Hver uppgjörsflokkur er fjárhagslega sjálfstæður.

Umhverfisráðherra leggur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs fram tillögu til fjármálaráðherra um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur eftir því sem við á. Fjármálaráðherra flytur frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds og skilagjalds.

5. gr.

Úrvinnslugjald á ökutæki.

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald að fjárhæð 520 kr. fyrir hvert gjaldskylt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjalddagar úrvinnslugjalds á ökutæki eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar–30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí–31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kæruheimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum. Gjaldskylda fellur niður þegar liðin eru 15 ár frá skráningu ökutækis hér á landi.

6. gr.

Skilagjald á ökutæki.

Endurgreiða skal skilagjald, 10.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar til endanlegrar endurnýtingar eða förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð ákvæði um fyrirkomulag greiðslu til móttökustöðvar.

7. gr.

Skilagjald á drykkjarvöruumbúðir.

Endurgreiða skal neytendum skilagjaldshluta úrvinnslugjalds, 9 kr. með virðisaukaskatti á hverja umbúðaeiningu, sbr. viðauka III, við móttöku á notuðum úrvinnslugjaldsskyldum drykkjarvöruumbúðum.

8. gr.

Úrvinnslugjald á aðrar vörur.

Úrvinnslugjald skal leggja á eftirtalda vöruflokka, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum þessum:

1. *Umbúðir:* heyrúlluplast, sbr. viðauka I, samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur, sbr. viðauka II, einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III.

2. *Olíuvörur:* sbr. viðauka IV.
3. *Lífræn leysiefni og klórbundin efnasambönd:* lífræn leysiefni, sbr. viðauka V, halógeneruð efnasambönd, sbr. viðauka VI, ísósýanöt og pólýúretön, sbr. viðauka VII.
4. *Málning og litarefni:* málning, sbr. viðauka VIII, prentlitir, sbr. viðauka IX.
5. *Rafhlöður og rafgeymar:* rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka X, blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka XI.
6. *Vörur í ljósmyndaiðnaði:* sbr. viðauka XII.
7. *Kvikasilfursvörur:* sbr. viðauka XIII.
8. *Varnarefni:* sbr. viðauka XIV.
9. *Kælimiðlar:* sbr. viðauka XV.
10. *Hjólbarðar:* sbr. viðauka XVI.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu enda þjóni það markmiðum laganna. Svartolía er þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögum þessum, enda hefur stjórn Úrvinnslusjóðs staðfest samninginn, sbr. 3. mgr. 17. gr., og tilkynnt það tollstjóra.

III. KAFLI
Gjaldskyldir aðilar, álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, skýrslur, álag, dráttarvextir, kæruheimild og kærufrestur.

9. gr.
Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. gr., hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu og eru skráðir á vörugjaldsskrá, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.
2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til eigin nota.
3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum innan lands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna skattstjóra eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt lögum þessum.

10. gr.
Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendrar framleiðslu sem tollstjórar innheimta. Fjármálaráðherra getur ákveðið að fela

einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu gjalds í öðrum skattumdæmum. Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

11. gr.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendrar framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

12. gr.

Skýrslur, álag og dráttarvextir.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Skattstjóri skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

13. gr.

Kæruheimild og kærufrestur.

Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Álagning úrvinnslugjalds af ökutækjum er kæranleg til ríkisskattstjóra. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Tollstjóri, skattstjóri eða ríkisskattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

IV. KAFLI
Úrvinnslusjóður.

14. gr.

Framkvæmd.

Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir umhverfisráðherra. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lögin falla.

15. gr.

Hlutverk Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess.

Úrvinnslusjóður skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög þessi. Úrvinnslusjóður skal leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs. Úrvinnslusjóður semur við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

Sé gjaldskyld vara eða úrgangur af henni sannanlega flutt úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér á landi skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. Auk þess geri Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hliðsjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vöru á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.

Úrvinnslusjóður skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila um atriði er þá varða.

16. gr.

Stjórn Úrvinnslusjóðs.

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Umhverfisráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: einn eftir sameiginlegri tilnefningu

Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna.

Þóknun til stjórnarmanna greiðist úr Úrvinnslusjóði og skal ákveðin af umhverfisráðherra.

17. gr.

Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim og er umhverfisráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara.

Stjórnin hefur það hlutverk að móta stefnu um starfsemi sjóðsins, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti hans, og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.

Stjórnin staðfestir skýrslur og áætlanir skv. 15. gr. og hefur eftirlit með því að þær séu gerðar og leggur þær fyrir ráðherra fyrir 1. júní ár hvert. Þá staðfestir stjórnin einnig samninga skv. 3. mgr. 8. gr., að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Stjórnin skal eftir því sem við á leggja fram tillögu til umhverfisráðherra um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Telji stjórnin þörf á að leggja skilagjald á vöru til að ná fram auknum skilum hennar skal hún jafnframt leggja fram tillögu um það til ráðherra og fjárhæð þess. Við gerð tillögu að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal stjórnin taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

18. gr.

Umsjón með daglegum rekstri Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Úrvinnslusjóðs ræður framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans og reikningshaldi gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk Úrvinnslusjóðs.

19. gr.

Rekstur Úrvinnslusjóðs.

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

Skorti Úrvinnslusjóð reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, um innfluttar vörur og laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um innlendar framleiðsluvörur.

21. gr.

Reglugerðarheimildir.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um nauðsynlegan frágang úrgangs í hverjum uppgjörsflokki við móttöku í móttökustöð.

22. gr.

Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal móttaka á flokkuðum úrgangi, sem til er kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald, hefjast 1. apríl 2003 vegna vöru sem fellur undir viðauka II, X og XVI, 1. júlí 2003 vegna ökutækja, sbr. 5. gr., og eigi síðar en 1. janúar 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I. Endurgreiðsla skilagjalds á ökutæki, sbr. 6. gr. skal hefjast 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Úrvinnslusjóður skal taka við öllum sjóðum og skuldbindingum spilliefnanefndar sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara.

II.

Ákvæði 7. gr. og 1. tölul. 8. gr., sbr. viðauka III, skulu koma til framkvæmda 1. janúar 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Úrvinnslusjóði er þó heimilt að undirbúa samning við Endurvinnsluna hf. um að ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda fyrir 1. janúar 2008.

III.

Leggja skal úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2004.

Viðauki I.

Heyrúlluplast.

Á heyrúlluplast sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 39. kafla tollskrárinnar:

3920.1003	– – Marglaga, kóextrúderuð, lituð filma (heyrúlluplast)	25,00 kr./kg

Viðauki II.

Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur.

Á samsettar pappaumbúðir sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 4., 20., 22. og 48. kafla tollskrárinnar:

Úr 0401	**Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
0401.1000	– Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd	0,56 kr./kg

0401.2000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd	0,56 kr./kg
0401.3000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd	0,70 kr./kg
Úr 0403	**Áfir, hleypt úr mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói:**	
	– Annað:	
	– – Drykkjarvara:	
0403.9021	– – – Kakóblönduð	0,77 kr./kg
0403.9022	– – – Blönduð með ávöxtum eða hnetum	0,73 kr./kg
0403.9022	– – – Önnur	0,73 kr./kg
Úr 0404	**Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrulegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**	
0404.1000	– Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	0,59 kr./kg
0404.9000	– Annað	0,73 kr./kg
Úr 2009	**Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
	– Appelsínusafi:	
2009.1129	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
2009.1229	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
2009.1929	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
	– Greipaldinsafi:	
2009.2129		
2929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Safi úr hvers konar öðrum sítrusávöxtum:	
2009.3129		
3929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Ananassafi:	
2009.4129		
4929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Tómatsafi:	
2009.5029	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Þrúgusafi (þar með talið þrúguþykkni):	
2009.6129		
6929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Eplasafi:	
2009.7129		
7929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Safi úr hvers konar öðrum ávöxtum eða matjurtum:	
2009.8029	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Safablöndur:	
2009.9029	– – Önnur	0,73 kr./kg
Úr 2201	**Vatn, þar með talið náttúrulegt og gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt; ís og sjór:**	
2201.1019	– – Annars	0,59 kr./kg
2201.9019	– – – Annars	0,59 kr./kg

2201.9029	– – – Annars	0,59 kr./kg
Úr 2202	**Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:**	
	– Annað:	
	– – Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða:	
2202.9011	– – – Í pappaumbúðum	0,59 kr./kg
2202.9019	– – – Annars	0,59 kr./kg
	– – Annars:	
2202.9099	– – – Annars	0,73 kr./kg
Úr 4811	**Pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum, húðað, gegndreypt, hjúpað, yfirborðslitað, yfirborðsskreytt eða áprentað, í rúllum eða rétthyrndum (einnig ferningslaga) örkum, af hvaða stærð sem er, þó ekki vörur þeirrar gerðar sem lýst er í nr. 4803, 4809 eða 4810:**	
	– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður plasti (þó ekki lím):	
4811.5100	– – Bleiktur, meira en 150 g/m² að þyngd	22,23 kr./kg
4811.5900	– – Annar	22,23 kr./kg
4811.6000	– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður vaxi, parafínvaxi, steríni, olíu eða glýseróli	22,23 kr./kg
Úr 4819	**Öskjur, box, kassar, pokar og önnur ílát til umbúða, úr pappír, pappa, sellulósavatti eða vef úr sellulósatrefjum; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og áþekkar vörur, úr pappír eða pappa, sem eru notaðar á skrifstofum, í verslunum o.þ.h.:**	
	– Felliöskjur, fellibox og fellikassar, ekki úr bylgjupappír eða bylgjupappa:	
4819.2001	– – Með viðeigandi áletrun til útflutnings	22,23 kr./kg
4819.2009	– – Annar	22,23 kr./kg

Viðauki III.

Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum.

Viðauki IV.

Olíuvörur.

Á olíuvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 27. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2710	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar; úrgangsolíur:**	
	– Aðrar þunnar olíur og blöndur:	
2710.0049	– – Annað	11,50 kr./kg
	– – Annað:	
2710.1920	– – – Aðrar milliþykkar olíur	0,20 kr./kg

	– Smurolíur, aðrar þykkar olíur og blöndur:	
2710.1951	– – Smurolía og smurfeiti	11,50 kr./kg
2710.1952	– – Ryðvarnarolía	11,50 kr./kg
2710.1959	– – Aðrar	11,50 kr./kg
Úr 3811	**Efni til varnar vélabanki, oxunartálmi, harpixtálmi, smurbætiefni, tæringarvarnaefni og önnur tilbúin íblöndunarefni, fyrir jarðolíur (þar með talið bensín) eða fyrir aðra vökva sem notaðir eru í sama tilgangi og jarðolía:**	
	– Íblöndunarefni fyrir smurolíur:	
3811.2100	– – Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum	11,50 kr./kg
3811.2900	– – Önnur	11,50 kr./kg
3819 3819.0000	**Hemlavökvi og annar unninn vökvi fyrir vökvaskipt drif sem inniheldur ekki eða inniheldur minna en 70% af jarðolíu eða olíu úr tjörukenndum steinefnum miðað við þyngd**	11,50 kr./kg

Viðauki V.

Lífræn leysiefni.

Á lífræn leysiefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 27., 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

2707	**Olíur og aðrar vörur framleiddar með eimingu úr háhita koltjöru; áþekkar vörur þar sem þungi arómatískra efnisþátta er meiri en óarómatískra efnisþátta:**	
2707.1000	– Bensól (bensen)	3,00 kr./kg
2707.2000	– Tólúól (tólúen)	3,00 kr./kg
2707.3000	– Xýlól (xýlen)	3,00 kr./kg
2707.4000	– Naftalín	3,00 kr./kg
2707.5000	– Aðrar arómatískar kolvatnsblöndur sem 65% eða meira miðað við rúmmál (að meðtöldu tapi) eimast við 250°C með ASTM D-86-aðferðinni	3,00 kr./kg
2707.6000	– Fenól	3,00 kr./kg
	– Annað:	
2707.9100	– – Kreósótolíur	3,00 kr./kg
2707.9900	– – Annars	3,00 kr./kg
Úr 2710	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar; úrgangsolíur:**	
	– Aðrar þunnar olíur og blöndur:	
2710.1141	– – Lakkbensín (white spirit)	3,00 kr./kg
Úr 2901	**Raðtengd kolvatnsefni:**	
2901.1000	– Mettuð	3,00kr./kg
	– Ómettuð:	
2901.2100	– – Etylen	3,00 kr./kg
2901.2200	– – Própen (própylen)	3,00 kr./kg
	– – Önnur:	
2901.2909	– – – Annars	3,00 kr./kg
Úr 2902	**Hringlaga kolvatnsefni:**	
	– Cyclan, cyclen og cyclóterpen:	

2902.1100	– – Cyclóhexan	3,00 kr./kg
2902.1900	– – Önnur	3,00 kr./kg
2902.2000	– Bensen (bensól)	3,00 kr./kg
2902.3000	– Tólúen	3,00 kr./kg
	– Xylen:	
2902.4400	– – Blönduð myndbrigði xylen	3,00 kr./kg
2902.5000	– Styren	3,00 kr./kg
2902.9000	– Önnur	3,00 kr./kg
2912	**Aldehyð, einnig með annarri súrefnisvirkni; hringliða fjölliður aldehyða; paraform-aldehyð:**	
	– Raðtengd aldehyð án annarrar súrefnisvirkni:	
2912.1100	– – Metanal (formaldehyð)	3,00 kr./kg
2912.1200	– – Etanal (asetaldehyð)	3,00 kr./kg
2912.1300	– – Bútanal (bútyraldehyð, venjuleg myndbrigði)	3,00 kr./kg
2912.1900	– – Önnur	3,00 kr./kg
	– Hringliða aldehyð án annarrar súrefnisvirkni:	
2912.2100	– – Bensaldehyð	3,00 kr./kg
2912.2900	– – Önnur	3,00 kr./kg
2912.3000	– Aldehyðalkóhól	3,00 kr./kg
	– Aldehyðeterar, aldehyðfenól og aldehyð með annarri súrefnisvirkni:	
2912.4100	– – Vanillín (4-hydroxy-3-metoxybensaldehyð)	3,00 kr./kg
2912.4200	– – Etylvanillín (3-etoxy-4-hydroxybensaldehyð)	3,00 kr./kg
2912.4900	– – Annað	3,00 kr./kg
2912.5000	– Hringliða fjölliður aldehyða	3,00 kr./kg
2912.6000	– Paraformaldehyð	3,00 kr./kg
Úr 2914	**Keton og kínon, einnig með annarri súrefnisvirkni og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:**	
	– Raðtengd keton án annarrar súrefnisvirkni:	
2914.1100	– Aceton	3,00 kr./kg
2914.1200	– – Bútanon (metyletylketon)	3,00 kr./kg
2914.1300	– – 4-Metylpentan-2-on (metylísóbutylketon)	3,00 kr./kg
Úr 3814	**Lífræn samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0001	– Þynnar	3,00 kr./kg
3814.0009	– Annað	3,00 kr./kg

Viðauki VI.

Halógeneruð efnasambönd.

Á halógeneruð efnasambönd, sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna**	
	– Mettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatsefna:	
2903.1100	– – Klórmetan (metylklóríð) og klóretan (etylklóríð)	105,00 kr./kg
2903.1200	– – Díklórmetan (metylenklóríð)	105,00 kr./kg
2903.1300	– – Klóróform (tríklórmetan)	105,00 kr./kg
2903.1400	– – Kolefnistetraklóríð	105,00 kr./kg

2903.1500	– – 1,2-Díklóretan (etylendíklóríð)	105,00 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.1901	– – – 1,1,1-Þríklóretan (metýl klóróform)	105,00 kr./kg
2903.1909	– – – Annars	105,00 kr./kg
	– Ómettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.2100	– – Vinylklóríð (klóretylen)	105,00 kr./kg
2903.2200	– – Tríklóretylen	105,00 kr./kg
2903.2300	– – Tetraklóretylen (perklóretýlen)	105,00 kr./kg
2903.2900	– – Önnur	105,00 kr./kg
	– Flúor-, bróm- eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3090	– – Aðrar	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4300	– – Þríklórþríflúoretan	105,00 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.4910	– – – Brómklórmetan	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður cyclan-, cyclen- eða cyclóterpenkolvatnsefna:	
2903.5100	– – 1,2,3,4,5,6-Hexaklórcyclóhexan	105,00 kr./kg
2903.5900	– – Önnur	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður arómatískra kolvatnsefna:	
2903.6100	– – Klórbensen, o-díklórbensen og p-díklórbensen	105,00 kr./kg
2903.6200	– – Hexaklórbensen og DDT (1,1,1,-tríklór- 2,2-bis(p-klórfenyl) etan)	105,00 kr./kg
2903.6900	– – Aðrar	105,00 kr./kg
Úr 3814	**Lífrænt samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0002	– Málningar- eða lakkeyðar	105,00 kr./kg

Viðauki VII.

Ísócýanöt og pólyúretön.

Á ísócýanöt og pólyúretön sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. og 39. kafla tollskrárinnar:

2929	**Sambönd með annarri köfnunarefnisvirkni:**	
2929.1000	– Ísócyanöt	1,30 kr./kg
2929.9000	– Annað	1,30 kr./kg
Úr 3909	**Amínóresín, fenólresín og pólyúretön, í frumgerðum:**	
	– Pólyúretön:	
3909.5001	– – Upplausnir, þeytur og deig	1,30 kr./kg
3909.5009	– – Önnur	1,30 kr./kg

Viðauki VIII.

Málning.

Á málningarvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3205	3205.0000	**Litlögur (colour lakes); framleiðsla, sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla, að meginstofni úr litlegi**	17,00 kr./kg
3208		**Málning og lökk (þar með talin smeltlökk og lakkmálning) að meginstofni úr syntetískum fjölliðum (polymers) eða kemískt umbreyttum náttúrulegum fjölliðum, dreifðum eða uppleystum í vatnssnauðum miðli; lausnir skýrgreindar í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
		– Að meginstofni úr pólyesterum:	
	3208.1001	– – Með litunarefnum	17,00 kr./kg
	3208.1002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
	3208.1003	– – Viðarvörn	17,00 kr./kg
	3208.1004	– – Alkyð- og olíumálning, með eða án litunarefna	17,00 kr./kg
	3208.1009	– – Annað	17,00 kr./kg
		– Að meginstofni úr akryl- eða vinylfjölliðum:	
	3208.2001	– – Með litunarefnum	17,00 kr./kg
	3208.2002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
	3208.2009	– – Annað	17,00 kr./kg
		– Annað:	
	3208.9001	– – Með litunarefnum (t.d. epoxíð, pólyúretan, klór-gúm, sellulósi o.fl.)	17,00 kr./kg
	3208.9002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
	3208.9003	– – Upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla	17,00 kr./kg
	3208.9009	– – Annars	17,00 kr./kg
3210		**Önnur málning og lökk (þar með talin smeltlökk, lakkmálning og límmálning, (distemper)); unnir vatnsdreifulitir notaðir við lokavinnslu á leðri:**	
		– Málning og lökk:	
	3210.0011	– – Blakkfernis, asfalt- og tjörumálning	17,00 kr./kg
	3210.0012	– – Önnur málning og lökk (t.d. epoxy- eða pólyúretan-lökk o.fl.), með eða án leysiefna, einnig í samstæðum með herði	17,00 kr./kg
	3210.0019	– – Annað	17,00 kr./kg
		– Annað:	
	3210.0021	– – Bæs	17,00 kr./kg
	3210.0029	– – Annars	17,00 kr./kg
3211	3211.0000	**Unnin þurrkefni**	17,00 kr./kg
3212		**Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilitir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:**	
		– Annað:	
	3212.9001	– – Áldeig	17,00 kr./kg
	3212.9009	– – Annars	17,00 kr./kg
3213		**Litir til listmálunar, kennslu, skiltagerðar, blæbrigða, dægradvalar og þess háttar, í töflum, skálpum, krukkum, flöskum, skálum eða í áþekkri mynd eða umbúðum:**	
	3213.1000	– Litir í samstæðum	17,00 kr./kg

3213.9000	– Aðrir	17,00 kr./kg
Úr 3214	**Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl; óeldföst efni til yfirborðslagningar á byggingar eða innanhúss á veggi, gólf, loft eða þess háttar:**	
	– Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl:	
3214.1001	– – Innsiglislakk	17,00 kr./kg
3214.1002	– – Kítti	17,00 kr./kg
3214.1003	– – Önnur þéttiefni	17,00 kr./kg

Viðauki IX.

Prentlitir.

Á prentliti sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3212	**Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilitir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:**	
3212.1000	– Prentþynnur	20,00 kr./kg
3215	**Prentlitir, rit- eða teikniblek og annað blek, einnig kjarnað eða í föstu formi:**	
	– Prentlitir:	
3215.1100	– – Svartir	20,00 kr./kg
3215.1900	– – Aðrir	20,00 kr./kg
3215.9000	– Annað	20,00 kr./kg

Viðauki X.

Rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar.

Á rafhlöður, sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 85. kafla tollskrárinnar:

8506	**Frumrafhlöð og frumrafhlöður:**	
8506.1000	– Mangandíoxíð	91,00 kr./kg
8506.3000	– Kvikasilfuroxíð	559,00 kr./kg
8506.4000	– Silfuroxíð	559,00 kr./kg
8506.5000	– Liþíum	171,00 kr./kg
8506.6000	– Loft-sink	559,00 kr./kg
	– Önnur frumrafhlöð og frumrafhlöður:	
8506.8001	– – Alkalískar hnapparafhlöður	5,00 kr./stk.
8506.8009	– – Annað	91,00 kr./kg
8506.8009	– Hlutar	91,00 kr./kg
Úr 8507	**Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir (þar með taldar ferningslaga):**	
	– Nikkilkadmíum:	
8507.3001	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	202,00 kr./kg
8507.3009	– – Aðrir	202,00 kr./kg

8507.4000	– Nikkeljárn	91,00 kr./kg
	– Aðrir geymar:	
8507.8010	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	91,00 kr./kg
	– – Aðrir:	
8507.8091	– – – Með vökva	91,00 kr./kg
8507.8099	– – – Án vökva	91,00 kr./kg
8507.9000	– Hlutar	91,00 kr./kg
Úr 8543	**Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
8543.4000	– Orkugjafar fyrir rafmagnsgirðingar	202,00 kr./kg
Úr 8548	**Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar; rafmagnshlutar til vélbúnaðar eða tækjabúnaðar, ót.a. í þessum kafla:**	
8548.1000	– Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar	202,00 kr./kg

Viðauki XI.

Blýsýrurafgeymar.

Á rafgeyma (blýsýrurafgeyma) sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, eða eru hluti af vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja úrvinnslugjald. Úrvinnslugjald á rafgeyma skal reiknað með tvennum hætti. Annars vegar sem tiltekin fjárhæð á hvert stykki þeirra vara sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, en hins vegar fyrir hvert kílógramm rafgeymis sem er sérinnfluttur eða er hluti vöru sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer:

Úr 84., 85., 87. og 89. kafla tollskrárinnar:

Úr 8426	**Skipabómur, kranar, þar með taldir kapalkranar; hreyfanlegar lyftigrindur, klofberar og kranabúnir vinnuvagnar:**	
	– Brautarkranar í loft, flutningakranar, gálgakranar, brúarkranar, hreyfanlegir lyftikranar og klofberar:	
8426.1100	– – Brautarkranar í loft á fastri undirstöðu	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Hreyfanlegar lyftigrindur á hjólum með hjólbörðum og klofberar:	
8426.1201	– – – Klofberar	1.672,00 kr./stk.
8426.1209	– – – Annað	836,00 kr./stk.
8426.1900	– – Annað	1.672,00 kr./stk.
8426.2000	– Turnkranar	19,00 kr./kg rafgeyma
8426.3000	– Bómukranar á súlufótum	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn:	
	– – Á hjólum með hjólbörðum:	
8426.4101	– – – Vinnuvagnar búnir krana	627,00 kr./stk.
8426.4102	– – – Vinnuvélar búnar framlengjanlegri fastri lyftibómu fyrir útskiptanlegan vökvaknúinn búnað eins og gaffla, skóflur, griptæki o.þ.h.	627,00 kr./stk.
8426.4109	– – – Annar	836,00 kr./stk.
8426.4900	– – Annars	836,00 kr./stk.
Úr 8427	**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	19,00 kr./kg rafgeyma
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	627,00 kr./stk.

8429	**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**	
	– Jarðýtur:	
8429.1100	– – Á beltum	1.672,00 kr./stk.
8429.1900	– – Aðrar	1.672,00 kr./stk.
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	1.672,00 kr./stk.
8429.2009	– – Annað	1.672,00 kr./stk.
8429.3000	– Skafarar	1.672,00 kr./stk.
8429.4000	– Vélþjöppur og valtarar	836,00 kr./stk.
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framenda ámokstursvélar	1.672,00 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	1.672,00 kr./stk.
8429.5900	– – Aðrar	1.672,00 kr./stk.
Úr 8430	**Annar vélbúnaður til að færa, hefla, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda, vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar:**	
8430.1000	– Fallhamrar og stauratogarar	1.672,00 kr./stk.
	– Kola- eða bergskerar og gangagerðarvélar:	
8430.3100	– – Sjálfknúið	1.672,00 kr./stk.
8430.3900	– – Annað	1.672,00 kr./stk.
	– Aðrar bor- eða brunnavélar:	
8430.4100	– – Sjálfknúnar	836,00 kr./stk.
8430.4900	– – Annars	836,00 kr./stk.
8430.5000	– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn	1.672,00 kr./stk.
	– Annar vélbúnaður, ekki sjálfknúinn:	
	– – Annars:	
8430.6990	– – – Annar	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8479	**Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
8479.1000	– Vélbúnaður til opinberra verklegra framkvæmda, mannvirkjagerðar o.þ.h.	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8504	**Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:**	
	– Aðrir spennar:	
8504.3100	– – 1 kVA eða minni	19,00 kr./kg rafgeyma
8504.3200	– – Stærri en 1 kVA til og með 16 kVA	19,00 kr./kg rafgeyma
8504.3300	– – Stærri en 16 kVA til og með 500 kVA	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8507	**Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir (þar með taldar ferningslaga):**	
	– Blý-sýrugeymar, til að gangsetja stimpilvélar:	
8507.1001	– – Með sýru	19,00 kr./kg
8507.1009	– – Án sýru	26,60 kr./kg
	– Aðrir blý-sýrugeymar:	
8507.2001	– – Með sýru	19,00 kr./kg
8507.2009	– – Án sýru	26,60 kr./kg
8507.9000	– Hlutar	26,60 kr./kg
8701	**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**	
	– Dráttarvélar stjórnað af gangandi	104,50 kr./stk.

8701.1001	– – Nýjar	104,50 kr./stk.
8701.1009	– – Notaðar	104,50 kr./stk.
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8701.2011	– – – Nýjar	836,00 kr./stk.
8701.2019	– – – Notaðar	836,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8701.2021	– – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8701.2029	– – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
8701.3000	– Beltadráttarvélar	627,00 kr./stk.
	– Aðrar:	
8701.9010	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	1.672,00 kr./stk.
8701.9020	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
	– – Annars	
8701.9091	– – – Nýtt	1672,00 kr./stk.
8701.9099	– – – Notað	1672,00 kr./stk.
8702	**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.1011	– – – Ný	836,00 kr./stk.
8702.1019	– – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.1021	– – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8702.1029	– – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur:	
8702.9010	– – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.9021	– – – Ný	418,00 kr./stk.
8702.9029	– – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.9091	– – – Ný	418,00 kr./stk.
8702.9099	– – – Notuð	418,00 kr./stk.
8703	**Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:**	
	– Ökutæki sérstaklega gerð til aksturs í snjó; golf-bifreiðar og áþekk ökutæki:	
	– – Á beltum:	
8703.1010	– – – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – – Vélsleðar (beltabifhjól):	
8703.1021	– – – – Nýir	104,50 kr./stk.
8703.1029	– – – – Notaðir	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
8703.1031	– – – – Með 2000 cm^3 sprengirými, eða minna	313,50 kr./stk.
8703.1039	– – – – Með meira en 2000 cm^3 sprengirými	313,50 kr./stk.
	– – – Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	

8703.1041 – – – – Með 2000 cm^3 sprengirými, eða minna ..... 418,00 kr./stk.
8703.1049 – – – – Með meira en 2000 cm3 sprengirými ..... 418,00 kr./stk.
– – Önnur:
8703.1091 – – – Rafknúin ..... 19,00 kr./kg rafgeyma
8703.1092 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
8703.1099 – – – Annars ..... 104,50 kr./stk.
– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:
– – Með 1000 cm^3 sprengirými eða minna:
8703.2110 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.2121 – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2129 – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– – Með meira en 1000 cm^3 til og með 1500 cm^3 sprengirými:
8703.2210 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.2221 – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2229 – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– – Með meira en 1500 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:
– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:
8703.2310 – – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.2321 – – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2329 – – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– – – Með meira en 2000 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:
8703.2330 – – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.2341 – – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2349 – – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– – Með meira en 3000 cm^3 sprengirými:
8703.2410 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.2491 – – – – Ný ..... 313,50 kr./stk.
8703.2499 – – – – Notuð ..... 313,50 kr./stk.
– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):
– – Með 1500 cm^3 sprengirými eða minna:
8703.3110 – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.3121 – – – – Ný ..... 418,00 kr./stk.
8703.3129 – – – – Notuð ..... 418,00 kr./stk.
– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými:
– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:
8703.3210 – – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.3221 – – – – – Ný ..... 418,00 kr./stk.
8703.3229 – – – – – Notuð ..... 418,00 kr./stk.
– – – Með meira en 2000 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými:
8703.3250 – – – – Fjórhjól ..... 104,50 kr./stk.

	– – – – Önnur:	
8703.3291	– – – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3299	– – – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Með meira en 2500 cm^3 sprengirými:	
8703.3310	– – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.3321	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3329	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8703.9011	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8703.9019	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur en rafknúin:	
8703.9091	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8703.9099	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8704	**Ökutæki til vöruflutninga:**	
	– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:	
8704.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8704.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:	
8704.2111	– – – – Nýjar	836,00 kr./stk.
8704.2119	– – – – Notaðar	836,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2121	– – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.2129	– – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2191	– – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.2199	– – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:	
8704.2210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.672,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2211	– – – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8704.2219	– – – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2221	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2229	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2291	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2299	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.672,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	– – – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8704.2319	– – – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	

8704.2321	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2329	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2391	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2399	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	– – – – Nýjar	418,00 kr./stk.
8704.3119	– – – – Notaðar	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3121	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3129	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3191	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3199	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	418,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	– – – – Nýjar	418,00 kr./stk.
8704.3219	– – – – Notaðar	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3221	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3229	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3291	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3299	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8704.9011	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8704.9019	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur en rafknúin:	
8704.9020	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	836,00 kr./stk.
	– – – Önnur að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.9041	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9049	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – – Með vörupalli:	
8704.9051	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9059	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – – Með vörurými:	
8704.9061	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9069	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – Önnur að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
	– – – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.9071	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.9079	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.

	– – – – Með vörupalli:	
8704.9081	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.9089	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – – Með vörurými:	
8704.9091	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.9099	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**	
	– Kranabifreiðar:	
8705.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	Borkranabifreiðar:	
8705.2001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.2009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.3009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.4009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	– – – Snjóplógar	836,00 kr./stk.
8705.9012	– – – Gálgabifreiðar	836,00 kr./stk.
8705.9019	– – – Annars	836,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	– – – Snjóplógar	1.672,00 kr./stk.
8705.9022	– – – Gálgabifreiðar	1.672,00 kr./stk.
8705.9029	– – – Annars	1.672,00 kr./stk.
8706	**Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701–8705:**	
8706.0001	– Fyrir almenningsbifreiðar og vörubifreiðar	1.672,00 kr./stk.
8706.0009	– Aðrar	418,00 kr./stk.
Úr 8709	**Vinnuvagnar, sjálfknúnir, án tækja til lyftingar eða meðhöndlunar, til nota í verksmiðjum, vörugeymslum, á hafnarsvæðum eða flugvöllum til flutnings á vörum stuttar vegalengdir; dráttarvélar til nota á stöðvarpöllum járnbrauta; hlutar til framangreindra ökutækja:**	
	– Ökutæki:	
8709.1100	– – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma
8709.1900	– – Önnur	627,00 kr./stk.
8710 8710.0000	**Skriðdrekar og aðrir brynvarðir stríðsvagnar, vélknúnir, einnig búnir vopnum, og hlutar til slíkra ökutækja**	1.672,00 kr./stk.
Úr 8711	**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**	
8711.1000	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm^3 eða minna	104,50 kr./stk.

8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm^3 sprengirými til og með 250 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm^3 sprengirými til og með 500 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm^3 sprengirými til og með 800 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm^3 sprengirými	104,50 kr./stk.
	– Annað:	
	– – Annars:	
8711.9091	– – – Rafknúin vélhjól	19,00 kr./kg rafgeyma
8711.9092	– – – Bifhjól, ót.a.	104,50 kr./stk.
Úr 8713	**Ökutæki fyrir fatlaða, einnig vélknúin eða knúin á annan vélrænan hátt:**	
8713.9000	– Önnur	104,50 kr./stk.
8901	**Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða, ferjur, flutningaskip, vöruflutningaprammar og svipuð för til flutnings á mönnum eða vörum:**	
	– Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar:	
8901.1001	– – Ferjur, hvers konar	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.1009	– – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.2000	– Tankskip	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.3000	– Kæliskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:	
8901.9001	– – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.9009	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
8902	**Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:**	
	– Vélskip:	
	– – Meira en 250 rúmlestir:	
8902.0011	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0019	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:	
8902.0021	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0029	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – 10 til og með 100 rúmlestir:	
8902.0031	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0039	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur:	
8902.0041	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0049	– – – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Önnur:	
8902.0091	– – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0099	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8903	**Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:**	
8903.1009	– – Annað	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8903.9100	– – Seglbátar, einnig með hjálparvél	19,00 kr./kg rafgeyma
8903.9200	– – Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	19,00 kr./kg rafgeyma
8903.9909	– – Aðrir	19,00 kr./kg rafgeyma

8904	8904.0000	**Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum**	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8905		**Vitaskip, slökkviskip, dýpkunarskip, flotkranar, og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:**	
	8905.1000	– Dýpkunarskip	19,00 kr./kg rafgeyma
	8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar	19,00 kr./kg rafgeyma
		– Annað:	
	8905.9009	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
8906		**Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar**	
	8906.1000	– Herskip	19,00 kr./kg rafgeyma
	8906.9000	– Annað	19,00 kr./kg rafgeyma
8908	8908.0000	**För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs**	19,00 kr./kg rafgeyma

Viðauki XII.

Vörur í ljósmyndaiðnaði.

Á vörur í ljósmyndaiðnaði sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 37. kafla tollskrárinnar.

Úr 3707		**Kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar:**	
		– Annað:	
		– – Annars:	
		– – – Upplausnir:	
	3707.9020	– – – – Notaðar án þynningar með vatni	36,75 kr./kg
		– – – – Þynntar með vatni fyrir notkun:	
	3707.9031	– – – – – Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hluti kemísks efnis, minna en tveir hlutar vatns)	61,25 kr./kg
	3707.9032	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:2 og minna en 1:3 (einn hluti kemísks efnis, minna en þrír hlutar vatns)	122,50 kr./kg
	3707.9033	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:3 og minna en 1:4 (einn hluti kemísks efnis, minna en fjórir hlutar vatns)	147,00 kr./kg
	3707.9034	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:4 og minna en 1:5 (einn hluti kemísks efnis, minna en fimm hlutar vatns)	196,00 kr./kg
	3707.9035	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:5 eða meira (einn hluti kemísks efnis, fimm hlutar vatns eða meira)	294,00 kr./kg
	3707.9099	– – – – Annars	294,00 kr./kg

Viðauki XIII.

Kvikasilfursvörur.

Á kvikasilfursvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 28. og 30. kafla tollskrárinnar:

Úr 2805		**Alkalí- eða jarðmálmar; sjaldgæfir jarðmálmar, skandín og yttrín, einnig innbyrðis blöndur þeirra eða málmblendi; kvikasilfur:**

2805–4000	– Kvikasilfur	900 kr./kg
Úr 3006	**Vörur til lækninga sem tilgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
	– Tannsement og annað tannfyllingarefni; beinmyndunarsement:	
3006–4002	– – Silfuramalgam til tannfyllinga	900 kr./kg

Viðauki XIV.

Varnarefni.

Á varnarefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
	– – Aðrar	
2903.4990	– – – Annað	3,00 kr./kg

Úr 38. kafla tollskrárinnar:

3808	**Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun og efni til að stjórna plöntuvexti, sótthreinsandi efni og áþekkar vörur í formi eða umbúðum til smásölu eða sem blöndur eða hlutir (t.d. brennisteinsunnin bönd, kveikir og kerti, og flugnaveiðarar):**	
3808.1000	– Skordýraeyðir	3,00 kr./kg
	– Sveppaeyðir:	
3808.2001	– – Fúavarnarefni	3,00 kr./kg
3808.2009	– – Annað	3,00 kr./kg
3808.3000	– Illgresiseyðir, spírunareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti	3,00 kr./kg
3808.4000	– Sótthreinsandi efni	3,00 kr./kg
3808.9000	– Annað	3,00 kr./kg

Viðauki XV.

Kælimiðlar.

Á kælimiðla sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir.

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna**	
	– Flúor-, bróm- eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3010	– – Tetraflúoretan	2,50 kr./kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4100	– – Þríklórflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4200	– – Díklórdíflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4400	– – Díklórtetraflúoretan og klórpentaflúoretan	2,50 kr./kg
	– – Aðrar perhalógenafleiður einungis með flúor og klór:	
2903.4510	– – – Klórþríflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4520	– – – Pentaklórflúoretan	2,50 kr./kg
2903.4530	– – – Tetraklórdíflúoretan	2,50 kr./kg
2903.4540	– – – Heptaklórflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4550	– – – Hexaklórdíflúorprópan	2,50 kr./kg

2903.4560	– – – Pentaklórþríflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4570	– – – Tetraklórtetraflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4580	– – – Þríklórpentaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4591	– – – Díklórhexaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4599	– – – Klórheptaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4700	– – Aðrar perhalógenafleiður	2,50 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.4920	– – – Klórdíflúormetan	2,50 kr./kg
Úr 3824	**Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum) ót. a.:**	
	– Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
3824.7100	– – Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna, einungis með flúor eða klór	2,50 kr./kg
3824.7900	– – Aðrar	2,50 kr./kg
	– Annað:	
3824.9005	– – Kælimiðlablöndur sem innihalda klórtetraflúoretan, klórflúoretan eða klórdíflúormetan	2,50 kr./kg
3824.9006	– – Aðrir kælimiðlar	2,50 kr./kg

Viðauki XVI.

Hjólbarðar.

Á hjólbarða sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 40., 87. og 84. kafla tollskrárinnar.

4011	**Nýir lofthjólbarðar, úr gúmmíi:**	
4011.1000	– Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	36,02 kr./kg
4011.2000	– Fyrir almenningsvagna og vörubifreiðar	36,02 kr./kg
4011.3000	– Fyrir flugvélar	36,02 kr./kg
4011.4000	– Fyrir bifhjól	36,02 kr./kg
4011.5000	– Fyrir reiðhjól	36,02 kr./kg
	– Aðrir, beinteinóttir eða með áþekku mynstri:	
4011.6100	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar eða skógræktarnota	36,02 kr./kg
4011.6200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.6300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.6900	– – Annars	36,02 kr./kg
	– Aðrir:	
4011.9200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar eða skógræktarnota	36,02 kr./kg
4011.9300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.9400	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.9900	– – Annars	36,02 kr./kg

4012	**Sólaðir eða notaðir lofthjólbarðar úr gúmmíi; gegnheilir eða púðurhjólbarðar, hjólbarðaslitfletir og felgubönd úr gúmmíi:**	
	– Sólaðir hjólbarðar:	
4012.1100	– – Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	36,02 kr./kg
4012.1200	– – Fyrir almenningsvagna eða vörubifreiðar	36,02 kr./kg
4012.1300	– – Fyrir flugvélar	36,02 kr./kg
4012.1900	– – Aðrir	36,02 kr./kg
4012.2000	– Notaðir lofthjólbarðar	36,02 kr./kg
4012.9000	– Annað	36,02 kr./kg
Úr 8701	**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**	
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	
8701.2011	– – – Nýjar	16.208 kr./stk.
8701.2019	– – – Notaðar	16.208 kr./stk.
	– Aðrar:	
8701.9010	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	16.208 kr./stk.
87.01.9020	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	16.208 kr./stk.
	– – Annars:	
8701.9091	– – Nýtt	7.204 kr./stk.
8701.9099	– – Notað	7.204 kr./stk.
8702	**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.1011	– – – Ný	8.320 kr./stk.
8702.1019	– – – Notuð	8.320 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.1021	– – Ný	18.909 kr./stk.
8702.1029	– – Notuð	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
8702.9010	– – Rafknúin	18.909 kr./stk.
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.9021	– – – Ný	8.320 kr./stk.
8702.9029	– – – Notuð	8,320 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.9091	– – – Ný	18.909 kr./stk.
8702.9099	– – Notuð	18.909 kr./stk.
Úr 8703	**Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:**	
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Með 1000 cm^3 sprengirými eða minna:	
8703.2110	– – – Fjórhjól	900 kr./stk.
	– – – Önnur	
8703.2121	– – – – Ný	1.261 kr./stk.
8703.2129	– – – – Notuð	1.261 kr./stk.
	– – Með 1000 cm^3 sprengirými til og með 1500 cm^3 sprengirými :	

8703.2210	– – – Fjórhjól	900 kr./stk.
	– – – Önnur	
8703.2221	– – – – Ný	1.621 kr./stk.
8703.2229	– – – – Notuð	1.621 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm³ til og með 2000 cm³ sprengirými:	
8703.2310	– – – – Fjórhjól	1.081 kr./stk.
	– – – – Önnur	
8703.2321	– – – – – Ný	1.621 kr./stk.
8703.2329	– – – – – Notuð	1.621 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými:	
8703.2330	– – – – Fjórhjól	1.081 kr./stk.
	– – – – Önnur	
8703.2341	– – – – – Ný	2.161 kr./stk.
8703.2349	– – – – – Notuð	2.161 kr./stk.
	– – Með meira en 3000 cm³ sprengirými:	
8703.2410	– – – – Fjórhjól	1.441 kr./stk.
	– – – – Önnur	
8703.2491	– – – – – Ný	2.701 kr./stk.
8703.2499	– – – – – Notuð	2.701 kr./stk.
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálfdísil):	
	– Með 1500 cm³ sprengirými eða minna:	
8703.3110	– – – Fjórhjól	864 kr./stk.
	– – – Önnur	
8703.3121	– – – – Ný	1.621 kr./stk.
8703.3129	– – – – Notuð	1.621 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm³ til og með 2000 cm³ sprengirými:	
8703.3210	– – – – Fjórhjól	1.441 kr./stk.
	– – – – Önnur	
8703.3221	– – – – – Ný	1.621 kr./stk.
8703.3229	– – – – – Notuð	1.801 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:	
8703.3250	– – – – Fjórhjól	1.441 kr./stk.
	– – – – Önnur	
8703.3291	– – – – – Ný	2.161 kr./stk.
8703.3299	– – – – – Notuð	2.161 kr./stk.
	– – Með meira en 2500 cm³ sprengirými:	
8703.3310	– – – Fjórhjól	1.441 kr./stk.
	– – – Önnur	
8703.332	– – – – Ný	2.701 kr./stk.
8703.3329	– – – – Notuð	2.701 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8703.9011	– – – Ný	1.801 kr./stk.
8703.9019	– – – Notuð	1.801 kr./stk.

	– – Önnur en rafknúin:	
8703.9091	– – – Ný	1.801 kr./stk.
8703.9099	– – – Notuð	1.801 kr./stk.
Úr 8704	**Ökutæki til vöruflutninga:**	
	– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:	
8704.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	32.416 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálfdísil):	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:	
8704.2111	– – – – Nýjar	3.782 kr./stk.
8704.2119	– – – – Notaðar	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörupalli	
8704.2121	– – – – Ný	3.782 kr./stk.
8704.2129	– – – – Notuð	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2191	– – – – Ný	3.782 kr./stk.
8704.2199	– – – – Notuð	3.782 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:	
8704.2210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	21.611 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2211	– – – – Nýjar	18.909 kr./stk.
8704.2219	– – – – Notaðar	18.909 kr./stk.
	– – – Með vörupalli	
8704.2221	– – – – Ný	18.909 kr./stk.
8704.2229	– – – – Notuð	18.909 kr./stk.
	– – – Með vörurými	
8704.2291	– – – – Ný	18.909 kr./stk.
8704.2299	– – – – Notuð	18.909 kr./stk.
	– – Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	31.696 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	– – – – Nýjar	31.696 kr./stk.
8704.2319	– – – – Notaðar	31.696 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2321	– – – – Ný	31.696 kr./stk.
8704.2329	– – – – Notuð	31.696 kr./stk.
	– – – Með vörurými	
8704.2391	– – – – Ný	31.696 kr./stk.
8704.2399	– – – – Notuð	31.696 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	– – – – Nýjar	3.782 kr./stk.
8704.3119	– – – – Notaðar	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3121	– – – – Ný	3.782 kr./stk.
8704.3129	– – – – Notuð	3.782 kr./stk.

	– – – Með vörurými	
8704.3191	– – – – Ný	3.782 kr./stk.
8704.3199	– – – – Notuð	3.782 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	3.782 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	– – – – Nýjar	3.782 kr./stk.
8704.3219	– – – – Notaðar	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3221	– – – – Nýjar	18.909 kr./stk.
8704.3229	– – – – Notaðar	18.909 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3291	– – – – Nýjar	18.909 kr./stk.
8704.3299	– – – – Notaðar	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8704.9011	– – – Ný	5.043 kr./stk.
8704.9019	– – – Notuð	5.043 kr./stk.
Úr 8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**	
	– Kranabifreiðar:	
8705.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.
8705.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	36.018 kr./stk.
	– Borkranabifreiðar:	
8705.2001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.
8705.2009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	36.018 kr./stk.
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	3.530 kr./stk.
8705.3009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	25.213 kr./stk.
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.
8705.4009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	– – – Snjóplógar	5.043 kr./stk.
8705.9012	– – – Gálgabifreiðar	3.782 kr./stk.
8705.9019	– – – Annars	3.782 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	– – – Snjóplógar	25.213 kr./stk.
8705.9022	– – – Gálgabifreiðar	18.909 kr./stk.
8705.9029	– – – Annars	18.909 kr./stk.
Úr 8711	**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**	
8711.1000	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm^3 eða minna	288 kr./stk.

8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm³ sprengirými til og með 250 cm³	432 kr./stk.
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm³ sprengirými til og með 500 cm³	432 kr./stk.
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm³ sprengirými til og með 800 cm³	432 kr./stk.
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm³ sprengirými	576 kr./stk.
	– Annað:	
8711.9010	– – Hliðarvagnar	1.441 kr./stk.
	– – Annars:	
8711.9091	– – – Rafknúin vélhjól	288 kr./stk.
8711.9092	– – – Rafknúin vélhjól	288 kr./stk.
8711.9099	– – – Annað	288 kr./stk.
8712 8712.0000	**Reiðhjól og önnur hjól (þar með talin þríhjól til vöruflutninga), án vélar**	72,00 kr./stk.
Úr 8716	**Tengivagnar og festivagnar; önnur ökutæki ekki vélrænt knúin; hlutar til þeirra:**	
8716.1000	– Tengivagnar og festivagnar, til íbúðar eða ferðalaga	360 kr./stk.
	– Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota:	
	– – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.2011	– – – Nýir	1.441 kr./stk.
8716.2019	– – – Notaðir	1.441 kr./stk.
	– – Aðrir:	
8716.2091	– – – Nýir	1.441 kr./stk.
8716.2099	– – – Notaðir	1.441 kr./stk.
	– Aðrir tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga:	
	– – Tanktengivagnar og tankfestivagnar:	
8716.3101	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna	2.161 kr./stk.
8716.3109	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	21.611 kr./stk.
	– – Annars:	
	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.3911	– – – – Nýtt	1.441 kr./stk.
8716.3919	– – – – Notað	1.441 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd meira en 750 kg til og með 5tonnum:	
8716.3921	– – – – Nýtt	2.161 kr./stk.
8716.3929	– – – – Notað	2.161 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8716.3991	– – – – Nýtt	21.611 kr./stk.
8716.3999	– – – – Notað	21.611 kr./stk.
8716.4000	– Aðrir tengivagnar og festivagnar	16.208 kr./stk.
8427	**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	3.602 kr./stk.
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	5.043 kr./stk.
8427.9000	– Aðrir vagnar	5.043 kr./stk.
Úr 8429	**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**	
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	28.814 kr./stk.

	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framenda ámokstursvélar	21.611 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	21.611 kr./stk.
8429.5900	– – Aðrar	28.814 kr./stk.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjallað um úrvinnslu úrgangs og segir þar: „Hrint verði af stað umhverfisátaki, þar sem einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög verði hvött til að endurnýta efni og flokka úrgang“. Þannig hefur verið lögð áhersla á af hálfu stjórnvalda að auka endurnýtingu og endurnotkun úrgangs og er það m.a. markmið þessa frumvarps að skapa skilyrði fyrir að þau markmið náist.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra 4. mars 2002. Nefndinni var falið það hlutverk að vinna frumvarp um gjaldtöku vegna úrvinnslugjalds, spilliefnagjalds og skilagjalds, svo og skipulag og framkvæmd gjaldtökunnar. Verði frumvarp þetta að lögum er hinni nýju löggjöf ætlað m.a. að koma í stað laga nr. 56/1996, um spilliefnagjald, og laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Nefndinni var við starf sitt m.a. ætlað að taka mið af drögum að frumvarpi til laga um úrvinnslugjald frá nóvember 2001 sem unnin voru í samvinnu umhverfis- og fjármálaráðuneytisins. Nefndin fékk á fund sinn fulltrúa frá spilliefnanefnd, Endurvinnslunni hf. og Bílgreinasambandinu þar sem framangreindir aðilar gerðu grein fyrir starfsemi sinni og fengin voru viðhorf þeirra til hugmynda sem frumvarp þetta er byggt á.

Í nefndinni áttu sæti Sigríður Auður Arnardóttir deildarstjóri, formaður, Sigurbjörg Sæmundsdóttir deildarstjóri, báðar skipaðar án tilnefningar, Ari Edwald framkvæmdastjóri, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Ingvi Már Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, og Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Björn Rúnar Guðmundsson hagfræðingur, sem einnig var skipaður í nefndina samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, tók ekki þátt í nefndarstarfinu þar sem hann hætti störfum hjá fjármálaráðuneytinu áður en nefndin hóf störf.

Í byrjun ársins 2000 skipaði umhverfisráðherra samstarfsnefnd um endurnýtingu úrgangs og fékk nefndin það hlutverk að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað gætu að aukinni endurnýtingu úrgangs og tillögur um lagasetningu í því skyni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá Fagráði um endurnýtingu úrgangs, FENÚR, Samtökum atvinnulífsins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni sem skipuð er til ársins 2003 er ætlað að fara yfir þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningnum, hvað varðar úrvinnslu úrgangs og hvernig innleiða beri þær reglur í íslenskan rétt. Samstarfsnefndin lagði til að sett yrði sérstakt gjald á tilteknar vörur, þ.e. ökutæki, vinnuvélar, tilteknar umbúðir og hjólbarða til að unnt væri að endurnýta eða endurnota þann úrgang sem af þeim hlýst. Í fylgiskjali I með frumvarpi þessu er að finna greinargerð samstarfsnefndarinnar frá árinu 2001.

Á síðasta áratug hafa miklar breytingar orðið í sorphirðumálum hér á landi. Aukinn áhugi á umhverfismálum hefur leitt af sér auknar kröfur einstaklinga, sveitarfélaga og atvinnulífs til þess að vörur hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið og að markvisst sé tekið á málum er varða úrgang. Segja má því að lyft hafi verið grettistaki í þessum málum á síðustu árum. Þá hefur aðild Íslands að EES-samningnum haft í för með sér ýmsar skyldur á sviði sorphirðumála sem teknar hafa verið upp af hálfu stjórnvalda. Frumvarp þetta byggist á því að

litið er á kostnað vegna endurnýtingar, endurnotkunar og förgunar úrgangs sem hluta af kostnaði við framleiðslu og notkun viðkomandi vöru. Ekki er gert ráð fyrir, verði frumvarp þetta að lögum, að það breyti neinu um þau verkefni sveitarfélaga sem þau hafa nú, t.d. hvað varðar sorphreinsun og almenna förgun á úrgangi.

Íslensk stjórnvöld hafa sett það markmið að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna og að úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 805/1999, um úrgang. Eitt af markmiðum tilskipunar 1999/31/EB, um urðun úrgangs, sem öðlaðist gildi á árinu 2001, er að draga úr magni úrgangs sem fer til urðunar. Frumvarp þetta er sett fram til að skapa hagræn skilyrði til að ná framangreindum markmiðum, en því er ætlað að setja fram eins hagkvæmar lausnir á framkvæmd úrgangsmála og kostur er, þar sem þeir aðilar sem bera ábyrgð á málaflokknum, þ.e. sveitarfélög og atvinnulífið, hafi frumkvæði og samvinnu. Sett hafa verið lög sem hafa sama markmið og frumvarp þetta, þ.e. að skapa hagræn skilyrði fyrir úrvinnslu úrgangs. Fyrstu lög á þessu sviði voru lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Síðar tóku gildi lög um spilliefnagjald, nr. 56/1996, með síðari breytingum, nr. 134/1997. Hugmyndin að baki þeim lögum er að skapa hagrænt umhverfi fyrir atvinnurekstur sem starfar við söfnun, flutning, endurnýtingu og förgun á spilliefnum. en að mestu hefur tekist að ná tökum á söfnun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna eftir tilkomu laganna. Við samningu þessa frumvarps hefur verið litið til þeirrar reynslu sem fengist hefur af starfi spilliefnanefndar og framkvæmd laga um spilliefnagjald, nr. 56/1996. Lagt er til að sérstakur sjóður, Úrvinnslusjóður, sjái um framkvæmd laganna og verði ráðherra til ráðgjafar um þau mál sem undir lögin falla. Gert er ráð fyrir að í stjórn Úrvinnslusjóðs sitji fulltrúar sem hagsmuni eiga að því að úrvinnsla úrgangs verði eins hagkvæm og kostur er.

Í frumvarpi þessu er lagt til að farin verði svipuð leið og mörkuð er í lögum um spilliefnagjald og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur hvað varðar hagrænar leiðir þannig að sköpuð séu hagræn skilyrði fyrir úrvinnslu þeirra vara sem undir frumvarpið falla, en auk einnota drykkjarvöruumbúða og þeirra vara sem verða að spilliefnum er um að ræða ökutæki, allar rafhlöður og rafgeyma, samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur, heyrúlluplast og hjólbarða. Það fyrirkomulag að sá greiði sem mengi, svonefnd mengunarbótaregla, hefur verið haft að leiðarljósi við samningu frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að við innflutning eða framleiðslu vöru sem fellur undir frumvarpið verði lagt úrvinnslugjald á viðkomandi vöru áður en hún fer á markað. Gjaldið á að standa undir kostnaði við úrvinnslu þess úrgangs sem af vörunum leiðir. Úrvinnslusjóður hefur umsýslu með úrvinnslugjaldi en semur við aðra aðila um framkvæmd sjálfrar úrvinnslu vörunnar. Gert er ráð fyrir að úrvinnsla þeirra vara sem falla undir frumvarpið fari fram í náinni samvinnu við hagsmunaaðila enda eru fulltrúar þeirra í stjórn Úrvinnslusjóðs. Hlutverk ríkisvaldsins er að skapa hagræn skilyrði sem nauðsynleg eru til að hrinda aðgerðunum í framkvæmd með álagningu og innheimtu úrvinnslugjalds á viðkomandi vörur.

Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að leggja gjald á þær vörur sem kveðið er á um í 5. og 8. gr. frumvarpsins, sbr. viðauka I–XVI með frumvarpinu, til þess að standa straum af kostnaði vegna úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim leiðir. Úrvinnslugjald skal þannig standa undir kostnaði vegna meðhöndlunar úrgangs á söfnunarstöð, flutnings hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða til endurnýtingarstöðvar enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins, förgun hans og greiðslu skilagjalds eftir því sem við á. Þá er heimilt að greiða fyrir förgun þess úrgangs sem blandast vörum sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun

vörunnar. Meginreglan er því sú að greitt verði fyrir endurnýtingu úrgangs og förgun eftir því sem við á. Flokkuðum úrgangi sem til er kominn vegna gjaldskyldra vara verður þá hægt að skila til móttökustöðva án greiðslu sérstaks móttökugjalds.

Í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningar á því hvað er átt við með einstökum vöruflokkum svo sem umbúðum, ökutækjum, málningu, rafhlöðum og hjólbörðum, þar sem einstök tollskrárnúmer eru tilgreind í viðaukum með frumvarpinu og skilgreina þannig nánar viðkomandi vöruflokka.

Við gerð frumvarps þessa var tekið mið af þeim skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem tók gildi hér á landi 1. janúar 1994. Helstu tilskipanir á þessu sviði eru tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang, tilskipun um úr sér gengin ökutæki og tilskipun um urðun úrgangs. Þá er í undirbúningi tilskipun um raftæki og rafeindabúnað. Einnig var litið til almennra tilskipana um úrgang og tilskipana um bann og takmörkun á tilteknum efnum.

Árið 1996 tók gildi hér á landi reglugerð nr. 609/1996, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs. Reglugerðin var sett til að lögfesta tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang. Markmið tilskipunarinnar er að samhæfa ráðstafanir aðildarríkjanna við meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þeirra á umhverfið. Meðhöndlun umbúða skal fyrst og fremst miðast að því að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnota skal umbúðaúrgang sé þess kostur en endurvinna umbúðir og endurnýta umbúðaúrgang ella til að draga sem mest úr brennslu eða urðun. Í tilskipuninni eru skilgreindar sjö tegundir umbúðaefna og eru sett fram töluleg markmið um endurnýtingu þeirra. Þannig á að vera búið að ná því markmiði að 50–65% umbúðaúrgangs verði endurnýtt og 25–45% endurunnin, þar af minnst 15 % af hverju umbúðaefni. Hér á landi vantar enn upp á að ná 15% endurvinnslumarkmiðinu í umbúðaefnaflokkunum: plast, pappi, pappír, karton, samsettar umbúðir og spunaefni. Þá er 25% endurnýtingarmarkmiðinu náð í efnaflokkunum: gler, málmar og timbur. Heildarendurnýting umbúðaúrgangs hér á landi er nú um 20%. Með því að leggja úrvinnslugjald á þá efnaflokka sem falla undir ákvæði til bráðabirgða III, þ.e. pappírs-, pappa- og plastumbúðir, aðra en þá sem tilgreindir eru í 1. tölul. 8. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að framangreindum skuldbindingum Íslands samkvæmt tilskipun 94/62/EB verði fullnægt. Rétt þykir að þessir vöruflokkar beri úrvinnslugjald frá árinu 2004 enda ekki talið æskilegt að starfsemi Úrvinnslusjóðs verði of umfangsmikil í byrjun. Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur ná aðeins til lítils hluta þeirra umbúða sem falla undir framangreinda reglugerð en í þeim lögum er kveðið á um að lagt skuli skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri eða plastefni.

Í tilskipun um úr sér gengin ökutæki, 2000/53/EB, sem tók gildi 21. október 2000, en lögleiðingu tilskipunarinnar átti að vera lokið hér á landi 21. apríl 2002, er að finna heildarramma um meðhöndlun allra farartækja sem eigendur vilja losa sig við. Í tilskipuninni er kveðið á um að setja þurfi upp kerfi sem tryggir móttöku allra úr sér genginna ökutækja og að því marki sem unnt er einnig annars úrgangs og hluta sem fjarlægðir eru þegar gert er við fólksbíla. Ákvæði tilskipunarinnar hafa það í för með sér að koma þarf upp umfangsmiklu kerfi endurvinnslu. Öll úr sér gengin ökutæki skal færa til endurnýtingar í endurnýtingarstöð sem hefur starfsleyfi sem slík. Tryggja þarf að afhending ökutækis til endurnýtingar hafi ekki kostnað í för með sér fyrir síðasta eiganda þess þó það sé verðlaust. Lagt er til í frumvarpi þessu að markmiðum tilskipunarinnar verði náð með því að úrvinnslugjald verði lagt á ökutæki og að fjármunir sem þannig eru innheimtir verði notaðir til að greiða fyrir söfnun og endurnýtingu ökutækjanna. Þá er í frumvarpinu lagt til að greitt verði gjald til þeirra sem

afhenda gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar. Mikilvægt er að kerfið verði heildstætt, einfalt og mismuni ekki ökutækjaeigendum eftir aldri ökutækisins. Þannig er lagt til að öllum gjaldskyldum ökutækjum, sem a.m.k. einu sinni hefur verið greitt úrvinnslugjald af, sé hægt að skila til úrvinnslu og að sá sem afhendir ökutækið fái greitt skilagjald 10.000 kr. Í tilskipuninni eru ákvæði um endurvinnsluhlutfall og hvaða efni í ökutækjum skal meðhöndla sérstaklega. Auk þess er í tilskipuninni gert ráð fyrir að hluti af gjaldinu sé skilagjald sem eigandi ökutækis fær þegar hann kemur því í endurvinnslu. Eins og áður segir tók tilskipunin gildi hér á landi 21. apríl 2002 og er því brýnt að lögleiða ákvæði hennar.

Samkvæmt tilskipun um urðun úrgangs, 1999/31/EB, verður í áföngum bannað að urða tiltekinn úrgang, þar á meðal hjólbarða. Því er nauðsynlegt að auka endurnýtingu á hjólbörðum hérlendis og er lagt til í frumvarpinu að það verði gert með því að leggja úrvinnslugjald á hjólbarða.

Þeir vöruflokkar sem frumvarpið tekur til eru hugsaðir sem fyrsta skref til að draga úr magni úrgangs. Þegar reynsla hefur fengist af framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, og þegar frekari vinna hefur farið fram varðandi umfang annarra vöruflokka, svo sem rafeindatækja, munu væntanlega fleiri vöruflokkar bætast við og verða felldir undir lög um úrvinnslugjald. Lagt er hins vegar til að tilteknir vöruflokkar sem tilgreindir eru í ákvæði til bráðabirgða III beri úrvinnslugjald frá 1. janúar 2004 en talið er mikilvægt vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum að þeir vöruflokkar verði næst teknir inn í það kerfi sem frumvarpið mælir fyrir um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram það markmið laganna að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr mengun og minnka það magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Með því mundi endurnýting og endurnotkun þess úrgangs sem frumvarpið tekur til aukast verulega. Tilgangur frumvarpsins er að finna leið til þess að ná tökum á því vandamáli sem vaxandi úrgangsmagn neysluþjóðfélagsins hefur í för með sér.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu orð og orðasambönd sem notuð eru í frumvarpinu og unnið hafa sér sess á þessu sviði. Orðanotkun hefur verið samræmd við gildandi reglugerð um úrgang, nr. 805/1999.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að leggja skuli úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi. Álagning gjaldsins ákvarðast í viðaukum með lögunum, sbr. 5. og 8. gr. frumvarpsins, en í viðaukum er gjaldið tilgreint á hverja vörutegund samkvæmt tollskrárnúmeri. Í frumvarpinu er kveðið á um álagningu úrvinnslugjalds á tiltekna vörur til að skapa hagræn skilyrði fyrir úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim hlýst.

Í 2. mgr. eru tilgreindir þeir kostnaðarþættir sem lagt er til að úrvinnslugjald standi undir, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um fjárhæð úrvinnslugjalds. Skal fjárhæðin taka mið af áætlun um þá kostnaðarþætti sem tilgreindir eru í 2. mgr. 3. gr., þ.e. vegna magns flokkaðs úrgangs sem áætlað er að safnist, meðferðar hans á söfnunarstöðvum, flutnings og endurnýtingar úrgangs. Þá skal fjárhæð gjaldsins taka mið af kostnaði vegna förgunar spilliefna og annars flokkaðs úrgangs eftir því sem við á og kostnaði vegna förgunar úrgangs sem blandast hefur vöru sem ber úrvinnslugjald. Einnig tekur fjárhæðin mið af kostnaði vegna greiðslu skilagjalds á ökutæki og drykkjarvöruumbúðir og kostnaði vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs. Förgun sem tengd er endurnýtingu úrgangs er stundum nauðsynleg, t.d. þegar verðlausir afgangar, sem ekki er hægt að endurnýta, falla til þegar úrgangur er undirbúinn til endurnýtingar. Í greininni er kveðið á um að heimilt sé að greiða fyrir förgun úrgangs sem blandast hefur vörum sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar, hér undir falla t.d. olíusíur og olíumengaður tvistur. Aðrir kostnaðarliðir sem úrvinnslugjaldinu er ætlað að standa undir er kostnaður vegna framkvæmdar laganna, þ.e. starfsemi Úrvinnslusjóðs, þar á meðal kynningarstarfs hans til að auka skil á þeim vörum sem undir lögin falla.

Þeim vöruflokkum sem tilgreindir eru í 8. gr. er skipt í uppgjörsflokka en hver uppgjörsflokkur skal vera fjárhagslega sjálfstæður, þannig að tekjum hvers uppgjörsflokks verði einvörðungu varið til að mæta gjöldum hlutaðeigandi flokks. Úrvinnslusjóður hefur þær skyldur að gera upp hvern uppgjörsflokk fyrir sig og sjá til þess að fjármunir úr einum uppgjörsflokki verði ekki notaðir til að greiða niður kostnað í öðrum. Þannig getur t.d. álagt úrvinnslugjald á hjólbarða ekki greitt fyrir úrvinnslu á rafgeymum. Við gerð greinarinnar var höfð hliðsjón af 2. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1996, um spilliefnagjald, en sambærilegt fyrirkomulag og hér er mælt fyrir um hefur verið við lýði við framkvæmd þeirra laga.

Úrvinnslusjóður, sbr. 17. gr. frumvarpsins, skal fylgjast með því hvort þörf sé á að breyta fjárhæð úrvinnslugjalds eða álagningu skilagjalds svo og hvort leggja skuli úrvinnslugjald á nýjar vörur. Telji stjórn sjóðsins þörf á slíkum breytingum leggur hún fram tillögu til umhverfisráðherra um breytingu á lögunum. Í 2. mgr. er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli leggja tillögu fyrir fjármálaráðherra um framangreindar breytingar að fenginni tillögu Úrvinnslusjóðs. Sé að mati fjármálaráðherra þörf á þessum breytingum flytur hann frumvarp þar að lútandi á Alþingi.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. og 6. gr. taka mið af tilskipun 2000/53/EB, um úr sér gengin ökutæki, en í henni er mælt fyrir um heildarramma um meðhöndlun ökutækja sem eigendur vilja losa sig við. Samkvæmt tilskipuninni þarf að setja upp kerfi sem tryggir móttöku allra bílflaka og að því marki sem unnt er einnig annars úrgangs og hluta sem fjarlægðir eru þegar gert er við ökutæki. Tilskipunin kveður á um að tryggja þurfi að afhending bílflaks til endurvinnslu hafi ekki kostnað í för með sér fyrir síðasta eiganda ökutækisins þó að það sé verðlaust eða hafi jafnvel neikvætt markaðsverð. Til að uppfylla ákvæði framangreindrar tilskipunar er hér lögð til sú leið að leggja úrvinnslugjald á ökutæki og að þeir fjármunir sem þannig eru innheimtir verði notaðir til að greiða fyrir söfnun og endurnýtingu ökutækjanna.

Í greininni er kveðið á um að skráður eigandi ökutækis skuli á hverju gjaldtímabili greiða árlega úrvinnslugjald, samtals að fjárhæð 1.040 kr., fyrir öll gjaldskyld ökutæki samkvæmt lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Í 2. mgr. 1. gr. þeirra laga eru gjaldskyld ökutæki skilgreind, en greiða skal úrvinnslugjald fyrir þau ökutæki sem þar eru tilgreind. Gjaldið skal innheimt með sama hætti og bifreiðagjald, enda fellur það vel að þeirri innheimtu. Skv. 1. mgr. 3. gr. laga um bifreiðagjald eru gjalddagar bifreiðagjalds 1. janúar og 1. júlí ár hvert en lagt er til að gjalddagar úrvinnslugjalds verði þeir sömu. Greiða ber því gjaldið tvisvar á ári,

kr. 520 í hvort skipti. Gjald vegna nýskráðra ökutækja greiðist í hlutfalli við skráningartíma á gjaldtímabilinu og er gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um bifreiðagjald. Lagt er til að undanþáguákvæði 4. gr. laga um bifreiðagjald eigi hér ekki við enda er gert ráð fyrir að úrvinnslugjald verði lagt á öll ökutæki án undantekninga og er það í samræmi við markmið frumvarpsins að skapa hagræn skilyrði fyrir úrvinnslu úrgangs þeirra vöruflokka sem undir frumvarpið falla. Gjaldið fellur niður þegar liðin eru 15 ár frá skráningu ökutækis hér á landi.

Um 6. gr.

Með greininni er lagt til að móttökustöð skuli greiða þeim sem afhendir henni gjaldskylt ökutæki til endanlegrar endurnýtingar og förgunar 10.000 kr., enda hafi ökutækið verið afskráð. Hér er því mælt fyrir um að úrvinnslugjald á ökutæki sé að hluta til endurgreitt í formi skilagjalds.

Ökutæki þarf að hafa verið afskráð og greitt af því úrvinnslugjald í það minnsta einu sinni til að hægt sé að greiða gjaldið. Móttökustöð hefur heimild til að greiða hærra gjald en kveðið er á um í ákvæðinu, til að mynda í þeim tilvikum þegar hægt er að nýta bílflakið í varahluti eða ökutæki er afhent í ásigkomulagi sem auðveldar úrvinnslu, t.d. búið að hreinsa olíu úr því og önnur spilliefni. Úrvinnsla slíkra ökutækja yrði hagkvæmari og því rétt að láta viðkomandi njóta þess í formi hærri endurgreiðslu.

Þegar móttökustöð hefur greitt gjald skv. 1. mgr. fær hún greitt ákveðið gjald fyrir hvert ökutæki frá Úrvinnslusjóði sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um skilagjald á drykkjarvöruumbúðir. Greiða skal úrvinnslugjald fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plasti, sbr. ákvæði 8. gr. frumvarpsins og viðauka III. Þessi ákvæði koma í stað laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða II. Endurgreiða skal neytendum skilagjaldshluta úrvinnslugjaldsins sem nemur 9 kr. með virðisaukaskatti á hverja umbúðaeiningu, þegar þeir skila henni til endurnýtingar.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um hvaða vörur og vöruflokkar skuli bera úrvinnslugjald. Auk ákvæðisins er að finna sérheimild um gjaldtöku ökutækja í 5. gr. frumvarpsins. Eins og kemur fram í almennum athugasemdum er hér eingöngu um að ræða þá vöruflokka sem ákveðið hefur verið að byrja að gjaldtaka, en ætlunin er síðan að fleiri vörur bætist við eftir því sem ástæða þykir til á grundvelli stefnumörkunar stjórnvalda og skuldbindinga þeirra í úrgangsmálum. Gjaldið skal leggja bæði á innfluttar vörur og innlenda framleiðslu, en það er innflytjandi viðkomandi vöru eða framleiðandi sem greiðir úrvinnslugjaldið við innflutning og framleiðslu hennar.

Í greininni er vísað til viðkomandi viðauka í frumvarpinu en í þeim er kveðið á um tollskrárnúmer og fjárhæð úrvinnslugjalds. Í 4. gr. er kveðið á um hvernig fjárhæðin skuli ákvörðuð, en hún byggist m.a. á áætlun á innflutnings- og framleiðslumagni vörunnar sem er breytilegt milli ára og innan árs. Magn úrgangs verður einnig að áætla og þar með kostnað við úrvinnslu hans.

Vöruflokkar þeir sem tilgreindir eru í greininni eru umbúðir, olíuvörur, lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd, málning og litarefni, rafhlöður, rafgeymar, vörur í ljósmyndaiðnaði, kvikasilfursvörur, varnarefni, kælimiðlar og hjólbarðar. Vöruflokkar í 1.–5. tölul.

hafa síðan undirflokka sem eru tilgreindir þar nánar. Umbúðir falla undir 1. tölul. greinarinnar en við ákvörðun um hvaða umbúðir skuli síðar falla undir lögin ber að taka mið af tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang, sbr. ákvörðun 97/129/EB, um auðkenningarkerfi fyrir umbúðir og umbúðaefni. Í þeirri ákvörðun eru umbúðir flokkaðar í sjö efnisflokka, svo sem plastefni, pappír og pappa, málma og samsett efni. Undir þessum yfirflokkum eru síðan undirflokkar. Samsettar umbúðir eru umbúðir samsettar úr tveimur eða fleiri efnum, t.d. pappír og ýmsum málmum, plasti og áli, gleri og plasti í áföngum. Lagt er til að í byrjun verði lagt úrvinnslugjald á heyrúlluplast, samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur, en það eru t.d. mjólkur- og safafernur. Vöruflokkar sem falla undir 2.–9. tölul. eru sömu vöruflokkar og bera spilliefnagjald í dag, sbr. ákvæði reglugerðar um álagningu spilliefnagjalds, nr. 578/2000, með síðari breytingum. Þó er gert ráð fyrir að allar rafhlöður hvort sem þær verða að spilliefnum eða ekki falli undir frumvarpið. Í 10. tölul. er lagt til að hjólbarðar beri úrvinnslugjald en undir ákvæðið falla hjólbarðar fyrir flugvélar, reiðhjól, ökutæki og vinnuvélar. Samkvæmt tilskipun 1999/31/EB, um urðun úrgangs, verður bannað að urða hjólbarða og því er nauðsynlegt að auka endurnýtingu hjólbarða hér á landi til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar. Ljóst er að nauðsynlegt verður að bæta við fleiri vöruflokkum síðar og munu t.d. fleiri umbúðaflokkar bætast við árið 2004, sbr. ákvæði til bráðabirgða III og einnig er fyrirsjáanlegt að stuðla þurfi að endurnýtingu á rafbúnaði og rafeindatækjum.

Ákvæði 2. mgr. greinarinnar er í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.

Í 3. mgr. er veitt heimild fyrir fyrirtæki og atvinnugreinar til að gera samninga sín á milli til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu og er þá gert ráð fyrir að svartolía, sbr. tollskrárnúmer 2710.1920, sé undanþegin gjaldtöku hafi stjórn Úrvinnslusjóðs staðfest samningana. Ákvæðið tekur mið af 2. mgr. 4. gr. laga um spilliefnagjald, nr. 56/1996. Slíkur samningur hefur verið gerður á milli olíufélaganna þriggja, þ.e. Olíufélagsins hf., Olíuverslunar Íslands og Skeljungs hf. á grundvelli framangreinds ákvæðis í formi yfirlýsingar sem staðfest var af umhverfisráðherra. Meðan sú yfirlýsing er í gildi er svartolía undanþegin úrvinnslugjaldi. Gert er ráð fyrir að Úrvinnslusjóður fari yfir framangreinda yfirlýsingu þegar til endurskoðunar hennar kemur og geti þá endurnýjað hana að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, sbr. 3. mgr. 17. gr. Verði það ekki gert mun svartolía bera úrvinnslugjald, sbr. viðauka IV. Vísast að öðru leyti um þetta til ákvæðis til bráðabirgða I.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið nánar á um þá meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, þ.e. að leggja skuli úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi. Í greininni er sett fram nánari skilgreining á því hverjir teljast vera gjaldskyldir aðilar í skilningi laganna og er hún í samræmi við 4. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Í 1. mgr. eru gjaldskyldu aðilarnir tilteknir í þremur liðum. Í fyrsta lagi eru það þeir sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögunum til endursölu og eru skráðir á vörugjaldsskrá skv. 4. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald. Í öðru lagi eru það þeir sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur til eigin nota og í þriðja lagi þeir sem framleiða gjaldskyldar vörur innan lands. Ákvæði 1. mgr. greinarinnar á þó ekki við ökutæki. Greiðsluskylda í því tilviki hvílir á skráningarskyldum eiganda ökutækisins, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar ber gjaldskyldum aðilum, öðrum en þeim sem flytja vörur til landsins til eigin nota, að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá

skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili, eigi síður en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst. Er þetta ákvæði í samræmi við lög nr. 97/1987, um vörugjald.

Um 10. gr.

Í greininni er mælt fyrir um álagningu gjalds. Hér er um að ræða sama fyrirkomulag og kveðið er á um í lögum um vörugjald, nr. 97/1987. Tollstjórar annast álagningu og innheimtu úrvinnslugjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum en skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendrar framleiðslu sem tollstjórar innheimta. Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um uppgjörstímabil, gjalddaga og greiðslufrest í tengslum við úrvinnslugjald með hliðsjón af tilgreiningu gjaldskyldra aðila í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Greinin er sambærileg 1.–3. mgr. 9. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.

Um 12. gr.

Greinin kveður á um útfyllingu skýrslna um úrvinnslugjald fyrir innlenda framleiðendur og álag. Miðað er við uppgjörstímabil vörugjalds. Ríkisskattstjóri ákveður form skýrslunnar. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Sé ekki greitt úrvinnslugjald á gjalddaga er farið með innheimtu þess eins og um vörugjald sé að ræða. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%. Greinin er efnislega samhljóða 5.–7. mgr. 9. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um rétt aðila til að kæra ágreining vegna framkvæmdar laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í ágreiningsmálum um tollflokkun vöru skal fara eftir ákvæðum tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um að Úrvinnslusjóður sé stofnun í eigu ríkisins en Úrvinnslusjóður fellur undir A-hluta fjárlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Lagt er til að Úrvinnslusjóður fari með framkvæmd laganna verði frumvarp þetta að lögum og að sjóðurinn heyri undir umhverfisráðherra. Þá er sjóðurinn ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lögin falla.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk Úrvinnslusjóðs en meginhlutverk hans er að hafa með höndum umsýslu úrvinnslugjalds sem lagt er á þær vörur sem undir frumvarpið falla og ráðstafa síðan þessu gjaldi í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Í 2. mgr. kveðið á um það kerfi sem koma þarf á til að tryggja úrvinnslu úrgangs sem tilkominn er vegna þeirra vara sem falla undir frumvarpið. Markmiðið er að skapa hagræn skilyrði sem eru nauðsynleg til að hrinda aðgerðum í framkvæmd. Gert er ráð fyrir að Úrvinnslusjóður semji við aðra aðila um framkvæmdina á sjálfri úrvinnslunni á grundvelli útboða eða verksamninga. Ekki er því gert ráð fyrir að Úrvinnslusjóður sjái sjálfur um þá framkvæmd. Gert er ráð fyrir að ávallt sé reynt að finna hagkvæmustu lausnina fyrir úr-

vinnslu úrgangsins þannig að fjárhæð úrvinnslugjalds sé haldið í lágmarki. Í 4. gr. er kveðið nánar á um kostnaðarforsendur gjaldtökunnar. Það er því hlutverk Úrvinnslusjóðs að koma þeim fjármunum sem sjóðurinn hefur með höndum til þeirra aðila sem bjóða hagkvæmustu lausnirnar fyrir úrvinnslu viðkomandi uppgjörsflokks.

Í 3. mgr. er lagt til að Úrvinnslusjóði sé skylt að endurgreiða útflytjanda gjaldskyldrar vöru úrvinnslugjaldið enda sýni hann fram á að varan eða úrgangur frá henni sé fluttur úr landi og komi því ekki til úrvinnslu hér á landi. Þá er kveðið á um heimild sjóðsins til að semja um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila. Í reglugerð skal nánar kveðið á um þessar endurgreiðslur.

Í 4. mgr. er kveðið á um ársskýrslu Úrvinnslusjóðs en í henni er gerð grein fyrir innheimtu úrvinnslugjaldsins og hvernig sjóðurinn hefur ráðstafað gjaldinu eftir uppgjörsflokkum. Þá ber í ársskýrslu m.a. að gera grein fyrir magni innflutnings og vara framleiddra innan lands sem bera úrvinnslugjald og hversu mikið af úrgangi frá þeirri vöru hefur verið skilað til móttökustöðva. Framangreindar upplýsingar eru forsenda þess að hægt sé að taka ákvarðanir um hvort gera þurfi breytingar á gjaldtöku hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Þá veita þær upplýsingar um hvort þeir hvatar sem kerfið sem frumvarpið byggist á séu nægjanlegir eða hvort grípa þurfi til frekari aðgerða. Úrvinnslusjóði ber auk þess að gera fjárhagsáætlun ár hvert fyrir næsta ár þar á eftir á grundvelli magns gjaldskyldrar vöru, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaðar við úrvinnslu. Gert er ráð fyrir, sbr. 3. mgr. 17. gr., að stjórn Úrvinnslusjóðs staðfesti ársskýrslur og fjárhagsáætlanir og hafi eftirlit með því að þær séu gerðar en þær þurfa að berast stjórninni fyrir 1. júní ár hvert og vísast um þetta til athugasemda við 17. gr.

Í 5. mgr. er lagt til að Úrvinnslusjóður skuli hafa samráð við hlutaðeigandi aðila um þætti er þá varða. Mjög mikilvægt er að Úrvinnslusjóður starfi í samráði við þá aðila sem hafa hagsmuni af þeim þáttum sem undir frumvarpið falla þannig að framkvæmd þeirra verði sem bestum hætti.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um skipan stjórnar Úrvinnslusjóðs en lagt til er að stjórnin verði skipuð til fjögurra ára í senn. Lagt er til að í stjórninni eigi sæti fulltrúar Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn sameiginlegur fulltrúi frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, auk formanns nefndarinnar sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar. Lagt er til að stjórnin sé skipuð þeim fulltrúum sem mestra hagsmuna hafa að því að kerfið sem frumvarpi byggist á feli í sér eins hagkvæmar lausnir og unnt er. Fulltrúar atvinnulífsins eiga meiri hluta í nefndinni enda er með frumvarpi þessu lagt til að sá sem til úrgangs stofnar greiði fyrir endurnýtingu, endurnotkun eða förgun úrgangs. Þá hafa sveitarfélögin ríkar skyldur í sorphirðumálum, en þeim ber að sjá um söfnun heimilisúrgangs í viðkomandi sveitarfélagi. Þau bera einnig ábyrgð á að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Ekki er gert ráð fyrir að varamenn verði skipaðir nema varaformaður og skal hann koma úr hópi stjórnarmanna. Umhverfisráðherra ákveður hver þóknun stjórnarmanna skuli vera og greiðist hún af Úrvinnslusjóði.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs. Gert er ráð fyrir að stjórnin hafi yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og beri endanlega ábyrgð á starfsemi hans gagnvart

ráðherra. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að stjórn Úrvinnslusjóðs hafi það hlutverk að móta stefnu um alla meginstarfsemi sjóðsins, svo sem um þau verkefni sem hann hefur með höndum og helstu áherslur í starfsemi hans. Slíka stefnumótun ber ráðherra að staðfesta þannig að gert er ráð fyrir að hún sé unnin í samráði við ráðherra. Við þá vinnu ber m.a. að taka mið af stefnumörkun stjórnvalda sett í úrgangsmálum. Þannig er gert ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði í samræmi við það sem stjórnvöld leggja áherslu á í málaflokknum á hverjum tíma.

Í 3. mgr. er lagt til að stjórnin staðfesti ársskýrslu og fjárhagsáætlanir sem Úrvinnslusjóður vinnur, sbr. 15. gr., og að hún hafi eftirlit með því að þær séu unnar. Það er síðan hlutverk stjórnar að kynna þær fyrir ráðherra fyrir 1. júní ár hvert enda ber stjórnin ábyrgð á starfseminni gagnvart ráðherra. Þannig er ráðherra árlega gerð grein fyrir meginstarfsemi sjóðsins, svo sem um innheimt úrvinnslugjöld og ráðstöfun þeirra og magn þess úrgangs sem fallið hefur til. Slíkar upplýsingar eru mikilvægt tæki við stefnumótun stjórnvalda í úrgangsmálum. Þá er það hlutverk stjórnar að staðfesta samninga sem gerðir eru á grundvelli 3. mgr. 8. gr. telji hún að þeir samningar uppfylli markmið frumvarpsins.

Í 4. mgr. er lagt til að stjórn Úrvinnslusjóðs leggi fram tillögu til ráðherra um þær breytingar sem gera þarf á úrvinnslugjaldi. Þannig ber Úrvinnslusjóði að leggja til breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds og tillögur um nýjar gjaldskyldar vörur. Við slíka tillögugerð ber stjórninni að taka mið af skuldbindingum stjórnvalda, svo sem á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, og stefnumörkun stjórnvalda. Í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er gerð grein fyrir þeim tilskipunum sem fela í sér framangreindar skuldbindingar, en þær eru tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang, tilskipun um úr sér gengin ökutæki og tilskipun um urðun úrgangs. Þá er í undirbúningi tilskipun um raftæki og rafeindabúnað. Jafnframt er það hlutverk stjórnar að leggja til að lagt verði skilagjald á vöru ef stjórnin telur þess þörf til að ná fram auknum skilum hennar. Með skilagjaldi er átt við að þeir sem skila úrgangi til móttökustöðvar fái greitt tiltekið gjald fyrir, skilagjald. Slíkt gjald er greitt nú af einnota umbúðum undan drykkjarvöru en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ökutæki beri einnig skilagjald, sbr. 5. gr.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs en stjórn sjóðsins ræður hann. Ekki er því gert ráð fyrir að hann sé skipaður af ráðherra til tiltekins tíma eins og tíðkast um þá sem skipaðir eru sem forstöðumenn ríkisstofnana. Þar sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að stjórn Úrvinnslusjóðs fari að mestu með það hlutverk sem forstöðumenn ríkisstofnana hafa almennt samkvæmt framangreindum lögum er lagt til að það verði hlutverk stjórnar en ekki framkvæmdastjóra að bera ábyrgð á starfsemi sjóðsins gagnvart ráðherra. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans og reikningshaldi gagnvart stjórninni. Þá ræður framkvæmdastjóri annað starfsfólk sjóðsins komi til þess.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um þær tekjur sem standa skuli undir rekstri Úrvinnslusjóðs. Þar er um að ræða tekjur af úrvinnslugjaldi sem lagt hefur verið á vörur sem kveðið er á um í 5. og 8. gr. frumvarpsins og innheimt hefur verið. Lagt er til að hluti þessara tekna, 0,5% af því sem innheimt er, renni til ríkissjóðs sem er umsýslugjald fyrir þá vinnu sem felst í álagningu og innheimtu úrvinnslugjaldsins.

Gert er ráð fyrir því í 2. mgr. að skorti Úrvinnslusjóð reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar beri að tilkynna það til ráðherra. Ríkissjóði ber að gæta þess að sjóðurinn hafi

ávallt nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar. Fjárhæð úrvinnslugjalds er ætlað að standa undir áætlun um kostnað fyrir þá efnisþætti sem tilgreindir eru í 2. mgr. 3. gr. og er gjaldinu ekki ætlað að vera hærra en þeim kostnaði nemur. Þessi kostnaður getur tekið breytingum miðað við áætlanir ef forsendur breytast. Frumvarpið gerir ráð fyrir að leggja þurfi fram frumvarp um allar breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, hvort sem er til lækkunar eða hækkunar. Slík tilvik og önnur geta leitt til þess að Úrvinnslusjóð skorti fé og á hann þá rétt á yfirdráttarheimild frá ríkissjóði. Við slíkar aðstæður gæti Úrvinnslusjóður óskað eftir láni frá ríkissjóði til að starfsemin geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög. Ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, eiga við um viðurlög vegna brota á lögunum er varða innfluttar vörur, en ákvæði laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, eiga við um innlendar framleiðsluvörur. Ákvæðið er hliðstætt 12. gr. laga um vörugjald, nr. 97/1987.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til setningar reglugerða á grundvelli laganna.

Um 22. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, með síðari breytingum, enda hafa þau lög verið felld undir gildissvið frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að móttaka á samsettum pappaumbúðum, rafhlöðum, rafgeymum öðrum en blýsýrurafgeymum og hjólbörðum hefjist 1. apríl 2003, 1. júlí vegna ökutækja og eigi síðar en 1. janúar 2004 vegna heyrúlluplasts. Endurgreiðsla skilagjalds á ökutæki skal hefjast 1. júlí 2003.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að Úrvinnslusjóður taki við öllum sjóðum og skuldbindingum spilliefnanefndar sem stofnast hafa fyrir gildistöku laganna, þ.e. fyrir 1. janúar 2003. Undir þetta fellur m.a. yfirlýsing frá 28. desember 1998 um samstarf olíufélaganna varðandi meðferð svartolíuúrgangs frá skipum, sem staðfest var af umhverfisráðherra á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að starfsemi Endurvinnslunnar hf., sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum, verði óbreytt til ársins 2008 og munu þá lög nr. 52/1989 falla úr gildi. Úrvinnslusjóði er þó heimilt að undirbúa samning við Endurvinnsluna hf. um að ákvæði frumvarpsins sem hana varða komi til framkvæmda fyrir 1. janúar 2008 m.a. vegna þess að Endurvinnslan hf. hyggst taka að sér endurvinnslu fleiri úrgangsflokka en lög nr. 52/1989 gera ráð fyrir. Mun þá ráðherra leggja fram frumvarp til að fella frá sama tíma úr gildi lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Hér er lagt til að umbúðaflokkarnir pappír, pappi og plast beri úrvinnslugjald frá og með 1. janúar 2004. Í 1. tölul. 8. gr. er gert ráð fyrir að þegar verði teknir inn ákveðnir undirflokkar umbúða, þ.e. heyrúlluplast og samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur. Aðrir umbúðaflokkar munu hins vegar bætast við frá byrjun árs 2004. Hér er um mjög stóran vöruflokk að ræða sem krefst nokkurs undirbúnings áður en hægt verður að hefja gjaldtöku vegna hans, en undir hann fellur t.d. bylgjupappír, pokar og blöð.

Fylgiskjal I.

Greinargerð samstarfsnefndar um endurnýtingu úrgangs.

Inngangur.

Samstarfsnefnd um endurnýtingu úrgangs hefur í meðfylgjandi greinargerð dregið saman helstu forsendur og upplýsingar sem gengið var út frá við vinnu og tillögugerð nefndarinnar.

Meðfylgjandi skýringarmynd sýnir rásir úrgangs.



Tafla 1. Endurnýting umbúða - staða 1995

					E N D U R N Ý T I N G													
					E N D U R V I N N S L A													
Umbúða-flokkur	Einn. tonn	Margn. tonn	Heildarmagn tonn	%	Endurvinnsla tonn	%	Jarðgerð tonn	%	Gasvinnsla tonn	%	Endurv. öll tonn	%	Orkuvinnsla tonn	%	Annað tonn	%	ENDUR-NÝTING	%
GLER			**5000**	**8,5**	**1700**	**34,0**					**1700**	**34,0**			**0**	**0**	**1700**	**34,0**
drykkjarv.fl.	2800	400	3200	64,0	1700	53,1					1700	53,1			0	0	1700	
annað	1800	0	1800	36,0	0	0,0					0	0,0			0	0	0	
PLAST			**16300**	**27,6**	**1500**	**9,2**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**1500**	**9,2**	**310**	**1,9**	**0**	**0**	**1810**	**11,1**
landb.plast	1000	0	1000	6,1	200	20,0	0	0,0	0	0,0	200	20,0		0,0	0	0	200	
kassar og kör	0	1000	1000	6,1	150	15,0	0	0,0	0	0,0	150	15,0		0,0	0	0	150	
filmur, sekkir,								1,0									0	
pokar, blöð	8300	0	8300	50,9		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
plastflöskur	1300	0	1300	8,0	1100	84,6	0	0,0	0	0,0	1100	84,6		0,0	0	0	1100	
ílát önnur en fl.	4000	0	4000	24,5		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
annað	700	0	700	4,3	50	7,1	0	0,0	0	0,0	50	7,1		0,0	0	0	50	
PPK			**19800**	**33,5**	**2200**	**11,1**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**2200**	**11,1**	**380**	**1,9**	**0**	**0**	**2580**	**13,0**
bylgjupappír	10700	0	10700	54,0	2200	20,6	0	0,0	0	0,0	2200	20,6		0,0	0	0	2200	
sekkir og pokar	800	0	800	4,0		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
kassar	7500	0	7500	37,9		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
annað	800	0	800	4,0		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
SAMS. UMB.			**2800,1**	**4,7**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**55**	**2,0**	**0**	**0**	**55**	**2,0**
drykkjarv.umb.	2800	0	2800	100,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
annað	0	0	0,1	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
MÁLMAR			**3800**	**6,4**	**1200**	**31,6**					**1200**	**31,6**			**0**	**0**	**1200**	**31,6**
drykkjarv.umb.	600	0	600	15,8	500	83,3					500	83,3			0	0	500	
tunnur	800	0	800	21,1	700	87,5					700	87,5			0	0	700	
annað	2400	0	2400	63,2		0,0					0	0,0			0	0	0	
TIMBUR			**11300**	**19,1**	**4400**	**38,9**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**4400**	**38,9**	**210**	**1,9**	**0**	**0**	**4610**	**40,8**
vörubretti	10000	1000	11000	97,3	4400	40,0	0	0,0	0	0,0	4400	40,0		0,0	0	0	4400	
annað	300	0	300	2,7		0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0		0,0	0	0	0	
ANNAÐ			**50**	**0,1**	**10**	**20,0**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**10**	**20,0**	**0**	**0,0**	**0**	**0**	**10**	**20,0**
spunasekkir	50	0	50	100,0	10	20,0	0	0,0	0	0,0	10	20,0	0	0,0	0	0	10	
HEILD	**56650**	**2400**	**59050,1**	**100,0**	**11010**	**18,6**	**0**	**0,0**	**0**	**0,0**	**11010**		**955**	**1,6**	**0**	**0%**	**11965**	
											11010							

tölur í ljósgráum ramma: >15% endurvinnsla **tala í milligráum ramma:25-45% endurvinnsla** **tala í dökkgráum ramma:50-65% endurnýting í heild**

Í 8. gr. reglugerðar nr. 609/1996, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, eru tilgreind markmið sem ná skal fyrir 1. júlí 2001, nánar tiltekið að 50–65% umbúðaúrgangs skal endurnýttur, 25–45% allra umbúðaefna skulu endurunnin, þó ekki lægra hlutfall en 15% í hverri umbúðategund.

Í töflu 2 hér að neðan, sem er einfölduð mynd af töflu 1, er staða mála í endurnýtingu umbúðaúrgangs sýnd eins og hún var 1995. Ekki er völ á nýrri tölum en ætla má að ástandið 1995 endurspegli að miklu leyti núverandi ástand.

Tafla 2. Endurnýting umbúðaúrgangs — staða 1995.

	Umbúða-notkun 1995 tonn	Ástand 1995				
		Endur-vinnsla tonn	Endur-vinnsla %	Orku-vinnsla tonn	Endur-nýting tonn	Endur-nýting %
Gler	5.000	1.700	34		1.700	34
Plast	16.300	1.500	9	310	1.810	11
PPK	19.800	2.200	11	380	2.580	13
Sams.umb.	2.800		0	55	55	2
Málmur	3.800	1.200	32		1.200	32
Timbur	11.300	4.400	39	210	4.610	41
Annað	50	10	20		10	20
Samtals	**59.050**	**11.010**	**19**	**955**	**11.965**	**20**

Úr töflunni má lesa að endurnýtingin á árinu 1995 nær 20% í stað 50–65%, endurvinnsla nær aðeins 19% í stað 25–45% og upp á vantar í þremur umbúðategundum, plasti, PPK og samsettum umbúðum að tilskilin 15% hlutfalli sé náð.

Til að ná settum markmiðum í endurnýtingu umbúðaúrgangs eru eftirfarandi leiðir hugsanlegar:

Plast.

Lagt yrði úrvinnslugjald á heyrúlluplast í innflutningi til að tryggja skil þess til endurvinnslu. Gjaldið yrði einnig notað til að skapa fjárhagslegar forsendur fyrir slíka endurvinnslu.

Gjaldið yrði lagt á innflutning á glæru umbúðaplasti sem notað er í flutningsumbúðir fyrir innlenda framleiðslu. Einnig yrði lagt gjald á slíkar flutningsumbúðir sem berast til landsins með innfluttum vörum.

PPK.

Lagt verði úrvinnslugjald á umbúðapappa sem berst með innfluttum vörum. Rekinn verður áróður fyrir flokkun pappa frá almennum úrgangi. Álagt úrvinnslugjald muni greiða fyrir flokkun og söfnun á slíkum úrgangi. Pappinn verður síðan endurunninn eða endurnýttur.

Samsettar umbúðir.

Rekinn verði áróður fyrir flokkun og söfnun á fernum undan mjólk, safa o.fl. vörum til að auka skil þeirra á söfnunarstaði og þær verða endurunnar eða endurnýttar.

Með framangreindri gjaldtöku tæki tafla 2 á sig eftirfarandi mynd:

Tafla 3. Endurnýting umbúðaúrgangs eftir álagningu úrvinnslugjalds.

Hér hefur markmiðum reglugerðar fyrir endurvinnslu- og endurnýtingu umbúðaúrgangs verið fullnægt.

Umbúða-efni	Umbúða notkun 1995	Utan við nýtt kerfi: Endur-vinnsla tonn	Utan við nýtt kerfi: Orku-vinnsla tonn	Nýtt kerfi: Endurv-vinnsla tonn	Nýtt kerfi: Orku-vinnsla tonn	Samtals endurvinnsla umbúðaefnis: tonn	%	Samtals orkuv-vinnsla tonn	Samtals endurnýting umbúðaúrgangs: tonn	%
Gler	5.000	1.700				1.700	34	0	1.700	3
Plast	16.300	1.300	310	1.100	6.000	2.400	15	6.310	8.710	15
PPK	19.800		380	11.000		11.000	56	380	11.380	19
Sams.umb.	2.800		55	2.000		2.000	71	55	2.055	3
Málmur	3.800	1.200				1.200	32	0	1.200	2
Timbur	11.300	4.400	210			4.400	39	210	4.610	8
Annað	50	10				10	20	0	10	0
Samtals	**59.050**	**8.610**	**955**	**14.100**	**6.000**	**22.710**	**38**	**6.955**	**29.665**	**50**

Ökutæki.

Til að draga úr umhverfismengun af völdum ökutækjaflaka, hefur undanfarin ár verið unnið að tillögu að nýrri tilskipun um förgun flakanna. Markmið hennar er að draga sem mest úr úrgangi sem fellur til við endurvinnslu ökutækja. Tilskipunin gerir ráð fyrir að sett verði á fót heildstætt kerfi sem sinni móttöku, meðhöndlun og endurnýtingu ökutækja. Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að þessu kerfi verði komið á frá og með janúar 2001. Auk þess eru í tilskipuninni sett markmið fyrir endurvinnsluhlutföll ökutækja.

Engin úttekt liggur fyrir á fjölda þeirra ökutækjaflaka sem liggja í hirðuleysi víðs vegar um landið. Hins vegar er vitað að víða er að finna staði þar sem mikið magn af ónýtum ökutækjum og vinnuvélum sem og öðrum tækjum hefur verið safnað saman.

Vísbendingu um vandann má sjá á fjölda afskráðra ökutækja annars vegar og þeim fjölda ökutækja sem fara í endurvinnslu hjá þeim aðilum sem taka á móti brotajárni og flytja út.

Myndin hér að neðan sýnir fjölda nýskráðra og fjölda afskráðra ökutækja annars vegar og mat á fjölda ökutækja sem hafa verið meðhöndluð af endurvinnsluaðilum hins vegar. Með í tölunum eru fólks-, hóp-, sendi- og vörubifreiðir auk dráttarvéla. Erfitt er að bera saman tölur um afskráð ökutæki og þau sem eru endurunnin innan sama árs þar sem uppsafnaður vandi fyrri ára kemur til endurvinnslu. Þess ber einnig að geta að eitthvað er um að ökutæki séu afskráð án þess að þau séu ónýt og þau síðan endurskráð seinna.



Endurvinnsla á ökutækjaflökum stendur undir sér miðað við meðalheimsmarkaðsverð sem er á brotajárni. Hins vegar er ekki unnt að leggja í mikinn kostnað við að safna þeim saman til að endurvinnslan standi undir sér. Myndin hér að neðan sýnir skiptingu afskráðra ökutækja eftir landshlutum.

Sveitarfélög á landsbyggðinni hafa lagt í mismikla vinnu við að safna ökutækjaflökum saman og koma þeim til endurvinnslu. Nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til að ná frekari árangri í þessari söfnun.

Lagt er til að úrvinnslugjald sé lagt á ökutæki með álagningu bifreiðagjalds og að þeir fjármunir sem þannig eru innheimtir séu notaðir til að greiða fyrir söfnun og endurvinnslu á ökutækjunum. Auk þess er gert ráð fyrir að hluti af gjaldinu 10.000 kr. að lágmarki verði skilagjald sem eigandi ökutækis fær þegar hann kemur því til endurvinnslu.

Hjólbarðar.

Innflutningur hjólbarða 1997–1999,

Nýir gúmmíhjólbarðar fyrir bíla. meðaltal fyrir árin		**Meðalþyngd**	**Fjöldi, stk.**	**CIF-meðalverð**
Innfluttir	1.822.000 kg	6 kg	303.000	335 kr./kg
Innfluttir sólaðir	404.000 kg	6 kg	67.300	227 kr./kg
Innfluttir til sólningar	656.000 kg	6 kg	109.400	95 kr./kg
Aðrir nýir hjólbarðar	95.700 kg	6 kg	16.000	350 kr./kg
Nýir gúmmíhjólbarðar fyrir almenningsvagna og vörubíla, meðaltal fyrir árin				
Innfluttir nýir	489.700 kg	40 kg	12.250	314 kr./kg
Aðrir hjólbarðar, svo sem fyrir reiðhjól, bifhjól, flugvélar				
Reiðhjól	3.471 kg	0,75 kg	4.628	623 kr./kg
Bifhjól	6.919 kg	2 kg	3.460	630 kr./kg
Flugvélahjólbarðar	7.950 kg			1.115 kr./kg
Nýir bílar	1.000.000 kg		100.000	
Samtals:	**4.485.740 kg**		**616.038**	

Árlegur innflutningur á hjólbörðum er um 6.900 tonn. Þar af eru um 2.400 tonn er koma með nýjum og notuðum tækjum til landsins á ári. Ætla má að svipað magn falli til árlega af ónýtum eða notuðum hjólbörðum á ári. Stærsti hluti þessara hjólbarða er urðaður en eitthvað fer til brennslu eða endurvinnslu. Bann við að urða heila hjólbarða tók gildi þann 18. nóvember 2001 á grundvelli tilskipunar 1999/31/EB um urðun úrgangs. Þarf því að kurla alla hjólbarða niður þannig að hægt sé að urða þá.

Væntanleg er löggilding á tilskipun Evrópusambandsins um urðunarstaði þar sem fram kemur að bannað verður að urða kurlaða hjólbarða eftir 18. nóvember 2004. Þetta gefur ærna ástæðu til að endurskoða stöðu þessara mála hér á landi með aukna endurvinnslu og endurnýtingu á hjólbörðum í huga.

Í þessu sambandi virðist orkunýting á einn eða annan hátt skipta mestu máli. Í nágrannalöndum okkar er stór hluti af ónýtum og notuðum hjólbörðum notaður sem orkugjafi í sementsverksmiðjum.

Þá skal bent á að með flokkun á notuðum hjólbörðum sem falla til hérlendis má ætla að innflutningur á notuðum hjólbörðum til sólningar verði óþarfur.

Í flestum endurnýtingarleiðum er flokkun og kurlun hjólbarða nauðsynleg, mismikið eftir því hvaða leið er farin.

Úrvinnsla hjólbarða.



Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald.

Markmið frumvarpsins er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Til að ná því markmiði skal leggja sérstakan skatt, úrvinnslugjald, á tiltekna vöruflokka og tekjum af gjaldinu varið til að standa straum af kostnaði við úrvinnslu þess úrgangs sem af vörunum leiðir. Miða skal gjaldtökuna við að tekjur af henni standi undir öllum kostnaði við úrvinnsluna og starfsemi Úrvinnslusjóðs, nýrrar stofnunar sem fari með umsýslu úrvinnslugjalds og framkvæmd þessara laga. Í frumvarpinu er miðað við að fullnægt verði skuldbindingum Íslands um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs samkvæmt tilskipunum 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang, 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki og 1999/31/EB um urðun úrgangs.

Samkvæmt frumvarpinu skal úrvinnslugjald lagt á ökutæki, sbr. 5. gr., og tilteknar umbúðir og þær vörur sem nú bera spilliefnagjald, allar rafhlöður og hjólbarða, sbr. 8. gr. og ákvæði III til bráðabirgða. Gert er ráð fyrir að hluti tekna af úrvinnslugjaldi á ökutæki verði endurgreiddur í formi skilagjalds og sama gildi um einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum eins og verið hefur. Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003 og að frá sama tíma falli úr gildi lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, og að lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, falli úr gildi ekki síðar en 1. janúar 2008.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að árlega verði lagt úrvinnslugjald, kr. 1.040, á ökutæki sem gjaldskyld eru skv. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, en gjaldskylda falli niður þegar 15 ár eru liðin frá skráningu ökutækis hér á landi, og skv. 6. gr. skal endurgreiða kr. 10.000 fyrir hvert gjaldskylt ökutæki sem úrvinnslugjald hefur verið greitt af og afhent er til endanlegrar endurnýtingar og förgunar. Samkvæmt tölum Skráningarstofunnar hf. voru 181.566 bifreiðir á skrá í árslok 2001, þar af 153.813 sem voru 15 ára eða yngri, og á árunum 1999–2001 voru að meðaltali um 7.300 bifreiðar afskráðar umfram endurskráðar. Miðað við þessar tölur yrðu tekjur af úrvinnslugjaldi 160 m.kr. á ári og þar af yrði 73 m.kr. varið til endurgreiðslna en 87 m.kr. yrðu til ráðstöfunar til greiðslu kostnaðar við úrvinnslu.

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að úrvinnslugjald skuli lagt á umbúðir, ýmis spilliefni og hjólbarða sem nánar eru tilgreind í viðaukum I–XVI með frumvarpinu. Í viðauka I er heyrúlluplast og gert ráð fyrir 25 kr./kg úrvinnslugjaldi. Miðað við að hér á landi séu árlega notuð um 1.600 tonn af slíku plasti yrðu tekjurnar 40 m.kr. á ári. Í viðauka II eru samsettar pappaumbúðir af ýmsum gerðum. Áætlað er að árleg notkun slíkra umbúða samsvari einnig um 1.600 tonnum og að tekjur af úrvinnslugjaldi á þær yrðu 38 m.kr. á ári. Í viðauka III eru einnota drykkjarvöruumbúðir, sbr. lög nr. 52/1989, og má í því sambandi nefna að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 596 m.kr. tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun sem renna til Endurvinnslunnar hf. Ekki liggja fyrir nánari upplýsingar um viðauka III og er í þessari umsögn gert ráð fyrir að tekjur af úrvinnslugjaldi verði óbreyttar frá núverandi tekjum. Í viðaukum IV–XV eru sömu vöruflokkar og nú bera spilliefnagjald að því viðbættu að gert er ráð fyrir að úrvinnslugjald verði lagt á allar rafhlöður en svo er ekki samkvæmt gildandi lögum um spilliefnagjald. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er áætlað

að tekjur af spilliefnagjaldi verði 162,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur af úrvinnslu gjaldi á rafhlöður sem gildandi lög um spilliefnagjald taka ekki til en falla undir viðauka X í frumvarpinu verði um 14 m.kr. á ári. Í viðauka XVI eru hjólbarðar. Miðað við taxta viðaukans og árlegan innflutning hjólbarða og ökutækja og vinnuvéla á hjólbörðum má gera ráð fyrir að tekjur af úrvinnslugjaldi á hjólbarða yrðu um 249 m.kr. á ári.

Samkvæmt ákvæði III til bráðabirgða skal leggja úrvinnslugjald á umbúðaflokkana pappírs- og pappaumbúðir og plastumbúðir frá og með 1. janúar 2004. Nánari upplýsingar liggja ekki fyrir og því ekki forsendur til að meta tekjur og gjöld, en um stóran vöruflokk er að ræða og því líklegt að um verulegar fjárhæðir sé að tefla.

Niðurstaðan er því sú að verði frumvarpið óbreytt að lögum, og ákvæði þess að undanskildu ákvæði III til bráðabirgða komin til framkvæmda, má gera ráð fyrir að lagt verði u.þ.b. 1.260 m.kr. úrvinnslugjald á ári á þær vörur sem tilgreindar eru í 5. og 8. gr. en þar af eru um 500 m.kr. ný gjaldtaka frá því sem nú er samkvæmt gildandi lögum um spilliefnagjald og skilagjald á einnota drykkjavöruumbúðir. Til viðbótar kæmi svo úrvinnslugjald á umbúðaflokkana sem tilgreindir eru í ákvæði III til bráðabirgða en eins og áður hefur komið fram liggur ekki fyrir hve háar fjárhæðir þar gæti verið um að ræða. Gera má ráð fyrir að af 500 m.kr. árlegri viðbótargjaldtöku verði að meðaltali 73 m.kr. varið til greiðslu skilagjalds af ónýtum bifreiðum en 427 m.kr. verði til ráðstöfunar til að mæta kostnaði við úrvinnslu úrgangs, þ.m.t. til förgunar á þeim hluta úrgangsins sem ekki tekst að endurnýta.

Hvað áhrif úrvinnslugjalds á afkomu ríkissjóðs varðar er til þess að líta að tekjum af úrvinnslugjaldi er ætlað að standa undir öllum kostnaði við framkvæmd laganna og að fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið af kostnaðinum. Ríkissjóður mun því ekki bera beinan kostnað af framkvæmd laganna umfram það sem leiða mun af verðlagsáhrifum gjaldsins og notkun ríkisins á gjaldskyldum varningi.

368. Frumvarp til laga [338. mál]

um meðhöndlun úrgangs.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.

Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um meðhöndlun og aðra meðferð úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar. Ákvæði laga þessara um starfsleyfi taka til móttökustöðva fyrir úrgang. Um starfsleyfi fyrir aðra starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður og eftirlit með þeim gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. þó 3. mgr. 5. gr.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér greinir:

Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrar eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

Besta fáanlega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

Brennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.

Endurnotkun: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

Endurnýting: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flokkunarmiðstöð: staður þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar, til endurnýtingar og/eða til förgunar.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Förgun úrgangs: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.

Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

Heimilisúrgangur (sorp): úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn

til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Óvirkur úrgangur: úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.

Samþættar mengunarvarnir: aðferð þar sem samþættum aðgerðum er beitt til að draga sem mest úr losun mengunarefna út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og stuðla að víðtækri umhverfisvernd með því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið ef mengun færist á milli lofts, láðs og lagar.

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Umflutningur: flutningur úrgangs í íslenska höfn og þaðan út aftur án tollafgreiðslu.

Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

Urðunarstaður: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður fyrir eigin úrgang og varanlegur staður þar sem úrgangur er geymdur til lengri tíma.

Úrgangshafi: framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Vatn: grunnvatn og yfirborðsvatn.

Vöktun: kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Yfirborðsvatn: kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

4. gr.
Stjórnvöld.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með meðhöndlun á úrgangi sem fjallað er um í 10. gr.

Umhverfisstofnun skal gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar, sbr. 2. mgr. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar, þ.m.t. leiðum til að draga úr

myndun úrgangs, til að endurnota og endurnýta úrgang, förgunarleiðum o.s.frv. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi byggðasamlagi eða heilbrigðisnefnd að semja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn getur sett sveitarfélaginu sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og sambærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Útgáfa starfsleyfis.

Móttökustöð fyrir úrgang skal hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Áður en starfsleyfi er gefið út skal Umhverfisstofnun kanna hvort fyrirhuguð móttökustöð fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerða sem varða móttökustöðvar.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og annars konar starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þó skal Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við móttökustöðvar.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir annan atvinnurekstur sem hún veitir starfsleyfi sem heimilar starfsleyfishafa förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað. Skulu þá þau ákvæði starfsleyfisins er varða förgun úrgangs vera í samræmi við lög þessi.

Ef rekstraraðili móttökustöðvar hyggst gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið eða flytja reksturinn ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um það með hæfilegum fyrirvara. Umhverfisstofnun skal meta innan fjögurra vikna frá móttöku tilkynningar hvort nauðsynlegt er að gefa út nýtt starfsleyfi vegna þeirra breytinga sem rekstraraðili hefur tilkynnt um.

Ef forsendur breytast er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en gert var ráð fyrir þegar leyfið var gefið út, breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Ef fyrirhuguð móttökustöð er háð mati á umhverfisáhrifum skal ekki gefa út starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

6. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Í umsókn um starfsleyfi skal lýsa staðsetningu fyrirhugaðrar móttökustöðvar. Tilgreina skal umsækjanda, tegund og magn þess úrgangs sem fyrirhugað er að meðhöndla, móttökugetu stöðvarinnar og áætlaðan rekstrartíma. Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem rekstraraðili hyggst beita í því skyni að fyrirbyggja mengun og minnka hana, þ.m.t. tilhögun innra eftirlits, áætlun um vöktun, lokun og aðgerðir í kjölfar lokunar.

Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja upplýsingar um stöðu skipulags á fyrirhuguðu fram-

kvæmdasvæði. Ef fyrirhuguð móttökustöð er háð mati á umhverfisáhrifum skulu jafnframt fylgja upplýsingar um stöðu matsins.

7. gr.

Gildissvið starfsleyfis.

Í starfsleyfinu skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu móttökustöðvar, tegund hennar, magn og tegund úrgangs sem heimilt er að taka við til meðhöndlunar, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis.

8. gr.

Skilyrði starfsleyfis.

Í starfsleyfi móttökustöðvar skulu vera ákvæði:

a. um undirbúning móttökustöðvarinnar,
b. sem tryggja að viðeigandi samþættar mengunarvarnir séu viðhafðar og til þess sé beitt bestu fáanlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma,
c. sem tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til þess að draga úr afleiðingum þeirra,
d. sem tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður tímabundið og viðeigandi aðgerðir á rekstrarsvæði þegar móttökustöð er lokað og í kjölfar lokunar,
e. um losunarmörk,
f. um tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa sem gætu haft mengun eða önnur óæskileg áhrif á umhverfið,
g. um innra eftirlit og eftirlit eftirlitsaðila,
h. um að stjórnandi móttökustöðvarinnar hafi nægilega tæknilega færni til að stjórna henni og starfslið hennar hljóti þá fræðslu og þjálfun sem til þarf,
i. sem tryggja að meðhöndlun úrgangsins samræmist viðeigandi áætlunum og viðmiðum um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem kveðið er á um í lögum þessum og reglum sem settar eru samkvæmt þeim,
j. um skýrslugjöf skv. 9. gr.,
k. um önnur þau atriði sem samræmast ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Skýrslugjöf.

Rekstraraðili skal a.m.k. árlega skila Umhverfisstofnun skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er, heildarmagn og árangur af vöktunaráætlun, sbr. 16. og 17. gr. Afrit skýrslunnar skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Varðandi framangreinda upplýsingagjöf er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða til ársskýrslu ef þar er að finna sömu upplýsingar.

10. gr.

Meðhöndlun úrgangs.

Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur samkvæmt nánari reglum þar um.

Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Óheimilt er að geyma tæki sem teljast úrgangur, svo sem

skip, báta, ökutæki, vinnuvélar og tengivagna, á opinberum bifreiðastæðum, við götur, í fjöru eða annars staðar á almannafæri.

Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, svo sem áramótabrennur, sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir.

11. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs.

Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 15. gr., áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta gildir þó ekki um rekstraraðila sem aðeins annast förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi úrgangshafa. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpíláta og/eða þjónustustig.

Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.

Sveitarfélögum er heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða framangreint gjald. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má innheimta með aðför.

12. gr.

Trygging vegna flutnings úrgangs.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja sem skilyrði fyrir leyfi til útflutnings, innflutnings og umflutnings spilliefna og annars úrgangs að úrgangshafi framvísi bankaábyrgð, vátryggingu eða annarri tryggingu, sem stofnunin metur fullnægjandi, fyrir kostnaði við förgun eða endurnýtingu úrgangsins og flutningskostnaði, þ.m.t. kostnaði við að flytja úrganginn á annan endurnýtingar- eða förgunarstað.

13. gr.

Reglugerðir um úrgang og móttökustöðvar fyrir úrgang.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um eftirtalin atriði varðandi framkvæmd laga þessara:

a. nánari skilgreiningar á spilliefnum og öðrum úrgangi, svo og lista yfir úrgang,
b. að hvaða leyti blöndun, móttaka og förgun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka er takmörkuð eða bönnuð,
c. aðferðir við móttöku og meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. förgunarleiðir,
d. hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla í hverjum flokki móttökustöðva,
e. nánari atriði varðandi innihald áætlana sveitarstjórna skv. 4. gr.,

f. starfsleyfistryggingu skv. 15. gr.,
g. nánari atriði sem varða skilyrði starfsleyfis, þ.m.t. meðhöndlun á hauggasi og sigvatni frá urðunarstöðum,
h. tíðni mælinga og sýnatöku vegna vöktunar og annars eftirlits, þar á meðal í kjölfar lokunar, sbr. 17. gr.,
i. kröfur um mælingar, losun og styrk mengandi efna í útblásturslofti, svifösku, ösku, botnleðju og fráveituvatni,
j. hvernig staðið skal að lokun móttökustöðvar,
k. um eftirlit með útflutningi, umflutningi og innflutningi úrgangs, þ.m.t. tryggingu skv. 12. gr.,
l. önnur atriði sem samræmast lögum þessum.

III. KAFLI
Sérákvæði um urðunarstaði.

14. gr.
Umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað.

Í umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað skal auk þess sem fram kemur í 6. gr. lýsa fyrirhuguðum urðunarstað sérstaklega með tilliti til vatnafars og jarðfræði. Í slíkri umsókn skal einnig gera grein fyrir sérstakri fjárhagslegri tryggingu eða ábyrgð umsækjanda fyrir því að fylgt verði ákvæðum starfsleyfisins, þar á meðal ákvæðum um vöktun og umsjón eftir að urðunarstað hefur verið lokað. Ekki þarf þó að leggja fram slíka tryggingu ef eingöngu er urðaður óvirkur úrgangur á viðkomandi urðunarstað.

15. gr.
Starfsleyfistrygging.

Auk almennra skilyrða sem tilgreind eru í 8. gr. er það skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað að rekstraraðili hafi lagt fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að uppfylltar verði þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðarins. Ákvæði þetta gildir þó ekki um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað. Fjárhæð tryggingar skal tiltekin í starfsleyfi. Fjárhæð tryggingar skal samræmast kostnaði við lokun urðunarstaðarins og þá tíðni vöktunar og sýnatöku, skv. 17. gr., sem Umhverfisstofnun telur fullnægjandi og miðast við 30 ára vöktunartímabil.

Aðför má ekki gera í tryggingunni nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Tryggingin skal jafnframt undanskilin þrotabúi rekstraraðila verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta innan 30 ára frá lokun urðunarstaðarins.

16. gr.
Vöktun og aðgerðir.

Rekstraraðili skal fylgja áætlun um eftirlit og vöktun með urðunarstaðnum, sbr. ákvæði laga þessara, reglugerða sem um reksturinn gilda og starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun eða viðkomandi eftirlitsaðila um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun. Hann skal einnig hlíta ákvörðun Umhverfisstofnunar um eðli og tímasetningu aðgerða til úrbóta sem grípa ber til.

17. gr.

Lokun urðunarstaðar.

Urðunarstað telst ekki endanlega lokað fyrr en eftirlitsaðili hefur skoðað vettvang og metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Umhverfisstofnun hefur veitt samþykki fyrir lokun.

Rekstraraðili urðunarstaðar ber ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins, vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni sem berst frá urðunarstaðnum og greiningu grunnvatns í nágrenni staðarins, eftir því sem nánar greinir í starfsleyfi, svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans. Umhverfisstofnun er heimilt að veita rekstraraðila undanþágu frá sýnatöku, eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með, vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi úrgangs sem urðaður hefur verið, hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekktri byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgang sem fellur til í þeirri afskekktu byggð. Áður en starfsleyfi er gefið út skal afmarkað það svæði þar sem sýnataka fer fram samkvæmt ákvæði þessu.

Umhverfisstofnun skal endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar.

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Umhverfisstofnunar um vöktun skal Umhverfisstofnun láta vinna verkið á kostnað rekstraraðila. Starfsleyfistrygging rekstraraðila skv. 15. gr. skal þá leyst út til greiðslu verksins.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við vöktunina og hlíta ákvörðun stofnunarinnar um nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.

Heimilt er Umhverfisstofnun að gefa rekstraraðila fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður þótt rekstraraðili hafi ekki umráð viðkomandi landsvæðis. Eigandi eða umráðamaður lands þar sem eftirlit fer fram skal hlíta því að rekstraraðili framkvæmi lokunar-, vöktunar- og eftir atvikum hreinsunaraðgerðir eftir lokun urðunarstaðar samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Veiti eigandi eða umráðamaður lands ekki aðgang að landi sínu til að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir samkvæmt fyrirmælum Umhverfisstofnunar er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf svo að aðgerðirnar nái fram að ganga.

Verði eigandi eða umráðamaður lands sannanlega fyrir tjóni við framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem vegna jarðrasks og átroðnings, skal rekstraraðili bæta það tjón. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Umhverfisstofnun skal láta þinglýsa fyrirmælum um vöktun og umsjón með urðunarstað og nágrenni hans eftir lokun hans og láta aflýsa henni þegar vöktunartímabili telst lokið. Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu og aflýsingu.

IV. KAFLI

Sérákvæði um brennslustöðvar.

18. gr.

Umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöð.

Í umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöð skal auk þess sem fram kemur í 6. gr. gera grein fyrir tæknibúnaði til að framfylgja kröfum um loftgæði og förgun ösku.

19. gr.

Skilyrði starfsleyfis fyrir brennslustöð.

Í starfsleyfi fyrir brennslustöð skulu auk almennra skilyrða sem tilgreind eru í II. kafla vera ákvæði um losunarmörk fyrir mengunarefni eftir því sem við á með tilliti til samsetningar þess úrgangs sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Þegar sett eru útblástursmörk skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa þeirra mengunarefna sem um ræðir á umhverfi og heilsu manna.

20. gr.

Losunarmörk.

Mæla skal styrk mengandi efna í útblásturslofti frá brennslu og brennsluaðstæður eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð og starfsleyfi stöðvarinnar.

Sýni mælingar að farið hafi verið yfir losunarmörk sem tilgreind eru í starfsleyfi skal rekstraraðili gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að brennslustöðin fullnægi kröfum um losunarmörk, ella skal starfsemi stöðvarinnar hætt.

V. KAFLI

Eftirlit, þvingunarúrræði, málsmeðferð og viðurlög.

21. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með því að starfsleyfishafi sem hún veitir starfsleyfi fari að ákvæðum starfsleyfis samkvæmt lögum þessum. Heimilt er stofnuninni að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun er einnig heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Starfsmönnum Umhverfisstofnunar og öðrum eftirlitsaðilum samkvæmt lögum þessum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir settar samkvæmt þeim ná yfir.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim að afhenda nauðsynleg sýni endurgjaldslaust.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér samkvæmt lögum þessum. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Heimilt er utanríkisráðherra að setja gjaldskrá og innheimta gjald á varnarsvæðum.

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og hollustuháttaráðs áður en gjaldskrá er sett. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Hvert eftirlitssvæði skal hafa sameiginlega gjaldskrá og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun

fasteignar. Umhverfisráðherra skal gefa út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga.

22. gr.

Þvingunarúrræði.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit er heimilt að beita úrræðum samkvæmt grein þessari.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum er heimilt að veita viðkomandi aðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.

Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða aðila dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag.

Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað við verkið sem og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

Ef svo alvarleg hætta stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað.

Sinni rekstraraðili ekki úrbótum og um alvarlegt eða ítrekað tilvik er að ræða getur Umhverfisstofnun svipt rekstraraðila starfsleyfi.

Leita skal aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd þvingunarúrræða.

23. gr.

Málsmeðferð og úrskurðir.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða samþykkta sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfa samkvæmt lögum þessum má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Umhverfisstofnunar. Rísi ágreiningur milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laganna.

24. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að fjórum árum. Tilraun til brota gegn lögum þessum, reglugerðum og samþykktum sem settar eru á grundvelli þeirra varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um hlutdeild í brotum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

VI. KAFLI
Gildistaka.
25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og eiturefni og hættuleg efni og varða úrgang halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samræmast lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Rekstraraðilar urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu fyrir 1. maí 2003 senda Umhverfisstofnun áætlun um hvernig unnt sé að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laga þessara.

Þeir urðunarstaðir sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu uppfylla kröfur laganna fyrir 16. júlí 2009, ella skal þeim lokað.

Ef urðunarstaður er í rekstri í eyju hér við land við gildistöku laga þessara og er lokað eftir gildistöku laganna getur Umhverfisstofnun veitt undanþágu frá sýnatöku eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi þess úrgangs sem urðaður hefur verið. Slík undanþága er þó einungis heimil hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað sem getur að hámarki tekið við 15.000 tonnum af úrgangi eða að hámarki 1.000 tonnum á ári og er eini urðunarstaðurinn í eyjunni og þjónar henni einni.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um aðlögun starfandi urðunarstaða.

II.

Til 1. janúar 2003 skal Hollustuvernd ríkisins annast verkefni Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins. Í nefndinni sátu Sigrún Ágústsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneyti, formaður, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneyti, Helgi Jensson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins, og Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Með nefndinni unnu einnig Jón Jónsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Cornelis A. Meylies, umhverfisverkfræðingur hjá Hollustuvernd ríkisins. Nefndin fékk auk þess til samráðs Árna Pál Árnason hdl., Sigmar Ármannsson, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, og Ögmund Einarsson, forstjóra Sorpu bs. Óskaði nefndin eftir sérstakri álitsgerð Árna Páls Árnasonar um ákvæði tilskipunarinnar um tryggingu og ábyrgð á vöktun eftir að urðunarstað er lokað. Óskað var skriflegra upplýsinga Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Sambands íslenskra tryggingafélaga varðandi starfsleyfistryggingar.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/31/EB, um urðun úrgangs frá 26. apríl 1999. Tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 16. júlí 1999. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, dags. 18. maí 2001, var tilskipunin felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gerður var stjórnskipulegur fyrirvari af Íslands hálfu þar sem tilskipunin kallaði á lagabreytingar. Markmið tilskipunarinnar er að auka rekstrarlegar og tæknilegar kröfur um urðun úrgangs og að kveða á um ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða minnka eins og unnt er neikvæð áhrif úrgangs á umhverfið, sérstaklega mengun yfirborðs-

vatns, grunnvatns, jarðvegs og vatns. Tilskipunin tekur til urðunar spilliefna, heimilis- og rekstrarúrgangs og óvirks úrgangs. Samkvæmt tilskipuninni skal gera áætlun um að minnka í áföngum heimilis- og rekstrarúrgang sem fer til urðunar og flokka skal urðunarstaði í þrjá flokka eftir því hvers konar úrgang heimilt er að urða. Jafnframt eru í tilskipuninni tilgreindar tegundir úrgangs sem ekki er heimilt að urða og hvaða úrgang er heimilt að urða í hverjum flokki urðunarstaða. Í tilskipuninni eru strangari ákvæði en áður hafa gilt varðandi umsóknir og skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstaði. Meðal þeirra er ákvæði um að það skuli vera skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað að rekstraraðili hafi lagt fram sérstaka tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal skilyrði um lokun urðunarstaðarins, vöktun og eftirlit, a.m.k. í 30 ár frá lokun hans. Rekstraraðili skal vera ábyrgur fyrir vöktun og greiningu hauggass og sigvatns sem berst frá staðnum og grunnvatns í nágrenni urðunarstaðarins svo lengi sem viðkomandi yfirvöld telja þörf á með hliðsjón af því hversu lengi hætta getur stafað af urðunarstöðum. Gjald rekstraraðila vegna urðunar úrgangs skal standa undir áætluðum kostnaði við slíka vöktun, sem og stofn- og rekstrarkostnaði urðunarstaðarins. Rekstraraðilar urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku tilskipunarinnar skulu laga sig að ákvæðum hennar innan átta ára frá lögleiðingu tilskipunarinnar, sbr. nánari reglur þar um.

Samkvæmt tilskipuninni er heimilt að veita undanþágur frá tilteknum ákvæðum hennar. Þau undanþáguákvæði sem á reynir í frumvarpi þessu eru ákvæði tilskipunarinnar um ákvörðun gjalds fyrir urðun úrgangs, starfsleyfistryggingu og vöktun eftir að urðunarstað er lokað. Talið er rétt að nýta heimild undanþágu frá starfsleyfistryggingu þar sem eingöngu er urðaður óvirkur úrgangur en það ákvæði tilskipunarinnar er hvað mest íþyngjandi. Hins vegar var ekki talin þörf á að nýta heimild tilskipunarinnar til undanþágu frá 10. gr. þar sem kveðið er á um það hvernig gjald fyrir urðun skuli ákveðið, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Talið er eðlilegt að sama regla gildi um allt land hvað ákvörðun gjalds rekstraraðila varðar. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að gjaldið nægi fyrir kostnaði við förgun úrgangs. Samkvæmt tilskipuninni er einnig heimilt að takmarka vöktun á tilteknum urðunarstöðum sem lokað hefur verið í afskekktum byggðum og eyjum. Gert er ráð fyrir að metið verði í hverju tilviki hvort og að hvaða marki undanþága verður veitt, sbr. 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða. Aðrar undanþágur tilskipunarinnar varða aðferðir við móttöku úrgangs, tíðni vöktunar og sambærileg atriði. Miðast þær undanþáguheimildir almennt við tilteknar afskekktar byggðir og eyjur. Gert er ráð fyrir að þessi atriði verði útfærð í reglugerð.

Ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, eru almenns eðlis. Gilda þau um alla starfsemi þar sem hætta getur verið á mengun auk þeirrar starfsemi þar sem sérstaklega þarf að gæta að hollustuháttum. Lögin taka því til mjög margvíslegrar starfsemi. Í tilskipun um urðun úrgangs eru mjög sérhæfð ákvæði varðandi urðunarstaði. Ýmis ákvæði tilskipunarinnar þykja þó eiga jafnt við um aðrar móttökustöðvar fyrir úrgang. Það er einkum í móttökustöðvum fyrir úrgang, þ.e. flokkunarmiðstöðvum, sorpbrennslustöðvum, urðunarstöðum og öðrum förgunarstöðum, sem kerfisbundin meðhöndlun á úrgangi fer fram. Þykir eðlilegt að um slíka kerfisbundna meðhöndlun gildi sambærilegar reglur. Var því ákveðið að fara þá leið að gera tillögu um frumvarp til sérlaga þar sem kveðið yrði á um meðhöndlun úrgangs. Frumvarp þetta er einnig samið með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs 2000/76/EB. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði hluti af samningi um Evrópska efnahagssvæðið síðar á þessu ári. Gerðin fjallar um alla brennslu úrgangs og kemur í stað tilskipana sem fjalla um sorpbrennslustöðvar og brennslu spilliefna. Tilskipunin setur móttökuskilyrði fyrir úrgang til brennslu og einnig losunarmörk fyrir mengandi efni í útblæstri og frá hreinsibúnaði. Skil-

greindar eru brennslustöðvar með eða án varmanýtingar, afkastageta þeirra og hvaða efni megi nota til brennslu. Gerðar eru kröfur um samfelldar mælingar í útblæstri á brunagösum og ryki og reglubundnar mælingar á þungmálmum og díoxínum. Í viðauka koma fram losunarmörk fyrir útblástur og hreinsibúnað.

Núgildandi starfsleyfi, reglugerðir og samþykktir um úrgangsmál byggjast á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gildi er fjöldi reglugerða um úrgang með stoð í þeim lögum. Þar ber helst að nefna reglugerð um úrgang frá 1999 og reglugerðir um spilliefni, brennslu spilliefna, sorpbrennslustöðvar, olíuúrgang, skrá yfir spilliefni og annan úrgang og meðhöndlun seyru. Þessar reglugerðir taka að verulegu leyti mið af grunntilskipun ráðsins um úrgang, 75/442/EBE, sbr. tilskipun 91/156/EBE. Var því einnig höfð hliðsjón af þeim tilskipunum við vinnslu frumvarpsins.

Loks var höfð hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um úr sér gengin ökutæki, 2000/53/EB, sem kveður á um endurvinnslu ökutækja.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru ákvæði um kerfisbundna vöktun rekstraraðila urðunarstaðar í kjölfar lokunar hans, ákvæði um sérstaka tryggingu fyrir því að staðið sé við ákvæði starfsleyfis, þar á meðal lokunar- og eftirlitsaðgerðir eftir lokun urðunarstaðar, sbr. 15.–17. gr. frumvarpsins, og ákvæði um ákvörðun gjalds fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Nefnd sem undirbjó frumvarp þetta óskaði eftir upplýsingum frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Sambandi tryggingafélaga um bankareikninga og tryggingar sem til greina kæmu skv. 8. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt upplýsingum Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja eru ekki til hér á landi bankatryggingar eða reikningar sem eru sérsniðnir að slíku ákvæði. Telja samtökin að slíkar tryggingar yrðu mjög dýrar. Samkvæmt upplýsingum Sambands tryggingafélaga kæmu helst til álita í þessu sambandi efndavátryggingar skv. 15. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994. Hins vegar virðist það erfiðleikum bundið að mati sambandsins að fullnægja tryggingakröfum tilskipunarinnar með slíkum tryggingum vegna þess langa tíma sem liðið getur frá því að trygging skal lögð fram til þess tíma sem tryggingatímabili lýkur, þ.e. 30 árum eftir að starfsemi lýkur. Samkvæmt upplýsingum um útfærslu þessa ákvæðis í nágrannalöndunum virðist framboð af tryggingum á almennum markaði sem við geta átt einnig vera mjög takmarkað. Nefndin taldi miðað við upplýsingar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Sambands tryggingafélaga að svo kynni að fara að einkaaðilum yrði aðeins fær sú leið að safna í tryggingasjóð yfir rekstrartímabilið. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýst því viðhorfi sínu að heimilt sé að byggja upp tryggingasjóð jafnt yfir rekstrartímabil urðunarstaðarins.

Eftir að starfi nefndarinnar lauk var bætt við af hálfu ráðuneytisins ákvæði 12. gr. frumvarpsins, sbr. k-lið 13. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lýst markmiði frumvarpsins. Er hér litið m.a. til tilskipunar um úrgang, 75/422/EBE, og tilskipunar um urðun úrgangs sem að framan er lýst. Tæknivæddu nútímasamfélagi fylgir mikill og fjölbreyttur úrgangur og er því mikilvægt að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið. Talið er að leggja beri áherslu á að draga skipulega úr myndun úrgangs og ráðast þannig að rót vandans. Því næst verði stuðlað að því að úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýt-

ingu. Þannig verði dregið úr því magni úrgangs sem fer til förgunar. Jafnframt þarf að tryggja skipulagða förgun þess úrgangs sem ekki er unnt að endurnota eða endurnýta.

Um 2. gr.

Í greininni er lýst gildissviði frumvarpsins. Með frumvarpinu er lagt til að sett verið sérlög um meðhöndlun og meðferð úrgangs. Í lögum um varnir gegn mengun sjávar eru ákvæði sem ýmist banna eða takmarka losun tiltekinna efna í hafið og við strendur landsins. Meðhöndlun úrgangs er skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um aðra meðferð úrgangs.

Við brennslu úrgangs og í kjölfar urðunar hans á sér stað efnafræðilegt ferli sem haft getur í för með sér mengun. Lagt er til að sömu reglur og áður gildi um starfsleyfi fyrir aðra starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður, þ.e. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í gildi er sérstök reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Í slíkum starfsleyfum er einnig ávallt í einhverjum mæli fjallað um meðhöndlun úrgangs frá viðkomandi starfsemi.

Um 3. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir þýðingu orða og orðasambanda sem reynt getur á við túlkun laganna. Í nokkrum tilvikum er um að ræða yfirhugtök, t.d. úrgangur og spilliefni, sem lýst er með almennum orðum í ákvæðinu. Úrgangur er skilgreindur sem efni eða hlutir sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn á hátt. Úrgangur er flokkaður m.a. eftir uppruna í heimilisúrgang, rekstrarúrgang, landbúnaðarúrgang, byggingarúrgang og hreinsunarúrgang; eftir gerð í umbúðir, lífrænan úrgang, plast, gúmmí, málma, timbur, steinefni, gler o.s.frv.; eftir eiginleikum í spilliefni, úrgang án spilliefna og óvirkan úrgang. Ýmis undirhugtök úrgangs eru skilgreind í ákvæðinu komi hugtakið fram í frumvarpinu. Í gildi er reglugerð um spilliefni og annan úrgang, svokallaður úrgangslisti, sbr. ákvörðun 2000/532/EB, sbr. 2001/118/EB, 2001/119/EB og 2001/537/EB, þar sem úrgangur er tilgreindur með raðnúmerum. Gert er ráð fyrir að sambærilegu fyrirkomulagi áfram.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um stjórnsýslu úrgangsmála, gerð áætlana um meðhöndlun úrgangs o.fl. Ákvæði þetta tekur m.a. mið af 7. gr. tilskipunar 91/156/EBE, um breytingar á tilskipun 75/442/EBE, um úrgang, 5. gr. tilskipunar um urðun úrgangs og 11. gr. núgildandi reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999.

Í 1. mgr. kemur fram að umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Utanríkisráðherra fer með lögsögu á varnarsvæðum samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum eins og gildir um aðra málaflokka.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun annist eftirlit með framkvæmd laganna en það lýtur einkum að því hvort starfsleyfishafi, þ.e. rekstraraðili, fari að ákvæðum starfsleyfis. Hins vegar er gert ráð fyrir því að heilbrigðisnefndir annist eftirlit með annarri meðhöndlun úrgangs, þ.e. að almenn fyrirmæli 10. gr. frumvarpsins séu virt.

Í 3. og 4. mgr. greinarinnar er fjallað um áætlanagerð um meðhöndlun úrgangs í samræmi við 7. gr. tilskipunar 91/156/EBE, um breytingar á tilskipun 75/442/EBE, um úrgang og 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB, um urðun úrgangs. Sambærilegt ákvæði er að finna í 19. gr. núgildandi reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999. Landsáætlun sem Umhverfisstofnun gefur út og áætlanir sveitarstjórna hafa að markmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurnýt-

ingu og minnka hlutfall úrgangs sem fer til förgunar í samræmi við 3. gr. tilskipunar 75/442/EBE, um úrgang, 3. gr. tilskipunar nr. 91/156/EBE og 5. gr. tilskipunar um urðun úrgangs, 1999/31/EB. Gert er ráð fyrir að áætlun Umhverfisstofnunar verði almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélögin varðandi svæðisbundna áætlanagerð. Hér á landi er víðtæk samvinna milli sveitarfélaga um sorphirðumál og mörg byggðasamlög í landinu. Þá koma heilbrigðisnefndir markvisst að stefnumótun sveitarfélaga í úrgangsmálum. Heimilt er sveitarstjórnum að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og einnig er hægt að fela hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum að semja áætlun. Þótt sveitarstjórnir feli öðrum að semja áætlun um meðhöndlun úrgangs þurfa viðkomandi sveitarstjórnir að gera hana að sinni og staðfesta áætlunina áður en hún er send Hollustuvernd ríkisins. Gert er ráð fyrir að áætlanir þessar gildi til þriggja ára í senn.

Í 5. mgr. er fjallað um stjórnsýslu sveitarfélaga vegna meðhöndlunar á úrgangi. Ekki er ætlunin að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði. Sveitarfélög kunna að fara mismunandi leiðir til að sinna verkefninu, m.a. með tilliti til hagkvæmni. Þykir því nauðsynlegt að verksvið og svigrúm sveitarstjórna sé skýrt varðandi þennan málaflokk. Sveitarstjórnir skulu ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu, svo sem hvað varðar frágang sorpíláta, að hve miklu leyti sveitarfélagið sér um söfnun á rekstrarúrgangi o.fl. Sveitarstjórn skal bera ábyrgð á flutningi á heimilisúrgangi en getur sinnt þeirri skyldu á ýmsan hátt, m.a. með samrekstri með öðrum sveitarfélögum í formi byggðasamlags eða annars félagaforms eða með samningum við einkaaðila um að þeir flytji heimilisúrgang til móttökustöðvar. Jafnframt skulu sveitarfélög bera ábyrgð á að starfræktar séu móttökustöðvar og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Einnig er algengt að sveitarfélög sameinist um rekstur móttökustöðva.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnum verði eins og verið hefur heimilt að setja samþykktir þar sem tilgreint er nánar en greinir í lögum og reglugerðum hvernig meðhöndla skuli úrgang. Slíkar samþykktir hafa víða verið settar af sveitarfélögum á grunni 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í samþykktunum hefur jafnan verið fjallað um fleiri svið hollustuhátta og mengunarvarna en meðhöndlunar á úrgangi og má búast við því fyrirkomulagi áfram. Í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eru formreglur um slíkar samþykktir. Meðal þeirra atriða sem sveitarfélög geta sett í samþykktir þessar eru ákvæði um flokkun á úrgangi og aðra meðhöndlun hans í samræmi við frumvarp þetta, t.d. 10. og 13. gr. frumvarpsins. Einnig geta sveitarfélög notað samþykktir sem tæki til að ná markmiðum áætlana sveitarstjórnar um meðhöndlun úrgangs, svo sem að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um starfsleyfisskyldu móttökustöðva fyrir úrgang og hvaða yfirvald veitir starfsleyfi.

Nauðsynlegt þykir að kveða skýrt á um að móttökustöð fyrir úrgang hafi gilt starfsleyfi. Ákvæðið tekur mið af 8. gr. tilskipunar um urðun úrgangs og reglugerð um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999. Ekki er hér gert ráð fyrir breytingu á því hvaða aðilum er skylt að hafa starfsleyfi. Aftur á móti þykir nauðsynlegt að ráðherra hafi heimild til þess að veita rekstraraðila tímabundna undanþágu frá starfsleyfi ef ríkar ástæður mæla með, sbr. einnig 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Ástæður sem leitt gætu til slíkrar undanþágu væru t.d. atriði sem rekstraraðili getur ekki haft áhrif á. Þær aðstæður kunna einnig að koma upp að stöðvun starfsemi

hafi neikvæð umhverfisáhrif í för með sér umfram það að rekstri sé haldið áfram án starfsleyfis.

Skv. 2. mgr. er það hlutverk Umhverfisstofnunar að gefa út starfsleyfi fyrir móttökustöðvar. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar fyrir úrgang. Dæmi eru hins vegar um að söfnunarstöðvar séu reknar í beinum tengslum við móttökustöðvar, séu t.d. á sömu starfsstöð og flokkunarstöð eða móttökustöð. Í slíkum tilvikum er hagræði af því að aðeins einn aðili gefi út starfsleyfið.

Samkvæmt 3. mgr. er Umhverfisstofnun heimilt að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir annan atvinnurekstur sem hún veitir starfsleyfi, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem heimilar starfsleyfishafa förgun á eigin úrgangi sem verður til á framleiðslustað. Skulu þá þau ákvæði starfsleyfisins sem varða förgun úrgangs vera í samræmi við lög þessi. Dæmi eru um að rekstraraðilar stærri iðnaðarfyrirtækja sjái sér hag í því að annast sjálfir förgun iðnaðarúrgangs frá starfseminni. Rétt þykir að í slíkum tilvikum sé gefið út eitt starfsleyfi sem tekur á öllum þáttum starfseminnar. Slíkt starfsleyfi yrði gefið út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Í 4. og 5. mgr. eru ákvæði um endurskoðun starfsleyfa. Rekstraraðili skal skv. 4. mgr. tilkynna Umhverfisstofnun um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með hæfilegum fyrirvara. Þykir rétt að rekstraraðili tilkynni um allar breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið. Þar sem breytingar eru eðli málsins samkvæmt misjafnar að umfangi verður það að miðast við umfang breytinganna hvað telst hæfilegur fyrirvari hverju sinni.

Samkvæmt 6. mgr. skal ekki gefa út starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða upplýsingar skuli koma fram í umsókn um starfsleyfi og hvaða gögn skuli fylgja slíkri umsókn. Er hér höfð hliðsjón af 7. gr. tilskipunar um urðun úrgangs og 10. gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, nr. 785/1999, sbr. 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í III. og IV. kafla frumvarpsins eru sérákvæði um atriði sem koma skulu fram í umsóknum um starfsleyfi fyrir urðunarstaði annars vegar og brennslustöðvar hins vegar.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið starfsleyfis. Er hér m.a. höfð hliðsjón af 9. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Þykir nauðsynlegt að vel sé afmarkað í starfsleyfi til hvaða starfsemi það tekur. Starfsleyfið er bundið við tiltekinn rekstraraðila og tiltekna staðsetningu enda er í 8. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að metið sé hvort rekstraraðili hafi nægilega tæknilega færni til að stjórna móttökustöð. Einnig má búast við að staðsetning, þ.e. umhverfi móttökustöðvar, hafi áhrif á ákvæði starfsleyfisins.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um almenn starfsleyfisskilyrði fyrir móttökustöðvar. Er hér höfð hliðsjón af 8. og 9. gr. tilskipunar um urðun úrgangs, IV.–VI. kafla gildandi reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og 18. gr. reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999. Þykja þessi almennu ákvæði eiga jafnt við allar móttökustöðvar. Í III. og IV. kafla frumvarpsins eru hins vegar sérákvæði sem varða urðunarstaði annars vegar og brennslustöðvar hins vegar.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að starfsleyfishafi skuli árlega skila Umhverfisstofnun skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er, heildarmagn og árangur af vöktunaráætlun sem kveðið er á um í 16. og 17. gr. Er hér höfð hliðsjón af 9. gr. tilskipunarinnar um urðun úrgangs. Skv. 20. gr. reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999, skal Umhverfisstofnun sjá um að þriðja hvert ár verði tekið saman yfirlit yfir meðhöndlun úrgangs. Tilskipun um urðun úrgangs kveður á um að rekstraraðili sendi eftirlitsaðila umræddar upplýsingar árlega. Út frá þessum upplýsingum er m.a. unnt að leggja mat á hvort áætlanir um að minnka þann úrgang sem fer til förgunar ganga eftir. Heimilt er að gera grein fyrir þessum atriðum í skýrslu um grænt bókhald sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir kveða á um eða ársskýrslu starfsleyfishafa ef sömu upplýsingar er að finna þar. Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, skulu móttökustöðvar af tiltekinni stærð færa grænt bókhald, sbr. 5. tölul. fylgiskjals II með þeim lögum.

Um 10. gr.

Í greininni eru almenn fyrirmæli um meðhöndlun úrgangs. Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Jafnframt skal allur úrgangur fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur. Eins og fram kemur í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn ákveði fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Í 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji ákvæði í reglugerð um móttöku einstaka tegunda úrgangs og úrgangsflokka í móttökustöð, sem og kröfur um aðferðir við móttöku og meðhöndlun úrgangs. Er hér höfð hliðsjón af markmiðum frumvarpsins og 6. gr. gildandi reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999. Gert er ráð fyrir að nánari fyrirmæli um meðhöndlun og aðra meðferð úrgangs verði sett í reglugerð, sbr. 13. gr. frumvarpsins, og samþykktir sveitarfélaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um gjaldtöku fyrir meðhöndlun úrgangs, annars vegar gjald sem rekstraraðila er skylt að innheimta og hins vegar gjaldtöku sveitarfélags vegna meðhöndlunar úrgangs en meðhöndlun úrgangs er mun víðtækari en förgun hans eins og fram kemur í skýringu hugtaksins í 3. gr. frumvarpsins. Skilið er á milli gjaldtöku sveitarfélaga og gjaldtöku rekstraraðila móttökustöðvar fyrir úrgang þar sem rekstraraðili móttökustöðvar kann að vera annar en viðkomandi sveitarfélag og þá sérstakur lögaðili, svo sem byggðasamlag eða einkaaðili.

Gjaldtaka rekstraraðila vegna meðhöndlunar úrgangs skal standa undir kostnaði við förgun úrgangsins. Ákvæðið tekur mið af 10. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Greinin gerir þær kröfur að gjald sem rekstraraðili urðunarstaðar tekur fyrir förgun hvers kyns úrgangs á urðunarstað skuli nægja fyrir uppsetningu og starfrækslu urðunarstaðarins, áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunarinnar í a.m.k. 30 ár og, að svo miklu leyti sem hægt er, kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 15. gr. þessa frumvarps. Kröfur tilskipunarinnar eru í samræmi við svokallaða mengunarbótareglu, þ.e. PPP-regluna (e. *polluter pays principle)* sem er hluti af rétti Evrópusambandsins og er að finna sem markmið samningsaðila í 2. mgr. 73. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglan felur í sér að mengunarvaldur beri kostnað af mengun sem hann veldur. Þótt tilskipunin gildi einungis um urðun úrgangs þótti æskilegt við gerð þessa frumvarps að samræmis yrði gætt í gjaldtökuákvæði um aðra staði sem sjá um förgun á úr-

gangi en urðunarstaða, svo sem brennslustöðva. Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér að gjaldtaka í sveitarfélögum þar sem úrgangur er brenndur verður sambærileg við gjaldtöku í sveitarfélögum þar sem úrgangur er urðaður.

Gera má ráð fyrir að með hliðsjón af markmiðum laganna, m.a. um að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og að draga úr hættu sem förgun úrgangs hefur á heilsu manna og dýra, reynist nauðsynlegt að gera rannsóknir, þróa nýja tækni við meðhöndlun tiltekinna tegunda úrgangs o.s.frv. Gerir 2. mgr. því ráð fyrir að sveitarfélögum sé heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

Gert er ráð fyrir því að sveitarfélag geti innheimt gjald fyrir meðhöndlun úrgangs á grundvelli mælinga á magni úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágangi úrgangs og annarra þátta sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Nokkur sveitarfélög hafa unnið að því að mæla þann úrgang sem til fellur frá hverju heimili fyrir sig og er það fyrsta skrefið í átt að gjaldtöku í samræmi við úrgangsmagn. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að heimilt verði að innheimta fast gjald fyrir meðhöndlun úrgangs á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpíláta og/eða þjónustustig. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Þykir eðlilegt að greitt sé mismunandi gjald eftir því hvort er um að ræða t.d. sumarhús eða íbúðarhús þar sem umfang þjónustunnar er eðli málsins samkvæmt mismunandi. Þá er ljóst að heildartekjur sveitarfélags á grundvelli framangreinds gjalds mega ekki vera hærri en nemur heildarkostnaði sveitarfélagsins við meðhöndlun úrgangsins.

Sveitarfélögum er heimilt að hafa með sér samstarf um meðhöndlun úrgangsins, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga. Algengasta fyrirkomulag slíks samstarfs er byggðasamlagsform. Í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir því að gjaldskrá sé sett af stjórn byggðasamlagsins og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er samið með hliðsjón af 27. gr. reglugerðar ráðsins um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, 259/93/EBE, sbr. reglugerð um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 377/1994. Tilskipunin er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt hefur Ísland fullgilt svokallaðan Basel-samning aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra. Í 6. gr. samningsins er sambærilegt ákvæði og í 27. gr. framangreindrar reglugerðar ráðsins. Þykir eðlilegt að kveðið sé á um slík atriði í lögum. Tilgangur slíkrar tryggingar er að móttökuríki sitji ekki uppi með kostnað sem flutningur úrgangs milli landa kann að hafa í för með sér.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein skal gefa út reglugerð með nánari fyrirmælum á grundvelli laganna. Í a-lið er kveðið á um að skilgreina skuli nánar spilliefni og annan úrgang í reglugerð. Eins og áður segir er í gildi reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang þar sem spilliefni og úrgangur eru tilgreind með raðnúmerum. Gert er ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði viðhaft áfram.

Samkvæmt b-lið skal setja reglur um takmarkanir og bönn við blöndun, móttöku og förgun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka og skv. c-lið skal setja nánari reglur um aðferðir við móttöku og meðhöndlun úrgangs. Skv. 5. gr. tilskipunar um urðun úrgangs skal

ekki tekið við fljótandi úrgangi, úrgangi sem er samkvæmt tilteknum viðmiðunum sprengifimur, ætandi, eldnærandi eða eldfimur, klínískum úrgangi og hjólbörðum eftir tiltekið tímamark. Nauðsynlegt er að þessi atriði hvert um sig séu nánar skilgreind í reglugerð. Tilskipun um úr sér gengin ökutæki, 2000/53/EB, kveður á um endurvinnslu ökutækja og hluta þeirra. Er því nauðsynlegt að setja reglur um móttöku þeirra.

Samkvæmt d-lið skal setja reglur um hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla í hverjum flokki móttökustöðva. Í 4. gr. tilskipunar um urðun úrgangs eru urðunarstaðir flokkaðir í þrjá meginflokka eða tegundir og í 6. gr. tilskipunarinnar er tilgreint hvers konar úrgang heimilt er að urða í hverjum flokki fyrir sig. Sama getur átt við um brennslustöðvar. Þykir nægja að setja ákvæði af þessu tagi í reglugerð.

Rétt þykir að kveðið verði nánar á um innihald áætlana skv. 4. gr. og starfsleyfistryggingu skv. 15. gr., sbr. e- og f-lið ákvæðisins.

Í g–j-lið er gert ráð fyrir að settar verði nánari reglur um þar tilgreind atriði í reglugerð. Hér er um að ræða tæknileg atriði sem útfærð eru nánar eftir eðli og stærð móttökustöðva. Í tilskipun um urðun úrgangs er m.a. kveðið á um meðhöndlun og söfnun á hauggasi og sigvatni og hvernig staðið skal að lokun urðunarstaðar.

Í k-lið er gert ráð fyrir að settar verði nánari reglur um eftirlit með útflutningi, umflutningi og innflutningi úrgangs, þ.m.t. tryggingu skv. 12. gr. Er nú kveðið á um þessi atriði í reglugerð um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 377/1994, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið um þau atriði sem tilgreina skal í umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað, umfram þau atriði sem getið er í 6. gr. frumvarpsins. Er hér höfð hliðsjón af 7. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Þar sem úrgangi er komið fyrir á eða í landi skiptir vatnafar og jarðfræði staðarins meginmáli við mat á viðeigandi mengunarvörnum.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja. Ákvæði þetta tekur einkum mið af 8. gr. tilskipunar um urðun úrgangs.

Búist er við að einkum geti reynt á slíka tryggingu þegar rekstraraðili hefur hætt starfsemi, starfsleyfi er ekki lengur í gildi og ekki er unnt að beita þvingunarúrræðum gagnvart starfsleyfishafa. Er því gert ráð fyrir því að tryggingin geti staðið til fullnustu þess að vöktun og sýnataka í kjölfar lokunar fari fram, enda gerir tilskipunin ráð fyrir því að tryggingunni sé haldið svo lengi sem rekstraraðila er skylt að vakta urðunarstaðinn.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýst því viðhorfi sínu að heimilt sé að byggja tryggingasjóð upp jafnt og þétt yfir rekstrartímabil urðunarstaðarins. Rétt þykir þó að rekstraraðili hafi val um leiðir í þessu sambandi og meti hvaða leið er hagkvæmust. Umhverfisstofnun skal hins vegar meta hvort viðkomandi trygging telst fullnægjandi.

Samkvæmt tilskipun um urðun úrgangs er heimilt að undanþiggja urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang ákvæði þessu. Lagt er til að svo verði gert þar sem mengunarhætta frá slíkum urðunarstöðum er mun minni en þar sem um er að ræða úrgang sem brotnar smám saman niður á löngum tíma.

Samkvæmt 3. mgr. má ekki gera aðför í starfsleyfistryggingu nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi. Eins og fram kemur í 5. gr. frumvarpsins

er gert ráð fyrir því að heimilt sé að veita einkaaðilum starfsleyfi til að reka urðunarstað. Almennt standa sveitarfélög að rekstri urðunarstaða, ýmist sjálf eða með rekstri sérstakra sorpsamlaga. Skv. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, standa heildareignir sveitarfélags til tryggingar skuldbindingum þess. Eigi má gera aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum þeirra og sveitarfélög verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta skv. 4. mgr. sömu greinar. Skv. 37. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum, má hins vegar gera aðför í peningum eða í fasteign, lausafé, kröfu gerðarþola á hendur öðrum eða annarri eign eða réttindum sem hafa fjárhagslegt gildi og unnt er að tilgreina nægilega. Með hliðsjón af tilgangi starfsleyfistryggingar þykir því nauðsynlegt að undanþiggja hana aðför. Tryggingin skal jafnframt undanskilin þrotabúi rekstraraðila verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta innan 30 ára frá lokun urðunarstaðarins. Skv. 72. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum, tekur þrotabú skuldarans við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðarins, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggerningi sem verður ekki hnekkt vegna gjaldþrotaskiptanna. Gert er ráð fyrir að vöktun eftir að urðunarstað er lokað muni kosta rekstraraðila u.þ.b. 45.000.000 kr. miðað við hámarkstíðni vöktunar samkvæmt tilskipuninni. Er því um að ræða verulegar fjárhæðir. Með þessu á því að vera tryggt að tryggingafé standi óhreyft til fullnustu kröfu um vöktun.

Almennt eru urðunarstaðir reknir af sveitarfélögum eða byggðarsamlögum þeirra. Með vísan til 73. gr. sveitarstjórnarlaga er sá möguleiki fyrir hendi að þau sveitarfélög sem standa að rekstri viðkomandi urðunarstaðar ábyrgist gagnvart Hollustuvernd ríkisins þá fjárhæð sem starfsleyfistrygging miðast við.

Um 16. gr.

Samkvæmt greininni skal rekstraraðili fylgja áætlun um eftirlit og vöktun með urðunarstaðnum, sbr. ákvæði frumvarpsins, reglugerða sem um reksturinn gilda og starfsleyfi. Í 12. gr. og III. viðauka tilskipunar um urðun úrgangs eru reglur um vöktun á rekstrarskeiði. Unnt er að gera viss frávik frá tíðni mælinga og sýnatöku ef strjálli mælingar og sýnataka telst nægileg. Taka verður mið af eðli og stærð hvers urðunarstaðar fyrir sig þegar tíðni mælinga og sýnatöku er ákveðin.

Um 17. gr.

Í greininni eru ákvæði um lokun urðunarstaðar. Er hér einkum tekið mið af 13. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Í 1. mgr. segir að urðunarstað teljist ekki endanlega lokað fyrr en eftirlitsaðili hefur skoðað vettvang, metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Hollustuvernd ríkisins hefur veitt samþykki fyrir lokun. Hafi Umhverfisstofnun falið öðrum aðila eftirlitið skal stofnunin samt sem áður taka ákvörðun um hvort heimilt er að loka urðunarstaðnum.

Samkvæmt 2. mgr. ber rekstraraðili urðunarstaðar ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins, vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni sem berst frá urðunarstaðnum og greiningu grunnvatns í nágrenni staðarins svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum. Með viðhaldi urðunarstaðarins er átt við að fylgst sé með breytingum á umfangi þess úrgangs sem urðaður hefur verið. Í 13. gr. tilskipunar um urðun úrgangs er það tímabil sem rekstraraðili ber ábyrgð á vöktun í kjölfar lokunar ekki tiltekið. Hins vegar er kveðið á um það í 10. gr. tilskipunarinnar að leggja skuli fram tryggingu fyrir því að urðunarstaðurinn verði vaktaður í a.m.k. 30 ár. Sinni rekstraraðili ekki skyldu sinni samkvæmt ákvæði þessu er unnt að ganga að tryggingu þeirri sem gert er ráð fyrir í 15. gr. Búist er við að í flestum

tilvikum komi fram á 30 ára tímabili hugsanleg mengun frá urðunarstaðnum. Afmarka skal það svæði þar sem vöktun og sýnataka fer fram samkvæmt ákvæðinu áður en starfsleyfi er gefið út. Talið er unnt að meta fyrir fram það svæði sem rekstraraðili þarf að gera ráð fyrir að hafa til umráða til að geta sinnt þessari skyldu. Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Umhverfisstofnunar varðandi vöktun skal Umhverfisstofnun láta vinna verkið á kostnað rekstraraðila. Starfsleyfistrygging rekstraraðila skv. 15. gr. skal þá leyst út til greiðslu verksins.

Þegar um er að ræða tiltekna urðunarstaði í afskekktum byggðum getur Umhverfisstofnun veitt undanþágu frá sýnatöku eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi þess úrgangs sem urðaður hefur verið, hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað. Hugtakið afskekkt byggð er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Umhverfisstofnun skal skv. 3. mgr. endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar. Við þá endurskoðun er unnt að meta m.a. hvort unnt er að draga úr vöktun.

Í 4. mgr. er kveðið á um að rekstraraðili skuli tilkynna Umhverfisstofnun um hvers kyns skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við vöktunina og hlíta ákvörðun stofnunarinnar um nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.

Í 5. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gefa rekstraraðila fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og eftirlit með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður þótt rekstraraðili hafi ekki umráð yfir viðkomandi landsvæði. Eigandi eða umráðamaður lands þar sem eftirlit fer fram samkvæmt ákvæði þessu skal hlíta því að rekstraraðili framkvæmi lokunar- og vöktunar- og eftir atvikum hreinsunaraðgerðir eftir lokun urðunarstaðar samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Þannig er leitast við að tryggja að rekstraraðili geti sinnt vöktun með þeim stað þar sem hann hefur urðað á þrátt fyrir að hann hafi ekki eignar- eða afnotarétt af landsvæðinu eftir að rekstri er lokið eða ef nauðsynlegt reynist að taka t.d. grunnvatnssýni utan þess svæðis sem afmarkað var í upphafi. Þá þykir nauðsynlegt að kveða á um að heimilt sé að leita aðstoðar lögreglu við að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir samkvæmt ákvæði þessu ef eigandi eða umráðamaður lands veitir ekki aðgang að landi sínu. Er hér höfð hliðsjón af 28. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Í 6. mgr. er kveðið á um að verði eigandi eða umráðamaður lands sannanlega fyrir tjóni, svo sem vegna jarðrasks og átroðnings vegna framkvæmdar þessa ákvæðis skuli rekstraraðili bæta það tjón. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Er hér höfð hliðsjón af 28. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og 2. málsl. 1. gr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Umhverfisstofnun skal láta þinglýsa fyrirmælum um vöktun og umsjón með urðunarstað eftir að honum er lokað á viðkomandi fasteign. Jafnframt skal slíku skjali aflýst þegar vöktunartímabili telst lokið. Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu og aflýsingu.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu eru tilgreind þau atriði sem nauðsynlegt þykir að fram komi í umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöðvar svo að unnt sé að leggja mat á viðeigandi mengunarvarnir, sbr. 8. og 19. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu eru sett fram þau skilyrði starfsleyfis fyrir brennslustöðvar sem eru umfram þau almennu skilyrði starfsleyfis sem fram koma í 8. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða ákvæði um losunarmörk fyrir mengunarefni með það að markmiði að draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfi og heilsu manna. Er hér höfð hliðsjón af reglugerð um sorpbrennslustöðvar, nr. 808/1999, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs, 2000/76/EB.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að mæla skuli styrk mengandi efna í útblásturslofti brennslustöðva og skuli setja nánari ákvæði þar um í starfsleyfi og reglugerð, sbr. ákvæði sem fram koma í h- og i-lið 13. gr. frumvarpsins. Einnig er kveðið á um að sýni mælingar að farið hafi verið yfir losunarmörk sem tilgreind eru í starfsleyfi skuli rekstraraðili gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að brennslustöðin fullnægi kröfum um losunarmörk ella skuli starfsemi stöðvarinnar hætt. Þessar aðgerðir geta m.a. falist í viðgerð, að hætt verði mötun tiltekins úrgangs eða starfsemi stöðvarinnar verði alfarið hætt.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um fyrirkomulag eftirlits og valdsvið. Í 1. mgr. kemur fram að Umhverfisstofnun annist eftirlit með því að starfsleyfishafi sem hún veitir starfsleyfi fari að ákvæðum starfsleyfis. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti falið heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða í umboði stofnunarinnar. Gera má ráð fyrir að í slíkum tilvikum verði gert sérstakt samkomulag milli Umhverfisstofnunar og viðkomandi heilbrigðisnefndar um fyrirkomulag eftirlits og framkvæmd viðeigandi þvingunarúrræða. Jafnframt er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geti með samningi falið faggiltum skoðunaraðilum eftirlit, í samræmi við 24. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í 2.–3. mgr. er fjallað um heimildir eftirlitsaðila og skyldur starfsleyfishafa við framkvæmd eftirlits.

Í 4.–5. mgr. er gert ráð fyrir að gjald fyrir útgáfu starfsleyfis og eftirlit verði ákveðið á sama hátt og verið hefur, sbr. 12. og 21. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um þvingunarúrræði vegna meðhöndlunar úrgangs. Greinin er sambærileg þvingunarúrræðum í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eðlilegt er að sambærilegar reglur gildi um þvingunarúrræði þar sem um er að ræða starfsemi sem haft getur í för með sér mengun en sambærileg ákvæði er að finna í 26.–29. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 23. gr.

Lagt er til að sambærilegt fyrirkomulag gildi um málsmeðferð og úrskurði og gildir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Er því gert ráð fyrir því að meginreglan verði sú að ágreiningi um framkvæmd laganna verði vísað til sérstakrar úrskurðarnefndar.

Kæra má ákvarðanir Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis skv. 5. gr. til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun stofnunarinnar. Sama gildir um ágreining sem upp kann að koma milli stjórnvalda sem annast framkvæmd laganna. Felur þetta fyrirkomulag í sér óbreytt ástand hvað varðar málsmeðferð og úrskurði.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög vegna meðhöndlunar og meðferðar úrgangs í bága við lögin og reglur settar samkvæmt þeim. Um sambærileg viðurlög er að ræða og samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt ákvæðinu skulu rekstraraðilar urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara fyrir 1. maí 2003 senda Hollustuvernd ríkisins áætlun um hvernig unnt er að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laga þessara. Er hér höfð hliðsjón af 14. gr. tilskipunarinnar sem kveður á um sérstakar áætlanir um aðlögun að tilskipuninni. Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir til lögleiðingar innan tveggja ára frá gildistöku hennar. Sá frestur rann út 16. júlí 2001, sbr. almennar athugasemdir með frumvarpi þessu. Gerir 14. gr. tilskipunarinnar ráð fyrir að umræddar áætlanir verði sendar innan árs frá þeim tíma. Ekki er talið raunhæft að gera kröfu um að rekstraraðilar skili áætlunum örfáum vikum eða mánuðum eftir gildistöku laga þessara og er því lagt til að þeim verði gefinn ársfrestur frá gildistöku þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins skulu urðunarstaðir í rekstri við gildistöku laga þessara uppfylla kröfur laganna fyrir 16. júlí 2009 en þeim lokað ella. Er hér jafnframt höfð hliðsjón af 14. gr., sbr. 18. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um undanþáguheimildir að því er varðar vöktun á urðunarstöðum af tiltekinni stærð í eyjum hér við land sem eru í rekstri við gildistöku laganna. Tilskipun um urðun úrgangs gerir ráð fyrir að slíkar undanþágur verði einungis gerðar vegna urðunarstaða sem eru í rekstri en að nýir urðunarstaðir uppfylli kröfur tilskipunarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins skal í reglugerð kveðið nánar á um aðlögun starfandi urðunarstaða í áföngum. Í 14. gr. tilskipunarinnar skulu tiltekin ákvæði tilskipunarinnar sem ýmist eru útfærð í frumvarpi þessu eða sem gert er ráð fyrir að útfærð verði í reglugerð koma til framkvæmda innan árs og önnur innan þriggja ára að því er varðar urðunarstaði fyrir spilliefni.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Samkvæmt lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, tekur Umhverfisstofnun til starfa 1. janúar 2003 og er henni m.a. ætlað að sinna starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins annast nú.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af Evrópusambandstilskipun 1999/31/EB. Markmið þess er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og að skipulega verði dregið úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru ákvæði 11. gr. um að rekstraraðili förgunarstaðar skuli innheimta gjald fyrir förgun úrgangs og að tekjur af gjaldinu skuli nægja fyrir öllum kostnaði við förgunina, þ.m.t. stofn- og rekstrarkostnaði viðkomandi förgunarstaðar, og ákvæði 15. gr. um að rekstraraðili urðunarstaðar þar sem ekki er eingöngu urðaður óvirkur úrgangur skuli leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að uppfylltar verði allar skyldur sem starfsleyfi fyrir viðkomandi urðunarstað kveður á um, þ.m.t. kostnað við eftirlit með staðnum í 30 ár frá lokun hans, sbr. einnig ákvæði 17. gr.

Líklegt má telja að ákvæði 11. gr., um að staðið skuli undir öllum förgunarkostnaði með gjaldtöku, geti leitt til breyttrar skiptingar kostnaðar við sorphirðu frá því sem nú er milli heimila, atvinnulífs og sveitarfélaga. Mjög er misjafnt hversu miklar tekjur sveitarfélögin innheimta sérstaklega á móti kostnaði við meðhöndlun úrgangs og eins er mjög misjafnt hvernig innheimtan skiptist milli heimila og atvinnulífs í sveitarfélögum. Talið er að á höfuðborgarsvæðinu komist innheimta á atvinnulífið næst því að standa undir kostnaði við förgun en víða á landsbyggðinni er innheimta í engu samræmi við kostnað og oft langt frá því að nægja fyrir kostnaði. Því er viðbúið að ákvæðið geti leitt til þess að gjaldtaka, sérstaklega af atvinnulífi á landsbyggðinni, aukist.

Hér á landi eru ekki í boði tryggingar sem uppfylla tryggingarákvæði 15. gr. og talið er að slíkar tryggingar yrðu mjög dýrar. Tvær leiðir eru helst taldar koma til greina til að uppfylla ákvæðið eftir því hvort rekstraraðili urðunarstaðar er einkaaðili eða sveitarfélag, annars vegar sú leið að á rekstrartímabili urðunarstaðar safni rekstraraðili tilskilinni fjárhæð í sérstakan tryggingarsjóð í gegnum gjaldtökuákvæði 11. gr. og hins vegar, ef rekstraraðilinn er sveitarfélag eða byggðasamlag sveitarfélaga, að viðkomandi sveitarfélag ábyrgist þá fjárhæð sem starfsleyfistryggingin miðast við. Misjafnt er hve umfangsmikið og dýrt eftirlit þarf með urðunarstöðum eftir að rekstri þeirra hefur verið hætt og þeim lokað. Ræðst það bæði af því hvers konar úrgangur hefur verið urðaður sem og vatnafari og jarðfræði staðarins. Áætlað er að árlegur eftirlitskostnaður við urðunarstað geti legið á bilinu 0,2 m.kr. til 1,5 m.kr. á ári.

Skoða verður ákvæði 4. gr. frumvarpsins um áætlanagerð í ljósi 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB þar sem kveðið er á um að innan tiltekins tíma skuli aðildarríkin setja fram áætlun sem miði að því að minnka magn þess lífræna úrgangs sem berst til urðunarstaða þannig að með aukinni endurvinnslu verði tryggð tiltekin minnkun þess lífræna húsasorps sem berst til urðunarstaða. Ekki er ólíklegt að hér liggi meginkostnaðaráhrif frumvarpsins og gætu sveitarfélög þurft að leggja í umtalsverðan kostnað til að minnka magn lífræns heimilisúrgangs sem fer til urðunar. Ekki er unnt að spá fyrir um hvaða leiðir hin ýmsu sveitarfélög muni fara til að ná þeim markmiðum og eru kostnaðaráhrif m.a. af þeim sökum óljós.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs aukist sérstaklega verði frumvarp þetta að lögum. Kostnaður ríkisins við sorpförgun mun þó aukast þurfi rekstraraðilar móttökustöðva úrgangs að hækka gjaldskrár sínar til að standa undir kostnaði.

369. Tillaga til þingsályktunar [339. mál]

um textun íslensks sjónvarpsefnis.

Flm.: Pétur Bjarnason, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hraða framkvæmd þingsályktunartillögu um textun íslensks sjónvarpsefnis sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi árið 2001, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.“

Greinargerð.

Þingsályktunartillögunni sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Ljóst er að þeir sem eru heyrnarlausir eða heyrnardaufir eiga mun erfiðara með að fylgjast með innlendu sjónvarpsefni en erlendu þar sem aðaltengiliður þeirra við efnið er skrifaði textinn sem fylgir með. Hann hefur fram að þessu aðeins fylgt erlendu efni sem hefur verið íslenskað. Hópur þeirra sem eru heyrnarlausir eða svo heyrnardaufir að þeir eiga í erfiðleikum með að fylgjast með töluðu orði í ljósvakamiðlum er mjög stór. Þeir sem nota heyrnartæki að staðaldri eru 15–18 þúsund og auk þess geta margir heyrnardaufir ekki nýtt sér heyrnartæki. Alls er talið að 25–30 þúsund Íslendingar séu heyrnarskertir en þeir vilja lifa í íslensku málsamfélagi og geta það. Þetta er sennilega stærsti hópur fatlaðra í samfélaginu.

Því miður hefur í mörgum tilfellum gengið erfiðlega að dempa aukahljóð í heyrnartækjum þannig að sumir heyrnardaufir varast að nota þau þegar þeir horfa á sjónvarp. Mörgum finnst orðið brýnt jafnréttismál að texta íslenskt sjónvarpsefni eftir því sem við verður komið. Slíkt hefur tíðkast í nágrannalöndum okkar, sumum nokkuð lengi. Auðvitað hlýtur alltaf eitthvert efni að vera undanskilið, svo sem fréttir sem berast á síðustu stundu og beinar útsendingar frá umræðum, en það yrði strax til mikilla bóta ef hafist yrði handa við að texta efni sem hægt væri að vinna þannig með góðu móti.

Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis orðin sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðva. Einnig má benda á að textun íslensks efnis ýtir mjög undir bætta lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga, auk þess sem slík textun er mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið. Það auðveldar þeim að skilja efnið geti þeir fylgst með skjátextanum jafnframt því sem þeir hlusta.“

Fyrir skömmu var haldin ráðstefna um textun á íslensku sjónvarpsefni og íslenskum kvikmyndum undir nafninu Textaþing. Þar komu fram upplýsingar um hversu skammt við erum komin á veg í þessum efnum og einnig um hlutfall textunar hjá ýmsum nágrannaþjóðum okkar.

Talið er að um 30 þúsund manns hér á landi geti ekki fylgst á fullnægjandi hátt með fréttum og öðru innlendu dagskrárefni í sjónvarpi. Það er svipað hlutfall og hjá nágrannaþjóðunum. Enn er mörgum í fersku minni hvílík bylting það varð þegar textun hófst á erlendu efni í sjónvarpi og kvikmyndum fyrir allmörgum árum. Nú þykir textinn sjálfsagður og óhjákvæmilegur, en opnaði á þeim tíma nýjan heim fyrir þá sem ekki bjuggu yfir mikilli tungumálakunnáttu. Svipuð bylting yrði það fyrir stóran hluta landsmanna ef textun yrði almenn á íslensku sjónvarpsefni og kvikmyndum.

Á árinu 2001 var settur texti við alls 625 mínútur af íslensku sjónvarpsefni sem nálgast mátti með textavarpi. Ekki er ljóst hversu hátt hlutfall það er af öllu efni en að líkum mjög lágt. Sama ár var 2,8 millj. kr. varið til textunar og táknmálsfrétta en ekki liggur fyrir sundurliðun á þeim kostnaði. Áætlað er að 3,3 millj. kr. fari í þessa liði árið 2002. Það er naumast meira en eitt prómill af útgjöldum RÚV.

Þessar tölur sýna svo að ekki verður um villst að hægt miðar og þingsályktunin frá 126. löggjafarþingi hefur enn ekki haft nein áhrif. Þessi tillaga er því flutt nú til að vekja enn á ný athygli á þessu brýna máli.

Á fyrrgreindu Textaþingi kom fram að um 78% af öllu efni breska ríkissjónvarpsins, BBC, eru textuð. Þar á meðal eru íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir. Árið 1983 voru einungis fáeinar klukkustundir á viku textaðar en á níunda áratugnum voru samþykkt lög sem kröfðust þess að 50% efnis yrðu textuð og gefin átta ár til að framkvæma verkið. Það gekk svo vel að árið 1996 var markið sett á 80% efnis. BBC hefur sjálft sett sér það markmið að allt efni þess verði textað árið 2008. Talið er að sjöundi hver íbúi Bretlands sé heyrnarskertur, en einnig er vitað að stór hópur fólks notar textann til þess að bæta enskukunnáttu sína. Nú er verið að vinna með nýja tækni sem breytir tali samstundis í texta.

Í Bandaríkjunum er ástand orðið gott varðandi textun sjónvarpsefnis, t.d. er allt efni í íþróttum textað, flestallar auglýsingar og þar hvílir sú lagaskylda á sjónvarpsstöðvum að texta allt efni sitt ekki síðar en í janúar 2006.

Í Noregi eru um 600.000 manns heyrnarskertir, þar af um 200.000 með heyrnartæki. Í opinberum tölum frá norska ríkissjónvarpinu, NRK, segir að um 60% efnis þar séu textuð, en þar er talið með erlent efni sem er textað eins og hér. Því er talið nær lagi að um 25% af norsku efni séu textuð, sem er þó umtalsvert meira en hér. Þar er eins og í Bretlandi verið að þróa beina túlkun á tali yfir í ritmál.

Í Bretlandi er það löggjöfin sem stýrir textun efnis hjá BBC, annars staðar hefur ekki verið sett löggjöf en þrýstingur frá almenningi og stjórnvöldum hefur stýrt þróuninni. Talið er að Hollendingar hafi náð einna lengst án lagasetningar, en um 70% efnis þar eru textuð.

Það fer ekki á milli mála að Ísland hefur mjög dregist aftur úr í þessum efnum og því brýnt að hefjast handa við þetta mál sem er réttlætismál fyrir stóran hluta þjóðarinnar.

370. Svar [163. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur og Svanfríðar Jónasdóttur um kostnað við sængurlegu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er kostnaður við hvern dag sængurlegu við fæðingu á fæðingardeildum sjúkrahúsa annars vegar og fæðingu í heimahúsi hins vegar?

Almennt liggur ekki fyrir kostnaðargreining vegna fæðinga á fæðingardeildum sjúkrahúsa, að Landspítala – háskólasjúkrahúsi undanskildu.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er heildarkostnaður við fæðingu án fylgikvilla 145.901 kr. og er meðallegutími vegna fæðingar 3,1 dagur.

Samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins er gjaldskrá fyrir heimafæðingar eftirfarandi:

Greiðsla fyrir vitjun fyrir fæðingu ..... 3.881 kr.
Greiðsla fyrir aðstoð við fæðingu ..... 49.544 kr.
Greiðsla fyrir vitjun eftir fæðingu ..... 3.881 kr.

Þegar um heimafæðingu er að ræða er auk aðstoðar við fæðingu greitt fyrir allt að þremur vitjunum fyrir fæðingu og 11 vitjunum eftir fæðingu. Ekki er algilt að farið sé í þrjár vitjanir fyrir fæðingu og 11 vitjanir eftir fæðingu en það er þó gert í yfirgnæfandi fjölda tilvika. Heildarkostnaður við fæðingu í heimahúsi er því eftirfarandi:

Þrjár vitjanir fyrir fæðingu ..... 11.643 kr.
Aðstoð við fæðingu ..... 49.544 kr.
Átta vitjanir eftir fæðingu ..... 42.691 kr.
Samtals kostnaður við heimafæðingu ..... 103.878 kr.

371. Svar [77. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kvartanir vegna verðbréfaviðskipta.

1. *Hverjar eru helstu ástæður kvartana vegna verðbréfaviðskipta sem úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafa borist annars vegar og Fjármálaeftirlitinu hins vegar, og hver hefur fjöldi kvartana verið árlega síðustu þrjú ár?*

Viðskiptaráðherra óskaði eftir upplýsingum frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og Fjármálaeftirlitinu vegna fyrirspurnar þessarar.

Í svari Fjármálaeftirlitsins kom eftirfarandi fram:

„Hér á eftir kemur yfirlit yfir helstu ástæður kvartana vegna verðbréfaviðskipta sem Fjármálaeftirlitinu hafa borist með formlegum hætti síðastliðin þrjú ár og það sem liðið er af árinu 2002.

Helstu ástæður kvartana	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
Fjárvarsla		3	3	2
Fjárfestingarráðgjöf		1	4	1
Auglýsingar og kynning		1		
Uppgjör og frágangur viðskipta			4	1
Starfshættir í tengslum við útboð verðbréfa		1	1	1
Óheilbrigðir og óeðlilegir viðskiptahættir	1		1	1
Samtals	**1**	**6**	**13**	**6**

Í allnokkrum fleiri málum hefur verið kvartað til Fjármálaeftirlitsins með óformlegum hætti vegna verðbréfaviðskipta við fjármálafyrirtæki. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið í tengslum við fjölda formlegra og óformlegra erinda vegna kvartana á hendur fjármálafyrirtækjum er varða fjárhagslegt uppgjör vegna verðbréfaviðskipta, bent viðkomandi aðilum á úrskurðarnefnd viðskiptavina fjármálafyrirtækja vegna vanheimildar Fjármálaeftirlitsins til þess að kveða á um réttindi og skyldur aðila er varða fjárhagslegt uppgjör fjármálafyrirtækja og viðskiptavina þeirra. Í framhaldi þess hefur Fjármálaeftirlitið fylgst með framgangi og niðurstöðu mála þar og gripið til aðgerða ef almennir eftirlitshagsmunir hafa krafist þess.“

Í svari úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki kom eftirfarandi fram:
„Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafa á síðustu árum borist kvartanir sem hér segir:

Árið 1999 2 mál.
Árið 2000 5 mál.
Árið 2001 17 mál.
Árið 2002 16 mál.

Það sem af er árinu 2002 hafa 16 mál borist nefndinni. Af þeim eru fjögur enn til meðferðar hjá nefndinni. Rétt er að geta þess að árið 2000 tóku gildi nýjar samþykktir fyrir úrskurðarnefndina þar sem m.a. er að finna nýmæli þess efnis að einstaklingar í atvinnurekstri og lögaðilar geta nú leitað með mál sín til nefndarinnar. Athygli er vakin á því að nokkur málanna höfðu áður borist Fjármálaeftirlitinu.

Í ofangreindum 36 málum, sem nefndin hefur úrskurðað í á árunum 1999–2002, kvörtuðu samtals 37 einstaklingar og þrír lögaðilar yfir viðskiptum sínum við alls 16 fjármálafyrirtæki. Í tveimur tilvikum beindist kvörtun að tveimur fyrirtækjum. Kvartað var sjö sinnum yfir viðskiptum við eitt fyrirtækjanna, fimm sinnum vegna viðskipta við annað og fjórum sinnum yfir viðskiptum við önnur tvö. Í eitt skipti voru kvartendur þrír og tvisvar sinnum tveir en í öðrum tilvikum einn. Af fyrrgreindum 37 einstaklingum voru 12 konur (32,4%) en 25 karlar (67,6%). Sá yngsti sem kvartaði var 16 ára en sá elsti 79 ára. Meðalaldur þeirra sem kvörtuðu var 44,6 ár.

Efni kvartana til nefndarinnar má gróflega flokka með eftirfarandi hætti:

1. Verðbréfaviðskipti	12
2. Fjárvarsla	7
3. Innlánsreikningar	3
4. Ábyrgðarskuldbinding	2
5. Innheimta	2
6. Kreditkort	2
7. Uppgjör skulda	2
8. Vaxtauppgjör	2
9. Greiðsluþjónusta	1
10. Lausafé	1
11. Ráðstöfun gjafafjár	1
12. Annað	1
Alls	**36 mál**

Vakin er athygli á að kvörtun lýtur í sumum tilvikum að fleiru en einu atriði. Undir verðbréfaviðskipti falla m.a. kvartanir vegna kaupa á innlendum og erlendum hlutabréfum, og kvartanir vegna svokallaðra framvirkra skiptasamninga. Þá er þess að geta að þau tilvik sem hér eru flokkuð með fjárvörslu varða oft viðskipti með verðbréf sem fjármálafyrirtæki hefur á grundvelli fjárvörslusamnings gert fyrir hönd viðskiptamanns síns. Hefur þá stundum reynt á hvort ráðstafanir fjármálafyrirtækis hafi verið innan marka fjárvörslusamnings þess og kvartanda eða hvort fyrirtækið hafi farið út fyrir umboð sitt samkvæmt samningi aðila.

Afdrif málanna 36 hjá nefndinni urðu með eftirfarandi hætti:

Fallist á kröfur kvartenda að nokkru leyti eða öllu	9	(25,0%)
Tilmælum beint til fjármálafyrirtækis að koma til móts við kröfur kvartenda	2	(5,6%)
Kröfum kvartenda hafnað	16	(44,4%)
Máli vísað frá úrskurðarnefndinni	9	(25,0%)
Samtals	36	(100,0%)

Í einu tilviki var fallist á kröfur kvartanda að nokkru leyti og að auki mælst til þess að fjármálafyrirtæki kæmi frekar til móts við kröfur hans.“

2. *Hversu oft á þessum árum hafa komið fram kvartanir um rangar upplýsingar frá verðbréfafyrirtækjum vegna sölu hlutabréfa og hversu oft hefur það verið vegna sama fyrirtækis?*

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu hafa því borist með formlegum hætti sex erindi er varða kvörtun um ranga upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja á umræddu tímabili og það sem liðið er af árinu 2002. Þessi erindi varða fjögur fjármálafyrirtæki, af þeim eru þrjú á hendur sama fjármálafyrirtækinu. Í allnokkrum fleiri málum hefur einnig verið kvartað til Fjármálaeftirlitsins með óformlegum hætti vegna rangrar upplýsingagjafar fjármálafyrirtækja vegna viðskipta með verðbréf.

Fram kemur í svari úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki að í einu máli sem farið hefur fyrir nefndina hefur því verið haldið fram af hálfu kvartenda að fjármálafyrirtæki hefði gefið þeim rangar upplýsingar og beitt blekkingum og svikum í tengslum við kaup á erlendum hlutabréfum. Málinu var vísað frá úrskurðarnefndinni.

3. *Hafa verðbréfasalar orðið bótaskyldir vegna rangra upplýsinga um kaup og sölu í verðbréfaviðskiptum? Ef svo er, hversu oft hefur það gerst og um hve háar fjárhæðir hefur verið að ræða?*

Samkvæmt upplýsingum frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafa verðbréfasalar ekki orðið bótaskyldir vegna rangra upplýsinga um kaup eða sölu í verðbréfaviðskiptum í þeim málum sem farið hafa fyrir úrskurðarnefndina.

Í svari Fjármálaeftirlitsins kemur fram að því sé ekki kunnugt um dóm eða úrskurð þar sem fjármálafyrirtæki er dæmt skaðabótaskylt á grundvelli þess að veittar hafi verið rangar upplýsingar um kaup og sölu í verðbréfaviðskiptum. Athugun ráðuneytisins hefur leitt hið sama í ljós. Hins vegar er Fjármálaeftirlitinu kunnugt um ýmis tilvik þar sem fjármálafyrirtæki og viðskiptavinir hafa leyst ágreining af þessu tagi með samkomulagi án þess að hægt sé að tala um skaðabætur í því samhengi.

4. *Eru dæmi þess að bankar hafi fallið frá kröfu um greiðslu á hlutabréfum vegna gylliboða verðbréfasala bankanna og óraunhæfra væntinga um hagnað? Ef svo er, hvaða tilvik voru þetta, um hvaða fjárhæðir var að ræða og hvaða fordæmisgildi hefur það að mati ráðherra?*

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur ekki haft mál til meðferðar þar sem fallið hefur verið frá kröfu um greiðslu á hlutabréfum af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í þessum lið fyrirspurnarinnar, samkvæmt upplýsingum frá nefndinni. Mál af þessu tagi hafa ekki borist ráðuneytinu, enda ekki á verksviði þess að úrskurða í einstökum ágreiningsefnum.

372. Svar [213. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ólafíu Ingólfsdóttur um uppbyggingu menningarstofnana á Suðurlandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur verið gert í uppbyggingu menningarstofnana á Suðurlandi og hvað er á döfinni í þeim málum á næstu árum af hálfu menntamálaráðuneytis?

Frumkvæði að nýjum stofnunum er fyrst og fremst hjá sveitarfélögum eða samtökum og hefur menntamálaráðuneytið veitt styrki til ýmissa stofnana í eigu þessara aðila. Á Suðurlandi hafa verið veittir byggingarstyrkir til Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka og samgönguminjahússins á Skógum. Styrkir voru veittir til endurbóta á Tryggvaskála á Selfossi og einnig til viðgerða á gömlu húsunum á Keldum og er því verki ekki lokið. Fyrir nokkrum árum var miklu fé varið til að koma á laggirnar listaskála í Hveragerði og nýtur Listasafn Árnesinga góðs af því núna. Þá hafa einnig verið veittir stofnstyrkir til Sögusetursins á Hvolsvelli. Auk þess má geta þess að um langt skeið hafa verið veittir styrkir til menningarstarfsemi í Skálholti, til Helgisiðastofnunar og Skálholtstónleika, á Kirkjubæjarklaustri og víðar á Suðurlandi.

Vestmannaeyingar hafa kynnt hugmyndir um menningarhús með aðkomu ríkisins. Einnig hafa Selfyssingar leitað eftir samstarfi við menntamálaráðuneytið um stofnun og rekstur menningarsalar. Formlegar viðræður eru ekki hafnar um þessi mál. Þá hefur ráðuneytinu verið kynntar hugmyndir um stofnun Tónminjasafns á Stokkseyri en ekki hefur verið leitað eftir formlegri aðild þess að því.

373. Svar [190. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur og Guðrúnar Ögmundsdóttur um húsnæðismál glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru einhver áform uppi um að bæta úr húsnæðismálum glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss? Ef svo er, hver eru þau?

Glasafrjóvgunardeildin var flutt í nýtt húsnæði á kvennadeild Landspítala fyrir fjórum árum, en fram að þeim tíma var deildin til húsa í eldra húsnæði sem hafði verið innréttað sérstaklega fyrir hana á árinu 1990. Við flutninginn 1998 tvöfaldaðist húsnæði deildarinnar og er nú um 380 fermetrar. Fyrir flutninginn var húsnæðið allt lagfært og innréttað til að uppfylla þarfir þessarar starfsemi sem best.

Mat stjórnenda Landspítala – háskólasjúkrahúss er að deildin sé nú í húsnæði sem henti starfseminni allvel, þótt margt mætti væntanlega færa til betri vegar. Eru því ekki uppi nein sérstök áform um nýtt húsnæði fyrir deildina eða veigamiklar breytingar á núverandi húsnæði.

Eins og kunnugt er hefur nokkuð verið rætt um hugsanlegar breytingar á rekstrarformi deildarinnar, en engar ákvarðanir verið teknar í því efni og því of snemmt að ræða um húsnæðismál því tengd.

Ýmis brýn verkefni eru framundan varðandi lagfæringar og breytingar í húsnæðismálum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Brýnasta viðfangsefnið er endurinnrétting slysa- og bráðadeildar, en margt fleira liggur fyrir að þurfi að gera á næstunni.

Ekki er því unnt að gera ráð fyrir miklum framkvæmdum við glasafrjóvgunardeildina á næstunni, en að sjálfsögðu verður sinnt öllu venjubundnu viðhaldi og gerðar þær nauðsynlegu breytingar sem þarf að gera svo að starfseminni séu ætíð búnar góðar aðstæður.

374. Svar [187. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur og Guðrúnar Ögmundsdóttur um faglega ráðgjöf um tæknifrjóvgun.

1. *Hvenær er áformað að farið verði eftir því ákvæði laga um tæknifrjóvgun að veita skuli þeim sem sækja um tæknifrjóvgun faglega ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga?*

Hér er væntanlega verið að vísa til 2. mgr. 2. gr. laga um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, en þar segir orðrétt: „Heilbrigðisstofnun sem fær leyfi skv. 1. mgr. er skylt að *bjóða* [leturbreyting ráðuneytis] pörum sem sækja um tæknifrjóvgunarmeðferð og væntanlegum gjöfum faglega ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga.“ Hér gætir því nokkurrar ónákvæmni í tilvísun til ákvæða laga um tæknifrjóvgun, en nokkur merkingarmunur er á því hvort skylt er að veita ráðgjöf eða bjóða hana.

Óskað var eftir upplýsingum frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi um framkvæmd þess ákvæðis laga um tæknifrjóvgun sem vísað er til í fyrirspurninni. Í svari Landspítalans dags. 30. október sl. kemur fram að á kvennasviði starfa tveir félagsráðgjafar sem tæknifrjóvgunardeild getur leitað til. Með bréfi sjúkrahússins fylgir eftirfarandi svar yfirlæknis tæknifrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss:

„Allt frá upphafi starfseminnar 1991 hefur verið „leitast við að bjóða upp á ráðgjöf fyrir pör þar sem sérstök félagsleg vandamál koma upp í tengslum við ófrjósemi og meðferð við henni.“ Þetta kemur skýrt fram á forsíðu upplýsingaheftis sem öll pör fá afhent við undirbúning meðferðar (sjá fylgiskjal). Þannig hefur frumkvæðið að slíkri ráðgjöf verið lagt í hendurnar á parinu sjálfu. Einnig hafa einstaklingar og pör fengið ráðgjafaviðtöl eftir tilmæli beint frá ljósmæðrum og læknum deildarinnar. Þessu starfi hefur verið sinnt af félagsráðgjöfum Kvennadeildar Landspítalans. Ekki hefur hins vegar verið sérstakur ráðgjafi ráðinn að deildinni þótt brýn þörf væri á. (Sjá meðfylgjandi bréf til sviðsstjórnar Kvennasviðs). –Með tilkomu tæknifrjóvgana með gjafaeggjum var ákveðið að öll pör sem þiggja egg (þegar) og allar konur sem gefa egg (gjafar) skuli fara til ráðgjafa áður en meðferð er ákveðin. Þetta hefur verið gert frá upphafi og verið sinnt af félagsráðgjafa við Kvennadeildina. –Æskilegt væri að sérstök stöðuheimild fengist til að sinna þessum hluta þjónustunnar enn betur. Þess ber að geta að vitað er um félagsráðgjafa sem er í sérnámi í fjölskyldu- og ófrjósemisráðgjöf í Svíþjóð og höfum við fullan hug á að fá hana til starfa með okkur þegar námi lýkur.“

2. *Hvers vegna hefur slík þjónusta ekki verið veitt fram að þessu?*

Eins og fram kemur í svari við fyrri lið fyrirspurnarinnar hefur skyldu til að bjóða faglega ráðgjöf verið sinnt. Á þessu sviði, sem öðrum sviðum heilbrigðisþjónustunnar, er alltaf hægt að gera betur á sviði fræðslu og ráðgjafar. Eins og fram kemur í svari yfirlæknis tæknifrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa stjórnendur deildarinnar metnað til að styrkja þann þátt starfseminnar sem spurt er um.

375. Svar [96. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um jarðir í eigu ríkisins.

1. *Hversu margar jarðir í eigu ríkisins eru notaðar af stofnunum þess sem sumardvalarstaðir?*
2. *Hverjar eru þessar jarðir og hvaða stofnanir nýta þær?*
3. *Er greidd leiga fyrir afnotin og, ef svo er, hver er heildarleigan og hvernig skiptist hún á einstakar jarðir?*

Landbúnaðarráðuneytið hefur eingöngu upplýsingar um ríkisjarðir sem eru á forræði ráðuneytisins og undirstofnana þess og takmarkast svör hér á eftir við það. Nokkur fjöldi ríkisjarða er á forræði eða í umsjón annarra ráðuneyta og ríkisstofnana og eiga svör við þessari fyrirspurn ekki við um þær.

Á einni jörð í umsjá Skógræktar ríkisins er húsnæði sem leigt er starfsmönnum Skógræktar ríkisins og landbúnaðarráðuneytisins til sumar- og helgardvalar. Þetta er jörðin Litla-Skarð, Borgarbyggð, Borgarfjarðarsýslu. Jörðin er í eigu Skógræktar ríkisins og var keypt fyrir gjafafé sem skilyrt var til skógræktar í Borgarfirði. Skógrækt ríkisins hefur gróðursett töluvert á jörðinni en einnig er þar rannsóknaraðstaða á sviði alþjóðlegra vatnarannsókna. Þegar jörðin var keypt voru allar byggingar á jörðinni ónýtar og voru þær rifnar nema vélaskemma en í henni var útbúin aðstaða til sumardvalar. Það hús er leigt starfsmönnum Skógræktar ríkisins og ráðuneytisins til sumar- og helgardvalar.

Heildarleigutekjur fyrir Litla-Skarð árið 2001 voru 112.000 kr.

Á árinu 2002 var gjald fyrir vikudvöl í Litla-Skarði 5.500 kr. að vetri, 7.000 kr. á vori og hausti og 8.000 kr. yfir sumarið. Helgarleigugjald að vetri var 4.000 kr.

Við ákvörðun leigugjalds hefur verið miðað við að leigutekjur standi undir rekstrarkostnaði.

4. *Eru einhverjar þessara jarða á söluskrá?*

Engar jarðir á forræði ráðuneytisins og undirstofnana þess eru á söluskrá.

5. *Eru einhverjar jarðir í eigu ríkisins nýttar sem sumardvalarstaðir af öðrum, þ.e. einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum?*

Sumarbústaðahverfi eru á nokkrum jörðum á forræði ráðuneytisins, þ.e. á jörðunum Arnarstapa í Snæfellsbæ, Heiðarbæ í Þingvallahreppi, Árnessýslu, Kaldárhöfða og Ketilvöllum í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu, Ketilhúsahaga í Rangárþingi ytra (áður Rangárvallahreppi), Rangárvallasýslu og Þormóðsdal í Mosfellsbæ. Ráðuneytið og stofnanir þess hafa þar gert leigusamninga um lóðir undir sumarbústaði við einstaklinga sem greiða fyrir þær árlegt leigugjald.

Enn fremur eru sumarbústaðir í eigu einstaklinga á einstökum ríkisjörðum annars staðar á landinu þótt ekki sé þar um að ræða sumarbústaðahverfi og hafa verið gerðir lóðarleigusamningar við eigendur þeirra sem greiða fyrir lóðirnar árlegt leigugjald.

Þá hefur ráðuneytið og stofnanir þess gert nokkra leigusamninga um íbúðarhús og eru sum þeirra aðeins notuð til sumardvalar eða annarrar skammtímadvalar en þau eru á jörðunum Hólsseli í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, Ketilsstöðum III (Hvannbóli) í Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, Kotmúla í Rangárþingi eystra (áður Fljótshlíðarhreppi), Rangárvallasýslu og Stóru-Tungu í Bárðardal, Þingeyjarsveit, Suður-Þingeyjarsýslu.

376. Fyrirspurn [340. mál]

til dómsmálaráðherra um réttarstöðu bifreiðastjóra sem aka eftir vegöxlum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hver er réttarstaða bifreiðastjóra sem hleypa umferð fram hjá sér með því að aka eftir vegöxlum, t.d. á Reykjanesbraut?

377. Fyrirspurn [341. mál]

til umhverfisráðherra um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve mörg mál hefur úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála fengið til umfjöllunar frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga 1. janúar 1998?
2. Hve mörg mál hefur úrskurðarnefndin afgreitt á sama tíma?
3. Hver er afgreiðslutími mála hjá úrskurðarnefndinni að meðaltali og hver á hann að vera samkvæmt lögum?
4. Hve margir starfa hjá nefndinni?

378. Fyrirspurn [342. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslu í Kópavogi.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve margir heilsugæslulæknar eru starfandi í Kópavogi?
2. Hvenær á að taka í notkun nýja heilsugæslustöð í Salahverfi og hve margir læknar eiga að starfa við hana?
3. Eru einhver áform um að endurnýja núverandi heilsugæslustöð í Fannborg á næstunni?

379. Fyrirspurn [343. mál]

til samgönguráðherra um umferðaröryggi á Gemlufallsheiði.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við undirskriftum hátt í 800 íbúa á Vestfjörðum þar sem farið er fram á að þegar í stað verði sett upp vegrið á Gemlufallsheiði?

380. Frumvarp til laga [344. mál]

um brottfall laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Lög nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð), eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1998 sameinuðust Íslandsbanki hf. og Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (hér eftir nefnd Verslunarlánasjóður). Í framhaldinu óskaði Íslandsbanki hf. eftir því að viðskiptaráðherra beitti sér fyrir að lög um sjóðinn og reglugerð um starfsemi hans yrðu felld úr gildi. Ráðuneytið taldi eðlilegt að tengja niðurfellingu laganna áformaðri endurskoðun á lögum um lánastofnanir, enda heyrði Verslunarlánasjóður undir lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, frá gildistöku þeirra laga til sameiningar sjóðsins við Íslandsbanka. Nú hefur frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki verið lagt fram á Alþingi og því eðlilegt að lög um þessa lánastofnun verði felld úr gildi.

Með lögum nr. 48/1966 var Verslunarbanka Íslands hf. heimilað að stofna sérstaka deild við bankann sem kölluð var Verslunarlánasjóður. Árið 1967 var sett reglugerð nr. 85/1967 um sjóðinn samkvæmt heimild í lögunum. Árið 1990 sameinaðist Íslandsbanki hf. þremur öðrum bönkum undir nafni Íslandsbanka hf. Verslunarlánasjóður fylgdi ekki með í sameiningunni en var eftir hana í eigu eignarhaldsfélags Verslunarbankans með sérstöku samkomulagi um kaup bankans á sjóðnum af eignarhaldsfélaginu. Í framhaldi af kaupunum setti bankaráð Íslandsbanka hf. meginreglur um stjórn og skipulag sjóðsins. Hinn 27. desember 1991 lýsti viðskiptaráðuneytið yfir samþykki sínu við yfirtöku bankans á sjóðnum. Hinn 1. janúar 1995 sameinaðist veðdeild Íslandsbanka hf. Verslunarlánasjóði. Hinn 16. september 1998 birtist í Lögbirtingablaði nr. 105/1988 auglýsing um samruna Íslandsbanka hf. og Verslunarlánasjóðs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

Markmiðið með frumvarpinu er að fella úr gildi lög nr. 48/1966 þar sem þau eiga ekki lengur við eftir sameiningu Íslandsbanka og Stofnlánadeildar verslunarfyrirtækja 1998.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

381. Frumvarp til laga [345. mál]

um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að byggja upp innviði og tæknilega getu fyrirtækja, stofnana og frumkvöðla til að takast á við tækniþróun og rannsóknir er henni tengjast sem leiða til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi.

2. gr.
Nýsköpunarmiðstöð.

Á vegum Iðntæknistofnunar Íslands er rekin nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöðin þjónar öllum íslenskum atvinnugreinum í samræmi við hlutverk sitt. Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra nýsköpunarmiðstöðvarinnar í samræmi við 7. gr. laga um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978. Framkvæmdastjórinn heyrir undir forstjóra Iðntæknistofnunar.

3. gr.
Hlutverk.

Hlutverk nýsköpunarmiðstöðvarinnar er að vinna að nýsköpun og tækniþróun í samræmi við lög þessi og áherslur Vísinda- og tækniráðs á hverjum tíma. Í þessu felst m.a. að:

a. eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið,
b. móta sértæk stuðningsverkefni sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framgangi nýrra viðskiptahugmynda sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknum og þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja,
c. starfrækja frumkvöðlasetur til að styðja framgang nýrra hugmynda í samræmi við reglur sem iðnaðarráðherra samþykkir,
d. annast miðlun hvers konar hagnýtrar þekkingar um stofnun og rekstur fyrirtækja,

e. vera tengiliður við þá sem stunda grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er leitt geta til nýsköpunar í atvinnulífinu,
f. miðla þekkingu um innlendar og erlendar tækninýjungar og aðgerðir sem auka framleiðni,
g. beita sér fyrir hagnýtingu vísindalegrar þekkingar,
h. aðstoða við öflun framtaksfjármagns til verkefna sem stuðla að nýsköpun og aukinni verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi,
i. eiga aðild að sprotafyrirtækjum sem stofnunin hefur tekið þátt í að þróa,
j. annast samstarf við innlendar og erlendar stofnanir sem gegna sambærilegu hlutverki vegna samstarfsverkefna og miðlunar þekkingar í samræmi við markmið 1. gr.,
k. sinna öðrum verkefnum sem iðnaðarráðherra felur henni.

4. gr.

Tækniþróunarsjóður.

Tækniþróunarsjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs með því að:

a. styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki,
b. styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og eiga aðild að þeim á frumstigi nýsköpunar,
c. fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna, einstakar greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra,
d. styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi og arðbær þrátt fyrir áhættu í upphafi,
e. kosta greiningu á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til styrktar henni.

Iðnaðarráðherra getur kveðið nánar á um starfsemi Tækniþróunarsjóðs í reglugerð.

Varsla sjóðsins, umsýsla og rekstur hans er hjá Rannsóknamiðstöð Íslands samkvæmt samningi við iðnaðarráðherra.

5. gr.

Tekjur Tækniþróunarsjóðs.

Tekjur Tækniþróunarsjóðs eru:

a. fjárveitingar í fjárlögum ár hvert,
b. tekjur af sölu hlutdeildar í sprotafyrirtækjum sem sjóðurinn hefur eignast aðild að,
c. framlög frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum,
d. önnur framlög.

6. gr.

Stjórn Tækniþróunarsjóðs.

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sjö menn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð:

a. formanni tækninefndar Vísinda- og tækniráðs og öðrum úr ráðinu til vara,
b. einum samkvæmt tilnefningu tækninefndar Vísinda- og tækniráðs og einum til vara; skulu þeir ekki eiga sæti í nefndinni,
c. einum samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra og einum til vara,

d. einum samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra og einum til vara,
e. einum samkvæmt tilnefningu rannsóknastofnana atvinnulífsins og einum til vara,
f. einum samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins og einum til vara,
g. einum án tilnefningar.

Iðnaðarráðherra velur formann og varaformann sjóðstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

7. gr.

Hlutverk stjórnar og fagráða Tækniþróunarsjóðs.

Stjórn Tækniþróunarsjóðs tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar til tveggja ára í senn. Tækninefnd setur fagráðum erindisbréf.

Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr Tækniþróunarsjóði. Jafnframt eru fagráð ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess um fagleg málefni eftir því sem óskað er.

Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins geta veitt ef þurfa þykir að mati stjórnarinnar. Þeir sem skipaðir eru í fagráð skulu hafa viðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Þeir skulu ekki sitja í Vísinda- og tækniráði né stjórn sjóðsins.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Tækniþróunarsjóðs og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs um fjárveitingar úr sjóðnum samkvæmt lögum þessum sæta ekki stjórnsýslukæru.

Kostnaður við mat á umsóknum og við störf sjóðsins skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins.

8. gr.

Úthlutunarreglur.

Úthlutunarstefna Tækniþróunarsjóðs skal fylgja áherslum Vísinda- og tækniráðs. Stjórn Tækniþróunarsjóðs setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er hluti af þeirri nýskipan vísinda og rannsókna sem grunnur er lagður að í frumvarpi forsætisráðherra til laga um Vísinda- og tækniráð. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að til verði nýtt ráð, Vísinda- og tækniráð, sem starfi undir yfirstjórn forsætisráðherra og fari með heildarstefnumótun um málefni er tengjast vísindarannsóknum, tækniþróun og nýsköpun. Ávinningur þess er einkum sá að vægi málaflokksins vex og að stefnumótunin og framkvæmd hennar verður markvissari en áður. Áherslur í vísindarannsóknum, tækniþróun og nýsköpun fær við það meiri umfjöllun og getur, í ríkari mæli en verið hefur, sett mark sitt á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Þetta getur leitt til þess að ný fræðasvið með sterka atvinnutengda tilvísun færi þjóðinni efnahagslegan ávinning fyrr en ella hefði verið.

Vísinda- og tækniráði er ætlað að fjalla bæði um vísindarannsóknir og nýsköpun. Vísindarannsóknir heyri undir menntamálaráðherra en nýsköpun, tækniþróun og rannsóknir henni

tengdar falli undir iðnaðarráðherra, sbr. frumvarp þetta. Vísindarannsóknir og nýsköpun tengjast öllum þáttum þjóðlífsins enda er veigamikið samhengi á milli vísindarannsókna, nýsköpunar atvinnulífsins og efnahagslegra og félagslegra framfara í þjóðfélaginu. Á sama hátt er mikilvægt að gæta sérstaklega að samspili háskóla, opinberra rannsóknastofnana og atvinnufyrirtækja í sköpun þekkingar og hagnýtingu hennar við lausn hinna fjölmörgu og margbreytilegu hagnýtu viðfangsefna sem efnahagsþróunin lýtur. Gagnvirkt samstarf þessara aðila þarf að vera virkt og vakandi yfir síbreytilegum aðstæðum og örum framförum í vísindum og tækni. Sú nýskipan sem hér er lagt upp með á að hafa að leiðarljósi að koma á og viðhalda samstarfi vísindasamfélagsins, opinberra aðila og atvinnulífsins innan afmarkaðra þróunarklasa og með netsamstarfi fyrirtækja og stofnana sem geta átt í jákvæðum tengslum um miðlun þekkingar sín á milli. Þessi og önnur álíka samstarfsform eru mikilvæg fyrir öfluga vísinda- og nýsköpunarstefnu.

Sá þáttur þessarar nýskipunar er heyrir undir menntamálaráðherra er frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Markmið þess frumvarps er fyrst og fremst að styrkja stoðir grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna og tryggja gæði upplýsinga um vísindi, rannsóknir og nýsköpun. Þar er lagt til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs samkvæmt núgildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994. Sjóðurinn mun veita styrki til grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Þá er í frumvarpinu lagt til að Rannsóknamiðstöð Íslands taki við hlutverki núverandi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands.

Auk þess að annast umsýslu þeirra sjóða sem heyra undir menntamálaráðherra mun Rannsóknamiðstöð Íslands, samkvæmt samningi við iðnaðarráðherra, annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem fellur undir frumvarp þetta. Rannsóknamiðstöðin mun einnig gegna veigamiklu hlutverki við öflun upplýsinga um stöðu og þróun vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar, sem m.a. mun koma að gagni í störfum Vísinda- og tækniráðs og nefnda þess.

Í frumvarpi þessu til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins er lagður grunnur að þeim breytingum sem iðnaðarráðherra er ætlað að koma á við nýskipan vísinda og tækniþróunar. Hér er um að ræða hlekkinn á milli vísindasamfélagsins og atvinnulífsins, þar sem nýsköpun atvinnulífsins fer fram og þar sem hin gagnvirku tengsl eru á milli vísindalegrar þekkingar og þeirra sem hagnýta hana. Þessi hópur er stór og með margvíslegar þarfir. Sameiginleg er þó hin viðvarandi þörf þeirra fyrir nýja þekkingu til að geta þróast áfram í hinu alþjóðlega samkeppnisumhverfi viðskiptanna.

Tengslin sem hér um ræðir og nefna má miðlun vísinda- og tækniþekkingar má skýra með miðhlekknum á eftirfarandi mynd. Þessi þekkingarmiðlun er grundvöllur þess að hin vísindalega þekking geti leitt til nýsköpunar í atvinnulífinu og efnahagslegs- og félagslegs ávinnings fyrir samfélagið.

Þekkingarmiðlunin er gagnkvæm því hún á einnig að miðla reynslu markaðarins og fyrirtækjanna til vísindasamfélagsins. Hlutverk ríkisins er að móta samstarfinu milli þeirra sem vinna að efnahags- og atvinnuþróuninni stefnu og tryggja framgang hennar, m.a. með fjárhagslegum stuðningi við þekkingaröflun vísindasamfélagsins og við hagnýtingu hennar í atvinnulífinu, einkum á þeim sviðum þar sem markaðsöflin eru ekki nægilega virk. Að þessu gefnu má líta á myndina sem einfaldað yfirlit um íslenska nýsköpunarkerfið. Frumvörpin þrjú sem sameiginlega mynda nýskipan vísindarannsókna og tækniþróunar eru hornsteinar þess kerfis.

Miðlun vísinda- og tækniþekkingar hefur verið megininntak í nýsköpunarstefnu iðnaðarráðuneytisins um nokkurra ára skeið og árið 1999 var sett á stofn þjónustumiðstöð fyrir fyrirtæki og frumkvöðla til að sinna þessu starfi. Hún þjónar öllum atvinnugreinum og hefur

gengið undir nafninu IMPRA. Þótt stöðin hafi ekki starfað lengi hefur hún gegnt veigamiklu hlutverki við að hjálpa frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum við að gera viðskiptahugmyndir að veruleika. Mikilvægur þáttur í starfsemi IMPRU er að starfrækja frumkvöðlasetur þar sem frumkvöðlar fá aðstöðu í frjóu rannsóknaumhverfi og njóta aðstoðar sérfræðinga Iðntæknistofnunar við að vinna að framgangi nýrra hugmynda. Í frumvarpinu er þessi starfsemi Iðntæknistofnunar fest í sessi og henni fengið víðtækt hlutverk við að breyta þekkingu í söluhæfar afurðir, vörur eða þjónustu.



Þrír meginhlekkir nýsköpunarkeðjunnar

Ýmis skil á milli atvinnugreina hafa smátt og smátt verið að hverfa með tilkomu nýrrar vísindalegrar þekkingar og atvinnugreina sem á henni hafa byggst. Augljós dæmi eru fræðasvið á borð við líftækni og upplýsingatækni, sem telja má að verði meginstoðir atvinnu- og efnahagsþróunar á næstu árum. Nýjar tæknigreinar á borð við nanótækni eru í örri þróun og má búast við að áhrif þeirra verði mikil er fram líða stundir. Þessi þróun kallar á ný viðhorf í stuðningi við atvinnulífið þar sem beitt er nýjum aðferðum sem skila miklum árangri á skömmum tíma. Starfræksla nýsköpunarmiðstöðvar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er því í víðum skilningi þverfagleg.

Annað mikilvægt nýmæli í frumvarpi þessu er að lagt er til að nýr sjóður, Tækniþróunarsjóður, fái það hlutverk að fjármagna verkefni sem mikilvæg eru til að ná markmiðum Vísinda- og tækniráðs og falla undir verksvið tækninefndar ráðsins og lög þessi. Áherslur Vísinda- og tækniráðs á hverjum tíma verða ráðandi í starfseminni en mikilvægt er að ráðið geti tryggt það að vísindaþekkingin fái eðlilega útrás og leiði í reynd til eflingar atvinnulífsins og efnahagslegra framfara fyrir þjóðina. Sjóðnum er ætlað að vera brú á milli Rannsóknasjóðs, samkvæmt frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og framtaksfjárfesta sem vilja koma að nýjum nýsköpunarverkefnum. Mjög hefur skort á opinberan stuðning við þetta frumstig nýsköpunar. Verkefnið *Átak til atvinnusköpunar,* sem rekið hefur verið á vegum iðnaðarráðuneytisins í nokkur ár, hefur gegnt veigamiklu hlutverki en það hefur hvergi nærri dugað.

Í þeim tilgangi að skýra á einfaldan hátt ferli þróunar hugmyndar til arðbærrar afurðar er eftirfarandi mynd sett fram. Gæta ber að því að þekkingin flæðir ekki fram með svona línulegum hætti og í reynd eru engin greinileg skil á milli hinna mismunandi þróunarstiga, þótt svo sé sýnt á myndinni.

Nýsköpunarstigið hefst er hillir undir lok hagnýtra rannsókna þegar í ljós kemur að niðurstöður rannsóknanna geta leitt til efnahagslegs ávinnings fyrir frumkvöðulinn. Þá hefjast rannsóknir er m.a. lúta að gerð frumgerðar og framleiðslutengdum aðgerðum sem eru oft ráðandi um það hvort líklegt sé að afurðin verði arðvænleg. Rannsóknir á þessu stigi þurfa einnig að taka mið af markaðsaðstæðum og þjónustu, t.d. hvort unnt sé að veita viðhaldsþjónustu um netið. Nýsköpunarstiginu lýkur svo þegar afurðin er komin í framleiðslu og sölu á markaði. Opinber stuðningur við nýsköpun atvinnulífsins felst m.a. í því að stuðla að þróun vísindalegrar þekkingar á það stig að fjárfestar geti metið arðsemi hennar.

Þróunarstig	Grunn-rannsóknir	Hagnýtar rannsóknir	Tækni-þróun	Prófun frumgerða og markaðs-	Markaðssetning	Vöxtur, framleiðsla og sala
Fjármögnunarstig	Rannsóknasjóður		Tækniþróunarsjóður		Nýsköpunar-sjóður atvinnu-	Framtaks-fjárfestar
Hagsmunaaðilar	<— Vísindasamfélagið —>		<— Sprotafyrirtæki —>		Framleiðslufyrirtæki	

Fjármagn sem varið er til nýsköpunar er flokkað eftir því í hvaða tilgangi eða á hvaða stigi það er lagt fram og því er almennt skipt í eftirfarandi þrjá flokka eftir áhættu:

1. Þróunarfjármagn eða hugmyndafé er lagt til rannsókna og þróunar á viðskiptahugmynd sem oft verður til á grunni nýrrar vísindalegrar þekkingar. Fjármagninu er varið til að gera frumáætlanir og rannsóknir sem eru undanfarar vöruþróunar og forkönnunar á mörkuðum.
2. Byrjunarfjármagn eða upphafsfé fer til að ljúka rannsóknum og tækniþróun, gera frumgerð afurðarinnar og prófanir og til að hefja markaðsstarfsemi.
3. Fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé fer til að útvíkka starfsemina að aflokinni þróun og til að afla markaða.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (sbr. lög nr. 61/1997, segir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs muni aðallega falla að þriðja flokknum, þ.e. fjármögnun vaxtar. Þrátt fyrir að Nýsköpunarsjóður hafi teygt sig framar í nýsköpunarferlið er ljóst að eftir stendur óbrúað bil á frumstigi nýsköpunar sem Tækniþróunarsjóði er einkum ætlað að beina kröftum sínum að.

Sú nýskipan vísinda og tækniþróunar sem felst í framangreindum þremur frumvörpum fellur vel að þeirri þróun sem er í málaflokknum í Norður-Evrópu og víðar. Nýsköpun í atvinnulífinu þarf að vera í takt við vísindalegar framfarir enda er nýsköpunin ein meginforsenda framfara á öðrum sviðum í þjóðfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er markmið laganna skilgreint, sem er að stuðla að bættri samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samkeppnishæfnin byggist á fjölmörgum þáttum sem snerta flesta þætti stjórnmála og opinberrar stjórnsýslu, t.d. stefnu í menntamálum og skattlagningu fyrirtækja. Hér er markmið laganna takmarkað við þann þátt er lýtur að aðstoð við tækniyfirfærslu, rannsóknir, þróunarstarf og endurbætur á innviðum fyrirtækja og stofnana sem leitt getur til nýsköpunar íslensks atvinnulífs. Einnig snýr veigamikill þáttur frumvarpsins að því að skapa

vettvang fyrir samvinnu þeirra mörgu og ólíku aðila sem vinna að, eða gætu unnið að, nýsköpun atvinnulífsins.

Frumvarpið hverfist um þá grundvallarhugmynd að hlúa að frumstigi nýsköpunar með markvissri yfirfærslu vísindalegrar þekkingar til atvinnulífsins, en í því felst að byggja upp tæknilega getu fyrirtækja og frumkvöðla til nýsköpunar.

Um 2. gr.

Frá vormánuðum 1999 hefur Iðntæknistofnun Íslands, í samvinnu við iðnaðarráðuneytið, rekið þverfaglega þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki undir heitinu IMPRA. Þessi starfsemi, sem í upphafi var þróunarverkefni, hefur nú þegar sannað ágæti sitt og fest í sessi. Hér er þessi starfsemi lögbundin og færð til samræmis við markmið frumvarpsins.

Nýsköpunarmiðstöðin er hluti af Iðntæknistofnun Íslands sem fer með rekstur hennar og veitir henni nauðsynlega stoðþjónustu. Ábyrgð á rekstrinum fellur því á forstjóra Iðntæknistofnunar en daglegur rekstur nýsköpunarmiðstöðvarinnar er á hendi framkvæmdastjóra. Um ráðningu framkvæmdastjóra fer skv. 7. gr. laga um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978, en þar segir að stjórn stofnunarinnar ráði framkvæmdastjóra aðaldeilda til fjögurra ára í senn.

Um 3. gr.

Hér eru meginhlutverk nýsköpunarmiðstöðvar Iðntæknistofnunar Íslands tilgreind. Til grundvallar liggur stefnumótun Vísinda- og tækniráðs á hverjum tíma. Aðalverkefnið verður margháttuð þjónusta við lítil og meðalstór fyrirtæki sem stunda nýsköpunarstarfsemi, m.a. í tengslum við gagnkvæma miðlun þekkingar á milli vísindasamfélagsins og atvinnulífsins.

Hlutverkið tengist frumstigi nýsköpunar og vaxtarbroddum atvinnulífsins og er mikilvægt að koma á virku samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar atvinnulífsins. Hér er um að ræða aðila innan háskóla, stofnana og þeirra sem reka sérhæfðari stoðþjónustu. Enginn einn aðili hefur treyst sér til að hafa frumkvæði um slíkt samstarf þótt Rannsóknarráð Íslands hafi mælt með því um árabil. Hér er þetta hlutverk fengið nýsköpunarmiðstöðinni.

Nýsköpunarmiðstöðinni er ætlað að eiga frumkvæði að fleiri verkefnum þar sem slíkt frumkvæði hefur vantað. Hún á að móta og taka þátt í rekstri sértækra stuðningsverkefna sem eru til þess fallin að bæta rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja, auka framleiðni þeirra og styrkja atvinnulífið víðsvegar um land. Slík verkefni breytast og fylgja þróun atvinnulífsins og þörfum þess hverju sinni.

Miðstöðin á að stuðla að framgangi nýrra hugmynda, sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknastarfsemi háskóla og stofnana. Þessir aðilar geta t.d. leitað til nýsköpunarmiðstöðvarinnar með viðskiptahugmyndir sem sprottnar eru af niðurstöðum rannsókna þeirra og fengið leiðsögn um þróun þeirra.

Veigamikill þáttur í eflingu nýsköpunar fyrir atvinnulífið er rekstur frumkvöðlaseturs, en þar fá frumkvöðlar aðstöðu til að þróa hugmyndir sínar í markaðshæfar afurðir.

Þekking á tækni og vísindum helst ekki ætíð í hendur við þekkingu á stofnun og rekstri fyrirtækja eða þekkingu á markaðssetningu. Því er mikilvægt að fyrirtæki og frumkvöðlar geti á einum stað fengið nauðsynlegar grunnupplýsingar um stofnun fyrirtækja og það helsta er varðar rekstur þeirra. Nýsköpunarmiðstöðin verður alhliða upplýsingaveita fyrir þá sem eru að leita að farvegi fyrir hugmyndir sínar. Henni er einnig ætlað að eiga nokkurt frumkvæði að tengslum við vísindasamfélagið og hvetja til hagnýtingar þeirra rannsókna sem þar fara fram.

Miðlun nýrrar þekkingar til fyrirtækja er forsenda þess að þau geti fylgst með alþjóðlegri þróun og staðist aukna samkeppni á alþjóðamarkaði. Unnt er að standa að miðluninni með ýmsum hætti bæði að eigin frumkvæði stofnunarinnar og að beiðni viðkomandi hagsmunaaðila. Verði sérstök áhersla lögð á fyrirtæki sem vilja hasla sér völl á nýjum tæknisviðum kæmi t.d. til greina að sprotafyrirtæki í slíkum greinum fengju forgang að vistun á frumkvöðlasetri.

Sprotafyrirtæki vantar ætíð fjármagn og framtaksfjárfestar eru á sama hátt á höttunum eftir arðvænlegum hugmyndum. Nýsköpunarmiðstöðin stendur nær báðum aðilum en flestir aðrir og er í lykilaðstöðu til að leiða frumkvöðla og fjárfesta saman. Henni er því ætlað að aðstoða við öflun framtaksfjármagns til verkefna sem stuðla að nýsköpun og aukinni verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi.

Þegar fjárþörf er umfram framboð getur sú staða komið upp að eigi vænleg hugmynd að verða að veruleika þurfi nýsköpunarmiðstöðin að leggja henni flest til án þess að á móti komi peningaleg greiðsla. Lagt er til að slík aðstoð verði heimil og sem endurgjald fái stofnunin að eignast, og selja síðar, aðild að sprotafyrirtækjum sem hún hefur tekið þátt í að þróa.

Mikilvægi innlends og erlends samstarfs fer vaxandi. Ávinningur Íslands af erlendu samstarfi er almennt meiri en framlagið. Ljóst er að með þeirri nýskipan sem nú er stefnt að mun nýsköpunarmiðstöðin þurfa að annast slík samskipti, t.d. við Evrópusambandið vegna nýsköpunaráætlana þess.

Um 4. gr.

Tækniþróunarsjóður er nýr sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Honum er ætlað að vera drifkraftur þeirra aðgerða sem leiðir af markmiðum frumvarps þessa. Hann kemur að þróunar-, rannsókna- og nýsköpunarverkefnum í samræmi við þá meginstefnu sem mótuð verður á vegum Vísinda- og tækniráðs. Gert er ráð fyrir að það verði með eftirfarandi hætti:

Í fyrsta lagi er Tækniþróunarsjóði ætlað að taka þátt í fjármögnun tækniþróunar nýsköpunarverkefna sem byggjast á nýrri þekkingu. Mikið af vísindalegri þekkingu sem til verður í háskólum og stofnunum nær ekki að verða að söluhæfum afurðum eða þjónustu vegna þess að ekki er til farvegur til að fjármagna lokarannsóknir og tækniþróun þeirra. Jafnframt beinni fjármögnun Tækniþróunarsjóðs munu þessi verkefni geta fengið aðstoð og leiðsögn nýsköpunarmiðstöðvar, sbr. 3. gr., til að auka líkurnar á að þau skili árangri. Þessi tvö atriði, þróunarfjármagn og leiðsögn, eru lykilatriði á frumstigi nýsköpunarinnar.

Í öðru lagi mun sjóðurinn styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og þannig eignast aðild að fyrirtækjum á frumstigi nýsköpunar. Gert ráð fyrir að sjóðurinn komi að fjármögnun sprotafyrirtækja á grundvelli álitlegra viðskiptahugmynda. Margar góðar hugmyndir ná ekki þroska vegna vanmáttar frumkvöðla til að kosta gerð viðskiptaáætlana og fjármagna aðra nauðsynlega frumvinnu. Fáeinar slíkar hugmyndir hafa átt kost á takmörkuðum styrkjum úr opinberum sjóðum, t.d. frá *Átaki til atvinnusköpunar*. Framtaksfjárfestar hafa veitt áhættufé í viðskiptahugmyndir á þessu frumstigi en til þess að framboð fjármagns sé viðunandi þarf opinbert fé að koma til. Afstaða frumkvöðla til opinbers fjár hefur breyst mikið á síðustu missirum og er nú almennt viðurkennt að framlag ríkisins til verkefna á frumstigi nýsköpunar sé veitt gegn eignaraðild í þeim. Fjárfestingar á þessu stigi eru mjög áhættusamar og er framboð framtaksfjárfesta almennt of lítið og að auki mjög sveiflukennt. Segja má að frá lokum fyrsta ársfjórðungs 2000 hafi nær alveg tekið fyrir framboð áhættufjár á frumstigi nýsköpunar, sem voru mikil umskipti frá árunum 1998 og 1999 þegar framboðið var meira en nokkru sinni fyrr.

Í þriðja lagi er mikilvægt að unnt sé að fjármagna sérstök átaksverkefni. Þetta geta verið verkefni er tengjast aukinni framleiðni fyrirtækja, umhverfisstjórnun fyrirtækja eða endurbótum á innri gerð þeirra, svo nokkuð sé nefnt. Gert er ráð fyrir að þessi verkefni verði ekki sniðin að þörfum tiltekinnar atvinnugreinar heldur séu þau þverfagleg, þ.e. að þau séu þess eðlis að þau nýtist breiðum hópi fyrirtækja. Átaksverkefni sem þessi eru alþekkt í Vestur-Evrópu og hafa nokkur verið rekin hér á landi um alllangt skeið eins og t.d. verkefnin *Brautargengi,* sem hefur að markmiði að hvetja konur til framgangs í íslensku viðskiptalífi og stuðla að jafnvægi í fyrirtækjarekstri milli karla og kvenna, og *Skrefi framar,* sem er ætlað að auðvelda stjórnendum minni fyrirtækja að afla sér ráðgjafar í markaðsmálum, fjármálum, umhverfisúttektum, framleiðslustjórnun og skipulagningu, með það að markmiði að auka veltu fyrirtækjanna og arðsemi. Markáætlanir á einstökum tæknisviðum eru umfangsmeiri en átaksverkefni. Markáætlanir eru venjulega nokkurra ára verkefni með skilgreindum markmiðum sem geta haft verulega þjóðhagslega þýðingu. Gert er ráð fyrir að markáætlanir verði skilgreindar af Vísinda- og tækniráði og má gera ráð fyrir að þær geti náð yfir allt ferlið frá vísindarannsóknum til tækniþróunar og nýsköpunar.

Í fjórða lagi verður unnt að styrkja lítil verkefni einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að vera atvinnu- og tekjuskapandi. Komið hefur í ljós að veruleg þörf er á því að styðja við slík verkefni sem mörg hver eru tengd smáiðnaði á landsbyggðinni. Þessir styrkir hafa verið óafturkræf framlög, en áfangaskipt, þar sem síðari greiðslur hafa byggst á tilskildum árangri fyrri áfanga.

Í fimmta lagi er heimild fyrir kostun greininga á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til að styrkja hana. Hér er um að ræða grunnvinnu sem skapar forsendur fyrir stöðugum endurbótum á starfsemi sjóðsins og getur gefið mikilvægar upplýsingar um árangur af stefnumótun stjórnvalda í nýsköpun.

Í þeim tilgangi að samræma sem mest öll vinnubrögð og viðmið við rekstur Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs er gert ráð fyrir að Rannsóknamiðstöð Íslands fari með vörslu, umsýslu og rekstur Tækniþróunarsjóðs, samkvæmt samningi á milli stofnunarinnar og iðnaðarráðherra.

Um 5. gr.

Til að standa undir þeim verkefnum sem frumvarp þetta mælir fyrir um er gert ráð fyrir að Tækniþróunarsjóður njóti árlegra fjárveitinga úr ríkissjóði. Slíkar fjárveitingar verða, eðli máls samkvæmt, í samræmi við áherslur Vísinda- og tækniráðs Íslands hverju sinni. Gert er ráð fyrir að einnig geti orðið til tekjur vegna sölu eignarhluta í sprotafyrirtækjum sem stutt hefur verið við bakið á þegar þau voru á mótunarstigi. Þá er reiknað með að Tækniþróunarsjóður geti tekið þátt í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum sem gætu notið fjármögnunar frá samstarfsaðilum, t.d. erlendum áætlunum.

Um 6. gr.

Tækniþróunarsjóði er ætlað að fjármagna verkefni sem tengjast nýsköpun í atvinnulífinu og standa nærri markaði. Stjórn sjóðsins þarf að endurspegla þetta og ber að gera þær kröfur til stjórnarmanna að þeir hafi þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk sjóðsins. Í stjórninni sitja sjö manns sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn.

Uppbygging stjórnar sjóðsins er í grundvallaratriðum þannig að hún hafi sterk tengsl við nánasta faglega umhverfi sitt og hafi þekkingarlega breidd. Gert er ráð fyrir að tveir stjórnarmenn af sjö tengist tækninefnd Vísinda- og tækniráðs. Það er með skírskotun til mikilvægis þess að sjóðurinn geti m.a. haft góð tengsl við vísindasamfélag háskólanna.

Einn stjórnarmaður verður skipaður af landbúnaðarráðherra og annar af sjávarútvegsráðherra. Þetta er í samræmi við þá megináherslu frumvarpsins að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og stuðla að tækniþróun og nýsköpun í öllum atvinnugreinum.

Einn stjórnarmaður verður tilnefndur af rannsóknastofnunum atvinnulífsins en þær hafa til skamms tíma verið mikilvirkastar þeirra sem miðla þekkingu til nýsköpunar atvinnulífsins, hver á sínu sviði. Hér er helst um að ræða Hafrannsóknastofnunina, Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Einn stjórnarmaður verður tilnefndur af Samtökum iðnaðarins sem ötullega hafa beitt sér fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Þá skipar ráðherra einn í stjórnina án tilnefningar annarra. Hann velur jafnframt formann og varaformann úr hópi framangreindra stjórnarmanna.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk stjórnar og fagráða Tækniþróunarsjóðs. Þar er fylgt sömu meginreglum og gilda um Rannsóknasjóð sem m.a. byggjast á reynslu af rekstri sjóða Rannsóknarráðs Íslands.

Í meginatriðum er það fimm manna stjórn Tækniþróunarsjóðs sem tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum en áður hafa umsóknir verið metnar af fagráði sem veitir umsagnir um þær. Gert er ráð fyrir að tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipi fagráð, eitt eða fleiri, til tveggja ára í senn og setji því erindisbréf. Mikilvægt er að leggja áherslu á að fagráðin eru aðeins ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum en ákvarðanir þar að lútandi eru alfarið hjá stjórninni. Þar sem Tækniþróunarsjóður fjármagnar fyrst og fremst verkefni sem tengjast hagnýtingu og standa nærri markaði þarf að gæta sérstaklega að þessum viðmiðum í fagráðunum. Kveðið er á um að þeir sem skipaðir eru í fagráð skuli hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Til þess að tryggja hlutleysi skulu þeir ekki sitja í ráðinu né stjórn sjóðsins.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs eru endanlegar og verður þeim ekki áfrýjað til iðnaðarráðherra.

Kostnaður við mat umsókna, úthlutun styrkja og rekstur sjóðsins skal greiðast af árlegu ráðstöfunarfé hans, en um þessi atriði verður fjallað í sérstökum samningi á milli Rannsóknamiðstöðvar Íslands og iðnaðarráðherra, sbr. 4. gr.

Um 8. gr.

Áherslur Vísinda- og tækniráðs marka alla þætti þessa frumvarps og gildir það einnig um úthlutunarstefnu Tækniþróunarsjóðs. Stjórn sjóðsins setur aftur á móti reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð og annað er lýtur að umsýslu sjóðsins.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Markmið frumvarpsins er að efla samkeppnishæfi og nýsköpun íslensks atvinnulífs. Það er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands.

Í 2. gr. frumvarpsins er ákvæði um nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Slík miðstöð var opnuð árið 1999 undir yfirstjórn Iðntæknistofnunar undir heitinu IMPRA. Í fjárlögum ársins 2002 eru veittar 10 m.kr. í rekstur miðstöðvarinnar. Ekki var veitt sérstakt framlag í fjárlögum til IMPRU fyrir árið 2001, en þess má geta að iðnaðarráðuneytið lagði til stofnunarinnar um 20 m.kr. af viðfanginu Átaki til atvinnusköpunar. Að auki hefur Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins stutt við rekstur IMPRU með sérstökum þjónustusamningi. Samtals nam stuðningur Átaks til atvinnusköpunar og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um 40 m.kr. á árinu 2001.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofnaður verði nýr sjóður, Tækniþróunarsjóður, og er hlutverk sjóðsins að styðja við tækniþróun, nýsköpun og rannsóknir sem tengist nýsköpunarstarfinu. Í athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir að aðkoma sjóðsins verði á frumstigi nýsköpunarferlisins, áður en framtaksfjárfestar eins og Nýsköpunarsjóður koma inn í ferlið. Þess má geta að sérstök 80 m.kr. fjárveiting í umsjón iðnaðarráðuneytis undir nafninu Átak til atvinnusköpunar hefur stutt við verkefni á frumstigi nýsköpunar sem Tækniþróunarsjóði er ætlað að sinna.

Frekari framlög til nýsköpunarmiðstöðvar og Tækniþróunarsjóðs verða háð tækni- og vísindaþróunarstefnumörkun fyrirhugaðs Vísinda- og tækniráðs Íslands, ríkisstjórnarinnar og ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

382. Frumvarp til laga [346. mál]

um félagamerki.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Félög eða samtök geta öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnustarfsemi sameiginlegt auðkenni fyrir vörur eða þjónustu.

Stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök, sem hafa eftirlit með eða ákveða staðla fyrir vörur eða þjónustu, geta öðlast einkarétt til að nota eða heimila notkun auðkennis fyrir þær vörur eða þjónustu sem eftirlitið eða staðlarnir taka til.

Auðkenni þau sem lög þessi taka til nefnast félagamerki.

2. gr.

Að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum laga þessara gilda ákvæði laga um vörumerki, nr. 45/1997, m.a. refsiákvæði, um félagamerki eftir því sem við á.

3. gr.

Auðkenni eða upplýsingar, sem í viðskiptum gefa til kynna landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu, geta talist félagamerki þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki. Slíkt merki veitir eiganda þess ekki rétt til að banna þriðja aðila að nota auðkennið eða upplýsingarnar í atvinnustarfsemi svo framarlega sem notkunin er í samræmi við góða viðskiptahætti.

4. gr.

Félagamerki eru skráð í vörumerkjaskrá.

Umsókn um skráningu félagamerkis skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar sem annast skráningu félagamerkja. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Í umsókn skal tilgreina hvert merkið er, með mynd ef við á, og fyrir hvaða vöru eða þjónustu merkið óskast skráð. Einnig skal greina frá nafni eða heiti umsækjanda. Umsókn skal enn fremur vera í samræmi við reglugerðarákvæði um vörumerki eftir því sem við á. Reglur, sem gilda um notkun merkisins, skulu fylgja umsókn.

Í reglum þeim sem gilda um notkun merkisins skal m.a. koma fram:

a. hverjum sé heimilt að nota merkið og hvaða skilyrði séu fyrir slíkri heimild,
b. hvaða afleiðingar óréttmæt notkun merkisins hefur í för með sér og
c. hvaða réttindi og skyldur eigandi merkisins hefur gagnvart þeim sem notar merkið á óheimilan hátt.

5. gr.

Verði breytingar á reglum um notkun merkisins skal eigandi tilkynna breytingarnar til Einkaleyfastofunnar eigi síðar en þremur mánuðum eftir að breytingarnar voru samþykktar.

6. gr.

Ákvæði 25. gr. laga um vörumerki gilda um notkunarskyldu félagamerkis.

Notkun félagamerkis af hálfu eins eða fleiri aðila, sem hafa heimild til að nota merkið, telst til notkunar í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga um vörumerki.

7. gr.

Mál vegna brota gegn félagamerki getur aðeins sá höfðað sem er eigandi merkisins. Sá sem brýtur gegn félagamerki og er skaðabótaskyldur samkvæmt lögum um vörumerki skal bæta það tjón sem eigandi merkis, eða sá sem hefur rétt til að nota það, verður fyrir.

8. gr.

Endanlegum ákvörðunum Einkaleyfastofunnar samkvæmt lögum þessum geta aðilar máls áfrýjað til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjun skal berast iðnaðarráðuneyti innan tveggja mánaða frá þeim degi er ákvörðun var tekin. Innan sama frests skal greiða ráðuneytinu tilskilið áfrýjunargjald. Sé áfrýjunargjald ekki greitt innan frestsins skal vísa áfrýjun frá.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar verða ekki bornir undir annað stjórnvald.

Ef aðilar máls óska að bera ákvörðun Einkaleyfastofunnar eða úrskurð áfrýjunarnefndar undir dómstóla ber þeim að höfða mál innan þriggja mánaða frá þeim degi sem Einkaleyfastofan tók ákvörðun sína eða áfrýjunarnefnd úrskurðaði í málinu.

9. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur, m.a. um frágang umsókna og meðferð þeirra hjá Einkaleyfastofunni, um form skrárinnar og færslu, útgáfu skráningarskírteina og efni þeirra og meðferð andmælamála, svo og um gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit, áfrýjanir o.fl.

Gjöld skulu standa straum af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna málefna, sem tengjast félagamerkjum, og við þjónustu sem veitt er, m.a. í tengslum við umsóknir og skráningu félagamerkja, útskriftir úr skrám, afgreiðslur og endurrit.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 89/1935, um almenn gæðamerki, með síðari breytingum.

Með umsóknir sem berast Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laga þessara skal farið eftir eldri lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um almenn gæðamerki, nr. 89/1935, hafa staðið efnislega óbreytt frá árinu 1935 og eru því komin til ára sinna. Þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin í heild sinni. Við samningu frumvarpsins voru m.a. lög annarra Norðurlandaþjóða um félagamerki höfð til hliðsjónar. Einnig var litið til fyrstu tilskipunar ráðs EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki (89/104/EBE).

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að breyta heiti laganna, þ.e. að nota hugtakið félagamerki í stað þess að tala um almenn gæðamerki. Hugtakið félagamerki þykir henta betur þeim málaflokki sem lögunum er ætlað að taka til.

Með félagamerki er átt við tvenns konar auðkenni. Annars vegar er um að ræða að félög eða samtök geta öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnustarfsemi sameiginlegt auðkenni fyrir vörur eða þjónustu. Hins vegar geta stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök, sem hafa eftirlit með eða ákveða staðla fyrir vörur eða þjónustu, öðlast einkarétt til að nota eða heimila notkun auðkennis fyrir þær vörur eða þjónustu sem eftirlitið eða staðlarnir taka til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um hvers konar auðkenni falla undir hugtakið félagamerki. Með hugtakinu félagamerki er átt við tvenns konar auðkenni, sbr. 1. og 2. mgr. Annars vegar getur verið um að ræða merki í eigu einkaaðila og hins vega merki í eigu opinberra yfirvalda. Merki hins opinbera lúta ákvæðum laga eða reglugerða en reglur um notkun merkja einkaaðila, svo sem félaga, eru ákveðnar af félagsmönnum sjálfum. Sömu reglur gilda um meðferð þessara auðkenna hjá skráningaryfirvöldum.

Í dönsku lögunum um félagamerki, nr. 342/1991, eru umrædd merki hins vegar flokkuð í tvo flokka undir mismunandi heitum, þ.e. annars vegar „kollektivmærke“ og hins vegar „garantimærke“. Þá er hugtakið „fællesmærke“ notað sem yfirheiti yfir hvort tveggja. Sambærilega hugtakanotkun er einnig að finna í norsku frumvarpi til laga um vörumerki. Í frum-

varpi þessu þykir hagkvæmara að nota einungis eitt hugtak yfir þau auðkenni sem frumvarp þetta tekur til, þ.e. félagamerki, í stað þess að nota þrjú mismunandi hugtök.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði laga um vörumerki gildi um félagamerki eftir því sem við á og að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum frumvarpsins.

Félagamerki eru í eðli sínu náskyld vörumerkjum. Hvor tveggja eru auðkenni fyrir vörur eða þjónustu. Meðferð umsókna og skráðra félaga- og vörumerkja er að mörgu leyti sambærileg. Því er eðlilegt að ákvæði vörumerkjalaga geti gilt um félagamerki eftir því sem við á. Framkvæmdin er þó ekki að öllu leyti sambærileg og því eru þessi lög sett.

Að svo miklu leyti sem ákvæði vörumerkjalaga gilda um félagamerki vísast til athugasemda við einstakar greinar í frumvarpi til laga um vörumerki sem varð að lögum nr. 45/1997.

Um 3. gr.

Greinin tekur mið af 2. mgr. 15. gr. fyrstu tilskipunar ráðs EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki (89/104/EBE). Samkvæmt greininni er heimilt að víkja frá kröfu 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki varðandi landfræðilegar tilvísanir að því er varðar félagamerki. Slíkt þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig. Við matið er einkum litið til þess að skráning félagamerkis, sem hefur að geyma landfræðilega tilvísun, takmarki ekki rétt annarra. Þannig má t.d. ekki krefjast verndar slíks merkis gagnvart þriðja aðila sem á rétt til að nota landfræðilegt heiti. Vörur og þjónusta frá tilteknum landsvæðum hafa oft sérstöðu og getur því verið hagkvæmt fyrir framleiðendur að eiga þess kost að markaðssetja vörur og þjónustu með vísan til landfræðilegs uppruna. Þau landfræðilegu svæði verða þó að vera mjög afmörkuð, t.d. væri ekki unnt að öðlast einkarétt á heitinu „íslensk matvæli“ sem félagamerki. Þá eru heiti stórra landsvæða ekki til þess fallin í viðskiptum að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annars. Af þeirri ástæðu mundu merki með slíkum heitum ekki teljast hafa næg sérkenni. Við matið á þeirri heimild, sem felst í grein þessari, ber enn fremur að hafa hliðsjón af ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki, þ.e. ef merkið er til þess fallið að villa um fyrir mönnum um uppruna.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að umsókn um skráningu félagamerkis skuli skila skriflega til Einkaleyfastofunnar. Þá er tekið fram að félagamerki séu skráð í vörumerkjaskrá. Einkaleyfastofan, sem sér um meðferð og skráningu vörumerkja og félagamerkja, heldur vörumerkjaskrá fyrir landið allt. Með vísan til þess sem fyrr segir um tengsl félagamerkja og vörumerkja og þess að í framkvæmd er unnt að auðkenna félagamerki sérstaklega í vörumerkjaskrá er ekki talið nauðsynlegt að halda sérstaka skrá fyrir félagamerki.

Greinin er sniðin eftir 12. gr. vörumerkjalaga. Í því sambandi vísast til viðeigandi athugasemda við 12. gr. frumvarps til laganna um vörumerki.

Í 3. mgr. kemur m.a. fram að umsókninni skuli fylgja þær reglur sem gilda um notkun merkisins, auk annarra upplýsinga Það er því eitt af skilyrðum fyrir skráningarhæfi félagamerkis að um notkun merkisins gildi ákveðnar reglur.

Í 4. mgr. eru talin upp þau atriði sem þurfa að koma fram í reglum þeim sem gilda um notkun merkisins. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða heldur er einungis fjallað um þau atriði sem talið er nauðsynlegt að kveðið sé á um í reglunum.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að eigandi skuli tilkynna breytingar á reglum um notkun félagamerkis til Einkaleyfastofunnar eigi síðar en þremur mánuðum eftir að breytingarnar voru samþykktar.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er þess krafist að umsókn um skráningu félagamerkis skuli fylgja þær reglur sem gilda um notkun merkisins. Því verður að teljast eðlilegt að þess sé krafist að réttar upplýsingar liggi fyrir hjá Einkaleyfastofunni á hverjum tíma um það hvaða reglur gildi um notkun félagamerkis sem óskað hefur verið skráningar á eða skráð hefur verið hjá Einkaleyfastofunni. Þá er hagkvæmt að gildandi reglur um notkun félagamerkis séu aðgengilegar á þeim stað þar sem merkið er skráð. Á það getur m.a. reynt að réttar upplýsingar liggi fyrir hjá Einkaleyfastofunni vegna hugsanlegra brota gegn félagamerki.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er vísað til þess að 25. gr. laga um vörumerki gildi um notkunarskyldu félagamerkis. Hér er í raun um tvítekningu að ræða, sbr. 2. gr. frumvarpsins, sem talin er nauðsynleg vegna efnis 2. mgr. þessarar greinar.

Í 2. mgr. er sérákvæði um notkun félagamerkja. Þar er gerð er grein fyrir því hvaða notkun félagamerkis teljist til notkunar í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga um vörumerki. Um er að ræða áréttingu á 3. mgr. 25. gr. vörumerkjalaga að því er varðar félagamerki. Í því ákvæði kemur fram að notkun vörumerkis af öðrum en eiganda, en með samþykki hans, skuli leggja að jöfnu við notkun eiganda.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að mál vegna brota gegn félagamerki geti aðeins sá höfðað sem sé eigandi merkis. Ekki er gert ráð fyrir því að einstakir notendur höfði mál vegna brota á félagamerki. Það er því félagið, samtökin, stjórnvaldið eða stofnunin sem er í forsvari ef til málshöfðunar kemur. Brot gegn félagamerki getur varðað einn eða fleiri notendur þess. Það er óhagkvæmt ef einn eða fleiri notendur höfða mál vegna slíkra brota og getur leitt til óvissu. Eðlilegt er að eigandi merkis standi vörð um þau réttindi sem tengjast félagamerkinu. Ákvæðið er í samræmi við þær reglur sem gilda um þetta atriði í Danmörku og Noregi.

Í greininni er einnig kveðið á um að sá sem brýtur gegn félagamerki og er skaðabótaskyldur samkvæmt vörumerkjalögum skuli bæta það tjón sem eigandi merkis, eða sá sem hefur rétt til að nota merkið, verður fyrir. Eigandi merkis getur því einnig krafist skaðabóta fyrir tjón sem sá verður fyrir sem heimild hefur til að nota merkið. Þegar um brot gegn félagamerki er að ræða er ekki ólíklegt að einmitt sá sem hefur rétt til að nota merkið verði fyrir tjóni. Því er eðlilegt að slíkur aðili eigi einnig rétt til skaðabóta verði hann fyrir tjóni.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna almennt ákvæði um heimild til að áfrýja endanlegum ákvörðunum Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði annarra laga er varða hugverkaréttindi á sviði iðnaðar.

Sett hefur verið reglugerð um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, nr. 41/2000, sem fjallar m.a. um meðferð mála fyrir nefndinni.

Áfrýjunarfrestur er tveir mánuðir og er það í samræmi við ákvæði laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, laga um vörumerki, nr. 45/1997, og hönnunarlaga, nr. 46/2001. Tilkynning um áfrýjun, auk tilskilins gjalds, þarf að berast iðnaðarráðuneytinu innan frestsins en ráðuneytið tekur við áfrýjunum fyrir hönd áfrýjunarnefndarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu verða úrskurðir áfrýjunarnefndar ekki bornir undir annað stjórnvald. Niðurstöður nefndarinnar eru endanlegar hvað varðar meðferð málsins á stjórnsýslustigi og verða til að mynda ekki kærðar til ráðherra.

Um 9. gr.

Ákvæðið hefur að geyma heimild fyrir iðnaðarráðherra til að setja nánari reglur um þau atriði sem m.a. eru talin upp í greininni. Athuga ber að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er m.a. mælt fyrir um gildistöku laganna.

Í 2. mgr. er skýrt kveðið á um að með umsóknir, sem berast Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laganna, skuli farið eftir eldri lögum. Engin undantekning er gerð frá þessu og skal því öll meðferð umsókna, sem berast fyrir gildistöku laganna, vera í samræmi við ákvæði eldri laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um félagamerki.

Frumvarpið fjallar um réttindi til að nota félagamerki. Með félagamerkjum er átt við auðkenni félaga fyrir vöru þeirra og þjónustu og auðkenni staðla sem stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök ákveða eða hafa eftirlit með.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

383. Frumvarp til laga [347. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um verðbréfaviðskipti. Með verðbréfaviðskiptum er átt við:

1. Móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
2. Viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
3. Eignastýringu, þ.e. viðtöku fjármuna til fjárfestingar í fjármálagerningum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptavinar, gegn endurgjaldi.

4. Sölutryggingu í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetningu slíkrar útgáfu.
5. Umsjón með útboði verðbréfa.

Einnig er með verðbréfaviðskiptum átt við eftirfarandi viðskipti eða starfsemi ef hún er í nánum tengslum við starfsemi eða viðskipti skv. 1. mgr.:

1. Vörslu og stjórnun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerning.
2. Öryggisvörslu fjár.
3. Veitingu lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerning ef fjármálafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
4. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
5. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
6. Fjárfestingarráðgjöf varðandi einn eða fleiri fjármálagerning.
7. Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.

2. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Fjármálafyrirtæki:* Fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
2. *Fjármálagerningur:*
   a. Verðbréf, þ.e. hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, svo sem hlutabréf, skuldabréf, áskriftarréttindi, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf.
   b. Afleiða, þ.e. samningur þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar á tilteknu tímabili, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfaverðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Með afleiðu er m.a. átt við:
      i. *framvirkan óframseljanlegan fjármálagerning*, þ.e. samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrir fram ákveðnum tíma,
      ii. *framtíðarsamning*, þ.e. staðlaðan og framseljanlegan samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrir fram ákveðnum tíma,
      iii. skiptasamning, þ.e. samning sem kveður á um að hvor samningsaðila greiði hinum fjárhæð sem tekur mið af breytingum á hvoru viðmiðinu fyrir sig á samningstímanum,
      iv. valréttarsamning, þ.e. samning sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kaupréttur) eða selja (söluréttur) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrir fram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki (lokadagur) eða innan tiltekinna tímamarka (gildistími valréttar). Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans.
   c. Hlutdeildarskírteini.
   d. Peningamarkaðsskjal.
   e. Framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé.
3. *Skráð verðbréf*: Verðbréf sem hefur verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

4. *Skipulegur verðbréfamarkaður:* Markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
5. *Kauphöll:* Markaður samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
6. *Skipulegur tilboðsmarkaður:* Markaður samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
7. *Fagfjárfestar:*
   a. Eftirtaldir opinberir aðilar:
      i. ríkissjóður,
      ii. Seðlabanki Íslands og
      iii. Íbúðalánasjóður.
   b. Eftirtaldir aðilar með starfsleyfi á fjármálamarkaði:
      i. fjármálafyrirtæki,
      ii. verðbréfasjóðir,
      iii. vátryggingafélög og
      iv. lífeyrissjóðir.
   c. Einstaklingar og lögaðilar óski þeir skriflega eftir því við fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfaviðskipta, enda uppfylli þeir skilyrði um faglega þekkingu, regluleg viðskipti og verulegan fjárhagslegan styrk, eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð.

II. KAFLI
Réttindi og skyldur.

3. gr.
Gildissvið kaflans.

Ákvæði kafla þessa taka til fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta.

4. gr.
Góð viðskiptavenja.

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

5. gr.
Upplýsingar.

Fjármálafyrirtæki skal afla sér upplýsinga hjá viðskiptavinum sínum um þekkingu og reynslu þeirra í verðbréfaviðskiptum og markmið þeirra með fyrirhugaðri fjárfestingu, eftir því sem máli skiptir vegna þjónustunnar sem óskað er eftir. Enn fremur skal fjármálafyrirtæki afla sér upplýsinga um fjárhagsstöðu þeirra viðskiptavina sem eru í viðvarandi viðskiptasambandi við fjármálafyrirtækið. Í ljósi þessa skal fjármálafyrirtæki veita viðskiptavinum greinargóðar upplýsingar, m.a. um þá fjárfestingarkosti sem þeim standa til boða. Upplýsingar sem fjármálafyrirtæki veitir viðskiptavinum sínum skulu vera skýrar, nægjanlegar og ekki villandi þannig að viðskiptavinir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Fjármálafyrirtæki skal kunngera viðskiptavinum sínum fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptavinum með hæfilegum fyrirvara.

Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um réttarúrræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fjármálafyrirtækis skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækisins.

6. gr.

Óhlutdrægni og jafnræði.

Fjármálafyrirtæki skal gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni og ber því ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptavinir njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör.

7. gr.

Skriflegur samningur og yfirlit.

Taki fjármálafyrirtæki að sér þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem felur í sér viðvarandi viðskiptasamband, svo sem eignastýringu, skal gerður skriflegur samningur milli fjármálafyrirtækisins og viðskiptavinar þess, þar sem m.a. skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila.

Nú tekur fjármálafyrirtæki að sér eignastýringu og skal það þá senda viðskiptavinum sínum yfirlit tvisvar á ári þar sem fram koma upplýsingar um hvernig fjármunum viðskiptavinar hefur verið varið frá því fyrra yfirlit var gefið út, eignastöðu og áætlað verðmæti eigna við dagsetningu yfirlits. Fjármálafyrirtæki er ætíð skylt að senda viðskiptavinum sínum slíkt yfirlit án tafar fari viðskiptavinur fram á það.

8. gr.

Sala óskráðra verðbréfa.

Sala fjármálafyrirtækis eða milliganga þess um sölu á óskráðum verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem hvorki hafa verið seld í almennu útboði né falla undir 23. gr., er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar, enda sé ekki um að ræða sölu eða milligöngu í almennu útboði verðbréfa. Sama gildir um sölu fjármálafyrirtækis eða milligöngu þess um sölu á afleiðum sem tengdar eru einu eða fleiri óskráðum verðbréfum. Í slíkum tilfellum er fjármálafyrirtæki heimilt að synja um milligöngu með slíka fjármálagerninga ef það telur viðskiptavin ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk.

9. gr.

Besta framkvæmd.

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla skal fjármálafyrirtæki tryggja besta mögulega verð fyrir viðskiptavini sína og bestu framkvæmd að öðru leyti, eins og við á hverju sinni.

10. gr.

Sérgreining fjármuna og fjármálagerninga.

Fjármálafyrirtæki skal halda fjármunum og fjármálagerningum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins. Skulu fjármunir viðskiptavinar varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi.

11. gr.

Safnskráning.

Fjármálafyrirtæki sem heimilt er að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig samkvæmt þessari grein.

Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar getur viðskiptavinur á grundvelli skrárinnar skv. 1. mgr. tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

12. gr.

Framsalsáritun.

Fjármálafyrirtæki er heimilt að framselja framseljanlega fjármálagerninga í nafni viðskiptavinar síns hafi það fengið til þess skriflegt umboð. Framsalsáritun fjármálafyrirtækis telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til þess fylgi ekki framseljanlegum fjármálagerningi, enda sé þess getið í framsalsáritun að gerningurinn sé framseldur samkvæmt varðveittu umboði. Fjármálafyrirtækinu ber að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á gerningnum sem framseldur hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda gerningsins í té samrit umboðsins krefjist hann þess.

Fjármálafyrirtæki, sem býður upp á vörslu framseljanlegra fjármálagerninga, er heimilt að varðveita framsalsáritanir skv. 1. mgr. í sérstakri skrá meðan gerningurinn er í vörslu þess, enda séu slíkar framsalsáritanir færðar inn á bréfið þegar það hverfur úr vörslu fjármálafyrirtækisins. Fjármálafyrirtæki, sem hyggst nýta sér þessa heimild, ber að afla sér samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fyrirkomulagi vörslu og því upplýsingakerfi sem fyrirhugað er að nota.

Viðskiptavinur, sem veitt hefur fjármálafyrirtæki umboð skv. 1. mgr., getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti fjármálafyrirtækisins, nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

13. gr.

Aðskilnaður einstakra starfssviða.

Fjármálafyrirtæki skal sýna fram á að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra í verðbréfaviðskiptum með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þess (kínamúrar).

14. gr.

Viðskipti fyrir eigin reikning.

Í tengslum við verðbréfaviðskipti fjármálafyrirtækis fyrir eigin reikning og verðbréfaviðskipti stjórnenda, starfsmanna, eigenda virkra eignarhluta samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og þeirra sem eru fjárhagslega tengdir framangreindum aðilum skal fjármálafyrirtæki gæta eftirtalinna atriða:

1. að fyllsta trúverðugleika fjármálafyrirtækisins sé gætt,
2. að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum,
3. að viðskiptin séu sérstaklega skráð og
4. að stjórn fjármálafyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og hafi eftirlit með þeim.

15. gr.

Reglur fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki skal sýna fram á að ákvæðum 6., 13. og 14. gr. sé fylgt með setningu reglna þar að lútandi sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu. Í reglunum skal gera sérstaka grein fyrir eftirliti með framfylgni reglnanna innan fjármálafyrirtækisins. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum. Fjármálafyrirtæki ber að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir frávikum frá ákvæðum þeirra reglna.

III. KAFLI
Samningsbundið uppgjör afleiðna.

16. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla taka til skuldajafnaðar og tryggingarréttinda í tengslum við afleiður.

17. gr.

Skuldajöfnuður.

Skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt afleiðu skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnuði, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, skal halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

18. gr.

Tryggingarréttindi.

Tryggingarréttindum sem sett eru til tryggingar viðskiptum með afleiður verður ekki rift þrátt fyrir ákvæði 137. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

IV. KAFLI
Útboð verðbréfa.

19. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði kafla þessa taka til almennra útboða verðbréfa.

20. gr.

Almennt útboð.

Með almennu útboði verðbréfa er átt við sölu verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti, enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Almennt útboð verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga þessara.

21. gr.

Upplýsingar í útboðslýsingu.

Útboðslýsing skal geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum, eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð.

22. gr.

Undanþága frá birtingu útboðslýsingar.

Hafi útboðslýsing verið birt í samræmi við ákvæði 20. gr. er ekki þörf á að birta nýja útboðslýsingu í tengslum við almennt útboð nema liðið sé meira en 12 mánuðir frá birtingu útboðslýsingar til fyrsta söludags í nýju útboði eða ef orðið hafa breytingar á högum útgefanda sem ætla má að hafi veruleg áhrif á markaðsverð verðbréfanna.

23. gr.

Undanþága frá reglum um almennt útboð.

Undanþegin ákvæðum 20. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. Hlutabréf, samlagshlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin samkvæmt lögum eða samþykktum.
   b. Hlutabréf, samlagshlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin eigendum í félaginu, enda séu þeir færri en 50 og hlutafé, stofnfé samlagsfélags eða stofnsjóður B-deildar samvinnufélags lægri en 50 milljónir króna.
   c. Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila án auglýsingar eða kynningar, enda séu ekki fleiri en 25 aðilar í hópnum sem ekki teljast fagfjárfestar.
   d. Áætlað heildarsöluverð verðbréfanna nemur ekki meira en 5 milljónum króna.
   e. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi a.m.k. 5 milljónir króna til kaupa á verðbréfunum.
   f. Verðbréf eru eingöngu boðin fagfjárfestum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
   a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði a.m.k. 5 milljónir króna hvert.
   b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.
   c. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.
   d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.
   e. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.
   f. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi hafi boðið á hinum nýju verðbréfum ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.
   g. Verðbréf sem vinnuveitandi eða aðili tengdur honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.
   h. Verðbréf sem til eru komin vegna breytinga á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda samkvæmt valréttarsamningi, svo og verðbréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf, enda hafi útboðslýsing á hinum breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim verðbréfum sem valréttarsamningi fylgja, verið gefin út á Íslandi.
   i. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum, sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum og lúta ekki að hag sjálfra lögaðilanna.
   j. Verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Fjárhæðir í 1. mgr. skulu aldrei nema lægri fjárhæð en sem nemur jafnvirði 40 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

24. gr.

Sölutrygging.

Með sölutryggingu er átt við samning milli fjármálafyrirtækis og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fjármálafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrir fram ákveðnu verði, þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði.

Nú tekur fjármálafyrirtæki að sér sölutryggingu í tengslum við almennt útboð og skal þá litið svo á að það ábyrgist einungis að fullnægjandi áskrift fáist til að útboðið takist, nema um annað sé sérstaklega samið.

25. gr.

Umsjón með almennu útboði og athugun á útboðslýsingum.

Fjármálafyrirtæki sem til þess hefur heimild samkvæmt starfsleyfi sínu skal hafa umsjón með almennu útboði verðbréfa.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Þó skulu kauphallir annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll, enda er hún tekin sem gild útboðslýsing. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á útboðslýsingum öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. málsl.

Þóknun fyrir athugun á útboðslýsingum skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði skv. 2. mgr.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag í einstökum almennum útboðum í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

V. KAFLI

Breyting á eignarhaldi verulegs hlutar.

26. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um breytingar á eignarhaldi verulegs hlutar í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði.

27. gr.

Flöggunarskylda.

Með verulegum hlut í lögum þessum er átt við 5% atkvæðisréttar eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90%.

Þegar aðili nær verulegum hlut, eða hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir slíkan hlut, ber honum að tilkynna það til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar og hlutafélags þegar í stað. Tilkynning á grundvelli 8. tölul. 28. gr. skal fara fram á samningsdegi.

Í tilkynningu skv. 2. mgr. skulu koma fram upplýsingar um nafn og heimilisfang flöggunarskylds aðila, nafnverð hlutafjár og hlutfall þess af heildarhlutafé félagsins, hlutabréfaflokk ef það á við, fyrir og eftir hin tilkynningarskyldu viðskipti, og á hvaða grundvelli viðkomandi varð tilkynningarskyldur skv. 28. gr., ásamt öðrum þeim upplýsingum sem viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður metur nauðsynlegar.

28. gr.

Afmörkun verulegs hlutar.

Þegar ákvarðað er hvort um verulegan hlut sé að ræða skal litið til hlutabréfa sem:

1. viðkomandi aðili á sjálfur eða aðili sem hann er í fjárfélagi við,
2. annar eða aðrir ráða yfir í eigin nafni fyrir hönd viðkomandi aðila,
3. eru í eigu lögaðila sem viðkomandi aðili hefur yfirráð yfir,
4. eru í eigu þriðja aðila sem viðkomandi aðili hefur gert skriflegan samning við um að taka upp varanlega, sameiginlega stefnu um stjórn þess félags sem í hlut á,
5. viðkomandi aðili hefur gert skriflegan samning um að þriðji maður skuli fara með atkvæðisrétt yfir gegn endurgjaldi,
6. viðkomandi aðili hefur sett að veði, nema veðhafinn ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist notfæra sé réttinn, enda skal rétturinn þá talinn veðhafans,
7. viðkomandi aðili nýtur arðs af,
8. viðkomandi aðili á rétt á að öðlast eingöngu að eigin ákvörðun samkvæmt formlegum samningi, t.d. um kauprétt, og
9. viðkomandi aðili varðveitir og getur neytt atkvæðisréttar yfir án sérstakra fyrirmæla eiganda.

29. gr.

Undanþága frá flöggunarskyldu.

Undanþegin tilkynningarskyldu skv. 27. gr. eru fjármálafyrirtæki, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. um er að ræða veltubókarviðskipti,
2. ekki er farið yfir 10% af hlutafé eða samsvarandi hluta atkvæðisréttar,
3. ekki er ætlunin að hafa afskipti af stjórn félagsins,
4. viðskiptin eru innan venjubundinnar starfsemi fjármálafyrirtækis og
5. eignarhald fjármálafyrirtækis stendur ekki lengur en fimm viðskiptadaga frá því að tilkynningarskylda stofnast skv. 27. gr.

30. gr.

Birting upplýsinga um verulegan hlut.

Skipulegur verðbréfamarkaður skal miðla upplýsingunum um tilkynningar skv. 27. gr. í upplýsingakerfi sínu.

Félag, sem hefur hlutabréf sín skráð í kauphöll í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í ríki sem gerður hefur verið samstarfssamningur við, skal sjá til þess að upplýsingar um verulegan hlut séu birtar þar samkvæmt þeim reglum sem þar gilda.

VI. KAFLI

Yfirtökutilboð.

31. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtöku í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði.

32. gr.

Tilboðsskylda.

Hafi hlutur beint eða óbeint verið yfirtekinn í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skal sá er öðlast rétt yfir hlutnum, eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirtakan átti sér stað, gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að afhenda honum hlut sinn, enda hafi yfirtakan haft í för með sér að hann:

1. hefur eignast 50% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hefur öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu,
3. hefur fengið rétt til þess að stjórna félaginu á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið eða
4. hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 50% atkvæða í félaginu.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um eigendaskipti vegna erfða, gjafagernings eða fullnustuaðgerða veðhafa eða eigendaskipti innan félagasamstæðu.

Tilboðsgjafi skv. 1. mgr. skal gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði VII. kafla.

33. gr.

Skilmálar tilboðs.

Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skv. 32. gr. skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi hefur greitt fyrir hlutabréf sem hann hefur eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboðið var sett fram.

Í yfirtökutilboði skal tilboðsgjafi bjóða öðrum hluthöfum í viðkomandi félagi greiðslu í formi reiðufjár eða skráðra verðbréfa.

Gildistími yfirtökutilboðs skal hið skemmsta vera fjórar vikur, en tíu vikur hið lengsta.

34. gr.

Um afturköllun tilboðs.

Þó svo að yfirtökutilboð skv. 32. gr. hafi verið gert opinbert, sbr. 38. gr., er unnt að afturkalla það að fullnægðu einhverju eftirfarandi skilyrða:

1. Fram kemur tilboð sem er sambærilegt eða hagstæðara en yfirtökutilboð,
2. lagaleg atriði eða viðurkenning stjórnvalda, sem telja verður nauðsynleg til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutabréfunum, liggja ekki fyrir eða þeim hefur verið hafnað,
3. skilyrði sem tilboðið er háð og tekið er fram í tilboðsyfirliti er ekki uppfyllt eða
4. hlutafélag það sem yfirtakan beinist að eykur hlutafé sitt.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt, auk þeirra tilvika sem nefnd eru í 1. mgr., að leyfa afturköllun ef sérstakar ástæður mæla með því.

Afturköllun tilboðs skal birta opinberlega, sbr. 38. gr.

VII. KAFLI
Tilboðsyfirlit.

35. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um tilboðsyfirlit sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð og sölu, með opinberri auglýsingu eða kynningu, á verulegum hlut hlutafélags, sbr. 1. mgr. 27. gr., sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði.

36. gr.

Skylda til að gera tilboðsyfirlit.

Nú er tilboð um sölu á a.m.k. 10% nafnverðs hlutafjár í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði sett fram með opinberri auglýsingu eða kynningu og skal þá útbúa tilboðsyfirlit sem gert skal opinbert í samræmi við ákvæði þessa kafla, eftir því sem við á.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um veltubókarviðskipti, viðskipti skv. 40. gr. eða þegar atvik sem mælt er fyrir um í 23. gr. eru fyrir hendi.

Tilboð skv. 1. mgr. skal að hámarki gilda í einn mánuð.

37. gr.

Efni tilboðsyfirlits.

Í tilboðsyfirliti skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn, heimilisfang og kennitala hlutafélagsins sem tilboðið tekur til.
2. Nafn, heimilisfang og rekstrarform ef tilboðsgjafi er félag, svo og yfirlit um þá einstaklinga eða lögaðila sem væntanlega munu taka þátt í viðskiptunum ásamt tilboðsgjafa.
3. Upplýsingar um hve mikinn atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafi hefur þegar öðlast beint eða óbeint, eða tryggt sér með öðrum hætti, sem og áætlaðan atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafa eftir sölu, ef við á.
4. Verð sem miðað er við í tilboðinu.
5. Upplýsingar um hvernig greiðsla skuli fara fram eða, ef boðin eru fram skráð verðbréf, hvernig skiptin muni verða ákveðin.
6. Á hvaða degi hlutir skulu afhentir og hvenær unnt er að beita atkvæðisrétti sem þeim fylgir.
7. Önnur skilyrði sem tilboðið kann að vera háð, þ.m.t. undir hvaða kringumstæðum er unnt að afturkalla það.
8. Gildistími tilboðs.
9. Hvað tilboðsmóttakanda ber að gera til að samþykkja tilboðið.
10. Samantekt tilboðsgjafa um framtíðaráætlanir fyrir félagið, þ.m.t. áform um starfsemi og hvernig skuli nota fjármunalegar eignir félagsins, upplýsingar um áframhaldandi skráningu hlutabréfa félagsins í kauphöll, breytingar á samþykktum og væntanlega endurskipulagningu, ef það á við.
11. Upplýsingar um væntanlega samninga við aðra um að nýta atkvæðisrétt í félaginu, svo framarlega sem tilboðsgjafi á aðild að slíkum samningi eða honum er kunnugt um hann.

Uppfylli tilboðsyfirlit ekki þær kröfur sem nefndar eru í 1. mgr. getur viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður krafist þess að nánari upplýsingar verði gerðar opinberar innan sjö daga.

38. gr.

Opinber birting tilboðsyfirlits.

Birta skal auglýsingu opinberlega um tilboðsyfirlit í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eigi síðar en fjórum dögum áður en tilboð tekur gildi, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar um opinbera birtingu tilboðsyfirlits. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar nálgast má tilboðsyfirlit. Samhliða skal nafnskráðum hluthöfum í félagi, sem tilboð tekur til, send auglýsingin á kostnað tilboðsgjafa.

VIII. KAFLI
Verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði.

39. gr.
Gildissvið kaflans.

Fjármálagerningar sem ákvæði kafla þessa taka til eru eftirfarandi:

1. verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og
2. fjármálagerningar sem tengdir eru einu eða fleiri verðbréfum skv. 1. tölul.

40. gr.
Viðskiptavaki.

Fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfaviðskipta getur með samningi við útgefanda fjármálagerninga skuldbundið sig til að vera viðskiptavaki, þ.e. kaupa og selja fyrir eigin reikning eða reikning útgefanda tiltekna fjármálagerninga, í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim.

Viðskiptavaki skal tilkynna um samning skv. 1. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð. Tilkynningin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar um samninginn:

1. lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða,
2. hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern,
3. hámarksmun á kaup- og sölutilboðum og
4. hvernig fjármálafyrirtækið hyggst að öðru leyti fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum.

Viðskiptavaki skal dag hvern setja fram kaup- eða sölutilboð í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar áður en markaðurinn opnar. Verði tilboði viðskiptavaka tekið eða það fellt niður af hálfu viðskiptavaka skal hann setja fram nýtt tilboð eins fljótt og mögulegt er þar til hámarksfjárhæð viðskipta fyrir dag hvern hefur verið náð.

Geri fjármálafyrirtæki viðskiptavakasamning um viðskipti fyrir reikning útgefanda skal tryggt að útgefanda sé ekki unnt að hafa áhrif á ákvarðanir um viðskipti á grundvelli samningsins.

41. gr.
Markaðsmisnotkun og milliganga fjármálafyrirtækis.

Markaðsmisnotkun er óheimil. Með markaðsmisnotkun er átt við:

1. Að eiga viðskipti eða gera tilboð sem gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna.
2. Að eiga viðskipti eða gera tilboð sem leiða til óeðlilegs verðs á fjármálagerningum eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar.
3. Að dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefur eða er líklegur til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna.
4. Að halda eftir upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem veldur því að framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga er gefið ranglega eða misvísandi til kynna.

Fjármálafyrirtæki, sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta, er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við 1. mgr.

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um að viðskipti skv. 1. mgr. hafi farið fram skal fyrirtækið þegar í stað tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

IX. KAFLI
Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

42. gr.
Gildissvið kaflans.

Fjármálagerningar sem ákvæði kafla þessa taka til eru eftirfarandi:

1. verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og
2. fjármálagerningar sem tengdir eru einu eða fleiri verðbréfum skv. 1. tölul.

43. gr.
Innherjaupplýsingar og innherjar.

Með innherjaupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerðar opinberar en eru líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Tilkynningar til skipulegra verðbréfamarkaða teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Aðrar upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti.

Með innherja er átt við:

1. fruminnherja, þ.e. aðila sem býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar eða hefur að jafnaði aðgang að slíkum upplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa,
2. tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna starfs síns, stöðu eða skyldna og
3. annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

44. gr.
Innherjasvik.

Innherja er óheimilt að:

1. afla eða ráðstafa fjármálagerningum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum,
2. láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.

Ákvæði 1. mgr. nær einnig til lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning lögaðilans.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti ríkisins, Seðlabanka Íslands eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu ríkisins í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

45. gr.
Milliganga fjármálafyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki, sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta, er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði þessa kafla.

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um að viðskipti skv. 1. mgr. hafi farið fram skal fyrirtækið þegar í stað tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

46. gr.

Rannsóknarskylda fruminnherja.

Áður en fruminnherji á viðskipti með verðbréf útgefanda, sem hann er fruminnherji í, skal hann ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar innan útgefandans. Sama gildir um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru slíkum verðbréfum og fyrirhuguð viðskipti aðila sem er fjárhagslega tengdur fruminnherja.

47. gr.

Tilkynningarskylda fruminnherja.

Fruminnherji skal áður en hann, eða aðili fjárhagslega tengdur honum, á viðskipti með verðbréf útgefandans, tilkynna það aðila sem tilnefndur hefur verið í samræmi við reglur sem útgefandi skal setja sér samkvæmt ákvæði 51. gr. laga þessara (regluverði). Fruminnherji skal með sama hætti tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt viðskipti með verðbréf útgefandans. Viðkomandi útgefandi skal samdægurs tilkynna um viðskiptin til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru verðbréfum skv. 1. mgr.

48. gr.

Birting upplýsinga um viðskipti fruminnherja.

Skipulegur verðbréfamarkaður skal birta opinberlega upplýsingar um þau viðskipti sem eru tilkynningarskyld skv. 47. gr., enda uppfylli viðskiptin eftirtalin skilyrði:

1. Markaðsvirði viðskiptanna nemi a.m.k. einni viðskiptalotu, sbr. 3. mgr.
2. Markaðsvirði hlutar eftir viðskipti samsvari tíu viðskiptalotum.
3. Markaðsvirði hlutar eftir viðskipti fari niður fyrir tíu viðskiptalotur.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tilgreina:

1. nafn útgefanda verðbréfa,
2. dagsetningu tilkynningar,
3. nafn fruminnherja, eða fjárhagslega tengds aðila ef við á,
4. tengsl fruminnherja við útgefanda verðbréfa,
5. dagsetningu viðskipta og hvenær dagsins þau fóru fram,
6. tegund fjármálagernings,
7. hvort um var að ræða kaup eða sölu,
8. nafnverð og gengi í viðskiptum,
9. nafnverð hlutar fruminnherja annars vegar og fjárhagslega tengdra aðila hins vegar eftir viðskipti og
10. dagsetningu lokauppgjörs viðskiptanna, ef við á.

Með viðskiptalotu er í lögum þessum átt við fjölda verðbréfa í sama flokki, eða lágmarksmarkaðsverðmæti sem þarf til þess að geta átt samfelld viðskipti í viðskiptakerfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar, samkvæmt reglum sem stjórn kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar setur.

49. gr.

Innherjaskrá.

Útgefandi skal senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, eftirfarandi upplýsingar um fruminnherja og tímabundna innherja:

1. heiti útgefanda,
2. skipulegan verðbréfamarkað sem verðbréf útgefanda eru skráð á eða hefur verið óskað skráningar á,
3. nafn, kennitölu og heimilisfang innherja,
4. tengsl innherja við útgefanda,
5. ástæðu skráningar innherja og
6. nöfn aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherja.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir fruminnherja og tímabundna innherja. Því er heimilt að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Allar breytingar á upplýsingum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu þegar í stað. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Útgefandi skal einnig senda upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf útgefanda eru skráð eða þar sem óskað hefur verið eftir skráningu þeirra.

Upplýsingar um fruminnherja í innherjaskrá Fjármálaeftirlitsins skulu gerðar opinberar með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

50. gr.

Upplýsingaskylda útgefanda.

Útgefandi sem tilgreint hefur innherja til Fjármálaeftirlitsins skv. 49. gr. skal tilkynna viðkomandi innherja um það skriflega. Jafnframt skal útgefandi tilkynna innherja skriflega þegar hann hefur verið tekinn af skránni.

Útgefandi skal greina innherja frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð innherjaupplýsinga.

51. gr.

Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Stjórn útgefanda verðbréfa skal setja reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Í reglunum skal m.a. kveðið á um með hvaða hætti komið skuli í veg fyrir að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra er þarfnast þeirra vegna starfa sinna, hvernig viðskiptum innherja skuli háttað, þar með talið hvernig rannsóknarskyldu fruminnherja skv. 47. gr. skuli háttað, hver hafi eftirlit með því innan útgefanda að reglunum sé framfylgt (regluvörður) og um skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglnanna.

Stjórn útgefanda skal senda reglur skv. 1. mgr. til Fjármálaeftirlitsins og skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf útgefanda eru skráð eða þar sem óskað hefur verið skráningar þeirra. Reglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu setja sér reglur samkvæmt þessari grein.

X. KAFLI
Eftirlit og reglugerð.

52. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim. Að auki hefur skipulegur verðbréfamarkaður eftirlit með framkvæmd 40. gr. og V., VI. og VII. kafla laga þessara. Um valdheimildir skipulegra verðbréfamarkaða við eftirlit fer eftir lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Þegar brotið er gegn 40. gr. laga þessara um viðskiptavaka getur skipulegur verðbréfamarkaður einnig veitt viðskiptavaka viðvörun, áminningu eða birt opinberlega tilkynningu um vanefndir hans.

Í tengslum við athugun tiltekins máls er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboð og veitt frest til úrbóta sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt dagsektir eða févíti á þá sem tengjast almennu útboði samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

53. gr.
Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Í reglugerð skal m.a. koma fram skilgreining á fagfjárfestum og ákvæði um útboð verðbréfa, þar sem verði kveðið á um aðdraganda að útboðslýsingu og útboðstímabil, efni hennar og tilhögun við birtingu, viðvarandi upplýsingaskyldu og heimildir Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágur frá birtingu tiltekinna upplýsinga í útboðslýsingu eða birtingu útboðslýsingar í heild.

Í reglugerð skal kveða nánar á um skyldu eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar, svo og hvenær veita megi undanþágur frá upplýsingaskyldunni. Einnig er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um upplýsingaskyldu þegar útgefandi hefur fengið fjármálagerninga sína skráða í fleiri en einni kauphöll.

Heimilt er að setja ákvæði um safnskráningu í reglugerð, m.a. um sviptingu heimildar til að skrá fjármálagerninga á safnreikning skv. 1. mgr. 11. gr. og auðkenningu safnreiknings, þar á meðal upplýsingar um fjölda eigenda á safnreikningi.

XI. KAFLI
Viðurlög.

54. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum 47.–51. gr. um innherjaviðskipti.

Stjórnvaldssektir geta numið frá 10 þús. kr. til 2 millj. kr. og skulu þær renna í ríkissjóð. Við ákvörðun sekta skal tekið tillit til alvarleika brots. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir má skjóta til kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til kærunefndarinnar frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfir.

55. gr.

Sektir.

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. flöggunarskyldu skv. 27. gr.,
2. tilboðsskyldu skv. 1. mgr. 32. gr.,
3. tilboðsyfirlit skv. 3. mgr. 32. gr. og 36. gr. og
4. innherjaviðskipti skv. 47.–51. gr.

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara um réttindi og skyldur skv. II. kafla.

56. gr.

Fangelsi allt að einu ári.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. almennt útboð skv. 2. mgr. 20. gr.,
2. upplýsingar í útboðslýsingu skv. 21. gr. og
3. umsjón með almennu útboði verðbréfa skv. 1. mgr. 25. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um rannsóknarskyldu fruminnherja skv. 46. gr., enda hafi innherjaupplýsingar legið fyrir hjá þeim útgefanda sem þeir eru fruminnherjar í.

57. gr.

Fangelsi allt að tveimur árum.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. markaðsmisnotkun skv. 1. mgr. 41. gr.,
2. innherjasvik skv. 44. gr. og
3. milligöngu fjármálafyrirtækis skv. 2. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 45. gr.

58. gr.

Önnur refsiákvæði.

Nú er brot framið í starfsemi fjármálafyrirtækis eða annars lögaðila og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum laga þessara.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum.

XII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

59. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipana ráðsins nr. 89/298/EBE um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa, 89/592/EBE um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti, 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og 2001/34/EB um samræmingu á skráningarkröfum sem gerðar eru til verðbréfa í kauphöllum og upplýsingaskyldu vegna slíkra verðbréfa.

60. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Með lögum þessum falla úr gildi lög um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, með síðari breytingum.

61. gr.
Breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum.

a. Í stað liðanna „skipulegur verðbréfamarkaður", „kauphöll" og „skipulegur tilboðsmarkaður" í 2. gr. laganna kemur nýr liður er orðast svo: *skipulegur verðbréfamarkaður:*
   1. Kauphöll: Markaður þar sem opinber skráning fjármálagerninga og viðskipti með þá fara fram og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara.
   2. Skipulegur tilboðsmarkaður: Markaður með fjármálagerninga sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara.
   3. Kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðrir verðbréfamarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
   4. Markaðir skv. 3. tölul. sem staðsettir eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

b. 19., 20. og 26. gr. og 3. mgr. 35. gr. laganna falla brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. mgr. 32. gr. gildir ekki um yfirtöku hlutar í hlutafélagi sem þegar var opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laga nr. 34/1998, 21. apríl 1998, enda hafi hluturinn ekki farið niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í þeirri málsgrein eftir greint tímamark.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga að heildarlöggjöf sem hefur að geyma hegðunarreglur og réttindi og skyldur í verðbréfaviðskiptum. Með frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, er lagt til að ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, verði hluti af heildarlögum um fjármálafyrirtæki. Frumvarp þetta hefur hins vegar að geyma hegðunarreglur á verðbréfamarkaði og ákvæði um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta. Ákvæði frumvarpsins byggja á þeim grunni sem lagður

hefur verið í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998. Vísað er til frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki vegna greiningar á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

2. Þróun löggjafar um verðbréfaviðskipti.

Fyrstu lög um verðbréfaviðskipti voru lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Þau voru síðar felld úr gildi með lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem voru mun ítarlegri en lögin frá 1986 og að ýmsu leyti í samræmi við löggjöf nágrannaríkjanna á þessu sviði. Eftir að nokkur reynsla var komin á framkvæmd þeirra laga var talið nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar, en einnig vegna aðildar Íslands að EES-samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Voru þá samþykkt lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

Ný heildarlög um verðbréfaviðskipti voru síðan sett með lögum nr. 13/1996. Með þeim voru innleiddar tilskipanir Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipti (93/22/EBE) og eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (93/6/EBE). Breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, eru eftirfarandi:

1. Lög nr. 35/1998, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna nýrra laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
2. Lög nr. 84/1998, um sérákvæði í lögum um fjármálaeftirlit. Fjármálaeftirlitið kom í stað bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
3. Lög nr. 94/1998, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar er lutu að stofnun fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.
4. Lög nr. 11/2000, um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins auknar.
5. Lög nr. 99/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna aðskilnaðar starfssviða, starfsábyrgðartrygginga, prófkrafna og samningsbundinna uppgjöra afleiðusamninga.
6. Lög nr. 163/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna almenns útboðs verðbréfa og meðferðar trúnaðarupplýsinga.
7. Lög nr. 164/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar vegna safnskráningar verðbréfa.
8. Lög nr. 69/2001, um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Sett ítarlegri ákvæði um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta.
9. Lög nr. 39/2002, um breytingu á lögum nr. 13/1996. Breytingar á ákvæði um innherjaviðskipti.
10. Lög nr. 76/2002, um breytingar á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ákvæði um stofnsetningarrétt breytt í því skyni að veita Sviss sama rétt hér á landi og ríkjum innan EES.

3. Vinna við gerð frumvarpsins.

Á haustmánuðum 1999 skipaði viðskiptaráðherra nefnd, svokallaða bankalaganefnd, sem ætlað var að gera tillögur um breytingar á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Nefndin skyldi í því sambandi skoða sérstaklega hvort æskilegt væri að sameina fyrrgreind lög í ein heildarlög um lánastofnanir eða jafnvel að setja eina heildstæða löggjöf um fjármálafyrirtæki. Vinna bankalaganefndarinnar tók þá stefnu að steypa saman í eina heildarlöggjöf um fjármálafyrirtæki stofnanaþætti laga um viðskiptabanka og sparisjóði, laga um lánastofn-

anir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og laga um verðbréfaviðskipti. Viðskiptaráðherra skipaði því nefnd (hér eftir: nefndin) í júní 2001 sem falið var það verkefni að semja drög að frumvarpi til verðbréfaviðskiptalaga sem tæki mið af hugmyndum bankalaganefndar, þ.e. að stofnanaþáttur verðbréfaviðskiptalaga færi úr þeim lögum en eftir stæðu almennar hegðunarreglur.

Í nefndinni störfuðu:

Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðisviðs Landsbanka Íslands hf.,

Helga Hlín Hákonardóttir, lögfræðingur hjá Íslandsbanka hf.,

Jónína S. Lárusdóttir, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður,

Ólafur Rúnar Ólafsson, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, og

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, lögfræðingur Kauphallar Íslands hf.

Einnig störfuðu Jóhannes Sigurðsson hrl., Helgi Sigurðsson, lögfræðingur hjá Kaupþingi hf., Jóhann H. Albertsson, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, og Friðrik Halldórsson viðskiptafræðingur, þá hjá Sparisjóðabankanum hf., með nefndinni í upphafi starfsins.

4. Breytingar í frumvarpinu.

Eins og áður segir er með frumvarpi þessu gerð tillaga að heildarlöggjöf sem hefur að geyma hegðunarreglur og réttindi og skyldur í tengslum við verðbréfaviðskipti. Ákvæði frumvarpsins byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti nr. 13/1996 og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998.

Helstu breytingar frá gildandi rétti eru eftirfarandi:

- Tillaga er gerð að nýju yfirhugtaki, fjármálagerningi, sem skiptist í verðbréf, afleiður, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjöl, og framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að heiti laganna verði áfram lög um verðbréfaviðskipti og að hugtakið verðbréfaviðskipti verði enn grundvallarhugtak í lögunum, þar sem það hugtak hefur skapað sér ríkan sess á verðbréfamarkaði. Tillaga þessi styðst einnig við réttarástandið á Norðurlöndum, þar sem hugtakið verðbréfaviðskipti (d. *værdipapirhandel,* n. *verdipapirhandel,*) er enn notað þó svo að hugtakið fjármálagerningur (d. *instrumenter*, n. *finansielle instrumenter*) sé grundvallarhugtak í lögunum.
- Ákvæði laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem hafa að geyma hegðunarreglur á verðbréfamarkaði eru hluti af frumvarpi þessu. Í frumvarpinu eru því lagðar til breytingar á gildandi lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, sem taka mið af þessu.
- Ákvæði um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta eru gerð ítarlegri og fyllri, sbr. II. kafla.
- Ákvæði um almenn útboð verðbréfa eiga einungis við þegar um er að ræða sölu verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti, enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. 20. gr. frumvarpsins.
- Flöggunarskylda verður virk við 5% atkvæðisréttar eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90%, sbr. 27. gr. frumvarpsins.
- Nokkur ákvæði í gildandi reglugerðum um yfirtökutilboð nr. 432/1999 og um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll nr. 433/1999 eru tekin upp í frumvarpið.
- Skylda til að útbúa tilboðsyfirlit verður m.a. virk við sölu a.m.k. 10% hlutar í hlutafélagi

sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa í kauphöll, sbr. 36. gr. frumvarpsins.
- Gerð er tillaga að nýju ákvæði um viðskiptavaka í 40. gr. frumvarpsins.
- Ákvæði um markaðsmisnotkun er breytt í ljósi tillagna að nýrri tilskipun Evrópusambandsins á þessu sviði, sbr. 42. gr. frumvarpsins.
- Nánar er kveðið á um hvaða brot gegn ákvæðum laganna varða refsingu og þá hvaða refsingu. Gerð er tillaga um að Fjármálaeftirlitið hafi í einstökum tilvikum heimild til að beita stjórnvaldssektum, sbr. XI. kafla frumvarpsins.

5. Kaflaskipting frumvarpsins.

Kaflaskipting frumvarpsins er eftirfarandi:

1. Gildissvið og orðskýringar.
2. Réttindi og skyldur.
3. Samningsbundið uppgjör afleiðna.
4. Útboð verðbréfa.
5. Breyting á eignarhaldi verulegs hlutar.
6. Yfirtökutilboð.
7. Tilboðsyfirlit.
8. Verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði.
9. Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.
10. Eftirlit og reglugerð.
11. Viðurlög.
12. Gildistaka o.fl.

6. EES-samningurinn og fjármálaþjónusta.

Fjármálaþjónusta er veigamikill þáttur í efnahagsstarfsemi EES-ríkja. Um hana gilda ákvæði 36. og 37. gr. EES-samningsins um þjónustu og IX. viðauki þar sem nánar er fjallað um fjármálaþjónustu. Um er að ræða starfsemi vátryggingafélaga, lánastofnana, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja.

Með frumvarpi þessu eru innleidd ákvæði nokkurra tilskipana á sviði fjármálaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Flest ákvæða þessara tilskipana hafa þó verið lögfest áður. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af þeim tillögum sem liggja nú fyrir á þessu sviði á vettvangi Evrópusambandsins. Þær tilskipanir sem innleiddar eru að hluta eða öllu leyti með ákvæðum frumvarpsins eru:

1. Tilskipun ráðsins frá 17. apríl 1989 um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa (89/298/EBE).
2. Tilskipun ráðsins frá 13. nóvember 1989 um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti (89/592/EBE).
3. Tilskipun ráðsins frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (93/22/EBE).
4. Tilskipun ráðsins frá 21. maí 2001 um samræmingu á skráningarkröfum sem gerðar eru til verðbréfa í kauphöllum og upplýsingaskyldu vegna slíkra verðbréfa (2001/34/EBE).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er gildissvið frumvarpsins skilgreint. Auk þess eru í kaflanum orðskýringar. Gildissvið hefur verið einfaldað töluvert frá gildandi lögum í ljósi frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki.

Hugtakið fjármálagerningur er skilgreint í fyrsta skipti sem yfirhugtak. Hugtakið kemur að nokkru leyti í stað hugtaksins verðbréf sem hefur þrengri merkingu í frumvarpinu í samræmi við hugtakanotkun á erlendum mörkuðum. Er skilgreiningum nokkurra hugtaka jafnframt breytt til samræmis við framangreint.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna afmörkun á gildissviði frumvarpsins. Horfið er frá almennri skilgreiningu núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og viðamiklum undanþágum frá henni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki þar sem lagt er til að lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóða, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, verði sameinuð í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki. Sá þáttur laga um verðbréfaviðskipti sem snýr að stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana er þannig felldur út úr frumvarpinu. Þá er kveðið á um gildissvið hvers kafla fyrir sig í frumvarpinu. Þetta einfaldar verulega skilgreiningu á gildissviði þess þar sem ekki þarf að undanþiggja ákveðna aðila því að sækja um starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki til að annast verðbréfaviðskipti í starfsemi sinni eins og gert er í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti. Frumvarpið fjallar þess í stað aðeins um hegðunarreglur í verðbréfaviðskiptum sem öllum aðilum ber að hlíta, ásamt II. kafla sem fjallar sérstaklega um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja í tengslum við verðbréfaviðskipti.

Gerð er tillaga um að gildissvið frumvarpsins endurspegli starfsheimildir verðbréfafyrirtækja eins og þær eru skilgreindar í 25. gr. frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki. Greinin er byggð á A- og C-þætti viðauka við tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og núgildandi 8. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996. Bætt er við þjónustuþætti í 1. lið um umsjón fjármálafyrirtækja með útboði verðbréfa, sem leiðir af núgildandi 28. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Þess ber þó að geta, eins og að framan greinir, að gildissvið fæstra ákvæða frumvarpsins er takmarkað við fjármálafyrirtæki. Frumvarpið nær því til allra aðila fjármálamarkaðarins og er rétt að ítreka að gildissvið þess nær til einstaklinga sem og lögaðila, svo sem fjárfestinga einstaklinga og annarra fjárfesta í fjármálagerningum fyrir eigin reikning, útgáfu fyrirtækja, stofnana og opinberra aðila á verðbréfum og milligöngu og ráðgjöf í verðbréfaviðskiptum.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna orðskýringar. Í nokkrum tilfellum er gerð tillaga um að orðskýringar verði í þeim köflum þar sem viðkomandi hugtök eru notuð, svo sem um viðskipti innherja, en ekki í 2. gr. eins og í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti. Nefndin taldi það til þess fallið að auka skýrleika laganna að fækka orðskýringum í upphafi laganna, en í 2. gr. gildandi laga eru 26 orðskýringar. Því eru einungis grundvallarhugtök skýrð í upphafi frumvarpsins, þ.e. þau hugtök sem koma ítrekað fyrir í frumvarpstextanum. Þau hugtök sem einungis eru notuð í tilteknum köflum frumvarpsins eru skýrð í viðkomandi kafla.

Töluverðar breytingar eru gerðar á skilgreiningu á hugtakinu „verðbréf“ þannig að hugtakið er þrengt og takmarkað við hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til greiðslu eða ígildis hennar. Afleiður falla því ekki lengur undir skilgreiningu á verðbréfi, sbr. nánari umfjöllun síðar, heldur falla þær undir nýtt yfirhugtak, svokallaða fjármálagerninga, sem nær yfir allar þær afurðir fjármálamarkaðarins sem frumvarpið tekur til. Skilgreiningar þessar hafa fyrst og fremst gildi við afmörkun á gildissviði einstakra kafla frumvarpsins.

Í 1. tölul. er að finna skilgreiningu á orðinu *fjármálafyrirtæki* og vísast til skilgreiningar hugtaksins í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki. Hugtakið fjármálafyrirtæki er nýjung í íslenskum rétti. Það nær yfir starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, fjárfestingarbanka, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Í greinargerð frumvarpsins með skilgreiningu hugtaksins segir enn fremur: „*Fjármálafyrirtæki er lykilhugtak í frumvarpi þessu. Fjármálafyrirtæki er samheiti yfir þær sjö tegundir starfsleyfa sem kveðið er á um í 4. gr. Með innleiðingu á hugtakinu fjármálafyrirtæki er búið að sameina í eitt hugtak þær kröfur sem gerðar eru til lánastofnana (e. credit institutions) samkvæmt tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana (2000/12/EB), fjárfestingarfyrirtækja (e. investment firms) samkvæmt tilskipun um fjárfestingarþjónustu (93/22/EBE) og tilskipun um eigið fé lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja (93/6/EBE), rafeyrisfyrirtækja samkvæmt tilskipun um rafeyrisstofnanir (2000/46/EB) og rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða samkvæmt breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (2001/107/EB). Með hugtakinu fjármálafyrirtæki fellur út úr íslenskum lögum hugtakið fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem frá árinu 1996 hefur verið notað sem samheiti verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana.*“

Í 2. tölul. er hugtakið *fjármálagerningur* skilgreint og er um að ræða þýðingu á enska hugtakinu *financial instrument*. Höfð hefur verið hliðsjón af B-þætti viðauka við tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta við útfærslu þessara breytinga. Hingað til hefur hugtakið verðbréf verið notað sem yfirhugtak um afurðir fjármálamarkaðar. Er hugtakið fjármálagerningur samheiti yfir hvers kyns afurðir á fjármálamarkaði, án tillits til eðlis þeirra. Nauðsynlegt er að hafa yfirhugtak yfir allar þær tegundir fjármálagerninga sem frumvarpið tekur til, þ.e. verðbréfa, afleiðna, hlutdeildarskírteina, peningagerninga og framseljanlegra veðréttinda í fasteignum og lausafé, til hagræðis við umfjöllun og afmörkun á gildissviði frumvarpsins og gildissviði einstakra kafla þess. Með skilgreiningunni er jafnframt verið að laga hugtakanotkun í íslenskum rétti að þeim hugtökum sem notuð eru á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Þeir fjármálagerningar sem eru taldir upp í 2. tölul. eru ekki tæmandi taldir. Þróun fjármálamarkaða hefur sýnt að nýjar tegundir fjármálagerninga líta reglulega dagsins ljós og því óraunhæft að telja þá upp á tæmandi hátt í lögum. Því er líklegt að fleiri afurðir fjármálamarkaðarins, sem eiga eftir að líta dagsins ljós, geti einnig fallið undir gildissvið laga um verðbréfaviðskipti, enda hafi þeir svipað eðli og þeir fjármálagerningar sem taldir eru upp í skilgreiningu hugtaksins fjármálagerningur.

Hugtakið fjármálagerningur vísar til orðsins lög*gerningur* en eðli málsins samkvæmt er ekki endilega um fjármála*samning* að ræða. Fjármálagerningar geta verið einhliða og krefjast ekki alltaf tvíhliða samningssambands. Í a–e-lið er að finna þær tegundir fjármálagerninga sem nú tíðkast á fjármálamörkuðum.

Í a-lið 2. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *verðbréf*. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu í a-lið 3. tölul. 2. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, en í dæmaskyni hefur verið bætt við hefðbundnum verðbréfum sem eru hlutabréf, skuldabréf, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf. Með breytanlegu verðbréfi er átt við verðbréf sem hægt er

að skipta út fyrir tiltekna fjárhæð annars verðbréfs, að vali útgefanda og/eða eiganda verðbréfs, eftir nánari skilmálum verðbréfsins. Skiptanleg skuldabréf er ein tegund lántöku með sérstökum skilyrðum sem hlutafélögum er heimil skv. VI. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Skiptanleg skuldabréf er nánar tiltekið verðbréf sem veitir eiganda þess rétt til að breyta kröfu sinni á útgefanda skuldabréfsins í hluti í viðkomandi útgefanda. Í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem lagt var fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988 segir: *„Hugtökin verðbréf, verðbréfamiðlun og verðbréfamiðlari hafa áður verið skilgreind í lögum nr. 27/1986. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga er hugtakið verðbréf afmarkað á þann veg að það nær ekki aðeins til skuldabréfa, hlutabréfa, víxla og annarra áþekkra viðskiptabréfa heldur einnig til loforða um peningagreiðslu af öðru tagi svo sem tékka og greiðslukortanótur. Fyrsta atriði skilgreiningarinnar er að um sé að ræða „hvers konar framseljanleg kröfuréttindi". Hún er því ekki bundin við ákveðið form skuldbindingar, heldur nægir að skuldbinding sé hæf til framsals og gildir einu hvort slík framsöl þurfi að fara fram skriflega eða með öðrum hætti. Skilgreining þessi byggir á því að hin framseljanlegu kröfuréttindi séu að meginreglu „til peningagreiðslu eða ígildis hennar". Skiptir ekki máli hvort kveðið sé í skuldbindingu á um efndir hennar með greiðslu ákveðinnar peningafjárhæðar eða öðrum verðmætum sem almennt verðgildi hafa. Hugtakið hefur jafnframt víðtækari merkingu því að einnig er ætlast til að það nái til framseljanlegra skilríkja fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða sérstaklega ákveðnum lausafjármunum. Nær hugtakið samkvæmt þessu t.d. til framseljanlegra farmskírteina, en hins vegar ekki til skilríkja fyrir eignarréttindum að fasteign né heldur til skilríkja fyrir eignarrétti að bifreiðum eða áþekkum lausafjármunum."*

Í frumvarpinu hefur skilgreining hugtaksins verðbréf verið þrengd frá skilgreiningu í núgildandi lögum, þannig að felldur er brott sá hluti skilgreiningarinnar sem fjallar um afleiður og er að finna í b-lið 3. tölul. 2. gr. núgildandi laga. Sú skilgreining nær aðeins til svokallaðra afleiðna á verðbréf, en ekki t.d. afleiðna á gjaldeyri, vexti eða vísitölur. Sérstök skilgreining á afleiðum á verðbréf er hins vegar óþörf í íslenskum rétti. Í stað þeirrar skilgreiningar sem er að finna í b-lið 3. tölul. 2. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti er almenn skilgreining á afleiðu látin nægja. Hana er nú að finna í 21. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Þá ber að geta þess að það er ekki í takt við alþjóðlega hugtakanotkun að skilgreina afleiður (e. *derivatives*) sem framseljanleg verðbréf (e. *transferable securities*, d. *omsættlige værdipapirer*, n. *omsettlige verdipapirer*). Því hafa þær verið skilgreindar sem ein tegund fjármálagerninga (e. *financial instruments*, d. *instrumenter*, n. *finansielle instrumenter*). Þá hefur þróunin orðið sú að hugtakið verðbréf (e. *security*) er ekki lengur notað sem yfirhugtak á fjármálamörkuðum, vegna vaxandi viðskipta með afleiður og aðrar tegundir fjármálagerninga.

Verðbréf hefur þannig haft víðtækari merkingu hér á landi en tíðkast hefur undanfarið á erlendum mörkuðum og er þessi samræming nauðsynleg til að koma í veg fyrir hugsanlegan rugling samfara auknum viðskiptum með verðbréf við erlenda aðila. Gerð er tillaga um að afleiður falli því ekki undir hugtakið verðbréf, heldur teljist þær ein tegund fjármálagerninga sem er yfirhugtak yfir verðbréf, afleiður o.fl.

Í b-lið 2. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu *afleiður* (e. *derivatives*, d. *derivater*, n. *derivater*). Eins og að framan greinir er gerð sú breyting að afleiður eru ekki skilgreindar sem verðbréf heldur sem ein tegund fjármálagerninga. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á afleiðusamningum sem er að finna í 21. tölul. 2. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, þannig að ekki er gerð efnisleg breyting á hugtakinu. Vert er að vekja athygli á því að

undir b-lið 2. tölul. falla hrávörusamningar sem gerðir eru upp í reiðufé (e. *derivatives on commodities*, d. *råvareinstrumenter*, n. *varederivativer*). Samningar þessir eru afleiðusamningar þar sem viðmiðunarverðmæti þeirra er háð verðmæti viðkomandi hrávöru samkvæmt hrávörusamningum. Hrávörusamningar sem þessir eru ekki gerðir upp á þann hátt að viðkomandi hrávara sé nokkurn tímann afhent, heldur eru verðbreytingar hrávörunnar sem um ræðir aðeins notaðar til viðmiðunar á verðmæti hrávörusamningsins og við uppgjör hans.

Í i-lið b-liðar 2. tölul. er að finna hugtakið *framvirkir óframseljanlegir fjármálagerningar* (e. *forwards*, d. *finansielle terminalkontrakter*, n. *finansielle terminalkontrakter*). Um er að ræða sambærilega skilgreiningu og nú er að finna á „framvirkum framtíðarsamningi“ í 24. tölul. 2. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Þó er sú breyting gerð að skilgreining frumvarpsins nær aðeins til *óframseljanlegra* framvirkra fjármálagerninga. Hér er því greint á milli annars vegar framvirkra samninga, sem eru óframseljanlegir, og hins vegar svokallaðra framtíðarsamninga sem eru staðlaðir og framseljanlegir og skilgreindir nánar í næsta tölulið. Skilmálar framvirkra óframseljanlegra samningar eru gjarnan aðlagaðir þörfum væntanlegs kaupanda og verðlagning þeirra í upphafi ræðst að einhverju leyti á greiðsluhæfi kaupandans. Þessir samningar ganga því ekki kaupum og sölum með skipulegum hætti. Uppskipting hugtaksins í tvennt er nauðsynleg í takt við alþjóðavæðingu og þróun íslensks fjármálamarkaðar, enda um verulegan mun á þessum tveimur tegundum fjármálagerninga að ræða, svo sem um verðmyndun, upplýsingagjöf og áhættu þar að lútandi, sem og gagnaðilaáhættu.

Í ii-lið b-liðar 2. tölul. greinarinnar eru framtíðarsamningar (e. *financial-future contracts*, d. *fremtidige aftaler*, n. *fremtidige avtaler*) skilgreindir. Samningar þessir hafa gjarnan verið kallaðir framvirkir samningar án þess að greinarmunur hafi verið gerður á því hvort skilmálar og kjör slíkra óframseljanlegra samninga séu sniðin að viðkomandi kaupanda, í það tiltekna skipti (framvirkir óframseljanlegir fjármálagerningar) eða hvort um er að ræða stöðluð kaup og sölu á slíkum afleiðum, sem jafnvel fara fram á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem afleiðan er skráð á svipaðan hátt og hefðbundin verðbréf (framtíðarsamningar).

Í iii-lið b-liðar 2. tölul. greinarinnar eru *skiptasamningar* (e. *swaps*, d. *swaps*, n. *bytteavtale*) skilgreindir. Í núgildandi lögum eru „vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar“ skilgreindir en sú skýring er þrengri en skýring á skiptasamningum sem hér er lögð til, enda skilgreina núgildandi lög aðeins samninga sem miða við vexti eða gjaldmiðla. Skiptasamningar eru hins vegar ekki takmarkaðir við vexti eða gjaldmiðla í öllum tilvikum, þrátt fyrir að slíkir skiptasamningar séu algengastir. Núgildandi skilgreining hefur ekkert gildi í framkvæmd og ástæðulaust að takmarka gildissvið laganna við þær tegundir skiptasamninga og allra síst ákvæði III. kafla sem fjallar um afleiður. Gagnrýni hefur komið fram á núverandi fyrirkomulag þar sem ákvæði um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga er takmarkað við vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga án þess að rök fyrir slíkri takmörkun séu til staðar. Því er lögð til breyting á þessu. Skilgreiningin á skiptasamningum byggist að öðru leyti á fyrri skilgreiningu vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga, þó þannig að hún er víkkuð og takmarkast ekki aðeins við gjaldmiðla eða vexti.

Í iv-lið b-liðar 2. tölul. greinarinnar eru *valréttarsamningar* (e. *options*, d. *optioner*, n. *opsjoner*) skilgreindir og er skilgreiningin óbreytt frá skilgreiningu núgildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Í c-lið 2. tölul. greinarinnar eru *hlutdeildarskírteini* (e. *units in collective investment undertakings*, d. *andele i investeringsforeninger og specialforeninger*, n. *verdipapirfondsandeler*) tiltekin sem ein tegund fjármálagerninga. Hlutdeildarskírteini eru gefin út í samræmi við ákvæði laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, sbr. ESB-tilskipun frá 20. desember

1985 um samræmingu laga, reglna og reglugerða vegna verðbréfasjóða (85/611/EEC, með síðari breytingum), og er þar mikið lagt upp úr neytendavernd í starfsemi og rekstri verðbréfasjóða. Hegðunarreglur laga um verðbréfaviðskipti eru því mjög mikilvægar í viðskiptum með hlutdeildarskírteini til að tryggja nauðsynlega neytendavernd og trúverðugleika fjármálamarkaðar.

Í d-lið 2. tölul. greinarinnar eru *peningamarkaðsskjöl* (e. *money-market instruments*, d. *pengemarkedsinstrumenter*, n. *pengemarkedsinstrumenter*) talin upp sem ein tegund fjármálagerninga sem falla undir ákvæði frumvarpsins. Styðst það við B-þátt viðauka við tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Skilgreiningin er sambærileg ákvæði a-liðar 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um heimildir til viðskipta með greiðsluskjöl á peningamarkaði, svo sem ávísanir, víxla og önnur sambærileg greiðsluskjöl.

Í e-lið 2. tölul. greinarinnar eru að lokum talin upp *framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé* (d. omsættlige pantebreve með pant i fast ejendom eller løsøre). Slík réttindi geta verið framseljanleg og verðmyndun þeirra og viðskipti með sambærilegum hætti og viðskipti með aðra fjármálagerninga sem taldir eru upp í 2. gr. Því er rétt að ákvæði frumvarpsins taki til slíkra framseljanlegra réttinda.

Skráð verðbréf eru skilgreind í 3. tölul. greinarinnar sem verðbréf sem hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Um skilgreiningu á verðbréfi vísast til a-liðar 2. tölul. greinarinnar og um skilgreiningu á skipulegum verðbréfamarkaði vísast til 4. tölul. greinarinnar. Skráð verðbréf eru sérstaklega skilgreind í frumvarpinu þar sem verulega mismunandi reglur gilda um viðskipti, verðmyndun, upplýsingagjöf og þar með áhættu verðbréfa eftir því hvort þau eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eða ekki. Skilgreiningin hefur því t.d. gildi við afmörkun á gildissviði einstakra kafla og ákvæða frumvarpsins. Hugtakið „opinber skráning" er skilgreint í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sem skráning til opinberra viðskipta og verðbréfaskráningar í kauphöll á grundvelli samræmdra skilmála um verðbréf og útgefendur þeirra sem staðfestir hafa verið af stjórnvöldum. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að þeim lögum segir: „*Opinber skráning merkir að verðbréf hefur verið samþykkt og tekið til skráningar í kauphöll, en skilyrði þess er að viðkomandi verðbréf (eða verðbréfaflokkur) hafi uppfyllt þau samræmdu skilyrði sem hafa verið sett um skráningu þeirra í kauphöllinni. Til þess að unnt sé að heimila að verðbréf sé tekið til skráningar í kauphöll verður það að uppfylla þá skilmála sem slík verðbréf þurfa að uppfylla samkvæmt reglum kauphallarinnar. Jafnframt verða útgefendur þeirra að hafa samþykkt að taka að sér að uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar samkvæmt reglum um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Vegna ákvæða EES-samningsins verða verðbréf því aðeins skráð í kauphöll hér á landi ef þau uppfylla þau lágmarksákvæði sem sett eru í tilskipunum ESB um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingum, sbr. nánar um það í IX. viðauka EES-samningsins.*" Skráð verðbréf eru því þau verðbréf sem annaðhvort hafa verið opinberlega skráð í kauphöll eða skráð á skipulegum tilboðsmarkaði.

Um skilgreiningu og skýringu á hugtakinu *skipulegur verðbréfamarkaður* sem er að finna í 5. tölul. greinarinnar vísast til frumvarps sem varð að lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Þar segir í greinargerð með 2. gr. frumvarpsins: „*Skipulegur verðbréfamarkaður er markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Framangreind skilgreining laga nr. 13/1996 byggist á skilgreiningu tilskipunar ráðsins nr. 93/22/EBE, á því sem þar er nefnt skipulegur markaður. Það skal tekið fram að í 10. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996 er tekið fram að um skipulegan verðbréfamarkað geti verið að ræða sé hann viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftir-*

litið metur gildan. Framangreint ákvæði verður að skoða í því ljósi að þar er um eldri ákvæði að ræða en ákvæði þessa frumvarps. Verði frumvarp þetta að lögum mun skipulegur tilboðsmarkaður, sem aflað hefur sér starfsleyfis og er undir eftirliti samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, teljast skipulegur verðbréfamarkaður sem er viðurkenndur að lögum hér á landi. Skipulegum verðbréfamarkaði má þá lýsa sem markaði fyrir verðbréf sem hlotið hefur starfsleyfi lögbærra stjórnvalda, er háður eftirliti og starfar samkvæmt reglum sem stuðla að traustum og greiðum verðbréfaviðskiptum.“

Skilgreining á hugtakinu *kauphöll*, sem er að finna í 6. tölul. greinarinnar, vísar til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, um að með kauphöll sé átt við *„markað sem telst vera skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa og viðskipti með þau fara fram og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara“*. Í frumvarpi til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem varð að lögum nr. 34/1998 segir í athugasemd um 2. gr. frumvarpsins: „*Kauphöll telst vera skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa fer fram, svo og viðskipti með þau, og sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins tekur því hugtakið kauphöll til hlutafélags sem uppfyllt hefur öll skilyrði til þess að hljóta starfsleyfi ráðherra til að annast opinbera skráningu og vera vettvangur fyrir viðskipti með verðbréf sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til opinberrar skráningar verðbréfa á skipulegum verðbréfamörkuðum.*“

Um skilgreiningu og skýringu á hugtakinu *skipulegur tilboðsmarkaður*, sem er að finna í 7. tölul. greinarinnar vísast til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, en þar segir að með skipulegum tilboðsmarkaði sé átt við *„markað sem telst vera skipulegur verðbréfamarkaður með verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. gr. og 31. gr. laga þessara“*. Í greinargerð með frumvarpi til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem varð að lögum nr. 34/1998 segir: „*Skipulegur tilboðsmarkaður telst vera skipulagður verðbréfamarkaður með verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöll og hlotið hefur starfsleyfi skv. 3. gr. Átt er við að þar séu leidd saman á reglubundinn hátt sölu- og kauptilboð í verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll og uppfylla kröfur sem gerðar eru til viðskipta með slík bréf samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda fyrir hinn skipulega tilboðsmarkað. Skylt er að stöðva viðskipti með verðbréf á tilboðsmarkaðinum ef þau eru tekin til opinberrar skráningar í kauphöll, sbr. nánar ákvæði IX. kafla frumvarpsins, um skipulegan tilboðsmarkað og starfsemi hans.*“

Skilgreining á *fagfjárfestum* sem lögð er til í 7. tölul. greinarinnar er sambærileg skilgreiningu í 4. gr. og 5. gr. reglugerðar 477/2001 um almenn útboð. Ástæða þykir til að styrkja lagastoð skilgreiningarinnar en jafnframt er lögð til heimild til nánari útfærslu á skilyrðum um faglega þekkingu, regluleg viðskipti og fjárhagslegan styrk, enda er þar um sérstaklega matskennd skilyrði að ræða sem hugsanlega munu þróast í takt við þróun alþjóðlegs fjármálamarkaðar og taka þannig breytingum í tímans rás.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um gildissvið II. kafla frumvarpsins. Ákvæði hans eru með nokkuð öðru sniði en í sambærilegum kafla í núgildandi lögum um verðbréfaviðskipti. Ákvæði sem lúta að afmörkun starfsemi fjármálafyrirtækis og starfsheimildum eru í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Eftir standa ákvæði um starfshætti fjármálafyrirtækja sem heimild hafa samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og starfsleyfi sínu til að stunda verðbréfaviðskipti. Í 4. gr. frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki kemur fram hvaða fjármálafyrirtæki geta fengið starfsleyfi til verðbréfaviðskipta. Þau eru viðskipta-

bankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og verðbréfafyrirtæki. Einnig geta verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða fengið starfsleyfi fyrir hluta af þeim starfsheimildum sem teljast til verðbréfaviðskipta. Við mat á skyldum fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptavinum sínum samkvæmt ákvæðum þessa kafla ber að hafa þekkingu og reynslu viðskiptavinar í huga.

Ekki er lagt til að lögfest verði sérstök sönnunarregla í þeim tilvikum þegar deilt er um hvort fjármálafyrirtæki hafi fylgt ákvæðum kaflans. Um ábyrgðina fer því samkvæmt almennum reglum, t.d. um skaðabótaábyrgð sérfræðinga, þar sem beitt er ströngu sakarmati samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Hins vegar verður að hafa í huga að ýmis atvik geta takmarkað bótaskyldu fjármálafyrirtækja. Tómlæti viðskiptavina getur til að mynda haft meiri áhrif í verðbréfaviðskiptum en öðrum tegundum viðskipta. Í verðbréfaviðskiptum getur hver dagur skipt máli við mat á verðmæti fjármálagerninga og rúmir frestir til að gera athugasemdir vegna verðbréfaviðskipta geta opnað fyrir að viðskiptavinum sé unnt að taka ekki einungis mið af þeim upplýsingum sem lágu fyrir þegar kaupin voru gerð, heldur einnig öðrum upplýsingum sem falla til síðar.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér almenna skyldu fjármálafyrirtækja að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum. Ákvæðið er innleiðing á 11. gr. tilskipunar nr. 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Hér er um að ræða nýmæli en þó hefur verið talið að slík almenn skylda hvíli á fjármálafyrirtækjum. Önnur ákvæði kaflans eru til nánari skýringar á hvað felist í góðri viðskiptavenju en einnig geta þar komið til ákvæði reglugerða og reglur og tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Eigin reglur fjármálafyrirtækja sem fjallað er um í 15. gr. frumvarps þessa eru jafnframt til nánari skýringar.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaöflun fjármálafyrirtækja og á sér að nokkru samsvörun í 1. og 3. mgr. 15. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Með greininni er einnig leitast við að standa við skuldbindingar um að innleiða í íslenskan rétt reglur CESR um vernd fjárfesta (e. *The Committee of European Securities Regulators, A European Regime of Investor Protection, CESR/01-014d*).

Í 1. mgr. eru þær kröfur gerðar til fjármálafyrirtækja að þær afli sér upplýsinga sem máli skipta vegna þjónustu við viðskiptavini sína. Þetta á sér samsvörun í reglum sem nefndar hafa verið „*know-your-customer rules*“ á ensku. Í 15. gr. gildandi verðbréfaviðskiptalaga er kveðið á um að viðskiptamönnum skuli að teknu tilliti til þekkingar þeirra veittar greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða. Í frumvarpinu er einnig mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki skuli afla sér upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavina í fjárfestingum og markmið þeirra með fjárfestingunni. Enn fremur skulu fjármálafyrirtæki afla sér upplýsinga um fjárhagsstöðu þeirra viðskiptavina sem eru í viðvarandi viðskiptasambandi. Reynsla viðskiptavinar í fjárfestingum skiptir miklu um þá þjónustu sem ber að veita honum. Við mat á reynslu ber fjármálafyrirtæki ekki aðeins að líta á tíðni verðbréfaviðskipta eða heildarverðbréfaeign, heldur ber einnig að líta til eðli verðbréfaviðskipta viðskiptavinar. Til að mynda skiptir máli hvort viðskiptavinur hafi sjálfur tekið ákvarðarnir um einstök verðbréfaviðskipti, hvort viðkomandi hafi átt viðskipti með fleiri en eina tegund fjármálagerninga, svo sem afleiður og gjaldeyrissamninga, og árangur í viðskiptum. Þá ber fjármálafyrirtæki að gera sér grein fyrir hvaða markmið skipta máli hjá viðskiptavini. Kemur hér einkum til skoðunar hvort viðskiptavinur leggur fram fé sitt til áhættufjárfestingar eða hvort hann kýs

öryggi í ávöxtun, eða hvort fjárfesting er ætluð til skamms tíma eða lengri tíma. Til dæmis verður fjármálafyrirtæki að þekkja fjárhagsstöðu viðskiptavinar síns til að ráðgjöf eða eignastýring geti orðið markviss og tekið mið af heildarmati á fjárhagslegum styrk viðskiptavinar, en ekki eingöngu verðbréfaeign hans.

Í ljósi upplýsinga sem fjármálafyrirtæki aflar um viðskiptavin skal það veita honum greinargóðar upplýsingar um það sem máli skiptir í tengslum við mögulegar fjárfestingarákvarðanir. Í ákvæðinu er tiltekið meðal annars að veittar skuli upplýsingar um fjárfestingarkosti sem standa viðkomandi til boða. Hér er til dæmis átt við að upplýst sé um eðlismun einstakra tegunda fjármálagerninga og seljanleika þeirra. Sérstök ástæða er til að upplýsa viðskiptavini um áhættu sem fólgin er í afleiðuviðskiptum, ekki bara vegna tapshættu, heldur einnig hættu á mögulegri skyldu til að inna af hendi frekari greiðslur síðar, ef tap verður. Miðlun upplýsinga er lykilþáttur í allri þjónustu fjármálafyrirtækis. Með því að krafa sé gerð um að upplýsingar skuli veittar með hliðsjón af þekkingu, reynslu og fjárhag viðskiptavinar er gerð sú krafa að fjármálafyrirtæki aðstoði viðskipavin eftir þörfum við að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun, og ekki síður að ráða honum frá tilteknum viðskiptum sem sérfræðingur sér eða má sjá að samrýmist ekki markmiðum viðskiptavinar í verðbréfaviðskiptum.

Í 3. málsl. 1. mgr. er áréttað að upplýsingar sem veittar eru viðskiptavinum skuli vera skýrar, nægjanlegar og ekki villandi, þannig að viðskiptavinur geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun. Með þessu er tekið af skarið um það að fjármálafyrirtæki skuli við upplýsingagjöf meta þekkingu og reynslu viðskiptavinar og setja fram upplýsingarnar með þeim hætti að hann skilji til hlítar inntak og efni upplýsinga sem veittar eru. Mikilvægt er að forsendur, fyrirvarar og aðvaranir um áhættu í viðskipum séu sett fram á skýran hátt, en ekki dregið úr vægi þeirra með orðalagi, hönnun eða formi í framsetningu þeirra.

Ákvæði 2. mgr. hafa lengi verið í verðbréfaviðskiptalögum og þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Sérstök ástæða þykir þó til að árétta að skilja skal milli verðs í viðskiptum og þóknunar fjármálafyrirtækis vegna viðskipta. Nokkuð hefur verið um að þóknun sé „falin“ í verði verðbréfa. Verðmyndun verðbréfa þarf að vera opin og gegnsæ, sérstaklega þegar um er að ræða viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði. Sé þóknun falin í gengi bréfa fæst hvorki rétt mynd af verði þeirra á markaði, né þeim kostnaði sem viðskiptavinur greiðir vegna þjónustu fjármálafyrirtækisins. Þegar metið er hvað sé hæfilegur fyrirvari í skilningi ákvæðisins ber að líta til efnis samnings í milli aðila í hverju tilviki fyrir sig. Viðskiptavinur þarf að hafa ráðrúm til að taka afstöðu til þess hvort forsendur séu brostnar fyrir viðskiptum við viðkomandi fjármálafyrirtæki. Uppsagnarfrestir í samningssamböndum mundu til að mynda hafa þau áhrif að „hæfilegur fyrirvari“ tæki mið af því ráðrúmi sem viðskiptavinur hefði til að segja upp samningi.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli hafa tilteknar upplýsingar aðgengilegar. Með því er átt við að upplýsingarnar skuli vera sýnilegar og aðgengilegar hjá fjármálafyrirtæki. Því getur verið fullnægt með því að hafa bækling á áberandi stað á starfsstöð. Þá felst í ákvæðinu krafa um að upplýsingarnar séu aðgengilegar á áberandi stað á heimasíðu fjármálafyrirtækis. Nauðsyn þess er augljós þegar litið er til þess að bankaviðskipti eru að miklu leyti orðin rafræn og því nokkur fjöldi viðskiptavina sem sinnir daglegum bankaviðskiptum sínum án þess að koma inn á starfsstöð fjármálafyrirtækis. Nú er nokkuð um það að upplýsingar þær sem um getur í 3. mgr. séu ekki aðgengilegar á heimasíðum fjármálafyrirtækja. Ætla má að ríkari krafa verði gerð um þetta í náinni framtíð en verið hefur í framkvæmd. Þau réttarúrræði sem vísað er til í ákvæðinu eru einkum kvörtunarferli innan fjármálafyrirtækis, kvörtun til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á, og höfðun máls fyrir dómstólum. Þá ber að gefa upplýsingar um hvaða aðilar hafa

eftirlit með starfsemi viðkomandi fyrirtækis og enn fremur um starfsábyrgðatryggingar og tryggingasjóð, sbr. lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, svo eitthvað sé nefnt.

Ákvæði 4. mgr. eru óbreytt frá fyrri lögum. Við túlkun ákvæðisins skal líta til þess hvað teljist heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir, bæði gagnvart almenningi sem og öðrum fjármálafyrirtækjum. Í ákvæðinu felst einnig að upplýsingar skuli ekki vera ekki villandi.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og fjallar um óhlutdrægni og jafnræði. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. núgildandi laga er nú að finna í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins og er því ekki um efnislega breytingu að ræða frá núgildandi lögum. Efnisatriði ákvæðisins voru sett inn í núgildandi lög með 6. gr. laga nr. 99/2000 en í almennum athugasemdum með þeim lögum sagði: *„Ein af meginstoðum verðbréfaviðskiptalaganna er 15. gr. sem kveður á um þá skyldu sem lögð er á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að gæta óhlutdrægni í viðskiptum. Viðskiptamaður fyrirtækisins skal njóta þess verðs og annarra skilmála sem almennt tíðkast á markaði milli óskyldra aðila.“* Einnig kom fram í athugasemdum með umræddri 6. gr. frumvarpsins: *„Eins og segir í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er 15. gr. verðbréfaviðskiptalaganna ein af meginstoðum þeirra, en hún kveður á um þá skyldu sem lögð er á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að gæta óhlutdrægni í viðskiptum. Hér er lagt til að greinin verði gerð ítarlegri og skýrari.*

Í fyrsta lagi er sú breyting gerð á 1. mgr. greinarinnar að í stað markmiðssetningar um að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skuli kappkosta að gæta fyllstu óhlutdrægni í starfsemi sinni verði skýrt kveðið á um að fyrirtækin skuli gæta fyllstu óhlutdrægni. Orðin „kappkosta að“ falla því brott.“

Í almennum athugasemdum framangreinds frumvarps þar sem fjallað var um 15. gr. kom m.a. fram að viðskiptavinur fyrirtækisins skyldi njóta þess verðs og annarra skilmála sem almennt tíðkaðist á markaði milli óskyldra aðila.

Um 7. gr.

Greinin kveður á um skyldu fjármálafyrirtækis, sem tekur að sér þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta í formi viðvarandi viðskiptasambands, að gera skriflegan samning við viðskiptavin sinn. Sambærilegt ákvæði kom fyrst í verðbréfaviðskiptalög með 15. gr. laga nr. 9/1993, en er nú að finna í 17. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti. Ákvæði greinarinnar eru nokkru fyllri í frumvarpi þessu og er ætlunin að skerpa nokkuð á skyldunni til að gera skriflega samninga og gera hana skýrari. Almenn skylda fjármálafyrirtækja til að gera skriflegan samning hefur ætíð beinst fyrst og fremst að viðvarandi viðskiptasambandi og þótti rétt að orðalag ákvæðisins tæki mið af því. Einnig er nýmæli að nú er áskilið að slíkur samningur kveði á um réttindi og skyldur beggja aðila samnings en fyrri ákvæði um sama efni hafa ekki kveðið á um efnisákvæði slíks samnings. Í athugasemdum við greinina í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 9/1993 sagði: *„Í 1. mgr. þessarar greinar er nýmæli þar sem gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu að gerður skuli samningur milli verðbréfafyrirtækis og viðskiptavina þess um þjónustu sem fyrirtækið tekur að sér fyrir viðskiptavini sína. Ætlunin með þessu er að stuðla að auknu öryggi í starfsemi verðbréfafyrirtækjanna og koma í veg fyrir ágreining í samskiptum þeirra og viðskiptavina sem dæmi eru um að komið hafi upp. Almennt ber að líta svo á að því viðameiri, lengri eða reglulegri sem samskipti fyrirtækis og viðskiptavina eru þeim mun meiri ástæða sé til samningsgerðar samkvæmt ákvæðinu. Á þetta t.d. við um fjárvörslu og sölutryggingar. Hins vegar er ekki raunhæft að ætlast til sérstakrar samnings-*

gerðar um einstök tilfallandi samskipti fyrirtækis og viðskiptavina, t.d. milligöngu um kaup eða sölu einstakra verðbréfa.“

Með orðalaginu „viðvarandi viðskiptasamband“ er átt við að ekki sé ætlast til sérstakrar samningsgerðar um einstök tilfallandi samskipti fyrirtækis og viðskiptavina. Litlar kröfur ber að gera um endurtekin viðskipti til að samningssamband teljist viðvarandi í þessum skilningi. Þó ekki sé gerð krafa um skriflegan samning í öllum tilvikum er ráðlegast fyrir fjármálafyrirtæki að einhver slíkur samningur sé fyrir hendi. Til þess er að líta að samningur kveður á um réttarstöðu viðskiptavinar þannig að hann geti í upphafi samningssambands gert sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum. Þar með eru líkur til að síður rísi ágreiningur í samningssambandi hans og fjármálafyrirtækis.

Skyldan til að gera samning á ætíð við þegar fjármálafyrirtæki tekur að sér eignastýringu. Um skilgreiningu á hugtakinu *eignastýring* vísast til 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Gerð er krafa um að samningar séu skriflegir. Verður að líta svo á að rafrænir samningar geti jafngilt skriflegum samningum í þessu tilviki, enda sé samningurinn aðgengilegur báðum aðilum og unnt að varðveita hann, sbr. 8. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002. Um efni skriflegs samnings verður að nokkru litið til áðurnefnds staðals CESR, um vernd fjárfesta (e. *The Committee of European Securities Regulators, A European Regime of Investor Protection, CESR/01-014d*). Í kafla 4.1 staðalsins kemur fram hvað skuli að lágmarki koma fram í samningi við viðskiptavin. Þar er tilgreint:

1. Nafn, heimilisfang og símanúmer hvors eða hvers aðila.
2. Nafn umboðsmanns viðskiptavinar, eða aðila á vegum umboðsmanns ef það er lögaðili.
3. Almennir skilmálar fjármálafyrirtækis fyrir þjónustu og allir aðrir skilmálar sem varða tiltekið samningssamband sérstaklega og aðilar hafa komið sér saman um svo sem um fjárhæðarmörk í viðskiptum.
4. Almenn lýsing á þjónustu sem veita á, þ.m.t. eignastýringu sem boðið er upp á, og tegundum fjármálagerninga sem þjónusta á að taka til.
5. Beiðnir og fyrirmæli sem viðskiptavinur getur beint til fyrirtækis, enn fremur heimilir samskiptamátar í viðskiptum sem viðskiptavinur má nota til að koma á framfæri fyrirmælum til fjármálafyrirtækis (til dæmis tölvupóstur, símtal eða bréfa) og hvaða samskiptamáta skuli nota þegar sá framangreindi er ekki tækur.
6. Upplýsingar sem fjármálafyrirtækið skal veita viðskiptavini um stöðu og hreyfingar viðskipta sem gerð eru í nafni viðskiptavinar, enn fremur um heimila samskiptamáta, sbr. 5. tölul., og hvaða upplýsingar skuli gefnar, tímabil milli þeirra, og fresti til að veita upplýsingar, t.d. um framkvæmd umbeðinna viðskipta eða mat á verðbréfaeign.
7. Útlistun á þóknun og verðskrá fjármálafyrirtækis fyrir þjónustu, þar með talið upplýsingar um reikniforsendur, á hvaða tímabilum þóknun er tekin og greiðslumáta.
8. Tilgreining lögbærra eftirlitsstjórnvalda sem hafa eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækis.
9. Hvaða lög gildi um samning aðila.
10. Gildistími samnings og fyrirkomulag við gerð samningsviðauka, endurnýjun og riftun eða uppsögn samnings.
11. Upplýsingar um réttarúrræði, sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins.
12. Aðgerðir sem fjármálafyrirtæki má grípa til standi viðskiptavinur ekki við samning, t.d. skuldajöfnuður vegna vangoldinna þóknana og hvort fjármálafyrirtæki sé heimilt að losa um eignir viðskiptavinar, tímasetning slíkra úrræða og upplýsingar til viðskiptavinar við slíkar kringumstæður, svo sem um aðvaranir.

13. Tungumál sem viðskiptavinur getur notað í samskiptum við fyrirtæki, eftir því sem við á.

Í 2. mgr. er ákvæði um reglulega upplýsingagjöf fjármálafyrirtækis til viðskiptavinar hafi það tekið að sér eignastýringu og enn fremur um skyldu til að verða við kröfu um upplýsingagjöf. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum en var hins vegar að finna í lögum nr. 20/1989. Ákvæðið féll niður úr lögum við setningu laga nr. 9/1993 en í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til þeirra laga er ekki að finna ástæður þess. Hér er gert ráð fyrir að yfirlit verði almennt tvö á ári, en að viðskiptavinur geti ávallt krafist yfirlits ef hann óskar eftir. Þrátt fyrir orðalag 2. mgr. getur viðskiptavinur fjármálafyrirtækis samið sig undan rétti til að fá viðskiptayfirlit, enda verði breytingar á eignastöðu eða þróun verðmætis eigna hans ekki í ósamræmi við áætlanir eða þá stöðu sem viðskiptavinur mátti vænta.

Ákvæðið kveður á um sendingu yfirlita en sendingarmátinn er ekki formbundinn. Sending með rafrænum hætti jafngildir skriflegum og með auknum aðgangi almennings að tölvum og netinu og rafrænni eignarskráningu verðbréfa, og má ætla að í framkvæmd verði töluvert um slík rafræn yfirlit, sérstaklega þegar fram líða stundir. Vel mætti hugsa sér að fjármálafyrirtæki geti efnt skyldu sína til sendingar yfirlita með því að birta yfirlit í einkabanka viðskiptavinar eða með sambærilegum hætti sem um væri samið við viðskiptavininn. Efnisatriði slíkra yfirlita skýra sig að mestu sjálf en þó er bent á að ógerlegt getur verið að áætla verðmæti eigna þegar yfirlit eru send og er ekki hægt að ætlast til að fjármálafyrirtæki birti áætlun um verð í slíku tilfelli. Verðmæti verðbréfa geta einnig sveiflast mjög hratt og er því áætlað verðmæti bundið við dagsetningu yfirlitsins sjálfs.

Um 8. gr.

Grein þessi fjallar um sölu óskráðra verðbréfa og fjármálagerninga sem tengdir eru óskráðum verðbréfum. Ákvæði hennar eru sambærileg við 27. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, svo sem þeirri grein var breytt með 6. gr. laga nr. 163/2000. Í greinargerð með frumvarpi til nefndra laga sagði svo um ákvæðið: *„Í þessari grein, sem er nýmæli, kemur fram að sala eða milliganga fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á verðbréfum til almennings, sem fellur ekki undir reglur um almennt útboð, er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Tilgangurinn er sá að tryggja að viðskiptavinum sé gerð grein fyrir þeim mun sem er á skráðum og óskráðum verðbréfum og lagt sé mat á einstaklingsbundnar forsendur þeirra til að taka þátt í slíkum verðbréfaviðskiptum. Eftir atvikum er fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu rétt að synja um slík viðskipti ef niðurstaða af slíku mati er á þá leið að viðskiptavinurinn hafi hvorki faglega þekkingu, reynslu eða fjárhagslegan styrk til þess að eiga viðskipti með óskráð verðbréf.*

Hér er um að ræða vísireglu sem felur í sér viðmiðun er fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu ber að leggja til grundvallar þegar verðbréf eru seld til almennings. Reglunni er m.a. ætlað að vera til leiðbeiningar um hvort fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur gætt fyllstu varúðar við ráðgjöf sína og milligöngu í verðbréfaviðskiptum með verðbréf til annarra en fagfjárfesta sem ekki falla undir reglur um almennt útboð. Frumvarpsgreinin tekur mið af 11. gr. tilskipunar 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, sem mælir fyrir um að tekið skuli mið af faglegri þekkingu viðskiptavinar. Reglan getur verið til leiðbeiningar við mat á ábyrgð fyrirtækis í verðbréfaþjónustu vegna tjóns sem starfsmenn fyrirtækisins kunna að valda viðskiptavinum með því að hafa milligöngu um viðskipti með verðbréf sem ekki falla undir almennt útboð án þess að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu og reynslu viðskiptavinar, ekki hafi verið staðið að slíku mati á forsvaranlegan hátt eða félagið hafi milligöngu um viðskipti í þeim tilvikum sem rétt hefði verið að synja um slíka milli-

göngu. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta uppfyllt skyldu sína meðal annars með því að afla sér upplýsinga um menntun, atvinnu og reynslu viðskiptavinar á sviði verðbréfaviðskipta, með afriti af skattframtali og yfirliti frá fjármálafyrirtæki yfir verðbréfaeign og verðbréfaviðskipti. Ef þessi gögn gefa til kynna að viðskiptavinur hafi til að bera þekkingu, reynslu og fjárhagslegan styrk er fyrirtækinu heimilt að hafa milligöngu um viðskiptin. Reglan gildir ekki um fagfjárfesta, enda hafa þeir til að bera faglega þekkingu og reynslu til að meta fjárfestingarkosti með tilliti til áhættu. Vísast í því sambandi til umræðu um fagfjárfesta í fylgiskjali I.

Eins og áður segir í almennum athugasemdum við frumvarpið er einn megintilgangur þess að stuðla að því að verðbréf sem seld hafa verið á grundvelli undanþágu frá almennu útboði séu ekki seld til almennings á eftirmarkaði og er það ástæðan fyrir því að reglan er sett í IV. kafla laganna um útboð verðbréfa. Í 15. gr. laganna segir að viðskiptavinum skuli, að teknu tilliti til þekkingar þeirra, veittar greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Ekki er lagt til að lögfest verði sérstök sönnunarregla í þeim tilvikum þar sem deilt er um hvort fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafi lagt faglegt mat á þekkingu og reynslu viðskiptavinar. Um ábyrgðina fer því samkvæmt almennum reglum um skaðabótaábyrgð sérfræðinga, en við mat á skaðabótaskyldu hefur almennt verið beitt ströngu sakamati. Lögfesting sérstakrar vísireglu, sem fyrirtækjum í veðbréfaþjónustu ber að leggja til grundvallar þegar verðbréf eru seld til annarra en fagfjárfesta, felur þó í sér ákveðna vísbendingu þess að beita skuli ströngu sakarmati. Er það í samræmi við það sem áður segir um strangt sakarmat í málum um bótaábyrgð sérfræðinga. Hins vegar verður að hafa í huga að ef rétt er staðið að slíku mati af hálfu fyrirtækis í verðbréfaþjónustu ber viðskiptavinurinn sjálfur fulla ábyrgð á ákvörðun sem hann tekur um að eiga viðskipti með verðbréf, eftir að slíkt mat fyrirtækisins liggur fyrir. Þá getur bótaskylda fyrirtækis í verðbréfaþjónustu fallið niður vegna eigin sakar viðskiptavinar, svo sem ef hann hefur gefið villandi upplýsingar um hæfi til að eiga viðskipti o.fl.“

Ákvæði þessa frumvarps eru í megindráttum samhljóða núgildandi lögum en þó er um að ræða stefnubreytingu að því er varðar síðari sölu á verðbréfum sem boðin hafa verið til sölu í almennu útboði. Hér er gert ráð fyrir að sala á slíkum verðbréfum til annarra en fagfjárfesta sé heimil með sama hætti og sala á skráðum bréfum. Til að taka af allan vafa er sérstaklega tekið fram í greininni að ákvæði hennar eigi ekki við þegar þau atvik eru fyrir hendi sem greinir í 23. gr. frumvarpsins um undanþágur frá almennu útboði, enda sambærileg neytendavernd sem miðað er að með reglum um almenn útboð og ákvæði greinarinnar. Undanþáguákvæði 23. gr. og rök að baki þeim eiga því við greinina.

Athygli er vakin á að ákvæðið er látið ná til verðbréfa en svo sem getur í inngangi er skilgreining á því hugtaki þrengd frá núgildandi lögum. Ákvæðið nær því ekki til afleiðna, nema þegar þær eru tengdar óskráðum verðbréfum, en annars yrði auðvelt að fara í kringum ákvæðið með því að selja óskráð verðbréf t.d. með framvirkum samningi. Hins vegar falla aðar afleiður ekki undir ákvæðið. Núgildandi ákvæði hefur valdið talsverðum vandkvæðum í framkvæmd, einkum að því er varðar afleiður á gjaldeyri sem getur verið fyllilega eðlilegt að einstaklingar og smærri fyrirtæki eigi viðskipti með í því skyni að stýra eða takmarka áhættu.

Breyting er á orðalagi í síðasta málslið ákvæðisins en ekki er um efnisbreytingu að ræða frá núgildandi lögum. Ekki er ætlast til þess að unnt sé að gagnálykta frá ákvæðinu þannig að almenn skylda til samningagerðar hvíli á fjármálafyrirtækjum ef ákvæðið á ekki við.

Um 9. gr.

Greinin felur í sér almenna skyldu fjármálafyrirtækja að tryggja besta mögulega verð sem í boði er og bestu framkvæmd að öðru leyti (e. *best execution*). Ekki má skilja ákvæðið svo að fjármálafyrirtæki sé skylt að bjóða bestu kjör sem því er kunnugt um að annað fjármálafyrirtæki bjóði. Ekki leiðir heldur af ákvæðinu að fjármálafyrirtæki beri að veita öllum viðskiptavinum sambærileg kjör, óháð því hversu fjársterkir þeir eru. Með ákvæðinu er hins vegar ætlunin að koma í veg fyrir að viðskiptavinur fái lakari kjör en bjóðast t.d. í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 1. mgr. 19. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Sambærilegt ákvæði var fyrst lögfest með 7. gr. laga nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Ákvæðinu er ætlað er treysta réttarstöðu viðskiptavina við greiðsluörðugleika fjármálafyrirtækja, einkum í þeim tilvikum þegar fjármálafyrirtæki hefur tekið að sér eignastýringu eða fjárvörslu. Þannig tengist ákvæðið 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

Um 11. gr.

Ákvæði um safnskráningu voru sett inn í lög um verðbréfaviðskipti með lögum nr. 164/2000 og er að finna í 5. og 6. mgr. 19. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti. Höfð var hliðsjón af dönskum lögum við samningu þeirra ákvæða. Ljóst er að fyrst og fremst reynir á ákvæði um safnskráningu að því er varðar rafrænt skráð verðbréf. Ákvæði greinarinnar er að mestu samhljóða þeim sem nú eru í gildi en þó er tekið fram í 1. mgr. að fjármálafyrirtækjum er ekki veitt almenn heimild til safnskráningar heldur fer sú heimild eftir starfsheimildum sem þau hafa. Einnig er nú tekið fram að fjármálafyrirtæki hafi heimild til að taka við fjármunum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá útgefendum. Hér er t.d. átt við arðgreiðslur, vaxtagreiðslur eða greiðslur af höfuðstól skuldabréfa o.s.frv. Þessi atriði er einnig að finna í núgildandi lögum í skilgreiningu á safnskráningu í 7. tölul. 2. gr. verðbréfaviðskiptalaga, nr. 13/1996. Efnisákvæði þeirrar skilgreiningar eru tekin upp í ákvæðið sjálft til að gefa heildstæðari mynd af því hvað felst í safnskráningu.

Um efnisatriði safnskráningar sagði svo í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 164/2000: *„Frá því að fyrstu lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfamiðlun, nr. 27/1986, voru sett, hefur verið kveðið á um það að fjármunir viðskiptavinar séu varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi og verðbréf í hans eigu varðveitt með tryggilegum hætti.*

Í frumvarpinu er lagt til að verðbréfafyrirtækjum verði heimilað að halda utan um eignir viðskiptavina sinna á eigin reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum verðbréfa. Hér er um að ræða atriði sem á ensku hefur verið kallað nominee regstration eða omnibus registration.

Í nágrannalöndunum er verðbréfafyrirtækjum almennt heimilt að varðveita verðbréf við skiptamanna sinna á safnreikningi, enda fylgir því mikið hagræði. Á það sérstaklega við þegar fjárfest er yfir landamæri. Heimildin hefur einnig mikla þýðingu fyrir það að unnt sé að skrá erlend verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. En þá er nauðsynlegt að fjármálafyrirtæki hér á landi geti tekið að sér að halda utan um eignarhald verðbréfa hérlendra fjárfesta og samskiptin við hlutaskrá útgefanda verðbréfanna.

Í frumvarpinu er lögð rík áhersla á að hlutur viðskiptavina verði ekki skráður á safnreikning nema að fengnu samþykki viðskiptavinar. Mikilvægt er að viðskiptavinum sé gerð grein fyrir því að í safnskráningunni felst ákveðin hætta á að réttindi viðskiptavinar tapist,

t.d. í tengslum við gjaldþrot fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Hættan er sú að verðbréf viðskiptavina verði ósundurgreinanleg frá verðbréfum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.

Frumvarpinu er ekki ætlað að leiða til þess að upplýsingar um eigendur verðbréfa verði óaðgengilegar, enda er sú skylda lögð á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig.

Í 31. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, segir að sá er eignast hefur hlut geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutunum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Samkvæmt ákvæðinu nýtur hluthafi því ekki atkvæðisréttar á hluthafafundum nema nafn hans sé skráð í hlutaskrá. Hið sama gildir um verðbréfafyrirtæki sem skráð er fyrir safnreikningnum þar sem hluthafi hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Safnreikningum fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum. Ætla má að þeir hluthafar sem fyrst og fremst munu óska eftir því að vera skráðir með þessum hætti séu smáir hluthafar sem hafa hvorki áhuga né möguleika á því að hafa áhrif á ákvarðanir hlutafélagsins. Þessir aðilar greiða fyrst og fremst atkvæði „með fótunum", en með því er átt við að þeir selji bréfin sín ef stjórnendur félagsins standa sig ekki að þeirra mati. Þeir hafa hins vegar hvorki forsendur né aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun félagsins með öðrum hætti.

Safnskráning gefur skýrt til kynna um hvers konar hóp fjárfesta er að ræða og er því að mörgu leyti meira lýsandi er þegar verið er að nafnskrá hvern einasta fjárfesti. Þessi skráning felur í sér verulega einföldun, auðveldar afstemmingar og kemur í veg fyrir tvíverknað við skráningu. Hluthöfum í félögum hefur farið mjög fjölgandi auk þess sem eignarhald á hlutum er styttra en áður og því erfitt að halda utan um hlutaskrár.

Safnskráning breytir í engu gildi flöggunarreglna laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998. Hlutur viðskiptavinar á safnreikningi skal talinn með þegar meta þarf hvort viðkomandi sé flöggunarskyldur. Í raun koma flöggunarreglurnar í veg fyrir að unnt sé að nýta sér safnskráningu til þess að ná fram ráðandi stöðu. Samkvæmt flöggunarreglum þarf að tilkynna opinberlega þegar náð er, farið yfir eða niður fyrir ákveðin mörk og eru fyrstu flöggunarmörkin miðuð við 5%. Þegar haft er í huga að hér á landi er til tölulega lítil dreifing á hlutafé í félögum skiptir 5% hlutur yfirleitt litlu máli í þeim skilningi að með honum náist fram ráðandi staða í félaginu." Safnskráning hefur hins vegar áhrif við mat á því hvort tilskilið hlutfall atkvæða hefur náðst á hluthafafundi. Draga ber þá hluti frá sem skráðir eru safnskráningu þegar slíkt er metið. Þegar lög um hlutafélög áskilja t.d. ⅔ atkvæða í hlutafélagi er gert ráð fyrir að þeir hlutir sem skráðir eru safnskráningu séu dregnir frá og síðan metið hvort þá hafi náðst tilskilið hlutfall atkvæða.

Ákvæði 2. mgr. eru samhljóða 5. mgr. 19. gr. núgildandi laga. Í henni er vísað til 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, þ.e. að viðskiptavinur eigi rétt á að fá verðbréf sín afhent utan skuldaraðar, enda sé ákvæðum gjaldþrotalaga fullnægt.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa verið í lögum frá árinu 1986 og eru tekin efnislega óbreytt upp hér frá 19. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun segir svo: „*Er gert ráð fyrir að umboð af þessu tagi geti sem endranær hljóðað á heimild verðbréfamiðlara til að framselja tiltekið verðbréf í þágu viðskiptamanns síns eða verið víðtækara, þannig að viðskiptamaður veiti verðbréfamiðlara ótakmarkað umboð til að framselja verðbréf sem hljóða á nafn hans. Með því að hagnýta heimild til notkunar umboðs sem þessa má samkvæmt fyrirmælum 3. mgr.*

ákvæðisins komast hjá því, að eintak umboðs þurfi að fylgja öllum verðbréfum sem verðbréfamiðlari áritar um framsal í þágu viðskiptamanns. Í þess stað er gert ráð fyrir að verðbréfamiðlari greini við framsalsáritun sína að hann framselji verðbréfi samkvæmt varðveittu umboði. Í tilvikum sem þessum væri verðbréfamiðlara skylt að varðveita umboð með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lokamálslið 3. mgr. Með því að setja reglu um sérstakt umboð af þessu tagi, sem þarflaust er að fylgi framseldu skjali, ber nauðsyn til að setja sérreglur um stöðu þess sem fær verðbréf framselt með þessum hætti, þar sem hann ætti þess ekki kost að kynna sér af eigin raun við skoðun verðbréfs hvort umboð hafi verið fullnægjandi til framsals samkvæmt almennum reglum um þau efni. Umræddar sérreglur koma fram í 4. og 5. mgr. 7. gr. frumvarpsins og þykja þær ekki þarfnast sérstakra skýringa."

Um 13. gr.

Reglum um aðskilnað einstakra starfssviða (svokallaða kínamúra) er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi fjármálafyrirtækja og draga úr hættu á að þeir sem reglurnar taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrir fram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu mála. Einnig er það tilgangur reglna um kínamúra að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt í verðbréfaviðskiptum og að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum. Styrkur kínamúra hefur áhrif á hvort fjármálafyrirtækjum er unnt að nýta starfsheimildir sínar til fulls. Kínamúrar eru mikilvægt tæki til að viðhalda trúverðugleika fjármálafyrirtækja og því er nauðsynlegt að vandað sé til þeirra og þeim fylgt eftir með öflugri kynningu og eftirliti. Þegar mælt er fyrir um skýran aðskilnað milli starfssviða fjármálafyrirtækis er til að mynda átt við að aðgreina skuli viðskipti fyrir eigin reikning, miðlun, eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf, bakvinnslu og önnur svið eftir því sem starfsemi fyrirtækisins gefur tilefni til. Skýr aðskilnaður skal vera á milli verðbréfaþjónustu og annarrar starfsemi fyrirtækisins. Ákvæði greinarinnar um kínamúra á sér samsvörun að nokkru leyti í 2. mgr. 15. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, sbr. 6. gr. laga nr. 99/2000. Með síðastgreinda ákvæðinu var aðskilnaður einstakra starfssviða fyrirtækjanna styrktur enn frekar til að tryggja betur en verið hafði, að komið yrði í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi þeirra.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2001, um efni reglna fjármálafyrirtækja skv. 15., 20. og 23. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996. Tilmælin eru aðgengileg á heimasíðu þess á veraldarvefnum. Fyrirmæli um að fjármálafyrirtæki skuli setja sér reglur um kínamúra er nú að finna í almennu ákvæði 15. gr. frumvarpsins, um reglur fjármálafyrirtækja.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 20. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 99/2000. Felldur er út 2. tölul. núverandi 20. gr. þar sem hann felst efnislega í 6. gr. frumvarpsins og að sínu leyti einnig í 13. gr. frumvarpsins. Þá fellur 4. tölul. núverandi 20. gr. niður þar sem hann er nú að finna í ákvæðum V. kafla. Engu síður gilda reglur um viðskipti innherja fullum fetum um þá aðila sem tilgreindir eru í 14. gr. eftir því sem við á. Þrátt fyrir þessar breytingar og aðrar orðalagsbreytingar hefur ákvæðið ekki tekið efnislegum breytingum, að því undanskildu að það tekur nú til aðila sem eru fjárhagslega tengdir þeim sem taldir eru upp í greininni, í stað maka áður. Hér er um að ræða nokkra útvíkkun til nálgunar við túlkun núgildandi ákvæðis í framkvæmd. Fjárhagslega tengdir aðilar hafa ekki verið skilgreindir í íslenskum lögum, en í 2. gr. reglugerðar nr. 34/2002 um hámark lána og ábyrgð lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu eru fjárhagslega tengdir aðilar

skilgreindir með eftirfarandi hætti: *„a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem annar eða einn hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum og því teljist skuldbindingar þeirra vegna mynda eina áhættuskuldbindingu og b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem teljast mynda eina áhættuskuldbindingu þar sem þeir eru svo fjárhagslega tengdir innbyrðis að líkur séu á að fjárhagserfiðleikar annars eða eins leiði til greiðsluerfiðleika hins eða hinna.“* Þegar talað er um fjárhagslega tengda aðila í samhengi við flöggunarreglur, viðskipti innherja og verklagsreglur um eigin viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja hefur myndast sú venja að fella undir það hugtak maka, sambúðaraðila, samvistarmaka og ófjárráða aðila sem eiga lögheimili á heimili fruminnherja. Jafnframt teljast eignarhaldsfélög þessara aðila sem og félaga þar sem þeir geta með beinum eða óbeinum hætti, í skjóli eignarhalds og/eða stjórnarsetu, tekið ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga sem falla undir gildissvið kaflans. Með eignarhaldsfélagi er í þessu ákvæði átt við félög sem eru eingöngu í eigu framangreindra aðila, eins eða fleiri saman. Utan viðskipta fjárhagslega tengdra aðila falla þó tilvik eins og atvinnurekstur maka eða annars fjárhagslega tengds aðila. Reglur fjármálafyrirtækja um eigin viðskipti og viðskipti starfsmanna skv. 2. mgr. 20. gr., sbr. og reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja sem settar hafa verið á grundvelli 37. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, hafa haft að geyma fyrrgreinda túlkun á fjárhagslega tengdum aðilum og undantekningum þar á. Slíkar reglur hafa verið samþykktar af Fjármálaeftirlitinu.

Um 15. gr.

Í lok II. kafla frumvarpsins er lagt til að verði almennt ákvæði um að fjármálafyrirtæki skuli sýna fram á að ákvæðum 6., 13. og 14. gr. sé fylgt með setningu reglna þar að lútandi. Í þessu felst að fjármálafyrirtæki verður að geta sýnt fram á það á hverjum tíma að það fylgi í framkvæmd þeim reglum sem það hefur sett sér. Hafa fjármálafyrirtæki farið þá leið að fela innri endurskoðanda það hlutverk, eða að skipa sjálfstæðan regluvörð (e. *compliance officer*). Af framkvæmd núgildandi laga um verðbréfaviðskipti má vænta þess að Fjármálaeftirlitið setji leiðbeinandi tilmæli um efni reglna sem fyrirtæki skulu setja sér og hljóta eiga staðfestingu eftirlitsins. Í greininni er áréttað hvað skuli koma fram í reglum fjármálafyrirtækis. Ekki ber þó að líta svo á að hér sé um takmarkandi ákvæði að ræða, eða að gagnályktað verði út frá því. Á grundvelli heimilda sem Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, mun eftirlitið getað sett almenn leiðbeinandi tilmæli á grundvelli frumvarpsins, verði það að lögum. Þess er sérstaklega getið í greininni að í reglunum skuli gera sérstaka grein fyrir eftirliti innan fyrirtækisins með því að reglunum sé fylgt. Það mætti t.d. gera með auknum verkefnum innri endurskoðanda eða með sjálfstæðum regluverði. Í greininni kemur fram að reglur settar samkvæmt henni skuli vera aðgengilegar viðskiptavinum. Í athugasemdum með samsvarandi 6. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 99/2000 sagði: *„Í lok 2. mgr. segir að reglurnar skuli vera aðgengilegar viðskiptavinum. Telja verður mikilvægt að viðskiptavinir geti auðveldlega haft aðgang að upplýsingum sem varða hagsmuni hans miklu, eins og þær reglur sem hér um ræðir sem og reglur skv. 21. gr. laganna. Vísast í því sambandi til umræðu um traust í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Með því að reglurnar séu aðgengilegar viðskiptavinum er átt við að viðskiptavinur geti óskað eftir þessum reglum hjá viðkomandi fyrirtæki eða að þær séu aðgengilegar á heimasíðu eða í öðru kynningarefni fyrirtækisins.“*

Samkvæmt greininni er fjármálafyrirtækjum skylt að setja sér reglur um framfylgni 6., 13. og 14. gr. frumvarpsins. Hins vegar má telja það felast í góðum viðskiptaháttum fjármálafyrirtækja að setja sér verklagsreglur um réttindi sín og skyldur. Verður og að telja það felast

í almennum eftirlitsheimildum Fjármálaeftirlitsins að geta kallað eftir slíkum reglum og metið.

Um III. kafla.

Ákvæði 16., 17. og 18. gr. frumvarpsins eru samhljóða 39.–41. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti að öðru leyti en því að í frumvarpi þessu er gildissviðið látið ná til allra tegunda afleiðna. Í gildandi lögum er gildissviðið hins vegar takmarkað við tilteknar tegundir afleiðna en ráðherra falið að meta hvort rétt sé að ákvæðin nái til annarra afleiðna með reglugerð. Ákvæði þessa kafla voru sett með 11. gr. laga nr. 99/2000, sem breyttu lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, en í greinargerð um gildissvið ákvæðanna sem fylgdi frumvarpi til þeirra laga segir svo: „*Í a-lið greinarinnar er tillaga að nýrri 32. gr. laganna. Í ákvæðinu er lagt til að gildissvið kaflans verði afmarkað við tiltekna afleiðusamninga sem gerðir eru í tengslum við gjaldmiðla og vexti. Taldir eru upp tilteknir samningar sem eru skilgreindir nánar í 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Ástæðan fyrir þessari afmörkun er sú að rétt þykir að takmarka á þennan hátt heimildir aðila til að gera samninga sem geta raskað því jafnræði sem almennt gildir á milli aðila við greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrot. Þótti rétt að taka hér með samninga sem nú eru þekktir í viðskiptum lánastofnana en þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að þessi kafli skuli einnig gilda um aðra afleiðusamninga. Mun reynslan leiða í ljós hvort útvíkkun á reglunum sé æskileg.*“

Um 16. gr.

Greinin fjallar um gildissvið kaflans. Um nánari skýringar vísast til almennra athugasemda um kaflann.

Um 17. gr.

Ákvæðið er samhljóða 40. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti. Í greinargerð með ákvæðinu í fyrrgreindu frumvarpi til laga um breytingar á verðbréfaviðskiptum sem urðu að lögum nr. 99/2000 sagði: „*Í b-lið greinarinnar er tillaga að nýrri 33. gr. laganna. Í frumvarpinu er lagt til að skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt samningum þeim sem nefndir eru í 32. gr. gr. skuli jafnast á hver á móti annarri, með skuldajöfnun, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrot, skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. gr. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.*

Hér er fjallað um réttarstöðu höfuðsamninga milli tveggja aðila um jöfnun viðskipta samkvæmt undirsamningum, gagnvart ákvæðum 91. gr. og 100. gr. gildandi laga um gjaldþrotaskipti. Ástæðan fyrir undanþágunni frá 100. gr. er sú að þar er kveðið á um að hver sem skuldar þrotabúi geti dregið það frá sem hann á hjá því ef lánardrottinn hefur eignast kröfuna áður en þrír mánuðir voru til frestdags að fullnægðum frekari skilyrðum. Þessi þriggja mánaða frestur gerir það að verkum að kröfur annars aðilans samkvæmt undirsamningum á grundvelli höfuðsamningsins sem falla til innan þriggja mánaða frestsins verða ekki tækar til skuldajafnaðar. Þetta veldur óviðunandi röskun í samningnum enda eru réttindi og skyldur aðila samkvæmt slíkum samningum samofnar. Tilgangur með undanþágu frá 91. gr. gjaldþrotalaga er að koma í veg fyrir að þrotabú geti gengið inn í þá samninga sem eru hagstæðir fyrir búið en hafnað þeim sem eru óhagstæðir. Í flestum samningum er það þannig að báðir aðilar hafa gagn af samningnum þegar hann er gerður upp. Í afleiðusamningum er það hins vegar þannig að samningurinn felur í sér tap fyrir annan aðilann og samsvarandi

hagnað fyrir hinn við uppgjörið. Þrotabú mundi þannig aðeins velja að ganga inn í þá samninga sem væru hagstæðir fyrir búið (cherry picking).

Talið er rétt að gera að skilyrði að slíkir höfuðsamningar séu skriflegir til að tryggja sönnun þeirra, enda geta þeir haft víðtæk réttaráhrif. Tekið skal fram að hér er um að ræða tvíhliða samninga en ekki milli fleiri aðila. Gert er ráð fyrir að hvers konar aðilar geti notfært sér heimildina. Hún er samkvæmt greininni afmörkuð við þá samninga sem taldir eru upp í 32. gr. samkvæmt frumvarpinu, þ.e. ef greinin á að eiga við er einungis er hægt að semja um það í höfuðsamningi að skyldur aðila samkvæmt þeim samningum sem þar eru taldir upp skuli jafnast hver á móti annarri. Ef fjallað er um fleiri samninga í höfuðsamningi en þá sem taldir eru upp gildir ákvæðið ekki um skyldur aðila samkvæmt þeim samningum.

Gert er ráð fyrir að heimildin taka til þess þegar samningar eru skuldajafnaðir, þeir endurnýjaðir eða við vanefnd. Sérstaklega er tekið fram að hún taki einnig til þess þegar annar aðilinn fær heimild til greiðslustöðvunar, gengur undir nauðasamninga eða verður gjaldþrota. Tekið skal fram að upptalning þessi getur fallið innan þess sem talið er vanefnd, enda er aðilum frjálst að semja um það sín á milli hvað teljist vanefnd á samningi. Rétt þótti hins vegar til áréttingar og til að koma í veg fyrir vafa að telja upp greiðslustöðvun, nauðasamning og gjaldþrot.“

Um 18. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 41. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, eins og þeim var breytt með 11. gr. laga nr. 99/2000. Í greinargerð með ákvæðinu í fyrrgreindu frumvarpi til laga um breytingar á verðbréfaviðskiptum, sem urðu að lögum nr. 99/2000, sagði: *„Í c-lið greinarinnar er gerð tillaga að nýrri 34. gr. laganna. Þar er kveðið á um að tryggingarréttindum vegna samninga þeirra sem nefndir eru í 32. gr. sem sett eru til tryggingar viðskiptum í greiðslujöfnunarstöð í samræmi við þær reglur sem gilda í stöðinni verði ekki rift samkvæmt ákvæði 37. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Er talið rétt að gera ráð fyrir að uppgjör samninga skv. 32. gr. verði framkvæmt í greiðslujöfnunarstöð og því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að tryggingum vegna slíks uppgjörs verði rift af þrotabúi.“* Gerð er tillaga að breytingu frá gildandi rétti, þannig að ekki verði skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að tryggingarréttindi hafi verið sett til tryggingar viðskiptum í greiðslujöfnunarstöð. Það skilyrði í gildandi lögum um verðbréfaviðskipti hefur verið gagnrýnt þar sem það er óþekkt hér á landi að slíkar tryggingar séu settar í greiðslujöfnunarstöð. Bent hefur verið á að ákvæðið hafi þar af leiðandi lítið sem ekkert gildi í framkvæmd. Því eru lagðar til umræddar breytingar á ákvæðinu.

Um 19. gr.

Ákvæði þessa kafla eru að mestu óbreytt frá ákvæðum núgildandi IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996. Þó er lögð til sú breyting að verðbréf sem skráð hafa verið í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði séu undanþegin reglum um almenn útboð verðbréfa. Þess í stað fellur slík sala, sem fram fer með opinberri kynningu, undir ákvæði VI. kafla laga þessara.

Um 20. gr.

Í greininni er skilgreint hvað átt er við með almennu útboði verðbréfa. Skilgreiningin á almennu útboð er í 8. tölul. 2. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 163/2000. Í frumvarpi til þeirra laga sagði um skilgreiningu á almennu útboði: *„Lagt er til að almennt útboð verðbréfa verði skilgreint sem sala verðbréfa*

í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti. Þessari skilgreiningu er ætlað að tryggja betur en nú er gert að verðbréf fari ekki í almenna dreifingu nema útboðslýsing hafi verið gefin út.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til þrjár meginbreytingar á 4. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að í stað orðanna „samkynja verðbréf" komi orðin „verðbréf í sama verðbréfaflokki". Þetta er ekki efnisbreyting. Með verðbréfaflokki er átt við einsleit verðbréf þar sem réttindi og skyldur bréfanna eru að öllu leyti hin sömu. Þessi orðnotkun er í samræmi við reglur Verðbréfaþings Íslands hf. um skráningu verðbréfa í kauphöll.

Í öðru lagi er lagt til að orðalagi á kynningu sem hugtaksatriði skilgreiningar á almennu útboði verði breytt á þann veg að verðbréfin séu boðin með kynningu eða með öðrum hætti. Túlkun á gildandi skilgreiningu um hvað felist í kynningu með öðrum hætti sem jafna megi til opinberrar auglýsingar hefur reynst erfið. Hér er lagt til að kynningarhugtakið verði víkkað út og vísun til almennrar og opinberrar auglýsingar falli brott. Í boði til almennings með kynningu eða á annan hátt felast meðal annars kerfisbundnar símhringingar, tölvupóstsendingar og bréfasendingar svo dæmi séu tekin. Jafnframt verður að telja að hafi verðbréfin verið kynnt fyrir almenningi með umfangsmiklum hætti af hálfu útgefanda eða annarra seljenda verðbréfa, t.d. með viðamikilli fjölmiðlaumfjöllun um útgefandann og lýsingu á starfsemi hans og tækifærum, skuli reglur um almennt útboð verðbréfa gilda. Telja verður óeðlilegt og andstætt markmiði tilskipunar um almennt útboð að bréf dreifist til almennings í kjölfar ítarlegrar fjölmiðlaumfjöllunar án þess að útboðslýsing hafi verið gefin út.

...

Í frumvarpinu er, eins og í gildandi rétti, miðað við að „almenningi" séu boðin verðbréfin til kaups. Hugtakið almenningur er hvorki sérstaklega skilgreint í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, né í tilskipun 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Ef litið er til annarra ákvæða tilskipunarinnar sést að skv. b-lið 1. tölul. 2. gr. er gerð undantekning frá ákvæðum tilskipunarinnar þegar framseljanleg verðbréf eru boðin „takmörkuðum hópi manna". Af þessu leiðir að draga má þá ályktun að með almenningi sé átt við aðra en þá sem tilheyra takmörkuðum hópi manna. Það er svo matsatriði hvað átt er við með „takmörkuðum hópi manna", enda er ekki að finna nánari afmörkun á því í tilskipuninni hvað átt sé við með tilvitnuðum orðum. Í mörgum ríkjum sem innleitt hafa tilskipunina er miðað við ákveðinn fjölda manna til afmörkunar á því hvað sé „takmarkaður hópur manna". Hér á landi hefur verið miðað við 25 manns, sbr. b-lið 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993, og er lagt til að sú viðmiðun verði notuð áfram. Þessi viðmiðun var upphaflega fengin með skírskotun til laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri."

Einnig er kveðið á um skyldu til að gera útboðslýsingu við almennt útboð verðbréfa. Ákvæðið gerir ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi rétti að ekki verði skylt að gera útboðslýsingu þegar um er að ræða útboð verðbréfa sem þegar hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Talið er að ekki sé þörf á að gera útboðslýsingu þegar útgefnir hlutir er seldir í skráðum félögum, jafnvel þótt slíkar söluóskir séu auglýstar með almennum hætti. Upplýsingaskyldu gagnvart skipulegum verðbréfamarkaði er ætlað að halda fjárfestum upplýstum um starfsemi og afkomu viðkomandi útgefanda og kemur þannig einnig í stað upplýsinga sem birta skal í útboðslýsingu. Enn fremur getur það verið vandkvæðum bundið fyrir viðkomandi seljanda verðbréfanna að gera útboðslýsingu nema í nánu samráði við útgefanda verðbréfanna, en ekki er sjálfgefið að útgefandi sé tilbúinn eða í aðstöðu til að gera svo ítar-

legar upplýsingar opinberar. Við sölu á verulegum hlut eru hins vegar líkur til þess að t.d. breyting á skipan stjórnar og hugsanlega starfsemi félagsins verði og því rétt að fjárfestar fái til að mynda upplýsingar um slík áhrif sem fyrirséð eru vegna sölu á viðkomandi verðbréfum. Því er lagt til að í slíkum tilfellum verði skylt að gera tilboðsyfirlit, sbr. 36. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er að finna í 25. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 163/2000. Í greinargerð með því frumvarpi sagði um umrætt ákvæði: *„Í þessari grein er kveðið á um að útboð á verðbréfum til almennings, hvort heldur í upphaflegri sölu eða í síðari sölu, sé háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út. Undantekningar frá þessari reglu er að finna í e-lið greinarinnar (29. gr.).*

Það leiðir af undantekningarákvæðum 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993 að heimilt er að uppfylltum vissum skilyrðum að bjóða verðbréf til sölu án þess að gætt sé reglna um almennt útboð, m.a. útboðslýsingu.

Á íslenskum verðbréfamarkaði hefur borið við að verðbréf sem við frumsölu voru seld fjárfestum, án þess að útboðslýsing væri gefin út vegna undantekninga 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993, hafi farið í almenna dreifingu til almennings. Af þessu leiðir að almenningi hafi verið seld verðbréf þar sem menn hefðu talið sér skylt að útbúa útboðslýsingu ef um frumsölu hefði verið að ræða.

Við framangreinda túlkun á reglum um almennt útboð verðbréfa verður að gera ýmsar athugasemdir. Í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, er almennt útboð skilgreint sem „sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar". Í 1. málsl. 1. gr. reglugerðar nr. 505/1993 er almennt útboð skilgreint með svipuðum hætti. Eini munurinn er sá að ekki er miðað við í reglugerðarákvæðinu að verðbréfin séu boðin almenningi til kaups „í fyrsta sinn". Vafasamt er að draga þá ályktun af ákvæðum þessum að verðbréf sem seld hafa verið á grundvelli undantekninganna í 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993 séu undanþegin reglum um almennt útboð við endursölu. Ef þeir sem hafa t.d. keypt bréfin á grundvelli b-liðar 1. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar endurselja bréfin til almennings verður að ætla að um endursöluna gildi reglur um almennt útboð verðbréfa, enda er þá verið að selja almenningi bréfin í fyrsta sinn. Þetta er sá skilningur sem lagður hefur verið í lagafyrirmæli um almennt útboð í rétti ýmissa erlendra ríkja, t.d. Danmerkur og Noregs. Telja verður að þessi skilningur sé eðlilegur, sérstaklega í ljósi þess að tilskipun 89/298/EBE miðar að því að vernda fjárfesta og gera þeim kleift að meta áhættuna rétt og taka ákvarðanir í fjárfestingarmálum út frá þekkingu á staðreyndum. Fullyrða má að erfitt sé að ná þeim tilgangi að vernda fjárfesta ef lagt er til grundvallar að heimilt sé að endurselja verðbréf til almennings þegar frumsala hefur farið fram á grundvelli undantekningarreglna. Þörfin fyrir vernd fjárfesta er eftir sem áður fyrir hendi.

Tilskipun 89/298/EBE miðar fyrst og fremst að því að vernda almenning í verðbréfakaupum. Augljóst er að sama vernd er nauðsynleg fyrir almenning hvort sem um er að ræða frumsölu verðbréfa eða endursölu þeirra. Þegar litið er til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki undantekningum frá skyldu til að gera útboðslýsingu sést að við það er miðað að þessi takmarkaði hópur manna þekki oft til rekstursins, annaðhvort tengist honum eða séu fagfjárfestar sem telja má að geti metið áhættuna sem felst í fjárfestingunni. Þrátt fyrir það sem hér segir er ljóst að b-liður 1. tölul. 2. gr. reglugerðar 505/1993 bannar ekki að aðilum sem ekkert þekkja til rekstursins eða hafa sérstaka þekkingu á fjárfestingum verði seld verðbréf, enda er um hlutlægt skilyrði að ræða fyrir slíkri sölu, þ.e. 25 aðilar. Þó verður að telja að það sé

almennt ólíklegt að leitað sé til annarra við frumsölu verðbréfa en þeirra sem telja má að hafi þekkingu og fjárhagslega getu til að fjárfesta í slíkum verðbréfum.

Þegar það er haft í huga sem hér hefur verið rakið er ljóst að það er forsenda þess að verðbréf séu seld í lokuðu útboði að þau fari ekki í almenna dreifingu. Að öðrum kosti er ljóst að markmiðinu um að vernda almenning í verðbréfakaupum verður ekki náð. Ástæðan er sú að undantekningar 1. tölul. 1. mgr. e-liðar 6. gr. frumvarpsins (29. gr.) byggjast á sérstökum sjónarmiðum sem eiga ekki við þegar verðbréf eru boðin almenningi til kaups. Almenningur er að jafnaði ekki í aðstöðu til þess að leggja mat á fjárfestingarkostinn með sama hætti og fagfjárfestar og þeir sem þekkja til útgefandans, t.d. starfsmenn. Þess vegna er nauðsynlegt að gera þá kröfu að útboðslýsing hafi verið gefin út áður en verðbréf eru boðin almenningi. Þessari grein frumvarpsins er ætlað að stuðla að þessu. Þá er tekið fram í frumvarpsgreininni að ekki skiptir máli hvort um upphaflega sölu bréfanna eða endursölu þeirra er að ræða. Er þetta gert til áréttingar á því að ætlunin er að breyta framkvæmdinni á reglum um almennt útboð.

Þessi grein frumvarpsins leggur einnig þá ótvíræðu skyldu á útgefendur að þeir hegði sér í samræmi við undirliggjandi markmið greinarinnar. Það er í fullu samræmi við túlkun á tilskipun um almennt útboð og á sambærilegum ákvæðum í erlendum rétti. Ekki er hægt að sjá öll tilvik fyrir sem upp geta komið. Af þeim sökum er víðast hvar tekið á reglum um útboð með almennum hætti í löggjöf en framkvæmd reglnanna mótast síðan af þeim tilvikum sem upp koma. Eftirlitsaðilinn hefur víðast hvar mest að segja um mótun framkvæmdarinnar. Sú skylda hvílir á útgefendum að gæta þess eftir því sem kostur er að verðbréf fari ekki í almenna dreifingu án þess að útboðslýsing hafi verið gefin út. Sem leiðbeiningu um þetta efni má nefna að ekki er heimilt að bjóða fleirum en 25 aðilum verðbréf til kaups á grundvelli b-liðar 1. tölul. 1. mgr. e-liðar 6. gr. (29. gr.) í þeirri trú að ekki fleiri en 25 muni þekkjast boðið.“

Um 21. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum en var áður í 14. gr. reglugerðar um útboð verðbréfa nr. 477/2001. Nefndin taldi rétt að taka ákvæðið inn í frumvarpið til að stuðla að því að heildarmynd fengist um efni útboðslýsingar í lögunum. Gert er ráð fyrir að nánar verði mælt fyrir um efni útboðslýsinga í reglugerð, sbr. og 1. mgr. 53. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Ákvæði þetta er óbreytt frá 26. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 163/2000. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 163/2000, um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti, sagði um samsvarandi ákvæði: *„Í þessari grein er að finna undanþágu frá reglu um almennt útboð. Greinin er í samræmi við 6. gr. tilskipunar 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Hana er einnig að finna í 2. gr. reglna Verðbréfaþings Íslands nr. 6/1999, um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa.“*

Um 23. gr.

Ákvæðið er nær óbreytt frá 29. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 163/2000. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 163/2000 um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti sagði um samsvarandi ákvæði: *„Í greininni eru undanþágur frá skyldu til almenns útboðs. Tekið er mið af 2. gr. tilskipunar ráðsins*

89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa. Vísast til fylgiskjals I um nánari útlistun á undanþágum frá almennu útboði í tilskipuninni og samsvarandi ákvæða í gildandi íslenskum rétti.

Undanþágur frá almennu útboði í þessari frumvarpsgrein eru hinar sömu og í reglugerð nr. 505/1993, um almennt útboð verðbréfa, með tveimur undantekningum. Í fyrsta lagi er nýr e-liður í 1. tölul. Þar er kveðið á um undanþágu frá almennu útboði í þeim tilvikum þegar verðbréf eru boðin fagfjárfestum. Telja verður að þeir fjárfestar sem hafa faglega þekkingu og reynslu til að meta fjárfestingarkosti með tilliti til áhættu geti tekið þátt í útboðum án þess að útboðslýsing liggi fyrir. Gera má ráð fyrir að þessi undanþága geri kleift að mynda skilvirkan markað fagfjárfesta með bréf sem ekki hafa verið gefin út í almennu útboði.

Samkvæmt gildandi íslenskum rétti geta fagfjárfestar tekið þátt í lokuðu útboði svo framarlega sem hópurinn er ekki stærri en 25 aðilar, sbr. b-lið 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/ 1993, eða hver fjárfestir reiðir af hendi að minnsta kosti fimm milljónir króna til kaupa á verð bréfunum skv. d-lið 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 505/1993. Segja má að hér sé að nokkru leyti komið til móts við þá þörf að leita til fagfjárfesta á einfaldan hátt. Til dæmis er félögum gefinn kostur á að fá fjármagn inn í reksturinn með því að leita til takmarkaðs hóps manna án þess gera útboðslýsingu. Almennt er gert ráð fyrir að í slíkum tilvikum þekki menn oft til rekstursins, séu annaðhvort tengdir inn í rekstur félagsins eða séu fagfjárfestar sem ættu að geta metið þá áhættu sem felst í fjárfestingunni. Leggja verður áherslu á að það á eftir að koma í ljós hversu raunhæfa þýðingu ákvæðið um fagfjárfesta á eftir að hafa þegar hafðar eru í huga framannefndar undanþágur í b- og d-lið 1. tölul.

Í öðru lagi er j-lið bætt við 2. tölul. Þar er undanþága frá almennu útboði fyrir framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Í 2. mgr. greinarinnar er svo fyrir mælt að fjárhæðir í 1. mgr. skuli aldrei vera lægri en 40 þús. evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á hverjum tíma. Þetta er sú viðmiðun sem lögð er til grundvallar í 2. gr. tilskipunar 89/298/EBE, um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa, og Ísland hefur skuldbundið sig til að uppfylla samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.“ Orðalag 2. mgr. hefur lítillega verið breytt til samræmis við orðalag í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki án þess að það hafi í för með sér efnislega breytingu.

Um 24. gr.

Í 2. gr. laga nr. 13/1996 er hugtakið sölutrygging skilgreint án þess að efnislega sé fjallað um sölutryggingu í lögunum. Í þessari grein frumvarpsins er lögð til breyting á núgildandi skilgreiningu til samræmis við almennan skilning á því hvað í sölutryggingu felst í því skyni að eyða öllum vafa um efni sölutryggingar. Mælt er fyrir um að í sölutryggingu felist einungis að fullnægjandi áskrift fáist fyrir verðbréfum sem seld eru í almennu útboði. Því er ljóst að fjármálafyrirtæki ábyrgist ekki innheimtu þeirra krafna sem stofnast við áskrift fjárfesta. Til dæmis má nefna útgefanda eða seljanda sem hafa auglýst almennt útboð verðbréfa að nafnverði 10.000.000 kr. Fjármálafyrirtæki tekur að sér sölutryggingu í tengslum við útboðið. Ef einungis næst áskrift fyrir 80% hins tilgreinda nafnverðs, þ.e. 8.000.000 kr., hefur fjármálafyrirtækið tekið að sér að kaupa afganginn, þ.e. 2.000.000 kr. að nafnvirði, á verði sem nánar er samið um milli útgefandans eða seljandans annars vegar og fjármálafyrirtækisins hins vegar. Fjármálafyrirtækið hefur hins vegar ekki tekið að sér að ábyrgjast innheimtu

á þeim hluta sem áskrift fékkst fyrir. Af því leiðir að komi til þess að fjárfestir greiðir ekki fyrir þann hlut sem hann hefur skráð sig fyrir getur félagið eða seljandinn sem auglýsti almennt útboð einungis farið í innheimtuaðgerðir gagnvart fjárfestinum en ekki því fjármálafyrirtæki sem sölutryggði útboðið. Tekið skal fram að unnt er að semja sig frá ákvæðinu.

Um 25. gr.

Ákvæðið er nær óbreytt frá 28. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 163/2000. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 163/2000, um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti sagði um samsvarandi ákvæði: „*1. mgr. er að finna í 1. málsl. 20. gr. gildandi laga. Ákvæði gildandi laga um undanþágu ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla frá almennu útboði hefur í frumvarpi þessu verið flutt yfir í e-lið 6. gr. (29. gr.) en í þeirri grein er kveðið á um undanþágur frá skyldu til almenns útboðs.*

2. mgr. kemur ekki fyrir í gildandi lögum. Í 20. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, segir að almennt útboð verðbréfa skuli tilkynna til Verðbréfaþings Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur sem stjórn Verðbréfaþingsins setur um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs. Reglur þingsins um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa eru nr. 6/1999. Þar segir m.a. að Verðbréfaþingið skuli gera forathugun á útboðslýsingum jafnvel þótt ekki sé óskað eftir opinberri skráningu á þinginu. Reglur þingsins taka mið af tilskipun ráðsins 89/298/EBE. Með lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, var einkaleyfi Verðbréfaþings Íslands til kauphallarstarfsemi afnumið. Hinn 1. janúar 1999 var rekstri þingsins breytt í hlutafélag.

Með hliðsjón af framangreindri breytingu er óeðlilegt að Verðbréfaþing Íslands hf. hafi áfram með höndum athugun á útboðum annarra útgefenda en þeirra sem sækja um skráningu á þinginu. Því er lagt til í þessari grein að Fjármálaeftirlitið hafi umsjón með athugunum á almennum útboðum. Kauphallir skulu þó annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í við komandi kauphöll. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á öðrum útboðslýsingum.

Í athugun á útboðslýsingum felst að Fjármálaeftirlitið skal ganga úr skugga um að útboðslýsingin feli í sér þau efnisatriði sem kveðið er á um í reglugerð. Athugun Fjármálaeftirlitsins er formkönnun en ekki efniskönnun.

Í 3. mgr. er ákvæði um þóknun fyrir athuganir á útboðslýsingum."

Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þær upplýsingar sem skal birta þegar aflað er eða ráðstafað verulegum hlut í félagi sem opinberlega er skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, en slíkar reglur eru oft nefndar flöggunarreglur. Núgildandi flöggunarreglur er að finna í VII. kafla laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, og IV. kafla reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Ákvæði þessi leiðir af tilskipun 88/627/EBE, sbr. nú tilskipun ráðsins 2001/34/EBE frá 21. maí 2001 um samræmingu á skráningarkröfum sem gerðar eru til verðbréfa í kauphöllum og upplýsingaskyldu vegna slíkra verðbréfa.

Gerð er tillaga um að flytja ákvæði um flöggunarreglur úr lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, yfir í lög um verðbréfaviðskipti þar sem um

er að ræða hegðunarreglur sem fjárfestum og útgefendum ber að fylgja á fjármálamarkaði. Það er því í samræmi við markmið með frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki og frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti að skilja svokallaðan stofnanaþátt fjármálamarkaðarins frá hegðunarreglum markaðarins.

Í gildandi lögum er kveðið á um að ákvæði laganna um flöggunarskyldu og yfirtökuskyldu eigi einungis við fjárfesta í hlutafélögum sem hafa fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa í kauphöll, sbr. 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 26. gr. núgildandi laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998. Aðeins einn skipulegur tilboðsmarkaður er fyrir hendi hér á landi, þ.e. Tilboðsmarkaður Kauphallar Íslands hf. Á þeim markaði eru nú fjögur fyrirtæki, Frumherji hf., Hlutabréfasjóður Vesturlands hf., Landssími Íslands hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. Nefndin taldi því að ekki yrði séð hvers vegna ákvæði frumvarpsins um flöggunarskyldu, yfirtökuskyldu og tilboðsyfirlit ættu ekki einnig að gilda um skipulega tilboðsmarkaði þar sem umrædd ákvæði hljóta, með tilliti til fyrirtækjanna sem þar eru, að vera jafnbrýn á skipulegum tilboðsmarkaði og í kauphöll. Einnig var það talið til bóta að sömu reglur giltu um öll hlutafélög sem skráð væru á skipulegum verðbréfamarkaði. Síður væri hætta á misskilningi og mistökum ef hlutafélögum á skipulegum tilboðsmarkaði yrði gert að uppfylla sömu reglur og önnur félög sem skráð eru í kauphöll að þessu leyti.

Flöggunarreglur í frumvarpinu eru hertar miðað við núgildandi lög þannig að flagga ber við 5% hlut, 10% hlut, 15% hlut og svo koll af kolli við hver 5% þar til 90% atkvæðisrétti eða nafnverði hlutafjár er náð. Þessi breyting er lögð til með hliðsjón af því markmiði að samræma sem best ákvæði fjármálamarkaða á Norðurlöndum. Kauphöll Íslands hf. sem er eina kauphöllin hér á landi er aðili að NOREX kauphallasamstarfinu. Innan NOREX er lögð áhersla á það að flöggunarreglum verði breytt til samræmis við það sem hér er lagt til.

Reglur um flöggun eru hluti upplýsingaskyldu á verðbréfamarkaði og stuðla að vitneskju um þá sem ráða yfir verulegum eignarhlut og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun og starfsemi félagsins. Reglurnar eru þannig eins konar aðdragandi yfirtökureglna sem er að finna í VI. kafla og VII. kafla frumvarpsins. Flöggunarreglur eru mikilvægur hluti minnihlutaverndar og gefa minni hluta kost á að fylgjast með hvaða hluthafar eru ráðandi í viðkomandi félagi á hverjum tíma og hverjir eru líklegir til að verða ráðandi í félaginu.

Í gildandi lögum er hugtakið verulegur eignarhlutur notað. Þar sem flöggunarskylda getur stofnast bæði við yfirfærslu á eignarhaldi og atkvæðisrétti þykir hugtakið verulegur eignarhlutur vera misvísandi. Í frumvarpinu er því notað hugtakið verulegur hlutur.

Ákvæði reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefanda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll sem varða afmörkun verulegs eignarhluta, undanþágu frá flöggunarskyldu og birtingu upplýsinga um verulegan eignarhluta eru jafnframt færð í frumvarpið til að styrkja þau ákvæði og mynda betra samhengi í lagatextanum sjálfum.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er gildissvið kaflans afmarkað. Gert er ráð fyrir að flöggunarreglur gildi um breytingar á eignarhaldi verðbréfa sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, en ekki í kauphöll eins og í gildandi lögum. Vísast til athugasemda hér að framan um kaflann í heild um röksemdir fyrir breytingunni.

Um 27. gr.

Samkvæmt tilskipun ráðsins 2001/34/EBE frá 21. maí 2001 um samræmingu á skráningarkröfum sem gerðar eru til verðbréfa í kauphöllum og upplýsingaskyldu vegna slíkra verð-

bréfa er skylt að tilkynna opinberlega ef eignaraðild einhvers hlutahafa í félagi sem skráð er í kauphöll breytist þannig að atkvæðamagn hans fer upp fyrir eða niður fyrir eftirfarandi þrep: 10%, 20%, 33⅓% , 50% og 66⅔%. Í núgildandi lögum var þó gengið skrefi lengra í samræmi við framkvæmd í allflestum Evrópuríkjum og ákveðið að flöggunarskylda stofnaðist fyrst við 5% þröskuldinn. Í frumvarpinu er lagt til að flöggunarþröskuldum verði fjölgað og framvegis stofnist flöggunarskylda þegar hlutur nær, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir 5% eða margfeldi þarf af, að 90%, þ.e. 5%, 10%, 15% o.s.frv. þangað til 90% marki er náð.

Við flöggun ber að miða við atkvæðisrétt eða nafnverð hlutafjár og nægir því að annað tveggja nái 5%. Þegar miðað er við atkvæðisrétt eða nafnverð hlutafjár er rétt að miða við hlutfall af útgefnu hlutafé. Þannig skulu eigin bréf félags ekki hafa áhrif á ákvörðun um hvort skylda er til flöggunar.

Flöggun ber að senda þegar í stað til kauphallar eða skipulegs verðbréfamarkaðar. Með orðalaginu „þegar í stað“ hefur verið átt við viðskiptadag ef um er að ræða viðskipti fyrir milligöngu kauphallaraðila, en í öðrum tilvikum þann dag þegar réttur stofnast eða tekur breytingum, sbr. ákvæði 5. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefanda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll.

Ákvæði 2. mgr. er tekið nánast óbreytt upp úr ákvæði 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefanda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Ákvæðið fjallar um upplýsingar sem koma skulu fram í tilkynningu um flöggun. Ekki eru gerðar efnislegar breytingar á ákvæðinu að öðru leyti en því að kauphöll er veitt heimild til að kalla eftir frekari upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar vegna flöggunarinnar. Slíkt getur verið nauðsynlegt þegar um óbeinan eignarhlut er að ræða sem verður flöggunarskyldur á grundvelli einstakra ákvæða um afmörkun eignarhlutar, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Afmörkun á verulegum hlut er nýmæli en það hefur hingað til verið að finna í 15. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefanda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Ástæða þykir til að styrkja lagastoð ákvæðisins sem og að tryggja eftirfylgni og samhengi við reglur um flöggun að öðru leyti. Ákvæðið leiðir af tilskipun 88/627/EBE, sbr. nú tilskipun ráðsins 2001/34/EBE frá 21. maí 2001 um samræmingu á skráningarkröfum sem gerðar eru til verðbréfa í kauphöllum og upplýsingaskyldu vegna slíkra verðbréfa. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá því sem segir í umræddri reglugerð.

Um 29. gr.

Ákvæði þetta um undanþágu fjármálafyrirtækja frá flöggunarskyldu vegna tímabundinna viðskipta í veltubók er samhljóða ákvæði 18. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefanda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Lagastoð ákvæðisins er þar með styrkt sem og eftirfylgni og samhengi við reglur um flöggun að öðru leyti. Uppsetning er þó aðeins önnur en greinir í reglugerðinni til að skýrt sé að öll skilyrði undanþágunnar þurfa að vera til staðar svo hún eigi við, en efnislega er ákvæðið óbreytt.

Í ljósi þeirra hagsmuna sem meginreglu um flöggun er ætla að vernda verður ætíð að beita þröngri lögskýringu á undantekningar frá henni. Við mat á því hvort um veltubókarviðskipti sé að ræða í skilningi 1. tölul. ákvæðisins ber að líta til hvort um hefðbundin veltubókarviðskipti viðkomandi fjármálafyrirtækis með viðkomandi hlutbréf er að ræða. Sem dæmi má nefnda að um er að ræða veltubókarviðskipti í skilningi ákvæðisins ef fjármálafyrirtæki er

umsvifamikið í viðskiptum með tiltekin bréf og eignarhaldið sveiflast í kringum 5% þröskuldinn milli daga. Talið er að það sé markaðinum ekki nauðsynlegt að fá upplýsingar í hvert skipti sem slíkt gerist. Í 6. mgr. 28. gr. frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki er að finna eftirfarandi orðskýringu á veltubók sem taka ber mið af við skýringu þessa ákvæðis: *„Til veltubókar teljast fjármálagerningar og hrávara sem fjármálafyrirtæki hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálagerningar sem fjármálafyrirtæki er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast enn fremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiðusamningum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum stofnunar sem myndast vegna viðskipta með fjármálagerninga og hrávörur í veltubók.“*

Þegar reiknað er út hvort eignarhlutur fer upp fyrir 10% af hlutafé viðkomandi útgefanda vísast til umfjöllunar um ákvæði 27. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 30. gr.

Ákvæði 30. gr. frumvarpsins er tekið óbreytt upp úr 17. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefanda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Lagastoð ákvæðisins er þannig styrkt sem og eftirfylgni og samhengi við reglur um flöggun að öðru leyti.

Um VI. kafla.

Ákvæði um yfirtökutilboð í félagi sem er opinberlega skráð í kauphöll eru í V. kafla laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Samkvæmt heimild í nefndum lögum hefur viðskiptaráðherra sett reglugerð um yfirtökutilboð nr. 432/1999. Í frumvarpi þessu er lagt til að yfirtökureglur verði lögfestar í heild sinni og horfið verði frá því fyrirkomulagi að hafa þær að hluta til í reglugerð. Yfirtökureglur eru mjög mikilvægar fyrir verðbréfamarkaðinn og því eðlilegt og til einföldunar að öll ákvæði sem um þær gilda séu á einum stað. Einnig er lagt til að ákvæðin um yfirtökutilboð verði hluti af verðbréfaviðskiptalögum í stað laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þar sem þau eru fyrst og fremst hegðunarreglur á verðbréfamarkaði. Því telur nefndin að ákvæðin eigi betur heima með öðrum ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti.

Í flestum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu hefur á undanförnum árum farið fram mikil umræða um yfirtökureglur. Ýmis ríki hafa þegar tekið upp í löggjöf sína reglur um þetta efni. Hins vegar hefur ekki tekist samstaða á vettvangi Evrópusambandsins um yfirtökutilskipun. Tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um þrettándu tilskipun ESB um félagarétt, yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð (sbr. Stjórnartíðindi ESB C 240, 26. september 1990, bls. 7, svo og COM (95) 655 final) hefur ekki náð fram að ganga og var henni í raun hafnað á síðasta ári.

Reglur um yfirtökutilboð ber að líta á og túlka sem sérreglur (l. *lex specialis*) gagnvart almennum reglum laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og einkahlutafélög, nr. 138/1994. Almennt nær tilboðsskylda aðeins til þess þegar yfirtökuskyldur aðili fer yfir þau mörk sem ákvæðið tilgreinir. Hafi hluthafar ekki tekið tilboðinu áður en frestur rennur út ber yfirtökuskyldum aðila ekki að gera nýtt tilboð. Þetta gildir þó svo að hann kunni að eignast fleiri hluti í hinu skráða félagi eftir að hann hefur gert öðrum hluthöfum slíkt tilboð. Réttur þeirra til þess að

krefjast innlausnar á hlut sínum skv. 26. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og 18. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, breytist þó ekki.

Um 31. gr.

Í greininni er gildissvið kaflans afmarkað. Í gildandi lögum taka ákvæði um yfirtökutilboð og flöggunarreglur einungis til félaga sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa í kauphöll. Nefndin taldi hins vegar að ekki væru rök til þess að aðrar reglur giltu um félög sem væru skráð á skipulegum tilboðsmörkuðum, sbr. umfjöllun í athugasemdum um V. kafla frumvarpsins.

Um 32. gr.

Ákvæði þetta var áður í 19. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998. Í 1.–4. tölul. 1. mgr. eru talin upp þau atriði sem geta orðið þess valdandi að skylt sé að gera öllum hluthöfum félags yfirtökutilboð.

Í 1. tölul. kemur fram sú meginregla að yfirtökuskylda stofnist þegar aðili eignast sem nemur 50% af atkvæðisrétti hlutafélags eða samsvarandi hluta hlutafjár. Helmingur hlutafjár í félagi nægir því ekki til yfirtökuskyldu ef hlutnum fylgir innan við 50% atkvæðisréttar. Í gildandi lögum er kveðið á um að yfirtökuskylda stofnist þegar aðili eignast sem nemur 50% af atkvæðisrétti hlutafélags eða samsvarandi hluta hlutafjár. Nefndin taldi eðlilegt að einungis væri miðað við atkvæðisrétt sem ákvarðar möguleika eigenda til að hafa áhrif á rekstur viðkomandi félags. Er það og í samræmi við réttarástand í Danmörku og Noregi. Við mat á því hvort aðili hefur eignast 50% atkvæðisréttar í félaginu skal miða við útgefið hlutafé. Þannig ber að telja hluti sem eru í eigu félagsins sjálfs með heildarhlutafé félagsins þegar 50% hlutfallið er metið.

Í 2. tölul. kemur fram að tilboð skuli gert hafi aðili eignast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félagi.

Í 3. tölul. er tekið fram að skylt sé að gera tilboð hafi aðili fengið rétt til þess að hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins samkvæmt samþykktum þess eða með samningi við félagið.

Loks er í 4. tölul. tekið fram að hafi hinn nýi eigandi eða tilboðsskyldur aðili, á grundvelli samnings eða samninga við aðra hluthafa, eignast rétt til samsvarandi yfirráða og getið er um í 1. tölul., þ.e. hefur yfirráð yfir 50% atkvæða félagsins, beri honum að gera tilboð með samsvarandi hætti.

Í 2. mgr. er ákvæði sem var áður í 3. gr. reglugerðar nr. 432/1999. Það kveður á um að tilboðsskylda stofnist ekki við eigendaskipti vegna erfða, gjafagernings, fullnustuaðgerða veðhafa eða eigendaskipti innan félagasamstæðu. Í dönskum rétti hafa yfirtökuákvæði verið túlkuð þannig að skilyrðið um að hlutur hafi verið „yfirtekinn“ þýði í reynd að gera verður greinarmun á aðilaskiptum sem báðir aðilar ganga til að eigin frumkvæði annars vegar og erfðum og aðgerðum skuldheimtumanna hins vegar. Í þessu ljósi er eðlilegt að taka fram að erfðir og fullnustugerðir skuldheimtumanna falli utan yfirtökureglna og aðilaskipti af því tagi leiði ekki til tilboðsskyldu. Að öðrum kosti yrði erfingjum ókleift að taka við hlutum látinna ættingja sinna og örðugt gæti verið fyrir skuldheimtumenn að ganga að eignum skuldunauta sinna ef þeim fylgdu þær kvaðir sem í tilboðsskyldu felast. Í framkvæmd verður hins vegar að túlka þessa reglu þröngt þar sem hún er undantekning frá meginreglu um tilboðsskyldu við þessar aðstæður.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilboðsgjafi skv. 1. mgr. skuli gera tilboðsyfirlit í samræmi við VII. kafla frumvarpsins. Er það í samræmi við 20. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti.

Ákvæði núgildandi 2. mgr. 19. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða hefur verið fært í bráðabirgðaákvæði með frumvarpi þessu.

Um 33. gr.

Ákvæðið var áður í 8. gr. reglugerðar nr. 432/1999 um yfirtökutilboð. Þegar um tilboðsskyldu er að ræða skv. 32. gr. frumvarpsins hefur tilboðsgjafi ekki forræði á því verði sem honum ber að greiða fyrir hlut minnihlutaeigenda, enda mætti sú minnihlutavernd sín þá lítils sem ákvæðinu er ætlað að tryggja.

Ef tilboðsskyldur aðili hefur ekki keypt alla þá hluti á sama tíma sem leiða til tilboðsskyldunnar kunna að skapast vandkvæði í tengslum við ákvörðun tilboðsverðs. Í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu er sú leið ýmist farin að miða verðið við vegið meðalverð eða hæsta verð sem tilboðsskyldur aðili hefur greitt fyrir bréfin á ákveðnu tímabili. Sú regla að miða við hæsta verðið sem hefur verið í gildi hér á landi síðan 1999 hefur ekki valdið vandkvæðum í framkvæmd. Því eru ekki lagðar til breytingar í þessu sambandi.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hvaða greiðsluform tilboðsgjafi megi nota til að fullnægja tilboðsskyldu sinni. Núgildandi ákvæði um greiðsluform er í 4. mgr. 8. gr. reglugerðar um yfirtökutilboð nr. 432/1999, þar sem kveðið er á um að bjóða skuli eigendum minni hluta hlutabréfa sömu greiðslu og tilboðsgjafi hefur innt af hendi fyrir aðra hluti sem hann hefur eignast. Tilboðsgjafi geti þó ávallt uppfyllt skyldur sínar með staðgreiðslu fyrir keypta hluti. Orðalag ákvæðisins virðist benda til að finna verði út hvernig tilboðsgjafi hefur greitt fyrir allan hlut sinn í félaginu, en það getur verið örðugt ef hann hefur keypt og selt hluti í félaginu á löngum tíma og notað mismunandi greiðsluform í gegnum tíðina. Því er mælt fyrir um í frumvarpinu að greiðsla til eigenda minni hluta hlutabréfa skuli vera í reiðufé eða skráðum verðbréfum. Telja verður að minnihlutavernd sé nægilega tryggð með því að minnihlutaeigendum verði greitt með skráðum verðbréfum þar sem almennt er unnt að koma slíkum bréfum í verð í gegnum skipulega verðbréfamarkaði.

Í 3. mgr. er kveðið á um gildistíma yfirtökutilboðs. Þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 34. gr.

Ákvæðið var áður í 10. gr. reglugerðar nr. 432/1999 um yfirtökutilboð. Skv. 7. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, er afturköllun tilboðs einungis gild ef hún kom til gagnaðila áður en eða samtímis því að tilboðið eða svarið kom til vitundar hans. Hins vegar er talið að gefa eigi tilboðsgjafa yfirtökutilboðs kost á að draga tilboð sitt til baka þrátt fyrir að það hafi verið komið til vitundar minnihlutaeigenda, enda sé einhverju af tilgreindum skilyrðum fullnægt.

Um 35. gr.

Í þessum kafla kemur fram að tilboð, sem skylt er að gera vegna ákvæða 32. gr. frumvarpsins, skal sett fram með sérstökum hætti. Semja skal sérstakt skjal sem hér er nefnt tilboðsyfirlit. Sama gildir í tengslum við sölu á a.m.k. 10% hlut í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokk hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði. Í tilboðsyfirliti skulu m.a. koma fram upplýsingar um fjárhagsatriði (verð hluta o.fl.), svo og önnur skilyrði sem tilboðið er háð, t.d. frest sem veittur er til þess að samþykkja tilboðið. Þá taka ákvæði kaflans einnig til þess með hvaða hætti skuli staðið að kaupum eða sölu á 10% hlut

í félögum sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði þegar slík viðskipti fara fram með almennri kynningu tilboðsgjafa. Í frumvarpi þessu er lagt til að almenn sala á skráðum verðbréfum falli utan reglna um almennt útboð. Nýmæli þessu er ætlað að mæta þeim breytingum, þannig að við almenna sölu á 10% hlut í félögum sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum tilboðsmarkaði skal birta opinberlega tilboðsyfirlit í stað almennrar útboðslýsingar eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Um 36. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Í stað þess að skylda sé til að fara í almennt útboð verðbréfa þegar seldur er hluti í félagi, sem fengið hefur hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, til almennings með kynningu eða með öðrum hætti er lagt til að sú skylda verði sett á seljendur a.m.k. 10% hlutafjár í slíku félagi að gefa út tilboðsyfirlit. Nánar er fjallað um rökin fyrir þessari tillögu í athugasemdum við 35. gr. Seljendur sem vilja selja almenningi slíka hluti með almennri kynningu geta með þessum hætti komið á framfæri mikilvægum skilaboðum til fjárfesta um væntanlega sölu en eru ekki skuldbundnir að gera heildstæða útboðslýsingu. Að baki ákvæðinu liggja svipuð sjónarmið um vernd fjárfesta og að baki ákvæðum laga um skráningarlýsingu og útboðslýsingu.

Í 2. mgr. kemur fram að 1. mgr. eigi ekki við um tiltekin viðskipti. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Í 3. mgr. er greint frá hámarkstíma sölu samkvæmt þessari grein. Eins mánaðar hámarkstími er í samræmi við hámarkstíma í almennu útboði verðbréfa skv. 8. gr. reglugerðar nr. 477/2001, um útboð verðbréfa.

Um 37. gr.

Ákvæðið var áður í 6. gr. reglugerðar nr. 432/1999, um yfirtökutilboð. Í henni er mælt fyrir um hvaða upplýsingar beri að tilgreina í tilboðsyfirlitinu. Meginskylda tilboðsgjafa er að láta koma fram allar þær upplýsingar sem tilboðsmóttakendum eru nauðsynlegar til að vega og meta tilboðið.

Um 38. gr.

Ákvæðið var áður í 9. gr. reglugerðar nr. 432/1999 um yfirtökutilboð. Þeir tímafrestir sem koma fram í ákvæðinu eru í samræmi við fresti sem gilda um auglýsingu og kynningu á almennum útboðum verðbréfa. Samhliða því að birta opinbera auglýsingu í dagblöðum um tilboðsyfirlit er gert ráð fyrir að tilboðsgjafi sendi auglýsinguna til nafnskráðra hluthafa í félaginu sem tilboðið tekur til. Þá ber að miða við hlutaskránna daginn sem auglýsingin er send út.

Um 39. gr.

Ákvæði VIII. kafla frumvarpsins er takmarkað við verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið að skráð verði á skipulegum verðbréfamarkaði og fjármálagerningum sem tengdir eru einu eða fleiri slíkum verðbréfum. Afleiður á skráð verðbréf geta því verið andlag reglna um viðskiptavakt og markaðmisnotkun, svo sem framvirkur samningur á skráð hlutabréf eða kaupréttur á skráð skuldabréf.

Um 40. gr.

Í 19. tölul. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, er að finna svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu viðskiptavaki: „*Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. 8. gr. eða annar aðili sem til þess hefur heimild samkvæmt lögum og hefur skuldbundið sig formlega til að kaupa og selja fyrir eigin reikning tiltekin verðbréf, í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum, og tilkynnt það opinberlega.*“ Í lögunum er hins vegar ekki að finna nein efnisákvæði um viðskiptavaka.

Efnisákvæði um viðskiptavaka var að finna í reglum Verðbréfaþings Íslands (nú Kauphöll Íslands hf.) um viðskipti frá 30. október 2000, en þau voru felld úr gildi með aðildarreglum NOREX. Í þeim síðarnefndu er ekki að finna ákvæði um viðskiptavakt. Því eru ekki í gildi í lögum eða reglum ákvæði um viðskiptavakt önnur en skilgreining verðbréfaviðskiptalaganna. Um viðskiptavakt gilda því einungis ákvæði samninga milli útgefenda verðbréfa og viðskiptavaka. Hins vegar er talið að skynsamlegt sé að setja reglur um viðskiptavaka í lög.

Lagt er til að ekki verði hugtaksskilyrði að viðskipti séu fyrir reikning fjármálafyrirtækis þar sem slíkir samningar gætu orðið dýrir fyrir útgefendur vegna þess hversu markaðurinn er grunnur hér á landi. Því er lagt til að einnig verði unnt að gera viðskiptavakasamning þar sem viðskiptin eigi sér stað fyrir reikning útgefanda. Heimild til að gera slíkan samning er háð því að útgefandi hafi aflað sér heimildar til eigin hluta, sbr. 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Þó er mælt fyrir um í 4. mgr. að í slíkum tilvikum skuli tryggt að útgefandi geti ekki haft áhrif á ákvarðanir um viðskipti á grundvelli samningsins. Þannig er tryggt að fjármálafyrirtækið taki í öllum tilvikum sjálfstæðar ákvarðanir um viðskiptin. Unnt er að mæla fyrir um fyrirkomulag þetta í viðskiptavakasamningi.

Í tilkynningu skv. 2. mgr. til kauphallar skal koma fram hver sé lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða, hámarksfjárhæð heildarviðskipta o.fl.

Um 41. gr.

Orðalag ákvæðisins er nokkuð breytt frá sambærilegu ákvæði í núgildandi lögum. Tekur það mið af tillögu Evrópuþingsins og ráðsins að tilskipun um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun (e. *Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on insider dealing and market manipulation (market abuse)*, dags. 8. júlí 2002.). Með ákvæðinu er miðað að því að skýra með betri hætti en gert er í gildandi löggjöf hvað felist í markaðsmisnotkun. Í stað þess að óheimilt sé að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta eins og gert er í núgildandi lögum, er skilgreint hvað átt er við með markaðsmisnotkun í fjórum töluliðum. Ákvæði um tilraun og hlutdeild, sbr. 3. mgr. 58. gr. frumvarpsins, er ætlað að ná til þess sem í dag er kallað að „stuðla að eða hvetja til“ viðskipta sem fela í sér markaðsmisnotkun. Breytt orðalag þrengir ekki gildissvið hinnar almennt orðuðu greinar eins og hún er í dag. Ákvæði 1. og 2. tölul. þarfnast ekki skýringa. Með 3. tölul. er ekki tiltekið með hvaða hætti upplýsingum, fréttum eða orðrómi er dreift. Sem dæmi má nefna ummæli í fjölmiðlum, t.d. við fréttamenn, dreifingu upplýsinga á netinu og útbreiðslu orðróms svo eitthvað sé nefnt. Í 4. tölul. er lagt bann við því að halda frá markaðnum upplýsingum, þ.e. að upplýsa ekki um atvik sem líkleg eru til að hafa áhrif á atvik er máli skipta um framboð, eftirspurn eða verð tiltekinna fjármálagerninga og rétt er að greina frá.

Í núgildandi lögum er ákvæði um markaðsmisnotkun í V. kafla laganna um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun. Í 18. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti er kveðið á um að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sé óheimilt að annast milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þeirra vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði V. kafla. Ekki þykir rétt að breyta réttarástandinu að

þessu leyti og því er samsvarandi ákvæði við 18. gr. núgildandi laga í ákvæði 2. mgr. greinarinnar og 45. gr. frumvarpsins, en hið síðarnefnda vísar til IX. kafla frumvarpsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Um IX. kafla.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar í frumvarpinu miðað við núgildandi V. kafla laga 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Fyrst ber að nefna að ákvæði um markaðsmisnotkun hafa verið gerð ítarlegri og flutt í VIII. kafla sem fjallar almennt um verðmyndun á markaði. Lagt er til að IX. kafli beri heitið „Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja". Hugtakið innherjaupplýsingar er tekið upp í stað trúnaðarupplýsinga enda hefur borið á misskilningi á hugtakinu á þá leið að það nái til hvers konar upplýsinga sem leynd eða annars konar trúnaður ríkir um. Þá hafa skilgreiningar á innherjum og viðskiptalotu verið fluttar í kaflann sjálfan þar sem ekki er fjallað um þau hugtök annars staðar í frumvarpinu. Skilgreiningu á innherjum hefur einnig verið breytt til skýringar. Þá er horfið frá því að nota hugtakið félag þar sem útgefendur verðbréfa sem eru andlag reglna um viðskipti innherja gefa ekki aðeins út hlutabréf, heldur einnig skuldabréf og víxla sem geta jafnframt verið andlag reglna um viðskipti innherja.

Um 42. gr.

Ákvæði IX. kafla frumvarpsins er takmarkað við verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið að skráð verði á skipulegum verðbréfamarkaði og fjármálagerningum sem tengdir eru einu eða fleiri slíkum verðbréfum. Afleiður á skráð verðbréf geta því verið andlag reglna um viðskipti innherja, svo sem framvirkur samningur á skráð hlutabréf eða kaupréttur á skráð skuldabréf. Ekki er gert ráð fyrir efnislega breytingu á gildissviði kaflans frá gildandi rétti, sbr. 30. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, sbr. 7. gr. laga nr. 163/2000. Um ákvæði 30. gr. sagði í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 163/2000: „*Með lögum nr. 35/1998 var gildissvið IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti útvíkkað og látið ná til viðskipta með verðbréf í kauphöll og á tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt skyldi hann taka til viðskipta með verðbréf utan skipulegra verðbréfamarkaða. Í athugasemdum með framangreindu ákvæði sagði að lagt væri til að ákvæði IV. kafla laganna tækju til viðskipta sem fram færu á verðbréfamarkaðinum. Gilti þá einu hvort viðskiptin væru gerð í kauphöll, innan skipulegs tilboðsmarkaðar eða utan hans. Mikilvægt væri að ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga tækju almennt til viðskipta á verðbréfamarkaðinum og væri þessi breyting því þýðingarmikill liður í því að viðskipti þar nytu þess trausts sem talið var nauðsynlegt að tryggt væri í lögum.*

Ákvæði gildandi réttar um gildissvið IV. kafla er mun víðtækara en tilskipun ESB um innherjaviðskipti og sambærileg löggjöf í nágrannalöndum mælir fyrir um. Lagt er til að gildissvið IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti verði þrengt og látið ná til viðskipta með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir skráningu á í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi. Með því eru ákvæði laganna samræmd tilskipun ESB á þessu sviði sem og löggjöf nágrannalandanna. Á það skal minnt að ákvæðum um innherjaviðskipti er fyrst og fremst ætlað að vernda fjárfesta á skipulegum verðbréfamörkuðum og skapa þeim mörkuðum nauðsynlegt traust og gagnsæi í viðskiptum. Misnotkun á trúnaðarupplýsingum er varða verðbréf sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði beinist ekki eingöngu að einstökum kaupendum eða seljendum verðbréfa heldur að fjárfestum almennt og skipulegum verðbréfamarkaði í heild og eru það hagsmunir markaðarins í heild sem ætlunin er að vernda. Í eðlilegu samhengi við þessi sjónarmið

er lagt til að ákvæðin taki einnig til viðskipta með verðbréf sem óskað hefur verið eftir skráningu á í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði.

Eðli máls samkvæmt eiga framangreind sjónarmið því ekki við um viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða. Í viðskiptum með óskráð verðbréf er ógjörningur að framfylgja eftirliti með viðskiptum með sambærilegum hætti og gerist með skráð verðbréf, m.a. vegna þess að ekki er hægt að opinbera upplýsingar á einfaldan hátt eins og þegar um skráð verðbréf er að ræða. Rétt er að benda á að í viðskiptum með óskráð verðbréf geta þeir sem telja sig hafa verið hlunnfarnir borið fyrir sig ákvæði 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1040, eða ákvæði III. kafla samningalaga, nr. 7/1936.“

Um 43. gr.

Í 1. mgr. er hugtakið innherjaupplýsingar skilgreint. Hugtakið er skýrt með efnislega sama hætti og hugtakið trúnaðarupplýsingar í gildandi löggjöf. Talið er að orðið innherjaupplýsingar sé skýrara en orðið trúnaðarupplýsingar þar sem hið síðarnefnda gæti bent til þess að það hefði víðfeðmari merkingu en það hefur í raun. Þannig gæti það valdið þeim misskilningi að það tæki til allra þeirra upplýsinga sem eru undirorpnar þagnarskyldu, án tillits til þess hvort slíkar upplýsingar væru líklegar til að hafa áhrif á verð viðkomandi fjármálagerninga.

Í ákvæðinu er veitt almenn leiðbeining um það hvenær upplýsingar teljast opinberar og þar með ekki lengur innherjaupplýsingar. Sérstaklega er tekið fram að tilkynningar til skipulegra verðbréfamarkaða teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Er þar átt við að þeim hafi verið miðlað í fréttakerfi viðkomandi markaðar. Að öðru leyti er miðað við að upplýsingunum hafi verið miðlað til verðbréfamarkaðarins í heild með viðurkenndum hætti. Ekki er unnt að gefa nákvæma skilgreiningu á hvenær því skilyrði telst fullnægt og verður að meta hvert tilvik fyrir sig. Upplýsingar geta þannig verið gerðar opinberar með ýmsum hætti, t.d. með fjölmiðlaumfjöllun eða í gegnum opinber gögn sem almenningur á aðgang að.

Vakin er athygli á því að til þess að upplýsingar teljist innherjaupplýsingar þurfa þær að uppfylla skilyrði, m.a. um að hafa ekki verið gerðar opinberar og vera líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna, ef þær væru opinberar. Það eru því ekki hvaða upplýsingar sem er sem falla hér undir. Þær upplýsingar sem ekki eru líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfa teljast ekki innherjaupplýsingar. Mat á því hvort upplýsingar teljist innherjaupplýsingar fer oft fram eftir að þær hafa verið gerðar opinberar, t.d. í dómsmáli vegna meintra brota gegn ákvæðum um innherjasvik. Við það mat á ekki að skipta máli hvort upplýsingarnar hafi í raun haft áhrif á markaðsverð bréfanna þegar þær voru gerðar opinberar. Við mat á því hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga ber hins vegar að leggja til grundvallar hvort heildarmynd skynsams fjárfestis af markaðsverðmæti útgefandans hefði breyst ef hann hefði vitað um upplýsingarnar (e. *total mix standard*), en ekki hvort upplýsingarnar hafi í raun haft áhrif eftir að þær voru birtar opinberlega.

Mikið var rætt um hugtakið innherjaupplýsingar í nefndinni og tengsl þess við upplýsingaskyldu útgefenda skráðra verðbréfa til kauphallar, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, og 2. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Í tengslum við þá umræðu naut nefndin liðsinnis dr. jur. Jesper Lau Hansen, lektors við Kaupmannahafnarháskóla.

Ákvæði 1. mgr. 24. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, er svohljóðandi: „*Útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til opinberrar skrán-*

ingar í kauphöll, ber að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja verður að geti haft áhrif á verð bréfanna eða skylt er að gera í samræmi við reglur sem stjórn kauphallar setur, sbr. 17. gr. þessara laga." Ákvæði 1. málsl. 2. gr. reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll er svohljóðandi: „*Útgefandi skal með tilkynningu opinbera án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann vissi eða mátt vita, að hefðu verulega þýðingu fyrir verðmyndun verðbréfa hans sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöll.*"

Upplýsingaskyldan til kauphallar lýtur að upplýsingum sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á grundvöll ákvörðunar skynsams fjárfestis um verð á viðkomandi verðbréfum. Ekki er því skylda til að gera hvaða upplýsingar sem er opinberar í kauphöll, enda væri það til þess fallið að vinna gegn skilvirkni markaðarins. Einnig hefur verið viðurkennd takmörkuð heimild útgefanda til að gefa ekki upp tilteknar upplýsingar sem eru til þess fallnar að valda honum tjóni, sbr. til hliðsjónar 91. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995. Telja verður að heimild þessi sé þröng. Á grundvelli hennar hefur þó verið talið að upplýsingaskyldan til kauphallar lúti að viðskiptalegum upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir markaðinn og varði atvik eða ákvarðanir sem fyrirsjáanlegt er að verði eða hafa þegar verið teknar.

Talið er rétt að nota ekki sama orðalag í tengslum við innherjaupplýsingar og upplýsingaskyldu í kauphöll þrátt fyrir að eðli upplýsinganna í báðum tilvikum sé svipað. Upplýsingar geta talist innherjaupplýsingar þótt ekki sé skylda til að miðla þeim til kauphallar vegna framangreindrar takmarkaðrar heimildar útgefanda til að gefa ekki upp tilteknar upplýsingar sem eru til þess fallnar að valda honum tjóni, sbr. til hliðsjónar 91. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995. Þá verður einnig að hafa í huga að upplýsingar geta verið undirorpnar trúnaði í félagi þótt þær teljist ekki til innherjaupplýsinga. Þannig geta starfsmenn félaga verið bundnir trúnaði um ýmsar upplýsingar sem eru ekki til þess fallnar að hafa áhrif á verð hlutabréfa í félaginu.

Sem dæmi um framangreinda flokkun má nefna upplýsingar um samruna. Hugmyndir um áhugaverð tækifæri til samruna, sem eru ræddar hjá félagi án þess að eiginlegar samningaviðræður eigi sér stað, mundu almennt teljast til upplýsinga sem eru undirorpnar trúnaði án þess að teljast innherjaupplýsingar. Þegar hins vegar formlegar viðræður eru hafnar um samruna teldust slíkar upplýsingar almennt til innherjaupplýsinga þar sem slíkar upplýsingar eru til þess fallnar að hafa áhrif á grundvöll ákvörðunar skynsams fjárfestis um verð á viðkomandi verðbréfum. Hins vegar hefur verið talið, í ljósi fyrrgreindra sjónarmiða, um að útgefandi þurfi ekki að gefa upp tilteknar upplýsingar sem eru til þess fallnar að valda honum tjóni, að útgefandi þurfi fyrst að tilkynna um slíkar viðræður til kauphallar þegar þær hafa leitt til ákvarðandi niðurstöðu, svo sem undirritun viljayfirlýsingar eða bindandi samnings. Upplýsingar um viðræður um samruna þurfa því ekki að vera birtar opinberlega í kauphöll þegar þær eru á upphafsstigi eða viðkvæmu stigi. Á hinn bóginn geta slíkar upplýsingar klárlega talist innherjaupplýsingar. Ef viðræðurnar renna hins vegar út í sandinn þarf hugsanlega ekki að tilkynna um þær til kauphallar þrátt fyrir að þær hafi talist innherjaupplýsingar. Hins vegar má setja fram það viðmið að innherjaupplýsingar séu upplýsingaskyldar til kauphallar, nema þegar framangreindar takmarkaðar heimildir útgefanda til að gefa ekki upp í takmarkaðan tíma tilteknar upplýsingar sem eru til þess fallnar að valda honum tjóni eiga við, sbr. til hliðsjónar 91. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995. Hafa ber þó í huga í þessu sambandi að dómstólar verða að meta sjálfstætt í hvert sinn hvort um innherjaupplýsingar sé að ræða, óháð t.d. túlkun kauphallar á hvaða upplýsingar teljist upplýsingaskyldar.

Í 2. mgr. eru innherjar skilgreindir. Skilgreining „einstaklinga og lögaðila“ annars vegar og „aðila“ hins vegar er samræmd, en í núgildandi lögum er hugtakanotkun þessi mismunandi án þess að efnislegur munur sé á notkun hugtakanna. Því er lagt til að hugtakið aðilar komi í stað einstaklinga og lögaðila þar sem hugtakið nær yfir bæði einstaklinga og lögaðila.

Skilgreiningu á fruminnherja hefur verið breytt frá gildandi rétti, m.a. þannig að í frumvarpinu er miðað við að fruminnherjar séu að meginstefnu til þeir sem hafa *að jafnaði* aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri, eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa. Í gildandi rétti er miðað við að fruminnherjar séu einnig þeir sem „búa yfir“ innherjaupplýsingum vegna framangreindra aðstæðna. Þó er í frumvarpinu tilgreint að fruminnherji sé einnig sá sem býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar. Bent hefur verið á að aðili sem á í félagi geti ekki í skjóli eignarhlutar átt reglubundinn aðgang að innherjaupplýsingum hjá viðkomandi fyrirtæki. Hafa verði í huga að slíkur aðili eigi almennt ekki lögvarinn rétt til þess að fá í hendur innherjaupplýsingar um félagið á grundvelli eignarhaldsins eingöngu. Þrátt fyrir það er eðlilegt að líta svo á að aðili sem á verulegan hlut í félagi búi yfir innherjaupplýsingum. Í því sambandi verður að hafa í huga að taki aðili, sem ræður yfir verulegum hlut, ákvörðun um að selja slíkan hlut eða eftir atvikum ráðstafa á annan hátt, í heild sinni eða að stórum hluta, sé slík ráðstöfun líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð hluta í viðkomandi félagi. Því eru slíkar upplýsingar í eðli sínu innherjaupplýsingar og af þeim sökum er eðlilegt að líta svo á að slíkur aðili búi yfir trúnaðarupplýsingum vegna eignaraðildar. Ekki verður loku fyrir það skotið að sá sem á í félagi, þrátt fyrir að hluturinn teljist ekki verulegur í skilningi verðbréfaviðskiptalaganna, geti einnig fallið undir skilgreiningu á fruminnherja samkvæmt ákvæði þessu. Meta verði í hvert skipti hvort ráðstöfun viðkomandi hlutar sé líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð bréfa í viðkomandi félagi.

Nefndin gerir að tillögu sinni að tekinn verði út málsliður í gildandi rétti um fruminnherja sem kveður á um að fruminnherji sé aðili sem eigi beinan eða óbeinan eignarhlut í útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að skráð verði á skipulegum verðbréfamarkaði sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og eigi fulltrúa í stjórn viðkomandi útgefanda á grundvelli eignarhlutarins. Málsliður þessi hefur verið gagnrýndur og bent hefur verið á að lögaðili eigi ekki lögbundinn rétt á því að fá aðgang að innherjaupplýsingum frá þeim einstaklingi sem hann hefur tilnefnt eða kosið í stjórn annars lögaðila. Nefndin telur að 1. og 2. tölul. séu nægilegir til að ná yfir þá sem teljast til innherja og leggur því til að umræddur málsliður verði felldur brott.

Skilgreiningu á tímabundnum innherja hefur lítillega verið breytt til að taka af tvímæli um að með honum sé átt við aðila sem búi í raun yfir trúnaðarupplýsingum, en ekki þá sem hafa aðgang að þeim án þess að búa yfir þeim.

Í 2. mgr. eru innherjar skilgreindir og er þeim skipt upp í fruminnherja, tímabundna innherja og aðra innherja. Tímabundnir innherjar, þ.e. innherjar sem eru sambærilegir þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, fá sérstakt heiti, til aðgreiningar frá innherjum skv. 2. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. núgildandi laga. Samkvæmt núgildandi lögum eru tímabundnir innherjar hins vegar skilgreindir sem aðrir innherjar ásamt innherjum skv. 2. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. núgildandi laga. Sameiginlegt heiti yfir þessa aðila er til þess fallið að valda ruglingi, enda er nokkur greinarmunur á þessum innherjum. Má þar helst nefna einhvers konar tengsl tímabundinna innherja við útgefanda þar sem viðkomandi nýtur stöðu sem tímabundinn innherji vegna starfs síns, stöðu eða skyldna. Slík tengsl eru ekki milli annarra innherja skv. 2. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. núgildandi laga og útgefanda. Þá má jafnframt nefna að skipuleg skráning á innherjaskrá

skv. 49. gr. frumvarpsins, sbr. 35. gr. núgildandi laga, á aðeins við um tímabundna innherja en ekki aðra innherja skv. 2. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. núgildandi laga. Að lokum má nefna að mismunandi saknæmisskilyrði eru fyrir því að þessir aðilar gerist brotlegir við ákvæði laganna, þ.e. að aðrir innherjar verða að hafa gert sér grein fyrir því að þeir hafi búið yfir innherjaupplýsingum, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 43. gr frumvarpsins, sbr. 2. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. núgildandi laga *i.f.*, en slíkt saknæmisskilyrði er ekki sett gagnvart tímabundnum innherjum. Því er lagt til að hver „flokkur" innherja hafi sérstakt heiti til skýringar.

Um 44. gr.

Í 44. gr. er fjallað um hvað fellur undir innherjasvik. Ákvæðið er samhljóða 31. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti eins og þeim var breytt með 7. gr. laga nr. 163/2000 og 1. gr. laga nr. 39/2002, um breytingar á verðbréfaviðskiptalögum.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. var breytt með lögum nr. 39/2002. Í frumvarpi til þeirra laga sagði:

„Í frumvarpsgreininni er mælt fyrir um breytingar á 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, með síðari breytingum. Felld eru á brott orðin „nýta ... til öflunar" sem voru forsenda niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í sakamálinu nr. 601/2001 að ásetningur væri forsenda refsinæmis vegna brota gegn ákvæðinu. Eru með því tekin af tvímæli um að meginregla laga um að gáleysi sé nægileg forsenda refsinæmis vegna brota á sérlögum gildi í þessu efni, sbr. og gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Því er litið svo á að með frumvarpinu séu tekin af tvímæli um hliðstæðu íslensks ákvæðis um innherjaviðskipti við dönsk og norsk ákvæði um sama efni.

Ákvæðið er ekki einskorðað við að innherji afli sér verðbréfa eða ráðstafi þeim í sína þágu. Þvert á móti getur hann aflað öðrum verðbréfa eða ráðstafað þeim í annarra þágu. Því er orðalagið „fyrir eigin reikning eða annarra" í ákvæðinu. Áréttað skal að það orðasamband á við bæði öflun og ráðstöfun verðbréfa. Einnig skal tekið fram að um brot á ákvæðinu getur verið að ræða þó svo að enginn hagnist á þeim. Ekki er því gerð breyting á ákvæðinu að því er það varðar.

Áréttað skal að með orðunum „afla eða ráðstafa" er átt við hvers konar gerning sem miðar að yfirfærslu eignaréttinda, t.d. skipti eða framvirka samninga, en ekki einungis bein kaup eða sölu, sbr. athugasemdir við 23. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti sem varð að lögum nr. 9/1993. Því er litið svo á að með frumvarpinu séu tekin af tvímæli um hliðstæðu íslensks ákvæðis um innherjaviðskipti við dönsk og norsk ákvæði um sama efni.

Í ákvæðinu er tekið fram að innherjum sé óheimilt að afla verðbréfa eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum. Með því er átt við að þeir megi ekki afla verðbréfa eða ráðstafa þeim, ef þeir búa yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda verðbréfanna, bréfin sjálf eða önnur þau atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinber væru, sbr. 3. tölul. 2. gr. laganna. Innherjar mega hins vegar vitanlega eftir sem áður afla verðbréfa eða ráðstafa verðbréfum sem þeir hafa ekki trúnaðarupplýsingar um.

Einnig kom eftirfarandi fram í almennum athugasemdum frumvarpsins:

„Við samningu frumvarpsins hefur mjög verið höfð hliðsjón af dönskum og norskum ákvæðum laga um innherjaviðskipti. Telja verður að vafa um hliðstæðu þeirra við íslensk ákvæði sama efnis hafi verið eytt með frumvarpi þessu. Í 1. mgr. 35. gr. dönsku verðbréfaviðskiptalaganna, nr. 168/2001, segir: „Köb, salg og tilskyndelse til köb eller salg af et værdipapir må ikke foretages af nogen, der har intern viden, som kan være af betydning for handelen. Í grein 2-1 í norskum lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 79/1997, með síðari breyt-

ingum, segir: „Tegning, kjøp, salg eller bytte av finansielle instrumenter som er eller søkes notert på norsk børs eller norsk autorisert markedsplass eller tilskyndelse til slike disposisjoner, må ikke foretas av noen som har opplysninger om de finansielle instrumentene, utstederen av disse eller andre forhold som er egnet til å påvirke kursen og som ikke er offentlig tilgjengelig eller allment kjent i markedet. Tilsvarende gjelder inngåelse, kjøp, salg eller bytte av opsjon- eller terminkontrakt eller tilsvarende rettigheter knyttet til slike finansielle instrumenter eller tilskyndelse til slike disposisjoner.“

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. á rætur sínar að rekja til laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti. Í frumvarpi til þeirra laga sagði um ákvæðið:

„Í 2. tölul. er lagt bann við að láta þriðja aðila trúnaðarupplýsingar í té. Þetta á þó ekki við séu upplýsingarnar veittar í eðlilegu sambandi við aðstæður sem nefndar eru í þessum tölulið. Ýmis tilvik geta verið fyrir hendi sem gera þeim sem býr yfir trúnaðarupplýsingum skylt að láta öðrum þær í té og verður að meta aðstæður sjálfstætt í hverju tilviki fyrir sig. Útgefendur gætu t.d. veitt viðskiptabönkum sínum eða verðbréfafyrirtækjum, sem starfa í þeirra þágu, upplýsingar, enda sé þessum aðilum þörf á að fá slíka vitneskju vegna starfa sinna fyrir útgefanda verðbréfanna. Upplýsingar verðbréfamiðlara til viðskiptamanna sinna eru ekki undanskildar samkvæmt ákvæðinu.“

Ákvæði 3. tölul. eru í samræmi við gildandi rétt. Nefndin hugleiddi hvort rétt væri að taka orðin „á grundvelli innherjaupplýsinga“ út úr ákvæðinu til þess að ekki þyrfti að sanna að ráðgjöfin hefði verið grundvölluð á innherjaupplýsingum kæmi til opinbers máls vegna meintra brota gegn ákvæðinu. Var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri skynsamlegt að fjarlægja orðasambandið úr ákvæðinu þar sem hætta væri þá á að starfsmaður í fjármálafyrirtæki þyrfti að synja viðskiptavini um miðlun verðbréfa byggi starfsmaðurinn yfir innherjaupplýsingum. Slík synjun mundi gefa viðskiptavini upplýsingar um að innherjaupplýsingar væru fyrir hendi í viðkomandi útgefanda og að starfsmaðurinn byggi yfir þeim. Hins vegar er ljóst að búi starfsmaður fjármálafyrirtækis yfir innherjaupplýsingum ber honum að ráðleggja viðskiptavinum sínum á grundvelli almennra greininga á viðkomandi útgefanda, en ekki á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann hefur undir höndum. Komi í ljós að starfsmaður fjármálafyrirtækis hafi búið yfir innherjaupplýsingum og ekki ráðlagt viðskiptavinum sínum í anda þeirra greininga sem lágu fyrir á viðkomandi fyrirtæki eru það lóð á þær vogarskálar að um innherjasvik sé að ræða.

Við túlkun á ákvæði 2. mgr. er rétt er að hafa í huga að þróun og styrking kínamúra fjármálafyrirtækja sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlits hefur orðið til þess að ákveðnar túlkunarreglur hafa orðið til á því hvaða viðskipti teljast innherjasvik. Viðskipti í veltubók lögaðila, sem kunna að teljast til fruminnherja og sett hafa sér reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og eigin viðskipti í samræmi við 14. gr. frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, hafa ekki þurft að tilkynna viðskipti sín til Kauphallar Íslands hf. (áður Verðbréfaþings Íslands hf.) eða Fjármálaeftirlitsins, enda teljist viðskiptin ekki tilkynningarskyld af öðrum ástæðum, til dæmis vegna reglna um flöggun. Þessi undantekningarregla gildir aðeins þar sem innri starfsreglur um kínamúra tryggja að sá aðili sem annast viðskipti fyrir veltubók búi ekki yfir trúnaðarupplýsingum og teljist þar með ekki innherji. Reglur þessar hafa verið samþykktar af Fjármálaeftirlitinu. Þykir rétt að líta til þeirra við túlkun á því hvað fellur undir ákvæði um innherjasvik.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við gildandi rétt og þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Ákvæði 1. mgr. er sambærilegt við 18. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti sem er í kafla laganna um réttindi og skyldur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Lagt er til að samhengisins vegna verði ákvæðið í þeim kafla sem fjallar um innherjasvik.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem kveður á um skyldu fjármálafyrirtækja um að tilkynna þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins ef grunur vaknar um að innherjasvik, sbr. 41. gr., hafi átt sér stað fyrir milligöngu fyrirtækisins. Slík tilkynningarskylda er til þess fallin að auka trúverðugleika markaðarins, ekki síst fjármálafyrirtækja sem milligönguaðila í viðskiptum.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta er efnislega óbreytt frá 32. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti sem kom inn í lögin með breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar við frumvarp til laga um breytingu á verðbréfaviðskiptalögunum sem varð að lögum nr. 163/2000.

Kveðið er skýrt á um rannsóknarskyldu fruminnherja áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf útgefanda sem þeir eru innherjar í. Sama gildir um fyrirhuguð viðskipti aðila sem eru fjárhagslega tengdir fruminnherjum. Notast er við hugtakið útgefandi í stað hugtaksins félag þar sem hugtakið félag gefur ranglega til kynna að aðeins hlutabréf geti verið andlag reglna um viðskipti innherja. Gert er ráð fyrir að rannsóknarskyldu þessari sé fullnægt með því að hafa samband við svokallaðan regluvörð vegna viðskiptanna, sbr. 51. gr. frumvarpsins.

Ákvæðið kveður á um að rannsóknarskyldan nái jafnframt til viðskipta fjárhagslega tengdra aðila fruminnherja. Að öðrum kosti yrði auðvelt að komast í kringum reglur um hvernig ber að haga viðskiptum innherja og þau ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir innherjasvik. Slíkt kemur niður á gegnsæi og trúverðugleika verðbréfamarkaðarins.

Vísað er til athugasemda með 14. gr. frumvarpsins vegna skýringa á hvað átt sé við með fjárhagslega tengdum aðilum. Einnig er bent á að við mat á hvort aðili teljist fjárhagslega tengdur fruminnherja verður að vega og meta tilgang banns við innherjasvikum og því hvort jafnræði og trúverðugleiki verðbréfamarkaðar sé í húfi.

Í 2. málsl. er tekið fram að rannsóknarskyldan nái einnig til fyrirhugaðra viðskipta með fjármálagerninga sem tengdir eru verðbréfum sem greinir í 1. tölul. 42. gr., sbr. gildissvið kaflans, en ekki er um að ræða efnislega breytingu á ákvæðinu.

Rétt er að ítreka að hugtakið trúnaðarupplýsingar er víðtækara en hugtakið innherjaupplýsingar. Þannig liggja nær alltaf fyrir trúnaðarupplýsingar innan útgefenda á verðbréfamarkaði. Hins vegar eru innherjaupplýsingar þær upplýsingar sem hafa áhrif á heildarmynd skynsams fjárfestis af markaðsverðmæti útgefandans. Því er gert ráð fyrir að fruminnherjar geti átt viðskipti með hlutabréf útgefanda sem þeir eru fruminnherjar í þrátt fyrir að nær alltaf liggi fyrir trúnaðarupplýsingar innan útgefanda. Gera má ráð fyrir að innherjaviðskipti fruminnherja muni fyrst og fremst fara fram skömmu eftir birtingu uppgjörs þess félags sem þeir eru fruminnherjar í.

Um 47. gr.

Ákvæði um tilkynningarskyldu fruminnherja eru efnislega óbreytt frá 33. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti, sbr. 7. gr. laga nr. 163/2000, þó svo að orðalagi hafi verið breytt. Hugtakið útgefandi er þó notað í stað hugtaksins félag þar sem hugtakið félag gefur ranglega til kynna að aðeins hlutabréf geti verið andlag reglna um viðskipti innherja. Jafnframt er sérstaklega er tekið fram að tilkynningarskyldan nái jafnframt til fjármálagerninga sem tengjast

verðbréfum sem greind eru í 1. tölul. 42. gr., samanber gildissvið kaflans, en ekki er um efnislega breytingu á ákvæðinu að ræða.

Um 48. gr.

Ákvæði 48. gr. fjallar um birtingu tiltekinna upplýsinga um viðskipti fruminnherja og fjárhagslega tengdra aðila. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 34. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti eins og þeim var breytt með 7. gr. laga nr. 163/2000. Þó er sú breyting gerð að í birtingu upplýsinga ber að greina frá nafni fjárhagslega tengds aðila ef við á, þ.e. ef fjárhagslega tengdur aðili er aðili umræddra viðskipta, og er það í samræmi við núverandi framkvæmd birtingar Kauphallar Íslands hf. á tilkynningarskyldum viðskiptum. Jafnframt er skilgreining á viðskiptalotu færð í kaflann sjálfan þar sem það hugtak er ekki notað annars staðar í frumvarpinu.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 163/2000 sagði um sambærilegt ákvæði: *„Í 1. mgr. er kveðið á um að tilkynningarskyld viðskipti fruminnherja skuli birt opinberlega. Hér er um að ræða nýmæli í lögum en ákvæði um birtingu viðskipta innherja hafa verið í reglugerð nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll og reglum nr. 3 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands hf. Samkvæmt reglugerðinni og reglum Verðbréfaþings hafa öll tilkynnt viðskipti verið birt í viðskiptakerfi Verðbréfaþings. Tilgangur birtingar upplýsinga um viðskipti innherja er að veita markaðinum upplýsingar sem geta skipt máli við mat á útgefanda og verðbréfum hans. Hér er lögð til sú breyting frá gildandi reglum að einungis viðskipti sem ná þeirri stærð að geta breytt lokaverði verði birtingarskyld. Til þess verða þau að nema a.m.k. einni viðskiptalotu samkvæmt reglum viðkomandi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar. Hugtakið viðskiptalota er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins. Varðandi stærð viðskiptalotna hjá Verðbréfaþingi Íslands hf., sem er eina kauphöllin sem starfrækt er hér á landi, er um að ræða viðskipti sem nema a.m.k. 100.000 kr. að markaðsverði í félögum sem falla undir það að vera með mikla veltu. Í félögum sem falla undir það að vera með minni veltu er viðskiptalota 50.000 kr. Þá er lagt til að öll viðskipti fruminnherja sem eiga meira en sem svarar tíu viðskiptalotum að markaðsverði séu tilkynningarskyld. Ástæður þess að lagt er til að horfið verði frá því að birta upplýsingar um öll viðskipti er sú að smáviðskipti hafa minni áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum og eru til þess fallin að valda misskilningi á fjármálamarkaði.*

Í 2. mgr. koma fram þær upplýsingar sem tilgreina skal í tilkynningu um viðskipti innherja. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll.“

Um 49. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 35. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti eins og þeim var breytt með 7. gr. laga nr. 163/2000. Notast er við hugtakið útgefandi í stað hugtaksins félag þar sem hugtakið félag gefur ranglega til kynna að aðeins hlutabréf geti verið andlag reglna um viðskipti innherja.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 163/2000 sagði um sambærilegt ákvæði: *„Í þessu ákvæði er kveðið á um það að Fjármálaeftirlitið haldi innherjaskrár útgefenda verðbréfa sem fengið hafa verðbréf sín skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Hingað til hefur Verðbréfaþing Íslands hf. haldið utan um innherjalista skráðra félaga. Hér er lagt til að Fjármálaeftirlitið haldi innherjaskrána og er það í samræmi við þá framkvæmd sem er í mörgum nágrannalandanna. Breytingin er meðal annars eðlileg vegna nýrra laga um starf-*

semi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, og breyttrar stöðu Verðbréfaþings í kjölfar þeirra.

Ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að upplýsingar varðandi fruminnherja úr innherjaskrá Fjármálaeftirlitsins verði gerðar opinberar. Er hér um nýmæli að ræða. Segja má að ekki sé síður mikilvægt að fjárfestar og fjármálafyrirtæki geti áttað sig á því hverjir séu fruminnherjar í félagi á hverjum tíma og fái ekki einungis upplýsingar um stöðu þeirra sem innherja þegar upplýsingar eru birtar um viðskipti þeirra. Ákvæðið hefur í för með sér aukið aðhald, bætir upplýsingaflæði á fjármálamarkaði og stuðlar að gagnsæi í verðbréfaviðskiptum. Auk þess má ætla að þessi breyting hafi áhrif á framkvæmd 18. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti og auðveldi fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu að sinna eðlilegri leiðbeiningarskyldu gagnvart viðskiptavinum.“

Ástæða er til að fjalla sérstaklega um túlkun reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja að því er varðar stjórnvöld.

Þegar stjórnvald aflar í starfsemi sinni innherjaupplýsinga í tengslum við eftirlit eða rannsókn opinbers máls, eftir atvikum í krafti dómsúrskurðar um húsleitarheimild, er það ekki á forræði þess sem rannsókn eða eftirlit beinist að hver býr yfir innherjaupplýsingum sem hald er lagt á. Þar af leiðandi verður í slíkum tilfellum ekki gerð sú krafa að útgefandi verðbréfa, sem eftirlit eða rannsókn beinist að, greini frá því hvaða starfsmenn hjá stjórnvaldi hafi stöðu tímabundins innherja hjá viðkomandi útgefanda, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Útgefanda ber hins vegar þegar svo háttar til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um viðkomandi stjórnvald í heild sem tímabundna innherja, eða eftir atvikum afmarkaðar deildir stjórnvalds.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um að stjórnvald skuli tilkynna útgefanda verðbréfa eða Fjármálaeftirlitinu um innherja á sínum vegum. Þannig ber stjórnvaldi undir framangreindum kringumstæðum ekki skylda til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu né viðkomandi útgefanda hverjir hafi vegna aðildar að rannsókn máls eða eftirlits stöðu tímabundins innherja hjá útgefanda. Hafi útgefandi verðbréfa tilgreint stjórnvald í heild sinni sem innherja getur viðkomandi stjórnvald brugðist við með því að senda annaðhvort útgefandanum eða Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um þá aðila sem hafa stöðu innherja gagnvart viðkomandi útgefanda. Slík ákvörðun er þó í höndum viðkomandi stjórnvalds.

Þrátt fyrir framangreint taka reglur 44. gr. frumvarpsins um innherjasvik fortakslaust til innherja þótt þeir starfi hjá stjórnvaldi.

Um 50. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá 36. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti eins og þeim var breytt með 7. gr. laga nr. 163/2000. Ákvæðið miðar að því að innherjum verði ljós staða sín og réttaráhrif hennar.

Um 51. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 37. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti eins og þeim var breytt með 7. gr. laga nr. 163/2000 og þarfnast ekki skýringar. Þó skal áréttað að samkvæmt orðalagi 3. mgr. greinarinnar ber stjórnvöldum og öðrum sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni, sbr. 3. mgr. greinarinnar, hvorki að senda Fjármálaeftirlitinu né að fá staðfestingu þess á reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Vísað er til skýringa með 49. gr. frumvarpsins að því er varðar túlkun reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja að því er varðar stjórnvöld.

Um X. kafla.

Kaflinn um eftirlit er nokkuð breyttur frá því sem er í gildandi lögum. Breytingarnar taka mið af áðurnefndri endurskoðun laga á fjármálamarkaði. Vegna þessa hafa ákvæði verið flutt í frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á, en eftir standa ákvæði sem lúta sérstaklega að verðbréfaviðskiptum samkvæmt frumvarpi þessu. Með frumvarpinu er ekki verið að draga úr starfsheimildum Fjármálaeftirlitsins. Þannig getur Fjármálaeftirlitið áfram sótt starfsheimildir til laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem og til frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd laga um verðbréfaviðskipti og reglna settra samkvæmt þeim. Er hér t.d. vísað til reglugerða, reglna Seðlabanka Íslands um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa, reglna og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins, reglna kauphallar o.fl. Að auki er í 2. málsl. 1. mgr. áréttað það eftirlitshlutverk sem kauphöll og öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum er falið að gegna í starfsemi sinni. Ljóst má vera að valdheimildir skipulegra verðbréfamarkaða eru bundnar við þá starfsemi og þau félög sem þar eru skráð. Með því er átt við að samhliða eftirliti Fjármálaeftirlitsins með framkvæmd V. og VI. kafla laganna skal kauphöll hafa eftirlit með framkvæmd sömu ákvæða.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar Fjármálaeftirlitinu að krefja einstaklinga og lögaðila gagna í tengslum við athugun tiltekins máls. Með því er átt við athugun afmarkaðs málefnis. Ákvæðið heimilar ekki að krafist sé allra gagna í ótilteknum málum fjölda einstaklinga eða lögaðila. Ákvæðið heimilar Fjármálaeftirlitinu að krefjast allra gagna og upplýsinga hjá eftirlitsskyldum aðila sem að þess mati eru nauðsynleg vegna eftirlits þess. Ákvæðið er til áréttingar heimildum eftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998. Heimildir Fjármálaeftirlitsins til að krefjast gagna og upplýsinga takmarkast ekki við eftirlitsskylda aðila, né heldur þarf athugun að beinast að sama aðila og krafinn er gagna og upplýsinga. Þannig gæti Fjármálaeftirlitið til dæmis krafist gagna hjá einstaklingum eða lögaðilum sem alla jafna falla ekki undir eftirlit þess. Þetta leiðir af því að frumvarp þetta leggur ekki bara skyldur á aðila með starfsleyfi á fjármálamarkaði, heldur og einnig á aðra aðila eins og kaupendur, seljendur og útgefendur fjármálagerninga.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða núverandi ákvæði 5. mgr. 63. gr laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, sbr. 9. gr. laga nr. 163/2000. 1. málsl. þeirrar greinar fellur þó brott. Það hefur ekki áhrif á efni ákvæðisins vegna efnis 2. mgr. frumvarpsins. Með ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu heimilað að stöðva almennt útboð verðbréfa ef ekki er farið að reglum sem um það gilda. Sé þess kostur er eftirlitinu heimilað að veita frest til úrbóta þannig að halda megi útboði áfram að uppfylltum skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið setur án þess að ógilda útboð.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 7. mgr 63. gr. laga nr. 13/1996, sbr. 14. gr. laga nr. 11/2000.

Við túlkun á heimildum Fjármálaeftirlitsins og framkvæmd þess við eftirlitið ber að líta til stjórnsýsluréttarins, þ.m.t. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þannig ber Fjármálaeftirlitinu að gæta meðalhófs við framkvæmd eftirlitsins, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga.

Um 53. gr.

Í ákvæðinu er eina reglugerðarheimild frumvarpsins. Talið er skynsamlegt að setja þær reglugerðarheimildir sem eru í gildandi lögum í eina grein. Reglugerðarheimildin er sambærileg þeim sem eru í gildandi lögum.

Um XI. kafla.

Ákvæði þessa kafla kveða á um refsinæmi tiltekinna brota gegn ákvæðum frumvarpsins. Einnig eru í kaflanum ákvæði sem tengjast refsiviðurlögum, svo sem um fyrningu brota. Lagt er til að skilgreint verði nánar en gert er í gildandi löggjöf hvaða brot eru refsinæm. Í gildandi íslenskri löggjöf á sviði fjármagnsmarkaðar eru yfirleitt almenn viðurlagaákvæði í lok hvers lagabálks. Í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, segir t.d. í 1. mgr. 69. gr. laganna að fyrir brot á lögunum skuli refsað með sektum eða fangelsi allt að einu ári, enda liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Þá kemur fram í 2. mgr. 69. gr. laganna að brot gegn ákvæðum laganna um innherjaviðskipti varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Hins vegar eru ekki sérstaklega tiltekin í 1. mgr. 69. gr. núgildandi laga þau ákvæði sem geta verið grundvöllur refsingar. Er þetta ólíkt því sem tíðkast í Danmörku þar sem sérstakir brotaflokkar eru taldir upp og gildir ólíkur refsirammi fyrir mismunandi tegundir brota.

Hinn 25. ágúst 1994 var skipaður starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytisins sem var falið að fara yfir refsiákvæði í lögum um íslenska fjármagnsmarkaðinn. Starfshópnum var jafnframt ætlað að semja tillögur til breytinga á lögunum eftir því sem hann teldi ástæðu til. Starfshópurinn taldi að skynsamlegt væri að skilgreina nánar hvaða háttsemi varðaði refsingu og þá hvaða refsingu. Einnig mælti hann með því að skilgreind yrðu þrenns konar refsimörk og að ekki yrði vikið frá þeirri meginreglu að refsa ætti fyrir brot sem unnið er af ásetningi eða gáleysi, nema annars væri sérstaklega getið. Þá þótti rétt að halda í þann hefðbundna fyrirvara í refsiákvæðum sérlaga að beita bæri þyngri refsingu liggi hún við eftir öðrum lögum. Lagt var til að heimilt yrði að dæma hlutaðeigandi lögaðila í fésektir hefði brot á lögum verið framið í hans þágu. Loks var mælt með að brot fyrndust á fimm árum.

Eins og fyrr segir eru viðurlagaákvæðin í núgildandi refsilöggjöf á fjármagnsmarkaði aftast í lögunum og engir sérstakir brotaflokkar eru tilgreindir. Nefndin telur að varnaðaráhrif og virkni refsiákvæðanna yrði mun meiri ef betur yrði skilgreint í lögunum hvaða háttsemi varði refsingu og þá hvaða refsingu.

Vert er að vekja athygli á þeirri almennu reglu að hvaða starfsmaður sem er hjá lögaðila, hvort sem hann er almennur starfsmaður eða yfirmaður, getur gerst sekur um refsiverð brot, framin af ásetningi eða gáleysi, enda sé skilyrðum refsiákvæða að öðru leyti fullnægt. Mögulegt er að vanræksla á leiðbeiningar- eða eftirlitsskyldu eða ráðning óhæfs starfsmanns verði talin saknæmt brot fyrirsvarsmanns. Í þessum tilvikum er möguleiki að hin ámælisverða vanræksla verði lögð að jöfnu við beinar athafnir (óbeint athafnaleysisbrot). Ekki verður þess fortakslaust krafist að unnt sé að sýna fram á sök starfsmannsins, en orsakatengsl þurfa að vera fyrir hendi, þannig að fyrirsvarsmaður ber ekki refsiábyrgð á verkum starfsmanns er koma starfsemi lögaðilans ekkert við. Fræðimenn hafa þó haldið því fram að fara beri varlega í það að teygja slíka gáleysisábyrgð mjög langt þar sem hún geti í reynd orðið hlutlæg ábyrgð. Einnig getur refsiábyrgð fyrirsvarsmanna á saknæmu athafnaleysi byggst á skráðum réttarheimildum um eftirlitsskyldur. Þó svo að kveðið sé á um að brot gegn tilteknum ákvæðum frumvarpsins varði refsingu er það vitanlega háð því að skilyrðum refsinæmis sé að öðru leyti fullnægt. Þannig verður brot að vera framið af ásetningi eða gáleysi til þess að það teljist refsinæmt og er gerð ríkari krafa um gáleysi í refsirétti en í skaðabótarétti. Þannig verður hvorki fyrirsvarsmanni né öðrum starfsmönnum lögaðila refsað fyrir meint brot gegn lögunum sem verða af utanaðkomandi óviðráðanlegum ástæðum. Þá er einnig vakin athygli á því að Fjármálaeftirlitinu er einungis skylt að greina ríkislögreglustjóra frá brotum séu þau alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur að mati eftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Lagt er til að nokkur ákvæði laganna varði stjórnvaldssektum sem stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvörðun um. Í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er kveðið á um í 8. gr. að Fjármálaeftirlitið skuli fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Þá kemur fram í 1. mgr. 11. gr. laganna að Fjármálaeftirlitið geti lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Einnig er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leggja févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna. Ákvæði þessi hafa sérstaka þýðingu þegar eftirlitsskyldir aðilar hafa skirrst við að afhenda Fjármálaeftirlitinu þau gögn sem skylt er að afhenda. Hins vegar taka gildandi ákvæði um févíti einungis til eftirlitsskyldra aðila þegar þeir hafa ekki farið að ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði frumvarps þessa eru hins vegar mörg þess eðlis að ólíklegt má telja að ákært yrði fyrir brot gegn þeim einum. Hér má nefna sem dæmi skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um innherja, sbr. 1. mgr. 49. gr. frumvarpsins. Því er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota gegn 47.–51. gr. frumvarpsins. Hins vegar getur einnig verið brotið gegn 47.–51. gr. frumvarpsins í tengslum við önnur brot gegn lögunum. Eins og áður segir er Fjármálaeftirlitinu skylt að greina ríkislögreglustjóra frá brotum séu þau alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur að mati eftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Því er mögulegt að Fjármálaeftirlitið vísi málum áfram, án þess að leggja á stjórnvaldssektir, þar sem talið er að um meint brot gegn 47.–51. gr. frumvarpsins sé að ræða, ásamt fleiri brotum gegn lögunum. Því er nauðsynlegt að kveðið verði á um að brot gegn umræddum ákvæðum geti einnig varðað sektum í opinberum málum, sbr. 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins. Hafi hins vegar verið lagðar á stjórnvaldssektir af Fjármálaeftirlitinu koma þær til frádráttar í opinberu máli.

Ekki er talin ástæða til að víkja frá þeirri meginreglu laga að brot gegn sérlögum varði refsingu, óháð því hvort það er framið af ásetningi eða gáleysi, sbr. gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Því er gert ráð fyrir að brot gegn ákvæðum frumvarps þessa verði refsiverð hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Saknæmisstigið hafi hins vegar áhrif á refsiákvörðun samkvæmt almennum reglum refsiréttar.

Um 54. gr.

Í greininni er kveðið á um stjórnvaldssektir sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum 47.–51. gr. frumvarpsins um innherjaviðskipti. Ein og sér geta brot á þessum ákvæðum verið lítilvæg og því talið að eðlilegt sé að þeim sé lokið með stjórnsýslusekt. Vísað er til almennra athugasemda við þennan kafla um frekari rök fyrir stjórnvaldssektum í frumvarpinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um fjárhæðir stjórnvaldssekta. Um er að ræða sambærileg ákvæði og ákvæði um stjórnvaldssektir í 2. mgr. 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir megi skjóta til kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Mælt er fyrir um kærunefnd þessa í 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Kærufrestur er í samræmi við almennan kærufrest stjórnsýslulaga, sbr. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 55. gr.

Í greininni er kveðið á um að tiltekin brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum. Hér er um að ræða ákvæði laganna sem teljast mikilvæg, en þó ekki svo mikil grundvallarákvæði að eigi að leiða til fangelsisvistar. Vakin er athygli á því að ítrekuð brot gegn II. kafla laganna, sem mælir fyrir um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta, geta varðað sektum.

Um 56. gr.

Í greininni er kveðið á um að tiltekin brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum eða fangelsi allt að einu ári. Falla hér undir ýmis ákvæði frumvarpsins um almenn útboð verðbréfa og rannsóknarskyldu fruminnherja og fjárhagslega tengdra aðila. Talið er að ákvæði um almennt útboð verðbréfa séu það mikilvæg ákvæði sem varða grundvallarrétt fjárfesta til jafnræðis um upplýsingar að brot gegn þeim skuli varða fangelsi allt að einu ári.

Í 2. mgr. er kveðið á um að brot gegn ákvæði laganna um rannsóknarskyldu fruminnherja geti varðar eins árs fangelsi ef innherjaupplýsingar hafi legið fyrir hjá útgefanda þegar sinna átti rannsóknarskyldunni. Ákvæðið á einnig við ef um viðskipti fjárhagslega tengdra aðila er að ræða. Við gerð þessa ákvæðis var m.a. höfð hliðsjón af sambærilegu ákvæði norskra laga um verðbréfaviðskipti. Vakin er athygli á að brot gegn rannsóknarskyldu fruminnherja og fjárhaglega tengdra aðila (46. gr.) getur einnig varðar stjórnvaldssektum og skiptir í því sambandi ekki máli hvort innherjaupplýsingar hafi legið fyrir þegar rannsóknarskyldan var fyrir hendi.

Um 57. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að brot gegn ákvæðum frumvarpsins um markaðsmisnotkun skv. 41. gr., innherjaviðskipti skv. 44. gr. og milligöngu fjármálafyrirtækja skv. 2. mgr. 41. gr og 1. mgr. 45. gr. varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Með broti gegn framangreindum ákvæðum er vegið að grundvallarforsendum eðlilegs og heilbrigðs verðbréfamarkaðar og því trausti sem nauðsyn er á að þar ríki. Ef grandsamir starfsmenn fjármálafyrirtækja með starfsleyfi hafa milligöngu um slík viðskipti bregðast þeir trausti og kröfum um heiðarleika sem eðlilegt er að til þeirra séu gerðar. Því er talið eðlilegt að ströng viðurlög með sterk varnaðaráhrif séu við þessum brotum.

Um 58. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um refsiábyrgð fjármálafyrirtækja og annarra lögaðila. Þar sem brot gegn ákvæðum frumvarpsins geta bæði verið framin af fjármálafyrirtækjum og öðrum lögaðilum er refsiábyrgðin ekki einskorðuð við fjármálafyrirtæki. Má sem dæmi um brot annarra lögaðila en fjármálafyrirtækja nefna brot gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. um innherjasvik. Í II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila. Skv. 19. gr. a almennra hegningarlaga verður lögaðila gerð sekt ef lög mæla svo fyrir. Skv. 19. gr. c almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er refsiábyrgð lögaðila bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Ekki er talin þörf á að mæla á annan hátt fyrir í frumvarpi þessu.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að heimilt sé að gera upptækan beinan og óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum frumvarpsins. Í 2. mgr. 69. gr. gildandi verðbréfaviðskiptalaga er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan beinan og óbeinan hagnað sem

hlotist hefur með broti gegn ákvæðum V. kafla laganna sem fjallar um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun. Ljóst er að unnt er að hagnast á brotum gegn öðrum ákvæðum laganna og þykir ekki rétt að takmarka ákvæði um upptöku hagnaðar við ákvæði um innherjasvik og markaðsmisnotkun. Vakin er athygli á að samkvæmt ákvæðinu er heimilt að gera upptækan óbeinan hagnað af broti. Með því er átt við þá fjárhæð sem svarar til þess fjárhagslega tjóns sem viðkomandi tókst að forðast með broti.

Í 3. mgr. er ákvæði um tilraun og hlutdeild sem þarfnast ekki skýringa. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 69. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996.

Kveðið er á um í 4. mgr. að brot gegn lögunum varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Við skýringu refsiákvæða gildir það lögskýringarsjónarmið að allan vafa um skýringu þeirra skuli skýra sakborningi í vil. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 601/2001 frá 29. október 2001 var byggt á því sjónarmiði og talið að ásetningur væri skilyrði refsingar á brotum gegn ákvæðum laganna um innherjaviðskipti. Í ljósi þessa var talið rétt að taka af allan vafa í þessu efni í lögunum og ákvæði þessu bætt við lögin með 2. gr. laga nr. 39/2002.

Samkvæmt 5. mgr. skal sök samkvæmt ákvæðum kaflans fyrnast á fimm árum. Skv. 1. tölul. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal sök fyrnast á tveimur árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum. Skv. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga er fyrningarfrestur vegna refsiábyrgðar lögaðila hins vegar fimm ár. Talið er skynsamlegt að mæla fyrir um að refsibrot samkvæmt frumvarpi þessu fyrnist í öllum tilvikum á fimm árum þar sem þau koma oft ekki í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum og rannsókn þeirra er tímafrek.

Um 59. gr.

Almennt er kveðið á um það í tilskipunum að tilgreina skuli í lögum hvaða tilskipun þeim er ætlað að innleiða. Í grein þessari er kveðið á um hvaða tilskipanir frumvarpinu er ætlað að innleiða í samræmi við umrædd ákvæði í tilskipununum þar að lútandi.

Um 60. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistökudag og brottfallin lög. Gildistökudagur er í samræmi við frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um 61. gr.

Þar sem ákvæði laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, um yfirtökutilboð og flöggun eru í frumvarpi þessu er gerð sú tillaga að þau ákvæði verði felld úr gildandi kauphallarlögum. Ekki er gert ráð fyrir að greinatala breytist samkvæmt því. Þá er gerð breyting á 2. gr. laganna til samræmis við 2. gr. frumvarps þessa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Efnislega samhljóða ákvæði við ákvæði þetta var áður í 2. mgr. 19. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998. Var það upphaflega lögfest þar sem reglur um yfirtökutilboð voru nýmæli hér á landi. Eðlilegt þótti því að við setningu þeirra laga væri tekið tillit til þess og aðilum, sem ekki hafði verið gert skylt að hlíta reglum um yfirtökutilboð, væri gefið svigrúm til þess að halda áfram viðskiptum með hlutabréf sín í kauphöll. Í 2. mgr. 19. gr. var miðað við gildistöku laga 34/1998 sem var við birtingu þeirra eða 21. apríl 1998. Því er það tímamark tilgreint í ákvæðinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti.

Í frumvarpinu er gerð tillaga að heildarlöggjöf sem hefur að geyma reglur um réttindi og skyldur í verðbréfaviðskiptum. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki þar sem einnig er gerð tillaga að heildarlöggjöf um fjármálafyrirtæki.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

384. Frumvarp til laga [348. mál]

um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (rafræn stjórnsýsla).

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli er verður IX. kafli og nefnist: **Rafræn meðferð stjórnsýslumála.** IX. kafli laganna verður eftirleiðis X. kafli og 35. gr. og 36. gr. verða eftirleiðis 41. gr. og 42. gr.

2. gr.

35. gr. laganna hljóðar svo:

Heimild til rafrænnar meðferðar máls.

Stjórnvald ákveður hvort boðið verður upp á þann valkost að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls. Þær kröfur, sem vél- og hugbúnaður aðila þarf að fullnægja svo að meðferð máls geti farið fram með rafrænum hætti, skulu vera honum aðgengilegar við upphaf máls og skal stjórnvald vekja athygli hans á þeim eftir því sem ástæða er til. Haga skal þessum kröfum með það fyrir augum að búnaður sem flestra nýtist.

Stjórnvald, sem ákveður að nýta heimild skv. 1. mgr., skal nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls óski aðili þess sérstaklega. Hið sama gildir þegar aðili hefur að fyrra bragði notað þann búnað til rafrænna samskipta við stjórnvald sem það hefur auglýst á vefsíðu sinni að standi til boða í slíkum samskiptum.

Stjórnvald getur ákveðið hvaða kröfum gögn, sem það móttekur með rafrænum hætti, þurfa að fullnægja. Stjórnvald getur meðal annars áskilið að gögn, sem það móttekur, skuli sett fram á sérstökum rafrænum eyðublöðum. Skal þá veita staðlaðar leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðsins og þær kröfur sem stjórnvald gerir.

3. gr.

36. gr. laganna hljóðar svo:

Formkröfur.

Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn til aðila máls eða stjórnvalds séu skrifleg skulu gögn á rafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði, enda

séu þau tæknilega aðgengileg móttakanda þannig að hann geti kynnt sér efni þeirra, varðveitt þau og framvísað þeim síðar.

4. gr.

37. gr. laganna hljóðar svo:

Frumrit og afrit.

Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að skjal skuli vera í frumriti skulu gögn á rafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði ef tryggt er að gögnin séu óbreytt frá upprunalegri gerð. Þetta á þó ekki við um viðskiptabréf eða önnur bréf þar sem fjárhagsleg réttindi eru bundin við handhöfn bréfsins.

Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn séu lögð fram í fleiri en einu eintaki skulu gögn á rafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði.

5. gr.

38. gr. laganna hljóðar svo:

Rafrænar undirskriftir.

Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn frá aðila eða stjórnvaldi séu undirrituð er stjórnvaldi heimilt að ákveða að rafræn undirskrift komi í stað eiginhandarundirskriftar, enda tryggi rafræna undirskriftin með sambærilegum hætti og eiginhandarundirskrift persónulega staðfestingu þess sem gögnin stafa frá. Fullgild rafræn undirskrift samkvæmt lögum um rafrænar undirskriftir skal ætíð teljast fullnægja áskilnaði laga um undirskrift.

Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn eða tiltekin atriði þeirra séu vottuð telst slíkum áskilnaði fullnægt með vottorði rafrænnar undirskriftar skv. 1. mgr. sem staðfestir þau atriði sem krafist er að séu vottuð.

Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja ekki að gögn frá aðila eða stjórnvaldi séu undirrituð er stjórnvaldi heimilt að ákveða að aðrar aðferðir en rafrænar undirskriftir megi nota við staðfestingu rafrænna gagna.

6. gr.

39. gr. laganna hljóðar svo:

Rafræn málsmeðferð.

Stjórnvaldsákvörðun eða önnur gögn á rafrænu formi teljast birt aðila þegar hann á þess kost að kynna sér efni þeirra. Aðili máls ber ábyrgð á því að vél- og hugbúnaður hans fullnægi þeim kröfum sem til hans eru gerðar, sbr. 1. mgr. 35. gr., og nauðsynlegar eru svo að hann geti kynnt sér efni stjórnvaldsákvörðunar eða annarra gagna sem stjórnvald sendir honum á rafrænu formi.

Erindi eða önnur gögn teljast komin til stjórnvalds þegar það á þess kost að kynna sér efni þeirra. Stjórnvald skal að eigin frumkvæði staðfesta að því hafi borist gögn, eftir því sem unnt er.

Þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að stjórnvöld birti aðila gögn með sannanlegum hætti telst slíkum áskilnaði fullnægt með notkun rafræns búnaðar sem staðfestir að gögn séu komin til aðila.

7. gr.

40. gr. laganna hljóðar svo:

Varðveisla rafrænna gagna.

Stjórnvald skal varðveita rafræn gögn þannig að unnt sé að sannreyna efni og uppruna þeirra síðar með aðgengilegum hætti.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin markaði sér þegar á miðjum síðasta áratug framsækna stefnu um málefni upplýsingasamfélagsins undir því metnaðarfulla formerki að „Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar". Enda þótt upplýsingatækni hefði þá lengi verið nýtt í þágu hins opinbera hafði samræmd stefnumótun um þróun upplýsingasamfélagsins ekki farið fram. Þá var af hálfu stjórnvalda efnt til víðtæks samráðs um stefnumótun á þessu sviði, sem lauk með útgáfu ritsins „Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um málefni upplýsingasamfélagsins" í október 1996. Meðal markmiða hennar var að endurskoða löggjöf, reglur og vinnubrögð stjórnsýslunnar með tilliti til upplýsingatækni í því skyni að örva tæknilegar framfarir og gera upplýsingar aðgengilegar almenningi án tillits til efnahags og búsetu. Jafnframt var sérstök áhersla lögð á að hugað yrði að nýtingu upplýsingatækninnar við miðlun opinberra upplýsinga og öll upplýsingakerfi ríkisstofnana gerð þannig úr garði að hægt yrði að sækja þangað upplýsingar um lög, reglur, réttindi, skyldur o.þ.h. um tölvunet og enn fremur hægt að reka erindi sín, fylgjast með framgangi mikilvægra mála og fá alla þá þjónustu sem mögulegt væri að veita með þessum hætti.

Niðurstöður kannana benda til að þjóðin hafi ekki síður en stjórnvöld tileinkað sér framsækið hugarfar gagnvart hinni nýju tækni og fært sér hana í ríkum mæli í nyt. Tölvueign og netnotkun landsmanna er með því mesta sem þekkist í heiminum og fer stöðugt vaxandi. Öll ytri skilyrði virðast því vera til að hagnýta upplýsingatæknina á markvissan hátt í þágu almennings og a.m.k. er full ástæða til að stjórnvöld setji sér háleit markmið í því skyni.

Segja má að stjórnvöld hafi fyrst í stað nálgast þessi markmið eftir tveimur leiðum. Annars vegar hafa stjórnvöld unnið að því að koma sér upp heimasíðum eða vefsetrum á netinu til að miðla þar ýmsum þeim upplýsingum sem stjórnvöld miðla almenningi að eigin frumkvæði. Uppsetning heimasíðna hefur gengið vel og flestar stofnanir eru komnar með slíkar síður. Sama er að segja um viðhald þeirra yfirleitt, sérstaklega hjá stærri stofnunum sem hafa á að skipa mannskap til slíkra verkefna. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að miðla hagnýtum upplýsingum á netinu og veita almenningi á þennan hátt aðgang að ýmsum gagnabönkum. Þannig hafa þjóðskrá, lagasafnið og þingtíðindi t.d. verið aðgengileg á netinu um nokkra hríð og nýlega var miðlægur gagnagrunnur um réttarheimildir opnaður á netinu þar sem almenningi eru gerð aðgengileg á einum stað öll lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, fjölþjóðlegir samningar, dómar og fullnaðarúrskurðir stjórnvalda, sem hafa almennt gildi eða eru fordæmisskapandi.

Hins vegar hefur verið hugað að ýmsu því er snýr að innri uppbyggingu og starfsemi stjórnvalda inn á við. Þannig hefur verið lögð áhersla á að samræma eins og kostur er hugbúnað, vélbúnað og vinnubrögð innan stjórnsýslunnar, m.a. til að auðvelda rafræn samskipti. Í því skyni hefur m.a. verið unnið að þróun hugbúnaðar fyrir rafræna skjalastjórn stjórnvalda með það fyrir augum að stjórnsýslan verði í fyllingu tímans undir það búin að hverfa í áföngum úr pappírsbundnu í rafrænt umhverfi, þar á meðal til að skila gögnum sínum til

Þjóðskjalasafns í rafrænu formi. Víðast hvar er þó enn þá keyrt á tvöföldu kerfi. Jafnframt gefur þessi hugbúnaður ýmsa möguleika á að rísa með skilvirkari hætti undir þeim kröfum sem gerðar eru til málsmeðferðar stjórnvalda, m.a. með tilliti til eftirlits með málshraða, veitingar aðgangs að upplýsingum og almennt til að haga skjalastjórn með þeim hætti að upplýsingar séu varðveittar á aðgengilegan hátt.

Þá hafa stjórnvöld almennt tekið tölvu- eða rafpóst í sína þjónustu og bjóða almenningi að nálgast sig með þeim hætti, bæði á bréfsefni sínu og á heimasíðum. Á einstökum sviðum stjórnsýslunnar býðst almenningi jafnframt að skila inn upplýsingum með rafrænum hætti, svo sem tollskýrslum og skattskýrslum. Gagnvirk rafræn samskipti stjórnvalda við aðila stjórnsýslumáls eru þó enn á byrjunarreit og afgreiðslu mála verður yfirleitt ekki lokið með rafrænum hætti enn sem komið er. Á almennum markaði er almenningi hins vegar í auknum mæli boðið upp á rafræna þjónustu, svo sem í viðskiptum við bankana, netverslun o.fl.

Persónuleg tengsl borgaranna við stjórnvöld hafa löngum verið sérkenni á íslenskri stjórnsýslu og almenningur hefur átt tiltölulega greiðan aðgang jafnvel að æðstu ráðamönnum. Enda þótt hætt sé við að þessi persónulegi þáttur tapist í rafrænum samskiptum, er vaxandi þrýstingur á að stjórnvöld bjóði í auknum mæli upp á rafræna þjónustu og taki jafnvel frumkvæði í að móta reglur um samskipti með þeim hætti. Næstu skref sem stjórnsýslan þarf að taka á upplýsingahraðbrautinni má þess vegna ætla að felist í að koma gagnvirkum rafrænum samskiptum við borgarana í viðunandi farveg og vinna úr þeim lagalegu og tæknilegu vandamálum sem við blasa í því sambandi.

Skipun og verkefni nefndar um rafræna stjórnsýslu.

Ríkisstjórnin hefur nýlega skilgreint rafræn viðskipti og rafræna stjórnsýslu sem fjórða forgangsverkefni í framkvæmd stefnu sinnar um málefni upplýsingasamfélagsins. Í því felst m.a. að búa upplýsingakerfi stjórnvalda þannig úr garði, að gagnvirk rafræn samskipti almennings og stjórnvalda fullnægi þeim kröfum sem starfsskilyrði hins opinbera gera til málsmeðferðar stjórnvalda. Hefðbundin málsmeðferð stjórnvalda hefur þó lengst af verið og er enn að stærstum hluta pappírsbundin og reglur um starfshætti þeirra miðast við það. Í ljósi þess að rafræn meðferð og afgreiðsla mála í stjórnsýslunni – rafræn stjórnsýsla – hlýtur þannig að fela í sér töluverðar breytingar á hefðbundnum starfsháttum stjórnvalda taldi forsætisráðherra nauðsynlegt að farið yrði með skipulegum hætti yfir, hvaða lagalegu hindranir kynnu að standa því í vegi og hvaða lagalega umhverfi væri almennt æskilegt að búa rafrænni stjórnsýslu til framtíðar.

Í þessu skyni skipaði forsætisráðherra hinn 7. nóvember 2000 nefnd til að kanna hvort og þá eftir atvikum hvaða lagabreytinga væri þörf til að stjórnsýslan gæti áfram þróast rafrænt á æskilegan hátt. Í nefndina voru skipaðir lögfræðingarnir Páll Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem jafnframt var formaður, Skúli Magnússon, lektor við sömu deild háskólans, og Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu. Nefndinni var í starfi sínu falið að kynna sér hvaða leiðir hefðu verið farnar annars staðar á Norðurlöndum í sama skyni og undirbúa þær lagabreytingar, sem hún teldi nauðsynlegar. Áhersla var þó lögð á, að slíkar breytingar fælu eingöngu í sér þær lágmarkskröfur, sem rétt þætti að gera, þannig að stjórnsýslan gæti óheft þróast innan þess ramma eftir því sem tækni fleygir fram og efni og aðstæður leyfa. Nefndin naut aðstoðar Gunnars Þórs Þórarinssonar hdl. og Halldórs Guðjónssonar dósents við afmarkaða þætti starfs síns.

Drög að skýrslu og tillögum nefndarinnar lágu fyrir síðastliðið sumar og voru þá send til allra ráðuneyta og ýmissa félaga og fyrirtækja, sem láta sig upplýsingatækni varða, til umsagnar. Jafnframt var því beint til ráðuneytanna að leita eftir umsögn um málið hjá þeim

stofnunum, sem undir þau heyra og þau teldu að málið ætti erindi við. Umsagnir bárust frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum, samgönguráðuneyti, Ferðamálaráði Íslands, Flugmálastjórn Íslands, Geislavörnum ríkisins, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Lyfjastofnun, Löggildingarstofu, málaskrárnefnd stjórnarráðsins, Persónuvernd, Póst- og fjarskiptastofnun, ríkisskattstjóra, Siglingastofnun Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Tryggingastofnun ríkisins, Vegagerðinni, verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið, Þjóðskjalasafni Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Icepro – nefnd um rafræn viðskipti og Skýrr hf. Nefndin hafði þau sjónarmið sem fram komu í umsögnum þessara aðila til hliðsjónar við lokafrágang skýrslunnar, sem skilað var til forsætisráðherra hinn 10. október 2002, ásamt tillögum um úrlausn þeirra lagalegu álitaefna, sem skýrslan fjallar um. Á grundvelli þessara tillagna samdi nefndin jafnframt frumvarp það, sem hér liggur fyrir, en athugasemdir við það eru í öllum meginatriðum byggðar á skýrslu nefndarinnar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við stjórnsýslulögin verði aukið sérstökum kafla þar sem lýst er þeim lágmarkskröfum, sem nefndin er einhuga um að gera verði til rafrænnar málsmeðferðar í stjórnsýslunni. Er það álit nefndarinnar að með slíkri viðbót við stjórnsýslulögin sé rutt úr vegi þeim lagalegu hindrunum sem almennt kunna að standa þróun rafrænna stjórnsýsluhátta í vegi og lagður sá grunnur sem nauðsynlegt er að stjórnsýslan byggi á til framtíðar. Áherslu ber þó að leggja á að tillögur þessar varða eingöngu veginn að lagalegri úrlausn þeirra viðfangsefna sem við er að eiga á þessu sviði, en leysa ekki úr þeim öllum í eitt skipti fyrir öll. Frekari lagabreytingar kunna því að vera nauðsynlegar á einstökum sviðum stjórnsýslunnar. Einnig er vert að vekja á því athygli, að verkefni tengd upptöku rafrænna stjórnsýsluhátta eru ekki eingöngu lagalegs eðlis. Auk þeirra tæknilegu úrlausnarefna sem við blasa útheimtir rafræn málsmeðferð að farið sé yfir hjá hverju stjórnvaldi um sig hvernig hin nýja tækni fellur að því skipulagi, boðleiðum og verkferlum, sem fyrir eru, og hvaða breytingar kunni að vera nauðsynlegt að gera þar á. Eðli máls samkvæmt verður ekki fjallað um tæknilegar hliðar málsins hér. Á hinn bóginn er stuttlega vikið að álitaefnum tengdum verklagi og skipulagi í starfsháttum stjórnvalda, sem fjalla þarf um, ýmist á hverjum stað um sig eða í stærra samhengi, áður en rafrænir stjórnsýsluhættir eru teknir upp.

Hvað er rafræn stjórnsýsla?

Stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga svarar til þess hluta af starfsemi hins opinbera sem heyrir undir framkvæmdarvaldið samkvæmt þeirri þrískiptingu ríkisvalds sem 2. gr. stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir og 1. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, tekur til. Hugtakið *stjórnsýsla* er í þessari merkingu notað sem samheiti yfir alla þá margvíslegu starfsemi sem stjórnvöld hafa með höndum, stundum nefnd stjórnsýsla í *rýmri merkingu*. Stjórnsýsla í *þrengri merkingu* eða *efnismerkingu* skírskotar þá til þess hluta af starfsemi hins opinbera þegar stjórnvöld koma fram í skjóli opinbers valds og kveða einhliða á um réttindi eða skyldur manna, hvort heldur einstaklinga eða lögaðila. Gildissvið stjórnsýslulaga hefur að meginstefnu til verið bundið við þennan hluta verkefna stjórnsýslunnar, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga, enda þótt flest ákvæði þeirra byggist á meginreglum sem í eðli sínu hafa mun víðtækari skírskotun en gildissvið laganna segir til um. Stjórnvöldum eru hins vegar jafnframt falin ýmis önnur viðfangsefni en eiginleg stjórnsýsla í þrengri merkingu þess orðs og reyndar svo mörg og margvísleg að samnefnari þeirra felst einkum í þeirri afmörkun sem liggur í neikvæðri skilgreiningu á gildissviði stjórnsýslulaga. Sá hluti starfsemi stjórnvalda, sem ekki miðar að því að koma á ákveðnu réttarástandi, heldur einkennist fremur af því að veita

tiltekna þjónustu, svo sem félagslega aðstoð, kennslu og heilsugæslu, má því til aðgreiningar frá stjórnsýslu í efnismerkingu nefna *þjónustustarfsemi hins opinbera.* Eins og fram hefur komið hefur upplýsingatæknin fram til þessa einkum nýst stjórnvöldum á sviði ýmiss konar þjónustustarfsemi.

Hér verður fyrst og fremst fjallað um hvað þurfi til að koma svo að stjórnvöld geti tekið upp rafræna starfshætti við framkvæmd þeirra verkefna, sem teljast til stjórnsýslu í þrengri merkingu, enda eru flest lögfræðileg álitaefni í þessu sambandi tengd meðferð slíkra mála. Úrlausn þeirra getur þó hæglega nýst stjórnvöldum í öðru tilliti en við meðferð opinbers valds eingöngu.

1. Upplýsingatækni og rafræn miðlun upplýsinga.

Upplýsingatækni (e. information technology) er víðtækt heiti sem vísar til vinnslu, geymslu og miðlunar upplýsinga. Ástæða er til þess að greina á milli upplýsingatækni og rafrænnar miðlunar upplýsinga. Ýmsum upplýsingum er miðlað með rafboðum án þess að til staðar sé nokkur vinnsla eða möguleiki á geymslu upplýsinganna á rafrænu formi. Undir rafræna miðlun upplýsinga í þessum skilningi falla því fjölmargir miðlar, svo sem talsímar, símritar, símsendar, símboðar og aðrir miðlar sem nýta rafboð til samskipta. Upplýsingatækni vísar hins vegar almennt til tækja sem gera einnig einhvers konar vinnslu og geymslu upplýsinga mögulega, en sú tækni er almennt kennd við tölvur.

Tölvur eiga það sameiginlegt að þær setja upplýsingar fram sem mynstur úr rafhleðslum og eyðum sem hægt er að setja fram stafrænt í tvítölukerfi (þ.e. með tölustöfunum 0 og 1). Þessum upplýsingum má miðla frá einni tölvu til annarrar sem rafboðum sem berast eftir línum í jörð eða í lofti. Í sumum tilvikum styðst sending upplýsinga frá einni tölvu til annarrar við önnur fjarskiptatæki, t.d. talsíma með aðstoð mótalds. Í öðrum tilvikum er tölva tengd beint við fjarskiptanet sem getur stuðst við leiðslur í jörð eða þráðlaus fjarskipti. Upplýsingum má oft einnig miðla með öðrum hætti en rafboðum, t.d. með strikamerkjum eða gataspjöldum, þótt það síðarnefnda hafi nú að mestu lagst af. Í slíkum tilvikum er því hvorki um eiginlega rafræna geymslu né miðlun upplýsinga að ræða jafnvel þótt vinnsla upplýsinganna styðjist við upplýsingatækni.

Rafræn miðlun upplýsinga getur stuðst við gagnaflutningsnet, ýmist opin eða lokuð. Hjá mörgum stofnunum eru til dæmis fyrir hendi staðbundin tölvunet (e. intranet) sem tengja saman allar tölvur stofnunar, stundum þannig að tölvur starfsmanna (útstöðvar) eru tengdar stærri tölvu (e. server) sem hefur að geyma ýmis forrit og gögn til sameiginlegra nota, auk þess að varðveita upplýsingar til lengri tíma. Einnig er hægt að tengja saman tölvur fleiri stofnana og annarra aðila í lokuðu kerfi, t.d. með sérstökum gagnaflutningslínum, svo sem ljósleiðurum, eða jafnvel með þráðlausum samskiptum. Lokuð kerfi geta haft ýmsa kosti í för með sér með tilliti til öryggis. Lokað gagnaflutningskerfi getur þannig sem slíkt tryggt nægilega að óviðkomandi aðilar geti hvorki sent gögn í kerfinu né breytt þeim gögnum sem þar eru send. Svonefndar skjalasendingar milli tölva (skammstafað SMT, e. electronic data interchange eða EDI), sem felur í sér sendingu upplýsinga samkvæmt fyrir fram ákveðnum staðli, styðjast oft við sérstakar gagnaflutningslínur í lokuðu kerfi. Eins og síðar greinir hafa íslensk tollyfirvöld sinnt tollafgreiðslu á grundvelli SMT-tækni um nokkurt skeið.

Rafræn miðlun upplýsinga getur einnig farið fram í opnum kerfum, þ.e. kerfum sem hver sem er hefur aðgang að með réttum vél- og hugbúnaði. Best þekkt þessara kerfa er netið (e. the Internet). Netið greinist í marga hluta sem hver um sig hefur ákveðna eiginleika. Best þekktu hlutar netsins eru eflaust vefurinn (e. the World Wide Web) og tölvupósturinn (e.

e-mail). Til netsins heyrir hins vegar einnig *Telnet* sem gerir aðgerðir á aðra tölvu mögulega um netið og svokallaðar spjallrásir (e. internet relay chat).

Tölvutækar upplýsingar eru með viðeigandi vél- og hugbúnaði jafnan aðgengilegar t.d. sem texti, myndir eða hljóð. Þótt tölvutæknin sé *stafræn* (e. digital) að því leyti að hægt er að setja tölvutækar upplýsingar fram í tvítölukerfi þykir henni þó betur lýst sem *rafrænni*. Heitið rafræn miðlun upplýsinga nær einnig til rafrænna miðla, sem ekki þurfa nauðsynlega að vera stafrænir, svo sem talsíma. Verður heitið rafræn upplýsingamiðlun notað í eftirfarandi umfjöllun sem samheiti yfir hvers konar miðlun upplýsinga með rafboðum, hvort heldur upplýsingarnar eru tölvutækar eða ekki.

2. Rafræn stjórnsýsla og rafræn meðferð stjórnsýslumála.

Stjórnsýslan hefur einkum stuðst við tvenns konar aðferðir í samskiptum innbyrðis og við borgarana. Annars vegar hafa samskipti farið fram í töluðu máli frá manni til manns. Hins vegar hafa samskipti átt sér stað bréflega þannig að rituð skjöl hafa verið send á milli manna. Fullyrða má að hvers konar formleg samskipti stjórnvalda og aðila stjórnsýslumáls hafi jafnan farið fram með síðargreinda hættinum. Þannig hafa erindi til stjórnsýslunnar og afgreiðsla þeirra iðulega verið skrifleg eða bréfleg.

Rafræn upplýsingatækni getur nýst stjórnsýslunni með ýmsum hætti. Ýmsar athafnir stjórnvalda hafa um alllangt skeið verið undirbúnar með rafrænum hætti, t.d. á þann hátt að rituð skjöl hafa verið sett upp og samin á einkatölvu með aðstoð ritvinnsluforrita eða útreikningar unnir með aðstoð töflureikna. Skjölin hafa þó almennt verið prentuð og lögð til grundvallar sem skrifleg gögn við meðferð máls og geymslu. Jafnvel þótt notkun rafrænnar upplýsingatækni sé því almenn innan stjórnsýslunnar hefur hún þó lítt verið tengd miðlun og vörslu upplýsinga. Má segja að rafræn miðlun upplýsinga hafi enn sem komið er mest verið nýtt til óformlegra samskipta og ekki komið í stað formlegra bréflegra samskipta stjórnvalda sín á milli og við málsaðila.

Á undanförnum árum hefur þó færst í vöxt að vista skipulega tölvutæk skjöl og önnur gögn á rafrænan hátt, t.d. á lausum og hörðum diskum. Þá hefur einnig færst í vöxt að stjórnvöldum berist erindi eftir rafrænum leiðum, enda bjóða þau mörg almenningi að nálgast sig á þann hátt. Ýmsar upplýsingar og þjónusta, sem stjórnvöld veita almenningi, hafa einnig verið veittar með rafrænum hætti, einkum með upplýsingaveitum á vefnum. Í þessu sambandi má t.d. nefna vef stjórnarráðsins, þar sem miðlað er margvíslegum upplýsingum almenns eðlis. Enn fremur vef Alþingis þar sem er að finna ýmsar upplýsingar um störf þingsins og framgang mála, þar á meðal lagasafn. Þá hefur mjög færst í vöxt að starfsmenn stjórnsýslunnar noti rafpóst eða tölvupóst til óformlegra samskipta sín á milli sem og við þá sem til stjórnsýslunnar leita.

Þróun rafrænnar upplýsingatækni hefur aukið til muna möguleika á notkun rafrænnar miðlunar upplýsinga við meðferð stjórnsýslumála. Með öðrum orðum má fullyrða að mögulegt sé að láta rafræna miðlun upplýsinga koma í stað þeirra samskiptaaðferða sem tíðkast hafa við meðferð stjórnsýslumála án þess að slakað sé á þeim kröfum sem almennt eru gerðar til stjórnsýslunnar. Hér verður þó aðeins fjallað um það hvort og hvernig rafræn miðlun upplýsinga getur komið í stað hefðbundinna aðferða við meðferð einstakra mála. Ekki verður því fjallað sérstaklega um miðlun upplýsinga án tengsla við tiltekið stjórnsýslumál, svo sem um almenna upplýsingagjöf stjórnvalda á vefnum, birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla og ýmsa þjónustu, sem veita má á rafrænan hátt.

3. Rafræn meðferð stjórnsýslumáls.

Meðferð stjórnsýslumáls lýkur oftast með stjórnvaldsákvörðun. Öll meðferð slíkra mála lýtur því stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Tæknilega getur rafræn miðlun upplýsinga komið til á hvaða stigi málsmeðferðar sem er. Stjórnsýslumál getur hafist með því að aðili stjórnsýslumáls sendi stjórnvaldi erindi með aðstoð rafræns miðils eða stjórnvaldið sjálft hefji meðferð máls að eigin frumkvæði á slíkan hátt, t.d. með tilkynningu sem send er rafrænt til þess sem málið varðar. Þá geta samskipti undir meðferð málsins sjálfs stuðst við rafræna miðla, svo sem tilkynningar, upplýsingagjöf og leiðbeiningar stjórnvalds til aðila og svör aðilans til stjórnvaldsins. Stundum kann jafnvel að vera mögulegt að stjórnvald taki ákvörðun sína sjálfkrafa með aðstoð rafrænna miðla, en forsenda fyrir því að slík vinnsla þjóni tilgangi mundi oftast vera sú að erindi berist stjórnvaldinu rafrænt og á ákveðnu formi og skilyrði til ákvörðunartöku séu öll formbundin. Birting ákvörðunar og veiting rökstuðnings og kæruleiðbeininga geta einnig farið fram með rafrænum hætti. Loks má varðveita öll málsgögn á rafrænan hátt og miðla þeim rafrænt til annarra aðila.

Samkvæmt framangreindu getur rafræn miðlun upplýsinga nýst með ýmsum hætti við meðferð stjórnsýslumáls allt frá upphafi til enda. Hægt er að hugsa sér að meðferð stjórnsýslumáls fari á öllum stigum fram með aðstoð rafrænna miðla og rafræn gögn málsins séu síðan eingöngu varðveitt á rafrænu formi. Á hinn bóginn er einnig hægt að hugsa sér að meðferð stjórnsýslumáls styðjist við blandaða tækni og þá aðeins stuðst við rafræna miðla að hluta en formleg samskipti og varsla gagna verði áfram pappírsbundin.

Þeir miðlar sem koma við sögu við rafræna meðferð stjórnsýslumáls geta verið margvíslegir. Í þessu sambandi hafa þó fyrst og fremst tölvur og tölvutækni hagnýtt gildi vegna þess að tölvutæk gögn geta komið í stað ritaðra skjala og gegnt sama hlutverki og þau, eins og nánar ræðir síðar. Þótt rafræn miðlun sé ekki bundin við miðlun tölvutækra gagna er það þó einkum slík miðlun sem til greina kemur við formlega meðferð stjórnsýslumála.

4. Sjálfvirk meðferð stjórnsýslumála.

Hér að framan var rafræn meðferð stjórnsýslumáls skilgreind sem meðferð máls þar sem samskipti stjórnvalds og aðila fara fram með rafrænni miðlun upplýsinga í stað t.d. bréflegra samskipta. Rafræna meðferð stjórnsýslumáls verður að greina frá sjálfvirkri meðferð stjórnsýslumáls. Með sjálfvirkri meðferð stjórnsýslumáls er átt við að stjórnvaldsákvörðun sé tekin samkvæmt fyrir fram ákveðnu verklagi, t.d. þannig að ákveðinn vél- og hugbúnaður sé forritaður þannig að umsóknir sem fullnægja ákveðnum skilyrðum séu afgreiddar viðstöðulaust. Sjálfvirk afgreiðsla á þó vitaskuld ekki við nema þegar lagaskilyrði til töku ákvörðunar eru svo fastmótuð og nákvæm að ekkert mat þarf að fara fram. Í tengslum við sjálfvirka meðferð stjórnsýslumáls má nefna skjalasendingar með tölvum (SMT eða e. EDI), en með því er átt við rafrænan flutning gagna frá einni tölvu til annarrar samkvæmt fyrir fram ákveðnum staðli þannig að hin fluttu gögn eru í tilteknu formi og tilbúin til sjálfvirkrar vinnslu. Sjálfvirk meðferð stjórnsýslumáls er hins vegar ekki takmörkuð við SMT heldur getur hún einnig átt sér stað með hugbúnaði sem stjórnvöld gera aðgengilegan borgurunum, t.d. á vefnum. Er þá stöðlun upplýsinganna falin í því að stjórnvöld koma upp eyðublöðum á rafrænu formi sem aðili getur fyllt út og komið til stjórnvalds.

Rafræn upplýsingatækni gefur ýmsa möguleika á sjálfvirkri meðferð stjórnsýslumála, ef lagaheimildir til töku ákvörðunar eru svo fastmótaðar að sjálfvirkni verði komið við. Rafræn meðferð stjórnsýslumáls getur hins vegar farið fram hvort heldur sem meðferð og afgreiðsla mála er sjálfvirk eða ekki. Að uppfylltum lagaskilyrðum snúa álitamál um sjálfvirka afgreiðslu stjórnsýslumála því einkum að tæknilegum og skipulagslegum atriðum. Fáar sér-

reglur virðist því þurfa um sjálfvirka meðferð stjórnsýslumála, ef staða rafrænnar miðlunar upplýsinga er gerð jafngild bréflegum samskiptum.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að af 22. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, verður ráðið, að sá, sem ákvörðun beinist að, geti krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðu, ef hún byggist að öllu leyti á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, enda sé um að ræða ákvörðun er markar rétt eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga. Í rökstuðningi ber ábyrgðaraðila að gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðun til grundvallar.

5. Rafræn eyðublöð.

Með rafrænum eyðublöðum er í grófum dráttum átt við hugbúnað sem gerir borgurunum kleift að senda stjórnvöldum erindi í stöðluðu formi með rafrænum hætti. Rafræn eyðublöð hafa einkum þýðingu við notkun á opnum kerfum, t.d. netinu. Rafrænt eyðublað á netinu mundi að öðru jöfnu vera á vefsíðu stjórnvalds og leyfa gagnvirk samskipti notanda og stjórnvaldsins í ákveðnu formi. Rafræn eyðublöð eru þegar notuð hér á landi af skattyfirvöldum í tengslum við framtalsgerð, auk þess sem tollyfirvöld hafa tekið upp rafræn eyðublöð fyrir tollafgreiðslu á grundvelli reglugerðar nr. 858/2000, um SMT tollafgreiðslu.

6. Núverandi notkun rafrænnar miðlunar upplýsinga við meðferð stjórnsýslumála.

Engin formleg rannsókn hefur farið fram á þeirri tækni sem notuð er við meðferð stjórnsýslumála í dag. Allt að einu þykir óhætt að fullyrða að notkun rafrænna miðla við meðferð stjórnsýslumála sé að meginstefnu takmörkuð við óformleg samskipti stjórnvalds við aðila stjórnsýslumáls. Formleg samskipti, svo sem erindi aðila eða tilkynningar stjórnvalda, munu hins vegar enn sem komið er aðallega fara fram á grundvelli bréfa eða annarra skriflegra gagna. Frá þessu eru þó nokkrar undantekningar sem vert þykir að nefna.

Á vegum tollyfirvalda hefur á undanförnum árum verið unnið ötullega að því að nýta rafræna miðla við sendingu, móttöku og vinnslu aðflutningsskýrslna og tollafgreiðslu. Notast hefur verið við skjalasendingar með tölvum (SMT) og voru gerðar ýmsar breytingar á tollalögum, nr. 55/1987, með lögum nr. 69/1996 til þess að styrkja lagagrundvöll þessara stjórnsýsluhátta. SMT-sendingar hafa annars vegar farið fram með því að innflytjandi skilaði rammaskeyti til tollyfirvalda, en hins vegar hefur verið unnt að senda gögn beint á lokuðu gagnaflutningsneti. Með reglugerð nr. 858/2000, um SMT tollafgreiðslu, varð heimilt að senda gögn á vefnum með því að nota rafræn eyðublöð á heimasíðu tollyfirvalda. Samkvæmt framangreindu geta innflytjendur nú sótt um og fengið tollafgreiðslu með rafrænum hætti, hvort heldur er á lokuðu eða opnu kerfi (netinu), en í síðara tilvikinu er notuð rafræn undirskrift. Á vegum skattyfirvalda hefur á undanförnum árum verið unnið að því að gera kleift að skila skattframtölum og ársreikningum með rafrænum hætti á heimasíðu skattyfirvalda auk þess sem lestur og vinnsla skattframtala fer að verulegu leyti fram með aðstoð rafrænna miðla. Að lokum skal nefnt að færst hefur í vöxt að gögn séu vistuð með rafrænum hætti, meðal annars þannig að pappírsskjöl séu sérstaklega skönnuð í þeim tilgangi. Hefur stjórnarráðið meðal annars unnið að slíkri vistun skjala, án þess þó að hún hafi komið að fullu í stað geymslu skriflegra skjala.

Að frátöldum framangreindum dæmum fer meðferð stjórnsýslumála almennt ekki fram með rafrænni upplýsingamiðlun. Virðist í þessu sambandi ekki ráða úrslitum að nettengdur tölvubúnaður er útbreiddur í stjórnsýslunni sem og kunnátta við notkun hans. Ástæður þess að rafræn upplýsingatækni er aðeins nýtt í takmörkuðum mæli við eiginlega meðferð stjórnsýslumála eru án efa fjölþættar. Þó má leiða að því líkur að ýmis tæknileg atriði standi því

í vegi, svo sem erfiðleikar við að tryggja staðfestingar á efni, undirskrift og móttöku rafrænna gagna í samanburði við skrifleg gögn. Um þetta atriði verður ekki fjallað sérstaklega hér. Hins vegar er það sérstakt athugunarefni hvort gildandi lög séu því til fyrirstöðu að rafræn upplýsingamiðlun sé notuð við rafræna meðferð stjórnsýslumála. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að jafnvel þótt gildandi lög séu því ekki til fyrirstöðu að rafræn upplýsingatækni sé notuð í meira mæli en nú er getur óvissa og óöryggi starfsmanna stjórnsýslunnar um þetta atriði leitt til þess að tæknin sé í raun minna notuð en efni standa til.

7. Rafræn stjórnsýsla annars staðar á Norðurlöndum.

Almennt má segja að rafræn stjórnsýsla hafi lengi verið til umfjöllunar annars staðar á Norðurlöndum, enda þótt þeim hafi miðað misvel áfram og eftir atvikum nálgast viðfangsefnið úr ólíkum áttum. Alls staðar liggja þó fyrir umfangsmiklar úttektir, skýrslur og áætlunargerðir um málið, en framþróun í samræmi við þær á það alls staðar sammerkt – og er þar Ísland ekki undan skilið – að skortur á nægilega aðgengilegum og fullkomnum búnaði til að staðreyna sönnunargildi upplýsinga og öryggi í miðlun þeirra stóð henni lengi vel fyrir þrifum. Alls staðar eru þó vonir bundnar við að lögleiðing tilskipunar 1999/93/EB, um rafrænar undirskriftir, komi í öllu verulegu til móts við þarfir stjórnsýslunnar í þessu tilliti, enda þótt notkun þeirra sé hvergi orðin almenn, frekar en hér. Að því leyti er því frekar um tæknilegar en lagalegar hindranir að ræða.

Segja má að í Finnlandi hafi lagasetning um gagnvirk rafræn samskipti stjórnvalda við borgarana til skamms tíma verið lengst á veg komin. Þar hafa verið sett lög um rafræn samskipti við stjórnsýsluna (s. lag om elektronisk kommunikation i förvaltningsärenden), sem hafa það að markmiði að efla rafræna stjórnsýslu og auka öryggi við meðferð og varðveislu gagna á rafrænu formi. Samkvæmt þeim skulu stjórnvöld, sem hafa til þess tæknilega burði, bjóða upp á rafræna þjónustu og er sú skylda á þau lögð að notast við vél- og hugbúnað, sem er sambærilegur við þann, sem allur þorri almennings býr yfir. Í lögunum er mælt fyrir um réttindi, skyldur og ábyrgð bæði stjórnvalda og aðila að stjórnsýslumálum, sem rekin eru á rafrænan hátt, auk þess sem sett eru tæknileg skilyrði fyrir rafrænum auðkennum málsaðila, en í þeim efnum er byggt á öðrum lögum, sem Finnar settu um rafræn skilríki eða borgarakort (s. elektronisk identitetskort) áður en tilskipunin um rafrænar undirskriftir tók gildi innan Evrópusambandsins. Á þessum kortum eru geymdar ýmsar persónulegar upplýsingar auk auðkennis til nota við rafræn samskipti, þar á meðal til að senda erindi með rafrænni undirskrift.

Þrátt fyrir framsýna löggjöf um rafræna stjórnsýslu í Finnlandi virðist framkvæmd hennar ekki hafa tekist sem skyldi. Kemur það bæði til af því að löggjöf Finna um rafræna stjórnsýslu er um margt flóknari en vera þyrfti, ef byggt hefði verið á sérstökum lögum um rafrænar undirskriftir, sem og því að tæknilegur búnaður til að lesa af kortunum er dýr, flókinn í uppsetningu og notkun og er enn um margt ófullkominn. Stofnanir sem bjóða upp á þjónustu þar sem kortin nýtast eru því enn sem komið er ekki nægilega margar og tiltölulega fáir Finnar höfðu á síðasta ári sótt sér borgarakort eða innan við 8.000 einstaklingar.

Í Noregi hefur verið mörkuð sú stefna að gera rafræn samskipti jafngild hefðbundnum samskiptaleiðum að því marki sem mögulegt er. Þar var hins vegar valin sú leið að farið var á skipulegan hátt yfir alla gildandi löggjöf, jafnt á sviði opinbers réttar sem einkaréttar, í því skyni að leita uppi allar þær hindranir, er gætu staðið þessu markmiði í vegi. Í skýrslu sem gefin var út árið 2000, *Kartleggingsprosjektet – kartlegging av bestemmelser i lover, forskrifter og instrukser som kan hindre elektronisk kommunikasjon,* var gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar úttektar, farið yfir helstu álitaefni og gerðar tillögur um viðeigandi

lagabreytingar. Eftir því sem næst verður komist er frumvarp þess efnis enn til umfjöllunar í norska þinginu.

Í Svíþjóð ákvað ríkisstjórnin fyrr á þessu ári að láta fara fram sams konar úttekt og í Noregi í því skyni að fá yfirsýn yfir hvaða formkröfur í lögum og öðrum settum réttarheimildum geti tálmað upptöku rafrænna stjórnsýsluhátta þar í landi. Úttektinni á að ljúka í desember 2002. Að svo stöddu eru ekki ráðgerðar aðrar breytingar á sænsku stjórnsýslulögunum en þær, að skylda stjórnvöld til að veita viðtöku erindum í bréfasíma (telefaxi) og tölvupósti og svara þeim á sama hátt.

Ólíkt Svíum og Norðmönnum hafa Danir horfið frá því að láta gera eina miðlæga úttekt á lagalegum hindrunum fyrir innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu en hafa þess í stað beint því til allra ráðuneyta að fara með skipulegum hætti yfir þá löggjöf sem undir hvert þeirra heyrir í sama skyni og leita eftir atvikum eftir viðeigandi lagabreytingum.

Helstu lagalegu álitaefni við rafræna meðferð stjórnsýslumála.

Íslensk stjórnsýsla hefur löngum notast við pappír sem helsta miðil formlegra samskipta, hvort heldur við borgarana eða innbyrðis. Erindi til stjórnsýslunnar hafa þannig að jafnaði verið skrifleg og sama hefur gilt um ákvarðanir sem teknar hafa verið í framhaldi af þeim eða að frumkvæði stjórnvalda. Eins og áður segir byggist meðferð stjórnsýslumála að meginstefnu enn þann dag í dag á pappír, enda þótt notkun rafrænna miðla við undirbúning mála sé útbreidd og þeir einnig notaðir til ýmissa óformlegra samskipta. Réttarreglur um stjórnsýsluna, bæði settar og venjuhelgaðar, taka óhjákvæmilega mið af þeim aðferðum í stjórnsýslunni sem hingað til hafa tíðkast. Af þessum sökum er nauðsynlegt að kanna hvort og að hvaða marki sérkenni rafrænnar upplýsingamiðlunar kalli á sérstakar reglur svo að nýta megi kosti rafrænnar upplýsingamiðlunar til fulls við meðferð stjórnsýslumála.

1. Lagaleg álitaefni við rafræna meðferð stjórnsýslumála.

Með nýrri samskiptatækni við meðferð stjórnsýslumála er leitast við að þjóna sömu hagsmunum og leitast hefur verið við að gera með þeim aðferðum sem hingað til hafa tíðkast. Í samræmi við þetta hlýtur athugun á lagalegum álitaefnum rafrænnar meðferðar stjórnsýslu að beinast að þrennu:

- Að festa hendur á þeim reglum sem með einhverjum hætti hindra að rafræn miðlun upplýsinga sé notuð við meðferð stjórnsýslumála.
- Að greina rökin að baki þessum reglum eða þær þarfir sem þeim er ætlað að mæta.
- Að kanna hvort rafræn upplýsingamiðlun geti mætt þessum þörfum og þá að hvaða skilyrðum uppfylltum.

Eins og nánar verður vikið að síðar eru þær reglur sem hindrað geta að rafræn miðlun upplýsinga sé nýtt við meðferð máls einkum reglur sem áskilja tiltekið form gagna, t.d. að gögn séu skrifleg, undirrituð eða vottuð. Reglur sem þessar geta komið í veg fyrir að stjórnsýslumál sé rekið með rafrænni upplýsingamiðlun eða leiða til tvíverknaðar þannig að jafnhliða rafrænum boðskiptum þurfi einnig að senda gögn á pappír. Síðastgreinda atriðið er að verulegu leyti tæknilegt álitaefni. Frá lagalegu sjónarmiði er þó unnt að setja fram ákveðnar kröfur sem rafræn miðlun upplýsinga og rafræn gögn þurfa að fullnægja án þess að mat sé lagt á það að hvaða marki núverandi tækni fullnægi slíkum kröfum en um það efni verður ekki fjallað sérstaklega.

2. Ný tækni, sömu meginreglur.

Við umfjöllun um rafræna meðferð stjórnsýslumála er eðlilegt að gengið sé út frá því að sömu kröfur eigi að gera til meðferðar stjórnsýslumála án tillits til þess hvaða tækni er notuð til samskipta. Aðilar stjórnsýslumáls eiga því að njóta sömu réttinda, sama öryggis og hafa að öllu leyti sambærilega stöðu hvort heldur mál er rekið með aðstoð rafrænna eða pappírsbundinna miðla. Þannig verður gengið út frá því að stjórnsýslan eigi að lúta sömu meginreglum án tillits til þess hvaða tækni er notuð hverju sinni. Að þessu gefnu lúta lagaleg álitaefni um rafræna meðferð stjórnsýslumála einkum að því hvernig laga megi einstakar reglur stjórnsýsluréttar að rafrænni upplýsingamiðlun þannig að rafræn meðferð stjórnsýslumála lúti sömu meginreglum og eiga við um meðferð mála almennt.

Ekki er sjálfgefið að ný tækni og breyttar aðferðir í samskiptum manna, svo sem rafræn miðlun upplýsinga, kalli á nýjar reglur. Reglur eru í eðli sínu óhlutbundnar (abstrakt) og eru því ekki fyrir fram bundnar við raunveruleg tilvik eða aðstæður. Reglur geta því haldið gildi sínu að fullu þótt aðstæður breytist og ný tækni komi til sögunnar. Í samræmi við þetta er þorri málsmeðferðar- og efnisreglna stjórnsýsluréttarins tæknilega hlutlaus og á við hvort sem samskipti eru rafræn eða pappírsbundin. Reglur um andmælarétt, leiðbeiningarskyldu, málshraða, rannsókn, jafnræði, meðalhóf, svo aðeins nokkrar reglur stjórnsýsluréttar séu nefndar, eiga þannig við um meðferð stjórnsýslumáls hvort heldur hún er rafræn eða pappírsbundin og þarfnast því engrar sérstakrar skoðunar með tilliti til rafrænnar miðlunar upplýsinga.

Rafræn miðlun upplýsinga kallar samkvæmt þessu ekki á sérstakar reglur nema að því marki sem sérstakt eðli þessarar tækni í samanburði við hefðbundin samskiptaform krefst þess.

3. Reglur um skriflega gerninga.

Almennt er gengið út frá því að ákvarðanir og athafnir stjórnvalda séu ekki bundnar eða háðar sérstöku formi, nema þess sé sérstaklega krafist í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða venju samkvæmt. Sú formkrafa sem hér kemur einkum til greina er að gerningur sé skriflegur. Í ýmsum tilvikum krefjast lög og stjórnvaldsfyrirmæli þess beint eða óbeint að gerningar stjórnvalda séu skriflegir eða erindi til stjórnvalda séu bréfuð. Hér má sem dæmi nefna að skv. 1. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, getur aðili krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega. Í 31. gr. laganna segir enn fremur að úrskurður æðra stjórnvalds skuli ávallt vera skriflegur. Í öðrum tilvikum eru tiltekin réttaráhrif bundin við það að gerningur sé skriflegur án þess að það sé beinlínis áskilið. Þannig segir t.d. í 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga að berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, beri því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

Víða er í sérlögum gerð krafa um að gerningar stjórnvalds séu skriflegir eða erindi borgaranna til stjórnvalda séu skrifleg, en tæmandi úttekt á þessum reglum fellur utan efnismarka þessarar skýrslu. Séu þessi ákvæði skýrð bókstaflega þykir ljóst að rafræn gögn fullnægja ekki áskilnaði þessara ákvæða, nema þau séu prentuð. Rafrænar upplýsingar eru í eðli sínu settar saman úr rafboðum og geymdar sem mynstur úr rafhleðslum og eyðum, t.d. tölvutækar upplýsingar. Með áskilnaði um að eitthvað skuli vera skriflegt er hins vegar vísað til þess að orð eða önnur tákn séu rituð eða prentuð á pappír eða annað áþreifanlegt efni. Þótt yfirleitt sé unnt að lesa rafrænar upplýsingar af skjá eða prenta þær á blað með viðeigandi vél- og hugbúnaði er því ekki unnt að telja rafræn gögn skrifleg, a.m.k. ekki í venjulegum skilningi þess orðs.

Samkvæmt framangreindu geta kröfur laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða venja um að gerningur sé skriflegur staðið í vegi fyrir því að rafræn upplýsingamiðlun sé notuð við meðferð stjórnsýslumáls. Sú spurning rís hvort rafræn gögn geti þjónað sömu hagsmunum og leitast er við að tryggja með því að áskilja að eitthvað sé skriflegt. Í því sambandi ber að huga að því á hvaða rökum kröfur laga um eitthvað sé skriflegt eru reistar eða hvaða hlutverki skrifleg gögn þjóna. Í því sambandi má a.m.k. nefna eftirfarandi atriði:

- Að tryggja að gerningur sé aðgengilegur og tiltækur öðrum en þeim sem að honum standa;
- að tryggja sönnunargagn um tilvist og efni gernings til framtíðar;
- að stuðla að því að aðili geri sér glögga grein fyrir þeim yfirlýsingum sem felast í gerningi;
- að gera fjölföldun mögulega fyrir aðra sem málið varðar;
- að gera mögulegt að leggja gagn fram hjá opinberum aðilum, t.d. dómstólum;
- að auðvelda geymslu og skráningu gagna.

Þegar litið er á framangreind rök fyrir því að áskilið er að gerningar á sviði stjórnsýsluréttar séu skriflegir er unnt að fullyrða að rafrænir gerningar geta þjónað sömu hagsmunum að uppfylltum ákveðnum tæknilegum skilyrðum. Nánar tiltekið virðast rafræn gögn geta gegnt sama hlutverki og skrifleg gögn ef þau eru *aðgengileg* móttakanda þannig að hann geti *kynnt sér efni þeirra, varðveitt þau og framvísað þeim síðar.* Þessum skilyrðum mundi t.d. símsendir og símriti augljóslega fullnægja, en einnig mundi þetta yfirleitt eiga við um tölvutæk gögn. Hins vegar mundi talsími ekki fullnægja þessum skilyrðum, þar sem rafboð í gegnum síma eru ekki varðveitanleg eða unnt að framvísa þeim síðar án þess að þau séu tekin upp. Í tengslum við tölvutæk gögn geta komið upp vafamál með tilliti til þess hvort gögn teljast aðgengileg. Verður þá að miða við hvaða vél- og hugbúnaði viðtakandi býr yfir. Ef vél- og hugbúnaður viðtakanda getur ekki unnið úr rafrænum gögnum þannig að þau verði skiljanleg mundu þau ekki fullnægja framangreindu skilyrði um að teljast aðgengileg. Til hliðsjónar má hér vísa til 6. gr. lagafyrirmyndar UNCITRAL um rafræn viðskipti um jafngildi rafrænna gagna og skriflegra:

(1) Where the law requires information to be in writing, that requirement is met by a data message if the information contained therein is accessible so as to be usable for subsequent reference.

(2) Paragraph (1) applies whether the requirement therein is in the form of an obligation or whether the law simply provides consequences for the information not being in writing.

Samkvæmt framangreindu gæti stundum komið til greina að skýra gildandi reglur á þá leið að rafræn gögn fullnægi skilyrðum þeirra um að teljast skrifleg. Þótt rök standi til slíkrar lögskýringar er þó ljóst að verulegur vafi kann í einstökum tilvikum að leika á því hvort slík lögskýring teljist tæk. Þess vegna er æskilegt að breyta lögum á þá leið að rafræn gögn teljist jafngild skriflegum innan stjórnsýslunnar að uppfylltum ákveðnum lágmarksskilyrðum um að þau séu aðgengileg, varðveitanleg og framvísanleg. Hins vegar er ástæða til að árétta að þessi niðurstaða á aðeins við um áskilnað um að gögn séu skrifleg, en tekur ekki til frekari krafna sem lög kunna að gera, t.d. um að gögn séu í frumriti, undirrituð, vottuð o.fl. þess háttar. Slíkar reglur þarfnast sérstakrar skoðunar.

4. Reglur um skjöl.

Með skjali er almennt átt við einhvers konar áþreifanlegt eða efnislegt plagg með letri, myndum eða öðrum táknum. Orðið skjal er að finna í ýmsum settum lagaákvæðum, stundum sem hluti af samsettu orði, sbr. t.d. aðflutningsskjöl í 98. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Sam-

kvæmt almennri málvenju vísar orðið skjal til skrifaðs eða prentaðs plaggs eða gagns. Hins vegar ber að hafa í huga að lagaleg merking orðsins getur verið önnur og víðtækari. Er þá ekki útilokað að orðið skjal verði skýrt svo rúmt að það nái einnig til rafrænna gagna. Skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, er t.d. með skjölum og skráðum heimildum átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings, hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, uppdrætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn. Samkvæmt þessu er ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að orðið skjal hafi sömu merkingu í öllum þeim lagaákvæðum sem það kemur fyrir í.

Við afmörkun hugtaksins skjal kemur einkum til greina að hafa til hliðsjónar skjalahugtak refsiréttar, sbr. XVII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Nauðsynlegt þótti að breyta kaflanum með lögum nr. 30/1998 til þess að taka af tvímæli um að skjalafals og önnur brot tengd skjölum tækju einnig til gagna sem geymd eru á tölvutæku formi. Þessi breyting á almennum hegningarlögum gefur vísbendingu um að ekki sé hægt að fullyrða að rafræn gögn verði ætíð talin skjöl í merkingu laga jafnvel þótt ekki sé útilokað að sú niðurstaða leiði af almennum lögskýringarsjónarmiðum.

Í ýmsum tilvikum geta rafræn gögn þjónað því hlutverki sem skjali er ætlað að gera lögum samkvæmt, sbr. það sem áður segir um kröfur laga um að gögn skuli vera skrifleg. Í slíkum tilvikum kemur til greina að skýra viðkomandi lagaákvæði rýmkandi þannig að rafræn gögn falli þar undir. Í öðrum tilvikum getur það þjónað sérstökum tilgangi að skjal sé úr pappír. Þannig eru t.d. skjöl stimpluð samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, en þau fyrirmæli virðast ekki geta átt við um rafræn gögn að óbreyttu. Þinglýsingalög, nr. 39/1978, byggjast á því að um sé að ræða hefðbundin pappírsskjöl og miðast öll meðferð þinglýsingarmála við að svo sé, t.d. móttaka, áritun, stimplun og geymsla skjala. Að lokum skal minnt á að þegar um viðskiptabréf og ýmis innlausnarskírteini er að ræða eru sérstök fjárhagsleg réttindi bundin við handhöfn pappírsskjals og verða þær reglur ekki sjálfkrafa heimfærðar til rafrænna gagna, sbr. lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum.

Samkvæmt framanrituðu kemur stundum til greina að skýra lög, sem vísa til skjala, rúmt þannig að rafræn gögn teljist skjöl. Í öðrum tilvikum er slík niðurstaða þó ekki tæk vegna ýmissa sérstakra eiginleika skjala, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald. Ekki er því framkvæmanlegt að setja almenna reglu um jafngildi hefðbundinna skjala og rafrænna gagna. Þess í stað verður að meta hvert og eitt ákvæði með hliðsjón af þeim rökum, sem búa því að baki, og skera á grundvelli þeirra úr um, hvort til greina geti komið að skýra viðkomandi ákvæði rúmt með tilliti til rafrænnar miðlunar og vörslu upplýsinga. Ef slík lögskýring er ekki tæk verður að skoða sérstaklega hvort til greina komi að breyta gildandi reglum svo að rafræn upplýsingamiðlun nýtist jafnframt á viðkomandi sviði stjórnsýslunnar.

5. Frumrit og afrit.

Rafræn gögn geta tæplega talist vera til í frumriti í hefðbundnum skilningi þess orðs. Þannig eru tölvutæk gögn í raun ákveðin framsetning og um leið afrit rafrænna upplýsinga sem sett eru saman úr mynstrum (rafhleðslum og eyðum) og lýsa má í tvítölukerfi (0 og 1). Þær upplýsingar sem leynast í þessum mynstrum verða því aðeins aðgengilegar að notaður sé viðeigandi vél- og hugbúnaður. Hafa ber í huga að sömu rafrænu frumgögn geta verið lesin af mismunandi vél- og hugbúnaði þannig að framsetning þeirra verði mismunandi. Sömu rafrænu upplýsingarnar geta þannig birst með ýmsum hætti á mörgum stöðum. Hugtökin frumrit og afrit eiga því almennt illa við um rafræn gögn, eins og áður segir.

Áskilnaður laga um frumrit getur staðið í vegi fyrir því að kostir rafrænnar upplýsingamiðlunar séu nýttir til fullnustu og leitt til þess að rafrænar upplýsingar séu prentaðar og gerðar að hefðbundnum skjölum. Kemur því til athugunar hvort rafræn gögn geti komið í stað frumrita.

Almennt er krafa um að skjöl eða annars konar gögn séu í frumriti á því byggð að það geri kleift að ganga úr skugga um að skjalið eða gagnið sé óbreytt frá upprunalegri gerð eða auki a.m.k. líkurnar á því að svo sé. Þannig getur verið nauðsynlegt að kanna hvort tiltekin yfirlýsing, stjórnvaldsákvörðun eða samningur var undirritaður af þar til bærum aðila, en hingað til hefur mátt staðreyna það með því að leita að frumriti yfirlýsingar, ákvörðunar eða samnings. Tæknilega er mögulegt að gera rafræn gögn þannig úr garði að kanna megi hvort þeim hefur verið breytt frá því að þau voru t.d. undirrituð. Eru það einkum rafrænar undirskriftir sem gera þetta kleift, en um þær verður fjallað hér á eftir. Samkvæmt þessu standa rök til þess að líta á rafræn gögn sem frumrit, ef unnt er að ganga úr skugga um að þau séu óbreytt frá upprunalegri gerð.

Þar sem einfalt er að gera afrit af rafrænum gögnum með rafrænum hætti standa ekki rök til annars en að gera rafræn gögn jafngild skriflegum gögnum, jafnvel þegar þeirra er krafist í fleiri eintökum. Þegar áskilið er að gögnum sé skilað í fleiri en einu eintaki, t.d. umsóknum, ætti þess vegna að vera unnt að líta svo til að rafræn gögn fullnægi slíkum áskilnaði.

6. Reglur um undirskriftir.

Ýmsar reglur á sviði stjórnsýslunnar áskilja eða binda tiltekin réttaráhrif við að gerningur sé undirritaður. Áskilnaður laga um undirskriftir getur byggst á ýmsum rökum. Venjulega er þó fyrst og fremst leitast við að tryggja persónulega staðfestingu undirritandans á tilteknu efni sem undirritað skjal inniheldur, t.d. viljayfirlýsingu, ákvörðun eða eitthvað annað. Undirskrift þjónar þannig því meginmarkmiði að sanna að tiltekinn maður hafi staðfest eitthvað sem kemur fram í því sem er undirritað. Það sem er undirritað er venjulega texti með einhverjum upplýsingum. Einnig þjóna undirskriftir þeim tilgangi að staðfesta að aðrar undirskriftir séu réttar og e.t.v. einhver atriði, t.d. fjárræði, dagsetning og þess háttar. Hafa ber í huga að undirskriftir geta einnig haft ýmsa aðra þýðingu en þá að vera sönnun fyrir persónulegri staðfestingu. Sem dæmi má nefna það hlutverk undirskrifta að tryggja að undirritandi geri sér betur grein fyrir skuldbindingu sem hann tekst á hendur með tiltekinni yfirlýsingu.

Það verður að teljast álitamál hvort reglur, sem áskilja undirskriftir eða binda réttaráhrif við þær, verði skýrðar svo rúmt að þær nái einnig til ýmissa rafrænna staðfestinga. Hefðbundinn skilningur á hugtakinu undirritun hefur ótvírætt verið sá að undirskrift feli það í sér að nafn manns sé ritað eigin hendi á pappír eða annað áþreifanlegt efni. Undirskrift hefur þannig ekki verið talin vera fyrir hendi þegar nafn hefur verið prentað eða stimplað á pappír, svo dæmi sé nefnt. Samkvæmt þessu verður almennt að telja vafasamt að rafrænar staðfestingar fullnægi áskilnaði gildandi reglna um undirskriftir. Kemur því til skoðunar hvort rafrænar staðfestingar geti þjónað sömu hagsmunum og undirskriftum er ætlað að gera.

Ljóst er að rafrænar undirskriftir þurfa að fullnægja ákveðnum skilyrðum til þess að þær geti talist jafngildar eiginhandarundirskriftum. Nánar tiltekið þarf að vera hægt að ganga úr skugga frá hverjum undirskrift stafar og hvað var undirritað. Til hliðsjónar má hér vísa til 1. mgr. 7. gr. lagafyrirmyndar UNCITRAL um rafræn viðskipti um jafngildi undirskrifta og rafrænna staðfestinga:

Where the law requires a signature of a person, that requirement is met in relation to a data message if:

(a) a method is used to identify that person and to indicate that person's approval of the information contained in the data message; and

(b) that method is as reliable as was appropriate for the purpose for which the data message was generated or communicated, in the light of all the circumstances, including any relevant agreement.

Rafrænar staðfestingar sem gera það kleift að kanna þessi atriði eru almennt nefndar rafrænar undirskriftir. Á sviði lögfræði og tölvunarfræði hefur mikið verið ritað um rafrænar undirskriftir. Eru ekki efni til þess að reifa þá umræðu ítarlega hér (íslenska umfjöllun má t.d. finna í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna, útg. í febrúar 1999, Rafræn viðskipti – umfjöllun um íslensk lög, sjá einkum bls. 36–58). Hér á landi hafa rafrænar staðfestingar enn sem komið er verið í formi leyninúmera eða leyniorða, en álitamál er hvort telja beri slíkar staðfestingar til eiginlegra rafrænna undirskrifta. Fullkomnar rafrænar undirskriftir, sem byggðar eru á dulkóðun (svonefndri Public Key-dulkóðun), hafa hins vegar enn ekki náð útbreiðslu. Slíkar rafrænar undirskriftir verða til á grundvelli sérstakra kerfa sem rekin eru af aðilum sem sjá um að úthluta notendum dulmálslyklum og hafa venjulega einnig með höndum útgáfu vottorða um að undirskrift stafi frá ákveðnum aðila. Slíkar rafrænar undirskriftir geta ótvírætt haft sama sönnunargildi og eiginhandarundirskriftir og virðast að öllu leyti geta komið í stað þeirra.

Lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, voru sett vorið 2001. Þau voru samin í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um að bæta við XI. viðauka við EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins nr. 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um sameiginlegar grunnreglur um rafrænar undirskriftir (e. Directive 1999/93/EC of the European Parliament and of the Council of 13 December 1999 on a Community framework for electronic signatures). Í lögunum er kveðið á um réttaráhrif rafrænna undirskrifta, starfsemi svonefndra vottunaraðila, vottorð með rafrænum undirskriftum, eftirlit með vottunaraðilum og ábyrgð þeirra gagnvart almenningi. Meginregla laganna, sem kemur fram í 4. gr. þeirra, er eftirfarandi:

Ef undirskrift er skilyrði réttaráhrifa samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða af öðrum orsökum fullnægir fullgild rafræn undirskrift ætíð slíku skilyrði.

Ákvæði 1. mgr. er því ekki til fyrirstöðu að aðrar rafrænar undirskriftir en þar greinir geti uppfyllt skilyrði um undirskrift samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða reglugerð.

Samkvæmt framangreindu fela lögin í sér jafngildi svonefndra fullgildra rafrænna undirskrifta og eiginhandarundirskrifta. Með fullgildri rafrænni undirskrift er vísað til rafrænna undirskrifta sem fullnægja ákveðnum skilyrðum um vottun og öryggi. Regla frumvarpsins er því ekki til fyrirstöðu að aðrar rafrænar staðfestingar hafi gildi, en veitir þeim hins vegar ekki sömu stöðu og eiginhandarundirskriftum.

Með þessum lögum hefur sú stefna verið mörkuð að rafrænar undirskriftir skuli hafa sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskriftir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lögin virðast samkvæmt efni sínu taka til undirskrifta á sviði stjórnsýslunnar með sama hætti og á öðrum sviðum. Hins vegar má færa að því rök að æskilegt væri að slá því föstu í lögum að notkun rafrænna undirskrifta á sviði stjórnsýslunnar sé heimil og réttaráhrif rafrænna undirskrifta séu þau sömu og eiginhandarundirskrifta. Í því sambandi væri eðlilegt að leggja til grundvallar sömu viðmið og fram koma í lögum um rafrænar undirskriftir þannig að fullgild rafræn undirskrift teljist alltaf jafngild eiginhandarundirskrift. Hins vegar er einnig æskilegt að gefa stjórnvöldum svigrúm til að meta hvort aðrar undirskriftir en fullgildar geta talist tryggja nægilega persónulega staðfestingu manns í tilvikum þar sem lög áskilja eiginhandaráritun.

Slík álitamál gætu meðal annars komið upp við uppsetningu hugbúnaðar fyrir afgreiðslu stjórnsýslumála á opnum kerfum, t.d. netinu. Að lokum er æskilegt að árétta að heimilt sé að nota aðrar rafrænar staðfestingar, t.d. leyniorð, þar sem lög krefjast ekki sérstaklega eiginhandarundirritunar. Hvort réttlætanlegt getur talist að nota leyniorð í ákveðnu tilviki er bæði háð mati á öryggi leyniorða frá tæknilegu sjónarmiði og eðli þess máls sem til meðferðar er. Við núverandi aðstæður verður að telja vafasamt að nota leyniorð þar sem einstaklingar eða lögaðilar taka á sig skuldbindingar gagnvart hinu opinbera. Í framkvæmd er þetta þó gert að ákveðnu marki, sbr. t.d. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 13. gr. laga nr. 137/1996.

7. Frestir við meðferð stjórnsýslumáls.

Frestir við meðferð stjórnsýslumála ráðast í ýmsum tilvikum af því hvenær aðili málsins hefur móttekið tilkynningu frá stjórnvaldi. Í 27. gr. stjórnsýslulaga er t.d. mælt fyrir um að kæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg, en skv. 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga er stjórnvaldsákvörðun bindandi eftir að hún er komin til aðila.

Tilkynning telst almennt komin til aðila þegar hann á þess kost að kynna sér efni hennar. Þannig mundi tilkynning um stjórnvaldsákvörðun teljast komin til aðila þegar bréf með tilkynningu hefur verið borið út til heimilis aðila eða í pósthólf hans. Þegar ákvarðanir eru tilkynntar munnlega að aðila viðstöddum teljast þær komnar til hans samstundis. Sama gildir um gögn sem aðili sendir eða kemur til stjórnvalds. Sömu sjónarmið gilda um sendingu og móttöku tilkynninga á rafrænu formi og annarra tilkynninga. Almennt mundu því rafræn gögn teljast komin til einhvers þegar hann á þess kost að kynna sér efni þeirra. Ef tölvuskeyti er t.d. aðgengilegt aðila hjá vefþjóni hans mundi skeytið teljast komið til hans í framangreindum skilningi.

Rafrænir miðlar geta þó gefið tilefni til sérstakra vandamála að þessu leyti. Rafrænar upplýsingar eru almennt ekki aðgengilegar nema með viðeigandi vél- og hugbúnaði. Án slíks búnaðar geta rafrænar upplýsingar verið óaðgengilegar eða aðeins skiljanlegar með sérstökum aðgerðum sem stundum eru eingöngu á færi sérfræðinga. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera þann fyrirvara að rafrænar upplýsingar geta ekki talist komnar til aðila nema upplýsingarnar séu honum aðgengilegar með vél- og hugbúnaði hans. Þótt þessa niðurstöðu leiði í raun af almennum reglum gæti verið æskilegt að taka af vafa um þetta atriði með lagabreytingu. Við slíka breytingu kæmi einnig til greina að leggja þá skyldu á stjórnvöld að þau staðfestu að eigin frumkvæði að þau hefðu móttekið gögn til þess að aðili væri öruggur um að sending hans hefði heppnast. Með hliðsjón af rafrænni upplýsingatækni má hugsa sér að slíkar staðfestingar gætu oft verið sjálfvirkar. Jafnvel þótt svo yrði ekki er tæplega ástæða til að ætla að þessi skylda mundi íþyngja stjórnvöldum svo teljandi sé. Eins og áður segir gæti einnig verið ástæða fyrir stjórnvald að kynna aðila máls sérstaklega á hvaða formi gögn kunna að verða send svo að ganga megi út frá því að gögn komist örugglega til aðilans í skilningi stjórnsýslulaga.

Ekki er hægt að útiloka að rafræn gögn afbakist við sendingu. Frá tæknilegu sjónarmiði á þó að vera hægt að ganga úr skugga um hvort rafræn gögn séu óbreytt frá upphaflegu formi og koma rafrænar undirskriftir þar einkum til greina. Hvaða kröfur eru gerðar til öryggis rafrænna gagna verður að meta á grundvelli 11. og 12. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 90/2001, svo og með tilliti til öryggishagsmuna hins opinbera. Það er á ábyrgð þess stjórnvalds sem stendur fyrir vinnslu upplýsinganna að ráðist hafi verið í allar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggis-

ráðstafanir til að vernda gögn gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þau glatist eða breytist fyrir slysni og gegn óleyfilegum aðgangi, áður en boðið er upp á þann valkost að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls.

Í tengslum við móttöku gagna hjá stjórnvöldum ber að hafa í huga að rafræn meðferð stjórnsýslumála getur kallað á ýmsar skipulagsbreytingar hjá opinberum aðilum. Til dæmis kann að vera nauðsynlegt að rafræn erindi berist á ákveðinn stað, sem e.t.v. má kalla rafræna afgreiðslu, til skráningar og úthlutunar. Berist erindi á annan stað, t.d. á raffang einstaks starfsmanns, væri honum rétt að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt væri. Einnig er eðlilegt að stjórnvöld geti ákveðið hvaða formkröfum erindi þurfi að fullnægja til að teljast tæk til afgreiðslu. Þessar kröfur geta meðal annars beinst að því að erindi séu sett fram á sérstökum rafrænum eyðublöðum sem gætu t.d. verið aðgengileg á netinu. Kröfur sem þessar eru ekki aðeins nauðsynlegar til þess að rafræn stjórnsýsla geti orðið skilvirk heldur geta þær einnig skipt máli við að tryggja öryggi gagnakerfa, t.d. gagnvart tölvuvírusum. Þannig standa engin rök til þess að gera stjórnvöldum skylt að opna sérhvert viðhengi sem þeim berst í rafskeyti eða taka hvert rafrænt erindi sem þeim berst til meðferðar, ef þessi gögn fullnægja ekki þeim skilyrðum sem stjórnvöld setja til rafrænnar meðferðar mála. Hins vegar mundi stjórnvaldi ávallt vera skylt að tilkynna aðila um þá annmarka sem væru á erindi hans þannig að hann ætti kost á því að senda það aftur í réttu formi.

8. Öryggi rafrænnar stjórnsýslu.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. gr. laga nr. 90/2001, skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysni og gegn óleyfilegum aðgangi. Ábyrgðaraðili telst vera sá, sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. sömu laga. Þegar um stjórnvöld ríkisins er að ræða er því ábyrgðaraðili í þessum skilningi oftast yfirmaður hlutaðeigandi stofnunar eða eftir atvikum ráðherra.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, með síðari breytingum, er tekið fram að beita skuli ráðstöfunum sem tryggi nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja eigi, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Skv. 5. mgr. 11. gr. sömu laga skal ábyrgðaraðili skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Í 12. gr. laga nr. 77/2000 er mælt svo fyrir að ábyrgðaraðili skuli viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið. Í reglum nr. 299/2001, um öryggi persónuupplýsinga, er mælt nánar fyrir um hvernig staðið skuli að því að útbúa öryggiskerfi til að tryggja vernd persónuupplýsinga.

Samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 ber ábyrgðaraðili ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði laganna.

Það eru ekki einvörðungu einkalífshagsmunir sem kalla á að nægilegt öryggi sé tryggt við vinnslu upplýsinga hjá hinu opinbera. Almannahagsmunir krefjast þess að virkum ráðstöfunum sé beitt til þess að koma í veg fyrir að starfsemi stjórnvalda verði lömuð með skemmdarverkum eða öðrum áföllum sem verða fyrir slysni eða af hendingu. Af þessum sökum er nauðsynlegt að stjórnvöld viðhafi sívirkar vírusvarnir svo og aðrar nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að verjast slíkum áföllum við framkvæmd rafrænnar stjórnsýslu.

Það er á ábyrgð ábyrgðaraðila að gerðar hafi verið allar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir *áður* en stjórnvald býður almenningi upp á rafræna miðlun upplýsinga við meðferð stjórnsýslumála.

Þótt ekki þyki ástæða til þess að lögfesta sérstakar öryggisreglur fyrir stjórnvöld í ljósi þeirra reglna sem hér að framan greinir má engu að síður segja að í 7. gr. frumvarpsins felist almennur áskilnaður um að viðhafðar séu viðhlítandi öryggisráðstafanir á hverjum tíma við varðveislu gagna.

9. Birting stjórnvaldsákvarðana.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga er stjórnvaldsákvörðun bindandi þegar hún er komin til aðila. Álitamál um birtingu stjórnvaldsákvarðana eru sama eðlis og áður hefur verið rætt um í tengslum við fresti. Almenn regla um hvenær rafræn gögn teljast komin til aðila eða stjórnvalds mundi vera til fyllingar reglu 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga að því er varðar birtingu rafrænna stjórnvaldsákvarðana.

10. Sending með sannanlegum hætti.

Stundum er þess krafist að gögn séu send með sannanlegum hætti, svo sem með ábyrgðarbréfi eða þess háttar. Ljóst er að rafræn upplýsingatækni getur staðfest með tryggum hætti hvort og hvenær gögn teljast komin til aðila, þar á meðal getur búnaður til rafrænna undirskrifta þjónað þessu hlutverki. Með hliðsjón af þessu er ástæða til að gera rafrænar staðfestingar um móttöku jafngildar hefðbundnum aðferðum við sendingar með sannanlegum hætti. Með því móti er komið í veg fyrir að prenta þurfi skjöl og senda með hefðbundnum aðferðum þegar rafrænar aðferðir eru tiltækar.

11. Leiðbeiningarskylda stjórnvalds.

Í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er að finna almenna reglu um leiðbeiningarskyldu ríkisstarfsmanna. Þar er mælt svo fyrir að starfsmaður skuli veita þeim sem til hans leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þar á meðal að benda þeim á það, ef svo ber undir, hvert þeir skuli leita með erindi sín.

Í 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu starfsmanna við meðferð stjórnsýslumála. Ákvæðið tekur til allra sem koma að meðferð stjórnsýslumála, hvort sem það eru starfsmenn ríkis eða sveitarfélaga eða aðrir. Leiðbeiningarskylda stjórnvalda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga á við hvort sem um hefðbundna stjórnsýslu er að ræða eða rafræna. Í ákvæðinu felst skylda til að leiðbeina þeim sem eru aðilar máls þar sem fyrirhugað er að taka ákvörðun um rétt eða skyldu þeirra, svo og þeim sem leita til stjórnvalda til að afla upplýsinga til undirbúnings slíkra mála. Í leiðbeiningarskyldunni felst m.a. að veita ber aðila þær leiðbeiningar sem honum eru nauðsynlegar svo að hann geti gætt hagsmuna sinna á sem bestan hátt. Stjórnvald verður því að meta um hvaða þætti málsaðilar þarfnast leiðbeininga miðað við allar aðstæður.

Ástæða þykir til að taka af skarið um þær stöðluðu leiðbeiningar sem stjórnvöldum ber að veita þegar þau ákveða að bjóða upp á þann valkost að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð mála. Þar sem starfsmenn stjórnvalda ræða almennt ekki beint við málsaðila við rafræna meðferð stjórnsýslumála er sérstaklega vert að hafa í huga að þeir hafa ekki sömu forsendur til þess að meta hvaða upplýsinga málsaðili þarfnast við upphaf máls og annars væri.

Þá er rétt að vekja athygli á því að ýmis ákvæði annarra laga mæla fyrir um skyldu stjórnvalda til að veita aðilum leiðbeiningar. Slík ákvæði er t.d. að finna í lögum nr. 77/2000,

um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 20. gr. laganna er mælt fyrir um fræðsluskyldu, er hvílir á ábyrgðaraðila, þegar persónuupplýsinga er aflað *hjá hinum skráða*. Í 21. gr. laganna er á hinn bóginn fjallað um viðvörunarskyldu, sem hvílir á ábyrgðaraðila, þegar persónuupplýsinga er safnað *frá öðrum* en hinum skráða. Þegar stjórnvöld safna persónuupplýsingum á eyðublöðum geta þau oftast uppfyllt þær skyldur, sem hvíla á þeim samkvæmt ákvæðum 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000, með því að veita staðlaðar leiðbeiningar á eyðublöðunum.

12. Skráning, vistun og geymsla gagna.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er stjórnvöldum skylt að skrá mál, sem koma til meðferðar hjá þeim, á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg. Skv. 23. gr. laganna skal við meðferð mála, þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, skrá upplýsingar um málsatvik sem stjórnvaldi eru veittar munnlega ef þær hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess. Um geymslu skjala gilda lög nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, en skv. 6. gr. þeirra skal afhenda safninu skilaskyld skjöl að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri.

Reglur upplýsingalaga og laganna um Þjóðskjalasafn Íslands taka til rafrænna gagna eins og annarra gagna. Í 2. mgr. 3. gr. síðarnefndu laganna er raunar sérstaklega tekið til þess að þegar talað sé um skjöl og skráðar heimildir í lögunum sé átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, uppdrætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn. Samkvæmt framangreindu virðast íslenskar réttarreglur um skráningu og geymslu gagna taka jafnt til rafrænna sem annars konar gagna.

Frá tæknilegu sjónarmiði er ekkert því til fyrirstöðu að unnt sé að geyma rafræn gögn í lengri tíma. Raunar má færa að því rök að tryggja megi varðveislu rafrænna gagna jafn vel eða betur en gagna á pappír, auk þess sem þau taka minna pláss og auðvelda leit. Samkvæmt þessu er ljóst að rafræn geymsla gagna getur haft í för með sér umtalsvert hagræði fyrir stjórnvöld. Þá er til þess að líta að hagræði við rafræna meðferð stjórnsýslu minnkar umtalsvert ef prenta þarf rafræn gögn sérstaklega fyrir vistun og geymslu. Við geymslu rafrænna gagna verður þó eins og endranær að hafa hliðsjón af sérstökum eiginleikum þeirra.

Í fyrsta lagi ber að hafa í huga að rafræn gögn eru almennt ekki aðgengileg nema með viðeigandi vél- og hugbúnaði. Við geymslu rafrænna gagna þarf því að gæta þess að þessi vél- og hugbúnaður sé fyrir hendi eða gögnin uppfærð samhliða þróun í vél- og hugbúnaði. Frá tæknilegu sjónarmiði ættu þessi vandamál tæplega að vera óyfirstíganleg. Á hinn bóginn er mikilvægt að úr þeim sé leyst sem fyrst, bæði hjá stjórnvöldum annars vegar og hjá Þjóðskjalasafni Íslands hins vegar, enda ekki forsvaranlegt að mæla með að rafræn stjórnsýsla verði í stórum stíl tekin upp fyrr. Að sama skapi er mikilvægt að leitað verði leiða til að leysa þau að hluta eða í heild miðlægt fyrir stjórnsýslu ríkisins, enda sýnist hvorki skynsamlegt né hagkvæmt að ætla hverju stjórnvaldi um sig „að finna upp hjólið“ að þessu leyti.

Í öðru lagi ber að huga að öryggi og falsleysi þeirra gagna sem geymd eru. Varðveisla gagnanna verður að vera þannig að almennt megi ganga út frá því að þau séu óbreytt frá upprunalegri mynd. Má í þessu sambandi minna á að í íslenskum rétti er almennt gengið út frá því að opinber skjöl séu ófölsuð og rétt um þau atvik sem það kveður á um nema annað sannist, sbr. 71. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Öryggi og falsleysi rafrænna gagna má tryggja á margvíslegan hátt. Rafrænar undirskriftir geta til að mynda gefið upplýsingar um hvort skjali hafi verið breytt frá því að það var undirritað með rafrænni undirskrift. Þess ber hins vegar að gæta að gögn um vottun rafrænna undirskrifta geta verið geymd af vottunaraðila í aðeins takmarkaðan tíma og geta rafrænar undirskriftir því ekki að fullu tryggt öryggi skjals til allrar framtíðar. Þetta þýðir þó ekki að örugg geymsla rafrænna gagna sé ómöguleg, enda er hægt að tryggja að skjal breytist ekki frá móttöku þótt vottunaraðili staðfesti ekki lengur undirskrift. Til þess að þetta sé unnt verður þó varðveisla gagna að fara fram í lokuðum kerfum eða í kerfum sem eru sérstaklega vernduð gegn aðgangi óviðkomandi. Einnig má hugsa sér að gögn séu brennd á diska sem ekki er hægt að breyta. Þessi álitaefni lúta þannig að meginstefnu að tæknilegum lausnum sem ekki verður fjallað um hér.

Samkvæmt framangreindu taka gildandi reglur um skráningu og varðveislu gagna einnig til rafrænna gagna. Ýmis tæknileg atriði þarfnast skoðunar við mótun stefnu um geymslu rafrænna gagna. Við mótun þeirrar stefnu ber að hafa að leiðarljósi að tryggja öryggi þessara gagna eftir því sem kostur er. Einnig þarf að hafa í huga þróun vél- og hugbúnaðar þannig að tryggt sé að unnt verði að kanna efni gagna sem hafa orðið til með búnaði sem ekki er lengur í notkun. Engar lagalegar hindranir eru hins vegar fyrir hendi við rafræna skráningu og geymslu rafrænna gagna.

13. Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands.

Eins og áður segir er mælt svo fyrir í 6. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, að afhenda skuli safninu skilaskyld skjöl að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Þegar um rafræna stjórnsýslu er að ræða verður að ætla að stjórnvöld muni afhenda Þjóðskjalasafni Íslands afrit af gögnum sínum en halda samt gögnunum áfram til haga í kerfum sínum. Þessi framkvæmd endurspeglar í raun einn af þeim þáttum þar sem augljós eðlismunur er á hefðbundinni stjórnsýslu og rafrænni og beinir sjónum að því hvort ástæða sé til að taka hlutverk Þjóðskjalasafns með tilliti til rafrænna gagna til sérstakrar athugunar. Þannig má hugsa sér að Þjóðskjalasafn Íslands hafi ekki einvörðungu núverandi hlutverk á hendi, heldur verði því einnig falið að varðveita rafræn gögn í því skyni að unnt verði að sannreyna efni þeirra og uppruna. Þannig mætti koma á þeirri skipan að stjórnvöld afhentu Þjóðskjalasafni Íslands árlega afrit af gögnum sínum. Kæmi síðar upp vafi um efni eða uppruna ákveðins skjals vegna áfalla í vinnslu upplýsinga hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi væri hægt að leita til Þjóðskjalasafns Íslands og fá afrit af viðkomandi skjali, eins og það var úr garði gert þegar það var afhent Þjóðskjalasafninu. Slíkt fyrirkomulag mætti þó ekki draga úr ábyrgð sérhvers stjórnvalds á því að halda uppi viðunandi öryggi á hverjum tíma við vinnslu upplýsinga, þ.m.t. varðveislu þeirra, þannig að unnt sé að sannreyna efni og uppruna þeirra síðar á aðgengilegan hátt hjá hlutaðeigandi stofnun.

Verði farið að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands gögn eða afrit gagna í einhverjum mæli fyrir hinn almenna þrjátíu ára frest skv. 6. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, virðist nauðsynlegt að ákvæði 20. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, verði endurskoðað. Þar er mælt svo fyrir að þegar gögn, sem lögin taka til, hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu skjalasafni skuli hlutaðeigandi safn taka ákvörðun um hvort umbeðin gögn skuli sýnd eða hvort ljósrit skuli veitt af skjölum eða afrit af öðrum gögnum sé þess kostur. Meðan ætla má að þeir hagsmunir, sem gögn lúta að, eru enn virkir, fer best á því að hlutaðeigandi stjórnvald sjái um að veita aðgang að gögnum þess. Hlutaðeigandi stjórnvald er almennt best í stakk búið til að meta hvort einhverjir þeir hagsmunir, sem njóta verndar 5. og 6. gr. upplýsingalaga, standa í vegi fyrir því að veita megi aðgang að gögnum. Fer því best

á því, hér eftir sem hingað til, að hvert stjórnvald sjái um að veita aðgang að gögnum þess samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996, allt þar til þrjátíu ár eru liðin frá tilurð gagna.

14. Jafnræðisreglan og rafræn stjórnsýsla.

Jafnræðisregla 11. gr. stjórnsýslulaga gildir óskoruð við rafræna meðferð einstakra stjórnsýslumála. Álitamál um jafnræði snúa einkum að því hverjir eigi þess kost að njóta þess hagræðis sem felst í rafrænni meðferð stjórnsýslumáls, en það veltur mjög á þeim vél- og hugbúnaði sem stjórnvald nýtir í þessu skyni. Augljós jafnræðisrök standa hins vegar til þess að stjórnvöld velji vél- og hugbúnað með það fyrir augum að sem flestir geti notið fyrrnefnds hagræðis.

Ljóst er að ýmis vél- og hugbúnaður til rafrænna samskipta kostar verulega fjármuni. Oft er þessi búnaður illa samræmdur öðrum búnaði eða eldri búnaði sömu gerðar þannig að margir notendur eru í raun þvingaðir til að afla sér sama búnaðar og þeir aðilar sem þeir eiga samskipti við og síðan uppfæra þann búnað jafnhliða því sem hann er uppfærður hjá öðrum. Oftast mundu einstaklingar vera mun verr í stakk búnir til að standa straum af nýjum og dýrum búnaði eða uppfæra fyrirliggjandi búnað en opinberir aðilar. Því verður að leggja áherslu á að upptaka rafrænna stjórnsýsluhátta leiði ekki til þess að notendur þurfi að fjárfesta í kostnaðarsömum vél- og hugbúnaði, a.m.k. ekki umfram það sem nauðsynlegt er hverju sinni. Í samræmi við þetta ættu stjórnvöld að forðast að hafa gögn á því formi sem aðeins er aðgengilegt með dýrum hugbúnaði frá ákveðnum framleiðanda. Þegar um er að ræða textaskjöl væri t.d. eðlilegt að notast við form sem er aðgengilegt öllum þorra ritvinnsluforrita í stað þess að nota t.d. nýjustu gerð hugbúnaðar frá ákveðnu fyrirtæki. Þegar um vefsíður er að ræða mætti hugsa sér að notendur hefðu valkost um hvernig upplýsingar birtust þannig að aðgengi væri ekki bundið við ákveðinn hugbúnað.

Engu að síður þykir ljóst að stjórnvöld geta ekki komið til móts við allar gerðir vél- og hugbúnaðar á fullnægjandi hátt. Stundum kann því að vera nauðsynlegt fyrir notendur að afla sér sérstaks hugbúnaðar til tiltekinna samskipta við stjórnvöld. Samhliða því sem heimildir eru teknar upp til rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála er því eðlilegt að lögfesta reglu þess efnis að stjórnvöld skuli leitast við að ná þessu markmiði eftir því sem unnt er.

15. Persónuvernd.

Um persónuvernd vegna rafrænnar skráningar og vinnslu persónuupplýsinga gilda lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum. Skv. 1. mgr. 3. gr. laganna gilda þau um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda jafnt um vinnslu stjórnvalda og einkaaðila á þessum upplýsingum, þó með nokkrum undantekningum, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Samkvæmt framangreindu eru þegar til staðar réttarreglur um persónuvernd sem fylgja verður við vinnslu persónuupplýsinga vegna rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála. Lítil reynsla er enn komin af framkvæmd laganna. Á þessu tímamarki verður hins vegar ekki séð að þörf sé á að breyta þessum lögum vegna upptöku rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála.

16. Vandkvæði á einstökum sviðum stjórnsýslunnar.

Eftir gildistöku laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, teljast störf sýslumanna til stjórnsýsluathafna. Þótt málsmeðferð sýslumanna séu um margt byggð á sömu sjónarmiðum og almennt eiga við um stjórnsýsluna gætir þar afbrigða vegna sérsjónarmiða sem um þessar athafnir gilda. Er ítarlega kveðið á um störf sýslumanna í sérstökum lögum, sbr. einkum þinglýsingalög, nr. 39/1978, lög nr. 90/1989, um aðför, lög nr. 31/1990, um kyrr-

setningu, lögbann o.fl., lög nr. 90/1991, um nauðungarsölu, lög nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., og lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Störf sýslumanna samkvæmt framangreindum lögum tengjast náið störfum dómstóla, meðal annars þannig að ágreiningi um athafnir þeirra verður almennt skotið beint til héraðsdóms samkvæmt sérstökum reglum.

Ekki er þó rétt að leggja til breytingar á framangreindum lögum með hliðsjón af rafrænni meðferð stjórnsýslumála án sérstakrar og ítarlegrar skoðunar. Er t.d. ljóst að rafræn meðferð þinglýsingarmála samkvæmt lögum nr. 39/1978 kemur vart til greina fyrr en rafræn viðskipti verða orðin útbreidd og örugg. Rafræn málsmeðferð þinglýsingarmála kallar einnig á umtalsverða endurskoðun á lögum nr. 39/1978 og framkvæmd þinglýsinga hjá sýslumönnum. Um ýmis önnur lög, sem gilda um athafnir sýslumanna, verður vart fjallað án þess að um leið sé litið til reglna réttarfars. Samkvæmt öllu framangreindu er að svo stöddu talið rétt að takmarka almennar breytingar á lögum í tilefni af rafrænni meðferð stjórnsýslumála við gildissvið stjórnsýslulaga. Jafnframt er vakin athygli á því að reglur um athafnir sýslumanna og dómstóla verðskulda sérstaka skoðun með hliðsjón af rafrænni upplýsingamiðlun.

17. Upplýsingaskylda stjórnvalda.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, ber stjórnvöldum ekki aðeins skylda til að veita almenningi aðgang að skjölum máls, heldur einnig að öllum öðrum gögnum sem mál varða, svo sem teikningum, uppdráttum, kortum, myndum, örfilmum og gögnum, sem vistuð eru í tölvu. Samkvæmt þessu taka upplýsingalög ótvírætt til rafrænna gagna. Engin þörf er því á breytingum á þeim lögum þótt tekin sé upp rafræn meðferð stjórnsýslumála.

Um upplýsingarétt aðila máls er kveðið á í 15. gr. stjórnsýslulaga. Skv. 1. mgr. greinarinnar tekur rétturinn ekki aðeins til skjala, heldur einnig annarra gagna sem mál varða. Upplýsingaréttur aðila máls er þannig óháður formi gagna, þar á meðal því hvort þau eru á rafrænu eða skriflegu formi. Samkvæmt þessu tekur upplýsingaréttur aðila ótvírætt til rafrænna gagna og er því ekki tilefni til lagabreytinga að þessu leyti þótt tekin verði upp rafræn meðferð stjórnsýslumála.

18. Hugmynd um lögheimili á netinu.

Það er meginregla í stjórnsýslurétti að stjórnvaldsákvörðun skuli birt aðila máls. Er þá litið svo til að ákvörðun sé nægilega birt þegar tilkynning um hana er komin til aðila máls þannig að hann á þess kost að kynna sér efni hennar, t.d. þegar bréf er komið á lögheimili hans. Svo sem fram hefur komið hefur stór hluti þjóðarinnar aðgang að nettengdum tölvum og á þá um leið kost á að koma sér upp tölvupóstfangi. Í ljósi þess þykir hér rétt að nefna þá hugmynd að einstaklingar og lögaðilar gætu fengið tölvupóstföng sín skráð hjá hinu opinbera í því skyni að taka þar á móti öllum þeim tilkynningum og erindum, sem stjórnvöld senda þeim annars í pósti á lögheimili þeirra. Með því móti væri komið á fót nokkurs konar löggiltum tölvupóstföngum, sem gegndu svipuðu hlutverki og lögheimili.

Eins og fram kom hér að framan hafa í Finnlandi verið tekin upp svokölluð borgarakort. Á þau er m.a. hægt að færa það tölvupóstfang, sem handhafi kortsins óskar að veita viðtöku erindum frá hinu opinbera. Á sama hátt má hugsa sér að einstaklingur, sem hefur hug á því að eiga samskipti við stjórnvöld með rafrænum hætti, geti fengið einkaskráningu á tiltekið tölvupóstfang, sem sagt nokkurs konar löggilt tölvupóstfang eða „lögheimili á netinu“.

Tillögur um lagabreytingar og aðrar aðgerðir.

1. Jafngildisleiðin.

Eðlilegt er að sömu efnislegu kröfur séu gerðar til meðferðar stjórnsýslumála án tillits til þess hvort hún styðst við hefðbundnar aðferðir eða rafræna upplýsingamiðlun. Af þessu leiðir að ekki er ástæða til að setja sérreglur um rafræna meðferð stjórnsýslumála nema um þau atriði þar sem séreiginleikar rafrænnar upplýsingamiðlunar gera það nauðsynlegt. Slíkar sérreglur ættu að miða að því að gera rafræna upplýsingamiðlun jafngilda þeim aðferðum við rekstur stjórnsýslumála, sem hingað til hafa tíðkast, að því marki sem þessi tækni getur þjónað sömu hagsmunum. Í þessu felst einkum að setja verður sérreglur með hliðsjón af ýmsum formkröfum samkvæmt gildandi lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og venjum um að gerningar séu skriflegir og undirritaðir. Þessar sérreglur beinast þannig að því að rafrænir gerningar verði jafngildir skriflegum gerningum og rafrænar undirskriftir jafngildar hefðbundnum eiginhandaráritunum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í samræmi við framangreint er í frumvarpi þessu lagt til að lögfestar verði nokkrar almennar reglur um jafngildi rafrænnar upplýsingamiðlunar og annarra aðferða í samskiptum við meðferð stjórnsýslumála og þeim aukið við stjórnsýslulögin í sérstökum kafla. Með því móti má segja að rutt sé úr vegi þeim lagalegu hindrunum sem almennt kunna að standa rafrænni meðferð stjórnsýslumála fyrir þrifum og ekki gerist þörf á að endurskoða reglur íslensks stjórnsýsluréttar í heild sinni með hliðsjón af rafrænni upplýsingamiðlun. Engu að síður er þó vert að vekja á því athygli að rafræn meðferð mála á einstökum sviðum stjórnsýslunnar kann eftir sem áður að krefjast sérstakrar skoðunar og kalla á breytingar á ýmsum sérlögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Slíkar athuganir verða hins vegar best framkvæmdar af þeim sem þekkja til á viðkomandi sérsviði, eftir atvikum í samstarfi við kunnáttumenn á sviði upplýsingatækni.

2. Tæknilegt hlutleysi.

Frumvarpið tekur mið af því að reglur um rafræna meðferð stjórnsýslumála ættu að vera eins tæknilega hlutlausar og mögulegt er og nægilega sveigjanlegar til að geta staðið óbreyttar þrátt fyrir fyrirsjáanlega þróun rafrænnar upplýsingatækni.

3. Heimild en ekki skylda til rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála.

Frumvarpið miðar að því að gera stjórnvöldum kleift að nýta rafræna upplýsingatækni við meðferð stjórnsýslumála. Hins vegar skortir rök til að leggja þá skyldu á herðar stjórnvöldum að taka upp slíka stjórnsýsluhætti á öllum sviðum. Stjórnvöld ættu hvert á sínu sviði að vera best í stakk búin til að meta hvort og hvernig taka megi upp rafræna stjórnsýsluhætti í einstökum málaflokkum, eftir atvikum í samræmi við almenna stefnumótun stjórnvalda. Í þessu sambandi er minnt á að jafnan þarf að huga að ýmsum tæknilegum og skipulagslegum vandkvæðum áður en rafræn meðferð stjórnsýslumála er tekin upp á tilteknu sviði.

4. Almennar reglur um rafræna meðferð stjórnsýslumála.

Áherslu ber að leggja á að með frumvarpi þessu er eingöngu lagt til að settar verði almennar reglur um rafræna meðferð stjórnsýslumála. Eftir sem áður er unnt að gera strangari eða vægari kröfur til rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála á ákveðnum sviðum, ef ástæða þykir til. Rétt er þó að árétta að til þess að heimilt verði að víkja frá almennum reglum með þeim hætti þarf að koma til heimild í settum lögum. Í þessu sambandi skal minnt á að þegar eru fyrir hendi nokkur sérákvæði í lögum, sem lúta að rafrænni meðferð stjórnsýslumála.

5. Jafnræði borgaranna og aðgengi að stjórnsýslunni.

Við notkun rafrænnar upplýsingatækni er mikilvægt að jafnræði borgaranna sé haft að leiðarljósi. Í því felst krafa um að stjórnvöld hagi rafrænni meðferð stjórnsýslumála á þann veg að sem flestir geti nýtt sér það hagræði sem felst í slíkri meðferð. Af þessum sökum er lagt til að lögfest verði almenn regla er gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau velji vél- og hugbúnað með hliðsjón af þeim búnaði sem almenningur býr almennt yfir og leitist við að halda tilkostnaði almennings í lágmarki. Í þessu skyni verður af hálfu stjórnvalda jafnframt unnið að mótun heildarstefnu um það hvernig haga beri tæknilegum atriðum rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála.

6. Gildissvið.

Að svo stöddu er talið rétt að takmarka breytingar á lögum við gildissvið stjórnsýslulaga. Um leið er þó vakin athygli á því að löggjöf um athafnir sýslumanna verðskulda sérstaka endurskoðun með hliðsjón af rafrænni miðlun upplýsinga. Við slíka skoðun verður væntanlega ekki komist hjá því að endurskoða einnig að einhverju leyti reglur réttarfarslaga með hliðsjón af rafrænni upplýsingamiðlun.

7. Varðveisla rafrænna gagna.

Skilvirk og örugg varðveisla rafrænna gagna er forsenda rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála. Samhliða því sem lögfest verða ákvæði sem heimila rafræna meðferð slíkra mála, er því jafnframt lagt til að lögfest verði regla er gerir stjórnvöldum skylt að varðveita rafræn gögn máls þannig að unnt verði að sannreyna efni og uppruna þeirra síðar.

Þótt lög nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, taki einnig til rafrænna gagna er ástæða til að huga að núverandi framkvæmd á skráningu, afhendingu og varðveislu slíkra gagna á Þjóðskjalasafni. Hefur því jafnframt verið ákveðið að skipa nefnd til fjalla um tæknileg og lagaleg álitamál við varðveislu rafrænna gagna, eftir atvikum með það fyrir augum að endurskoða lög nr. 66/1985 að þessu leyti.

8. Tæknileg og skipulagsleg álitaefni.

Enda þótt lagalegum hindrunum fyrir rafrænni meðferð stjórnsýslumála verði rutt úr vegi er loks vert að benda á að upptaka slíkra stjórnsýsluhátta krefst þess að áður sé leyst úr ýmsum tæknilegum og skipulagslegum álitaefnum. Úr sumum þeirra er eðlilegt að einstök stjórnvöld leysi sjálf þegar þau meta hvort taka eigi upp rafræna stjórnsýsluhætti. Það á t.d. við um form og öryggi gagna, sem stjórnvald móttekur rafrænt, og um endurskipulag innri verkferla, svo sem við skráningu þeirra, úthlutun og varðveislu. Á öðrum atriðum er hins vegar rétt að tekið verði heildstætt, þar á meðal því hvernig haga megi rafrænni meðferð stjórnsýslumála þannig að sem flestir geti nýtt sér það hagræði sem í því felst án þess að þurfa að kosta til fé til kaupa á nýjum vél- eða hugbúnaði eða uppfæra þann sem fyrir er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heiti kaflans, *Rafræn meðferð stjórnsýslumála,* vísar til þess að samskipti stjórnvalds og aðila stjórnsýslumáls fari fram með rafrænni miðlun upplýsinga. Hugtakið rafræn upplýsingamiðlun er rúmt og tekur til hvers kyns upplýsingamiðlunar með rafboðum. Undir rafræna miðlun upplýsinga í þessum rúma skilningi falla þannig t.d. myndsendar, símritar og talsímar. Þótt þessir miðlar falli samkvæmt þessu undir sérreglur kaflans leiðir af ákvæðum hans að það er fyrst og fremst miðlun upplýsinga með tölvum sem hér hefur þýðingu, enda

geta aðrir miðlar sjaldnast fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru í öðrum greinum frumvarpsins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við þær. Ákvæði kaflans eiga við rafræna miðlun upplýsinga með tölvum án tillits til þess hvort um er að ræða lokuð eða opin kerfi. Lokuð kerfi eru aðeins aðgengileg tilteknum aðilum, til dæmis þeim sem hafa verið tengdir við tölvunet með sérstakri gagnaflutningslínu, en opin kerfi eru öllum aðgengileg sem búa yfir ákveðnum vél- og hugbúnaði og hafa áhuga á því að tengjast kerfinu, t.d. um netið.

Rafræn miðlun upplýsinga getur nýst í mismiklum mæli við meðferð stjórnsýslumáls. Þannig gæti t.d. erindi borist stjórnvaldi með rafpósti (e. e-mail) eða með því að fyllt sé út rafrænt eyðublað á vefsíðu stjórnvalds, enda þótt stjórnvaldsákvörðun (t.d. leyfisbréf) sé birt aðila skriflega á pappír. Á hinn bóginn getur meðferð frá upphafi til enda farið fram með aðstoð rafrænna miðla og ákvörðun máls og birting hennar þá einnig verið í rafrænu formi. Eins og áður segir er frumvarpi þessu ætlað að ryðja úr vegi helstu tálmum í lögum þannig að meðferð stjórnsýslumála geti að öllu leyti farið fram á rafrænan hátt.

Þær sérreglur sem frumvarpið gerir ráð fyrir um rafræna meðferð stjórnsýslumála í IX. kafla taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga í samræmi við almennt gildissvið stjórnsýslulaga, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna. Samkvæmt því taka ákvæði kaflans ekki til smíði reglugerða eða annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla. Þá gildir kaflinn ekki um gerð samninga einkaréttarlegs eðlis, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna og gagnályktun frá 3. mgr. 1. gr. laganna. Af almennu gildissviði stjórnsýslulaga leiðir jafnframt að kaflinn mun ekki taka til Alþingis, stofnana á vegum þess eða til dómstóla. Þá taka ákvæði kaflans ekki heldur til þeirra athafna sýslumanna sem taldar eru upp í 1. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga.

Um 2. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar er lagt til að stjórnvald taki sjálft ákvörðun um hvort almenningur geti átt samskipti við það á rafrænan hátt við meðferð stjórnsýslumáls. Að svo stöddu þykir ekki fært að gera stjórnvöldum skylt að bjóða almenningi að nálgast sig með þessum hætti, enda þótt að því sé stefnt hvarvetna sem það kann að reynast hagkvæmt. Ákvæðið veitir aftur á móti ekki heimild til þess að einskorða meðferð stjórnsýslumála við rafræna meðferð. Almenn jafnræðisrök leiða til þess, a.m.k. við núverandi aðstæður, að almenningur verður að geta borið erindi sín upp við stjórnvöld án tillits til þess hvort hann á þess kost að gera það með rafrænum hætti eða ekki.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að upplýsingar um þær kröfur sem vél- og hugbúnaður aðila þarf að fullnægja svo að meðferð máls geti farið fram með rafrænum hætti skuli vera honum aðgengilegar við upphaf máls og skuli stjórnvald vekja athygli hans á þessum kröfum eftir því sem ástæða er til. Í þessu felst að stjórnvald ákveður hvaða búnaður er nauðsynlegur til að aðili geti átt við það rafræn samskipti þannig að meðferð máls geti að hluta eða í heild farið fram með rafrænum hætti. Kröfur sem stjórnvald gerir í þessu sambandi mundu almennt mótast af þeim vél- og hugbúnaði sem stjórnvaldið notast sjálft við eða hefur sett upp í þágu rafrænnar meðferðar mála. Þannig mætti til dæmis hugsa sér að stjórnvaldsákvörðun sé sett upp með ákveðnum ritvinnsluhugbúnaði og verður þá aðili málsins að búa yfir vél- og hugbúnaði sem gerir honum kleift að taka á móti þessum gögnum og kynna sér efni þeirra. Þótt stjórnvöld ákveði sjálf hvaða kröfur þau gera í þessu skyni er sú skylda lögð á þau að gera um þær kunnugt við upphaf máls og hafa þær aðgengilegar þeim sem óskar rafrænnar meðferðar máls. Ef til dæmis liggur fyrir að tilkynningar og önnur gögn frá stjórnvaldi eru unnar með ákveðnum hugbúnaði ættu upplýsingar um þetta að liggja fyrir í upphafi þannig að aðili máls geti metið hvort búnaður hans geti tekið á móti rafrænum gögnum frá stjórnvaldi. Þessar kröfur eiga einnig að vera aðgengilegar aðilanum, t.d. þannig að þær komi

fram á vefsíðu stjórnvalds þar sem upplýsingar um rafræna meðferð stjórnsýslumála er að finna. Oft mundu þessar kröfur vera hluti af leiðbeiningum stjórnvalds fyrir rafræna meðferð máls, t.d. þegar um væri að ræða útfyllingu rafræns eyðublaðs með hugbúnaði sem sérstaklega hefði verið hannaður fyrir tiltekna afgreiðslu mála. Í slíkum tilvikum væri engin ástæða til að vekja athygli aðila á kröfum sem þessum umfram það sem fram kæmi í leiðbeiningum með rafrænu eyðublaði. Í öðrum tilvikum, t.d. þegar aðili ætti frumkvæði að rafrænni meðferð máls með sendingu rafpósts, væri ástæða til að vekja athygli hans á því að áframhaldandi meðferð málsins væri háð því skilyrði að hann hefði yfir að ráða búnaði sem gæti tekið á móti gögnum í ákveðnu sniði. Til dæmis gæti stjórnvald vakið athygli aðilans á því að þau gögn sem honum kynnu að verða send væru unnin með ákveðnum ritvinnsluhugbúnaði. Þar sem aðila stjórnsýslumáls eiga að vera ljósar þær kröfur sem vél- og hugbúnaður hans þarf að fullnægja til þess að meðferð málsins geti farið fram með rafrænum hætti ber hann ábyrgð á því að þessum kröfum sé fullnægt, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Ef búnaður hans fullnægir hins vegar ekki þessum kröfum á hann þess alltaf kost að nýta sér hefðbundna stjórnsýslumeðferð.

Í 3. málsl. 1. mgr. kemur fram að stjórnvöld skuli haga vali á vél- og hugbúnaði, sem nota á við rafræna meðferð stjórnsýslumála, þannig að sem flestir geti nýtt sér þennan valkost. Þetta ákvæði styðst við almenn jafnræðisrök og felur í sér að stjórnvöld ættu að forðast að haga rafrænni meðferð stjórnsýslumála þannig að almenningur þurfi að leggja út í kostnað við kaup á nýjum vél- og hugbúnaði eða uppfæra þann sem þegar er til staðar. Stjórnvöld ættu því jafnan að haga rafrænni stjórnsýslu þannig að afla megi nauðsynlegs hugbúnaðar án mikils tilkostnaðar.

Af 2. mgr. leiðir að stjórnvaldi ber því aðeins skylda til að haga meðferð máls með rafrænum hætti að ákvörðun um að nýta heimild til rafrænnar stjórnsýslu skv. 1. mgr. hafi áður verið tekin og aðili óski þess að slík meðferð sé viðhöfð. Hið sama á við ef ráða má af erindi aðilans að hann óski rafrænnar meðferðar, en litið er á að þetta eigi við þegar aðili hefur að fyrra bragði notað þann búnað til rafrænna samskipta við stjórnvald sem það hefur auglýst á vefsíðu sinni að standi til boða í slíkum samskiptum, sbr. 2. málsl. Ef aðili hefði samband við stjórnvald með rafrænum hætti, en óskaði þess engu að síður að stjórnvaldið svaraði honum með hefðbundnum hætti væri stjórnvaldi að sjálfsögðu skylt að verða við slíkri ósk.

Ef stjórnvald hefur ekki tekið ákvörðun um að gefa kost á rafrænni meðferð máls, en berst engu síður erindi með rafrænum hætti, á það eftir sem áður kost á að halda meðferð málsins áfram eftir hefðbundnum leiðum. Við þessar aðstæður ræðst það af atvikum hvort erindi er yfirhöfuð tækt til meðferðar, t.d. ef erindi á að vera skriflegt eða undirritað. Stjórnvaldi er þó heimilt að ákveða í einstöku tilviki að nota rafræna upplýsingamiðlun til samskipta við aðila máls ef aðili óskar þess. Hér verður þó sem endranær að gæta samræmis og jafnræðis í stjórnsýsluframkvæmd. Minna má á að af 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins leiðir að stjórnvöld verða almennt að ganga úr skugga um hvaða raffang (e. e-mail adress) aðili notar í samskiptum við stjórnvald og gera honum grein fyrir því að hann megi búast við því að gögn verði send honum á þetta raffang og á ákveðnu formi.

Í 3. mgr. er lagt til að stjórnvald ákveði sjálft hvaða kröfur það gerir til gagna sem því eru send á rafrænan hátt. Þetta ákvæði er mikilvægt bæði með tilliti til skilvirkni rafrænnar málsmeðferðar og öryggissjónarmiða. Stjórnvöld geta þannig ákveðið að erindi skuli berast á ákveðnu formi og á ákveðinn stað, t.d. sérstaka rafræna afgreiðslu stofnunar. Meðal annars geta stjórnvöld krafist þess að erindi séu sett fram á sérstökum rafrænum eyðublöðum, en með þeim er átt við rafræn gögn á stöðluðu formi sem aðili máls fyllir sjálfur út. Fullnægi

erindi ekki þessum kröfum er stjórnvaldi rétt að leiðbeina málsaðila og óska eftir því að hann fylli réttilega út eyðublað, veiti að öðru leyti nauðsynlegar upplýsingar eða uppfylli önnur þau skilyrði sem stjórnvald hefur sett í samræmi við ákvæði þessa liðar. Verði málsaðili ekki við ítrekun stjórnvalds um slíkt ræðst það af þeirri lagaheimild, sem ákvörðun er byggð á, hvort stjórnvaldi væri rétt að vísa máli frá eða leysa úr því á grundvelli þeirra gagna, sem aflað hefur verið í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga. Berist rafrænt erindi ekki á réttan stað í stjórnsýslunni ber að framsenda erindið í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga. Í ákvæðinu felst einnig að stjórnvald getur gert kröfur sem miða að því að koma í veg fyrir að því berist gögn, sem kunna að innihalda vírusa eða eru með öðrum hætti hættuleg öryggi tölvukerfis stjórnvaldsins.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að rafræn gögn fái sömu stöðu og skrifleg gögn að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og hefur ákvæðið þannig að geyma reglu af sama toga og fram kemur í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Þessi skilyrði eiga að tryggja að rafrænu gögnin þjóni öllum þeim hagsmunum sem skrifleg gögn gera, t.d. að því er tekur til sönnunargildis, fjölföldunar og geymslu. Sérstaklega er kveðið á um geymslu rafrænna gagna í 7. gr. frumvarpsins.

Til þess að rafrænt gagn teljist jafngilt skriflegu gagni þarf það í fyrsta lagi að vera tæknilega aðgengilegt með þeim vél- og hugbúnaði sem stjórnvald hefur tilgreint í skilmálum sínum skv. 2. gr. Í þessu sambandi skal áréttað að stjórnvaldi ber að kynna aðila fyrir fram hvaða kröfum vél- og hugbúnaður hans þarf að fullnægja svo að hann geti móttekið gögn og ber aðili málsins ábyrgð á því að hann hafi fullnægjandi búnað að þessu leyti. Ef gögn væru almennt tæknilega aðgengileg mundu þau þannig teljast skrifleg í skilningi ákvæðisins, jafnvel þótt aðili gæti ekki kynnt sér efni þeirra vegna ófullnægjandi búnaðar. Ef gögnin væru hins vegar ekki aðgengileg þótt venjulegum kröfum til búnaðar væri fullnægt mundu þau ekki fullnægja skilyrði ákvæðisins um að teljast aðgengileg. Gögn sem ekki væru því aðgengileg án þess að aflað væri sérstaks vél- eða hugbúnaðar mundu því ekki fullnægja þessu skilyrði. Sama mundi gilda um gögn sem þyrfti að þýða með aðstoð sérfræðinga eða óvenjulegs útbúnaðar.

Í annan stað verður að vera unnt að varðveita gögnin með sambærilegum hætti og mögulegt er að varðveita gögn á pappír. Gögn sem berast um talsíma er t.d. ekki hægt að varðveita nema með hljóðupptökum og yrðu þau ekki talin varðveitanleg í þessum skilningi. Þetta skilyrði þjónar meðal annars þeim tilgangi að rafrænt gagn geti til frambúðar verið sönnun um yfirlýsingu eða athöfn á sambærilegan hátt og pappírsskjal.

Þriðja skilyrðið fyrir því að rafrænt gagn fullnægi kröfum laga um að eitthvað sé skriflegt er að mögulegt sé að framvísa því síðar. Með öðrum orðum verður að vera unnt að fjölfalda gagn og dreifa því til annarra á svipaðan hátt og skjölum úr pappír. Með þessu er leitast við að tryggja að rafrænt gagn geti gegnt sama hlutverki og skrifleg skjöl í ýmsu tilliti, t.d. ef leggja þarf gagnið fram fyrir önnur stjórnvöld, dómstóla eða veita að því aðgang á grundvelli upplýsingalaga.

Hafa ber í huga að greinin fjallar eingöngu um kröfur laga, stjórnvaldsfyrirmæla og venja um að gögn séu skrifleg. Greinin fjallar hins vegar ekki um aðrar og frekari formkröfur, svo sem að gögn skuli vera undirrituð eða vottuð. Um þau atriði er fjallað í öðrum greinum frumvarpsins.

Ef lög gera kröfu um önnur formskilyrði en þau sem hinar almennu jafngildisreglur IX. kafla stjórnsýslulaga taka til getur niðurstaðan orðið sú að ekki sé hægt að viðhafa rafræna

miðlun upplýsinga við meðferð þeirra mála sem þau lög taka til. Slík lagaákvæði verður þá að endurskoða sérstaklega ef ástæða er talin til að bjóða upp á rafræna miðlun upplýsinga á þeim sviðum sem þau taka til.

Um 4. gr.

Hugtökin frumrit og afrit eiga illa við um rafræn gögn. Má segja að rafræn gögn, eins og þau birtast okkur á tölvuskjá eða með öðrum hætti, séu ávallt afrit rafrænna upplýsinga. Kröfur laga um frumrit þjóna þeim tilgangi að tryggja að gagn sé óbreytt frá upprunalegri gerð. Því er eðlilegt að telja rafræn gögn fullnægja þessum áskilnaði, ef unnt er að tryggja að gagn sé óbreytt frá því að gengið var frá því, en það er fyrst og fremst tæknilegt álitamál. Verður því að meta með hliðsjón af þeirri tækni sem á að nota hvort skilyrði ákvæðisins sé fullnægt um rafræn gögn svo að telja megi þau jafngild frumriti. Rafrænar undirskriftir koma þó einkum til greina sem aðferð við að kanna hvort gagn hefur breyst frá því að það var undirritað með rafrænum hætti.

Í 2. málsl. er gerður sá fyrirvari að rafræn gögn geti ekki talist viðskiptabréf eða önnur bréf þar sem fjárhagsleg réttindi eru bundin við handhöfn bréfsins, en um rafrænt form slíkra bréf gilda lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Reglur um afrit þjóna þeim tilgangi að gagn sé tiltækt í fleiri eintökum. Þar sem auðvelt er að fjölfalda rafræn gögn er ástæðulaust að gera kröfu til að þau séu send til eða frá stjórnvöldum í fleiri en einu eintaki. Er því lagt til að rafræn gögn fullnægi ætíð áskilnaði um fleiri en eitt eintak.

Um 5. gr.

Um rafrænar undirskriftir gilda nú ákvæði laga nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir, en lögin taka mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins nr. 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um sameiginlegar grunnreglur um rafrænar undirskriftir (e. Directive 1999/93/EC of the European Parliament and of the Council of 13 December 1999 on a Community framework for electronic signatures). Í 7. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum heimilað að gera auknar kröfur til rafrænna undirskrifta sem notaðar eru innan stjórnsýslunnar. Sú regla sem hér er lögð til gerir hins vegar ráð fyrir að sömu kröfur verði gerðar til rafrænna undirskrifta við meðferð stjórnsýslumála og í lögskiptum einkaaðila í samræmi við þá löggjafarstefnu sem mörkuð hefur verið í lögum nr. 28/2001.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar getur stjórnvald ákveðið að rafræn undirskrift komi í stað eiginhandarundirskriftar við meðferð stjórnsýslumála jafnvel þótt lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilji undirskrift. Til þess að þetta sé heimilt verður rafræn undirskrift að tryggja með sambærilegum hætti og eiginhandarundirskrift persónulega staðfestingu þess sem undirskriftin ber með sér að stafa frá. Það er því einkum háð mati á tæknilegum eiginleikum tiltekinnar rafrænnar undirskriftar hvort þessu skilyrði telst fullnægt. Þegar um er að ræða fullgilda rafræna undirskrift í skilningi laga um rafrænar undirskriftir er hins vegar sjálfkrafa litið svo á að rafræn undirskrift fullnægi skilyrðinu. Þótt gera megi ráð fyrir að flestar rafrænar undirskriftir sem notaðar verða við meðferð stjórnsýslumála verði fullgildar í skilningi laga um rafrænar undirskriftir þykir allt að einu ekki rétt að útiloka að aðrar undirskriftir geti talist fullnægjandi eftir nánari ákvörðun stjórnvalds. Er þá meðal annars haft í huga að ekki er útilokað að opinberir aðilar komi sjálfir á fót sérstöku undirskriftakerfi til rafrænnar meðferðar mála.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. er ekki þörf á því að stjórnvald taki sérstaka afstöðu til þess hvort fullgild rafræn undirskrift tryggi með sambærilegum hætti og eiginhandarundirskrift

persónulega staðfestingu þess sem undirskriftin ber með sér að stafa frá eða heimili notkun undirskriftarinnar við málsmeðferðina. Ef stjórnvald hefur á annað borð ákveðið að aðili geti átt rafræn samskipti við það er því alltaf fullnægjandi að nota fullgilda rafræna undirskrift þegar lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja undirskrift. Efnislega er þetta sama regla og fram kemur í 4. gr. laga nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir. Aðrar undirskriftir geta verið fullnægjandi eftir nánari ákvörðun stjórnvalds eins og áður segir. Svarar þessi regla efnislega til 4. gr. sömu laga með því fráviki að það er látið í hendur stjórnvalds að taka fyrir fram afstöðu til gildis undirskriftar að þessu leyti. Hugtökin rafræn undirskrift og fullgild rafræn undirskrift eru hér notuð í sama skilningi og í lögum nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir.

Í 2. mgr. greinarinnar er því slegið föstu að rafræn undirskrift sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. eða er fullgild undirskrift fullnægi skilyrðum laga um að teljast vottuð um tiltekin atriði, ef hún er studd vottorði sem staðfestir þau atriði sem krafist er vottunar á. Fullgildar rafrænar undirskriftir verða að vera vottaðar af sérstökum vottunaraðila, eins og nánar er kveðið á um í lögum um rafrænar undirskriftir. Þykir því ekki nauðsynlegt að rafræn undirskrift sé vottuð sérstaklega af öðrum aðilum, eins og stundum er krafist um hefðbundnar undirskriftir. Vottorð rafrænnar undirskriftar sem t.d. vottar einnig dagsetningu og aldur undirritanda mundi samkvæmt reglunni einnig fullnægja áskilnaði laga um að undirskrift, dagsetning og fjárræði væri vottuð.

Í 3. mgr. er því slegið föstu að stjórnvöldum sé heimilt að nota aðrar rafrænar staðfestingar en rafrænar undirskriftir, t.d. leyniorð, þar sem lög krefjast ekki sérstaklega eiginhandarundirritunar. Reglan felur þannig í raun ekki í sér breytingu frá gildandi rétti, en áréttar að heimilt sé að nota rafrænar staðfestingar þegar ekki er lagalega skylt að gögn séu undirrituð. Hvort það getur talist rétt í ákveðnu tilviki er bæði háð mati á öryggi leyniorða frá tæknilegu sjónarmiði og eðli hlutaðeigandi málaflokks.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er hin almenna regla stjórnsýsluréttar um birtingu löguð að rafrænni upplýsingamiðlun, en í samræmi við birtingarregluna er hér lagt til að rafræn gögn teljist komin til aðila þegar hann á þess kost að kynna sér efni þeirra. Ef tölvuskeyti er t.d. aðgengilegt aðila hjá vefþjóni hans mundi skeytið teljast komið til hans í framangreindum skilningi. Ef gögnin eru ekki aðgengileg aðilanum af tæknilegum ástæðum, sem hann verður ekki talinn bera ábyrgð á, þannig að hann getur ekki kynnt sér efni þeirra, teljast þau ekki komin til hans. Af þessum sökum er sú skylda lögð á stjórnvöld að setja fram í upphafi þær kröfur sem vél- og hugbúnaður aðila þarf að fullnægja svo að meðferð máls geti farið fram með rafrænum hætti, og að þessar kröfur séu aðilanum aðgengilegar við upphaf máls, sbr. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Ef stjórnvald hefur fullnægt þessari skyldu sinni má ganga út frá því að aðilanum megi vera þessar kröfur ljósar. Af þessum sökum þykir mega láta aðilann bera áhættuna af því að vél- og hugbúnaður hans fullnægi þeim kröfum sem til hans hafa verið gerðar við upphaf málsmeðferðar, og nauðsynlegar eru til þess að hann geti kynnt sér efni stjórnvaldsákvörðunar eða annarra gagna á rafrænu formi, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Rétt er að minna á að aðila er ekki skylt að taka þátt í rafrænni meðferð samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa og á þess ætíð kost að mál hans sæti hefðbundinni meðferð.

Vilji stjórnvöld ganga úr skugga um að gögn hafi borist aðila á fullnægjandi hátt gætu þau eftir atvikum óskað eftir að aðili staðfesti að hann hefði veitt þeim viðtöku. Í þessu skyni væri stjórnvaldi rétt að ganga úr skugga um hvaða raffang (e. e-mail adress) aðili notar í samskiptum við stjórnvald og eftir atvikum gera honum grein fyrir því að hann megi búast

við því að gögn verði send honum þangað og á ákveðnu formi. Með hliðsjón af því að rafræn meðferð máls á sér ekki stað nema þess sé óskað, beint eða óbeint, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, verður að gera þá kröfu til aðila stjórnsýslumáls að hann fylgist með þeim gögnum sem honum berast með rafrænum hætti svipað og á við um almennar póstsendingar á heimili hans eða pósthólf. Ef ástæða er til að tryggja að gögn sem send eru berist aðila örugglega óbreytt ættu rafrænar undirskriftir jafnan að geta þjónað því hlutverki.

Í 2. mgr. er sama regla tekin upp að því er varðar móttöku gagna frá aðila hjá stjórnvöldum. Ríkir hagsmunir eru oft bundnir við að gögn komi til stjórnvalda innan ákveðinna fresta. Aðili ætti því jafnan sjálfur að geta tryggt sér staðfestingu á því að gögn hafi verið send stjórnvaldi á ákveðnum tíma og að sendingin hafi tekist. Þrátt fyrir það er þó í öryggisskyni lagt til að sú skylda verði lögð á stjórnvöld að staðfesta móttöku rafrænna gagna þannig að aðili viti að erindi hans hafi verið móttekið á ákveðnum tíma, eftir atvikum innan ákveðins frests. Gera má ráð fyrir að staðfestingar á móttöku geti oft verið sjálfvirkar og er því ekki ástæða til að ætla að þessi regla íþyngi stjórnvöldum um of.

Um 7. gr.

Af ýmsum ákvæðum laga leiðir að nauðsynlegt er að varðveita rafræn gögn, sbr. einkum lög nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, og upplýsingalög, nr. 50/1996. Sú regla sem hér er lögð til tekur að sjálfsögðu aðeins til gagna sem í eðli sínu eru varðveitanleg, sbr. til hliðsjónar 4. gr. frumvarpsins. Hún felur því ekki í sér að hljóðrita þurfi samræður í talsíma eða þess háttar.

Ríkir opinberir hagsmunir eru bundnir við að unnt sé að ganga út frá því að opinber skjöl séu ófölsuð og eiga þau rök einnig við um þau rafrænu gögn sem geta gegnt sama hlutverki og opinber málsskjöl samkvæmt frumvarpinu. Í samræmi við þetta er lögð sú skylda á herðar stjórnvöldum að þau gangi þannig frá rafrænum gögnum að síðar sé hægt að sannreyna uppruna þeirra og að efni þeirra sé óbreytt frá því að þau urðu til. Ástæða er til þess að nefna að þótt rafrænar undirskriftir nýtist við að ganga úr skugga um falsleysi skjala á ákveðnu tímamarki er ekki gert ráð fyrir því að vottorð þessara undirskrifta verði gild nema í takmarkaðan tíma. Samkvæmt þessu verða stjórnvöld að ganga þannig frá varðveislu rafrænna skjala að síðar sé unnt að sannreyna falsleysi þeirra enda þótt vottorð rafrænna undirskrifta séu ekki lengur gild og rafrænar undirskriftir skjala séu orðnar óvirkar. Ef geymsla rafrænna skjala hins opinberra er trygg má ganga út frá því að skjöl sem borist hafa stjórnvaldi á ákveðnu tímamarki séu óbreytt. Ef gengið hefur verið úr skugga um falsleysi skjalsins við móttöku eða vistun þess og unnt er að vísa til þessarar könnunar síðar skiptir þannig ekki sköpum þótt vottorð rafrænnar undirskriftar sé ekki lengur til staðar. Ekki þykir ástæða til þess að tilgreina nánar hvernig nákvæmlega skuli staðið að varðveislu rafrænna skjala, enda getur margvísleg tækni nýst í þessu sambandi.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37/1993 (rafræn stjórnsýsla).

Tilgangur frumvarpsins er að ryðja úr vegi þeim lagalegu hindrunum sem almennt kunna að standa í vegi fyrir rafrænni meðferð stjórnsýslumála og þar með þróun rafrænna stjórnsýsluhátta. Samkvæmt frumvarpinu er stjórnvaldi heimilt að bjóða upp á að notuð sé rafræn miðlun upplýsinga við meðferð máls og lögfestar eru almennar reglur um jafngildi rafrænnar upplýsingamiðlunar og annarra aðferða í samskiptum við meðferð stjórnsýslumála, að uppfylltum ákveðnum lágmarksskilyrðum.

Ekki eru efni til að meta með nokkurri nákvæmni hugsanlegan kostnað eða sparnað ríkissjóðs verði frumvarp þetta að lögum. Upptaka rafrænna meðferða stjórnsýslumála, sem frumvarp þetta vel að merkja heimilar stjórnvaldi en skyldar ekki, krefst ákveðins undirbúnings og yfirleitt fellur til einhver upphafskostnaður samfara yfirfærslu úr einu kerfi í annað. Almennt má þó ætla að hagræðið, sem felst í rafrænni meðferð í stað lög- eða hefðbundinnar pappírsmeðferðar, muni til lengri tíma litið stuðla að sparnaði og skilvirkni í opinberum rekstri.

385. Fyrirspurn [349. mál]

til heilbrigðisráðherra um Forvarnasjóð.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hver fer með stjórn Forvarnasjóðs?
2. Hve miklu fé var úthlutað árlega 1999–2002 til
   a. verkefna,
   b. áfangaheimila?
3. Hvernig er eftirliti með verkefnum háttað?

Skriflegt svar óskast.

386. Svar [177. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ragnarsdóttur um byggðaáætlun fyrir Vestfirði.

1. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að Byggðastofnun verði heimilað í lögum að veita stofnstyrki til nýsköpunar atvinnulífs og að hluta til áhættufjármagn til nýsköpunar- og þróunarstarfs, sbr. byggðaáætlun fyrir Vestfirði frá mars 2002?*

Byggðastofnun er heimilt samkvæmt lögum að veita stofnstyrki til nýsköpunar atvinnulífs. Möguleikar Byggðastofnunar til að veita stofnstyrki takmarkast af tvennu. Í fyrsta lagi þurfa styrkirnir að vera í samræmi við reglur EES-samningsins. Í því felst m.a. að styrkina má einungis veita til stofnunar fyrirtækja á tilteknum svæðum og þá mega þeir ekki nema hærri fjárhæð en tilteknu hlutfalli af heildarfjárfestingunni. Í öðru lagi takmarkast styrkveitingar Byggðastofnunar af árlegum fjárveitingum til hennar. Allt frá árinu 1998 hefur stærstur hluti árlegra framlaga Byggðastofnunar verið veittur til starfsemi atvinnuþróunarfélaga. Þá fékk stofnunin 300 millj. kr. árlega á árunum 1999–2001 til stofnunar eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni. Að öðru leyti hefur fjármálaleg umsýsla Byggðastofnunar einkum verið á sviði lánveitinga til fyrirtækja á landsbyggðinni.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á fót þróunarsjóði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafi það hlutverk að styðja við nýsköpun og endurskipulagningu fyrirtækja, sbr. fyrrgreinda áætlun?*

Ein mikilvægasta breytingin sem boðuð hefur verið um langt árabil á stuðningsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja er að finna í þremur væntanlegum stjórnarfrumvörpum um nýskipan opinbers stuðnings við vísindi og nýsköpun. Eitt þeirra er frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins sem verður á forræði iðnaðarráðherra. Meðal nýmæla í því frumvarpi er tillaga um að stofnaður verði sérstakur tækniþróunarsjóður. Hlutverk sjóðsins verður að styðja þróunarstarf og nýsköpun í íslensku atvinnulífi á öllu landinu, m.a. með því að:

a. styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki,
b. styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og eiga aðild að þeim á frumstigi nýsköpunar,
c. fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna, einstakar greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra,
d. styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi og arðbær þrátt fyrir áhættu í upphafi,
e. kosta greiningu á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til styrktar henni.

Nýsköpun, einkum nýsköpun frumherja og í litlum fyrirtækjum, missir oft marks ef ekki er til staðar fagleg handleiðsla og leiðsögn um stofnun og rekstur fyrirtækja auk upplýsinga um tækninýjungar, innleiðingu þeirra o.fl. Á þessu er tekið í framangreindu frumvarpi með tillögu um stofnun nýsköpunarmiðstöðvar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Hlutverk nýsköpunarmiðstöðvarinnar á m.a. að vera að:

a. eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið,
b. móta sértæk stuðningsverkefni sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framgangi nýrra viðskiptahugmynda sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknum og þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja,

c. starfrækja frumkvöðlasetur til að styðja framgang nýrra hugmynda í samræmi við reglur sem iðnaðarráðherra samþykkir,
d. annast miðlun hvers konar hagnýtrar þekkingar um stofnun og rekstur fyrirtækja,
e. vera tengiliður við þá sem stunda grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er leitt geta til nýsköpunar í atvinnulífinu,
f. miðla þekkingu um innlendar og erlendar tækninýjungar og aðgerðir sem auka framleiðni,
g. beita sér fyrir hagnýtingu vísindalegrar þekkingar,
h. aðstoða við öflun framtaksfjármagns til verkefna sem stuðla að nýsköpun og aukinni verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi.

Að því er stefnt að frumvörpin þrjú um nýskipan opinbers stuðnings við vísindi og nýsköpun verði lögð fram á þessu þingi.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að gert verði sérstakt svæðisskipulag fyrir Vestfirði í heild, sbr. sömu áætlun?*

Vinna við gerð sérstakrar byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð er hafin. Eðlilegt er að bíða með gerð sérstakrar byggðaáætlunar fyrir Vestfirði þar til reynsla hefur fengist af vinnu við gerð byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð.

387. Frumvarp til laga [350. mál]

um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Skráning hlutafélaga.

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, sbr. lög nr. 41/1997.

1. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

II. KAFLI

Skráning einkahlutafélaga.

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, sbr. lög nr. 43/1997.

3. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

III. KAFLI

Skráning samvinnufélaga.

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, sbr. lög nr. 44/1997.

5. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

7. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

IV. KAFLI

Skráning sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

Breyting á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999.

8. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

V. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að færa skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra. Er frumvarpið flutt samhliða frumvarpi til laga um fyrirtækjaskrá en þar er lagt til að ríkisskattstjóri annist framvegis færslu fyrirtækjaskrár og útgáfu kennitalna til fyrirtækja, stofnana og annarra aðila samkvæmt nánari ákvæðum þar að lútandi.

Þær breytingar sem felast í þessum frumvörpum eru framhald þeirra breytinga á verkaskiptingu efnahagsstofnana ríkisins sem urðu á miðju ári 2002 með niðurlagningu Þjóðhags-

stofnunar, flutningi hagskýrsluverkefna hennar til Hagstofunnar og þjóhagsspárverkefna til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis og Seðabanka Íslands. Var þá ákveðið að stefna að frekari breytingum á starfsemi Hagstofunnar í þeim tilgangi að efla hagskýrsluhlutverk hennar og ná aukinni hagræðingu í rekstri. Í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun var greint frá því að áformað væri að ná þessum markmiðum með því að endurskipuleggja Hagstofuna og flytja frá henni þau verkefni sem ekki tilheyra beinlínis hagskýrslugerðinni lengur. Hér er átt við þjóðskrá og almannaskráningu og skráningu fyrirtækja.

Frumvörp þau sem nú eru flutt taka til fyrirtækjaskrár og félagaskráa Hagstofunnar en athugunum og undirbúningi að flutningi þjóðskrár er ekki lokið.

Fyrirtækjaskrá Hagstofunnar var stofnuð árið 1969. Á árinu 1997 tók Hagstofan við rekstri hlutafélagaskrár og skyldra skráa. Við það varð félagaskráning markvissari en verið hafði og veruleg samlegðaráhrif fólust í samhæfingu skránna og færslu þeirra á sama stað. Loks var Hagstofunni á árinu 1999 falin skráning sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Þessar skrár mynda nú þegar eitt gagnasafn og er mikið hagræði fólgið í því að stjórnvöld og opinber kerfi geti unnið með eina samhæfða skrá, sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Um það efni og frekari rökstuðning fyrir færslu þessa gagnasfns og opinberrar skráningar fyrirtækja og félaga vísast til ítarlegrar greinargerðar með frumvarpi til laga um fyrirtækjaskrá.

Frumvarp þetta snýst um breytingu á verkaskiptingu tveggja ráðuneyta og fjallar einvörðungu um það efni. Ákvæði hlutaðeigandi laga er varða hver skuli annast skráningu félaga og stofnana eru algerlega hliðstæð og orðuð á sama hátt. Frumvarpið fjallar því um þessi ákvæði í öllum lögunum og er lagt til að þeim verði breytt á sama hátt í öllum tilvikum. Lögin um samvinnufélög hafa í einni grein að geyma sérstakt ákvæði um setningu reglugerðar um efni opinberrar tilkynningar um skráningu. Er því gerð sérstök tillaga um breytingu þess sem ekki á við um önnur þau lög sem hér um ræðir.

Samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, fer ráðherra Hagstofu Íslands með mál er varða skráningu þessara félaga og stofnana en viðskiptaráðherra fer með málefni þeirra að öðru leyti. Í þessu frumvarpi er lagt til að hlutaðeigandi lagaákvæðum verði breytt á þann hátt að fjármálaráðherra fari framvegis með mál er varða þessa skráningu í stað ráðherra Hagstofu Íslands. Þessi ákvæði eru aðeins í einni málsgrein hverra þessara laga, í 1. og 2. mgr. 1. gr. þeirra og eru öll eins. Hér er því lagt til í 1., 3., 5. og 8. gr. þessa frumvarps að í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ komi „Fjármálaráðherra“.

Ákvæði um að Hagstofa Íslands annist skráningu fyrrgreindra félaga og stofnana koma sömuleiðis aðeins fram í einni málsgrein hverra þeirra laga sem hér um ræðir, þ.e. í 1. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög, 1. mgr. 121. gr. laga um einkahlutafélög, 1. mgr. 10. gr. laga um samvinnufélög og 1. mgr. 37. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Í þessu frumvarpi er lagt til að þessum ákvæðum verði breytt á sama hátt þannig að í stað „Hagstofu Íslands“ komi „Ríkisskattstjóri“. Þessar breytingar felast í tillögum a-liðar 2., 4., 6. og 9. gr. frumvarpsins.

Þriðja atriðið, sem frumvarp þetta kveður á um og er breytt á sama hátt í öllum lögunum sem um ræðir, varðar heimildir ráðherra til að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu hlutaðeigandi félaga og stofnana, rekstur viðkomandi skráa, aðgang að þeim og gjaldtöku. Þessi ákvæði er nú að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög, 2. mgr. 121. gr. laga um einkahlutafélög, 2. mgr. 10. gr. laga um samvinnufélög og 2. mgr. 37. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Reglugerðarheimildin er nú hjá ráðherra Hagstofu Íslands en verður samkvæmt þessu frumvarpi hjá fjármálaráðherra í samræmi við flutning

þessara verkefna. Þessar tillögur eru allar eins og koma fram í b-liðum 2., 4., 6. og 9. gr. frumvarpsins.

Í lögum um samvinnufélög er í 1. mgr. 14. gr. kveðið á um að ráðherra Hagstofu Íslands setji nánari reglur um efni tilkynningar til Lögbirtingablaðs um skrásetningu samvinnufélags. Í frumvarpi þessu er til samræmis við annað efni þess lagt til að fjármálaráðherra setji þess háttar reglur framvegis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um fyrirtækjaskrá og tilgangur þess er að færa skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra.

Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs en í umsögn um frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá er mat á kostnaði við flutning starfseminnar.

388. Frumvarp til laga [351. mál]

um fyrirtækjaskrá.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið og stjórnsýsla.

1. gr.

Halda skal skrá, fyrirtækjaskrá, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Ríkisskattstjóri starfrækir fyrirtækjaskrá og annast útgáfu á kennitölum til annarra en einstaklinga.

Fjármálaráðherra fer með mál sem varða fyrirtækjaskrá.

II. KAFLI
Skráning og útgáfa á kennitölu.

2. gr.

Fyrirtækjaskrá skal geyma upplýsingar um:

1. Einstaklinga, félög og aðra aðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.
2. Stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins.
3. Stofnanir og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga.
4. Félög, samtök og aðila, aðra en einstaklinga, sem hafa með höndum eignaumsýslu, eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur.
5. Aðra starfsemi sem ríkisskattstjóri sér ástæðu til að skrá í fyrirtækjaskrá.

3. gr.

Í fyrirtækjaskrá skal halda aðgreinanlegar skrár yfir hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfeignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur samkvæmt þeim lögum sem gilda um þessi félög og stofnanir.

4. gr.

Í fyrirtækjaskrá skal skrá eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

1. Heiti.
2. Kennitölu.
3. Heimilisfang.
4. Rekstrar- eða félagsform.
5. Stofndag.
6. Nafn, lögheimili og kennitölu forráðamanna.
7. Atvinnugreinarnúmer samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands.
8. Slit félags.
9. Önnur þau atriði sem skylt er að skrá um starfsemi félaga og fyrirtækja samkvæmt lögum eða nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings.

5. gr.

Þeir aðilar sem falla undir 1.–4. tölul. 2. gr. eða óska skráningar skv. 5. tölul. 2. gr. skulu tilkynna sig til skráningar í fyrirtækjaskrá.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skulu vera á sérstökum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Tilkynningar mega vera á rafrænu formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ríkisskattstjóra er heimilt að færa aðila sem falla undir 1.–4. tölul. 2. gr. í fyrirtækjaskrá ef þeir vanrækja tilkynningarskyldu skv. 1. mgr.

6. gr.

Við skráningu í fyrirtækjaskrá skal hinum skráða gefin kennitala. Með kennitölu er átt við einkvæmt auðkennisnúmer hins skráða.

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu auðkenndir í fyrirtækjaskrá með kennitölu þeirra samkvæmt þjóðskrá.

Við nýskráningu í fyrirtækjaskrá ásamt útgáfu á kennitölu skal ríkisskattstjóri taka skráningargjald samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

7. gr.

Þeim sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá er skylt að tilkynna ríkisskattstjóra allar breytingar er varða skráningu skv. 1.–8. tölul. 4. gr. Opinberir aðilar skulu og láta ríkisskattstjóra í té upplýsingar sem þeir kunna að hafa og þörf er á til skráningar í fyrirtækjaskrá.

Ríkisskattstjóri uppfærir fyrirtækjaskrá eftir tilkynningum og upplýsingum skv. 1. mgr., svo og eftir öðrum óyggjandi heimildum um starfsemi skráðra fyrirtækja.

III. KAFLI
Aðgangur að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá.

8. gr.

Ríkisskattstjóri skal veita opinberum aðilum, fyrirtækjum og almenningi upplýsingar úr fyrirtækjaskrá.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðgang að fyrirtækjaskrá, veitingu upplýsinga úr henni svo og um gjaldtöku fyrir upplýsingar úr skránni, svo sem fyrir útgáfu vottorða og staðfestinga og önnur afnot af upplýsingum skrárinnar.

9. gr.

Hagstofu Íslands er heimilt að hagnýta gögn úr fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar og í því skyni tengja hana öðrum skrám ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri skal láta Hagstofunni í té afrit af skránni eða upplýsingar úr henni eftir því sem hún óskar og án þess að gjald komi fyrir. Hagstofunni er skylt að fara með skrána og önnur gögn tengd henni sem hagskýrslugögn sem um gildir trúnaður.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Nú vanrækir aðili sem fellur undir 2. gr. tilkynningarskyldu sína samkvæmt lögum þessum og getur ríkisskattstjóri þá skyldað hann til að fullnægja skyldunni að viðlögðum dagsektum allt að 10.000 kr. fyrir hvern dag.

Dagsektir skulu ákveðnar með úrskurði og falla á fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu hans þar til tilkynningarskyldu er sinnt.

Áfallnar dagsektir falla niður þegar ríkisskattstjóri telur að tilkynningarskylda hafi verið uppfyllt.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2003 og skal fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands þá flytjast til ríkisskattstjóra og vera stofn fyrirtækjaskrár samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt falla úr gildi lög um fyrirtækjaskrá, nr. 62 28. maí 1969.

Frá sama tíma breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Orðin „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 9. gr. laga um matvæli, nr. 93 28. júní 1995, falla brott.
2. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 5. gr. áfengislaga, nr. 75 15. júní 1998, kemur: ríkisskattstjóra.
3. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 91. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980, kemur: ríkisskattstjóra.
4. Við fyrri málslið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80 18. maí 1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, bætist: eða ríkisskattstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við þá breytingu sem gerð var á verkaskiptingu efnahagsstofnana ríkisins á árinu 2002 með niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar og flutningi hagskýrslu- og þjóðhagsspárverkefna til Hagstofu Íslands, efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands var ákveðið að stefna að fleiri breytingum á starfsemi Hagstofunnar í þeim tilgangi að efla hagskýrsluhlutverk hennar og ná aukinni hagræðingu í rekstri. Í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun var greint frá því að áformað væri að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja hagskýrslugerðina um leið með því að endurskipuleggja Hagstofuna og flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyra hagskýrslugerðinni beinlínis lengur. Hér er átt við þjóðskrá og almannaskráningu og skráningu fyrirtækja.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þessa stefnu. Það tekur til fyrirtækjaskrár en athugunum og undirbúningi að flutningi þjóðskrár er ekki lokið. Jafnframt er flutt frumvarp um breytingar á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þar er lagt til að skrár samkvæmt þessum lögum verði færðar frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra. Þessar skrár mynda nú þegar eitt gagnasafn.

Skráning fyrirtækja í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar hófst á árinu 1969 samkvæmt lögum nr. 62/1969. Stofnun fyrirtækjaskrár og rekstur var skipulagður í samvinnu við skattyfirvöld en henni var komið á fót til að sinna brýnum þörfum fyrir samræmda skráningu fyrirtækja og útgáfu auðkennisnúmera til fyrirtækja. Á árinu 1997 tók Hagstofan við rekstri hlutafélagaskrár og skyldra skráa. Við það varð félagaskráning markvissari en verið hafði og veruleg samlegðaráhrif fólust í samhæfingu skránna og færslu þeirra á sama stað.

Rekstur fyrirtækjaskránna hefur falið í sér margháttað hagræði fyrir stjórnvöld og atvinnulíf. Mikið hagræði er fólgið í því að stjórnvöld á ýmsum sviðum geti unnið með eina samhæfða skrá, sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Hagstofan hefur annast skráningu fyrirtækja í samvinnu við skattyfirvöld og sýslumenn. Þegar undan er skilið það hlutverk skránna að vera uppspretta gagna til hagskýrslugerðar má auka hagræðingu í rekstri fyrirtækjaskránna með því að flytja þær frá hagskýrslugerðinni og tengja þær beint þeirri skráningarstarfsemi sem ríkisskattstjóri hefur með höndum vegna þarfa skattkerfisins. Er þá gert

ráð fyrir að Hagstofan hafi áfram aðgang að fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar og hagnýting hennar í því skyni verði engu minni en verið hefur.

Hagskýrslugerð og rekstur stjórnvaldsskráa í einni stofnun hefur á síðari árum ekki þótt jafnheppileg og var þegar skrárnar voru stofnaðar. Þetta stafar af ekki síst af þeirri þróun sem orðið hefur í viðhorfum og reglum um meðferð persónubundinna gagna. Þessi þróun hefur meðal annars verið fólgin í því að kröfur um gagnaleynd hafa verið skilgreindar ítarlega eftir því í hvaða skyni gögnum er safnað og með þau unnið. Opinber skráning einstaklinga í þjóðskrá og fyrirtækja í fyrirtækjaskrá lýtur þannig öðrum reglum en þær sem verða að gilda um hagskýrslugerð. Á árunum 1992 og 1994 voru á vettvangi Sameinuðu þjóðanna samdar og samþykktar svonefndar grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð. Ísland hefur staðfest þessar reglur og hefur Hagstofan leitast við að fylgja þeim. Þær mæla meðal annars fyrir um:

- að fullkominn trúnaður skuli ríkja um hagskýrslugögn sem varða tiltekna einstaklinga, fyrirtæki eða aðra aðila,
- að gögn, sem safnað er til hagskýrslugerðar, megi ekki nota í öðrum tilgangi og
- að ekki megi birta niðurstöður á þann hátt að þær verði rekjanlegar til tiltekinna einstaklinga eða aðila.

Þessar reglur koma ekki í veg fyrir að Hagstofan hagnýti þjóðskrá og fyrirtækjaskrár eða aðrar opinberar skrár, svo sem skattskrár eða launagreiðendaskrá, til hagskýrslugerðar, enda sé einstaklingsbundnum upplýsingum ævinlega haldið leyndum. Hins vegar þykir erfiðara að verja að Hagstofan reki opinberar skrár og fáist með því beinlínis við einstaklingsbundin mál og úrlausn álitamála um skráningu einstaklinga og fyrirtækja, þegar meginstarfsemi hennar byggist á því að heitið sé fyllsta trúnaði um einstaklingsbundin gögn. Þetta getur haft slæm áhrif á stöðu eða ímynd Hagstofunnar sem óvilhallrar hagskýrslustofnunar.

Skráning fyrirtækja er nátengd verkefnum skattyfirvalda og tengist skattskyldu fyrirtækja með beinum hætti. Álagning skatta og ákvörðun gjalda byggist á því að til staðar sé á hverjum tíma tæmandi og nákvæm skrá yfir alla þá sem skattskyldir eru eða bera aðrar skattalegar skyldur. Halda skattyfirvöld af þessum ástæðum þegar ýmsar skrár sem eru hliðstæðar fyrirtækjaskrá. Fyrst er að nefna skattgrunnskrá lögaðila sem álagning skatta á lögaðila byggist á. Skráin er gerð meðal annars samkvæmt skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga í viðkomandi skrám Hagstofunnar. Þá halda skattyfirvöld launagreiðendaskrá yfir alla launagreiðendur, þ.m.t. einstaklinga með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og félög, sjóði og stofnanir sem greiða laun en staðgreiðsla, tryggingargjald og fleiri gjöld eru reiknuð af launum. Enn fremur er haldin virðisaukaskattskrá yfir alla virðisaukaskattsskylda aðila.

Með því að færa fyrirtækjaskráninguna, þ.e. grunnskráningu allra upplýsinga sem máli skipta um auðkenni og einkenni aðila til ríkisskattstjóra, er verið að sameina á einn stað skráningu allra upplýsinga um fyrirtæki sem ætlaðar eru til opinberra nota og jafnframt birtar almenningi. Með skattgögnum berast upplýsingar um breytingar á ýmsum mikilvægum skráningaratriðum, svo sem á aðsetri og atvinnugrein, yfirleitt fyrr en til fyrirtækjaskrár þar sem ekki hefur verið jafnrík skylda til að tilkynna slík einstök atriði. Þá hefur ríkisskattstjóri annast rekstur ársreikningaskráar frá upphafi og byggt þá skrá um skilaskyldu fyrirtækja á ársreikningum sínum á fyrrnefndum skrám Hagstofunnar og skattgrunnskrá.

Ljóst má því vera að sameining fyrrgreindra skráa á eina hendi gefur aukið svigrúm til hagræðingar og samræmingar í skráningu auk þess að draga úr umstangi skráningarskyldra aðila við að koma á framfæri til stjórnvalda grunnupplýsingum og leiðréttingum, er varða skráningu á atvinnurekstri eða starfsemi viðkomandi.

Hvað efnisatriði frumvarpsins varðar þá er ekki um að ræða umfangsmiklar breytingar frá núgildandi lögum um fyrirtækjaskrá. Breytingarnar felast einkum í uppstokkun og framsetningu ákvæða í frumvarpinu, þannig að einstök efnisatriði eru dregin fram með þeim hætti að betri yfirsýn fáist yfir áhersluatriði. Samkvæmt frumvarpinu verður sá háttur á skráningu í fyrirtækjaskrá að þeim aðilum sem falla undir 1.–4. tölul. 2. gr. ber að tilkynna sig og við skráninguna verður gefin út kennitala. Þó með þeirri undantekningu að einstaklingar í atvinnurekstri skulu skráðir undir sinni eigin kennitölu samkvæmt þjóðskrá, sbr. nánari umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins. Samkvæmt núgildandi lögum hafa fyrirtæki, félagasamtök o.fl. í raun sótt um kennitölu til fyrirtækjaskrár á sérstöku eyðublaði og því felur þetta breytta fyrirkomulag ekki í sér óhagræði fyrir viðkomandi aðila.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að halda skuli fyrirtækjaskrá og að það verði verkefni ríkisskattstjóra í stað þess að Hagstofa Íslands annist hana eins og verið hefur frá upphafi skrárinnar. Rökin fyrir þessari breytingu koma fram í almennum athugasemdum hér að framan. Ríkisskattstjóri færir þegar marghátttaðar skrár sem varða skattlagningu fyrirtækja. Enn fremur annast hann söfnun ársreikninga fyrirtækja samkvæmt lögum um ársreikninga og veitingu upplýsinga úr þeim. Ný fyrirtæki sem hefja starfsemi eru nú skráð bæði hjá Hagstofunni og hjá ríkisskattstjóra. Færsla fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra kemur því til með eyða tvíverknaði við skráningu og auka öryggi um skráningaratriði með því að komið er í veg fyrir hættu á misræmi í skráningu eins og sama fyrirtækis.

Í 3. mgr. er tekið fram til að taka af vafa þar um að fjármálaráðherra skuli fara með mál sem varða fyrirtækjaskrá eftir að hún er komin á hendi ríkisskattstjóra.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um hvaða fyrirtæki og aðila eigi að skrá í fyrirtækjaskrá. Megináherslan er lögð á að grunnupplýsingum sé safnað saman og þeim viðhaldið um þá aðila er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ásamt þeim sem hafa með höndum opinbera umsýslu, þannig að upplýsingar þessar séu aðgengilegar fyrir almenning, viðskiptalífið og stjórnvöld. Ákvæði fyrstu þriggja töluliða 2. gr. þarfnast þannig ekki sérstakrar skýringar. Í 4. tölul. eru ákvæði um að fyrirtækjaskrá skuli auk framangreinds taka til ýmissa aðila sem hafa með höndum eignaumsýslu eða starfsemi af einhverjum þeim toga að ástæða þykir til að þeir séu í fyrirtækjaskrá. Dæmi um þess háttar aðila má nefna húsfélög, veiðifélög og önnur lögbundin samtök, ýmiss konar hugsjónafélög og annan formbundinn félagsskap einstaklinga um tiltekna eign eða eignir. Óheppilegt hefur þótt, þar sem t.d. hópur einstaklinga sameinast um formbundið félagsstarf, að skrá slíka starfsemi hjá einstökum félagsmanni eða einkum á kennitölu hans, þar sem notkun henni tengd verður þá illa haldið aðgreindri frá persónulegum umsvifum og fjárreiðum einstaklingsins í eigin þágu. Því er nauðsynlegt að fyrirtækjaskrá hafi talsvert svigrúm til skráningar, þegar svo háttar sem að framan greinir, þótt ekki sé um eiginlegan fyrirtækjarekstur að ræða. Hins vegar hvílir skráningarskylda á aðilum, öðrum en einstaklingum, sem eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur. Getur það t.d. átt við félagasamtök og aðra sem ekki eru skattskyldir en ber að halda eftir staðgreiðslu og standa skil á launaupplýsingum o.s.frv.

Í 5. tölul. er sett ákvæði um heimild til að færa í fyrirtækjaskrá starfsemi sem eigi fellur með beinum hætti undir ákvæði fyrstu fjögurra töluliðanna, en ástæða þykir til að hafa á skrá

vegna almenns upplýsingagildis fyrir almenning, viðskiptalífið eða opinbera aðila, sbr. og 9. tölul. 4. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Sem fyrr segir hefur Hagstofan haldið fyrirtækjaskrá frá árinu 1969. Árið 1997 voru verkefni hlutafélagaskrár færð til Hagstofunnar og þá sameinuð fyrirtækjaskrárverkum hennar. Hér var um að ræða hlutafélagaskrá, einkahlutafélagaskrá og samvinnufélagaskrá samkvæmt lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög. Voru breytingar þessar ákvarðaðar með breytingum á hlutaðeigandi lögum þannig að skráning þessara fyrirtækja var falin Hagstofunni þótt málefni þeirra væru að öðru leyti áfram á forræði viðskiptaráðherra. Árið 1999 voru síðan sett lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur og var Hagstofunni þá jafnframt falin skráning þeirra. Þessar skrár ásamt fyrirtækjaskrá Hagstofunnar mynda því nú eitt gagnasafn um fyrirtæki, félög og stofnanir í landinu. Þetta liggur til grundvallar ákvæði 3. gr. en það kveður einfaldlega á um að skrár yfir hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, verði aðgreinanlegar sem sjálfstæðar skrár innan heildargagnasafns fyrirtækjaskrár. Þetta er í samræmi við gildandi lög um þessar skrár og þann tilgang sem þeim er hverri fyrir sig ætlað að þjóna lögum samkvæmt.

Um 4. gr.

Í 1.–8. tölul. eru talin upp þau atriði sem ber að skrá um hvert fyrirtæki og aðila í fyrirtækjaskrá eftir því sem við getur átt. Þetta eru allt sömu atriðin og nú eru skráð. Í 9. tölul. er hins vegar kveðið á um að skrá skuli aðrar upplýsingar en áður eru taldar sé það skylt samkvæmt lögum eða talið nauðsynlegt eða hagkvæmt vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings. Hér er þá meðal annars um að ræða upplýsingar sem Hagstofan þarfnast til hagskýrslugerðar og upplýsingar um starfsemi fyrirtækja sem rétt þykir að viðskiptalífið og almenningur eigi greiðan aðgang að. Meðal þeirra atriða sem skrá mætti skv. 9. tölul. eru upplýsingar um útibú og starfstöðvar fyrirtækja og um móðurfélög og dótturfélög. Tilgangur þessa væri sá að tengsl fyrirtækja kæmu fram á skýrari hátt en nú er í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar. Í gildandi lögum um fyrirtækjaskrá eru talin upp sem skráningaratriði nafn og aðsetur fyrirtækis, auðkennisnúmer þeirra og atvinnugrein en að öðru leyti er Hagstofunni falið að ákveða hvaða atriði önnur varðandi störf og hagi fyrirtækja skuli skrá í fyrirtækjaskrá. Ákvæði í öðrum lögum um skráningu félaga og stofnana sem kveða á um ítarlegri skráningu ganga framar þessu almenna ákvæði í 4. gr.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. byggist á gildandi lögum og framkvæmd að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að skráningartilkynningar geti verið á rafrænu formi. Er þá höfð í huga sú þróun í átt til vaxandi rafrænnar stjórnsýslu sem stjórnvöld stefna að. Á því sviði hefur ríkisskattstjóri og skattkerfið einmitt farið fyrir með rafrænum skattframtölum en það er langstærsta skrefið sem stigið hefur verið á braut rafrænnar stjórnsýslu hér á landi.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um útgáfu eða úthlutun kennitölu til nýrra fyrirtækja og aðila í fyrirtækjaskrá. Kennitalan er sem kunnugt er einkvæmt auðkennisnúmer einstaklinga á þjóðskrá og fyrirtækja og annarra aðila í fyrirtækjaskrá. Hagstofan hefur gefið út kennitölu til fyrir-

tækja við nýskráningu þeirra en það verkefni er óaðskiljanlegur hluti af rekstri fyrirtækjaskrár. Kennitala einstaklinga og fyrirtækja er valin vélrænt. Sex fyrstu stafir í kennitölu einstaklings í þjóðskrá eru myndaðir af fæðingardegi hans, mánuði og ári. Sex fyrstu stafir í kennitölu fyrirtækis myndast hins vegar af skráningardegi þess í fyrirtækjaskrá að viðbættri tölunni 40 í tveimur fyrstu sætum tölunnar. Bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum er raðtala valin af handahófi í 7. og 8. sæti kennitölunnar, 9. stafur er svonefnd vartala, sem er reiknuð á grundvelli fyrstu 8 stafanna, og í 10. sæti kemur loks aldartákn (9 fyrir þá sem fæddir eru eða skráðir 1900–1999, 0 fyrir þá sem fæddir eru eða skráðir 2000–2099). Samkvæmt þessari reglu hefði fyrirtæki með kennitöluna 440100-4220 verið skráð 4. janúar 2000.

Í 2. mgr. er kveðið á um að einstaklingar með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skuli í fyrirtækjaskrá auðkenndir með kennitölu þeirra samkvæmt þjóðskrá. Í framkvæmd hafa þessir einstaklingar ekki fengið sérstaka kennitölu fyrir sinn atvinnurekstur nema þeir hafi skráð firma í firmaskrá sem er hjá sýslumönnum. Hefur þótt skapast veruleg hætta á ruglingi og mistökum þegar einstaklingur hefur fengið útgefna sérstaka auka kennitölu vegna skráðs firma sem rekið er á persónulega ábyrgð viðkomandi. Sami einstaklingur hefur þannig komið fyrir í ólíkum skrám á mismunandi tíma undir ýmsum kennitölum með persónubundinn einkarekstur sinn. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að slík útgáfa á kennitölum verði lögð af.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ríkisskattstjóri skuli taka skráningargjald við nýskráningu samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur. Slíkt skráningargjald hefur verið innheimt frá upphafi fyrirtækjaskrár og hafa tekjur af gjaldinu staðið að hluta til undir skráningarstarfseminni. Þetta gjald er nú 5.000 kr. og hefur verið óbreytt frá árinu 1997. Samkvæmt ákvæðinu á gjaldtaka sér einungis stað við nýskráningu enda sé gefin út kennitala samtímis.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að fyrirtækjum og öðrum aðilum í fyrirtækjaskrá verði gert að tilkynna til skrárinnar allar breytingar á skráningaratriðum skv. 1.–8. tölul. 4. gr. Samsvarandi ákvæði er ekki í gildandi lögum um fyrirtækjaskrá og hefur það þótt bagalegt að ekki sé skýr lagaskylda um að fyrirtækin greini að eigin frumkvæði frá breytingum á skráningaratriðum. Auk þess er kveðið á um að skráin skuli uppfærð samkvæmt tilkynningum fyrirtækja og þeim upplýsingum öðrum sem ríkisskattstjóri hefur. Þetta er í samræmi við gildandi framkvæmd á Hagstofunni.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. er kveðið á um að veita skuli opinberum aðilum, fyrirtækjum og almenningi upplýsingar úr fyrirtækjaskrá. Með þessu er mörkuð sú regla að fyrirtækjaskrá sé opinber skrá og upplýsingar sem þar eru skráðar séu opinberar. Í 2. mgr. er lagt til að fjármálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um þetta. Þá er lagt til að fjármálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um aðgang að skránni og miðlun upplýsinga úr henni svo og um gjaldtöku fyrir slíkan aðgang og afnot af skránni og upplýsingum hennar. Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæðum í lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Er gert ráð fyrir að gjaldtöku verði hagað á svipaðan hátt og nú er gert og verið hefur lengst af. Miðað er við að með afnotagjöldum og skráningargjaldi skv. 3. mgr. 6. gr. megi standa undir rekstri fyrirtækjaskrár í meginatriðum.

Um 9. gr.

Við flutning fyrirtækjaskrár frá Hagstofunni er nauðsynlegt að tryggja að hún hafi áfram fullan aðgang að og afnot af fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar. Um þetta eru ákvæði í 9. gr. Þar er meðal annars tekið fram að Hagstofunni sé í þessu skyni heimilt að tengja fyrirtækjaskrá skrám ríkisskattstjóra en samkvæmt skattalögum hefur Hagstofan aðgang að þessum upplýsingum nú. Þess má geta að Hagstofan hefur að undanförnu unnið að því að koma á fót sérstakri hagskýrsluskrá um atvinnurekstur (business register), meðal annars eftir fyrirmynd sem samkomulag hefur orðið um milli hagstofa á Evrópska efnahagssvæðinu. Með slíkri hagskýrsluskrá er átt við samhæft gagnasafn yfir fyrirtæki þar sem safnað er saman gögnum um rekstur og efnahag fyrirtækja. Er tilgangurinn sá að hagskýrslur verði byggðar á þessari skrá. Í þessu felst gríðarlegur sparnaður, bæði fyrir hið opinbera við gagnasöfnun og úrvinnslu hagskýrslna og fyrir fyrirtækin þar sem þau þurfa ekki að verja tíma, fé og fyrirhöfn í upplýsingagjöf til hins opinbera. Með gögn og skrár af þessu tagi verður vitaskuld að fara sem trúnaðargögn líkt og gildir um öll gögn sem safnað er beinlínis til hagskýrslugerðar. Með því er átt við að ekki séu látnar í té upplýsingar um einstök fyrirtæki eða aðila (nema með leyfi þeirra í undantekningartilvikum) og að upplýsingar séu einungis birtar á samandregnu formi og verði ekki raktar til einstakra fyrirtækja eða aðila. Um þessi atriði er meðal annars kveðið á um í svonefndum grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna um opinbera hagskýslugerð sem Ísland hefur staðfest eins og vikið er að í almennum athugasemdum hér á undan. Þessar reglur eru birtar á vefsíðum Hagstofunnar og liggja til grundvallar hagskýrslugerð hennar sem og flestra nágrannaríkja.

Um 10. gr.

Ákvæði um dagsektir er að finna í núgildandi lögum um fyrirtækjaskrá varðandi vanrækslu á skilum á upplýsingum til Hagstofu Íslands. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að álíku úrræði megi beita vegna vanrækslu á tilkynningarskyldu til fyrirtækjaskrár, enda liggja mikilvægir hagsmunir að baki því að þeirri skyldu skv. 5. gr. sé sinnt og að grunnupplýsingum sé stöðugt viðhaldið skv. 7. gr., sbr. 4. gr., þannig að skráin þjóni þeim margþættu markmiðum sem henni er ætlað.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að hámark dagsekta geti orðið 10.000 kr. fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar og þar til tilkynningarskyldu er fullnægt. Mikilvægt er að undirstrika að í ákvæðinu er kveðið á um hvert hámark dagsekta geti orðið. Við ákvörðun á fjárhæð slíkra sekta þarf að gæta meðalhófs og ríkisskattstjóri verður í hverju máli fyrir sig að líta til málsatvika þegar tilkynningarskylda hefur verið vanrækt.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt getur reynst að setja frekari ákvæði um skráningu fyrirtækja, rekstur fyrirtækjaskrár og öflun upplýsinga til hennar. Því er gert ráð fyrir að setja megi nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð.

Um 12. gr.

1. mgr. fjallar um gildistöku laganna og flutning fyrirtækjaskrár Hagstofunnar til ríkisskattstjóra. Þess má geta að gert er ráð fyrir að starfslið Hagstofunnar, sem nú starfar að skráningu fyrirtækja, flytjist með verkefninu til ríkisskattstjóra.

Í 2. mgr. eru lagðar til breytingar á nokkrum öðrum lögum til samræmis við flutning fyrirtækjaskrár frá Hagstofu Íslands til ríkisskattstjóra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um fyrirtækjaskrá, nr. 62/1969, og er það flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé liður í framkvæmd þeirrar stefnu sem lýst var í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun og felst í að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja um leið hagskýrslugerð með því að endurskipuleggja Hagstofuna og flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyra hagskýrslugerðinni beinlínis lengur.

Samkvæmt frumvarpinu fer fjármálaráðherra með mál sem varða fyrirtækjaskrá og starfrækir ríkisskattstjóri fyrirtækjaskrána í stað Hagstofu Íslands. Að öðru leyti er ekki um að ræða umfangsmiklar breytingar á efnisatriðum frá gildandi lögum um fyrirtækjaskrá, heldur felast þær einkum í uppstokkun og framsetningu ákvæða í frumvarpinu, þannig að einstök efnisatriði séu dregin fram með þeim hætti að betri yfirsýn fáist yfir áhersluatriði, eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu.

Áætlað er að beinn kostnaður við flutning fyrirtækjaskrár frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra, þ.m.t. kostnaður við standsetningu húsnæðis, kaup á tækjum og búnaði, aðlögun hugbúnaðar og flutning gagna milli tölvukerfa, geti legið á bilinu 11–15 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi önnur áhrif á kostnað ríkissjóðs og ekki er gert ráð fyrir að biðlaunakostnaður falli á ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að tekjur af afnota- og skráningargjöldum standi undir kostnaði við rekstur fyrirtækjaskrárinnar svo sem verið hefur.

389. Frumvarp til laga [352. mál]

um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að gefa Lögbirtingablað út og dreifa því á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu. Verði útgáfa Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska áfram geta keypt Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs, þar á meðal um persónuvernd og gagnaöryggi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, að heimilt verði að gefa Lögbirtingablaðið út á rafrænan hátt og dreifa því á netinu.

Hinn 22. september 2000 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Nefndinni var meðal annars falið að endurskoða gildandi lög þar að lútandi með tilliti til möguleika á rafrænni birtingu samhliða eða í stað hefðbundinnar birtingar. Rafræn miðlun upplýsinga er í senn skilvirk og ódýr leið til að koma upplýsingum á framfæri, auk þess sem hún er betur til þess fallin að ná því markmiði birtingar að efni, sem á erindi við allan almenning, verði kunnugt og aðgengilegt. Í nefndina voru skipaðir Benedikt Bogason héraðsdómari, sem er formaður nefndarinnar, Eygló Halldórsdóttir, ritstjóri Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, og Skúli Magnússon, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Einnig tóku sæti í nefndinni Kristján Andri Stefánsson deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu forsætisráðuneytisins, Nökkvi Bragason deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðingur, samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins.

Nefndin hóf starf sitt með því að undirbúa rafræna birtingu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs á netinu. Í því skyni var útbúinn sérstakur gagnagrunnur Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs sem var opnaður á netinu 1. febrúar 2002. Upp frá því hafa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað verið aðgengileg á slóðinni www.lagabirting.is samhliða hinni prentuðu útgáfu. Að því marki sem eldri tölublöð hafa verið til í rafrænu formi hafa þau einnig verið birt á netinu. Þannig er nú öll tölublöð Lögbirtingablaðsins frá ársbyrjun 2001 að finna á framangreindri vefsíðu. Sú reynsla sem fengin er af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðsins á netinu hefur undantekningalaust verið góð og er óhætt að fullyrða að með henni hefur aðgangur að settum réttarheimildum á netinu batnað til muna. Um það ber umtalsverð fækkun áskrifenda að Lögbirtingablaðinu e.t.v. best vitni. Ef litið er til samanburðar á fjölda seldra blaða í áskrift síðustu fjögur ár áður en blaðið var birt á netinu var hann 3.157 árið 1998, 2.841 árið 1999, 2.603 árið 2000 og 2.460 árið 2001. Hinn 1. ágúst 2002 þegar blaðið hafði verið aðgengilegt á netinu í hálft ár voru áskrifendur hins vegar 1.891. Á því leikur enginn vafi að endurgjaldslaus birting Lögbirtingablaðs á netinu gerir það mun aðgengilegra en verið hefur og að sú útgáfa er betur til þess fallin að ná því markmiði birtingar að gera almenningi kunnugt um þær upplýsingar sem blaðið hefur að geyma. Nægir í því sambandi að vísa til þess að nýlegar kannanir sýna að tæplega 81% landsmanna hefur aðgang að tölvu og tæplega 77% hafa aðgang að tölvu með nettengingu (sbr. niðurstöður rannsóknar á netaðgangi landsmanna sem unnin var í mars 2001 fyrir verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið). Gera má ráð fyrir því að þetta hlutfall fari vaxandi.

Að þessu athuguðu þykja nú hafa skapast skilyrði til að leysa hina prentuðu útgáfu Lögbirtingablaðsins af hólmi með rafrænni birtingu á netinu og er því leitað eftir slíkri heimild með frumvarpinu. Að öðru leyti mun þessi breyting ekki hafa áhrif á útgáfuna og skal í því sambandi sérstaklega áréttað að þetta mun ekki hagga þeim réttaráhrifum sem eru bundin birtingu í blaðinu. Þannig mun birting í blaðinu miðast við tilgreindan útgáfudag þegar blaðinu er dreift á netinu með sama hætti og hún er nú miðuð við tilgreindan dag þegar blaðið fer í dreifingu frá prentsmiðju.

Þótt prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs verði hætt er ekki ástæða til að óttast að það verði einhverjum síður aðgengilegt af þeim sökum. Við greiningu á því upplagi sem nú er dreift í áskrift kemur í ljós að 278 blöð eru keypt af ríki, sveitarfélögum eða öðrum opinberum aðilum, 841 blað af fyrirtækjum, þar með töldum lögmönnum, og 772 blað af einstaklingum.

Gera má ráð fyrir að langflestir þessara áskrifenda hafi aðgang að netinu. Þó verður að reikna með að einhverjir eigi óhægt um vik í þeim efnum eða kjósi einfaldlega að fá blaðið sent prentað. Í frumvarpinu er því lagt til að unnt verði að fá blaðið sent reglulega eða samkvæmt beiðni gegn greiðslu kostnaðar við prentun þess og sendingu. Er einfaldlega gert ráð fyrir að starfsmenn Lögbirtingablaðsins prenti það af netinu og sendi eftir pöntun. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir miklum fjölda eintaka í slíkri áskrift enda geta flestir þeir lesendur sem hafa aðgang að venjulegum tölvubúnaði sjálfir prentað einstök blöð eftir þörfum.

Við fyrirhugaða heildarendurskoðun á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, er gert ráð fyrir að kannað verði hvort einnig sé rétt að gefa Stjórnartíðindi eingöngu út á netinu. Að svo stöddu þykir þó ekki rétt að gera breytingu á útgáfu Stjórnartíðinda að þessu leyti og munu þau verða prentuð með hefðbundnum hætti, auk þess sem Stjórnartíðindi verða áfram aðgengileg á netinu. Með þessu eru breytingar á útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs gerðar í áföngum þannig að unnt sé í ljósi fenginnar reynslu að taka ákvarðanir um framhaldið. Þetta tekur mið af því að mikilvægar réttarverkanir eru bundnar útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs og því er mikilvægt að allar breytingar á henni séu vandlega íhugaðar.

Svo sem nánar er rakið í kostnaðarumsögn með frumvarpinu mun umtalsvert fé sparast með því að hætt verður að gefa Lögbirtingablaðið út í prentaðri útgáfu. Einnig verður útgáfan einfaldari og skilvirkari auk þess sem rafræn útgáfa mun bjóða upp á ýmsa möguleika sem ekki voru áður fyrir hendi. Þannig má til dæmis hugsa sér að síðar verði unnt að bjóða upp á áskrift í tölvupósti að einstökum efnisflokkum allt eftir þörfum hvers lesanda.

Í frumvarpinu er lagt til að dómsmálaráðherra mæli nánar fyrir um rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs í reglugerð og að þar verði sérstaklega kveðið á um persónuvernd og gagnaöryggi. Gert er ráð fyrir því að áfram verði notast við tölvubúnað Stjórnarráðsins við rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs, en með því er tryggilega búið að öllum öryggisatriðum við útgáfuna. Einnig er gert ráð fyrir að gætt verði persónuverndar við útgáfuna þannig að hindruð verði, eftir því sem mögulegt er, kerfisbundin leit í blaðinu eftir nöfnum eða kennitölum einstaklinga. Sama á við um lögpersónur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að frá og með næstu áramótum verði heimilt að gefa Lögbirtingablaðið út með rafrænum hætti til birtingar á netinu en að réttaráhrif sem eru bundin birtingu í blaðinu verði óbreytt eftir sem áður. Jafnframt verði hætt að prenta blaðið með hefðbundnum hætti í prentsmiðju. Þó verði áfram hægt að panta það gegn greiðslu kostnaðar við útprentun af vefsíðum af netinu og póstsendingarkostnaðar.

Áformað er að nota búnað til vefmiðlunar á netinu sem er þegar fyrir hendi hjá Stjórnarráðinu til birtingar á blaðinu.

Útgjöld vegna Lögbirtingablaðsins hafa numið um 30 m.kr. og hafa um 3/4 hlutar þeirra verið fjármagnaðir með sölu á auglýsingum en um 1/4 hluti með áskriftartekjum. Tekjurnar

færast ekki sem sértekjur heldur á tekjuhlið ríkissjóðs og fær útgáfan jafn háa útgjaldaheimild í fjárlögum en engin bein framlög úr ríkissjóði hafa verið veitt í reksturinn.

Áskrifendur blaðsins eru nú tæplega 1.900 talsins en þeim hefur fækkað talsvert undanfarin ár, sérstaklega í kjölfar þess að farið var að birta efni blaðsins á nýjum vef fyrir birtingu laga og stjórnvaldserinda fyrr á þessu ári. Áætlað er að prentunar- og póstburðarkostnaður hafi numið um 18 m.kr. árið 2001. Gert er ráð fyrir að hann falli niður en að einnig falli niður áskriftartekjur sem nema um 5–6 m.kr. Rekstrarfkoman gæti því batnað um tæplega 13 m.kr. Gjald fyrir áskrift að 150 tölublöðum hefur verið 2.500 kr. á ári en reiknað er um 10–12 þús. kr. árgjald fyrir prentun, pökkun og póstburð. Hækkunin á árgjaldinu skýrist bæði af því að gjaldið hefur ekki verið uppfært í um áratug og af því að póstburðarafslættir lækka með færri áskrifendum. Búast má við að áskrifendum að prentuðum eintökum fækki mikið í kjölfar svo mikillar hækkunar á árgjaldinu þar sem flestir hafa möguleika á að útvega sér sjálfir útprentanir með litlum eða engum tilkostnaði. Í öllu falli gerir frumvarpið ráð fyrir að tilkostnaður við slík prentuð eintök verði greiddur að fullu af áskrifendum hver sem fjöldi þeirra verður. Reiknað er með að launakostnaður, húsnæðis- og annar aðstöðukostnaður við útgáfu blaðsins verði sá sami og verið hefur. Fyrirhugað er að gjöld fyrir tilkynningar og auglýsingar í Lögbirtingablaðinu verði lækkuð sem nemur lækkun tilkostnaðarins við útgáfuna, eða í kringum 13 m.kr., þannig að þeir sem þurfa að birta efni í blaðinu njóti góðs af nútímalegri og hagkvæmari miðlun þessara upplýsinga. Frumvarpið ætti því ekki að hafa nein áhrif á afkomu ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

390. Frumvarp til laga [353. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (brot í opinberu starfi).

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir orðinu „gjöldum“ í 1. málsl. 129. gr. laganna kemur: þar á meðal þjónustugjöldum.

2. gr.

Í stað orðsins „rannsókn“ í 131. gr. laganna kemur: leit.

3. gr.

132. gr. laganna orðast svo:

Ef opinber starfsmaður, sem í 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lögmætra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, hald, leit, fangelsan eða framkvæmd refsingar, eða við beitingu annarra áþekkra úrræða, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.

4. gr.

133. gr. laganna orðast svo:

Ef opinber starfsmaður, sem á að gæta fanga, þ.m.t. sakbornings sem sviptur hefur verið frelsi sínu, eða annast framkvæmd refsidóma, lætur fanga eða sakborning komast undan, tálmar framkvæmd dóms, hlífir manni við að taka út hegningu eða kemur því til leiðar, að

refsing er framkvæmd með öðru og vægara móti en mælt er, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef brot er smáfellt.

5. gr.

Við 137. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um starfsmann lögaðila sem fengið hefur opinbert leyfi til póstdreifingar eða til að annast fjarskipti á grundvelli slíks leyfis.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein, 141. gr. a, svohljóðandi:

Opinber starfsmaður skv. 128., 129., 134., 135., 138., 139., 140. og 141. gr. þessara laga telst sá sem vegna stöðu sinnar eða heimildar í lögum getur tekið eða haft áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafað eða haft áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar. Var Róbert R. Spanó, mag. jur., aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, fenginn til að semja drög að því en þau voru síðan rædd á fundum nefndarinnar.

Hinn 2. júní 1998 samþykkti Alþingi ályktun um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Af þessu tilefni skipaði forsætisráðherra nefnd 19. ágúst 1998 til að annast það verkefni sem ályktunin kvað á um. Lauk nefndin störfum á árinu 1999 með útgáfu skýrslu sem lögð var fyrir haustþing löggjafarsamkomunnar það ár. Í 4. kafla skýrslu nefndar forsætisráðherra er fjallað um afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni. Undirkafli 4.9.1 setur fram dæmi um „leiðir sem færar eru til úrbóta“ að því er varðar lagareglur um refsiábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar. Þar segir m.a. svo:

„Ekki hafa verið gerðar breytingar á meginefni refsiákvæða XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 frá gildistöku laganna fyrir tæplega 60 árum að undanskildum breytingum með 51.–61. gr. laga nr. 82/1998 þar sem varðhald var afnumið sem refsitegund í merkingu 1. mgr. 31. gr. hgl.

Eftir athugun á efni, orðalagi og hugtakanotkun ákvæða XIV. kafla laganna er það mat nefndarinnar að þörf sé á endurskoðun kaflans með tilliti til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á stjórnsýslunni og starfsumhverfi hennar á þessum tíma.

Að mati nefndarinnar þarf að taka afstöðu til þess hvort lagatæknileg og refsipólitísk rök standi til þess að afmarka nánar hugtakið *opinber starfsmaður*, einkum í ákvæðum 134.–135. gr. og 138.–141. gr. almennra hegningarlaga, þannig að skilgreining þess hóps opinberra starfsmanna sem þessi ákvæði tækju til verði skýrari.

Með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa í íslenskri stjórnsýslu og starfsskilyrðum hennar er það mat nefndarinnar að taka þyrfti til athugunar einstök ákvæði með hliðsjón af þeim *verndarhagsmunum* sem að baki þeim búa og greina hvort þörf sé á endurbótum með þarfir nútímasamfélags í huga.“

Af tilvitnuðum athugasemdum úr skýrslu nefndar forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda verður ráðið að nefndin telur þörf á að eftirfarandi tvö meginatriði verði tekin til skoðunar:

1. Afmarka þarf nánar hugtakið *opinber starfsmaður* í XIV. kafla hegningarlaga þannig að skilgreining þess hóps opinberra starfsmanna sem ákvæði kaflans taka til verði skýrari.
2. Athuga þarf ákvæði XIV. kafla hegningarlaga með hliðsjón af þeim *verndarhagsmunum* sem að baki þeim búa og greina hvort þörf sé á endurbótum með þarfir nútímasamfélags í huga.

Af framangreindu tilefni hefur dómsmálaráðuneytið látið fara fram athugun á því hvort sjónarmið um refsiþörf og viðurlagapólitísk rök leiði til þess að breyta þurfi einhverjum refsiákvæðum í XIV. kafla hegningarlaga og einnig hvort setja þurfi nýmæli. Í frumvarpi þessu er að finna niðurstöður þessarar athugunar. Hér á eftir verður farið almennum orðum um þær breytingar og viðbætur sem frumvarpið hefur í för með sér. Síðan verður farið nokkrum orðum um einstakar greinar frumvarpsins.

II.

1. Hugtakið opinber starfsmaður í XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

1.1. Almennt.

Ein meginniðurstaða nefndar forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda er að afmarka þurfi nánar hugtakið *opinber starfsmaður* í XIV. kafla hegningarlaga. þannig að skilgreining þess hóps opinberra starfsmanna sem ákvæði kaflans taka til verði skýrari. Er því að mati nefndarinnar nauðsynlegt að taka til nánari skoðunar hvort gera þurfi breytingar á notkun og framsetningu hugtaksins í ákvæðum XIV. kafla hegningarlaga og ef svo væri hvers eðlis slíkar breytingar ættu að vera. Í því sambandi horfði nefndin til þess að efnisinntak hugtaksins opinber starfsmaður er breytilegt og ber því að skilgreina það í samhengi við ákvæði þeirrar löggjafar sem við á hverju sinni. Hugtakið hefur með öðrum orðum verið talið afstætt í íslenskri löggjöf. Það áhorfsmál sem nefnd forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda lagði til grundvallar í niðurstöðum sínum endurspeglaðist einkum af því að skilgreining hugtaksins hefur ekki verið talin hafa sömu lagalegu þýðingu í stjórnsýslurétti og refsirétti. Notkun hugtaksins innan stjórnsýsluréttarins hefur raunar verið á undanhaldi ef litið er til að mynda til nýlegrar löggjafar um réttarstöðu starfsmanna stjórnsýslunnar.

1.2. Skýring á hugtakinu opinber starfsmaður í refsiréttarlegri merkingu.

Við skoðun á hugtakinu opinber starfsmaður í merkingu XIV. kafla hegningarlaga verður að hafa í huga að eins og efni einstakra verknaðarlýsinga refsiákvæða kaflans er háttað getur almenn afmörkun á hugtakinu aðeins orðið til leiðbeiningar við túlkun þeirra í hverju tilviki fyrir sig. Er þá nánar átt við að varhugavert er að leggja alfarið til grundvallar almenna refsiréttarlega skilgreiningu á hugtakinu nema ljóst þyki af túlkun á orðalagi og efni þess refsiákvæðis sem um ræðir hverju sinni að það hafi ekki að geyma lýsingu á tilteknum gerendum og/eða sérgreindum opinberum hagsmunum, sbr. hér m.a. 133. gr. hegningarlaga, sem tekur sérstaklega til þess opinbera starfsmanns „sem á að gæta fanga eða annast framkvæmd refsidóma" og 137. gr., sem tekur til opinbers starfsmanns „sem hefur póst- eða símamálefni á hendi". Samkvæmt athugasemdum lögskýringargagna að baki XIV. kafla hegningarlaga taka ákvæði kaflans til allra opinberra starfsmanna, hvort heldur þeir teljast til embættismanna eða sýslunar-, og án tillits til þess hvort þeir eru skipaðir til starfans eða settir eða á annan hátt löglega að honum komnir. Þá kemur m.a. fram í athugasemdum greinargerðar við XII. kafla að þar sé refsing lögð við því að hindra embættismann eða sýslunar- við framkvæmd opin-

bers starfs. Í ljósi þessa hefur verið talið að við almenna skýringu á hugtakinu í merkingu XII. og XIV. kafla hegningarlaga verði að miða við að það nái yfir alla embættis- og sýslunarmenn, eins og þessi hugtök hafa verið skýrð í stjórnsýslurétti, nema lög eða lögskýringargögn kveði sérstaklega á um annað. Virðist hugtakið opinber starfsmaður í almennum hegningarlögum þannig nokkuð þrengra en almennt verður talið felast í þeim lagahugtökum sem taka til starfsmanna stjórnsýslunnar, svo sem ríkisstarfsmanna, starfsmanna sveitarfélaga og starfsmanna opinberra stofnana.

Forsendur í meirihlutaatkvæði Hæstaréttar í dómi H 1992:401 varpa frekara ljósi á þau meginsjónarmið sem hafa verður í huga við almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður skv. XII. og XIV. kafla hegningarlaga. Í málinu reyndi á skýringu á 108. gr. hegningarlaga, sem nú hefur verið afnumin með 2. gr. laga nr. 71/1995, nánar tiltekið á það hvort staðarhaldarinn í Viðey teldist opinber starfsmaður í merkingu ákvæðisins. Hæstiréttur byggði á því að hugtakið opinber starfsmaður hefði ekki fastmótaða og algilda merkingu í löggjöfinni. Yrði þannig að skýra inntak þess eftir samhenginu. Benti Hæstiréttur á að um 108. gr. hegningarlaga hefði lengst af verið litið svo á að orðin væru þar ekki notuð í víðtækustu merkingu og bæri því að skýra þau með hliðsjón af þeim megintilgangi greinarinnar að vernda eðlilega framkvæmd stjórnsýslu. Bæri að beita þrengjandi lögskýringu með tilliti til þess að í greininni væri einkum átt við þá „starfsmenn ríkis og sveitarfélaga er færu með heimildir til ákvarðana, framkvæmdarvald eða fyrirsvar gagnvart almenningi eða einstökum þjóðfélagshópum og þyrftu öðrum fremur að ganga fram fyrir skjöldu í þágu opinberra hagsmuna“. Jafnframt fælist það í orðum greinarinnar að hún væri takmörkuð við árásir út af verkum á starfssviði þess manns er fyrir þeim yrði.

Þessar forsendur í dómi Hæstaréttar lúta að skýrgreiningu á verndarhagsmunum og efni þeirra valdheimilda sem opinberir starfsmenn í merkingu þágildandi ákvæðis 108. gr. hegningarlaga. höfðu yfir að ráða í skiptum sínum við almenning. Rök standa hins vegar ekki til annars en að taka nokkurt mið af framangreindum sjónarmiðum við almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður í merkingu XII. og XIV. kafla hegningarlaga. Er þannig lagt til grundvallar að tilgangur löggjafans með því að kveða sérstaklega á um réttarstöðu opinberra starfsmanna í refsilöggjöfinni hafi eins og áður segir verið sá að vernda þá starfsmenn sem hafa hlutverki að gegna við meðferð og framkvæmd lögbundinna verkefna ríkisvaldsins fyrir árásum og ágangi annarra og að vernda almenning fyrir því að hinir sömu misnoti þessa sérstöku stöðu sína að lögum til tjóns fyrir samfélagið. Í ljósi þessa tilgangs að baki setningu lagareglna um refsiábyrgð opinberra starfsmanna og almennra lögskýringarsjónarmiða um þrönga skýringu refsiákvæða er í skýrslu nefndar forsætisráðherra orðuð eftirfarandi *leiðbeiningarregla* um túlkun á hugtakinu opinber starfsmaður í refsiréttarlegri merkingu:

„Aðeins þeir opinberu starfsmenn, sem fengið hafa heimildir að lögum til að geta tekið eða hafa áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafa eða hafa áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna, verði taldir opinberir starfsmenn í þessum skilningi, nema annað verði skýrlega ráðið af túlkun á einstökum refsiákvæðum.“

Með þessari almennu leiðbeiningarreglu um skýringu hugtaksins opinber starfsmaður er lögð á það áhersla að við mat á því hvort tiltekið refsiákvæði XIV. kafla hegningarlaga eigi við um háttsemi starfsmanns hins opinbera verði að taka sérstaklega til skoðunar hvort honum hafi með lögum í rýmri merkingu verið veittar valdheimildir sem hafi til að bera þau einkenni sem lýst var hér að framan. Slíkt er að sjálfsögðu ónauðsynlegt þegar hlutaðeigandi refsiákvæði kveður skýrt á um tilgreinda starfsmenn hins opinbera, svo sem 133. gr. hegningarlaga (opinber starfsmaður sem á að gæta fanga eða annast framkvæmd refsidóma) og 137. gr. hegningarlaga (opinber starfsmaður sem hefur póst- eða símamálefni á hendi), sem

fyrr eru nefnd. Á skýringarreglan því nánar tiltekið aðeins við þegar ákvæði XIV. kafla hegningarlaga. hafa að geyma almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður án nánari skýrgreiningar, sbr. 128., 129., 134.–136. og 138.–141. gr. laganna.

1.3. Almenn skilgreining á hugtakinu opinber starfsmaður í merkingu XIV. kafla hegningarlaga.

Enda þótt telja verður óheppilegt út frá refsiréttarlegu sjónarmiði að hugtakið opinber starfsmaður sé notað í nokkrum refsiákvæðum XIV. kafla hegningarlaga án nánari skýrgreiningar hverju sinni er harla erfitt að gera breytingar á hverju því ákvæði kaflans sem hefur slíka almenna afmörkun að geyma með því að útfæra í hverju tilviki sérstaka lýsingu á þeim opinbera starfsmanni sem háttsemin á að ná til. Bent er á að sú leið hefur ekki verið farin í norrænni refsilöggjöf. Slíkar sérgreindar lýsingar eru aftur á móti mögulegar í ákveðnum tilvikum þegar jafnframt er um að ræða sérstaka tegund eða beitingu stjórnsýsluvalds, sbr. t.d. 130., 133. og 137. gr. hegningarlaga og einnig að nokkru leyti í 131. og 132. gr. laganna. Í flestum tilvikum er sú háttsemi sem lögð er refsing við þó svo almenn í eðli sínu, svo sem mútuþægni, sbr. t.d. 128.–129. gr. og brot á þagnarskyldu, sbr. 136. gr., að ógerlegt væri að lýsa með nægjanlega skýrum hætti gerendahópnum í slíkum tilvikum. Að auki verður ekki séð af dómaframkvæmd og skrifum fræðimanna að knýjandi þörf sé á slíkum heildstæðum breytingum á notkun og útfærslu hugtaksins opinber starfsmaður í XIV. kafla hegningarlaga eins og staðan er.

Á hinn bóginn er í þessu frumvarpi horft til þess að sú hraða þróun og þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað á stjórnsýslu hins opinbera, ekki síst hinu lagalega umhverfi vegna alþjóðavæðingar og einkavæðingar opinberrar þjónustu, leiði til þess að sífellt eru gerðar auknar kröfur til starfsmanna ríkisins, sveitarfélaga, opinberra fyrirtækja og opinberra stofnana. Því er ekki ólíklegt að fleiri álitaefni muni koma til í framtíðinni um hvort tiltekin starfsmaður teljist opinber starfsmaður í refsiréttarlegri merkingu ef ákvæði XIV. kafla hegningarlaga standa óbreytt. Með þetta í huga er í þessu frumvarpi lagt til í 7. gr. að sett verði almennt ákvæði í niðurlagi kaflans þar sem fram kemur skilgreining á hugtakinu opinber starfsmaður. Ætlunin er að þessi skilgreining, sem nánar verður skýrð af dómstólum, verði lögð til grundvallar við beitingu þeirra ákvæða kaflans sem hafa aðeins að geyma almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður, þ.e. 128., 129., 134., 135., 138., 139., 140. og 141. gr. Við mótun orðalags skilgreiningarinnar í frumvarpstextanum hefur verið horft til hinnar almennu leiðbeiningarreglu um skýringu hugtaksins sem fram kemur í skýrslu nefndar forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda og að framan er fjallað um.

Sú skilgreining á hugtakinu opinber starfsmaður sem hér er lagt til að verði sett inn í XIV. kafla hegningarlaga kann að hafa í för með sér að sá skilningur sem lagður hefur verið til grundvallar í einhverjum tilvikum í dómaframkvæmd um það hverjir falli undir refsiákvæði kaflans eigi ekki lengur við. Sem dæmi má nefna H 1962:243 þar sem héraðsdómslögmaður var sakfelldur fyrir hlutdeild í broti á 248. gr. hegningarlaga vegna fjársvika í almennum fasteignaviðskiptum. Gagnvart lögmanninum var ásamt 248. gr., sbr. 22. gr., hegningarlaga beitt 138. gr. hegningarlaga og á því byggt að hann væri opinber starfsmaður enda hefðu lög mælt svo fyrir að lögmenn væru opinberir sýslunarmenn. Þá hefði einnig „í reynd“ verið litið svo á að lögmenn féllu undir XIV. kafla hegningarlaga. Enda þótt lög kunni að mæla fyrir um að maður þurfi opinbert leyfi til að rækja starfa sinn, og jafnvel að hann sé „opinber sýslunarmaður“, gerir það skilgreiningarákvæði, sem hér er gerð tillaga um, ráð fyrir að athuga þurfi í hverju tilviki hvort hann hafi við framkvæmd verknaðar haft á hendi opinbert vald. Lögmenn hafa sem dæmi ekkert slíkt vald þegar þeir sinna almennum lögmannsstörfum sínum

og mundu þeir því í slíkum tilvikum ekki falla undir skilgreininguna. Það skal á hinn bóginn áréttað að hún er orðuð með víðtækum hætti. Þau tilvik sem reynt hefur á í dómaframkvæmd síðari ára verða því almennt talin falla undir hana. Má þar sem dæmi nefna H 1981:485 (yfirsímritari hjá ritsímanum), H 1986:1258 (tollverðir), H 1988:990 (fulltrúi og aðalgjaldkeri á bréfa- og póststofu Pósts og síma), H 1990:1313 (flugumferðarstjóri), H 1994:2275 (bæjarfógeti og síðar sýslumaður), H 1995:2610 (forstöðumaður hagdeildar Búnaðarbanka Íslands), H 1998:583 (sveitarstjóri), H. 24 febrúar 2000 í málinu nr. 333/1999 (deildarstjóri hjá tollstjóranum í Reykjavík), H 17. maí 2001 í málinu nr. 71/2000 (oddviti hreppsnefndar) og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 2002 í máli nr. S-1393/2002 (formaður byggingarnefndar Þjóðleikhússins).

Minnt er á að framangreind skilgreining hefur það að markmiði að setja tiltekna efnislega umgjörð utan um hugtakið opinber starfsmaður í refsiréttarlegri merkingu. Sú hugsun sem býr að baki henni er að refsiákvæði um starfsmenn hins opinbera taki aðeins til þeirra starfsmanna sem hafa á hendi valdheimildir að lögum í rýmri merkingu til að hafa afskipti af daglegu lífi almennings eða ráðstafa opinberum hagsmunum með beinum eða óbeinum hætti. Er þetta í samræmi við þau lagasjónarmið sem réttlæta að lögð sé sérstök refsiábyrgð á starfsmenn hins opinbera umfram aðra þjóðfélagshópa. Með því er einnig verið leitast við að gefa hugtakinu sérstaka „refsiréttarlega þýðingu“ sem er í eðli sínu óháð afmörkun þess á öðrum sviðum réttarins. Á það verður hins vegar að leggja áherslu að það kann að vera nauðsynlegt í ákveðnum tilvikum að halda fast við rýmri skilning á hugtakinu en leiðir af framangreindri leiðbeiningarreglu, t.d. í þeim tilvikum þegar lögð er refsing við broti opinbers starfsmanns á þagnarskyldu sinni, sbr. 136. gr. hegningarlaga. Er því ekki gert ráð fyrir að hin almenna skilgreining á hugtakinu opinber starfsmaður, sbr. 6. gr. frumvarpsins, taki til 136. gr. hegningarlaga.

Tekið skal fram að enda þótt ekki sé það venjubundin lagatækni á sviði refsiréttar að setja slík almenn skilgreiningarákvæði í lagatexta, sbr. þó að nokkru leyti 243. gr. hegningarlaga, eins og oft er gert á öðrum sviðum löggjafarinnar, er hefð fyrir því í íslenskum og norrænum rétti að finna slíkt í lögskýringargögnum, sjá hér t.d. hugtökin „háttsemi“ og „hegðun“ í 1. gr. hegningarlaga sem skilgreind eru í greinargerð við það ákvæði þannig að greinin taki bæði til refsiverðs verknaðar og refsiverðs athafnaleysis. Þá er hér vakin athygli á skilgreiningu auðgunarásetnings í athugasemdum greinargerðar við 243. gr. laganna en þar kemur fram að það sé skilyrði skv. XXVI. kafla laganna, um auðgunarbrot, að ásetningur brotamanns hafi verið sá að afla sér eða öðrum fjárvinnings á þann hátt að annar maður biði ólöglega fjártjón að sama skapi.

2. Einstakar verknaðarlýsingar refsiákvæða XIV. kafla hegningarlaga.

2.1. Breyting á 129. gr. hegningarlaga.

Ákvæði 128. og 129. gr. hegningarlaga lúta að þeim tilvikum þegar opinber starfsmaður notar aðstöðu sína til óréttmætrar viðtöku fjár sér eða öðrum til ávinnings. Ekki er fjallað nánar um efni 129. gr. hegningarlaga í lögskýringargögnum að öðru leyti en því að tekið er fram að það samsvari 138. gr. hegningarlaganna frá 1869. Þó sé nýmæli síðari málsliður ákvæðisins, sem hefur að geyma refsilækkunárstæðu í þeim tilvikum þegar um eftirfarandi ásetning (dolus subsequens) er ræða. Það hefur verið fátítt að á ákvæði 128. og 129. gr. hegningarlaga hafi reynt í dómaframkvæmd á síðari árum, sbr. þó H 1986:1258, H 1994:2275 og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. júlí 2002 í máli nr. S-1393/2002. Sjá einnig frá fyrri tíð H 1952:132, H 1944:219 og H 1937:1005. Þá hafa fræðimenn ekki séð ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við verknaðarlýsingu ákvæðanna.

Ákvæði 129. gr. hegningarlaga tekur samkvæmt orðalagi sínu aðeins til „skatta og gjalda“. Til samanburðar er rétt að benda á að í 145. gr. dönsku hegningarlaganna er andlag ávinningsins lýst sem „kendelse for tjenestehandling, skat eller afgift“. Það er því álitaefni hvort 129. gr. hegningarlaga sé efnislega þrengri en danska ákvæðið enda tekur hið síðarnefnda skýrt fram að undir það falli einnig þjónustugjöld.

Í íslenskum rétti er gerður greinarmunur á sköttum og öðrum opinberum gjöldum annars vegar, sem styðjast þurfa við fullnægjandi skattlagningarheimild í stjórnskipulegri merkingu, sbr. ákvæði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, og svokölluðum þjónustugjöldum hins vegar sem nægjanlegt er að styðjist við einfalda lagaheimild. Ekki er víst að hugtakið „gjöld“ í merkingu 129. gr. hegningarlaga verði skýrt það rúmt að það taki einnig til þjónustugjalda sem opinber starfsmaður heimtar eða tekur sér en sem gjaldandi skuldar í raun ekki, t.d. sökum þess að starfsmaðurinn veit að ekki er til staðar lagaheimild til að heimta þjónustugjöld fyrir þá þjónustu sem innt hefur verið af hendi. Áréttað er að í Danmörku virðist hafa verið talið nauðsynlegt að taka af skarið með þetta atriði í 145. gr. hegningarlaga.

Setning þjónustugjalda í löggjöf og notkun þeirra í framkvæmd fer ört vaxandi í íslenskri stjórnsýslu. Í ljósi þess vafa sem til staðar er við skýringu núverandi 129. gr. hegningarlaga er lagt til í 1. gr. þessa frumvarps að tekið verði skýrt fram að heimilt verði að refsa opinberum starfsmanni fyrir að heimta eða taka sér þjónustugjöld án þess að gjaldandi skuldi slík gjöld í raun.

2.2. Breyting á 131. gr. hegningarlaga.

Í 131. gr. hegningarlaga segir að ef „dómari eða annar opinber starfsmaður, sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins, beitir ólöglegri aðferð til þess að koma manni til játningar eða sagna, framkvæmir ólöglega handtöku, fangelsan eða rannsókn eða leggur að ólögum hald á skjöl eða aðra muni, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 3 árum“. Eins og önnur ákvæði íslensku hegningarlaganna er 131. gr. að meginstefnu til byggð á samsvarandi ákvæði dönsku hegningarlaganna, sbr. hér 147. gr., þar sem segir að „[når] nogen, hvem det påhviler at virke til håndhævelse af statens straffemyndighed, derved anvender ulovlige midler for at opnå tilståelse eller forklaring eller foretager en lovstridig anholdelse, fængsling, ransagning eller beslaglæggelse, straffes han med bøde eller fængsel indtil 4 måneder eller under skærpende omstændigheder med fængsel indtil 3 år“.

Af samanburði íslenska og danska ákvæðisins verður ráðið að hugtakið „ransagning“ hefur verið þýtt sem „rannsókn“ og þannig fram sett í 131. gr. hegningarlaga. Þær verknaðaraðferðir sem ákvæðið fjallar um eiga það hins vegar allar sammerkt að vera þvingunarráðstafanir í þágu opinberrar rannsóknar sem þeim opinberu starfsmönnum, sem eiga að halda uppi „refsivaldi ríkisins“, er að lögum heimilt að beita. Það er því ekki rökrétt að telja upp „rannsókn“ sem eina af hinum ólöglegu aðferðum sem ákvæðið fjallar um. Hin rétta þýðing danska hugtaksins „ransagning“ í þessu samhengi er „leit“, sbr. nánar ákvæði XI. kafla laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Í 2. gr. frumvarpsins er því lagt til að 131. gr. hegningarlaga verði breytt í það horf.

2.3. Breyting á 132. gr. hegningarlaga.

Í 132. gr. hegningarlaga segir að „[ef] opinber starfsmaður, sem í 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi réttra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, leit, fangelsan, framkvæmd refsingar eða haldsetningu, eða brýtur aðrar þess konar reglur, þá [skuli] hann sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum“. Í íslenska ákvæðinu eru orðin „réttra aðferða“ og „eða brýtur

aðrar þesskonar reglur“ notuð til að lýsa verknaðaraðferð geranda en í 148. gr. dönsku hegningarlaganna er orðalagið sem notað er „lovbestemte fremgangsmåder“ og „eller lignende forholdsregler“.

Hafa verður í huga að refsiákvæði 132. gr. hegningarlaga er samhverft brot og er því refsað fyrir verknaðaraðferðina eina og sér og ásetningur til einhvers konar tjóns eða annarra afleiðinga af háttseminni ekki áskilin. Því er mikilvægt að verknaðaraðferðinni sé lýst með skýrum hætti. Ekki verður séð að athugasemdir lögskýringargagna bæti hér úr. Orðin „réttra“ aðferða er of víðtækt og afmarkar þannig ekki með fullnægjandi hætti þann mælikvarða sem ákvarðar hvort aðferðin var „rétt“ eða ekki. Því er eðlilegra að orðalagið sé nokkuð þrengra. Er því í 3. gr. frumvarpsins lagt til að í stað orðanna „réttra“ aðferða komi orðin „lögmætra“ aðferða. Þá er gert ráð fyrir því að í stað orðanna „eða aðrar þess konar reglur“ í 132. gr. hegningarlaga komi orðin „eða við beitingu annarra áþekkra úrræða“.

Í núgildandi 132. gr. er notað orðalagið „haldsetning“ um þvingunarúrræði sem nánar er mælt fyrir um í X. kafla laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem nú er nefnt hald. Lagt er til að orðalag 132. gr. hegningarlaga verði að þessu leyti fært til nútímalegra horfs. Orðið er þar að auki fært framar í ákvæðinu til marks um þá röðun þvingunarúrræða sem fram kemur í lögum nr. 19/1991.

2.4. Breyting á 133. gr. hegningarlaga.

Í ákvæði 133. gr. hegningarlaga segir að „[ef] opinber starfsmaður, sem á að gæta fanga eða annast framkvæmd refsidóma, lætur fanga komast undan, tálmar framkvæmd dóms, hlífir manni við að taka út hegningu eða kemur því til leiðar, að refsing er framkvæmd með öðru og vægara móti en mælt er, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef brot er smáfellt. Þegar gerður er samanburður á þessu ákvæði og samsvarandi ákvæði 149. gr. dönsku hegningarlaganna kemur í ljós að íslenska ákvæðið er efnislega þrengra. Að því er varðar 133. gr. hgl. leiðir samanburður við 149. gr. dönsku hgl. til þeirrar ályktunar að fyrrnefnda ákvæðið sé efnislega þrengra. Orðalag 133. gr. hgl. virt heildstætt er takmarkað við afplánunarfanga, sbr. „gæta fanga eða annast framkvæmd refsidóms“, „lætur fanga komast undan“, „tálmar framkvæmd dóms“, „hlífir manni við að taka út hegningu“ og „að refsing verði framkvæmd með öðru og vægara móti“. Ákvæði 149. gr. dönsku hgl. tekur hins vegar samkvæmt orðalagi sínu og að mati fræðimanna einnig til sakborninga á rannsóknarstigi máls, sbr. orðalagið „lader en sigtet undvige“, hvort sem um er að ræða gæsluvarðhaldsfanga eða sakborninga sem vistaðir eru í fangageymslu án þess að gæsluvarðhaldsúrskurður liggi fyrir.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að gildissvið 133. gr. hegningarlaga verði rýmkað með þeim hætti að það taki einnig til þess þegar opinber starfsmaður hefur það verkefni með höndum að gæta sakbornings sem sviptur hefur verið frelsi sínu. Tekur þetta hvort tveggja til þess þegar um gæsluvarðhaldsfanga er að ræða eða þegar um vistun er að ræða í fangageymslu án þess að gæsluvarðhaldsúrskurður liggur fyrir. Með tilliti til lýsingar verknaðaraðferða í 133. gr. á sú aðferð að láta fanga komast undan eðli máls samkvæmt aðeins við um sakborninga og er því orðalaginu einnig breytt með þeim hætti. Hinar verknaðaraðferðirnar sem þar koma fram eru takmarkaðar samkvæmt orðalagi sínu við afplánunarfanga.

2.5. Breyting á 137. gr. hegningarlaga.

Í 137. gr. hegningarlaga segir að „[ef] opinber starfsmaður, sem hefir póst- eða símamálefni á hendi, rífur heimildarlaust upp, ónýtir eða skýtur undan bréfum eða sendingum, sem afhent eru til flutnings með pósti, eða ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, sem veitt hefir verið viðtaka til fyrirgreiðslu, þá [varði] það fangelsi allt að 3 árum“. Ákvæðið hefur

það að nokkru leyti að markmiði að vernda friðhelgi einkalífs. Þá má einnig benda á þá hagsmuni sem tengdir eru bréflegum samskiptamáta manna á milli og samskiptum manna með fjarskiptatækni, m.a. að því er varðar viðskipti o.s.frv. Í lögskýringargögnum er rakið að ákvæðið samsvari 139. gr. hegningarlaganna frá 1869 að því er póstmenn varði en áþekkum ákvæðum sé einnig bætt við um símamenn. Þá eigi greinin einnig að sjálfsögðu við um loftskeytasendingar og útvarpstilkynningar.

Sú þróun hefur átt sér stað í póst- og fjarskiptamálum hér á landi að slík þjónusta hefur að nokkru leyti færst úr hendi hins opinbera til einkaaðila sem annast þjónustuna á grundvelli opinberra leyfa, sbr. t.d. lög nr. 142/1996, um póstþjónustu, og lög nr. 107/1999, um fjarskipti. Því er nauðsynlegt að tekin verði afstaða til þess hvort refsiábyrgð skv. 137. gr. hegningarlaga skuli einnig taka til þeirra aðila sem fengið hafa leyfi til póstdreifingar eða til að annast fjarskipti á grundvelli opinbers leyfis og teljast því ekki opinberir starfsmenn í hefðbundnum skilningi, sjá hér hins vegar sérákvæði 187. gr. almennra hegningarlaga.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við 137. gr. hegningarlaga ákvæði, sem verður nýr málsliður, þar sem lagt er til grundvallar að verknaðarlýsing núverandi 137. gr. taki einnig til starfsmanna þeirra lögaðila sem fengið hafa opinbert leyfi til póstdreifingar eða til að annast fjarskipti á grundvelli slíks leyfis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að tekið verði skýrt fram að heimilt verði skv. 129. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, að refsa opinberum starfsmanni fyrir að heimta eða taka sér þjónustugjöld án þess að gjaldandi skuldi slík gjöld í raun. Um nánari skýringar við þetta ákvæði vísast til kafla 2.1 hér að framan.

Um 2. gr.

Af samanburði 131. gr. hegningarlaga og 147. gr. dönsku hegningarlaganna verður ráðið að hugtakið „ransagning“ hefur verið þýtt sem „rannsókn“ og þannig fram sett í 131. gr. hegningarlaga. Þær verknaðaraðferðir sem ákvæðið fjallar um eiga það hins vegar allar sammerkt að vera þvingunarráðstafanir í þágu opinberrar rannsóknar sem þeim opinberu starfsmönnum, sem eiga að halda uppi „refsivaldi ríkisins“, er að lögum heimilt að beita. Það er því ekki rökrétt að telja upp „rannsókn“ sem eina af hinum ólöglegu aðferðum sem ákvæðið fjallar um. Hin rétta þýðing danska hugtaksins „ransagning“ í þessu samhengi er „leit“, sbr. nánar ákvæði XI. kafla laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Í 2. gr. frumvarpsins er því lagt til að 131. gr. hegningarlaga verði breytt í það horf.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að í stað orðanna „réttra“ aðferða í 132. gr. hegningarlaga komi orðin „lögmætra“ aðferða. Þá er gert ráð fyrir því að í stað orðanna „eða aðrar þess konar reglur“ í 132. gr. komi orðin „eða við beitingu annarra áþekkra úrræða“. Í núgildandi 132. gr. er notað orðalagið „haldsetning“ um þvingunarúrræði sem nánar er mælt fyrir um í X. kafla laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem nú er þar nefnt hald. Lagt er til að orðalag 132. gr. hegningarlaga verði að þessu leyti fært til nútímalegra horfs. Orðið er þar að auki fært framar í ákvæðinu til marks um þá röðun þvingunarúrræða sem fram kemur í lögum nr. 19/1991. Um nánari skýringar við þetta ákvæði vísast til kafla 2.3 hér að framan.

Um 4. gr.

Lagt er til að gildissvið 133. gr. hegningarlaga verði rýmkað með þeim hætti að það taki einnig til þess þegar opinber starfsmaður hefur það verkefni með höndum að gæta sakbornings sem sviptur hefur verið frelsi sínu. Tekur þetta hvort tveggja til þess þegar um gæsluvarðhaldsfanga er að ræða eða vistun sakbornings í fangageymslu án þess að gæsluvarðhaldsúrskurður liggi fyrir. Með tilliti til lýsingar verknaðaraðferða í 133. gr. á sú aðferð eðli máls samkvæmt aðeins við um sakborninga að láta hann komast undan. Hinar aðferðirnar sem þar koma fram eru takmarkaðar samkvæmt orðalagi sínu við afplánunarfanga. Um nánari skýringar við þetta ákvæði vísast til kafla 2.4 hér að framan.

Um 5. gr.

Lagt er til að bætt verði við 137. gr. hegningarlaga ákvæði, sem verður nýr málsliður, þar sem lagt er til grundvallar að verknaðarlýsing núverandi 137. gr. taki einnig til starfsmanna þeirra lögaðila sem fengið hafa opinbert leyfi til póstdreifingar eða til að annast fjarskiptastarfsemi á grundvelli slíks leyfis. Um nánari skýringar við þetta ákvæði vísast til kafla 2.5 hér að framan.

Um 6. gr.

Sú hraða þróun og þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað á stjórnsýslu hins opinbera, ekki síst hinu lagalega umhverfi vegna alþjóðavæðingar og einkavæðingar opinberrar þjónustu, leiða til þess að sífellt eru gerðar auknar kröfur til starfsmanna ríkisins, sveitarfélaga, opinberra fyrirtækja og opinberra stofnana. Því er ekki ólíklegt að reyna muni á fleiri álitaefni í framtíðinni um hvort tiltekin starfsmaður teljist opinber starfsmaður í refsiréttarlegri merkingu ef ákvæði XIV. kafla hegningarlaga standa óbreytt. Með þetta í huga er lagt til í þessari grein að sett verði almennt ákvæði í niðurlagi XIV. kafla hegningarlaga þar sem fram kemur skilgreining á hugtakinu opinber starfsmaður. Ætlunin er að þessi skilgreining, sem nánar verður skýrð af dómstólum, verði lögð til grundvallar við beitingu þeirra ákvæða kaflans sem hafa aðeins að geyma almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður, þ.e. 128., 129., 134., 135., 138., 139., 140. og 141. gr. hegningarlaga. Við mótun skilgreiningarinnar hefur verið horft til hinnar almennu leiðbeiningarreglu sem fram kemur í skýrslu nefndar forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda, sjá kafla 1 hér að framan.

Skilgreiningin gerir ráð fyrir því að ef grunur leikur á að starfsmaður hins opinbera hafi framið brot, sem lýst er í þeim refsiákvæðum XIV. kafla hegningarlaga, sem 141. gr. a tilgreinir, verði að fara fram athugun á því hvort staða umrædds starfsmanns hjá stjórnvöldum, t.d. samkvæmt umboði eða erindisbréfi stjórnvaldshafa, svo sem ráðherra, sé þess eðlis að honum hefur verið falið að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða hafa áhrif á töku slíkra ákvarðana, t.d. með þátttöku í undirbúningi þeirra. Þá kann að þurfa að skoða hvort viðkomandi starfsmanni hefur með sama hætti verið falið að ráðstafa eða hafa áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna. Auk þess falla hér undir þeir starfsmenn sem hafa slík verkefni á hendi samkvæmt heimild í lögum. Um nánari skýringar við þetta ákvæði vísast til kafla 1 hér að framan.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19/1940, almennum hegningarlögum.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum, meðal annars til að gera ákvæði um brot í opinberu starfi skýrari. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

391. Frumvarp til laga [354. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða) eða hluta þessa starfsheitis.
b. Orðið „og“ í 7. tölul. fellur brott.
c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
10. tölvunarfræðinga.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraprófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla (eða meistaranámi úr slíkum skólum) þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta, sem samið er í iðnaðarráðuneytinu, miðar að því að löggilda starfsheiti tölvunarfræðinga með því að bæta þeim við upptalninguna í lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Jafnframt eru gerðar smábreytingar varðandi starfsheiti húsgagna- og innanhússarkitekta.

Hér á eftir er fyrst lýsing á námi tölvunarfræðinga hér á landi, byggð á gögnum sem Félag tölvunarfræðinga hefur látið í té. Þar er jafnframt vikið að starfsheitinu kerfisfræðingur, sem fæst að loknu tveggja ára námi, en ekki er stefnt að löggildingu á því starfsheiti með þessu frumvarpi. Einnig er vikið að útskrift tölvutækna eftir þriggja ára nám í iðnskólanum í Reykjavík, svo og starfsemi Rafiðnaðarskólans er tengist tölvukerfum.

Við Háskóla Íslands er tölvunarfræði kennd í tölvunarfræðiskor innan verkfræðideildar. Nám í tölvunarfræði tekur um þrjú ár og útskrifast nemendur með BS-gráðu í tölvunarfræði og kallast þá tölvunarfræðingar. Fyrstu tölvunarfræðingarnir útskrifuðust frá Háskólanum árið 1978 og síðan hafa yfir 500 nemendur lokið námi. Námið er 90 einingar, þar af 60 einingar í skyldunámskeiðum og 30 í valnámskeiðum. Af skyldueiningunum 60 er 21 eining í ýmsum stærðfræðinámskeiðum. Á þeim er m.a. kennd stærðfræðigreining, línuleg algebra, rökfræði, tölfræði og bestunarfræði. Stærðfræði er undirstaða tölvunarfræðinnar því að mörg svið tölvunarfræði eru sprottin af ýmsum sérsviðum stærðfræðinnar. Auk þess er mikilvægt að læra stærðfræðilegan hugsunarhátt og kunna að beita honum á viðfangsefni í tölvunarfræðinni. Hinar 39 skyldueiningarnar felast í tölvunarfræðinámskeiðum. Gífurlega hröð þróun er á tölvusviðinu. Hin fræðilega undirstaða breytist þó ekki eins hratt og þess vegna endist hún betur. Þessi undirstaða gefur dýpri skilning á því sem er að gerast í tölvuheiminum auk þess sem mun auðveldara er að tileinka sér nýja tækni ef grunnskilningur á eðli hennar er til staðar.

Við Háskólann í Reykjavík (HR) er tölvunarfræði kennd í tölvunarfræðideild. Nám í deildinni til BS-prófs í tölvunarfræði (90 einingar) tekur þrjú ár og er unnt að velja á milli tveggja kjörsviða, notendahugbúnaðar og kerfishugbúnaðar. Að auki er unnt að útskrifast með viðskiptafræðival eða val í tæknigreinum eða raunvísindum. Eftir tveggja ára nám býðst nemendum jafnframt að útskrifast sem kerfisfræðingar HR (60 einingar). Af 90 einingum til BS-prófs í tölvunarfræði eru 66–69 einingar í skyldunámskeiðum (háð kjörsviði nemanda) og 21–24 einingar í valnámskeiðum. Eru 9–12 einingar af skyldunámskeiðum í stærðfræði en önnur skyldunámskeið skiptast á milli forritunar, greiningar, hönnunar og fræðilegrar tölvunarfræði. Hér má einnig nefna að tölvunarfræðideild HR hefur farið þá leið á nokkrum námskeiðum að kenna nauðsynlegan stærðfræðigrunn fyrir umfjöllunarefnið sem hluta af viðkomandi námskeiði í stað sérstaks stærðfræðinámskeiðs í sama tilgangi. Markmið tölvunarfræðideildarinnar er að fylgjast með nýjungum og endurspegla alþjóðlega tækniþróun með stöðugri endurskoðun á námsefni. Þannig útskrifast nemendur sem kunna til verka og hafa jafnframt trausta fræðilega undirstöðu til að geta stöðugt tileinkað sér nýjungar í greininni. Nemendurnir öðlast því þekkingu sem býr þá jöfnum höndum undir störf og framhaldsnám.

Starfsheitið kerfisfræðingur varð til á fyrstu árum tölvuvæðingar hér á landi innan Skýrr (Skýrsluvéla ríkisins) og RB (Reiknistofu bankanna). Þeir sem unnu við hugbúnaðargerð á þessum árum komu úr öllum áttum, stærðfræðingar, loftskeytamenn og verkfræðingar. Innan Skýrr og RB varð síðan til starfsheitið kerfisfræðingur yfir þennan hóp. Allir hafa geta kallað sig kerfisfræðing og það starfsheiti hefur mest verið notað af þeim sem hafa eftir menntaskóla lokið einhvers konar tölvunámi sem hefur ekki jafnast á við tölvunarfræði (e. *computer science)*. Einnig eru dæmi um að menn með litla þekkingu og menntun hafi nefnt sig kerfisfræðinga. Almennt má segja að nú sé starfsheitið kerfisfræðingur marklaust nema með fylgi upplýsingar um hvar viðkomandi útskrifaðist. Þessi misnotkun á orðinu kerfisfræðingur varð til þess að útskriftarnemar úr tveggja ára námi við Háskólann í Reykjavík (HR) nefna sig „kerfisfræðing HR". Að sjálfsögðu er þriggja ára námið við HR fólgið í því að útskrifa tölvunarfræðinga og HR gerir ráð fyrir að útskriftarnemum úr tveggja ára náminu fækki verulega á næstu árum.

Nokkuð hefur borið á að menn með litla eða enga menntun hafi notað starfsheitið tölvunarfræðingur. Stærstur hluti þeirra sem útskrifast sem tölvunarfræðingar vinna við hugbúnargerð og það á einnig við um mjög stóran hluta kerfisfræðinga HR. Hugbúnaðargerð krefst þekkingar og aga og því er góð menntun nauðsynleg undirstaða. Rekstur tölvukerfa er á hinn

bóginn mjög fjölbreytt starf sem náð getur frá einföldum viðgerðum upp í flóknar uppsetningar á netkerfum. Nokkrir skólar hafa útskrifað nemendur til að sinna rekstri tölvukerfa.

Iðnskólinn í Reykjavík útskrifar tölvutækna eftir þriggja ára nám. Ekki munu margir slíkir hafa útskrifast.

Rafiðnaðarskólinn hefur verið mjög virkur og margir rafvirkjar og rafeindavirkjar vinna við rekstur tölvukerfa en þeir titla sig að sjálfsögðu rafvirkja eða rafeindavirkja.

Rafiðnaðarskólinn, ásamt öðrum skólum, hefur líka staðið fyrir námskeiðum í sértækum hugbúnaði. Þau námskeið geta allir farið á og fá þeir sem útskrifast skírteini um að þeir séu t.d. „Microsoft Professional Engineer".

Er sótt verður um löggildingu á starfsheitinu tölvunarfræðingur er gert ráð fyrir að Félag tölvunarfræðinga verði umsagnaraðili um lágmarksmenntun.

Ekki er gert ráð fyrir því að þeir sem lokið hafi BS-prófi úr viðurkenndum íslenskum háskóla eða meistaraprófi úr slíkum skólum þurfi leyfi ráðherra.

Að því er varðar húsgagna- og innanhússarkitekta þykir rétt að leggja húsgagna- og innanhússhönnuði að jöfnu eins og gert er varðandi landslagsarkitekta (landslagshönnuði). Hugsanlegt er að einhverjir sem báru starfsheitið húsgagna- og innanhússhönnuðir vilji halda því og yrði þá réttur þeirra til slíks varðveittur. Jafnframt þykir rétt að taka af tvímæli um það að þeir sem vilji nota starfsheitið húsgagnaarkitekt (húsgagnahönnuður) eða innanhússarkitekt (innanhússhönnuður) hafi fullnægjandi lágmarksmenntun.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að löggilda starfsheiti tölvunarfræðinga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

392. Frumvarp til laga [355. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,496.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri. Skal þá útreiknaður ellilífeyrir hans miðað við 65 ára aldur lækkaður fyrir hvern mánuð sem nemur samanlagðri prósentutölu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Taka ellilífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
64–65 ára	0,65%	64 ára	7,8%
63–64 ára	0,60%	63 ára	15,0%
62–63 ára	0,55%	62 ára	21,6%
61–62 ára	0,50%	61 ára	27,6%
60–61 ára	0,45%	60 ára	33,0%

Á sama hátt er sjóðfélaga heimilt að fresta töku ellilífeyris um allt að fimm ár og skal þá útreiknaður ellilífeyrir hans miðað við 65 ára aldur hækkaður fyrir hvern mánuð sem nemur samanlagðri prósentutölu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Taka ellilífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
65–66 ára	0,70%	66 ára	8,4%
66–67 ára	0,75%	67 ára	17,4%
67–68 ára	0,80%	68 ára	27,0%
68–69 ára	0,85%	69 ára	37,2%
69–70 ára	0,90%	70 ára	48,0%

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný við 65 og 70 ára aldur.

2. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum fyrir andlátið og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Óskertur makalífeyrir skv. 7. mgr. er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 36 mánuði, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátið.

Eftirlifandi maki fær þó ávallt greiddan makalífeyri þar til yngsta barn sem var á framfæri sjóðfélagans nær 19 ára aldri, enda sé það á framfæri makans.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 65 ára.

Ef maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1965 á hann rétt á ævilöngum makalífeyri. Makalífeyrir reiknast skv. 7. mgr., en lækkar um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1945, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1950, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1955 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1960. Skerðing innan fæðingarárs reiknast hlutfallslega út frá dagafjölda fram að fæðingardegi miðað við dagafjölda ársins. Önnur ákvæði um makalífeyri gilda þó meðan þau eru hagstæðari fyrir makann.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður

ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,792. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir til 60 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna er lagt fram að beiðni stjórnar sjóðsins. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um ellilífeyri og makalífeyri. Tilgangurinn er að bæta stöðu sjóðsins, en samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt Talnakönnunar hf., dags. 13. febrúar 2002, á stöðu sjóðsins miðað við 31. desember 2001 vantaði 7.514 milljónir kr. á að sjóðurinn ætti eignir á móti heildarskuldbindingum, eða 8,8%. Í skýrslu Talnakönnunar kemur fram að staða sjóðsins hafi versnað frá árslokum 2000 úr 6% halla miðað við heildarskuldbindingar í 8,8% halla. Ástæður þess að staðan versnar eru annars vegar neikvæð ávöxtun annað árið í röð og hins vegar betri lífeyrisréttindi hjá sjóðnum en hjá öðrum sjóðum þar sem skylduiðgjald er 10%. Betri réttindi hjá Lífeyrissjóði sjómanna felast fyrst og fremst í óskertum ævilöngum makalífeyri sem þekkist nánast ekki hjá öðrum sjóðum sem ekki njóta bakábyrgðar launagreiðanda.

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má heildarstaða lífeyrissjóðs aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Staða Lífeyrissjóðs sjómanna er því innan þess ramma sem lögin setja þar sem heildarstaðan er innan 10% markanna og hún var innan 5% markanna fyrir tveimur árum. Hins vegar kemur fram í skýrslu Talnakönnunar að það sé nokkuð ljóst að staðan muni fara niður fyrir þessi mörk á næsta ári. Nýjar töflur um lífslíkur sem þá verða notaðar sýna að langlífi eykst enn þannig að staðan mun versna um 1–2% vegna þeirra. Það er því nokkuð ljóst að ávöxtun ársins 2002 þarf að vera gífurlega mikil til að vinna þetta upp.

Eins og að framan greinir eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um sjóðinn annars vegar um makalífeyri og hins vegar um rétt til töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur. Ástæðurnar eru þessar: Makalífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði sjómanna eru betri en þekkist í sambærilegum sjóðum. Þegar ljóst var að nauðsynlegt væri vegna stöðu sjóðsins að breyta réttindaákvæðum þótti eðlilegt að breyta þeim ákvæðum sem augljóslega eru betri en almennt þekkist. Þá var einnig haft að leiðarljósi að breytingarnar væru eins mildar og mögulegt er. Breytingarnar sem hér eru lagðar til leiða ekki til skerðingar á rétti þeirra sem hafa hafið töku lífeyris. Afnuminn er réttur til óskerts ævilangs makalífeyris, en tekið upp svokallað sólarlagsákvæði sem þýðir að þeir sem eru fæddir fyrir árið 1965 eiga rétt á ævilöngum makalífeyri; þeir sem fæddir eru fyrir árið 1945 njóta óskerts makalífeyris, en rétturinn minnkar síðan eftir því sem

eftirlifandi maki er yngri. Þó er ávallt greiddur óskertur makalífeyrir þegar yngsta barn á framfæri makans er yngra en 19 ára og einnig ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki. Rökin fyrir óskertum ævilöngum makalífeyri eiga ekki við nú með sama hætti og áður. Samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið er atvinnuþátttaka maka sjómanna mjög svipuð því sem gerist hjá öðrum. Það styður það að ekki er lengur talið nauðsynlegt að tryggja ævilangan makalífeyri, t.d. fólki á besta aldri sem ekki er með börn á framfæri. Hugsunin er sú að styðja tímabundið við þá sem missa maka sinn, lengur ef viðkomandi er öryrki eða með börn á framfæri, en ekki að greiða fullvinnandi fólki ævilangan makalífeyri.

Samkvæmt núgildandi lögum geta sjóðfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna hafið töku ellilífeyris frá 60 ára aldri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum; lögskráningu í a.m.k. 25 ár í 180 daga að meðaltali á ári. Ef taka hefst fyrir 65 ára aldur lækkar upphæð ellilífeyris um 0,4% fyrir hvern mánuð sem vantar upp á 65 ára aldur þegar taka hefst. Sú lækkun dugar þó ekki til þess að sjóðurinn standi eins að vígi og ef taka hæfist við 65 ára aldur. Það eru því í raun þeir sjóðfélagar sem ekki eiga rétt á töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur sem standa undir þeim kostnaði sem sjóðurinn hefur af því að greiða lífeyri fyrr, ef lækkunin er ekki tryggingafræðilega rétt reiknuð. Hér er því lagt til að öllum sjóðfélögum verði gefinn kostur á að hefja töku ellilífeyris frá 60 ára aldri og lækkun vegna þess að töku er flýtt verði tryggingafræðilega rétt. Hið sama gildir um hækkun lífeyris þegar töku er frestað. Sams konar ákvæði eru í samþykktum annarra lífeyrissjóða sem sjómenn greiða til, svo sem Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og Lífeyrissjóðs Austurlands.

Talnakönnun hefur reiknað út áhrif þeirra breytinga sem hér eru lagðar til á stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna og koma þær niðurstöður fram í bréfi dags. 16. mars 2002. Staða sjóðsins við árslok 2001 batnar um 6.252 milljónir kr. og halli miðað við heildarskuldbindingar lækkar úr -8,8% í -1,6%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um ellilífeyri. 1. og 2. mgr. eru óbreyttar frá núgildandi lögum, en í þeim kemur fram að almennur ellilífeyrisaldur er 65 ár og síðan er fjallað um hvernig fjárhæð ellilífeyris er fundin út. Í 3. mgr. er að finna breytingu frá núgildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að öllum sjóðfélögum verði heimilt að hefja töku ellilífeyris frá 60 ára aldri, en samkvæmt núgildandi lögum er það aðeins heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þannig að aðeins hluti sjóðfélaga nýtur þessa réttar. Ef taka lífeyris hefst fyrir 65 ára aldur skal útreiknaður ellilífeyrir lækkaður um ákveðna prósentu fyrir hvern mánuð sem vantar á 65 ára aldur sjóðfélaga. Á sama hátt er sjóðfélaga heimilt að fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá fjárhæð ellilífeyris um ákveðna prósentu fyrir hvern mánuð sem sjóðfélaginn er eldri en 65 ára. Prósentur þessar eru mismunandi eftir því á hvaða aldri sjóðfélaginn er þegar hann hefur töku lífeyris, en þær eru tryggingafræðilega rétt reiknaðar þannig að það á ekki að hafa áhrif á heildarskuldbindingar sjóðsins á hvaða aldri sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris.

Auk þess að fella niður skilyrði um 25 ára sjómennsku að meðaltali 180 daga á ári til þess að eiga rétt á ellilífeyri fyrir 65 ára aldur þá er einnig fellt niður ákvæði sem kveður á um að sjóðfélagi sem tekur ellilífeyri á aldrinum 60–65 ára og greiðir iðgjöld til sjóðsins á sama tíma ávinni sér aðeins réttindi að hálfu fyrir þann tíma.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um makalífeyrisréttindi. Gerð hefur verið grein fyrir helstu breytingunum á makalífeyrisákvæðunum í almennum athugasemdum. Samkvæmt núgildandi lögum er greiddur óskertur ævilangur makalífeyrir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, en þau eru að eftirlifandi maki verði að hafa náð 35 ára aldri, hjónabandið hafi staðið í a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Ef þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi er greiddur makalífeyrir í 24 mánuði. Nú er lagt til að þessi skilyrði verði felld niður og óskertur makalífeyrir verði aldrei greiddur skemur en í 36 mánuði. Síðan er tekið upp ákvæði sem almennt hefur verið tekið upp hjá lífeyrissjóðum án ábyrgðar launagreiðanda, en það er svokallað sólarlagsákvæði sem þýðir að þeir sem eru fæddir fyrir árið 1945 njóta óskerts makalífeyris, en rétturinn minnkar síðan um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1945 og fellur niður ef makinn er fæddur eftir árið 1965. Ekki verður hreyft við þeim makalífeyrisréttindum sem þegar hafa verið úrskurðuð.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði greiðist þó ávallt óskertur makalífeyrir á meðan yngsta barn á framfæri maka hefur ekki náð 19 ára aldri og einnig ef makinn er 50% öryrki eða meira.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frumvarp þetta er lagt fram að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna og miðar að því að bæta stöðu sjóðsins þannig að hann standi undir skuldbindingum sínum í samræmi við tryggingafræðilega útreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Verði frumvarpið lögfest hefur það ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

393. Frumvarp til laga [356. mál]

um auknar ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast hluta Íslands vegna hækkunar útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna þannig að heildarábyrgð ríkissjóðs vegna lánaflokksins nemi allt að 3,3 milljónum evra.

2. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr. og staðfesta nauðsynlegar breytingar á samþykktum bankans vegna hækkunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda samþykktu á fundi sínum 12. júní 2002 að hækka útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna úr 100 í 300 milljónir evra. Þar sem Norðurlöndin ábyrgjast þessi lán að fullu, þ.e. 100%, felst jafnframt í þessari ákvörðun að ábyrgðir landanna aukist sem þessu nemur. Samkvæmt þessu mun heildarábyrgð Íslands hækka úr 1,1 í 3,3 milljónir evra, eða í um 280 m.kr.

Þessi lánafyrirgreiðsla kom til framkvæmda í ársbyrjun 1997 samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra Norðurlandanna og var fjármálaráðherrum og umhverfisráðherrum landanna falið að tryggja þessu máli framgang. Fyrri heimildir bankans eru senn fullnýttar og bankinn telur sig ekki geta staðið við þær skuldbindingar sem honum hafa verið lagðar á herðar af hálfu ráðherranefndarinnar á þessu sviði nema með hækkun útlánarammans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Óskað er eftir heimild frá Alþingi fyrir ríkisábyrgð, að fjárhæð allt að 3,3 milljónir evra, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Um 2. gr.

Óskað er eftir heimild til þess að fjármálaráðherra geti gengið frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr. og staðfest breytingar á samþykktum bankans í samræmi við hækkun útlánarammans og auknar ábyrgðir aðildarþjóðanna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um auknar ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Með frumvarpi þessu er óskað eftir heimild frá Alþingi um ríkisábyrgð, að fjárhæð allt að 3.300.000 evrum, eða sem svarar til um 280 m.kr., gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum nema til þess kæmi að reyndi á ábyrgðina en hverfandi líkur eru taldar vera á því.

394. Frumvarp til laga [357. mál]

um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi.

II. KAFLI
Úthlutunarsjóðir.

2. gr.

Rannsóknasjóður og Tækjasjóður.

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.

Hlutverk Tækjasjóðs er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði vegna rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma.

Rannsóknasjóður tekur við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs sem nú starfa samkvæmt lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994, en Tækjasjóður tekur við hlutverki Byggingaog tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum. Eignir og skuldbindingar Vísindasjóðs og Tæknisjóðs falla til Rannsóknasjóðs en eignir og skuldbindingar Bygginga- og tækjasjóðs falla til Tækjasjóðs.

3. gr.

Tekjur Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs.

Tekjur Rannsóknasjóðs eru:

1. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
2. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
3. Önnur framlög.

Tekjur Tækjasjóðs eru:

1. Einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta eða aðrar sambærilegar tekjur.
2. Önnur framlög.

4. gr.

Stjórn Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Rannsóknasjóðs til þriggja ára í senn. Stjórnina skipa eftirtaldir: Formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs sem jafnframt er

formaður sjóðstjórnar, fjórir einstaklingar sem hafa reynslu af eða þekkingu á vísindarannsóknum samkvæmt tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og fimm til vara. Formaður velur varaformann sjóðstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn Rannsóknasjóðs skal jafnframt fara með stjórn Tækjasjóðs.

Stjórnin metur umsóknir um styrk úr Rannsóknasjóði að fengnum umsögnum fagráða sem skipuð eru skv. 5. gr. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins geta veitt ef þurfa þykir. Fagráð skipað formönnum fagráða Rannsóknasjóðs metur umsóknir í Tækjasjóð áður en stjórn sjóðsins tekur þær til afgreiðslu.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Rannsóknasjóðs og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs um styrkveitingar samkvæmt lögum þessum sæta ekki stjórnsýslukæru.

Kostnaður við mat á umsóknum og við störf stjórnar Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna.

Stjórn Rannsóknasjóðs er heimilt, að tillögu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs.

5. gr.

Fagráð Rannsóknasjóðs.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs skipar fagráð til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda sem skulu hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn Rannsóknasjóðs við úthlutanir úr sjóðnum. Vísindanefnd skipar formenn fagráða sérstaklega og eru þeir jafnframt ráðgefandi fyrir stjórn Tækjasjóðs skv. 3. mgr. 4. gr. Jafnframt eru fagráð ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess um fagleg efni eftir því sem óskað er.

Fagráð skulu vera skipuð allt að sjö einstaklingum með víðtæka reynslu af rannsóknum. Skulu þeir hvorki sitja í Vísinda- og tækniráði né stjórn Rannsóknasjóðs. Fagráð metur umsóknir út frá færni umsækjenda til að framkvæma verkið og aðstöðu þeirra til þess. Jafnframt skal lagt mat á vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða eða líkur á skráningu einkaleyfis eða hugverkaréttinda eftir því sem við á.

6. gr.

Rannsóknarnámssjóður.

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms að loknu grunnnámi við háskóla. Menntamálaráðherra setur reglur um starfsemi sjóðsins.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Í sjóðstjórn sitja fulltrúi tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, fulltrúi tilnefndur af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs og fulltrúi skipaður af ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Ákvarðanir stjórnar Rannsóknarnámssjóðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

7. gr.

Tekjur Rannsóknarnámssjóðs.

Tekjur Rannsóknarnámssjóðs eru framlög í fjárlögum ár hvert og framlög samstarfsaðila um rannsóknartengt framhaldsnám. Heimilt er stjórn Rannsóknarnámssjóðs að efna til samstarfs við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir um fjármögnun sérstakra styrkja til rannsóknartengds framhaldsnáms á afmörkuðum sviðum rannsókna.

8. gr.

Úthlutunarreglur.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs markar úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs. Stjórn Rannsóknasjóðs gefur út reglur um umsóknir, meðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.

Stjórn Rannsóknarnámssjóðs gefur út úthlutunarreglur fyrir sjóðinn eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests.

Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði og Rannsóknarnámssjóði, skulu birtar opinberlega og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið.

9. gr.

Önnur verkefni.

Menntamálaráðherra getur falið stjórnum Rannsóknasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs úthlutun annarra sjóða samkvæmt frekari ákvörðun þar um.

III. KAFLI
Rannsóknamiðstöð Íslands.

10. gr.

Hlutverk.

Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra. Hlutverk hennar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Í því felst að:

1. Annast umsýslu Rannsóknasjóðs, Tækjasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs sem heyra undir menntamálaráðherra.
2. Annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðherra.
3. Annast umsýslu annarra sjóða samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.
4. Annast þjónustu við fagráð og stjórnir framangreindra sjóða.
5. Annast gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð og nefndir þess um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í landinu; afla upplýsinga og gagna varðandi þróun vísinda og tækni á alþjóðavettvangi.
6. Gangast fyrir mati á árangri rannsókna, þróunar og nýsköpunar í landinu með reglulegum hætti og taka þátt í fjölþjóðlegum samanburðarathugunum á því sviði fyrir hönd Íslands þegar þess er óskað.
7. Annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu fyrir almenning.
8. Annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu um rannsóknarverkefni innan lands og utan.
9. Hafa samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir eða skrifstofur og fylgjast með þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu vísindastarfi.
10. Sinna öðrum verkefnum sem menntamálaráðherra felur stofnuninni. Stofnunin getur átt samstarf við og tekið að sér verkefni á sviði vísinda- og tæknimála fyrir önnur ráðuneyti samkvæmt samkomulagi.

11. gr.

Forstöðumaður.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður

annast daglegan rekstur stofnunarinnar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við og ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar. Menntamálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, með síðari breytingum.

13. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Í stað orðanna „Rannsóknarráðs Íslands“ í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, kemur: vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga þessara skal eftirfarandi gilda:

Þeir sem þegið hafa styrk samkvæmt lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, halda óbreyttum réttindum og skyldum samkvæmt þeim styrkveitingum.

Rannsóknarráð Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal vinna að undirbúningi tillagna að úthlutunarreglum skv. 8. gr. laga þessara um styrkveitingar á árinu 2003, þó eigi lengur en til 30. mars 2003. Skipað skal í stjórn Rannsóknasjóðs samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 1. apríl 2003.

Núverandi stjórn Rannsóknarnámssjóðs sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal halda umboði sínu og starfa í samræmi við ákvæði laga þessara út skipunartímabil sitt.

Samningar við þá sem ráðnir hafa verið í tímabundnar stöður rannsóknarprófessora samkvæmt lögum nr. 61/1994 halda gildi sínu í samræmi við ákvæði þeirra.

Starfsmenn á skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands verða starfsmenn Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Embætti framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs Íslands skal lagt niður frá og með upphafsdegi skipunar í embætti forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Skipað skal í embætti forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Íslands eigi síðar en 1. apríl 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, 127. löggjafarþingi (549. mál), en varð ekki útrætt. Breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram síðast, í framhaldi af umfjöllun sjö manna nefndar menntamálaráðherra, undir forustu prófessors Hafliða Péturs Gíslasonar, formanns Rannsóknarráðs Íslands. Nefndinni var falið að fara yfir þær athugasemdir sem fram komu við meðferð frumvarpsins á síðasta þingi og gera tillögur um hvernig við þeim yrði brugðist. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu í samræmi við tillögur nefndarinnar: Orðalagi í 2. gr. hefur verið breytt þannig að lögð er áhersla á hið faglega mat sem fram fer við styrkveitingar úr Rannsóknasjóði. Áréttað er að matið skuli byggjast á reynslu og aðstöðu þeirra einstaklinga eða rannsóknahópa sem að rannsókninni standa. Í 3. gr., sem fjallar um tekjur Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs, hefur 2. tölul. verið breytt og fellt út ákvæði sem fjallaði um tekjur af einkaleyfum og endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins. Ekki er talið eðlilegt að gera ráð

fyrir tekjum af einkaleyfum eða endurgreiðslum styrkja. Í flestum tilfellum eru styrkir sjóðanna aðeins hluti af heildarframlögum til verkefnisins og því flókið og erfitt í framkvæmd að fá tekjur til baka. Þá er Tækjasjóði bætt við fyrirsögn greinarinnar sem áður vísaði einungis til tekna Rannsóknasjóðs. Greinin á við um tekjur beggja sjóðanna. Í 4. gr. er kveðið á um að stjórn Rannsóknasjóðs sé heimilt að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs, en bætt er við ákvæðið að það skuli gert að tillögu vísindanefndar. Vísindanefndinni er jafnframt ætlað að skipa fagráð í stað stjórnar Rannsóknasjóðs, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Slíkt hlutverk vísindanefndar er í góðu samræmi við aðgreiningu stefnumótunar og úthlutunar styrkja. Einnig er lagt til að fagráð geti verið ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess um fagleg efni eftir því sem óskað er. Í 6. gr. er gerð sú breyting að styrkir Rannsóknarnámssjóðs verða ekki einskorðaðir við rannsóknarnám á Íslandi og í 8. gr. er áréttuð verkaskiptingu vísindanefndar og stjórnar Rannsóknasjóðs undir samheitinu úthlutunarreglur. Að lokum er 10. gr. breytt þannig að heiti þjónustumiðstöðvar vísindarannsókna verður Rannsóknamiðstöð Íslands auk þess sem hlutverk miðstöðvarinnar hefur í nokkur atriðum verið gert skýrara.

Lög um Rannsóknarráð Íslands tóku gildi 1. júlí 1994. Samkvæmt þeim bar að endurskoða þau innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Á undanförnum missirum hafa starfsmenn menntamálaráðuneytis unnið að endurskoðun laganna. Leiddi sú endurskoðun til þess að lögð eru fram þrjú frumvörp sem taka til vísindarannsókna og tækniþróunar á Íslandi. Í fyrsta lagi er frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð sem lagt er fram af forsætisráðherra, í öðru lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir sem lagt er fram af menntamálaráðherra og í þriðja lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins sem lagt er fram af iðnaðarráðherra.

Í frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð er gert ráð fyrir að ráðið fjalli bæði um vísindarannsóknir og tækniþróun. Vísindarannsóknir heyri undir menntamálaráðherra en tækniþróun og nýsköpun undir iðnaðarráðherra. Frumvarp þetta fjallar um opinberan stuðning við vísindarannsóknir í samræmi við framangreinda skiptingu og er háð því að frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð verði að lögum.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

Lagt er til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs samkvæmt núgildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994. Stjórn Rannsóknasjóðs tekur við hlutverki því sem úthlutunarnefndir höfðu áður. Þá er lagt til að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum og fer stjórn Rannsóknasjóðs einnig með stjórn hans. Hins vegar er lagt til að Rannsóknarnámssjóður starfi áfram undir sérstakri stjórn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir heyri áfram undir menntamálaráðuneytið. Rannsóknasjóður mun gegna lykilhlutverki varðandi styrkveitingar til rannsókna. Sjóðurinn mun styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir samkvæmt skýrum kröfum um vísindalegan framgang, birtingu og skil á vísindalegum niðurstöðum. Þessi tilhögun auðveldar samanburð umsókna þrátt fyrir mismunandi uppruna þeirra. Áhersla verður lögð á að rannsóknir séu styrktar eftir gæðum sem metin verða samkvæmt faglegum kröfum á viðkomandi sviði. Með þessu er verið að tryggja að sambærileg viðmið gildi við mat á umsóknum um styrki, hvort sem um er að ræða grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir.

Gert er ráð fyrir að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs. Lagt er til að hlutverk Tækjasjóðs verði að veita háskólum og öðrum rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði vegna rannsókna. Það er nýlunda í þessu frumvarpi að sömu

aðilar sitji í stjórnum Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs og úthluti styrkjum á þann hátt sem hér er lagt til. Þannig er leitast við að samþætta úthlutanir þeirra.

Markmið endurskoðunar á lögum nr. 61/1994 er að draga skýrari mörk á milli stefnumótunar á sviði vísinda og tækni og þjónustu vegna þeirra. Í samræmi við þetta er lagt til í frumvarpinu að stefnumótun fari fram í Vísinda- og tækniráði og undirnefndum þess en úthlutun styrkja verði á vegum stjórna viðkomandi sjóða. Rannsóknamiðstöð Íslands sem leysir núverandi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands af hólmi mun þó veita báðum aðilum nauðsynlega þjónustu. Þannig mun miðstöðin veita Vísinda- og tækniráði faglega aðstoð við undirbúning stefnumótunar í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Hún mun einnig annast umsýslu sjóða og veita stjórnum þeirra og fagráðum nauðsynlega þjónustu. Um er að ræða Rannsóknasjóð, Tækjasjóð, Rannsóknarnámssjóð og aðra sjóði sem menntamálaráðherra felur stjórn Rannsóknasjóðs að fara með. Rannsóknamiðstöðin mun einnig annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðherra.

Að auki miðlar Rannsóknamiðstöð Íslands upplýsingum vegna þátttöku Íslands í rannsóknasamstarfi á Evrópska efnahagssvæðinu, Norðurlandasamstarfi og öðru alþjóðlegu samstarfi. Hún safnar hagtölum um rannsóknir og þróun, sér um úttektir á sviði rannsóknamála og kynnir rannsóknastarfsemi í landinu. Það er ljóst að samtvinnun allra ofangreindra þátta á einum stað hefur veruleg samlegðaráhrif og er hagkvæm.

Þótt Rannsóknamiðstöð Íslands sinni gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð munu menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið að öðru leyti annast umsýslu fyrir vísindanefnd og tækninefnd. Er þetta í anda þess megintilgangs lagafrumvarps um Vísinda- og tækniráð að greina á milli stefnumótunar stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum annars vegar og úthlutunar styrkja og þjónustu við rannsóknaraðila hins vegar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um markmið með opinberum rannsóknasjóðum. Þar er lögð áhersla á vísindarannsóknir og vísindamenntun á sviði grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Áhersla er lögð á að tryggja gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs. Rannsóknasjóði er ætlað að efla vísindarannsóknir samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreindar rannsóknir einstaklinga, rannsóknarhópa, fyrirtækja og rannsóknastofnana. Rannsóknarhópar geta ýmist verið sjálfstæðir eða starfað undir heildstæðri yfirstjórn í háskólum, fyrirtækjum eða rannsóknastofnunum. Í orðunum „skilgreind rannsóknarverkefni“ felst m.a. að styrkir eiga ekki að renna til almenns rekstrar þegar fyrirtæki og stofnanir eiga í hlut, heldur einvörðungu til hinna skilgreindu rannsóknarverkefna.

Umsækjendur skulu eiga styrkveitingu undir vönduðu faglegu mati. Þannig er það hæfni rannsóknarhópsins til að leysa verkefnin samkvæmt mati á færni þeirra sem hann skipa, reynslu og fyrri árangri, ásamt gæðum umsókna og aðstöðu umsækjenda til að ná settu marki, sem liggur ávallt til grundvallar mati á umsóknum. Þetta á einnig við þegar rannsóknirnar eru unnar undir heildstæðri yfirstjórn innan einnar eða fleiri opinberra rannsóknastofnana eða fyrirtækja.

Rannsóknasjóður gerir samning um hverja styrkveitingu við styrkþega og fyrirtæki eða stofnanir sem veita rannsóknaraðstöðuna. Samningurinn byggist á hinu faglega mati viðkomandi fagráðs. Breytingar á forsendum samnings hljóta að leiða til endurskoðunar hans.

Samninginn skal endurskoða breytist forsendur hans á styrktímabilinu. Tilkynna skal sjóðnum ef breyting verður á rannsóknarhópnum sem metinn var við umsókn og skal stjórn hans þá meta hvort þörf sé á að gera nýjan samning. Hið sama gildir ef aðstaða styrkþega til rannsóknanna versnar, til dæmis ef einstakir aðilar hætta samstarfi. Þetta gerir þá kröfu til stofnana og fyrirtækja að hlutverk þeirra í viðkomandi rannsóknarverkefni sé skilgreint. Þannig er gert ráð fyrir að samningar séu gerðir á milli vísindamannanna og stofnunar eða fyrirtækis þeirra eða að stofnunin/fyrirtækið samþykki fyrir sitt leyti þátttöku í viðkomandi rannsóknarverkefni og umsamin mótframlög við styrk Rannsóknasjóðs til þess. Sama máli gegnir um verkefni sem byggist á samstarfi fleiri en einnar rannsóknastofnunar eða fyrirtækis. Þegar um samstarf um rannsóknir er að ræða er gert ráð fyrir að þátttakendur geri samninga sín á milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum.

Sjóðurinn tekur við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 61/1994. Sjóðurinn getur veitt styrki til umfangsmeiri verkefna að undangengnu ítarlegu mati á raunhæfni verk-, kostnaðar- og fjármögnunaráætlunar verkefnisins eða styrki að fastri fjárhæð til annarra umfangsminni verkefna.

Í greininni er einnig fjallað um hlutverk Tækjasjóðs sem tekur við hlutverki Byggingaog tækjasjóðs sem starfar samkvæmt lögum nr. 61/1994. Hlutverk Tækjasjóðs er að veita háskólum, opinberum rannsóknastofnunum og sjálfseignarstofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði vegna rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal áhersla lögð á tækjabúnað sem eflir rannsóknir í landinu. Þá er um að ræða stór rannsóknartæki sem hafa mikla þýðingu fyrir tilteknar rannsóknir eða heilar vísindagreinar. Umsóknir sem fela í sér samstarf rannsóknaraðila og samfjármögnun tækjakaupa skulu að öðru jöfnu hafa forgang ef við á. Með því að hafa sömu stjórn í Tækjasjóði og Rannsóknasjóði er leitast við að samhæfa úthlutanir úr sjóðunum til verkefna sem skara fram úr.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Rannsóknasjóður njóti áfram árlegrar fjárveitingar í fjárlögum. Tekjur Rannsóknasjóðs byggjast að mestu leyti á fjárveitingum í fjárlögum en jafnframt er heimilað að sjóðurinn þiggi gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum sem hafa það markmið að styðja við starfsemi sjóðsins.

Varðandi tekjur Tækjasjóðs er gert ráð fyrir að hann hafi sömu tekjur og Bygginga- og tækjasjóður hafði áður samkvæmt lögum nr. 61/1994 eða sambærilegar tekjur. Nauðsynlegt þykir að Tækjasjóður sé sérstakur sjóður aðgreindur frá öðrum sjóðum vegna mikilvægis hans (og forvera hans) við fjármögnun tækjabúnaðar sem treystir innviði rannsókna í landinu.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um stjórn Rannsóknasjóðs en hún skal jafnframt fara með stjórn Tækjasjóðs. Í stjórninni sitja fimm einstaklingar. Þar af eru fjórir sérstaklega tilnefndir af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs en lagt er til að formaður vísindanefndar sé jafnframt formaður sjóðstjórnar Rannsóknasjóðs. Með því að sami einstaklingur sé formaður vísindanefndar og formaður stjórnar Rannsóknasjóðs er leitast við að halda tengslum milli Vísinda- og tækniráðs og vinnunefndar þess um vísindi og stjórnar sjóðsins. Tryggir það að áherslur í stefnumótun komi fram í úthlutun Rannsóknasjóðs.

Gera ber strangar kröfur um hæfni þeirra sem sitja í stjórn Rannsóknasjóðs. Þeir skulu hafa reynslu af eða þekkingu á vísindarannsóknum sem standast alþjóðlegar kröfur á sviði grunnrannsókna eða hagnýtra rannsókna. Leitast skal við að hafa jafnvægi í stjórninni milli

sjónarmiða grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna annars vegar og sjónarmiða háskólastigs, rannsóknastofnana og einkaaðila hins vegar.

Ákvæði um að ákvörðun stjórnar Rannsóknasjóðs sé endanleg og verði ekki áfrýjað til menntamálaráðuneytis er nýlunda. Í framkvæmd er reyndar litið svo á að ákvarðanir um styrkveitingar samkvæmt lögum nr. 61/1994 séu ekki kæranlegar til menntamálaráðuneytis og var sá skilningur meðal annars staðfestur í áliti umboðsmanns Alþingis sem tók kvörtun vegna styrkveitinga samkvæmt lögunum til meðferðar án þess að málinu hefði áður verið skotið til menntamálaráðuneytisins. Hér er lagt til að lögfest verði með skýrum hætti að ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs um styrkveitingar verði ekki kæranlegar. Um kvartanir til stjórnarinnar vegna málsmeðferðar við afgreiðslu einstakra umsókna gilda að venju almenn ákvæði laga.

Stjórn Rannsóknasjóðs er heimilað að fengnum tillögum frá vísindanefnd að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn veiti slíkar viðurkenningar árlega.

Um 5. gr.

Vísindanefnd er ætlað að skipa 5–7 manna fagráð til tveggja ára á helstu sviðum vísinda. Hlutverk vísindanefndar í úthlutunarferlinu takmarkast við að móta ramma úthlutana, sem skipan fagráða á helstu sviðum vísinda fellur undir í samræmi við markmið stjórnvalda um aðgreiningu stefnumótunar og úthlutunar styrkja. Fagráðum er ætlað að veita faglega ráðgjöf og meta umsóknir um styrki. Skipan í fagráð til tveggja ára veitir möguleika á að endurnýja þau reglulega. Þau fagráð sem vænta má að vísindanefnd skipi fjalla um hug- og félagsvísindi, líf- og læknisfræði, raunvísindi og verkfræði.

Gert er ráð fyrir að stjórn Rannsóknasjóðs hafi almennar áherslur Vísinda- og tækniráðs til viðmiðunar við úthlutun jafnhliða faglegu mati. Þær gætu til dæmis falið í sér tímabundnar áherslur á tiltekin rannsóknasvið, mikilvægi rannsóknanna fyrir íslenskt þjóðlíf, menntun ungra vísindamanna eða ákvæði um mótframlag. Hlutverk fagráða er hins vegar að meta umsóknir samkvæmt færni umsækjenda til að framkvæma verkið og aðstöðu þeirra til þess auk vísindagildis verkefnisins á alþjóðlegan mælikvarða eða skráningar einkaleyfis eða hugverkaréttinda.

Fagráðum er heimilt að leita umsagnar sérfróðra aðila um einstakar umsóknir. Stjórn Rannsóknasjóðs ber að gera grein fyrir áherslum sínum við úthlutun ef þær fela í sér frávik frá tillögum fagráða. Ákvæði um að sömu menn sitji ekki í fagráðum og Vísinda- og tækniráði eða stjórn Rannsóknasjóðs á að tryggja sjálfstæði fagráða og er hliðstætt þeirri skipan sem gilt hefur um Rannsóknarráð Íslands.

Gert er ráð fyrir að fagráð geti verið ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess um fagleg efni eftir því sem óskað er.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Rannsóknarnámssjóðs. Sjóðurinn hefur sérstaka stjórn. Rannsóknarnámssjóður heldur þannig sérstöðu sinni enda er meginmarkmið hans að styrkja nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi en ekki einstök rannsóknarverkefni. Ákvæðið um að vísindanefndin og samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefni hvor sinn fulltrúa er til þess að tryggja ákveðna breidd í stjórn sjóðsins. Menntamálaráðherra setur sjóðnum reglur sem kveða nánar á um skilyrði umsókna. Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins hafi almennar áherslur Vísinda- og tækniráðs til viðmiðunar.

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms að loknu grunnnámi við háskóla sem bjóða framhaldsnám og stunda vísindalegar rannsóknir. Styrkir Rannsóknarnámssjóðs eiga sem fyrr að renna til rannsóknartengds framhaldsnáms sem stundað er við háskóla eða á ábyrgð hans í samvinnu við rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn styrki nemendur í rannsóknarnámi á Íslandi og erlendis. Sé námið stundað við háskóla erlendis skal rannsóknarverkefnið þó lúta að íslensku viðfangsefni og vísindamaður með starfsaðstöðu á Íslandi taka virkan þátt í leiðbeiningu nemandans.

Um 7. gr.

Tekjur Rannsóknarnámssjóðs eru framlög í fjárlögum ár hvert. Jafnframt er hvatt til þess að sjóðurinn efni til samstarfs við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir eins og tíðkast hefur.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs marki úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og annarra sjóða í vörslu stjórnar sjóðsins. Stjórn Rannsóknasjóðs gefur hins vegar út reglur um umsóknir, meðferð þeirra og úthlutun. Hér er áréttuð verkaskipting vísindanefndar og stjórnar Rannsóknasjóðs undir samheitinu úthlutunarreglur. Í úthlutunarreglum koma fram skilyrði umsókna, úthlutunarstefna sjóða og áherslur Vísinda- og tækniráðs. Beinn kostnaður við mat umsókna og úthlutun styrkja skal greiðast af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna. Gert er ráð fyrir að viðkomandi ráðuneyti geri samning við Rannsóknamiðstöðina um umsýslu sjóða og rekstrarkostnað vegna hennar. Með þeim hætti verður betur ljóst í hverju slíkur kostnaður felst.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra geti falið stjórnum sjóða að sjá um úthlutun annarra sjóða sem stofnað er til, t.d. Launasjóðs fræðiritahöfunda sem skrifstofa Rannsóknarráðs hefur nú umsýslu með. Einnig má nefna markáætlanir, öndvegisstyrki og tímabundnar rannsóknarstöður. Þannig geta stjórnvöld boðið tímabundna verkefnastyrki eftir almennum áherslum og markmiðum Vísinda- og tækniráðs hverju sinni. Þeir geta verið af ýmsum toga, til dæmis öndvegisstyrkir markaðir ákveðnum fræðasviðum eða rannsóknastofnunum eða tímabundnar markáætlanir á einstökum fræðasviðum eða þverfaglegum fræðasviðum. Með þessu yrði m.a. stefnt að því að Íslendingar yrðu gjaldgengir í samstarfi á Norðurlöndum og innan rammaáætlunar ESB um öndvegissetur (e. *Centres of Excellence)* eða öndvegisnet (e. *Networks of Excellence)*. Einnig gæti þetta skapað forsendur til öflugra samstarfs við alþjóðlegar stofnanir á Norðurlöndum, í Evrópu, Norður-Ameríku, Kanada og víðar. Þá er gert ráð fyrir að hægt sé að stofna tímabundnar rannsóknarstöður. Þessum stöðum má líkja við tímabundnar stöður rannsóknarprófessora samkvæmt lögum nr. 61/1994 sem lagðar verða niður samkvæmt frumvarpinu að lokinni samningsbundinni ráðningu þeirra sem nú skipa þessar stöður. Sú leið er valin hér að nefna hvorki markáætlanir, öndvegisstyrki né tímabundnar rannsóknarstöður í lagatextanum sjálfum, en halda þeirri leið opinni að stjórnvöld hverju sinni skilgreini áherslur í þeim efnum.

Um 10. gr.

Þjónustuhlutverki núverandi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands fyrir stjórnvöld og vísindasamfélagið verður komið fyrir í sérstakri stofnun, Rannsóknamiðstöð Íslands, sem heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneytið. Hlutverk Rannsóknamiðstöðvarinnar er skil-

greint með skýrari hætti en hlutverk skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands í lögum nr. 61/1994. Í almennum athugasemdum frumvarpsins er gerð grein fyrir helstu þáttum í fyrirhugaðri starfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að stofnunin geri sérstaka samninga við menntamálaráðuneyti um umsýslu sjóða þess. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnunin geri þjónustusamning við menntamálaráðuneyti um önnur verkefni sem ráðuneytið felur henni. Rannsóknamiðstöðin mun einnig annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Iðnaðarráðherra mun staðfesta þann samning. Rannsóknamiðstöðin getur gert þjónustusamninga við önnur ráðuneyti eða aðra aðila um svipuð verkefni sem mikilvægt er og hagkvæmt að hafa á einni hendi.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um skipun forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Íslands, hæfniskröfur og starfssvið. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Samkvæmt lögum nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, tilnefnir Rannsóknarráð Íslands einn mann í stjórn bókasafnsins, en gert er ráð fyrir að vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs geri það verði frumvarp þetta að lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðinu er ætlað að tryggja að vinna við úthlutun úr þeim sjóðum sem frumvarp þetta fjallar um raskist sem minnst, verði það að lögum. Jafnframt er ákvæðinu ætlað að tryggja eðlilega yfirfærslu starfsemi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands yfir til Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Að öðru leyti þarfnast ákvæði þetta ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Í frumvarpinu eru gerðar ýmsar breytingar á stjórnsýslu sjóða og stofnana sem fjalla um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Það er flutt samhliða frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð og frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, en saman mynda þessi þrjú frumvörp eina heild.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að Rannsóknarráð Íslands verði lagt niður sem vettvangur fyrir stefnumörkun í rannsóknarmálum. Í frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð er lagt til að samnefnt ráð taki við þessu hlutverki og heyri það undir forsætis-ráðuneyti en njóti aðstoðar bæði menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Í Rannsóknarráði Íslands sitja ellefu einstaklingar og eru varamenn þeirra jafnmargir, en gert er ráð fyrir að í Vísinda- og tækniráði sitji fjórir ráðherrar auk fjórtán annarra fulltrúa og verði varamenn fjórtán. Áætlað er að útgjöld vegna aðal- og varamanna í Rannsóknarráði Íslands og aðstoð við störf

þeirra hafi numið 13–15 m.kr. á síðasta ári. Ekki liggur fyrir hvernig þau útgjöld skiptast milli vinnu við stefnumörkun og við önnur viðfangsefni. Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið feli ekki í sér breytingu á umfangi og þar með útgjöldum ríkisins vegna stefnumörkunar í rannsóknarmálum heldur sé um að ræða tilfærslu innan ríkisins, frá Rannsóknaráði Íslands og til ráðuneyta.

Í öðru lagi er lagt til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs og að nýr sjóður, Tækjasjóður, taki við hlutverki Bygginga- og tækja-sjóðs. Tekjustofnar sjóðanna breytast ekki og ekkert kemur fram um breytingar á framlögum til þeirra úr ríkissjóði í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að í stjórn Rannsóknasjóðs sitji fimm menn sem ákveði styrkveitingar á grundvelli umsagna nokkurra fagráða og sitji allt að sjö manns í hverju þeirra. Samkvæmt gildandi lögum er það hlutverk Rannsóknarráðs Íslands að úthluta styrkjum á grundvelli tillagna fimm manna úthlutunarnefndar fyrir hvorn sjóð, Tæknisjóð og Vísindasjóð. Úthlutunarnefndirnar byggja tillögur sínar á umsögnum ráðgefandi fagráða. Bygginga- og tækjasjóður hefur einnig verið í umsjón Rannsóknarráðs Íslands og menntamálaráðherra staðfest tillögur um úthlutun úr honum. Áætlað er að útgjöld vegna þjónustu skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands við sjóðina hafi numið tæpum 40 m.kr. á síðasta ári. Ætla verður að fækkun þeirra sem koma að úthlutun lækki kostnað við stjórn sjóðanna, en ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að áætla fjárhæðir í þessu sambandi.

Í þriðja lagi er lagt til að stofnuð verði Rannsóknamiðstöð Íslands er taki við meginhluta þeirrar starfsemi sem nú er unnin af skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands. Sú formbreyting er lögð til í frumvarpinu að forstöðumaður verði skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn í stað þess að vera ráðinn af Rannsóknarráði til jafnmargra ára. Hlutverk Rannsóknamiðstöðvarinnar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Verkefni miðstöðvarinnar verða að mestu leyti þau sömu og verkefni skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands þótt áherslur kunni að breytast. Áætlað er að útgjöld Rannsóknarráðs við alþjóðasamstarf, almenna stjórn, upplýsingasöfnun og kynningarstarf hafi numið tæpum 50 m.kr. á síðasta ári. Talið er að breytt fyrirkomulag muni lækka stjórnsýslukostnað eitthvað, en ekki eru forsendur til að áætla fjárhæðir. Menntamálaráðuneytið gerir ráð fyrir að undirbúa almenna stefnumótun í vísinda- og rannsóknarmálum og að ráðuneytið hafi umsjón með og undirbúi fundi Vísinda- og tækniráðs og Vísindanefndar. Talið er að það starf leiði til aukinna umsvifa hjá ráðuneytinu og að starfsmönnum þess fjölgi um allt að þrjá, háð því hvernig verkaskiptingu ráðuneytis og rannsóknarmiðstöðvar verður háttað. Fjárveitingar til rannsóknarmiðstöðvarinnar munu taka mið af þessu, en gert er ráð fyrir að útgjöld aðalaskrifstofu menntamálaráðuneytisins hækki um 18 m.kr.

Í fjórða lagi er lagt til í bráðabirgðaákvæði að starf framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs Íslands verði lagt niður við gildistöku laganna. Önnur störf færast til Rannsóknarmiðstöðvarinnar. Gera má ráð fyrir að af þessum sökum geti hlotist allt að 7 m.kr. biðlaunakostnaður.

Í fimmta lagi er lagt til í bráðabirgðaákvæði að tímabundnar stöður rannsóknarprófessora samkvæmt gildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands verði lagðar niður að lokinni samningsbundinni ráðningu þeirra sem nú skipa þær. Um er að ræða fimm störf hjá Háskóla Íslands og er áætlað að kostnaður við hvert starf hafi numið 5,7 m.kr. á árinu 2001 eða alls 28,5 m.kr. samkvæmt upplýsingum skólans.

Þegar allt er talið telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið muni leiða til lægri stjórnsýslukostnaðar verði það að lögum þótt ekki liggi fyrir nægar upplýsingar til að meta fjárhæðir í því sambandi. Þá mun frumvarpið leiða til 28,5 m.kr. árlegs sparnaðar eftir að stöður rannsóknarprófessora hafa verði lagðar niður. Á móti koma allt að 7 m.kr. tímabundin útgjöld vegna biðlauna.

395. Svar [234. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um aukna heilsugæsluþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Eru áform um að fjölga stöðugildum lækna í heilsugæslu á heilsugæslustöðvum*
   a. *utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. vegna mikils vaktaálags og hvíldarákvæða EES-samningsins,*
   b. *á höfuðborgarsvæðinu vegna mikillar eftirspurnar eftir þjónustu?*
2. *Eru áform um að fjölga stöðugildum hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum?*
3. *Eru áform um að ráða fleiri starfsstéttir á heilsugæslustöðvar, svo sem sálfræðinga og næringarráðgjafa?*
4. *Eru áætlanir um sérstakar aðgerðir til að*
   a. *auka áhuga ungra lækna á heimilislækningum,*
   b. *vekja áhuga lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á því að verja hluta starfsævinnar í dreifbýli,*
   c. *stuðla að því að fleiri leggi fyrir sig ljósmæðranám og ljósmóðurstarf?*

   Ef svo er, í hverju eru þær fólgnar?

Ráðherra hefur undanfarin ár markvisst unnið að því að fjölga stöðugildum lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsstétta á heilsugæslustöðvum víða um land. Forsendur slíkrar fjölgunar hafa að hluta til byggst á óskum viðkomandi heilsugæslustöðva, sem lagðar eru fram við gerð fjárlaga á hverjum tíma, en einnig á áformum ráðuneytisins sjálfs. Óskirnar hafa síðan farið til frekari úrvinnslu og afgreiðslu við gerð fjárlaga frá Alþingi á hverjum tíma. Við áætlanagerð ráðuneytisins hefur m.a. staðbundið vaktaálag eða mikil eftirspurn eftir þjónustu í dagvinnu ráðið óskum ráðuneytisins. Á það jafnt við um stöðu lækna sem hjúkrunarfræðinga. Einnig hefur verið sótt eftir fjárheimildum til ráðningar fleiri starfsstétta, svo sem meinatækna, sálfræðinga o.fl.

Helstu áform ráðuneytisins á næsta ári eru að ný heilsugæslustöð taki til starfa í Salahverfi, Kópavogi. Á hún að þjóna íbúum Lindahverfis, Salahverfis og Vatnsendahverfis í Kópavogi, en gert er ráð fyrir að íbúar á þessu svæði verði alls um 12 þúsund.

Í frumvarpi til fjárlaga árið 2003 er áformað að styrkja rekstur heilsugæslunnar í Reykjavík um 73 millj. kr., og er þessu framlagi einkum ætlað að mæta kostnaði við aukna heimahjúkrun og aukna ábyrgð heilsugæslunnar á rannsóknum. Í því sambandi má geta þess að nýlega var miðstöð heimahjúkrunar opnuð á vegum heilsugæslunnar í Reykjavík og er allri heimahjúkrun stjórnað og þjónað miðlægt.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er einnig gert ráð fyrir 7,6 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til óbreyttrar starfsemi heilsugæslustöðvarinnar í Hafnarfirði, en mikið álag á stöðina varð til þess að ráðnir voru hjúkrunarfræðingar þangað á árinu 2002. Einnig er gert ráð fyrir 13,7 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til heilsugæslustöðvarinnar í Hafnarfirði til þess að standa undir kostnaði við að ráða lækna til afleysinga.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 9 mill. kr. viðbótarfjárveitingu til heilsugæslustöðvarinnar í Hveragerði og er það gert vegna aukinnar aðsóknar að undanförnu.

Ráðuneytið hefur eftir megni reynt að auka áhuga ungra lækna á heimilislækningum, það hefur m.a. staðið að ráðningu í sérstakar námsstöður fyrir sérnám í heimilislækningum og hefur í samstarfi við læknadeild Háskóla Íslands og fleiri aðila stutt við þær stöður. Fyrirhugað er innan fárra daga að auglýsa nýjar stöður til náms í heimilislækningum.

Heilbrigðisráðuneytið setti í reglugerð fyrir fáum árum skilyrði um starf við heimilislækningar til að öðlast lækningaleyfi. Forsenda þessa var m.a. sú að kynna ungum verðandi læknum starf utan sjúkrahúsa. Hefur þessi breyting reynst vel og hefur ráðuneytið góðar vonir um að geta stutt enn frekar við þessar stöður víða um landið. Þá hefur ráðuneytið fullan hug á því að efla áhuga heilbrigðisstarfsmanna á því að verja hluta starfsæfinnar í dreifbýli, jafnt lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Hefur ráðuneytið nýlega fundað með forsvarsmönnum í heilbrigðismálum á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi, sem munu skila ráðuneytinu frekari tillögum til þess að efla þessa þætti og er fullur vilji innan ráðuneytisins að styðja við það starf.

Auk þess hafa nú nýverið átt sér stað viðræður milli fulltrúa ráðuneytisins og forsvarsmanna hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands um mögulega fjölgun hjúkrunarfræðinema. Ímyndarátak Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem styrkt var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, skilaði þeim árangri að umsækjendum um nám í hjúkrunarfræði fjölgaði til mikilla muna.

Í þessum viðræðum hefur möguleg fjölgun ljósmæðranema einnig verið rædd. Vonir standa til að tillögur þessa efnis liggi fyrir innan tíðar.

396. Svar [236. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um mismunandi rekstrarform heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Hefur verið gerður rekstrarlegur og faglegur samanburður á mismunandi rekstrarformi með tilliti til þjónustustigs og fjölbreytni í þjónustu á sviði heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu hjá*
   a. *heilsugæslustöðvum,*
   b. *Heimilislæknamiðstöðinni ehf.,*
   c. *Læknalind ehf.,*
   d. *sjálfstætt starfandi heimilislæknum?*

Ríkisendurskoðun gerði nýlega stjórnsýsluúttekt á rekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík: „Fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu.“ Í skýrslunni gerir Ríkisendurskoðun grein fyrir rekstrarkostnaði hjá Heilsugæslunni í Reykjavík og ber saman einingarkostnað vegna almennrar þjónustu heilsugæslulækna hjá Heilsugæslunni í Reykjavík og hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum.

Þjónusta heilsugæslu grundvallast á sérþekkingu á heimilislækningum, hjúkrun og heilsuvernd og byggist á þverfaglegu samstarfi. Hlutverk heilsugæslunnar er að veita einstaklingum aðgengilega og víðtæka heilbrigðisþjónustu. Þjónustan á að vera almenn, aðgangur greiður og óháður tekjum, eignum eða félagslegri stöðu manna. Sjálfstætt starfandi heimilislæknar veita almenna læknisþjónustu og heilsuvernd eftir því sem við á. Sjúklingar sem koma til sjálfstætt starfandi heimilislækna greiða sömu komugjöld og greidd eru á heilsugæslustöðvum, sbr. reglugerð nr. 218/2002, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum.

Heimilislæknamiðstöðin ehf. (Heilsugæslan í Lágmúla) er með sjálfstæðan rekstur og á þjónustusamningi við Heilsugæsluna í Reykjavík. Stöðin fær greiðslur samkvæmt fjárlögum og Heilsugæslan í Reykjavík hefur eftirlit með þjónustunni. Einstaklingar sem leita til

Heilsugæslunnar í Lágmúla greiða sömu gjöld þar og á öðrum heilsugæslustöðvum. Þjónustan sem veitt er hjá Heilsugæslunni í Lágmúla er sambærileg við þá þjónustu sem veitt er á öðrum heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Heilbrigðisyfirvöld hafa ekki gert samning við Læknalind ehf. um þjónustu og ráðuneytið hefur ekki gert formlega úttekt á þjónustu fyrirtækisins. Ráðuneytið hefur ekki gert faglegan samanburð á þeim kostum sem boðið er upp á, enda fremur hlutverk landlæknisembættisins en ráðuneytisins að hafa eftirlit með faglegum þáttum málsins, eða eins og segir í nýlegri tilkynningu frá embættinu: „Landlæknir ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerðum þar að lútandi að hafa faglegt eftirlit með heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstéttum annars vegar og starfi og starfsaðstöðu þeirra hins vegar. Í því samhengi fjallar embætti landlæknis um veitingu lækningaleyfa og starfsleyfa annarra heilbrigðisstétta, svo og um veitingu rekstrarleyfa heilbrigðisstofnana, auk þess að halda uppi eftirliti með allri lækningastarfsemi í landinu.“

2. *Ef svo er, hvernig kemur sá samanburður út með tilliti til þeirrar þjónustu sem viðkomandi aðilar veita, bæði fyrir ríkissjóð og sjúklinga?*

Samkvæmt framangreindri úttekt Ríkisendurskoðunar var kostnaður á einingu á árinu 2001 hjá Heilsugæslunni í Reykjavík 3.000–3.500 kr. og 2.900 kr. hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum. Ráðuneytið tekur ekki þátt í kostnaði við rekstur Læknalindar ehf. og hefur ekki upplýsingar um rekstrarkostnað fyrirtækisins.

3. *Hvernig eru forvarnastarf og heilsuvernd metin inn í rekstrarkostnað?*

Í 19. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, er kveðið á um þá þjónustu sem skal veita á heilsugæslustöð eftir því sem við á. Forvarnastarf og heilsuvernd eru hluti af þjónustu heilsugæslustöðva. Kostnaður við þjónustuna er hluti af rekstrarkostnaði stöðvanna og ekki sérgreindur frá öðrum kostnaðarþáttum.

4. *Hefur verið tekin ákvörðun um rekstrarform nýrra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og ef svo er, á hvaða forsendum byggist hún?*

Á næsta ári verður opnuð ný heilsugæslustöð í Salahverfi í Kópavogi. Heilsugæslustöðin á að þjóna íbúum Lindahverfis, Salahverfis og Vatnsendahverfis í Kópavogi. Ákveðið hefur verið að bjóða rekstur heilsugæslustöðvarinnar út, en ráðuneytið hefur þegar tekið á leigu húsnæði fyrir stöðina að Salavegi 2, Kópavogi. Heilsugæslustöðinni er ætlað að veita sambærilega þjónustu og veitt er á öðrum heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu, ef frá er talin heimahjúkrun en Heilsugæslan í Kópavogi mun annast hana. Sjúklingar sem koma á heilsugæslustöðina munu greiða sömu gjöld og á öðrum heilsugæslustöðvum, sbr. reglugerð nr. 218/2002, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum.

397. Svar [162. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um fjölda keisaraskurða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert var árlegt hlutfall keisaraskurða við fæðingar á árunum 1970–2002?

Niðurstöður þessar eru fengnar úr upplýsingum frá Hagstofu Íslands um fæðingar og úr fæðingaskrá sem út kemur árlega í umsjá kvennadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í nýjustu skýrslu fæðingaskrárinnar frá 2001 segir á bls. 8: „Tíðni keisaraskurða hefur farið hægt vaxandi á Íslandi á undanförnum árum, eins og víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum. Nú varð þó í fyrsta skipti lækkun á heildartíðninni frá árunum á undan ... Víða á Vesturlöndum er tíðnin nú á bilinu 20–25%."

Hlutfall keisaraskurða af heildarfjölda fæðinga má sjá í meðfylgjandi töflu.

Hlutfall keisaraskurða við fæðingar á Íslandi 1960–2001.

Ár	Fæðingar alls skv. tölum frá Hagstofu	Keisaraskurðir alls skv. fæðingaskrá LSH	Hlutfall keisara af fæðingum
1970	4.032	127	3,2
1971	4.275	149	3,5
1972	4.689	158	3,4
1973	4.595	127	2,8
1974	4.275	194	4,5
1975	4.369	209	4,8
1976	4.293	233	5,4
1977	3.982	270	6,8
1978	4.147	286	6,9
1979	4.454	343	7,7
1980	4.510	335	7,4
1981	4.323	445	10,3
1982	4.311	437	10,1
1983	4.347	495	11,4
1984	4.083	454	11,1
1985	3.812	433	11,4
1986	3.864	459	11,9
1987	4.177	545	13,0
1988	4.646	559	12,0
1989	4.523	523	11,6
1990	4.731	563	11,9
1991	4.479	518	11,6
1992	4.546	619	13,6
1993	4.562	600	13,2
1994	4.366	611	14,0
1995	4.202	604	14,4
1996	4.278	656	15,3
1997	4.073	675	16,6
1998	4.104	665	16,2
1999	4.030	710	17,6
2000	4.253	763	17,9
2001	4.043	686	17,0

Heimildir:
Fæðingaskrá, kvennadeild LSH.
Hagstofa Íslands, Landshagir.

398. Frumvarp til laga [358. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Örnefnastofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og fræðilega reynslu á vísindasviði er tengist örnefnafræðum. Forstöðumaður markar stefnu stofnunarinnar, annast daglegan rekstur hennar og er í fyrirsvari fyrir hana út á við. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna. Menntamálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með núgildandi þjóðminjalögum, nr. 107/2001, var þjóðminjaráð lagt niður. Af því tilefni er nauðsynlegt að breyta 3. gr. laga nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands, þar sem í 1. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um að þjóðminjaráð tilnefni einn stjórnarmann í stjórn stofnunarinnar. Við mat á því hvernig best er að breyta umræddu lagaákvæði er varðar stjórn stofnunarinnar er óhjákvæmilegt að líta til lögbundins hlutverks hennar samkvæmt gildandi lögum. Hlutverk hennar er að vinna að stefnumörkun stofnunarinnar og hafa eftirlit með rekstri og starfsemi hennar. Þá er einnig kveðið á um að forstöðumaður ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar í samráði við stjórnina, auk þess sem stjórnin veitir menntamálaráðherra umsögn um hvern skuli skipa forstöðumann.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting að stjórn Örnefnastofnunar verði lögð niður jafnframt því sem valdsvið og hlutverk forstöðumanns verður gert skýrara en í gildandi lögum.

Í nefndaráliti nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna, sem gefið var út í október 2000, kom fram að stjórnsýsluleg staða, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna væri oft óskýr og af því leiddi að óljóst væri hver bæri ábyrgð á rekstri viðkomandi stofnunar. Nefndin lagði til að stjórnum ríkisstofnana yrði fækkað og þær aðeins nýttar þar sem sérstök ástæða væri til að gera stjórn stofnunar sjálfstæðari en almennar reglur ríkisrekstrarins gæfu færi á. Jafnframt var lagt til að sérstakar stofnanir, þ.e. stofnanir sem stofnaðar væru með lögum og sinntu sérstökum verkefnum sem þeim væru falin með lögum og tækju ákvarðanir í eigin nafni, hefðu ekki eiginlegar stjórnir og yrðu því stjórnir þeirra annaðhvort lagðar niður eða þeim breytt í ráðgefandi stjórnir.

Hlutverk stjórnar Örnefnastofnunar Íslands, að hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar, felur í sér óljós mörk milli ábyrgðar forstöðumanns og stjórnar. Hið sama má segja um hlutdeild stjórnar í ráðningum annarra starfsmanna við stofnunina. Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er það meginregla að vald til ráðningar annarra starfsmanna ríkisstofnunar er í höndum forstöðumanna.

Annað meginhlutverk stjórnarinnar samkvæmt gildandi lögum er að vinna að stefnumörkun stofnunarinnar í samráði við forstöðumann. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir

að forstöðumaðurinn taki að sér þetta hlutverk og hafi þannig einn umsjón með því. Með hliðsjón af 1. gr. gildandi laga um stofnunina er þó óhjákvæmilegt að haft verði samráð við þær stofnanir sem tengjast varðveislu örnefna og rannsóknum á þeim. Er hér átt við stofnanir eins og Landmælingar Íslands sem Örnefnastofnun Íslands hefur nú þegar samstarfssamning við, stofnanir og deildir Háskóla Íslands og eftir atvikum aðrar ríkisstofnanir eða aðila sem tengjast starfssviði stofnunarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að stjórn Örnefnastofnunar verði lögð niður. Á síðasta ári nam þóknun stjórnarinnar um 0,6 m.kr. og er gert ráð fyrir að álíka fjárhæð sparist árlega við breytinguna.

399. Frumvarp til laga [359. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,0108% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,25355% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,0521% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00658% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða 0,0885% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01068% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08593% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.

5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00648% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Póstgíróstofa Íslandspósts hf. skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,0004% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{2}/_{3}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, segir:

„Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi."

Meðfylgjandi er skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 2. gr. laganna ásamt áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila. Niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðs-

hluta eftirlitsgjalds og er því, í samræmi við 3. mgr., lagt fram frumvarp um breytingu á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna.

Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll hækkuð en lágmarksgjöld eru óbreytt. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 211,7 m.kr. árið 2002 í 259,7 m.kr. árið 2003, eða um rúm 22%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemur 263,5 m.kr. en 268,4 m.kr. á því næsta, sem er tæplega 2% hækkun. Ástæðan fyrir því að álagt eftirlitsgjald hækkar meira en nemur hækkun rekstrarkostnaðar er sú að í byrjun þessa árs voru 47,9 m.kr. peningalegar eignir yfirfærðar frá fyrra ári.

Fylgiskjal I.

Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2003, skv. 2. gr. l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2003. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. september ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2003. Átti Fjármálaeftirlitið fund með nefndinni þann 15. ágúst sl. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2003. Samráðsnefndin skilaði óformlegum ábendingum til Fjármálaeftirlitsins hinn 27. ágúst sl. og var fjallað um þær á fundi með nefndinni sama dag. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um ábendingar nefndarinnar á stjórnarfundi 10. september og í kjölfarið var samráðsnefndinni gefið tækifæri á að koma endanlegu áliti sínu á framfæri.

Í skýrslu þessari er að finna umfjöllun um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2001 og álagningu vegna ársins 2002, umfjöllun og skýringar með endurskoðaðri rekstraráætlun vegna ársins 2002, umfjöllun og skýringar vegna rekstraráætlunar fyrir árið 2003 og umfjöllun um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2003. Enn fremur er fjallað um rekstur stofnunarinnar og mannaflaþörf til næstu þriggja ára, í samræmi við tilmæli í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar við afgreiðslu frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999 á síðasta hausti, sbr. fylgiskjal með skýrslunni.

Skýrslunni fylgja töflur þar sem gerð er grein fyrir áætluðu rekstrarumfangi næsta árs og rekstri Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári (tafla 1) og áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang (tafla 2).

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2001, álagning vegna ársins 2002.

Rekstur á árinu 2001.

Uppsafnaður tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins í árslok 2001 nam samtals 47,9 m.kr. Tekjuafgangurinn á árinu 2001 reyndist lítillega meiri en endurskoðuð áætlun á miðju ári 2001 gerði ráð fyrir, en í endurskoðaðri áætlun var gert ráð fyrir að uppsafnaður tekju-

afgangur í árslok næmi um 45,2 m.kr. Ástæður þessa voru m.a. að nýráðningar í lok síðasta árs gengu seinna eftir og höfðu minni áhrif en áætlað hafði verið. Á móti kom þó að meiri kostnaður féll til á árinu vegna stækkunar á húsnæði Fjármálaeftirlitsins, en áætlað hafði verið.

Um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2001 er að öðru leyti vísað til ársreiknings og skýringa með honum.

Álagning vegna ársins 2002.

Álagning eftirlitsgjalds á árinu 2002 var byggð á álagningarhlutföllum, skv. 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Við ákvörðun þeirra álagningarhlutfalla var gert ráð fyrir að innheimtar yrðu 210,4 m.kr. Nú er gert ráð fyrir að álagningin nemi 211,7 m.kr. eða um 0,6% hærri fjárhæð en áætluð var. Um er að ræða áhrif breytinga á eftirlitsskyldum aðilum.

2. Endurskoðuð rekstraráætlun vegna ársins 2002.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2003 hefur Fjármálaeftirlitið endurskoðað rekstraráætlun þessa árs. Í töflu 1 er birt endurskoðuð rekstraráætlun miðað við júlí 2002 (dálkur 2), í samanburði við upphaflega áætlun. Við breytingar í meðförum Alþingis á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999 lækkaði áætlað álagt eftirlitsgjald um tæplega 4,6 m.kr. og tekur niðurstöðutala í dálki 1 (gjöld alls) mið af því.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verður rekstrarkostnaður stofnunarinnar innan tekjuáætlunar á árinu. Tekjur mínus gjöld eða uppsafnaður tekjuafgangur mun nema 3,4 m.kr. samkvæmt áætlun. Áætlað er að tekjur stofnunarinnar verði meiri en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri upphaflegri áætlun og nemi 267 m.kr. í stað 259,4, eða um 2,8% umfram endurskoðaða upphaflega áætlun (dálkur 1, töflu 1). Tekjur umfram áætlun má rekja til hærri uppsafnaðs tekjuafgangs í árslok 2001 (2,7 m.kr.), áætlaðra tekna vegna vinnu við útboðslýsingar (um 0,8 m.kr.), hærri eftirlitstekna vegna breytinga á eftirlitsskyldum aðilum (1,3 m.kr.) og að síðustu hærri vaxtatekna en upphaflega var gert ráð fyrir (2,7 m.kr.). Vanáætlun vaxtatekna stafar fyrst og fremst af því að Fjármálaeftirlitið hafði ekki fengið staðfestar upplýsingar um vaxtaprósentu, þegar upphafleg áætlun var gerð, en breytingar stóðu yfir á reikningsviðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Á hinn bóginn er fyrirséð að rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði hærri en endurskoðuð upphafleg áætlun gerði ráð fyrir og nemi 263,5 m.kr. í stað 259,4 m.kr., eða 1,6% umfram endurskoðaða upphaflega áætlun. Helsta frávik frá upphaflegri áætlun er að launakostnaður er nú áætlaður hærri en upphaflega var gert ráð fyrir, um 3,8 m.kr. eða sem nemur um 2%. Í upphaflegri rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir þetta ár var áætlað að í upphafi ársins yrðu stöðugildi tæplega 30, en voru í reynd 31 vegna tveggja starfsmanna í tímabundinni ráðningu. Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að stöðugildi í árslok yrðu 33, en áætlað er nú að þau verði 32,8. Þegar hefur verið ráðið í þau störf.

Ástæður þess að launakostnaður er nokkru hærri en áætlað var er að launakostnaður við nýráðningar er hærri en áætlað hafði verið. Einnig hefur nokkur skörun orðið vegna mannabreytinga auk þess sem tímabundnar ráðningar hafa verið fleiri en í meðalári vegna sérstakra verkefna og til að leysa verkefni vegna fæðingarorlofs starfsmanna. Skörun við mannabreytingar og tímabundnar ráðningar leiða til þess að meðalstöðugildi á árinu verða örlítið fleiri en gert var ráð fyrir og launakostnaður meiri.

Annað frávik frá upphaflegri áætlun er að kostnaður vegna reksturs tölvubúnaðar og sérfræðiþjónustu vegna tölvumála reynist meiri en áætlað var, 16,6 m.kr. í stað 13,9 m.kr.

eða hækkun um 19%. Ástæður þessa eru að leiga á búnaði reyndist hærri en áætlað var og uppfærslur kostnaðarsamari. Þá taldi Fjármálaeftirlitið óhjákvæmilegt að hraða endurbótum á heimasíðu eftirlitsins en hún hefur verið óbreytt frá miðju ári 2000. Á heimasíðunni voru gallar sem stóðu nýtingu hennar fyrir þrifum.

Á hinn bóginn er kostnaður vegna ferða erlendis á árinu nú áætlaður minni en endurskoðuð upphafleg áætlun (tafla 1, dálkur 1) gerði ráð fyrir. Ástæða þess er að ferðakostnaður er heldur minni á hverja ferð en gert var ráð fyrir vegna hagstæðrar gengisþróunar. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið beitt ströngu aðhaldi og í raun ekki tekið þátt í erlendu samstarfi á sínu sviði eins og æskilegt væri.

Enn fremur reynist húsnæðiskostnaður lægri en áætlað var vegna hagstæðari verðlagsþróunar en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var kostnaður vegna eignakaupa, í tengslum við stækkun húsnæðis og fjölgun starfsmanna, minni en áætlað var þar sem hluti þess kostnaðar féll á árið 2001. Á móti kemur að ýmis gjöld og þjónusta voru vanáætluð, einkum vegna stofnkostnaðar við stækkun húsnæðis.

Þá eru þátttökugjöld vegna erlends samstarfs áætluð 2,5 m.kr. í endurskoðaðri áætlun í stað 4 m.kr. Ástæða þessa er einkum að þátttökugjöld vegna Samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR, áður FESCO) höfðu ekki verið ákveðin við gerð upphaflegrar áætlunar og reyndust lægri en þar var áætlað.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að uppsafnaður rekstrarafgangur í árslok 2002, sem kemur til frádráttar álagningu næsta árs, nemi um 3,4 m.kr.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2003.

Í töflu 1 er birt rekstraráætlun fyrir árið 2003 í samanburði við upphaflega rekstraráætlun og endurskoðaða áætlun fyrir þetta ár. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum hennar.

Helstu forsendur rekstraráætlunarinnar.

Fjöldi starfsmanna er ráðandi þáttur í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Af fjölda starfsmanna ráðast helstu stærðir að nokkru eða öllu leyti, svo sem laun og launatengd gjöld, stærð húsnæðis og umfang tölvubúnaðar. Á síðasta ári vann Fjármálaeftirlitið mat á starfsmannaþörf í stofnuninni og fylgdi greinargerð þess efnis með rekstraráætlun þeirri sem þá var unnin. Í greinargerðinni var lagt ítarlegt mat á starfsmannaþörf Fjármálaeftirlitsins til skemmri tíma og hugað að þörf til lengri tíma. Nú er ljóst að áætlun um starfsmannaþörf stofnunarinnar til skemmri tíma, þ.e. til ársloka 2002, hefur í meginatriðum gengið eftir. Í umræddri greinargerð var þó tekið fram að Fjármálaeftirlitið teldi brýnt að fjölga starfsmönnum enn meira á tímabilinu en ekki þyki raunhæft að frekari fjölgun sé framkvæmanleg á svo stuttum tíma. Til lengri tíma var það enn fremur niðurstaðan að þörf væri á nokkurri fjölgun starfsmanna á næstu árum eftir 2002.

Fjármálaeftirlitið leggur ekki til fjölgun starfsfólks á árinu 2003 í forsendum fyrir rekstraráætlun ársins, þrátt fyrir niðurstöður framangreindrar greinargerðar. Ástæðurnar eru einkum tvær.

Annars vegar leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að nýta til fullnustu reynslu og þekkingu sem nú er fyrir hendi. Ljóst er að nokkurn tíma tekur að ná fram fullri nýtingu á reynslu og þekkingu nýráðins starfsfólks. Rétt þykir að leggja áherslu á árangur í þeim efnum og meta í framhaldinu þörf á frekari fjölgun starfsmanna.

Hins vegar telur Fjármálaeftirlitið erfiðleikum bundið að meta þörf á fjölgun starfsmanna eins og aðstæður eru nú. Ástæðan er einkum sú að ráðgerðar eru ýmsar breytingar á lögum

um fjármálastarfsemi og margar tilskipanir á fjármálasviði eru til endurskoðunar og meðferðar á vettvangi Evrópusambandsins. Enn fremur eru viðamiklar breytingar í undirbúningi á alþjóðlegum eiginfjárreglum lánastofnana sem hafa munu í för með sér breytingar í eftirliti. Ekki er hins vegar ljóst á þessu stigi hvaða breytingar verða endanlega gerðar og þá hvaða áhrif þær munu hafa á Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið væntir þess að betri forsendur skapist til mats á þessu á næsta ári.

Nánar verður fjallað um rekstur Fjármálaeftirlitsins á næstu árum í viðauka hér á eftir.

Launakostnaður.

Eins og áður er fram komið er gert ráð fyrir því í drögum að áætlun fyrir næsta ár að föst stöðugildi haldist óbreytt frá því sem áætlað er að verði í byrjun næsta árs, eða 33 stöðugildi. Til viðbótar verði svigrúm til að ráða sumarstarfsmenn og námsfólk í tímabundin verkefni.

Launabreytingar fylgja kjarasamningum, en starfsmenn Fjármálaeftirlitsins þiggja laun samkvæmt kjarasamningum bankamanna og kjarasamningum opinberra starfsmanna. Samkvæmt þessum kjarasamningum er gert ráð fyrir 3% launahækkun frá 1. janúar 2003. Einnig er gert ráð fyrir öðrum samningsbundnum og starfsaldurstengdum breytingum á launum og launatengdum gjöldum. Þá er í drögunum gert ráð fyrir launabreytingum sem fylgja nýráðningum starfsfólks.

Að teknu tilliti til framangreindra forsendna er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld á árinu 2003 nemi um 187,2 m.kr., eða 1,9% hækkun frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2002.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á launum stjórnarmanna í Fjármálaeftirlitinu, en þau eru ákveðin af viðskiptaráðherra. Samráðsnefnd hefur á síðustu árum gagnrýnt stjórnarlaunin og það að varamenn skuli boðaðir á alla stjórnarfundi. Fjármálaeftirlitið leggur enn áherslu á að varastjórnarmenn séu virkir þátttakendur í öllum störfum stjórnar og fylgist vel með starfsemi stofnunarinnar. Vegna strangra hæfisreglna sem stjórnin hefur sett sér, er nauðsynlegt að varastjórnarmenn hafi allar nauðsynlegar forsendur til að geta fyrirvaralítið tekið þátt í ákvörðunum hennar. Rétt er að taka fram að varastjórnarmenn fá ekki stjórnarlaun til jafns við aðalmenn. Áður hefur verið farið yfir þetta fyrirkomulag og sjónarmið með samráðsnefnd auk þess sem gerð hefur verið grein fyrir þessu í bréfum og skýrslum Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra vegna fyrri rekstraráætlana stofnunarinnar.

Kostnaður við endurmenntun.

Samkvæmt símenntunarstefnu Fjármálaeftirlitsins er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar nemi 3% af heildarlaunum. Ekki er í drögum að áætlun gert ráð fyrir sérgreindum lið vegna þessa heldur fellur þessi kostnaður undir liði 3, 5, 10, 14 og 16. Samkvæmt símenntunarstefnunni er gert ráð fyrir fyrir fram ákveðinni skiptingu kostnaðarins, þ.e. 75% vegna námskeiðaþátttöku, 20% vegna bóka og tímarita og 5% vegna fræðafunda. Sérstök nefnd starfsmanna stofnunarinnar tekur við og vinnur úr umsóknum og hugmyndum um ráðstöfun áætlaðra fjármuna til símenntunar innan framangreindra viðmiðana og gerir tillögur til forstjóra.

Rekstur á húsnæði.

Húsaleiga byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélags er byggð á reynslu.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna tölvubúnaðar haldist óbreyttur á næsta ári, sé miðað við endurskoðaða áætlun fyrir þetta ár. Áætlunin er byggð á reynslu síðustu ára og fjölda starfsfólks. Starfsfólki Fjármálaeftirlitsins hefur fjölgað og núverandi grunnkerfi er ekki fullnægjandi miðað við aukna afkastaþörf. Það kallar á dýrara kerfi við endurnýjun sem fyrirhuguð er á síðustu mánuðum ársins 2002. Sá kostnaður kemur fram í rekstrarleigugjöldum tölvubúnaðar allt árið 2003. Eins og samráðsnefndinni er kunnugt hefur Fjármálaeftirlitið tekið nær allan tölvubúnað á leigu í stað þess að kaupa hann. Reglulegur rekstrarkostnaður er því nokkuð hár, en stofnkostnaður að sama skapi minni.

Ferðakostnaður og kostnaður vegna funda.

Ferðakostnaður á næsta ári er áætlaður nokkuð hærri en endurskoðuð áætlun fyrir þetta ár gerir ráð fyrir en þó lægri en upphafleg áætlun fyrir þetta ár gerði ráð fyrir. Gert er ráð fyrir 62 ferðum á næsta ári í stað 56 á þessu ári. Rétt er að taka fram að þörf á alþjóðlegu samstarfi í eftirliti á fjármálamarkaði verður sífellt meiri með aukinni samtengingu markaða. Fjármálaeftirlitið sinnir víðtækri upplýsingagjöf um erlent samstarf sem það tekur þátt í. Þannig birtir það á heimasíðu sinni yfirlit yfir þátttöku Fjármálaeftirlitsins í erlendu samstarfi, þar sem fram kemur um hvaða samstarf er að ræða, hverjir eru fulltrúar Fjármálaeftirlitsins í samstarfinu og hvernig fundir eru sóttir. Enn fremur leitast Fjármálaeftirlitið við að miðla upplýsingum úr erlendu samstarfi til fjármálafyrirtækja, m.a. með því að birta fréttir á heimasíðu sinni.

Vakin er athygli á því að áætlaður kostnaður vegna ferða erlendis árið 2003 er tæplega 7% hærri en var á árinu 2000. Samanburður við árið 2001 er óraunhæfur vegna fjölda funda í erlendu samstarfi sem haldnir voru hér á landi á því ári en á móti var kostnaður vegna funda hér á landi hærri en venjulega á sama ári.

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld í erlendu samstarfi. Hæstu þátttökugjöldin varða rekstur Samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita, Committee of European Securities Regulators (CESR, áður FESCO), en starfsemi nefndarinnar er kostuð af þátttakendum í tilteknum stærðarhlutföllum. Nokkur óvissa er um rekstrarkostnað nefndarinnar á næsta ári, en áætlunin gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að aðild að alþjóðasamstarfi verðbréfaeftirlita er til athugunar en Ísland er eitt af fáum vestrænum ríkjum sem stendur utan þess samstarfs. Aðild íslenskra stjórnvalda að alþjóðasamtökum á sviði fjármálaeftirlits er mikilvægur þáttur í að tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar, enda gerðar kröfur um að hver þjóð fyrir sig uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur í eftirliti og umgjörð fjármálamarkaðar.

Annar kostnaður.

Aðrir kostnaðarliðir eru byggðir á reynslu fyrri ára. Gert er ráð fyrir töluverðri lækkun á kostnaði vegna eignakaupa og ýmissa gjalda og þjónustu, miðað við áætlanir fyrir þetta ár, þar sem stækkun húsnæðis og fjölgun starfsfólks fól m.a. í sér kostnað sem aðeins féll til í ár. Þetta á einnig við um íþrótta- og gististyrki til starfsmanna en 20% hækkun á milli ára stafar af fjölgun fastráðinna starfsmanna.

Aðrar tekjur, vaxtatekjur.

Eins og kunnugt er fær Fjármálaeftirlitið vexti af innstæðu á reikningi Seðlabanka Íslands. Vaxtatekjurnar eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu miðað við álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun.

Fjármálaeftirlitið gerir enn fremur ráð fyrir yfirlestri útboðslýsinga vegna almennra útboða, en kostnaður af þeirri vinnu er innheimtur samkvæmt gjaldskrá sem miðast við tímagjald.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2003.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal FME leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Við undirbúning fyrri áætlana hafa verið lagðar til lítils háttar breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins. Þannig var álagning á verðbréfasjóði lækkuð hlutfallslega við álagningu vegna ársins 2000 og við álagningu vegna ársins 2001 var tekin ákvörðun um hækkun lágmarksgjalda. Við álagningu vegna ársins 2002 voru gerðar breytingar á lágmarksgjöldum, auk þess sem fjármálafyrirtæki sem eru að öllu leyti dótturfélög annarra fjármálafyrirtækja í sömu starfsemi greiða ekki fullt eftirlitsgjald.

Fjármálaeftirlitið hefur eins og áður gert athugun á því hvort ástæða væri til að gera breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins, með tilliti til þess hvernig ráðstöfunartími í eftirliti hefur á síðustu árum fallið á einstaka flokka fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið hefur í þessu efni tekið upp nýtt tímaskráningarkerfi sem auka á nákvæmni í tímamælingum. Niðurstaða þessarar athugunar leiddi til svipaðrar niðurstöðu og fyrri ár. Eins og áður má merkja lítils háttar breytingar á tímaskiptingu milli ára, en ekki er enn hægt að lesa tiltekna þróun út úr þeim til lengri tíma. Því telur Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til breytinga á hlutfallslegu vægi flokka eftirlitsskyldra aðila við álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2003, frá því sem var á árinu 2002.

Fjármálaeftirlitið hefur á síðustu árum vakið máls á því að álagt eftirlitsgjald er ekki í samræmi við þann kostnað sem hlýst af eftirliti með smærri eftirlitsskyldum aðilum, enda ekki gert ráð fyrir því í núgildandi lögum að slíkt samræmi náist. Umræða um þetta hefur leitt til hækkunar á lágmarksgjöldum. Við breytingar á lögum 99/1999 á síðasta ári lagði efnahags- og viðskiptanefnd þó til lækkun á lágmarksgjaldi á vátryggingamiðlara frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Af hálfu Fjármálaeftirlitsins eru ekki gerðar tillögur um breytingar á lágmarksgjöldum nú.

Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja athygli á að mikill stærðarmunur er orðinn á þeim aðilum sem leyfi hafa til vátryggingamiðlunar. Hingað til hafa engin félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun greitt hærra eftirlitsgjald en sem nemur lágmarksgjaldi. Fjármálaeftirlitið leggur nú til að hlutfall af iðgjaldamagni skv. 3. tölul. 2. mgr. verði hækkað þannig að stærri aðilar greiði meira en lágmarksgjald. Gert er ráð fyrir slíkri breytingu í meðfylgjandi töflu nr. 2.

Í meðfylgjandi töflu nr. 2 eru álagningarhlutföll birt með hliðsjón af drögum að rekstraráætlun. Vekja má athygli á því að þrátt fyrir að álagningarhlutföll hækki lítillega milli ára hafa álagningarhlutföll á eftirlitsskylda aðila í heild farið lækkandi á þeim árum sem eftirlitsgjald hefur verið lagt á, enda hefur rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins ekki vaxið í samræmi við vöxt fjármálamarkaðar.

Tafla 1.

Rekstraráætlun FME

Í þús. kr.	Áætlun vegna 2002 Upphafleg áætlun	Endursk. áætlun	Áætlun vegna 2003	Breyting %
Rekstrarkostnaður:	**1**	**2**	**3**	
1 Laun og launatengd gjöld	180.060	183.930	187.210	1,8%
2 Stjórnarlaun	6.120	6.190	6.400	3,4%
3 Starfsmannaþj., kaffi, fundir	2.400	2.240	2.600	16,1%
4 Íþrótta- og gististyrkur, framlag til SFME	2.000	1.840	2.200	19,6%
5 Endurm.kostnaður og skólakostnaður	1.500	1.430	1.600	11,9%
6 Húsaleiga	17.350	16.600	16.570	-0,2%
7 Rafmagn, hiti, húsfélag	1.600	1.650	1.700	3,0%
8 Símakostnaður	1.680	1.640	1.740	6,1%
9 Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	1.500	1.490	1.500	0,7%
10 Bækur og ritföng	2.460	2.690	2.700	0,4%
11 Póstkostnaður	720	500	570	14,0%
12 Rekstur tölvub. og sérfr.þj. v. tölvumála	13.876	16.640	16.570	-0,4%
13 Sérfræðikostnaður	3.000	2.410	3.000	24,5%
14 Ferðakostnaður erlendis	11.375	9.800	10.800	10,2%
15 Ferðakostnaður innanlands	1.500	1.360	1.500	10,3%
16 Þátttökugj. vegna erl. samstarfs og funda erlendis	4.000	2.540	3.000	18,1%
17 Kostnaður vegna funda innanlands	350	400	350	-12,5%
18 Eignakaup	5.500	2.600	2.000	-23,1%
19 Öryggisgæsla	400	580	700	20,7%
20 Ræsting, ræstingarvörur	2.700	2.640	2.700	2,3%
21 Ýmis gjöld og þjónusta	3.900	4.350	3.000	-31,0%
22 Lækkun á rekstrark. v. br. á álagningu í meðf. Alþingis	-4.573			
23 **Gjöld alls**	259.418	263.520	268.410	1,9%
24 **Yfirfært frá fyrra ári, áætlað**	45.212	47.900	3.390	
25 **Álagt eftirlitsgj. miðað við breytingar á lögum nr. 99/1999**	210.406	211.710	259.720	
26 **Vaxtatekjur**	3.800	6.500	4.500	
27 **Aðrar tekjur**	0	800	800	
28 **Tekjur alls**	259.418	266.910	268.410	
29 **Tekjur mínus gjöld**	0	3.390	0	
30 **Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda**	4.350	4.350	4.350	
31 **Tekjur úrskurðarnefnda**	4.350	4.350	4.350	

Sundurliðun útreiknings á launum og launatengdum gjöldum vegna ársins 2003.

	Áætlun 2003
Óbreytt launagj. miðað við 33,7 stöðugildi	177,6
3% launahækkun sbr. kjarasamningar	5,3
Launabreytingar v. nýráðninga o.fl.	4,3
	187,2

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2003 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Tafla 2

Miðað er við álagningarþörf 259.720 þús. kr. skv. rekstraráætlun FME vegna 2003 og að hlutfallsleg skipting milli helstu stofnanaflokka haldist í meginatriðum óbreytt.

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/ 1999 5. gr. Liður nr.	Útr.-stofn *)	Álagt eftirlits-gjald 2002	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v.álagn. 2002	Lág-marks-gjald 2002	Álagningar-stofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2001	Áætluð álagningar hlutföll - % og fastagjöld vegna ársins 2003	Gildandi álagningar-hlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2003 *1)*	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v. álagn. 2003
Lánastofnanir - *töluliður 1. samtals*			*107.419*	*51,05*		*1.239.548.147*	0,01080	0,0101	*132.843*	*51,15*
Viðskiptabankar	*1*	e	74.693	35,50	400	948.168.687	0,01080	0,0101	102.402	39,43
Sparisjóðir	*1*	e	18.422	8,76	400	161.971.999	0,01080	0,0101	20.995	8,08
Eignarleigufyritæki	*1*	e	1.313	0,62	400	53.504.810	0,01080	0,0101	2.028	0,78
Aðrar lánastofnanir	*1*	e	12.991	6,17	400	75.902.651	0,01080	0,0101	7.418	2,86
Vátryggingafélög: - *töluliður 2. samtals*			*47.586*	*22,62*	400				*58.946*	*22,70*
Af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum	*2*	i	47.071	22,37		22.595.354	0,25355	0,2442	58.833	22,65
Af bókf. fengnum endurtryggingariðgj.	*2*	i	511	0,24		175.780	0,05210	0,04873	92	0,04
Vegna söfnunarlíftrygginga	*2*	i	4	0,00		321.487	0,00658	0,00615	21	0,01
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	2.400	1,14	150	852.153	0,09000	0,04581	3.016	1,16
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu	*4*	e	3.792	1,80	250	3.731.112	0,08850	0,0792	4.451	1,71
Verðbréfasjóðir	*4*	e	9.309	4,42	250	100.821.438	0,01068	0,01039	11.465	4,41
Rekstrarfélög	*4*	e	750	0,36	150	180.142	0,08593	0,08031	750	0,29
- *töluliður 4. samtals*			*13.851*	*6,58*					*16.666*	*6,42*
Kauphallir (Kauphöll. Ísl. h.f.)	*5*	t	1.056	0,50	250	264.880	0,50000	0,5	1.324	0,51
Lífeyrissjóðir	*6*	el	33.739	16,04	150-600	644.756.514	0,00648	0,00596	41.780	16,09
Verðbréfamiðstöðvar (Verðbrskrán. Ísl. hf.)	*7*	t	452	0,21	250	120.970	0,76297	0,76297	923	0,36
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar:										
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*8*	f	2.250	1,07	250		250	250	2.250	0,87
Póstgíróstofa Íslandspósts hf.	*8*	f	150	0,07	150		150	150	150	0,06
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	*9*	e	437	0,21	400	5.906.660	0,01010	0,01010	597	0,23
Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs	*9*	e	767	0,36	400	231.317.235	0,00040	0,00040	925	0,36
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	*10*	f	150	0,07	150		150	150	150	0,06
Tryggingarsjóður sparisjóða	*9*	f	150	0,07	150		150	150	150	0,06
Samtals			210.407	100,00					**259.720**	100,00

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur;*
el= hrein eign til greiðslu lífeyris;
i=tryggingariðgjöld; f=fastagjald

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágm.gjalda.

Viðauki.

Rekstur Fjármálaeftirlitsins til næstu þriggja ára.

Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til breytinga á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem lagt var fram við 2. umræðu frumvarpsins á 127. löggjafarþingi 2001–2002 (þskj. 529, 230. mál) lagði nefndin til að þegar frumvarp sama efnis yrði lagt fyrir Alþingi á næsta haustþingi verði horft lengra en verið hefur hingað til og t.d. lagt mat á starfsmannaþörf Fjármálaeftirlitsins til næstu þriggja ára þaðan í frá. Jafnframt taldi nefndin æskilegt að sameiginlegur skilningur fáist um það milli Fjármálaeftirlitsins og samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila hvernig rekstri stofnunarinnar verði háttað til næstu þriggja ára hverju sinni.

Í ljósi framangreindra tilmæla efnahags- og viðskiptanefndar setur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi umfjöllun fram um rekstur Fjármálaeftirlitsins og starfsmannaþörf næstu ár. Hér á eftir er fjallað um greinargerð um mat á starfsmannaþörf sem birt var á síðasta ári, fjallað um mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálastöðugleika hér á landi, áhrif löggjafarbreytinga á Fjármálaeftirlitið og mat á eftirlitið samkvæmt lögum um opinberar eftirlitsreglur. Að síðustu er fjallað um rekstur Fjármálaeftirlitsins á mat á starfsmannaþörf til næstu þriggja ára.

1. Greinargerð um mat á starfsmannaþörf í Fjármálaeftirlitinu, frá árinu 2001.

Eins og áður er vikið að er fjöldi starfsmanna ráðandi þáttur í rekstri og rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Í því skyni að styrkja stefnumótun Fjármálaeftirlitsins og auka nákvæmni í áætlanagerð þess vann Fjármálaeftirlitið sérstakt mat á starfsmannaþörf á síðasta ári, sem birt var sem fylgiskjal við rekstraráætlun og kynnt á heimasíðu eftirlitsins. Við gerð matsins var byggt á viðurkenndum aðferðum við mat á starfsmannaþörf og naut Fjármálaeftirlitið þar aðstoðar ráðgjafafyrirtækisins IMG. Matið var miðað við 1. júlí 2001, en var bæði til skemmri og lengri tíma. Rétt þykir að vekja hér athygli á niðurstöðum þess mats.

Í greinargerðinni var litið bæði til ytri og innri þátta við mat á starfsmannafjölda. Hvað ytri þætti varðar var fjallað sérstaklega um þróun fjármálamarkaðar og sérstakra sviða hans og leitast við að leggja mat á þá þróun. Jafnframt var litið til lagabreytinga sem gerðar höfðu verið og einnig reifuð líkleg þróun löggjafar. Fjallað var enn fremur um alþjóðlegt samstarf á þessu sviði, greint frá athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálastöðugleika hér á landi, hugað að breyttum vinnubrögðum í starfsemi á fjármálamarkaði með auknu gegnsæi og lagt mat á þróun samskipta Fjármálaeftirlitsins við fjármálafyrirtæki og viðskiptamenn þeirra.

Að því er varðar innri þætti sem áhrif hafa á mat á starfsmannafjölda var fjallað um þróun starfsmannafjölda hingað til, leitast við að leggja mat á starfsmannaveltu og fjallað um skipulag og úrlausn verkefna hjá Fjármálaeftirlitinu. Einnig var greint frá samsetningu þekkingar og reynslu á meðal starfsfólks stofnunarinnar, með hliðsjón af menntun, starfsaldri og verksviði. Þá var fjallað um nýtingu starfsfólks, skiptingu vinnu á eftirlitsskylda aðila og skiptingu kostnaðar. Að síðustu var lagt mat á samkeppnishæfni Fjármálaeftirlitsins við að laða til sín nýtt starfsfólk.

Á grundvelli þessara upplýsinga var leitast við að leggja mat á starfsmannaþörf. Varpað var fram spurningunni hvort þörf væri á fjölgun starfsmanna. Um það sagði eftirfarandi:

„Það er erfiðleikum bundið að meta hvaða áhrif þróun á fjármálamarkaði, þróun löggjafar og þróun eftirlitsins sjálfs hefur á starfsmannaþörf FME. Þau atriði sem rakin eru í kafla 1 hér að framan benda flest til þess að verkefni FME muni halda áfram að aukast á næstu missirum, hvort sem litið er til lengri tíma eða skemmri tíma.

Þegar horft er til skemmri tíma virðist þörf á fjölgun starfsmanna augljós. Nefna má nokkur atriði í því sambandi:

- Fyrir liggur að starfsmönnum hefur ekki fjölgað í takt við vöxt fjármálafyrirtækja, breytingar á fjármálastarfsemi og fjölgun verkefna sem því fylgja.
- Löggjafinn hefur fengið FME aukin verkefni með nýlegum lagabreytingum.
- Eftirspurn fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra eftir liðsinni FME hefur aukist í takt við aukna kynningu á FME og aukin verkefni.
- Úrbætur á ýmsum þáttum í lögum og reglum og starfsemi eftirlitsins sjálfs eru brýnar, eins og tilvitnuð skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sýnir vel.

Þegar horft er til lengri tíma má nefna fleiri atriði:

- Fyrirsjáanleg þróun fjármálamarkaðar bendir eindregið til þess að til lengri tíma muni verkefni FME og kröfur til þess aukast. Nægir að nefna útrás fjármálafyrirtækja og sífellda þróun í átt til flóknari og margþættari starfsemi þar sem reynir á mörk laga og reglna.
- Fyrirhugaðar og þegar ákveðnar breytingar á lögum og reglum, sem reifaðar eru hér að framan benda einnig í þessa átt. Nefna má sem dæmi að breytingar á eiginfjárreglum lánastofnana munu á næstu árum hafa í för með sér veigamiklar breytingar á eftirliti og auknar kröfur til fjármálaeftirlita.
- Aukinn sýnileiki Fjármálaeftirlitsins eykur eftirspurn fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra. Einnig bendir allt til að styrking eftirlitsins leiði af sér aukna eftirspurn fjármálafyrirtækja eftir liðsinni á undirbúningsstigi, t.d. þegar ný þjónusta er boðin.

Eins og fram hefur komið er brýnt að nota allar leiðir til að nýta þekkingu og reynslu starfsfólks sem best. Telja verður að tæpast verði með góðu móti gengið lengra í þeim efnum með óbreyttum fjölda starfsfólks. Bætt gagnaskil fjármálafyrirtækja gætu þó skapað svigrúm fyrir aukna nýtingu, en slök gagnaskil eru kostnaðarsöm fyrir eftirlitið. FME telur enn fremur að aukið gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja geti dregið úr þörf á fjölgun starfsmanna til lengri tíma ef vel er á málum haldið. Hefur FME skilgreint aukið gegnsæi sem áhersluatriði næstu missira, sbr. ársskýrslu sem gefin var út á síðasta ári.“

Að síðustu var í greinargerðinni lagt mat á starfsmannaþörf til skamms tíma. Hliðsjón var höfð af mati til skemmri tíma við gerð rekstraráætlunar fyrir yfirstandandi ár og hefur sú áætlun í meginatriðum gengið eftir, eins og fram kemur í greinargerð um rekstraráætlun fyrir árið 2003. Enn fremur var í greinargerðinni reynt að leggja mat á starfsmannaþörf til lengri tíma. Um það sagði eftirfarandi:

„Framangreind áætlun til loka ársins 2002 er að mati FME ófullnægjandi til lengri tíma. Ljóst er að hinar nýju eiginfjárreglur Basel-nefndar um bankaeftirlit munu einar og sér þýða nokkra fjölgun fyrir árið 2005, með áherslu á greiningu og áhættustýringu. Þetta ræðst þó af því hvort og í hve miklum mæli íslenskar lánastofnanir velja sér flóknari matskerfi.

Þá gefur fyrirsjáanleg þróun, eins og henni er lýst hér að framan, til kynna að styrkja þurfi enn frekar markaðsvakt, auk þess sem fyrirhuguð fjölgun í eftirliti á grundvelli reglubundinna gagnaskila (off-site) er ekki fullnægjandi til lengri tíma litið.

Með hliðsjón af framangreindum forsendum má áætla að þörf sé á nokkurri fjölgun starfsmanna á næstu árum eftir 2002.

Rétt er að ítreka að langtímamat á starfsmannaþörf er mikilli óvissu háð. Þannig kynnu ytri aðstæður, svo sem breytt skipulag eftirlits innan Evrópska efnahagssvæðisins, að hafa veruleg áhrif á áætlanir af þessu tagi.“

2. Mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Mikilvægt er við mat á rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins að taka mið af þeim alþjóðlegu kröfum sem gerðar er til eftirlits á fjármálamarkaði.

Í skýrslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf út í júní á síðasta ári er að finna mat sjóðsins á íslensku fjármálakerfi í tengslum við sérstaka athugun hans á fjármálastöðugleika (Financial Sector Stability Assessment), þar sem Fjármálaeftirlitið og starfsemi þess var m.a. til skoðunar. Athugunin var hluti úttektar á fjármálastöðugleika allra aðildarríkja. Helstu niðurstöður er varða stærð FME voru eftirfarandi:

- Fjölga þurfi verulega starfsfólki í Fjármálaeftirlitinu.
- Styrkja þurfi eftirlit á staðnum, einkum með lánastofnunum og vátryggingafélögum.
- Efla þurfi verulega upplýsingaöflun FME, greiningu upplýsinga og eftirlit á grundvelli þeirra.
- Styrkja þurfi heimildir FME til að kveða á um hærri eiginfjárhlutföll einstakra lánastofnana.
- Huga verði að sjálfstæði FME. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur brýnt að FME fái það hlutverk að veita og afturkalla starfsleyfi á fjármálamarkaði í stað ráðuneytisins.
- Styrkja þurfi reglusetningarhlutverk FME á fjármálamarkaði.
- Gerðar eru athugasemdir við gildandi lög og reglur. Nefna má sem dæmi reglur um afskriftir og áhættuflokkun útlána.
- Lagt er til að FME auki hlutverk sitt í eftirliti með greiðslumiðlun og að verkaskipting milli Seðlabanka og FME verði skýrð.

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kynnti sér íslensk efnahagsmál (Article IV Assessment) á fundum með fulltrúum stjórnvalda dagana 18.–27. mars sl. Í áliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir þá heimsókn kom m.a. eftirfarandi fram:

„Stjórnvöld hafa náð verulegum árangri við að taka á veikleikum í reglum sem varða starfsemi og eftirlit á fjármálamarkaði sem bent var á í svonefndri FSSA skýrslu (e. Financial Stability Assessment Report) árið 2001. Fjármálaeftirlitið lagði sérstaka áherslu á að bankar ykju eigið fé sitt. Viðleitni stjórnvalda hefur þegar skilað betri rekstrar- og þjóðhagsvísbendingum sem notaðar eru til að meta fjármálastöðugleika og einnig bættri stjórn fjármálastofnana. Sendinefnd sjóðsins fagnar því að regluverk og eftirlit með fjármálastofnunum hefur verið eflt. Einnig fagnar sendinefndin frumkvæði sem gætt hefur í starfi Fjármálaeftirlitsins. Í framhaldi af þessu leggur nefndin til að hert verði ákvæði um lágmarksstaðla fyrir áhættuflokkun útlána, framlög í afskriftareikning og veðmat. Einnig er mælst til að oftar verði framkvæmd athugun á staðnum hjá fjármálastofnunum og fylgst verði náið með ört vaxandi lánum á skuldabréfum og á fjárfestingarbankastarfsemi. Leggja ber áherslu á samþykkt og framkvæmd laga sem eru í undirbúningi. Gera má ráð fyrir að þau geri kleift að hafa betra eftirlit með innbyrðis tengdri fjármálastarfsemi, opni fyrir eftirlit á samstæðugrundvelli með vensluðum fyrirtækjum og leggi til reglur sem miða að því að eiginfjárreglur banka taki mið af áhættu í starfsemi þeirra.“ (Þýðing á heimasíðu Seðlabanka Íslands.)

Íslensk stjórnvöld eru reiðubúin til að taka þátt í endurmati á fjármálastöðugleika, en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lýst áhuga á að endurtaka fyrrgreint mat á stöðugleika íslensks fjármálakerfis.

3. Áhrif löggjafarbreytinga á Fjármálaeftirlitið.

Frumvarpsdrög í smíðum.

Í undirbúningi eru talsverðar breytingar á löggjöf á fjármálamarkaði. Viðskiptaráðuneytið hefur kynnt á heimasíðu sinni drög að fjórum frumvörpum sem nú er unnið að og stefnir ráðuneytið að því að leggja þau fyrir Alþingi á haustþingi. Frumvörpin eru þessi:

- Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ein lög verði sett um stofnun og rekstur viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana, verðbréfafyrirtækja, greiðslukorta- og rafeyrisfyrirtækja og eignarleigufyrirtækja. Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir ýmsum breytingum á starfsheimildum Fjármálaeftirlitsins.
- Frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti. Gert er ráð fyrir að sett verði lög um starfshætti á verðbréfamarkaði sem fjármálafyrirtæki og aðrir sem koma að verðbréfamarkaði starfi eftir.
- Frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Viðamiklar breytingar lagðar til í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins. Tekur einnig yfir hlutabréfasjóði.
- Frumvarp til laga um vátryggingasamninga. Viðamiklar breytingar á löggjöf í átt til aukinnar neytendaverndar.

Þá er einnig starfandi nefnd sem endurskoðar lög um kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði. Gera má ráð fyrir breytingum á þeirri löggjöf í tengslum við breyttar tilskipanir Evrópusambandsins.

Ekki hefur verið lagt heildstætt mat á hvort framangreind frumvörp, verði þau að lögum, muni hafa í för með sér miklar breytingar á umfangi í starfi Fjármálaeftirlitsins, enda eru frumvörpin enn í vinnslu. Sem dæmi um breytingar sem aukið gætu umfang eftirlits má nefna að samkvæmt drögum að frumvarpi til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingar sjóði er gert ráð fyrir að hlutabréfasjóðir falli undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Þá eru lagðar ríkar skyldur á Fjármálaeftirlitið samkvæmt drögum að frumvarpi til laga um vátryggingasamninga. Ýmsar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum sem styrkja stöðu Fjármálaeftirlitsins kunna á hinn bóginn að stuðla að meiri skilvirkni í starfi stofnunarinnar.

Rétt er að taka fram að reynsla Fjármálaeftirlitsins er að tímafrekt og vandasamt getur verið að sjá til þess að breytingum sem fylgja nýjum lögum sé hrundið í framkvæmd. Umfangsmiklar lagabreytingar eru því líklegar til að auka umfang eftirlits til skamms tíma. Áhrif til lengri tíma ráðast hins vegar af viðbrögðum fjármálamarkaðarins við nýrri löggjöf og þróun markaðarins að öðru leyti.

Tilskipanir Evrópusambandsins.

Stór þáttur í mótun laga og reglna tengist aðlögun að EES-gerðum og er mikil vinna í gangi á vegum Evrópusambandsins að því er þetta varðar. Nefna má drög að tveimur veigamiklum tilskipunum, annars vegar drög að tilskipun um misnotkun markaðar (market abuse) og hins vegar drög að tilskipun um útboðslýsingar (prospectuses).

Nýjar eiginfjárreglur.

Þá eru í undirbúningi nýjar alþjóðlegar eiginfjárreglur fyrir lánastofnanir, sem nú er unnið að af hálfu Basel-nefndar um bankaeftirlit. Stefnt er að því að nýjar reglur verði samþykktar árið 2003 og taki gildi 2006. Tillögurnar fela í sér róttækar breytingar. Nefna verður tvennt í þessu sambandi. Í fyrsta lagi munu reglurnar fela í sér hvata fyrir banka að nýta svokallað innra matskerfi (Internal Ratings Based Approach) til að mæla eiginfjárstöðuna. Ætli innlendar lánastofnanir að nýta sér þetta þarf að byggja upp ítarlegan gagnagrunn og sterka áhættustýringu, sem metin verður og vottuð af hinum opinbera eftirlitsaðila. Íslenskir bankar

hafa lýst yfir áhuga á því að nýta sér þessa aðferð. Óljóst er þó að hvaða marki íslenskar lánastofnanirnar muni geta nýtt sér þetta.

Í öðru lagi er í tillögunum gert ráð fyrir að fjármálaeftirlitum í öllum ríkjum verði heimilt að ákveða hærri eiginfjárhlutföll sem einstökum lánastofnunum beri að hlíta. Raunar er að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins brýnt að FME fái slíka heimild nú þegar og eru lagðar til breytingar í þá átt í drögum að frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki sem áður er getið.

Fjármálaeftirlitið hefur fylgst náið með undirbúningi erlendra systurstofnana undir breyttar eiginfjárreglur samkvæmt framangreindu. Mörg eftirlit, m.a. á Norðurlöndunum, gera ráð fyrir verulegri fjölgun starfsmanna vegna þessa. Hins vegar er erfitt að meta langtímaáhrif þessa fyrir Fjármálaeftirlitið, þar sem ekki liggur ljóst fyrir hvort innlendar lánastofnanir muni geta nýtt sér fyrrgreinda innri matsaðferð (IRB). Engu að síður er ljóst að Fjármálaeftirlitið þarf hið fyrsta að styrkja utanumhald gagna, gagnagreiningu og eftirlit með áhættustýringu, ef það á að geta sinnt hlutverki sínu á þessu sviði á næstu árum. Lánastofnanir þurfa einnig að huga að þessu.

4. Mat á eftirliti samkvæmt lögum um opinberar eftirlitsreglur.

Samkvæmt lögum nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera, skal fara fram mat á æskilegu fyrirkomulagi eftirlits, greining á þörf fyrir eftirlit og kostnaði sem hlýst af því og mat á þjóðhagslegu gildi eftirlits í tilteknum tilvikum. Mat þetta skal eiga sér stað þegar ráðgert er að stofna til eftirlits eða endurskoða eftirlitsreglur.

Sérstakt þjóðhagslegt mat á eftirliti hefur ekki verið unnið í tengslum við gerð rekstraráætlunar Fjármálaeftirlitsins. Hafa ber þó í huga að árlegu frumvarpi um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar sem lagðar eru til breytingar á álagningarhlutföllum, fylgja ítarlegar upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Þar má nefna upplýsingar um rekstur Fjármálaeftirlitsins, skýrsla um starfsemi stofnunarinnar síðasta ár og eftir atvikum frekari upplýsingar, svo sem greinargerð um mat á starfsmannaþörf í Fjármálaeftirlitinu sem fylgdi frumvarpinu á síðasta löggjafarþingi. Að öðru leyti hefur verið litið svo á að fremur beri að vinna slíkt mat í tengslum við breytingar á eftirlitsreglum á fjármálamarkaði, þ.e. þegar breytingar eru gerðar á lögum og reglum um starfsemi á fjármálamarkaði.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er mikilvægt að huga betur að því hvernig vinna beri þjóðhagslegt mat við breytingar á opinberum eftirlitsreglum á fjármálamarkaði. Meðal annars þarf að huga að því hver séu tengsl þess mats við árlegt frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

5. Rekstur Fjármálaeftirlitsins og mat á starfsmannaþörf til næstu þriggja ára.

Í umfjöllun hér að framan er vísað til greinargerðar um mat á starfsmannaþörf í Fjármálaeftirlitinu frá í fyrra og niðurstöður hennar raktar. Rifjað er upp mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálastöðugleika frá síðasta ári og vitnað í nýlegt mat sjóðsins á stöðunni nú, að því er Fjármálaeftirlitið varðar. Þá eru raktar fyrirhugaðar og fyrirsjáanlegar löggjafarbreytingar og vísað til mats á opinberum eftirlitsreglum, sbr. lög nr. 27/1999 og reglugerð nr. 812/1999 um það efni.

Í forsendum rekstraráætlunar fyrir næsta ár er ekki lögð til fjölgun starfsfólks á árinu, heldur mörkuð sú stefna að reyna beri á þann starfskraft sem nú er til staðar áður en ákvarðanir verði teknar um frekari stækkun. Bent er á að erfiðleikum sé bundið að meta þörf á

fjölgun starfsmanna nú, þar sem ekki sé ljóst hvaða breytingar verða á löggjöf á næstu missirum, né hvaða áhrif þær hafi á Fjármálaeftirlitið.

Nauðsynlegt er að Fjármálaeftirlitið hafi yfir þeim fjölda fastráðinna starfsmanna að ráða að það tryggi aðgang að starfsreynslu og þekkingu á öllum sviðum fjármálamarkaðar og öllum nauðsynlegum sérfræðisviðum. Það skapar stofnuninni aðgang að yfirsýn og þá kjölfestu sem nauðsynleg er. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taldi í skýrslu sinni í fyrra að Fjármálaeftirlitið væri of fáliðað. Telja verður að eftir fjölgun starfsmanna á þessu ári verði að láta reyna á hvort Fjármálaeftirlitið geti með viðunandi hætti sinnt lögbundnum hlutverki sínu, en mat á því hversu marga starfsmenn þurfi til þessa ræðst af aðstæðum hverju sinni.

Það er álit Fjármálaeftirlitsins að æskilegt sé að halda stærð stofnunarinnar innan ákveðinna marka. Smærri einingar gefa færi á sveigjanlegra skipulagi, einfaldari rekstri og meiri skilvirkni. Því er Fjármálaeftirlitið reiðubúið til leita leiða til að mæta hugsanlegri aukningu í umfangi eftirlits með öðrum ráðum en fjölgun fastráðinna starfsmanna. Rýmri heimildir til að fela utanaðkomandi óháðum aðilum tiltekin verk sem tengjast eftirliti koma vel til greina. Huga má t.d. að því hvort rýmka megi heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að óska eftir úttektum óháðra aðila á tilteknum þáttum í starfsemi fjármálafyrirtækis á kostnað þess. Fjármálaeftirlitið hefur einnig lýst sig reiðubúið til að kanna möguleika á að mæta hugsanlegum auknum kröfum um eftirlit með útboðum verðbréfa með svipuðum hætti.

Fjármálaeftirlitið vill taka fram að ýmis óvissa í starfsumhverfi stofnunar, sem m.a. er rakin hér að framan, gerir mat á rekstri og starfsmannaþörf til þriggja ára mjög erfitt. Hér er því ekki gerð tilraun til nákvæms mats á starfsmannafjölda til þriggja ára. Ekki er ólíklegt að mæta þurfi breyttum aðstæðum með fjölgun starfsfólks, eins og bent var á í greinargerð um mat á starfsmannaþörf frá síðasta ári, sem vísað er til í kafla 1 hér að framan. Eins og áður segir er Fjármálaeftirlitið hins vegar reiðubúið að leita annarra leiða sé þess kostur.

Í viðræðum Fjármálaeftirlitsins og samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila hefur komið fram að æskilegt væri að umræða um starfsemi og rekstur Fjármálaeftirlitsins, sem fram fer árlega í tengslum við gerð rekstraráætlunar, snúist ekki eingöngu um mismunandi kostnaðarliði, heldur ekki síður verkefni Fjármálaeftirlitsins. Þannig væri æskilegt að tengja umræðu um rekstur Fjármálaeftirlitsins betur við þau verkefni og það hlutverk sem Fjármálaeftirlitinu hefur verið falið af löggjafanum. Fjármálaeftirlitið leitast við að gefa upplýsingar sem miðað gætu að þessu. Nefna má í því sambandi upplýsingagjöf á heimasíðu, útgáfu ársskýrslu og greinargerð um mat á starfsmannaþörf. Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að huga að frekari upplýsingagjöf í þessu efni, svo sem um skiptingu starfs eftir verkefnaflokkum. Leggja ber þó áherslu á að slík upplýsingagjöf má aldrei stuðla að því að veikja það aðhald sem í eftirlitinu felst eða skapa hættu á að veittur sé aðgangur að viðkvæmum upplýsingum.

Fylgiskjal II.

Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2003.

Meðfylgjandi er álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. l. nr. 99/1999 og 4. gr. rgl. nr. 562/2001, við rekstraráætlun FME fyrir árið 2003 og skýrslu FME til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað, en endanleg rekstraráætlun og skýrsla um hana voru send nefndinni þann 11. september 2002.

Hlutverk samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila er að veita eðlilegt kostnaraðhald vegna eftirlits með fjármálastarfi. Nefndin hefur í þeim efnum leitast við að setja fram málefnalega

gagnrýni á framlagðar rekstraráætlanir og lagt áherslu á gott samstarf við FME um þessi mál. Í ljósi þess telur samráðsnefnd miður að FME hafi ekki talið ástæðu til að taka tillit til ábendinga nefndarinnar við áætlunardrög, sem kynnt voru henni 15. ágúst sl., nema að því leyti að áætlaður kostnaður vegna póstþjónustu er lækkaður um 150.000 kr. Hinar veigameiri athugasemdir virðast hins vegar ekki hafa hlotið hljómgrunn hjá FME eða stjórn þess. Í ljósi þess telur samráðsnefnd rétt að birta flestar sínar fyrri ábendingar í þessu formlega áliti. Rétt er þó að taka fram að samráðsnefnd fagnar því að FME geri ekki ráð fyrir frekari fjölgun starfsfólks í fyrirliggjandi rekstraráætlun og ummælum um að leitast verði við að halda stærð stofnunarinnar innan núverandi marka til næstu ára, eins og fram kemur í þriggja ára áætlun.

Rekstur ársins 2002.

1. Samráðsnefndin gerði verulegar athugasemdir við áætlun FME um stóraukið rekstrarumfang á árinu 2002, eins og fram kom í bréfi hennar til stjórnar FME sem birt var sem fylgiskjal við frumvarp til breytinga á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi á síðasta löggjafarþingi. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tók málið föstum tökum og lagði áherslu á mikilvægi þess að sýna sambærilegt aðhald í starfsemi Fjármálaeftirlitsins, sem kostað er af markaðsaðilum, og ætlast er til af öðrum eftirlitsstofnunum sem hið opinbera heldur úti. Jafnframt taldi þingnefndin brýnt að sem nánast samstarf yrði milli FME og samráðsnefndar um þróun kostnaðar af starfseminni, m.a. í því formi að FME legði árlega fram þriggja ára áætlun um kostnað af starfseminni.
2. Í endurskoðaðri rekstraráætlun fyrir árið 2002 kemur fram að rekstrarkostnaður verði 1,6% yfir samþykktri áætlun. Helstu ástæður eru taldar hærri launakostnaður og stóraukinn kostnaður vegna tölvubúnaðar og endurbóta á heimasíðu FME. Tekjur hækka hins vegar meira en kostnaður, vegna hækkunar eftirlitsgjalds og vanáætlaðra vaxtatekna. Samráðsnefndin hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að njóta vaxtatekna af innlögðu eftirlitsgjaldi og því ber að fagna að betur sé hugað að þeim málum en áður.

Áætlaður rekstur 2003.

3. Í drögum að rekstraráætlun fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður hækki um 3,5% frá samþykktri rekstraráætlun ársins 2002 (tekið skal fram að samráðsnefnd telur óeðlilegt að miða hlutfallstölur við endurskoðaða áætlun, eins og FME gerir í skýrslu sinni um rekstraráætlun).
4. Ljóst er að launakostnaður hlýtur ávallt að vera einn stærsti kostnaðarliðurinn í rekstri eftirlitsstofnana. Hins vegar er afar mikilvægt að sýna aðhald í þeim efnum og sporna við stöðugri þenslu, sem horfa hefur mátt upp á hjá FME allt fram til þessa árs. Samráðsnefndin átaldi útþenslustefnu stofnunarinnar harðlega í áliti sínu á síðasta ári og tók nefnd forsætisráðherra til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera undir þau sjónarmið. Því telur samráðsnefnd fagnaðarefni að samkvæmt fyrirliggjandi drögum stendur ekki til að fjölga frekar störfum hjá stofnuninni á komandi árum, heldur sé stefnt að því að nýta betur þann mannskap sem fyrir er. Um starfsmannamál vísast annars í nánari umfjöllun hér aftar.
5. Í framlögðum gögnum kemur fram að ferðakostnaður erlendis verður nokkuð undir áætlun á þessu ári (10%) og sama gildir um þátttökugjald vegna erlends samstarfs og funda erlendis (18%). Ekki er þó allt sem sýnist í þeim efnum þar sem fyrri liðurinn var hækkaður um 35% milli áranna 2001 og 2002 og sá síðari um 120%. Þannig stefnir í verulega raunhækkun þessara kostnaðarliða frá fyrra ári. Samráðsnefndin gagnrýndi á

síðasta ári harðlega fyrirhugaða útgjaldaaukningu þessa kostnaðar í ár og benti á að eðlilegra væri að lækka hann fremur en hækka. Þau rök eiga áfram við nú þegar uppi eru áform um að hækka báða framangreinda kostnaðarliði vegna ársins 2003, þann fyrri um 10% og þann síðari um 18%. Ekki verður tekið undir það sem fram kemur í skýrslu FME til ráðherra að samanburður á milli ára í þessum efnum sé óraunhæfur.

6. Rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála nemur um 6,3% af heildarrekstrarkostnaði FME. Veruleg hækkun þessa kostnaðar frá samþykktri áætlun fyrir 2002 er m.a. sögð liggja í háum útgjöldum til endurbóta á heimasíðu. Þar er um eingreiðslukostnað að ræða og í ljósi þess telur samráðsnefnd eðlilegt að lækka þann kostnaðarlið sem því nemur vegna ársins 2003.
7. Samráðsnefnd gagnrýndi á síðasta ári há stjórnarlaun sem greidd eru til stjórnar FME, en þau hækkuðu um 20% frá samþykktri áætlun fyrir 2001 (4,8 millj. kr.) til ársins 2002 (6,1 millj. kr.). Taldi samráðsnefndin brýnt að lækka þennan kostnað verulega. Þvert á ábendingar samráðsnefndar stefnir í að heildargreiðslur til stjórnar fyrir árið 2002 hækki frá samþykktri áætlun og verði 6,2 millj. kr. Í drögum að rekstraráætlun fyrir 2003 er síðan gert ráð fyrir að hækka þessar greiðslur í 6,4 millj. kr. Samráðsnefnd fær ekki séð að rök séu til þess að greiða stjórn þessarar opinberu stofnunar hærri laun en almennt tíðkast. Jafnframt ítrekar samráðsnefnd gagnrýni sína á að varamenn séu boðaðir til allra stjórnarfunda, með tilheyrandi þóknun, eins og framkvæmdin hefur verið hjá FME. Ef stofnunin telur að núverandi stjórn sé of fáliðuð væri eðlilegra að óska þess að ráðherra tæki það mál upp við löggjafann. Að mati samráðsnefndar hlýtur að vera nægjanlegt að varamenn sitji t.d. þriðja eða fjórða hvern fund, til að tryggja meðvitund þeirra um stjórnarstörfin. Slíkt fyrirkomulag þekkist í stjórnum opinberra stofnana/fyrirtækja.
8. Samráðsnefndin ítrekar gagnrýni sína á að kostnaður af endur- og símenntun starfsfólks er illa skilgreindur, en honum er deilt niður á marga kostnaðarliði í rekstraráætlun sem og fyrri ársreikningum. Slíkt vinnulag gerir jafnt FME sem samráðsnefnd erfitt að átta sig á raunverulegum kostnaði af þessum sökum. Jafnframt er bent á að samráðsnefnd gagnrýndi fyrirhugaða hækkun gisti- og íþróttastyrkja til starfsfólks um 20% frá árinu 2001 til 2002. Endanlegar tölur virðast ætla að vera eitthvað lægri eða nær rúmri 10% hækkun. Þrátt fyrir það gera drög að áætlun fyrir 2003 ráð fyrir 20% hækkun þeirrar tölu, þótt þegar sé vel í lagt.

Rekstraráætlun til þriggja ára.

9. Í fylgiskjali með greinargerð um áætlað rekstrarumfang FME 2003 er áætlun um rekstrarumfang til næstu þriggja ára, þá sérstaklega hvað mat á starfsmannaþörf varðar. Er FME þannig að koma til móts við ábendingu efnahags- og viðskiptanefndar sem fram kom í nefndaráliti á þingskjali nr. 529 á síðasta löggjafarþingi. Í áætluninni kemur fram að æskilegt sé að halda stærð FME innan ákveðinna marka, enda gefi smærri einingar færi á sveigjanlegra skipulagi, einfaldari rekstri og meiri skilvirkni. Í ljósi þess telur FME að til framtíðar sé réttara að mæta hugsanlegri aukningu í umfangi eftirlits í framtíðinni með öðrum ráðum en fjölgun fastráðinna starfsmanna, m.a. með því að fela utanaðkomandi aðilum tiltekin verk sem tengjast eftirliti.
10. Þessi yfirlýsing FME er í takt við þær kröfur sem samráðsnefnd hefur sett fram í álitum sínum undanfarin ár, þ.e. að stemma beri stigu við sífelldri útþenslu stofnunarinnar. Hefur samráðsnefndin í þeim efnum bent á að rétt geti verið að leita fremur eftir að ráða tímabundið starfsfólk eða fá aðkeypta þjónustu sérfræðinga til að sinna afmörkuðum verkefnum, heldur en að bæta stöðugt við fastráðnu starfsfólki. Rétt er að hafa í huga

að mikil fjölgun hefur orðið á starfsfólki stofnunarinnar á síðustu tveimur árum. FME er ung stofnun, þótt byggt sé á eldri stoðum. Búast má við að nú þegar starfsemi hinnar nýju stofnunar hefur slitið barnsskónum leiði aukin reynsla starfsfólks til meiri skilvirkni, sem ætti að óbreyttu að gefa kost á fækkun, fremur en fjölgun. Í ljósi þess telur samráðsnefnd ekki ástæðu til að ætla að eitthvað breytt umfang, með breytingum á lögum og alþjóðasáttmálum, eigi að þrýsta á um fjölgun starfsmanna.

11. Það skýtur aðeins skökku við að þrátt fyrir framangreind ummæli í skýrslu FME um fjölda starfsfólks segir í næstu málsgrein þar á eftir að ekki sé ólíklegt að mæta þurfi breyttum aðstæðum með fjölgun starfsfólks. Í fyrri drögum, sem samráðsnefnd hafði undir höndum, var notast við orðalagið „vera kann að mæta þurfi...“ sem er mýkra að þessu leyti. Þannig virðist FME mæla úr og í þessum efnum nánast á sömu blaðsíðunni. Samráðsnefnd treystir þó á að þau ummæli sem vísað er til í lið 9 hér að framan vegi þyngra og unnið verði á þeim forsendum til næstu ára.

Þátttaka ríkisins í kostnaði af starfsemi FME.

12. Eftirlitsskyldir aðilar greiða í dag allan kostnað af rekstri FME. Það fyrirkomulag á fyrirmynd í öðrum norrænum ríkjum. Hins vegar þekkist víða að hið opinbera taki þátt í kostnaði af störfum fjármálaeftirlits, ekki síst af þeim þáttum sem sérstaklega eru unnir í þágu þess ráðuneytis sem fer með forsvar þeirrar stofnunar sem hefur eftirlitið á hendi. Samráðsnefndin hefur áður bent á mikilvægi þess að hið opinbera komi á slíkum forsendum að greiðslu kostnaðar við störf FME. Bæði hefur þar verið bent á vinnu starfsmanna FME við mótun laga og reglna og þátttöku í erlendu samstarfi. Verið getur að nauðsyn knýi að starfsmenn FME séu nýttir að einhverju leyti í vinnu við frumvarpsgerð eða mótun reglugerða, en slíkt vinnuframlag á þá að gerast á kostnað verkbeiðanda, þ.e. hins opinbera. Sama gildir um erlent samstarf, en borið hefur við að viðkomandi ráðuneyti hafi falið starfsmönnum FME að sækja fundi erlendis í sína þágu. Samráðsnefndin fagnar því að á fundi hennar með FME 15. ágúst kom fram skilningur hjá fulltrúum þess síðarnefnda á að rétt gæti verið að ríkið tæki á sig þann kostnað af störfum stofnunarinnar, sem unnir væru að beiðni þess.

Skipting eftirlitsgjaldsins.

13. Í greinargerðinni til samráðsnefndar kemur fram það sjónarmið FME að minni aðilar greiði minna til eftirlitsins en nemur raunkostnaði FME vegna þeirra. Ekki er þó gerð tillaga um breytingu á lágmarksgjöldum. Samráðsnefndin vill ítreka fyrri ábendingar um að það hljóti að standa FME næst að meta hvort eftirlitsgjaldi sé réttilega skipt milli aðila, með hliðsjón af þeim tíma sem fer í að sinna hverjum og einum. Hvorki samráðsnefnd, né aðrir, hafa forsendur til slíks mats. Afar mikilvægt er þó að reyna að stýra hlutfallslegum kostnaði einstakra geira á fjármálasviði sem mest í samræmi við þann raunkostnað sem af þeim hlýst. Hins vegar ber að gæta þess að lágmarksgjald vegna eftirlits verði aldrei svo hátt að það komi í veg fyrir rekstur smæstu fyrirtækjanna.

Reykjavík 15. september 2002,

Guðjón Rúnarsson,
formaður samráðsnefndar.

Fylgiskjal III.

Skýrsla til viðskiptaráðherra um starfsemi Fjármálaeftirlitsins frá 1. júlí 2001 til 30. júní 2002, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
(Október 2002.)

1. Yfirlit yfir starfsemina 1. júlí 2001 til 30. júní 2002.

Fjármálaeftirlitið stundar margháttað eftirlit með fjármálafyrirtækjum og fjármálastarfsemi sem lög kveða á um að lúti eftirliti. Eftirlitið fer fram með ýmiss konar sértækum athugunum, m.a. á starfsstöðvum fjármálafyrirtækja, og reglulegri upplýsingasöfnun um fjárhagsleg atriði. Einnig er úrvinnsla skriflegra fyrirspurna og erinda fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra stór þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið gefur út almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi á fjármálamarkaði, stendur fyrir ýmiss konar kynningum og fundum með stjórnendum og starfsmönnum á fjármálamarkaði og leitast við að vekja umræðu um málefni er varða öryggi og samkeppnishæfni fjármálamarkaðar, t.d. með birtingu umræðuskjala á heimasíðu sinni.

Í þessum kafla er leitast við að gefa almennar upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu, án þess að fjalla sérstaklega um einstök mál. Fjallað er um verkefni á einstökum sviðum fjármálamarkaðar, auk þess sem vikið er sérstaklega að eftirliti með virkum eignarhlutum, fyrirhuguðum lagabreytingum, erlendu samstarfi, rekstri Fjármálaeftirlitsins og fleiru.

1.1 Eftirlit á einstökum sviðum fjármálamarkaðar.

1.1.1 Lánamarkaður.

Áherslur á tímabilinu: Eftirlit með eiginfjárstöðu. Innra eftirlit og áhættustýring. Gegnsæi og markaðsaðhald. Þróun áhættumatskerfis.

Sem fyrr hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að fylgjast með þróun eiginfjárhlutfalla lánastofnana og kallað eftir skýrum markmiðum í rekstri þeirra um eiginfjárstöðu. Veruleg útlánaaukning síðustu ára gaf tilefni til að hafa sérstakar áhyggjur af eiginfjárstöðu lánastofnana, sem kynni í einstökum tilfellum að vera ófullnægjandi til að mæta óhjákvæmilegum áföllum í formi útlánatapa.

Verulega dró úr útlánaaukningunni á seinni hluta ársins 2001 og fyrri hluta ársins 2002 og hefur hún nú nánast stöðvast. Lánastofnunum hefur í heild tekist að mæta auknum útlánaafskriftum án verulegrar veikingar á eiginfjárstöðunni. Reikna má með frekari vexti í afskriftaframlögum vegna útlánatapa þar sem ekki hefur að fullu reynt á skil lánveitinga síðustu ára. Upplýsingar um þróun vanskila, sem Fjármálaeftirlitið safnar og birtir ársfjórðungslega á heimasíðu sinni, gefa vísbendingu um þetta. Af þessum ástæðum hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að kanna útlánaframkvæmd hjá lánastofnunum, innra eftirlit með útlánum, áhættustýringu og mat á afskriftaþörf vegna útlána.

Í ýmsum tilvikum hafa útlánaathuganir leitt til aukinna framlaga í afskriftareikning lánastofnana og hefur eiginfjárhlutfall reynst undir lögbundnum mörkum hjá nokkrum smærri lánastofnunum. Hefur þá verið gripið til aðgerða til að koma eiginfjárstöðunni að nýju í lögmætt horf.

Með útgáfu reglna og tilmæla hefur Fjármálaeftirlitið leitast við að styrkja þá umgjörð sem þarf að vera utan um heilbrigðan rekstur fjármálafyrirtækja og stuðla að gegnsæi og markaðsaðhaldi. Í ársbyrjun 2002 gaf Fjármálaeftirlitið út breytingar á viðauka með reglum um gerð ársreiknings lánastofnana sem fjallar um mat á afskriftaþörf útlána. Með breytingunni eru ákvæði reglnanna hert frá því sem áður var. Frekari endurskoðun á reglum um mat á útlánum er fyrirhuguð, með hliðsjón af breytingum á alþjóðlegum stöðlum og fyrirmyndum sem nú eru í undirbúningi. Fjármálaeftirlitið gaf einnig út leiðbeinandi tilmæli um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum en þar er sérstök áhersla lögð á ábyrgð og skyldur stjórnenda. Þá voru í ársbyrjun 2002 gefin út leiðbeinandi tilmæli um viðbótarupplýsingar varðandi fjármálaskjöl í ársreikningum lánastofnana.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið þátt í víðtækri endurskoðun á alþjóðlegum eiginfjárreglum fyrir lánastofnanir (Basel II), en áætlanir nú gera ráð fyrir að þessar breytingar taki gildi í árslok 2006. Af því tilefni hefur Fjármálaeftirlitið unnið að því að styrkja upplýsingakerfi við mat á áhættum lánastofnana. Með þessum nýju eiginfjárreglum verður tekið mið af áhættum í rekstri lánastofnana við mat á fullnægjandi eiginfjárstöðu auk þess sem sérstök áhersla verður lögð á að lánastofnanirnar sjálfar leggi eigið mat á nauðsynlega eiginfjárstöðu með hliðsjón af áhættum í starfseminni. Reglurnar gera einnig ráð fyrir auknum heimildum eftirlitsstofnana til að ákvarða hærri eiginfjárhlutföll fyrir einstakar lánastofnanir.

Fjármálaeftirlitið hefur mótað fyrstu útgáfu af eigin áhættumatskerfi sem ætlað er að auðvelda mat á nauðsynlegri eiginfjárstöðu einstakra lánastofnana, út frá upplýsingum um eigið fé, gæði eigna, arðsemi, lausafjárstöðu, næmni fyrir markaðsáhættu og stjórnun. Áhættumatskerfið verður notað við forgangsröðun í eftirliti með lánastofnunum frá og með næsta ári.

Fjármálaeftirlitið hóf á tímabilinu reglulega upplýsingasöfnun um fyrirgreiðslu til svokallaðra venslaðra aðila, þ.e. aðila sem hafa veruleg áhrif á ákvarðanatöku stjórnenda lánastofnana, vegna hættu á hagsmunaárekstrum. Þeir aðilar sem hér um ræðir eru til að mynda bankaráðsmenn, stjórnendur, lykilstarfsmenn, stærstu hluthafar og fyrirtæki í eigna- eða stjórnunartengslum við lánastofnun.

1.1.2 Verðbréfamarkaður.

Áherslur á tímabilinu: Markaðsvakt. Eftirlit með starfsháttum. Jafnræði fjárfesta. Aðgerðir vegna rekstrarerfiðleika.

Breyttar aðstæður á verðbréfamarkaði á tímabilinu hafa komið fram með ýmsum hætti í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Eftir mikla þenslu dró verulega úr viðskiptum sem hafði áhrif á rekstrargrundvöll fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Starfsleyfi eins verðbréfafyrirtækis var afturkallað í nóvember 2001 og í kjölfar þess var fyrirtækið tekið til gjaldþrotaskipta. Fjármálaeftirlitið hefur í einu öðru tilviki þurft að grípa til aðgerða vegna slakrar eiginfjárstöðu verðbréfafyrirtækis.

Á tímabilinu komu aðeins tvær útboðslýsingar í almennu útboði til yfirlestrar og afgreiðslu í Fjármálaeftirlitinu, en eftirlitinu var á síðasta ári fengið með lögum það verkefni að fara yfir útboðslýsingar vegna almennra útboða, sem ekki fela í sér skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði. Í öðru þessara tilvika var hætt við útboðið vegna ákvörðunar um skráningu í kauphöll.

Eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði hefur verið styrkt verulega og hefur mótun sérstakrar markaðsvaktar bætt yfirsýn Fjármálaeftirlitsins yfir verðbréfamarkaðinn og gefið því færi á að grípa fyrr inn í mál sem upp koma.

Margvísleg mál hafa komið upp á tímabilinu vegna starfshátta fjármálafyrirtækja á verðbréfamarkaði. Nefna má að Fjármálaeftirlitið sá í árslok 2001 ástæðu til að gera athugasemdir við fjárfestingarráðgjöf tiltekinna fjármálafyrirtækja, vegna hagsmunatengsla viðkomandi fyrirtækja við verðbréf sem fjallað var um. Fjármálaeftirlitið vakti athygli á þessum málum opinberlega. Í undirbúningi eru leiðbeinandi tilmæli um greiningardeildir/greinendur. Sambærilegar athugasemdir voru gerðar vegna ónógrar umfjöllunar í skráningarlýsingum um hagsmunatengsl umsjónaraðila við viðfangsefnið.

Fjármálaeftirlitið tók til formlegrar athugunar átta mál þar sem vísbendingar voru um brot á ákvæðum laga um innherjaviðskipti. Athugun er lokið í helmingi málanna. Var einu þeirra vísað til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans, en tveimur málum var lokið með athugasemdum sem beindust að tilteknum aðilum. Í einu máli þótti ekki ástæða til aðgerða. Vísbendingar um markaðsmisnotkun komu til skoðunar og voru fimm mál tekin til formlegrar meðferðar vegna þessa. Engu málanna er lokið. Markaðsvakt Fjármálaeftirlitsins hefur einnig skoðað fleiri mál á þessu sviði án þess að formleg athugun hafi verið tekin upp.

Dómur féll í fyrsta málinu hérlendis þar sem ákært var vegna innherjasvika. Í málinu lá fyrir að fruminnherji hafði átt viðskipti með hlutabréf þess félags sem hann var innherji í, á meðan hann bjó yfir trúnaðarupplýsingum. Niðurstaða dómsins var sú að sýknað var í héraði þar sem ekki hafði verið sýnt fram á að innherjinn hefði nýtt sér trúnaðarupplýsingar er hann átti viðskiptin. Ríkissaksóknari tók ákvörðun um að áfrýja ekki dóminum. Í kjölfar dómsins hætti efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans við rannsókn á meintum innherjaviðskiptum í einu máli þar sem málið þótti ekki líklegt til sakfellis í ljósi hins nýgengna dóms. Í kjölfar dómsins var ákvæði verðbréfaviðskiptalaga sem bannar innherjasvik breytt, með lögum nr. 39/2002. Eftir lagabreytinguna hafa öll tvímæli verið tekin af um saknæmiskröfur í innherjamálum, þ.e. að gáleysi nægi til sakfellingar.

Í nokkrum öðrum tilvikum greindi Fjármálaeftirlitið efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans frá málum á verðbréfamarkaði. Mál þessi varða meint brot á reglum er varða almennt útboð, brot á almennum hegningarlögum og fleira.

Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu staðfest reglur flestra fjármálafyrirtækja um aðskilnað hagsmuna (kínamúra), eigin viðskipti fyrirtækja, viðskipti starfsmanna og atvinnuþátttöku stjórnenda og starfsmanna. Með leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2001 hafði Fjármálaeftirlitið sett fram kröfur um meginefni slíkra reglna, en þeim er ætlað að stuðla að betri starfsháttum á verðbréfamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur enn fremur unnið að staðfestingu reglna sem útgefendum verðbréfa ber að setja sér um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Reglur nokkurra útgefenda hafa verið staðfestar og aðrar bíða staðfestingar. Skil á þessum reglum hafa hins vegar verið dræm og yfirferð þeirra tímafrek. Fjármálaeftirlitið hefur brýnt það fyrir útgefendum verðbréfa að fylgja grundvallarreglum þeim sem fram koma í leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2001 þó tafir hafi orðið á setningu reglna stjórnar og staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu lagt áherslu á að styrkja eftirlit með verðbréfasjóðum, m.a. með reglulegum skýrsluskilum um sundurliðun fjárfestinga verðbréfasjóða. Drög að skýrsluformi voru kynnt í umræðuskjali á miðju sumri 2002 og eftirlitsskyldum aðilum gefinn kostur á að setja fram athugasemdir. Verðbréfasjóðir skila nú tveimur skýrslum ársfjórðungslega; annars vegar ársfjórðungslegu efnahagsyfirliti og hins vegar sundurliðun um fjárfestingar. Aukið eftirlit á þessu sviði miðar jafnframt að því að gera Fjármálaeftirlitið

betur í stakk búið til að takast á við breytingar á starfsumhverfi verðbréfasjóða sem vænta má með nýjum lögum um slíka sjóði og aðlögun að nýrri tilskipun Evrópusambandsins.

1.1.3 Lífeyrismarkaður.

Áherslur á tímabilinu: Mikilvægi innra eftirlits ítrekað. Aukið markaðsaðhald. Starfshættir við sölu viðbótarlífeyrissparnaðar. Gegnsæi í tryggingafræðilegu mati.

Viðamesta verkefni eftirlits með lífeyrissjóðum á tímabilinu voru ítarlegar athuganir á fjárfestingum lífeyrissjóða, en í tengslum við þessar athuganir voru gerðar sérstakar athuganir á gögnum um innra eftirlit, ársreikningum og endurskoðunarskýrslum sjóðanna. Meginmarkmiðið með þessum athugunum er að fara yfir fjárfestingar einstakra lífeyrissjóða með hliðsjón af ákvæðum VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athuganir á fjárfestingum leiddu í ljós að fjárfestingar allmargra lífeyrissjóða eru ekki innan þeirra marka sem lög setja, sérstaklega hvað varðar fjárfestingar í óskráðum verðbréfum og verðbréfum útgefnum af sama aðila. Hefur Fjármálaeftirlitið þurft að gera ítrekaðar athugasemdir við nokkra lífeyrissjóði. Þá hafa nokkrir lífeyrissjóðir verið krafðir um úrbætur í samræmi við niðurstöður athugana. Í nokkrum tilvikum hafa þessar athuganir leitt í ljós þörf á mun ítarlegri könnun á starfsemi lífeyrissjóða og sammerkt hjá þeim sjóðum hefur verið að innra eftirliti hefur ekki verið nægjanlega sinnt. Þá má almennt segja að gögnum um innra eftirlit hjá lífeyrissjóðunum sem kallað var eftir hafi í mörgum tilvikum verið ábótavant eða ekki skilað sér nægilega vel. Fjármálaeftirlitið hefur ítrekað við stjórnir nokkurra lífeyrissjóða ábyrgð þeirra á innra eftirliti.

Fjármálaeftirlitið hefur komið á framfæri ítarlegum athugasemdum og ábendingum varðandi útfyllingu á ársfjórðungslegum skýrslum um sundurliðanir fjárfestinga, í tengslum við athuganir á fjárfestingum. Í byrjun sumars stóð Fjármálaeftirlitið fyrir sérstakri kynningu á útfyllingu skýrslnanna fyrir lífeyrissjóðina og var kynningin vel sótt. Ofangreindar aðgerðir hafa stuðlað að bættum frágangi á skýrslunum en Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að vandað sé til skýrslugerðarinnar enda gegna skýrslurnar mikilvægu hlutverki í eftirliti með fjárfestingum lífeyrissjóða. Skýrslurnar nýtast ekki síður sjóðunum sjálfum við að fylgjast með að fjárfestingar þeirra séu innan ramma laganna.

Nokkur brögð eru að því að ársreikningar lífeyrissjóða séu ekki í samræmi við reglur sem um þá gilda. Hefur Fjármálaeftirlitið gert margvíslegar athugasemdir við lífeyrissjóði í þessu sambandi og í einu tilviki var lífeyrissjóði gert að gefa út ársreikning sinn að nýju.

Á tímabilinu hafa komið upp alvarleg mál sem efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og Fjármálaeftirlitið hafa tekið til athugunar og tengjast starfsemi lífeyrissjóða. Í einhverjum tilvikum hefði mátt koma í veg fyrir eða leiða málin fyrr í ljós með virku innra eftirliti þessara lífeyrissjóða.

Fjármálaeftirlitið hefur í hyggju að styrkja verulega eftirlit sitt með skuldbindingum lífeyrissjóða og tryggingafræðilegum úttektum. Í undirbúningi eru aukin skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins í tengslum við tryggingafræðilegar úttektir á lífeyrissjóðum.

Samfara verulegum vexti og þróun á markaði viðbótartryggingaverndar og séreignarsparnaðar undanfarin missiri hefur töluvert af fyrirspurnum, ábendingum og athugasemdum sem lúta að lífeyrissparnaði verið beint til Fjármálaeftirlitsins frá vörsluaðilum, rétthöfum og launagreiðendum. Meginverkefni Fjármálaeftirlitsins tengt viðbótarlífeyrissparnaði er þó að

veita umsagnir um reglur um lífeyrissparnað og breytingar á þeim til fjármálaráðherra en vörsluaðilum lífeyrissparnaðar ber að leita staðfestingar ráðherra á reglunum og breytingum á þeim. Fjármálaeftirlitið hyggst fylgja eftir mikilvægum atriðum, sem upp hafa komið í eftirlitsverkefnum varðandi framkvæmd viðbótarlífeyrissparnaðar og túlkun laga og reglna sem um sparnaðinn gilda, með setningu leiðbeinandi tilmæla á næstu missirum.

Samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um lífeyrissjóði er sjóðunum nú skylt að setja sér verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið hefur átt í töluverðum samskiptum við lífeyrissjóði um setningu reglnanna á tímabilinu og eru nær allir lífeyrissjóðir nú komnir með staðfestar verklagsreglur.

Á tímabilinu fengu 19 lífeyrissjóðir staðfestar breytingar á samþykktum sínum og gaf Fjármálaeftirlitið umsagnir um breytingarnar.

1.1.4 Vátryggingamarkaður.

Áherslur á tímabilinu: Aðgerðir vegna rekstrarerfiðleika tiltekinna vátryggingamiðlana. Markaðsaðhald og gegnsæi vegna iðgjaldaákvarðana í ökutækjatryggingum. Leiðbeinandi tilmæli vegna starfshátta. Upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Nokkrar breytingar hafa orðið á vátryggingamarkaði á tímabilinu. Á seinni hluta síðasta árs hættu tvö bátaábyrgðarfélög starfsemi með flutningi vátryggingastofns þeirra til Sjóvár-Almennra tryggingа hf. Starfsleyfi annars þeirra var fellt niður en hitt tekur ekki við nýtryggingum. Þá var vátryggingastofn Samábyrgðarinnar hf. færður til Sjóvár-Almennra tryggingа hf. og starfsemin sameinuð. Í júlí á þessu ári var nýju skaðatryggingafélagi, Íslandstryggingu hf., veitt starfsleyfi og hefur það hafið starfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur til afgreiðslu umsókn frá líftryggingafélagi um starfsleyfi.

Einnig urðu nokkrar breytingar í hópi vátryggingamiðlara en á tímabilinu skiluðu sex aðilar inn starfsleyfum sínum, ýmist að eigin frumkvæði, í samráði við Fjármálaeftirlitið eða að kröfu þess. Rekstrarerfiðleika hefur gætt hjá nokkrum vátryggingamiðlurum og hefur Fjármálaeftirlitið þurft að grípa til aðgerða vegna þess, þó eftirlit þess sé bundið við þjónustu þeirra en ekki fjárhagslegt eftirlit.

Iðgjöld í lögboðnum ökutækjatryggingum hafa lengi verið til umfjöllunar á opinberum vettvangi og hefur Fjármálaeftirlitið haldið áfram að fylgjast með þróun vátryggingaskuldar í þessum greinaflokki. Fjármálaeftirlitið telur áfram brýnt að hvert vátryggingafélag taki forsendur iðgjaldaákvarðana sinna í ökutækjatryggingum til endurskoðunar um leið og reynsla gefur tilefni til. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á markaðsaðhald og hefur leitast við að tryggja meira gegnsæi í því skyni. Nefnd sem skipuð var á árinu 2000 var falið það verkefni að endurskoða reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Gerðar voru ýmsar breytingar sem miðuðu að þessu. Enn fremur gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2002 um reikningsskil vátryggingafélaga, varðandi túlkun og framkvæmd á fyrrnefndri reglugerð.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2002 um innra eftirliti og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Kveðið er á um lágmarkskröfur sem Fjármálaeftirlitið gerir til innra eftirlits og áhættustýringar, þar á meðal um yfirsýn stjórnenda og eftirlitshætti, greiningu og mat á áhættum, aðgreiningu starfa o.fl.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2002 um bónusreglur vátryggjenda í lögboðnum ökutækjatryggingum. Tilmælin eiga við um ákvörðun iðgjalds út frá

einstaklingsbundinni tjónareynslu. Vátryggingartaki á að geta treyst því að bónusreglur haldist óbreyttar út vátryggingatímabilið hverju sinni með sama hætti og vátryggingaskilmálar. Vitneskja um reglurnar og breytingar á þeim er til þess fallin að auka gegnsæi í viðskiptunum og er liður í því að gera bónusreglur virkar.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2002 um rétt tjónþola til bótagreiðslu með fyrirvara. Markmið þeirra er að vátryggjendur hagi tjónsuppgjörum sínum í samræmi við ófrávíkjanleg ákvæði laga um vátryggingarsamninga (24. gr. þeirra) og móti verklag sem miðar að því að tjónþoli fái greinargóðar upplýsingar um réttarstöðu sína og bótagreiðslu án ástæðulauss dráttar. Nokkur misbrestur hefur verið á þessu.

Á tímabilinu hefur Fjármálaeftirlitið tekið til athugunar upplýsingagjöf og almenn vinnubrögð við sölu vátrygginga, hjá vátryggingafélögum og vátryggingamiðlurum. Í sumum tilvikum hefur þótt ástæða til að gera athugasemdir og krefjast úrbóta. Sem dæmi má nefna að talsvert hefur verið um það að viðskiptavinir vátryggingafélaga, innlendra sem erlendra, hafi verið að færa líftryggingar sínar til annarra félaga, þ.e. sagt upp vátryggingasamningi og skipt um vátryggingafélag. Mikilvægt er að neytendur séu upplýstir um þann kostnað sem slíkt hefur í för með sér þegar um söfnunarlíftryggingu er að ræða þannig að uppsögn sé gerð að athuguðu máli. Ástæða er til þess að ætla að á þessu hafi verið misbrestur.

Ýmsir erfiðleikar hafa komið fram í miðlun vátrygginga á tímabilinu. Nokkur mál má rekja til þess að vátryggingamiðlanir hafa í ýmsum tilvikum ráðið til sín fjölda ráðgjafa án þess að tryggja nægilega yfirsýn yfir starfsemina. Fjármálaeftirlitið hefur að fenginni reynslu mælst til þess að þeir sem hyggjast hefja miðlun vátrygginga takmarki fjölda ráðgjafa/sölumanna sinna svo fullvíst megi telja að viðkomandi hafi yfirsýn yfir starfsemina.

Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli laga um vátryggingastarfsemi beint því til vátryggingafélaga að þau setji sér verklagsreglur um verðbréfaviðskipti félagsins sjálfs, starfsmanna þeirra og stjórnenda. Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli um efni þessara reglna.

1.2 Eftirlit með virkum eignarhlutum.

Eftirlit með eigendum virkra eignarhluta verður sífellt umfangsmeiri hluti af starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Ástæður þess eru einkum tvær. Annars vegar hafa á síðustu missirum orðið talsverðar sviptingar í eignarhaldi á fjármálafyrirtækjum. Hins vegar voru lagaákvæði um eftirlit með virkum eignarhlutum hert með lögum nr. 69/2001, um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Reynt hefur á eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins í nokkrum tilvikum. Í einu tilviki taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að svipta eiganda virks eignarhluta atkvæðisrétti. Í öðru tilviki féll atkvæðisréttur tímabundið niður þar sem ekki var farið að lögum við eigendaskipti. Þá hefur Fjármálaeftirlitið einnig synjað um leyfi til að eignast virkan eignarhlut.

Brýnt er að kaupendur virks eignarhlutar hafi í huga þá lagaskyldu sem á þeim hvílir að leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram fyrir kaupunum, en misbrestur hefur verið á því í framkvæmd í nokkrum tilvikum.

1.3 Fyrirhugaðar lagabreytingar á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið tekur í flestum tilvikum þátt í undirbúningi lagafrumvarpa er varða starfsemi á fjármálamarkaði. Þannig á Fjármálaeftirlitið fulltrúa í nefndum sem skipaðar eru til að endurskoða löggjöf og semja frumvörp til laga. Fjármálaeftirlitið er í lykilstöðu hvað varðar yfirsýn yfir það hvernig lög reynast í framkvæmd og tekur á þeim forsendum þátt í undirbúningi lagafrumvarpa.

Á tímabilinu hefur staðið yfir endurskoðun á meginlöggjöf á flestum sviðum fjármálamarkaðar. Unnið var að heildarendurskoðun laga á lánamarkaði og hefur frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki verið lagt fram á Alþingi. Á verðbréfamarkaði er unnið að endurskoðun laga um verðbréfaviðskipti, laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og laga um verðbréfasjóði. Á vátryggingamarkaði eru lög um vátryggingarsamninga, reglur um miðlun vátrygginga og reglur um slit vátryggingafélaga til endurskoðunar.

1.4 Erlent samstarf.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í erlendu samstarfi á öllum sviðum fjármálamarkaðar. Með því getur Fjármálaeftirlitið miðlað á íslenskan fjármálamarkað reynslu og þekkingu sem fengist hefur í eftirliti með stærri og eftir atvikum þróaðri mörkuðum. Einnig stuðlar slíkt samstarf að samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út á heimasíðu sinni yfirlit yfir þátttöku þess í erlendu samstarfi. Þar er að finna upplýsingar um þau samtök og þær stofnanir sem Fjármálaeftirlitið er aðili að og nefndir og sérfræðihópa sem eftirlitið á fulltrúa í eða fylgist með. Greint er frá meginverkefnum í þessu samstarfi, hvaða starfsmenn Fjármálaeftirlitsins taka þátt í eða fylgjast með viðkomandi starfi og hvernig fundarsókn er háttað.

Evrópusamstarf fjármálaeftirlita á einstökum sviðum fjármálamarkaðar er í gagngerri endurskoðun um þessar mundir, í tengslum við breytingar á ákvörðunarferli innan Evrópusambandsins. Fjármálaeftirlitið er aðili að nýju samstarfi verðbréfaeftirlita, CESR (The Committee of European Securities Regulators). Nefndin var sett á stofn í tengslum við fyrrgreindar breytingar og hefur það hlutverk að sinna ráðgjöf gagnvart framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og samræma eftirlit og framkvæmd Evrópulöggjafar á Evrópska efnahagssvæðinu. Fjármálaeftirlitið hefur tekið virkan þátt í þessu samstarfi á árinu. Fyrstu ráðgjafaverkefni CESR til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins tengjast fyrirhuguðum tilskipunum um markaðssvik (Market Abuse) annars vegar og útboðslýsingum (Prospectuses) hins vegar. Þessir vinnuhópar hafa formlegt erindisbréf frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins en einnig eru starfandi aðrir vinnuhópar sem m.a. fjalla um mismunandi skipulag verðbréfamarkaðar, verðmyndun og viðskiptahætti. Fjármálaeftirlitið var gestgjafi fastanefndar á vegum þessa samstarfs nú í haust.

Samstarf evrópskra fjármálaeftirlita á lánamarkaði og vátryggingamarkaði er nú til endurskoðunar með hliðsjón af framangreindum breytingum á samstarfi verðbréfaeftirlita.

Fjármálaeftirlitinu var á tímabilinu boðið að taka þátt í úttekt Evrópusambandsins á vátryggingamarkaði á Möltu, en úttektir af þessu tagi eru hluti af aðildarviðræðum Evrópusambandsins við einstök ríki. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins tók þátt í þessu starfi og er unnið að lokafrágangi skýrslu vegna þessa. Verkefnið var lærdómsríkt og skilar sér tvímælalaust í aukinni þekkingu starfsfólks Fjármálaeftirlitsins.

1.5 Rekstur Fjármálaeftirlitsins.

Rekstrarumfang og eftirlitsgjald.

Samkvæmt ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2001 námu gjöld að meðtöldum eignakaupum alls 210,8 m.kr. Tekjur að meðtöldum fjármunatekjum á árinu 2001 námu alls 206,3 m.kr., en þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 198,2 m.kr. Gjöld umfram tekjur námu því 4,5 m.kr. á árinu 2001. Á árinu 2000 voru sambærilegar tölur 179,1 m.kr. fyrir gjöld að meðtöldum eignakaupum og 192,9 m.kr. fyrir tekjur en þar af nam innheimt eftirlitsgjald 192,5 m.kr. Í framangreindum tölum eru undanskilin gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu.

Samkvæmt endurskoðaðri rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að gjöld á árinu verði alls 263,5 m.kr. en upphafleg rekstraráætlun gerði ráð fyrir 259 m.kr. gjöldum. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum verði 219 m.kr en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi 211,7 m.kr. Gjöld umfram tekjur að fjárhæð 44,5 m.kr. verða brúaðar af uppsöfnuðum tekjuafgangi fyrri ára.

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2003 hefur nú verið kynnt viðskiptaráðherra í samræmi við ákvæði laga. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarumfang á árinu 2003 verði svipað og á árinu 2002, en hækkun rekstrargjalda samtals nemi um 2% frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að gjöld verði 268,4 m.kr. og tekjur að meðtöldum fjármunatekjum verði 265 m.kr. en þar af verði álagt eftirlitsgjald á árinu 2003 um 260 m.kr.

Samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Um álagningu eftirlitsgjalds gilda lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Eftirlitsgjaldið reiknast ýmist sem hundraðshluti af heildareignum, rekstrargjöldum eða tryggingariðgjöldum eftirlitsskyldra aðila í samræmi við eðli starfsemi þeirra. Í öllum tilvikum er þó um að ræða ákveðna lágmarksfjárhæð. Frá stofnun Fjármálaeftirlitsins árið 1999 hefur orðið veruleg aukning á umsvifum margra eftirlitsskyldra aðila sem hefur leitt til lækkunar á álagningarhlutföllum. Sem dæmi má nefna að álagningarstofnar hjá helstu flokkum eftirlitsskyldra aðila, sem reiknað er út frá við álagningu eftirlitsgjaldsins, hafa hækkað á bilinu 139–216% en álagningarhlutföll lækkað um 22–48% frá 1999–2002.

Starfsmannafjöldi.

Af fjölda starfsmanna ráðast helstu þættir í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins, svo sem laun og launatengd gjöld, stærð húsnæðis og umfang tölvubúnaðar. Á árinu 2001 vann Fjármálaeftirlitið mat á starfsmannaþörf í stofnuninni og fylgdi greinargerð þess efnis með rekstraráætlun þeirri sem þá var unnin. Í greinargerðinni var lagt ítarlegt mat á starfsmannaþörf Fjármálaeftirlitsins til skemmri tíma og hugað að þörf til lengri tíma. Nú er ljóst að áætlun um starfsmannaþörf stofnunarinnar til skemmri tíma, þ.e. til ársloka 2002, hefur í meginatriðum gengið eftir. Fjármálaeftirlitið leggur ekki til fjölgun starfsfólks á árinu 2003 í forsendum fyrir rekstraráætlun ársins.

Í ársbyrjun 2002 var 31 stöðugildi í Fjármálaeftirlitinu og gert er ráð fyrir að þau verði 33 í árslok. Á miðju ári 2001 voru stöðugildin 27. Frá miðju ári 2001 til miðs árs 2002 hófu alls 10 starfsmenn störf hjá stofnuninni en 3 létu af störfum. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru að meiri hluta sérfræðimenntaðir, einkum á sviði viðskipta, hagfræði, lögfræði eða tölvufræða.

Innri reglur og verkferlar.

Sífellt er unnið að því að treysta innri umgjörð um starfsemi í Fjármálaeftirlitinu. Á síðasta ári setti viðskiptaráðherra sérstakar reglur um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins við eftirlitsskylda aðila. Reglurnar eru settar skv. 6. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og er ætlað að tryggja hlutlægni við úrlausn verkefna stofnunarinnar og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða að hugsanleg hagsmunatengsl myndist. Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur enn fremur sett reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfaviðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins. Reglurnar eru settar skv. 37. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Framangreindar reglur eru birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Einnig hefur verið hugað sérstaklega að málsmeðferð og verkefnavinnslu í Fjármálaeftirlitinu í því skyni að samræma

málsmeðferð vegna mála á mismunandi sviðum fjármálamarkaðar og hraða afgreiðslu. Þá er í mótun heildstæð eftirlitshandbók vegna verkefna stofnunarinnar.

Viðbætur við húsnæði.

Í febrúar 2002 fékk Fjármálaeftirlitið afhent viðbótarhúsnæði í nýbyggingu á 5. hæð hússins að Suðurlandsbraut 32, en bygging þess hófst á miðju árinu 2001. Með þessari viðbót stækkaði húsnæði stofnunarinnar og öll aðstaða til fundahalda og í sambandi við kynningarstarfsemi batnaði til muna. Húsnæði stofnunarinnar er leigt til ársins 2011.

Ýmsar tölulegar upplýsingar á tímabilinu 1. júlí 2001–30. júní 2002.

Á tímabilinu 1. júlí 2001–30. júní 2002 sendi Fjármálaeftirlitið frá sér um 3.000 bréf og móttók um 1.800 bréf. Á sama tímabili skiluðu eftirlitsskyldir aðilar Fjármálaeftirlitinu um 1.500 skýrslum vegna reglubundinnar gagna- og upplýsingaöflunar stofnunarinnar. Eftirlitsskyldir aðilar sækja nú öll eyðublöð og skýrsluform vegna skýrsluskila sinna til Fjármálaeftirlitsins á heimasíðu eftirlitsins. Þessu fyrirkomulagi fylgir mikið hagræði fyrir alla aðila.

Fjármálaeftirlitið heldur utan um verkefni sín í sérstöku málaskráningarkerfi. Stofnuð eru mál um erindi sem beint er til stofnunarinnar og einstök verkefni sem falla til vegna starfseminnar og fá þau afgreiðslu í samræmi við leiðbeiningar til starfsmanna sem áður hafa verið nefndar. Á því 12 mánaða tímabili sem hér er fjallað um urðu til um 860 slík afgreiðslumál hjá stofnuninni en samsvarandi fjöldi fyrir sambærilegt tímabil þar á undan var 760.

Fjármálaeftirlitinu berast stöðugt margs konar formlegar fyrirspurnir er varða starfsemi á fjármálamarkaði hér á landi. Erlendis frá berst þannig ávallt nokkuð af fyrirspurnum í tengslum við alþjóðlegt samstarf um eftirlit á fjármálamörkuðum og einnig frá ýmsum aðilum sem stunda upplýsingamiðlun á fjármálamörkuðum og aðilum í fjármálastarfsemi. Innlendar fyrirspurnir koma hins vegar fyrst og fremst frá eftirlitsskyldum aðilum, viðskiptavinum þeirra eða ýmsum opinberum aðilum. Á því tímabili sem hér um ræðir bárust Fjármálaeftirlitinu alls 152 formlegar fyrirspurnir og þar af voru 62 frá erlendum aðilum.

Kvörtunar- og neytendamál eru annar flokkur erinda sem Fjármálaeftirlitinu berst stöðugt eitthvað af. Um er að ræða erindi vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið telur ástæðu til að taka til athugunar. Alls bárust eftirlitinu 55 slík mál á nefndu tímabili.

Úr málaskráningarkerfi Fjármálaeftirlitsins má fá margvíslegar upplýsingar til viðbótar við framangreint um viðfangsefni stofnunarinnar. Þannig má nefna, að á því tímabili sem hér er til umfjöllunar voru skráð mál vegna eftirlits á starfsstöðvum eftirlitsskyldra aðila alls 45, mál sem varða starfsleyfisumsóknir 29, mál sem varða innherjaviðskipti 15 og mál sem varða peningaþvætti 6.

Dagsektir.

Í júlí 2001 var sett reglugerð, nr. 560/2001, um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Reglugerðin heimilar stjórn Fjármálaeftirlitsins m.a. að leggja á dagsektir með sérstökum ákvörðunum vegna vanhalda við reglubundin skýrsluskil til eftirlitsins. Ákvæðum reglugerðarinnar var í fyrsta sinn beitt í þremur tilvikum á fyrri hluta ársins 2002 vegna skýrslna sem eftirlitsskyldum aðilum bar að skila vegna ársloka 2001.

2. Fjármálamarkaðurinn – þróun og horfur.

2.1 Lánamarkaður.

Óbreytt heildarafkoma.

Þótt rekstrarumhverfi lánastofnana hafi að mörgu leyti breyst undanfarin missiri hefur arðsemi þeirra í heild haldist að miklu leyti óbreytt. Samanlagður hagnaður viðskiptabanka og sparisjóða fyrir skatta árið 2001 nam 7,4 ma.kr. samanborið við 7,5 ma.kr. hagnað árið 2000.[1] Arðsemi eigin fjár hækkaði úr tæplega 11% í 13,5% milli áranna 2000 og 2001, sbr. **mynd 1.** Þótt hreinar rekstrartekjur hafi aukist talsvert á þessu tímabili skilaði sú aukning sér ekki í auknum hagnaði. Að hluta til má rekja það til aukinna framlaga í afskriftareikning en framlögin jukust um 3,8 ma.kr., þ.e. úr 4,3 ma.kr. árið 2000 í 8,1 ma.kr. árið 2001.

Á fyrri árshelmingi 2002 nam samanlagður hagnaður viðskiptabanka og sparisjóða fyrir skatta 5,5 ma.kr. Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 13,2% á fyrri hluta 2002. Helstu breytingar frá árinu 2001 felast annars vegar í lækkun á vaxtamun, m.a. vegna lægri verðbólgu, og hins vegar hækkun á öðrum tekjum sem stafar fyrst og fremst af jákvæðum viðsnúningi í gengishagnaði lánastofnana. Lítil hlutfallsleg breyting hefur orðið á öðrum tekjum lánastofnana en gengishagnaði á fyrri hluta árs 2002 samanborið við heilsársrekstrartölur 2001.

Mynd 1.
Arðsemi eigin fjár og kostnaðarhlutfall af rekstrartekjum hjá bönkum og sparisjóðum



Framangreindar tölur um arðsemi eigin fjár og kostnaðarhlutföll eru mismunandi milli einstakra lánastofnana. Þannig var arðsemi eigin fjár fjögurra stærstu bankanna frá 13% til

[1] Tekið er mið af samstæðuuppgjörum viðskiptabankanna fimm og sex stærstu sparisjóða þegar fjallað er um viðskiptabanka og sparisjóði í þessum kafla nema annað sé tekið fram. Við samanburð milli tímabila er tekið tillit til þess að Kaupþing banki hf. fékk starfsleyfi sem viðskiptabanki í byrjun árs 2002 og eru samanburðarfjárhæðir leiðréttar með tilliti til þess nema annað sé tekið fram.

21% á fyrri hluta ársins 2002 og á bilinu -8,7% til 10,8% hjá Sparisjóðabanka og stærstu sparisjóðum.

Kostnaðarhlutföll fara lækkandi.

Kostnaðarhlutfall, þ.e. rekstrargjöld í hlutfalli af hreinum rekstrartekjum, var lægra á fyrri hluta ársins 2002, eða 62,8%, en á árinu 2001 þegar það var 66,7%, sbr. **mynd 1.** Á árunum 1995–1998 var hlutfallið 66–68% en lækkaði niður í 62% árið 1999 m.a. vegna óvenju mikils gengishagnaðar það ár. Samkvæmt framansögðu hefur lækkun á þessu hlutfalli verið fremur hæg síðustu 5–6 árin. Þess má geta að miðgildi sambærilegra kostnaðarhlutfalla valinna erlendra banka er 54% fyrir árið 2001.[2] Kostnaðarhlutfall fjögurra stærstu bankanna á fyrri hluta ársins 2002 var á bilinu 54%–71% og á bilinu 47%–99% hjá Sparisjóðabanka og stærstu sparisjóðum.

Helstu rekstrarliðir í hlutfalli af heildareignum hjá bönkum og sparisjóðum eru sýndir á **mynd 2.** Ef litið er aftur til ársins 1998 hafa rekstrargjöld sem hlutfall af heildareignum stöðugt farið lækkandi, eða úr 3,7% árið 1998 í 3,0% á fyrri hluta ársins 2002. Þá lækkuðu hreinar vaxtatekjur úr 3,1% árið 1998 í 2,6% á fyrra hluta árs 2002. Aðrar rekstrartekjur í hlutfalli af heildareignum náðu hámarki árið 1999 eða 2,6%, lækkuðu svo næstu árin en hækkuðu svo og námu 2,1% á fyrri hluta ársins 2002. Afskriftaframlög voru 0,66% árið 1998, 0,60% árið 1999, 0,54% árið 2000, hækkuðu upp í 0,80% árið 2001 og námu 0,77% á fyrri hluta ársins 2002.

Mynd 2.
Helstu rekstrarliðir í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings hjá bönkum og sparisjóðum



[2] Þessar stofnanir eru Jyske Bank í Danmörku, SEB í Svíþjóð, DnB í Noregi, Sampo í Finnlandi, HVB í Þýskalandi, og Bank of Ireland.

Aukin útlánahætta.

Eins og sést á **mynd 3** námu heildarvanskil[3] einstaklinga og fyrirtækja við innlánsstofnanir í lok júní sl. 25,6 ma.kr. eða 3,5% af útlánum. Í árslok 2000 námu heildarvanskil 13,3 ma.kr. eða 2,1% af útlánum.

Hlutfallslega hafa vanskil einstaklinga verið hærri en vanskil fyrirtækja. Þannig námu vanskil einstaklinga í lok júní sl. 10,5 ma.kr. eða 5,8% af útlánum til einstaklinga en vanskil fyrirtækja námu 15,1 ma.kr. eða 2,7% af útlánum til fyrirtækja. Í lok árs 2000 námu vanskil einstaklinga 5,8 ma.kr. eða 3,3% af útlánum til einstaklinga. Á sama tíma voru vanskil fyrirtækja 7,5 ma.kr. eða 1,7% af útlánum til fyrirtækja. Vanskil heimila eru sérstakt áhyggjuefni vegna hárrar skuldastöðu heimilanna í hlutfalli af ráðstöfunartekjum.

Mynd 3.



Síðustu missiri hafa óvaxtaberandi útlán[4] í hlutfalli af útlánum hjá bönkum og sparisjóðum aukist, sbr. **mynd 4**. Þannig nam hlutfall óvaxtaberandi útlána af útlánum banka og sparisjóða 2,8% í lok júní sl., 1,9% í lok 2001 og 1,6% í lok 2000. Fullnustueignir hafa ekki aukist í samræmi við aukningu óvaxtaberandi útlána. Aukning óvaxtaberandi útlána sýnir að útlánaáhætta lánastofnana hefur aukist sem líklegt er að leiði til aukinna útlánaafskrifta.

[3] Með vanskilum er hér átt við vanskil sem staðið hafa lengur en einn mánuð. Kaupþing banki hf. er innifalinn í tölum m.v. lok mars 2002 og síðar.

[4] Óvaxtaberandi útlán að frádregnum sérstökum afskriftum. Fullnustueignir eru ekki meðtaldar í fjárhæð óvaxtaberandi útlána.

Mynd 4.



Samanlagt framlag í afskriftareikning hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum nam 4,2 ma.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2002 samanborið við 3,2 ma.kr. afskriftaframlag á fyrri hluta árs 2001. Aukning milli tímabila er um 1 ma.kr. eða 31%. Aukið afskriftaframlag helst í hendur við aukin vanskil og aukningu óvaxtaberandi lána.

Aukin vanskil, aukning óvaxtaberandi útlána og auknar afskriftir gefa til kynna að gæði útlána lánastofnana hafi rýrnað sem auka líkur á vaxandi útlánatöpum næstu missirin.

Athyglisvert er að skoða **mynd 5** sem sýnir tólf mánaða raunaukningu meðalútlána (meðalútlán leiðrétt fyrir áhrifum verðlagsbreytinga) og afskriftir í hlutfalli af meðalútlánum. Ef litið er á þróunina síðastliðin fimm ár sést að árin 1997–2001 var tólf mánaða raunaukning meðalútlána á bilinu 10–20%. Undanfarna mánuði hafa útlán lánastofnana dregist saman og er áætlað að tólf mánaða raunsamdráttur meðalútlána verði um 4% á árinu 2002. Árið 1992 náðu afskriftir í hlutfalli af meðalútlánum hámarki í 4,2%. Árin 1992–2000 lækkuðu afskriftirnar og náðu lágmarki í 0,85% af meðalútlánum. Síðustu missiri hefur hlutfallið hækkað á nýjan leik og eru afskriftir í hlutfalli af meðalútlánum áætlaðar um 1,7% á árinu 2002. Ætla má að framvinda efnahagsmála ráði miklu um afskriftaþörf næstu missirin.

Mynd 5.

Afskriftir í hlutfalli af meðalútlánum og tólf mánaða raunaukning meðalútlána



Útlánavöxturinn fram til 2001 var að miklu leyti fjármagnaður með erlendum lántökum en í minna mæli með innlánum eða innlendri verðbréfaútgáfu. Á **mynd 6** er sýnd þróun í nettó skuldum helstu lánastofnana við erlenda aðila á síðustu missirum. Þar kemur fram að hrein erlend staða bankanna var í hámarki á miðju ári 2001 en hefur farið lækkandi fram til miðs árs 2002 m.a. vegna hækkunar á gengi krónunnar. Mótvægi við þessi erlendu lán eru í meginatriðum gengisbundin lán til innlendra lánþega sem í mismunandi miklum mæli hafa tekjur í samsvarandi gjaldmiðlum en í því felst óbein útlánaáhætta fyrir bankana.

Mynd 6
Nettó skuldir banka við erlenda aðila í ma.kr



Stöðuaukning í markaðsverðbréfum.

Hluti eigna lánastofnana er bundinn í markaðsverðbréfum sem háð eru sveiflum á gengi á markaði. Eins og **mynd 7** sýnir var nettó skuldabréfaeign[5] viðskiptabanka og sparisjóða 73 ma.kr. í lok júní sl. samanborið við 62,1 ma.kr. nettó skuldabréfaeign í lok júní 2001. Nettó skuldabréfaeign viðskiptabanka og sparisjóða jókst því um 10,9 ma.kr. eða 17,6%. Nettó hlutabréfaeign[6] í lok júní sl. nam 53,8 ma.kr. samanborið við 44,4 ma.kr. eign í lok júní 2001 sem er aukning um 9,4 ma.kr. eða 21,2%. Á tímabilinu jukust heildareignir viðskiptabanka og sparisjóða um 6% og lögbundið eigið fé um 8,8%.

Skulda- og hlutabréfaeign í hlutfalli af lögbundnu eigin fé jókst milli tímabila. Þannig nam skuldabréfaeign nettó í hlutfalli af lögbundnu eigin fé 81% í lok júní sl. samanborið við 75% í lok júní 2001. Hlutabréf í hlutfalli af lögbundnu eigin fé námu 60% í lok júní sl. samanborið við 54% í lok júní 2001. Framangreindar tölur sýna að aukning hefur orðið á markaðsáhættu lánastofnana.

[5] Skuldabréfaeign að frádregnum framvirkum samningum og skiptasamningum á móti skuldabréfaeign.
[6] Hlutabréfaeign að frádregnum framvirkum samningum og skiptasamningum á móti hlutabréfaeign.

Mynd 7.



Viðhalda þarf núverandi eiginfjárstöðu.

Eigið fé samkvæmt lögum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum[7] nam 102,1 ma.kr. í lok júní sl., 94 ma.kr. um sl. áramót og 84,6 ma.kr. í lok júní 2001. Hækkunin frá júní 2001 til júní 2002 nam 17,5 ma.kr. eða 21%.

Í lok júní sl. höfðu viðskiptabankar og sparisjóðir gefið út víkjandi skuldabréf, sem teljast til eiginfjárþáttar B og C við útreikning á eiginfjárhlutfalli, fyrir samtals 25,2 ma.kr. Fjárhæð víkjandi skuldabréfa sem teljast til eiginfjárþáttar B og C nam 27,1 ma.kr. um sl. áramót og 28,1 ma.kr. í lok júní 2001.

Í lok árs 2000 heimilaði Fjármálaeftirlitið lánastofnunum útgáfu víkjandi skuldabréfa sem teljast til eiginfjárþáttar A við útreikning á eiginfjárhlutfalli, en þetta var gert á grundvelli nýrrar reglugerðar viðskiptaráðuneytisins. Í lok júní sl. nam fjárhæð víkjandi skuldabréfa sem teljast til eiginfjárþáttar A 6,1 ma.kr., 6,3 ma.kr. um sl. áramót og 5,5 ma.kr. í lok júní 2001.

Samkvæmt þeim reglum sem gilda um víkjandi lántökur eru ýmsar takmarkanir á því að hve miklu leyti þær mega reiknast með í eiginfjárútreikningi í hlutfalli við hefðbundið eigið fé. Í lok júní 2002 höfðu margar lánastofnanir nær fullnýtt heimildir sínar til töku víkjandi lána sem teljast til eiginfjárþáttar A. Svigrúm til töku víkjandi lána B og C var meira.

Samanlagður áhættugrunnur viðskiptabanka og sparisjóða nam 825,7 ma.kr. í lok júní sl., 826,5 ma.kr. um sl. áramót og 766,1 ma.kr. í lok júní 2001. Hækkunin frá júní 2001 til júní 2002 nam 59,6 ma.kr. eða 7,8% en á fyrri hluta ársins 2002 varð lítils háttar samdráttur.

Eins og **mynd 8** ber með sér voru eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna milli 9 og 10% árin 1995–2000 en eiginfjárhlutföll án víkjandi lána B og C lækkuðu jafnt og þétt. Árið 2001 hækkuðu eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna en á fyrri hluta 2002 hafa eiginfjárhlutföllin lækkað um 0,5% frá áramótum og námu 10,8% og 7,6% án víkjandi lána B og C. Frá árinu

[7] Íslandsbanka, Landsbanka, Búnaðarbanka, Kaupþingi banka og sex stærstu sparisjóðum.

1995 lækkuðu eiginfjárhlutföll sparisjóðanna úr rúmlega 14% í 10,5% og 7,1% án víkjandi lána B og C miðað við lok júní 2000. Frá miðju ári 2000 til miðs árs 2001 hækkuðu hlutföllin í 13% og 9,7% án víkjandi lána B og C. Undanfarin tvö missiri hafa eiginfjárhlutföll sparisjóðanna lækkað á ný og námu í lok júní sl. 11,9% og 9,1% án víkjandi lána B og C.

Síðustu ár hefur Fjármálaeftirlitið varað við hugsanlegum afleiðingum lágra eiginfjárhlutfalla. Ljóst er að eiginfjárhlutföll viðskiptabanka og sparisjóða hafa hækkað frá lágmarki fyrri ára. Að mati Fjármálaeftirlitsins þurfa viðskiptabankar og sparisjóðir að lágmarki að viðhalda núverandi eiginfjárstöðu með hliðsjón af því að líkur eru á vaxandi útlánatöpum á næstu missirum.

Mynd 8.



2.2 Verðbréfamarkaður.

Velta á verðbréfamarkaði eykst.

Heildarvelta hluta- og skuldabréfa í Kauphöll Íslands hefur farið vaxandi allt frá öðrum ársfjórðungi 2000, en þá var heildarveltan 91 m.a.kr. Fór heildarveltan hægt vaxandi frá þeim tíma og tók síðan stökk á fjórða ársfjórðungi 2001 og var þá 228 ma.kr. og hélt áfram að vaxa fram á árið 2002. Viðskipti með skuldabréf eiga stóran þátt í þessum vexti, en þar hefur verið stöðug veltuaukning allt frá öðrum ársfjórðungi 2000, sbr. **mynd 9,** að undanteknum fjórða ársfjórðungi 2000 og fyrsta ársfjórðungi 2002, en þar varð örlítill samdráttur. Viðskipti með hlutabréf hafa hins vegar farið vaxandi frá þriðja ársfjórðungi 2001.

Mynd 9. Heildarviðskipti með skulda- og hlutabréf
Velta (m.kr.) á verðlagi hvers árs og fjöldi viðskipta (þús.)



Hækkun einstakra viðskipta.

Almenn niðursveifla hefur verið á verðbréfamörkuðum um allan heim og hafa atburðir frá 11. september 2001 svo og bókhaldshneyksli dýpkað niðursveifluna. Niðursveifla varð einnig á íslenskum verðbréfamarkaði. Sveiflan virðist þó hvorki hafa orðið jafndjúp né verið jafnlangvinn og á stærstu mörkuðum erlendis, en segja má að uppsveifla hafi verið hér stöðug síðan á þriðja ársfjórðungi 2001. Mikil viðskipti hafa átt sér stað á skuldabréfamarkaði allt frá áramótum 2001, en aðeins hefur dregið úr viðskiptum nú á árinu 2002, sbr. **mynd 9.** Það er athyglisvert að meðalfjárhæð hverra viðskipta með skuldabréf hefur farið hækkandi með hverjum ársfjórðungi. Almenna reglan er sú að þegar vöxtur er á hlutabréfamarki er samdráttur á skuldabréfamarkaði og öfugt. Þessi fylgni virðist ekki eiga sér stað hér.

Þegar litið er á **mynd 10** sést að heildarvelta utanþingsviðskipta með skuldabréf hefur aukist á þessu tímabili á meðan heildavelta þingviðskipta hefur hins vegar dregist saman á árinu 2002. Sé litið á fjölda utanþingsviðskipta miðað við veltu sést að hver einstök viðskipti verða stærri.

Viðskipti með hlutabréf urðu einnig fjörlegri á sama tímabili, þ.e. frá og með fjórða ársfjórðungi 2001 eftir nokkuð stöðuga niðursveiflu, sbr. **mynd 11.** Velta utanþingsviðskipta með hlutabréf hefur hækkað hlutfallslega meira á þessu tímabili en velta þingviðskipta og hver einstök utanþingsviðskipti því hærri að sama skapi. Ein ástæða þessarar hækkunar er sú að töluvert hefur verið um kaup á fyrirtækjum og yfirtökur á síðustu missirum. Greiðslumáti slíkra viðskipta hefur gjarnan verið á þann hátt að greitt hefur verið með hlutabréfum í yfirtökufyrirtækinu og fara þau viðskipti fram utanþings.

Mynd 10. Heildarviðskipti með skuldabréf
Velta (m.kr.) á verðlagi hvers árs og fjöldi viðskipta (þús.)



Mynd 11. Heildarviðskipti með hlutabréf
Velta (m.kr.) á verðlagi hvers árs og fjöldi viðskipta (þús.)



Hlutabréfavísitölur á uppleið.

Hlutabréfavísitölur á Íslandi hækkuðu nokkuð stöðugt lengi vel og náðu hámarki sínu á fyrsta ársfjórðungi ársins 2000, sbr. **mynd 12.** Heildarvísitala aðallista náði þá tæpum 1.800 stigum en ICEX-15 tæpum 1.900 stigum. Eftir það fóru vísitölurnar lækkandi og voru í lágmarki á þriðja ársfjórðungi 2001 en þá var heildarvísitala aðallista um 1.000 stig en ICEX-15 fór undir 1.000 stiga múrinn. Frá þeim tíma hafa þessar vísitölur farið hækkandi og eru yfir 1.300 stig miðað við 3. ársfjórðung 2002. Heildarvísitala aðallista hefur þó hækkað meira en ICEX-15 fyrstu þrjá ársfjórðunga þessa árs, eða um 15,9% á móti 12,3%. Þessi uppsveifla íslenskra hlutabréfavísitalna er athyglisverð sé litið til stærstu verðbréfamarkaða erlendis, en þar er ekki að sjá sambærilega uppsveiflu þar sem hlutabréfavísitölur hafa farið lækkandi það sem af er ári.

Mynd 12. Heildarvísitala Aðallista og ICEX-15



Skráðum fyrirtækjum í kauphöll fækkar.

Allt frá árinu 1992 til ársins 1999 fór skráðum félögum fjölgandi í kauphöllinni, eða úr 11 félögum í 75, sbr. **mynd 13.** Talan var óbreytt árið 2000 en lækkaði síðan og var 71 félag skráð í kauphöll árið 2001. Í lok september 2002 hafði skráðum fyrirtækjum fækkað í 66. Aðeins eitt nýtt félag (Vátryggingafélag Íslands hf.) hefur verið skráð á árinu, en 6 verið afskráð (Húsasmiðjan hf., Keflavíkurverktakar hf., Loðnuvinnslan hf., Skagstrendingur hf., Talenta Hátækni hf., Útgerðarfélag Akureyringa hf.) miðað við lok þriðja ársfjórðungs 2002. Tvö fyrirtæki til viðbótar hafa verið afskráð nú í byrjun október (Delta hf., Þróunarfélag Íslands hf.). Samþjöppun hefur verið mikil í lyfjaiðnaði og sjávarútvegi og er útlit fyrir enn frekari hagræðingu í sjávarútvegi. Hlutabréfasjóðir hafa einnig tilkynnt um breytingar, en þegar hefur verið sagt frá viðræðum tveggja hlutabréfasjóða um samruna við önnur félög. Aðeins eitt fyrirtæki hefur tilkynnt opinberlega um að það komi til með að sækja um skráningu í kauphöll fyrir áramót. Útlit er því fyrir enn meiri fækkun skráðra félaga það sem eftir

lifir árs, en þegar er vitað um nokkur félög sem koma til með að verða afskráð á fjórða ársfjórðungi. Ástæður áðurnefndra afskráninga eru tvíþættar, annars vegar hafa félög verið afskráð vegna samruna við önnur fyrirtæki sem einnig eru skráð í kauphöll og hins vegar vegna þess að þau uppfylltu ekki lengur skilyrði um dreifða eignaraðild. Þegar litið er á þau félög sem hafa þegar verið afskráð er það sameiginlegt með þeim að velta með bréf þeirra hefur verið lítil. Þessi þróun er því jákvæð fyrir verðbréfamarkaðinn, en þau fyrirtæki sem eftir eru styrkjast og seljanleiki hlutabréfa þeirra eykst sem aftur dregur úr áhættu fjárfesta.

Mynd 13. Fjöldi skráðra félaga í Kauphöll Íslands



2.3 Lífeyrismarkaður.

Neikvæð raunávöxtun á árinu 2001.

Hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris í árslok 2001 nam 644,8 ma.kr. Raunaukning hreinnar eignar á árinu 2001 var um 5% sem er sama aukning og árið áður. Iðgjaldagreiðslur fóru úr 49,7 á árinu 2000 í 62,7 ma.kr. á árinu 2001 og lífeyrisgreiðslur úr 18,9 ma.kr. í 22,2 ma.kr., þ.e. nettó aukning inngreiðslna var 9,7 ma.kr. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2001 var neikvæð um 1,9%. Á **mynd 14** má sjá hreina raunávöxtun á árunum 1991–2001 og sker hrein raunávöxtun áranna 2000 og 2001 sig úr. Síðustu 10 árin hefur meðaltal hreinnar raunávöxtunar verið 5,9%. Breytt eignasamsetning lífeyrissjóða, þ.e. aukning hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða, mun leiða til meiri sveiflna í ávöxtun í framtíðinni.

Mynd 14.



Í samanburði við aðrar hagstærðir voru eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 86% af vergri landsframleiðslu (VLF) í lok árs 2001 og höfðu vaxið úr 39% árið 1990. Eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af skuldum lánakerfisins jukust úr 26% á árinu 1991 í 34% á árinu 2001, sbr. **mynd 15.**

Mynd 15.



Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Í lögum um lífeyrissjóði eru ákvæði um fjárfestingar lífeyrissjóða, sem miða að dreifingu eigna á ýmsa flokka verðbréfa auk þess sem kveðið er á um að tillit skuli tekið til áhættu jafnt og ávöxtunar í fjárfestingarákvörðunum. Frá árslokum 2000 hafa fjárfestingar lífeyrissjóða og flokkun þeirra verið til sérstakrar athugunar. Fjárfestingar flestra lífeyrissjóða eru í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðalaganna. Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins í þeim athugunum sem gerðar hafa verið varða fjárfestingar umfram heimildir í óskráðum verðbréfum eftir gildistöku lífeyrissjóðalaganna.

Litlar breytingar á eignasamsetningu.

Í árslok 2001 var hlutfall óskráðra verðbréfa 9% af hreinni eign lífeyrissjóða en í árslok 2000 var hlutfallið 10%, sjá **mynd 16.** Þrátt fyrir að heildarhlutfall óskráðra verðbréfa sé undir hámarksheimildum voru 23 lífeyrissjóðir af 54 með yfir 10% í óskráðum verðbréfum í árslok 2001. Þann 30. júní sl. hafði þeim fækkað í 21.

Mynd 16.



Hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna í heild í árslok 2001, bein eign og eign í gegnum verðbréfasjóði, var 192 ma.kr. eða 30% af hreinni eign til greiðslu lífeyris en í árslok 2000 var hún 181 ma.kr. eða 32% af eignum, sjá **mynd 17.** Í árslok 2001 var hlutfall hlutabréfa af hreinni eign lífeyrissjóða/deilda á bilinu 0%–49% en hæsta leyfilega hlutfall er 50%. Þann 30. júní sl. var hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna í heild komin í 27,7% af eignum. Á **mynd 17** má sjá að nánast enginn munur var þann 30. júní sl. á hlutfalli hlutabréfa í safni sjóða með ábyrgð og sjóða án ábyrgðar en munurinn var mikill á árunum 1999 og 2000.

Mynd 17.



Gengisbundnar eignir lífeyrissjóða fóru úr 23% í árslok 2000 í 22% í árslok 2001. Samkvæmt heimildum í lífeyrissjóðalögunum er leyfilegt að vera með allt að 50% af eignum í erlendum gjaldmiðlum. Enginn sjóður var nálægt því hámarki en sjö sjóðir/deildir voru með yfir 30% eigna sinna í erlendum myntum og var hæsta hlutfallið 39%. Þann 30. júní sl. var hlutfall gengisbundinna eigna lífeyrissjóða komið í 18%, sbr. **mynd 18,** og er munur á hlutfalli gengisbundinna eigna hjá sjóðum með ábyrgð og sjóðum án ábyrgðar nánast enginn sem er mikil breyting frá árinu 1999.

Mynd 18.



Fjárhagsstaða lífeyrissjóða.

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum telst sjóður vera í jafnvægi sé mismunur á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirtum framtíðariðgjöldum og heildarlífeyrisskuldbindinga ekki meiri en 10% eða 5% fimm ár í röð.

Í árslok 2001 voru 27 samtryggingadeildir af 45 án ábyrgðar reknar með halla, þar af voru tvær reknar með meira en 10% halla og 9 deildir voru með halla á bilinu 5–10%. Átján deildir voru reknar með afgangi þar af einn með meira en 10%. Leiði árleg úttekt tryggingastærðfræðings í ljós að lífeyrissjóður sé ekki í jafnvægi ber að breyta samþykktum hans þannig að jafnvægi náist. Í árslok 2002 eru fimm ár liðin frá því að lög um lífeyrissjóði tóku gildi og þá fyrst mun reyna á ákvæði laganna um að sjóðir sem reknir eru með mismun á bilinu 5%–10% samfellt í fimm ár þurfi að gera breytingar á samþykktum sínum.

Samtryggingadeildir þeirra lífeyrissjóða sem hafa bakábyrgð ríkis, sveitarfélaga eða banka á skuldbindingum eru undanskildar ákvæðum laga um fulla sjóðsöfnun. Þessir sjóðir taka ekki við nýjum sjóðfélögum utan tveggja sem hafa nýtt sér heimild í lögum til að stofna nýjar deildir sem byggjast á fullri sjóðsöfnun. Fjárhagsstaða lífeyrissjóða með bakábyrgð er í flestum tilfellum slæm, en lokun þeirra hefur í för með sér að hraðar gengur á eignir þó dregið sé úr aukningu heildarskuldbindinga til lengri tíma litið. Um er að ræða samtals 17 samtryggingadeildir og eru 15 þeirra reknar með halla á bilinu 4%–96%, hinar tvær eru reknar í jafnvægi.

Lífeyrisbyrði lífeyrissjóða er mælikvarði sem nota má til að álykta um stöðu og framtíðarhorfur lífeyrissjóða en lífeyrisbyrði er lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum. Lífeyrisbyrði hækkar almennt eftir því sem sjóðirnir eldast og há lífeyrisbyrði gefur til kynna að

hraðar gengur á eignir sjóðsins. Þannig er lífeyrisbyrði lífeyrissjóða án bakábyrgðar á bilinu 0%–180%. Hins vegar er lífeyrisbyrði lífeyrissjóða með bakábyrgð á bilinu 0,3%– 170%. Lífeyrisbyrði lífeyrissjóða í heild er um 35%.

Aukin fjölbreytni í lífeyriskerfum.

Þann 1. júlí 2002 voru starfandi lífeyrissjóðir alls 52 en þar af taka 11 þeirra ekki lengur við iðgjöldum og eru fullstarfandi sjóðir því 41. Af 52 (41) lífeyrissjóðum teljast 38 (28) vera lífeyrissjóðir án ábyrgðar annarra, 14 (13) lífeyrissjóðir með ábyrgð annarra.

Töluvert margir lífeyrissjóðir starfa í fleiri en einni samtryggingadeild vegna mismunandi réttindakerfa og 21 lífeyrissjóður er með séreignardeild. Samtryggingadeildir og séreignarleiðir eru samtals 103.

Mynd 19.



Skipting heildareigna lífeyrissjóða í lok árs 2001 eftir lífeyriskerfum er eftirfarandi, stigakerfi 443,6 ma.kr. (68,8%), hlutfallskerfi 127,7 ma.kr. (19,8%), aldurstengt kerfi 30,6 ma.kr. (4,7%) og séreignarsparnaður 42,8 ma.kr. (6,6%). Skipting heildareigna lífeyrissjóða milli kerfa er lítið breytt frá árslokum 1999, sjá **mynd 19,** helsta breytingin sem átt hefur sér stað er hækkun eigna í aldursháðu kerfi og hlutfallskerfi um tæp 5% á kostnað eigna í hefðbundnu stigakerfi. Hækkun eigna í hlutfallskerfi má nánast alfarið rekja til innborgana í B-deild LSR. Séreign er enn mjög lítill hluti af heildareignum sjóðanna.

Viðbótartryggingavernd og séreignarlífeyrissparnaður.

Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar eru nú 50 talsins, þ.e. 22 lífeyrissjóðir, 4 bankar, 20 sparisjóðir, 3 líftryggingafélög og 1 verðbréfafyrirtæki.

Lífeyrissparnaður hefur aukist stöðugt undanfarin ár samkvæmt upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið hefur safnað saman frá vörsluaðilum lífeyrissparnaðar. Eignir séreignardeilda lífeyrissjóða, að undanskildum þeim 7 sjóðum sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fram að gildistöku laga nr. 129/1997 þann 1. júlí 1998, voru 1,0 ma.kr. í árslok 1999, 1,9 ma.kr. í árslok 2000 og 3,4 ma.kr. í árslok 2001. Lífeyrissparnaður í vörslu annarra en lífeyrissjóða var 0,6 ma.kr. í árslok 1999, 2,0 ma.kr. í árslok 2000 og 5,5 ma.kr. í árslok 2001. Þannig var

lífeyrissparnaður í vörslu annarra en lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 8,9 ma.kr. í árslok 2001. Á **mynd 20** er sýnd nánari sundurliðun á lífeyrissparnaði eftir vörsluaðilum og þróunin síðustu þrjú árin.

Heildarséreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila var 30,6 ma.kr. í árslok 1999, 37 ma.kr. í árslok 2000 og 48,3 ma.kr. í árslok 2001. Stærstur hluti lífeyrisréttinda í séreign tengist því þeim sjö lífeyrissjóðum sem voru hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997.

Lífeyrisréttindi í séreign geta sprottið af viðbótariðgjaldi umfram lögbundið 10% iðgjald annars vegar og af 10% lögbundnu iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar hins vegar. Séreign sem sprettur af 10% lögbundnu iðgjaldi skiptist í séreign til lágmarkstryggingaverndar og séreign til viðbótartryggingaverndar. Sjö lífeyrissjóðir nýta sér heimildir í lögum til að skilgreina lágmarkstryggingavernd lægri en 10% og bjóða upp á lágmarkstryggingavernd sem er samþætting séreignar og sameignar. Sjóðfélagi getur óskað eftir að sá hluti lögbundins lágmarksiðgjalds sem skilgreindur er sem séreign sé ráðstafað til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar honum að kostnaðarlausu.

Mynd 20.



Hrein eign lífeyrissjóðanna var 644,8 ma.kr. í árslok 2001 og lífeyrissparnaður í vörslu annarra en lífeyrissjóða 5,5 ma.kr. Þannig var lífeyrissparnaður í séreign og sameign 650,3 ma.kr. í árslok 2001. Lífeyrissparnaður í vörslu annarra en lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 var því 1,4% af heildareignum líf-

eyrissjóða og annarra vörsluaðila en heildarséreignarsparnaður í vörslu allra lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila 7,5%.

2.4 Vátryggingamarkaður.

Aukinn hagnaður vátryggingafélaga.

Árið 2001 einkenndist af betri afkomu vátryggingafélaga heldur en verið hefur á undanförnum árum. Má meðal annars rekja það til lítillar aukningar á eigin tjónum félaganna samanborið við eigin iðgjöld, en eigin tjón vátryggingafélaga hækkuðu mikið á árunum 1999 og 2000.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir starfsemi íslenskra vátryggingafélaga eins og hún birtist í ársreikningum fyrir reikningsárið 2001. Allar fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 2001. Breytingar fjárhæða milli ára verða því breytingar umfram verðlagsbreytingar. Viðlagatrygging Íslands starfar samkvæmt sérlögum, hefur afmarkað hlutverk og er því sleppt í umfjöllun um rekstur vátryggingafélaga hér á eftir. Iðgjöld Viðlagatryggingar voru 721 m.kr. á árinu 2001, en tjón námu 161 m.kr. Á árinu 2000 námu tjón Viðlagatryggingar hins vegar 2,6 ma.kr.

Samanlagður hagnaður vátryggingafélaganna[8] var 2,7 ma.kr. á árinu 2001 og jókst um 71%. **Mynd 21** sýnir hvernig hagnaður hefur þróast frá 1997:



[8] Þessar tölur eru samanlagðar tölur allra vátryggingafélaganna. Ekki er tekið tillit til þess að vátryggingafélög eiga eignarhluti í öðrum vátryggingafélögum, sem verður til þess að hagnaður er tvítalinn að hluta.

Í rekstrarreikningi er fjárfestingartekjum skipt á vátryggingarekstur og fjármálastarfsemi og síðan reiknaður hagnaður af hvorum hluta starfseminnar um sig. Þessi skipting hefur hvorki áhrif á fjárfestingartekjur í heild né niðurstöðutölu rekstrarreikningsins, hagnaðinn. Hagnaður af vátryggingarekstri hafði minnkað ár frá ári síðan þessi reikniaðferð var fyrst notuð við reikningsskil fyrir árið 1996 en hagnaður af fjármálarekstri aukist á móti. Á árinu 2001 varð hins vegar sú breyting að hagnaður af vátryggingarekstri varð sá mesti síðan 1996, en hagnaður af fjármálarekstri dróst saman frá árinu áður. Almennt má þó segja að töluverður hagnaður hafi verið á öllum sviðum starfseminnar.

Mynd 22 sýnir hvernig hagnaður af helstu þáttum starfseminnar hefur skipst frá árinu 1997:

Hagnaður af helstu þáttum í starfi vátryggingafélaga á verðlagi 2001



	Af skaðatryggingarekstri	Af fjármálarekstri	Af líftryggingarekstri
1997	605	1.058	72
1998	492	1.479	108
1999	217	1.770	163
2000	-220	2.688	80
2001	734	1.831	524

Tjónagreiðslur vátryggingafélaga lækka – iðgjöld hækka.

Iðgjaldatekjur skaðatryggingafélaganna héldu áfram að hækka á árinu 2001. Iðgjaldatekjur ársins hækkuðu um 9% umfram verðlagsbreytingar frá fyrra ári, eða um 1,6 ma.kr. og námu 19,9 ma.kr. Sé eingöngu horft á ökutækjatryggingar var hækkunin 1,9 ma.kr. Einnig hækkuðu iðgjöld lítillega í öðrum greinum frumtrygginga, en á móti kom veruleg lækkun iðgjalda í endurtryggingum. Iðgjöld í innlendum endurtryggingum lækkuðu um 800 m.kr., eða 71%.

Tjón ársins lækkuðu hins vegar frá fyrra ári um 8%, eða um 1,6 ma.kr. Mestu munar um að tjón í eignatryggingum drógust saman um tæpar 800 m.kr. Einnig lækkuðu tjón í lögboðnum ökutækjatryggingum um 460 m.kr., en eru þó enn sem fyrr hærri en iðgjöld ársins í sömu grein. Tjón í innlendum endurtryggingum lækkuðu um tæpar 600 m.kr. Þegar hlutur endurtryggjenda í iðgjöldum og tjónum hefur verið dreginn frá standa eftir eigin iðgjöld ársins að fjárhæð 16,7 ma.kr. og eigin tjón að fjárhæð 16,2 ma.kr.

Mynd 23 sýnir þróun í iðgjöldum og tjónum í skaðatryggingum síðan 1997, annars vegar þróun heildarfjárhæða og hins vegar iðgjöld og tjón í eigin hlut. Þrátt fyrir lækkun tjóna í

heild á árinu 2001 hafa tjón í eigin hlut hækkað. Ástæðan er að á árinu á undan urðu stærri tjón sem voru að stærri hluta bætt af endurtryggjendum félaganna.

Mynd 23.



Auk iðgjalda og tjóna hafa rekstrarkostnaður, fjárfestingartekjur og breyting á útjöfnunarskuld mikil áhrif á afkomu vátryggingastarfseminnar. Rekstrarkostnaður var 3,5 ma.kr. og hefur hækkað jafnt og þétt síðustu ár. Í heildina var lagt í útjöfnunarskuld á árinu, samtals um 269 m.kr. Á árinu var farið fram á við vátryggingafélögin að þau settu sér reglur um ákvörðun um breytingu á útjöfnunarskuld. Einungis þau félög sem sett hafa sér reglur og fengið þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu hafa heimild til að leggja í útjöfnunarskuld.

Einstakir greinaflokkar skaðatrygginga.

Mynd 24 sýnir hvernig tjón ársins skiptast eftir greinaflokkum og samanburð við fyrra ár. Tjón í eignatryggingum lækkuðu um tæpar 800 m.kr. frá fyrra ári, eða um 19%. Endurtryggingastarfsemi íslenskra vátryggingafélaga hefur dregist verulega saman þar sem stærsta endurtryggingafélagið, Íslensk endurtrygging hf., hefur hætt að taka að sér nýjar tryggingar. Umfang ábyrgðartrygginga og slysa- og sjúkratrygginga hefur aukist jafnt og þétt á milli ára mælt bæði í iðgjöldum og tjónum.

Í lögboðnum ökutækjatryggingum lækkuðu tjón um tæpar 500 m.kr. eða 5% og námu um 8,4 ma.kr., eða 46% af öllum frumtryggingatjónum félaganna. Tjónagreiðslur skiptust þannig að tjónaskuld hækkaði um 2,5 ma.kr. en bókfærð tjón námu 5,9 ma.kr. Árið 2000 voru tjónin á verðlagi þess árs 8,3 ma.kr. en skiptust þannig að hækkun á tjónaskuld nam 2,7 ma.kr. en bókfærð tjón 5,6 ma.kr.

Tjón í lögboðnum ökutækjatryggingum voru 513 m.kr. umfram iðgjöld, eða 7%. Í allri vátryggingastarfsemi voru þó iðgjöld umfram tjón um 1,56 ma.kr. og þar af voru iðgjöld í frjálsum ökutækjatryggingum tæpum 1 ma.kr. umfram tjón, eða 51%.

Mynd 24.



	Eignatryggingar	Sjó- flug og farmtryggingar	Lögboðnar ökutækjatryggingar	Aðrar ökutækjatryggingar	Ábyrgðartryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Innlendar endurtryggingar
2000	4.257	1.419	8.826	2.174	1.185	1.204	767
2001	3.468	1.392	8.367	1.895	1.352	1.559	180

Mynd 25 sýnir hvernig iðgjöld ársins hafa þróast í helstu greinaflokkum skaðatrygginga. Jafnframt sést innbyrðis vægi einstakra greinaflokka í iðgjaldatekjum.

Frumtryggingaiðgjöld ársins 2001 voru samtals 19,6 ma.kr. en samsvarandi tjón 18,0 ma.kr. Í endurtryggingum sem íslensk vátryggingafélög tóku að sér voru iðgjöld tæplega 320 m.kr., en tjón 356 m.kr.

Í lögboðnum ökutækjatryggingum hækkuðu iðgjaldatekjur um 1,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 25%. Iðgjöld ökutækjatrygginga voru hækkuð á miðju ári 2000 og var því hluti þeirrar hækkunar að koma fram á árinu 2001. Hlutur lögboðinna ökutækjatrygginga var 40% af heildariðgjöldum frumtrygginga, og hefur hækkað úr 37% árið 2000. Hlutur ökutækjatrygginga í heild var 55% af samanlögðum frumtryggingaiðgjöldum á árinu 2001 og hefur einnig aukist jafnt og þétt á undanförnum árum.

Mynd 25.



Vöxtur í líftryggingastarfsemi.

Síðustu ár hafa bókfærð iðgjöld líftryggingafélaga aukist jafnt og þétt. Á föstu verðlagi jukust iðgjöldin um 353 m.kr. eða 23%. Bókfærð iðgjöld voru 1,9 ma.kr. á árinu 2001. Vöxtur í líftryggingum með fjárfestingaráhættu líftryggingataka hélt áfram og umfang þessa þáttar nærri tvöfaldaðist á sama ári.

Mynd 26 sýnir þróun bókfærðra iðgjalda í líftryggingum á árunum 1997–2001. Til viðbótar iðgjöldum sem greidd voru til innlendra líftryggingafélaga voru 516 m.kr. greiddar í iðgjöldum til erlendra líftryggingafélaga í gegnum innlendar vátryggingamiðlanir.

Mynd 26.



Eignir vátryggingafélaga aukast.

Samanlagðar eignir vátryggingafélaga voru 71,0 ma.kr. við lok ársins 2001 og höfðu þá hækkað frá fyrra ári um 7,7 ma.kr. Í samræmi við eðli vátryggingastarfsemi voru fjárfestingar stærsti eignaliður félaganna, 50,9 ma.kr. í árslok 2001. Skuldamegin er vátryggingaskuldin stærst, 48,0 ma.kr. Í grófum dráttum má segja að fjárfestingar og vátryggingaskuld séu nálægt 70% af efnahagsreikningnum.

Mynd 27 sýnir þróun helstu fjárfestingaliða frá 1997. Vöxtur í fjárfestingum var einkum í verðbréfum með breytilegum tekjum, en einnig jukust fjárfestingar í verðbréfum með föstum tekjum. Bílalán drógust saman á árinu 2001.

Mynd 27.

Þróun helstu fjárfestingarliða vátryggingafélaga á verðlagi 2001



	Verðbréf með breytilegum tekjum	Verðbréf með föstum tekjum	Veðlán	Þar af bílalán
1997	7.168	12.068	12.533	9.197
1998	9.870	11.512	14.247	11.406
1999	12.430	10.327	15.622	13.110
2000	16.015	8.745	15.451	13.185
2001	19.625	10.904	13.178	11.154

Víða erlendis hafa eignir vátryggingafélaga lækkað verulega vegna lækkana á flestum hlutabréfamörkuðum. Sú þróun hefur ekki orðið í sama mæli hér á landi enda hafa lækkanir á innlendum hlutabréfum ekki verið jafnmiklar og erlendis og verðbréfaeign vátryggingafélaganna er að mestu í innlendum bréfum. Íslensku vátryggingafélögin færa hlutabréf sín á kaupverði eða markaðsverði, hvort sem lægra reynist, í lok reikningsárs. Í árslok 2001 nam bókfært verð skráðra hlutabréfa þriggja stærstu vátryggingafélaganna um 13,1 m.kr. og markaðsverð um 16,2 m.kr.

Mynd 28 sýnir eigið fé og vátryggingaskuld í heild. Báðir liðir hafa vaxið jafnt og þétt. Hluti eigin fjár er þó tvítalinn vegna eignarhluta sem vátryggingafélög eiga í öðrum vátryggingafélögum.

Tjónaskuldin í heild var 35,5 m.kr., eða þrír fjórðu hlutar vátryggingaskuldarinnar. Hún er helmingur af efnahag vátryggingafélaga. Tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum var 22,6 m.kr., eða um 2/3 af tjónaskuldinni.

Mynd 28.



Mynd 29 sýnir þróun helstu liða eigin vátryggingaskuldar. Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld er færður sem eignaliður í ársreikningum, en hann nam 4,5 m.kr. í árslok 2001. Eigin vátryggingaskuld var því samtals 43,5 m.kr. og hefur aukist um 5,2 m.kr. frá árinu 2000.

Iðgjaldaskuld hækkar í samræmi við aukin umsvif og hærri iðgjöld í ökutækjatryggingum og tjónaskuld hækkar einnig vegna þess að óuppgerð tjón á árinu 2001 eru metin hærri en sem nemur uppgjöri eldri tjóna á árinu. Eins og á fyrri árum stafar hækkun tjónaskuldar að mestu leyti af lögboðnum ökutækjatryggingum, en inni í þeirri tölu eru slysatjón sem hafa langan uppgjörstíma. Aukning tjónaskuldar í þessari grein nemur 2,6 m.kr. Útjöfnunarskuld dregst lítillega saman á föstu verðlagi.

Mynd 29.



	Iðgjaldaskuld	Tjóna- og bótaskuld	Útjöfnunarskuld
1997	5.241	25.513	3.729
1998	5.583	26.321	4.162
1999	6.487	28.133	3.307
2000	7.600	30.246	2.527
2001	8.135	32.425	2.403

3. Áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missiri.

Fjármálaeftirlitið hefur byggt starfsemi sína á skýrum áherslum sem mótaðar eru með hliðsjón af aðstæðum á fjármálamarkaði. Áherslurnar taka ekki meginbreytingum milli ára heldur mynda þær kjölfestu í starfseminni yfir lengra tímabil. Yfirlit yfir starfsemina í 1. kafla hér að framan lýsir að stórum hluta verkefnum sem sett eru á verkáætlun og unnin í samræmi við þessar megináherslur.

3.1 Hlutverk stjórna – áhættustýring og innra eftirlit.

Stuðlað er að því að í hverju fjármálafyrirtæki séu stjórnendur sem til þess eru bærir að búa fyrirtækinu sterkt skipulag, skýra stefnu, skilvirkar innri reglur og verkferla, viðeigandi upplýsingakerfi og innri endurskoðun. Með því er stjórnendunum sjálfum og öðrum starfsmönnum kleift að meta með réttu þá áhættu sem í starfseminni felst og stýra henni í samræmi við styrkleika fyrirtækisins.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:
- Leiðbeinandi tilmæli um innra eftirlit og áhættustýringu fjármálafyrirtækja (1/2002).
- Styrking reglna um mat á afskriftum (51/2002).
- Styrking eftirlits með eiginfjárhlutföllum og gæðum útlána.

Skakkaföll í starfsemi fjármálafyrirtækja má undantekningarlítið rekja til veikleika í stjórnun, áhættustýringu og innra eftirliti. Fjármálaeftirlitið hefur í starfsemi sinni aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar á starfsemi stjórna fjármálafyrirtækja og leiðum sem þeim eru færar til að sinna hlutverki sínu.

Hingað til hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á samskipti við stjórnir fyrirtækja sem eru í erfiðleikum eða gerðar eru alvarlegar athugasemdir við í eftirliti. Á næstu missirum mun Fjármálaeftirlitið leitast við að auka upplýsingamiðlun og samskipti við stjórnir fjármálafyrirtækja almennt. Þannig mun Fjármálaeftirlitið bjóða stjórnarmönnum fjármálafyrirtækja á hverju sviði fjármálamarkaðar til kynningarfunda þar sem fjallað verður um hlutverk stjórna og þau tæki sem þær hafa til að sinna hlutverki sínu. Áhersla verður lögð á að fjalla um þau atriði sem úrskeiðis hafa farið að undanförnu að mati Fjármálaeftirlitsins.

Ástæða er til að huga sérstaklega að því hvernig innra eftirliti er sinnt í fjármálafyrirtækjum. Algengt er að innra eftirlit sé í höndum ytri endurskoðanda samkvæmt sérstökum samningi. Almenn reynsla af þessu gefur tilefni til að hugað sé að frekari aðskilnaði ytri og innri endurskoðunar og mun Fjármálaeftirlitið leita viðræðna við hagsmunaaðila um færar leiðir í þessu efni. Fjármálaeftirlitið hefur enn fremur vakið máls á því að áskilja þurfi í löggjöf um vátryggingafyrirtæki og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að til staðar sé innri endurskoðun sem heyri beint undir stjórn viðkomandi fyrirtækis.

3.2 Starfshættir á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið fylgist með því að starfsemi á fjármálamarkaði sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Í samræmi við þetta leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að fylgjast með starfsháttum á fjármálamarkaði.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:
- Uppbygging markaðsvaktar á verðbréfamarkaði.
- Umræðuskjal vegna tilmæla um greiningar/greiningardeildir.
- Umræðuskjal vegna tilmæla um starfshætti í vátryggingamiðlun.

Fjármálaeftirlitið hefur að undanförnu lagt áherslu á að styrkja markaðsvakt sína og skapa forsendur fyrir skilvirku eftirliti á verðbréfamarkaði. Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið hugað sérstaklega að starfsháttum á vátryggingamarkaði og lífeyrismarkaði.

Fjármálaeftirlitið telur að huga þurfi sérstaklega að starfsháttum á fjármálamarkaði í tengslum við eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Miklar breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja undanfarna mánuði og fengin reynsla gefur Fjármálaeftirlitinu tilefni til að huga sérstaklega að því hvernig staðið er að öflun virkra eignarhluta, þátttöku eigenda virkra eignarhluta í stjórnum fjármálafyrirtækja og áhrifum þeirra á starfsemi viðkomandi fyrirtækja. Fjármálaeftirlitinu er með núgildandi lögum ætlað mikið hlutverk á þessu sviði þar sem leita ber samþykkis fyrir kaupum á virkum eignarhluta og kveðið á um tæki til áframhaldandi eftirlits eftir að kaup eiga sér stað.

Í tengslum við þetta mun Fjármálaeftirlitið leggja aukna áherslu á eftirlit með viðskiptatengslum fjármálafyrirtækja og aðila sem venslaðir eru þeim, t.d. stjórnarmanna fjármálafyrirtækis, stærstu hluthafa og fyrirtækja í eigna- eða stjórnunartengslum við fjármálafyrirtæki. Þetta á ekki síst við um lánastofnanir.

3.3 Markaðsaðhald.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að stuðla að auknu gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja. Með því skapast aukið aðhald af hálfu markaðarins, samhliða aðhaldi innra eftirlits og opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:
- Endurskoðun reglugerðar um ársreikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga (951/2001) og leiðbeinandi tilmæli um reikningsskil vátryggingafélaga (4/2002).
- Leiðbeinandi tilmæli um viðbótarupplýsingar varðandi fjármálaskjöl í ársreikningum lánastofnana.
- Umræðuskjal um ný skýrsluskil lífeyrissjóða um tryggingafræðilegar úttektir.

Fjármálaeftirlitið mun áfram huga að endurskoðun og samræmingu reikningsskila á fjármálamarkaði. Fylgst hefur verið með þróun löggjafar á erlendum vettvangi, en endurbætur og samræming reikningsskila eru mjög til umfjöllunar innan Evrópusambandsins og víðar.

Á næstu missirum mun Fjármálaeftirlitið huga að auknu gegnsæi í eftirliti á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitinu ber að byggja á trúnaði gagnvart aðilum máls í meðferð mála á öllum sviðum fjármálamarkaðar og ekki er ætlunin að gera á því breytingar. Vegna meginreglna um gegnsæi á verðbréfamarkaði og jafnræði fjárfesta ber Fjármálaeftirlitinu hins vegar að leita allra leiða til að gera grein fyrir starfsemi sinni, ástandi fjármálamarkaða og fjármálastöðugleika. Með því getur Fjármálaeftirlitið fyrir sitt leyti stuðlað að auknu aðhaldi markaðarins. Fjármálaeftirlitið mun eins og hingað til beita heimasíðu sinni og öðrum útgáfum í þessu skyni.

Fjármálaeftirlitið leggur aukna áherslu á hlutverk sitt í upplýsingamiðlun og kynningu á málefnum er tengjast fjármálamarkaði. Sú kynning beinist að svo stöddu aðallega að starfsmönnum fjármálafyrirtækja en nýtist einnig í að byggja upp þekkingu á fjármálamarkaði. Með stækkun húsnæðis hefur Fjármálaeftirlitið nú yfir að ráða aðstöðu til að sinna þessu hlutverki í auknum mæli.

3.4 Samkeppnishæfni fjármálamarkaðar.

Fjármálaeftirlitið hefur hlutverki að gegna við að skapa hér samkeppnishæfan fjármálamarkað. Jafnframt ber Fjármálaeftirlitinu að taka þátt í mótun fjármálamarkaðar og fylgja eftir sjónarmiðum um hagsmuni viðskiptamanna og öryggi í fjármálaþjónustu.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:
- Orðið við athugasemdum og ábendingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem settar voru fram í athugun á stöðugleika íslenska fjármálakerfisins.
- Markviss skipulagning á þátttöku Fjármálaeftirlitsins í erlendu samstarfi.

Samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar er í senn forsenda og ástæða virkra tengsla markaðarins við erlenda fjármálamarkaði. Síaukin starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis er mikilvægur þáttur í að byggja upp samkeppnishæfni fjármálamarkaðarins í heild. Um leið kæmi þessi erlenda þátttaka tæpast til greina nema vegna þess að hin innlendu fjármálafyrirtækja standast samkeppniskröfur.

Aukin erlend þátttaka innlendra fjármálafyrirtækja kallar á breytingar í yfirsýn Fjármálaeftirlitsins yfir starfsemina og styrkingu á eftirliti á samstæðugrundvelli. Því mun Fjármálaeftirlitið leggja áherslu á að styrkja enn frekar samstarf sitt við eftirlitsaðila í þeim ríkjum þar sem starfsemin fer fram.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er greint frá áætlun um umfang og kostnað af opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi og lagðar til gjaldaheimildir til að standa undir kostnaðinum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður af starfsemi Fjármálaeftirlitsins verði 268,4 m.kr. árið 2003. Það greiðist að mestu með álögðu gjaldi á fjármálafyrirtæki sem er áætlað 259,7 m.kr. árið 2003 og er það 22,6% hækkun miðað við áætlaða innheimtu ársins 2002. Þess má geta að á árinu 2002 var nýtt 47,9 m.kr. yfirfærsla frá fyrra ári. Einnig er gert ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar verði 5,3 m.kr. og yfirfærslur frá þessu ári eru 3,4 m.kr.

400. Frumvarp til laga [360. mál]

um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið o.fl.

Lög þessi gilda um öll íslensk skip.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti um erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra skipa á sjó, ám og vötnum og hvernig því eftirliti skuli haga.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.m.t. skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lög þessi gilda um eru háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skal slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um skip í farþegaflutningum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt þessari málsgrein, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

Markmið þessara laga er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna þeirra og farþega og efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um gerð og búnað skipa, skoðun skipa og eftirlit með þeim.

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninga og samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af Siglingastofnun Íslands.
4. Hafnarríkiseftirlit er eftirlit og skoðun sem Siglingastofnun Íslands framkvæmir á skipum undir erlendum fána í íslenskum höfnum.
5. Viðurkenndur skoðunaraðili er flokkunarfélag eða skoðunarstofa sem hefur starfsleyfi Siglingastofnunar Íslands til að annast skoðun og eftirlit með skipum og búnaði þeirra skv. 10. gr.

II. KAFLI
Eftirlit með skipum.

3. gr.

Smíði, búnaður, mengunarvarnir skipa o.fl.

Hvert skip skal smíðað og búið út á þann hátt að öryggi mannslífa sé tryggt eins og kostur er og með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

Skip skal fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um smíði, búnað og örugga starfsemi skips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnsþétta niðurhólfun, lagnakerfi, bol, björgunar- og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnarbúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips, farms og varnir gegn mengun sjávar.

Vinnusvæði og vistarverur skipverja skal hanna og búa með hliðsjón af öryggi og velferð skipverja.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð um smíði, stöðugleika, hleðslumerki og búnað skipa.

Ráðherra ákveður í reglum hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, skírteini og skipsbækur skuli vera um borð í skipum.

Skip skulu smíðuð og búin í samræmi við lög og reglur um varnir gegn mengun sjávar og stranda.

4. gr.

Aðbúnaður og vinnuskilyrði.

Ráðherra setur reglur um aðbúnað og vinnuskilyrði skipverja, svo sem hönnun og merkingar vinnusvæða, öryggisbúnað, notkun og viðhald vinnutækja og öryggisbúnaðar og heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum.

5. gr.

Gömul skip.

Ráðherra getur ákveðið að nýjar reglugerðir nái ekki til gamalla skipa og skipa sem kjölur hefur verið lagður að eða eru á hliðstæðu smíðastigi. Þó skal tekið tillit til varna gegn mengun, öryggis og aðbúnaðar um borð, enn fremur gerðar og fyrirhugaðrar notkunar skipanna. Sé gert ráð fyrir að ákvæði nýrra reglugerða nái til gamalla skipa skal þess getið sérstaklega. Þá skal að jafnaði veita eigendum slíkra skipa hæfilegan frest til að fara að nýjum ákvæðum.

6. gr.

Nýsmíði skipa.

Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingastofnunar Íslands í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa. Eigandi skips skal tilkynna Siglingastofnun um smíðina. Áður en smíði hefst skal sá sem tekið hefur að sér smíði skips senda Siglingastofnun smíðalýsingu, teikningar og önnur þau gögn sem siglingamálastjóri telur nauðsynleg vegna eftirlits.

Eiganda skips er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skips, enda sé skipið smíðað eftir reglum sem gilda hér á landi.

7. gr.

Breytingar á skipi.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipi, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni og stöðugleika, öryggi og/eða aðbúnað áhafnar, án þess að fyrir liggi samþykki Siglingastofnunar Íslands eða annars aðila sem stofnunin hefur veitt umboð. Breytingarnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði.

Sömu reglur um tilkynningarskyldu og eftirlit skulu einnig gilda um meiri háttar viðgerðir sem áhrif geta haft á öryggi skips, sjóhæfni og stöðugleika skips og aðbúnað áhafnar.

8. gr.

Innflutningur skipa.

Skip sem er keypt eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Innflutningur skipa er háður samþykki Siglingastofnunar Íslands að öðrum skilyrðum uppfylltum.

III. KAFLI

Skoðun skipa og framkvæmd eftirlits.

9. gr.

Ábyrgð.

Útgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og yfirvélstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á.

Um starfsskyldur yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu fer skv. III. kafla sjómannalaga, nr. 35/1985.

10. gr.

Viðurkenndir skoðunaraðilar.

Starfsmenn Siglingastofnunar Íslands annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra.

Siglingastofnun Íslands hefur heimild til að fela öðrum að framkvæma skoðun og gefur út starfsleyfi þeim til handa. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi viðurkenndra skoðunaraðila.

11. gr.

Skoðun skipa.

Öll skip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu sæta skoðun Siglingastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði reglugerða sem samgönguráðherra setur um umfang, tíðni og framkvæmd skoðana á skipum. Við skoðun á skipum skal ganga úr skugga um að skip uppfylli ákvæði laga, reglna, alþjóðasamninga og samnings um Evrópska efnahagssvæðið um smíði, búnað og örugga starfsemi skips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnsþétta niðurhólfun, lagnakerfi, bol, björgunar- og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnarbúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips, farms og varnir gegn mengun sjávar og stranda.

Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni skuli skoðuð af Siglingastofnun Íslands með reglulegu millibili.

Sé skip í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og gildu flokkunarskírteini er framvísað skal sú skoðun sem fram fór á því til viðhalds á flokkuninni talin fullnægjandi um styrkleika bols, eimkatla, vél- og rafbúnaðar, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til, svo og skuldbindingum samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið og alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt og öðlast hafa gildi.

12. gr.

Framkvæmd skoðunar skipa.

Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglna um öryggi skipa.

Þegar starfsmenn Siglingastofnunar eða þeir sem hún hefur veitt umboð eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip sem statt er í íslenskri höfn, innan íslenskrar landhelgi eða í íslensk skip í erlendri höfn til þess að rannsaka það sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Sama gildir um skip í smíðum.

Komi í ljós að skip, búnaður eða örugg starfsemi þess er ekki í samræmi við lög þessi, reglur eða önnur fyrirmæli getur Siglingastofnun fyrirskipað að úr því skuli bætt þegar í stað eða innan ákveðins frests.

Starfsmenn Siglingastofnunar skulu gæta þess að valda ekki óþarfa töfum á skipi né torvelda vinnu umfram nauðsyn.

Starfsmenn Siglingastofnunar skulu framvísa starfsskírteinum sé þess óskað.

Eigendur, útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, sem starfa í umboði þeirra, skulu veita Siglingastofnun alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er vegna eftirlits og öryggis

skips, svo og upplýsingar um ástand skips, sem varðar lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim. Eigandi eða útgerðarmaður skal sjá til þess að skip sé aðgengilegt til skoðunar.

13. gr.

Aukaskoðun skipa.

Aukaskoðun skal fara fram á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar.
2. Þegar gerðar hafa verið breytingar eða endurbætur á skipi sem varða eða hafa áhrif á öryggi skips og áhafnar eða hættu á mengun frá skipi.
3. Þegar skip hefur orðið fyrir tjóni þar sem ætla má að skemmdir kunni að hafa áhrif á öryggi skips og áhafnar eða hættu á mengun frá skipi.
4. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, yfirvélstjóri, skipverji, einstaklingur eða stofnun sem á réttmætra hagsmuna að gæta varðandi örugga starfsemi skips, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð eða mengunarvarnir krefst skoðunar eða leggur fram kvörtun nema Siglingastofnun Íslands telji slíka kröfu eða kvörtun ekki á rökum reista. Óheimilt er að veita skipstjóra, útgerðarmanni eða eiganda viðkomandi skips vitneskju um nafn þess sem leggur fram slíka kröfu eða kvörtun.
5. Þegar Siglingastofnun Íslands telur annars ástæðu til að rannsaka öryggi tiltekinna hluta skips eða búnaðar þess eða atriði sem varða örugga starfsemi skips.

14. gr.

Hafnarríkiseftirlit.

Siglingastofnun Íslands skal skoða erlend skip sem koma til hafnar á Íslandi í samræmi við reglur Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit með skipum og skuldbindingar samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Ráðherra setur reglur um framkvæmd hafnarríkiseftirlits og um hæfniskröfur þeirra skoðunarmanna Siglingastofnunar sem annast hafnarríkiseftirlit.

15. gr.

Skyndiskoðun skipa.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun Siglingastofnunar Íslands á haffæri skips.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að taka skip sem lög þessi gilda um til skyndiskoðunar án fyrirvara til að ganga úr skugga um hvort ástand skipsins og búnaður þess sé í samræmi við lög og reglur sem og önnur atriði sem varða örugga starfsemi skipsins, svo sem hvort gætt sé ákvæða laga og reglna um fjölda í áhöfn skipsins, skírteini þess, takmarkað farsvið og útivist, atvinnuréttindi áhafnar, lögskráningu og fjölda farþega á farþegaskipum.

Siglingastofnun Íslands getur falið Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum aðila framkvæmd eftirlits á hafi úti.

16. gr.

Skírteini skips.

Að skoðunargerð lokinni úrskurðar Siglingastofnun Íslands hvort fullnægt er ákvæðum laga og reglna um smíði, búnað og örugga starfsemi skips og hvort útgáfa skírteina, áritun eða endurnýjun skírteina eigi sér stað.

Viðeigandi skírteini skulu gefin út til skipa sem falla undir ákvæði alþjóðasamninga og samnings um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við ákvæði þeirra og reglugerðar sem samgönguráðherra setur.

Haffærisskírteini eða önnur jafngild skírteini skulu gefin út til skipa sem falla ekki undir alþjóðasamninga og ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur, þar sem m.a. skal kveðið á um form og gildistíma slíkra skírteina. Eigi skal þó haffærisskírteini eða annað jafngilt skírteini gefið út fyrir skip sem er minna en 20 brúttótonn nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

17. gr.

Haffæri skips.

Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt viðeigandi skírteini eða haffærisskírteini samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta og/eða samnings um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, þar á meðal mengunarvarnabúnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

18. gr.

Skemmdir á skipi.

Hafi skip lent í árekstri, tekið grunn eða annað að borið svo að ástæða sé til að ætla að skip sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið. Starfsmenn Siglingastofnunar Íslands eða aðrir aðilar sem stofnunin hefur viðurkennt skulu framkvæma þá skoðun.

Þurfi að færa skip sem er óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingastofnun Íslands eða aðrir aðilar sem stofnunin hefur viðurkennt ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja.

19. gr.

Upplýsingaskylda.

Löggæslumenn, hafnaryfirvöld, leiðsögu- og hafnsögumenn, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar, sem fá vitneskju um að lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært, skulu tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingastofnunar Íslands viðvart. Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart sem tilkynnir það tafarlaust til næsta umdæmisstjóra.

IV. KAFLI

Farbann.

20. gr.

Farbann.

Eigi að leggja skipi úr höfn án þess að það hafi gild viðeigandi skírteini samkvæmt reglum samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta og/eða samnings um Evrópska efnahagssvæðið eða haffærisskírteini eða skip er annars óhaffært á ferð skal leggja farbann á það.

Enn fremur skal leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingastofnunar Íslands eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Farbannsheimild.

Siglingamálastjóri getur lagt farbann á skip. Einnig geta þeir starfsmenn Siglingastofnunar Íslands lagt farbann á skip sem siglingamálastjóri hefur sérstaklega veitt til þess umboð. Skulu þeir tilkynna siglingamálastjóra þegar um farbann sem þeir leggja á.

22. gr.

Tilkynning um farbann.

Ákvörðun um farbann skal þegar í stað tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni skriflega. Ástæður fyrir farbanni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Starfsmenn Siglingastofnunar Íslands geta óskað eftir því ef nauðsyn krefur að lögreglustjórar, hafnar- og tollyfirvöld á hverjum stað, svo og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, veiti þeim fulltingi við framkvæmd farbanns og ber þeim að verða við þeirri ósk.

23. gr.

Brottfall farbanns.

Ef ástæður farbanns eru ekki lengur fyrir hendi skal farbanni aflétt þegar í stað.

Telji siglingamálastjóri að farbann, sem starfsmenn hans hafa lagt á, sé ekki á rökum reist skal hann þegar í stað fella það úr gildi.

24. gr.

Farbannsnefnd.

Útgerðarmaður skips og skipstjóri geta kært farbann til farbannsnefndar.

Samgönguráðherra skipar farbannsnefnd til þriggja ára í senn. Farbannsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum. Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu búa yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni í samræmi við verksvið nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

25. gr.

Verkefni farbannsnefndar.

Verkefni farbannsnefndar eru:

1. Að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og úrskurða um gildi farbanns.
2. Að annast yfirskoðunargerðir og kveðja til yfirskoðunarmenn.

Málshöfðun til ógildingar á úrskurði farbannsnefndar frestar ekki réttaráhrifum hans.

V. KAFLI

Málsmeðferð fyrir dómi.

26. gr.

Refsingar o.fl.

Um refsimál sem höfðað er út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála. Sé þörf sérkunnáttu við úrlausn máls skulu tveir sérfróðir meðdómendur skipa dóm, auk eins héraðsdómara.

Áður en ákærandi höfðar opinbert mál út af brotum á lögunum getur hann leitað umsagnar siglingamálastjóra liggi hún ekki þegar fyrir. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn svo fljótt sem verða má.

Ákærandi skal útvega samgönguráðuneyti og Siglingastofnun Íslands eftirrit dóma í málum út af brotum á lögum þessum.

27. gr.

Málsmeðferð.

Málum sem höfðuð eru til ógildingar á úrskurðum farbannsnefndar skv. 24. og 25. gr. skal hraða svo sem kostur er. Um mál þessi fer eftir almennri meðferð einkamála.

VI. KAFLI
Gjöld.

28. gr.

Gjöld.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá eins og hér segir:

Skráningarlengd skips	*Árlegt gjald (í kr.)*
< 8 metrar	6.250
8–15 metrar	11.200
15–24 metrar	25.000
24–45 metrar	49.600
45–60 metrar	81.900
≥ 60 metrar	108.400

Gjöldin skulu miðuð við skráningu 1. janúar ár hvert og er gjalddagi og eindagi þeirra sá sami 1. apríl ár hvert. Við eigendaskipti ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á gjaldinu þar til umskráning hefur farið fram.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld skv. 1. mgr. innheimt af sýslumönnum en í Reykjavík skulu þau innheimt af tollstjóra. Innheimtumenn skulu skila gjöldum sem þeir innheimta skv. 1. mgr. í ríkissjóð. Ef skipagjald er ekki greitt á gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá næsta degi eftir gjalddaga, af þeirri fjárhæð sem þá er ógreidd fram að greiðsludegi.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra lögboðna þjónustu sem Siglingastofnun Íslands veitir skal eigandi greiða samkvæmt gjaldskrá sem samgönguráðherra setur að tillögu Siglingastofnunar Íslands og miðast hún við kostnað stofnunarinnar.

Gjöldum samkvæmt grein þessari fylgir lögveð í skipi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að halda eftir haffærisskírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt samningum og alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt, að skoðun lokinni, ef gjöld skv. 3. mgr. eru ekki greidd.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

VII. KAFLI
Refsingar, svipting réttinda o.fl.

29. gr.

Brot.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum og lúta meðferð opinberra mála.

30. gr.

Hlutdeild.

Um brot skv. 29. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

31. gr.

Svipting réttinda.

Þegar um brot er að ræða og sérstaklega miklar sakir eru má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu eigi skemur en sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

32. gr.

Svipting réttinda.

Svipting réttinda skv. 31. gr. skal gerð með dómi. Þó má ljúka máli um sviptingu réttinda með ákvörðun dómara hafi ákærði játað sekt sína og fallist skriflega á slík málalok enda mótmæli ákærandi þeim ekki.

Ákærandi skal tilkynna öllum lögreglustjórum í landinu um réttindasviptingu og senda samgönguráðuneyti réttindaskírteini.

Þegar tvö ár hið fæsta eru liðin frá því að réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra veitt réttindin á nýjan leik mæli sérstakar ástæður með því, enda þótt sviptingartími sé ekki liðinn.

33. gr.

Sektir.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Dómara er heimilt að ákveða að þeim fylgi lögveð í skipi og búnaði þess.

34. gr.

Önnur lög.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum þeirra laga halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í Siglingastofnun Íslands í samvinnu við samgönguráðuneyti.

Lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, þarfnast breytinga, einkum með tilliti til nýrra EES-gerða samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Í 11. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að öll skip skulu skoðuð aðalskoðun einu sinni á ári. Á undanförnum árum hafa verið innleiddar tilskipanir vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið sem að nokkru leyti ganga á skjön við ákvæði 11. gr. gildandi laga, þar sem gert er ráð fyrir að öll skip skuli skoðuð aðalskoðun einu sinni á ári. Í því sambandi má nefna:

a. SOLAS-alþjóðasamþykktina sem gerir ráð fyrir upphafsskoðun fyrir ný flutningaskip, aðalskoðunum á fimm ára fresti, milliskoðunum á tveggja til þriggja ára fresti, árlegum skoðunum þar sem við á og botnskoðunum á að minnsta kosti þriggja ára fresti. Hvað farþegaskip varðar skal fara fram upphafsskoðun og aðalskoðun á tólf mánaða fresti. Ísland er aðili að SOLAS-samþykktinni frá 1974 sem tekur til flutningaskipa og farþegaskipa.
b. Reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 26/2000, þar sem tekin eru upp ákvæði tilskipunar ráðsins 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri. Sú tilskipun byggist á Torremolinos-bókuninni frá 1993. Í 6. reglu I. kafla í viðauka reglugerðarinnar er kveðið á um að hvert skip skuli háð nánar tilteknum skoðunum, þ.e. upphafsskoðun vegna nýsmíða, reglubundinni aðalskoðun með fjögurra ára millibili hvað varðar bol og vélbúnað með heimild til eins árs framlengingar, tvö ár er varðar búnað skips og eitt ár er varðar fjarskiptabúnað. Milliskoðun skal vera á tveggja ára fresti, en árlega á skipum úr tré. Skoðunin skal einnig tryggja að breytingar sem geta rýrt öryggi skips eða áhafnar þess hafi ekki verið gerðar.
c. Reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, nr. 666/2001, þar sem tekin eru upp ákvæði tilskipunar ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip. Í 8. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að öll skip skuli skoðuð áður en þau eru tekin í notkun, reglubundinni aðalskoðun á tólf mánaða fresti og viðbótarskoðun eftir því sem ástæða er til.
d. Reglugerð um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001, þar sem tekin eru upp ákvæði tilskipunar ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum.

Hinn 10. janúar 2000 tók í gildi hér á landi reglugerð nr. 26/2000, um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri. Reglugerðin var sett samkvæmt lögum nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, og með hliðsjón af tilskipun 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að koma á samræmdum reglum um öryggi fiskiskipa yfir 24 metrum að lengd. Reglugerðin á við um ný fiskiskip og einnig gömul í einstaka tilfellum. Tilskipunin hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með framangreindri reglugerð og gert er ráð fyrir að íslensk stjórnvöld aðlagi sitt lagaumhverfi til samræmis við hana. Í viðauka I, 1. kafla, eru almenn ákvæði sem fjalla m.a. um skoðunartímabil skipa, útgáfu og áritun skírteina, gerð þeirra og skrár yfir búnað. Þessi ákvæði fela í sér veigamiklar breytingar á skoðunartímabilum og útgáfu skírteina og eru ekki í samræmi við núgildandi lög um eftirlit með skipum. Jafnframt er nauðsynlegt með tilliti til alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974, SOLAS 74, með áorðnum breytingum, að breyta skoðunartímabilinu.

Frumvarpið byggist á því að skoðanir á skipum verði áfram þrenns konar, þ.e. aðalskoðun, milliskoðun og skyndiskoðun. Milliskoðun kemur í stað aukaskoðunar. Byggt er á að skoð-

unarferlið verði í samræmi við EES-gerðir og SOLAS-alþjóðasamþykktina. Hins vegar er gert ráð fyrir því að skoðun á öryggisbúnaði skipa fari ætíð fram árlega og er lagt til að skoðunartímabilin verði eftirfarandi:

Aðalskoðun (fullnaðarskoðun) á skipi fari fram:

1. áður en skip er tekið í notkun,
2. á fimm ára fresti er varðar bol, raf- og vélbúnað,
3. á tveggja ára tímabili er varðar búnað skipsins,
4. árlega er varðar fjarskipta- og öryggisbúnað og
5. samkvæmt samningum og alþjóðasamþykktum.

Heimilt er að framlengja gildistíma aðalskoðunar um eitt ár ef fyrir liggur rökstudd og skrifleg beiðni þar um.

Milliskoðun er reglubundin einföld skoðun á tveggja ára fresti en árlega fyrir tréskip. Lagt er til að Siglingastofnun geti framlengt gildistíma milliskoðunar um sex mánuði ef fyrir liggur rökstudd og skrifleg beiðni þar um. Einnig á að framkvæma milliskoðun eftir viðgerð á skipi, ef hennar er krafist og ef Siglingastofnun metur svo.

Skyndiskoðanir verði óbreyttar.

Helstu áhrif breytinganna er að skoðunartímabil lengjast, þ.e. aðalskoðun verður á fimm ára fresti og milliskoðun á tveggja ára fresti í stað árlegrar aðalskoðunar. Aðalskoðunum mun fækka með tilliti til skoðunar bols og vélbúnaðar. Lagt er til að skoðun öryggisbúnaðar verði með sama hætti og í 11. gr. gildandi laga um eftirlit með skipum, þ.e. skoðaður árlega. Milliskoðun er eins konar viðbótareftirlit með þeim þáttum sem skoðunaraðilar meta við skoðanir. Þótt skoðunartímabil lengist getur Siglingastofnun hvenær sem er beitt skyndiskoðun og fylgst þannig vel með ástandi skipa. Ekki er verið að slaka á kröfum um öryggi skipa og áhafna með þessu frumvarpi.

Fjölmargar reglugerðir hafa verið settar á grundvelli laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og eldri laga um sama efni. Verði frumvarp þetta að lögum munu þessar reglugerðir halda gildi sínu að því marki sem þær fara ekki gegn lögunum. Hér á eftir er samantekt um þær reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laganna:

Rg. um þjónustustöðvar gúmmíbjörgunarbáta, 588/2002.

Rg. um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl., 587/2002.

Rg. um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, 53/2000.

Rg. um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, 786/1998, sbr. 656/2001.

Rg. um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, 365/1998.

Rg. um hafnarríkiseftirlit, 128/1997, sbr. 439/1997, 97/1999, 188/2000, 656/2000 og 361/2001.

Reglur um smíði báta styttri en 6 metrar, 661/1996.

Reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, 592/1994, sbr. 210/1995, 55/1998 (stöðugleiki skipa), 693/1998 (útblástur), 398/1999, (logamörk), 489/1999 (salerni) og 720/2000 (Norðurlandareglur um smíði og búnað)

Reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, 189/1994, sbr. 14/1995, 714/1995, 18/1996, 359/1996, 705/1996, 337/1997, 530/1997, 2/1998, 314/1998, 744/1998, 522/1999, 891/1999, 147/2000 og 667/2001.

Rg. um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna eftirlits með skipum, 153/1994, sbr. 364/1999.

Reglur um hávaðamörk í íslenskum skipum, 179/1985.

Rg. um skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa, 143/1984.

Reglur um raforku og raflagnir, 28/1977 sbr. 516/1979 og 667/2001

Reglur um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, 11/1953 kafli I, sbr. 52/1965, 263/1969, 76/197, 553/1975, 327/1977 og 521/1984 og 667/2001.

Reglur um smíði tréskipa, 260/1947 sbr. 159/1967 og 521/1984

Fiskiskip:

Rg. um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, 26/2000.

Rg. um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum, 785/1998.

Reglur um vinnuöryggi á fiskiskipum 15 metrar og lengri, 414/1995.

Reglur um vistarverur áhafna fiskiskipa, öryggi og aðbúnað í vinnu- og vinnslurými fiskiskipa, 185/1995.

Smíði fiskiskipa úr stáli allt að 50 m að lengd, 327/1977, sbr. 481/1989 og 521/1984.

Reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa, 553/1975, sbr. 124/1988, 275/1989 og 54/1998.

Reglur um eldvarnir í fiskiskipum, 260/1969, 521/1984 og 522/1984.

Farþegaskip:

Rg. um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, 743/2001.

Rg. um breytingu á ýmsum reglugerðum vegna rg. nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og reglugerðar nr. 26/2000 um öryggi fiskiskips sem eru 24 metrar að lengd og lengri, 667/2001.

Rg. um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, 666/2001.

Rg. um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum, 659/2000.

Rg. um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, 786/1998, sbr. 656/2001.

Rg. um leyfi til farþegaflutninga með skipum, 463/1998.

Reglur um björgunar- og öryggisbúnað vöruflutninga- og farþegaskipa, 3/1987, sbr. 667/2001.

Um vél- og rafbúnað vöruflutninga og farþegaskipa, 635/1983.

Reglur um vinnuöryggi á flutninga- og farþegaskipum, 440/1980.

Reglur um vistarverur áhafna flutninga- og farþegaskipa, 492/1979.

Reglur um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11/1953, sbr. 521/1984 og 667/2001.

Flutningaskip:

Reglur um björgunar- og öryggisbúnað vöruflutninga- og farþegaskipa, 3/1987, sbr. 667/2001.

Reglur um skoðun vöruflutningaskipa og útgáfa öryggisskírteina, 638/1983.

Reglur um flutning á korni, 637/1983.

Reglur um eldvarnir í vöruflutningaskipum, 636/1983.

Reglur um vél- og rafbúnað vöruflutninga- og farþegaskipa, 635/1983, sbr. 542/1994.

Reglur um flutning á hættulegum varningi, 801/1982.

Reglur um flutninga á lausu kísiljárni í lestum skipa, 292/1981.

Reglur um vinnuöryggi á flutninga- og farþegaskipum, 440/1980.

Reglur um vistarverur áhafna flutninga- og farþegaskipa, 492/1979.

Skemmtibátar:

Rg. um skemmtibáta, 168/1997, sbr. 708/2000.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að lögin gildi um öll íslensk skip, þ.e. hvert það skip sem skráð er hér á landi, sbr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum. Ráðherra gerur ákveðið að eftirlit verði haft með öryggi annarra skipa og hefur sú heimild verið nýtt, t.d. með reglugerð um skemmtibáta, nr. 168/1997, með síðari breytingum.

Með 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti í reglugerð ákveðið að lögin gildi að hluta eða öllu leyti um erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum. Þetta ákvæði er óbreytt frá gildandi lögum. Í mörgum alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt t.d. MARPOL og SOLAS, eru „hafnarríkjum" veittar umfangsmiklar heimildir til eftirlits með erlendum skipum sem taka höfn hjá viðkomandi „hafnarríki". Þá er Ísland orðið aðili að sérstöku samkomulagi um hafnarríkiseftirlit, sjá nánar 14. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Í 5. mgr. er kveðið á um að farþegaflutningar í atvinnuskyni með skipum séu háðir leyfi Siglingastofnunar. Ákvæði þessarar málsgreinar kom í lög nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með lögum nr. 74/1998. Þá þótti brýnt, í ljósi þess að framboð á ýmiss konar skemmti- og útsýnisferðum með skipum á sjó, ám og vötnum hérlendis hafði aukist ár frá ári, að auka eftirlit með þessari starfsemi. Gildissviði laganna var breytt þannig að þau taka til allra skipa sem flytja farþega í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum án tillits til stærðar. Skiptir þar ekki máli hvort skipið er skráð á skipaskrá sem farþegaskip, hversu marga farþega það má flytja og hvar og hvenær það siglir með farþega. Með reglugerð getur ráðherra ákveðið að erlend skip í farþegaflutningum falli undir ákvæðið, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Kveðið var á um að farþegaflutningar með skipum væru háðir leyfi. Tilgangurinn með ákvæðinu er að lögfesta skýran grundvöll fyrir samræmdu eftirliti með smíði og búnaði skipa í farþegaflutningum, aðbúnaði og öryggi farþega, mönnun skipanna, atvinnuréttindum og þjálfun skipverja og öðrum öryggisþáttum í starfseminni. Siglingastofnun Íslands gefi út slíkt leyfi þegar sýnt hefur verið fram á að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða sem um skipið og starfsemi þessa gilda. Átt er við lög um eftirlit með skipum og reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum, en einnig önnur lög og reglugerðir sem gilda um skip í farþegaflutningum. Sem dæmi um slík lög má nefna siglingalög og atvinnuréttindalög. Ákvæði 5. gr. gildandi laga er stytt með frumvarpi þessu þar sem nú er fjallað um lágmarksmönnun farþegaskipa í lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um útgáfu og skilyrði leyfisins, og gjaldtöku fyrir leyfið. Í reglugerð verður þannig heimilt að setja m.a. ákvæði um gildistíma leyfisins, takmörkun farsviðs, hámarksfjölda farþega og önnur atriði sem lúta að öryggi farþega, t.d. að keypt hafi verið vátrygging fyrir tjóni farþega, sbr. reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum, nr. 463/1998.

Um 2. gr.

Greinin svarar til 2. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Þó hafa eftirfarandi breytingar orðið á greininni:

a. Í 3. tölul. er miðað við að Siglingastofnun Íslands viðurkenni flokkunarfélag en ekki ráðherra.
b. Felldar hafa verið brott skilgreiningar á fiskiskipi, farþegaskipi og kaupskipi, þar sem þau orð eru ekki notuð í lögunum.
c. Bætt er við skilgreiningu á hafnarríkiseftirliti með tilliti til 14. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin svarar til 3. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, en 2. mgr. hefur verið víkkuð út og talin upp fleiri atriði en í gildandi lögum sem fullnægja þarf.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Skv. 2. og 3. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, ná lögin ekki til skipa og skipverja, nema vegna fermingar og affermingar skipa, þ.m.t. fiskiskipa, svo og til viðgerða um borð í skipum og starfsemi, sem því er tengd. Lögin ná þó ekki til búnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Lögin ná heldur ekki til lögskráðra manna, nema þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

Á grundvelli þessa ákvæðis laganna hafa verið settar tvær reglugerðir:

a. Reglugerð um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, nr. 785/1998, sem var sett m.a. með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/103/EBE frá 23. nóvember 1993 um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum (þrettánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE). Þessi tilskipun fjallar um lágmarkskröfur um öryggi- og heilsuvernd um borð í fiskiskipum, m.a. út af hinum erfiðu og sérstöku vinnuskilyrðum um borð í fiskiskipum.
b. Reglugerð um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í skipum, nr. 786/1998, sbr. breytingu nr. 656/2001.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 5. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, og fjallar um það álitaefni hvort nýjar reglugerðir taki til eldri skipa. Hér er kveðið á um þá meginreglu að nýjar reglugerðir taki til eldri skipa nema annað sé sérstaklega tekið fram. Með frumvarpinu er lagt til að við setningu nýrra reglugerða verði sérstaklega tekið fram hvort ákvæði þeirra taki til eldri skipa og að jafnaði skuli veita eigendum slíkra skipa hæfilegan frest til að verða við nýjum ákvæðum.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Í 1. mgr. felst að smíðalýsingar og önnur gögn skuli senda Siglingastofnun áður en smíði hefst. Það er afar mikilvægt að öll gögn, sem nauðsynleg eru vegna öryggis skips og mengunarvarna, berist áður en smíði hefst, bæði til að tryggja eftir föngum markmið laganna og hugsanlega koma í veg fyrir óþarfa kostnaðarauka síðar.

Eigandi skips er ábyrgur fyrir tilkynningu til Siglingastofnunar um nýsmíði hvort sem skip er smíðað hér á landi eða erlendis. Sá sem tekið hefur að sér smíði skips, þar með taldar erlendar skipasmíðastöðvar, er áfram ábyrgur fyrir að senda stofnuninni teikningar og önnur nauðsynleg gögn.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Meiri háttar breyting er tengd sjóhæfni, stöðugleika og öryggi skips, þ.e. samþykki Siglingastofnunar er krafist þegar breytingar á skipi hafa áhrif á mælingu, sjóhæfni, stöðugleika og öryggi skips. Auk meiri háttar breytinga, svo sem stækkunar, lengingar, yfirbyggingar og nýrrar brúar, falla undir ákvæðið breytingar sem hafa áhrif á stöðugleika skips, svo sem veiðarfærabúnaður, toggálgar, togspil o.s.frv. Siglingastofnun getur veitt umboð til hæfs aðila til að annast samþykki og eftirlit með breytingum skipa, t.d. flokkunarfélög sem viðurkennd eru hérlendis og aðrir viðurkenndir skoðunaraðilar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sama gildi um viðgerðir sem geta haft áhrif á sjóhæfni og öryggi skips og aðbúnað skipverja. Þetta ákvæði kom í lög með samþykkt laga nr. 35/1993. Þótt viðgerðir á skipum séu oftast í sinni einföldustu mynd ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á öryggi eða aðbúnað skipverja, þá eru allt of mörg dæmi þess að fram hafa farið viðgerðir á skipum og búnaði skipa sem hafa verið ófullnægjandi og jafnvel leitt af sér slys. Helstu hættur hvað þetta varðar tengjast veiðibúnaði á fiskiskipum, t.d. spilum, vindum, toggálgum og blökkum. Því er mikilvægt að staðið sé eins vel að þess konar viðgerðum og kostur er á.

Um 8. gr.

Greinin svarar til 8. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Greinin gildir um skip sem flutt eru til landsins fullsmíðuð. Láti íslenskur aðili smíða skip erlendis eða kaupi slíkt skip í smíðum gilda ákvæði 6. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 9. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, en hér er lagt til að yfirvélstjórum verði bætt í hóp þeirra sem ábyrgð bera á að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram og að útgerðarmanni sé auk skipstjóra skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn. Er það m.a. gert til samræmis við 53. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þar sem segir að yfirvélstjóri beri ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 10. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, en ákvæði 1. mgr. greinarinnar hefur verið fellt brott enda miðar frumvarpið við að nánar verði kveðið á um eðli og umfang skoðunar með reglugerð.

2. mgr. er efnislega samhljóða gildandi lögum og kveður á um heimild til Siglingastofnunar til að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar. Gildandi lög miða við að þessi heimild sé bundin við einstaka þætti skoðunar en hér er heimildin víkkuð út og nær til þess að fela skoðanir og eftirlit með skipum eða skipsbúnaði í heild sinni eða að hluta til viðurkenndra skoðunaraðila, t.d. flokkunarfélaga eða sérstakra skoðunarstofa í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur þar um. Ákvæðið tekur einnig til þess þegar sérstakar skoðunarstofur annast skoðun á einstaka búnaði skips, t.d. gúmmíbjörgunarbátum, sleppibúnaði björgunarbáta og slökkvitækjum.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 11. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Skv. 11. gr. gildandi laga er meginreglan um tíðni skoðana Siglingastofnunar og þeirra sem til þess hafa umboð að aðalskoðun skuli fara fram á hverju skipi árlega eða samkvæmt alþjóðareglum þegar það á við og að við aðalskoðun skuli athuga búnað skipsins og annað

er lýtur að öryggi þess og áhafnar. Siglingastofnun Íslands getur þegar sérstakar ástæður mæla með því veitt heimild til frestunar á aðalskoðun í allt að þrjá mánuði.

Í 4. mgr. 11. gr. gildandi laga kemur fram að sé skip í viðurkenndu flokkunarfélagi og gildu flokkunarskírteini er framvísað skuli sú skoðun sem fram fór á því til viðhalds á flokkuninni talin fullnægjandi um styrkleika bols, eimkatla, vél- og rafbúnað, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

Á undanförnum árum hafa verið innleiddar tilskipanir vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið sem að sumu leyti ganga á skjön við áðurnefnd ákvæði laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, en í því sambandi má nefna:

a. Reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 26/2000, þar sem tekin eru upp ákvæði tilskipunar ráðsins 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri. Í 6. reglu I. kafla í viðauka reglugerðarinnar er kveðið á um að hvert skip skuli háð nánar tilteknum skoðunum, þ.e. upphafsskoðun, reglubundinni aðalskoðun á tilteknu árabili eftir því hvort um er að ræða bol, vélbúnað, fjarskiptabúnað, öryggisbúnað o.fl. og milliskoðun samkvæmt nánari ákvörðun stjórnvalda, en milliskoðun skal vera með tveggja ára millibili á skipum með bol úr öðru efni en tré en með eins árs millibili á skipum með bol úr tré. Skoðunin skal einnig tryggja að breytingar sem geta rýrt öryggi skipsins eða áhafnar þess hafi ekki verið gerðar.
b. Reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, nr. 666/2001, þar sem tekin eru upp ákvæði tilskipunar ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip. Í 8. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að öll skip skuli skoðuð áður en þau eru tekin í notkun, reglubundinni aðalskoðun á 12 mánaða fresti og viðbótarskoðunum eftir því sem ástæða er til.

Hinn 16. júlí 1983 fullgilti Ísland alþjóðasamning um öryggi mannslífa á hafinu frá 1. nóvember 1974 (SOLAS), en sá samningur leysti af hólmi eldri alþjóðasamninga um sama efni frá 1948 og 1960. Samningurinn tekur til farþegaskipa og flutningaskipa. Í bókun frá 1988 við SOLAS-samþykktina er innleitt samræmt skoðunarkerfi (Harmonized System of Survey and Certification, HSSC) fyrir skip sem falla undir samþykktina. Í því felst m.a. að fimm ára skoðunarhringur er tekinn upp frá gildistíma skírteina til sama tíma. Mikið hagræði hlýst af þessu því að skoðanir sem krafist er samkvæmt ýmsum alþjóðasamþykktum og kóðum verða framkvæmdar á sama tíma. Ísland hefur nýlega fullgilt þessa bókun og í framhaldi af því þarf að breyta skírteinum sem heyra undir SOLAS-alþjóðasamþykktina. Í samþykktinni er m.a. fjallað um skoðanir á burðarvirki, vélbúnaði og búnaði flutningaskipa og þar kemur eftirfarandi fram:

„10. regla. Skoðanir á burðarvirki, vélbúnaði og búnaði flutningaskipa.

a. Burðarvirki, vélbúnaður og búnaður flutningaskipa (önnur en atriði sem tengjast útgáfu öryggisskírteinis fyrir búnað flutningaskips og öryggisskírteinis fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips) eins og um getur í i-lið b-liðar skulu sæta skoðunum og eftirliti eins og um getur hér á eftir:
   i. upphafsskoðun, þar með talið skoðun á ytra byrði botns, áður en skipið er tekið í notkun;
   ii. endurnýjunarskoðun með millibilum, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnvalda en ekki sjaldnar en á 5 ára fresti nema þegar b-, e-, f- og g-liðir 14. reglu eiga við;
   iii. milliskoðun innan þriggja mánaða fyrir eða eftir aðra árlegu dagsetninguna eða innan þriggja mánaða fyrir eða eftir þriðju árlegu dagsetningu öryggisskírteinis um smíði

flutningaskips, sem skal gerð við eina af árlegu skoðununum sem tilgreindar eru í ivlið a-liðar;

iv. árleg skoðun innan þriggja mánaða fyrir eða eftir hverja árlegu dagsetningu öryggisskírteinis um smíði vöruflutningaskips;

v. að lágmarki tvær skoðanir á ytra byrði botns á hverju fimm ára tímabili nema þegar e- eða f-liðir 14. reglu eiga við. Þegar e- eða f-liðir 14. reglu eiga við má framlengja þetta fimm ára tímabil þannig að það stemmi við framlengdan gildistíma skírteinisins. Í öllum tilvikum skal millibilið milli hverra tveggja slíkra skoðana ekki vera lengra en 36 mánuðir;

vi. aukaskoðun sú sem mælt er fyrir um fyrir farþegaskip í iii-lið b-liðar 7. reglu."

Um 12. gr.

Greinin svarar til 18. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Þessi grein fjallar um hlutverk Siglingastofnunar Íslands við eftirlit með skipum og réttindi og skyldur starfsmanna Siglingastofnunar við framkvæmd þessa eftirlits. Um skipulag Siglingastofnunar, hlutverk hennar, skipun starfsmanna og önnur atriði, sem að henni lúta, vísast til laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996. Samkvæmt lögunum er verkefni Siglingastofnunar m.a. að annast framkvæmd laga um eftirlit með skipum, laga um mælingu skipa og laga um skráningu skipa. Jafnframt á Siglingastofnun að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur. Auk þess er kveðið á um að stofnunin annist mál er varða siglinga- og sjómannalög að því leyti sem þau tengjast skipum, skráningu þeirra og búnaði, siglingaöryggi og öðrum málum sem samgönguráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 18. gr. gildandi laga.

2. mgr. hefur verið víkkuð út frá gildandi lögum með því að vísa til þess að hún taki einnig til þeirra skoðunarmanna sem Siglingastofnun hefur veitt umboð til að annast skoðanir skv. 10. gr. frumvarpsins. Hér geta fallið undir starfsmenn flokkunarfélaga eða annarra skoðunarstöðva sem framkvæma skoðanir á skipum og búnaði þeirra sem til þess hafa heimild á grundvelli 10. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Greinin svarar til 12. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Samkvæmt 1. tölul. skal aukaskoðun fara fram á skipi þegar það hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar. Hér er t.d. átt við viðgerð á veiðarfærabúnaði og togbúnaði, en hér mun mat skipstjóra ráða mestu um hvenær þörf er á aukaskoðun samkvæmt þessum tölulið.

Ákvæði 2. tölul. er nýmæli frá gildandi lögum og kveður á um að aukaskoðun skuli fara fram á skipi vegna breytingar eða endurbóta á því sem þær varða eða hafa áhrif á öryggi skips og áhafnar eða hættu á mengun frá skipi. Slíkar breytingar geta m.a. haft áhrif á stöðugleika skips.

Ákvæði 3. tölul. er nýmæli frá gildandi lögum og kveður á um að aukaskoðun skuli fara fram á skipi þegar skip hefur orðið fyrir tjóni þar sem ætla má að skemmdir kunni að hafa áhrif á öryggis skips og áhafnar eða hættu á mengun frá skipi. Þetta ákvæði er af svipuðum toga og ákvæði 19. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. tölul. er sams konar og ákvæði 2. tölul. 12. gr. gildandi laga. Það er nýmæli að óheimilt sé að veita skipstjóra, útgerðarmanni eða eiganda viðkomandi skips upplýsingar um nafn þess sem leggur fram kröfu um skoðun.

Ákvæði 5. tölul. felur í sér að mat á því hvort annars sé ástæða til aukaskoðunar er lagt í hendur Siglingastofnunar Íslands.

Um 14. gr.

Greinin er nýmæli frá ákvæðum laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Ísland er eitt af aðildarlöndum Parísarsamkomulagsins (Paris Memorandum of Understanding on Port State Control) um hafnarríkiseftirlit en það er eftirlit með erlendum kaupskipum sem koma til hafnar hjá viðkomandi aðildarríki. Aðild Íslands var samþykkt einróma á aðalfundi Parísarsamkomulagsins í maí 2000. Ísland var 19. aðildarríkið frá og með 1. júlí 2000, en fyrir voru strandríki ESB ásamt Kanada, Noregi, Póllandi, Króatíu og Rússlandi. Tilgangur hafnarríkiseftirlits er að stemma stigu við siglingum skipa sem ekki uppfylla alþjóðakröfur um aðbúnað, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti áhafna kaupskipa, atvinnuréttindi þeirra og mengun frá skipum. Reynt er að skoða a.m.k. 25% þeirra erlendu kaupskipa sem koma í hafnir aðildarríkjanna árlega. Áætlað er að 365 erlend skip hafi komið til landsins árið 2001 en mörg þeirra komu oftar en einu sinni. Af þeim voru skoðuð 120 eða 33%. Skipin sem skoðuð voru komu frá 25 ríkjum. Fimm skip voru sett í farbann og athugasemdir voru gerðar við 112 skip og á 93 skipum voru teknar út athugasemdir sem skipin höfðu fengið annars staðar. Í apríl árið 2001 gekk Schengen-samkomulagið í gildi. Það felur í sér að öll skip verða að tilkynna sig til Landhelgisgæslunnar áður en þau sigla inn í landhelgi Íslands. Samkvæmt samkomulagi við Landhelgisgæsluna fær Siglingastofnun daglega sendan lista yfir skipakomur. Reglur kveða á um að skoða skuli a.m.k. fjórðung þeirra skipa sem koma í hafnir aðildarríkjanna árlega. Á árinu 2001 efndu aðildarlönd Parísarsamkomulagsins til skoðunarherferðar þar sem sérstök áhersla var lögð á öryggi við sjóbúnað farms. Í ár verður sjónum beint að alþjóðlegum atvinnuskírteinum sjómanna með gildistöku STCW-alþjóðasamþykktarinnar 1. febrúar 2002 og að innleiðingu ISM-gæðakerfisins á flutningaskipum sem eru 500 brúttótonn og stærri sem tók gildi 1. júlí 2001.

Á vettvangi Evrópusambandsins hafa verið settar tilskipanir um hafnarríkiseftirlit, þ.e. tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna. Tilskipunin tók gildi innan ESB 1. júlí 1997 og tekur til annarra skipa en fiskiskipa, herskipa, tréskipa og lystisnekkja. Hún kveður á um eftirlit hafnarríkis með því að erlend skip fari eftir alþjóðlegum stöðlum um öryggi, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð. Tilskipuninni hefur verið breytt nokkrum sinnum, sbr. 98/25, 98/42, 1999/97. Jafnframt hefur verið gefin út tilskipun sem fjallar um faglegar kröfur til skoðunarmanna og kennivottorð, þ.e. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/40/EB frá 25. júní 1996 um að taka upp sameiginlega fyrirmynd að kennivottorði fyrir skoðunarmenn sem sjá um hafnarríkiseftirlit.

Þessar tilskipanir eru hluti af EES samningnum og hafa þær verið innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð um hafnarríkiseftirlit nr. 128/1997, með breytingum nr. 439/1997, 97/1999, 1888/2000, 656/2000 og 361/2001.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 13. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Þetta ákvæði var þá nýmæli en í samræmi við framkvæmd Siglingamálastofnunar ríkisins á skyndiskoðunum.

Með 2. mgr. er sett ítarlegra ákvæði um skyndiskoðanir Siglingastofnunar og áréttað að heimild til skyndiskoðana er ekki einungis bundin við skoðun á skipi og búnaði þess, heldur einnig annarra atriða sem varða öryggi skips eins og fjölda í áhöfn, skipsskírteini, farsvið, útivist, lögskráningu og fjölda farþega á farþegaskipum. Heimild til skyndiskoðunar nær jafnt til þess þegar skip er í höfn eða á hafi úti.

Með 3. mgr. er Siglingastofnun Íslands veitt heimild til þess að fela Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum aðila framkvæmd skyndiskoðunar á hafi úti. Er þetta í samræmi við gildandi lög og framkvæmdina undanfarin ár og hefur verið gott samstarf milli þessara tveggja ríkisstofnana í þessu efni og sérstakur samstarfssamningur í gildi.

Um 16. gr.

Greinin svarar til 15. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 15. gr. gildandi laga og kveður á um að hafi skoðun leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað sé fullnægt úrskurði Siglingastofnun um hvort útgáfu skírteina, áritun eða endurnýjun skírteina eigi sér stað.

Í 2. mgr. er miðað við að viðeigandi skírteini skuli gefin út til skipa sem falla undir ákvæði alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og samnings um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við reglur sem um þau skip gilda og gerð var grein fyrir í athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins. Hvað kaupskip varðar er m.a. um að ræða öryggisbúnaðarskírteini, smíðaöryggisskírteini, öryggisfjarskiptaskírteini, hleðslumerkjaskírteini, mengunarvarnaskírteini o.s.frv.

Í 3. mgr. er fjallað um skip sem falla ekki undir ákvæði alþjóðasamninga eða EES-samninginn. Miðað er við að í reglugerð verði ákveðið hvort útgefin verði haffærisskírteini vegna þeirra eins og verið hefur eða önnur jafngild skírteini. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði jafnframt kveðið á um form og gildistíma skírteina. Samkvæmt gildandi lögum er meginreglan sú að haffærisskírteini gildir í eitt ár. Heimilt er að gefa skírteini út til skemmri tíma en 1 árs, t.d. ef eigandi skips fær frest til að lagfæra ágalla. Gildistími getur einnig farið í 13 mánuði þegar sérstakar ástæður mæla með því. Ef haffærisskírteini rennur út þegar skip er á ferð skal því heimilt að ljúka ferðinni áður en það er fært til skoðunar til endurnýjunar haffærisskírteinis. Þó mega ekki líða meira en tíu dagar frá því að skírteini rennur út og þar til skip tekur höfn.

Í 3. mgr. er jafnframt lagt til að haffærisskírteini eða annað jafngilt skírteini skuli ekki gefið út fyrir skip sem er minna en 20 brúttótonn nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði sem kom inn í lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með ákvæðum laga nr. 55/2001, en með þeim lögum var skylda til lögskráningar bundin við 20 brúttótonn og eftirlit með áhafnartryggingum skipa undir þeirri stærð tengt útgáfu haffærisskírteinis skips. Einn megintilgangur með lögskráningu sjómanna er að ganga úr skugga um að áhöfn skips sé líf- og slysatryggð með fullnægjandi hætti, en lögskráning sjómanna fer fram á útgerðarstað skips og er framkvæmd af sýslumönnum og tollstjóra í Reykjavík. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að áhafnir skipa sem ekki er skylt að lögskrá á, þ.e. skipa undir 20 brúttótonnum, séu tryggðar með sama hætti og áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá á.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 16. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Greinin hefur að geyma heildarákvæði um það hvenær skip telst óhaffært.

Í fyrsta lagi telst skip óhaffært ef það hefur eigi gild skírteini þau sem greinin telur. Gildir þetta hvort sem skip er óhaffært í raun eða ekki. Auk haffærisskírteina og skírteina samkvæmt alþjóðasamþykktum er vísað til þess í frumvarpinu að sama gildi um skírteini samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig ákvæði 16. og 20. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi telst skip óhaffært ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum.

Í þriðja lagi telst skip óhaffært ef svo er ástatt sem í 3. tölul. greinarinnar segir. Hér er tekinn af allur vafi um það að til þess að skip teljist óhaffært í merkingu 3. tölul. þarf það að vera raunverulega óhaffært, þ.e. óhaffært í efnislegri merkingu. Hér yrði að athuga hvert tilvik fyrir sig, hvort skipi eða skipshöfn stafi hætta af því að fara í sjóferð þá sem það skal fara eða er í. Sjóferð samkvæmt greininni er allur sá tími sem skipið er ekki bundið við bryggju eða legufæri.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 17. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 20. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Þessi kafli fjallar um hvenær farbann verður lagt á skip, hverjir hafa heimild til þess og réttarúrræði þeirra sem telja farbann ekki á rökum reist. Ákvæði um farbann eru hér gerð skýrari og ótvíræðari en í gildandi lögum.

Lagt til að í 1. mgr. verði bætt við að jafnframt sé skylt að leggja farbann á skip sem ekki hefur gilt viðeigandi skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta og/eða samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Samkvæmt greininni geta einungis siglingamálastjóri og þar til bærir starfmenn Siglingastofnunar lagt farbann á skip. Ákvörðun um farbann hefur ávallt alvarlegar afleiðingar fyrir rekstur skips og því er nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði um hver hefur heimild til að leggja farbann á skip.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða 23. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 24. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Ákvæðið var þá nýmæli, en samkvæmt lögum sem áður giltu var eingöngu heimilt að kæra farbann Siglingamálastofnunar ríkisins til siglingadóms og var dómur hans endanlegur. Með lögum nr. 35/1993 var siglingadómur lagður niður og kveðið á um sérstaka farbannsnefnd að danskri fyrirmynd. Samkvæmt dönskum lögum er heimilt að kæra ákvörðun dönsku siglingamálastofnunarinnar til „tilbageholdelsesnævn“. Ákvæði um skipan nefndarinnar og verkefni voru einnig að danskri fyrirmynd. Ákvörðun um farbann er ráðstöfun sem getur haft miklar fjárhagslegar afleiðingar og því er nauðsynlegt að skorið verði úr um gildi farbanns svo fljótt sem auðið er. Rökin fyrir því að setja á fót farbannsnefnd voru meðal annars þau að tryggja hraðari málsmeðferð, en það leiðir af eðli dómstóla og lagaákvæðum sem um þá gilda að meðferð mála er ítarlegri og seinlegri en hjá stjórnskipuðum nefndum.

Um 25. gr.

Greinin svarar til 25. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 27. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að tilvísunum til greina er breytt vegna breyttrar röðunar greina.

Um 28. gr.

Greinin svarar til 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Með þessu ákvæði er lögð til gjörbreyting á innheimtu skipagjalds. Hingað til hafa eigendur skipa greitt eitt skipagjald sem samanstendur af bæði skatti og árlegu skoðunargjaldi. Gjaldið hefur mætt hluta af kostnaði Siglingastofnunar Íslands fyrir lögbundna árlega aðalskoðun skipa. Í greinargerð með 28. gr. laga nr. 35/1993 segir: „Í fyrsta lagi er hér lagt til að lögfest verði ákvæði um árlegt skipagjald. Þetta er gjald, nokkurs konar skattur, og er lagt á öll skip sem skráð eru hér á landi án tillits til notkunar. Í gjaldinu er falin árleg skoðun, enda hefur gjald þetta áður verið nefnt skoðunargjald.“ Árið 1995 var 77. gr. stjórnskipunarlaga breytt og er þar nú kveðið á um að skattamálum skuli skipað með lögum og ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þar segir ennfremur að enginn skattur verði lagður á nema heimild sé fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Í ljósi þessarar breytingar á stjórnarskránni er brýn nauðsyn á að breyta gildandi lögum um innheimtu skipagjalda. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að skipagjald verði miðað við stærð skipa, sbr. lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Gjöld skv. 1. mgr. greinarinnar leggjast jafnt á alla skipaeigendur miðað við skipastærð sem eiga skráð skip á Íslandi.

Í lögum nr. 6/1996 er kveðið á um verkefni Siglingastofnunar Íslands. Stofnunin gegnir mikilvægu þjónustu- og eftirlitshlutverki á sviði siglinga hér á landi.

Í 2. mgr. ákvæðisins er lagt til að innheimt verði gjald fyrir kostnað sem Siglingastofnun Íslands ber vegna þess hlutverks sem henni er ætlað samkvæmt lögunum. Er gert ráð fyrir að þeir sem þessarar þjónustu njóta greiði kostnað samkvæmt gjaldskrá sem samgönguráð-

herra setur að tillögu Siglingastofnunar. Gjaldskráin skal aldrei nema hærri upphæð en sannanlegum kostnaði Siglingastofnunar af því að veita þjónustuna, svo sem tímagjald skoðunarmanna, prentun skírteina o.s.frv. Siglingastofnun hefur lagt mat á hve langan tíma taki að skoða skip í hverjum stærðarflokki fyrir sig byggt á tímaskráningu og reynslu skoðunarmanna. Miðað við stærð skipa, eðli skoðana og skoðunartímabil er niðurstaða Siglingastofnunar að tímagjald fyrir skoðunarmenn stofnunarinnar þurfi að vera 3.800 kr. á klst. Siglingastofnun hefur jafnframt tekið saman tekjur og gjöld stofnunarinnar sem tengjast eftirliti með skipum árið 2001. Heildarkostnaður Siglingastofnunar árið 2001 við þætti sem lúta að skipaskoðun og stjórnsýsluverkefnum sem tengjast skipum og áhöfnum þeirra nam 233 millj. kr. Sértekjur greiddar beint til stofnunarinnar vegna þessara verkefna námu um 52 millj. kr. Eftir standa um 181 millj. kr. sem fjármagnaðar voru beint úr ríkissjóði (119 millj. kr.) og með skipagjaldi (62 millj. kr.). Af umræddri 181 millj. kr. sem skipaverkefni kostuðu árið 2001, var kostnaður við aðalskoðun um 71 millj. kr. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á tíðni skoðana eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en í drögum að reglugerð sem birt eru sem fylgiskjal með frumvarpinu er gert ráð fyrir að skoðun á öryggisbúnaði skips fari fram árlega. Skoðunum á öðru en öryggisbúnaðinum mun fækka og væntanlega verður hægt að ná fram tilteknum sparnaði. Siglingastofnun áætlar að þegar breytingarnar verða yfirstaðnar megi lækka kostnað af þessum sökum um allt að 10%, þ.e. úr 71 millj. kr. í 64 millj. kr.

Um 29. gr.

Greinin svarar til 29. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, en henni var breytt með 207. gr. laga nr. 82/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar). Með þeirri breytingu var kveðið á um að brot gegn lögunum eða reglum samkvæmt þeim varðaði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, en áður var talað um sektir, varðhald eða fangelsi ef sakir væru miklar.

Um 30. gr.

Greinin er óbreytt frá 30. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 31. gr.

Greinin er óbreytt frá 31. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 32. gr.

Greinin er óbreytt frá 32. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, en það var þá nýmæli frá eldri lögum að dómari skyldi tilkynna öllum lögreglustjórum á landinu um réttindasviptingu og réttindaskírteini skyldu afhent samgönguráðuneytinu. Var það gert til að gæta samræmis við ákvæði 3. mgr. 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, sem kveður á um að hlutaðeigandi dómstóll skuli senda samgönguráðuneytinu skírteini.

Um 33. gr.

Greinin svarar til 33. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum. Þá var ákveðið að dómari hefði vald til að ákveða hvort sektum fyrir brot gegn lögunum fylgdi lögveð í skipi, en í lögum sem áður giltu var fortakslaust ákvæði um að svo skyldi vera. Upphaflega hugsunin bak við ákvæðið var sú að brot væri venjulega drýgt eigendum

skips til hagnaðar og oft með vitund þeirra án þess að sannað væri. Því þótti eðlilegt að tjón félli á þá. Slík fortakslaus regla þótti ekki sanngjörn því að brotamaður þarf ekki að vera eigandi né þarf eigandi að hagnast nokkuð á broti, t.d. þegar skipasmíðastöð brýtur gegn lögunum.

Um 34. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

Um 35. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003.

Fylgiskjal I.

Reglugerð um eftirlit og skoðanir íslenskra skipa.
(Drög.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið, markmið og tilgangur.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda um öll íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Markmið og tilgangur þessarar reglugerðar er að tryggja öryggi íslenskra skipa og efla varnir gegn mengun sjávar og að einfalda og efla eftirlit með skipum og auka einsleitni í skoðunum þeirra.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér að neðan greinir:

Upphafsskoðun er allsherjarskoðun á skipi áður en það er tekið í notkun. Skoðunin felur í sér skoðun á öllum atriðum sem tengjast skírteini skipsins og þeirri notkun sem skipinu er ætlað.

Reglubundin aðalskoðun er skoðun á atriðum sem tengist tilteknu skírteini skipsins og þeirri notkun sem skipinu er ætlað.

Milliskoðun er reglubundin einföld skoðun sem tengist viðeigandi skírteini skipsins og þeirri notkun sem skipinu er ætlað.

Endurnýjunarskoðun er reglubundin aðalskoðun er leiðir til útgáfu á nýju skírteini.

Árleg skoðun er allsherjarskoðun á atriðum sem tengjast tilteknu skírteini skipsins og þeirri notkun sem skipinu er ætlað.

Botnskoðun er skoðun á þeim hluta skipsins sem er neðan sjávar og tengdum atriðum.

Viðbótarskoðun er skoðun sem fer fram eftir viðgerð eða í hvert sinn sem meiri háttar breytingar hafa verið gerðar á skipi.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun á ástandi og búnaði skips og skírteinum þess sem Siglingastofnun Íslands framkvæmir.

Útgerðarmaður er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.

Skoðunaraðili er Siglingastofnun Íslands eða flokkunarfélag sem samgönguráðherra hefur veitt heimild til að skoða skip og hafa eftirlit með þeim.

Flokkunarfélag er fyrirtæki sem hefur heimild samkvæmt sérstökum samningi við samgönguráðherra að vera skoðunar- og eftirlitsaðili skipa.

Öryggisskírteini er skírteini sem Siglingastofnun Íslands gefur út þar sem finna má skráðar upplýsingar um öryggisbúnað skipsins.

Nýtt skip er skip þar sem smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar hefur verið gerður eftir þann dag sem reglugerð þessi tekur gildi.

Gamalt skip er skip sem ekki er nýtt skip.

SOLAS er alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá árinu 1974 með síðari breytingum.

3. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns gagnvart eftirliti, skoðun og viðhaldi skips.

Útgerðarmaður og skipstjóri eru ábyrgir fyrir því að fyrirmæli um eftirlit og skoðanir skips séu framkvæmd á þann hátt sem reglugerð þessi mælir fyrir um.

Útgerðarmanni ber að óska eftir skoðun á skipi sínu í samræmi við lög um eftirlit með skipum og nota til þess þjónustu skoðunaraðila.

Útgerðarmaður er ábyrgur fyrir því að skip hans sé aðgengilegt og ber honum að sýna öll gögn er varða skipið og niðurstöður eldri skoðana óski skoðunaraðili eftir því. Útgerðarmaður er enn fremur ábyrgur fyrir því að skoðun geti farið fram á skilvirkan hátt.

Útgerðarmanni ber að halda skipi og búnaði þess í því ástandi sem ákvæði gildandi laga og reglugerða krefjast til þess að tryggja að skipið sé ávallt í haffæru ástandi fari það úr höfn.

4. gr.

Gögn er varða nýsmíði og breytingu á skipi.

Við nýsmíði, endurbyggingu og breytingu á skipi skulu teikningar og nauðsynleg skjöl send Siglingastofnun Íslands til samþykktar. Áður en nýsmíði eða breyting á skipi er hafin skal útgerðarmaður hafa fengið í hendur skriflegt mat Siglingastofnunar hvort fyrirhuguð nýsmíði eða breyting uppfylli gildandi lög og reglugerðir.

5. gr.

Framkvæmd eftirlits.

Allt eftirlit skoðunaraðila skal framkvæmt á þann hátt sem gert er ráð fyrir í skoðunarhandbókum sem gefnar eru út af Siglingastofnun Íslands.

Eftir að skoðun hefur farið fram á skipi skal skoðunaraðili fylla út og undirrita skoðunareyðublað sem varðveitt skal í Siglingastofnun Íslands.

6. gr.

Eftirlit og skoðun.

Til að framfylgja ákvæðum þessarar reglugerðar og undanþágum frá þeim skal eftirlit og skoðanir skipa vera á hendi Siglingastofnunar Íslands. Siglingastofnun getur þó veitt viðurkenndum skoðunaraðila umboð til að annast eftirlit og skoðun skipa.

Skoðunaraðilar sem hafa heimild til að annast eftirlit og skoðun skipa skulu hafa umboð til að krefjast viðgerða á skipi og annast eftirlit og skoðanir sé eftir því óskað af Siglingastofnun Íslands.

Þegar skoðunaraðili metur að ástand skips eða búnaðar þess sé efnislega ekki í samræmi við einstök atriði skírteinis þess, eða að skipið sé ekki hæft til að halda til hafs, skal skoðunaraðili þegar í stað tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar og tilkynna málið til Siglingastofnunar. Ef úrbætur eru ekki gerðar er æskilegt að viðeigandi skírteini séu fjarlægð og það tilkynnt strax til Siglingastofnunar.

Í sérhverju tilviki skal Siglingastofnun ábyrgjast að eftirlitið og skoðunin séu gerð á fullkominn og skilvirkan hátt.

II. KAFLI
Skoðanir og skírteini farþegaskipa og flutningaskipa.

7. gr.
Skoðanir farþegaskipa.

a. Farþegaskip skal skoðað:
   1. Upphafsskoðun áður en skipið er tekið í notkun,
   2. reglubundinni aðalskoðun vegna endurnýjunar á 12 mánaða fresti, nema ef b-, e-, f- og g-liður 14. gr. gildir og
   3. viðbótarskoðunum eftir því sem ástæða er til.

b. Skoðanirnar, sem um getur hér á undan, skulu gerðar sem hér segir:
   1. *Upphafsskoðun* skal fela í sér allsherjarskoðun á burðarvirki skipsins, vélbúnaði og búnaði, þar með töldu ytra byrði botns skipsins og á innra og ytra byrði katla. Þessi skoðun skal vera þannig að tryggt sé að fyrirkomulag, efni og efnismál smíðinnar, katlar og önnur þrýstihylki og fylgibúnaður þeirra, aðal- og hjálparvélar, rafbúnaður, fjarskiptabúnaður, þar með talinn sá sem notaður er í björgunarbúnaði, eldvarnir, brunaöryggisbúnaður og -tæki, björgunarbúnaður og fyrirkomulag hans, siglingatæki, sjóferðagögn, búnaður fyrir leiðsögumenn til að fara um borð og annar búnaður sé í fullu samræmi við ákvæði þessarar greinar og laga, úrskurða, tilskipana og reglugerða sem gefnar eru út fyrir skip sem talin er fullnægjandi fyrir fyrirhugaða notkun. Skoðunin skal einnig ná til verkvöndunar allra hluta skipsins og búnaðar þess og tryggja að hún sé í öllum tilvikum fullnægjandi og skipið sé búið ljósum og búnaði sem geti gefið hljóðmerki og neyðarmerki í samræmi gildandi alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.
   2. *Reglubundin aðalskoðun* skal fela í sér skoðun á burðarvirki skipsins, kötlum og öðrum þrýstihylkjum, vélum og búnaði, þar með talinn bolur skipsins að utan. Skoðunin skal vera þannig að tryggt sé að fyrirkomulag, efni og efnismál smíðinnar, katlar og önnur þrýstihylki og fylgibúnaður þeirra, aðal- og hjálparvélar, rafbúnaður, fjarskiptabúnaður, þar með talinn sá sem notaður er í björgunarbúnaði, eldvarnir, brunaöryggisbúnaður og -tæki, björgunarbúnaður og fyrirkomulag hans, siglingatæki, sjóferðagögn, búnaður fyrir leiðsögumenn til að fara um borð og annar búnaður sé í fullnægjandi ásigkomulagi og í fullu samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og efni laga, fyrirmæla, skipana og reglugerða sem gefnar hafa verið út af hálfu stjórnvalda. Í ofangreindri skoðun skal einnig skoða ljósin, dagmerkin, búnað til hljóðmerkja- og neyðarmerkjagjafar um borð í skipum til að tryggja að hann sé í

samræmi við ákvæði þessarar greinar, svo og gildandi alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

3. *Viðbótarskoðun*, annaðhvort allsherjar- eða hlutaskoðun eftir aðstæðum, skal framkvæmd eftir viðgerð eða í hvert sinn sem meiri háttar viðgerðir eða endurnýjanir eru gerðar. Skoðunin skal þannig gerð að tryggt sé að nauðsynlegar viðgerðir eða endurnýjanir hafa verið gerðar með fullnægjandi hætti, efni og verkvöndun slíkra viðgerða eða endurnýjana séu í öllum atriðum viðunandi og að skipið uppfylli í hvívetna ákvæði þessarar greinar, gildandi alþjóðareglna til að koma í veg fyrir árekstra á sjó og laga, fyrirmæla, skipana og reglugerða sem gefnar hafa verið út af hálfu stjórnvalda í því sambandi.

8. gr.

Skoðanir á björgunarbúnaði og öðrum búnaði flutningaskipa.

a. Björgunarbúnaður og annar búnaður flutningaskipa 500 brúttótonn og stærri skal skoðaður:
   1. Upphafsskoðun áður en það er tekið í notkun,
   2. endurnýjunarskoðun með millibilum samkvæmt nánari ákvörðun Siglingastofnunar Íslands en ekki sjaldnar en á 5 ára fresti nema þegar b-, e-, f- og g-liður 14. gr. eiga við,
   3. reglubundinni aðalskoðun innan þriggja mánaða fyrir eða eftir aðra árlegu dagsetninguna eða innan þriggja mánaða fyrir eða eftir þriðju árlegu dagsetningu skírteinis um öryggisbúnað flutningaskips sem skal gerð í staðinn fyrir eina af árlegu skoðununum sem tilgreindar eru í 4. tölul. a-liðar,
   4. árlegri skoðun innan þriggja mánaða fyrir eða eftir hverja árlegu dagsetningu skírteinis fyrir öryggisbúnað flutningaskips og
   5. viðbótarskoðun, sbr. 3. tölul. b-liðar 7. gr., fyrir farþegaskip.

b. Skoðanirnar sem um getur í a-lið skulu gerðar sem hér segir:
   1. *Upphafsskoðunin* skal fela í sér allsherjarskoðun á brunaöryggisbúnaði og -tækjum, björgunarbúnaði og fyrirkomulagi hans nema fjarskiptabúnaði, siglingatækjum og öðrum tækjabúnaði, búnaði fyrir leiðsögumenn til að fara um borð og öðrum búnaði til að tryggja að hann uppfylli kröfur þessarar greinar, að hann sé í viðunandi ástandi og sé fullnægjandi fyrir þá notkun sem skipinu er ætluð. Í ofangreindri skoðun skal einnig skoða brunavarnaráætlanir, sjóferðagögn, ljósin, dagmerkin, búnað til hljóðmerkja- og neyðarmerkjagjafar um borð í skipum til að tryggja að hann sé í samræmi við ákvæði þessarar greinar og gildandi alþjóðareglna til að koma í veg fyrir árekstra á sjó ef við á.
   2. *Reglubundin aðalskoðun* skal fela í sér skoðun á búnaðinum sem um getur í 1. tölul. b-liðar til að tryggja að hann sé í samræmi við viðeigandi kröfur þessarar greinar og gildandi aljóðareglna til að koma í veg fyrir árekstra á sjó og að hann sé í viðunandi ástandi og sé fullnægjandi fyrir þá notkun sem skipinu er ætluð.
   3. *Endurnýjunarskoðun* skal fela í sér almenna skoðun á búnaðinum sem um getur í 1. tölul. b-liðar til að tryggja að honum sé haldið við í samræmi við a-lið 11. gr. og að hann sé fullnægjandi fyrir þá notkun sem skipinu er ætluð.

c. Reglubundnu aðalskoðanirnar og árlegu skoðanirnar sem um getur í 3. og 4. tölul. a-liðar skulu færðar inn á skírteini fyrir öryggisbúnað flutningaskips.

9. gr.

Skoðanir á fjarskiptabúnaði flutningaskipa.

a. Fjarskiptabúnaður, þar með talinn sá sem notaður er í björgunarbúnaði, um borð í flutningaskipum skal skoðaður:
   1. Upphafsskoðun áður en það er tekið í notkun,
   2. endurnýjunarskoðun með millibilum samkvæmt nánari ákvörðun Siglingastofnunar Íslands en ekki sjaldnar en á fimm ára fresti nema þegar b-, e-, f- og g-liður 14. gr. eiga við,
   3. árlegri skoðun innan þriggja mánaða fyrir eða eftir hverja árlegu dagsetningu öryggisskírteinis fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips og
   4. viðbótarskoðun, sbr. 3. tölul. b-liðar 7. gr., fyrir farþegaskip.
b. Skoðanirnar, sem um getur í a-lið, skulu gerðar sem hér segir:
   1. *Upphafsskoðun* skal fela í sér allsherjarskoðun á fjarskiptabúnaði flutningaskipa, þar með talinn sá sem notaður er í björgunarbúnaði.
   2. *Endurnýjunarskoðun* skal fela í sér allsherjarskoðun á fjarskiptabúnaði flutningaskipa, þar með talinn sá sem notaður er í björgunarbúnaði.
c. Reglubundnu aðalskoðanirnar og árlegu skoðanirnar sem um getur í 3. tölul. a-liðar skulu færðar inn á öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips.

10. gr.

Skoðanir á burðarvirki, vélbúnaði og búnaði flutningaskipa.

a. Burðarvirki, vélbúnaður og búnaður flutningaskipa, annað en atriði sem tengjast útgáfu öryggisskírteinis fyrir búnað flutningaskips og öryggisskírteinis fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips skal skoða:
   1. Upphafsskoðun, þar með talið skoðun á ytra byrði botns áður en skipið er tekið í notkun,
   2. endurnýjunarskoðun með millibilum samkvæmt nánari ákvörðun Siglingastofnunar Íslands en ekki sjaldnar en á 5 ára fresti nema þegar b-, e-, f- og g-liður 14. gr. eiga við,
   3. milliskoðun innan þriggja mánaða fyrir eða eftir aðra eða þriðju árlegu dagsetninguna eða innan þriggja mánaða fyrir eða eftir þriðju árlegu dagsetningu öryggisskírteinis um smíði flutningaskips, sem skal gerð í staðinn fyrir eina af árlegu skoðununum sem tilgreindar eru í 4. tölul. a-liðar,
   4. árlegri skoðun innan þriggja mánaða fyrir eða eftir hverja árlegu dagsetningu öryggisskírteinis um smíði flutningaskips,
   5. að lágmarki tveim skoðunum á ytra byrði botns á hverju fimm ára tímabili nema þegar e- eða f-liður 14. gr. eiga við. Þegar e- eða f-liður 14. gr. eiga við má framlengja þetta fimm ára tímabil þannig að það stemmi við framlengdan gildistíma skírteinisins. Í öllum tilvikum skal millibilið milli hverra tveggja slíkra skoðana ekki vera lengra en 36 mánuðir og
   6. viðbótarskoðun, sbr. 3. tölul. b-liðar 7. gr., um farþegaskip.
b. Skoðanirnar, sem um getur í a-lið, skulu gerðar sem hér segir:
   1. *Upphafsskoðun* skal fela í sér allsherjarskoðun á burðarvirki, vélum og búnaði. Þessi skoðun skal vera þannig að tryggt sé að fyrirkomulag, efni, efnismál og verkvöndun burðarvirkisins, katlar og önnur þrýstihylki og fylgibúnaður þeirra, aðal- og hjálparvélar, þar með talinn stýrisbúnaður og tengd stjórnkerfi, rafbúnaður og annar búnaður sé í fullu samræmi við þá notkun sem skipinu er ætluð og að upplýsingarnar um

stöðugleika séu fyrir hendi. Ef um er að ræða tankskip skulu slíkar skoðanir einnig fela í sér eftirlit á dælurýmum, farm-, eldsneytis- og loftræstilagnakerfum og tengdum öryggisbúnaði.

2. *Endurnýjunarskoðun* skal fela í sér skoðun á burðarvirki, vélbúnaði og búnaði sem um getur í 1. tölul. b-liðar til að tryggja að þessi búnaður sé fullnægjandi fyrir þá notkun sem skipinu er ætluð.
3. *Milliskoðun* skal fela í sér skoðun á burðarvirki, kötlum og öðrum þrýstihylkjum, vélbúnaði, stýrisbúnaði og tengdum stjórnkerfum og rafbúnaði til að tryggja að þessi búnaður sé fullnægjandi fyrir þá notkun sem skipinu er ætluð. Ef um er að ræða tankskip skulu slíkar skoðanir einnig fela í sér eftirlit á dælurýmum, farm-, eldsneytis- og loftræstilagnakerfum og tengdum öryggisbúnaði ásamt prófun á einangrunarþoli rafbúnaðar á hættusvæðum.
4. *Árleg skoðun* skal fela í sér allsherjarskoðun á burðarvirki, vélbúnaði og búnaði sem um getur í 1. tölul. b-liðar til að tryggja að þessi búnaður sé fullnægjandi fyrir þá notkun sem skipinu er ætluð.
5. *Skoðunin á ytra byrði botns* skipsins og eftirlit með tengdum atriðum sem skoðuð eru á sama tíma skal vera þannig að tryggt sé að þessir þættir séu fullnægjandi fyrir þá notkun sem skipinu er ætluð.

c. Milli- og árlegu skoðanirnar á ytra byrði botns skips, sem um getur í 3. og 4. tölul. a-liðar, skulu færðar inn á skírteini fyrir öryggisbúnað flutningaskips.

11. gr.

Viðhald ástands eftir skoðun.

a. Ástandi skipsins og búnaði þess skal haldið við til að ákvæðum þessara reglugerðar sé fullnægt og til að tryggja að skipið sé á allan hátt hæft til að halda til hafs, án hættu fyrir það eða þá menn sem eru um borð í því.
b. Að lokinni sérhverri skoðun á skipinu, sem kveðið er á um í 7., 8., 9. eða 10. gr. er óheimilt að gera breytingar á fyrirkomulagi burðarvirkis þess, vélbúnaði, búnaði eða öðrum atriðum, sem skoðunin hefur náð til, án samþykkis Siglingastofnunar Íslands.
c. Hvenær sem slys verður í tengslum við skip eða þegar galli kemur í ljós, sem annaðhvort hefur áhrif á öryggi skipsins eða á virkni björgunarbúnaðar þess eða að eitthvað vanti í hann eða annan búnað, skal skipstjóri eða eigandi skipsins við fyrsta tækifæri senda skýrslu um slíkt til þess skoðunaraðila sem er ábyrgur gagnvart útgáfu á viðkomandi skírteini, sem síðan skal sjá um að rannsókn fari fram, til að ákveða hvort skoðun, sem kveðið er á um í 7., 8., 9. eða 10. gr., sé nauðsynleg. Ef skipið er í höfn annarrar samningsríkisstjórnar skal skipstjóri eða eigandi skipsins einnig tilkynna atvikið til viðkomandi yfirvalda hafnarríkisins.

12. gr.

Útgáfa eða áritun skírteina.

a. 1. Skírteini, sem nefnt er öryggisskírteini farþegaskips, skal gefið út að lokinni frumskoðun eða endurnýjunarskoðun farþegaskips uppfylli það viðeigandi kröfur.
2. Skírteini, sem nefnt er öryggisskírteini um smíði flutningaskips, skal gefið út að lokinni frumskoðun eða endurnýjunarskoðun flutningaskips uppfylli það viðeigandi kröfur.
3. Skírteini, sem nefnt er skírteini öryggisbúnaðar flutningaskips, skal gefið út að lok-

inni frumskoðun eða endurnýjunarskoðun flutningaskips uppfylli það viðeigandi kröfur.

4. Skírteini, sem nefnt er öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips, skal gefið út að lokinni frumskoðun eða endurnýjunarskoðun flutningaskips uppfylli það viðeigandi kröfur.
5. 5.1. Skírteini, sem nefnt er skírteini fyrir öryggisbúnað flutningaskips, skal gefið út að lokinni frumskoðun eða endurnýjunarskoðun flutningaskips uppfylli það viðeigandi kröfur í stað skírteinanna sem um getur í 2., 3. og 4. tölul. a-liðar.
   5.2. Hvenær sem í þessum kafla er vísað í öryggisskírteini um smíði flutningaskips, skírteini fyrir öryggisbúnað flutningaskips eða öryggisskírteini flutningaskips sé það notað í stað þessara skírteina.
6. Öryggisskírteini farþegaskips, skírteini fyrir öryggisbúnað flutningaskips, öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips og öryggisskírteini flutningaskips, sem um getur í 1., 3., 4. og 5. tölul. a-liðar, skulu koma til viðbótar skrár yfir búnað.
7. Þegar skipi er veitt undanþága, samkvæmt og í samræmi við ákvæði þessara reglna, skal gefa út svokallað undanþáguskírteini fyrir skipið til viðbótar skírteininu sem tilgreint er í þessari grein.
8. Skírteinin, sem tilgreind eru í þessari grein, skulu gefin út eða árituð af Siglingastofnun Íslands eða skoðunaraðila sem hefur til þess fullt umboð stofnunarinnar. Í öllum tilvikum skal Siglingastofnun bera fulla ábyrgð á útgáfu skírteinanna.

13. gr.

Útgáfa eða áritun skírteina af öðrum stjórnvöldum.

Siglingastofnun Íslands getur heimilað erlendu stjórnvaldi að gefa út eða heimilað útgáfu skírteina fyrir skipið. Á skírteini, sem gefið er út á þennan hátt, skal skráð að það hafi verið gefið út erlendis.

14. gr.

Tímalengd og gildi skírteina.

a. Öryggisskírteini farþegaskips skal gefið út lengst til 12 mánaða. Öryggisskírteini um smíði flutningaskips, skírteini fyrir öryggisbúnað flutningaskips og öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips skulu hafa gildistíma ákveðinn af Siglingastofnun Íslands og skal hann ekki vera lengri en fimm ár. Undanþáguskírteini skal ekki gilda lengur en gildistíma þess skírteinis sem það vísar til.

b. 1. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar, þegar endurnýjunarskoðun er lokið innan þriggja mánaða frá því að gildandi skírteini rennur út, skal nýja skírteinið gilda frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur:
   1.1. Hvað varðar farþegaskip, dagsetning sem ekki er síðar en 12 mánuðum frá því að gildandi skírteini rennur út.
   1.2. Hvað varðar flutningaskip, dagsetning sem ekki er síðar en 5 árum frá því að gildandi skírteini rennur út.
   2. Þegar endurnýjunarskoðun er lokið eftir að gildandi skírteini rennur út skal nýja skírteinið gilda frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur:
   2.1. Hvað varðar farþegaskip, dagsetning sem ekki er síðar en 12 mánuðum frá því að gildandi skírteini rennur út.
   2.2. Hvað varðar flutningaskip, dagsetning sem ekki er síðar en 5 árum frá því að gildandi skírteini rennur út.

3. Þegar endurnýjunarskoðun er lokið innan þriggja mánaða frá því að gildandi skírteini rennur út skal nýja skírteinið gilda frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur:
   3.1. Hvað varðar farþegaskip, dagsetning sem ekki er síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur.
   3.2. Hvað varðar flutningaskip, dagsetning sem ekki er síðar en 5 árum frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur.

c. Ef skírteini, annað en öryggisskírteini farþegaskips, er gefið út til fimm ára eða skemur er Siglingastofnun heimilt að lengja gildistíma skírteinisins fram yfir gildistíma allt að hámarkstímanum sem tilgreindur er í a-lið að því tilskildu að skoðanirnar sem um getur í 8., 9. og 10. gr. gildi þegar skírteini er gefið út til fimm ára séu framkvæmdar eins og við á.

d. Hafi endurnýjunarskoðun verið lokið og ekki er hægt að gefa út nýtt skírteini eða koma því um borð í skipið áður en gildandi skírteini rennur út má einstaklingurinn eða stofnunin sem hefur til þess heimild Siglingastofnunar árita gildandi skírteini og skal slíkt skírteini tekið gilt og hafa gildistíma sem skal þó ekki vera lengri en 5 mánuðir frá því að það rennur út.

e. Sé skip ekki í höfn þar sem það á að sæta skoðun þegar skírteini rennur út er Siglingastofnun heimilt að framlengja gildistíma skírteinisins en einungis má veita slíka framlengingu í því skyni að leyfa skipinu að ljúka sjóferð sinni til hafnarinnar þar sem á að skoða það. Ekki skal framlengja gildistíma neins skírteinis lengur en um þrjá mánuði og skip sem fær framlengingu skal ekki, við komu þess í höfn þar sem skoðun á að fara fram, í krafti slíkrar framlengingar halda úr þeirri höfn án þess að hafa nýtt skírteini. Að lokinni endurnýjunarskoðun skal nýja skírteinið gilda til:
   1. Hvað varðar farþegaskip, dagsetningar sem ekki er síðar en 12 mánuðum frá því að gildandi skírteini rennur út áður en framlengingin var veitt.
   2. Hvað varðar flutningaskip, dagsetningar sem ekki er síðar en 5 árum frá því að gildandi skírteini rennur út áður en framlengingin var veitt.

f. Stjórnvöld mega framlengja skírteini sem gefið er út til skips í stuttum ferðum og hefur ekki verið framlengt samkvæmt framangreindum ákvæðum í þessari grein. Skírteini má framlengja um allt að einn mánuð frá því að tilgreindur gildistími rennur út. Að lokinni endurnýjunarskoðuninni gildir hið nýja skírteini til:
   1. Hvað varðar farþegaskip, dagsetningar sem ekki er síðar en 12 mánuðum frá því að gildandi skírteini rennur út áður en framlengingin var veitt.
   2. Hvað varðar flutningaskip, dagsetningar sem ekki er síðar en 5 árum frá því að gildandi skírteini rennur út áður en framlengingin var veitt.

g. Í sérstökum tilvikum getur Siglingastofnun heimilað að ný skírteini þurfi ekki að hafa dagsetningu frá þeim degi sem gildandi skírteini rennur út eins og krafist er í 2. tölul. b-liðar, e-lið eða f-lið. Í þessum sérstöku tilvikum skal nýja skírteinið gilda til:
   1. Hvað varðar farþegaskip, dagsetningar sem ekki er síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur.
   2. Hvað varðar flutningaskip, dagsetningar sem ekki er síðar en 5 árum frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur.

h. Sé árlegri skoðun, milliskoðun eða reglubundinni aðalskoðun lokið fyrir þann tíma sem tilgreindur er:
   1. Skal árlegu dagsetningunni, sem tilgreind er í viðeigandi skírteini, breytt með áritun til dagsetningar sem skal ekki vera síðar en þremur mánuðum frá þeim degi sem skoðuninni lauk.

2. Síðari árlegri skoðun, milliskoðun eða reglubundinni aðalskoðun sem krafist er lokið með millibilum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
3. Sá dagur, sem skírteinið rennur út, getur verið óbreyttur að því tilskildu að ein eða fleiri árleg skoðun, milliskoðun eða reglubundin aðalskoðun, eftir því sem við á, séu framkvæmdar þannig að ekki líði lengri tími á milli skoðananna en sá hámarkstími sem mælt er fyrir um í viðeigandi greinum þessarar reglugerðar.

i. Skírteini, sem gefið er út samkvæmt 12. eða 13. gr. fellur úr gildi ef eitthvert eftirtalinna tilvika koma upp:
   1. Ef viðeigandi skoðanir eru ekki framkvæmdar innan þess tíma sem tilgreindur er í a-lið 7. gr., a-lið 8. gr., a-lið 9. gr. og a-lið 10. gr.
   2. Ef skírteinið er ekki áritað í samræmi við þessa gr.
   3. Ef skipið hefur verið flutt undir fána annars ríkis. Aðeins skal gefa út nýtt skírteini ef stjórnvöld, sem gefa út hið nýja skírteini, eru fullviss um að skipið uppfylli ákvæði a- og b-liðar 11. gr. Sé skip flutt milli samningsaðila, sé þess óskað innan þriggja mánaða eftir að flutningur á sér stað, skal Siglingastofnun krefjast, eins fljótt og auðið er, afrits af skírteinunum sem skipinu bar að hafa fyrir flutning og, ef við á, afrits af viðkomandi skoðunarskýrslum frá þeim stjórnvöldum sem heimiluðu skipinu áður að sigla undir fána sínum.

15. gr.
Gerð skírteina og skrár yfir búnað.

Skírteinin og skráin yfir búnað skulu vera samsvarandi þeirri gerð sem sýnd er í viðauka við SOLAS. Ef það tungumál sem er notað er hvorki enska né franska skal vera í textanum þýðing á annað hvort þessara tungumála.

16. gr.
Varðveisla skírteina.

Skírteinin sem gefin eru út samkvæmt 12. eða 13. gr. skulu ávallt vera tiltæk um borð í skipinu til skoðunar.

17. gr.
Viðurkenning skírteina.

Skírteinin, sem gefin eru út í umboði Siglingastofnunar Íslands af erlendu ríki, skulu viðurkennd í öllum atriðum sem þessi reglugerð tekur til.

18. gr.
Skrá um skírteini og skjöl.

a. Ef fjöldi manna um borð í skipi í tiltekinni sjóferð er minni en heildarfjöldinn sem gefinn er upp í öryggisskírteini farþegaskips og heimilt er að hafa færri björgunarbáta og annan björgunarbúnað en þann sem tilgreindur er í skírteininu skal skrá slíkt í viðauka skírteinisins.
b. Í þessum viðauka skíreinisins skal koma fram að í slíkum tilvikum teljist reglugerð þessi ekki brotin. Viðaukinn skal fylgja skírteininu og koma í stað þess hvað björgunarbúnað áhrærir. Hann skal einungis gilda fyrir þá tilteknu sjóferð sem hann var gefinn út fyrir.

19. gr.
Hafnarríkiseftirlit.

a. Hvert erlent skip sem liggur í íslenskri höfn skal sæta eftirliti Siglingastofnunar Íslands að svo miklu leyti sem eftirlitið beinist að því að staðfesta gild skírteini.
b. Slík skírteini, séu þau gild, skulu tekin gild nema ástæða sé til þess að ætla að ástand skipsins eða búnaðar þess sé ekki efnislega í samræmi við einstök atriði einhverra skírteinanna og að skipið og búnaður þess uppfylli ekki ákvæði a- og b-liðar 11. gr.
c. Við þær aðstæður sem segir í b-lið, hafi gildistími skírteinis runnið út eða það fallið úr gildi, skal Siglingastofnun gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að skipið sigli ekki úr höfn fyrr en það getur siglt eða haldið úr höfn í því skyni að halda til viðeigandi skipaviðgerðarstöðvar án þess að stofna skipi og þeim sem um borð eru í hættu.
d. Verði eftirlitið tilefni til einhvers konar íhlutunar skal Siglingastofnun upplýsa ræðismanninn eða í fjarveru hans næsta fulltrúa utanríkisþjónustu ríkisins skriflega um þær ástæður sem urðu þess valdandi að íhlutun var talin nauðsynleg. Að auki skal, þegar það á við, tilkynna um tilnefnda skoðunarmenn eða viðurkenndar stofnanir sem bera ábyrgð á að gefa út skírteini fyrir skipið.
e. Siglingastofnun skal tilkynna um allar viðeigandi upplýsingar um skipið til yfirvalda í næstu viðkomuhöfn, til viðbótar þeim aðilum sem um getur í d-lið, þess efnis að það geti ekki gripið til aðgerðanna sem tilgreindar eru í c- og d-lið eða ef skipinu hefur verið heimilað að halda til næstu viðkomuhafnar.
f. Við hafnarríkiseftirlit skal gera allt sem hægt er til að forðast að skip sé kyrrsett eða tafið á ótilhlýðilegan hátt. Ef skip er þannig kyrrsett eða það tafið á ótilhlýðilegan hátt á það rétt á bótum fyrir tap eða tjón sem það verður fyrir.

20. gr.
Sérréttindi.

Ekki má lýsa yfir sérréttindum til handa skipi samkvæmt þessari reglugerð nema það hafi viðeigandi gild skírteini.

III. KAFLI
Skoðanir og skírteini annarra skipa en farþegaskipa og flutningaskipa.

21. gr.
Skip stærri en 15 metrar að mestu lengd.

Fiskiskip og önnur skip en flutninga- og farþegaskip sem gerð eru út í atvinnuskyni, og eru 15 metrar að lengd og lengri, skal skoða og gefa út skírteini þeim til handa skv. 6. til 11. reglu í viðauka I, I. kafla um almenn ákvæði, í reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri nr. 26/2000 með síðari breytingum.

22. gr.
Skip minni en 15 metrar að lengd.

Reglubundin aðalskoðun skipa, sem eru 15 metrar að lengd eða minni og gerð eru út í atvinnuskyni, skal framkvæmd á tveggja ára tímabili nema er varðar fjarskipta- og öryggisbúnað sem skal skoðaður árlega. Milliskoðun fyrir þessi skip skal framkvæmd á milli aðalskoðana.

a. Eftirfarandi skip, sem þessi grein á við um, skulu gangast undir aðalskoðun:
   1. Öll skip áður en þau eru tekin í notkun.

2. Öll skip. Skoðunartímabilið reiknast frá síðustu aðalskoðun. Skoðunin getur átt sér stað allt að sex mánuðum áður eða eftir að skoðunartímabilið er útrunnið án þess að það breyti dagsetningu til næstu skoðunar.
3. Skip sem ekki hafa komið á réttum tíma til milliskoðunar.
4. Við lokaúttekt skips sem hefur verið breytt eða endurbyggt.
5. Siglingastofnun getur í sérstökum tilfellum skoðað skip aðalskoðun, t.d. ef grunur leikur á að ástand skips sé ekki í samræmi við kröfur laga og reglugerða, og ef eigandi skips óskar þess.

b. Eftirfarandi skip, sem þessi grein á við um, skulu gangast undir milliskoðun:
1. Öll skip. Skoðunartímabilið reiknast frá síðustu aðalskoðun. Skoðunin getur átt sér stað allt að sex mánuðum áður eða eftir að skoðunartímabilið er útrunnið án þess að það breyti dagsetningu til næstu skoðunar.
2. Skip, sem orðið hefur fyrir skaða eða gert hefur verið við á þann hátt að telja má að traustleiki eða virkni búnaðar þess hafi minnkað. Skoðunin þarf að jafnaði ekki að taka til annars en þeirra atriða sem ástæða þykir að skoða. Skoðunin skal þó hafa það umfang sem nauðsynlegt er til að ganga úr skugga um að ástand skipsins og búnaðar þess sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Skoðunin skal framkvæmd af skoðunarmanni.

c. Aðalskoðun og milliskoðun skal framkvæmd skv. 6. reglu í viðauka I, I. kafla um almenn ákvæði, í reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri nr. 26/2000 með síðari breytingum.

23. gr.
Skemmtibátar.

Skemmtibátar skulu skoðaðir upphafsskoðun þegar þeir eru teknir á íslenska skipaskrá, aðalskoðun á fimm ára fresti og milliskoðun, ef Siglingastofnun metur svo, á tveggja ára fresti.

Upphafsskoðun skal fela í sér skoðun á bol, vél- og öryggisbúnaði. Skoðunin skal tryggja að fyrirkomulag, efni og efnismál smíðinnar sé í fullu samræmi við efni laga, fyrirmæla, skipana og reglugerða sem gefnar hafa verið út af hálfu stjórnvalda. Skoðunin skal einnig ná til verkvöndunar allra hluta skipsins og búnaðar þess.

Reglubundin aðalskoðun skal framkvæmd eins og um getur í b-lið þessarar greinar.

Milliskoðun skal framkvæmd annað hvert ár, annaðhvort sem allsherjar- eða hlutaskoðun eftir aðstæðum. Skoðunin skal einnig framkvæmd eftir viðgerð eða í hvert sinn sem meiri háttar viðgerðir eða endurnýjanir eru gerðar. Skoðunin skal þannig gerð að tryggt sé að nauðsynlegar viðgerðir eða endurnýjanir hafi verið gerðar með fullnægjandi hætti. Eiganda skemmtibáts er heimilt að framkvæma milliskoðunina samkvæmt leyfi og nánari fyrirmælum Siglingastofnunar Íslands.

IV. KAFLI
Eftirfylgni skoðana.

24. gr.
Skyndiskoðun.

Siglingastofnun Íslands getur hvenær sem er gert skyndiskoðun á skipi. Siglingastofnun getur krafist aðal- eða milliskoðunar ef skyndiskoðun hefur leitt í ljós að ástand skips er ekki í samræmi við kröfur laga og reglugerða.

25. gr.
Eftirfylgni og endurskoðun.

Allir gallar og annmarkar sem koma í ljós við skoðun skips skal lagfæra sem fyrst af útgerðarmanni eða fulltrúa hans.

Þegar alvarlegir gallar eða annmarkar koma fram við skoðun skips og skoðunaraðili metur skipið óhaffært skal hann tilkynna það strax til Siglingastofnunar Íslands sem fellir þá öryggisskírteinið úr gildi og setur farbann á skipið ef við á.

Þegar gallar eða annmarkar koma í ljós við skoðun skips skulu þeir lagfærðir innan þriggja mánaða og síðan endurskoðaðir af skoðunaraðila.

Þar sem minni háttar gallar eða annmarkar koma í ljós við skoðun skips er ekki nauðsynlegt að skoðunaraðili skoði skipið aftur en útgerðarmaður eða fulltrúi hans skulu hafa gert úrbætur á athugasemdum eigi síðar en innan þrjátíu daga.

Verði útgerðarmaður eða fulltrúi hans ósammála skoðunaraðila eða ósáttur við athugasemdir hans vegna skráningar á galla eða annmarka getur hann farið fram á að annar skoðunaraðili framkvæmi nýja skoðun.

V. KAFLI
Skírteini og frávik.

26. gr.
Skírteini.

Siglingastofnun Íslands gefur út öryggisskírteini fyrir skip og áritar þau.

Öll skjöl, skírteini um skipið og síðasta útfyllta skoðunareyðublað skal á hverjum tíma vera varðveitt um borð í skipinu og vera aðgengilegt áhöfn skips og skoðunaraðila. Afrit skjala skulu geymd í landi og varðveitt á hentugan hátt.

Eftir hverja aðalskoðun skal gefa út nýtt öryggisskírteini fyrir skipið. Á skírteinunum skal vera færður inn gildistími þeirra og einnig skal dagsetning næstu aðal- eða milliskoðunar færð á þau.

27. gr.
Undanþágur.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur skoðunaraðili vikið frá kröfum þessarar reglugerðar eftir skriflega beiðni frá útgerð skips um undanþágu. Beiðnin skal vera vel rökstudd og sérstakar ástæður þurfa að liggja fyrir sem gera undanþáguna nauðsynlega. Undanþágan skal vera réttlætanleg gagnvart öryggi skipsins.

28. gr.
Jafngildi.

Heimilt er að nota búnað um borð í skipi sem að mati Siglingastofnunar er jafngildur og sá búnaður sem krafist er um borð í skipinu. Jafngildur búnaður skal vera viðurkenndur af Siglingastofnun Íslands.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

29. gr.
Gjöld.

Fyrir skoðun sem skoðunaraðili framkvæmir greiðir útgerðarmaður gjald í samræmi við gjaldskrá hans.

30. gr.
Refsiákvæði.

Brot á reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum um eftirlit með skipum.

31. gr.
Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og tekur gildi xx. xx. 2003 er varðar ný skip.

Reglugerð þessi tekur gildi fyrir gömul skip eftir að þau hafa verið færð til aðalskoðunar þegar öryggisskírteini þeirra hafa fallið úr gildi.

Samgönguráðuneytinu, xx. xx. 2003.

VIÐAUKI I

Skoðunarferli og skírteinisútgáfa fyrir fiskiskip.



VIÐAUKI II

Skoðunarferli og skírteinisútgáfa fyrir flutninga- og farþegaskip.
(Samkvæmt ályktun IMO nr. A. 746 (18).)

Ár	0	1			2			3			4			5	
Mánuðir		9	12	15	21	24	27	33	36	39	45	48	51	57	60
Upphafsskoðun allra skipa	U														
Farþegaskip		R			R			R			R			R	
		endurn.sk.			endurn.sk.			endurn.sk.			endurn.sk.			end.sk.	
Búnaður flutninga- og farþegaskipa í utanlandssigl.		A			A eða P			P eða A			A			R	
		árleg skoðun			árleg / aðalsk.			aðalsk. / árleg			árleg skoðun			end.sk.	
Fjarskiptabúnaður		P			P			P			P			R	
		aðalskoðun			aðalskoðun			aðalskoðun			aðalskoðun			end.sk.	
Smíði skips		A			A eða I			I eða A			A			R	
		árleg skoðun			árleg / millisk			millisk. / árleg			árleg skoðun			end. sk.	
Gasflutningar		A			A eða I			I eða A			A			R	
		árleg skoðun			árleg / millisk.			millisk. / árleg			árleg sk.			end.sk.	
Hættuleg efni í lausu		A			A eða I			I eða A			A			R	
		árleg skoðun			árleg / millisk.			millisk. / árleg			árleg skoðun			end.sk.	
Hleðslumerki (Load Line)		A			A			A			A			R	
		árleg skoðun			árleg skoðun			árleg skoðun			árleg skoðun			end.sk.	
Varnir gegn olíumengun MARPOL Annex I		A			A eða I			I eða A			A			R	
		árleg skoðun			árleg / millisk.			millisk. / árleg			árleg skoðun			end.sk.	
Varnir gegn efnamengun MARPOL Annex II		A			A eða I			I eða A			A			R	
		árleg skoðun			árleg / millisk.			millisk. / árleg			árleg skoðun			end.sk.	

Skýringar fyrir tegundir skoðunar:
R – Endurnýjunarskoðun (e. Renewal survey).
P – Reglubundin aðalskoðun (e. Periodical survey).
I – Milliskoðun (e. Intermediate survey).
A – Árleg skoðun (e. Annual survey).

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með skipum.

Markmið frumvarpsins er að fylgja eftir nokkrum tilskipunum Evrópusambandsins um skoðun og eftirlit með skipum.

Samkvæmt 28. gr. frumvarpsins verður breyting á skipagjaldi, en gjaldið hefur að hluta staðið undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við árlega aðalskoðun skipa. Skipagjaldið er áætlað 63,9 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga 2003. Nú er lagt til að hluti skipagjaldsins verði greiddur árlega í ríkissjóð af eigendum skipa á aðalskipaskrá eða u.þ.b. 36 m.kr., en 28 m.kr. verði áfram innheimtar til að standa undir kostnaði við skoðun skipanna. Að öðru leyti er gjald vegna skoðunar skipa óbreytt. Í athugasemdum með frumvarpinu er gert ráð fyrir að hægt verði að ná fram u.þ.b. 10% hagræðingu í kostnaði við skoðun á skipum vegna færri skoðana á öðrum þáttum en öryggisbúnaði þeirra. Gert er ráð fyrir að hagræðingin geti numið 7 m.kr. á ári og munu útgjöld Siglingastofnunar lækka sem því nemur.

401. Tillaga til þingsályktunar [361. mál]

um vegagerð milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar.

Flm.: Jónas Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna gerð sumarvegar milli Loðmundarfjarðar fyrir Brimnesfjall og til Seyðisfjarðar.

Greinargerð.

Strandlengjan milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar var fyrr á tímum byggð, Álftavík – Húsavík – Litlavík – Breiðavík – Kjólsvík – Glettinganes – Brúnavík – og Loðmundarfjörður. Nú er allt í eyði utan tvær jarðir sem eru setnar að sumarlagi, þær eru Stakkahlíð og Sævarendi.

Akfær sumarvegur er frá Borgarfirði eystri til Loðmundarfjarðar um Nesháls og Húsavíkurheiði. Þessi vegur er alla jafna bílfær 2–3 mánuði að sumrinu í venjulegu árferði.

Norðanvert í Seyðisfirði er tengi- og safnvegur að bænum Selsstöðum, sem nú er ysti bær í byggð og þaðan er ruddur vegslóði út að eyðibýlinu Sléttanesi. Frá Sléttanesi við Seyðisfjörð til Sævarenda í Loðmundarfirði eru u.þ.b. 10 km.

Milli Sævarenda og Stakkahlíðar fellur Fjarðará, eina umtalsverða vatnsfallið sem brúa þyrfti, en þar hefur nýlega verið komið fyrir göngubrú.

Sú leið sem enn er veglaus er um landsvæðið með ströndinni fyrir Brimnesfjall og inn svonefnda Hjálmaströnd. Að mati reyndra vegagerðarmanna og kunnugra heimamanna er vegarlagning um þetta svæði ekki erfiðleikum háð.

Mikil náttúrufegurð í Loðmundarfirði er rómuð og ógleymanleg þeim sem notið hafa. Gróðurfar er mjög fjölbreytt og gróðursæld með eindæmum. Snjóþyngsli á vetrum geta hins vegar verið mikil á þessum slóðum svo að ekki þarf að gera ráð fyrir að hér verði um vetrar-

notkun vegarins að ræða nema með miklum kostnaðarauka. Því er hér einungis átt við að komast megi um svæðið að sumar- og haustlagi. Mundi þessi vegur, ef af yrði, bæta mjög aðstæður vegna fjallskila og smalamennsku, auk þess sem ferðaþjónusta á svæðinu nyti góðs af, allir aðdrættir yrðu auðveldari, t.a.m. flutningur farangurs og búnaðar göngufólks sem fjölgar ört. Vegur fyrir Brimnesfjall hefði ekki truflandi áhrif á merkta og rómaða gönguleið sem er um Hjálmadalsheiði.

Á undanförnum árum hefur ferðaþjónusta eflst mjög á Borgarfirði eystri. Veldur þar einstök náttúrufegurð og sinna heimamanna á að laða ferðafólk á staðinn, m.a. með framleiðslu og sölu fyrirtækisins Álfasteins á margs konar minjagripum úr steinum. Hefur fjöldi ferðafólks sem komið hefur í fyrirtækið síðustu ár verið á bilinu 7–8.000 en komist hæst í um 9.700 manns.

Þá er fuglalíf í Hafnarhólma með því sérstæðasta sem fyrirfinnst.

Nýlegt framtak heimamanna í samstarfi við m.a. Reykjavíkurborg um starfrækslu svonefndrar Kjarvalsstofu er til fyrirmyndar og hvetur áreiðanlega marga ferðalanga á þessar slóðir.

Vegalengdin frá Seyðisfirði um Fljótsdalshérað og Borgarfjörð eystri til Loðmundarfjarðar er u.þ.b. 130 km. Frá Seyðisfirði til Sævarenda yrði vegalengdin u.þ.b. 25 km. Hér yrði því um byltingarkennda styttingu að ræða og möguleikar svæðisins stórykjust.

Í Stakkahlíð í Loðmundarfirði hefur á undanförnum árum verið unnið að uppbyggingu myndarlegrar ferðaþjónustu enda margt forvitnilegt á að líta á þessum slóðum, svo sem biksteinsnámu í Skúmhattardal undir fjallinu Skúmhetti.

Til Seyðisfjarðar, sem er önnur stærsta innflutningshöfn ferðafólks til landsins, koma árlega 8–9.000 manns með farþega- og bílaferjunni m/f Norröna og gera áætlanir ráð fyrir fjölgun þessara ferðalanga á næstu árum vegna nýrrar og afkastameiri ferju.

Margoft hefur verið bent á af heimamönnum hve erfitt er að halda ferðafólkinu á austurströndinni sakir fábreytni í afþreyingu. Þessi nýja hringleið, Seyðisfjörður – Loðmundarfjörður – Borgarfjörður eystri og til Fljótsdalshéraðs mundi tvímælalaust stórauka möguleika ferðaþjónustu á svæðinu og verða til þess að treysta og festa þá viðkvæmu byggð sem nú er reynt að viðhalda á þessum slóðum.

402. Fyrirspurn [362. mál]

til menntamálaráðherra um könnun á læsi fullorðinna.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvað líður þeirri könnun á læsi fullorðinna Íslendinga sem Alþingi samþykkti vorið 2000 að fela menntamálaráðherra að láta gera?

403. Fyrirspurn [363. mál]

til heilbrigðisráðherra um eyrnasuð.

Frá Þuríði Backman.

1. Hve margir Íslendingar hafa greinst með eyrnasuð?
2. Hversu útbreitt má telja að eyrnasuð sé hér á landi?
3. Hvaða úrræði standa þessu fólki nú til boða?
4. Vinnur ráðherra að úrbótum fyrir fólk með eyrnasuð og ef svo er, hverjar eru þær?

404. Fyrirspurn [364. mál]

til fjármálaráðherra um ummæli um evrópskan vinnumarkað.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvaða hugmyndir liggja að baki ummælum ráðherra á nýafstöðnum fundi fjárhagsnefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans sem skilja má svo að nauðsynlegt sé að draga úr ósveigjanleika á evrópskum vinnumarkaði?

405. Fyrirspurn [365. mál]

til dómsmálaráðherra um umferðarslys í Reykjavík.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hver hefur þróun banaslysa og alvarlegra slysa í umferðinni í Reykjavík verið sl. 10 ár? Hvert er hlutfall umferðarslysa í Reykjavík miðað við landsmeðaltal á þessu árabili?
2. Hversu margir bílar eru í umferðinni í Reykjavík að meðaltali á degi hverjum?
3. Hvaða aðgerðir eru taldar hafa haft áhrif í þá átt að fækka banaslysum og alvarlegum slysum í borginni?

406. Fyrirspurn [366. mál]

til heilbrigðisráðherra um Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að D-álma við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja komist í gagnið eins og miðað var við með fjárveitingum á þessu ári?

2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja starfsemi heilsugæslustofnunarinnar eftir að heimilislæknar hafa horfið frá störfum við hana?

407. Fyrirspurn [367. mál]

til heilbrigðisráðherra um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hvernig vindur fram undirbúningi að framkvæmd ályktunar Alþingis frá sl. vori um forvarnir og leit að krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og hvenær telur ráðherra að reglulegt forvarnastarf á þessu sviði hefjist?

408. Fyrirspurn [368. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins við meðferð psoriasissjúklinga.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hver er þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði sjúklinga, að dagpeningum meðtöldum, í meðferð við psoriasis, og er tryggt að kostnaður umfram þátttöku stofnunarinnar sé jafn hvar sem þeir fá slíka meðferð?

409. Svar [286. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

Fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins og skipting milli höfuðborgar og landsbyggðar kemur fram í töflunni.

Fjölgun starfa og skipting milli höfuðborgar og landsbyggðar.

	1991	**2000**	**Breyting**
Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu	165,56	273,25	107,69
Stöðugildi á landsbyggðinni	35,17	83,21	48,04
Stöðugildi samtals	**200,73**	**356,46**	**155,73**

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*
3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Um tvær stofnanir er að ræða eins og fram kemur í töfluni.

Nýjar stofnanir á landsbyggðinni, staðsetning og stöðugildi.

	Staðsetning	Stöðugildi
Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands	Akureyri	9,7
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	Akureyri	4,33
Samtals		**14,03**

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Embætti veiðistjóra var flutt til Akureyrar og Landmælingar Íslands voru fluttar á Akranes. Fjöldi starfa sem fylgdu þeim kemur fram í töflunni.

Stofnanir fluttar frá höfuðborginni, staðsetning og stöðugildi.

	Staðsetning	Stöðugildi
Embætti veiðistjóra	Akureyri	3,66
Landmælingar Íslands	Akranesi	31,62
Samtals:		**35,28**

410. Svar [268. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um fjarkennslu.

1. *Hversu margir stunda nú nám með fjarkennslusniði*
   a. *á háskólastigi,*
   b. *á framhaldsskólastigi?*

Alls eru skráðir 2.068 nemendur í nám með fjarkennslusniði á háskólastigi en á framhaldsskólastigi er 2.001 nemandi skráður í fjarkennslu.

2. *Hver hefur þróun fjarkennslu verið frá árinu 1999?*

Á háskólastigi hefur þróunin verið eins og fram kemur í töflunni. Miðað er við haustmissiri hvers árs.

Nemendur í fjarnámi á háskólastigi.

	2002	2001	2000	1999
Háskóli Íslands	62	90	40	64
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands	15	15	15	
Háskólinn í Reykjavík	76	143	68	50
Háskólinn á Akureyri	340	252	133	30
Kennaraháskóli Íslands	1.459	931	721	320
Viðskiptaskólinn á Bifröst	67	50	46	17
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	29	22	25	15
Hólaskóli	20	15	8	
Samtals	**2.068**	**1.518**	**1.056**	**496**

Á tímabilinu 1999–2002 hefur fjölgað um 500 nemendur á ári á háskólastigi og teljast þeir nú, haustið 2002, vera 2.068 samkvæmt upplýsingum frá fyrrgreindum skólum.

Nemendum í fjarnámi í framhaldsskólum hefur fjölgað stöðugt frá árinu 1999. Árið 1999 stunduðu 337 einstaklingar fjarnám samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands en nú, haustið 2002, eru nemendurnir 2.001, sem samsvarar um 500% aukningu frá árinu 1999, sbr. eftirfarandi töflu.

Nemendur í fjarnámi á framhaldsskólastigi.

	2002	2001	2000	1999
Fjöldi nemenda í fjarnámi	2.001	810	515	337

3. *Hvaða skólar á framhalds- og háskólastigi bjóða upp á fjarkennslu og hvaða námsgreinar eru í boði?*

Skólar á framhaldsskólastigi sem bjóða upp á fjarkennslu haustið 2002 eru Menntaskólinn á Egilsstöðum, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Verkmenntaskóli Austurlands, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu og Iðnskólinn í Reykjavík.

Skólar á háskólastigi sem bjóða fjarkennslu eru Háskóli Íslands, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli. Samtals er hægt að stunda fjarnám á 33 brautum við þessar átta stofnanir. Framboð á námsbrautum hefur aukist frá árinu 1999 auk þess sem námsgreinum sem eru í boði í fjarnámi fer fjölgandi.

Námsbrautir í fjarkennslu.

Námsbraut		Skóli
1.	Íslenska	Háskóli Íslands
2.	Kennsluréttindi	Háskóli Íslands
3.	Náms- og starfsráðgjöf	Háskóli Íslands
4.	Ljósmóðurfræði	Háskóli Íslands
5.	Stjórnun og rekstur í heilbrigðisþjónustu	Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands
6.	Rekstrar- og viðskiptafræði	Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands
7.	Tölvunarfræðideild	Háskólinn í Reykjavík
8.	Auðlindabraut	Háskólinn á Akureyri
9.	Líftæknibraut	Háskólinn á Akureyri
10.	Sjávarútvegsbraut	Háskólinn á Akureyri

Námsbraut	Skóli
11. Umhverfisbraut	Háskólinn á Akureyri
12. Hjúkrunarfræði	Háskólinn á Akureyri
13. Leikskólabraut	Háskólinn á Akureyri
14. Nútímafræði	Háskólinn á Akureyri
15. Fjármálabraut	Háskólinn á Akureyri
16. Rekstrarbraut – ferðaþjónustusvið	Háskólinn á Akureyri
17. Rekstrarbraut – markaðssvið	Háskólinn á Akureyri
18. Rekstrarbraut – stjórnunarsvið	Háskólinn á Akureyri
19. Rekstrarbraut – rekstrarsvið	Háskólinn á Akureyri
20 Upplýsingabraut	Háskólinn á Akureyri
21. Grunnskólakennarafræði til B.Ed.-prófs	Kennaraháskóli Íslands
22. Erlendir skiptinemar	Kennaraháskóli Íslands
23. Íþróttabraut	Kennaraháskóli Íslands
24. Kennsluréttindabraut	Kennaraháskóli Íslands
25. Leikskólakennarabraut	Kennaraháskóli Íslands
26. Tómstundabraut	Kennaraháskóli Íslands
27. Þroskaþjálfabraut	Kennaraháskóli Íslands
28. Meistaranám (60 ein.)	Kennaraháskóli Íslands
29. Doktorsnám (90 ein.)	Kennaraháskóli Íslands
30. Dipl.Ed.-nám	Kennaraháskóli Íslands
31. BS-próf í viðskiptafræði	Bifröst
32. Búfræðipróf	Hvanneyri
33. Ferðamáladeild	Hólaskóli

411. Svar [80. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fæðingarorlof.

1. *Hve oft hafa foreldrar í fæðingarorlofi, flokkað eftir hjúskaparstétt og stöðu, orðið af umönnunargreiðslum eða sjúkradagpeningum vegna ákvæða 2. mgr. 33. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof?*

Sjúkradagpeningar og fæðingarorlof.

Ekki reyndist unnt að afla upplýsinga um það hversu oft foreldrar í fæðingarorlofi hafa orðið af sjúkradagpeningum vegna ákvæðis 2. mgr. 33. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Tölvukerfi sjúkradagpeninga nýtist takmarkað til upplýsingagjafar sem þessarar þar sem engin sérstök skráning af þessu tagi hefur átt sér stað. Rétt er að vekja athygli á því að foreldrar geta frestað töku fæðingarorlofs á meðan réttur til sjúkradagpeninga er fyrir hendi, þó ekki lengur en til 18 mánaða aldurs barns.

Umönnunargreiðslur og fæðingarorlof.

Samkvæmt upplýsingum frá læknasviði TR hafa 112 börn, fædd á árunum 2001 og 2002, fengið umönnunarmat. Telja má nokkuð ljóst að í tilvikum 36 barna, sem fæddust 2001 og 10 barna sem hafa fæðst á þessu ári, hefðu umönnunarbætur verið greiddar frá fæðingu ef

bætur þessar mættu greiðast saman. Í langflestum þessara 46 tilvika voru greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði framlengdar skv. 9. eða 10. gr. reglugerðar nr. 909/2000. Erfiðara er að fullyrða um hin 66 börnin án þess að skoða hvert mál fyrir sig, en mun minni líkur eru á að foreldrar þeirra hafi orðið af greiðslum vegna ákvæða 2. mgr. 33. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Misjafnt er hversu háum fjárhæðum foreldrar verða af, enda eru mismiklar bætur greiddar. Þegar börnin eru metin í umönnunarflokk 5 verða foreldrar ekki af beinum greiðslum, þar sem slíkt mat veitir aðeins rétt á svokölluðu umönnunarkorti. Lengd fæðingarorlofs og framlengingar greiðslna í fæðingarorlofi hafa hér einnig áhrif.

Upplýsingar um stétt og stöðu viðkomandi foreldra er ekki hægt að kalla fram með einfaldri aðgerð í tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins.

2. *Hve mikil getur skerðing lífeyrisgreiðslna til öryrkja orðið og í hve langan tíma eftir töku fæðingarorlofs eða greiðslu fæðingarstyrks?*

Fæðingarorlof.

Samkvæmt hljóðan 2. málsl. 2. mgr. 33. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof falla ellilífeyrir, ellilífeyrir sjómanna, örorkulífeyrir og afleiddar bætur niður þegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hefjast. Sama gildir um barnalífeyri fyrir öll börn lífeyrisþegans. Greiðslur hefjast aftur í byrjun næsta mánaðar eftir að fæðingarorlofi lýkur.

Heimilt er að taka fæðingarorlof í einu lagi eða skipta því á fleiri tímabil. Einnig er heimilt að dreifa því á lengri tíma, en þá með lækkuðu starfshlutfalli.

Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu og fellur niður þegar barn nær 18 mánaða aldri. Því verður að líta svo á að skerðing lífeyris geti mögulega náð yfir allt það tímabil, kjósi foreldri að taka orlofið samhliða lækkuðu starfshlutfalli. Starfsfólk Tryggingastofnunar bendir öryrkjum sem sækja um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði þó ávallt á að fjárhagslega sé hagstæðast að taka orlofið á sem skemmstum tíma.

Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skerða ekki örorkustyrk, enda er einungis lífeyrir tilgreindur í lagaákvæðinu sem hér um ræðir.

Fæðingarstyrkur.

Fæðingarstyrkur greiðist samhliða greiðslu lífeyris samkvæmt almannatryggingalögum. Styrkurinn getur þó skert fjárhæð lífeyrisgreiðslna og tengdra bóta, þar sem litið er á hann sem tekjur. Áhrifin geta verið mismikil. Í fyrsta lagi greiðist fæðingarstyrkur í allt frá einum upp í sex mánuði. Í öðru lagi er um tvær fjárhæðir að ræða, til foreldra utan vinnumarkaðar 38.015 kr. á mánuði, til námsmanna 85.798 kr. Í þriðja lagi veltur það á öðrum tekjum lífeyrisþega hversu mikil áhrif fæðingarstyrkur hefur á bæturnar.

Hefði lífeyrisþegi t.d. 20.000 kr. í tekjur á mánuði og fengi fæðingarstyrk, mundi styrkurinn ekki skerða grunnlífeyri hans en aftur á móti mundi tekjutrygging skerðast. Hefði lífeyrisþegi engar tekjur aðrar en lægri fæðingarstyrk skertist hvorki grunnlífeyrir né tekjutrygging, en fengi hann hærri fæðingarstyrk mundi tekjutrygging skerðast sem næmi 45% af greiðslum umfram 38.917 kr. (miðað við einhleyping eða hjón sem bæði eru á lífeyri). Því hærri sem tekjur lífeyrisþegans eru, því meiri eru skerðingaráhrif fæðingarstyrkjarins.

Þegar lög nr. 74/2002 koma til framkvæmda verða bætur reiknaðar á ársgrundvelli. Þá hefur skerðingin áhrif á heildargreiðslur ársins en jafnast á fleiri mánuði.

3. *Telur ráðherra rétt að fella niður skerðingarákvæði 2. málsl. 2. mgr. 33. gr. laganna?*

Svarið er nei. Með tilliti til jafnræðisreglu og eðli þeirra bóta sem hér um ræðir er ekki réttlætanlegt að fella niður ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 33. gr. laganna.

Greiðslur í fæðingarorlofi eru í eðli sínu tekjur til að fría foreldra frá vinnumarkaði til að annast um barn sitt. Fólk missir almennt launa sinna með því að þiggja greiðslur úr fæðingarorlofssjóði. Greiðslur í fæðingarorlofi eru því ígildi launatekna. Ein af forsendunum fyrir greiðslu sjúkradagpeninga er hins vegar að launatekjur falli niður og því er rökrétt að álykta að greiðslur í fæðingarorlofi og sjúkradagpeningar fari ekki saman.

Í 3. mgr. 43. gr. almannatryggingalaga segir að ef maður eigi rétt á fleiri bótum en einum, sem ekki geta farið saman, megi hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Með tilliti til þess er eðlilegt að annaðhvort falli lífeyrisgreiðslur niður þegar fæðingarorlofsgreiðslur eru hærri, eða þær síðarnefndu skerði lífeyri eins og aðrar tekjur.

Önnur meðhöndlun þessara bóta en um getur í 2. málsl. 2. mgr. 33. laga um fæðingarorlof væri mismunun gagnvart öðrum bótaþegum.

412. Svar [112. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um öldrunarstofnanir.

1. *Hvernig er opinberum greiðslum til öldrunarstofnana háttað?*

Greiðslur til hjúkrunarheimila fyrir hjúkrunarrými eru af þrennu tagi. Sum heimilin eru á föstum fjárlögum, önnur fá greiddar fastar fjárveitingar samkvæmt þjónustusamningi og enn önnur fá greidd daggjöld. Frá og með 1. janúar 2003 er fyrirhugað að taka upp samræmt greiðslukerfi þar sem öll hjúkrunarheimili verða á daggjöldum.

Greiðslur til öldrunarheimila fyrir dvalar- og dagvistarrými eru samkvæmt daggjöldum sem birt eru í reglugerð í upphafi hvers árs.

2. *Með hvaða hætti er í greiðslunum tekið tillit til þeirrar þjónustu sem veitt er á hverri öldrunarstofnun fyrir sig?*

Árlega er metið heilsufar og aðbúnaður einstaklinga sem dvelja á hjúkrunarheimilum með svokölluðu RAI-mati. Það felur m.a. í sér mat á hjúkrunarþyngd og umönnunarþörf vistmanna og er notað við ákvörðun á daggjöldum daggjaldastofnana. RAI-matið tekur mið af umönnunarþætti daggjaldsins sem er um 59% af rekstrarkostnaði eins hjúkrunarrýmis. Ef hjúkrunarheimili með RAI = 1,00 fengi 11.000 kr. daggjald, þá fengi hjúkrunarheimili með RAI = 1,05 daggjald sem næmi 11.325 kr. á hjúkrunarrými, sbr. eftirfarandi útreikning: 11.000 x 0,59 x 1,05 + 11.000 x 0,41 = 11.325 kr.

RAI-mat hefur haft óveruleg áhrif á greiðslur til hjúkrunarheimila á föstum fjárlögum fram til ársins 2002. Þetta á einnig við um hjúkrunarheimili á föstum fjárlögum sem eru með þjónustusamning. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir að þessar fastafjárlagastofnanir verði gerðar að daggjaldastofnunum. Þá taka fjárveitingar og daggjaldataxtar mið af RAI-mati heimilanna eins og hjá hjúkrunarheimilum sem nú eru á daggjöldum.

Öldrunarstofnanir fá greitt ákveðið gjald samkvæmt daggjaldataxta fyrir þjónusturými og ákveðið gjald fyrir dagvistarrými. Gjaldið breytist ekki eftir umönnunarþörf vistmanna né mismunandi þjónustu sem veitt er milli heimila. Þó má benda á að dagvistarheimili með MS-

sjúklinga, Alzheimer-sjúklinga og geðsjúklinga fá hærra daggjald fyrir dagvistun en öldrunarheimili með almenn dagvistunarrými.

3. *Hvaða reglur gilda um gjaldtöku af dvalarmönnum á öldrunarstofnunum?*

Samkvæmt reglugerð nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, skulu vistmenn með tekjur umfram 37.744 kr. á mánuði taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Með tekjum umfram 37.744 kr. á mánuði skal vistmaður greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu leyti. Vistmaður skal þó aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur daggjaldi á þjónusturými sem nú er 137.331 kr. á mánuði.

Ef vistmaður á dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða hefur engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga greiðir Tryggingastofnun ríkisins dvalarkostnað hans.

Einstaklingur sem nýtur þjónustu dagvistar tekur þátt í kostnaðinum og greiðir 500 kr. fyrir hvern dagvistardag. Fjárhæðin hefur verið óbreytt í mörg ár. Samkvæmt lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, má ekki innheimta hærri fjárhæð en sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt almannatryggingalögum. Grunnlífeyrir er nú 19.990 kr. á mánuði eða 657 kr. á dag. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins.

4. *Eru til reglur um lágmarksþjónustu sem öldrunarstofnanir skulu veita, eða er í bígerð að setja slíkar reglur?*

Í 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, er kveðið á um að á dvalarheimilum skuli vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi. Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónustan skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.

Í sömu grein er fjallað um hjúkrunarheimili sem ætluð eru öldruðum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum. Þar skal veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Þjónustan skal byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 422/1992 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu er kveðið á um þá þjónustu sem öldrunarstofnanir skulu tryggja vistmönnum. Þar segir: „Öldrunarstofnanir skulu tryggja að þeir sem þar dvelja eigi kost á eftirfarandi heilbrigðisþjónustu sem stofnunin kostar að fullu, hvort sem þjónustan er veitt inni á stofnuninni eða utan hennar. Þjónusta sem hver einstaklingur nýtur fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörf. Um er að ræða eftirfarandi þjónustu:

a. Almenn læknishjálp og sérfræðilæknishjálp. Sé þjónusta veitt utan öldrunarstofnunarinnar skal stofnunin greiða samkvæmt umsaminni gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins og læknafélaganna eða skv. sérstökum samningi sem öldrunarstofnunin gerir við lækna.
b. Lyf.
c. Rannsóknir og röntgengreining.
d. Endurhæfing t.d. sjúkraþjálfun.
e. Hjálpartæki, þó ekki gleraugu, heyrnartæki eða hjólastólar.
f. Sjúkraflutningur, annar en sá sem sjúkrahúsi ber að greiða skv. 43. gr. 1. mgr. i-lið laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Þó skal sjúkraflutningur að ósk vistmanns eða aðstandenda greiddur af þeim sem óskar flutningsins.

Ef einstaklingur sem býr á öldrunarstofnun er lagður inn á sjúkrahús dvelst hann þar á kostnað sjúkrahússins.“

Öldrunarstofnun er ekki skylt að kosta persónulega muni og aukaþjónustu, svo sem fatnað, fatahreinsun, snyrtivörur, hársnyrtingu og fótsnyrtingu.

Í gildi eru fimm þjónustusamningar við öldrunarheimili. Í öllum samningunum er kveðið á um lágmarksþjónustu sem hjúkrunarheimilin eiga að veita vistmönnum sem þar dvelja.

5. *Hvernig er háttað reglubundnu eftirliti með þeirri þjónustu sem öldrunarstofnanir veita?*

Landlæknir hefur faglegt eftirlit með gæðum þjónustu sem öldrunarstofnanir veita vistmönnum sínum, sbr. 3. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Í reglugerð nr. 546/1995, um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum, segir að árlega skuli meta heilsufar og aðbúnað einstaklinga sem dveljast á slíkum stofnunum. Matið skal byggt á RAI-mælingum (raunverulegum aðbúnaði íbúa). Markmiðin með matinu eru að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð hins aldraða, afla upplýsinga um þarfir og umönnun hins aldraða, afla samræmdra upplýsinga um þarfir öldrunarstofnana og tryggja hámarksgæði þjónustu og sem besta nýtingu fjármagns. RAI-mat skal fara fram við upphaf dvalar einstaklings á öldrunarstofnun og reglulega eftir það samkvæmt nánari ákvörðun RAI-nefndar, þó ekki sjaldnar en árlega.

Einn hjúkrunarfræðingur er í fullu starfi hjá landlæknisembættinu við að fylgjast með RAI-mati öldrunarstofnana. Hjúkrunarfræðingurinn metur gæðavísa RAI-mats og heimsækir öldrunarstofnanir þar sem matið er óeðlilegt eða gæðavísar þess benda til ófullnægjandi umönnunar. Hann gerir athugasemdir og leiðbeinir um úrbætur.

413. Svar [75. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Láru Margrétar Ragnarsdóttur um kostnaðargreiningu í heilbrigðiskerfinu.

1. *Hvað er langt síðan farið var að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum hér á landi?*

Stjórnvöld og stjórnendur heilbrigðisþjónustunnar hafa ávallt aflað sér upplýsinga um kostnað við þjónustuna á helstu sviðum starfseminnar eins og hún er á hverjum tíma. Hér er aftur á móti verið að fjalla um kostnaðargreiningu fyrir einstök verk eða verkefni en ekki svið. Það hefur lengi verið áhugi á að taka upp kostnaðargreiningu á hátæknisjúkrahúsum hér á landi. Unnið hefur verið með hléum að kostnaðargreiningu á grundvelli DRG-flokkunarkerfisins á sjúkrahúsunum í Reykjavík allt frá árinu 1983. Sem dæmi vann Lára Margrét Ragnarsdóttir, þá starfsmaður Ríkisspítala, mikið og gott starf við undirbúning að því að taka upp DRG-flokkunargreiningu á stofnuninni á þeim árum. Ráðuneytið hefur verið þátttakandi í norrænu samstarfi um flokkun sjúkdóma þar sem farið hefur fram samræming DRG-kerfisins á Norðurlöndum (NordDRG). Frá árinu 1997 má segja að unnið hafi verið samfellt að kostnaðargreiningu á Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði nefnd til að skoða möguleg kaup ríkisins á skilgreindri þjónustu sjúkrahúsa á árinu 1999 sem síðan leiddi til þess að á árinu 2000 var tekin ákvörðun um

kostnaðargreiningu á kvennasviði Landspítala – háskólasjúkrahúss sem tilraunaverkefni til undirbúnings að breyttri fjármögnun.

Helstu vandamál við að koma á kostnaðargreiningu á grundvelli DRG-flokkunarkerfisins hafa verið erfiðleikar við að ná upplýsingum úr núverandi tölvukerfum, en þau eru ósamstæð og munur er á bæði skráningu og flokkun upplýsinga. Á öðrum stofnunum, t.d. heilsugæslustöðvum, hefur kostnaðargreining lík þeirri sem notuð er af Landspítala – háskólasjúkrahúsi samhliða DRG-flokkun ekki verið notuð.

Ráðuneytið hefur unnið að uppbyggingu reiknilíkans fyrir öldrunarþjónustu og eins fyrir heilsugæsluna, einnig hefur verið unnið að því að meta hjúkrunarþyngd hjúkrunarheimila samkvæmt svokölluðu RAI-mati. Grundvallaratriðið við þessar mælingar er áreiðanleg skráning og því hefur ráðuneytið lagt áherslu á uppbyggingu sjúkraskrárkerfis (Sögu-kerfisins) fyrir heilsugæsluna. Erfiðleikar hafa verið við að ná fram fullnægjandi stjórnunarupplýsingum út úr kerfinu en unnið er að úrbótum og vonast er til þess að kerfið verði komið í viðunandi ástand um næstu áramót.

2. *Hvaða þjónusta hefur nú þegar verið kostnaðargreind og hversu langan tíma er talið að taki að ljúka verkefninu?*

Landspítali – háskólasjúkrahús hefur sett sér það markmið að nota svokallað DRG-flokkunarkerfi til að mæla þau verk sem unnin eru á spítalanum. Jafnframt hefur verið unnið að kostnaðargreiningu á verkunum samkvæmt DRG-skráningu og upplýsingakerfið þannig útbúið að mánaðarlega fáist yfirlit yfir unnin verk ásamt kostnaði við þau og samanburður gerður við áætlun. Ætlunin er að sem stærstur hluti starfsemi spítalans verði kostnaðargreindur eftir þeirri aðferð. Eins og fram kom í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar var á árinu 2000 ákveðið að gera tilraun með kostnaðargreiningu eftir DRG-flokkunarkerfinu og var kvennasviðið valið í þá tilraun. Þeirri tilraun lauk um síðustu áramót og eru stjórnendur spítalans ánægðir með það verk. Í ár hefur verið unnið að kostnaðargreiningu á skurðlækningasviði og svæfinga- og gjörgæslusviði og er ráðgert að þeirri vinnu ljúki fyrir árslok. Nú er unnið að undirbúningi við að taka upp DRG-flokkunarkerfið á lyflækningasviði og barnasviði þannig að hægt verði að prófa kerfið á þessum deildum á næsta ári. Slysa- og bráðasvið, öldrunarsvið, endurhæfingarsvið og geðsvið þurfa sérstakrar skoðunar (meðhöndlunar) við, en ákvörðun um flokkunarkerfi og nálgun þessara viðfangsefna þarf að liggja fyrir eigi síðar en í ársbyrjun 2003. Jafnframt er verið að skoða möguleikana á að kostnaðargreina aðra þætti starfseminnar og þá með öðrum aðferðum. Niðurstaða þeirrar skoðunar þarf að liggja fyrir á næsta ári.

3. *Hverjar eru helstu ástæður fyrir töfum sem orðið hafa við vinnu við kostnaðargreiningarkerfi sjúkrahúsanna? Hefði ekki verið eðlilegra að ljúka kostnaðargreiningarferlinu fyrir sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík?*

Það má deila um hvort orðið hafi tafir á vinnu við kostnaðargreiningarkerfi sjúkrahúsanna þar sem það var ekki fyrr en á árinu 2000 sem tekin var formleg ákvörðun um tilraunaverkefni við kostnaðargreiningu kvennadeildar. Eftir það hefur verkið gengið samkvæmt áætlun. Reynsla stjórnenda af kostnaðargreiningu kvennasviðs sýnir að hér er um mikilvægt stjórntæki að ræða við mat á framleiðni og verkferlum sem getur stuðlað að aukinni framleiðni og bættri nýtingu fjármagns. Hvað varðar tímasetningu verkefnisins þá er erfitt að meta hvenær byrja hefði átt á því. Þó er ljóst að verkefnið er auðveldara í framkvæmd eftir sameiningu þar sem spítalarnir voru með mismunandi upplýsingakerfi og því hefði þurft að þróa mismunandi verkfæri á þessum tveimur spítölum til að ná fram því markmiði stjórnenda spítalans að geta

borið saman mánaðarlega raunkostnað og greiðslur samkvæmt DRG-einingum. DRG-kerfið var í upphafi ófullkomið og byggðist á tölfræðilegum upplýsingum frá Bandaríkjunum sem hentuðu illa hér. DRG-kerfið krefst einnig allnokkurra mælinga svo að upplýsingar verði áreiðanlegar. Nú er stuðst við norrænar útgáfur af kerfinu sem henta betur.

4. *Hvaða aðferðum hafa menn beitt við kostnaðargreiningu heilbrigðisþjónustu?*

Hér hefur fyrst og fremst verið rætt um Landspítala – háskólasjúkrahús en notaðar eru mismunandi aðferðir við kostnaðargreiningu í heilbrigðisþjónustunni. Á hjúkrunarheimilum hefur verið tekin upp svokölluð RAI-mæling sem metur hjúkrunarþyngd vistmanna á hjúkrunarheimilum. Samkvæmt RAI er umönnunarþörf vistmanna metin og grundvallast matið á kostnaði við að sinna þörfum þeirra. Stuðst hefur verið við reiknilíkön við úthlutun fjármagns til öldrunarstofnana og eins hefur verið unnið að gerð reiknilíkans fyrir heilsugæslustöðvar.

Eins og fram hefur komið er DRG-greining notuð til að mæla verk á sjúkrahúsum (Landspítala – háskólasjúkrahúsi). Verið er að skoða hvaða leiðir koma til greina við kostnaðargreiningu á öðrum sviðum og er hugað að mögulegum valkostum. Má þar nefna að fyrir geðsviðið er nú verið að skoða „RAI for mental health“, fyrir endurhæfingarsviðið (FRG= Functional related groups) og öldrunarsviðið (Post acute care= PAC).

414. Svar [271. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skýrslutöku af börnum í Barnahúsi og dómhúsum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg börn hafa komið í skýrslutöku frá því að Barnahúsið var opnað?*
2. *Hversu oft hafa verið teknar skýrslur af börnum í Barnahúsi annars vegar og í dómhúsum hins vegar frá því að breyting þar að lútandi var gerð á lögum um meðferð opinberra mála? Svar óskast sundurliðað eftir árum og aldri barna.*

Alls hafa 218 börn komið í skýrslutöku í Barnahúsi frá opnun Barnahússins hinn 1. nóvember 1998 og fram til 1. nóvember 2002.

Fyrir breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999, sbr. lög nr. 36/1999, sem öðluðust gildi hinn 1. maí 1999, voru teknar alls 48 skýrslur af börnum í Barnahúsi undir stjórn lögreglu. Frá 1. maí 1999 og fram til 1. nóvember 2002 hafa verið teknar 170 skýrslur af börnum í Barnahúsi undir stjórn dómara.

Sundurliðun á skýrslutöku á rannsóknarstigi í Barnahúsi undir stjórn dómara eftir árum og aldri barna má sjá nánar í eftirfarandi töflu:

Aldur	1999*	2000	2001	2002**	Alls
2–5 ára	5	8	9	4	26
6–9 ára	10	8	6	8	32
10–13 ára	11	11	16	17	55
14–18 ára	10	14	14	19	57
Samtals	**36**	**41**	**45**	**48**	**170**

* Frá 1. maí 1999.

** Til 1. nóvember 2002.

Sundurliðun á skýrslutöku á rannsóknarstigi í dómhúsi frá tímabilinu 1. janúar 2000 og fram til 1. nóvember 2002 má sjá nánar í eftirfarandi töflu:

Aldur	1999	2000	2001	Til 1. nóv. 2002	Alls
Brotaþolar <14 ára	5	14	14	13	46
Brotaþolar 14–18 ára	13	17	21	11	62
Samtals	**18**	**31**	**35**	**24**	**108**

Tíðni skýrslutöku af börnum á rannsóknarstigi opinberra mála í dómhúsi skiptist nánar tiltekið niður á héraðsdómstólana með eftirfarandi hætti:

Héraðsdómur	Aldur	1999	2000	2001	Til 1. nóv. 2002	Alls
Reykjavíkur	<14	5	10	8	7	30
	14–18	9	12	11	5	37
Vesturlands	<14	0	0	0	0	0
	14–18	0	0	1	0	1
Vestfjarða	<14	0	0	0	0	0
	14–18	0	0	2	0	2
Norðurlands vestra	<14	0	1	1	1	3
	14–18	0	0	3	1	4
Norðurlands eystra	<14	0	1	5	5	11
	14–18	0	0	4	3	7
Austurlands	<14	0	2	0	0	2
	14–18	0	3	0	1	4
Suðurlands	<14	0	0	0	0	0
	14–18	0	1	0	1	2
Reykjaness	<14	0	0	0	0	0
	14–18	4	1	0	0	5
Samtals		**18**	**31**	**35**	**24**	**108**

Við lestur og frekari úrvinnslu tölulegra upplýsinga verður að hafa hugfast að vegna ársins 1999 miðast tímamark skýrslutöku í Barnahúsi við 1. maí 1999 en tímamark skýrslutöku í dómhúsi miðast við allt árið 1999.

Að auki verður að hafa hugfast að skýrslutökur í dómhúsum fara fram í sérútbúnum skýrslutökuherbergjum og í mjög mörgum tilfellum sjá reyndir sálfræðingar um skýrslutökurnar í dómhúsunum og í nokkrum tilfellum hafa sérfræðingar Barnahúss verið kallaðir til, þannig að segja má að skýrslutökur í dómhúsum og Barnahúsi skarist talsvert.

415. Fyrirspurn [369. mál]

til landbúnaðarráðherra um Jarðasjóð.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hver var efnahagsstaða Jarðasjóðs um síðustu áramót?
2. Hvernig aflar sjóðurinn sér tekna og hvernig er fjármunum hans ráðstafað?

3. Hversu margar jarðir hefur sjóðurinn keypt á þessu ári?
4. Hversu margar jarðir hefur sjóðurinn keypt eða selt sl. fimm ár og hverjar eru þær jarðir?

Skriflegt svar óskast.

416. Frumvarp til laga [370. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að semja við félag eða félagasamtök um niðurfellingu á hluta af skuldum þeirra við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila, enda sé niðurfelling skulda liður í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi. Telji stjórn Íbúðalánasjóðs, m.a. með hliðsjón af 1. gr., að hagsmunum sjóðsins verði betur borgið með slíkum samningi sendir stjórnin tillögu þess efnis til umsagnar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Skilyrði fyrir heimild Íbúðalánasjóðs til afskrifta er að þessir aðilar hafi fallist á tillöguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild til að afskrifa hluta af skuldum félags eða félagasamtaka við Íbúðalánasjóð. Síðastliðið vor var starfshópur settur á laggirnar af hálfu ríkisstjórnarinnar til að leita lausna á alvarlegum greiðsluvanda tiltekinna námsmannasamtaka vegna reksturs þeirra á leiguíbúðum ætluðum námsmönnum. Niðurstaða starfshópsins var að rétt væri að afla lagaheimildar til handa Íbúðalánasjóði til að sjóðurinn gæti ásamt öðrum lánardrottnum brugðist við erfiðum greiðsluvanda samtakanna. Núgildandi heimild skv. 47. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, til niðurfellingar á kröfum Íbúðalánasjóðs er bundin annars vegar við kröfur á hendur einstaklingum og hins vegar sveitarfélögum.

Því er hér lagt til að í 47. gr. laganna verði bætt við ákvæði sem heimili stjórn Íbúðalánasjóðs að afskrifa hluta af lánum Íbúðalánasjóðs til félags eða félagasamtaka að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Með lögum nr. 155/2001, sem breyttu lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, var sett inn heimild fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs til afskrifta á hluta af lánum sveitarfélaga að fengnum tillögum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Við frumvarpsgerð þessa var horft til núgildandi 4. mgr. 47. gr. laganna sem kveður á um heimildir Íbúðalánasjóðs til afskrifta hluta af skuldum sveitarfélaga.

Lagt er til að félög eða félagasamtök beini ósk um afskriftir til stjórnar Íbúðalánasjóðs. Stjórn sjóðsins taki síðan afstöðu til þess hvort hún leggur til að orðið sé við umsókninni eða henni synjað. Við mat á því þarf stjórn Íbúðalánasjóðs, m.a. með hliðsjón af tilgangi laganna skv. 1. gr. þeirra, að huga að því hvort hagsmunum sjóðsins verði betur borgið með slíkum samningi. Tillaga stjórnar Íbúðalánasjóðs er síðan send til umsagnar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Sett er sem skilyrði að gerðar verði upp eftirstöðvar vanskila og að samningar um niðurfellingu skulda skuli gerðir í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi félags eða félagasamtaka. Heimildin til niðurfellingar á skuldum félags eða félagasamtaka er síðan bundin því skilyrði að félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun fallist á tillöguna.

Afskriftaheimild þessi tæki þannig t.d. til hinna ýmsu félaga- og rekstrarforma, svo sem hlutafélags, einkahlutafélags, sjálfseignarstofnunar og húsnæðissamvinnufélags. Tenging afskrifta við uppgjör á vanskilum og greiðslum og endurskipulagningu á fjármálum skuldara getur verið greiðsluhvetjandi. Með lögfestingu á slíkri heimild er því í raun verið að tryggja hagsmuni Íbúðalánasjóðs eins og kostur er við slíkar aðstæður. Með slíkri niðurfellingu og skuldaskilum má líta svo á að hagsmunir Íbúðalánasjóðs séu betur tryggðir.

Samkvæmt framanrituðu er ljóst að ekki er gert ráð fyrir að þessari heimild verði beitt nema í undantekningartilvikum en nauðsynlegt þykir að setja nokkuð ströng skilyrði fyrir afskriftum, enda slíkt til samræmis við aðrar afskriftaheimildir Íbúðalánasjóðs skv. 47. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild til að semja við félög eða félagasamtök um niðurfellingu hluta af skuldum þess við sjóðinn í þeim tilgangi að treysta hagsmuni Íbúðalánasjóðs. Telji stjórn sjóðsins hagsmunum hans betur borgið með slíkum samningi skal hún leita umsagnar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar og er skilyrði fyrir heimild Íbúðalánasjóðs til afskrifta að framangreindir aðilar hafi fallist á tillöguna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð, enda er heimildin veitt eingöngu í þeim tilvikum að stjórn sjóðsins telji að með samningi um niðurfellingu hluta af skuld sé hagsmunum hans betur borgið.

417. Frumvarp til laga [371. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir orðinu „loknu“ í 3. og 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: sbr. 7. gr.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um ríkissjóð og ríkisstofnanir sem greiða vexti samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Stofn til staðgreiðslu sem arður samkvæmt lögum þessum teljast tekjur, sbr. 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. fjárhæð sú er félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 greiða eða úthluta.

4. gr.

2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár reiknuð frá og með gjalddaga, hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Skal álag þetta vera hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á viðurlögum vegna vangreiðslu til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Jafnframt eru lagðar til breytingar þar sem kveðið er skýrar á um skilaskyldu ríkis og ríkisstofnana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Núgildandi 2. mgr. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur hefur að geyma sérreglu um skattskil og skilagrein þeirra aðila sem almennt eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti skv. 2.–7. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Lagt er til að aðilar í þessum hópi sem fengið hafa vaxtatekjur vegna eigin innheimtu og því ekki verið innheimtur skattur af í staðgreiðslu skuli skila skattinum að tekjuári loknu á gjalddaga skv. 7. gr. Með þessari breytingu verða skil á fjármagnstekjuskatti á sama tíma hjá öllum, þ.e. 15. janúar ár hvert.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði afdráttarlaust á um að ríkinu og stofnunum þess beri að halda eftir staðgreiðsluskatti af vöxtum sem greiddir eru. Breytingin leiðir til þess að stofnunum eins og, t.d. Ábyrgðasjóði launa og Tryggingastofnun ríkisins, ber skilyrðislaust að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af vöxtum er þær greiða út. Virðast vera nokkur vanhöld á því að staðgreiðsluskattur af vöxtum sem þessar stofnanir greiða út hafi skilað sér í ríkissjóð.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að tekjur skv. 5. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, verði staðgreiðsluskyldar. Hér er um að ræða greiðslur samvinnufélaga og kaupfélaga til félagsaðila af viðskiptum þeirra við félögin sem annað hvort eru lagðar við stofnsjóð þeirra eða greiddar út til þeirra. Tekjur af viðskiptunum eru skattskyldar í hendi félagsaðilanna skv. 5. tölul. C-liðar 7. gr. og voru þær taldar hliðstæðar arði frá hlutafélögum að því er varðar frádrátt frá tekjum áður en skattur á fjármagnstekjur var lögleiddur. Engin ákvæði eru um staðgreiðslu skatts af tekjum skv. 5. tölul. C-liðar 7. gr. Tekjur sem skattskyldar eru skv. 6. tölul. C-liðar 7. gr. sem greiddar eru félagsaðilum ef um er að ræða viðskipti í tengslum við atvinnurekstur félagsaðilana ber að tekjufæra í atvinnurekstri viðkomandi og er hér ekki átt við slíkar tekjur.

Um 4. gr.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru tilkomnar vegna flutnings innheimtuþáttar staðgreiðslukerfis ríkisskattstjóra til Fjársýslu ríkisins. Meginbreytingin lýtur að því að lagt er til að dráttarvextir af staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur verði reiknaðir sem dagvextir í stað mánaðarvaxta samkvæmt gildandi lögum. Þá er lagt til að upphafstími vaxtanna verði frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til annars vegar að gerð verði breyting á ákvörðun dráttarvaxta samkvæmt lögum um skatt á fjármagnstekjur til samræmis við frumvarp um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sú breyting felur í sér að reiknaðir verði dráttarvextir á vangoldinn skatt sem dagvextir frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga. Hins vegar er lagt til að kveðið verði skýrar á um skyldu ríkisaðila til að standa skil á fjármagnstekjuskatti. Verði frumvarpið að lögum er ekki ástæða til að ætla að útgjöld eða tekjur ríkissjóðs breyttist svo nokkru nemi.

418. Frumvarp til laga [372. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Orðin „og launagreiðenda“ í 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, svohljóðandi:

Fjársýsla ríkisins.

Fjársýsla ríkisins skal halda skrá sem sýnir greiðslustöðu launagreiðenda á staðgreiðsluári. Til að sinna því hlutverki skal Fjársýsla ríkisins hafa sömu heimildir og um getur í 3. mgr. 24. gr.

3. gr.

2. tölul. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár frá og með gjalddaga, hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Skal álag þetta vera hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

4. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Endurgreiðsluskrá skal send Fjársýslu ríkisins sem sér um endurgreiðslu fyrir hönd ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir að skuldajöfnun á móti gjaldföllnum sköttum til ríkis og sveitarfélaga hefur farið fram.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá því að staðgreiðsla opinberra gjalda kom til framkvæmda árið 1988 hefur staðgreiðslukerfið bæði verið álagningarkerfi og innheimtukerfi. Í þessu frumvarpi er hins vegar lagt til að Fjársýslu ríkisins verði falinn innheimtuþáttur kerfisins. Þá er einnig lagt til að ekki verði einungis hægt að skuldajafna á móti þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum heldur almennt á móti sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Hér er lagt til að utanumhald um skrá þá sem sýnir greiðslustöðu launagreiðenda á staðgreiðsluári flytjist frá ríkisskattstjóra til Fjársýslu ríkisins. Þessar upplýsingar verða framvegis geymdar í tekjubókhaldskerfi ríkisins en ekki í staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra eins og verið hefur hingað til.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að dráttarvextir vegna vanskila á staðgreiðslu opinberra gjalda verði reiknaðir sem dagvextir í stað mánaðarvaxta samkvæmt gildandi lögum. Þá er upphafstími vaxtanna miðaður við gjalddaga hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Eru breytingar þessar nauðsynlegar samfara flutningi innheimtuþáttar staðgreiðslukerfisins frá ríkisskattstjóra til Fjársýslu ríkisins.

Um 4. gr.

Lagt er til að rýmkaðar verði heimildir til skuldajöfnunar. Samkvæmt gildandi ákvæði eru heimildir til skuldajöfnunar í staðgreiðslu í reynd þrengri en samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um skuldajöfnuð. Hér er lagt til að ekki verði einungis hægt að skuldajafna á móti þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum heldur almennt á móti sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Með þessari breytingu verður heimilt að skuldajafna ofgreiddri staðgreiðslu á móti gjaldföllnum þungaskatti, bifreiðagjaldi, virðisaukaskatti og öðrum sköttum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra í gjalda. Í fyrsta lagi er lagt til að Fjársýslu ríkisins verði falin innheimta staðgreiddra opinberra gjalda og skrá um greiðslustöðu greiðenda í stað ríkisskattstjóra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að heimildir til að skuldajafna ofgreiddum staðgreiddum sköttum á móti öðrum sköttum verði rýmkaðar. Í þriðja lagi verði reiknaðir dráttarvextir á vangoldinn skatt sem dagvextir frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga. Ekki er gert ráð fyrir að þessar breytingar leiði til teljandi útgjalda og áformar fjármálaráðuneytið að þær verði framkvæmdar innan gildandi útgjaldaramma fjárlaga. Einnig er reiknað með að áhrifin á tekjuhlið ríkissjóðs verði óveruleg.

419. Tillaga til þingsályktunar [373. mál]

um flutning starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar.

Flm.: Hjálmar Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jónína Bjartmarz.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að kanna hagkvæmni þess að flytja störf Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar fyrir 1. mars 2003.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur eflst mjög á undanförnum árum. Atvinnugreinin gegnir æ veigameira hlutverki í íslensku hagkerfi og fjölmargir hafa haslað sér völl á flestum sviðum ferðamála. Eigi að síður má segja að atvinnugreinin sé ung að árum en hröð þróun innan hennar hefur m.a. leitt til þess að innviðir hennar hafa styrkst að undanförnu. Auk fjölmargra tilboða fyrir ferðamenn hafa aðilar innan greinarinnar myndað ýmiss konar samráðsvettvang, svo sem Samtök ferðaþjónustunnar. Samhliða þeim samtökum er starfandi Ferðamálaráð Íslands sem er ætlað að vera stjórnvöldum til halds og trausts á sviði ferðamála. Eðlilegt er að spyrja hvort ekki sé orðið tímabært að endurskoða þá skipan mála og fela atvinnugreininni *sjálfri að mestu hlutverk Ferðamálaráðs. Slíkt fyrirkomulag hefur tíðkast í samstarfi stjórn*valda við heildarsamtök annarra greina.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir því að samgönguráðherra skipi nefnd til að skoða kosti þess að flytja störf Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar og skal ráðherra gera Alþingi grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar eigi síðar en 1. mars árið 2003.

Flutningsmenn mæla með því að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, ferðamálabraut Menntaskólans í Kópavogi og Samtökum ferðaþjónustunnar, auk formanns er ráðherra skipar án tilnefningar.

420. Tillaga til þingsályktunar [374. mál]

um aukna notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfræðinga til þess að gera tillögu að heildarstefnu um notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd. Stjórnmálaflokkar sem sæti eiga á Alþingi tilnefni einn mann hver, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands tilnefni einn fulltrúa, náttúruverndarsamtök einn fulltrúa, Samtök atvinnulífsins einn og umhverfisráðherra einn fulltrúa, sem er jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin skili niðurstöðum sínum í skýrslu til Alþingis.

Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hefur notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd farið vaxandi, m.a. innan OECD-landanna. Á landsfundi Samfylkingarinnar árið 2001 var sam-

þykkt að beita þyrfti hagrænum stjórntækjum, svo sem umhverfisgjöldum og skilagjöldum, í ríkari mæli til þess að vernda umhverfi og í því sambandi lagðar auknar skyldur á framleiðendur og seljendur að taka við umbúðum, varningi og tækjum sem neytendur þurfa að losa sig við. Notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd tengist beint framfylgd mengunarbótareglunnar sem er ein af meginreglum Ríó-yfirlýsingarinnar, en hún kveður á um að þeir sem menga skuli greiða fyrir þann skaða sem mengunin veldur.

Umhverfisgjöld hafa um nokkurt skeið verið lögð á hér á landi með það að markmiði að stuðla að betri umgengni við umhverfið. Með lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, var stigið fyrsta skrefið í þessa átt. Spilliefnagjöld voru lögleidd árið 1996 og á 126. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um úrvinnslu úrgangs sem ekki náði fram að ganga. Sjá skriflegt svar umhverfisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um umhverfisgjöld (fylgiskjal).

Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020, Velferð til framtíðar, er á það minnt að hagræn stjórntæki séu eitt margra tækja sem nota má til þess að stuðla að sjálfbærri þróun og nýtingu náttúrunnar, en önnur tæki eru til dæmis gerð skipulags- og náttúruverndaráætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þrátt fyrir þessa stefnumörkun er enn langt í land með að þeir hvatar séu til staðar í atvinnu- og efnahagslífi sem stuðli að sem bestri nýtingu auðlinda og umhverfisvernd. Þessi tillaga til þingsályktunar er lögð fram með það að markmiði að stjórnvöld móti stefnu um notkun hagrænna stjórntækja í umhverfismálum og grípi til viðeigandi lagabreytinga til þess að hrinda megi stefnunni í framkvæmd.

Umhverfisgjöld hafa það að meginmarkmiði að fella allan framleiðslukostnað, þar með talinn ytri kostnað, inn í verð tiltekinnar vöru svo að verðið endurspegli betur hinn raunverulega samfélagslega kostnað sem hlýst af framleiðslu hennar og neyslu. Markmið þeirra er einnig að stuðla að betri umgengni við umhverfið og sjálfbærri þróun með því að umbuna fólki og fyrirtækjum fyrir að ástunda umhverfisvernd og betri nýtingu náttúruauðlinda en láta þeim eftir að greiða kostnaðinn sem gera það ekki. Hafa verður að leiðarljósi að upptaka umhverfisgjalda þarf ekki nauðsynlega að auka heildarskattbyrði í þjóðfélaginu, heldur að færa byrðina yfir á þá þætti framleiðslunnar sem leiða til aukins umhverfiskostnaðar.

Umhverfisgjöldin verður að skoða sérstaklega með tilliti til áhrifa þeirra á samkeppni í framleiðslu og á markaði. Því hefur verið haldið fram að gjöld af þessu tagi geti dregið úr samkeppnishæfni atvinnulífsins en hins vegar verður að hafa í huga að framþróun atvinnulífs veltur ekki síst á þróun í anda sjálfbærrar þróunar og má með góðum rökum halda því fram að grafið sé undan stoðum atvinnulífsins þegar til langs tíma er litið ef ekki sé tekið tillit til umhverfiskostnaðar framleiðslunnar. Með því að auka umhverfisgjöld þannig að aðrir skattar lækki á móti má draga úr neikvæðum áhrifum á samkeppnisstöðu fyrirtækja. Í löndum sem glíma við mikið atvinnuleysi hefur því verið haldið fram að auknum umhverfisgjöldum ættu að fylgja lækkandi skattar á vinnuafl og með því mætti ná fram minni mengun og hærra atvinnustigi (svokallaður tvöfaldur ávinningur).

Í stuttu máli sagt geta umhverfisgjöld verið mjög góð leið til þess að fella umhverfiskostnað við framleiðslu tiltekinnar vöru inn í verðið. Í annan stað geta þau virkað sem hvati á neytendur og framleiðendur til þess að taka upp vistvænni neyslu og framleiðslu. Í þriðja lagi hafa umhverfisgjöld hingað til verið notuð til þess að auka tekjur ríkissjóðs, t.d. með skattlagningu bifreiða. Full ástæða er til þess að skoða hvernig grænar álögur geti aflað ríkissjóði tekna á kostnað annarrar skattlagningar. Umhverfisgjöld þurfa að vera hluti af heildarstefnumótun í umhverfismálum sem tekur mið af sjálfbærri þróun. Þess vegna er full

ástæða til þess að skoða ofan í kjölinn hvernig beita megi umhverfisgjöldum á heildstæðan og samræmdan hátt hér á landi.

Skatta og álagningu á samgöngur, t.d. álagning bifreiða- og eldsneytisgjalda, þyrfti að endurskoða með það að markmiði að minnka útblástur og stuðla að notkun minni og sparneytnari bifreiða og í því augnamiði að stuðla að auknu öryggi vegfarenda. Sem kunnugt er hafa landflutningar með þungaflutningabifreiðum aukist gífurlega á liðnum árum og ljóst að mikil umferð vöruflutningabifreiða um þjóðvegi landsins eykur slit og kostnað við vegagerð til framtíðar. Markvissar breytingar á skattlagningu bifreiða og eldsneytis gætu haft mikil áhrif til hins betra fyrir umhverfið.

Umhverfisgjöld má hugsanlega einnig nýta til þess að minnka ágang á viðkvæmu landi, ekki síst á mestu náttúruperlum Íslands, eða standa undir kostnaði við þjónustu við ferðamenn. Að mati flutningsmanna verða gjöld af þessu tagi að hafa það skýra markmið að vernda viðkvæma náttúru með því að draga úr umferð fólks og bifreiða. Mikil umferð stórra jeppabifreiða um hálendi Íslands, jafnvel utan vega, er vaxandi vandamál, sérstaklega yfir sumartímann. Ýmsar lausnir gætu komið til greina, t.d. farartækjagjald á fjallvegum ellegar notkun ítölu eða þjónustugjalds á viðkvæmustu staðina.

Við slíka vinnu er rík ástæða til þess að hafa samráð við hagsmunaaðila, svo sem Samtök atvinnulífsins, Neytendasamtökin og Samtök ferðaþjónustunnar, auk þess sem stórauka þarf fræðslu til almennings um gildi umhverfisverndar í anda sjálfbærrar þróunar fyrir samfélagið, viðgang þess og vöxt.

Með þingsályktunartillögunni var fylgiskjal: Svar umhverfisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um umhverfisgjöld. (Þskj. 1415, 422. mál 126. löggjafarþings.) Sjá Alþt. 2000–2001, 5575–5576 bls.

421. Svar [305. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kjartans Ólafssonar um samgöngur til og frá Vestmannaeyjum.

1. *Hvað hefur verið gert í samgöngumálum Vestmannaeyinga árin 2000–2002 af samgönguráðuneytinu og stofnunum þess?*

Þessari spurningu verður ekki svarað nema að með sé hafður nokkur formáli. Hér á eftir verða nefndar ýmsar staðreyndir um samgöngumál Vestmannaeyja samhliða því að leitast verður við að svara fyrirspurninni sjálfri.

Innanlandsflug var gefið frjálst á Íslandi 1. júlí 1997. Þetta hafði mikil tímabundin áhrif, Íslandsflug hóf samkeppni við Flugfélag Íslands um nokkra hríð, hætti um tíma, en hóf síðan áætlunarflug til Eyja að nýju sl. haust eftir að Flugfélag Íslands lagði niður flug til Vestmannaeyja. Flugfélagið Jórvík hefur einnig að einhverju leyti verið með áætlunarflug á þessum tíma.

Flug frá Bakka jókst eftir því sem leið á tíunda áratuginn og farþegar um þann flugvöll eru nú þriðjungur flugfarþega til og frá Vestmannaeyjum. Í flugmálaáætlun fyrir árið 2001 fékkst fjármagn til þess að byggja upp nýja austur–vestur braut með nýju malarundirlagi.

Framkvæmdin, sem tókst vel, var í umsjá Flugmálastjórnar en á sama tíma beitti samgönguráðuneytið sér fyrir því að brautin væri lögð bundnu slitlagi. Flug til Bakka er góð og sveigjanleg viðbót við samgöngur við Eyjar en þar er hængur á af því að augljóst ætti að vera öllum að uppgangur þessa kosts kemur beinlínis í veg fyrir áætlunarflug frá Reykjavík með stærri flugvélum en 19 manna. Rekstur 19 manna véla er og verður alltaf hlutfallslega kostnaðarsamari en stærri véla. Sést þetta greinilega þegar litið er á verðþróun, sbr. svar við 4. lið fyrirspurnarinnar. Auk þess má benda á að um tæplega tveggja tíma ferðalag er að ræða sé ætlunin að fara til Reykjavíkur og eru settar fram efasemdir um að um raunverulegan framtíðarkost sé að ræða í samgöngumálum Vestmannaeyja.

Nýr, stærri og hraðskreiðari Herjólfur var tekinn í notkun 1992. Tilkoma hans var til mikilla bóta og reynsla af skipinu verður að teljast góð fram að þessu.

Rætt var um jarðgöng til Vestmannaeyja á seinni hluta síðasta áratugar. Forkönnun Vegagerðarinnar í janúar 2000 sýndi fram á að þessi hugmynd væri ekki raunhæf.

Ákveðið var árið 1999 að bjóða út rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs en áður höfðu verið boðnar út ferjuleiðir í Djúpi og til Grímseyjar. Ferjuleið um Breiðafjörð var boðin út samhliða útboði á rekstri Herjólfs. Var það í samræmi við útboðsstefnu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt var þá löngu komið í ljós að þáverandi kerfi, þar sem ábyrgð á rekstri og greiðsla kostnaðar fóru ekki saman, var orðið úrelt og reyndar óviðunandi fyrir ríkissjóð. Útboðið var haldið og það fór að vonum því að verulegur sparnaður náðist sem hefur verið nýttur til hagsbóta fyrir Eyjamenn með fjölgun ferða. Útboð á rekstri Herjólfs hefur í reynd verið forsenda fyrir bættri þjónustu og fjölgun ferða sem verða 570 árið 2003 í stað um 450 árið 2000. Aukningin er því 27%.

Samgönguráðherra skipaði vinnuhóp í sumar til þess að fjalla um samgöngur til Vestmannaeyja. Vinnuhópurinn skilaði nýlega áfangaskýrslu, þar sem m.a. er lagt til að ferðum Herjólfs fjölgi og uppbyggingu Bakkaflugvallar verði hraðað, en hópurinn hefur haldið áfram vinnu sinni og fjallað um framtíðarmöguleika í samgöngum milli lands og Eyja en endanleg skýrsla kemur væntanlega fyrir áramót.

Kröfur landsmanna, og þar eru Vestmannaeyingar ekki undanskildir, um bættar samgöngur hafa stóraukist á þessu tímabili. Það sem þótti gott fyrir tíu árum þykir það ekki lengur. Samgönguþjónusta við Vestmannaeyjar verður að fylgja þróuninni annars staðar. Þrátt fyrir þetta verður að gera þá lágmarkskröfu að þeir sem tjá sig um þessi mál séu efnislegir í umfjöllun sinni og að staðlausum upphrópunum linni. Ráðuneytið hefur með margvíslegum hætti stuðlað að bættum samgöngum við Vestmannaeyjar eins og sést hér að framan. Aðstæður á Bakkaflugvelli hafa verið bættar og veruleg fjölgun ferða Herjólfs er staðreynd. Möguleikar á að styðja við flugsamgöngur eru takmarkaðir og Vestmannaeyingar geta glaðst yfir því að flug til þeirra er rekið án ríkisstyrkja. Því verður hins vegar ekki á móti mælt að enduruppbygging Reykjavíkurflugvallar og barátta samgönguyfirvalda fyrir tilvist hans hefur mikla þýðingu fyrir íbúa Vestmannaeyja. Vinnuhópur er að störfum sem hefur það hlutverk að líta til framtíðarinnar um þessar samgöngur. Á næstu árum verður sérstaklega fróðlegt að fylgjast með rannsóknum á Bakkafjörum sem er mjög áhugavert verkefni en allir verða hins vegar að gera sér það ljóst að það mun taka nokkur ár að ná fram niðurstöðu sem að byggjandi er á.

2. *Hversu margir farþegar fóru til og frá Vestmannaeyjum árin 1990–2001*
   a. *með flugi um Reykjavíkurflugvöll,*
   b. *með flugi um Bakkaflugvöll,*
   c. *með Herjólfi,*
   sundurliðað eftir árum?

Heildarfjöldi flugfarþega til og frá Vestmannaeyjum hefur breyst frá árinu 1990 eins og sést í töflunni. Um er að ræða komur og brottfarir. Flugfarþegum hefur fækkað svo að tala má um hrun milli áranna 1999 og 2001 og er þetta mun meiri fækkun en annars staðar á landinu.

Flug til og frá Vestmannaeyjum.

Ár	Fjöldi
1990	71.962
1995	75.536
1998	83.660
1999	89.013
2000	84.077
2001	57.112

Heildarfjöldi flugfarþega milli Vestmannaeyja og Bakka hefur breyst frá árinu 1990 eins og sést í eftirfarandi töflu. Tölurnar eru þó áætlaðar fyrir 1990 og 1995. Um er að ræða komur og brottfarir. Sérstök athygli er vakin á að flugfarþegar milli Bakka og Eyja eru taldir með í tölunum um heildarfjölda flugfarþega til Eyja og frá í töflunni hér að framan.

Vísbendingar eru um að heimamenn séu aðeins um þriðjungur farþega sem fara um Bakkaflugvöll. Gögnin sem standa að baki þessari fullyrðingu eru þó veik en sé þetta raunin er ljóst að hlutverk flugvallarins fyrir ferðamennskuna í Eyjum verður síst ofmetið.

Vestmannaeyjar – Bakkaflugvöllur.

Ár	Fjöldi
1990	4.000
1995	10.000
1998	16.888
1999	14.194
2000	17.361
2001	19.260

Flest bendir til þess að Herjólfur hafi tekið við þeirri farþegafækkun sem orðið hefur í fluginu.

Ferðir með Herjólfi.

Ár	Farþegar	Ferðir	Farþegar um borð	Nýtingarhlutfall, %
1992	48.555	372	65	12
1993	52.006	372	70	13
1994	60.562	410	74	14
1995	65.227	410	80	15
1996	70.105	410	85	16
1997	80.361	430	93	18

Ár	Farþegar	Ferðir	Farþegar um borð	Nýtingarhlutfall, %
1998	78.817	410	96	18
1999	78.518	410	96	18
2000	88.582	445	100	19
2001	102.325	455	112	21
2002*	102.325	510	100	19
2003*	102.325	570	90	17

* Áætlun

3. *Hvert var sætaframboðið í þessum ferðum, sundurliðað á sama hátt?*

Tekið skal fram að mjög erfitt er að meta sætaframboðið og verður því að taka tölum hér á eftir með fyrirvara.

Augljóst er að heildarsætaframboð til Vestmannaeyja hefur ekki minnkað eins og sumir hafa haldið heldur nokkurn veginn staðið í stað. Sú breyting hefur þó orðið að sætaframboð í flugi til Reykjavíkur hefur minnkað en sætaframboð með Herjólfi hefur aukist. Sætanýting virðist þó eftir sem áður léleg.

Sætaframboð með flugi, Reykjavík – Vestmannaeyjar.

Ár	Sætaframboð	Sætanýting, %
1990	80.000	53
1995	79.000	46
2000	98.582	48
2002	39.854	*58

*Nýting fyrstu 10 mánuði ársins.

Sætaframboð ársins 2002 miðast við flug 19 sæta flugvéla en áður var flogið á 50 sæta flugvélum.

Upplýsingar um sætafamboð í flugi milli Vestmannaeyja og Bakka, sbr. töflu, eru ekki áreiðanlegar fyrr en árið 1998.

Vestmannaeyjar – Bakki.

Ár	Sætaframboð	Sætanýting, %
1998	22.718	74
1999	30.624	46
2000	30.584	56
2001	36.964	52

Sætaframboð með Herjólfi hefur verið eins og fram kemur í næstu töflu.

Herjólfur.

Ár	Sætaframboð
1992	389.856
1993	389.856
1994	429.680
1995	429.680
1996	429.680
1997	450.640

Ár	Sætaframboð
1998	429.680
1999	429.680
2000	466.360
2001	476.840
2002	534.480

4. Hver var kostnaður farþega við þá ferðamöguleika sem nefndir voru í 2. lið?

Í töflunni hér á eftir er miðað við verð hjá Íslandsflugi árið 2002 en annars við verð hjá Flugfélagi Íslands. Greinilegt er að veruleg verðhækkun hefur orðið á flugfargjaldinu, þ.e. um tæp 80%. Athyglisvert er að fækkun flugfarþega, sbr. svar við 2. lið fyrirspurnarinnar, er um 30% milli áranna 2000 og 2001. Fargjaldahækkun milli 2000 og 2001 er þó aðeins 17%. Mögulegt er að álykta sem svo að fækkun flugfarþega hafi einnig valdið aðrir þættir en hækkun fargjaldanna einna.

Flugfargjöld, Reykjavík – Vestmannaeyjar.

	Meðalverð	
Ár	Án skatts, önnur leið	Á verðlagi júní 2002
1990	1.990	3.047
1995	2.490	3.203
2000	3.258	3.646
2001	4.058	4.257
2002	5.418	5.418

Verðlag fargjalda um Bakkaflugvöll hefur haldist nokkuð stöðugt frá árinu 1998 eins og sést í töflunni.

Flugfargjöld, Vestmannaeyjar – Bakki.

Ár	Verð, önnnur leið	Á verðlagi júní 2002
10. júlí til 10. ágúst 1995	1.200	1.544
Júlí og ágúst 1996	1.200	1.510
Júní til desember 1997	1.200	1.483
1998	1.500	1.823
1999	1.500	1.763
2000	1.700	1.902
2001	1.800	1.888

Ljóst er að verð fargjalda með Herjólfi hefur lítið breyst á tímabilinu þótt nokkrar sveiflur komi fram. Sé þetta rétt er sú fullyrðing röng sem heyrst hefur að fargjöld með Herjólfi hefðu haft úrslitaþýðingu þegar flugfarþegum fækkaði sem mest milli 2000 og 2001.

Fargjald með Herjólfi.

Ár	Verð, önnnur leið	Á verðlagi júní 2002
1994	1.300	1.701
1995	1.500	1.930
1996	1.500	1.887
1997	1.500	1.854
1998	1.500	1.823
1999	1.500	1.763
2000	1.500	1.679
2001	1.500	1.573
2002	1.700	1.700

5. *Hver var þróun fraktflutninga og bílaflutninga með Herjólfi árin 1990–2001?*

Ár	Einkabifreiðar	Flutningabílar og atvinnutæki
1992	12.589	
1993	14.441	
1994	16.736	
1995	18.779	
1996	21.103	
1997	19.549	2.962
1998	20.691	2.936
1999	21.556	2.674
2000	23.481	2.731
2001	25.587	2.711
janúar–júlí 2002	15.406	1.693

6. *Hefur verið kannaður möguleiki á rekstri tvíbytnu og loftpúðaskips til og frá Vestmannaeyjum?*

Vinnuhópur, sbr. svar við 7. lið, hefur lokið úttekt sinni á svifnökkvum og kom slíkt farartæki ekki til greina, sbr. niðurstöður þeirrar skýrslu.

Unnið er að gerð skýrslu um háhraðaferjur á vegum vinnuhópsins en niðurstöður liggja ekki fyrir.

7. *Hvenær mun nefnd sem ráðherra skipaði árið 2001 um samgöngumál Vestmannaeyinga skila endanlegri skýrslu?*

Þessi vinnuhópur var reyndar skipaður 3. maí 2002 en reiknað er með því að lokaskýrsla hans komi út fyrir áramót.

422. Svar [281. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Iðnaðarráðuneytið leitaði svara við fyrirspurn þessari hjá stofnunum sínum, sem eru Byggðastofnun, Einkaleyfastofa, Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Rafmagnsveitur ríkisins. Rafmagnseftirlit ríkisins var í árslok 1996 sameinað Löggildingarstofunni, sbr. lög um Löggildingarstofu, nr. 155/1996, og Byggðastofnun var í ársbyrjun 2000 flutt frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Upplýsingar um Byggðastofnun fyrir öll árin tíu eru teknar með í þessu svari.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

Störf á vegum ráðuneytisins 1991–2000.

Heiti	Ársverk 1991	Ársverk 2000	Fjölgun eða fækkun
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa, Reykjavík*	15,7	15,6	/
Byggðastofnun, aðalskrifstofa, Reykjavík	23,5	14	-9,5
Byggðastofnun, Akureyri	4	0	-4
Byggðastofnun, Ísafirði	1,5	0	- 1,5
Byggðastofnun, Egilsstöðum	1	0	-1
Byggðastofnun, Sauðárkróki	0	7,5	+7,5
Einkaleyfastofa, aðalskrifstofa, Reykjavík	7	19	+12
Iðntæknistofnun, Reykjavík	68,4	63,5	-4,9
Orkustofnun, Reykjavík**	89	96,5	+7,5
Orkustofnun, Akureyri	0	2	+2
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Reykjavík	46,4	42,8	-3,6
Rarik, Reykjavík***	87 starfsmenn	55 starfsmenn	-32
	82 stöðugildi	54 stöðugildi	-28
Rarik, Vesturlandi	34 starfsmenn	32 starfsmenn	- 2
	31,5 stöðugildi	30,5 stöðugildi	-1
Rarik, Norðurlandi vestra	27 starfsmenn	27 starfsmenn	
	25,5 stöðugildi	26,5 stöðugildi	+1
Rarik, Norðurlandi eystra****	33 starfsmenn	28 starfsmenn	-5
	33 stöðugildi	28 stöðugildi	-5
Rarik, Austurlandi****	60 starfsmenn	50 starfsmenn	-10
	58,5 stöðugildi	48 stöðugildi	-10,5
Rarik, Suðurlandi****	30 starfsmenn	25 starfsmenn	- 10
	27,5 stöðugildi	25 stöðugildi	-2,5

* Samkvæmt heimildum frá Ríkisbókhaldi. Hafa þarf í huga að iðnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti hafa verið rekin sem ein rekstrareining þennan tíma. Í viðskiptaráðuneytinu voru um 12 ársverk árin 1999 og 2000 en þau eru ekki innifalin í uppgefinni tölu enda ekki spurt um það.

** Hjá Orkustofnun eru ekki talin fram ársverk sem tengjast nefndarstörfum vegna Jarðhitaleitarátaksins og rammaáætlunarinnar og ekki eru heldur talin fram ársverk ræstingafólks og gæslumanna Vatnamælinga víðs vegar um land. Orkustofnun telur að ársverk við ræstingar séu um þrjú, störf gæslumanna jafngildi um einu ársverki og nefndarlaun Jarðhitaleitarátaksins tæplega einu.

*** Hjá Rafmagnsveitum ríkisins (Rarik) liggur ekki fyrir fjöldi ársverka, þess vegna er hér gefinn upp fjöldi starfsmanna og stöðugilda.

**** Í Grímsey, Borgarfirði eystra og Vík í Mýrdal hefur fækkun í störfum hjá Rarik að hluta til verið mætt með samningum við verktaka. Starfshlutfall þessara samninga nemur u.þ.b. 1,5 stöðugildum alls.

Eins og að framan greinir var Rafmagnseftirlit ríkisins lagt niður í árslok 1996 og tóku faggiltar skoðunarstofur við hluta af starfsemi þess en meginhluti starfseminnar var felldur undir Löggildingarstofu. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi voru unnin 27,5 ársverk hjá Rafmagnseftirlitinu árið 1991 en 11,4 seinasta starfsárið, 1996. Á Akureyri og á Austurlandi var einn starfsmaður á hvorum stað, a.m.k. hluta tímabilsins.

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*

Engar nýjar stofnanir voru vistaðar á landsbyggðinni á tímabilinu. Byggðastofnun tók til starfa á Sauðárkróki um mitt ár 2001, sem er utan þessa tímabils. Ýmsar tilfærslur í mannahaldi stofnana milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar urðu engu að síður á tímabilinu, m.a. vegna þess að þær vildu kanna rekstrargrundvöll fyrir starfsemi á landsbyggðinni. Eftirfarandi eru meginatriði breytinga á mannahaldi af þessum orsökum frá 1991:

Byggðastofnun opnaði árið 1993 skrifstofu á Sauðárkróki. Henni var lokað árið 1998 ásamt skrifstofunum á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum. Hjá þessum skrifstofum voru 8–9 stöðugildi. Árið 1998 var þróunarsvið Byggðastofnunar lagt niður í Reykjavík og starfsemi þess flutt til Sauðárkróks. Árið 2000 voru sjö og hálft stöðugildi á þróunarsviðinu á Sauðárkróki og átta ársverk unnin þar.

Iðntæknistofnun hafði starfsmann á Akureyri í rúmlega þrjú ár, frá 1. ágúst 1993 til 1. september 1996 og síðar um eins og hálfs árs skeið, frá 1. maí 2001 til 1. nóvember 2002. Á Ísafirði var starfsmaður á vegum Iðntæknistofnunar frá 1. september 2000 til 1. febrúar 2002.

Útibú Rannsóknasviðs Orkustofnunar var stofnað á Akureyri árið 1999 og hafa tveir menn starfað þar síðan.

3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Sjá svar við 2. tölulið fyrirspurnarinnar, en til viðbótar er þess að geta varðandi Byggðastofnun að þegar mest umsvif voru á tímabilinu 1993–1998 voru fjögur stöðugildi á Akureyri, tvö og hálft stöðugildi á Ísafirði, tvö stöðugildi á Egilsstöðum og eitt á Sauðárkróki.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Engar stofnanir voru fluttar frá höfuðborginni til landsbyggðarinnar á umræddu tímabili.

423. Svar [287. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*
3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*
4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Stöðugildum fjölgaði um 21 í utanríkisráðuneytinu og undirstofnunum þess í A- og B-hluta fjárlaga milli áranna 1991 og 2000. Störfin skiptust þannig milli höfuðborgar og landsbyggðar að störfum fjölgaði um átta í höfuðborginni, en 13 á landsbyggðinni.

Engar nýjar stofnanir á vegum ráðuneytisins voru vistaðar á landsbyggðinni á tímabilinu, en engar nýjar stofnanir voru stofnaðar á tímabilinu.

Engar stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar á tímabilinu.

424. Svar [288. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um þjóðlendumál.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarkostnaður ríkisins af þjóðlendumálum?*
2. *Hver er heildarkostnaður sveitarfélaga?*
3. *Hver er kostnaður hvers einstaks sveitarfélags sem í hlut á?*

1. Heildarkostnaðurinn sem bókfærður er hjá forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti vegna þjóðlendumála frá árinu 1998 og til nóvember 2002 nemur 151.868.210 kr. og skiptist með eftirfarandi hætti milli ára:

Ár	Fjárhæð í kr.
1998	3.440.872
1999	19.868.624
2000	33.167.604
2001	44.302.803
2002 (til nóv.)	51.088.307
Samtals	**151.868.210**

2. Ekki liggja fyrir hjá forsætisráðuneytinu nein gögn um heildarkostnað sveitarfélaga á landinu af þjóðlendumálum. Samkvæmt upplýsingum frá óbyggðanefnd hafa ekki borist kröfur vegna kostnaðar annarra sveitarfélaga en þeirra sem getið er í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar (uppsveitir Árnessýslu). Hins vegar hefur óbyggðanefnd þegar tekið til meðferðar tvö önnur svæði og greitt beint nokkurn kostnað vegna þeirra. Það er annars vegar Austur-Skaftafellssýsla og hins vegar Vestur-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla.

3. Í lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er í 17. gr. gert ráð fyrir að aðrir en ríkið fái greiddan nauðsynlegan málskostnað vegna mála sem rekin eru fyrir óbyggðanefnd, þ.m.t. sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu. Í samræmi við það hefur óbyggðanefnd úrskurðað sveitarfélögum og afréttarmálafélagi sem aðild áttu að málum á svæði I, í uppsveitum Árnessýslu, málskostnað (þ.e. þóknun lögmanns og útlagðan kostnað), sem hér segir:

	Þóknun lögmanns	**Útlagður kostnaður**	**Samtals úrskurðaður málskostnaður (án vsk.)**
Mál nr. 1/2000, Þingvallahreppur	350.000	88.535	438.535
Mál nr. 2/2000, Grímsnes- og Grafningshreppur	800.000	198.892	998.892
Mál nr. 3/2000, Laugardalshreppur	800.000	180.095	980.095
Mál nr. 4/2000, Biskupstungnahreppur	1.500.000	336.036	1.836.036
Mál nr. 5/2000, Hrunamannahreppur	1.500.000	328.095	1.828.095
Mál nr. 6/2000, Flóa- og Skeiðamannaafréttur	600.000	66.355	666.355
Mál nr. 7/2000, Gnúpverjahreppur	1.500.000	353.037+28.000[1]	1.881.037
Samtals kr.	**7.050.000**	**1.579.045**	**8.629.045**

[1] Endurgreitt eftir uppkvaðningu úrskurðar.

Samkvæmt upplýsingum ríkislögmanns hafa nokkur önnur sveitarfélög höfðað mál á hendur forsætisráðherra og fjármálaráðherra og krafist greiðslu vegna þjóðlendumála, umfram það sem óbyggðanefnd hefur í úrskurðum sínum talið nauðsynlegan kostnað, þar á meðal sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í viðkomandi málum. Kröfurnar eru sem hér segir:

	Þóknun lögmanns	**Útlagður kostnaður**	**Samtals krafist greiðslu á (án vsk.)**
Bláskógabyggð v/Þingvallahrepps	126.000	0	126.000
Bláskógabyggð v/Laugardalshrepps	845.000	0	845.000
Bláskógabyggð v/Biskupstungnahrepps	2.343.000	110.857	2.453.857
Grímsnes- og Grafningshreppur	499.999	48.681	548.680
Hrunamannahreppur	2.119.000	21.103	2.140.103
Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiðamanna	2.039.500	0	2.039.500
Gnúpverjahreppur	2.469.634	141.715–28.000 (greitt)	2.583.349
Samtals kr.	**10.442.133**	**294.356**	**10.736.489**

Dómstólar hafa ekki tekið afstöðu til réttmætis þessara viðbótarkrafna.

Ekki er vitað um kostnað einstakra sveitarfélaga umfram það sem að framan greinir, sbr. svar við 2. lið fyrirspurnarinnar.

425. Svar [279. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

Sjá eftirfarandi lista sem hefur að geyma yfirlit yfir ársverk hjá stofnunum fjármálaráðuneytisins á árunum 1990–2000, flokkuð eftir sveitarfélögum, ásamt tákntölum fyrir sveitarfélög og landsvæði.

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*

Engar nýjar stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000, en á þessum árum voru opnaðar nýjar vínbúðir á vegum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á nokkrum stöðum á landinu. Nánari upplýsingar um staðsetningu þeirra er að finna í eftirfarandi lista.

3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Vísað er til upplýsinga í listanum.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*

Engar stofnanir hafa verið fluttar frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar á tímabilinu.

5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Engin ný störf hafa orðið til vegna flutnings stofnana frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar á tímabilinu þar sem engir slíkir flutningar hafa átt sér stað.

Listi yfir fjölda ársverka innan stofnana fjármálaráðuneytisins.

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Höfuðborgarsvæðið												
Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa	0000	32,53	84,01	79,45	82,3	83,08	81,74	89,88	81,79	64,25	61,19	58,92
Launaskrifstofa Ríkisins	0000	33,93										
Ríkisbókhald	0000	37,14	38,38	35,92	36,41	35,07	36,52	36,2	34,2	44,87	51,14	52,15
Ríkisfjárhirsla	0000	11,61	10,54	9,75	9,89	10,02	10,29	10,03	10,15	9,36	9,23	10,37
Ríkislögmaður	0000	4,17	4,19	4,33	4,65	4,79	5	5,19	5,19	5,19	5,12	
Ríkisskattstjóri	0000	77,21	83,35	78,86	75,11	75,35	79,06	84,23	93,99	97,53	92,39	85,21
Skattstofan í Reykjavík	0000	77,72	77,77	73,05	76,18	79,3	80,63	79,15	77,67	74,2	72,92	70,14
Skattstofa Reykjaness Hafnarfirði	1400	36,65	36,11	37,92	40,85	44,3	44,93	44,09	43,35	43,04	46,41	43,21
Yfirskattanefnd	0000			10,89	12,44	12,95	13,29	14,84	15,18	16,9	16,42	15,08
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	0000					17,09	18,02	16,73	17,42	18,63	16,78	19,78
Gjaldheimtan í Reykjavík	0000	2	2	1								
Ríkistollstjóri	0000	26,78	25,82	25,91	24,72	23,28	25,57	24,34	23,45	22,18	21,53	23,72
Tollstjórinn í Reykjavík	0000	134,49	135,72	124,92	118,88	118,07	117,36	114,04	110,68	147,74	167,39	170,45
Framkvæmdasýsla ríkisins	0000	15,8	15,44	11,72	13,54	15,11	14,39	14,84	15,95	17,18	18,58	18,31
Lyfjaverslun ríkisins	0000	62,01	67,74	66,18	66,47	40,75						
Ríkiskaup	0000	28,2	28,81	27,65	27,42	28,23	29,16	25,69	22,57	21,65	22,51	22,93
Fasteignamat ríkisins	0000	29,4	27,8	26,68	27,55	27,02	27,82	29,98	28,82	28,48	27,21	29,77
Arnarhvoll	0000	32,28	36,32	39,59	40,63	40,31	34,84	37,33	36,74	33,35	33,88	36,92
Húseignin Borgartún 7	0000	7,22	6,69	6,52	6,66	6,59	5,6	4,66	4,93	2,16	2	0,71
Tollstöðvarhús	0000	16,74	16,75	17,04	16,27	15,35	14,49	14,64	14,54	9,96	9,64	9,54
Fasteignir ríkissjóðs	0000			5,29	4,79	4,06	4,48	4,34	5,26	5,8	6,26	7,24
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	0000	133,3	125,32	130,91	127,07	127,49	126,11	115,48	108,83	113,95	119,62	129,92
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1000								0,81	1	1,04	1
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1100	2,15	4,8	6,6	6,46	6,93	7,04	8,73	8,04	7,03	6,48	7,62
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1400	5,58	5,56	6,96	6,97	6,43	6,53	6,58	6,75	6,73	7,68	7,85
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	1604										2,21	4,5
Suðurnes												
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2200	6,24	5,73	6,32	6,85	6,8	7,39	7,32	7,39	7,99	7,79	6,7
Vesturland												
Skattstofa Vesturlands Akranesi	3000	12,15	12,07	11,86	11,98	12,7	13,03	12,38	12,35	11,95	12,55	13,88
Fasteignamat ríkisins	3606	1,79	1,58	1,76	1,58	2,55	2,65	2,66	2,66	2,66	3,12	3,54
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3606				0,23	0,82	0,82	0,82	0,82	0,91	1	1
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3711					0,25	0,75	1	1,07	0,89	0,89	0,89
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3000	3,46	3,48	3,46	3,49	3,41	3,23	3,27	3,08	3,18	3,88	3,71
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3200	0,55	0,55	0,55	0,55	0,57	0,59	0,59	0,59	0,64	0,74	0,74
Vestfirðir												
Skattstofa Vestfjarða Ísafirði	4000	6,18	7,61	7,48	7,64	8,34	8,37	7,97	7,92	8,13	7,47	7,96
Fasteignamat ríkisins	4000				1	1	1	1	1	1	1	1
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	4000	3,95	3,91	3,9	4.41	4,44	3,94	4,27	4,01	3,92	4,07	3,97
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	4603								0,49	0,79	0,85	0,85

Norðurland vestra												
Skattstofa Norðurlands Vestra Siglufirði	5000	10,1	9,91	9,65	10,16	8,99	8,52	9,09	8,66	8,64	7,83	7,65
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	5000	3,86	3,23	2,67	2,67	2,84	2,71	2,67	2,71	1	1	1
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	5100	3,89	3,98	3,96	4,1	4,13	4,44	4,02	4,02	4,1	4,11	4,05
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	5604					0,6	0,74	0,74	0,74	0,79	1	0,89
Norðurland eystra												
Skattstofa Norðurlands Eystra Akureyri	6000	23,74	23,01	23,58	22,87	24,2	23,32	22,87	19,95	20,27	20,33	19,13
Fasteignamat ríkisins	6000	4	4	4,09	4,1	4,13	4,49	5,13	5,11	5,36	5,15	5,15
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6000	8,51	8,34	7,55	7,04	7,05	7,55	6,99	7,11	7,43	7,7	7,38
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6100		0,71	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Austurland												
Skattstofa Austurlands Egilsstöðum	7603	10,38	10,16	9,67	10,46	11,06	11,44	10,92	10,69	10,8	9,62	8,84
Fasteignamat ríkisins	7603	1,64	1,64	1,6	1,64	1,89	2,64	2,98	2,63	2,63	2,63	2,6
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	7603			2,28	3,7	3,69	3,7	3,65	3,62	4,01	4,24	3,66
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	7703	0,55	0,55	0,77	0,75	0,75	0,75	0,75	0,87	0,8	0,89	1,2
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	7000	3,65	4,22	2,91								
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	7100	0,58	0,58	0,72	0,58	0,58	0,58	0,58	0,58	0,58	0,81	0,74
Suðurland												
Skattstofa Vestmannaeyja	8000	4,87	4,5	4,5	4,15	4,17	3,55	3,5	3,82	3,15	3,52	3,52
Fasteignamat ríkisins	8100	2	2,19	3,06	3,12	3,13	3,49	4,12	4,11	4,14	4,11	4,11
Skattstofa Suðurlands Hellu	8607	13,35	13,14	13,14	12,8	13,05	13,63	14,27	13,89	13,24	13,6	13,3
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	8000	3,37	3,36	3,57	3,83	3,65	3,88	3,96	4,07	4,09	4,22	4,46
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	8100	4,54	4,47	4,6	4,66	4,69	4,81	4,9	5,09	5,17	5,84	6,31

Tákntölur sveitarfélaga og landsvæði 1. desember 2001.

Höfuðborgarsvæði

0000	Reykjavík
1000	Kópavogur
1100	Seltjarnarnes
1300	Garðabær
1400	Hafnarfjörður
1603	Bessastaðahreppur
1604	Mosfellsbær
1606	Kjósarhreppur

Suðurnes

2000	Reykjanesbær
2300	Grindavík
2503	Sandgerði
2504	Gerðahreppur
2506	Vatnsleysustrandarhreppur

Vesturland

3000	Akranes
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur
3502	Skilmannahreppur
3503	Innri-Akraneshreppur
3504	Leirár- og Melahreppur
3506	Skorradalshreppur
3510	Borgarfjarðarsveit
3601	Hvítársíðuhreppur
3609	Borgarbyggð
3701	Kolbeinsstaðahreppur
3709	Eyrarsveit
3710	Helgafellssveit
3711	Stykkishólmur
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur
3714	Snæfellsbær
3809	Saurbæjarhreppur
3811	Dalabyggð

Vestfirðir

4100	Bolungarvík
4200	Ísafjarðarbær
4502	Reykhólahreppur
4604	Tálknafjarðarhreppur
4607	Vesturbyggð
4803	Súðavíkurhreppur
4901	Árneshreppur
4902	Kaldrananeshreppur
4904	Hólmavíkurhreppur
4905	Kirkjubólshreppur
4908	Bæjarhreppur
4909	Broddaneshreppur

Norðurland vestra

5000	Siglufjörður
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður
5508	Húnaþing vestra
5601	Áshreppur
5602	Sveinsstaðahreppur
5603	Torfalækjarhreppur
5604	Blönduós
5605	Svínavatnshreppur
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur
5607	Engihlíðarhreppur
5608	Vindhælishreppur
5609	Höfðahreppur
5610	Skagahreppur
5706	Akrahreppur

Norðurland eystra

6000	Akureyri
6100	Húsavík
6200	Ólafsfjörður
6400	Dalvíkurbyggð
6501	Grímseyjarhreppur
6504	Hríseyjarhreppur
6506	Arnarneshreppur
6513	Eyjafjarðarsveit
6514	Hörgárbyggð
6601	Svalbarðsstrandarhreppur
6602	Grýtubakkahreppur
6604	Hálshreppur
6605	Ljósavatnshreppur
6606	Bárðdælahreppur
6607	Skútustaðahreppur
6608	Reykdælahreppur
6609	Aðaldælahreppur
6610	Reykjahreppur
6611	Tjörneshreppur
6701	Kelduneshreppur
6702	Öxarfjarðarhreppur
6705	Raufarhafnarhreppur
6706	Svalbarðshreppur
6707	Þórshafnarhreppur

Austurland

7000	Seyðisfjörður
7300	Fjarðabyggð
7501	Skeggjastaðahreppur
7502	Vopnafjarðarhreppur
7505	Fljótsdalshreppur
7506	Fellahreppur
7509	Borgarfjarðarhreppur
7512	Norður-Hérað
7605	Mjóafjarðarhreppur
7610	Fáskrúðsfjarðarhr.
7611	Búðahreppur
7612	Stöðvarhreppur
7613	Breiðdalshreppur
7617	Djúpavogshreppur
7618	Austur-Hérað
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður

Suðurland

8000	Vestmannaeyjar
8200	Sveitarfélagið Árborg
8508	Mýrdalshreppur
8509	Skaftárhreppur
8601	Austur-Eyjafjallahreppur
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur
8603	Austur-Landeyjahreppur
8604	Vestur-Landeyjahreppur
8605	Fljótshlíðarhreppur
8606	Hvolhreppur
8607	Rangárvallahreppur
8610	Ásahreppur
8611	Djúpárhreppur
8612	Holta- og Landasveit
8701	Gaulverjabæjarhreppur
8706	Hraungerðishreppur
8707	Villingaholtshreppur
8708	Skeiðahreppur
8709	Gnúpverjahreppur
8710	Hrunamannahreppur
8711	Biskupstungnahreppur
8712	Laugardalshreppur
8714	Þingvallahreppur
8716	Hveragerði
8717	Sveitarfélagið Ölfus
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur

426. Svar [212. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um þróun vaxta banka og sparisjóða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hafa kjörvextir og hæstu vextir banka og sparisjóða þróast í samanburði við stýrivexti Seðlabanka Íslands frá árinu 1995, sundurliðað eftir einstökum bönkum og sparisjóðum?

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir umbeðnum upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Meðfylgjandi eru tvö yfirlit sem sýna þróun vaxta frá janúarbyrjun 1995 til 1. nóvember 2002. Í fyrra yfirlitinu koma fram stýrivextir Seðlabanka Íslands og auglýstir vextir óverðtryggðra skuldabréfalána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, bæði kjörvextir og hæstu vextir. Í seinna yfirlitinu er sýndur mismunur fyrrnefndra vaxta viðskiptabanka og sparisjóða og stýrivaxta Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn gerir ráð fyrir að óskað sé eftir upplýsingum um óverðtryggða útlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða. Valdir voru óverðtryggðir skuldabréfavextir til þess að lýsa þróuninni, en það er álit bankans að aðrir óverðtryggðir útlánsvextir hafi þróast líkt og skuldabréfavextirnir.

Vextir Seðlabankans í uppboðum á endurhverfum verðbréfakaupum eru nefndir stýrivextir. Slík uppboð hófust í mars 1998. Fyrir þann tíma eru hér sýndir vextir í kauptilboðum bankans í ríkisvíxla á eftirmarkaði, enda má telja að það hafi verið stýrivextir þess tíma.

Sá fyrirvari er hafður að vextir sparisjóða eru vextir sem Sparisjóðabanki Íslands leggur til við sparisjóðina og þeir beita almennt þótt í einstökum tilvikum kunni að vera frávik.

Tafla 1.

Stýrivextir SÍ og vextir óverðtryggðra skuldabréfalána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

- % á ári

		Kjörvextir				*Hæstu vextir*			
	Stýrivextir SÍ	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**
02.jan.1995	5,70	7,50	8,00	7,75	7,85	12,25	12,75	11,75	11,85
07.feb.1995	6,70	7,50	8,00	7,75	7,85	12,25	12,75	11,75	11,85
06.mar.1995	6,90	7,50	8,00	7,75	7,85	12,25	12,75	11,75	11,85
11.apr.1995	7,30	7,50	8,00	7,75	7,85	12,25	12,75	12,50	12,60
01.maí.1995	7,30	7,50	8,70	7,75	7,85	12,25	13,45	12,50	12,60
01.jún.1995	7,30	8,50	8,60	8,60	8,25	13,25	13,35	13,35	13,00
03.júl.1995	7,00	8,50	8,60	8,60	8,25	13,25	13,35	13,35	13,00
18.sep.1995	6,50	8,50	8,60	8,60	8,25	13,25	13,35	13,35	13,00
11.okt.1995	6,50	8,50	8,50	8,60	8,25	13,25	13,25	13,35	13,00
13.nóv.1995	6,50	8,50	8,35	8,60	8,25	13,25	13,10	13,35	13,00
22.jan.1996	6,50	8,50	8,50	8,60	8,25	13,25	13,25	13,35	13,00
01.feb.1996	6,50	9,50	8,50	9,10	8,75	14,25	13,25	13,85	13,50
01.mar.1996	6,50	8,90	8,60	9,35	9,25	13,65	13,35	14,10	14,00
22.apr.1996	6,50	8,80	8,60	8,85	8,95	13,55	13,35	13,60	13,70
13.maí.1996	6,50	8,50	8,60	8,85	8,75	13,25	13,35	13,60	13,50
03.jún.1996	6,50	8,50	8,60	8,70	8,60	13,25	13,35	13,45	13,35
12.ágú.1996	6,50	8,50	8,50	8,70	8,60	13,25	13,25	13,45	13,35
23.sep.1996	6,90	8,50	8,50	8,70	8,60	13,25	13,25	13,45	13,35
01.okt.1996	6,90	8,90	8,90	9,20	9,00	13,65	13,65	13,95	13,75
11.nóv.1996	6,90	8,90	9,05	9,20	9,00	13,65	14,05	13,95	13,75
02.des.1996	6,90	9,10	9,05	9,15	9,10	13,85	14,05	13,90	13,85
21.jan.1997	6,90	9,15	9,15	9,15	9,10	13,90	14,15	13,90	13,85
03.mar.1997	6,90	9,15	9,15	9,15	9,10	13,90	14,15	14,15	13,85
21.apr.1997	6,90	9,15	9,15	9,40	9,10	13,90	14,15	14,40	13,85
01.maí.1997	6,90	9,40	9,15	9,40	9,10	14,15	14,15	14,40	13,85
11.júl.1997	6,90	9,40	9,35	9,15	9,40	14,15	14,35	14,15	14,15
01.ágú.1997	6,90	9,15	9,15	8,95	9,20	13,90	14,15	13,95	13,95
01.sep.1997	6,90	9,15	9,15	8,95	9,10	13,90	14,15	13,95	13,85
19.nóv.1997	7,20	9,15	9,10	8,95	9,10	13,90	14,10	13,95	13,85
01.des.1997	7,20	9,15	9,25	9,25	9,40	13,90	14,25	14,25	14,15
11.mar.1998	7,20	9,15	9,25	9,25	9,30	13,90	14,25	14,25	14,05

1) Í yfirlitinu eru sýndir almennir vextir sparisjóða, sem kunna að vera aðrir hjá einstökum sparisjóðum

Tafla 1.

Stýrivextir SÍ og vextir óverðtryggðra skuldabréfalána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

- % á ári

		Kjörvextir				*Hæstu vextir*			
	Stýrivextir SÍ	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**
01.apr.1998	7,20	9,15	9,25	9,25	9,25	13,90	14,25	14,25	13,95
21.júl.1998	7,20	9,15	9,25	9,25	9,15	13,90	14,25	14,25	13,85
21.ágú.1998	7,20	9,15	9,25	8,75	9,15	13,90	14,25	13,75	13,85
01.sep.1998	7,20	9,05	8,75	8,75	9,15	13,80	13,75	13,75	13,85
12.okt.1998	7,50	9,05	8,75	8,50	9,15	13,80	13,75	13,50	13,85
02.nóv.1998	7,50	8,75	8,75	8,50	8,95	13,50	13,75	13,50	13,65
01.jan.1999	7,50	8,75	8,75	8,50	8,95	13,50	13,75	13,50	12,88
01.feb.1999	7,50	8,75	8,75	8,40	8,95	13,50	13,75	13,40	13,65
01.mar.1999	7,90	9,15	8,95	8,80	9,10	13,90	13,95	13,80	13,80
01.apr.1999	7,90	9,15	9,30	9,20	9,50	13,90	14,30	14,20	14,20
21.maí.1999	7,90	9,50	9,30	9,20	9,50	14,25	14,30	14,20	14,20
01.jún.1999	7,90	9,90	9,70	9,45	9,80	14,65	14,70	14,45	14,50
01.júl.1999	8,40	10,40	10,20	10,25	10,50	15,15	15,20	15,25	15,20
02.ágú.1999	8,40	10,40	10,20	10,45	10,50	15,15	15,20	15,45	15,20
01.sep.1999	8,40	10,45	10,20	10,45	10,50	15,20	15,20	15,45	15,20
01.okt.1999	9,00	11,05	11,05	11,05	11,10	15,80	16,05	16,05	15,80
01.nóv.1999	9,00	11,55	11,55	11,55	11,50	16,30	16,55	16,55	16,60
12.jan.2000	9,80	11,55	11,55	11,55	11,50	16,30	16,55	16,55	16,20
14.feb.2000	10,10	12,35	12,35	12,35	12,30	17,10	17,35	17,35	17,00
21.feb.2000	10,10	12,65	12,65	12,65	12,60	17,40	17,65	17,65	17,30
21.mar.2000	10,10	12,65	12,65	12,65	12,60	17,40	17,65	17,65	17,45
22.maí.2000	10,10	12,65	12,65	12,95	12,60	17,40	17,65	17,95	17,45
01.jún.2000	10,10	12,65	12,65	12,95	12,90	17,40	17,65	17,95	17,75
21.jún.2000	10,60	13,15	13,30	13,45	13,40	17,90	18,30	18,45	18,25
03.júl.2000	10,60	13,15	13,30	13,45	13,45	17,90	18,30	18,45	18,30
01.ágú.2000	10,60	13,45	13,65	13,45	13,65	18,20	18,65	18,45	18,65
01.nóv.2000	11,40	13,65	13,65	13,65	13,95	18,40	18,65	18,65	18,95
01.des.2000	11,40	14,45	14,70	14,45	14,75	19,20	19,70	19,45	19,75
12.feb.2001	11,40	14,45	14,70	14,70	14,75	19,20	19,70	19,70	19,75
02.apr.2001	11,40	14,20	14,20	14,20	14,50	18,95	19,20	19,20	19,50

1) Í yfirlitinu eru sýndir almennir vextir sparisjóða, sem kunna að vera aðrir hjá einstökum sparisjóðum

Tafla 1.

Stýrivextir SÍ og vextir óverðtryggðra skuldabréfalána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

- % á ári

		Kjörvextir				*Hæstu vextir*			
	Stýrivextir SÍ	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**
11.apr.2001	10,90	14,20	14,20	14,20	14,20	18,95	19,20	19,20	19,20
11.maí.2001	10,90	14,20	14,20	14,20	14,95	18,95	19,20	19,20	19,95
01.jún.2001	10,90	14,20	14,45	14,65	14,95	18,95	19,45	19,65	19,95
21.ágú.2001	10,90	14,65	14,45	14,65	14,95	19,40	19,45	19,65	19,95
12.nóv.2001	10,10	13,85	13,65	13,85	14,95	18,60	18,65	18,85	19,95
01.apr.2002	10,10	13,10	12,80	13,10	13,65	17,85	17,80	18,10	18,65
06.maí.2002	9,30	13,10	12,80	13,10	13,30	17,85	17,80	18,10	18,30
21.jún.2002	8,80	12,00	11,70	11,90	12,20	16,75	16,70	16,90	17,20
01.ágú.2002	8,50	12,00	11,70	11,90	11,90	16,75	16,70	16,90	16,90
03.sep.2002	7,60	11,50	11,10	11,30	11,30	16,25	16,10	16,30	16,30
01.okt.2002	7,10	10,70	10,30	10,50	10,70	15,45	15,30	15,50	15,70
01.nóv.2002	6,80	10,40	10,00	10,20	10,40	15,15	15,00	15,20	15,40

1) Í yfirlitinu eru sýndir almennir vextir sparisjóða, sem kunna að vera aðrir hjá einstökum sparisjóðum

Tafla 2.

Mismunur vaxta óverðtryggðra skuldabréfalána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og stýrivaxta SÍ.

- % á ári

	Kjörvextir				*Hæstu vextir*			
	Landsbanki	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**
02.jan.1995	1,80	2,30	2,05	2,15	6,55	7,05	6,05	6,15
07.feb.1995	0,80	1,30	1,05	1,15	5,55	6,05	5,05	5,15
06.mar.1995	0,60	1,10	0,85	0,95	5,35	5,85	4,85	4,95
11.apr.1995	0,20	0,70	0,45	0,55	4,95	5,45	5,20	5,30
01.maí.1995	0,20	1,40	0,45	0,55	4,95	6,15	5,20	5,30
01.jún.1995	1,20	1,30	1,30	0,95	5,95	6,05	6,05	5,70
03.júl.1995	1,50	1,60	1,60	1,25	6,25	6,35	6,35	6,00
18.sep.1995	2,00	2,10	2,10	1,75	6,75	6,85	6,85	6,50
11.okt.1995	2,00	2,00	2,10	1,75	6,75	6,75	6,85	6,50
13.nóv.1995	2,00	1,85	2,10	1,75	6,75	6,60	6,85	6,50
22.jan.1996	2,00	2,00	2,10	1,75	6,75	6,75	6,85	6,50
01.feb.1996	3,00	2,00	2,60	2,25	7,75	6,75	7,35	7,00
01.mar.1996	2,40	2,10	2,85	2,75	7,15	6,85	7,60	7,50
22.apr.1996	2,30	2,10	2,35	2,45	7,05	6,85	7,10	7,20
13.maí.1996	2,00	2,10	2,35	2,25	6,75	6,85	7,10	7,00
03.jún.1996	2,00	2,10	2,20	2,10	6,75	6,85	6,95	6,85
12.ágú.1996	2,00	2,00	2,20	2,10	6,75	6,75	6,95	6,85
23.sep.1996	1,60	1,60	1,80	1,70	6,35	6,35	6,55	6,45
01.okt.1996	2,00	2,00	2,30	2,10	6,75	6,75	7,05	6,85
11.nóv.1996	2,00	2,15	2,30	2,10	6,75	7,15	7,05	6,85
21.nóv.1996	2,00	2,15	2,30	2,20	6,75	7,15	7,05	6,95
02.des.1996	2,20	2,15	2,25	2,20	6,95	7,15	7,00	6,95
21.jan.1997	2,25	2,25	2,25	2,20	7,00	7,25	7,00	6,95
03.mar.1997	2,25	2,25	2,25	2,20	7,00	7,25	7,25	6,95
21.apr.1997	2,25	2,25	2,50	2,20	7,00	7,25	7,50	6,95
01.maí.1997	2,50	2,25	2,50	2,20	7,25	7,25	7,50	6,95
11.júl.1997	2,50	2,45	2,25	2,50	7,25	7,45	7,25	7,25
01.ágú.1997	2,25	2,25	2,05	2,30	7,00	7,25	7,05	7,05
01.sep.1997	2,25	2,25	2,05	2,20	7,00	7,25	7,05	6,95
19.nóv.1997	1,95	1,90	1,75	1,90	6,70	6,90	6,75	6,65
21.nóv.1997	1,95	1,90	2,05	1,90	6,70	6,90	7,05	6,65

1) Í yfirlitinu eru sýndir almennir vextir sparisjóða, sem kunna að vera aðrir hjá einstökum sparisjóðum.

Tafla 2.

Mismunur vaxta óverðtryggðra skuldabréfalána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og stýrivaxta SÍ.

- % á ári

	Kjörvextir				*Hæstu vextir*			
	Landsbanki	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**
01.des.1997	1,95	2,05	2,05	2,20	6,70	7,05	7,05	6,95
11.mar.1998	1,95	2,05	2,05	2,10	6,70	7,05	7,05	6,85
01.apr.1998	1,95	2,05	2,05	2,05	6,70	7,05	7,05	6,75
21.júl.1998	1,95	2,05	2,05	1,95	6,70	7,05	7,05	6,65
21.ágú.1998	1,95	2,05	1,55	1,95	6,70	7,05	6,55	6,65
01.sep.1998	1,85	1,55	1,55	1,95	6,60	6,55	6,55	6,65
12.okt.1998	1,55	1,25	1,00	1,65	6,30	6,25	6,00	6,35
02.nóv.1998	1,25	1,25	1,00	1,45	6,00	6,25	6,00	6,15
01.jan.1999	1,25	1,25	1,00	1,45	6,00	6,25	6,00	5,38
01.feb.1999	1,25	1,25	0,90	1,45	6,00	6,25	5,90	6,15
01.mar.1999	1,25	1,05	0,90	1,20	6,00	6,05	5,90	5,90
01.apr.1999	1,25	1,40	1,30	1,60	6,00	6,40	6,30	6,30
21.maí.1999	1,60	1,40	1,30	1,60	6,35	6,40	6,30	6,30
01.jún.1999	2,00	1,80	1,55	1,90	6,75	6,80	6,55	6,60
01.júl.1999	2,00	1,80	1,85	2,10	6,75	6,80	6,85	6,80
02.ágú.1999	2,00	1,80	2,05	2,10	6,75	6,80	7,05	6,80
01.sep.1999	2,05	1,80	2,05	2,10	6,80	6,80	7,05	6,80
21.sep.1999	2,05	1,80	2,05	2,10	6,80	6,80	7,05	6,80
01.okt.1999	2,05	2,05	2,05	2,10	6,80	7,05	7,05	6,80
01.nóv.1999	2,55	2,55	2,55	2,50	7,30	7,55	7,55	7,60
12.jan.2000	1,75	1,75	1,75	1,70	6,50	6,75	6,75	6,40
14.feb.2000	2,25	2,25	2,25	2,20	7,00	7,25	7,25	6,90
21.mar.2000	2,55	2,55	2,55	2,50	7,30	7,55	7,55	7,35
22.maí.2000	2,55	2,55	2,85	2,50	7,30	7,55	7,85	7,35
01.jún.2000	2,55	2,55	2,85	2,80	7,30	7,55	7,85	7,65
03.júl.2000	2,55	2,70	2,85	2,85	7,30	7,70	7,85	7,70
01.ágú.2000	2,85	3,05	2,85	3,05	7,60	8,05	7,85	8,05
01.nóv.2000	2,25	2,25	2,25	2,55	7,00	7,25	7,25	7,55
01.des.2000	3,05	3,30	3,05	3,35	7,80	8,30	8,05	8,35
12.feb.2001	3,05	3,30	3,30	3,35	7,80	8,30	8,30	8,35
02.apr.2001	2,80	2,80	2,80	3,10	7,55	7,80	7,80	8,10

1) Í yfirlitinu eru sýndir almennir vextir sparisjóða, sem kunna að vera aðrir hjá einstökum sparisjóðum.

Tafla 2.

Mismunur vaxta óverðtryggðra skuldabréfalána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og stýrivaxta SÍ.

- % á ári

	Kjörvextir				*Hæstu vextir*			
	Landsbanki	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**	**Landsbanki**	**Íslandsbanki**	**Búnaðarbanki**	**Sparisjóðir 1)**
11.apr.2001	3,30	3,30	3,30	3,30	8,05	8,30	8,30	8,30
11.maí.2001	3,30	3,30	3,30	4,05	8,05	8,30	8,30	9,05
01.jún.2001	3,30	3,55	3,75	4,05	8,05	8,55	8,75	9,05
21.ágú.2001	3,75	3,55	3,75	4,05	8,50	8,55	8,75	9,05
12.nóv.2001	3,75	3,55	3,75	4,85	8,50	8,55	8,75	9,85
01.apr.2002	3,00	2,70	3,00	3,55	7,75	7,70	8,00	8,55
01.apr.2002	3,00	2,70	3,00	3,55	7,75	7,70	8,00	8,55
06.maí.2002	3,80	3,50	3,80	4,00	8,55	8,50	8,80	9,00
21.jún.2002	3,20	2,90	3,10	3,40	7,95	7,90	8,10	8,40
01.ágú.2002	3,50	3,20	3,40	3,40	8,25	8,20	8,40	8,40
03.sep.2002	3,90	3,50	3,70	3,70	8,65	8,50	8,70	8,70
01.okt.2002	3,60	3,20	3,40	3,60	8,35	8,20	8,40	8,60
01.nóv.2002	3,60	3,20	3,40	3,60	8,35	8,20	8,40	8,60

1) Í yfirlitinu eru sýndir almennir vextir sparisjóða, sem kunna að vera aðrir hjá einstökum sparisjóðum.

427. Frumvarp til laga [375. mál]

um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita.

2. gr.
Skilgreiningar.

Með *björgunarsveit* er átt við félag sem á grundvelli sjálfboðaliðastarfs tekur þátt í björgun, leit og gæslu að beiðni stjórnvalda.

Með *björgunarsveitarmanni* er átt við skráðan einstakling í björgunarsveit sem tekur þátt í björgun, björgunaræfingum, leit og gæslu.

Með *stjórnvöldum* er átt við öll stjórnvöld sem lögum samkvæmt fara með yfirstjórn björgunar- og leitarmála á hverjum tíma.

Með *björgun* er átt við björgun manna eða verðmæta frá yfirvofandi hættu eða tjóni.

Með *leit* er átt við leit að mönnum eða verðmætum.

Með *gæslu* er átt við aðstoð við að gæta manna og verðmæta á svæðum sem lokað hefur verið vegna hættuástands.

II. KAFLI
Hlutverk, réttindi og skyldur björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

3. gr.
Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna er að starfa í þágu almannaheilla með þátttöku við björgun, leit og gæslu á ábyrgð stjórnvalda og í samvinnu við þau.

Stjórnvöld skulu í samráði við heildarsamtök björgunarsveita gera samkomulag um samskipti og samstarf björgunaraðila þar sem er kveðið á um skipulag björgunarmála, upplýsingaskyldu, útköll og boðskipti.

4. gr.
Skyldur björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

Björgunarsveitum er skylt að hefja björgun, leit og gæslu ef eftir því er óskað af stjórnvaldi.

Björgunarsveitarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um mál sem þeir fá vitneskju um við störf samkvæmt lögum þessum og leynt skulu fara samkvæmt fyrirmælum stjórnvalda og eðli málsins.

5. gr.

Tryggingar.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa slysatryggingar fyrir félagsmenn sína.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa eignatryggingar fyrir því tjóni sem þær og björgunarsveitarmenn, vegna persónulegra muna, kunna að verða fyrir á eigum sínum við æfingar, björgun, leit og gæslu.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa ábyrgðartryggingar sem ná til tjóns sem athafnir björgunarsveitarmanna kunna að valda mönnum og tjóns á dýrum, munum og umhverfi.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Þann 15. apríl 1997, skipaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið nefnd til þess að semja drög að frumvarpi til laga um hlutverk björgunarsveita, samstarf þeirra við lögreglu, almannavarnir og önnur stjórnvöld, svo og um réttindi og skyldur björgunarsveita og félagsmanna þeirra, þar sem m.a. skyldi kveðið á um ábyrgð á tjóni sem björgunarsveitir eða björgunarsveitarmenn kunna að verða fyrir við störf í þágu almannaheilla og um ábyrgð á tjóni sem kunna að hljótast af störfum þeirra vegna mistaka eða af öðrum ástæðum.

Nefndin kom saman nokkrum sinnum á árinu 1997 en nefndarstörf lágu síðan niðri um alllangt skeið. Nefndin tók til starfa að nýju í apríl 2001. Inn í nefndina komu Guðmundur Sophusson sýslumaður sem formaður og Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, en fyrir voru Gunnar Tómasson og Ólafur Proppé frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Jón Magnússon, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu. Bogi Hjálmtýsson, lögfræðingur hjá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði, aðstoðaði nefndina en ritari var Sandra Baldvinsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Nefndarstörfum lauk í júní 2001 með því að senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu drög að frumvarpi til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, ásamt greinargerð.

II. Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins.

Í íslenskri löggjöf er ekki að finna ákvæði um björgunarsveitir eða björgunarsveitarmenn. Heitið björgunarmenn er að finna í siglingalögum, nr. 34/1985. Í lögum nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, er notað heitið björgunar- og hjálparlið. Í lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, er talað um hjálparlið. Í lögum nr. 19/1940, almennum hegningarlögum, er talað um björgunarlið og annað hjálparlið.

Í lögreglulögum, nr. 90/1996, segir í 3. mgr. 6. gr. að lögreglustjórar fari með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita. Í 7. mgr. 9. gr. sömu laga er kveðið á um að þeir sem kvaddir séu til aðstoðar lögreglu lögum samkvæmt fari með lögregluvald meðan þeir gegna starfanum og er sambærilegt ákvæði í 2. mgr. 20. gr. sömu laga.

Lengi hafa fjölmargir einstaklingar starfað í félögum og samtökum sem sjálfboðaliðar við slysavarna- og björgunarstörf. Enginn efast um mikilvægi þessa óeigingjarna og mikla starfs í þágu almannaheilla. Hins vegar hefur réttarstaða þeirra einstaklinga sem vinna við björg-

unarstörf verið afar óljós en markmiðið með lagasetningu um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn er að draga úr óvissu. Hér er kveðið á um hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna við björgunar- og leitaræfingar, við björgun, leit og gæslu manna og verðmæta og skyldu þeirra við stjórnvöld og almenning auk þess að kveða á um réttindi þessara sömu aðila, sérstaklega varðandi ábyrgð og tryggingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Starfandi eru ein viðurkennd heildarsamtök björgunarsveita, Slysavarnafélagið Landsbjörg. Félagið var stofnað 2. október 1999 með sameiningu Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar, landssambands björgunarsveita. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur innan sinna vébanda 5.000 björgunarsveitarmenn. Björgunarsveitarmenn innan samtakanna starfa í yfir 100 björgunarsveitum sem dreifðar eru um allt land. Sveitir þessar eru misstórar og öflugar eftir stærð og gerð byggðalaga sem þær starfa í. Innan björgunarsveita starfa sérhæfðir hópar á ýmsum sviðum, svo sem í sjóbjörgun, fjallabjörgun, rústabjörgun, fyrstu hjálp, köfun og svo framvegis. Félagar í Slysavarnafélaginu Landsbjörg hljóta þjálfun samkvæmt samhæfðu námskerfi sem Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur skipulagt fyrir félaga sveitanna. Árlega eru haldin um 300 námskeið fyrir björgunarsveitarmenn um land allt á vegum skólans.

Starf björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar er skipulagt á landsvísu á þann hátt að starfað er á 18 svæðum með skipulagðri svæðisstjórn. Svæðisstjórnir stjórna björgunaraðgerðum innan hvers svæðis í umboði sveitanna. Til að samræma störf svæðisstjórna á landsvísu er starfandi Landsstjórn björgunarsveita sem hefur það hlutverk að samhæfa störf svæðisstjórna og getur tekið við stjórnun aðgerða á einstökum svæðum ef ástæða er til. Sjá enn fremur fylgiskjal með umfjöllun um Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Um 2. gr.

Hvað varðar skilgreiningu á stjórnvöldum í 3. mgr. skal tekið fram að þau stjórnvöld sem núna eiga hlut að björgunarmálum eru dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, almannavarnaráð, almannavarnanefndir, flugmálastjórn, rannsóknarnefnd flugslysa, landhelgisgæslan, ríkislögreglustjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík og sýslumenn sem lögreglustjórar.

Hvað hugtakið gæslu snertir ber að hafa í huga að víða erlendis styðjast stjórnvöld við her eða heimarvarnarlið til þess að loka svæðum vegna hættuástands, svo sem vegna stórslysa eða náttúruhamfara. Hér á landi hafa björgunarsveitir meðal annarra sinnt þessu hlutverki. Hér er lagt til að notað verði orðið „gæsla“ yfir það hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna að koma í veg fyrir almenna óviðkomandi umferð manna, dýra og farartækja á svæðum sem lýst hafa verið hættusvæði af stjórnvöldum vegna stórslysa eða náttúruhamfara. Með gæslu í lögum þessum er ekki átt við öryggisgæslu, svo sem við heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja. Hér er gert ráð fyrir því að almannahagsmunir séu í hættu og að gæsla standi ekki yfir í lengri tíma. Telja verður of íþyngjandi fyrir björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn að sinna gæslu svo dögum skiptir þar sem björgunarsveitarmenn eru sjálfboðaliðar og þiggja ekki laun fyrir störf sín. Þegar gæsla er nauðsynleg til lengri tíma er rétt að gera sérstakt samkomulag um þátttöku björgunarsveita. Þá mundi ákvæði þetta ekki ná til einkaréttarlegra hagsmunam, svo sem smölunar búfjár af afrétti vegna yfirvofandi ofsaveðurs.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa í þágu almannaheilla með þátttöku við björgun, leit og gæslu á ábyrgð og í samvinnu við stjórnvöld. Ljóst er að björgunarsveitir sem skipulagðar eru og kostaðar af frjálsum félagasamtökum gegna oft lykilhlutverki við leitir og björgunaraðgerðir. Hlutverk stjórnvalda er að hafa yfirstjórn með aðgerðum en ekki að hafa afskipti af innra skipulagi björgunarsveita. Í því að viðkomandi stjórnvald fer með yfirstjórn aðgerða felst að björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn starfa jafnframt á ábyrgð stjórnvalda.

Ekki er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að gera þurfi samkomulag milli allra stjórnvalda og björgunarsveita sem starfa að björgunarmálum heldur einungis milli heildarsamtaka björgunarsveita og æðri stjórnvalda. Þannig hefur þegar verið gengið frá samkomulagi milli Slysavarnafélagsins Landsbjargar og almannavarnaráðs auk þess sem ríkislögreglustjóri og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa þegar hafið vinnu við reglur um samskipti lögreglu og björgunarsveita. Ekkert ætti þó að vera því til fyrirstöðu að sérstakt samkomulag verði gert við staðbundin stjórnvöld, t.d. vegna sérstakra staðhátta eða aðstæðna er snúa að mannafla og búnaði. Í 132. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, segir að samgöngumálaráðherra sé heimilt að setja reglur um leit og björgun er viðhafa skal þegar loftfars er saknað eða því hefur hlekkst á eða það hefur farist, þar á meðal um aðstoð þá sem einstaklingum og fyrirtækjum er skylt að veita við leit og björgunarstörf og um þóknun fyrir slíka aðstoð. Þá segir í 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, að dómsmálaráðherra setji reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita.

Markmið slíks samkomulags yrði að skýra hlutverk og reglur sem gilda um útköll á þá leið að ákvarða hvaða aðilar innan stjórnsýslunnar eru bærir til þess að kalla út björgunarsveitir, um samhæfingu og fjölda björgunarsveitarmanna og tækja sem kalla þarf út hverju sinni, samkipti og boðleiðir við útköll og á vettvangi, um faglega stjórnun á vettvangi o.s.frv.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. kveður skýrt á um skyldur björgunarsveita til að bregðast við beiðni réttmætra stjórnvalda um leit, björgun eða gæslu.

Hér má benda á að í 1. mgr. 20. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er kveðið á um skyldu fulltíða manna til að aðstoða lögreglu, m.a. við að afstýra óreglu og óspektum á almannfæri, og í 10. og 11. gr. almannavarnalaga, nr. 94/1962, er kveðið á um borgaralega skyldu fulltíða manna til að sinna störfum í þágu almannavarna.

Við samningu ákvæðis 2. mgr. um þagnarskyldu var stuðst við 18. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 70/1996.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því að björgunarsveitum eða heildarsamtökum björgunarsveita sé skylt að slysatryggja félagsmenn sína gegn öllu því tjóni sem þeir kunna að verða fyrir eða valda. Með þessu ákvæði eru björgunarsveitum tryggð mikilsverð réttindi.

Í ákvæði um slysatryggingar björgunarsveita skal tryggt að komi ákvæði sem tryggi bótastöðu þeirra í tilfellum sem leiða til veikinda björgunasveitarmanna vegna utanaðkomandi aðstæðna, svo sem við ofkælingu, kal, ofhitnun og eitrun.

Í 2. mgr er gert ráð fyrir að skylt sá að kaupa eignatryggingu fyrir tjóni sem björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn verða fyrir á eignum sínum við æfingar, björgun, leit og gæslu. Með tjóni sem björgunarsveitarmenn kunna að verða fyrir er átt við tryggingar á per-

sónulegum búnaði björgunarsveitarmanna sem þeir leggja til starfa sinna fyrir björgunarsveit. Þó er ekki átt við vélknúin farartæki eins og bíla og vélsleða í eigu björgunarsveitamanna.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Þróttmikið starf í þágu þjóðar.

Slysavarnafélagið Landsbjörg eru ein stærstu sjálfboðaliðasamtök landsins en innan þeirra raða starfa ríflega 18.000 félagar í björgunarsveitum, slysavarna- og unglingadeildum. Sameiginlegt baráttumál þeirra er að bjarga mannslífum og verðmætum og koma í veg fyrir slys.

Slysavarnafélagið Landsbjörg á rætur sínar að rekja allt aftur til fullveldisársins, 1918, þegar björgunarsveit var stofnuð í Vestmannaeyjum, fjöldi björgunarsveita fylgdi í kjölfar þess og í dag mynda þær þéttriðið net um allt land.

Hlutverk félagsins og aðildareininga þess í björgunar- og slysavarnastarfi landsins er mjög mikið og nýtur félagið trausts og velvild þjóðarinnar og ráðamanna hennar.

Björgunarsveitir.

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru ríflega eitt hundrað talsins og í þeirra röðum eru á fimmta þúsund manns sem eru til taks að nóttu sem degi allan ársins hring. Sú fagmennska sem einkennir starf íslenskar björgunarsveita á sér fáar hliðstæður og hefur vakið eftirtekt víða um heim.

Við sérhæfingu einstakra björgunarhópa á undanförnum árum hefur orðið til mikil sérþekking á hinum margvíslegu aðstæðum sem upp kunna að koma bæði til sjós og lands. Félagsmenn sækja þá sérþekkingu víða að, jafnt innan lands sem utan.

Björgunarsveitirnar hafa yfir að ráða gríðaröflugum tækjakosti og má þar nefna um 200 breytta björgunarbíla, 100 fólksflutningabíla, 200 vélsleða, 35 snjóbíla, 9 stór björgunarskip, 25 harðbotna hraðbáta, 100 slöngubáta. Búnaður björgunarsveitanna er bæði sérhæfður og fjölbreyttur, þar má nefna búnað til að sinna: hópslysum, rústabjörgun, snjóflóðaleit og -björgun, fjalla- og jöklabjörgun, köfun og víðavangsleit.

Ísland er harðbýlt land sem sést glöggt á þeim náttúruöflum sem móta landið, á sama tíma býr þar fámenn en dugmikil þjóð. Þar af leiðandi er það hlutfallslega afl sem björgunarsveitir félagsins leggja til samfélagsins við stóráföll mjög mikið. Þannig koma að jafnaði um 75% þeirra viðbragðsaðila sem sinna björgunar- og öryggisstörfum á vettvangi stórafalla úr röðum björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar. (Aftast í þessu skjali er að finna lista yfir heiti og staðsetningu björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar.)

Slysavarnadeildir.

Innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru starfandi um 80 slysavarnadeildir sem hafa það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir slys og óhöpp. Öflugt fræðslu- og útgáfustarf einkennir starf þeirra ásamt átaksverkefnum af ýmsum toga, svæðisbundnum eða samstarfsverkefnum á landsvísu. Hér er oft um umfangsmikla málaflokka að ræða, svo sem umferðar-

öryggi og öryggi barna. Víða um land styðja slysavarnadeildirnar einnig við bakið á björgunarsveitunum, aðstoða þær við fjáröflun og veita þeim margháttaðan stuðning vegna útkalla og aðgerða.

Unglingadeildir.

Innan unglingadeilda félagsins hefur mikill fjöldi ungs fólks fundið athafnaþrá sinni farveg til heilbrigðra og uppbyggjandi starfa. Unglingadeildirnar eru 35 talsins og starfa í tengslum við björgunarsveitir félagsins víða um land. Þar kynnast unglingarnir starfi björgunar- og slysavarnasveita. Gildi unglingadeildastarfsins er í meginatriðum tvíþætt, annars vegar að skapa unglingum spennandi og jákvæðan vettvang í frítímum og hins vegar mótast þar framtíðar björgunar- og slysavarnafólk.

Framfaraspor í öryggismálum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur allt frá upphafi lagt grunninn að ýmsu því sem í dag mótar öryggi þjóðarinnar, jafnt í starfi sem leik. Má þar nefna: kaup og rekstur á fyrstu björgunarþyrlu landsins, uppbygging og rekstur Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, uppbygging og rekstur Slysavarnaskóla sjómanna, einn af stofnaðilum Umferðarráðs í framhaldi af áratuga farsælu umferðaöryggisstarfi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg er og mun halda áfram að vera leiðandi afl í björgunar- og slysavarnamálum íslensku þjóðarinnar.

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Björgunarfélag Akraness, Akranesi.
Björgunarfélag Árborgar, Selfossi.
Björgunarfélagið Blanda, Blönduósi.
Björgunarfélagið Eyvindur, Flúðum.
Björgunarfélag Hornafjarðar, Höfn í Hornafirði.
Björgunarfélag Ísafjarðar.
Björgunarfélag Vestmannaeyja.
Björgunarhundasveit Íslands, Reykjavík.
Björgunarsveit Árskógsstrandar.
Björgunarsveitin Ársól, Reyðarfirði.
Björgunarsveitin Ársæll, Reykjavík.
Björgunarsveitin Bára, Djúpavogi.
Björgunarsveitin Berserkir, Stykkishólmi.
Björgunarsveit Biskupstungna.
Björgunarsveitin Björg (Drangsnesi).
Björgunarsveitin Björg (Eyrarbakka).
Björgunarsveitin Björg (Hellissandi).
Björgunarsveitin Björg (Suðureyri).
Björgunarsveitin Björgólfur, Stöðvarfirði.
Björgunarsveitin Blakkur, Patreksfirði.
Björgunarsveitin Brák, Borgarnesi.
Björgunarsveitin Brimrún, Eskifirði.
Björgunarsveitin Bræðrabandið, Patreksfirði.
Björgunarsveitin Bróðurhöndin, Eyjafjöllum.
Björgunarsveitin Dagrenning (Hólmavík).
Björgunarsveitin Dagrenning (Hvolsvelli).
Björgunarsveitin Dalvík.
Björgunarsveitin Dýri, Þingeyri.
Björgunarsveitin Eining (Breiðdalsvík).
Björgunarsveitin Eining (Þykkvabæ).
Björgunarsveitin Elliði, sunnanverðu Snæfellsnesi.
Björgunarsveitin Ernir, Bolungavík.
Björgunarsveitin Garðar, Húsavík.
Björgunarsveitin Geisli, Fáskrúðsfirði.
Björgunarsveitin Gerpir, Neskaupsstað.
Björgunarsveitin Grettir, Hofsósi.
Björgunarsveitin Hafliði, Þórshöfn.
Björgunarsveit Hafnarfjarðar.
Björgunarsveitin Heiðar, Varmalandi.
Björgunarsveitin Heimamenn, Reykhólum.
Björgunarsveitin Hérað, Egilstöðum.
Björgunarsveitin Ingunn, Laugarvatni.
Björgunarsveitin Ísólfur, Seyðisfirði.
Björgunarsveitin Jökull, Jökuldal.
Björgunarsveitin Jörundur, Hrísey.
Björgunarsveitin Káraborg, Hvammstanga.
Björgunarsveitin Kári, Öræfum.
Björgunarsveitin Kjölur, Kjalarnesi.
Björgunarsveitin Klakkur, Grundarfirði.
Björgunarsveitin Kofri, Súðavík.

Björgunarsveitin Kópur, Bíldudal.
Björgunarsveitin Kyndill (Kirkjubæjarklaustri).
Björgunarsveitin Kyndill (Mosfellsbæ).
Björgunarsveit Landeyja.
Björgunarsveitin Lífgjöf, Álftaveri.
Björgunarsveitin Mannbjörg, Þorlákshöfn.
Björgunarsveit Mýrarhrepps.
Björgunarsveitin Núpur, Kópaskeri.
Björgunarsveitin Ok, Borgarfirði.
Björgunarsveitin Ósk, Búðardal.
Björgunarsveitin Pólstjarnan, Raufarhöfn.
Björgunarsveitin Sigurgeir, Gnúpverjahreppi.
Björgunarsveitin Sigurvon, Sandgerði.
Björgunarsveitin Skagfirðingasveit.
Björgunarsveitin Skyggnir, Vogum.
Björgunarsveitin Stefán, Mývatnssveit.
Björgunarsveitin Stjarnan, Meðallandi.
Björgunarsveitin Strandasól, Árneshreppi.
Björgunarsveitin Strákar, Siglufirði.
Björgunarsveitin Sveinungi, Borgarfirði eystri.
Björgunarsveitin Skagaströnd.
Björgunarsveitin Sæbjörg (Flateyri).
Björgunarsveitin Sæbjörg (Ólafsvík).
Björgunarsveitin Sæþór, Grímsey.
Björgunarsveitin Suðurnes.
Björgunarsveitin Tálkni, Tálknafirði.
Björgunarsveitin Tindur, Ólafsfirði.
Björgunarsveitin Tindar, Hnífsdal.
Björgunarsveitin Týr, Svalbarðsströnd.
Björgunarsveitin Víkverji, Vík.
Björgunarsveitin Vopni – Örn, Vopnafirði og Bakkafirði.
Björgunarsveitin Þingey, Ljósavatnshreppi.
Björgunarsveitin Þorbjörn, Grindavík.
Björgunarsveitin Ægir (Garði).
Björgunarsveitin Ægir (Grenivík).
Flugbjörgunarsveitin, A-Eyjafjöllum.
Flugbjörgunarsveitin, Hellu.
Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík.
Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð.
Flugbjörgunarsveitin, V-Húnavatnssýslu.
Hjálparsveit skáta, Aðaldal.
Hjálparsveit skáta, Fjöllum.
Hjálparsveit skáta, Garðabæ.
Hjálparsveit skáta, Hveragerði.
Hjálparsveit skáta, Kópavogi.
Hjálparsveit skáta, Reykjadal.
Hjálparsveit skáta, Reykjavík.
Hjálparsveitin Dalbjörg, Eyjafirði.
Hjálparsveitin Lómfell, Barðaströnd.
Hjálparsveitin Tintron, Grímsnesi.
Leitarhundar Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Reykjavík.
Súlur, björgunarsveitin á Akureyri.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Í frumvarpi þessu eru ákvæði um hlutverk, réttindi og skyldur björgunarsveita og björgunarsveitamanna. Þá er í frumvarpinu lagt til að björgunarsveitum eða heildarsamtökum þeirra verði skylt að slysatryggja félagsmenn sína gegn öllu tjóni sem þeir kunna að verða fyrir eða verða valdir að. Ákvæði frumvarpsins fela ekki í sér skuldbindingar um útgjöld ríkissjóðs verði þau lögfest.

428. Frumvarp til laga [376. mál]

um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna koma þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

Auk þeirrar starfsemi sem lýst er í I. kafla skal við Nýsköpunarsjóð starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutnings.

Hlutverk tryggingardeildar útflutnings skal vera að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis. Hlutverk sitt rækir tryggingardeild útflutnings með því að:

1. taka að sér að tryggja útflutningslán sem lánastofnun veitir útflytjanda eða kaupanda, enda hafi lánið verið veitt til fjármögnunar í tengslum við íslenskan útflutning á vöru eða þjónustu,
2. taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgðir vegna samnings á milli útflytjanda og kaupanda sem gerður hefur verið vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu,
3. taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgð fyrir efndum á þjónustu- eða verksamningi sem gerður er vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu,
4. gefa út verkábyrgðir eða tryggja verkábyrgð innlends aðila vegna framkvæmdar sem fer að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gerir opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu,
5. tryggja fjárfestingar innlends fjárfestis erlendis vegna stjórnmálalegrar áhættu,
6. tryggja búnað, sem innlendur aðili flytur á erlenda grundu í tengslum við verkefni þar, vegna stjórnmálalegrar áhættu,
7. gefa út annars konar ábyrgð eða tryggingu en að framan greinir, enda falli hún undir hlutverk tryggingardeildar útflutnings.

Heimildir tryggingardeildar útflutnings til að veita ábyrgð eða tryggingu takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og skal deildin að jafnaði hvorki veita ábyrgð né tryggingu vegna viðskiptalegrar eða stjórnmálalegrar áhættu til skemmri tíma en tveggja ára í viðskiptum við aðila sem hafa staðfestu í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða öðrum ríkjum sem eru aðilar að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og tilgreind eru í starfsreglum stjórnarnefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarnefnd tryggingardeildar útflutnings ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll deildarinnar en þau skulu háð samþykki fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miðað við að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

3. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutnings vegna trygginga og ábyrgða skv. 11. gr. mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnviröi 130 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Á síðustu missirum hefur komið í ljós að þær lagareglur sem gilda um tryggingardeild útflutningslána (oft skammstafað TRÚ) eru þröngar. Hefur það leitt til þess að stjórnarnefnd tryggingardeildarinnar hefur séð sig knúna til að synja um veitingu trygginga og ábyrgða, jafnvel þótt ljóst sé að slíkt hefði stuðlað að íslenskum útflutningi á vörum eða þjónustu. Þá hefur komið í ljós að sambærilegar tryggingardeildir á Norðurlöndunum búa við rýmri lagareglur en sú íslenska. Frumvarp þetta miðar að því að útvíkka starfsheimildir núverandi tryggingardeildar útflutningslána, til þess að deildinni verði unnt að stuðla frekar að íslenskum útflutningi vöru og þjónustu og treysta þannig samkeppnisstöðu íslensks útflutnings. Er frumvarpið unnið í samræmi við þær samningsskuldbindingar íslenskra stjórnvalda sem koma fram í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um skammtímaútflutningslánatryggingar, sbr. nánari umfjöllun í kafla IV hér á eftir.

Viðskiptaráðherra skipaði í ágúst síðastliðnum fjögurra manna nefnd til að vinna að tillögum að frumvarpi til laga um breytingar á II. kafla laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, að því er varðaði hlutverk tryggingardeildar útflutningslána. Í nefndina voru skipuð Jónína S. Lárusdóttir, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Ingibjörg H. Þráinsdóttir, sérfræðingur hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, og Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Nefndin lauk störfum 17. október 2002 og afhenti viðskiptaráðherra tillögur sínar að frumvarpi. Byggist frumvarp þetta á tillögum nefndarinnar.

II. Forsaga tryggingardeildar útflutningslána.

Tryggingardeild útflutningslána var komið á fót með lögum nr. 60/1970, um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skyldi annars vegar vera að tryggja lán er lánastofnanir veittu útflytjendum vöru eða þjónustu til þess að þeir gætu fjármagnað útflutningslán til handa erlendum kaupendum og hins vegar að tryggja kröfu útflytjenda á hendur erlendum kaupendum.

Ýmsar ástæður urðu þess valdandi að umrætt fyrirkomulag reyndist ekki sem skyldi. Vegna þess að þörfin fyrir tryggingarþjónustu við útflutning var brýnust á sviði iðnaðar var talið eðlilegt að Iðnlánasjóður starfrækti tryggingardeild útflutningslána, þar sem talið var að sjóðurinn hefði fulla burði til þess. Með lögum nr. 52/1986, um breyting á lögum nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, var því tryggingardeild útflutningslána komið á fót í svipaðri mynd og hún er í dag. Lög nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, voru síðan gefin út að nýju sem lög nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð. Í 2. mgr. 14. gr. þeirra laga var kveðið á um hlutverk tryggingardeildarinnar með eftirfarandi hætti:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum, sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.

2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innan lands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

Hlutverk tryggingardeildarinnar samkvæmt þessu ákvæði var sams konar og mælt var fyrir um í 2. gr. laga nr. 60/1970 þó þannig að útflutningur á þjónustu var gerður jafnrétthár og útflutningur á vöru.

Með lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., var Iðnlánasjóður lagður niður ásamt Fiskveiðasjóði Íslands, Útflutningslánasjóði og Iðnþróunarsjóði, sbr. 19. gr. laganna. Skv. 3. gr. laganna runnu allar eignir, skuldir og skuldbindingar framangreindra sjóða inn í bankann sem stofnfé hans, að frátöldum þeim fjármunum sem ráðstafað var til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, sbr. 7. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Var sjóðnum ætlað það hlutverk að stuðla að arðbærri uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Að auki tók Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins við starfsemi tryggingardeildar útflutningslána hjá Iðnlánasjóði og tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Skv. 11. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð, er hlutverk tryggingardeildarinnar eftirfarandi:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum og þjónustu.
3. Að selja ábyrgðir fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. Að tryggja fjárfestingar innlendra fjárfesta erlendis vegna stjórnmálalegrar áhættu.
5. Að tryggja búnað sem innlendir aðilar flytja á erlenda grund í tengslum við verkefni þar vegna stjórnmálalegrar áhættu.

Í meginatriðum er hlutverk tryggingardeildarinnar það sama og mælt var fyrir um í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð. Þó fólu 4. og 5. tölul. í sér nýmæli frá eldri lögum, auk þess sem felldur var brott 3. tölul. þeirra laga, varðandi tryggingar samkeppnislána til innlendra aðila.

Tryggingardeildin tók við eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutningslána við Iðnlánasjóð og er stofnfé deildarinnar ekki hluti af stofnfé sjóðsins. Hún tók hins vegar ekki við eignum og skuldum tryggingardeildar útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð þótt hún tæki við starfsemi hennar. Eignir og skuldbindingar þeirrar deildar féll til Ríkisábyrgðasjóðs við brottfall laga um deildina.

III. Samstarfsverkefni.

Á árinu 2000 féll ábyrgð á tryggingardeild útflutningslána, sem varð til þess að varasjóður deildarinnar varð að engu. Í kjölfarið fól ríkisstjórnin stjórnarnefnd tryggingardeildar útflutningslána að gera úttekt á þörf fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar og gera tillögur um framtíðarhlutverk hennar, fjármögnun og rekstrarform, ef niðurstaðan yrði sú að deildin mundi starfa áfram.

Stjórnarnefndin skoðaði í kjölfarið ítarlega hvaða kostir væru í stöðunni. Niðurstaðan varð sú að þörf væri fyrir áframhaldandi starfsemi tryggingardeildar útflutningslána og að styrkja

þyrfti starfsemi deildarinnar. Ákveðið var að stofna til samstarfsverkefnis vegna tryggingardeildar útflutningslána til þriggja ára. Þátttakendur í því voru iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Samningur um samstarfsverkefnið tók gildi hinn 15. apríl 2002 og mun renna út hinn 15. janúar 2005. Í samstarfsverkefninu felst að ráðist verður í sérstakt kynningarstarf um starfrækslu tryggingardeildar útflutningslána, gerðir verða samningar við utanaðkomandi aðila um greiningu á umsóknum til tryggingardeildar útflutningslána og ráðinn starfsmaður til að sinna málefnum deildarinnar eingöngu. Meðalkostnaður við samstarfsverkefnið er áætlaður 8 millj. kr. á ári. Þátttakendur samþykktu að leggja 2 millj. kr. hver á ári til samstarfsverkefnisins. Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna ráðningar starfsmanns. Samstarfsverkefnið miðar að því að fá úr því skorið á næstu þremur árum hvort mögulegt væri að skjóta nægilega traustum stoðum undir starfsemi tryggingardeildar útflutningslána.

Í samstarfsverkefninu felst einnig að komið var á fót verkefnastjórn sem skipuð er einum fulltrúa frá iðnaðarráðuneytinu, einum frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sameiginlega og einum frá Samtökum iðnaðarins, auk þess sem starfsmaður tryggingardeildarinnar situr fundi verkefnastjórnar. Verkefnastjórnin gerir tillögur að markaðs- og fjárhagsáætlunum til stjórnarnefndar tryggingardeildar útflutningslána, ásamt tillögum að kynningarfundum um starfsemi tryggingardeildar útflutningslána. Tillögur verkefnisstjórnar eru háðar samþykki stjórnarnefndar tryggingardeildar útflutningslána.

IV. Leiðbeiningarreglur Eftirlitsstofnunar EFTA um skammtímaútflutningslánatryggingar.

Í 61. gr. EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, er kveðið á um þá meginreglu að hvers kyns aðstoð sem aðildarríki ESB eða EFTA veita eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða sé til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Ákvæði þetta er hliðstætt 87. gr. Rómarsamningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út leiðbeiningar um útflutningslánatryggingar til skamms tíma, dags. 4. mars 1998, með síðari breytingum. Byggjast þær á sambærilegum leiðbeiningum sem framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út. Í þeim er fjallað um hvenær slíkar tryggingar eða ábyrgðir teljast ekki samrýmast 61. gr. EES-samningsins. Kveðið er á um að tryggingar sem teknar eru til að mæta áhættu vegna einkaaðila með staðfestu í tilteknum ríkjum sem eru aðilar að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) sé markaðshæf áhætta, enda sé áhættutímabilið undir tveimur árum. Gengið er út frá því í leiðbeiningarreglunum að unnt sé að kaupa tryggingu vegna slíkrar markaðshæfrar áhættu hjá einkareknum vátryggingafélögum og því teljist það ólögmæt ríkisaðstoð og brot gegn 61. gr. EES-samningsins ef ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki veiti slíka þjónustu nema um starfsemi þeirra og rekstur gildi sömu reglur og um einkarekin félög.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og þar með tryggingardeild útflutnings telst ríkisstofnun í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Um starfsemi tryggingardeildar útflutnings og rekstur gilda ekki sömu reglur og um einkarekin félög m.a. vegna þess að hún er ekki skattskyld, ríkisábyrgð er á skuldbindingum hennar og hún er ekki háð þeim kvöðum sem eru í lögum um vátryggingastarfsemi varðandi myndun varasjóðs. Ef tryggingardeild útflutnings veitir tryggingu gegn markaðshæfri áhættu telst slíkt fyrirkomulag brjóta gegn 61. gr. EES-samningsins.

Framkvæmdastjórn ESB hefur ákveðið í leiðbeiningum sínum hvaða lönd teljast markaðshæf í þessum skilningi. Framkvæmdastjórnin getur breytt þeim lista þannig að ný lönd geta komið inn og önnur fallið út. Mun leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA í slíkum tilvikum verða breytt með sama hætti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að stjórnarnefnd tryggingardeildar útflutningslána skuli tilgreina í starfsreglum hvaða ríki teljist markaðshæf í þessum skilningi. Er það gert þar sem mat á markaðshæfi ríkja kann að breytast, eins og fyrr segir.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. frumvarps þessa skal tryggingardeild útflutnings að jafnaði ekki veita ábyrgðir eða tryggingar vegna viðskiptalegrar eða stjórnmálalegrar áhættu til skemmri tíma en tveggja ára. Með viðskiptalegri áhættu er átt við:

1. Óréttmæta höfnun skuldara á samningi, þ.e. sérhver óréttmæt ákvörðun skuldara um að raska eða binda enda á samning án lögmætra ástæðna.
2. Óréttmæta synjun skuldara um að móttaka þær vörur sem falla undir samning án lögmætra ástæðna.
3. Gjaldþrot skuldara eða ábyrgðarmanns hans.
4. Langvarandi vanskil, af hálfu lánþega eða ábyrgðarmanns skuldar, á greiðslum samkvæmt samningi.

Með stjórnmálalegri áhættu er m.a. átt við áhættu í tengslum við styrjaldir, óstöðugt stjórnarfar eða náttúruhamfarir.

Tryggingardeild útflutnings getur gefið út tryggingar og ábyrgðir vegna annarrar áhættu en að framan greinir. Tveggja ára lágmarksáhættutímabil í frumvarpi þessu tekur til framleiðslutímabils að viðbættu lánstímabili með venjulegum upphafstíma og venjulegum lánskjörum.

Ef þær tryggingar sem kveðið er á um í frumvarpstexta eru tímabundið ófáanlegar er tryggingardeild útflutnings heimilt að veita tryggingar eða ábyrgðir samkvæmt framangreindum leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA, kafla 17A4, lið 8–13. Skilyrði fyrir veitingu slíkra trygginga eða ábyrgða samkvæmt leiðbeiningarreglunum er að iðgjald vegna slíkra trygginga sé sambærilegt við það sem gerist á einkamarkaði. Þá skulu drög að ákvörðun um veitingu slíkra trygginga og ábyrgða tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA þegar í stað. Tilkynningunni skal fylgja markaðsúttekt er sýni að ekki sé hægt að tryggja gegn áhættunni á einkavátryggingamarkaði með því að leggja fram sannanir frá þar að lútandi tveimur þekktum alþjóðlegum einkareknum vátryggingafélögum útflutningslána sem og frá innlendu vátryggingafélagi útflutningslána. Að öðrum kosti má leggja fram markaðsskýrslu frá óháðum ráðgjafa sem eftirlitsstofnunin telur áreiðanlegan og óhlutdrægan. Tilkynningin skal einnig hafa að geyma lýsingu á skilmálum sem tryggingardeild útflutnings hyggst beita vegna slíkra trygginga. Eftirlitsstofnun EFTA skal innan tveggja mánaða eftir að slík tilkynning berst rannsaka hvort veiting slíkra trygginga sé í samræmi við EES-samninginn. Komist eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að svo sé er ákvörðun hennar takmörkuð við tvö ár fram í tímann.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um hlutverk tryggingardeildar útflutnings. Gert er ráð fyrir útvíkkun á starfsheimildum tryggingardeildarinnar, til þess að deildinni verði unnt að stuðla frekar að íslenskum útflutningi vöru og þjónustu og treysta þannig samkeppnisstöðu íslensks útflutnings. Ætlunin er sú að þjónusta við íslenskan útflutning og íslenska útflutningshagsmuni verði sambærileg við það sem best gerist á Norðurlöndum. Þá er í frumvarpinu gerð tillaga að innleiðingu leiðbeiningarreglna Eftirlitsstofnunar EFTA um lágmarksáhættutímabil, sbr.

nánari umfjöllun í kafla IV í almennum athugasemdum. Gert er ráð fyrir að stjórnarnefnd tryggingardeildar útflutnings muni skilgreina nánar þá þjónustu sem tryggingardeildin veitir í starfsreglum sínum.

Í 1. mgr. er kveðið á um að deildin skuli vera nefnd tryggingardeild útflutnings. Í gildandi lögum er deildin hins vegar nefnd tryggingardeild útflutningslána. Ástæðan fyrir breytingunni er sú að misvísandi þykir að heiti deildarinnar vísi einungis til útflutningslána þar sem henni er einnig heimilt að veita aðrar ábyrgðir og tryggingar en á útflutningslánum.

Í 2. mgr. er ákvæði um hlutverk tryggingardeildar útflutnings. Í 1. málsl. er almennt ákvæði um hlutverk deildarinnar. Er það breyting frá gildandi lögum þar sem hlutverk deildarinnar er einungis talið upp í fimm töluliðum. Í ákvæðinu kemur fram að hlutverk deildarinnar sé að efla íslenskan útflutning á vöru og þjónustu, efla fjárfestingar og auka þátttöku í verklegum framkvæmdum innan lands og utan. Með íslenskum útflutningi er átt við að vörurnar sem seldar eru, veitt þjónusta eða hinar verklegu framkvæmdir hafi í för með sér virðisauka fyrir íslenskt þjóðfélag. Þannig er ekki gert ráð fyrir að sá sem fær ábyrgð eða tryggingu þurfi í öllum tilvikum að vera íslenskur til þess að verkefnið falli undir hlutverk tryggingardeildar útflutnings.

Í 1. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að hlutverk tryggingardeildar útflutnings sé að tryggja útflutningslán sem lánastofnun veitir útflytjanda eða kaupanda, enda hafi lánið verið veitt til fjármögnunar í tengslum við íslenskan útflutning á vöru eða þjónustu. Tryggingardeild útflutnings verður því heimilt að veita tryggingar fyrir lánum sem lánastofnun veitir, óháð því hvort lánið er veitt til útflytjanda eða til kaupanda. Ekki er gert að skilyrði að útflytjandinn sé íslenskur, enda sé um að ræða útflutning sem hefur í för með sér virðisauka fyrir íslenskt þjóðfélag, sbr. umfjöllun hér að framan.

Í 2. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að eitt af hlutverkum tryggingardeildar útflutnings sé að taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgðir vegna samnings á milli útflytjanda og kaupanda sem gerður hefur verið vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu. Með orðalaginu „taka að sér að ábyrgjast“ er átt við að tryggingardeildin geti gefið út ábyrgð án milligöngu banka eða annars fjármálafyrirtækis. Hins vegar er með orðalaginu: „tryggja ábyrgðir“ átt við að tryggingardeildin geti gefið út svokallaða bakábyrgð, þ. e. gefið út ábyrgðir sem eru í raun tryggingarráðstöfun á aðra ábyrgð sem gefin hefur verið út vegna tiltekins útflutnings. Gert er ráð fyrir að ábyrgð vegna endurgreiðslu á fyrirframgreiðslu kaupanda geti fallið hér undir (e. *Refund Guarantee)*. Einnig er gert ráð fyrir að tryggingardeildinni sé heimilt að veita ábyrgðir á tilboðum samkvæmt þessu ákvæði.

Í 3. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að tryggingardeildinni sé heimilt að taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgð fyrir efndum á þjónustu- eða verksamningi sem gerður er vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu. Reynslan hefur sýnt að þörf er á tryggingum og ábyrgðum í tengslum við réttar efndir samninga sem gerðir eru í tengslum við íslenskan útflutning á vöru eða þjónustu. Þannig er þess oft farið á leit að útflytjandi gefi út ábyrgð á réttum efndum, þannig að ljóst sé að hann efni samninginn með réttilegum hætti, eða borgi efndabætur ella (e. *Performance Guarantee)*. Samkvæmt umræddu ákvæði er tryggingardeildinni heimilt að gefa út slíka ábyrgð eða gefa út bakábyrgð vegna slíkrar ábyrgðar sem fjármálafyrirtæki mundi þá í flestum tilvikum gefa út. Einnig falla ábyrgðir eða tryggingar á tilboðum í tengslum við þjónustu- eða verksamninga hér undir.

Í 4. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að tryggingardeildin geti gefið út verkábyrgðir eða tryggt verkábyrgð innlends aðila vegna framkvæmdar sem fer að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gerir opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðinu svipar til 2. málsl. 3. tölul. 2. mgr. 11. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins,

nr. 61/1997. Það miðar að því að bæta samkeppnisstöðu innlendra bjóðenda gagnvart erlendum vegna verka sem eru útboðsskyld á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 56. gr., laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, kemur fram að þau verk séu útboðsskyld á Evrópska efnahagssvæðinu sem fara yfir viðmiðunarfjárhæðir sem ráðherra birtir í reglugerð. Í reglugerð nr. 513/2001 kemur fram í 1. gr. að viðmiðunarfjárhæð vegna verkframkvæmda sé 396.680.000 kr. Við framkvæmdir af þessari stærð hefur reynslan sýnt að íslenskum verktökum hefur reynst ómögulegt að afla fullnægjandi trygginga eða ábyrgða. Fullyrða má að þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að gera þátttöku íslenskra fyrirtækja mögulega í mörgum stórverkefnum hérlendis á síðustu árum. Tryggingardeild útflutnings verður því sem fyrr einungis heimilt að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila ef framkvæmdirnar fara yfir rúmar 396 millj. kr.

Í 5. og 6. tölul. 2. mgr. er tryggingardeild útflutnings veitt heimild til að veita tilteknar ábyrgðir í tengslum við stjórnmálalega áhættu. Með stjórnmálalegri áhættu er almennt átt við áhættu í tengslum við styrjaldir, óstöðugt stjórnarfar eða náttúruhamfarir. Ákvæði þessi eru óbreytt frá gildandi lögum.

Í 7. tölul. 2. mgr. er opnuð leið fyrir tryggingardeild útflutnings að veita aðrar tryggingar og ábyrgðir en nefndar eru sérstaklega í öðrum töluliðum greinarinnar, þar sem ekki er unnt að sjá fyrir með vissu hvaða vöru og þjónustu veita verður til að tryggja samkeppnisstöðu íslensks útflutnings til framtíðar. Hér mundu t.d. falla undir ábyrgðir sem nefndar hafa verið á ensku „Letter of Credit Guarantee“. Slíkar ábyrgðir hafa í för með sér að tryggingardeild útflutnings mundi deila áhættu íslensks banka við að staðfesta það sem á ensku er nefnt „Letter of Credit“.

Í 3. mgr. eru ákvæði sem til eru komin vegna leiðbeiningarreglna Eftirlitsstofnunar EFTA, sem ítarlega hefur verið fjallað um í kafla IV í almennum athugasemdum. Vísast til þeirrar umfjöllunar vegna nánari skýringa á ákvæðinu.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum um tryggingardeild útflutningslána er gert ráð fyrir að iðgjöld eigi að nægja til að standa undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Ákvæði þetta hefur reynst erfitt í framkvæmd þar sem örðugt er að tryggja að ætíð sé fyrir hendi varasjóður er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Þá er ákvæði þetta ekki í samræmi við ákvæði um iðgjöld í sambærilegum tryggingardeildum á Norðurlöndum. Því er gerð tillaga að breytingu á ákvæðinu þannig að ekki verði kveðið á um ákveðna prósentutölu í tengslum við varasjóð, en mælt fyrir um að deildin skuli standa undir sér til lengri tíma litið.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutnings skuli ekki nema hærri fjárhæð en 130 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR). Í gildandi lögum er fjárhæðin 100 millj. sérstakra dráttarréttinda. Eins og nú er hefur tryggingardeild útflutningslána veitt tryggingar og ábyrgðir sem nema $\frac{1}{10}$ af þeirri fjárhæð. Rétt þykir því að hækka þessa fjárhæð þar sem markmið framangreinds samstarfsverkefnis og endurskoðun á lagareglum um tryggingardeild útflutnings miða að auknum tryggingum og ábyrgðum.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um gildistöku laganna og þarfnast það ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að fela Nýsköpunarsjóði að starfrækja tryggingardeild útflutnings sem ábyrgist útflutningslán sem lánastofnun veitir útflytjanda eða kaupanda íslenskrar vöru, ábyrgjast eða tryggja ábyrgðir vegna samnings á milli útflytjanda og kaupanda, ábyrgjast eða tryggja ábyrgðir fyrir efndum á þjónustu- eða verksamningi, gefa út verkábyrgðir eða tryggja verkábyrgð innlends aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gerir opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu, tryggja fjárfestingar og annan búnað innlends fjárfestis erlendis vegna stjórnmálalegrar áhættu. Skv. 2. gr. frumvarpsins skal innheimta iðgjald fyrir ábyrgðir og miðað er við að það standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndun varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Þetta ákvæði breytir 12. gr. núgildandi laga sem kveður á um að varasjóður skuli nema a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar hverju sinni. Gert er því ráð fyrir að stjórn sjóðsins ákveði iðgjöld miðað við áhættu hverju sinni og leggi fyrir nægilega upphæð í varasjóð. Skv. 3. gr. frumvarpsins hækka leyfilegar heildarskuldbindingar sjóðsins um 30% úr 11,6 milljörðum króna í 15,1 milljarð króna. Þess skal getið að heildarskuldbindingar hafa aðeins náð einum milljarði hingað til. Það sem gæti haft mikil áhrif á heildarskuldbindingar tryggingardeildarinnar er ef stjórn deildarinnar gefur ábyrgð á grundvelli 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem gæti náð yfir virkjana- og stóriðjuframkvæmdir. Samkvæmt núgildandi lögum skal greiða ábyrgðir úr Ríkisábyrgðasjóði nægi fé deildarinnar ekki til greiðslu. Hugsanlegt er að um 400 m.kr. ábyrgð vegna verkefnis í Rússlandi falli á Ríkisábyrgðasjóð á næsta ári þar sem ekki er næg innistæða í sjóðum tryggingardeildarinnar fyrir ábyrgðum sem koma til greiðslu í ár og á næsta ári. Þess má geta að skipuð hefur verið nefnd af hálfu rússneskra og íslenskra stjórnvalda til að finna lausn á því máli. Vonast er til að með víðtækari heimildum fyrir ábyrgðarveitingum og þar með víðtækari nýtingu þjónustunnar af hálfu íslenskra útflytjenda náist betri áhættudreifing. Með ábyrgri áhættustjórnun og innheimtu gjalds í varasjóð er stefnt að því að sjóðir í vörslu tryggingardeildar útflutningsins standi undir ófyrirséðum áföllum í framtíðinni.

Taflan hér að neðan sýnir eignir alls, tekjur og gjöld tryggingardeildar útflutnings samkvæmt ársreikningum 1998–2001. Mismunur á eignum alls og eigin fé skýrist af kröfum sjóðsins á aðra t.d. kröfur í þrotabú sem bókfærast sem eignir.

Ár	1998	1999	2000	2001
Eignir alls	**24.871.217**	**41.998.856**	**23.691.323**	**9.360.952**
Eigið fé	24.871.217	41.862.884	19.323.909	0
Tekjur	8.944.982	20.957.212	871.840	343.843
Gjöld	2.592.829	3.643.482	8.071.288	4.240.266
Hagnaður	6.352.153	17.313.730	(7.199.886)	(3.896.423)

429. Frumvarp til laga [377. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

29. gr. laganna verður svohljóðandi:

Eftirtaldar fjárhæðir mynda grunn útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélags:

1. a. Innborgað hlutafé að frádregnum eigin hlutabréfum félagsins.
   b. Stofnfé að viðbættum framlögum eigenda gagnkvæms vátryggingafélags ef þau uppfylla það skilyrði að í stofnsamningi eða samþykktum sé kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða eigendum þessi framlög, ef það hefði í för með sér að gjaldþol færi niður fyrir tilskilið lágmark. Einnig er það skilyrði að við félagsslit skuli fyrst gera upp allar aðrar skuldir félagsins. Enn fremur skal í stofnsamningi eða samþykktum kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu skuli tilkynnt um greiðslur slíkra skulda, nema þær tengist lokum aðildar einstakra félagsmanna að félaginu, með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara og að það geti lagt bann við útborgun innan þess frests. Umrædd ákvæði og breytingar á þeim öðlast ekki gildi nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins.
2. Varasjóðir sem ekki eru til að mæta skuldbindingum félagsins og óráðstöfuð ágóðajöfnunarskuld líftryggingafélags.
3. Óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi og ráðgerðum arðgreiðslum.
4. Forgangshlutafé og víkjandi lán sem bindandi samkomulag er um að víki fyrir öllum skuldbindingum sem ekki eru víkjandi og að ekki komi til endurgreiðslu fyrr en þær skuldbindingar hafa verið gerðar upp við gjaldþrot eða slit vátryggingafélags. Víkjandi lán skal einnig uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Lánið skal vera innborgað og skuldfært í bókum félagsins.
   b. Upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal vátryggingafélagið leggja áætlun fyrir Fjármálaeftirlitið til samþykktar er sýni fram á fullnægjandi gjaldþol félagsins á gjalddaga nema eftirstöðvar lánsins hafi farið minnkandi sem hlutfall af gjaldþoli félagsins á minnst fimm ára tímabili fyrir umsaminn gjalddaga. Sæki vátryggingafélagið um að flýta endurgreiðslu slíkra lána getur Fjármálaeftirlitið heimilað það að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark.
   c. Lán sem eru ekki með föstum lánstíma skulu vera með a.m.k. fimm ára uppsagnarfresti, nema þau séu ekki lengur talin til gjaldþols félagsins eða að endurgreiðslur fyrir gjalddaga séu háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins. Verður vátryggingafélagið þá að óska eftir slíku samþykki að minnsta kosti sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag og tilgreina áætlað gjaldþol og lágmarksgjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðslu. Því aðeins skal heimila endurgreiðslu að gjaldþol vátryggingafélagsins fari ekki niður fyrir lágmarksgjaldþol.
   d. Lánssamningurinn má ekki fela í sér ákvæði sem gera ráð fyrir endurgreiðslu fyrr en á gjalddaga, nema vátryggingafélaginu verði slitið.
   e. Samþykki Fjármálaeftirlitsins þarf til að breyta lánssamningum.

   Fjárhæð samkvæmt þessum tölulið má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða

heildargjaldþoli ef það er lægra. Þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma og heildarfjárhæð forgangshlutafjár ekki fara yfir 25% samanlagt.

5. Skuldabréf án tiltekins lánstíma og önnur bréf, svo sem forgangshlutafé sem ekki fellur undir 4. tölul., ef samningarnir uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Ekki má endurgreiða bréfin að frumkvæði handhafa og ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.
   b. Samið er um að vátryggingafélagið megi fresta greiðslu á vöxtum.
   c. Kröfur á hendur vátryggingafélaginu samkvæmt þessum tölulið víkja fyrir öllum öðrum kröfum sem ekki eru víkjandi.
   d. Skjalfest er við útgáfu skuldabréfanna að eftirstöðvar og ógreidda vexti megi nota til að mæta tapi þannig að vátryggingafélagi sé kleift að halda áfram starfsemi sinni.
   e. Aðeins skal telja með innborgaðar fjárhæðir.

   Fjárhæð samkvæmt þessum tölulið og fjárhæð skv. 4. tölul. mega samanlagt ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
6. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins. Þessi fjárhæð má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
7. Viðbótarframlög eða aukaiðgjöld sem gagnkvæm vátryggingafélög önnur en líftryggingafélög, eða félög hliðstæðrar gerðar með breytilegum framlögum, mega krefja félagsmenn um á reikningsárinu, allt að helming mismunar á hámarki þess sem krefjast má og þess sem þegar hefur verið krafist. Þessi fjárhæð má ekki fara yfir 50% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
8. Duldir sjóðir vegna vanmats eigna, enda séu þeir af varanlegum toga.
9. Allt að 50% áætlaðs framtíðarhagnaðar af líftryggingum. Framtíðarhagnað skal þá áætla með því að margfalda árlegan hagnað, eða lægri tölu, með stuðli sem svarar til gildistíma líftrygginganna sem eftir er í árum talið, þó ekki með hærri stuðli en 6. Með árlegum hagnaði er átt við meðaltal hagnaðar af líftryggingarekstri samkvæmt rekstrarreikningi fimm undangengin ár í viðkomandi greinum líftrygginga. Þessi fjárhæð má ekki fara yfir 25% af lágmarksgjaldþoli, eða heildargjaldþoli ef það er lægra.
10. Hluti iðgjaldaskuldar í líftryggingum með eða án Zillmer-aðferðar. Þegar Zillmer-aðferð er ekki beitt eða henni er beitt og kostnaðarálag vegna öflunar líftrygginga er lægra en álagið sem fólgið er í iðgjöldum vegna öflunar líftrygginganna, má reikna til gjaldþols mismuninn á iðgjaldaskuld án Zillmer-aðferðar eða iðgjaldaskuld með Zillmer-aðferð að hluta og iðgjaldaskuld þar sem reiknað er samkvæmt Zillmer-aðferð með öflunarkostnaði að fullu eins og í reiknigrundvelli iðgjalda. Fjárhæðin sem færð er til gjaldþols samkvæmt þessum tölulið má þó aldrei vera hærri en 3,5% af mismun líftryggingarfjárhæða og iðgjaldaskuldar samanlagt vegna líftryggingarsamninga þar sem unnt er að beita Zillmer-aðferð. Frá þessum mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan öflunarkostnað.
11. Nauðsynlegar afskriftir og niðurfærslur. Sé nauðsynlegt að afskrifa eða niðurfæra eignaliði umfram það sem gert er í efnahagsreikningi skal það koma til lækkunar gjaldþoli. Meðal annars skal hafa hliðsjón af atriðum utan efnahags.
12. Lækkun tjónaskuldar sem stafar af núvirðingu hennar. Þó þarf ekki að draga frá gjaldþoli lækkun vegna núvirðingar tjóna í slysa- og sjúkratryggingum, né heldur vegna lífeyrisgreiðslna í öðrum greinaflokkum.

Gjaldþol vátryggingafélags er reiknað með því að leggja saman fjárhæðir skv. 1.–5. tölul. og draga frá fjárhæðir skv. 11.–12. tölul. Fjárhæðir skv. 6.–10. tölul. má leggja við framan-

greindar fjárhæðir hafi Fjármálaeftirlitið fallist á rökstudda ósk vátryggingafélags um það. Ef horfur eru á að gjaldþol verði einhvern tímann á næstu þremur árum lægra en gjaldþol reiknað skv. 1.–12. tölul. skal til viðbótar færa gjaldþolið niður um muninn á framantöldum liðum og áætluðu lægsta gjaldþoli á næstu þremur árum.

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags, sem á annað vátryggingafélag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi, er gjaldþol þess skv. 2. mgr. að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir eru taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, svo og öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun. Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélagsins, félaga sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga. Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum krafist eða heimilað að önnur aðferð sé notuð við útreikning aðlagaðs gjaldþols.

Sé vátryggingafélag dótturfélag annars vátryggingafélags eða félags þar sem meginstarfsemin er eignarhald á vátryggingafélagi skal reikna aðlagað gjaldþol móðurfélagsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar auk útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélagsins. Við útreikninginn skal taka tillit til allra hlutdeildarfélaga móðurfélagsins.

Nánar skal kveða á um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli í reglugerð. Þar má einnig tilgreina undanþágur frá skyldu til að reikna aðlagað gjaldþol. Taki útreikningurinn til fyrirtækja í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

2. gr.

30. gr. laganna verður svohljóðandi:

Gjaldþol vátryggingafélags, sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi, skal á hverjum tíma nema minnst þeirri fjárhæð sem hærri er samkvæmt eftirfarandi útreikningi og nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 33. gr.:

1. Við útreikning á lágmarksgjaldþoli á grundvelli iðgjalda skal nota þá fjárhæð sem hærri er af bókfærðum iðgjöldum og iðgjöldum ársins samkvæmt rekstrarreikningi. Byggt skal á iðgjöldum að frádregnum endurgreiðslum og niðurfellingum, en án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Hækka skal iðgjöld í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. um 50%. Í gagnkvæmum vátryggingafélögum skal telja með iðgjöldum þau framlög eigenda á reikningsárinu sem jafna má til iðgjalda.

   Fjárhæð sem reiknuð er skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal skipt í tvennt, þannig að fyrri hlutinn nemi allt að 4.250 millj. kr. og sá síðari því sem umfram er. Fjárhæð þessi skal taka árlegum breytingum með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. 33. gr. Leggja skal saman 18% af fyrri hlutanum og 16% af því sem umfram er. Niðurstaða þeirrar samlagningar er síðan margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna síðustu þriggja reikningsára og samanlagðra tjóna í heild síðustu þrjú reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi, en þó aldrei með lægri tölu en 0,5.
2. Við útreikning á lágmarksgjaldþoli á grundvelli tjóna skal byggt á meðalfjárhæð tjóna ársins síðustu þrjú reikningsár, að frádregnum yfirteknum vátryggðum fjármunum og réttindum sem félagið öðlast, en án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Áður en meðaltal er reiknað skal hækka tjón í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. um 50%. Reki vátryggingafélag starfsemi í ferðamannaaðstoð skv. 18. tölul. 1. mgr. 22. gr. skal leggja við tjónsfjárhæðir í þeirri grein allan kostnað sem félagið hefur borið vegna veittrar aðstoðar, jafnvel þótt hann kunni að falla undir aðra liði í rekstrarreikningi.

   Fjárhæð sem reiknuð er skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal skipt í tvennt, þannig að fyrri hlutinn nemi allt að 2.975 millj. kr. og sá síðari því sem umfram er. Fjárhæð þessi

skal taka árlegum breytingum með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. 33. gr. Leggja skal saman 26% af fyrri hlutanum og 23% af því sem umfram er. Útkoma þeirrar samlagningar er síðan margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna síðustu þriggja reikningsára og samanlagðra tjóna í heild síðustu þrjú reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi en þó aldrei með lægri tölu en 0,5.

Í útreikningum skv. 1. mgr. skal miða við meðaltal sjö síðustu reikningsára í stað þriggja reki félagið aðallega starfsemi í óveðurs-, hagl- eða frostskaðatryggingum eða í greiðsluvátryggingum.

Ef lágmarksgjaldþol reynist vera lægra en á næstliðnu reikningsári, skal það ekki lækka meira hlutfallslega en sem nemur hlutfallslegri lækkun eigin tjónaskuldar milli sömu ára.

Í sjúkratryggingum sem reknar eru samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli skal miða við 6% eða 5,33% bókfærðra iðgjalda í stað 18% eða 16% þegar reiknað er á grundvelli iðgjalda, og 8,67% eða 7,67% meðaltjónsfjárhæðar á síðustu þremur árum í stað 26% eða 23% þegar reiknað er á grundvelli tjóna og eftirfarandi skilyrðum er öllum fullnægt:

1. Iðgjöld eru reiknuð samkvæmt tryggingastærðfræðilegum aðferðum út frá sjúkratöflum.
2. Vátryggingaskuldin tekur m.a. mið af hækkandi aldri.
3. Kveðið er á um greiðslu viðbótariðgjalda til að koma upp hæfilegu öryggisálagi.
4. Vátryggingafélagið má segja vátryggingarsamningum upp fyrir lok 3. vátryggingarárs í síðasta lagi.
5. Vátryggingarsamningar kveða á um að hækka megi iðgjöld eða lækka bætur á vátryggingartímabilinu.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um hvort og hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 11. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli.

3. gr.

31. gr. laganna verður svohljóðandi:

Gjaldþol vátryggingafélags sem rekur líftryggingastarfsemi skal á hverjum tíma nema minnst samanlögðum fjárhæðum skv. 1.–7. tölul. hér á eftir, en samtala þessi nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 33. gr.:

1. Hlutdeild áhættu- og söfnunarlíftrygginga án fjárfestingaráhættu skv. 1. tölul. 23. gr. er samtala þeirra fjárhæða sem koma út úr a-, b- og c-liðum hér á eftir:
   a. Reikna skal 4% af líftryggingaskuldinni í frumtryggingum samkvæmt reiknigrundvelli án frádráttar á hlut endurtryggjenda, en að viðbættri líftryggingaskuld vegna móttekinna lífendurtrygginga. Sú fjárhæð er margfölduð með hlutfallinu milli líftryggingaskuldar að frádregnum hlut endurtryggjenda og heildarlíftryggingaskuldar eins og hlutfallið var á næstliðnu reikningsári, en hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 0,85.
   b. Reikna skal 0,3% af samanlögðum þeim hluta líftryggingarfjárhæða vegna dánaráhættu sem líftryggingafélagið ber áhættu af gagnvart hinum líftryggðu í lok reikningsárs án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Sú fjárhæð er margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra líftryggingarfjárhæða að frádregnum hlut endurtryggjenda og heildarlíftryggingarfjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu reikningsári, en hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 0,50.
   c. Beita skal aðferð 30. gr. til þess að reikna gjaldþolskröfu vegna viðbótartrygginga sem falla undir f- til h-liði 1. tölul. 23. gr.

   Sé um að ræða tímabundnar dánaráhættulíftryggingar með gildistíma í þrjú ár eða skem-

ur skal stuðullinn í b-lið vera 0,1% í stað 0,3% og 0,15% sé gildistími lengri en þrjú ár en mest fimm ár.

2. Hlutdeild hjóna- og barnalíftrygginga skv. 2. tölul. 23. gr. er reiknuð eins og í 1. tölul. þessarar greinar.
3. Hlutdeild áhættu- og söfnunarlíftrygginga með fjárfestingaráhættu skv. 3. tölul. 23. gr. er samtala fjárhæða samkvæmt eftirfarandi:
   a. Ef líftryggingafélagið ber fjárfestingaráhættu skal reikna 4% af líftryggingaskuldinni í frumtryggingum skv. a-lið 1. tölul.
   b. Ef kostnaðarhluti iðgjalda er bundinn til að minnsta kosti fimm ára án þess að líftryggingafélagið beri fjárfestingaráhættu skal reikna 1% af líftryggingaskuldinni skv. a-lið 1. tölul.
   c. Ef líftryggingafélagið ber ekki fjárfestingaráhættu og kostnaðarhluti iðgjalda er ekki bundinn til að minnsta kosti fimm ára skal reikna 25% af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði við rekstur þeirrar starfsemi á síðasta reikningsári.
   d. Vegna dánaráhættu skal reikna hlutfall líftryggingarfjárhæða skv. b-lið 1. tölul.
4. Hlutdeild varanlegra heilsutrygginga án uppsagnarréttar skv. 4. tölul. 23. gr. er samtala tveggja liða sem ákvarðast annars vegar af vátryggingaskuldinni, sbr. a-lið 1. tölul., og hins vegar af lágmarksgjaldþoli eins og það er reiknað skv. 30. gr. Þó má falla frá kröfu 2. tölul. 4. mgr. þeirrar greinar þegar um hópvátryggingar er að ræða.
5. Hlutdeild annarra líftrygginga skv. 5. tölul. 23. gr. í lágmarksgjaldþoli skal ákveðin með reglugerð.
6. Hlutdeild endurtrygginga líftrygginga skv. 6. tölul. 23. gr. skal ákveðin skv. 1.–5. tölul. í samræmi við eðli þeirra líftryggingarsamninga sem endurtryggðir eru. Sé endurtryggingarsamningur ekki til lengri tíma en eins árs er þó heimilt að beita aðferð 30. gr.
7. Hlutdeild slysa- og sjúkratrygginga skv. 1.–2. tölul. 22. gr. skal ákvörðuð skv. 30. gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um hvort og hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 11. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli.

4. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

33. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 30. og 31. gr. skal lágmarksgjaldþol vátryggingafélags aldrei vera lægra en 255 millj. kr. Stundi vátryggingafélagið eingöngu starfsemi skv. 1.–9. eða 16.–18. tölul. 1. mgr. 22. gr. má lágmarksgjaldþol ekki vera lægra en 170 millj. kr. Fjárhæðir þessar skulu taka breytingum hinn 31. desember ár hvert í samræmi við breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum EES frá gildinu 111,2 og breytingar á opinberu viðmiðunargengi evru frá genginu 85 kr. Nánar skal kveðið á um útreikning fjárhæða þessara í reglugerð.

Að minnsta kosti þriðjungur lágmarksgjaldþols, þó ekki lægri fjárhæð en segir í 1. mgr., skal myndaður af gjaldþolsliðum skv. 1.–5. tölul. í 1. mgr. 29. gr. Einnig er heimilt að telja þar með gjaldþolsliði skv. 8. tölul. 1. mgr. 29. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað að lágmarksfjárhæðir skv. 1. mgr. séu lægri í gagnkvæmu vátryggingafélagi en í vátryggingahlutafélagi að teknu tilliti til ábyrgðar vátryggingartaka samkvæmt samþykktum félagsins, sbr. 42. gr. Lágmarksfjárhæðir mega þó aldrei vera lægri en þrír fjórðu hlutar þess sem krafist er í vátryggingahlutafélagi.

Við stofnun vátryggingafélags og meðan félag starfar á grundvelli framlagðrar áætlunar um starfsemina, sbr. 24. gr. eða 90. gr., skal tilskilið lágmarksgjaldþol reiknað á grundvelli áætlunarinnar og endurskoðunar hennar ef forsendur áætlunarinnar breytast.

6. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna verður svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. árlega kanna gjaldþol og greiðsluþol vátryggingafélaga á grundvelli ársreiknings fyrir næstliðið reikningsár og annarra nauðsynlegra gagna og upplýsinga um starfsemina. Einnig skal kanna aðlagað gjaldþol vátryggingafélaga og móðurfélaga þeirra ef við á. Fjármálaeftirlitið getur snúið sér til dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélags, félaga sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og til dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga til að afla nauðsynlegra gagna hafi vátryggingafélagið sjálft ekki staðið Fjármálaeftirlitinu skil á þeim. Viðkomandi fyrirtæki skal þegar verða við beiðni um slík gögn. Einu gildir hvort eignaraðild er bein eða óbein. Gögnin má sannreyna með athugun á staðnum, hjá vátryggingafélaginu sjálfu eða öðrum félögum í sömu félagasamstæðu. Fjármálaeftirlitið getur í könnun sinni lækkað gjaldþolsliði frá mati vátryggingafélags, einkum þegar markaðsverð þeirra hefur lækkað eða er óvissu undirorpið. Einnig má draga úr áhrifum endurtrygginga við útreikning lágmarksgjaldþols skv. 30. og 31. gr. hafi orðið veruleg breyting á endurtryggingarvernd frá því tímabili sem útreikningur lágmarksgjaldþols miðast við, eða ef óveruleg vátryggingaráhætta er flutt til endurtryggjenda. Fjármálaeftirlitið metur hvort skilyrði 29.–33. gr., eftir því sem við á, séu uppfyllt. Hafi Fjármálaeftirlitið athugasemdir fram að færa skal það tilkynnt félaginu. Sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessa eiga ákvæði XI. kafla við.

7. gr.

90. gr. laganna verður svohljóðandi:

Uppfylli vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, ekki lágmarkskröfur um gjaldþol við ársuppgjör eða á öðrum tíma skal félagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir sem gera á teljist fullnægjandi. Slík áætlun skal ekki taka til skemmri tíma en næstu þriggja reikningsára og innihalda m.a.:

1. Áætlaðan rekstrarkostnað, m.a. við núverandi yfirstjórn, og umboðslaun.
2. Sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld í frumtryggingum, endurtryggingum sem félagið kann að taka að sér og vegna endurtryggingarverndar þess.
3. Áætlaðan efnahagsreikning.
4. Greinargerð um fjármagn sem ætlað er að mæta vátryggingaskuldbindingum og lágmarksgjaldþoli.
5. Ráðgerða endurtryggingarvernd.

Meðan slík áætlun er í gildi skal hvorki gefa út gjaldþolsvottorð vegna ráðagerða um starfsemi erlendis, sbr. 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr., né heimila félaginu að veita viðtöku vátryggingarstofni, sbr. 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 86. gr.

Sé gjaldþol vátryggingafélags minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða minna en sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind er fyrir þá starfsemi sem félagið rekur, sbr. 33. gr., hvort sem hærra er, skal áætlun skv. 1. mgr. miða að því að rétta við fjárhag félagsins á skömmum tíma og skal Fjármálaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest í því efni.

Sé vátryggingaskuld félags vanmetin við ársuppgjör eða á öðrum tíma að mati Fjármálaeftirlitsins eða hafi fjárhagsstaða þess með öðrum hætti versnað þannig að tilskildar kröfur um gjaldþol eru ekki uppfylltar skal með sama hætti grípa til viðeigandi ráðstafana.

Sé vátryggingaskuld vanmetin skal vanmatið koma til lækkunar gjaldþoli.

Sé aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða móðurfélags þess minna en lágmarksgjaldþol skv. 30., 31. og 33. gr. að viðbættri hlutdeild í lágmarksgjaldþoli allra hlutdeildar- og dótturfélaga sem eru vátryggingafélög skal vátryggingafélagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og hvernig markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort hún telst fullnægjandi. Lágmarksgjaldþol hlutdeildar- og dótturfélaga skal reiknað samkvæmt tilvísuðum greinum, jafnvel þótt aðrar reglur gildi í heimaríki þeirra.

Telji Fjármálaeftirlitið fjárhag vátryggingafélags vera með þeim hætti að réttindum vátryggingartaka sé stefnt í hættu getur það krafist áætlunar eins og gjaldþol væri ófullnægjandi, sbr. 1. mgr.

Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun vátryggingafélags, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, á fjármunum sínum og eignum sé það liður í aðgerðum til að koma fjárhag þess á réttan kjöl, sbr. 1.–5. mgr. Ákvörðun þessa efnis skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eftir því sem við á.

Starfi félagið eftir áætlun skv. 24. gr. eða skv. 1. mgr. þessarar greinar og hafi fjárhagsstaða félagsins versnað miðað við þá áætlun skal Fjármálaeftirlitið taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir og gera kröfu um að ný rekstraráætlun til þriggja ára verði lögð fram ef þörf er á.

8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða laganna verður svohljóðandi:

Þau vátryggingafélög sem ekki uppfylla ákvæði 33. gr. um lágmarksfjárhæðir 1. janúar 2003 hafa frest til ársloka 2007 til þess að uppfylla þau, enda verði gjaldþol þeirra fram til þess aldrei lægra en krafist var 31. desember 2001. Hafi markið ekki náðst á tilskildum tíma getur Fjármálaeftirlitið heimilað að félag starfi í tvö ár til viðbótar á grundvelli áætlunar skv. 90. gr.

Hinn 31. desember 2009 fellur 9. tölul. 1. mgr. 29. gr. brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, sem fjalla um gjaldþol vátryggingafélaga og opinbert eftirlit með því.

Tilefni breytinganna er að lögfesta þarf breytingar á tilskipunum ESB um þetta efni. Tilskipanir þær sem verið er að breyta eru í IX. viðauka við EES-samninginn og voru upphaflega teknar í íslenskan rétt í lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, og reglugerðum sem settar voru samkvæmt þeim.

Reglur EES réttar um gjaldþol vátryggingafélaga eru reglur um lágmarkssamræmingu milli löggjafar aðildarríkjanna. Öllum aðildarríkjum ber að lögfesta ákvæðin efnislega innan tilskilins frests, en heimilt er að hafa reglur strangari eða láta þær öðlast gildi fyrr en tilskipunin gerir ráð fyrir.

Þær tilskipanir sem lagt er að lögfestar verði nú eru tvær:

- Tilskipun 2002/12/EB um breytingar á fyrstu tilskipun um líftryggingar 1979/267/EBE hvað varðar lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga.
- Tilskipun 2002/13/EB um breytingar á fyrstu tilskipun um skaðatryggingar 1973/239/EBE hvað varðar lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru í meginatriðum þrenns konar:

1. Lágmarksfjárhæðir 33. gr. laganna eru hækkaðar. Lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélags sem stundar almenna vátryggingastarfsemi má að breyttum lögum aldrei vera lægra en 255 millj. kr. (3 milljónir evra). Það er nú um 34 millj. kr. (400 þús. evrur) samkvæmt eldri ákvæðum tilskipana ESB sem staðið hafa óbreytt frá upphafi. Þessi breyting hefur mest áhrif á starfsemi íslenskra vátryggingafélaga af þeim breytingum sem lagt er til að nú verði gerðar og er gert ráð fyrir sérstökum aðlögunartíma vegna hennar. Litlum vátryggingafélögum hefur reyndar farið ört fækkandi á síðastliðnum 10–12 árum, en engu að síður voru þrjú vátryggingafélög undir hinum nýju mörkum við árslok 2001 eins og nánar er gerð grein fyrir í skýringum við ákvæði til bráðabirgða.
2. Tekin eru inn í tilskipanirnar bein ákvæði um matsheimildir eftirlitsstjórnvalda og skyldu þeirra til afskipta af málum ef þau telja réttindum vátryggingartaka stefnt í hættu. Ákvæði þessa efnis hafa verið í íslenskri löggjöf, en eru nú komin í tilskipanir EES. Nýju ákvæðin eru ítarlegri en verið hefur.
3. Breytingar verða á reglum um gjaldþol og lágmarksgjaldþol þannig að kröfur eru auknar vegna tiltekinna skilgreindra aðstæðna. Meðal annars er krafist aukins gjaldþols vegna ýmissa ábyrgðartrygginga.

Ákvæði um gjaldþol eru í 29.–33. gr. laga nr. 60/1994. Ákvæði um eftirlit með gjaldþoli eru í 54. gr. laganna og um ráðstafanir vegna ófullnægjandi gjaldþols er fjallað í 90. gr. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á framantöldum greinum. Breytingarnar eru einkum til þess að lögfesta ákvæði hinna nýju tilskipana, en einnig er lagt til að tekin verði óbreytt upp í lögin fáein ákvæði sem voru í reglugerð 494/1997, sem sett var með stoð í 29. gr. laganna. Sú reglugerð verður þá óþörf.

Lengi hefur legið fyrir að gjaldþolsákvæði Evrópuréttar yrðu endurskoðuð. Fyrir 1990 var unnið að svokölluðum þriðju tilskipunum um vátryggingar, þar sem höfuðatriðið var að koma á sameiginlegum markaði (e. single market) með vátryggingar, eins og fram kom í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 60/1994. Þær tilskipanir voru birtar árið 1991, en við undirbúning þeirra var rætt um að gjaldþolsákvæðin þyrftu endurskoðunar við þótt ekki ynnist tími til endurskoðunarinnar þá. Vinna við hana hófst á árinu 1994 og hafa íslensk stjórnvöld átt fulltrúa í þeim sérfræðingahópum sem EFTA-ríkin í EES hafa aðgang að á þessu sviði. Ákveðið var að skipta endurskoðuninni í tvo áfanga. Fyrri áfanginn hefur falist í að lagfæra gildandi ákvæði án breytinga á meginefni þeirra og lýkur honum með því að aðildarríkin lögfesti þau ákvæði sem hér er lagt til að tekin verði í íslenska löggjöf. Síðari áfanginn felst í gagnrýnni heildarendurskoðun á gjaldþolsákvæðunum. Gjaldþol skaðatryggingafélags má í meginatriðum ekki vera lægra en 18% af iðgjöldum hvers árs, en stærð félagsins, starfssvið og tjónahlutfall skipta auk þess máli. Lágmarkið er ákvarðað með því að horfa til ákveðinna þátta sem varða vátryggingastarfsemina sjálfa í rekstrarreikningi félagsins. Ekki er tekið beint tillit til fjármálaáhættu með því að sækja mælikvarða í efnahagsreikning og liði utan efnahags, líkt og gert er þegar lágmark eigin fjár lánafyrirtækja er ákveðið. Sú aðferð að láta lágmarksgjaldþol ákvarðast af iðgjöldum og tjónum, án þess að horfa til eignasamsetningar, hefur sætt gagnrýni fyrir að taka ekki tillit til þess að vátryggingafélög kunna að vera misjafnlega áhættusækin í fjármálahluta starfsemi sinnar. Hins vegar gilda

ákveðnar reglur um fjárfestingarstefnu eigna sem samsvara vátryggingaskuldinni, sbr. 34. og 35. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Við frekari endurskoðun gjaldþolsreglna er ætlunin að finna sem besta mælikvarða á alla helstu áhættuþætti í vátryggingastarfseminni og gefa þeim eðlilegt vægi þegar lágmarksgjaldþol er ákvarðað. Ein leið að þessu marki gæti verið að taka meira mið af reglum um eigið fé lánastofnana. Önnur leið er farin að hluta í þeim breytingum sem hér eru lagðar til, með því að leggja 50% ofan á iðgjöld og tjón í ábyrgðartryggingum og reikna síðan ákveðið hlutfall þannig breyttrar fjárhæðar. Ábyrgðartryggingar eru meðal þeirra greinaflokka vátrygginga þar sem uppgjör taka hvað lengstan tíma, og verður fjármálaáhætta í þeim mun meiri en í greinaflokkum eins og eignatryggingum, þar sem uppgjör taka venjulega fáeina mánuði. Jafnframt er óvissa um bótafjárhæðir meiri en í greinum þar sem uppgjör taka skamman tíma. Þessi hækkun tekur ekki til ábyrgðartrygginga ökutækja.

Reglur um lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga eru flóknari, en við frekari endurskoðun þeirra verður gengið út frá svipuðum forsendum um mat á áhættu.

Í Evrópurétti eru sérstakar tilskipanir um líftryggingar og aðrar um skaðatryggingar, þótt mörg ákvæði séu sameiginleg með flokkunum. Sú skipting á sér ekki hefð í íslenskri löggjöf og gilda lög um vátryggingastarfsemi um allar vátryggingar. Gert er ráð fyrir að þeirri skipan verði haldið í breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Í tilskipununum eru fjárhæðir tilgreindar í evrum og er kveðið á um að þær taki breytingum með vísitölu neysluverðs á EES eftir nánar tilgreindum reglum. Lagt er til að sett verði reglugerð um framkvæmd þeirra breytinga.

Um 1. gr.

Lagt er til að ný grein komi í stað 29. gr. laganna, en í þeirri grein er gjaldþol skilgreint ásamt aðlöguðu gjaldþoli.

Gjaldþol vátryggingafélags er mælikvarði á fjárhagslegan styrk félagsins. Það er eign félagsins að frádregnum fyrirsjáanlegum skuldum og skuldbindingum, þar á meðal vátryggingaskuld. Gjaldþol getur verið hið sama og eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi, en kveðið er á um ákveðin frávik, sum til lækkunar en önnur sem geta valdið því að gjaldþol verði hærra en eigið fé. Endanlegt mat á gjaldþoli er á hendi Fjármálaeftirlitsins, sem hefur heimild til þess að víkja frá mati félagsins sjálfs eins og það er tilgreint í ársreikningi, sbr. 54. gr.

Útreikningur á gjaldþoli byggist á allt að 12 liðum sem taldir eru upp í greininni. Fyrstu fimm eru venjulega teknir upp úr eiginfjárhluta ársreiknings en 6.–10. lið má leggja við að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Þar eru annars vegar eignir sem ekki koma fram í efnahagsreikningi og hins vegar tekju- og kostnaðarliðir sem ekki eru færðir á viðkomandi reikningsár við gerð ársreiknings. 11. og 12. liður koma til lækkunar á gjaldþoli. Auk þess er kveðið á um að lækka skuli gjaldþol strax ef fyrirsjáanlegt er að það muni lækka á næstu þremur árum. Það ákvæði hefur verið í reglugerð.

Efnislegar breytingar sem lagt er til að gerðar verði eru þessar:

Í 4. tölul., og víðar þar sem settar eru skorður við því hve tilteknir gjaldþolsliðir megi vera mikill hluti gjaldþols, segir nú að miða skuli við það sem lægra er af gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli. Þetta nýja ákvæði eykur kröfur til vátryggingafélaga sem ekki uppfylla ákvæði um lágmarksgjaldþol og þurfa að auka eigið fé af þeim sökum.

Úr 8. tölul. hefur verið felld heimild til þess að telja til gjaldþols duldar eignir vegna ofmats skuldbindinga. Þar með verður óheimilt að telja álag í vátryggingaskuld til gjaldþols. Þessi heimild hefur verið í lögum um vátryggingastarfsemi, en hefur ekki verði notuð.

Í 12. tölul. er kveðið á um að þótt mat ákveðinna tjóna sé núvirt, þá skuli gjaldþol ekki hækka að sama skapi. Ákvæðið er nýtt. Það veldur ekki breytingum á högum íslenskra vátryggingafélaga, þar eð tjónaskuld hefur ekki verið núvirt í ársreikningum þeirra. Er það í samræmi við reglugerð nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga, þar sem verulegar skorður eru reistar við núvirðingu tjónaskuldar. Þróun í alþjóðlegum umræðum um reikningsskil vátryggingafélaga er hins vegar í átt til þess að núvirða flestar skuldbindingar, þannig að viðbúið er að þær skorður sem verið hafa við núvirðingu tjónaskuldar verði felldar brott á næstu árum. Má líta á ákvæðið sem hliðarráðstöfun til þess að fyrirbyggja að gjaldþolskröfur lækki í reynd við að núvirðing yrði tekin upp sem almenn regla.

Þau ákvæði sem lagt er til að lögfest verði í þessari grein eru í nýrri 16. gr. tilskipunar 1973/239/EBE, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/13/EB, og í nýrri 18. gr. tilskipunar 1973/239/EBE, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/12/EB. Í gildandi löggjöf um vátryggingastarfsemi er fjallað um hvernig meta skuli gjaldþolið sjálft í 1. mgr. 29. gr. laga um vátryggingar og í 2. gr. reglugerðar nr. 494/1997.

Í tilskipununum sem hér er lagt til að verði lögfestar er kveðið á um að þessum ákvæðum megi breyta með ferli sem ESB hefur skilgreint fyrir tæknilegar breytingar á tilskipunum og öðrum gerðum án þess að fara þurfi gegnum allt löggjafarferli Evrópusambandsins (e. comitology, eða nefndaferli). Ákvæði um þetta ferli eru ekki tekin upp í frumvarpið heldur er gert ráð fyrir að lögum um vátryggingastarfsemi verði breytt með venjulegum hætti þegar þar að kemur, þótt tilefnið verði tæknilegar breytingar á tilskipun gegnum nefndaferli.

Ákvæði um aðlagað gjaldþol eru óbreytt í frumvarpinu frá því sem verið hefur, en þau voru tekin upp í lög um vátryggingastarfsemi með lögum nr. 97/2000, sem sett voru til lögfestingar á tilskipun 1998/78/EB um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í fyrirtækjahópi á vátryggingasviði. Skýringar á þeim ákvæðum eru í þskj. 827, 526. máli 125. löggjafarþings, 1999–2000.

Um 2. gr.

Í 30. gr. laga um vátryggingastarfsemi er fjallað um lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga. Lagt er til að í stað gildandi 30. gr. komi ný grein í samræmi við grein 16 a í tilskipun 1973/239/EBE, sbr. 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/13/EB.

Eins og áður ræðst lágmarksgjaldþol af hinum hærri af tveimur liðum sem reiknaðir eru hvor fyrir sig, annar út frá iðgjöldum en hinn út frá tjónum. Þriðji liðurinn sem horfa þarf til er lágmarksfjárhæð sem tilgreind er í nýrri 33. gr., sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að eftirtaldar breytingar verði gerðar:

Kveðið verði á um að nota skuli þá fjárhæð sem hærri er af iðgjöldum ársins og bókfærðum iðgjöldum til þess að reikna lágmarksgjaldþol. Breyting þessi verður til þess að lágmarksgjaldþol vátryggingafélags með vaxandi umsvif getur orðið hærra en eftir eldri reglum, en þá eru bókfærð iðgjöld hærri en iðgjöld ársins, vegna þess að iðgjöld eru greidd fyrir fram.

Gerðar verði meiri kröfur en áður vegna ábyrgðartrygginga, með þeim hætti að iðgjöld og tjón í 11., 12. og 13. greinaflokki (sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um vátryggingastarfsemi) hækka um 50% þegar lágmarksgjaldþol er reiknað. Iðgjöld og tjón í ábyrgðartryggingum ökutækja sæta þó ekki þessari hækkun.

Við útreikning á lágmarksgjaldþoli er miðað við lægra hlutfall iðgjalda og tjóna þegar komið er yfir mörk sem tilgreind eru í greininni. Þau mörk eru fimmfölduð frá því sem var í eldri lögum og taka framvegis árlegum breytingum eins og lýst er í nýrri 33. gr., sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Þegar reiknuð er lækkun sem vátryggingafélag nýtur á lágmarksgjaldþoli vegna endurtryggingarverndar sem það kaupir skal horft til þriggja ára í stað eins. Í 54. gr. er samkvæmt frumvarpinu tekin upp heimild til handa eftirlitsstjórnvöldum til þess að draga úr þessari lækkun sé þriggja ára viðmiðunin óeðlileg vegna breytinga sem orðið hafa á endurtryggingarvernd. Þegar ný vátryggingafélög eiga í hlut, eða félög sem breytt hafa starfsemi sinni verulega, og saga viðkomandi vátryggingagreina nær ekki þremur árum er eðlilegt að lækkun vegna endurtrygginga sé byggð á þeirri sögu sem til er og á áætlun skv. 24. gr.

Ef lágmarksgjaldþol lækkar milli ára skal lækkunin ekki vera meiri en sem nemur lækkun eigin tjónaskuldar. Breyting þessi verður til þess að lágmarksgjaldþol lækkar ekki jafnhratt og iðgjöld þegar dregur úr starfsemi vátryggingafélags, t.d. þegar hætt er að taka við iðgjöldum og félagið einbeitir sér að uppgjöri eldri tjóna.

Ákvæði um lágmarksgjaldþol vegna sjúkratrygginga sem reknar eru samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli hefur verið í reglugerð, en lagt er til að það verði tekið óbreytt inn í lögin. Lágmarksgjaldþol vegna slíkrar starfsemi er þriðjungur þess sem er í öðrum greinaflokkum.

Í greininni er heimild til þess að setja reglugerð um hvort og hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 11. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli. Hliðarstarfsemi skaðatryggingafélaga, sem heimil er samkvæmt ákvæðum 11. gr., er óveruleg og ekki er tilefni til að ætla að hún leggi fjárhagslegar byrðar á viðkomandi vátryggingafélög.

Um 3. gr.

Með greininni er tekin upp ný 31. gr. sem fjallar um útreikning á lágmarksgjaldþoli líftryggingafélaga. Það er reiknað fyrir hvern greinaflokk líftrygginga fyrir sig og síðan lagt saman. Greinaflokkar líftrygginga eru taldir upp í 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Þeir eru sex talsins með flokki sem nefnist aðrar líftryggingar og að meðtöldum endurtryggingum líftrygginga. Fylgt er flokkun í líftryggingatilskipunum ESB í öllum meginatriðum.

Undir 1. greinaflokk falla m.a. hefðbundnar líftryggingar, sem eiga sér langa hefð hjá íslenskum líftryggingafélögum. Lágmarksgjaldþol vegna þeirra ræðst af líftryggingaskuld og samanlögðum líftryggingarfjárhæðum sem líftryggingafélagið ber áhættu af, það er frá líftryggingarfjárhæð sem við andlát yrði greidd vegna hvers líftryggingarsamnings skal draga það sem lagt hefur verið í iðgjaldaskuld vegna þess samnings. Sé sá mismunur neikvæður skal ekki taka viðkomandi samning með þegar lagt er saman. Auk þess er tekið tillit til slysa- og sjúkratrygginga sem kunna að vera hliðaráhætta í líftryggingarsamningnum.

Lágmarksgjaldþol vegna starfsemi sem fellur undir 2. greinaflokk skal reikna með sama hætti og vegna starfsemi í 1. greinaflokki. Íslensk líftryggingafélög eru ekki með starfsemi sem fellur undir þennan greinaflokk.

Í 3. greinaflokki eru söfnunarlíftryggingar þar sem viðskiptavinurinn ber að hluta eða öllu leyti þá fjárfestingaráhættu sem samningnum fylgir. Umsvif íslenskra líftryggingafélaga á þessu sviði hafa vaxið hratt síðustu árin, auk þess sem erlend líftryggingafélög hafa selt slíkar tryggingar hérlendis. Lágmarksgjaldþol ræðst af kostnaðarhluta iðgjalda og af þeim tryggingum sem innifaldar eru í samningnum. Í c-lið flokksins er miðað við hlut viðkomandi starfsemi í hreinum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstrarreikningi eins og hann er skilgreindur í 8. lið viðauka við reglugerð nr. 612/1996, um ársreikninga líftryggingafélaga.

Fjórði greinaflokkur inniheldur varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarréttar af hálfu líftryggingafélagsins. Lágmarksgjaldþol er samanlagt lágmarksgjaldþol vegna vátryggingaskuldar eins og það væri reiknað í 1. greinaflokki, a-lið, og lágmarksgjaldþol sem reiknað er skv. 30. gr.

Fimmti flokkur líftrygginga í lögunum nefnist „aðrar líftryggingar“, og inniheldur nokkra flokka sem tilgreindir eru í tilskipun en eru óþekktir á Íslandi og hafa ekki allir sérstök heiti á íslensku. Gert er ráð fyrir reglugerðarheimild til þess að ákvarða lágmarksgjaldþol í þeim greinum. Ekki þarf að setja slíka reglugerð nema líftryggingafélag með starfsleyfi gefið út á Íslandi hefji starfsemi í einhverri þessara greina.

Sjötti greinaflokkurinn tekur til endurtrygginga líftrygginga sem líftryggingafélög taka að sér. Lagt er til að það ráðist af hverjum endurtryggingarsamningi hvort beitt verði reglum um líftryggingar eða skaðatryggingar til þess að ákvarða lágmarksgjaldþol vegna hans.

Sjöundi töluliður greinarinnar á sér ekki samsvörun í greinaflokkum líftrygginga, heldur er þar fjallað um það þegar líftryggingafélög stunda starfsemi sem fellur undir greinaflokka skaðatrygginga skv. 22. gr., en starfssvið líftryggingafélaga og skaðatryggingafélaga geta skarast í slysa- og sjúkratryggingum, sbr. 10. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Vegna slíkra samninga er gert ráð fyrir að lágmarksgjaldþol verði reiknað samkvæmt nýjum ákvæðum 30. gr. og lagt við lágmarksgjaldþol eins og það er reiknað vegna líftrygginga. Með þeim hætti er jafnræði með líf- og skaðatryggingafélögum hvað varðar kröfur um fjárhagsstyrk vegna þessarar starfsemi.

Í greininni er heimild til þess að setja reglugerð um hvort og hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 11. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli. Hliðarstarfsemi vátryggingafélaga, sem heimil er skv. 11. gr., er óveruleg og ekki er tilefni til að ætla að hún leggi fjárhagslegar byrðar á viðkomandi vátryggingafélög. Þó getur viðbótartryggingarvernd, samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og starfsemi lífeyrissjóða, fallið undir þessa grein. Líftryggingafélög mega taka við iðgjaldi vegna viðbótartryggingarverndar á grundvelli þeirra laga og getur sú starfsemi flokkast sem hliðarstarfsemi. Form viðkomandi samninga getur verið margvíslegt, en ætla má að hvað áhættu félagsins varðar séu þeir oft hliðstæðir líftryggingarsamningum sem falla undir c-lið 3. tölul. greinarinnar. Verði sett reglugerð um áhrif hliðarstarfsemi á lágmarksgjaldþol þarf að gæta samræmis við líftryggingareksturinn og við hliðstæða þjónustu annarra fjármálafyrirtækja ef um hana er að ræða.

Um 4. gr.

Lagt er til að 32. gr. verði felld brott, en ákvæði hennar flutt í 90. gr., sbr. 7. gr. frumvarpsins. Greinin fjallar um hvað geri skuli ef gjaldþol vátryggingafélags er ófullnægjandi, en slík ákvæði eiga betur heima í 90. gr. Hingað til hafa að hluta til sömu ákvæði verið í báðum greinum.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að tekin verði upp ný 33. gr., þar sem kveðið verði á um lágmarksfjárhæð gjaldþols, líkt og gert er í gildandi lögum. Lágmarksfjárhæðirnar eiga við óháð því hvaða tölur koma út úr útreikningum skv. 30. og 31. gr., þannig að greinin kveður í reynd á um lágmarksstærð vátryggingafélaga hvað fjárhagsstyrk varðar. Helsta breytingin er, að fjárhæðir eru hækkaðar frá eldri tilskipun. Meginástæða hækkunar er verðlagsbreyting frá því að fjárhæðir voru fyrst ákveðnar, en þær hafa verið óbreyttar allan gildistíma eldri tilskipana.

Nú eru í tilskipunum ákvæði um að lágmarksfjárhæðir skuli árlega breytast eftir samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum EES. Hliðstæðar breytingar þarf að gera á fjárhæðum í lögum um vátryggingastarfsemi. Lagt er til að sett verði nánari ákvæði í reglugerð um þetta atriði.

Ákvæði greinarinnar um heimild til þess að víkja frá meginreglunni um lágmarksfjárhæðir til lækkunar í gagnkvæmu vátryggingafélagi er óbreytt frá gildandi lögum.

Bætt er inn í lokamálsgrein greinarinnar tilvísun í ákvæði 90. gr. um áætlun um aðgerðir til að ráða bót á ófullnægjandi gjaldþoli.

Ákvæði um lágmarksfjárhæð gjaldþols fyrir skaðatryggingafélög eru í 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 1973/239/EBE eins og henni var breytt með 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/13/EB. Fyrir líftryggingafélög eru lágmarksfjárhæðirnar í 20. gr. tilskipunar 1979/267/EBE eins og henni var breytt með 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/12/EB.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til breytt verði 1. mgr. 54. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að Fjármálaeftirlitið skuli kanna gjaldþol vátryggingafélaga. Tekin verði inn í lögin bein heimild eftirlitsstjórnvalda til þess að lækka mat gjaldþolsliða frá mati félagsins sjálfs. Þetta ætti sérstaklega við þegar eignir eru metnar á markaðsverði og markaðsverðið fer lækkandi, en einnig þegar matið er óvisst af öðrum orsökum, t.d. þeim að markaðsverð liggi ekki fyrir. Stjórnvöld hafa til þessa talið slíka heimild felast í gildandi ákvæðum 1. mgr. 54. gr. um að Fjármálaeftirlitið meti hvort ákvæði um gjaldþol séu uppfyllt.

Samkvæmt hinum breyttu ákvæðum ber Fjármálaeftirlitinu að krefjast áætlunar um fjárhagslega endurreisn vátryggingafélags ef réttindi vátryggingartaka eru í hættu, jafnvel þótt gjaldþol félagsins sé enn ekki komið niður fyrir lágmark skv. 30. og 31. gr. Ákvæði um efni slíkrar áætlunar er lagt til að verði tekið upp í 90. gr. laganna. Þetta er strangara ákvæði en var í eldri tilskipunum, en vísir að því hefur verið í íslenskum rétti í reglugerð 494/1997. Þar segir í 13. tölul. 2. gr. að færa skuli gjaldþol niður ef horfur séu á að það verði einhvern tíman á næstu þremur árum lægra en á þeim tíma sem matið að öðru leyti miðast við.

Þá er kveðið á um að stjórnvöld geti dregið úr því vægi sem endurtryggingarvernd hefur til lækkunar á lágmarksgjaldþoli. Þetta á einkum við ef breytingar hafa orðið á endurtryggingarvernd og er þá gert ráð fyrir að minni lækkun miðist við hina nýju skipan. Einnig má draga úr vægi endurtryggingarverndar ef endurtryggingarnar eru fjárhagslegs eðlis frekar en að þær veiti hefðbundna vernd gegn vátryggingaratburðum.

Þær breytingar á tilskipunum í EES-samningnum sem lagt er til að lögfestar verði innihalda ítarlegri ákvæði en áður um þetta mat eftirlitsstjórnvalda. Í fyrstu tilskipun um skaðatryggingar er bætt nýrri grein, 20 a, þar sem kveðið er á um þetta mat. Samsvarandi ný grein í fyrstu tilskipun um líftryggingar er 24 a. Lagt er til að þessar greinar tilskipananna verði lögfestar í tveimur greinum, 54. gr., þar sem kveðið er á um eftirlit, og 90. gr., þar sem fjallað er um sérstakar ráðstafanir.

Um 7. gr.

Lagt er til að tekin verði upp ný 90. gr. sem innihaldi m.a. ákvæði sem flutt eru úr 32. gr. sem fellur brott samkvæmt frumvarpinu.

Sérstök ákvæði um efni áætlunar þegar gjaldþol starfandi vátryggingafélags verður ófullnægjandi eru nýmæli, en í gildandi lögum er fjallað um áætlun um starfsemi vátryggingafélags í II. kafla um stofnun vátryggingafélags, sbr. 24. gr. gildandi laga. Þau ákvæði sem hér er lagt til að tekin verði í lögin í samræmi við breytt ákvæði í tilskipunum Evrópuréttarins eru hliðstæð ákvæðunum í 24. gr. en áherslur eru aðrar. Einnig er lagt til að innleiddar verði takmarkanir á starfsemi félags sem starfar eftir slíkri áætlun. Þær takmarkanir gilda um allar ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli þessarar greinar.

Í 4. mgr. er fjallað um vanmat á vátryggingaskuld. Einn liðurinn í eftirliti Fjármálaeftirlitsins með vátryggingafélögum er að leggja mat á vátryggingaskuldina, eins og lýst er í 2. mgr. nýrrar 54. gr. laganna samkvæmt frumvarpinu. Sé hún talin vanmetin, t.d. vegna þess að óuppgerð tjón séu vanáætluð, hefur það þau áhrif að eigið fé viðkomandi vátryggingafélags er í ársreikningi talið hærra en tilefni er til. Við þessar aðstæður er eðlilegt að Fjármálaeftirlitið lækki eiginfjárliði um fjárhæð sem nemur vanmatinu og lækkar þá gjaldþol að sama skapi.

Um 8. gr.

Lagt er til að nýtt ákvæði til bráðabirgða komi í stað þess sem fyrir var í lögunum og hefur nú runnið sitt skeið. Annars vegar verði kveðið á um aðlögunartíma vegna hertra ákvæða í 33. gr. og hins vegar að einn liður nýrrar 29. gr. falli brott að tilteknum tíma liðnum.

Í tilskipunum þeim sem lagt er til að lögfestar verði er kveðið á um að breytingar á þeim þurfi ekki að koma til framkvæmda fyrr en að nokkrum árum liðnum. Sú leið er ekki talin heppileg í íslenskri löggjöf. Upp gæti komið staða þar sem stjórnvöldum væri ekki unnt að bregðast við óheillaþróun í málum vátryggingafélags vegna þess að eldri og vægari ákvæði væru enn í gildi. Lagt er til að breytingarnar öðlist gildi strax, en aðlögunartími verði veittur varðandi breytingar á lágmarksfjárhæðum í 33. gr. Aðlögunartíma er ekki talin þörf varðandi önnur ákvæði.

Lágmarksfjárhæðir í 33. gr. laganna, sem hækkaðar eru skv. 5. gr. frumvarpsins, fela í reynd í sér kröfu um lágmark fjárhagslegs styrks vátryggingafélaga. Nokkur íslensk vátryggingafélög eru undir hinum nýju mörkum miðað við eigið fé þeirra við árslok 2001. Trygging hf., Vörður – vátryggingafélag og Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta þurfa að nýta aðlögunartímann til þess að auka eigið fé sitt eða til þess að leita leiða til sameiningar við önnur félög ef þau hyggjast starfa áfram eftir að aðlögunartími laganna er liðinn. Fimm önnur vátryggingafélög hafa það lítil umsvif að lágmarksgjaldþol þeirra gæti ráðist af nýjum ákvæðum 33. gr., sbr. 5. gr. frumvarpsins, en þau eiga nægilegt eigið fé til þess að uppfylla þær kröfur. Þau þrjú líftryggingafélög sem nú starfa falla öll í þann flokk (Alþjóða líftryggingafélagið hf., Líftryggingafélag Íslands hf. og Sameinaða líftryggingafélagið hf.), svo og Íslensk endurtrygging hf. og Viðlagatrygging Íslands. Lagabreytingarnar hafa ekki mikil áhrif á stóru almennu vátryggingafélögin þrjú, Sjóvá – Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðina hf. og Vátryggingafélag Íslands hf., þótt gjaldþolshlutfall þeirra muni breytast, væntanlega til lækkunar, vegna þess að ákvæði um lágmarksgjaldþol verða strangari en áður.

Bráðabirgðaákvæði um að einn liður 29. gr. skuli falla brott við árslok 2009 er úr tilskipuninni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastafsemi, með síðari breytingum.

Frumvarpið fjallar um starfsskilyrði vátryggingafélaga á Íslandi og innleiðir tilskipanir Evrópusambandsins nr. 2002/12/EB og 2002/13/EB hvað varðar lágmarksgjaldþol líftrygginga og skaðatrygginga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

430. Svar [276. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

		Heildarársverk – aukning eða minnkun milli ára									
Stofnun	**Sveitarfélag**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**
Forsætisráðuneytið	Reykjavík	18,62	18,35	17,17	22,73	21,30	21,05	21,49	27,09	35,54	40,11
		0,99	-0,27	-1,18	5,56	-1,43	-0,25	0,44	5,6	8,45	4,57
Húsameistari ríkisins	Reykjavík	26,03	23,97	21,84	20,57	20,35	19,58	8,67	1,14		
		-1,43	-2,06	-2,13	-1,27	-0,22	-0,77	-10,91	-7,53	-1,14	
Ríkislögmaður	Reykjavík										5,1
Umboðsmaður barna	Reykjavík					1,99	2,44	2,82	3,1	3,04	3,58
							0,45	0,38	0,28	-0,06	0,54
Þjóðmenningarhúsið	Reykjavík							0,76	0,69	2,7	7,61
									-0,07	2,01	4,91
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þingvallahreppur	5,87	5,41	5,93	6,88	6,13	6,57	6,93	7,58	8,27	6,59
		-1,52	-0,46	0,52	0,95	-0,75	0,44	0,36	0,65	0,69	-1,68
Þjóðhagsstofnun	Reykjavík	21,5	21,5	21,2	21,3	22	21,4	19,2	19,7	20,8	19,2
		0	0	-0,3	0,1	0,7	-0,6	-2,2	0,5	1,1	-1,6

Fjölgun ársverka milli áranna 1993–1994 má rekja til stofnunar norrænu ráðherranefndarinnar. Fjölgunin árin 1997–2000 stafar af ýmsum sérverkefnum á vegum ráðuneytisins vegna ráðstefnunnar Konur og lýðræði, óbyggðanefndar, landafundanefndar, kristnihátíðarnefndar og Upplýsingasamfélagsins. Einnig færðust tveir starfsmenn húsameistara ríkisins undir ráðuneytið.

Embætti húsameistara ríkisins var lagt formlega niður í árslok 1996.

Ríkislögmaður heyrði undir fjármálaráðuneytið fram til ársins 2000 en þá var embættið fært til forsætisráðuneytis.

Embætti umboðsmanns barna var stofnsett í janúar 1995.

Þjóðmenningarhúsið var stofnsett 1997 en eiginleg starfsemi hófst ekki fyrr en árið 2000 sem skýrir aukningu það ár.

Tölur vegna Byggðastofnunar sem heyrði undir forsætisráðuneytið mestallan þann tíma sem spurt er um, eða til ársins 2000, er að finna í svari iðnaðarráðherra (þskj. 422, 281. mál þessa löggjafarþings) en stofnunin var flutt til iðnaðarráðuneytis í ársbyrjun 2000.

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*

3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Engar nýjar stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Engar stofnanir á vegum ráðuneytisins voru fluttar í heild sinni til landsbyggðar árin 1991–2000. Hins vegar var Þróunarsvið Byggðastofnunar lagt niður í Reykjavík og flutt á Sauðárkrók 1. júlí 1998. Við stofnun Þróunarsviðs Byggðastofnunar á Sauðárkróki fylgdu 6–7 stöðugildi.

431. Fyrirspurn [378. mál]

til viðskiptaráðherra um rafmagnseftirlit.

Frá Þuríði Backman.

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í ljósi þess hve bágborið rafmagnseftirlitið er í landinu?

432. Fyrirspurn [379. mál]

til dómsmálaráðherra um ættleiðingar.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvaða skilyrði þurfa foreldrar að uppfylla til þess að fá útgefið forsamþykki til ættleiðingar barna?
2. Geta einstaklingar fengið að ættleiða börn?
3. Geta hjón fengið að ættleiða börn ef annað þeirra hefur átt við veikindi að stríða en hitt er talið fullkomlega heilbrigt?
4. Gilda mismunandi reglur um ættleiðingu eftir því hvort barnið er íslenskt eða af erlendu bergi brotið?
5. Telur ráðherra að fullkomið jafnrétti ríki við ættleiðingu barna á Íslandi?

433. Fyrirspurn [380. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um mænuskaðaverkefni.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

Mun ráðherra tryggja að strax í upphafi næsta árs geti hafist starfsemi gagnabanka um mænuskaðaverkefnið sem Evrópuráðið hefur samþykkt að styðja stofnsetningu á og framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Gro Harlem Brundtland, hefur mælt með að verði settur upp á Íslandi og þegar hefur verið áætlaður kostnaður fyrir?

Skriflegt svar óskast.

434. Skýrsla [381. mál]

umhverfisráðherra um niðurstöðu leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (World Summit on Sustainable Development) var haldinn í Jóhannesarborg í Suður-Afríku dagana 26. ágúst til 4. september 2002. Leiðtogafundurinn var haldinn af því tilefni að tíu ár eru liðin frá heimsráðstefnunni um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro í Brasilíu. Megintilgangur fundarins var að marka áherslur í umhverfis- og þróunarmálum á komandi áratug. Fundurinn var hinn fjölmennasti af slíkum samkomum sem haldnar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, en hann sóttu yfir 21.000 skráðir fulltrúar, auk þúsunda annarra gesta sem lögðu leið sína til Jóhannesarborgar í tengslum við fundinn og aðrar ráðstefnur sem haldnar voru á sama tíma.

Þjóðarleiðtogar ávörpuðu fundinn í lok hans, dagana 2.–4. september. Dagana 24.–25. september voru haldnir undirbúningsfundir. Fundurinn var formlega settur 26. september, en þá tóku við samningafundir um framkvæmdarskjal, sem var meginniðurstaða ráðstefnunnar ásamt pólitískri yfirlýsingu (Jóhannesarborgar-yfirlýsingunni) og skrá yfir um 230 samstarfsverkefni sem voru tilkynnt á fundinum. Hundruð kynninga og viðburða af ýmsu tagi fóru fram í Sandton-ráðstefnuhöllinni og öðrum stöðum í tengslum við leiðtogafundinn. Meðal meginviðburða má nefna hringborðsumræður leiðtoga og ráðherra, umræðufundi hagsmunaaðila og umræður í aðalþingsal um fimm viðfangsefni þar sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna taldi að fundurinn gæti náð mestum árangri: heilbrigðismál, vatn, orku, landbúnað og líffræðilegan fjölbreytileika.

Það var samdóma álit flestra að allt skipulag og framkvæmd leiðtogafundarins hefði verið til mikillar fyrirmyndar og gestgjöfunum til sóma. Hvað innihaldið varðar má einnig segja að hann hafi um flest heppnast eins vel og á varð kosið, þótt deilt sé um hversu gagnlegar og framsæknar lokaniðurstöður hans eru. Í þessari skýrslu eru meginniðurstöður fundarins raktar og sagt frá þátttöku Íslands í honum, undir eftirfarandi kaflaheitum:

1. Forsaga og undirbúningur.
2. Sendinefnd Íslands.
3. Leiðtogafundurinn – ræða forsætisráðherra.
4. Helstu niðurstöður:
   a. Jóhannesarborgar-yfirlýsingin.
   b. Framkvæmdaráætlun (Jóhannesarborgar-áætlunin).
   c. Samvinnuverkefni.
5. Gangur fundarins – helstu áherslur og ágreiningsmál.
6. Áherslur Íslands.
7. Framkvæmd og eftirfylgni samþykkta leiðtogafundarins.
8. Lokaorð – mat á árangri.

1. Forsaga og undirbúningur.

Á Ríó-ráðstefnunni um umhverfi og þróun árið 1992 var sett á fót nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD), sem fékk það verkefni að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar, sérstaklega framkvæmdaráætlun ráðstefnunnar, Dagskrá 21. Nefndin hefur hist á hverju ári síðan og tekið fyrir nokkra einstaka kafla Dagskrár 21 í hvert sinn. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað árið 2000, í ályktun 55/199, að efna til leiðtogafundar árið 2002 til að meta árangur varðandi framkvæmd samþykkta Ríó-ráðstefnunnar. Ákveðið var að 10. fundur CSD yrði undirbúningsferli fyrir fundinn. Verkefni leiðtogafundarins var að meta árangur frá Ríó og að fjalla um ný tækifæri og vandamál við að hrinda sjálfbærri þróun í framkvæmd.

Fjórir undirbúningsfundir fóru fram fyrir leiðtogafundinn, auk svæðisbundinna ráðherrafunda. Fyrsti fundurinn var haldinn í apríl–maí 2001, annar fundurinn í janúar–febrúar 2002 og sá þriðji í mars–apríl 2002. Allir þessir fundir voru haldnir í New York. Á þeim voru teknar ákvarðanir um dagskrá og efni leiðtogafundarins og sett upp drög að framkvæmdaráætlun, sem byggð voru á skýrslu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um árangur á sviði sjálfbærrar þróunar undanfarinn áratug og á áherslum ríkja í umræðum á undirbúningsfundunum. Svæðisbundinn ráðherrafundur fyrir Evrópuríki og Norður-Ameríku var haldinn í Genf í september 2001 og var þar samþykkt ráðherrayfirlýsing um helstu áherslur ríkja svæðisins varðandi sjálfbæra þróun. Fjórði og síðasti undirbúningsfundurinn var haldinn á Balí í Indónesíu 25. mars–5. apríl 2002 og átti þar að ná samkomulagi um framkvæmdaráætlunina og leggja fyrstu drög að pólitískri yfirlýsingu. Þetta markmið náðist ekki, en þó náðist að stórum hluta að ljúka við texta varðandi hafið, þar á meðal um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins, sem hart var tekist á um. Það var því töluvert verk óunnið í upphafi Jóhannesarborgar-fundarins, þrátt fyrir að reynt hefði verið að brúa bilið í helstu deilumálum á óformlegum fundum lykilaðila á milli fundanna á Balí og í Jóhannesarborg.

Auk þessara formlegu funda voru fjölmargir viðburðir haldnir í undirbúningi leiðtogafundarins. Íslensk stjórnvöld gengust ásamt Norðmönnum og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) fyrir fundi um skynsamlega nýtingu auðlinda sjávar, sem lið í undirbúningsferli Jóhannesarborgar-fundarins í september 2001. Þeim fundi lauk með samþykkt svokallaðrar Reykjavíkur-yfirlýsingar um ábyrga nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Reykjavíkur-yfirlýsingin var sérstaklega kynnt á öðrum undirbúningsfundi leiðtogafundarins í New York og er vísað til hennar í Jóhannesarborgar-áætlunni.

Ísland skilaði skýrslu um framkvæmd Dagskrár 21 til skrifstofu nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, en sú skýrsla var í formi svara við spurningum skrifstofunnar og

uppfærslu á eldri upplýsingum sem sendar höfðu verið. Skýrslan er aðgengileg á vef nefndarinnar á: http://www.un.org/esa/agenda21/natlinfo/wssd/iceland.pdf.

2. Sendinefnd Íslands.

Davíð Oddsson forsætisráðherra fór fyrir sendinefnd Íslands á leiðtogafundinum. Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra var varaformaður sendinefndarinnar og leiddi samningaviðræður ráðherra fyrir Íslands hönd. Aðrir í sendinefnd Íslands á fundinum voru Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, umhverfisráðuneytinu, Björn Dagbjartsson, sendiherra Íslands í sunnanverðri Afríku, Guðmundur Árnason skrifstofustjóri, forsætisráðuneytinu, Þórir Ibsen sendifulltrúi, utanríkisráðuneytinu, Halldór Þorgeirsson skrifstofustjóri, umhverfisráðuneytinu, Helgi Bjarnason skrifstofustjóri, iðnaðarráðuneytinu, Hugi Ólafsson deildarstjóri, umhverfisráðuneytinu, Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Katrín Fjeldsted alþingismaður, Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður, Kristján Pálsson alþingismaður, Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður, Ellý K. J. Guðmundsdóttir, forstöðumaður umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar, Kolbeinn Óttarsson Proppé, formaður umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar, Hjörleifur Guttormsson, fulltrúi Náttúruverndarsamtaka Austurlands, og Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, formaður Landverndar.

3. Leiðtogafundurinn – ræða forsætisráðherra.

Þjóðarleiðtogar og leiðtogar ríkisstjórna ávörpuðu fundinn dagana 2.–4. september. Alls fluttu ávörp 82 leiðtogar ríkja eða ríkisstjórna, auk 30 varaforseta og varaforsætisráðherra og 74 ráðherra og annarra fulltrúa ríkja. Aðeins þrjú aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sendu engan fulltrúa á fundinn.

Davíð Oddsson forsætisráðherra flutti ávarp fyrir Íslands hönd 2. september (sjá fylgiskjal). Í ræðu sinni lýsti forsætisráðherra yfir því, að margt hefði breyst á þeim áratug sem liðinn er frá ráðstefnunni í Ríó og að mörgu hefði verið áorkað á þeim tíma. Mestu skipti að umhverfisvernd og nýting náttúruauðlinda skipi nú sinn sess á dagskrá stjórnmálanna og að umhverfissjónarmið séu orðin viðurkenndur og veigamikill þáttur í allri stefnumótun og ákvarðanatöku um félagsleg og efnahagsleg málefni. Sú framþróun sem orðið hefði gæfi fyrirheit um að enn ríkara tillit yrði tekið til umhverfissjónarmiða í framtíðinni. Forsætisráðherra vék að ýmsum málum sem Ísland hefur látið til sín taka og lýsti afstöðu ríkisstjórnar Íslands til umræðu um ábyrgar fiskveiðar og sjávarútveg, nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, málefna hafsins o.fl. Einnig lýsti hann yfir því að Íslendingar hygðust standa við fyrirheit um aukningu á tvíhliða þróunaraðstoð og mundu áfram styðja, bæði pólitískt og með virkri þátttöku, við alþjóðlegt samstarf sem miðar að því að bæta hag og stöðu þróunarríkja. Loks vék forsætisráðherra að alþjóðavæðingunni, sagði að hana bæri að líta á sem tækifæri en ekki ógn, enda væri viðskiptafrelsi og afnám hindrana á vegi viðskipta raunhæfasta leiðin til að fátækar þjóðir gætu brotist til bjargálna. Fátækari þjóðir yrðu að geta fært sér í nyt þá samkeppnisþætti þar sem þær stæðu vel að vígi.

Varðandi síðasttalda atriðið má nefna, að fram kom í ræðum fjölmargra þjóðarleiðtoga og ríkisstjórnaroddvita, þar á meðal aðildarríkja Evrópusambandsins, að ekki yrði lengur umflúið að auka verulega frjálsræði í alþjóðlegri verslun með landbúnaðarafurðir. Er það skoðun margra að þetta atriði – og það hversu stuðningur við aukið frelsi í þessu tilliti var almennur og mikill – hafi haft meiri pólitíska þýðingu en flest annað sem gerðist á fundinum. Á móti er bent á að orð séu eitt og athafnir annað.

4. Helstu niðurstöður.

Fyrir leiðtogafundinum lá að samþykkja tvö skjöl: annars vegar pólitíska yfirlýsingu, sem var samin af gestgjöfunum, Suður-Afríku, í samráði við önnur ríki, hins vegar framkvæmdaráætlun, sem samið var um á þremur undirbúningsfundum og í Jóhannesarborg. Að auki var skrá yfir um 230 ný samstarfsverkefni ríkja, alþjóðastofnana, fyrirtækja og félagasamtaka lögð fram sem þriðja niðurstaða leiðtogafundarins. Meðfylgjandi er stutt yfirlit yfir þessar niðurstöður og innihald þeirra.

a. Jóhannesarborgar-yfirlýsingin.

Yfirlýsingin er stutt pólitísk yfirlýsing, þar sem ríki heims ítreka skuldbindingu sína til að hrinda sjálfbærri þróun í framkvæmd og byggja upp heimssamfélag sem einkennist af mannúð, jöfnuði, umhyggju og virðingu fyrir mannlegri reisn. Yfirskriftir yfirlýsingarinnar eru: Frá uppruna okkar til framtíðarinnar; Frá Stokkhólmi til Ríó til Jóhannesarborgar; Viðfangsefnin sem við stöndum frammi fyrir; Skuldbinding okkar til sjálfbærrar þróunar; Alþjóðasamvinna er framtíðin; Frá orðum til framkvæmdar! Í síðasta undirkaflanum er að finna skuldbindingu um að hrinda Jóhannesarborgar-áætluninni í framkvæmd og að ná tímasettum markmiðum á sviði félags-, efnahags- og umhverfismála sem fyrst.

b. Framkvæmdaráætlun (Jóhannesarborgar-áætlunin).

Framkvæmdaráætlunin er rúmlega 50 bls. skjal í rúmlega 150 tölusettum málsgreinum. Áætlunin skiptist í ellefu kafla: I. Inngangur, II. Útrýming fátæktar, III. Breyting á ósjálfbærum mynstrum framleiðslu og neyslu, IV. Verndun og nýting náttúruauðlinda sem leggja grunn að efnahagslegri og félagslegri þróun, V. Sjálfbær þróun og hnattvæðing, VI. Heilbrigðismál og sjálfbær þróun, VII. Sjálfbær þróun smáeyjaríkja, VIII. Sjálfbær þróun fyrir Afríku, IX. Aðrar svæðisbundnar áætlanir (Rómanska Ameríka og Karíbahafssvæðið; Asía og Kyrrahafssvæðið; Vestur-Asía; Evrópa og N-Ameríka), X. Tæki til að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar, og XI. Stofnanauppbygging varðandi sjálfbæra þróun.

Í fyrstu tveimur málsgreinunum er fjallað um forsendur og markmið framkvæmdaráætlunarinnar. Þar segir að heimsráðstefnan í Ríó árið 1992 hafi lagt grunninn að sjálfbærri þróun á heimsvísu með því að setja grunnreglur og áætlun til að hrinda sjálfbærri þróun í framkvæmd. Stuðningur við þessar samþykktir er áréttaður, svo og við markmið árþúsundayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 2000 og niðurstöður helstu alþjóðaráðstefna og -samþykkta frá 1992. Þá segir: „Þessi framkvæmdaráætlun byggir á þeim árangri sem náðst hefur frá Ríó-ráðstefnunni og miðar að því að hraða því að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd. Til að ná því takmarki, skuldbindum við okkur til þess að grípa til aðgerða á öllum stigum og til að efla alþjóðlega samvinnu...“

Ef litið er á nokkrar helstu skuldbindingar sem felast í framkvæmdaráætluninni, einkum þær sem tengjast þeim fimm höfuðáherslum sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna nefndi til sögunnar, má telja þær helstu vera eftirfarandi:

- Varðandi heilbrigðismál var samþykkt að fyrir árið 2020 skuli nást það markmið að framleiðsla og notkun efna skuli ekki skaða heilsu manna eða umhverfisins. Samvinna til að draga úr heilsuspillandi loftmengun verði efld.
- Sett er markmið um að fækka þeim sem búa við ófullnægjandi hreinlætis- og fráveituaðstöðu um helming frá því sem var 1990 til 2015. Þetta er samsvarandi markmið við það að fækka þeim sem búa við óhreint neysluvatn um helming til 2015 (sem er að finna í árþúsundayfirlýsingunni), röksemdin er sú að það sé nauðsynlegt að huga að fráveitum samhliða vatnsveitum.

- Ríki heims skuldbinda sig til þess að auka aðgengi að nútímaorkuveitu (rafmagni), að auka orkunýtni, að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskapnum og að draga úr neikvæðum niðurgreiðslum á orku.
- Varðandi landbúnað var samþykkt að skoða fjármögnun Alþjóðaumhverfissjóðsins á eyðimerkursamningi Sameinuðu þjóðanna og að setja upp áætlanir um fæðuöryggi fyrir Afríku fyrir 2005.
- Stefnt er að því að stöðva skaða á líffræðilegri fjölbreytni fyrir 2010 og að snúa við þróuninni varðandi eyðingu (endurnýjanlegra) náttúruauðlinda. Byggja á upp fiskistofna, þannig að þeir skili hámarksafrakstri árið 2015. Grípa á til aðgerða gegn mengun hafs frá landi í samræmi við Washington-áætlunina fyrir 2004. Það ár á einnig að hefjast regluleg úttekt á vegum Sameinuðu þjóðanna á ástandi heimshafanna.

c. Samvinnuverkefni.

Þriðja meginniðurstaða Jóhannesarborgar-fundarins var listi yfir samstarfsverkefni ríkja, alþjóðastofnana, fyrirtækja og félagasamtaka. Þessi verkefni þurftu ekki á samþykki ríkja að halda og voru engir fundir haldnir um hvaða verkefni ættu að vera á listanum. Hugmyndin að baki því að telja þessi verkefni fram sem hluta af niðurstöðum fundarins er m.a. sú að sýna fram á með áþreifanlegum hætti að sjálfbær þróun er ekki einungis mál ríkisstjórna, heldur geti fyrirtæki, félagasamtök o.fl. tekið virkan þátt í þeim. Önnur ástæða er sú að gefa bæði einstökum ríkjum og öðrum tækifæri á að sýna vilja sinn til að hrinda góðum málum í framkvæmd í verki, þar sem áhersla Jóhannesarborgar-fundarins var fremur á framkvæmd sjálfbærrar þróunar en gerð nýrra alþjóðasamþykkta.

Alls voru um 230 verkefni skráð á listann og voru þau eins ólík og þau voru mörg, hvað varðar viðfangsefni, umfang, stærð og þátttöku. Gagnrýnisraddir kölluðu kynningu á verkefnunum „fegurðarsamkeppni“ eða „þróunarhjálparsirkus“ og töldu litlar nýjar skuldbindingar um aukið fjármagn eða áherslubreytingar felast í verkefnunum. Þetta getur þó ekki með öllu talist réttmæt gagnrýni. Sameinuðu þjóðirnar lögðu sérstaka áherslu á að fá inn framsækin verkefni varðandi þau fimm svið sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lagði áherslu á og tókst það að verulegu leyti. Þessum verkefnum verður fylgt eftir á sviði nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem hefur verið að missa vægi og hlutverk á síðastliðnum árum, m.a. vegna áherslu á að ná samkomulagi um árlegar ályktanir í stað þess að fylgjast með og stuðla að framkvæmd Dagskrár 21 og sjálfbærrar þróunar.

Ísland tekur þátt í einu samstarfsverkefnanna, varðandi aukinn framgang endurnýjanlegra orkugjafa, sem er undir forustu Breta, en meðal annarra samstarfsaðila má nefna Brasilíu, Ítalíu, Shell og alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin WWF. Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra tók þátt í kynningu á verkefninu á sérstökum fundi, þar sem m.a. kom fram að Ísland hygðist leggja fram þekkingu sína á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, svo sem jarðvarma og vatnsorku.

5. Gangur fundarins – helstu áherslur og ágreiningsmál.

Samningaviðræður um framkvæmdarskjalið voru sá þáttur leiðtogafundarins sem mestu skipti, enda ljóst að án samkomulags um það yrði niðurstaða fundarins snautleg. Þar beið erfitt úrlausnarefni frá síðasta undirbúningsfundinum, sem haldinn var á Balí, en honum lauk án samkomulags um flest þau atriði sem mestu máli skiptu. Í ljósi þessa má segja að samningaviðræður í Jóhannesarborg hafi gengið vel og hafi einkennst af samningsvilja. Viðræðurnar voru þó flóknar og tafsamar á köflum, enda líklega ekki fjallað um eins margbrotin og

umfangsmikil viðfangsefni í nokkru öðru alþjóðlegu samningaferli. Ekki náðist samkomulag um umdeildustu málin fyrr en alveg undir lok leiðtogafundarins.

Umdeildustu og erfiðustu málin í samningaviðræðunum voru einkum þessi: tímasett markmið varðandi fráveitur og hreinlætismál; tímasett markmið varðandi aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku og niðurgreiðslur á orku; tilbúin efni og heilbrigðismál; nýting náttúruauðlinda; ógnir við líffræðilega fjölbreytni; tímamörk fyrir uppbyggingu fiskistofna; orðalag og samhengi varðandi a) regluna um ábyrgðarskiptingu ríkja og b) varúðarnálgunina; stjórnarhættir; alþjóðaviðskipti, fjármál og hnattvæðing; Kýótó-bókunin; og heilbrigðismál og mannréttindi.

6. Áherslur Íslands.

Ísland lagði frá upphafi einkum áherslu á tvö atriði í samningaviðræðum: málefni hafsins og orkumál. Flest ágreiningsefni varðandi málefni hafsins voru leyst á síðasta undirbúningsfundinum á Balí. Þar náðist m.a. samkomulag um orðalag varðandi nýtingu lifandi auðlinda hafsins, sem var líklega erfiðasta ágreiningsefni í haf-kaflanum. Á Balí tókst einnig að koma að áherslupunktum Íslands um viðurkenningu á vistkerfisnálguninni og tilvitnun í Reykjavíkuryfirlýsinguna, en þar segir að hafið sé ekki aðeins mikilvægt fyrir vistkerfið, heldur líka fyrir velferð og hagsæld margra ríkja. Þá var á Balí samþykkt tillaga Íslands um að ráðast í gerð alþjóðlegrar úttektar á ástandi heimshafanna árið 2004. Tilgangur hennar er m.a. sá að meta efnahagsleg og samfélagsleg áhrif sjávarmengunar ef ekkert er að gert og um leið að varpa skýrara ljósi á áhrif mengunar hafsins á líf jarðarbúa en gert hefur verið fram til þessa. Einnig var samþykkt á Balí, m.a. fyrir tilstilli Íslands, orðalag um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi, sem er mun sterkara en niðurstaðan á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Doha árið 2001 og tilmæli um að alþjóðlegar fjármálastofnanir á sviði þróunaraðstoðar komi meira að aðstoð við uppbyggingu sjálfbærs sjávarútvegs í þróunarlöndunum. Í Jóhannesarborg var samþykkt að stefna skyldi að því að byggja upp fiskistofna, þannig að nytjastofnar næðu hámarksafrakstri ekki seinna en 2015.

Orkumálin voru eitt erfiðasta deilumálið í Jóhannesarborg og hið síðasta sem samkomulag strandaði á (fyrir utan orðalag um heilbrigðismál og mannréttindi, sem niðurstaða náðist um á lokafundinum). Þar var einkum deilt um hvort setja ætti töluleg markmið varðandi aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku. Í upphafi samningalotunnar samræmdu ríki sem höfðu talað fyrir auknu vægi endurnýjanlegrar orku afstöðu sína og lögðu fram tillögu um að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku í heiminum í 15% árið 2010 og að þróuð ríki ykju þetta hlutfall um tvö prósentustig á sama tíma. Í þessum hópi voru Ísland, Noregur, Nýja-Sjáland, Sviss og ríki Evrópusambandsins. Einnig fékkst stuðningur við tillöguna hjá ríkjum Austur-Evrópu, smáeyjaríkjum og Brasilíu. Algjör andstaða var við þessa tillögu frá Bandaríkjunum, Ástralíu, Kanada, Japan og talsmönnum þróunarríkjanna. Í lokin náðist fram sátt um að falla frá kröfum um tímasett markmið, en í staðinn var lögð meiri áhersla í textanum á mikilvægi þess að auka vægi endurnýjanlegrar orku. Þar segir m.a.: „aðkallandi er að auka verulega hlutfall endurnýjanlegra orkulinda á heimsvísu og viðurkenna gildi markmiða einstakra ríkja.“ Á lokafundi ráðstefnunnar lýsti Evrópusambandið því yfir fyrir hönd ofangreinds samstarfshóps sem Ísland stóð að, að þessi ríki muni setja sér markmið um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku. Annað deilumál í orkukaflanum snerist um tillögu Ný-Sjálendinga um að draga úr niðurgreiðslum á orku, sem hafa neikvæð áhrif. Samkomulag náðist að lokum um að hvetja til þessa, en án nokkurra tímasetninga og með ýmsum fyrirvörum.

Samninganefndin tók þátt í samningaviðræðum um varúðarnálgunina, sem voru umfangsmiklar og tímafrekar. Þar var tekið undir það sjónarmið að mikilvægt væri að beita

varúðarnálgun þegar fjallað væri um hugsanleg áhrif tilbúinna efna á heilsu manna (en nálgunin eins og hún var skilgreind í Ríó nær aðeins til skaða á umhverfi). Sendinefndin fylgdi hins vegar ekki Noregi, Sviss og Evrópusambandinu að málum þegar þau kröfðust þess að varúðarnálgun skyldi beita í öllum ákvörðunum óháð viðfangsefni. Þar koma margar aðrar af grundvallarreglum Ríó-yfirlýsingarinnar ekki síður til álita en varúðarnálgunin.

7. Framkvæmd og eftirfylgni samþykkta leiðtogafundarins.

Framkvæmdarskjalið sem samþykkt var á leiðtogafundinum verður ásamt Dagskrá 21 grundvöllur að starfi nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í framtíðinni. Í því eru ítrekaðar ýmsar skuldbindingar ríkja á sviði umhverfis- og þróunarmála, auk þess sem nokkrar nýjar skuldbindingar er að finna í textanum. Í mörgum tilvikum mun framkvæmd þessara skuldbindinga einkum fara í gegnum alþjóðlegar stofnanir og samninga, en einstök ríki þurfa einnig að hafa þau til hliðsjónar í mörkun stefnu innan lands, þróunaraðstoð og alþjóðasamvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar.

Ísland hefur reglulega svarað spurningum nefndarinnar um sjálfbæra þróun um framkvæmd Dagskrár 21 og mun halda áfram skýrslugerð um framkvæmd sína á samþykktunum í Ríó og Jóhannesarborg á þeim vettvangi. Mikill hluti af þeim samþykktum sem felast í Jóhannesarborgar-áætluninni er nú þegar í skýrum farvegi á Íslandi, í nýlegri stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun, í norrænni áætlun um sjálfbæra þróun og í ýmsum alþjóðasamningum og annarri alþjóðasamvinnu á sviði umhverfismála, viðskipta o.fl. Þó er ástæða til að skoða sérstaklega nokkur ákvæði í framkvæmdaráætluninni með tilliti til framkvæmdar og stefnumörkunar Íslands á næstunni. Samráðsnefnd ráðuneyta um sjálfbæra þróun verður kynnt það mál, en hún bar ábyrgð á gerð stefnumörkunar Íslands um sjálfbæra þróun, Velferð til framtíðar, og er samráðsvettvangur innan Stjórnarráðsins varðandi fjölþjóðlega samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar.

Íslensk stjórnvöld hafa þegar hafið eftirfylgni á einu ákvæði í framkvæmdaráætluninni, sem kveður á um að setja á fót reglulegt mat á ástandi hafsins á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem hefjast á árið 2004. Ísland lagði þessa tillögu upphaflega fram og náði að vinna henni samþykki. Ísland hefur lagt fram tillögu fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um að boða fund lykilstofnana sem vinna að málefnum hafsins á næsta ári til þess að undirbúa fyrstu úttektina af þessu tagi. Tilgangur þessa stofnfundar er fyrst og fremst að ákveða vinnuferli úttektanna og stofnanafyrirkomulag vinnunnar.

8. Samantekt og mat á árangri.

Mat manna á árangri leiðtogafundarins skiptist nokkuð í tvö horn, ef litið er á opinber ummæli í fjölmiðlum. Flestir leiðtogar og talsmenn ríkja bentu á að samkomulag hefði náðst og í því væru ýmis framfaraspor, svo sem á sviði fráveitu- og hreinlætismála, endurnýjanlegrar orku o.s.frv. Flestir fulltrúar félagasamtaka sem voru á fundinum töldu samkomulagið hins vegar heldur rýrt og fátt handfast í formi áþreifanlegra og tímasettra markmiða og loforða um aukin fjárframlög til umhverfis- og þróunarmála. Varðandi hið síðastnefnda er rétt að hafa í huga að ráðstefna um fjármögnun þróunar var haldin í Monterrey í Mexíkó í mars sl. og ekki vilji til þess að ganga lengra en þar var gert.

Við mat á árangri fundarins þarf að gæta þess að hann byggist á vinnu síðastliðins áratugar, þar sem mjög mikið hefur áunnist hvað varðar nýja samninga, markmiðssetningar og verkefni á sviði umhverfismála, þróunarmála og alþjóðaviðskipta. Viðfangsefni fundarins eru flest í skýrum farvegi á alþjóðavettvangi, svo sem loftslagsmálin (Kýótó-bókunin), alþjóðaviðskipti (Alþjóðaviðskiptastofnunin) og fjármögnun þróunar (samþykkt Monterrey-

fundarins 2002) og umhverfisverkefna (endurfjármögnun Alþjóðaumhverfissjóðsins). Það var því óraunhæft að ætla að Jóhannesarborgar-fundurinn tæki einhver stór ný skref í þessum málum, til þess skorti hann umboð. Það er líka almennt viðurkennt að ekki sé skortur á nýjum samningum eða tækjum til þess að takast á við flest viðfangsefni í umhverfismálum og skyldum sviðum, miklu fremur skorti fé og stundum nauðsynlegar forsendur í alþjóðasamfélaginu eða í einstökum ríkjum til þess að nýta þessi tæki á árangursríkan hátt.

Mat á árangri fundarins ætti því e.t.v. að taka mið af tveimur forsendum: 1) Hvort hann hafi sýnt fram á vilja til að standa vörð um og efla Ríó-ferlið og sjálfbæra þróun og 2) hvort árangur hafi orðið á þeim sviðum þar sem helst var talið að hann gæti náðst (t.d. miðað við fimm áherslusvið framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna). Varðandi fyrri forsenduna er ljóst að sjálfbær þróun er nálgun sem er nú almennt viðurkennd sem leiðarljós í umhverfis- og þróunarmálum. Umræðurnar um framkvæmdarskjalið sýna vilja ríkja heims til að ræða þessi mál í samhengi, en slíta þau ekki í sundur. Hvað síðari forsenduna varðar, þá er ljóst að nokkur árangur náðist, m.a. varðandi alþjóðlega samþykkt töluleg markmið á nokkrum sviðum þar sem þau var ekki að finna fyrir, svo sem varðandi heilbrigðis- og fráveitumál.

Árangur funda sem þessara verður auðvitað ekki metinn eingöngu út frá þeim samþykktum sem gerðar eru, heldur miklu fremur af framkvæmd þeirra á komandi árum og af þeirri þróun sem af umræðunni sjálfri leiðir. Verði samþykktum Jóhannesarborgar-fundarins fylgt fram af fullri alvöru og þunga gæti hann fengið þann dóm að verða mun árangursríkari en margar aðrar alþjóðasamkomur. Í þessu sambandi gæti áhersla fundarins á samvinnuverkefni hugsanlega líka markað nokkur tímamót. Alþjóðleg samningaferli í umhverfismálum og á sviði sjálfbærrar þróunar hafa verið í fararbroddi við að gefa félagasamtökum og talsmönnum ýmissa hópa tækifæri til þess að koma að umræðum og jafnvel samningaviðræðunum sjálfum. Í Jóhannesarborg er í fyrsta sinn opnað formlega fyrir virka þátttöku slíkra hópa í framkvæmd samninga og eftirfylgni. Að lokum má benda á að sá mikli fjöldi þjóðarleiðtoga og þátttakenda sem sótti fundinn og viðburði tengda honum sýnir líka þann skriðþunga sem er að baki samstarfi um sjálfbæra þróun í heiminum.

Fylgiskjal.

Ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á leiðtogafundi um sjálfbæra þróun 2. september 2002.

Herra fundarstjóri. Umhverfismál hafa færst inn á þungamiðju pólitískrar umræðu, hvort heldur er á svæða-, landa- eða heimsvísu. Sá gaumur sem umhverfismálum er nú gefinn er jákvæður: vitund um verðleika náttúru og umhverfis eykst; við verðum færari um að skilgreina mismunandi kosti sem við stöndum frammi fyrir, vega ávinning á móti fórn; og hæfari til að taka mið af umhverfismálum í allri stefnumörkun, bæði í félagslegu og efnahagslegu samhengi.

Með grundvallarregluna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi hafa margar þjóðir náð markverðum árangri á undanförnum árum. Ný viðfangsefni í umhverfismálum eru orðin að forgangsmálum í opinberri stefnumörkun; nýjar lausnir og aðferðir hafa orðið til, sem gera okkur kleift að ná settum markmiðum og setja okkur ný og æðri markmið. Ríkisstjórn Íslands

hefur gert þetta með nýrri langtímaáætlun sem miðar að því að tryggja sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.

Allt er þetta jákvætt og okkur ber að fagna því sérstaklega að sýnt hefur verið fram á að umhverfisvernd er ekki Þrándur í Götu efnahagslegra framfara – þvert á móti er okkur nú ljóst að umhverfisvernd er forsenda sjálfbærs efnahagsvaxtar til langs tíma.

Herra fundarstjóri. Vaxandi skilningur er á því að vinnsla matvæla úr vistkerfinu krefst mikillar varfærni til að tryggt sé að ekki sé gengið of nærri náttúrulegum auðlindum. Á hinn bóginn er einnig vaxandi skilningur á því að það er skylda okkar að vanrækja ekki að nýta þær auðlindir sem við ráðum yfir, á grundvelli traustra rannsókna og vel grundaðrar vísindalegrar ráðgjafar.

Á síðasta ári var Ísland vettvangur ráðstefnu á vegum FAO undir yfirskriftinni „Ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi hafsins". Markmiðið með ráðstefnunni var að fara yfir reynsluna af því að beita vistkerfissjónarmiðum í fiskveiðistjórnun. Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands er mér heiður að leggja fram Reykjavíkuryfirlýsinguna um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi hafsins, sem er sameiginlegt framlag fiskveiðiþjóða heims til leiðtogafundarins um sjálfbæra þróun.

Á umhverfisráðstefnunni í Ríó árið 1992 skuldbundu þjóðir heims sig til þess að skjalfesta líffræðilegan fjölbreytileika sinn sem fyrsta skref í átt til sjálfbærrar þróunar og er nú komið að skuldadögum í þeim efnum. Við Íslendingar munum nú efna heit okkar með því að gera aðgengilegan með nýjustu upplýsingatækni þann gríðarlega fjársjóð upplýsinga sem aflað hefur verið um umhverfi sjávar og sjávarauðlindir. Með þessu framtaki vonumst við til þess að auka gegnsæi í nýtingu náttúruauðlinda og gera öllum almenningi kleift að taka þátt, á jafnréttisgrundvelli, í upplýstri umræðu um sameiginlegar auðlindir okkar.

Íslendingar fagna einnig þeim árangri sem náðst hefur á þessum leiðtogafundi í þá átt að koma á kerfi á vegum Sameinuðu þjóðanna til alþjóðlegrar upplýsingamiðlunar um ástand sjávarvistkerfisins. Þetta á að gera fyrir árið 2004. Þetta er mikilvægt skref í baráttunni gegn mengun sjávar um heim allan.

Notkun endurnýjanlegra orkulinda og tækninýjungar veita nú tækifæri sem ekki þekktust áður. Þau verður að nýta. Nú þegar eru yfir sjötíu af hundraði allrar orku sem notuð er á Íslandi framleidd úr endurnýjanlegum orkulindum, þ.e. vatnsorku og jarðhita. Við erum bjartsýn á að með því að nýta þessar orkulindir – og með því meðal annars að vetnisvæða samgöngutæki – verði hægt að fullnægja níutíu til níutíu og fimm af hundraði af orkuþörf okkar úr endurnýjanlegum orkulindum.

Herra fundarstjóri. Þótt við höfum orðið vitni að jákvæðum breytingum á mörgum vígstöðvum, er síður en svo tilefni til þess að slá slöku við. Lífskjör milljóna manna hafa ekkert batnað og milljónir manna búa við örbirgð og eygja litla von um batnandi hag.

Við Íslendingar munum halda áfram að leggja áherslu á aðstoð við aðrar þjóðir með því að veita þjálfun og miðla af þekkingu okkar á sjálfbærri stjórnun lifandi auðlinda hafsins og beislun endurnýjanlegra orkulinda. Ríkisstjórn Íslands hefur lýst yfir vilja sínum til þess að auka þátttöku sína í tvíhliða samstarfi að þessu leyti og mun standa við það.

Á alþjóðavettvangi munu Íslendingar halda áfram að styðja – pólitískt og efnislega – fjölþjóðlegar áætlanir og aðgerðir sem miða að því að efla efnahagslegan framgang, sjálfbæra þróun og uppræta fátækt.

Opinber þróunaraðstoð ein og sér mun hins vegar ekki duga til þess að ná þeim árangri sem þarf. Gera verður fátækari löndum kleift að njóta góðs af þeim gæðum sem þau búa yfir í samanburði og samkeppni við önnur lönd og virkja mannauð sinn. Hnattvæðingu ætti að skoða sem tækifæri, ekki ógn. Aukið frjálsræði í viðskiptum og frjáls viðskipti milli landa

myndu gera meira en nokkuð annað til þess að efla jafnan og sjálfbæran vöxt, fátækum löndum til hagsbóta.

Við skulum hins vegar ekki gleyma því að fyrsta skrefið í átt til sjálfbærrar þróunar er tiltekt í eigin ranni. Við verðum öll að koma á í löndum okkar því umhverfi sem til þarf, þ.m.t. með góðum stjórnháttum á öllum stjórnstigum á grundvelli lýðræðislegra gilda og réttarríkis.

Herra fundarstjóri. Mér er það mikil ánægja að vera hér í Jóhannesarborg á þessum fyrsta leiðtogafundi um sjálfbæra þróun. Mig langar til þess að votta ríkisstjórn Suður-Afríku og suður-afrísku þjóðinni þakklæti mitt fyrir gestrisni þeirra og frábæran undirbúning þeirra á leiðtogafundi þessum.

Þakka yður fyrir, herra fundarstjóri.

435. Frumvarp til laga [382. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað orðsins „fornleifanefnd“ í 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: húsafriðunarnefnd ríkisins.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn en Þjóðminjasafn Íslands sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 5. gr., falla undir skilgreiningu á söfnum skv. 4. gr. safnalaga, nr. 106/2001, og uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki safna skv. 3. mgr. 10. gr. sömu laga.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Fornleifavernd ríkisins“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: safnið.
b. Orðin „í samráði við Fornleifavernd ríkisins“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur. Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu. Þjóðminjavörður ræður aðra minjaverði er hafa umsjón með minjasvæðum. Þeir eru starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands. Minjaverðir skulu sinna verkefnum er varða þjóðminjavörsluna í heild, þ.m.t. fornminjum og húsafriðun. Um störf þeirra skal nánar kveðið á í reglugerð.

Minjaverðir skulu hafa háskólamenntun og þekkingu á menningarsögu. Þjóðminjaverði er heimilt með sérstökum samningi að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði.

Þjóðminjaverði er heimilt að stofna minjaráð á hverju minjasvæði. Minjaráð skulu skipuð forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um menningarminjar og varðveislu þeirra.

5. gr.

Við i-lið 1. mgr. 9. gr. laganna bætist: eða lausir hlutir úr flökum.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðin „að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins“ í 3. málsl. falla brott.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Haft skal samráð við Umhverfisstofnun þegar einnig er um náttúruminjar að ræða.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „fornleifar“ í 3. málsl. kemur: sem áður voru ókunnar.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Rannsóknir samkvæmt ákvæði þessu eru neyðarrannsóknir, gerðar á kostnað Fornleifaverndar ríkisins sem ber jafnframt ábyrgð á þeim en getur þó falið öðrum framkvæmd þeirra.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „vegagerðar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: virkjanaframkvæmda, flugvallargerðar, hafnar- eða dýpkunarframkvæmda.
b. Á eftir orðinu „vegagerð“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: hafnar- og dýpkunarframkvæmdir, framræslu.
c. Í stað orðanna „fornleifafundi“ og „fundarins“ í 2. mgr. kemur: fornleifum, og: þeirra.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Til fornleifarannsókna telst annars vegar fornleifauppgröftur og hins vegar fornleifaskráning.
b. Í stað orðsins „fornleifarannsókn“ í 2. mgr. kemur: fornleifauppgreftri.

10. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „forngripum“ kemur: fornminjum.
b. Í stað orðsins „þjóðminjavarðar“ kemur: Fornleifaverndar ríkisins.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Þjóðminjavörður ákveður friðlýsingu og varðveislu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.
b. Í stað orðanna „forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins“ í 2. mgr. kemur: þjóðminjavarðar.

12. gr.

Í stað orðanna „Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: Þjóðminjavörður.

13. gr.

Í stað orðanna „Fornleifavernd ríkisins“ í 22. gr. laganna kemur: Þjóðminjasafn Íslands.

14. gr.

Orðin „forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins“ í 1. málsl. 23. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir gildistöku þjóðminjalaga, nr. 107/2001, hefur í framkvæmd komið fram þörf á að gera nokkrar breytingar á lögunum, m.a. til að skerpa á verkaskiptingu milli Þjóðminjasafns Íslands og Fornleifaverndar ríkisins. Nauðsynlegt er talið að skýrari skil verði sett milli hlutverks Fornleifaverndar ríkisins sem stjórnsýslustofnunar sem veitir leyfi og hefur eftirlit með fornleifarannsóknum og hlutverks Þjóðminjasafns Íslands sem höfuðsafns á sviði minjavörslu í landinu. Breytingum þeim sem lagðar eru til í frumvarpi þessu er ætlað að koma til móts við þessi sjónarmið. Jafnframt hefur komið fram óánægja á landsbyggðinni með stöðu minjavarða samkvæmt þjóðminjalögum og því er lögð til sérstök breyting á stöðu og hlutverki þeirra í frumvarpinu. Þá er lagt til að ákvæði um neyðarrannsóknir verði gert skýrara auk annarra breytinga sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fornleifanefnd ríkisins er einungis ætlað að gegna því hlutverki að úrskurða um tilteknar ákvarðanir Fornleifaverndar ríkisins skv. 7. gr. laganna. Með því að gerða breytingu sem hér er lögð til, að í stað fornleifanefndar í 2. mgr. 2. gr. komi húsafriðunarnefnd ríkisins, er verið að skýra þrískiptingu þjóðminjavörslunnar þar sem Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins og húsafriðunarnefnd ríkisins fara hvert með sinn málaflokkinn.

Um 2. gr.

Í 4. gr. safnalaga, nr. 106/2001, er skilgreining á söfnum og jafnframt er í 10. gr. sömu laga upptalning á þeim skilyrðum sem söfn þurfa að uppfylla til að fá rekstarstyrki. Má líta á þá upptalningu sem frekari skilgreiningu á söfnum. Safnaráð krefur söfn, sem undir safnalög falla, um gögn er staðfesta að þau uppfylli kröfur sem gerðar eru í 4. og 10. gr. laganna og því er hér talið óþarft að hafa það tvöfalda kerfi að söfn þurfi að fá viðurkenningu þjóðminjavarðar og safnaráðs. Því er þessi breyting á 4. gr. laga þessara lögð til.

Um 3. gr.

Í 5. gr. laganna kemur skýrt fram að varðveisla muna skuli vera hjá Þjóðminjasafni Íslands og á það jafnt við um kirkjugripi og forngripi sem aðra muni. Sérfræðiþekking á menningarlegu gildi muna af þessu tagi er því fyrir hendi í safninu. Þar er sérstök deild og sérfræðingur í kirkjugripum. Sérfræðiþekking og starfsemi Fornleifaverndar er á öðru sviði þjóðminja-

vörslunnar. Því er lögð til sú breyting að hlutverk Fornleifaverndar skv. 5. gr. verði falið Þjóðminjasafninu og orðalagi 4. mgr. breytt til samræmis við það. Nánar er fjallað um kirkjugripi í athugasemdum við 11.–14. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 8. gr. laganna að minjaverðir heyri undir Þjóðminjasafn Íslands en ekki Fornleifavernd ríkisins. Ástæða þessarar breytingartillögu er sú að fram hefur komið óánægja á landsbyggðinni með hlutverk minjavarða samkvæmt þjóðminjalögum. Á það hefur verið bent að hlutverk þeirra sé óljóst og að starfssvið þeirra hafi þrengst til muna frá því sem áður var. Áður höfðu minjaverðir eftirlit með gömlum húsum fyrir Þjóðminjasafnið og húsafriðunarnefnd og ráðgjöf fyrir byggðasöfnin, m.a. um varðveislu nýfundinna forngripa, auk þess að hafa eftirlit með fornminjum. Til að auka hlutverk og breikka starfssvið minjavarða á landsbyggðinni er mikilvægt að þeir heyri undir Þjóðminjasafn Íslands þar sem starfsemi safnsins er mun víðtækari en annarra stofnana þjóðminjavörslunnar, þ.e. Fornleifaverndar ríkisins og húsafriðunarnefndar ríkisins. Lagt er til að sérstaklega verði kveðið á um að minjaverðir skuli sinna verkefnum er varða þjóðminjavörsluna í heild, þ.m.t. fornminjum og húsafriðun. Um störf þeirra verði fjallað nánar í reglugerð sem tæki þá mið af fjölþættu hlutverki þeirra. Þá er lagt til að hæfisskilyrðum minjavarða verði breytt til samræmis við breytt hlutverk þeirra. Verði þessi breytingartillaga samþykkt er gert ráð fyrir að þeir minjaverðir sem ráðnir hafa verið af forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins heyri eftir breytinguna undir þjóðminjavörð og verði því starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að orðunum „eða lausir hlutir úr flökum“ verði bætt við i-lið 1. mgr. 9. gr. laganna til að leggja áherslu á að slíkir munir skuli einnig teljast til fornleifa samkvæmt ákvæðinu.

Um 6. gr.

Þegar einungis er um fornminjar að ræða er ekki þörf á að Umhverfisstofnun (áður Náttúruvernd ríkisins), sem hefur sérfræðiþekkingu á öðrum sviðum en á sviði þjóðminjavörslunnar, sé umsagnaraðili um meðferð fornminja. Þegar um er að ræða staði þar sem saman fara forn- og náttúruminjar er hins vegar eðlilegt að Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun hafi samráð. Því er þessi breyting lögð til á 12. gr. laganna.

Um 7. gr.

Í þjóðminjalögum er engin skilgreining á „neyðarrannsóknum“ en tilgangurinn með breytingu þeirri sem hér er lögð til á 13. gr. þeirra er m.a. að bæta úr því. Þá er nauðsynlegt að kveða nákvæmlega á um hvaða rannsóknir Fornleifavernd ríkisins ber að framkvæma og hver beri kostnað af þeim. Gerður er skýr greinarmunur á skráðum og þekktum fornminjum annars vegar og óþekktum og óskráðum fornminjum hins vegar. Þegar óskráðar og óþekktar fornminjar finnast, hvort heldur er vegna framkvæmda eða af öðrum ástæðum, er lagt til að Fornleifavernd rannsaki fundinn og að kostnaður af því verði borinn af stofnuninni. Annað gildir þegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar og vitað er um fornminjar á viðkomandi stað, í fornleifaskrám eða öðru rituðu efni. Þá ber framkvæmdaaðili kostnað af þeim eins og kveðið er á um í 14. gr. laganna. Mikilvægt er að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um samráð við menntamálaráðuneytið um umfang neyðarrannsókna, einkum þegar fornminjar finnast á stöðum þar sem engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Um 8. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á orðlagi 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna til samræmis við orðlag í 3. málsl. sömu málsgreinar, auk þess sem lagt er til að orðið „fornleifar“ komi í stað „fornleifafundar“ sem er þrengra hugtak. Samhengisins vegna komi jafnframt orðið „þeirra“ í stað orðsins „fundarins“.

Um 9. gr.

Í núgildandi lögum er fornleifarannsókn aðeins skilgreind sem fornleifauppgröftur en fornleifaskráning er einnig fornleifarannsókn. Jarðrask hlýst af fornleifauppgreftri en ekki öllum fornleifarannsóknum og því er þessi breyting á 15. gr. lögð til.

Um 10. gr.

Allar fornminjar í jörðu, hvort heldur fornleifar eða forngripir, eru á forræði Fornleifaverndar ríkisins sem hefur sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Því má telja eðlilegt að öll leyfi til rannsókna á fornminjum, án tillits til hvaða tæki eru notuð, séu á hendi Fornleifaverndar en ekki þjóðminjavarðar. Því er þessi breyting lögð til á 16. gr.

Um 11.–14. gr.

Í 20.–23. gr. laganna er fjallað um kirkjugripi og minningarmörk. Er hér lögð til sú breyting að umsjón þeirra mála falli undir Þjóðminjasafn Íslands í stað Fornleifaverndar ríkisins. Ástæða þess er að í Þjóðminjasafni eru varðveittir lausir munir, þ.m.t. kirkjugripir og forngripir. Safnið, ásamt húsafriðunarnefnd ríkisins, sér um þann hluta þjóðminjavörslunnar sem lýtur að munum og mannvirkjum ofan jarðar. Sérfræðiþekking á munum og varðveislu þeirra er því einkum hjá Þjóðminjasafninu og af þeim sökum einnig þekking til að meta hvort hlutur sé þess virði að ástæða sé til að friða hann. Það á einnig við um legsteina og önnur minningarmörk því mörg slík eru í safninu og við kirkjur í húsasafni Þjóðminjasafnsins. Fornleifaverndin sér um menningarminjar sem liggja í jörðu og hefur sérfræðiþekkingu á fornminjum. Í lögunum er þessi verkaskipting mjög skýr með þeirri einu undantekningu að Fornleifavernd fer inn á munasviðið þegar um kirkjugripi er að ræða. Húsafriðunarnefnd hefur umsjón með friðlýsingu húsa og Fornleifavernd umsjón með friðlýsingu fornminja. Til að verkaskipting sé miðuð við sérfræðisvið hverrar stofnunar er eðlilegt að Þjóðminjasafn sjái um friðlýsingu muna, þ.m.t. kirkjugripa.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

Í frumvarpinu er lagðar til ýmsar breytingar til að skerpa á verkefnum ríkisstofnana sem annast stjórnsýslu á sviði minjavörslu.

Helstu breytingar eru annars vegar þær að Þjóðminjasafn Íslands tekur aftur við ýmsum verkefnum sem voru færð til Fornleifaverndar ríkisins með gildandi þjóðminjalögum. Þar munar mestu um störf minjavarða. Þá breytist starfssvið minjavarða aftur í fyrra horf. Að mati fjármálaráðuneytis mun þetta ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkisins verði núverandi minjavörðum boðið sams konar starf hjá Þjóðminjasafninu og þeir hafa gegnt hjá Fornleifaverndinni. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar færist samhliða verkefnum sem flytjast milli stofnana.

Hins vegar er lögð til sú breyting að Fornleifavernd ríkisins standi straum af og greiði kostnað við neyðarrannsóknir sem fram þurfa að fara þegar áður ókunnar fornminjar koma í ljós þegar unnið er við verklegar framkvæmir. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir að sett verði í reglugerð ákvæði um samráð Fornleifaverndar við menntamálaráðuneytið um umfang neyðarrannsókna. Við gerð þessarar umsagnar eru ekki fyrir hendi forsendur til að áætla hversu oft neyðarrannsóknir koma til með að fara fram og hvert umfang þeirra verður. Í umsögn þessari er reiknað með að rekstrarútgjöld ríkisins aukist um allt að 1 m.kr. á ári og að Fornleifavernd ríkisins skipuleggi starf sitt þannig að nægt svigrúm sé til að mæta kostnaði við fyrstu aðgerðir.

436. Svar [172. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um afskrifaðar skattskuldir.

1. *Hvernig skiptist fjárhæð afskrifaðra skattskulda árlega síðustu þrjú ár milli atvinnugreina, hlutfallslega og í fjárhæðum, milli beinna afskrifta annars vegar og óbeinna hins vegar?*

Upplýsingar um fjárhæðir afskrifaðra skattskulda árlega skipt eftir atvinnugreinum liggja ekki fyrir. Samantekt slíkra upplýsinga hefði fyrirsjáanlega í för með sér verulega vinnu og kostnað. Þá eru óbeinar afskriftir aldrei færðar til bókar eftir kennitölu, heldur færðar ósundurliðaðar í aðalbókhald.

2. *Hver var tekjuskattsstofn þeirra einstaklinga sem fengu skattskuldir afskrifaðar á árunum 2000 og 2001, sundurliðað milli beinna og óbeinna afskrifta annars vegar og milli tekjubila sem gefur góða mynd af tekjudreifingu einstaklinganna hins vegar?*

Ekki er unnt að bera saman vélrænt upplýsingar um tekjuskattsstofn einstaklinga við afskrifaðar skattskuldir þeirra. Þá hafa kröfur frá árunum 2000 og 2001 ekki verið afskrifaðar nema að mjög litlu leyti.

3. *Hvernig skiptast afskrifaðar skattskuldir á lögaðila og einstaklinga árlega síðustu þrjú ár? Fram komi upphafleg skattskuld annars vegar og viðurlög hvers konar, innheimtukostnaður og dráttarvextir hins vegar.*

Yfirlit í fylgiskjali sýnir beinar og óbeinar afskriftir skattskulda eftir innheimtutegund og skiptingu niður á einstaklinga og lögaðila árin 1999–2001.

4. *Hver er skoðun ráðherra á reglum um álagðan kostnað, viðurlög og dráttarvexti vegna vanskila á skattkröfum ríkissjóðs og telur ráðherra rétt að endurskoða þær reglur?*

Í XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er að finna ákvæði um innheimtu álagðra skatta. Í 112. gr. laganna, sem fjallar um vexti, kemur fram að sé skattur ekki

greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skuli greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Til viðbótar þurfa gjaldendur að greiða fjárnámskostnað samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs í þeim tilvikum þegar venjuleg innheimta nægir ekki. Samhljóða ákvæði er í 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Jafnframt þurfa gjaldendur virðisaukaskatts að greiða álag, allt að 10% af þeirri fjárhæð, sem vangreidd er. Þau úrræði sem hér hafa verið nefnd eru þvingunarúrræði sem ætlað erað skapa varnaðaráhrif til að knýja á um skattskil. Með þessum heimildum er stuðlað að skilvirkri stjórnsýslu á sviði skattamála. Telur ráðherra þær eðlilegar og ekki tilefni til endurskoðunar þeirra.

Fjársýsla ríkisins.

Afskrifaðar skattskuldir árin 1999–2001.

Í þús kr.

Skatttekjur	Afskriftir á árinu 1999			Afskriftir á árinu 2000			Afskriftir á árinu 2001		
	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals
Eignarskattar	**62.106**	**-140.356**	**-78.250**	**33.365**	**298.073**	**331.438**	**7.148**	**25.631**	**32.779**
Eignarskattur, einstaklingar	34.276	-24.642	9.634	19.619	84.576	104.195	-182	-366	-548
Sérstakur eignarskattur, einstaklingar	2.243	-1.593	650	2.852	7.566	10.418	-17	2.699	2.682
Skattur á skrifstofu- og verslunar-húsnæði, einstaklingar	887	-1.636	-749	582	305	887	-	-245	-245
Þróunarsjóðsgjald á fasteignir, einstaklingar	-	-100	-100	-	27	27	-	-	-
Eignarskattur, lögaðilar	18.751	-86.251	-67.500	7.760	165.468	173.228	5.848	20.685	26.532
Sérstakur eignarskattur, lögaðilar	3.775	-17.611	-13.836	1.657	34.194	35.852	1.187	4.385	5.573
Skattur á skrifstofu- og verslunar-húsnæði, lögaðilar	1.873	-7.732	-5.859	550	5.296	5.846	312	-1.527	-1.215
Þróunarsjóðsgjald á fasteignir, lögaðilar	190	-791	-601	124	640	764	-	-	-
Skipulagsgjald	111	-	111	221	-	221	-	-	-
Tekjuskattar	**861.635**	**-188.577**	**673.058**	**632.321**	**1.834.742**	**2.467.063**	**201.379**	**1.552.242**	**1.753.621**
Sérstakur tekjuskattur	4.618	80.485	85.103	20.473	-55.642	-35.169	755	68.744	69.499
Vanskil launagreiðenda á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars	235.925	-64.862	171.063	50.749	711.665	762.414	77.561	357.044	434.605
Tekjuskattur, einstaklingar	188.944	33.989	222.933	365.696	504.298	869.994	2.423	519.382	521.805
Tekjuskattur á fjármagnstekjur, einstaklingar	552	-	552	5	251.564	251.569	-	4.039	4.039
Tekjuskattur, lögaðilar	425.416	-238.189	187.227	184.344	422.857	607.201	108.530	603.032	711.563
Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum	6.180		6.180	11.055	-	11.055	12.110		12.110
Persónuskattar	**-6**	**-783**	**-789**	**2.171**	**9.304**	**11.475**	**61**	**4.255**	**4.316**
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	-6	-783	-789	2.171	9.304	11.475	61	4.255	4.316
Aðflutningsgjöld	**0**	**0**	**0**	**2.654**	**0**	**2.654**	**418**	**0**	**418**
Aðflutningsgjöld	-	-	-	2.654	-	2.654	418	-	418

Skatttekjur	Afskriftir á árinu 1999			Afskriftir á árinu 2000			Afskriftir á árinu 2001		
	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals
Vörugjöld	**3.307**	**0**	**3.307**	**2.042**	**0**	**2.042**	**1.411**	**-97**	**1.314**
Vörugjald af innfluttum vörum	-	-	-	201	-	201	5	-	5
Vörugjald af innlendri framleiðslu	-57	-	-57	1.671	-	1.671	121	-97	24
Vörugjald af ökutækjum	225	-	225	170	-	170	1.062	-	1.062
Vörugjald af innlendri framleiðslu og aðvinnslu ökutækja	-	-	-	-	-	-	222	-	222
Spilliefnagjald	-5.808	-	-5.808	-	-	-	1	-	1
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	8.947	-	8.947	-	-	-	-	-	-
Virðisaukaskattur	**1.734.230**	**-105.643**	**1.628.587**	**689.159**	**4.685.983**	**5.375.142**	**596.942**	**-66.075**	**530.867**
Virðisaukaskattur af innfluttum vörum	-	-	-	-	-	-	4.297	-	4.297
Virðisaukaskattur af vörusölu og þjónustu	1.734.230	-105.643	1.628.587	689.159	4.685.983	5.375.142	592.645	-66.075	526.570
Söluskattur	**19.204**	**-14.416**	**4.788**	**993**	**0**	**993**	**1.324**	**-976**	**348**
Söluskattur af vörusölu og þjónustu	19.204	-14.416	4.788	993	-	993	1.324	-976	348
Sértækir þjónustuskattar	**539**	**0**	**539**	**1.341**	**0**	**1.341**	**7.477**	**0**	**7.477**
Flugvallagjald	539	-	539	1.341	-	1.341	7.477	-	7.477
Tryggingagjöld og skattar af launum	**129.713**	**-33.920**	**95.793**	**23.597**	**171.678**	**195.275**	**19.976**	**249.152**	**269.129**
Tryggingagjald	86.549	-5.481	81.068	10.779	175.848	186.626	19.926	249.621	269.547
Launaskattur, eftirstöðvar	29.134	-20.130	9.004	-	551	551	-	-468	-468
Lífeyristryggingagjald, einstaklingar	-92	-305	-397	1.760	-943	817	-	-	-
Lífeyristryggingagjald, lögaðilar	10.469	-6.724	3.745	8.216	-2.700	5.515	-	-	-
Slysatryggingagjald, einstaklingar	13	-135	-122	695	-360	335	-	-	-
Slysatryggingar útgerðarmanna vegna sjómanna	-	-	-	-	-	-	1	-	1
Slysatryggingagjald, lögaðilar	1.480	-1.061	419	1.513	-493	1.020	-	-	-
Slysatryggingagjald utan þinggjalda	208	-	208	1	-	1	50	-	50
Atvinnuleysistryggingagjald, einstaklingar	-29	-49	-78	330	-178	152	-	-	-
Atvinnuleysistryggingagjald, lögaðilar	1.981	-35	1.946	303	-46	258	-	-	-
	-	-	-	-	-	-			

	Afskriftir á árinu 1999			Afskriftir á árinu 2000			Afskriftir á árinu 2001		
Skatttekjur	**Beinar**	**Óbeinar**	**Samtals**	**Beinar**	**Óbeinar**	**Samtals**	**Beinar**	**Óbeinar**	**Samtals**
Neyslu- og leyfisskattar	**14.568**	**17.356**	**31.924**	**2.406**	**99.806**	**102.212**	**13.661**	**36.974**	**50.635**
Bifreiðagjald	3.540	3.263	6.803	928	25.527	26.454	3.110	11.964	15.074
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	9.610	5.645	15.255	820	52.959	53.779	9.525	38.592	48.117
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	843	8.448	9.291	538	21.320	21.858	646	-13.581	-12.936
Vitagjald	82	-	82	6	-	6	-	-	-
Skipagjald	468	-	468	68	-	68	-	-	-
Lögskráning sjómannna	25	-	25	46	-	46	93	-	93
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	-	-	-	-	-	-	287	-	287
Leyfisgjöld	**6.606**	**0**	**6.606**	**2.917**	**0**	**2.917**	**0**	**0**	**0**
Vinnsluleyfi, Fiskistofa	60	-	60	180	-	180	-	-	-
Leyfis- og árgjöld til Póst- og fjarskiptastofnunar	6.546	-	6.546	2.737	-	2.737	-	-	-
Eftirlitsgjöld	**1.305**	**0**	**1.305**	**2.923**	**0**	**2.923**	**159**	**0**	**159**
Veiðieftirlitsgjöld	691	-	691	2.923	-	2.923	-	-	0
Fóðureftirlitsgjöld af innlendri framleiðslu	614	-	614	-	-	-	-	-	0
Önnur eftirlitsgjöld	-	-	-	-	-	-	159	-	159
Alls	**2.833.207**	**-466.339**	**2.366.868**	**1.395.889**	**7.099.586**	**8.495.475**	**849.956**	**1.801.106**	**2.651.063**

437. Svar [317. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til að stemma stigu við skipulagðri glæpastarfsemi.

1. *Hvað er fólgið í samþykkt dómsmála- og jafnréttisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sem gerð var í Vilníus sumarið 2001 og varðar samstarf landanna til að sporna við skipulögðum, ólöglegum flutningi kvenna milli landanna í þágu kynlífsiðnaðar?*

Á fundi jafnréttisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sem haldinn var í Vilníus 15. júní 2001 var ákveðið að efna til upplýsingaátaks sem beindist gegn verslun með konur á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Tilgangur og markmið átaksins er að

- vekja athygli almennings á þessari brotastarfsemi og veikri stöðu fórnarlambanna,
- að standa fyrir fræðslu þar sem stefnt sé að því að aðstoða fórnarlömb mansals og að beita forvörnum til að varna því að konur verði fórnarlömb mansals,
- að vekja athygli stofnana sem veita fjárhagsaðstoð til ýmissa samstarfsverkefna á nauðsyn þess að auka atvinnutækifæri kvenna.

Í stuttu máli sagt er aðalmarkmið átaksins að vekja athygli almennings á verslun með konur og að hvetja allar stofnanir sem tengjast vandamálinu til umræðu um hvað hægt sé að gera til að sporna við því. Á fundinum var jafnframt ákveðið að beina til dómsmálaráðherra viðkomandi landa að leggja átakinu lið. Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sem haldinn var 16. ágúst 2001 var ákveðið að dómsmálaráðherrar þessara ríkja tækju þátt í átakinu. Þá var jafnframt ákveðið á þeim fundi að tekin yrði upp aukin lögreglusamvinna milli Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna hvað varðaði verslun með konur og var þá einkum litið til samstarfs sem þróast hefur undir heitinu „Baltic Sea Task Force". Einnig var ákveðið að lagasamvinna á þessu sviði yrði styrkt.

2. *Hvernig er samstarfi þessu hagað, hvert er markmið þess og hvernig miðar því áfram?*

Samþykkt jafnréttisráðherranna gerði ráð fyrir að vinnuhópur yrði stofnaður til að undirbúa átakið. Slíkur vinnuhópur var settur á fót og var einn fulltrúi frá dómsmálaráðuneyti og einn frá jafnréttisráðuneyti hvers lands skipaður í þann hóp auk þess sem fulltrúi frá norrænu ráðherranefndinni átti sæti í hópnum. Fulltrúar Íslands í þeim vinnuhópi eru Katrín B. Ríkharðsdóttir frá Jafnréttisstofu og Dís Sigurgeirsdóttir frá dómsmálaráðuneyti.

Verkefnið er byggt upp á þann hátt að annars vegar er um að ræða eina sameiginlega „herferð" sem felst í sameiginlegum verkefnum þátttökuríkjanna og hins vegar átak í hverju landi. Þau verkefni sem eru innifalin í sameiginlegu herferðinni eru m.a. þrjár ráðstefnur sem haldnar eru í Eystrasaltsríkjunum, útgáfa bæklinga til væntanlegra fórnarlamba í Eystrasaltsríkjunum með upplýsingum um hvert þau geta leitað eftir hjálp (bæklingarnir verða á þjóðtungum Eystrasaltsríkja auk rússnesku), útgáfa bæklings með viljayfirlýsingum ráðherranna þar sem þeir lýsa af hverju þeir vilja snúast gegn vandamálinu og uppsetning heimasíðu sem inniheldur upplýsingar um samstarfið og hvað gert er í hverju ríki um sig.

Hvað varðar aðgerðir í hverju einstöku ríki þá er það í höndum stjórnvalda þeirra að skipuleggja og fjármagna þær. Norræna ráðherranefndin greiðir þó fyrir aðgerðir Eystrasaltsríkjanna. Misjafnt er hvaða þætti vandamálsins hin einstöku ríki leggja áherslu á í sínum aðgerðum en það fer m.a. eftir því hvort um „upprunaríki" viðkomandi einstaklinga er að ræða, „ríki sem þeir fara um" eða „ríki sem teljast endanlegir áfangastaðir".

Nú þegar hafa tvær þeirra ráðstefna sem tilheyra sameiginlega verkefninu farið fram. Sú fyrsta var haldin í Tallinn í Eistlandi 29. maí á þessu ári. Næsta ráðstefna var haldin í Vilníus í Litháen 20.–22. október síðastliðinn og sú þriðja og síðasta verður haldin í Ríga í Lettlandi 27.–28. nóvember næstkomandi. Sérstakur bæklingur þar sem skýrt er frá þessu átaki á vegum ráðherranna hefur enn ekki komið út á prenti, en lesa má yfirlýsingar þeirra inni á heimasíðu herferðarinnar, www.nordicbalticcampaign.org. Annar bæklingur sem ætlað er að ná til fórnarlamba mansals eða þeirra sem glæpastarfsemin beinist gegn er í undirbúningi.

Ráðstefnan í Ríga 27.–28. nóvember næstkomandi markar lok sameiginlegu herferðarinnar en þá tekur við skýrslugerð þar sem árangur aðgerðanna verður metinn. Áætlað er að þeirri skýrslu verði lokið fyrir 28. febrúar 2003. Upphaflega var áætlað að stjórnvöld allra ríkjanna lykju sérstökum aðgerðum sínum 28. nóvember en ljóst er að sú áætlun mun ekki standast. Enn skortir á í framkvæmdinni og munu aðgerðirnar því dragast fram á næsta ár.

3. *Hverjir annast þetta starf fyrir Íslands hönd?*

Dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra annast þetta starf fyrir Íslands hönd. Jafnréttisstofa kemur þar einnig að málum sem undirstofnun félagsmálaráðuneytisins.

Til undirbúnings íslenska átakinu var skipaður undirbúningshópur og sitja í honum fulltrúar frá Jafnréttisstofu, utanríkisráðuneyti, Útlendingaeftirliti, ríkislögreglustjóra, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Vinnumálastofnun, Rauða krossinum, ASÍ, Stígamótum, Kvennaathvarfinu og Neyðarmóttöku. Verkefnisstjórar átaksins eru tveir og koma frá félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Markmiðið með íslenska átakinu er að kynna fyrir almenningi hvað verslun með konur er og einnig að sporna við ímynd „konunnar“ sem verslunarvöru. Í janúar nk. mun koma út blað sem fjallar á víðtækan hátt um vandamálið og verður því fylgt eftir með ráðstefnu og umfjöllun í fjölmiðlum. Verður m.a. sérstaklega reynt að ná til ungs fólks í þeirri viðleitni að vekja skilning þess og andstöðu gegn því vandamáli sem mansal er.

4. *Hver er áætlaður heildarkostnaður verkefnisins, hvernig er kostnaðarþátttöku landanna háttað og hver er hlutur Íslands?*

Norræna ráðherranefndin greiðir kostnað við sameiginlegu herferðina ásamt kostnaði við aðgerðir stjórnvalda í Eystrasaltsríkjunum. Einstök ríki taka ekki þátt í þeim kostnaði. Hins vegar greiða stjórnvöld Norðurlandaríkjanna kostnað við aðgerðirnar í hverju ríki um sig og er misjafnt hve miklu fjármagni verður varið í því skyni.

Kostnaður við aðgerðirnar hér á landi, þ.e.a.s. við útgáfu blaðs og ráðstefnuhald, hefur verið áætlaður 1.500.000 kr. Ríkisstjórnin hefur veitt átakinu af ráðstöfunarfé sínu 1 millj. kr. styrk. Annar kostnaður sem fellur til vegna átaksins hefur verið og verður væntanlega greiddur af þeim ráðuneytum sem annast hafa starfið fyrir Íslands hönd.

438. Svar [277. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*
2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*
3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*
4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Skiptingu starfa á milli höfuðborgar og landsbyggðar á tímabilinu 1991–2000 má lesa úr töflunni.

Skipting starfa á milli höfuðborgar og landsbyggðar.

	1991	2000	Breyting
Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu	1.038,21	1.093,21	55
Stöðugildi á landsbyggðinni	682,81	685,66	2,85
Stöðugildi samtals	1.721,02	1.778,87	57,85

Ekki var um vistun nýrra stofnana að ræða á tímabilinu. Vakin er athygli á því að á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins eru 22 sýslumannsembætti starfrækt utan höfuðborgarsvæðisins, sex héraðsdómstólar og þrjú fangelsi. Þá má einnig nefna að stofnanir kirkjunnar eru um land allt.

439. Svar [97. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um löggæslukostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er sundurliðaður sérstakur löggæslukostnaður einstakra sveitarfélaga vegna bæjarhátíða árin 1998–2001?*
2. *Hver er sundurliðaður löggæslukostnaður vegna sumarhátíða einstakra félaga, svo sem hestamannafélaga og íþróttafélaga, árin 1998–2001?*
3. *Sitja öll byggðarlög og félagasamtök við sama borð hvað löggæslukostnaði vegna hátíðahalda viðvíkur?*

Óskað var eftir upplýsingum frá öllum lögreglustjórum og þess óskað að þeir veittu svör hver fyrir sitt umdæmi. Ráðuneytinu bárust svör frá öllum lögreglustjóraembættum á landinu.

Einungis í tveimur lögreglustjóraumdæmum hefur fallið sérstakur löggæslukostnaður á sveitarfélög vegna bæjarhátíða á því tímabili sem um er spurt og er eftirfarandi:

	1998	1999	2000	2001
Vopnafjarðarhreppur vegna Vopnaskaks ...	161.882	0	0	0
Sveitarfélagið Hornafjörður	52.258	116.010	0	176.939

Bæjarhátíðir eru mjög mismunandi að umfangi. Forsendan fyrir því að lögreglustjóri innheimti kostnað við aukna löggæslu hjá skemmtanahaldara er sú að viðburðurinn kalli á útgáfu skemmtanaleyfis, en heimilt er skv. 34. gr. lögreglulaga að lögreglustjóri bindi skemmtanaleyfi því skilyrði að skemmtanahaldari greiði kostnað af þeirri umfram löggæslu sem þörf er á í tengslum við skemmtun. Lögum samkvæmt falla því ýmsir viðburðir í bæjar- og sveitarfélögum landsins ekki undir þessa skilgreiningu. Sem dæmi má nefna að viðburður eins og menningarnótt í Reykjavík hefur hingað til ekki kallað á útgáfu sérstaks skemmtanaleyfis og því hefur ekki verið lagaforsenda til þess að krefja „skemmtanahaldara“ um greiðslu kostnaðar við aukna löggæslu, ef því er að skipta. Sama er upp á teningnum vegna ýmissa sambærilegra hátíða sem haldnar eru í bæjarfélögum hringinn í kringum landið. Að öðru leyti en að framan greinir hefur ekki verið innheimtur löggæslukostnaður hjá sveitarfélögum vegna bæjarhátíða sem rekja má til þess að á mörgum svokölluðum bæjarhátíðum hafa ýmis félög verið sett sérstaklega á fót til þess að sjá um undirbúning og framkvæmd slíkra hátíða, má þar sem dæmi nefna Síldarævintýri á Siglufirði og Neistaflug í Neskaupstað.

Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir þann sérstaka löggæslukostnað sem einstök félög hafa greitt vegna hátíðahalda til einstakra sýslumannsembætta.

	1998	1999	2000	2001
Stykkishólmur vegna Eldborgarhátíðar – OKEY ehf.				3.579.356
Ísafjörður vegna hestamannamóta – Stormur og Mansavinir, Suðureyri	26.430	18.950	22.280	22.280
Siglufjörður vegna Síldarævintýris – Ferðamálasamtök Siglufjarðar	200.000			
Reykjavík vegna Landsmóts hestamanna 2000			258.800	
Eskifjörður vegna Neistaflugs – Brán ehf.	292.692	50.000		
Vestmannaeyjar vegna þjóðhátíðar – ÍBV	2.192.365			1.759.980
Akureyri vegna Landsmóts hestamanna – Landsmót hestamanna 1998	1.890.753			
Hvolsvöllur vegna Töðugjalda – Sjálfseignarfélagið Töðugjöld, Hellu				150.000

Landsmenn allir, einstök byggðarlög og félagasamtök sitja við sama borð hvað greiðslu löggæslukostnaðar vegna hátíðahalda viðvíkur. Heimild 34. gr. lögreglulaga hefur á undanförnum árum verið beitt í bæði smáum og stórum sveitarfélögum og nefna má sem dæmi að stærsta lögregluembætti landsins, lögreglan í Reykjavík, hefur í mörgum tilvikum á undanförnum árum gert þeim sem skemmtun halda að greiða aukalöggæslukostnað, m.a. í tengslum við tónleika, hátíðir og hestamannamót. Hins vegar verður að hafa í huga að lögreglulið landsins eru misfjölmenn og því eðlilega misvel undir það búin að takast á við löggæslu í tengslum við mannmargar skemmtanir án aðgerða sem hafa aukinn kostnað í för með sér. Krafa almennings er ótvírætt sú að öryggi sé ávallt tryggt, t.d. á útihátíðum, og því eru

öryggiskröfur þær sömu um allt land, óháð stærð lögregluliðsins í viðkomandi umdæmi. Landsmenn sitja því einnig við sama borð hvað kröfur um öryggi á skemmtunum viðvíkur. Ákvæði lögreglulaga um að lögreglustjóra sé heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að aukalöggæslukostnaður verði greiddur af leyfishafa er öllum þeim sem standa fyrir skemmtunum kunnugt um og einn af þeim þáttum sem þeir verða að taka með í reikninginn við undirbúning viðamikilla skemmtana, hvar sem er á landinu.

440. Fyrirspurn [383. mál]

til landbúnaðarráðherra um búfjáreftirlit.

Frá Helgu Halldórsdóttur.

1. Er fyrirhuguð frekari breyting á lögum um búfjárhald á þann hátt að búfjáreftirlit heyri alfarið undir landbúnaðarráðuneytið?
2. Hver hefur kostnaður landbúnaðarráðuneytisins verið vegna búfjáreftirlits árin 1995–2001, sundurliðað eftir árum?
3. Hver hefur kostnaður sveitarfélaga verið vegna búfjáreftirlits árin 1995–2001, sundurliðað eftir árum?
4. Telur ráðherra ekki óeðlilegt að ein atvinnugrein, í þessu tilviki landbúnaður, skuli lúta sérstöku eftirliti sveitarfélaga?

Skriflegt svar óskast.

441. Fyrirspurn [384. mál]

til félagsmálaráðherra um fósturbörn í sveitum.

Frá Helgu Halldórsdóttur.

1. Hversu mörg börn á vegum Barnaverndarstofu eða barnaverndarnefnda voru vistuð hjá fósturforeldrum í sveitum árið 2001? Hversu mörg þessara barna voru á skólaskyldualdri?
2. Hvernig skiptist kostnaður við vistun barna á milli lögheimilissveitarfélags og þess sveitarfélags sem barnið var vistað í?
3. Hver var endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fósturbarna í sveitum?

442. Fyrirspurn [385. mál]

til utanríkisráðherra um framlög til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hver voru fjárframlög Íslands til starfsemi Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna á árunum 1998–2002?

Skriflegt svar óskast.

443. Fyrirspurn [386. mál]

til viðskiptaráðherra um aðgerðir gegn brotum einstaklinga í atvinnurekstri.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra ástæðu til að gerð verði rannsókn á þeim tilvikum þegar sömu aðilar stofna aftur og jafnvel oftar en einu sinni fyrirtæki eftir gjaldþrot eða að gripið verði til sérstakra aðgerða vegna þess, sbr. svar ráðherra Hagstofu Íslands á þskj. 204 um fjölda einstaklinga sem tengjast gjaldþrotum félaga?
2. Hvernig hafa ákvæði laga nr. 137/1994 og 138/1994, sem breyttu lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og voru sett til að sporna við þeim tilvikum sem greinir í 1. lið, reynst og hve oft hefur þeim ákvæðum verið beitt?
3. Telur ráðherra rétt að grípa til frekari aðgerða til að sporna við fyrrnefndum tilvikum og þegar um er að ræða afbrot í atvinnurekstri, svo sem með tímabundnu banni við atvinnurekstri einstaklinga eins og lagt var til í frumvörpum viðskiptaráðherra um breytingar á hlutafélagalöggjöfinni á 118. löggjafarþingi?
4. Hvaða ákvæði gilda um aðgerðir gegn brotum einstaklinga í atvinnurekstri annars staðar á Norðurlöndum og hver er reynslan af þeim?

Skriflegt svar óskast.

444. Fyrirspurn [387. mál]

til fjármálaráðherra um framkvæmdir við viðhaldsverkefni.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra það brjóta í bága við lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, að undanskilja framkvæmd laganna almennt og reglubundið viðhald, sem felur ekki í sér breytingu mannvirkis, sbr. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 715/2001, um skipulag opinberra framkvæmda, sbr. athugasemdir efnahags- og viðskiptanefndar í bréfi til ráðherra, dags. 30. apríl sl.? Ef svo er, hvernig hyggst ráðherra bregðast við því?
2. Hefur ákvæðum reglugerðar nr. 715/2001 verið breytt í kjölfar fyrrgreindra athugasemda efnahags- og viðskiptanefndar? Ef svo er ekki, hver er ástæða þess?
3. Hve mörg eru viðhaldsverkefni á vegum ríkisins á þessu ári og hvað kosta þau? Hve mörg þeirra teljast almennt og reglubundið viðhald þar sem kostnaður ríkisins nemur a.m.k. 5 millj. kr. og hver er heildarkostnaður við þau?
4. Hvernig hefur framkvæmdum við viðhaldsverkefni verið háttað á þessu ári og hefur ákvæðum laganna verið beitt um almennt og reglubundið viðhald mannvirkja þar sem áætlaður kostnaður ríkisins nemur a.m.k. 5 millj. kr., eins og efnahags- og viðskiptanefnd telur rétt að gert verði, sbr. fyrrnefnt bréf nefndarinnar til ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

445. Fyrirspurn [388. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um þróun verðlags barnavara.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hvernig hefur verðlag á eftirfarandi barnavörum þróast sl. fimm ár:
   a. ungbarnamat (mauki, grautum o.s.frv.),
   b. þurrmjólkurdufti,
   c. bréfbleium,
   d. barnabílstólum,
   e. barnavögnum og kerrum,
   f. hlutum til slysavarna barna á heimilum (öryggishliðum, eldavélarhlífum o.s.frv.),
   g. barnafötum?
2. Hvert hefur hlutfall opinberra gjalda verið í verðlagi þessara vara sl. fimm ár, sundurliðað eftir flokkum ef unnt er?
3. Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af sölu varanna sl. fimm ár, sundurliðað eftir flokkum ef unnt er?

Skriflegt svar óskast.

446. Svar [304. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um úrskurð vegna jarðarsölu í Skorradal.

1. *Með hvaða rökum var felld úr gildi sú ákvörðun Skorradalshrepps að neyta forkaupsréttar til að kaupa 50% hlut í jörðinni Efstabæ í Skorradal?*

Ekki var talið að Skorradalshreppur hefði sýnt fram á með nægjanlegum hætti að nauðsynlegt hefði verið að neyta forkaupsréttar í þessu tilviki út frá þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í 1. gr. jarðalaga og talið var að yfirlýstum tilgangi hreppsins með kaupunum væri hægt að ná með öðrum og vægari úrræðum. Ekki var talið að Skorradalshreppur hefði sýnt fram á að fyrirhuguð nýting kærenda á landinu væri ósamrýmanleg þeirri nýtingu sem fyrir var á svæðinu.

Talið var að Skorradalshreppur hefði ekki sýnt fram á að breyting á eignarhaldi á 50% hluta Efstabæjarlands skaðaði hagsmuni sveitarfélagsins eða þeirra sem innan þess búa með þeim hætti að það gæti réttlætt beitingu forkaupsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. jarðalaga.

Ráðstöfun landsins eins og hún var fyrirhuguð var ekki talin andstæð tilgangi jarðalaga, þannig að réttlæta mætti nýtingu forkaupsréttar samkvæmt jarðalögum.

2. *Með hvaða rökum var gengið gegn tilmælum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslunnar í málinu?*

Í gögnum málsins lágu fyrir álit um ástand alls lands Efstabæjar. Við samningu úrskurðarins var litið til umræddra álita og var ekki litið fram hjá þeim með nokkrum hætti. Endanleg niðurstaða málsins var háð lögfræðilegu mati á öllum þeim gögnum sem fyrir lágu, þar á meðal tilvitnuðum álitum. Rétt er að geta þess að umrædd álit fjölluðu um ástand lands og beitarþol þess en ekki um það hvort sveitarstjórn ætti að neyta forkaupsréttar að landinu eður ei.

3. *Á hvern hátt hefðu lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, og girðingarlög, nr. 135/2001, getað nýst hreppsnefnd Skorradalshrepps sem vægari aðgerðir en neyting forkaupsréttar á grundvelli jarðalaga?*

Auk þeirra laga sem nefnd voru í úrskurðinum og getið er í fyrirspurn koma einnig önnur lög til álita. Rétt þykir því að láta koma fram í svari önnur helstu úrræði er gætu komið til greina.

Lög um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002.

I. Í 5. gr. laganna er heimild fyrir sveitarstjórnir til að setja samþykkt um búfjárhald. Eftir ákvæðum 2. mgr. 5. gr. má í búfjársamþykktum kveða á um að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað við tiltekin svæði innan sveitarfélagsins.

II. Í 6. gr. kemur fram að sveitarstjórn er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Sveitarstjórn getur ákveðið lausagöngubann á tilteknum hluta sveitarfélags eða í því öllu, allt eftir aðstæðum. Þar sem sveitarstjórn bannar lausagöngu búfjár ber umráðamönnum þess skylda til að hafa búfé í vörslu í gripheldri girðingu og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé.

III. Vilji eigendur lands á svæðinu friða land sitt er ákveðið úrræði fyrir þá í 8. gr. laganna. Þar segir að umráðamanni lands sé heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð.

Girðingarlög, nr. 135/2001.

I. Umráðamaður lands sem girða vill land sitt getur krafist þess skv. 5. gr. girðingarlaga að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu á merkjum jarðanna.

II. Í 9. gr. laganna er fjallað um það er girðing er reist á landamerkjum. Þar er sagt fyrir um hvaða sjónarmið eiga að ráða þegar girt er á merkjum.

III. Nú er land Efstabæjar í óskiptri sameign og á þá 10. gr. girðingarlaga við, eigi að skipta landinu milli eigenda. Í 10. gr. girðingarlaga kemur fram að sé land í óskiptri sameign geta einn eða fleiri landeigendur því aðeins girt á því landi að allir sameigendur séu samþykkir girðingunni. Náist ekki samkomulag er því aðeins hægt að girða að landskipti fari fram. Í landskiptalögum, nr. 46/1941, segir í 1. gr. að hafi landskipti ekki farið fram áður getur hver einstakur eigandi farið fram á skiptin.

IV. Eigendur lands Efstabæjar og aðliggjandi jarða geta krafist þess að girðingar séu reistar á merkjum jarðanna til að vernda land sitt eða girða sig fyrir ágangi sauðfjár, enda verður ekki betur séð á kortum en að ekki sé um neitt afréttarland að ræða heldur er allt land Efstabæjar heimaland og einungis heimalönd annarra jarða liggja að því.

Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

I. Sveitarstjórnum, þegar um heimalönd er að ræða, er skylt að fylgjast með ástandi heimalanda. Berist sveitarstjórn rökstuddar ábendingar um að nýting heimalands sé ekki hagað á skynsamlegan hátt, eða að um ofbeit sé að ræða, er sveitarstjórn skylt að leita álits gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins um málið og um aðgerðir til úrbóta.

II. Sveitarstjórn getur óskað þess að kannað verði hvort nauðsynlegt sé að koma á ítölu á svæðinu. Ákvæði um ítölu eru í 15.–30. gr. laganna og eru þau allítarleg og vandasamt að fylgja til að ákvörðun um ítölu verði gild.

III. Ítölu er hvort heldur sem er hægt að gera í afrétti eða heimalönd, fyrir heilar sýslur, einstök sveitarfélög eða hreppshluta, sbr. 17. gr. laganna.

IV. Ítala er úrræði sem hvort heldur er hægt að koma á með samvinnu við aðila eða með meirihlutakosningu, t.d. í atkvæðagreiðslu þeirra bænda sem land ættu í ofanverðum Skorradal.

Lög um landgræðslu, nr. 17/1965.

I. Náist ekki samkomulag um aðgerðir til verndar landi eins og gert er ráð fyrir í 17.–21. gr. laganna getur landgræðslustjóri samkvæmt ákvæðum 22. gr. látið fara fram rannsókn á viðkomandi jörð eða landsvæði. Leiði rannsókn í ljós að brýn þörf sé á gróðurvernd getur landgræðslustjóri krafist nauðsynlegra aðgerða af hálfu landeiganda. Verði hann ekki við þeirri kröfu getur Landgræðslan á kostnað landeiganda framkvæmt aðgerðirnar, að fengnu samþykki ráðuneytis.

II. Landgræðslustjóri á samkvæmt ákvæðum 23. gr., náist ekki samkomulag við landeiganda, að láta rannsaka beitarþol lands og leiði rannsókn í ljós að löndum sé ofboðið er landgræðslustjóra skylt að krefjast ítölu í löndin og er bændum þá óheimilt að halda þar fleira fé en ítala leyfir.

III. Eftir ákvæðum 5. mgr. 23. gr. hefur ráðuneytið heimild til að takmarka beit tímabundið. Í greininni segir að sé svo komið að skjótra verndaraðgerða sé þörf, að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins, getur landbúnaðarráðuneytið að höfðu samráði við sveitarstjórn ákveðið tímabundna takmörkun á beitarálagi þar til ítala er komin á.
IV. Sé það markmið Skorradalshrepps að takmarka beit á svæðinu vegna ástands þess eru ákvæði í landgræðslulögum sem heimila takmörkun eða jafnvel stöðvun beitar.

4. Á hvern hátt telur ráðherra 1. gr. jarðalaga samrýmast úrskurði sínum?

Í þeim gögnum er lágu til grundvallar úrskurði ráðuneytisins kom fram að kaupendur 50% hluta Efstabæjar kaupa landið með það fyrir augum að uppfylla skilyrði um gæðastýrða búvöruframleiðslu, sbr. 41.–49. gr. búvörulaga, nr. 99/1993. Í 43. gr. búvörulaga segir að framleiðendur skuli hafa aðgang að nægu nýtanlegu beitarlandi fyrir búfé sitt. Landnýting skal vera sjálfbær þannig að framleiðslugeta landsins sé nægileg og nýting innan þeirra marka að gróðurfar sé í jafnvægi eða framför að mati Landgræðslu ríkisins sem leggur mat á land þeirra sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Af framansögðu var talið ljóst að til þess að uppfylla skilyrði um gæðastýrða framleiðslu er ekki hægt að nota til þess beitarland sem er ekki hæft til beitar, enda verða bændur þá af þeim greiðslum sem af gæðastýringu leiðir.

Þegar litið var til þess að kaupendur 50% hluta Efstabæjar hyggjast nýta jörðina til landbúnaðar og til þess að kaupin voru liður í að skjóta styrkari rótum undir sauðfjárræktun í gæðastýrðu kerfi með sjálfbæra nýtingu landsins í huga, og þegar litið var til þess að fyrir lá að kaupendur voru ekki andsnúnir fyrirhuguðu friðunarsvæði þegar samkomulag hefði náðst við þá um legu girðingar og að teknu tilliti til þess að Skorradalshreppi hafði ekki tekist að sýna fram á að breytt eignarhald á 50% hluta Efstabæjarlands væri andstætt hagsmunum sveitarfélagsins, var talið að úrskurður ráðuneytisins væri í samræmi við tilgang jarðalaga er fram kemur í 1. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

447. Svar [283. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?

Sjá eftirfarandi lista sem hefur að geyma yfirlit yfir ársverk hjá stofnunum menntamálaráðuneytisins á árunum 1990–2000, flokkuð eftir sveitarfélögum, ásamt tákntölum yfir sveitarfélög og landsvæði.

2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?

Engar nýjar stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000.

3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Vísað er til upplýsinga í töflunni og svars við 2. lið fyrirspurnarinnar.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Engar stofnanir voru fluttar frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar á tímabilinu.

Yfirlit yfir ársverk hjá stofnunum menntamálaráðuneytis.

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Höfuðborgarsvæðið												
Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa	0000	61,54	66,80	65,52	64,88	66,57	67,94	70,08	67,04	65,24	65,30	66,48
Háskóli Íslands	0000	385,07	686,05	774,17	766,36	736,43	723,90	767,52	780,62	788,67	802,84	827,80
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	0000	45,71	46,84	47,14	44,43	43,86	43,18	46,42	44,20	47,11	44,81	48,99
Raunvísindastofnun Háskólans	0000	70,51	75,36	76,27	73,97	71,42	72,51	77,87	77,68	83,15	76,25	74,16
Stofnun Sigurðar Nordals	0000		1,67	1,62	2,16	1,62	1,59	1,64	1,93	1,67	2,02	2,36
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	0000	18,23	17,79	18,92	20,21	19,25	18,59	18,16	19,30	19,39	21,80	20,68
Orðabók Háskólans	0000	5,60	18,03	18,36	13,21	11,10	14,12	14,09	13,23	9,14	10,38	10,10
Íslensk málstöð	0000	2,91	3,40	3,08	2,42	3,00	2,89	3,78	4,00	4,18	4,60	3,38
Örnefnastofnun	0000	2,53	2,43	2,45	2,46	2,41	2,36	2,02	1,69	1,90	2,70	2,54
Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	0000					30,73	27,56					
Tækniskóli Íslands	0000				73,32	71,25	72,82	77,90	75,98	78,43	78,72	84,13
Kennaraháskóli Íslands	0000	108,23	104,22	102,79	100,85	98,17	94,03	103,16	109,87	172,17	188,53	183,31
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	0000	47,82	49,17	49,42	45,00	40,47	38,67	25,22				
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	0000	3,28	3,20	6,41	9,88	10,39	11,95	18,14	17,29	13,64	13,36	15,40
Náttúrufræðistofnun Íslands	0000	13,25										
Rannsóknarráð Íslands	0000					1,54	10,36	9,70	11,17	13,40	15,13	13,77
Rannsóknaráð ríkisins	0000	6,80	6,96	6,18	5,46	4,87						
Vísindaráð	0000		2,55	2,20	3,46	3,15						
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	0000				0,11	0,70	0,71	0,78	0,57	0,33		
Menntaskólinn í Reykjavík	0000	74,14	77,41	73,85	68,94	66,99	63,06	72,47	71,44	69,45	68,92	58,09
Menntaskólinn við Hamrahlíð	0000	95,37	97,08	97,40	93,78	86,74	80,23	87,10	86,11	88,55	92,14	88,84
Menntaskólinn við Sund	0000	70,63	74,38	76,35	72,24	69,31	63,62	69,11	68,31	68,16	70,71	58,20
Kvennaskólinn í Reykjavík	0000	26,36	27,55	30,55	37,11	42,20	39,08	43,02	41,96	41,98	44,95	41,56
Framhaldsskólar almennt	0000	2,39	4,96	5,48	4,88	3,16	2,64	2,68	3,07	4,45	3,55	3,05
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	0000	156,21	155,17	151,29	141,00	132,44	124,54	138,87	135,80	133,17	129,18	112,58
Fjölbrautaskólinn Ármúla	0000	63,30	66,43	66,72	64,56	62,31	58,67	64,71	66,82	70,05	75,91	69,50
Borgarholtsskóli	0000						0,58	19,22	54,51	67,84	69,98	62,51
Námsstjórn og þróunarverkefni	0000	10,07										
Samskiptastöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	0000		2,91	4,56	7,16	8,15	8,60	9,36	11,24	15,27	21,45	18,00
Fullorðinsfræðsla	0000			0,02	0,59	0,38	0,75	0,75	1,11	0,18		
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	0000			25,78	33,33	32,44	31,16	36,96	40,27	43,23	28,99	23,45

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Tækniskóli Íslands	0000	68,51	78,26	79,43								
Vélskóli Íslands	0000	23,08	22,50	20,55	20,82	20,41	19,07	20,62	20,53	18,86	20,16	17,32
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0000	15,44	15,37	14,67	13,96	15,51	14,09	15,41	16,90	16,00	13,39	10,17
Iðnskólinn í Reykjavík	0000	170,09	172,29	171,80	166,71	169,66	153,86	162,68	158,21	156,95	157,83	139,09
Hótel- og veitingaskóli Íslands	0000	13,02	14,25	12,31	12,36	12,51	12,12	8,72				
Fósturskóli Íslands	0000	22,36	27,42	28,91	29,94	31,07	29,18	32,66	32,04	1,44		
Þroskaþjálfaskóli Íslands	0000			9,34	11,38	11,43	10,24	9,40	10,19	0,41		
Íþróttakennaraskóli Íslands	0000	14,08	13,13	13,53	14,43	15,03	13,94	9,93	11,77	0,33		
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	0000	4,45	4,30	4,33	4,15	3,80	3,49	3,91	3,93	2,99	0,67	
Myndlista- og handíðaskóli Íslands	0000	47,48	50,70	49,59	46,68	45,03	42,50	46,40	45,66	48,14	32,57	1,88
Leiklistarskóli Íslands	0000	15,34	13,41	13,97	13,37	11,97	11,54	11,60	11,02	12,16	10,41	7,19
Tónlistarskólinn í Reykjavík	0000	7,73	7,17	6,59	6,50	5,04	4,34	4,08	4,00	4,00	4,00	3,55
Listdansskólinn	0000							5,63	7,32	8,62	10,01	14,48
Sjómannaskólahúsið	0000	10,48	10,07	10,25	7,45	4,29	3,33	3,31	3,45	4,43	4,24	4,51
Grunnskólar Reykjavík	0000	865,89	892,87	899,58	899,59	926,78	878,77	593,11				
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	0000	21,67	22,46	22,54	21,58	22,14	20,78	14,67	0,47			
Grunnskólar almennt	0000	15,23	17,25	16,55	11,34	8,48	7,99	3,76	0,41	1,00	1,08	1,00
Námsgagnastofnun	0000	44,01	42,94	40,61	38,59	38,00	39,12	37,30	37,86	39,59	31,68	27,35
Öskjuhlíðarskóli	0000	61,86	63,04	63,14	59,87	59,55	60,77	36,85				
Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási	0000	11,76	11,04	6,12								
Safamýrarskóli	0000	34,30	36,80	41,44	39,52	36,79	32,93	17,84				
Dalbrautarskóli	0000		11,18	9,89	10,66	10,07	8,66	5,50				
Þjálfunarskóli ríkisins geðdeild við Dalbraut	0000	12,16										
Dagvistun fatlaðra forskólabarna	0000	1,00	1,00	1,00								
Heyrnleysingjaskólinn	0000	35,70	32,33	25,87	22,79	21,31	19,95	13,13				
Kvikmyndaskoðun	0000	0,62	0,78	0,62	2,80	1,07	1,13	1,12	1,24	1,06	1,11	1,06
Barnaverndarráð Íslands	0000	3,81	3,74	3,74								
Meðferðarheimilið Tindar	0000	5,04	18,37	16,90								
Unglingaheimili ríkisins	0000	3,18	3,97	3,46								
Landsbókasafn Íslands	0000	25,46	27,14	31,21	33,65	42,19						
Þjóðminjasafn Íslands	0000	27,67	33,84	32,76	41,52	35,60	37,33	39,95	32,61	39,75	42,19	41,09
Þjóðskjalasafn Íslands	0000	17,53	18,33	18,44	19,16	18,99	20,17	18,78	20,07	21,31	19,75	19,14
Safnahúsið við Hverfisgötu	0000	4,61	5,09	4,58	4,64	4,38	2,41	2,28				
Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn	0000					2,04	82,94	90,78	96,71	101,38	100,22	95,85

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Listasafn Einars Jónssonar	0000	1,70	1,95	1,78	1,77	1,67	1,78	1,73	1,44	1,45	1,55	1,36
Listasafn Íslands	0000	18,51	19,31	17,62	17,47	19,08	18,41	18,38	18,28	17,48	17,85	19,19
Kvikmyndasafn Íslands	0000	1,98	1,45	1,45	1,56							
Blindrabókasafn Íslands	0000	10,09	10,73	10,80	10,55	10,54	10,78	11,30	11,06	11,18	10,78	11,45
Nátturuverndarráð	0000	0,55										
Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	0000		18,29	23,00	26,96	24,77	22,34	16,36	13,25	16,37	15,18	13,55
Húsfriðunarsjóður	0000					0,25	0,60	0,04			0,83	1,42
Kvikmyndasjóður	0000	1,62	2,14	2,33	2,00	3,67	4,16	5,01	4,86	6,22	5,73	7,18
Menntamálaráðuneyti alþjóðleg samskipti	0000		2,97	0,21	0,17	1,10	1,50	2,00	2,04	2,01	2,00	2,00
Menntamálaráðuneyti ýmis íþróttamál	0000	4,01	4,37	4,00	4,72	5,37	5,00	5,42	5,80	4,71	4,00	3,00
Íslenska upplýsingasamfélagið	0000										0,50	1,16
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	0000	0,76		1,03	0,34	0,06						
Verkefna- og námsstyrkjasjóður KÍ	0000		11,74	14,46	12,82	12,18	10,13	5,71				
Lánasjóður íslenskra námsmanna	0000	21,32	22,16	21,68	21,01	20,89	20,26	22,46	24,03	23,41	24,47	23,79
Ríkisútvarp	0000	370,68	383,91	392,21	384,47	386,84	383,09	365,82	370,63	368,85	358,34	351,32
Þjóðleikhúsið	0000	130,49	139,04	141,47	147,59	144,12	141,25	136,66	133,15	135,54	131,14	132,61
Sinfóníuhljómsveit Íslands	0000	76,82	81,16	83,47	83,02	83,14	81,90	84,46	82,26	85,43	89,30	89,36
Visindasjóður	0000	1,98										
Menningarsjóður	0000	5,86	5,62	4,45								
Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	1000	41,33	44,61	43,78	42,31	43,87	42,80	58,67	79,96	93,69	103,01	97,26
Grunnskólar Reykjanesi	1000	165,22	176,33	182,45	180,21	186,26	176,93	118,79				
Skólar fyrir fatlaða	1000					6,29						
Þjálfunarskóli ríkisins Kópavogshæli	1000	21,38	20,84									
Sérdeild fyrir einhverf börn	1000	6,52	7,54	7,24	6,61	0,89	7,99	4,26				
Einholtsskóli	1000	6,37	6,84	6,77	6,89	6,39	6,38	4,28				
Unglingaheimili ríkisins	1000	24,74	26,19	26,14								
Grunnskólar Reykjanesi	1100	39,37	39,09	42,19	44,89	47,53	46,59	29,79				
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1300	44,69	47,69	46,84	42,93	43,08	39,05	43,09	45,24	50,71	53,42	48,47
Grunnskólar Reykjanesi	1300	77,51	76,72	74,85	74,75	77,29	73,94	51,18				
Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis	1300	12,94	13,56	12,90	12,74	13,26	12,64	11,67	1,34			
Öskjuhlíðarskóli	1300	8,17	7,95	8,64	7,47	7,42						
Flensborgarskóli fjölbraut	1400	48,39	50,33	47,07	46,93	46,80	46,71	55,41	57,72	58,14	60,93	52,66
Iðnskólinn í Hafnarfirði	1400	28,50	28,53	27,89	27,57	28,52	29,65	32,26	31,35	32,15	32,33	31,82

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Fiskvinnsluskólinn	1400	7,41	8,39	7,65	6,65	5,81	2,49					
Grunnskólar Reykjanesi	1400	160,81	175,48	185,78	189,41	199,29	188,56	126,07				
Grunnskólar Reykjanesi	1603	9,89	12,65	12,35	12,83	12,94	11,86	8,34				
Grunnskólar Reykjanesi	1604	49,14	50,73	51,41	52,01	53,94	50,56	32,21				
Þjálfunarskóli ríkisins Tjaldanes	1604	2,32	2,60	1,71								
Grunnskólar Reykjanesi	1605	12,93	11,12	10,15	10,38	10,35	10,21	7,64				
Grunnskólar Reykjanesi	1606	2,70	3,72	3,27	2,56	2,37	2,15	1,33				
Suðurnes												
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2200	55,10	55,44	54,81	53,98	55,95	53,78	59,99	63,23	60,61	61,51	52,17
Grunnskólar Reykjanesi	2200	63,28	66,93	70,60	70,69	72,80	69,23	46,16				
Grunnskólar Reykjanesi	2300	23,50	25,52	26,09	25,56	26,61	24,92	16,99				
Grunnskólar Reykjanesi	2400	27,03	28,45	29,06	27,40	28,73	27,07	17,28				
Grunnskólar Reykjanesi	2503	17,13	18,51	18,97	19,77	19,51	18,36	11,73				
Grunnskólar Reykjanesi	2504	13,08	14,93	15,22	14,76	15,26	14,73	9,90				
Grunnskólar Reykjanesi	2506	9,61	10,17	9,88	10,07	10,69	10,37	6,53				
Vesturland												
Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	3000	58,10	55,94	58,74	61,67	63,77	58,72	76,37	69,65	61,56	61,88	55,99
Grunnskólar Vesturlandi	3000	65,38	67,41	68,27	66,91	67,73	63,11	41,18				
Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	3000	7,43	7,00	6,92	6,52	6,65	6,39	5,81	0,91	-0,12		
Grunnskólar Vesturlandi	3200	16,25	17,04	16,09	14,39	14,04	14,02	9,91				
Grunnskólar Vesturlandi	3504	11,69	12,40	13,10	12,68	11,33	10,60	6,59				
Grunnskólar Vesturlandi	3505	3,80	3,98	3,99	3,65	3,38	3,37	2,81				
Héraðsskólinn Reykholti	3508	12,42	11,53	11,12	11,75	14,01	14,00					
Grunnskólar Vesturlandi	3508	11,19	10,96	10,98	11,62	11,40	10,67	7,51				
Grunnskólar Vesturlandi	3604	16,11	17,87	15,65	10,73	9,45	9,40	6,72				
Grunnskólar Vesturlandi	3606	26,38	27,42	26,21	25,81	27,70	24,98	16,33				
Grunnskólar Vesturlandi	3702	9,67	9,53	7,99	6,88	6,66	5,99	3,89				
Grunnskólar Vesturlandi	3704		3,00	3,24	3,25	3,64	4,29	2,76				
Grunnskólar Vesturlandi	3706	10,52	11,01	11,52	11,25	12,54	11,91	7,47				
Grunnskólar Vesturlandi	3709	12,76	14,24	13,69	13,18	13,98	14,34	10,20				
Grunnskólar Vesturlandi	3711	17,89	19,05	19,32	16,40	16,09	15,40	10,31				

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Grunnskólar Vesturlandi	3804	7,89	7,55	7,62	7,76	7,42	8,06	5,02				
Grunnskólar Vesturlandi	3805	8,67	8,92	8,65	8,80	8,61	7,54	4,95				
Vestfirðir												
Menntaskólinn á Ísafirði	4000	30,39	32,97	32,10	29,86	32,01	29,73	30,46	29,47	29,05	27,60	27,15
Husstjórnarskólinn á Ísafirði	4000	1,03										
Grunnskólar Vestfjörðum	4000	40,91	39,11	39,22	39,89	38,33	37,43	25,90				
Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	4000	4,59	4,49	4,99	5,55	4,71	4,15	4,01	1,05			
Ríkisútvarp	4000	2,59	2,59	2,87	3,43	3,29	3,32	3,57	3,28	3,31	3,27	3,34
Grunnskólar Vestfjörðum	4100	13,75	15,31	15,93	14,72	14,88	13,68	9,05				
Grunnskólar Vestfjörðum	4502	9,19	8,49	8,12	8,30	7,52	6,04	4,21				
Grunnskólar Vestfjörðum	4601	3,72	3,38	3,09	2,78	2,54	2,61	1,69				
Grunnskólar Vestfjörðum	4602	1,41	1,46	1,63	2,08	1,91	2,18	1,37				
Grunnskólar Vestfjörðum	4603	12,75	12,98	13,95	14,17	12,32	12,12	7,90				
Grunnskólar Vestfjörðum	4604	4,79	5,50	5,79	6,23	5,97	5,94	3,97				
Grunnskólar Vestfjörðum	4606	6,04	6,21	6,36	5,97	5,54	5,14	3,51				
Grunnskólar Vestfjörðum	4702	7,68	8,58	8,15	8,30	9,24	8,70	5,76				
Héraðsskólinn Núpi	4703	9,11	9,31	6,58	1,58							
Héraðsskólar almennt	4703					1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Grunnskólar Vestfjörðum	4703	1,89	1,91	2,15	2,30	1,76	1,73	1,07				
Grunnskólar Vestfjörðum	4704	2,10	2,21	2,76	3,31	2,98	3,02	1,97				
Grunnskólar Vestfjörðum	4705	5,97	5,84	6,52	6,64	6,60	6,48	4,47				
Grunnskólar Vestfjörðum	4706	5,73	5,13	5,54	6,12	6,72	5,76	3,68				
Grunnskólar Vestfjörðum	4803	3,32	4,33	4,33	5,09	5,45	5,11	3,60				
Héraðsskólinn Reykjanesi	4805	9,58	5,58	1,14	1,00							
Héraðsskólar almennt	4805					1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Grunnskólar Vestfjörðum	4805	1,12	2,32	3,04	2,61	2,29	1,92	1,59	0,08			
Grunnskólar Vestfjörðum	4901	2,10	2,25	2,78	2,84	3,02	3,34	1,54				
Grunnskólar Vestfjörðum	4902	4,34	5,24	5,77	6,25	4,59	3,82	2,00				
Grunnskólar Vestfjörðum	4904	10,48	11,09	11,49	11,21	10,77	9,54	5,67				
Grunnskólar Vestfjörðum	4906	1,97	2,04	2,02	2,11	1,68	1,70	1,33				
Grunnskólar Vestfjörðum	4908	2,53	2,47	1,99	1,71	1,75	0,73					

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Norðurland vestra												
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5000	27,74	27,05	24,37	22,42	24,38	22,25	14,45				
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	5100	32,03	31,85	35,36	39,60	42,34	41,71	40,88	40,78	42,38	43,92	39,47
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5100	27,99	27,89	30,84	30,53	31,56	29,86	19,33				
Héraðsskólinn Reykjum	5501	7,02	7,01	6,97	8,94							
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5501	2,14	2,38	2,66	3,11	2,31	2,10	1,23				
Skólabúðir að Reykjum	5501					8,33	8,30	5,00				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5503	10,59	11,54	10,70	11,30	10,87	10,21	6,43				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5504	11,49	11,95	11,79	11,06	11,32	11,26	7,21				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5506	2,48	2,62	2,53	2,33	2,31	2,25	1,38				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5603	11,25	11,72	12,24	12,18	11,33	10,55	6,55				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5604	18,73	18,35	17,27	16,71	15,25	13,20	7,99				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5609	10,86	11,78	11,68	11,71	11,56	11,62	7,75				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5701	0,89	0,89	0,90	0,89	0,89	0,89	0,82				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5703	1,09	1,15	1,17	0,73							
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5704	10,97	12,16	12,19	11,78	13,76	12,30	8,28				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5705	5,07	5,50	5,16	5,09	4,39	4,21	3,15				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5706	3,14	3,45	3,50	3,10	2,47	3,11	2,16				
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	5706	6,80	6,40	6,78	6,13	5,31	5,82	5,54	1,69			
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5707	2,25	2,22	1,84	1,61	1,57	1,56	1,00				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5709	4,23	3,91	3,42	3,37	3,56	3,53	2,32				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5711	8,35	7,92	7,53	7,45	7,41	7,26	4,54				
Grunnskólar Norðurlandi vestra	5713	2,68	2,54	2,94	2,40	2,40	2,19	1,38				
Norðurland eystra												
Háskólinn á Akureyri	6000	30,15	40,32	46,67	50,54	62,97	69,36	69,97	73,63	86,55	94,69	102,74
Menntaskólinn á Akureyri	6000	58,72	59,74	56,44	53,24	54,11	53,42	58,44	59,94	59,90	60,28	57,33
Verkmenntaskólinn á Akureyri	6000	83,23	93,38	101,26	97,23	96,98	91,26	101,19	101,42	108,46	112,16	96,89
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	6000										11,89	10,11
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6000	163,03	164,23	164,51	158,22	162,42	155,33	102,98				
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	6000	10,94	9,84	8,02	8,51	8,95	8,60	9,95	3,64			
Hvammshlíðarskóli	6000	18,88	19,63	21,00	20,82	18,69	10,67	6,21				
Ríkisútvarp	6000	11,82	12,42	12,49	10,80	11,10	11,09	10,74	10,26			
Framhaldsskólinn á Húsavík	6100	22,53	27,19	24,76	24,45	25,86	22,48	23,78	21,71	21,08	19,79	17,28

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6100	27,73	28,52	28,84	29,42	29,06	27,18	18,20				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6200	15,45	15,62	15,66	16,57	18,21	15,91	10,56				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6300	25,04	22,35	18,73	18,90	19,90	19,43	13,59				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6501	2,26	2,32	2,00	2,84	2,49	2,27	1,21				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6502	5,04	4,90	4,72	4,80	5,00	4,77	3,13				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6504	4,56	4,65	4,37	3,94	3,76	4,18	3,16				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6505	4,57	4,80	4,89	5,24	5,30	4,79	3,02				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6509	9,09	8,24	7,99	8,26	7,84	7,23	5,10				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6510	13,89	12,01	13,98	18,51	16,79	16,48	10,67				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6511	3,95	4,11	2,77	0,67							
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6512	4,61	5,09	3,13								
Nátturuverndarráð	6600	0,59										
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6601	3,85	4,53	4,81	4,89	5,19	5,39	3,86				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6602	6,98	6,95	6,88	7,14	6,67	5,54	3,54				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6605	9,30	9,09	8,20	7,83	7,81	7,09	5,05				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6606	2,71	2,46	2,17	1,90	2,25	2,39	1,54				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6607	9,78	8,81	8,92	9,04	9,59	7,40	3,85				
Nátturuverndarráð	6607	1,87										
Framhaldsskólinn á Laugum	6608	16,68	17,19	18,94	19,31	19,54	18,35	19,86	17,18	16,10	15,29	13,85
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6608	4,14	4,64	4,23	4,59	4,79	5,25	2,68				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6609	12,00	11,33	10,72	11,47	11,31	10,06	6,45				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6702	4,61	4,98	4,87	4,49	4,28	4,62	3,19				
Nátturuverndarráð	6702	3,09										
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6704	3,70	3,61	3,67	3,81	4,02	3,14	2,42				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6705	4,86	4,69	4,84	4,87	5,43	5,52	3,50				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6706	1,77	2,00	2,29	2,59	2,45	1,97	1,34				
Grunnskólar Norðurlandi eystra	6707	5,89	6,28	7,36	6,87	7,45	7,18	4,37				
Austurland												
Grunnskólar Austurlandi	7000	14,57	15,37	16,05	13,61	12,39	11,21	7,30				
Verkmenntaskóli Austurlands	7100	17,02	20,26	20,48	20,96	20,95	19,92	20,44	20,55	22,65	22,76	23,64
Grunnskólar Austurlandi	7100	20,88	20,66	20,02	18,29	17,98	16,55	11,10				
Grunnskólar Austurlandi	7200	11,41	11,74	11,53	11,32	11,45	11,54	7,41				
Grunnskólar Austurlandi	7501	2,96	3,09	3,27	3,83	3,09	3,28	1,47				
Grunnskólar Austurlandi	7502	12,34	12,52	12,70	12,79	12,17	11,84	8,17				

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Grunnskólar Austurlandi	7503	4,00	4,49	4,47	4,35	4,41	4,23	2,85				
Grunnskólar Austurlandi	7504	2,05	2,08	2,15	2,78	2,28	2,20	1,47				
Grunnskólar Austurlandi	7506	4,88	5,07	5,02	4,85	4,53	5,31	4,34				
Grunnskólar Austurlandi	7509	3,45	3,82	2,93	3,14	3,22	3,82	2,46				
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	7602	3,76	3,67	3,79	4,32	4,03	3,43	4,39	3,98	2,93	0,58	
Grunnskólar Austurlandi	7602	6,91	7,28	7,00	6,66	6,73	7,58	4,75				
Menntaskólinn á Egilsstöðum	7603	27,10	27,42	28,96	27,50	28,72	33,07	42,16	41,49	36,52	32,92	29,36
Grunnskólar Austurlandi	7603	22,48	22,75	22,65	23,65	22,89	21,52	14,35				
Ríkisútvarp	7603	2,73	3,19	3,85	3,81	3,93	3,88	3,60	3,99	3,92	2,97	3,24
Alþýðuskólinn Eiðum	7604	14,45	14,05	13,89	13,32	12,95	6,48					
Grunnskólar Austurlandi	7604	5,02	4,79	4,76	4,70	4,98	5,42	3,46				
Grunnskólar Austurlandi	7605	1,22	1,09	0,92	0,89	0,89	0,89	0,53				
Grunnskólar Austurlandi	7606	1,74	1,84	2,07	2,61	2,12	1,60	0,67				
Grunnskólar Austurlandi	7609	10,92	12,32	12,28	11,24	10,88	10,36	6,77				
Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	7609	5,03	5,44	5,59	5,40	4,48	3,48	2,64	0,18			
Grunnskólar Austurlandi	7611	10,73	11,67	11,08	10,32	10,58	10,13	6,96				
Grunnskólar Austurlandi	7612	5,56	4,71	4,51	4,75	4,54	4,18	2,59				
Grunnskólar Austurlandi	7613	4,99	5,40	5,38	4,97	4,84	4,95	3,13				
Grunnskólar Austurlandi	7614	1,94	1,81	1,26	0,88							
Grunnskólar Austurlandi	7615	7,56	7,77	7,21	5,89							
Grunnskólar Austurlandi	7616	0,92	0,92	0,94	0,95	1,38	1,47	0,94				
Grunnskólar Austurlandi	7617				0,67	7,52	6,44	4,04				
Fasteignir héraðsskóla	7618											0,83
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	7702	7,49	9,34	12,23	13,09	12,27	11,03	12,01	11,44	12,33	12,50	10,88
Grunnskólar Austurlandi	7702	6,61	7,58	6,97	7,03	6,78	6,26	4,21				
Grunnskólar Austurlandi	7703	19,92	21,61	21,45	20,02	20,05	19,66	13,28				
Grunnskólar Austurlandi	7704	2,00	2,03	2,58	1,96	1,95	1,93	1,20				
Grunnskólar Austurlandi	7705	2,97	2,50	2,36	2,40	2,27	2,18	1,33				
Grunnskólar Austurlandi	7706	1,77	2,35	2,50	2,00	2,12	1,96	1,15				
Nátturuverndarráð	7706	13,53										
Suðurland												
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	8000	23,53	25,46	26,66	26,21	27,34	26,57	28,12	30,38	30,05	28,95	24,13
Grunnskólar Suðurlandi	8000	50,29	53,53	53,51	53,50	53,90	50,79	32,97				

Heiti stofnunar	Sveitarfélag	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Fjölbrautaskóli Suðurlands	8100	64,92	69,29	67,20	66,80	65,04	61,87	65,18	64,86	64,64	66,47	60,78
Grunnskólar Suðurlandi	8100	51,29	53,75	52,10	52,35	52,83	53,18	36,80				
Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	8100	5,92	5,38	5,66	6,69	6,71	6,53	5,86	0,60			
Grunnskólar Suðurlandi	8502	10,20	9,80	10,16	10,37	9,14	8,84	5,60				
Grunnskólar Suðurlandi	8508	10,74	11,13	11,00	10,95	10,97	9,95	6,07				
Héraðsskólinn Skógum	8601	9,40	8,96	9,90	9,53	9,56	8,58	8,73	7,51	4,70	0,67	
Grunnskólar Suðurlandi	8601	7,06	3,52	3,54	3,69	3,13	2,94	1,77				
Grunnskólar Suðurlandi	8602	5,44	2,64	2,80	2,82	2,91	3,14	2,31				
Grunnskólar Suðurlandi	8603		3,78	3,08	2,65	2,67	2,57	1,64				
Grunnskólar Suðurlandi	8604		2,55	2,25	1,86	1,50	1,67	1,28				
Grunnskólar Suðurlandi	8605	2,78	3,05	3,18	2,90	3,01	2,66	1,70				
Grunnskólar Suðurlandi	8606	14,67	16,26	16,26	14,82	15,20	16,28	12,51				
Grunnskólar Suðurlandi	8607	10,27	10,71	11,00	11,55	12,57	12,20	8,15				
Grunnskólar Suðurlandi	8609	9,60	9,54	9,46	8,52	7,55	7,99	4,72				
Grunnskólar Suðurlandi	8610					0,20	0,57	0,41				
Grunnskólar Suðurlandi	8611	2,50	2,50	2,31	2,78	2,01	2,12	1,49				
Grunnskólar Suðurlandi	8701	2,49	2,59	2,93	2,87	3,28	2,61	1,38				
Grunnskólar Suðurlandi	8702	8,30	7,93	8,33	7,96	8,04	7,70	4,71				
Grunnskólar Suðurlandi	8703	8,53	8,72	8,09	7,48	7,96	7,77	5,12				
Grunnskólar Suðurlandi	8706	2,61	2,47	2,49	2,79	3,28	3,16	1,85				
Grunnskólar Suðurlandi	8707	3,03	3,10	3,09	3,13	3,15	3,17	2,22				
Grunnskólar Suðurlandi	8708	3,40	3,68	3,87	4,12	3,05	3,21	2,00				
Grunnskólar Suðurlandi	8709	4,01	4,85	5,14	4,00	3,92	3,77	2,57				
Grunnskólar Suðurlandi	8710	12,07	12,59	12,64	12,09	12,21	10,89	7,52				
Skálholtsskóli	8711	1,78	3,28	0,04								
Grunnskólar Suðurlandi	8711	9,54	9,34	9,30	9,84	10,34	9,29	5,38				
Menntaskólinn á Laugarvatni	8712	19,73	20,94	25,17	25,64	24,85	22,26	17,49	17,24	15,71	23,45	20,66
Héraðsskólinn Laugarvatni	8712	4,79	4,49									
Grunnskólar Suðurlandi	8712	3,10	3,22	3,33	3,36	3,33	3,19	2,10				
Sameiginlegur kostnaður skólanna á Laugarvatni	8712						1,00	13,22				
Grunnskólar Suðurlandi	8713	5,02	5,13	5,18	4,97	5,25	4,98	3,20				
Þjálfunarskóli ríkisins Sólheimum Grímsnesi	8713	2,34	2,35	1,25								
Grunnskólar Suðurlandi	8714					0,72	1,82	1,29				
Grunnskólar Suðurlandi	8716	23,11	24,23	25,28	25,69	25,47	23,48	15,49				
Grunnskólar Suðurlandi	8717	17,35	15,43	15,41	15,47	15,84	17,78	12,09				

Tákntölur sveitarfélaga.

Höfuðborgarsvæði
0000 Reykjavík
1000 Kópavogur
1100 Seltjarnarnes
1300 Garðabær
1400 Hafnarfjörður
1603 Bessastaðahreppur
1604 Mosfellsbær
1606 Kjósarhreppur

Suðurnes
2000 Reykjanesbær
2300 Grindavík
2503 Sandgerði
2504 Gerðahreppur
2506 Vatnsleysustrandarhreppur

Vesturland
3000 Akranes
3501 Hvalfjarðarstrandarhreppur
3502 Skilmannahreppur
3503 Innri-Akraneshreppur
3504 Leirár- og Melahreppur
3506 Skorradalshreppur
3510 Borgarfjarðarsveit
3601 Hvítársíðuhreppur
3609 Borgarbyggð
3701 Kolbeinsstaðahreppur
3709 Eyrarsveit
3710 Helgafellssveit
3711 Stykkishólmur
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur
3714 Snæfellsbær
3809 Saurbæjarhreppur
3811 Dalabyggð

Vestfirðir
4100 Bolungarvík
4200 Ísafjarðarbær
4502 Reykhólahreppur
4604 Tálknafjarðarhreppur
4607 Vesturbyggð
4803 Súðavíkurhreppur
4901 Árneshreppur
4902 Kaldrananeshreppur
4908 Bæjarhreppur
4909 Broddaneshreppur
4910 Hólmavíkurhreppur

Norðurland vestra
5000 Siglufjörður
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður
5508 Húnaþing vestra
5601 Áshreppur
5602 Sveinsstaðahreppur
5603 Torfalækjarhreppur
5604 Blönduóssbær
5605 Svínavatnshreppur
5606 Bólstaðarhlíðarhreppur
5609 Höfðahreppur
5611 Skagabyggð
5706 Akrahreppur

Norðurland eystra
6000 Akureyri
6100 Húsavíkurbær
6200 Ólafsfjörður
6400 Dalvíkurbyggð
6501 Grímseyjarhreppur
6504 Hríseyjarhreppur
6506 Arnarneshreppur
6513 Eyjafjarðarsveit
6514 Hörgárbyggð
6601 Svalbarðsstrandarhreppur
6602 Grýtubakkahreppur
6607 Skútustaðahreppur
6609 Aðaldælahreppur
6611 Tjörneshreppur
6612 Þingeyjarsveit
6701 Kelduneshreppur
6702 Öxarfjarðarhreppur
6705 Raufarhafnarhreppur
6706 Svalbarðshreppur
6707 Þórshafnarhreppur

Austurland
7000 Seyðisfjörður
7300 Fjarðabyggð
7501 Skeggjastaðahreppur
7502 Vopnafjarðarhreppur
7505 Fljótsdalshreppur
7506 Fellahreppur
7509 Borgarfjarðarhreppur
7512 Norður-Hérað
7605 Mjóafjarðarhreppur
7610 Fáskrúðsfjarðarhr.
7611 Búðahreppur
7612 Stöðvarhreppur
7613 Breiðdalshreppur
7617 Djúpavogshreppur
7618 Austur-Hérað
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður

Suðurland
8000 Vestmannaeyjar
8200 Sveitarfélagið Árborg
8508 Mýrdalshreppur
8509 Skaftárhreppur
8610 Ásahreppur
8613 Rangárþing eystra
8614 Rangárþing ytra
8701 Gaulverjabæjarhreppur
8706 Hraungerðishreppur
8707 Villingaholtshreppur
8710 Hrunamannahreppur
8716 Hveragerði
8717 Sveitarfélagið Ölfus
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur
8721 Bláskógabyggð

448. Tillaga til þingsályktunar [389. mál]

um lífskjarakönnun eftir landshlutum.

Flm.: Þuríður Backman, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta gera ítarlega könnun á lífskjörum landsmanna, sundurliðaða eftir helstu þáttum og flokkaða eftir landshlutum þannig að marktækur samanburður fáist. Kannaðir verði allir sömu þættir og skoðaðir hafa verið í neyslukönnunum Hagstofu Íslands svo að nota megi hana til að meta framfærslukostnað fjölskyldna. Auk þess verði metnir allir helstu þættir sem áhrif hafa á almenn lífskjör, svo sem laun, verðlag, kostnaður við skólagöngu barna og ungmenna, kostnaður við heilbrigðisþjónustu og samgöngur, húshitunarkostnaður og aðgangur að almennri þjónustu.

Greinargerð.

Í janúarmánuði 2002 kynnti Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu um tekjuskiptingu á Íslandi þar sem fram kemur að misskipting hefur aukist á síðustu árum þrátt fyrir að heldur vel hafi árað í efnahagslífinu. Skýrslan sýnir að meðallaun hafa hækkað mun hraðar á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni frá miðjum tíunda áratugnum og jafnframt hafi misskipting aukist á höfuðborgarsvæðinu en minnkað á landsbyggðinni.

Í skýrslu sem Stefán Ólafsson vann fyrir Byggðastofnun um orsakir búferlaflutninga á Íslandi og gefin var út í nóvember 1997 kemur fram að einn helsti orsakavaldur byggðaröskunarinnar er mismunur á launakjörum og vöruverði milli landshluta. En þar að auki er nauðsynlegt að átta sig á því hvernig einstök byggðarlög eru í stakk búin til að tryggja almenna velferð íbúanna. Aðgangur að hvers kyns félagslegri þjónustu er snar þáttur í almennum lífskjörum og er vissulega misjafn eftir byggðarlögum. Nauðsynlegt er að draga þennan mun fram og í kjölfarið að stuðla að sem jöfnustum rétti allra landsmanna í þessum efnum sem öðrum.

Til að bregðast markvisst við þessum vanda er nauðsynlegt að vinna úr traustum grunnupplýsingum. Mikilvægt er að fá fram vandaða skýrslu um alla þá þætti sem skapa aðstöðumun milli byggðarlaga þannig að í ljós komi til hvers konar aðgerða þarf að grípa á hverju svæði. Sem stendur liggja þessar upplýsingar ekki fyrir þótt finna megi ýmsar vísbendingar um ástand mála í eldri skýrslum. Þar má helst nefna síðustu neyslukönnun Hagstofu Íslands, sem unnin var árið 1995, og ýmsar tölfræðilegar upplýsingar frá sama ári sem fram koma í skýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar um forsendur stefnumótandi byggðaáætlunar 1998–2002.

Í neyslukönnun Hagstofunnar árið 1995 kom fram talsverður munur á meðalársútgjöldum heimila eftir búsetu. Meðalútgjöld heimilis á höfuðborgarsvæðinu voru 2.309.091 kr., í öðru þéttbýli 2.429.970 kr. og 1.985.888 kr. í dreifbýli. Jafnframt kom í ljós að meðalstærð heimila er mjög mismunandi eftir búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu var hún að meðaltali 2,65 en 3,0 í öðru þéttbýli og 3,40 í dreifbýli. Ef helstu atriði í neysluvísitölunni eru sett upp í töflu og flokkuð eftir búsetu lítur taflan svona út:

		Höfuðborgar-svæði	Annað þéttbýli	Dreifbýli	Meðaltal
01	Matur og drykkjarvörur	16,8	17,3	21,3	17,4
02	Áfengi og tóbak	3,5	2,7	3,2	3,2
03	Föt og skór	6,8	7,0	7,4	6,9
04	Húsnæði, hiti og rafmagn	18,5	17,0	16,0	17,9
05	Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	6,1	6,2	5,3	6,0
06	Heilsugæsla	3,0	3,3	2,8	3,1
07	Ferðir og flutningar	13,9	15,8	15,7	14,6
08	Póstur og sími	1,5	1,4	1,2	1,4
09	Tómstundir og menning	13,7	12,5	12,7	13,3
10	Menntun	1,0	1,1	0,5	1,0
11	Hótel og veitingastaðir	5,5	5,7	4,6	5,5
12	Ýmsar vörur og þjónusta	9,9	10,0	9,3	9,9
	Alls	100,0	100,0	100,0	100,0
	Fjöldi heimila	857	351	167	1.375
	Fjöldi í heimili	2,65	3,00	3,40	2,82

Í töflunni sést að í dreifbýli eru útgjöld til kaupa á mat og drykkjarvörum mun stærri liður í neyslunni en í þéttbýli og sama má segja um ferða- og flutningskostnað. Þarna eru vísbendingar um aðstöðumun en flokkunin er alltof gróf til að nokkuð megi af henni ráða um einstök svæði. Vitað er að kostnaður við framhaldsnám unglinga er mikill þar sem sækja verður menntunina í önnur byggðarlög. Sama máli gegnir um húshitunarkostnað á svokölluðum köldum svæðum landsins. Á þessum sviðum og fleirum er verulegur aðstöðumunur sem hefur mikil áhrif á viðhorf fólks til búsetu á tilteknum svæðum. Þetta kemur bæði fram í fyrrnefndri skýrslu sem unnin var af Stefáni Ólafssyni, *Búseta á Íslandi*, og nýlegri skýrslu Byggðastofnunar sem nefnist *Byggðir á Íslandi*. Í þeirri síðarnefndu er sérstaklega lögð áhersla á nauðsyn þess að grípa til sértækra, svæðisbundinna aðgerða í þeim byggðarlögum sem standa hvað höllustum fæti í dag.

Eins og áður sagði eru heildarútgjöld heimila í dreifbýli að meðaltali talsvert lægri en í þéttbýli. Það verður að sjálfsögðu að skoða í samhengi við tekjuskiptingu landsmanna. Í fyrrnefndri skýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar kemur fram að meðaltekjur árið 1995 voru mjög mismunandi eftir landsvæðum. Til að mismikil atvinnuþátttaka skekki ekki myndina eru reiknaðar meðaltekjur á íbúa. Þá kemur í ljós að tekjur á íbúa voru hæstar í Ísafjarðarsýslum og Vestmannaeyjum. Nánari sundurliðun sýnir þó að á Vestfjörðum og víðar þar sem sjávarútvegur vegur þungt eru það háar tekjur sjómanna sem hækka meðaltalið, en að þeim slepptum eru meðallaun lág. Lægstar voru tekjurnar í Vestur-Skaftafellssýslu, Dalasýslu og Reykhólasveit. Frávik frá landsmeðaltali og hlutfallsleg breyting á fjölda ársverka eftir landsvæðum síðastliðin tíu ár voru sem hér segir:

Svæði	Frávik frá landsmeðaltekjum í %	Breyting á fjölda ársverka 1985–95 í %
Höfuðborgarsvæðið	1	12
Suðurnes	3	1
Akranessvæði	3	-4
Borgarnessvæði	-17	-13
Snæfellsnes	3	-6
Dalir og Austur-Barðastrandarsýsla	-26	-31
Vestur-Barðastrandarsýsla	0	-24
Ísafjarðarsýslur	23	-12
Strandir	-7	-24
Vestur-Húnavatnssýsla	-22	-27
Austur-Húnavatnssýsla	-2	-26
Skagafjörður	-14	-9
Siglufjörður	6	-23
Eyjafjörður	-2	1
Suður-Þingeyjarsýsla	-7	-7
Norður-Þingeyjarsýsla	2	-1
Vopnafjörður og Skeggjastaðahreppur	-8	-16
Hérað	-13	-12
Miðfirðir Austfjarða	14	-13
Suðurfirðir Austfjarða	-11	-27
Austur-Skaftafellssýsla	2	13
Vestur-Skaftafellssýsla	-28	-20
Rangárvallasýsla	-22	-17
Vestmannaeyjar	20	0
Árnessýsla	-15	2

Af framansögðu má ljóst vera að þörfin fyrir þá upplýsingasöfnun sem gert er ráð fyrir í tillögunni er brýn svo að hægt sé að sporna við byggðaröskuninni með markvissum aðgerðum sem taka mið af aðstæðum í hverju byggðarlagi

Tillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt með aukinni greinargerð. Óþarft er að tíunda þá miklu umræðu sem farið hefur fram að undanförnu um byggðaþróun á Íslandi. Í þeirri umræðu hefur hins vegar náðst sá mikilsverði áfangi að nú er orðið viðurkennt að þessi mikla byggðaröskun er ekki einungis vandi landsbyggðarinnar heldur landsins alls. Ljóst er að til viðbótar almennum aðgerðum verða að koma staðbundnar aðgerðir miðaðar við aðstæður í einstökum byggðarlögum ef árangur á að nást.

449. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir 47 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 3.269 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 38,2 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 5,2 m.kr. hækkun á fjárveitingu til embættisins til að mæta kostnaði við óhjákvæmilega endurskipulagningu starfsmannamála á Bessastöðum og starfslokasamninga sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins.

201 Alþingi.

6.21 Fasteignir. Lagt er til að veitt verði 13 m.kr. framlag vegna kostnaðar við að ljúka breytingum á vesturhluta 1. hæðar Alþingishússins sem tengjast opnun þjónustuskála Alþingis.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit.

6.50 Nýbygging. Lögð er til 20 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við lokaáfanga framkvæmdar við byggingu þjónustuskála Alþingis.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 21,4 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 11,4 m.kr. hækkun á fjárheimildum skrifstofunnar og er hún tvíþætt. Gerð er tillaga um 8,8 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við opinbera heimsókn forsætisráðherra Víetnams til landsins í haust. Kostnaðurinn er nokkuð hærri en í hefðbundinni heimsókn vegna fjölmenns fylgdarliðs og þar sem gistikostnaður fylgdarliðs er greiddur í þessu sérstaka tilfelli. Aðrir kostnaðarliðir eru akstur, risna og móttaka, leiga á þyrlu auk annars rekstrarkostnaðar. Við fjárlagagerð fyrir árið 2002 lá ekki fyrir að forsætisráðherra Víetnams kæmi í heimsókn á árinu og því var ekki sérstaklega gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárlögum ársins.

Þá er lögð til 2,6 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar Flugleiða hf. af endurgreiðslu flugfargjalda til félagsmanna Falun Gong og lögfræðikostnaðar sem tengist opinberri heimsókn forseta Kína til landsins í sumar.

190 Ýmis verkefni.

1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum. Lögð er til 10 m.kr. hækkun á framlagi til stjórnmálaflokka í ljósi breyttra aðstæðna eftir stækkun kjördæma.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 203,8 m.kr.

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er lagt til að veittar verði 15 m.kr. til stofnunarinnar vegna undirbúnings á sýningu á handritum Árna Magnússonar í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni af 30 ára afmæli stofnunarinnar. Sýningin hefur þegar verið opnuð og er því óskað eftir að umrædd fjárveiting verði veitt í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár fremur en í fjárlögum fyrir árið 2003.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.91 Háskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 80 m.kr. aukafjárveitingu vegna nemendafjölgunar. Á grundvelli upplýsinga frá háskólum má ætla að fjöldi nemenda verði meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 2002. Mest er fjölgunin í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík. Um er að ræða nemendafjölgun umfram hámarksákvæði í samningum við skólana.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík. Lagt er til að skólinn fái 4,8 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við rekstur fornámsdeildar og til framkvæmda sem tengjast öryggi í skólahúsnæðinu.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 40 m.kr. aukafjárveitingu vegna óvissu um fjölda nemenda í framhaldsskólum. Það samsvarar framlagi fyrir um það bil 80 ársnemendur og yrði þá áætlað fyrir framlagi vegna alls 15.304 ársnemenda á árinu 2002. Forsendur fjárlaga fyrir árið 2002 gera ráð fyrir 15.224 ársnemendum í framhaldsskólum, auk nemenda í hús(„sjómarnarskólum"). Úrvinnsla úr nemendaskrám skólanna bendir til þess að á vorönn 2002 hafi þar verið 7.507 ársnemendur. Bráðabirgðatölur benda til þess að nemendur í dagskóla sömu skóla verði 17.700 á haustönn 2002 samanborið við liðlega 16.700 nemendur haustið 2001 samkvæmt endanlegum tölum nemendaskrár Hagstofu Íslands. Óvíst er um endanlegan fjölda og virkni nemenda í náminu, en bráðabirgðatölurnar benda til þess að ársnemendur gætu orðið heldur fleiri en miðað er við í fjárlögum.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.11 Nýlistasafn. Gerð er tillaga um að veita Nýlistasafninu sérstaka 10 m.kr. aukafjárveitingu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu safnsins.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Lagt er til að liðurinn hækki um 14,1 m.kr. en sundurliðun er sýnd í breytingartillögu meiri hlutans.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Í lokafjárlögum fyrir árið 1998 var felld niður 30,9 m.kr. ónotuð fjárheimild Endurbótasjóðs í árslok 1998. Við nánari skoðun á málinu hefur komið í ljós að heimildin átti að flytjast á milli ára og er því farið fram á viðbótarfjárheimild sem því nemur.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Gerð er tillaga um 4 m.kr. aukafjárveitingu til þess að koma til móts við útgjöld sem leiða af dómi Félagsdóms frá 26. júní sl. í máli Félags íslenskra hljóðfæraleikara gegn Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin áætlar að dómurinn leiði til 8,4 m.kr. aukinna útgjalda og er miðað við að aðrir rekstraraðilar og hljómsveitin sjálf leggi til það sem á vantar.

983 Ýmis fræðistörf.

1.10 Fræðistörf. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu á lið 02-999-1.90 Ýmis framlög vegna halla fyrri ára á útgáfu Fransk-íslenskrar orðabókar. Lagt er til að framlagið verði fært yfir á fjárlagalið 02-983-1.10 Ýmis fræðistörf þar sem útgjöldin eru bókfærð.

989 Ýmis íþróttamál.

1.24 Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, landsmót ungmennafélaga 2004. Lagt er til að heiti liðarins breytist og verði Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004. Hætt var við að halda landsmót á Ísafirði og ákveðið að halda það í Skagafirði.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. aukafjárveiting vegna ýmissa styrkja sem ráðuneytið úthlutar. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu á liðnum vegna halla fyrri ára á útgáfu Fransk-íslenskrar orðabókar. Lagt er til að framlagið verði fært yfir á fjárlagalið 02-983-1.10 Ýmis fræðistörf þar sem útgjöldin eru bókfærð. Heildarfjárveiting á liðnum breytist því ekki.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 66 m.kr.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Lagt er til að beinar greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækki um 63,6 m.kr. Þar er í fyrsta lagi um að ræða uppgjör á árinu 2001. Í öðru lagi aukast framleiðsluheimildir í ár um tvær milljónir lítra frá 1. september. Í þriðja lagi hækka beingreiðslur í kjölfarið á 3,69% hækkun á verði til framleiðenda frá og með 1. nóvember 2002 samkvæmt ákvörðun verðlagsnefndar landbúnaðarvara.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Lögð er til 2,4 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna lífeyrisiðgjalda af beinum greiðslum til kúabænda. Tillagan tekur mið af hækkun beingreiðslna vegna uppgjörs á árinu 2001 og aukinna framleiðsluheimilda og hækkunar á grundvallarverði mjólkur í haust.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 72,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT). Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. framlag vegna þátttöku Íslendinga í Alþjóðatúnfiskráðinu, ICCAT, sem Ísland gerðist aðili að í október 2002 í samræmi við þingsályktun um aðild að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi sem samþykkt var á Alþingi 29. október sl. Þar af eru 2 m.kr. árlegt aðildargjald og 0,5 m.kr. vegna kostnaðar við fundarsetu.

1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC. Lagt er til að veitt verði 5,3 m.kr. framlag vegna þátttöku Íslendinga í Alþjóðahvalveiðiráðinu, IWC. Þar af er 4,8 m.kr. árlegt aðildargjald og 0,5 m.kr. vegna kostnaðar við fundarsetu.

202 Hafrannsóknastofnunin.

5.31 Viðhald rannsóknaskipa. Gerð er tillaga um 65 m.kr. framlag til að ljúka viðgerð á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Samtals er þá gert ráð fyrir 118 m.kr. fjárheimild á árinu til viðhalds á skipinu.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 216 m.kr.

210 Héraðsdómstólar.

1.01 Héraðsdómstólar. Lagt er til að veitt verði 48,4 m.kr. framlag til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla héraðsdómstóla. Með sparnaðaraðgerðum og aðhaldi hefur tekist að aðlaga rekstur héraðsdómstóla núverandi fjárheimildum. Eftir stendur vandi fyrri ára en til að taka á honum þyrfti að koma til samdráttar í starfsmannahaldi. Er hér gerð tillaga um framlag til að mæta uppsafnaða hallanum svo að til þess þurfi ekki að koma.

232 Opinber réttaraðstoð.

1.10 Opinber réttaraðstoð. Lögð er til 15 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna umframútgjalda við gjafsóknir. Málum hefur fjölgað verulega á síðustu árum og auk þess hefur meðaltalskostnaður hvers mál hækkað. Ekki er unnt að lækka útgjöldin nema með breyttum lögum sem takmarki rétt einstaklinga til gjafsókna. Útgjöld á síðasta ári reyndust vera um 75 m.kr. og ekki er ástæða til að ætla að útgjöldin verði lægri í ár. Fjárheimild þessa árs er 62,2 m.kr. og er áætlað að í árslok geti vantað um 15 m.kr. Staða á þessum lið er ávallt felld niður um áramót.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Gerð er tillaga um 23,6 m.kr. viðbótarframlag til að standa undir kostnaði við flutning fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar í Skógarhlíð. Heildarkostnaður við flutning fjarskiptamiðstöðvarinnar og Almannavarna verður 92,2 m.kr. samkvæmt mati Framkvæmdasýslu ríksins. Neyðarlínan hf., sem jafnframt flytur í nýja stjórnstöð í Skógarhlíð, ber 26,4 m.kr. af þessum kostnaði samkvæmt mati á kostnaðarskiptingu þessara aðila. Kostnaður við flutning á skrifstofu Almannavarna frá Seljavegi og stjórnstöðvar Almannavarna frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu og uppsetning skrifstofu og stjórnstöðvar í Skógarhlíðinni nemur 42,2 m.kr. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna flutningsins og uppsetningar á sameiginlegri stjórnstöð Almannavarna og stjórnstöðvar leitar og björgunar nemur því 65,8 m.kr.

321 Almannavarnir ríkisins.

1.01 Almannavarnir ríkisins. Gerð er tillaga um 42,2 m.kr. viðbótarframlag til að standa undir kostnaði við flutning skrifstofu Almannavarna frá Seljavegi og stjórnstöðvar Almannavarna frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu og uppsetningu skrifstofu og stjórnstöðvar í Skógarhlíð. Heildarkostnaður við flutning Almannavarna og fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar í sama húsnæði verður 92,2 m.kr. samkvæmt mati Framkvæmdasýslu ríksins. Kostnaðurinn liggur m.a. í því að verið er að flytja til afar sérhæfða öryggisstarfsemi og umfangsmikið tölvukerfi og fjarskiptabúnað, auk þess sem fluttir eru saman á einn stað aðilar sem nú eru á þremur stöðum í Reykjavík. Reynt er til hins ýtrasta að nýta áfram búnað sem til staðar er í fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og stjórnstöð Neyðarlínunnar en óhjákvæmilegt er að kaupa nýjan búnað að miklu leyti í ljósi þess að núverandi stjórnstöð Almannavarna í lögreglustöðinni við Hverfisgötu stenst á engan hátt nútímakröfur. Kostnaðurinn liggur meðal annars í neyðarsímsvörunarborðum, skjám, tölvum og símsvörunarborðum, uppfærslu á símstöð og aðlögun símkerfis, varaaflgjafa, upptökukerfi og fleiru, auk hefðbundins kostnaðar við flutning skrifstofufustarfsemi. Í nýju stjórnstöðinni er fyrirhugað að reka, auk stjórnstöðvar Almannavarna, sameiginlega stjórnstöð fyrir alla aðila sem koma að leit og björgun í landinu.

398 Útlendingaeftirlitið.

1.01 Útlendingaeftirlitið. Lagt er til að veitt verði 15,8 m.kr. fjárheimild til að flytja Útlendingastofnun í nýtt húsnæði í Skógarhlíð 6. Með breyttum lögum um stofnunina

fjölgaði starfsmönnum og reyndist þá nauðsynlegt að huga að nýju húsnæði. Kostnaður sem til fellur er vegna endurbóta á nýja húsnæðinu, búnaðar o.fl.

501 Fangelsismálastofnun ríkisins.

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins. Gerð er tillaga um 46 m.kr. framlag til að mæta uppsöfnuðum fjárhagshalla stofnunarinnar. Með 30,6 m.kr. framlagi sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu og aðgerðum innan ársins er talið að stofnuninni takist að halda sig innan heimilda þessa árs en ekki hefur verið unnt að vinna á fyrri halla. Ef stofnunin þyrfti að vinna upp hallann yrði nauðsynlegt að draga úr nýtingu á fangarými sem er til ráðstöfunar.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Gerð er tillaga um að veittur verði 25 m.kr. styrkur til Kirkjumálasjóðs til kaupa á húsnæði undir starfsemi Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Flutningur skólans í varanlegt húsnæði er mikilvægur fyrir allt starf hans en skólinn nýtist menningar- og kirkjustarfi um land allt.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 694,9 m.kr.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 140 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna uppsafnaðs halla Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík. Ljóst er að þessi halli er svo mikill að ekki verður unnið á honum nema með umtalsverðum niðurskurði á þjónustu stofnunarinnar. Það er mat félagsmálaráðuneytisins að komist hafi verið fyrir viðvarandi halla á rekstri stofnunarinnar og að hún verði eftirleiðis innan ramma fjárlaga.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.

1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Lögð er til 13,1 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna samnings félagsmálaráðuneytisins og Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlaða. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2002 til ársloka 2006.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.

1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða. Lögð er til 49,8 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna samnings félagsmálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar um þjónustu við fatlaða. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2002 til ársloka 2006.

720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ.

1.70 Vistheimilið Skálatúni. Lögð er til 15 m.kr. hækkun á framlagi til Skáltúns vegna rekstrarvanda heimilisins. Ástæða hans er einkum sú að þörf íbúa heimilisins fyrir þjónustu hefur aukist sem hefur haft í för með sér fjölgun starfsmanna og aukinn launakostnað. Farið er fram á samsvarandi hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Gerð er tillaga um 75 m.kr. fjárveitingu til viðbótar við þær 300 m.kr. sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Endurskoðuð áætlun um greiðslur úr Ábyrgðasjóði launa á árinu gerir ráð fyrir að þær nemi um 700 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Gerð er tillaga um 300 m.kr. fjárveitingu til viðbótar við þær 495 m.kr. sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Atvinnuleysi hefur aukist nokkuð síðastliðna mánuði og eru horfur á að útgjöld vegna atvinnuleysisbóta verði meiri en fjárlög ársins gera ráð fyrir.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að veitt verði 200 m.kr. framlag til sjóðsins. Endurskoðuð áætlun hefur leitt í ljós að meðaltalsgreiðslur og fjöldi þeirra sem fá greitt úr sjóðnum er meiri en áætlað var. Á móti lækka framlög til foreldra utan vinnumarkaðar um 100 m.kr. vegna ofmats á þeim greiðslum.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Lagt er til að fjárheimild vegna fæðingarorlofsgreiðslna til foreldra utan vinnumarkaðar lækki um 100 m.kr. Endurskoðuð áætlun um þróun útgjalda ársins 2002 hefur leitt í ljós að útgjöld vegna foreldra utan vinnumarkaðar eru ofmetin en útgjöld vegna Fæðingarorlofssjóðs eru vanmetin.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Gert er tillaga um 2 m.kr. framlag til Vímulausrar æsku til reksturs Foreldrahúss.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.907,9 m.kr.

204 Lífeyristryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lögð er til 170 m.kr. lækkun á framlagi vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld þessa árs.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Lögð er til 60 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta kostnaði við ambúlantrannsóknir sem sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar ávísa á og Tryggingastofnun greiðir fyrir.

1.21 Hjálpartæki. Lögð er til 153 m.kr. aukafjárveiting til að mæta auknum útgjöldum vegna hjálpartækja. Auk þess er þegar gert ráð fyrir 47 m.kr. viðbótarfjárveitingu í frumvarpinu. Framlag í fjárlögum er 998 m.kr. en nú er talið að útgjöldin á árinu muni nema 1.198 m.kr. Útgjöld til þessa málaflokks hafa aukist mikið síðustu árin og virðist ekkert lát vera á því.

1.45 Brýn meðferð erlendis. Lögð er til 100 m.kr. lækkun á framlagi vegna brýnnar meðferðar erlendis í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins.

1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis. Lögð er til 20 m.kr. lækkun á framlagi til að mæta sjúkrakostnaði við veikindi og slys erlendis í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins.

209 Sjúklingatryggingar.

1.11 Sjúklingatryggingar. Lögð er til 60 m.kr. lækkun á framlagi til sjúklingatrygginga í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu. Þessi nýi bótaflokkur, sjúklingatryggingar, varð til með nýjum lögum sem tóku gildi 1. janúar 2001. Lögin kveða á um rétt sjúklinga sem orðið hafa fyrir slysi frá og með 1. janúar 2001. Lítið hefur reynt á þennan flokk enn þá þar sem oftast tekur langan tíma að fá niðurstöðu í slíkum málum. Útgjöld vegna slíkra mála birtast því enn sem útgjöld framfærslubóta slysatrygginga.

301 Landlæknir.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 23,6 m.kr. fjárveiting vegna flutnings embættisins í nýtt húsnæði sem fyrirhugaður er í desember á þessu ári. Þar af eru 3,6 m.kr. til að mæta kostnaði embættisins við leigu á hinu nýja húsnæði. Til að tryggja húsnæðið er það tekið á leigu frá september og vinnst þá tími til að gera nauðsynlegar breytingar. Gert er ráð fyrir 20 m.kr. til að mæta auknum útgjöldum embættisins við flutninginn, m.a. viðbótarinnréttingar á húsnæðinu sem eru utan leigusamnings, samtals að fjárhæð 7,5 m.kr., og

kaup á skrifstofuhúsbúnaði, svo sem hillum, skápum, skrifborðum, innbrotaviðvörunarkerfi, viðverukerfi o.fl.

326 Sjónstöð Íslands.

1.01 Sjónstöð Íslands. Lögð er til 3 m.kr. fjárveiting til að mæta sérstökum kostnaði við tölvuhjálpartæki fyrir blinda nemendur í framhaldsskólum.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Gerð er tillaga um 1.060 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss. Áætlað er að hallinn verði 2.660 m.kr. í árslok 2002. Í frumvarpinu er þegar gert ráð fyrir 1.200 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta hallanum. Þar af eru 90 m.kr. vegna greiðslna á uppsöfnuðum frítökurétti lækna í samræmi við ákvæði EES-samningsins um lágmarkshvíld. Að teknu tilliti til þeirrar aukafjárveitingar er áætlað að uppsafnaður rekstrarhalli spítalans verði 1.460 m.kr. Jafnan er við það miðað að heilbrigðisstofnanir geti borið með sér reikninga sem nema um tveimur til fjórum vikum í öðrum rekstrargjöldum en launum. Í tilviki stofnunarinnar er umfang slíkra reikninga að hámarki um 400 m.kr. Greiðsluhalli spítalans stefnir því að óbreyttu í um 1.060 m.kr. í árslok 2002.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi. Farið er fram á 18 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta útgjöldum við bólusetningu gegn meningókokkasjúkdómi. Í frumvarpinu hefur þegar verið lagt til 90 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við bólusetningarátakið. Embætti landlæknis hefur nú þegar lagt út 14 m.kr. vegna þess. Gert er ráð fyrir að notaðir verði 70 þúsund skammtar af bóluefni í ár. Skammturinn kostar 1.490 kr. og nemur því kostnaður við bóluefnið samtals 104,3 m.kr. Þá er beinn útlagður kostnaður landlæknisembættisins 3,7 m.kr. vegna útgáfu og útsendingar á upplýsingabæklingi sem gerður var til kynningar á málinu. Samtals vantar því 18 m.kr. til að mæta kostnaði við átakið í ár.

1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina. Farið er fram á 20 m.kr. aukafjárveitingu til að greiða upp skuld Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands við Ríkiskaup. Kemur sú fjárheimild til viðbótar 20 m.kr. framlagi sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu og verður heimildin því samtals 40 m.kr.

1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili. Gerð er tillaga um 7,5 m.kr. framlag til að styrkja rekstur Krýsuvíkurskóla.

1.90 Ýmis framlög. Lögð er til 9,5 m.kr. hækkun á safnliðnum til að leysa brýn verkefni hjá ýmsum félagasamtökum á sviði heilbrigðismála.

495 Daggjaldastofnanir.

1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Gerð er tillaga um 73,3 m.kr. fjárheimild til að bæta uppsafnaðan halla fyrri ára. Í gildi hefur verið þjónustusamningur við Reykjalund í tæp tvö ár. Reynslan af samningnum er talin góð, aukin áhersla hefur verið lögð á dag- og göngudeildarþjónustu. Á fyrsta ári samningsins fjölgaði inniliggjandi sjúklingum um 2% og 1.235 komur voru á þverfaglega göngudeild sem var hrein viðbót við fyrri afköst. Með hliðsjón af reynslu af þjónustusamningnum er lagt til að stofnuninni verði bættur uppsafnaður halli fyrri ára.

499 Hjúkrunarheimili.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 670 m.kr. fjárveitingu til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla öldrunarstofnana á árunum 2000–2002. Áætlað er að hann verði allt að 1.340 m.kr. í árslok 2002. Þar af er rekstrarhalli dagvistar- og hjúkrunarrýma um 550 m.kr. og rekstrarhalli dvalarrýma um 790 m.kr. Samkvæmt lögum greiðir ríkissjóður

kostnað við rekstur hjúkrunarheimila og hluta af rekstri dvalarheimila með svonefndri dvalarheimilisuppbót sem er greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Fyrirhugað er að koma til móts við uppsafnaðan halla þessara stofnana samkvæmt nánara samkomulagi og í samræmi við verkaskipti ríkis og sveitarfélaga. Í því sambandi þarf að skoða nánar hver ber ábyrgð á þeim hallarekstri sem myndast hefur. Í frumvarpinu er þegar gert ráð fyrir 460 m.kr. framlagi til greiðslu á rekstrarhalla dagvistar- og hjúkrunarheimila.

6.21 Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum, Garðabæ. Lagt er til að ráðstafað verði 130 m.kr. til að gera nauðsynlegar endurbætur á húsnæði Vífilsstaða og til kaupa á tækjum og búnaði. Fyrirhugað er að opna allt að 70 hjúkrunarrými á Vífilsstöðum á næsta ári og er það talin ein fljótvirkasta aðgerðin til að fjölga hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. óskipt framlag til að leysa ófyrirséð rekstrarútgjöld minni heilsugæslustöðva.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 39,5 m.kr.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

6.25 Húsnæði ríkisskattstjóra, Laugavegi 166. Gerð er tillaga um 16,5 m.kr. fjárveitingu til þess að ljúka við bílastæði við húsnæði embættis ríkisskattstjóra á Laugavegi 166. Í frumvarpinu er þegar gert ráð fyrir að heimilað verði að ráðstafa til þessa verkefnis 26,5 m.kr. fjárveitingu sem veitt var til endurbóta á aðstöðu embættisins í fjárlögum ársins 2001. Áætlaður heildarkostnaður við gerð bílastæðanna er 43 m.kr.

999 Ýmislegt.

1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum. Lögð er til 23 m.kr. hækkun á fjárheimild til að greiða tryggingabætur vegna flugstjóra hjá Landhelgisgæslunni í samræmi við kjarasamning flugmanna. Samkvæmt kjarasamningi ber að greiða flugstjórum um 25 m.kr. ef þeir missa flugstjórnarskírteini sitt í kjölfar veikinda og að undangengnu mati sérstakrar nefndar. Fjárhæðin í þessu máli nemur um 29 m.kr. að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Bótafjárhæðin hækkaði verulega í síðasta kjarasamningi og skýrir það og tilteknir skilmálar í tryggingum fyrir þessa starfsmenn Landhelgisgæslunnar að bætur frá tryggingafélagi stofnunarinnar munu ekki duga fyrir þessum útgjöldum nema að litlu leyti. Þessar tryggingar stofnunarinnar hafa nú verið endurnýjaðar þannig að þær ættu að bæta slík mál að fullu framvegis. Hér er um að ræða ófyrirséða eigin áhættu ríkissjóðs sem ekki er svigrúm til að mæta af árlegri fjárheimild þessa viðfangsefnis.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði óbreytt.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 4 m.kr. millifærslu af liðnum Íslenska upplýsingasamfélagið vegna mótframlags til verkefnis sem láðist að færa til baka í fjárlögum fyrir árið 2002 eftir að því var lokið.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið. Framangreind millifærsla á lið aðalskrifstofu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins lækkar þennan lið um 4 m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 8,5 m.kr.

205 Náttúruvernd ríkisins.

1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á launum landvarða í samræmi við ákvæði EES-samningsins um lágmarkshvíld.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Lögð er til 7 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Veðurstofunnar. Þar af eru 5 m.kr. til að bæta Veðurstofunni upp tekjumissi af veðurþjónustu við innanlandsflug en tekjurnar urðu aðeins helmingur af því sem áætlað var í fjárlögum ársins 2000 og 2 m.kr. vegna kostnaðar við gerð deiliskipulags fyrir lóð Veðurstofunnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. nóv. 2002.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kristján Pálsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.

Ásta Möller.

450. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, DrH, ÁMöl).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-101 Embætti forseta Íslands**			
1.01 Yfirstjórn	0,0	5,2	5,2
2. Við **00-201 Alþingi**			
6.21 Fasteignir	2,0	13,0	15,0
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit			
6.50 Nýbygging	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,0*	*20,0*
4. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	11,8	11,4	23,2

5. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	0,0	10,0	10,0
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi			
1.91 Háskólar, óskipt	0,0	80,0	80,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*80,0*	*80,0*
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-319 Framhaldsskólar, almennt			
a. 1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	0,0	4,8	4,8
b. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	0,0	40,0	40,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*44,8*	*44,8*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-919 Söfn, ýmis framlög			
a. 1.11 Nýlistasafn	0,0	10,0	10,0
b. 1.90 Söfn, ýmis framlög	0,0	14,1	14,1
Sundurliðun er svohljóðandi:			
1. Kirkjubæjarstofa			4,0
2. Steinaríki Íslands			2,0
3. Kvennasögusafn Íslands			0,6
4. Sjávarsafn á Norðurtanga í Ólafsvík			0,5
5. Reykhólahreppur, hlunnindasafn			0,5
6. Sædýrasafnið í Höfnum			3,0
7. Herhúsið á Siglufirði			0,5
8. Þjóðlagasetrið á Siglufirði			2,0
9. Búvélasafnið Hvanneyri			1,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*24,1*	*24,1*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	0,0	30,9	30,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*30,9*	*30,9*
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,0	4,0	4,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,0*	*4,0*
12. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-983 Ýmis fræðistörf			
1.10 Fræðistörf	0,0	5,0	5,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,0*	*5,0*

13. Við bætist nýr fjárlagaliður:
02-989 Ýmis íþróttamál
Við 1.24 Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, landsmót ungmennafélaga 2004. Liðurinn orðast svo:
1.24 Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004.

14. Við **04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**			
a. 1.01 Beinar greiðslur til bænda	-45,0	63,6	18,6
b. 1.02 Lífeyrissjóður bænda	-2,0	2,4	0,4
15. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
05-190 Ýmis verkefni			
a. Við 1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC). Liðurinn orðast svo: 1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	0,0	2,5	2,5
b. 1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	0,0	5,3	5,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*7,8*	*7,8*
16. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
05-202 Hafrannsóknastofnunin			
5.31 Viðhald rannsóknaskipa	0,0	65,0	65,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*65,0*	*65,0*
17. Við **06-210 Héraðsdómstólar**			
1.01 Héraðsdómstólar	2,9	48,4	51,3
18. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-232 Opinber réttaraðstoð			
1.10 Opinber réttaraðstoð	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
19. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.01 Ríkislögreglustjóri	9,0	23,6	32,6
20. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-321 Almannavarnir ríkisins			
1.01 Almannavarnir ríkisins	0,0	42,2	42,2
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*42,2*	*42,2*
21. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-398 Útlendingaeftirlitið			
1.01 Útlendingaeftirlitið	0,0	15,8	15,8
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,8*	*15,8*
22. Við **06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins**			
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	30,6	46,0	76,6
23. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-705 Kirkjumálasjóður			
1.10 Kirkjumálasjóður	0,0	25,0	25,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*25,0*	*25,0*
24. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík			
1.01 Almennur rekstur	0,0	140,0	140,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*140,0*	*140,0*

25. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra			
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	0,0	13,1	13,1
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*13,1*	*13,1*
26. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,0	49,8	49,8
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*49,8*	*49,8*
27. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ			
1.70 Vistheimilið Skálatúni	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
28. Við **07-982 Ábyrgðasjóður launa**			
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	300,0	75,0	375,0
29. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	495,0	300,0	795,0
30. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-989 Fæðingarorlof			
a. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	0,0	200,0	200,0
b. 1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	0,0	-100,0	-100,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*100,0*	*100,0*
31. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
1.31 Félagasamtök, styrkir	0,0	2,0	2,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*2,0*	*2,0*
32. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-190,0	-170,0	-360,0
33. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	318,5	60,0	378,5
b. 1.21 Hjálpartæki	47,0	153,0	200,0
c. 1.45 Brýn meðferð erlendis	-24,0	-100,0	-124,0
d. 1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-26,0	-20,0	-46,0
34. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-209 Sjúklingatryggingar			
1.11 Sjúklingatryggingar	0,0	-60,0	-60,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-60,0*	*-60,0*
35. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-301 Landlæknir			
1.01 Yfirstjórn	0,0	23,6	23,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*23,6*	*23,6*
36. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-326 Sjónstöð Íslands			
1.01 Sjónstöð Íslands	0,0	3,0	3,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,0*	*3,0*

37. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	1.200,0	1.060,0	2.260,0
38. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	90,0	18,0	108,0
b. 1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	20,0	20,0	40,0
c. 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,0	7,5	7,5
d. 1.90 Ýmis framlög	20,0	9,5	29,5
39. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-495 Daggjaldastofnanir			
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	0,0	73,3	73,3
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*73,3*	*73,3*
40. Við **08-499 Hjúkrunarheimili**			
a. 1.01 Almennur rekstur	487,0	670,0	1.157,0
b. 6.21 Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum, Garðabæ	0,0	130,0	130,0
41. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	0,0	30,0	30,0
42. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs			
6.25 Húsnæði ríkisskattstjóra, Laugavegi 166	0,0	16,5	16,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*16,5*	*16,5*
43. Við **09-999 Ýmislegt**			
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	0,0	23,0	23,0
44. Við **11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	8,0	4,0	12,0
45. Við **11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið**			
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	-10,5	-4,0	-14,5
46. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-205 Náttúruvernd ríkisins			
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	0,0	1,5	1,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,5*	*1,5*
47. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
a. 1.01 Almenn starfsemi	13,5	2,0	15,5
b. Sértekjur	0,0	5,0	5,0

451. Frumvarp til laga [390. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Breytingar á sjómannalögum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

1. gr.

2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 16 ára við vinnu á skipi nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Samgönguráðherra getur sett reglur um hærra aldurslágmark skipverja við tiltekin störf allt fram til 18 ára aldurs.

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 18 ára við vinnu á farþegaskipum og flutningaskipum að nóttu til, þ.e. tímabil sem varir í a.m.k. 9 samfelldar klukkustundir, þar með talið tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða menntun og þjálfun ungra sjómanna 16–18 ára að því er varðar fyrirframákveðin verkefni og áætlanir.

2. gr.

64. gr. laganna orðast svo:

Vinnu- og hvíldartími skipverja á fiskiskipum.

Sérhver skipverji skal eiga rétt á nægilegri hvíld og skal hámarksfjöldi vinnustunda á viku takmarkaður við 48 klukkustundir að meðaltali reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir.

Miða skal við að mörk vinnu- eða hvíldartíma séu annaðhvort:

1. hámarksvinnutími, sem ekki má vera lengri en 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 72 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili, eða
2. lágmarkshvíldartími sem ekki má vera skemmri en 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 77 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vara að lágmarki í 6 klukkustundir og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar.

Heimilt er með reglugerð eða í kjarasamningum að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. vegna hlutlægra eða tæknilegra ástæðna eða ástæðna er varða skipulag vinnunnar enda sé slíkt í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna.

Skipstjóri á fiskiskipi getur ávallt krafist þess að skipverji vinni þann fjölda vinnustunda, sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, farms og annarra fjármuna sem á skipi eru, eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.

Samgönguráðherra getur sett reglugerð um vinnu- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 7. gr. A og 7. gr. B, svohljóðandi:

a. (7. gr. A.)

Vinnu- og hvíldartími skipverja á íslenskum farþega- og flutningaskipum.

Miða skal við að mörk vinnu- eða hvíldartíma séu annaðhvort:

1. hámarksvinnutími, sem ekki má vera lengri en 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 72 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili, eða
2. lágmarkshvíldartími sem ekki má vera skemmri en 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 77 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vara að lágmarki í 6 klukkustundir og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar.

Heimilt er með reglugerð eða í kjarasamningum að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. vegna hlutlægra eða tæknilegra ástæðna eða ástæðna er varða skipulag vinnunnar enda sé slíkt í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna.

Skipstjóri á farþegaskipi og flutningaskipi getur ávallt krafist þess að skipverji vinni þann fjölda vinnustunda, sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, farms og annarra fjármuna sem á skipi eru, eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.

b. (7. gr. B.)

Vinnu- og hvíldartími skipverja á erlendum farþega- og flutningaskipum.

Ákvæði 7. gr. A tekur einnig til erlendra skipa sem fara um íslenskar hafnir.

Siglingastofnun er heimilt að framkvæma skoðun um borð í erlendum skipum sem fara um íslenskar hafnir til að ganga úr skugga um fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma og skipulag vakta um borð. Um framkvæmd skoðana fer eftir ákvæðum laga og reglna um hafnarríkiseftirlit. Siglingastofnun skal, ef kvörtun berst sem augljóslega er ekki tilefnislaus eða ef hún fær sannanir um að fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma um borð er ekki í samræmi við lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim, tilkynna skráningarríki skipsins um niðurstöðu skoðunar sem gerð hefur verið. Siglingastofnun Íslands er óheimilt að veita skipstjóra eða eiganda skipsins sem um ræðir neinar upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun.

Ef skoðun leiðir í ljós að aðbúnaður um borð stofnar öryggi og heilsu áhafnarinnar sannanlega í hættu skal Siglingastofnun gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrbætur eigi sér stað, t.d. með því að leggja farbann á skipið. Slíkt farbann skal tilkynnt skipstjóra, eiganda eða útgerðarmanni skipsins, fánaríki og skráningarríki skipsins. Eigandi eða útgerðarmaður skipsins getur kært farbann til farbannsnefndar sem starfar samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og frestar kæra ekki áhrifum farbannsákvörðunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2. gr. um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum tekur gildi 1. ágúst 2003. Frá þeim tíma falla úr gildi ákvæði laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53/1921.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á sjómannalögum, nr. 35/1985, og lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, vegna innleiðingar tiltekinna EES-gerða sem varða vinnutíma sjómanna. Gengið hefur verið út frá því að innleiðing gerðanna skapi ekki vandamál fyrir íslenskan sjávarútveg og rúmast ákvæði gildandi kjarasamninga milli útgerðar og stéttarfélaga innan ákvæða þeirra hvort sem

litið er til hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma. Ljóst er að nýta þarf frávikheimild 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins við tilteknar veiðar.

Hinn 26. maí 1999 skipaði samgönguráðherra samráðshóp hagsmunaaðila, Siglingastofnunar og samgönguráðuneytis til að fjalla um „væntanlegar tillögur Evrópusambandsins um vinnutímareglur sjómanna á fiskiskipum". Í skipunarbréfinu kom jafnframt fram að hópurinn hefði það hlutverk að upplýsa Evrópusambandið um stöðu og mikilvægi þessa máls fyrir íslenskt atvinnulíf, fylgjast með efni tilagnanna og móta og koma á framfæri sjónarmiðum og athugasemdum Íslands um efni þessara tillagna á vettvangi Evrópusambandsins og EFTA. Samráðshópurinn lauk starfi sínu 22. október 2001 með því að skila skýrslu til samgönguráðherra og er hún birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Þær gerðir sem eru hluti EES-samningsins og fjalla um vinnutíma sjómanna varða annars vegar fiskiskip og hins vegar farþega- og flutningaskip.

Fiskiskip:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000 um breytingu á tilskipun 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti um skipulag vinnutíma til að fella undir hana áður undanskildar atvinnugreinar og starfsemi.

Farþega- og flutningaskip:

1. Tilskipun ráðins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST).
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.
3. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 1999/130/EB frá 18. nóvember 1998 um fullgildingu á ILO-samningi nr. 180 um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa og fullgildingu á 1996 bókuninni við kaupskipasamþykktina frá 1976.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ekki megi hafa yngri mann en 16 ára við vinnu á skipum, en í gildandi lögum er miðað við 15 ára aldur í þessu efni. Þessi breyting tekur til allra skipa sem notuð eru í atvinnuskyni og er í samræmi við ákvæði í 6. gr. Evrópusamnings um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum. Jafnframt er lagt til að miðað verði við 16 ár hvað varðar önnur skip sem notuð eru í atvinnuskyni, þ.m.t. fiskiskip.

Jafnframt er kveðið á um að óheimilt verði að halda sjómönnum yngri en 18 ára við vinnu á farþegaskipum og flutningaskipum að næturlagi nema í sérstökum undantekningartilfellum. Þessi breyting er í samræmi við ákvæði í 6. gr. Evrópusamnings um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum sem er viðauki við tilskipun ráðsins 1999/63/EB.

Um 2. gr.

Með þessari grein eru innleiddar vinnutímareglur fyrir skipverja á fiskiskipum sem fram koma í tilskipun 2000/34/EB um breytingu á almennu vinnutímaskipuninni. Í 2. mgr. er að finna meginreglu en með 3. mgr. eru heimiluð frávik t.d. við tilteknar veiðar. Þar sem rætt er um vinnutíma í frumvarpinu er átt við þann tíma sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekanda og innir af hendi störf sín eða skyldur. Hvíldartími er sá tími sem telst ekki til vinnutíma.

Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000 sem fjallar um skipulag vinnutíma er sett ákvæði í 17. gr. b um vinnutíma skipverja á fiskiskipum, en þar segir:

„Skipverjar á fiskiskipum.

1. Ákvæði 3., 4., 5., 6. og 8. gr. eiga ekki við um skipverja á fiskiskipum á sjó sem sigla undir fána aðildarríkis.
2. Aðildarríkin skulu þó gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sérhver skipverji á fiskiskipi á sjó sem siglir undir fána aðildarríkis eigi rétt á nægilegri hvíld og að takmarka hámarksfjölda vinnustunda á viku hverri við 48 klukkustundir að meðaltali reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir.
3. Innan þeirra marka sem 2., 4. og 5. töluliður kveður á um, skulu aðildarríkin grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja, með tilliti til krafna um öryggis- og heilsuvernd þessara skipverja:
   a. að vinnutíminn sé takmarkaður við hámarksfjölda klukkustunda, sem ekki má fara yfir á tilteknu tímabili, eða
   b. lágmarkshvíldartíma, sem veittur skal á tilteknu tímabili.

   Hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma skal ákveða með lögum, reglugerðum, stjórnsýslufyrirmælum, kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.
4. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:
   a. hámarksvinnutími, sem ekki má vera lengri en:
      i. 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili; og
      ii. 72 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili;
      eða
   b. lágmarkshvíldartími, sem ekki má vera skemmri en:
      i. 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili; og
      ii. 77 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili.
5. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vara að lágmarki í 6 klukkustundir og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar.
6. Í samræmi við almennar meginreglur um öryggis- og heilsuvernd skipverja og af hlutlægum eða tæknilegum orsökum eða vegna skipulagningar vinnu geta aðildarríkin heimilað undanþágur, þar með talið ákvörðun viðmiðunartímabils, frá þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 2., 4. og 5. tölulið. Slíkar undanþágur skulu eftir því sem kostur er vera í samræmi við þær viðmiðunarreglur sem kveðið er á um, en mega hafa til hliðsjónar tíðari eða lengri leyfi eða uppbótarfrí skipverja. Kveða má á um slíkar undanþágur með:
   i. lögum, reglugerðum eða stjórnsýslufyrirmælum að því tilskildu að um samráð sé að ræða, þegar því verður við komið, milli fulltrúa atvinnurekenda og starfsmanna sem í hlut eiga og hvatt sé til að leitað sé allra hugsanlegra leiða til að koma á viðræðum aðila vinnumarkaðarins,
   eða
   ii. kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.
7. Skipstjóri á fiskiskipi á sjó getur krafist þess að skipverji vinni þann fjölda vinnustunda, sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, farms og annarra fjármuna sem á skipi eru, eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.
8. Aðildarríkin geta kveðið á um að skipverjar um borð í fiskiskipum á sjó skuli taka árlegt orlof í samræmi við 7. gr. á því tímabili á almanaksári sem innlend löggjöf eða venja ákveður að þau skip megi ekki starfrækja, enda sé það tímabil lengra en mánuður.“

Í 1. tölul. 17. gr. b er kveðið á um að tilteknar greinar almennu vinnutímatilskipunarinnar eigi ekki við um fiskiskip, þ.e. 3. gr. sem fjallar um daglega hvíld, 4. gr. um hlé, 5. gr. um vikulegan hvíldartíma, 6. gr. um vikulegan hámarksvinnutíma og 8. gr. um lengd næturvinnutíma. Hins vegar eiga við ákvæði 7. gr. um árlegt orlof, 9. gr. um heilbrigðiseftirlit og tilfærslu næturvinnustarfsmanna yfir í dagvinnu, 10. gr. um tryggingar vegna næturvinnu, 11. gr. um tilkynningu um reglubundna ráðningu næturvinnustarfsmanna, 12. gr. um öryggis- og heilsuvernd og 13. gr. um vinnumynstur.

Í 2. tölul. 17. gr. b tilskipunar 2000/34/EB um breytingu á almennu vinnutímatilskipuninni (93/104/EB) kemur fram að EES-ríki skuli miða við 48 klst. vinnuviku fyrir skipverja á fiskiskipum. Hins vegar er heimilt að miða við meðaltal allt að tólf mánaða viðmiðunartímabils í því efni. Þetta ákvæði tók nokkrum breytingum við meðferð tilskipunarinnar. Upphaflega var lagt til að viðmiðunartímabilið væri fjórir mánuðir, síðan var miðað við tólf mánuði og að tillögu Dana var samþykkt að ákveða ekki hvert viðmiðunartímabilið ætti að vera heldur ætti hvert ríki að ákveða það. Í tillögu félagsmálanefndar Evrópuþingsins frá 1. október 1999 var lagt til að miðað væri við 48 klst. að meginreglu til (in principle) og að fram kæmi að ákvæðið væri ófrávíkjanlegt (These provisions shall not be subject to derogation). Niðurstaðan var eins og áður segir 48 klst. að meðaltali á viðmiðunartímabili sem má ekki vera lengra en tólf mánuðir. Það var mat starfshópsins sem samgönguráðherra skipaði og fulltrúar allra hagsmunaðila í sjávarútvegi sátu að í ljósi þeirra breytinga sem orðið höfðu á efni tilskipunarinnar í meðförum hennar hjá Evrópusambandinu hvað varðar lengd viðmiðunartímabils hámarksvinnutíma að innleiðing tilskipunarinnar hér á landi ætti ekki að skapa vandamál fyrir íslenskan sjávarútveg. Það er jafnframt mat hópsins að ákvæði gildandi kjarasamninga milli útgerðar og stéttarfélaga rúmist innan ákvæða tilskipunarinnar hvort sem litið sé til hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma.

Í tilskipuninni felst að aðildarríki, þar með talið Ísland, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sérhver skipverji á fiskiskipi eigi rétt á nægilegri hvíld, þ.e. lágmarkshvíldartíma sem veittur skal á tilteknu tímabili. Lágmarkshvíldartíma skal ákveða með lögum, reglugerðum, stjórnsýslufyrirmælum, kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Lágmarkshvíldartími má ekki vera skemmri en 10 klst. á hverju 24 klst. tímabili og ekki skemmri en 77 klst. á hverju sjö daga tímabili. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vara að lágmarki í 6 klst. og skal ekki líða meira en 14 klst. til næstu samfelldrar hvíldar.

Jafnframt felst í tilskipuninni að aðildarríki, þar með talið Ísland, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka hámarksvinnutíma sérhvers skipverja á fiskiskipi við 48 klst. að meðaltali reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en tólf mánuðir. Hámarksvinnutíma skal ákveða með lögum, reglugerðum, stjórnsýslufyrirmælum, kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Hámarksvinnutími má ekki vera lengri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili og ekki lengri en 72 klst á hverju sjö daga tímabili. Kröfur tilskipunarinnar eru lágmarkskröfur og geta einstök ríki miðað við lengri lágmarkshvíldartíma og styttri hámarksvinnutíma.

Tilskipunin miðar við að efni hennar verði komið til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 1. ágúst 2003, en í 2. gr. er kveðið á um að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir þann tíma eða fullvissa sig um í síðasta lagi þann dag að aðilar vinnumarkaðarins hafi með samningi gert nauðsynlegar ráðstafanir þeim til framkvæmdar, enda bera aðildarríkin fulla ábyrgð á að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.

Í 3. gr. tilskipunarinnar kemur fram að eigi síðar en 1. ágúst 2009 skuli framkvæmdastjórnin í samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Evrópu leggja mat á framkvæmd ákvæðanna með tilliti til skipverja um borð í fiskiskipum á sjó og sérstaklega skal leggja mat á hvort ákvæði þessi eigi áfram við, einkum hvað varðar heilbrigði og öryggi, með það að leiðarljósi að leggja til viðeigandi breytingar, ef nauðsyn krefur.

Um 3. gr.

Vinnutími sjómanna á íslenskum farþega- og flutningaskipum.

Hinn 27. mars 2001 samþykkti Alþingi þingsályktun um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn. Ákvörðunin kveður á um að fella skuli inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins nr. 1999/63/EB frá 21. júní 1999, um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST).

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kom fram að ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi og að hún hefði verið tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Með tilskipuninni er hrint í framkvæmd samningi um skipulag vinnutíma á kaupskipum sem gerður var 30. september 1998 á milli Evrópusamtaka atvinnurekenda og launafólks á þessu sviði.

Settar eru viðmiðanir um skipulag vinnutíma á kaupskipum, m.a. um hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma, en þessi hópur hefur hingað til verið undanþeginn í vinnutímaákvæðum ESB. Þannig eru ekki ákvæði um vinnutíma á kaupskipum í tilskipun ráðsins 93/104/EB, um ákveðna þætti er varðar skipulag vinnutíma, eins og henni var breytt með tilskipun 2000/34/EB frá 22. júní 2000. Þess má geta að með síðargreindu tilskipuninni voru hópar sem áður höfðu verið undanþegnir í tilskipun 93/104/EB færðir undir gildissvið hennar, að farmönnum undanskildum.

Tilvitnaður samningur byggist á ákvæðum samþykktar nr. 180 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sem fjallar um vinnutíma sjómanna á farskipum. Tilskipun 1999/63/EB mun taka til allra skipa sem skráð eru á ESB-svæðinu, en með tilskipun 1999/95/EB er kveðið á um að sömu reglur skuli gilda á farskipum sem taka höfn á ESB-svæðinu, þrátt fyrir að þau séu ekki skráð á skipaskrám ríkja þess. Samhliða þessum tveimur tilskipunum hafa verið samþykkt tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 18. nóvember 1998, um fullgildingu á ILO-samþykkt 180, um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa, og fullgildingu frá 1996 á bókun við kaupskipasamþykktina frá 1976.

Vegna fullgildingar Íslands á alþjóðasamningi um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 hefur þeim samningi verið veitt lagagildi með lögum nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Með þeim lögum var einnig innleidd í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna. Í þessum alþjóðasamningi og EES-tilskipun eru ákvæði sem varða vaktstöður og vinnu- og hvíldartíma og á grundvelli fyrrnefndra laga hefur verið sett reglugerð um vaktstöður um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum nr. 599/2001.

Vinnutími sjómanna á erlendum farþega- og flutningaskipum.

Hinn 23. apríl 2001 samþykkti Alþingi þingsályktun um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Ákvörðunin kveður á um að fella skuli inn í EES-samninginn tilskipun

Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999, um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi og að hún var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Tilskipunin er nokkurs konar hliðartilskipun við tilskipun ráðsins 1999/63/EB, sem hrinti í framkvæmd samningi um skipulag vinnutíma á kaupskipum, milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ESCA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu.

Markmiðið með tilskipun 1999/95/EB er að koma á kerfi til að sannprófa og framfylgja því að skip sem fara um hafnir í aðildarríkjunum haldi ákvæði tilskipunar 1999/63/EB svo að hægt sé að bæta öryggi til sjós, vinnuskilyrði og heilbrigði og öryggi sjómanna um borð í skipum. Er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að skip sem ekki eru skráð á yfirráðasvæði þeirra eða sigla ekki undir þeirra fána hlíti ákvæðum 1.–12. gr. samningsins sem fylgir tilskipun 1999/63/EB.

Fylgiskjal I.

SKÝRSLA SAMRÁÐSHÓPS
um væntanlegar reglur Evrópska efnahagssvæðisins um vinnutíma sjómanna.

(Október 2001.)

Hinn 26. maí 1999 skipaði samgönguráðherra samráðshóp hagsmunaaðila, Siglingastofnunar og samgönguráðuneytis til að fjalla um „væntanlegar tillögur Evrópusambandsins um vinnutímareglur sjómanna á fiskiskipum". Í skipunarbréfinu kom jafnframt fram að hópurinn hefði það hlutverk að upplýsa Evrópusambandið um stöðu og mikilvægi þessa máls fyrir íslenskt atvinnulíf, fylgjast með efni tilagnanna og móta og koma á framfæri sjónarmiðum og athugasemdum Íslands um efni þessara tillagna á vettvangi Evrópusambandsins og EFTA. Hinn 30. ágúst 1999 skipaði samgönguráðherra fulltrúa frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða í samráðshópinn í ljósi þess að Evrópusambandið hafði tekið upp í tilskipun samning aðila vinnumarkaðarins í Evrópu um vinnutíma sjómanna á kaupskipum.

Á þeim tíma sem hópurinn hefur starfað hafa eftirfarandi gerðir verið settar á vettvangi Evrópusambandsins um vinnutíma sjómanna:

Vinnutími sjómanna á fiskiskipum:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000 um breytingu á tilskipun 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti um skipulag vinnutíma til að fella undir hana áður undanskildar atvinnugreinar og starfsemi.

Vinnutími sjómanna á kaupskipum:

1. Tilskipun ráðins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST).
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.
3. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 1999/130/EB frá 18. nóvember 1998 um fullgildingu

á ILO-samningi nr. 180 um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa og fullgildingu á 1996-bókuninni við kaupskipasamþykktina frá 1976.

Meðfylgjandi er samantekt samráðshópsins um efni ofangreindra tilskipana, afstöðu hópsins til þeirra, stöðu málsins og mat hópsins um nauðsynlegar laga- og reglugerðabreytingar vegna innleiðingar þeirra í íslenskan rétt.

Reykjavík, 22. október 2001.

Helgi Jóhannesson, samgönguráðuneyti.

Arndís Steinþórsdóttir, sjávarútvegsráðuneyti.	Arthúr Bogason, Landssamband smábátaeigenda.	Benedikt Valsson, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Friðrik J. Arngrímsson, Landssamband íslenskra útvegsmanna.	Friðrik Hermannsson, Vélstjórafélag Íslands.	Hólmgeir Jónsson, Sjómannasamband Íslands.
Jón H. Magnússon, Samtök atvinnulífsins.	Ólafur J. Briem, samband íslenskra kaupskipaútgerða.	Sverrir H. Konráðsson, Siglingastofnun Íslands.

I. Vinnutími sjómanna á fiskiskipum.

Tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000 um breytingu á tilskipun 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti um skipulag vinnutíma til að fella undir hana áður undanskildar atvinnugreinar og starfsemi.

1. Efni tilskipunarinnar:

Með tilskipuninni er bætt við eftirfarandi grein, 17. gr. b, í almennu vinnutímatilskipunina 93/104/EB ákvæðum um vinnutíma skipverja á fiskiskipum, en þeir hafa fram til þessa verið undanþegnir ákvæðum hennar:

„17. gr. b.

Skipverjar á fiskiskipum.

1. Ákvæði 3., 4., 5., 6. og 8. gr. eiga ekki við um skipverja á fiskiskipum á sjó sem sigla undir fána aðildarríkis.
2. Aðildarríkin skulu þó gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sérhver skipverji á fiskiskipi á sjó sem siglir undir fána aðildarríkis eigi rétt á nægilegri hvíld og að takmarka hámarksfjölda vinnustunda á viku hverri við 48 klukkustundir að meðaltali reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir.
3. Innan þeirra marka sem 2., 4. og 5. töluliður kveður á um, skulu aðildarríkin grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja, með tilliti til krafna um öryggis- og heilsuvernd þessara skipverja:
   a. að vinnutíminn sé takmarkaður við hámarksfjölda klukkustunda, sem ekki má fara yfir á tilteknu tímabili, eða

b. lágmarkshvíldartíma, sem veittur skal á tilteknu tímabili.
Hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma skal ákveða með lögum, reglugerðum, stjórnsýslufyrirmælum, kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

4. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:
   a. hámarksvinnutími, sem ekki má vera lengri en:
      i. 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili; og
      ii. 72 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili;
      eða
   b. lágmarkshvíldartími, sem ekki má vera skemmri en:
      i. 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili; og
      ii. 77 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili.
5. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vera að lágmarki í 6 klukkustundir og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar.
6. Í samræmi við almennar meginreglur um öryggis- og heilsuvernd skipverja og af hlutlægum eða tæknilegum orsökum eða vegna skipulagningar vinnu geta aðildarríkin heimilað undanþágur, þar með talið ákvörðun viðmiðunartímabils, frá þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 2., 4. og 5. tölulið. Slíkar undanþágur skulu eftir því sem kostur er vera í samræmi við þær viðmiðunarreglur sem kveðið er á um, en mega hafa til hliðsjónar tíðari eða lengri leyfi eða uppbótarfrí skipverja. Kveða má á um slíkar undanþágur með:
   i. lögum, reglugerðum eða stjórnsýslufyrirmælum að því tilskildu að um samráð sé að ræða, þegar því verður við komið, milli fulltrúa atvinnurekenda og starfsmanna sem í hlut eiga og hvatt sé til að leitað sé allra hugsanlegra leiða til að koma á viðræðum aðila vinnumarkaðarins,
   eða
   ii. kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.
7. Skipstjóri á fiskiskipi á sjó getur krafist þess að skipverji vinni þann fjölda vinnustunda, sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, farms og annarra fjármuna sem á skipi eru, eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.
8. Aðildarríkin geta kveðið á um að skipverjar um borð í fiskiskipum á sjó skuli taka árlegt orlof í samræmi við 7. gr. á því tímabili á almanaksári sem innlend löggjöf eða venja ákveður að þau skip megi ekki starfrækja, enda sé það tímabil lengra en mánuður.“

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar verði komið til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 1. ágúst 2003, en í 2. gr. hennar eru eftirfarandi ákvæði um aðlögunartíma fyrir aðildarríkin:

„1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. ágúst 2003 eða fullvissa sig um í síðasta lagi þann dag að aðilar vinnumarkaðarins hafi með samningi gert nauðsynlegar ráðstafanir þeim til framkvæmdar, enda bera aðildarríkin fulla ábyrgð á að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt. Hvað varðar læknanema þá skal þessi dagsetning vera 1. ágúst 2004. Aðildarríkin skulu tilkynna þetta framkvæmdastjórninni þegar í stað.
2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að setja, með tilliti til breyttra aðstæðna, önnur laga-, reglugerðar-, eða samningsákvæði hvað vinnutíma varðar að því tilskildu að lágmarkskröfum þessarar tilskipunar sé fullnægt, skal framkvæmd þessarar tilskipunar

ekki teljast réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr þeirri almennu vernd sem launþegar njóta.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til."

Í 3. gr. tilskipunarinnar kemur fram að eigi síðar en 1. ágúst 2009 skuli framkvæmdastjórnin í samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Evrópu leggja mat á framkvæmd ákvæðanna með tilliti til skipverja um borð í fiskiskipum á sjó og sérstaklega skal leggja mat á hvort ákvæði þessi eigi áfram við, einkum hvað varðar heilbrigði og öryggi, með það að leiðarljósi að leggja til viðeigandi breytingar, ef nauðsyn krefur.

Í 1. tölul. greinarinnar er kveðið á um að tilteknar greinar almennu vinnutímatilskipunarinnar eigi ekki við um fiskiskip, þ.e. 3. gr. sem fjallar um daglega hvíld, 4. gr. um hlé, 5. gr. um vikulegan hvíldartíma, 6. gr. um vikulegan hámarksvinnutíma og 8. gr. um lengd næturvinnutíma. Hins vegar eiga við ákvæði 7. gr. um árlegt orlof, 9. gr. um heilbrigðiseftirlit og tilfærslu næturvinnustarfsmanna yfir í dagvinnu, 10. gr. um tryggingar vegna næturvinnu, 11. gr. um tilkynningu um reglubundna ráðningu næturvinnustarfsmanna, 12. gr. um öryggis- og heilsuvernd og 13. gr. um vinnumynstur.

Í 2. tölul. greinarinnar kemur fram að EES-ríki skuli miða við 48 klst. vinnuviku fyrir skipverja á fiskiskipum. Hins vegar er heimilt að miða við meðaltal allt að 12 mánaða viðmiðunartímabils í því efni. Þetta ákvæði tók nokkrum breytingum við meðferð tilskipunarinnar. Upphaflega var lagt til að viðmiðunartímabilið væri 4 mánuðir, síðan var miðað við 12 mánuði og að tillögu Dana var samþykkt að ákveða ekki hvert viðmiðunartímabilið ætti að vera heldur ætti hvert ríki að ákveða það. Í tillögu félagsmálanefndar Evrópuþingsins frá 1. október 1999 var lagt til að miðað væri við 48 klst. að meginreglu til (in principle) og að fram kæmi að ákvæðið væri ófrávíkjanlegt (These provisions shall not be subject to derogation).

Niðurstaðan var eins og áður segir 48 klst. að meðaltali á viðmiðunartímabili sem má ekki vera lengra en 12 mánuðir. Á fundum hópsins kom fram að með 48 klst. er í raun átt við 52 klst. að meðtöldum matar- og kaffitímum.

Í efni tilskipunarinnar felst því eftirfarandi:

Lágmarkshvíldartími: Aðildarríki, þar með talið Ísland, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sérhver skipverji á fiskiskipi eigi rétt á nægilegri hvíld, þ.e. lágmarkshvíldartíma sem veittur skal á tilteknu tímabili. Lágmarkshvíldartíma skal ákveða með lögum, reglugerðum, stjórnsýslufyrirmælum, kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Lágmarkshvíldartími má ekki vera skemmri en 10 klst. á hverju 24 klst tímabili og ekki skemmri en 77 klst á hverju 7 daga tímabili. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vara að lágmarki í 6 klst. og skal ekki líða meira en 14 klst. til næstu samfelldrar hvíldar. Kröfur tilskipunarinnar eru lágmarkskröfur og geta einstök ríki miðað við lengri hvíldartíma.

Hámarksvinnutími: Aðildarríki, þar með talið Ísland, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka hámarksvinnutíma sérhvers skipverja á fiskiskipi við 48 klst. að meðaltali reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir. Hámarksvinnutíma skal ákveða með lögum, reglugerðum, stjórnsýslufyrirmælum, kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Hámarksvinnutími má ekki vera lengri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili og ekki lengri en 72 klst. á hverju 7 daga tímabili. Kröfur tilskipunarinnar eru lágmarkskröfur og geta einstök ríki miðað við styttri hámarksvinnutíma.

2. Afstaða samráðshópsins:

Starfshópurinn telur að í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á efni tilskipunarinnar í meðförum hennar hjá Evrópusambandinu hvað varðar lengd viðmiðunartímabils hámarksvinnutíma að innleiðing tilskipunarinnar hér á landi eigi ekki að skapa vandamál fyrir íslenskan sjávarútveg. Það er jafnframt mat hópsins að ákvæði gildandi kjarasamninga milli útgerðar og stéttarfélaga rúmist innan ákvæða tilskipunarinnar hvort sem litið sé til hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma.

Hópurinn leggur áherslu á að nýttur verði til kynningar og aðlögunar sá frestur sem tilskipunin gerir ráð fyrir, þ.e. til 1. ágúst 2003.

3. Staða málsins:

Tilskipunin er nú til umfjöllunar í undirnefnd IV sem fjallar um félagsleg málefni. Hópurinn leggur áherslu á vegna nauðsynlegra laga- og reglugerðabreytinga að við meðferð málsins verði nýtt heimild í 103. gr. EES-samningsins og gerður fyrirvari vegna nauðsynlegrar umfjöllunar Alþingis við innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt.

4. Nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar:

Taka þarf til endurskoðunar ákvæði 64. og 65. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, og ákvæði laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53/1921.

II. Vinnutími sjómanna á kaupskipum.

Tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST).

1. Efni tilskipunarinnar:

Með tilskipuninni er hrint í framkvæmd samningi um skipulag vinnutíma á kaupskipum sem gerður var 30. september 1998 á milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST). Þess má geta að European Transport Federation (ETF) hefur nú tekið við hlutverki Samtaka félaga flutningaverkamanna. Settar eru lágmarksreglur um skipulag vinnutíma á kaupskipum, þ.e. um hámarksvinnutíma og lágmarksvinnutíma, en þessi hópur hefur hingað til verið undanþeginn vinnutímaákvæðum ESB. Þannig eru ekki ákvæði um vinnutíma á kaupskipum í tilskipun ráðsins 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma eins og henni var breytt með tilskipun 2000/34/EB frá 22. júní 2000, en með henni voru hópar sem áður höfðu verið undanþegnir tilskipun 93/104/EB færðir undir gildissvið hennar, að farmönnum undanskildum.

Um gildissvið tilskipunarinnar er kveðið á í 1. gr. samningsins, en þar segir að samningurinn gildi „um sjómenn á öllum hafskipum, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeign sem eru skráð á yfirráðasvæði aðildarríkis og eru að jafnaði starfrækt sem kaupskip. Að því er þennan samning varðar skal skip sem er skráð í tveimur ríkjum teljast skráð í fánaríkinu.“

Með vinnutíma er átt við þann „tíma sem sjómanni er skylt að vinna um borð“. Með hvíldartíma er átt við þann „tíma sem ekki telst til vinnutíma“; þetta hugtak tekur ekki til þess þegar stutt hlé er gert á vinnu.

Í 5. gr. samningsins er fjallað um mörk vinnu- eða hvíldartíma en þar kemur eftirfarandi fram:

1. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:
   a. hámarksvinnutími, sem ekki skal vera lengri en:
      i. 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, og
      ii. 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili;
      eða
   b. lágmarkshvíldartími, sem ekki skal vera skemmri en:
      i. 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili; og
      ii. 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.
2. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvíldartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.
3. Nafnakall, eldvarna- og björgunaræfingar, sem mælt er fyrir um í innlendum lögum og reglugerðum og í alþjóðlegum samningum, skulu fara fram með þeim hætti að hvíldartími raskist eins lítið og hægt er og þannig að þær valdi ekki þreytu.
4. Þegar sjómaður er á bakvakt, t.d. þegar vélarúm er ómannað, skal hann ef venjulegum hvíldartíma er raskað með útkalli fá samfellda viðbótarhvíld í staðinn.
5. Ef hvorki kjarasamningar né gerðardómsúrskurður eru fyrir hendi eða ef lögbært yfirvald telur að ákvæði kjarasamnings eða gerðardómsúrskurðar séu ófullnægjandi, getur lögbært yfirvald, með tilliti til 3. og 4. tölul. 5. gr., sett ákvæði til að tryggja að viðkomandi sjómenn fái nægа hvíld.
6. Með tilliti til meginreglna um verndun heilsu og öryggis starfsmanna geta verið í gildi í aðildarríkjunum innlend lög, reglur eða ráðstafanir sem gera lögbæru yfirvaldi kleift að leyfa eða skrá kjarasamninga sem veita undanþágur frá þeim takmörkunum sem 1. og 2. tölul. 5. gr. setja. Slíkar undanþágur skulu fylgja stöðlum eins og mögulegt er en geta tekið mið af örari eða lengri fríum eða veitt uppbótarfrí fyrir sjómenn sem vinna á vöktum eða sjómenn sem vinna um borð í skipum sem eru í stuttum ferðum.
7. Á aðgengilegum stað skal vera tafla sem hefur að geyma upplýsingar um skipulag vinnutíma um borð og þar sem birt er að minnsta kosti fyrir hverja stöðu:
   a. áætlun um vinnuskyldu á sjó og í höfnum, og
   b. hámarksvinnutími eða lágmarkshvíldartími sem krafist er í lögum, reglum eða kjarasamningum sem í gildi eru í aðildarríkjunum.
8. Taflan, sem um getur í 7. gr., skal gefin út á stöðluðu eyðublaði á því tungumáli eða þeim tungumálum sem notað er/notuð eru við vinnu um borð og á ensku.

Í 6. gr. samningsins kemur fram að enginn sjómaður undir 18 ára aldri skuli vinna að nóttu til. Að því er þessa grein varðar er „nótt“ tímabil sem varir í a.m.k. níu samfelldar klukkustundir, þar með talið tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Ekki er nauðsynlegt að beita þessu ákvæði ef það hindrar menntun og þjálfun ungra sjómanna frá 16 til 18 ára að því er varðar fyrirframákveðin verkefni og áætlanir.

Í 7. gr. samningsins eru ákvæði um að skipstjóri geti krafist þess að sjómaður vinni þá tíma sem nauðsynlegir eru vegna öryggis skipsins á þeirri stundu, skipverja um borð eða farms eða til að veita aðstoð öðrum skipum eða skipverjum í nauð á hafi úti. Skipstjóri getur þá vikið frá skipulagi vinnu- eða hvíldartíma og krafist þess að sjómaður vinni þann tíma sem nauðsynlegur er þar til ástandið er orðið eðlilegt aftur. Jafnframt kemur fram að skipstjóri skuli tryggja eins fljótt og auðið er eftir að ástandið er orðið eðlilegt aftur að sjómaður, sem hefur sinnt störfum í fyrirframákveðnum hvíldartíma sínum, fái nægа hvíld.

Í 8. gr. samningsins kemur fram að færa skuli skrá yfir daglegan vinnutíma sjómanna eða daglegan hvíldartíma þeirra til að hægt sé að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum 5. gr. Sjómaðurinn skal fá afrit af þeim skráningum sem varða hann og skulu þær áritaðar af skipstjóranum, eða öðrum þeim sem skipstjórinn hefur veitt til þess umboð, og sjómanninum. Ákvarða skal tilhögun varðveislu slíkra gagna um borð, þar með talið hversu oft skuli skrá upplýsingarnar. Eyðublað um skráningu vinnutíma sjómanna eða hvíldartíma þeirra skal hannað í samræmi við alþjóðlegar viðmiðunarreglur, ef til eru. Kveðið er á um að afrit af viðeigandi ákvæðum landslaga, er varði þennan samning, og af viðeigandi kjarasamningum skuli geymd um borð og skuli áhöfnin hafa greiðan aðgang að þeim. Skrárnar skulu athugaðar og áritaðar með vissu millibili í því skyni að hafa eftirlit með því að ákvæðum þessa samnings um vinnutíma eða hvíldartíma sé framfylgt.

Í 10. gr. samningsins segir að þegar reglur um mönnun séu ákveðnar, viðurkenndar eða þeim breytt sé nauðsynlegt að taka mið af þörfinni til að forðast eða draga úr, að svo miklu leyti sem unnt er, óhóflegum vinnutíma, og til að tryggja fullnægjandi hvíld og draga úr hættu á ofþreytu. Jafnframt segir að ef fram kemur í skránum eða öðrum gögnum að ákvæði um vinnutíma eða hvíldartíma hafi verið brotin skuli gera ráðstafanir, þar með talið, ef nauðsyn krefur, breytingar á mönnun skipsins, til að koma í veg fyrir frekari brot í framtíðinni. Í greininni er kveðið á um að öll skip sem samningurinn taki til skuli mönnuð á fullnægjandi, öruggan og skilvirkan hátt í samræmi við öryggisskírteini um lágmarksmönnun eða sambærilegt skírteini gefið út af lögbæru yfirvaldi.

Í 11. gr. samningsins er kveðið á um að enginn undir 16 ára aldri skuli vinna um borð í skipi.

Í 12. gr. samningsins segir að eigandi skipsins skuli útvega skipstjóranum nauðsynleg gögn til að fullnægja þeim skyldum sem þessi samningur hefur í för með sér, þar með talin gögn um rétta mönnun skipsins. Skipstjórinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfum þessa samnings um vinnutíma og hvíldartíma sjómanna.

Í 13. gr. samningsins er fjallað um heilbrigðismál sjómanna, en þar segir að:

- allir sjómenn skuli hafa vottorð um að þeir séu færir um að inna af hendi það starf sem þeir munu gegna á sjó,
- ákveða skuli, að höfðu samráði við eigendur skipsins sem um ræðir og viðkomandi samtök sjómanna, hvernig heilbrigðiseftirliti skuli hagað og hvaða upplýsingar skuli koma fram á læknisvottorðinu,
- allir sjómenn skuli fara reglulega í læknisskoðun, vaktmenn, sem eiga við heilsuvandamál að stríða og læknir hefur staðfest að séu tilkomin vegna næturvinnu, skulu, alltaf þegar þess er nokkur kostur, færðir til í starfi þannig að þeir stundi dagvinnu sem hentar þeim,
- heilbrigðiseftirlitið skuli vera ókeypis og læknirinn bundinn þagnarskyldu; slík heilbrigðisskoðun má fara fram innan ramma innlends heilbrigðiskerfis.

Í 14. gr. kemur fram að eigendur skips skuli veita lögbæru innlendu yfirvaldi upplýsingar um vaktmenn og aðra næturvinnumenn sé þess óskað.

Í 15. gr. kemur fram að sjómenn skuli njóta öryggis og heilsuverndar í samræmi við starf sitt. Samsvarandi verndar- og forvarnarþjónusta eða aðstaða sem þjónar slíkum tilgangi skal vera til staðar vegna öryggis og heilsu sjómanna sem vinna dag- eða næturvinnu.

Í 16. gr. segir að allir sjómenn skuli eiga rétt á að minnsta kosti fjögurra vikna árlegu orlofi á launum, eða hlutfalli þar af fyrir starfstíma sem er skemmri en ár, í samræmi við viðmiðunarreglur um rétt til og veitingu slíks orlofs sem mælt er fyrir um í landslögum

og/eða samkvæmt venju. Greiðsla má ekki koma í stað árlegs lágmarksorlofs á launum, nema þegar um starfslok er að ræða.

Tilvitnaður samningur byggist á ákvæðum samþykktar nr. 180 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sem fjallar um vinnutíma sjómanna á farskipum.

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar verði komið til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 30. júní 2002.

2. Afstaða samráðshópsins:

Í minnisblaði sem hópurinn sendi samgönguráðherra 23. mars 2000 kemur fram eftirfarandi afstaða hópsins til tilskipunar 1999/63/EB:

„Tilgangur með þessari tilskipun er að setja í gildi nefndan samning, sbr. meðfylgjandi. Tilskipunin tekur til skipa sem skrásett eru innan ESB. Á fundum vinnutímanefndarinnar og í umsögn aðila hefur eftirfarandi komið fram:

a. Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra kaupskipaútgerða benda á að samningurinn taki aðeins til ESB-skipa og því spurning hvaða áhrif hann hefur hér. Þau benda á að lágmarksaldur til sjós verði 16 ár í stað 15 ára og að næturvinna verði bönnuð yngri en 18 ára og að þetta kalli á breytingar á sjómannalögum. Jafnframt er bent á að óeðlilegt sé að aðilar vinnumarkaðar í Evrópu bindi með þessum hætti hendur íslenskra aðila.
b. Sjómannasamband Íslands telur að þrenging á aldursmörkum hafi ekki nokkur áhrif hér á landi og gerir því ekki athugasemdir.
c. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands hafa lýst því yfir að þau geri ekki athugasemdir við efni tilskipunarinnar."

Sú skoðun hefur komið fram af hálfu Sambands íslenskra kaupskipaútgerða að það er almennt mótfallið svæðisbundnum ákvæðum er ná til kaupskipa.

Hópurinn vill vekja athygli á því að skv. 11. gr. tilskipunar 1999/95/EB um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu tekur sú tilskipun ekki gildi fyrr en á gildistökudegi ILO-samnings nr. 180 og gildistökudegi 1996-bókunarinnar við ILO-samning nr. 147. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf hafa 4 ríki fullgilt IL0-samning nr. 180, þ.e. Írland, Rúmenía, Marokkó og Svíþjóð. Skv. 18. gr. samþykktarinnar öðlast hún gildi 6 mánuðum eftir að 5 aðildarríki hafa fullgilt hana, enda hafi 3 þeirra hvert um sig 1.000.000 brúttótonna kaupskipaflota að minnsta kosti. Sama gildir um 1996-bókunina við IL0-samning nr. 147. Með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum telur hópurinn óeðlilegt að tilskipun 1999/63 verði innleidd að fullu fyrr en tilskipun 1999/95/EB, sem tekur til skipa sem eru skráð utan EES en fara um EES-hafnir, hefur tekið gildi.

Um afstöðu hópsins til tilskipunarinnar að öðru leyti kemur eftirfarandi fram í minnisblaðinu: „Með hliðsjón af ofanrituðu og því að Ísland hefur nú þegar undirgengist ákvæði STCW og ILO 147 telur nefnd um vinnutíma sjómanna að engin efni séu til þess að standa í vegi fyrir því að þessar gerðir verði hluti af EES-reglum, enda verði ákvæði laga og reglugerða breytt til að gæta samræmis. Nefndin leggur áherslu á að nýttur verði til kynningar og aðlögunar sá frestur sem tilskipunin gerir ráð fyrir, þ.e. til 30. júní 2002."

3. Staða málsins:

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000 frá 27. október 2000 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn var samþykkt að tilskipun 1999/63/EB skuli felld inn í EES-

samninginn. Ákvörðun nefndarinnar öðlaðist gildi þann 28. október 2000 að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar EES-nefndinni.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Með tillögu til þingsályktunar sem utanríkisráðherra lagði fram 13. febrúar 2001 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar var leitað eftir heimild Alþingis um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þingsályktunartillagan var samþykkt samhljóða á Alþingi 27. mars 2001.

4. Nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar:

Segja má að efni tilskipunarinnar hafi þegar verið leidd í lög með reglugerð um vaktstöður um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum nr. 599/2001 sem sett var á grundvelli laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001. Reglugerðin gildir um íslensk farþegaskip og flutningaskip og í 2. gr. þeirra er kveðið á um að vaktir skuli þannig skipulagðar að þeir sem standa vakt séu ávallt vel hvíldir svo að ekki dragi úr árvekni þeirra og að þess skuli sérstaklega gætt við fyrstu vakt og í upphafi sjóferðar. Í I. viðauka, undirkafla A-VIII/1 er nánar kveðið á um lágmarkshvíldartíma.

Verði tilskipunin felld inn í EES-samninginn þarf að koma til breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985. Umrædd tilskipun kveður á um að lágmarksaldur sjómanna á farskipum verði 16 ár, en í 2. mgr. 8. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, er kveðið á um 15 ára lágmarksaldur sjómanna. Þá kveður tilskipunin á um að næturvinna sé bönnuð þeim sem eru yngri en 18 ára og starfa á farskipum. Jafnframt þarf að endurskoða ákvæði 64. og 65. gr. sömu laga sem fjalla um hvíldartíma sjómanna.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.

1. Efni tilskipunarinnar:

Tilskipunin er nokkurs konar hliðartilskipun við tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag vinnutíma sjómanna á kaupskipum, sem gerður var af Samtökum skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ESCA) og Samtökum félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu 30. september 1998, en með þeirri tilskipun er samningnum hrint í framkvæmd.

Tilskipun 1999/63/EB mun taka til allra skipa sem skráð eru á EES-svæðinu, en með tilskipun 1999/95/EB er kveðið á um að sömu reglur skuli gilda á kaupskipum sem taka höfn innan ESB, þrátt fyrir að þau séu ekki skráð á skipaskrám ríkja þess.

Markmiðið með tilskipun 1999/95/EB er að koma á kerfi til að sannprófa og framfylgja því að skip sem fara um hafnir í aðildarríkjunum haldi ákvæði tilskipunar 1999/63/EB svo að hægt sé að bæta öryggi til sjós, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi sjómanna um borð í skipum. Er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafnir til þess að tryggja að skip sem ekki eru skráð á yfirráðasvæði þeirra eða sigla ekki undir þeirra fána hlíti ákvæðum 1.–12. gr. samningsins sem fylgir tilskipun 1999/63/EB.

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar verði komið til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 30. júní 2002.

2. Afstaða samráðshópsins:

Í minnisblaði sem hópurinn sendi samgönguráðherra 23. mars 2000 kemur fram eftirfarandi afstaða hópsins til tilskipunarinnar 1999/95/EB: „Tilgangur með þessari tilskipun er að skip sem taka höfn í ESB hlíti sömu reglum um vinnutíma og kveðið á um í samningi samkvæmt tilskipun 1999/63 og að um þessi skip gildi að öðru leyti sömu reglur og um ESB-skip, t.d. um kyrrsetningu. Hagsmunaðilar hafa ekki tekið sérstaka afstöðu til þessarar tilskipunar umfram það sem fram kemur í 1. tölulið." Um afstöðu hópsins til tilskipunarinnar að öðru leyti kemur eftirfarandi fram í minnisblaðinu: „Með hliðsjón af ofanrituðu og því að Ísland hefur nú þegar undirgengist ákvæði STCW og ILO 147 telur nefnd um vinnutíma sjómanna að engin efni séu til þess að standa í vegi fyrir því að þessar gerðir verði hluti af EES-reglum, enda verði ákvæði laga og reglugerða breytt til að gæta samræmis. Nefndin leggur áherslu á að nýttur verði til kynningar og aðlögunar sá frestur sem tilskipunin gerir ráð fyrir, þ.e. til 30. júní 2002."

Hópurinn vill vekja athygli á því að skv. 11. gr. tilskipunar 1999/95/EB um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu tekur sú tilskipun ekki gildi fyrr en á gildistökudegi ILO-samnings nr. 180 og gildistökudegi 1996 bókunarinnar við ILO-samning nr. 147. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf hafa 4 ríki fullgilt IL0-samning nr. 180, þ.e. Írland, Rúmenía, Marokkó og Svíþjóð. Skv. 18. gr. samþykktarinnar öðlast hún gildi 6 mánuðum eftir að 5 aðildarríki hafa fullgilt hana, enda hafi 3 þeirra hvert um sig 1.000.000 brúttótonna kaupskipaflota að minnsta kosti. Sama gildir um 1996 bókunina við IL0-samning nr. 147. Með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum telur hópurinn óeðlilegt að tilskipun 1999/63 verði innleidd að fullu fyrr en tilskipun 1999/95/EB, sem tekur til skipa sem eru skráð utan EES en fara um EES hafnir, hefur tekið gildi.

3. Staða málsins:

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000 frá 27. október 2000 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn var samþykkt að tilskipun 1999/95/EB skuli felld inn í samninginn. Ákvörðun nefndarinnar öðlaðist gildi þann 28. október 2000 að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar EES-nefndinni.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Með tillögu til þingsályktunar sem utanríkisráðherra lagði fram 13. febrúar 2001 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar var leitað eftir heimild Alþingis um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þingsályktunartillagan var samþykkt samhljóða á Alþingi 23. apríl 2001.

4. Nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar:

Breyta þarf ákvæðum reglugerðar nr. 599/2001 þannig að hún nái einnig til erlendra kaupskipa sem fara um íslenskar hafnir. Hópurinn vill vekja athygli á því að skv. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu tekur sú tilskipun ekki gildi fyrr en á gildistökudegi ILO-samnings nr. 180 og gildistökudegi 1996-bókunarinnar við ILO-samning nr. 147.

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 1999/130/EB frá 18. nóvember 1998 um fullgildingu á ILO-samningi nr. 180 um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa og fullgildingu á 1996-bókuninni við kaupskipasamþykktina frá 1976.

1. Efni tilmælanna:

Samhliða þessum tveimur tilskipunum hafa verið samþykkt tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 1999/130/EB frá 18. nóvember 1998, um fullgildingu á ILO-samningi nr. 180 um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa, og fullgildingu á 1996-bókuninni við kaupskipasamþykktina frá 1976.

2. Afstaða samráðshópsins:

Í minnisblaði sem hópurinn sendi samgönguráðherra 23. mars 2000 kemur fram eftirfarandi afstaða hópsins til tilmælanna: „Markmið tilmælanna er að hvetja þau aðildarríki ESB sem ekki hafa fullgilt ILO-samning nr. 180 til að fullgilda hana, en hún var samþykkt 22. október 1996 og markmið hennar að auka heilbrigði og öryggi sjómanna, öryggi á sjó og vernda umhverfi sjávar. Aðildarríkin eiga að upplýsa framkvæmdastjórnina innan árs frá birtingu tilmælanna um hvaða ráðstafanir þær hafi gert. Ekki er settur lokafrestur til fullgildingar. Hagsmunaaðilar hafa ekki tekið sérstaka afstöðu til þessara tilmæla umfram það sem fram kemur í 1. tölulið, enda varðar málið aðeins aðildarríki ESB."

3. Staða málsins:

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf hafa 4 ríki fullgilt IL0-samning nr. 180, en þau eru:

Írland, 22. apríl 1999.
Rúmenía, 11. október 2000.
Marokkó, 1. desember 2000.
Svíþjóð, 15. desember 2000.

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf hafa 4 ríki fullgilt 1996 bókunina við kaupskipasamþykktina frá 1976, en þau eru:

Írland, 22. apríl 1999.
Svíþjóð, 15. desember 2000.
Rúmenía, 15. maí 2001.
Bretland, 29. júní 2001.

IL0-samningur nr. 180 og 1996-bókunin við kaupskipasamþykktina frá 1976 öðlast gildi 6 mánuðum eftir að 5 aðildarríki hafa fullgilt hana, enda hafi 3 þeirra hvert um sig 1.000.000 brúttótonna kaupskipaflota að minnsta kosti. Þau öðlast síðan gildi gagnvart einstökum ríkjum 6 mánuðum eftir að fullgilding þeirra hefur verið skráð hjá skrifstofu ILO.

4. Nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar:

Þessi tilmæli krefjast hvorki laga- né reglugerðabreytingar af Íslands hálfu, en eðlilegt er að tekin verði afstaða til þess hvort Ísland eigi að fullgilda ILO-samning nr. 180 og 1996-bókunina við kaupskipasamþykktina frá 1996.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna.

Tilgangur frumvarpsins er að gera breytingar á sjómannalögum vegna innleiðingar EES-gerða sem varða vinnu- og hvíldartíma skipverja, á fiskiskipum annars vegar og á farþega- og flutningaskipum hins vegar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

452. Frumvarp til laga [391. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

1. *Norðvesturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Húnaþing vestra, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóssbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Höfðahreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

2. *Norðausturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarbær, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Hríseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær, Tjörneshreppur, Keldunes-hreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

3. *Suðurkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Sveitarfélagið Árborg, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur,

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur.

2. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Yfirkjörstjórn getur ákveðið að í kjördæmi sé umdæmiskjörstjórn. Skal hún kosin af yfirkjörstjórn og skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Umdæmiskjörstjórn kýs sér sjálf oddvita.

3. gr.

Í stað orðanna „og yfirkjörstjórn“ í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: yfirkjörstjórn og umdæmiskjörstjórn.

4. gr.

Í stað orðanna „og yfirkjörstjórna“ í 1. málsl. 3. mgr. 19. gr. laganna kemur: yfirkjörstjórna og eftir atvikum umdæmiskjörstjórna.

5. gr.

Í stað orðanna „framkvæmdastjóra hennar“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: framkvæmdastjóra sveitarfélags.

6. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 52. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Fyrir framan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skal vera ferningur. Niður undan bókstafnum skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Engum, sem ekki er á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema annað tveggja komi til:

1. Hann framvísi vottorði, undirrituðu af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélags, um að hann afsali sér kosningarrétti þar sem hann er á kjörskrá enda hafi kjörstjórn þess kjörstaðar þar sem kjósandi hyggst neyta atkvæðisréttar borist tilkynning um hvaða kjósendum sveitarstjórn hefur gefið vottorð.
2. Hann undirriti beiðni á sérstakt eyðublað um að afsala sér kosningarrétti í þeirri kjördeild þar sem nafn hans er á kjörskrá og að kjörstjórn á þeim kjörstað þar sem kjósandi óskar að neyta atkvæðisréttar staðfesti slíkt afsal með undirritun oddvita eða tveggja kjörstjórnarmanna.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Kjörstjórn er óheimilt að staðfesta vottorð eða beiðni um afsal kosningarréttar nema sannað verði, með þeim hætti sem kjörstjórn metur gilt, að nafn kjósanda standi á kjörskrá í annarri kjördeild í sama kjördæmi og hann hafi ekki neytt kosningarréttar þar. Skráð skal athugasemd á kjörskrá, þar sem nafn kjósanda er, hvar hann neyti kosningarréttar og þess getið í kjörbók. Afsalið skal færa í kjörbók undirkjörstjórnar þar sem

kjósandinn neytir kosningarréttar og vottorðið skal fylgja í frumriti til yfirkjörstjórnar með kjörbók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað.

8. gr.

1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo:

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross í ferning fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem hann vill kjósa.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 95. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar, sbr. 1. mgr. 97. gr.
b. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórn.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 96. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ef yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.

b. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Yfirkjörstjórn getur ákveðið að auk talningar hjá henni geti talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn, á öðrum stað í kjördæminu.

b. Á eftir orðinu „hún“ í 1. málsl. 1. mgr., er verður 2. mgr., kemur: eða umdæmiskjörstjórn.
c. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 2. málsl. 1. mgr., er verður 2. mgr., kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.
d. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 3. málsl. 1. mgr., er verður 2. mgr., kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.

12. gr.

Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 2. mgr. 98. gr. laganna kemur: eða umdæmiskjörstjórn.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórn.
b. Á eftir orðinu „Yfirkjörstjórn“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórn.
c. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 2. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.

14. gr.

Í stað orðanna „framan við listabókstafinn en t.d. aftan við hann“ í 2. málsl. 1. mgr. 101. gr. laganna kemur: í ferning við listabókstafinn en t.d. utan hans.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórn.
b. Á eftir orðinu „kjörstjórnar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.
c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Nú verður ágreiningur innan umdæmiskjörstjórnar eða á milli umdæmiskjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill er gildur eða ógildur og skal þá umdæmiskjörstjórnin senda hann til yfirkjörstjórnar sem úrskurðar um gildi hans.
d. Í stað orðanna „færir yfirkjörstjórn“ í 1. málsl. 3. mgr., er verður 4. mgr., kemur: kynnir umdæmiskjörstjórn niðurstöðu talningar sinnar yfirkjörstjórn sem færir.

16. gr.

Við 104. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Hafi talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn skal hún, eftir að starfi hennar er lokið, senda alla notaða kjörseðla undir innsigli til yfirkjörstjórnar og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum. Auk þess sendir hún yfirkjörstjórn allar kjörskrár í innsigluðum umbúðum og einnig eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni. Yfirkjörstjórn skal fara með þessi gögn á sama hátt og þau sem eru í hennar vörslu.

17. gr.

1. málsl. 3. mgr. 105. gr. laganna orðast svo: Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 97. gr. skal yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið.

18. gr.

Á eftir orðinu „yfirkjörstjórna“ í b-lið 123. gr. laganna kemur: og umdæmiskjörstjórna.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Megintilgangur þess er að heimila talningu atkvæða á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi. Með breyttri kjördæmaskipan hafa sum kjördæmin stækkað svo mjög að vegalengdir innan þeirra gætu hamlað því að atkvæðasendingar bærust með góðu móti á milli staða, sér í lagi ef til kosninga kæmi að vetri til. Enn fremur þykir nauðsynlegt að upptalning á sveitarfélögum í 6. gr. laganna verði lagfærð í samræmi við breytingar sem orðið hafa á heiti þeirra vegna sameiningar eða af öðrum ástæðum. Þá er lagt til að kjörseðlar verði útbúnir með kassa eða ferningi fyrir framan listabókstafina, sem kjósendur setja krossinn í. Tekið skal fram að atkvæði er gilt þótt merkt sé utan fernings, svo lengi sem ljóst er við hvaða listabókstaf er átt. Í þessu sambandi er brýnt að hafa í huga að vafaatkvæði verði skýrð með hliðsjón af vilja kjósanda. Loks er talin ástæða til að auðvelda kjósendum, sem eiga erfitt með að komast á sinn rétta kjörstað eða greiða atkvæði þar, t.d. vegna fötlunar, að afsala sér kosningarrétti í sinni kjördeild og fá að greiða atkvæði í annarri kjördeild.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heitum eftirfarandi sveitarfélaga í Norðvesturkjördæmi hefur verið breytt, en breytingarnar eru:

1. Eyrarsveit varð Grundarfjarðarbær.
2. Hólmavíkurhreppur og Kirkjubólshreppur sameinuðust í Hólmavíkurhrepp.
3. Blönduóssbær og Engihlíðarhreppur sameinuðust í Blönduóssbæ.
4. Vindhælishreppur og Skagahreppur sameinuðust í Skagabyggð.

Heitum eftirfarandi sveitarfélaga í Norðausturkjördæmi hefur verið breytt, en breytingarnar eru:

1. Ólafsfjarðarkaupstaður varð Ólafsfjarðarbær.
2. Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur og Glæsibæjarhreppur sameinuðust í Hörgárbyggð.
3. Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur og Reykdælahreppur sameinuðust í Þingeyjarsveit.
4. Reykjahreppur og Húsavíkurkaupstaður sameinuðust í Húsavíkurbæ.

Heitum eftirfarandi sveitarfélaga í Suðurkjördæmi hefur verið breytt, en breytingarnar eru:

1. Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur sameinuðust í Rangárþing eystra.
2. Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit og Djúpárhreppur sameinuðust í Rangárþing ytra.
3. Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur sameinuðust í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
4. Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur sameinuðust í Bláskógabyggð.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er yfirkjörstjórn heimilað að kjósa sérstaka umdæmisstjórn til þess að hægt verði að telja atkvæði á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi. Umdæmiskjörstjórnin mun þá hafa sömu heimildir og yfirkjörstjórn til þess að taka við atkvæðakössum og telja atkvæði. Breyting þessi miðar að því að auðvelda og flýta fyrir talningu í stórum kjördæmum þar sem fjarlægðir á milli endimarka kjördæmis eru miklar. Til dæmis mætti þá hugsa sér að ef yfirkjörstjórn væri með aðsetur á Akureyri mundi umdæmiskjörstjórn telja atkvæði á Egilsstöðum.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að dómsmálaráðherra ákveði þóknun fyrir störf í umdæmiskjörstjórn. Þar sem henni er ætlað að vinna sama verk og yfirkjörstjórn við talningu atkvæða þykir eðlilegt að sami aðili ákveði þóknun þeirra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Breytingin er til að gæta samræmis við aðra þætti í lögum um kosningar til Alþingis.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að settur verði kassi fyrir framan hvern listabókstaf sem á kjörseðlinum stendur þar sem kjósanda er ætlað að rita kross, til þess að merkja við þann lista sem hann

hyggst kjósa, en reynslan hefur sýnt að núverandi fyrirkomulag er ekki nógu skýrt. Má ætla að almenningur hafi vanist krossum af þessu tagi, m.a. við útfyllingu flestra eyðublaða, í krossaprófum o.fl. Með þessu er vonast til að eyða óvissu kjósanda um það hvar á kjörseðlinum hann á að merkja með krossi og til þess að draga úr hættu á að atkvæðið verði talið til vafaatkvæða.

Um 7. gr.

Lagt er til að ákvæði 80. gr. laganna verði löguð að þeirri framkvæmd sem lengi hefur tíðkast varðandi afsal kosningarréttar þar sem kjósandi er á kjörskrá til þess að kjósa í annarri kjördeild innan sama kjördæmis.

Kjósandi þarf þá að framvísa vottorði, undirrituðu af framkvæmdastjóra sveitarfélags eða oddvita sveitarstjórnar, um að hann afsali sér kosningarrétti þar sem hann er á kjörskrá enda hafi kjörstjórn þess kjörstaðar þar sem kjósandi hyggst neyta atkvæðisréttar borist tilkynning um hvaða kjósendum sveitarstjórn hefur gefið vottorð. Jafnframt getur hann undirritað, á sérstakt eyðublað, beiðni um að hann afsali sér kosningarrétti í þeirri kjördeild þar sem nafn hans er á kjörskrá og að kjörstjórn á þeim kjörstað þar sem kjósandi óskar að neyta atkvæðisréttar staðfesti slíkt afsal.

Áður en slíkt vottorð eða beiðni er staðfest ber kjörstjórn að afla staðfestingar frá þeim kjörstað eða kjördeild, þar sem nafn kjósanda er á kjörskrá, að hann hafi ekki neytt kosningarréttar. Þetta má t.d. gera símleiðis. Sé hvort tveggja staðfest og hafi verið skráð á kjörskrá við nafn kjósandans hvar hann neytir kosningarréttar skal kjörstjórn heimila honum að kjósa á viðkomandi kjörstað innan kjördæmisins.

Lítið hefur reynt á ákvæði 2. mgr. 80. gr. í reynd. Í alþingiskosningunum 1999 var afsal afgreitt í 88 tilfellum á landinu öllu, þar af 22 í Reykjavík.

Um 8. gr.

Breyting þessi gerir ráð fyrir að kjósandi setji kross í ákveðinn reit fyrir framan bókstaf þess lista sem hann hyggst kjósa í stað þess að marka kross á autt svæði fyrir framan listabókstafinn. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar um 6. gr. frv.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í a-lið er umdæmiskjörstjórn falið sama vald og yfirkjörstjórn til að hefja talningu samstundis ef hún er stödd á kjörstað og til að taka við atkvæðakössum óinnsigluðum beint úr höndum kjörstjórnar af því tilefni að viðstöddum umboðsmönnum lista.

Þá er lagt til í b-lið að umdæmiskjörstjórn fái send þau kjörskráreintök sem notuð voru við kosninguna á þeim stöðum sem hún telur atkvæði frá.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að yfirkjörstjórn verði gefin formleg heimild til að ákveða að umdæmiskjörstjórn geti talið atkvæði á öðrum stað í kjördæmi sínu. Þetta er hugsað til að einfalda og flýta fyrir talningu í stórum kjördæmum þar sem langt er á milli staða.

Aðrar breytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Breyting þessi er gerð til samræmis við breytingu í 6. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir ferningi fyrir framan listabókstaf þar sem ætlast er til að kjósandi setji kross. Taka skal gilt atkvæði þótt merkt sé utan fernings, svo lengi sem ljóst er við hvaða listabókstaf er átt. Í þessu sambandi er brýnt að hafa í huga að vafaatkvæði verði skýrð með hliðsjón af vilja kjósanda.

Um 15. gr.

Í c-lið er lagt til að sérstök umdæmiskjörstjórn hafi ekki úrskurðarvald um gildi kjörseðils þegar upp kemur ágreiningur innan hennar eða á milli hennar og umboðsmanns lista. Skulu þá vafaatkvæði sem ágreiningur er um send áfram til yfirkjörstjórnar til úrskurðar.

Þá er gert ráð fyrir í d-lið greinarinnar að yfirkjörstjórn kynni úrslit talningar í hverju kjördæmi með sama hætti og verið hefur, eftir atvikum að fengnum niðurstöðum frá umdæmiskjörstjórn, hafi hún verið kosin, sbr. 2. gr. frv. Það kemur þó ekki í veg fyrir að umdæmiskjörstjórn skýri viðstöddum frá niðurstöðu talningar í sínu umdæmi. Þegar yfirkjörstjórn telur aðsend utankjörfundaratkvæði sem ekki hafa borist til umdæmiskjörstjórnar í tæka tíð færir hún niðurstöðu þeirrar talningar með þeim tölum sem berast frá umdæmiskjörstjórn.

Um 16. gr.

Með þessari grein er, í þeim tilvikum sem umdæmiskjörstjórn er kosin, gert ráð fyrir að hún sendi yfirkjörstjórn þau gögn sem hún hefur fengið í hendur vegna talningar, þ.e. notaða kjörseðla og kjörskráreintök þau sem notuð voru á kjörstað, þegar störfum hennar er lokið. Einnig er umdæmiskjörstjórn falið að senda eftirrit af gerðabók sinni til yfirkjörstjórnar. Yfirkjörstjórn er síðan gert að fara á sama hátt með þessi gögn og þau sem eru í hennar vörslu, þ.e. eftir atvikum geyma þau eða senda áfram til dómsmálaráðuneytisins.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði nauðsynlegan kostnað við störf umdæmiskjörstjórna í þeim tilvikum þar sem slík kjörstjórn starfar, þar sem hún vinnur sama verk og yfirkjörstjórn við talningu atkvæða og því eðlilegt að sami aðili greiði kostnað þeirra.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Helsta breytingin er sú að yfirkjörstjórnum verður heimilt að kjósa umdæmiskjörstjórn sem telji atkvæði annars staðar í kjördæminu en á aðsetri yfirkjörstjórnar. Tilefni þessarar breytingar er að með stækkun kjördæma eru vegalengdir innan sumra þeirra orðnar það miklar að flutningur atkvæða á talningarstað gæti tafið talsvert fyrir talningu, sérstaklega ef kosið er að vetrarlagi. Heimildin til að kjósa umdæmiskjörstjórn er þó einkum ætluð fyrir þrjú stærstu kjördæmin, þ.e. norðvesturkjördæmi, norðausturkjördæmi og suðurkjördæmi. Gera má ráð fyrir að skipuð verði ein umdæmiskjörstjórn í hvert þessara kjördæma og að kosnir verði þrír aðalmenn og þrír til vara í hverja þeirra. Kostnaður við starf umdæmiskjörstjórna mundi aðallega felast í þóknunum til kjörstjórnarmanna, aðstöðu og flutningi kjörgagna til yfirkjörstjórnar að talningu lokinni. Reiknað er með að hann geti numið í u.þ.b. 1,5 m.kr. Miðað við síðustu alþingiskosningar er þó ekki um viðbótarkostnað að ræða þar sem fjöldi talningarstaða og kjörstjórnarmanna var svipaður þá og heimill væri samkvæmt þessu frumvarpi.

453. Frumvarp til laga [392. mál]

um vaktstöð siglinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða vaktstöð siglinga, en Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd þeirra svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Markmið og hlutverk.

Markmið þessara laga er að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Til að ná þessu markmiði skal Siglingastofnun Íslands setja á fót vaktstöð siglinga sem veitir skipum sem sigla um íslenska efnahagslögsögu m.a. eftirfarandi öryggisþjónustu:

a. vöktun og eftirlit sjálfvirks tilkynningarkerfis skipa (STK), þ.m.t. sjálfvirks alþjóðlegs auðkenningarkerfis skipa (AIS),

b. móttöku og miðlun tilkynninga frá skipum sem flytja hættulegan og/eða mengandi varning,
c. móttöku og miðlun neyðarkalla til viðeigandi aðila auk tilkynninga um óhöpp eða slys á sjó,
d. móttöku og miðlun tilkynninga frá farþegaskipum vegna talningar og skráningar farþega,
e. vöktun alþjóðlegs neyðar- og öryggisfjarskiptakerfis skipa (GMDSS) og ritstjórn fyrir þjónustu alþjóðlegs viðvörunarkerfis skipa (NAVTEX),
f. skráningu skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit,
g. móttöku tilkynninga og miðlun upplýsinga um bilanir í vitakerfinu og farartálma á sjó,
h. samskipti við hafnir sem Siglingastofnun Íslands hefur útnefnt sem neyðarhafnir,
i. önnur verkefni í þágu þriðja aðila sem Siglingastofnun Íslands heimilar,
j. önnur verkefni sem samgönguráðherra telur í þágu almannaheilla.

Ef tilkynning berst ekki frá skipi á reglulegum tíma eða ef vaktstöð siglinga berast upplýsingar sem gefa tilefni til að ætla að ástæða sé til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar skips í íslenskri efnahagslögsögu skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit eða björgun.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að bjóða út rekstur vaktstöðvar siglinga. Heimilt er að skipta útboðinu í einstaka þætti.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Skip:* Hvert það far sem er sex metrar á lengd eða lengra, mælt milli stafna, og notað á sjó.
2. *Leiðsögumaður:* Hver sá sem fengið hefur skírteini til leiðsögu skipa um tiltekið svæði eða við tilteknar aðstæður.
3. *Leiðsöguskylda:* Skylda til að nota leiðsögumann við siglingu skipa um tiltekið svæði eða við tilteknar aðstæður.
4. *Hafnsögumaður:* Leiðsögumaður sem fengið hefur skírteini til leiðsögu skipa um tiltekið hafnarsvæði.
5. *Hafnsöguskylda:* Skylda til að nota hafnsögumann við siglingu skipa um tiltekið hafnarsvæði eða við tilteknar aðstæður.
6. *Hafnarsvæði:* Svæði við höfn sem nánar er tilgreint í reglugerð um viðkomandi höfn.
7. *Farmsendandi:* Hver sá sem gerir samning við farmflytjanda um flutning á vörum á sjó eða samningurinn er gerður í hans nafni eða fyrir hans hönd.
8. *Umboðsmaður:* Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.
9. *Hættulegur varningur:* Hver sá varningur sem flokkaður er í IMDG-kóðanum, í 17. kafla IBC-kóðans eða í 19. kafla IGC-kóðans, þ.m.t. geislavirk efni sem vísað er til í INF-kóðanum.
10. *Mengandi varningur:* Olíur samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka við MARPOL, fljótandi eiturefni samkvæmt skilgreiningu II. viðauka við MARPOL og skaðleg efni samkvæmt skilgreiningu III. viðauka við MARPOL.

II. KAFLI

Tilkynningar skipa.

4. gr.

Tilkynningar sem skipum er skylt að senda samkvæmt ákvæðum þessara laga skulu sendar vaktstöð siglinga eða öðrum aðila eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

A. Tilkynningar um staðsetningu skipa.

5. gr.

Tilgangur með sjálfvirku tilkynningarkerfi skipa er að tryggja að vitað sé hvaða skip eru á sjó og hver sé staðsetning þeirra og að tryggja skjót viðbrögð við eftirgrennslan, leit og björgun ef skip lendir í sjávarháska.

Heimilt er að nota upplýsingar vaktstöðvarinnar í öðrum tilgangi, t.d. við fiskveiðieftirlit, skipaeftirlit og eftirlit Landhelgisgæslu Íslands. Siglingastofnun Íslands getur ákveðið og samið um að gjald komi fyrir aðgang að upplýsingum og/eða aðra þjónustu sem vaktstöðin veitir þriðja aðila.

6. gr.

Öll íslensk skip skulu tilkynna staðsetningu sína gegnum sjálfvirkt tilkynningarkerfi með tilteknu millibili eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Undanþegin ákvæðinu eru varðskip og skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni. Jafnframt er samgönguráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að skip sem stunda veiðar nálægt landi verði undanþegin ákvæðinu.

Erlend skip, sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu, skulu tilkynna um það. Í tilkynningunni skal koma fram nafn skips, heimahöfn, þjóðerni, eigandi skips og útgerðaraðili sé hann ekki eigandi, skipstjóri og umboðsmaður útgerðar hér á landi.

B. Tilkynningar um komu.

7. gr.

Tilkynning áður en haldið er til hafnar.

Skip, 300 brúttótonn að stærð og stærri, nema varðskip og fiskiskip styttri en 45 metrar, sem eru á leið til hafnar skulu tilkynna komu sína til vaktstöðvar siglinga með tilteknum fyrirvara sem ákveðinn er í reglugerð.

C. Tilkynningar vegna hættulegs varnings.

8. gr.

Tilkynning áður en haldið er til hafnar.

Öll skip, sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu með hættulegan eða mengandi varning í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skulu með tilteknum fyrirvara sem ákveðinn skal í reglugerð tilkynna um komu sína og gefa upplýsingar m.a. um auðkenni skips, ákvörðunarhöfn, brottfarartíma skips, áætlaðan komutíma og rétt tækniheiti hættulegs eða mengandi varnings.

9. gr.

Skyldur farmsendanda.

Ekki má bjóða hættulegan eða mengandi varning til flutnings með skipum eða taka hann um borð í höfn í aðildarríki nema skipstjóri eða rekstraraðili hafi í höndum yfirlýsingu með réttum tækniheitum varningsins, númerum Sameinuðu þjóðanna ef þau eru fyrir hendi, hættuflokki og magni slíks varnings og auðkennum hans ef hann er í flutningseiningum öðrum en tönkum.

Farmsendandi ber ábyrgð á að afhenda skipstjóra eða útgerð yfirlýsingu um að farmurinn sem boðinn er til flutnings sé raunverulega sá sem lýst er yfir skv. 1. mgr.

10. gr.
Undanþágur.

Siglingastofnun Íslands má veita útgerðum í áætlunarsiglingum milli hafna innan lands undanþágu frá kröfum um tilkynningu skv. 8. gr. ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a. að útgerðin haldi og uppfæri skrá yfir skip sem stunda þessa flutninga og afhendi hana vaktstöð siglinga eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð og
b. að upplýsingar um farm séu ætíð til reiðu.

Ef tvö eða fleiri aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins hafa samráð um alþjóðlegar áætlunarsiglingar sem eitt félag stundar geta þau í samráði veitt hlutaðeigandi félagi undanþágu í samræmi við kröfur sem kveðið er á um í þessari grein.

D. Tilkynningar um óhapp og slys á sjó.

11. gr.
Tilkynning um óhöpp og slys á sjó.

Skipstjóri skips sem siglir um landhelgi eða efnahagslögsögu Íslands skal eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð tilkynna tafarlaust um sérhvert óhapp eða slys sem hefur áhrif á öryggi áhafnar, farþega og skips, ógnar öryggi í siglingum og kann að valda mengun sjávar eða stranda Íslands.

III. KAFLI
Hafnsaga og leiðsaga.

12. gr.
Hafnsaga skipa.

Öll skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning í farmrými eða á þilfari í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skulu nota hafnsögumann við siglingu um hafnarsvæði. Hafnarstjórn er heimilt að veita staðkunnugum skipstjórum undanþágu frá hafnsöguskyldu.

Hafnarstjórnir ráða hafnsögumenn við hafnsöguskyldar hafnir.

13. gr.
Leiðsaga skipa.

Til að tryggja öryggi siglinga og varnir gegn mengun sjávar er samgönguráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að skip skuli nota leiðsögumann við siglingar um tiltekið svæði eða við tilteknar aðstæður.

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini fyrir leiðsögu- og hafnsögumenn. Skírteinið gildir fyrir tiltekið svæði til allt að fimm ára í senn, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs skírteinishafa. Um skírteinin skal nánar kveðið á í reglugerð.

Sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum getur öðlast skírteini til að vera hafnsögu- og leiðsögumaður skipa:

1. Er 25–69 ára að aldri.
2. Hefur fullnægjandi heilbrigðisvottorð.
3. Hefur lokið 2. stigs skipstjórnarnámi eða samsvarandi námi og hefur siglt sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi um svæði sem tilgreint er á skírteininu og þekkir til hlítar siglingaleiðir á svæðinu.

4. Hefur lokið námskeiði til að vera hafnsögu- og leiðsögumaður eftir því sem nánar segir í reglugerð.

Skilyrðum skv. 3. mgr. verður einnig að vera fullnægt eftir að skírteinið hefur verið gefið út.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá skilyrðum skv. 3. mgr. þegar sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skyldur leiðsögumanns.

Leiðsögumanni ber skylda til að aðstoða yfirvöld, svo sem löggæslu-, tolla-, heilbrigðis-, siglinga- og hafnaryfirvöld, við störf þeirra. Þá ber honum að aðstoða á allan hátt stjórnendur skipa sem hann leiðbeinir og ráðleggja um siglingu skipsins þannig að á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt sé komist á milli áfangastaða. Þá skal leiðsögumaður aðstoða við að koma skipi í festar þegar ekki er um að ræða aðstoð hafnsögumanns viðkomandi hafnar.

Sérstök varúð skal viðhöfð til að hindra mengun stranda og sjávar af völdum hættulegra efna og mengunarslys skal tilkynna þegar í stað. Leiðsögumaður er ábyrgur fyrir að tilkynningin berist réttum aðilum og skal reyna með öllum tiltækum ráðum að halda útbreiðslu mengunarinnar í lágmarki.

Leiðsögumaður ber ekki ábyrgð á siglingu skips sem hann leiðbeinir heldur aðeins á leiðbeiningunum.

15. gr.

Umboðsmaður skips.

Skylt er útgerð skips, sem siglir um íslenska efnahagslögsögu með hættulegan eða mengandi varning í farmrými eða á þilfari í meira magni en tiltekið er í reglugerð og áformar að hafa hér viðkomu, að hafa umboðsmann hér á landi. Sé skipið gert út af íslensku útgerðarfélagi telst útgerðin umboðsmaður. Umboðsmaður sér um að útvega leiðsögumenn til að fylgja skipinu.

Ef ástæða þykir til er heimilt að krefjast trygginga vegna hugsanlegs tjóns sem skipið kann að valda hér við land. Skal umboðsmaður skipsins hafa milligöngu um að leggja fram slíka tryggingu.

16. gr.

Undanþágur.

Undanskilin ákvæðum laga þessara um hafnsögu, leiðsögu, tilkynningarskyldu og umboðsmann eru skip sem leita hafnar vegna bráðrar hættu eða til að setja á land sjúka menn eða slasaða.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

17. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um hafnsögu- og leiðsöguskyldu skipa, umboðsmann skipa og tilkynningar skipa, þ.m.t. um staðsetningu, flutning hættulegs eða mengandi varnings og óhöpp og slys.

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu þeirra. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

18. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

Leiði brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim til skipstrands, árekstur skipa eða annarra sjóslysa skal viðkomandi sæta refsingu og eftir atvikum réttindasviptingu til skipstjórnar eða vélstjórnar skv. 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Svipta skal skírteinishafa samkvæmt lögum þessum rétti til starfa þess sem skírteinið veitir ef hann gerist sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem skírteinishafa að varhugavert sé að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði og ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

19. gr.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini samkvæmt lögum þessum ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna til að öðlast slíkt skírteini eða vera skírteinishafi.

Nú telur Siglingastofnun Íslands að skilyrði skv. 3. mgr. 18. gr. séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnuninni þá heimilt að svipta viðkomandi aðila starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörðuð til þess tíma þegar endanleg ákvörðun dómstóls um sviptinguna liggur fyrir. Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

20. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932, lög um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum, og lög um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og með því er lagt til að komið verði á fót vaktstöð siglinga. Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE. Jafnframt hafa lög um leiðsögu og hafnsögu skipa verið felld inn í frumvarpið.

1. Vaktstöð siglinga.

Hlutverk og starfsemi vaktstöðvar siglinga er að vera miðstöð skipaumferðar í íslenskri efnahagslögsögu og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE. Hún mun fylgjast með og vakta ferðir skipa sem tilkynna sig sjálfvirkt í gegnum sjálfvirka tilkynningarkerfið. Einnig mun hún sinna ýmsum verkefnum fyrir Siglingastofnun Íslands, t.d. móttöku bilanatilkynninga um siglingavita og dufl, siglingar skipa sem falla undir

hafnarríkiseftirlit o.fl. Þá mun hún hlusta eftir og taka við neyðarköllum frá skipum og koma á framfæri við stjórnstöð leitar og björgunar. Helstu verkefni vaktstöðvar siglinga verða því:

- Að vera miðstöð skipaumferðar í íslenskri efnahagslögsögu og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins.
- Vöktun og eftirlit með sjálfvirka tilkynningarkerfinu STK, hlustun á alþjóðlegum DSC (Digital Selective Calling – stafrænt valkall) neyðartíðnum GMDSS og umsjón með NAVTEX-tilkynningum til sjófarenda.
- Skráning allra skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit.
- Eftirlit með siglingum skipa sem flytja hættulegan varning.
- Umsjón með tilkynningum um bilaða siglingavita og dufl.
- Rekstur fjarskiptakerfis vegna framangreindra verkefna.
- Önnur verkefni.

2. Tilkynningarkerfi samkvæmt gildandi lögum.

A. Tilkynningar skipa í sjávarháska.

Alþjóðlegt neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi skipa (GMDSS – Global Maritime Distress and Safety System) byggist á sjálfvirkum sendingum um gervihnattakerfi og jarðlægum fjarskiptakerfum með stafrænu valkalli (DSC). Gert er ráð fyrir að neyðarsendingar frá skipum berist til vaktstöðvar siglinga og gerir hún þá viðeigandi ráðstafanir til að upplýsa björgunarmiðstöðvar og skip um það.

Neyðartíðnin á millibylgju (2182 kHz) hefur gegnt mikilvægu hlutverki fyrir skip í neyð en eftir að hlustun á þeirri tíðni lýkur tekur stafræna valkallið (DSC) alfarið við á millibylgju (2187,5 KHz). Sama er að segja um alþjóðaneyðarrásina 16 á metrabylgju (156,8 MHz). Alþjóðlegt samkomulag er um að þessari hlustun verði hætt 1. febrúar 2005 og að neyðarrás á metrabylgju verði rás 70 fyrir stafrænt valkall (DSC). Strandarstöðvar hafa gegnt mikilvægu hlutverki við hlustun á þessum rásum í áraraðir. Skipum er gert að hafa þessa neyðarbylgjur ætíð opnar til að geta heyrt neyðarkall frá öðrum skipum og bátum.

Á síðustu árum hefur orðið mikil breyting á móttöku og sendingu neyðarskeyta frá skipum og bátum. Með tilkomu GMDSS-kerfisins hafa hinar hefðbundnu aðferðir við að kalla eftir hjálp í neyðartilvikum á sjó flust frá morssendingum til talstöðvarfjarskipta og nú síðast yfir í stafrænar sendingar í gegnum gervihnattakerfi (eins og INMARSAT eða COSPAS/SARSAT) eða jarðlæg fjarskiptakerfi með stafrænu valkalli, DSC (eins og strandarstöðvar eða sjálfvirkt tilkynningarkerfi). Með fyrrnefndum búnaði er hægt að senda neyðarboð frá skipum sem virkja hljóðmerki á vaktstöð. Neyðarkallið kemur einnig fram á tölvuskjá sem sýnir nauðsynlegar upplýsingar eins og staðsetningu skipsins og kallmerki. Eftir það myndast að venju samband milli vaktstöðvar og skipsins sem er í neyð, til að skiptast á frekari upplýsingum um ástand og aðstæður á slysstað sem komið er til björgunaraðila. Með tilkomu DSC-tækninnar urðu breytingar á eðli hlustunarinnar sem gerði það að verkum að ekki var þörf á stöðugri hlustun úr hátölurum eða heyrnartólum á neyðarbylgjum heldur þurfti móttökustaður (t.d. strandarstöð eða björgunarmiðstöð) að vera viðbúinn að hefja fjarskipti þegar hljóðmerki bærist frá skipi í neyð. Vaktstöð siglinga verður mikilvægur hlekkur í björgunarkeðju sjófarenda á sama hátt og samræmd neyðarsímsvörun er fyrir landið. Hún verður móttakandi allra neyðartilkynninga frá sjófarendum og ræsir hlutaðeigandi björgunarmiðstöðvar sem fylgja málunum eftir með stjórnun björgunaraðgerða. Með henni er byggð upp móttökustöð tilkynninga í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

B. Tilkynningarkerfi frá landi til skipa.

NAVTEX (World Wide Navigational Warning Services) er alþjóðlegt viðvörunarkerfi sem sendir tilkynningar til skipa og er viðtaka sjálfvirk á langbylgju (518 kHz). Langdrægni er að minnsta kosti 200–300 sjómílur frá strandarstöð. Með NAVTEX-tilkynningum eru sendar upplýsingar um siglingahættur, stormviðvaranir, neyðar- og hjálparköll (search and rescue). Ekki er hægt að loka fyrir móttöku þessara tilkynninga. Þá eru einnig sendar út á NAVTEX veðurspár og veðurlýsingar og upplýsingar um ís, hafnsögumenn o.fl. Þessar tilkynningar er hægt að loka fyrir ef viðkomandi skip vill ekki taka á móti þeim. Það eru engin notendagjöld greidd til að taka á móti NAVTEX-tilkynningum. Tilkynningar um veður eru oftast sendar á ákveðnum auglýstum tímum en aðrar tilkynningar eru sendar eftir þörfum.

Samkvæmt reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eru NAVTEX-tilkynningar sendar út á ensku og á langbylgju (518 kHz), en nokkur ríki hafa fengið leyfi yfirstjórnar á viðkomandi NAVTEX-svæðum til senda tilkynningar á eigin tungumáli á þeirri tíðni (518 kHz). Þróunin er sú að NAVTEX-tilkynningum hefur fjölgað mjög og þar sem útsendingartími hverrar NAVTEX-stöðvar er takmarkaður stefnir því í að afturkallaðar verða heimildir til að senda út á viðkomandi þjóðtungum á þessari tíðni. Á Íslandi hefur allt verið sent út á þessari tíðni hvort sem tilkynningar eru alþjóðlegar (enska) eða sérislenskar (íslenska). NAVTEX-kerfið gerir ráð fyrir notkun á annarri tíðni á langbylgju (490 kHz) til sendinga á tilkynningum á þjóðtungum einstakra ríkja. Hvort sent er út á þeirri tíðni er alfarið ákvörðun einstakra ríkja og ekki alþjóðleg krafa. Ísland hefur ekki sent út NAVTEX-tilkynningar á þeirri tíðni. Sendir sem notaður er fyrir NAVTEX-tilkynningar er á Rjúpnahæð og heyrast sendingar því vel fyrir Suður-, Vestur- og Norðvesturlandi, en heyrast illa eða ekki fyrir Austurlandi og stefnt er að því að setja upp nýjan sendi á því svæði.

Samkvæmt samantekt frá Landssímanum voru NAVTEX-skeyti árið 2000 alls 2.053. Skeytaútsendingar eru í sex tímahólfum á sólarhring samkvæmt alþjóðlegum reglum. Að auki er Ísland með sex „íslensk" tímahólf til útsendinga á sérislenskum skeytum eins og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar og ýmissar þjónustu er sérstaklega varðar íslensk skip. Uppruni tilkynninganna er frá eftirfarandi aðilum:

- Veðurstofu (veðurspár, stormviðvaranir, hafísfréttir, ísjakaviðvaranir o.fl.),
- Siglingastofnun (siglingahættur, svo sem reköld, vitar, baujur og dufl, siglingakerfi o.fl),
- Landhelgisgæslu (neyðartilkynningar, siglingahættur, reköld, dufl, heræfingar varnarliðsins, björgunaræfingar o.fl.),
- hafnaryfirvöldum (innsiglingardufl, dýpkunaraðgerðir, tímabundnar innsiglingaraðvaranir, hafnarviðgerðir o.fl.),
- Hafrannsóknastofnuninni (skyndilokanir, mælingadufl o.fl.),
- sjávarútvegsráðuneyti (reglugerðir og breytingar).

Samningur er í gildi við dönsku siglingamálastofnunina f.h. Grænlands, um að hún hafi aðgang að NAVTEX-sendi Landssímans á Rjúpnahæð til alþjóðlegra (GMDSS) NAVTEX-sendinga í tímahólfum sem þeim hefur verið úthlutað af „IMO NAVTEX Coordinating Panel".

C. Tilkynningar frá skipum til lands.

Allar tilkynningar um ferðir skipa og báta ásamt staðsetningu þeirra berast nú í gegnum sjálfvirka tilkynningarkerfið. Verkefni Tilkynningarskyldu íslenskra skipa hefur verið að annast öryggisþjónustu fyrir íslensk skip og báta samkvæmt lögum um tilkynningaskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977. Þar er kveðið á um það að Slysavarnafélag Íslands (nú Slysa-

varnafélagið Landsbjörg) fari með „yfirstjórn tilkynningarskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík".

Starfsemi tilkynningarskyldunnar í dag er í megindráttum þrískipt.

1. Móttaka og skráning tilkynninga um skip og báta í handvirka tilkynningarkerfinu.
2. Vöktun á sjálfvirka tilkynningarkerfinu sem tekið var í notkun árið 1999.
3. Rekstur björgunarmiðstöðvar í samráði við Landssímann og Landhelgisgæsluna.

Handvirka kerfið og það sjálfvirka hafa verið keyrð samhliða og hefur sami starfsmaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar fylgst með báðum kerfunum samtímis.

Helstu verkefni starfsmanna tilkynningarskyldunnar eru nú sem hér segir:

- Að annast söfnun upplýsinga um ferðir íslenskra skipa er falla undir lögin um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.
- Að vakta sjálfvirka tilkynningarkerfið (STK).
- Láti skip ekki vita af ferðum sínum skal starfsmaður ákveða, miðað við aðstæður hverju sinni, hvort og hvenær skuli hefja eftirgrennslan, leit eða björgun.
- Að hefja aðgerðir og kalla út bakvaktir ef skip skilar sér ekki, þrátt fyrir eftirgrennslan samkvæmt verklýsingu.
- Að ákveða hvort fylgjast skuli sérstaklega með afmörkuðum svæðum, ákveðnum skipum og hvort auka skuli tíðni tilkynninga frá skipum með tilliti til aðstæðna.
- Að ákveða fyrstu aðgerðir ef upp koma óhöpp eða slys.
- Að aðstoða eða ráðleggja sjófarendum eftir þeirra óskum þegar hætta steðjar að.
- Að annast milligöngu björgunarsveita og björgunarskipa annars vegar og sjófarenda hins vegar er þurfa aðstoð.
- Að annast upplýsingagjöf til almennings, útgerða, fjölmiðla og opinberra aðila um ferðir skipa, samkvæmt sérstöku verklagi.
- Að fylgjast með tækjabúnaði STK og gera viðeigandi ráðstafanir sé þess þörf.
- Önnur verkefni sem til falla og tengjast starfinu.

Sjálfvirka tilkynningarskyldukerfið, sem tekið var í notkun á árinu 1999 og formlega opnað í maí 2000, samanstendur af eftirfarandi einingum:

- Skipstæki sem staðsett er um borð í hverju skipi sendir frá sér upplýsingar um staðsetningu skipsins, stefnu þess og hraða. Tækið hefur neyðarhnapp sem hægt er að nota til að senda út neyðarkall. Stærri skipin nota INMARSAT-C-búnað til að senda upplýsingar um staðsetningu.
- Fjarskiptakerfi sem rekið er af Landssímanum, þ.e. VHF-strandarstöðvum meðfram strandlengju landsins sem tekur við sendingum frá skipstækjunum.
- Fjarskiptastjóra sem er hugbúnaður skrifaður af Stefju ehf. og heldur utan um skeyti eða upplýsingar sem berast frá skipstækjunum og kemur þeim til öryggiseftirlitskerfisins. Fjarskiptastjórinn sendir frá sér viðvörun ef gögn berast ekki frá skipstækjunum. Vélbúnaður fjarskiptastjórans samanstendur af tölvum sem staðsettar eru í Gufunesi.
- Öryggiseftirlitskerfi sem er búnaður (vél- og hugbúnaður), staðsettur í Gufunesi og vaktaður af starfsmönnum Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Flestir starfsmenn tilkynningarskyldu íslenskra skipa eru menntaðir skipstjórar, stýrimenn eða vélstjórar. Starfsmenn hafa fengið endurmenntun í námsgreinum tengdum starfinu og um notkun þeirra kerfa sem þeir vinna með. Þá verða þeir einnig að þekkja til útkallskerfis björgunarsveita.

Í lögum um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, hafa verið ákvæði um tilkynningar skipa er koma í íslenska landhelgi með landtöku í huga. Jafnframt hefur verið gerð krafa um að erlend veiðiskip sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu skuli tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands.

Einnig hafa verið ákvæði um tilkynningarskyldu vegna óhappa og slysa á sjó í lögum nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.

3. Samstarf ríkja og þróun innan Evrópusambandsins.

Innan Evrópusambandsins hefur verið samþykkt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE. Þar er miðað við að yfirvöld hvers ríkis skuli halda utan um upplýsingar um skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning. Miðað er við að ríkin reki fjarskiptastöðvar sem skulu vera stöðvar í landi sem annast umferðarstjórn skipa og bera ábyrgð á rekstri tilkynningarskyldukerfis sem samþykkt er af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO). Hlutverk fjarskiptastöðvanna er jafnframt að samræma leitar- og björgunaraðgerðir og aðgerðir til að fást við mengun. Kerfið skal einnig vera upplýsingakerfi um öll mengunarslys og óhöpp á sjó. Með því að setja upp eftirlits- og upplýsingakerfi um umferð skipa er markmiðið að draga úr hættu á mengunarslysum, óhöppum og áhrifum þess á umhverfið og heilsu manna. Stuðst er við leiðbeinandi reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um hvaða upplýsingar skulu skráðar í kerfið svo og með hvaða hætti skuli stjórna umferð skipa á hafinu. Lagt er til að komið verði upp sjálfvirku alþjóðlegu auðkenningarkerfi skipa (Automatic Identification System – AIS) til að fylgjast með ferðum skipa og ferðaskráningarkerfi (Voyage Data Recording – VDR) sem skráir á segulband öll fjarskipti skipa, en það er sambærilegt við „svarta kassa“ flugvéla.

Í tilskipun Evrópusambandsins er lögð áhersla á að þegar líkur eru á válegu veðri sé yfirvöldum mögulegt að hindra för skipa sem kunna að skapa sérstaklega mikla hættu fyrir umhverfi eða líf og heilsu skipverja eða farþega. Einnig er lagt til að hægt sé að fara þess á leit við útgerðir að þær láti ekki skip sín leggja úr höfn ef vindhraði verður meiri en 10 vindstig á Beaufort-skala (26 m/sek.). Ákvæði eru um að sérstakt eftirlit megi hafa með skipum sem talin eru geta valdið hættu fyrir umhverfið og siglingaöryggi vegna ástands síns. Kvaðir eru um að skipverjum sem verða varir við fljótandi hluti á hafinu tilkynni slíkt til miðstöðvar öryggis- og fjarskiptaþjónustu skipa. Skortur á hafnaraðstöðu, vari eða akkerislægi getur haft alvarlegar afleiðingar þegar slys verða. Því er lögð mikil áhersla á það í tilskipuninni að gerðar séu áætlanir um viðbrögð þegar skip lenda í hættu og þurfa að komast í skjól.

Lögð er áhersla á að komið verði á samstarfi milli ríkja svo að koma megi á eftirliti og stjórnun og veita upplýsingar til skipa á hafsvæðinu. Tekið er fram að mikilvægt sé að komið verði á fullnægjandi fjarskiptatengingum milli stjórnvalda og hafna í ríkjunum. Þar fyrir utan er lögð áhersla á að tilkynningarskylda verði efld þar sem henni er ábótavant. Að auki er stefnt að því að koma á fót stjórnstöðvum vegna gagnasöfnunar og úrvinnslu upplýsinga og mun það m.a. verða hlutverk nýrrar stofnunar, Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA).

Fyrir liggur að samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið mun tilskipun nr. 2002/59 taka gildi hér á landi og er frumvarpið miðað við það.

Loks er rétt að geta þess að nokkur tilkynningarkerfi hafa verið sett upp meðfram strandlengju Evrópu samkvæmt reglum sem samþykktar hafa verið á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Tilkynningar þessar hafa að jafnaði að geyma upplýsingar um fjölda einstaklinga um borð, farm og eldsneytisforða í flutningsrými ef um slíkt magn er að ræða að það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir umhverfið. Skipaumferðarþjónusta og leiðastjórnarkerfi siglingaleiða hafa einnig verið tekin í notkun og hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að auka öryggi á höfunum. Mikilvægt er talið að þessi þjónusta sé fyrir hendi og að hún sé í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um leiðastjórn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 fer samgönguráðherra m.a. með málefni vita, hafna og siglinga og skipulag samgangna á landi, í lofti og á sjó. Vaktstöð siglinga fellur þar undir og er á ábyrgð samgönguráðherra en vegna stigskiptingar framkvæmdarvaldsins er eðlilegt að Siglingastofnun Íslands annist framkvæmd laganna. Kæruleið vegna stjórnvaldsákvarðana stofnunarinnar er til ráðuneytisins samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar.

Um 2. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Siglingastofnun setji á fót vaktstöð siglinga fyrir öll skip í íslenskri efnahagslögsögu sem hafi það hlutverk m.a. að hafa eftirlit með og vera miðstöð skipaumferðar. Miðað er við að slík stöð leysi af hólmi strandarstöðvarnar.

Í a-lið 1. mgr. er fjallað um vöktun og eftirlit með sjálfvirku tilkynningarkerfi skipa en það hlutverk er skýrt nánar í athugasemd við 6. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er fjallað um móttöku og miðlun tilkynninga frá skipum sem flytja hættulegan eða mengandi varning. Skv. 6. gr. laga um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, eiga öll skip sem sigla inn í íslenska landhelgi að tilkynna komu sína til hafnaryfirvalda í fyrstu viðkomuhöfn. Erlend skip, sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu, skulu tilkynna það Landhelgisgæslunni. Skv. 5. gr. reglugerðar um tilkynningarskyldu skipa sem flytja hættulegan varning nr. 710/1998 ber rekstraraðila skips sem flytur hættulegan eða mengandi varning og kemur til hafnar á Íslandi að tilkynna hafnaryfirvöldum við brottför skips frá lestunarhöfn um ýmis atriði um skipið, áfangastað, komutíma, fyrirhugaða leið, heiti og magn hættulegs varnings og fjölda skipverja.

Í c-lið er fjallað um móttöku og miðlun tilkynninga um óhapp eða slys á sjó.

Í d-lið er fjallað um móttöku og miðlun tilkynninga frá farþegaskipum. Skv. 5. gr. reglugerðar um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum nr. 659/2000 er útgerðum farþegaskipa skylt að skrá nöfn, kyn og aldursflokk farþega ef sigling er lengri en 20 sjómílur. Í 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar segir að útgerð skips sem og fyrirtæki skips sem siglir undir fána utan EES-ríkis og lætur úr höfn utan EES-ríkis og stefnir til hafnar á Íslandi, skuli hafa tiltækar upplýsingar um nöfn, kyn, aldursflokk farþega o.fl. fyrir Landhelgisgæslu Íslands ef þörf er á til leitar og björgunar og vegna eftirmála slyss.

Í e-lið er fjallað um vöktun alþjóðlegs neyðar- og öryggisfjarskiptakerfis skipa (GMDSS) og ritstjórn fyrir þjónustu alþjóðlegs viðvörunarkerfis skipa (NAVTEX).

Í f-lið er fjallað um skráningu skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit. Undir hafnarríkiseftirlit falla skyndiskoðanir skipa sem koma til landsins og heimilt er að kanna ástand þeirra í samræmi við fyrirliggjandi gögn um borð og skírteini áhafna og mönnun skipanna. Ástand skipa og þeirra tækja sem eru og eiga að vera um borð samkvæmt alþjóðasamþykktum er alltaf á ábyrgð eigenda og skipstjóra. Ísland er aðili að Parísarsamkomulagi um hafnarríkiseftirlit og reglur Evrópska efnahagssvæðisins um hafnarríkiseftirlit hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.

Í g-lið er fjallað um móttöku tilkynninga og miðlun upplýsinga um bilanir í vitakerfinu og farartálma á sjó. Vaktstöð siglinga verður falið að taka við tilkynningum og að miðla upplýsingum um bilanir í vitakerfinu. Í 2. gr. laga um vitamál, nr. 132/1999, er Siglingastofnun Íslands falið að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið með undantekningum sem síðar getur

í lögunum. Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki, radíómerki til staðarákvörðunar og upplýsingar um veður og sjólag. Siglingastofnun Íslands skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi sem fyrir hendi eru á áðurnefndu svæði og stuðla að útgáfu korta sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áðurnefnd hjálpartæki. Siglingastofnun Íslands skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Siglingastofnun skal, að beiðni Veðurstofu Íslands, annast veðurathuganir á vitastöðum.

Í h-lið er fjallað um samskipti við neyðarhafnir. Hér á landi eru nú engar formlega skilgreindar neyðarhafnir. Hins vegar er ljóst að á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Evrópusambandsins er unnið að því skilgreina neyðarhafnir (e. places of refuge).

Í i-lið er Siglingastofnun heimilað með samningi við þriðja aðila að veita aðgang að upplýsingum sem stöðin býr yfir eða aðra þjónustu. Unnt er að semja um að sérstakt gjald komi fyrir.

Í j-lið er samgönguráðherra heimilað að ákveða að vaktstöð siglinga séu falin önnur verkefni sem hann telur í þágu almannaheilla. Með ákvæðinu er ráðherra veitt almenn lagaheimild til að rýmka verkefni sem stöðinni verða falin. Ekkert er því til fyrirstöðu að sá aðili sem annast rekstur stöðvarinnar taki að sér frekari verkefni án tillits til ákvæða laga þessara.

Í 2. mgr. er fjallað um skyldur þess aðila sem hefur með höndum rekstur stöðvarinnar til þess að sjá til þess að eftirgrennslan, leit og björgun fari fram þegar líkur eru til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild Siglingastofnunar Íslands til að bjóða út rekstur vaktstöðvarinnar. Heimilt er að skipta útboðinu í einstaka þætti.

Um 3. gr.

Hér eru nokkur hugtök skilgreind og eru þau í meginatriðum í samræmi við 2. gr. laga um leiðsögu skipa, nr. 34/1993. Þó hefur skilgreiningu á hættulegum efnum verið breytt og er nú talað um hættulegan eða mengandi varning. Sú orðanotkun er í samræmi við tilskipanir sem tekið hafa gildi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um II. kafla.

Í kaflanum sem er nýmæli er fjallað um ýmiss konar tilkynningar sem skipstjórnarmönnum, útgerðarmönnum skipa eða umboðsmönnum þeirra ber að láta í té.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Með greininni er verið að festa í sessi sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa sem nú er fjallað um í lögum nr. 40/1977, með síðari breytingum, og er meginmarkmið þeirra að auðvelda leit að mönnum í sjávarháska.

Í 2. mgr. er heimilað að nota kerfið í öðrum tilgangi. M.a. mætti beita slíkum búnaði í þágu veiðieftirlits, skipaeftirlits og eftirlits Landhelgisgæslu Íslands. Vel er hugsanlegt að fleiri óski eftir að fá að nýta upplýsingar sem vaktstöðin mun búa yfir eða óska eftir annarri þjónustu sem hún getur veitt. Því þykir eðlilegt að fyrir hendi sé í lögum heimild til Siglingastofnunar Íslands, sem fer með framkvæmd laga þessara, til að semja um greiðslu fyrir slíka

þjónustu. Þá er átt við þjónustu sem ekki er talin upp í lögum þessum heldur samið um sérstaklega.

Um 6. gr.

Sjálfvirka tilkynningarkerfið er mjög mikilvægur hlekkur í öryggi sjófarenda og getur skipt sköpum við eftirgrennslan, leit og björgun. Hér er lagt til að ákveðið verði í reglugerð hve oft skip tilkynni sig til vaktstöðvar siglinga, en í gildandi lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum, eru ákvæði um tíðni slíkra tilkynninga miðuð við stærð og farsvið skipsins. Varðskip og skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni þurfa ekki að tilkynna sig. Stefnt er að því að þeim sem þess óska verði heimill aðgangur að sjálfvirku tilkynningarkerfi skipa.

Ákvæði 2. mgr. er að meginstefnu úr 6. gr. laga um leiðsögu skipa.

Um 7. gr.

Ákvæðið er af sama toga og ákvæði 6. gr. núgildandi laga um leiðsögu skipa, nr. 34/1993.

Um 8. gr.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 710/1998 um tilkynningarskyldu skipa sem flytja hættulegan varning ber rekstraraðila skips sem flytur hættulegan eða mengandi varning og kemur erlendis frá til hafnar á Íslandi að tilkynna við brottför skips frá lestunarhöfn um ýmis atriði varðandi skipið, áfangastað, komutíma, fyrirhugaða leið, heiti og magn hættulegs varnings og fjölda skipverja.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. gr. er sett til að auka eftirlit með flutningi á hættulegum eða mengandi varningi.

Um 10. gr.

Ákvæðið sem er nýmæli er samið með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins og á að tryggja svigrúm íslenskra stjórnvalda til að veita undanþágur frá tilkynningarskyldu. Reglulega skal ganga úr skugga um að skilyrðin sem kveðið er á um í 1. mgr. séu uppfyllt. Ef öðru þessara skilyrða er ekki lengur fullnægt skal fella úr gildi undanþágu hlutaðeigandi útgerðar.

Um 11. gr.

Skipstjóra hvers þess skips sem siglir um landhelgi eða efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna tafarlaust til stöðvarinnar um sérhvert óhapp eða slys sem hefur áhrif á öryggi áhafnar, farþega og skips, öryggi annarra skipa eða getur haft mengun umhverfis í för með sér.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að mestu óbreytt ákvæði um hafnsögu skipa sem eru nú í 1. mgr. 7. gr. laga um leiðsögu skipa, nr. 34/1993. Miðað er við að öll skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning í framrými eða á þilfari skuli ætíð nota hafnsögumann við siglingu um hafnarsvæði. Meginbreyting þessa ákvæðis er að fjallað er um hættulegan eða mengandi varning en ekki hættulegt efni. Um hafnsöguskyldu og takmörk hafnarsvæðis hefur verið fjallað í hafnarreglugerðum sem samgönguráðherra setur á grundvelli hafnalaga.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 7. gr. laga um leiðsögu skipa.

Ákvæði 2.–5. mgr. er efnislega samhljóða 2.–4. mgr. 3. gr. gildandi laga um leiðsögu skipa.

Um 14. gr.

Ákvæðið er að stofni til samhljóða 5. gr. laga nr. 34/1993, um leiðsögu skipa.

Um 15. gr.

Ákvæðið er að stofni til samhljóða 5. gr. laga nr. 34/1993 um leiðsögu skipa. Þó hefur mengunarlögsaga samkvæmt því verið rýmkuð verulega og tekur nú til efnahagslögsögu en ekki aðeins landhelgi.

Um 16. gr.

Ákvæðið sem er nýmæli þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin er hefðbundin reglugerðarheimild ráðherra.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli. Fjársektir á hendur rekstraraðilum, umboðsaðilum, flutningsaðilum, farmeigendum og skipstjórum skipa skulu vera nægilega háar til að fæla einstaklinga frá því að fremja brot eða ítreka þau. Sem dæmi um brot sem leitt gætu til fjársekta má nefna:

- misbrest á því að tilkynna með fyrirvara um komu til hafnar eins og krafist er í 8. gr.,
- misbrest á því að tilkynna til tilkynningarskyldukerfis eins og krafist er í 6. gr.,
- ef sjálfvirkt auðkenningarkerfi í skipum eða siglingarritinn sem um getur í 13. gr. eru ekki um borð eða eru í ólagi,
- misbrest flutningsaðila á því að gefa yfirlýsingu skv. 9. gr. eða hún er röng,
- misbrest á því að gefa skýrslu um óhapp, slys eða atvik á sjó eins og krafist er í 11. gr.,
- misbrest á samstarfi við innlend yfirvöld í því skyni að draga úr afleiðingum sjóslyss.

Um 19. gr.

Greinin er nýmæli.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Siglingastofnun Íslands:

Samantekt á tíðnisviðum og skilgreindum hafsvæðum.
(14. október 2002.)

Nafn	Tíðnisvið	Notkun m.a.	Langdrægni/hafsvæði
Langbylgja (LW)	30–300 kHz	útvarp	á landi
Millibylgja (MW, MF)	0,3–3 MHz	útvarp	<350 sjómílur frá landi
Stuttbylgja (SW, HF)	3–30 MHz	útvarp, skip og bátar	skip á fjarlægum miðum
Metrabylgja (VHF)	30–300 MHz	útvarp, skip og bátar, sjónvarp	<50–70 sjómílur frá landi

Hafsvæði:

- *Hafsvæði A1:* Er hafsvæði sem takmarkast af langdrægni strandarstöðvar til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli (DSC) á metrabylgju (VHF). Þar sem engin DSC-þjónusta er í landi á metrabylgju er þetta hafsvæði ekki notað hér við land.
- *Hafsvæði A2:* Er svæði utan hafsvæða STK og/eða A1, sem takmarkast af langdrægni strandarstöðvar til talfjarskipta og viðvarana með stafrænu valkalli (DSC) á millibylgju (MF).
- *Hafsvæði A3:* Er svæði utan hafsvæða STK, A1 og A2, sem takmarkast af langdrægni kyrrstæðra INMARSAT-gervitungla til sendinga viðvarana, þ.e. milli 70°N og 70°S.
- *Hafsvæði A4:* Er svæði utan hafsvæða STK, A1, A2 og A3.
- *Hafsvæði STK:* Er hafsvæðið sem takmarkast af langdrægni sjálfvirku tilkynningarskyldunnar á metrabylgju (VHF).

Fylgiskjal II.

Drög að þýðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE.

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar, og að teknu tilliti til eftirfarandi:
með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,
með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar,
í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. í sáttmálanum,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. febrúar 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti benti hún á að á vettvangi bandalagsins væri markmiðið að koma á lögboðnu upplýsingakerfi til að gera aðildarríkjunum kleift að fá skjótan aðgang að hvers kyns mikilvægum upplýsingum um ferðir skipa sem flytja hættuleg eða mengandi efni og hvers eðlis farmurinn er í smáatriðum.

2. Tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins kvað á um kerfi þar sem lögbær yfirvöld taka á móti upplýsingum um skip á leið til eða frá höfn innan bandalagsins og flytja hættulegan eða mengandi varning og um óhöpp á sjó. Í tilskipuninni er þess krafist að framkvæmdastjórnin geri nýjar tillögur um að tekið verði upp ítarlegra tilkynningakerfi fyrir bandalagið sem nái hugsanlega til skipa sem sigla meðfram ströndum aðildarríkjanna.
3. Samkvæmt ályktun ráðsins frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti var samþykkt að helstu markmið í aðgerðaáætlun bandalagsins fælu í sér að ítarlegra tilkynningakerfi yrði tekið upp.
4. Með stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó mætti koma í veg fyrir sjóslys og mengun á sjó og draga úr áhrifum þeirra á lífríki hafs og stranda, efnahagslífið og heilbrigði í sveitarfélögum. Skilvirkni umferðar á sjó, einkum stjórnun á ferðum skipa til hafna, veltur einnig á því að skip tilkynni með nægilegum fyrirvara um komur sínar.
5. Nokkur tilkynningarskyldukerfi hafa verið sett upp á strandlengju Evrópuríkja í samræmi við viðkomandi reglur samþykktar á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). Ganga ætti úr skugga um að skip á siglingu um svæðið uppfylli þær kröfur sem gilda um tilkynningar samkvæmt þessum kerfum.
6. Kerfi til umferðarstjórnunar og leiðarstjórnunar skipa hafa einnig verið innleidd og gegna mikilvægu hlutverki við slysa- og mengunarvarnir á tilteknum siglingaleiðum þar sem mikil skipaumferð er eða siglingahætta. Nauðsynlegt er að skip nýti sér skipaumferðarþjónustu og að þau fylgi reglum sem gilda um leiðarstjórnunarkerfi skipa viðurkennd af IMO.
7. Miklar tækniframfarir hafa orðið á sviði búnaðar um borð í skipum sem gerir kleift að veita upplýsingar um skip með sjálfvirkum hætti (sjálfvirkt auðkenniskerfi, AIS) svo auðveldara verði að fylgjast með skipum, auk siglingarita (VDR-kerfa eða „svartra kassa“) sem auðvelda rannsóknarmönnum störf í kjölfar slysa. Með hliðsjón af því hve mikilvægt er að móta stefnu sem ætlað er að stemma stigu við sjóslysum ætti að gera skylt að slíkur búnaður sé um borð í skipum sem sigla innanlands eða milli landa og koma til hafna í bandalaginu. Bæði má nota upplýsingar sem fást með hjálp siglingarita í kjölfar slyss til að grafast fyrir um orsakir þess og draga af því nauðsynlegan lærdóm í forvarnarskyni. Aðildarríki skulu hvetja til þess að slíkar upplýsingar séu nýttar í þessum tilgangi.
8. Aðildarríkin skulu tryggja að strandastöðvar lögbærra yfirvalda hafi yfir nægum fjölda hæfs starfsfólks að ráða auk viðeigandi tæknibúnaðar.
9. Mikilvægt er að vita nákvæmlega um hættulegan eða mengandi varning sem fluttur er umeð skipum og um aðrar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, svo sem upplýsingar tengdar siglingafræðilegum atvikum, með tilliti til undirbúnings og skilvirkni aðgerða gegn mengun eða hættu á mengun á hafinu. Skip sem fara frá eða koma til hafna aðildarríkja skulu tilkynna um þessar upplýsingar til lögbærra yfirvalda eða hafnayfirvalda í þessum aðildarríkjum.
10. Í því skyni að hagræða og flýta sendingum og nýtingu mikils magns upplýsinga sem kann að berast um farm ætti, þegar því verður við komið, að senda slíkar upplýsingar með rafrænum hætti til lögbærs yfirvalds eða hafnayfirvalda sem málið varðar. Af sömu ástæðu ættu upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum að fara fram með rafrænum hætti.

11. Hafi félög sem í hlut eiga innleitt innri starfsreglur með fullnægjandi hætti að mati aðildarríkjanna til að tryggja að upplýsingar sem krafist er í tilskipuninni séu sendar tafarlaust til lögbærs yfirvalds þarf að vera mögulegt að veita áætlunarsiglingum milli hafna í tveimur eða fleiri ríkjum, þar sem að minnsta kosti eitt er aðildarríki, undanþágu frá upplýsingaskyldu um hverja ferð.
12. Sum skip geta verið hættuleg siglingaöryggi og umhverfinu sökum slæmrar sjóhæfni eða ástands. Aðildarríki skulu fylgjast náið með slíkum skipum, grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir aukna hættu af þeirra völdum og senda viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir um þessi skip til annarra aðildarríkja sem málið varðar. Slíkar ráðstafanir geta verið ráðstafanir sem gripið er til í tengslum við hafnarríkiseftirlit.
13. Aðildarríki þurfa að verjast hættum sem ógna siglingaöryggi, öryggi einstaklinga og lífríki hafs og stranda sem kunna að skapast þegar tiltekin atvik, slys eða aðrir atburðir eiga sér stað á hafi úti af völdum mengandi brákar eða þykknis sem flýtur á sjónum. Í þessu skyni ættu skipstjórar á skipum sem sigla um leitar- og björgunarsvæði aðildarríkja, efnahagslögsögu eða annað sambærilegt tilkynna slík tilvik til strandayfirvalda og veita allar viðeigandi upplýsingar. Í ljósi sérstöðu hvers aðildarríkis ætti að ríkja sveigjanleiki fyrir aðildarríkin við ákvörðun tilkynningarkvaðar fyrir hvert ofangreint svæði.
14. Eigi atvik eða slys sér stað á sjó verða aðgerðir lögbærra yfirvalda mun skilvirkari ef þeir aðilar sem eiga hlut að máli við flutninginn vinna saman í einu og öllu.
15. Telji lögbært yfirvald tilnefnt af hálfu aðildarríkis að upplýsingar um óvenjuslæmt veður eða sjólag sem fengnar eru hjá faglegri veðurupplýsingaþjónustu skapi alvarlega hættu fyrir öryggi mannslífa eða mengunarhættu ber því að upplýsa skipstjóra skips sem hyggst sigla inn í höfn eða út úr höfn um ástandið og má einnig grípa til annarra viðeigandi rástafana. Með fyrirvara um þá skyldu að aðstoða nauðstödd skip gæti slíkt falið í sér bann við komu eða brottför til hafnar þar til ástandið er komið í eðlilegt horf. Ef öryggi er í húfi eða mengunarhætta fyrir hendi má lögbært yfirvald leggja til að skip haldi ekki úr höfn, að teknu tilliti til aðstæðna í viðkomandi höfn. Kjósi skipstjóri að halda úr höfn gerir hann/hún það undir öllum kringumstæðum á eigin ábyrgð og ber því að tilgreina ástæðu ákvörðunarinnar.
16. Verði sjóslys kann það að hafa alvarlegar afleiðingar ef skipaafdrep er ekki tiltækt. Aðildarríki ættu því að gera áætlanir um að nauðstödd skip fái, ef aðstæður krefjast, að leita afdreps í höfnum þeirra eða á öðrum skýldum svæðum með þeim hætti sem best verður á kosið. Eftir því sem tök er á og nauðsyn krefur ættu þessar áætlanir að fela í sér ákvæði um fyrir hendi sé nægilegur búnaður og aðstaða til hjálpar, björgunar og viðbragða við mengun. Hafnir sem taka á móti nauðstöddu skipi eiga að geta treyst á skjóta endurgreiðslu hvers kyns kostnaðar og tjóns sem kann að hljótast af slíkri aðgerð. Framkvæmdastjórnin ætti því að kanna möguleika á að taka upp viðunnandi bótakerfi fyrir hafnir í bandalaginu sem taka á móti nauðstöddu skipi og hvort gerlegt sé að krefjast þess að skip sem leiti hafnar í bandalaginu sé nægilega vel tryggt.
17. Skilgreina þarf ramma um samstarf milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að styrkja framkvæmd eftirlits- og upplýsingakerfis fyrir umferð á sjó með því að koma á fót viðeigandi boðleiðum milli lögbærra yfirvalda og hafna í aðildarríkjunum. Enn fremur þarf að auka útbreiðslu auðkennis- og eftirlitskerfis skipa á þeim siglingaleiðum í bandalaginu þar sem hún er ófullnægjandi. Setja ætti á laggirnar gagnastjórnunarmiðstöðvum á svæðum í bandalaginu sem liggja að sjó til að auðvelda skipti eða miðlun nýtra upplýsinga í tengslum við umferðareftirlit og framkvæmd tilskipunarinnar.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu einnig að leita eftir samstarfi við þriðju lönd til að ná þessum markmiðum.

18. Skilvirkni tilskipunarinnar veltur að miklu leyti á því að aðildarríkin hrindi ákvæðum hennar í framkvæmt í einu og öllu. Í þessu skyni þurfa aðildarríkin að framkvæma viðeigandi eftirlit til að tryggt sé að boðleiðir þær sem komið er upp til að uppfylla skilyrði tilskipunarinnar starfi sem skyldi. Einnig skal tekið upp kerfi refsingar til að tryggja að aðilar sem málið varðar hlíti tilkynningarskyldu og reglum um að hafa tilskilinn búnað svo sem kveðið er á um í þessi tilskipuninni.
19. Þær ráðstafanir sem grípa þarf til í því skyni að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd skulu teknar upp í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið.
20. Breyta má tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar samkvæmt þeirri málsmeðferð þannig að tekið sé tillit til breytinga á gerðum bandalagsins og alþjóðasamþykktum og reynslu sem fæst við beitingu þessarar tilskipunar þá og því aðeins að slíkar breytingar víkki ekki út gildissvið tilskipunarinnar. Nothæft tæki fyrir framkvæmdastjórnina til að meta reynslu sem fæst við beitingu þessarar tilskipunar er að aðildarríkin tilkynni með fullnægjandi hætti um slíka framkvæmd.
21. Ákvæði tilskipunar 93/75/EBE eru til muna styrkt, færð út og þeim breytt með þessari tilskipun. Þar af leiðandi ber að fella tilskipun 93/75/EBE úr gildi.
22. Þar sem aðildarríkin geta ekki náð þeim markmiðum sem lögð eru til, þ.e. að auka öryggi og skilvirkni siglinga vegna umfangs eða áhrifa fyrirhugaðra aðgerða, og því er þess að vænta að það takist betur á vettvangi bandalagsins, má bandalagið samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og segir í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og segir í þeirri grein, gengur þessi tilskipun ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið.

Markmið með þessari tilskipun er að koma á fót eftirlits- og upplýsingakerfi innan bandalagsins fyrir umferð á sjó með það í huga að auka öryggi og skilvirkni slíkrar umferðar og bæta viðbrögð yfirvalda við atvikum, slysum eða hættum sem kunna að skapast á sjó, þar með taldar leitar- og björgunaraðgerðir, og stuðla þannig betur að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn mengun af völdum skipa og leita hana uppi.

Aðildarríkin sem í hlut eiga skulu fylgjast með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að öll skip sem sigla inn á skyldubundið leiðarstjórnunarkerfi samþykkt af IMO í samræmi við 10. reglu í V. kafla SOLAS og starfrækt er af einu eða fleiri ríkjum, þar af skal að minnsta kosti eitt vera aðildarríki, í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar og viðmiðanir sem unnar eru á vegum IMO.

2. gr.

Gildissvið.

1. Þessi tilskipun gildir um flutningaskip sem eru 300 brúttótonn að stærð og stærri, nema annað sé tekið fram.
2. Þessi tilskipun gildir ekki um:
   a. herskip, aðstoðarskip sjóherja eða önnur skip í eigu eða rekstri aðildarríkis og eru starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni;

b. fiskiskip, skip af hefðbundinni gerð og skemmtibátar styttri en 45 metrar;
c. eldsneyti undir 5000 tonnum, vistir fyrir skip og búnað til notkunar um borð í skipum.

3. gr.

Orðskýringar.

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. „viðeigandi alþjóðagerningar“: eftirtaldir gerningar:
   - „MARPOL“: alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, 1973 og bókunin við hann frá 1978;
   - „SOLAS“: alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 sem og bókanir og breytingar;
   - alþjóðasamþykkt um mælingar skipa frá 1969;
   - alþjóðasamþykkt frá 1969 um íhlutun á úthafinu ef mengunaróhöpp verða af völdum olíu ásamt bókun um íhlutun á úthafinu ef óhöpp verða af völdum annarra efna en olíu;
   - „SAR-samþykktin“: alþjóðasamþykkt um leit og björgun á sjó, 1979;
   - „ISM-kóðinn“: alþjóðareglur IMO um öryggisstjórnun;
   - „IMDG-kóðinn“: alþjóðareglur um flutning hættulegs varnings á sjó;
   - „IBC-kóðinn“: alþjóðareglur um smíði og búnað skipa sem flytja hættuleg efni í lausu;
   - „IGC-kóðinn“: alþjóðareglur um smíði og búnað skipa sem flytja fljótandi gastegundir í lausu;
   - „BC-kóði“: reglur IMO um örugga meðhöndlun lausafarma í föstu formi;
   - „INF-kóðinn“: alþjóðareglur IMO um öryggi í flutningi á geisluðu kjarnakleyfu eldsneyti, plútóni og úrgangi með mikla geislavirkni í geymum um borð í skipum;
   - „Ályktun IMO A.851(20)“: ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.851(20) undir yfirskriftinni "grundvallarreglur fyrir tilkynningarskyldukerfi skipa og kröfur um tilkynningar skipa, þar með taldar leiðbeiningar um tilkynningu óhappa þar sem hættulegur varningur, hættuleg efni og/eða sjávarmengunarvaldar eiga í hlut“;
b. „rekstraraðili“: eigandi eða útgerðarstjóri skips;
c. „umboðsaðili“: einstaklingur með umboð eða heimild til að veita upplýsingar fyrir hönd rekstraraðila skips;
d. „flutningsaðili“: einstaklingur sem gerir samning, eða samningur er gerður í hans nafni eða fyrir hans hönd, við farmflytjanda um flutning á varningi;
e. „félag“: félag í skilningi 2. mgr. 1. reglu í IX. kafla SOLAS-samþykktarinnar;
f. „skip“: hvers kyns skip eða far sem siglir á opnu hafi;
g. „hættulegur varningur“:
   - efni sem eru flokkuð eftir IMDG-flokkunarkerfinu,
   - hættuleg fljótandi efni sem talin eru upp í 17. kafla alþjóðareglna um efnaflutningaskip (IBC-kóðanum),
   - fljótandi gastegundir sem taldar eru upp í 19. kafla alþjóðareglna um gasflutningaskip (IGC-kóðanum),
   - föst efni sem um getur í viðbæti B í BC-kóðanum;

   einnig er innifalinn varningur sem er háður viðeigandi skilyrðum við flutning í samræmi við málsgrein 1.1.3 í IBC-kóðanum eða málsgrein 1.1.6 í IGC-kóðanum;
h. „mengandi varningur“:

- olíur samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka við MARPOL-samþykktina,
- fljótandi eiturefni samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við MARPOL-samþykktina,
- skaðleg efni samkvæmt skilgreiningu í III. viðauka við MARPOL-samþykktina;

i. „farmflutningseining“: ökutæki til flutninga á vegum, vagn til að flytja varning með járnbrautum, farmgámur, tankbifreið, járnbrautartankvagn eða færanlegur geymir;
j. „póstfang“: nafn og boðleiðir sem nota má, ef nauðsyn krefur, til að ná sambandi við rekstraraðila, umboðsaðila, hafnayfirvöld, lögbært yfirvald eða hvern þann annan viðurkennda einstakling eða aðila sem býr yfir nákvæmum upplýsingum um farm skipsins;
k. „lögbær yfirvöld“: yfirvöld og stofnanir sem aðildarríkin hafa tilnefnt til að taka á móti og senda upplýsingar sem tilkynntar eru samkvæmt tilskipun þessari;
l. „hafnayfirvald“: lögbært yfirvald eða aðili sem aðildarríki hafa tilnefnt fyrir hverja höfn til að taka á móti og senda áfram upplýsingar sem tilkynntar eru samkvæmt tilskipun þessari;
m. „skipaafdrep“: höfn, hluti hafnar eða annars öruggs skipalægis eða akkerislægis eða annað skýlt svæði sem aðildarríki auðkennir til að taka á móti nauðstöddum skipum;
n. „strandarstöð“: sérhver eftirtalinna sem tilnefnd er af hálfu aðildarríkja í samræmi við tilskipun þessa; skipaumferðarstjórn; stöð á landi sem ber ábyrgð á rekstri tilkynningarskyldukerfis sem samþykkt er af IMO; eða aðili sem ber ábyrgð á að samræma leitar- og björgunaraðgerðir eða aðgerðir til að fást við mengun á sjó;
o. „skipaumferðarstjórn“: stöð á landi sem ber ábyrgð á rekstri tilkynningarskyldukerfis sem samþykkt er af IMO eða aðili sem ber ábyrgð á að samræma leitar- og björgunaraðgerðir eða aðgerðir til að fást við mengun á sjó;
p. „leiðarstjórnunarkerfi skipa“: ein eða fleiri siglingaleiðir eða ráðstafanir til leiðarstjórnunar sem ætlað er til að draga úr hættu á slysum; Það tekur til aðgreindra siglingaleiða, tvístefnusiglingaleiða, siglingaleiða sem mælt er með, svæða sem forðast ber, strandleiða, hringekja, varúðarsvæða og djúpleiða;
q. „skip af hefðbundinni gerð“: allar tegundir sögulegra skipa og eftirlíkinga þeirra, þar með talin skip hönnuð til að hvetja til þess að hefðbundið verklag og sjómennska fari ekki forgörðum, standi sem lifandi menningarverðmæti og séu starfrækt samkvæmt hefðbundnum grundvallarreglum sjómennsku og tækni;
r. „slys“: slys í merkingu kóða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar IMO um rannsókn sjóslysa og atvika á sjó.

I. BÁLKUR
TILKYNNINGAR- OG EFTIRLITSKERFI SKIPA

4. gr.
Tilkynning áður en haldið er til hafna í aðildarríkjum.

1. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skips sem er á leið til hafnar í aðildarríki skal tilkynna þær upplýsingar sem koma fram í 1. mgr. I viðauka til hafnaryfirvalda:
   a. með að minnsta kosti tuttugu og fjögurra klukkustunda fyrirvara; eða
   b. eigi síðar en þegar skip heldur frá fyrri höfn ef siglingartíminn er undir tuttugu og fjórum klukkustundum, eða
   c. ef ekki er vitað hver viðkomuhöfn er eða ef henni er breytt meðan á sjóferð stendur, eins fljótt og upplýsingar þess efnis liggja fyrir.
2. Skip sem koma frá höfn utan bandalagsins og eru á leið til hafnar í aðildarríki með hættulegan farm eða mengandi varning skulu uppfylla skyldur um tilkynningar samkvæmt 13. gr.

5. gr.

Eftirlit með skipum sem sigla inn á svæði tilkynningarskyldu.

1. Aðildarríkin sem í hlut eiga skulu fylgjast með og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll skip sem sigla inn á svæði tilkynningarskyldukerfis sen viðurkennt er af Alþjóðasiglingamálastofnuninni IMO í samræmi við 11. reglu í V. kafla SOLAS-samþykktarinnar og starfrækt er af einu eða fleiri ríkjum, þar af skal að minnsta kosti eitt vera aðildarríki, í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar og viðmiðanir sem unnar eru á vegum IMO, uppfylla reglur kerfisins um að tilkynna þær upplýsingar sem krafist er, með fyrirvara um viðbótarupplýsingar sem aðildarríki kann að krefjast í samræmi við ályktun IMO A.851(20).
2. Þegar erindi um ný tilkynningarskyldukerfi eða tillögur um breytingar á fyrirliggjandi tilkynningarskyldukerfi eru lögð fram til samþykktar hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni skal aðildarríki láta upplýsingarnar sem vísað er til í 4. mgr. I. viðauka koma fram hið minnsta.

6. gr.

Notkun sjálfvirkra auðkenniskerfa.

1. Hvert það skip sem kemur til hafnar í aðildarríki skal, í samræmi við tímaáætlunina sem tilgreind er í 1. mgr. II. viðauka, vera búið sjálfvirku auðkenniskerfi (AIS) sem uppfyllir afkastaviðmiðanir samdar af IMO.
2. Skip sem búin eru AIS skulu ætíð halda kerfinu starfhæfu nema ef alþjóðasamningar, reglur eða viðmiðanir kveða á um vernd siglingafræðilegra upplýsinga.

7. gr.

Notkun leiðarstjórnunarkerfa fyrir skip.

1. Aðildarríkin skulu fylgjast með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að öll skip sem sigla inn á svæði skyldubundins leiðarstjórnunarkerfis sem samþykkt er af Alþjóðasiglingamálastofnuninni í samræmi við 1. reglu í V. kafla SOLAS og starfrækt er af einu eða fleiri ríkjum, þar af sé að minnsta kosti eitt aðildarríki, noti kerfið í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar og viðmiðanir sem unnar eru á vegum IMO.
2. Aðildarríkin skulu þegar þess er kostur við framkvæmd leiðarstjórnunarkerfis sem þau bera ábyrgð á og hefur ekki verið samþykkt af hálfu IMO taka mið af leiðbeiningum og viðmiðunarreglum sem unnar eru á vegum IMO og koma öllum nauðsynlegum upplýsingum á framfæri svo leiðarstjórnunarkerfið verði markvisst og öruggt í notkun.

8. gr.

Eftirlit með því að skip hlíti umferðarstjórn.

Aðildarríkin sem í hlut eiga skulu fylgjast með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

a. skip sem sigla inn á gildissvæði umferðarstjórnunar og starfrækt er af hálfu eins eða fleiri ríkja, þar af skal að minnsta kosti eitt vera aðildarríki, innan landhelgi þeirra og byggt er á leiðbeiningum sem unnar eru á vegum IMO, taka þátt í og hlíta þeim reglum sem gilda um þá umferðarstjórnun,
b. skip sem sigla undir fána aðildarríkis eða skip sem er á leið til hafnar í aðildarríki og sigla inn á gildissvæði slíkrar umferðarstjórnunar, utan landhelgi aðildarríkis, sem bygg-

ist á leiðbeiningunum unnar á vegum IMO, skulu hlíta reglum þeirrar umferðarstjórnunar,

c. skip sem sigla undir fána þriðja ríkis og eru ekki leið til hafnar í aðildarríki en sigla inn á svæði skipaumferðarstjórnar utan landhelgi aðildarríkis fylgja reglum þess skipaumferðarstjórnar hvenær sem því verður við komið. Aðildarríki skulu tilkynna fánaríki hvers kyns augljós og alvarleg brot á þeim reglum innan slíks svæðis umferðarstjórnunarþjónustu.

9. gr.

Skipulag tilkynningarskyldukerfa, leiðastjórnunarkerfa skipa og skipaumferðarstjórnunar.

1. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við tímaáætlunina sem tilgreind er í l-lið II. viðauka, til að koma sér smám saman upp viðeigandi búnaði og stöðvum í landi, til að taka á móti og nota upplýsingar frá sjálfvirku auðkenniskerfi (AIS) að teknu tilliti til nauðsynlegs sendingarsviðs skýrslunnar.
2. Ferlinu sem felst í að byggja upp allan nauðsynlegan búnað og stöðvar í landi til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd skal lokið ekki seinna en í árslok 2007. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi búnaður til að senda upplýsingarnar áfram og miðla til innanlandskerfa aðildarríkja verði starfhæfur innan eins árs þaðan í frá.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að strandarstöðvarnar sem sjá um eftirlit með því hvort reglum um umferðarstjórnun og leiðarstjórnun skipa sé fylgt hafi yfir að ráða nægilega hæfu starfsliði og viðeigandi búnaði til samskipta og eftirlits skipa og að þau séu starfrækt í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar IMO.

10. gr.

Siglingarritakerfi (VDR).

1. Aðildarríki skulu fylgjast með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skip sem koma til hafnar aðildarríkis séu búin siglingaritakerfi í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í II. lið í II. viðauka. Undanþágur veittar ekjuferjum eða háhraðafarþegaförum samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. í tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum skulu falla úr gildi 5. ágúst 2002.
2. Upplýsingarnar sem safnað er í umferðarstjórnunarkerfinu skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkinu sem í hlut á ef rannsókn verður gerð í kjölfar sjóslyss á hafsvæði innan lögsögu aðildarríkis. Aðildarríki skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu notaðar í þágu rannsóknarinnar og þær ítarlega greindar. Aðildarríkin skulu tryggja að niðurstöður rannsóknarinnar séu birtar eins fljótt og unnt er eftir að þær liggja fyrir.

11. gr.

Slysarannsókn.

Án þess að brjóta í bága við 12. gr. tilskipunar 1999/35/EB skulu aðildarríki hlíta ákvæðum kóða IMO um rannsókn sjóslysa og atvika þegar þau rannsaka sjóslys eða atvik í tengslum við skip sem vísað er til í þessari tilskipun. Aðildarríki skulu eiga samvinnu við rannsókn sjóslysa og atvika þar sem skip sem sigla undir fána þeirra eiga í hlut.

II. BÁLKUR
TILKYNNING UM HÆTTULEGAN EÐA MENGANDI VARNING UM BORÐ Í SKIPUM (HAZMAT)

12. gr.
Skyldur farmsendanda.

Ekki má bjóða til flutnings hættulegan eða mengandi varning eða taka hann um borð í skip, óháð stærð þess, í höfn í aðildarríki nema yfirlýsing með upplýsingunum sem tilgreindar eru í 2. mgr. I. viðauka hafi verið afhent skipstjóranum.

Flutningsaðili ber ábyrgð á að afhenda skipstjóra eða rekstraraðila slíka yfirlýsingu og að tryggja að farmurinn sem boðinn er til flutnings sé raunverulega sá sem lýst er yfir, í samræmi við fyrstu undirgrein.

13. gr.
Tilkynning um hættulegan eða mengandi varning um borð í skipum.

1. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skips, óháð stærð þess, sem flytur hættulegan eða mengandi varning og lætur úr höfn í aðildarríki skal eigi síðar en við brottför tilkynna um upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. mgr. I. viðauka til lögbærra yfirvalda sem það aðildarríki tilnefnir.
2. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skips, óháð stærð þess, sem flytur hættulegan eða mengandi varning sem kemur frá höfn utan bandalagsins og er á leið til hafnar í bandalaginu eða til akkerislægis í landhelgi aðildarríkis skal hið síðasta við brottför frá lestunarhöfn eða eins fljótt og auðið er eftir að vitað er hver ákvörðunarhöfn eða staðsetning akkerislægis er, séu þessar upplýsingar ekki tiltækar við brottför, tilkynna um upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. mgr. I. viðauka til lögbærs yfirvalds í aðildarríki þar sem fyrsta ákvörðunarhöfn eða akkerislægi er að finna.
3. Aðildarríki mega gera ráðstafanir til að heimila rekstraraðila umboðsaðila eða skipstjóra skips sem um getur í 1. og 2. mgr. að tilkynna upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. mgr. I. viðauka til hafnaryfirvalda í brottfarar- eða ákvörðunarhöfn í bandalaginu, eftir því sem við á.

   Tryggja þarf með ráðstöfununum sem gripið er til að lögbært yfirvald hafi ætíð aðgang að upplýsingunum sem tilgreindar eru í 3. mgr. I. viðauka ef þörf krefur. Í þessu skyni skal lögbært hafnayfirvald sem í hlut á halda eftir upplýsingunum sem tilgreindar eru í 3. mgr. I. viðauka svo nota megi þær ef slys eða óhapp á sjó ber að höndum. Hafnaryfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að geta útvega lögbæru yfirvaldi þessar upplýsingar á rafrænu formi allan sólarhringinn sé þess óskað.
4. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skipsins þarf að tilkynna með rafrænum hætti um farmupplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. mgr. I. viðauka til hafnayfirvalda eða lögbærra yfirvalda.

   Upplýsingarnar skulu sendar með rafrænum hætti þegar því verður við komið Í rafrænum boðskiptum ber að nota þá málskipan og tilhögun sem tilgreind er í III. viðauka.

14. gr.
Rafrænir gagnaflutningar milli aðildarríkja.

Aðildarríki skulu vinna saman til að tryggja samtengingu og rekstrarsamhæfi innanlandskerfanna sem notuð eru til að meðhöndla upplýsingarnar sem tilgreindar eru í I. viðauka .

Í þeim samskiptakerfum sem sett eru upp samkvæmt fyrstu undirgrein er nauðsynlegt að birta eftirtalin atriði:

a. gagnaflutningar skulu vera rafrænir og unnt skal vera að taka á móti og meðhöndla skeyti sem tilkynnt eru í samræmi við 13. gr.;
b. kerfið skal vera þannig úr garði gert að það sendi upplýsingar allan sólarhringinn;
c. hvert aðildarríki þarf, sé þess óskað, að geta sent upplýsingar um skipið og hættulegan eða mengandi varning um borð án tafar til lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki.

15. gr.

Undanþágur.

1. Aðildarríki mega veita þeim sem stunda áætlunarsiglingar innanlands milli hafna á þeirra landsvæði undanþágu frá kröfunum sem kveðið er á um í 13. gr. að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:
   a. félagið sem sinnir áætlunarsiglingunum sem um getur hér að framan heldur og uppfærir skrána yfir skip sem um ræðir og sendir hana til hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda;
   b. að beiðni lögbærs yfirvalds skulu upplýsingarnar sem taldar eru upp í 3. mgr. I. viðauka og varða sérhverja farna sjóferð vera til reiðu. Félagið skal koma upp innra kerfi til að tryggt sé að unnt sé, ef þess er óskað, að senda umræddar upplýsingar til lögbærra yfirvalda með rafrænum hætti, allan sólarhringinn og án tafar, í samræmi við 4. mgr. 13. gr.
2. Ef alþjóðlegar áætlunarsiglingar eru stundaðar milli eins eða tveggja ríkja þar sem að minnsta kosti eitt er aðildarríki má hvert aðildarríkjanna sem í hlut á fara fram á að undanþága verði veitt fyrir þessa þjónustu af hálfu hinna aðildarríkjanna. Öll aðildarríkin sem í hlut eiga, þar með talin viðkomandi strandríki, skulu hafa samstarf um að veita þjónustunni sem í hlut á undanþágu í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í 1. málsgrein.
3. Aðildarríkin skulu reglulega ganga úr skugga um að skilyrðin sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. séu uppfyllt. Ef einu af þessum skilyrðum er ekki lengur fullnægt skulu aðildarríkin tafarlaust fella úr gildi sérréttindi þau sem felast í undanþágu hlutaðeigandi félags.
4. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir félög og skip sem fengið hafa undanþágu samkvæmt þessari grein sem og alla uppfærslu á þeirri skrá.

III. BÁLKUR

EFTIRLIT MEÐ HÆTTULEGUM SKIPUM OG ÍHLUTUN VERÐI ÓHAPP EÐA SLYS Á SJÓ

16. gr.

Miðlun upplýsinga um tiltekin skip.

1. Skip sem falla innan ramma viðmiðananna sem taldar eru upp hér á eftir teljast vera skip sem kunna að ógna siglingaöryggi, öryggi einstaklinga eða lífríkinu.
   a. skip í sjóferð þeirra:
      – hafa sem hafa tengst slysum eða óhöppum á sjó sem um getur 17. gr.;
        eða
      – skip sem uppfylla ekki skyldur um skýrslugerð og tilkynningar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun; eða
      – skip sem hafa ekki uppfyllt gildandi reglur í kerfum til leiðarstjórnunar og umferðarstjórnunar skipa sem eru á ábyrgð aðildarríkis;
   b. skip sem sannað þykir eða miklar líkur eru á að hafi vísvitandi losað olíu eða brotið

ákvæði MARPOL-samþykktarinnar með öðrum hætti á hafsvæðum innan lögsögu aðildarríkis;

c. skip sem synjað hefur verið um aðgang að höfnum aðildarríkja eða hefur sætt skýrslugjöf eða tilkynningu frá öðru aðildarríki í samræmi við 1. mgr. I. viðauka við tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hafnarríkiseftirlit skipa.

2. Strandarstöðvar með viðeigandi upplýsingar um skipin sem um getur í 1. málsgrein skulu koma þeim á framfæri við hlutaðeigandi strandarstöðvar í öðrum aðildarríkjum sem eru að finna meðfram fyrirhugaðri siglingaleið skipsins.
3. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingunum sem þeim eru sendar samkvæmt 2. málsgrein sé miðlað til hlutaðeigandi hafnayfirvalda og/eða annarra yfirvalda sem aðildarríkið tilnefnir. Innan þeirra takmarka sem aðildarríkjum er sett með tilliti til fjölda starfsmanna skulu þau framkvæma hvers kyns viðeigandi skoðanir og sannprófanir í höfnum þeirra, annað hvort að eigin frumkvæði eða að beiðni annars aðildarríkis, án þess að brjóta í bága við skyldur þeirra hvað varðar hafnarríkiseftirlit. Þau skulu upplýsa hlutaðeigandi aðildarríki um niðurstöður þeirra aðgerða sem þau grípa til.

17. gr.

Tilkynning um óhapp og slys á sjó.

1. Án þess að brjóta í bága við þjóðarétt og með það að markmiði að fyrirbyggja eða draga úr hvers kyns hættum sem ógna siglingaöryggi, öryggi einstaklinga eða lífríkinu skulu aðildarríkin hafa eftirlit með og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skipstjóri skips sem siglir á leitar- og björgunarsvæði þeirra eða innan efnahagslögsögu eða annars sambærilegs, tilkynni tafarlaust til strandarstöðvar hlutaðeigandi landsvæðis um eftirfarandi:
   a. sérhvert óhapp eða slys sem hefur áhrif á öryggi skipsins svo sem árekstur, strand, skemmdir, löskun eða bilun, innflæði vatns eða tilfærsla á farmi, skemmdir á bol eða bilun í burðarvirki,
   b. sérhvert óhapp eða slys sem ógnar öryggi í siglingum svo sem bilanir sem líkur eru á að hafi áhrif á stjórnhæfni skipsins eða haffæri þess eða gallar sem kunna að hafa áhrif á aðalvélbúnaðinn eða stýrisbúnaðinn, raforkuframleiðslubúnað, siglingatæki eða fjarskiptabúnað,
   c. hverjar þær aðstæður sem kunna að valda mengun sjávar eða stranda í aðildarríki, svo sem losun eða hætta á losun mengandi varnings í hafið,
   d. hvers kyns brák af mengandi efnum og ílát eða umbúðir sem sjást fljóta á sjónum.
2. Skeytið sem sent er til beitingar á 1. málsgrein skal að minnsta kosti að innihalda auðkenni skipsins, staðarákvörðun þess, brottfararhöfn, ákvörðunarhöfn, póstfang þar sem unnt er að afla upplýsinga umhættulega og mengandi farminn um borð, fjöldi einstaklinga um borð, upplýsingar um óhappið og hvers kyns viðeigandi upplýsingar sem um getur í ályktun IMO A.851(20).

18. gr.

Ráðstafanir sem gripið er til í mjög slæmu veðri.

1. Telji lögbær yfirvöld tilgreind af aðildarríkjum, í mjög slæmu veðri og sjólagi, að alvarleg hætta sé á mengun á siglingaleiðum þess eða strandsvæðum eða á siglingaleiðum eða strandsvæðum annarra ríkja, eða ef öryggi mannslífa er í hættu:
   a. þau ættu, þegar þess er kostur, að upplýsa skipstjóra skips sem er statt innan hlutaðeigandi hafnarsvæðis og fyrirhugað er að sigla til þeirrar hafnar eða úr þeirri höfn um

sjólag og veður og, ef við á og unnt er, um hættur sem steðja kann að skipi hans, farmi, áhöfn og farþegum;

b. þau mega, með fyrirvara um þá skyldu að aðstoða nauðstödd skip og í samræmi við 20. gr., grípa til annarra viðeigandi ráðstafana sem geta falið í sér tilmæli eða bann, annaðhvort til handa tiltekins skips eða skipa almennt, við því að koma til hafnar eða halda úr höfn innan útsettra svæða þar til sannreynt hefur verið að hættan sem ógnaði mannslífum og lífríkinu sé liðin hjá;

c. þau skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eins og unnt er eða banna, ef nauðsyn krefur, töku eldsneytis um borð í skip í landhelgi þeirra.

2. Skipstjóri skal greina félaginu frá viðeigandi ráðstöfunum eða tilmælunum sem vísað er til í 1. málsgrein. Þau skulu þó ekki fara í bága við ákvörðun skipstjórans á grunni faglegrar ákvörðunar hans/hennar í samræmi við SOLAS-samþykktina. Ef ákvörðun skipstjórans er ekki í samræmi við þær ráðstafanir sem vísað er til í 1. málsgrein skal hann/hún upplýsa lögbær yfirvöld um ástæðuna sem liggur að baki ákvörðun hans/hennar.

3. Viðeigandi ráðstafanir eða tilmæli sem vísað er til í 1. málsgrein skulu byggð á spám um sjólag og veður sem fengnar eru hjá faglegri veðurupplýsingaþjónustu viðurkenndri af aðildarríkinu.

19. gr.

Ráðstafanir sem tengjast óhöppum eða slysum á sjó.

1. Verði þau óhöpp eða slys á sjó sem um getur 17. gr. skulu aðildarríki grípa til allra viðeigandi ráðstafana, í samræmi við þjóðarétt, ef nauðsyn krefur, til að tryggja öryggi siglinga og einstaklinga og til verndar lífríki hafs og stranda.

   Í IV. viðauka er að finna skrá, sem er ekki tæmandi, yfir ráðstafanir sem eru tiltækar aðildarríkjunum samkvæmt þessarar grein.

2. Rekstraraðili, skipstjóri skipsins og, eftir því sem við á, eigandi hættulega eða mengandi varningsins sem er um borð skulu, í samræmi við innanlandslög og þjóðarétt, vinna náið með lögbærum yfirvöldum innanlands, að beiðni hins síðarnefnda, með það að markmiði að draga úr afleiðingum atviksins eða sjóslyssins.

3. Skipstjóri skips sem ákvæði ISM-kóðans gilda um skulu samkvæmt þeim kóða tilkynna félaginu um öll atvik eða slys sem verða á sjó, eins og um getur í 1. mgr. 17. gr. Jafnskjótt og félagið hefur fengið upplýsingar um slíkt óhapp skal það hafa samband við lögbæra strandarstöð og bjóða fram aðstoð sína eftir þörfum.

20. gr.

Skipaafdrep.

Að höfðu samráði við aðilana sem málið varðar skulu aðildarríkin gera áætlanir, með hliðsjón af viðeigandi leiðbeiningum IMO, um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í þeirra lögsögu. Slíkar áætlanir skulu fela í sér nauðsynlega reglur og málsmeðferð með hliðsjón af takmörkunum tengdum starfi og umhverfi til að tryggja að skip í sjávarháska geti tafarlaust leitað skipaafdreps með fyrirvara um að heimild fáist hjá lögbæru yfirvaldi. Telji aðildarríkið það nauðsynlegt og gerlegt þurfa áætlanirnar að fela í sér tilhögun um að séð sé fyrir nægilegum búnaði og aðstöðu til hjálpar, björgunar og viðbragða við mengun.

Áætlanir um liðsinni nauðstaddra skipa skulu vera aðgengilegar sé þess óskað. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanirnar sem gerðar eru til beitingar fyrstu málsgreinar eigi síðar en 5. febrúar 2004.

21. gr.

Upplýsingar hlutaðeigandi aðila.

1. Lögbær strandarstöð í hlutaðeigandi aðildarríki skal, ef nauðsyn krefur, útvarpa á viðkomandi svæðum upplýsingum um öll óhöpp sem tilkynnt hefur verið um samkvæmt 1. mgr. 17. gr. svo og upplýsingum um skip sem ógna siglingaöryggi, öryggi einstaklinga eða umhverfinu.
2. Lögbær yfirvöld sem hafa upplýsingarnar sem tilkynnt er um í samræmi við 13. og 17. gr. skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að geta veitt slíkar upplýsingar hvenær sem er ef lögbært yfirvald annars aðildarríkis fer fram á það af öryggisásástæðum.
3. Aðildarríki þar sem lögbærum yfirvöldum hefur, samkvæmt þessari tilskipun eða á annan hátt, verið tilkynnt um ástand sem hefur í för með sér hættu eða auka líkur á því að hætta skapist fyrir annað aðildarríki á tilteknu siglingasvæði eða strandsvæði skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að láta aðildarríki sem á í hlut vita af því eins fljótt og auðið er og hafa samráð við það um fyrirhugaðar aðgerðir. Eftir því sem við á skulu aðildarríkin vinna saman með það að markmiði að samnýta ráðstafanirnar til sameiginlegra aðgerða.

   Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hagnýta sér að fullu þær skýrslur sem skipum ber að senda þeim samkvæmt 17. gr.

IV. BÁLKUR

HLIÐARRÁÐSTAFANIR

22. gr.

Tilnefning lögbærra aðila og birting skrár yfir þá.

1. Aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld, hafnaryfirvöld og strandarstöðvar sem taka eiga á móti tilkynningum samkvæmt þessari tilskipun.
2. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að hagsmunaaðilar um siglingar fái í hendur viðeigandi og reglulega uppfærðar upplýsingar, einkum í siglingahandbókum, um yfirvöld og stöðvar sem tilnefndar hafa verið samkvæmt 1. málsgrein, þar með talið, eftir því sem við á, landsvæðið sem þau hafa lögsögu yfir og málsmeðferð þá sem kveðið hefur verið á um til að tilkynna upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipuninni.
3. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir þau stjórnvöld og stöðvar sem þau tilnefna samkvæmt 1. málsgrein og allar uppfærslur á henni.

23. gr.

Samstarf milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu vinna saman að því að ná eftirtöldum markmiðum:

a. nýta með sem bestum hætti þær upplýsingar sem tilkynnt er um samkvæmt þessari tilskipun, einkum með því að koma upp viðeigandi gagnaskiptatenginga milli strandarstöðva og hafnaryfirvalda með það að markmiði skiptast á gögnum sem tengjast ferðum skipa, áætluðum komutíma þeirra til hafna og farmi þeirra;
b. þróa og efla virkni gagnaskiptatenginga milli strandarstöðva aðildarríkjanna með það að markmiði að fá betri heildarmynd af umferð, bæta eftirlit með skipum sem eiga leið hjá og samræma og, eftir föngum, hagræða skýrslugerð sem krafist er af hálfu skipa á leið þar um;
c. færa út svið og/eða uppfæra eftirlits- upplýsingakerfis bandalagsins með það í huga að efla auðkenningu og eftirlit með skipum. Í þessu skyni skulu aðildarríkin og fram-

kvæmdastjórnin vinna saman að því að koma á fót, ef nauðsyn krefur, tilkynningarskyldukerfum, skyldubundnum umferðarstjórnunarkerfum og viðeigandi kerfi til leiðarstjórnunar skipa með það að markmiði að leggja þau fram hjá IMO til samþykkis;

d. gera samræmdar áætlanir um að liðsinna nauðstöddum skipum, ef við á.

24. gr.

Trúnaður við meðferð upplýsinga.

Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög þeirra, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja trúnað við meðferð upplýsinga sem þau fá í hendur samkvæmt þessari tilskipun.

25. gr.

Eftirlit með framkvæmd þessar tilskipunar og viðurlög.

1. Aðildarríki skulu reglulega framkvæma skoðanir og aðrar nauðsynlegar aðgerðir til að kanna virkni gagnaskiptakerfa á landi sem sett hafa verið upp til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og einkum getu þeirra til að uppfylla kröfur um að taka á móti og senda tafarlaust allan sólarhringinn upplýsingar sem tilkynnt er um samkvæmt 13. og 15. gr.
2. Aðildarríki skulu koma sér upp kerfi viðurlaga vegna brota á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera markviss, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
3. Aðildarríki skulu tafarlaust skýra fánaríki og öðrum hlutaðeigandi ríkjum frá ráðstöfunum sem gripið er til vegna skipa sem sigla ekki undir fána þeirra samkvæmt 16. og 19. gr. og samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar.
4. Ef aðildarríki kemst að því, í því tilviki að atvik eða slys samkvæmt 19. gr. verði á sjó, að félag hefur ekki getað náð og haldið sambandi við skipið eða við hlutaðeigandi strandarstöðvar skal það tilkynna það ríkinu sem gaf út ISM-skírteinið og tengt öryggisstjórnunarskírteini eða þeim fyrir hönd hvers það var gefið út.

   Ef í ljós kemur að um sé að ræða stórfelldar vanefndir á starfrækslu öryggisstjórnunarkerfis félagsins sem er með staðfestu í aðildarríki skal aðildarríkið sem gaf út öryggisskírteinið eða öryggisstjórnunarskírteinið í nafni skipsins þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn hlutaðeigandi félagi með það í huga að afturkalla öryggisskírteinið og tengt öryggisstjórnunarskírteini.

26. gr.

Mat.

1. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni eigi síðar en 5. febrúar 2007 skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og einkum ákvæðanna í 9., 10., 18., 20., 22., 23. og 25. gr. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu eigi síðar en 31. desember 2009 um fulla framkvæmd tilskipunarinnar.
2. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli skýrslnanna sem um getur í 1. málsgrein gefa skýrslu til Evrópuþingsins og til ráðsins sex mánuðum þaðan í frá um framkvæmd þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal í skýrslum sínum meta hvort og að hve miklu leyti ákvæði þessarar tilskipunar eins og þeim er hrint í framkvæmd af aðildarríkjunum stuðla að því að auka öryggi og skilvirkni sjóflutninga og koma í veg fyrir mengun af völdum skipa.
3. Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort þörf sé á og gerlegt að grípa til ráðstafana á vettvangi bandalagsins sem beinast að því að endurheimta eða endurgreiða hvers kyns

kostnað og tjón sem kann að hljótast af því að taka við nauðstöddum skipum, þar með taldar viðeigandi kröfur um vátryggingar eða aðra fjárhagslega tryggingu.

Framkvæmdastjórnin leggur skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar eigi síðar en 2007. desember 1995.

LOKAÁKVÆÐI

27. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga.

1. Breyta má skilgreiningunum í 3. gr., tilvísunum í gerninga bandalagsins og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr., í því skyni að færa þær til samræmis við löggjöf bandalagsins og þjóðarétt sem tekið hefur gildi, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar færa ekki út gildissvið þessarar tilskipunar.
2. Enn fremur má breyta I. III. og IV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr. í ljósi þeirrar reynslu sem fæst með þessari tilskipun, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar færa ekki út gildissvið þessarar tilskipunar.

28. gr.

Nefndarmeðferð.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/ EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. í henni.

   Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.
3. Nefndin skal setja sér starfsreglur.

29. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. febrúar 2004. Þau tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

   Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

30. gr.

Tilskipun ráðsins 93/75/EBE fellur hér með úr gildi frá og með 5. febrúar 2004.

31. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

32. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 2002.
Fyrir hönd Evrópuþingsins,
Fyrir hönd ráðsins
P. Cox
Fyrir hönd ráðsins,
Fyrir hönd ráðsins
M. Arias Cañete

I. VIÐAUKI
SKRÁ YFIR UPPLÝSINGAR SEM TILKYNNA ÞARF

1. Upplýsingar sem tilkynna þarf í samræmi við 4. gr. – Almennar upplýsingar.
   a. auðkenni skips (nafn, kallmerki, IMO-auðkennisnúmer eða MMSI-númer);
   a. ákvörðunarhöfn;
   b. áætlaður komutími til ákvörðunarhafnar eða hafnsögustöðvar, eftir því sem lögbært yfirvald krefst og áætlaður brottfarartími frá þeirri höfn;
   c. heildarfjöldi einstaklinga um borð.
2. Upplýsingar sem tilkynna þarf i samræmi við 12. gr. – Upplýsingar um farm:
   a. rétt tækniheiti hættulega eða mengandi varningsins, númer Sameinuðu þjóðanna (SÞ) ef þau eru fyrir hendi, IMO-hættuflokkar í samræmi við flokkunarkerfi IMDG-, IBC- og IGC-kóðana, og ef við á, flokkur skipsins sem þörf er á fyrir INF-farmana samkvæmt skilgreiningu í reglu VII/14.2, magn slíks farms og, ef hann er fluttur í farmflutningseiningum öðrum en tönkum, auðkenni hans;
   b. póstfang þar sem fá má nákvæmar upplýsingar um farminn.
3. Upplýsingar sem tilkynna þarf i samræmi við 13. gr.:
   A. Almennar upplýsingar:
      a. auðkenni skips (nafn, kallmerki, IMO-auðkennisnúmer eða MMSI-númer);
      b. ákvörðunarhöfn;
      c. fyrir skipi sem heldur úr höfn í aðildarríki: áætlaður brottfarartími frá brottfararhöfn eða hafnsögustöðvar, eftir því sem lögbært yfirvald krefst, og áætlaður komutími til ákvörðunarhafnar;
      d. fyrir skip á leið frá höfn utan bandalagsins og til hafnar í aðildarríki: áætlaður komutími til ákvörðunarhafnar eða hafnsögustöðvar, eftir því sem lögbært yfirvald krefst;
      e. heildarfjöldi einstaklinga um borð.
   B. Upplýsingar um farm:
      a. rétt tækniheiti hættulega eða mengandi varningsins, númer Sameinuðu þjóðanna (SÞ) ef þau eru fyrir hendi, IMO-hættuflokkar í samræmi við flokkunarkerfi IMDG-, IBC- og IGC-kóðana, og ef við á, flokkur skipsins samkvæmt skilgreiningu í INF-kóðanum, magn slíks farms og staðsetningu hans um borð, og ef hann er fluttur í farmflutningseiningum öðrum en tönkum, auðkenni hans;
      b. staðfesting á að í skrá eða farmskrá eða viðeigandi lestunaráætlun séu nákvæmar upplýsingar um hættulegan eða mengandi varning um borð í skipinu og staðsetningu hans um borð;
      c. póstfang þar sem fá má nákvæmar upplýsingar um farminn.

4. Upplýsingar sem getið er um í 5. gr.
   - A. auðkenni skips (nafn, kallmerki, IMO-auðkennisnúmer eða MMSI-númer),
   - B. dagsetning og tími,
   - C eða D. staða samkvæmt breiddar- og lengdargráðu eða réttvísandi miðun og fjarlægð í sjómílum frá þekktu kennileiti,
   - E. stefna,
   - F. hraði,
   - I. ákvörðunarhöfn og áætlaður komutími,
   - P. farmur og, ef hættulegur varningur er um borð, magn og IMO-flokkur,
   - T. póstfang til að tilkynna um farmupplýsingar,
   - W. heildarfjöldi einstaklinga um borð,
   - ýmsar upplýsingar:
     - einkenni og áætlað rúmmál eldsneytis, fyrir skip sem flytja meira en 5000 tonn af eldsneyti,
     - siglingafræðileg staða.
5. Skipstjóri skipsins skal þegar í stað upplýsa hlutaðeigandi lögbært yfirvald eða hafnaryfirvald um breytingar á upplýsingum sem tilkynntar eru samkvæmt þessum viðauka.

II. VIÐAUKI
FORSKRIFTIR SEM GILDA FYRIR BÚNAÐ UM BORÐ Í SKIPUM

I. Sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS).

1. Skip smíðuð 1. júlí 2002 og síðar

Farþegaskip, óháð stærð, og öll skip 300 brúttótonn að stærð og stærri smíðuð 1. júlí 2002 eða síðar og koma til hafnar innan bandalagsins skulu hafa þann búnað um borð sem kveðið er á um í 6. gr.

2. Skip smíðuð fyrir 1. júlí 2002

Farþegaskip óháð stærð og öll skip 300 brúttótonn að stærð og stærri smíðuð 1. júlí 2002 eða síðar og koma til hafnar í aðildarríki í bandalaginu skulu hafa þann búnað um borð sem kveðið er á um í 6. gr. í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a. farþegaskip: eigi síðar en 1. júlí 2003;
b. tankskip: eigi síðar en fyrsta skoðun öryggisbúnaðar eftir 1. júlí 2003;
c. skip önnur en farþegaskip og tankskip, 50 000 brúttótonn að stærð og stærri: eigi síðar en 1. júlí 2004;
d. skip, önnur en farþegaskip og tankskip, 10 000 brúttótonn að stærð og stærri en minni en 50 000 brúttótonn: eigi síðar en 1. júlí 2005 eða, hvað varðar skip í millilandasiglingum, fyrri dagsetning ákveðin innan ramma IMO;
e. skip, önnur en farþegaskip og tankskip, 3 000 brúttótonn að stærð og stærri en minni en minni en 10 000 brúttótonn: eigi síðar en 1. júlí 2006 eða, hvað varðar skip í millilandasiglingum, fyrri dagsetning ákveðin innan ramma IMO;
f. skip, önnur en farþegaskip og tankskip, 300 brúttótonn að stærð og stærri en minni en 3000 brúttótonn: eigi síðar en 1. júlí 2007 eða, hvað varðar skip í millilandasiglingum, fyrri dagsetning ákveðin innan ramma IMO.

Aðildarríki mega veita farþegaskipum undir 300 brúttótonnum í strandsiglingum undanþágu frá því að beita kröfunum um sjálfvirka auðkenniskerfið AIS sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

II. Siglingarritakerfi (VDR).

1. Skip í eftirtöldum flokkum skulu, ef þau koma til hafnar í aðildarríki í bandalaginu, vera búin siglingarritakerfi sem uppfyllir afkastaviðmiðanir ályktunar IMO A.861(20) og prófunarstaðla samkvæmt staðli Alþjóðaraftækniráðsins (IEC) nr. 61996:

a. farþegaskip byggð 1. júlí 2002 eða síðar, ekki síðar en 1. júlí 2002;
b. ekjufarþegaskip smíðuð fyrir 1. júlí 2002, eigi síðar en fyrsta skoðun öryggisbúnaðar þann 1. júlí 2002 eða síðar;
c. farþegaskip önnur en ekjufarþegaskip smíðuð fyrir 1. júlí 2002, ekki síðar en 1. janúar 2004;
d. skip, önnur en farþegaskip, 3000 brúttótonn eða stærri smíðuð 1. júlí 2002 eða síðar, ekki síðar en 5 ágúst 2002.

2. Skip í eftirtöldum flokkum sem eru smíðuð fyrir 1. júlí 2002 skulu, ef þau koma til hafnar í aðildarríki í bandalaginu, vera búin siglingarritakerfi sem uppfyllir viðkomandi viðmiðanir IMO:

a. flutningaskip 20 000 brúttótonn og stærri, ekki síðar en tiltekinn dag sem IMO fastsetur eða, ef ákvörðun IMO liggur ekki fyrir, ekki síðar en 1. janúar 2007;
b. flutningaskip 3000 brúttótonn og stærri en minni en 2000 brúttótonn, ekki síðar en tiltekinn dag sem IMO fastsetur eða, ef ákvörðun IMO liggur ekki fyrir, ekki síðar en 1. janúar 2008.

3. Aðildarríki mega veita farþegaskipum sem eru einungis í innanlandssiglingum á hafsvæðum öðrum en þeim sem falla undir A-flokk, eins og getið er um í 4. gr. tilskipunar ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip, undanþágu frá kröfunum um siglingarrita sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

III. VIÐAUKI
SKILABOÐ Á RAFRÆNU FORMI

1. Aðildarríkin skulu þróa og viðhalda nauðsynlegu grunnkerfi til sendingar, móttöku og umbreytingar gagna milli kerfi sem nota XML eða EDIFACT málskipan, byggt á Internets eða X.400 fjarskiptavirkjum.
2. Framkvæmdastjórnin skal þróa og viðhalda, í samráði við aðildarríkin, „stýriskjal fyrir skil“ þar sem kerfisvirkinu er lýst með tilliti til atburðarásar skilaboða, virkni skilaboða og tengsla milli skilaboða. Tilgreina skal tímasetningu skilaboða og virkni auk gagnasamskiptareglna og færibreyta. Í stýriskjali fyrir skil skal ennfremur tilgreina gagnainnihald Viðmót Stýring Skjal skal efla, styrkja, þoka áfram tilgreina, ákveða, mæla fyrir um gögn innihald á krafa, skilyrði, þörf boð föll og lýsið boðskipti.
3. Þessi málsmeðferð og grunnreglur skulu, þegar því verður við komið, fela í sér skyldur um skýrslugjöf og upplýsingaskipti sem leiða af öðrum tilskipunum til að mynda tilskipun 2000/ 59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum.

IV. VIÐAUKI

Ráðstafanir tiltækar aðildarríkjunum ef siglingaöryggi og verndun lífríkis sjávar er ógnað (samkvæmt 1. mgr. 19. gr.).

Ef lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis telja, innan ramma þjóðaréttar, í kjölfar óhapps eða aðstæðna sem lýst er í 17. gr., þegar um er að ræða skip að nauðsynlegt sé að afstýra, draga úr eða koma í veg fyrir hættu sem vofir yfir strandlengju þess eða ríkis eða tengdum hagsmunum, vegna öryggis annarra skipa, áhafna þeirra og farþega eða fólks í landi eða til að verja lífríki sjávar, getur þetta yfirvald meðal annars:

a. takmarkað ferðir skipsins eða leiðbeina um að fylgja tiltekinni stefnu. Þessi krafa hnekkir ekki ábyrgð skipstjóra á öruggri stjórn skips síns;
b. tilkynna skipstjóra skipsins formlega að honum beri að afstýra þeirri ógn sem steðjar að lífríkinu eða siglingaöryggi;
c. senda matshóp um borð í skipið í því skyni að meta hættuna, aðstoða skipstjórann við að finna úrræði og upplýsa lögbæra strandarstöð um gang mála;
d. fyrirskipa skipstjóranum að halda til skipaafdreps ef um yfirvofandi hættu er að ræða, fá hafnsögumann um borð eða láta taka skipið í tog.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vaktstöð siglinga.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót vaktstöð siglinga skipa um íslenska efnahagslögsögu. Verði frumvarpið að lögum mun Siglingastofnun Íslands annast framkvæmd laganna en gert er ráð fyrir að rekstur vaktstöðvarinnar, ásamt tilkynningarskyldu íslenskra skipa, verði boðinn út og lög nr. 40/1977, um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, og lög nr. 34/1993, um leiðsögu skipa, falli úr gildi.

Frá árinu 2000 hefur verið í gildi þjónustusamningur milli Póst- og fjarskiptastofnunar f.h. ríkisins og Landssíma Íslands hf. um rekstur á strandarstöðvaþjónustu. Þjónustan felur í sér að Landssíminn annast rekstur á fjarskiptakerfi fyrir sjálfvirka tilkynningarskyldu, neyðar- og öryggisþjónustu, rekstur almennrar fjarskiptaþjónustu við skip og NAVTEX-þjónustu. Í frumvarpi til fjárlaga 2003 nemur greiðsla vegna þessa samnings 158,1 m.kr. og er lagt til að hún verði færð undir Siglingastofnun Íslands. Jafnframt er í gildi samningur við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um rekstur sjálfvirkrar tilkynningarskyldu skipa, STK. Í frumvarpi til fjárlaga 2003 er greiðsla vegna þess samnings 24,1 m.kr. Samtals er því í frumvarpinu gert ráð fyrir 182,2 m.kr. í greiðslur vegna STK og reksturs strandarstöðva. Samkvæmt áætlunum samgönguráðuneytisins er gert ráð fyrir að kostnaður við vaktstöðina verði u.þ.b. 220 m.kr. Mismunurinn á fjárheimild sem fyrir er og þeim kostnaði, eða 38 m.kr., áætlar ráðuneytið að verði greiddur af þjónustutekjum kerfisins. Því er ekki gert ráð fyrir viðbótarkostnaði fyrir ríkissjóð umfram það sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 2003 verði frumvarpið óbreytt að lögum.

454. Frumvarp til laga [393. mál]

um breyting á safnalögum, nr. 106/2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Orðin „söfnum í eigu ríkisins og“ í 2. málsl. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir orðinu „annast“ í 2. málsl. 4. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: söfnun, skrásetningu, varðveislu.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Útgjöld vegna starfsemi safnaráðs greiðast úr safnasjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til smávægilegar breytingar á safnalögum, nr. 106/2001.

Í upphaflegu frumvarpi menntamálaráðherra til safnalaga, sem varð að lögum nr. 106/2001, var gert ráð fyrir því í 2. mgr. 2. gr. að í safnaráði sætu fulltrúar sem ekki hefðu nein tengsl við höfuðsöfn eða söfn í eigu ríkisins. Því safnaráði var m.a. ætlað að hafa eftirlit með söfnum í eigu ríkisins. Áður en frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi var gerð sú breyting að forstöðumenn höfuðsafna fengu sæti í safnaráði. Eftirlitshlutverki safnaráðs var ekki breytt til samræmis við það, en skv. 3. gr. safnalaga hefur ráðið m.a. eftirlit með söfnum í eigu ríkisins. Hér er lögð til sú breyting á 2. málsl. 3. gr. laganna að tilvísun til safna „í eigu ríkisins“ falli brott. Ástæðan er sú að forstöðumenn höfuðsafna, sem öll eru í eigu ríkisins, bera ábyrgð á starfsemi safna sinna gagnvart ráðherra í samræmi við lög sem um söfnin gilda og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Því er það í andstöðu við þá skipan að fela safnaráði sérstakt eftirlitshlutverk gagnvart höfuðsöfnunum.

Í núgildandi lögum er ekki samræmi milli höfuðsafna hvað verkefni og verksvið snertir og er með 2. gr. frumvarpsins stuðlað að slíku samræmi. Einnig er hér tekið mið af skilgreiningu á söfnum skv. 4. gr. safnalaga og er nauðsynlegt að hún endurspeglist einnig í upptalningu á verkefnum höfuðsafnanna. Um hlutverk Listasafns Íslands er kveðið á í lögum nr. 58/1988 og miðast breytingartillagan einnig við þau. Rannsóknarþátturinn skv. 4. gr. safnalaga er þó ekki í upptalningu á hlutverki Náttúruminjasafns Íslands, til að hlutverk þess rekist ekki á við hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá nær breytingin einungis til gripa sem eru í eigu Náttúruminjasafns Íslands, en ekki til vísindasafna Náttúrufræðistofnunar Íslands eða starfsemi sem tengist þeim.

Heimild vantar í núgildandi lög til að greiða útgjöld vegna starfsemi safnaráðs úr safnasjóði og því er lagt til í 3. gr. frumvarpsins að hún verði sett í lögin. Greiða þarf nefndarlaun, fargjöld fyrir ráðsmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðis, þóknun vegna umsýslu og fleira.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á safnalögum, nr. 106/2001.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að safnaráð hafi ekki eftirlit með söfnum í eigu ríkisins heldur einungis ríkisstyrktum söfnum sem aðrir reka. Eftirlit með söfnum sem rekin eru af ríkinu og falla undir menntamálaráðuneytið færist við þetta að öllu leyti til ráðuneytisins og hefur breytingin því ekki áhrif á útgjöld ríkisins. Í öðru lagi er lagt til að upptalning á verkefnum höfuðsafna verði samræmd og gerð ítarlegri. Að mati fjármálaráðuneytisins er ekki um að ræða ný verkefni heldur nákvæmari upptalningu og þess vegna er talið að breytingin hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að tekið verði fram í lögum að kostnaður við starf safnaráðs greiðist úr safnasjóði. Þessi breyting hefur ekki áhrif á útgjöld ríkisins, en gefur tilefni til að ákveða í fjárlögum hvernig útgjöld sjóðsins skiptist milli rekstrar og styrkja.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að frumvarpið hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

455. Tillaga til þingsályktunar [394. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar, (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð, og (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar, (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð, og (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra reglugerða sem hér um ræðir. Gerðir þessar fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur

þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar, (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð, og (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

1. Almennt.

Umræddar reglugerðir eiga það sameiginlegt að vera settar á grundvelli reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98, um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins um tiltekna flokka láréttrar ríkisaðstoðar. Með þeirri reglugerð var framkvæmdastjórninni veitt heimild til að setja reglugerðir um ákveðnar tegundir láréttrar (*horizontal*) ríkisaðstoðar, svo sem um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, lágmarksaðstoð og aðstoð til menntunar. Efnislega eru reglugerðir þessar sambærilegar núgildandi leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á sviði ríkisaðstoðar. Þessar þrjár reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar, nr. 68/2001, 69/2001 og 70/2001, fela í sér svokallaðar hópundanþágur (*block exemption*) frá almennum ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð og þá sérstaklega frá þeirri meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 61. gr. hans og er svohljóðandi: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“ Vísanir reglugerðanna í 92. og 93. gr. EB-sáttmálans (nú 87. og 88. gr.) eiga sér hliðstæðu í ákvæðum 61. og 62. gr. EES-samningsins.

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar.

Þessari reglugerð er ætlað að koma í stað viðkomandi kafla í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð. Með reglugerðinni er kveðið á um að aðstoð til menntunar, sem uppfyllir skilyrði reglugerðarinnar, sé lögmæt ríkisaðstoð sem brjóti ekki í bága við 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og þurfi því ekki að tilkynna til ESA í samræmi við 62. gr. EES-samningsins. Í 4. gr. reglugerðarinnar eru þau skilyrði nánar tiltekin og er þar m.a. fjallað um hversu hátt hlutfall aðstoðin megi vera af heildarkostnaði og hvaða kostnaður geti fallið undir hana. Er hlutfallið mismunandi eftir tegund aðstoðar og móttakanda hennar. Ávallt ber að tilkynna aðstoð vegna hvers verkefnis sem fer yfir 1.000.000 evrur.

Samkvæmt lögum nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, er heimilt að veita styrki úr starfsmenntasjóði til að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu. Vera kann að reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 68/2001 þrengi þessa heimild að einhverju leyti og kalli því á breytingu á þeim lögum. Verður það skoðað sérstaklega með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins, en umrædd lög eru á forræði þess. Að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið er því settur stjórnskipulegur fyrirvari við innleiðingu reglugerðarinnar.

3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð (de minimis).

Þessari reglugerð er ætlað að koma í stað viðkomandi kafla í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð. Efni reglugerðarinnar er í stuttu máli það að ríkisaðstoð sem veitt er til sama viðtakanda um þriggja ára skeið og er samtals undir 100.000 evrum er ekki talin hafa skaðleg áhrif á samkeppni milli aðildarríkjanna og brjóti þar af leiðandi ekki í bága við ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ríkisaðstoð, sem uppfyllir skilyrði reglugerðarinnar, er því lögmæt og innan ramma ákvæða EES-samningsins um ríkisaðstoð. Slíka lágmarksaðstoð þarf því ekki að tilkynna til ESA í samræmi við 62. gr. EES-samningsins.

Ekki er talið að reglugerð þessi kalli á sérstakar lagabreytingar hér á landi og talið að rétt sé að innleiða hana með almennri reglugerð.

4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Þessari reglugerð er ætlað að koma í stað viðkomandi kafla í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð. Reglugerðin kveður á um að ríkisaðstoð sem veitt er til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og uppfyllir skilyrði reglugerðarinnar, er ekki talin hafa skaðleg áhrif á samkeppni milli aðildarríkjanna og brjóti þar af leiðandi ekki í bága við ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Slíka ríkisaðstoð þarf því ekki að tilkynna til ESA í samræmi við 62. gr. EES-samningsins. Í viðauka við reglugerðina er síðan skilgreint hvaða skilyrði fyrirtæki þarf að uppfylla til að teljast lítið eða meðalstórt, í skilningi reglugerðarinnar. Í 4. gr. reglugerðarinnar kemur fram hversu hátt hlutfall ríkisaðstoðin má vera af heildarfjárfestingu í mismunandi tilfellum og spilar þar ýmislegt inn í, m.a. hvort viðkomandi fyrirtæki er á svæði þar sem heimilt er að veita byggðaraðstoð á.

Ekki er talið að reglugerð þessi kalli á sérstakar lagabreytingar hér á landi og talið að rétt sé að innleiða hana með almennri reglugerð.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2002
frá 25. júní 2002
um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2001 frá 31. janúar 2001 ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja ([4]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XV. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi komi aftan við lið 1c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95):

„Aðstoð til menntunar

1d. **2001 R 0068:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar (Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Hugtakið „87. og 88. gr. EB-sáttmálans“ lesist „61. og 62. gr. EES-samningsins“.

b) Hugtakið „aðildarríki“ lesist „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.

c) Ákvæði 1. gr. lesist „Þessi reglugerð gildir um aðstoð á öllum sviðum sem falla undir 61. til 64. gr. EES-samningsins“.

d) Í a-lið 2. gr. lesist hugtakið „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ sem „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

e) Í e-lið 2. gr. eiga orðin „eða bandalagið“ ekki við.

([1]) Stjtíð. EB L 66, 8.3.2001, bls. 48 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 6.
([2]) Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20.
([3]) Stjtíð. EB L 10, 13.1.2002, bls. 30.
([4]) Stjtíð. EB L 10, 13.1.2002, bls. 33.

f) Í 3. gr. lesist hugtakið „samrýmanlegt hinum sameiginlega markaði“ sem „samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins“.

g) Í 3. gr. lesist hugtakið „3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ sem „3. mgr. 61. EES-samningsins“. Hugtakið 3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ lesist sem „3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

h) Í 2. og 3. mgr. 4. gr. lesist hugtökin „c-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ og a-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ sem „c-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“ og „a-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.“

i) Í b-lið 6. mgr. 4. gr. lesist hugtakið „skrár bandalagsins“ sem „skrár á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til“.

j) Í 2. mgr. 6. gr. lesist orðin „ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr.“ sem „ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

Lágmarksaðstoð

1e. **2001 R 0069:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð (Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Hugtakið „87. og 88. gr. EB-sáttmálans“ lesist „61. og 62. gr. EES-samningsins“.

b) Hugtakið „aðildarríki“ lesist „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.

c) Í 1. mgr. 1. gr. lesist orðin „öll svið“ sem „öll svið sem falla undir 61. til 64. gr. EES-samningsins“.

d) Í stað a-liðar 1. gr. komi eftirfarandi:

„flutningsgeirinn og starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu á vörum sem taldar eru upp í viðbæti við þennan viðauka og falla undir gildissvið samningsins.“

e) Í 1. mgr. 2. gr. lesist hugtökin „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ og „3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ sem „1. mgr. 61. EES-samningsins“ og „3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.“

Ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja

1f. **2001 R 0070:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtíð. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Hugtakið „87. og 88. gr. EB-sáttmálans“ lesist „61. og 62. gr. EES-samningsins“.

b) Hugtakið „aðildarríki“ lesist „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.

c) Hugtakið „framkvæmdastjórnin“ lesist „þar til bær eftirlitsstofnun eins og hún er skilgreind í 62. gr. EES-samningsins“.

d) Hugtakið „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ lesist „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

e) Hugtakið „3. mgr. 88. gr. sáttmálans“ lesist „3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

f) Í 1. mgr. 1. gr. lesist orðin „bandalagsreglugerðir eða tilskipanir samkvæmt EB-sáttmálanum“ sem „reglur samkvæmt EES-samningnum“. Orðin „öll svið“ lesist „öll svið sem falla undir 61. til 64. gr. EES-samningsins“.

g) Í stað a-liðar 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu á vörum sem taldar eru upp í viðbæti við þennan viðauka og falla undir gildissvið samningsins.“

h) Í 3. gr. og 5. gr. lesist orðin „samrýmanlegt hinum sameiginlega markaði“ sem „samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins“.

i) Í 3. mgr. 4. gr. lesist hugtakið „c-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ sem „c-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“. Hugtakið „a-liður 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ lesist sem „a-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.“

2. Eftirfarandi bætist við í lok XV. viðauka:

„VIÐBÆTIR

Skrá yfir vörur sem vísað er til í aðlögunarlið d) í lið 1e og aðlögunarlið g) í lið 1f í XV. viðauka

Númer í Brussel-tollnafnaskránni	**Vörulýsing**
1. kafli	Lifandi dýr
2. kafli	Kjöt og ætir hlutar af dýrum
3. kafli	Fiskur, krabbadýr og lindýr
4. kafli	Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrlegt hunang

Númer í Brussel-tollnafnaskránni	Vörulýsing
5. kafli	
05.04	Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum
05.15	Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. eða 3. kafla, óhæf til manneldis
6. kafli	Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts
7. kafli	Matjurtir og tilteknar rætur og hnýði
8. kafli	Ætir ávextir og hnetur; hýði af melónum eða sítrusávöxtum
9. kafli	Kaffi, te og krydd, þó ekki maté (vöruliður nr. 09.03)
10. kafli	Korn
11. kafli	Malaðar vörur; malt og sterkja; hveitiglúten; inúlín
12. kafli	Olíufræ og olíurík aldin; ýmis konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóður
13. kafli	
úr 13.03	Pektín
15. kafli	
15.01	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (Lard)) og alifuglafeiti
15.02	Fita af nautgripum, kindum eða geitum; tólg (þar með talið „premier jus“) framleitt úr slíkri feiti
15.03	Svínafeitisterín, tólgarsterín, oleóolía, svínaolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt
15.04	Feiti og olíur, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsuð
15.07	Órokgjarnar jurtaolíur, í fljótandi eða föstu formi, hráar, hreinsaðar eða unnar
15.12	Feiti eða olíur, hertar, úr dýra- eða jurtaríkinu, einnig hreinsaðar en ekki frekar unnar
15.13	Smjörlíki, svínafeitilíki og önnur feiti til matar
15.17	Leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi
16. kafli	Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum eða lindýrum
17. kafli	
17.01	Reyr- eða rófusykur í föstu formi
17.02	Annar sykur; sykursíróp; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel
17.03	Melassi, einnig aflitaður
17.05	Sykur með bragðefnum eða litarefnum, síróp og melassi, þó ekki ávaxtasafi með viðbættum sykri

Númer í Brussel-tollnafnaskránni	Vörulýsing
18. kafli	
18.01	Kakaóbaunir, heilar eða muldar, hráar eða brenndar
18.02	Kakaóskurn, kakaóhýði, kakaóskæni og annar kakaóúrgangur
20. kafli	Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum
22. kafli	
22.04	Þrúguþykkni í gerjun eða þar sem gerjun sem hefur verið stöðvuð á annan hátt en með íblöndun alkóhóls
22.05	Vín úr nýjum þrúgum; þrúguþykkni þar sem gerjun sem hefur verið stöðvuð með íblöndun alkóhóls
22.07	Aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður)
úr 22.08 úr 22.09	Etýlalkóhól eða hlutlausir brenndir drykkir, einnig mengað, óháð styrkleika, framleitt úr landbúnaðarvörum, sem talar eru upp í þessum viðauka, þó ekki líkkjörar og aðrir brenndir drykkir og alkóhólblöndur (óblandaður útdráttur) til að framleiða drykkjarvörur
22.10	Edik og edikslíki
23. kafli	Leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður
24. kafli	
24.01	Óunnið tóbak; tóbaksúrgangur
45. kafli	
45.01	Náttúrlegur korkur, óunninn, brotinn, kurlaður eða malaður korkur: korkúrgangur
54. kafli	
54.01	Hör óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hörruddi og hörúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætlur)
57. kafli	
57.01	Hampur (*Cannabis sativa* L), óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hampruddi og hampúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætlur)

“

2. gr.

Texti reglugerða EB nr. 68/2001, 69/2001 og 70/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 68/2001

frá 12. janúar 2001

um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins um tiltekna flokka láréttrar ríkisaðstoðar ([1]), einkum iv-lið a-liðar 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ([2]),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að við tilteknar aðstæður sé aðstoð til menntunar samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningaskyldu.

2) Framkvæmdastjórnin hefur beitt 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar í mörgum ákvörðunum og hefur einnig sett fram stefnu sína, nú síðast í bandalagsramma um aðstoð til menntunar ([3]). Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar er rétt, í ljósi þess að framkvæmdastjórnin hefur mikla reynslu af að beita þessum greinum gagnvart aðstoð til menntunar, að hún nýti sér það vald sem henni er falið með reglugerð (EB) nr. 994/98.

3) Til að unnt sé að koma á gagnsærri og samfelldri stefnumótun í öllum starfsgreinum þarf gildissvið þessarar reglugerðar að vera eins vítt og unnt er og ná til landbúnaðar, fiskveiða og eldis og ræktunar í sjó og vatni.

4) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna á því að tilkynna um aðstoð til menntunar. Framkvæmdastjórnin mun meta slíkar tilkynningar, einkum í ljósi viðmiðananna sem koma fram í þessari reglugerð eða í samræmi við gildandi viðmiðunarreglur og ramma bandalagsins ef slíkar reglur og rammar eru til. Eins og sakir standa á þetta við um starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu varanna sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann og á sviði sjóflutninga. Rammaákvæðin um aðstoð til menntunar skulu felld úr gildi frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar þar eð efni þeirra er tekið upp í þessari reglugerð.

5) Með tilliti til gagnsæis er rétt að hafa í huga að samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 51. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1257/1999 frá 17. maí 1999 um stuðning við byggðaþróun í dreifbýli frá þróunar- og ábyrgðarsjóði evrópsks landbúnaðar (EAGGF) og um breytingu og niðurfellingu tiltekinna reglugerða ([4]) gilda 87. til 89. gr. sáttmálans ekki um fjárframlög sem aðildarríkin veita vegna ráðstafana sem falla undir bandalagsstuðning til menntunar skv. 9. gr. þeirrar reglugerðar.

6) Með tilliti til gagnsæis er rétt að undirstrika að þessi reglugerð skal einungis gilda um menntunarráðstafanir sem eru ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans. Margar ráðstafanir vegna menntunar falla ekki undir þá grein en flokkast undir almennar ráðstafanir vegna þess að þær standa öllum fyrirtækjum í öllum starfs-

([1]) Stjtíð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 89, 28.3.2000, bls. 8.
([3]) Stjtíð. EB C 343, 11.11.1998, bls. 10.
([4]) Stjtíð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80.

greinum til boða án mismununar og vegna þess að yfirvöldin, sem beita ráðstöfununum, hafa ekki ákvörðunarrétt, t.d. almennar skattaívilnanir, svo sem sjálfvirkur skattafsláttur sem stendur öllum fyrirtækjum til boða sem fjárfesta í menntun starfsmanna sinna. Aðrar menntunarráðstafanir falla ekki undir gildissvið 1. mgr. 87. gr. sáttmálans vegna þess að þær koma fólki beint til góða alls staðar og veita tilteknum fyrirtækjum eða starfsgreinum engan ávinning öðrum fremur. Sem dæmi má nefna skólamenntun og grunnþjálfun (svo sem nám lærlinga og blandað kerfi vinnu og náms), menntun eða endurmenntun atvinnulausra, þ.m.t. starfsþjálfun í fyrirtækjum og ráðstafanir sem beinast beint að starfsmönnum eða jafnvel tilteknum hópum starfsmanna og veita þeim tækifæri til að fá menntun sem tengist ekki fyrirtækinu eða atvinnugreininni þar sem þeir stunda vinnu (t.d. með „námsreikningi"). Á hinn bóginn ber að hafa í huga að ekki er litið á framlag frá sérgreinasjóðum sem einkafjármagn ef ríkið hefur gert slíka sjóði að skyldu heldur telst það ríkisfjármagn í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans.

7) Samkvæmt þessari reglugerð skal veita undanþágu fyrir alla aðstoð þar sem allar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð eru uppfylltar og fyrir öll aðstoðarkerfi, að því tilskildu að aðstoðin, sem hægt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli allar viðeigandi kröfur samkvæmt reglugerðinni. Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar skal skýr tilvísun í þessa reglugerð fylgja með aðstoð og stökum styrkveitingum sem eru ekki hluti af aðstoðarkerfi.

8) Til að útiloka mismun sem gæti valdið röskun á samkeppni og til að auðvelda samræmingu milli mismunandi framtaksverkefna bandalagsins og einstakra landa, sem snertir lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og vegna stjórnunarlegs skýrleika og réttaröryggis, skal skilgreiningin á „litlum og meðalstórum fyrirtækjum", sem er notuð í þessari reglugerð, vera sú sama og mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([5]).

9) Til að ákvarða hvort aðstoð sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð er nauðsynlegt að taka tillit til umfangs aðstoðarinnar og þar með fjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar og tilgreind sem styrkígildi. Við útreikning á styrkígildi aðstoðar, sem skipta má í nokkrar greiðslur, og útreikning á aðstoð í formi hagstæðra lána er nauðsynlegt að nota markaðsvexti sem eru í gildi þegar lánið er veitt. Til að tryggja samræmda og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvextir séu viðmiðunarvextir að því er varðar þessa reglugerð, að því tilskildu að venjuleg trygging sé sett fyrir hagstæðum lánum og að þau hafi ekki í för með sér óeðlilega áhættu. Viðmiðunarvextir skulu vera í samræmi við það sem framkvæmdastjórnin ákveður með ákveðnu millibili á grundvelli hlutlægra viðmiðana og er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á Netinu.

10) Menntun skilar yfirleitt jákvæðum áhrifum út í samfélagið þar eð hún eykur fjölda hæfra starfsmanna, sem kemur öðrum fyrirtækjum til góða, eykur samkeppnishæfni atvinnugreina í bandalaginu og gegnir mikilvægu hlutverki að því er varðar áætlanir í atvinnumálum. Þar eð fyrirtæki í bandalaginu fjárfesta almennt of lítið í menntun starfsmanna sinna getur ríkisaðstoð stuðlað að því að lagfæra þessa vöntun á markaðnum og má því líta svo á að aðstoðin geti samrýmst sameiginlega markaðnum við sérstakar aðstæður og verið undanþegin fyrirframtilkynningu af þeirri ástæðu.

11) Til að tryggja að ríkisaðstoð takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná markmiði bandalagsins, sem markaðsöflin ein og sér gætu ekki áorkað, skal miða leyfilegt umfang undanþeginnar aðstoðar við þá tegund menntunar sem er veitt, stærð fyrirtækisins og landfræðilega staðsetningu þess.

12) Almenn menntun veitir hæfi sem unnt er að yfirfæra og eykur verulega ráðningarhæfi þess starfsmanns sem nýtur hennar. Aðstoð í þeim tilgangi hefur minni áhrif til röskunar á samkeppni og veldur því að unnt er að líta svo á að aðstoð í verulegum mæli sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum og undanþegin kröfunni um fyrirframtilkynningu. Hins vegar hefur sérstök menntun, sem aðallega kemur fyrirtækinu til góða, í för með sér meiri hættu á samkeppnisröskun svo að umfang aðstoðar, sem

([5]) Stjtíð. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4.

telja má að sé samrýmanlegt og undanþegið kröfunni um fyrirframtilkynningu, ætti að vera miklu minna.

13) Í ljósi þeirra óþæginda, sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir og hlutfallslega aukins kostnaðar sem þau þurfa að bera þegar þau fjárfesta í menntun starfsmanna sinna, skal umfang þeirrar aðstoðar, sem er undanþegin tilkynningaskyldunni samkvæmt þessari reglugerð, aukið að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

14) Á svæðum, sem njóta aðstoðar skv. a- og c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans, hefur menntun tiltölulega meiri áhrif út á við vegna þess að veruleg vöntun er á fjárfestingu í menntun á þessum svæðum og atvinnuleysishlutfall hærra. Þar af leiðandi ber að auka umfang aðstoðar, sem er undanþegið samkvæmt þessari reglugerð, á þessum svæðum.

15) Menntun í sjóflutningageiranum er sérstaks eðlis og því þarf að beita sérstökum aðferðum í þeirri starfsgrein.

16) Rétt er að framkvæmdastjórnin leggi áfram sérstakt mat á stórar fjárhæðir til aðstoðar áður en þær koma til framkvæmda. Þess vegna skulu fjárhæðir, sem er veitt til aðstoðar og fara yfir fasta fjárhæð sem festa ætti við 1 000 000 evrur, vera undanskildar undanþágunni sem kveðið er á um í þessari reglugerð og kröfur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans skulu gilda áfram um þær.

17) Undanþága samkvæmt þessari reglugerð skal ekki taka til aðstoðar sem leggst við aðra ríkisaðstoð, t.d. aðstoð sem innlend yfirvöld eða svæða- og staðaryfirvöld veita, eða bandalagsaðstoð í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun fer yfir efri mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.

18) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98 er rétt að tekið verði upp stöðluð framsetning þar sem aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni upplýsingar í stuttu máli til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í hvert sinn sem aðstoðarkerfi er hrundið í framkvæmd eða stök aðstoð utan slíkra kerfa veitt samkvæmt þessari reglugerð. Af sömu ástæðu er rétt að setja reglur um skrárnar sem aðildarríkin eiga að halda varðandi aðstoðina sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Að því er varðar árlegu skýrslurnar, sem aðildarríkjunum ber að leggja fram hjá framkvæmdastjórninni, er rétt að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur sínar varðandi þær, þ.m.t. upplýsingar í tölvutæku formi þar eð aðgangur að nauðsynlegri tækni er almennt auðveldur.

19) Með tilliti til reynslu framkvæmdastjórnarinnar, einkum af því að yfirleitt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar. Falli þessi reglugerð úr gildi án þess að gildistíminn sé framlengdur skulu aðstoðarkerfi, sem þegar hafa fengið undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram undanþegin í sex mánuði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um aðstoð í öllum starfsgreinum, þ.m.t. starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu varanna sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans;

b) „lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem eru skilgreind í I. viðauka;

c) „stór fyrirtæki“: fyrirtæki sem falla ekki undir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum í I. viðauka;

d) „sérmenntun“: menntun sem felur í sér fræðslu sem nýtist beinlínis og fyrst og fremst í núverandi starfi eða framtíðarstarfi starfsmannsins í fyrirtæki, sem nýtur aðstoðar, og veitir hæfni sem er ekki eða aðeins að litlu leyti yfirfæranleg yfir á önnur fyrirtæki eða starfssvið;

e) „almenn menntun“: menntun sem felur í sér fræðslu sem nýtist ekki eingöngu eða fyrst og fremst í núverandi starfi eða framtíðarstarfi

starfsmannsins í fyrirtækinu sem nýtur aðstoðar en veitir hæfni sem er að miklu leyti yfirfæranleg yfir á önnur fyrirtæki eða starfssvið og eykur því að verulegu leyti ráðningarhæfi starfsmannsins. Menntun telst vera „almenn“ ef hún er t.d.,

— skipulögð sameiginlega af mismunandi, óháðum fyrirtækjum eða ef starfsmenn mismunandi fyrirtækja geta aflað sér þessarar menntunar,

— viðurkennd, vottuð eða metin af opinberum yfirvöldum eða aðilum eða af öðrum aðilum eða stofnunum sem aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hefur veitt nauðsynlegt umboð á þessu sviði;

f) „umfang aðstoðar“: bruttófjárhæðin, sem er veitt til aðstoðar, tilgreind sem hlutfall af styrkhæfum kostnaði verkefnisins. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu tilgreindar án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðarinnar, jafngilda aðstoð í formi styrks. Aðstoð, sem er skipt í nokkrar greiðslur, skal reiknuð til núvirðis þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við núvirðisreikning og til að reikna út fjárhæðina sem veitt er til aðstoðar í formi hagstæðs láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem lánið er veitt;

g) „illa staddur starfsmaður“:

— ungir einstaklingar undir 25 ára aldri sem hafa ekki áður gegnt reglubundnu, launuðu starfi,

— einstaklingur með alvarlega fötlun af völdum líkamlegra, geðrænna eða sálrænna erfiðleika en þó fær um þátttöku á vinnumarkaðnum,

— farandlaunþegar sem flytjast eða hafa flust til bandalagsríkis eða hefja búsetu þar til að stunda starf og sem þurfa á starfs- eða tungumálamenntun að halda,

— einstaklingur sem vill hefja aftur störf eftir a.m.k. þriggja ára hlé, einkum einstaklingur sem hefur hætt í starfi vegna erfiðleika við að samræma vinnu og fjölskyldulíf á fyrstu sex mánuðunum eftir ráðningu,

— einstaklingur sem er eldri en 45 ára og hefur ekki lokið gagnfræðaskólamenntun eða hliðstæðri menntun,

— einstaklingur sem hefur verið atvinnulaus um langt skeið, þ.e. einstaklingur sem hefur ekki haft vinnu í 12 mánuði samfleytt á fyrstu sex mánuðunum eftir ráðningu.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Stök aðstoð, sem er ekki hluti af neinu aðstoðarkerfi og uppfyllir öll skilyrði þessarar reglugerðar, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að henni fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

2. Aðstoðarkerfi, sem uppfylla öll skilyrði þessarar reglugerðar, teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu:

a) að aðstoð, sem unnt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar;

b) að kerfinu fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

3. Aðstoð, sem er veitt sem hluti af kerfunum sem um getur í 2. mgr., skal samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli algerlega öll skilyrði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Aðstoð til menntunar sem nýtur undanþágu

1. Aðstoðarkerfi og stök aðstoð til menntunar skal uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. til 7. mgr.

2. Þegar aðstoðin er veitt til sérmenntunar skal umfang hennar ekki fara yfir 25% þegar um stór fyrirtæki er að ræða og ekki yfir 35% þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut.

Þetta umfang skal aukið um fimm prósentustig vegna fyrirtækja á svæðum sem falla undir svæðisbundna aðstoð skv. c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans

og um 10 prósentustig vegna fyrirtækja á svæðum sem falla undir svæðisbundna aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. í sáttmálanum.

3. Þegar aðstoðin er veitt til almennrar menntunar skal umfang hennar ekki fara yfir 50% þegar um stór fyrirtæki er að ræða og ekki yfir 70% þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut.

Þetta umfang skal aukið um fimm prósentustig vegna fyrirtækja á svæðum sem falla undir svæðisbundna aðstoð skv. c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og um 10 prósentustig vegna fyrirtækja á svæðum sem falla undir svæðisbundna aðstoð skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. í sáttmálanum.

4. Hámarksumfangið, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal aukið um 10 prósentustig ef menntunin er veitt illa stöddum starfsmönnum.

5. Í tilvikum þar sem bæði sérmenntun og almenn menntun eru þættir í aðstoðarverkefninu, sem ekki er hægt að aðskilja við útreikning á umfangi aðstoðarinnar, og í tilvikum þar sem ekki er unnt að fastsetja hvort um er að ræða sérmenntun eða almenna menntun, skal umfangið, sem gildir fyrir sérmenntun skv. 2. mgr. gilda.

6. Þegar aðstoð er veitt í sjóflutningageiranum getur umfangið orðið 100% hvort sem menntunarverkefnið snertir sérmenntun eða almenna menntun, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) sá sem fær menntunina skal ekki vera virkur áhafnarmeðlimur heldur skal hann vera varamaður um borð, og

b) menntunin skal fara fram um borð í skipum sem eru skráð í bandalaginu.

7. Aðstoðarhæfur kostnaður við menntunarverkefni skal vera:

a) starfsmannakostnaður vegna kennara,

b) ferðakostnaður kennara og nemenda,

c) annar tilfallandi kostnaður, svo sem efni og búnaður,

d) afskriftir af tækjum og búnaði sem er einungis notaður í menntunarverkefninu,

e) kostnaður við leiðbeininga- og ráðgjafarþjónustu viðvíkjandi menntunarverkefninu,

f) starfsmannakostnaður vegna lærlings, allt að samanlagðri fjárhæð fyrir styrkhæfan kostnað samkvæmt liðum a til e. Einungis má reikna þann tíma sem lærlingur stundar í raun nám, að frádregnum virkum vinnustundum við framleiðslu eða samsvarandi.

Styrkhæfur kostnaður skal vera studdur skriflegum sönnunargögnum, gagnsæjum og sundurliðuðum.

5. gr.

Veiting stakrar aðstoðar í miklum mæli

Ekki skal beita undanþágu ef fjárhæð aðstoðar, sem er veitt einu fyrirtæki vegna eins menntunarverkefnis, fer yfir 1 000 000 evrur.

6. gr.

Uppsöfnun

1. Efri mörk aðstoðar, sem eru ákveðin í 4. og 5. gr., skulu gilda án tillits til þess hvort aðstoðin við verkefnið er eingöngu fjármögnuð af ríkinu eða hvort hún er fjármögnuð að hluta til af bandalaginu.

2. Aðstoð, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, má ekki bætast við neina aðra ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans eða við aðra fjármögnun bandalagsins í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun leiðir til þess að umfang aðstoðar fer yfir mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.

7. gr.

Gagnsæi og eftirlit

1. Við framkvæmd aðstoðarkerfis eða við veitingu stakrar aðstoðar utan slíks kerfis, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni útdrátt úr upplýsingum innan 20 virkra daga varðandi slíkt aðstoðarkerfi eða staka aðstoð til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu halda nákvæmar skrár yfir aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, staka aðstoð, sem er veitt samkvæmt þessum kerfum, og staka aðstoð sem er utan allra núverandi aðstoðarkerfa og nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Í slíkum skrám skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta að skilyrði fyrir undanþágu, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfyllt. Aðildarríkin skulu halda skrá yfir staka aðstoð í 10 ár frá þeim degi sem

hún er veitt og, að því er varðar aðstoðarkerfi, í 10 ár frá þeim degi sem síðasta staka aðstoðin er veitt samkvæmt slíku kerfi. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt.

3. Aðildarríkin skulu taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár eða hluta af því, sem þessi reglugerð gildir fyrir, í því formi sem mælt er fyrir um í III. viðauka og einnig í tölvutæku formi. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té slíka skýrslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tímabilinu, sem fjallað er um í skýrslunni, lýkur.

8. gr.
Gildistaka og gildistími

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Hún skal gilda til 31. desember 2006.

2. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Mario MONTI
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI
Skilgreining á litlum og meðalstórum fyrirtækjum

(útdráttur úr tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4))

„1. gr.

1. Lítil og meðalstór fyrirtæki (SME) eru skilgreind sem fyrirtæki sem:
— hafa færri en 250 starfsmenn, og
— hafa annaðhvort,
  — ársveltu, sem fer ekki yfir 40 milljón evrur, eða
  — heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 27 milljón evrur,
— eru í samræmi við viðmiðunina fyrir óháð fyrirtæki sem skilgreind er í 3. mgr.

2. Ef nauðsynlegt reynist að greina á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru lítil fyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem:
— hafa færri en 50 starfsmenn, og
— hafa annaðhvort,
  — ársveltu, sem fer ekki yfir 7 milljón evrur, eða
  — heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 5 milljón evrur,
— eru í samræmi við viðmiðunina fyrir óháð fyrirtæki sem skilgreind er í 3. mgr.

3. Fyrirtæki teljast vera óháð ef ekki er meira en 25% af fjármagni eða atkvæðisrétti þeirra í eigu eins fyrirtækis eða, eftir atvikum, í sameign margra fyrirtækja sem eru hvorki lítil né meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu. Fara má yfir þessi mörk í eftirfarandi tveimur tilvikum:
— ef fyrirtækið er í eigu opinberra fjárfestingarfélaga, áhættufjármagnsfyrirtækja eða stofnanafjárfesta, að því tilskildu að þau stjórni ekki fyrirtækinu, hvorki einstaklingsbundið né sameiginlega,
— ef fjármagnið dreifist á þann hátt að ekki sé mögulegt að ákvarða eignarhald á því og ef fyrirtækið lýsir

því yfir að hægt sé með réttu að ályktа að ekki séu meira en 25% þess í eigu eins fyrirtækis eða, eftir atvikum, í sameign margra fyrirtækja sem eru hvorki lítil né meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu.

4. Við útreikning á mörkunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., er því nauðsynlegt að leggja saman viðkomandi tölur varðandi fyrirtækið sem fær aðstoð og varðandi öll fyrirtækin sem það stjórnar, beint eða óbeint, gegnum eignarhald á 25% eða meira af fjármagni eða atkvæðisrétti.

5. Ef nauðsynlegt reynist að greina örfyrirtæki frá öðrum litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru þau skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn.

6. Ef fyrirtæki fer yfir eða undir mörk um mannafla eða efri fjárhagsmörk á lokadegi efnahagsreiknings leiðir það því aðeins til þess að það öðlist eða glati þeirri stöðu að vera lítið/meðalstórt fyrirtæki, meðalstórt fyrirtæki, lítið fyrirtæki eða örfyrirtæki ef það endurtekur sig í tvö fjárhagsár samfleytt.

7. Fjöldi starfsmanna samsvarar fjölda ársverka, þ.e. fjölda starfsmanna sem eru í fullu starfi á einu ári ásamt starfsmönnum í hlutastarfi og árstíðabundnu starfi sem reiknast sem brot af ársverkum. Nota skal síðasta, samþykkta uppgjörstímabil sem viðmiðunarár.

8. Mörk fyrir veltu og heildartölu efnahagsreiknings miðast við síðasta, samþykkta 12 mánaða uppgjörstímabil. Þegar um nýlega stofnuð fyrirtæki er að ræða þar sem reikningar hafa enn ekki verið samþykktir skal ákvarða mörkin á grundvelli áreiðanlegs mats sem hefur farið fram á fjárhagsárinu.“

II. VIÐAUKI

Framsetning á samantekt upplýsinga sem skal leggja fram í hvert sinn sem aðstoðarkerfi, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, kemur til framkvæmda og í hvert sinn sem stök aðstoð, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, er veitt utan aðstoðarkerfa

Samantekt upplýsinga um ríkisaðstoð sem er veitt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001

Samantekt upplýsinga sem tilgreina skal	Skýringar
Aðildarríki	
Svæði	Tilgreina skal heiti svæðisins ef yfirvald utan svæðis veitir aðstoðina.
Heiti aðstoðarkerfisins eða fyrirtækisins sem fær staka aðstoð	Tilgreina skal heiti aðstoðarkerfisins eða heiti þess sem fær aðstoðina ef um staka aðstoð er að ræða. Í síðara tilvikinu er ekki nauðsynlegt að leggja fram ársskýrslu árið eftir.
Lagaákvæði	Tilgreina skal nákvæmlega innlenda lagastoð fyrir aðstoðarkerfinu eða stöku aðstoðinni.
Áætluð ársútgjöld vegna kerfisins eða heildarfjárhæð stakrar aðstoðar sem fyrirtækinu er veitt	Fjárhæðir skulu gefnar upp í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: skal tilgreina árlega heildarfjárhæð fjárveitingar eða áætlað skattatap á ári vegna allra tegunda aðstoðar sem kerfið nær yfir. Þegar um staka úthlutun aðstoðar er að ræða: skal tilgreina heildarfjárhæð aðstoðar/skattataps. Ef við á skal einnig tilgreina á hve mörg ár aðstoðin skiptist eða í hve mörg ár skattatap á sér stað. Að því er varðar ábyrgðir skal tilgreina (hæstu) fjárhæð tryggðra lána.

Samantekt upplýsinga sem tilgreina skal	Skýringar
Mesta umfang aðstoðar	Tilgreina skal mesta umfang eða hámarksfjárhæð sem er veitt til aðstoðar fyrir hverja styrkhæfa einingu.
Dagsetning framkvæmdar	Tilgreina skal upphafsdag aðstoðar þegar um aðstoðarkerfi er að ræða eða daginn þegar stök aðstoð er veitt.
Gildistími aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar	Tilgreina skal daginn (ár og mánuð) þegar aðstoð lýkur, ef um aðstoðarkerfi er að ræða, eða, þegar um staka aðstoð er að ræða og ef við á, daginn (ár og mánuð) sem reiknað er með að síðasta greiðsla fari fram.
Markmið aðstoðar	Þegar um aðstoð til menntunar er að ræða skal tilgreina hvort það er sérmenntun eða almenn menntun. Þegar um almenna menntun er að ræða skulu skrifleg sönnunargögn fylgja (t.d. lýsing á efni menntunarinnar) til að unnt sé að flokka hana sem almenna menntun.
Viðkomandi starfsgrein eða starfsgreinar: ☐ allar starfsgreinar eða ☐ landbúnaður ☐ fiskveiðar og eldi og ræktun í sjó og vatni ☐ kolavinnsla ☐ öll framleiðsla eða ☐ stáliðnaður ☐ skipasmíði ☐ syntetískar trefjar ☐ vélknúin ökutæki ☐ önnur framleiðsla ☐ öll þjónusta eða ☐ þjónustustarfsemi í sjóflutningum ☐ önnur flutningaþjónusta ☐ fjármálaþjónusta ☐ önnur þjónusta Athugasemdir:	Veljið af listanum ef við á
Heiti og heimilisfang yfirvaldsins sem veitir aðstoð	
Aðrar upplýsingar	

III. VIÐAUKI

Framsetning skýrslunnar sem senda skal reglulega til framkvæmdastjórnarinnar
Framsetning ársskýrslu um aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerð um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98

Aðildarríkjunum ber að nota eftirfarandi framsetningu til þess að uppfylla þá skyldu sína að skila skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerðum um hópundanþágur sem hafa verið samþykktar á grundvelli reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98.

Einnig skal skila skýrslunum í tölvutæku formi.

Upplýsingar sem krafist er fyrir öll aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerðir um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98

1. Heiti aðstoðarkerfis

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um undanþágur sem við á

3. Útgjöld

Leggja skal fram sundurliðaðar tölur vegna hverrar tegundar aðstoðar innan aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar (t.d. styrks, hagstæðra lána o.s.frv.). Fjárhæðir skulu tilgreindar í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um útgjöld vegna skatta er að ræða verður að tilgreina árlegt skattatap. Ef nákvæm tala liggur ekki fyrir má áætla slíkt tap.

Gefa skal upp útgjaldatölur samkvæmt eftirfarandi:

Tilgreina skal sérstaklega tölur fyrir hverja tegund aðstoðar innan aðstoðarkerfisins (t.d. styrk, hagstæð lán o.s.frv.) fyrir árið sem um er að ræða:

3.1. Fjárhæðir skuldbindinga, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra verkefna sem njóta aðstoðar. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina heildarfjárhæð nýrra ábyrgða sem hafa verið gefnar út.

3.2. Beinar greiðslur, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra og yfirstandandi verkefna. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina eftirfarandi: heildarfjárhæð útistandandi ábyrgða, iðgjaldatekjur, endurgreiðslur, tryggingagreiðslur, rekstrarniðurstöður kerfisins á því ári sem um er að ræða.

3.3. Fjöldi nýrra verkefna sem njóta aðstoðar.

3.4. Áætlaður heildarfjöldi starfa sem skapast eða er viðhaldið með nýjum verkefnum (ef við á).

3.5. Áætluð heildarfjárhæð fjárfestinga þar sem aðstoð er veitt með nýjum verkefnum.

3.6. Skipting fjárhæða eftir svæðum skv. lið 3.1, annaðhvort eftir svæðum, sem eru skilgreind sem 1. flokkur 2. stig eða lægra í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS[1]), eða eftir svæðum skv. a-lið 3. mgr. 87. gr., c-lið 3. mgr. 87. gr. og svæðum sem njóta ekki aðstoðar.

([1]) Flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) er flokkunarkerfi svæðisbundinna eininga vegna hagskýrslugerðar í EB.

3.7. Skiptingu fjárhæða eftir þáttum samkvæmt lið 3.1 eftir starfsgreinum styrkþega (ef um fleiri en eina starfsgrein er að ræða skal tilgreina hlut hverrar fyrir sig):
— landbúnaður,
— fiskveiðar og eldi og ræktun í sjó og vatni,
— kolavinnsla,
— framleiðsla,
þ.m.t.:
stáliðnaður
skipasmíði
syntetískar trefjar
vélknúin ökutæki
önnur framleiðsla (tilgreinið)
— þjónusta,
þ.m.t.:
þjónustustarfsemi í sjóflutningum
önnur flutningaþjónusta
fjármálaþjónusta
önnur þjónusta (tilgreinið)
— aðrar starfsgreinar (tilgreinið).

4. Aðrar upplýsingar og athugasemdir

Fylgiskjal III.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 69/2001

frá 12. janúar 2001

um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins um tiltekna flokka láréttrar ríkisaðstoðar ([1]), einkum 2. mgr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ([2]),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að setja reglugerð þar sem mörk fyrir aðstoðarráðstafanir eru ákveðin og ráðstafanir undir þeim mörkum teljast ekki standast allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans og falla því ekki undir málsmeðferð við tilkynningar sem kveðið er á um í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

2) Framkvæmdastjórnin hefur beitt 87. og 88. gr. sáttmálans og einkum skýrt, með allmörgum ákvörðunum, hugtakið aðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans. Framkvæmdastjórnin hefur einnig lýst yfir stefnu sinni að því er varðar efri mörk lágmarksaðstoðar, sem gert er ráð fyrir að ekki verði farið yfir við beitingu 1. mgr. 87. gr., nú síðast í orðsendingu varðandi lágmarksregluna um ríkisaðstoð ([3]). Í ljósi þessarar reynslu og með það að markmiði að

([1]) Stjtíð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 89, 28.3.2000, bls. 6.
([3]) Stjtíð. EB C 68, 6.3.1996, bls. 9.

auka gagnsæi og réttaröryggi er rétt að mælt verði fyrir um lágmarksregluna í reglugerð.

3) Í ljósi sérreglna, sem er beitt í starfsgreinunum landbúnaði, fiskveiðum, eldi og ræktun í sjó og vatni og flutningum, og þeirrar áhættu að jafnvel lítil aðstoð gæti uppfyllt viðmiðanirnar í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans innan þessara starfsgreina, skal þessi reglugerð ekki gilda um þessar starfsgreinar.

4) Samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir ([4]) skal ekki veita undanþágu í þessari reglugerð varðandi aðstoð við útflutning eða aðstoð sem veitir innlendum vörum forgang fram yfir innfluttar vörur. Aðstoð, sem er veitt vegna þátttöku í kaupstefnum eða vegna rannsókna eða ráðgjafarþjónustu sem er nauðsynleg til að setja nýja eða eldri framleiðsluvöru á nýjan markað, telst að jafnaði ekki vera aðstoð við útflutning.

5) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar er unnt að færa að því rök að aðstoð, sem fer ekki yfir 1 000 000 evrur á þriggja ára tímabili, hafi ekki áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og/eða raski ekki samkeppni eða valdi hættu á samkeppnisröskun og falli því ekki undir 1. mgr. 87. gr. sáttmálans. Umrætt þriggja ára tímabil er breytilegt svo að við hverja nýja veitingu lágmarksaðstoðar þarf að ákvarða heildarfjárhæð lágmarksaðstoðar sem hefur verið veitt á þremur næstliðnum árum. Líta skal svo á að lágmarksaðstoð sé veitt á þeim tíma sem rétthafi fær lagalegan rétt til slíkrar aðstoðar. Lágmarksreglan hefur ekki áhrif á möguleika fyrirtækja á að fá aðra ríkisaðstoð, sem framkvæmdastjórnin heimilar eða sem fellur undir reglugerð um hópundanþágur, einnig fyrir sama verkefni.

6) Til að tryggja gagnsæi, jafna meðferð og rétta beitingu efri marka um lágmarksaðstoð þurfa aðildarríkin að beita sömu aðferð við útreikninga. Til að auðvelda þennan útreikning, og í samræmi við núgildandi venju við beitingu reglunnar um lágmarksaðstoð, er rétt að fjárhæðir, sem veitt er til aðstoðar, sem eru ekki í formi úthlutunar í reiðufé, séu umreiknaðar yfir í jafngildi brúttófjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar. Við útreikning á styrkígildi aðstoðar, sem skipta má í nokkrar greiðslur, og útreikning á aðstoð í formi hagstæðra lána er nauðsynlegt að nota markaðsvexti sem eru í gildi þegar lánið er veitt. Til að tryggja samræmda og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvextir séu viðmiðunarvextir að því er varðar þessa reglugerð, að því tilskildu að venjuleg trygging sé sett fyrir hagstæðum lánum og hafi ekki í för með sér óeðlilega áhættu. Viðmiðunarvextir skulu vera í samræmi við það sem framkvæmdastjórnin ákveður með ákveðnu millibili á grundvelli hlutlægra viðmiðana og er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á Netinu.

7) Framkvæmdastjórninni ber skylda til að tryggja að reglur um ríkisaðstoð séu virtar og einkum að aðstoðin, sem er veitt samkvæmt reglum um lágmarksaðstoð, sé í samræmi við skilyrðin sem þar eru sett. Í samræmi við meginregluna um samstarf, sem mælt er fyrir um í 10. gr. sáttmálans, skulu aðildarríkin auðvelda framkvæmd þessa verkefnis með því að koma á fót nauðsynlegu kerfi til að tryggja að heildarfjárhæð, sem veitt er til aðstoðar sama styrkþega samkvæmt reglunni um lágmarksaðstoð, fari ekki yfir efri mörkin, sem eru 1 000 000 evrur, á þriggja ára tímabili. Þess vegna er rétt að aðildarríkin greini viðkomandi fyrirtæki frá því að um lágmarksaðstoð sé að ræða þegar þau veita slíka aðstoð, að þau fái allar upplýsingar um aðra lágmarksaðstoð sem fengist hefur á síðustu þremur árum og gæti þess vandlega að ekki sé farið yfir efri mörk lágmarksaðstoðar með nýju lágmarksaðstoðinni. Einnig má tryggja það, með því að halda miðlæga skrá, að efri mörkin séu virt.

8) Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar, einkum því hve oft almennt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar. Falli þessi reglugerð úr gildi án þess að gildistíminn sé framlengdur skulu aðildarríkin fá sex mánaða aðlögunartíma með tilliti til lágmarksaðstoðarkerfa sem falla undir þessa reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um aðstoð sem er veitt fyrirtækjum í öllum starfsgreinum nema:

([4]) Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 156.

a) flutningageiranum og starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu eða markaðssetningu vara sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann;

b) aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðrum tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning;

c) aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

2. gr.

Lágmarksaðstoð

1. Líta skal svo á að aðstoðarráðstafanir, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., standist ekki allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans og falla þær því ekki undir tilkynningaskylduna sem um getur í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans.

2. Heildarfjárhæð lágmarksaðstoðar, sem er veitt einu fyrirtæki, skal ekki fara yfir 1 000 000 evrur á þriggja ára tímabili. Þessi efri mörk skulu gilda óháð formi og markmiðum aðstoðarinnar.

3. Efri mörkin, sem um getur í 2. mgr., skulu tilgreind sem úthlutun í reiðufé. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu vera bruttótölur, þ.e. án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðarinnar, jafngilda bruttóaðstoð í formi styrks.

Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal reiknuð til núvirðis á þeim tíma þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við núvirðisreikning og til að reikna út fjárhæðina sem er veitt til aðstoðarinnar í formi hagstæðs láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem styrkurinn er veittur.

3. gr.

Uppsöfnun og eftirlit

1. Þegar aðildarríki veitir fyrirtæki lágmarksaðstoð skal það upplýsa fyrirtækið um að aðstoðin sé lágmarksaðstoð og fá hjá fyrirtækinu allar upplýsingar um aðra lágmarksaðstoð sem það hefur fengið á næstliðnum þremur árum.

Aðildarríkin mega aðeins veita nýja lágmarksaðstoð eftir að hafa gengið úr skugga um að það hækki ekki heildarfjárhæð lágmarksaðstoðar, sem fengist hefur á viðkomandi þriggja ára tímabili, þannig að aðstoðin fari yfir efri mörkin sem sett eru fram í 2. mgr. 2. gr.

2. Ef aðildarríki hefur komið upp miðlægri skrá yfir lágmarksaðstoð, sem í eru tæmandi upplýsingar um alla lágmarksaðstoð sem yfirvöld í því aðildarríki hafa veitt, gilda kröfurnar í fyrstu undirgrein 1. mgr. ekki lengur þegar skráin nær yfir þriggja ára tímabil.

3. Aðildarríkin skulu skrá og taka saman allar upplýsingar varðandi beitingu þessarar reglugerðar. Í slíkum skrám skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að skilyrðin í þessari reglugerð séu uppfyllt. Halda skal skrár varðandi staka lágmarksaðstoð í 10 ár frá þeim degi sem hún er veitt og, að því er varðar aðstoðarkerfi lágmarksaðstoðar, í 10 ár frá þeim degi sem síðasta staka aðstoðin er veitt samkvæmt slíku kerfi. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt, einkum heildarfjárhæð þeirrar lágmarksaðstoðar sem fyrirtæki hefur fengið.

4. gr.

Gildistaka og gildistími

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Hún skal gilda til 31. desember 2006.

2. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu ákvæðin um lágmarksaðstoðarkerfi, sem falla undir þessa reglugerð, gilda áfram í aðlögunartíma sem er sex mánuðir.

Á aðlögunartímanum má beita þessum kerfum áfram samkvæmt skilyrðum þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Mario MONTI
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 70/2001

frá 12. janúar 2001

um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins um tiltekna flokka láréttrar ríkisaðstoðar ([1]), einkum i-lið a-liðar og b-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ([2]),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að við tilteknar aðstæður sé aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningaskyldu.

2) Í reglugerð (EB) nr. 994/98 er framkvæmdastjórninni einnig heimilað að lýsa því yfir, í samræmi við 87. gr. sáttmálans, að aðstoð, sem er í samræmi við kortið yfir veitingu svæðisbundinnar aðstoðar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki, sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum og falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 88. gr. sáttmálans um tilkynningaskyldu.

3) Framkvæmdastjórnin hefur, í mörgum ákvörðunum, beitt 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum, bæði innan og utan svæða sem njóta aðstoðar, og hefur einnig sett fram stefnu sína, nú síðast í viðmiðunarreglum bandalagsins um ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki ([3]) og í viðmiðunarreglum um innlenda, svæðisbundna aðstoð ([4]). Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar er rétt, í ljósi þess að framkvæmdastjórnin hefur mikla reynslu af að beita þessum greinum gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum og í ljósi hinna almennu texta er varða lítil og meðalstór fyrirtæki og svæðisbundna aðstoð, sem framkvæmdastjórnin gefur út á grundvelli ákvæða þeirra, að hún nýti sér það vald sem henni er falið með reglugerð (EB) nr. 994/98.

4) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna á því að tilkynna um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin metur slíkar tilkynningar, einkum með hliðsjón af viðmiðununum sem koma fram í þessari reglugerð. Afnema ber viðmiðunarreglur um lítil og meðalstór fyrirtæki frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar þar eð efni þeirra er tekið upp í þessari reglugerð.

5) Lítil og meðalstór fyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki við að skapa ný störf og stuðla almennt að félagslegum stöðugleika og drifkrafti í efnahagslífinu. Þróun þeirra kann þó að takmarkast af ófullkomleika markaðarins. Þau eiga oft í erfiðleikum með að fá fjármagn og lán vegna áhættutregðu tiltekinna fjármálamarkaða og þess hve takmarkaðar tryggingar fyrirtækin geta lagt fram. Einnig getur takmarkað fjármagn þrengt aðgang þeirra að upplýsingum, einkum að því er varðar nýja tækni og möguleika á nýjum mörkuðum. Með tilliti til þessara atriða skal tilgangur aðstoðarinnar, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera að auðvelda þróun efnahagsstarfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að því

([1]) Stjtíð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 89, 28.3.2000, bls. 15.
([3]) Stjtíð. EB C 213, 23.7.1996, bls. 4.
([4]) Stjtíð. EB C 74, 10.3.1998, bls. 9.

tilskildu að slík aðstoð hafi ekki óhagstæð áhrif á verslun í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum almennings.

6) Samkvæmt þessari reglugerð skal veita undanþágu fyrir alla aðstoð, þar sem allar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð eru uppfylltar, og fyrir öll aðstoðarkerfi, að því tilskildu að aðstoðin, sem hægt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli allar viðeigandi kröfur samkvæmt reglugerðinni. Til að tryggja skilvirkt eftirlit og til að einfalda stjórnun án þess að draga úr eftirliti framkvæmdastjórnarinnar skal skýr tilvísun í þessa reglugerð fylgja með aðstoð og stökum styrkveitingum sem eru ekki hluti af aðstoðarkerfi.

7) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á beitingu sérreglna í reglugerðum og tilskipunum um ríkisaðstoð við tilteknar starfsgreinar, svo sem gildandi reglur um skipasmíði, og hún skal ekki gilda um landbúnað, fiskveiðar og eldi og ræktun í sjó og vatni.

8) Til að útiloka mismun sem gæti valdið röskun á samkeppni og til að auðvelda samræmingu milli mismunandi framtaksverkefna bandalagsins og einstakra landa, sem snertir lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og vegna stjórnunarlegs skýrleika og réttaröryggis skal skilgreiningin á „litlum og meðalstórum fyrirtækjum", sem er notuð í þessari reglugerð, vera sú sama og mælt er fyrir um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([5]). Sú skilgreining var einnig notuð í viðmiðunarreglum bandalagsins um ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki ([6]).

9) Í samræmi við fasta venju framkvæmdastjórnarinnar og í þeim tilgangi að tryggja betur að aðstoð sé í réttum hlutföllum og takmarkist við nauðsynlega fjárhæð skal setja mörkin fyrir umfang aðstoðar í réttu hlutfalli við styrkhæfan kostnað fremur en sem hámarksfjárhæð sem er veitt til aðstoðar.

10) Til að ákvarða hvort aðstoð sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð er nauðsynlegt að taka tillit til umfangs aðstoðarinnar og þar með fjárhæðarinnar sem er veitt til aðstoðar og tilgreind sem styrkígildi. Við útreikning á styrkígildi aðstoðar, sem greiða má í nokkrum afborgunum, og útreikning á aðstoð í formi hagstæðra lána, er nauðsynlegt að nota markaðsvexti sem eru í gildi þegar styrkurinn er veittur. Til að tryggja samræmda og einfalda beitingu reglna um ríkisaðstoð skal líta svo á að markaðsvextir, að því er varðar þessa reglugerð, séu viðmiðunarvextir að því tilskildu að sett sé venjuleg trygging fyrir hagstæðum lánum og að þau hafi ekki í för með sér óeðlilega áhættu. Viðmiðunarvextir skulu vera í samræmi við það sem framkvæmdastjórnin ákveður með ákveðnu millibili á grundvelli hlutlægra viðmiðana og er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og á Netinu.

11) Með hliðsjón af muninum sem er á litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum skal setja mismunandi efri mörk fyrir umfang aðstoðar til lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja.

12) Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar er rétt að setja efri mörk fyrir umfang aðstoðar á þann hátt að jafnvægi sé á milli þess markmiðs að halda samkeppnisröskun í starfsgreininni, sem nýtur aðstoðar, í lágmarki og markmiðsins að auðvelda þróun efnahagsstarfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

13) Rétt er að setja frekari skilyrði sem þarf að uppfylla í tengslum við öll aðstoðarkerfi og staka aðstoð sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Samkvæmt c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans skal slík aðstoð að jafnaði hafa þann tilgang einan að draga, samfellt eða í áföngum, úr rekstrarkostnaði sem styrkþegi þarf venjulega að bera og skal hún vera í réttu hlutfalli við þann vanda sem þarf að leysa til að tryggja félagshagfræðilegan ávinning sem telst vera hagur bandalagsins. Þess vegna er rétt að takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við aðstoð sem er veitt í tengslum við ákveðnar efnislegar og óefnislegar fjárfestingar, ákveðna þjónustu sem er veitt styrkþegum og aðra tiltekna starfsemi. Vegna umframgetu bandalagsins í flutningageiranum, þegar frá eru talin járnbrautarfarartæki, skulu flutningatæki og -búnaður ekki talin með styrkhæfum fjárfestingarkostnaði fyrirtækja sem hafa mestu efnahagsumsvif sín í flutningageiranum.

14) Með þessari reglugerð skal aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja njóta undanþágu, án til-

([5]) Stjtíð. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4.
([6]) Sjá 3. nmgr.

lits til staðsetningar. Fjárfesting og ný störf geta stuðlað að efnahagsþróun á illa settum svæðum í bandalaginu. Lítil og meðalstór fyrirtæki á þessum svæðum eiga í vanda bæði vegna erfiðleika við uppbyggingu vegna staðsetningar og vegna smæðar. Því er rétt að hærri efri mörk komi litlum og meðalstórum fyrirtækjum til góða á svæðum sem njóta aðstoðar.

15) Til að auka ekki hlut fjármagnsþáttarins í fjárfestingu á kostnað verkþáttarins skal mæla fyrir um ráðstafanir til að unnt sé að meta aðstoð við fjárfestingu á grundvelli annaðhvort fjárfestingarkostnaðar eða kostnaðar vegna nýráðninga í tengslum við framkvæmd fjárfestingarverkefnisins.

16) Samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um styrki og jöfnunarráðstafanir ([7]) skal ekki veita undanþágu í þessari reglugerð varðandi aðstoð við útflutning eða aðstoð sem veitir innlendum vörum forgang fram yfir innfluttar vörur. Aðstoð, sem er veitt vegna þátttöku í kaupstefnum eða vegna rannsókna eða ráðgjafarþjónustu sem er nauðsynleg til að setja nýja eða eldri framleiðsluvöru á nýjan markað, telst að jafnaði ekki vera aðstoð við útflutning.

17) Með tilliti til þess að jafnvægi þarf að vera á milli þess markmiðs að halda samkeppnisröskun í lágmarki í starfsgreinum, sem njóta aðstoðar, og markmiða þessarar reglugerðar ætti stök aðstoð, sem er yfir fastri hámarksfjárhæð, ekki að njóta undanþágu, hvort sem hún er veitt samkvæmt aðstoðarkerfi sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð eða ekki.

18) Til að tryggja að aðstoðarinnar sé þörf og hún hafi í för með sér hvata til að þróa tiltekna starfsemi er rétt að starfsemi, sem styrkþegi rekur nú þegar við markaðsaðstæður eingöngu, njóti ekki undanþágu samkvæmt þessari reglugerð.

19) Undanþága samkvæmt þessari reglugerð skal ekki taka til aðstoðar sem leggst við aðra ríkisaðstoð, t.d. aðstoð sem innlend yfirvöld eða svæða- og staðaryfirvöld veita, eða bandalagsaðstoð í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun fer yfir efri mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.

20) Til að tryggja gagnsæi og skilvirkt eftirlit í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 994/98 er rétt að tekin verði upp stöðluð framsetning þar sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar í stuttu máli til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í hvert sinn sem aðstoðarkerfi er hrundið í framkvæmd eða stök aðstoð utan slíkra kerfa veitt samkvæmt þessari reglugerð. Af sömu ástæðu er rétt að setja reglur um skrárnar sem aðildarríkin eiga að halda varðandi aðstoðina sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Að því er varðar árlegu skýrsluna, sem aðildarríkjunum ber að leggja fram hjá framkvæmdastjórninni, er rétt að framkvæmdastjórnin setji fram kröfur sínar varðandi hana, þ.m.t. upplýsingar í tölvutæku formi þar eð aðgangur að nauðsynlegri tækni er almennt auðveldur.

21) Með tilliti til reynslu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði, einkum af því að yfirleitt reynist nauðsynlegt að endurskoða stefnu um ríkisaðstoð, er rétt að takmarka gildistíma þessarar reglugerðar. Falli þessi reglugerð úr gildi án þess að gildistíminn sé framlengdur skulu aðstoðarkerfi, sem þegar hafa fengið undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram undanþegin í sex mánuði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um aðstoð sem er veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum í öllum starfsgreinum en hefur ekki áhrif á beitingu sérstakra reglugerða eða tilskipana bandalagsins samkvæmt sáttmála EB sem gilda um ríkisaðstoð í sérstökum starfsgreinum, hvort sem þær eru takmarkandi í meira eða minna mæli en þessi reglugerð.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu eða markaðssetningu vara sem eru skráðar í I. viðauka við sáttmálann;

b) aðstoð við starfsemi sem tengist útflutningi, einkum aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarnets eða öðr-

([7]) Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 156.

um tilfallandi útgjöldum í tengslum við útflutning;

c) aðstoð sem er skilyrt þannig að innlendar vörur séu teknar fram yfir innfluttar vörur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 87. gr. sáttmálans;

b) „lítil og meðalstór fyrirtæki“: fyrirtæki sem eru skilgreind í I. viðauka;

c) „fjárfesting í efnislegum eignum“: fjárfesting í efnislegum fastafjármunum í tengslum við nýja starfsstöð, útvíkkun starfsstöðvar sem fyrir er eða að hafin er starfsemi sem felur í sér grundvallarbreytingar á vöru eða í framleiðsluferli starfandi fyrirtækis (einkum með hagræðingu, endurskipulagningu eða nútímavæðingu). Fjárfesting í fastafjármunum, sem fer fram í formi yfirtöku starfsstöðvar, sem hefur verið lokað eða myndi hafa verið lokað hefði hún ekki verið keypt, skal einnig teljast efnisleg fjárfesting;

d) „fjárfesting í óefnislegum eignum“: fjárfesting í yfirfærslu á tækni með öflun einkaleyfa, leyfa, verkþekkingar eða tækniþekkingar án einkaleyfa;

e) „umfang aðstoðar, brúttó“: fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðar, tilgreind sem hlutfall af styrkhæfum kostnaði verkefnisins. Allar tölur, sem eru notaðar, skulu tilgreindar án frádráttar vegna staðgreiðslu skatta. Þegar aðstoð er veitt í öðru formi en sem styrkur skal fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðarinnar, jafngilda aðstoð í formi styrks. Aðstoð, sem er greidd með nokkrum afborgunum, skal reiknuð til núvirðis þegar hún er veitt. Vextirnir, sem nota skal við núvirðisreikning og til að reikna út fjárhæðina sem er veitt til aðstoðar í formi hagstæðs láns, skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem lánið er veitt;

f) „umfang aðstoðar, nettó“: fjárhæðin, sem er veitt til aðstoðar, eftir skatta, tilgreind sem hlutfall af styrkhæfum kostnaði verkefnisins;

g) „fjöldi starfsmanna“: fjöldi starfseininga á ári, þ.e. fjöldi einstaklinga í fullu starfi á einu ári þar sem hlutastörf og árstíðabundin störf reiknast sem brot af starfseiningu.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Stök aðstoð, sem er ekki hluti af neinu aðstoðarkerfi og uppfyllir öll skilyrði þessarar reglugerðar, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að henni fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

2. Aðstoðarkerfi, sem uppfylla öll skilyrði þessarar reglugerðar, teljast samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skulu vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu:

a) að aðstoð, sem unnt er að veita samkvæmt slíku kerfi, uppfylli öll skilyrði þessarar reglugerðar;

b) að kerfinu fylgi skýr tilvísun í þessa reglugerð þar sem fram kemur titill hennar og tilvísun til birtingar hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

3. Aðstoð, sem er veitt sem hluti af kerfunum sem um getur í 2. mgr., telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans að því tilskildu að aðstoðin, sem er veitt, uppfylli algerlega öll skilyrði þessarar reglugerðar.

4. gr.

Fjárfesting

1. Aðstoð vegna fjárfestingar í efnislegum og óefnislegum eignum, innan eða utan bandalagsins, telst samrýmast sameiginlega markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. sáttmálans og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði 2. til 6. mgr.

2. Umfang aðstoðar, brúttó, skal ekki fara yfir:

a) 15% þegar um lítil fyrirtæki er að ræða;

b) 7,5% þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða.

3. Þegar fjárfest er á svæðum sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð skal umfang aðstoðar ekki fara yfir efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar í formi fjárfestinga, sem er ákvörðuð á kortinu sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir hvert aðildarríki, um meira en:

a) 10 prósentustig á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 87. gr., að því tilskildu að heildarumfang nettóaðstoðar fari ekki yfir 30%; eða

b) 15 prósentustig, brúttó, á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 87. gr., að því tilskildu að heildarumfang nettóaðstoðar fari ekki yfir 75%.

Efri mörk svæðisbundinnar aðstoðar skulu því aðeins gilda að aðstoðin sé veitt með þeim skilyrðum að fjárfestingin standi yfir í a.m.k. fimm ár á svæðinu þar sem styrkurinn er veittur og að framlag styrkþega til fjármögnunar hennar sé a.m.k. 25%.

4. Efri mörkin, sem eru ákveðin í 2. og 3. gr., skulu gilda um umfang aðstoðarinnar sem er reiknuð annaðhvort sem hlutfall af styrkhæfum kostnaði við fjárfestinguna eða sem hlutfall af launakostnaði vegna þeirra starfa sem skapast við framkvæmd fjárfestingarinnar (aðstoð vegna nýrra starfa), eða sambland af þessu, að því tilskildu að aðstoðin fari ekki yfir þá fjárhæð sem hærri er af útreikningi á hvoru um sig.

5. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli kostnaðar við fjárfestinguna skal styrkhæfur kostnaður við efnislega fjárfestingu vera kostnaður við fjárfestinguna vegna lands, bygginga, véla og búnaðar. Í flutningageiranum, þegar frá eru taldir járnbrautarvagnar, skulu flutningatæki og -búnaður ekki talin með í styrkhæfum kostnaði. Styrkhæfur kostnaður við efnislega fjárfestingu skal vera kostnaður við tækniöflun.

6. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli þess að ný störf skapast skal fjárhæðin, sem veitt er til aðstoðarinnar, tilgreind sem hlutfall af launakostnaði á tveggja ára tímabili vegna starfa sem skapast með eftirfarandi skilyrðum:

a) störf, sem skapast, skulu tengjast framkvæmd verkefnis um fjárfestingu í efnislegum eða óefnislegum eignum. Störf skulu skapast innan þriggja ára frá því að fjárfestingu lýkur;

b) fjárfestingarverkefnið skal valda nettóaukningu í fjölda starfa í viðkomandi starfsstöð miðað við meðaltal 12 síðustu mánaða; og

c) störf, sem skapast, skulu haldast í a.m.k. fimm ár.

5. gr.

Ráðgjöf og önnur þjónusta og starfsemi

Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði, telst vera samrýmanleg almenna markaðnum í skilningi 3. mgr. 87. gr. í sáttmálanum og skal vera undanþegin tilkynningaskyldunni í 3. mgr. 88. gr. sáttmálans:

a) þegar um er að ræða þjónustu sem utanaðkomandi ráðgjafar veita skal brúttóaðstoð ekki fara yfir 50% af kostnaði við slíka þjónustu. Þjónustan skal ekki vera samfelld eða reglubundin starfsemi og ekki tengjast venjulegum rekstrarútgjöldum fyrirtækisins, svo sem ráðgjöf í skattamálum, reglubundinni lögfræðiþjónustu eða auglýsingum;

b) þegar um er að ræða þátttöku í kaupstefnum og sýningum skal brúttóaðstoð ekki fara yfir 50% af aukakostnaði vegna leigu, uppsetningar og rekstrar sýningaraðstöðu. Þessi undanþága skal aðeins gilda um fyrstu þátttöku fyrirtækis í tiltekinni kaupstefnu eða sýningu.

6. gr.

Veiting stakrar aðstoðar í miklum mæli

Stök aðstoð, sem uppfyllir skilyrði fyrir eitt af eftirfarandi mörkum, skal ekki njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð:

a) heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar við verkefnið í heild er a.m.k. 25 000 000 evrur; og

   i) umfang brúttóaðstoðarinnar á svæðum, sem eiga ekki rétt á svæðisbundinni aðstoð, er a.m.k. 50% af efri mörkunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr.,

   ii) umfang nettóaðstoðarinnar á svæðum, sem eiga rétt á svæðisbundinni aðstoð, er a.m.k. 50% af efri mörkunum sem ákveðin eru á korti yfir svæðisbundna aðstoð á viðkomandi svæði, eða

b) heildarfjárhæð brúttóaðstoðar er a.m.k. 15 000 000 evrur.

7. gr.

Forsendur fyrir aðstoð

Aðstoð skal því aðeins njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð að áður en vinna hefst við verkefnið sem nýtur aðstoðar:

— hafi styrkþegi annaðhvort sótt um aðstoð til aðildarríkisins, eða

— aðildarríkið hafi samþykkt lagaákvæði um lagalegan rétt til aðstoðar samkvæmt hlutlægum viðmiðunum og án frekari íhlutana af hálfu aðildarríkisins.

8. gr.

Uppsöfnun

1. Efri mörk aðstoðar, sem eru ákveðin í 4., 5. og 6. gr., skulu gilda án tillits til þess hvort aðstoðin við verkefnið er eingöngu fjármögnuð af ríkinu eða hvort hún er fjármögnuð að hluta til af bandalaginu.

2. Aðstoð, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, má ekki bætast við neina aðra ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans eða við aðra fjármögnun bandalagsins í tengslum við sama styrkhæfa kostnaðinn ef slík uppsöfnun leiðir til þess að umfang aðstoðar fer yfir mörkin sem eru ákveðin í þessari reglugerð.

9. gr.

Gagnsæi og eftirlit

1. Við framkvæmd aðstoðarkerfis eða við veitingu stakrar aðstoðar utan slíks kerfis, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni útdrátt úr upplýsingum innan 20 virkra daga varðandi slíkt aðstoðarkerfi eða staka aðstoð til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* með þeirri framsetningu sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu halda nákvæmar skrár yfir aðstoðarkerfi, sem hafa undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, staka aðstoð, sem er veitt samkvæmt þessum kerfum, og staka aðstoð sem er utan allra núverandi aðstoðarkerfa og nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð. Í slíkum skrám skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta að skilyrði fyrir undanþágu, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfyllt, þ.m.t. upplýsingar um stöðu fyrirtækisins sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki. Aðildarríkin skulu halda skrá yfir staka aðstoð í 10 ár frá þeim degi sem hún er veitt og, að því er varðar aðstoðarkerfi, í 10 ár frá þeim degi sem síðasta staka aðstoðin er veitt samkvæmt slíku kerfi. Viðkomandi aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té, samkvæmt skriflegri beiðni og innan 20 virkra daga eða lengri tíma, sem er tilgreindur í beiðninni, allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að hafa til að geta metið hvort skilyrðin í þessari reglugerð hafi verið uppfyllt.

3. Aðildarríkin skulu taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir hvert heilt almanaksár eða hluta af því, sem þessi reglugerð gildir, í því formi sem mælt er fyrir um í III. viðauka og einnig í tölvutæku formi. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té slíka skýrslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tímabilinu, sem fjallað er um í skýrslunni, lýkur.

10. gr.

Gildistaka og gildistími

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Hún skal gilda til 31. desember 2006.

2. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Mario MONTI
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Skilgreining á litlum og meðalstórum fyrirtækjum

(útdráttur úr tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4))

„1. gr.

1. Lítil og meðalstór fyrirtæki (SME) eru skilgreind sem fyrirtæki sem:
— hafa færri en 250 starfsmenn, og
— hafa annaðhvort,
  — ársveltu, sem fer ekki yfir 40 milljón evrur, eða
  — heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 27 milljón evrur,
— eru í samræmi við viðmiðunina fyrir óháð fyrirtæki sem skilgreind er í 3. mgr.

2. Ef nauðsynlegt reynist að greina á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru lítil fyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem:
— hafa færri en 50 starfsmenn, og
— hafa annaðhvort,
  — ársveltu, sem fer ekki yfir 7 milljón evrur, eða
  — heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 5 milljón evrur,
— eru í samræmi við viðmiðunina fyrir óháð fyrirtæki sem skilgreind er í 3. mgr.

3. Fyrirtæki teljast vera óháð ef ekki er meira en 25% af fjármagni eða atkvæðisrétti þeirra í eigu eins fyrirtækis eða, eftir atvikum, í sameign margra fyrirtækja sem eru hvorki lítil né meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu. Fara má yfir þessi mörk í eftirfarandi tveimur tilvikum:
— ef fyrirtækið er í eigu opinberra fjárfestingarfélaga, áhættufjármagnsfyrirtækja eða stofnanafjárfesta, að því tilskildu að þau stjórni ekki fyrirtækinu, hvorki einstaklingsbundið né sameiginlega,
— ef fjármagnið dreifist á þann hátt að ekki sé mögulegt að ákvarða eignarhald á því og ef fyrirtækið lýsir því yfir að hægt sé með réttu að álykta að ekki séu meira en 25% þess í eigu eins fyrirtækis eða, eftir atvikum, í sameign margra fyrirtækja sem eru hvorki lítil né meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu.

4. Við útreikning á mörkunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., er því nauðsynlegt að leggja saman viðkomandi tölur varðandi fyrirtækið sem fær aðstoð og varðandi öll fyrirtækin sem það stjórnar, beint eða óbeint, gegnum eignarhald á 25% eða meira af fjármagni eða atkvæðisrétti.

5. Ef nauðsynlegt reynist að greina örfyrirtæki frá öðrum litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru þau skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn.

6. Ef fyrirtæki fer yfir eða undir mörk um mannafla eða efri fjárhagsmörk á lokadegi efnahagsreiknings leiðir það því aðeins til þess að það öðlist eða glati þeirri stöðu að vera lítið/meðalstórt fyrirtæki, meðalstórt fyrirtæki, lítið fyrirtæki eða örfyrirtæki ef það endurtekur sig í tvö fjárhagsár samfleytt.

7. Fjöldi starfsmanna samsvarar fjölda ársverka, þ.e. fjölda starfsmanna sem eru í fullu starfi á einu ári ásamt starfsmönnum í hlutastarfi og árstíðabundnu starfi sem reiknast sem brot af ársverkum. Nota skal síðasta, samþykkta uppgjörstímabil sem viðmiðunarár.

8. Mörk fyrir veltu og heildartölu efnahagsreiknings miðast við síðasta, samþykkta 12 mánaða uppgjörstímabil. Þegar um er að ræða nýlega stofnuð fyrirtæki þar sem reikningar hafa enn ekki verið samþykktir skal ákvarða mörkin á grundvelli áreiðanlegs mats sem hefur farið fram á fjárhagsárinu.“

II. VIÐAUKI

Framsetning á samantekt upplýsinga sem skal leggja fram í hvert sinn sem aðstoðarkerfi, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, kemur til framkvæmda og í hvert sinn sem stök aðstoð, sem nýtur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, er veitt utan aðstoðarkerfa

Samantekt upplýsinga um ríkisaðstoð sem er veitt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001	
Samantekt upplýsinga sem tilgreina skal	Skýringar
Aðildarríki	
Svæði	Tilgreina skal heiti svæðisins ef yfirvald utan svæðis veitir aðstoðina.
Heiti aðstoðarkerfisins eða fyrirtækisins sem fær staka aðstoð	Tilgreina skal heiti aðstoðarkerfisins eða heiti þess sem fær aðstoðina ef um staka aðstoð er að ræða. Í síðara tilvikinu er ekki nauðsynlegt að leggja fram ársskýrslu árið eftir.
Lagaákvæði	Tilgreina skal nákvæmlega innlenda lagastoð fyrir aðstoðarkerfinu eða stöku aðstoðinni.
Áætluð ársútgjöld vegna kerfisins eða heildarfjárhæð stakrar aðstoðar sem fyrirtækinu er veitt	Fjárhæðir skulu gefnar upp í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um aðstoðarkerfi er að ræða: skal tilgreina árlega heildarfjárhæð fjárveitingar eða fjárveitinga eða áætlað skattatap á ári vegna allra tegunda aðstoðar sem felast í kerfinu. Þegar um staka úthlutun aðstoðar er að ræða: skal tilgreina heildarfjárhæð aðstoðar/skattataps. Ef við á skal einnig tilgreina á hve mörg ár aðstoðin skiptist eða í hve mörg ár skattatap á sér stað. Að því er varðar ábyrgðir skal tilgreina (hæstu) fjárhæð tryggðra lána.
Mesta umfang aðstoðar	Tilgreina skal mesta umfang eða hámarksfjárhæð aðstoðar fyrir hverja styrkhæfa einingu.
Dagsetning framkvæmdar	Tilgreina skal upphafsdag aðstoðar þegar um aðstoðarkerfi er að ræða eða daginn þegar stök aðstoð er veitt.
Gildistími aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar	Tilgreina skal daginn (ár og mánuð) þegar aðstoð lýkur, ef um aðstoðarkerfi er að ræða, eða, þegar um staka aðstoð er að ræða og ef við á, daginn (ár og mánuð) sem reiknað er með að síðasta greiðsla fari fram.
Markmið aðstoðar	Gert er ráð fyrir því að markmiðið sé fyrst og fremst aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki. Þessi reitur veitir möguleika á því að tilgreina frekari markmið (undirmarkmið) sem eru sett (t.d. einungis fyrir lítil fyrirtæki eða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki; aðstoð við fjárfestingu/ráðgjafarþjónustu).

Samantekt upplýsinga sem tilgreina skal	Skýringar
Samantekt upplýsinga um ríkisaðstoð sem er veitt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001	
Viðkomandi starfsgrein eða starfsgreinar: ☐ allar starfsgreinar eða ☐ kolavinnsla ☐ öll framleiðsla eða ☐ stáliðnaður ☐ skipasmíði ☐ syntetískar trefjar ☐ vélknúin ökutæki ☐ önnur framleiðsla ☐ öll þjónusta eða flutningaþjónusta ☐ fjármálaþjónusta ☐ önnur þjónusta Athugasemdir:	Veljið af listanum ef við á
Heiti og heimilisfang yfirvaldsins sem veitir aðstoð	
Aðrar upplýsingar	

III. VIÐAUKI

Framsetning skýrslunnar sem senda skal reglulega til framkvæmdastjórnarinnar
Framsetning ársskýrslu um aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerð um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98

Aðildarríkjunum ber að nota eftirfarandi framsetningu fyrir skyldubundnar skýrslur sínar til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerðum um hópundanþágur sem samþykktar voru á grundvelli reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98. Einnig skal skila skýrslunum í tölvutæku formi.

Upplýsingar sem krafist er fyrir öll aðstoðarkerfi sem falla undir reglugerðir um hópundanþágu skv. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 994/98

1. Heiti aðstoðarkerfis

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um undanþágur sem við á

3. Útgjöld

   Leggja skal fram sundurliðaðar tölur vegna hverrar tegundar aðstoðar innan aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar (t.d. styrkja, hagstæðra lána o.s.frv.). Fjárhæðir skulu gefnar upp í evrum eða í innlendum gjaldmiðli ef við á. Þegar um útgjöld vegna skatta er að ræða verður að tilgreina árlegt skattatap. Ef nákvæm tala liggur ekki fyrir má áætla slíkt tap.

   Gefa skal upp útgjaldatölur samkvæmt eftirfarandi:

   Tilgreina skal sérstaklega tölur fyrir hverja tegund aðstoðar innan aðstoðarkerfisins (t.d. styrki, hagstæð lán o.s.frv.) fyrir árið sem um er að ræða:

3.1. Fjárhæðir skuldbindinga, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra verkefna sem njóta aðstoðar. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina heildarfjárhæð nýrra ábyrgða sem hafa verið gefnar út.

3.2. Beinar greiðslur, (áætlað) skattatap eða annar tekjumissir, gögn um ábyrgðir o.s.frv. vegna nýrra og yfirstandandi verkefna. Að því er varðar ábyrgðarkerfi skal tilgreina eftirfarandi: heildarfjárhæð útistandandi ábyrgða, iðgjaldatekjur, endurgreiðslur, tryggingagreiðslur, rekstrarniðurstöður kerfisins á því ári sem um er að ræða.

3.3. Fjöldi nýrra verkefna sem njóta aðstoðar.

3.4. Áætlaður heildarfjöldi starfa sem skapast eða er viðhaldið með nýjum verkefnum (ef við á).

3.5. Áætluð heildarfjárhæð fjárfestinga þar sem aðstoð er veitt með nýjum verkefnum.

3.6. Skipting fjárhæða eftir svæðum skv. lið 3.1, annaðhvort eftir svæðum sem eru skilgreind sem 1. flokkur 2. stig í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS[1]) eða lægra, eða eftir svæðum skv. a-lið 3. mgr. 87. gr., c-lið 3. mgr. 87. gr. og svæðum sem njóta ekki aðstoðar.

3.7. Skipting fjárhæða eftir þáttum skv. lið 3.1 eftir starfsgreinum styrkþega (ef um fleiri en eina starfsgrein er að ræða skal tilgreina hlut hverrar fyrir sig):
kolavinnsla
framleiðsla
þ.m.t.:
stáliðnaður
skipasmíði
syntetískar trefjar
vélknúin ökutæki
önnur framleiðsla (tilgreinið)
þjónusta
þ.m.t.:
flutningaþjónusta
fjármálaþjónusta
önnur þjónusta (tilgreinið)
aðrar starfsgreinar (tilgreinið)

4. Aðrar upplýsingar og athugasemdir.

456. Tillaga til þingsályktunar [395. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992,

---

([1]) Flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) er flokkunarkerfi svæðisbundinna eininga fyrir hagskýrslugerð í bandalaginu.

og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frests-

ins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

Tilgangur þessarar tilskipunar er að gera lögmönnum kleift að starfa í öðru aðildarríki en þar sem þeir fengu starfsréttindi sín, undir starfsheiti heimalands síns og einnig að auðvelda þeim að fá starfsheiti gistiríkisins. Þessum lögmönnum er skylt að skrá sig í gistiríkinu auk þess að vera áfram skráðir í heimalandi sínu og þeir skulu lúta lögum, siðareglum og viðurlögum sem í gistiríkinu gilda. Tilskipunin auðveldar erlendum lögmönnum að starfa hér á landi en einnig auðvelda hinar samræmdu reglur íslenskum lögmönnum að starfa sem lögmenn í öðrum EES-ríkjum.

Vegna upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, sem snúa fyrst og fremst að því að hafa ákvæði í lögunum um að þau taki einnig til þeirra lögmanna sem hér hafa rétt til að starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins og að veita dómsmálaráðherra heimild til að setja reglur um skráningu, skyldur, réttindi og störf þessara lögmanna í samræmi við tilskipunina.

Tillögur um breytingar á lögum nr. 77/1998, um lögmenn, verða þessar helstar:

Gerð verði sú breyting á 1. gr. laganna að tekið sé fram í lögunum að þau taki einnig til erlendra lögmanna sem starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins og að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur um skráningu, skyldur, réttindi og störf slíkra lögmanna hér á landi.

Varðandi 3. gr. laganna er lögð til sú breyting að taka fram að úrskurðarnefnd lögmanna, sem úrskurðar í ágreiningsmálum um störf lögmanna, geti einnig leyst úr málum er varða þá lögmenn sem hér starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandins.

Bætt verði nýrri málsgrein við 6. gr. laganna um að erlendum lögmönnum sem skráðir eru hér á landi og hafa starfað hér reglubundið í 3 ár í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar undir lögmannsheiti heimalands síns megi veita héraðsdómslögmannsréttindi.

Lagt er til að bætt verði nýrri málsgrein við 29. gr. laganna um að það varði sektum að nota starfsheiti erlendra lögmanna sem greind eru í reglum sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 1. gr. laganna án þess að hafa hlotið tilskilið starfsleyfi í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til framangreindra breytinga á lögum nr. 77/1998, um lögmenn, á yfirstandandi þingi.

Samkvæmt tilskipuninni kom efni hennar til framkvæmda innan ESB þann 14. mars 2000. Vegna stjórnskipulegs fyrirvara Íslands og Liechtenstein tekur hún gildi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu eftir að bæði löndin hafa aflétt þeim fyrirvara.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2002

frá 25. júní 2002
um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2001 frá 18. maí 2001 ([2]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998 um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 2. lið (tilskipun ráðsins 77/249/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„2a. **398 L 0005:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998 um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi (Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 36)

([2]) Stjtíð. EB L 165, 21.6.2001, bls. 60 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 36.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 1. gr.

„Ísland	Lögmaður
Liechtenstein	Rechtsanwalt
Noregur	Advokat““

2. gr.

Texti tilskipunar 98/5/EB, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/5/EB
frá 16. febrúar 1998
um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 49. gr., 57. gr. (1. mgr.) og 57. gr. (fyrsta og þriðja málslið 2. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 7. gr. a í sáttmálanum á innri markaðurinn að mynda svæði án innri landamæra. Eitt af markmiðum bandalagsins er, samkvæmt c-lið 3. gr. sáttmálans, að afnema hindranir á frjálsri för fólks og frelsi til þjónustu milli aðildarríkja. Fyrir ríkisborgara aðildarríkjanna merkir þetta meðal annars að þeir geta stundað starfsgrein sína, sjálfstætt starfandi eða sem launamenn, í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

2) Samkvæmt tilskipun ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum, sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár (4), getur lögmaður, sem hefur fulla menntun og hæfi í einu aðildarríki, nú þegar farið fram á að fá prófskírteini sitt viðurkennt með það fyrir augum að setjast að í öðru aðildarríki og starfa þar sem lögmaður undir því starfsheiti sem er notað í því ríki. Markmiðið með tilskipun 89/48/EBE er að sjá til þess að lögmaður fái inngöngu í starfsgreinina í gistiaðildarríkinu og hún miðar hvorki að því að breyta reglum, sem gilda um starfsgreinina í því ríki, né að undanþiggja lögmanninn frá því að fara eftir þeim reglum.

3) Sumir lögmenn geta á skömmum tíma fengið inngöngu í starfsgreinina í gistiríkinu, meðal annars með því að gangast undir hæfnispróf eins og kveðið er á um í tilskipun 89/48/EBE en aðrir lögmenn, með fulla menntun og hæfi, eiga að geta fengið slíka inngöngu eftir að hafa starfað í faginu í tiltekinn tíma í gistiaðildarríkinu undir starfsheiti heimalands síns en halda að öðrum kosti áfram að starfa undir starfsheiti heimalands síns.

4) Að þeim tíma liðnum ætti lögmaðurinn að geta fengið inngöngu í starfsgreinina í gistiríkinu eftir að gengið hefur verið úr skugga um að hann hafi öðlast starfsreynslu í því aðildarríki.

5) Aðgerðir á þessu sviði eru réttlætanlegar á vettvangi bandalagsins, ekki aðeins vegna þess að þær opna lögmönnum greiðari leið inn í starfsgreinina í gistiaðildarríkinu, borið saman við hið almenna kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum, heldur einnig vegna þess að þegar lögmönnum er gert kleift að stunda starfsemi til frambúðar í gistiaðildarríki undir starfsheiti heimalands síns er verið að uppfylla kröfur neytenda um lögfræðiþjónustu sem, vegna aukinna viðskipta, aðallega vegna innri markaðarins, leita eftir ráðgjöf þegar þeir stunda viðskipti yfir landamæri þar sem þjóðaréttur, bandalagsréttur og innlend réttarkerfi skarast oft.

6) Aðgerðir á vettvangi bandalagsins eru einnig réttlætanlegar vegna þess að einungis fáein aðildarríki leyfa nú þegar, á yfirráðasvæði sínu, að lögmenn frá öðrum aðildarríkjum, sem starfa undir starfsheiti heimalands síns, stundi

(1) Stjtíð. EB C 128, 24. 5. 1995, bls. 6 og Stjtíð. EB C 355, 25. 11. 1996, bls. 19.
(2) Stjtíð. EB C 256, 2. 10. 1995, bls. 14.
(3) Álit Evrópuþingsins frá 19. júní 1996 (Stjtíð. EB C 198, 8. 7. 1996, bls. 85), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. júlí 1997 (Stjtíð. EB C 297, 29. 9. 1997, bls. 6), ákvörðun Evrópuþingsins frá 19. nóvember 1997 (ákvörðun ráðsins frá 15. desember 1997).
(4) Stjtíð. EB L 19, 24. 1. 1989, bls. 16.

aðra starfsemi en þá að veita þjónustu. Í þeim aðildarríkjum, þar sem þessi möguleiki er fyrir hendi, er umtalsverður munur á einstökum þáttum er varða til dæmis starfssviðið og skylduna að skrá sig hjá lögbærum yfirvöldum. Svo margbreytilegar aðstæður leiða til misréttis og röskunar á samkeppni milli lögmanna í aðildarríkjunum og valda hindrunum í frjálsri för. Þessa erfiðleika er einungis hægt að leysa með tilskipun þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir því að lögmenn, sem starfa undir starfsheiti heimalandsins, geti stundað lögmannsstörf, önnur en þau að veita þjónustu, og með því að veita lögmönnum og notendum lögmannsþjónustu í öllum aðildarríkjunum sömu tækifæri.

7) Í samræmi við markmið þessarar tilskipunar er í henni ekki mælt fyrir um reglur er varða innlendar aðstæður eingöngu og hún hefur ekki áhrif á innlendar reglur, sem gilda um starfsgrein lögmanna, nema að því marki sem nauðsynlegt er til að unnt sé að ná markmiðum hennar á skilvirkan hátt. Hún hefur engin áhrif á innlenda löggjöf sem gildir um aðgang að og ástundun lögmannsstarfa undir starfsheiti sem notað er í gistiaðildarríkinu.

8) Lögmönnum, sem þessi tilskipun gildir um, skal gert skylt að skrá sig hjá lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu svo að það yfirvald geti fullvissað sig um að þeir fari að gildandi siðareglum starfsgreinar í því aðildarríki. Réttaráhrif slíkrar skráningar, að því er varðar dómsögu og það á hvaða dómstigi og við hvers konar dómstóla lögmönnum er heimilt að starfa, eru ákvörðuð í gildandi lögum um lögmenn í gistiaðildarríkinu.

9) Rétt er að lögmenn, sem hafa ekki fengið inngöngu í starfsgreinina í gistiaðildarríkinu, starfi undir starfsheiti heimalands síns í því ríki til að tryggja að notendur séu nægilega vel upplýstir og til að greina á milli slíkra lögmanna og lögmanna gistiaðildarríkisins sem starfa undir starfsheitinu sem þar er notað.

10) Lögmenn, sem þessi tilskipun gildir um, skulu hafa leyfi til að veita lögfræðilega ráðgjöf einkum um réttarkerfi heimaaðildarríkis síns, um réttarkerfi bandalagsins, um þjóðarétt og um réttarkerfi gistiaðildarríkisins. Þetta er leyft nú þegar að því er varðar þjónustuveitingu samkvæmt tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu ([5]). Þó er rétt að setja ákvæði, eins og í tilskipun 77/249/EBE, um að útiloka megi að lögmenn, sem stunda starf sitt undir starfsheiti heimalands síns á Stóra-Bretlandi og Írlandi, útbúi tiltekin formleg afsalsbréf og erfðaskjöl. Þessi tilskipun hefur á engan hátt áhrif á ákvæði þar sem mælt er fyrir um að tiltekin starfsemi flokkist, í öllum aðildarríkjum, undir aðrar starfsgreinar en starfsgrein lögmanna. Gistiaðildarríki skal, eins og kveðið er á um í tilskipun 77/249/EBE, hafa rétt til að krefjast þess að lögmaður, sem stundar störf undir starfsheiti heimalands síns, starfi í tengslum við lögmann á staðnum þegar hann kemur fram sem fulltrúi eða verjandi skjólstæðings í málarekstri. Túlka ber þá kröfu í ljósi fordæmisréttar dómstóls Evrópubandalaganna, einkum dóms frá 25. febrúar 1988 í máli 427/85 (framkvæmdastjórnin gegn Þýskalandi) ([6]).

11) Til að tryggja að réttarkerfið starfi eðlilega skulu aðildarríkin hafa heimild til, með sérstökum reglum, að veita einungis lögmönnum með sérþekkingu aðgang að æðstu dómstólum án þess þó að hindra inngöngu lögmanna í aðildarríkjunum sem uppfylla nauðsynleg skilyrði.

12) Lögmaður, sem er skráður undir starfsheiti heimalands síns í gistiaðildarríkinu, verður að vera skráður áfram hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu til að geta haldið stöðu sinni sem lögmaður og fallið undir þessa tilskipun. Af þeim sökum er það óhjákvæmilegt að lögbær yfirvöld eigi náið samstarf, einkum í tengslum við hugsanlega meðferð agabrota.

13) Lögmenn, sem þessi tilskipun gildir um, hvort heldur þeir eru sjálfstætt starfandi eða launamenn í heimaaðildarríki sínu, geta starfað í þjónustu annarra í gistiaðildarríkinu ef lögmönnum í því aðildarríki er gefinn kostur á því sama.

14) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að gera lögmönnum kleift að stunda störf í öðru aðildarríki undir starfsheiti heimalandsins en einnig sá að auðvelda þeim að fá starfsheiti í gistiaðildarríkinu. Samkvæmt 48. og 52. gr.

([5]) Stjtíð. EB L 78, 26. 3. 1977, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

([6]) Dómasafn EB (ECR) 1988, bls.1123.

sáttmálans og í samræmi við túlkun Evrópudómstólsins skal gistiaðildarríkið taka til greina alla starfsreynslu sem aflað hefur verið á yfirráðasvæði þess. Þegar lögmaður hefur, reglubundið og með virkum hætti, starfað í réttarkerfi þess ríkis, þar á meðal réttarkerfi bandalagsins, í þrjú ár er eðlilegt að líta svo á að hann hafi öðlast nauðsynlega hæfni til að fá fulla inngöngu í starfsgrein lögmanna þar. Að þeim tíma liðnum ætti lögmaðurinn að geta fengið starfsheitið lögmaður í gistiríkinu eftir að gengið hefur verið úr skugga um að hann hafi öðlast starfsreynslu í því aðildarríki. Ef starfað er í réttarkerfi gistiaðildarríkisins í stuttan tíma á að minnsta kosti þriggja ára tímabili reglubundinnar og virkrar starfsemi skal yfirvald einnig taka tillit til allrar annarrar þekkingar á réttarkerfi þess ríkis en slíka þekkingu getur það sannreynt í viðtölum. Ef ekki eru færðar sönnur á að þessum skilyrðum sé fullnægt verður lögbæra yfirvaldið í gistiríkinu að rökstyðja þá ákvörðun sína að veita ekki starfsheiti ríkisins samkvæmt því einföldunarfyrirkomulagi sem tengist þeim skilyrðum og þeirri ákvörðun á að vera hægt að áfrýja samkvæmt landslögum.

15) Af efnahagslegum og faglegum ástæðum hefur vaxandi tilhneiging lögmanna í bandalaginu til að starfa saman, einnig í formi félaga, orðið að veruleika. Þó að lögmenn tilheyri lögmannahópi í heimaaðildarríki sínu skal ekki nota það sem yfirvarp til að koma í veg fyrir eða hindra að þeir hefji störf í gistiaðildarríkinu. Aðildarríkin skulu þó hafa leyfi til að gera viðeigandi ráðstafanir til að ná því lögmæta markmiði að vernda sjálfstæði starfsgreinarinnar. Tilteknar ábyrgðir skulu veittar í þeim aðildarríkjum sem leyfa sameiginlega starfsemi lögmanna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar

1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að auðvelda lögmönnum að stunda starf sitt til frambúðar, sjálfstætt starfandi eða sem launamenn, í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) *„lögmaður“:* einstaklingur sem er ríkisborgari í aðildarríki og hefur leyfi til að starfa í sínu fagi undir einu af eftirfarandi starfsheitum:

Belgía	Avocat/Advocaat/Rechtsanwalt
Danmörk	Advokat
Þýskaland	Rechtsanwalt
Grikkland	Δικηγόρος
Spánn	Abogado/Advocat/Avogado/ Abokatu
Frakkland	Avocat
Írland	Barrister/Solicitor
Ítalía	Avvocato
Lúxemborg	Avocat
Holland	Advocaat
Austurríki	Rechtsanwalt
Portúgal	Advogado
Finnland	Asianajaja/Advokat
Svíþjóð	Advokat
Breska konungsríkið	Advocate/Barrister/Solicitor

b) *„heimaaðildarríki“:* aðildarríkið þar sem lögmaður öðlaðist rétt til að nota eitt af starfsheitunum, sem um getur í a-lið, áður en hann hóf lögmannsstörf í öðru aðildarríki;

c) *„gistiaðildarríki“:* aðildarríki þar sem lögmaður stundar störf samkvæmt þessari tilskipun;

d) *„starfsheiti heimalands“:* starfsheitið sem er notað í aðildarríkinu þar sem lögmaður öðlaðist rétt til að nota það starfsheiti áður en hann hóf lögmannsstörf í gistiaðildarríkinu;

e) *„lögmannahópur“:* eining, með eða án réttarstöðu lögpersónu, sem er mynduð samkvæmt lögum aðildarríkis þar sem lögmenn starfa sameiginlega í sínu fagi undir sameiginlegu nafni;

f) *„viðkomandi starfsheiti“* eða *„viðkomandi starf“*: starfsheitið eða starfið sem heyrir undir lögbært yfirvald sem lögmaðurinn hefur skráð sig hjá samkvæmt 3. gr., og *„lögbært yfirvald“* merkir það yfirvald.

3. Þessi tilskipun gildir bæði um lögmenn, sem starfa sjálfstætt, og um lögmenn sem starfa sem launamenn í heimaaðildarríki sínu og, með fyrirvara um 8. gr., í gistiaðildarríkinu.

4. Veiting þjónustu er ekki talin með í störfum lögmanna í skilningi þessarar tilskipunar en ákvæði tilskipunar 77/249/EBE gilda um hana.

2. gr.

Réttur til að starfa undir starfsheiti heimalands

Lögmönnum skal vera frjálst að stunda þá starfsemi, sem er tilgreind í 5. gr., til frambúðar í hvaða öðru aðildarríki sem er undir starfsheiti heimalands síns.

Innganga lögmanna í starfsgreinina í gistiaðildarríkinu fellur undir ákvæði 10. gr.

3. gr.

Skráning hjá lögbæru yfirvaldi

1. Lögmaður, sem óskar að starfa í öðru aðildarríki en þar sem hann aflaði sér faglegrar menntunar og hæfis, skal skrá sig hjá lögbæru yfirvaldi í því ríki.

2. Lögbæra yfirvaldið í gistiaðildarríkinu skal skrá lögmanninn þegar hann framvísar skírteini sem vottar skráningu hans hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu. Það getur krafist þess að skírteini, sem er gefið út af lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu, sé ekki meira en þriggja mánaða gamalt þegar því er framvísað. Það skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríkinu um skráninguna.

3. Að því er varðar beitingu 1. mgr.:

— í Breska konungsríkinu og á Írlandi skulu lögmenn, sem starfa undir öðrum starfsheitum en þeim sem notuð eru í Breska konungsríkinu eða á Írlandi, skrá sig, annaðhvort hjá yfirvaldinu sem ber ábyrgð á starfi lögmanna er kalla sig „barrister“ eða „advocate“ eða hjá yfirvaldinu sem ber ábyrgð á starfi lögmanna er kalla sig „solicitor“,

— í Breska konungsríkinu skal yfirvaldið, sem ber ábyrgð á lögmönnum er kalla sig „barrister“ eða „advocate“, bera ábyrgð á lögmönnum frá Írlandi er kalla sig „barrister“ og yfirvaldið, sem ber ábyrgð á lögmönnum er kalla sig „solicitor“, skal bera ábyrgð á lögmönnum frá Írlandi er kalla sig „solicitor“,

— á Írlandi skal yfirvaldið, sem ber ábyrgð á lögmönnum er kalla sig „barrister“, bera ábyrgð á lögmönnum frá Breska konungsríkinu er kalla sig „barrister“ eða „advocate“ og yfirvaldið, sem ber ábyrgð á lögmönnum er kalla sig „solicitor“, skal bera ábyrgð á lögmönnum frá Breska konungsríkinu er kalla sig „solicitor“.

4. Þegar viðkomandi lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu birtir nöfn lögmanna sem skrá sig hjá því skal það einnig birta nöfn þeirra lögmanna sem eru skráðir samkvæmt þessari tilskipun.

4. gr.

Starfað undir starfsheiti heimalands

1. Lögmaður, sem starfar í gistiaðildarríki undir starfsheiti heimalandsins, skal gera það undir því starfsheiti og skal setja það fram á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkis hans á greinilegan hátt svo að því sé ekki ruglað saman við starfsheiti gistiaðildarríkisins.

2. Að því er varðar beitingu a-liðar 1. mgr. getur gistiaðildarríki krafist þess að lögmaður, sem starfar undir starfsheiti heimalandsins, gefi upp hvaða sérfræðistofnun hann tilheyrir í heimaaðildarríkinu eða hvaða dómsmálayfirvald hann hefur leyfi til að starfa fyrir samkvæmt lögum heimaaðildarríkis hans. Gistiaðildarríki getur einnig krafist þess að lögmaður, sem stundar starf undir starfsheiti heimalands síns, greini frá því hjá hvaða lögbæru yfirvaldi í því ríki hann sé skráður.

5. gr.

Starfssvið

1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. hefur lögmaður, sem starfar undir starfsheiti heimalandsins, með höndum sömu starfsemi í sínu fagi og lögmaður, sem starfar undir viðkomandi starfsheiti sem er notað í gistiaðildarríkinu, og hefur meðal annars heimild til að veita ráðgjöf varðandi réttarkerfi heimaaðildarríkis síns, réttarkerfi bandalagsins, þjóðarétt og réttarkerfi gistiaðildarríkisins. Hann skal í öllum tilvikum fara að gildandi málsmeðferðarreglum innlendra dómstóla.

2. Aðildarríki, sem heimila tilteknum hópum lögmanna á yfirráðasvæði sínu að útbúa formleg skjöl, sem veita þeim rétt til að fara með eigur látins fólks eða rétt til að kaupa eða afsala fasteignum, sem í öðrum aðildarríkjum flokkast undir önnur störf en lögmannsstörf, geta útilokað frá slíkri starfsemi lög-

menn sem starfa undir starfsheiti heimalands sem veitt er í einu af síðarnefndu aðildarríkjunum.

3. Að því er varðar starfsemi er tengist því að koma fram fyrir hönd skjólstæðings sem fulltrúi hans eða verjandi í málarekstri og að svo miklu leyti sem lög gistiaðildarríkisins gera ráð fyrir því að slík starfsemi sé einungis á hendi lögmanna sem starfa undir starfsheiti þess ríkis getur það ríki krafist þess að lögmenn, sem starfa undir starfsheiti heimalands síns, vinni ásamt lögmanni, sem starfar fyrir viðkomandi dómsmálayfirvald og myndi, ef þörf krefði, vera ábyrgur gagnvart því yfirvaldi eða ásamt málflytjanda („avoué") hjá dómstólnum.

Til að réttarkerfið starfi eðlilega geta aðildarríkin þó mælt fyrir um sérstakar reglur um aðgang að hæstarétti, til dæmis um lögmenn með sérþekkingu.

6. gr.

Gildandi siðareglur starfsgreinar

1. Þrátt fyrir þær siðareglur starfsgreinar sem lögmaður er bundinn af í heimaaðildarríki sínu skal hann, ef hann starfar undir starfsheiti heimalands síns, vera bundinn af sömu siðareglum starfsgreinar og lögmenn sem starfa undir viðkomandi starfsheiti gistiaðildarríkisins að því er varðar alla starfsemi sem hann hefur með höndum á yfirráðasvæði þess.

2. Fagfélag gistiaðildarríkis skal vera í viðeigandi fyrirsvari fyrir lögmenn sem starfa undir starfsheiti heimalands síns. Í slíku fyrirsvari skal að minnsta kosti felast réttur til að greiða atkvæði í stjórnarkosningum þessara fagfélaga.

3. Gistiaðildarríkið getur krafist þess að lögmaður, sem starfar undir starfsheiti heimalands síns, hafi starfsábyrgðartryggingu eða gerist félagi í tryggingasjóði starfsgreinarinnar í samræmi við reglur sem það ríki mælir fyrir um vegna atvinnustarfsemi sem fer fram á yfirráðasvæði þess. Lögmaður, sem starfar undir starfsheiti heimalands síns, skal þó undanþeginn þeirri kröfu ef hann getur sannað að hann hafi vátryggingu eða ábyrgð í samræmi við reglur í heimaaðildarríkinu, að því tilskildu að slík trygging eða ábyrgð sé jafngild að því er varðar skilyrði og gildissvið. Ef tryggingin er aðeins jafngild að hluta til geta lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu krafist þess að samið sé um viðbótartryggingu eða viðbótarábyrgð, sem nær yfir þá þætti sem falla ekki undir trygginguna eða ábyrgðina, sem samið er um í samræmi við reglur í heimaaðildarríkinu.

7. gr.

Meðferð agabrota

1. Ef lögmaður, sem starfar undir starfsheiti heimalands síns, uppfyllir ekki skyldur sem eru gildandi í gistiaðildarríkinu, skulu málsmeðferðarreglur, refsing og viðurlög, sem kveðið er á um í gistiaðildarríkinu, gilda.

2. Áður en meðferð agabrota er hafin gagnvart lögmanni sem starfar undir starfsheiti heimalands síns skal lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu tilkynna lögbæra yfirvaldinu í heimaaðildarríkinu það, eins fljótt og unnt er, og veita því allar viðeigandi upplýsingar.

Fyrsti undirliður skal að breyttu breytanda gilda þegar lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu hefur meðferð agabrota og skal það tilkynna lögbæra yfirvaldinu í gistiaðildarríkinu eða -ríkjunum um það.

3. Það yfirvald skal eiga samstarf við lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu á meðan á meðferð agabrots stendur en það hefur þó ekki áhrif á heimild lögbæra yfirvaldsins í gistiaðildarríkinu til ákvarðanatöku. Einkum skal gistiaðildarríkið gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu geti lagt inn athugasemdir hjá þeim aðilum sem bera ábyrgð á réttarhaldi vegna áfrýjunar.

4. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal ákveða til hvaða aðgerða skuli grípa samkvæmt sínum eigin formlegu og efnislegu reglum í ljósi ákvörðunar sem lögbæra yfirvaldið í gistiaðildarríkinu hefur tekið varðandi lögmann sem starfar undir starfsheiti heimalandsins.

5. Þó að það sé ekki forsenda fyrir ákvörðun lögbæra yfirvaldsins í gistiaðildarríkinu skal bráðabirgða- eða endanleg afturköllun lögbæra yfirvaldsins í heimaaðildarríkinu á starfsleyfi leiða sjálfkrafa til þess að viðkomandi lögmanni sé bannað, tímabundið eða endanlega, að starfa undir starfsheiti heimalands síns í gistiaðildarríkinu.

8. gr.

Launuð störf

Lögmaður, sem er skráður í gistiaðildarríki undir starfsheiti heimalandsins, getur starfað sem launaður lögmaður í þjónustu annars lögmanns, félags eða fyrirtækis lögmanna eða hjá opinberu eða einkareknu fyrirtæki svo framarlega sem gistiaðildarríkið veitir lögmönnum, sem eru skráðir undir starfsheiti sem er notað í því ríki, leyfi til þess.

9. gr.

Yfirlýsing um ástæður og úrræði

Gera skal grein fyrir ástæðum þess ef ákveðið er að synja um skráningu, sem um getur í 3. gr., eða ógilda slíka skráningu eða ákveðið er að gera ráðstafanir vegna agabrots.

Unnt á að vera að leita úrræða vegna slíkra ákvarðana fyrir dómstóli eða dómi í samræmi við ákvæði landslaga.

10. gr.

Sams konar meðferð og lögmaður í gistiaðildarríki

1. Lögmaður sem hefur, reglubundið og með virkum hætti, stundað starfsemi undir starfsheiti heimalandsins í að minnsta kosti þrjú ár í gistiaðildarríkinu í réttarkerfi þess ríkis, þar með talið í bandalagsrétti, skal, með það fyrir augum að hann fái inngöngu í starfsgrein lögmanna í gistiaðildarríkinu, vera undanþeginn skilyrðunum sem sett eru fram í b-lið 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 89/48/EBE. „Að stunda starfsemi reglubundið og með virkum hætti" merkir að starfa samfellt og einungis með þeim hléum sem eðlilegt er að verði í daglegu lífi.

Viðkomandi lögmanni ber að láta lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu í té sönnun fyrir því að hann hafi starfað, reglubundið og með virkum hætti, í réttarkerfi gistiaðildarríkisins í að minnsta kosti þrjú ár. Í því skyni:

a) skal lögmaðurinn láta lögbæra yfirvaldinu í gistiaðildarríkinu í té allar viðeigandi upplýsingar og skjöl, einkum um fjölda mála sem hann hefur fengist við og hvers eðlis þau eru;

b) getur lögbæra yfirvaldið í gistiaðildarríkinu sannprófað hvort starfsemin, sem um er að ræða, sé stunduð reglubundið og með virkum hætti og getur, ef þörf krefur, beðið lögmanninn að láta í té, munnlega eða skriflega, skýringar eða frekari útlistanir á upplýsingunum og skjölunum sem getið er í a-lið.

Rökstyðja verður þá ákvörðun lögbæra yfirvaldsins í gistiaðildarríkinu að veita ekki undanþágu þegar ekki er lögð fram sönnun fyrir því að kröfunum, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, sé fullnægt og henni skal vera hægt að áfrýja samkvæmt landslögum.

2. Lögmaður, sem starfar undir starfsheiti heimalands síns í gistiaðildarríki, getur, hvenær sem er, sótt um að fá prófskírteini sitt viðurkennt í samræmi við tilskipun 89/48/EBE með það fyrir augum að fá aðgang að starfsgrein lögmanna í gistiaðildarríkinu og starfa innan hennar undir starfsheiti sem svarar til starfsins í því ríki.

3. Lögmaður sem starfar undir starfsheiti heimalandsins og hefur stundað starfsemi í sínu fagi, reglubundið og með virkum hætti, í að minnsta kosti þrjú ár í gistiaðildarríkinu en skemur í réttarkerfi þess aðildarríkis getur fengið aðgang að starfsgrein lögmanna í gistiaðildarríkinu og rétt til að stunda hana undir starfsheiti, sem svarar til starfsins í því aðildarríki, án þess að þurfa að uppfylla skilyrðin sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 89/48/EBE, með þeim skilyrðum og í samræmi við málsmeðferðina sem er lýst hér á eftir.

a) Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal taka tillit til starfsemi í faginu, sem er stunduð reglubundið og með virkum hætti, á áðurnefndu tímabili og allrar þekkingar og starfsreynslu í réttarkerfi gistiaðildarríkisins og einnig þátttöku í fyrirlestrahaldi eða námskeiðum um réttarkerfi gistiaðildarríkisins, þar með talið reglna varðandi fagið og siðareglna.

b) Lögmaðurinn skal láta lögbæra yfirvaldinu í gistiaðildarríkinu í té allar viðeigandi upplýsingar og skjöl, einkum um þau mál sem hann hefur fengist við. Mat á reglubundinni og virkri starfsemi lögmannsins í gistiaðildarríkinu og mat á getu hans til að halda áfram starfseminni, sem hann hefur stundað þar, skal fara fram í viðtölum við lögbæra yfirvaldið í gistiaðildarríkinu með það fyrir augum að sannreyna hve reglubundin og virk starfsemin er.

Rökstyðja verður þá ákvörðun lögbæra yfirvaldsins í gistiaðildarríkinu að veita ekki leyfi þegar ekki er lögð fram sönnun fyrir því að kröfunum, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, sé fullnægt og ákvörðuninni skal vera hægt að skjóta til dómstóla samkvæmt landslögum.

4. Lögbæra yfirvaldið í gistiaðildarríkinu getur, með rökstuddri ákvörðun sem hægt er að skjóta til dómstóla samkvæmt landslögum, synjað lögmanni um að njóta góðs af ákvæðum þessarar greinar ef það telur að það myndi stríða gegn allsherjarreglu, einkum þegar um er að ræða meðferð agabrota, kæru eða einhverja slíka atburði.

5. Fulltrúar lögbæra yfirvaldsins, sem fjalla um umsóknina, skulu fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál.

6. Lögmaður, sem fær aðgang að starfsgrein lögmanna í gistiaðildarríkinu í samræmi við 1., 2. og 3. mgr., skal eiga rétt á því að nota starfsheiti heimalands síns, á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins, jafnhliða starfsheitinu sem svarar til lögmannsstarfsins í gistiaðildarríkinu.

11. gr.

Sameiginleg starfsemi

Þar sem sameiginleg starfsemi er leyfð meðal lögmanna sem stunda starfsemi undir viðkomandi starfsheiti í gistiaðildarríkinu skulu eftirfarandi ákvæði gilda þegar um er að ræða lögmenn sem æskja þess að stunda starfsemi undir því heiti eða skrá sig þannig hjá lögbæra yfirvaldinu:

1) Einn eða fleiri lögmenn, sem tilheyra sama lögmannahópi í heimaðildarríki sínu, og sem starfa undir starfsheiti heimalands síns í gistiaðildarríki, geta stundað starfsemi sína í faginu gegnum útibú eða umboð sem hópurinn kemur á fót í gistiaðildarríkinu. Þegar grundvallarreglurnar, sem gilda um slíka lögmannahópa í heimaaðildarríkinu, eru ósamrýmanlegar grundvallarreglum, sem mælt er fyrir um í lögum, reglum eða stjórnsýslufyrirmælum í gistiaðildarríkinu, skulu þær síðarnefndu ganga framar svo framarlega sem almannahagsmunir réttlæta að farið sé eftir þeim þegar vernda þarf viðskiptamenn og þriðju aðila.

2) Hvert aðildarríki skal veita tveimur eða fleiri lögmönnum úr sama lögmannahópi eða frá sama heimaaðildarríki, sem starfa á yfirráðasvæði þess undir starfsheiti heimalands síns, möguleika á að stunda sameiginlega starfsemi. Ef gistiaðildarríkið gefur lögmönnum sínum kost á að velja á milli nokkurra ólíkra tegunda af sameiginlegri starfsemi skulu þær tegundir starfsemi einnig standa áðurnefndum lögmönnum til boða. Sameiginleg starfsemi slíkra lögmanna í gistiaðildarríkinu skal vera með þeim hætti að samrýmist lögum og stjórnsýslufyrirmælum í því ríki.

3) Gistiaðildarríkið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að einnig sé hægt að leyfa sameiginlega starfsemi:

   a) nokkurra lögmanna frá mismunandi aðildarríkjum sem starfa undir starfsheitum heimalanda sinna;

   b) eins eða fleiri lögmanna sem falla undir a-lið og eins eða fleiri lögmanna frá gistiaðildarríkinu.

   Sameiginleg starfsemi slíkra lögmanna í gistiaðildarríkinu skal vera með þeim hætti að samrýmist lögum og stjórnsýslufyrirmælum í því ríki.

4) Lögmaður, sem óskar eftir því að starfa undir starfsheiti heimalands síns, skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu um það ef hann er aðili að lögmannahópi í heimalandi sínu og láta í té allar viðeigandi upplýsingar um þann hóp.

5) Þrátt fyrir 1.–4. lið getur gistiaðildarríki synjað lögmanni, sem er með skráð starfsheiti heimalands síns, um leyfi til að starfa á yfirráðasvæði sínu sem félagsmaður í lögmannahópi ef það bannar lögmönnum, sem starfa undir sínu eigin starfsheiti, að stunda lögmannsstörf í lögmannahópi þar sem sumir aðilarnir eru ekki félagsmenn í starfsgreininni. Lögmannahópur telst hafa innan sinna vébanda einstaklinga sem eru ekki félagsmenn í starfsgreininni ef einstaklingar sem hafa ekki stöðu lögmanns í skilningi 2. mgr.:

   — eiga fjármagn lögmannahópsins að öllu leyti eða að hluta, eða

   — nota nafnið sem hópurinn starfar undir, eða

   — hafa ákvörðunarvaldið í lögmannahópnum að lögum eða í raun.

   Ef grundvallarreglurnar, sem gilda um lögmannahópa í heimaaðildarríkinu, eru ósamrýmanlegar gildandi reglum í gistiaðildarríkinu eða ákvæðum fyrstu undirgreinar getur gistiaðildarríkið bannað að opnað verði útibú eða umboðsskrifstofa á yfirráðasvæði þess án þeirra takmarkana sem mælt er fyrir um í 1. lið.

12. gr.

Heiti lögmannahópa

Lögmenn geta notað heiti lögmannahóps, sem þeir tilheyra í heimaaðildarríki sínu, á hvaða hátt sem þeir starfa undir starfsheitum heimalanda sinna í gistiaðildarríki.

Gistiaðildarríki getur krafist þess að auk heitisins, sem um getur í fyrstu undirgrein, sé gefið upp félagsform lögmannahópsins í heimaaðildarríkinu

og/eða nöfn þeirra félagsmanna sem starfa í gistiaðildarríkinu.

13. gr.

Samstarf lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu og gistiaðildarríkinu og trúnaðarkvaðir

Til að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar og til að koma í veg fyrir að ákvæði hennar séu misnotuð í þeim tilgangi eingöngu að fara í kringum gildandi reglur í gistiaðildarríkinu skulu lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu og lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu hafa náið samráð og veita gagnkvæma aðstoð.

Þau skulu fara með upplýsingarnar sem þau skiptast á sem trúnaðarmál.

14. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 14. mars 2000, tilnefna lögbær yfirvöld sem er veitt umboð til að taka á móti umsóknum og taka þær ákvarðanir sem um getur í þessari tilskipun. Þau skulu koma þessum upplýsingum á framfæri við hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina.

15. gr.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar

Eigi síðar en tíu árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það hvernig framkvæmd þessarar tilskipunar miðar.

Eftir að hafa haft nauðsynlegt samráð skal hún, í þessu sambandi, gera grein fyrir niðurstöðum sínum ásamt þeim breytingum sem hugsanlega mætti gera á núverandi kerfi.

16. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 14. mars 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

18. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins, *Fyrir hönd ráðsins,*

J. M. GIL-ROBLES
forseti.

J. CUNNINGHAM
forseti.

457. Frumvarp til laga [396. mál]

um húsnæðissamvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til félaga sem rekin eru að hætti samvinnufélaga og hafa að markmiði að byggja, kaupa, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem íbúðir með búseturétti sem tryggir þeim ótímabundin afnot af þeim

gegn greiðslu búseturéttargjalds og búsetugjalds. Með sama hætti er félögum þessum heimilt að byggja, kaupa, eiga og reka húsnæði sem tengist starfsemi félagsins, svo sem þjónustu- og dvalarhúsnæði.

Félögum skv. 1. mgr. er jafnframt heimilt að stofna félag og eiga aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögunum um samvinnufélög, og hlutafélögum, þar með töldum einkahlutafélögum, enda standi slík félög að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir starfsemi húsnæðissamvinnufélaga.

Félag sem ákvæði þessara laga taka til skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slíkt heiti.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Búsetuíbúð* er íbúð í eigu húsnæðissamvinnufélags.
2. *Búseturéttur* er ótímabundinn afnotaréttur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi af búsetuíbúð.
3. *Búseturéttarhafi* er félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi sem keypt hefur búseturétt.
4. *Búsetusamningur* er samningur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi við félagið um búseturétt.
5. *Búseturéttargjald* er það gjald sem félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi greiðir til þess að kaupa búseturétt.
6. *Búsetugjald* er það gjald sem búseturéttarhafi greiðir mánaðarlega til húsnæðissamvinnufélags vegna rekstrar-, viðhalds- og fjármagnskostnaðar af búsetuíbúð.
7. *Búsetufélag* er félag búseturéttarhafa í tilteknu húsi í eigu húsnæðissamvinnufélags og starfar sem deild innan húsnæðissamvinnufélagsins.
8. *Húsnæðissamvinnufélag* er samvinnufélag sem á og hefur yfirumsjón með rekstri íbúða sem það hefur byggt eða keypt til þess að veita félagsmönnum sínum búseturétt gegn greiðslu búseturéttargjalds.

II. KAFLI
Húsnæðissamvinnufélög.

3. gr.

Félagsstofnun, skráning og slit.

Við stofnun húsnæðissamvinnufélags skal boða til stofnfundar. Stofnfund skal boða með opinberri auglýsingu og með þeim hætti að ætla megi að berist til allra þeirra sem hag geta haft af þátttöku í starfsemi félagsins. Á stofnfundi skal bera stofnun húsnæðissamvinnufélagsins upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 aðilar eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun, bindast samtökum og gerast félagsmenn setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi og kjósa því stjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn. Er þá félagið löglega stofnað.

Um félagsstofnun, skráningu, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags, sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um, skal eftir því sem við getur átt farið eftir ákvæðum laga um samvinnufélög á hverjum tíma.

4. gr.

Samþykktir.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélags skal meðal annars fjallað um eftirfarandi atriði:

1. Heiti félagsins, heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið og starfsemi félagsins.
3. Almenn skilyrði um aðild að félaginu og um brottfall aðildar.
4. Aðild lögaðila að félaginu ef um það er að ræða.
5. Fjármál félagsins, eigið fé og fjárhagslega ábyrgð.
6. Inntökugjald, félagsgjald og búseturéttargjald.
7. Reikningsár og endurskoðun.
8. Fjölda stjórnarmanna, varastjórnarmanna, skoðunarmanna, endurskoðenda, svo og hvernig kjöri þeirra skuli háttað.
9. Viðhaldsráð félagsins, kosningu og verksvið.
10. Deildaskipun félagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og kosningu fulltrúa deilda á aðalfund.
11. Ráðningu framkvæmdastjóra og starfssvið hans.
12. Hver geti skuldbundið félagið.
13. Hlutverk, valdsvið og verkefni félagsfunda (deildarfunda) og stjórnarfunda.
14. Hvenær aðalfund skal halda ár hvert og dagskrá aðalfundar.
15. Rétt til fundarsetu, fundarboðun, fundarstjórn, atkvæðagreiðslur og vægi atkvæða á félagsfundum (deildarfundum), stjórnarfundum og aðalfundum.
16. Réttindi og skyldur búseturéttarhafa og búsetufélaga.
17. Stofnun búseturéttar.
18. Búsetugjald og greiðslutilhögun.
19. Kaupverð búseturéttar og greiðsluform þess.
20. Endurgreiðslu búseturéttar.
21. Mat og úttekt á búsetuíbúð.
22. Tilhögun framkvæmda, viðhald og rekstur fasteigna.
23. Ráðstöfun eigna félagsins ef því er slitið án gjaldþrotaskipta.

Félagsmálaráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum skv. 2. mgr.

Félagsmálaráðuneytið heldur skrá yfir húsnæðissamvinnufélög sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra.

Allar breytingar á samþykktum húsnæðissamvinnufélags skulu tilkynntar félagsmálaráðuneytinu þegar í stað.

Samþykktir sem félagsmálaráðuneytið hefur þegar staðfest vegna húsnæðissamvinnufélaga halda gildi sínu.

5. gr.

Fjáröflun.

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins.
b. Með árlegu félagsgjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið er á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess.
c. Með gjöldum fyrir veitta þjónustu við félagsmenn og aðra sem renna í rekstrarsjóð félagsins.

d. Með lánum úr Íbúðalánasjóði samkvæmt lögum um húsnæðismál og með öðrum lánum á almennum markaði.
e. Með framlagi í varasjóð sem nema skal 1% af byggingarkostnaði eða kaupverði hverrar íbúðar. Í varasjóð rennur enn fremur árlegt framlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

6. gr.
Lánveitingar.

Sé húsnæðissamvinnufélagi veitt lán á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagið uppfylla þau skilyrði sem þar eru sett fram.

7. gr.
Kvaðir.

Húsnæðissamvinnufélögum er óheimilt að selja íbúðir sínar á meðan á þeim hvíla lán Íbúðalánasjóðs eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum nema að fengnu samþykki Íbúðalánasjóðs.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur búseturéttarhafa.

8. gr.
Stofnun búseturéttar.

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt samkvæmt samþykktum húsnæðissamvinnufélags.

Þegar félagsmaður notfærir sér rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 9. gr.

Búseturétt geta þeir einir eignast eða keypt sem eru orðnir fjárráða.

Hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán vegna viðkomandi íbúðar á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagsmaður jafnframt uppfylla skilyrði sem þar eru sett.

9. gr.
Búseturéttargjald.

Þegar búsetuíbúð er ráðstafað í fyrsta skipti af húsnæðissamvinnufélagi skal búseturéttargjaldið ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar og hins vegar af lánsfé til lengri tíma og af framlagi í varasjóð.

Við síðari ráðstöfun búsetuíbúðar skal búseturéttargjaldið ákvarðast skv. 3. mgr. 25. gr. Húsnæðissamvinnufélag skal í samþykktum sínum kveða nánar á um ákvörðun búseturéttargjalds við kaup og sölu búseturéttar, þar á meðal hvenær það skuli innt af hendi.

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 12. gr.

10. gr.
Búseturéttur.

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn afnotarétt yfir íbúð enda brjóti félagsmaður ekki gegn ákvæðum laga þessara. Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 19. gr. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Húsnæðissamvinnufélagi skal heimilt að ráðstafa búseturétti til ríkis, sveitarfélaga, almannasamtaka eða félaga, óski þessir aðilar eftir því, og skal þess þá gætt að ekki verði með þeim hætti ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

11. gr.

Búsetusamningur.

Hver sá sem hefur fengið keyptan búseturétt skal gera skriflegan búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í.

Í búsetusamningi skal m.a. koma fram:

1. Nöfn, heimilisföng og kennitölur samningsaðila.
2. Greinargóð lýsing á húsnæðinu og afhendingartími þess.
3. Gildistími búsetusamnings og upphæð búseturéttargjalds.
4. Ráðstöfun búseturéttar.
5. Búsetugjald.
6. Hvar og hvernig skuli greiða búsetugjaldið.
7. Réttindi og skyldur búseturéttarhafa.
8. Réttindi og skyldur búsetufélags.
9. Dagsetning úttektaryfirlýsingar sem er hluti af samningnum.
10. Sérákvæði ef um þau er samið og lög heimila.

Búsetusamningi skal þinglýst sem kvöð á viðkomandi íbúð.

12. gr.

Búsetugjald.

Búsetugjald er gjald fyrir afnot af íbúð. Fjárhæð búsetugjalds er ákveðin af stjórn húsnæðissamvinnufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 2. mgr., sbr. einnig 1. mgr. 28. gr.

Í búsetugjaldi felst eftirfarandi:

1. Rekstrarkostnaður, svo sem hita-, vatns- og rafmagnskostnaður, fasteignagjöld og tryggingariðgjöld.
2. Framlag í hússjóð búsetufélags.
3. Framlag í viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélags.
4. Afborganir af lánum og fjármagnskostnaður.

Í búsetusamningi er heimilt að semja sérstaklega um að búseturéttarhafi annist á sinn kostnað að hluta eða öllu leyti kostnað skv. 1. tölul. 2. mgr.

Búsetugjald skal greiða fyrsta dag hvers mánaðar fyrir fram fyrir einn mánuð í senn nema um annað sé samið. Ef gjalddaga ber upp á almennan frídag skal hann vera næsti virki dagur þar á eftir.

Nú hefur búseturéttarhafi eigi gert skil á búsetugjaldinu innan 14 sólarhringa frá gjalddaga og er þá húsnæðissamvinnufélagi rétt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af því frá gjalddaga til greiðsludags.

13. gr.

Ástand búsetuíbúðar.

Við afhendingu íbúðar skal húsnæðið vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess, aldur og sambærilegar íbúðir í sama húsi. Húsnæðið skal við afhendingu vera hreint, rúður heilar, tréverk og gólfefni í góðu ástandi, læsingar og rofar

virkir, hreinlætis-, hitunar- og eldhústæki í lagi, sem og vatns-, rafmagns- og frárennslislagnir.

14. gr.

Úttekt á búsetuíbúð.

Við upphaf og lok búsetusamnings skal fara fram úttekt á búsetuíbúð. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu sem húsnæðissamvinnufélag leggur til skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á búsetuíbúð og ástandi hennar og getur búseturéttarhafi þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta. Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega búsetuíbúð, geta fylgifjár, dagsetningar búsetusamnings og aðila hans.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í tvíriti og skulu aðilar búsetusamnings undirrita hana og halda einu eintaki hvor. Úttektaryfirlýsinguna skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu búseturéttarhafa við skil húsnæðisins. Úttektaryfirlýsing er hluti af búsetusamningi, sbr. 9. tölul. 11. gr.

15. gr.

Viðhald búsetuíbúðar.

Búseturéttarhafa er skylt að fara vel með húsnæðið og í samræmi við umsamin afnot þess.

Búseturéttarhafa er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á íbúð sinni, svo sem á gólf- og veggefnum, tréverki, innréttingum, hurðum, hreinlætistækjum, raftækjum og eldavél og annast kostnað við endurnýjun og viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum, rafmagnsinnstungum, blöndunartækjum og öðru smálegu.

Kostnaður við endurnýjun á gólf- og veggefnum, innréttingum, tréverki, hurðum, rúðum, hreinlætistækjum, raftækjum og eldavél skal greiðast úr viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags samkvæmt nánari reglum sem húsnæðissamvinnufélagið setur sér. Reglur þessar skulu kynntar búseturéttarhafa við gerð búsetusamnings.

Verði húsnæðið eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum búseturéttarhafa, heimilismanna eða annarra manna sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það skal búseturéttarhafi gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu svo fljótt sem verða má. Ef búseturéttarhafi vanrækir þessar skyldur sínar er húsnæðissamvinnufélagi heimilt að láta fara fram viðgerð á kostnað búseturéttarhafa. Áður skal þó húsnæðissamvinnufélag veita búseturéttarhafa frest í einn mánuð til þess að ljúka viðgerðinni.

Húsnæðissamvinnufélag skal kaupa húseigendatryggingu sem skal innifalin í búsetugjaldi.

Í búsetusamningi er heimilt að víkja frá reglum um skiptingu kostnaðar vegna viðhalds og endurnýjunar skv. 2. og 3. mgr., enda séu slík frávik skilmerkilega greind í búsetusamningi.

16. gr.

Viðhaldssjóður húsnæðissamvinnufélags.

Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags skal ákveða gjald í viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélags, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. Úr viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags skal greiða kostnað vegna viðhalds á ytra byrði hússins, búnaði, kerfum og lögnum. Kostnaður vegna endurnýjana, sbr. 2. mgr. 15. gr., skal greiddur úr viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags samkvæmt nánari reglum sem húsnæðissamvinnufélagið setur sér.

Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags kýs viðhaldsráð sem áætlar viðhald hvers húss, tekur ákvörðun um framkvæmdir að beiðni búsetufélaga eða að eigin frumkvæði og hefur yfir-

umsjón með þeim. Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags ákveður skipan viðhaldsráðs og starfstíma og setur ráðinu starfsreglur.

Stjórn búsetufélags skipar ákveðinn aðila sem skal annast samskipti við viðhaldsráð fyrir hönd búsetufélagsins, sbr. 27. gr.

17. gr.

Breytingar á búsetuíbúð.

Búseturéttarhafa er heimilt að gera breytingar eða endurbætur á húsnæðinu eða búnaði þess hafi húsnæðissamvinnufélagið samþykkt þær og fallist á skiptingu kostnaðar og hvernig með skuli fara við lok búsetusamnings. Að öðrum kosti eignast húsnæðissamvinnufélag endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok búsetusamnings nema það kjósi á þeim tíma eða áður að krefjast þess að búseturéttarhafi komi húsnæðinu í upphaflegt horf.

18. gr.

Aðgangur að búsetuíbúð.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að láta framkvæma nauðsynlegar viðgerðir á búsetuíbúð og er búseturéttarhafa í slíkum tilvikum skylt að veita aðgang að íbúðinni. Búseturéttarhafa er skylt að veita húsnæðissamvinnufélagi aðgang að íbúð sinni til eftirlits ef félagið hefur rökstuddan grun um grófar vanefndir á viðhaldsskyldum eða að húsnæðið sé notað á annan veg en leyfilegt er.

19. gr.

Ráðstöfun og framleiga búseturéttar.

Búseturéttarhafa er óheimilt að framselja búseturétt sinn eða framleigja íbúðina án skriflegs samþykkis húsnæðissamvinnufélags. Óski búseturéttarhafi eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga.

Húsnæðissamvinnufélag getur heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka eða lögerfingja við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt skal um leið fá aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseturéttarhafa, enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu.

Leigusamningur, sem eigi er áritaður af húsnæðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigjandi fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og krafist útburðar leigjanda.

Búseturéttarhafa er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.

20. gr.

Uppsögn búseturéttar.

Búsetusamningur er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélags. Uppsagnarfrestur af hálfu búseturéttarhafa er sex mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send. Búseturéttarhafi skal hafa lokið rýmingu og frágangi húsnæðisins eigi síðar en kl. 13 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk eða í samræmi við skriflegt samkomulag við nýjan búseturéttarhafa.

21. gr.

Riftun búsetusamnings.

Búseturéttarhafa er heimilt að rifta búsetusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef verulegur dráttur er á afhendingu húsnæðis.
2. Ef húsnæðið spillist af ástæðum sem ekki verða raktar til búseturéttarhafa eða ef það telst heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.
3. Ef húsnæðissamvinnufélag vanefnir skyldur sínar samkvæmt búsetusamningi eða lögum þessum.

22. gr.

Riftun búsetusamnings.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að rifta búsetusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef búseturéttarhafi greiðir ekki búsetugjaldið á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan sjö sólarhringa skriflegri áskorun húsnæðissamvinnufélags um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og húsnæðissamvinnufélag þar tekið fram að það muni beita riftunarheimild sinni.
2. Ef búseturéttarhafi nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða búsetusamningur mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu húsnæðissamvinnufélags.
3. Ef búseturéttarhafi framselur búseturétt sinn eða misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu eða ef framleigjandi gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilar húsnæðissamvinnufélagi riftun gagnvart búseturéttarhafa.
4. Ef búseturéttarhafi meinar húsnæðissamvinnufélagi eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að húsnæðinu í bága við ákvæði 18. gr.
5. Ef húsnæðið spillist í umsjá búseturéttarhafa vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra sem hann ber ábyrgð á og hann sinnir eigi án tafar kröfu húsnæðissamvinnufélags um úrbætur.
6. Ef búseturéttarhafi vanrækir, þrátt fyrir skriflega áminningu húsnæðissamvinnufélags, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í húsnæðinu eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart húsnæðissamvinnufélagi, búsetufélagi eða öðrum íbúum viðkomandi húss.
7. Ef búseturéttarhafi vanrækir að öðru leyti en hér að framan greinir skyldur sínar samkvæmt búsetusamningi eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

Nú neytir húsnæðissamvinnufélag ekki réttar síns til riftunar skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að félaginu varð kunnugt um vanefndir búseturéttarhafa eða búseturéttarhafi hefur að fullu bætt úr því er aflaga fór og fellur réttur húsnæðissamvinnufélags til riftunar þá niður. Þetta gildir þó ekki þegar búseturéttarhafi hefur vanefnt skyldur sínar með sviksamlegum hætti eða þegar riftunarástæðan er vanskil á búsetugjaldi, sbr. 1. tölul. 1. mgr.

23. gr.

Bótakrafa vegna riftunar.

Nú er búsetusamningi rift af einhverri þeirri ástæðu sem talin er í 22. gr. og skal búseturéttarhafi þá bæta húsnæðissamvinnufélagi það tjón sem leiðir beint af vanefndum hans. Auk þess skal búseturéttarhafi greiða bætur sem jafngilda búsetugjaldi í allt að sex mánuði eftir rýmingu íbúðar.

Húsnæðissamvinnufélag skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráðstafa húsnæðinu hið allra fyrsta til annars búseturéttarhafa og skal búsetugjald sem húsnæðissamvinnufélagið fær frá nýjum búseturéttarhafa koma til frádráttar búsetugjaldi skv. 1. mgr. Um endurgreiðslu andvirðis búseturéttar fer samkvæmt ákvæðum 25. gr.

24. gr.

Skil búsetuíbúðar.

Búseturéttarhafi skal skila búsetuíbúð ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við henni. Ber búseturéttarhafi óskerta bótaábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum sem voru búseturéttarhafa sannanlega óviðkomandi.

25. gr.

Endurgreiðsla andvirðis búseturéttar.

Búseturéttarhafi skal segja upp afnotum af íbúð með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara.

Búseturéttarhafi ber ábyrgð á greiðslu búsetugjalds á uppsagnartímanum. Takist húsnæðissamvinnufélagi ekki að selja búseturéttinn á uppsagnartímanum ber það ábyrgð á búsetugjaldi eftir að uppsagnartíma lýkur og hefur þá umráðarétt yfir íbúðinni og er heimilt að leigja hana þar til nýr kaupandi finnst. Fyrri íbúi skal hafa forleigurétt óski hann þess.

Um kaupverð búseturéttar, greiðsluform þess og endurgreiðslu búseturéttar fer samkvæmt samþykktum húsnæðissamvinnufélags, sbr. 19. og 20. tölul. 2. mgr. 4. gr.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að kaupa búseturétt. Verð á búseturétti til húsnæðissamvinnufélags miðast við samkomulag við seljanda.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélags skal kveðið á um hvernig hagað skuli mati og úttektum á búsetuíbúðum, þar á meðal vegna endurbóta og vanrækts viðhalds. Nái aðilar búsetusamnings ekki samkomulagi á grundvelli þeirra reglna skal fara eftir ákvæðum húsaleigulaga um úttektir og mat á leiguhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

IV. KAFLI

Búsetufélög.

26. gr.

Stofnun búsetufélags.

Búseturéttarhafar í tilteknu húsi skulu stofna með sér búsetufélag og kjósa því stjórn. Búsetufélagið starfar sem sérstök deild innan húsnæðissamvinnufélagsins og ber ábyrgð á þeim verkefnum sem því er ætlað að sinna.

Búsetufélagi er heimilt að gera þjónustusamning við húsnæðissamvinnufélagið um að það annist þau verkefni að hluta eða öllu leyti sem búsetufélagið skal annast samkvæmt lögum þessum.

Um atriði sem hvorki er getið í samþykktum búsetufélags né sérstaklega kveðið á um í þessum lögum skal eftir því sem við getur átt fara eftir ákvæðum laga um fjöleignarhús.

Búsetufélag skal skila staðfestum og samþykktum ársreikningum til húsnæðissamvinnufélags fyrir 15. apríl ár hvert.

27. gr.

Hlutverk búsetufélags.

Hlutverk búsetufélags er að hafa umsjón með að hagnýting hússins sé ávallt með eðlilegum hætti svo að verðgildi þess haldist.

Í húsi þar sem eingöngu eru íbúðir í eigu húsnæðissamvinnufélags skal búsetufélagið setja sér húsreglur um hagnýtingu eignarinnar þar sem fram koma ákvæði um sambýlishætti, umgengni og afnot sameiginlegra rýma og skiptingu afnota ef slíkt er ákveðið.

Stjórn búsetufélags tilnefnir sérstakan aðila til að annast samskipti við viðhaldsráð, sbr. 16. gr.

28. gr.

Hússjóður búsetufélags.

Aðalfundur búsetufélags skal ákveða gjald í hússjóð búsetufélags, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 12. gr., sem innheimt er með búsetugjaldi og búsetufélag ráðstafar. Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags getur ákveðið lágmarksgjald í hússjóð búsetufélags.

Úr hússjóði búsetufélags skal greiddur kostnaður vegna viðhalds bílastæða, lóðar og innra byrðis hússins ásamt öðru er tengist sameiginlegum rekstri og umhirðu. Til innra byrðis hússins telst allt húsrými innan húss, þó ekki íbúðirnar, sem allir búseturéttarhafarnir eða sumir í tilteknu húsi hafa aðgang að eða afnot af.

Stjórn búsetufélags skal kosin á aðalfundi búsetufélags og fer stjórnin með málefni félagsins milli aðalfunda sem haldnir skulu árlega fyrir marslok.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

29. gr.

Setning reglugerðar.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

30. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

31. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi lög um húsnæðissamvinnufélög, nr. 161/1998.

Samþykktir sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest fyrir húsnæðissamvinnufélög og einstök búsetufélög í tíð eldri laga halda gildi sínu.

Búsetusamningar sem gerðir hafa verið á grundvelli eldri laga halda gildi sínu. Óski aðilar samþykkta og búsetusamninga í tíð eldri laga eftir því að með málefni þeirra sé farið samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktum samkvæmt þeim er stjórn húsnæðissamvinnufélags skylt að verða við slíkum óskum.

Viðhaldssjóðir, sem nú eru í vörslu búsetufélaga, skulu við gildistöku laga þessara renna í sameiginlegan viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélagsins.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, yfirtók Íbúðalánasjóður öll eldri lán sem Byggingarsjóður verkamanna og eftir atvikum Byggingarsjóður ríkisins hafa veitt til húsnæðissamvinnufélaga vegna búsetuíbúða, ásamt þeim réttindum og skyldum sem slíkum lánum fylgja.

II.

Við endurgreiðslu búseturéttargjalds til þeirra er gert hafa búsetusamning fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 9. og 25. gr., skal enn fremur gæta ákvæða 6. mgr. 76. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 3. maí 2001. Verkefni nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi var að vinna að heildarendurskoðun laga um húsnæðissamvinnufélög, nr. 161/1998. Í nefndina voru skipaðir Einar Jónsson lögfræðingur, Gunnar Jónatansson framkvæmdastjóri, Sævar Sigurgeirsson endurskoðandi, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir lögfræðingur og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Fyrstu lög um húsnæðissamvinnufélög hér landi voru lög nr. 24/1991 en þá var lagarammi um starfsemi húsnæðissamvinnufélaga í VII. kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins undir heitinu „Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur". Þegar Húsnæðisstofnun ríkisins var lögð niður og Íbúðalánasjóður settur á laggirnar með lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, voru lög um húsnæðissamvinnufélög aðskilin frá heildarlöggjöf um húsnæðismál og fundinn staður í sérstökum lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 161/1998. Mjög litlar breytingar urðu á þeim tíma á lögunum en þó var t.d. tekið út ákvæði um verðtryggingu á endurgreiðslu búseturéttar.

Núna eru nokkur húsnæðissamvinnufélög á landinu. Tvö þeirra eru langstærst, Búseti hsf. Reykjavík og Búmenn. Búseti hsf. Reykjavík var stofnað 15. október árið 1983 og voru fyrstu búsetuíbúðirnar teknar í notkun árið 1988. Í dag eru um 550 búsetuíbúðir í eigu og rekstri á vegum búsetafélaga, flestar á höfuðborgarsvæðinu, um 450. Á Akureyri eru yfir 60 íbúðir en síðan eru 5–15 íbúðir á Akranesi, á Húsavík, í Neskaupstað og á Egilsstöðum. Félagsmenn þessara félaga eru samtals um 2.800. Í lok síðasta árs stofnaði Búseti hsf. á höfuðborgarsvæðinu sérstakt félag til að annast rekstur leiguíbúða fyrir almennan markað. Það félag hefur nú hafið byggingu á fyrstu leiguíbúðunum sem byggðar eru samkvæmt sérstöku átaki til að fjölga leiguíbúðum.

Húsnæðissamvinnufélagið Búmenn var stofnað 8. nóvember 1998. Félagssvæðið er allt landið og hafa verið stofnaðar átta félagsdeildir innan þess. Búmenn voru í upphafi deild innan Búseta í Reykjavík sem síðan þróaðist í sjálfstætt landsfélag. Meginmunur milli Búseta og Búmanna er aldursskilyrði síðarnefndu en félagsmenn þurfa að hafa náð 50 ára aldri til að hafa rétt til búseturéttarkaupa. Íbúðir Búmanna eru með góðu aðgengi og m.a. þannig lögð áhersla á að íbúarnir geti búið í þeim eins lengi og kostur er. Búmenn hafa tekið 134 íbúðir í notkun í átta sveitarfélögum og hafa gefið út 2.600 félagsnúmer. Sveitarfélög sem hér um ræðir eru Akureyri, Bessastaðahreppur, Garður, Grindavík, Höfn, Kópavogur, Reykjavík og Sandgerði.

Húsnæðissamvinnufélagsformið er víða þekkt og þá sérstaklega á Norðurlöndum. Það sameinar að mörgu leyti eignar- og leigurétt. Félagsmenn kaupa sér svokallaðan búseturétt

fyrir ákveðna upphæð sem í upphafi er mismunur á áhvílandi langtímaláni og byggingarkostnaði, 10 eða 15% af andvirði íbúðarinnar og 10 eða 30%, en síðarnefndu prósentutölurnar eiga við Búmenn. Síðan er greiddur mánaðarlegur kostnaður er kallast búsetugjald.

Reynsla undanfarinna ára hefur verið leiðarljós frumvarpsvinnunnar. Markmiðin með frumvarpinu eru að gera lögin skýrari í framsetningu og setja traustari grunn undir ábyrgðarskiptingu milli húsnæðissamvinnufélaga og félagsmanna. Reglur um réttindi og skyldur félagsmanna eru gerðar skýrari jafnframt því að tryggja öruggari forsendur fyrir nauðsynlegu viðhaldi og rekstri þegar horft er til framtíðar. Einnig er verið að rýmka lögin og færa ákvörðunarvald um starfshætti í meira mæli til húsnæðissamvinnufélaganna.

Núgildandi lög um húsnæðissamvinnufélög hafa að ýmsu leyti verið erfið í framkvæmd. Í þeim er gerð krafa til íbúa/félagsmanna að axla meiri ábyrgð en gert er á almennum fasteignamarkaði. Þeim er gert að gera áætlanir um framtíðarviðhald húseignanna áratugi fram í tímann og tryggja að á hverjum tíma sé nægt fé til framkvæmda. Markmið um viðhaldsábyrgð og áætlunargerð til lengri tíma voru göfug en hafa reynst óraunhæf. Löggjafinn fól eigandanum, húsnæðissamvinnufélaginu, einungis yfirumsjón með rekstri búsetufélaganna (húsfélaganna). Búsetufélögin áttu síðan að sinna öllum rekstri húsanna og ákveða búsetugjaldið (mánaðarleigu) með tilliti til viðhalds- og rekstrarkostnaðar í nútíð og framtíð. Það er ekki nein hefð fyrir því að safna fyrir framtíðarviðhaldi í byggingum hérlendis og því eiga íbúar oft erfitt með að leggja gjald á sjálfa sig með tilliti til þarfa fyrir endurnýjun að 15, 20 eða 30 árum liðnum. Í upphafi var einnig gert ráð fyrir að félagið mundi ábyrgjast endurgreiðslu á búseturétti viðkomandi með verðbótum þegar íbúi óskaði eftir því að flytja úr íbúðinni.

Í nefndarstarfinu hefur verið leitast við að hafa samráð við forsvarsmenn húsnæðissamvinnufélaga. Framkvæmdastjóri Búseta sem og löggiltur endurskoðandi Búmanna hafa setið í nefndinni. Þegar drög að frumvarpstexta lágu fyrir á sumarmánuðum 2002 voru drögin send til umsagnar hjá Landssambandi húsnæðissamvinnufélaga og til Búmanna. Stjórn Búseta á Akureyri og í Reykjavík gerðu engar athugasemdir við drögin en stjórn Búmanna kom með ýmsar athugasemdir sem hafðar voru til hliðsjónar við lokafrágang frumvarpsins.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að innlausnarskylda húsnæðissamvinnufélaga á búseturétti er afnumin, endursala búseturéttar er gefin frjáls, ákvæði um númeraröð færð í samþykktir félaganna og tillaga er gerð um að viðhaldssjóður verði einn sameiginlegur sjóður.

Í núgildandi lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 161/1998, skal húsnæðissamvinnufélagið annast innlausn og endursölu búseturéttar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að húsnæðissamvinnufélagið ákveði á aðalfundi og setji í samþykktir sínar með hvaða hætti endursala fari fram. Meðal annars er fallið frá kaupskyldu húsnæðissamvinnufélaga en áfram ber félagsmaður aðeins ábyrgð á greiðslu búsetugjalds á meðan hann býr í íbúðinni, þar með talið út uppsagnarfrestinn. Eftir þann tíma er húsnæðissamvinnufélagi heimilt að leigja íbúðina hafi ekki tekist að selja búseturéttinn.

Í núgildandi lögum er heimild, en ekki skylda eins og áður, til að binda endursöluverð við vísitölu neysluverðs en því var breytt með lögum nr. 161/1998 eins og áður var vikið að. Í kjölfarið setti Búseti hsf. Reykjavík í samþykktir sínar reglur til að ákvarða endursöluverð búseturéttar með tvennum hætti. Annars vegar er lágmarksverð sem nemur upphaflegu verði búseturéttarins og kemur til greiðslu 12 mánuðum eftir uppsögn ef ekki tekst að selja búseturéttinn. Hins vegar er hámarksverð sem miðast við framreiknað upphaflegt verð búseturéttarins samkvæmt vísitölu neysluverðs. Endursöluverð getur því verið hvaða verð þar á milli og fer eftir framboði og eftirspurn hverju sinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélögin ákveði sjálf hvernig endursöluverð skuli ákveðið. Með því er endursala og verðlagning gefin frjáls ef félögin ákveða svo. Í þessu samhengi má vísa til nýsamþykktra laga um heimild til að víkja frá kaupskylduákvæðum vegna félagslegra eignaríbúða. Þróun á Norðurlöndum hefur verið á þann veg að verð búseturéttar ákvarðast af markaðsverði fremur en fyrir fram gefnum forsendum.

Í lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 161/1998, er kveðið á um að félagsmenn öðlist rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í félagið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðalfundur félagsins taki ákvörðun og setji um það reglur.

Í frumvarpinu er ákvæði um viðhaldssjóð þannig að hann er einn sjóður og alfarið á hendi húsnæðissamvinnufélagsins sem varðveitir viðhaldssjóðinn og ráðstafar fé úr honum í samráði við viðhaldsráð. Lagt er til að aðalfundur húsnæðissamvinnufélags setji nánari reglur um viðhaldssjóðinn, svo og reglur um viðhaldsráð. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds. Með einum öflugum viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags er ætlunin að ná betri ávöxtun, betri nýtingu fjármagns, aukinni samræmingu og ekki síst að tryggt verði enn frekar en áður að allar fasteignir húsnæðissamvinnufélagsins fái eðlilegt viðhald. Viðhaldsráð gegnir þarna veigamiklu hlutverki en gert er ráð fyrir kosningu viðhaldsráðs á aðalfundum félaganna en það skal starfa eftir reglum sem húsnæðissamvinnufélagið setur. Gerður er skýrari greinarmunur en áður á hvað er viðhald og hvað er endurnýjun sem og hvað viðhaldssjóðir eiga að greiða og hvaða viðhaldi íbúar sinna beint á sinn kostnað.

Sú breyting sem mesta umræðu hefur fengið er meðhöndlun viðhaldssjóða sem þegar eru til. Minna hefur farið fyrir umræðu um hvað beri að gera við viðhaldssjóði sem eru í skuld. Lagt er til að sjóðir sem nú eru í vörslu búsetufélaganna renni þegar í sameiginlegan viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélaganna enda er um að ræða fjármagn sem er sannanlega í eigu búsetufélaganna sem síðan er eign húsnæðissamvinnufélagsins. Félagið ber jafna ábyrgð á öllum fasteignum sínum óháð núverandi ástandi á húseignunum og fjárhagsstöðu einstakra viðhaldssjóða. Því er nauðsynlegt að koma viðhaldsmálum strax í það horf sem nefndin telur heillavænlegast fyrir húsnæðissamvinnufélögin í heild sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. málsl. 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. gr. núgildandi laga. Í 2. málsl. 1. mgr. er húsnæðissamvinnufélögum heimilað að byggja, kaupa, eiga og reka húsnæði sem tengist starfsemi félagsins, svo sem þjónustu- og dvalarhúsnæði.

Í 2. mgr. er fellt niður að það sé jafnframt markmið húsnæðissamvinnufélaga að eiga aðild að tilgreindum félögum en lögð til heimild til að stofna félög eða eiga aðild að félögum sem falla að starfsemi húsnæðissamvinnufélaga. Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða 1. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á greininni:

Í 3. tölul. er lagt til að sá teljist búseturéttarhafi sem keypt hefur búseturétt í stað núgildandi ákvæðis um að það sé sá sem hefur öðlast búseturétt. Ákvæðið ber að skýra með hliðsjón af 2. mgr. 19. gr. þar sem húsnæðissamvinnufélagið getur heimilað að maki eða lögerfingi verði búseturéttarhafi.

Í 5. tölul. telst búseturéttargjald gjald til kaupa á búseturétti. Það er nákvæmara orðalag en greiðsla til að öðlast búseturétt.

Tilgreint er sérstaklega í 6. tölul. að búsetugjald skuli greiðast mánaðarlega.

Við orðskýringu á búsetufélagi í 7. tölul. er búsetufélag skilgreint sem félag búseturéttarhafa í tilteknu húsi en ekki í tilteknum byggingaráfanga eða á ákveðnu svæði eins og er í 7. tölul. 2. gr. núgildandi laga. Þá er áréttað að búsetufélag starfi sem deild innan húsnæðissamvinnufélags.

Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Í greininni er tilgreint nákvæmlegar en í 3. gr. núgildandi laga hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til stofnunar húsnæðissamvinnufélags.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli og þar eru talin upp atriði sem verða að koma fram í samþykktum húsnæðissamvinnufélags. Þeim er ætlað að tryggja að ljóst liggi fyrir hvernig starfsemi húsnæðissamvinnufélags skuli háttað í grundvallaratriðum. Eftir sem áður skal félagsmálaráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum og allar breytingar á gildandi samþykktum félaga skal tilkynna ráðuneytinu.

Eldri samþykktir halda gildi sínu þótt þær fullnægi ekki að fullu skilyrðum 2. mgr. 4. gr.

Um 5. gr.

Í greininni er talið upp á hvern hátt húsnæðissamvinnufélag aflar fjár. Greinin byggist á sömu stofnum og 16. gr. núgildandi laga en um meðferð fjárins er nánar kveðið á í öðrum greinum frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í greininni er áréttað að húsnæðissamvinnufélag verði að uppfylla skilyrði og skyldur samkvæmt lögum um húsnæðismál og reglugerðum hafi félagið tekið lán á grundvelli þeirra.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. felst breyting frá 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga þar sem lagt er til að í samþykktum hvers húsnæðissamvinnufélags sé kveðið á um rétt félagsmanna til að fá keyptan búseturétt sem nú er lögbundinn. Húsnæðissamvinnufélag hefur val í þessum efnum og getur þess vegna ákveðið að miða við röð, númerakerfi eins og kveðið er á um í núgildandi 1. mgr. 4. gr. eða á annan tilgreindan hátt en ákvörðun verður að koma fram í samþykktum húsnæðissamvinnufélagsins, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 4. gr.

Önnur ákvæði eru efnislega í samræmi við núgildandi 4. gr.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er fjallað um ákvörðun búseturéttargjalds í upphafi við byggingu eða kaup íbúðar og í 2. mgr. er fjallað um ákvörðun búseturéttargjalds við síðari ráðstöfun íbúðar.

Efnislega er 1. mgr. greinarinnar samhljóða 1. mgr. 5. gr. núgildandi laga að viðbættu ákvæði um framlag í varasjóð sem reiknast með við ákvörðun búseturéttargjalds. Eins og í núgildandi ákvæði er reiknað með að búseturéttargjald í upphafi nemi mismun á byggingarkostnaði/kaupverði og lánsfjármögnun en til viðbótar skal einnig reikna með framlagi í

varasjóð við ákvörðun búseturéttargjalds. Framlag í varasjóð telst ekki hluti byggingarkostnaðar/kaupverðs og er þar með ekki lánshæft hjá Íbúðalánasjóði.

2. mgr. er nýmæli þar sem ákvörðun búseturéttargjalds við síðari ráðstöfun íbúðar fer eftir samþykktum húsnæðissamvinnufélags, sbr. 2. mgr. 4. gr., en viðmið er ekki lögbundið eins og nú er.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða 6. gr. núgildandi laga um stofnun búseturéttar en í 19.–22. gr. er fjallað um tilvik þar sem búseturéttarhafi glatar rétti til búsetu eða segir upp búseturétti. Fellt er niður það ákvæði að erindi frá félagsmálaráðuneytinu sé skilyrði ráðstöfunar íbúða samkvæmt beiðni frá ríki, sveitarfélagi eða almannasamtökum. Heimild húsnæðissamvinnufélags til ráðstöfunar íbúða til annarra en félagsmanna er rýmkuð og nær einnig til félaga sem gætu einnig verið fyrirtæki. Félagsmenn ganga fyrir við ráðstöfun íbúða þannig að ætlast er til að þessi heimild verði ekki nýtt nema í þeim tilfellum þegar íbúðir ganga ekki út til félagsmanna.

Um 11. gr.

Í greininni eru talin upp atriði sem m.a. er áskilið að fram komi í búsetusamningi. Athygli er vakin á 9. tölul. þar sem ætlað er að úttektaryfirlýsing sé hluti af búsetusamningi.

Um 12. gr.

Í 2. mgr. er talið upp hvað felst í búsetugjaldi. Annars vegar er um að ræða ákveðinn kostnað og afborganir, sbr. 1. og 4. tölul., og hins vegar framlög sem annars vegar ákveðast af búsetufélaginu í hússjóð skv. 2. tölul. og af húsnæðissamvinnufélaginu í viðhaldssjóð skv. 3. tölul. Búsetugjaldið greiðist til húsnæðissamvinnufélagsins sem skiptir því milli framangreindra þátta.

Um 13. gr.

Ákvæði 13. gr. tengist úttekt skv. 14. gr. og eru talin upp þau atriði sem krafist er að séu í lagi við lok búsetusamnings. Við úttekt í lok búsetusamnings skulu þessi atriði nákvæmlega skráð í úttektaryfirlýsingu sem báðir aðilar, búseturéttarhafi og fulltrúi húsnæðissamvinnufélags, undirrita.

Um 14. gr.

Greinin er nýmæli þar sem áhersla er lögð á úttekt á íbúð í upphafi og við lok búsetusamnings. Úttekt skal færð á eyðublað sérstakrar úttektaryfirlýsingar sem húsnæðissamvinnufélagið leggur til og þar eru m.a. greind atriði sem greinir í 13. gr. Væntanlegur eða fráfarandi búseturéttarhafi skal vera viðstaddur úttekt, svo og fulltrúi frá húsnæðissamvinnufélagi, og hvor um sig samþykkja úttektina með undirritun sinni. Úttektaryfirlýsing sem aðilar hafa undirritað hefur sönnunargildi varðandi skil og ástand íbúðar.

Komi aðilar sér ekki saman um ástand íbúðar, bótafjárhæð eða tjón getur hvor aðili um sig óskað eftir mati byggingarfulltrúa á tjóni og/eða mati dómkvaddra matsmanna. Sá sem biður um mat ber kostnað af því.

Um 15. gr.

Greinin er nýmæli. Í 2. mgr. er fjallað um viðhald sem búseturéttarhafa er skylt að annast á sinn kostnað og þau atriði tilgreind.

Í 3. mgr. er tilgreindur kostnaður vegna endurnýjunar sem greiðist úr viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags, sbr. 1. mgr. 16. gr. Húsnæðissamvinnufélag setur sér reglur um viðhaldssjóðinn og lögð er áhersla á að búseturéttarhafa séu kynntar reglurnar við gerð búsetusamnings.

Í 4. mgr. er fjallað um tjón af völdum búseturéttarhafa og hvernig úr skuli bætt. Húsnæðissamvinnufélag getur látið framkvæma viðgerð á kostnað búseturéttarhafa og þá eftir atvikum skert búseturéttargjald viðkomandi búseturéttarhafa sem nemur kostnaðinum.

Þrátt fyrir tilgreiningu á viðhalds- og endurnýjunarþáttum í 2. mgr. og 3. mgr. er heimilt að kveða á um aðra skiptingu með fráviki í búsetusamningi.

Um 16. gr.

Í greininni er breytt ákvæði um viðhaldssjóð þannig að viðhaldssjóður er einn sjóður og alfarið á hendi húsnæðissamvinnufélagsins sem varðveitir sjóðinn og ráðstafar fé úr honum í samráði við viðhaldsráð. Samkvæmt núgildandi lögum eru viðhaldssjóðir hjá hverju og einu búsetufélagi.

Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags setur nánari reglur um viðhaldssjóðinn svo og reglur um viðhaldsráð. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds. Með einum öflugum viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags er ætlunin að ná betri ávöxtun, betri nýtingu fjármagns, aukinni samræmingu og ekki síst að tryggt verði enn frekar en áður að allar fasteignir húsnæðissamvinnufélagsins fái eðlilegt viðhald. Viðhaldsráð gegnir þarna veigamiklu hlutverki. Stjórn búsetufélags skipar sérstakan aðila sem sér um samskipti við viðhaldsráð fyrir hönd búsetufélagsins og er það til að einfalda samskipti og samvinnu við framkvæmdir.

Um 17. gr.

Í greininni er lögð áhersla á að búseturéttarhafi leiti fyrir fram samþykkis húsnæðissamvinnufélags fyrir breytingum á húsnæði, skiptingu kostnaðar og hvernig með skuli fara við lok búsetusamnings. Einungis þær breytingar eða endurbætur sem húsnæðissamvinnufélagið hefur samþykkt og samkomulag er um standa áfram við lok búsetusamnings. Annars ber búseturéttarhafa að koma íbúð í upphaflegt horf, sbr. ákvæði 24. gr. um skil íbúðar.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um skyldu búseturéttarhafa til að veita aðgang að búsetuíbúð ef húsnæðissamvinnufélag telur viðgerð nauðsynlega.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. um ráðstöfun búseturéttar og 14. gr. um framleigu í núgildandi lögum að öðru leyti en því að 2. mgr. 7. gr. um skyldu félagsmanna til að uppfylla ákvæði laga um húsnæðismál er færð í 8. gr. frumvarpsins. Þá er rýmkuð heimild húsnæðissamvinnufélags til að heimila lögerfingja rétt til afnota af íbúð.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um uppsögn búseturéttar og eru ákvæðin efnislega hin sömu og í núgildandi 12. gr. en nánar kveðið á um uppsagnarfrest og rýmingu.

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli þar sem kveðið er á um heimild búseturéttarhafa til að rifta búsetusamningi í greindum tilvikum. Um er að ræða tilvik sem búseturéttarhafa verður ekki um

kennt og litið svo á að tilvik verði túlkuð þannig að um sé að ræða veruleg frávik frá búsetusamningi eða að spilling húsnæðis sé svo veruleg að húsnæði nýtist ekki búseturéttarhafa.

Um 22. gr.

Í greininni eru tekin saman atriði úr 6., 8. og 12. gr. núgildandi laga um missi réttar til húsnæðis og riftun búsetusamnings.

Í öllum tilvikum þar sem húsnæðissamvinnufélag hyggst beita heimild sinni til riftunar skal búseturéttarhafa tilkynnt áður á tryggilegan hátt að félagið muni neyta réttar síns ef ekki er úr bætt í samræmi við tilkynningu.

Um 23. gr.

Greinin er nýmæli um bætur búseturéttarhafa til húsnæðissamvinnufélags við riftun búsetusamnings. Búseturéttarhafi skal bæta sannanlegt tjón sem leiðir beint af vanefndum hans og er þá átt við beint tjón en ekki óbeint tjón húsnæðissamvinnufélagsins. Að auki skal búseturéttarhafi greiða bætur sem jafngilda búsetugjaldi allt að sex mánuði eftir rýmingu hafi húsnæðissamvinnufélagið ekki ráðstafað íbúð fyrir það tímamark. Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að draga bætur frá búseturéttargjaldi við uppgjör við búseturéttarhafann.

Um 24. gr.

Í greininni er áréttað að búseturéttarhafi beri ábyrgð á allri rýrnun og spjöllum á íbúð umfram eðlilegt slit vegna notkunar. Þannig ber að skilja ákvæði um að íbúð skuli vera í sama ástandi við skil og í upphafi þegar búseturéttarhafi tók við íbúðinni.

Um 25. gr.

Nýmæli er að húsnæðissamvinnufélagi er ekki skylt samkvæmt lögum að ábyrgjast endurgreiðslu búseturéttargjalds. Um kaupverð búseturéttar, greiðsluform þess og endurgreiðslu búseturéttar fer samkvæmt samþykktum húsnæðissamvinnufélags. Þetta gildir um búsetusamninga sem gerðir eru eftir að frumvarp þetta öðlast lagagildi og um eldri búsetusamninga þar sem búseturéttarhafi óskar að farið sé með samkvæmt samþykktunum.

Þá er húsnæðissamvinnufélagi heimilt að kaupa búseturétt ef um semst.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um stofnun og hlutverk búsetufélags og þar eru lagðar til breytingar frá núgildandi lögum. Breytingar felast einkum í því að hlutverk búsetufélags er fyrst og fremst að gæta þess að hagnýting húss sé ávallt með eðlilegum hætti, svo og umsjón og ákvörðun með hússjóð búsetufélags sem hefur skilgreindan tilgang. Búsetufélag tekur einvörðungu til húsa þar sem allar íbúðir eru búsetuíbúðir. Lög um fjöleignarhús taka til húsa þar sem íbúðir eru blandaðar og er þá húsnæðissamvinnufélagið aðili vegna eignarráða á íbúðum félagsins.

Greinin gerir ráð fyrir að í öllum tilfellum verði stofnað búsetufélag í tilteknu húsi enda allar íbúðir búsetuíbúðir. Búsetufélagið getur hins vegar falið húsnæðissamvinnufélaginu að annast verkefni búsetufélagsins að hluta eða öllu leyti.

Um 27. gr.

Í greininni er lögð áhersla á breytt hlutverk búsetufélags sem verður í líkingu við venjulegt húsfélag. Til að einfalda samskipti við viðhaldsráð og gera þau skilvirkari skal stjórn búsetufélags tilnefna ákveðinn aðila til að annast samskipti og milligöngu við viðhaldsráð fyrir hönd búsetufélagsins.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um annað meginhlutverk búsetufélags sem er að ákveða gjald í hússjóð sem búsetufélagið ræður alfarið. Framlag í hússjóð búsetufélags er hluti af búsetugjaldi. Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags getur ákveðið lágmarksgjald í hússjóðinn og hvert búsetufélag getur eftir atvikum ákveðið viðbótargjald. Í 2. mgr. er talinn upp kostnaður sem greiddur er úr hússjóði búsetufélags.

Hússjóði búsetufélags er ætlað að standa undir venjulegu viðhaldi bílastæða lóðar og innra byrðis húss en meiri háttar endurbætur eða endurnýjun fellur undir viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélagsins, sbr. 16. gr.

Um 29. og 30. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 18. og 19. gr. núgildandi laga.

Um 31. gr.

2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að stjórn húsnæðissamvinnufélags sé skylt að verða við óskum aðila eldri búsetusamninga og samþykkta um að með málefni þeirra sé farið samkvæmt ákvæðum laga þessara. Það gæti einkum átt við ef búseturéttarhafi teldi sér það hagkvæmara við sölu á búseturétti sínum.

Í 4. mgr. er lagt til að viðhaldssjóðir, sem nú eru í vörslu búsetufélaganna, renni í sameiginlegan viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélagsins. Talið er nauðsynlegt að koma viðhaldsmálum strax í það horf sem heillavænlegast er talið fyrir húsnæðissamvinnufélögin til lengri tíma litið. Lögð er áhersla á að félögin bera ábyrgð á öllum fasteignum sínum óháð núverandi ástandi húseigna og fjárhagsstöðu einstakra viðhaldssjóða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða er efnislega samhljóða núgildandi ákvæðum til bráðabirgða I og II.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný heildarlög um húsnæðissamvinnufélög. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

458. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Hörð Lárusson frá menntamálaráðuneyti.

Tilgangur frumvarpsins er að koma í framkvæmd hér á landi tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/19/EB sem lýtur að einföldun á gildandi reglum um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum sem m.a. koma fram í tilskipunum Evrópusambandsins nr. 89/48/EBE og 92/51/EBE. Með innleiðingu tilskipunarinnar er jafnframt verið að samræma ákvæði á þessu sviði og skýra frekar atriði sem hafa þótt óljós.

Tilgangur þessara tilskipana er að auðvelda frjálsan flutning ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins sem óska eftir því að stunda starf sitt í öðru landi en því sem þeir hlutu menntun sína og starfsþjálfun í. Framkvæmd framangreindra tilskipana hefur þannig auðveldað íslenskum ríkisborgurum að fá heimild til að starfa í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Kjartan Ólafsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 2002.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Ólafur Örn Haraldsson.	Sigríður Ingvarsdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	

459. Svar [294. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um bann við notkun á nónýlfenól-etoxýlötum (NFE) í hreinsiefnum.

1. *Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir tilmælum OSPAR-samningsins um að stöðva notkun á nónýlfenól-etoxýlötum (NFE) í hreinsiefnum?*

Málefnið hefur verið til athugunar í ráðuneytinu en það tengist m.a. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hollustuvernd ríkisins hefur kynnt helstu notendum NFE hér á landi tilmæli OSPAR-samningsins. Evrópusambandið lagði 16. ágúst sl. fram drög að 26. breytingu á tilskipun nr. 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna hættulegra efna og efnablandna, þar sem lagt er til að markaðssetning og notkun nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata verði bönnuð í hreinsiefnum og á fleiri notkunarsviðum. Þessi tillaga (skjal COM

(2002) 459 Final), sem verið hefur í undirbúningi frá 2000, er gerð í kjölfar áhættumats þar sem metin voru óæskileg áhrif þessara efna á umhverfi og heilsu. Ekki er líklegt að ákvæði væntanlegrar tilskipunar taki gildi í Evrópusambandinu fyrr en í fyrsta lagi eftir tvö ár. Því er til skoðunar hvort sett skuli reglugerð fyrr hér á landi áður en gengið verður frá málinu hjá ESB. Ef svo fer verður bannið einhliða og verður þá að tilkynna það samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Þá getur reglugerðin í fyrsta lagi tekið gildi þremur mánuðum eftir tilkynninguna, þ.e. hreyfi aðildarríkin ekki andmælum en annars lengist tíminn. Byggist þessi málsmeðferð á því að um er að ræða reglugerð sem felur í sér tæknilega viðskiptahindrun.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að notkun NFE verði bönnuð með reglugerð líkt og sumar nágrannaþjóðir okkar hafa gert?*

Misjafnt er til hvaða ráða nágrannaþjóðirnar hafa gripið til að takmarka notkun nónýlfenól-etoxýlata. Í löndum þar sem hefð er fyrir frjálsu samkomulagi við iðnaðinn, svo sem í Danmörku og Svíþjóð, hefur náðst góður árangur í því að takmarka notkun þessara efna með samningum án frekari afskipta hins opinbera. Önnur lönd, svo sem Noregur, hafa gripið til þess ráðs að banna nónýlfenól-etoxýlöt og fleiri svipuð efni í hreinsiefnum. Setning reglugerðar með hliðstæðum hætti og í Noregi er til athugunar í ráðuneytinu í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

3. *Hefur umfang innflutnings á NFE og vörum sem innihalda NFE verið kannað?*

Heildarumfang notkunar nónýlfenól-etoxýlata hefur ekki verðið kannað. Þekkt er þó að efnin eru til staðar í einhverjum mæli í vörum á markaði. Erfitt er að kanna heildarumfang innflutnings á vörum sem innihalda nónýlfenól-etoxýlat, enda er mikið af hreinsiefnum á markaðinum og breytilegt hvaða vara er á boðstólum hverju sinni. Nónýlfenól-etoxýlat, sem er ójónuð sápa, fellur í sama tollflokk og fjöldi af öðrum ójónuðum sápum. Hollustuvernd ríkisins hefur gert tilraun til að meta magn nónýlfenól-etoxýlats í tilbúnum sápuvörum. Efnin finnast tæpast lengur í vörum frá helstu viðskiptalöndum okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) vegna sameiginlegs átaks stjórnvalda og iðnaðar og/eða banns stjórnvalda. Í sápuvörum frá Bandaríkjunum er meira um nónýlfenól-etoxýlöt, en innflutningur þaðan er mjög lítill í magni talið. Í innlendum sápuiðnaði er notkun nónýlfenól-etoxýlata á undanhaldi og eru efnin nú nær eingöngu notuð í tjöruleysa fyrir bíla, þ.e. þá gerð tjöruleysa sem í er terpentína. Dregið hefur úr þessari notkun og er Hollustuvernd ríkisins aðeins kunnugt um einn framleiðanda sem enn notar nónýlfenól-etoxýlöt í framleiðslu sinni. Snyrtivörur bæði frá löndum innan EES og Bandaríkjunum eru lausar við nónýlfenól-etoxýlöt. Nónýlfenól-etoxýlöt voru einnig notuð sem hráefni í málningarframleiðslu í litlu magni en eru horfin þaðan að mestu leyti.

4. *Hafa umhverfisyfirvöld á Íslandi efnt til samstarfs við fulltrúa atvinnulífsins til þess að stöðva notkun á NFE?*

Umhverfisstjórnvöld hafa ekki gert formlegt samkomulag við fulltrúa atvinnulífsins um að hætta notkun nónýlfenól-etoxýlata. Hollustuvernd ríkisins hefur þó eins og áður hefur komið fram verið í beinu sambandi við sápuframleiðendur sem eru stærstu notendurnir og upplýst þá um tilmæli OSPAR-samningsins (PARCOM recommendation 92/8 on Nonylphenol-Ethoxylates) og hefur það m.a. skilað umræddum árangri. Einnig hefur stofnunin upplýst innflytjendur um tilmælin og lagt að þeim að stöðva innflutning vöru sem í eru nónýlfenól-etoxýlöt. Unnið er að því nú að reyna að ná til allra innflytjenda og framleiðenda

og kanna hversu mikið af hreinlætisvörum á markaði inniheldur nónýlfenól-etoxýlöt. Aðgerðir í framhaldi af því taka mið af niðurstöðu þessarar könnunar.

460. Svar [300. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um erfðabreytt matvæli.

1. *Hvað líður vinnu við reglugerð um nýfæði og merkingu erfðabreyttra matvæla?*

Hafist var handa við undirbúning reglugerðar um nýfæði, þ.m.t. erfðabreytt matvæli, árið 1999 þar sem búist var við að EB-gerð um nýfæði yrði fljótlega tekin inn í EES-samninginn. Vegna andstöðu Norðmanna við viðmiðunarmörkin í núgildandi reglum Evrópusambandsins hefur það ekki gengið eftir. Umhverfisráðuneytið hefur nýlega óskað eftir tilnefningum í starfshóp sem ætlað er að fara yfir stöðu mála á grundvelli reglugerða Evrópusambandsins og skila greinargerð og tillögum til ráðherra. Starfshópurinn verður skipaður bráðlega. Að lokinni vinnu hans verður tekin afstaða til þess hvort settar verða reglur um nýfæði og merkingu erfðabreyttra matvæla verði það ekki gert á grundvelli EES-samningsins.

2. *Hvað líður endurskoðun á reglugerð Evrópusambandsins um nýfæði og er gert ráð fyrir miklum breytingum frá þeim reglum sem nú gilda?*

Reglugerð Evrópusambandsins um nýfæði hefur verið í endurskoðun frá því hún var birt, árið 1997. Fram hafa komið tillögur um að skipta henni upp í tvo hluta, annars vegar erfðabreytt matvæli og fóður og hins vegar annað nýfæði. Fyrir liggur tillaga framkvæmdastjórnarinnar um nýja gerð um erfðabreytt matvæli og fóður og hefur hún verið í skoðun hjá aðildarríkjum ESB undanfarin missiri en gert er ráð fyrir að nokkur tími líði áður en hún tekur gildi.

3. *Hvernig hefur fræðslu til almennings um erfðabreytt matvæli verið háttað hingað til?*

Á vegum stjórnvalda hefur fræðsla um erfðabreytt matvæli einkum farið fram á heimasíðu Hollustuverndar ríkisins og með fyrirlestrum sem starfsmenn stofnunarinnar hafa haldið. Meðal annars sá Hollustuvernd ríkisins um námskeið um erfðabreytt matvæli á vegum Endurmenntunarstofnunar HÍ haustið 1999. Þá hélt umhverfisráðuneytið opinn fund um erfðabreytt matvæli í mars árið 2000 sem var vel sóttur. Loks hefur verið unnið að bæklingi um erfðabreytt matvæli sem ætlunin er að dreifa þegar reglugerð verður gefin út.

4. *Hvað hefur verið því til fyrirstöðu að setja sjálfstæðar reglur um nýfæði og merkingu erfðabreyttra matvæla á Íslandi á sama hátt og Norðmenn gerðu 1997?*

Eins og fram kemur að framan var búist við því að nýfæðisreglugerðir ESB færu inn í EES-samninginn og yrðu þá teknar inn í íslenskan rétt. Þegar ljóst var að andstaða Norðmanna kæmi í veg fyrir þetta var vinna við nýja skipan mála hafin hjá Evrópusambandinu og ljóst að töluverðra breytinga væri að vænta. Því var talið rétt að bíða og sjá hvaða breytingar yrðu á reglum Evrópusambandsins áður en innflytjendum og framleiðendum væri gert að leggja í mikinn kostnað við merkingar/endurmerkingar sem hugsanlega þyrfti að breyta aftur og þá með töluverðum viðbótarkostnaði. Hafa verður og í huga að Íslendingar flytja hlutfallslega inn meira af matvælum beint frá Bandaríkjunum en ESB-ríkin og Noregur en engar kröfur eru gerðar um merkingar á erfðabreyttum matvælum í Bandaríkjunum og engin

teikn á lofti um að það verði gert á komandi árum. Kröfur um merkingar munu því leiða til hækkaðs verðs á þessum vörum og því talið mikilvægt að ekki þurfi að breyta reglum um þær fljótlega eftir að þær hafa verið settar.

461. Svar [173. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rekstrartap fyrirtækja.

1. *Hvert var uppsafnað yfirfæranlegt rekstrartap fyrirtækja í ársbyrjun 1999, 2000 og 2001?*

Umbeðnar upplýsingar eru sem hér segir:

Í ársbyrjun	Millj. kr.
1999	84.092
2000	90.024
2001	128.625

2. *Hvað hefur nýting rekstrartapsins leitt til mikillar lækkunar á skattstofni fyrirtækja á þessum árum og hverjar hefðu skattgreiðslurnar orðið án þessarar lækkunar tekjuskattsstofnsins?*

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um áhrif af nýtingu rekstrartaps frá fyrri árum á tekjuskattgreiðslur fyrirtækja. Eftirfarandi tafla gefur hins vegar grófa mynd af þessum áhrifum en hún sýnir hver lækkun nýtanlegs rekstrartaps er hjá fyrirtækjum þar sem á annað borð kemur fram lækkun og áætlað tekjutap af þeirri lækkun.

Í ársbyrjun	Fjöldi	Áætluð lækkun taps, millj. kr.	Áætluð lækkun tsk., millj. kr.
1999	3.228	20.918	6.312
2000	3.357	22.220	6.706
2001	3.515	21.476	6.501

3. *Hvert var ónýtt yfirfæranlegt rekstrartap í árslok 2001?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra nam ónýtt yfirfæranlegt rekstrartap í árslok 2001 samtals 173.205 millj. kr. miðað við stöðu álagningargagna 18. október 2002. Ljóst er að þessi fjárhæð á eftir að lækka talsvert við kærur og endurákvarðanir á áætlunum á næstu mánuðum.

4. *Hversu mörg fyrirtæki sýndu hagnað á árunum 1999, 2000 og 2001 en voru skattlaus vegna nýtingar á yfirfæranlegu tapi? Hver var hagnaður þeirra á þessum árum í heild og sundurliðað eftir atvinnugreinum?*

Í eftirfarandi yfirlitum frá embætti ríkisskattstjóra birtast umbeðnar upplýsingar eftir árum og atvinnugreinum.

Yfirlit I. Tekjuskattsstofn og yfirfæranlegt tap lögaðila 1997–2001.
Upphæðir í millj. kr.

Rekstrar-ár	Lögaðilar	Þar af tekju-skatts- og eignar-skattsskyldir	Lögaðilar með yfirfæranlegt tap	Tekju-skattsstofn	Yfirfæran-legt tap	Tekju-skattur
1997	19.715	13.187	6.853	20.576	81.342	6.897
1998	20.846	14.113	7.266	28.623	84.092	8.629
1999	22.476	15.616	7.804	29.888	90.024	9.406
2000	24.053	17.004	8.693	25.674	128.625	7.807
2001	25.672	18.610	8.367	33.283	173.205	10.127

Upplýsingar byggjast á skattframtölum lögaðila vegna álagningar 1998–2002 og miðast við stöðu álagningargagna 18. október 2002.

Yfirlit II. Lækkun á yfirfæranlegu tapi og skattaleg áhrif þess 1998–2001.
Upphæðir í millj. kr.

	1998	1999	2000	2001
Fjöldi með lækkun á yfirfæranlegu tapi	3.228	3.357	3.515	4.441
Uppreiknað yfirfæranlegt tap í byrjun árs	45.925	39.166	38.874	62.548
Yfirfæranlegt tap í lok árs	25.007	16.946	17.398	23.820
Lækkun taps frá fyrra ári	20.918	22.220	21.476	38.728
Skattskyldur rekstrarhagnaður ársins	23.763	25.804	24.282	47.990
Tekjuskattsstofn að frádregnu yfirfæranlegu tapi	2.845	3.584	2.807	9.262
Tekjuskattur án nýtingar yfirfæranlegs taps	7.152	7.788	7.352	14.458
Tekjuskattur	840	1.082	851	2.790
Áætluð skattaleg áhrif nýtingar taps	6.312	6.706	6.501	11.668
Áætluð skattaáhrif nýtingar yfirfæranlegs taps lögaðila sem voru með lækkun á yfirfæranlegu tapi frá fyrra ári og greiddu engan tekjuskatt.				
Fjöldi með lækkun á yfirfæranlegu tapi	2.136	2.098	2.111	2.163
Uppreiknað yfirfæranlegt tap í byrjun árs	42.096	33.094	33.135	44.251
Yfirfæranlegt tap í lok árs	24.999	16.934	17.386	23.818
Lækkun taps frá fyrra ári	17.097	16.160	15.749	20.433
Skattskyldur rekstrarhagnaður ársins	17.097	16.160	15.749	20.433
Tekjuskattur án nýtingar yfirfæranlegs taps	5.157	4.874	4.754	6.156
Áætluð skattaleg áhrif nýtingar taps	5.157	4.874	4.754	6.156

Upplýsingar byggjast á skattframtölum lögaðila vegna álagningar 1998–2002 og miðast við stöðu álagningargagna 18. október 2002.

Yfirlit III.
Áætluð skattaáhrif af yfirfæranlegu tapi lögaðila sem ekki greiddu tekjuskatt af hagnaði. Upphæðir í millj. kr.

Bálkur	Atvinnugrein	Fjöldi með lækkun yfirfæranlegs taps	Yfirfæranlegt tap í byrjun árs	Yfirfæranlegt tap í lok árs	Lækkun taps frá fyrra ári	Áætluð skattaáhrif
Framtöl 1998.						
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	43	266	192	74	23
B	Fiskveiðar	80	3.729	2.557	1.172	352
D	Iðnaður	314	10.429	6.841	3.588	1.080
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	208	2.017	1.310	706	214
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	447	4.306	3.093	1.213	374
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	94	990	457	533	160
I	Samgöngur og flutningar	68	3.661	1.968	1.693	508
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	36	6.005	4.293	1.712	514
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	436	6.271	2.868	3.403	1.024
M	Fræðslustarfsemi	14	14	9	5	2
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	23	27	18	9	3
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	93	1.157	588	568	172
	Annað, ótilgreint	280	3.223	802	2.421	732
	Samtals	**2.136**	**42.096**	**24.999**	**17.097**	**5.157**
Framtöl 1999.						
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	37	151	88	63	20
B	Fiskveiðar	102	3.338	1.616	1.721	517
D	Iðnaður	313	7.570	4.975	2.595	783
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	200	1.859	1.139	720	220
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	442	4.991	2.947	2.044	619
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	93	551	314	237	71
I	Samgöngur og flutningar	86	3.312	1.227	2.084	626
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	29	4.335	1.526	2.809	843
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	450	3.349	2.140	1.209	365
M	Fræðslustarfsemi	7	19	13	7	2
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	12	17	9	8	2
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	94	743	478	264	80
	Annað, ótilgreint	233	2.859	461	2.397	726
	Samtals	**2.098**	**33.094**	**16.934**	**16.160**	**4.874**

Bálkur	Atvinnugrein	Fjöldi með lækkun yfirfæranlegs taps	Yfirfæranlegt tap í byrjun árs	Yfirfæranlegt tap í lok árs	Lækkun taps frá fyrra ári	Áætluð skattaáhrif
Framtöl 2000						
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	46	202	58	144	45
B	Fiskveiðar	97	3.836	1.636	2.200	660
D	Iðnaður	321	10.311	6.020	4.291	1.291
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	199	1.937	903	1.035	316
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	407	4.604	2.855	1.749	531
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	80	766	285	481	145
I	Samgöngur og flutningar	64	956	556	400	120
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	28	4.945	2.465	2.481	744
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	494	3.563	1.619	1.944	589
M	Fræðslustarfsemi	6	20	8	12	4
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	22	33	21	12	4
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	101	488	259	229	69
	Annað, ótilgreint	246	1.473	703	770	235
	Samtals	**2.111**	**33.135**	**17.386**	**15.749**	**4.754**
Framtöl 2001						
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	42	249	87	162	49
B	Fiskveiðar	117	6.087	2.843	3.244	974
D	Iðnaður	306	17.849	11.861	5.989	1.801
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	190	1.710	985	726	220
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	389	4.590	2.621	1.969	598
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	97	762	407	355	107
I	Samgöngur og flutningar	70	2.909	1.233	1.676	503
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	31	1.417	472	946	284
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	496	6.199	2.513	3.686	1.111
M	Fræðslustarfsemi	10	7	4	3	1
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	27	52	30	22	7
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	100	1.071	340	730	220
	Annað, ótilgreint	288	1.349	422	927	284
	Samtals	**2.163**	**44.251**	**23.818**	**20.433**	**6.156**

462. Svar [263. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um breytingar á skattbyrði árin 1995–2000.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var heildarskattbyrði af sköttum til ríkisins á hverju áranna 1995–2000? Með skattbyrði er hér átt við skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Óskað er eftir að notaðar verði sömu skilgreiningar og OECD notar í skýrslum sínum (Revenue Statistics).*
2. *Hver var heildarskattbyrði að meðaltali í ríkjum OECD á sömu árum?*
3. *Hver var skattbyrði af tekjusköttum einstaklinga (almennum tekjuskatti, útsvari, sérstökum tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti) á sömu árum, þ.e. tekjur ríkis og sveitarfélaga af tekjusköttum á einstaklinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu?*
4. *Hver var skattbyrði af tekjusköttum lögaðila á sömu árum, þ.e. tekjur ríkisins af tekjusköttum lögaðila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu?*
5. *Hver var skattbyrði af tekjusköttum einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar að meðaltali í ríkjum OECD á sömu árum?*

Samanburður milli landa.

Samanburður milli landa er ekki einhlítur. Jafnvel þótt stuðst sé við almennt viðurkenndar skilgreiningar alþjóðastofnana eins og OECD er nauðsynlegt að hafa í huga ýmis atriði sem geta tengst mismunandi atvinnuuppbyggingu og þjóðfélagsþáttum í viðkomandi löndum. Það þarf að taka slíkum samanburði með vissum fyrirvörum.

Þetta gildir meðal annars um skattalegan samanburð þar sem skattkerfi landa geta verið mjög ólík að uppbyggingu og samsetningu. Sem dæmi má nefna að neysluskattar vega mun þyngra í skatttekjum hér á landi en víða annars staðar. Skattlagning á tekjur og laun, jafnt tekjuskattar sem tryggingagjöld sem lögð eru á laun og greiðast í flestum löndum nema Íslandi bæði af launafólki og atvinnurekendum, er hins vegar lægri hér á landi. Loks er rétt að hafa í huga að samanburður sem miðast við hlutfall af landsframleiðslu er þeim annmörkum háður að hann tekur ekki tillit til mismunandi efnahagsástands viðkomandi ríkja, þ.e. að eitt ríki kunni að vera á toppi hagsveiflunnar og annað í botni á samanburðarárinu. Þess vegna er eðlilegra að gera slíkan samanburð með því að horfa til fleiri ára í senn.

Hér á eftir er í hverju tilviki fyrir sig vakin athygli á þeim atriðum sem sérstök ástæða er til að hafa í huga við alþjóðlegan samanburð. Jafnframt er til hægðarauka fjallað um fleiri en einn lið fyrirspurnarinnar í einu þegar það á við. Helsta heimild þessara talna er skýrsla OECD: Revenue Statistics sem út kom í október 2002. Annarra heimilda er getið sérstaklega.

Heildarskatttekjur.

Hið opinbera er hér skilgreint sem ríki og sveitarfélög. Skipting skatttekna milli þessara tveggja aðila er þannig að um þrír fjórðu hlutar skatttekna hins opinbera renna til ríkisins, en afgangurinn til sveitarfélaga. Síðustu árin hefur hlutur ríkisins nokkuð minnkað sem fyrst og fremst má rekja til tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga. Í eftirfarandi töflum sést hlutfall skatttekna af vergri landsframleiðslu; annars vegar fyrir hið opinbera og hins vegar fyrir ríkið eingöngu. Tölur fyrir árið 2001 eru endanlegar hvað ríkið varðar. Hlutfallstölur geta þó breyst við endurskoðun Hagstofu á þjóðhagsreikningatölum, þ.m.t. á landsframleiðslu.

Heildarskatttekjur hins opinbera á Íslandi, % af vergri landsframleiðslu.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001 Bráðab.
31,5	32,7	32,6	34,4	36,9	37,3	34,8

Heildarskatttekjur íslenska ríkisins, % af vergri landsframleiðslu.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001 Bráðab.
25,3	26,5	25,2	26,8	28,8	29,4	27,4

Heimild: Ríkisreikningur. Hagstofa Íslands.

Heildarskatttekjur hins opinbera í ríkjum OECD, % af vergri landsframleiðslu.

1995	1996	1997	1998	1999	2000
36,1	36,5	36,7	36,8	37,1	37,4

Tekjuskattar.

Tekjuskattar til ríkisins eru skilgreindir sem almennur og sérstakur tekjuskattur auk þess sem fjármagnstekjuskattur bætist við, að hluta árið 1997 en að fullu árið 1998. Áður en til greiðslu tekjuskatta til ríkisins kemur eru persónuafsláttur og aðrir afsláttarliðir dregnir frá útreiknuðum skatti. Þetta veldur því að hlutfall tekjuskatta af tekjum einstaklinga sem greitt er í ríkissjóð er miklu lægra en skatthlutfallið eitt og sér gefur til kynna. Öðru máli gegnir um útsvar þar sem sveitarfélög fá það að fullu greitt, óháð því hvort viðkomandi einstaklingur er undir skattleysismörkum eða ekki, þ.e. hvort sem hann greiðir útsvar eða ekki, þar sem ríkið greiðir sveitarfélögunum mismuninn.

Við samanburð tekjuskatta milli landa þarf að hafa eftirfarandi í huga: Tekjuskattar einstaklinga gefa ekki rétta mynd af skattlagningu launa einstaklinga. Nauðsynlegt er að horfa jafnframt til annarra launatengdra gjalda, einkum tryggingagjalda sem víða erlendis ganga til greiðslu elli- og örorkubóta, greiðslu úr lífeyrissjóðum o.fl. Hér á landi greiðir launafólk almennt ekki tryggingagjöld af þessu tagi, utan iðgjalda til eigin lífeyrissjóða. Hlutur tryggingagjalda sem launafólk greiðir nemur að meðaltali 3% af landsframleiðslu í OECD-ríkjunum árið 2000. Til samanburðar má nefna að iðgjöld launafólks eru á sama tíma áætluð um 2% af landsframleiðslu hér á landi.

Tekjuskattar og útsvar einstaklinga hér á landi, % af vergri landsframleiðslu.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001 Bráðab.
9,8	10,4	10,5	12,1	12,9	12,8	12,8

Tekjuskattar einstaklinga í ríkjum OECD, % af vergri landsframleiðslu.

1995	1996	1997	1998	1999	2000
10,0	10,1	10,1	10,1	10,1	10,0

Varðandi samanburð á tekjuskatti fyrirtækja hér á landi og í öðrum OECD-ríkjum er rétt að nefna eftirfarandi atriði, sbr. umfjöllun í skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál, útg. í maí 2001: Þar er í fyrsta lagi nefnt til sögunnar að afkoma fyrirtækja á Íslandi hafi í gegnum tíðina verið lakari en í OECD-ríkjunum. Síðustu árin megi m.a. rekja þetta til hárra raunvaxta

o.fl. Í öðru lagi er tiltekið að allt fram á síðustu ár hafi veigamikill hluti atvinnulífsins verið í ríkisrekstri og hafi þar af leiðandi ekki greitt hefðbundna tekjuskatta heldur arð til ríkisins. Í þriðja lagi er bent á að einstaklingsrekstur vegi hlutfallslega þungt hér á landi en hann gengur inn í almenna tekjuskattlagningu einstaklinga, ekki fyrirtækja.

Tekjuskattar lögaðila hér á landi, % af vergri landsframleiðslu.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001 Bráðab.
1,0	0,9	0,9	1,2	1,5	1,2	1,2

Tekjuskattar lögaðila í ríkjum OECD, % af vergri landsframleiðslu.

1995	1996	1997	1998	1999	2000
2,9	3,0	3,2	3,3	3,3	3,6

463. Nefndarálit [358. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórn Örnefnastofnunar verði lögð niður jafnframt því sem valdsvið og hlutverk forstöðumanns verður gert skýrara en í gildandi lögum.

Ástæður þessara breytinga má rekja til nefndarálits nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna frá október 2000. Þar kom fram að stjórnsýsluleg staða, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna væri oft óskýr og af því leiddi að óljóst væri hver bæri ábyrgð á rekstri viðkomandi stofnunar. Því var lagt til í nefndarálitinu að stjórnum ríkisstofnana yrði fækkað og þær aðeins nýttar þar sem sérstök ástæða væri til að gera stjórn stofnunar sjálfstæðari en almennar reglur ríkisrekstrarins gæfu tilefni til.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Kjartan Ólafsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 2002.

Gunnar Birgisson, form., frsm. Ólafur Örn Haraldsson. Sigríður Ingvarsdóttir.

Kolbrún Halldórsdóttir. Arnbjörg Sveinsdóttir.

464. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 23. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 8. október sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 30 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 4.341,1 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Meiri hluti nefndarinnar þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umræðu afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 7. gr. Auk þess bíða 3. umræðu ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 43,6 m.kr.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Gerð er tillaga um 5,9 m.kr. hækkun á liðnum til að leiðrétta fjárveitingu til þingfararkaups og þingfararkostnaðar sem féll niður við vinnslu frumvarpsins.

1.04 Alþjóðasamstarf. Lögð er til 2,2 m.kr. hækkun á liðnum. Annars vegar er um að ræða 1,5 m.kr. tímabundið framlag til ársins 2005 til að standa straum af kostnaði við stöðu ritara Norðurskautsnefndarinnar þar sem ákveðið hefur verið að Alþingi leggi til ritara fyrir nefndina næstu þrjú árin og hins vegar 0,7 m.kr. hækkun til að leiðrétta fjárveitingu til þingfararkaups og þingfararkostnaðar sem féll niður við vinnslu frumvarpsins.

1.06 Almennur rekstur. Lögð er til 5 m.kr. fjárveiting sem ætluð er til að standa undir útgjöldum við framkvæmd kjarasamnings og auknum þjónustuútgjöldum.

1.07 Sérverkefni. Lögð er til 0,5 m.kr. hækkun á styrk til Hins íslenska þjóðvinafélags.

5.20 Fasteignir. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að halda áfram endurbótum í Alþingishúsinu. Gert er ráð fyrir að ljúka endurbótunum í áföngum á nokkrum árum.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á húsgögnum og búnaði fyrir þjónustuskála og Alþingishús, svo og til að ljúka ýmsum minni háttar framkvæmdum í húsunum.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Lögð er til 10 m.kr. hækkun frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu vegna aukinna verkefna hjá stofnuninni.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 23,9 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 7,9 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við nýtt starf sérfræðings á sviði efnhagsmála, þ.e. launakostnað, launatengd gjöld og starfstengdan skrifstofukostnað.

190 Ýmis verkefni.

1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum. Lögð er til 10 m.kr. hækkun á framlagi til stjórnmálaflokka í ljósi breyttra aðstæðna eftir stækkun kjördæma.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis. Lagt er til að veitt verði 2,5 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til reksturs íbúðarhúsnæðis fyrir færeyska embættismenn sem koma hingað til lands í starfsþjálfun samkvæmt samkomulagi forsætisráðherra og formanns færeysku landstjórnarinnar. Um er að ræða kostnað við leigu á íbúð í Aðalstræti 12 í Reykjavík auk almenns rekstrarkostnaðar húsnæðisins, svo sem vegna bruna- og öryggiskerfis, hita og rafmagns, áskriftar ljósvakamiðla, sameignar og umsjónar.

241 Umboðsmaður barna.

1.01 Umboðsmaður barna. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. hækkun á fjárveitingum til umboðsmanns barna vegna aukinnar starfsemi hjá embættinu.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.177,2 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Lagt er til að veitt verði 3 m.kr. framlag til rannsókna á náttúrlegum forsendum fyrir heilsuböðum á Íslandi á vegum Rannsókna- og fræðaseturs Háskóla Íslands í Hveragerði.

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Lagt er til að veitt verði 310 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka framkvæmdum við Náttúrufræðihús í Vatnsmýrinni. Áætlun Háskóla Íslands gerir ráð fyrir að framkvæmdakostnaður við húsið nemi 893 m.kr. á árinu 2003 og 250 m.kr. á yfirstandandi ári, eða samtals 1.143 m.kr. á tveimur árum. Til þess að ljúka megi við bygginguna þarf Happdrætti Háskóla Íslands að taka allt að 700 m.kr. að láni sem er fyrirframgreiddur rekstrarhagnaður til skólans. Í 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2002 er heimild til að taka allt að 650 m.kr. lán og er ráðgert að nýta hana á fyrsta ársfjórðungi næsta árs, eins og heimilt er samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Í frumvarpinu er að auki farið fram á allt að 414 m.kr. lántökuheimild en nú er gert ráð fyrir að hún verði lækkuð í 50 m.kr. við 3. umræðu.

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Í frumvarpinu er farið fram á að veittar verði 15 m.kr. til sýningar í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni af 30 ára afmæli stofnunarinnar. Nú

er gerð tillaga um að framlagið verði veitt í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár fremur en í fjárlögum fyrir árið 2003 þar sem sýningin hefur þegar verið opnuð. Er því lagt til að framlagið falli niður í fjárlagafrumvarpinu.

208 Örnefnastofnun Íslands.

1.01 Örnefnastofnun Íslands. Gerð er tillaga um að veita tímbundið 1 m.kr. framlag til samstarfsverkefnis IWW og Örnefnastofnunar um útgáfu á örnefnamyndum af Íslandi.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.91 Háskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 50 m.kr. hækkun á fjárheimild til háskóla. Þegar reiknilíkan fyrir kennslu í háskólum tók gildi í ársbyrjun 2000 var skorið á tengsl milli framlaga til kennslu og framlaga til rannsókna í skólunum. Síðan þá hefur nemendum fjölgað og útgjöld til kennslu því hækkað. Einnig hafa ákvæði um skiptingu vinnutíma fastra kennara milli kennslu og rannsókna verið felld niður í aðalkjarasamningi. Á sama hátt er ekki kveðið á um skiptingu vinnutíma prófessora í úrskurðum kjaranefndar. Eigi að síður hafa skólarnir sjálfir ýmist ákveðið eða samið um í stofnanasamningum að halda óbreyttri skiptingu vinnutímans milli kennslu og rannsókna. Skólarnir hafa því ekki rofið tengsl milli útgjalda til rannsókna og kennslu. Það hefur leitt til erfiðleika í rekstri þeirra. Mikilvægt er að marka skýra stefnu um rannsóknir með það að markmiði að það fé sem ráðstafað er til rannsókna nýtist sem best, verkefnum sé forgangsraðað og framlög tengist árangri. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. framlag í því skyni.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.95 Tæki og búnaður, óskipt. Lögð er til 6 m.kr. tímabundin hækkun á liðnum vegna tækjakaupa Menntaskólans á Laugarvatni.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.11 Sameiginleg þjónusta. Gerð er tillaga um 35 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár til uppbyggingar á háhraðaneti fyrir framhaldsskóla, 36 símenntunarmiðstöðvar og 25 útibú þeirra á næsta ári. Kemur það til viðbótar við 10 m.kr. fjárheimild sem er ætluð fyrir þetta verkefni í frumvarpinu. Háhraðanetið mun bæði auka flutningsgetu símkerfisins og opna nýjar fjarskiptaleiðir fyrir fámennar byggðir. Miðað er við að kostnaður þátttakenda í netinu verði óháður staðsetningu á landinu og að samið verði um fast verð fyrir efni sem sótt er af internetinu erlendis frá. Áformað er að fara fram á 45 m.kr. á ári til að jafna kostnað þátttakenda í netinu á árunum 2004–2006.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 200 m.kr. hækkun á fjárveitingu til framhaldsskóla af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 100 m.kr. hækkun vegna nemendafjölgunar sem ekki var séð fyrir við gerð frumvarpsins. Nýjar upplýsingar um fjölda ársnemenda á vorönn 2002 og innritana í framhaldsskólana í haust benda til þess að ársnemendur verði nokkru fleiri en forsendur frumvarpsins miðast við. Í öðru lagi er um að ræða endurskoðun á reiknilíkani framhaldsskóla um skiptingu fjárveitinga milli skóla sem veldur því að framlög til sumra skóla lækka en hækka til annarra miðað við líkanið sem lagt var til grundvallar í frumvarpinu. Þetta veldur skólum vanda og er lögð til 100 m.kr. hækkun svo að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum líkansins.

451 Símenntun og fjarkennsla.

Lagt er til að fjárveitingar símenntunarstöðva hækki um 0,5 m.kr. Þannig hækka eftirfarandi liðir um 0,5 m.kr. hver:

1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi.

1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

1.23 Farskóli Norðurlands vestra.

1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar.

1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga.
1.26 Fræðslunet Austurlands.
1.27 Fræðslunet Suðurlands.
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja. Gerð er tillaga um 9 m.kr. fjárveitingu til símenntunarstöðvar sem ráðgert er að opna í Vestmannaeyjum í byrjun næsta árs.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lögð er til 130 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna í C-hluta fjárlaga. Í endurskoðaðri áætlun sjóðsins kemur fram að lánþegum heldur áfram að fjölga og er áætlað að þeir verði u.þ.b. 8.000 á yfirstandandi námsári sem er 21% fjölgun. Er þá gert ráð fyrir að námsmönnum á Íslandi fjölgi um 29% en um 9% erlendis. Í forsendum frumvarpsins er áætlað að útlán sjóðsins nemi 5.020 m.kr. og að lán til skólagjalda verði 307 m.kr. Nú eru útlán hins vegar áætluð 5.930 m.kr., sem er 28% hækkun frá áætluðum útlánum á yfirstandandi ári, og lán til skólagjalda eru áætluð 330 m.kr., sem er 44% hækkun. Framlagsþörf er 49% af útlánum auk framlags vegna rekstrarkostnaðar samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar. Af þessum sökum er lögð til hækkun á framlagi í sjóðinn og er þá gert ráð fyrir að nýta einnig á árinu 2003 ónotaðar fjárheimildir frá yfirstandandi ári.

901 Fornleifavernd ríkisins.
1.01 Fornleifavernd ríkisins. Lagt er til að 5 m.kr. framlag til stofnunar Fornleifasjóðs sem áætlað er fyrir í frumvarpinu verði millifært yfir á nýtt viðfangsefni á fjárlagalið 02-999-1.51.

902 Þjóðminjasafn Íslands.
1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Lögð er til 9 m.kr. hækkun á fjárveitingum til fjarvinnsluverkefna á vegum safnsins. Jafnframt er lögð til 6 m.kr. tímabundin fjárveiting til að vinna að fornleifarannsóknum í Reykholti sem áætlað er að ljúki árið 2003.
1.10 Byggða- og minjasöfn. Alls er lögð til 28 m.kr. hækkun á liðnum. Hún skiptist þannig að lögð er til 8 m.kr. tímabundin fjárveiting til áframhaldandi rannsókna og kynningar á verslunarstaðnum á Gásum í Hörgárbyggð á vegum Minjasafnsins á Akureyri og Þjóðminjasafns Íslands, 7 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á Vatneyrarbúð á Patreksfirði, 7 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka við endurbætur á Norska húsinu í Stykkishólmi, 3 m.kr. tímabundið framlag til safnahúss í Garðinum og 2 m.kr. tímabundið framlag til bátasafns í Stykkishólmi auk þess sem gerð er tillaga um að veita Byggðasafninu í Gröf í Hrunamannahreppi tímabundið1 m.kr. framlag til skráningar og flokkunar safnmuna.
6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum. Lögð er til 7 m.kr. tímabundin fjárveiting til Samöngusafnsins.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.
1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Gerð er tillaga um að veita safninu 1,5 m.kr. til stofnunar stjórnmáladeildar innan safnsins.

919 Söfn, ýmis framlög.
1.10 Listasafn ASÍ. Lagt er til að framlag til Listasafns ASÍ hækki um 2 m.kr.
1.41 Galdrasýning á Ströndum. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að vinna áfram að uppbyggingu Galdrasýningar á Ströndum.
1.90 Söfn, ýmis framlög. Lögð er til tímabundin 19,1 m.kr. hækkun á safnliðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli. Lögð er til 7 m.kr. tímabundin fjárveiting til frekari uppbyggingar setursins.
6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Hvalamiðstöðvarinnar.
6.28 Sögusafnið í Reykjavík. Lagt er til að safninu verði veitt 7 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi uppbyggingar safnsins.
6.29 Endurbygging á Brydebúð. Lagt er til að veitt verði 3 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar á Brydebúð.
6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka framkvæmdum við endurbyggingu Tryggvaskála.
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til Síldarminjasafnsins.
6.38 Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði. Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. tímabundin fjárveiting til uppbyggingar safnahúss í Neðstakaupstað á Ísafirði.
6.39 Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði. Lögð er til 3,5 m.kr. tímabundin fjárveiting til áframhaldandi endurbyggingar á eikarbátnum Sædísi.
6.40 Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði. Lögð er til 3,5 m.kr. tímabundin fjárveiting til áframhaldandi liðveislu við endurbyggingu á vélbátnum Gesti.
6.41 Safnahús í Búðardal. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Safnahúss í Búðardal.
6.43 Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri. Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar minningarstofu um Jóhannes Sveinsson Kjarval sem opnuð var sl. sumar.
6.44 Saltfisksetur Íslands í Grindavík. Lagt er til að veitt verði 7 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Saltfisksetursins.
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni, 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður, með 45 m.kr. fjárveitingu. Sundurliðun er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Gerð er tillaga um 9 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.
6.92 Kaupvangur á Vopnafirði. Lagt er til að veitt verði 7 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á Kaupvangi.
6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ. Lögð er til 7 m.kr. tímabundin fjárveiting til endurbóta á Duushúsunum í Reykjanesbæ.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarnefnd. Alls er lögð til 39,8 m.kr. hækkun á liðnum. Hún skiptist þannig að lagt er til að veitt verði 7 m.kr. tímabundið framlag til Fríkirkjunnar í Hafnarfirði vegna endurbóta á kirkju safnaðarins við Linnetstíg, 5 m.kr. tímabundið framlag til að halda áfram endurbyggingu gamla kaupfélagshússins í Breiðdalsvík, 5 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á gufubaðinu á Laugarvatni og smíðahúsinu, 5 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar á gamla félagsheimilinu, Bragganum, á Hólmavík, sem er eina húsið sinnar gerðar og þykir hafa menningarsögulegt varðveislugildi, 4 m.kr. tímabundin fjárveiting til endurbóta á Syðstabæjarhúsinu í Hrísey, 3 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds og endurbyggingar við Hellnahelli á Landi, 2 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á Flateyjarkirkju Breiðafirði, 2 m.kr. tímabundið framlag

til endurbóta á Pakkhúsinu í Borgarbyggð, 2 m.kr. tímabundið framlag til viðgerðar á Þingeyrarkirkju sem teiknuð var af Rögnvaldi Ólafssyni og byggð á árunum 1909–11, en kirkjan er nú friðuð og var ákveðið að færa hana til upprunalegs útlits eftir því sem kostur er, 2 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar á Gamla spítala/Gudmanns Minde á Akureyri sem er að líkindum annað elsta tvílyfta húsið sem byggt var á landinu, 1,8 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar og varðveislu Hraunsréttar í Aðaldal og 1 m.kr. tímabundið framlag til endurreisnar gamla íbúðarhússins að Héðinshöfða á Tjörnesi til upphaflegrar gerðar, en húsið er eitt af fáum steinhlöðnum húsum frá 19. öld og hefur lítið breyst að innan frá aldamótum 1900.

982 Listir, framlög.

1.27 Tónlist fyrir alla. Lögð er til 0,5 m.kr. hækkun á fjárveitingum til starfseminnar.

1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin. Lögð er til 2 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi til miðstöðvarinnar til þess að koma gögnum úr safni hennar á tölvutækt form og tryggja þannig mun betri geymslu frumgagna með minni umgengni, auðveldari vinnslu og mun auðveldara aðgengi að tónverkum íslenskra tónskálda fyrir þá sem áhuga hafa, hvar sem er í heiminum.

1.90 Listir. Lagt er til að fjárveiting viðfangsefnisins hækki um 10 m.kr. vegna styrkja til ýmissa verkefna sem ekki er áætlað fyrir í frumvarpinu, en þau helstu eru Feneyjatvíæringurinn 2003, myndlistarsýning í London, Upplýsingamiðstöð myndlistar, Norræn barnaleikhúshátíð á Íslandi 2004 og Myrkir músíkdagar 2003. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkru fé til samninga við sveitarfélög á landsbyggðinni um menningarmál.

6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi. Lagt er til að áfram verði veittur 17 m.kr. stofnstyrkur til menningarmiðstöðva á Austurlandi.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Lögð er til 5 m.kr. tímabundin hækkun á safnliðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

1.23 Hið íslenska bókmenntafélag. Lögð er til 4 m.kr. hækkun á styrk til félagsins.

1.51 Fræða- og þekkingarsetur. Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag sem skiptist jafnt á milli þekkingarseturs á Austur-Héraði og Fræðaseturs Þingeyinga.

988 Æskulýðsmál.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Lagt er til að framlag til Ungmennafélags Íslands hækki alls um 20 m.kr. Þar af er 10 m.kr. tímabundið framlag til að halda unglingalandsmót um verslunarmannahelgi árið 2003.

1.13 Bandalag íslenskra skáta. Lagt er til að rekstrarstyrkur til Bandalags íslenskra skáta hækki um 2 m.kr. vegna aukinna umsvifa landshreyfingarinnar. Jafnframt er lagt til að veittur verði 3 m.kr. styrkur til undirbúnings að stofnun skátaflokka í minni byggðarlögum landsins. Þannig hækka framlög alls um 5 m.kr.

1.17 Landssamband KFUM og KFUK. Gerð er tillaga um 14 m.kr. hækkun á framlagi. Þar af eru 7 m.kr. ætlaðar til sumarbúða í Vindáshlíð og 5 m.kr. til KFUM og KFUK í Reykjavík.

1.90 Æskulýðsmál. Lögð er til 3,3 m.kr. tímabundin hækkun á safnliðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

989 Ýmis íþróttamál.

1.12 Ólympíunefnd fatlaðra. Lagt er til að veitt verði 2,5 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings þátttöku Íslands í Ólympíumóti fatlaðra 2004.

1.14 Íþróttasamband fatlaðra. Lagt er til að framlag til sambandsins hækki um 2 m.kr. vegna aukinnar starfsemi.

1.20 Glímusamband Íslands. Lagt er til að fjárveitingar til sambandsins hækki um 0,5 m.kr. vegna aukins launakostnaðar við glímukynningar í grunnskólum.
1.21 Skáksamband Íslands. Lagt er til að styrkur til Skáksambandsins hækki um 1 m.kr. vegna aukinnar starfsemi.
1.24 Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004. Lögð er til tímabundin 20 m.kr. fjárveiting vegna uppbyggingar fyrir landsmót ungmennafélaga árið 2004 en það verður haldið á Sauðárkróki.
1.30 Bridgesamband Íslands. Lögð er til 5 m.kr. hækkun á framlagi til Bridgesambandsins vegna aukinnar starfsemi.
1.90 Ýmis íþróttamál. Lögð er til tímabundin 5 m.kr. hækkun á safnliðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.
6.54 Gaddstaðir, reiðskemma. Lagt er til að veitt verði 7 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda við uppbyggingu á Gaddstaðaflötum. Undirritaður hefur verið samningur um að halda Landsmót hestamanna þar sumarið 2004.
6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundna fjárveitingu til uppbyggingar skíðasvæðisins í Skarðsdal.

999 Ýmislegt.

1.51 Fornleifasjóður. Lagt er til að 5 m.kr. framlag til stofnunar Fornleifasjóðs sem áætlað er fyrir í frumvarpinu á lið 02-901-1.01 verði millifært yfir á þetta viðfangsefni sem er nýtt.
1.90 Ýmis framlög. Lögð er til 50 m.kr. hækkun á safnliðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 46 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. tímabundið framlag til ársins 2006. Í byrjun ágúst 2003 tekur Ísland við sæti aðalfulltrúa fyrir kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn Alþjóðabankans til þriggja ára. Stór hluti af vinnu og undirbúningi fer fram í ráðuneytum kjördæmislandanna og verður það í fyrsta skipti á ábyrgð Íslands að leiða þessa undirbúnings- og samræmingarvinnu fyrir öll Norðurlönd og Eystrasaltsríkin. Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að kostnaður vegna þessa verði alls um 120 m.kr. á tímabilinu sem skiptist þannig milli ára að 25 m.kr. falla til á fjárlögum fyrir árið 2003, 35 m.kr. hvort árið 2004 og 2005 og síðan 25 m.kr. árið 2006. Kostnaðurinn felst aðallega í ráðningu fjögurra sérfræðinga, aðkeyptri þjónustu sérfræðinga og talsverðum ferðakostnaði vegna samræmingarstarfsins, bæði vegna samráðs við önnur ríki Norðurlanda og samskipta við skrifstofu kjördæmisins í Washington.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna biðlauna í kjölfar niðurlagningar Umsýslustofnunar varnarmála.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 9 m.kr. fjárveiting vegna flutnings verkefna Umsýslustofnunar varnarmála til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 24. september 2002 að leggja niður stofnunina í B-hluta fjárlaga og fela sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli að hafa umsjón með sölu á afgangsvarningi varnarliðsins og varnarliðsmanna. Ráða þarf tvo starfsmenn til embættisins til að vinna umrædd verkefni.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna. Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna námskeiðshalds sérfræðinga skólans fyrir fólk í sjávarútvegi í Víetnam. Fjárveitingin er einnig ætluð til að bjóða fleiri nemendum frá Víetnam að stunda nám við skólann á Íslandi.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 182,8 m.kr.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veitt verði 7 m.kr. framlag til að fjármagna heilt starf fulltrúa landbúnaðarráðuneytis í Brussel. Landbúnaðarráðuneytið hefur verið með sameiginlegan fulltrúa ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti en nú er lagt til að fulltrúinn sinni einungis verkefnum á sviði landbúnaðarmála. Sams konar tillaga er gerð um aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og að þar verði einnig fulltrúi í heilu starfi.

190 Ýmis verkefni.

1.31 Skógræktarfélag Íslands. Lögð er til 1,3 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi Skógræktarfélags Íslands.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til 6,8 m.kr. tímabundin hækkun á safnliðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins.

5.01 Viðhald. Lögð er til 3 m.kr. tímabundin fjárveiting til Garðyrkjuskóla ríkisins. Endurbóta er þörf á flestum byggingum skólans og er framlagið hugsað til þess að standa undir kostnaði við þarfagreiningu meðal annars og byrjunarkostnaði við hönnun.

321 Skógrækt ríkisins.

1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá. Lögð er til 15 m.kr. hækkun á liðnum og er fjárveitingin ætluð til rannsókna á kolefnisbindingu vegna nýskógræktar og á kolefnislosun vegna skógareyðingar í samræmi við Kyoto-bókunina.

331 Héraðsskógar.

1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði. Lögð er til 10 m.kr. tímabundin fjárveiting til gerðar gagnagrunns um skógrækt sem er samvinnuverkefni landshlutabundnu skógræktarverkefnanna. Markmiðið er að einfalda og samræma skráningu á gögnum varðandi skógræktarframkvæmdir á landinu og miðla þeim.

343 Landshlutabundin skógrækt.

1.10 Suðurlandsskógar. Lögð er til 10,4 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Suðurlandsskóga.

1.13 Vesturlandsskógar. Lögð er til 16,6 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Vesturlandsskóga.

1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum. Lögð er til 7,2 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Skjólskóga.

1.16 Norðurlandsskógar. Lögð er til 29,6 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Norðurlandsskóga.

1.17 Austurlandsskógar. Lögð er til 10,1 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Austurlandsskóga.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Lögð er til 63,4 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna beinna greiðslna til kúabænda. Tillagan tekur mið af samþykkt verðlagsnefndar landbúnaðarafurða frá 1. nóvember 2002 um 3,69% hækkun á grundvallarverði mjólkur sem er

heldur meiri hækkun en gert var ráð fyrir í verðlagsforsendum frumvarpsins.
1.02 Lífeyrissjóður bænda. Lögð er til 2,4 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna lífeyrisiðgjalda af beinum greiðslum til kúabænda. Tillagan tekur mið af samþykkt verðlagsnefndar landbúnaðarafurða frá 1. nóvember 2002 um 3,69% hækkun á grundvallarverði mjólkur sem er heldur meiri hækkun en gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 21,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT). Lagt er til að veitt verði 2,5 m.kr. framlag vegna þátttöku Íslendinga í Alþjóðatúnfiskráðinu, ICCAT, í samræmi við þingsályktun um aðild að alþjóðasamningi um verndun túnfiska í Atlantshafi sem samþykkt var á Alþingi 29. október sl. Þar af er 2 m.kr. árlegt aðildargjald og 0,5 m.kr. vegna kostnaðar við fundarsetu.
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC. Lagt er til að veitt verði 5,3 m.kr. framlag vegna þátttöku Íslendinga í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þar af er 4,8 m.kr. árlegt aðildargjald og 0,5 m.kr. vegna kostnaðar við fundarsetu. Alþingi ályktaði 10. mars 1999 að hefja skyldi hvalveiðar hið fyrsta hér við land og var ríkisstjórninni falin framkvæmd þingsályktunarinnar. Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á þátttöku í alþjóðlegu samstarfi í hvalveiðimálum á vettvangi þeirra alþjóðastofnana sem fjalla um þau mál. Ísland er, ásamt Noregi, Færeyjum og Grænlandi, stofnaðili Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO).
1.90 Ýmislegt. Lagt er til að veitt verði tímabundið 7 m.kr. framlag í eitt ár til að mæla óæskileg efni eins og díoxin og dioxinlík PCB í fiski. Mikilvægt er að sem bestar upplýsingar liggi fyrir um þessi mál til að útflutningshagsmunir Íslands raskist ekki. Áætlað er að rannsóknin standi yfir í tvö ár og kosti 7 m.kr. árið 2003 og 14 m.kr. árið 2004.
6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna. Lagt er til að veitt verði tímabundið 7 m.kr. framlag til uppbyggingar á gagnagrunni um ástand og nýtingu fiskistofna við Ísland. Einnig er grunninum ætlað að vera almenningi til upplýsingar um vistkerfi hafsins. Verkefnið er unnið í kjölfar skuldbindinga Íslands á umhverfisráðstefnu í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun. Áætlað er að verkefnið sem verður í umsjá ráðuneytisins og stofnana þess kosti alls 20 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að 7 m.kr. komi til greiðslu á næsta ári og 13 m.kr. á árinu 2004.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 85,1 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.47 Íslensk ættleiðing. Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni, 06-190-1.47 Íslensk ættleiðing, og er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til þess.
1.82 Biblíuþýðingar. Lögð er til 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til Hins íslenska biblíufélags til áframhaldandi vinnu við biblíuþýðingar.

232 Opinber réttaraðstoð.

1.10 Opinber réttaraðstoð. Lagt er til að veitt verði 16,1 m.kr. fjárheimild vegna umframútgjalda við gjafsóknir. Málum hefur fjölgað verulega á síðustu árum og auk þess hefur meðaltalskostnaður hvers mál hækkað. Ekki er unnt að lækka útgjöldin nema með breyttum lögum sem takmarki rétt einstaklinga til gjafsókna. Útgjöld á síðasta ári reyndust vera um 75 m.kr. og ekki er ástæða til að ætla að útgjöldin verði lægri í ár heldur má

gera ráð fyrir að þau hækki enn. Framlag í frumvarpinu er 63,9 m.kr. og er lagt til að sú fjárhæð verði hækkuð í 80 m.kr. Staða á þessum lið er ávallt felld niður um áramót.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.05 Innheimta sekta. Lagt er til að sektarinnheimtudeild embættis ríkislögreglustjóra verði flutt til sýslumannsembættisins á Hvolsvelli. Við það fellur viðfangsefnið 1.05 Innheimta sekta niður hjá ríkislögreglustjóra og fjárveiting að fjárhæð 22,3 m.kr. flyst til sýslumannsembættisins á viðfangsefni með sama númeri og heiti.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Gerð er tillaga um 24 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar til að gera tilraun með leigu á skipi Hafrannsóknastofnunarinnar til landhelgisgæslustarfa. Talið er að kostnaður við það verði um 1.200 þús. kr. á sólarhring og að skipið verði leigt 20 daga á ári. Við það er miðað að skipið sé leigt með áhöfn en að um borð verði fjórir menn frá Landhelgisgæslunni og er áætlað fyrir launum þeirra annars staðar.

Lagt er til að rekstrarfjárveiting hækki um 3 m.kr. til að mæta kostnaði við rekstur nætursjónauka. Þeir voru keyptir með aðstoð fjölmargra aðila á þessu ári en áætlað er að árlegur rekstrarkostnaður sé um 3 m.kr. Notkun nætursjónauka krefst mikillar samhæfingar og þjálfunar áhafnar, bæði í lofti og í flughermi, og er kostnaðurinn aðallega fólginn í aukinni þjálfun starfsmanna auk viðhalds og umsýslu með sjónaukunum.

411 Sýslumaðurinn í Reykjavík.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 8 m.kr. viðbótarfjárveiting til sýslumannsembættisins í Reykjavík vegna mikillar fjölgunar mála. Embættið hefur á síðustu árum þurft að draga saman á öllum sviðum til að mæta auknum kostnaði vegna fjölgunar mála. Er nú svo komið að embættið getur ekki haldið sig innan fjárheimilda án þess að draga verulega úr vinnuframlagi og lengja afgreiðslutíma mála.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.

1.05 Innheimta sekta. Lagt er til að sektarinnheimtudeild embættis ríkislögreglustjóra verði flutt til sýslumannsembættisins á Hvolsvelli. Við það fellur viðfangsefnið 1.05 Innheimta sekta niður hjá ríkislögreglustjóra og 22,3 m.kr. fjárveiting flyst til sýslumannsembættisins á viðfangsefni með sama númeri og heiti.

Lagt er til að framlag vegna innheimtu sekta verði hækkað um 2 m.kr. og er tilefnið tvíþætt. Annars vegar hefur kostnaður við prentun og póstburð hækkað og hins vegar hefur sektarboðum fjölgað.

432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.

1.20 Löggæsla. Lögð er til 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til að nota sérþjálfaðan hund til fíkniefnaleitar í Vestmannaeyjum.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi. Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu til byggingar lögreglustöðvar í Ólafsvík. Fyrir liggur tillaga um byggingu og fjármögnun hennar en á síðari stigum var talið rétt að bæta við fangaklefum, svokölluðum biðklefum, en það eru klefar þar sem fangar eru geymdir um skemmri tíma þar til unnt er að flytja þá í fangaklefa í Grundarfirði eða í Stykkishólmi.

6.34 Húsnæði sýslumanns í Keflavík. Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að byggja bílageymslu við lögreglustöðina í Keflavík, auk annarra breytinga á húsnæði lögreglunnar sem leiðir af þeirri byggingu. Vinnueftirlit ríkisins hefur gert athugasemdir við að bílageymsla lögreglubifreiða sé inni í miðri lögreglustöðinni með tilheyrandi mengun. Fyrirhugað er að byggður verði bílskúr fyrir þrjá bíla með þvottaað-

stöðu og geymslurými. Auk kostnaðar við þá byggingu þarf að endurinnrétta neðri hæð lögreglustöðvarinnar.

733 Kirkjugarðsgjöld.

1.11 Kirkjugarðar. Lagt er til að Kirkjugarðasambandi Íslands verði veitt 3 m.kr. tímabundið framlag til söfnunar og skráningar legstaða- og söguupplýsinga í eldri kirkjugörðum á Íslandi til framsetningar á veraldarvefnum.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 428,2 m.kr.

302 Ríkissáttasemjari.

1.01 Ríkissáttasemjari. Lögð er til 12 m.kr. viðbótarfjárheimild til embættis ríkissáttasemjara. Á árinu 2003 munu kjarasamningar á almenna vinnumarkaðnum renna út og er af þeim sökum gert ráð fyrir að starfsemi hjá ríkissáttasemjara aukist nokkuð.

400 Barnaverndarstofa.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga. Lögð er til 12 m.kr. tímabundin fjárveiting til meðferðarheimilisins að Árvöllum vegna fjárhagsvanda þess.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til 1 m.kr. tímabundin fjárveiting til þess að hækka styrk foreldra til að annast alvarlega veik börn sín.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi.

1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir. Lögð er til 2,5 m.kr. tímabundin hækkun á liðnum og er fjárveitingin ætluð Fjöliðjunni á Vesturlandi.

720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ.

1.70 Vistheimilið Skálatúni. Lögð er til 15 m.kr. hækkun á framlagi til Skáltúns vegna rekstrarvanda heimilisins. Ástæða hans er einkum sú að þörf íbúa heimilisins fyrir þjónustu hefur aukist sem hefur haft í för með sér fjölgun starfsmanna og aukinn launakostnað. Farið er fram á samsvarandi hækkun í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Lagt er til að fjárveiting til Ábyrgðasjóðs launa hækki um 60 m.kr. frá frumvarpinu vegna fjölgunar gjaldþrota. Áætlað er að útgjöld Ábyrgðasjóðs á árinu 2003 verði rúmlega 500 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lögð er til 300 m.kr. hækkun á framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu í samræmi við spár um atvinnuleysi á árinu 2003. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði rúmlega 2,5% samkvæmt spá fjármálaráðuneytis en í frumvarpinu var reiknað með að það yrði um 2,2%.

1.31 Kjararannsóknarnefnd. Lagt er til að framlag til nefndarinnar hækki um 5 m.kr. vegna aukinna verkefna sem m.a. felast í samstarfi við Hagstofu Íslands um gerð launakönnunar sem nær til allra höfuðatvinnugreina og starfsgreina á vinnumarkaði. Þá þarf að fara í sérstaka úrvinnslu gagna vegna þátttöku í launakönnunum á Evrópska efnahagssvæðinu.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Lögð er til 12 m.kr. tímabundin hækkun á safnliðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Lögð er til 1,7 m.kr. hækkun til reksturs Geysis.

1.36 Félagið Geðhjálp. Lögð er til 4 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Geðhjálpar vegna aukinnar starfsemi.
1.41 Stígamót. Gerð er tillaga um að veita 3 m.kr. tímabundið framlag vegna húsnæðisvanda Stígamóta.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.572,4 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veita 8 m.kr. tímabundið framlag til ársins 2004 til að mæta kostnaði við þátttöku Íslands í aðalstjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO. Þátttaka Íslands í aðalstjórninni kallar á aukna vinnu bæði á aðalskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og hjá fastanefnd Íslands í Genf.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.21 Makabætur. Gerð er tillaga um 22 m.kr. hækkun framlags vegna maka- og umönnunarbóta í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur. Lögð er til 15 m.kr. lækkun á framlagi vegna ekkju- og ekkilsbóta í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.
1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Lögð er til 10 m.kr. hækkun á framlagi vegna endurhæfingarlífeyris í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.
1.41 Heimilisuppbót. Lögð er til 46 m.kr. lækkun á framlagi vegna heimilisuppbótar í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.
1.51 Uppbætur. Gerð er tillaga um 317 m.kr. fjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn dvalarheimila. Tillagan tekur mið af upplýsingum sem safnað hefur verið saman um rekstrarkostnað dvalarheimila og hvernig hann hefur þróast frá árinu 1999. Í framhaldinu þarf að skýra þátttöku sveitarfélaga í rekstrinum og hve stóran hluta ríkissjóði ber að greiða.

Einnig er lögð til 88 m.kr. lækkun framlags vegna uppbóta í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs. Liðurinn hækkar því alls um 229 m.kr.

204 Lífeyristryggingar.

1.11 Ellilífeyrir. Lögð er til 112 m.kr. lækkun á framlagi vegna ellilífeyris í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.
1.15 Örorkulífeyrir. Lögð er til 81 m.kr. hækkun á framlagi vegna örorkulífeyris í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lögð er til 281 m.kr. lækkun framlags vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega. Auknar lífeyrissjóðstekjur og hærra tekjustig í þjóðfélaginu hafa í för með sér að þessi útgjöld verða lægri en ráð var fyrir gert.
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lögð er til 29 m.kr. hækkun framlags vegna tekjutryggingar öryrkja í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.
1.26 Tekjutryggingarauki. Lögð er til 16 m.kr. lækkun framlags vegna tekjutryggingarauka í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.
1.31 Örorkustyrkur. Lögð er til 47 m.kr. lækkun framlags vegna örorkustyrks í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs. Með breyttu örorkumati sem tók gildi 1. september 1999, þar sem læknisfræðilegar forsendur liggja nú eingöngu að baki mati, hefur átt sér stað veruleg tilfærsla frá örorkustyrkþegum yfir í örorkulífeyrisþega. Þannig hefur örorkustyrkþegum fækkað og örorkulífeyrisþegum fjölgað.
1.35 Barnalífeyrir. Lögð er til 23 m.kr. hækkun á framlagi vegna barnalífeyris í sam-

ræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs. Fjölgun barna sem barnalífeyrir er greiddur með helst í hendur við fjölgun örorkulífeyrisþega, en barnalífeyrir er ekki tekjutengdur.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Gerð er tillaga um samtals 155 m.kr. fjárheimild til að mæta auknum útgjöldum við lækniskostnað. Á árinu 2003 er áætlað að útgjöld við lækniskostnað verði samtals 3.230 m.kr. Þar af eru 3.050 m.kr. vegna sérfræðilækniskostnaðar og 180 m.kr. vegna rannsókna sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar ávísa á og Tryggingastofnun tók að greiða frá 1. september 2001 en áður stóðu sjúkrahúsin undir kostnaðinum.

Með úrskurði kjaranefndar 15. október 2002 færast greiðslur vegna gjaldskrárverka heilsugæslulækna frá Tryggingastofnun yfir til heilsugæslustöðvanna. Er því lagt til að 177,3 m.kr. fjárheimild falli niður á viðfangsefni 1.11 Lækniskostnaður undir þessum lið fjárlaga en áætlað er fyrir kostnaði heilsugæslustöðva af læknisverkum ásamt öðrum kostnaðarauka af úrskurðinum um kjör heilsugæslulækna í tillögu á liðnum 09-989 Launa- og verðlagsmál. Breyting á liðnum nemur því alls 22,3 m.kr. til lækkunar.

1.15 Lyf. Lögð er til 570 m.kr. hækkun á framlagi vegna lyfja á næsta ári í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs. Við matið er tekið tillit til áhrifa af styrkingu íslensku krónunnar og að svonefnd S-merkt lyf hafa verið flutt til sjúkrahúsa en notkun þeirra lyfja hefur aukist hvað mest undanfarin ár.

1.21 Hjálpartæki. Lögð er til 118 m.kr. hækkun á framlagi vegna hjálpartækja í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs. Útgjöld til þessa málaflokks hafa hækkað mikið síðustu árin og virðist ekkert lát vera á því. Frá 1998 til 2002 er hækkunin samtals 84% þegar útgjöld fyrstu tíu mánuða hvors árs eru skoðuð. Síðustu fjögur árin hafa útgjöldin hækkað um 16% og upp í 26 % á milli ára. Ástæða þykir til að farið verði yfir hvað skýrir þessa miklu útgjaldahækkun og gerð verði könnun á verðþróun hjálpartækja.

301 Landlæknir.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veitt verði 6,8 m.kr. framlag til að mæta auknum kostnaði við nýtt leiguhúsnæði embættisins. Hækkun húsaleigu er áætluð 6 m.kr. á ári og gert er ráð fyrir að viðbótarkostnaður við rafmagn, hita og ræstingu verði 0,8 m.kr. á ári.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lögð er til 700 m.kr. hækkun til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahússins. Þar af eru 20 m.kr. vegna aukinna ferliverka. Verulegur halli er á rekstrinum og stefnir að óbreyttu í áframhaldandi halla á næsta ári miðað við sama umfang starfseminnar. Hallinn kemur að verulegu leyti fram í öðrum rekstrargjöldum og virðist sem spítalanum hafi tekist að fækka starfsfólki og draga úr yfirvinnu á móti launakostnaði við aðlögunarsamninga. Kostnaður við lyf og lækninga- og hjúkrunarvörur hefur aukist mun meira en hægt er að skýra með verðlags- og tæknibreytingum. Er því mikilvægt að þessir rekstrarþættir verði teknir fastari tökum en verið hefur.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag til að hefja rekstur hvíldar- og endurhæfingarheimilis fyrir langveik börn á árinu 2003. Um er að ræða heimili fyrir um tíu langveik fötluð börn sem þarfnast hjúkrunar og endurhæfingar án þess þó að leggjast inn á sjúkrahús. Gert er ráð fyrir að börnin geti dvalið á heimilinu í hvíldarinnlögn, í skemmri tíma til endurhæfingar og í einstaka tilvikum til lengri tíma. Landspítali – háskólasjúkrahús leggur starfseminni til húsnæði.

Velferðarsjóður barna leggur til allan stofnkostnað heimilisins, kostnað við endurnýjun húsnæðis, húsbúnað og tækjabúnað.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Lögð er til 60 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Framlagið er ætlað til framkvæmda við stækkun Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi. Hönnun á viðbyggingu við sjúkrahúsið lýkur í febrúar á næsta ári. Um er að ræða byggingu hjúkrunardeildar í stað Ljósheima sem hefur verið dæmt óhæft húsnæði og er rekið með undanþágu yfirvalda brunamála og ferlimála fatlaðra. Þá er á neðri hæð hússins fyrirhuguð heilsugæslustöð fyrir átta lækna. Stofnkostnaður er áætlaður um 770 m.kr. á verðlagi þessa árs. Þegar hefur verið veitt 117,6 m.kr. til verksins en þar af eru 70 m.kr. úr ríkissjóði og 30 m.kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.37 Skrifstofa líknarfélaga. Lögð er til 2 m.kr. hækkun á fjárveitingu til reksturs Þjónustuseturs líknarfélaga.

1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili. Lögð er til 12,5 m.kr. hækkun á framlagi til Krýsuvíkursamtakanna. Þar af er 5 m.kr. hækkun á almennum rekstrarstyrk og 7,5 m.kr. hækkun svo að unnt verði að taka á móti fleiri skjólstæðingum til meðferðar.

401 Hjúkrunarheimili, almennt.

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt. Lagt er til að veitt verði 145 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn hjúkrunarheimila og kemur fjárhæðin til viðbótar 350 m.kr. framlagi sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Að auki eru 55 m.kr. færðar í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna viðhaldsverkefna. Samtals hækka framlög til reksturs hjúkrunarheimila því um 550 m.kr. Árið 2000 var gerð veruleg leiðrétting á daggjöldum hjúkrunarheimila í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar um áætlaða afkomu þeirra árið 1999. Samkvæmt samantekt á rekstrarreikningum hjúkrunarheimila hafa heildarrekstrargjöld þeirra hækkað um 50% frá árinu 1999 til 2002 og er þá ekki talinn með kostnaður við rekstur Sóltúns sem hófst á tímabilinu. Nauðsynlegt er að koma fastari böndum á rekstur hjúkrunarheimila og samræma kjarasamningagerð þeirra þannig að þau fylgist að í kjaramálum.

402 Framkvæmdasjóður aldraðra.

1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Lögð er til 55 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis sem varið er til reksturs öldrunarstofnana. Í séryfirliti 3 í frumvarpinu er 64,9 m.kr. viðskiptahreyfing á mörkuðum tekjum sjóðsins þar sem tekjunum hafði ekki verið ráðstafað að fullu. Nú er gert ráð fyrir að 55 m.kr. til viðbótar af tekjunum renni til reksturs öldrunarstofnana og 9,9 m.kr. til stofnkostnaðar við uppbyggingu.

Þá er lagt til að færðar verði 188 m.kr. úr rekstri stofnanaþjónustu fyrir aldraða í viðhald öldrunarstofnana. Liðurinn lækkar því alls um 133 m.kr.

5.21 Viðhald fasteigna hjúkrunarheimila. Lagt er til að færðar verði 188 m.kr. úr rekstri stofnanaþjónustu fyrir aldraða í viðhald öldrunarstofnana. Framlagi þessu er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en er ekki ætlað að standa undir endurgreiðslu stofnkostnaðar, afskriftum eða meiri háttar breytingum eða endurbótum á húsnæði. Gert er ráð fyrir að greidd verði ákveðin fjárhæð á hvern fermetra húsnæðis sem nýttur er undir starfsemi þá sem samið hefur verið um.

6.21 Stofnkostnaður og endurbætur. Lögð er til 9,9 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis sem varið er til uppbyggingar öldrunarstofnana. Í séryfirliti 3 í frumvarpinu er 64,9 m.kr. viðskiptahreyfing á mörkuðum tekjum sjóðsins þar sem tekjunum hafði

ekki verið ráðstafað að fullu. Nú er gert ráð fyrir að 55 m.kr. til viðbótar af tekjunum renni til reksturs öldrunarstofnana og 9,9 m.kr. til stofnkostnaðar við uppbyggingu.

437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu.

1.01 Hjúkrunarrými. Lagt er til að 38,8 m.kr. sem eru útgjöld vegna fjögurra sjúkrarýma verði færðar á viðfangsefni 1.81 undir þessum fjárlagalið. Eftir á viðfangsefninu verði þá eingöngu framlög til 26 hjúkrunarrýma.

1.81 Sjúkrarými og fæðingar. Lagt er til að 38,8 m.kr. sem eru útgjöld vegna fjögurra sjúkrarýma verði færðar hingað af viðfangsefni 1.01 undir þessum fjárlagalið.

477 Dagvistun aldraðra, aðrar.

1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar. Gerð er tillaga um 9,0 m.kr. framlag til leiðréttingar á rekstrargrunni dagvistarheimila.

621 Forvarnasjóður.

1.90 Forvarnasjóður. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag til stuðnings við starfsemi Gamla apóteksins á Ísafirði til að efla forvarnastarf gegn vímuefnum.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 684,4 m.kr.

103 Fjársýsla ríkisins.

1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins. Gerð er tillaga um 17 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna greiðslu virðisaukaskatts af viðhaldssamningi við framleiðanda nýrra fjárhags- og starfsmannakerfa ríkisins sem ekki var gert ráð fyrir að þyrfti að greiða í kostnaðaráætlunum Fjársýslunnar. Þar sem skatturinn rennur til ríkissjóðs hefur þessi breyting ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi. Gerð er tillaga um 12,5 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna greiðslu virðisaukaskatts af stofnkostnaði nýrra fjárhags- og starfsmannakerfa ríkisins sem ekki var gert ráð fyrir að þyrfti að greiða í kostnaðaráætlunum Fjársýslunnar. Þar sem skatturinn rennur til ríkissjóðs hefur þessi breyting ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Lagt er til að 8 m.kr. óráðstafað framlag til verkefna átaksins um Íslenska upplýsingasamfélagið, sem fært var til bráðabirgða á þennan fjárlagalið í frumvarpinu, gangi til verkefnis Hagstofu Íslands um gagnaöflun, hagskýrslugerð og miðlun upplýsinga um hagnýtingu upplýsingatækni. Er því gert ráð fyrir að fjárveiting á liðnum 13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið hækki um sömu fjárhæð.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

6.26 Grensásvegur 9. Lagt er til að veitt verði 100 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til viðgerða og viðhalds á fasteign ríkisins á Grensásvegi 9. Fyrirhugað er að á árinu 2003 verði hafinn fyrsti áfangi af þremur sem felst í hönnunarvinnu og framkvæmdum á lóð og utan húss. Á árinu 2004 er gert ráð fyrir að gera upp kjallara og 3. hæð hússins. Þá er gert ráð fyrir að gera upp 1. og 2. hæð hússins árið 2005. Ekki liggur fyrir nákvæm kostnaðaráætlun fyrir verkið en gera má ráð fyrir að heildarkostnaður verði á bilinu 300–400 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 562,9 m.kr. hækkun á liðnum. Annars vegar er lögð til 300 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins til að mæta áhrifum af úrskurði kjaranefndar um kjör heilsugæslulækna á útgjöld heilbrigðisstofnana. Samkvæmt bráða-

birgðamati á úrskurðinum er áætlað að kostnaður heilbrigðisstofnana kunni að aukast um 600 m.kr. brúttó. Á móti vegur að um 180 m.kr. fjárheimild fellur niður á fjárlagalið sjúkratrygginga þar sem greidd hafa verið viss læknisverk beint til heilsugæslulækna en slíkar greiðslur færast nú yfir á heilsugæslustöðvar samkvæmt úrskurðinum. Nettókostnaðurinn verður þá 420 m.kr. samkvæmt þessu. Gert er ráð fyrir að unnt verði að nýta um 300 m.kr. af tæplega 460 m.kr. fjárheimild þessa fjárlagaliðar í frumvarpinu til að bæta heilbrigðisstofnunum kostnaðaraukann og er hér því gerð tillaga um það sem á vantar.

Þá er gerð tillaga um 262,9 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Um er að ræða úthlutun á framlögum til stofnana í samræmi við bókun með kjarasamningi við Starfsmannafélag ríkisstofnana sem er ætluð til að bæta kjör þeirra sem eru á lægstu töxtunum og til að draga úr hárri starfsmannaveltu. Sundurliðun á fjárheimildum til einstakra stofnana er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 9,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.11 Fastanefndir. Lögð er til 5,6 m.kr. millifærsla af viðfangsefninu 1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskipamálum á nýtt viðfangsefni, 1.11 Fastanefndir. Verkefni úrskurðarnefndar í póst- og fjarskiptamálum hafa reynst minni en ætlað var meðan verkefni annarra nefnda hafa aukist og því er lagt til að fjárveiting til nefnda ráðuneytisins verði sameinuð á eitt viðfangsefni.

1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu. Lögð er til 2,5 m.kr. tímabundin hækkun á safnliðnum en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum IV með breytingartillögum meiri hlutans.

1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum. Lögð er til 5,6 m.kr. millifærsla af þessu viðfangsefni á nýtt viðfangsefni, 1.11 Fastanefndir. Verkefni úrskurðarnefndar í póst- og fjarskiptamálum hafa reynst minni en ætlað var meðan verkefni annarra nefnda hafa aukist og því er lagt til að fjárveiting til nefnda ráðuneytisins verði sameinuð á eitt viðfangsefni.

651 Ferðamálaráð.

1.01 Ferðamálaráð. Lögð er til tímabundin 1 m.kr. fjárveiting fyrir Gistiheimilið Bása í Grímsey til að bæta aðstöðu þar.

1.11 Ferðamálasamtök landshluta. Lögð er til 6 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi til samtakanna til að efla upplýsingagjöf á landsbyggðinni.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 14,4 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 7 m.kr. fjárveiting til að standa straum af kostnaði við að gera hálft starf fulltrúa í Brussel að heilu starfi. Ráðuneytið hefur nú hálfan fulltrúa við sendiráðið í Brussel á móti landbúnaðarráðuneytinu. Reynslan hefur sýnt að fulltrúi í hálfu starfi nær ekki að sinna öllum nauðsynlegum verkefnum fyrir bæði ráðuneytin. Því er lagt til að á árinu 2003 verði áætlað fyrir fulltrúa sem aðeins sinni verkefnum þessa ráðuneytis. Sams konar tillaga er gerð fyrir aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.48 Átak til atvinnusköpunar. Lagt er til að veitt verði 3,4 m.kr. tímabundið framlag vegna verkefnisins Handverk og hönnun sem er samstarfsverkefni iðnaðar-, landbúnað-

ar-, félagsmála- og forsætisráðuneytis. Verkefnið hefur staðið frá árinu 1999 og er fyrirhugað að því ljúki á árinu 2006. Gert er ráð fyrir að alls verði varið 68,4 m.kr. til verkefnisins á árunum 2003–2006 eða sem nemur 17,1 m.kr. á ári. Þegar hefur verið gert ráð fyrir 6,9 m.kr. fjárveitingu hjá forsætisráðuneyti, 3,4 m.kr. framlagi frá félagsmálaráðuneyti, 3,4 m.kr. úthlutun frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og 3,4 m.kr. hjá iðnaðarráðuneyti með þessari tillögu. Tillagan byggist á ríkisstjórnarsamþykkt frá 12. nóvember 2002.

1.50 Nýsköpun og markaðsmál. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundna hækkun á þessum lið í þeim tilgangi að styrkja starfsemi Fagráðs textíliðnaðarins við eflingu ullariðnaðar á Íslandi.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 8 m.kr.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið. Lagt er til að 8 m.kr. framlag til verkefna átaksins um Íslenska upplýsingasamfélagið, sem fært var til bráðabirgða á liðinn 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum undir fjármálaráðuneytinu í frumvarpinu, gangi til verkefnis Hagstofu Íslands um gagnaöflun, hagskýrslugerð og miðlun upplýsinga um hagnýtingu upplýsingatækni. Er því gert ráð fyrir að fjárveiting á liðnum 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum lækki um sömu fjárhæð.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 43,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.56 Vernd Breiðafjarðar. Lagt er til að framlag til Breiðafjarðarnefndar hækki um 3 m.kr. vegna lögbundinna verkefna nefndarinnar.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Lagt er til að veitt verði 9 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við flutning Umhverfisstofnunar í nýtt húsnæði á Suðurlandsbraut 24. Kostnaðurinn stafar af breytingum á húsnæðinu og kaupum á nýjum tækjum og húsgögnum.

Þá er gerð tillaga um 7,3 m.kr. fjárveitingu vegna aukins húsnæðiskostnaðar. Núverandi húsnæðiskostnaður er 17,9 m.kr. en áætlað er að kostnaður stofnunarinnar í nýju húsnæði verði 35,2 m.kr. Í fjárlagagrunni stofnunarinnar eru nú þegar 10 m.kr. til að mæta þessum viðbótarkostnaði þannig að 7,3 m.kr. vantar.

Loks er lagt til að önnur gjöld og sértekjur hækki um 1 m.kr. í samræmi við frumvarp til laga um verndun hafs og stranda sem gert er ráð fyrir að öðlist gildi 1. janúar 2003. Áætlað er að rekstrarkostnaður aukist um 1 m.kr. á ári en á móti komi tekjur samkvæmt gjaldskrá fyrir eftirlit og aðgerðir vegna bráðamengunar og notkun á mengunarvarnabúnaði. Á fjárlagalið 14-211-6.01 er gerð tillaga um fjárveitingu til kaupa á mengunarvarnabúnaði.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að veitt verði 2,5 m.kr. tímabundið framlag til fjögurra ára vegna frumvarps til laga um verndun hafs og stranda sem gert er ráð fyrir að öðlist gildi 1. janúar 2003. Um er að ræða kostnað við kaup á mengunarvarnabúnaði. Áætlað er að rekstrarkostnaður vegna laganna verði um 1 m.kr. á ári en á móti þeim kostnaði koma tekjur stofnunarinnar af eftirliti og aðgerðum vegna bráðamengunar og notkun á mengunarvarnabúnaði samkvæmt gjaldskrá.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. fjárveitingu til greiðslu á leigu fyrir þann hluta af húsnæði stofnunarinnar við Hlemm sem Fasteignir ríkissjóðs hafa tekið við af Háskóla Íslands sem áður lagði stofnuninni húsnæðið til endurgjaldslaust.

1.02 Setur í Reykjavík. Gerð er tillaga um 3 m.kr. fjárveitingu til áframhaldandi leigu á geymsluhúsnæði fyrir vísindasöfn stofnunarinnar við Skútuvog. Stofnunin fékk tímabundna fjárveitingu til að greiða leiguna í fjáraukalögum fyrir árið 2001 en nú þykir sýnt að aðstaðan verði leigð til lengri tíma.

403 Náttúrustofur.

1.10 Náttúrustofa Neskaupstað. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Austurlands til að halda áfram rannsóknum og vöktun hreindýrastofnsins.

Jafnframt er gerð tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til jarðfræðiúttektar á Hallormsstaðalandi sem unnin er á vegum Náttúrustofu Hjörleifs Guttormssonar.

1.12 Náttúrustofa Bolungarvík. Gerð er tillaga um að veita Náttúrustofu Vestfjarða 3,5 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi rannsókna í Hornstrandafriðlandi.

1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi. Gerð er tillaga um að veita Náttúrustofu Vesturlands 3,5 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefnis um áhrif innæxlunar og mengunar á viðkomu íslenska arnarins. Þar er leitast við að varpa ljósi á ástæður þess að íslenski arnarstofninn stækkar mun hægar en arnarstofnar annars staðar í heiminum þrátt fyrir áratugalanga alfriðun.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings rannsóknamiðstöðvar snjóflóða á Ísafirði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. nóv. 2002.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kristján Pálsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.

Ásta Möller.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 22/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Örlygur Geirsson, Gísli Þór Magnússon og Auður B. Árnadóttir frá menntamálaráðuneyti og Leifur Eysteinsson frá fjármálaráðuneyti.

Heildargjöld menntamálaráðuneytisins árið 2003 eru áætluð um 31.684 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð um 1.727 millj. kr. en þær nema 5,4% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Nefndin ræddi nýja útgáfu reiknilíkans fyrir framhaldsskóla þar sem m.a. er lagt til grundvallar að stutt verði við verknám og hugað að dreifbýlinu. Nefndin hefur áður bent á nauðsyn þess að endurskoða þyrfti reiknilíkanið vegna óánægju þeirra sem unnið hafa eftir því og fagnar því nýjum reglum. Nefndinni er samt sem áður kunnug sú staðreynd að seint mun nást sátt meðan slíkt líkan er notað þar sem ekki er hægt að taka tillit til sérhagsmuna einstakra skóla. Nefndin bendir þó á að með þessu móti er skipting fjármuna gegnsærri en áður.

Þá var ræddur fjárhagsvandi Þjóðminjasafnsins. Í sambærilegu áliti nefndarinnar til fjárlaganefndar á síðasta þingi kom fram að nefndin teldi brýnt að hægt yrði að opna safnið og fagna þannig 100 ára afmæli þess 24. febrúar nk. Nefndin ítrekar hér fyrra álit sitt.

Einar Már Sigurðarson og Ólafur Örn Haraldsson skrifa undir álitið með þeim fyrirvara að þeir eiga sæti í fjárlaganefnd.

Kjartan Ólafsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. nóv. 2002.

Gunnar Birgisson, form.
Sigríður Ingvarsdóttir.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson, með fyrirvara.
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.
Sigríður Ingvarsdóttir.
Drífa Snædal.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapalaga og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2002.

Nefndin fékk á sinn fund Gunnar Snorra Gunnarsson, Pétur Ásgeirsson og Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti.

Gert er ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins lækki um 30 millj. kr. miðað við fjárlög fyrir árið 2002. Nokkrar breytingar verða á rekstrarreikningi ráðuneytisins vegna flutnings Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli úr A-hluta fjárlaga í B-hluta fyrirtæki. Breytingarnar hafa í för með sér að 478,1 millj. kr. rekstrarframlag er fellt niður en á móti eru 508,9 millj. kr. tekjur veittar áfram í B-hluta gegnum A-hluta fjárlaga.

Nefndin vekur athygli á að nú er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til lífeyrisréttinda maka flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar en lífeyrisréttindi þeirra hafa hingað til verið fyrir borð borin vegna skertra möguleika á atvinnuþátttöku. Einnig er framlag til friðargæslumála hækkað til að styrkja þá starfsemi sem nú þegar hefur sannað gildi sitt.

Gengisbreytingar munu nú hafa jákvæð áhrif á launa- og verðlagsbreytingar, en óhagstæð gengisþróun og launa- og verðlagsbreytingar vógu nokkuð þungt í aukinni fjárþörf ráðuneytisins á yfirstandandi ári.

Nefndin minnir enn á mikilvægi þess að málefni utanríkisþjónustunnar séu í stöðugri endurskoðun, m.a. með það fyrir augum að nýta takmarkaðan mannafla og fjármagn sem best.

Að öðru leyti sér nefndin ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Björn Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar K. Guðfinnsson og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þórunn Sveinbjarnardóttir og Steingrímur J. Sigfússon rita undir álitið með fyrirvara. Þórunn gerir fyrirvara um óbreytt framlög til þróunarsamvinnu og framlög til friðargæslumála enda telur hún skorta upplýsingar um starfsemi og kostnað þess málaflokks. Steingrímur lýsir megnri óánægju með að framlögum til þróunarsamvinnu skuli haldið óbreyttum og minnir á að það sé í andstöðu við upphaflega stefnu en framlag Íslands sem er 0,12% af vergri landsframleiðslu hefur verið óbreytt frá upphafi. Þá gerir hann fyrirvara um Keflavíkurflugvöll einkum vegna stöðu flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. og þess kostnaðar sem orðið hefur af Schengen-samstarfinu.

Alþingi, 18. nóv. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2002.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Frá Veiðimálastofnun komu Sigurður Guðjónsson og Vífill Oddsson og gerðu grein fyrir þörf stofnunarinnar fyrir aukafjárveitingu sem nefndin telur að rúmist ekki innan safnliða og vísar því aftur til fjárlaganefndar.

Á fund nefndarinnar, vegna skiptingar safnliða í fjárlagafrumvarpi, komu Björn Guðbrandur Jónsson og Fríða Björg Eðvarðsdóttir frá Gróðri fyrir fólk í Landnámi Ingólfs. Þá komu Gunnar Á. Gunnarsson og Ólafur Gunnarsson frá Vottunarstofunni Túni ehf., gerðu grein fyrir starfseminni og mikilvægi vitnisburðar um hreinleika afurða í útflutningi. Að mati nefndarinnar eru verkefni Vottunarstofunnar svo umfangsmikil að þau rúmast ekki innan skiptingar safnliða, vísar því nefndin erindinu til fjárlaganefndar og vekur jafnframt sérstaka athygli á nauðsyn þess að stofan fái fast framlag í fjárlögum.

Erindum Rangárbakka, Hestamiðstöðvar Suðurlands ehf. og landsmóts hestamanna á Vindheimamelum vísar landbúnaðarnefnd til afgreiðslu fjárlaganefndar þar sem nefndin telur verkefnin svo stór að þau rúmist ekki innan skiptingar safnliðar.

Nefndin vekur athygli á að þörf er á áframhaldandi stuðningi við verkefnið Nytjaland – Jarðabók Íslands og mælir nefndin með frekari fjárveitingu til þess.

Þá vekur nefndin sérstaka athygli á að þörf er á áframhaldandi stuðningi við rannsóknir vegna kolefnisbindingar nýskógræktar og kolefnislosunar skógareyðingar vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni.

Drífa Hjartardóttir og Kristján Pálsson skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Karl V. Matthíasson.

Pétur Bjarnason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 15. nóv. 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., með fyrirvara.
Sigríður Ingvarsdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir.
Þuríður Backman, með fyrirvara.
Kristján Pálsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2002.

Nefndin fékk á sinn fund Þorstein Geirsson og Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Jóhann Sigurjónsson og Vigni Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnuninni og Þórð Ásgeirsson og Gylfa Ástbjartsson frá Fiskistofu.

Fjárveitingar Hafrannsóknastofnunarinnar lækka um 13,2 millj. kr. að mati hennar á milli ára. Á hinn bóginn er hvorki í fjárlögum né í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir þeim auknu tekjum sem breytt lög um stjórn fiskveiða færa stofnuninni frá 1. febrúar sl. Upplýst var á fundinum að frá 1. febrúar til 1. október nema þær tekjur um 70 millj. kr. Sjávarútvegsnefnd leggur áherslu á að mörkuð sé stefna af hálfu stofnunarinnar um hvernig þessum auknu tekjum verði varið til rannsókna og telur eðlilegt að þeirra sjái stað í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Mikilvægt er að þessar viðbótartekjur fari til rannsókna, eins og lögin gerðu ráð fyrir, og styrki þannig hafrannsóknastarfið. Þá er ljóst af fjárlagafrumvarpinu að nauðsynlegt er að veita viðbótarfé til viðhaldsframkvæmda á hafrannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Að mati sjávarútvegsráðuneytisins þarf 117 millj. kr. til þess á fjárlögum næsta árs, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir 53 millj. kr. til viðfangsefnisins.

Fram kom í máli fulltrúa Fiskistofu að fjárhagsramminn væri þröngur og að undangengin tvö ár hefði verið gengið á uppsafnaða sjóði stofnunarinnar. Á hinn bóginn virðast sértekjur stofnunarinnar hafa orðið 34 millj. kr. meiri en áætlað var. Nauðsynlegt er því, áður en fjárlagagerðinni lýkur, að skoða betur tekju- og útgjaldaforsendur stofnunarinnar. Hafði sjávarútvegsnefnd ekki forsendur til þess á þeim tíma sem gafst áður en þessu áliti var skilað. Upplýst var að eftir hækkun veiðieftirlitsgjalds við meðferð fjárlaga á sl. hausti standi það gjald undir veiðieftirlitinu í landinu, að meðtalinni eðlilegri hlutdeild í föstum kostnaði Fiskistofu.

Ekki var ráðrúm til viðræðna við fulltrúa Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og stofnunin sendi ekki skriflegar athugasemdir við fjárlagafrumvarpið eins og kostur var gefinn á. Stofnunin hefur hins vegar byggt upp mikla og öfluga starfsemi utan höfuðborgarinnar og haft góðan skilning á mikilvægi þess, gagnstætt mörgum öðrum opinberum stofnunum. Það er mjög lofsvert og þýðingarmikið að stofnuninni verði gert kleift að halda áfram á þeirri braut, eins og hvatt hefur verið til í fyrri álitum sjávarútvegsnefndar til fjárlaganefndar.

Varðandi skiptingu safnliða vekur sjávarútvegsnefnd athygli á því að í fjárlagafrumvarpinu hafa fallið út nokkrir liðir frá gildandi fjárlögum sem nefndin telur ástæðu til að séu í fjárlögum næsta árs. Því leggur nefndin til að í fjárlögum næsta árs verði 10 millj. kr. fjárveiting til hagkvæmnirannsóknar kalkþörungavinnslu í Arnarfirði og 5 millj. kr. til Fiskifélags Íslands í sjóvinnslukennslu á skólaskipinu Dröfn. Loks leggur nefndin til 5 millj. kr. fjárveitingu til aðstoðar við uppbyggingu kræklingaeldis. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að ekki hefur verið unnt að styðja uppbyggingu þessarar greinar sem þó er talin eiga mikla möguleika. Því telur nefndin nauðsynlegt að veita fjármagn til uppbyggingar þeirra fyrirtækja í kræklingaeldi sem lengst eru komin á þróunarferlinu.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Guðmundur Hallvarðsson, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson og Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi, 15. nóv. 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.
Pétur Bjarnason.
Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2002.

Á fund nefndarinnar komu Skarphéðinn B. Steinarsson skrifstofustjóri og Óðinn Helgi Jónsson fjármálastjóri frá forsætisráðuneyti og Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri frá dómsmálaráðuneyti.

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2003 eru áætluð um 14.993 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 754 millj. kr. en þær nema um 5% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Við yfirferð nefndarinnar á fjárlagafrumvarpinu kom í ljós að málskostnaður í gjafsóknar- og réttargæslumálum fer vaxandi og eru álit sérfræðinga orðin mjög stór hluti af kostnaði málanna. Nefndin tekur undir mikilvægi tilvistar þessara úrræða en telur þó að huga verði að reglum um greiðslu kostnaðar vegna þessara sérfræðiálita og óskar eftir að koma að athugasemdum við samningu slíkra reglna.

Fram kemur í fjárlagafrumvarpinu að rekstrarframlag Fangelsismálastofnunar verður 593,7 millj. kr. á næsta ári og hækkar um 22 millj. kr., aðallega vegna fjölgunar fanga og aukins rekstrarkostnaðar af þeim sökum. Þá er gert ráð fyrir óbreyttri fjárveitingu til fangelsisbygginga, þ.e. 10 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir að rekið verði fangelsi á Skólavörðustíg og eru gæsluvarðhaldsfangar nú fluttir á Litla-Hraun. Nefndin leggur áherslu á að undirbúningi að smíði nýs fangelsis við Hafravatnsveg verði hraðað þar sem brýnt þykir að bæta eins fljótt og hægt er úr viðvarandi skorti á fangelsisrými. Þá tekur nefndin undir þau markmið að fangar fái í fangelsi ákveðna greiningu í upphafi fangavistar og reynt verði eftir fremsta megni að aðskilja fanga eftir eðli þeirra brota sem þeir hafa verið dæmdir fyrir.

Að lokum bendir nefndin á að verkefni dómstóla hafa verið aukin undanfarið án þess að brugðist hafi verið við því með auknu fjárframlagi. Má sem dæmi nefna nýleg barnaverndarlög og að lagt hefur verið fram í þinginu frumvarp til nýrra barnalaga þar sem m.a. er gert

ráð fyrir að dómstólar skuli flýta meðferð forsjármála. Að óbreyttu er ekki hægt að verða við því án þess að önnur dómsmál tefjist. Nefndin leggur því áherslu á að fjármagn til dómsmála verði aukið.

Jónína Bjartmarz, Lúðvík Bergvinsson, Ásta Möller og Guðjón A. Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðrún Ögmundsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara sem lýtur að skorti á fjármagni til löggæslumála. Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur afgreiðslu málsins en hefur sambærilegan fyrirvara í málinu. Ólafur Örn Haraldsson skrifar undir álitið með þeim fyrirvara að hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 18. nóv. 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Katrín Fjeldsted.
Kjartan Ólafsson.
Ólafur Örn Haraldsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Hermann Sæmundsson, Sturlaugur Tómasson, Sesselja Árnadóttir og Garðar Jónsson frá félagsmálaráðuneyti.

Nefndin fór yfir einstaka liði frumvarpsins en ræddi auk þess sérstaklega málefni fatlaðra en í álitum nefndarinnar, meiri og minni hluta, um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2001 var bent á þann fjölda sem þá hafði myndast á biðlistum eftir þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra og þann vanda sem hafði skapast vegna skorts á starfsmönnum í umönnunarstörfum fyrir fatlaða. Í september 2000 skilaði starfshópur um styttingu biðlista eftir þjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra skýrslu til félagsmálaráðherra en þar var lagt til að næstu fimm árin yrði hugað að eftirfarandi:

a. að rýmum á sambýlum í Reykjavík og á Reykjanesi yrði fjölgað um 80 alls (svarar til 15–16 sambýla),
b. að árlega yrði varið 5,2 millj. kr. til að eyða biðlistum eftir frekari liðveislu,
c. að rýmum í dagþjónustu í Reykjavík og á Reykjanesi yrði fjölgað um 40 alls,
d. að þjónusta við börn yrði efld og til þess varið að jafnaði um 8 millj. kr. á ári,

e. að vegna nýliðunar í hópi þeirra sem þurfa á þjónustu að halda yrðu keypt eða byggð sex sambýli.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 nemur framlag til málefna fatlaðra rúmum 5.200 millj. kr. og hækkar um 393 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt greinargerð má rekja þá hækkun að hluta til tilfærslu á 83 millj. kr. frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi vegna flutnings íbúa af Kópavogshæli í sambýli á höfuðborgarsvæðinu en áformað er að taka á leigu fjögur hús fyrir sambýli og dagvistun fyrir íbúana. Auk þess segir í greinargerðinni að framlagið sé ætlað til nýrra verkefna í samræmi við áætlun starfshóps um styttingu biðlista eftir þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Í minnisblaði félagsmálaráðuneytisins til nefndarinnar um aðgerðir ráðuneytisins til samræmis við skýrsluna, dags. 13. nóvember 2002, kemur fram að 53 ný rými í sambýlum hafi orðið til í Reykjavík og á Reykjanesi frá því að skýrslan var lögð fram og gert sé ráð fyrir 15 nýjum rýmum á næsta ári. Þá hafi rýmum í dagþjónustu í Reykjavík fjölgað um 10 á síðasta ári og á næsta ári sé gert ráð fyrir nýrri dagvistarstofnun á höfuðborgarsvæðinu og því muni markmiði um fjölgun rýma í dagþjónustu verða náð á því ári. Loks hafi við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2002 fengist um 25 millj. kr. til eflingar skammtímavistun í Reykjavík og í byrjun næsta árs muni taka til starfa ný skammtímavistun við Holtaveg í Reykjavík þar sem hægt verði að sinna mikið fötluðum börnum mun betur en mögulegt hefur verið. Nefndin lýsir yfir ánægju sinni með þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í kjölfar skýrslu starfshópsins en telur engu síður afar mikilvægt að fylgt verði eftir tillögum starfshópsins til hins ýtrasta og biðlistum eytt sem fyrst. Einnig leggur nefndin áherslu á að stöðugt mat fari fram á húsnæðis- og þjónustuþörf fatlaðra.

Hvað varðar skiptingu safnliða tekur nefndin eftirfarandi fram: Nefndin telur óheppilegt að opinberir styrkir til félagasamtaka komi víða frá þannig að erfitt reynist að öðlast yfirsýn yfir heildarstyrkveitingu hins opinbera. Að öðru leyti gerir nefndin þá tillögu að annaðhvort verði gerður þjónustusamningur við Íslenska ættleiðingu eða gert ráð fyrir fjárframlagi til félagsins í föstum liðum fjárlagafrumvarpsins þar sem félagið hefur fengið auknar skyldur vegna löggildingar dómsmálaráðherra samkvæmt lögum nr. 130/1999, um ættleiðingar. Þá leggur nefndin til að mál Sjálfsbjargar verði athuguð í heild af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti þar sem nefndin getur einungis orðið við erindi félagsins að litlu leyti. Af sömu ástæðu vísar nefndin erindum Geðhjálpar og Blindrafélagsins til fjárlaganefndar til frekari skoðunar og telur nefndin rétt að íhugað verði hvort gera eigi ráð fyrir framlagi til félaganna á föstum liðum fjárlagafrumvarpsins eða gerður verði við þau þjónustusamningur af hálfu ráðuneytisins. Hið sama er að segja um erindi Foreldra- og styrktarfélags Öskjuhlíðarskóla og Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Nefndin leggur til að gengið verði frá þjónustusamningum hið fyrsta við Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla vegna reksturs sumardvalarstaðar fyrir nemendur skólans og við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra vegna uppbyggingar í Reykjadal. Loks er erindi BSRB á safnlið 07-981-190 vísað aftur til fjárlaganefndar.

Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristján Pálsson og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara þar sem þau eiga sæti í fjárlaganefnd.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álitið með fyrirvara þar sem ekki liggur fyrir niðurstaða hvað varðar endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og reglum jöfnunarsjóðs en hann telur það bagalegt þar sem afkoma mjög margra sveitarfélaga er með öllu óviðunandi. Þá er fyrirvarinn einnig tengdur því sérstaklega að ónógum fjármunum er varið til húsnæðismála.

Jónína Bjartmarz, Ásta R. Jóhannesdóttir og Magnús Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. nóv. 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., með fyrirvara.
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara.
Kristján Pálsson, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2002.

Á fund nefndarinnar komu Davíð Á. Gunnarsson og Svanhvít Jakobsdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun, Magnús Pétursson, Anna Lilja Gunnarsdóttir, Anna Stefánsdóttir og Jóhannes M. Gunnarsson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Hörður Þorgilsson, Kolbrún Baldursdóttir og Ingi Jón Hauksson frá Sálfræðingafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ráðuneytisins verði rúmlega 100 milljarðar kr. Gjöld umfram tekjur eru rúmlega 96,7 milljarðar kr. og af þeim eru 76,7 milljarðar kr. beint framlag úr ríkissjóði og 20 milljarðar kr. innheimtir af ríkistekjum. Tekin hefur verið saman útgjaldaþróun helstu málaflokka hjá ráðuneytinu næstu fjögur árin. Þar er gert ráð fyrir að framlög til tryggingamála aukist að jafnaði um 4% á ári, framlög til sjúkratrygginga aukist um 5% á ári og lyfjaútgjöld um 7% á ári en árleg umsýsla eftirlitsstofnana aukist um 1% á ári.

Nefndin vill leggja áherslu á að sýnt verði aðhald í rekstri heilbrigðiskerfisins og minnir á mikilvægi þess að heilsugæslan í landinu sé öflug og hæf til að sinna þörfum sjúklinga. Nefndin hefur kynnt sér úttekt Ríkisendurskoðunar á Heilsugæslunni í Reykjavík, „Fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu“. Heilsugæslan í Reykjavík þjónar stórum hluta landsmanna eða hátt í 150.000 manns með um 397 stöðugildi og heildarútgjöld um 1,9 milljarða kr. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 kemur fram að eitt af markmiðunum er að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga en það hefur ekki náðst enn sem komið er. Í úttektinni er bent á atriði sem betur mega fara í rekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík sem lið í því að þetta markmið náist. Má þar nefna að stjórnendur setji skýr markmið um komufjölda og hámarks-

lengd biðtíma auk þess sem bent er á leiðir til að stytta biðtíma sjúklinga eftir viðtali við lækni. Reikna má með að svipað eigi við víðar.

Nefndin ræddi mál geðfatlaðra sem hafa gerst brotlegir við lög og skort á úrræðum í málefnum þeirra. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að tekið verði á þessum vanda þar sem ekki er gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til málsins. Nefndin telur mikilvægt að raunveruleg úrræði finnist fyrir þessa einstaklinga og bendir á nauðsyn þess að efla starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni þannig að henni sé gert kleift að taka á móti sakhæfum jafnt sem ósakhæfum einstaklingum.

Nefndin ítrekar nauðsyn þess að nægt rekstrarfé fáist til þess að Landspítali – háskólasjúkrahús geti sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Þá telur nefndin að endurskoða verði rekstrargrunn sjúkrahúsa og leiðrétta hann. Telur nefndin jafnframt að ekki sé í frumvarpinu tekið tillit til breyttra forsendna frá gerð fjárlagafrumvarpsins, t.d. nýrra kjarasamninga, stofnanasamninga og vinnutímatilskipunar. Að mati nefndarinnar verður að mæta aukinni fjárþörf sem þetta skapar. Einnig styður nefndin uppbyggingu göngudeilda á sjúkrahúsunum í takt við nýja starfsmannastefnu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Nefndin leggur til að fjárveitingar til hjúkrunarrýma verði auknar og að hafist verði handa við að leysa hjúkrunarvanda aldraða á höfuðborgarsvæðinu.

Þá telur nefndin að leiðrétta verði greiðslur til lífeyrisþega þannig að þær fylgi launaþróun.

Jónína Bjartmarz, Ólafur Örn Haraldsson, Katrín Fjeldsted og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Arnbjörg Sveinsdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu sinnar í fjárlaganefnd.

Alþingi, 14. nóv. 2002.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, varaform.
Arnbjörg Sveinsdóttir, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.
Þuríður Backman.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2002.

Nefndin fékk á sinn fund Jón Birgi Jónsson, Halldór S. Kristjánsson, Odd Einarsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og gerðu þeir grein fyrir þeim liðum frumvarpsins sem snerta ráðuneytið. Þá komu á fund nefndarinnar Hermann Guðjónsson, Gísli

Viggósson og Kristján Helgason frá Siglingastofnun Íslands, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri, Hrafnkell Gíslason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri frá Vegagerðinni og Baldvin Birgisson frá Flugskóla Íslands.

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við þá liði frumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar en bendir á að hugsanlega þurfi að breyta einstökum liðum og þá í samræmi við væntanlega samgönguáætlun.

Meiri hlutinn leggur til óbreytta skiptingu á safnlið 10-190-1.12, Vetrarsamgöngur og vöruflutningar, frá síðasta ári en þá tók nefndin skiptingu samkvæmt liðnum til gagngerrar endurskoðunar. Meiri hlutinn mælist til þess að því fé sem stendur eftir óskipt verði ráðstafað af samgönguráðherra að fenginni umsögn Vegagerðarinnar. Við skiptingu skal við það miðað að upphæðinni sé skipt niður á byggðarlög þar sem sérstakir erfiðleikar eru í vetrarsamgöngum og þörf er talin á viðbót við snjómokstur.

Meiri hlutinn leggur til að samgönguminjasafnið Ystafell fái 2,5 millj. kr. styrk af lið 10-190-1.45, Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu, og sömuleiðis véla- og samgönguminjasafnið að Stórageröi í Óslandshlíð í Skagafirði. Þá leggur meiri hlutinn til að veittur verði styrkur til uppbyggingar á Þórbergssetri að Hala í Suðursveit að fjárhæð 5 millj. kr. og jafnframt að veittur verði 1 millj. kr. styrkur til Sögu- og flugminjasafns Suðurnesja sem greiðist af lið 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf. Loks leggur meiri hlutinn til að veittur verði styrkur að upphæð 0,8 millj. kr. til Papeyjarferða ehf. sem heldur uppi áætlunarsiglingum milli Djúpavogs og Papeyjar.

Arnbjörg Sveinsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 19. nóv. 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir, með fyrirvara.
Ísólfur Gylfi Pálmason, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn telur fráleitt að ætla samgöngunefnd að fjalla um frumvarp til fjárlaga við þær kringumstæður sem nú eru varðandi stefnumótun í samgöngumálum í landinu. Sú einkennilega staða er nú uppi að engin gild vegáætlun fyrir árið 2003 liggur fyrir né flugmálaáætlun. Samgönguráðherra hefur boðað að tillaga til þingsályktunar um samræmda samgönguáætlun verði lögð fyrir Alþingi nú á þessu haustþingi og jafnframt að ætlunin sé að afgreiða hana fyrir áramót. Í samræmdri samgönguáætlun verða lögð drög að fjárveitingum til

vegamála, flugmála sem og hafna- og siglingamála á næstu árum, þar á meðal því næsta. Það er því ljóst að þrátt fyrir að í gildi séu áætlanir í siglingamálum fyrir næsta ár kunna þær jafnframt að breytast með tilkomu samgönguáætlunar. Af þessu má ljóst vera að meginhluti frumvarpsins er varðar samgönguráðuneytið er í uppnámi og viðbúið að flestir liðir muni breytast.

Samgönguáætlun er ætlað að vera sá grunnur sem fjárframlög til samgöngumála byggjast á með sama hætti og vegáætlun, hafnaáætlun og flugmálaáætlun áður. Efni hinnar samræmdu samgönguáætlunar er hins vegar enn sem komið er leyndarmál ríkisstjórnarinnar. Það eru því fráleit vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar að ætla samgöngunefnd og þingmönnum almennt að fjalla um og taka afstöðu til fjárlagatillagna sem í raun eru marklitlar þar sem gera má ráð fyrir að þær taki breytingum í samræmi við samgönguáætlun.

Það er álit minni hlutans að samgöngunefnd sé með öllu ófært að fjalla um eða taka afstöðu til þeirra fjárlagatillagna sem í frumvarpinu birtast og varða vega-, siglinga- og flugmál. Að áliti minni hlutans bar samgöngunefnd að fresta álitsgjöf til fjárlaganefndar þar til samgönguáætlun hefði verið lögð fram og samþykkt af þinginu. Minni hlutinn kynnti þessa afstöðu sína fyrir meiri hluta nefndarinnar sem reyndist annarrar skoðunar. Minni hlutinn skorar því á fjárlaganefnd að fresta afgreiðslu mála sem lúta að samgönguáætlun þar til tillaga til þingsályktunar um samræmda samgönguáætlun hefur verið lögð fram og samþykkt af þinginu. Í framhaldi af því væri síðan nauðsynlegt að afla álits samgöngunefndar að nýju.

Minni hlutinn vekur athygli á að fjárveitingar til ferðamála eru í engu samræmi við þær gífurlegu tekjur sem atvinnugreinin færir þjóðarbúinu. Þrátt fyrir að menn séu sammála um að enn sé unnt að auka þessar tekjur verulega er ríkisstjórnin ekki tilbúin til að leggja til þá fjármuni sem nauðsynlegir eru til landkynningar og markaðsmála. Samgöngunefnd fjallaði nánast ekkert um fjárþörf og skiptingu fjár til ferðamála, sem er í fullkomnu ósamræmi við mikilvægi málaflokksins. Framlög skortir til þróunar- og frumkvöðlastarfs og ekki hvað síst til eflingar og reksturs upplýsingamiðstöðva ferðamála víðs vegar um landið. Minni hlutinn bendir sérstaklega á nauðsyn þess að gera myndarlegt átak til auka fjölda ferðamanna yfir vetrarmánuðina.

19. nóv. 2002.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Þorkel Helgason og Sveinbjörn Björnsson frá Orkustofnun, Smára Sigurðsson og Hallgrím Jónasson frá Iðntæknistofnun og Hákon Ólafsson frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Þá komu á fund nefndarinnar Kristmundur Halldórsson og Gunnar Örn Gunnarsson frá iðnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Einnig bárust nefndinni skriflegar athugasemdir frá Byggðastofnun.

Rannsóknir eru undirstaða framfara. Nýjungar spretta upp úr rannsókna- og þróunarstarfi. Vegna þeirra starfa hafa orðið miklar framfarir á mörgum sviðum atvinnulífs okkar. Þannig má segja að Íslendingar séu leiðandi á sviði orkunýtingar sem og í ýmsum greinum byggingartækni. Mikil gerjun á sér stað á ýmsum nýjum sviðum vegna merkilegs rannsóknastarfs. Möguleikar til frekari sóknar eru til staðar ef rétt er á haldið og rannsókna- og þróunarstarfi búin þau skilyrði sem nauðsynleg eru.

Forstöðumenn rannsóknastofnana iðnaðarráðuneytis eru uggandi um stöðu grunnrannsókna og nýsköpunar vegna fjárskorts. Stöðugt stærri hluti fjármögnunar stofnananna er tilkominn vegna sjálfsaflafjár. Að sama skapi fer hlutur grunnrannsókna þverrandi og möguleikar til nýsköpunar. Má í því sambandi nefna úrvinnslu léttmálma, líftækni, nýsköpunarmiðstöð, atvinnuþróunarfélög, nýtt eldsneyti, sjóðandi lághita, háhita til iðnaðarnota, baðlækningar og ámóta þætti.

Í riti iðnaðarráðuneytis, Hlutverk rannsóknastofnana iðnaðarráðuneytis (september 2001), eru tilgreind verkefni á áðurnefndu sviði rannsókna og nýsköpunar. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2003 sér þess naumast merki að við þeim tilmælum hafi verið orðið. Þá kemur fram á bls. 18 í sama riti að fjárframlög til iðnaðarráðuneytis hafi farið hlutfallslega lækkandi frá árinu 1987 meðan framlög til annarra atvinnuráðuneyta hafi hækkað. Iðnaðarnefnd telur þetta óeðlilega þróun í ljósi mikilvægis og þeirra tækifæra sem felast í rannsóknum og nýsköpun stofnana iðnaðarráðuneytis.

Samkvæmt framansögðu gerir iðnaðarnefnd það að tillögu sinni að útgjöld til einstakra stofnana á sviði iðnaðar og nýsköpunar verði hækkuð sem hér segir:

1. Lögð er til hækkun á lið **11-201 Iðntæknistofnun Íslands** um *35 millj. kr.* vegna nýsköpunarmiðstöðvar.
2. Lögð er til hækkun á lið **11-301 Orkustofnun** um *67 millj. kr.* vegna auðlindahagfræði, kortagerðar vatnatilskipunar, nýs eldsneytis, þróunaraðstoðar vegna jarðhita, sjóðandi lághita, háhita til iðnaðarnota og baðlækninga.
3. Lögð er til hækkun á lið **11-411 Byggðastofnun – 1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni** um *8,6 millj. kr.* til að bæta upp verðlagsbreytingar fyrri ára. Þessi tillaga er í samræmi við ósk Byggðastofnunar.

Þá vekur nefndin athygli á því að enn hefur ekki verið gengið eftir uppgjöri orkufyrirtækja vegna grunnrannsókna hins opinbera svo sem gert hefur verið ráð fyrir. Þar kunna að leynast þeir fjármunir sem nýta mætti á sviði grunnrannsókna. Telur nefndin brýnt að þegar í stað verði gengið eftir slíku uppgjöri og fjármunirnir notaðir eins og til var stofnað. Loks vekur nefndin athygli á því að ekki virðist vera gert ráð fyrir kostnaði sem hlaust af starfslokasamningi við fyrrverandi forstjóra Byggðastofnunar í tillögu um fjárveitingu til stofnunarinnar.

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Árni Steinar Jóhannsson, Svanfríður Jónasdóttir og Össur Skarphéðinsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 11. nóv. 2002.

Hjálmar Árnason, form.
Guðjón Guðmundsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.
Pétur Blöndal.
Kjartan Ólafsson.
Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.
Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2002.

Á fund nefndarinnar komu Þórður H. Ólafsson frá umhverfisráðuneyti, Magnús Jónsson frá Veðurstofu Íslands, Friðrik Dagur Arnarson og Hildur Þórisdóttir frá Landvarðafélagi Íslands, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Árni Bragason frá Náttúruvernd ríkisins.

Í frumvarpinu koma fram nokkrar breytingar sem m.a. helgast af því að samkvæmt lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, verður sérstök stofnun, Umhverfisstofnun, sett á fót og tekur frá og með 1. janúar nk. við verkefnum Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóraembættisins og hreindýraráðs og annast framkvæmd dýraverndarlaga. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar sem áður hafa runnið til framangreindra stofnana renni til Umhverfisstofnunar í fjárlögum 2003 auk 49,9 millj. kr. hækkunar en þar af eru 10,9 millj. kr. vegna launa- og verðlagshækkana. Nefndin hefur kynnt sér sérstaklega hvernig vinnu við að koma Umhverfisstofnun á laggirnar vindur fram, helstu áhersluþætti í þeirri vinnu og starfsmannamál og leggur áherslu á að vandað verði til vinnunnar svo að fjárveitingar til stofnunarinnar nýtist sem best.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun til Umhverfisstofnunar en af þeirri hækkun eru 15 millj. kr. ætlaðar til þjóðgarða og landvörslu. Kom fram í máli fulltrúa ráðuneytisins að fjárhæðin væri hugsuð bæði til uppbyggingar á nýjum þjóðgörðum og til áframhaldandi uppbyggingar eldri þjóðgarða. Fulltrúi Náttúruverndar ríkisins benti á að hann teldi að þessu fé væri best varið með því að ráða heilsársstarfsmenn í þjóðgarðana. Nefndin tekur undir það

en leggur sérstaka áherslu á nægilegar fjárveitingar til hins nýja þjóðgarðs Snæfellsjökuls svo að hægt verði að fylgja stofnun hans eftir og halda áfram uppbyggingarstarfsemi þar.

Málefni Veðurstofu Íslands voru rædd á fundum nefndarinnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 408,7 millj. kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Fulltrúi hennar telur hana ekki nægilega og sagði stöðnun ríkja á helstu sviðum stofnunarinnar vegna fjárskorts. Greindi hann frá því að hagræðingarkröfum síðustu ára hefði aðallega verið mætt með frestun verkefna, vanrækslu í viðhaldi og seinkun á endurnýjun tækja og stífu aðhaldi í rekstri stofnunarinnar í Reykjavík. Hagræðing sem krafist er af stofnuninni vegna næsta árs mundi væntanlega beinast að rekstri hennar á landsbyggðinni því lengra yrði ekki gengið í Reykjavík nema fella niður einhver þeirra verkefna sem stofnunin á að sinna lögum samkvæmt. Að mati nefndarinnar verður að kanna hvernig leysa megi mál stofnunarinnar.

Nefndin fjallaði um málefni Landmælinga og bendir á að skoða þurfi hvort sértekjukrafa Landmælinga sé of há. Nefndin hvetur enn fremur til þess að fjármagn verði veitt til þess að ljúka uppsetningu safns Landmælinga á Akranesi.

Nefndin ræddi mál Náttúrufræðistofnunar Íslands en fram kom hjá fulltrúa stofnunarinnar að hún ætti við fjárhagsvanda að glíma á þessu ári. Greindi hann frá því að fjárveitingar hefðu verið nær óbreyttar að raungildi milli áranna 2001 og 2002 og ekki fengist viðbót til að mæta margvíslegum uppsöfnuðum vanda vegna lögboðinna verkefna, t.d. vinnu við náttúruverndaráætlun, verkefna sem tengjast Ofanflóðasjóði og vinnu við náttúrufarsrannsóknir á hálendinu vegna rammaáætlunar um vatnsaflsvirkjanir. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin reki náttúrugripasafn en lítið sem ekkert fé fæst til þeirrar starfsemi. Nefndin mælir með því að fjárveiting til stofnunarinnar verði hækkuð svo að henni verði kleift að sinna verkefnum sínum á fullnægjandi hátt.

Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem þær munu greina frá í ræðum sínum við umræðu um málið í þingsal. Jóhann Ársælsson skrifar undir með fyrirvara vegna afgreiðslu nefndarinnar á safnliðum.

Alþingi, 18. nóv. 2002.

Magnús Stefánsson, form.
Gunnar Birgisson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Katrín Fjeldsted.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Kristján Pálsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

465. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, KPál, DrH, ÁMöl).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	587,1	5,9	593,0
b. 1.04 Alþjóðasamstarf	92,9	2,2	95,1
c. 1.06 Almennur rekstur	482,7	5,0	487,7
d. 1.07 Sérverkefni	28,8	0,5	29,3
e. 5.20 Fasteignir	49,0	15,0	64,0
f. 6.01 Tæki og búnaður	72,0	5,0	77,0
2. Við **00-620 Ríkisendurskoðun**			
1.01 Ríkisendurskoðun	271,0	10,0	281,0
3. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	174,1	7,9	182,0
4. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	25,0	10,0	35,0
5. Við **01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis**			
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	32,2	2,5	34,7
6. Við **01-241 Umboðsmaður barna**			
1.01 Umboðsmaður barna	20,7	3,5	24,2
7. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.286,1	3,0	2.289,1
b. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	724,0	310,0	1.034,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*3.691,3*	*3,0*	*3.694,3*
d. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*310,0*	*310,0*
8. Við **02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**			
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	99,4	-15,0	84,4
9. Við **02-208 Örnefnastofnun Íslands**			
1.01 Örnefnastofnun Íslands	14,2	1,0	15,2
10. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.91 Háskólar, óskipt	87,6	50,0	137,6
11. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	20,0	6,0	26,0
12. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.11 Sameiginleg þjónusta	24,2	35,0	59,2
b. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	87,2	200,0	287,2
13. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
a. 1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	8,5	0,5	9,0
b. 1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	8,5	0,5	9,0

c. 1.23 Farskóli Norðurlands vestra	8,5	0,5	9,0
d. 1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	8,5	0,5	9,0
e. 1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	8,5	0,5	9,0
f. 1.26 Fræðslunet Austurlands	8,5	0,5	9,0
g. 1.27 Fræðslunet Suðurlands	8,5	0,5	9,0
h. 1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	8,5	0,5	9,0
i. 1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	0,0	9,0	9,0
14. Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**			
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.898,0	130,0	3.028,0
15. Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins**			
1.01 Fornleifavernd ríkisins	39,9	-5,0	34,9
16. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	223,9	15,0	238,9
b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	0,0	28,0	28,0
c. 6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum	0,0	7,0	7,0
17. Við **02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**			
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	443,7	1,5	445,2
18. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.10 Listasafn ASÍ	3,0	2,0	5,0
b. 1.41 Galdrasýning á Ströndum	0,0	7,0	7,0
c. 1.90 Söfn, ýmis framlög	14,5	19,1	33,6
d. 6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	0,0	7,0	7,0
e. 6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík	0,0	7,0	7,0
f. 6.28 Sögusafnið í Reykjavík	0,0	7,0	7,0
g. 6.29 Endurbygging á Brydebúð	0,0	3,0	3,0
h. 6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi	0,0	4,0	4,0
i. 6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	0,0	7,0	7,0
j. 6.38 Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði	0,0	6,0	6,0
k. 6.39 Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði	0,0	3,5	3,5
l. 6.40 Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði	0,0	3,5	3,5
m. 6.41 Safnahús í Búðardal	0,0	7,0	7,0
n. 6.43 Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri	0,0	4,0	4,0
o. 6.44 Saltfisksetur Íslands í Grindavík	0,0	7,0	7,0
p. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	0,0	45,0	45,0
19. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	335,0	9,0	344,0
b. 6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	0,0	7,0	7,0
c. 6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	0,0	7,0	7,0
20. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
6.10 Húsafriðunarnefnd	40,5	39,8	80,3
21. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.27 Tónlist fyrir alla	4,5	0,5	5,0
b. 1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	8,6	2,0	10,6

c. 1.90 Listir	37,8	10,0	47,8
d. 6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	0,0	17,0	17,0
22. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5	5,0	12,5
b. 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	4,0	4,0	8,0
c. 1.51 Fræða- og þekkingarsetur	0,0	10,0	10,0
23. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.12 Ungmennafélag Íslands	32,0	20,0	52,0
b. 1.13 Bandalag íslenskra skáta	12,5	5,0	17,5
c. 1.17 Landssamband KFUM og KFUK	11,0	14,0	25,0
d. 1.90 Æskulýðsmál	9,4	3,3	12,7
24. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5	2,5	4,0
b. 1.14 Íþróttasamband fatlaðra	16,5	2,0	18,5
c. 1.20 Glímusamband Íslands	3,5	0,5	4,0
d. 1.21 Skáksamband Íslands	7,0	1,0	8,0
e. 1.24 Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004	0,0	20,0	20,0
f. 1.30 Bridgesamband Íslands	3,0	5,0	8,0
g. 1.90 Ýmis íþróttamál	6,9	5,0	11,9
h. 6.54 Gaddstaðir, reiðskemma	0,0	7,0	7,0
i. 6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	0,0	7,0	7,0
25. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.51 Fornleifasjóður	0,0	5,0	5,0
b. 1.90 Ýmis framlög	2,4	50,0	52,4
26. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	619,5	25,0	644,5
27. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	0,0	8,0	8,0
28. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
1.01 Yfirstjórn	48,5	9,0	57,5
Greitt úr ríkissjóði	*451,3*	*9,0*	*460,3*
29. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	50,6	4,0	54,6
30. Við **04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	181,8	7,0	188,8
31. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.31 Skógræktarfélag Íslands	23,7	1,3	25,0
b. 1.90 Ýmis verkefni	25,0	6,8	31,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*71,9*	*8,1*	*80,0*
32. Við **04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins**			
5.01 Viðhald	5,2	3,0	8,2
33. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	65,3	15,0	80,3
34. Við **04-331 Héraðsskógar**			
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	91,7	10,0	101,7

35. Við **04-343 Landshlutabundin skógrækt**			
a. 1.10 Suðurlandsskógar	79,3	10,4	89,7
b. 1.13 Vesturlandsskógar	36,3	16,6	52,9
c. 1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	32,3	7,2	39,5
d. 1.16 Norðurlandsskógar	60,1	29,6	89,7
e. 1.17 Austurlandsskógar	12,3	10,1	22,4
36. Við **04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**			
a. 1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.872,0	63,4	3.935,4
b. 1.02 Lífeyrissjóður bænda	146,0	2,4	148,4
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.018,0*	*65,8*	*4.083,8*
37. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
a. Við 1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC). Liðurinn orðast svo: 1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	20,4	2,5	22,9
b. 1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	0,0	5,3	5,3
c. 1.90 Ýmislegt	23,7	7,0	30,7
d. 6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	0,0	7,0	7,0
38. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.47 Íslensk ættleiðing	0,0	5,0	5,0
b. 1.82 Biblíuþýðingar	0,6	2,0	2,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*45,2*	*7,0*	*52,2*
39. Við **06-232 Opinber réttaraðstoð**			
1.10 Opinber réttaraðstoð	63,9	16,1	80,0
40. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.05 Innheimta sekta	22,3	-22,3	0,0
Greitt úr ríkissjóði	*656,8*	*-22,3*	*634,5*
41. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.039,0	27,0	1.066,0
42. Við **06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík**			
1.01 Yfirstjórn	215,9	8,0	223,9
43. Við **06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**			
1.05 Innheimta sekta	0,0	24,3	24,3
44. Við **06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**			
1.20 Löggæsla	73,0	2,0	75,0
45. Við **06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna**			
a. 6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	10,0	5,0	15,0
b. 6.34 Húsnæði sýslumanns í Keflavík	0,0	15,0	15,0
46. Við **06-733 Kirkjugarðsgjöld**			
1.11 Kirkjugarðar	591,3	3,0	594,3
47. Við **07-302 Ríkissáttasemjari**			
1.01 Ríkissáttasemjari	39,9	12,0	51,9
48. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	416,9	12,0	428,9
49. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.90 Ýmis verkefni	11,0	1,0	12,0

50. Við **07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi**			
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	37,2	2,5	39,7
51. Við **07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ**			
1.70 Vistheimilið Skálatúni	184,2	15,0	199,2
52. Við **07-982 Ábyrgðasjóður launa**			
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	421,1	60,0	481,1
Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*60,0*	*60,0*
53. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
a. 1.11 Atvinnuleysisbætur	2.172,0	300,0	2.472,0
b. 1.31 Kjararannsóknarnefnd	28,0	5,0	33,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*
d. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*300,0*	*300,0*
54. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.31 Félagasamtök, styrkir	46,5	12,0	58,5
b. 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	10,8	1,7	12,5
c. 1.36 Félagið Geðhjálp	5,0	4,0	9,0
d. 1.41 Stígamót	17,0	3,0	20,0
55. Við **08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	301,0	8,0	309,0
56. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
a. 1.21 Makabætur	33,0	22,0	55,0
b. 1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	78,0	-15,0	63,0
c. 1.31 Endurhæfingarlífeyrir	428,0	10,0	438,0
d. 1.41 Heimilisuppbót	2.206,0	-46,0	2.160,0
e. 1.51 Uppbætur	2.592,0	229,0	2.821,0
57. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.11 Ellilífeyrir	6.672,0	-112,0	6.560,0
b. 1.15 Örorkulífeyrir	2.624,0	81,0	2.705,0
c. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	8.371,0	-281,0	8.090,0
d. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.876,0	29,0	3.905,0
e. 1.26 Tekjutryggingarauki	766,0	-16,0	750,0
f. 1.31 Örorkustyrkur	185,0	-47,0	138,0
g. 1.35 Barnalífeyrir	1.527,0	23,0	1.550,0
h. *Greitt úr ríkissjóði*	*5.209,0*	*-323,0*	*4.886,0*
58. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	3.046,0	-22,3	3.023,7
b. 1.15 Lyf	5.003,0	570,0	5.573,0
c. 1.21 Hjálpartæki	1.182,0	118,0	1.300,0
59. Við **08-301 Landlæknir**			
1.01 Yfirstjórn	148,6	6,8	155,4
Greitt úr ríkissjóði	*163,9*	*6,8*	*170,7*
60. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	23.990,0	700,0	24.690,0
Greitt úr ríkissjóði	*22.569,0*	*700,0*	*23.269,0*

61. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	260,1	20,0	280,1
62. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	204,0	60,0	264,0
63. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.37 Skrifstofa líknarfélaga	3,5	2,0	5,5
b. 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	26,2	12,5	38,7
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*740,3*	*14,5*	*754,8*
64. Við **08-401 Hjúkrunarheimili, almennt**			
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	57,3	145,0	202,3
65. Við **08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
a. 1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	409,5	-133,0	276,5
b. 5.21 Viðhald fasteigna hjúkrunarheimila	0,0	188,0	188,0
c. 6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	312,5	9,9	322,4
d. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*64,9*	*64,9*
66. Við **08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu**			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	152,4	-38,8	113,6
b. Við 1.81 Fæðingar. Liðurinn orðast svo:			
1.81 Sjúkrarými og fæðingar	5,0	38,8	43,8
67. Við **08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar**			
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar	79,7	9,0	88,7
68. Við **08-621 Forvarnasjóður**			
1.90 Forvarnasjóður	69,0	1,5	70,5
Greitt úr ríkissjóði	*10,4*	*1,5*	*11,9*
69. Við **09-103 Fjársýsla ríkisins**			
a. 1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	166,4	17,0	183,4
b. 6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	174,0	12,5	186,5
70. Við **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	198,0	-8,0	190,0
71. Við **09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			
6.26 Grensásvegur 9	0,0	100,0	100,0
72. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	458,3	562,9	1.021,2
73. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.11 Fastanefndir	0,0	5,6	5,6
b. 1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	5,0	2,5	7,5
c. 1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	5,6	-5,6	0,0
74. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
a. 1.01 Ferðamálaráð	50,3	1,0	51,3
b. 1.11 Ferðamálasamtök landshluta	25,0	6,0	31,0
75. Við **11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	103,2	7,0	110,2
76. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
a. 1.48 Átak til atvinnusköpunar	80,0	3,4	83,4

b. 1.50 Nýsköpun og markaðsmál	32,6	4,0	36,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*148,8*	*7,4*	*156,2*
77. Við **13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið**			
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	7,0	8,0	15,0
78. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.56 Vernd Breiðafjarðar	3,7	3,0	6,7
79. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
a. 1.01 Umhverfisstofnun	500,3	17,3	517,6
b. 6.01 Tæki og búnaður	35,5	2,5	38,0
c. Sértekjur	-51,8	-1,0	-52,8
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*464,7*	*18,8*	*483,5*
80. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.01 Yfirstjórn	15,0	3,5	18,5
b. 1.02 Setur í Reykjavík	213,1	3,0	216,1
81. Við **14-403 Náttúrustofur**			
a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	7,5	4,5	12,0
b. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	7,5	3,5	11,0
c. 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	7,5	3,5	11,0
82. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
1.01 Almenn starfsemi	429,8	4,0	433,8

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Framlög til öldrunarstofnana.

Fjárheimild að fjárhæð 145 m.kr. á liðnum 08-401 Hjúkrunarheimili, almennt sem ætluð er til verkefna öldrunarstofnana skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		Gjöld	Sértekjur	Alls
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	-3,1		-3,1
08-405-1.01	Hrafnista, Reykjavík	24,8	-10,1	14,7
08-406-1.01	Hrafnista, Hafnarfirði	19,4	-8,3	11,1
08-407-1.01	Grund, Reykjavík	48,8	-11,3	37,5
08-408-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	14,0	-3,6	10,4
08-409-1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	8,8	-6,0	2,8
08-410-1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	12,2	-7,1	5,1
08-411-1.01	Garðvangur, Garði	-2,2	-1,9	-4,1
08-412-1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-16,9	-3,1	-20,0
08-413-1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	8,8	-3,8	5,0
08-414-1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	8,9	-1,6	7,3
08-415-1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	5,7	-1,1	4,6
08-416-1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	1,3	-1,0	0,3
08-417-1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	1,9	-0,4	1,5
08-418-1.01	Seljahlíð, Reykjavík	6,7	-1,8	4,9
08-419-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	-21,7	-3,7	-25,4
08-421-1.01	Víðines	-14,0	-1,1	-15,1
08-423-1.01	Höfði, Akranesi	5,9	-2,1	3,8

08-424-1.01	Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	7,7	-1,4	6,3
08-425-1.01	Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	1,5	-0,5	1,0
08-426-1.01	Fellaskjól, Grundarfirði	2,0	-0,6	1,4
08-427-1.01	Jaðar, Ólafsvík	2,1	-0,4	1,7
08-428-1.01	Fellsendi, Búðardal	16,8	-1,6	15,2
08-429-1.01	Barmahlíð, Reykhólum	0,5	-0,6	-0,1
08-433-1.01	Dalbær, Dalvík	7,2	-1,5	5,7
08-434-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	16,8	-6,0	10,8
08-436-1.01	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,9	-0,7	0,2
08-437-1.01	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, öldrunarþj.	-32,7	0,3	-32,4
08-438-1.01	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1,9	-0,8	1,1
08-439-1.01	Hjallatún, Vík	2,2	-0,6	1,6
08-440-1.01	Kumbaravogur, Stokkseyri	9,5	-2,4	7,1
08-441-1.01	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10,2	-1,7	8,5
08-442-1.01	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	6,3	-1,5	4,8
08-443-1.01	Holtsbúð, Garðabæ	-0,7	-1,2	-1,9
08-447-1.01	Sóltún, Reykjavík	0,0	34,2	34,2
08-437-1.81	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, millif. sjúkrarými	38,4		38,4
	Samtals	**200,0**	**-55,0**	**145,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Framlög samkvæmt kjarasamningum til að bæta kjör þeirra sem lakast eru settir.

Fjárheimild að fjárhæð 262,9 m.kr. á lið 09-989 Launa- og verðlagsmál, sem í samræmi við bókanir með kjarasamningi við Starfsmannafélag ríkisstarfsmanna er ætluð til að bæta kjör þeirra sem lakast eru settir, skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
00-101-1.01	Embætti forseta Íslands, yfirstjórn	0,4
01-241-1.01	Umboðsmaður barna, almennur rekstur	0,1
01-251-1.01	Þjóðmenningarhúsið, almennur rekstur	0,4
01-271-1.01	Ríkislögmaður, almennur rekstur	0,1
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, almennur rekstur	0,1
02-201-1.02	Háskóli Íslands, rannsóknir og önnur verkefni	8,7
02-202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum, almennur rekstur	0,8
02-203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans, yfirstjórn	1,1
02-205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, almennur rekstur	0,4
02-210-1.02	Háskólinn á Akureyri, rannsóknir og önnur verkefni	1,7
02-211-1.01	Tækniháskóli Íslands, almennur rekstur	0,5
02-215-1.02	Kennaraháskóli Íslands, rannsóknir og önnur verkefni	2,0
02-223-1.01	Námsmatsstofnun, almennur rekstur	0,4
02-231-1.01	Rannsóknarráð Íslands, almennur rekstur	0,2
02-301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík, almennur rekstur	0,4
02-302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri, almennur rekstur	0,6

02-303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni, almennur rekstur	0,3
02-304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð, almennur rekstur	0,6
02-305-1.01	Menntaskólinn við Sund, almennur rekstur	0,5
02-306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði, almennur rekstur	0,2
02-307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum, almennur rekstur	0,2
02-308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi, almennur rekstur	0,8
02-309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík, almennur rekstur	0,3
02-350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, almennur rekstur	0,8
02-351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla, almennur rekstur	0,5
02-352-1.01	Flensborgarskóli, almennur rekstur	0,2
02-353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, almennur rekstur	0,4
02-354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands, almennur rekstur	0,3
02-360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, almennur rekstur	0,4
02-365-1.01	Borgarholtsskóli, almennur rekstur	0,7
02-430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, almennur rekstur	0,3
02-441-1.02	Fullorðinsfræðsla fatlaðra, annað en kennsla	0,1
02-506-1.01	Vélskóli Íslands, almennur rekstur	0,2
02-507-1.01	Stýrimannaskólinn í Reykjavík, almennur rekstur	0,1
02-514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík, almennur rekstur	1,1
02-564-1.02	Listdansskólinn, annað en kennsla	0,9
02-571-1.01	Sjómannaskólahúsið, almennur rekstur	0,1
02-725-1.01	Námsgagnastofnun, almennur rekstur	1,0
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands, almennur rekstur	0,6
02-903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands, almennur rekstur	0,6
02-905-1.01	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, almennur rekstur	2,0
02-907-1.01	Listasafn Íslands, almennur rekstur	0,7
02-909-1.01	Blindrabókasafn Íslands, almennur rekstur	0,3
02-972-1.01	Íslenski dansflokkurinn, almennur rekstur	0,9
02-973-1.01	Þjóðleikhús, almennur rekstur	6,5
02-981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands, almennur rekstur	0,4
03-201-1.01	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, yfirstjórn	0,4
04-211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins, almennur rekstur	1,2
04-221-1.01	Veiðimálastofnun, almennur rekstur	0,3
04-233-1.01	Yfirdýralæknir, almennur rekstur	0,5
04-261-1.01	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði, almennur rekstur	1,1
04-271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal, almennur rekstur	1,7
04-283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins, almennur rekstur	0,4
04-293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins, almennur rekstur	0,1
04-311-1.01	Landgræðsla ríkisins, almennur rekstur	1,4
04-321-1.01	Skógrækt ríkisins, almennur rekstur	1,1
05-202-1.01	Hafrannsóknastofnunin, almenn starfsemi	2,8
05-203-1.01	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, almenn starfsemi	1,2
05-204-1.01	Fiskistofa, almennur rekstur	7,0
05-213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs, almennur rekstur	0,1
05-901-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna, yfirstjórn	0,5
06-201-1.01	Hæstiréttur, yfirstjórn	0,2

06-210-1.01	Héraðsdómstólar, almennur rekstur	2,5
06-251-1.01	Persónuvernd, almennur rekstur	0,1
06-301-1.05	Ríkissaksóknari, almennur rekstur	0,3
06-303-1.01	Ríkislögreglustjóri, almennur rekstur	1,1
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins, almennur rekstur	0,1
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík, almennur rekstur	3,7
06-333-1.01	Umferðarstofa, almennur rekstur	0,9
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands, almennur rekstur	2,6
06-398-1.01	Útlendingastofnun, almennur rekstur	0,7
06-411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík, yfirstjórn	2,1
06-412-1.01	Sýslumaðurinn á Akranesi, yfirstjórn	0,6
06-413-1.01	Sýslumaðurinn í Borgarnesi, yfirstjórn	0,4
06-414-1.01	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi, yfirstjórn	0,5
06-415-1.01	Sýslumaðurinn í Búðardal, yfirstjórn	0,1
06-416-1.01	Sýslumaðurinn á Patreksfirði, yfirstjórn	0,3
06-417-1.01	Sýslumaðurinn í Bolungarvík, yfirstjórn	0,2
06-418-1.01	Sýslumaðurinn á Ísafirði, yfirstjórn	0,6
06-419-1.01	Sýslumaðurinn á Hólmavík, yfirstjórn	0,2
06-420-1.01	Sýslumaðurinn á Blönduósi, yfirstjórn	0,4
06-421-1.01	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, yfirstjórn	0,6
06-422-1.01	Sýslumaðurinn á Siglufirði, yfirstjórn	0,3
06-423-1.01	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði, yfirstjórn	0,1
06-424-1.01	Sýslumaðurinn á Akureyri, yfirstjórn	1,5
06-425-1.01	Sýslumaðurinn á Húsavík, yfirstjórn	0,6
06-426-1.01	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, yfirstjórn	0,7
06-428-1.01	Sýslumaðurinn á Eskifirði, yfirstjórn	0,5
06-429-1.01	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði, yfirstjórn	0,2
06-430-1.01	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal, yfirstjórn	0,2
06-431-1.01	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, yfirstjórn	0,4
06-432-1.01	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, yfirstjórn	0,4
06-433-1.01	Sýslumaðurinn á Selfossi, yfirstjórn	1,1
06-434-1.01	Sýslumaðurinn í Keflavík, yfirstjórn	1,5
06-436-1.01	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, yfirstjórn	2,5
06-437-1.01	Sýslumaðurinn í Kópavogi, yfirstjórn	1,7
06-501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins, almennur rekstur	9,3
07-302-1.01	Ríkissáttasemjari, almennur rekstur	0,1
07-313-1.01	Jafnréttisstofa, almennur rekstur	0,1
07-400-1.01	Barnaverndarstofa, yfirstjórn	1,7
07-700-1.90	Málefni fatlaðra, ýmis verkefni	1,0
07-701-1.01	Málefni fatlaðra, Reykjavík, almennur rekstur	16,7
07-702-1.01	Málefni fatlaðra, Reykjanesi, almennur rekstur	16,1
07-703-1.01	Málefni fatlaðra, Vesturlandi, almennur rekstur	1,9
07-704-1.01	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum, almennur rekstur	1,6
07-705-1.86	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra, samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	0,2
07-706-1.86	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra, samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,5

07-707-1.01	Málefni fatlaðra, Austurlandi, almennur rekstur	0,8
07-708-1.01	Málefni fatlaðra, Suðurlandi, almennur rekstur	2,2
07-708-1.86	Málefni fatlaðra, Suðurlandi, samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	0,8
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna, almennur rekstur	2,8
07-720-1.70	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ, almennur rekstur	3,2
07-980-1.01	Vinnumálastofnun, yfirstjórn	2,7
08-201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins, almennur rekstur	8,6
08-301-1.01	Landlæknir, yfirstjórn	0,5
08-324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, almennur rekstur	0,8
08-326-1.01	Sjónstöð Íslands, almennur rekstur	0,3
08-327-1.01	Geislavarnir ríkisins, almennur rekstur	0,2
08-373-1.01	Landspítali – háskólasjúkrahús, almennur rekstur	56,0
08-397-1.01	Lyfjastofnun, almennur rekstur	0,4
08-505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík, almennur rekstur	4,0
08-510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, almennur rekstur	2,9
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði, almennur rekstur	0,3
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði, almennur rekstur	1,5
09-201-1.01	Ríkisskattstjóri, yfirstjórn	2,5
09-202-1.01	Skattstofan í Reykjavík, almennur rekstur	2,4
09-203-1.01	Skattstofa Vesturlands, almennur rekstur	0,5
09-204-1.01	Skattstofa Vestfjarða, almennur rekstur	0,3
09-205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra, almennur rekstur	0,4
09-206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra, almennur rekstur	1,1
09-207-1.01	Skattstofa Austurlands, almennur rekstur	0,4
09-208-1.01	Skattstofa Suðurlands, almennur rekstur	0,7
09-209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja, almennur rekstur	0,1
09-211-1.01	Skattstofa Reykjaness, almennur rekstur	1,8
09-214-1.01	Yfirskattanefnd, almennur rekstur	0,3
09-215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins, almennur rekstur	0,6
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík, almennur rekstur	7,1
09-402-1.01	Fasteignamat ríkisins, almennur rekstur	2,2
10-335-1.01	Siglingastofnun Íslands, yfirstjórn	3,0
10-651-1.01	Ferðamálaráð, almennur rekstur	0,5
11-201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands, almennur rekstur	1,5
11-203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, almennur rekstur	1,1
11-301-1.01	Orkustofnun, yfirstjórn	2,0
12-302-1.01	Löggildingarstofa, almennur rekstur	0,6
12-902-1.01	Samkeppnisstofnun, almennur rekstur	0,3
14-211-1.01	Umhverfisstofnun, almennur rekstur	1,0
14-301-1.01	Skipulagsstofnun, almennur rekstur	0,3
14-310-1.01	Landmælingar Íslands, almennur rekstur	0,6
14-401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands, yfirstjórn	0,7
14-410-1.01	Veðurstofa Íslands, almenn starfsemi	4,1
	Samtals	**262,9**

SÉRSTÖK YFIRLIT III

Framlög samkvæmt kjarasamningi við Læknafélag Íslands.

Fjárheimild að fjárhæð 80 m.kr. á liðnum 09-989 Launa- og verðlagsmál í samræmi við bókun með kjarasamningi við Læknafélag Íslands skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	8,0
08-373-1.01	Landspítali, háskólasjúkrahús	56,7
08-711-1.11	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	2,5
08-715-1.11	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	0,5
08-721-1.11	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	0,4
08-725-1.11	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	0,8
08-731-1.11	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	0,4
08-735-1.11	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	0,3
08-741-1.11	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	0,3
08-745-1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	0,5
08-751-1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	1,0
08-755-1.11	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	0,4
08-761-1.11	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	1,3
08-777-1.11	Heilbrigðisstofnun Austurlands	2,8
08-781-1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	1,0
08-785-1.11	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	0,9
08-791-1.11	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	1,5
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	0,7
	Samtals	**80,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT IV

		Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269-5.21 og 6.21).		
1.	Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni, viðhald húsa	20.000
2.	Tilraunastöð HÍ að Keldum, viðhald húsa	10.000
3.	Háskólinn á Akureyri, nýbygging	100.000
4.	Norræna eldfjallamiðstöðin, flutningur í Náttúrufræðihús	20.000
5.	Háskólinn á Akureyri, rannsóknahús	10.000
6.	Viðhald, óskipt	10.000
	Samtals	**170.000**
2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318-6.90 og 6.95).		
1.	Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	50.000
2.	Sjómannaskólahús, endurbygging	40.000
3.	Menntaskólinn í Reykjavík	20.000
4.	Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör á samningum	50.000
5.	Fjölbrautaskóli Vesturlands	10.000
6.	Verkmenntaskólinn á Akureyri, samningur	70.000

7.	Sjálfseignarstofnunin Lundur, samningur um heimavist við Menntaskólann á Akureyri	15.000
8.	Framhaldsskólinn á Laugum, sundlaug	10.000
9.	Menntaskólinn á Egilsstöðum	20.000
10.	Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, uppgjör á samningum	10.000
11.	Framhaldsskólar á Suðurlandi og Reykjanesi, óskipt	97.000
12.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	50.000
13.	Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbygging	40.000
14.	Menntaskólinn á Laugarvatni, tæki	6.000
15.	Tæki og búnaður, óskipt	10.000
	Samtals	**498.000**

3. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).

1.	Kvennasögusafn Íslands	500
2.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
3.	Húni II	1.500
4.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, undirbúningur flutninga	1.000
5.	Undirbúningur Sturlusafns í Dölum	200
6.	Sjóminjasafn Íslands, viðgerð á bátnum Friðþjófi	200
7.	Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	200
8.	Fjarðabyggð, Sjóminja og smiðjumunasafn, Neskaupstað	2.000
9.	Fjarðabyggð, Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	1.000
10.	Sædýrasafnið í Höfnum	3.500
11.	Herhúsið, Siglufirði	1.000
12.	Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar	2.000
13.	Kirkjubæjarstofa	5.000
14.	Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3.000
	Óskipt	10.000
	Samtals	**33.600**

4. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-690).

1.	Reykjanesbær, kynning á söguslóðum tengdum landnámstíma	7.000
2.	Búnaðarsögusafn Eyjafjarðar	3.000
3.	Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík, uppbygging húsa	7.000
4.	Uppbygging Tónminjaseturs Íslands á Stokkseyri	7.000
5.	Safn um myndlist Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað	7.000
6.	Jöklasetur á Hornafirði	7.000
7.	Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	7.000
	Samtals	**45.000**

5. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969-6.21).

1.	Þjóðminjasafn Íslands, endurbygging Þjóðminjasafnshúss	210.000
2.	Þjóðminjasafn Íslands, endurbætur gamalla húsa í vörslu safnsins	55.000
3.	Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	25.000
4.	Þjóðskjalasafn Íslands	10.000

5.	Þjóðleikhús, endurbætur	10.000
6.	Listasafn Íslands	10.000
7.	Skriðuklaustur, endurbætur	7.000
8.	Stöðvarhreppur, samkomuhús	2.000
9.	Viðhald, óskipt	15.000
	Samtals	**344.000**

6. Listir, framlög (02-982-1.90).

1.	Sumartónleikar við Mývatn, kórstefna	400
2.	Félag íslenskra tónlistarmanna, tónleikahald á landsbyggðinni	1.200
3.	Listvinafélag Vestmannaeyja, tónlistarhátíð	400
4.	Efling Stykkishólms, tónleikahald	400
5.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss, tónlistarhátíð	400
6.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400
7.	Leikbrúðuland, leiksýningar	1.200
8.	Samband íslenskra mynlistarmanna, rekstrarstyrkur	2.500
9.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	400
10.	Stórsveit Reykjavíkur, tónleikahald	400
11.	Möguleikhúsið, breytingar á sýningarhúsnæði	500
12.	Harmonikkufélag Vestfjarða, safn	300
13.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	500
14.	Tónhátíð í Þjórsárveri, tónlistarhátíð	400
15.	Hrunamannahreppur, stofa Fjalla-Eyvindar	100
16.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	400
17.	Skemmtihúsið við Laufásveg	3.000
18.	Tónlistarfélagið ÚT	5.000
19.	Dalabyggð, Leifshátíð	500
20.	Rannsóknarstofnun í helgisiðafræðum í Skálholti	7.000
21.	Menningarráð Austurlands	1.000
	Óskipt	21.400
	Samtals	**47.800**

7. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Færeysk orðabók	2.500
2.	Örlygur Hálfdánarson, ritverk um íslenska þjóðmenningu	1.000
3.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi, tímaritið Börn og menning	400
4.	Jón Björnsson, Íslensk áraskip á 19. og 20. öld	500
5.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	1.500
6.	Eyrbyggjar – sögunefnd Eyrarsveitar, útgáfa rits	400
7.	Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals	1.000
8.	Menningarsaga Skarðstrendinga	200
9.	Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd	1.000
10.	Þróun glímu í íslensku þjóðfélagi í ellefu aldir	500
	Óskipt	3.500
	Samtals	**12.500**

8. Norræn samvinna (02-984-1.90).

Norræna félagið, rekstur og sérverkefni	3.000
Óskipt	10.000
Samtals	**13.000**

9. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Snorraverkefnið, samskiptaverkefni við Vestur-Íslendinga	5.000
3.	NSU – Norræn samtök um ungmennastarf	1.200
4.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi	3.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**12.700**

10. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	400
2.	Sumarbúðirnar Ástjörn, starfsmannahús	1.000
3.	Landssamband íslenskra akstursfélaga	1.000
4.	Sundsamband Íslands	1.000
5.	Frjálsíþróttasamband Íslands	1.000
6.	Náttúruböð í Mývatnssveit	5.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**11.900**

11. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.000
2.	Surtseyjarfélagið	500
3.	Heimili og skóli, efling neytendaþjónustu og tæki	500
4.	Ég er húsið mitt, efling á sjálfsmynd barna	500
5.	Heimilisiðnaðarskólinn	2.000
6.	Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	3.000
7.	Lagnakerfamiðstöð Íslands	4.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands	2.000
9.	Vestfirðir á miðöldum	4.000
10.	Vestnorræna menningarhúsið	1.000
11.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	1.200
12.	SMS – samskipti með síma	4.000
13.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.500
14.	Ólafsvíkurprestakall, minnisvarði	2.000
15.	Músík og saga ehf.	1.500
16.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
17.	Grettistak, menningar-, sögu- og ferðaþjónustuverkefni	3.000
18.	Vélbáturinn Pétur	1.000
19.	Lýsir, myndlist í íslenskum handritum	4.000
20.	Snjáfjallasetur	3.000

21.	Kvenfélagið Ósk, varðveisla muna	500
22.	Holt í Önundarfirði, menningarmiðstöð o.fl.	2.500
23.	Landsmót hestamanna á Vindheimamelum	5.000
24.	Sænautasel	2.000
	Óskipt	700
	Samtals	**52.400**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Nytjaland	6.000
2.	Landvernd	4.000
3.	Æðarræktarfélag Íslands	300
4.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
5.	Vottunarstofan Tún	5.000
6.	Sigmar Jóhannsson, Skagafirði, viðgerðir og viðhald á gömlum búvélum	700
7.	Líf í fersku vatni	1.500
8.	Gæðamat í ferðaþjónustu	4.000
9.	Rannsóknir á glerál	800
10.	Rannsókn á landslagi	3.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**31.800**

13. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1.	Vesturland	2.000
2.	Norðurland	9.000
3.	Austurland	6.000
4.	Suðurland	25.000
	Heildarúttekt	2.300
	Samtals	**44.300**

14. Félagasamtök, styrkir (07-999-1.31).

1.	Umsjónarfélag einhverfra	600
2.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
3.	Félag ábyrgra feðra	100
4.	Leigjendasamtökin	2.000
5.	Foreldrafélag misþroska barna	500
6.	Vernd	1.000
7.	Sjálfsbjörg	3.500
8.	Samtökin '78	1.000
9.	Félag einstæðra foreldra	1.200
10.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
11.	Barnaheill	1.000
12.	Félag heyrnarlausra	3.200
13.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
14.	Landssamband eldri borgara	1.200

15.	Blindrafélagið	5.000
16.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
17.	Systkinasmiðjan	500
18.	Vímulaus æska	4.000
19.	Geðhjálp	4.000
20.	Hjálpræðisherinn	500
21.	Þroskahjálp	5.000
22.	Blindrafélagið	8.500
23.	Samtök aldraðra	1.000
24.	Landsbyggðin lifi	1.000
25.	Samtök gegn fátækt	500
26.	Ný dögun	600
27.	Mæðrastyrksnefnd	2.000
28.	Regnbogabörn	3.000
	Óskipt	800
	Samtals	**58.500**

15. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	35.000
2.	Hjúkrunarheimili Hólmavík	14.000
3.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	9.800
4.	Heilsugæslustöðin Akureyri	12.000
5.	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	10.500
6.	Heilsugæslustöð Reyðarfirði	21.000
7.	Skjólgarður, Höfn í Hornafirði	8.400
8.	Hjúkrunarheimili Kirkjubæjarklaustri	15.000
9.	Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	35.000
10.	Sjúkrahús Suðurlands	60.000
11.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	30.000
12.	Heilsugæslustöðin Hvammur, Kópavogi	13.300
	Samtals	**264.000**

16. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.200
2.	Landsamtök hjartasjúklinga	600
3.	Alnæmissamtökin	550
4.	Lauf, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.200
5.	Húsnæðisfélagið SEM	1.500
6.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
7.	Lífsvog	400
8.	Málbjörg, félag um stam	150
9.	Bergmál, líknar- og vinafélag	300
10.	Samtök sykursjúkra	700
11.	Parkinsonsamtökin á Íslandi	200
12.	Gigtarfélag Íslands	2.500

13.	Stómasamtök Íslands	150
14.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
15.	Guðjón Sigmundsson, Heilsuheimur ehf.	200
16.	Tourette-samtökin	300
17.	Geðrækt	5.500
18.	Samtök lungnasjúklinga	300
19.	Heimili og skóli	1.700
20.	Umhyggja	1.000
21.	Beinvernd	500
22.	PKU-félagið á Íslandi	150
23.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	200
24.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	4.000
25.	Blóðgjafafélag Íslands	200
26.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.300
27.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
28.	Tilvera, samtök gegn ófrjósemi	900
	Óskipt	36.200
	Samtals	**63.800**

17. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190-1.12).

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Árneshreppur	1.150
3.	Djúpavík og Gjögur	140
4.	Fjallahreppur	370
5.	Möðrudalur	200
6.	Svínafell í Nesjum	200
	Óskipt, til vetrarsamgangna	7.090
	Samtals	**9.300**

18. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	5.000
2.	Sögu- og flugminjasafn Suðurnesja	1.000
	Óskipt	8.000
	Samtals	**14.000**

19. Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu (10-190-1.45).

1.	Samgönguminjasafnið Ystafell	5.000
2.	Véla- og samgönguminjasafnið að Stóragerði í Óslandshlíð	2.500
	Samtals	**7.500**

20. Ýmislegt (10-190-1.90).

	Papeyjarferðir ehf.	800
	Óskipt	18.600
	Samtals	**19.400**

21. Hafnarmannvirki (10-335-6.70).

a. Vesturland:

1. Akranes	68.100
2. Borgarnes	3.500
3. Snæfellsbær	53.100
4. Grundarfjörður	7.200
5. Stykkishólmur	9.900
6. Búðardalur	600
Samtals	**142.400**

Vestfirðir:

1. Bolungarvík	15.400
2. Ísafjarðarbær	51.400
3. Súðavík	1.800
4. Norðurfjörður	3.100
5. Drangsnes	5.000
Samtals	**76.700**

Norðurland vestra:

1. Skagafjörður	100
2. Siglufjörður	20.500
Samtals	**20.600**

Norðurland eystra:

1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	40.500
2. Hafnasamlag Norðurlands	30.400
3. Grímsey	9.900
4. Húsavík	97.000
5. Þórshöfn	116.400
Samtals	**294.200**

Austurland:

1. Bakkafjörður	2.000
2. Vopnafjörður	102.400
3. Seyðisfjörður	98.000
4. Fjarðabyggð	7.800
5. Fáskrúðsfjörður	18.700
6. Stöðvarfjörður	17.300
7. Breiðdalsvík	6.400
8. Djúpivogur	2.000
9. Hornafjörður	16.400
Samtals	**271.000**

Suðurland:

1. Vestmannaeyjar	137.700
2. Þorlákshöfn	76.900
Samtals	**214.600**

	Reykjanes:	
	1. Grindavík	93.000
	2. Hafnasamlag Suðurnesja	50.200
	Samtals	**143.200**
b.	Óskipt til slysavarna o.fl.	5.900
c.	Rannsóknir	17.500
	Samtals	**1.186.100**

22. Lendingarbætur (10-335-6.74).

1.	Haukabergsvaðall	400
2.	Selvík á Skaga	300
3.	Drangey, aðstaða fyrir farþegabát	1.000
4.	Lagarfljótsormurinn, aðstaða	1.100
5.	Papey	1.000
	Samtals	**3.800**

23. Sjóvarnargarðar (10-335-6.80).

1.	Innri-Akraneshreppur	900
2.	Snæfellsbær	600
3.	Dalabyggð	2.000
4.	Reykhólahreppur	900
5.	Vesturbyggð	5.700
6.	Ísafjarðarbær	900
7.	Blönduósbær	6.000
8.	Höfðahreppur	3.000
9.	Skagahreppur	5.500
10.	Dalvíkurbyggð	4.700
11.	Grýtubakkahreppur	600
12.	Húsavíkurkaupstaður	4.900
13.	Vopnafjarðarhreppur	200
14.	Fjarðabyggð	500
15.	Vestmannaeyjabær	4.500
16.	Árborg, sveitarfélag	11.300
17.	Ölfus, sveitarfélag	5.500
18.	Grindavíkurkaupstaður	500
19.	Sandgerðisbær	200
20.	Gerðahreppur	2.600
21.	Vatnsleysustrandarhreppur	6.800
22.	Bessastaðahreppur	4.100
23.	Seltjarnarneskaupstaður	5.100
	Óskipt	100
	Samtals	**77.100**

24. Ýmis verkefni (14-190-1.90)

Blái herinn	500
Óskipt	7.500
Samtals	**8.000**

466. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um tæplega 7,3 milljarða kr. Nú við 2. umræðu koma fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um að auka enn útgjöldin um tæplega 3,3 milljarða kr. Samtals er því útgjaldaaukningin tæpir 11 milljarðar kr. 1. minni hluti fjárlaganefndar hefur á undanförnum árum bent á fjölmörg atriði varðandi fjáraukalög sem ekki hafa staðist ákvæði fjárreiðulaga. Nokkuð hefur áunnist þótt enn séu fjölmargir liðir í fjáraukalagafrumvarpinu og í tillögum meiri hlutans sem eiga heima í fjárlögum næsta árs.

Þegar fjáraukalagafrumvarpið og tillögur meiri hlutans eru skoðaðar kemur í ljós að í raun eiga aðeins heima í fjáraukalögum tillögur upp á innan við 3 milljarða kr. af tæplega 11 milljarða kr. útgjaldaaukningu. Í fjáraukalögum eiga m.a. heima tillögur er lúta að kjarasamningum og breyttum efnahagsforsendum, t.d. vegna aukins atvinnuleysis, aukinna gjaldþrota fyrirtækja og hærra framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en ýmsir aðrir liðir eiga ekki heima í fjáraukalagafrumvarpi ef farið er í einu og öllu eftir ákvæðum fjárreiðulaga. Dæmi um það er þegar einstökum stofnunum er bættur uppsafnaður vandi og heimildarlausar ákvarðanir um útgjöld.

Þetta eru aðeins dæmi sem sýna hve lítið aðhald er í fjármálastjórn ríkisins. Þrátt fyrir að unnið sé með rammafjárlög halda rammarnir ekki nema fram að framlagningu fjárlagafrumvarps hvers árs. Þegar kemur að fjáraukalögum eru allir rammar horfnir. Þannig virðast allir ráðherrar hafa sín eigin fjárlög og afleiðingin er einfaldlega sú að fjármálaráðherra stendur oft og tíðum frammi fyrir orðnum hlut og getur lítið rökstutt umframkeyrslu einstakra ráðuneyta og stofnana. Það ríkir því aðhaldsleysi í fjármálum ríkisins og agaleysi meðal þeirra sem taka ákvarðanir um útgjöld.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í apríl 2001 um fjárlagaferlið kemur m.a. fram sú skoðun að fjárheimild veitt eftir á feli í sér raunverulegt framsal fjárveitingavaldsins til ríkisstjórnarinnar, enda þótt formlega sé fjárveitingavaldið áfram hjá Alþingi. Í sömu skýrslu er einnig fjallað um reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem fjármálaráðuneytið gaf út í byrjun árs 2001. Þar er rætt um ábyrgð fjármálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta á framkvæmd fjárlaga og segir m.a. að fjármálaráðuneytið skuli hafa eftirlit með því hvernig önnur ráðuneyti haga eftirliti með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir:

„Ráðuneyti skal reglubundið bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld, ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar

skal ráðuneytið hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum."

Ef eftir þessari reglugerð væri farið er ljóst að fjáraukalagafrumvarpið liti öðruvísi út.

Fjárlaganefnd hefur því miður ekki þá yfirsýn yfir ríkisfjármálin sem nauðsynleg er. Má í því sambandi minna á að í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 kom fram að gerð yrði krafa um „að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega". Nú er komið undir lok ársins 2002 og ekki hefur þessari þriggja ára gömlu kröfu enn verið fylgt eftir.

Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið er því haldið fram að hið nýja skipulag fjárlagagerðar, rammaskipulagið, hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er bent á að þetta skipulag nái ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Orðrétt segir: „Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn." Ríkisstjórnin sjálf hefur ekki þann aga sem skipulagið krefst og eftir höfðinu dansa limirnir.

Þetta agaleysi heldur síðan áfram eftir samþykkt fjárlaga. Þrátt fyrir að kerfið sé vel skipulagt og agað til að halda utan um útgjöld ríkisins nær það ekki til ákvarðana sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar taka. Eins og áður hefur komið fram telur 1. minni hluti verulega bresti vera í fjármálstjórn ríkisins. Þetta má einnig lesa út úr áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið. Margar stofnanir eyða umfram heimildir ár eftir ár án þess að gripið sé til aðgerða. Þá eru teknar ákvarðanir um veruleg útgjöld án þess að heimildir séu til staðar.

Agaleysið birtist í ótal myndum og gengur jafnvel svo langt að í fjáraukalögum sem samþykkt eru í desember liggja ekki fyrir betri upplýsingar eða áætlanir um ákveðna liði en svo að örfáum vikum síðar er jafnvel hundraða milljóna króna munur á áætlun og raunveruleika. Dæmi um slíkt er t.d. úr fjáraukalögum síðasta árs en þá var samþykkt 300 millj. kr. aukafjárveiting til einkavæðingarnefndar. Engar skýringar fengust á þessari viðbótarfjárþörf nefndarinnar, enda kemur í ljós þegar útkoma ársins er skoðuð að líklega hafa engar skýringar verið til staðar. Þegar skoðað er hvernig þessi fjárheimild hefur verið nýtt sést að meginhluti fjárheimildarinnar hefur verið notaður á árinu 2002 en ekki á árinu 2001. Þannig voru um 170 millj. kr. af 300 millj. kr. fjárheimildinni ónotaðar um síðustu áramót. Í umræðum um fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 2001 var margoft á það bent að þessi fjárheimild ætti heima í fjárlögum ársins 2002.

Til að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok þess árs sem til umfjöllunar er í fjáraukalögum hverju sinni. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því að það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingu til rekstrar stofnunar á næsta ári án þess að taka tillit til stöðu hennar um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því tilgangslaust er að flytja skuldir stofnana yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að því sé ekki frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Í áðurnefndri reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta kemur fram að markmið reglugerðarinnar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan fjárheimilda. Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu ráðuneyta og stofnana. Þar segir m.a.: „Falli greiðsluskylda á ríkis-

sjóð samkvæmt þessari grein leitar fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997.“ Í 33. gr. þeirra laga, þ.e. fjárreiðulaganna, er kveðið á um að fjármálaráðherra sé skylt að gera fjárlaganefnd grein fyrir ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Ljóst er að í flestum tilvikum hefur ekki verið farið eftir þessu lagaákvæði.

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 er sérstaklega fjallað um þessi vandamál. Í skýrslunni kemur fram að 105 af 511 fjárlagaliðum, eða um 20%, fóru fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin eru í reglugerðinni um framkvæmd fjárlaga. Þessum stofnunum hefur hvorki verið gert að draga úr kostnaði né þeim tryggðar auknar fjárheimildir og hefur ákvæðum reglugerðarinnar því ekki verið framfylgt að þessu leyti.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárhagsvandann í heilbrigðiskerfinu. Enda þótt rekstur heilbrigðisstofnana hafi verið núllstilltur fyrir fáum árum virðist allt komið í sama farið aftur. Alþingi hefur í engu verið gerð grein fyrir hvað fór úrskeiðis, hvorki af hálfu fjármála- né heilbrigðisráðherra. Í árslok 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og nam samanlagður vandi þeirra 1,6 milljörðum kr. Enn hefur sigið á ógæfuhliðina á árinu 2002. Rekstrarvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss nam 858 millj. kr. í árslok 2001 en áætlað er að hallinn verði um 2.660 milljarðar kr. í árslok ef ekkert verður að gert.

Fyrsti minni hluti hefur hvað eftir annað bent á að mikill vandi sé óleystur í menntakerfinu. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 kemur fram að rekstur 22 menntastofnana sé umfram fjárheimildir í árslok 2001 og nemur fjárþörf þeirra samtals 906 millj. kr. Sem dæmi má taka Menntaskólann í Kópavogi en fjárþörf hans nemur rúmum 160 millj. kr. í árslok sem er helmingur þeirrar fjárhæðar sem skólanum var ætluð til rekstrar samkvæmt fjárlögum ársins 2001. Á yfirstandandi ári hefur ekkert verið gert af hálfu menntamálaráðuneytisins til að bæta þessa stöðu skólans þannig að í árslok má gera ráð fyrir að vandi skólans verði enn meiri. Benda má á að í árslok 2001 var inneign á safnliðum vegna framhaldsskóla um 550 millj. kr. Ljóst er að rekstrargrundvöllur margra framhaldsskóla er brostinn ef ekkert verður að gert. Menntamálaráðuneytið virðist ekki vilja horfast í augu við staðreyndir og heldur mörgum framhaldsskólum í gíslingu án þess að þeir hafi möguleika á að rétta hlut sinn.

Eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður hefur Alþingi ekki greiðan aðgang að óháðum sérfræðingum til að leggja mat á efnahagsforsendur frumvarps til fjárlaga og fjáraukalaga. Nýverið birti Seðlabankinn fyrstu þjóðhagsspá sína sem byggist að mestu á sömu forsendum og spá fjármálaráðuneytisins. Spárnar eru um flest keimlíkar en Seðlabankinn bendir m.a. á að ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi eftirköst ofþenslutímabilsins sem var afleiðing af lausatökum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Hluti afleiðinganna er m.a. ótraustur fjárhagur heimila og margra fyrirtækja. Þetta kemur t.d. fram í vaxandi atvinnuleysi, mikilli fjölgun gjaldþrota hjá fyrirtækjum og árangurslausu fjárnámi hjá einstaklingum. Tillögur um stóraukin framlög í Ábyrgðasjóð launa og Atvinnuleysistryggingasjóð, bæði í frumvarpi til fjáraukalaga og í tillögum meiri hlutans nú við 2. umræðu benda til þess að vandi vegna gjaldþrota og atvinnuleysis fari því miður enn vaxandi.

Mörg atriði frumvarpsins bíða 3. umræðu þar sem ríkisstjórn og meiri hluti nefndarinnar eiga margt óunnið varðandi lokafrágang frumvarpsins.

Alþingi, 25. nóv. 2002.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Gísli S. Einarsson. Margrét Frímannsdóttir.

467. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um tæpa 7,3 milljarða kr. Enn fremur hafa komið fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu um að auka útgjöldin um rúma 3,2 milljarða kr. Samtals liggja því fyrir tillögur í fjáraukalögum um 10,5 milljarða kr. aukningu í fjárlögum ársins 2002.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir í 41. gr. að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir í 43. gr. að ef þörf krefji skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Engin skilyrðislaus skylda hvílir á ríkisstjórn að leggja fjáraukalagafrumvarp fyrir hvert reglulegt þing heldur fer það eftir nauðsyn á aukafjárveitingum hverju sinni. Í reynd er aukafjárveitinga þörf á hverju ári enda getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. En hvenær er heimilt að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum? Um það er kveðið á í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf, því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.

Megnið af þeim fjárútlátum sem fjáraukalagafrumvarpið kveður á um mátti sjá fyrir við gerð fjárlaga fyrir ári og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu á það við fjárlagaumræðuna. Þetta á við um fjárskort heilbrigðiskerfis og öldrunarstofnana og skuld Tækniskólans svo að nokkuð sé nefnt.

Sum þeirra verkefna sem veitt er fjármagn til í þessu frumvarpi ættu frekar heima í næstu fjárlögum ef þau eru réttlætanleg á annað borð. Sem dæmi má nefna tillögu um 18 millj. kr. til iðnaðarráðuneytisins vegna innleiðingar nýrra raforkulaga og breytts fyrirkomulags í raforkumálum. Frumvarp um þessar breytingar hefur enn ekki verið flutt á Alþingi, hvað þá samþykkt.

Í því frumvarpi til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir er í langflestum tilvikum um að ræða útgjöld sem hafa þegar verið innt af hendi eða framkvæmdarvaldið hefur skuldbundið sig til að greiða. Það er því nánast formsatriði hjá Alþingi að afgreiða aukin útgjöld í fjáraukalögum. Það vinnulag að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda eftir á gengur þvert á anda laganna um fjárreiður ríkisins, enda oftast um að ræða útgjöld sem í raun á ekki að af-

greiða í fjáraukalögum þar sem ekki er um að ræða ófyrirséð atvik, kjarasamninga eða nýja löggjöf sem hefur kostnað í för með sér.

Fjáraukalög að vori og að hausti.

Til þess að bæta úr þessu vinnulagi og tryggja að farið sé að lögum lagði undirritaður fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins sem kveður á um að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs sem geta haft í för með sér fjárskuldbindingar innan sama árs sem þarf að taka afstöðu til. Ýmsar forsendur geta einnig breyst, eins og dæmin sanna, bregðast þarf við þeim. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem verði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög geta verið afgreidd í byrjun október og síðan koma lokafjárlög. Með þessum hætti getur Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt sé til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Fjárhagsvandi framhaldsskólanna.

Fjárlaganefnd er kunnugt um fjárhagsvanda margra stofnana sem þó fá ekki úrlausn sinna mála samkvæmt þessu frumvarpi. Sérstaklega má þar nefna marga framhaldsskóla sem sitja uppi með skuldir frá fyrri árum og eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Ljóst er að framkvæmdarvaldið hefur verið uppteknara við að einkavæða skólakerfið og fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa skólastarfið sjálft, ákvarða stöðu þess og markmið og þá menntun sem skólarnir eiga að veita. Skólastjórnendur og Félag framhaldsskólakennara hafa bent á grundvallarskekkjur í þeirri reiknireglu sem beitt er við skiptingu fjármagns á skólana og birtist í því að fjármagn er skert til skóla með verknáms- og starfsnámsbrautir og skóla sem reka heimavistir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á að fjárhagsvanda einstakra framhaldsskóla verður að leysa þegar í stað.

Í lok ársins 2001 var rekstur 22 menntastofnana umfram fjárheimildir og var samanlagður vandi þeirra um 900 millj. kr. Þegar skoðaðir eru einstakir framhaldsskólar má sjá að fjárhagsvandi margra þeirra er mikill. Uppsafnaður fjárhagsvandi Menntaskólans í Kópavogi var í árslok 2001 162,7 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Breiðholti 74,7 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Ármúla 69,2 millj. kr., Fjölbrautaskóla Vesturlands 60,3 millj. kr. og Verkmenntaskólans á Akureyri 52,5 millj. kr. Það sýnir óábyrga fjárlagagerð af hálfu stjórnarmeirihlutans að ekki skuli vera tekið á vanda framhaldsskólanna.

Rekstrarvandi Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið hefur á undanförnum árum átt við mikinn fjárhagsvanda að stríða og má rekja þann vanda að talsverðum hluta til þess að stjórnarflokkarnir hafa þráast við að veita stofnuninni heimild til hækkunar afnotagjalda í takt við þróun verðlags og launa í landinu. Jafnframt hefur stofnuninni verið gert að taka á sig umtalsverðan kostnað vegna lífeyrisskuldbindinga auk þess sem kostnaður við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur aukist mjög á síðustu árum.

Í upphafi þessa árs fékk Ríkisútvarpið loks heimild fyrir 7% hækkun afnotagjalda sem hefði dregið verulega úr viðvarandi taprekstri. Heimildin var þó dregin til baka aðeins mánuði síðar gegn loforði um að stofnuninni yrði bætt tapið og er það gert með 140 millj. kr. framlagi í þessu frumvarpi. Ljóst er að það dugir engan veginn til að leysa fjárhagsvanda

Ríkisútvarpsins sem að óbreyttu mun leiða til þess að eigið fé stofnunarinnar verður uppurið innan örfárra ára. 2. minni hluti telur óhjákvæmilegt að taka á fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins með markvissum hætti á næstu árum. Ríkisútvarpið er ein mikilvægasta menningarstofnun þjóðarinnar og er ekki sæmandi að kreppa svo að henni fjárhagslega að hún geti ekki sómasamlega gegnt hlutverki sínu. Vandi Ríkisútvarpsins er augljós, ástæður hans liggja fyrir, en stjórnarflokkana skortir vilja til að leysa vandann.

Fjársvelti umhverfismálastofnana.

Nefna má fleiri stofnanir sem fá ekki lausn sinna mála. Náttúrufræðistofnun Íslands er dæmi um stofnun sem hefur fengið aukin lögbundin verkefni án þess að komi til aukin fjárveiting. Má þar nefna rannsóknarvinnu vegna rammaáætlunar um vatnsaflsvirkjanir og framkvæmd náttúruverndaráætlunar. Í minnisblaði sem stofnunin sendi fjárlaganefnd kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Náttúrufræðistofnun Íslands á við fjárhagsvanda að glíma á þessu ári. Nú blasir við að heildarrekstrargjöld stofnunarinnar verði um 310 millj. kr. árið 2002 (voru 311 millj. kr. árið 2001) og tekjur (ríkisframlag ásamt sértekjum) um 290 millj. kr. (voru um 310 millj. kr. árið 2001). Á árabilinu 1999–2001 var um 30 millj. kr. halla (uppsafnaður árin 1997/98) náð niður með ýmiss konar aðhalds- og hagræðingaraðgerðum og auknum sértekjum. Nú stefnir hins vegar í að stofnunin verði með 15–20 millj. kr. halla um næstu áramót verði ekki gripið til einhverra ráðstafana.

Framlag ríkissjóðs til Náttúrufræðistofnunar var nær óbreytt að raungildi á milli áranna 2001 og 2002 og ekki fékkst nein viðbót til að mæta margvíslegum uppsöfnuðum vanda vegna lögboðinna verkefna. Aðhaldi og ýmiskonar hagræðingu var beitt á árinu 2002 til að mæta þeirri kostnaðaraukningu sem óhjákvæmilega fylgdi verðlagshækkunum og kjarasamningum við starfsfólk sem höfðu í för með sér nokkra hækkun á launakostnaði."

Í minnisblaðinu eru enn fremur raktar helstu ástæður fyrir þeim halla sem við blasir. Ljóst er að hvorki í þessu frumvarpi né í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er tekið á þessum vanda Náttúrufræðistofnunar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þetta dæmi um léleg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Sífellt fleiri verkefnum er hlaðið á stofnunina án þess að fjárframlög komi á móti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þetta dæmigert fyrir þann litla áhuga sem ríkisstjórnin hefur á umhverfismálum.

Einkavæðing í heilbrigðisþjónustunni ógnar velferðarsamfélaginu.

Fjárhagsvandi heilbrigðiskerfisins er mikill. Í lok árs 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og var samanlagður vandi þeirra um 1,6 milljarðar kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings kemur enn fremur fram að rekstrarhalli Landspítala – háskólasjúkrahúss hafi verið 858 millj. kr. en samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 og tillögum ríkisstjórnarinnar til fjárlaganefndar við 2. umræðu nemur fjárhagsvandi hans um 2,3 milljörðum kr.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Samningar Tryggingastofnunar vegna sérfræðilækna 1998–2001" segir um skipulag heilbrigðisþjónustu:

„Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er mælt svo fyrir að öll heilbrigðisþjónusta skuli vera undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra og veitt af heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum. Á stofnunum þessum skulu auk almennra lækna starfa sérfræðingar sem veiti sérfræðilæknisþjónustu, sbr. 19. og 24. gr. laganna. Alkunna er að þjónusta sérfræðilækna er almennt ekki í boði á heilsugæslustöðvum heldur er þjónusta þeirra utan sjúkrahúsa að mestu veitt á stofum þeirra sjálfra. Meginstoðir heilbrigðisþjónustunnar í dag eru því í rauninni þrjár,

heilsugæsla, sjúkrastofnanir og starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna. Á árinu 2001 komu t.d. 291 þúsund sjúklingar til 342 sérfræðilækna í tæplega 460 þúsund skipti. Þessa umfangsmiklu starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna endurspegla lög um heilbrigðisþjónustu ekki. Þess má jafnframt geta að í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var með þingsályktun frá Alþingi í maí 2001, er ekki fjallað um starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Samkvæmt ofansögðu er umtalsverður og vaxandi hluti af heilbrigðisþjónustunni nú veittur utan heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa án þess að til staðar sé lagarammi um hana sem er í takt við raunveruleikann."

Hinar opinberu heilbrigðisstofnanir verða eðlilega að halda kostnaði innan fjárlagaramma síns. Þegar rekstrarkostnaður eykst er eina ráðið sem þær hafa að vísa verkefnunum út af heilsugæslustöðvunum og sjúkrahúsunum. Þar taka við sérfræðingar á einkareknum stofum sem geta sent reikninga sína nánast sjálfvirkt á Tryggingastofnun. Þannig byggist upp tvöfalt heilbrigðiskerfi um sömu grunnþættina sem gerir þróun heilbrigðiskerfisins handahófskennda og ómarkvissa og veldur því að kostnaðarhlutdeild sjúklinganna hækkar.

Af framangreindu má ljóst vera að bregðast þarf hart við og leiðrétta þarf stefnuna í þróun heilbrigðismála. Meðal brýnustu verkefna er að auka hjúkrun í heimahúsum og fjölga hjúkrunarrýmum og þjónustuúrræðum til að hjúkrunarsjúklingar þurfi ekki að liggja inni á dýrum bráðasjúkrahúsum. Snúa þarf einkavæðingunni í heilbrigðisþjónustunni til baka, gera mörk opinberrar heilbrigðisþjónustu skýr og fylgja markaðri stefnu út í hörgul. Það má ekki gerast hér að rekið verði tvöfalt heilbrigðiskerfi, annars vegar fyrir ríka en hins vegar fyrir fátæka.

Eignarhaldsfélögin – uppgjöf stjórnvalda.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð lýsir enn fremur vonbrigðum sínum með þá ætlan ríkisstjórnarinnar að 200 millj. kr. framlag vegna þátttöku í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni verði millifært yfir á byggðaáætlun. Ljóst er að stjórnvöld hafa gefist upp á að koma að stofnun eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni. Þær reglur sem gilda um stofnun eignarhaldsfélaga hafa líka verið þannig að erfitt hefur verið fyrir heimamenn að uppfylla þær. Sérstaklega á það við um sveitarfélög og einstaklinga sem ekki standa vel fjárhagslega. Nær hefði verið að breyta reglunum og haga framkvæmdinni þannig að þetta framlag kæmi að raunverulegum notum milliliðalaust til atvinnusköpunar.

Breyta þarf stefnu í velferðar- og atvinnumálum.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu breytingartillögur við bæði tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2002. Þær tillögur miðuðu að auknum jöfnuði í samfélaginu, eflingu atvinnulífs og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna til lands og sjávar. Því miður náðu þessar tillögur ekki fram að ganga og því fer sem fer.

Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin blásið upp „góðæri" með einkavæðingu þjónustustofnana, skertri almannaþjónustu, miklum viðskiptahalla og skuldasöfnun erlendis. Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár hlaut að leiða til þess að viðskipta- og þjónustugeirinn, einkum á suðvesturhorninu, þendist út á mjög veikum grunni. Þjóðarframleiðslan hefur nánast staðið í stað þrátt fyrir svokallað góðæri. Í skjóli rangrar efnahagsstefnu stjórnvalda hefur á undanförnum árum þróast hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem hefur nærst á viðskiptahallanum og orðið háð honum. Nú þegar jöfnuður kemst á erlend viðskipti án þess að útflutningur aukist hlýtur það að valda samdrætti í þeim atvinnugreinum sem nærðust á viðskiptahallanum. Í stað þess að styrkja innviði atvinnulífsins, byggð og búsetu í landinu öllu hefur ranglát fiskveiðistjórn, tillitslaus krafa um hagræðingu, háar arðsemiskröfur fjármagnseigenda

og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Hér verður að breyta um stefnu. Stöðva þarf einkavæðingu almannaþjónustunnar. Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að raunverulegri verðmætaaukningu og þar með raunhagvexti. Beina þarf athyglinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem hugvit og framtak einstaklingsins fær notið sín í atvinnurekstri sem er í takt við íslenskar aðstæður og íslenskan veruleika og byggist á sjálfbærri nýtingu náttúrauðlindanna. Breyta þarf fiskveiðistjórnarstefnunni þannig að byggðarlögin með ströndum landsins hafi forgangsrétt á nýtingu veiðanna á grunnslóð. Það er jafnframt grunnur þess að auka verðmæti aflans. Með þessum hætti mun byggjast upp blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni um land allt.

Lokaorð.

Annar minni hluti vísar allri ábyrgð á hendur stjórnarmeirihlutanum vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina á síðasta ári og rangrar forgangsröðunar sem þetta frumvarp til fjáraukalaga endurspeglar. Einstakir ráðherrar beita sér fyrir gæluverkefnum í sjálfri fjárlagagerðinni og síðan reynist nauðsynlegt að draga að landi í fjáraukalögum mikilvæga málaflokka eins og heilbrigðismálin og menntamálin.

Þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þess sem lagt er til í þessu frumvarpi. Breyta þarf lögum um fjárreiður ríkisins þannig að þingið ákveði fjárveitingarnar fyrir fram en standi ekki frammi fyrir því æ ofan í æ að stimpla ákvarðanir framkvæmdarvaldsins eftir á.

Alþingi, 26. nóv. 2002.

Jón Bjarnason.

468. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur, Þorstein Geirsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandinu og Örn Pálsson og Arthúr Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Hafrannsóknastofnuninni.

Í frumvarpinu er lögð til hækkun á gjaldi fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni og gjaldi á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metinn í þorskígildistonnum. Þá er enn fremur verið að rýmka greiðsluskyldu vegna veiðieftirlitsmanna þannig að hún nái einnig til útgerða skipa sem vinna fisk um borð þótt ekki sé um fullvinnslu að ræða.

Nefndin telur að síðastnefnda breytingin þarfnist meiri skoðunar, samhliða frumvarpi til breytinga á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

3. gr. falli brott.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 26. nóv. 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðjón A. Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Árnason.	Jóhann Ársælsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Vilhjálmur Egilsson.	

469. Svar [282. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

Síðan höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins voru fluttar til Egilsstaða árið 1990 hefur landbúnaðarráðuneytið leitast við að koma sem flestum störfum fyrir á landsbyggðinni. Einnig eru fjölmargar stofnanir ráðuneytisins á landsbyggðinni, svo sem Bændaskólinn á Hólum, Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Landgræðsla ríkisins í Gunnarsholti. Síðastliðin ár hafa landshlutabundin skógræktarverkefni skapað fjölmörg störf á landsbyggðinni. Ekki er unnt að skipta þeim niður á einstök sveitarfélög þar sem þau dreifast um öll héruð á viðkomandi starfssvæði.

Á tímabilinu sem spurt er um fækkaði föstum störfum á vegum landbúnaðarráðuneytisins og stofnana þess, en aðkeypt tímabundin vinna á landsbyggðinni varð meiri en áður, sérstaklega á vegum landshlutabundinna skógræktarverkefna. Ársverkum hjá Skógrækt ríkisins hefur fækkað um 15 á tímabilinu, sem aðallega má rekja til þess að plöntuframleiðslu hefur að mestu verið hætt. Ekki er talin með aðkeypt vinna vegna viðhalds varnargirðinga víðs vegar um landið á vegum yfirdýralæknis, en þar hafa orðið litlar breytingar á tímabilinu.

Tölur um ársverk í eftirfarandi töflu eru að mestu byggðar á upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins en aðkeypt vinna vegna tímabundinna verkefna er áætluð. Því sýna tölurnar ekki

fjölda starfsmanna eða stöðugilda, þar sem verkefni á landsbyggðinni eru oftast háð veðri og að miklu leyti hlutastörf. Mun fleiri sinna þeim á sumrin en fjöldi ársverka gefur til kynna.

	Ársverk 1991	Ársverk 2000	Mismunur
Höfuðborgarsvæðið	137	134	-3
Landsbyggðin	273	348	75
Samtals	**410**	**482**	**72**

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*

Vesturlandsskógar, með skrifstofu á Hvanneyri, Skjólskógar, með skrifstofu á Þingeyri, Norðurlandsskógar, með skrifstofu á Akureyri, Héraðsskógar, með skrifstofu á Egilsstöðum, og Suðurlandsskógar, með skrifstofu á Selfossi.

3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Skógræktarverkefnin eiga það sammerkt að vera með eina skrifstofu hvert og að gerðir eru samningar um aðkeypta vinnu, m.a. við gróðursetningar, girðingarvinnu, jarðrækt og plöntuframleiðslu. Þessi verkefni skapa því störf á öllu starfssvæðinu óháð sveitarfélögum. Norðurlandsskógar, Skjólskógar og Vesturlandsskógar tóku til starfa árið 2000 og störfuðu því ekki af fullum krafti það árið.

Vesturlandsskógar tóku til starfa árið 2000. Það ár voru unnin um fimm ársverk á þeirra vegum, þar af um 1,5 á skrifstofunni. Starfssvæðið nær frá Kjósarsýslu norður að Austur-Barðastrandarsýslu.

Skjólskógar tóku til starfa árið 2000. Það ár voru unnin um fimm ársverk á þeirra vegum, þar af um 1,5 á skrifstofunni. Starfssvæðið er Vestfirðir frá Dalasýslu að Vestur-Húnavatnssýslu.

Norðurlandsskógar tóku til starfa árið 2000. Það ár voru unnin um fimm ársverk á þeirra vegum, þar af um 1,5 á skrifstofunni. Starfssvæðið er frá Strandasýslu austur að Norður-Múlasýslu.

Héraðsskógar tóku til starfa árið 1991, starfssvæðið er Hérað. Árið 2000 var búið að vinna um 25 ársverk á þeirra vegum, þar af um fjögur á skrifstofunni. Nefna má að Austurlandsskógar tóku til starfa árið 2001 og ná yfir Norður- og Suður-Múlasýslur að frátöldu starfssvæði Héraðsskóga.

Suðurlandsskógar tóku til starfa árið 1998, starfssvæðið nær frá Suður-Múlasýslu vestur um Suðurland, að viðbættu Reykjanesi og Kjósarsýslu. Árið 2000 var búið að vinna ríflega 20 ársverk á vegum Suðurlandsskóga, þar af um þrjú á skrifstofunni.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*

Lánasjóður landbúnaðarins tók til starfa 1. janúar 1998. Hann var áður stofnlánadeild innan Búnaðarbanka Íslands og flutti á Selfoss frá Reykjavík í maí árið 2000. Því er um færslu starfa að ræða frá banka til ríkis, ekki eiginleg ný störf.

Yfirkjötmat ríkisins var flutt frá Reykjavík til Akureyrar árið 2000.

5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Hjá Lánasjóði landbúnaðarins störfuðu níu manns árið 2000 og hjá Yfirkjötmati ríkisins eru ársverk að jafnaði um tvö.

470. Tillaga til þingsályktunar [397. mál]

um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Örn Haraldsson,
Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili áliti innan árs.

Greinargerð.

Frá árinu 1970 til 1995 fjölgaði Íslendingum 65 ára og eldri úr 5,9% þjóðarinnar í 11,3%. Í spá, sem gerð hefur verið um hlutfall þessa aldurshóps til ársins 2030, kemur fram að veruleg fjölgun verður frá árinu 2010 og árið 2030 verður þetta hlutfall orðið 19%. Þessi fjölgun hefur miklar þjóðfélagsbreytingar í för með sér. Ætla má að kostnaður heilbrigðiskerfisins aukist verulega og útgjöld vegna eftirlauna og lífeyris hækki umtalsvert. Þá fækkar mjög í hópi vinnandi fólks.

Af þessum sökum hafa víða á Vesturlöndum verið gerðar miklar rannsóknir á þeim breytingum á aldursskiptingu sem eru fyrirsjáanlegar næstu áratugi og stafa af því að sífellt fleiri ná háum aldri, m.a. vegna framfara í læknisfræði og betri aðbúnaðar, og ber að sjálfsögðu að gleðjast yfir því.

Umræðan um vandamál er fylgja breyttri aldursskiptingu þjóðarinnar snertir ýmsa viðkvæma þætti í lífi aldraðra. Enginn má skilja þá umræðu svo að verið sé að hnýta í aldraða. Miklu heldur er tillaga þessi lögð fram til þess að tryggja afkomu aldraðra og þjónustu samfélagsins við þá. Flestir eiga fyrir höndum að ná háum aldri og þurfa að gera sér grein fyrir þeim breytingum á eigin lífi og í þjóðfélaginu sem fram undan eru. Vaxandi kostnaður heilbrigðisþjónustunnar og lífeyriskerfisins er vandi þjóðarinnar allrar. Umræðan um framtíðina þarf að miða að því að leita sameiginlegra lausna eins og aðrar þjóðir hafa reynt. Að vísu virðist vera nokkuð djúpt á lausnum, en þó hafa komið fram ýmsar tillögur sem vert er að gaumgæfa.

Sú staðreynd blasir við meðal margra auðugra þjóða að þeir sem komast á eftirlaunaaldur 65 ára geta búist við að lifa áfram í 15–20 ár. Fyrir 100 árum hefðu fæstir náð þeim aldri sem eftirlaun eru nú miðuð við.

Þrátt fyrir stöðugt hærri meðalaldur verður ekki hjá því komist að líkaminn slitni með aldrinum, sama hvað við reynum að lifa skynsamlega og hversu góð heilbrigðisþjónustan er. Kvillarnir herja mismikið á fólk og eftir því sem það nær hærri aldri aukast líkurnar á þörf fyrir samfélagslega aðstoð. Kostnaður þjóðfélagsins við þá aðstoð verður meiri eftir því sem fjölgar í þeim hópi sem nær háum aldri, og eins og horfur eru nú í flestum vestrænum löndum mun háöldruðum fjölga gífurlega á næstu árum og áratugum.

Á síðari hluta þessarar aldar hefur verið stefnt að því að lækka eftirlaunaaldurinn og stundum talið eftirsóknarvert að komast á eftirlaun. Eftirlaunakerfið hefur hins vegar reynst nokkuð dýrt og stjórnvöld hafa víða borið sig illa. Flestum er ljóst að kostnaðurinn á eftir að aukast gífurlega. Á næstu 30–40 árum munu hlutföll aldurshópa breytast æ meir sökum hærri lífaldurs og færri barnsfæðinga. Ekki verður undan því vikist að skoða áhrif þess á eftirlauna- og heilbrigðiskerfi víða um heim. Reiknað hefur verið út að árið 2030 geti staðan orðið þannig í iðnvæddum ríkjum að aðeins verði tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega, aldurshópar komi til með að takast á um skiptingu fjármagns og öll fjármögnun félagslegrar aðstoðar verði erfið. Einnig hefur verið bent á að breyttri aldursskipan fylgja pólitískar breytingar. Aldraðir hafa víða styrkt mjög stöðu sína með hvers konar félagsstarfsemi sem hefur það meginmarkmið að hafa áhrif á ákvarðanir löggjafarvaldsins í málefnum aldraðra og er það vel.

Ýmsir vilja draga úr alvarlegum afleiðingum breyttrar aldursskiptingar sem verður áberandi fljótlega eftir aldamót, en svartsýnar spár hafa haft þau jákvæðu áhrif að stjórnvöld og einstaklingar eru farin að skoða áhrif breytinganna og leita leiða til að bregðast við þeim.

Þegar þess er gætt að íbúar auðugra landa lifa nú 20–30 árum lengur en fyrir einni öld verður að huga að breytingum á lífeyris- og heilbrigðismálum langt fram í tímann, en forsenda fyrir því að það sé hægt er að sjá áhrifin fyrir og gera viðeigandi ráðstafanir. Því er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sem kanni þessi mál. Það hlýtur að vera skylda komandi kynslóða að tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

471. Frumvarp til laga [398. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar Birgisson, Hjálmar Árnason, Vilhjálmur Egilsson,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir,
Einar Oddur Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Sigríður A. Þórðardóttir.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Aðrir erfingjar en að framan greinir skulu greiða erfðafjárskatt sem nemur 5 af hundraði af arfi sem fellur til þeirra, svo og af arfshluta sem ráðstafað hefur verið til þeirra með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Af þeim réttindum sem lög þessi taka til skv. 1. gr. og afhent eru sem greiðsla til erfingja fyrir fram upp í arf skal greiða erfðafjárskatt sem nemur 5 af hundraði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú flutt á ný óbreytt.

Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að miða fjárhæð erfðafjárskatts við sifjatengsl erfingja og arfleiðanda og þess í stað lagður flatur 5% erfðafjárskattur á alla erfingja, hver sem sifjatengslin eru. Áfram er þó gert ráð fyrir að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt verði enginn erfðafjárskattur greiddur, svo og arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga. Sama gildir um arf sem fellur til sambýlismaka samkvæmt arfleiðsluskrá, sbr. A-lið 2. gr. laga um erfðafjárskatt. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiddur verði 5% erfðafjárskattur af fyrirframgreiddum arfi. Gert er ráð fyrir að með 5% erfðafjárskatti fáist nægjanlegt fé til að standa undir kostnaði af skiptum hvers dánarbús fyrir sig.

Samkvæmt lögum um erfðafjárskatt greiða niðjar hins látna, kjörbörn, stjúpbörn eða fósturbörn eða niðjar þeirra erfðafjárskatt þannig að af fyrstu 140.000 kr. eru greiddir 5 af hundraði, af næstu 140.000 kr. 6 af hundraði og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði af hverjum 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 10 af hundraði.

Foreldrar hins látna eða niðjar þeirra greiða 15 af hundraði af fyrstu 140.000 kr., 17 af hundraði af næstu 140.000 kr. og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2 af hundraði af hverjum 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 25 af hundraði.

Afi eða amma hins látna eða börn þeirra eða fjarskyldari eða óskyldir aðilar skulu greiða 30 af hundraði af fyrstu 140.000 kr., 33 af hundraði af næstu 140.000 kr. og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 3 af hundraði við hverjar 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 45 af hundraði.

Þær hámarkstölur sem nefndar eru hér að framan eiga einnig við um greiðslu fyrirframgreidds arfs eftir sifjatengslum.

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um erfðafjárskatt á 125. löggjafarþingi (609. mál, þskj. 1171) kom fram að ríkissjóður hefði innheimt eftirfarandi upphæðir sem erfðafjárskatt á árunum 1990–1999:

Ár	Kr.
1999	598.635.700
1998	523.077.489
1997	478.681.813
1996	460.064.441
1995	389.087.128
1994	407.543.848
1993	291.291.068
1992	272.093.675
1991	325.018.453
1990	234.226.392

Með innheimtu erfðafjárskatts er skattlagning í raun tvöföld þar sem búið er að greiða skatt af þeim fjármunum og verðmætum sem erfast. Samkvæmt núgildandi lögum eru erfingjar látnir greiða mismikla skatta af arfinum.

Mörgum dánarbúum er skipt á þann hátt að engir skattar eru greiddir. Með þessu frumvarpi mundi draga úr slíku og fólk greiddi þess í stað 5% skiptakostnað. Með frumvarpinu er jafnframt komið í veg fyrir að greiddur verði hár erfðafjárskattur af eign sem í raun er lítils virði, eins og gerst hefur í þeim tilvikum þar sem illseljanlegar eignir hafa fallið erfingjum í skaut.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að fjárhæð erfðafjárskatts ráðist af sifjatengslum erfingja við arfleiðanda.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lagður verði 5% erfðafjárskattur á alla þá sem taka arf eftir arfleiðanda, aðra en maka eða sambýlismaka og kirkjur, opinbera sjóði, líknar- og menningarstofnanir eða félög.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að erfðafjárskattur af fyrirframgreiddum arfi nemi 5%.

472. Svar [261. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um verðmæti íbúðarhúsnæðis árin 1991 og 2000.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert var verðmæti alls íbúðarhúsnæðis í einstökum*
   a. *kjördæmum,*
   b. *sýslum,*
   c. *kaupstöðum,*

   miðað við meðalverð á fermetra samkvæmt kaupsamningum, árið 1991 annars vegar og árið 2000 hins vegar og hver er mismunurinn í krónum talið og hundraðshlutum?
2. *Hvert var virði alls íbúðarhúsnæðis landsmanna árið 1991 annars vegar og árið 2000 hins vegar?*
3. *Ef verðlag íbúðarhúsnæðis utan Reykjavíkur hefði fylgt þróun íbúðarverðs í Reykjavík 1991–2000, hversu verðmeira væri þá allt íbúðarhúsnæði utan Reykjavíkur samanlagt og sundurliðað eftir*
   a. *kjördæmum,*
   b. *sýslum,*
   c. *kaupstöðum?*

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Fasteignamati ríkisins.

Fasteignamat ríkisins hefur ekki tölvutækar upplýsingar yfir fermetra íbúðarhúsnæðis fyrr en frá og með útgáfu fasteignaskrár 1. desember 1994. Til þess að leggja saman fermetrastærðir fyrir þann tíma þyrfti að fara í fasteignaskrár sem gefnar voru út á pappír og skrá niður og leggja saman fermetra eign fyrir eign. Slíkt er tímafrekt og miðast því umbeðnar upplýsingar við 1. desember 1994 í stað 1. desember 1991.

Í fyrirspurninni var óskað sundurliðunar upplýsinganna eftir sýslum. Slík aðgreining liggur ekki fyrir í skrám stofnunarinnar, enda hafa hinar landfræðilegu sýslur ekki stjórn-

skipulegt gildi lengur þar sem umdæmi sýslumanna miðast ekki við þær eftir að lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, tóku gildi 1. júlí 1992.

Einnig má benda á að erfiðara er að ráða í verðlag íbúðarhúsnæðis á bújörðum en í þéttbýli vegna þess að í jarðasölum er erfitt að meta hvað greitt er fyrir íbúðarhúsnæði og hvað fyrir aðra þætti svo sem land, ræktun, hlunnindi og útihús.

Vegna framangreindra ástæðna er hér borið saman verðmæti alls íbúðarhúsnæðis 1994 og 2000 eftir kjördæmum og kaupstöðum.

Miðað er við sveitarfélagaskipan eins og hún var árið 1994, þannig er t.d. Reykjavík árið 2000 án Kjalarness.

Hafa verður í huga að á tímabilinu var nokkur fjöldi húsa á Vestfjörðum sem standa á snjóflóðahættusvæðum afskráður sem íbúðarhúsnæði og skráður sem sumarhús. Þetta hefur áhrif á flatarmál og þar af leiðandi verðmæti, reiknað samkvæmt forsendum fyrirspurnarinnar, íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum árið 2000.

Verðmæti alls íbúðarhúsnæðis í einstökum kjördæmum árin 1994 og 2000, miðað við forsendur sem gefnar eru í fyrirspurninni, ásamt mismun í krónum talið og hundraðshlutum var eftirfarandi:

	1994			2000			Mismunur	Hlutfallslegur
	Flatarmál	Meðalverð pr. ferm. selds húsn.	„Verðmæti" íbúðarhúsnæðis	Flatarmál	Meðalverð pr. ferm. selds húsn.	„Verðmæti" íbúðarhúsnæðis	„heildar-verðmætis"	munur „heildar-verðmætis"
	m²	kr./m²	Þús. kr.	m²	kr./m²	þús. kr.	þús. kr.	%
Reykjavík	4.765.670	75.989	362.137.538	5.099.990	109.605	558.982.667	196.845.129	54,4%
Reykjanes	3.209.193	69.598	223.352.877	3.941.894	94.471	372.395.719	149.042.842	66,7%
Vesturland	531.226	48.839	25.944.505	599.840	58.200	34.910.648	8.966.143	34,6%
Vestfirðir	391.302	40.100	15.691.389	407.930	39.785	16.229.333	537.945	3,4%
Norðurland vestra	361.284	34.730	12.547.323	395.915	42.251	16.727.780	4.180.457	33,3%
Norðurland eystra	1.027.409	57.306	58.876.597	1.174.318	71.120	83.517.447	24.640.850	41,9%
Austurland	484.394	40.734	19.731.103	533.963	49.265	26.305.601	6.574.497	33,3%
Suðurland	801.761	46.311	37.130.046	897.805	60.525	54.339.877	17.209.832	46,4%

Verðmæti alls íbúðarhúsnæðis í einstökum kaupstöðum árin 1994 og 2000, miðað við forsendur sem gefnar eru í fyrirspurninni, ásamt mismun í krónum talið og hundraðshlutum var eftirfarandi:

	1994			2000			Mismunur	Hlutfallslegur
	Flatarmál	Meðalverð pr. ferm. selds húsn.	„Verðmæti" íbúðarhúsnæðis	Flatarmál	Meðalverð pr. ferm. selds húsn.	„Verðmæti" íbúðarhúsnæðis	„heildar-verðmætis"	munur „heildar-verðmætis"
	m²	kr./m²	þús. kr.	m²	kr./m²	þús. kr.	þús. kr.	%
Reykjavík	4.765.670	75.989	362.137.538	5.099.990	109.605	558.982.667	196.845.129	54,4%
Kópavogur	809.153	73.797	59.713.385	1.152.174	110.189	126.957.324	67.243.940	112,6%
Seltjarnarnes	234.719	79.130	18.573.230	250.695	109.271	27.393.787	8.820.557	47,5%
Garðabær	417.787	76.028	31.763.485	479.142	106.813	51.178.376	19.414.892	61,1%
Hafnarfjörður	750.967	71.908	54.000.776	901.627	101.120	91.172.166	37.171.389	68,8%
Keflavík	349.724	62.629	21.902.893	372.699	65.912	24.565.447	2.662.554	12,2%
Grindavík	100.377	49.290	4.947.589	106.961	57.040	6.101.012	1.153.423	23,3%
Akranes	239.924	50.736	12.172.682	264.663	65.623	17.367.940	5.195.258	42,7%
Ólafsvík	48.595	43.666	2.121.929	48.919	45.003	2.201.532	79.603	3,8%
Bolungarvík	58.936	34.307	2.021.894	57.932	38.943	2.256.034	234.141	11,6%
Ísafjörður	159.312	47.325	7.539.471	157.299	53.137	8.358.320	818.849	10,9%
Siglufjörður	84.583	26.452	2.237.420	87.178	30.893	2.693.189	455.768	20,4%
Sauðárkrókur	125.593	53.001	6.656.549	132.857	54.632	7.258.267	601.718	9,0%
Akureyri	655.078	61.296	40.153.334	730.058	75.934	55.436.282	15.282.948	38,1%
Húsavík	108.905	46.227	5.034.421	123.319	47.586	5.868.246	833.825	16,6%
Ólafsfjörður	51.939	35.707	1.854.607	55.475	40.506	2.247.088	392.481	21,2%
Dalvík	62.437	45.037	2.811.969	68.102	54.646	3.721.539	909.570	32,3%
Seyðisfjörður	47.128	25.158	1.185.652	47.605	37.449	1.782.775	597.122	50,4%
Neskaupstaður	77.620	38.418	2.981.957	77.861	40.583	3.159.793	177.836	6,0%
Vestmannaeyjar	237.928	41.640	9.907.227	243.962	49.824	12.155.250	2.248.023	22,7%
Selfoss	201.498	55.243	11.131.326	240.473	71.628	17.224.530	6.093.204	54,7%

Fasteignamat alls íbúðarhúsnæðis landsmanna samkvæmt fasteignamatsskrá 1. desember 1994 nam 559.123.775 þús. kr. Fasteignamat alls íbúðarhúsnæðis landsmanna samkvæmt fasteignamatsskrá 1. desember 2000 nam 896.470.233 þús. kr.

Ef verðlag íbúðarhúsnæðis utan Reykjavíkur hefði fylgt þróun íbúðarverðs í Reykjavík 1994–2000 hefði það verið 2.617.153 þús. kr. verðminna. Sundurliðað eftir kjördæmum:

„Verðmæti" íbúðarhúsnæðis utan Reykjavíkur árið 2000

	Ef það hefði fylgt verðþróun í Reykjavík frá árinu 1994	Raunveruleg staða árið 2000	Mismunur
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Reykjanes	344.759.584	372.395.719	27.636.135
Vesturland	40.047.018	34.910.648	-5.136.370
Vestfirðir	24.220.671	16.229.333	-7.991.338
Norðurland vestra	19.367.603	16.727.780	-2.639.823
Norðurland eystra	90.879.828	83.517.447	-7.362.381
Austurland	30.456.232	26.305.601	-4.150.631
Suðurland	57.312.622	54.339.877	-2.972.745
Samtals			**-2.617.153**

Ef verðlag íbúðarhúsnæðis í eftirfarandi kaupstöðum hefði fylgt þróun íbúðarverðs í Reykjavík 1994–2000 hefði það verið:

„Verðmæti" íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum utan Reykjavíkur árið 2000

	Ef það hefði fylgt verðþróun í Reykjavík frá árinu 1994 þús. kr.	Raunveruleg staða árið 2000 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Kópavogur	92.171.464	126.957.324	34.785.860
Seltjarnarnes	28.668.979	27.393.787	-1.275.192
Garðabær	49.028.989	51.178.376	2.149.387
Hafnarfjörður	83.353.684	91.172.166	7.818.481
Keflavík	33.808.529	24.565.447	-9.243.082
Grindavík	7.636.924	6.101.012	-1.535.912
Akranes	18.789.321	17.367.940	-1.421.381
Ólafsvík	3.275.335	2.201.532	-1.073.803
Bolungarvík	3.120.923	2.256.034	-864.889
Ísafjörður	11.637.660	8.358.320	-3.279.340
Siglufjörður	3.453.602	2.693.189	-760.414
Sauðárkrókur	10.274.813	7.258.267	-3.016.546
Akureyri	61.979.263	55.436.282	-6.542.981
Húsavík	7.770.954	5.868.246	-1.902.708
Ólafsfjörður	2.862.706	2.247.088	-615.617
Dalvík	4.340.456	3.721.539	-618.917
Seyðisfjörður	1.830.131	1.782.775	-47.356
Neskaupstaður	4.602.842	3.159.793	-1.443.050
Vestmannaeyjar	15.292.444	12.155.250	-3.137.194
Selfoss	17.181.921	17.224.530	42.609

473. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Í nefndaráliti 1. minni hluta um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 var sett fram hörð gagnrýni á efnahagsstjórn stjórnarmeirihlutans. Þar kom fram að óðagot, ráðleysi og þat einkenndi öll vinnubrögð ríkisstjórnarinnar varðandi mat á stöðu efnahagsmála og afgreiðslu fjárlaga. Var því haldið fram að „vinnubrögð af þessu tagi [væru] hvorki til þess fallin að treysta virðingu þingsins né efla trú landsmanna á getur ríkisstjórnarinnar til að vinna bug á þeim efnahagsvanda sem nú steðjar að". Margir gagnrýndu þessi orð og töluðu um ábyrgðarleysi af hálfu stjórnarandstöðunnar. Reyndin varð svo sú að nokkrum vikum eftir að fjárlög voru samþykkt tók ASÍ við stjórn efnahagsmála í landinu. Að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar var komið í veg fyrir algeran glundroða í efnahagsmálum á fyrstu mánuðum ársins 2002.

Fleiri atriði sýna veikleika í stjórn ríkisfjármála. Þrátt fyrir núllstillingu heilbrigðiskerfisins fyrir fáum árum er flest komið í sama farið í þeim málaflokki. Þá hefur ekki enn verið tekið á vanda í menntakerfinu, sérstaklega hjá framhaldsskólum. Og það er víðar sem rekstrargrundvöllur stofnana og embætta ríkisins er brostinn. Þetta eru hins vegar vandamál sem ríkisstjórnin vill fela og komast þannig hjá málefnalegri umræðu um þann vanda sem blasir við. Nánar verður vikið að þessum atriðum síðar í þessu áliti.

Markmið ríkisstjórnarinnar.

Þegar fylgirit frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2003, Stefna og horfur, er skoðað kemur í ljós að erfitt er að átta sig á því hver eru markmið ríkisstjórnarinnar með þessu frumvarpi. Það eina sem hún boðar er aðhaldssöm og ábyrg stefna í ríkisfjármálum sem einkum miðar að því að halda útgjaldaaukningu innan hóflegra marka og stuðla þannig að stöðugleika í efnahagsmálum. Þetta eru hins vegar atriði sem þessi ríkisstjórn hefur enga getu né vilja til að takast á við. Fullyrt er að miklar endurbætur hafi verið gerðar í ríkisrekstri og leitast við að tryggja að saman fari fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð. Ef þetta væri raunin mætti ætla að á Starfatorgi.is væri fullt af auglýsingum um lausar stöður forstöðumanna ríkisstofnana. En svo er ekki. Fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð fer nefnilega ekki saman hjá hinu opinbera.

Þegar ríkisstjórnin talar um aðhaldssama stefnu í ríkisfjármálum miðar hún fyrst og fremst við þann tekjuafgang sem náðst hefur á undanförnum árum. Ytri aðstæður hafa aukið tekjur ríkissjóðs verulega en sú aukning hefur ekki bæst við áætlaðan tekjuafgang heldur hefur henni verið eytt nánast jafnóðum. Samþykkt fjáraukalaga undanfarin ár staðfestir þetta.

Markmið ríkisstjórnarinnar undanfarin ár hafa einungis verið tvö, annars vegar að selja arðbærar eignir ríkisins til fylgismanna og velunnara og hins vegar að búa í haginn fyrir stóriðju.

Efnahagsforsendur.

Eftir að Þjóðhagsstofnun hefur verið lögð niður hefur Alþingi ekki greiðan aðgang að óháðum sérfræðingum til að leggja mat á efnahagsforsendur frumvarps til fjárlaga. Nýverið birti Seðlabankinn fyrstu þjóðhagsspá sína sem byggist í stórum dráttum á sömu forsendum og spá fjármálaráðuneytisins. Spárnar eru því um margt keimlíkar. Hins vegar er ekki reiknað með stóriðjuframkvæmdum í spánni og getur hún því breyst í veigamiklum atriðum ef af þeim verður. Bent hefur verið á að í forsendum frumvarpsins sé einungis gert ráð fyrir 1% raunaukningu samneysluútgjalda sem hljóti að teljast bjartsýnisleg forsenda í ljósi þess að meðalraunaukning samneysluútgjalda síðustu 10 árin er um 2,5% að meðaltali.

Seðlabankinn bendir líka á að ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi eftirköst ofþensluskeiðsins og er fjárhagur heimila og margra fyrirtækja þaninn. Þetta endurspeglast í mikilli fjölgun gjaldþrota hjá fyrirtækjum, árangurslausu fjárnámi hjá einstaklingum og vaxandi atvinnuleysi. Þá er ljóst að sparnaður margra heimila sem bundinn var í hlutabréfum er uppurinn í þeim hrunadansi sem verið hefur á hlutabréfamarkaði að undanförnu. Það vakna óhjákvæmilega spurningar um hvort fjármálafyrirtæki hafi haft rangt við þegar hlutabéfum í einstökum fyrirtækjum var otað að kaupendum. Í Bandaríkjunum eru komin af stað málaferli á hendur stórum fjármálafyrirtækjum þar sem þau eru sökuð um vísvitandi blekkingar til að halda uppi verði á hlutabréfum til að auðvelda sölu þeirra. Í ljósi aðstæðna á hlutabréfamarkaði hér á landi er full ástæða til að Fjármálaeftirlitið kanni þessi mál og upplýsi hvort eðlilega hafi verið staðið að verðmati og sölu hlutabréfa til almennings.

Skattamál.

ASÍ, fjölmiðlar og fleiri aðilar hafa beint sjónum að skattastefnu ríkisstjórnarinnar og er niðurstaða athugana þessara aðila sú að óháð því hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar hafa skattar lág- og meðaltekjufólks hækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Vitað er að afnám verðlagsviðmiðunar persónuafsláttar á sínum tíma er að verða ein mesta kjaraskerðing sem alþýða þessa lands hefur upplifað. Þessu til stuðnings má benda á að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga hafa mörg undanfarin ár hækkað mun meira en nemur hækkun launavísitölu.

Miðstjórn ASÍ hefur margoft mótmælt og varað við þeim breytingum sem samþykktar voru á Alþingi í desember 2001 á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í samþykkt miðstjórnar frá 16. október 2002 kom m.a. fram:

„Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega það óréttlæti og þá auknu misskiptingu sem einkennir tekjuhlið fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2003. Á meðan skattar á almennt launafólk eru hækkaðir og vegið er að undirstöðum velferðarkerfisins eru skattar á hátekju- og stóreignafólk og fyrirtæki lækkaðir sem nemur mörgum milljörðum króna. Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að pólitísk umræða næstu mánaða komi til með að snúast um stefnu stjórnvalda í skattamálum og velferðarmálum."

Það er svona sem ríkisstjórnin launar ASÍ greiðann frá því í byrjun ársins þegar samtökin gripu inn í efnahagsstjórnina þegar allt stefndi í hrun. ASÍ hefur einnig vakið athygli á því að ríkisstjórnin hefur ekki staðið við yfirlýsingar sínar frá 10. mars 2000, í tengslum við gerð kjarasamninga, um að beita sér fyrir því að persónuafsláttur og skattleysismörk breytist í takt við umsamdar launahækkanir á samningstímabilinu. Því verður fróðlegt að fylgjast með því þegar kemur að 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2003 hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við þessari gagnrýni ASÍ.

Aldraðir og öryrkjar.

Ríkisstjórnin hefur hrósað sér af því að hafa á undanförnum árum beitt sér fyrir ýmsum breytingum á almannatryggingakerfinu sem miða að því að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Eitthvað hafa þessar kjarabætur verið naumt skammtaðar því að samkvæmt úttekt Félags eldri borgara hefur ellilífeyrir rýrnað um rúmar 206 þús. kr. á ári frá því að ákveðið var 1995 að láta ellilífeyri fylgja þróun verðlags en ekki launa. Nýtt samkomulag Félags eldri borgara og ríkisins felur í sér nokkrar úrbætur en ekki verður hægt að taka endanlega afstöðu til þess fyrr en við 3. umræðu, þegar útfært samkomulag liggur fyrir.

Breytingartillögur við 2. umræðu.

Tillögur ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar gera ráð fyrir að útgjöld aukist um 4,3 milljarða kr. Um 1,5 milljarðar kr. eru ætlaðir til að bæta ástandið í heilbrigðismálum, þar af eru 700 millj. kr. ætlaðar til að styrkja rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í skýringum kemur m.a. fram að kostnaður við lyf og lækninga- og hjúkrunarvörur hefur aukist mun meira en hægt er að skýra með verðlags- og tæknibreytingum. Hér er í raun verið að gefa í skyn að vanda stofnunarinnar sé frekar að leita í stjórn hennar en ytri aðstæðum án þess að tekið sé á þeim vanda, haldið sé áfram að auka framlög án eðlilegs rökstuðnings.

Um 560 millj. kr. er ætlað að mæta áhrifum ýmissa kjarasamninga, þ.m.t. kostnaði við samninga við heilsugæslulækna. Þá er framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs aukið um 300 millj. kr. vegna endurskoðunar á áætlun um atvinnuleysi. Ekki er gert ráð fyrir að laga rekstrargrundvöll fjölmargra stofnana í menntakerfinu og er full ástæða til að vara við því ástandi sem skapast á næsta ári ef ekkert verður að gert.

Fjárhagsvandi stofnana.

Ljóst er að fyrirliggjandi frumvarp leysir ekki úr fjárhagsvanda fjölmargra stofnana ríkisins. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 er sérstaklega fjallað um þessi vandamál og að hluta endurspeglast þau í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002. Fjármálaráðuneytið gaf í febrúar 2001 út reglugerð nr. 116/2001, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Markmið hennar var að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann yrði innan heimilda fjárlaga og að forsvarsmenn bæru ábyrgð í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í reglugerðinni eru ákvæði þess efnis að stefni útgjöld í að fara fram úr 4% á árinu eigi að grípa til ráðstafana, annaðhvort að draga saman útgjöld það sem eftir er ársins eða tryggja stofnun auknar fjárheimildir.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að 105 af 511 fjárlagaliðum, eða um 20%, fóru fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin eru í reglugerðinni. Þessum stofnunum hefur hvorki verið gert að draga úr kostnaði né þeim tryggðar auknar fjárheimildir og hefur ákvæðum reglugerðarinnar því ekki verið framfylgt að þessu leyti.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárhagsvandann í heilbrigðiskerfinu. Enda þótt rekstur heilbrigðisstofnana hafi verið núllstilltur fyrir fáum árum virðist allt komið í sama farið aftur. Fjármálaráðherra hefur hvergi gert Alþingi grein fyrir hvað fór úrskeiðis. Fjármálastjórnin í heilbrigðiskerfinu hefur oftar en einu sinni fengið falleinkunn en enginn er dreginn til ábyrgðar og þar vísar hver á annan.

Í árslok 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og nam samanlagður vandi þeirra 1,6 milljörðum kr. Enn hefur sigið á ógæfuhliðina á árinu 2002. Rekstrarvandi Landspítalans – háskólasjúkrahúss nam 858 millj. kr. í árslok 2001 en samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 nemur fjárhagsvandi hans 1.200 millj. kr. Ekki er verið að tala um neinar smáfjárhæðir. Þetta er hærri fjárhæð en áætlað er að rekstur forsætisráðuneytisins kosti á árinu 2003. Í tillögum ríkisstjórnarinnar sem nú liggja fyrir er ekki tekið nema að hluta á þeim vanda sem við blasir þegar ljóst er að mun meira fé þarf til að treysta rekstrargrundvöll stofnana í heilbrigðiskerfinu.

Fyrsti minni hluti hefur hvað eftir annað bent á að mikill vandi sé óleystur í menntakerfinu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að rekstur 22 menntastofnana sé umfram fjárheimildir í árslok 2001 og nemur fjárþörf þeirra samtals 906 millj. kr. Sem dæmi má taka Menntaskólann í Kópavogi en fjárþörf hans nemur rúmum 160 millj. kr. í árslok sem er helmingur þeirrar fjárhæðar sem skólanum var ætluð til rekstrar samkvæmt fjárlögum ársins 2001. Spyrja má hvað eigi að gera. Á að loka skólunum? Líklegt er að ráðuneytið eigi einhvern hlut að máli og sé því tregt að grípa til aðgerða. Benda má á að á sama tíma er inneign á safnliðum vegna framhaldsskóla sem nemur um 550 millj. kr. Ljóst er að rekstrargrundvöllur margra skóla er brostinn og virðist sem menntamálaráðuneytið vilji ekki horfast í augu við staðreyndir og haldi skólum í gíslingu án þess að þeir hafi möguleika á að rétta sinn hlut.

Tímabært er að fjármálaráðherra leggi spilin á borðið og upplýsi Alþingi um raunverulega fjárhagsstöðu stofnana ríkisins ásamt tillögum að lausn vanda þeirra. Ljóst er að fjárlög næsta árs verða marklaust plagg ef ekki verður gengist við vandanum. Alþingi á ekki að sætta sig við það að fá ekki tækifæri til að leggja heildstætt mat á trúverðugleika væntanlegra fjárlaga.

Lokaorð.

Ljóst er að fjölmörg mál sem varða útgjöld ríkisins bíða 3. umræðu fjárlaga. 1. minni hluti er þeirrar skoðunar að takmarka þurfi heimild fjármálaráðherra til að flytja inneignir og skuldir stofnana á milli ára við tiltekið hlutfall. Það hlutfall miðist við möguleika stofnunar

á að hagræða það mikið í rekstri að hún geti gert upp skuld sína. Þetta hefur þann kost að tekið verður strax á fjárhagsvanda þeirra stofnana sem verst eru settar, annað er léleg fjármálastjórn. Einnig þarf að hafa í huga að nánast öllum stofnunum ríkisins er ætlað að veita skattborgurum þjónustu á sem hagkvæmastan hátt. Það er ekki einkamál framkvæmdarvaldsins hvaða þjónustu það kýs að skerða vegna lélegrar stjórnunar eða áætlunargerðar. Slíkt á að endurspeglast í vel upplýstum ákvörðunum Alþingis.

Alþingi, 22. nóv. 2002.

Gísli S. Einarsson, frsm. Einar Már Sigurðarson. Margrét Frímannsdóttir.

474. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og breytingartillögum hennar og meiri hluta fjárlaganefndar kemur skýrt fram stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokkum sem ríkisvaldið ber ábyrgð á. Fram kemur hvernig ríkisstjórnin ætlar að afla tekna og tillögur hennar um það hvernig þeim skuli ráðstafað á einstaka málaflokka og verkefni. Þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað í heild má greina þann mun sem er á áherslum núverandi meiri hluta annars vegar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hins vegar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Skattakerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðunum sé dreift með sanngjörnum hætti. Til að ná slíku fram hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt áherslu á fjögur eftirfarandi atriði:

1. Að skattleysismörk fylgi launaþróun þannig að lágtekjufólki og lífeyrisþegum verði hlíft við óhóflegri skattheimtu.
2. Teknir verði upp stighækkandi skattar af launatekjum án þess að það feli í sér að heildarskattbyrði launafólks aukist.
3. Að fjármagnstekjur, þ.m.t. arðgreiðslur og söluhagnaður af hlutabréfum, umfram vexti af hóflegu sparifé verði skattlagðar til jafns við aðrar tekjur.
4. Að skattlagning á hreinan hagnað fyrirtækja taki mið af skattlagningu launatekna.

Í skattastefnu ríkisstjórnarinnar er allt aðrar áherslur að finna. Þær birtast á skýran hátt í skattabreytingum síðasta árs þar sem skattar á fyrirtæki og hátekjufólk voru lækkaðir en tekjuskattur á almenna launþega ekki. Í þessu sambandi má enn fremur nefna að í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 257,9 milljarðar kr. en nú er talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 verði 263,6 milljarðar kr. eða 5,7 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Hlutur einstaklinga í þessari tekjuaukningu ríkisins eru 4 milljarðar kr. eða rúm 70% af heildarhækkun tekna.

Skattabreytingar ríkisstjórnarinnar síðasta vetur höfðu það sérstaklega að markmiði að ívilna fjármagnseigendum, hátekjufólki og stórfyrirtækjum. Tekjuskattur fyrirtækja var lækk-

aður úr 30% í 18%. Árið 2000 var tekjuskattur á hagnað fyrirtækja 9.679 millj. kr. eða 4,8% af heildarskatttekjum ríkissjóðs, en árið 2003 er hann áætlaður 5.250 millj. kr. eða um 2% af heildarskatttekjum. Skattur á arðgreiðslur og fjármagnstekjur er einungis 10% og nema tekjur ríkissjóðs af honum um 5 milljörðum kr. en hann hefur staðið tölulega í stað sl. þrjú ár. Enn fremur var sérstakur hátekjuskattur einstaklinga lækkaður úr 7% í 5%.

Hér þarf að snúa algjörlega við blaði og koma á gerbreyttri skattastefnu sem hafi það að markmiði að jafna aðstæður og lífskjör í landinu. Þúsundir einstaklinga og fjölskyldna eru fastar í fátæktargildru sem aðallega orsakast af lágum dagvinnulaunum, veikleikum og götum í velferðarkerfinu og ranglátri skattastefnu. Slíkt á ekki að líðast í þjóðfélagi sem kennir sig við velferð. Ljóst er að til þess að koma á umbótum í þessu efni þarf nýja ríkisstjórn með aðrar áherslur en sú sem nú situr.

Heilbrigðismál.

Fjárhagsvandi heilbrigðiskerfisins er mikill og vaxandi þrátt fyrir þá staðreynd að reynt hafi verið að koma jafnvægi á rekstur heilbrigðisstofnana fyrir nokkrum árum. Í lok ársins 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og var samanlagður vandi þeirra um 1,6 milljarðar kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreikningsins kemur enn fremur fram að rekstrarhalli Landspítala – háskólasjúkrahúss hafi verið 858 millj. kr. en samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 nemur fjárhagsvandi hans um 1,2 milljörðum kr. Ekkert hefur komið fram hjá ríkisstjórninni um hvers vegna fjárhagsvandi spítalans eykst sífellt. Ljóst má vera að heilbrigðiskerfið allt er í uppnámi og taka þarf heildstætt á málum þar sem öll stig heilbrigðisþjónustunnar verða endurskoðuð. Einnig hefur komum til sérfræðilækna sem fá greitt í gegnum Tryggingastofnun ríkisins fjölgað mikið, t.d. komu 291 þúsund sjúklingar til 342 sérfræðilækna í tæplega 460 þúsund skipti. Lög um heilbrigðisþjónustu endurspegla ekki þessa miklu starfsemi sjálfsætt starfandi sérfræðilækna.

Þannig er ljóst að verulega sér á íslenska velferðarkerfinu eftir nær 12 ára ríkisstjórnarforustu Sjálfstæðisflokksins, fyrst með Alþýðuflokknum og síðan með Framsóknarflokknum. Brýnt er að hverfa af braut sífelldra kostnaðarhækkana sem bitna á almenningi og felast í komugjöldum, háu lyfjaverði og sjúklingasköttum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð varar enn fremur við allri einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og telur að leggja beri höfuðáherslu á öfluga undirstöðuþjónustu, þ.e. heilsugæslu og forvarnir, og betri aðbúnað langveikra og aldraðra. Forðast ber að heilbrigðisþjónustan þróist í átt að tvöföldu kerfi með tilheyrandi mismunun og óheyrilegum kostnaði fyrir einstaklinga og þjóðarbúið í heild.

Menntamál.

Í fjárlagafrumvarpinu er ekki tekið á vanda framhaldsskólanna sem var þegar í árslok 2001 orðinn mikill eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2001. Í þeirri skýrslu kemur m.a. fram að fjárhagsendurskoðun hafi farið fram í öllum framhaldsskólum vegna ársins 2001 fyrir utan hússtjórnarskóla og þá skóla sem reknir eru sem sjálfeignarstofnanir. Í skýrslunni er enn fremur greint frá því að fjárheimildir framhaldsskólanna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2001 hafi numið rúmum 5,5 milljörðum kr. en við þá upphæð bættist samtals liðlega 1,7 milljarðar kr. Strax í upphafi ársins 2001 höfðu framhaldsskólarnir ráðstafað 286,9 millj. kr. til útgjalda umfram heimildir. Þegar tekið hafði verið tillit til afkomu ársins höfðu framhaldsskólarnir ráðstafað liðlega 334,9 millj. kr. umfram heimildir. Menntaskólinn í Kópavogi sker sig nokkuð úr en hann hafði ráðstafað 162,7 millj. kr. umfram heimildir. Ef einungis fjárheimild ársins og útkoma ársins eru bornar saman kemur í ljós að halli varð á rekstri 14 framhaldsskóla á árinu 2001 og nam hann samtals 229,1

millj. kr. Af framangreindu má ljóst vera að grípa þarf til róttækra aðgerða enda er ekki hægt að halda áfram að reka framhaldsskóla með halla ár eftir ár. Ríkisstjórnin hefur horft fram hjá þessum vanda og ekki tekið mark á athugasemdum skólastjórnenda og kennara.

Skólastjórnendur hafa gagnrýnt það reiknilíkan sem notað er til að ákvarða fjárveitingar til skólanna. Gagnrýnin hefur beinst að því að reiknilíkanið sé ekki nógu vel aðlagað mismunandi starfsemi þeirra. Framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa kvartað undan því að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til aukins kostnaðar vegna fjarlægðar skólanna frá höfuðborginni, þaðan sem vörur og þjónusta er keypt og fundir haldnir. Þá hafa verkmenntaskólar gagnrýnt að búnaður verknámsdeilda og tölvumála sé stórlega vanmetinn.

Félag framhaldsskólakennara hefur einnig í ályktun gagnrýnt fjárlagafrumvarpið og fjárveitingar til framhaldsskólans. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram: „Fjárveitingum til framhaldsskólanna samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2003 er dreift eftir nýju reiknilíkani þannig að til þess að bæta fjárveitingar til einstakra framhaldsskóla þar sem þess er talin þörf er skorið fé af fjárveitingum til annarra framhaldsskóla sem þó eru alls ekki aflögufærir. Meginvandinn er því sá að ekki er aukið við heildarfjárveitingu til framhaldsskólastigsins sem nemur kostnaði af breyttu reiknilíkani né heldur er aukið við fé til að styrkja starfsemi framhaldsskólanna almennt og til að auka þjónustu þeirra við nemendur.“ Ljóst má vera að það leysir ekki málið að færa vanda einstakra skóla yfir á hina.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á að auknum fjármunum verði varið til menntamála. Með því að fjárfesta í menntun erum við að fjárfesta í framtíðinni. Sá sofandaháttur sem ríkisstjórnin hefur viðhaft í málefnum framhaldsskólanna er ekki til eftirbreytni. Ekki er tekið nógu mikið tillit til framhaldsskóla á landsbyggðinni né heldur skóla sem sinna verknámi en það nám hefur í för með sér meiri kostnað en venjulegt bóknám. Þróun menntamála undanfarin ár hefur orðið til þess að stefna æ fleiri nemendum til bóknáms þegar komið er á framhaldsskólastig og jafnvel svo að ástæða er til að óttast um framtíð verkmenntunar í landinu. Sem dæmi má nefna að í Iðnskólanum í Reykjavík, stærsta iðnmenntaskóla landsins, hefur fjölgun nemenda í skólanum í heild fyrst og fremst orðið á bóknámsbrautum, svo sem í almennu námi, fornámi og á tölvufræðibraut, en á þeirri braut eru nemendur þrisvar sinnum fleiri nú en þeir voru í upphafi tíunda áratugarins. Nemendum hefur hins vegar fækkað mjög á nær öllum iðnnámsbrautum. Þetta eru alvarleg tíðindi þegar hugsað er til iðn- og verkmenntunar í landinu og mikilvægt að grípa í taumana og styrkja sérstaklega verknáms- og iðnnámsbrautir og gera slíkar námsbrautir fýsilegar fyrir góða námsmenn.

Rekstrarvandi Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið hefur átt við mikinn rekstrarvanda að etja á undanförnum árum og hefur verið rekið með tapi allan síðasta áratug að undanskildu einu ári. Það hefur því gengið verulega á eigið fé stofnunarinnar, sem var 2.705 milljarðar kr. í lok árs 1994, en var komið í aðeins 584 millj. kr. í lok síðasta árs. Verði ekki myndarlega við brugðist er því skammt til þess að Ríkisútvarpið verði orðið eignalaust með öllu.

Meginástæður fyrir taprekstrinum komu fram í skýrslu starfshóps á vegum menntamálaráðherra sem skilaði af sér í nóvember 2001. Samkvæmt henni má að stærstum hluta rekja vandann til þriggja þátta sem stofnunin hefur ekki sjálf vald á. Í fyrsta lagi er um að ræða kostnað við lífeyrisskuldbindingar sem stofnuninni var gert að axla og nemur sá kostnaður hátt í 300 millj. kr. árlega síðustu ár. Í öðru lagi ber Ríkisútvarpinu lögum samkvæmt að standa undir fjórðungi kostnaðar við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur framlag Ríkisútvarpsins ríflega tvöfaldast á síðari árum. Það nemur nú rúmlega 100 millj. kr. á ári. Loks hefur Ríkisútvarpið ekki fengið heimild ríkisstjórnar til hækkunar afnotagjalda í takt við

þróun verðlags og launa á undanförnum árum þrátt fyrir ræki lega rökstuddar óskir. Í upphafi þessa árs fékkst heimild fyrir 7% hækkun afnotagjalda, en hún var afnumin mánuði síðar gegn loforði um að stofnuninni yrði bætt tapið og er það gert með 140 millj. kr. framlagi í fjáraukalögum.

Ríkisútvarpið hefur orðið að bregðast við fjárhagsvandanum með samdrætti og sparnaði á flestum sviðum og afleiðingarnar eru óhjákvæmilega minni þjónusta. Í greinargerð stofnunarinnar með fjárlagatillögum hennar fyrir árið 2003 segir m.a: „Að undanförnu hefur verið dregið úr rekstrarkostnaði og þjónustu Ríkisútvarpsins. Dagskrárgerð og fréttaþjónusta hefur minnkað. Á safnadeild hefur skráning uppsafnaðs dagskrárefnis frá fyrri tíð vart undan. Endurvinnslu á efni sem liggur undir skemmdum, svo sem af eldri hljómplötum, hljóðböndum og kvikmyndum, hefur að mestu verið hætt. Viðhald á húsnæði er í lágmarki, áætlun um endurnýjun á sendum í dreifikerfi hefur nú verið frestað um tvö ár. Forgangsverkefni í fjárfestingum er endurnýjun á stjórn- og tæknibúnaði útvarpsins og er sú vinna hafin en áfangar augljóslega ekki nógu stórir."

Þannig er ástandið á einni mikilvægustu menningarstofnun þjóðarinnar og ósæmandi annað en að bæta úr því með markvissum hætti á næstu árum. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telur óhjákvæmilegt að hækka afnotagjöldin til samræmis við þróun launa og verðlags, auk þess sem taka verður á vandanum vegna lífeyrisskuldbindinga stofnunarinnar og koma samskiptum hennar við Sinfóníuhljómsveitina á viðunandi grunn. Þingflokkurinn leggur fram tvær breytingartillögur nú við 2. umræðu fjárlaga með það að markmiði að auðvelda Ríkisútvarpinu að gegna hlutverki sínu sem menningarstofnun allra landsmanna. Þær lúta að eflingu innlendrar dagskrárgerðar og umbótum á dreifikerfi.

Byggðamál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í stefnu sinni lagt áherslu á að styrkja stöðu landsbyggðarinnar með róttækum kerfisbreytingum og valddreifingu til að treysta byggð. Afar brýnt er að bregðast við fólksflótta frá landsbyggðinni, fyrst af öllu með því að leiðrétta þá fjárhagslegu mismunun sem landsbyggðarfólk býr við í námskostnaði, húshitun og vöruverði. Fjölbreytt atvinnulíf og öflug menningarstarfsemi ásamt traustri samfélagsþjónustu og góðum skólum eru undirstaða lífvænlegrar byggðar. Slíku verður ekki náð fram með einkavæðingu og einkarekstri í undirstöðuþáttum velferðarkerfisins þar sem afleiðingarnar bitna harðast á dreifðum byggðum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð gagnrýnir harðlega að í fjárlagafrumvarpinu skuli ekki vera gert ráð fyrir stofnun framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi. Menntamálaráðherra sagði í fyrirspurnatíma á Alþingi að í vor hefðu legið fyrir allar upplýsingar og tillögur um stofnun framhaldsskóla Snæfellinga. Fram kom í máli ráðherrans að heimamenn hefðu undirbúið málið vel og það væri komið á ákvörðunarstig. Ef viðhalda á byggð í landinu þarf grunnþjónusta að vera til staðar í byggðarlögum. Þar er framhaldsskóli mikilvægur þáttur þar sem án hans er hætt við að unga fólkið fari burt til að mennta sig og snúi oft ekki aftur til baka.

Fólksflótti af landsbyggðinni hefur á margan hátt neikvæð félagsleg og menningarleg áhrif á allt þjóðfélagið. Talið er að það kosti sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. 3–5 millj. kr. á hvern íbúa sem þangað flyst að byggja upp nauðsynlega aðstöðu og þjónustu, og er þá rekstrarkostnaður ekki meðtalinn. Á móti verður fjárfesting og uppbygging á landsbyggðinni vannýtt. Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á þessa óheillaþróun og gagnrýnir harðlega stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur leitt til þess að grunnþjónustu hefur hrakað á landsbyggðinni.

Atvinnu- og umhverfismál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ávallt lagt mikla áherslu á ferðaþjónustu og umhverfismál. Ferðaþjónusta og náttúruvernd geta farið vel saman, enda er náttúran sú auðlind sem ferðaþjónustan byggist fyrst og fremst á. Mikilvægt er að efla þessa ungu atvinnugrein. Það verður m.a. gert með því að efla náttúruvernd og tryggja sem besta umgengni um þessa dýrmætu auðlind sem er ein af undirstöðum blómlegrar ferðaþjónustu. Gera þarf sérstakt átak í atvinnuuppbyggingu í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði. Landvörðum og leiðsögumönnum þarf að fjölga og styrkja þarf stöðu þeirra. Nauðsynlegt er að efla menntun í ferðaþjónustu og auka fjölbreytni hennar. Koma þarf á fót tilraunaverkefnum um sjálfbær samfélög undir merkjum vistmenningar og styrkja slík samfélög sem þegar eru til. Vinstri hreyfingin – grænt framboð gagnrýnir það metnaðarleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu og telur að leggja ætti meiri fjármuni til slíkra verkefna.

Ferðaþjónustan er ung atvinnugrein með afar lítið eigið fé, sérstaklega á landsbyggðinni, og markaðstarf er á frumstigi. Atvinnugreinina sárvantar „þolinmótt" áhættufé til langs tíma með lágum vöxtum. Það eru fyrst og fremst kappsfullir og hugmyndaríkir einstaklingar sem bera uppi þróun og nýsköpun í ferðaþjónustu, sérstaklega í fjölbreyttum afþreyingariðnaði. Lánveitendur krefjast veðs í fasteignum, en höfuðstóll ferðaþjónustunnar er fyrst og fremst fólginn í viðskiptavild, ímynd og krafti einstaklinganna og er þess vegna ekki veðhæfur. Þarna getur ríkisvaldið komið á móti með öfluga stoðþjónustu, svo sem aukinn stuðning við rannsóknir og markaðsstarf og rekstur öflugra upplýsingamiðstöðva um allt land.

Fjöldi ferðamanna sem kemur hingað til lands hefur rúmlega sexfaldast á síðustu tíu árum. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum námu 30 milljörðum kr. árið 2000. Samkvæmt opinberum tölum má gera ráð fyrir að ferðaþjónustan skapi u.þ.b. 13% gjaldeyristekna okkar og hefur það hlutfall hækkað um meira en 30% frá árinu 1995 og eru þá tekjur af innlendum ferðamönnum ótaldar. Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem vex hraðast á Íslandi og samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar voru 2.848 starfsmenn í flugrekstri, hótelrekstri og hjá ferðaskrifstofum 1998.

Ljóst er að í ferðaþjónustu eru fjölmörg vannýtt sóknarfæri sem skilað gætu verulegum arði í þjóðarbúið. Slík sóknarfæri er víða að finna, bæði í nýsköpun í atvinnurekstri og innan hefðbundinna atvinnugreina. Alþjóðlegar kannanir og reynsla nágrannaþjóða sýna að í smáum og meðalstórum fyrirtækjum sé að finna mikilvæga vaxtarsprota og þar verði hlutfallslega til mun fleiri störf en vænta megi í stóriðju og öðrum stórum fyrirtækjum. Skapa þarf hagstæð skilyrði til nýsköpunar í atvinnumálum til að koma á fót og starfrækja ný fyrirtæki og tryggja þeim greiðan aðgang að fjármagni. Ekki síst er mikilvægt að huga að starfsskilyrðum atvinnulífs og nýsköpun í atvinnumálum á landsbyggðinni.

Mikilvægt er að öll slík nýsköpun í atvinnumálum taki mið af markmiðum sjálfbærrar þróunar atvinnulífsins og samfélagsins alls. Brýnt er að tekið verði upp grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í atvinnurekstri og við ákvörðun framkvæmda. Sérstaka áherslu ber að leggja á að virkja frumkvæði kvenna, skapa verðmæti úr hugviti og þekkingu og virkja mannauðinn og þau hráefni íslenskrar náttúru og umhverfis sem til staðar eru og mögulegt er að nýta á sjálfbæran hátt.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til að meira fé verði varið til menntunar og rannsókna, jafnframt því að stefna í atvinnumálum taki fullt mið af sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi.

Sementsverksmiðjan á nú í miklum rekstrarvanda svo að tvísýnt er um framtíðarrekstur hennar. Ástæða þess er m.a. að hafinn er innflutningur frá Danmörku á sementi sem selt er hér á mun lægra verði en Sementsverksmiðjan getur keppt um. Því hefur verið haldið fram að hér sé um undirboð að ræða frá hinum erlenda innflytjanda og markmiðið sé að knésetja Sementsverksmiðjuna og ná undir sig markaðinum og geta síðan ráðið sementsverðinu. Sementsverksmiðjan er í eigu ríkisins. Mikilvægt er að staðið sé á bak við verksmiðjuna meðan þetta stríð stendur yfir og samkeppnismál skýrast. Því er flutt tillaga um heimild til handa ríkissjóði að auka hlutafé Sementsverksmiðjunnar hf.

Lokaorð.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu við þessa umræðu flytja nokkrar breytingartillögur sem undirstrika áherslur flokksins og þar sem sérstakra leiðréttinga er þörf. Þær eru einkum á sviði byggðamála og velferðar-, heilbrigðis-, mennta-, menningar- og umhverfismála. Þeir munu gera grein fyrir tillögunum í umræðunni.

Annar minni hluti vekur athygli á að fjölmörgum verkefnum er enn ólokið í vinnu fjárlaganefndar, svo sem varðandi framlög vegna nýgerðs samnings ríkisstjórnarinnar við Landssamband eldri borgara og umfjöllun um ýmsar heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús, sérstaklega á landsbyggðinni, sem skortir tilfinnanlega rekstrarfé. Framlög til byggðaaðgerða eru mun rýrari en nýsamþykkt byggðaáætlun gerir ráð fyrir. Hvorki er í gildi sundurliðuð vegáætlun né flugmálaáætlun. Sú sundurliðun á einstök viðfangsefni vegáætlunar sem kynnt er í fjárlagafrumvarpinu er marklítil enda er boðað að hún muni breytast í allmörgum liðum. Beðið er samræmdrar samgönguáætlunar sem átti að liggja fyrir á haustdögum en hefur enn ekki verið lögð fram. Ekki er hægt að afgreiða fjárlagafrumvarpið endanlega fyrr en samgönguáætlun liggur fyrir og hefur verið samþykkt og þar með einnig skipting fjár til samgöngumála.

Það er því ljóst að ekki er hægt að fjalla hér á tæmandi hátt um gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár. Bíður það 3. umræðu, svo og tekjuhlið frumvarpsins. Einstakar breytingartillögur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við tekjuhliðina munu því einnig bíða 3. umræðu.

Alþingi, 26. nóv. 2002.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Pólitíkin í fjárlagafrumvarpinu. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 15. október 2002.)
II. Framhaldsmenntun á Snæfellsnesi. Öflugt menntakerfi er forsenda velferðar og hagvaxtar. Jón Bjarnason. (Skessuhorn, 45. tbl., 13. nóvember 2002.)
III. Ályktun stjórnar Félags framhaldsskólakennara. (11. nóvember 2002.)
IV. Ályktun stjórnar Kennarasambands Íslands um fjárveitingar til framhaldsskólans samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2003. (15. nóvember 2002.)
V. Staða framhaldsmenntunar á Vesturlandi. Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði, formaður undirbúningsnefndar um Framhaldsskóla Snæfellinga. (Erindi flutt á aðalfundi SSV í Borgarnesi, 23. ágúst 2002.)
VI. Lítil saga af sementi. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 13. nóvember 2002.)

VII. Ályktun bæjarráðs Akraness. (21. nóvember 2002.)
VIII. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 (10 Samgönguráðuneyti) frá minni hluta samgöngunefndar. (Sjá samhljóða álit á bls. 2043–2044, í fskj. IX í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, þskj. 464.

475. Frumvarp til laga [399. mál]

um breytingu á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Jónas Hallgrímsson, Jónína Bjartmarz.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Á tímabilinu frá 1. maí til 1. október skal greiða sérstakt gjald, flugvallagjald, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Á tímabilinu frá 1. október til 1. maí skulu engin flugvallagjöld innheimt.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Á tímabilinu frá 1. maí til 1. október skulu flugfélög, sem annast flutning farþega innan lands eða til Færeyja og Grænlands, greiða gjald er nemi 100,00 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó að millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Á tímabilinu frá 1. október til 1. maí skulu engin gjöld innheimt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta hefur aukist verulega að undanförnu og gegnir orðið mikilvægu hlutverki í íslensku efnahagslífi. Fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki hafa haslað sér völl á því sviði. Mikil fjárfesting er fólgin í íslenskri ferðaþjónustu. Vandinn er hins vegar sá að drjúgur hluti þeirrar fjárfestingar nýtist aðeins takmarkaðan hluta ársins, þ.e. meginferðamannatíminn er aðeins þrír til fjórir mánuðir. Flestir sem um ferðamál hafa fjallað eru sammála um að brýnasta verkefni okkar sé að lengja ferðamannatímann, þ.e. að ná fleiri ferðamönnum til landsins yfir vetrarmánuðina.

Íslendingar eru í harðri samkeppni um ferðalanga við helstu grannþjóðir. Gildir það ekki síst um ferðalanga frá Evrópu. Vandi okkar er sá að vegna legu landsins er flug til Íslands dýrt. Fyrir vikið hallar á íslenska ferðaþjónustuaðila í samkeppni við starfsfélaga sína erlendis.

Af framansögðu hlýtur að vera eðlilegt að íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að örva ferðaþjónustu yfir vetrarmánuðina. Ekki leikur nokkur vafi á því að flugvallarskattar eru

skattar hins opinbera. Þeim kostnaði er varpað á neytendur, þ.e. flugfarþegana, og leggst hann ofan á kostnað af hinu langa flugi frá meginlandi Evrópu eða Ameríku.

Ferðaþjónusta er orðin næststærsta atvinnugreinin hérlendis að því er gjaldeyristekjur varðar. Þær tekjur má auka enn frekar með því að laða fleiri ferðamenn til landsins, ekki síst yfir vetrarmánuðina. Með frumvarpi þessu er lagt til að flugvallarskattur verði felldur niður yfir vetrarmánuðina. Byggt á spá um fjölgun ferðamanna á umræddu tímabili sem og neyslu hvers ferðamanns í landinu á ríkissjóður ekki að verða fyrir tekjutapi vegna þessa frumvarps. Sérhver nýr ferðalangur skilar tekjum í ríkissjóð í formi neysluskatta, þ.e. virðisaukaskatti af bílaleigu, gistingu, mat, afþreyingu o.s.frv., og má ætla að þær tekjur nemi rúmlega flugvallarsköttum þegar á fyrsta sólarhring. Áætlað hefur verið að tekjur ríkissjóðs af 30 manna hópi sem dvelur hérlendis í sjö daga sé um ein milljón króna – án flugvallarskatta og lendingargjalda. Eru þá ekki talin hin óbeinu áhrif sem felast í auknum umsvifum ferðaþjónustuaðila sem njóta góðs af komu hinna erlendu ferðamanna.

Flugvallarskattur er langstærsti liðurinn í opinberum álögum á flugfarþega. Afgreiðslugjöld á Keflavíkurflugvelli skiptast t.d. þannig í hundraðshlutum:

Flugvallarskattur	43%
Öryggisgjald	11%
Lendingargjöld	8%
Innritunargjald	16%
Afgreiðslugjöld	22%

Flugvallarskatturinn einn er 1.250 kr. á hvern farþega sem ferðast frá landinu. Með afnámi hans er leitast við að laða fleiri ferðamenn til landsins sem skilar sér síðan í meiri tekjum af neysluskattöttum. Með þeirri aðgerð væri hið opinbera að leggja sitt af mörkum til stuðnings áframhaldandi þróun vaxandi atvinnugreinar um allt land.

476. Svar [115. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um skattamál.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti annars vegar og fjármagnstekjuskatti hins vegar sl. fimm ár, skipt eftir sveitarfélögum og kjördæmum?

Meðfylgjandi yfirlit frá ríkisskattstjóra sýnir eignarskatta og fjármagnstekjuskatt einstaklinga og lögaðila í hverju sveitarfélagi og skattumdæmi samkvæmt álagningarseðlum áranna 1998–2002. Upplýsingar eftir kjördæmum liggja ekki fyrir vélrænt. Í yfirlitinu er ekki að finna álagða skatta þeirra aðila sem hafa verið handreiknaðir á skattstofunum. Handreiknaðir framteljendur eru um 4% gjaldenda, en hlutur þeirra í eignarsköttum og fjármagnstekjuskatti einstaklinga hefur verið um 2%. Með fjármagnstekjuskatti lögaðila er átt við skatt á fjármagnstekjur lögaðila sem undanþegnir eru tekjuskatti og eignarskatti, þar á meðal fjármagnstekjuskatt opinberra aðila.

Opinber gjöld einstaklinga og lögaðila 1998–2002. Eignarskattar og fjármagnstekjuskattur flokkaðir eftir skattumdæmum og sveitarfélögum.

	Eignarskattar einstaklinga og lögaðila (í þús. kr.)					Fjármagnstekjuskattur einstaklinga og lögaðila (í þús. kr.)				
Álagningarár	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
Landið allt	**4.060.023**	**4.197.264**	**5.274.597**	**5.894.728**	**6.201.913**	**1.349.827**	**1.459.376**	**3.575.323**	**3.324.840**	**4.206.047**
Reykjavík										
Reykjavík	2.219.143	2.282.897	2.899.772	3.190.669	3.241.628	664.355	692.189	2.130.292	1.587.241	1.865.609
Samtals	**2.219.143**	**2.282.897**	**2.899.772**	**3.190.669**	**3.241.628**	**664.355**	**692.189**	**2.130.292**	**1.587.241**	**1.865.609**
Reykjanes										
Bessastaðahreppur	11.128	12.172	16.138	21.193	23.134	6.699	5.027	6.415	15.130	10.035
Garðabær	149.691	160.900	252.452	295.028	321.868	70.480	82.642	170.501	169.829	310.492
Gerðahreppur	8.704	8.494	10.821	9.709	12.552	2.940	6.413	9.421	11.469	16.819
Grindavík	36.804	29.317	41.786	46.221	39.400	8.778	15.647	22.973	25.413	32.738
Hafnarfjörður	214.630	232.718	318.978	369.875	428.848	60.835	75.534	129.813	160.750	232.077
Keflavíkurflugvöllur	17.302	19.309	13.482	12	30.909	0	0	0	0	0
Kjalarneshreppur	8.172					2.457				
Kjósarhreppur	3.501	3.096	3.337	3.876	5.128	518	536	924	914	1.330
Kópavogur	213.064	241.754	365.111	455.038	490.771	71.104	102.721	169.336	246.489	379.635
Mosfellsbær	39.799	42.147	67.626	78.713	96.142	18.391	25.913	58.921	53.718	90.338
Reykjanesbær	84.602	91.931	91.682	132.367	108.526	30.129	35.099	80.111	81.524	111.404
Sandgerði	4.463	5.749	5.562	8.099	9.596	1.621	1.375	2.775	10.660	41.680
Seltjarnarnes	83.970	90.812	126.122	154.162	164.102	53.102	55.957	130.420	225.152	180.197
Vatnsleysustrandarhreppur	6.632	6.461	4.989	5.907	7.884	932	1.783	1.996	3.744	3.041
Samtals	**882.461**	**944.860**	**1.318.085**	**1.580.201**	**1.738.860**	**327.986**	**408.647**	**783.608**	**1.004.790**	**1.409.787**
Vesturland										
Akranes	66.475	71.108	66.734	73.464	70.919	16.856	24.180	30.261	36.706	41.059
Andakílshreppur	1.925					743				
Álftaneshreppur	666					337				
Borgarbyggð	27.314	33.527	28.408	29.288	37.057	4.670	8.049	12.943	16.193	23.092
Borgarhreppur	1.427					882				
Dalabyggð	7.135	7.729	7.918	9.042	10.562	1.805	3.215	3.879	4.064	5.964
Eyja- og Miklaholtshreppur	1.594	1.414	2.113	2.313	2.886	274	481	2.023	2.512	2.287
Eyrarsveit	5.010	4.992	7.480	8.111	10.526	3.353	2.793	4.452	5.528	4.113
Hálsahreppur	120					53				
Helgafellssveit	439	583	1.555	1.583	1.927	243	430	557	473	497
Hvalfjarðarstrandarhreppur	16.077	12.144	11.724	11.160	8.786	299	208	808	491	709
Hvítársíðuhreppur	1.560	1.754	1.497	1.601	1.686	413	797	1.186	1.271	4.987
Innri-Akraneshreppur	894	658	841	803	871	243	380	586	612	810
Kolbeinsstaðahreppur	1.046	1.089	1.377	1.494	1.514	68	92	209	282	329
Leirár- og Melahreppur	1.553	1.764	1.645	1.796	1.786	959	655	894	573	1.230
Lundarreykjadalshreppur	1.023					548				
Reykholtsdalshreppur	924					551				
Saurbæjarhreppur	1.693	1.614	1.700	2.316	1.881	395	745	987	1.277	1.519
Skilmannahreppur	38.386	47.460	43.190	36.155	72.384	460	478	756	792	1.108
Skorradalshreppur	1.970	2.302	2.129	2.161	2.133	484	408	532	1.489	607
Skógarstrandarhreppur	393	0	0	0		74	0	0	0	
Snæfellsbær	20.650	13.706	17.415	17.383	22.085	18.756	6.240	10.949	9.400	14.897
Stykkishólmur	7.423	7.200	9.282	6.584	8.516	3.328	6.156	9.855	9.068	12.243
Sveitarfélagið Borgarfjörður		4.631	4.781	5.260	8.651		1.548	3.697	3.992	14.669
Þverárhlíðarhreppur	1.919					316				
Samtals	**207.616**	**213.677**	**209.787**	**210.514**	**264.172**	**56.112**	**56.855**	**84.574**	**94.723**	**130.120**

	Eignarskattar einstaklinga og lögaðila (í þús. kr.)					Fjármagnstekjuskattur einstaklinga og lögaðila (í þús. kr.)				
Álagningarár	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
Vestfirðir										
Árneshreppur	402	573	611	666	595	137	113	120	233	262
Bolungarvík	10.613	10.480	11.763	10.715	14.279	4.632	4.619	4.916	7.583	12.697
Broddaneshreppur	872	678	697	1.170	1.230	348	457	612	694	609
Bæjarhreppur	1.142	966	1.030	884	1.131	218	288	472	536	841
Hólmavíkurhreppur	3.345	8.232	7.062	3.624	2.325	2.385	1.823	11.480	4.485	3.591
Ísafjarðarbær	35.022	32.214	40.916	47.469	43.677	26.092	31.857	39.423	45.665	48.298
Kaldrananeshreppur	1.209	1.159	1.618	1.696	2.152	120	293	221	175	178
Kirkjubólshreppur	581	454	433	312	125	251	360	395	336	314
Reykhólahreppur	2.621	2.820	3.373	5.065	5.051	791	468	721	1.283	1.376
Súðavíkurhreppur	3.547	2.270	1.381	1.949	1.739	2.886	1.647	1.730	4.804	5.124
Tálknafjarðarhreppur	3.733	1.339	1.410	2.972	2.836	671	650	922	2.177	2.121
Vesturbyggð	9.224	9.175	8.439	9.655	10.160	2.957	2.392	3.552	4.803	4.684
Samtals	**72.311**	**70.360**	**78.733**	**86.176**	**85.301**	**41.488**	**44.967**	**64.563**	**72.774**	**80.096**
Norðurland vestra										
Akrahreppur	1.883	1.525	1.638	1.918	2.439	204	303	961	1.134	851
Áshreppur	1.415	1.564	1.744	1.988	1.952	96	115	219	325	354
Blönduós	7.957	7.239	9.393	8.543	8.746	2.322	2.971	5.183	4.206	4.747
Bólstaðarhlíðarhreppur	456	559	974	1.324	1.145	113	159	312	519	569
Engihlíðarhreppur	1.354	1.513	1.699	2.062	1.772	226	283	502	649	697
Fljótahreppur	1.513	0				576	0			
Fremri-Torfustaðahreppur	830					234				
Hofshreppur	2.008					592				
Hólahreppur	905					449				
Húnaþing vestra		17.328	22.709	22.784	19.891		4.798	23.014	8.782	13.407
Hvammstangahreppur	10.277					3.547				
Höfðahreppur	5.539	6.721	8.855	9.579	10.238	1.633	1.521	2.691	3.487	3.076
Kirkjuhvammshreppur	476					337				
Lýtingsstaðahreppur	1.172					709				
Ripurhreppur	844					163				
Sauðárkrókur	27.219					6.819				
Seyluhreppur	2.321					659				
Siglufjörður	29.656	19.603	17.333	11.285	7.441	7.257	8.583	9.833	13.568	15.267
Skagahreppur	383	482	384	557	638	249	303	515	608	882
Skarðshreppur	174					263				
Skefilsstaðahreppur	355					206				
Staðarhreppur	2.714					815				
Sveinsstaðahreppur	2.723	2.617	2.838	3.521	3.759	939	1.114	1.434	870	441
Sveitarfélagið Skagafjörður		40.299	46.245	52.298	51.680		11.292	19.476	19.190	33.038
Svínavatnshreppur	1.659	1.760	1.215	1.645	1.445	493	517	1.018	1.396	2.157
Torfalækjarhreppur	2.250	2.629	2.838	2.281	2.458	362	453	479	922	843
Viðvíkurhreppur	297					69				
Vindhælishreppur	423	264	456	525	825	102	52	233	161	246
Ytri-Torfustaðahreppur	2.152					809				
Þorkelshólshreppur	1.417					753				
Þverárhreppur	379					203				
Samtals	**110.750**	**104.104**	**118.321**	**120.311**	**114.430**	**31.198**	**32.464**	**65.868**	**55.819**	**76.573**

	Eignarskattar einstaklinga og lögaðila (í þús. kr.)					Fjármagnstekjuskattur einstaklinga og lögaðila (í þús. kr.)				
Álagningarár	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
Norðurland eystra										
Aðaldælahreppur	3.374	3.593	3.334	3.971	4.422	559	582	790	1.787	2.445
Akureyri	160.187	154.429	178.058	171.064	184.999	60.701	58.583	178.042	123.007	154.660
Arnarneshreppur	876	1.002	1.177	1.041	899	998	1.051	803	1.919	1.298
Árskógshreppur	3.996					2.463				
Bárðdælahreppur	1.112	1.229	1.364	1.264	1.581	377	401	397	525	625
Dalvík	10.593					6.524				
Dalvíkurbyggð		17.007	22.968	22.191	27.739		9.848	13.439	25.195	36.585
Eyjafjarðarsveit	8.042	8.443	8.771	8.712	9.270	2.415	2.579	4.428	5.124	7.508
Glæsibæjarhreppur	3.523	3.780	5.474	4.133		632	647	1.735	2.857	
Grímseyjarhreppur	506	742	585	1.043	1.174	114	153	542	716	972
Grýtubakkahreppur	4.846	5.151	6.833	7.199	7.737	1.174	1.542	2.427	3.690	3.769
Hálshreppur	1.200	1.445	1.594	1.654	1.873	726	466	663	754	783
Hríseyjarhreppur	1.379	1.159	496	2.958	1.753	1.776	813	1.536	1.323	931
Húsavík	17.321	14.769	14.890	14.158	15.755	10.949	9.443	16.083	23.551	29.090
Hörgarárbyggð					7.296					4.211
Kelduneshreppur	1.963	2.160	2.521	2.532	2.888	556	536	1.155	1.137	1.319
Ljósavatnshreppur	2.291	2.002	2.024	2.506	2.682	542	541	758	643	1.401
Ólafsfjörður	10.496	11.171	10.895	10.339	18.533	14.691	8.985	12.849	14.930	30.079
Raufarhafnarhreppur	5.586	2.104	2.445	2.197	1.480	1.133	1.638	2.987	2.433	2.554
Reykdælahreppur	3.330	3.435	3.982	5.400	5.845	1.378	1.190	1.845	1.606	2.368
Reykjahreppur	3.254	3.462	3.420	3.777	3.587	706	922	1.086	2.387	3.690
Skriðuhreppur	1.833	1.704	1.743	1.797		552	503	761	1.103	
Skútustaðahreppur	2.050	2.305	2.799	2.267	10.706	1.172	1.355	2.718	2.872	3.674
Svalbarðshreppur	811	840	1.126	1.258	1.277	399	279	429	737	1.147
Svalbarðsstrandarhreppur	1.537	1.770	1.905	2.161	2.732	703	796	781	1.349	1.558
Svarfaðardalshreppur	1.710					403				
Tjörneshreppur	277	239	563	548	394	152	189	261	476	520
Þórshafnarhreppur	2.470	2.347	2.224	2.563	2.329	4.093	4.871	3.540	3.454	1.968
Öxarfjarðarhreppur	3.375	3.645	4.547	4.041	3.984	1.187	1.268	2.327	2.591	3.762
Öxnadalshreppur	552	520	612	581	0	329	318	472	539	0
Samtals	**258.490**	**250.452**	**286.349**	**281.356**	**320.935**	**117.403**	**109.498**	**252.854**	**226.706**	**296.916**
Austurland										
Austur-Hérað		14.069	15.505	17.306	16.812		6.549	8.754	15.947	16.677
Borgarfjarðarhreppur	538	562	338	630	887	502	520	731	847	898
Borgarhafnarhreppur	397					164				
Breiðdalshreppur	946	9.659	1.402	1.308	1.955	721	512	1.306	3.451	3.282
Búðahreppur	6.180	7.262	6.889	6.544	8.815	1.863	1.609	2.570	3.580	4.272
Bæjarhreppur	165					9				
Djúpavogshreppur	1.782	2.543	4.700	4.932	3.887	2.133	2.627	3.815	13.688	11.682
Egilsstaðir	13.038					4.763				
Eiðahreppur	259					258				
Eskifjörður	4.588					10.113				
Fáskrúðsfjarðarhreppur	547	469	282	250	316	205	361	354	465	458
Fellahreppur	1.154	1.684	1.853	3.927	2.184	1.024	1.076	1.519	1.965	1.780
Fjarðabyggð		25.327	34.107	17.335	18.206		17.869	18.859	28.998	45.698
Fljótsdalshreppur	509	501	609	753	575	437	428	512	766	947
Hjaltastaðarhreppur	199					25				
Hlíðarhreppur	508					88				
Hofshreppur	195					120				
Hornafjaðarbær	17.523					12.646				
Jökuldalshreppur	518					203				

	Eignarskattar einstaklinga og lögaðila (í þús. kr.)					Fjármagnstekjuskattur einstaklinga og lögaðila (í þús. kr.)				
Álagningarár	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
Mjóafjarðarhreppur	8	54	108	72	33	32	47	95	190	136
Neskaupstaður	26.009		0			5.673		0		
Norður-Hérað		2.170	1.890	2.114	1.968		524	909	1.346	1.810
Reyðarfjarðarhreppur	2.201					1.165				
Seyðisfjörður	4.126	4.214	4.286	4.261	4.885	2.656	2.931	3.747	4.012	5.705
Skeggjastaðahreppur	1.394	1.114	928	1.042	674	348	403	1.359	1.549	1.617
Skriðdalshreppur	190					143				
Stöðvarhreppur	470	1.041	807	918	1.291	1.420	788	1.518	5.308	3.145
Sveitarfélagið Hornafjörður		19.499	27.557	25.286	21.766		8.423	16.144	22.345	22.539
Tunguhreppur	535					125				
Vallahreppur	607					442				
Vopnafjarðarhreppur	4.083	3.916	5.801	5.877	4.445	1.694	1.801	3.605	11.384	6.049
Samtals	**88.670**	**94.082**	**107.063**	**92.555**	**88.699**	**48.971**	**46.469**	**65.797**	**115.843**	**126.695**
Suðurland										
Austur-Eyjafjallahreppur	1.811	2.028	1.917	1.971	2.129	301	340	531	531	879
Austur-Landeyjahreppur	3.363	3.032	3.247	3.491	3.260	149	189	876	802	680
Árborg	0	72.108	83.550	143.372	150.507	0	17.336	26.930	38.730	47.354
Ásahreppur	2.352	2.255	2.927	3.162	3.318	499	674	1.079	1.523	2.048
Biskupstungnahreppur	5.996	7.473	8.103	9.222	10.301	822	1.394	3.287	2.727	4.143
Djúpárhreppur	3.450	3.718	3.623	3.992	3.881	752	815	6.084	2.773	2.685
Eyrarbakkahreppur	3.009					1.202				
Fljótshlíðarhreppur	2.404	2.455	2.610	2.760	3.336	1.142	1.116	1.611	2.710	4.006
Gaulverjabæjarhreppur	1.583	1.823	2.017	1.954	2.029	605	578	906	1.209	1.848
Gnúpverjahreppur	4.308	4.880	5.078	5.709	4.713	569	496	1.194	2.862	2.541
Grafningshreppur	741					152				
Grímsnes- og Grafningshreppur	0	4.172	4.678	4.790	4.914	0	594	1.281	2.007	2.624
Grímsneshreppur	2.380				0	510				0
Holta- og Landssveit	7.940	9.085	9.244	9.434	9.450	5.300	3.789	4.495	7.243	4.351
Hraungerðishreppur	2.582	2.893	3.788	3.953	4.240	634	838	1.515	1.282	1.925
Hrunamannahreppur	9.823	10.465	13.252	11.808	12.204	1.911	2.749	5.097	7.225	13.823
Hveragerði	8.652	8.746	10.449	14.284	15.980	3.462	4.522	9.978	8.254	10.920
Hvolhreppur	4.598	5.044	4.680	5.295	4.878	1.418	2.693	3.726	4.876	4.279
Laugardalshreppur	1.853	1.872	2.079	3.164	3.317	937	1.052	1.657	1.455	1.983
Mýrdalshreppur	3.316	3.516	4.913	4.389	5.323	1.023	1.808	2.122	2.676	3.152
Rangárvallahreppur	5.041	5.778	6.343	7.380	7.682	2.195	2.725	5.024	7.437	6.771
Sandvíkurhreppur	1.517					425				
Selfoss	64.541					15.059				
Skaftárhreppur	5.305	5.761	6.065	7.300	6.560	2.049	1.324	2.485	3.626	4.355
Skeiða- og Gnúpverjahreppur					32					0
Skeiðahreppur	4.166	4.209	2.998	5.114	5.237	838	778	879	1.735	2.050
Stokkseyrarhreppur	1.633					723				
Sveitarfélagið Ölfus	14.204	14.717	15.104	17.911	23.580	5.047	6.411	19.284	9.288	37.800
Vestur Eyjafjallahreppur	2.134	1.884	2.130	1.925	1.993	357	510	901	973	1.398
Vestur Landeyjahreppur	2.085	2.250	2.522	2.904	3.152	251	146	304	252	370
Villingaholtshreppur	1.813	1.843	2.261	2.649	2.833	348	301	1.434	541	373
Þingvallahreppur	210	140	229	228	264	86	34	87	75	108
Samtals	**172.813**	**182.146**	**203.806**	**278.159**	**295.116**	**48.767**	**53.211**	**102.767**	**112.812**	**162.467**
Vestmannaeyjar										
Vestmannaeyjar	47.768	54.688	52.679	54.786	52.773	13.547	15.075	25.002	54.132	57.784
Samtals	**47.768**	**54.688**	**52.679**	**54.786**	**52.773**	**13.547**	**15.075**	**25.002**	**54.132**	**57.784**

477. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **11-399 Ýmis orkumál**			
a. 1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	142,0	100,0	242,0
b. 1.20 Framlag til RARIK vegna dreifbýlisveitna	0,0	500,0	500,0
c. 6.10 Stofnframlög til hitaveitna í dreifbýli	0,0	50,0	50,0

478. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.22 Þróun kræklingaeldis	0,0	10,0	10,0

479. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	223,9	36,0	259,9
2. Við **02-918 Safnasjóður**			
1.10 Safnasjóður	58,0	32,0	90,0

3. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	335,0	30,0	365,0
4. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
a. 1.11 Til eflingar innlendri dagskrárgerð	0,0	140,0	140,0
b. 1.12 Styrking dreifikerfis	0,0	70,0	70,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*210,0*	*210,0*
5. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.74 Umferðaröryggisáætlun	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*45,2*	*15,0*	*60,2*
6. Við **14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**			
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	220,0	100,0	320,0
7. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.02 Setur í Reykjavík	213,1	32,8	245,9
b. 6.01 Tæki og búnaður	7,0	3,0	10,0

480. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JB).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
1.90 Fyrirhleðslur	44,3	15,0	59,3
2. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.12 Til reksturs upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni	0,0	30,0	30,0

481. Svar [302. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um erfðabreyttar lífverur.

1. *Hvað líður endurskoðun tilskipunar Evrópusambandsins nr. 90/220/EBE um erfðabreyttar lífverur og hvaða breytinga má vænta hér á landi í kjölfarið?*

Endurskoðun tilskipunar 90/220/EBE um sleppingar og markaðssetningar á erfðabreyttum lífverum er lokið. Tilskipun 2001/18/EB um vísvitandi sleppingar erfðabreyttra lífvera út í náttúruna var samþykkt af Evrópuþinginu og ráðinu 12. mars 2001 og var hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins 17. apríl 2001. Samkvæmt 34. gr. tilskipunarinnar skal vera búið að koma ákvæðum hennar til framkvæmda fyrir 17. október 2002 gagnvart þeim laga- og reglugerðarbreytingum sem gera þarf á grundvelli hennar. Frá sama tíma fellur eldri tilskipunin, nr. 90/220/EBE, úr gildi, sbr. 36. gr. tilskipunarinnar. Ólíklegt er að tilskipunin

komi inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið alveg á næstunni, enda er gerðin í lagalegri skoðun allra EFTA-ríkjanna sem eru í EES þar sem hún krefst aðlögunar að tveggja stoða kerfi EES.

Hér á landi hefur verið unnið að nýrri reglugerð um sleppingar og markaðssetningar erfðabreyttra lífvera sem mun koma í stað reglugerðar nr. 463/1997, um erfðabreyttar lífverur. Þeirri vinnu er að mestu lokið en reglugerðarsetning bíður þar til tilskipunin hefur öðlast gildi hér á landi. Reglugerðardrögin voru unnin á grundvelli framangreindrar tilskipunar 2001/18/EB.

Tilskipun 2001/18/EB er ný heildartilskipun sem fjallar um tilraunasleppingar og markaðssetningu á erfðabreyttum lífverum. Markmið tilskipunarinnar er að gera meðferð umsókna skilvirkari án þess að draga úr varúðarráðstöfunum gagnvart heilsu manna og dýra og gagnvart umhverfinu. Enn fremur á að gera alla umfjöllun um umsóknir opnari og gagnsærri, veita almenningi rétt til andmæla og auka rekjanleika erfðabreyttra lífvera með merkingum. Með tilskipuninni eru gerðar auknar kröfur um upplýsingagjöf til almennings og rétt hans til að koma að athugasemdum. Þá eru gerðar auknar kröfur um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að leyfi fáist til markaðssetningar sem felur í sér auknar skyldur á umsækjanda. Umsóknarferli vegna markaðssetningar erfðabreyttra lífvera er breytt og dregið hefur verið úr aðkomu annarra lögbærra yfirvalda en þeirra sem taka við umsókn.

Að mati ráðuneytisins kallar tilskipunin á breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, en þau lög voru sett til að uppfylla tilskipanir nr. 90/219/EBE og 90/220/EBE. Þau atriði sem einkum kalla á lagabreytingar eru eftirfarandi:

Í 2. tölul. 13. gr. tilskipunarinnar er fjallað um umsóknir um markaðssetningar og það sem fylgja skal umsóknum. Greinin kallar á lagabreytingar þar sem í henni felst takmörkun á tímalengd leyfis vegna markaðssetningar, sem er að hámarki 10 ár, en sú takmörkun er ekki fyrir hendi í dag. Þá er gerð krafa um að umsókn fylgi ítarleg vöktunaráætlun vegna markaðssetningar og sleppingar. Þetta er gert í því skyni að fylgjast með hugsanlegri beinni eða óbeinni hættu sem koma kann fram þegar í stað eða síðar við markaðssetningu og sleppingu. Jafnframt eru gerðar auknar kröfur um merkingar vörunnar. Þannig skal m.a. tilgreina ef vara inniheldur erfðabreyttar lífverur og einnig hverjar þær eru. Þá eru gerðar kröfur um að með umsókn skuli fylgja tillaga um umbúðir.

Tilskipunin felur í sér ríkari upplýsingaskyldu gagnvart almenningi en verið hefur. Þarf því að styrkja þá lagastoð sem nú er í lögum um erfðabreyttar lífverur. Víða í tilskipuninni eru ákvæði um upplýsingaskyldu, sbr. 8., 9., 16., 4. tölul. 19. gr. og 25. gr. hennar. Samkvæmt 8. gr. er stjórnvaldi skylt að gera upplýsingar sem það fær og geta haft verulegar afleiðingar gagnvart heilsu fólks og umhverfi aðgengilegar almenningi. Þá kveður 9. gr. á um upplýsingagjöf og samráð við almenning vegna sleppinga erfðabreyttra lífvera. Almenningur á rétt á að tjá sig um sleppingar innan tilskilins frests. Þá er í 16. gr. fjallað um upplýsingar sem gera á aðgengilegar almenningi vegna beiðni um frávik frá umsóknarferli, og kveðið á um að almenningi sé gefið færi á að tjá sig. Í 25. gr. er kveðið á um hvaða upplýsingar teljast ekki trúnaðarmál.

2. *Hvernig hefur fræðslu til almennings um þau áhrif sem erfðabreyttar lífverur geta haft á umhverfið verið háttað hingað til?*

Á vegum stjórnvalda hefur fræðsla um hugsanleg áhrif erfðabreyttra lífvera á umhverfið einkum farið fram á heimasíðu Hollustuverndar ríkisins og í fyrirlestrum sem starfsmenn stofnunarinnar hafa haldið. Þá stofnaði umhverfisráðuneytið til opins fundar um erfðabreytt

matvæli í mars árið 2000 og þar voru m.a. flutt erindi um hugsanleg áhrif erfðabreyttra lífvera á umhverfið.

3. *Eru áformaðar sértækar aðgerðir til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðamengun í lífríki Íslands af völdum erfðabreyttra lífvera, t.d. í gróðri og fiski?*

Lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, og reglugerðum, sem settar hafa verið með stoð í þeim, er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega erfðamengun í lífríki Íslands af völdum erfðabreyttra lífvera. Auk þess hefur Ísland undirritað Cartagena-bókunina sem gerð hefur verið við samninginn um líffræðilega fjölbreytni og fjallar um lifandi erfðabreyttar lífverur þar sem fjallað er um innflutning, dreifingu og notkun lifandi erfðabreyttra lífvera. Ráðuneytið vinnur nú að undirbúningi þess að hægt verði að leggja fram þingsályktunartillögu um að Ísland fullgildi bókunina.

4. *Hvernig eru íslensk lög og reglur varðandi erfðabreyttar lífverur frábrugðin því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum?*

Íslensk lög og reglur varðandi erfðabreyttar lífverur eru í meginatriðum þær sömu og annars staðar á Norðurlöndunum þar sem reglur allra ríkjanna eru byggðar á tilskipunum Evrópusambandsins.

482. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.04 Skógvistarverkefni	0,0	10,0	10,0

483. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Þuríði Backman og Árna Steinari Jóhannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri**			
a. 1.01 Almennur rekstur	2.770,0	369,7	3.139,7
b. 6.01 Tæki og búnaður	55,0	142,3	197,3
c. 6.50 Nýbygging	10,0	90,0	100,0
2. Við **08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	180,4	30,0	210,4
b. 1.11 Sjúkrasvið	434,2	105,0	539,2
3. Við **08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	374,2	45,0	419,2
b. 1.11 Sjúkrasvið	763,9	105,0	868,9
4. Við **11-411 Byggðastofnun**			
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	101,4	100,0	201,4

484. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
1.11 Skógvistarverkefni	0,0	10,0	10,0
2. Við **04-331 Héraðsskógar**			
1.11 Átaksverkefni í grisjun á Héraði	0,0	15,0	15,0

485. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Jóni Bjarnasyni.

Við 7. gr. Nýr liður:
7.11 Að auka hlutafé í Sementsverksmiðjunni hf. á Akranesi um allt að 500 m.kr.

Greinargerð.

Vegna samkeppni á sementsmarkaði, þar sem því hefur verið haldið fram að innflytjandi hafi beitt undirboðum sl. tvö ár, hefur Sementsverksmiðjan hf. átt í verulegum rekstrarerfiðleikum. Tap verksmiðjunnar árið 2001 var 228,4 millj. kr. og er talið að tap á þessu ári gæti orðið annað eins. Í þeim tilgangi að vinna tíma til þess að gera áætlun um framtíðarstöðu verksmiðjunnar leggja flutningsmenn til að hlutafé verði aukið í verksmiðjunni og fjármálaráðherra heimilað að nota allt að 500 millj. kr. í því skyni.

486. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**			
1.01 Almennur rekstur	115,8	7,0	122,8

487. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-364 Framhaldsskóli Snæfellinga			
1.90 Undirbúningur	0,0	80,0	80,0
Greitt úr ríkissjóði	0,0	80,0	80,0

Greinargerð.

Framboð menntunar leggur grunn að samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu á hverjum stað. Það er bæði félagslegur og fjárhagslegur ávinningur að halda fjölskyldum sem lengst saman. Sjálfræðisaldur hefur verið hækkaður í 18 ár og foreldrar eru mun síður reiðubúnir en áður að senda börn burt frá sér um 16 ára aldur. Mjög reynir á ungt fólk á þessum árum en það er stór þáttur í lífskjörum að fjölskyldan geti verið sem lengst saman og æskufólkið fái þannig hvatningu og stuðning í námi. Aukið námsframboð í heimabyggð styrkir sjálfsímyndina og hefur feikileg margfeldisáhrif. Því öflugri grunnmenntun sem er í byggðarlaginu þeim mun meiri möguleikar eru á framboði af símenntun, endurmenntun og háskólamenntun fyrir aðra íbúa. Framfarir í fjarskiptatækni gefa fjölbreytta möguleika og aukinn stuðning í öllu menntunarstarfi. Því er fullkomlega eðlilegt að þau sveitarfélög sem eiga þess kost reyni að koma upp framhaldsskóla.

Sveitarstjórnir Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar hafa á undanförnum árum í samvinnu við menntamálaráðuneytið unnið að hugmyndum um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Einhugur er meðal sveitarfélaganna um málið.

Nú eru um 350 unglingar í þessum sveitarfélögum á aldrinum sextán ára til tvítugs, sem allir verða að fara burt til framhaldsnáms. Fyrir liggja útfærðar hugmyndir og kostnaðaráætlun til að stofna skólann og hefja undirbúningsstarf miðað við að skólinn taki inn fyrstu nemendurna haustið 2003. Lagt er til að stofnun skólans verði formlega ákveðin og framlag veitt til undirbúnings sem taki mið af því að hann geti tekið til starfa haustið 2003.

488. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.11 Þróunaraðstoð	433,1	200,0	633,1
2. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	18,5	100,0	118,5

489. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (EMS, MF, GE).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
1.05 Hagdeild	0,0	10,0	10,0
2. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.19 Efnahagsrannsóknir	40,0	-10,0	30,0
3. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	87,2	800,0	887,2
b. 1.95 Framhaldsskólinn á Snæfellsnesi, undirbúningur	0,0	8,0	8,0
4. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.74 Efling almennrar löggæslu	0,0	150,0	150,0
Greitt úr ríkissjóði	*45,2*	*150,0*	*195,2*
5. Við **07-205 Leiguíbúðir**			
6.22 Sérstakt átak í uppbyggingu leiguíbúða	0,0	150,0	150,0
6. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.12 Hækkun atvinnuleysisbóta til samræmis við launavísitölu og samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar	0,0	190,0	190,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*190,0*	*190,0*

7.	Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
	1.92 Hækkun lífeyrisgreiðslna og félagslegra bóta í samræmi við launavísitölu	0,0	300,0	300,0
	Greitt úr ríkissjóði	*5.209,0*	*300,0*	*5.509,0*
8.	Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
	1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.770,0	360,0	3.130,0
9.	Við **08-501 Sjúkraflutningar**			
	1.13 Styrking sjúkraflutninga	0,0	15,0	15,0
10.	Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
	1.21 Hert skatteftirlit	0,0	100,0	100,0
11.	Við **09-811 Barnabætur**			
	1.11 Barnabætur	5.430,0	1.386,0	6.816,0
12.	Við **10-211 Vegagerðin**			
	5.12 Öryggisaðgerðir	0,0	100,0	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	*1.332,4*	*100,0*	*1.432,4*

490. Frumvarp til fjáraukalaga [66. mál]

fyrir árið 2002.

(Eftir 2. umr., 27 nóv.)

Samhljóða þskj. 66 með þessum breytingum:

A-hluti.

Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2002, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**5.890,2**	**5.612,5**
Skattar á tekjur og hagnað	5.321,9	5.244,7
Tryggingagjöld	621,0	321,8
Eignarskattar	-215,0	-214,4
Skattar á vörur og þjónustu	-109,7	-11,4
Aðrir skattar	272,0	271,8
Aðrar rekstrartekjur	565,8	1.605,5
Sala eigna	-1.100,0	-1.100,0
Fjárframlög	309,0	309,0
Tekjur samtals	**5.665,0**	**6.427,0**
Æðsta stjórn ríkisins	47,0	47,0
Forsætisráðuneyti	99,6	99,6
Menntamálaráðuneyti	640,2	711,2
Utanríkisráðuneyti	80,0	80,0
Landbúnaðarráðuneyti	354,1	354,1
Sjávarútvegsráðuneyti	129,3	179,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	700,2	715,2
Félagsmálaráðuneyti	2.088,7	2.088,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.804,5	4.804,5
Fjármálaráðuneyti	729,9	729,9
Samgönguráðuneyti	208,0	197,0
Iðnaðarráðuneyti	201,1	201,1
Viðskiptaráðuneyti	48,0	58,0
Hagstofa Íslands	137,5	137,5
Umhverfisráðuneyti	37,4	37,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	240,0	3.720,0
Gjöld samtals	**10.545,5**	**14.160,5**
Tekjujöfnuður	**-4.880,5**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2002:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-4.880,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.810,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	192,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-135,0
Handbært fé frá rekstri	**-6.633,5**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-21.500,0
Veitt löng lán	-120,0
Afborganir veittra lána	6.700,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	0,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-14.920,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-21.553,5**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	20.200,0
Afborganir lána	1.400,0
Fjármögnun samtals	**21.600,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**46,5**

Sundurliðun 2
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
00-101 Embætti forseta Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	5,2
1.81 Opinberar heimsóknir	6,8
Almennur rekstur samtals	12,0
Gjöld samtals	**12,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0
00-201 Alþingi	
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit	
Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	23,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,2

01-190 Ýmis verkefni

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.19 Efnahagsrannsóknir	10,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	2,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.53 Landafundanefnd	7,0
1.90 Ýmis verkefni	14,6
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	10,0
Almennur rekstur samtals	45,6
Gjöld samtals	**45,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,6

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.91 Háskólar, óskipt	80,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	4,8
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	40,0
Almennur rekstur samtals	44,8
Gjöld samtals	**44,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,8

02-919 Söfn, ýmis framlög

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.11 Nýlistasafn	10,0
1.90 Söfn, ýmis framlög	14,1
Almennur rekstur samtals	24,1
Gjöld samtals	**24,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,1

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	30,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,9

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

02-989 Ýmis íþróttamál

1.24 Heiti liðarins verður: Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004.

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	18,6
1.02 Lífeyrissjóður bænda	0,4
Almennur rekstur samtals	19,0
Gjöld samtals	**19,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	2,5
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	5,3
Almennur rekstur samtals	7,8
Gjöld samtals	**7,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,8

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Viðhaldsverkefni:	
5.31 Viðhald rannsóknaskipa	65,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,0

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	51,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**59,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,3

06-232 Opinber réttaraðstoð

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	32,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,6

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almannavarnir ríkisins	42,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,2

06-398 Útlendingaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Útlendingaeftirlitið	15,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,8

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	76,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,6

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	140,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,0

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	13,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,1

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	49,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	49,8

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið Skálatúni	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	375,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	795,0
1.41 Framlög og styrkir	5,0
Almennur rekstur samtals	800,0
Gjöld samtals	**800,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	800,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	200,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	-100,0
Almennur rekstur samtals	100,0
Gjöld samtals	**100,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.31 Félagasamtök, styrkir	2,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	-170,0
1.15 Örorkulífeyrir	25,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-360,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	-70,0
1.31 Örorkustyrkur	-40,0
1.35 Barnalífeyrir	60,0
Almennur rekstur samtals	-555,0
Gjöld samtals	**-555,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-555,0

08-206 Sjúkratryggingar

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	378,5
1.15 Lyf	677,0
1.21 Hjálpartæki	200,0
1.31 Þjálfun	99,0
1.35 Tannlækningar	-100,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	-124,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-46,0
1.55 Sjúkradagpeningar	-35,0
1.91 Annað	-10,0
Almennur rekstur samtals	1.039,5
Gjöld samtals	**1.039,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.039,5

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	-60,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-60,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	23,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,6

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	2.260,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Barnaspítali	70,0
Gjöld samtals	**2.330,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.330,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	1,7
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	108,0
1.53 Tóbaksvarnir	11,5
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	40,0
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	7,5
1.90 Ýmis framlög	29,5
Almennur rekstur samtals	198,2
Gjöld samtals	**198,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,2

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:	
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	73,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,3

08-499 Hjúkrunarheimili

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.157,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum, Garðabæ	130,0
Gjöld samtals	**1.287,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.287,0

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	30,0
Sértekjur:	
Sértekjur	140,0
Gjöld umfram tekjur	**170,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:	
6.25 Húsnæði ríkisskattstjóra, Laugavegi 164	16,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,5

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	23,0
1.90 Óviss útgjöld	8,2
Almennur rekstur samtals	31,2
Gjöld samtals	**31,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,2

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	12,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	-14,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-14,5

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	15,5
Sértekjur:	
Sértekjur	5,0
Gjöld umfram tekjur	**20,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,5

Sundurliðun 2.

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta.

3. tölul., **Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90)**, í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta fjárlaga fyrir árið 2001 breytist og verður svohljóðandi:

1.	Kirkjubæjarstofa	4,0
2.	Steinaríki Íslands	2,0
3.	Kvennasögusafn Íslands	0,6
4.	Sjávarsafn á Norðurtanga í Ólafsvík	0,5
5.	Reykhólahreppur, hlunnindasafn	0,5
6.	Sædýrasafnið í Höfnum	3,0
7.	Herhúsið á Siglufirði	0,5
8.	Þjóðlagasetrið á Siglufirði	2,0
9.	Búvélasafnið Hvanneyri	1,0
	Samtals	**14,1**

491. Tillaga til þingsályktunar [400. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Singapúr sem undirritaður var á Egilsstöðum 26. júní 2002.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Singapúr sem undirritaður var á Egilsstöðum 26. júní 2002. Meginmál samningsins í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin hafa nú gert fríverslunarsamninga við nítján ríki að Singapúrsamningnum meðtöldum (Búlgaríu, Eistland, Frelsissamtök Palestínu, Ísrael, Jórdaníu, Króatíu, Lettland, Litháen, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Pólland, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland) með samtals 325 milljónir íbúa, til viðbótar samninga þeirra við Evrópusambandið þar sem 375 milljónir manna búa.

Nú standa yfir samningaviðræður við Chile og er ráðgert að þeim ljúki á næsta ári. Samningaviðræður við Egyptaland og Túnis standa einnig yfir. Er ráðgert að hefja samningaviðræður við Suður-Afríku á næstunni.

Samningurinn við Singapúr er fyrsti fríverslunarsamningur sem gerður er milli Evrópuríkja og ríkis í Austur-Asíu. Markar hann tímamót í samskiptum milli Evrópu og Asíu og getur rutt brautina fyrir samvinnu við önnur ríki í þessum heimshluta.

Samningurinn er víðtækasti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert til þessa. Hann tekur auk vöruviðskipta til þjónustuviðskipta, fjárfestinga, opinberra innkaupa, samkeppnismála og hugverkaréttinda. Samningurinn hefur einnig að geyma ákvæði um skilvirka lausn deilumála sem upp kunna að koma.

Fríverslunarsamningurinn kveður á um tollfrjáls viðskipti með iðnaðarvörur, þ.m.t. fisk og aðrar sjávarafurðir, frá og með gildistöku samningsins.

Samningurinn gerir ráð fyrir aðgangi fjárfesta í EFTA-ríkjunum og Singapúr að mörkuðum hvers annars og vernd fjárfestinga, bæði þegar gerðra og þeirra sem síðar munu verða. Er hér í fyrsta skipti kveðið á um staðfesturétt erlendra fjárfesta í fríverslunarsamningi EFTA. Eru efnisþættir um vernd fjárfesta í samræmi við þá sem að jafnaði finnast í tvíhliða samningum af þessu tagi, m.a. um kynningu og vernd, (innlend meðferð) og bestukjarameðferð, skattamál, eignasviptingu og skaðabætur, innlent eftirlit, yfirfærslur og rétt starfsfólks í lykilstöðum.

Gerðar eru miklar kröfur um vernd hugverkaréttar í samningnum. Veitir hann vernd fyrir einkaleyfi, vörumerki og höfundarrétt umfram það sem gert er ráð fyrir í samningi WTO um hugverkaréttindi í viðskiptum og öðrum alþjóðasáttmálum og -samningum.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir semur hvert EFTA-ríki tvíhliða við Singapúr. Skv. 8. gr. samningsins öðlast hann gildi sama dag og samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Singapúr.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli EFTA-ríkjanna
og Singapúr

FORMÁLSORÐ

Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin")

og

Lýðveldið Singapúr (hér á eftir nefnt „Singapúr"),

sem nefnast hér á eftir samningsaðilarnir,

SEM HAFA Í HUGA mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli Singapúr og EFTA-ríkjanna og eiga þá ósk að styrkja þessi tengsl með því að koma á fót fríverslunarsvæði og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

SEM ÁRÉTTA stuðning sinn við þær meginreglur sem eru settar fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni,

SEM ÆSKJA ÞESS að stuðla að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og hvetja til víðtækari alþjóðasamvinnu og samvinnu milli Evrópu og Asíu með því að fjarlægja viðskiptahindranir,

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að skapa aukinn og öruggan markað fyrir vörur og þjónustu á yfirráðasvæðum sínum,

SEM ERU ÁKVEÐIN Í að sjá til þess að umhverfi fyrir fjárfestingar sé stöðugt og áreiðanlegt,

SEM HYGGJAST auka samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum,

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri, bæta lífskjör og tryggja góðar og auknar rauntekjur á yfirráðasvæðum hvers þeirra um sig með auknum viðskiptum og fjárfestingum,

SEM VIÐURKENNA að ávinningur af auknu frelsi í viðskiptum megi ekki glatast með því að einkaaðildar komi á samkeppnishindrunum,

SEM ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur muni skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir tengsl þeirra á milli á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

SEM BYGGJA Á réttindum sínum og skyldum samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og öðrum samningum á grundvelli hans og marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf, og

AGREEMENT
between the EFTA states
and Singapore

PREAMBLE

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as "the EFTA States"),

and

The Republic of Singapore (hereinafter referred to as "Singapore"),

hereinafter collectively referred to as the Parties,

CONSIDERING the important links existing between Singapore and the EFTA States, and wishing to strengthen these links through the creation of a free trade area, thus establishing close and lasting relations;

REAFFIRMING their commitment to the principles set out in the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

DESIROUS by way of the removal of obstacles to trade to contribute to the harmonious development and expansion of world trade and provide a catalyst to broader international co-operation, in particular between Europe and Asia;

DETERMINED to create an expanded and secure market for goods and services in their territories;

RESOLVED to ensure a stable and predictable environment for investment;

INTENDING to enhance the competitiveness of their firms in global markets;

AIMING to create new employment opportunities, improve living standards and ensure a large and steadily growing volume of real income in their respective territories through the expansion of trade and investment flows;

RECOGNIZING that the gains from trade liberalisation should not be offset by private, anti-competitive practices;

CONVINCED that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them;

BUILDING on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization and the other agreements negotiated thereunder and other multilateral and bilateral instruments of co-operation; and

SEM VIÐURKENNA að aukið frelsi í viðskiptum skuli taka mið af hagkvæmustu nýtingu auðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir vísað til sem „þessa samnings"):

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

1. EFTA-ríkin og Singapúr koma hér með á fót fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði þessa samnings.

2. Markmið þessa samnings, sem byggist á viðskiptasamböndum milli markaðshagkerfa, eru:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994");

b) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi, einkum að því er varðar viðskiptasambönd milli samningsaðilanna;

c) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup;

d) að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. Hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn");

e) að fjölga gagnkvæmt möguleikum til fjárfestinga og veita fjárfestum og fjárfestingum stöðuga vernd;

f) að tryggja næga og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda í samræmi við ströngustu alþjóðlega staðla; og

g) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahindrana, að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.

Landfræðilegt gildissvið

1. Þessi samningur gildir, með fyrirvara um I. viðauka, um:

a) landsvæði, innhöf og landhelgi samningsaðila og loftrými yfir landsvæðinu í samræmi við þjóðarétt; svo og

RECOGNIZING that trade liberalisation should allow for the optimal use of the world's resources in accordance with the objective of sustainable development, seeking both to protect and preserve the environment;

HAVE AGREED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter referred to as "this Agreement"):

I GENERAL PROVISIONS

Article 1

Objectives

1. The EFTA States and Singapore hereby establish a free-trade area in accordance with the provisions of this Agreement.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies are:

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as "the GATT 1994");

(b) to promote competition in their economies, particularly as it relates to economic relations between the Parties;

(c) to achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties;

(d) to achieve the liberalisation of trade in services, in conformity with Article V of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as "the GATS");

(e) to mutually enhance investment opportunities and accord constant protection for investors and investments;

(f) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights, in accordance with international standards; and

(g) to contribute in this way, by the removal of barriers to trade and investment, to the harmonious development and expansion of world trade.

Article 2

Geographical Scope

1. Without prejudice to Annex I, this Agreement shall apply:

(a) to the land territory, internal waters, and the territorial sea of a Party, and the air-space above the territory in accordance with international law; as well as

b) svæði utan landhelgi með tilliti til ráðstafana sem samningsaðili gerir í krafti yfirráðaréttar eða lögsögu sinnar í samræmi við þjóðarétt.

2. Ákvæði II. viðauka eiga við um Noreg.

3. gr.
Viðskiptasambönd sem falla undir þennan samning

1. Ákvæði þessa samnings eiga við um viðskipta- og efnahagstengsl milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Singapúr hins vegar en eiga ekki við um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Af tollabandalaginu, sem stofnað var með samningi frá 29. mars 1923, milli Sviss og Furstadæmisins Liechtenstein leiðir að Sviss er fulltrúi Furstadæmisins Liechtenstein í málefnum sem falla undir þennan samning.

4. gr.
Tengsl við aðra samninga

Ákvæði þessa samnings gilda með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt Marakesssamningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „WTO-samningurinn") og aðra samninga á grundvelli hans og alþjóðasamninga sem þeir eiga aðild að.

5. gr.
Héraðs- og sveitarstjórnir

Hver samningsaðili ber fulla ábyrgð á því að uppfylla skyldur og skuldbindingar samkvæmt þessum samningi og skal sjá til þess að hlutaðeigandi svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og óopinberar stofnanir, sem starfa í umboði stjórnvalda á yfirráðasvæði hans, eftir tilnefningu miðlægra, svæðis- eða staðbundinna yfirvalda, geri það einnig.

II. VÖRUVIÐSKIPTI

6. gr.
Gildissvið

1. Þessi kafli tekur til:

a) framleiðsluvara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá (ST);

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í III. viðauka, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeim viðauka;

(b) beyond the territorial sea, with respect to measures taken by a Party in the exercise of its sovereign rights or jurisdiction in accordance with international law.

2. Annex II applies with respect to Norway.

Article 3
Trade and Economic Relations Governed by this Agreement

1. The provisions of this Agreement apply to the trade and economic relations between, on the one side, the EFTA States and, on the other side, Singapore, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.

2. As a result of the customs union established by the Treaty of 29 March 1923 between Switzerland and the Principality of Liechtenstein, Switzerland shall represent the Principality of Liechtenstein in matters covered thereby.

Article 4
Relationship to Other Agreements

The provisions of this Agreement shall be without prejudice to the rights and obligations of the Parties under the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization and the other agreements negotiated thereunder (hereinafter referred to as "the WTO Agreement") to which they are a party and any other international agreement to which they are a party.

Article 5
Regional and Local Government

Each Party is fully responsible for the observance of all obligations and commitments under this Agreement and shall ensure their observance by its respective regional and local governments and authorities and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated by central, regional and local governments or authorities within its territory.

II TRADE IN GOODS

Article 6
Scope and Coverage

1. This Chapter applies to:

(a) products falling within Chapters 25 through 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS);

(b) products specified in Annex III with due regard to the arrangements provided for in that Annex; and

c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í IV. viðauka;

2. Singapúr og hvert einstakt EFTA-ríki hafa gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þeir samningar eru hluti af gerningum um myndun fríverslunarsvæðis EFTA-ríkjanna og Singapúr.

7. gr.

Upprunareglur og samvinna stjórnvalda

1. Í I. viðauka er að finna ákvæði um upprunareglur og samvinnu stjórnvalda sem eiga við í 8., 16. og 17. gr.

2. Upprunareglur, sem veita ekki fríðindi, eiga við um aðrar greinar þessa kafla sem ekki eru taldar upp í 1. mgr. Fyrirkomulag varðandi samvinnu stjórnvalda, sem er að finna í I. viðauka gilda, að breyttu breytanda.

3. Samningsaðilarnir skulu koma saman tveimur árum eftir gildistöku þessa samnings til þess að endurskoða I. viðauka með það fyrir augum að laga kerfi fyrir óvirka vinnslu að vaxandi þörfum atvinnulífsins. Slík endurskoðun skal fara fram annað hvert ár, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.

8. gr.

Tollar

1. Samningsaðila skulu, við gildistöku þessa samnings, afnema alla tolla á innflutning og útflutning framleiðsluvara sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Singapúr, annarra en framleiðsluvara í V. viðauka. Óheimilt er að leggja á slíka tolla á nýjan leik.

2. Til tolla teljast hvers konar tollar eða gjöld sem eru lögð á í tengslum við innflutning eða útflutning framleiðsluvöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld í tengslum við slíkan innflutning eða útflutning.

3. Ekkert í þessum kafla kemur í veg fyrir að samningsaðili leggi hvenær sem er á innflutning eða útflutning framleiðsluvöru annars samningsaðila:

a) gjald sem jafngildir innlendum sköttum, til að mynda vörugjöld og aðra skatta, sem eru lagðir á við innflutning eða útflutning í samræmi við 11. gr., eða

b) þóknun eða annað gjald, sem er ekki lagt á sem verðtollur, að því tilskildu að fjárhæðin sé sem næst því að vera fyrir kostnaði við þá þjónustu sem er innt af hendi og feli ekki í sér óbeina vernd fyrir innlendar framleiðsluvörur eða fjáröflunarskatt á innflutning eða útflutning.

(c) fish and other marine products as provided for in Annex IV.

2. Singapore and each individual EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free-trade area between the EFTA States and Singapore.

Article 7

Rules of Origin and Administrative Co-operation

1. The provisions on rules of origin and administrative co-operation applicable to Articles 8, 16 and 17 are set out in Annex I.

2. The non-preferential rules of origin of a Party shall apply to the other Articles of this Chapter not listed under paragraph 1. The arrangements for administrative co-operation set out in Annex I shall apply *mutatis mutandis*.

3. Two years after the entry into force of this Agreement the Parties shall meet to review Annex I with a view to adapting the system of outward processing to their evolving economic needs. Such review shall take place biannually unless the Parties agree otherwise.

Article 8

Customs Duties

1. Upon the entry into force of this Agreement, the Parties shall abolish all customs duties on imports and exports of products originating in an EFTA State or in Singapore, excluding the products listed in Annex V. No new customs duties shall be introduced.

2. A customs duty includes any duty or charge of any kind imposed in connection with the importation or exportation of a product, including any form of surtax or surcharge in connection with such importation or exportation.

3. Nothing in this Chapter shall prevent a Party from imposing at any time on the importation or exportation of any product of another Party:

(a) a charge equivalent to an internal tax, such as excise duties and other taxes, levied at the time of importation or exportation, imposed consistently with Article 11; or

(b) a fee or other charge, not applied on an ad valorem basis, provided that it is limited in amount to the approximate cost of services rendered, and does not represent an indirect protection for domestic products or a taxation of imports or exports for fiscal purposes.

9. gr.
Takmarkanir á innflutningi og útflutningi

Við gildistöku þessa samnings skal afnema hvers konar bann eða takmarkanir á innflutningi eða útflutningi framleiðsluvara í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Singapúr, önnur en tolla og skatta, hvort sem um er að ræða kvóta, innflutnings- eða útflutningsleyfi eða aðrar ráðstafanir.

10. gr.
Bestukjarameðferð

Ef samningsaðili gengur til fríðindasamninga við þriðja aðila, samkvæmt XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994, skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita honum nægilegt tækifæri til að semja um þann ávinning sem í þeim samningi felst.

11. gr.
Innlend meðferð

Samningsaðilar skulu beita innlendri meðferð í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun sem eru hér með felldar inn í þennan samning og eru hluti hans.

12. gr.
Ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna

1. Samningsaðilar skulu beita reglum sínum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna án mismununar og skulu ekki gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti með ótilhlýðilegum hætti.
2. Meginreglurnar í 1. mgr. skulu gilda í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem er hér með felldur inn í þennan samning og er hluti hans.

13. gr.
Tæknilegar reglur

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.
2. Samningsaðilar skulu auka samvinnu á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers þeirra um sig og auðvelda aðgang að mörkuðum þeirra. Þeir skulu í þessu skyni einkum hafa með sér samvinnu um að:
a) styrkja hlutverk alþjóðlegra staðla sem grundvallar fyrir tæknilegar reglur, þar með taldar reglur um samræmismat;

Article 9
Import and Export Restrictions

Upon the entry into force of this Agreement, all import or export prohibitions or restrictions on trade in goods between the EFTA States and Singapore, other than customs duties and taxes, whether made effective through quotas, import or export licenses or other measures, shall be eliminated on all products of each Party.

Article 10
Most-Favoured-Nation Treatment

If a Party concludes a preferential agreement with a non-Party under Article XXIV of the GATT 1994, it shall, upon request from another Party, afford adequate opportunity to negotiate any additional benefits granted therein.

Article 11
National Treatment

The Parties shall apply national treatment in accordance with Article III of the GATT 1994, including its interpretative notes, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

Article 12
Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The Parties shall apply their regulations in sanitary and phytosanitary matters in a non-discriminatory manner and shall not introduce any new measures that have the effect of unduly obstructing trade.
2. The principles set out in paragraph 1 shall be applied in accordance with the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

Article 13
Technical Regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.

2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets. To this end, they shall in particular co-operate in:
(a) reinforcing the role of international standards as a basis for technical regulations including conformity assessment procedures;

b) stuðla að faggildingu aðila, sem annast samræmismat, á grundvelli viðeigandi staðla og leiðbeininga Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO)/Alþjóðaraftæknineftndarinnar (IEC); og
c) stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats framangreindra aðila sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt viðeigandi marghliða samningi milli hlutaðeigandi faggildingarkerfa/faggildingaraðila.

3. Samningsaðilar skulu, í tengslum við þessa grein og sem fyrst:
a) auka upplýsingaskipti, og
b) taka skriflegar beiðnir um samráð til velviljaðrar athugunar.

4. Samningsaðilarnir samþykkja, með fyrirvara um 1. mgr., að hafa samráð innan ramma sameiginlegu nefndarinnar um hvert það mál sem upp kemur vegna beitingar tiltekinna tæknilegra reglna, staða og málsmeðferð við samræmismat er hafa, að áliti Singapúr eða eins eða fleiri EFTA-ríkja, skapað eða gætu skapað hindrun í viðskiptum milli samningsaðila, með það að markmiði að finna viðeigandi lausn í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

(b) promoting the accreditation of conformity assessment bodies on the basis of relevant ISO/IEC Standards and Guides; and

(c) promoting the mutual acceptance of conformity assessment results of the above bodies which have been recognised under an appropriate multilateral agreement between their respective accreditation systems or bodies.

3. The Parties shall, within the context of this Article, expeditiously:
(a) broaden the exchange of information; and
(b) give favourable consideration to any written request for consultation.

4. Without prejudice to paragraph 1, the Parties agree to hold consultations in the framework of the Joint Committee to address any matter that may arise from the application of specific technical regulations, standards and conformity assessment procedures and which according to Singapore or one or more of the EFTA States has created or is likely to create an obstacle to trade between the Parties, with a view to working out an appropriate solution in conformity with the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.

14. gr.
Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki í samræmi við XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem eru hér með felldar inn í sem hluti þessa samnings.

Article 14
State Trading Enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of state trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the Understanding on the Interpretation of Article XVII of the GATT 1994, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

15. gr.
Styrkir

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila að því er varðar styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994, samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

Article 15
Subsidies

The rights and obligations of the Parties in respect of subsidies shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994, the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures and the WTO Agreement on Agriculture.

16. gr.
Undirboð

1. Samningsaðili skal ekki beita ráðstöfunum um undirboð eins og kveðið er á um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 í tengslum við framleiðsluvörur sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að gera nauðsynlegar ráðstafanir, eins og kveðið er á um í V. kafla, til að koma í veg fyrir undirboð.

Article 16
Anti-Dumping

1. A Party shall not apply anti-dumping measures as provided for under the WTO Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994 in relation to products originating in another Party.

2. In order to prevent dumping, the Parties shall undertake the necessary measures as provided for under Chapter V.

17. gr.
Neyðarráðstafanir vegna innflutnings tiltekinna framleiðsluvara

1. Ef innflutningur framleiðsluvöru, sem er upprunnin hjá samningsaðila, inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila eykst svo mjög, á grundvelli þess að tollar hafa verið lækkaðir eða afnumdir samkvæmt þessum samningi, og á sér stað við slík skilyrði að það veldur eða gæti valdið alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans, sem flytur inn, er honum heimilt að grípa til neyðarráðstafana, í eins litlum mæli og unnt er að komast af með, til að ráða bót á skaðanum eða koma í veg fyrir hann.

2. Ráðstafanirnar skulu felast í hækkuðum tollum á framleiðsluvöruna og skal miða við þann toll sem lægri er:

a) tolla sem fást í bestukjarameðferð og eru í gildi á þeim degi sem aðgerðin á sér stað; og
b) tolla sem fást í bestukjarameðferð og eru í gildi daginn fyrir gildistöku þessa samnings.

3. Neyðarráðstafanir skulu ekki vara lengur en í eitt ár. Við mjög óvenjulegar aðstæður og að lokinni athugun sameiginlegu nefndarinnar er heimilt að gera ráðstafanir til þriggja ára að hámarki. Samningsaðili sem gerir slíkar ráðstafanir skal leggja fram áætlun um afnám þeirra í áföngum. Óheimilt er að beita ráðstöfunum vegna innflutnings framleiðsluvöru sem ráðstöfun hefur áður verið beitt gegn að minnsta kosti næstu fimm árin eftir að ráðstöfunin fellur úr gildi.

4. Því aðeins má gera neyðarráðstafanir að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegum skaða eða að hætta sé á því samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

5. Samningsaðili, sem hyggst grípa til neyðarráðstöfunar samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað senda hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni tilkynningu þar sem fram koma allar upplýsingar þar að lútandi, þar á meðal um sönnunargögn um alvarlegan skaða af völdum aukins innflutnings eða hættu á slíku, nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni sem um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun, frá hvaða degi og hve lengi rannsóknin eigi að vara og hversu lengi fyrirhuguð ráðstöfun skuli gilda. Á sama tíma skal bjóða samningsaðila, sem slík ráðstöfun gæti haft áhrif á, bætur í formi aukins frelsis í viðskiptum í tengslum við innflutning frá honum sem skulu verða í megindráttum jafngildar.

Article 17
Emergency Action on Imports of Particular Products

1. Where any product originating in a Party, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, is being imported into the territory of another Party in such increased quantities and under such conditions as to constitute a substantial cause of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, the importing Party may take emergency measures to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury.

2. Such measures shall consist in increasing the rate of customs duty on the product to a level not to exceed the lesser of:

a) the most-favoured nation (MFN) rate of duty in effect at the time the action is taken; and
b) the MFN applied rate of duty in effect on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

3. Emergency measures shall be taken for a period not exceeding one year. In very exceptional circumstances, after review by the Joint Committee, measures may be taken up to a total maximum period of three years. A Party taking such measures shall present a schedule leading to their progressive elimination. No measures shall be applied to the import of a product which has previously been subject to such a measure for a period of, at least, five years since the expiry of the measure.

4. Emergency measures shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation in accordance with the procedures laid down in the WTO Agreement on Safeguards.

5. The Party intending to take an emergency measure under this Article shall promptly make a notification to the other Parties and the Joint Committee, containing all pertinent information which shall include evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, precise description of the product involved, the proposed measure, proposed date of introduction and expected duration of the investigation and the proposed measure. Any Party that may be affected by the measure shall simultaneously be offered compensation in the form of substantially equivalent trade liberalisation in relation to the imports from any such Party.

6. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, rannsaka þær upplýsingar sem eru veittar samkvæmt 5. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir lausn málsins með þeim hætti að báðir aðilar geti við unað. Ef engin lausn finnst er samningsaðilanum, sem flytur inn, heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 2. mgr. til að ráða bót á vandanum og samningsaðilanum, sem ræður yfir þeirri framleiðsluvöru sem ráðstöfunin beinist gegn, er heimilt að grípa til jöfnunaraðgerða ef ekki næst gagnkvæmt samkomulag um jöfnunargreiðslur. Tilkynna skal sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíka neyðarráðstöfun og jöfnunaraðgerð. Jöfnunaraðgerð skal fela í sér niðurfellingu ívilnana sem hafa í megindráttum jafngild áhrif á viðskipti eða ívilnanir sem í megindráttum jafngilda þeim viðbótartolli sem búist er við að leiði af neyðarráðstöfuninni. Val á neyðarráðstöfun og jöfnunaraðgerð skal miðast við að raska sem minnst framkvæmd þessa samnings.

7. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er aðila heimilt að grípa til neyðarráðstafana til bráðabirgða ef ákvarðar hefur verið að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegum skaða eða að hætta sé á því. Samningsaðili sem hyggst grípa til slíkra ráðstafana skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Gildistími slíkra bráðabirgðaráðstafana skal teljast vera hluti af upphaflega tímabilinu ásamt hvers konar framlengingu.

8. Samningsaðilarnir skulu koma saman tveimur árum eftir gildistöku þessa samnings til þess að endurskoða þessa grein með það fyrir augum að ákvarða hvort enn sé þörf fyrir fyrirkomulag neyðarráðstafana.

9. Ef samningsaðilarnir ákveða, að lokinni fyrstu endurskoðun, að halda þessu fyrirkomulagi áfram skal endurskoðun fara fram í sameiginlegu nefndinni annað hvert ár eftir það.

6. The Joint Committee shall, within 30 days from the date of notification, examine the information provided under paragraph 5 in order to facilitate a mutually acceptable resolution to the matter. In the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 2 to remedy the problem, and, in the absence of mutually agreed compensation, the Party against whose product the measure is taken may take compensatory action. The emergency measure and the compensatory action shall be immediately notified to the Joint Committee. The compensatory action shall consist of suspension of concessions having substantially equivalent trade effects or concessions substantially equivalent to the value of the additional duties expected to result from the emergency action. In the selection of the emergency measure and the compensatory action, priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement.

7. In critical circumstances, where delay would cause damage which would be difficult to repair, a Party may take a provisional emergency measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury. The Party intending to take such a measure shall immediately inform the other Parties and the Joint Committee thereof. The duration of any such provisional measure shall be counted as part of the initial period and any extension.

8. Two years after entry into force of this Agreement the Parties shall meet to review this Article with a view to determining whether there is a need to maintain an emergency action mechanism.

9. If the Parties decide, after the first review, to maintain such a mechanism, they shall thereafter conduct biennial reviews in the Joint Committee.

18. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Samningsaðilar skulu reyna að forðast að gera takmarkandi ráðstafanir vegna greiðslujafnaðar.

2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða yfirvofandi hætta er á því er honum heimilt að gera takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru í GATT-samningnum frá 1994 og samkomulagi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um greiðslujöfnunarákvæði, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leysa erfiðleika vegna greiðslu-

Article 18

Balance-of-Payments Difficulties

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance-of-payments purposes.

2. A Party in serious balance-of-payments difficulties, or under imminent threat thereof, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and the WTO Understanding on the Balance-of-Payments Provisions, adopt trade restrictive measures, which shall be of limited duration and non-discriminatory, and may not go beyond what is necessary to remedy the balance-of-payments situation. The relevant provisions of the GATT 1994 and

jafnaðar. Viðeigandi ákvæði GATT-samningsins frá 1994 og í samkomulagi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um greiðslujöfnunarákvæði eru hér með felld inn í þennan samning og gerð hluti af honum.
3. Samningsaðili, sem grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það.

19. gr.
Almennar undantekningar

Með fyrirvara um kröfu þess efnis að slíkum ráðstöfunum verði ekki beitt með þeim hætti að það hefði í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun landa þar sem aðstæður eru hinar sömu, eða duldar takmarkanir í alþjóðaviðskiptum skal ekkert í þessum samningi túlkað þannig að það komi í veg fyrir að aðilar samþykki eða beiti ráðstöfunum sem:

a) eru nauðsynlegar til að vernda almennt siðgæði;
b) nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna;
c) varða innflutning eða útflutning gulls og silfurs;
d) eru nauðsynlegar til að tryggja að farið verði að ákvæðum laga eða reglna sem eru ekki ósamrýmanlegar ákvæðum þessa samnings, að meðtöldum ákvæðum sem tengjast tollaframkvæmd, framkvæmd einkasölu sem er starfrækt samkvæmt 4. mgr. II. og XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994, vernd einkaleyfa, vörumerkja og höfundaréttar og því að koma í veg fyrir villandi viðskiptahætti;
e) varða vörur framleiddar af föngum;
f) gerðar eru í því skyni að vernda þjóðarverðmæti sem hafa listrænt, sögulegt eða fornleifafræðilegt gildi;
g) varða verndun óendurnýjanlegra auðlinda ef slíkar ráðstafanir eru framkvæmdar með því að takmarka innlenda framleiðslu eða neyslu;
h) gerðar eru samkvæmt skuldbindingum í alþjóðlegum hrávörusamningum sem er í samræmi við viðmiðanir sem eru lagðar fyrir aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og þeir hafa ekki hafnað eða samningurinn hafi sjálfur þannig verið lagður fyrir og ekki verið hafnað;
i) fela í sér takmarkanir á útflutningi innlendra efna sem eru nauðsynleg til að tryggja nægt magn slíkra efna fyrir innlendan vinnsluiðnað á tímum þegar verðinu á slíkum efnum á innlenda markaðinum er haldið fyrir neðan heimsmarkaðsverð sem lið í opinberum stöðugleikaáætlunum; þetta er þó háð því að slíkum takmörkunum sé ekki beitt þannig að útflutningur aukist eða vernd innlenda iðnaðarins sé aukin og að ekki sé vikið frá

the WTO Understanding on the Balance-of-Payments Provisions are hereby incorporated into and made part of this Agreement.

3. The Party introducing a measure under this Article shall promptly notify the other Parties and the Joint Committee thereof.

Article 19
General Exceptions

Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between countries where the same conditions prevail, or a disguised restriction on international trade, nothing in this Agreement shall be construed to prevent the adoption or enforcement by any Party of measures:

(a) necessary to protect public morals;
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) relating to the importations or exportations of gold and silver;
(d) necessary to secure compliance with laws or regulations which are not inconsistent with the provisions of this Agreement, including those relating to customs enforcement, the enforcement of monopolies operated under paragraph 4 of Article II and Article XVII of the GATT 1994, the protection of patents, trade marks and copyrights, and the prevention of deceptive practices;
(e) relating to the products of prison labour;
(f) imposed for the protection of national treasures of artistic, historic or archaeological value;
(g) relating to the conservation of exhaustible natural resources if such measures are made effective in conjunction with restrictions on domestic production or consumption;
(h) undertaken in pursuance of obligations under any intergovernmental commodity agreement which conforms to criteria submitted to the Members of the WTO and not disapproved by them or which is itself so submitted and not so disapproved;
(i) involving restrictions on exports of domestic materials necessary to ensure essential quantities of such materials to a domestic processing industry during periods when the domestic price of such materials is held below the world price as part of a governmental stabilization plan; provided that such restrictions shall not operate to increase the exports of or the protection afforded to such domestic industry, and shall not depart from the

ákvæðum GATT-samningsins frá 1994 er varða mismunun;

j) nauðsynlegt vegna almennrar öflunar og dreifingar á framleiðsluvörum eða staðbundins skorts á birgðum; slíkar ráðstafanir teljast vera samrýmanlegar þeirri reglu að öllum aðilum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beri jafn hlutur í alheimsframboði slíkra framleiðsluvara og að sérhverjum þeim ráðstöfunum sem brjóta í bága við önnur ákvæði þessa samnings skuli hætt um leið og aðstæðurnar sem ollu þeim eru ekki lengur fyrir hendi.

provisions of the GATT 1994 relating to non discrimination;

(j) essential to the acquisition or distribution of products in general or local short supply; provided that any such measures shall be consistent with the principle that all Members of the WTO are entitled to an equitable share of the international supply of such products, and that any such measures, which are inconsistent with the other provisions of this Agreement shall be discontinued as soon as the conditions giving rise to them have ceased to exist.

20. gr.

Undantekningar af öryggisástæðum

Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt:

a) að krafist sé af samningsaðila að hann láti í té upplýsingar sem hann telur andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að birta; eða

b) að komið sé í veg fyrir að aðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:

i) að því er snertir kjarnakleyf efni eða efni sem þau eru unnin úr;

ii) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og stríðsbúnað og þau viðskipti með aðrar vörur og efni sem beinlínis eða óbeinlínis eru ætluð til hernaðar;

iii) á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum, eða

c) að komið sé í veg fyrir að aðili geti gripið til ráðstafana í samræmi við skyldur sínar á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

Article 20

Security Exceptions

Nothing in this Chapter shall be construed:

(a) to require any Party to furnish any information the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests; or

(b) to prevent any Party from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests

(i) relating to fissionable materials or the materials from which they are derived;

(ii) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war and to such traffic in other goods and materials as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment;

(iii) taken in time of war or other emergency in international relations; or

(c) to prevent any Party from taking any action in pursuance of its obligations under the United Nations Charter for the maintenance of international peace and security.

III. ÞJÓNUSTA

21. gr.

Gildissvið

1. Þessi kafli á við um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og ríkisstjórnir eða yfirvöld, svæðisbundin eða staðbundin stjórnvöld gera og einnig óopinberar stofnanir í umboði ríkisstjórnar eða yfirvalda, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda.

2. Þessi kafli á við um aðgerðir sem hafa áhrif á viðskipti á öllum sviðum þjónustu, þó ekki flugþjónustu, þar með taldir flutningar í lofti innanlands og á milli landa, jafnt áætlunarflug sem og annað flug, og skyld þjónusta til stuðnings flugþjónustu, önnur en:

a) viðgerðir loftfara og viðhaldsþjónusta;

b) sala og markaðssetning flugþjónustu;

III SERVICES

Article 21

Scope and Coverage

1. This Chapter applies to measures affecting trade in services taken by central, regional or local governments and authorities as well as by non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by central, regional or local governments or authorities.

2. This Chapter applies to measures affecting trade in all services sectors with the exception of air services, including domestic and international air transportation services, whether scheduled or non-scheduled, and related services in support of air services, other than:

(a) aircraft repair and maintenance services;

(b) the selling and marketing of air transport services;

c) þjónusta gegnum tölvufarskráningarkerfi[1].
3. EFTA-ríkin og Singapúr skulu kanna þróun á sviði þjónustu með það fyrir augum að skoða möguleika á auknu frelsi sín á milli.

4. Ekkert í þessum kafla skal túlkað á þann hátt að feli í sér skuldbindingar að því er varðar opinber innkaup.

22. gr.
Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ráðstöfun“: sérhver ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnsýsluaðgerð eða annað sambærilegt;
b) „veiting þjónustu“: framleiðsla, dreifing, markaðssetning, sala og afhending þjónustu;

c) „ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“: einnig ráðstafanir er varða:
   i) kaup á, greiðslu fyrir eða afnot af þjónustu;
   ii) aðgang að eða afnot af þjónustu, í sambandi við veitingu þjónustu sem þessir aðilar krefjast að almenningi standi almennt til boða;

   iii) nærveru, þar á meðal viðskiptanærveru, einstaklinga og lögpersóna frá einum aðila vegna þjónustuveitingar á yfirráðasvæði annars samningsaðila;
d) „viðskiptanærvera“: hvers konar viðskipta- eða atvinnustarfsemi, þar á meðal:

   i) stofnun, kaup á eða áframhaldandi rekstur lögpersónu, eða
   ii) stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu;

   á yfirráðasvæði samningsaðila í því skyni að veita þjónustu;
e) „svið“ þjónustu:
   i) að því er varðar sérstaka skuldbindingu, eina eða fleiri, eða öll undirsvið þeirrar þjónustu, eins og tilgreint er í skrá samningsaðila;
   ii) að öðrum kosti þjónustusviðið í heild, þar á meðal öll undirsvið þess;

(c) computer reservation system (CRS) services[1].
3. The EFTA States and Singapore agree to review developments in the air transport sector with a view to reassessing the need for further co-operation in this sector.
4. Nothing in this Chapter shall be construed to impose any obligation with respect to government procurement.

Article 22
Definitions

For the purposes of this Chapter:

(a) "measure" means any measure by a Party, whether in the form of a law, regulation, rule, procedure, decision, administrative action or any other form;
(b) "supply of a service" includes the production, distribution, marketing, sale and delivery of a service;
(c) "measures by Parties affecting trade in services" include measures in respect of:
   (i) the purchase, payment or use of a service;
   (ii) the access to and use of, in connection with the supply of a service, services which are required by those Parties to be offered to the public generally;
   (iii) the presence, including commercial presence, of persons of a Party for the supply of a service in the territory of another Party;

(d) "commercial presence" means any type of business or professional establishment, including through:
   (i) the constitution, acquisition or maintenance of a juridical person; or
   (ii) the creation or maintenance of a branch or a representative office;

   within the territory of a Party for the purpose of supplying a service;
(e) "sector" of a service means:
   (i) with reference to a specific commitment, one or more, or all, subsectors of that service, as specified in a Party's Schedule;
   (ii) otherwise, the whole of that service sector, including all of its subsectors;

[1] Hugtökin „viðgerðir loftfara og viðhaldsþjónusta“, „sala og markaðssetning flugþjónustu“ og „þjónusta gegnum tölvufarskráningarkerfi“ eru skilgreind með sama hætti og í 6. mgr. viðaukans um flugþjónustu í GATS-samningnum.

[1] The terms "aircraft repair and maintenance services", "selling and marketing of air transport services" and "computer reservation system (CRS) services" are as defined in paragraph 6 of the Annex on Air Transport Services to the GATS.

f) „þjónustuveitandi“: hver sá einstaklingur sem óskar eftir að veita eða veitir þjónustu[2];

g) „þjónustuneytandi“: hver sá einstaklingur sem fær eða notar þjónustu;

h) „þjónusta annars samningsaðila“: þjónusta sem er veitt:
   i) af eða á yfirráðasvæði þessa samningsaðila eða, ef um er að ræða sjóflutninga, af skipi sem er skráð samkvæmt lögum þess samningsaðila eða af einstaklingi frá samningsaðilanum, sem veitir þjónustuna með því að gera út skip og/eða nota það að öllu leyti eða að hluta; eða
   ii) af þjónustuveitanda þessa samningsaðila ef um er að ræða þjónustu sem er veitt með viðskiptanærveru eða nærveru einstaklings;

i) „einstaklingur eða lögpersóna“: maður eða stofnun eða félag sem er persóna að lögum;

j) „einstaklingur frá samningsaðila“: einstaklingur sem er búsettur á yfirráðasvæði þessa samningsaðila eða annars staðar og sem samkvæmt lögum þessa samningsaðila:
   i) er ríkisborgari þess samningsaðila; eða
   ii) hefur rétt til fastrar búsetu hjá þessum samningsaðila og fær í aðalatriðum sömu meðferð og ríkisborgarar að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti;

k) „lögpersóna“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þar á meðal hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök;

l) „lögpersóna annars samningsaðila“: lögpersóna sem er annaðhvort:
   i) stofnuð eða skipulögð samkvæmt lögum þessa samningsaðila og stundar umtalsverð viðskipti[3] á yfirráðasvæði samningsaðila; þetta tekur einnig til þjónustuveitenda aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er ekki samningsaðili, þ.e. lögpersónu, sem er stofn-

(f) "service supplier" means any person that seeks to supply or supplies a service[2];

(g) "service consumer" means any person that receives or uses a service;

(h) "service of another Party" means a service which is supplied:
   (i) from or in the territory of that other Party, or in the case of maritime transport, by a vessel registered under the laws of that other Party, or by a person of that other Party which supplies the service through the operation of a vessel and/or its use in whole or in part; or
   (ii) in the case of the supply of a service through commercial presence or through the presence of natural persons, by a service supplier of that other Party;

(i) "person" means either a natural person or a juridical person;

(j) "natural person of a Party" means a natural person who resides in the territory of that Party or elsewhere and who under the law of that Party:
   (i) is a national of that Party; or
   (ii) has the right of permanent residence in that Party and is accorded substantially the same treatment as nationals in respect of measures affecting trade in services;

(k) "juridical person" means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;

(l) "juridical person of another Party" means a juridical person which is either:
   (i) constituted or otherwise organised under the law of that other Party, and is engaged in substantive business operations[3] in the territory of any Party; this includes a service supplier of a WTO member who is a non-Party that is a juridical person constituted under

---

[2] Ef þjónustan er ekki veitt af lögpersónu heldur með annars konar viðskiptanærveru, eins og útibúi eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e. lögpersónan) þó fá sömu kjör og þjónustuveitendur fá samkvæmt þessum samningi. Slík kjör skulu ná til viðskiptanærverunnar sm þjónustan er veitt með og þurfa ekki að ná til annarrar starfsemi þjónustuveitandans utan yfirráðasvæðisins þar sem þjónustan er veitt.

[3] Þetta nær einnig til lögpersóna sem ætla sér að stunda umtalsverða viðskiptastarfsemi, svo sem í sprotafyrirtækjum.

[2] Where the service is not supplied directly by a juridical person but through other forms of commercial presence such as a branch or a representative office, the service supplier (i.e. the juridical person) shall, nonetheless, through such presence be accorded the treatment provided for service suppliers under this Agreement. Such treatment shall be extended to the presence through which the service is supplied and need not be extended to any other parts of the supplier located outside the territory where the service is supplied.

[3] This also includes juridical persons intending to engage in substantive business operations such as start-up companies.

uð samkvæmt lögum samningsaðila, að því tilskildu að hún stundi umtalsverð viðskipti á yfirráðasvæði samningsaðilanna; eða

ii) ef um er að ræða þjónustu sem er veitt á grundvelli viðskiptanærveru, í eigu eða undir stjórn:
1. einstaklinga frá þeim samningsaðila; eða
2. lögpersóna samkvæmt i-lið l-liðar;

m) lögpersóna er:
i) „í eigu" einstaklinga eða lögpersóna frá samningsaðila ef meira en 50% af eignarhlut í henni er raunverulega í eigu einstaklinga eða lögpersóna frá þeim samningsaðila;
ii) „undir stjórn" einstaklinga eða lögpersóna frá samningsaðila ef þessir einstaklingar eða lögpersónur hafa vald til að tilnefna meirihluta stjórnenda eða stjórna starfsemi hennar á annan hátt lögum samkvæmt;
iii) „tengd" öðrum einstaklingi eða lögpersónu ef hún stjórnar eða henni er stjórnað af þeim einstaklingi eða lögpersónu, eða ef bæði henni og þeim einstaklingi eða lögpersónu er stjórnað af sama einstaklingi eða lögpersónu;

n) „einstaklingur eða lögpersóna sem hefur einokunaraðstöðu til að veita þjónustu": hver sá einstaklingur eða lögpersóna, í opinbera geiranum eða einkageiranum, sem hefur leyfi samningsaðila eða er komið á fót af honum, formlega eða í raun, til að starfa sem eini veitandi þessarar þjónustu;

o) „þjónustuviðskipti": veiting þjónustu:
i) af yfirráðasvæði eins samningsaðila yfir á yfirráðasvæði annars samningsaðila (hér á eftir nefnd „veiting þjónustu yfir landamæri");
ii) á yfirráðasvæði eins samningsaðila til þjónustuneytanda annars samningsaðila (hér á eftir nefnd „neysla erlendis");
iii) af hálfu þjónustuveitanda eins samningsaðila, með viðskiptanærveru á yfirráðasvæði annars samningsaðila (hér á eftir nefnd „viðskiptanærvera");
iv) af hálfu þjónustuveitanda eins samningsaðila, með nærveru einstaklinga frá þeim samningsaðila á yfirráðasvæði annars samningsaðila (hér á eftir nefnd „nærvera einstaklinga");

p) „þjónusta": þjónusta á öllum sviðum nema þjónusta sem opinber yfirvöld veita;

q) „þjónusta sem opinber yfirvöld veita": þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grundvelli né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur;

the laws of a Party, provided that it engages in substantive business operations in the territory of the Parties; or

(ii) in the case of the supply of a service through commercial presence, owned or controlled by:
1. natural persons of that other Party; or
2. juridical persons identified under paragraph (l)(i);

(m) a juridical person is:
(i) "owned" by persons of a Party if more than 50 per cent of the equity interest in it is beneficially owned by persons of that Party;

(ii) "controlled" by persons of a Party if such persons have the power to name a majority of its directors or otherwise to legally direct its actions;

(iii) "affiliated" with another person when it controls, or is controlled by, that other person; or when it and the other person are both controlled by the same person;

(n) "monopoly supplier of a service" means any person, public or private, which in the relevant market of the territory of a Party is authorised or established formally or in effect by that Party as the sole supplier of that service;

(o) "trade in services" means the supply of a service:
(i) from the territory of a Party into the territory of another Party (hereinafter referred to as "cross-border supply");

(ii) in the territory of a Party to the service consumer of another Party (hereinafter referred to as "consumption abroad");
(iii) by a service supplier of a Party, through commercial presence in the territory of another Party (hereinafter referred to as "commercial presence");
(iv) by a service supplier of a Party, through presence of natural persons of that Party in the territory of another Party (hereinafter referred to as "presence of natural persons");

(p) "services" includes any service in any sector except services supplied in the exercise of governmental authority;

(q) "a service supplied in the exercise of governmental authority" means any service which is supplied neither on a commercial basis nor in competition with one or more service suppliers;

r) „beinir skattar“: allir skattar af heildartekjum, af heildarfjármagni eða af einstökum liðum tekna eða fjármagns, þar á meðal eru skattar á hagnað vegna sölu eignar, fasteignaskattar, skattar á arf og gjafir, skattar af heildarupphæð launa sem fyrirtæki greiða svo og skattar af verðgildishækkun fjármagns.

23. gr.
Bestukjarameðferð

1. Með fyrirvara um þær undantekningar sem leiða má af samræmingu reglna er byggjast á samningum, sem samningsaðili hefur gert við þriðja land, um gagnkvæma viðurkenningu í samræmi við VII. gr. GATS-samninginn, og með fyrirvara um VI. viðauka, skal samningsaðili þegar í stað og án skilyrða veita, að því er varðar hverja þá ráðstöfun sem fellur undir þennan kafla, þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila eigi lakari meðferð en þeir veita samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendum í öðru landi.

2. Meðferð, sem er veitt samkvæmt öðrum samningum sem samningsaðilar hafa gert við þriðja land og tilkynnt hefur verið um samkvæmt V. gr. GATS-samningsins, fellur ekki undir 1. mgr.

3. Ef samningsaðili gengur til samninga af þeirri gerð sem um getur í 2. mgr. skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita hinum samningsaðilunum nægilegt tækifæri til að semja um þann ávinning sem í þeim felast.

24. gr.
Markaðsaðgangur

1. Að því er varðar markaðsaðgang á þann hátt sem tilgreint er í o-lið 22. gr. skal sérhver samningsaðili veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð en þá sem kveðið er á um í skilmálum, takmörkunum og skilyrðum sem hafa verið samþykkt og tilgreind eru í skrá hans[4].

2. Á sviðum þar sem gengist hefur verið undir skuldbindingar um markaðsaðgang eru ráðstafanir sem samningsaðili skal ekki viðhalda eða samþykkja, hvort heldur er á grundvelli undirskiptingar

(r) "direct taxes" comprise all taxes on total income, on total capital or on elements of income or of capital, including taxes on gains from the alienation of property, taxes on estates, inheritances and gifts, and taxes on the total amounts of wages or salaries paid by enterprises, as well as taxes on capital appreciation.

Article 23
Most-Favoured-Nation Treatment

1. Subject to exceptions that may derive from harmonisation of regulations based on agreements concluded by a Party with a non-Party providing for mutual recognition in accordance with Article VII of the GATS, and except as provided in Annex VI, a Party shall accord immediately and unconditionally, with respect to any measure covered by this Chapter, to services and service suppliers of another Party treatment no less favourable than that it accords to like services and service suppliers of any non-Party.

2. Treatment granted under other agreements concluded by one of the Parties with a non-Party which have been notified under Article V of the GATS shall not be subject to paragraph 1.

3. If a Party enters into an agreement of the type referred to in paragraph 2, it shall, upon request from another Party, afford adequate opportunity to the other Parties to negotiate the benefits granted therein.

Article 24
Market Access

1. With respect to market access through the modes of supply identified in Article 22 (o), each Party shall accord services and service suppliers of another Party treatment no less favourable than that provided for under the terms, limitations and conditions agreed and specified in its Schedule[4].

2. In sectors where market access commitments are undertaken, the measures which a Party shall not maintain or adopt either on the basis of a regional sub-division or on the basis of its entire territory, un-

[4] Ef samningsaðili tekur á sig skuldbindingar um markaðsaðgang í tengslum við þann hátt á að veita aþjónustu sem um getur í iii-lið o-liðar 22. gr. og ef flutningur fjármagns yfir landamæri er mikilvægur hluti af þjónustunni er hann þar með skuldbundinn til að leyfa slíka fjármagnsflutninga. Ef samningsaðili tekur á sig skuldbindingar um markaðsaðgang í tengslum við þann hátt á að veita þjónustu, sem um getur í iii-lið o-liðar 22. gr., er hann þar með skuldbundinn til að leyfa fjármagnsflutninga sem þeim tengjast inn á yfirráðasvæði sitt.

[4] If a Party undertakes a market-access commitment in relation to the supply of a service through the mode of supply referred to in Article 22 (o) (i) and if the cross-border movement of capital is an essential part of the service itself, that Party is thereby committed to allow such movement of capital. If a Party undertakes a market-access commitment in relation to the supply of a service through the mode of supply referred to in Article 22 (o) (iii), it is thereby committed to allow related transfers of capital into its territory.

svæða eða á grundvelli alls yfirráðasvæðisins, nema annað sé tilgreint í skrá hans, skilgreindar sem:

a) takmarkanir á fjölda þjónustuveitenda, hvort sem um er að ræða tölulega kvóta, einokun, þjónustuveitendur með einkarétt eða kröfur um könnun á efnahagslegum þörfum;
b) takmarkanir á heildarverðmæti þjónustuviðskipta eða eigna í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum;
c) takmarkanir á samanlögðum fjölda tilvika veittrar þjónustu eða á heildarmagni veittrar þjónustu, táknað með úthlutuðum tölueiningum, í formi kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum[5];
d) takmarkanir á heildarfjölda einstaklinga sem heimilt er að ráða á sérstöku þjónustusviði eða sem þjónustuveitanda er heimilt að ráða og sem eru nauðsynlegir og beinlínis tengdir veitingu sérstakrar þjónustu í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum;
e) ráðstafanir sem takmarka eða krefjast þess að þjónustuveitandinn hafi sérstaka tegund lögaðila eða sameiginlegs fyrirtækis sem veitir þjónustuna fyrir hann; og
f) takmarkanir á hlutdeild erlends fjármagns, settar fram sem hámarkshundraðshluti sem má vera í eigu erlendra hluthafa eða heildarverðmæti einstakra eða samanlagðra erlendra fjárfestinga.

25. gr.
Innlend meðferð

1. Sérhver samningsaðili skal, á þeim sviðum sem eru tilgreind í skrá hans og samkvæmt þeim skilyrðum og hæfniskröfum sem eru settar fram þar, veita þjónustu og þjónustuveitendum annarra samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustunnar, en hann veitir þegar um er að ræða samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs[6].

2. Samningsaðili getur uppfyllt kröfur 1. mgr. með því að veita þjónustu eða þjónustuveitendum annars samningsaðila formlega sams konar meðferð eða formlega ólíka meðferð þeirri sem hann veitir þegar um er að ræða samsvarandi þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.

less otherwise specified in its Schedule, are defined as:

(a) limitations on the number of service suppliers whether in the form of numerical quotas, monopolies, exclusive service suppliers or the requirements of an economic needs test;
(b) limitations on the total value of service transactions or assets in the form of numerical quotas or the requirement of an economic needs test;
(c) limitations on the total number of service operations or on the total quantity of service output expressed in terms of designated numerical units in the form of quotas or the requirement of an economic needs test[5];
(d) limitations on the total number of natural persons that may be employed in a particular service sector or that a service supplier may employ and who are necessary for, and directly related to, the supply of a specific service in the form of numerical quotas or the requirement of an economic needs test;
(e) measures which restrict or require specific types of legal entity or joint venture through which a service supplier may supply a service; and
(f) limitations on the participation of foreign capital in terms of maximum percentage limit on foreign shareholding or the total value of individual or aggregate foreign investment.

Article 25
National Treatment

1. In the sectors inscribed in its Schedule, and subject to any conditions and qualifications set out therein, each Party shall accord to services and service suppliers of another Party, in respect of all measures affecting the supply of services, treatment no less favourable than that it accords to its own like services and service suppliers[6].

2. A Party may meet the requirement in paragraph 1 by according to services and service suppliers of another Party either formally identical treatment or formally different treatment to that it accords to its own like services and service suppliers.

[5] Ákvæði c-liðar 2. mgr. taka ekki til ráðstafana samningsaðila sem takmarka vörur sem eru notaðar við að veita þjónustu.

[6] Sérstakar skuldbindingar, sem gengið er út frá í þessari grein, skulu ekki túlkaðar þannig að krafist verði af samningsaðila að hann greiði bætur vegna verri samkeppnisstöðu sem stafar af því að um erlenda þjónustu eða þjónustuveitanda er að ræða.

[5] Paragraph 2 (c) does not cover measures of a Party which limit inputs for the supply of services.

[6] Specific commitments assumed under this Article shall not be construed to require any Party to compensate for any inherent competitive disadvantages which result from the foreign character of the relevant services or services suppliers.

3. Meðferð, sem er formlega sams konar eða formlega ólík, skal talin óhagstæðari ef hún breytir samkeppnisskilyrðum til hagsbóta fyrir þjónustu eða þjónustuveitendur samningsaðilans miðað við samsvarandi þjónustu eða þjónustuveitendur annars samningsaðila.

26. gr.
Viðbótarskuldbindingar

Samningsaðilum er heimilt að semja um skuldbindingar að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og eru ekki háðar skráningu samkvæmt 24. og 25. gr. hér að framan, þar á meðal þær ráðstafanir sem varða hæfi, staðla eða leyfisveitingar. Slíkar skuldbindingar skulu færðar í skrá samningsaðila.

27. gr.
Aukið frelsi í viðskiptum/Skrár yfir sérstakar skuldbindingar

1. Samningsaðilar skulu auka frelsi í þjónustuviðskiptum sín á milli í samræmi við V. gr. GATS-samningsins.

2. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur á sig samkvæmt 24., 25. og 26. gr. Að því er varðar þau svið sem skuldbindingarnar taka til skal eftirfarandi tilgreint í hverri skrá:

a) skilmálar, takmarkanir og skilyrði fyrir markaðsaðgangi;
b) skilyrði og forsendur fyrir innlendri meðferð;
c) samþykkt varðandi viðbótarskuldbindingar; og
d) tímamörk fyrir framkvæmd slíkra skuldbindinga, ef við á.

3. Ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar bæði 24. og 25. gr., skulu skráðar í dálkinn sem á við 24. gr. Þá merkir skráningin einnig skilyrði eða forsendu sem á við 25. gr.

4. Skrár samningsaðilanna yfir sérstakar skuldbindingar er að finna í VII. viðauka og eru óaðskiljanlegur hluti þessa kafla.

5. Samningsaðilar skuldbinda sig til að endurskoða skrár sínar yfir sérstakar skuldbindingar á að minnsta kosti tveggja ára fresti, og fyrr ef samkomulag næst um það, í þeim tilgangi að kveða á um afnám í aðalatriðum á allri mismunun sem er enn til staðar milli samningsaðila, að því er varðar þjónustuviðskipti sem falla undir þennan kafla, við lok 10 ára aðlögunartímabils frá gildistökudegi þessa samnings. Slíkri endurskoðun skal haldið áfram ef öll mismunun sem er enn til staðar hefur í aðalatriðum ekki verið af-

3. Formally identical or formally different treatment shall be considered to be less favourable if it modifies the conditions of competition in favour of services or service suppliers of a Party compared to like services or service suppliers of another Party.

Article 26
Additional Commitments

The Parties may negotiate commitments with respect to measures affecting trade in services not subject to scheduling under Articles 24 and 25 above, including those regarding qualifications, standards or licensing matters. Such commitments shall be entered in a Party's Schedule.

Article 27
Trade Liberalisation/Schedule of Specific Commitments

1. The Parties shall liberalise trade in services between themselves, in conformity with Article V of the GATS.

2. Each Party shall set out in a Schedule the specific commitments it undertakes under Articles 24, 25 and 26. With respect to sectors where such commitments are undertaken, each Schedule shall specify:

(a) terms, limitations and conditions on market access;
(b) conditions and qualifications on national treatment;
(c) undertakings relating to additional commitments; and
(d) where appropriate, the time-frame for implementation of such commitments.

3. Measures inconsistent with both Articles 24 and 25 shall be inscribed in the column relating to Article 24. In this case, the inscription will be considered to provide a condition or qualification to Article 25 as well.

4. The Parties' Schedules of specific commitments are set out in Annex VII, and form an integral part of this Chapter.

5. The Parties undertake to review their Schedules of specific commitments at least every two years, but earlier if so agreed, with a view to provide for the elimination of substantially all remaining discrimination between the Parties with regard to trade in services covered in this Chapter at the end of a transitional period of ten years from the date of entry into force of this Agreement. Such review shall continue if substantially all remaining discrimination has not been eliminated at the end of this transitional

numin við lok þessa aðlögunartímabils. Þessi málsgrein fellur ekki undir lausn deilumála samkvæmt IX. kafla.

28. gr.
Innlendar reglur

1. Á sviðum þar sem aðilar taka á sig sérstakar skuldbindingar skal hver samningsaðili sjá til þess að ráðstöfunum, sem hafa almennt gildi og áhrif á þjónustuviðskipti, sé beitt á eðlilegan, hlutlægan og óhlutdrægan hátt.

2. Hver samningsaðili skal, að beiðni þjónustuveitanda sem málið varðar, hafa eða koma á fót eins fljótt og unnt er dómstólum, gerðardómi eða stjórnsýsludómstólum eða sérstakri málsmeðferð þar sem stjórnsýsluákvarðanir, sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, verða tafarlaust endurskoðaðar að beiðni þjónustuveitanda sem málið varðar og gripið til viðeigandi úrræða ef slíkt telst réttmætt. Ef slík málsmeðferð er ekki óháð stofnuninni, sem tekur viðkomandi stjórnsýsluákvörðun, skal samningsaðilinn sjá til þess að málsmeðferðin feli í raun í sér hlutlæga og óhlutdræga endurskoðun.

3. Ef krafist er leyfis fyrir veitingu þjónustu, sem sérstök skuldbinding gildir um, skulu þar til bær yfirvöld samningsaðila tilkynna umsækjandanum um leið og umsókn, sem telst uppfylla innlend lög og reglur hefur verið lögð fram, hvaða ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Lögbær yfirvöld samningsaðilans skulu, að beiðni umsækjandans, veita upplýsingar um stöðu umsóknarinnar án óþarfra tafa.

4. Samningsaðilarnir skulu endurskoða í sameiningu niðurstöður viðræðna um verklagsreglur vegna tiltekinna reglna, þ.m.t. varðandi kröfur og málsmeðferð vegna hæfnisskilyrða, tæknilegra staðla og leyfissamninga samkvæmt 4. mgr. VI. gr. í GATS-samningnum, í þeim tilgangi að fella þær undir þennan samning. Samningsaðilarnir gera sér ljóst að með slíkum verklagsreglum er stefnt að því, meðal annars, að tryggja að slíkar kröfur:

a) séu byggðar á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum, svo sem hæfni og getu til að veita þjónustu;
b) séu ekki íþyngjandi umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja gæði þjónustunnar;
c) takmarki ekki í sjálfu sér veitingu þjónustunnar þegar málsmeðferð við leyfisveitingu er annars vegar.

5. Á sviðum þar sem samningsaðili hefur gengist undir sérstakar skuldbindingar, með fyrirvara um skilmála, takmarkanir, skilyrði eða hæfniskröfur sem eru settar fram í þeim, þangað til verklagsreglurnar samkvæmt 4. mgr. taka gildi á þeim sviðum skal

period. This paragraph is not subject to dispute settlement pursuant to Chapter IX.

Article 28
Domestic Regulation

1. In sectors where specific commitments are undertaken, each Party shall ensure that all measures of general application affecting trade in services are administered in a reasonable, objective and impartial manner.

2. Each Party shall maintain or institute as soon as practicable judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures which provide, at the request of an affected service supplier of another Party, for the prompt review of, and where justified, appropriate remedies for, administrative decisions affecting trade in services. Where such procedures are not independent of the agency entrusted with the administrative decision concerned, the Party shall ensure that the procedures in fact provide for an objective and impartial review.

3. Where authorisation is required for the supply of a service on which a specific commitment has been made, the competent authorities of a Party shall promptly, after the submission of an application considered complete under domestic laws and regulations, inform the applicant of the decision concerning the application. At the request of the applicant, the competent authorities of the Party shall provide, without undue delay, information concerning the status of the application.

4. The Parties shall jointly review the results of the negotiations on disciplines for certain regulations, including qualification requirements and procedures, technical standards and licensing requirements, pursuant to Article VI.4 of the GATS, with a view to their incorporation into this Agreement. The Parties note that such disciplines aim to ensure that such requirements are *inter alia*:

(a) based on objective and transparent criteria, such as competence and the ability to supply the service;
(b) not more burdensome than necessary to ensure the quality of the service;
(c) in the case of licensing procedures, not in themselves a restriction on the supply of the service.

5. In sectors where a Party has undertaken specific commitments, subject to any terms, limitations, conditions or qualifications set out therein, pending the incorporation of disciplines developed pursuant to paragraph 4, a Party shall not apply licensing and

hann ekki beita kröfum um leyfisveitingar, hæfniskröfur og tæknilega staðla, sem gera að engu eða skerða slíkar skuldbindingar með þeim hætti:
a) sem samrýmist ekki viðmiðununum sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið 4. mgr. eða
b) sem ekki hefði verið eðlilegt að vænta af hálfu samningsaðilans á þeim tíma þegar hann gekkst undir sérstakar skuldbindingar á þessum sviðum.

6. Þegar innlend regla er undirbúin, hún samþykkt eða henni beitt í samræmi við alþjóðlega staðla viðkomandi alþjóðastofnana[7], sem samningsaðili notar, skal vera fyrir hendi möguleiki til andmæla því að hún sé í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

7. Á sviðum þar sem samþykktar hafa verið sérstakar skuldbindingar um sérfræðiþjónustu skal hver samningsaðili kveða á um fullnægjandi málsmeðferð til að sannprófa hæfni fagmanna annarra samningsaðila.

29. gr.
Styrkir

Samningsaðili sem telur sig hafa orðið fyrir skaðlegum áhrifum af styrkveitingum annars samningsaðila getur óskað eftir samráði um það við þann samningsaðila. Fjallað skal um slíkar beiðnir með velvilja.

30. gr.
Viðurkenning

1. Meginreglan er að sameiginlega nefndin skuli eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þessa samnings koma á nauðsynlegu ferli fyrir viðræður um samninga eða fyrirkomulag þar sem kveðið verði á um gagnkvæma viðurkenningu á menntun eða fenginni reynslu, kröfum, prófskírteinum, leyfum og öðrum reglum með það að markmiði að þjónustuveitendur uppfylli, að öllu leyti eða að hluta til, skilyrði sem samningsaðili setur fyrir heimildum, leyfum, starfsemi og vottun þjónustuveitenda.

2. Allar slíkar viðurkenningar af hálfu samningsaðila skulu vera í samræmi við viðeigandi ákvæði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og þá einkum VII. gr. GATS-samningsins.

3. Ef samningsaðili viðurkennir, með samningi eða fyrirkomulagi, menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða vottorð, sem eru veitt á yfirráðasvæði aðila sem á ekki hlut að samningnum eða fyrirkomulaginu, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila, að fenginni beiðni, fullnægjqualification requirements and technical standards that nullify or impair such specific commitments in a manner which:
(a) does not comply with the criteria outlined in paragraph 4 (a), (b) or (c) and
(b) could not reasonably have been expected of that Party at the time the specific commitments in those sectors were made.

6. Whenever a domestic regulation is prepared, adopted and applied in accordance with international standards of relevant international organisations[7] applied by a Party, there shall be a rebuttable presumption that it complies with the provisions of this Article.

7. In sectors where specific commitments regarding professional services are undertaken, each Party shall provide for adequate procedures to verify the competence of professionals of another Party.

Article 29
Subsidies

A Party which considers that it is adversely affected by a subsidy of another Party may request consultations with that Party on such matters. Such requests shall be accorded sympathetic consideration.

Article 30
Recognition

1. In principle no later than three years following the entry into force of this Agreement, the Joint Committee shall establish the necessary steps for the negotiation of agreements or arrangements providing for the mutual recognition of education or experience obtained, requirements, qualifications, licenses and other regulations, for the purpose of the fulfilment, in whole or in part, by service suppliers of the criteria applied by each Party for the authorisation, licensing, operation and certification of service suppliers.

2. Any such recognition conferred by a Party shall be in conformity with the relevant provisions of the WTO and, in particular, Article VII of the GATS.

3. Where a Party recognises, by agreement or arrangement, the education or experience obtained, requirements met or licenses or certifications granted in the territory of a non-Party, that Party shall accord another Party, upon request, adequate opportunity to negotiate its accession to such an agreement or

[7] Hugtakið „viðkomandi alþjóðasamtök“ vísar til alþjóðastofnana sem viðkomandi stofnunum samningsaðilanna er frjálst að eiga aðild að.

[7] The term "relevant international organisations" refers to international bodies whose membership is open to the relevant bodies of the Parties.

andi tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða fyrirkomulagi eða leita sambærilegra samninga eða samkomulags. Ef samningsaðili veitir viðurkenningu einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyti eða vottorð sem eru veitt á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

31. gr.

Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að þjónustuveitandi sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu á yfirráðasvæði hans starfi ekki í ósamræmi við skyldur þessa samningsaðila samkvæmt sérstökum skuldbindingum hans.
2. Ef sá sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila keppir, annaðhvort beint eða í gegnum eignatengd fyrirtæki, um veitingu þjónustu utan þess sviðs sem hann hefur einokunaraðstöðu á og þjónustan fellur undir sérstakar skuldbindingar þessa samningsaðila skal samningsaðilinn sjá til þess að sá þjónustuveitandi misnoti ekki einokunaraðstöðu sína með þeim hætti að brjóti í bága við þessar skuldbindingar.
3. Ef samningsaðili hefur ástæðu til að ætla að þjónustuveitandi sem hefur einokunaraðstöðu til veitingar þjónustu frá öðrum samningsaðila starfi í ósamræmi við 1. eða 2. mgr. er honum heimilt að óska eftir því við hinn samningsaðilann að hann láti í té tilteknar upplýsingar um viðkomandi starfsemi.
4. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um þjónustuveitendur með einkarétt þegar samningsaðili, formlega eða í raun: a) veitir heimild fyrir eða kemur á fót litlum hópi þjónustuveitenda og b) kemur að verulegu leyti í veg fyrir samkeppni milli þessara þjónustuveitenda á yfirráðasvæði sínu.

32. gr.

För einstaklinga

1. Þessi kafli gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur hjá samningsaðila og einstaklinga hjá samningsaðila sem eru ráðnir af þjónustuveitanda samningsaðila til að veita þjónustu. Einstaklingum, sem falla undir sérstakar skuldbindingar samningsaðila, er heimilt að veita þjónustu í samræmi við skilmála þessara skuldbindinga.
2. Þessi kafli gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði hjá samningsaðila né ráðstafanir varðandi ríkisborgararétt, búsetu eða fasta atvinnu.

3. Þessi kafli skal ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að hafa stjórn á

arrangement or to negotiate comparable ones with it. Where a Party accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that the education or experience obtained, requirements met or licenses or certifications granted in the territory of that other Party should also be recognised.

Article 31

Monopolies and Exclusive Service Suppliers

1. Each Party shall ensure that any monopoly supplier of a service in its territory does not, in the supply of the monopoly service in the relevant market, act in a manner inconsistent with the Party's obligations under its specific commitments.
2. Where a Party's monopoly supplier competes, either directly or through an affiliated company, in the supply of a service outside the scope of its monopoly rights and which is subject to that Party's obligations under its specific commitments, the Party shall ensure that such a supplier does not abuse its monopoly position to act in its territory in a manner inconsistent with such commitments.

3. If a Party has reason to believe that a monopoly supplier of a service of another Party is acting in a manner inconsistent with paragraph 1 or 2, it may request that other Party to provide specific information concerning the relevant operations.

4. The provisions of this Article shall also apply to cases of exclusive service suppliers, where a Party, formally or in effect, (a) authorises or establishes a small number of service suppliers and (b) substantially prevents competition among those suppliers in its territory.

Article 32

Movement of Natural Persons

1. This Chapter applies to measures affecting natural persons who are service suppliers of a Party, and natural persons of a Party who are employed by a service supplier of a Party, in respect of the supply of a service. Natural persons covered by a Party's specific commitments shall be allowed to supply the service in accordance with the terms of those commitments.
2. This Chapter shall not apply to measures affecting natural persons seeking access to the employment market of a Party, nor shall it apply to measures regarding citizenship, residence or employment on a permanent basis.
3. This Chapter shall not prevent a Party from applying measures to regulate the entry of natural per-

för einstaklinga inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, þar á meðal ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda landamæri hans og tryggja reglufestu á för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að þær geri að engu eða skerði þann ávinning sem aðili hefur samkvæmt skilmálum sérstakrar skuldbindingar[8].

33. gr.
Almennar undantekningar

Með fyrirvara um kröfu þess efnis að slíkum ráðstöfunum verði ekki beitt með þeim hætti að það hefði í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun landa, þar sem aðstæður eru sambærilegar, eða duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum, skal ekkert í þessum kafla túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsaðilar samþykki eða beiti ráðstöfunum sem eru:

a) nauðsynlegar til að vernda almennt siðgæði eða viðhalda allsherjarreglu[9];
b) nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna, dýra eða plantna;
c) nauðsynlegar til að tryggja að farið verði að ákvæðum laga eða reglna sem eru ekki ósamrýmanlegar ákvæðum þessa kafla, að meðtöldum ákvæðum sem tengjast:
   i) því að koma í veg fyrir villandi og sviksamlega viðskiptahætti eða bregðast við vanefndum á þjónustusamningum;
   ii) því að vernda friðhelgi einstaklingsins í tengslum við vinnslu og dreifingu persónuupplýsinga og fara með persónulegar skrár og reikninga sem trúnaðarmál;
   iii) öryggi;
d) ekki í samræmi við 25. gr., að því tilskildu að þegar ólíkri meðferð er beitt sé miðað að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar[10] álögur eða innheimtu beinna skatta að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur annarra samningsaðila;

sons of another Party into, or their temporary stay in, its territory, including those measures necessary to protect the integrity of, and to ensure the orderly movement of natural persons across, its borders, provided that such measures are not applied in a manner so as to nullify or impair the benefits accruing to a Party under the terms of a specific commitment[8].

Article 33
General Exceptions

Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between countries where like conditions prevail, or a disguised restriction on trade in services, nothing in this Chapter shall be construed to prevent the adoption or enforcement by any Party of measures:

(a) necessary to protect public morals or to maintain public order[9];
(b) necessary to protect human, animal or plant life or health;
(c) necessary to secure compliance with laws or regulations which are not inconsistent with the provisions of this Chapter including those relating to:
   (i) the prevention of deceptive and fraudulent practices or to deal with the effects of a default on services contracts;
   (ii) the protection of the privacy of individuals in relation to the processing and dissemination of personal data and the protection of confidentiality of individual records and accounts;
   (iii) safety;
(d) inconsistent with Article 25, provided that the difference in treatment is aimed at ensuring the equitable or effective[10] imposition or collection of direct taxes in respect of services or service suppliers of another Party;

---

[8] Ef krafist er vegabréfsáritunar fyrir einstaklinga með tiltekið ríkisfang en ekki annað ríkisfang skal ekki litið svo á að verið sé að gera að engu eða skerða ávinning sem fæst samkvæmt sérstakri skuldbindingu

[9] Aðeins má beita undanþágu á grundvelli allsherjarreglu ef um er að ræða sannanlega og nægilega alvarlega ógnun við grundvallarhagsmuni þjóðfélagsins.

[10] Ráðstafanir sem miða að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur eða innheimtu beinna skatta taka til ráðstafana sem aðili gerir samkvæmt skattakerfi sínu og:

i) gilda um þjónustuveitendur, sem eru ekki búsettir í landinu, til viðurkenningar á þeirri staðreynd að skattskylda þeirra sem eru ekki búsettir í landinu er ákvörðuð í tengslum við skattskyld atriði sem eru upprunnin eða staðsett á yfirráðasvæði samningsaðila; eða

[8] The sole fact of requiring a visa for natural persons of a certain nationality and not for those of others shall not be regarded as nullifying or impairing benefits under a specific commitment.

[9] The public order exception may be invoked only where a genuine and sufficiently serious threat is posed to one of the fundamental interests of society.

[10] Measures that are aimed at ensuring the equitable or effective imposition or collection of direct taxes include measures taken by a Party under its taxation system which:

(i) apply to non-resident service suppliers in recognition of the fact that the tax obligation of non-residents is determined with respect to taxable items sourced or located in the Party's territory; or

e) ekki í samræmi við 23. gr., að því tilskildu að ólík meðferð sé til komin vegna samnings til að komast hjá tvísköttun eða ákvæða til að komast hjá tvísköttun í öðrum alþjóðlegum samningi eða fyrirkomulagi sem samningsaðilinn er bundinn af.

34. gr.

Undantekningar af öryggisástæðum

Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt

a) að krafist sé af samningsaðila að hann láti í té upplýsingar sem hann telur andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að afhenda; eða
b) að komið sé í veg fyrir að aðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:
   i) varðandi þjónustu sem er veitt beint eða óbeint í þeim tilgangi að birgja upp herstöðvar;
   ii) varðandi kjarnakleyf efni eða efni sem þau eru unnin úr;
   iii) á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum; eða
c) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili grípi til ráðstafana, í samræmi við skyldur sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna, til að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

(e) inconsistent with Article 23, provided that the difference in treatment is the result of an agreement on the avoidance of double taxation or provisions on the avoidance of double taxation in any other international agreement or arrangement by which a Party is bound.

Article 34

Security Exceptions

Nothing in this Agreement shall be construed:

(a) to require a Party to furnish or allow access to information the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests;
(b) to prevent a Party from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests:
   (i) relating to the supply of services as carried out directly or indirectly for the purpose of provisioning a military establishment;
   (ii) relating to fissionable and fusionable materials or the materials from which they are derived;
   (iii) taken in time of war or other emergency in international relations; or
(c) to prevent a Party from taking any action in pursuance of its obligations under the United Nations Charter for the maintenance of international peace and security.

---

ii) gilda um þá sem ekki eru búsettir í landinu til að tryggja álagningu eða innheimtu skatta á yfirráðasvæði samningsaðila; eða
iii) gilda um þá sem eru ekki búsettir í landinu eða þá sem þar eru búsettir til að koma í veg fyrir undandrátt frá sköttum eða skattsvik, þar á meðal fullnusturáðstafanir; eða
iv) gilda um neytendur þjónustu, sem er veitt á eða frá yfirráðasvæði annars samningsaðila, til að tryggja að skattar af starfsemi, sem er upprunnin á yfirráðasvæði samningsaðila, verði lagðir á eða innheimtir af slíkum neytendum; eða
v) greina þjónustuveitendur, sem greiða skatt af atriðum sem eru skattskyld á alþjóðavettvangi, frá öðrum þjónustuveitendum með því að viðurkenna eðlismun á skattstofni þeirra; eða
vi) ákvarða, úthluta eða skipta tekjum, hagnaði, ágóða, tapi, frádrætti eða inneign einstaklinga eða útibúa í landinu eða milli tengdra einstaklinga eða útibúa sama einstaklings, til að vernda skattstofn aðilans.

Skattaheiti eða hugtök í d-lið 33. gr. og í þessari neðanmálsgrein eru ákvörðuð í samræmi við skattaskilgreiningar og hugtök, eða jafngildar eða svipaðar skilgreiningar og hugtök, samkvæmt landslögum samningsaðilans sem gerir ráðstafanirnar.

(ii) apply to non-residents in order to ensure the imposition or collection of taxes in the Party's territory; or
(iii) apply to non-residents or residents in order to prevent the avoidance or evasion of taxes, including compliance measures; or
(iv) apply to consumers of services supplied in or from the territory of another Party in order to ensure the imposition or collection of taxes on such consumers derived from sources in the Party's territory; or
(v) distinguish service suppliers subject to tax on worldwide taxable items from other service suppliers, in recognition of the difference in the nature of the tax base between them; or
(vi) determine, allocate or apportion income, profit, gain, loss, deduction or credit of resident persons or branches, or between related persons or branches of the same person, in order to safeguard the Member's tax base.

Tax terms or concepts in Article 33 (d) and in this footnote are determined according to tax definitions and concepts, or equivalent or similar definitions and concepts, under the domestic law of the Party taking the measure.

35. gr.
Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð

1. Samningsaðilar skulu reyna að forðast að gera takmarkandi ráðstafanir vegna greiðslujafnaðar.

2. Ákvæði XI. og XII. gr. GATS-samningsins skulu gilda um greiðslur og yfirfærslur og takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð í þjónustuviðskiptum.

3. Sá samningsaðili, sem grípur til og viðheldur ráðstöfun samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það.

Article 35
Restrictions to Safeguard the Balance-of-Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance-of-payments purposes.

2. Articles XI and XII of the GATS shall apply to payments and transfers, and to restrictions to safeguard the balance-of-payments relating to trade in services.

3. A Party adopting or maintaining a measure under this Article shall promptly notify the other Parties and the Joint Committee thereof.

36. gr.
Viðaukar

Ákvæði VI. til X. viðauka eru óaðskiljanlegur hluti þessa kafla.

Article 36
Annexes

Annexes VI to X form an integral part of this Chapter.

IV. FJÁRFESTINGAR

37. gr.
Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „félag“: aðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða undir stjórn einkaaðila eða í eigu eða undir stjórn hins opinbera, þar á meðal hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, einkafyrirtæki, sameiginleg fyrirtæki eða önnur samtök;

b) „fjárfesting“: hvers konar eign, einkum:

i) færanlegar og ófæranlegar eignir, svo og önnur eignarréttindi svo sem fasteignaveð, veðbönd og handveð;

ii) hlutabréf og skuldabréf (bond, debenture) eða þátttaka með öðru sniði í fyrirtæki;

iii) kröfur í fé fyrirtækis eða afköst fyrirtækis er hafa fjárhagslegt gildi;

iv) hugverkaréttindi, tæknilega verkkunnáttu og viðskiptavild;

v) sérleyfi, sem eru veitt samkvæmt lögum eða með samningi, þ.m.t. hvers konar sérleyfi til að leita að, rækta, vinna eða nýta náttúruauðlindir;

c) „fjárfesting fjárfestis hjá samningsaðila“: fjárfesting sem fjárfestir samningsaðilans á eða ræður yfir, annaðhvort beint eða óbeint;

d) „fjárfestir hjá samningsaðila“:

i) einstaklingur sem hefur ríkisfang þess samningsaðila eða á rétt á fastri búsetu þar í samræmi við gildandi lög hans;

IV INVESTMENT

Article 37
Definitions

For the purposes of this Chapter:

(a) "*company*" means any entity constituted or organized under the applicable law, whether or not for profit, and whether private or government owned or controlled, including any corporation, trust, partnership, sole proprietorship, joint venture or other association;

(b) "*investment*" means any kind of asset and particularly:

(i) movable and immovable property as well as any other rights in rem, such as mortgages, liens, and pledges;

(ii) shares, bonds and debentures or any other forms of participation in a company;

(iii) claims to money or to any performance associated with a company having an economic value;

(iv) intellectual property rights, technical know-how and goodwill;

(v) business concessions conferred by law or under contract, including any concession to search for, cultivate, extract or exploit natural resources;

(c) "*investment of an investor of a Party*" means an investment that is owned or controlled, either directly or indirectly, by an investor of that Party;

(d) "*investor of a Party*" means:

(i) a natural person having the nationality of that Party or having the right of permanent residence of that Party in accordance with its applicable laws;

ii) fyrirtæki sem stofnað er til eða er skipulagt samkvæmt gildandi lögum þess samningsaðila og hefur með höndum verulegan atvinnurekstur þar;

sem fjárfestir eða hefur fjárfest á yfirráðasvæði annars samningsaðila.

38. gr.
Gildissvið

1. Þessi kafli á við um fjárfesta hjá samningsaðila og fjárfestingar þeirra hvort sem þær eiga sér stað fyrir eða eftir gildistöku samningsins.
2. Ákvæði 1. mgr. 40. gr. skulu ekki eiga við um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, hvort sem viðkomandi svið er skráð í III. kafla eða ekki.
3. Ákvæði 1. mgr. 40. gr. skulu heldur ekki eiga við um fjárfesta hjá samningsaðila á sviðum þjónustu og fjárfestingar þeirra á þeim sviðum. Ákvæði þetta ber að endurskoða 10 árum eftir gildistökudag samningsins með það í huga að kanna hvort þörf sé á að viðhalda því.
4. Ákvæði þessa kafla eru með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt öðrum alþjóðasamningum um fjárfestingar.

39. gr.
Efling og vernd

1. Hver samningsaðili skal, í samræmi við ákvæði þessa kafla, skapa stöðug, réttlát, hagstæð og gagnsæ skilyrði fyrir fjárfesta hinna samningsaðilanna að því er varðar fjárfestingar á yfirráðasvæði hans og viðhalda þeim.
2. Í þessu felst að fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðila njóti ávallt sanngjarnrar og réttlátrar meðferðar. Slíkar fjárfestingar skulu njóta eins stöðugrar verndar og öryggis og unnt er.

40. gr.
Innlend meðferð og bestukjarameðferð

1. Hver samningsaðili skal veita fjárfestum annars samningsaðila og fjárfestingum þeirra, meðferð sem er eigi lakari, með tilliti til stofnsetningar, kaupa, stækkunar, stjórnunar, starfshátta, reksturs og sölu, en hann veitir eigin fjárfestum og fjárfestingum þeirra eða fjárfestum annars ríkis og fjárfestingum þeirra við samsvarandi aðstæður, hvort sem er hagstæðara.

2. Ef samningsaðili veitir fjárfestum annars ríkis eða fjárfestingum þeirra hagstæðari meðferð á grundvelli fríverslunarsamnings, tollabandalags eða svipaðs samnings sem kveður einnig á um verulega

(ii) a company constituted or organized under the applicable law of that Party and carrying out substantial business activities there;

making or having made an investment in the territory of another Party.

Article 38
Scope and Coverage

1. This Chapter shall apply to investors of a Party, and to their investments whether made before or after the entry into force of this Agreement.
2. Article 40 (1) shall not apply to measures affecting trade in services whether or not a sector concerned is scheduled in Chapter III.
3. Article 40 (1) shall also not apply to investors of a Party in services sectors and their investments in such sectors. This provision is subject to review after a period of ten years from the date of entry into force of this Agreement, with a view to examining its continued need.
4. The provisions of this Chapter shall be without prejudice to the rights and obligations of the Parties under other international agreements relating to investment.

Article 39
Promotion and Protection

1. Each Party shall, in accordance with the provisions of this Chapter, create and maintain stable, equitable, favourable and transparent conditions for investors of the other Parties to make investments in its territory.
2. Such conditions shall include a commitment to accord at all times to investments of investors of another Party fair and equitable treatment. Such investments shall also enjoy the most constant protection and security.

Article 40
National Treatment and Most-Favoured-Nation Treatment

1. Each Party shall accord to investors and investments of investors of another Party, in relation to the establishment, acquisition, expansion, management, conduct, operation and disposal of investments, treatment that is no less favourable than that which it accords in like situations to its own investors and their investments or to investors and their investments of any other State, whichever is more favourable.
2. If a Party accords more favourable treatment to investors of any other State or their investments by virtue of a free trade agreement, customs union or similar agreement that also provides for substantial

aukið frelsi í fjárfestingum, ber honum ekki skylda til að veita fjárfestum annars samningsaðila eða fjárfestingum þeirra sömu meðferð. Þó skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita honum nægilegt tækifæri til að semja um þann ávinning sem í þeim samningi felst.

3. Hefðbundin innlend meðferð, eins og kveðið er á um í 1. mgr., tekur ekki til styrkja er byggjast á stefnu samningsaðila í félagsmálum eða stefnu hans varðandi efnahagsþróun, jafnvel þótt þessir styrkir séu í þágu atvinnurekstrar eða atvinnurekenda á staðnum. Telji annar samningsaðili að slíkir styrkir geti, í tilteknu tilviki, raskað verulega tækifærum fjárfesta hans til fjárfestinga getur hann farið fram á samráð um málið. Fjallað skal um slíkar beiðnir með velvilja.

4. Með hefðbundinni innlendri meðferð, eins og kveðið er á um í 1. mgr., er átt við, að því er varðar svæðisbundinn aðila, meðferð sem er eigi lakari en sú bestukjarameðferð sem þessi aðili veitir fjárfestum eigin samningsaðila og fjárfestingum þeirra við samsvarandi aðstæður.

liberalisation of investments, it shall not be obliged to accord such treatment to investors of another Party or their investments. However, upon request from another Party, it shall afford adequate opportunity to negotiate the benefits granted therein.

3. The standard of national treatment as provided for in paragraph 1 shall not apply to subsidies based on a Party's social policy or its economic development policy, even if such subsidies, directly or indirectly, favour local enterprises or entrepreneurs. If another Party considers that such subsidies, in a particular case, have a seriously distortive effect on the investment opportunities of its own investors, it may request consultations on such matters. Such requests shall be accorded sympathetic consideration.

4. The standard of national treatment as provided for in paragraph 1, means, with respect to a subnational entity, treatment no less favourable than the most favourable treatment accorded, in like situations, by that entity to investors, and to investments of investors, of the Party of which it forms a part.

41. gr.
Skattlagning

1. Ekkert í þessum kafla hefur í för með sér réttindi eða skyldur að því er varðar ráðstafanir varðandi skattlagningu nema að því leyti sem kveðið er á um í þessari grein.

2. Ákvæði 40. gr. skulu gilda um ráðstafanir varðandi skattlagningu með fyrirvara um frávik frá innlendri meðferð sem eru nauðsynleg vegna sanngjarnra eða skilvirkra álaga eða innheimtu beinna skatta[11].

3. Ef samningsaðili veitir fjárfestum annars ríkis og fjárfestingum þeirra sérstakan ávinning á grundvelli samnings um að komast hjá tvísköttun ber honum ekki skylda til að veita fjárfestum annars samningsaðila eða fjárfestingum þeirra sama ávinning.

Article 41
Taxation

1. Except as otherwise provided for in this Article, nothing in this Chapter shall create rights or impose obligations with respect to taxation measures.

2. Article 40 shall apply to taxation measures subject to deviations from national treatment that are necessary for the equitable or effective imposition or collection of direct taxes[11].

3. If a Party accords special advantages to investors and their investments of any other State by virtue of an agreement for the avoidance of double taxation, it shall not be obliged to accord such advantages to investors of another Party and their investments.

42. gr.
Eignarnám, bætur

1. Enginn samningsaðilanna skal, hvorki að lögðum né í reynd, gera ráðstafanir um eignarnám eða þjóðnýtingu fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðila nema slíkar ráðstafanir séu í þágu almennings, án mismununar og framkvæmdar í samræmi við tilhlýðilega málsmeðferð að lögum og í staðinn komi bótagreiðslur. Fjárhæð bótagreiðslu skal greiða í gjaldeyri sem er að fullu yfirfæranlegur og skal hún

Article 42
Dispossession, Compensation

1. None of the Parties shall take, either *de jure* or *de facto*, measures of expropriation or nationalisation against investments of investors of another Party, unless such measures are in the public interest; non-discriminatory; carried out under due process of law; and accompanied by the payment of compensation. The amount of compensation shall be settled in a freely convertible currency and paid without delay to

[11] Ákvæði 10. nmgr. í 33. gr. III. kafla um þjónustu gildir einnig að breyttu breytanda um þennan kafla.

[11] Footnote 10 under Article 19 of Chapter III on Services shall also apply mutatis mutandis to this Chapter.

greidd án tafar til rétthafa þeirra án tillits til þess hvar hann er búsettur eða á lögheimili sitt.
2. Fjárfestar samningsaðila, sem hafa beðið tjón á fjárfestingum sínum á yfirráðasvæði annars samningsaðila vegna hernaðarátaka eða átaka milli borgara á yfirráðasvæði síðarnefnda samningsaðilans, skulu njóta meðferðar í samræmi við 40. gr. að því er varðar endurafhendingu, skaðabætur, bótagreiðslur eða annað uppgjör sem samningsaðili samþykkir eða notar í tengslum við slík tjón.

43. gr.
Innlendar reglur

Ekkert í þessum kafla ber að túlka svo að samningsaðila sé meinað að samþykkja, viðhalda eða framfylgja hverri þeirri ráðstöfun sem er í samræmi við þennan kafla og er í þágu almennings, svo sem ráðstafanir vegna mála varðandi heilbrigði, öryggi og umhverfi.

44. gr.
Yfirfærslur

1. Samningsaðili skal heimila frjálsar yfirfærslur á greiðslum, sem tengjast fjárfestingum fjárfesta annars samningsaðila, á yfirráðasvæði sínu og að þær megi flytja af yfirráðasvæði hans án tafar. Til slíkra yfirfærslna teljast einkum en þó ekki eingöngu:
a) hagnaður, vextir, arður, söluhagnaður, einkaleyfisþóknanir og þóknanir og hver önnur sú greiðsla sem af fjárfestingu leiðir;
b) greiðslur inntar af hendi samkvæmt lánasamningi;
c) viðbótargreiðslur til að viðhalda eða auka við fjárfestingu;
d) andvirði sölu eða uppgjörs vegna slita fjárfestingar, allrar eða að hluta; og
e) laun eða annað endurgjald til þeirra sem starfa erlendis í tengslum við fjárfestingu.

2. Yfirfærslan telst hafa farið fram „án tafar" hafi hún farið fram innan þess tímabils sem það tekur að ljúka formsatriðum vegna yfirfærslu með eðlilegum hætti, þ.m.t. skýrslum um yfirfærslu gjaldeyris.
3. Samningsaðili skal heimila að slíkar yfirfærslur séu í frjálsum gjaldeyri. Með „frjálsum gjaldeyri" er átti við gjaldeyri sem mikil viðskipti eru með á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum og er víða notaður í alþjóðlegum viðskiptum.
4. Litið er svo á að 1. til 3. mgr. hér að framan séu settar fram með fyrirvara um beitingu laga, á sanngjarnan hátt, án mismununar og í góðri trú, er varða:

a) gjaldþrot, ógjaldfærni eða vernd á réttindum kröfuhafa;
b) útgáfu, viðskipti með og miðlun verðbréfa;

the person entitled thereto without regard to its residence or domicile.
2. Investors of a Party whose investments in the territory of another Party have suffered losses due to armed conflict or civil strife in the territory of the latter Party, shall benefit from treatment in accordance with Article 40 as regards restitution, indemnification, compensation or any other settlement it adopts or maintains relating to such losses.

Article 43
Domestic Regulation

Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from adopting, maintaining or enforcing any measure consistent with this Chapter that is in the public interest, such as measures to meet health, safety or environmental concerns.

Article 44
Transfers

1. Each Party shall allow payments relating to an investment in its territory of an investor of another Party to be freely transferred into and out of its territory without delay. Such transfers shall include, in particular, though not exclusively:
(a) profits, interest, dividends, capital gains, royalties and fees as well as any other amounts yielded by an investment;
(b) payments made under a contract including a loan agreement;
(c) additional amounts to maintain or increase an investment;
(d) proceeds from the sale or liquidation of all or any part of an investment; and
(e) earnings and other remuneration of personnel engaged from abroad in connection with an investment.
2. A transfer shall be deemed to have been made "without delay" if effected within such a period as is normally required for the completion of transfer formalities, including reports of currency transfers.
3. Each Party shall permit such transfers to be made in a freely convertible currency. "Freely convertible currency" means a currency that is widely traded in international foreign exchange markets and widely used in international transactions.
4. It is understood that paragraphs 1 to 3 above are without prejudice to the equitable, non-discriminatory and good faith application of laws relating to:
(a) bankruptcy, insolvency or the protection of the rights of creditors;
(b) the issuing, trading or dealing in securities;

c) refsilagabrot og endurheimt þýfis;

d) að tryggja að dómum sé fullnægt eftir dómsmeðferð.

5. Einnig er litið svo á að 1. til 3. mgr. hér að framan séu settar fram með fyrirvara um skuldbindingar samkvæmt skattalögum eða almannatryggingakerfum og kerfum um ellilífeyri frá hinu opinbera.

45. gr.
Lykilstöður

1. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um lög sín og reglur um komu, dvöl og atvinnu einstaklinga, veita fjárfestum annars samningsaðila og starfsmönnum í lykilstöðum (forstjórum, framkvæmdastjórum og sérfræðingum sem samningsaðilinn, sem annast veitingu, skilgreinir sem „þeir sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis“ í láréttum skuldbindingum í viðbæti hvers þeirra um sig við VII. viðauka) sem starfa hjá þessum fjárfestum eða í tengslum við fjárfestingar þeirra, tímabundna heimild til komu, dvalar og atvinnu á yfirráðasvæðum sínum, í því skyni að stunda þar starfsemi er tengist stofnun, stjórnun, viðhaldi, notkun, nýtingu eða ráðstöfun þeirra fjárfestinga sem um ræðir.

2. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um lög sín og reglur, heimila fjárfestum annars samningsaðila, sem eiga fjárfestingar á yfirráðasvæðum þeirra, og fjárfestingum þeirra að ráða til sín starfsmenn í lykilstöður að eigin vali án tillits til þess hvert þjóðerni og ríkisfang þeirra er, að því tilskildu að þessir starfsmenn hafi heimild til komu, dvalar og atvinnu á yfirráðasvæði hins samningsaðilans og að viðkomandi starf sé með þeim skilmálum, skilyrðum og tímamörkum sem í heimildinni felst til handa slíkum starfsmönnum.

3. Samningsaðilanir eru hvattir til að veita, með fyrirvara um lög sín og reglur, maka og ólögráða börnum fjárfestis annars samningsaðila eða starfsmanns slíks fjárfestis í lykilstöðu, sem hefur fengið heimild til tímabundinnar komu, dvalar og atvinnuleyfi, tímabundna heimild til komu og dvalar.

46. gr.
Fyrirvarar

1. Ákvæði 1. mgr. 40. gr. skulu ekki gilda um:

a) þá fyrirvara sem samningsaðili hefur tíundað í XI. viðauka;

b) breytingu á fyrirvara sem fellur undir a-lið, að því marki sem breytingin gerir það ekki að verkum að fyrirvarinn samræmist síður 40. gr.;

c) nýjan fyrirvara sem samningsaðili samþykkir og fellir undir XI. viðauka, að því tilskildu að fyrir-

(c) criminal or penal offences, and the recovery of proceeds of crimes;

(d) ensuring the satisfaction of judgments in adjudicatory proceedings.

5. It is also understood that paragraphs 1 to 3 above are without prejudice to obligations under tax laws or social security and public retirement schemes.

Article 45
Key Personnel

1. The Parties shall, subject to their laws and regulations relating to the entry, stay and work of natural persons, grant investors of another Party, and key personnel (executives, managers and specialists, as defined by the granting Party as "Intra-corporate transferees" in the horizontal commitments of its respective Appendix of Annex VII) who are employed by such investors or investments of such investors, temporary entry, stay and authorisation to work in their territories to engage in activities connected with the establishment, management, maintenance, use, enjoyment, expansion or disposal of relevant investments.

2. The Parties shall, subject to their laws and regulations, permit investors of another Party which have investments in their territories, and investments of such investors, to employ any key personnel of the investor's or the investment's choice regardless of nationality and citizenship provided that such key personnel has been permitted to enter, stay and work in the territory of the other Party and that the employment concerned conforms to the terms, conditions and time limits of the permission granted to such key personnel.

3. The Parties are encouraged to grant, subject to their laws and regulations, temporary entry and stay to the spouse and minor children of an investor of another Party or of key personnel employed by such investors, who has been granted temporary entry, stay and authorisation to work.

Article 46
Reservations

1. Article 40 (1), shall not apply to:

(a) any reservation that is listed by a Party in Annex XI;

(b) an amendment to a reservation covered by subparagraph (a) to the extent that the amendment does not decrease the conformity of the reservation with Article 40;

(c) any new reservation adopted by a Party, and incorporated into Annex XI provided that such

varinn hafi ekki áhrif á heildarumfang skuldbindinga þess samningsaðila samkvæmt þessum kafla;

að því marki sem slíkur fyrirvari samræmist ekki fyrrnefndri grein.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að endurskoða stöðu þeirra fyrirvara, sem tíundaðir eru í XI. viðauka, á að minnsta kosti tveggja ára fresti með það fyrir augum að fækka þeim eða fella þá niður.

3. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt, annaðhvort að fenginni beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að fella niður fyrirvara sem tíundaðir eru í XI. viðauka, í heild eða að hluta, með skriflegri tilkynningu til annarra samningsaðila.

4. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt að fella nýjan fyrirvara inn í XI. viðauka í samræmi við c-lið 1. mgr. þessarar greinar með skriflegri tilkynningu til annarra samningsaðila. Þegar hinum samningsaðilanum berst slík tilkynning er þeim heimilt að fara fram á samráð um fyrirvarann. Þegar samningsaðilanum, sem fellir inn í nýjan fyrirvara, berst slík beiðni um samráð skal hann hefja samráð við aðra samningsaðila.

reservation does not affect the overall level of commitments of that Party under this Chapter;

to the extent that such reservation is inconsistent with the above-mentioned Article.

2. The Parties undertake to review at least every two years the status of the reservations set out in Annex XI with a view to reducing the reservations or removing them.

3. A Party may, at any time, either upon the request of another Party or unilaterally, remove in whole or in part reservations set out in Annex XI by written notification to the other Parties.

4. A Party may, at any time, incorporate a new reservation into Annex XI in accordance with paragraph 1 (c) of this Article by written notification to the other Parties. On receiving such notification, the other Parties may request consultations regarding the reservation. On receiving the request for consultations, the Party incorporating the new reservation shall enter into consultations with the other Parties.

47. gr.

Kröfuhafaskipti

Ef samningsaðili (eða umboðsaðili, stofnun, lögskipaður aðili eða hlutafélag sem hann tilnefnir) greiðir eigin fjárfestum, á grundvelli krafna þeirra samkvæmt þessum kafla, skaðabætur sem hann samþykkir vegna fjárfestingar eða hluta hennar skal hinn samningsaðilinn viðurkenna að fyrrnefndum samningsaðila (eða umboðsaðila, stofnun, lögskipuðum aðila eða hlutafélagi sem hann tilnefndir) sé heimilt, með skírskotun til kröfuhafaskipta, að nýta sér þann rétt og meta kröfur eigin fjárfesta. Réttindi eða kröfur, sem fara milli kröfuhafa, skulu ekki vera meiri en upprunaleg réttindi eða kröfur fjárfestanna.

Article 47

Subrogation

In the event that a Party (or any agency, institution, statutory body or corporation designated by it), as a result of an indemnity it has given in respect of an investment or any part thereof, makes a payment to its own investors in respect of any of their claims under this Chapter, the other Party acknowledges that the former Party (or any agency, institution, statutory body or corporation designated by it) is entitled by virtue of subrogation to exercise the rights and assert the claims of its own investors. The subrogated rights or claims shall not be greater than the original rights or claims of such investors.

48. gr.

Deilur fjárfestis og samningsaðil

1. Líti fjárfestir samningsaðila svo á að ráðstöfun, sem annar samningsaðili gerir, samrýmist ekki skuldbindingum þessa kafla og valdi honum eða fjárfestingu hans tjóni eða skaða er honum heimilt að fara fram á samráð með það í huga að leysa málið með vinsamlegum hætti.

2. Hafi málið ekki verið leyst innan sex mánaða frá þeim degi að samráðs sé óskað er heimilt að vísa því til dómstóla eða stjórnsýsludómstóla hlutaðeigandi samningsaðila eða, ef deiluaðilar samþykkja það báðir, vísa því:

a) í gerðardóm samkvæmt samningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja

Article 48

Disputes Between an Investor and a Party

1. If an investor of a Party considers that a measure applied by another Party is inconsistent with an obligation of this Chapter, thus causing loss or damage to him or his investment, he may request consultations with a view to solving the matter amicably.

2. Any such matter which has not been settled within a period of six months from the date of request for consultations may be referred to the courts or administrative tribunals of the Party concerned or, if both parties to the dispute agree, be submitted to one of the following:

a) arbitration under the Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and

(„ICSID-samningurinn“) ef sá samningur er fyrirliggjandi;
b) til sáttameðferðar eða til gerðardóms samkvæmt sérúrlausnarúrræðum Alþjóðastofnunarinnar um lausn fjárfestingardeilna (ICSID); eða
c) í gerðardóm samkvæmt gerðardómsreglum alþjóðaviðskiptalaganefndar Sameinuðu þjóðanna.

3. Samningsaðila er heimilt er að gera samning við fjárfesta annars samningsaðila sem veitir skilyrðislaust og óafturkallanlegt samþykki sitt fyrir því að leggja deilumál, öll eða tiltekin, í alþjóðlega sáttameðferð eða gerðardóm í samræmi við 2. mgr. hér að framan. Heimilt er að tilkynna vörsluaðila þessa samnings um slíka samninga.

49. gr.
Undantekningar

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda að breyttu breytanda um þennan kafla: Ákvæði 33., 34. og 35. gr., svo og ákvæði e-, f- og g-liðar 19. gr.

V. SAMKEPPNI

50. gr.
Samkeppni

1. Samningsaðilar viðurkenna að tilteknir viðskiptahættir, svo sem samningar, sem fela í sér samkeppnishömlur, eða samstilltar aðgerðir og misnotkun á yfirburðastöðu, geta leitt til samkeppnishindrana milli þeirra.
2. Samningsaðili skal, að beiðni annars samningsaðila, hefja samráð með það fyrir augum að koma í veg fyrir þær aðgerðir sem um getur í 1. mgr. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, skal taka slíka beiðni til gagngerrar og velviljaðrar athugunar og hefja samstarf með því að veita opinberar upplýsingar, sem eru ekki bundnar trúnaði, sem varða það málefni sem um ræðir. Með fyrirvara um innlend lög og að gerður hafi verið fullnægjandi samningur um að fyllsta trúnaðar verði gætt skal samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, einnig veita samningsaðilanum, sem lagði beiðnina fram, aðrar upplýsingar sem tiltækar eru.
3. Samningsaðili getur ekki nýtt sér gerðardómsmeðferð samkvæmt IX. kafla vegna mála er varða þennan kafla.

VI. OPINBER INNKAUP

51. gr.
Gildissvið

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar opinber innkaup í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup.

Nationals of other States (the "ICSID Convention"), if this Convention is available;
b) conciliation or arbitration under the Additional Facility Rules of the International Centre for the Settlement of Investment Disputes;
c) arbitration under the Arbitration Rules of the United Nations Commission on International Trade Law.
3. A Party may conclude contractual agreements with investors of another Party giving its unconditional and irrevocable consent to the submission of all or certain types of disputes to international conciliation or arbitration in accordance with paragraph 2 above. Such agreements may be notified to the Depositary of this Agreement.

Article 49
Exceptions

The following provisions shall apply, *mutatis mutandis*, to this Chapter: Articles 33, 34 and 35, as well as Article 19 (e), (f) and (g).

V COMPETITION

Article 50
Competition

1. The Parties recognise that certain business practices, such as anti-competitive agreements or concerted practices, and abuse of a dominant position, may restrict trade between the Parties.

2. A Party shall, at the request of another Party, enter into consultations with a view to eliminating practices referred to in paragraph 1. The Party addressed shall accord full and sympathetic consideration to such a request and shall co-operate through the supply of publicly available non-confidential information of relevance to the matter in question. Subject to its domestic law and the conclusion of a satisfactory agreement safeguarding confidentiality of information, the Party addressed shall also provide any other information available to the requesting Party.

3. No Party may have recourse to arbitration under Chapter IX with respect to matters arising under this Chapter.

VI GOVERNMENT PROCUREMENT

Article 51
Scope and Coverage

1. The rights and obligations of the Parties to this Agreement in respect of public procurement shall be governed by the WTO Agreement on Government Procurement.

2. Samningsaðilarnir samþykkja að starfa saman í sameiginlegu nefndinni að því að auka skilning á kerfi hvers þeirra um sig vegna opinberra innkaupa og auka enn frekar frelsi á mörkuðum opinberra innkaupa og að því að opna þessa markaði opinberra innkaupa gagnkvæmt.

52. gr.
Upplýsingaskipti

Samningsaðilarnir skulu senda hverjir öðrum nöfn og heimilisföng „tengiliða" sem eiga að veita upplýsingar um reglur og reglugerðir á sviði opinberra innkaupa.

53. gr.
Frekari viðræður

Ef samningsaðili veitir, eftir gildistöku þessa samnings, aðila sem stendur utan þessa samnings aukinn ávinning með tilliti til aðgangs að markaði opinberra innkaupa skal hann samþykkja að ganga til frekari samningaviðræðna við annan samningsaðilann með það í huga að hann geti einnig notið þessa ávinnings á grundvelli gagnkvæmni.

VII. HUGVERKAVERND

54. gr.
Hugverkavernd

1. Samningsaðilum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, XII. viðauka og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.
2. Samningsaðilarnir skulu veita ríkisborgurum annarra samningsaðila leigi lakari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „TRIPS-samningurinn"), einkum 3. og 5. gr.

3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en þeir veita ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisleg ákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr.

4. Samningsaðilarnir samþykkja, að fenginni beiðni samningsaðila til sameiginlegu nefndarinnar og með fyrirvara um samkomulag í henni, að endurskoða ákvæðin um vernd hugverkaréttinda í þessari grein og í XII. viðauka með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og forðast eða ráða bót á röskun í

2. The Parties agree to co-operate in the Joint Committee with the aim of increasing the understanding of their respective public procurement systems, and achieving further liberalisation and mutual opening up of public procurement markets.

Article 52
Exchange of Information

The Parties shall exchange the names and addresses of "contact points" responsible for providing information on the rules and regulations in the field of public procurement.

Article 53
Further Negotiations

If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its public procurement markets, it shall agree to enter into negotiations with a view to extending these benefits to another Party on a reciprocal basis.

VII PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

Article 54
Protection of Intellectual Property

1. The Parties shall grant and ensure adequate and effective protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex XII and the international agreements referred to therein.
2. The Parties shall accord to each other's nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement"), in particular Articles 3 and 5 thereof.
3. The Parties shall accord to each other's nationals treatment no less favourable than that they accord to nationals of any other State. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.
4. The Parties agree, upon request of any Party to the Joint Committee and subject to its consensus, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex XII, with a view to further improving the levels of protection and to avoiding or remedying

viðskiptum sem stafar af verndun hugverkaréttinda eins og hún er núna.

VIII. STOFNANAÁKVÆÐI

55. gr.

Sameiginlega nefndin

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd EFTA-ríkjanna og Singapúr og skal hún skipuð fulltrúum hvors samningsaðila. Ráðherrar eða háttsettir embættismenn, sem þeir tilnefna í þessum tilgangi, skulu gegna formennsku í sameiningu.
2. Sameiginlega nefndin skal:
a) hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa samnings;
b) endurskoða reglulega möguleikann á því að afnema enn frekar viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi reglur í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Singapúr;
c) hafa umsjón með frekari þróun þessa samnings;

d) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi;
e) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings; og
f) taka til umfjöllunar hvert það málefni sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings.
3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við störfin. Undirnefndirnar og vinnuhóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum samningi.

4. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvarðanir eins og kveðið er á um í þessum samningi. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.
5. Ákvarðanir og tilmæli sameiginlegu nefndarinnar skulu samþykkt samhljóða.
6. Sameiginlega nefndin heldur fundi þegar nauðsyn krefur og allajafna reglulega annað hvert ár. Eitt EFTA-ríkjanna og Singapúr skulu gegna formennsku sameiginlega á reglulegum fundum sameiginlegu nefndarinnar. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.
7. Samningsaðili getur hvenær sem er farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Boða skal til fundar innan 30 daga frá því að beiðni berst, nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.
8. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að breyta viðaukunum og viðbætunum við þennan samning.

trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

VIII INSTITUTIONAL PROVISIONS

Article 55

The Joint Committee

1. The Parties hereby establish the EFTA-Singapore Joint Committee comprising representatives of each Party. It shall be co-chaired by Ministers or by senior officials delegated by them for this purpose.

2. The Joint Committee shall:
(a) supervise the implementation of this Agreement;

(b) keep under review the possibility of further removal of barriers to trade and other restrictive measures concerning commerce between the EFTA States and Singapore;
(c) oversee the further elaboration of this Agreement;
(d) supervise the work of all sub-committees and working groups established under this Agreement;
(e) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement; and
(f) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.
3. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks. Except where specifically provided for in this Agreement, the sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee.
4. The Joint Committee may take decisions as provided for in this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations.

5. The Joint Committee shall take decisions and make recommendations by consensus.
6. The Joint Committee shall meet whenever necessary but normally once every two years. The regular meetings of the Joint Committee shall be chaired jointly by one of the EFTA States and Singapore. The Joint Committee shall establish its rules of procedure.
7. Each Party may request at any time, through a notice in writing to the other Parties, that a special meeting of the Joint Committee be held. Such a meeting shall take place within 30 days of receipt of the request, unless the Parties agree otherwise.
8. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Appendices to this Agreement. Subject

Hún getur ákveðið gildistökudag slíkra breytinga, sbr. þó 9. mgr.

9. Ef fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni hefur samþykkt ákvörðun með fyrirvara um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða skal ákvörðunin öðlast gildi á þeim degi þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlend skilyrði hans hafi verið uppfyllt, nema síðari dagsetning sé tilgreind í ákvörðuninni sjálfri. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin skuli öðlast gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa uppfyllt innlend skilyrði sín, að því tilskildu að Singpúr sé einn þessara samningsaðila. Samningsaðila er heimilt að beita ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi, með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði hans.

IX. LAUSN DEILUMÁLA

56. gr.

Gildissvið

1. Ákvæði þessa kafla miða að því að koma í veg fyrir eða leysa öll deilumál sem upp koma á grundvelli þessa samnings milli eins eða fleiri EFTA-ríkja og Singapúr.

2. Heimilt er að leysa deilur vegna máls er varðar bæði þennan samning og WTO-samninginn, eða aðra samninga sem eru gerðir á grundvelli hans og samningsaðilarnir eru aðilar er, á vettvangi hvors þeirra sem er eftir ákvörðun kæruaðila. Sá vettvangur, sem er þannig valinn, skal notaður eingöngu.

3. Áður en samningsaðili hefur málsmeðferð við lausn deilumáls samkvæmt WTO-samningnum gegn einum eða fleiri samningsaðilum eða öfugt skal sá samningsaðili tilkynna hinum samningsaðilunum um fyrirætlan sína.

57. gr.

Sáttaumleitanir

1. Samningsaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum ef þeir koma sér saman um það. Þær má hefja hvenær sem er og þeim má ljúka hvenær sem er.

2. Málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt aðila við frekari málsmeðferð.

58. gr.

Samráð

1. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ítrasta með samvinnu og samráði til að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við um hvert það málefni sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.

to paragraph 9, it may set a date for the entry into force of such decisions.

9. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfillment of constitutional requirements, the decision shall enter into force on the date that the last Party notifies that its internal requirements have been fulfilled, unless the decision itself specifies a later date. The Joint Committee may decide that the decision shall enter into force for those Parties that have fulfilled their internal requirements, provided that Singapore is one of those Parties. A Party may apply a decision of the Joint Committee provisionally until such decision enters into force, subject to its constitutional requirements.

IX DISPUTE SETTLEMENT

Article 56

Scope and Coverage

1. The provisions of this Chapter shall apply with respect to the avoidance or the settlement of all disputes arising from this Agreement between any one or more of the EFTA States and Singapore.

2. Disputes on the same matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement, or any agreement negotiated thereunder, to which the Parties are party, may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party. The forum thus selected shall be used to the exclusion of the other.

3. Before a Party initiates a dispute settlement proceedings under the WTO Agreement against another Party or Parties or, vice-versa, that Party shall notify all other Parties of its intention.

Article 57

Good Offices, Conciliation or Mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the Parties involved so agree. They may begin at any time and be terminated at any time.

2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation shall be confidential and without prejudice to the Parties rights in any other proceedings.

Article 58

Consultations

1. The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through cooperation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.

2. Einu eða fleiri EFTA-ríkjum er heimilt að fara skriflega fram á samráð við Singapúr, og öfugt, ef samningsaðili telur að ráðstöfun, sem samningsaðili eða samningsaðilar sem beiðninni er beint til gera, sé í ósamræmi við þennan samning eða að ávinningur sem hann hefur beint eða óbeint af þessum samningi skerðist vegna slíkrar ráðstöfunar.[12] Samningsaðili sem fer fram á samráð skal jafnframt tilkynna öðrum samningsaðilum skriflega um það. Samráð skal fara fram á vegum sameiginlegu nefndarinnar nema samningsaðili eða samningsaðilar sem leggja fram eða taka við beiðni um samráð séu ósammála.
3. Samráð skal haft innan 30 daga frá því að beiðni um samráð var veitt móttaka. Samráð um brýn málefni, þ.m.t. um landbúnaðarafurðir sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, skal hefjast innan 15 daga frá því að beiðni er móttekin.

4. Samningsaðilar, sem taka þátt í samráði, skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að rannsaka hvernig ráðstöfun eða annað gæti haft áhrif á framkvæmd þessa samnings og fara með upplýsingar um trúnaðarmál eða einkamál stofnunar á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.

5. Samráð skal bundið trúnaði og fara fram með fyrirvara um rétt samningsaðilanna til frekari málsmeðferðar.
6. Samningsaðilar, sem taka þátt í samráði, skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um gagnkvæmt samkomulag um lausn málsins.

59. gr.
Stofnun gerðardóms

1. Finnist ekki lausn á málinu innan 60 daga, eða 30 daga ef málið er brýnt, eftir að beiðni um samráð berst er einum eða fleiri hlutaðeigandi samningsaðilum heimilt að vísa málinu til gerðardóms með skriflegri tilkynningu til þess eða þeirra samningsaðila sem kærunni er beint gegn. Afrit af tilkynningunni skal einnig sent til allra samningsaðila þannig að hver um sig geti ákveðið hvort hann eigi hlut að deilunni.
2. Ef fleiri samningsaðilar en einn fara fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls skal koma á fót einum gerðardómi til að taka kærurnar til umfjöllunar þegar það er gerlegt.

3. Í beiðni um stofnun gerðardóms skal tilgreina ástæðu fyrir kærunni og ráðstöfunina sem um ræðir jafnframt því að benda á þann lagagrundvöll er kæran byggir á.

[12] Orðið „slíkrar“ vísar til „ráðstöfun, sem samningsaðili eða samningsaðilar sem beiðninni er beint til gera“.

2. Any one or more of the EFTA States may request in writing consultations with Singapore, and vice-versa whenever a Party considers that a measure applied by the Party or Parties to which the request is made is inconsistent with this Agreement or that any benefit accruing to it directly or indirectly under this Agreement is impaired by such measure.[12] The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof. Consultations shall take place before the Joint Committee unless the Party or Parties making or receiving the request for consultations disagree.
3. Consultations shall be held within 30 days from the date of receipt of the request for consultations. Consultations on urgent matters, including those on perishable agricultural goods, shall commence within 15 days from the receipt of the request for consultations.
4. The Parties involved in the consultations shall provide sufficient information to enable a full examination of how the measure or other matter might affect the operation of this Agreement and treat any confidential or proprietary information exchanged in the course of consultations in the same manner as the Party providing the information.
5. The consultations shall be confidential and without prejudice to the rights of the Parties involved in any further proceedings.
6. The Parties involved in the consultations shall inform the other Parties of any mutually agreed resolution of the matter.

Article 59
Establishment of Arbitration Panel

1. If the matter has not been resolved within 60 days, or 30 days in relation to a matter of urgency, after the date of receipt of the request for consultations, it may be referred to arbitration by one or more of the Parties involved by means of a written notification addressed to the Party or Parties complained against. A copy of this notification shall also be communicated to all Parties so that each Party may determine whether to participate in the dispute.
2. Where more than one Party requests the establishment of an arbitration panel relating to the same matter, a single arbitration panel should be established to examine these complaints whenever feasible.
3. A request for arbitration shall give the reason for the complaint including the identification of the measure at issue and an indication of the legal basis of the complaint.

[12] The word "such" refers to "a measure applied by the Party or Parties to which the request is made".

60. gr.
Gerðardómur

1. Þrír gerðardómsmenn skulu skipa gerðardóminn.

2. Í skriflegri tilkynningu samkvæmt 59. gr. skal sá samningsaðili eða þeir samningsaðilar sem vísa deilumálinu í gerðardóm tilnefna einn gerðardómsmann í gerðardóminn.
3. Samningsaðili eða samningsaðilar, sem tilkynningu er beint til, skulu, innan 15 daga frá móttöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., samþykkja tilnefningu gerðardómsmanns.
4. Deiluaðilar skulu, innan 30 daga frá tilnefningu annars gerðardómsmannsins, samþykkja tilnefningu þriðja gerðardómsmannsins. Gerðardómsmaðurinn, sem er þannig skipaður, skal gegna formennsku í gerðardóminum.
5. Hafi þessir þrír gerðardómsmennt ekki verið tilnefndir eða skipaðir innan 45 daga frá móttökudegi tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar annast nauðsynlegar tilnefningar innan 30 daga til viðbótar að beiðni deiluaðila.
6. Formaður gerðardómsins skal ekki vera ríkisborgari samningsaðila, né heldur skal hann að jafnaði vera búsettur á landsvæði samningsaðila, vera starfsmaður hans eða hafa komið að málinu með öðrum hætti.

7. Ef gerðardómsmaður andast, hættir störfum eða er gert að hætta störfum skal velja staðgengil hans innan 15 daga í samræmi við þær valaðferðir sem notaðar eru við val á honum. Þegar svo ber undir skal sá tímafrestur sem gildir í dómsmeðferð gerðardómsins frestast frá þeim degi að gerðardómsmaður andast, hættir störfum eða er gert að hætta störfum þar til eftirmaður hans hefur verið valinn.
8. Stofndagur gerðardómsins telst vera sá dagur sem formaðurinn er skipaður.

61. gr.
Störf gerðardómsins

1. Málsmeðferð fyrir gerðardómi skal fara fram í samræmi við staðlaðar starfsreglur sem sameiginlega nefndin skal samþykkja á fyrsta fundi sínum, nema deiluaðilar komu sér saman um annað. Þar til reglurnar hafa verið samþykktar skal gerðardómurinn skal setja sér starfsreglur nema deiluaðilar komi sér saman um annað.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. er starfsreglunum ætlað, að því er varðar alla málsmeðferð fyrir gerðardómi, að tryggja að:
a) deiluaðilar eigi rétt á að gefa skýrslu í gerðardóminum að minnsta kosti einu sinni og fái jafn-

Article 60
Arbitration Panel

1. The arbitration panel shall comprise three members.
2. In the written notification pursuant to Article 59, the Party or the Parties referring the dispute to arbitration shall designate one member of the arbitration panel.
3. Within 15 days of the receipt of the notification referred to in paragraph 2, the Party or Parties to which it was addressed to shall designate one member of the arbitration panel.
4. The Parties to the dispute shall agree on the appointment of the third arbitrator within 30 days of the appointment of the second arbitrator. The member thus appointed shall chair the arbitration panel.
5. If all 3 members have not been designated or appointed within 45 days from the date of receipt of the notification referred to in paragraph 2, the necessary designations shall be made at the request of any Party to the dispute by the Director-General of the World Trade Organization within a further 30 days.
6. The Chair of the arbitration panel shall not be a national of any of the Parties, nor have his or her usual place of residence in the territory of any of the Parties, nor be employed or previously have been employed by any of the Parties, nor have dealt with the case in any capacity.
7. If an arbitrator dies, withdraws or is removed, a replacement shall be selected within 15 days in accordance with the selection procedure followed to select him or her. In such a case, any time period applicable to the arbitration panel proceedings shall be suspended for a period beginning on the date the arbitrator dies, withdraws or is removed and ending on the date the replacement is selected.
8. The date of establishment of the arbitration panel shall be the date on which the Chair is appointed.

Article 61
Procedures of the Arbitration Panel

1. Unless the Parties to the dispute agree otherwise, the arbitration panel proceedings shall be conducted in accordance with the Model Rules of Procedure that shall be adopted at the first meeting of the Joint Committee. Pending the adoption of such rules, the arbitration panel shall regulate its own procedures, unless the Parties to the dispute agree otherwise.
2. Notwithstanding paragraph 1, for all arbitration panel proceedings the procedures shall ensure that:

(a) the Parties to the dispute have the right to at least one hearing before the arbitration panel as well

framt tækifæri til að leggja fram skriflega gögn og gagnrök;
b) deiluaðilar séu boðaðir í hvert sinn sem skýrslugjöf fer fram á vegum gerðardómsins;
c) deiluaðilar hafi aðgang að öllum gögnum og athugasemdum sem eru lögð fyrir gerðardóm með fyrirvara um kröfur um þagnarskyldu; og

d) skýrslugjöf, umræður og frumskýrsla, öll skrifleg gögn sem eru lögð fyrir gerðardóminn og samskipti við hann séu bundinn trúnaði.

3. Hlutverk gerðardómsins er sem hér segir, nema deiluaðilar komi sér saman um annað innan 20 daga frá dagsetningu beiðnar um stofnun gerðardómsins:

„Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, það mál sem um getur í beiðninni um stofnun gerðardóms samkvæmt 59. gr. og komast að rökstuddri niðurstöðu, á grundvelli laga eða staðreynda, og gefa út tilmæli, ef við á, um lausn deilunnar."

4. Gerðardómnum er heimilt, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, að leita sérfræðing um vísindalegar upplýsingar og tæknilega ráðgjöf eftir því sem þörf er á
5. Gerðardómurinn skal úrskurða á grundvelli ákvæða þessa samnings sem eru túlkuð og þeim beitt í samræmi við viðeigandi reglur um túlkun þjóðaréttar.
6. Ákvarðanir gerðardómsins skulu teknar af meirihluta gerðardómsmanna. Gerðardómsmönnum er heimilt að gefa sérálit um málefni sem var ekki afgreitt með samhljóða samþykki. Gerðardómi er óheimilt að gefa það upp hverjir gerðardómsmanna eiga hlut að meirihluta- eða minnihlutaáliti gerðardómsins.
7. Deiluaðilar skulu skipta jafnt með sér kostnaði af gerðardóminum, þ.m.t. þóknunum til gerðardómsmanna.

as the opportunity to provide initial and rebuttal written submissions;
(b) the Parties to the dispute shall be invited to all the hearings held by the arbitration panel;
(c) all submissions and comments made to the arbitration panel be available to the Parties to the dispute, subject to any requirements on confidentiality; and
(d) hearings, deliberations and initial report and all written submissions to and communications with the arbitration panel be confidential.

3. Unless the Parties to the dispute otherwise agree within 20 days from the date of delivery of the request for the establishment of the arbitration panel, the terms of reference shall be:

"To examine, in the light of the relevant provisions of the Agreement, the matter referred to in the request for the establishment of an arbitration panel pursuant to Article 59 and to make findings of law and fact together with the reasons therefore as well as recommendations, if any, for the resolution of the dispute."

4. At the request of a Party to the dispute or on its own initiative, the arbitration panel may seek scientific information and technical advice from experts as it deems appropriate.
5. The arbitration panel shall make its award based on the provisions of this Agreement, applied and interpreted in accordance with the rules of interpretation of public international law.
6. Decisions of the arbitration panel shall be taken by a majority of its members. Panellists may furnish separate opinions on matters not unanimously agreed. No arbitration panel may disclose which panellists are associated with majority or minority opinions.

7. The expenses of the arbitration panel, including the remuneration of its members, shall be borne by the Parties to the dispute in equal shares.

62. gr.
Frumskýrsla

1. Gerðardómurinn skal afhenda deiluaðilum frumskýrslu innan 90 daga frá stofnun hans.

2. Gerðardómurinn skal leggja til grundvallar skýrslu sinni gögn og röksemdir deiluaðila og vísindalegar upplýsingar og tæknilega ráðgjöf samkvæmt 4. mgr. 61. gr.
3. Deiluaðila er heimilt að leggja skriflegar athugasemdir fyrir gerðardóminn um bráðabirgðaskýrsluna innan 14 daga frá framlagningu hennar.

Article 62
Initial Report

1. The arbitration panel shall within 90 days from the date of the establishment of the arbitration panel present to the Parties to the dispute an initial report.
2. The arbitration panel shall base its report on the submissions and arguments of the Parties to the dispute and on any scientific information and technical advice pursuant to paragraph 4 of Article 61.
3. A Party to the dispute may submit written comments to the arbitration panel on its initial report within 14 days of presentation of the report.

4. Gerðardóminum er heimilt í því tilviki og eftir umfjöllun um skriflegar athugasemdir, að eigin frumkvæði eða beiðni deiluaðila, að:

a) leita eftir áliti deiluaðilanna;

b) endurskoða skýrslu sína; og
c) láta fara fram frekari rannsókn, ef hann telur slíkt nauðsynlegt.

63. gr.
Lokaskýrsla

1. Gerðardómurinn skal afhenda deiluaðilum lokaskýrslu, þar sem fjallað er um þau málefni sem um getur í 2. mgr. 62. gr., þ.m.t. sérálit um málefni sem var ekki afgreitt með samhljóða samþykki, innan 30 daga frá framlagningu bráðabirgðaskýrslunnar.

2. Lokaskýrslan skal birt 15 dögum eftir að hún er afhent deiluaðilum, nema þeir komi sér saman um annað.

64. gr.
Málsmeðferð fyrir gerðardómi hætt

Kæruaðila er hvenær sem er heimilt að draga kæru sína til baka áður en frumskýrsla er gefin út. Slíkt hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja síðar fram nýja kæru vegna sama efnis.

65. gr.
Framkvæmd skýrslna gerðardómsins

1. Lokaskýrslan er endanleg og bindandi fyrir deiluaðila. Sérhverjum deiluaðila er skylt að gera ráðstafanir til að fylgja lokaskýrslunni, sem um getur í 63. gr., eftir.
2. Hlutaðeigandi samningsaðili eða samningsaðilar skulu, innan 30 daga frá útgáfu lokaskýrslunnar, tilkynna hinum deiluaðilanum eða deiluaðilunum fyrirætlanir sínar varðandi framkvæmd hennar.
3. Deiluaðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um sértækar ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast til fylgja lokaskýrslunni eftir. Ætíð skal stefnt að því að hætta við ráðstöfun sem er ekki í samræmi við þennan samning eða greiða bætur að öðrum kosti.

4. Hlutaðeigandi samningsaðili eða samningsaðilar skulu þegar í stað fylgja lokaskýrslunni eftir. Ef ekki reynist unnt að fylgja lokaskýrslunni eftir þegar í stað skulu deiluaðilar leitast við að semja um hæfilegan frests til þess. Verði slíkt samkomulag ekki gert er deiluaðila heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn að hann ákvarði frestinn á grundvelli sérstakra aðstæðna. Úrskurður gerðar-

4. In such an event, and after considering such written comments, the arbitration panel, on its own initiative or at the request of any of the Parties to the dispute, may:
(a) request the views of any of the Parties to the dispute;
(b) reconsider its report; and
(c) make any further examination that it considers appropriate.

Article 63
Final Report

1. The arbitration panel shall present to the Parties to the dispute a final report, containing the matters referred to in paragraph 2 of Article 62, including any separate opinions on matters not unanimously agreed, within 30 days of presentation of the initial report.
2. Unless the Parties to the dispute decide otherwise, the final report shall be published 15 days after it is presented to them.

Article 64
Termination of Arbitration Panel Proceedings

A complaining Party may withdraw its complaint at any time before the initial report has been issued. Such withdrawal is without prejudice to its right to introduce a new complaint regarding the same issue at a later point in time.

Article 65
Implementation of Arbitration Panel Reports

1. The final report shall be final and binding on the Parties to the dispute. Each Party to the dispute shall be bound to take the measures involved in carrying out the final report referred to in Article 63.
2. The Party or Parties concerned shall inform the other Party or Parties to the dispute within 30 days after the final report has been issued of its intentions in respect of its implementation.
3. The Parties to the dispute shall endeavour to agree on the specific measures that are required for implementing the final report. Wherever possible, the resolution shall be the removal of a measure not conforming to this Agreement, or failing such a resolution, compensation.
4. The Party or Parties concerned shall promptly comply with the final report. If it is impracticable to comply immediately, the Parties to the dispute shall endeavour to agree on a reasonable period of time to do so. In the absence of such agreement, any Party to the dispute may request the original arbitration panel to determine the length of the reasonable period of time, in light of the particular circumstances of the

dómsins skal liggja fyrir innan 15 daga frá því að beiðnin er lögð fram.
5. Hlutaðeigandi samningsaðili eða samningsaðilar skulu tilkynna hinum deiluaðilanum eða deiluaðilunum um þær ráðstafanir sem samþykktar hafa verið til framkvæmdar lokaskýrslunni, innan hæfilegs frests sem er ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. Þegar tilkynningin berst er deiluaðila heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn að hann felli úrskurð um það hvort þessar ráðstafanir séu í samræmi við lokaskýrsluna. Úrskurður gerðardómsins skal liggja fyrir innan 60 daga frá því að beiðnin er lögð fram.
6. Ef hlutaðeigandi samningsaðili eða samningsaðilar tilkynna ekki um framkvæmdarráðstafanir áður en fresturinn, sem er ákvarðaður í samræmi við 4. mgr., rennur út eða felli gerðardómurinn úrskurð um að framkvæmdarráðstafanir sem hlutaðeigandi samningsaðili eða samningsaðilar hafa tilkynnt um séu ekki í samræmi við lokaskýrsluna skal samningsaðilinn eða samningsaðilarnir hefja samráð, ef kæruaðili eða kæruaðilarnir fara fram á það, með það fyrir augum að ná samkomulagi um viðunandi bætur. Náist samkomulag ekki innan 20 daga frá því að beiðnin var lögð fram er kæruaðila eða kæruaðilum heimilt að fresta einungis þeim ávinningi sem fæst með þessum samningi er jafngildir þeim ávinningi sem leiðir af ráðstöfuninni sem talin er brjóta gegn þessum samningi.
7. Þegar skoðað er hvaða ávinningi rétt er að fresta skal kæruaðili eða kæruaðilar fyrst leitast við að fresta ávinningi í sama geira eða geirum og ráðstöfunin, sem gerðardómurinn hefur ákvarðað að brjóti gegn þessum samningi, fellur undir. Kæruaðili eða kæruaðilar, sem telja það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ávinningi í sama geira eða geirum, geta frestað ávinningi í öðrum geirum.
8. Kæruaðili eða kæruaðilar skulu tilkynna hinum samningsaðilanum eða samningsaðilunum um þann ávinning sem fyrirhugað er að fresta eigi síðar en 60 dögum fyrir þann dag sem frestunin á að koma til framkvæma. Deiluaðila er heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn, innan 15 daga frá tilkynningunni, að hann felli úrskurð um það hvort ávinningur sem kæruaðili eða kæruaðilar hyggjast fresta sé jafngildur þeim ávinningi sem hlýst af ráðstöfun sem talin er brjóta gegn þessum samningi og hvort fyrirhuguð frestun sé í samræmi við 6. og 7. mgr. Úrskurður gerðardómsins skal liggja fyrir innan 45 daga frá því að beiðnin er lögð fram. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómurinn hefur fellt úrskurð sinn.
9. Frestun ávinnings skal vera tímabundin ráðstöfun sem kæruaðili eða kæruaðilar beita einungis þar til ráðstöfunin, sem brýtur í bága við þennan samning,

case. The ruling of the arbitration panel shall be given within 15 days from that request.
5. The Party or Parties concerned shall notify to the other Party or Parties to the dispute the measures adopted in order to implement the final report before the expiry of the reasonable period of time determined in accordance with paragraph 4. Upon that notification, any Party to the dispute may request the original arbitration panel to rule on the conformity of those measures with the final report. The ruling of the arbitration panel shall be given within 60 days from that request.

6. If the Party or Parties concerned fails to notify the implementing measures before the expiry of the reasonable period of time determined in accordance with paragraph 4, or if the arbitration panel rules that the implementing measures notified by the Party or Parties concerned are inconsistent with the final report, such Party or Parties shall, if so requested by the complaining Party or Parties, enter into consultations with a view to agree on a mutually acceptable compensation. If no such agreement has been reached within 20 days from the request, the complaining Party or Parties shall be entitled to suspend only the application of benefits granted under this Agreement equivalent to those affected by the measure found to violate this Agreement.

7. In considering what benefits to suspend, the complaining Party or Parties should first seek to suspend benefits in the same sector or sectors as that affected by the measure that the arbitration panel has found to violate this Agreement. The complaining Party or Parties that consider it is not practicable or effective to suspend benefits in the same sector or sectors may suspend benefits in other sectors.
8. The complaining Party or Parties shall notify the other Party or Parties of the benefits which it intends to suspend no later than 60 days before the date on which the suspension is due to take effect. Within 15 days from that notification, any of the Parties to the dispute may request the original arbitration panel to rule on whether the benefits which the complaining Party or Parties intend to suspend are equivalent to those affected by the measure found to violate this Agreement, and whether the proposed suspension is in accordance with paragraphs 6 and 7. The ruling of the arbitration panel shall be given within 45 days from that request. Benefits shall not be suspended until the arbitration panel has issued its ruling.

9. The suspension of benefits shall be temporary and shall only be applied by the complaining Party or Parties until the measure found to violate this

hefur verið dregin til baka eða henni breytt þannig að hún samrýmist þessum samningi eða deiluaðilar hafa komist að samkomulagi um lausn deilunnar.

10. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, fella úrskurð um það hvort framkvæmdarráðstafanir, sem eru samþykktar eftir að ávinningi er frestað, séu í samræmi við lokaskýrsluna og hvort rétt sé að aflétta eða breyta frestun ávinnings á grundvelli úrskurðarins. Gerðardómurinn skal fella úrskurð sinn innan 30 daga frá dagsetningu beiðninnar.
11. Úrskurðir, sem kveðið er á um í 4., 5., 8. og 10. mgr., eru bindandi.

66. gr.
Önnur ákvæði

Heimilt er að framlengja frest, sem getið er í þessum kafla, með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila.

X. LOKAÁKVÆÐI

67. gr.
Gagnsæi

1. Samningsaðilar skulu birta lög sín eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglum, almennum stjórnsýsluúrskurðum og dómsúrskurðum, svo og alþjóðasamningum sem haft gætu áhrif á framkvæmd þessa samnings.

2. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr.
3. Ekkert í þessum kafla skal túlkað svo að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti af hendi upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindrar framkvæmd laga eða er á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða lögmætum viðskiptahagsmunum atvinnurekanda.

68. gr.
Viðaukar og viðbætar

Viðaukar og viðbætar í þessum samningi eru óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

69. gr.
Breytingar

1. Þegar sameiginlega nefndin hefur samþykkt breytingar á þessum samningi skulu þær lagðar fyrir samningsaðila til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis, með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði hvers samningsaðila.
2. Breytingarnar skulu öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjali varðandi full-

Agreement has been withdrawn or amended so as to bring it into conformity with this Agreement, or the Parties to the dispute have reached agreement on a resolution of the dispute.
10. At the request of any of the Parties to the dispute, the original arbitration panel shall rule on the conformity with the final report of any implementing measures adopted after the suspension of benefits and, in light of such ruling, whether the suspension of benefits should be terminated or modified. The ruling of the arbitration panel shall be given within 30 days from the date of that request.
11. The rulings provided for in paragraphs 4, 5, 8 and 10 shall be binding.

Article 66
Other Provisions

Any time period mentioned in this Chapter may be extended by mutual agreement of the Parties involved.

X FINAL CLAUSES

Article 67
Transparency

1. The Parties shall publish their laws, or otherwise make publicly available their laws, regulations and administrative rulings and judicial decisions of general application as well as their respective international agreements that may affect the operation of this Agreement.
2. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1.

3. Nothing in this Agreement shall require any Party to disclose confidential information, which would impede law enforcement, or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of any economic operator.

Article 68
Annexes and Appendices

The Annexes and Appendices to this Agreement form an integral part thereof.

Article 69
Amendments

1. Amendments to this Agreement shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval, subject to each Party's constitutional requirements.

2. Unless the Joint Committee decides otherwise, the amendments shall enter into force on the first

gildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið komið í vörslu, nema sameiginlega nefndin ákveði annað.
3. Texta breytinga og skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

70. gr.
Nýir samningsaðilar

Hvaða þriðja ríki sem er getur gerst aðili að þessum samningi. Skilmálar og skilyrði fyrir þátttöku þriðja ríkis skal setja í samning milli samningsaðilanna og þess ríkis.

71. gr.
Uppsögn og niðurfelling samningsins

1. Samningsaðili getur dregið til baka aðild sína með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.

2. Dragi Singapúr aðild sína til baka fellur þessi samningur úr gildi þann dag sem tilgreindur er í 1. mgr.

72. gr.
Gildistaka

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjölum er varða fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal komið til vörsluaðilans.
2. Þessi samningur öðlast gildi 1. janúar 2003 gagnvart þeim undirritunaraðilum sem þá hafa komið fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkisskjölum sínum til vörsluaðilans og að því tilskildu að Singapúr sé eitt þeirra ríkja sem hafa komið fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkisskjölum sínum í vörslu.

3. Þegar um er að ræða ríki sem undirritar þennan samning og kemur fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkisskjali sínu í vörslu eftir 1. janúar 2003 öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalinu hefur verið komið til vörsluaðila, að því tilskildu að hann öðlist gildi hjá Lýðveldinu Singapúr eigi síðar en sama dag.
4. Samningsaðili getur, ef stjórnskipuleg skilyrði hans leyfa það, beitt þessum samningi til bráðabirgða á upphafstímabili sem hefst 1. janúar 2003. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu þessa samnings.

73. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Noregs gegnir hlutverki vörsluaðila.

day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.
3. The text of the amendments as well as the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

Article 70
Additional Parties

Any third State may become a Party to this Agreement. The terms and conditions of the participation by such third State shall be the subject of an agreement between the Parties and that State.

Article 71
Withdrawal and Termination

1. Any Party may withdraw therefrom by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect on the first day of the sixth month after the date on which the notification was received by the Depositary.
2. If Singapore withdraws, this Agreement shall expire on the date specified in paragraph 1.

Article 72
Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force on 1 January 2003 in relation to those Signatory States which by then have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with the Depositary, and provided that Singapore is among the States that have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval.
3. In relation to a Signatory State depositing its instrument of ratification, acceptance or approval after 1 January 2003, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument, provided that in relation to the Republic of Singapore this Agreement enters into force at the latest on the same date.
4. Any Party may, if its constitutional requirements permit, apply this Agreement provisionally during an initial period starting on 1 January 2003. Provisional application of this Agreement shall be notified to the Depositary.

Article 73
Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT á Egilsstöðum 26. júní 2002 í einu eintaki á ensku og skal það afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn staðfest afrit.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd Lýðveldisins Singapúr

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtenstein

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

DONE at Egilsstadir, this 26th day of June 2002, in a single original in the English language, which shall be deposited with the Government of Norway. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States.

For the Republic of Iceland

For the Republic of Singapore

For the Principality of Liechtenstein

For the Kingdom of Norway

For the Swiss Confederation

492. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 465 [Fjárlög 2003].

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

Við sérstök yfirlit IV, 3. tölul., Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).

a. 6. undirliður (Sjóminjasafn Íslands) falli brott.

b. Við „Óskipt“. Í stað „10.000“ komi: 10.200.

493. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2003.

(Eftir 2. umr., 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2003 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**232.524,4**	**224.830,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	70.150,0	67.566,1
Skattar á tekjur lögaðila	5.250,0	4.410,0
Tryggingagjöld	27.744,1	26.954,6
Eignarskattar	6.933,0	6.861,0
Virðisaukaskattur	79.700,0	76.512,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	39.166,6	39.089,7
Skattar ótaldir annars staðar	3.580,7	3.436,6
Aðrar rekstrartekjur	**21.396,1**	**17.560,5**
Arðgreiðslur	2.437,0	2.437,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	12.564,0	8.794,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.395,1	6.329,5
Sala eigna	8.540,0	8.540,0
Fjárframlög	1.539,5	1.539,5
Tekjur samtals	**264.000,0**	**252.470,0**

Æðsta stjórn ríkisins	2.293,5	2.293,5
Forsætisráðuneyti	1.020,4	1.020,4
Menntamálaráðuneyti	31.133,8	30.823,8
Utanríkisráðuneyti	5.211,4	5.211,4
Landbúnaðarráðuneyti	11.457,3	11.457,3
Sjávarútvegsráðuneyti	2.734,0	2.734,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	14.323,9	14.323,9
Félagsmálaráðuneyti	21.250,0	20.890,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	98.350,6	98.285,7
Fjármálaráðuneyti	27.959,8	22.247,8
Samgönguráðuneyti	17.565,1	17.685,2
Iðnaðarráðuneyti	3.200,5	3.200,5
Viðskiptaráðuneyti	1.445,3	1.445,3
Hagstofa Íslands	539,2	539,2
Umhverfisráðuneyti	3.256,3	3.256,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.900,0	16.220,0
Gjöld samtals	**257.641,1**	**251.634,3**
Tekjujöfnuður	**6.358,9**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 2003 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	6.358,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-11.068,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.570,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	614,8
Handbært fé frá rekstri	**-7.644,3**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-5.214,0
Afborganir veittra lána	13.200,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-4.900,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	11.500,0
Fjármunahreyfingar samtals	**14.186,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**6.521,7**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	28.400,0
Afborganir lána	-28.400,0
Fjármögnun samtals	**0,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-6.000,0
Breyting á handbæru fé	**521,7**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo, sjá einnig breytingar samkvæmt sérstökum yfirlitum I–III:

00-201 Alþingi

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	593,0
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	45,8
1.03 Fastanefndir	76,5
1.04 Alþjóðasamstarf	95,1
1.06 Almennur rekstur	487,7
1.07 Sérverkefni	29,3
1.10 Rekstur fasteigna	121,3
Almennur rekstur samtals	1.448,7
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	64,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	77,0
Gjöld samtals	**1.589,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**1.582,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.582,1

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	281,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,4
Gjöld umfram tekjur	**269,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	269,6

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	182,0
1.20 Stjórnarráðshús	17,9
Almennur rekstur samtals	199,9
Gjöld samtals	**199,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,9

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	3,9
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,9
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,1
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	14,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,5
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,7
1.19 Efnahagsrannsóknir	40,0
1.23 Hrafnseyri	6,4
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	22,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	4,8
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.90 Ýmis verkefni	14,1
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	35,0
Almennur rekstur samtals	176,4
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	2,5
Gjöld samtals	**178,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**177,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,9

		m.kr.
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	34,7
	Viðhaldsverkefni:	
	5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	19,8
	Gjöld samtals	**54,5**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	54,5
01-241	**Umboðsmaður barna**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Umboðsmaður barna	24,2
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	24,2
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Kennsla	2.394,1
	1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.289,1
	1.13 Háskólasjóður	83,6
	Almennur rekstur samtals	4.766,8
	Viðhaldsverkefni:	
	5.50 Fasteignir	40,0
	Stofnkostnaður:	
	6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	1.034,0
	Gjöld samtals	**5.840,8**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-939,6
	Gjöld umfram tekjur	**4.901,2**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	3.694,3
	Innheimt af ríkistekjum	896,9
	Viðskiptahreyfingar	310,0

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	84,4
1.20 Bókaútgáfa	11,9
Almennur rekstur samtals	96,3
Gjöld samtals	**96,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**90,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,8

02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Örnefnastofnun Íslands	15,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**14,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,6

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	20,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin	17,9
1.73 Reykjavíkurakademían	10,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	47,0
1.91 Háskólar, óskipt	137,6
Almennur rekstur samtals	232,5
Gjöld samtals	**232,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	232,5

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	472,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	26,0
Stofnkostnaður samtals	498,0
Gjöld samtals	**498,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	498,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	59,2
1.12 Orlof kennara	91,5
1.13 Forfallakennsla	37,7
1.14 Sérkennsla	298,8
1.15 Prófkostnaður	53,5
1.16 Nýjungar í skólastarfi	28,7
1.17 Námsskrárgerð	34,0
1.18 Námsefnisgerð	18,2
1.19 Kennslueftirlit	5,8
1.21 Nám tannsmiða	9,4
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	6,5
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,7
1.26 Þróunarsjóður	14,9
1.27 Íslenskukennsla	16,3
1.28 Mat á skólastarfi	32,9
1.30 Endurmenntun	25,4
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	9,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	17,8
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	1,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	287,2
Almennur rekstur samtals	1.049,0
Gjöld samtals	**1.049,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.049,0

02-451 Símenntun og fjarkennsla

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.11 Símenntun og fjarkennsla	22,0
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	9,0
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9,0
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	9,0
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	9,0
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	9,0
1.26 Fræðslunet Austurlands	9,0
1.27 Fræðslunet Suðurlands	9,0
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	9,0
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	9,0
Almennur rekstur samtals	103,0
Gjöld samtals	**103,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,0

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.028,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.028,0

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fornleifavernd ríkisins	34,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,9

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	238,9
1.10 Byggða- og minjasöfn	28,0
1.11 Hönnunarsafn Íslands	4,5
Almennur rekstur samtals	271,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum	7,0
Stofnkostnaður samtals	9,0
Gjöld samtals	**280,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,4
Gjöld umfram tekjur	**269,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	269,0

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	445,2
Stofnkostnaður:	
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**515,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,6
Gjöld umfram tekjur	**444,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	444,6

02-919 Söfn, ýmis framlög

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	5,0
1.11 Nýlistasafn	5,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	6,0
1.41 Galdrasýning á Ströndum	7,0
1.90 Söfn, ýmis framlög	33,6
Almennur rekstur samtals	56,6
Stofnkostnaður:	
6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	7,0
6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík	7,0
6.25 Geysisstofa í Haukadal	7,0
6.28 Sögusafnið í Reykjavík	7,0
6.29 Endurbygging á Brydebúð	3,0
6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi	4,0
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	7,0
6.38 Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði	6,0
6.39 Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði	3,5
6.40 Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði	3,5
6.41 Safnahús í Búðardal	7,0
6.43 Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri	4,0
6.44 Saltfisksetur Íslands í Grindavík	7,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	45,0
Stofnkostnaður samtals	118,0
Gjöld samtals	**174,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,6

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	344,0
6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðustefnumiðstöðvar í Reykjavík	45,3
6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	7,0
6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	7,0
Stofnkostnaður samtals	403,3
Gjöld samtals	**403,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 403,3

02-979 Húsafriðunarnefnd

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarnefnd 80,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,3

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Bókasafnssjóður höfunda 19,3
1.15 Þýðingarsjóður 8,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður 6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga 17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 35,0
1.25 Tónlistarstarfsemi 5,5
1.27 Tónlist fyrir alla 5,0
1.28 Barnamenningarsjóður 2,5
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin 10,6
1.30 Íslenska óperan 156,5
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi 63,7
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál 34,0
1.55 Menningarkynning í Frakklandi 10,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 33,6
1.76 Menningarsjóður félagsheimila 8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík 16,0

	m.kr.
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.84 Samningur við Menningarborgarsjóð	15,0
1.90 Listir	47,8
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	19,5
Almennur rekstur samtals	522,0
Stofnkostnaður:	
6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	17,0
Gjöld samtals	**539,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	539,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	5,8
1.11 Styrkir til útgáfumála	12,5
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	9,8
1.20 Iðnsaga Íslands	3,3
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,6
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	8,0
1.51 Fræða- og þekkingasetur	10,0
Almennur rekstur samtals	54,0
Gjöld samtals	**54,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,0

02-988 Æskulýðsmál

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands	52,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta	17,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	1,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	25,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir	1,5
1.90 Æskulýðsmál	12,7
Almennur rekstur samtals	113,7
Gjöld samtals	**113,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,7

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	74,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	4,0
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	18,5
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	5,8
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	4,0
1.21 Skáksamband Íslands	8,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	7,4
1.24 Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004	20,0
1.25 Skákskóli Íslands	6,0
1.29 Afreksmannasjóður	25,0
1.30 Bridgesamband Íslands	8,0
1.90 Ýmis íþróttamál	11,9
Almennur rekstur samtals	212,6

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	20,0
6.54 Gaddstaðir, reiðskemma	7,0
6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	7,0
Stofnkostnaður samtals	34,0
Gjöld samtals	**246,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	246,6

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5
1.43 Skriðuklaustur	10,8
1.44 Snorrastofa	5,9
1.46 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.51 Fornleifasjóður	5,0
1.90 Ýmis framlög	52,4
Almennur rekstur samtals	86,6
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	6,0
Gjöld samtals	**92,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,6

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	644,5
1.02 Varnarmálaskrifstofa	70,0
1.53 Þýðingamiðstöð	45,4
Almennur rekstur samtals	759,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,2
Gjöld samtals	**769,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**763,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	763,8

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	5,4
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	5,4
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	11,3
1.90 Ýmis verkefni	8,0
Almennur rekstur samtals	40,5
Gjöld samtals	**40,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,5

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	57,5
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	346,3
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	262,8
1.30 Fíkniefnaeftirlit	12,4
Almennur rekstur samtals	679,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**683,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-175,7
Gjöld umfram tekjur	**507,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	460,3
Innheimt af ríkistekjum	47,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	67,4
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	9,3
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	20,0
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	10,4
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	54,6
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	2,8
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	18,5
Almennur rekstur samtals	183,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**185,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	185,0

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	188,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,5
Gjöld umfram tekjur	**178,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	178,3

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,9
1.12 Mat á búvörum	11,7
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5,9
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	25,0
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	4,1
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,6
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2,1
1.90 Ýmis verkefni	31,8
Almennur rekstur samtals	91,7
Gjöld samtals	**91,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,0
Innheimt af ríkistekjum	11,7

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins	100,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	8,2

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,2
Gjöld samtals	**110,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,4
Gjöld umfram tekjur	**99,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,1

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	159,4
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	80,3
1.90 Sérstök verkefni	67,2
Almennur rekstur samtals	306,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	6,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,2
6.20 Fasteignir, óskipt	9,1
Stofnkostnaður samtals	15,3
Gjöld samtals	**328,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-106,3
Gjöld umfram tekjur	**222,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	222,1

04-331 Héraðsskógar

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	101,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**99,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,7

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:	
1.10 Suðurlandsskógar	89,7
1.13 Vesturlandsskógar	52,9
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	39,5
1.16 Norðurlandsskógar	89,7
1.17 Austurlandsskógar	22,4
Almennur rekstur samtals	294,2
Gjöld samtals	**294,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	294,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.935,4
1.02 Lífeyrissjóður bænda	148,4
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	280,0
Almennur rekstur samtals	4.363,8
Gjöld samtals	**4.363,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.083,8
Innheimt af ríkistekjum	280,0

05-190 Ýmis verkefni

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	16,0
1.23 Matvælasetur	5,8
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	20,9
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	25,8
1.49 Úrskurðarnefndir	14,1
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	10,2
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	22,9
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	5,3
1.90 Ýmislegt	30,7
Almennur rekstur samtals	170,8
Stofnkostnaður:	
6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	7,0
Gjöld samtals	**177,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,8

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	43,9
1.11 Námsleyfi lögfræðinga	2,9
1.40 Alþjóðasamstarf	6,3
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0
1.47 Íslensk ættleiðing	5,0
1.51 Innheimta meðlaga	3,5
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga	3,4
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð	0,3
1.82 Biblíuþýðingar	2,6
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	1,8
Almennur rekstur samtals	73,7
Gjöld samtals	**73,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,3
Gjöld umfram tekjur	**55,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,2
Innheimt af ríkistekjum	3,2

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	80,0
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	4,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	88,3
Gjöld samtals	**88,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**87,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,4

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	639,0
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	175,9
Almennur rekstur samtals	814,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,0
6.11 Bifreiðar	86,5
Stofnkostnaður samtals	101,5
Gjöld samtals	**916,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-276,6
Gjöld umfram tekjur	**639,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	634,5
Innheimt af ríkistekjum	5,3

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.066,0
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	78,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**1.149,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**1.119,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.119,0

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	223,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**223,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,4

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	35,7
1.05 Innheimta sekta	24,3
1.20 Löggæsla	34,2
Almennur rekstur samtals	94,2
Gjöld samtals	**94,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**93,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,8

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	51,5
1.20 Löggæsla	75,0
1.40 Tollgæsla	12,4
Almennur rekstur samtals	138,9
Gjöld samtals	**138,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**132,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,5

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.11 Húsnæði sýslumanns í Reykjavík	2,5
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	15,0
6.34 Húsnæði sýslumanns í Keflavík	15,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	25,0
Stofnkostnaður samtals	62,5
Gjöld samtals	**67,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,5

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	594,3
1.13 Kirkjugarðasjóður	50,7
Almennur rekstur samtals	645,0
Gjöld samtals	**645,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	645,0

07-302 Ríkissáttasemjari

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	51,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,9

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	101,0
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	428,9
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	94,7
Almennur rekstur samtals	624,6
Gjöld samtals	**624,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	624,6

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	29,0
1.80 Starfsþjálfun	25,4
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	6,3
1.90 Ýmis verkefni	12,0
1.91 Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	128,8
1.93 Ný sambýli	44,3
Almennur rekstur samtals	245,8
Gjöld samtals	**245,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,8

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	140,9
1.10 Svæðisráð	1,1
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	39,7
Almennur rekstur samtals	181,7
Gjöld samtals	**181,7**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,1
Gjöld umfram tekjur	**169,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,6

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið Skálatúni	199,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**198,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,1

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	481,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**441,1**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	381,1
Viðskiptahreyfingar	60,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	2.472,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	58,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	115,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	175,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd	33,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	112,0
1.41 Framlög og styrkir	81,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	57,0
Almennur rekstur samtals	3.163,0
Gjöld samtals	**3.163,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-801,0
Gjöld umfram tekjur	**2.362,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
Innheimt af ríkistekjum	2.057,0
Viðskiptahreyfingar	300,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	26,9
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992	224,0
1.30 Sjómannastofur	0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	58,5
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	12,5
1.35 Félag heyrnarlausra	5,2
1.36 Félagið Geðhjálp	9,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	27,4
1.41 Stígamót	20,0
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	19,7
1.44 Byrgið, líknarfélag	12,7
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	2,7
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	8,2

	m.kr.
1.49 Móttaka flóttamannahópa	40,3
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	16,5
1.90 Ýmis framlög	14,5
Almennur rekstur samtals	498,6
Gjöld samtals	**498,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	498,6

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	309,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**312,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**309,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	309,6

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	290,0
1.15 Umönnunarbætur	961,0
1.21 Makabætur	55,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	63,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	438,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	73,0
1.41 Heimilisuppbót	2.160,0
1.51 Uppbætur	2.821,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	198,0
Almennur rekstur samtals	7.059,0
Gjöld samtals	**7.059,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.059,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	6.560,0
1.15 Örorkulífeyrir	2.705,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	8.090,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.905,0
1.26 Tekjutryggingarauki	750,0
1.31 Örorkustyrkur	138,0
1.35 Barnalífeyrir	1.550,0
1.91 Annað	78,0
Almennur rekstur samtals	23.776,0
Gjöld samtals	**23.776,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.886,0
Innheimt af ríkistekjum	18.890,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	3.023,7
1.15 Lyf	5.573,0
1.21 Hjálpartæki	1.300,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	126,0
1.31 Þjálfun	1.198,0
1.35 Tannlækningar	1.126,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	167,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	601,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	138,0
1.55 Sjúkradagpeningar	252,0
1.91 Annað	122,0
Almennur rekstur samtals	13.626,7
Gjöld samtals	**13.626,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13.626,7

08-301 Landlæknir

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	155,4
1.10 Læknaráð	2,8
1.20 Sjúkraflutningaráð	0,7
1.30 Slysavarnaráð	12,8
1.40 Siðaráð	1,0
Almennur rekstur samtals	172,7
Gjöld samtals	**172,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,7
Innheimt af ríkistekjum	2,0

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	24.690,0
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	248,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	218,0
6.21 Barnaspítali	90,0
Stofnkostnaður samtals	308,0
Gjöld samtals	**25.246,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.877,0
Gjöld umfram tekjur	**23.369,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23.269,0
Innheimt af ríkistekjum	100,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	280,1

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	77,5
Gjöld samtals	**357,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	357,6

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	20,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	264,0
Stofnkostnaður samtals	281,4
Gjöld samtals	**301,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	301,4

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	21,1
1.14 Lyfjaverðsnefnd	6,2
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	25,0
1.17 Vísindasiðanefnd	18,9
1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum	8,0
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	15,8
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	209,2
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	39,4
1.36 Stórstúka Íslands	1,5
1.37 Skrifstofa líknarfélaga	5,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	5,9
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,4
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	114,8

	m.kr.
1.45 Útgáfa lyfjaskráa	3,2
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	55,4
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	101,2
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	38,7
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,3
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	20,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	12,1
1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrarsaltslöndunum	6,7
1.90 Ýmis framlög	63,8
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	810,8
Gjöld samtals	**810,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,0
Gjöld umfram tekjur	**779,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	754,8
Innheimt af ríkistekjum	25,0

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	202,3
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	20,3
Almennur rekstur samtals	222,6
Gjöld samtals	**222,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-60,0
Gjöld umfram tekjur	**162,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	162,6

08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	276,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna hjúkrunarheimila	188,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	322,4
Gjöld samtals	**786,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	722,0
Viðskiptahreyfingar	64,9

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	113,6
1.15 Dagvist	4,3
1.81 Sjúkrarými og fæðingar	43,8
Almennur rekstur samtals	161,7
Gjöld samtals	**161,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**154,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,1

08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:	
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar	88,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	88,7

08-621 Forvarnasjóður

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð	8,1
1.90 Forvarnasjóður	70,5
Almennur rekstur samtals	78,6
Gjöld samtals	**78,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,9
Innheimt af ríkistekjum	66,7

09-103 Fjársýsla ríkisins

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	306,8
1.41 Launagreiðslukerfi	43,6
1.43 Tekjubókhaldskerfi	203,3
1.45 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	50,1
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	183,4
1.48 Innheimtuskilakerfi	16,3
1.49 Forsendukerfi innheimtugagna	16,1
Almennur rekstur samtals	819,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	10,0
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	25,0
6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríkisins	7,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	186,5
Stofnkostnaður samtals	234,5
Gjöld samtals	**1.054,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**1.053,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.053,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	190,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

	m.kr.
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga	14,5
Stofnkostnaður:	
6.26 Grensásvegur 9	100,0
Gjöld samtals	**114,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	114,5

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	1.021,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.021,2

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	5,6
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,3
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	48,5
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	24,1
1.25 Staðsetningarkerfi	6,1
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	11,9
1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg	48,9
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	14,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	300,0
1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	7,5
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	66,5
1.48 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.90 Ýmislegt	19,4
Almennur rekstur samtals	583,1

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0
Gjöld samtals	**593,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	593,1

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	51,3
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis	92,1
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	31,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	12,3
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	49,8
1.81 Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu	8,0
Almennur rekstur samtals	244,5
Gjöld samtals	**244,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,2
Gjöld umfram tekjur	**241,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	241,3

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	110,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,1
Gjöld samtals	**111,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,3

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	31,7
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	6,7
1.30 Alþjóðlegt samstarf	19,5
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar	83,4
1.50 Nýsköpun og markaðsmál	36,6
Almennur rekstur samtals	187,9
Gjöld samtals	**187,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	156,2
Innheimt af ríkistekjum	31,7

13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	7,9
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	8,1
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	28,2
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,0
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	22,5
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,5
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	6,5

	m.kr.
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	3,0
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	6,7
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	14,8
1.90 Ýmis verkefni	8,0
Almennur rekstur samtals	160,3
Gjöld samtals	**160,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,3

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	517,6
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	19,5
Almennur rekstur samtals	537,1
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	6,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	38,0
Gjöld samtals	**581,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-52,8
Gjöld umfram tekjur	**528,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	483,5
Innheimt af ríkistekjum	44,8

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,5
1.02 Setur í Reykjavík	216,1
1.03 Setur á Akureyri	47,9
Almennur rekstur samtals	282,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	0,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
Gjöld samtals	**290,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-120,7
Gjöld umfram tekjur	**169,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,3

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	12,0
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	7,5
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	11,0
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	11,0
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	7,5
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	7,5
Almennur rekstur samtals	56,5
Gjöld samtals	**56,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,5

14-410 Veðurstofa Íslands

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	433,8
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	115,2
Almennur rekstur samtals	549,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	28,5
Gjöld samtals	**577,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-164,8
Gjöld umfram tekjur	**412,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	412,7

Til viðbótar fyrrtöldum liðum uppfærast liðir samkvæmt eftirfarandi yfirlitum I–III.

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Framlög til öldrunarstofnana.

Fjárheimild að fjárhæð 145 m.kr. á liðnum 08-401 Hjúkrunarheimili, almennt sem ætluð er til verkefna öldrunarstofnana skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		Gjöld	Sértekjur	Alls
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	-3,1		-3,1
08-405-1.01	Hrafnista, Reykjavík	24,8	-10,1	14,7
08-406-1.01	Hrafnista, Hafnarfirði	19,4	-8,3	11,1
08-407-1.01	Grund, Reykjavík	48,8	-11,3	37,5
08-408-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	14,0	-3,6	10,4
08-409-1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	8,8	-6,0	2,8
08-410-1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	12,2	-7,1	5,1
08-411-1.01	Garðvangur, Garði	-2,2	-1,9	-4,1
08-412-1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-16,9	-3,1	-20,0
08-413-1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	8,8	-3,8	5,0
08-414-1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	8,9	-1,6	7,3
08-415-1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	5,7	-1,1	4,6
08-416-1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	1,3	-1,0	0,3
08-417-1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	1,9	-0,4	1,5
08-418-1.01	Seljahlíð, Reykjavík	6,7	-1,8	4,9
08-419-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	-21,7	-3,7	-25,4
08-421-1.01	Víðines	-14,0	-1,1	-15,1
08-423-1.01	Höfði, Akranesi	5,9	-2,1	3,8
08-424-1.01	Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	7,7	-1,4	6,3
08-425-1.01	Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	1,5	-0,5	1,0
08-426-1.01	Fellaskjól, Grundarfirði	2,0	-0,6	1,4
08-427-1.01	Jaðar, Ólafsvík	2,1	-0,4	1,7
08-428-1.01	Fellsendi, Búðardal	16,8	-1,6	15,2
08-429-1.01	Barmahlíð, Reykhólum	0,5	-0,6	-0,1
08-433-1.01	Dalbær, Dalvík	7,2	-1,5	5,7
08-434-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	16,8	-6,0	10,8
08-436-1.01	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,9	-0,7	0,2
08-437-1.01	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, öldrunarþj.	-32,7	0,3	-32,4
08-438-1.01	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1,9	-0,8	1,1
08-439-1.01	Hjallatún, Vík	2,2	-0,6	1,6
08-440-1.01	Kumbaravogur, Stokkseyri	9,5	-2,4	7,1
08-441-1.01	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10,2	-1,7	8,5
08-442-1.01	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	6,3	-1,5	4,8
08-443-1.01	Holtsbúð, Garðabæ	-0,7	-1,2	-1,9
08-447-1.01	Sóltún, Reykjavík	0,0	34,2	34,2

08-437-1.81	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, millif. sjúkrarými	38,4		38,4
	Samtals	**200,0**	**-55,0**	**145,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Framlög samkvæmt kjarasamningum til að bæta kjör þeirra sem lakast eru settir.

Fjárheimild að fjárhæð 262,9 m.kr. á lið 09-989 Launa- og verðlagsmál, sem í samræmi við bókanir með kjarasamningi við Starfsmannafélag ríkisstarfsmanna er ætluð til að bæta kjör þeirra sem lakast eru settir, skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
00-101-1.01	Embætti forseta Íslands, yfirstjórn	0,4
01-241-1.01	Umboðsmaður barna, almennur rekstur	0,1
01-251-1.01	Þjóðmenningarhúsið, almennur rekstur	0,4
01-271-1.01	Ríkislögmaður, almennur rekstur	0,1
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, almennur rekstur	0,1
02-201-1.02	Háskóli Íslands, rannsóknir og önnur verkefni	8,7
02-202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum, almennur rekstur	0,8
02-203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans, yfirstjórn	1,1
02-205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, almennur rekstur	0,4
02-210-1.02	Háskólinn á Akureyri, rannsóknir og önnur verkefni	1,7
02-211-1.01	Tækniháskóli Íslands, almennur rekstur	0,5
02-215-1.02	Kennaraháskóli Íslands, rannsóknir og önnur verkefni	2,0
02-223-1.01	Námsmatsstofnun, almennur rekstur	0,4
02-231-1.01	Rannsóknarráð Íslands, almennur rekstur	0,2
02-301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík, almennur rekstur	0,4
02-302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri, almennur rekstur	0,6
02-303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni, almennur rekstur	0,3
02-304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð, almennur rekstur	0,6
02-305-1.01	Menntaskólinn við Sund, almennur rekstur	0,5
02-306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði, almennur rekstur	0,2
02-307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum, almennur rekstur	0,2
02-308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi, almennur rekstur	0,8
02-309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík, almennur rekstur	0,3
02-350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, almennur rekstur	0,8
02-351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla, almennur rekstur	0,5
02-352-1.01	Flensborgarskóli, almennur rekstur	0,2
02-353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, almennur rekstur	0,4
02-354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands, almennur rekstur	0,3
02-360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, almennur rekstur	0,4
02-365-1.01	Borgarholtsskóli, almennur rekstur	0,7
02-430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, almennur rekstur	0,3
02-441-1.02	Fullorðinsfræðsla fatlaðra, annað en kennsla	0,1
02-506-1.01	Vélskóli Íslands, almennur rekstur	0,2

02-507-1.01	Stýrimannaskólinn í Reykjavík, almennur rekstur	0,1
02-514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík, almennur rekstur	1,1
02-564-1.02	Listdansskólinn, annað en kennsla	0,9
02-571-1.01	Sjómannaskólahúsið, almennur rekstur	0,1
02-725-1.01	Námsgagnastofnun, almennur rekstur	1,0
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands, almennur rekstur	0,6
02-903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands, almennur rekstur	0,6
02-905-1.01	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, almennur rekstur	2,0
02-907-1.01	Listasafn Íslands, almennur rekstur	0,7
02-909-1.01	Blindrabókasafn Íslands, almennur rekstur	0,3
02-972-1.01	Íslenski dansflokkurinn, almennur rekstur	0,9
02-973-1.01	Þjóðleikhús, almennur rekstur	6,5
02-981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands, almennur rekstur	0,4
03-201-1.01	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, yfirstjórn	0,4
04-211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins, almennur rekstur	1,2
04-221-1.01	Veiðimálastofnun, almennur rekstur	0,3
04-233-1.01	Yfirdýralæknir, almennur rekstur	0,5
04-261-1.01	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði, almennur rekstur	1,1
04-271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal, almennur rekstur	1,7
04-283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins, almennur rekstur	0,4
04-293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins, almennur rekstur	0,1
04-311-1.01	Landgræðsla ríkisins, almennur rekstur	1,4
04-321-1.01	Skógrækt ríkisins, almennur rekstur	1,1
05-202-1.01	Hafrannsóknastofnunin, almenn starfsemi	2,8
05-203-1.01	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, almenn starfsemi	1,2
05-204-1.01	Fiskistofa, almennur rekstur	7,0
05-213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs, almennur rekstur	0,1
05-901-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna, yfirstjórn	0,5
06-201-1.01	Hæstiréttur, yfirstjórn	0,2
06-210-1.01	Héraðsdómstólar, almennur rekstur	2,5
06-251-1.01	Persónuvernd, almennur rekstur	0,1
06-301-1.05	Ríkissaksóknari, almennur rekstur	0,3
06-303-1.01	Ríkislögreglustjóri, almennur rekstur	1,1
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins, almennur rekstur	0,1
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík, almennur rekstur	3,7
06-333-1.01	Umferðarstofa, almennur rekstur	0,9
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands, almennur rekstur	2,6
06-398-1.01	Útlendingastofnun, almennur rekstur	0,7
06-411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík, yfirstjórn	2,1
06-412-1.01	Sýslumaðurinn á Akranesi, yfirstjórn	0,6
06-413-1.01	Sýslumaðurinn í Borgarnesi, yfirstjórn	0,4
06-414-1.01	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi, yfirstjórn	0,5
06-415-1.01	Sýslumaðurinn í Búðardal, yfirstjórn	0,1
06-416-1.01	Sýslumaðurinn á Patreksfirði, yfirstjórn	0,3
06-417-1.01	Sýslumaðurinn í Bolungarvík, yfirstjórn	0,2
06-418-1.01	Sýslumaðurinn á Ísafirði, yfirstjórn	0,6
06-419-1.01	Sýslumaðurinn á Hólmavík, yfirstjórn	0,2

06-420-1.01	Sýslumaðurinn á Blönduósi, yfirstjórn	0,4
06-421-1.01	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, yfirstjórn	0,6
06-422-1.01	Sýslumaðurinn á Siglufirði, yfirstjórn	0,3
06-423-1.01	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði, yfirstjórn	0,1
06-424-1.01	Sýslumaðurinn á Akureyri, yfirstjórn	1,5
06-425-1.01	Sýslumaðurinn á Húsavík, yfirstjórn	0,6
06-426-1.01	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, yfirstjórn	0,7
06-428-1.01	Sýslumaðurinn á Eskifirði, yfirstjórn	0,5
06-429-1.01	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði, yfirstjórn	0,2
06-430-1.01	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal, yfirstjórn	0,2
06-431-1.01	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, yfirstjórn	0,4
06-432-1.01	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, yfirstjórn	0,4
06-433-1.01	Sýslumaðurinn á Selfossi, yfirstjórn	1,1
06-434-1.01	Sýslumaðurinn í Keflavík, yfirstjórn	1,5
06-436-1.01	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, yfirstjórn	2,5
06-437-1.01	Sýslumaðurinn í Kópavogi, yfirstjórn	1,7
06-501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins, almennur rekstur	9,3
07-302-1.01	Ríkissáttasemjari, almennur rekstur	0,1
07-313-1.01	Jafnréttisstofa, almennur rekstur	0,1
07-400-1.01	Barnaverndarstofa, yfirstjórn	1,7
07-700-1.90	Málefni fatlaðra, ýmis verkefni	1,0
07-701-1.01	Málefni fatlaðra, Reykjavík, almennur rekstur	16,7
07-702-1.01	Málefni fatlaðra, Reykjanesi, almennur rekstur	16,1
07-703-1.01	Málefni fatlaðra, Vesturlandi, almennur rekstur	1,9
07-704-1.01	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum, almennur rekstur	1,6
07-705-1.86	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra, samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	0,2
07-706-1.86	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra, samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,5
07-707-1.01	Málefni fatlaðra, Austurlandi, almennur rekstur	0,8
07-708-1.01	Málefni fatlaðra, Suðurlandi, almennur rekstur	2,2
07-708-1.86	Málefni fatlaðra, Suðurlandi, samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	0,8
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna, almennur rekstur	2,8
07-720-1.70	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ, almennur rekstur	3,2
07-980-1.01	Vinnumálastofnun, yfirstjórn	2,7
08-201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins, almennur rekstur	8,6
08-301-1.01	Landlæknir, yfirstjórn	0,5
08-324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, almennur rekstur	0,8
08-326-1.01	Sjónstöð Íslands, almennur rekstur	0,3
08-327-1.01	Geislavarnir ríkisins, almennur rekstur	0,2
08-373-1.01	Landspítali – háskólasjúkrahús, almennur rekstur	56,0
08-397-1.01	Lyfjastofnun, almennur rekstur	0,4
08-505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík, almennur rekstur	4,0
08-510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, almennur rekstur	2,9
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði, almennur rekstur	0,3
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði, almennur rekstur	1,5

09-201-1.01	Ríkisskattstjóri, yfirstjórn	2,5
09-202-1.01	Skattstofan í Reykjavík, almennur rekstur	2,4
09-203-1.01	Skattstofa Vesturlands, almennur rekstur	0,5
09-204-1.01	Skattstofa Vestfjarða, almennur rekstur	0,3
09-205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra, almennur rekstur	0,4
09-206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra, almennur rekstur	1,1
09-207-1.01	Skattstofa Austurlands, almennur rekstur	0,4
09-208-1.01	Skattstofa Suðurlands, almennur rekstur	0,7
09-209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja, almennur rekstur	0,1
09-211-1.01	Skattstofa Reykjaness, almennur rekstur	1,8
09-214-1.01	Yfirskattanefnd, almennur rekstur	0,3
09-215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins, almennur rekstur	0,6
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík, almennur rekstur	7,1
09-402-1.01	Fasteignamat ríkisins, almennur rekstur	2,2
10-335-1.01	Siglingastofnun Íslands, yfirstjórn	3,0
10-651-1.01	Ferðamálaráð, almennur rekstur	0,5
11-201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands, almennur rekstur	1,5
11-203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, almennur rekstur	1,1
11-301-1.01	Orkustofnun, yfirstjórn	2,0
12-302-1.01	Löggildingarstofa, almennur rekstur	0,6
12-902-1.01	Samkeppnisstofnun, almennur rekstur	0,3
14-211-1.01	Umhverfisstofnun, almennur rekstur	1,0
14-301-1.01	Skipulagsstofnun, almennur rekstur	0,3
14-310-1.01	Landmælingar Íslands, almennur rekstur	0,6
14-401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands, yfirstjórn	0,7
14-410-1.01	Veðurstofa Íslands, almenn starfsemi	4,1
	Samtals	**262,9**

SÉRSTÖK YFIRLIT III

Framlög samkvæmt kjarasamningi við Læknafélag Íslands.

Fjárheimild að fjárhæð 80 m.kr. á liðnum 09-989 Launa- og verðlagsmál í samræmi við bókun með kjarasamningi við Læknafélag Íslands skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	8,0
08-373-1.01	Landspítali, háskólasjúkrahús	56,7
08-711-1.11	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	2,5
08-715-1.11	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	0,5
08-721-1.11	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	0,4
08-725-1.11	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	0,8
08-731-1.11	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	0,4
08-735-1.11	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	0,3
08-741-1.11	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	0,3
08-745-1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	0,5
08-751-1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	1,0

08-755-1.11	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	0,4
08-761-1.11	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	1,3
08-777-1.11	Heilbrigðisstofnun Austurlands	2,8
08-781-1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	1,0
08-785-1.11	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	0,9
08-791-1.11	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	1,5
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	0,7
	Samtals	**80,0**

Sundurliðun 2.

Sundurliðun óskiptra hluta í A-hluta.

		Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269-5.21 og 6.21).		
1.	Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni, viðhald húsa	20.000
2.	Tilraunastöð HÍ að Keldum, viðhald húsa	10.000
3.	Háskólinn á Akureyri, nýbygging	100.000
4.	Norræna eldfjallamiðstöðin, flutningur í Náttúrufræðihús	20.000
5.	Háskólinn á Akureyri, rannsóknahús	10.000
6.	Viðhald, óskipt	10.000
	Samtals	**170.000**
2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318-6.90 og 6.95).		
1.	Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	50.000
2.	Sjómannaskólahús, endurbygging	40.000
3.	Menntaskólinn í Reykjavík	20.000
4.	Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör á samningum	50.000
5.	Fjölbrautaskóli Vesturlands	10.000
6.	Verkmenntaskólinn á Akureyri, samningur	70.000
7.	Sjálfseignarstofnunin Lundur, samningur um heimavist við Menntaskólann á Akureyri	15.000
8.	Framhaldsskólinn á Laugum, sundlaug	10.000
9.	Menntaskólinn á Egilsstöðum	20.000
10.	Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, uppgjör á samningum	10.000
11.	Framhaldsskólar á Suðurlandi og Reykjanesi, óskipt	97.000
12.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	50.000
13.	Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbygging	40.000
14.	Menntaskólinn á Laugarvatni, tæki	6.000
15.	Tæki og búnaður, óskipt	10.000
	Samtals	**498.000**
3. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).		
1.	Kvennasögusafn Íslands	500
2.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
3.	Húni II	1.500
4.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, undirbúningur flutninga	1.000

5.	Undirbúningur Sturlusafns í Dölum	200
6.	Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	200
7.	Fjarðabyggð, Sjóminja og smiðjumunasafn, Neskaupstað	2.000
8.	Fjarðabyggð, Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	1.000
9.	Sædýrasafnið í Höfnum	3.500
10.	Herhúsið, Siglufirði	1.000
11.	Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar	2.000
12.	Kirkjubæjarstofa	5.000
13.	Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3.000
	Óskipt	10.200
	Samtals	**33.600**

4. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-690).

1.	Reykjanesbær, kynning á söguslóðum tengdum landnámstíma	7.000
2.	Búnaðarsögusafn Eyjafjarðar	3.000
3.	Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík, uppbygging húsa	7.000
4.	Uppbygging Tónminjaseturs Íslands á Stokkseyri	7.000
5.	Safn um myndlist Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað	7.000
6.	Jöklasetur á Hornafirði	7.000
7.	Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	7.000
	Samtals	**45.000**

5. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969-6.21).

1.	Þjóðminjasafn Íslands, endurbygging Þjóðminjasafnshúss	210.000
2.	Þjóðminjasafn Íslands, endurbætur gamalla húsa í vörslu safnsins	55.000
3.	Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	25.000
4.	Þjóðskjalasafn Íslands	10.000
5.	Þjóðleikhús, endurbætur	10.000
6.	Listasafn Íslands	10.000
7.	Skriðuklaustur, endurbætur	7.000
8.	Stöðvarhreppur, samkomuhús	2.000
9.	Viðhald, óskipt	15.000
	Samtals	**344.000**

6. Listir, framlög (02-982-1.90).

1.	Sumartónleikar við Mývatn, kórstefna	400
2.	Félag íslenskra tónlistarmanna, tónleikahald á landsbyggðinni	1.200
3.	Listvinafélag Vestmannaeyja, tónlistarhátíð	400
4.	Efling Stykkishólms, tónleikahald	400
5.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss, tónlistarhátíð	400
6.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400
7.	Leikbrúðuland, leiksýningar	1.200
8.	Samband íslenskra mynlistarmanna, rekstrarstyrkur	2.500
9.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	400

10.	Stórsveit Reykjavíkur, tónleikahald	400
11.	Möguleikhúsið, breytingar á sýningarhúsnæði	500
12.	Harmonikkufélag Vestfjarða, safn	300
13.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	500
14.	Tónhátíð í Þjórsárveri, tónlistarhátíð	400
15.	Hrunamannahreppur, stofa Fjalla-Eyvindar	100
16.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	400
17.	Skemmtihúsið við Laufásveg	3.000
18.	Tónlistarfélagið ÚT	5.000
19.	Dalabyggð, Leifshátíð	500
20.	Rannsóknarstofnun í helgisiðafræðum í Skálholti	7.000
21.	Menningarráð Austurlands	1.000
	Óskipt	21.400
	Samtals	**47.800**

7. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Færeysk orðabók	2.500
2.	Örlygur Hálfdánarson, ritverk um íslenska þjóðmenningu	1.000
3.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi, tímaritið Börn og menning	400
4.	Jón Björnsson, Íslensk áraskip á 19. og 20. öld	500
5.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	1.500
6.	Eyrbyggjar – sögunefnd Eyrarsveitar, útgáfa rits	400
7.	Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals	1.000
8.	Menningarsaga Skarðstrendinga	200
9.	Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd	1.000
10.	Þróun glímu í íslensku þjóðfélagi í ellefu aldir	500
	Óskipt	3.500
	Samtals	**12.500**

8. Norræn samvinna (02-984-1.90).

	Norræna félagið, rekstur og sérverkefni	3.000
	Óskipt	10.000
	Samtals	**13.000**

9. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Snorraverkefnið, samskiptaverkefni við Vestur-Íslendinga	5.000
3.	NSU – Norræn samtök um ungmennastarf	1.200
4.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi	3.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**12.700**

10. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	400
2.	Sumarbúðirnar Ástjörn, starfsmannahús	1.000
3.	Landssamband íslenskra akstursfélaga	1.000
4.	Sundsamband Íslands	1.000
5.	Frjálsíþróttasamband Íslands	1.000
6.	Náttúruböð í Mývatnssveit	5.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**11.900**

11. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.000
2.	Surtseyjarfélagið	500
3.	Heimili og skóli, efling neytendaþjónustu og tæki	500
4.	Ég er húsið mitt, efling á sjálfsmynd barna	500
5.	Heimilisiðnaðarskólinn	2.000
6.	Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	3.000
7.	Lagnakerfamiðstöð Íslands	4.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands	2.000
9.	Vestfirðir á miðöldum	4.000
10.	Vestnorræna menningarhúsið	1.000
11.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	1.200
12.	SMS – samskipti með síma	4.000
13.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.500
14.	Ólafsvíkurprestakall, minnisvarði	2.000
15.	Músík og saga ehf.	1.500
16.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
17.	Grettistak, menningar-, sögu- og ferðaþjónustuverkefni	3.000
18.	Vélbáturinn Pétur	1.000
19.	Lýsir, myndlist í íslenskum handritum	4.000
20.	Snjáfjallasetur	3.000
21.	Kvenfélagið Ósk, varðveisla muna	500
22.	Holt í Önundarfirði, menningarmiðstöð o.fl.	2.500
23.	Landsmót hestamanna á Vindheimamelum	5.000
24.	Sænautasel	2.000
	Óskipt	700
	Samtals	**52.400**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Nytjaland	6.000
2.	Landvernd	4.000
3.	Æðarræktarfélag Íslands	300
4.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
5.	Vottunarstofan Tún	5.000
6.	Sigmar Jóhannsson, Skagafirði, viðgerðir og viðhald á gömlum búvélum	700

7.	Líf í fersku vatni	1.500
8.	Gæðamat í ferðaþjónustu	4.000
9.	Rannsóknir á glerál	800
10.	Rannsókn á landslagi	3.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**31.800**

13. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1.	Vesturland	2.000
2.	Norðurland	9.000
3.	Austurland	6.000
4.	Suðurland	25.000
	Heildarúttekt	2.300
	Samtals	**44.300**

14. Félagasamtök, styrkir (07-999-1.31).

1.	Umsjónarfélag einhverfra	600
2.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
3.	Félag ábyrgra feðra	100
4.	Leigjendasamtökin	2.000
5.	Foreldrafélag misþroska barna	500
6.	Vernd	1.000
7.	Sjálfsbjörg	3.500
8.	Samtökin ´78	1.000
9.	Félag einstæðra foreldra	1.200
10.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
11.	Barnaheill	1.000
12.	Félag heyrnarlausra	3.200
13.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
14.	Landssamband eldri borgara	1.200
15.	Blindrafélagið	5.000
16.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
17.	Systkinasmiðjan	500
18.	Vímulaus æska	4.000
19.	Geðhjálp	4.000
20.	Hjálpræðisherinn	500
21.	Þroskahjálp	5.000
22.	Blindrafélagið	8.500
23.	Samtök aldraða	1.000
24.	Landsbyggðin lifi	1.000
25.	Samtök gegn fátækt	500
26.	Ný dögun	600
27.	Mæðrastyrksnefnd	2.000

28.	Regnbogabörn	3.000
	Óskipt	800
	Samtals	**58.500**

15. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	35.000
2.	Hjúkrunarheimili Hólmavík	14.000
3.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	9.800
4.	Heilsugæslustöðin Akureyri	12.000
5.	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	10.500
6.	Heilsugæslustöð Reyðarfirði	21.000
7.	Skjólgarður, Höfn í Hornafirði	8.400
8.	Hjúkrunarheimili Kirkjubæjarklaustri	15.000
9.	Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	35.000
10.	Sjúkrahús Suðurlands	60.000
11.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	30.000
12.	Heilsugæslustöðin Hvammur, Kópavogi	13.300
	Samtals	**264.000**

16. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.200
2.	Landsamtök hjartasjúklinga	600
3.	Alnæmissamtökin	550
4.	Lauf, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.200
5.	Húsnæðisfélagið SEM	1.500
6.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
7.	Lífsvog	400
8.	Málbjörg, félag um stam	150
9.	Bergmál, líknar- og vinafélag	300
10.	Samtök sykursjúkra	700
11.	Parkinsonsamtökin á Íslandi	200
12.	Gigtarfélag Íslands	2.500
13.	Stómasamtök Íslands	150
14.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
15.	Guðjón Sigmundsson, Heilsuheimur ehf.	200
16.	Tourette-samtökin	300
17.	Geðrækt	5.500
18.	Samtök lungnasjúklinga	300
19.	Heimili og skóli	1.700
20.	Umhyggja	1.000
21.	Beinvernd	500
22.	PKU-félagið á Íslandi	150
23.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	200
24.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	4.000
25.	Blóðgjafafélag Íslands	200

26.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.300
27.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
28.	Tilvera, samtök gegn ófrjósemi	900
	Óskipt	36.200
	Samtals	**63.800**

17. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190-1.12).

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Árneshreppur	1.150
3.	Djúpavík og Gjögur	140
4.	Fjallahreppur	370
5.	Möðrudalur	200
6.	Svínafell í Nesjum	200
	Óskipt, til vetrarsamgangna	7.090
	Samtals	**9.300**

18. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	5.000
2.	Sögu- og flugminjasafn Suðurnesja	1.000
	Óskipt	8.000
	Samtals	**14.000**

19. Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu (10-190-1.45).

1.	Samgönguminjasafnið Ystafell	5.000
2.	Véla- og samgönguminjasafnið að Stórageröi í Óslandshlíð	2.500
	Samtals	**7.500**

20. Ýmislegt (10-190-1.90).

	Papeyjarferðir ehf.	800
	Óskipt	18.600
	Samtals	**19.400**

21. Hafnarmannvirki (10-335-6.70).

a. Vesturland:

1. Akranes	68.100
2. Borgarnes	3.500
3. Snæfellsbær	53.100
4. Grundarfjörður	7.200
5. Stykkishólmur	9.900
6. Búðardalur	600
Samtals	**142.400**

Vestfirðir:

1. Bolungarvík	15.400
2. Ísafjarðarbær	51.400
3. Súðavík	1.800
4. Norðurfjörður	3.100
5. Drangsnes	5.000
Samtals	**76.700**

Norðurland vestra:

1. Skagafjörður	100
2. Siglufjörður	20.500
Samtals	**20.600**

Norðurland eystra:

1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	40.500
2. Hafnasamlag Norðurlands	30.400
3. Grímsey	9.900
4. Húsavík	97.000
5. Þórshöfn	116.400
Samtals	**294.200**

Austurland:

1. Bakkafjörður	2.000
2. Vopnafjörður	102.400
3. Seyðisfjörður	98.000
4. Fjarðabyggð	7.800
5. Fáskrúðsfjörður	18.700
6. Stöðvarfjörður	17.300
7. Breiðdalsvík	6.400
8. Djúpivogur	2.000
9. Hornafjörður	16.400
Samtals	**271.000**

	Suðurland:	
	1. Vestmannaeyjar	137.700
	2. Þorlákshöfn	76.900
	Samtals	**214.600**
	Reykjanes:	
	1. Grindavík	93.000
	2. Hafnasamlag Suðurnesja	50.200
	Samtals	**143.200**
b.	Óskipt til slysavarna o.fl.	5.900
c.	Rannsóknir	17.500
	Samtals	**1.186.100**

22. Lendingarbætur (10-335-6.74).

1.	Haukabergsvaðall	400
2.	Selvík á Skaga	300
3.	Drangey, aðstaða fyrir farþegabát	1.000
4.	Lagarfljótsormurinn, aðstaða	1.100
5.	Papey	1.000
	Samtals	**3.800**

23. Sjóvarnargarðar (10-335-6.80).

1.	Innri-Akraneshreppur	900
2.	Snæfellsbær	600
3.	Dalabyggð	2.000
4.	Reykhólahreppur	900
5.	Vesturbyggð	5.700
6.	Ísafjarðarbær	900
7.	Blönduósbær	6.000
8.	Höfðahreppur	3.000
9.	Skagahreppur	5.500
10.	Dalvíkurbyggð	4.700
11.	Grýtubakkahreppur	600
12.	Húsavíkurkaupstaður	4.900
13.	Vopnafjarðarhreppur	200
14.	Fjarðabyggð	500
15.	Vestmannaeyjabær	4.500
16.	Árborg, sveitarfélag	11.300
17.	Ölfus, sveitarfélag	5.500
18.	Grindavíkurkaupstaður	500
19.	Sandgerðisbær	200
20.	Gerðahreppur	2.600
21.	Vatnsleysustrandarhreppur	6.800
22.	Bessastaðahreppur	4.100

23.	Seltjarnarneskaupstaður	5.100
	Óskipt	100
	Samtals	**77.100**

24. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

	Blái herinn	500
	Óskipt	7.500
	Samtals	**8.000**

494. Fyrirspurn [401. mál]

til dómsmálaráðherra um skráningu ökutækja.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve mörg ökutæki hafa verið skráð sem ný samkvæmt gildandi viðauka við reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997? Svarið óskast sundurliðað annars vegar eftir skráningarárum og hins vegar eftir framleiðsluárum.
2. Geta kaupendur notaðra bifreiða auðveldlega fullvissað sig um árgerð ökutækja út frá skráningargögnum þeirra?
3. Hafa hlotist vandkvæði af þeirri breytingu sem varð þegar farið var að skrá ökutæki sem ný þó að þau hafi verið framleidd einhverjum árum fyrr?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að stuðst verði að nýju við framleiðsluár við nýskráningu bifreiða?

495. Svar [303. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um fjarskipti á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvað líður aðgerðum til að byggja upp dreifikerfi á landsbyggðinni fyrir ISDN/ADSL?

1. ISDN.

Í leyfisbréfi Póst- og fjarskiptastofnunar til Landssíma Íslands hf. er m.a. lögð sú kvöð á félagið að það veiti alþjónustu í gagnaflutningum. Skv. 1. mgr. 13. gr. fjarskiptalaga, nr. 107/1999, og reglugerð um alþjónustu, nr. 641/2000, telst gagnaflutningur með allt að 128 Kb/s bitahraða til alþjónustu. Allir landsmenn hafa rétt til alþjónustu óháð búsetu, sbr. 6. gr. alþjónustureglugerðarinnar. Sú undantekning er þó gerð á þessu að alþjónustuveitandi getur hafnað umsókn ef fjarlægð frá næsta stofnkerfi heimtauga í fjarskiptaneti hans til umsækjanda er meiri en 10 km eða ef kostnaður er áætlaður sérstaklega mikill. Úrskurði um synjun er hægt að skjóta til Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 3.5. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu. Stofnkerfi heimtauga er skilgreint sem línukerfi fyrir heimtaugar frá símstöð sem

er sameiginlegt fyrir fleiri en eina byggingu, hús eða sveitabýli, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt framansögðu hvílir sú skylda á Landssíma Íslands hf. að verða við öllum beiðnum um gagnaflutningsþjónustu með allt að 128 Kb/s bitahraða nema í þeim undantekningartilvikum sem að framan eru rakin. Landssíminn hefur valið að nota ISDN-tækni til að uppfylla þessar skyldur og fjárfest verulega til uppbyggingar á ISDN-kerfinu. Að sögn talsmanna Landssímans hafa frá árinu 2000 m.a. verið settar upp 52 nýjar símstöðvar í sveitum landsins til að stytta vegalengdina frá símstöð til notenda. Einnig hafa verið lagðir stofnstrengir frá símstöðvunum til að tengja þær við fyrirliggjandi línukerfi. Þessu til viðbótar áætlar Landssíminn að setja upp 25 nýjar símstöðvar á næstu mánuðum.

Önnur fjarskiptafyrirtæki en Landssíminn hafa ekki áætlanir um að setja upp dreifikerfi fyrir ISDN-gagnaflutningsþjónustu.

2. ADSL.

ADSL-gagnaflutningsþjónusta fellur ekki undir alþjónustu. Fjarskiptafyrirtækjum ber því ekki lagaleg skylda til að byggja upp slíka þjónustu eða að veita nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaða uppbyggingu. Hér verður farið yfir svör fjarskiptafyrirtækja sem beðin voru að upplýsa hvort uppbygging ADSL-þjónustu á landsbyggðinni væri fyrirhuguð.

Fjarski ehf.

Fjarski er ekki að byggja upp ADSL- eða ISDN-dreifikerfi og hefur ekki í hyggju að gera það á næstunni. Fjarski setur aðallega upp stofnkerfi eða stofnbrautir um landið fyrir alhliða fjarskiptakerfi. Slík stofnkerfi eru stoð og burðarleið fyrir dreifikerfi eins og ADSL og gera þeim sem hyggjast veita slíka þjónustu auðveldara að tengja kerfin saman.

Íslandssími hf.

Íslandssími mun ljúka við uppbyggingu xDSL-dreifikerfis í Reykjanesbæ og á Akureyri á næstunni en hefur ekki áætlanir um uppbyggingu xDSL-dreifikerfis á öðrum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Landssími Íslands hf.

Samkvæmt fjárfestingaráætlun næsta árs stefnir Landssíminn að því að ADSL verði aðgengilegt á þéttbýlisstöðum þar sem eru fleiri en 500 íbúar.

Lína.net hf.

Lína.net hefur lagt ljósleiðara til Vestmannaeyja, um Hveragerði, Selfoss, Hellu og Hvolsvöll. Frekari uppbygging hefur ekki verið ákveðin. Þess var þó getið í svari félagsins að Lína.net, ásamt Fjarska, hefur gert Skýrr hf. tilboð í uppbyggingu fjarskiptanets fyrir alla framhaldsskóla landsins. Verði því tilboði tekið má búast við uppbyggingu á nýju dreifikerfi við flesta þéttbýlisstaði landsins.

3. Jöfnun gagnaflutningskostnaðar.

Stefna samgönguráðherra er að fjarskiptaþjónusta eigi að vera fyrir alla landsmenn óháð búsetu og að hún eigi að vera ódýr, örugg og aðgengileg. Á árinu 2001 skipaði ráðherra starfshóp um kostnað við gagnaflutninga og eflingu fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu á Íslandi. Starfshópurinn kannaði möguleika á jöfnun kostnaðar vegna gagnaflutninga um ATM-gagnaflutningsnet Landssíma Íslands hf. sem nær um allt land. Innan netsins á töluverð jöfnun sér stað, en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæðið samkvæmt skuldbindingu Lands-

símans er að hámarki 17.000 kr. á mánuði sé miðað við 2 Mb/s línu. Starfshópurinn lagði til að jafna bæri þennan mun. Það mætti gera með því að stofna sjóð sem endurgreiddi kostnaðarauka til notenda ATM-þjónustu. Með samþykkt þeirrar tillögu yrði stórt skref stigið í þá átt að fjarskiptakostnaður á Íslandi verði alls staðar sá sami. Þá yrði með sanni hægt að segja að öll almenn fjarskiptaþjónusta, svo sem hefðbundinn talsími og farsími, ISDN, ADSL og ATM, og þar með IP-þjónusta, yrði seld á sama verði um allt land. Málið er til frekari vinnslu í ráðuneytinu.

496. Frumvarp til laga [402. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað „57,50 kr.“ í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 66,15 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

a. Í stað „167,20 kr.“ í 1. tölul. kemur: 213,51 kr.
b. Í stað „1,97 kr.“ í 2. tölul. kemur: 2,52 kr.
c. Í stað „5,98 kr.“ í 3. tölul. kemur: 7,64 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

a. Í stað „210 kr.“ í 1. tölul. kemur: 268,20 kr.
b. Í stað „10,50 kr.“ í 2. tölul. kemur: 13,40 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar. Annars vegar er lagt til að áfengisgjald á sterku víni hækki um 15%. Hins vegar er lagt til að tóbaksgjald hækki um 27,7% en á móti lækkar álagning ÁTVR úr 17% í liðlega 11%. Þannig má reikna með að smásöluverð á sterku víni hækki um nálega 10% og verð á tóbaki um 12% að jafnaði. Gert er ráð fyrir að tekjuauki ríkissjóðs vegna þessara hækkana nemi allt að 1.100 m.kr. á ársgrundvelli og áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs eru talin verða innan við 0,3%.

Að baki liggja tvær meginástæður. Í fyrsta lagi hafa álögur á áfengi og tóbak að mestu leyti staðið óbreyttar í krónum talið um langt skeið sem felur í sér lækkun að raungildi. Hækkuninni nú er ætlað að leiðrétta það misgengi. Af ýmsum ástæðum er þó talið heppilegra að halda áfengisgjaldi léttra vína og bjórs óbreyttu. Í öðru lagi hafa stjórnvöld gripið til ýmissa ráðstafana að undanförnu sem hafa leitt til aukinna útgjalda, m.a. til málefna aldraðra,

sem kalla á sérstök viðbrögð til þess að veikja ekki stöðu ríkissjóðs um of og grafa þannig undan efnahagslegum stöðugleika.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að áfengisgjald á sterkum vínum verði hækkað um 8,65 kr. á hvern sentilítra af vínanda, eða um 15%.

Um 2. gr.

Hér er gerð tillaga um 27,7% hækkun á tóbaksgjaldi fyrir allar tegundir tóbaks, þ.e. vindlinga, neftóbak og aðrar tegundir tóbaks. Á móti vegur lækkun á álagningu ÁTVR.

Um 3. gr.

Til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gjald af tóbaki sem ferðamenn, farmenn og aðrir sem hafa með sér til landsins til einkanota hækki samsvarandi, eða um 27,7%.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að áfengisgjald af sterku víni verði hækkað um 15% þannig að útsöluverð hækki um rúmlega 10% og að gjald á tóbak verði hækkað um 28% þannig að útsöluverð hækki um 12% að jafnaði. Reiknað er með að verðbreytingarnar hafi í för með sér um 0,3% hækkun á vísitölu neysluverðs. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs geti aukist um allt að 1.100 m.kr. á ári með þessum breytingum á gjöldunum. Frumvarpið snýr eingöngu að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld svo að nokkru nemi verði það að lögum.

497. Fyrirspurn [403. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskt táknmál.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til að tryggja stöðu íslenska táknmálsins síðan Alþingi ályktaði að slíkt skyldi gert 11. mars 1999?

2. Hefur verið gerður samanburður á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi og í nágrannalöndum okkar?
3. Hvernig er háttað rétti heyrnarlausra til túlkaþjónustu og hvað er gert af hálfu ríkisins til að tryggja þennan rétt?
4. Eru uppi áform um að setja sérlög um málefni heyrnarlausra?

498. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. nóv.)

1. gr.

Í stað „16.500 kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 17.500 kr.

2. gr.

Í stað „593 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 664 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

499. Frumvarp til laga [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir orðunum „Vélknúin farartæki á landi“ í 2. málsl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: önnur en vélsleða og fjórhjól.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu rjúpna og rjúpnaafurða gegn endurgjaldi. Gera má upptækar til ríkissjóðs rjúpur og rjúpnaafurðir sem boðnar eru til sölu eða eru seldar í bága við ákvæði þetta, svo og andvirði þeirrar sölu.

Bann skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra rjúpna og rjúpnaafurða. Ber innflytjanda og seljanda að tryggja að innfluttar rjúpur og rjúpnaafurðir séu þannig merktar við innflutning og sölu að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 15. október 2008.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. október 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um ástand rjúpnastofnsins frá 21. ágúst 2002. Að mati stofnunarinnar hefur rjúpum fækkað verulega á liðnum áratugum, stofnsveiflur eru að sléttast út og rjúpnastofninn virðist vera í sögulegu lágmarki. Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að nauðsynlegt sé að grípa til verndaraðgerða og hyggst stofnunin setja rjúpu á válista sem tegund í yfirvofandi hættu. Lagði stofnunin annars vegar til að sala á rjúpu á almennum markaði yrði bönnuð og hins vegar að veiðitími rjúpu yrði styttur. Meiri hluti ráðgjafarnefndar um villt dýr, sem starfar samkvæmt lögum nr. 64/1994, tók í áliti sínu frá 13. september 2002 undir tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skiptar skoðanir voru þó í nefndinni um nánari útfærslu verndaraðgerða.

Rjúpan er þýðingarmikill fugl í íslensku vistkerfi. Hún er ríkjandi grasbítur meðal hryggdýra á þurrlendi og skipar mikilvægan sess í fæðuvefnum og er m.a. forsenda fyrir tilvist fálka á Íslandi. Breytingar hafa orðið síðustu ár í stofnsveiflum rjúpnastofnsins og eru sveiflurnar að jafnast út, þ.e. dregið hefur úr fjölda rjúpna í hámarksárum en lægðirnar virðast svipaðar og áður. Ekki er vitað hvaða ástæður eru fyrir fækkun rjúpunnar og eru skiptar skoðanir meðal manna um líklegar skýringar. Helstar hafa verið nefndar ofveiði, atburðir í fæðuvefnum eða aukin afföll vegna slysa, svo sem vegna þess að fuglinn flýgur á raflínur og girðingar.

Samkvæmt núgildandi lögum er rjúpan friðuð en umhverfisráðherra er heimilt að aflétta friðun á tímabilinu frá 15. október til 22. desember ár hvert. Ákvörðun um að aflétta friðun skal m.a. byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna. Rjúpan er vinsælasta bráð íslenskra skotveiðimanna og síðan 1995 hefur árleg meðalveiði verið um 148.000 rjúpur á ári. Ekki er talið nauðsynlegt að banna rjúpnaveiðar alveg en með hliðsjón af mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og ráðgjafarnefndar um villt dýr virðist óhjákvæmilegt að draga úr veiðiálaginu á meðan rjúpnastofninn er í lágmarki. Nú þegar hefur umhverfisráðherra með breytingu á reglugerð nr. 456/1994, um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, bannað rjúpnaveiðar á svæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins sem afmarkast í megindráttum af Esjubrúnum og syðri hluta Þingvallavatns í norðri og Sogi og Ölfusá að austan en ljóst er að þar hefur veiðiálag verið mikið. Einnig hefur verið ákveðið að frá og með árinu 2003 og næstu fjögur árin þar á eftir verði einungis heimilt að veiða rjúpur frá 25. október til 12. desember og er veiðitíminn þannig styttur um þrjár vikur. Umhverfisráðuneytið hyggst enn fremur beita sér fyrir því að rannsóknum á rjúpu og vöktun rjúpnastofnsins verði haldið áfram þannig að unnt verði að leggja mat á niðurstöður frá ári til árs og fylgst verði með áhrifum þeirra verndaraðgerða sem gripið verður til.

Samkvæmt veiðiskýrslum veiða um 10% veiðimanna um helming allra veiddra rjúpna. Bann við sölu á rjúpu mundi draga úr þessum veiðum sem stundaðar eru í atvinnuskyni og þar með úr heildarfjölda veiddra rjúpna. Heimild fyrir slíku sölubanni er ekki í núgildandi lögum. Því er í þessu frumvarpi lagt til að banna sölu á rjúpum og er það liður í aðgerðum til verndar rjúpunni. Lagt er til að bannið verði tímabundið til fimm ára til samræmis við aðrar verndaraðgerðir sem þegar hefur verið gripið til. Að loknu því tímabili ætti að liggja fyrir hvort aðgerðirnar bera árangur og hvort ástæða sé til að halda þeim áfram.

Að auki er í frumvarpi þessu lagt til að óheimilt verði að stunda veiðar á fjórhjólum eða vélsleðum. Skv. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. gildandi laga er heimilt að nota vélknúin ökutæki og

þar á meðal vélsleða og fjórhjól til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Nokkuð hefur borið á því að veiðimenn á slíkum torfærutækjum hafi ekki farið eftir framangreindum reglum, enda er akstur utan vega almennt heimill samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, þegar jörð er snævi þakin og frosin, sbr. 17. gr. laganna. Þó að ljóst sé að ákvæði laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum gangi framar náttúruverndarlögum að þessu leyti þykir nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að herða á þessum takmörkunum og banna þessi farartæki alfarið við veiðar. Með því er leitast við að torvelda för veiðimanns um veiðislóð og minnka það svæði sem hann kemst yfir í einni veiðiferð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að óheimilt verði að stunda veiðar á fjórhjólum og vélsleðum. Er lagt til að þetta gildi almennt um veiðar á landi. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Lagt er til að óheimilt verði að flytja út, bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir. Samkvæmt þessu verður veiðimönnum og öðrum óheimilt að bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir, hvort sem er til einstaklinga, verslana, veitingahúsa, til útflutnings eða á annan hátt. Af þessu leiðir að óheimilt er að hafa rjúpur og rjúpnaafurðir til sölu í verslunum og á matseðli veitingahúsa. Bann þetta nær til allra veiðimanna, hvort sem þeir stunda rjúpnaveiðar aðallega sem tómstundagaman eða í atvinnuskyni, og einnig til þeirra sem selja bráð sem aðrir hafa veitt. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi, hvort sem um er að ræða hefðbundna sölu gegn staðgreiðslu, reikningsviðskipti, skipti eða annað sambærilegt. Með orðalaginu rjúpur og rjúpnaafurðir er vísað til þess að bannið á við hvort sem bráðin er seld heil eða hún hefur verið verkuð, unnin eða matreidd, svo að eitthvað sé nefnt. Í 3. málsl. 1. mgr. er síðan veitt heimild til upptöku rjúpna og rjúpnaafurða sem seldar eru í bága við ákvæði málsgreinarinnar, svo og andvirði þeirrar sölu.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er með banninu verið að leitast við að draga úr veiðiálagi á meðan rjúpnastofninn er í lágmarki og um leið að auka þekkingu manna á áhrifum veiða á rjúpnastofninn.

Þar sem markmið frumvarpsins er að vernda íslenska rjúpnastofninn eru ekki rök til þess að láta sölubann ná einnig til innfluttra rjúpna og rjúpnaafurða. Til að koma í veg fyrir að íslenskar rjúpur séu seldar sem innfluttar er í 2. mgr. gerð krafa um að varan sé þannig merkt við innflutning og sölu að fram komi frá hvaða landi hún er. Bera bæði innflytjandi og seljandi ábyrgð á að þetta sé gert. Að auki gilda um sölu matvæla ákvæði laga um matvæli, nr. 93/1995, og reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, nr. 588/1993, með síðari breytingum, og er ákvæðinu ekki ætlað að hafa áhrif á þær reglur.

Verndaraðgerðir þær sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum við frumvarpið munu standa yfir í fimm ár og því til samræmis er lagt til að ákvæði þetta falli úr gildi áður en veiðitímabil ársins 2008 getur hafist samkvæmt heimild í 5. tölul. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 15. október 2003. Hafa þau því ekki áhrif á veiðitímabil núlíðandi árs og gefst veiðimönnum því tími til að aðlagast breyttum aðstæðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp tímabundið bann við sölu á rjúpum og rjúpnaafurðum. Einnig er lagt til að notkun vélsleða og fjórhjóla við veiðar verði óheimil.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

500. Frumvarp til laga [405. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

1. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðsins „dýraverndarráðs“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis. Heimilt er Umhverfisstofnun að taka gjald fyrir útgáfu leyfisins. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfisins. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá um útgáfu leyfa samkvæmt ákvæði þessu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2.–3. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun gerir

tillögur til ráðherra um setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna.

Um stefnumótandi mál, svo sem setningu reglugerða, skal leita umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Dýralæknafélags Íslands og áhuga- og hagsmunasamtaka á sviði dýraverndar.

b. 4. mgr. fellur brott.

5. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim sem verða þess varir að tilkynna það Umhverfisstofnun, héraðsdýralækni eða lögreglu í viðkomandi umdæmi.

Fulltrúum Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni er heimilt að fara á hvern þann stað þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 4. mgr. Lögregla skal aðstoða fulltrúa Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni ef með þarf.

Sé um minni háttar brot að ræða skal Umhverfisstofnun leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli Umhverfisstofnunar getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað.

Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Lögreglu ber að tilkynna Umhverfisstofnun þessar aðgerðir þegar í stað. Lögreglustjóri ákveður í framhaldi af því, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og héraðsdýralæknis, hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr. Á meðan dýrin eru í vörslu lögreglu er sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé sveitarstjórn það af einhverjum ástæðum ókleift og telji nauðsynlegt að láta bjóða dýrin upp, selja þau til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti skal eiganda eða umsjónarmanni dýranna þegar tilkynnt um þau áform og honum gefinn kostur á, sé það mögulegt, að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin uns dómur fellur, sbr. 6. mgr.

Telji Umhverfisstofnun nauðsynlegt til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum getur Umhverfisstofnun fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt eiganda eða umsjónarmann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr.

Nú vill eigandi eða umsjónarmaður dýra ekki hlíta þeim aðgerðum eða ákvörðunum sem fyrir er mælt í 4. og 5. mgr. og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara, hvort sem er sérstaklega eða í opinberu máli sem höfðað kann að vera á hendur honum. Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd ákvarðana skv. 4. og 5. mgr.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákveða að eigandi eða umsjónarmaður dýra skuli bera kostnað af aðgerðum skv. 2. og 4. mgr. Ákvörðun um greiðslu kostnaðar er aðfararhæf.

III. KAFLI

Breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

6. gr.

Í stað orðanna „eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna, orðsins „eiturefnaeftirlitsins“ í 2. mgr. 2. gr., orðsins „Eftirlitið“ í 3. mgr. 2. gr., orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 6. mgr. 23. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

7. gr.

Orðin „að höfðu samráði við eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins og“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Orðin „og Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 22. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna, orðsins „Hollustuvernd“ í 3. mgr. 8. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

10. gr.

4. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Breytingar á lögum um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:
   Umhverfisráðherra fer með framkvæmd mála samkvæmt lögum þessum í samstarfi við dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra.
b. 1. mgr., sem verður 2. mgr., orðast svo:
   Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Ríkislögreglustjóri annast framkvæmd samningsins að því er varðar viðbúnað fyrir almenning.
c. Í stað orðsins „Hollustuvernd“ í 2., 3. og 4. mgr., sem verða 3., 4. og 5. mgr., kemur: Umhverfisstofnun.

12. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

VI. KAFLI

Breytingar á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

VII. KAFLI

Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

14. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. a laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

15. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.

VIII. KAFLI

Breytingar á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

16. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gilda lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

17. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

IX. KAFLI

Breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

X. KAFLI

Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 5. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XI. KAFLI

Breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „í samvinnu við embætti veiðistjóra“ í f-lið 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í i-lið 2. mgr. kemur: Umhverfisstofnun.

21. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í e-lið 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

XII. KAFLI
Breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 6. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

23. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar.

XIII. KAFLI
Breytingar á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, með síðari breytingum.

24. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XIV. KAFLI
Breytingar á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

25. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í 10. tölul. 7. gr. laganna og orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 36. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XV. KAFLI
Breytingar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

26. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 2. mgr. 6. gr. laganna og orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 11. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XVI. KAFLI
Breytingar á lögum um spilliefnagjald, nr. 56/1996.

27. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XVII. KAFLI
Breytingar á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

28. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. tölul. 2. mgr. og 5. mgr. 5. gr. laganna og orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 17. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XVIII. KAFLI

Breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum.

29. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

30. gr.

Orðin „Náttúruverndar ríkisins“ í 21. gr. laganna falla brott.

XIX. KAFLI

Breytingar á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

31. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

XX. KAFLI

Breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „samþykki Breiðafjarðarnefndar“ í 2. mgr. kemur: leyfi Umhverfisstofnunar.
b. Í stað orðanna „dómi Breiðafjarðarnefndar“ í 3. mgr. kemur: mati Umhverfisstofnunar.

XXI. KAFLI

Breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

34. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný orðskýring sem orðast svo: *Ágangssvæði:* nánar skilgreint svæði þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu.

35. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera umhverfisráðherra til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem tilefni er til.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla.

Um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal haft samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð að því er varðar hreindýr, Skotveiðifélag Íslands sem og áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisstofnun leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra.

36. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á villtum stofnum spendýra og fugla og metur ástand þeirra, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra. Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 2. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði. Erindi samkvæmt þessu ákvæði skal svara eigi síðar en viku eftir að það berst ráðuneytinu.
c. Í stað orðsins „ráðgjafarnefndarinnar“ í 5. og 7. mgr. kemur: Náttúrufræðistofnunar Íslands.
d. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Umhverfisstofnun getur veitt tímabundna undanþágu til að nota þær veiðiaðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

39. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Veiðistjóri“ í 1. og 4. mgr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.
b. 3. mgr. orðast svo:

Gjald fyrir veiðikort skal vera 2.200 kr. á ári. Gjaldið skal notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „veiðistjóraembættinu“ í 1. mgr., orðsins „veiðistjóraembætti“ í 2. málsl. 2. mgr., orðsins „veiðistjóraembættis“ í 4. mgr. og orðsins „veiðistjóra“ í 4. mgr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til minkaveiða.

b. Í stað orðsins „veiðistjóraembættis“ í 3. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.

43. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hreindýr.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum, enda telji Umhverfisstofnun að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum.

Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til Umhverfisstofnunar sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega að fengnum tillögum stofnunarinnar. Við ákvörðun gjaldsins skal taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins og eftirlit og stjórn hreindýraveiða. Gjaldið skal þó ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði.

Umhverfisstofnun annast sölu veiðileyfa og eftirlit með hreindýraveiðum og ræður til þess eftirlitsmenn. Umhverfisstofnun skiptir arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra að fengnum tillögum hreindýraráðs. Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra um árlegan

veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða að fengnum tillögum hreindýraráðs þar að lútandi.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í hreindýraráð. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu skulu tilnefna einn fulltrúa hvort, sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra einn fulltrúa og Skotveiðifélag Íslands einn fulltrúa. Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins. Fulltrúum Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða.

Um vanhæfi þeirra sem sitja í hreindýraráði og annast eftirlit með hreindýraveiðum gilda vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga. Verði Umhverfisstofnun eða eftirlitsmenn á vegum stofnunarinnar varir við að brotið sé gegn ákvæðum laganna og reglugerðum um hreindýraveiðar er heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur um framkvæmdina, m.a. um veiðieftirlitsmenn og skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrufræðistofnun Austurlands gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 3. mgr.

44. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hætta af honum.

45. gr.

Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

XXII. KAFLI

Breytingar á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 1.–4. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

47. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XXIII. KAFLI

Breytingar á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

48. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XXIV. KAFLI

Breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

49. gr.

Í stað orðanna „að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins og með samþykki Hollustuverndar ríkisins“ í 25. gr. laganna kemur: að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags og Veiðimálastofnunar og með samþykki Umhverfisstofnunar.

XXV. KAFLI

50. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, er kveðið á um starfrækslu Umhverfisstofnunar sem tekur til starfa 1. janúar næstkomandi. Stofnunin tekur yfir verkefni Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðistjóraembættisins og enn fremur stjórnsýsluhlutverk hreindýraráðs. Stofnuninni er enn fremur falið að annast starfsemi dýraverndarráðs og framkvæmd laga um dýravernd en sá þáttur hefur ekki verið falinn sérstakri stofnun á vegum ríkisins til þessa. Skv. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í áðurnefndum lögum skipaði umhverfisráðherra starfshóp til að undirbúa málið sem í eiga sæti Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Þórður H. Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, Halldór Þorgeirsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, Sigrún Ágústsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, og forstöðumenn áðurnefndra þriggja stofnana, þeir Davíð Egilson, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, og Áki Ármann Jónsson, veiðistjóri. Starfshópnum var m.a. falið að kanna hvort þörf væri á að gera frekari lagabreytingar en þegar höfðu verið gerðar varðandi þá starfsemi sem undir lögin falla. Starfshópurinn hefur skilað tillögum að lagabreytingum að höfðu samráði við starfsmenn áðurnefndra stofnana og ráða, dýravarndarráð varðandi II. kafla frumvarpsins, Breiðafjarðarnefnd varðandi XX. kafla frumvarpsins, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, ráðgjafarnefnd um villt dýr varðandi XXI. kafla frumvarpsins, dóms- og kirkjumálaráðuneyti varðandi II. og V. kafla frumvarpsins og utanríkisráðuneytið varðandi V. kafla frumvarpsins.

Starfshópurinn hefur lagt til að gerðar verði breytingar á ýmsum lögum þar sem gert er ráð fyrir starfsemi áðurnefndra stofnana og ráða með það fyrir augum að verkefnin verði færð til Umhverfisstofnunar og að nokkru leyti til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skilið er á milli stjórnsýsluverkefna annars vegar og rannsóknarverkefna hins vegar. Starfshópurinn telur rétt að einfalda stjórnsýslu á þessu sviði eins og unnt er og gera hana skilvirkari. Starfshópurinn telur ekki í samræmi við þau sjónarmið að fjölskipuðum nefndum sé falið stjórnsýsluvald. Aðgengi borgarans að slíkum nefndum sé takmarkað þar sem fulltrúar í þeim sinna almennt öðrum störfum og nefndarmenn þurfa að sækja umboð sitt með fundarsetu. Hins

vegar geti í ýmsum tilvikum verið æskilegt að starfandi séu ráðgjafarnefndir fyrir stofnanir og ráðuneyti, svo sem um staðbundin mál. Lagt er til að ráðgjafarnefnd um villt dýr verði lögð niður og verkefni hennar falin Umhverfisstofnun að svo miklu leyti sem um stjórnsýslu er að ræða og til Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað varðar önnur verkefni. Enn fremur leggur starfshópurinn til að stjórnsýsla á vegum Breiðafjarðarnefndar sem starfar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, verði færð undir Umhverfisstofnun þannig að öll stjórnsýsla innan málaflokksins verði í höndum stofnunarinnar. Tillögur starfshópsins um skýra verkaskiptingu milli stjórnsýslu og rannsókna og um niðurlagningu ráðgjafarnefndar um villt dýr byggist á því að einfalda stjórnsýsluna og að lögð verði áhersla á uppbyggingu þessara þátta á vegum nýrrar stofnunar. Með lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, var dýraverndarráð sem starfaði samkvæmt lögum um dýravernd, nr. 15/1994, lagt niður og telur starfshópurinn ekki ástæðu til að starfandi verði sérstök nefnd Umhverfisstofnun til ráðgjafar hvað þann þátt varðar. Hins vegar leggur starfshópurinn til að skylt verði að hafa samráð við hlutaðeigandi aðila, hagsmunaaðila og áhugamannasamtök um stefnumótandi mál. Hreindýraráð sem starfar samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, var lagt niður með lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, en starfshópurinn leggur til að ráðið starfi áfram að sömu verkefnum og áður að stjórnsýslu undanskilinni sem færist yfir til Umhverfisstofnunar. Byggist þessi tillaga á því að nauðsynlegt sé að á Austurlandi komi að þessum málum þeir aðilar sem hafa hagsmuna að gæta með sama hætti og áður án þess að þeir sinni stjórnsýslu innan málaflokksins. Einnig er litið til álits meiri hluta umhverfisnefndar Alþingis við umfjöllun um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun þar sem fram kom það álit nefndarmanna að vegna eðlis hreindýramála væri eðlilegt að ráðið starfaði áfram í einhverri mynd og það yrði fyrst og fremst ráðgefandi fyrir Umhverfisstofnun.

Í lögum um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000, er kveðið á um að Hollustuvernd ríkisins fari með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins. Ekki er hins vegar kveðið á um hvaða ráðuneyti fari með framkvæmd mála samkvæmt samningnum og hvergi er kveðið á um framkvæmd hans hvað varðar viðbúnað fyrir almenning. Að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti er lagt til að Umhverfisstofnun fari með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins enda er innan hennar þekking á málefninu að því er varðar eiturefni og jafnframt, þar sem Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfisráðuneyti, að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn á framkvæmd hans í samstarfi við dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra. Enn fremur er gerð tillaga að höfðu samráði við áðurnefnda aðila um að ríkislögreglustjóri annist framkvæmd samningsins að því er varðar viðbúnað fyrir almenning.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa

Um 2. gr.

Í greininninni er kveðið á um að Umhverfisstofnun annist gerð þeirra tillagna sem ákvæðið fjallar um í stað dýraverndarráðs.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að Umhverfisstofnun veiti leyfi til dýrahalds í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald, leyfi til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna

til dýrahappdrættis. Er það gert í samræmi við þau sjónarmið sem getið er í almennum athugasemdum að fela Umhverfisstofnun umsjón með þessum málaflokki. Lagt er til að dregið verði úr afskiptum lögreglu af dýraverndarmálum og Umhverfisstofnun sjái um framkvæmd þeirra mála þar sem afskipti lögreglu eru ekki nauðsynleg.

Um 4. gr.

Í greininni er hlutverk Umhverfisstofnunar skilgreint í samræmi við það sem segir í almennum athugasemdum og athugasemdum við 3. gr. Áfram er þó gert ráð fyrir aðstoð lögreglu ef grípa þarf til aðgerða, svo sem að svipta eiganda dýrs umráðum yfir því. Gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geti framselt heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða í umboði stofnunarinnar.

Í síðari málsgrein a-liðar er kveðið á um samráð við félagasamtök sem láta dýravernd til sín taka. Talið er gagnlegt og mikilvægt að hafa samráð við áhuga- og hagsmunasamtök á þessu sviði, einkum um stefnumótandi mál. Snýr þessi skylda bæði að ráðuneytinu og Umhverfisstofnun.

Um 5. gr.

Um athugasemdir við greinina vísast til almennra athugasemda og athugasemda við 3. og 4. gr. Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að tilkynnt sé til Umhverfisstofnunar leiki grunur á að meðferð dýra brjóti gegn lögum. Að öðru leyti er ekki um breytingu að ræða á 1. mgr. 18. gr. Aðilar geta því einnig haft samband við héraðsdýralækni eða lögreglu. Samkvæmt upplýsingum dýraverndarráðs koma flest dýraverndarmál upp á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt 2. mgr. er fulltrúum Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni heimilt að fara á hvern þann stað þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Þessi heimild er nú í höndum lögreglu en kveðið er á um að fulltrúi dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis skuli hafður með í för. Ekki þykir þörf á að lögregla sinni þessu hlutverki en aðstoði fulltrúa Umhverfisstofnunar og héraðsdýarlæknis ef húsráðandi veitir ekki samþykki sitt fyrir eftirlitinu.

Samkvæmt 3. mgr. getur Umhverfisstofnun lagt fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Samkvæmt gildandi lögum er þetta hlutverk lögreglustjóra.

Samkvæmt 4. mgr. er lagt til að lögregla hafi óbreytt hlutverk að því er varðar fyrirvaralausa vörslusviptingu á dýrum þegar grunur leikur á að um sé að ræða alvarleg brot gegn dýraverndarlögum eða reglum settum samkvæmt þeim en ákvæði þetta á einkum við þegar aðgerðir þola enga bið.

5.–7. mgr. greinarinnar eru óbreyttar nema að lagt er til að Umhverfisstofnun verði falið það hlutverk sem nú er í höndum lögreglu samkvæmt ákvæðunum.

Um 6.–9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. gr. laga um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, mun Umhverfisstofnun annast verkefni sem Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins eru falin. Með vísan til þess og rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þykir ákvæði þetta óþarft.

Um 11. gr.

Í a-lið er kveðið á um að umhverfisráðherra fari með framkvæmd mála samkvæmt lögum þessum í samstarfi við dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra. Ekki er nú kveðið á um hvaða ráðherra fari með framkvæmd laganna. Aðeins segir að Hollustuvernd ríkisins fari með eftirlit með framkvæmd laganna. Ekki er þó litið svo á að um efnisbreytingu sé að ræða. Í b-lið er kveðið á um að Umhverfisstofnun fari með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Í samningnum eru ákvæði um viðbúnað og varnir fyrir almenning. Eftirlit með þeim þáttum þykir ekki samræmast hlutverki Umhverfisstofnunar. Að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið þykir rétt að leggja til að ríkislögreglustjóri annist framkvæmd samningsins að því er varðar viðbúnað fyrir almenning.

Um 12.–16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í greininni er lagt til að vísað verði til laga um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000, til áréttingar. Umhverfis- og sjávarútvegsráðuneyti annast framkvæmd þeirra laga.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Í a-lið er kveðið á um að orðin „í samvinnu við embætti veiðstjóra“ falli brott þar sem gert er ráð fyrir að heimild veiðistjóra til að stunda hagnýtar rannsóknir falli niður, sbr. athugasemdir við 31. gr.

Um 21. og 22. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun annist eftirlit með framkvæmd laganna og sé ráðherra til ráðgjafar. Í 6. gr. laganna er nú kveðið nánar á um hlutverk Náttúruverndar ríkisins og er gert ráð fyrir því að hlutverk Umhverfisstofnunar verði hið sama og Náttúruverndar ríkisins að því er varðar náttúruvernd.

Um 24.–32. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Með greininni er lagt til að Umhverfisstofnun verði falin stjórnsýsluverkefni Breiðafjarðarnefndar. Með því er átt við þau verkefni þar sem nefndinni er falið að taka stjórnvaldsákvarðanir, sbr. þau sjónarmið sem fjallað er um í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Höfð er hliðsjón af lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að verkefni Breiðafjarðarnefndar verði óbreytt.

Um 34. gr.

Með greininni er lagt til að bætt verði inn í lögin skilgreiningu á ágangssvæðum. Ágangssvæði hafa einkum þýðingu að því er varðar úthlutun á arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra.

Um 35. gr.

Samkvæmt greininni skulu Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands vera umhverfisráðherra til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að skilið verði á milli stjórnsýsluverkefna annars vegar og rannsóknarverkefna hins vegar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun annist framkvæmdarþáttinn, eftirlit og aðra stjórnsýslu en Náttúrufræðistofnun annist rannsóknir, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Talið er mikilvægt að við ákvörðun um aðgerðir á sviði verndunar, friðunar og veiða á villtum dýrum og villtum spendýrum komi fram sjónarmið bæði frá hendi þess aðila sem annast framkvæmd málaflokksins og hins vegar þess aðila sem stundar rannsóknir.

Samkvæmt 2. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun hafi umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum. Hér er um að ræða aðgerðir eins og að aflétta friðun einstakra tegunda samkvæmt ákvörðun ráðherra sem veiðistjóri hefur haft umsjón með til þessa.

Í 3. mgr. er kveðið á um að um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skuli haft samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð að því er varðar hreindýr, Skotveiðifélag Íslands sem og áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ákvæði þetta er sambærilegt ákvæði sem lagt er til að sett verði inn í dýraverndarlög og er gert ráð fyrir að ákvæðin verði framkvæmd með sambærilegum hætti.

Í 4. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun leiðbeini þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Ekki er hér um efnisbreytingu að ræða.

Um 36. gr.

Með greininni er áréttað hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að því er varðar rannsóknir á villtum stofnum spendýra og fugla til samræmis við f-lið 4. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992. Er með þessu lagt til að felld verði brott heimild í 4. gr. laganna um að Veiðistjóri stundi hagnýtar rannsóknir á villtum dýrum.

2. og 3. mgr. eru óbreyttar frá núgildandi 6. og 7. gr. laganna.

Um 37. gr.

Í b-lið er kveðið á um að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands taki við hlutverki ráðgjafarnefndar um villt dýr skv. 3. mgr. 7. gr. laganna. Náttúrufræðistofnun Íslands og veiðistjóri hafa átt fulltrúa í ráðgjafarnefndinni. Gert er ráð fyrir að hreindýraráð verði ráðgefandi fyrir Umhverfisstofnun að því er varðar hreindýr, sbr. nánar 43. gr.

Í c-lið er kveðið á um að Náttúrfræðistofnun Íslands taki við hlutverki ráðgjafarnefndarinnar varðandi umsögn um hvort veita skuli undanþágu til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar eða undaneldis. Jafnframt er kveðið á um að Náttúrufræðistofnun Íslands taki við hlutverki nefndarinnar að því er varðar gerð tillagna um að útrýma stofnum eða tegundum dýra sem flust hafa til Íslands af mannavöldum.

Í d-lið er lagt til að 3. málsl. 6. mgr. 7. gr. laganna falli brott. Ekki hefur reynt á þetta ákvæði í framkvæmd og er það talið óþarft.

Um 38. gr.

Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun geti veitt tímabundna undanþágu til að nota veiðiaðferðir sem eru annars óheimilar skv. 9. gr. laganna. Heimild þessi er nú í höndum ráðherra. Samkvæmt lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, er stofnuninni m.a. ætlað að annast verkefni á sviði náttúruverndar, veiðistjórnar og dýraverndar og framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni. Starfshópurinn telur stofnunina því vel í stakk búna til að sinna þessu verkefni jafnframt sem um vel afmarkaða undanþáguheimild er að ræða.

Um 39. gr.

Með greininni er lagt til að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands veiti umsögn um hvort aflétt skuli eða rift friðun tiltekinna tegunda á friðlýstum svæðum. Í 1. mgr. 10. gr. laganna er nú gert ráð fyrir að samþykkis ráðgjafarnefndarinnar og Náttúruverndar ríkisins sé leitað. Ekki þykir eðlilegt að ákvörðun ráðherra sé háð samþykki undirstofnunar eða nefndar á vegum ráðherra.

Um 40. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að gjald fyrir veiðikort verði hækkað úr 1.900 kr. í 2.200 kr. í samræmi við verðlagsþróun. Umhverfisstofnun mun annast innheimtu gjaldsins samfara útgáfu veiðikorta jafnframt sem gert er ráð fyrir því að stofnunin geri tillögur til ráðherra um úthlutun til rannsókna af þeim tekjum sem fást með sölu veiðikorta. Ekki munu verðar stundaðar rannsóknir á villtum dýrum og villtum spendýrum á vegum Umhverfisstofnunar en vegna ýmissa framkvæmda og stjórnsýsluþátta kann að vera þörf á tilteknum rannsóknum og því eðlilegt að stofnunin geri tillögur þar um.

Um 41. gr.

Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun og einnig Náttúrufræðistofnun Íslands geri tillögur um veiðar á ref enda hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að stunda rannsóknir á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að ef tillögur berast frá annarri hvorri stofnuninni sé álits hinnar jafnframt leitað.

Um 42. gr.

Í 1. mgr. a-liðar er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands taki við hlutverki ráðgjafarnefndarinnar samkvæmt ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna þar sem ákvæðið fjallar um friðun í rannsóknarskyni. Er það talið samræmast rannsóknarhlutverki stofnunarinnar.

Í 2. mgr. a-liðar er lagt til að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands komi að ákvörðun um minkaveiðar þar sem þær kunna að vera nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tjón.

Um 43. gr.

Í greininni er kveðið á um skipulag hreindýramála. Lagt er til að hreindýraráð starfi áfram sem ráðgefandi ráð en fari ekki með stjórnsýsluvald. Hreindýraráð verði ráðgefandi fyrir umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun og hafi það hlutverk fyrst og fremst að gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, um árlegan veiðkvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða. Umhverfisstofnun fari hins vegar með stjórnsýsluvald hvað

þessi mál varðar. Lagt er til að í stað fulltrúa veiðistjóra í hreindýraráði komi fulltrúi Skotveiðifélags Íslands sem eru heildarsamtök skotveiðimanna á Íslandi. Að öðru leyti eru ekki lagðar til breyingar á ráðinu.

Eins og í gildandi lögum er Náttúrustofu Austurlands ætlað að annast áfram vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum. Talið er nauðsynlegt að þær stofnanir sem bera annars vegar ábyrgð á framkvæmd laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum og villtum spendýrum og hins vegar rannsóknum á þessu sviði, hvort tveggja á landsvísu, geti haft áhrif á vöktun og rannsóknir á hreindýrum. Gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geri tillögur um fjölda dýra sem má veiða og annist eftirlit með veiðunum. Jafnframt er gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands annist rannsóknir á villtum dýrastofnun hér á landi skv. 36. gr. þessa frumvarps og laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Er því lagt til að gerður verði samningur um þetta verkefni við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Um 44. gr

Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun verði falið það hlutverk sem umhverfisráðherra fer með samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laganna. Ekki er talið nauðsynlegt að slík ákvörðun sé tekin af ráðherra.

Um 45.–49. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Þar sem Umhverfisstofnun tekur til starfa 1. janúar 2003 er æskilegt að þær breytingar sem frumvarpið kveður á um öðlist gildi frá og með sama degi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

Megintilgangur frumvarpsins er að laga þá löggjöf, sem Umhverfisstofnun er ætlað að annast framkvæmd á, betur að tilvist og starfsemi stofnunarinnar ásamt því að skilja betur á milli stjórnsýsluverkefna og rannsóknarverkefna með það fyrir augum að einfalda og auka skilvirkni stjórnsýslu á starfssviði stofnunarinnar.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

501. Lög [246. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 498.

502. Lög [248. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 252.

503. Lög [358. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 398.

504. Fyrirspurn [406. mál]

til landbúnaðarráðherra um búsetu á jörðum.

Frá Helgu Halldórsdóttur.

1. Á hve mörgum lögbýlum er nú
   a. sauðfjárbúskapur,
   b. kúabúskapur,
   c. blönduð bú (sauðfjárbú og kúabú),
   d. hrossarækt,
   e. alifuglarækt,
   f. svínarækt,
   g. ferðaþjónusta,
   h. skógrækt,
   i. eyðibýli,

   sundurliðað eftir sveitarfélögum?

2. Hversu margar jarðir eða landspildur voru teknar úr landbúnaðarnotkun á árunum 1998–2001, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

505. Fyrirspurn [407. mál]

til menntamálaráðherra um samning við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál.

Frá Helgu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi menntamálaráðuneytisins við lokafrágang samnings við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál?
2. Hvaða fjárhæð er gert ráð fyrir að renni til samningsins?

Skriflegt svar óskast.

506. Fyrirspurn [408. mál]

til menntamálaráðherra um varaeintakasafn Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Reykholti.

Frá Helgu Halldórsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að tryggt verði nægjanlegt fjármagn til varaeintakasafns Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Reykholti?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að varaeintakasafnið verði áfram byggt upp á faglegan hátt til frambúðar með virku starfi í Reykholti?

Skriflegt svar óskast.

507. Fyrirspurn [409. mál]

til félagsmálaráðherra um Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi.

Frá Helgu Halldórsdóttur.

1. Er fyrirhugað að efla þjónustu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi?
2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við aukinni þörf fyrir þjónustu við fatlaða á Vesturlandi?
3. Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því að Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi geti eflt ráðgjafarþjónustu sína?
4. Hvernig mun ráðherra tryggja nægjanlegt fjármagn til skammtímavistunar að Holti og Gufuskálum?

Skriflegt svar óskast.

508. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Hallgrím Snorrason og Rósmund Guðnason frá Hagstofu Íslands, Má Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Grönvold og Ingunni S. Þorsteinsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands og Höskuld Jónsson frá ÁTVR.

Með frumvarpinu er lagt til að áfengisgjald af sterku víni verði hækkað um 15% og gjald af tóbaki um 27,7% en á móti lækkar álagning ÁTVR úr 17% í liðlega 11%. Reiknað er með að verðbreytingarnar hafi í för með sér um 0,3% hækkun á vísitölu neysluverðs en útsöluverð sterkra vína hækkar um rúmlega 10% og útsöluverð tóbaks um 12% að jafnaði.

Álögur á áfengi og tóbak hafa að mestu leyti staðið óbreyttar um langt skeið og hefur það þýtt lækkun á raungildi. Þá er frumvarpinu ætlað m.a. að vega á móti auknum útgjöldum ríkissjóðs til málefna aldraðra og leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 28. nóv. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Gunnar Birgisson.
Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.

509. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti telur gagnrýnivert hvernig ríkisstjórnin stendur að framlagningu þessa frumvarps. Litlar upplýsingar fylgja með málinu og það hefur verið undirbúið og lagt fram án nokkurs samráðs við samtök launafólks, aðila í heilbrigðiskerfinu eða aðra. Á hinn bóginn er ljóst að æskilegt er að hraða afgreiðslu mála af þessu tagi eftir að á annað borð er búið að ákveða slíka aðgerð sem hækkun áfengis- og tóbaksgjalds er.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst tekjuöflun í ríkissjóð og þar sem ekki fylgja neinar beinar mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir verðlagshækkanir er um íþyngjandi aðgerð að ræða. Áfengis- og tóbaksgjöld hafa hins vegar lítið hækkað síðan 1995 þegar núgildandi lög voru sett og vantar því nokkuð á að þau hafi haldið raungildi sínu, jafnvel eftir þá hækkun sem í frumvarpinu felst. Frá hollustu- og heilbrigðissjónarmiðum séð er því aðgerðin ekki óeðlileg miðað við að gjöldin haldi verðgildi sínu. Hins vegar er óæskilegt og gagnrýnivert að þessi gjaldtaka sé ekki látin fylgja verðlagi nokkurn veginn jafnóðum í stað þess að hækka í stórum stökkum eins og nú. Slíkt er enn óheppilegra en ella þegar aðstæður í verðlagsmálum eru viðkvæmar eins og verið hefur að undanförnu.

Frumvarpið er hluti aðgerða ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og nátengt afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins sem 1. minni hluti gerir margvíslegar athugasemdir við. Rétt er því að ríkisstjórnin beri ábyrgð á afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 2002.

Steingrímur J. Sigfússon.

510. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp fjármálaráðherra um hækkun á áfengisgjaldi er einfalt skattahækkunarfrumvarp ríkisstjórnar sem hefur misst tök á útgjöldum ríkissjóðs í aðdraganda alþingiskosninga. Í frumvarpinu felst að álögur á þá sem neyta áfengis og tóbaks eru auknar í því skyni að auka tekjur ríkissjóðs vegna mikilla útgjalda. Þá verður að vekja sérstaka athygli á afar ósmekklegri tilvitnun í greinargerð með frumvarpinu þar sem reynt er að tengja saman þessa skattahækkun við smávægilega hækkun sem Landssamband aldraðra knúði í gegn í þágu lífeyrisþega og tekur gildi um næstu áramót. Eðlilegra hefði verið að vísa til mikilla skattaívilnana ríkisstjórnarinnar til handa stórfyrirtækjum og auðmönnum en að gera lífeyrisþega ábyrga fyrir þessum skattahækkunum.

Á fundi í efnahags- og viðskiptanefnd gagnrýndi fulltrúi ASÍ þessa skattahækkun ríkisstjórnarinnar harðlega. Ekkert samráð var haft við ASÍ um þessa hækkun þrátt fyrir sam-

eiginlega yfirlýsingu ríkisstjórnarinar og ASÍ fyrr á árinu um aukið samstarf við að ná verðbólgunni niður og halda henni innan tilskilinna marka. Þetta taldi ASÍ alvarlegt í ljósi þess að fallið var frá þessari sömu hækkun fyrr á árinu vegna óæskilegra áhrif hennar á verðbólgumarkmið í tengslum við kjarasamninga. Jafnframt taldi ASÍ að þessi skattahækkun gæti verið fordæmi, sem t.d. sveitarfélög og tryggingafélög gætu notað til að rökstyðja hækkun á sínum tekjum.

Áhrif frumvarpsins eru m.a. þau að skuldir heimilanna hækka um 2 milljarða kr. Sem dæmi má nefna að 10 millj. kr. verðtryggt lán hækkar samstundis um 30 þús. kr. Greiðslur af láni sem er til sjö ára hækkar um 4 þús. kr. á ári. Greiðslur af 25 ára húsbréfum hækka um 1–2 þús. kr á ári.

Það kom fram á fundi efnahags- og viðskiptanefndar að þrátt fyrir að áfengisgjald hafi ekki hækkað mikið undanfarið hefur þessi breyting á áfengisgjaldinu það í för með sér að verð á áfengi mun hækka langt umfram hækkun neysluvísitölunnar á þessu ári. Hækkun á áfengi á árinu vekur sérstaka eftirtekt í ljósi þess að krónan hefur styrkst um hátt í 20% á árinu, sem við eðlilegar aðstæður hefði átt að hafa verðlækkun á áfengi í för með sér.

Skattahækkuninni er ætlað að skila ríkissjóði 1.100 millj. kr., 800 millj. kr. vegna hækkunar á tóbaki og 300 millj. kr. vegna hækkunar á áfengi. Miðað er við óbreytta sölu á áfengi hjá ÁTVR á árinu 2003.

Vinnubrögðin við þetta mál er mjög ámælisverð. Minni hlutinn reyndi að ná samstöðu við meiri hlutann um að verja auknum hluta af skattahækkuninni í forvarnarsjóð. Um það var fjármálaráðherra ekki til viðræðu. Minni hlutinn leggur því til að gjald í forvarnarsjóð verði hækkað úr 1% í 1,5%.

Með vísan til framangreinds er allri ábyrgð af þessari skattahækkun vísað á ríkisstjórnina.

Alþingi, 28. nóv. 2002.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Lúðvík Bergvinsson.

511. Breytingartillaga [402. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, LB).

Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 4. gr., svohljóðandi:
Í stað hlutfallstölunnar „1%“ í 1. málsl. 7. gr. laganna kemur: 1,5%.

512. Lög [402. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 496.

513. Frumvarp til laga [410. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hlutafélögum sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira er skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum.

Hlutafélögum sem eru í eigu sveitarfélaga að hálfu eða meira er skylt að veita sveitarstjórnum upplýsingar um opinbert málefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 122. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Var það síðan endurflutt á 125., 126. og 127. löggjafarþingi en hefur þó ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Það er nú flutt enn á ný samhliða frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis og er í greinargerð með því að finna skýringar á tilurð þessa máls. Við frumvarpið hefur nú verið bætt ákvæði um upplýsingaskyldu sveitarfélaga þar sem þau hafa eins og ríkisvaldið í auknum mæli hlutafélagavætt ýmis þjónustufyrirtæki og því þykir flutningsmönnum eðlilegt að sama regla gildi um þau og hlutafélagavædd ríkisfyrirtæki.

Allt frá 1874 hafa alþingismenn átt rétt til að beiðast svara um opinber mál og er þessi réttur varinn af 54. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig hafa alþingismenn í gegnum tíðina fengið þær upplýsingar um rekstur ríkisfyrirtækja sem teljast vera opinber málefni. Því er fullkomlega óeðlilegt að með því einu að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækis í hlutafélag sem að meiri hluta er í eigu ríkisins sé girt fyrir stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að hafa eftirlit með opinberri stjórnsýslu og fjárreiðum ríkisins.

Í skýrslu forsætisráðherra á 122. löggjafarþingi um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, þskj. 25, 25. máli, er komist að þeirri niðurstöðu að ráðherra sé skylt að gefa alþingismönnum upplýsingar um það sem fram kemur í ársreikningi og helgast sú niðurstaða

af því að þær upplýsingar teljast opinberar samkvæmt fyrirmælum ársreikningslaganna. Því má draga þá ályktun að aðgangur alþingismanna að upplýsingum um hlutafélög sé ekki meiri en sá réttur sem almenningi er tryggður lögum samkvæmt. Sú niðurstaða er viðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ekki eru í eigu hins opinbera en að sama skapi óviðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ríkið á að stærstum hluta. Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að þingmenn hafi sama rétt til upplýsinga um málefni hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins og ef um væri að ræða ríkisfyrirtæki sem falla undir B-hluta ríkisreiknings. Ekki er nokkur vafi á að sá réttur er rýmri en réttur almennings samkvæmt upplýsingalögum, sbr. álit nefndar um „starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu“ um þau efni.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2001 er sérstaklega vikið að formi rekstrar opinberra fyrirtækja og stofnana og beinlínis kallað eftir skýrari línum í þeim efnum. Segir um þau efni í kafla 4.7. í skýrslunni: „Ég tel að framangreind þróun í einkavæðingu opinberrar þjónustu og verkefna leiði til þess að mikilvægt sé að tekin sé afstaða til þess þegar slík formbreyting á sér stað hvort og þá í hvaða mæli hinar almennu stjórnsýslureglur og þá einnig reglur stjórnsýslulaga og upplýsingalaga eigi framvegis að gilda um starfsemina. Það er hvorki starfseminni né borgurunum í hag að réttaróvissa sé um þetta. Sérstaklega á þetta við þegar farin er sú leið af hálfu ríkis og sveitarfélaga [að] færa starfsemi yfir í hlutafélag eða annað einkaréttarlegt form án þess að það verði nein breyting á eignarhaldi eða verkefnum.“ Áfram segir í skýrslu umboðsmanns: „Það á líka að vera hlutverk löggjafans og þeirra sem taka ákvarðanir um slíkar formbreytingar að taka afstöðu til þess í hvaða mæli sjónarmið um aukið hagræði og skilvirkni við framkvæmd opinberrar þjónustu eigi að skerða það réttaröryggi sem býr að baki tilvist almennra stjórnsýslureglna í samskiptum stjórnvalda og borgaranna.“

Skýrsla umboðsmanns Alþingis var til umræðu á Alþingi 7. nóvember sl. og kom þar fram sú afstaða þingmanna í öllum flokkum, þar á meðal forseta þingsins, að nauðsyn væri á skýrari reglum á þessu sviði. Hlutafélög í eigu ríkisins eiga ekki að vera undanþegin eftirliti af hálfu Alþingis. Gildir þar einu hvort fyrirtækin eru hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkissjóðs eða héfðbundin ríkisfyrirtæki.

Fylgiskjal.

Úr skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2001.
(Kafli 4.7., bls. 13–15.)

Form rekstrar opinberra fyrirtækja og stofnana.

Þess hefur gætt nokkuð á undanförnum árum í íslenskri löggjöf og ákvörðunum stjórnvalda að form rekstrar hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum hefur breyst m.a. í ljósi stefnumiða um einkavæðingu í ríkisrekstri. Þessi þróun hefur áhrif á störf umboðsmanns Alþingis með tilliti til hlutverks hans sem snýr að eftirliti með „stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga“. Hafa af þessum sökum risið upp ýmis lagaleg álitaefni, meðal annars um stöðu hlutafélaga og sameignarfélaga í opinberri eigu í stjórnsýsluréttarlegu tilliti.

Um þetta má sem dæmi nefna álit mitt í máli nr. 2440/1998 sem birt er í heild sinni í skýrslunni (sjá bls. 196). Í málinu reyndi á það hvort einstaklingur ætti rétt á aðgangi að tilteknum gögnum um framkvæmdir Landsvirkjunar á grundvelli ákvæða laga nr. 21/1993,

um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Var álitaefnið nánar tiltekið það hvort skýra bæri orðalagið „stofnun“ ríkis eða sveitarfélaga samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1993 með þeim hætti að Landsvirkjun félli þar undir. Það var niðurstaða mín að starfsemi, rekstur og ákvarðanataka hjá Landsvirkjun væri alfarið undir áhrifum opinberra aðila í krafti eignarhalds. Þá væri fyrirtækinu með lögum mörkuð sérstök og um margt einstök staða við framkvæmd lögbundinna verkefna sinna sem hefðu bein áhrif á umhverfi Íslands. Að þessu virtu taldi ég að starfsemi, lögbundinn tilgangur, eignarhald og lagaleg staða Landsvirkjunar væri þess eðlis að telja yrði að fyrirtækið félli undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1993 eins og skýra yrði það með tilliti til þeirra skuldbindinga sem leiddu af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég tók fram í kafla IV.10. í áliti mínu að athugun mín í tilefni kvörtunar þessa máls hefði leitt í ljós að heppilegra væri og betur í samræmi við réttaröryggi borgaranna að ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1993 yrði gert skýrara með tilliti til afmörkunar á því hvaða aðilar yrðu taldir falla undir lögin. Enda þótt ég teldi að ekki yrði önnur niðurstaða fengin með túlkun á ákvæðinu en að Landsvirkjun félli innan efnissviðs þess minnti ég á að önnur dæmi væru um opinbera aðila hér á landi eða aðila sem eru undir eignaráhrifum opinberra yfirvalda sem starfi með þeim hætti að áhrif hafi á hagnýtingu umhverfisins. Kynni staða þeirra gagnvart lögum nr. 21/1993 að vera með öðrum hætti og óljósari heldur en staða Landsvirkjunar væri. Sökum þessa ákvað ég að vekja athygli Alþingis og iðnaðarráðherra á niðurstöðum mínum í álitinu, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Ég hef orðið þess var í störfum mínum að sífellt fleiri álitaefni vakna um það hvort og þá með hvaða hætti almennar reglur stjórnsýsluréttar eiga við um hlutafélög og sameignarfélög í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga. Hafa verður í huga að ekki er sjálfgefið að breytt rekstrarform opinberrar þjónustu eða verkefna leiði til þess að mögulegt sé að láta hjá líða að taka tillit til stjórnsýslureglna við framkvæmd slíkra málefna. Taka þarf jafnan afstöðu til þess m.a. hvaða reglur eigi að gilda um nánari útfærslu á einstökum þjónustuþáttum eða verkefnum og þá t.d. hvort það að þjónustan sé í raun veitt af opinberum aðila hafi það í för með sér að framkvæmd hennar þurfi þrátt fyrir hið breytta rekstrarform að byggjast á reglum um jafnræði og á öðrum málefnalegum sjónarmiðum. Þá kann að reyna á álitaefni sem lúta að því hvaða reglur eigi að gilda um aðgang borgaranna að upplýsingum hjá slíkum félögum í opinberri eigu, sbr. framangreint álit mitt í máli nr. 2440/1998, og við töku ákvarðana hjá opinberum fyrirtækjum um laun og önnur réttindi starfsmanna. Ég vek hér t.d. athygli á því að í dómi Hæstaréttar frá 16. nóvember 2000 í máli nr. 151/2000 var tekið fram að gerðar væru þær kröfur til „forstöðumanna fyrirtækja í opinberri eigu, að þeir gæti almennra stjórnsýslureglna í samskiptum sínum við starfsmenn fyrirtækjanna“. Rekstrarformi þessa fyrirtækis var í dóminum lýst sem þjónustufyrirtækis í eigu Reykjavíkurborgar. Var í dóminum lagt til grundvallar að forstjóra slíks fyrirtækis hefði borið að fara að „reglum III. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við þá ákvörðun að segja [P] upp störfum og varð hún að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum“.

Ég tel að framangreind þróun í einkavæðingu opinberrar þjónustu og verkefna leiði til þess að mikilvægt sé að tekin sé afstaða til þess þegar slík formbreyting á sér stað hvort og þá í hvaða mæli hinar almennu stjórnsýslureglur og þá einnig reglur stjórnsýslulaga og upplýsingalaga eigi framvegis að gilda um starfsemina. Það er hvorki starfseminni né borgurunum í hag að réttaróvissa sé um þetta. Sérstaklega á þetta við þegar farin er sú leið af hálfu ríkis og sveitarfélaga [að] færa starfsemi yfir í hlutafélag eða annað einkaréttarlegt form án þess að það verði nein breyting á eignarhaldi eða verkefnum. Það á líka að vera hlutverk löggjafans og þeirra sem taka ákvarðanir um slíkar formbreytingar að taka afstöðu

til þess í hvaða mæli sjónarmið um aukið hagræði og skilvirkni við framkvæmd opinberrar þjónustu eigi að skerða það réttaröryggi sem býr að baki tilvist almennra stjórnsýslureglna í samskiptum stjórnvalda og borgaranna. Í þessu efni getur verið tilefni til þess að taka til athugunar hvort rétt sé að setja í lög almennar reglur um slík opinber fyrirtæki þar sem tekin væri afstaða til þess hvernig fara ætti um ýmis atriði þar sem álitamál er hvernig hinar hefðbundnu reglur félagaréttarins eiga við.

Af sama toga er afmörkun á heimildum hlutafélaga og sameignarfélaga sem stofnuð eru eða eru undir eignarráðum ríkis eða sveitarfélaga og þá sérstaklega um þjónustustarfsemi sem rekin er á grundvelli einkaréttar til að veita umrædda þjónustu. Stundum er endurgjald fyrir veitta þjónustu þessara fyrirtækja bundið í gjaldskrá sem háð er staðfestingu stjórnvalda, t.d. ráðherra. Í þessu efni skiptir meðal annars máli að lagareglur um starfsheimildir slíkra fyrirtækja séu skýrar. Á gjaldtaka þessara fyrirtækja fyrir veitta þjónustu eingöngu að miðast við kostnað við að veita þjónustuna og í hvaða mæli mega t.d. arðgreiðslur til eigenda hafa þar áhrif? Þátttaka þessara fyrirtækja í öðrum atvinnurekstri og ráðstöfun fjármuna úr sjóðum þeirra eru viðfangsefni sem skýrar leikreglur þurfa að gilda um. Ég lít svo á að slíkar reglur séu í þágu réttaröryggis borgaranna og til þess fallnar að gera þeim aðilum sem hafa eiga eftirlit með starfsemi hins opinbera, þ.m.t. umboðsmanni Alþingis, betur fært að leysa úr athugasemdum borgaranna við starfshætti þessara fyrirtækja.

514. Frumvarp til laga [411. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna bætist: þar með talið málefni sameignar- eða hlutafélaga sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 49. gr. laganna orðast svo: Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, sbr. ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 46. gr., gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi og á 125., 126. og 127. löggjafarþingi en hefur ekki fengið fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt nú. Umræða liðinna missira hefur enn undirstrikað mikilvægi þess að tekin séu af öll tvímæli í þeim efnum sem hér um ræðir,

þar sem kveðið er á um rétt alþingismanna til upplýsinga varðandi málefni fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira.

Flutningsmönnum þykir efni frumvarps þessa enn brýnna nú en nokkru sinni áður. Málefni Landssímans hf. sýna berlega nauðsyn þess að fyrirtæki sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins hafi skyldur gagnvart Alþingi varðandi upplýsingagjöf o.fl. Mörgum sinnum hefur það gerst á liðnum árum, allt frá því að Póst- og símamálastofnun var breytt í hlutafélag, að Alþingi hefur verið neitað um upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins, m.a. varðandi æðstu stjórnendur og annað það sem eðlilegt er að Alþingi vilji fylgjast með, sem stjórnarskrárvarinn eftirlitsaðili með framkvæmdarvaldinu. Jafnan hefur því verið borið við að málefni fyrirtækisins teljist ekki lengur opinber eftir að því var breytt í hlutafélag.

Ljóst er af fréttum af ráðningarsamningi fyrrverandi forstjóra og upplýsingum um óhófleg kjör hans og ríflegan starfslokasamning að Alþingi hefði betur haft tækifæri til þess að veita ráðamönnum þar á bæ aðhald. Samþykkt frumvarps þessa er því löngu tímabær.

Nú þykir einsýnt að ekki verði af sölu Landssímans hf. á næstu mánuðum eða missirum. Það er því mikilvægt að frumvarp þetta fái skjóta afgreiðslu þingsins.

Sem stendur eru 12 fyrirtæki í eigu ríkissjóðs að hálfu eða meira, það eru: Landsvirkjun, Skráningarstofan hf., Hitaveita Hjaltadals, Landssími Íslands hf., Hæðarlönd ehf., Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., Sementsverksmiðjan hf., Íslandspóstur hf., Herjólfur hf., Flugkerfi hf., Breiðafjarðarferjan Baldur ehf. og Apótek Landspítalans, Fossvogi.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi þessu þegar það var lagt fram á 126. löggjafarþingi koma fram upplýsingar um sögulega þróun upplýsingagjafar framkvæmdarvaldsins til Alþingis. Sú greinargerð er að mestu óbreytt hér á eftir.

Á 125. löggjafarþingi var skilað ítarlegri skýrslu nefndar sem fjallaði um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Um skýrslu þessa var fjallað í umræðum á Alþingi 21. febrúar 2000. Þar er m.a. kveðið á um rétt alþingismanna til upplýsinga og segir um þau efni í kafla 3.9.7: „Til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til að afla upplýsinga frá ráðherra.“ Síðar í sama kafla segir: „Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Annað mál er að hægt er að hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga við túlkun 54. gr. stjórnarskrárinnar. Æskilegt er að tekið verði til athugunar hvort ástæða þykir til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir.“

Á 121. löggjafarþingi fór fram umræða utan dagskrár um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Í kjölfar hennar lét forsætisráðuneytið vinna sérstaka óháða lögfræðilega álitsgerð um þetta efni sem lögð var fram í skýrsluformi á 122. löggjafarþingi (þskj. 25, 25. mál). Niðurstaða hennar var m.a. sú að réttur einstakra alþingismanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nái aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber, en það sé síðan löggjöfin sem kveður nánar á um hvaða málefni eru opinber. Þá kemur fram í niðurstöðum að ríkishlutafélög teljist aðilar að einkarétti og um þau gildi sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt. Um þessa niðurstöðu er þó ekki samstaða meðal fræðimanna.

Með breytingu á 54. gr. stjórnarskrárinnar á 113. löggjafarþingi, sem staðfest var á 114. löggjafarþingi, var kveðið á um að alþingismönnum væri heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast skýrslu um það. Var hér um að ræða orðalagsbreytingu frá eldra ákvæði þar sem

sagði að heimilt væri hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild sem hann ætti sæti í ef hún leyfði það og beiðast um það skýrslu ráðherra. Í greinargerð með framangreindri breytingu sagði einungis að með greininni væri verið að staðfesta framkvæmd á meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi. Í þingsköpum frá árinu 1874 er hins vegar að finna ákvæði um heimild þingmanna til að bera upp í annarri hvorri þingdeildinni opinbert málefni og beiðast skýrslu landshöfðingja en án frekari skýringa. Ákvæði þingskapa um fyrirspurnir tók síðan breytingum í tímans rás og í þingskapalögum frá 1915 er að finna ákvæði um fyrirspurnir um alþjóðleg málefni sem breyttist árið 1936 í fyrirspurnir um landsmál. Enn tók ákvæðið breytingum árið 1946 og var þá skilgreiningin miðuð við fyrirspurnir í sameinuðu þingi um einstök atriði eða mál. Það var hins vegar með lögum nr. 54/1972, sem breyttu þágildandi þingskapalögum frá 1936, að skilgreiningin miðaðist að nýju við opinbert málefni. Í greinargerð með síðastgreindum lögum var kveðið á um að fyrirspurn skyldi fjalla um opinber málefni sem ráðherra bæri ábyrgð á. Það væri gert til að leggja áherslu á að einungis ætti að spyrja um slík málefni. Ekki er í framangreindum lögum eða lögskýringargögnum að finna nánari skilgreiningu á því hvað telst opinbert málefni, enda er það í samræmi við niðurstöðu í framangreindri álitsgerð um að það sé löggjöfin sem ákveði hvaða málefni teljist opinber.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að upplýsingar um sameignar- og hlutafélög sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira teljist upplýsingar um opinbert málefni og því eigi þingmenn sama rétt til slíkra upplýsinga og um þau fyrirtæki sem gerð er grein fyrir t.d. í B-hluta ríkisreiknings. Frumvarpið er lagt fram þar sem komið hefur í ljós að það orkar tvímælis hvernig túlka skal stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að óska skýrslu eða upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni, en eins og að framan greinir er sá réttur nánar útfærður í lögum um þingsköp Alþingis.

Þá er þess að geta að í 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þar segir m.a. að eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi eða sameignarfélagi, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Í 9. gr. er tekið fram að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þótt öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra. Þá má enn fremur geta þess að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er ráð fyrir því gert að í D- og E-hluta ríkisreiknings verði fjárreiður fjármálastofnana og hlutafélaga sem ríkið á að hálfu eða meira skýrðar, en fram að þeim tíma er þau lög tóku gildi var ekki gerð grein fyrir þessum aðilum í ríkisreikningi. Það er því augljós vilji löggjafans að farið sé með málefni er lúta að hlutafélögum í meirihlutaeigu ríkisins sem opinber málefni. Tilgreind dæmi af ríkisreikningi og hlutverki Ríkisendurskoðunar í þessu efni kveða skýrt á um þetta. Því er álitamál hvort niðurstaða hinnar lögfræðilegu úttektar af hálfu forsætisráðherra standist þegar grannt er skoðað. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að úr því fáist skorið með skýlausum hætti hvaða málefni teljast „opinber málefni“ og hver ekki og þar með hver sé réttur þingmanna þegar kemur að eftirlitsskyldu þings með framkvæmdarvaldinu. Í frumvarpinu er reynt að bæta úr einu tilteknu atriði í þessum efnum, en ekki gerð tilraun til altækrar skilgreiningar á hugtakinu „opinbert málefni“.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi hafi skýrar heimildir í lögum, sbr. ákvæði stjórnarskrárinnar, til að hafa eftirlit með því að farið sé að settum lögum af hálfu framkvæmdarvaldsins og meðferð fjármuna og aðrir rekstrarþættir í opinberri stjórnsýslu séu þannig að eðlilegt geti talist. Stjórnarskráin kveður á um þetta og nægir að vísa til 39. gr.

hennar þar sem segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning og geti veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum. Þá má enn fremur vísa til 43. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

Hlutafélög í eigu ríkisins, stórfyrirtæki á borð við Íslandspóst hf. og Landssíma Íslands hf. eiga ekki að vera undanþegin slíku eftirliti af hálfu Alþingis. Þar er sannanlega um að ræða fyrirtæki í eigu ríkisins þar sem miklu skiptir fyrir almannahag hvernig opinberri stjórnsýslu vindur fram. Gildir einu hvort fyrirtækin eru hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkissjóðs eða hefðbundin ríkisfyrirtæki.

Til að taka af öll tvímæli í þeim efnum er frumvarp þetta lagt fram.

515. Svar [230. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um tilnefningu dómara í alþjóðasakamáladómstólinn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að tilnefna dómara til setu í alþjóðasakamáladómstólnum? Ef ekki, hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun?

Fyrsta kjör 18 dómara til setu í Alþjóðlega sakamáladómstólnum fer fram á framhaldsfundi aðildarríkjaþings Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem haldinn verður í New York dagana 3.–7. febrúar 2003. Hverju aðildarríki Rómarsamþykktarinnar er heimilt að tilnefna einn dómara, en frestur til þess rennur út 30. nóvember 2002. Hinn 27. nóvember 2002 höfðu 39 tilnefningar borist Sameinuðu þjóðunum, þar af 10 frá eftirtöldum ríkjum í svonefndum Vesturhópi: Belgíu, Bretlandi, Finnlandi, Frakklandi, Írlandi, Ítalíu, Kanada, Portúgal, Sviss og Þýskalandi. Fyrir liggur að hörð samkeppni verður um dómarasæti í Vesturhópnum en ekki er fyrir fram ljóst hve mörg sæti koma í hlut hópsins. Norðurlöndin hafa allajafna teflt fram sameiginlegum frambjóðendum til kjörs í alþjóðadómstóla og -nefndir. Er þessi aðferð talin vænlegri til árangurs en sú leið að norrænu ríkin bjóði fram hvert fyrir sig og í samkeppni hvert við annað. Almennt hefur þetta fyrirkomulag gefist vel og var ekki talið rétt að víkja frá því við framboð til kjörs í Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Hafa ber í huga að norrænu ríkin unnu náið saman að gerð Rómarsamþykktarinnar og sjónarmið þeirra í málefnum Alþjóðlega sakamáladómstólsins fara mjög saman. Norðurlöndin náðu í september 2002 samkomulagi um að Erkki Kourula, þjóðréttarfræðingur og sendiherra í finnska utanríkisráðuneytinu, yrði sameiginlegur norrænn frambjóðandi til kjörs í Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Var hann tilnefndur sem slíkur af hálfu Finnlands með orðsendingu til Sameinuðu þjóðanna 1. nóvember 2002.

516. Svar [385. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um framlög til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver voru fjárframlög Íslands til starfsemi Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna á árunum 1998–2002?

Á árunum 1998–2001 nam framlag til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna 500 þús. kr. á ári. Framlagið var hækkað í 800 þús. kr. fyrir árið 2002. Frekari hækkun framlags til sjóðsins er til skoðunar í utanríkisráðuneytinu, m.a. með hliðsjón af kynningu á starfsemi sjóðsins og upplýsingum sem fulltrúi hans veitti á fundum með fulltrúum utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar í Reykjavík 19. nóvember sl.

517. Svar [260. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um styttingu þjóðvegar 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur.

1. *Hvaða sparnaður yrði á kílómetra við styttingu þjóðvegar 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur miðað við núverandi umferð?*

Við undirbúning svarsins var leitað eftir umsögn Vegagerðarinnar og er að miklu leyti stuðst við hana. Ekki eru tök á því að svara spurningunni nákvæmlega. Með því að gefa sér helstu forsendur má þó fá út líklega stærðargráðu sparnaðar. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu forsendunum. Miðað er við umferðina á Norðurlandi vestra, og er hún áætluð um 870 bílar á dag að meðaltali á þessu ári. Þar af eru þungir bílar taldir vera um 8% eða 70 bílar á dag. Miðað er við gjald sem ferðakostnaðarnefnd reiknar út. Er það notað hér, þ.e. 53 kr./km. Reiknað er með að kostnaður þungra bíla sé að meðaltali 3,5 sinnum hærri en fólksbíla, en það er hlutfall sem notað hefur verið við einfalda hagræna útreikninga hjá Vegagerðinni.

Miðað við þessar forsendur sparast um 20 millj. kr. aksturskostnaður á ári við að stytta veginn á þessum slóðum um 1 km. Hér á móti er hægt að benda á að kostnaður Vegagerðarinnar ykist eitthvað þar sem halda yrði gamla veginum áfram við og þjónusta hann. Ítrekað skal að þessi tala er eingöngu viðmið og ber að umgangast hana þannig.

Rétt er að geta þess sérstaklega að þetta er ekki þjóðhagslegur sparnaður eins og hann er venjulega reiknaður. Í honum er opinberum gjöldum sleppt (tollum og sköttum o.þ.h.) enda eru þau millifærsla innan þjóðfélagsins. Þá er ekki reiknað með tímasparnaði ökumanna og farþega, en það er gert við útreikning á þjóðhagslegum sparnaði.

2. *Hvar væri helst hægt að stytta þjóðveg 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur? Hversu mikil gæti styttingin orðið og hver er líklegur kostnaður?*

Hér er miðað við að vegurinn fari um byggðir eins og hann gerir nú og nefndar þær styttingar sem helst hafa verið til umræðu á undanförnum árum.

a. *Um Grunnafjörð.* Vegurinn lægi þá vestan við Akrafjall og færi yfir Grunnafjörð á eyrum í mynni fjarðarins. Þessi leið styttir leiðina frá Akranesi til vesturs og norðurs

mest, eða um 7,5 km, en stytting hringvegarins er einungis 1 km. Kostnaður er metinn á um 1.400 millj. kr. Þessi stytting er langóhagkvæmust þeirra þriggja sem nefndar eru og mun varla koma til greina á næstunni þegar rætt er um styttingu hringvegarins. Umferðin er hér þó þreföld miðað við Norðurland vestra þannig að sparnaður vegfarenda er nokkru meiri en 20 millj. kr. viðmiðunin hér að framan. Eftir sem áður er kostnaðurinn mjög mikill. Því er hægt að staðhæfa að þýðing framkvæmdarinnar fyrir umferðina milli Reykjavíkur og Akureyrar væri mjög lítil miðað við núverandi forsendur fyrir forgangsröðun vegframkvæmda. Framkvæmd þessi hefur þó talsverða þýðingu innan Borgarfjarðarhérðaðs því að vegalengdin milli Akraness og Borgarfjarðar mundi styttast verulega. Hana ber að skoða í því samhengi.

b. *Sunnan Blönduós.* Farið væri af hringvegi hjá Brekku í Þingi meðfram Svínavatni yfir Blöndu nálægt Finnstungu og á hringveg í Ævarsskarði. Styttingin gæti verið um 15,5 km og kostnaður við hana er metinn á um 900 millj. kr. Kostnaður á km væri þá 58 millj. kr. sem gefur til kynna að þessi framkvæmd sé hagkvæmust af þeim þremur sem nefndar eru og gæti líklega borgað sig upp á fáum árum.

c. *Sunnan Varmahlíðar.* Farið yrði af hringvegi hjá Víðimýrará. Leiðin lægi svo yfir Héraðsvötn fram undan Miklabæ og á hringveg niður undan Miðsitju í Blönduhlíð. Stytting væri um 3,5 km og kostnaður við hana talinn um 500 millj. kr. Kostnaður á km er 143 millj. kr. sem þó er tíu sinnum lægri tala en í Grunnafjarðardæminu hér að framan. Margt bendir til að þessi framkvæmd væri einnig arðsöm þótt ekki væri í jafnríkum mæli og styttingin sunnan Blöndós.

Séu styttingarnar í b- og c-lið teknar saman, og Grunnafirði sleppt af augljósum ástæðum, eru þær um 19 km og kostnaður um 1.400 millj. kr. Vegalengdin milli Akureyrar og Reykjavíkur eftir hringvegi er nú 388 km en yrði þá 369 km. Sparnaður vegfarenda yrði um 400 millj. kr. á ári miðað við gefnar forsendur.

Ítreka ber að matið hér að ofan er gróft en ætti samt að gefa hugmynd um stærðargráðuna. Bent skal sérstaklega á að huga þarf að fleiri þáttum. Hagsmunir allra vegfarenda, þ.m.t. atvinnulífsins, af sem stystum leiðum milli áfangastaða eru mjög miklir. Á móti skerðast hagsmunir atvinnurekstrar og e.t.v. byggðalaga sem eru beinlínis háð því að vera við aðalþjóðveginn eins og hann er áður en til færslu kemur. Ef til vill er skýrasta dæmið hér óskir vegfarenda um framhjáhlaup við Selfoss og Borgarnes þar sem óneitanlega verða töluverðar tafir á umferð við að aka í gegnum bæina. Hins vegar má telja fullvíst að verslun og þjónusta á staðnum setji sig á móti grundvallarbreytingum á legu vegarins. Hér er þetta eingöngu nefnt sem dæmi en það er mat ráðuneytisins að krafa vegfarenda um styttingu leiða verði vaxandi þáttur sem taka verði tillit til eftir því sem tímar líða. Við þessa kröfu bætast umhverfismál vegna mengunar, hávaða og óþarfa eldsneytiseyðslu og ekki síst umferðaröryggismál.

518. Frumvarp til laga [412. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.826 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 5.440 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2003 vegna tekna ársins 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sé hækkað um 614 kr. eða um 12,73%. Af þeirri hækkun eru 500 kr. eða 10,36% vegna sérstaks átaks í uppbyggingu öldrunarstofnana og viðhalds þeirra og 114 kr. eða 2,37% eru vegna hækkunar að hálfu á byggingarvísitölu og að hálfu á neysluvísitölu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og renna skal í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 5.440 kr. á hvern gjaldanda í stað 4.826 kr. í gildandi lögum. Ef miðað er við 163.000 gjaldendur á árinu 2003 hækka ríkistekjur frá fjárlögum þessa árs um 123 m.kr. sem renna til Framkvæmdasjóðs aldraðra verði frumvarpið að lögum.

519. Frumvarp til laga [413. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „67%“ í 9. og 10. mgr. 17. gr. laganna kemur: 45%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í framhaldi af tillögum starfshóps sem skipaður var af ríkisstjórninni vegna aðgerða stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra næstu tvö til þrjú árin. Starfshópurinn var skipaður 25. september 2002 og skilaði tillögum til ríkisstjórnarinnar 19. nóvember 2002. Gerði starfshópurinn tillögur um hækkun á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka frá Tryggingastofnun ríkisins umfram árlega hækkun þessara bóta skv. 65. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Jafnframt var gerð tillaga um að lækka skerðingarprósentu tekjutryggingaraukans vegna annarra tekna úr 67% í 45%. Hækkun tekjutryggingar og tekjutryggingarauka kemur til framkvæmda með reglugerð með stoð í lögum um almannatryggingar. Frumvarpi þessu er ætlað að hrinda í framkvæmd breytingu á skerðingarhlutfalli tekjutryggingaraukans í 9. og 10. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar þannig að skerðingarhlutfallið verði 45%. Starfshópurinn gerði einnig ýmsar tillögur er lúta að heima- og stoðþjónustu við aldraða og að uppbyggingu og rekstri hjúkrunarheimila.

Tillögur starfshópsins um áherslur í málefnum aldraðra fylgja frumvarpi þessu til skýringar.

Fylgiskjal I.

Skýrsla samráðshóps um málefni eldri borgara.

Þann 25. september 2002 skipaði ríkisstjórnin starfshóp sem ætlað var að verða farvegur formlegs samráðs stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um breytingar á almannatryggingalögum og endurskoðun á lífeyrisgreiðslum er kæmu til framkvæmda á næstu árum. Þá var starfshópnum einnig ætlað að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða með það að markmiði að stytta biðlista og bæta þjónustu. Aðilar miðuðu við að starfinu gæti undið það hratt fram að líta mætti til tillagna starfshópsins við fjárlagagerð fyrir komandi ár. Við þennan ramma hefur starf hópsins miðast.

Vísað er til umfjöllunar í meðfylgjandi álitsgerð um „áherslur aldraðra“ og á grundvelli hennar gerðar eftirfarandi tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra næstu tvö til þrjú árin:

1. Lífeyrismál. Starfshópurinn hefur kannað tekjuþróun aldraðra miðað við aðra þjóðfélagshópa sem og þróun á greiðslum almannatrygginga síðasta áratug. Niðurstaðan gefur tilefni til að hækka tryggðar tekjur og draga úr jaðaráhrifum tekjutenginga. Lagt er til að þessi hækkun komi til framkvæmda í tveim áföngum og fyrri áfangi hennar þegar frá næstu áramótum en sá síðari ári seinna. Í fjárlagafrumvarpinu er miðað við að greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins hækki sem svarar almennum umsömdum launahækkunum í upphafi næsta árs samkvæmt almannatryggingalögum. Til viðbótar þessu hækki greiðslurnar sem hér segir:

- 1. janúar 2003 hækki tekjutrygging um 3.028 kr. og verði frá þeim tíma 38.500 kr. í stað 34.372 kr. sem nú er.
- Frá sama tíma hækki tekjutryggingarauki um 2.255 kr. og verði frá þeim tíma 18.000 kr. fyrir einhleypa í stað 15.257 kr. sem nú er. Tekjutryggingarauki hjóna og sambýlisfólks hækki um sömu krónutölu og verði 14.066 kr. í stað 11.445 kr. sem nú er.
- Frá sama tíma breytist ákvæði laga um tekjutengingu þannig að skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingarauka lækki úr 67% í 45%.
- 1. janúar 2004 komi til framkvæmda almenn hækkun samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.

Því til viðbótar og frá sama tíma hækki:

- tekjutrygging um 2.000 kr. og verði 40.500 kr. auk almennrar hækkunar samkvæmt framanskráðu,
- tekjutryggingarauki um 2.000 kr. og verði 20.000 kr. fyrir einhleypinga og 16.066 kr. fyrir hjón og sambýlisfólk auk áðurtalinnar almennrar hækkunar.

2. Heimaþjónusta við aldraða verði efld verulega frá því sem nú er með það að markmiði að aldraðir geti dvalið sem lengst á eigin vegum utan stofnana. Til að ná þessu marki er mikilvægt að einn aðili sé ábyrgur fyrir þjónustunni, hvort sem um er að ræða hjúkrun, aðhlynningu eða aðstoð við heimilishald sem nú er ýmist á ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Lagt er til að stjórnvöld beiti sér fyrir samtvinnun þessarar þjónustu undir sameiginlegri stjórn þar sem einn aðili verði ábyrgur fyrir framkvæmd og fjárhag. Æskilegt er að öldrunarstofnanir og aðrir þjónustuaðilar geti tekið að sér svæðisbundna þjónustu innan þessa ramma. Lagt er til að ríkið leggi 150 millj. kr. til þessa verkefnis á næstu þremur árum til viðbótar þeim fjárveitingum sem nú ganga til verkefnanna. Til lengri tíma er eðlilegt að taka þetta viðfangsefni upp í samningaviðræður um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga. Á þeim vettvangi þarf einnig að fjalla um hlutverk sveitarfélaga í rekstri dvalarheimila og sambýla fyrir aldraða, en það síðarnefnda þykir hafa reynst vel.

3. Stoðþjónusta í formi dagvistunar og hvíldarinnlagna verði aukin. Lagt er til að á næstu tveimur árum verði dagvistarrýmum aldraðra fjölgað, einkum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sinna megi 100 manns sem þessarar þjónustu þarfnast. Jafnframt er lagt til að tryggt verði aukið framboð á rýmum til hvíldarinnlagna á hjúkrunarheimili og/eða öldrunardeildir sem svarar 20 rúmum á næstu 12–15 mánuðum. Leitað verði samninga við rekstraraðila um báða þessa þætti og valið úr á grundvelli hagkvæmni, öryggis og gæða. Áætla má að árlegur rekstrarkostnaður þessara nýju þjónustuþátta geti numið 170 millj. kr.

4. Flýtiframkvæmd á Vífilsstöðum. Starfshópurinn hefur lagt til að húsnæði Vífilsstaðaspítala verði hið allra fyrsta tekið í notkun án verulegra breytinga til að flýta fyrir því að aldraðir hjúkrunarsjúklingar komist út af sjúkrahúsum og í aðstæður sem henta betur þörfum þeirra og spítalanna. Þótt Vífilsstaðir muni ekki fullnægja öllum nýjustu viðmiðunum er þar hægt að bjóða miklu betri aðstæður en spítalarnir gera og því rétt að nýta húsnæðið lítið breytt til bráðabirgða næstu 3–5 árin meðan önnur þjónusta byggist upp. Unnt verður að veita þar allt að 70 manns þjónustu og má reikna með að árlegur rekstrarkostnaður verði þá allt að 330 millj. kr. Þess er vænst að hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum geti hafið starfsemi í upphafi komandi árs.

5. Breytt hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra. Starfshópurinn telur tímabært að breyta hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra þannig að hann fái formlega það hlutverk að greiða öldrunarstofnunum húsnæðisframlag, leiguígildi sem standi undir viðhaldskostnaði og stærstum hluta af fjárfestingarkostnaði nýrra hjúkrunarheimila. Á næstu árum þarf að semja við starfandi stofnanir um húsnæðisframlag sem annars vegar taki mið af áður fengnum opinberum fjárstuðningi til uppbyggingar en hins vegar áætlaðri viðhaldsþörf. Sjóðurinn fái að fullu álögð gjöld og geri samkomulag við rekstraraðila öldrunarstofnana um húsnæðisframlag sjóðsins. Nánari viðmið þarf að setja um hlutfall greiðslna af heildarkostnaði eftir fjármögnun, sem og hlutverki og þátttöku annarra opinberra aðila. Með þessum hætti ætlar starfshópurinn að aukið svigrúm fáist til uppbyggingar öldrunarstofnana á næstunni.

6. Bygging hjúkrunarheimila. Fyrir liggur að hjúkrunarrýmum aldraðra mun fjölga um 132 í ár en á móti kemur fækkun rýma á dvalarheimilum svo að heildarfjöldi vistrýma eykst um 86. Starfshópurinn telur að nauðsynlegt sé að fjölga enn hjúkrunarrýmum og leggur til að heilbrigðisyfirvöld leiti eftir samningum við rekstraraðila um fjölgun vistrýma um 150–200

ný rými sem komist í notkun á næstu 2–3 árum. Ætla má að viðbótarrekstrarkostnaður vegna þessa geti orðið allt að 900 millj. kr. miðað við heilt ár.

7. Ný rekstrar- og eignarform öldrunarstofnana. Starfshópurinn telur tímabært að fjallað verði um samband hefðbundinna öldrunarstofnana og eigin fjármögnunar á íbúðarhúsnæði í tengslum við slíkar stofnanir. Áhugi á uppbyggingu fjölþjónustukjarna með öldrunaríbúðum eða vistrýmum í einkaeigu fer vaxandi. Setja þarf skýrari reglur um réttarstöðu, einkum hvað varðar samhengi vistunarmats og forgang að þjónustu og möguleikann á að fá þjónustu í eigin þjónustukjarna.

8. Samningar um rekstur. Starfshópurinn telur mikilvægt að gerðir séu formlegir samningar um rekstrarstyrki til dvalar- og hjúkrunarheimila sem kveði á um viðmið þjónustu, sem og réttindi og skyldur aðila. Óljósar reglur um viðmið fyrir rekstrarstuðning ríkissjóðs draga úr rekstrarábyrgð á sama tíma og þörf er á auknu sjálfstæði öldrunarstofnana. Mikill hallarekstur á öldrunarstofnunum dregur úr áhuga rekstraraðila á frekari uppbyggingu og vinnur því gegn markmiðum í öldrunarþjónustu. Starfshópurinn telur æskilegt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið kynni með góðum fyrirvara ákvarðanir um fjölgun hjúkrunar- og dvalarrýma sem áformað er að greiða rekstrarstyrk vegna og velji rekstraraðila á grundvelli viðurkenndra viðmiða um gæði, reynslu og hagkvæmni.

9. Sveigjanleg starfslok. Tekið er undir tillögur nefndar um sveigjanleg starfslok og mælt með því að almannatryggingalögum verði breytt á þann veg að fólk hafi af því skýran ávinning að fresta töku lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, eigi það þess kost og kjósi. Lagt er til að lífeyrisþegi, sem frestað hefur töku ellilífeyris og tengdra bóta almannatrygginga, fái álag á lífeyri sem svarar 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris hefur verið frestað fram yfir 67 ára aldur. Álagið reiknist á alla bótaflokka sem viðkomandi á rétt á við lífeyristöku en greiðist sérstaklega. Til að frestunin hafi örugglega þýðingu þarf að taka mið af henni við útreikning á áhrifum annarra tekna og er því lagt til að frítekjumörk hlutaðeigandi hækki sem því svarar þannig að ekki komi til skerðingar annarra bóta vegna áunnins álags á lífeyri.

Reykjavík, 19. nóvember 2002.

Í starfshópi ríkis og Landssambands eldri borgara um málefni aldraðra,

Þórarinn V. Þórarinsson

Halldór Árnason
Ólafur Hjálmarsson
Vilborg Hauksdóttir
Þór G. Þórarinsson
Benedikt Davíðsson
Ólafur Ólafsson
Pétur Guðmundsson
Marías Þ. Guðmundsson
Karl Gústaf Ásgrímsson
Einar Árnason

Áherslur aldraðra.

Um þessar mundir eru 20 ár liðin frá því að fyrst voru sett sérstök lög um málefni aldraðra þar sem tilraun var gerð til þess að skilgreina markmið um samfélagsþjónustu í þágu þessa þjóðfélagshóps og ákvarða réttindi og skyldur aðila. Þessi lög hafa verið endurskoðuð tvívegis síðan. Telja verður að lögin skilgreini nokkuð vel meginákerslur og viðhorf þótt um einstaka framkvæmdaatriði kunni að vera þörf á skýrari ákvæðum.

Tilefni sérstakrar umfjöllunar nú um uppbyggingu hjúkrunarrýma í þágu aldraðra er sú staðreynd að samkvæmt mati fagaðila þyrftu rúmlega 300 aldraðir nauðsynlega að fá inni á hjúkrunarheimili. Þetta er mjög há tala þegar til þess er litið að hlutfall hjúkrunarrýma á Íslandi er þegar umtalsvert hærra en annars staðar á Norðurlöndum. Að sumu leyti má ætla að þessi mikla þörf endurspegli tímabundinn vanda þar sem ætla verður að bætt heilsufar eldra fólks geri mun hærra hlutfalli aldraðra fært að dvelja lengur á eigin heimilum en nú gerist. Til þess að svo megi verða þarf þó að efla heimaþjónustu og stoðúrræði á borð við dagvist aldraðra.

Það er sameiginlegt sjónarmið þeirra sem best þekkja til að höfuðáhersla aldraðra og aðstandenda þeirra sé á að eiga öruggan aðgang að þjónustu og aðstoð þegar þess gerist þörf. Áhersla á uppbyggingu stofnana endurspeglar því að hluta vantraust á því að fullnægjandi aðstoð verði tiltæk á heimilum eða með tímabundinni vistun á stofnun þegar nauðsyn krefur. Heimaþjónustan þarf því að koma til móts við þessi viðhorf og þarf að eflast til að ná því.

Heimaþjónusta.

Ábyrgð og framkvæmd heimaþjónustu við aldraða greinist milli ríkis og sveitarfélaga þar sem sveitarfélögum er að lögum skylt að veita heimilisaðstoð og félagsþjónustu en ríkisvaldið annast og kostar heimahjúkrun. Öllum þeim sem starfshópurinn leitaði fanga hjá bar saman um að þessi greining sé óheppileg. Mörkin milli þessara sviða geta verið óglögg og augljóst að bæta má þjónustu og auka hagkvæmni með því að fella þessa þjónustu í sama farveg þar sem einn aðili væri til ábyrgðar. Raunar er það mikið áherslumál aldraðra að geta átt sem einfaldastan aðgang að þjónustu og þurfa ekki að ganga leitandi milli fleiri aðila til að fá þjónustu.

Almenn samstaða reyndist meðal allra fagaðila sem til var leitað um mikilvægi þess að ábyrgð á heimaþjónustu komist á eina hendi á hverjum stað þannig að þjónustan verði skipulögð út frá þörfum þeirra sem hennar þarfnast. Leiðir að þessu marki eru mismunandi. Mjög góð reynsla hefur fengist af samtvinnun heimahjúkrunar og félagsþjónustu í reynslusveitarfélögunum Akureyri og Höfn en á Akureyri eru það félagsmálayfirvöld sveitarfélagsins sem reka heilsugæslu, heimahjúkrun og dagdvöl aldraðra. Raunar er það einnig sameiginlegt mat kunnáttufólks að verulega megi draga úr eftirspurn eftir rýmum á hjúkrunarstofnunum ef tekst að tryggja örugga og öfluga heimaþjónustu fyrir aldraða.

Þessi áhersla á bætta heimaþjónustu styðst bæði við fjárhagsleg og félags- og heilsufarsleg sjónarmið. Rekstrarkostnaður hjúkrunarheimila er hár og má ætla að við gildandi skipan hækki kostnaður ríkisins um á þriðja hundrað þúsund á mánuði fyrir hvern þann sem vistast á hjúkrunarheimili þegar saman eru vegin áhrif daggjalda annars vegar og lækkun á greiðslum lífeyris- og sjúkratrygginga hins vegar. Það er því mikill fjárhagslegur ávinningur af því að aðstoða aldraða og aðstandendur þeirra svo að þeir fái búið sem lengst utan stofnunar. Þá er umhverfi hjúkrunarstofnana sjaldnast til þess fallið að örva fólk til sjálfshjálpar og þátttöku í félagslegu starfi enda aðbúnaður og skipulag miðað við aðstæður sjúklinga. Það eru því gild rök sem mæla með aukinni áherslu á heimaþjónustu aldraðra.

Sem fyrr segir er öryggi og aðgengi grundvallarforsenda öflugrar öldrunarþjónustu utan stofnana. Á höfuðborgarsvæðinu og stærri þéttbýliskjörnum hefur lengi verið veitt aðstoð við heimilishald, þrif, innkaup og þess háttar. Þá hefur heitur matur verið fáanlegur um langt skeið og ákveðin öryggisþjónusta hefur einnig verið í boði. Þá hefur þjónusta heimahjúkrunar eflst síðustu árin. Á hinn bóginn er enn ekki boðið upp á öruggan aðgang að bráðaþjónustu allan sólarhringinn en á því sýnist full þörf.

Kannanir sýna að meira en 90% aldraðra búa í eigin húsnæði og sumir þeirra hafa búið sig undir breytta hagi með því að skipta um húsnæði, fara í hentugri íbúðir í lyftuhúsum og miða við að geta sjálfir haldið heimili. Á Reykjavíkursvæðinu hafa byggst upp nokkur hverfi fjölbýlishúsa þar sem íbúðir hafa einkum verið seldar öldruðum og gert hefur verið ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfs og nokkurrar þjónustu í tengslum við byggingarnar. Félagsþjónusta Reykjavíkurborgar rekur starfsemi í nokkrum af þessum húsum og miðar við að byggja upp á þeim grunni öflugri þjónustu fyrir hlutaðeigandi hverfi. Heimahjúkrun hefur aftur verið skipulögð fyrir borgarlandið í heild en þó með tengslum við hlutaðeigandi heilsugæslustöðvar.

Starfshópurinn tekur undir með þeim fagaðilum sem tjáðu sig við hann um mikilvægi þess að afmá aðgreiningu milli heimahjúkrunar og annarrar heimaþjónustu og telur brýnt að sami aðili beri ábyrgð á skipulagi allrar heimaþjónustu, þ.m.t. hjúkrunar. Í þessu felst að ríki og hlutaðeigandi sveitarfélög þurfa að ná samkomulagi um skipulag og kostnað. Á minni stöðum kann að henta að heilsugæslan annist heildarþjónustu með samkomulagi við sveitarfélagið en annars staðar kann að nást betri skipan með því að sveitarfélagið taki við ábyrgðinni.

Viðamest er þetta verkefni í Reykjavík. Þar hafa verið byggð upp tvö aðskilin kerfi með mismunandi fjármögnun og reglum um gjaldtöku fyrir þjónustu. Öll þjónusta heimahjúkrunar er gjaldfrí en lág þjónustugjöld eru innheimt fyrir hluta af félagsþjónustunni. Þetta misvægi veldur spennu og eykur eftirspurn eftir þjónustu heimahjúkrunar umfram það sem eðlilegt er. Það er því mikilvægt að skilgreina heimaþjónustu við aldraða sem heild, ná samkomulagi milli ríkis og sveitarfélags um skiptingu kostnaðar og þróa gjaldskrá fyrir þá þjónustu þannig að ásættanlegt jafnvægi sé með þeim sjónarmiðum

- að heimaþjónustan geri fleirum lengur fært að búa á eigin vegum,
- að aldraðir finni öryggi í þjónustunni þannig að hún sé tiltæk þegar þörf krefur,
- að öflug heimaþjónusta dragi úr þörf fyrir stofnanavistun og
- að gjaldtaka standi ekki í vegi fyrir því að aldraðir fái notið þjónustunnar.

Starfshópurinn leggur ekki mat á nánara skipulag þessarar þjónustu í Reykjavík en telur þó áhugavert ef takast mætti að búa til nýja stofnun innan félagsþjónustunnar sem tæki yfir skipulag á heimaþjónustunni, jafnt hjúkrunarþættinum sem og félagsþjónustunni. Starfshópurinn ætlar ekki að hafa skoðun á því hvor væri betur til þess fallin að leiða þetta starf, félagsþjónustan eða heimahjúkrun, þar sem báðir aðilar hafa sýnilega unnið ágætt starf. Það sýnist hins vegar fjarlægara og ganga gegn ríkjandi straumum að ríkið taki að sér rekstur heimaþjónustunnar. Um þetta þarf að semja og á þann veg að einn aðili sé ábyrgur fyrir skipulagi og kostnaði en hinn leggi það til í upphafi sem um kann að semjast þeirra í milli.

Þótt starfshópurinn telji það tæpast á sínu færi að gera tillögu um fyrirkomulag heimaþjónustu þykir þó rétt að benda á að þeirri stefnu vex fiskur um hrygg að þjónusta öldrunarstofnana sé ekki bundin við rekstur hjúkrunar- eða dvalarheimilis, dagdeildar eða þjónustuíbúða heldur geti hagkvæmni og þjónusta verið hvað mest með því að bjóða þjónustu á öllum þessum sviðum. Heimaþjónusta í aðliggjandi hverfi getur fallið mjög vel að slíkri starfsemi. Þá hefur einkarekstur hjúkrunar einnig komið til á síðustu árum með samningum við Tryggingastofnun. Verður ekki betur séð en það gæti fallið mjög vel að skipulagi öflugrar heima-

þjónustu að miða við að gefa fleiri aðilum kost á að veita slíka þjónustu á tilteknum svæðum eða sviðum. Þetta væri raunar einnig í samræmi við ríkjandi strauma í nálægum löndum þar sem mjög hefur verið leitað leiða til að bæta þjónustu sveitarfélaga með markaðsaðhaldi að kostnaði. Í þessu sambandi skal þó sérstaklega áréttað það sjónarmið að þessa þjónustu þarf að skipuleggja sem heild og á ábyrgð heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda. Að því marki sem þau fela öðrum aðilum framkvæmd þjónustu á tilteknum svæðum eða sviðum eru þau ábyrg fyrir gæðum og framkvæmd og hljóta því bæði að setja skýr viðmið fyrir þjónustuna og fylgja þeim kröfum eftir með virku eftirliti.

Stoðþjónusta við heimadvöl.

Starfshópurinn telur það sjálfstætt markmið að aldraðir geti sem lengst búið utan stofnana. Öflug heimaþjónusta er mikilvægasta samfélagslega framlagið til þess að svo megi vera en fleira þarf til að koma. Þannig er sýnilegt að dagvist fyrir aldraða getur lengt verulega þann tíma sem aldraðir geta dvalið utan stofnana. Þetta á einkum við þegar minnisbilun hefur gert vart við sig. Fyrir liggur að veruleg eftirspurn er eftir þessum stuðningi og því væri afar æskilegt að fjölga umtalsvert dagvistarrýmum af þessum toga. Þá er einnig talið að auknir möguleikar á hvíldarinnlögnum aldraðra geti stuðlað að lengri og betri veru utan heilbrigðisstofnana.

Í þessu sambandi er einnig nauðsynlegt að víkja að skipulagðri félagsþjónustu fyrir aldraða en mörg sveitarfélög hafa skipulagt félagsstarf í þágu aldraðra og borið af því kostnað. Starfsemi félaga aldraðra hefur einnig haft vaxandi hlutverki að gegna á þessu sviði og hvort tveggja er til þess fallið að auka virkni aldraðra og vinna gegn félagslegri einangrun. Þá hefur Rauði krossinn og kirkjan einnig unnið ágætt starf í þágu aldraðra. Eftir stendur þó að mjög æskilegt er að efla sjálfboðaliðastarf í þágu félagslegra úrræða fyrir eldri borgara. Slíkt starf hefur m.a. fest rætur annars staðar á Norðurlöndum þar sem samtök aldraðra í samvinnu við sveitarfélög hafa skipulagt starf undir kjörorðinu „aldraðir hjálpa öldruðum“.

Fjármögnun öldrunarþjónustu.

Samkvæmt núgildandi lögum um málefni aldraðra greiða vistmenn hluta af kostnaði og jafnvel allan kostnað að tilteknu hámarki við dvöl á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Þetta er þó mikil einföldun því að samkvæmt almannatryggingalögum gildir sú skipan að við vistun á dvalarheimili, sem starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra, renna lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins til dvalarheimilisins og Tryggingastofnun greiðir framlag til dvalarheimilisins í samræmi við ákvörðun ráðherra um gjaldskrá slíkra heimila. Þetta framlag er nú 4.500 kr. á dag fyrir allar slíkar stofnanir eða sem svarar 136.875 kr. á mánuði. Þetta er jafnframt hámarksgjald sem dvalarheimili mega innheimta af vistmönnum samkvæmt lögum.

Nokkur óánægja er meðal aðstandenda dvalarheimila með þessa skipan því að þeir halda því fram að gjaldið standi ekki undir kostnaði svo að heimilin safni skuldum. Við þær aðstæður er þess raunar ekki að vænta að mikil uppbygging verði á þessu sviði. Sveitarfélög hafa víða haft frumkvæði að rekstri dvalarheimila og greitt stofnkostnað þeirra en að fengnu rekstrarleyfi eiga þau kröfu um greiðslu daggjalda frá ríkinu vegna þessarar starfsemi. Sveitarfélög styðja víða rekstur dvalarheimila og hefur það viðhorf þróast að rekstrarstuðningur við þau sé sameiginlegt viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga fremur en hjúkrunarheimilin sem ríkið hefur nánast alfarið borið kostnað af. Raunar hefur mjög færst í vöxt að dvalarheimilum sé breytt í hjúkrunarheimili og virðast stærri dvalarheimili ekki eiga sömu vinsældum að fagna og áður.

Sambýli aldraðra er nýlegt form sem nokkur bæjarfélög hafa stutt við og lagt til húsnæði, umsjón og aðstoð en að öðru leyti dveljast aldraðir vistmenn þar á eigin vegum, greiða vistgjald sjálfir af tekjum sínum, svo og lyfjakostnað samkvæmt gildandi reglum andstætt því sem gerist þegar fólk vistast á dvalar- eða hjúkrunarheimilum. Þá tekur stofnunin yfir öll lyfjaútgjöld og alla þjónustu en vistmenn afsala sér greiðslum Tryggingastofnunar til rekstrarins. Sambýlið er þannig mun líkara venjulegu heimili og miðar við þátttöku og virkni íbúanna í daglegum viðfangsefnum.

Hafi vistmenn tekjur umfram tiltekin mörk greiða þeir fyrir vistina sjálfir eftir ákveðnum reglum. Greiðsluskyldan tekur mið af tekjum en ekki eignum og þar sem aldur vistmanna er að jafnaði hár þá eiga flestir lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóðum og aðrar tekjur eru því að jafnaði lágar. Þátttaka í dvalarkostnaði á öldrunarstofnunum umfram greiðslur hlutaðeigandi frá ríkinu er því enn vel innan við 10% af heildarkostnaði heimilanna. Á því mun þó augljóslega verða breyting næstu árin eftir því sem lífeyris- og eignatekjur þeirra sem vistast á öldrunarstofnunum vaxa.

Fjármögnun á rekstri hjúkrunarheimila er með fjölbreyttara sniði þar sem hluti heimilanna er með föst framlög á fjárlögum, önnur fá daggjöld samkvæmt úrskurði ráðherra og loks starfa fimm samkvæmt sérstökum samningum sem ákvarða framlög og breytingar á þeim. Mikil óánægja er meðal rekstraraðila hjúkrunarheimila með opinber framlög til rekstrarins og telja þeir töluverðan halla vera á rekstrinum miðað við núverandi framlög. Þá veldur það einnig úlfúð að sýnilegur munur er á opinberum framlögum til einstakra heimila án þess að á því sýnist vera fullkomlega hlutlægar skýringar en mismunandi form á rekstrarstuðningi skýrir þetta þó vafalaust að einhverju leyti.

Framlög til rekstrar hjúkrunarheimila hafa verið frá um 370.000 kr. á mánuði og allt upp í liðlega 470.000 kr. Kostnaðarþátttaka vistmanna er samkvæmt sömu reglum og á dvalarheimilum og er hámarksþátttaka bundin við tæpar 137.000 kr. á mánuði og kemur hún þá til frádráttar framangreindum greiðslum ríkisins. Við vistun á hjúkrunarheimili fellur lífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins niður. Meðalaldur vistmanna á hjúkrunarheimilum er rúmlega 83 ár og lífeyrisréttindi hópsins því að sama skapi lítil. Endurmat á kostnaðargrunni þessara stofnana hefur staðið yfir og er m.a. ætlunin að öll fjárframlög færist á daggjaldagrunn og taki mið af umönnunarþunga vistmanna samkvæmt sérstöku mati. Starfshópurinn hefur talið mikilvægt að fjárhagslegar forsendur fyrir rekstri öldrunarstofnana hamli ekki uppbyggingu og þróun þjónustu við aldraða. Það er því ánægjulegt að stefnt sé að hækkun framlaga ríkissjóðs til þessara stofnana svo að sæmilegt samræmi sé milli tekna og gjalda.

Fyrirkomulag fjárhagslegra samskipta milli ríkissjóðs, rekstraraðila og vistmanna á öldrunarstofnunum er sérstætt þar sem hið opinbera setur reglur um hámarksgreiðslur vistmanna og framlag ríkisins og ákvarðar þannig í raun hámarkstekjur stofnunarinnar. Laun eru vel yfir 70% rekstrargjalda hjúkrunarheimila og þar sem ríkisvaldið er langstærsti vinnuveitandinn á sviði heilbrigðismála hafa launasamningar ríkisins haft mikil áhrif á rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila. Kjaraákvarðanir eru mismunandi milli stofnana, taka ýmist mið af samningum spítalanna, sveitarfélaga eða eru gerðar sjálfstætt. Fjöldi starfsmanna ræðst svo einnig að verulegu leyti af ákvörðunum stjórnvalda. Ríkisvaldið ákvarðar þannig bæði tekjur og hefur veruleg áhrif á stærstan hluta gjaldanna. Þessar forsendur fyrir rekstri eru ekki hvetjandi og í raun nauðsynlegt að hverfa af þessari braut og snúa sér að gerð skilgreindra þjónustusamninga við þessa aðila. Nauðsynlegt er að hjúkrunarheimilin hafi svigrúm og sveigjanleika í rekstri sínum að því gefnu að þjónusta við íbúana sé í samræmi við þarfir þeirra. Brýnt er að tekið verði á fjárhagsvanda hjúkrunarheimila og að gerðir verði einfaldir samningar við þau eða rekstrarframlög skilyrt miðað við ákveðnar forsendur um þjónustu. Einnig er mikil-

vægt að fram fari umræður á milli ríkisvaldsins og samtaka hjúkrunarheimila um hvaða reglur gildi um launa- og verðlagsbætur á rekstrarframlögin og að kjarasamningum þeirra verði komið á fastari grunn en nú er. Þá er mikilvægt að efla ábyrgð rekstraraðila og það sýnist best gert með skýrari samningum og auknu sjálfstæði. Á þann veg yrði ábyrgðin skýrari og réttindi og skyldur aðila ljósari.

Raunar má fullyrða að viðhorf til fjármála þessara stofnana taki mjög mið af aðstæðum liðins tíma þegar þorri vistmanna átti óveruleg lífeyrisréttindi og litlar peningalegar eignir. Þessar aðstæður munu breytast á komandi árum og þess sér þegar stað að þeir sem nýir koma á eftirlaunaaldur standa miklu betur fjárhagslega en þeir sem það gerðu fyrir 10–15 árum. Þess vegna hlýtur í framtíðinni að verða að taka meira mið af getu og vilja fólks til að búa sér sjálft aðstæður í ellinni á eigin forsendum. Næstu árin mun þó enn vaxa þörf fyrir opinber framlög til öldrunarstofnana en úr þeirri þörf mun væntanlega draga þegar frá líður. Þá mun kostnaður vegna heimaþjónustu hins vegar óhjákvæmilega fara vaxandi, sem og heilbrigðisþjónustu sem ætla má að vaxi að umfangi með hækkandi hlutfalli eldri íbúa.

Uppbygging í öldrunarþjónustu.

Dvalar- og hjúkrunarheimili hafa lengst af verið byggð upp fyrir forgöngu sveitarfélaga, öflugra einstaklinga og félaga og er meiri hluti vistrýma á stofnunum byggður upp á þann veg og þær starfa sem sjálfseignarstofnanir. Ríkisvaldið hefur byggt upp hjúkrunar- og öldrunarlækningadeildir í tengslum við spítalana og þá hefur stofnkostnaður verið að fullu greiddur af opinberum aðilum eins og gildir um aðrar byggingar í spítalaþjónustu. Með þessum hætti hafa margar öldrunardeildir á landsbyggðinni verið byggðar upp, ýmist í tengslum við spítala eða þannig að eldra spítalahúsnæði hafi verið breytt til þessara þarfa.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra er hins vegar almennt miðað við að ríkisvaldið styrki uppbyggingu vistunarstofnana um sem svarar 35–40% af byggingarkostnaði. Ríkið eignast ekki nein réttindi yfir þessum byggingum andstætt því sem gerist ef byggt er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Það er síðan hlutaðeigandi aðila að fjármagna hinn hlutann og hafa hlutaðeigandi sveitarfélög gjarnan verið stórtækust í framlögum í þann hlutann. Loks er um það dæmi að ríkisvaldið hafi samið um uppbyggingu hjúkrunarheimilis og greiði leiguígildi fyrir húsnæðið þannig að það greiðist upp á samningstímanum. Víða á landsbyggðinni, þar sem hjúkrunarheimili eru rekin í tengslum við sjúkrahús, hefur ríkissjóður greitt allt að 85% kostnaðar eins og í sjúkrahúsinu og þar sem dvalarheimilum hefur verið breytt í hjúkrunarheimili hefur byggingarkostnaðurinn alfarið verið borinn uppi af sveitarfélögum. Allur gangur er því á framlögum til stofnkostnaðar og svo virðist sem lagarammi um þann þátt sé óljós og þarfnist endurskoðunar.

Elstu stofnanirnar hafa á undangengnum árum unnið að endurbyggingu húsakosts til að mæta kröfum tímans og það með ærnum kostnaði. Framkvæmdasjóður styrkir slíkt um allt að 40%. Hins vegar verður tæpast séð hvernig komist verður hjá því að taka tillit til viðhalds og endurbóta þessara bygginga við greiningu á rekstrarkostnaði ef tryggja á þessum stofnunum áframhaldandi rekstrargrundvöll. Skýrslur rekstraraðila benda til þess að þessi kostnaður verði allt að 2,8% af heildarrekstrargjöldum öldrunarstofnana árið 2002.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að samkvæmt heilbrigðisáætlun er við það miðað að meira en 75% fólks sem er 80 ára og eldra fái í framtíðinni búið utan stofnana og þá á eigin vegum með stuðningi heilbrigðis- og félagsþjónustunnar. Víðtæk eign á eigin íbúðarhúsnæði er eitt einkenna íslensks samfélags og meðal aldraðra er litið svo á að eigin íbúð sé mikilvæg trygging fyrir betri afkomu á eftirlaunaskeiðinu. Margir búa sig undir þann tíma með því að fara í minni og hentugri íbúðir þar sem von er um aðgengi að þjónustu. Fyrr

á árum tíðkaðist í einhverjum mæli að aldraðir einstaklingar afsöluðu sér íbúð sinni eða hluta af verðmæti hennar til að tryggja sér vist á dvalarheimili. Þetta gerist tæpast lengur enda skýrari reglur um það að ríkið greiði aðeins vistgjöld þeirra sem fengið hafa vistunarmat og viðurkenndan forgang til dvalar á öldrunarstofnun. Hins vegar hefur öldruðum í nokkrum tilvikum boðist að kaupa sér íbúð eða búseturétt í þjónustuíbúðum tengdum öflugum öldrunarstofnunum. Þeir eiga þá fé sitt bundið í íbúðinni sem aftur er seld nýjum íbúa þegar sá aldraði þarf ekki lengur á henni að halda.

Það hefur gjarnan verið litið svo á að ekki væri ásættanlegt að ætlast til þess að íbúar öldrunarstofnana legðu fé til húsnæðisins með þessum hætti því að það byði heim hættu á mismunun á grundvelli efnahags þar sem þeir efnaminni kynnu að fá lakari hlut. Þetta er auðvitað fullgilt sjónarmið sem gæta verður vel að en þarf þó alls ekki að standa í vegi fyrir því að aldraðir, sem vilja eða þurfa að vistast á þjónustustofnun, íbúð eða heimili, bindi fé í húsnæði fyrir sjálfa sig og fái endurgreitt þegar selt er, líkt og gerist um annað íbúðarhúsnæði. Framtíðin felur ugglaust í sér uppbyggingu fjölbreyttari þjónustuleiða fyrir aldraða og eigin fjármögnun á slíku húsnæði getur verið mjög eðlileg leið. Framkvæmdin getur hins vegar verið viðkvæm vegna tenginga við opinbera rekstrarstyrki og því er hvatt til þess að hugað verði að ramma um þessa starfsemi á næstu misserum.

Fjármögnun uppbyggingar öldrunarstofnana.

Frá árinu 1983 hefur Framkvæmdasjóður aldraðra verið meginfarvegur fjárstuðnings ríkisvaldsins til uppbyggingar öldrunarstofnana. Sjóðurinn hefur stutt uppbyggingu samþykktra bygginga um allt að 40% byggingarkostnaðar og það án þess að nokkur formlegur samningur hafi verið gerður, hvorki um nýtingu húss né rekstur. Þó mun litið svo á að þegar samþykkt hefur verið að styrkja tiltekna byggingu hafi falist í því loforð um rekstrarstyrk með greiðslu daggjalda. Daggjöldunum hefur verið ætlað að mæta kostnaði við þjónustu en ekki viðhald eða fjárfestingu. Halli á rekstri öldrunarstofnana síðustu árin mun meðal annars skýrast af þessu auk launahækkana umfram verðlagsforsendur fjárlaga.

Framkvæmdasjóður aldraðra hefur nærfellt frá upphafi haft tvíþætt hlutverk og verið ætlað að greiða styrki til uppbyggingar en einnig að leggja til fé til rekstrar öldrunarstofnana. Síðustu árin hefur þannig liðlega helmingi af tekjum sjóðsins verið varið til rekstrar öldrunarstofnana en um 45% hafa gengið til uppbyggingar- og viðhaldsverkefna. Áætlaðar tekjur sjóðsins á árinu 2002 eru 760 millj. kr. og var í fjárlögum ákveðið að af þeim skyldi verja 312,5 millj. kr. til stuðnings við nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni öldrunarstofnana. Starfshópurinn horfir til þess að miklir erfiðleikar hafa verið í rekstri öldrunarstofnana og lögbundið rekstrarumhverfi hafi óheppileg áhrif á þróun og framboð þessarar þjónustu. Þá sé eðlilegt að ætlast til meira frumkvæðis heilbrigðisyfirvalda að ákvörðunum um uppbyggingu nýrra þjónusturýma þannig að með opinberum hætti sé greint frá áformum yfirvalda um uppbyggingu og kaup á þjónustu.

Framkvæmdasjóðnum er í dag ætlað að styrkja meiri háttar viðhaldsverkefni um allt að 40% en rekstraraðila er ætlað að bera það sem umfram er, sem og allt almennt viðhald húsnæðis. Með bundna tekjustofna og afar takmarkað svigrúm til að hafa áhrif á stærstan hluta rekstrargjalda er augljóst að rekstrarerfiðleikar þessara stofnana hljóta að vaxa frá ári til árs. Við þessar aðstæður vaknar því sú spurning hvort ekki sé eðlilegt að breyta skilgreiningu á hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra, láta honum eftir innheimtar skatttekjur óskiptar en ætla honum jafnframt að semja um og greiða árlegt húsnæðisframlag til öldrunarstofnana. Mætti í þessu sambandi miða við að sjóðurinn styrkti öldrunarstofnanir um sem svaraði stærstum hluta af metnum kostnaði við húsnæði, fjárfestingu og viðhald samkvæmt nánari reglum. Í

þessu fælist að semja þyrfti við allar stofnanir sem leita vildu stuðnings um framlagið og taka þá í upphafi mið af því hver stuðningur opinberra aðila hefur verið til hlutaðeigandi bygginga. Nýframkvæmdir fengju allar stuðning samkvæmt sömu reglum.

Með þessum hætti væri skilið á milli kostnaðar við þjónustuþátt og almennan rekstur og kostnaðar af húsnæði hjúkrunarheimila. Mikilvægt er að stjórnvöld marki á hverjum tíma skýra afstöðu til þess hversu mörg vistrými ætlunin er að byggja upp og greiða rekstrarstyrki til á hverjum tíma. Æskilegt er í því sambandi að skilja á milli þess að byggja og reka húsnæði annars vegar og rekstrar á hjúkrunarþjónustu hins vegar. Eðli máls samkvæmt þurfa samningar um byggingu og leigu á húsnæði að vera til lengri tíma þar sem húsnæðið er mjög sérhæft. Samninga um þjónustu er hins vegar eðlilegt að gera til styttri tíma enda verða sífellt breytingar á henni með aukinni þekkingu og framförum í umönnun og læknavísindum.

Væri þessi breyting gerð á hlutverki og störfum Framkvæmdasjóðs aldraðra má ætla að því fylgdi aukin geta til uppbyggingar nýrra vistrýma. Fyrstu áhrif á fjárhag ríkissjóðs yrðu vafalaust heldur vaxandi útgjöld þar sem þátttaka sjóðsins í greiðslu rekstrarkostnaðar öldrunarstofnana félli niður. Á móti kemur að þrýstingi til viðurkenningar á viðhaldskostnaði eldri bygginga og fjármagnskostnaði yrði aflétt og breytingin gæti orðið marktækur liður í því að leysa fjárhagsvanda öldrunarstofnana. Þá væri hún einnig mikilvægur liður í því að skýra skuldbindingar og áherslur í öldrunarþjónustu til lengri tíma.

Framboð á hjúkrunarrýmí.

Þótt starfshópurinn telji að mesta áherslu beri að leggja á heimaþjónustu við aldraða og að þannig megi mjög draga úr þörf fyrir uppbyggingu stofnana er jafnljóst að um þessar mundir er skortur á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Talið er að rúmlega 300 manns séu í mjög brýnni þörf fyrir að komast á hjúkrunarheimili eða þurfi a.m.k. hliðstæðan aðbúnað og þar er veittur. Af þessum hópi liggja rúmlega 100 á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og bíða þess að betri úrræði finnist. Þessi aðstaða er afar erfið fyrir alla sem hlut eiga að máli, fyrir þá öldruðu, spítalann og þá sem bíða lækninga á sjúkrahúsinu. Í þessu felst einnig óskynsamleg nýting á fjármunum og lækningagetu.

Starfshópurinn hefur kynnt sér áform um uppbyggingu hjúkrunarrýma og mat heilbrigðisyfirvalda á þörf fyrir uppbyggingu á næstu árum. Talinn er umtalsverður skortur á hjúkrunarrýmum á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri, víða sé gott jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar og á einhverjum svæðum sé meira framboð þjónustu en þörf er á. Skýrist það m.a. af breytingum landshlutasjúkrahúsa í öldrunarstofnanir en einnig af áherslum liðinna ára í byggðamálum. Þessum áherslum sýnist óhjákvæmilega þurfa að breyta þannig að áhersla verði lögð á uppbyggingu á þéttbýlissvæðunum þar sem þörfin er mest á hverjum tíma.

Þótt heilbrigðisáætlunin geri ekki beinlínis ráð fyrir samdrætti þar sem framboð á þjónustu er umfram eftirspurn er gert ráð fyrir uppbyggingu, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þau áform eiga það þó öll sammerkt að komast ekki í framkvæmd fyrr en að einhverjum missirum liðnum. Starfshópurinn telur hins vegar afar brýnt að hið fyrsta komi til úrræði sem dragi með marktækum hætti úr þeim bráðavanda sem uppi er á þessu sviði. Starfshópurinn hefur af þessu tilefni sérstaklega skoðað byggingar á Vífilsstöðum en sem kunnugt er hefur Landspítali – háskólasjúkrahús nýverið flutt nær alla starfsemi úr aðalbyggingu Vífilsstaða. Önnur bygging stendur raunar einnig ónotuð á svæðinu sem að mati þeirra sem gleggst þekkja til kæmi vel til álita sem ný deild fyrir heilabilaða. Hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið haft uppi áform um endurnýjun á Vífilsstöðum og uppbyggingu á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða.

Eftir skoðun og að fengnu áliti kunnáttumanna, bæði af lækninga- og hjúkrunarsviði, svo og byggingarfróðra aðila, eru það eindregin tilmæli nefndarinnar að á Vífilsstöðum verði hið allra fyrsta hafinn rekstur á hjúkrunardeild. Húsnæðið er í prýðilegu ástandi, umhverfi mjög vinalegt og sýnilegt að unnt er að veita öldruðum sjúklingum góðan aðbúnað án umtalsverðra breytinga. Starfshópurinn mælir eindregið með því að miðað verði við að hefja þjónustu á Vífilsstöðum fyrir árslok og þá þannig að fjármunir verði tryggðir til þess að reka hjúkrunarheimili með þeim hætti fyrir a.m.k. 50 manns. Æskilegt er að Landspítali – háskólasjúkrahús fái aðstöðu til að bjóða öldruðum, sem lokið hafa meðferð á spítalanum, vist á Vífilsstöðum þannig að geta spítalans til að sinna öðrum sjúkum aukist samfara þessum aðgerðum. Þetta á ekki síst við um aldraða sjúklinga sem bíða aðgerða og lækninga á öldrunarsviði spítalans.

Vífilsstaðaspítali er 95 ára gamalt hús svo að líkindum yrði að gera ráð fyrir verulegum endurbótum á næstu árum, einkum á lagnakerfi og þess háttar, ef reka ætti hjúkrunarheimili í húsinu til framtíðar. Húsið hefur verið í fullri nýtingu sem spítali fram á þetta ár og því mun ekki brýn þörf á slíkum endurbótum á allra næstu árum. Starfshópurinn teldi það því mjög mikilvægt skref til að bæta úr brýnasta skorti á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða að taka húsið í notkun hið allra fyrsta, eins þótt það væri til bráðabirgða næstu 3–5 ár.

Reynslan sýnir að áætla verður árlegan rekstrarkostnað nýrrar hjúkrunardeildar á Vífilsstöðum 200–300 millj. kr. eftir umfangi starfseminnar. Þá verður að ætla nokkurt fé til undirbúnings og nauðsynlegustu breytinga og eru það eindregin tilmæli nefndarinnar að þegar verði veitt heimild fyrir þeim framkvæmdum með breytingu á fjáraukalögum fyrir árið 2002.

Hvað varðar önnur áform um uppbyggingu í öldrunarþjónustu telur starfshópurinn æskilegt að um slíkt verði gerðir formlegir samningar við rekstraraðila. Mikilvægt er að yfirvöld skilgreini kröfur og viðmið um aðbúnað og þjónustu og semji á þeim grundvelli að undangengnu venjulegu mati á valkostum og kostnaði. Ætla má að núverandi rekstraraðilar standi þar sterkt að vígi þar sem þeir geti bætt við nýjum einingum og náð þar fram lægri kostnaði með bættri nýtingu stoð- og kjarnaþjónustu. Um þetta verður þó ekkert fullyrt fyrr en að loknu mati á valkostum og vera má að nýir aðilar geti náð meiri hagkvæmni. Starfshópurinn telur ekki forsendur til þess að leggja til önnur markmið en gert er í áætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis en telur brýnt að þegar verði mörkuð sú stefna að semja um rekstur 90–100 nýrra rýma á fyrri hluta næsta árs sem komist gætu í notkun fyrir árslok 2004. Þetta gæti gerst í fleiri viðbótum við núverandi heimili eða einu nýju allt eftir því sem hagkvæmast reynist.

Ný dagvistarrými. Hvíldarinnlagnir.

Starfshópurinn áréttar mikilvægi þess að fjölga dagvistarrýmum, m.a. fyrir heilabilaða, og telur raunar æskilegt að gerðir verði samningar um rekstur slíkra deilda. Mörg hjúkrunar- og dvalarheimili reka slíka starfsemi um þessar mundir og njóta þá nábýlis við kjarnastarfsemina. Má ætla að þessir aðilar væru reiðubúnir að gera samninga um aukningu á þessari þjónustu en aðrir aðilar koma eins til greina. Starfshópurinn telur ljóst að á höfuðborgarsvæðinu sé mikil þörf fyrir fjölgun dagvistarrýma og leggur til að heilbrigðisyfirvöld leiti samninga um uppbyggingu og þjónustu fyrir allt að 100 manns á næstu tveimur árum.

Náskyldar þessari þjónustu eru skipulagðar hvíldarinnlagnir aldraðra á heilbrigðisstofnanir. Markmiðið er að veita aðstandendum, sem oft leggja mjög hart að sér við umönnun aldraðra ættingja, nauðsynlega hvíld þannig að þeir fái lengur aðstoðað ættingja sína eða maka sem eiga við sjúkleika að etja og komnir eru á efri ár. Hvíld og hressing á hjúkrunarheimili er þannig ekki aðeins í þágu þess sjúka heldur ekki síður þeirra sem um hann hugsa að staðaldri og vilja gera það í lengstu lög. Talið er að 15–20 rými til að sinna þessu hlutverki geti

gagnast tíföldum þeim fjölda og gert honum kleift að dvelja lengur heima með öruggri aðstoð skipulegrar heimaþjónustu.

Tekjuþróun aldraðra.

Annað meginverkefni nefndarinnar var að kanna tekjuþróun aldraðra með hliðsjón af þróun verðlags og tekjuþróun annarra hópa og horfa þá sérstaklega til þróunar bóta almannatrygginga og gera tillögur um breytingar á almannatryggingalögum með hliðsjón af þessari athugun.

Starfshópurinn ákvað að kanna þróun meðaltekna aldraðra á grundvelli upplýsinga úr skattgögnum en slík könnun hefur áður verið gerð í tengslum við fyrri athuganir á hag aldraðra. Var miðað við sömu tekjuár og áður hafði verið gert og bætt við til samanburðar upplýsingum um tekjur á árinu 2001. Þannig fæst góð mynd af tekjuþróun frá 1991 til 2001 eins og nánar kemur fram í eftirfarandi töflum.

Tafla 1. Samsetning meðaltekna einhleyps lífeyrisþega 1991, 1996 og 2001.
Hlutfall af heildartekjum.

	1991	1996	2001
Atvinnutekjur	17,7	14,3	11,0
Aðrar tekjur	0,5	1,0	0,7
Greiðslur frá Tryggingastofnun	45,3	43,9	33,5
Greiðslur úr lífeyrissjóði	26,0	32,1	34,5
Fjármagnstekjur	10,5	8,8	20,3
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Hagstofan.

Þessi gögn vitna um hratt minnkandi atvinnuþátttöku lífeyrisþega síðasta áratug og fellur það að öðrum upplýsingum um að það gerist fátíðara að fólk vinni að marki fram yfir 70 ára aldur. Atvinnutekjur hafa því minnkandi vægi í heildartekjum aldraðra. Á móti kemur að meðaltal greiðslna úr lífeyrissjóðum hefur fengið mjög vaxandi vægi. Það er til vitnis um það að hver nýr árgangur sem kemur á lífeyrisaldur hefur meiri lífeyrisrétt en næsti árgangur á undan. Þessi munur svarar að jafnaði til um 1,5% af meðallaunum sem lífeyrissjóðsiðgjald var greitt af. Sé t.d. miðað við að iðgjald hafi að jafnaði verið greitt af 150 þús. kr. á mánuði hækkar mánaðarlegur ellilífeyrir um 2.250 kr. Þá er einnig athyglisvert hversu fjármagnstekjur hafa hækkað á þessu tímabili og hve stór hluti þær eru nú af heildartekjum lífeyrisþega. Lætur nærri að hlutdeild þeirra hafi tvöfaldast á tímabilinu en hækkun þessara tekna var nær 93%. Þessi þróun endurspeglar breyttar aðstæður á fjármagnsmarkaði, bætta ávöxtunarmöguleika sparifjár, sem og almennt batnandi lífskjör síðustu áratugi sem hefur gefið færi á auknum peningalegum sparnaði. Þá kann upptaka og fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts að hafa gert hvort tveggja, að bæta framtöl og auka skilning á mikilvægi eigin sparnaðar og þýðingu fjármagnstekna fyrir framfærslu á efri árum. Þegar áhrif allra þessara breytinga í tekjumyndun eru vegin saman kemur ekki á óvart að hlutdeild greiðslna Tryggingastofnunar ríkisins í heildartekjum aldraðra hefur farið lækkandi með hækkandi heildartekjum og vaxandi tekjutengingu greiðslna Tryggingastofnunar. Í þessu sambandi er þó rétt að undirstrika að þótt nýir árgangar eftirlaunafólks hafi hærri greiðslur úr lífeyrissjóðum og hækki þannig útreiknað meðaltal greiðslna úr lífeyrissjóðum, þá breytir það ekki aðstæðum þeirra sem þegar eru

komnir á lífeyri með lítinn lífeyrisrétt. Hliðstætt á við um fjármagnstekjur, þeir njóta sem hafa og þótt það valdi hækkun á meðaltali fjármagnstekna breytir það ekki kjörum þeirra sem hafa lítinn peningalegan sparnað við að styðjast. Að þessu verður að gefa gaum í allri umræðu um breytingar á meðaltölum og heildarstærðum í umræðu um tekjuþróun aldraðra.

Tekjuþróun hjóna á lífeyrisaldri hefur verið áþekk og hjá einhleypum á sama tímabili. Þó sér þess stað að á miðju ári 2001 var samþykkt að jafna rétt hjóna til ellilífeyris og tekjutryggingar til jafns við einhleypinga en hjón höfðu fram til þess haft 90% af þessum bótaflokkum.

Tafla 2. Samsetning meðaltekna hjóna þar sem bæði eru lífeyrisþegar 1991, 1996 og 2001.
Hlutfall af heildartekjum.

	1991	1996	2001
Atvinnutekjur	30,4	27,1	18,0
Aðrar tekjur	0,6	0,9	0,6
Greiðslur frá Tryggingastofnun	33,6	33,0	27,1
Greiðslur úr lífeyrissjóði	22,2	27,9	31,1
Fjármagnstekjur	13,2	11,1	23,2
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Hagstofan.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum fá vaxandi þýðingu með hverju árinu sem líður og er það að vonum þar sem lífeyrissjóðakerfið á almennum vinnumarkaði tók fyrst til starfa 1970 og það var fyrst frá 1990 að iðgjald var greitt af öllum launum. Almennt er við það miðað að það þurfi að greiða iðgjald af öllum tekjum í full 40 ár til að tryggja það sem kalla má „fullan" lífeyri, m.v. 10% heildariðgjald. Þau lífeyrisréttindi hafa fáir utan lífeyrissjóða opinberra starfsmanna enn öðlast en staðan breytist hratt eins og þessi tafla um tekjur 70 ára lífeyrisþega á viðmiðunarárunum sýnir:

Tafla 3. Samsetning meðaltekna 70 ára lífeyrisþega 1991, 1996 og 2001.[1]
Hlutfall af heildartekjum.

	1991	1996	2001
Atvinnutekjur	39,4	38,1	26,6
Aðrar tekjur	0,9	1,4	0,6
Greiðslur frá Tryggingastofnun	29,2	28,0	23,7
Greiðslur úr lífeyrissjóði	19,5	25,6	29,6
Fjármagnstekjur	11,0	6,9	19,5
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Hagstofan.

(1) Einhleypir og hjón þar sem bæði eru lífeyrisþegar.

Upplýsingar um samsetningu tekna 70 ára lífeyrisþega eru enn til vitnis um það hversu vaxandi vægi lífeyrisgreiðslur hafa í tekjum eftirlaunamanna. Þróunin staðfestir einnig hversu mikilvæg sú stefnumörkun aðila vinnumarkaðarins var að byggja skyldi upp almenna lífeyrissjóði með skylduaðild og fullri sjóðsöfnun. Er nú svo komið að Ísland er með eitt heilbrigðasta lífeyrissjóðakerfi allra landa þar sem stærstur hluti lífeyrisréttinda er tryggður með peningalegum sparnaði í lífeyrissjóðum. Upptaka viðbótarlífeyrissparnaðar í formi séreignarréttinda og skattalegir hvatar því tengdir munu enn auka öryggi og styrk lífeyriskerfisins á næstu áratugum og jafnframt draga úr álagi á almannatryggingakerfið. Heildaráhrifin verða heilbrigðari ríkisfjármál og styrkari efnahagur þjóðarinnar. Starfshópurinn telur fyllilega tímabært að fjármálaráðuneytið beiti sér fyrir athugun á því hvernig lífeyrisgreiðslur muni þróast á næstu áratugum á grundvelli réttindamyndunar í lífeyriskerfinu og mannfjöldaþróunar og geri á grunni þess spá um áhrif á almannatryggingakerfið og fjárhag ríkissjóðs. Slík athugun er mikilvæg til að spá fyrir um þróun hagstærða og meta þarfir og svigrúm til viðbragða, m.a. í almannatryggingakerfinu.

Til að meta tekjuþróun voru dregnar saman upplýsingar úr skattgögnum sem sýna breytingar í tekjum og tekjuflokkum á viðmiðunarárunum á verðlagi hvers árs.

Tafla 4. Þróun heildartekna einhleypra lífeyrisþega 1991, 1996 og 2001.
Vísitölur, 1991=100.

	1991	1996	2001
Heildartekjur án fjármagnstekna	100,0	116,4	165,2
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar	100,0	114,3	185,6

Heimild: Hagstofan.

Tafla 5. Þróun heildartekna hjóna þar sem bæði eru lífeyrisþegar 1991, 1996 og 2001.
Vísitölur, 1991=100.

	1991	1996	2001
Heildartekjur án fjármagnstekna	100,0	115,2	164,3
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar	100,0	112,6	185,7

Heimild: Hagstofan.

Tekjuþróun hjóna er svipuð tekjuþróun einstaklinga þar sem bæði hjónin eru lífeyrisþegar eins og fram kemur í töflu 5.

Til að meta þessa þróun þarf annars vegar að horfa til verðlagsþróunar á tímabilinu og hins vegar samanburðar á launabreytingum og tekjuþróun annarra hópa. Vísitala neysluverðs hækkaði um tæp 37% á tímabilinu, launavísitala á almennum vinnumarkaði um 57% og alls vinnumarkaðarins, að opinberum starfsmönnum meðtöldum, um 68%. Hér skal enn áréttað að meðaltöl verður að taka með varúð þótt þau séu gagnleg, svo sem til að bera saman þróun yfir lengri tímabil eða stórra heildarsafna. Þau segja hins vegar lítið um einstaklingsbundna þróun eða þróun nánar afmarkaðri hópa. Þá þarf að greina nánar eins og leitast er við hér á eftir.

Tafla 6. Þróun vísitalna 1991, 1996 og 2001.
Vísitölur, 1991=100.

	1991	1996	2001
Launavísitala á almennum markaði	100,0	114,6	156,7
Almenn launavísitala	100,0	117,5	168,0
Neysluverðsvísitala	100,0	114,0	136,7

Heimild: Hagstofan.

Launavísitalan tekur hvorki mið af lengingu vinnutíma né aukinni atvinnuþátttöku og er því ekki endilega vísbending um tekjuþróun. Það kemur líka í ljós að á tímabilinu hafa framtaldar meðaltekjur fólks á aldursbilinu 25–65 ára hækkað heldur meira en tekjur eldri hópsins. Á mynd 1 eru sýndar meðaltekjur lífeyrisþega 67 ára og eldri á verðlagi hvers árs með fjármagnstekjum fyrir einstaklinga og hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, í samanburði við þróun tekna einhleypra á vinnumarkaði á aldrinum 25–66 ára og hjóna á vinnumarkaði á aldrinum 25–66 ára.

Mynd 1. Þróun meðaltekna eftir aldurshópum 1991, 1996 og 2001.
Vísitölur, 1991=100.



Heimild: Hagstofan.

Frá 1991 til 1996 hafa tekjur þessara hópa þróast nokkuð sambærilega og haldast í hendur við bæði neysluverðsvísitölu og launavísitölu á almennum markaði. Frá 1996 til 2001 hefur hins vegar dregið í sundur með hópunum. Þróun meðaltekna lífeyrisþega, hvort sem um er að ræða einhleypa eða hjón, fylgist vel að. Meðaltekjur einhleypra 25 til 66 ára og hjóna 25 til 66 ára á vinnumarkaði hafa á tímabilinu hækkað nokkuð meira.

Greining eftir tekjuhópum.

Starfshópurinn taldi nauðsynlegt að kanna enn nánar tekjuþróun og þá sérstaklega hvort hún hafi vikið mikið frá meðaltali þegar einstakir tekjuflokkar væru skoðaðir. Eins og að líkum lætur kom fram nokkur munur og þá sýndi sig m.a. hversu mikil áhrif vaxandi fjármagnstekjur eru farnar að hafa á hegðun og aðra tekjumyndun. Þannig kemur fram býsna ólík mynd af tekjudreifingunni eftir því hvort einhleypum lífeyrisþegum er deilt í fimm jafna hópa eftir heildartekjum eða heildartekjum án fjármagnstekna, sbr. töflu 6.

Eins og fram kemur í töflu 7 eru frávik frá meðaltalsbreytingu mest hjá einstaklingum í tekjuhæsta hópnum. Fyrir tekjuhópa 2, 3 og 4 er breytingin jafnari. Breytingin á dreifingu tekna einstaklinga á lífeyri er heldur jafnari en fyrir hjón á lífeyri samkvæmt töflu 8.

Tafla 7. Breyting á heildartekjum einhleyps lífeyrisþega, eftir fimmtungum 1991 til 2001.
Skipting eftir heildartekjum.

	Tekju-lægstu	2	3	4	Tekju-hæstu	Samtals
Heildartekjur án fjármagnstekna 1991	567,9	704,9	771,9	890,9	1.340,0	855,3
Heildartekjur án fjármagnstekna 2001	922,5	1.141,6	1.271,9	1.413,5	2.315,0	1.412,9
Breyting 1991 til 2001	**62%**	**62%**	**65%**	**59%**	**73%**	**65%**
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar 1991	577,4	716,6	807,7	973,5	1.698,9	955,1
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar 2001	972,8	1.194,7	1.363,7	1.665,8	3.667,7	1.773,0
Breyting 1991 til 2001	**68%**	**67%**	**69%**	**71%**	**116%**	**86%**

Heimild: Hagstofan.

Í töflu 8 kemur fram breyting heildartekna hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar, skipt eftir fimmtungum.

Tafla 8. Breyting á heildartekjum hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar, eftir fimmtungum 1991 til 2001.
Skipting eftir heildartekjum.

	Tekju-lægstu	2	3	4	Tekju-hæstu	Samtals
Heildartekjur án fjármagnstekna 1991	986,3	1.200,6	1.382,1	1.666,2	2.766,0	1.601,0
Heildartekjur án fjármagnstekna 2001	1.593,3	1.979,9	2.269,2	2.779,3	4.524,4	2.630,1
Breyting 1991 til 2001	**62%**	**65%**	**64%**	**67%**	**64%**	**64%**
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar 1991	1.008,0	1.253,5	1.487,7	1.857,3	3.605,8	1.843,6
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar 2001	1.678,1	2.128,6	2.537,2	3.285,2	7.475,7	3.422,8
Breyting 1991 til 2001	**66%**	**70%**	**71%**	**77%**	**107%**	**86%**

Heimild: Hagstofan.

Þessi greining ber það með sér að tekjuhæsti fimmtungurinn hefur notið mestrar aukningar meðaltekna á tímabilinu og eru það fjármagnstekjurnar sem þar valda mestu. Þótt þróun tekna þessara hópa sé tiltölulega jöfn virðist þó mega draga þá ályktun að það halli á tekjulægsta hópinn sem ekki hefur fjármagnstekjur við að styðjast.

Tafla 9. Dreifing heildartekna einhleyps lífeyrisþega og hjóna, 1991.
Hlutfall.

	Tekju-lægstu	2	3	4	Tekju-hæstu	Samtals
Einhleypur						
Heildartekjur án fjármagnstekna	13,3	16,5	18,0	20,8	31,4	100,0
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar	12,1	15,0	16,9	20,4	35,6	100,0
Hjón, bæði lífeyrisþegar						
Heildartekjur án fjármagnstekna	12,3	15,0	17,3	20,8	34,6	100,0
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar	10,9	13,6	16,1	20,1	39,3	100,0

Heimild: Hagstofan.

Tafla 10. Dreifing heildartekna einhleyps lífeyrisþega og hjóna, 1996.
Hlutfall.

	Tekju-lægstu	2	3	4	Tekju-hæstu	Samtals
Einhleypur						
Heildartekjur án fjármagnstekna	13,2	16,2	18,0	20,3	32,3	100,0
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar	12,3	15,1	17,0	19,6	36,0	100,0
Hjón, bæði lífeyrisþegar						
Heildartekjur án fjármagnstekna	12,3	15,0	16,8	20,3	35,6	100,0
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar	11,2	13,8	15,8	19,4	39,8	100,0

Heimild: Hagstofan.

Tafla 11. Dreifing heildartekna einhleyps lífeyrisþega og hjóna, 2001.
Hlutfall.

	Tekju-lægstu	2	3	4	Tekju-hæstu	Samtals
Einhleypur						
Heildartekjur án fjármagnstekna	13,1	16,1	18,0	20,0	32,8	100,0
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar	10,9	13,5	15,4	18,8	41,4	100,0
Hjón, bæði lífeyrisþegar						
Heildartekjur án fjármagnstekna	12,1	15,1	17,2	21,1	34,5	100,0
Heildartekjur, fjármagnstekjur meðtaldar	9,8	12,4	14,8	19,2	43,8	100,0

Heimild: Hagstofan.

Þróun bóta almannatrygginga.

Eitt meginverkefni starfshópsins í tengslum við umræðu um kjör aldraðra var að kanna þróun á bótum almannatrygginga. Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin á árinu 1996 og hafa samtök eldri borgara talið að við þá breytingu hafi þeir borið skarðan hlut frá borði. Í núgildandi lagaákvæði, sem er í 65. gr. laga

nr. 117/1993, um almannatryggingar, segir: „Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Breytingar á bótum hafa samkvæmt þessu verið ákveðnar í fjárlögum og þá tekið mið af almennum umsömdum launahækkunum. Á yfirstandandi ári hækkuðu bótafjárhæðir verulega umfram laun, eða um 8,5%, og var þar tekið mið af áðurgreindu ákvæði um að bæturnar hækki þó aldrei minna en verðlag. Greiðslur lífeyrissjóða miðast almennt við að þær fylgi breytingum á vísitölu neysluverðs en þær voru almennt miðaðar við launaþróun fram til ársins 1990. Til fróðleiks fylgir hér yfirlit um bótafjárhæðir allt frá 1991.

Tafla 12. Hækkun hámarksbóta einhleyps lífeyrisþega frá 1991.
Verðlag hvers árs.

	Ellilífeyrir	Tekju-trygging	Eingr.	Heimilis-uppbót	Eingr.	Tekjutr.-auki	Eingr.	Samtals
1991	11.943	21.973	1.376	7.469	468	5.137	322	48.688
1992	12.260	22.558	1.475	7.668	501	5.274	345	50.081
1993	12.329	22.684	2.533	7.711	861	5.304	592	52.014
1994	12.329	22.684	2.321	7.711	789	5.304	543	51.681
1995	12.822	23.592	2.021	8.019	687	5.517	473	53.131
1996	13.373	24.605	2.009	8.364	683	5.754	470	55.258
1997	14.243	26.206	1.104	11.050	528	6.129	258	59.518
1998	15.123	27.824	1.159	13.304	554	6.507	271	64.742
1999	16.554	28.937	1.206	13.836	577	6.767	282	68.159
2000	17.594	30.252	1.266	14.464	605	7.075	296	71.552
2001	18.424	31.679	1.320	15.147	631	10.736	586	78.523
2002	19.990	34.372	1.432	16.434	685	15.257	636	88.806

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Hámarksgreiðslur til einhleyps lífeyrisþega eru, eins og fram kemur í töflunni, 88.806 kr. á mánuði á árinu 2002 með eingreiðslum sem eru orlofs- og desemberuppbót. Þær hafa hækkað um 82,4% frá árinu 1991. Það athugist að heimilisuppbót fellur niður ef einstaklingurinn nýtur hagræðis af sambýli við annan.

Tafla 13. Hækkun hámarksbóta hjóna þar sem bæði eru lífeyrisþegar, frá 1991.
Verðlag hvers árs.

	Ellilífeyrir	Tekju-trygging	Eingr.	Heimilis-uppbót	Eingr.	Tekjutr.-auki	Eingr.	Samtals
1991	10.749	21.973	1.376	0	0	0	0	34.098
1992	11.034	22.558	1.475	0	0	0	0	35.067
1993	11.096	22.684	2.533	0	0	0	0	36.313
1994	11.096	22.684	2.321	0	0	0	0	36.101
1995	11.540	23.592	2.021	0	0	0	0	37.153
1996	12.036	24.605	2.009	0	0	0	0	38.650
1997	12.819	26.206	1.104	0	0	0	0	40.129
1998	13.611	27.824	1.159	0	0	0	0	42.594
1999	14.898	28.937	1.206	0	0	0	0	45.041
2000	15.835	30.252	1.266	0	0	0	0	47.353
2001	17.503	31.679	1.320	0	0	5.274	440	56.216
2002	19.990	34.372	1.432	0	0	11.445	477	67.716

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Hámarksgreiðslur til hjóna, sem bæði eru lífeyrisþegar, geta samkvæmt töflu 13 orðið 135.432 kr. á mánuði. Hjón eiga ekki rétt á heimilisuppbót en eftir að breytingar voru gerðar á lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar sem tóku gildi 1. júlí 2001 var sérstök heimilisuppbót, nú nefnd tekjutryggingarauki, hækkuð umtalsvert og hjónum gefinn kostur á tekjutryggingaraukanum. Jafnframt var grunnlífeyrir hjóna hækkaður á árinu 2001 úr 90% af lífeyri einhleypings í 100%. Hámarksgreiðslur til hjóna hafa því hækkað frá 1991 um 98,6% eins og kemur fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 14. Laun, greiðslur og verðlag 1991 til 2002.
Vísitölur, 1991=100.

				Hæstu mögulegar bætur	
	Verðlag	Almenn launavísitala	Launavísitala á alm. markaði	Einhleypir	Hjón bæði lífeyrisþegar
1991	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1992	103,7	103,0	102,6	102,9	102,8
1993	108,0	104,4	103,5	106,8	106,5
1994	109,6	105,6	104,4	106,1	105,9
1995	111,5	110,4	108,8	109,1	109,0
1996	114,0	117,4	114,6	113,5	113,3
1997	116,0	123,8	121,2	122,2	117,7
1998	118,0	135,4	129,8	133,0	124,9
1999	122,0	144,7	136,8	140,0	132,1
2000	128,1	154,3	144,6	147,0	138,9
2001	136,7	167,9	156,7	161,3	164,9
2002	142,9	179,5	164,6	182,4	198,6

Heimild: Hagstofan.

Það skal undirstrikað að ofangreind tafla sýnir hæstu mögulegar greiðslur, sem tiltölulega fáir njóta óskertra og er því ekki til marks um þróun meðalgreiðslna almannatrygginga. Hámarksgreiðslur einstaklinga hafa hækkað frá 1991 umfram neysluverð og launavísitölu á almennum vinnumarkaði sé litið til grunnlífeyris, tekjutryggingar, heimilisuppbótar og tekjutryggingarauka. Hámarksgreiðslur einstaklinga hafa hækkað um 82,4% meðan laun samkvæmt almennri launavísitölu hafa hækkað um 79,5% og launavísitala á almennum vinnumarkaði hefur hækkað um 64,6%.

Landssamband eldri borgara hefur ítrekað bent á að þótt hámarksgreiðslur samkvæmt almannatryggingalögum hafi hækkað verulega, þá hafi það ekki sömu áhrif á hag aldraðra og ætla mætti. Því valdi að hækkanir á bótum hafi komið mjög fram í bótaflokkum sem skerðist hratt þegar menn hafi einhverjar tekjur. Hækkun á hæstu bótum samkvæmt töflum að framan endurspegli því ekki breytingu á kjörum þorra aldraðra þar sem tiltölulega fáir njóti þeirra óskertra. Þannig hafi grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað minna en tryggðar tekjur einhleypings og hjóna eða um 60% fyrir einhleypan lífeyrisþega og 66% hjá hjónum. Á sama tíma hafi hámarksgreiðslur hækkað um 82,4% hjá einhleypingi og 98,2% hjá hjónum. Mismunurinn liggi í miklum hækkunum á tekjutryggingarauka en gagnvart honum er ekkert frítekjumark og skerðingarhlutfallið vegna annarra tekna er 67%. Samtökin hafa haldið því fram að samanburður við þróun á hámarksbótum gefi ekki fullkomlega rétta mynd af tekjuþróun aldraðra og telja að með gildandi reglum um tekjutengingu sé verið að velta ábyrgð yfir á lífeyrissjóðakerfið hraðar en réttindamyndun þar leyfi. Starfshópurinn hefur horft til þessara sjónarmiða við athugun á stöðu og þróun lífeyriskerfisins.

Áhrif tekjutenginga.

Lífeyrir frá Tryggingastofnun hefur í vaxandi mæli fengið það hlutverk að tryggja lágmarkslífeyri og dregið hefur verið úr áherslu á að allir þjóðfélagsþegnar fái greiðslur frá Tryggingastofnun eins og áhersla var á síðari hluta síðustu aldar. Síðasta áratug hafa þjóðir Evrópu vaknað upp við mikla og vaxandi erfiðleika við fjármögnun tryggingakerfa sinna og þróunin hefur orðið í átt til meiri tekjutengingar tryggingabóta. Íslenska almannatryggingakerfið hefur þróast á svipaðan hátt og menn hafa mismunandi afstöðu til þess hvort sú þróun er óheppileg eða óhjákvæmileg.

Það má fullyrða að almenn samstaða sé um mikilvægi þess að hið opinbera almannatryggingakerfi komi sérstaklega til móts við þá sem lakast standa og bæti m.a. upp að einhverjum hluta takmörkuð réttindi í lífeyrissjóðum hjá þeim sem ekki áttu þess kost að byggja sér upp slík réttindi með iðgjaldsgreiðslum á starfsævinni. Á móti vegur svo eðlilega það sjónarmið að ósanngjarnt sé að þeir sem afsalað hafi sér hluta af mögulegum atvinnutekjum sínum á starfsævinni með greiðslum í lífeyrissjóð gjaldi þess svo á efri árum með því að lífeyrissjóðsgreiðslurnar, sem þeir hafi sannanlega sparað fyrir, komi til skerðingar á lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun. Þessi sjónarmið vegast á og því er mikilvægt að finna jafnvægi þeirra í milli.

Tekjutryggingarauki er mikilvægur hluti af bótum almannatryggingakerfisins sem beinlínis var settur inn til að aðstoða þá sem lítil sem engin réttindi ættu í lífeyrissjóðum og hefðu yfir höfuð mjög litlar aðrar tekjur. Upphaflega var fjárhæðin 7.409 kr. á mánuði og hún skertist sem svaraði hverri krónu sem bótaþegi hafði í tekjur. Þetta var endurskoðað 2001, tekjutryggingaraukinn fyrir einstakling hækkaður í 14.062 kr. á mánuði fyrir einstakling og 10.548 kr. fyrir hjón og þá sem njóta hagræðis af sambýli við aðra. Þá var ákveðið að draga úr skerðingunni þannig að þessar greiðslur lækkuðu um 67 kr. fyrir hverjar 100 kr. sem bótaþegi hafði í tekjur. Samkvæmt því er tekjutryggingaraukinn að fullu horfinn við 22.772 kr. tekjur

einstaklings. Þótt hugsunin sé þannig skýr og skiljanleg blasir við sú nöturlega staðreynd að bótaþeginn heldur aðeins eftir tæpum 20 kr. af hverjum 100 kr. á því tekjubili þar sem skerðingin varir. Þetta veldur mikilli óánægju meðal þeirra sem fá lágan lífeyri og finnst sem ávinningur af iðgjaldsgreiðslum til lífeyrissjóðs fari fyrir lítið með þessum hætti. Bent hefur verið á að meðallífeyrir úr almennu lífeyrissjóðunum er um 25 þús. kr. á mánuði og sú fjárhæð skerðir tekjutryggingaraukann að fullu.

Niðurstöður.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir tekjuþróun aldraðra með upplýsingum úr skattgögnum og virðist af þeim mega draga þá ályktun að a.m.k. tekjuhærri hópurinn hafi haldið vel í við tekjuþróun annarra skattþegna og önnur viðmið um þróun verðlags og launa. Vaxandi þýðing fjármagnstekna og greiðslna úr lífeyrissjóðum setur svip sinn á þennan samanburð og undirstrikar um leið að þeir sem hafa við lítið að styðjast í þessum efnum hljóta að reiða sig enn frekar á greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Gagnvart öldruðum er það hlutverk ríkisins að tryggja lágmarkstekjur sem standast eðlilegan samanburð við tekjur vinnandi fólks. Þótt tekjutenging bótanna sé eðlileg og óhjákvæmileg verður að haga henni þannig að sæmileg sátt sé um fyrirkomulagið. Starfshópurinn telur að skerðingarhlutfall tekjutryggingaraukans standist ekki þá prófraun, til þess sé hlutfallið allt of hátt. Því gerir nefndin tillögu um að skerðingarhlutfall gagnvart tekjutryggingarauka verði lækkað úr 67% í 45%. Þá telur nefndin að framangreind athugun á þróun tekna og bóta gefi tilefni til hækkana til að tryggja þeim sem eru í neðri hluta tekjustigans bættan hlut. Fyrirliggjandi upplýsingar eru þó ekki með þeim hætti að á þeim megi byggja einhlíta talnalega niðurstöðu. Tillögur hópsins sem fram koma í tillögukafla hér að framan endurspegla því heildstætt mat á aðstæðum og leiða til þeirrar niðurstöðu starfshópsins að gera tillögu um hækkun á tekjutryggingu sem svarar 5.000 kr. á mánuði og 4.200 kr. hækkun tekjutryggingarauka, til viðbótar hækkunum sem svara almennum samningsbundum launabreytingum, þannig að ásættanlegt samhengi náist við launaþróun annarra hópa og önnur viðmið sem höfð hafa verið til hliðsjónar. Þessi hækkun komi til framkvæmda í tveimur áföngum eins og nánar kemur fram í tilllöguhluta þessa álits.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutfall tekna sem koma til frádráttar tekjutryggingarauka lækki úr 67% í 45% frá 1. janúar 2003. Er frumvarpið hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til í framhaldi af yfirlýsingu sinni og Landssambands eldri borgara frá 19. nóvember 2002. Í yfirlýsingunni er vísað til samkomulags aðila um aðgerðir í málefnum aldraðra sem komi til framkvæmda næstu tvö til þrjú árin. Þessi liður samkomulagsins kostar ríkissjóð um 250 m.kr. á næsta ári og er þá gert ráð fyrir að breytingin nái til ellilífeyrisþega og öryrkja. Breytingar verða gerðar á reglugerðum um upphæðir bóta til að önnur atriði samkomulagsins nái fram að ganga frá áramótum.

520. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóra og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að sú hækkun á tryggingagjaldi sem samþykkt var með lögum nr. 133/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt o.fl., og taka á gildi 1. janúar 2003, lækki um 0,27%. Er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags við aðila vinnumarkaðarins frá 13. desember 2001. Í öðru lagi er um að ræða niðurfellingu nokkurra ákvæða um gjaldflokka tryggingagjalds sem lokið hafa tilgangi sínum. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar til samræmis við ákvæði almannatryggingalaga, þar sem greiðsla á tryggingagjaldi er í ákveðnum tilvikum gerð að skilyrði fyrir rétti til bótagreiðslna úr almannatryggingakerfinu. Loks eru úrræði innheimtumanns eftir álagningu tryggingagjalds samræmd þeim úrræðum sem hann hefur við innheimtu vangoldinnar staðgreiðslu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara vegna ákvæðisins um lækkun tryggingagjaldsins en Samfylkingin lagði til frekari lækkun þess á síðasta þingi.

Kristinn H. Gunnarsson, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnar Birgisson.	Jónas Hallgrímsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

521. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra sparisjóða, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu.

Með frumvarpinu er lagt til, í samræmi við tilskipun nr. 97/9/EB, um tryggingakerfi fyrir fjárfesta, að skuldbindingar aðildarfyrirtækja Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta skuli njóta tryggingaverndar þar til starfsleyfi viðkomandi fyrirtækis er afturkallað.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Össur Skarphéðinsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Einar K. Guðfinnson.
Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Jón Bjarnason.	

522. Svar [332. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um eftirlit með vöruinnflutningi í gámum.

1. *Hvernig er eftirliti háttað með vöruinnflutningi í gámum eða á pallettum, annars vegar með flugi og hins vegar skipum? Er tæknibúnaði beitt við eftirlitið, t.d. gegnumlýsingu eða öðrum slíkum aðferðum?*

Stærstum hluta vöruinnflutnings í gámum í skipum er skipað upp í Reykjavík. Aðrar hafnir þar sem talsverður vöruinnflutningur í gámum á sér stað eru Keflavík, Akureyri, Hafnarfjörður og Vestmannaeyjar. Vöruinnflutningur með flugvélum fer nær eingöngu í gegnum Keflavíkurflugvöll.

Vöruskoðun innflutnings í gámum í skipum til Reykjavíkur er framkvæmd af starfsmönnum eftirlitsdeildar tollstjórans í Reykjavík. Á Keflavíkurflugvelli sjá sérstakir starfsmenn um vöruskoðun en í öðrum tollumdæmum er vöruskoðun sinnt af tollvörðum á staðnum sem jafnframt sinna öðrum verkefnum. Í tollumdæmum þar sem ekki eru starfandi tollverðir ganga lögreglumenn í störf tollvarða þegar nauðsyn ber til.

Við innflutning fer vöruskoðun fram með þeim hætti að vara er borin saman við aðflutningsskjöl þar sem einkum er kannað magn, verðmæti, tollflokkun og uppruni vöru. Nánar tiltekið er eftirlitið eftirfarandi:

1. Eftirlit með að innihald gáma sé samkvæmt farmskrá.
2. Eftirlit með hraðsendingum.
3. Eftirlit með ferðamannabifreiðum.
4. Eftirlit með tollfrjálsum sendingum, t.d. búslóðum.
5. Ýmis sérafgreiðsla, svo sem útgáfa neyðarleyfa, mat á tjóni á vöru og eftirlit með tímabundnum tollfrjálsum innflutningi.
6. Eftirlit og vörutalning á frísvæðum og í tollvörugeymslum.

Gámar sem skoðaðir eru sérstaklega við komuna til landsins eru valdir samkvæmt úrtaki eða vegna þess að rökstuddur grunur er um að ólöglegur varningur sé í gámi, t.d. fíkniefni.

Við val á úrtaki er beitt áhættugreiningu og er leitað nákvæmar eftir því sem áhættan telst vera meiri samkvæmt fyrir fram gefnum forsendum.

Tollgæslan í Reykjavík hefur til umráða gegnumlýsingarbifreið sem er notuð við skoðun á innihaldi gáma. Önnur tollstjóraembætti hafa ekki slík tæki til umráða en bifreiðin hefur einnig verið notuð á Keflavíkurflugvelli. Fíkniefnaleitarhundum er beitt við eftirlit í öllum tollumdæmum.

2. *Hve margir vörugámar voru fluttir inn til landsins árið 2001 og með hvaða farartækjum?*

Alls komu 85.300 hlaðnar vörugámaeiningar til landsins árið 2001. (Hver vörugámaeining samsvarar 20 feta gámi.) Ekki liggur fyrir skipting milli flutningsfarartækja.

3. *Hve margir tollverðir starfa að eftirliti með vöruinnflutningi í gámum?*

Reykjavík	8 tollverðir af 55 sinna þessu verkefni sérstaklega.
Keflavíkurflugvöllur	2–3 tollverðir af 35 sinna þessu verkefni sérstaklega.
Hafnarfjörður	3 tollverðir sinna eftirlitinu ásamt öðrum störfum.
Keflavík	2 tollverðir sinna eftirlitinu ásamt öðrum störfum.
Akureyri	2 tollverðir sinna eftirlitinu ásamt öðrum störfum.
Vestmannaeyjar	2 tollverðir sinna eftirlitinu ásamt öðrum störfum.
Ísafjörður	1 tollvörður sinnir eftirlitinu ásamt öðrum störfum.
Seyðisfjörður	1 tollvörður sinnir eftirlitinu ásamt öðrum störfum.
Selfoss	1 tollvörður sinnir eftirlitinu ásamt öðrum störfum.

Hjá öðrum tollstjóraembættum er lögregla kölluð til aðstoðar ef upp koma mál þar sem nauðsynlegt er að sinna eftirliti sem um er rætt.

4. *Hve stórt hlutfall heildarinnflutnings vöru í gámum annars vegar og á pallettum hins vegar var skoðað árið 2001?*

Aðeins liggja fyrir tölur um fjölda skoðaðra sendinga í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Um 1% sendinga annarra en hraðsendinga var skoðað í Reykjavík árið 2001. Um 6% hraðsendinga voru skoðuð í Reykjavík árið 2001. Í Hafnarfirði og Kópavogi er áætlað að um 4–5% af vörum hafi verið skoðuð.

5. *Hversu oft hafa komið upp mál í tengslum við vöruinnflutning í gámum sem má rekja til*
   a. rangrar tollflokkunar sem leiddi til of lágra eða hárra tollgreiðslna,
   b. vísvitandi rangra upplýsinga um innihald,
   c. fíkniefnainnflutnings?

a. Mál sem leiddu til hækkunar eða lækkunar gjalda vegna rangrar tollflokkunar í Reykjavík árið 2001 eru 377. Tölur liggja ekki fyrir úr öðrum tollumdæmum.
b. Upplýsingar um ástæður rangrar tollflokkunar eru ekki fyrir hendi.
c. Árið 2001 komu upp við vöruinnflutning 63 fíkniefnamál í Reykjavík og tvö fíkniefnamál á Keflavíkurflugvelli.

6. *Hvernig er eftirliti og vöruskoðun í gámum háttað annars staðar á Norðurlöndum og hve stórt hlutfall gáma er skoðað þar við innflutning?*

Vöruskoðun í gámum á Norðurlöndum er svipuð og starfsháttum hér á landi er lýst. Áhættugreining er notuð við mat á því hvar skuli leita og er leitað nákvæmar eftir því sem

áhættan er talin meiri samkvæmt fyrir fram gefnum forsendum. Tollgæsla í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi hefur yfir að ráða öflugri gegnumlýsingartækjum en tollgæslan hér á landi. Í þessum löndum er notaður tækjabúnaður sem getur gegnumlýst heila gáma en hér á landi er nauðsynlegt að taka pallettur út úr gámum til þess að gegnumlýsing geti farið fram.

Leitað hefur verið upplýsinga hjá tollyfirvöldum á Norðurlöndum um hve stórt hlutfall gáma er skoðað við innflutning þar og hafa svör borist frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Samkvæmt því sem þar kemur fram heldur ekkert þessara þriggja landa aðgreint yfirlit yfir það hversu stórt hlutfall gáma er skoðað við innflutning. Í svari sænskra tollyfirvalda kom fram að þar í landi voru skoðuð 0,18% af heildarinnflutningi með gámum, fletum og flutningsvögnum árið 2001. Í Danmörku voru aðeins fáanlegar upplýsingar um eftirlit með heildarinnflutningi óháð því með hvaða hætti innflutningur átti sér stað. Á ársgrundvelli er eftirlitshlutfall allra framlagðra tollskýrslna um 2% í Danmörku. Norsk tollyfirvöld gátu ekki veitt umbeðnar upplýsingar.

523. Frumvarp til laga [414. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna bætist: eða í samræmi við aðrar launavísitölur sem Hagstofa Íslands birtir, enda liggi fyrir samkomulag aðila kjarasamninga viðkomandi sjóðfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 56/2000, um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, var lífeyrissjóðum sem störfuðu á grundvelli svokallaðrar eftirmannsreglu heimilað að breyta viðmiðum sínum vegna töku lífeyris þannig að lífeyrir breyttist í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands. Þegar frumvarp til framangreindra laga var til umfjöllunar beindust sjónir manna einkum að lífeyrissjóðum sveitarfélaga og því var talið eðlilegt að nota launavísitölu opinberra starfsmanna sem viðmið í þessu sambandi. Komið hefur á daginn að þetta kann í einhverjum tilvikum að vera óþarflega þröngt viðmið og því er talið eðlilegt að heimila aðilum sem fara með hagsmuni hlutaðeigandi lífeyrissjóðsfélaga að ákveða viðmið vegna þessa í kjarasamningum.

524. Frumvarp til laga [415. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með tjöru er í lögum þessum átt við hráa þéttingu tóbaksreyks, vatnsfirrta og nikótínlausa.

Með nikótíni er í lögum þessum átt við nikótínbeiskjuefni.

Með kolsýringi er í lögum þessum átt við kolmónoxíð (CO).

Með innihaldsefnum er í lögum þessum átt við öll efni eða efnisþætti, nema tóbakslauf og aðra náttúrulega eða ósunna hluta tóbaksplöntunnar, sem eru notaðir við framleiðslu eða tilreiðslu á tóbaki og er enn að finna í fullunnu vörunni, jafnvel þótt í breyttu formi sé, þ.m.t. pappír, síur, blek og lím.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tjöru- og nikótíninnihald“ í 2. mgr. koma orðin: tjöru-, nikótín- og kolsýringsinnihald.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal viðvörunartexta, stærð þeirra, letur, og annað sem máli kann að skipta, í samræmi við gildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki.
c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Óheimilt er með öllu að hafa á umbúðum tóbaks texta, heiti, vörumerki, myndir og myndræn eða annars konar tákn sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 7. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, 8. og 9. mgr., og orðast svo:

   Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks gefi upplýsingar um innihald vörunnar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

   Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks leggi fram sýnishorn af vörunni eða geri rannsóknir sem eru nauðsynlegar til þess að meta eiginleika og áhrif hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.
b. Við 8. mgr. sem verður 10. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við mælingar og prófanir samkvæmt þessari málsgrein, svo og við upplýsingar og rannsóknir skv. 8. og 9. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði c-liðar 2. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 30. september 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fól tóbaksvarnanefnd að semja drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir í kjölfar gildistöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum, 2001/37/EB, sem verður hluti af EES-samningnum. Tóbaksvarnanefnd skilaði ráðuneytinu drögum að frumvarpi í október 2001 en starfsmenn ráðuneytisins hafa unnið að endanlegri gerð í samráði við nefndina.

Frumvarpið á að samræma íslensk lög og stjórnsýslufyrirmæli þessari tilskipun en ákvæði hennar verða útfærð nánar í reglugerðum. Sett hefur verið reglugerð um þau ákvæði sem þegar hafa lagastoð en fyrirhugað er að setja nýja reglugerð eftir gildistöku laga þessara.

Í forsendum tilskipunarinnar er bent á nauðsyn þess að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum á innra markaði sambandsins vegna mismunandi ákvæða í aðildarríkjunum um framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki. Þar er sagt að setja þurfi um þessi mál sameiginlegar reglur þar sem aðildarríkin geti við sérstakar aðstæður gert þær kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja heilsuvernd. Orðrétt segir: „Gera skal kröfu um vernd á háu stigi að því er varðar heilbrigði, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd, í samræmi við 3. mgr. 95. gr. sáttmálans þar sem sérstaklega er tekið tillit til nýrra framfara sem byggjast á vísindalegum staðreyndum. Þar sem áhrif tóbaks eru sérstaklega skaðleg skal heilsuvernd hafa forgang í þessu samhengi."

Með tilskipun 2001/37/EB voru felldar úr gildi tilskipanir 89/622/EBE og 90/239/EBE sem einnig stefndu að samræmingu. Hin fyrri fjallaði um merkingu tóbaks, hin síðari um leyfilegt hámark tjöru sem sígarettur mega gefa frá sér. Nýja tilskipunin fjallar um hvort tveggja en tekur til mun víðara sviðs. Felur hún í sér í senn verulegar breytingar og veigamikil nýmæli. Ákvæði hennar lúta einkum að þrennu:

Í fyrsta lagi eru í tilskipuninni ný ákvæði um viðvaranir um skaðsemi tóbaks og aðrar upplýsingar á tóbakspökkum. Fela þau m.a. í sér að reitir fyrir viðvaranir stækka mikið frá því sem nú er krafist og fyrirmæli um hönnun og útlit þessara merkinga eru skýr. Krafa um slíkar merkingar er nú í 6. gr. laga nr. 6/2002 og ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um þær í reglugerð. Greininni er lítillega breytt í frumvarpinu til samræmingar. Ákvæði tilskipunarinnar um bann við tilteknum heitum og táknum á umbúðum tóbaks sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak kallar á lagabreytingu hér á landi.

Í öðru lagi eru nú gerðar veigamiklar kröfur til framleiðenda varðandi upplýsingar um efni í tóbaki (innihaldsefni) og lýsingar á vörunni. Krefja má þá eða innflytjendur um að gera ýmsar prófanir sem lögbær innlend yfirvöld kveða á um til þess að meta magn efna sem tóbak gefur frá sér og til að meta áhrif þeirra á heilsuna. Gert er skylt að krefja þessa aðila um skrá yfir öll innihaldsefni sem þeir nota við framleiðslu tóbaksvöru og því ítarlega lýst hvernig sú skrá skuli úr garði gerð. Í frumvarpinu er heilbrigðisyfirvöldum heimilað að krefjast upplýsinga og rannsókna samkvæmt framansögðu.

Í þriðja lagi er sett hámark, ekki aðeins á þá tjöru (10 mg) heldur einnig það nikótín (1 mg) og kolsýring (10 mg), sem sígarettur mega gefa frá sér. Þetta kallar ekki á lagabreytingu hér, sbr. 8. mgr. 8. gr. laga nr. 6/2002, sem gefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra almenna heimild til að ákveða með reglugerð hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaki og tóbaksreyk í samræmi við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins.

Tilskipuninni í heild og lögleiðingu hennar hér á landi er ætlað að efla tóbaksvarnir.

Helstu nýmæli sem felast í frumvarpinu eru:

- Merkja skal sígarettupakka með upplýsingum um hve mikinn kolsýring hver sígaretta gefur frá sér, til viðbótar við slíkar upplýsingar um tjöru og nikótín.
- Bannað er frá og með 30. september 2003 að hafa á umbúðum tóbaks heiti, vörumerki og annars konar texta eða tákn sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak.
- Tóbaksframleiðendum og -innflytjendum er gert skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um efnainnihald tóbaks svo sem þau mæla fyrir um.
- Tóbaksframleiðendum og -innflytjendum er gert skylt að leggja fram sýnishorn af vörunni eða gera rannsóknir sem heilbrigðisyfirvöld krefja þau um og eru nauðsynlegar til að meta eiginleika og áhrif hennar.
- Tóbaksframleiðendum er gert skylt að standa straum af kostnaði við upplýsingar um efnainnihald tóbaks og rannsóknir á því.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru tjara, nikótín og innihaldsefni skilgreind í samræmi við skilgreiningar í tilskipun 2001/37/EB. Auk þess er kolsýringur skilgreindur. Skilgreiningar á þessum efnum eru ekki í núgildandi lögum um tóbaksvarnir.

Um 2. gr.

Um a-lið: Breytingin á 2 mgr. 6. gr. er í samræmi við það ákvæði tilskipunar 2001/37/EB að merkja skuli sígarettupakka með upplýsingum um hve mikla tjöru, nikótín og kolsýring hver sígaretta gefur frá sér, mælt samkvæmt tilgreindum ISO-stöðlum. Samkvæmt tilskipun 89/622/EBE takmarkaðist þessi skylda við tjöru og nikótín. Breytingin sem hér er lögð til er til skýringar og lagasamræmis.

Um b-lið: Breytingarnar á 3. mgr. 6. gr. eru annars vegar til þess að ekki fari milli mála að í reglugerð skuli bæði setja ákvæði um viðvaranir skv. 1. mgr. og upplýsingar skv. 2. mgr, en þannig hefur 3. mgr. réttilega verið skilin. Hins vegar þykir rétt að taka fram að reglugerðin eigi að vera í samræmi við gildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, þar sem m.a. eru fyrirmæli um viðvörunartexta, stærð merkinga, letur o.fl., og um mælingar þeirra efna sem 2. mgr. tekur til.

Um c-lið: Með viðbótinni við 4. mgr. 6. gr. er heimild ráðherra til að fallast á eigin upplýsingar framleiðanda, innflytjanda eða seljanda tóbaks á umbúðum takmörkuð með því að óheimilt verður með öllu að gefa þar í skyn að tiltekin vara sé ekki eins skaðleg og annað tóbak. Á það m.a. við orð eins og „léttur“ (e. „light“, sbr. einnig „ultra-light“), „mildur“ (e. „mild“), „lítil tjara“ (e. „low-tar“) og önnur slík. Þetta er í samræmi við fyrirmæli 7. gr. tilskipunar 2001/37/EB. Bannið er rökstutt með því að orð, nöfn, myndir og tákn á tóbakspökkum, sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak, kunni að villa um fyrir neytandanum og leiða til (óæskilegra) neyslubreytinga. Það hve mikið sé af tilteknu efni í varningnum fyrir notkun ráði ekki eitt úrslitum um hve miklu menn andi að sér af efninu, heldur einnig hitt, hvernig menn reyki og hve háðir þeir séu tóbaki. Sú staðreynd endurspeglist ekki í notkun slíkra orða og tákna og geti það dregið úr áhrifum þeirra merkinga sem krafist er í tilskipuninni. Ákvæðið sem hér um ræðir á að taka gildi 30. september 2003.

Um 3. gr.

Um a-lið: Breytingin felur í sér að bætt er við 8. gr. laganna tveimur nýjum málsgreinum sem heimila heilbrigðisyfirvöldum að krefja framleiðendur eða innflytjendur tóbaks um upplýsingar um efni í tóbaki og rannsóknir sem eru nauðsynlegar til að meta eiginleika vörunnar og áhrif á heilsuna. Ákvæðin eru í samræmi við 4. og 6. gr. tilskipunar 2001/37/EB en þar er nánar kveðið á um þetta. M.a. á að krefja framleiðendur eða innflytjendur um árlega skrá yfir öll innihaldsefni sem notuð eru við framleiðslu á tóbaki þeirra. Aðildarríkin eiga að tryggja dreifingu þessara upplýsinga með það fyrir augum að fræða neytendur og á grundvelli upplýsinganna á að vinna að sameiginlegri skrá yfir þau innihaldsefni sem heimilt er að nota í tóbak.

Um b-lið: Breytingin felur í sér að tóbaksframleiðendur skuli greiða kostnað af upplýsingum skv. 8., rannsóknum skv. 9. og mælingum og prófunum skv. 10. mgr. 7. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Frumvarp þetta miðar að því að breyta lögum um tóbaksvarnir til samræmis við tilskipun 2001/37/EB frá Evrópuþinginu og ráði Evrópusambandsins um framleiðslu, kynningu og sölu tóbaksvarnings. Samkvæmt frumvarpinu geta heilbrigðisyfirvöld krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks gefi upplýsingar um innihald vörunnar og leggi fram sýnishorn af framleiðslunni eða geri rannsóknir sem nauðsynlegar eru til þess að meta áhrif vörunnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tóbaksframleiðendur standi straum af kostnaði við mælingar og prófanir á innihaldi skaðlegra efna í tóbaki, svo og kostnaði við upplýsingagjöf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs.

525. Fyrirspurn [416. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðamál.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða áætlanir eru til og hvaða vinna hefur farið fram á grundvelli þingsályktunar um stefnu í byggðamálum sem Alþingi samþykkti á 127. löggjafarþingi?

526. Fyrirspurn [417. mál]

til heilbrigðisráðherra um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem fékk það hlutverk að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana?

527. Fyrirspurn [418. mál]

til fjármálaráðherra um áfengisgjald.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið þróun áfengisgjalds frá árinu 1995 að nafnvirði og raungildi
   a. á sterku áfengi,
   b. á léttvíni,
   c. á bjór?
2. Hver hefur verið hækkun neysluverðsvísitölu á sama tíma?
3. Hefur þróun áfengisgjalds endurspeglast í verðlagningu áfengis á sama tíma að teknu tilliti til gengisþróunar?

Skriflegt svar óskast.

528. Fyrirspurn [419. mál]

til samgönguráðherra um Sundabraut.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Telur ráðherra koma til greina að beitt verði 29. gr. vegalaga við fjármögnun Sundabrautar og að Reykjavíkurborg verði krafin um greiðslu aukakostnaðar sem hlýst af því að farin verði sú leið sem borgin leggur til við lagningu brautarinnar?
2. Ef svo er, hver eru rökin fyrir því að beita slíkri heimild í tilviki Sundabrautar?
3. Hefur slíkri heimild verið beitt áður, og ef svo er, í hvaða tilvikum?

Skriflegt svar óskast.

529. Fyrirspurn [420. mál]

til samgönguráðherra um arðsemismat vegna Sundabrautar.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hver er áætluð arðsemi ólíkra leiða við fyrirhugaða Sundabraut? Svar óskast sundurliðað eftir leiðum.
2. Eru umhverfisáhrif á Elliðavog og lífríki Elliðaáa tekin inn í slíkt arðsemismat, þ.m.t. loft- og hljóðmengun nálægra íbúðarsvæða?

Skriflegt svar óskast.

530. Frumvarp til laga [421. mál]

um Lýðheilsustöð.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að efla lýðheilsu. Með eflingu lýðheilsu er átt við aðgerðir sem ætlað er að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum.

2. gr
Yfirstjórn.

Starfrækja skal Lýðheilsustöð til að vinna að markmiðum laga þessara. Hún skal vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Ráðherra skipar forstjóra Lýðheilsustöðvar til fimm ára í senn. Forstjóri ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum stöðvarinnar og ræður aðra starfsmenn hennar.

3. gr.
Hlutverk.

Hlutverk stöðvarinnar er að efla lýðheilsustarf og samræma það, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu. Lýðheilsustöð skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu. Forgangsröðun verkefna skal vera í samræmi við heilbrigðisáætlun. Stöðin fylgist með árangri af lýðheilsustarfi og stuðlar að rannsóknum á sviði lýðheilsu í samvinnu við landlækni og mennta- og rannsóknastofnanir.

Helstu verkefni Lýðheilsustöðvar eru:

a. að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa,

b. að annast áfengis- og vímuvarnir, manneldi, slysavarnir, tóbaksvarnir og önnur forvarna- og heilsueflingarverkefni á vegum ríkisins,
c. að fylgjast með og koma á framfæri nýrri þekkingu og reynslu sem að gagni mætti koma í lýðheilsustarfi,
d. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
e. að efla þekkingu og færni þeirra sem starfa að eflingu lýðheilsu,
f. að miðla upplýsingum og fræðslu til landsmanna og einstakra hópa í samfélaginu, eftir því sem við á, í samvinnu við landlækni og aðra,
g. að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna á sviði lýðheilsu og samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir,
h. að beina tillögum til stjórnvalda um aðgerðir til að efla lýðheilsu og forgangsröðun verkefna.

Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni stöðvarinnar á sviði lýðheilsu nánar með reglugerð.

Lýðheilsustöð er heimilt, í samráði við ráðherra, að semja við aðra um að sinna starfsemi sem stöðinni er falið að annast samkvæmt lögum eða reglugerðum.

4. gr.

Landsnefnd um lýðheilsu.

Landsnefnd um lýðheilsu er ráðgjafarnefnd Lýðheilsustöðvar um fagleg málefni. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Formenn sérfræðiráða skv. 5. gr. og landlæknir eða fulltrúi tilnefndur af honum skulu eiga sæti í nefndinni. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Ráðherra skal kveða nánar á um skipan og hlutverk nefndarinnar í reglugerð, m.a. um tilnefningu félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu.

5. gr.

Sérfræðiráð.

Áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð skulu starfa innan Lýðheilsustöðvar og gegna hlutverki sérfræðiráða Lýðheilsustöðvar. Heimilt er, með reglugerð, að fela þeim viðtækari verkefni en kveðið er á um í 6.–9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um skipan og hlutverk annarra sérfræðiráða. Þau skulu skipuð sérfræðingum og fulltrúum stofnana og félaga sem starfa á viðkomandi sviði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa í hvert sérfræðiráð.

Sérfræðiráð skv. 1. og 2. mgr. skulu vera Lýðheilsustöð og öðrum sem starfa að forvörnum til ráðgjafar hvert á sínu sviði.

6. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð.

Hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt.

Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, sveitarstjórna, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Lýðheilsustöð skal ráðstafa fé úr Forvarnasjóði skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess, m.a. ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

7. gr.

Manneldisráð.

Hlutverk manneldisráðs er að stuðla að heilsusamlegu mataræði þjóðarinnar í samræmi við manneldismarkmið. Ráðið skal vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði í samráði við skóla, heilsugæslu og stofnanir á sviði matvælaeftirlits.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.

8. gr.

Slysavarnaráð.

Hlutverk slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa.

Ráðið skal sjá til þess að slys séu skráð með samræmdum hætti. Jafnframt skal ráðið hlutast til um úrvinnslu skráðra upplýsinga og birtingu þeirra. Ráðið mótar reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

Samræmd slysaskrá skal varðveitt hjá landlækni.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.

9. gr.

Tóbaksvarnaráð.

Hlutverk tóbaksvarnaráðs er að stuðla að tóbaksvörnum.

Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnaráð um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks.

Leita skal álits ráðsins á öllum reglugerðum sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.

Lýðheilsustöð skal fá 0,9% af bruttósölu tóbaks til ráðstöfunar til tóbaksvarnastarfs og skal fénu ráðstafað í samráði við ráðherra að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði um skipan og hlutverk tóbaksvarnaráðs í reglugerð.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög og lagaákvæði úr gildi: Lög um slysavarnaráð, nr. 33/1994, lög um manneldisráð, nr. 45/1978, lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, og 5. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

20. maí 2001 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Þar er lögð áhersla á heilbrigðismarkmið til langs tíma sem miða að því að bæta heilsufar þjóðarinnar. Forgangsverkefni heilbrigðisáætlunarinnar eru m.a. áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir, að dregið verði úr slysum og slysadauða barna, mjaðmar- og hryggbrotum eldri borgara verði fækkað, tannheilsa barna og eldri borgara verði bætt, dauðsföllum af völdum hjarta- og æðasjúkdóma og heilablóðfalla verði fækkað, dregið verði úr tíðni geðraskana og sjálfsvíga, dauðsföllum vegna krabbameins fækki og að slysum, þ.m.t. dauðaslysum, verði fækkað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lét vinna frumvarp um Lýðheilsustöð sem lagt var fram á 127. löggjafarþingi með það í huga að fylgja eftir markmiðum heilbrigðisáætlunar um

forvarnir sem ætlað er að bæta heilsufar þjóðarinnar. Frumvarpinu var vísað til heilbrigðis- og tryggingnefndar. Nefndin sendi frumvarpið út til umsagnar 13. maí 2002 og bárust umsagnir frá 37 aðilum. Umsagnirnar voru almennt jákvæðar. Nokkrir töldu þó að starfsemin væri betur komin hjá landlæknisembættinu, en einnig kom fram sú skoðun að slík starfsemi færi ekki vel saman við eftirlitshlutverk landlæknis. Þá voru gerðar athugasemdir við nokkur atriði frumvarpsins og nokkrar tillögur um breytingar og viðbætur. Farið hefur verið yfir umsagnirnar og gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af þeim. Þar er fyrst og fremst um að ræða lagfæringar á orðalagi og áherslum og verður gerð nánari grein fyrir þeim í umfjöllun um einstakar greinar.

Helsta markmið heilbrigðisyfirvalda á hverjum tíma er að stuðla að heilbrigði allra landsmanna. Þetta markmið er m.a. að finna í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana er þó ekki einskorðað við að veita þjónustu þegar eftir henni er leitað vegna heilsuvanda heldur er það miklu víðtækara. Þótt aldrei verði lögð nógu mikil áhersla á ábyrgð fólks á eigin heilbrigði er ljóst að samfélagið og stofnanir þess bera einnig ábyrgð og hafa víðtæk áhrif á heilsufar þjóðarinnar og einstakra hópa á hverjum tíma. Þannig hafa ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda bein og óbein áhrif á líf þegnanna og heilbrigði þeirra þótt áhrifin séu ekki alltaf ljós þegar ákvörðun er tekin. Heilsufar verður að teljast almennt gott á Íslandi og heilbrigðisþjónustan stenst fyllilega samanburð við þær þjóðir sem við berum okkur saman við. Því má spyrja hvort þörf sé frekari aðgerða. Því er til að svara að þótt unnið sé mjög gott starf á ýmsum sviðum heilsueflingar og forvarna er ástæðulaust að ætla annað en unnt sé með aukinni samhæfingu að efla þetta starf enn frekar.

Benda má á að aldurssamsetning þjóðarinnar er töluvert frábrugðin því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Hér er hlutfall barna og ungmenna talsvert hærra en þeirra eldri og hlutfall aldraðra að sama skapi lægra. Spár um mannfjölda fram til ársins 2030 benda til að svo verði enn á þeim tíma þótt gert sé ráð fyrir að úr þessum mun dragi. Því má ætla að ávinningur af skipulögðum aðgerðum til að efla heilbrigði og draga úr sjúkdómum og slysum geti haft enn meiri áhrif hér á landi en meðal nálægra þjóða.

„Lýðheilsa“ er í vaxandi mæli notað sem þýðing á enska heitinu „public health“. Með lýðheilsu er átt við aðgerðir hins opinbera og annarra í þeim tilgangi að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum, viðurkenndum og vísindalega sannreyndum aðferðum. Til þeirra teljast aðgerðir eða ráðstafanir sem stuðla að fækkun sjúkdóma og slysa, svo og aðgerðir er stuðla að forvörnum og heilsueflingu.

Þrátt fyrir öflugt og árangursríkt heilsuverndarstarf um margra áratuga skeið er ljóst að endurskoðunar er þörf. Þau heilbrigðisvandamál sem nú ber hæst eru önnur en áður. Lífslíkur Íslendinga hafa aukist jafnt og þétt og eru með þeim mestu sem þekkjast, en bæði dánarorsakir og sjúkdómatíðni hafa breyst þannig að vægi svokallaðra langvinnra sjúkdóma hefur aukist verulega. Þessir sjúkdómar eiga það sammerkt að þá er sjaldan hægt að lækna svo að aðgerðir miða helst að því að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum sjúkdómanna á einstaklinga, nánasta umhverfi þeirra og félagslega stöðu. Annað sem er langvinnum sjúkdómum sammerkt er að orsaka þeirra er oftast að leita í samspili áhættuþátta sem saman leiða frekar til sjúkdóms en hver um sig. Þar má nefna áhættuþætti eins og reykingar, offitu, kyrrsetu, ofneyslu áfengis, neyslu annarra vímuefna og streitu. Samspil áhættuþátta og áhrif lífsstíls á þróun lýðheilsunnar kallar á nýjar aðferðir þar sem áhersla er lögð á samræmdar aðgerðir, samþættingu og samvinnu. Færa má fyrir því rök að lýðheilsustarf sé í eðli sínu teymisvinna fjölmargra aðila, sérfróðra jafnt sem leikmanna og sjálfboðaliða. Bestur árangur næst þegar saman fer skýr stefnumörkun og markmið, vandað val viðfangsefna, náið samráð og samstarf við samstarfsaðila, jafnt opinbera sem einkaaðila, félagasamtök og fjölmiðla.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa verið settar á stofn sérstakar stofnanir sem hafa það meginmarkmið að vera frumkvöðlar og samræmingarafl í lýðheilsustarfi. Síðast voru það Statens institut for folkesundhed í Danmörku sem sett var á laggirnar í janúar 2001 og Nasjonalt folkeinstitutt í Noregi sem tók til starfa 1. janúar 2002.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á fót stofnun, Lýðheilsustöð, til að vinna að eflingu lýðheilsu. Henni er m.a. ætlað að samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings, styðja starfsemi annarra sem vinna að eflingu lýðheilsu, stuðla að rannsóknum og fylgjast með árangri heilsueflingar, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að vera frumkvöðull og samræmingarafl. Eftir sem áður verður þungamiðja heilsuverndar- og forvarnastarfs annars vegar hjá heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki og hins vegar hjá frjálsum félagasamtökum eins og verið hefur. Það sem breytist er að Lýðheilsustöð veitir öflugan stuðning hvers konar lýðheilsustarfi, á frumkvæði að samstarfi og samvinnu við þá fjölmörgu aðila sem starfa á þessum vettvangi og samræmir og samhæfir lýðheilsustarfið.

Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð verði ríkisstofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en henni verði að öðru leyti stjórnað af forstjóra sem skipaður verði af ráðherra. Lagt er til að núgildandi lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, lög um manneldisráð, nr. 45/1978, lög um slysavarnaráð, nr. 33/1994, og ákvæði 5. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, verði felld úr gildi, en starf þessara ráða falli undir Lýðheilsustöð. Gert er ráð fyrir að fyrrgreind ráð og tóbaksvarnaráð verði svonefnd sérfræðiráð, sbr. 5. gr. frumvarpsins, og verði Lýðheilsustöð og öðrum til ráðgjafar hvert á sínu sviði.

Í frumvarpinu eru ákvæði um helstu verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs og tóbaksvarnaráðs, en gert er ráð fyrir að frekari ákvæði um skipan þeirra og hlutverk verði í reglugerðum. Þá er gert ráð fyrir að ýmis önnur heilsueflingar- og forvarnaverkefni á vegum ríkisins verði flutt til Lýðheilsustöðvar, t.d. starf tannverndarráðs, gigtarráðs og starf Árvekni að slysavörnum barna. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum þeirra verði boðið starf innan Lýðheilsustöðvar.

Eins og fram kemur í 1. og 3. gr. frumvarpsins er Lýðheilsustöð ætlað að sinna heilsueflingu á öllum sviðum. Í frumvarpinu eru þó ekki sérstök ákvæði um starfsemi sem tengist öðru en áfengis- og vímuvörnum, manneldi, slysavörnum og tóbaksvörnum. Ástæður þess eru þær að forvarnir á þessum sviðum eru þegar bundnar í lög og ekki þótti fært að fella ákvæði um fyrrgreinda starfsemi alfarið úr lögum. Hins vegar þótti ekki heppilegt að binda í lög ákvæði um heilsueflingu og forvarnir á öðrum sviðum, enda gæti verið erfitt að ákveða hvaða svið ætti að taka með. Þá eru þarfir fyrir forvarnir síbreytilegar og og ástæða getur verið til að gera sérstakt tímabundið átak á tilteknum sviðum. Því var ákveðið að leggja til að starfsemi Lýðheilsustöðvar verði ekki bundin við tiltekin svið heldur geti hún sinnt heilsueflingu og forvörnum á öllum sviðum í samræmi við heilbrigðisáætlun og stefnu ráðherra um forgangsröðun verkefna á sviði heilsueflingar á hverjum tíma. Eins og fram kemur í 4. og 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skipuð verði sérfræðiráð á öðrum sviðum og að formenn þeirra, auk formanna áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs og tóbaksvarnaráðs, fulltrúa landlæknis, ráðherra og félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu, skipi landsnefnd um lýðheilsu sem verði ráðgjafarnefnd Lýðheilsustöðvar um fagleg málefni.

Gert er ráð fyrir að það fé sem nú er veitt til ráðanna verði framvegis veitt til Lýðheilsustöðvar, en þó er tekið fram að fé samkvæmt sérmerktum tekjustofni til tóbaksvarna, þ.e. 0,9% af brúttósölu tóbaks, verði ráðstafað til tóbaksvarnastarfs, sbr. 4. mgr. 9. gr. frumvarpsins, og fé úr Forvarnasjóði skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, verði varið til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna, sbr. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þá er gert

ráð fyrir að fjárveitingar til gigtarráðs, tannverndarsjóðs, fé sem flutt hefur verið til landlæknis vegna heilsueflingar og fé sem veitt hefur verið til Árvekni – átaksverkefnis um slysavarnir barna og unglinga renni framvegis til Lýðheilsustöðvar. Loks er gert ráð fyrir að hluti af því fé sem veitt hefur verið vegna slysavarnaráðs renni til stöðvarinnar en hluti af því verði áfram veittur landlæknisembættinu vegna slysaskrár. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum sem greidd eru laun af fyrrgreindum liðum verði boðið starf hjá Lýðheilsustöð, en auk þess er gert ráð fyrir að skipaður verði forstjóri og fjármálastjóri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gerð grein fyrir því meginmarkmiði laganna að efla lýðheilsu og nánar skilgreint hvað átt er við með eflingu lýðheilsu.

Um 2. gr.

Hér kemur fram að starfrækja skuli sérstaka stofnun, Lýðheilsustöð, til að framfylgja markmiðum laganna um eflingu lýðheilsu. Tekið er fram að stöðin skuli vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skipi stöðinni forstjóra til fimm ára í senn í samræmi við meginreglu 23. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um skipun embættismanna.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um hlutverk stöðvarinnar og verkefni og lögð áhersla á að hún skuli efla lýðheilsustarf, og samræma það, annast fræðslu, styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka í samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að þungamiðja heilsuverndar- og forvarnastarfs verði annars vegar hjá heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki og hins vegar hjá frjálsum félagasamtökum eins og verið hefur. Hlutverk Lýðheilsustöðvar er að styðja hvers konar lýðheilsustarf, eiga frumkvæði að samstarfi og samvinnu við þá fjölmörgu aðila sem starfa á þessum vettvangi og vera stjórnvöldum til ráðgjafar. Forgangsröðun skal vera í samræmi við heilbrigðisáætlun og stefnu ráðherra sbr. 3. mgr. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Í 2. mgr. eru talin helstu verkefni Lýðheilsustöðvar og er framsetningin nokkuð breytt frá fyrra frumvarpi. Ekki er þó um að ræða efnisbreytingu heldur var upptalning verkefna sem var í athugasemdum með fyrra frumvarpi tekin inn í lagatextann.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að skipuð verði landsnefnd um lýðheilsu sem verði ráðgjafarnefnd Lýðheilsustöðvar um fagleg málefni. Í henni eigi sæti formaður, sem skipaður verði af ráðherra án tilnefningar, landlæknir eða fulltrúi tilnefndur af honum og formenn sérfræðiráða skv. 5. gr., þ.e. formenn áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs, tóbaksvarnaráðs og sérfræðiráða á öðrum sviðum sem gert er ráð fyrir að skipuð verði skv. 2. mgr. 5. gr. Loks er gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um tilnefningu félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu í nefndina.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sérfræðiráð á ýmsum sviðum heilsueflingar og forvarna verði Lýðheilsustöð til ráðgjafar. Þá er lagt til að áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnanefnd gegni hlutverki sérfræðiráða hvert á sínu sérsviði. Gerð er til-

laga um að nafni tóbaksvarnanefndar verði breytt í tóbaksvarnaráð til samræmis við nöfn fyrrgreindra ráða. Tekið er fram að heimilt sé að fela fyrrgreindum ráðum víðtækari verkefni en gert er ráð fyrir í 6.–9. gr. Þá væri hægt að fela einhverju ráðanna verkefni sem tengjast starfsemi þess með einhverjum hætti eða verkefni sem æskilegt væri talið að féllu undir sama ráðið, t.d. mætti hugsa sér að um manneldi og hreyfingu væri fjallað í einu sérfræðiráði. Kveðið er á um að ráðherra skuli setja reglugerð um skipan og hlutverk annarra sérfræðiráða, en gert er ráð fyrir að eðlilegt og nauðsynlegt sé að setja á laggirnar sérfræðiráð á fleiri sviðum en að framan greinir og/eða fela ráðum sem nú eru starfandi hlutverk sérfræðiráða. Slík ráð eru t.d. gigtarráð og tannverndarráð. Telja verður eðlilegt að stefnt verði að því að starfandi verði sérfræðiráð á ýmsum öðrum sviðum sem fjalli til dæmis um geðvernd og varnir gegn sjálfsvígum, fræðslu um kynlíf og varnir gegn ótímabærri þungun ungra stúlkna, krabbameinsvarnir o.fl. Sérfræðiráð skulu skipuð sérfræðingum á viðkomandi sviði og landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa í hvert sérfræðiráð. Hér er gerð sú breyting frá fyrra frumvarpi að tekið er fram að ráðin skuli einnig skipuð fulltrúum stofnana og félaga sem starfa á viðkomandi sviði.

Um 6. gr.

Hér eru tekin upp meginatriði laga um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, en gert er ráð fyrir að þau falli úr gildi við gildistöku laga þessara. Gert er ráð fyrir að tekjur Forvarnasjóðs, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, renni til Lýðheilsustöðvar, en þeim verði eftir sem áður varið til áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra og að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verði á um skipan áfengis- og vímuvarnaráðs og sett nánari ákvæði um hlutverk þess og um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

Um 7. gr.

Hér eru tekin upp meginatriði laga um manneldisráð, nr. 45/1978, en gert er ráð fyrir að þau falli úr gildi við gildistöku laga þessara. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verði á um skipan manneldisráðs og sett nánari ákvæði um hlutverk þess.

Um 8. gr.

Hér eru tekin upp meginatriði laga um slysavarnaráð, nr. 33/1994, en gert er ráð fyrir að þau falli úr gildi við gildistöku laga þessara. Hér er tekið inn ákvæði þess efnis að ráðið skuli sjá til þess að slys séu skráð, hlutast til um úrvinnslu skráðra upplýsinga og birtingu þeirra og móta reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni. Hliðstætt ákvæði er í núgildandi lögum um slysavarnaráð. Þetta ákvæði var ekki í fyrra frumvarpi en talið er nauðsynlegt að hafa áfram skýra lagastoð fyrir skráningu og vinnslu þessara upplýsinga. Loks er gert ráð fyrir að nánari ákvæði um starfsemi ráðsins verði sett með reglugerð.

Um 9. gr.

Hér eru tekin upp meginatriði ákvæðis 5. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, en gert er ráð fyrir að það falli úr gildi við gildistöku laga þessara. Gert er ráð fyrir að þau 0,9% af brúttósölu tóbaks sem nú renna til tóbaksvarnanefndar samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga renni til Lýðheilsustöðvar, en þeim verði eftir sem áður varið til tóbaksvarna í samráði við ráðherra og að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verði á um skipan tóbaksvarnaráðs og sett nánari ákvæði um hlutverk þess.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnuð verði Lýðheilsustöð í þeim tilgangi að efla lýðheilsu sem er að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa með skipulegum og viðurkenndum aðferðum.

Lýðheilsustöð er m.a. ætlað að efla og samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu. Lýðheilsustöð skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu. Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, lög um manneldisráð, nr. 45/1978, lög um slysavarnaráð, nr. 33/1994, og ákvæði 5. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, verði felld úr gildi, en starf þessara ráða og nefndar falli undir Lýðheilsustöð. Þá er lagt til að starf tannverndarráðs, gigtarráðs og heilsueflingar og starf Árvekni að slysavörnum barna verði flutt til stöðvarinnar og að starfsmönnum fyrrgreindra aðila verði boðið starf innan Lýðheilsustöðvar. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til framangreindra verkefna verði færðar til stöðvarinnar en þær nema 165 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2002. Í frumvarpinu eru hvorki lagðar til breytingar á mörkuðum tekjum Forvarnasjóðs né lögbundnum framlögum til tóbaksvarnastarfs.

Samkvæmt frumvarpinu skal Lýðheilsustöð vera undir stjórn forstjóra og í athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir að öðrum sem þegar starfa við framangreind verkefni verði boðið starf hjá stofnuninni. Áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð skulu starfa sem sérfræðiráð innan Lýðheilsustöðvar. Auk þeirra skal skipuð landsnefnd um lýðheilsu en í henni sitji a.m.k. formenn sérfræðiráðanna auk formanns.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gerir ráð fyrir í kostnaðaráætlun sinni að viðbótarkostnaður vegna launa forstjóra nemi 8,3 m.kr., 5,7 m.kr. þurfi til ráðningar fjármálastjóra og 4 m.kr. til skrifstofurekstrar. Þá verði tímabundinn 5 m.kr. stofnkostnaður árið 2003.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum eykur það útgjöld ríkissjóðs varanlega um 18 m.kr. á ári að meðtöldum kostnaði við landsnefnd um lýðheilsu. Þá kemur til 5 m.kr. stofnkostnaðar árið 2003. Auk þess er ekki hægt að útiloka að þessar breytingar leiði til þess að biðlaunaréttur myndist en kostnaður vegna hans gæti orðið 2–3 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu tekur stofnunin til starfa síðari hluta árs 2003 og í fjárlagafrumvarpi 2003 er gert ráð fyrir 8 m.kr. rekstrarframlagi til Lýðheilsustöðvar. Viðbótarútgjöld miðað við heilt ár frá og með árinu 2004 verða fjármögnuð með hagræðingu í framlögum til framangreindra verkefna.

531. Svar [284. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

Í upphafi skal geta þess að ráðherra setti fram í bréfi, dags. 26. október 1999, til undirstofnana samgönguráðuneytisins, Landssíma Íslands hf. og Íslandspósts hf. þá skýru stefnu að leita skyldi leiða til að flytja störf út á landsbyggðina. Í bréfinu sagði m.a.:

„Eins og kunnugt er þá hefur búsetuþróunin í landinu verið landsbyggðinni mjög óhagstæð hin síðari ár. Ástæður þeirrar þróunar eru margvíslegar. Talið er að fjölgun atvinnutækifæra á vegum opinberra aðila á höfuðborgarsvæðinu eigi sinn þátt í þessari óæskilegu þróun. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að með markvissum ráðstöfunum muni ríkisstjórnin beita sér fyrir því að undirstöður byggðar í landinu verði treystar. Liður í þeirri viðleytni er að auka fjölbreytni í atvinnutækifærum og staðsetja stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem unnt er.

Með vísan til þessa, er hér með óskað eftir því við fyrirtækið að áður en nýtt starfsfólk er ráðið til starfa í ný verkefni eða starfsmenn færðir milli verkefna, verði kannað hvort unnt sé að vinna viðkomandi verk utan höfuðborgarsvæðisins, og þá helst á þeim svæðum þar sem atvinnulíf er einhæft.“

Í töflunum, sem eru byggðar á gögnum frá Ríkisfjárhirslu, sjást breytingar á störfum á vegum ráðuneytisins 1991–2000. Tafla 1 sýnir breytingar á fjölda starfa eftir sveitarfélögum en tafla 2 sýnir breytingar á fjölda starfa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar. Ráðuneytið vill vekja athygli á því að í sumum tilfellum hafa störf unnin á landsbyggðinni verið skráð á höfuðborgarsvæðinu. Hið gagnstæða kann einnig að hafa átt sér stað. Bent skal á að um áramótin 1996/1997 var Pósti og síma breytt í hlutafélag. Við það færðist mikill fjöldi starfa frá ríkinu.

Tafla 1. Breytingar á fjölda starfa eftir sveitarfélögum.

Númer	Flokkað sem	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
1	Höfuðborgarsvæði	2234,98	1783,66	1999,16	1958,53	1956,94	1984,49	2002,12	433,12	476,37	503,85	504,69
2000	Reykjanesbær	79,09	19,26	65,64	62,23	62,1	63	62,54				
2300	Grindavík	5,68	44,41	7,35	7,01	6,93	7	7,21				
2500	Gullbringusýsla	38,07	118,17	38,36	43,55	44,83	55,46	56,43	61,26			
2503	Sandgerðisbær	17,7	6,96	17,51	16,92	17,88	5,54	5,34				
2504	Gerðahreppur		17,53	4,21	4,29	4,55	4,45	4,16				
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	3,65	4,15	3,63	4,16	4,21	4,29	3,93				
3000	Akranes	5,45	17,79	25,56	26,28	26,01	26,82	26,83				
3501	Hvalfjarðarstrandahreppur		28,83									
3510	Borgarfjarðarsveit	1,72	7,11	1,34	0,98	1,47	1,5	1,55				
3609	Borgarbyggð	60,87	21,25	64,76	71,7	72,64	71,61	62,19	48,13	46,65	45,86	46,23
3700	Snæfellsnessýsla	1,12	29,47	1	1,12	1,12	1,12	1,12				
3709	Grundarfjarðarbær	4,95	17,82	5,17	4,56	4,57	4,58	5,17				
3711	Stykkishólmsbær	10,03	6,11	10,53	8,94	11,43	11,66	11,53	0,43	0,42	0,41	0,41
3714	Snæfellsbær	27,83	209,52	29,24	28,58	26,64	12,6	11,77	2,4	2,3	1,75	1,71
3800	Dalasýsla	1,18	1,06	1,15	1,09	1,16	1,16	1,07				
3811	Dalabyggð	4,41	9,69	4,45	5,32	4,78	5,15	4,82	1,08	1,15	1,15	1,53
4100	Bolungarvík	4,72	42,08	4,96	5,24	4,87	4,96	5,18				
4200	Ísafjarðarbær	99,3	21,88	101,19	105,31	108,77	105,99	104,88	47,26	45,61	44,41	46,59
4502	Reykhólahreppur	2,9	8,02	3,36	3,33	3,27	3,28	3,31				
4600	Vestur-Barðastrandarsýsla	1,1	34,47	1,1	1	1	1,07	1,16	1,15			
4604	Tálknafjarðarhreppur	3,24	9,92	3,35	3,4	3,57	3,37	3,36				
4607	Vesturbyggð	15,66	12,95	17,17	17,98	17,55	17,29	18,45	2,37	3,94	3,76	3,65
4700	Vestur-Ísafjarðarsýsla	1	1,1	1	1	1	1					
4803	Súðavíkurhreppur	2,33	3,3	2,43	2,26	2,3	2,45	2,81				
4900	Strandasýsla	1	1	1	1	1	1	1,17	1,11			
4901	Árneshreppur	1,31	1,25	1,55	1,38	1,33	1,42	1,45	1,36	1,78	1,32	1,23
4902	Kaldrananeshreppur	1,4	2,31	1,6	1,6	1,68	1,62	1,64				
4908	Bæjarhreppur	1,98	4,96	2,07	2,56	2	1,91	2,15				
4910	Hólmavíkurhreppur	6,06	3,24	6,21	6,74	6,13	6,37	6,21	1,4	2,53	2,51	1,69
5000	Siglufjörður	12,79	3,46	18,05	18,47	11,55	11,73	11,04	1,42	1,41	26,16	25,63

Númer	Flokkað sem	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	52,31	27,06	55,34	42,7	48,88	49,03	48,52	23,88	25,26	2,27	2,55
5500	Vestur-Húnavatnssýsla	1,07	36,86	1,19	1,19	1,19	1,19	1,19	2,19			
5508	Húnaþing vestra	4,64	10,05	5,26	5,61	5,52	5,98	5,31		2,02	1,19	1,24
5600	Austur-Húnavatnssýsla	1										
5604	Blönduósbær	8,04	7,91	8,57	8,31	8,2	8,53	8,11				
5609	Höfðahreppur	4,1	7,38	4,42	4,17	4,24	4,58	4,87				
6000	Akureyri	145,45	2,72	218,19	215,76	213,36	222,68	231,29	72,58	89,56	53,49	52,69
6100	Húsavíkurbær	18,07	216,59	16,89	15,6	15,9	16,48	16,61	3,09	3,59	3,5	4,02
6200	Ólafsfjarðarbær	4,89	16,87	4,74	4,96	4,75	4,45	5,06				
6400	Dalvíkurbyggð	6,2	4,4	6,64	6,23	6,43	6,43	6,41				
6501	Grímseyjarhreppur	1,39	6,76	3,88	3,88	4,19	4,22	4,34	1,37	1,48	1,37	1,31
6504	Hríseyjarhreppur	2,16	2,73	2,67	2,31	2,41	2,74	2,56				
6602	Grýtubakkahreppur	2,66	2,51	2,46	2,55	1,9	2,19	2,38				
6607	Skútustaðahreppur	3,02	2,39	3,41	3,54	2,91	2,77	2,9				
6609	Aðaldælahreppur	6,01										
6612	Þingeyjarhreppur	2,05	3,25	2,23	1,99	2,04	1,8	2,2				
6700	Norður Þingeyjarsýsla	1	1,21	1	1	1	1,11	1,19	1,19			
6702	Öxarfjarðarhreppur	6,6	3,48	3,77	3,66	3,91	4,04	4	1,13	1	1,22	0,42
6705	Raufarhafnarhreppur	4,64	3,55	4,17	4,08	4,66	4,13	3,87	1,28	1,01	1,14	0,42
6707	Þórshafnarhreppur	4,88	5,21	4,75	5,09	4,85	5,41	5,52	1,21	2,43	2,34	2,53
7000	Seyðisfjörður	10,22	3,5	9,2	9,09	8,47	8,29	8,34				
7300	Fjarðabyggð	16,86	28,01	19,23	17,8	18,95	18,06	17,35	1,56	1,49	35,11	36,82
7500	Norður-Múlasýsla	1,5	1,03	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5			
7501	Skeggjastaðahreppur	1,94	7,03	2,13	1,87	1,62	2,06	2,14				
7502	Vopnafjarðarhreppur	6,5	2,06	9,23	9,12	9,3	9,54	10,14	1,69	1,61	1,72	1,45
7506	Fellahreppur									1,5	1,5	1,5
7509	Borgarfjarðarhreppur	44,89	10,78	47,31	47,91	45,05	47,51	46,2	38,89	36,43		
7605	Mjóafjarðarhreppur	0,31	0,72	0,42	0,39	0,39	0,39	0,39				
7611	Búðahreppur	4,33	5,21	5,06	4,58	5,02	4,93	4,9				
7612	Stöðvarhreppur	3,44	4,5	3,17	3,21	3,54	3,62	3,17				
7613	Breiðdalshreppur	3,68	4,91	3,57	3,75	3,89	3,76	3,62	0,48			
7617	Djúpavogshreppur	4,26	3,15	4,25	4,11	4,42	4,74	4,09				

Númer	Flokkað sem	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
7618	Austur-Hérað	46,29	40,78	46,43	44,99	44,74	42,87	45,78	11,12	11,44	11,36	11,74
7700	Austur-Skaftafellssýsla	1	39,58	1	1	1	1	1	1			
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	18,82	25,84	22,78	21,19	21,31	21,48	21,11	3,45	4,94	5,16	4,96
8000	Vestmannaeyjabær	65,14	26,58	66,8	65,67	67,53	69,03	67,59	5,42	30,96	27,98	30,24
8200	Sveitarfélagið Árborg	4,29	3,18	4,97	5,26	6,06	5,61	5,86				
8500	Vestur-Skaftafellssýsla	2										
8508	Mýrdalshreppur	4,56	36,29	6,74	6,59	6,37	6,34	6,9	1,77	1,77	1,78	1,76
8509	Skaftárhreppur	3,09	5,23	3,14	3,31	3,82	3,26	3,13				
8600	Rangárvallasýsla	1,01										
8613	Rangárþing eystra	6,34	5,26	15,52	15,21	15,23	15,6	14,58	1,27	2,29	1,27	1,25
8614	Rangárþing ytra	5,87	24	5,45	5,91	6,77	6,74	7,64	1,34	1,59	1,64	1,61
8700	Árnessýsla	34,35	1	41,94	44,33	38,19	29,17	27,93	27,26			
8710	Hrunamannahreppur		2,25				0,36	1,87				
8716	Hveragerðisbær	6,78	2,81	7,24	7,44	7,93	7,77	7,46				
8717	Sveitarfélagið Ölfus	4,46	7,1	6,11	5,91	5,61	5,41	5,57				
8721	Bláskógabyggð	2,9		2,82	2,89	2,66	2,76	2,7				

Tafla 2. Breytingar á fjölda starfa á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Höfuðborgarsvæðið	2.235	1.784	1.999	1.959	1.957	1.984	2.002	433	476	504	505
Landsbyggðin	1.002	1.361	1.131	1.124	1.122	1.109	1.106	374	326	281	285
	3.237	**3.145**	**3.130**	**3.083**	**3.079**	**3.093**	**3.108**	**807**	**802**	**785**	**790**

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*
3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Ekki hafa verið settar á stofn neinar nýjar stofnanir á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni á því tímabili sem spurt er um, og því ekki um að ræða nein ný störf.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Vegagerðin eflir starfsemi sína á landsbyggðinni.

Að ósk samgönguráðherra hefur Vegagerðin gert áætlun um eflingu starfsemi sinnar á landsbyggðinni. Er þar bæði um að ræða flutning verkefna frá Reykjavík út á land og staðsetningu nýrra starfa á landsbyggðinni. Störfin sem um er að ræða eru á sviði upplýsingaþjónustu, eftirlits af ýmsu tagi, gagnasöfnunar, gagnavinnslu, símsvörunar, umferðar og umferðaröryggis, umsjónar með ferjurekstri og veghönnunar. Umdæmisskrifstofur Vegagerðarinnar eru á Selfossi, í Borgarnesi, á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði og á þessum stöðum er þungi starfseminnar í hverju umdæmi. Miðað er við að nýju störfin verði til á fyrrgreindum stöðum og þá einkum á þeim stöðum sem fjær eru höfuðborginni. Vegagerðin kaupir mikið af þjónustu af einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. Stefnan er að skipta við aðila á landsbyggðinni í meira mæli en verið hefur til þessa. Jafnframt því sem stefnan er ákveðin fyrir næstu ár verður farið í athuganir og undirbúning að frekari eflingu starfsemi Vegagerðarinnar á landsbyggðinni í framtíðinni.

Í nóvember 2001 flutti Vegagerðin skiptiborð og hluta af upplýsingaþjónustu við vegfarendur til Ísafjarðar. Þar er því aðalsímsvörun Vegagerðarinnar og svarað í símanúmerið 1777 og veittar upplýsingar um færð og veður. Þar er um að ræða fjögur ný stöðugildi. Þá hafa verið flutt til Akureyrar fjögur störf er tengjast ýmsu eftirliti á vegum Vegagerðarinnar og umferðaröryggismálum og til Sauðárkróks var flutt eitt starf er tengist skipulagningu og eftirliti yfirborðsmerkinga vega. Fastráðnir starfsmenn Vegagerðarinnar eru um 350, þar af eru um 230 á landsbyggðinni.

Þjónusta á flugvöllum á landsbyggðinni.

Árið 2000 var undirritaður samningur milli Flugmálastjórnar og Akureyrarbæjar varðandi slökkvi- og björgunarþjónustu á Akureyrarflugvelli. Samningurinn fól í sér að Slökkvilið Akureyrar tæki að sér að annast slökkvi- og björgunarstörf og verkefni sem lúta að öryggismálum á Akureyrarflugvelli en Slökkvilið Akureyrarflugvallar á vegum Flugmálastjórnar sinnti þeim áður. Að auki hefur Slökkvilið Akureyrar tekið að sér þjálfun og faglega umsjón með slökkvi- og brunavarnarmálum á landsbyggðarflugvöllum Flugmálastjórnar, þ.e. öllum völlum öðrum en í Reykjavík og Keflavík. Þjálfunin hafði fram að þessu farið fram í Reykjavík. Með samningnum hélt Flugmálastjórn áfram á þeirri braut að fela sveitarfélögum rekstur flugvallarslökkviliða. Stofnunin hefur gert sams konar samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. um slökkvi- og björgunarþjónustu á Reykjavíkurflugvelli.

Þá hefur verið ráðið í fjórar nýjar stöður vegna aukins viðbúnaðar á áætlunarflugvöllunum á Egilsstöðum, Höfn og í Vestmannaeyjum. Nokkur reynsla er komin á samning um sameiginlegan rekstur slökkviliðs á Egilsstöðum á milli sveitarfélagsins og Flugmálastjórnar og gerðir hafa verið samningar við Fjarðarbyggð um rekstur flugvallarins í Norðfirði og Siglu-

fjarðarbæ um rekstur flugvallarins á Siglufirði. Jafnframt hefur flugmálastjóra verið falið að undirbúa frekari samninga á þessu sviði.

Þá er á vegum Flugmálastjórnar í auknum mæli keypt hönnunarvinna utan höfuðborgarsvæðisins, svo og ýmiss konar viðhaldsþjónusta.

Á heildina litið skapa þessar breytingar um það bil sex ný störf á landsbyggðinni. Á vegum Flugmálastjórnar starfa alls um 250 manns, þar af um 61 starfsmaður á landsbyggðinni.

Útibú Siglingastofnunar.

Árið1998 var opnað útibú Siglingastofnunar í Keflavík, til viðbótar við önnur er hafa verið á landsbyggðinni um árabil. Þar starfar einn maður. Þá hefur frá ársbyrjun 2001 verið unnið að verkefni sem tengist flokkun og skráningu skannaðra teikninga í útibúi Siglingastofnunar á Ísafirði. Jafnframt hefur verið ákveðið að þar verði unnið að skipulagi og úrvinnslu skyndiskoðana fiskiskipaflotans. Um er að ræða tæpt stöðugildi. Á vegum Siglingastofnunar starfa alls um 90 manns, þar af um 15 á landsbyggðinni. Þar að auki eru 54 vitaverðir í hlutastarfi, allir á landsbyggðinni.

Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Rannsóknarnefnd sjóslysa var með aðsetur í Reykjavík, en samfara endurskipulagningu á allri starfsemi nefndarinnar var aðsetur hennar flutt í Stykkishólm haustið 2001. Við nefndina eru tvö föst stöðugildi á ársgrundvelli þó að umfang starfseminnar sé mun meira en endurspeglast í tveimur stöðugildum þar eð vinnuframlag nefndarmanna er til viðbótar framlagi fastra starfsmanna.

Íslandspóstur hf.

Á vegum Íslandspósts hf. hefur aðalskiptiborð og þjónustuver fyrirtækisins fyrir einstaklinga verið flutt til Akureyrar, pökkun fyrsta dags umslaga til Ísafjarðar, frímerkjavarsla í Borgarnes og vinna við ársmöppur í Búðardal auk þess sem smávörulager fyrirtækisins hefur verið fluttur til Blönduóss. Þessar ákvarðanir þýða að um það bil átta til tíu ársverk hafa verið flutt út á land. Á vegum Íslandspósts starfa um 1.260 manns, þar af eru um 470 úti á landi. Þessu til viðbótar eru starfandi sem verktakar um 100 landpóstar og um það bil 40 stöðugildi eru hjá samstarfsaðilum Póstsins á landsbyggðinni.

Landssími Íslands hf.

Síminn hefur markvisst unnið að því að flytja störf út á land í tengslum við upplýsingasímann 118. Svarað er í 118 á fjórum stöðum á landinu, þ.e. í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Nú eru 62 stöðugildi á vegum 118 á landsbyggðinni. Alls starfa um 1.300 manns hjá Símanum, þar af um 300 á landsbyggðinni.

Ferðamálaráð Íslands.

Við Ferðamálaráð Íslands starfa 20 manns, hérlendis og erlendis. Árið 1994 var opnað á Akureyri útibú frá Ferðamálaráði. Þá voru voru starfsmenn útibúsins fjórir en þeir eru fimm núna.

Samantekt.

Af framansögðu má sjá að markvisst hefur verið unnið að flutningi starfa út á land á vegum stofnana samgönguráðuneytis og hlutafélaga á þess vegum. Meginniðurstaðan er sú

að á undanförnum árum, þó sér í lagi frá árinu 1999 fram til dagsins í dag, hefur verið stofnað til 95 nýrra starfa úti á landi á vegum stofnana samgönguráðuneytis og hlutafélaga á þess vegum.

532. Nefndarálit [354. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Rafiðnaðarsambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Háskóla Íslands, Stéttarfélagi tölvunarfræðinga, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Háskólanum í Reykjavík, Samtökum verslunar og þjónustu, og Rafiðnaðarskólanum.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsheitið „tölvunarfræðingur“ verði löggilt. Jafnframt eru gerðar smávægilegar breytingar varðandi starfsheiti húsgagna- og innanhússarkitekta.

Samkvæmt 2. gr. laganna þarf leyfi ráðherra til að nota þau starfsheiti sem löggilt eru. Í frumvarpinu er gerð undantekning frá þessu hvað varðar tölvunarfræðinga sem lokið hafa BS-prófi eða meistaranámi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla. Leyfisveitingar ráðherra í tilvikum sem þessum eru hreint formsatriði. Gera má ráð fyrir að hið breytta fyrirkomulag spari tíma og fyrirhöfn bæði hjá stjórnvöldum og leyfisbeiðendum. Meiri hlutinn telur ástæðu til, og beinir því til iðnaðarráðherra, að kannað verði hvort ekki væri rétt að reglan gilti einnig um önnur starfsheiti sem vernduð eru samkvæmt lögunum.

Meiri hlutinn leggur til smávægilega orðalagsbreytingu á 2. gr. frumvarpsins. Breytingin hefur ekki efnislega breytingu í för með sér.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Orðin „eða meistaranámi úr slíkum skólum“ í 2. gr. falli brott.

Alþingi, 2. des. 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni R. Árnason.
Kjartan Ólafsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.

533. Frumvarp til laga [422. mál]

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með orðunum stjórn vatnsveitu er í lögum þessum átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar hvort sem um er að ræða sveitarstjórn eða sérstaka stjórn vatnsveitu sem skipuð er skv. 2. mgr. þessarar greinar eða 3. gr.

2. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Sveitarfélag, sem lagt hefur vatnsveitu, hefur einkarétt á rekstri hennar og sölu vatns á því svæði sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins. Einkaréttinn getur sveitarstjórn framselt stofnun eða fyrirtæki sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til.

Eigandi vatnsveitu sér um lagningu og viðhald allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða. Heimæðar í einkaeigu sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu í framhaldi af endurnýjun á þeim. Eignarhald og viðhaldsskylda á heimæðum skal að öðru leyti haldast óbreytt nema um annað náist samkomulag milli vatnsveitu og eiganda heimæðar.

3. gr.

5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Eiganda vatnsveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé vatnsveitunnar. Ákvæði þetta gildir eingöngu um vatnsveitu sem er ekki sjálfstæður skattaðili og er að öllu leyti í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga.

4. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifiæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem stjórn vatnsveitu setur og skal sú heimæð teljast einkaeign hans nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til stjórnar vatnsveitu. Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum eiganda sjálfs skal hann sækja um leyfi til stjórnar vatnsveitu. Eigandi ber sjálfur kostnað af breytingum sem þessum.

Vatn, sem tekið er úr stofnkrana innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi stjórnar vatnsveitu. Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá nema stjórn vatnsveitu samþykki annars konar fyrirkomulag. Stjórn vatnsveitu er heimilt að gera kröfu um

gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema með sérstöku leyfi.

Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið.

Réttur til að tengjast vatnsveitu skuldbindur ekki vatnsveitu til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur. Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur stjórn vatnsveitu sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar. Sama gildir ef nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar.

Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar og skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá, sbr. 11. gr. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimæðargjald getur fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Heimilt er að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

b. Orðið „sveitarstjórn“ í 2. mgr. fellur brott.

c. 4. mgr. orðast svo:

Vatnsgjald má nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati. Í gjaldskrá er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Álagning skv. 1. og 2. málsl. verði þó aldrei hærri en segir í 1. málsl. þessarar málsgreinar. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

6. gr.

8. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað vegna atvinnustarfsemi eða til annars en venjulegra heimilisþarfa er vatnsveitu heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Notkunargjald skal að jafnaði innheimta eftir á samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið ákveður stjórn vatnsveitu gjaldið samkvæmt áætlaðri notkun.

Vatnsveita lætur þeim er greiða skulu notkunargjald í té löggilta vatnsmæla þar sem þeim verður við komið en notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi vatnsmælanna og skal greitt gjald fyrir leigu mælis samkvæmt gjaldskrá. Óheimilt er að rjúfa innsigli mælis nema með leyfi vatnsveitu.

Endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitu vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun í rúmmetrum samkvæmt gjaldskrá. Hafnarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta. Heimilt er að áætla vatnsnotkun ef ekki er unnt að mæla hana.

Heimilt er í gjaldskrá að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka skv. 1. mgr. eftir magni og/eða notkun. Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er stjórn vatnsveitu heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sveitarstjórn annarri sveitarstjórn“ í 1. málsl. kemur: vatnsveita annarri vatnsveitu.
b. Í stað „5%“ í 2. málsl. kemur: 7%.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „aukavatnsgjalds“ í 1. mgr. kemur: notkunargjalds.
b. Í stað orðsins „aukavatnsgjald“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: notkunargjald.

9. gr.

11. gr. laganna verður svohljóðandi:

Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 6.–8. gr. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir stofnkostnaði og rekstri hennar, að teknu tilliti til arðgreiðslna skv. 5. gr. Að fenginni staðfestingu eigenda vatnsveitu skal stjórn vatnsveitu auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu og byggist það að hluta til á frumvarpi sem félagsmálaráðherra flutti á 127. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Við gerð þess frumvarps sem nú er lagt fram hefur verið tekið tillit til umsagna sem bárust félagsmálanefnd Alþingis um málið og hefur ráðuneytið haft samráð við fulltrúa Samorku, samtök rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, við frumvarpsgerðina. Varð niðurstaðan af því samráði að leggja til verulega umfangsmeiri breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum, en upphaflega var fyrirhugað. Einnig hefur ráðuneytið átt óformlegt samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um efni frumvarpsins.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Jafnframt er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Loks miða breytingarnar að því að hindra eftir megni sóun neysluvatns. Helstu nýmæli í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða rekstrarform vatnsveitu í eigu sveitarfélagsins. Breytingunni er meðal annars ætlað að tryggja samræmi við ákvæði 3. gr. laganna sem varðar vatnsveitur í eigu tveggja eða fleiri sveitarfélaga.

Í 2. gr. er mælt fyrir um heimild sveitarstjórnar til að framselja einkarétt sveitarfélags á rekstri vatnsveitu og sölu vatns innan marka sveitarfélagsins til stofnunar eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Framsalið gildir einungis til ákveðins tíma og heimilt er að binda það þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til.

Í 3. gr. er kveðið á um heimild eiganda vatnsveitu til að áskilja sér árlega allt að 7% arð af eigin fé veitunnar. Samsvarandi heimild er þegar að finna í orkulögum, nr. 58/1967, að því er varðar hitaveitur og rafveitur.

Í 4. gr. er mælt fyrir um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið. Jafnframt er lagt til að vatnsveita geti krafið einstaka notendur um hluta kostnaðar í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar. Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun vegna brunavarna.

Í 6. gr. er lagt til að orðið „notkunargjald“ komi í stað „aukavatnsgjalds“ í gildandi lögum og að innheimta megi notkunargjald óháð því hvort notandi greiðir jafnframt vatnsgjald skv. 7. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að notkunargjald sé greitt af allri atvinnustarfsemi sem vatns getur notið og öll notkun vatns til annars en venjulegra heimilisþarfa skuli jafnframt háð notkunargjaldi. Jafnframt er lögð til sú breyting að kveðið verði á um heimild til að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka en afnumið er ákvæði um að hámark aukavatnsgjalds skuli miðast við ákvæði í reglugerð sem ráðherra setur. Miðast hámarkið þess í stað við almenn sjónarmið um innheimtu þjónustugjalda.

Í 9. gr. er lagt til að regla sem nú er í 1. mgr. 7. gr. verði 2. málsl. 11. gr. og byggist ákvæðið á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem meðalkostnaði af að veita þjónustuna.

Í frumvarpinu er miðað við að daglegur rekstur vatnsveitu sé á ábyrgð stjórnar vatnsveitu í umboði sveitarstjórnar og er það í samræmi við ákvæði reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 421/1992, með síðari breytingum. Þar sem svo háttar til að ekki hefur verið kosin sérstök stjórn vatnsveitu fer sveitarstjórn með ákvörðunarvald um málefni vatnsveitu. Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um stjórn vatnsveitu þar sem kveðið er á nánar á um heimildir stjórnar vatnsveitunnar.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samin með hliðsjón af frumvarpi til raforkulaga sem iðnaðarráðherra lagði fram á 127. löggjafarþingi, þar sem mælt var fyrir um að öll raforkufyrirtæki skyldu vera sjálfstæðir lög- og skattaðilar. Þess eru nokkur dæmi að sveitarfélög reki í einu fyrirtæki eða stofnun rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Ætla má að á næstu árum muni þessi fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga taka þátt í samkeppnisrekstri á sviði raforkuframleiðslu og verður þeim þá skylt að halda þeim hluta starfsemi sinnar aðskildum frá þeim rekstri sem þau eiga einkarétt á, þar á meðal rekstri hitaveitu og vatnsveitu. Engu að síður kann að vera hagkvæmt að reka allar þessar veitur í einu fyrirtæki eða stofnun.

Í 1. mgr. 2. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli fara með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi. Hefur ákvæðið verið túlkað svo að vatnsveita skuli annaðhvort vera hluti af sveitarsjóði eða rekin sem B-hluta stofnun í eigu sveitarfélags, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Er sveitarfélagi því ekki heimilt að reka vatnsveitu í formi sameignarfélags eða hlutafélags. Í 3. gr. laganna er hins vegar ákvæði sem heimilar sveitarstjórnum að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu og er sveitarstjórnum þá jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalag 2. gr. laganna verði fært til samræmis við orðalag 3. gr. og þar

með verði sveitarfélagi í sjálfsvald sett að ákveða rekstrarform vatnsveitu. Með því að gefa rekstrarform vatnsveitna í eigu sveitarfélaga frjálst er verið að koma í veg fyrir að skipta verði veitufyrirtækjum stofnana upp í fleiri en eitt fyrirtæki eða stofnanir verði fyrirhugaðar breytingar á raforkumarkaði lögfestar.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga en kveðið er á um það nýmæli í 2. málsl. 1. mgr. að sveitarstjórn sem lagt hefur vatnsveitu er heimilt að framselja einkarétt sinn á rekstri vatnsveitu og sölu vatns til stofnunar eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Framsalið gildir einungis til ákveðins tíma og heimilt er að binda það þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 31. gr. orkulaga er varðar hitaveitur, en ástæða þótti til að takmarka framsalsheimild umfram það sem gert er í orkulögum og er því ekki heimilt að framselja einkaréttinn til einkaaðila eða lögaðila sem ekki eru að meiri hluta í opinberri eigu.

2. mgr. er efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga en orðalagi hefur verið breytt með það að markmiði að gera ákvæðið skýrara.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði inn í lögin heimild fyrir eiganda vatnsveitu að áskilja sér ár hvert allt að 7% arð af eigin fé vatnsveitu. Greinin er efnislega samhljóða 1. og 2. gr. laga nr. 78/2001, um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, sem samþykkt voru á 126. löggjafarþingi. Greinin er einnig í samræmi við 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þar sem segir að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið sé í rekstri þeirra. Var því ákvæði ætlað að skjóta stoðum undir framkvæmd sem tíðkast hafði í árabil í rekstri sveitarfélaga þótt ótvíræða lagaheimild til þess hefði vantað í löggjöf. Í áliti meiri hluta félagsmálanefndar með frumvarpi sem varð að lögum nr. 45/1998 segir enn fremur að einnig þurfi að gera breytingar á ákvæðum ýmissa sérlaga til að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð. Í samræmi við þessi sjónarmið er lagt til að sett verði skýr almenn heimild um arðgreiðslur vatnsveitna, líkt og þegar hefur verið gert í orkulögum varðandi rafveitur og hitaveitur.

Um 4. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga en það ákvæði þykir að sumu leyti torskilið og þótti ástæða til að orða það með skýrari hætti, m.a. varðandi gjaldtökuheimildir. Helsta breyting frá gildandi ákvæði felst í því að í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000. Jafnframt er lagt til að í 4. mgr. komi heimild til að krefja notendur um hluta kostnaðar í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar. Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun vegna brunavarna.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í a-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til að orðin „og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu“ í 1. mgr. falli brott. Hér er þó ekki um efnisbreytingu að ræða þar sem gert er ráð fyrir því í 9. gr. frumvarpsins að regla þessi flytjist í 11. gr. laganna. Að öðru leyti felur greinin eingöngu í sér orðalagsbreytingar til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 6. gr.

Að stofni til byggist greinin á 8. gr. gildandi laga en lagðar eru til allnokkrar efnislegar breytingar. Fyrst ber að nefna að í 1. mgr. er lagt til að orðið „notkunargjald“ komi í stað „aukavatnsgjalds“ í gildandi lögum og að innheimta megi notkunargjald óháð því hvort notandi greiðir jafnframt vatnsgjald skv. 7. gr. laganna. Þá er miðað við að notkunargjald skuli greiða af allri atvinnustarfsemi og allri vatnsnotkun til annars en venjulegra heimilisþarfa en vafi hefur leikið á hvort túlka beri 1. mgr. 8. gr. gildandi laga á þann veg að atvinnustarfsemi þar sem vatnsnotkun er lítil skuli undanþegin aukavatnsgjaldi.

Í 3. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að rjúfa innsigli vatnsmælis nema með leyfi vatnsveitu. Er hér um að ræða refsivert brot sem varðar sektum skv. 12. gr. laganna nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

Í 4. mgr. er lögð til sú breyting að kveðið verði á um heimild til að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka. Jafnframt er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í gildandi lögum að hámark aukavatnsgjalds miðist við ákvæði í reglugerð sem ráðherra setur. Þess í stað er miðað við að ákvörðun notkunargjalds miðist við almenn sjónarmið um álagningu þjónustugjalda, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Greinin felur í sér tvær breytingar. Er annars vegar lagt til að orðalagi verði breytt til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins en hins vegar er lagt til að hámarksarðsemiskrafa við sölu á vatni frá einni vatnsveitu til annarrar hækki úr 5% í 7% til samræmis við 3. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér orðalagsbreytingar til samræmis við 6. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting frá 11. gr. gildandi laga að í stað þess að sveitarstjórn setji gjaldskrá vatnsveitu skal gjaldskrá samin af stjórn vatnsveitu sem sendir eigendum hennar gjaldskrána til staðfestingar. Jafnframt er lagt til að regla sem nú er í 1. mgr. 7. gr. verði 2. málsl. 11. gr. og byggist ákvæðið á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélagi verði frjálst að ákveða rekstrarform vatnsveitu sem það rekur. Enn fremur er lagt til að eiganda vatnsveitu verði heimilað að áskilja sér arðgreiðslur sem numið geti allt að 7% af eigin fé vatnsveitunnar. Samsvarandi heimild er að finna í orkulögum, nr. 58/1967, að því er varðar hitaveitur og rafveitur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það ekki bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Komi til hækkunar vatnsgjalds af þessum sökum leggst það á allar fasteignir tengdar viðkomandi vatnsveitu.

534. Svar [94. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru brúttótekjur Íslenskra söfnunarkassa sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 2000 og 2001?*
2. *Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?*
3. *Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?*

Dómsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Íslenskum söfnunarkössum og Happdrætti Háskóla Íslands vegna fyrirspurnarinnar. Byggjast meðfylgjandi tölur á þeim upplýsingum og ársreikningum fyrirtækjanna.

Í upplýsingunum frá Happdrætti Háskóla Íslands kemur fram að tekjur Gullnámunnar eru innleystar í reikningsskilum á þann hátt að þær tekjur sem skila sér í formi peninga til happdrættisins eru tekjufærðar. Aftur á móti eru þeir peningar sem spilað er fyrir í vélunum og eru greiddir út á staðnum, þ.e. úr vélunum sjálfum í formi smærri vinninga, ekki innleystir sem tekjur í bókhaldi happdrættisins né eru vinningar gjaldfærðir. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenskum söfnunarkössum á hið sama við um vinninga sem greiddir eru úr söfnunarkössum og um smærri vinninga í happdrættisvélum Happdrættis Háskóla Íslands.

Upplýsingar um brúttótekjur og vinninga verður þar með að skoða með hliðsjón af framangreindri reikningsskilaaðferð. Ekki er unnt að veita svar við 3. lið fyrirspurnarinnar um heildarvinningsfjárhæðir nema hvað varðar greiðslu úr uppsöfnuðum pottum Gullnámu Happdrættis Háskóla Íslands. Að því er varðar Happdrætti Háskóla Íslands taka upplýsingarnar einungis til þess hluta starfsemi happdrættisins sem lýtur að rekstri happdrættisvéla.

Tekjur.

	Íslenskir söfnunarkassar	Happdrætti HHÍ
2000	1.289.258.385 kr.	962.355.135 kr.
2001	1.302.900.067 kr.	1.201.841.617 kr.

Heildarrekstrargjöld.

	Íslenskir söfnunarkassar	Happdrætti HHÍ
2000	356.855.197 kr.	382.639.874 kr.
2001	379.436.327 kr.	475.143.677 kr.

Vinningar.

Ekki er unnt að veita upplýsingar um vinninga úr söfnunarkössum og eftirgreindir vinningar sem gjaldfærðir eru hjá Happdrætti Háskóla Íslands varða einungis greiðslu úr gull- og silfurpottum Gullnámunnar. Aðrir vinningar eru hvorki tekju- né gjaldfærðir.

	Happdrætti HHÍ
2000	166.051.818 kr.
2001	274.689.986 kr.

535. Svar [386. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um aðgerðir gegn brotum einstaklinga í atvinnurekstri.

1. *Telur ráðherra ástæðu til að gerð verði rannsókn á þeim tilvikum þegar sömu aðilar stofna aftur og jafnvel oftar en einu sinni fyrirtæki eftir gjaldþrot eða að gripið verði til sérstakra aðgerða vegna þess, sbr. svar ráðherra Hagstofu Íslands á þskj. 204 um fjölda einstaklinga sem tengjast gjaldþrotum félaga?*

Í tilvitnuðu svari ráðherra Hagstofu Íslands um fjölda einstaklinga, sem tengjast gjaldþrotum félaga, er greint frá því að á tíu árum, 1992–2001, hafi um 3.000 hlutafélög og einkahlutafélög orðið gjaldþrota og að um 7.000 einstaklingar hafi komið við sögu sem stjórnarmenn félaganna. Hafa má í huga að fjöldi hlutafélaga og einkahlutafélaga er nú yfir 16.000. Í nútímaviðskiptalífi má búast við nokkrum afföllum og er ekki sjáanlegt að uppgefnar tölur um gjaldþrota félög séu hærri en búast megi við á svo löngu tímabili. Áhætta fylgir oft atvinnustarfsemi og geta þeir sem að henni standa ekki ætíð séð hana glögglega fyrir eða borið ábyrgð á henni. Í svarinu kom og fram að flest gjaldþrotin hafa orðið í verslun og iðnaði sem eru umfangsmiklar atvinnugreinar og að stjórnarmenn hafa gjarnan haldið áfram að stjórna félögum í sömu atvinnugrein, jafnvel oftar en einu sinni. Það þarf ekki að vera óeðlilegt og er almennt heimilt að lögum á grundvelli atvinnufrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar. Gjaldþrot félaga geta þó haft áhrif á lánstraust nýrra félaga sem sömu aðilar standa að, sérstaklega ef þeir eru forsvarsmenn félaganna.

Ekki verður séð að ástæða sé til að gera frekari rannsókn á þeim tilvikum þegar sömu aðilar stofna aftur fyrirtæki eða félög eftir gjaldþrot. Vænlegra er að allir þeir sem telja að lög séu brotin í einhverjum tilvikum vegna gjaldþrota athugi hvort ekki eigi að kæra slíkt

þannig að það geti leitt til refsidóms er hefti viðkomandi í áframhaldandi atvinnustarfsemi svo sem nánar verður vikið að síðar í þessu svari. Nefna má að opinberir aðilar, einkum skattyfirvöld, sem komast á snoðir um eitthvað misjafnt hafa gripið til sérstakra aðgerða og m.a. kært til refsingar eða beitt skattviðurlögum vegna brota, t.d. skattsvika og vörsluskattabrota.

2. *Hvernig hafa ákvæði laga nr. 137/1994 og 138/1994, sem breyttu lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og voru sett til að sporna við þeim tilvikum sem greinir í 1. lið, reynst og hve oft hefur þeim ákvæðum verið beitt?*

Ákvæði þau sem um er spurt eru aðallega 1. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Ákvæðin eru samhljóða:

„Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld."

Ákvæði þessi sem fjalla aðallega um refsidóm á hendur stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum en ná líka til útibússtjóra voru samin án beinnar fyrirmyndar erlendis frá. Markmiðið var að sporna við því að þeir sem fremdu lögbrot í atvinnurekstri og yllu öðrum með því margháttuðu tjóni, t.d. launþegum, verktökum, ábyrgðarmönnum verktaka og birgjum, gætu óhindrað haldið áfram sem stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í nýjum fyrirtækjum er þeir kæmu á laggirnar. Þegar allir stjórnarmenn skrifa undir tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun hlutafélags eða einkahlutafélags þurfa þeir að staðfesta að þeir fullnægi þeim hæfisskilyrðum sem í vissum lagaákvæðum felast, m.a. að þeir hafi ekki hlotið umræddan refsidóm. Slík yfirlýsing er gefin að viðlagðri refsiábyrgð. Þá er hugsanlegt að ábendingar um að ákveðinn maður fullnægi ekki hæfisskilyrðum berist til skrárinnar. Nauðsynlegt er einnig að kjörnir endurskoðendur eða skoðunarmenn staðfesti á tilkynningarblaði til skrárinnar að stofnfé hafi verið greitt. Slíka yfirlýsingu þurfti til skamms tíma ekki að undirrita.

Ekki er annað sjáanlegt en að ákvæðin í hlutafélagalöggjöfinni standi ein og sér fyrir sínu og hafi varnaðaráhrif þannig að menn setjist ekki í stjórn eða verði framkvæmdastjórar hafi þeir hlotið refsidóm á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur. Ekki er þó unnt að mæla gagnsemi lagaákvæðanna í tölum enda hafa ekki enn borist ábendingar til skrárinnar um refsidóma. Ástæða kann að vera til að vekja meiri athygli á tilvist þessarar leiðar svo sem nánar verður vikið að síðar í svari þessu.

3. *Telur ráðherra rétt að grípa til frekari aðgerða til að sporna við fyrrnefndum tilvikum og þegar um er að ræða afbrot í atvinnurekstri, svo sem með tímabundnu banni við atvinnurekstri einstaklinga eins og lagt var til í frumvörpum viðskiptaráðherra um breytingar á hlutafélagalöggjöfinni á 118. löggjafarþingi?*

Í tengslum við breytingu á hlutafélagalöggjöfinni 1994 vegna aðildar Íslands að EES-samningnum var tækifærið notað til að semja sérlslensk ákvæði um að þeir sem hefðu orðið gjaldþrota tvisvar á sl. þremur árum gætu ekki setið í stjórn eða verið framkvæmdastjórar næstu þrjú árin. Var þetta tilraun til að sporna við refsiverðu atferli af hálfu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þótti þetta ákvæði ekki nógu traust því að saklausir menn gætu þá lent í erfiðleikum, t.d. hæfir menn sem hefðu verið kallaðir inn sem framkvæmdastjórar seint og um síðir til að reyna að bjarga fyrirtækjum, jafnvel fleiri en einu tengdum fyrirtækjum samtímis. Ákvæðin voru endurskrifuð með aðstoð

viðskiptaráðuneytisins, meðan á þingmeðferð stóð, og hafa frá og með 1995 verið ákvæði í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, og síðar fleiri lögum, um refsidóm í tengslum við atvinnustarfsemi vegna brota á ýmsum lögum sem talin voru upp, m.a. dóm fyrir brot á ákvæðum gjaldþrotalaga og laga um opinber gjöld en þar undir koma skattalög.

Með hliðsjón af framangreindu þykir ekki ástæða til að taka fyrri tillöguna aftur upp.

Varðandi núverandi ákvæði skal tekið fram að sjaldan er talið að reyna muni á refsidómsákvæðin nema um stórbrot sé að ræða. Þá má deila um hvort ákvæðin gangi ekki of langt að því er varðar minni háttar brot, t.d. á bókhaldslögum, en væntanlega kemur það ekki að sök með tilliti til þess sem sagt hefur verið um það hvernig refsikerfið er í framkvæmd. Aðalgallinn snýr að framkvæmdinni, þ.e. einstaklingar eða lögaðilar, jafnvel þeir sem hafa tapað allháum fjárhæðum, hirða ekki um að kæra viðkomandi til refsingar þrátt fyrir ætluð lögbrot. Getur hann þá áfram setið óhindrað í stjórn eða verið framkvæmdastjóri. Aðalatriðið er að þeir sem þekkja til atferlis sem ætla má að sé ólöglegt hugi betur að nýtingu kærumöguleikans. Stundum getur það dregið úr krafti launþega að þessu leyti að starfsfólk fær laun úr sérstökum sjóði vegna gjaldþrots. Iðulega getur samt verið um tjón að ræða. Ekki er vitað til þess að verkalýðsfélög hafi aðstoðað félagsmenn sína við kæru til refsingar. Væntanlega þarf að vekja athygli félaganna sérstaklega á þessum möguleika. Einnig má benda á að þeir sem tapa fjármunum geta oftar en ekki verið tengdir samtökum í atvinnulífinu. Þetta geta með öðrum orðum verið fyrirtæki sem hafa selt vörur eða þjónustu, jafnvel eftir að félag hefði átt að vera búið að segja sig til gjaldþrots, en síðan ekki fengið greitt. Slík samtök geta þurft að leiðbeina félagsmönnum sínum eða aðstoða þá með einhverjum hætti. Að því er varðar opinbera aðila væri einnig æskilegt að þeir íhuguðu sérstaklega í enn ríkara mæli en nú er gert hvort kæra ætti til refsingar auk þess sem nýtt væru eftir atvikum önnur tækifæri, t.d. á sviði skattalaga en þau geyma ýmis viðurlagaákvæði.

Hér má nefna að fyrir nokkrum árum var lagt fram á Alþingi frumvarp nokkurra þingmanna um atvinnurekstrarbann og byggðist það á sænskri löggjöf. Sú löggjöf gengur talsvert langt, tekur á ýmsu, m.a. banni við starfi í fyrirtæki sambýlismanns, en gerir hins vegar kröfur um að brot sé meiri háttar. Frumvarp þetta dagaði uppi og var ekki lagt fram aftur, m.a. vegna refsidómsákvæðanna í hlutafélagalöggjöfinni og fleiri lögum. Ekki virðist sjáanleg þörf á setningu slíkra laga við núverandi aðstæður heldur er aðalatriðið að menn nýti sér kosti gildandi laga.

4. Hvaða ákvæði gilda um aðgerðir gegn brotum einstaklinga í atvinnurekstri annars staðar á Norðurlöndum og hver er reynslan af þeim?

a. Norsk löggjöf.

Í 10. kafla norskra hegningarlaga, nr. 22/1902, eru refsiákvæði vegna brota skuldara, m.a. ef eignum er haldið frá lánardrottnum, mönnum mismunað og reikningsskilareglur brotnar. Breytingar á lögunum eru í bígerð. Það hefur valdið vandkvæðum í framkvæmd að reglurnar eru taldar flóknar, erfiðar í túlkun og vafi getur verið um sönnun. Stefnt er að því að ný ákvæði verði virkari. Búist er við nýju frumvarpi á árinu 2003.

Reynt getur á mörg önnur ákvæði norskra hegningarlaga, t.d. ákvæði um mútur og spillingu, fjársvik og fölsun. Unnið er að endurskoðun ákvæða um spillingu o.fl., m.a. á grundvelli nýjustu alþjóðasamninga á því sviði. Tillögur um breytingar eru til meðferðar.

Í norskri sérlöggjöf eru auk þess ýmis ákvæði um brot í atvinnurekstri og er unnt að refsa á grundvelli þeirra. Dæmi um þetta eru refsiákvæði um skattsvik og því um líkt.

b. Sænsk löggjöf.

Þegar hefur verið vikið að sænskum lögum, nr. 436/1986, um bann við atvinnustarfsemi. Sú löggjöf gengur sem fyrr greinir talsvert langt, tekur m.a. á banni við starfi í fyrirtæki sambýlismanns, en gerir hins vegar kröfur um að brot sé meiri háttar. Fulltrúi sænska viðskiptaráðuneytisins greindi frá því að samkvæmt lögunum gætu brot í atvinnurekstri leitt til allt að tíu ára atvinnurekstrarbanns, en í íslensku hlutafélagalöggjöfinni og jafnvel fleiri íslenskum lögum er bannið almennt þrjú ár. Fulltrúinn upplýsti að sænskir dómstólar væru orðnir meðvitaðri en áður um að dæma á grundvelli laganna. Sænska einkaleyfa- og atvinnurekstrarstofnunin upplýsti að heildarfjöldi þeirra sem hefðu verið settir í atvinnurekstrarbann í Svíþjóð hefðu verið 220 á árinu 1997, 264 á árinu 1998, 318 á árinu 1999, 399 á árinu 2000, 422 á árinu 2001 og 482 á árinu 2002. Einnig upplýsti stofnunin að fjöldi nýrra aðila, sem hafa ekki áður verið á skrá um atvinnurekstrarbann, hafi verið 70 árið 1999, 140 árið 2000, 92 árið 2001 og 125 árið 2002. Nýju aðilarnir eru hluti af fyrrgreindum heildarfjölda. Ekki kemur fram hverjir standi að kærum en ætla má að ýmsir komi þar við sögu, m.a. opinberir aðilar.

c. Finnsk löggjöf.

Samkvæmt upplýsingum finnska dómsmálaráðuneytisins er gjaldþrot sem slíkt ekki lögbrot í Finnlandi. Einstaklingur, sem á hlut í gjaldþrota fyrirtæki og er ekki persónulega ábyrgur fyrir skuldum þess, getur haldið áfram að starfa ef gjaldþrotið felur ekki í sér lögbrot, svo sem falsað bókhald. Hann getur strax tekið þátt í stofnun nýs fyrirtækis. Lögin um gjaldþrot eru í endurskoðun og verða væntanlega lögð fyrir þingið árið 2004.

Í Finnlandi hafa frá 1. janúar 1986 verið í gildi lög um atvinnurekstrarbann sem líkjast sænsku lögunum. Markmið laganna er að hindra að óeðlileg og skaðleg starfsemi sé rekin og að auka trú á atvinnustarfsemi. Atvinnurekstrarbann getur náð til ýmissa aðila, m.a. stjórnarmanna, en brot þarf að vera meiri háttar og skaðlegt. Við matið er m.a. horft til þess hvort um skipulögð brot hafi verið að ræða, hversu lengi þau hafi staðið yfir og hver fjárhæð tjóns sé. Brot telst meiri háttar ef þeirri skyldu að færa bókhald er ekki sinnt. Atvinnurekstrarbann skal vera minnst þrjú ár og mest sjö ár. Á þeim tíma má viðkomandi eða einhver á hans vegum ekki stofna hlutafélag.

Nú eru 243 einstaklingar í atvinnurekstrarbanni í Finnlandi. Á fyrstu árum gildandi laga reyndi lítið á þau. Síðustu árin hefur fjöldi þeirra sem settir hafa verið í atvinnurekstrarbann hins vegar aukist. Mikilvægasta orsök aukningarinnar er breyting á lögunum árið 1997 sem fól m.a. í sér að beita mátti banninu þótt fyrirtækið yrði ekki gjaldþrota. Nefna má að gjaldþrot félags er ekki skilyrði samkvæmt íslenskum ákvæðum. Í Finnlandi er það vandamál að erfitt er að fylgjast með því hvort einhverjir reka atvinnustarfsemi með hjálp milliliða.

d. Dönsk löggjöf.

Í Danmörku er ekki að finna sérstök lög um atvinnurekstrarbann eins og í Svíþjóð og Finnlandi heldur dreifð lagaákvæði sem snerta brot einstaklinga í atvinnurekstri, álíka og á hinum Norðurlöndunum. Sérstök athygli skal vakin á 79. gr. dönsku hegningarlaganna. Þar er heimild til handa dómstólum að svipta menn rétti til að sinna starfi sem opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að stunda, enda sé talin sérstök hætta á því að viðkomandi misnoti stöðu sína. Tekur dómstóll þannig sérstaka afstöðu til sviptingar á starfsheimild. Dómstólar geta einnig svipt menn störfum til að stunda aðra starfsemi en þá sem sérstakt leyfi eða viðurkenningu þarf til þegar sérstakar ástæður mæla með því. Þetta gildir um stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra í félagi með takmarkaðri ábyrgð, félagi sem þarf sérstaka

viðurkenningu stjórnvalda eða sjálfseignarstofnun. Banntíminn getur verið frá einu ári til fimm ára, reiknað frá endanlegum dómi, eða jafnvel án tímatakmörkunar. Sé tímatakmörkun ekki fyrir hendi má bera það undir dómstól eftir fimm ár hvort bannið skuli standa. Þegar sérstakar ástæður mæla með því getur dómsmálaráðherra leyft að leitað sé til dómstóls fyrir lok fimm ára frestsins. Dómstóll getur úrskurðað, meðan á málsmeðferð stendur, að viðkomandi sé í atvinnurekstrarbanni þar til dómur verði kveðinn upp. Ákveða má í dómi að áfrýjun fresti ekki framkvæmd bannsins.

e. Lokaathugasemd um Ísland.

Rétt er að vekja athygli á því að hér á landi ber dóms- og kirkjumálaráðherra ábyrgð á löggjöf um þau brot einstaklinga í atvinnurekstri er falla undir almenn hegningarlög, einkum auðgunarbrotakafla þeirra, svo og þau brot er falla undir sérrefsilög, enda heyri þau brot ekki undir aðra ráðherra, t.d. skattalagabrot undir fjármálaráðherra.

536. Svar [84. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við undirbúning álvers í Reyðarfirði.

1. *Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við undirbúning álvers í Reyðarfirði, sundurliðað eftir árum, og af hvaða fjárlagaliðum hafa þeir fjármunir komið?*

Kostnaður ríkissjóðs hefur verið greiddur af fjárveitingum Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs og iðnaðarráðuneytis. Frá árinu 1997 hefur kostnaðurinn verið sem hér segir en tekið skal fram að niðurstöður rannsókna frá fyrri árum hafa einnig komið að notum.

	Kr.
1997	9.299.314
1998	23.398.123
1999	52.010.774
2000	30.421.752
2001	48.572.314
2002	36.072.065
Samtals	**199.774.342**

Í þessum tölum er einnig innifalinn útlagður kostnaður sem fæst endurgreiddur ef til framkvæmda kemur.

2. *Hver hefur þátttaka Norsk Hydro/Hydro Aluminium verið í þessum kostnaði?*

Hlutdeild Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs í sameiginlegum kostaði sem endurgreiða átti samkvæmt samningi við Reyðarál hf. ef til framkvæmda kæmi er 112,6 millj. kr. Eins og kunnugt er hætti Norsk Hydro/Hydro Aluminium við byggingu álversins. Í tengslum við samninga um kaup Alcoa Inc. á Reyðaráli var samið um að Alcoa greiddi Fjárfestingarstofunni – orkusviði 600.000 USD eða tæplega 52 millj. kr.

3. *Hvert hefur verið hlutverk STAR, samstarfsnefndar um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði, í þessum undirbúningi og hverjar voru árlegar heildargreiðslur til nefndarinnar á tímabilinu 1997–2002?*

Hlutverk STAR – samstarfsnefndar um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða í Reyðarfirði, sem sett var á stofn 1. september 1998, er að vera rammi utan um samstarf sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðar, Orku- og stóriðjunefndar sveitarfélaga á Austurlandi (OSSA-SSA) og Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs, sem miðar að því að koma á fót orkufrekum iðnaði í Reyðarfirði. Nefndin tók við verkefnum sameiginlegrar nefndar Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs og Orku- og stóriðjunefndar sveitarfélaga á Austurlandi sem stofnað var til 10. október 1997. Árið 2000 var nefndin stækkuð með tilnefningu fulltrúa norðan og sunnan Fjarðabyggðar. STAR hefur sinnt hlutverki sínu með ýmsum hætti, m.a. ráðstefnu- og námskeiðshaldi, miðlun upplýsinga til fjárfesta og sveitarfélaga, atvinnufyrirtækja og íbúa á Austurlandi, skipulagningu kynnisferða og móttöku fulltrúa erlendra fjárfesta, aðstoð við FAG-hóp atvinnulífsins á Austurlandi, aðstoð við samfélagsathuganir o.fl.

STAR hefur ekki haft sjálfstæðan fjárhag, en starfsmaður á Reyðarfirði hefur verið í hlutastarfi kostaður af Fjárfestingarstofunni – orkusviði.

Aðilar að STAR hafa borið kostnað af framlagi til starfsins hver fyrir sig. Heildargreiðslur Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs vegna verkefna í nafni eða á verksviði STAR á árunum 1997 til 1. nóvember 2002 hafa numið samtals 29.415.035 kr.

4. *Hvaða hlutverki hefur eignarhaldsfélagið Hraun ehf. gegnt við undirbúning álvers í Reyðarfirði og er það enn starfandi? Hvaða greiðslur hafa runnið til félagsins úr ríkissjóði vegna undirbúnings álvers í Reyðarfirði, sundurliðað eftir árum?*

Eignarhaldsfélagið Hraun ehf. var stofnað 12. júlí 1999 í þeim tilgangi að kanna og vinna að undirbúningi að stofnun álvers í Reyðarfirði og annarri atvinnustarfsemi í Fjarðabyggð. Stofnandi félagsins er sveitarfélagið Fjarðabyggð sem á allt hlutafé þess. Félagið starfaði sem framkvæmdaraðili við undirbúning á framkvæmdum vegna álvers í Reyðarfirði. Sem slíkur lét félagið fara fram frummat á umhverfisáhrifum álversins. Kostnaður við matið var alfarið greiddur af Fjárfestingarstofunni – orkusviði og Hydro Aluminium. Félagið er enn starfandi, en hefur framselt réttindi sín vegna frummats á umhverfisáhrifum til Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs. Félagið hefur ekki fengið neinar greiðslur úr ríkissjóði.

537. Svar [306. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um kynningarmál Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

1. *Hver er heildarkostnaður*
   a. *Landsvirkjunar,*
   b. *Rafmagnsveitna ríkisins,*
   c. *Orkubús Vestfjarða*

   af myndlistarsýningum og öðrum listviðburðum í stöðvarhúsum fyrirtækjanna á þessu kjörtímabili, sundurliðað eftir árum? Hversu stór hluti hans er auglýsingakostnaður?

Heildarkostnaður Landsvirkjunar af myndlistarsýningum og öðrum listviðburðum í stöðvarhúsum fyrirtækisins á þessu kjörtímabili er 23.450.000 kr., en þar af nam auglýsingakostnaður 18.550.000 kr.

Sundurliðað eftir árum er kostnaðurinn eftirfarandi:

- 1999 50.000 kr., auglýsingakostnaður var enginn.
- 2000 8.650.000 kr., þar af auglýsingakostnaður 6.000.000 kr.
- 2001 7.250.000 kr., þar af auglýsingakostnaður 7.150.000 kr.
- 2002 7.500.000 kr., þar af auglýsingakostnaður 5.400.000 kr.

Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hafa ekki haft neinn kostnað af myndlistarsýningum eða öðrum listviðburðum í stöðvarhúsum fyrirtækjanna.

2. *Hver er heildarkostnaður sömu aðila af öðru kynningar- og upplýsingastarfi á þessu kjörtímabili, sundurliðað eftir árum?*

Heildarkostnaður Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af öðru kynningar- og upplýsingarstarfi á yfirstandandi kjörtímabili kemur fram í töflunni, upphæðir eru í millj. kr.

	1999	2000	2001	2002
Landsvirkjun	22,3	14,2	27,1	19,7
RARIK	11,0	14,7	11,4	8,3
Orkubú Vestfjarða	0	1,0	0	0

Þess ber að geta að í fyrrgreindum kostnaði Landsvirkjunar eru innifalin útgjöld fyrirtækisins vegna samráðsfundar Landsvirkjunar sem kveðið er um í lögum. Þar greiðir fyrirtækið meðal annars ferðir og uppihald fulltrúa samtaka sveitarfélaga. Kostnaður við samráðsfundinn ásamt ársskýrslu nemur frá 4,5 til rúmlega 9 millj. kr. árlega á kjörtímabilinu. Mestur var kostnaðurinn árið 2001 en það ár hélt Landsvirkjun ársfund sinn á Akureyri og hafði það verulega aukinn kostnað í för með sér sem að miklu leyti skýrir meiri kostnað það ár en önnur. Í tölunum er ekki tekið tillit til kostnaðar við tvo starfsmenn hjá fyrirtækinu sem starfa að almannatengslum.

3. *Á hvern hátt samrýmist það lagalegu hlutverki Landsvirkjunar að gefa út landakort með göngu- og ferðaleiðum ætlað ferðamönnum og halda myndlistarsýningar og söngskemmtanir?*

Í lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og reglugerð nr. 259/1997 er tilgangur Landsvirkjunar skilgreindur. Samkvæmt ákvæðunum er Landsvirkjun m.a. skylt að reisa og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins auk þess sem fyrirtækið annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur.

Eins og kunnugt er hefur Landsvirkjun verið frumkvöðull í uppbyggingu vegakerfis inni á hálendinu og opnað það fyrir ferðamönnum með þeim samgöngubótum er tengjast byggingu og rekstri virkjana fyrirtækisins. Landsvirkjun hefur af þeim sökum lagt áherslu á aðgengi og kynningu á mannvirkjum sínum og virkjunarsvæðunum og reynt að efla þau sem ferðamannasvæði, m.a. til að skjóta styrkari stoðum undir ferðaþjónustu í nágrannabyggðum. Í þeim tilgangi hefur fyrirtækið m.a. staðið fyrir ýmiss konar menningarviðburðum í stöðvarhúsum fyrirtækisins.

Landsvirkjun hefur gefið út tvö ferðakort, annars vegar af svæðinu umhverfis Snæfell og hins vegar virkjunarsvæði sunnan Hofsjökuls. Tilgangur þessarar kortaútgáfu var að tryggja

að sem minnst röskun yrði af völdum aukinnar umferðar um fyrirhuguð virkjunarsvæði með því að beina umferð um svæðið á merkta vegi og slóðir, svo og að vara ferðamenn við margvíslegum hættum sem mannvirki fyrirtækisins kunna að hafa í för með sér.

Að mati iðnaðarráðuneytisins er fyrrgreind kynningarstarfsemi og upplýsingagjöf á virkjunarsvæðum eðlilegur hluti af starfsemi fyrirtækisins og er í samræmi við fyrrgreind ákvæði laga og reglugerðar.

4. *Hvar er það í samþykktum Landsvirkjunar sem heimilar fjármögnun menningarverkefna hvers konar?*

Samkvæmt lögum og reglugerð fyrir Landsvirkjun fer stjórn Landsvirkjunar með málefni fyrirtækisins en stjórn og forstjóri fara með stjórn þess. Forstjóri annast daglegan rekstur fyrirtækisins og skal í þeim efnum fara eftir stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri að meginstefnu til aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn. Forstjóri semur fyrir hvert reikningsár fjárhagsáætlun og leggur hana fyrir stjórnina til samþykktar, en stjórnin sendir samþykkta áætlun til eigenda Landsvirkjunar. Stjórn Landsvirkjunar skal annast að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins.

Heimildir til fjármögnunar menningarverkefna byggjast því annaðhvort á sjálfstæðri ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar ef um stærri verkefni er að ræða, svo sem samstarfssamning við Þjóðminjasafnið, eða á samþykktum stjórnar á fjárhagsáætlun fyrirtækisins þar sem fjárveiting til kynningarstarfa er sérstaklega tilgreind.

538. Frumvarp til laga [423. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 9. tölul. og orðast svo: Að hafa sértækt eftirlit með ávana- og fíknilyfjum er lýtur að afgreiðslu, gerð og áritun lyfseðla og afhendingu ávana- og fíknilyfja úr lyfjabúð. Í reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni skal kveðið nánar á um framkvæmd eftirlitsins.

2. gr.

2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, sem orðast svo:

Lyfsölum er skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænt allar upplýsingar sem fram koma á lyfseðlum um afgreiðslu lyfja, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Tryggingastofnun setur á fót tvo lyfjagagnagrunna fyrir 1. janúar 2005 til sameiginlegra nota fyrir Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun. Til-

gangur grunnanna er að gera þessum stofnunum kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu með ávana- og fíknilyfjum og lyfjaávísunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna. Tryggingastofnun ríkisins er ábyrgðaraðili lyfjagagnagrunnanna í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Annar gagnagrunnurinn skal vera með ópersónugreinanlegum upplýsingum um afgreiðslu lyfja til sjúklinga. Landlækni, Lyfjastofnun og Tryggingastofnun er heimill aðgangur að ópersónugreinanlegu gagnasafni í gagnagrunninum til að sinna fræðslu og söfnun tölfræðiupplýsinga um lyf, lyfjaávísanir, lyfjanotkun og lyfjakostnað.

Samhliða lyfjagagnagrunni skv. 2. mgr. starfrækir Tryggingastofnun ríkisins lyfjagagnagrunn með persónugreinanlegum upplýsingum. Eftirtöldum aðilum skal vera heimill aðgangur að persónugreinanlegum upplýsingum í lyfjagagnagrunninum í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun ávana- og fíknilyfja og færa sönnur á ætlaða ólögmæta háttsemi, að greina og skoða tilurð lyfjaávísana með tilliti til lyfjakostnaðar og til endurgreiðslu lyfjakostnaðar einstaklinga:

1. Tryggingastofnun ríkisins,
   a. þegar fyrir liggur samþykki sjúkratryggðs einstaklings til afgreiðslu máls hans,
   b. til að kanna lyfjaávísanir og ávísanavenjur lækna vegna eftirlits með lyfjakostnaði eða rökstuddra grunsemda um óeðlilegar eða ólögmætar lyfjaávísanir.
2. Lyfjastofnun í samræmi við eftirlitshlutverk stofnunarinnar samkvæmt lyfjalögum, nr. 93/1994, og í samvinnu við landlækni,
   a. þegar rökstuddur grunur leikur á um fölsun lyfseðils fyrir ávana- og fíknilyfi eða að tilurð hans hafi orðið með öðrum ólögmætum hætti,
   b. þegar rökstuddur grunur leikur á að um ranga afgreiðslu lyfjaávísunar á ávana- og fíknilyf sé að ræða.
3. Landlæknir í samræmi við eftirlitshlutverk embættisins samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, læknalögum, nr. 53/1988, og lyfjalögum, nr. 93/1994,
   a. þegar einstaklingur fær ávísað miklu af ávana- og fíknilyfjum frá mörgum læknum,
   b. þegar læknir ávísar ávana- og fíknilyfjum á sjálfan sig,
   c. þegar einstaklingur fær ávísað meira af ávana- og fíknilyfjum en eðlilegt getur talist á tileknu tímabili.

Aðrir en landlæknir, Lyfjastofnun og Tryggingastofnun hafa ekki aðgang að persónugreinanlegum lyfjagagnagrunni. Um aðgang annarra en þeirra er 3. mgr. tekur til að ópersónugreinanlegum upplýsingum skal nánar mælt fyrir í verklagsreglum ábyrgðaraðila. Skal þar m.a. kveðið á um skyldu umsækjanda til að gera grein fyrir tilefni þess að óskað er eftir upplýsingum úr grunninum og hvernig meðferð og úrvinnslu upplýsinga verði háttað.

4. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna verður: **Um rekstur lyfjabúða. Lyfjagagnagrunnur.**

II. KAFLI
Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

5. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Landlæknir hefur almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og fylgist með þróun lyfjanotkunar.

Landlæknir hefur sértækt eftirlit með ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf.

Landlæknir hefur eftirlit með öllum ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf til eigin nota.

Til eftirlitsins sækir landlæknir upplýsingar í persónugreinanlegan lyfjagagnagrunn eins og nánar er mælt fyrir um í 24. gr. a lyfjalaga, nr. 93/1994.

6. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Verði læknir uppvís að því að ávísa sjálfum sér eða öðrum lyfjum þannig að óhæfilegt þyki leggur landlæknir málið fyrir ráðherra sem er þá heimilt að svipta lækninn leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 27. og 28. gr.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Áður en leyfissvipting fer fram skv. 20. gr. skal lækni gefinn kostur á því að skýra málstað sinn.

Læknir, sem ekki hefur leyfi til ávísana á tiltekin lyf, má með leyfi ráðherra að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

Ráðherra getur afturkallað leyfissviptinguna samkvæmt þessum kafla að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjastofnunar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2005 skal vera aðlögunartímabil fyrir þær breytingar sem lögin gera ráð fyrir. Rafrænar upplýsingar, sem safnað hefur verið hjá Tryggingastofnun af lyfseðlum um ávana- og fíknilyf sem sérstök hætta er á að séu misnotuð, þ.m.t. persónugreinanlegar upplýsingar, skulu sendar Lyfjastofnun og landlækni til að sinna eftirlitshlutverkum sínum. Uppfylla skal skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga við vinnslu þessara upplýsinga. Að þeim tíma liðnum fer um aðgang Lyfjastofnunar, landlæknis og Tryggingastofnunar að persónugreinanlegum upplýsingum í lyfjagagnagrunni samkvæmt 3. mgr. 24. gr. a.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar mikillar umræðu í þjóðfélaginu um meinta misnotkun mikilvirkra ávana- og fíknilyfja ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa stýrihóp þann 8. júlí 2002 sem hefði það hlutverk að skilgreina og meta þarfir Lyfjastofnunar, landlæknisembættisins og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir upplýsingar úr lyfjagagnagrunni. Frumvarp þetta byggir að meginhluta til á skýrslu stýrihópsins en er að öðru leyti samið af starfsmönnum ráðuneytisins. Frumvarpið felur í sér breytingu á tveimur lagabálkum, þ.e. lyfjalögum og læknalögum.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 24. gr. lyfjalaga er lyfsölum skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænar upplýsingar um afgreiðslu lyfja. Samkvæmt sömu grein er landlækni heimilt að kalla eftir tölvuskráðum upplýsingum frá apótekum. Hins vegar er ekki sérstaklega kveðið á um heimild til varðveislu og vinnslu þessara upplýsinga. Nauðsynlegt er að lögfesta skýra heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að koma á fót og reka lyfjagagnagrunna. Þá þarf samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að geta þess hver sé ábyrgðaraðili grunnanna. Lögfesta þarf beinan aðgang landlæknis að persónu-

greinanlega gagnagrunninum í stað þess að hann þurfi að kalla eftir þeim í tölvutæku formi til viðkomandi lyfsala. Þá er nauðsynlegt að kveða skýrar á um eftirlit landlæknis og Lyfjastofnunar með ávana- og fíknilyfjum.

Megintilgangur frumvarpsins er sá að skjóta lagastoð undir starfrækslu Tryggingastofnunar ríkisins á lyfjagagnagrunnum og mæla fyrir um aðgangsheimildir stofnunarinnar, landlæknisembættisins og Lyfjastofnunar að slíkum grunnum í nánar tilgreindum tilvikum. Þá er hlutverk landlæknisembættisins og Lyfjastofnunar til eftirlits á sviði ávana- og fíknilyfja aukið. Til þess að unnt sé að sinna þessu eftirliti á fullnægjandi hátt verður að gera ráð fyrir viðbótarstarfsmanni við landlæknisembættið.

Í frumvarpinu er lagt til að nánar verði kveðið á um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til starfrækslu lyfjagagnagrunna í nýrri grein lyfjalaga, 24. gr. a, og kveðið á um að stofnunin skuli koma á fót lyfjagagnagrunnum, til sameiginlegra nota fyrir Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun.

Mikilvægt er fyrir landlækni, Lyfjastofnun og Tryggingastofnun að hafa aðgang að ópersónugreinanlegum upplýsingum til almenns eftirlits með lyfjum, lyfjanotkun og lyfjakostnaði, til tölfræðirannsókna og vegna erlends samstarfs. Gagnagrunnur sem þessi er mikilvægur fyrir heilbrigðisyfirvöld til að fá góða yfirsýn yfir lyfjanotkun landsmanna, fylgjast með þróun og ákveða aðgerðir, þ.m.t. greiðsluþátttöku almannatrygginga, og meta árangur þeirra. Þá er mikilvægt fyrir heilbrigðisyfirvöld að hafa aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum á rafrænu formi með þeim skilyrðum sem sett eru í 4. gr. frumvarpsins. Að undanförnu hefur mikil umræða átt sér stað í þjóðfélaginu um meinta misnotkun mikilvirkra ávana- og fíknilyfja. Örðugt getur verið að greina á milli lögmætrar og ólögmætrar háttsemi. Dæmi eru um að fíkniefnaneytendur gangi á milli lækna og fái ávísun á ávana- og fíknilyf til eigin neyslu eða jafnvel sölu, oft til að fjármagna neyslu. Nauðsynlegt er að stemma stigu við slíkri óheillaþróun með auknu eftirliti. Þá geta þau tilvik m.a. komið upp að læknir ávísar sjálfum sér óhóflegu magni ávana- og fíknilyfja til eigin nota. Því er mikilvægt að landlæknir geti, í undantekningartilvikum, fengið beinan aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum á rafrænu formi. Þannig getur hann greint vandamálið á mun markvissari og skjótari hátt en áður var hægt og gripið fyrr til viðeigandi aðgerða. Tilgangurinn er að herða eftirlit með ávana- og fíknilyfjum, koma í veg fyrir misnotkun þeirra og færa sönnur á ætlaða ólögmæta háttsemi. Þá er tilgangur ákvæða um aðgang Tryggingastofnunar ríkisins að persónugreinanlegum upplýsingum um sjúklinga í gagnagrunni að auka þjónustu við sjúkratryggða og einfalda vinnslu við endurgreiðslur samkvæmt réttindum þeirra, þó að því skilyrði uppfylltu að sjúklingur samþykki vinnsluna. Augljóst hagræði er fyrir sjúkratryggðan að hafa á einum stað upplýsingar um lyfjanotkun sína auk þess sem það getur auðveldað endurgreiðslur vegna lyfjakostnaðar. Þá er nauðsynlegt fyrir Tryggingastofnun að geta kannað tilurð lyfjaávísana og ávísanamynstur lækna til að geta rækt eftirlitshlutverk sitt með lyfjakostnaði.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir aðlögunartíma til 1. janúar 2005 vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi. Gert er ráð fyrir því að Lyfjastofnun haldi áfram vinnslu með persónuupplýsingar fyrir eftirritunarskyld lyf en bæði landlæknir og Lyfjastofnun fái síðan beinan aðgang að persónugreinanlega gagnagrunninum. Til að hagræða í vinnslu Lyfjastofnunar og landlæknis á aðlögunartímanum er gert ráð fyrir að stofnanirnar fái sendar upplýsingar frá Tryggingastofnun úr persónugreinanlega grunninum í rafrænu formi fram til 1. janúar 2005. Þessar upplýsingar hafa fram til þessa verið handfærðar í tölvu af pappírslyfseðlum hjá Lyfjastofnun. Sú vinnsla mun því falla niður. Mikilvægt er hins vegar að núverandi eftirlitsfyrirkomulag falli ekki niður fyrr en nýtt og virkara eftirlit er að fullu komið til framkvæmda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tilgangurinn með ákvæðinu er að skilgreina eftirlitsstarfsemi Lyfjastofnunar með ávana- og fíknilyfjum og auka vægi þess hlutverks stofnunarinnar. Sérstök hætta er á misnotkun þessara lyfja og því mikilvægt að hert verði eftirlit á þessu sviði.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru lyfjagagnagrunnar þeir sem Tryggingastofnun ríkisins kemur á fót skilgreindir þannig að þeir séu til sameiginlegra nota þeirra stofnana sem fara með eftirlit á þessu sviði. Lögfestur er beinn aðgangur landlæknis að persónugreinanlegum gagnagrunni þegar hann þarf nauðsynlega á því að halda vegna eftirlits síns.

1. mgr. greinarinnar er að stofni til í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. lyfjalaga eins og hún hljóðar nú. Eðlilegt þótti að færa hann yfir í hina nýju grein, 24. gr. a, til einföldunar og samræmis.

Í 1. mgr. kemur fram sá tilgangur með starfrækslu lyfjagagnagrunna að gera Tryggingastofnun, Lyfjastofnun og landlæknisembættinu kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu, hverju á sínu sviði.

Í 2. mgr. og 3. mgr. er mælt fyrir um gerð grunnanna. Skal annars vegar vera um að ræða grunn með ópersónugreinanlegum upplýsingum og hins vegar grunn með persónugreinanlegum upplýsingum. Þá er mælt fyrir um aðgang fyrrgreindra stofnana að upplýsingum í hverju tilviki fyrir sig og við tilgreindar aðstæður.

Samkvæmt 4. mgr. hafa engir aðrir en þeir sem þar eru tilgreindir heimild til aðgangs að persónugreinanlegum lyfjagagnagrunni. Samkvæmt ákvæðinu geta aðrir fengið aðgang að ópersónugreinanlegum upplýsingum með leyfi ábyrgðaraðila samkvæmt verklagsreglum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í 2. mgr. 19. gr. núgildandi læknalaga er kveðið á um að Lyfjaeftirlit ríkisins (nú Lyfjastofnun) tilkynni landlækni telji það rökstudda ástæðu til eftirlits með ávísunum læknis á ávana- og fíknilyf. Þykir ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um tilkynningar Lyfjastofnunar þar sem landlæknir getur samkvæmt frumvarpinu sótt upplýsingar um ávísanir lækna og lyfjanotkun millliliðalaust beint í persónugreinanlega lyfjagagnagrunn. Lyfjastofnun hefur almennt eftirlit með réttmæti lyfseðla, gerð þeirra og afgreiðslu samkvæmt lyfjalögum, þ.m.t. sérstakt eftirlit með lyfseðlum mikilvirkra ávana- og fíknilyfja. Þrátt fyrir breytingu ákvæðisins að þessu leyti er ekki ætlunin að Lyfjastofnun hætti að tilkynna landlækni telji það rökstudda ástæðu til eftirlits með ávísunum læknis á ávana- og fíknilyf sem stofnunin fær vitneskju um við eftirlit sitt með lyfjabúðum og öðrum eftirlitsskyldum aðilum. Er ákvæðunum þannig ekki ætlað að slaka á eftirliti með ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf eða notkun þessara lyfja.

Felld eru brott ákvæði um eigin skrár lækna um ávísanir þessara lyfja og tilefni notkunar þeirra. Einnig það atriði í ákvæðinu sem fjallar um sviptingu læknaleyfis en nánar er kveðið á um sviptingu læknaleyfis í 20. gr.

Nýmæli er að finna í ákvæði 4. mgr. um notkun sérstaks persónugreinanlegs lyfjagagnagrunns til eftirlits. Verði landlæknir þess áskynja að ávísun eða notkun ávana- og fíknilyfja sé ólögmæt er nauðsynlegt að hægt sé að bregðast skjótt og auðveldlega við svo að grípa megi til viðeigandi ráðstafana. Rafrænum gagnagrunni er ætlað að bæta úr og auka skilvirkni þess eftirlits sem fram til þessa hefur verið haft með ávísun lækna á ávana- og fíknilyf.

Um 6. gr.

Hér eru felld burt ákvæðin um eigin skráningarskyldu læknanna enda er gert ráð fyrir að umræddar upplýsingar séu tiltækar í sjúkraskrám og í lyfjagagnagrunni.

Um 7. gr.

Hér er felld burt tilvísun í 19. gr. og einnig er talað um Lyfjastofnun í stað Lyfjaeftirlits ríkisins.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988.

Megintilgangur frumvarpsins er að skjóta lagastoðum undir starfrækslu Tryggingastofnunar ríkisins á tveimur lyfjagagnagrunnum sem annars vegar innihalda persónugreinanlegar og hins vegar ópersónugreinanlegar upplýsingar. Þá er mælt fyrir um aðgangsheimildir stofnunarinnar, landlæknisembættisins og Lyfjastofnunar að grunnunum. Loks er lagðar til minni háttar breytingar á læknalögum sem lúta að eftirlitsstafi landlæknisembættis og Lyfjastofnunar með ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf.

Samkvæmt frumvarpinu er Tryggingastofnun ætlað að koma á fót og reka tvo lyfjagagnagrunna til sameiginlegra nota fyrir stofnunina sjálfa, embætti landlæknis og Lyfjastofnun. Tryggingastofnun rekur nú þegar einn lyfjagagnagrunn en nauðsynlegt er að aðlaga og breyta gamla grunninum og smíða annan nýjan frá grunni. Kemur annar til með að innihalda upplýsingar sem eru persónugreinanlegar en hinn upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar. Áætlaður kostnaður við þessa hugbúnaðarvinnu er 15,3 m.kr. án virðisaukaskatts. Þá eru áætlaðar 8,4 m.kr. til kaupa á miðtölvu og gagnageymslubúnaði til að hýsa nýja grunninn auk annars stofnkostnaðar. Loks er árlegur rekstrarkostnaður áætlaður 5,2 m.kr. og þar af 2,5 m.kr. í laun.

Hvorki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði hjá Lyfjastofnun né landlæknisembætti vegna frumvarps þessa þrátt fyrir áform sem fram koma í athugsemdum frumvarpsins um að auka eftirlit með notkun ávana- og fíknilyfja. Á móti auknum kostnaði Lyfjastofnunar er gert ráð fyrir að vinna við skráningu eftirlitsskyldra lyfseðla sem á sér stað nú leggist af með skilgreindum aðgangi stofnunarinnar að gagnagrunnum Tryggingastofnunar. Með tilkomu gagnagrunnanna fær landlæknisembættið beinan aðgang að upplýsingum á rafrænu formi sem auka möguleika þess til að bregðast við með skjótari og markvissari hætti en áður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tveggja ára aðlögunartíma til 1. janúar 2005 til þess að koma ákvæðum frumvarpsins að fullu í framkvæmd og er áætlað að stofnkostnaður Tryggingastofnunar verði 11,6 m.kr. árið 2003 og 12,1 m.kr. árið 2004. Árlegur rekstrarkostnaður Tryggingastofnunar er áætlaður 5,2 m.kr. frá ársbyrjun 2005.

Fjármálaráðuneytið telur að verði frumvarpið óbreytt að lögum hækki árlegur rekstrarkostnaður ríkisins um 5,2 m.kr. en útgjöld vegna stofnkostnaðar verða samtals 23,7 m.kr.

539. Framhaldsnefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir breytingartillögu við sundurliðun 1, tekjur A-hluta. Þá er lagðar til sjö breytingartillögur við sundurliðun 2 sem samtals nema 1.375 m.kr. til hækkunar. Jafnframt eru gerðar breytingar á 3. gr. frumvarpsins, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 220 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni. Lagt er til að veitt verði 220 m.kr. fjárheimild vegna kostnaðar við sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Um er að ræða kostnað við ráðgjöf, umsjón með sölu og frágang skjala í tengslum við söluna. Áætlaðar sölutekjur ríkisins vegna þessara verkefna eru rúmlega 28 milljarðar kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 220 m.kr.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Lagt er til að framlag til framhaldsskóla hækki um 220 m.kr. vegna ófyrirséðrar nemendafjölgunar í haust. Að mati menntamálaráðuneytisins verða 15.768 ársnemendur í skólunum í ár en fjöldi þeirra er áætlaður 15.224 í fjárlögum. Stefnt er að því að auka sveigjanleika í starfsemi skólanna svo að þeir geti brugðist fyrr við frávikum og tryggja með því að útgjöld fari ekki umfram heimild í fjárlögum. Einnig er stefnt að því að yfirfara reiknilíkan framhaldsskóla til að samræma betur framlag fyrir ársnemanda og kostnað við viðbótarnemanda umfram áætlun.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 50 m.kr.

204 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Gerð er tillaga um 50 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar vegna endurmats á ríkistekjum af veiðieftirlitsgjaldi sem renna til fjármögnunar á útgjöldum stofnunarinnar. Um er að ræða leiðréttingu á útgjöldum og tekjum sem láðist að gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2002 í kjölfar lagasetningar um aukna þátttöku útgerðarinnar í kostnaði við eftirlitsstarfsemi Fiskistofu. Sams konar tillaga er gerð um breytingu á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 455 m.kr.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lagt er til að veitt verði 410 m.kr. viðbótarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samræmi við samkomulag milli ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar af eru 260 m.kr. sérstakt framlag í kjölfar endurmats á reiknuðu framlagi vegna breytinga á álagningarstofni fasteignagjalda á landsbyggðinni. Í annan stað er 150 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við húsaleigubótakerfið sem er verkefni sveitarfélaga. Fram til þessa hefur ríkissjóður fjármagnað hluta húsaleigubóta með föstu framlagi. Með samkomulagi því sem gert hefur verið verður húsaleigubótakerfið áfram verkefni sveitarfélaga og fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en fjárveitingar til þess færast inn í almennt lögbundið framlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðsins.

Í ljósi endurskoðunar á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs árið 2002 er lagt til að lögbundið framlag til sjóðsins verði hækkað um 45 m.kr. Framlagið tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkisins innan ársins og útsvarsstofni næstliðins árs.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 50 m.kr.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Gerð er tillaga um að veita Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 50 m.kr. framlag vegna erfiðrar rekstrarstöðu á árinu.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 380 m.kr.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gerð er tillaga um 80 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum og söluhagnaði. Hækkunin skýrist af meiri eignasölu á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum vegna sölu á hlut ríkisins í viðskiptabönkunum. Útgjöldin hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem sama fjárhæð færist á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 300 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði við úrskurð kjaranefndar um laun heilsugæslulækna. Samkvæmt úrskurðinum gildir hækkun á grunnlaunum frá 1. apríl á þessu ári en aðrar breytingar á kjörum heilsugæslulækna gilda frá 1. nóvember. Töluverð óvissa er um kostnaðaráhrif úrskurðarins þar sem útreikningar eru enn þá í vinnslu.

SKÝRINGAR VIÐ 3. GR.

Þrjár breytingar eru lagðar til á 3. gr. frumvarpsins sem breytir 5. gr. fjárlaga. Áætlað er að tekjuafgangur á ríkissjóði verði 16,9 milljarðar kr. árið 2002, eða 1,7 milljarðar kr. án hagnaðar af sölu á eignarhlutum í fyrirtækjum. Fjármunarhreyfingar eru áætlaðar samtals 10,6 milljarðar kr., þar af er sala á hlutabréfum og eignarhlutum áætluð 20,9 milljarðar kr. og innheimtar afborganir veittra lána 15,2 milljarðar kr. Á móti kemur að veitt stutt lán verða 16 milljarðar kr. einkum vegna þess að söluandvirði eignarhluta í fyrirtækjum kemur að stórum hluta til greiðslu á árinu 2003, eða 15,6 milljarðar kr. Veitt löng lán eru áætluð tæplega 4,8 milljarðar kr. og kaup hlutabréfa og stofnfjárhluta 4,8 milljarðar kr., þar af er stofnframlag til Seðlabanka Íslands 4,5 milljarðar kr. Þar sem greiðslur tekna af sölu eigna falla til á næsta ári er lagt til að lántökur A-hluta ríkissjóðs verði auknar um 6 milljarða kr. frá því sem áætlað var í frumvarpinu og verði samtals 41,2 milljarðar kr. Afborganir tekinna lána eru áætlaðar 33,6 milljarðar kr. og nettólántökur því 7,6 milljarðar kr. Áformað er að greiða 9 milljarða kr. til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að staðan við Seðlabanka Íslands batni um 1,8 milljarða kr.

Þá er lagt til að heimild til að endurlána Háskóla Íslands allt að 650 m.kr. falli niður en í staðinn gerð tillaga um 700 m.kr. lánsfjárheimild í fjárlögum fyrir árið 2003 til að ljúka við Náttúrufræðihús í Vatnsmýrinni. Þar sem lánsfjárheimildin fellur niður breytist samtala í 2. tölul. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2002 yfir endurlán úr 4.630 m.kr. í 3.980 m.kr.

Loks er lagt til að heimild til húsbréfaútgáfu verði aukin um 6.020 m.kr. frá því sem áætlað er í fjárlögum sem er 4.000 m.kr. hækkun frá því sem áætlað var í frumvarpinu. Endurskoðaðar áætlanir Íbúðalánasjóðs sýna að útgáfa húsbréfa verður talsvert meiri en gert var ráð fyrir. Skýringanna er helst að leita í því að hámarksfjárhæðir voru hækkaðar í maí 2001 og að fallið hefur verið frá kaupskyldu á félagslegu íbúðarhúsnæði sem hefur komið hreyfingu á markaðinn.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum. Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 2002.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.	Ásta Möller.

540. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	0,0	220,0	220,0
2. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	40,0	220,0	260,0
3. Við **05-204 Fiskistofa**			
1.01 Fiskistofa	2,5	50,0	52,5
Greitt úr ríkissjóði	*52,5*	*50,0*	*102,5*
4. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	513,4	455,0	968,4
5. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	108,0	50,0	158,0
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-721 Fjármagnstekjuskattur			
1.11 Fjármagnstekjuskattur	0,0	80,0	80,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*80,0*	*80,0*
7. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	450,0	300,0	750,0

541. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**	m.kr.	m.kr.
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	3.212,5	3.023,8
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	759,4	759,4
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**3.971,9**	**3.783,2**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	4.000,0	3.280,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	430,0	780,5
	Skattar á tekjur og hagnað	**8.401,9**	**7.843,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	522,8	297,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	98,2	24,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**621,0**	**321,8**
	Tryggingagjöld	**621,0**	**321,8**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	11,0	10,8

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4	**Eignarskattar**	m.kr.	m.kr.
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	-215,0	-214,4
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	92,3	190,6
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-150,0	-150,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-195,0	-195,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	-114,0	-114,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-366,7**	**-268,4**
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-6,0	-6,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	68,0	68,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	50,0	50,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**112,0**	**112,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-254,7**	**-156,4**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	261,0	261,0
	Skatttekjur, samtals	**8.825,2**	**8.066,5**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**	m.kr.	m.kr.
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-46,0	388,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	950,5	950,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**904,5**	**1.338,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.830,0	670,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	1.304,0	1.434,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-3.092,0	-2.392,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	0,0	0,0
	Aðrar eignatekjur	**42,0**	**-288,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**946,5**	**1.050,5**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	400,0	400,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	180,0	180,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	-92,8	-92,8
9.1.3.35	Ýmislegt	39,3	75,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	0,0	0,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**526,5**	**562,2**
	Ýmsar tekjur	**526,5**	**562,2**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**1.473,0**	**1.612,7**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**	m.kr.	m.kr.
13.1	Sala fasteigna	200,0	200,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-1.200,0	-1.200,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-1.000,0**	**-1.000,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	700,0	700,0
	Sala eigna, samtals	**-300,0**	**-300,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	9,0	9,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	300,0	300,0
	Fjárframlög, samtals	**309,0**	**309,0**
	Heildartekjur samtals:	**10.307,2**	**9.688,2**

542. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

Við 3. gr.

a. 1. tölul. orðist svo: Í stað orðanna „allt að 15.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 41.200 m.kr.

b. Við bætist nýr töluliður, 2. tölul., svohljóðandi:
   a. Í stað orðanna „allt að 4.630 m.kr.“ í 2. tölul. kemur: allt að 3.980 m.kr.

b. Liður 2.4 fellur brott.
c. A-liður 2. tölul., sem verði 3. tölul., orðist svo: Í stað orðanna „allt að 29.180 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 35.200 m.kr.

543. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haldið áfram umfjöllun sinni um frumvarpið frá því að 2. umræða fór fram 27. nóvember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn Ríkisútvarpsins. Fulltrúar frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. frumvarpsins, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 271,6 milljarðar kr. sem er 7,6 milljarða kr. hækkun frá frumvarpinu.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til hækkunar útgjalda um 2.468,1 m.kr.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 10 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.19 Efnahagsrannsóknir. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til samtaka launþega í því skyni að efla rannsóknir á almennum efnahagsmálum. Framlagið er ætlað til nokkurra stærstu samtaka launafólks fyrir utan ASÍ, þ.e. til BSRB, BHM, KÍ og Sambands bankamanna.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 86,7 m.kr.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun fjárveitinga til reksturs Myndlistarskólans í Kópavogi.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Lagt er til að framlag til framhaldsskóla hækki um 70 m.kr. vegna áætlaðrar nemendafjölgunar, en það jafngildir framlagi fyrir u.þ.b. 140 ársnemendur samkvæmt reiknilíkani framhaldsskóla. Er þá í heildina reiknað með framlagi vegna u.þ.b. 15.700 ársnemenda í skólunum árið 2003. Stefnt er að því að auka sveigjanleika í starfsemi skólanna svo að þeir geti brugðist fyrr við frávikum og tryggja með því

að útgjöld fari ekki umfram heimild í fjárlögum. Einnig er stefnt að því að yfirfara reiknilíkan framhaldsskóla til að samræma betur framlag fyrir ársnemanda og kostnað við viðbótarnemanda umfram áætlun.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til faglegs undirbúnings opnunar Þjóðminjasafns Íslands.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Lagt er til að 7 m.kr. framlag til endurbóta á Vatneyrarbúð á Patreksfirði og 7 m.kr. framlag til endurbóta á Norska húsinu í Stykkishólmi verði millifærð af þessum lið á lið húsafriðunarnefndar, 02-979-6.10.

6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum. Lagt er til að 7 m.kr. fjárheimild Samgöngusafnsins verði millifærð á lið 02-919-6.90.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um 0,2 m.kr. tímabundna hækkun á safnliðnum og er fjárveitingin ætluð Sjóminjasafni Íslands til viðgerða á árabátnum Þór.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Lagt er til að 7 m.kr. fjárheimild Samgöngusafnsins verði millifærð af lið 02-902-6.41.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Gerð er tillaga um að heiti viðfangsefnisins breytist og verði Endurbætur menningarstofnana.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarnefnd. Lagt er til að 7 m.kr. framlag til endurbóta á Vatneyrarbúð á Patreksfirði og 7 m.kr. framlag til endurbóta á Norska húsinu í Stykkishólmi verði millifærð af lið Þjóðminjasafnsins 02-902-1.10.

982 Listir, framlög.

1.90 Listir. Gerð er tillaga um 3 m.kr. hækkun safnliðarins og er fjárveitingin ætluð til undirbúnings stofnunar Leikminjasafns Íslands.

983 Ýmis fræðistörf.

1.51 Fræða- og þekkingarsetur. Gerð er tillaga um að lækka 5 m.kr. fjárveitingu til Fræðaseturs Þingeyinga, sem samþykkt var við 2. umræðu, um 2,5 m.kr. og veita þess í stað 2,5 m.kr. framlag á liðnum 14-190-1.90 til undirbúnings að stofnun náttúrustofu á Norðausturlandi.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 80,6 m.kr.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur. Lagt er til að framlag sem rennur til stofnunarinnar í B-hluta fjárlaga hækki um 80,6 m.kr. Skýringar á breytingunni eru af tvennum toga. Annars vegar bendir endurskoðuð áætlun um tekjur af lendingargjaldi til þess að þær lækki um 46 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hins vegar er ekki lengur gert ráð fyrir að 25% af tekjum af lendingargjöldum verði eftir í ríkissjóði til afborgana af lánum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. við Ríkisábyrgðasjóð vegna flughlaða, eldsneytiskerfa og flugumsjónarkerfa, eins og gengið er út frá í frumvarpinu. Nú hefur verið ákveðið að stofnunin taki yfir lánin og greiði af þeim og felur tillagan því í sér að tekjur af lendingargjaldi renni að fullu til stofnunarinnar til að standa undir þeim lánum, eða samtals 126,6 m.kr. Að samanlögðu nemur hækkunin á tekjustreymi til stofnunarinnar því 80,6 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði óbreytt.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild verði færð af viðfangsefni 6.20 fyrir stofnkostnað á viðfangsefni 1.01 fyrir rekstur. Um er að ræða tímabundið framlag til ársins 2004 sem veitt er í frumvarpinu til Hólaskóla vegna stækkunar reiðskemmu. Nú er fyrirhugað að reiðskemma verði tekin á leigu og færast þau útgjöld þá til rekstrar fremur en sem stofnkostnaður. Framlagið er hluti af söluandvirði hlutabréfa í Stofnfiski hf. en ekki af söluandvirði jarðarinnar Straums eins og misritaðist í athugasemdum með frumvarpinu.

6.20 Fasteignir og lóðir. Framangreind millifærsla lækkar liðinn um 10 m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 187 m.kr.

204 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Gerð er tillaga um 50 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar vegna endurmats á ríkistekjum af veiðieftirlitsgjaldi sem renna til fjármögnunar á útgjöldum stofnunarinnar. Um er að ræða leiðréttingu á útgjöldum og tekjum sem láðist að gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2002 í kjölfar lagasetningar um aukna þátttöku útgerðarinnar í kostnaði við eftirlitsstarfsemi Fiskistofu. Sams konar tillaga er gerð um breytingu á frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Þá er gerð tillaga um 32 m.kr. hækkun á fjárheimild Fiskistofu í ljósi áætlunar um aukna innheimtu ríkistekna sem renna til stofnunarinnar. Annars vegar hækkar veiðieftirlitsgjald á aflamark um 29,5 m.kr. og verður alls 312 m.kr. Hins vegar hækka tekjur af leyfum til veiða í atvinnuskyni um 2,5 m.kr. og verða 39,7 m.kr. Sama hækkun er gerð á tekjuhlið frumvarpsins og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

1.11 Eftirlit með úthafsveiðum. Lagt er til að fjárheimild þessa viðfangsefnis lækki um 16 m.kr. Vegna minna úthalds á Flæmska hattinum minnkar umfang eftirlitis með veiðunum en það er fjármagnað með sérstöku gjaldi á útgerðaraðila. Sama lækkun er gerð á tekjuhlið frumvarpsins og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins.

6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Gerð er tillaga um að framlag sem veitt er til sjóðsins í C-hluta fjárlaga hækki um 121 m.kr. í ljósi áætlunar um hærri innheimtu ríkistekna af þróunarsjóðsgjöldum. Annars vegar hækkar þróunarsjóðsgjald á aflamark um 131 m.kr. og verður alls 650 m.kr. Hins vegar lækkar þróunarsjóðsgjald á skip um 10 m.kr. og verður 92 m.kr. Sama hækkun er gerð á tekjuhlið frumvarpsins og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 4 m.kr.

419 Sýslumaðurinn á Hólmavík.

1.20 Löggæsla. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til reksturs vegna fjölgunar lögreglumanna.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 254,7 m.kr.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til uppbyggingar á þjónustu við fatlaða í Strandasýslu.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.

1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til þróunarverkefnis sem felst í að endurhæfa fólk sem býr við skerta vinnugetu og er á örorku- og endurhæfingarörorkubótum til þess að það komist á ný út í atvinnulífið. Verkefnið er á vegum Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gerð er tillaga um 675 m.kr. hækkun á liðnum. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækki alls um 380 m.kr. í samræmi við samkomulag milli ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar af eru 160 m.kr. sérstakt framlag í kjölfar endurmats á reiknuðu framlagi vegna breytinga á álagningarstofni fasteignagjalda á landsbyggðinni. Í annan stað er 220 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við húsaleigubótakerfið sem er verkefni sveitarfélaga. Fram til þessa hefur ríkissjóður fjármagnað hluta húsaleigubóta með föstu framlagi. Með samkomulagi því sem gert hefur verið verður húsaleigubótakerfið áfram verkefni sveitarfélaga og fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en fjárveitingar til þess færast inn í almennt lögbundið framlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðsins.

Í öðru lagi er lagt til að 335 m.kr. fjárheimild verði flutt af viðfangsefninu 1.12 Jöfnun húsaleigubóta á viðfangsefnið 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga í samræmi við samkomulag sem gert hefur verið við samtök sveitarfélaga.

Þá er í ljósi endurskoðunar á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs árið 2003 gerð tillaga um að lögbundið framlag í sjóðinn verði hækkað um 60 m.kr. Framlagið tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkisins innan ársins og útsvarsstofni næstliðins árs.

Loks er lagt til að framlag í sjóðinn lækki um 100 m.kr. í samræmi við samkomulag milli ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að ríkissjóður yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildarsjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

1.12 Jöfnun húsaleigubóta. Lagt er til að 335 m.kr. fjárheimild verði flutt á viðfangsefnið 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga í samræmi við samkomulag sem gert hefur verið við samtök sveitarfélaga.

980 Vinnumálastofnun.

1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Vinnumálastofnunar til þess að efla starfsemi Fjölsmiðjunnar sem er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Rauða krossins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sinnir því hlutverki að þjálfa og endurhæfa ungt fólk til að fara aftur í skóla eða á vinnumarkaðinn.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.31 Kjararannsóknarnefnd. Við 2. umræðu var samþykkt 5 m.kr. framlag til aukinna verkefna kjararannsóknarnefndar sem felast m.a. í samstarfi við Hagstofu Íslands um gerð launakannana. Í tillögunni var fyrir misgáning gert ráð fyrir að fjármögnun útgjaldaheimildarinnar væri með beinni greiðslu úr ríkissjóði en ekki með aukinni ráðstöf-

un á mörkuðum tekjum sjóðsins eins og áformað var. Með þessari tillögu er þetta leiðrétt.

989 Fæðingarorlof.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Lagt er til að fjárheimild vegna fæðingarorlofsgreiðslna til foreldra utan vinnumarkaðar lækki um 100 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjaldanna á næsta ári.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag til Listasmiðjunnar Hugur og hönd á Akranesi.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.235,4 m.kr.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.41 Heimilisuppbót. Lögð er til 50 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna heimilisuppbótar í samræmi við samkomulag ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara. Þar af eru 40 m.kr. vegna ellilífeyrisþega og 10 m.kr. vegna örorkulífeyrisþega. Hækkunin stafar af tengingu heimilisuppbótar við tekjutryggingu sem hækkar sérstaklega í samræmi við samkomulagið.

204 Lífeyristryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lögð er til 680 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega í samræmi við samkomulag ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara. Samkvæmt samkomulaginu hækkar tekjutryggingin um 3.028 kr. frá 1. janúar næstkomandi og verður samtals 38.500 kr. á mánuði þegar einnig hefur verið tekið tillit til 3,2% almennrar hækkunar lífeyrisgreiðslna í frumvarpinu.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lögð er til 290 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna tekjutryggingar örorkulífeyrisþega í samræmi við samkomulag ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara. Samkvæmt samkomulaginu hækkar tekjutryggingin um 3.028 kr. frá 1. janúar næstkomandi og verður samtals 39.493 kr. á mánuði þegar einnig hefur verið tekið tillit til 3,2% almennrar hækkunar lífeyrisgreiðslna í frumvarpinu.

1.26 Tekjutryggingarauki. Lögð er til 580 m.kr. hækkun tekjutryggingarauka í samræmi við samkomulag ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara. Þar af eru 400 m.kr. vegna ellilífeyrisþega og 180 m.kr. vegna örorkulífeyrisþega. Samkvæmt samkomulaginu hækkar tekjutryggingarauki um 2.255 kr. frá 1. janúar næstkomandi og tenging við tekjur lækkar úr 67% í 45%.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til að koma á fót gagnagrunni um mænuskaða. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst stuðningi sínum við að komið verði á fót á Íslandi sérstakri samstarfsmiðstöð (WHO Collaborating Centre) til stuðnings aðgerðum stofnunarinnar á heimsvísu á sviði mænuskaða.

Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. framlag til að koma upp hreyfanlegu fagteymi tveggja hjúkrunarfræðinga og tveggja annarra starfsmanna, auk geðlæknisvaktar. Fagteyminu er ætlað það verkefni að fylgja eftir alvarlega geðsjúkum einstaklingum í samráði við Geðhjálp á heimilum þeirra eftir útskrift af sjúkrahúsi.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að ráða bót á húsnæðismálum heilsugæslustöðvarinnar á Raufarhöfn.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.90 Ýmis framlög. Lögð er til tímabundin 3,2 m.kr. hækkun á safnliðnum til að leysa ýmis brýn verkefni á sviði heilbrigðismála og hækkar þá óskipt fé liðarins.

401 Hjúkrunarheimili, almennt.

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt. Lagt er til að veitt verði 310 m.kr. fjárheimild til að hefja rekstur hjúkrunarheimilis á Vífilsstöðum. Gert er ráð fyrir rekstri 50 hjúkrunarrýma á Vífilsstöðum og 19 rýma í húsinu á „Hólnum". Lagt er til að í fjáraukalögum fyrir árið 2002 verði veitt 130 m.kr. framlag til endurbóta á húsnæðinu og til kaupa á búnaði. Er það í samræmi við tillögur samráðsnefndar stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um að efla þjónustu við aldraða og draga úr biðlistum.

Þá er lagt til að framlag hækki um 90 m.kr. til að fjölga hvíldarinnlögnum árið 2003. Er tillagan í samræmi við tillögur samráðsnefndar stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um að fjölga hvíldarinnlagnarrýmum um 20 á næsta ári.

Loks er lagt til að 40 m.kr. verði varið til að fjölga dagvistarrýmum á næsta ári í samræmi við niðurstöður samráðsnefndarinnar. Samkvæmt tillögunum er áformað að fjölga dagvistarrýmum um 100 á næstu árum og er framlagið miðað við að unnt verði að opna allt að 50 rými á næsta ári.

Hækkun á þessum lið nemur því alls 440 m.kr.

402 Framkvæmdasjóður aldraðra.

6.21 Stofnkostnaður og endurbætur. Lagt er til að framlag til þessa viðfangsefnis hækki um 98,1 m.kr. Á yfirstandandi þingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra þar sem gert er ráð fyrir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki úr 4.826 kr. í 5.440 kr. Áætlað er að vegna þessarar hækkunar aukist innheimtar tekjur sjóðsins um 98,1 m.kr. frá því sem reiknað hafði verið með í frumvarpinu. Lagt er til að þessum auknu tekjum verði öllum ráðstafað til stofnkostnaðar og endurbóta.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. framlag til að bæta úrræði í heimahjúkrun og þjónustu. Er tillagan í samræmi við álit samráðsnefndar stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um að framlög til málefnisins hækki um 150 m.kr. á næstu þremur árum og að unnið verði að betri samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu.

715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi.

1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á framlagi til sjúkraþjálfunar.

785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi.

1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um 15,1 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar vegna endurmats á launahækkun samkvæmt kjarasamningi sjúkraliða umfram forsendur frumvarpsins. Fjárheimildin kemur til viðbótar 5,5 m.kr. hækkun sem gerð var við 3. umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002. Skýrist það af því að vægi sjúkraliða í launagögnum frá stofnuninni sem stuðst var við í launa- og verðlagsreikningum fjárlaga var rangt skráð og átti að vera mun hærra. Gert er ráð fyrir að sams konar fjárheimild verði færð til stofnunarinnar á árinu 2002 af launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytis.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði óbreytt.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Lagt er til að fjárheimild þessa liðar lækki um 200 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2003. Fyrirhugað er að fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði til lífeyrissjóðsins verði auknar úr 6 milljörðum kr. í 8 milljarða kr.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gerð er tillaga um 200 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum og söluhagnaði. Hækkunin skýrist af meiri eignasölu á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum vegna sölu á hlut ríkisins í viðskiptabönkunum. Útgjöldin hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem sama fjárhæð færist á tekjuhlið frumvarpsins.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 9,7 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um að lækka 5 m.kr. fjárveitingu til Fræðaseturs Þingeyinga á liðnum 02-983-1.51, sem samþykkt var við 2. umræðu, um 2,5 m.kr. og veita þess í stað 2,5 m.kr. framlag á þessum lið til undirbúnings að stofnun náttúrustofu á Norðausturlandi.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Lögð er til 7,2 m.kr. hækkun fjárveitingar í framhaldi af endurskoðun á mati á launahækkun veðurathugunarmanna samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands. Um er að ræða leiðréttingu á fyrra mati á samningnum.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að vaxtagjöld ríkissjóðs verði lækkuð um 400 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Lagt er til að fjárheimild þessa liðar lækki um 400 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs á næsta ári. Í ljósi áætlana um sjóðstreymi ríkissjóðs árið 2003 verður meira svigrúm til greiðslu lána en áður var talið.

Nefndinni hafa verið kynntar hugmyndir um að eftirstöðvum fjárheimildar sem samgönguráðuneytið fékk árið 2000 á lið 10-190-1.46 Uppbygging ferðamála í Scoresbysundi á Grænlandi verði ráðstafað til að styrkja flug á milli Reykjavíkur og Narsarsuaq á árinu 2003. Upphafleg fjárveiting nam 15 m.kr. og eftirstöðvar eru 14.416 þús. kr. Fjárveitingin var á sínum tíma ætluð til lengingar á flugbraut með það að markmiði að fjölga ferðamönnum til Grænlands. Áformað er að nota 8,5 m.kr. af fjárheimildinni til samnings um flugið árið 2003. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við það.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA)

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands.

Við 2. umræðu var útgjaldaheimild Háskóla Íslands aukin um 310 m.kr. vegna framkvæmda við Náttúrufræðihús. Framkvæmdin verður fjármögnuð með lántöku Happdrættis Háskóla Íslands. Af þessum sökum er lagt til að áætlað verði fyrir 700 m.kr. lántöku í stað 414 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Í 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2002 er heimild fyrir 650 m.kr. lántöku og er lagt til í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2002 að hún falli niður en þess í stað fengin 700 m.kr. lántökuheimild í fjárlögum fyrir árið 2003.

23 Utanríkisráðuneyti

111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.

Gerðar hafa verið breytingar á fjárreiðum stofnunarinnar frá frumvarpinu. Tekjur af lendingargjaldi hafa verið endurskoðaðar og eru nú áætlaðar 589,5 m.kr. og vaxtatekjur 25,2 m.kr. Áætlað er að rekstrargjöld nemi 689,8 m.kr. auk 98,2 m.kr. afskrifta rekstrarfjármuna. Þá er gerð sú breyting að stofnunin yfirtekur 780 m.kr. skuld Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. við Ríkisábyrgðasjóð vegna flughlaða, eldsneytiskerfa og flugumsjónarkerfis. Að auki er miðað við að ráðast í byggingu fraktflughlaðs og er byggingarkostnaður þess talinn nema alls 190 m.kr. Samtals eru varanlegir rekstrarfjármunir því áætlaðir 970 m.kr. Byggingarkostnaður verður fjármagnaður með lántöku hjá Ríkisábyrgðasjóði.

121 Umsýslustofnun varnarmála.

Stofnunin var lögð niður 1. desember sl. og verkefni hennar flutt til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Í endurskoðaðri áætlun hefur verið tekið tillit til breytinga á lögum um gjald af áfengi og tóbaki sem tóku gildi 29. nóvember sl. Þær breytingar fela í sér að gjald á sterkt áfengi hækkar um 15% og gjald á tóbak um 27,7%. Reiknað er með að smásöluverð á sterku áfengi hækki um 10% í kjölfarið og um 12% á tóbaki að jafnaði. Þessar breytingar koma fram í fjárreiðum fyrirtækisins með þeim hætti að áætlaðar sölutekjur hækka um tæplega 1.100 m.kr., en þar af eru um 800 m.kr. vegna hækkunar á tóbaksgjaldi og um 300 m.kr. vegna hækkunar á áfengisgjaldi. Rekstrargjöld aukast á móti um nærri 300 m.kr. eða sem nemur hækkuninni á áfengisgjaldinu sem fyrirtækið greiðir vegna innkaupa á áfengi. Þá aukast skil á tóbaksgjaldi í ríkissjóð sem fyrirtækið leggur á um 800 m.kr. Að öðru leyti er áætlunin óbreytt frá frumvarpinu.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

42 Menntamálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Áætlanir Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa verið endurskoðaðar frá því að frumvarpið var lagt fram. Ný áætlun gerir ráð fyrir fjölgun lánþega og var af þeim sökum sam-

þykkt við 2. umræðu að hækka framlag ríkisins um 130 m.kr. Framlagið er áætlað 3.028 m.kr. á árinu 2003, en að auki er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar u.þ.b. 160 m.kr. ónotað framlag frá árinu 2002. Er tekið tillit til þeirrar yfirfærslu í sjóðstöðu í ársbyrjun. Aðrar helstu breytingar frá frumvarpinu eru þær að fjármunatekjur minnka um 280 m.kr., fjármagnsgjöld um 180 m.kr. og reiknuð gjöld vegna verðbreytinga um 240 m.kr. Framlög í afskriftasjóð útlána aukast um 52 m.kr. og er það í takt við áætlaða útlánaaukningu. Rekstrargjöld eru áætluð 299 m.kr. sem er 17 m.kr. hækkun frá frumvarpinu og kaup á varanlegum rekstrarfjármunum aukast um 8 m.kr. og nema 48 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi lækki um 206 m.kr. og nemi 250 m.kr. Útlán eru nú áætluð 5.930 m.kr. sem er 603 m.kr. aukning frá frumvarpinu en 985 m.kr. hækkun frá fjárlögum fyrir árið 2002 eða 27,7%. Markaðskjaralán eru áætluð 100 m.kr. eins og í frumvarpinu. Áætlað er að sjóðurinn innheimti 3.300 m.kr. afborganir af námslánum og greiði 3.000 m.kr. af langtímalánum sínum. Gangi framangreindar forsendur eftir er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki 4.300 m.kr. að láni á árinu, sem er 200 m.kr. hækkun frá frumvarpinu.

45 Sjávarútvegsráðuneyti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins.

Gert er ráð fyrir 121 m.kr. meiri innheimtu ríkistekna af þróunarsjóðsgjöldum í endurskoðaðri áætlun um sjóðinn, að teknu tilliti til verðlags og gjaldstofna í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem lagt hefur verið fram. Annars vegar hækkar þróunarsjóðsgjald á aflamark um 131 m.kr. og verður alls 650 m.kr. Hins vegar lækkar þróunarsjóðsgjald á skip um 10 m.kr. og verður 92 m.kr. Breytingar frá frumvarpinu eru þær að framlög til rekstrar úr ríkissjóði hækka úr 621 m.kr. í 742 m.kr. Hagnaður frá rekstri eykst úr 541 m.kr. í 662 m.kr. og handbært fé í árslok fer úr 639 m.kr. í 760 m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti

201–215 Íbúðalánasjóður.

Nokkrar breytingar verða á lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs frá því sem áætlað er fyrir í frumvarpinu. Þar vega þyngst heimildir til að auka útgáfu húsbréfa um 4.800 m.kr. Þá hækka lánsfjárheimildir til leiguíbúða um 1.200 m.kr. og viðbótarlána um 1.500 m.kr. Gert er ráð fyrir að 655 m.kr. meiri rekstrarhagnaði sjóðsins og að handbært fé frá rekstri aukist um rúmlega 1.200 m.kr. Umsóknum hefur fjölgað mikið og samþykkt skuldabréfaviðskipti nema mun hærri fjárhæðum en á fyrra ári. Er þessi þróun þvert á fyrri spár Íbúðalánasjóðs þar sem gert var ráð fyrir nokkrum samdrætti.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild.

Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að veittar verði samtals 34.690 m.kr. í löng lán í stað 29.856 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir að afborganir af veittum löngum lánum minnki úr 6.605 m.kr. í 5.932 m.kr. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki 34.350 m.kr. löng lán en þau voru áætluð 29.557 m.kr. í frumvarpinu. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 18.736 m.kr. sem er 2.539 m.kr. lækkun.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir.

Heildarlánveitingar eru áætlaðar 9.250 m.kr. og aukast um 1.200 m.kr. frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þar af eru 1.000 m.kr. til leiguíbúða sem verða 8.500 m.kr.

og 200 m.kr. til greiðsluörðugleikalána sem verða 600 m.kr. Gert er ráð fyrir að nokkur innbyrðis breyting geti orðið á lánsfjárheimildum til leiguíbúða sem byggðar eru í samræmi við sérstakt fjögurra ára átak til að fjölga leiguíbúðum. Lán til leiguíbúða sem bera 3,5% vexti lækka úr 4.000 m.kr. í 3.000 m.kr., lán til íbúða sem bera 4,5% vexti eru óbreytt 1.500 m.kr. en lán til íbúða sem Íbúðalánasjóður fjármagnar á almennum markaði hækka um 2.000 m.kr. og verða 4.000 m.kr. Þá hækka tekin löng lán í 12.300 m.kr. en voru 10.706 m.kr. í frumvarpinu.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.

Umsóknum um viðbótarlán hefur fjölgað mikið og er ekki að sjá nein merki þess að tekið sé að draga úr þeirri eftirspurn. Samsetning umsækjenda eftir viðbótarlánum er nokkuð önnur en eftir húsbréfalánum en viðbótarlán eru veitt að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga og á ábyrgð sveitarfélaga. Áætlað er að veitt löng lán verði 6.000 m.kr. á árinu 2002 sem er 1.500 m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að tekin löng lán hækki um 1.372 m.kr. og verði 8.320 m.kr.

215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að selja húsbréf að fjárhæð 8.961 m.kr. til að fjármagna byggingarsjóði ríkisins og verkamanna. Í ljósi endurmats er hins vegar talið nauðsynlegt að endurfjármagna þurfi þessa sjóði með sölu húsbréfa að fjárhæð 9.740 m.kr. og að afborganir af teknum löngum lánum aukist úr 11.143 m.kr. í 11.641 m.kr.

50 Samgönguráðuneyti

651 Ferðamálasjóður.

Lagt verður til að sjóðurinn verði lagður niður með væntanlegu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, og að ríkissjóður yfirtaki eignir og skuldir sjóðsins.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 5. GR.

Lagt er til í a-lið að ríkissjóður taki 8.400 m.kr. minna að láni en áætlað var í frumvarpinu og heildarlántökur A-hluta verði 20.000 m.kr. Lækkunin stafar af hærri lánsfjárafgangi en áður var áætlað þar sem gert er ráð fyrir að söluandvirði viðskiptabankanna komi til greiðslu árið 2003.

Í c-lið er lagt til að ríkissjóði verði heimilað að auka endurlán sín til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 200 m.kr. og að heildarlánveitingar til sjóðsins verði 4.300 m.kr. Skýringin á því að farið er fram á aukna lánsfjárheimild er fjölgun nemenda innan lands og breytingar á tekjum lánþega.

Í d-lið er lagt til að endurlán ríkissjóðs til Happdrættis Háskóla Íslands verði 700 m.kr. árið 2003 í stað 414 m.kr. og jafnframt verður lagt til að í fjáraukalögum fyrir árið 2002 verði felld niður 650 m.kr. lánsfjárheimild til sama aðila. Farið er fram á heimildina til að ljúka á næsta ári byggingu á Náttúrufræðihúsi í Vatnsmýrinni.

Þá er í e-lið lagt til að veitt verði ný heimild til að endurlána Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, sem er í B-hluta frumvarpsins, allt að 190 m.kr. Fyrirhugað er að ráðast í stækkun flughlaða til að mæta sívaxandi fraktflugi. Framkvæmdin mun auðvelda alla afgreiðslu flugvéla og tengist nýlegum fraktskemmum á staðnum.

Í b-lið breytist samtala heimilda til endurlána vegna framangreindra breytinga á 2. tölul. 5. gr.

Gerð er tillaga um nokkrar breytingar á lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs í ljósi endurskoðunar á útlánum á þessu og næsta ári og endurskoðunar á sjóðstreymi einstakra lánaflokka. Í f-lið er gerð tillaga um að lántökuheimild húsbréfadeildar verði aukin um tæplega 4,8 milljarða kr. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að dregi úr lánveitingum á þessu og næsta ári. Raunin hefur orðið önnur, m.a. vegna hækkunar á hámarksfjárhæðum árið 2001 og að fallið var frá kaupskyldu sveitarfélaga á félagslegu húsnæði. Þá hafa umsvif á fasteignamarkaði verið meiri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í g-lið er gerð tillaga um að lántökur til að fjármagna lán til leiguíbúða hækki um tæplega 1,6 milljarða kr. og er það til að mæta auknum umsóknum um lán til leiguíbúða sem bera almenn breytileg vaxtakjör, nú 4,9%.

Í h-lið er gerð tillaga um að lántökur til að fjármagna útlán sem veitt eru á ábyrgð sveitarfélaganna til viðbótarlána verði auknar um rúma 1,4 milljarða kr. Mikil aukning hefur verið á viðbótarlánum undanfarin ár og hefur Íbúðalánasjóður af því tilefni óskað eftir því við félagsmálaráðuneyti og sveitarfélögin að fyrirkomulag viðbótarlána verði tekið til endurskoðunar í ljósi reynslunnar.

Lagt er til í i-lið að heimild Íbúðalánasjóðs til endurfjármögnunar á byggingarsjóðum ríkisins og verkamanna hækki um tæplega 800 m.kr.

Gerð er tillaga í j-lið um að heimild Ferðamálasjóðs til 100 m.kr. lántöku falli niður en til stendur að leggja fram frumvarp um að sjóðurinn verði lagður niður. Af því leiðir að liður 3.9 verður 3.8.

Loks er lagt til að við bætist nýr liður sem verði 5. tölul. og er þar sótt um heimild til að veita nýju hlutafélagi, Farice hf., allt að 800 m.kr. ríkisábyrgð til að leggja ljósleiðara frá Íslandi um Færeyjar til Skotlands. Jafnframt er farið fram á heimild í 7. gr. fyrir ríkissjóð til að kaupa hlutafé fyrir allt að 560 m.kr. í hinu nýja félagi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum. Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 2002.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.	Ásta Möller.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Nefndin fékk á sinn fund Bolla Þór Bollason, Fjólu Agnarsdóttur, Maríönnu Jónasdóttur og Benedikt Valsson frá fjármálaráðuneyti.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 264 milljarðar kr. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð. Þá hefur þjóðhagsspá sem birt var fyrr í haust verið endurskoðuð en þjóðhagsforsendur fyrir árin 2002 og 2003 eru í meginatriðum samhljóða haustspánni. Í nýrri spá fjármálaráðuneytisins er ekki gert ráð fyrir álvers- eða virkjunarframkvæmdum.

Að öllu samanlögðu er nú talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 2003 muni nema 271,6 milljörðum kr. sem er hækkun um 7,6 milljarða kr. miðað við það sem upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Má rekja þá hækkun fyrst og fremst til eftirfarandi þátta. Áætlaðar tekjur af tekjuskatti lögaðila hækka um 3 milljarða kr. Áætlaðar tekjur vegna hækkunar á áfengis- og tóbaksgjaldi hækka um 1,1 milljarð kr. Áætlaðar tekjur af dráttarvöxtum af sköttum á tekjur og hagnað hækka um tæplega 1 milljarð kr. Áætlaðar tekjur af söluhagnaði eigna ríkisins hækka um 1,8 milljarða kr. Þá mun frestun á fyrirhugaðri lækkun á stimpilgjaldi fela í sér 900 millj. kr. tekjuhækkun og hækkun á framlagi Happdrættis Háskóla Íslands til Háskólans skilar 310 millj. kr. Á móti kemur að áætlaðar tekjur af tekjuskatti einstaklinga lækka um tæplega 1 milljarð kr. þar sem gert er ráð fyrir minni launahækkun og meira atvinnuleysi en í forsendum fjárlagafrumvarpsins auk áhrifa 0,4% hækkunar á persónuafslætti.

Í meðfylgjandi töflu má sjá þær skattalagabreytingar sem fyrirhugaðar eru samkvæmt lögum settum á árunum 2001 og 2002 og koma til framkvæmda á árinu 2003:

Áætluð áhrif skattbreytinganna á tekjur ríkissjóðs árið 2003*

	Millj. kr.
Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18% 1. janúar 2002 **	-1.700
Sérstakur eignarskattur fyrirtækja fellur niður m.v. árslok 2002	-300
Eignarskattur fyrirtækja lækkar úr 1,2% í 0,6% m.v. árslok 2002	-700
Sérstakur eignarskattur einstaklinga fellur niður m.v. árslok 2002	-300
Eignarskattur einstaklinga lækkar úr 1,2% í 0,6% m.v. árslok 2002	-1.300
Tryggingagjald hækkar um 0,5% frá 1. janúar 2003 ***	1.800
Persónuafsláttur hækkar um 0,4% frá 1. janúar 2003	-230
Sérstakur tekjuskattur lækkar úr 7% í 5% frá 1. janúar 2003	-300
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækkar	100
Áfengisgjald hækkar	300
Tóbaksgjald hækkar	800
Samtals	**-1.830**

* Hér er um nettóáhrif að ræða, þ.e. að teknu tilliti til áætlaðra veltubreytinga o.fl.
** Tekjuskattur samlagsfélaga og sameignarfélaga lækkar úr 38% í 26% 1. janúar 2002.
*** Ríkissjóður undanskilinn.

Helstu breytingar efnahagsforsendna sem varða tekjuáætlun fyrir árið 2003 eru að gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 1,25% í stað 1% árið 2002 en verðbólguspáin er óbreytt, þ.e. að verðbólgan fari úr 4,75% árið 2002 í 2,25% árið 2003. Þá er reiknað með 2,25% raunaukningu samneyslu en upphaflega var aðeins reiknað með 1% vexti í fjárlagafrumvarpinu en það er afleiðing af auknum ríkisútgjöldum.

Reiknað er með lítils háttar hagvexti sem einkum kemur til af auknum útflutningi, minni samdrætti í innflutningi og meiri samneyslu. Breyttar forsendur í utanríkisviðskiptum, m.a. vegna lakari viðskiptakjara, leiða til þess að í stað hallalausra viðskipta við útlönd samkvæmt fyrri spá er nú gert ráð fyrir viðskiptahalla sem nemur tæplega 0,25% af landsframleiðslu.

Alþingi 4. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form.,
Einar K. Guðfinnson,
Árni R. Árnason,
Gunnar Birgisson,
Jónas Hallgrímsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Mikla veikleika er að finna í tekjuhlið fjárlaga. Afar ótraustar stoðir eru undir þeim tekjuauka sem fjármálaráðherra byggir breytingar á tekjuáætlun á nú við 3. umræðu fjárlaga. Tölurnar virðast tíndar upp úr hatti með það að markmiði að láta þær ganga upp í aukin útgjöld sem stofnað hefur verið til við meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi. Tekjuafgangur fjárlaga fyrir næsta ár er því afar ótraustur og ekki til þess fallinn að veita öflugt viðnám við verðbólgu eða efla stöðugleika efnahagslífsins. Fjárlögin í heild, bæði á tekju- og gjaldahlið, endurspegla því veika hagstjórn og lausatök á efnahagsmálunum þar sem reynt er að sníða tekjur að útgjöldum.

Mismunandi forsendur Seðlabanka og fjármálaráðuneytis.

Fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka ber ekki saman um veigamiklar stærðir í þjóðhagsspám fyrir næsta ár. Þannig gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir 1,75% hagvexti en Seðlabankinn 1,5%. Launabreytingar sem fjármálaráðuneyti áætlar eru 4,25% en Seðlabankinn áætlar 4% og ráðuneytið gerir ráð fyrir 2% breytingu á raunlaunum en Seðlabanki Íslands 1,5%. Seðlabankinn spáir svo 0,25% hærri verðbólgu en fjármálaráðuneytið. Veigamestur munur er svo á atvinnuleysisspá Seðlabanka og fjármálaráðuneytisins, en Seðlabankinn gerir ráð fyrir 3,25% atvinnuleysi en ráðuneytið 2,75%. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja um atvinnuástandið og að gefnum öðrum stæðrum í þjóðhagsspám er nokkuð víst að atvinnuleysið verði mun meira en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir og gæti þar munað um 500 millj. kr. sem vanáætlaðar eru í útgjöldum ráðuneytisins.

Óvissa í verðlagsforsendum frumvarpsins.

Að mati 1. minni hluta ríkir nokkur óvissa um verðlagsforsendur frumvarpsins, m.a. vegna áforma tryggingafélaga um hækkun iðgjalda og áhrifa af boðuðum hækkunum sveitarfélaga, t.d. leikskólagjöldum. ASÍ hefur líka lýst áhyggjum af því að verðhækkunarskriða geti verið fram undan. M.a. hefur komið fram að ýmsir óttast skriðu verðhækkana í kjölfar hækkana á mjólkurvörum um 3% frá og með áramótum. Jafnframt er ekki enn komin fram 12% meðaltalshækkun á húsaleigu í leiguíbúðum sem gæta mun strax í næstu vísitölumælingu. Allt þetta stefnir í hættu verðbólguforsendum fyrir næsta ár og verðlagsmarkmiðum fjárlagafrumvarpsins.

Benda má einnig á að í forsendum fjárlaga eða öðrum þjóðhagsstærðum er ekki gert ráð fyrir áhrifum af áformum um stóriðjuframkvæmdir sem þó er viðurkennt af fulltrúum fjármálaráðuneytisins að gæti farið að gæta þegar á haustmánuðum á næsta ári. Áhrifin af stóriðjuframkvæmdunum gætu því raskað nokkuð þeim þjóðhagsstærðum sem nú er byggt á.

Gert er ráð fyrir aukningu í samneyslu, að hún verði 2,25% en upphaflega var gert ráð fyrir 1% aukningu, en að einkaneysla dragist saman um 1,25% í stað 1% árið 2002. Athyglis-

vert er að í hagspá Búnaðarbankans er gert ráð fyrir 15 milljarða kr. viðskiptahalla á næsta ári, en í forsendum fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 4 milljarða kr. viðskiptahalla árið 2003.

63% vanáætlun á tekjuskatti lögaðila.

Tekjuafgangur fjárlaga fyrir næsta ár er nú áætlaður 11,5 milljarðar kr., en útgjaldaaukning frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram er 6,8 milljarðar kr. Tekjuauki við 3. umræðu fjárlaga er áætlaður 7,6 milljarðar kr. Furðulegt er að allt í einu hoppi upp úr hatti fjármálaráðuneytisins 3 milljarðar kr. með endurmati á tekjuskatti lögaðila upp á 3 milljarða kr., þannig að tekjuskattur lögaðila hækkar frá fjárlagafrumvarpi úr 5.250 millj. kr. í 8.250 millj. kr. eða um 63%.

Ástæður þessarar hækkunar er sögð vera endurmat ársins 2002 í kjölfar álagningar sem birt var í október. Þetta vanmat í fjárlagafrumvarpinu er með ólíkindum og ekki til þess fallið að vekja traust á forsendum frumvarpsins þegar áætlanir vegna tekjuskatts lögaðila sveiflast til um 63% á þremur mánuðum.

Á undanförnum fjórum árum hefur álagning á lögaðila verið um 9–10 milljarðar kr. á ári. Með 30% skatthlutfalli svarar það til þess að skattskyldur rekstrarhagnaður að frádregnu yfirfæranlegu tapi hafi verið um 30–33 milljarðar kr. á ári. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði 5.250 millj. kr. sem með 18% skatthlutfalli á lögaðila svarar til um 29 milljarða kr. skattstofns. Hækkun skatttekna um 3 milljarða kr. svarar til um 16,7 milljarða kr. hækkunar á stofni sem yrði þá alls um 45 milljarðar kr. Athyglisvert er að vegna lækkunar á skatthlutfalli úr 30% í 18% verða tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila miðað við breyttar forsendur nú við 3. umræðu fjárlaga um 8.250 millj. kr. Miðað við 30% skatthlutfall hefðu tekjurnar orðið 13.800 millj. kr. og miðað við 25% skatthlutfall, sem var tillaga Samfylkingarinnar við skattalagabreytinguna á síðasta ári, hefðu tekjur af tekjuskatti lögaðila orðið á næsta ári 11.500 milljarðar kr. Þetta staðfestir enn einu sinni ranga skattastefnu ríkisstjórnarinnar því lækkun skatthlutfalls á fyrirtæki úr 30% í 18% gagnast fyrst og fremst stórfyrirtækjum, ekki síst tryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum. Svigrúm til þessarar miklu lækkunar á skatthlutfallinu var m.a. fengið með hækkun á tryggingagjaldi sem kemur sér afar illa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, en hækkun tryggingagjalds milli áranna 2002 og 2003 er áætluð tæpir 3,8 milljarðar kr. Ástæða er til að ítreka að 25% skatthlutfall í tekjuskatti hefði dugað til að Ísland héldi skattalegu forskoti sínu á aðrar þjóðir. Það hefði þýtt 3,8 milljörðum kr. meiri tekjur í ríkissjóð á næsta ári sem gefið hefði svigrúm til verulegrar lækkunar á tryggingagjaldi sem gagnast vel litlum og meðalstórum fyrirtækjum og lækkana tekjuskatts á einstaklinga og lífeyrisþega.

Verulegar skattahækkanir á einstaklinga og minni fyrirtæki.

Af 3,8 milljarða kr. hækkun á tryggingagjaldi á næsta ári má rekja 1,8 milljarða kr. hækkun beint til lagabreytinga sem stjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir. Tekjuauki til að mæta auknum útgjöldum sem meiri hluti fjárlaganefndar stendur fyrir er einnig fenginn með því að hætta við þriðjungs lækkun stimpilgjalds sem áformað var að tæki gildi á næsta ári. Þessi skattalækkun sem nú er tekin til baka hækkar stimpilgjöld frá því sem frumvarpið gerði ráð fyrir um 900 millj. kr. Samfylkingin er þeirrar skoðunar að stimpilgjöld séu ranglátur skattur og leggist þyngra á fólk í fjárhagsþröng en aðra í samfélaginu og þyngra á lítil fyrirtæki en stór. Samfylkingin lagði til að þegar á þessu ári yrði stigið skref í að afnema stimpilgjöld þannig að stimpilgjöld yrðu lækkuð um þriðjung 1. janúar 2003. Skattheimta á borð við inn-

heimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjunum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur í för með sér neikvæð áhrif, svo sem að mismuna aðilum innan lands og veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Stimpilgjöld eru líka mjög ósanngjarn skattur gagnvart einstaklingum, einkum þeim sem eru að koma sér upp húsnæði. Fyrsti áfangi í afnámi stimpilgjalda, sem taka átti gildi nú um áramót en ríkisstjórnin hefur nú fallið frá, hefði því komið sér sérlega vel fyrir fyrirtæki og heimili. Ljóst er að afnám stimpilgjalda mundi sérstaklega gagnast litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem geta síður en stærri fyrirtæki leitað eftir lánsfé erlendis. Tekjur af stimpilgjaldi eru áætlaðar 3,3 milljarðar kr. á næsta ári. Samkvæmt lauslega áætluðu mati greiða einstaklingar 35–40% af stimpilgjaldinu eða 1,2–1,3 milljarða kr. en fyrirtæki 60–65% eða um 2–2,1 milljarð kr.

Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar nú við lokaafgreiðslu fjárlaga upp á 2 milljarða kr. birtast því einkum í 900 millj. kr. hækkun á stimpilgjaldi sem áður var áformað að lækka og í 1.100 millj. kr. hækkun á áfengi og tóbaki sem hefur veruleg verðlagsáhrif og eykur skuldir heimilanna. Auk þess hækkar tryggingagjald milli ára um 3,7 milljarða kr. sem kemur sér afar illa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Í breyttri tekjuáætlun er einnig gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki um 1 milljarð kr. Sú skýring sem gefin er á þeirri lækkun er aukið atvinnuleysi og minna launaskrið, jafnframt því sem persónuafsláttur er hækkaður um 0,4% (230 millj. kr.) til samræmis við samkomulag við aðila vinnumarkaðarins í tengslum við kjarasamninga. Það vekur líka athygli að gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna dráttarvaxta af sköttum á tekjur og hagnað sem færa á ríkissjóði um 1 milljarð kr. til viðbótar 6 milljörðum kr. sem ráð er fyrir gert í fjárlagafrumvarpinu. Tekjur af dráttarvöxtum milli áranna 2001 og 2002 eru því áætlaðar 7 milljarðar kr. Reikna má með að þessa aukningu á dráttarvöxtum megi rekja til aukinna vanskila fyrirtækja og einstaklinga við ríkissjóð, en ekki fengust á því fullnægjandi skýringar ráðuneytisins í efnahags- og viðskiptanefnd. Vera má líka að þetta sé ein af þeim reikningskúnstum sem nú er beitt til að mæta nærri 7 milljarða kr. auknum útgjaldaáformum stjórnarflokkanna frá því sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir.

Ámælisverð vinnubrögð.

Af hálfu fjármálaráðherra og ríkisstjórnar eru viðhöfð mjög sérkennileg og ámælisverð vinnubrögð við afgreiðslu á tekjuskattsfrumvarpi sem nú er til meðferðar og getur haft veruleg áhrif á tekjuhlið fjárlaga. Eftir að efnahags- og viðskiptanefnd hafði lokið umfjöllun sinni um tekjuhlið fjárlaga boðaði fjármálaráðuneytið gjörbreytingu á veigamiklu ákvæði í tekjuskattsfrumvarpi ríkisstjórnarinnar sem nú er til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd. Lagðar eru til veigamiklar breytingar á meðferð ónýtts yfirfæranlegs rekstrartaps fyrirtækja sem ekki var gert ráð fyrir í upphafilegu frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þar er gert ráð fyrir að teknar verði upp stiglækkandi fyrningar, en með þeirri aðferð eru eignir fyrndar af eftirstöðvum bókfærðs verð í stað stofnverðs hverju sinni þannig að fjárhæð fyrninga er hæst fyrstu árin og fer síðan lækkandi. Einnig er lögð til veruleg hækkun á fyrningarhlutföllum. Ekkert kostnaðarmat fylgdi þessari breytingu sem getur falið í sér verulega aukið tekjutap fyrir ríkissjóð á næstu árum. Þessi breyting kemur til viðbótar þeirri rýmkun sem felst í frumvarpinu, að fjölga árum sem heimilt er að nýta yfirfæranleg rekstrartöp úr átta í tíu ár. Vegna þeirrar breytingar einnar áætlar fjármálaráðuneytið að hægt sé að reikna með að niðurfellt tap eftir

átta ár sé að jafnaði um 1–3 milljarðar kr. Nýting þess á móti hagnaði á níunda og tíunda ári er allt að 1 milljarður kr. sem ætla má að þýði um 200 millj. kr. tekjutap ríkissjóðs á næsta ári sem ekki er hægt að sjá að gert sé ráð fyrir á tekjuhlið fjárlaga fyrir næsta ár. Heimild til að nýta yfirfæranleg rekstrartöp hefur rýrt skatttekjur ríkissjóðs um hátt í 7 milljarða kr. á ári á undanförnum árum.

Niðurstaða.

Fyrsti minni hluti telur að endurmeta þurfi málsmeðferð og alla vinnu efnahags- og viðskiptanefndar við umfjöllun á tekjuhlið fjárlaga. Lítill tími gefst til að fjalla um málið eða leita nauðsynlegra gagna og umsagna um einstaka þætti í endurskoðaðri þjóðhagsspá sem áhrif hafa á tekjuhlið fjárlaga. Vinnubrögðin eru því til vansa þar sem stutt og yfirborðsleg umfjöllun nefndarinnar um málið gefur ekki færi á að fjalla um einstaka þætti efnahagsmála eða þjóðhagsstærða eins og nauðsynlegt væri. Á þeim stutta tíma sem nefndin hafði til að fjalla um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins er ljóst að hún er öll í skötulíki, tekjuaukinn byggður á veikum grunni og ýmsar forsendur þjóðhagsstærða hæpnar.

Í hnotskurn endurspeglar tekjuhliðin veikleika við hagstjórnina.

Alþingi 4. des. 2002.

Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.

Fskj. 1.

Fjármálaráðuneyti,
efnahagsskrifstofa:

Minnisatriði um nokkrar stærðir í þjóðhagsspám fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands fyrir árið 2003 *

	Fjármálaráðu-neytið	Seðlabanki Íslands	Mismunur
Hagvöxtur	1¾%	1½%	+¼%
Atvinnuleysi	2¾%	3¼%	-½%
Launabreyting	4¼%	4%	+¼%
Verðbólga	2¼%	2½%	-¼%
Breyting raunlauna	2%	1½%	+½%

* Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins var gefin út í desemberbyrjun 2002 og spá Seðlabankans í nóvember 2002.

Fskj. 2.

Fjármálaráðuneyti,
efnahagsskrifstofa:

Skipting tekna ríkissjóðs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Reikningur 2001	Fjárlög 2002	Áætlun [1] 2002	Frumvarp 2003	Fjárlagaáætlun 2003	Breyt. frá frv. 2003
I Skatttekjur	**200.651**	**211.729**	**221.348**	**230.173**	**232.524**	**237.000**	**4.476**
Skattar á tekjur og hagnað	59.595	68.896	69.902	78.304	77.500	79.790	2.290
Einstaklingar	49.331	58.676	61.125	65.097	70.150	69.140	-1.010
Tekjuskattur einstaklinga	42.853	50.862	55.005	58.218	63.579	62.600	-979
Sérstakur tekjuskattur	1.272	1.644	1.120	1.879	1.571	1.540	-31
Skattur á fjármagnstekjur	5.206	6.170	5.000	5.000	5.000	5.000	0
Lögaðilar	9.679	9.551	6.500	10.500	5.250	8.250	3.000
Ótalið annars staðar	585	669	2.277	2.707	2.100	2.400	300
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	12	56	1.500	1.930	1.300	1.500	200
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	573	613	777	777	800	900	100
Tryggingagjöld	19.681	21.909	23.365	23.986	27.744	27.744	0
Eignarskattar	9.872	10.596	11.320	11.105	6.933	7.954	1.021
Skattar á vörur og þjónustu	110.966	109.614	115.581	115.327	118.867	120.032	1.165
Virðisaukaskattur	71.903	72.147	76.700	76.792	79.700	79.700	0
Almenn vörugjöld	11.067	11.161	15.425	15.425	15.132	16.232	1.100
Vörugjald af ökutækjum	4.960	2.853	3.150	3.000	3.200	3.200	0
Almennt vörugjald af bensíni	2.127	1.981	2.190	1.995	1.995	1.995	0
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.430	5.447	5.434	5.434	5.434	5.434	0
Aðrir sértækir veltuskattar	7.357	7.468	3.695	3.581	3.950	3.950	0
Bifreiðagjald	2.550	2.628	2.940	2.940	2.975	2.975	0
Þungaskattur	4.639	4.894	4.964	4.964	5.088	5.088	0
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	932	1.035	1.084	1.196	1.393	1.458	65
Aðrir skattar	538	714	1.180	1.452	1.481	1.481	0
II Aðrar rekstrartekjur	**19.030**	**23.274**	**20.411**	**21.884**	**21.396**	**22.409**	**1.013**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.477	1.917	1.629	2.533	2.437	2.537	100
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	10.698	14.727	13.402	13.444	12.564	13.523	959
Neyslu- og leyfisgjöld	5.208	5.782	4.682	5.208	5.628	5.582	-46
Annað	647	848	699	699	767	767	0
III Sala eigna	**634**	**1.065**	**15.520**	**15.220**	**8.540**	**10.340**	**1.800**
IV Fjármagnstilfærslur	**0**	**0**	**0**	**0**	-	-	-
V Fjárframlög	**1.231**	**1.288**	**621**	**930**	**1.540**	**1.850**	**311**
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyritækja	**3.167**				-	-	
Heildartekjur ríkissjóðs.	**224.713**	**237.356**	**257.900**	**268.207**	**264.000**	**271.600**	**7.600**
Sjóðshreyfing	**217.978**	**224.042**	**246.600**	**256.288**	**252.470**	**258.580**	**6.110**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Fylgiskjal III.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Allar götur frá því að Sjálfstæðisflokkurinn fékk lyklavöld í Stjórnarráðinu, fyrst með stuðningi Alþýðuflokks frá 1991 til 1995 og síðan Framsóknarflokks frá árinu 1995 og fram á þennan dag, hefur verið fylgt þeirri stefnu í skattamálum að flytja skattbyrðar af stöndugum fyrirtækjum og efnafólki yfir á launafólk. Jafnframt hafa margvísleg þjónustugjöld verið aukin og eru þar alvarlegastar álögur á sjúklinga, bæði vegna stóraukins lyfjakostnaðar og beinnar þátttöku þeirra við læknisverk.

Tekjuhlið fjárlagafumvarps ríkisstjórnarinnar að þessu sinni er mjög í anda þessarar stefnu, tekjuskattar fyrirtækja lækka en þær skattaívilnanir sem fram koma í þágu launafólks hafa verið knúnar fram með félagslegum þrýstingi.

Samkvæmt áætlunum fjármálaráðuneytisins má búast við því að áhrif skattkerfisbreytinga ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár verði eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:*

	M.kr.
Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18% 1. janúar 2002 **	-1.700
Sérstakur eignarskattur fyrirtækja fellur niður m.v. árslok 2002	-300
Eignarskattur fyrirtækja lækkar úr 1,2% í 0,6% m.v. árslok 2002	-700
Sérstakur eignarskattur einstaklinga fellur niður m.v. árslok 2002	-300
Eignarskattur einstaklinga lækkar úr 1,2% í 0,6% m.v. árslok 2002	-1.300
Tryggingagjald hækkar um 0,5% frá 1. janúar 2003 ***	1.800
Persónuafsláttur hækkar um 0,4% frá 1. janúar 2003	-230
Sérstakur tekjuskattur lækkar úr 7% í 5% frá 1. janúar 2003	-300
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða hækkar	100
Áfengisgjald hækkar	300
Tóbaksgjald hækkar	800
Samtals	**-1.830**

Athugasemdir:

* Hér er um nettóáhrif að ræða, þ.e. að teknu tilliti til áætlaðra veltubreytinga o.fl.

** Tekjuskattur samlagsfélaga og sameignarfélaga lækki úr 38% í 26% 1. janúar 2002.

*** Ríkissjóður undanskilinn.

Til glöggvunar á þeim miklu tilfærslum sem átt hafa sér stað í gegnum skattkerfið frá árinu 1991 og fram á þennan dag er birt hér tafla sem sýnir hvernig tekjuskattur fyrirtækja hefur þróast á þessu árabili í samanburði við tekjuskatta einstaklinga og skattleysismörk.

Skattur lagður á	Vegna tekna ársins	Hf., %	Sf., %	Einstaklingur, %	Þar af ríki, %	Þar af útsvar, %	Persónuafsláttur, kr.	Skattleysismörk ellilífeyrisþega, kr.	Skattleysismörk launamanns kr.	Hátekjuskattur, %	Hátekjumörk á mánuði, kr.
1990	1989	50	50	37,74	30,8	6,94	18.631	49.367	49.367		
1991	1990	45	45	39,79	32,8	6,99	21.482	53.988	53.988		
1992	1991	45	45	39,79	32,8	6,99	23.377	58.751	58.751		
1993	1992	39	41	39,85	32,8	7,05	23.968	60.144	60.144		
1994	1993	33	41	41,34	34,3	7,04	23.761	57.477	57.477	5	203.340
1995	1994	33	41	41,84	33,15	8,69	23.930	57.193	57.193	5	207.840
1996	1995	33	41	41,00	33,15	8,78	24.494	58.419	59.310	5	233.820
1997	1996	33	41	41,94	33,15	8,79	24.544	58.522	60.332	5	233.820
1998	1997	33	41	41,98	30,41	11,57	24.544	58.466	60.902	5	233.820
1998	1997	33	41	40,00	29,31	11,57	23.901	58.466	60.902	5	233.820
1999	1998	30	38	39,02	27,41	11,61	23.360	59.867	62.361	7	266.500
2000	1999	30	38	38,00	26,41	11,93	23.329	60.848	63.386	7	273.063
2000	2000	30	38	38,37	26,00	11,96	23.912	62.320	64.916	7	273.063
2001	2000	30	38	38,37	26,00	11,00	24.510	63.878	66.540	7	273.063
2002	2001	30	38	38,76	26,08	12,00	25.245	65.132	67.845	7	273.063
2003	2002	18	26	38,54	25,75	12,79	26.002	67.468	70.279	5	340.787

Heimild: Embætti ríkisskattstjóra, að undanskildum útreikningi á skattleysismörkum.

Allir gestir efnahags- og viðskiptanefndar sem voru í forsvari fyrir samtök launafólks, öryrkja og eldri borgara mótmæltu skattastefnu ríkisstjórnarinnar harðlega og sögðu að um hana mundi ekki ríkja neinn friður í samfélaginu. 2. minni hluti lýsir andstöðu við áherslur ríkisstjórnarinnar í skattamálum en þær eru í anda þeirrar skattastefnu sem rekin hefir verið í landinu í rúman áratug.

Alþingi, 4. des. 2002.

Ögmundur Jónasson.

544. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.19 Efnahagsrannsóknir	40,0	10,0	50,0
2. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	1,0	1,0	2,0
b. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	287,2	70,0	357,2

3. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	238,9	15,0	253,9
b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	28,0	-14,0	14,0
c. 6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum	7,0	-7,0	0,0
4. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.90 Söfn, ýmis framlög	33,6	0,2	33,8
Við 3. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður, svohljóðandi:			
15. Sjóminjasafn Íslands, viðgerð á árabátnum Þór			0,2
b. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	45,0	7,0	52,0
Við 4. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður, svohljóðandi:			
8. Samgöngusafnið í Skógum			7,0
5. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
Við 6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Heiti liðarins verði:			
6.21 Endurbætur menningarstofnana			
6. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
6.10 Húsafriðunarnefnd	80,3	14,0	94,3
7. Við **02-982 Listir, framlög**			
1.90 Listir	47,8	3,0	50,8
Við 6. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður, svohljóðandi:			
22. Leikminjasafn Íslands, undirbúningur			3,0
8. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
1.51 Fræða- og þekkingarsetur	10,0	-2,5	7,5
9. Við **02-999 Ýmislegt**			
Við 1.90 Ýmis framlög. Í 11. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist heiti 23. tölul. og verði svohljóðandi:			
23. Framkvæmdanefnd mótsvæðis á Vindheimamelum			
10. Við **03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**			
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur	508,9	80,6	589,5
Innheimt af ríkistekjum	*508,9*	*80,6*	*589,5*
11. Við **04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**			
a. 1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	185,3	10,0	195,3
b. 6.20 Fasteignir og lóðir	28,0	-10,0	18,0
12. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
Við sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýtt yfirlit, svohljóðandi:			
14. Ýmis verkefni (05-190-1.90).			
1. Kalkþörungavinnsla í Arnarfirði og Húnaflóa			10,0
2. Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla			5,0

3. Uppbygging kræklingaeldis			5,0
4. Rannsóknir á eiturefnum í fiski			7,0
Óskipt			3,7
Samtals			**30,7**
13. Við **05-204 Fiskistofa**			
a. 1.01 Fiskistofa	449,4	82,0	531,4
b. 1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	37,5	-16,0	21,5
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*322,7*	*66,0*	*388,7*
14. Við **05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins**			
a. 6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	621,0	121,0	742,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*121,0*	*121,0*
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*621,0*	*121,0*	*742,0*
d. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*-121,0*	*-121,0*
15. Við **06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík**			
1.20 Löggæsla	17,1	4,0	21,1
16. Við **07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**			
1.01 Almennur rekstur	115,8	4,0	119,8
17. Við **07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**			
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	57,2	5,0	62,2
18. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
a. 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.291,0	675,0	5.966,0
b. 1.12 Jöfnun húsaleigubóta	335,0	-335,0	0,0
19. Við **07-980 Vinnumálastofnun**			
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	9,5	5,0	14,5
20. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*5,0*	*-5,0*	*0,0*
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*2.057,0*	*305,0*	*2.362,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*300,0*	*-300,0*	*0,0*
21. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	476,0	-100,0	376,0
Greitt úr ríkissjóði	*476,0*	*-100,0*	*376,0*
22. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.31 Félagasamtök, styrkir	58,5	0,7	59,2
Eftirfarandi breytingar verði á 14. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta:			
a. 15. tölul. [Blindrafélagið] falli brott.			
b. Heiti 27. tölul. verði: Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.			
c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
29. Hugur og hönd, listasmiðja			0,7
d. Í stað tölunnar „800“ í óskipt komi: 5.800.			
23. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
1.41 Heimilisuppbót	2.160,0	50,0	2.210,0
24. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	8.090,0	680,0	8.770,0

b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.905,0	290,0	4.195,0
c. 1.26 Tekjutryggingarauki	750,0	580,0	1.330,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.886,0*	*1.550,0*	*6.436,0*
25. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	280,1	20,0	300,1
26. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	264,0	5,0	269,0
Við 15. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
13. Heilsugæslustöðin Raufarhöfn			5,0
27. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.90 Ýmis framlög	63,8	3,2	67,0
Greitt úr ríkissjóði	*754,8*	*3,2*	*758,0*
Í 16. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, breytist óskipt og verði svohljóðandi:			
Óskipt			39,4
28. Við **08-401 Hjúkrunarheimili, almennt**			
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	202,3	440,0	642,3
29. Við **08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
a. 6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	322,4	98,1	420,5
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*722,0*	*163,0*	*885,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*64,9*	*-64,9*	*0,0*
30. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	239,4	50,0	289,4
31. Við **08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**			
1.11 Sjúkrasvið	225,7	4,0	229,7
32. Við **08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi**			
1.11 Sjúkrasvið	535,1	15,1	550,2
33. Við **09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**			
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	4.025,0	-200,0	3.825,0
Viðskiptahreyfingar	*1.522,0*	*-200,0*	*1.322,0*
34. Við **09-721 Fjármagnstekjuskattur**			
1.11 Fjármagnstekjuskattur	1.300,0	200,0	1.500,0
35. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	8,0	2,5	10,5
Við 24. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
2. Náttúrustofa Norðurlands eystra, undirbúningur			2,5
36. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
1.01 Almenn starfsemi	433,8	7,2	441,0
37. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.900,0	-400,0	15.500,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*16.220,0*	*-620,0*	*15.600,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-320,0*	*220,0*	*-100,0*

545. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

I	**Skatttekjur**	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
1	**Skattar á tekjur og hagnað**	m.kr.	m.kr.
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	62.600,0	60.096,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.540,0	1.540,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	5.000,0	4.960,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**69.140,0**	**66.596,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	8.250,0	6.930,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.500,0	1.435,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	900,0	885,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar ...	**2.400,0**	**2.320,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**79.790,0**	**75.846,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	160,0	160,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	23.781,1	23.067,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.803,0	3.726,9
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**27.744,1**	**26.954,6**
	Tryggingagjöld	**27.744,1**	**26.954,6**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
3	**Skattar á launagreiðslur**	m.kr.	m.kr.
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	190,0	190,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	1.720,0	1.720,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	1.050,0	1.050,0
	Skattar á hreina eign	**2.770,0**	**2.770,0**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	800,0	800,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.300,0	3.201,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	342,0	342,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	742,0	742,0
	Sértækir eignarskattar	**1.084,0**	**1.084,0**
	Eignarskattar	**7.954,0**	**7.855,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	79.700,0	76.512,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.079,1	2.058,3
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	700,0	700,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.200,0	3.200,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.995,0	1.995,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.434,0	5.434,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	36,1	36,1

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	646,0	646,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	6.932,0	6.989,7
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.000,0	4.000,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.839,2	1.839,2
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.704,0	2.656,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.244,3	1.244,3
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1,3	1,3
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**110.511,0**	**107.311,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.975,0	2.910,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	5.088,0	5.088,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	167,4	167,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	76,6	76,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	347,5	346,7
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	207,5	207,5
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	642,6	642,6
5.2.2.35	Ýmislegt	17,0	17,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**9.521,6**	**9.455,8**
	Skattar á vörur og þjónustu	**120.032,6**	**116.767,7**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	203,0	203,0
6.1.15	Markaðsgjald	237,7	237,7
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	760,0	760,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**1.200,7**	**1.200,7**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
6.2.1	Sektir á skatttekjur	90,0	22,0
	Aðrir skattar	**1.290,7**	**1.222,7**
	Skatttekjur, samtals	**237.001,4**	**228.836,0**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	1.015,0	1.015,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.522,0	1.522,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.537,0**	**2.537,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	7.885,0	3.283,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	5.036,0	4.949,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	570,0	570,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	32,0	32,0
	Aðrar eignatekjur	**13.523,0**	**8.834,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**16.060,0**	**11.371,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	496,7	496,7
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	220,8	220,8
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.171,0	2.171,0
9.1.3.5	Skólagjöld	336,0	336,0
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	538,1	538,1
9.1.3.20	Prófgjöld	12,9	12,9
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	118,5	118,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	815,4	815,4
9.1.3.35	Ýmislegt	300,8	330,2
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	379,7	379,7
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	47,2	47,2
9.1.4.15	Afgreiðslugjöld skipa	45,0	45,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**5.582,1**	**5.611,5**
	Ýmsar tekjur	**5.582,1**	**5.611,5**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	380,0	353,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	200,0	132,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**615,0**	**520,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	128,0	128,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0	24,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**152,0**	**152,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**22.409,1**	**17.654,5**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
		m.kr.	m.kr.
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	9.800,0	9.800,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**10.300,0**	**10.300,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	40,0	40,0
	Sala eigna, samtals	**10.340,0**	**10.340,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	85,5	85,5
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	270,0	270,0
	Rekstrarframlög	**355,5**	**355,5**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	1.074,0	1.074,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	420,0	420,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.849,5**	**1.849,5**
	Fjárframlög, samtals	**1.849,5**	**1.849,5**
	Heildartekjur samtals:	**271.600,0**	**258.680,0**

546. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

Sundurliðun 3 (**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 3
Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	2.350,0
Rekstrargjöld	2.000,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**365,0**
Hagnaður (-tap)	**365,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	365,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	20,0
Handbært fé frá rekstri	**385,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	700,0
Afborganir af teknum löngum lánum	60,0
Greitt til Háskóla Íslands	1.014,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-374,0**
Breyting á handbæru fé	**1,0**
Handbært fé í ársbyrjun	166,0
Handbært fé í árslok	167,0

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:	m.kr.
Rekstrartekjur	875,0
Rekstrargjöld	3.038,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-223,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-2.386,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.171,0
Hagnaður (-tap)	**-215,0**

Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-215,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	383,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-25,0
Handbært fé frá rekstri	**143,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	143,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-143,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,0
Handbært fé í árslok	1,0

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:	m.kr.
Rekstrartekjur	55,0
Rekstrargjöld	537,7
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-480,7**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	250,0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	196,4
Hagnaður (-tap)	**-34,3**

Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-34,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**10,7**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	10,7
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-10,7**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3,0
Handbært fé í árslok	3,0

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	53,1
Rekstrargjöld	788,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-734,9**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	589,5
Hagnaður (-tap)	**-145,4**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-145,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	98,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**-37,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	970,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-970,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	970,0
Afborganir af teknum löngum lánum	27,3
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**942,7**
Breyting á handbæru fé	**-64,5**
Handbært fé í ársbyrjun	445,4
Handbært fé í árslok	380,9

23-118 Ratsjárstofnun

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	1.247,8
Rekstrargjöld	1.247,8
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**
Sjóðstreymi:	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	36,8
Handbært fé frá rekstri	**36,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,1
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,1**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	28,7
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-28,7**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	103,9
Handbært fé í árslok	103,9

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:	m.kr.
Rekstrartekjur	15.138,1
Rekstrargjöld	11.475,3
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	12,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**3.674,8**
Hagnaður (-tap)	**3.674,8**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	3.674,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	62,0
Handbært fé frá rekstri	**3.736,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	85,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-83,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	133,0
Tóbaksgjald í ríkissjóð	3.734,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.867,5**
Breyting á handbæru fé	**-214,2**
Handbært fé í ársbyrjun	1.007,0
Handbært fé í árslok	792,8

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:	m.kr.
Rekstrartekjur	1.851,5
Rekstrargjöld	1.949,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-97,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	97,5
Sjóðstreymi:	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	141,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-10,0
Handbært fé frá rekstri	**131,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-120,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	211,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-11,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2,0
Handbært fé í árslok	2,0

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:	m.kr.
Rekstrartekjur	5.610,0
Rekstrargjöld	5.714,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-230,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-334,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	153,0
Hagnaður (-tap)	**-181,0**

Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-181,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.088,0
Handbært fé frá rekstri	**907,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	903,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-883,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	180,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	219,0
Afborganir af skammtíma lánum	360,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-259,0**
Breyting á handbæru fé	**-235,0**
Handbært fé í ársbyrjun	-542,0
Handbært fé í árslok	-777,0

547. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

Sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 4
Fjármál lánastofnana í C-hluta.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	2.050,0
Fjármagnsgjöld	2.400,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	700,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	652,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.702,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	3.028,0
Aðrar rekstrartekjur	15,0
Önnur rekstrargjöld	299,0
Hagnaður (-tap)	**1.042,0**

Sjóðstreymi:	m.kr.
Hagnaður (-tap)	1.042,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	250,0
Handbært fé frá rekstri	**1.292,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	100,0
Veitt löng lán	5.930,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.300,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	48,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.778,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.000,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.300,0**
Breyting á handbæru fé	**-186,0**
Handbært fé í ársbyrjun	534,0
Handbært fé í árslok	348,0

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	15,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Hreinar fjármunatekjur	**10,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	190,0
Aðrar rekstrartekjur	45,0
Önnur rekstrargjöld	260,0
Hagnaður (-tap)	**-15,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-15,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5,0
Handbært fé frá rekstri	**-10,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-5,0**
Handbært fé í ársbyrjun	140,0
Handbært fé í árslok	135,0

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	1.464,4
Fjármagnsgjöld	1.222,2
Framlög í afskriftasjóð útlána	100,0
Hreinar fjármunatekjur	**142,2**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	162,4
Aðrar rekstrartekjur	11,0
Önnur rekstrargjöld	99,3
Hagnaður (-tap)	**216,3**

Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	216,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-10,3
Handbært fé frá rekstri	**206,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.909,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.900,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-9,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.600,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.838,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-238,0**
Breyting á handbæru fé	**-41,0**
Handbært fé í ársbyrjun	199,5
Handbært fé í árslok	158,5

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	150,0
Fjármagnsgjöld	210,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-30,0
Hreinar fjármunatekjur	**-30,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	742,0
Önnur rekstrargjöld	50,0
Hagnaður (-tap)	**662,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	662,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-10,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**662,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	522,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**527,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.350,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-850,0**
Breyting á handbæru fé	**339,0**
Handbært fé í ársbyrjun	421,0
Handbært fé í árslok	760,0

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	21.396,0
Fjármagnsgjöld	18.138,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	413,0
Hreinar fjármunatekjur	**2.845,0**
Aðrar rekstrartekjur	529,0
Önnur rekstrargjöld	458,0
Hagnaður (-tap)	**2.916,0**

Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	2.916,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	12.947,0
Handbært fé frá rekstri	**15.863,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	34.690,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.932,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	12,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-28.770,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	34.350,0
Afborganir af teknum löngum lánum	18.736,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**15.614,0**
Breyting á handbæru fé	**2.707,0**
Handbært fé í ársbyrjun	5.656,0
Handbært fé í árslok	8.363,0

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	1.566,0
Fjármagnsgjöld	1.803,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	13,0
Hreinar fjármunatekjur	**-250,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	162,0
Aðrar rekstrartekjur	68,0
Önnur rekstrargjöld	14,0
Hagnaður (-tap)	**-34,0**

Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-34,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	482,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-277,0
Handbært fé frá rekstri	**171,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	9.250,0
Afborganir af veittum löngum lánum	172,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-9.078,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	12.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	476,0
Afföll vegna sölu húsnæðisbréfa	3.114,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**8.710,0**
Breyting á handbæru fé	**-197,0**
Handbært fé í ársbyrjun	11,0
Handbært fé í árslok	-186,0

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	1.329,0
Fjármagnsgjöld	1.406,0
Hreinar fjármunatekjur	**-77,0**
Aðrar rekstrartekjur	30,0
Önnur rekstrargjöld	14,0
Hagnaður (-tap)	**-61,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-61,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	364,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-226,0
Handbært fé frá rekstri	**77,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	6.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	112,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-5.888,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	8.320,0
Afborganir af teknum löngum lánum	410,0
Afföll vegna sölu húsnæðisbréfa	2.091,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**5.819,0**
Breyting á handbæru fé	**8,0**
Handbært fé í ársbyrjun	7,0
Handbært fé í árslok	15,0

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	5.888,0
Fjármagnsgjöld	6.318,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	225,0
Hreinar fjármunatekjur	**-655,0**
Aðrar rekstrartekjur	126,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-779,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-779,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-329,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-232,0
Handbært fé frá rekstri	**-1.340,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5.163,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	7,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5.156,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	9.740,0
Afborganir af teknum löngum lánum	11.641,0
Afföll vegna sölu húsnæðisbréfa	2.240,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.141,0**
Breyting á handbæru fé	**-325,0**
Handbært fé í ársbyrjun	340,0
Handbært fé í árslok	15,0

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	41,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	20,0
Hreinar fjármunatekjur	**21,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	16,6
Önnur rekstrargjöld	159,0
Hagnaður (-tap)	**-121,4**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-121,4
Handbært fé frá rekstri	**-121,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	26,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**26,0**
Breyting á handbæru fé	**-95,4**
Handbært fé í ársbyrjun	118,6
Handbært fé í árslok	23,2

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	15,0
Fjármagnsgjöld	0,7
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Hreinar fjármunatekjur	**9,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	82,8
Önnur rekstrargjöld	113,8
Hagnaður (-tap)	**-21,7**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-21,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	15,0
Handbært fé frá rekstri	**-1,7**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	40,0
Afborganir af veittum löngum lánum	18,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-22,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4,5**
Breyting á handbæru fé	**-28,2**
Handbært fé í ársbyrjun	65,8
Handbært fé í árslok	37,6

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	1.000,0
Fjármagnsgjöld	500,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	360,0
Hreinar fjármunatekjur	**140,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	285,6
Aðrar rekstrartekjur	10,0
Önnur rekstrargjöld	350,0
Hagnaður (-tap)	**85,6**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	85,6
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**485,6**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.800,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Áhættufjármunir	250,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.850,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	2.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.000,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.500,0**
Breyting á handbæru fé	**135,6**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	435,6

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	400,0
Fjármagnsgjöld	20,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	200,0
Hreinar fjármunatekjur	**180,0**
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-70,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-70,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	230,0
Handbært fé frá rekstri	**160,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	40,0
Afborganir af veittum löngum lánum	150,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Áhættufjármunir	300,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	400,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**205,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**363,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.420,0
Handbært fé í árslok	2.783,0

548. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

Við 5. gr.

a. Í stað orðanna „allt að 28.400 m.kr.“ í 1. tölul. komi: allt að 20.000 m.kr.
b. Í stað orðanna „allt að 5.214 m.kr.“ í 2. tölul. komi: allt að 5.890 m.kr.
c. Í stað orðanna „allt að 4.100 m.kr.“ í lið 2.1 komi: allt að 4.300 m.kr.
d. Í stað orðanna „allt að 414 m.kr.“ í lið 2.4 komi: allt að 700 m.kr.
e. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: 2.5 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli allt að 190 m.kr.
f. Í stað orðanna „allt að 29.557 m.kr.“ í lið 3.2 komi: allt að 34.350 m.kr.
g. Í stað orðanna „allt að 10.706 m.kr.“ í lið 3.3 komi: allt að 12.300 m.kr.
h. Í stað orðanna „allt að 6.948 m.kr.“ í lið 3.4 komi: allt að 8.320 m.kr.
i. Í stað orðanna „allt að 8.961 m.kr.“ í lið 3.5 komi: allt að 9.740 m.kr.
j. Liður 3.8 falli brott.
k. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   5. Annað.
   Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs með sjálfskuldarábyrgð lántöku Farice hf. allt að 800 m.kr.

549. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, DrH, ÁMöl).

1. Við 7. gr. Nýr liður:
   2.24 Að selja skrifstofuhúsnæði Skógræktar ríkisins að Miðvangi 2, Egilsstöðum, og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á öðru hentugu húsnæði.
2. Við 7. gr. Nýir liðir:
   3.29 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi að Fannborg 7–9 og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
   3.30 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3. Við 7. gr. Liður 4.39 falli brott.
4. Við 7. gr. Liður 4.56 orðist svo:
   Að selja prestssetursjörðina Desjarmýri – Setberg í Borgarfirði eystra, Múlaprófastsdæmi.
5. Við 7. gr. Nýir liðir:
   4.58 Að selja hluta af jörðinni Staðarfelli, Þingeyjarsveit, Suður-Þingeyjarsýslu.
   4.59 Að selja hluta af jörðinni Laxárhlíð, Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
   4.60 Að selja hluta jarðarinnar Hvammbóls (Ketilsstaða III), Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

4.61 Að selja hluta jarðarinnar Efstu-Grundar, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.
4.62 Að selja jörðina Langholt, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.63 Að selja jörðina Hærukollsnes í Álftafirði, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.64 Að selja jörðina Neðri-Þverá, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.65 Að selja hluta af jörðinni Húsey, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.66 Að selja hluta af jörðinni Borgum í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.67 Að selja hluta af jörðinni Knappstöðum í Fljótum, Skagafjarðarsýslu.
4.68 Að selja jörðina Kvíarhól, Ölfusi, Árnessýslu.
4.69 Að selja jörðina Glaumbæ í Staðarsveit, Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu.
4.70 Að selja prestssetursjörðina Árnes, Árneshreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.71 Að selja landspildur í eigu ríkissjóðs í Garðabæ.
4.72 Að selja 13,62 ha spildu í eigu ríkisins við Grænás í Reykjanesbæ.
4.73 Að selja jörðina Hrjót í Hjaltastaðaþinghá, Norður-Múlasýslu.
4.74 Að selja jörðina Hvamm í Eyjafjarðarsveit, Eyjafjarðarsýslu.

6. Við 7. gr. Nýir liðir:
6.32 Að kaupa eða leigja fasteignir fyrir sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.33 Að kaupa jörðina Víðidal, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
6.34 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir sýslumanninn á Höfn í Hornafirði.
6.35 Að taka á leigu reiðkennsluhúsnæði að Hólum í Hjaltadal og nýta sér kauprétt á hinni leigðu eign þegar fé hefur verið veitt til þess á Alþingi.

7. Við 7. gr. Nýir liðir:
7.11 Að ganga til samninga við Neyðarlínuna hf. um kaup á upplýsingakerfum félagsins.
7.12 Að taka þátt í hlutafjáraukningu í Fiskeldi Eyjafjarðar hf. er nemur 25,4% eignarhlut ríkisins í félaginu fyrir allt að 102 m.kr.
7.13 Að kaupa hlutafé í Farice hf. fyrir allt að 560 m.kr.
7.14 Að heimila Háskóla Íslands að stofna félag til að vinna að þróun og markaðssetningu á vísindagörðum og leggja sem stofnframlag til félagsins eða ráðstafa með öðrum hætti hluta af lóðarréttindum skólans í Vatnsmýri í Reykjavík í þessu skyni.
7.15 Að semja við Fóðuriðjuna í Ólafsdal um sambærilegt uppgjör og samið var um við aðra framleiðendur grasköggla árið 1999.

550. Tillaga til þingsályktunar [424. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001

um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000, um breytingu á tilskipun ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum

tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

Tilskipunin hefur þann megintilgang að einfalda framkvæmd tilskipana um þetta efni, samræma ákvæði um sömu efnisþætti sem voru settir fram með með mismunandi hætti í ólíkum tilskipunum og skýra frekar atriði sem þóttu óljós. Tilskipunin á að vera komin til framkvæmda í aðildarríkjunum fyrir 1. janúar 2003.

Aðdragandi málsins var sá að í skýrslu sem framkvæmdastjórnin sendi Evrópuþinginu og ráðinu um framkvæmd tilskipunar 89/48/EBE í febrúar 1996 er vikið að nokkrum atriðum sem æskilegt væri að kveða á um í tilskipuninni til þess að einfalda framkvæmd hennar. Í kjölfarið fór fram ítarleg athugun á almennu tilskipununum tveimur, þ.e. 89/48/EBE og 92/51/EBE, auk annarra tilskipana um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og starfsréttindum sem leiddi til þess að gefin var út tilskipun 2001/19/EB.

Þessi nýja tilskipun breytir eftirtöldum tilskipunum: Tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á menntun og prófskírteinum og auk þess tilskipunum 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE um hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæður, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna. Tilskipanirnar falla undir svið fjögurra ráðuneyta, þ.e. menntamálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis. Breytingum sem gera þarf á löggjöf og reglugerðum vegna upptöku tilskipunar-

innar eru tilgreindar hér á eftir fyrir hvert ráðuneyti um sig, en landbúnaðarráðuneyti taldi ekki þörf neinna breytinga.

Áhrif tilskipunarinnar á svið menntamálaráðuneytis.

Helstu breytingar sem felast í þessari nýju tilskipun og varða tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE eru eftirfarandi:

- Hugtakinu „lögvernduð menntun og þjálfun“ er bætt inn í tilskipun 89/48/EBE en þetta hugtak er nú þegar skilgreint í tilskipun 92/51/EBE.
- Ef í ljós kemur að umtalsverður munur er á menntun og þjálfun þess sem sækir um viðurkenningu og þeim kröfum sem gerðar eru í gistiríkinu gat gistiríkið krafist þess að umsækjandi tæki aðlögunartíma eða gengist undir próf í þeim þáttum sem ekki fólust í upphaflegu námi og þjálfun umsækjanda. Með tilskipun 2001/19/EB er aðildarríkjunum gert skylt að kanna að hve miklu leyti starfreynsla viðkomandi, eftir að að hann lauk námi og tilskyldri starfsþjálfun, getur komið í stað þess sem talið var á vanta í upphaflegu námi og þjálfun.
- Stefna skal að því auka og einfalda samhæfingu í framkvæmd almennu tilskipananna, þ.e. tilskipana 89/48/EBE og 92/51/EBE, m.a. með því að gefa hópi tengiliða, sem starfar samkvæmt ákvæðum í tilskipun 89/48/EBE, tækifæri til að fjalla um tiltekin mál sem framkvæmdastjórnin vísar til hópsins og varða almennu tilskipanirnar.

Þar sem tilskipunin breytir efnislega tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE þarf að breyta lögum nr. 83/1993 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum á þann veg að númer tilskipunarinnar komi fram í 1. gr. laganna og verður frumvarp lagt fram á yfirstandandi þingi til þess.

Tilskipunin felur ekki í sér nýjar kvaðir fyrir Ísland enda miðar hún fyrst og fremst að því að auka skýrleika í framsetningu og framkvæmd áðurnefndra tveggja tilskipana.

Áhrif tilskipunarinnar á svið iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

Vegna upptöku tilskipunar 2001/19/EB frá 14. maí 2001, sem snertir viðurkenningu á starfsréttindum ýmissa stétta á grundvelli almennra tilskipana og tilskipana um einstakar stéttir, í íslenskan rétt var þegar á 127. löggjafarþingi 2001–2002 gerð breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum. Var frumvarp þar að lútandi, sem varð að lögum nr. 69/2002, samið í iðnaðarráðuneytinu. Nánar tiltekið þurfti í frumvarpinu að vísa í breytingar á tilskipun 85/384/EBE, sem er um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum á grundvelli ákveðinnar menntunar og starfsþjálfunar, og tilskipun 89/48/EBE, sem varðar starfsréttindi arkitekta, svo og taka af tvímæli um skyldu til rökstuðnings vegna synjunar á leyfi til að bera starfsheitið arkitekt og um rétt til að leita til dómstóla vegna synjunarinnar og ef ákvörðun um slíkt leyfi væri ekki tekin innan tilsetts frests. Þetta bætir réttarstöðu arkitekta í EES-ríkjum.

Sé litið á einstök ákvæði tilskipunar 85/384/EBE sést að í 11. gr. hennar eru gerðar breytingar, sbr. 1. tölul. 4. gr. framangreindra laga. Er þar m.a. kveðið á um athugun ríkja á vissum skírteinum arkitekta um hæfni, svo og ákvarðanatöku um leyfi til að bera starfsheitið arkitekt þar innan þriggja mánaða eftir að umsókn hefur verið lögð fram með fullnægjandi gögnum. Í 6. gr. a í tilskipuninni er síðan kveðið á um að rökstyðja þurfi synjun og jafnframt að viðkomandi umsækjandi geti leitað til dómstóla samkvæmt landslögum ef umsókn er synjað eða henni ekki svarað innan tilsetts frests, sbr. 6. gr. tilskipunarinnar eins og henni hefur verið breytt.

Áhrif tilskipunarinnar á sviði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Með reglugerð nr. 244/1994 voru sett ákvæði um framkvæmd á staðfestingu starfsleyfa samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins sem hafa verið teknar inn í EES-samninginn. Tilskipanir Evrópusambandsins varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, ljósmæðra, lyfjafræðinga og lækna voru birtar sem fylgskjöl með reglugerð nr. 244/1994. Breytingar á fyrrgreindum tilskipunum hafa jafnframt verið birtar sem fylgiskjöl með breytingu á reglugerðinni. Tilskipun nr. 2001/19/EBE er nánari útfærsla og samræming á þeirri framkvæmd og túlkun sem verið hefur á staðfestingu starfsleyfa þeirra starfsgreina sem tilskipunin fjallar um. Tilskipun 2001/19/EBE ásamt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002 verða innleiddar og birtar sem fylgiskjöl með breytingum á reglugerð nr. 244/1994.

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar komi til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 1. janúar 2003.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 84/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2001 frá 18. maí 2001 ([1]).

2) Í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins um SLIM-framtaksverkefnið skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að leggja fram tillögur sem miða að því að einfalda uppfærslu skránna yfir prófskírteini sem viðurkenna má sjálfkrafa. Tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega

([1]) Stjtíð. EB L 165, 21.6.2001, bls. 60 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 2, 21.6.2001, bls. 2.

menntun og hæfi ([2]) kveður á um einfaldaða málsmeðferð þegar um er að ræða prófskírteini heimilislækna. Reynslan hefur sýnt að málsmeðferðin býður upp á fullnægjandi réttaröryggi. Æskilegt er að víkka hana út þannig að hún taki til prófskírteina hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, lyfjafræðinga og lækna.

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Ákveðnir aðlögunarliðir, sem kveðið er á um í kafla XI.D.I í I. viðauka við lögin um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á ([4]) skulu felldir inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/48/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„ eins og henni var breytt með:

– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„1. Eftirfarandi undirlið skal skotið inn á milli fyrsta og annars undirliðar:

„– **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtíð. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1),

---

([2]) Stjtíð. EB L 165, 7.7.1993, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtíð. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

3. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 4. lið (tilskipun ráðsins 93/16/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Texti aðlögunarliðar a) falli brott.
3. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar b):

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í læknisfræði í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðauka A við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Lækningaleyfi	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru riki og þessi tilskipun gildir um og talin eru upp í þessum viðauka		Vottorð um hagnýta þjálfun sem gefið er út af þar til bærum yfirvöldum
Norge	Vitnemål for fullført grad *candidata/candidatus medicinae,* stytt form *cand.med.*	Medisinsk universitetsfakultet	Bekreftelse på praktisk tjeneste som lege utstedt av kompetent offentlig myndighet

“

4. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar c):

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðauka B við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Sérfræðileyfi	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru ríki og þessi tilskipun gildir um og talin eru upp í þessum viðauka	Þar til bær yfirvöld	Vottorð um hagnýta þjálfun sem gefið er út af þar til bærum yfirvöldum
Norge	Spesialistgodkjenning	Den norske lægeforening ihht. delegert myndighet	

“

5. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar d):

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti náms í sérgreinum læknisfræði í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðauka C við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Svæfingalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 3 ár	
Ísland	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði	
Liechtenstein	Anästhesiologie	
Norge	Anestesiologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Almennar skurðlækningar	
	Lágmarkslengd náms: 5 ár	
Ísland	Skurðlækningar	
Liechtenstein	Chirurgie	
Norge	Generell kirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Taugaskurðlækningar	
	Lágmarkslengd náms: 5 ár	
Ísland	Taugaskurðlækningar	
Liechtenstein	Neurochirurgie	
Norge	Nevrokirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Fæðinga- og kvenlækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Fæðingar- og kvenlækningar	
Liechtenstein	Gynäkologie und Geburtshilfe	
Norge	Fødselshjelp og kvinnesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lyflækningar	
	Lágmarkslengd náms: 5 ár	
Ísland	Lyflækningar	
Liechtenstein	Innere Medizin	
Norge	Indremedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Augnlækningar	
	Lágmarkslengd náms: 3 ár	
Ísland	Augnlækningar	
Liechtenstein	Augenheilkunde	
Norge	Øyesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Háls-, nef- og eyrnalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 3 ár	
Ísland	Háls-, nef- og eyrnalækningar	
Liechtenstein	Hals-, Nasen- und Ohrenkrankheiten	
Norge	Øre-nese-halssykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Barnalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Barnalækningar	
Liechtenstein	Kinderheilkunde	
Norge	Barnesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lungnalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Lungnalækningar	
Liechtenstein	Pneumologie	
Norge	Lungesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Þvagfæralækningar	
	Lágmarkslengd náms: 5 ár	
Ísland	Þvagfæraskurðlækningar	
Liechtenstein	Urologie	
Norge	Urologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Bæklunarskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Bæklunarskurðlækningar	
Liechtenstein	Orthopädische Chirurgie	
Norge	Ortopedisk kirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Líffærameinafræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Vefjameinafræði	
Liechtenstein	Pathologie	
Norge	Patologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Taugalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Taugalækningar	
Liechtenstein	Neurologie	
Norge	Nevrologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Geðlækningar	
Liechtenstein	Psychiatrie und Psychotherapie	
Norge	Psykiatri	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geislagreining		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Geislagreining	
Liechtenstein	Medizinische Radiologie/Radiodiagnostik	
Norge	Radiologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Geislameðferð	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland		
Liechtenstein	Medizinische Radiologie/Radio-Onkologie	
Norge		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Örveru- og gerlafræði	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Sýklafræði	
Liechtenstein		
Norge	Medisinsk mikrobiologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lífefnafræði	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Klínísk lífefnafræði	
Liechtenstein		
Norge	Klinisk kjemi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Ónæmisfræði	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Ónæmisfræði	
Liechtenstein	Allergologie und klinische Immunologie	
Norge	Immunologi og transfusjonsmedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lýtalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 5 ár	
Ísland	Lýtalækningar	
Liechtenstein	Plastische- und Wiederherstellungschirurgie	
Norge	Plastikkirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Brjóstholsskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Brjóstholsskurðlækningar	
Liechtenstein	Herz- und thorakale Gefässchirurgie	
Norge	Thoraxkirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Barnaskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Barnaskurðlækningar	
Liechtenstein	Kinderchirurgie	
Norge	Barnekirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Æðaskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland	Æðaskurðlækningar	
Liechtenstein		
Norge	Karkirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Hjartalækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Hjartalækningar	
Liechtenstein	Kardiologie	
Norge	Hjertesykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Meltingarfæralækningar		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Meltingarlækningar	
Liechtenstein	Gastroenterologie	
Norge	Fordøyelsessykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Gigtarlækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Gigtarlækningar	
Liechtenstein	Rheumatologie	
Norge	Revmatologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Blóðmeinafræði	
	Lágmarkslengd náms: 3 ár	
Ísland	Blóðmeinafræði	
Liechtenstein	Hämatologie	
Norge	Blodsykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Efnaskipta- og innkirtlalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 3 ár	
Ísland	Efnaskipta- og innkirtlalækningar	
Liechtenstein	Endokrinologie-Diabetologie	
Norge	Endokrinologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Orku- og endurhæfingarlækningar	
	Lágmarkslengd náms: 3 ár	
Ísland	Orku- og endurhæfingarlækningar	
Liechtenstein	Physikalische Medizin und Rehabilitation	
Norge	Fysikalsk medisin og rehabilitering	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Húð- og kynsjúkdómalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 3 ár	
Ísland	Húð- og kynsjúkdómalækningar	
Liechtenstein	Dermatologie und Venereologie	
Norge	Hudsykdommer og veneriske sykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Geislalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland Liechtenstein Norge	Geislalækningar	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Hitabeltissjúkdómafræði	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland Liechtenstein Norge	Tropenmedizin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Barnageðlækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Barna- og unglingageðlækningar	
Liechtenstein	Kinder- und Jugendpsychiatrie und -psychotherapie	
Norge	Barne- og ungdomspsykiatri	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Öldrunarlækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Öldrunarlækningar	
Liechtenstein	Geriatrie	
Norge	Geriatri	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Nýrnalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Nýrnalækningar	
Liechtenstein	Nephrologie	
Norge	Nyresykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Smitsjúkdómar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Smitsjúkdómar	
Liechtenstein	Infektiologie	
Norge	Infeksjonssykdommer	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Félagslækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Félagslækningar	
Liechtenstein	Prävention und Gesundheitswesen	
Norge	Samfunnsmedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lyfjafræði (lækna)	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Lyfjafræði	
Liechtenstein	Klinische Pharmakologie und Toxikologie	
Norge	Klinisk farmakologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Atvinnusjúkdómalækningar	
	Lágmarkslengd náms: 4 ár	
Ísland	Atvinnulækningar	
Liechtenstein	Arbeitsmedizin	
Norge	Arbeidsmedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Ofnæmislækningar	
	Lágmarkslengd náms: 3 ár	
Ísland	Ofnæmislækningar	
Liechtenstein	Allergologie und klinische Immunologie	
Norge		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Meltingarfæraskurðlækningar		
Lágmarkslengd náms: 5 ár		
Ísland		
Liechtenstein		
Norge	Gastroenterologisk kirurgi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Geislalæknisfræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Ísótópagreining	
Liechtenstein	Nuklearmedizin	
Norge	Nukleærmedisin	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Klínísk taugalífeðlisfræði		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland	Klínísk taugalífeðlisfræði	
Liechtenstein		
Norge	Klinisk nevrofysiologi	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Tann-, munn- og kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum)		
Lágmarkslengd náms: 4 ár		
Ísland		
Liechtenstein	Kiefer- und Gesichtschirurgie	
Norge	Kjevekirurgi og munnhulesykdommer	

“

6. Texti aðlögunarliðar e) falli brott.

4. gr.

Texti 7. liðar (skrá 90/C 268/02) falli brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 8. lið (tilskipun ráðsins 77/452/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

a. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

b. Orðin „offentlig godkjent“ undir fyrirsögninni „í Noregi“ í aðlögunarlið a) falli brott.

c. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar b):

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga (í almennri hjúkrun) í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	1. B.Sc. í hjúkrunarfræði 2. B.Sc. í hjúkrunarfræði 3. Hjúkrunarpróf	1. Háskóli Íslands 2. Háskólinn á Akureyri 3. Hjúkrunarskóli Íslands	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru ríki og þessi tilskipun gildir um og talin eru upp í þessum viðauka		
Norge	Vitnemål for bestått sykepleierutdanning	Høgskole	

“

6. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 9. lið (tilskipun ráðsins 77/453/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

7. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 10. lið (tilskipun ráðsins 78/686/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

a. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

b. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar b):

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í tannlækningum í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Próf frá tannlæknadeild Háskóla Íslands	Tannlæknadeild Háskóla Íslands	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru ríki og þessi tilskipun gildir um og talin upp í þessum viðauka		
Norge	Vitnemål for fullført grad *candidata/candidatus odontologiae*, stytt form: *cand.odont.*	Odontologisk universitetsfakultet	

“

c. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar c):

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlækninga í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðauka B við tilskipunina:

1.Tannréttingar

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland			
Liechtenstein			
Norge	Bevis for gjennomgått spesialistutdanning i kjeveortopedi	Odontologisk universitetsfakultet	

“

8. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 11. lið (tilskipun ráðsins 78/687/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

9. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 12. lið (tilskipun ráðsins 78/1026/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðarins:

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í dýralækningum í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru ríki og þessi tilskipun gildir um og talin eru upp í þessum viðauka ásamt vottorði um hagnýta þjálfun sem gefið er út af þar til bærum yfirvöldum		
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru ríki og þessi tilskipun gildir um og talin eru upp í þessum viðauka ásamt vottorði um hagnýta þjálfun sem gefið er út af þar til bærum yfirvöldum		
Norge	Vitnemål for fullført grad *candidata/candidatus medicinae veterinariae*, stytt form: *cand.med.vet.*	Norges veterinærhøg-skole	

“

10. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 78/1027/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

11. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 14. lið (tilskipun ráðsins 80/154/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar b):

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	1. Embættispróf í ljósmóðurfræði 2. Próf í ljósmæðrafræðum	1. Háskóli Íslands 2. Ljósmæðraskóli Íslands	
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru ríki og þessi tilskipun gildir um og talin upp í þessum viðauka		
Norge	Vitnemål for bestått jordmorutdanning	Høgskole	

“

12. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 80/155/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

13. gr.

Eftirfarandi bætist við í 16. lið (tilskipun ráðsins 85/432/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

14. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 17. lið (tilskipun ráðsins 85/433/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– 32001 L 0019: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar a):

„Efni eftirfarandi skrár yfir heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði í EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES bætist við viðaukann við tilskipunina:

Land	Heiti vitnisburðar	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Ísland	Próf í lyfjafræði	Háskóli Íslands
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru ríki og þessi tilskipun gildir um og talin upp í þessum viðauka	
	Prófskírteini, vottorð og önnur heiti sem veitt eru í öðru ríki og þessi tilskipun gildir um og talin eru upp í þessum viðauka ásamt vottorði um hagnýta þjálfun sem gefið er út af þar til bærum yfirvöldum	
Norge	Vitnemål for fullført grad *candidata/candidatus* pharmaciae, stytt: *cand.pharm.*	Universitetsfakultet

“

15. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 85/384/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„– **32001 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).“

16. gr.

Texti 19. liðar (skrá 89/C 205/06) falli brott.

17. gr.

Texti tilskipunar 2001/19/EB og aðlögunarliðanna við tilskipun 92/51/EBE í kafla XI.D.I, 93/16/EBE í kafla XI.D.III.1, 77/452/EBE í kafla XI.D.III.2, 78/686/EBE í kafla XI.D.III.3, 78/678/EBE í kafla XI.D.III.3, 78/1026/EBE í kafla XI.D.III.4, 80/154/EBE í kafla XI.D.III.5, 85/433/EBE í kafla XI.D.III.6, 85/384/EBE í kafla XI.D.IV við I. viðauka við lögin um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

18. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

19. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/19/EB
frá 14. maí 2001

um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 40. gr., 1. mgr. 47. gr., fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans [3], á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 15. janúar 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þann 16. febrúar 1996 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu sína um framkvæmd almenna kerfisins til viðurkenningar á

[1] Stjtíð. EB C 28, 26.1.1998, bls. 1.
[2] Stjtíð. EB C 235, 27.7.1998, bls. 53.

[3] Álit Evrópuþingsins frá 2. júlí 1998 (Stjtíð. EB C 226, 20.7.1998, bls. 26), staðfest 27. október 1999. Sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. mars 2000 (Stjtíð. EB C 119, 27.4.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. júlí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 1. febrúar 2001 og ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 2001.

prófskírteinum á æðra skólastigi samkvæmt 13. gr. tilskipunar ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum, sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi, sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár ([1]). Í þessari skýrslu skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að kanna möguleika á að fella inn í þá tilskipun kvöð um að þegar umsóknir um viðurkenningu eru skoðaðar verði að taka til greina reynslu sem aflað er að fengnu viðkomandi prófskírteini, möguleikann á að innleiða hugtakið „lögvernduð menntun og þjálfun". Framkvæmdastjórnin skuldbatt sig einnig til að kanna tilhögun varðandi hlutverk samræmingarhópsins, sem komið var á fót með 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/48/EBE, til að tryggja aukið samræmi í framkvæmd og túlkun tilskipunarinnar.

2) Hugtakið „lögvernduð menntun og þjálfun", sem innleitt var með tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE ([2]), (báðar tilskipanirnar nefnast hér á eftir „tilskipanir um almennt kerfi") skal víkkað út svo það taki til upphaflega almenna kerfisins og skal byggt á sömu grundvallarreglum þar sem sömu reglur skulu gilda um það. Aðildarríkjunum skal í sjálfsvald sett hvaða aðferðir þau nota til að skilgreina hvaða starfsgreinar skuli falla undir lögverndaða menntun og þjálfun.

3) Samkvæmt tilskipununum um almennt kerfi er gistiaðildarríkinu heimilt að fara fram á, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að umsækjandinn geri ráðstafanir til úrbóta, einkum þar sem verulegur munur er á fræðilegri og/eða verklegri menntun og þjálfun sem farið hefur fram og þeirrar sem prófskírteinið, sem krafist er í gistiaðildarríkinu, svarar til. Samkvæmt 39. og 43. gr. sáttmálans og í samræmi við túlkun dómstóls Evrópubandalaganna ([3]) skal gistiaðildarríkið meta hvort starfsreynsla er fullnægjandi til að geta fært sönnur á að hlutaðeigandi búi yfir þeirri þekkingu sem á vantaði. Til frekari glöggvunar og til að tryggja einstaklingum, sem vilja starfa við starfsgrein sína í öðru aðildarríki, réttaröryggi er æskilegt að fella inn í tilskipanirnar um almennt kerfi þá kvöð að gistiaðildarríkið þurfi að kanna hvort starfsreynsla, sem umsækjandi hefur aflað sér eftir að hann hlaut prófskírteini sitt/sín, falli undir framangreint.

4) Bæta skal og einfalda samræmingarmálsmeðferðina, sem kveðið er á um í tilskipununum um almennt kerfi, með því að gera samræmingarhópnum kleift að samþykkja og birta álit um vandamál sem framkvæmdastjórnin vísar til hans og tengjast framkvæmd almenna kerfisins.

5) Í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins um SLIM-framtaksverkefnið skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að leggja fram tillögur sem miða að því að einfalda uppfærslu skránna yfir prófskírteini sem viðurkenna má sjálfkrafa. Tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ([4]) kveður á um einfaldaða málsmeðferð þegar um er að ræða prófskírteini heimilislækna. Reynslan hefur sýnt að málsmeðferðin býður upp á fullnægjandi réttaröryggi. Æskilegt er að víkka hana út þannig að hún taki til prófskírteina hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, lyfjafræðinga og lækna eins og um getur í tilskipunum ráðsins 77/452/EBE ([5]), 77/453/EBE ([6]), 78/686/EBE ([7]), 78/687/EBE ([8]), 78/1026/EBE ([9]), 78/1027/EBE ([10]), 80/154/EBE ([11]), 80/155/EBE

([1]) Stjtíð. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16.
([2]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/5/EB (Stjtíð. EB L 54, 26.2.2000, bls. 42).
([3]) C-340/89 (Vlassopoulou) 1991 ECR-I-2357.
([4]) Stjtíð. EB L 165, 7.7.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/46/EB (Stjtíð. EB L 139, 2.6.1999, bls. 25).
([5]) Stjtíð. EB L 176, 15.7.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([6]) Stjtíð. EB L 176, 15.7.1977, bls. 8. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 89/595/EBE (Stjtíð. EB L 341, 23.11.1989, bls. 30).
([7]) Stjtíð. EB L 233, 24.8.1978, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([8]) Stjtíð. EB L 233, 24.8.1978, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([9]) Stjtíð. EB L 362, 23.12.1978, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([10]) Stjtíð. EB L 362, 23.12.1978, bls. 7. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 89/594/EBE (Stjtíð. EB L 341, 23.11.1989, bls. 19).
([11]) Stjtíð. EB L 33, 11.2.1980, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

([1]), 85/432/EBE ([2]), 85/433/EBE ([3]) og 93/16/EBE (nefnast hér á eftir „starfsgreinatilskipanir"), hverri um sig.

6) Samkvæmt fordæmisrétti dómstóls Evrópubandalaganna, er þess ekki krafist að aðildarríkin viðurkenni prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem vottar ekki nám í einu af aðildarríkjum bandalagsins ([4]). Aðildarríkin skulu þó taka tillit til starfsreynslu sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur aflað sér í öðru aðildarríki ([5]). Með tilliti til þessa skal mælt fyrir um það í starfsgreinatilskipunum að viðurkenning aðildarríkis á prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem gefinn er út til hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður, arkitekts, lyfjafræðings eða læknis við lok menntunar og þjálfunar í þriðja landi og starfsreynslu sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur aflað í aðildarríki, sé þáttur innan bandalagsins sem hin aðildarríkin skulu kanna.

7) Fastsetja skal tímabilið, sem aðildarríkin hafa til að taka ákvörðun um umsóknir um viðurkenningar á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun, tannlæknar, dýralæknar, ljósmæður, arkitektar, lyfjafræðingar eða læknar afla sér í þriðja landi.

8) Símenntun hefur öðlast sérstakt mikilvægi á sviði læknisfræði vegna örra framfara á sviði tækni og vísinda. Það er aðildarríkjanna að ákveða hvernig ber að tryggja, með viðeigandi símenntun eftir námslok, að læknar haldi við þekkingu sinni á framförum í læknisfræði. Núverandi kerfi gagnkvæmrar viðurkenningar prófskírteina verður áfram óbreytt.

9) Brýnt er að umsækjandi hafi áfrýjunarrétt samkvæmt innlendum lögum ef umsókn hans er hafnað eða ef ákvörðun næst ekki innan þess tíma sem mælt er fyrir um. Aðildarríkin skulu rökstyðja ástæðurnar fyrir slíkum ákvörðunum varðandi viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga eða lækna. Ákveði aðildarríki að viðurkenna prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi er því í sjálfsvald sett hvort það rökstyður ákvörðun sína.

10) Til að sanngirni sé gætt skulu gerðar bráðabirgðaráðstafanir varðandi tiltekna tannlækna á Ítalíu sem hafa hlotið prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á sviði læknisfræði sem veitt eru á Ítalíu vegna háskólanáms í læknisfræði sem hafið er eftir þann dag sem mælt er fyrir um í 19. gr. 78/686/EBE.

11) Í 15. gr. tilskipunar 85/384/EBE ([6]) er kveðið á um undanþágu meðan á bráðabirgðafresti stendur sem nú er útrunninn. Fella ber brott þetta atkvæði.

12) Gera skal skýran greinarmun í 24. gr. tilskipunar 85/384/EBE milli þeirra formsatriða sem gæta ber að þegar um er að ræða staðfesturétt og þeirra sem gæta ber að þegar um er að ræða þjónustustarfsemi, en þannig er rétturinn til að veita þjónustu sem arkitekt gerður skilvirkari.

13) Til að jafnræðis sé gætt í málsmeðferð skal kveðið á um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar tiltekna handhafa prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði sem veittur er á Ítalíu við lok náms sem er ekki í fullu samræmi við tilskipun 85/432/EBE.

14) Æskilegt er að víkka út gildissvið gagnkvæmrar viðurkenningar á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði á formlegri menntun og hæfi í lyfjafræði til að auðveldara sé að neyta staðfesturéttar milli Grikklands og annarra aðildarríkja. Því ber að fella brott undanþáguna sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 85/433/EBE.

15) Í skýrslu sinni um sérnám í heimilislækningum, sem kveðið er á um í IV. bálki tilskipunar 93/16/EBE, mælti framkvæmdastjórnin með því að kröfur sem gilda um hlutanám í heimilislækningum verði lagaðar að þeim sem gilda um aðra sérfræðilækna.

([1]) Stjtíð. EB L 33, 11.2.1980, bls. 8. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 89/594/EBE.
([2]) Stjtíð. EB L 253, 24.9.1985, bls. 34.
([3]) Stjtíð. EB L 253, 24.9.1985, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([4]) C-154/93 (Tawil Albertini) 1994 ECR I – 451.
([5]) C-319/92 (Haim) 1994 ECR I – 425.
([6]) Stjtíð. EB L 223, 21.8.1985, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

16) Breyta ber tilskipununum um almennt kerfi og starfsgreinatilskipununum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

BREYTINGAR Á TILSKIPUNUNUM UM ALMENNT KERFI

1. gr.

Tilskipun 89/48/EBE er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:
   a) Í stað annars undirliðar a-liðar komi eftirfarandi:
      „– sem sanna að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið æðra námi sem staðið hefur í minnst þrjú ár eða samsvarandi tíma, hafi verið um hlutanám að ræða við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á jafngildu stigi og hafi eftir atvikum lokið starfsþjálfun sem krafist er til viðbótar náminu, og“

   b) eftirfarandi liður bætist við:

      „d) lögvernduð menntun og þjálfun: sérhver menntun og þjálfun sem:
      – er sérstaklega sniðin að iðkun ákveðinnar starfsgreinar, og
      – sem tekur til náms á æðra skólastigi sem staðið hefur í minnst þrjú ár eða samsvarandi tíma, hafi verið um hlutanám að ræða, við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á jafngildu stigi og hafi eftir atvikum lokið starfsþjálfun, starfsreynslutíma eða verklegri reynslu sem krafist er til viðbótar námi á æðra skólastigi. Uppbygging og námskröfur slíkrar starfsþjálfunar, starfsreynslu eða verklegrar reynslu ákvarðast af lögum og stjórnsýslufyrirmælum viðkomandi aðildarríkis eða eru undir eftirliti eða viðurkennd af yfirvaldi sem er tilnefnt í því skyni.“;

2) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í b-lið 3. gr.:

„Ekki er þó heimilt að krefjast tveggja ára starfsreynslu sem um getur í fyrstu undirgrein þegar prófskírteini umsækjanda, eitt eða fleiri, sem um getur í þessum lið voru gefin til staðfestingar á lögverndaðri menntun og þjálfun.“;

3) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í b-lið 1. mgr. 4. gr.:

„Hyggist gistiaðildarríkið krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður það fyrst að kanna hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem um getur í fyrstu undirgrein.“;

4) eftirfarandi liðir bætast við 6. gr.:

„5. Ef gistiaðildarríki krefst vottorðs um fjárhagsstöðu til að hefja eða stunda starf innan lögverndaðrar starfsgreinar skal það telja vottorð sem gefin eru út af bönkum í heimaríki eða aðildarríkinu, sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

6. Ef lögbært yfirvald gistiaðildarríkis gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja og stunda lögverndaða starfsemi, að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu tryggðir fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir ábyrgð á atvinnustarfseminni skal gistiaðildarríkið samþykkja vottorð gefin út af vátryggingafélögum annarra aðildarríkja og telja þau jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess. Slík vottorð skulu fela í sér yfirlýsingu um að vátryggjandinn hafi farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru í gistiaðildarríkinu að því er varðar skilmála og umfang vátryggingarinnar. Þau má ekki leggja fram síðar en þremur mánuðum eftir útgáfudag þeirra.“;

5) í stað fyrsta undirliðar annarrar undirgreinar í 2. mgr. 9. gr. komi:

„– til að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum með því að samþykkja og birta álit um vandamál sem framkvæmdastjórnin vísar til hans,“.

2. gr.

Tilskipun 92/51/EBE er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í b-lið 1. mgr. 4. gr.:

„Hyggist gistiaðildarríkið krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf

verður það fyrst að kanna hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem um getur í fyrstu undirgrein.“;

2) eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir annarri undirgrein í 5. gr.:

„Hyggist gistiaðildarríkið krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður það fyrst að kanna hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem er á prófskírteininu og vottorðinu.“;

3) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein í a-lið 7. gr.:

„Hyggist gistiaðildarríkið krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður það fyrst að kanna hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem um getur í fyrstu undirgrein.“;

4) eftirfarandi liðir bætist við 10. gr.:

„5. Ef gistiaðildarríki krefst vottorðs um fjárhagsstöðu til að hefja eða stunda starf innan lögverndaðrar starfsgreinar skal það telja vottorð sem gefin eru út af bönkum í heimaríki eða aðildarríkinu sem rétthafinn kemur frá jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

6. Ef lögbært yfirvald gistiaðildarríkis gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja eða stunda lögverndaða starfsemi, að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu tryggðir fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir ábyrgð á atvinnustarfseminni skal gistiaðildarríkið samþykkja vottorð gefin út af vátryggingafélögum annarra aðildarríkja og telja þau jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess. Slík vottorð skulu fela í sér yfirlýsingu um að vátryggjandinn hafi farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru í gistiaðildarríkinu að því er varðar skilmála og umfang vátryggingarinnar. Þau má ekki leggja fram síðar en þremur mánuðum eftir útgáfudag þeirra.“;

5) í stað fyrsta undirliðar annarrar undirgreinar í 2. mgr. 13. gr. komi:

„– til að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum með því að samþykkja og birta álit um vandamál sem framkvæmdastjórnin vísar til hans.“;

6) eftirfarandi málsgrein bætist við 15. gr.:

„8. Breytingar, sem gerðar eru á skránum yfir nám sem koma fram í viðaukum C og D á grundvelli málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um hér að framan, skulu taka gildi þegar í stað á þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður.“

2. ÞÁTTUR

BREYTINGAR Á STARFSGREINATILSKIPUNUM

Þáttur 2.1

Hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun

3. gr.

Tilskipun 77/452/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) (Gildir aðeins um grísku útgáfuna).

2) Í 2. gr. komi orðin „sem skráð eru í viðaukanum“ í stað orðanna „sem skráð eru í 3. gr.“

3) Ákvæði 3. gr. falli brott.

4) Litið skal á tilvísanir í 3. gr. sem tilvísanir í viðaukann.

5) (Gildir aðeins um grísku útgáfuna).

6) Eftirfarandi greinar bætist við:

„18. gr. a

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

18. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

18. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

18. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjendur skulu hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma."

7) Viðaukinn, sem birtist í I. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

4. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/453/EBE komi orðin „eins og tilgreint er í viðauka við tilskipun 77/452/EBE" í stað orðanna „eins og tilgreint er í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE".

Þáttur 2.2

Tannlæknar

5. gr.

Tilskipun 78/686/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. komi orðin „skráð í viðauka A" í stað orðanna „skráð í 3. gr."

2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

3) Í stað heitis III. kafla komi:

„Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlækninga".

4) Í stað 4. gr. komi:

„*4. gr.*

Sérhverju aðildarríki, með ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum á þessu sviði, ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi tannlækna, sem sérhæfa sig í tannréttingum og tannskurðlækningum, sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkjanna í samræmi við 2. og 3. gr. tilskipunar 78/687/EBE og eru skráð í viðauka B, með því að láta hið sama gilda um slík prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu og þau sem aðildarríkið sjálft veitir."

5) Ákvæði 5. gr. falli brott.

6) Ákvæði 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Það skal einnig taka tillit til hvers konar starfsreynslu, viðbótarþjálfunar og símenntunar á sviði tannlækninga sem þeir búa yfir.";

b) í stað 3. gr. komi:

„3. Lögbær yfirvöld eða stofnanir gistiaðildarríkis skulu, eftir að hafa metið inntak og lengd sérnáms hlutaðeigandi einstaklings á grundvelli prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um

formlega menntun og hæfi, sem hafa verið lögð fram, og að teknu tilliti til hvers konar starfsreynslu, viðbótarþjálfunar og símenntunar á sviði tannlækninga, sem hann býr yfir, tilkynna honum um viðbótarnámstímabil, sem krafist er, svo og þau svið sem námið skal taka til.“;

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan fjögurra mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.“

7) Í 19. gr. verða undirgreinarnar tvær að 1. mgr. og eftirfarandi mgr. bætist við:

„2. Aðildarríkin skulu viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í læknisfræði sem gefin eru út á Ítalíu til fólks sem hóf háskólanám í læknisfræði á tímabilinu 28. janúar 1980 til 31. desember 1984 og sem með fylgir vottorð, gefið út af lögbærum yfirvöldum á Ítalíu, með yfirlýsingu um eftirfarandi:

– að viðkomandi hafi staðist hæfnispróf fyrir sérfræðinga sem lögbær yfirvöld á Ítalíu halda til að komast að raun um hvort þeir búa yfir sambærilegri þekkingu og hæfni og þeir sem hafa prófskírteini sem skráð eru fyrir Ítalíu í viðauka A;

– að þeir hafi raunverulega stundað á Ítalíu, á löglegan hátt og að aðalstarfi, þá starfsemi sem tiltekin er í 5. gr. tilskipunar 78/687/EBE í a.m.k. þrjú ár samfleytt á fimm næstliðnum árum fyrir útgáfu skírteinisins;

– og að þeir hafi leyfi til að stunda eða stundi raunverulega, á löglegan hátt og að aðalstarfi, þá starfsemi sem tiltekin er í 5. gr. tilskipunar 78/687/EBE með sömu skilyrðum og þeir sem hafa hlotið prófskírteinin sem skráð eru fyrir Ítalíu í viðauka A við þessa tilskipun.

Krafan um að taka hæfnispróf, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal felld niður þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa lokið á fullnægjandi hátt a.m.k. þriggja ára námi sem lögbær yfirvöld viðurkenna sem jafngilt því námi sem um getur í 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE.“

8) Litið skal á tilvísanir í 3. gr. sem tilvísanir í viðauka A og tilvísanir í 5. gr. sem tilvísanir í viðauka B.

9) Eftirfarandi greinar bætist við:

„*23. gr. a*

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

23. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

23. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

23. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um

formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjandi skal hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma."

10) Viðauki A og B, sem birtast í II. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

6. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 78/687/EBE komi orðin „sem um getur í viðauka A við þá tilskipun" í stað orðanna „sem um getur í 3. gr. sömu tilskipunar".

Þáttur 2.3

Dýralæknar

7. gr.

Tilskipun 78/1026/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. komi orðin „í viðauka" í stað orðanna „í 3. gr."

2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

3) Litið skal á tilvísanir í 3. gr. sem tilvísanir í viðaukann.

4) Eftirfarandi greinar bætist við:

„17. gr. a

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

17. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

17. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

17. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjandi skal hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma."

5) Viðaukinn, sem birtist í III. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

8. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 78/1027/EBE komi orðin „sem um getur í viðauka við tilskipun 78/1026/EBE" í stað orðanna „sem um getur í 3. gr. tilskipunar 78/1026/EBE".

Þáttur 2.4

Ljósmæður

9. gr.

Tilskipun 80/154/EEC er hér með breytt sem hér segir:

1) Í 1. mgr. 2. gr. komi orðin „skráð eru í viðauka“ í stað orðanna „skráð eru í 3. gr.“

2) Í fjórða og fimmta undirlið 1. mgr. 2. gr. komi orðin „sem um getur í viðauka við tilskipun 77/452/EBE“ í stað orðanna „sem um getur í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE“.

3) Ákvæði 3. gr. falli brott.

4) Litið skal á tilvísanir í 3. gr. sem tilvísanir í viðaukann.

5) Eftirfarandi greinar bætist við:

„*19. gr.*

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

19. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

19. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

19. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjendur skulu hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

6) Viðaukinn, sem birtist í IV. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

10. gr.

Tilskipun 80/155/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í 1. mgr. 1. gr. komi orðin „skráð er í viðaukanum“ í stað orðanna „skráð er í 3. gr.“

2) Í öðrum undirlið 2. mgr. 1. gr komi orðin „sem getið er í viðauka við tilskipun 77/452/EBE“ í stað orðanna „sem getið er í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE“.

Þáttur 2.5

Arkitektar

11. gr.

Tilskipun 85/384/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi greinar bætist við:

„*6. gr.*

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

6. gr. a

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjendur skulu hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

2) Ákvæði 15. gr. falli brott.

3) Í 1. mgr. 24. gr. komi orðin „samkvæmt 17. og 18. gr. þegar um er að ræða staðfesturétt og samkvæmt 22. gr. þegar um er að ræða þjónustustarfsemi“ í stað orðanna „samkvæmt 17. og 18. gr.“

Þáttur 2.6

Lyfjafræðingar

12. gr.

Í 2. gr. tilskipunar 85/432/EBE bætist eftirfarandi liður við:

„6. Sem bráðabirgðaráðstöfun og þrátt fyrir 3. og 5. mgr. getur Ítalía, þar sem lög og stjórnsýslufyrirmæli mæla fyrir um nám sem ekki hafði verið fyllilega samræmt námskröfum, sem mælt er fyrir um í þessari grein, fyrir þann tíma sem fastsettur er í 5. gr., látið þessi ákvæði gilda áfram um einstaklinga sem hófu nám í lyfjafræði fyrir 1. nóvember 1993 og ljúka því fyrir 1. nóvember 2003.

Sérhverju aðildarríki skal vera heimilt að krefjast þess að handhafar prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði, sem gefin eru út á Ítalíu við lok náms sem hófst fyrir 1. nóvember 1993 og lýkur fyrir 1. nóvember 2003, leggi fram ásamt prófskírteini sínu vottorð með yfirlýsingu um að þeir hafi raunverulega stundað, á löglegan hátt, í a.m.k. þrjú ár samfleytt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfu skírteinisins, einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að svo miklu leyti sem slík starfsemi er lögvernduð á Ítalíu.“

13. gr.

Tilskipun 85/433/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. komi orðin „sem um getur í viðaukanum“ í stað orðanna „sem um getur í 4. gr.“

2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

3) Ákvæði 4. gr. falli brott.

4) Litið skal á tilvísanir í 4. gr. sem tilvísanir í viðaukann.

5) Eftirfarandi greinar bætist við:

„*18. gr. a*

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

18. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér

yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

18. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði, sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkenndur í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

18. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjandi skal hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

6) Viðaukinn, sem birtist í V. viðauka við þessa tilskipun, bætist við.

Þáttur 2.7

Læknar

14. gr.

Tilskipun 93/16/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. komi orðin „talin upp í viðauka A“ í stað orðanna „talin upp í 3. gr.“

2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

3) Í stað heitis II. kafla komi:

„Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði.“

4) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Sérhverju aðildarríki, með ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum á þessu sviði, ber að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði, sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkjanna í samræmi við 24., 25., 26. og 29. gr. og eru skráð í viðaukum B og C, með því að láta hið sama gilda um slík prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi á yfirráðasvæði sínu og þau sem aðildarríkið sjálft veitir.“

5) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„*5. gr.*

Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem um getur í 4. gr. og sem eru veitt af lögbærum yfirvöldum eða stofnunum, sem talin eru upp í viðauka B, eru þau sem svara, að því er varðar viðkomandi sérnám, til þeirra skírteina sem talin eru upp í viðauka C fyrir þau aðildarríki þar sem slíkt nám er fyrir hendi.“

6) Heiti III. kafla og 6. og 7. gr. falli brott.

7) Í 8. kafla:

a) bætist eftirfarandi undirgrein við 2. mgr.:

„Það skal einnig taka tillit til hvers konar starfsreynslu, viðbótarþjálfunar og símenntunar á sviði læknisfræði sem þeir búa yfir.“;

b) komi eftirfarandi í stað 3. mgr.:

„3. Lögbær yfirvöld eða stofnanir gistiaðildarríkis skulu, eftir að hafa metið inntak og lengd sérnáms hlutaðeigandi einstaklings á grundvelli prófskírteina, vottorða eða annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem hafa verið lögð fram, og að teknu tilliti til hvers konar starfsreynslu, viðbótarþjálfunar og símenntunar á sviði læknisfræði, tilkynna honum um viðbótarnámstímabil sem krafist er svo og þau svið sem námið skal taka til.“;

c) bætist eftirfarandi málsgrein við:

„4. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan fjögurra mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.“

8) Eftirfarandi málsgrein bætist við 9. gr.:

„2a Aðildarríkin skulu viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði sem veittur er á Spáni læknum sem luku sérnámi fyrir 1. janúar 1995 en sem uppfylltu ekki formlegar námskröfur, sem mælt er fyrir um í 24. til 27. gr., ef vitnisburðinum fylgir vottorð sem veitt er af lögbærum spænskum yfirvöldum og vottar að viðkomandi einstaklingur hafi staðist próf sem sýnir fram á starfsreynslu og sem skipulagt er samkvæmt sérstökum reglugerðarráðstöfunum í konunglegri tilskipun 1497/99 með það fyrir augum að sannreyna að viðkomandi einstaklingur búi yfir sambærilegri þekkingu og hæfni og læknar með prófskírteini sérfræðinga sem um getur í 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. þegar um er að ræða Spán.“

9) Eftirfarandi málsgrein bætist við 23. gr.:

„6. Símenntun skal tryggja, í samræmi við gildandi ráðstafanir í hverju aðildarríki, að þeir einstaklingar sem lokið hafa námi geti tileinkað sér framfarir í læknisfræði.“

10) Í stað a-liðar í 1. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:

„a) að baki þess verður að vera sex ára nám sem er að fullu lokið innan þess námsferils sem um getur í 23. gr., og verður viðkomandi á þeim tíma að hafa aflað sér viðeigandi þekkingar á lyflækningum;“.

11) Í stað 26. og 27. gr. komi eftirfarandi:

„*26. gr.*

Aðildarríki sem sett hafa ákvæði með lögum og stjórnsýslufyrirmælum á þessu sviði skulu sjá til þess að lágmarkslengd sérnáms sé eigi styttri en lengd námsins sem mælt er fyrir um í viðauka C að því er varðar hvers konar nám. Slíkri lágmarkslengd náms skal breytt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 44. gr. a.“

12) Í stað 30. gr. komi eftirfarandi:

„*30. gr.*

Hvert það aðildarríki sem býður á yfirráðasvæði sínu upp á það nám í heild sinni, sem um getur í 23. gr., skal koma á sérnámi í heimilislækningum, sem uppfyllir þau lágmarksskilyrði sem eru sett í 31. og 32. gr., á þann hátt að fyrstu prófskírteinin, vottorðin eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verði veitt að slíku námi loknu eigi síðar en 1. janúar 2006.“

13) Í stað b-liðar í 1. mgr. 31. gr. komi eftirfarandi:

„b) það verður að vera fullt nám sem varir í þrjú ár hið minnsta og er undir umsjón þar til bærra yfirvalda eða stofnana.“

14) Í stað 2. mgr. 31. gr. komi eftirfarandi:

„2. Feli námið, sem um getur í 23. gr., í sér starfsþjálfun á viðurkenndu sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð með viðeigandi búnaði og þjónustu á sviði lyflækninga eða á viðurkenndri almennri læknastofu eða viðurkenndri læknastöð þar sem læknar veita frumheilsugæslu, má það þjálfunartímabil vera hluti af tímabilinu sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr., enda sé það ekki lengra en eitt ár. Þessi kostur skal aðeins standa til boða þeim aðildarríkjum þar sem lengd sérnáms í lyflækningum er tvö ár þann 1. janúar 2001.

Verði framkvæmdastjórnin, við beitingu þessarar málsgreinar, vör við að aðildarríki eigi í miklum erfiðleikum að því er varðar námsstigið í b-lið 1. mgr., skal það fara að áliti nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 75/365/EBE(*), og tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögur sem miða að frekari samræmingu á lengd sérnáms í lyflækningum.

(*) Stjtíð. EB L 167, 30.6.1975, bls. 19.“

15) Í öðrum undirlið 1. mgr. 34. gr. komi „50%“ í stað „60%“.

16) Litið skal á tilvísanir í 3., 6., 7. og 27. gr. sem tilvísanir í viðauka A, 4. gr., 5. gr. og 26. gr. hverja um sig.

17) Eftirfarandi greinar bætist við:

„*42. gr. a*

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þar sem talin eru upp þau heiti, sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og, þar sem við á, samsvarandi starfsheiti.

42. gr. b

Svari prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi ríkisborgara aðildarríkja, á því sviði sem tilskipun þessi nær til, ekki til þeirra heita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í þessari tilskipun, skal sérhvert aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þessi aðildarríki veita og þar sem með fylgir vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnunum. Slíkt vottorð skal fela í sér yfirlýsingu um að viðkomandi prófskírteini, vottorð eða annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið veittur að lokinni menntun og þjálfun sem samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar og aðildarríkið, sem veitir hann, telji hann jafngildan þeim heitum sem skráð eru þar.

42. gr. c

Aðildarríkin skulu kanna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, á því sviði sem tilskipun þessi nær til, sem handhafi hefur hlotið utan Evrópusambandsins, hafi þessi prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi verið viðurkennd í aðildarríki, ásamt þjálfun og/eða starfsreynslu sem aflað er í aðildarríki. Aðildarríkið skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða frá þeim degi er umsækjandi leggur fram umsókn sína ásamt öllum fylgiskjölum.

42. gr. d

Hafni aðildarríki umsókn skal það rökstyðja á tilhlýðilegan hátt ákvörðun sína um viðurkenningu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

Umsækjendur skulu hafa áfrýjunarrétt frammi fyrir dómstólum samkvæmt landslögum. Sá áfrýjunarréttur skal á sama hátt gilda hafi ákvörðun ekki verið tekin innan tilskilins tíma.“

18) Ákvæðum 44. gr. a er breytt sem hér segir:

a) hefur ekki áhrif á enska textann;

b) ákvæði 2. mgr. falli brott.

19) Viðaukar A, B og C, sem birtast í IV. viðauka við þessa tilskipun, bætast við.

3. ÞÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Eigi síðar en 1. janúar 2008 skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um hver staðan er á framkvæmd 1. og 2. liðar 1. gr. í aðildarríkjunum.

Að öllum nauðsynlegum skýrslutökum loknum skal framkvæmdastjórnin leggja fram niðurstöður sínar um hugsanlegar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi í 1. og 2. lið 1. gr. Ef nauðsyn ber til skal framkvæmdastjórnin einnig leggja fram tillögur til að bæta núgildandi fyrirkomulag.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. maí 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. LINDH

forseti.

I. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga (í almennri hjúkrun)

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/ Belgien	1. Diploma gegradueerde verpleger/ verpleegster — Diplôme d'infirmier(ère) gradué(e) — Diplom eines (einer) graduierten Kranken-pflegers (-pflegerin) 2. Diploma in de ziekenhuisverpleegkunde — Brevet d'infirmier(ère) hospitalier(ère) — Brevet eines (einer) Krankenpflegers (-pflegerin) 3. Brevet van verpleegassistent(e) — Brevet d'hospitalier(ère) — Brevet einer Pflegeassistentin	1. De erkende opleidingsinstituten/les établissements d'enseignement reconnus/ die anerkannten Ausbildungsanstalten 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française/die zuständigen „Prüfungs-ausschüsse der Deutschsprachigen Gemeinschaft“	
Danmark	Eksamensbevis efter gennemført sygeplejerskeuddannelse	Sygeplejeskole godkendt af Undervisningsministeriet	
Deutschland	Zeugnis über die staatliche Prüfung in der Krankenpflege	Staatlicher Prüfungsausschuss	
Ελλάς	1. Πτυχίο Νοσηλευτικής Παν/μίου Αθηνών 2. Πτυχίο Νοσηλευτικής Τεχνολογικών Εκπαιδευτικών Ιδρυμάτων (Τ.Ε.Ι.) 3. Πτυχίο Αξιωματικών Νοσηλευτικής 4. Πτυχίο Αδελφών Νοσοκόμων πρώην Ανωτέρων Σχολών Υπουργείου Υγείας και Πρόνοιας 5. Πτυχίο Αδελφών Νοσοκόμων και Επιοκεπτριών πρώην Ανωτέρων Σχολών Υπουργείου Υγείας και Πρόνοιας 6. Πτυχίο Τμήματος Νοσηλευτικής	1. Πανεπιοτήμιο Αθηνών 2. Τεχνολογικά Εκπαιδευτικά Ιδρύματα Υπουργείο Εδνικής Παιδείας και Θρησκευμάτων 3. Υπουργείο Εδνικής Άμυνας 4. Υπουργείο Υγείας και Πρόνοιας 5. Υπουργείο Υγείας και Πρόνοιας 6. ΚΑΤΕΕ Υπουργείου Εδνικής Παιδείας και Θρησκευμάτων	
España	Titulo de Diplomado universitario en Enfermería	Ministerio de Educación y Cultura/El rector de una Universidad	
France	1. Diplôme d'Etat d'infirmier(ère) 2. Diplôme d'Etat d'infirmier(ère) délivré en vertu du décret no 99-1147 du 29 décembre 1999	Le ministère de la santé	
Ireland	Certificate of Registered General Nurse	An Bord Altranais (The Nursing Board)	
Italia	Diploma di infermiere professionale	Scuole riconosciute dallo Stato	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Luxembourg	1. Diplôme d'Etat d'infirmier 2. Diplôme d'Etat d'infirmier hospitalier gradué	Ministère de l'Education nationale, de la Formation professionnelle et des Sports	
Nederland	1. diploma's verpleger A, verpleegster A, verpleeg-kundige A 2. diploma verpleegkundige MBOV (Middelbare Beroepsopleiding Verpleegkundige) 3. diploma verpleegkundige HBOV (Hogere Beroepsopleiding Verpleegkundige) 4. diploma beroepsonderwijs verpleegkundige - Kwalificatieniveau 4 5. diploma hogere beroepsopleiding verpleeg-kundige – Kwalificatieniveau 5	1. Door een van overheidswege benoemde examencommissie 2. Door een van overheidswege benoemde examencommissie 3. Door een van overheidswege benoemde examencommissie 4. Door een van overheidswege aangewezen opleidingsinstelling 5. Door een van overheidswege aangewezen opleidingsinstelling	
Österreich	1. Diplom als „Diplomierte Gesundheits- und Krankenschwester/Diplomierter Gesundheits- und Krankenpfleger“ 2. Diplom als „Diplomierte Krankenschwester/Diplomierter Krankenpfleger“	1. Schule für allgemeine Gesundheits- und Krankenpflege 2. Allgemeine Krankenpflegeschule	
Portugal	1. Diploma do curso de enfermagem geral 2. Diploma/carta de curso de bacharelato em enfermagem 3. Carta de curso de licenciatura em enfermagem	1. Escolas de Enfermagem 2. Escolas Superiores de Enfermagem 3. Escolas Superiores de Enfermagem; Escolas Superiores de Saúde	
Suomi/ Finland	1. Sairaanhoitajan tutkinto / sjukskötarexamen 2. Sosiaali- ja terveysalan ammattikorkeakoulututkinto, sairaanhoitaja (AMK) / yrkeshøgskoleexamen inom hälsovård och det sociala området, sjuk-sköterska (YH)	1. Terveydenhuolto-oppilaitokset / hälsovårdsläroanstalter 2. Ammattikorkeakoulut / yrkeshögskolor	
Sverige	Sjuksköterskeexamen	Universitet eller högskola	
United Kingdom	Statement of Registration as a Registered General Nurse in part 1 or part 12 of the register kept by the United Kingdom Central Council for Nursing, Midwifery and Health Visiting	Various“	

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í tannlækningum

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/ Belgien	— Diploma van tandarts — Diplôme de licencié en science dentaire	1. De universiteiten/les universités 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française	
Danmark	Bevis for tandlægeeksamen (odontologisk kandidateksamen)	Tandlægehøjskolerne, Sundheds-videnskabeligt universitetsfakultet	Autorisation som tandlæge, udstedt af Sundhedsstyrelsen
Deutschland	Zeugnis über die Zahnärztliche Prüfung	Zuständige Behörden	
Ελλάς	Πτυχίο Οδοντιατρικής	Πανεπιστήμιο	
España	Título de Licenciado en Odontología	El rector de una Universidad	
France	Diplôme d'Etat de docteur en chirurgie dentaire	Universités	
Ireland	Bachelor in Dental Science (B.Dent.Sc.) / Bachelor of Dental Surgery (BDS) /Licentiate in Dental Surgery (LDS)	Universities / Royal College of Surgeons in Ireland	
Italia	Diploma di laurea in Odontoiatria e Protesi Dentaria	Università	Diploma di abilitazione all'esercizio dell'odontoiatria e protesi dentaria
Luxembourg	Diplôme d'Etat de docteur en médecine dentaire	Jury d'examen d'Etat	
Nederland	Universitair getuigschrift van een met goed gevolg afgelegd tandartsexamen	Faculteit Tandheelkunde	
Österreich	Bescheid über die Verleihung des akademischen Grades „Doktor der Zahnheilkunde"	Medizinische Fakultät der Universität	
Portugal	Carta de curso de licenciatura em medicina dentária	Faculdade / Institutos Superiores	
Suomi/ Finland	Hammaslääketieteen lisensiaatin tutkinto / odontologie licentiatexamen	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Oulun yliopisto 3. Turun yliopisto	Terveydenhuollon oikeusturvakeskuksen päätös käytännön palvelun hyväksymisestä / Beslut av Rättsskyddscentralen för hälsovården om godkännande av praktisk tjänstgöring
Sverige	Tandläkarexamen	Universitetet i Umeå Universitetet i Göteborg Karolinska Institutet Malmö Högskola	Endast för examensbevis som erhållits före den 1 juli 1995, ett utbildningsbevis som utfärdats av Socialstyrelsen
United Kingdom	Bachelor of Dental Surgery (BDS or B.Ch.D.) / Licentiate in Dental Surgery	Universities / Royal Colleges	

VIÐAUKI B

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum tannlækninga

1. *Tannréttingar*

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/ Belgien	—		
Danmark	Bevis for tilladelse til at betegne sig som specialtandlæge i ortodonti	Sundhedsstyrelsen	
Deutschland	Fachzahnärztliche Anerkennung für Kieferorthopädie	Landeszahnärztekammer	
Ελλάς	Τίτλος Οδοντιατρικής ειδικότητας της Ορθοδοντικής	Νομαρχιακή Αυτοδιοίκηση Νομαρχία	
España	—		
France	Titre de spécialiste en orthodontie	Conseil National de l'Ordre des chirurgiens dentistes	
Ireland	Certificate of specialist dentist in orthodontics	Competent authority recognised for this purpose by the competent minister	
Italia	—		
Luxembourg	—		
Nederland	Bewijs van inschrijving als orthodontist in het Specialistenregister	Specialisten Registratie Commissie (SRC) van de Nederlandse Maatschappij tot bevordering der Tandheelkunde	
Österreich	—		
Portugal	—		
Suomi/Finland	Erikoishammaslääkärin tutkinto, hampaiston oikomishoito / specialtandläkarexamen, tandreglering	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Oulun yliopisto 3. Turun yliopisto	
Sverige	Bevis om specialistkompetens i tandreglering	Socialstyrelsen	
United Kingdom	Certificate of Completion of specialist training in orthodontics	Competent authority recognised for this purpose	

2. *Tannskurðlækningar*

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/ Belgien	—		
Danmark	Bevis for tilladelse til at betegne sig som specialtandlæge i hospitalsodontologi	Sundhedsstyrelsen	
Deutschland	Fachzahnärztliche Anerkennung für Oralchirurgie/Mundchirurgie	Landeszahnärztekammer	
Ελλάς	Τίτλος Οδοντιατρικής ειδικότητας της Γναθοχειρουργικής	Νομαρχιακή Αυτοδιοίκηση Νομαρχία	
España	—		
France	—		
Ireland	Certificate of specialist dentist in oral surgery	Competent authority recognised for this purpose by the competent minister	
Italia	—		
Luxembourg	—		
Nederland	Bewijs van inschrijving als kaakchirurg in het Specialistenregister	Specialisten Registratie Commissie (SRC) van de Nederlandse Maatschappij tot bevordering der Tandheelkunde	
Österreich	—		
Portugal	—		
Suomi/Finland	Erikoishammaslääkärin tutkinto, suu- ja leukakirurgia / specialtandläkarexamen, oral och maxillofacial kirurgi	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Oulun yliopisto 3. Turun yliopisto	
Sverige	Bevis om specialistkompetens i tandsystemets kirurgiska sjukdomar	Socialstyrelsen	
United Kingdom	Certificate of completion of specialist training in oral surgery	Competent authority recognised for this purpose“	

III. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í dýralækningum

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/ Belgien	— Diploma van dierenarts — Diplôme de docteur en médecine vétérinaire	1. De universiteiten/les universités 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française	
Danmark	Bevis for bestået kandidateksamen i veterinærvidenskab	Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole	
Deutschland	Zeugnis über das Ergebnis des Dritten Abschnitts der Tierärztlichen Prüfung und das Gesamtergebnis der Tierärztlichen Prüfung	Der Vorsitzende des Prüfungsausschusses für die Tierärztliche Prüfung einer Universität oder Hochschule	
Ελλάς	Πτυχίο Κτηνιατρικής	Πανεπιστήμιο Θεσσαλονίκης και Θεσσαλίας	
España	Título de Licenciado en Veterinaria	Ministerio de Educación y Cultura/ El rector de una Universidad	
France	Diplôme d'Etat de docteur vétérinaire		
Ireland	Diploma of Bachelor in/of Veterinary Medicine (MVB) Diploma of Membership of the Royal College of Veterinary Surgeons (MRCVS)		
Italia	Diploma di laurea in medicina veterinaria	Università	Diploma di abilitazione all'esercizio della medicina veterinaria
Luxembourg	Diplôme d'Etat de docteur en médecine vétérinaire	Jury d'examen d'Etat	
Nederland	Getuigschrift van met goed gevolg afgelegd diergeneeskundig/ veeartsenijkundig examen		
Österreich	1. Diplom-Tierarzt 2. Magister medicine veterinariae	Universität	1. Doktor der Veterinärmedizin 2. Doctor medicinae veterinariae 3. Fachtierarzt
Portugal	Carta de curso de licenciatura em medicina veterinária	Universidade	
Suomi/ Finland	Eläinlääketieteen lisensiaatin tutkinto / veterinärmedicine licentiatexamen	Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet	
Sverige	Veterinärexamen	Sveriges Landbruksuniversitet	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
United Kingdom	1. Bachelor of Veterinary Science (BVSc) 2. Bachelor of Veterinary Science (BVSc) 3. Bachelor of Veterinary Medicine (BvetMB) 4. Bachelor of Veterinary Medicine and Surgery (BVM&S) 5. Bachelor of Veterinary Medicine and Surgery (BVM&S) 6. Bachelor of Veterinary Medicine (BvetMed)	1. University of Bristol 2. University of Liverpool 3. University of Cambridge 4. University of Edinburgh 5. University of Glasgow 6. University of London“	

IV. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræðum

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/ Belgien	— Diploma van vroedvrouw/ — Diplôme d'accoucheuse	1. De erkende opleidingsinstituten/les établissements d'enseignement 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française	
Danmark	Bevis for bestået jordemodereksamen	Danmarks jordemoderskole	
Deutschland	Zeugnis über die staatliche Prüfung für Hebammen und Entbindungspfleger	Staatlicher Prüfungsausschuss	
Ελλάς	1. Πτυχίο Τμήματος Μαιευτικής Τεχνολογικών Εκπαιδευτικών Ιδυμάτων (T.E.I.) 2. Πτυχίο του Τμήματος Μαιών της Ανωτέρας Σχολής Στελεχών Υγείας και Κοινων. Πρόνοιας (KATEE) 3. Πτυχίο Μαίας Ανωτέρας Σχολής Μαιών	1. Τεχνολογικά Εκπαιδευτικά Ιδρύματα (T.E.I.) 2. KATEE Υπουργείου Εθνικής Παιδείας και Θρησκευμάτων 3. Υπουργείο Υγείας και Πρόνοιας	
España	Título de matrona / asistente obstétrico (matrona) / enfermería obstétrica-ginecológica	Ministerio de Educación y Cultura	
France	Diplôme de sage-femme	L'Etat	
Ireland	Certificate in Midwifery	An Board Altranais	
Italia	Diploma d'ostetrica	Schools recognised by State	
Luxembourg	Diplôme de sage-femme	Ministère de l'Education nationale, de la Formation professionnelle et des Sports	
Nederland	Diploma van verloskundige	Door het Ministerie van Volksgezondheid, Welzijn en Sport erkende opleidingsinstellingen	
Österreich	Hebammen-Diplom	Hebammenakademie / Bundeshebammenlehranstalt	
Portugal	1. Diploma de enfermeiro especialista em enfermagem de saúde materna e obstétrica 2. Diploma/carta de curso de estudos superiores especializados em enfermagem de saúde materna e obstétrica 3. Diploma (do curso de pós-licenciatura) de especialização em enfermagem de saúde materna e obstétrica	1. Ecolas de Enfermagem 2. Escolas Superiores de Enfermagem 3. Escolas Superiores de Enfermagem; Escolas Superiores de Saúde	
Suomi/ Finland	1. Kätilön tutkinto / barnmorskeexamen 2. Sosiaali- ja terveysalan ammattikorkea-koulutut-kinto, kätilö (AMK) / yrkeshög-skoleexamen inom hälsovård och det sociala området, barnmorska (YH)	1. Terveydenhuolto-oppilaitokset / hälsovårds-läroanstalter 2. Ammattikorkeakoulut / yrkeshögskolor	
Sverige	Barnmorskeexamen	Universitet eller högskola	
United Kingdom	Statement of registration as a Midwife on part 10 of the register kept by the United Kingdom Central Council for Nursing, Midwifery and Health visiting	Various“	

V. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfjafræði

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Belgique/ België/ Belgien	Diploma van apotheker Diplôme de pharmacien	1. De universiteiten / les universités 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap / le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française
Danmark	Bevis for bestået farmaceutisk kandidateksamen	Danmarks Farmaceutiske Højskole
Deutschland	Zeugnis über die Staatliche Pharmazeutische Prüfung	Zuständige Behörden
Ελλάς	Άδεια άσκηοης φαρμακευτικού επαγγέλματος	Νομαρχιακή Αυτοδιοίκηση
España	Título de licenciado en farmacia	Ministerio de Educación y Cultura / El rector de una Universidad
France	Diplôme d'Etat de pharmacien/Diplôme d'Etat de docteur en pharmacie	Universités
Ireland	Certificate of Registered Pharmaceutical Chemist	
Italia	Diploma o certificato di abilitazione all'esercizio della professione di farmacista ottenuto in seguito ad un esame di Stato	Università
Luxembourg	Diplôme d'Etat de pharmacien	Jury d'examen d'Etat + visa du ministre de l'éducation nationale
Nederland	Getuigschrift van met goed gevolg afgelegd apothekersexamen	Faculteit Farmacie
Österreich	Staatliches Apothekerdiplom	Bundesministerium für Arbeit, Gesundheit und Soziales
Portugal	Carta de curso de licenciatura em Ciências Farmacêuticas	Universidades
Suomi/ Finland	Proviisorin tutkinto / provisorexamen	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Kuopion yliopisto
Sverige	Apotekarexamen	Uppsala universitet
United Kingdom	Certificate of Registered Pharmaceutical Chemist“	

VI. VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í læknisfræði

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/ Belgien	— Diploma van arts — Diplôme de docteur en médecine	1. De universiteiten/les universités 2. De bevoegde Examencommissie van de Vlaamse Gemeenschap/le Jury compétent d'enseignement de la Communauté française	
Danmark	Bevis for bestået lægevidenskabelig embedseksamen	Medicinsk universitetsfakultet	1. Autorisation som læge, udstedt af Sundhedsstyrelsen og 2. Tilladelse til selvstændigt virke som læge (dokumentation for gennemført praktisk uddannelse), udstedt af Sundhedsstyrelsen
Deutschland	1. Zeugnis über die Ärztliche Prüfung 2. Zeugnis über die Ärztliche Staats-prüfung und Zeugnis über die Vorbereitungszeit als Medizinalassistent, soweit diese nach den deutschen Rechtsvorschriften noch für den Abschluss der ärztlichen Ausbildung vorgesehen war	Zuständige Behörden	1. Bescheinigung über die Ableistung der Tätigkeit als Arzt im Praktikum 2. —
Ελλάς	Πτυχίο Ιατρικής	Ιατρική Σχολή Πανεπιστημίου Σχολή Επιστημών Υγείας, Τμήμα Ιατρικής Πανεπιστημίου	
España	Título de Licenciado en Medicina y Cirugía	Ministerio de Educación y Cultura/ El rector de una Universidad	
France	Diplôme d'Etat de docteur en médecine	Universités	
Ireland	Primary qualification	Competent examining body	Certificate of experience
Italia	Diploma di laurea in medicina e chirurgia	Università	Diploma di abilitazione all'esercizio della medicina e chirurgia
Luxembourg	Diplôme d'Etat de docteur en médecine chirurgie et accouchements	Jury d'examen d'Etat	Certificat de stage
Nederland	Getuigschrift van met goed gevolg afgelegd artsexamen	Faculteit Geneeskunde	
Österreich	Urkunde über die Verleihung des akademischen Grades Doktor der gesamten Heilkunde (bzw. Doctor medicinae universae, Dr.med.univ.) Diplom über die spezifische Ausbildung zum Arzt für Allgemeinmedizin bzw. Facharztdiplom	1. Medezinische Fakultät einer Universität 2. Österreichische Ärztekammer	
Portugal	Carta de Curso de licenciatura em medicina	Universidades	Diploma comprovativo da conclusão do internato geral emitido pelo Ministério da Saúde

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Suomi/ Finland	Lääketieteen lisensiaatin tutkinto / medicine licentiatexamen	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Kuopion yliopisto 3. Oulun yliopisto 4. Tampereen yliopisto 5. Turun yliopisto	Todistus lääkärin perusterveydenhuollon lisäkoulutuksesta / examensbevis om tilläggsutbildning för läkare inom primärvården
Sverige	Läkarexamen	Universitet	Bevis om praktisk utbildning som utfärdas av Socialstyrelsen
United Kingdom	Primary qualification	Competent examining body	Certificate of experience

VIÐAUKI B

Heiti prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í sérgreinum læknisfræði

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð	Vottorð sem fylgir vitnisburði
Belgique/ België/ Belgien	Bijzondere beroepstitel van geneesheer-specialist/Titre professionnel particulier de médecin spécialiste	Minister bevoegd voor Volksgezondheid/Ministre de la Santé publique	
Danmark	Bevis for tilladelse til at betegne sig som speciallæge	Sundhedsstyrelsen	
Deutschland	Fachärztliche Anerkennung	Countryesärztekammer	
Ελλάς	Τίτλος Ιατρικής Ειδικότητας	Νομαρχιακή Αυτοδιοίκηση Νομαρχία	
España	Título de Especialista	Ministerio de Educación y Cultura	
France	1. Certificat d'études spéciales de médecine 2. Attestation de médecin spécialiste qualifié 3. Certificat d'études spéciales de médecine 4. Diplôme d'études spécialisées ou spécialisation complémentaire qualifiante de médecine	1. 3. 4. Universités 2. Conseil de l'Ordre des médecins	
Ireland	Certificate of Specialist doctor	Competent authority	
Italia	Diploma di medico specialista	Universitá	
Luxembourg	Certificat de médecin spécialiste	Ministre de la Santé publique	
Nederland	Bewijs van inschrijving in een Specialistenregister	1. Medisch Specialisten Registratie Commissie (MSRC) van de Koninklijke Nederlandsche Maatschappij tot Bevordering der Geneeskunst 2. Sociaal-Geneeskundigen Registratie Commissie van de Koninklijke Nederlandsche Maatschappij tot Bevordering der Geneeskunst 3. Huisarts en Verpleeghuisarts Registratie Commissie (HVRC) van de Koninklijke Nederlandsche Maatschappij tot Bevordering der Geneeskunst	
Österreich	Facharztdiplom	Österreichische Ärztekammer	
Portugal	1. Grau de assistente e/ou 2. Titulo de especialista	1. Ministério da Saúde 2. Ordem dos Médicos	
Suomi/ Finland	Erikoislääkärin tutkinto / specialläkarexamen	1. Helsingin yliopisto / Helsingfors universitet 2. Kuopion yliopisto 3. Oulun yliopisto 4. Tampereen yliopisto 5. Turun yliopisto	
Sverige	Bevis om specialkompetens som läkare, utfärdat av Socialstyrelsen	Socialstyrelsen	
United Kingdom	Certificate of Completion of specialist training	Competent authority	

VIÐAUKI C

Heiti náms í sérgreinum læknisfræði

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Svæfingalækningar **Lágmarkslengd náms: 3 ár**	
Belgique/België/Belgien	Anesthésie-réanimation/Anesthesie reanimatie	
Danmark	Anæstesiologi	
Deutschland	Anästhesiologie	
Ελλάς	Αναισθησιολογία	
España	Anestesiología y Reanimación	
France	Anesthésiologie-Réanimation chirurgicale	
Ireland	Anaesthesia	
Italia	Anestesia e rianimazione	
Luxembourg	Anesthésie-réanimation	
Nederland	Anesthesiologie	
Österreich	Anästhesiologie und Intensivmedizin	
Portugal	Anestesiologia	
Suomi/Finland	Anestesiologia ja tehohoito / anestesiologi och intensivvård	
Sverige	Anestesi och intensivvård	
United Kingdom	Anaesthetics	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Almennar skurðlækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Chirurgie/heelkunde	
Danmark	Kirurgi eller kirurgiske sygdomme	
Deutschland	Chirurgie	
Ελλάς	Χειρουργική	
España	Cirugía general y del aparato digestivo	
France	Chirurgie générale	
Ireland	General surgery	
Italia	Chirurgia generale	
Luxembourg	Chirurgie générale	
Nederland	Heelkunde	
Österreich	Chirurgie	
Portugal	Cirurgia geral	
Suomi/Finland	Yleiskirurgia / allmän kirurgi	
Sverige	Kirurgi	
United Kingdom	General surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Taugaskurðlækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Neurochirurgie	
Danmark	Neurokirurgi eller kirurgiske nervesygdomme	
Deutschland	Neurochirurgie	
Ελλάς	Νευροχειρουργική	
España	Neurocirugía	
France	Neurochirurgie	
Ireland	Neurological surgery	
Italia	Neurochirurgia	
Luxembourg	Neurochirurgie	
Nederland	Neurochirurgie	
Österreich	Neurochirurgie	
Portugal	Neurocirurgia	
Suomi/Finland	Neurokirurgia / Neurokirurgi	
Sverige	Neurokirurgi	
United Kingdom	Neurosurgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Fæðinga- og kvenlækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Gynécologie — obstétrique/gynaecologie en verloskunde	
Danmark	Gynækologi og obstetrik eller kvindesygdomme og fødselshjælp	
Deutschland	Frauenheilkunde und Geburtshilfe	
Ελλάς	Μαιευτική-Γυναικολογία	
España	Obstetricia y ginecologia	
France	Gynécologie — obstétrique	
Ireland	Obstetrics and gynaecology	
Italia	Ginecologia e ostetricia	
Luxembourg	Gynécologie — obstétrique	
Nederland	Verloskunde en gynaecologie	
Österreich	Frauenheilkunde und Geburtshilfe	
Portugal	Ginecologia e obstetrícia	
Suomi/Finland	Naistentaudit ja synnytykset / kvinnosjukdomar och förlossningar	
Sverige	Obstetrik och gynekologi	
United Kingdom	Obstetrics and gynaecology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lyflækningar ***Lágmarkslengd náms: 5 ár***	
Belgique/België/Belgien	Médecine interne/inwendige geneeskunde	
Danmark	Intern medicin	
Deutschland	Innere Medizin	
Ελλάς	Παθολογία	
España	Medicina interna	
France	Médecine interne	
Ireland	General medicine	
Italia	Medicina interna	
Luxembourg	Médecine interne	
Nederland	Inwendige geneeskunde	
Österreich	Innere Medizin	
Portugal	Medicina interna	
Suomi/Finland	Sisätaudit / inre medicin	
Sverige	Internmedicin	
United Kingdom	General (internal) medicine	

Land	**Heiti vitnisburðar**	**Stofnun sem veitir vitnisburð**
	Augnlækningar **Lágmarkslengd náms: 3 ár**	
Belgique/België/Belgien	Ophtalmologie/oftalmologie	
Danmark	Oftalmologi eller øjensygdomme	
Deutschland	Augenheilkunde	
Ελλάς	Οφθαλμολία	
España	Oftalmología	
France	Ophtalmologie	
Ireland	Ophthalmology	
Italia	Oftalmologia	
Luxembourg	Ophtalmologie	
Nederland	Oogheelkunde	
Österreich	Augenheilkunde und Optometrie	
Portugal	Oftalmologia	
Suomi/Finland	Silmätaudit / ögonsjukdomar	
Sverige	Ögonsjukdomar (oftalmologi)	
United Kingdom	Ophthalmology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Háls-, nef- og eyrnalækningar **Lágmarkslengd náms: 3 ár**	
Belgique/België/Belgien	Oto-rhino-laryngologie/ otorhinolaryngologie	
Danmark	Oto-rhino-laryngologi eller øre-næse-halssygdomme	
Deutschland	Hals-Nase-Ohrenheilkunde	
Ελλάς	Ωτορινολαρυγγολογία	
España	Otorrinolaringología	
France	Oto-rhino-laryngologie	
Ireland	Otolaryngology	
Italia	Otorinolaringoiatria	
Luxembourg	Oto-rhino-laryngologie	
Nederland	keel-, neus- en oorheelkunde	
Österreich	Hals-, Nase- und Ohrenkrankheiten	
Portugal	Otorrinolaringologia	
Suomi/Finland	Korva-, nenä- ja kurkkutaudit / öron-, näs- och halssjukdomar	
Sverige	Öron-, näs- och halssjukdomar (oto-rhino-laryngologi)	
United Kingdom	Otolaryngology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Barnalækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Pédiatrie/pediatrie	
Danmark	Pædiatri eller sygdomme hos børn	
Deutschland	Kinderheilkunde	
Ελλάς	Παιδιατρική	
España	Pediatría sus áreas específicas	
France	Pédiatrie	
Ireland	Paediatrics	
Italia	Pédiatria	
Luxembourg	Pédiatrie	
Nederland	Kindergeneeskunde	
Österreich	Kinder- und Jugendheilkunde	
Portugal	Pediatria	
Suomi/Finland	Lastentaudit / barnsjukdomar	
Sverige	Barn- och ungdomsmedicin	
United Kingdom	Paediatrics	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lungnalækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Pneumologie	
Danmark	Medicinske lungesygdomme	
Deutschland	Pneumologie	
Ελλάς	Φυματιολογία-Πνευμονολογία	
España	Neumología	
France	Pneumologie	
Ireland	Respiratory medicine	
Italia	Malattie dell'apparato respiratorio	
Luxembourg	Pneumologie	
Nederland	Longziekten en tuberculose	
Österreich	Lungenkrankheiten	
Portugal	Pneumologia	
Suomi/Finland	Keuhkosairaudet ja allergologia / lungsjukdomar och allergologi	
Sverige	Lungsjukdomar (pneumologi)	
United Kingdom	Respiratory medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Þvagfæralækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Urologie	
Danmark	Urologi eller urinvejenes kirurgiske sygdomme	
Deutschland	Urologie	
Ελλάς	Ουρολογία	
España	Urología	
France	Urologie	
Ireland	Urology	
Italia	Urologia	
Luxembourg	Urologie	
Nederland	Urologie	
Österreich	Urologie	
Portugal	Urologia	
Suomi/Finland	Urologia / urologi	
Sverige	Urologi	
United Kingdom	Urology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Bæklunarskurðlækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Chirurgie orthopédique/Orthopedische heelkunde	
Danmark	Ortopædisk kirurgi	
Deutschland	Orthopädie	
Ελλάς	Ορθοπεδική	
España	Traumatología y cirugía ortopédica	
France	Chirurgie orthopédique et traumatologie	
Ireland	Orthopaedic surgery	
Italia	Ortopedia e traumatologia	
Luxembourg	Orthopédie	
Nederland	Orthopedie	
Österreich	Orthopädie und Orthopädische Chirurgie	
Portugal	Ortopedia	
Suomi/Finland	Ortopedia ja traumatologia / ortopedi och traumatologi	
Sverige	Ortopedi	
United Kingdom	Trauma and orthopaedic surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Líffærameinafræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Anatomie pathologique/pathologische anatomie	
Danmark	Patologisk anatomi eller vævs- og celleundersøgelser	
Deutschland	Pathologie	
Ελλάς	Παθολογική Ανατομική	
España	Anatomía patológica	
France	Anatomie et cytologie pathologiques	
Ireland	Morbid anatomy and histopathology	
Italia	Anatomia patologica	
Luxembourg	Anatomie pathologique	
Nederland	Pathologie	
Österreich	Pathologie	
Portugal	Anatomia patológica	
Suomi/Finland	Patologia / patologi	
Sverige	Klinisk patologi	
United Kingdom	Histopathology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Taugalækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Neurologie	
Danmark	Neuromedicin eller medicinske nervesygdomme	
Deutschland	Neurologie	
Ελλάς	Νευρολγία	
España	Neurología	
France	Neurologie	
Ireland	Neurology	
Italia	Neurologia	
Luxembourg	Neurologie	
Nederland	Neurologie	
Österreich	Neurologie	
Portugal	Neurologia	
Suomi/Finland	Neurologia / neurologi	
Sverige	Neurologi	
United Kingdom	Neurology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Geðlækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Psychiatrie	
Danmark	Psykiatri	
Deutschland	Psychiatrie und Psychotherapie	
Ελλάς	Ψυχιατρική	
España	Psiquiatría	
France	Psychiatrie	
Ireland	Psychiatry	
Italia	Psichiatria	
Luxembourg	Psychiatrie	
Nederland	Psychiatrie	
Österreich	Psychiatrie	
Portugal	Psiquiatria	
Suomi/Finland	Psykiatria / psykiatri	
Sverige	Psykiatri	
United Kingdom	General psychiatry	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Geislagreining **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Radiodiagnostic/röntgendiagnose	
Danmark	Diagnostik radiologi eller røntgenundersøgelse	
Deutschland	Diagnostische Radiologie	
Ελλάς	Ακτινοδιαγνωστική	
España	Radiodiagnóstico	
France	Radiodiagnostic et imagerie médicale	
Ireland	Diagnostic radiology	
Italia	Radiodiagnostica	
Luxembourg	Radiodiagnostic	
Nederland	Radiologie	
Österreich	Medizinische Radiologie-Diagnostik	
Portugal	Radiodiagnóstico	
Suomi/Finland	Radiologia / radiologi	
Sverige	Medicinsk radiologi	
United Kingdom	Clinical radiology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Geislameðferð **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Radiothérapie-oncologie/radiotherapie-oncologie	
Danmark	Onkologi	
Deutschland	Strahlentherapie	
Ελλάς	Ακτινοθεραπευτική - Ογκολογία	
España	Oncología radioterápica	
France	Oncologie radiothérapique	
Ireland	Radiotherapy	
Italia	Radioterapia	
Luxembourg	Radiothérapie	
Nederland	Radiotherapie	
Österreich	Strahlentherapie/Radioonkologie	
Portugal	Radioterapia	
Suomi/Finland	Syöpätaudit / cancersjukdomar	
Sverige	Tumörsjukdomar (allmän onkologi)	
United Kingdom	Clinical oncology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Klínísk líffræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Biologie clinique/klinische biologie	
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España	Análisis clínicos	
France	Biologie médicale	
Ireland		
Italia	Patologia clinica	
Luxembourg	Biologie clinique	
Nederland		
Österreich	Medizinische Biologie	
Portugal	Patologia clínica	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Blóðrannsóknir **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France	Hématologie	
Ireland		
Italia		
Luxembourg	Hématologie biologique	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Hematologia clínica	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Örveru- og gerlafræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk mikrobiologi	
Deutschland	Mikrobiologie und Infektionsepidemiologie	
Ελλάς	1. Ιατρική Βιοπαθολογία 2. Ìικροβιολογία	
España	Microbiología y parasitología	
France		
Ireland	Microbiology	
Italia	Microbiologia e virologia	
Luxembourg	Microbiologie	
Nederland	Medische microbiologie	
Österreich	Hygiene und Mikrobiologie	
Portugal		
Suomi/Finland	Kliininen mikrobiologia / klinisk mikrobiologi	
Sverige	Klinisk bakteriologi	
United Kingdom	Medical microbiology and virology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lífefnafræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk biokemi	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Bioquímica clínica	
France		
Ireland	Chemical pathology	
Italia	Biochimica clinica	
Luxembourg	Chimie biologique	
Nederland	Klinische chemie	
Österreich	Medizinische und chemische Labordiagnostik	
Portugal		
Suomi/Finland	Kliininen kemia / klinisk kemi	
Sverige	Klinisk kemi	
United Kingdom	Chemical pathology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Ónæmisfræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk immunologi	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Immunología	
France		
Ireland	Clinical immunology	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich	Immunologie	
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige	Klinisk immunologi	
United Kingdom	Immunology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lýtalækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Chirurgie plastique, reconstructrice et esthétique/plastische, reconstructieve en esthetische heelkunde	
Danmark	Plastikkirurgi	
Deutschland	Plastische Chirurgie	
Ελλάς	Πλαστική Χειρουργική	
España	Cirugía plástica y reparadora	
France	Chirurgie plastique, reconstructrice et esthétique	
Ireland	Plastic surgery	
Italia	Chirurgia plastica e ricostruttiva	
Luxembourg	Chirurgie plastique	
Nederland	Plastische chirurgie	
Österreich	Plastische Chirurgie	
Portugal	Cirurgia plástica e reconstrutiva	
Suomi/Finland	Plastiikkakirurgia / plastikkirurgi	
Sverige	Plastikkirurgi	
United Kingdom	Plastic surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Brjóstholsskurðlækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Chirurgie thoracique/heelkunde op de thorax	
Danmark	Thoraxkirurgi eller brysthulens kirurgiske sygdomme	
Deutschland	Herzchirurgie	
Ελλάς	Χειρουργική Θώρακος	
España	Cirugía torácica	
France	Chirurgie thoracique et cardiovasculaire	
Ireland	Thoracic surgery	
Italia	Chirurgia toracica	
Luxembourg	Chirurgie thoracique	
Nederland	Cardio-thoracale chirurgie	
Österreich		
Portugal	Cirurgia cardiotorácica	
Suomi/Finland	Sydän- ja rintaelinkirurgia / hjärt- och thoraxkirurgi	
Sverige	Thoraxkirurgi	
United Kingdom	Cardo-thoracic surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Barnaskurðlækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland	Kinderchirurgie	
Ελλάς	Χειρουργική Παίδων	
España	Cirugía pediátrica	
France	Chirurgie infantile	
Ireland	Paediatric surgery	
Italia	Chirurgia pediatrica	
Luxembourg	Chirurgie pédiatrique	
Nederland		
Österreich	Kinderchirurgie	
Portugal	Cirurgia pediátrica	
Suomi/Finland	Lastenkirurgia / barnkirurgi	
Sverige	Barn- och ungdomskirurgi	
United Kingdom	Paediatric surgery	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Æðaskurðlækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Chirurgie des vaisseaux/bloedvatenheelkunde	
Danmark	Karkirurgi eller kirurgiske blodkarsygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Αγγειοχειρουργική	
España	Angiología y cirugía vascular	
France	Chirurgie vasculaire	
Ireland		
Italia	Chirurgia vascolare	
Luxembourg	Chirurgie vasculaire	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Cirurgia vascular	
Suomi/Finland	Verisuonikirurgia / kärlkirurgi	
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Hjartalækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Cardiologie	
Danmark	Kardiologi	
Deutschland		
Ελλάς	Καρδιολογία	
España	Cardiología	
France	Pathologie cardio-vasculaire	
Ireland	Cardiology	
Italia	Cardiologia	
Luxembourg	Cardiologie et angiologie	
Nederland	Cardiologie	
Österreich		
Portugal	Cardiologia	
Suomi/Finland	Kardiologia / kardiologi	
Sverige	Kardiologi	
United Kingdom	Cardiology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Meltingarfæralækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Gastro-entérologie/gastroenterologie	
Danmark	Medicinsk gastroenterologi eller medicinske mave-tarm-sygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Γαστρεντερολογία	
España	Aparato digestivo	
France	Gastro-entérologie et hépatologie	
Ireland	Gastro-enterology	
Italia	Gastroenterologia	
Luxembourg	Gastro-entérologie	
Nederland	Gastro-enterologie	
Österreich		
Portugal	Gastrenterologia	
Suomi/Finland	Gastroenterologia / gastroenterologi	
Sverige	Medicinsk gastroenterologi och hepatologi	
United Kingdom	Gastro-enterology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Gigtarlækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Rhumatologie/reumatologie	
Danmark	Reumatologi	
Deutschland		
Ελλάς	Ρευματολογία	
España	Reumatología	
France	Rhumatologie	
Ireland	Rheumatology	
Italia	Reumatologia	
Luxembourg	Rhumatologie	
Nederland	Reumatologie	
Österreich		
Portugal	Reumatologia	
Suomi/Finland	Reumatologia / reumatologi	
Sverige	Reumatologi	
United Kingdom	Rheumatology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Blóðmeinafræði **Lágmarkslengd náms: 3 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Hæmatologi eller blodsygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Αιματολογία	
España	Hematología y hemoterapia	
France		
Ireland	Haematology	
Italia	Ematologia	
Luxembourg	Hématologie	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Imuno-hemoterapia	
Suomi/Finland	Kliininen hematologia / Klinisk hematologi	
Sverige	Hematologi	
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Efnaskipta- og innkirtlalækningar **Lágmarkslengd náms: 3 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Medicinsk endokrinologi eller medicinske hormonsygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Ενδοκρινολογία	
España	Endocrinología y nutrición	
France	Endocrinologie, maladies métaboliques	
Ireland	Endocrinology and diabetes mellitus	
Italia	Endocrinologia e malattie del ricambio	
Luxembourg	Endocrinologie, maladies du métabolisme et de la nutrition	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Endocrinologia	
Suomi/Finland	Endokrinologia / endokrinologi	
Sverige	Endokrina sjukdomar	
United Kingdom	Endocrinology and diabetes mellitus	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Orku- og endurhæfingarlækningar **Lágmarkslengd náms: 3 ár**	
Belgique/België/Belgien	Médecine physique et réadaptation/fysische geneeskunde en revalidatie	
Danmark		
Deutschland	Physikalische und Rehabilitative Medizin	
Ελλάς	Φυσική Ιατρική και Αποκατάσταση	
España	Rehabilitación	
France	Rééducation et réadaptation fonctionnelles	
Ireland		
Italia	Medicina fisica e riabilitazione	
Luxembourg	Rééducation et réadaptation fonctionnelles	
Nederland	Revalidatiegeneeskunde	
Österreich	Physikalische Medizin	
Portugal	Fisiatria ou Medicina física e de reabilitação	
Suomi/Finland	Fysiatria / fysiatri	
Sverige	Rehabiliteringsmedicin	
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Munnfræði **Lágmarkslengd náms: 3 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España	Estomatología	
France	Stomatologie	
Ireland		
Italia	Odontostomatologia	
Luxembourg	Stomatologie	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Estomatologia	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Taugageðlækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Neuropsychiatrie	
Danmark		
Deutschland	Nervenheilkunde (Neurologie und Psychiatrie)	
Ελλάς	Νευρολογία - Ψυχιατρική	
España		
France	Neuropsychiatrie	
Ireland		
Italia	Neuropsichiatria	
Luxembourg	Neuropsychiatrie	
Nederland	Zenuw- en zielsziekten	
Österreich	Neurologie und Psychiatrie	
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Húð- og kynsjúkdómalækningar ***Lágmarkslengd náms: 3 ár***	
Belgique/België/Belgien	Dermato-vénéréologie/dermato-venerologie	
Danmark	Dermato-venerologi eller hud- og kønssygdomme	
Deutschland	Haut- und Geschlechtskrankheiten	
Ελλάς	Δερματολογία - Αφροδισιολογία	
España	Dermatología médico-quirúrgica y venereología	
France	Dermatologie et vénéréologie	
Ireland		
Italia	Dermatologia e venerologia	
Luxembourg	Dermato-vénéréologie	
Nederland	Dermatologie en venerologie	
Österreich	Haut- und Geschlechtskrankheiten	
Portugal	Dermatovenereologia	
Suomi/Finland	Ihotaudit ja allergologia / hudsjukdomar och allergologi	
Sverige	Hud- och könssjukdomar	
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Húðsjúkdómafræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Dermatology	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom	Dermatology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Kynsjúkdómafræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Venereology	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom	Genito-urinary medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Geislalækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland	Radiologie	
Ελλάς	Ακτινολογία - Ραδιολογία	
España	Electrorradiología	
France	Electro-radiologie	
Ireland		
Italia	Radiologia	
Luxembourg	Électroradiologie	
Nederland	Radiologie	
Österreich	Radiologie	
Portugal	Radiologia	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Hitabeltissjúkdómafræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Tropical medicine	
Italia	Medicina tropicale	
Luxembourg		
Nederland		
Österreich	Spezifische Prophylaxe und Tropenhygiene	
Portugal	Medicina tropical	
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom	Tropical medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Barnageðlækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Børne- og ungdomspsykiatri	
Deutschland	Kinder- und Jugendpsychiatrie und -psychotherapie	
Ελλάς	Παιδοψυχιατρική	
España		
France	Pédo-psychiatrie	
Ireland	Child and adolescent psychiatry	
Italia	Neuropsichiatria infantile	
Luxembourg	Psychiatrie infantile	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Pedopsiquiatria	
Suomi/Finland	Lastenpsykiatria / barnpsykiatri	
Sverige	Barn- och ungdomspsykiatri	
United Kingdom	Child and adolescent psychiatry	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Öldrunarlækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Geriatri eller alderdommens sygdomme	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Geriatría	
France		
Ireland	Geriatrics	
Italia	Geriatria	
Luxembourg		
Nederland	Klinische geriatrie	
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Geriatria / geriatri	
Sverige	Geriatrik	
United Kingdom	Geriatrics	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Nýrnalækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Nefrologi eller medicinske nyresygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Νεφρολογία	
España	Nefrología	
France	Néphrologie	
Ireland	Nephrology	
Italia	Nefrologia	
Luxembourg	Néphrologie	
Nederland		
Österreich		
Portugal	Nefrologia	
Suomi/Finland	Nefrologia / nefrologi	
Sverige	Medicinska njursjukdomar (nefrologi)	
United Kingdom	Renal medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Smitsjúkdómar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Infektionsmedicin	
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Communicable diseases	
Italia	Malattie infettive	
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Infektiosairaudet / infektionssjukdomar	
Sverige	Infektionssjukdomar	
United Kingdom	Infectious diseases	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Félagslækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Samfundsmedicin	
Deutschland	Öffentliches Gesundheitswesen	
Ελλάς	Κοινωνική Ιατρική	
España	Medicina preventiva y salud pública	
France	Santé publique et médecine sociale	
Ireland	Community medicine	
Italia	Igiene e medicina sociale	
Luxembourg	Santé publique	
Nederland	Maatschappij en gezondheid	
Österreich	Sozialmedizin	
Portugal		
Suomi/Finland	Terveydenhuolto / hälsovård	
Sverige	Socialmedicin	
United Kingdom	Public health medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Lyfjafræði (lækna) **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk farmakologi	
Deutschland	Pharmakologie und Toxikologie	
Ελλάς		
España	Farmacología clínica	
France		
Ireland	Clinical pharmacology and therapeutics	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich	Pharmakologie und Toxikologie	
Portugal		
Suomi/Finland	Kliininen farmakologia ja lääkehoito / klinisk farmakologi och läkemedelsbehandling	
Sverige	Klinisk farmakologi	
United Kingdom	Clinical pharmacology and therapeutics	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Atvinnusjúkdómalækningar **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Médecine du travail/arbeidsgeneeskunde	
Danmark	Arbejdsmedicin	
Deutschland	Arbeitsmedizin	
Ελλάς	Ιατρική της Εργασίας	
España		
France	Médecine du travail	
Ireland	Occupational medicine	
Italia	Medicina del lavoro	
Luxembourg	Médecine du travail	
Nederland	Arbeid en gezondheid, bedrijfsgeneeskunde Arbeid en gezondheid, verzekeringsgeneeskunde	
Österreich	Arbeits- und Betriebsmedizin	
Portugal	Medicina do trabalho	
Suomi/Finland	Työterveyshuolto / företagshälsovård	
Sverige	Yrkes- och miljömedicin	
United Kingdom	Occupational medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Ofnæmislækningar **Lágmarkslengd náms: 3 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Medicinsk allergologi eller medicinske overfølsomhedssygdomme	
Deutschland		
Ελλάς	Αλλεργιολογία	
España	Alergología	
France		
Ireland		
Italia	Allergologia ed immunologia clinica	
Luxembourg		
Nederland	Allergologie en inwendige geneeskunde	
Österreich		
Portugal	Imuno-alergologia	
Suomi/Finland		
Sverige	Allergisjukdomar	
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Meltingarfæraskurðlækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien	Chirurgie abdominale/heelkunde op het abdomen	
Danmark	Kirurgisk gastroenterologi eller kirurgiske mave-tarm-sygdomme	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Cirugía del aparato digestivo	
France	Chirurgie viscérale et digestive	
Ireland		
Italia	Chirurgia dell'apparato digestivo	
Luxembourg	Chirurgie gastro-entérologique	
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Gastroenterologinen kirurgia / gastroenterologisk kirurgi	
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Geislalæknisfræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien	Médecine nucléaire/nucleaire geneeskunde	
Danmark	Klinisk fysiologi og nuklearmedicin	
Deutschland	Nuklearmedizin	
Ελλάς	Πυρηνική Ιατρική	
España	Medicina nuclear	
France	Médecine nucléaire	
Ireland		
Italia	Medicina nucleare	
Luxembourg	Médecine nucléaire	
Nederland	Nucleaire geneeskunde	
Österreich	Nuklearmedizin	
Portugal	Medicina nuclear	
Suomi/Finland	Kliininen fysiologia ja isotooppilääketiede / klinisk fysiologi och nukleärmedicin	
Sverige		
United Kingdom	Nuclear medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Slysa- og bráðalækningar **Lágmarkslengd náms: 5 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Accident and emergency medicine	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom	Accident and emergency medicine	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
	Klínísk taugalífeðlisfræði **Lágmarkslengd náms: 4 ár**	
Belgique/België/Belgien		
Danmark	Klinisk neurofysiologi	
Deutschland		
Ελλάς		
España	Neurofisiología clínica	
France		
Ireland	Neurophysiology	
Italia		
Luxembourg		
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Kliininen neurofysiologia / klinisk neurofysiologi	
Sverige	Klinisk neurofysiologi	
United Kingdom	Clinical neurophysiology	

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði) **Lágmarkslengd náms: 5 ár**		
Belgique/België/Belgien		
Danmark		
Deutschland		
Ελλάς		
España	Cirugía oral y maxilofacial	
France	Chirurgie maxillo-faciale et stomatologie	
Ireland		
Italia	Chirurgia maxillo-facciale	
Luxembourg	Chirurgie maxillo-faciale	
Nederland		
Österreich	Mund-, Kiefer- und Gesichtschirurgie	
Portugal		
Suomi/Finland		
Sverige		
United Kingdom		

Land	Heiti vitnisburðar	Stofnun sem veitir vitnisburð
Tann-, munn- og kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum) **Lágmarkslengd náms: 4 ár**		
Belgique/België/Belgien	Stomatologie et chirurgie orale et maxillo-faciale/stomatologie en mond-, kaak- en aangezichtschirurgie	
Danmark		
Deutschland	Mund-, Kiefer- und Gesichtschirurgie	
Ελλάς		
España		
France		
Ireland	Oral and maxillo-facial surgery	
Italia		
Luxembourg	Chirurgie dentaire, orale et maxillo-faciale	
Nederland		
Österreich		
Portugal		
Suomi/Finland	Suu- ja leukakirurgia / oral och maxillofacial kirurgi	
Sverige		
United Kingdom	Oral and maxillo-facial surgery“	

551. Tillaga til þingsályktunar [425. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB frá 27. september 2001, um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð sem og banka og annarra fjármálastofnana.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB frá 27. september 2001, um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð sem og banka og annarra fjármálastofnana.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndar-

innar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB frá 27. september 2001, um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð sem og banka og annarra fjármálastofnana.

Tilskipunin tekur gildi innan Evrópusambandsins 1. janúar 2004 og ber aðildarríkjum þess að taka upp reglur hennar fyrir þann tíma.

Tilskipunin lýtur að því að vikið er frá kröfu skv. 32. gr. fjórðu tilskipunar 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (félög með takmarkaða ábyrgð), að liðir ársreiknings séu metnir á grundvelli meginreglunnar um innkaupsverð eða kostnaðarverð. Undanþága frá þessari reglu er þó í 33. gr. tilskipunarinnar er heimilar endurmat eigna með tilliti til áhrifa verðbólgu á þá liði sem sýndir eru í ársreikningi og verðbólgureikingsskil á Íslandi byggðust á meðan þau voru við lýði.

Hreyfanleiki alþjóðlegra fjármálamarkaða hefur ekki aðeins í för með sér víðtæka notkun hefðbundinna fjármálaskjala eins og hlutabréfa og skuldabréfa heldur einnig notkun margs konar afleiddra fjármálaskjala, svo sem framvirkra samninga, valréttar- og skiptasamninga. Evrópusambandið hefur unnið að samræmingu milli tilskipana bandalagsins um reikningsskil og þróun í setningu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, einkum innan alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (International Accounting Standards Committee – IASC). Til að viðhalda slíku samræmi milli alþjóðlegra viðurkenndra reikningsskilastaðla og tilskipana ESB hefur verið

talið nauðsynlegt að breyta þessum tilskipunum til að leyfa notkun alþjóðlegra reikningsskilastaðla í tengslum við greiningu og mat á fjármálaskjölum. Þessi heimild gerir evrópskum fyrirtækjum, a.m.k. skráðum félögum á verðbréfamörkuðum, kleift að gera reikningsskil í samræmi við þá þróun sem á sér stað á alþjóðavettvangi.

Samkvæmt tilskipuninni er þess krafist að aðildarríkin taki upp kerfi gangverðsreikningsskila fyrir tiltekin fjármálaskjöl til að fjármálaupplýsingar innan bandalagsins séu sambærilegar. Aðildarríkin skulu heimila öllum fyrirtækjum eða flokkum fyrirtækja sem starfa samkvæmt fyrrnefndum tilskipunum að taka upp þetta kerfi, bæði fyrir ársreikninga og samstæðureikninga svo og samstæðureikninga eingöngu.

Tilskipunin mun kalla á breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Þar sem tilskipunin tekur ekki gildi innan ESB fyrr en 1. janúar 2004 er ekki hafinn undirbúningur að innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt. Ráðuneytið telur að þessi breyting muni ekki hafa mikil áhrif á kostnað fyrirtækja við gerð reikningsskila.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 86/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2002 frá 19. apríl 2002 ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 154, 13.6.2002, bls. 22 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 16.

2) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2002 frá 1. febrúar 2002 ([2]).

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB frá 27. september 2001 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð sem og banka og annarra fjármálastofnana ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 86/635/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

32001 L 0065: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB frá 27. september 2001 (Stjtíð. EB L 283, 17.10.2001, bls. 28).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 78/660/EBE) og í 6. lið (tilskipun ráðsins 83/349/EBE) í XXII. viðauka við samninginn:

„**32001 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB frá 27. september 2001 (Stjtíð. EB L 283, 17.10.2001, bls. 28).“

3. gr.

Texti tilskipunar 2001/65/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

([2]) Stjtíð. EB L 88, 4.4.2002, bls. 22 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 18, 13.6.2002, bls. 14.
([3]) Stjtíð. EB L 283, 27.10.2002, bls. 28.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/65/EB

frá 27. september 2001

um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð sem og banka og annarra fjármálastofnana

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum g-liðar 2. mgr. 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans [3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 32. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð [4] er þess krafist að liðir ársreikninga séu metnir á grundvelli meginreglunnar um innkaupsverð eða kostnaðarverð.

2) Í 33. gr. tilskipunar 78/660/EBE er aðildarríkjunum heimilað að leyfa eða krefjast þess af fyrirtækjum að þau endurmeti tilteknar eignir, meti tilteknar eignir á endurkaupsverði eða beiti öðrum aðferðum þar sem tekið er tillit til áhrifa verðbólgu á þá liði sem eru sýndir í ársreikningi.

3) Í 29. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga [5] er þess krafist að eignir og skuldir sem fella á undir samstæðuna skuli metnar skv. 31.–42. gr. og 60. gr. tilskipunar 78/660/EBE.

([1]) Stjtíð. EB C 311, 31.10.2000, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 268, 19.9.2000, bls. 1.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 15. maí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 30. maí 2001.
([4]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/60/EB (Stjtíð. EB L 162, 26.6.1999, bls. 65).
([5]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

4) Í 1. gr. tilskipunar ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([6]) er þess krafist að eignir og skuldir séu metnar skv. 31.–42. gr. í tilskipun 78/660/EBE nema kveðið sé á um annað í tilskipun 86/635/EBE.

5) Ársreikningar og samstæðureikningar vátryggingafélaga skulu gerðir í samræmi við tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([7]). Breytingar á tilskipunum 78/660/EBE og 83/349/EBE gilda ekki um ákvæði tilskipunar 91/674/EBE en framkvæmdastjórnin getur lagt fram svipaðar tillögur um breytingar á þeirri tilskipun að höfðu samráði við viðkomandi ráðgjafarnefnd.

6) Hreyfanleiki alþjóðlegra fjármálamarkaða hefur ekki aðeins haft í för með sér víðtæka notkun hefðbundinna grunnfjármálaskjala eins og hlutabréfa og skuldabréfa heldur einnig notkun margs konar afleiddra fjármálaskjala, svo sem staðlaðra og óstaðlaðra, framvirkra samninga, valréttar og skiptasamninga.

7) Þeir aðilar, sem eru í fararbroddi í heiminum við setningu reikningsskilastaðla, eru við það að leggja til hliðar aðferð sem miðast við upphaflegan kostnað þegar þessi fjármálaskjöl eru verðmetin og taka upp aðferð sem byggir á gangverðsreikningsskilum.

8) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um bókhaldslega samhæfingu, nýrri áætlun í átt til alþjóðasamhæfingar, er leitað eftir því við Evrópusambandið að það vinni að því að viðhalda samræmi milli tilskipana bandalagsins um reikningsskil og þróunar í setningu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, einkum innan alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (International Accounting Standards Committee (IASC)).

9) Til að viðhalda slíku samræmi milli alþjóðlega viðurkenndra reikningsskilastaðla og tilskipana 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE er nauðsynlegt að breyta þessum tilskipunum til að hægt sé að meta tilteknar peningalegar eignir og skuldir til sannvirðis. Þetta gerir evrópskum fyrirtækjum kleift að gera reikningsskil í samræmi við þá þróun sem á sér stað á alþjóðavettvangi.

10) Þessi breyting á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE er í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 13. júní 2000 um áætlun Evrópusambandsins um fjárhagsskýrslur þar sem lagt er til að skráð fyrirtæki noti alþjóðlega viðurkennda reikningsskilastaðla við samstæðureikningsskil. Tilgangurinn með þessari breytingu er að leyfa notkun alþjóðlegra reikningsskilastaðla í tengslum við greiningu og mat á fjármálaskjölum.

11) Nauðsynlegt er að krefjast þess að aðildarríkin taki upp kerfi gangverðsreikningsskila fyrir tiltekin fjármálaskjöl til að fjármálaupplýsingar innan bandalagsins séu sambærilegar. Aðildarríkin skulu heimila öllum fyrirtækjum eða flokkum fyrirtækja, sem starfa samkvæmt tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE, að taka upp þetta kerfi, bæði fyrir ársreikninga og samstæðureikninga og samstæðureikninga eingöngu. Enn fremur skal aðildarríkjunum heimilt að krefjast þess öll fyrirtæki eða flokkar fyrirtækja taki upp þetta kerfi, bæði fyrir ársreikninga og samstæðureikninga og samstæðureikninga eingöngu.

12) Gangverðsreikningsskil skulu einungis notuð fyrir þá liði þar sem almennt alþjóðlegt samkomulag er um að heppilegast sé að nota þá aðferð. Núverandi, almennt samkomulag er á þá leið að ekki skuli beita gangverðsreikningsskilum á allar peningalegar eignir og skuldir, t.d. ekki á megnið af þeim sem tengjast veltubókinni.

13) Skýringar með ársreikningi skulu ná yfir tilteknar upplýsingar um fjármálaskjöl í efnahagsreikningnum sem hafa verið metin á sannvirði. Í ársskýrslunni skulu koma fram upplýsingar um markmið og stefnu félagsins í áhættustjórnun með tilliti til notkunar þess á stjórntækjum á sviði fjármála.

14) Afleidd fjármálaskjöl geta haft umtalsverð áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja. Talið er heppilegt að tilgreina afleidd fjármálaskjöl og sannvirði þeirra jafnvel þótt félagið noti ekki gangverðsreikningsskil. Til að takmarka stjórnunarlegt álag á lítil fyrirtæki hafa aðildarríkin leyfi

([6]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

til að veita litlum fyrirtækjum undanþágu frá kröfum um að veita þessar upplýsingar.

15) Reikningsskil fjármálaskjala er svið innan fjárhagsskýrslugerðar sem er í örri þróun og kallar því á endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á grundvelli reynslu aðildarríkjanna af gangverðsreikningsskilum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 78/660/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi þáttur bætist við:

„7. ÞÁTTUR a

Mat á sannvirði

42. gr. a

1. Þrátt fyrir 32. gr. og með fyrirvara um skilyrðin, sem eru sett fram í 2.–4. mgr. þessarar greinar, skulu aðildarríkin leyfa eða krefjast þess af öllum félögum og hópum félaga að fjármálaskjöl séu metin á sannvirði, þ.m.t. afleidd skjöl.

Takmarka má slíkt leyfi eða kröfu við samstæðureikninga eins og skilgreint er í tilskipun 83/349/EBE.

2. Að því er þessa tilskipun varðar skulu samningar sem byggjast á hrávöru, sem veita öðrum hvorum samningsaðilanum rétt til að greiða með peningum eða einhverjum öðrum fjármálaskjölum, teljast vera afleidd fjármálaskjöl nema:

a) gengið hafi verið til samninga með það fyrir augum að samningurinn uppfylli þær kröfur sem félagið gerir varðandi kaup, sölu og notkun og að hann geri það áfram;

b) samningarnir hafi verið sniðnir að þessu markmiði frá upphafi; og

c) reiknað sé með því að uppgjör fari fram við afhendingu hrávörunnar.

3. 1. mgr. gildir einungis um skuldir sem:

a) eru hluti af viðskiptasamvali; eða

b) eru afleidd fjármálaskjöl.

4. Mat á verði skv. 1. mgr. gildir ekki um:

a) fjármálaskjöl sem eru ekki afleidd og er haldið út binditímann;

b) útlán og viðskiptakröfur félagsins sem ekki er fyrirhugað að versla með; og

c) vexti í dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og samáhættufyrirtækjum, skírteini fyrir hlut í eign, gefin út af félaginu, samninga um skilyrt endurgjald í fyrirtækjasamsteypum og einnig önnur fjármálaskjöl sem eru svo sérstaks eðlis að gera skal, samkvæmt því sem almennt er viðurkennt, grein fyrir þeim á annan hátt en öðrum fjármálaskjölum.

5. Þrátt fyrir 32. gr. geta aðildarríkin, að því er varðar allar eignir og skuldir sem uppfylla kröfur um baktryggingar samkvæmt baktryggingakerfi sem grundvallast á sannvirði, eða tiltekna hluta slíkra eigna og skulda, heimilað að þessar eignir eða skuldir séu metnar til þeirrar sérstöku fjárhæðar sem krafist er samkvæmt því kerfi.

42. gr. b

1. Sannvirðið, sem um getur í 42. gr. a, skal ákvarðað með tilliti til:

a) markaðsvirðis þeirra fjármálaskjala sem auðveldlega er hægt að finna traustan markað fyrir. Þegar ekki er hægt að finna markaðsvirði fjármálaskjals auðveldlega en hins vegar er hægt að finna markaðsvirði hluta þess eða svipaðra skjala er hægt að ákvarða það út frá markaðsvirði einstakra hluta skjalsins eða markaðsvirði svipaðs skjals; eða

b) virðis sem er reiknað út með almennt viðurkenndum virðislíkönum og -aðferðum fyrir þau skjöl sem ekki er auðveldlega hægt að finna traustan markað fyrir. Slík virðislíkön og -aðferðir skulu gefa góða hugmynd um markaðsvirðið.

2. Fjármálaskjöl, sem ekki er hægt að meta á öruggan hátt með neinni af aðferðunum sem lýst er í 1. mgr., skal meta í samræmi við 34.–42. gr.

42. gr. c

1. Þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 31. gr. skal taka breytingu á virði með í rekstrarreikningi ef fjármálaskjöl eru metin í samræmi við 42. gr. b. Slík breyting skal þó reiknast beint sem eigið fé í sannvirðisvarasjóð ef:

a) skjalið, sem um er að ræða, er baktryggingarskjal í kerfi baktryggingarbókhalds þar sem leyfilegt er að sumar eða allar verðbreytingarnar séu ekki teknar með í rekstrarreikningi; eða

b) verðbreytingarnar tengjast gengismun sem verður á peningalið sem er hluti af nettófjárfestingu félagsins í erlendri einingu.

2. Aðildarríkin geta leyft eða krafist þess að breyting á virði fjáreignar, sem er til sölu og er ekki afleitt fjármálaskjal, verði bókfærð beint sem eigið fé í sannvirðisvarasjóði.

3. Sannvirðisvarasjóður skal leiðréttur þegar fjárhæðir, sem koma fram þar, eru ekki lengur nauðsynlegar vegna framkvæmdar 1. og 2. mgr.

42. gr. d

Þegar sannvirði fjármálaskjala hefur verið metið skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í athugasemdum með reikningunum:

a) helstu ályktanir sem liggja að baki matslíkönum og -aðferðum þegar sannvirði er ákvarðað í samræmi við b-lið 1. mgr. 42. gr. b;

b) fyrir hvern flokk fjármálaskjala, sannvirði, breytingar á virði sem hafa verið reiknaðar beint inn í rekstrarreikninginn og einnig breytingar á sannvirðisvarasjóði;

c) fyrir hvern flokk afleiddra fjármálaskjala, upplýsingar um umfang og eðli skjalanna, þ.m.t. mikilvægir skilmálar og skilyrði sem gætu haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika sjóðstreymis í framtíðinni; og

d) tafla sem sýnir hreyfingar í sannvirðisvarasjóði á fjárhagsárinu.“

2. Í 1. mgr. 43. gr.:

a) í stað tilvísunar í 10. lið í „31. gr. og 34.–42. gr.“ komi tilvísun í „31. gr. og 34.–42. gr. c“, og

b) eftirfarandi liður bætist við:

„14. Þegar mat á sannvirði fjármálaskjala hefur ekki farið fram í samræmi við 7. þátt a:

a) fyrir hvern flokk afleiddra fjármálaskjala:

i) sannvirði skjalanna ef hægt er að ákvarða það með einhverri af aðferðunum sem lýst er í 1. mgr. 42. gr. b;

ii) upplýsingar um umfang og eðli skjalanna; og

b) þegar um er að ræða fastafjármuni sem falla undir 42. gr. a og eru hærri fjárhæð en sannvirði þeirra og án þess að sá kostur hafi verið valinn að gera virðisleiðréttingu í samræmi við aa-lið c-liðar 1. mgr. 35. gr.:

i) bókfært virði og sannvirði annaðhvort einstakra eigna eða viðeigandi flokka einstakra eigna;

ii) ástæðurnar fyrir því að hafa ekki lækkað bókfært verð, þ.m.t. hvers eðlis sá rökstuðningur er sem liggur til grundvallar því áliti að unnt verði að ná bókfærða verðinu til baka.“

3. Í stað 1. mgr. 44. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin geta leyft félögunum, sem um getur í 11. gr., að setja fram styttar skýringar með reikningum sínum en þó ekki upplýsingarnar sem krafist er skv. 5.–12. lið og 14. lið a. í 1. mgr. 43. gr. Í skýringunum skulu þó koma fram heildarupplýsingar um öll atriði sem eru tilgreind í 6. lið 1. mgr. 43. gr.“

4. Í 2. mgr. 46. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„f) að því er varðar notkun félagsins á fjármálaskjölum og þar sem það skiptir verulegu máli fyrir mat á eignum þess og skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi,

— markmiðum og stefnu félagsins að því er varðar fjármögnunaráhættu, þ.m.t. baktryggingarstefnu þess fyrir hverja tegund mikilvægra, fyrirsjáanlegra viðskipta þar sem baktryggingar eru notaðar, og

— verðlagsáhættu, lánsáhættu, lausafjáráhættu og sjóðstreymisáhættu sem félagið þarf að taka.“

5. Í a- og b-lið 2. mgr. 59. gr. komi tilvísun í „7. þátt eða 7. þátt a“ í stað tilvísunar í „31.–42. gr.“

6. Eftirfarandi grein bætist við:

„61. gr. a

Eigi síðar en 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin endurskoða ákvæði 42. gr. a til 42. gr. d, 43. gr. (10. og 14. liðar 1. mgr.), 44. gr. (1. mgr.), 46. gr. (f-liðar 2. mgr.) og 59. gr. (a- og b-liðar 2. mgr.) í ljósi fenginnar reynslu af því að beita ákvæðum um sannvirðisbókhald og að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar á sviði bókhalds og, ef við á, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið í því skyni að breyta framangreindum greinum.“

2. gr.

Tilskipun 83/349/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 29. gr. komi eftirfarandi:

„1. Eignir og skuldir, sem falla undir samstæðureikninga, skulu metnar eftir sömu aðferðum og í samræmi við 7. þátt og 7. þátt a og 60. gr. tilskipunar 78/660/EBE.“

2. Í 34. gr.:

a) komi tilvísun í 10. lið í „31. gr. og 34.–42. gr. c“ í stað tilvísunarinnar í „31. gr. og 34.–42. gr“, og

b) eftirfarandi liðir bætist við:

„14. Þegar sannvirði fjármálaskjala hefur verið metið í samræmi við 7. þátt a í tilskipun 78/660/EBE:

a) helstu ályktanir sem liggja að baki matslíkönum og -aðferðum þegar sannvirði er ákvarðað í samræmi við b-lið 1. mgr. 42. gr. b í þeirri tilskipun;

b) fyrir hvern flokk fjármálaskjala, sannvirði, breytingar á virði sem hafa verið reiknaðar beint inn í rekstrarreikninginn og einnig breytingar á sannvirðisvarasjóði í samræmi við 42. gr. c í þeirri tilskipun;

c) fyrir hvern flokk afleiddra fjármálaskjala, upplýsingar um umfang og eðli skjalanna, þ.m.t. mikilvægir skilmálar og skilyrði sem gætu haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika sjóðstreymis í framtíðinni; og

d) tafla sem sýnir hreyfingar í sannvirðisvarasjóði á fjárhagsárinu.

15. Þegar mat á sannvirði fjármálaskjala hefur ekki farið fram í samræmi við 7. þátt a í tilskipun 78/660/EBE:

a) fyrir hvern flokk afleiddra skjala:

i) sannvirði skjalanna ef hægt er að ákvarða það með einhverri af aðferðunum sem lýst er í 1. mgr. 42. gr. b í þeirri tilskipun;

ii) upplýsingar um umfang og eðli skjalanna; og

b) þegar um er að ræða fastafjármuni sem falla undir 42. gr. a í þeirri tilskipun og eru hærri fjárhæð en sannvirði þeirra og án þess að sá kostur hafi verið valinn að gera virðisleiðréttingu í samræmi við aalið c-liðar 1. mgr. 35. gr. í þeirri tilskipun:

i) bókfært virði og sannvirði annaðhvort einstakra eigna eða viðeigandi flokka einstakra verðbréfa;

ii) ástæðurnar fyrir því að hafa ekki lækkað bókfært verð, þ.m.t. hvers eðlis sá rökstuðningur er sem liggur til grundvallar því áliti að unnt verði að ná bókfærða verðinu til baka.“

3. Í 2. mgr. 36. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„e) að því er varðar notkun fyrirtækjanna á fjármálaskjölum og þar sem það skiptir verulegu máli fyrir mat á eignum þeirra og skuldum, fjárhagsstöðu og hagnaði eða tapi,

— markmiðum og stefnu fyrirtækjanna að því er varðar fjármögnunaráhættu, þ.m.t. baktryggingarstefnu þeirra fyrir hverja tegund mikilvægra, fyrirsjáanlegra viðskipta þar sem baktryggingar eru notaðar, og

— verðlagsáhættu, lánsáhættu, lausafjáráhættu og sjóðstreymisáhættu.“

4. Eftirfarandi grein bætist við:

„*50. gr. a*

Eigi síðar en 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin endurskoða ákvæði 29. gr. (1. mgr.), 34. gr. (10. 14. og 15. mgr.) og 36. gr. (e-liðar 2. mgr.) í ljósi fenginnar reynslu af því að beita ákvæðum um sannvirðisbókhald og að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar á sviði bókhalds og, ef við á, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið í því skyni að breyta framangreindum greinum.“

3. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. í tilskipun 86/635/EBE komi eftirfarandi:

„1. Beita skal 2. gr., 3. gr., 4. gr. (1. og 3.–5. mgr.), 6. gr., 7. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr. (3. og 4. mgr.), 16.–21. gr., 29.–35. gr., 37.–41. gr., 42. gr. (fyrsta málslið), 42. gr. a–d, 45. gr. (1. mgr.), 46. gr. (1. og 2. mgr.), 48.– 50. gr., 50. gr. a, 51. gr. (1. mgr.), 56.–59. gr., 61 gr. og 61. gr. a í tilskipun 78/660/EBE að því er varðar stofnanir sem getið er um í 2. gr. þessarar tilskipunar nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun. Ekki skal þó beita 35. gr. (3. mgr.), 36. gr., 37. gr. og 39. gr. (1.–4. mgr.) þessarar tilskipunar þegar um er að ræða eignir og skuldir sem eru metnar í samræmi við 7. þátt a í tilskipun 78/660/EBE.“

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. september 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	C. PICQUÉ
forseti.	*forseti.*

552. Tillaga til þingsályktunar [426. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002 frá 31. maí 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002 frá 31. maí 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri laga-

setningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

Tilskipun nr. 2000/34/EB breytir tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma (vinnutímatilskipunin). Sú breyting felst aðallega í því að læknar í starfsnámi, þeir sem starfa við flutninga á vegum ásamt þeim sem vinna á sjó og í flugi munu falla undir gildissvið vinnutímatilskipunarinnar. Í tilskipuninni er þó gert ráð fyrir að margvíslegar undanþáguheimildir frá reglum vinnutímatilskipunarinnar gildi enn varðandi þessa hópa.

Vinnutímatilskipunin gildir um daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma, árlegt orlof, um hlé og hámarksvinnutíma á viku og tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur. Hún felur í sér lágmarksréttindi til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

Eftir breytinguna með tilskipun nr. 2000/34/EB gildir vinnutímatilskipunin um alla starfsemi í öllum geirum, hvort sem hún er á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, í skilningi 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE, sbr. þó 14. gr. og 17. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði vinnutímatilskipunarinnar gilda því ekki um sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem her og lögreglu, eða starfsemi almannavarna, sbr. tilvísun í 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Farmenn samkvæmt skilgreiningu í tilskipun nr. 1999/36/EB munu enn fremur falla áfram utan gildissviðs tilskipunarinnar. Reglur um vinnutíma farmanna er að finna í tilskipun ráðsins 1999/63/EB varðandi samninginn um skipulag vinnutíma á farskipum sem gerður var af Evrópusamtökum skipaeigenda (ESCA) og Sambandi flutningaverkamanna. Auk þess gildir um þetta efni tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999, um framkvæmd ákvæða um vinnutíma á skipum sem fara um hafnir innan ríkja Evrópusambandsins. Þá er tekið fram að tilskipunin gildi ekki á þeim sviðum þar sem sérreglur annarra gerða bandalagsins fela í sér sérhæfðari kröfur varðandi skipulag vinnutíma tiltekinna starfsgreina eða atvinnustarfsemi. Í því samhengi má geta tilskipunar nr. 2000/79/EB frá 27. nóvember 2000, um vinnutíma í flugi, sem byggist á samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins á evrópskum vettvangi í þessari atvinnugrein sem gerðir voru í mars 2000.

Meginreglur vinnutímatilskipunarinnar eru þær að aðildarríkjum er skylt að tryggja starfsmönnum rétt á:

a. 11 klst. samfelldum daglegum hvíldartíma,
b. hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en 6 klst.,

c. samfelldum 24 klst. hvíldartíma í viku hverri sem tengist daglegum hvíldartíma, sbr. a-lið,
d. að virkur vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 klst., að yfirvinnu meðtalinni,
e. árlegu fjögurra vikna launuðu orlofi,
f. að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir 8 klst. á hverju 24 klst. tímabili og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag,
g. ókeypis heilsufarsskoðun næturvinnustarfsmanna og, sé þess kostur, tilfærslu í dagvinnustörf ef rekja má heilsufarsvandamál þeirra til næturvinnu.

Tilskipunin hefur enn fremur að geyma nánari ákvæði er varða heilsuvernd og öryggi næturvinnustarfsmanna og vaktavinnustarfsmanna. Þá kveður hún á um að gera skuli viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra starfsmanna sem vinna eftir ákveðnu mynstri.

Heimilt er þó að veita undanþágur frá meginreglum vinnutímatilskipunarinnar. Slíkar heimildir byggjast m.a. á því að skipulag vinnutíma í ákveðnum starfsgreinum er eða kann að vera með þeim hætti að æskilegt sé að heimila tiltekinn sveigjanleika við beitingu framangreindra meginreglna. Ef aðildarríki nýta þessar undanþágur ber þeim að gæta að meginreglum tilskipunarinnar um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna og gæta þess að starfsmenn fái samsvarandi hvíld í staðinn.

Að því er varðar lækna í starfsnámi er ríkjum veittur sérstakur aðlögunartími til að hrinda í framkvæmd meginreglu vinnutímatilskipunarinnar um 48 klst. vikulegan hámarksvinnutíma að meðaltali í allt að átta ár samkvæmt sérstökum skilyrðum og veitt svigrúm með tilliti til viðmiðunartíma vikulegs hámarksvinnutíma, sbr. 6. tölul. 1. gr. tilskipunar nr. 2000/34/EB.

Innleiðing tilskipunar þessarar krefst lagabreytinga en enn fremur kemur til greina að innleiða hana með kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Íslensk stjórnvöld skulu sjá til þess að efni tilskipunarinnar taki gildi hér á landi eigi síðar en 1. ágúst 2003 en fyrir 1. ágúst 2004 að því er varðar lækna í starfsnámi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 58/2002

frá 31. maí 2002

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 39/2002 frá 19. apríl 2002([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við 28. lið (tilskipun ráðsins 93/104/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- 32000 L 0034: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000 (Stjtíð. EB L 195, 1.8.2000, bls. 41).“

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Sú skylda sem kveðið er á um í i-lið a-liðar í lið 2.4. í 2. mgr. 17. gr. um að áframsenda ákveðnar tilkynningar, skýringar og álit til Evrópuþingsins gildir ekki um EFTA-ríkin né EFTA-stofnanir.“.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

([1]) Stjtíð. EB L 154, bls. 25. EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 29,13.06.2002, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB L 195, 1.8.2000, bls. 41.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/34/EB

frá 22. júní 2000

um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]) á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 3. apríl 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 137. gr. sáttmálans er kveðið á um að bandalagið skuli styðja og bæta við starfsemi aðildarríkjanna með það í huga að bæta vinnuumhverfi og vernda þannig öryggi og heilsu starfsmanna. Í tilskipunum, sem samþykktar eru á grundvelli þeirrar greinar, skal forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2) Í tilskipun ráðsins 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma ([4]) er mælt fyrir um lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði við skipulag vinnutíma, að því er varðar daglegan hvíldartíma, hlé, vikulegan hvíldartíma, vikulegan hámarksvinnutíma, árlegt orlof og þætti varðandi næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur. Tilskipuninni skal breytt af eftirfarandi ástæðum.

3) Flutningar á vegum, í lofti, á sjó, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum, fiskveiðar og önnur vinna á sjó og starfsemi lækna í starfs-

([1]) Stjtíð. EB C 43, 17.2.1999, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 138, 18.5.1999, bls. 33.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 14. apríl 1999 (Stjtíð. EB C 219, 30.7.1999, bls. 231), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. júlí 1999 (Stjtíð. EB C 249, 1.9.1999, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. nóvember 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. maí 2000 og ákvörðun ráðsins frá 18. maí 2000.

([4]) Stjtíð. EB L 307, 13.12.1993, bls. 18.

þjálfun falla utan gildissviðs tilskipunar ráðsins 93/104/EB.

4) Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 1990 voru engar undanþágur veittar frá tilskipun ráðsins 93/104/EB fyrir tiltekna geira eða starfsemi né samþykkti Evrópuþingið slíkar undanþágur í áliti sínu frá 20. febrúar 1991.

5) Vernda skal heilbrigði og öryggi starfsmanna á vinnustað af þeirri ástæðu að þeir eru starfsmenn en ekki vegna þess að þeir vinna innan tiltekins geira eða við tiltekna starfsemi.

6) Að því er varðar löggjöf, sem bundin er við tiltekinn geira, fyrir farstarfsmenn er þörf á hliðstæðri nálgun til fyllingar ákvæðum um öryggi í flutningum og heilbrigði og öryggi viðkomandi starfsmanna.

7) Taka þarf tillit til sérstöðu starfsemi á sjó og starfsemi lækna í starfsþjálfun.

8) Tryggja skal einnig verndun heilbrigðis og öryggis farstarfsmanna innan þeirra geira og þeirrar starfsemi sem undanþegin var.

9) Rýmka ber gildandi ákvæði um árlegt orlof og heilbrigðiseftirlit vegna næturvinnu og vaktavinnu þannig að þau taki til farstarfsmanna innan þeirra geira og þeirrar starfsemi sem undanþegin var.

10) Aðlaga ber gildandi ákvæði um vinnu- og hvíldartíma fyrir farstarfsmenn innan þeirra geira og þeirrar starfsemi sem undanþegin var.

11) Allir starfsmenn skulu fá viðunandi hvíldartíma. Hugtakið „hvíld“ skal tjá í tímaeiningum, þ.e. dögum, klukkustundum og/eða hlutum þeirra.

12) Evrópusamningur um skipulag á vinnutíma sjómanna gekk í gildi með tilskipun ráðsins ([1]), samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 139. gr. sáttmálans. Því skulu ákvæði þessarar tilskipunar ekki gilda um sjómenn.

13) Að því er varðar „sjómenn sem fiska upp á hlut“ og eru starfsmenn er það aðildarríkjanna að ákvarða, skv. 7. gr. tilskipunar ráðsins 93/104/EB skilyrðin fyrir rétti til árlegs orlofs og veitingu þess, þar á meðal tilhögun greiðslna.

14) Sérstakir staðlar, sem mælt er fyrir um í öðrum bandalagsgerningum og tengjast t.d. hvíldartíma, vinnutíma, árlegu orlofi og næturvinnu fyrir tiltekna flokka starfsmanna, skulu vera réttthærri en ákvæði tilskipunar ráðsins 93/104/EB eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

15) Með hliðsjón af fordæmi dómstóls Evrópubandalaganna skal ákvæðið um hvíld á sunnudögum falla niður.

16) Í máli C-84/94, Breska konungsríkið gegn ráðinu ([2]), kvað dómstóllinn upp þann dóm að tilskipun ráðsins 93/104/EB væri í samræmi við dreifræðisregluna og meðalhófsregluna sem settar eru fram í 5. gr. sáttmálans. Ekkert tilefni er til að ætla að þessi dómur eigi ekki við um sambærilegar reglur um ýmsa þætti er varða skipulag vinnutíma í þeim geirum og þeirri starfsemi sem undanþegin var.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 93/104/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„3. Þessi tilskipun skal gilda um starfsemi í öllum geirum, jafnt opinbera geiranum sem einkageiranum, í skilningi 2. gr. tilskipunar 89/391/EBE, sbr. þó 14. og 17. gr. þessarar tilskipunar.

Þessi tilskipun skal ekki gilda um sjómenn, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna

([1]) Tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) (Stjtíð. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33).

([2]) Dómasafn EB (ECR) 1996, bls I – 5755.

í Evrópusambandinu (FST)(*), sbr. þó 8. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar.

(*) Stjtíð. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33).“;

2. Í 2. gr. bætist eftirfarandi við:

„7. „farstarfsmaður“: starfsmaður í áhöfn hjá fyrirtæki sem rekur flutningaþjónustu fyrir farþega eða vörur á vegum, í lofti eða á skipgengum vatnaleiðum;

8. „vinna á hafi úti“: vinna sem er unnin að mestu leyti á eða frá mannvirkjum á hafi úti (þ.m.t. borpöllum), í beinum eða óbeinum tengslum við leit, vinnslu eða nýtingu á jarðefnaauðlindum, þ.m.t. á kolvatnsefnum, og köfun í tengslum við slíka starfsemi, hvort sem hún fer fram frá mannvirki á hafi úti eða frá skipi;

9. „viðunandi hvíld“: það að starfsmenn hafi reglubundinn hvíldartíma sem mældur er í tímaeiningum og er nægilega langur og samfelldur til að tryggja að þeir valdi ekki sjálfum sér, samstarfsmönnum eða öðrum tjóni vegna þreytu eða óreglulegs vinnumynsturs og að þeir skaði ekki heilsu sína, hvorki til skamms tíma né lengri tíma litið.“;

3. Eftirfarandi undirgrein í 5. gr. falli niður:

„Lágmarkshvíldartíminn, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal að jafnaði taka til sunnudags.“

4. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

Sérhæfðari bandalagsákvæði

Þessi tilskipun skal ekki gilda þegar aðrir bandalagsgerningar fela í sér sérhæfðari kröfur varðandi skipulag vinnutíma tiltekinna starfsgreina eða atvinnustarfsemi.“

5. Í stað málsgreinar 2.1 í 17. gr. komi eftirfarandi:

„2.1. úr 3., 4., 5., 8. og 16. gr.:

a) vegna starfa þar sem vinnustaður er fjarri búsetustað viðkomandi starfsmanns, þ.m.t. vinna á hafi úti, eða langt er á milli mismunandi vinnustaða starfsmannsins;

b) vegna öryggis- og eftirlitsstarfa sem krefjast stöðugrar viðveru til verndar eignum og fólki. Hér er einkum átt við öryggisverði, húsverði eða öryggisgæslufyrirtæki;

c) vegna starfa sem fela í sér þörf á samfelldri þjónustu eða framleiðslu, hér er einkum átt við:

i) þjónustu sem tengist móttöku, meðferð og/eða umönnun á sjúkrahúsum eða sambærilegum stofnunum, þ.m.t. starfsemi lækna í starfsþjálfun, á dvalarstofnunum og í fangelsum,

ii) hafnar- eða flugvallarstarfsmenn,

iii) fólk sem starfar við blöð, útvarp, sjónvarp, kvikmyndaframleiðslu, póst- og fjarskiptaþjónustu, sjúkra-, bruna- og almannavarnaþjónustu,

iv) gas-, vatns- og rafmagnsframleiðslu og dreifingu, sorphirðu og brennsluver,

v) atvinnugreinar þar sem ekki er unnt að rjúfa vinnuferli af tæknilegum ástæðum,

vi) rannsóknar- og þróunarvinnu,

vii) landbúnað,

viii) starfsmenn sem annast reglubundna farþegaflutninga í borgum;

d) þegar vinnuhrota er fyrirsjáanleg, einkum í:

i) landbúnaði,

ii) ferðaþjónustu,

iii) póstþjónustu;

e) þegar um er að ræða fólk sem vinnur við járnbrautarflutninga:

i) sem vinnur ósamfellt,

ii) sem dvelur á vinnutíma um borð í lestum, eða

iii) við störf sem eru háð tímaáætlunum flutninga og þar sem tryggja verður að járnbrautarumferð sé samfelld og reglubundin.“

6. Í 2. mgr. 17. gr. bætist eftirfarandi við:

„2.4. úr 6. gr. og 2. mgr. 16. gr. þegar um er að ræða lækna í starfsþjálfun:

a) að því er varðar 6. gr. á 5 ára aðlögunartímabili frá 1. ágúst 2004.

i) Aðildarríkjunum er heimilt að taka sér allt að tveimur árum í viðbót, ef nauðsyn ber til, til að takast á við þau vandkvæði sem fylgja því að uppfylla ákvæði um vinnutíma sem tengjast skyldum þeirra til að skipuleggja og sjá fyrir heilbrigðisþjónustu og heilsuvernd. Að minnsta kosti sex mánuðum fyrir lok aðlögunartímabilsins skal viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni það ásamt rökstuðningi svo að framkvæmdastjórnin geti gefið álit sitt, eftir viðeigandi samráð, innan þriggja mánaða frá viðtöku slíkra upplýsinga. Fari aðildarríkið ekki að áliti framkvæmdastjórnarinnar skal það færa rök fyrir þeirri ákvörðun sinni. Tilkynning og rökstuðningur aðildarríkisins og álit framkvæmdastjórnarinnar skulu birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og send áfram til Evrópuþingsins.

ii) Aðildarríkjum er heimilt að taka sér allt að einu ári í viðbót, ef nauðsyn ber til, til að takast á við sérstök vandkvæði sem fylgja því að uppfylla áðurnefndar skyldur. Þau skulu fylgja málsmeðferðinni sem sett er fram í i-lið.

Að því er varðar aðlögunartímabilið:

iii) Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjöldi vinnustunda á viku fari aldrei yfir 58 stundir að meðaltali á fyrstu þremur árum aðlögunartímabilsins, 56 stundir að meðaltali á næstu tveimur árum þar á eftir og að meðaltali 52 stundir á þeim tíma sem kann að vera eftir.

iv) Vinnuveitandi skal hafa samráð við fulltrúa starfsmanna með góðum fyrirvara með það í huga að ná samkomulagi, þar sem því verður komið við, um tilhögun á aðlögunartímabilinu. Innan þeirra takmarkana, sem settar eru fram í iii-lið, getur slíkt samkomulag tekið til:

— meðalfjölda vinnustunda á viku á aðlögunartímabilinu; og

— ráðstafana til að fækka vinnustundum á viku í 48 að meðaltali í lok aðlögunartímabilsins;

b) að því er varðar 2. mgr. 16. gr., að því tilskildu að viðmiðunartímabilið sé ekki lengra en 12 mánuðir á fyrsta hluta aðlögunartímabilsins, sem tiltekið er í iii-lið a-liðar, og sex mánuðir þar á eftir.“;

7. Eftirfarandi greinar bætist við:

„17. gr. a

Farstarfsmenn og vinna á hafi úti

1. Ákvæði 3., 4., 5. og 8. gr. gilda ekki um farstarfsmenn.

2. Aðildarríkin skulu hins vegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farstarfsmenn eigi rétt á viðunandi hvíld, nema við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í málsgrein 2.2 í 17. gr.

3. Með fyrirvara um almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis starfsmanna og að því tilskildu að samráð sé haft við fulltrúa vinnuveitanda og viðkomandi starfsmanna og að kapp sé lagt á að hvetja til hverskonar viðeigandi skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. samningaviðræðna ef aðilar óska þess, er aðildarríkjunum heimilt, af hlutlægum og tækni-

legum ástæðum eða ástæðum sem varða skipulag vinnunnar, að lengja viðmiðunartímabilið, sem um getur í 2. mgr. 16. gr., í tólf mánuði fyrir starfsmenn sem aðallega stunda vinnu á hafi úti.

4. Eigi síðar en 1. ágúst 2005 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin og vinnuveitendur og launþega á evrópskum vettvangi, endurskoða hvernig ákvæðunum er framfylgt, að því er varðar starfsmenn á hafi úti, með tilliti til öryggis- og heilbrigðismála með það í huga að koma fram með viðeigandi breytingar ef þörf er á.

17. gr. b

Starfsmenn á sjófiskiskipum

1. Ákvæði 3., 4., 5., 6. og 8. gr. gilda ekki um starfsmenn á sjófiskiskipum, sem sigla undir fána aðildarríkis.

2. Aðildarríkin skulu hins vegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sérhver starfsmaður á sjófiskiskipi, sem siglir undir fána aðildarríkis, eigi rétt á viðunandi hvíld og takmarka fjölda vinnustunda við 48 klukkustundir á viku að meðaltali á viðmiðunartímabili sem er ekki lengra en tólf mánuðir.

3. Í samræmi við þörfina á að vernda öryggi og heilbrigði slíkra starfsmanna skulu aðildarríkin, innan þeirra takmarkana sem settar eru fram í 2., 4. og 5. mgr., gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) að vinnutími takmarkist við hámarksfjölda klukkustunda sem ekki má fara yfir á tilteknu tímabili, eða

b) að veittur sé lágmarksfjöldi hvíldarstunda á tilteknu tímabili.

Hámarksfjöldi vinnustunda eða lágmarksfjöldi hvíldarstunda skal skilgreindur í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum eða í kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

4. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:

a) hámarksfjöldi vinnustunda, sem ekki skal vera meiri en:

i) 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, og

ii) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili;

eða

b) lágmarksfjöldi hvíldarstunda, sem ekki skal vera minni en:

i) 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, og

ii) 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.

5. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hluti hvíldartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.

6. Í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis starfsmanna og af hlutlægum og tæknilegum ástæðum eða ástæðum, sem varða skipulag vinnunnar, er aðildarríkjunum heimilt að leyfa undanþágur, þ.m.t. að koma á viðmiðunartímabilum, frá þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í 2., 4. og 5. mgr. Slíkar undanþágur skulu, að því marki sem hægt er, vera í samræmi við setta staðla en heimilt er að miða við tíðari eða lengri orlofstímabil eða veitingu uppbótarorlofs fyrir starfsmennina. Mæla má fyrir um slíkar undantekningar í

i) lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, að því tilskildu að samráð sé haft við fulltrúa vinnuveitenda og viðkomandi starfsmanna og að kapp sé lagt á að hvetja til hverskonar skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins, eða

ii) kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

7. Skipstjóri á sjófiskiskipi getur krafist þess að starfsmenn um borð vinni þá tíma sem nauðsynlegir eru á þeirri stundu vegna öryggis skipsins, skipverja um borð eða farms eða til að koma til aðstoðar öðrum skipum eða skipverjum í nauð á hafi úti.

8. Aðildarríki geta kveðið á um að starfsmenn á sjófiskiskipum, sem landslög eða venja mæla fyrir um að megi ekki stunda veiðar á tilteknu

tímabili almanaksársins sem er lengra en einn mánuður, skulu taka árlegt orlof, í samræmi við 7. gr., innan framangreinds tímabils."

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. ágúst 2003 eða sjá til þess að í síðasta lagi þann dag hafi aðilar vinnumarkaðarins gert nauðsynlegar ráðstafanir, með samningi, enda er aðildarríkjunum skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til vera ávallt í aðstöðu til að ábyrgjast þær niðurstöður sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Að því er varðar lækna í starfsþjálfun skal þessi dagsetning vera 1. ágúst 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að setja ný laga-, stjórnsýslu- eða samningsákvæði á sviði vinnutíma í ljósi breyttra aðstæðna að uppfylltum lágmarkskröfunum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal framkvæmd þessarar tilskipunar ekki teljast gild rök fyrir því að draga úr þeirri almennu vernd sem starfsmönnum er búin.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þegar hafa verið samþykkt eða sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Eigi síðar en 1. ágúst 2009 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin og vinnuveitendur og launþega á evrópskum vettvangi, endurskoða hvernig ákvæðunum er framfylgt, að því er varðar starfsmenn á sjófiskiskipum og kanna sérstaklega hvort þessi ákvæði eiga við, einkum með tilliti til öryggis- og heilbrigðismála, með það í huga að leggja til viðeigandi breytingar ef þörf er á.

4. gr.

Eigi síðar en 1. ágúst 2005 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin og vinnuveitendur og launþega á evrópskum vettvangi, endurskoða hvernig ákvæðunum er framfylgt, að því er varðar starfsmenn sem annast reglubundna farþegaflutninga í borgum, með það í huga að leggja til viðeigandi breytingar, ef þörf er á, til að tryggja samfellda og viðeigandi stefnu innan geirans.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 22. júní 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	J. SÓCRATES
forseti.	*forseti.*

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar um hvíld á sunnudögum

Framkvæmdastjórnin lýsir því yfir að hún muni fjalla um stöðu aðildarríkjanna, að því er varðar löggjöf um hvíld á sunnudögum, í næstu skýrslu sinni um framkvæmd vinnutímatilskipunarinnar (93/104/EB).

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd 6. mgr. 1. gr.

Framkvæmdastjórnin lýsir því yfir að hún hyggist hafa samráð við vinnuveitendur og launþega á evrópskum vettvangi og fulltrúa aðildarríkjanna, áður en hún gefur álit sitt, með það í huga að skila áliti sínu þremur mánuðum eftir að hún fær tilkynningu frá aðildarríkjunum.

553. Frumvarp til laga [427. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   3. *eignarhluti:* hlutdeild félagsaðila í hlutafélögum (hlutafé), einkahlutafélögum (hlutir) og eigin fé annarra félaga;
b. 4. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   4. *hlutdeildarfélag:* félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut í öðru félagi;
c. 5. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   5. *móðurfélag:* félag sem:
   a. á meiri hluta atkvæða í öðru félagi, eða
   b. er aðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess, eða
   c. er aðili að öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli samþykkta félagsins eða samninga við það, eða
   d. er aðili að öðru félagi og ræður yfir meiri hluta atkvæða í því á grundvelli samnings við aðra hluthafa, eða
   e. á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess;
d. 7. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   7. *samstæða:* móðurfélag og dótturfélög þess;
e. Í stað 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Við útreikning á atkvæðamagni í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum skal:
   a. leggja saman atkvæðamagn móðurfélags og dótturfélaga í viðkomandi félögum,
   b. draga atkvæðamagn sem er í höndum dóttur- eða hlutdeildarfélagsins sjálfs eða dótturfélaga þess frá heildaratkvæðamagni viðkomandi félags og
   c. draga frá atkvæðamagni móðurfélagsins það atkvæðamagn sem það hefur til tryggingar ef félagið beitir aðeins atkvæðisréttinum í samræmi við fyrirmæli þess sem setti trygginguna, eða ef umráðin eru liður í lánastarfsemi og atkvæðisréttinum er aðeins beitt í þágu þess sem setti trygginguna.

2. gr.

1.–3. tölul. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

1. eignir nema 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fjárstreymisyfirlit“ kemur: sjóðstreymi.
b. 3. málsl. fellur brott.

4. gr.

4.–7. gr. laganna falla brott.

5. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningar skulu gerðir í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

Ef ákvæði laga nægja ekki til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé skal vikið frá þeim til þess að reikningurinn gefi glögga mynd í skilningi 1. mgr. Í skýringum með ársreikningi skal greina frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og hvaða áhrif þau hafa á afkomu og efnahag.

7. gr.

Í stað orðsins „má“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: skal, og í stað orðsins „félagasamstæðu“ kemur: samstæðu.

8. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæðu“ í 1. tölul. 1. mgr. og í 2. mgr. 11. gr. A laganna kemur: samstæðu, og í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 6. gr.“ í 4. tölul. 1. mgr. sömu greinar kemur: 2. mgr. 2. gr.

9. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. B laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Félög sem stofnuð eru á árinu skulu leggja fram umsókn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir stofnun þeirra ásamt rökstuðningi um að starfsemi þeirra muni uppfylla ákvæði 11. gr. A.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þær skulu ekki nema hærri fjárhæð en nauðsynlegt er talið.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Skuldbindingar skv. 1. mgr. má eigi nota til matsbreytinga á eignum eða jafna á móti eignum.

11. gr.

2. málsl. 19. gr. laganna orðast svo: Tekjur og gjöld sem varða fyrri reikningsár skulu færast til breytinga á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun nema um óverulega fjárhæð sé að ræða.

12. gr.

C-liður 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

c. sýna í reikningsskilum allar matsbreytingar sem taka til skerðingar á verðgildi einstakra eigna, hvort sem skerðingin er varanleg eða ekki.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða framreiknuðu kostnaðarverði“ í 1. mgr. kemur: sbr. þó ákvæði 25. og 35. gr.
b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

14. gr.

Í stað orðanna „reikna afskriftir af hækkuðu bókfærðu verði þeirra eins og það er á hverjum tíma“ í 2. málsl. 23. gr. laganna kemur: hækka afskriftarstofn þeirra um þá endurmatshækkun.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Birgðir skal meta á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.
b. Í stað orðsins „vörubirgðir“ í 2. mgr. kemur: birgðir.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra, sbr. 3. mgr. 22. gr. Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma þeim á núverandi stað og í það ástand sem þær eru. Dreifingarkostnað má ekki telja til kostnaðarverðs birgða.

16. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Ef kostnaður vegna óefnislegra réttinda, rannsókna eða þróunar er ekki gjaldfærður strax skal afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum.

Sé áætlaður nýtingartími lengri en fimm ár skal gera grein fyrir ástæðum þess í skýringum.

17. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Móðurfélag skal færa eignarhlut sinn í dótturfélagi til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé dótturfélagsins. Þó er heimilt að styðjast við kostnaðarverð þegar heimilt er að halda dótturfélögum utan samstæðureiknings, sbr. ákvæði 53. gr. C. Mismunur á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeildar í eigin fé dótturfélagsins á kaupdegi hins vegar skal enn fremur hafa áhrif á bókfært verð fjárfestingar í dótturfélaginu.

Einnig skal beita hlutdeildaraðferð við eignfærslu á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum. Þó er heimilt að styðjast við kostnaðarverð að uppfylltum skilyrðum 53. gr. C.

Nú rekur félag starfsemi í sameign með einu eða fleiri félögum og skal þá beita hlutdeildaraðferð vegna samrekstrarins, sbr. þó 53. gr. C.

18. gr.

Orðin „eða í skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings“ í 36. gr. laganna falla brott.

19. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæðu“ í 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: samstæðu.

20. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Áætlaður hagnaður af samningi um langtímaverkefni skal innleystur hlutfallslega eftir því sem verkefninu miðar. Áætlað tap á samningi um langtímaverkefni skal gjaldfært strax.

Þegar ekki er hægt að áætla hagnað eða tap á samningi um langtímaverkefni af nægilegri nákvæmni skulu tekjur af samningnum aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið. Kostnaður skal gjaldfærður þegar hann fellur til.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.
b. 4. mgr. fellur brott.
c. Orðin „og 4.“ í 5. mgr., sem verður 4. mgr., falla brott.

22. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Félag sem er hluti samstæðu skal tilgreina nafn og aðsetur móðurfélags síns og móðurfélags heildarsamstæðunnar.

Enn fremur skal upplýsa um það hvar samstæðureikningar erlendra móðurfélaga skv. 1. mgr. liggja frammi.

23. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæða“ í lokamálsl. 4. mgr. 52. gr. laganna kemur: samstæða, og í stað orðsins „félagasamstæðuna“ í 6. mgr. sömu greinar kemur: samstæðuna.

24. gr.

53. gr. laganna orðast svo:

Skylda til að semja samstæðureikning.

Móðurfélag skal semja samstæðureikning í samræmi við ákvæði þessa kafla fyrir öll dótturfélög sín án tillits til þess hvar þau eru skráð, sbr. þó 53. gr. A – 53. gr. C. Undanþágur skv. 53. gr. A – 53. gr. C gilda ekki þegar eitt félaganna sem fella á undir samstæðuna er félag með verðbréf sín til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki.

Enn fremur skulu félög sem falla ekki undir ákvæði 1. mgr. 1. gr. en eru móðurfélög, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 1. gr., semja samstæðureikninga í samræmi við lög þessi.

25. gr.

Á eftir 53. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

(53. gr. A.)

Móðurfélag þarf ekki að semja samstæðureikning ef samstæðan í heild fer ekki fram úr tveimur af eftirfarandi stærðum á reikningsskiladegi, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 53. gr.:

1. eignir nema 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.

Heimildin til að beita ákvæði 1. mgr. breytist því aðeins að samstæðan hafi farið fram úr eða fari ekki lengur fram úr tveimur af stærðunum þremur tvö reikningsár í röð.

b. (53. gr. B.)

Félag sem jafnframt er dótturfélag og starfar á grundvelli laga í EES-ríki og ársreikningur þess er hluti af samstæðureikningi móðurfélags sem lýtur löggjöf EES-ríkis þarf ekki að semja samstæðureikning, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 53. gr., ef:

1. móðurfélagið á öll hlutabréfin eða hlutina í félaginu sem fær undanþáguna; hlutabréf eða hlutir í því félagi í eigu stjórnarmanna eða stjórnenda samkvæmt ákvæðum í lögum, stofnsamningi eða samþykktum skulu ekki taldir með eða
2. móðurfélagið:
   a. á minnst 90% eignarhlut í félaginu sem fær undanþáguna og aðrir hluthafar eða félagsaðilar þess hafa fallist á undanþáguna, eða
   b. á minna en 90% eignarhlut í félaginu sem fær undanþáguna, og eigendur minni hluta, sem eiga minnst 10% eignarhlut, hafa ekki krafist innan sex mánaða fyrir lok reikningsárs að samstæðureikningur verði saminn,
3. móðurfélagið sendir ársreikningaskrá ársreikning sinn ásamt samstæðureikningi, og
4. félagið gerir grein fyrir því í skýringum í ársreikningi að með stoð í þessari grein hafi það ekki samið samstæðureikning og skýrir frá nafni og aðsetri móðurfélagsins.

Ársreikningaskrá getur krafist þess að látnar verði í té sams konar upplýsingar um samstæðureikninga skv. 1. mgr. og hefðu átt að fylgja samstæðureikningi félagsins sjálfs samkvæmt lögum þessum. Ársreikningaskrá getur enn fremur krafist íslenskrar þýðingar á samstæðureikningnum.

Félag getur enn fremur sleppt að semja samstæðureikning ef það er sjálft dótturfélag félags sem heyrir undir lög í ríki sem ekki er EES-ríki og

1. stjórn félagsins hefur ekki innan sex mánaða fyrir lok reikningsárs móttekið kröfu um samningu samstæðureiknings, og
2. móðurfélag þess semur samstæðureikning í samræmi við löggjöf EES-ríkis um samstæðureikninga og endurskoðandi móðurfélagsins endurskoðar samstæðureikninginn.

Félag sem nýtir sér undanþáguheimildir skv. 1.–3. mgr. skal enn fremur:

1. upplýsa í ársreikningum sínum að það hafi, skv. 1.–3. mgr., ekki samið samstæðureikning og tilgreini nafn og aðsetur móðurfélags þess, og
2. senda ársreikningaskrá samstæðureikning móðurfélags þess, ásamt upplýsingum sem ársreikningaskrá krefst skv. 78. gr.

c. (53. gr. C.)

Halda má dótturfélagi utan samstæðureiknings, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 53. gr., ef:

1. það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag samstæðunnar vegna smæðar þess;
2. stjórnun þess er ekki lengur í höndum eigenda þess eða verulegar og varanlegar hömlur koma að miklu leyti í veg fyrir að móðurfélagið nýti rétt sinn yfir eignum dótturfélagsins eða til að stjórna því;
3. ekki er unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga tímanlega og án óeðlilegs kostnaðar; eða

4. það hefur ekki áður verið fellt inn í samstæðureikning og móðurfélagið aflaði eignarhlutanna eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. skulu félög, sem hvert um sig hafa óverulega þýðingu, innifalin í samstæðureikningi ef þau hafa verulega þýðingu samanlagt.

Ef starfsemi dótturfélags er svo ólík starfsemi móðurfélags að það gæfi villandi mynd af samstæðunni að fella það inn í samstæðureikning skal halda því utan við hann.

Sé dótturfélagi haldið utan samstæðureiknings skv. 1. eða 3. mgr. skal gerð grein fyrir því í skýringum samstæðureikningsins.

d. (53. gr. D.)

Ef félag, sem þarf ekki að semja samstæðureikning skv. 53. gr. A – 53. gr. C, semur samt slíkan reikning skal það gert samkvæmt ákvæðum laga þessara um samstæðureikninga að undanskilinni 69. gr.

26. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Gerð samstæðureiknings.

Félög í sömu samstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

Ef reikningsári dótturfélags lýkur meira en þremur mánuðum fyrir lok reikningsárs samstæðunnar skal samstæðureikningur saminn á grundvelli sérstakra reikningsskila sem gerð eru samkvæmt ákvæðum þessara laga, og miðast við uppgjörsdag samstæðunnar. Ef reikningsári dótturfélags lýkur þremur mánuðum eða skemur fyrir lok reikningsárs samstæðunnar má fella ársreikning dótturfélagsins inn í samstæðureikningsskilin.

Í þeim tilvikum sem reikningsár eru ekki hin sömu skal veita upplýsingar um það í skýringum. Hafi á þeim tíma, sem líður milli loka reikningsárs dótturfélags og móðurfélags, orðið atburðir sem hafa veruleg áhrif á rekstur dótturfélagsins og fjárhagsstöðu skal einnig veita upplýsingar um það.

27. gr.

Á eftir 54. gr. laganna kom fimm nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (54. gr. A.)

Samstæðureikning skal semja samkvæmt ákvæðum þessa kafla og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Samstæðureikningur skal gefa glögga heildarmynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé allra félaga innan samstæðunnar.

Við gerð samstæðureiknings skulu sams konar tekju- og gjaldaliðir, eigna- og skuldaliðir lagðir saman. Gera skal nauðsynlegar leiðréttingar vegna sérstakra þátta sem eiga aðeins við um samstæðureikning.

Í samstæðureikningi skal fella niður fjárfestingu móðurfélags í dótturfélögum á móti hlutfallslegri eign móðurfélagsins í eigin fé þeirra.

Dótturfélag sem keypt er á reikningsárinu má aðeins taka með í samstæðureikning frá þeim tíma sem móðurfélag tekur við stjórn þess.

Dótturfélag sem selt er á reikningsárinu má aðeins taka með í samstæðureikning fram að þeim tíma sem móðurfélag lætur af stjórn þess.

b. (54 gr. B.)

Eignarhlutir í dótturfélögum sem heimilt er að halda utan samstæðureiknings skv. 53. gr. C skulu færðir sem sérstakur liður í efnahagsreikningi samstæðunnar. Kröfur og skuldir við þessi dótturfélög skulu sýndar sérstaklega í efnahagsreikningi samstæðunnar.

Hlutdeild samstæðu í hlutdeildarfélögum skal færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi samstæðunnar.

Hlutdeild minnihlutaeigenda í eigin fé dótturfélaga skal færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Hlutdeild minni hluta í afkomu dótturfélaga skal færð sem sérstakur liður í rekstrarreikningi.

c. (54. gr. C.)

Eignir og skuldir samstæðunnar skulu metnar með samræmdum aðferðum samkvæmt lögum þessum.

Í samstæðureikningi skulu notaðar sömu matsaðferðir og í ársreikningi móðurfélags. Noti dótturfélag í samstæðu aðrar matsaðferðir í eigin ársreikningi en móðurfélagið skulu unnin ný reikningsskil þar sem matsaðferðir eru í samræmi við samstæðureikning. Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. ef frávik í reikningsskilum dótturfélags frá reikningsskilum móðurfélags eru óveruleg. Séu frávik gerð skal þeirra getið í skýringum með samstæðureikningi og ástæður fyrir þeim tilgreindar.

Í samstæðureikningi skal meta eignarhluta samstæðunnar í hlutdeildarfélögum samkvæmt hlutdeildaraðferð nema eignarhlutarnir hafi óverulega þýðingu.

d. (54. gr. D.)

Ef dótturfélag, sem er hluti samstæðu, semur reikningsskil sín í öðrum gjaldmiðli en móðurfélagið ber að umreikna reikningsskil þess í gjaldmiðil móðurfélagsins áður en samstæðureikningur er saminn.

Ef um samþætta starfsemi við starfsemi móðurfélagsins er að ræða skulu peningalegar eignir og skuldir í efnahagsreikningi metnar á gengi í árslok. Fastafjármunir í ársbyrjun skulu umreiknaðir í gjaldmiðil móðurfélagsins með sömu fjárhæð og árið áður, en nýfjárfestingar á gengi kaupdags, og skulu þessar eignir síðan afskrifaðar með sama hætti og fastafjármunir móðurfélagsins. Eigið fé dótturfélags í ársbyrjun umreiknast með sömu fjárhæð (í gjaldmiðli móðurfélagsins) og í lok fyrra árs. Fjárhæðir í rekstrarreikningi, að undanskildum afskriftum fastafjármuna, skulu umreiknaðar í gjaldmiðil móðurfélagsins á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við þennan umreikning skal færður á rekstrarreikning.

Ef ekki er um samþætta starfsemi við starfsemi móðurfélagsins að ræða skulu fjárhæðir í efnahagsreikningi, að undanskildu hlutafé og óráðstöfuðu eigin fé, umreiknaðar í gjaldmiðil móðurfélagsins á gengi í árslok, en fjárhæðir í rekstrarreikningi á meðalgengi ársins. Hlutafé ber að færa á upphaflegu kaupverði og óráðstafað eigið fé í ársbyrjun skal nema sömu fjárhæð (í gjaldmiðli móðurfélagsins) og í lok fyrra árs. Gengismunur sem myndast við þennan umreikning skal færður á sérstakan reikning meðal eigin fjár.

e. (54. gr. E.)

Í samstæðureikningi skal gera grein fyrir samanlögðum eignum og skuldum, tekjum og gjöldum félaganna í heild. Við gerð reikningsins skulu eftirfarandi liðir falla niður:

1. kröfur og skuldir félaga innan samstæðunnar gagnvart öðrum félögum innan hennar;
2. tekjur og gjöld af gagnkvæmum viðskiptum félaga innan samstæðunnar og
3. óinnleystur hagnaður eða tap af þeim viðskiptum.

28. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Upphaf samstæðu.

Kaupaðferðin skv. 55. gr. A skal notuð við gerð samstæðureiknings, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Ef félög eru undir sama móðurfélagi eða háð ákvörðunarvaldi sömu aðila má beita samlegðaraðferðinni við upphaf samstæðunnar, sbr. 55. gr. B.

Samlegðaraðferðinni skv. 55. gr. B má enn fremur beita ef:

1. verðmæti félaganna innan samstæðunnar er ekki verulega frábrugðið hvort öðru,
2. móðurfélagið á að minnsta kosti 90% eignarhlut og atkvæðisrétt dótturfélagsins eftir skiptin á eignarhlutum og
3. móðurfélagið hefur við stofnun samstæðunnar aflað eignarhlutarins í krafti samkomulags sem felur í sér að:
   a. hvorki eigendur móðurfélags né eigendur dótturfélags hafa fengið ráðandi stöðu í móðurfélaginu við skiptin,
   b. eigendur félaganna hafa sömu réttindi eftir skiptin og
   c. greiðsla með öðrum verðmætum en með skiptum á eignarhlutum fer ekki yfir 10% að nafnverði þess eiginfjárhluta sem tekið er við.

29. gr.

Á eftir 55. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (55. gr. A.)

Kaupaðferð.

Ef samstæða er stofnuð með yfirtöku á félagi skal miðað við matsverð einstakra liða efnahagsreiknings á yfirtökudegi í samstæðureikningi. Mismunur á matsverði og bókfærðu verði skal afskrifaður með sama hætti og þeir liðir sem hann byggist á.

Hlutdeild móðurfélags í dótturfélagi, sbr. 3. mgr., skal jafnað út á móti hreinni eign dótturfélags.

Mismunur, sem eftir stendur þegar færð hefur verið leiðrétting vegna einstakra liða í efnahagsreikningi, sbr. 1. mgr., telst viðskiptavild. Jákvæð viðskiptavild færist sem sérstakur liður meðal eigna en neikvæð viðskiptavild skal færð sem sérstakur liður meðal skuldbindinga. Jákvæð viðskiptavild skal færast í rekstrarreikning á áætluðum nýtingartíma hennar, þó að hámarki á 20 árum. Neikvæð viðskiptavild skal tekjufærast á móti þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupunum, þó að hámarki á 20 árum.

Hlutir dótturfélags í móðurfélagi skulu færðir sem eigin hlutir í samstæðunni.

b. (55. gr. B.)

Samlegðaraðferð.

Með samlegðaraðferð er samstæðureikningur lagður fram fyrir reikningstímabilið þegar samlagningin á sér stað eins og félögin hefðu verið lögð saman frá og með upphafi tímabilsins. Við beitingu samlegðaraðferðarinnar eru einstaka liðir efnahagsreiknings á yfirtökudegi lagðir saman á bókfærðu verði. Samanburðarfjárhæðir sem sýndar eru í samstæðureikningi skulu einnig vera fyrir félögin samanlögð eins og um samstæðu hafi verið að ræða frá upphafi fyrsta reikningstímabils sem sýnt er. Mismunurinn á fjárhæð sem skráð er sem hlutafé ásamt yfirgengi, ef um það er að ræða, að viðbættu greiddu kaupverði, ef eitthvað er, og bókfærðu eigin fé dótturfélags skal færður á eigið fé.

c. (55. gr. C.)

Starfsemi í sameign.

Nú rekur félag innan samstæðu starfsemi í sameign með einu eða fleiri félögum og skal þá færa hlutdeild samstæðunnar í samrekstrinum í samstæðureikningi, sbr. þó 53. gr. C. Eignir og skuldir, tekjur og gjöld hins sameiginlega rekstrar skulu þá tekin inn í samstæðureikninginn í hlutfalli við aðild samstæðunnar að rekstrinum.

30. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Reikningsskilaaðferðir.

Í skýringum með samstæðureikningi skal veita upplýsingar um reikningsskilaaðferðir eins og félögin í samstæðunni væru eitt félag, sbr. IV. kafla.

Í skýringum um reikningsskilaaðferðir skal enn fremur eftirfarandi koma fram:

1. Ef dótturfélag er ekki tekið með í samstæðureikninginn ásamt nákvæmum og fullnægjandi rökstuðningi.
2. Ef annar uppgjörsdagur er hjá dótturfélagi í samstæðu en móðurfélagi, sbr. 54. gr. Hafi þýðingarmiklir atburðir átt sér stað milli þessara tveggja dagsetninga sem hafa haft áhrif á eignir og skuldir dótturfélagsins, á fjárhagsstöðu þess eða rekstrarafkomu skal það upplýst.
3. Ef notaðar eru aðrar aðferðir við útreikning og mat en notaðar eru í ársreikningi móðurfélags ásamt nákvæmum og fullnægjandi rökstuðningi fyrir notkun annarra aðferða.
4. Eftirstöðvar af viðskiptavild skv. 55. gr. A og 55. gr. B ásamt aðferðum sem notaðar eru við uppgjörið.

31. gr.

Á eftir 56. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (56. gr. A.)

Aðrar skýringar.

Í skýringum með samstæðureikningi skal veita sömu upplýsingar og tilgreindar eru í IV. kafla laganna. Í stað upplýsinga um fjárhæðir í einstökum félögum eru fjárhæðir félaganna sem mynda samstæðuna lagðar saman eftir sömu aðferðum og gilda um samstæðureikninginn.

Sleppa má upplýsingum ef þær varða viðskipti móðurfélags við dótturfélög eða samrekstur með öðru félagi, sbr. 55. gr. C.

Veita skal upplýsingar um breytingu á hlutfallslegri eign minni hluta í eigin fé dótturfélaga.

b. (56. gr. B.)

Fyrir hvert dótturfélag í samstæðureikningi og utan hans skal tilgreina í skýringum:

1. nafn og aðsetur,
2. hve stór hluti eigin fjár er í eigu samstæðunnar í heild,
3. ástæðu þess að dótturfélag er tekið með í samstæðureikningi, ef hluti eigin fjár í eigu samstæðunnar og atkvæðisréttur er ekki sá sami,
4. nákvæman og fullnægjandi rökstuðning ef félagi er haldið utan við samstæðuna, sbr. 53. gr. C, og
5. hvort samlegðaraðferðin skv. 55. gr. B hafi verið notuð.

Fyrir hvert hlutdeildarfélag skal gera grein fyrir:
1. nafni og aðsetri,
2. hve stór hluti eigin fjár er í eigu samstæðunnar í heild, og
3. hvort félagið er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Ef félag skv. 55. gr. C er tekið með í samstæðureikning skal fyrir hvert slíkt félag gera grein fyrir:
1. nafni og aðsetri,
2. hve stór hluti eigin fjár er í eigu samstæðunnar í heild, og
3. grundvelli fyrir sameiginlegri stjórn.

c. (56. gr. C.)

Skýrsla stjórnar.

Í skýrslu stjórnar um samstæðuna skal veita upplýsingar eins og félögin í samstæðunni væru eitt félag. Í stað upplýsinga um fjárhæðir einstakra félaga eru fjárhæðir félaganna sem mynda samstæðuna lagðar saman eftir sömu aðferðum og gilda um samstæðureikninginn.

Ákvæði um skýrslu stjórnar, sbr. 52. gr., gilda um samstæðuna eftir því sem við á.

Sameina má skýrslur stjórnar móðurfélags og samstæðunnar ef þar má vandkvæðalaust finna þær upplýsingar sem lög þessi krefjast.

d. (56. gr. D.)

Reikningsskil við samruna og skiptingu.

Þegar félög renna saman skal semja reikningsskil yfir samanlagðar eignir og skuldir félaganna. Ákvæði 54. gr. A – 55. gr. C skulu gilda um upphafsefnahagsreikning yfirtökufélags eða félags sem stofnað er við samrunann. Ákvæðin um móðurfélagið gilda um félagið sem heldur áfram starfsemi og ákvæðin um dótturfélag gilda um félagið sem hættir.

Í samrunareikningsskilum skal vera upphafsefnahagsreikningur yfirtökufélags eða félags sem stofnað er við samrunann, lokaefnahagsreikningur félaga sem renna saman og samrunafærslur sem samruninn krefst. Samrunareikningsskilum skulu fylgja skýringar sem eru nauðsynlegar til að gefa glögga mynd af félaginu sem heldur áfram starfsemi eða er stofnað við samrunann, ásamt þeim viðbótarupplýsingum sem þurfa að vera í samrunasamningnum.

e. (56. gr. E.)

Ákvæði 56. gr. D skulu gilda um skiptingu félags með þeim leiðréttingum sem leiðir af skiptingunni.

32. gr.

1. mgr. 57. gr. laganna orðast svo:

Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn, í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Í samþykktum má enn fremur fela opinberum eða öðrum aðilum að tilnefna einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn.

33. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæðu“ í 3. mgr. 60. gr. laganna kemur: samstæðu.

34. gr.

Orðin „og enginn varamaður er í hans stað“ í 3. mgr. 61. gr. laganna falla brott.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Orðin „samþykkta félagsins“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu sannreyna að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og vekja athygli á því í áritun sinni ef svo er ekki.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal félag skv. 1. gr. senda ársreikningaskrá ársreikning sinn, sbr. 3. gr., ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Á sama hátt skulu félög sem skyld eru til að semja samstæðureikninga skv. VI. kafla senda ársreikningaskrá samstæðureikning innan sama tímafrests ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 2. mgr. 2. gr., heimilt að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu ársreiknings, sbr. 3. gr., ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.
d. 4. mgr., sbr. 3. gr. laga nr. 58/2001, orðast svo:

Ríkisskattstjóri starfrækir ársreikningaskrá.

37. gr.

70. gr. laganna fellur brott.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

39. gr.

Í stað tilvísunarinnar „6. gr.“ í 2. mgr. 78. gr. laganna kemur: 2. gr.

40. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæðunnar“ í 2. tölul. 1. mgr. 84. gr. laganna kemur: samstæðunnar.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Rannsóknarlögreglu ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Ríkislögreglustjóri.
b. Í stað orðanna „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ í 4. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.

42. gr.

Í stað tilvísunarinnar „6. gr.“ í 2. mgr. 89. gr. laganna kemur: 2. gr., og í stað orðsins „ECU“ í sömu málsgrein kemur: evru.

43. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II, sbr. 53. gr. laga nr. 133/2001, orðast svo:

Félögum skv. 1. mgr. 1. gr. er heimilt að taka tillit til almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsárs sem hefst á árinu 2002 í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar, fyrir gildistöku laga nr. 133/2001.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

Ákvæði 36.–38. gr. taka þó gildi varðandi ársreikninga og samstæðureikninga vegna reikningsársins sem lýkur 31. desember 2002 eða síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálaráðherra skipaði nefnd haustið 2000 til að endurskoða lög nr. 144/1994, um ársreikninga, og nr. 145/1994, um bókhald, með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur hér á landi og annars staðar, meðal annars á vettvangi ESB, og enn fremur að kanna möguleika fyrirtækja á að færa bókhald sitt og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Í nefndinni eiga sæti Guðmundur Guðbjarnason viðskiptafræðingur, formaður, Jón Guðmundsson, viðskiptafræðingur hjá fjármálaráðuneytinu, Sveinn Arason endurskoðandi hjá Ríkisendurskoðun, Jóhann Unnsteinsson endurskoðandi, tilnefndur af FLE (frá apríl 2002), og Elva Ósk Wiium, ritari nefndarinnar, lögfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu.

Lög um ársreikninga voru sett í árslok 1994 á grundvelli tveggja félagatilskipana ESB, nr. 4 um ársreikninga tiltekinna félaga og nr. 7 um samstæðureikningsskil. Sem aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið bar Íslandi að samræma löggjöf sína á þessu sviði ákvæðum félagatilskipana ESB um samræmda uppsetningu og efni ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eins og hlutafélaga. Nefndin hóf fljótlega að kynna sér stöðu þessara mála á Norðurlöndunum og kom í ljós að eftir að lög nr. 144/1994, um ársreikninga, voru sett hafa Norðmenn vegna aðildar sinnar að EES og Svíar og Finnar vegna inngöngu sinnar í ESB tekið löggjöf sína á þessu sviði til endurskoðunar. Þá höfðu Danir lagt fram frumvarp að nýjum lögum um ársreikninga sem urðu að lögum í júní 2001. Það voru ekki síst dönsku ársreikningslögin sem höfð voru sem fyrirmynd íslensku laganna. Á undanförnum árum hefur framkvæmdastjórn ESB unnið að endurskoðun þessara tilskipana, í samráði við samstarfsnefnd sem starfar skv. 52. gr. 4. félagatilskipunar sem allar aðildarþjóðirnar að EES-samningnum eiga fulltrúa í. Er því ljóst að full ástæða er til að taka lögin aftur til heildarendurskoðunar á grundvelli þeirrar þróunar sem verið hefur hjá ESB og Norðurlandaþjóðunum. Ljóst var strax að umfang endurskoðunar íslensku laganna yrði mjög mikið og tæki langan tíma. Í fyrsta áfanga var byrjað að kanna möguleika á því að heimila fyrirtækjum að færa bókhald sitt og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Frumvarp sem heimilaði fyrirtækjum sem uppfylltu tiltekin skilyrði að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og varð að lögum nr. 25/2002.

Nefndin tók því næst fyrir athugasemdir sem Eftirlitsnefnd EFTA (EFTA Surveillance Authority, skammstafað ESA) hafði gert á lögunum og fjármálaráðuneytið hafði fallist á að taka þyrfti tillit. Eftirlitsstofnun EFTA fylgist með framkvæmd EES-samningsins, m.a. að ákvæði tilskipana ESB sem áskilið er að verði teknar inn í löggjöf landanna komi þar réttilega fram. Nefndin skoðaði þessar athugasemdir sem annars vegar snerust um tiltekin atriði sem annaðhvort eru ekki í lögunum eða eru ekki réttilega tilfærð í lögunum. Af athuga-

semdum ESA um samstæðureikningsskil þótti sýnt að í lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, væru ekki fullnægjandi ákvæði um samstæðureikningsskil félaga og taldi nefndin því rétt að endursemja þann kafla laganna og taka jafnframt tillit til athugasemda ESA og annarra atriða félagatilskipunarinnar sem varða samstæðureikningsskil.

Á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB og samstarfsnefndar sem starfar skv. 52. gr. 4. félagatilskipunar hefur verið unnið á undanförnum árum að breytingum á 4. og 7. félagatilskipun þar sem stefnt er að því að reikningsskilastaðlar Alþjóðareikningsskilaráðsins verði fyrirmynd í reikningsskilum, a.m.k. samstæðureikningsskilum skráðra félaga á opinberum verðbréfamörkuðum hjá aðildarþjóðum ESB. Félagatilskipun nr. 4 fjallar um ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð, en félagatilskipun nr. 7 fjallar um samstæðureikningsskil sömu félaga. Í þessum tilskipunum leggur ESB línurnar um það hvernig samræmd reikningsskil félaga aðildarþjóða ESB eigi að líta út. Félagatilskipun nr. 4 er að grunni til frá árinu 1978 og nr. 7 er að grunni til frá árinu 1983. Aðildarþjóðir ESB hafa hver um sig auk þess sett reikningsskilastaðla sem mega ekki ganga gegn ákvæðum fyrrnefndra félagatilskipana ESB.

Nú er hluta af endurskoðunarvinnu hjá ESB lokið þar sem bæði Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins hafa samþykkt reglugerð sem er nr. 1606/2002/EB varðandi upptöku á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. *(Regulation (EC) No 1606/2002 on the application of international accounting standards).* Reglugerð þessa ber að færa í lög hvers aðildarríkis ESB og skal taka gildi eigi síðar en á árinu 2005. Reglugerð þessi fer nú fyrir sameiginlegu EES-nefndina sem fjallar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og eftir að hún hefur verið samþykkt þar ber að færa reglugerðina í lög hér á landi fyrir árið 2005. Samkvæmt efni reglugerðarinnar verður skylt að semja samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð samkvæmt reikningsskilastöðlum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins (International Accounting Standards Board - IASB) ef a.m.k. eitt félaga í samstæðu er með verðbréf sín skráð á opinberum verðbréfamarkaði í EES-ríki. Að öðru leyti er aðildarþjóðum frjálst að kveða á um það í lögum hvort skylt verði eða aðeins heimilt að nota alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IAS) en ef hvorugu er til að dreifa ber þessum félögum að semja reikningsskil sín í samræmi við tilskipanirnar og landslög. 4. og 7. félagatilskipunin eru og verða áfram sá grunnur sem lög um ársreikninga aðildarríkja ESB verða að byggjast á að fráskildum samstæðureikningum fyrrnefndra samstæðna á opinberum verðbréfamarkaði.

Enn fremur liggja fyrir samþykktar breytingar Evrópuþingsins og ráðs ESB nr. 2001/65/EBE frá 27. september 2001, á tilskipunum nr. 4 (78/660/EBE), og nr. 7 (83/349/EBE) um ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð (félög með takmarkaða ábyrgð) og um ársreikninga banka og annarra fjármálastofnana (86/635/EBE) að því er varðar matsreglur fjármálaskjala (e. fair value). Tekur tilskipunin gildi í ársbyrjun 2004 og eiga aðildarþjóðir ESB að hafa breytt lögum sínum í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar fyrir árslok 2003.

Sameiginlega EES-nefndin hefur fellt þessa tilskipun nr. 2001/65/EBE inn í EES-samninginn og er næsta skref í því máli er að leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002 frá 25. júní 2002, um breytingar á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn þessa tilskipun og aflétta með því stjórnskipunarlegum fyrirvara sem er á samþykktinni. Þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillöguna þarf að endurskoða viðkomandi ákvæði laga um ársreikninga og ljúka þeirri endurskoðun á árinu 2003.

Þá hefur einnig á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB og samstarfsnefndar verið unnið að breytingum á fyrrnefndum tilskipunum í kjölfarið á samþykkt reglugerðarinnar um upptöku á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS). Breytingarnar lúta að því að aðlaga tilskipanirnar að reglum IAS þannig að aðildarríkin geti heimilað félögum sem ekki verða skyld til að fara eftir IAS að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við IAS-reikningsskilastaðla *(Proposal for amending Council Directives 78/660/EEC, 83/990/EEC and 91/674/EEC COM (2002) 259 final on the annual and consolidated accounts of certain types of companies and insurance undertakings)*. Með þessum breytingum er verið að ryðja úr vegi hömlum sem kunna að vera í tilskipunum til að félög geti notað reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins eftir þörfum eins og á við um fyrrnefnda tilskipun nr. 2001/65/EBE um mat fjármálaskjala (e. fair value). Þessar tillögur liggja fyrir en hafa ekki verið samþykktar af Evrópuþinginu og ráðinu og hafa því ekki tekið gildi. Þegar Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt breytingarnar fara þær fyrir sameiginlegu EES-nefndina til að fella hana inn í EES-samninginn. Gert er ráð fyrir að tilskipunin taki gildi á sama tíma og reglugerðin. Er því enn nokkur tími til stefnu til að taka lögin til endurskoðunar að því er þessi atriði varðar.

Eins og fyrr segir er markmið þessara breytinga á tilskipununum að nema brott ákvæði í þeim sem ekki fara saman við ákvæði IAS-reikningsskilastaðlanna og tryggja að félög sem ekki er skylt að fara eftir þeim stöðlum hafi heimild til að beita aðferðum staðlanna við samningu ársreikninga án skyldu til að fara eftir þeim að öllu leyti. Samkvæmt reglum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins hefur félag sem semur reikningsskil sín samkvæmt IAS-reikningsskilastöðlunum ekkert val um annað. Jafnframt miðar endurskoðunin að því að mynda sveigjanlegan grundvöll til að taka megi tillit til þeirrar þróunar sem fyrirséð er í náinni framtíð í reikningsskilum án þess að breyta þurfi tilskipunum í hvert skipti og reikningsskil samkvæmt tilskipunum verði í samræmi við almenna þróun viðurkenndra reikningsskila.

Við gildistöku reglugerðarinnar eru allir samþykktir IAS-reikningsskilastaðlar viðurkenndir sem grundvöllur reikningsskila félaga hjá ESB. Framkvæmdastjórn ESB hefur í framhaldi af þessum samþykktum komið á fót nefnd sem nefnist European Financial Reporting Advisory Group (EFRAG). Hún á að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar hvort taka eigi upp breytingar á samþykktum IAS-reikningsskilastöðlum og hvort samþykkja eigi nýja IAS-reikningsskilastaðla og gera jafnframt tillögur og umsagnir til Alþjóðlega reikningsskilaráðsins áður en staðlarnir verða gefnir út. Það verður því áfram á formlegu valdi ESB að samþykkja allar breytingar og nýja reikningsskilastaðla sem koma frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Þess má geta að Alþjóðlega reikningsskilaráðið er ekki skipað fulltrúum ríkja eða ríkisstjórna heldur er skipað í reikningsskilaráðið af einkaaðilum sem koma frá ýmsum ríkjum.

Það sem liggur fyrir í áframhaldandi endurskoðun laga um ársreikninga er að skoða að hvaða marki á að skylda félög, hvort sem þau eru skráð eða óskráð eða eru hluti samstæðu, til að semja ársreikninga sína samkvæmt IAS-reikningsskilastöðlunum. Þessir reikningsskilastaðlar gera töluvert meiri kröfur til reikningsskila félaga en nú er. Þarf því að skoða vel hvort skylda eigi aðeins tiltekin félög, t.d. félög skráð á verðbréfamarkaði eða félög sem fara yfir tiltekin stærðarmörk, til að semja reikningsskil sín samkvæmt IAS-reikningsskilastöðlum, en gefa öðrum félögum kost á að semja ársreikninga eftir lögum um ársreikninga sem byggjast á fyrrnefndum tilskipunum ESB svo breyttum sem að framan er lýst. Þannig geta þau notið þeirra gæða sem IAS-reikningsskilastaðlarnir veita án þess að taka á sig þá kvöð sem skyldan hefur í för með sér. Þess má geta í þessu sambandi að öðrum félögum en félögum með takmarkaða ábyrgð, svo og stærstu sameignarfélögunum er ekki skylt að semja

ársreikninga sína í samræmi við lög nr. 144/1994, um ársreikninga, og ber þeim í staðinn að fara eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 145/1994, um bókhald.

Þær tillögur sem lagðar eru fram í frumvarpinu eru annars vegar vegna athugasemda ESA við tiltekin atriði í lögunum sem stríddu á móti tilgreindum ákvæðum í 4. og 7. félagatilskipun ESB og hins vegar nokkrar tillögur til breytinga á lögunum sem ástæða þykir að leggja til að þessu sinni en varðar ekki þá endurskoðun sem nú á sér stað hjá ESB.

Vegna athugasemda ESA varðandi reglur um samstæðureikningsskil taldi nefndin rétt að endursemja VI. kafla laganna. Með samstæðu er átt við félag, kallað móðurfélag, sem hefur yfir öðru félagi að ráða eða öðrum félögum, sem kallast dótturfélög, en dótturfélag getur einnig verið móðurfélag annars dótturfélags sem verður þá í reynd einnig dótturfélag fyrsta móðurfélagsins. Þannig getur myndast löng keðja samstæðu sem verður innbyrðis tengd og er gerð krafa til að slík samstæða félaga semji ársreikning sem eitt félag væri og kallast hann samstæðureikningur. Er lagt til að lögfesta tvær aðferðir við að semja samstæðureikninga, kaupaðferð og samlegðaraðferð, þar sem kaupaðferðin verði meginreglan en samlegðaraðferðin verði notuð í undantekningartilfellum eins og t.d. þegar ekki eru fyrir hendi almennar markaðsaðstæður við stofnun samstæðu og sami hagsmunaaðili hefur ráðandi stöðu í félögunum. Við samstæðureikningsskil er gagnkvæmum viðskiptum félaganna eytt eða m.ö.o. ekki látin hafa áhrif á umfang samstæðunnar og má líkja þessu við deildarskipt félag þar sem hver deild er sjálfstæð rekstrareining gagnvart öðrum deildum félagsins. Yfirráð þessi geta komið fram í öðru formi en í meirihluta hlutafjár og er tekið tillit til þess í tillögunum. Þá eru gerðar tillögur um framsetningu félaga á eignarhluta þeirra í félögum sem þau eiga meira en 20% en minna en 50% hlut í. Teljast þau þá hafa ráðandi hlut í þeim og hafa varanleg tengsl í þágu tekjuöflunar sinnar. Slík félög kallast hlutdeildarfélög. Þá eru einnig ákvæði um reikningsskil þegar félög eru sameinuð með því að eitt eða fleiri félög eru lögð niður og sameinuð einu félagi eða nýtt félag er stofnað á grunni þeirra sem eru lögð niður. Sama máli gegnir þegar félagi er skipt í tvö eða fleiri félög. Lagt er til að flytja ákvæði 4.–7. gr. laganna sem fjalla um heimild móðurfélaga til að falla frá samningu samstæðureikninga eða að fella tiltekin dótturfélög út úr samstæðureikningum yfir í VI. kafla laganna sem fjallar um samstæðureikninga. Þá er einnig gerð tillaga um að taka tiltekin ákvæði sem eru í IV. kafla reglugerðar nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, inn í ákvæði laganna og hafa þannig öll ákvæði um samstæðureikningsskil í einum kafla. Í framhaldi af því verður að endurskoða IV. kafla fyrrnefndrar reglugerðar. Við samningu kaflans var hafður til hliðsjónar kafli um samstæðureikninga í nýsamþykktum lögum um ársreikninga í Danmörku.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á 1. gr. laganna, sem fjallar um skilgreiningu hugtaka sem notuð eru í lögunum. Eru þessar breytingar gerðar vegna athugasemda frá ESA og eru þær í samræmi við 17. gr. 4. félagatilskipunar og 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. 7. félagatilskipunar.

Í a-lið er eignarhluti skilgreindur sem hluti af hlutafé og eigin fé annarra félaga í stað aðeins hlutdeildar í eigin fé félaga.

Í b-lið er hlutdeildarfélag nánar skilgreint sem félag sem annað félag og dótturfélög þess eiga 20% eignarhlut í eða meira eða mynda við það varanleg tengsl í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess. Í stað þess að miða við atkvæðamagn eins og í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að miðað verði við eignarhlut. Samkvæmt þessu er alltaf um hlutdeildarfélag að

ræða ef eignarhluturinn er 20% eða meira. Einnig getur verið um hlutdeildarfélag að ræða þó eignarhluturinn sé undir 20% ef um varanleg tengsl er að ræða í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur annars félags.

Í c-lið er ítarlegri skilgreining á móðurfélagi vegna kröfu laganna um samstæðureikningsskil félaga sem hafa þau tengsl er þessi liður fjallar um. Það telst móðurfélag ef það á meirihluta atkvæða í öðru félagi, eða sambandi þess við annað félag er þannig háttað að það eigi rétt á að tilnefna eða víkja frá meirihluta stjórnar þess, eða hefur ákvörðunarvald um rekstur eða fjárhagslega stjórn þess, eða ræður yfir meirihluta atkvæða vegna samninga þess við hluthafa.

Í d-lið er notað orðið samstæða í stað félagasamstæða í samræmi við önnur lög, svo sem lög um hlutafélög, og eru lagðar til breytingar til samræmis á einstökum greinum laganna þar sem félagasamstæða kemur fyrir.

Í e-lið er ítarlegri skilgreining á útreikningi á atkvæðamagni þegar leggja skal mat á það hvort félagi beri skylda til að semja samstæðureikning.

Um 2. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða til samræmis við 25. gr. frumvarpsins. Stærðarmörkin hafa verið hækkuð samkvæmt reglugerð nr. 242/2000.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að í stað þess að félög semji fjárstreymisyfirlit semji þau yfirlit yfir sjóðstreymi. Við setningu laga nr. 144/1994, um ársreikninga, var lögbundið að semja ætti fjárstreymisyfirlit en tekið fram í athugasemdum að ekki væri tekin afstaða til þess hvort birt yrði fjármagnsstreymisyfirlit eða sjóðstreymisyfirlit og félögum gefinn kostur á að velja á milli. Nú hefur það orðið ofan á að sjóðstreymi sé aðalreglan og reikningsskilaráð hefur með reglu nr. 3, sbr. auglýsingu nr. 670/1999, lagt til sem meginreglu að yfirlit um sjóðstreymi verði samið.

Í b-lið er lagt til að fella brott 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna og er ákvæði hans flutt í VI. kafla laganna um samstæðureikninga.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að 4.–7. gr. laganna sem fjalla um heimildir til að falla frá samningu samstæðureikninga falli brott en ákvæði þeirra er flutt í 25. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna er varðar reikningsár samstæðu er flutt í 26. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Hér er félögum gert skylt að víkja frá lögunum ef einstök ákvæði leiða til þess að ársreikningurinn gefur ekki glögga mynd af afkomu, efnahag eða handbæru fé og gera grein fyrir slíkum frávikum og áhrifum þeirra frávika í skýringum. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði sé notað í undantekningartilvikum. Þessi breyting er gerð vegna athugasemda frá ESA og er í samræmi við 5. mgr. 2. gr. 4. félagatilskipunar. Ákvæði er varða samstæðureikninga er flutt í VI. kafla.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 3. mgr. 10. gr. laganna verði skylduákvæði í stað heimildarákvæðis vegna athugasemda frá ESA og er í samræmi við 5. mgr. 2. gr. 4. félagatilskipunar. Þar er gert skylt að víkja frá ákvæðum laganna ef þau leiða til þess að uppsetning ársreiknings gefi ekki glögga mynd af afkomu og efnahag félags.

Um 8. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða, sbr. d-lið 1. gr. frumvarpsins og leiðrétting á millitilvísun laganna.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að félög sem stofnuð eru á árinu hafi ótvíræðan rétt til að leggja fram umsókn um heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli á stofnári.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að flytja ákvæði úr 2. mgr. 16. gr. laganna um að skuldbindingar megi ekki nema hærri fjárhæð en nauðsynlegt er talið í 1. mgr. Ný 2. mgr. fjallar um að ekki megi nota skuldbindingar skv. 1. mgr. til matsbreytinga á eignum eða til þess að jafna á móti eignum. Þessi breyting er gerð vegna athugasemda frá ESA og er í samræmi við 3. mgr. 20. gr. 4. félagatilskipunar.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að takmarka heimildir félaga til að færa tekjur og gjöld er varða fyrri reikningsár á rekstrarreikning ársins nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Slíkar leiðréttingar skal færa á eigið fé.

Um 12. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða en lagt er til að allar matsbreytingar sem taka til greina skerðingar á verðgildi einstakra eigna komi fram í reikningsskilum. Fyrra orðalag ákvæðisins um verðmætisrýrnun þykir ekki ná ákvæðum 19. gr. 4. félagatilskipunar. Breytingin er gerð vegna athugasemda frá ESA.

Um 13. gr.

Í a-lið er lagt til að vísað verði til ákvæða 25. og 35. gr. laganna varðandi frávik frá því að fastafjármuni skuli meta til eignar á eigi hærra verði en kostnaðarverði. Með afnámi verðleiðréttra reikningsskila, skv. lögum nr. 133/2001, er almennur framreikningur kostnaðarverðs ekki lengur leyfður.

Í b-lið er lagt til að 2. málsl. 3. mgr. falli brott, þar sem hann er ekki í samræmi við 1. málsl. 3. mgr.

Um 14. gr.

Með þessari tillögu er verið að skilgreina betur afskriftastofn eigna þegar ákvæðum 25. gr. laganna um sérstakt endurmat á raunvirði fastafjármuna er beitt. Hækkun á bókfærðu verði þeirra bætist við afskriftastofninn.

Um 15. gr.

Í a-lið er verið að leggja til að birgðir skuli aðeins metnar á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist í samræmi við almennar reikningsskilavenjur.

Í c-lið er ekki um efnisbreytingu að ræða en kveðið er nánar á um mat á birgðum í framleiðslu.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að kostnaður vegna óefnislegra eigna, réttinda, rannsókna eða þróunar skuli afskrifaður á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, en þó að hámarki á 20 árum. Ákvæði þetta er í samræmi við almennar reikningsskilavenjur. Í gildandi lögum er heimilt að afskrifa hann að hámarki á 5 árum nema nýtingartíminn sé lengri.

Um 17. gr.

Hér er lögð til sú breyting að heimildarákvæði 35. gr. laganna verði skylduákvæði. Í stað þess að félag megi færa eignarhlut sinn í dótturfélagi samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé dótturfélagsins, í stað kostnaðarverðs, skal móðurfélag færa eignarhlutann samkvæmt hlutdeildaraðferð og hefur þar af leiðandi ekkert val. Móðurfélagi er þó heimilt að styðjast við kostnaðarverð gagnvart þeim dótturfélögum sem heimilt er að halda utan samstæðureiknings. Þá tekur greinin einnig til eignfærslu á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum og eignarhlutum í samrekstrarfélögum.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að fella brott heimild um að í skýrslu stjórnar geti komið fram upplýsingar sem ber að veita í skýringum í ársreikningi en það var valkvætt samkvæmt ákvæði greinarinnar. Breyting þessi er í tengslum við breytingu á 3. mgr. 65. gr. laganna, skv. 35. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða, sbr. d-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á ákvæðum um tekjufærslu langtímaverkefna. Í gildandi lögum er heimilt að færa hagnað af langtímaverkefnum fyrst til tekna þegar lokið er við þau eða að áætla hagnað árlega eftir framvindu verkefnis. Samkvæmt þessari tillögu verður það skylda að áætla hagnað af langtímaverkefni hlutfallslega eftir því sem verkefninu miðar en tap á slíku verki skal gjaldfæra strax. Þó verður ekki heimilt að áætla hagnað af slíkum verkum við aðstæður verulegrar óvissu. Við slíkar aðstæður skal aðeins innleysa tekjur á móti gjaldfærðum kostnaði. Óbreytt er að fyrirsjáanlegt tap á langtímaverkefnum skal gjaldfæra strax.

Um 21. gr.

Í 47. gr. laganna er lögfest að upplýsa skuli um frestaða skattskuldbindingu í skýringum og jafnframt heimilað að tilfæra fjárhæðina sem sérstakan skuldalið í efnahagsreikningi. Með því að fella brott 2. málsl. 3. mgr. greinarinnar er verið að gera skylt að færa frestaða skattskuldbindingu sem sérstakan lið í efnahagsreikningi, í samræmi við 16. gr. laganna. Þá er lagt til að 4. mgr. falli brott þar sem taka ber tillit til þeirra ákvæða við útreikning á skatt-

skuldbindingu. Reikningsskilaráð hefur gefið út reglu nr. 4 um tekjuskattsskuldbindingu, sbr. auglýsingu nr. 671/1999.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að til viðbótar því að félag, sem er dótturfélag, greini frá nafni og aðsetri móðurfélags geri það einnig grein fyrir því ef það er hluti af stærri samstæðu og hvert sé móðurfélag heildarsamstæðunnar. Ef móðurfélögin eru erlend félög skal greina frá því í hvaða landi þau leggja fram samstæðureikninginn til birtingar.

Um 23. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða, sbr. d-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

VI. kafli laganna er endursaminn en hann fjallar um samstæðureikninga. Tilgangurinn með gerð samstæðureikninga er að veita upplýsingar um samstæðuna í heild sinni og um fjárhagsstöðu hennar án innbyrðis viðskipta félaganna. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir notendur reikningsskila og veita meiri upplýsingar en ársreikningur móðurfélagsins einn og sér. Þörfin á heildstæðum upplýsingum um samstæður eykst með meiri samvinnu félaga og stofnun flóknari samstæðna.

Í greininni eru tekin af öll tvímæli um að hvert móðurfélag skuli semja samstæðureikning fyrir öll dótturfélög sín án tillits til hvar þau eru skráð. Er þetta í samræmi við 1. mgr. 3. gr. 7. félagatilskipunarinnar og athugasemdir frá ESA. Undanþága frá skyldunni að semja samstæðureikninga kemur fram í 53. gr. A – 53. gr. C og nær eingöngu til félaga sem ekki eru skráð á opinberu verðbréfaþingi í EES-ríki.

Í 2. mgr. er kveðið á um að félög sem falla ekki undir þessi lög en eiga og stjórna félögum sem falla undir lögin skuli semja samstæðureikninga í samræmi við þessi lög. Þetta er nýmæli sem sett er skv. 4. mgr. 38. gr. félagatilskipunar og þessi breyting er gerð vegna athugasemda frá ESA.

Um 25. gr.

Um a-lið (53. gr. A).

Þessi grein var áður 6. gr. gildandi laga og er ekki um efnisbreytingu að ræða. Stærðarmörk þessi hafa verið hækkuð samkvæmt reglugerð nr. 242/2000.

Um b-lið (53. gr. B).

Ákvæði þessarar greinar voru áður að hluta til í 4. gr. gildandi laga. Í greininni er ítarlegar gerð grein fyrir heimildum til undanþágu frá samningu samstæðureikninga í tilgreindum tilvikum og er breytingin gerð vegna athugasemda frá ESA. Þetta ákvæði er í samræmi við 7. gr. 7. félagatilskipunar sem gerir skylt að heimila þessa undanþágu.

Um c-lið (53. gr. C).

Ákvæði þessarar greinar voru áður í 5. gr. gildandi laga. Lagðar eru til orðalagsbreytingar í 2. og 4. tölul. Í 4. tölul. er bætt við það skilyrði til undanþágu að dótturfélag hafi ekki áður verið fellt inn í samstæðureikning og móðurfélagið hafi aflað eignarhlutanna eingöngu í þeim tilgangi til að endurselja þá.

Um d-lið (53. gr. D).

Ákvæði þessarar greinar var áður í 7. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. var áður í 2. mgr. 8. gr. laganna en fellt þar brott, sbr. 5. gr. frumvarpsins, og efnisákvæði 2. og 3. mgr. um reikningsár samstæðu er í 33. gr. reglugerðar nr. 696/1996. Lagt er til að flytja ákvæðið inn í lögin. Greinin kveður á um reikningsár samstæðu og hvernig skuli með fara ef dótturfélag innan samstæðunnar hefur ekki sama reikningsár og móðurfélagið.

Um 27. gr.

Um a-lið (54. gr. A).

Grein þessi er í samræmi við 3. og 9. gr. laganna sem kveða á um gerð samstæðureiknings og að hann skuli gefa glögga heildarmynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé. Nýmæli er að einungis megi taka dótturfélög, sem keypt eru á reikningsárinu, inn í samstæðureikning frá þeim tíma sem móðurfélag tekur við stjórn þess og á sama hátt skuli dótturfélag sem selt er á reikningsárinu einungis tekið með í samstæðureikning til þess tíma sem móðurfélag lætur af stjórn þess. Greinin er að öðru leyti í samræmi við 54. gr. gildandi laga fyrir breytingu, sbr. 26. gr. frumvarpsins og enn fremur ákvæði 36. gr. reglugerðar nr. 696/1996.

Um b-lið (54. gr. B).

Ákvæði þessarar greinar eru að hluta til í 34. og 35. gr. reglugerðar nr. 696/1996 en talið er rétt að flytja ákvæðin inn í lögin. Í 1. mgr. er kveðið á um það að færa skuli eignarhluti í dótturfélögum sem heimilt er að halda utan samstæðureiknings svo og kröfur og skuldir við þessi dótturfélög sem sérstakan lið í efnahagsreikningi samstæðunnar. Í 2. mgr. er kveðið á um að færa skuli eignarhluti samstæðu í hlutdeildarfélögum sem sérstakan lið í efnahagsreikningi samstæðunnar. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 33. gr. 7. félagatilskipunar. Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig skuli fara með hlutdeild minnihlutaeigenda í eigin fé og afkomu dótturfélaga í samstæðureikningnum.

Um c-lið (54. gr. C).

1. og 2. mgr. greinarinnar eru til komnar vegna athugasemda frá ESA þar sem annars vegar kemur fram að eignir og skuldir samstæðunnar skuli metnar með samræmdum aðferðum og hins vegar að nota skuli sömu matsferðir og notaðar eru í ársreikningi móðurfélags. Ákvæðin eru í samræmi við 29. gr. 7. félagatilskipunar. 3. mgr. er óbreytt frá 55. gr. gildandi laga fyrir breytingu, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Um d-lið (54. gr. D).

Ákvæði þessarar greinar eru að stofni til í 38. gr. reglugerðar nr. 696/1996 og þykir rétt að taka þau inn í lögin og kveða jafnframt á um það í hvaða tilfellum megi nota þær tvær aðferðir sem greinin kveður á um.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þegar um samþætta starfsemi er að ræða skuli peningalegar eignir og skuldir metnar á gengi í árslok, en fastafjármunir í ársbyrjun skuli umreiknaðir með sömu fjárhæð og árið áður og afskrifaðir með sama hætti og fastafjármunir móðurfélagsins. Eigið fé dótturfélagsins, þar með talið hlutafé, skal umreiknast með sömu fjárhæð og í lok fyrra árs. Gengismunur sem myndast við þennan umreikning skal færður á rekstrarreikning. Með samþættri starfsemi er átt við starfsemi sem er framlenging á starfsemi móðurfélags, t.d. getur fyrirtæki verið með vörur til sölu erlendis frá móðurfélagi hérlendis.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þegar ekki er um samþætta starfsemi að ræða skuli eignir og skuldir á efnahagsreikningi umreiknaðar í gjaldmiðli móðurfélags á gengi í árslok, tekjur og gjöld á meðalgengi ársins. Hlutafé ber að færa á upphaflegu kaupverði en óráðstafað eigið

fé í ársbyrjun skal nema sömu fjárhæð og í lok fyrra árs. Gengismunur sem myndast við þennan umreikning færist á eigið fé.

Um e-lið (54. gr. E).

Grein þessi er samhljóða 53. gr. gildandi laga fyrir breytingu, sbr. 24. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Í þessari grein er fjallað um tvær aðferðir við gerð samstæðureikninga, annars vegar kaupaðferð og hins vegar samlegðaraðferð. Lagt er til að kaupaðferð verði meginreglan við gerð samstæðureikninga en samlegðaraðferðin sé notuð í undantekningartilvikum. Skv. 2. mgr. getur yfirtaka samstæðu, sem fram fer innan armslengdarreglunnar, þar sem ekki eru fyrir hendi almennar markaðsaðstæður, farið fram án þess að viðskiptavild sé tekin með í reikninginn. Hér er um að ræða aðstæður þar sem einn og sami hagsmunaaðili á bæði félögin þannig að ekki fer fram ákveðin verðlagning og jafnframt ekki skilyrði fyrir að taka með viðskiptavild. Til dæmis getur verið um að ræða tvö dótturfélög innan sömu samstæðu þar sem móðurfélagið er með ráðandi stöðu eða tvö félög með sama einstaklingseigandann. Í 3. mgr. er kveðið á um að einnig megi beita samlegðaraðferðinni, í stað kaupaðferðarinnar, í þeim tilvikum þegar tvö félög að svipaðri stærð renna saman en hvorugur hluthafahópurinn verður ráðandi í hinu sameinaða félagi. Þetta ákvæði er í samræmi við 20. gr. 7. félagatilskipunar.

Um 29. gr.

Um a-lið (55. gr. A).

Í þessari grein er kaupaðferðinni lýst. Meta skal einstaka liði efnahagsreiknings á yfirtökudegi í samstæðureikningi og afskrifa með sama hætti. Sá mismunur sem eftir stendur þegar hlutdeild móðurfélags hefur verið jafnað út á móti hreinni eign dótturfélags telst viðskiptavild. Viðskiptavildin er færð til tekna eða gjalda á áætluðum nýtingartíma hennar, en þó að hámarki á 20 árum og er það í samræmi við 16. gr. frumvarpsins. Þessi breyting er í samræmi við 30. og 31. gr. 7. félagatilskipunar.

Um b-lið (55. gr. B).

Í þessari grein er samlegðaraðferðinni lýst. Samkvæmt þessari aðferð er litið svo á að félögin hafi verið samstæða frá upphafi reikningsárs og við samanburð á fyrri árs fjárhæðum.

Um c-lið (55. gr. C).

Þetta ákvæði er nær óbreytt frá 56. gr. gildandi laga fyrir breytingu, sbr. 30. gr. frumvarpsins.

Um 30.–31. gr.

Um 30. gr. (54. gr.), 31. gr. a- og b-lið (56. gr. A og B).

Í þessum greinum er kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja samstæðureikningi til viðbótar skýringum sem gerð er krafa um í IV. kafla. Er þetta í samræmi við 34. gr. 7. félagatilskipunar.

Um 31. gr. c-lið (56. gr. C).

Í greininni er kveðið á um að í skýrslu stjórnar um samstæðuna skuli veita upplýsingar um samstæðuna eins og hún væri eitt félag.

Um 31. gr. d-lið (56. gr. D).

Í greininni er kveðið á um reikningsskil þegar félög renna saman þannig að öðru þeirra er slitið og sameinað hinu eða báðum er slitið og stofnað nýtt félag á grunni þeirra.

Um 31. gr. e-lið (56. gr. E).
Í þessari grein er kveðið á um reikningsskil þegar félag er skipt upp í tvö eða fleiri félög.

Um 32. gr.
Hér er lagt til að umorða 1. mgr. 57. gr. laganna og jafnframt er lagt til að kosning varamanna verði ekki lögskipuð. Komi til þess að kosinn endurskoðandi eða skoðunarmaður geti ekki sinnt störfum er eðlilegast að nýr endurskoðandi eða skoðunarmaður sé kosinn á félagsfundi eins og greinir í 3. mgr. 61. gr. laganna, sbr. og 4. mgr. sömu greinar. Þetta ákvæði hefur engin áhrif á kosningu varamanna félagskjörinna skoðunarmanna samkvæmt samþykktum félaganna.

Um 33. gr.
Hér er um orðalagsbreytingu að ræða, sbr. d-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.
Hér er samsvarandi ákvæði og í 32. gr. frumvarpsins um brottfall kosningar varamanna.

Um 35. gr.
Í a-lið er lagt til að endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga sé í samræmi við ákvæði laga og góða reikningsskilavenju og því er lagt til að falli brott tilvísun til samþykkta félagsins. Það þykir ekki eiga við að vísa til samþykkta félags um það hvernig ársreikningar skuli endurskoðaðir.
Í b-lið er lagt til að endurskoðendur og skoðunarmenn skuli sannreyna þær upplýsingar í skýrslu stjórnar sem ber að veita og gera athugasemdir ef þær komi ekki fram. Er þessi breyting í samræmi við athugasemdir ESA og 2. mgr. 37. gr. 7. félagatilskipunar.

Um 36. gr.
Í a- og b-lið er verið að gera það að ótvíræðri skyldu allra félaga sem semja skulu ársreikning samkvæmt lögum þessum að leggja þá fram hjá ársreikningaskrá og auk þess skulu móðurfélög leggja fram til viðbótar samstæðureikninga. Er þessi skylda í samræmi við 4. og 7. félagatilskipun.
Í c-lið þar sem heimiluð er birting á samandreginni útgáfu ársreiknings, er nú vísað til stærðarmarka í 2. mgr. 2. gr. í stað 6. gr. gildandi laga þar sem sú grein er felld niður og flutt í VI. kafla laganna um samstæðureikninga. Eru stærðarmörkin hin sömu og eru í 6. gr. en hafa verið hækkuð samkvæmt reglugerð nr. 242/2000.
Í d-lið er lagt til að ríkisskattstjóri starfræki ársreikningaskrá. Er það í samræmi við hugmyndir um flutning fyrirtækjaskrár og fleiri félagaskráa til ríkisskattstjóra. Embætti ríkisskattstjóra hefur frá upphafi farið með söfnun og birtingu ársreikninga.

Um 37. gr.
Hér er lagt til að fella niður ákvæði greinarinnar þar sem það er fyrir í 69. gr. laganna, svo breyttri.

Um 38. gr.
Hér er lagt til að áritun endurskoðenda komi ávallt fram hvort sem hún er fyrirvaralaus eða ekki, þótt um samandregna útgáfu ársreikninga sé að ræða.

Um 39. gr.

Hér er um að ræða leiðréttingu á millitilvísun í lögunum.

Um 40. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða, sbr. d-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 41. gr.

Breyting þessi er í samræmi við lögreglulög, nr. 90/1996, þar sem stofnað var embætti ríkislögreglustjóra í stað Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um 42. gr.

Hér er gerð breyting vegna niðurfellingar á ECU og upptöku evru.

Um 43. gr.

Lagt er til að stytta gildistíma bráðabirgðaákvæðisins um eitt ár. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er félögum heimilt að taka tillit til almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga í tvö ár eftir afnám verðleiðréttra reikningsskila. Bráðabirgðaákvæði þetta var sett þar sem við gildistöku laga nr. 133/2001 var nokkur verðbólga og þótti nokkur óvissa um lækkun hennar á þeim tíma. Bæði reikningsskilaráð og Kauphöll Íslands hf. hafa lýst yfir óánægju sinni með þetta ákvæði þar sem það gefur tilefni til ósamræmis í uppgjörum félaga. Þar sem verðbólga hefur verið á niðurleið og komist í viðunandi horf er ekki talin ástæða til að láta þetta ákvæði ná yfir nema yfirstandandi reikningsár.

Um 44. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, sem miða einkum að því að samræma ákvæði þeirra betur við tilskipanir Evrópusambandsins sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar á framkvæmd laga um ársreikninga hjá stjórnsýsluaðilum og er því ekki gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

554. Frumvarp til laga [428. mál]

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2002“ í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum kemur: 31. desember 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar, sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, verði framlengd til 31. desember 2004. Það er gert með hliðsjón af því að enn eru tilraunir með aðra orkugjafa en þá sem unnir eru úr olíu skammt á veg komnar. Því er eðlilegt að veita þeim sem stunda slíkar rannsóknir áfram undanþágu frá greiðslu þungaskatts af ökutækjum sem knúin eru með öðrum orkugjöfum en þeim sem unnir eru úr olíu. Undanþágan gildir jafnt um innlendan orkugjafa sem og orkugjafa framleiddan erlendis þar sem nauðsynlegt kann að vera í tilraunaskyni að nýta orkugjafa sem framleiddur er erlendis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að bifreiðar sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu verði undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2004. Frumvarpið snýr að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld svo að nokkru nemi verði það að lögum.

555. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Jóni Bjarnasyni.

Við 7. gr. Nýr liður:
7.11 Að auka hlutafé í Sementsverksmiðjunni hf. á Akranesi um allt að 500 m.kr.

Greinargerð.

Vegna samkeppni á sementsmarkaði, þar sem því hefur verið haldið fram að innflytjandi hafi beitt undirboðum sl. tvö ár, hefur Sementsverksmiðjan hf. átt í verulegum rekstrarerfiðleikum. Tap verksmiðjunnar árið 2001 var 228,4 millj. kr. og er talið að tap á þessu ári gæti orðið annað eins. Í þeim tilgangi að vinna tíma til þess að gera áætlun um framtíðarstöðu verksmiðjunnar leggja flutningsmenn til að hlutafé verði aukið í verksmiðjunni og fjármálaráðherra heimilað að nota allt að 500 millj. kr. í því skyni.

556. Frumvarp til laga [429. mál]

um útflutningsaðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð.

1. gr.

Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð sinnir stefnumótun og skilgreinir samvinnu- og átaksverkefni í útflutningsaðstoð og markaðssetningu. Hún er einnig vettvangur til samráðs og skoðanaskipta um markaðssetningu íslensks útflutnings á erlendum vettvangi. Nefndin fundar ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári og stýrir utanríkisráðherra tveimur fundanna.

Í samráðsnefndinni sitja fulltrúar samtaka úr atvinnulífinu og stjórnvalda og stjórn Útflutningsráðs Íslands. Af hálfu atvinnulífsins sitja í nefndinni fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, Samtaka verslunarinnar – FÍS, Verslunarráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, Bændasamtakanna, Samtaka ferðaþjónustunnar, SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu, Bandalags íslenskra listamanna og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja. Af opinberri hálfu sitja í nefndinni fulltrúi utanríkisráðherra, sem er formaður, og fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðherra, landbúnaðarráðherra, menntamálaráðherra, samgönguráðherra og sjávarútvegsráðherra. Þá eiga sæti í nefndinni fulltrúar Byggðastofnunar, Ferðamálaráðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Iðntæknistofnunar. Utanríkisráðherra skipar í nefndina samkvæmt tilnefningu framangreindra aðila til þriggja ára í senn. Honum er jafnframt heimilt í reglugerð að veita öðrum samtökum eða stofnunum aðild að samráðsnefndinni að fenginni umsögn hennar.

Fulltrúar samtaka úr atvinnulífinu í samráðsnefndinni velja fjóra aðalmenn og fjóra varamenn til setu í stjórn Útflutningsráðs.

II. KAFLI
Útflutningsráð Íslands.

2. gr.

Útflutningsráð Íslands hefur það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, hagsmunasamtaka og stjórnvalda í málum er lúta að eflingu útflutnings og veita útflytjendum og öðrum þeim er afla gjaldeyris á annan hátt alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Þá skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða markaðssókn og útflutningsaðstoð.

3. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipuleggur og ákveður verkefni ráðsins. Stjórnin skal vera utanríkisráðherra til ráðuneytis um fyrirkomulag viðskiptaþjónustu á erlendum vettvangi og um áherslur í utanríkisviðskiptamálum.

Stjórnina skipa sjö menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fjóra stjórnarmenn eftir tilnefningu fulltrúa atvinnulífsins í samráðsnefnd, sbr. ákvæði 3. mgr. 1. gr., og þrjá stjórnarmenn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

4. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. Markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.
2. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
3. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

Útflutningsráði ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi til verkefna af þeim toga.

5. gr.

Útflutningsráð skal veita íslenskum fyrirtækjum aðstoð við markaðssetningu á erlendum mörkuðum. Útflutningsráð getur enn fremur veitt opinberum aðilum þjónustu við markaðssókn fyrir einstakar atvinnugreinar á erlendum mörkuðum. Þá getur Útflutningsráð veitt fé til kaupa á þjónustu viðskiptafulltrúa í sendiráðum Íslands erlendis. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun og önnur starfskjör hans. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra útflytjenda.

6. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Útflutningsráðs, að kveða nánar á í reglugerð um starfsemi Útflutningsráðs og um verkaskiptingu milli þess og utanríkisráðuneytisins.

7. gr.

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga þessara niður frá og með 1. janúar 2008, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2008 vegna gjaldstofns ársins 2007.

III. KAFLI

Gildistaka.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af hálfu utanríkisráðuneytisins hefur á undanförnum mánuðum verið unnið að tillögum um endurskipulagningu fyrirkomulags aðstoðar við útflutningsviðskipti. Í þessari vinnu hefur verið tekið mið af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999 þar sem lýst var því markmiði að áfram verði unnið að markaðssókn fyrir íslenskar vörur og þjónustu á erlendum mörkuðum og að efnt verði til samstarfs við erlend fyrirtæki og þjóðir og hvatt til fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Þá skyldi sameina eða samræma starfsemi þeirra opinberu aðila sem sinna alþjóðlegu kynningar- og markaðsstarfi fyrir íslenskt atvinnulíf, í þeim tilgangi að bæta þjónustu og auka skilvirkni.

Allt frá því að utanríkisráðuneytið tók við málaflokki utanríkisviðskipta, árið 1987, hefur verið unnið að því innan utanríkisþjónustunnar að efla starf hennar að málefnum utanríkisviðskipta. Stórt skref í þá átt var stigið með stofnun Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins árið 1997. Grundvallarþáttur í þeirri þjónustu er að efla starfsemi sendiráða í þágu íslensks atvinnulífs.

Útflutningsráð Íslands hefur frá upphafi verið rekið sem hálfopinber stofnun með lögákveðinn gjaldstofn en hagsmunasamtök í atvinnulífi hafa haft meiri hluta stjórnar. Form Útflutningsráðs hefur lítið breyst frá upphafi. Í upphafi starfs Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins kom fram gagnrýni á tvíverknað milli Viðskiptaþjónustunnar og Útflutningsráðs þar sem ekki væri ljóst hvert hlutverk hvorri stofnun um sig væri ætlað. Með lagabreytingum í árslok 1998 var leitast við að efla samráð stofnananna og bæta tengsl Útflutningsráðs við utanríkisráðuneytið. Markaðsgjaldinu, helsta tekjustofni Útflutningsráðs, var breytt á þann veg að í stað veltutengds gjalds var tekið upp gjald á tryggingagjaldsstofn sem lagt er á og innheimt með tryggingagjaldi. Gjaldtakan var með lögunum bundin við tvö ár og gert ráð fyrir endurskoðun að þeim tíma liðnum. Á haustþingi 2000 var gjaldtakan framlengd um önnur tvö ár, en án endurskoðunar laganna, og rennur lagaheimildin fyrir gjaldtökunni því út um næstu áramót.

Niðurstaða þeirrar úttektar sem fram hefur farið er sú að verulegur árangur hafi orðið af starfi Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráðs á undanförnum árum. Hins vegar þurfi að auka á formlegt samráð stjórnvalda og hagsmunasamtaka atvinnulífsins um útflutningsaðstoð. Fjölmargar opinberar stofnanir og ráðuneyti koma að aðstoð við útflutning. Þá láta mörg hagsmunasamtök í atvinnulífinu sig útflutningsmál varða. Við þær að-

stæður skapast hætta á að starf opinberra aðila og einkaaðila að aðstoð við útflutningsstarfsemi verði ómarkvisst og að kröftum sé eytt í of afmörkuð verkefni, í stað þess að litið sé til uppbyggingar til lengri tíma og þess freistað að ná fram samstilltu átaki allra þeirra opinberu aðila sem að málunum koma. Mikilvægt er að tengja markaðsstarf ólíkra stofnana og samtaka fyrirtækja betur saman en áður. Þá er það niðurstaða utanríkisráðuneytisins að tengja megi sendiráð og ræðismenn betur markaðsstarfsemi Íslendinga á erlendri grundu. Í þeim tilgangi er gert ráð fyrir að sett verði á fót sérstök samráðsnefnd um útflutningsaðstoð og utanríkisviðskipti sem í sitji fulltrúar allra þeirra atvinnugreina er koma á einhvern hátt að útflutningsstarfsemi og gjaldeyrissköpun. Jafnframt eigi þau ráðuneyti er með þessa málaflokka fara fulltrúa í nefndinni. Gert er ráð fyrir að nefndin fjalli um áhersluatriði í útflutningsaðstoð svo að kraftar þeirra er vinna að útflutningsaðstoð nýtist sem best. Gert er ráð fyrir að þessi nefnd fundi ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári og að utanríkisráðherra stýri tveimur fundanna þar sem rætt yrði um áhersluatriði, sérstök átaksverkefni og samræmingu verkefna á sviði aðstoðar við útflutning.

Jafnframt er gert ráð fyrir auknu samstarfi og bættri verkaskiptingu milli Útflutningsráðs og Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins. Samkomulag er um það milli Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytisins að settur verði á fót sérstakur stýrihópur sem hafi það verkefni að samræma starf Útflutningsráðs og Viðskiptaþjónustunnar til að tryggja betri nýtingu mannafla og koma í veg fyrir tvíverknað. Samkvæmt samkomulaginu getur Útflutningsráð jafnframt veitt fé til kaupa á þjónustu viðskiptafulltrúa í sendiráðum Íslands erlendis og endurselt til íslenskra fyrirtækja og stofnana. Þá getur stjórn Útflutningsráðs lagt fram fé af fjárhagsáætlun ráðsins í skilgreind samstarfsverkefni sem fara fram í tengslum við starf sendiskrifstofa Íslands erlendis. Með þessu móti er leitast við að einfalda boðleiðir og auðvelda útflutningsfyrirtækjum og opinberum aðilum að nýta sér þjónustu Viðskiptaþjónustunnar á erlendri grundu.

Gert er ráð fyrir að kynning á Íslandi sem fjárfestingarkosti verði áfram ríkur þáttur í starfsemi utanríkisþjónustunnar á erlendum vettvangi í samráði við Fjárfestingarstofu og aðra viðeigandi aðila. Bæði orkusvið og almennt svið Fjárfestingarstofu heyri hins vegar stjórnskipulega áfram undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og samstarfsaðila þess.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Útflutningsráðs verði ráðgefandi fyrir utanríkisráðherra um málefni viðskiptaþjónustunnar, útflutningsaðstoð og um utanríkisviðskipti. Ætlunin er að utanríkisráðherra skipi þrjá fulltrúa í stjórn Útflutningsráðs í stað tveggja fulltrúa áður. Þá er gert ráð fyrir að markaðsgjaldið, hinn lögbundni tekjustofn Útflutningsráðs, verði framlengt til fimm ára, enda þörf á að gefa starfsemi ráðsins aukið svigrúm við þessar nýju aðstæður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um stofnun samráðsnefndar atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð. Gert er ráð fyrir að nefndin sinni stefnumótun og skilgreini samvinnu- og átaksverkefni í útflutningsaðstoð og markaðssetningu og verði einnig vettvangur til samráðs og skoðanaskipta um markaðssetningu íslensks útflutnings á erlendum vettvangi. Samkvæmt gildandi lögum er til samráðsnefnd Útflutningsráðs. Heppilegra er talið að skilja samráðsnefndina frá Útflutningsráði og gera hana sjálfstæða til þess að freista þess að efla það samráð sem þar getur farið fram um samvinnuverkefni og átaksverkefni á sviði útflutningsaðstoðar. Fjölmörg ráðuneyti og opinberar stofnanir koma að eflingu útflutnings og gjaldeyrissköpunar. Mikilvægt er að starf þeirra sé samræmt sem kostur er til að nýta sem

best þá fjármuni sem fara til útflutningsaðstoðar. Stofnun samráðsnefndarinnar á rætur að rekja til markmiða stjórnarsáttmálans um að sameina eða samræma starfsemi þeirra opinberu aðila sem sinna alþjóðlegu kynningar- og markaðsstarfi fyrir íslenskt atvinnulíf í þeim tilgangi að bæta þjónustu og auka skilvirkni.

Gert er ráð fyrir að nefndin fundi ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári og að utanríkisráðherra stýri tveimur fundanna. Á þeim lykilfundum yrði fjallað um helstu áhersluatriði og átaksverkefni sem ráðast þurfi í.

Aðild hagsmunasamtaka í atvinnulífi og aðild ráðuneyta að nefndinni er í flestum atriðum í samræmi við aðild að eldri samráðsnefnd Útflutningsráðs, að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heiti og verksviði hagsmunasamtaka í atvinnulífi á þeim fjórum árum sem liðin eru frá stofnun hennar. Þó er það nýmæli að gert er ráð fyrir að fulltrúar menntamálaráðherra og landbúnaðarráðherra bætist í samráðsnefndina, sem og fulltrúi Bandalags íslenskra listamanna. Gert ráð fyrir að fulltrúar atvinnulífsins í hinni nýju samráðsnefnd velji fulltrúa atvinnulífsins í stjórn Útflutningsráðs Íslands.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 1. gr. laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um stjórnarfyrirkomulag og hlutverk stjórnar Útflutningsráðs. Helsta nýmælið er að stjórninni er með skýrum hætti falið ráðgjafarhlutverk við utanríkisráðherra um fyrirkomulag viðskiptaþjónustu á erlendum vettvangi og um áherslur í utanríkisviðskiptamálum.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 3. gr. og 3. málsl. 1. gr. laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

Um 5. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar er að mestu ný. Í eldri lögum um Útflutningsráð Íslands voru lítil sem engin efnisákvæði um þau verkefni sem Útflutningsráði væri heimilt að veita fé til. Rétt þótti að breyta þessu til samræmis við breyttar áherslur í meðferð opinbers fjár og setja skýr heimildarákvæði um verkefni Útflutningsráðs. Eins og ráða má af greininni er Útflutningsráði skylt að veita íslenskum fyrirtækjum aðstoð á við markaðssetningu á erlendum mörkuðum, en heimilt að veita ýmsa tengda þjónustu. Hæst ber að Útflutningsráði er heimilað að veita opinberum aðilum þjónustu við markaðssókn fyrir einstakar atvinnugreinar á erlendum mörkuðum og að veita fé til kaupa á þjónustu viðskiptafulltrúa í sendiráðum Íslands erlendis sem síðan yrði til endursölu innan lands. Útflutningsráði er enn fremur heimilað að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

Síðari málsgrein greinarinnar er óbreytt að efni frá 7. gr. laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá 9. gr. laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands.

Um 7. gr.

Í greininni felst að höfuðtekjustofn Útflutningsráðs, markaðsgjaldið, er framlengdur um fimm ár, til 1. janúar 2008.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku laganna 1. janúar 2003. Gert er ráð fyrir að ný samráðsnefnd skv. 1. gr. laganna verði skipuð strax eftir gildistöku. Ný stjórn Útflutningsráðs mun taka til starfa þegar tímabili sitjandi stjórnar lýkur, á ársfundi Útflutningsráðs vorið 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útflutningsaðstoð.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði samráðsnefnd atvinnulífsins og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð. Samkvæmt gildandi lögum er starfandi samráðsnefnd Útflutningsráðs, en með frumvarpinu er lagt til að hlutverki hennar verði breytt og hún gerð sjálfstæðari. Nefndinni er ætlað að sinna stefnumótun og skilgreina samvinnu- og átaksverkefni í útflutningsaðstoð og markaðssetningu. Einnig er í frumvarpinu lagt til að fulltrúar menntamálaráðherra og landbúnaðarráðherra bætist í samráðsnefndina sem og fulltrúi frá Bandalagi íslenskra listamanna. Loks er lagt til að stjórn Útflutningsráðs verði falið það hlutverk að veita utanríkisráðherra ráðgjöf um fyrirkomulag viðskiptaþjónustu á erlendum vettvangi og að ráðherra skipi þrjá fulltrúa í stjórn ráðsins í stað tveggja áður.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að markaðsgjald, sem er tekjustofn Útflutningsráðs, verði framlengt um fimm ár til 1. janúar 2008. Áætlaðar tekjur af markaðsgjaldi samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2003 eru 237,7 m.kr. Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð þar sem þegar hefur verið gert ráð fyrir tekjum á móti útgjöldum með markaðsgjaldinu.

557. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Gunnari Birgissyni, Þorgerði K. Gunnarsdóttur,
Kolbrúnu Halldórsdóttur, Kjartani Ólafssyni, Sigríði Jóhannesdóttur
og Sigríði Ingvarsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-982 Listir, framlög.**			
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	33,6	1,6	35,2
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:			

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	1.600
2. Árni Kristjánsson	1.600
3. Ásgerður Búadóttir	1.600
4. Erró	1.600
5. Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
6. Guðbergur Bergsson	1.600
7. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.600
8. Gunnar Eyjólfsson	1.600
9. Hannes Pétursson	1.600
10. Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
11. Jón Nordal	1.600
12. Jón Þórarinsson	1.600
13. Jórunn Viðar	1.600
14. Kristján Davíðsson	1.600
15. Matthías Johannessen	1.600
16. Róbert Arnfinnsson	1.600
17. Rúrik Haraldsson	1.600
18. Svava Jakobsdóttir	1.600
19. Thor Vilhjálmsson	1.600
20. Þorsteinn frá Hamri	1.600
21. Þráinn Bertelsson	1.600
22. Þuríður Pálsdóttir	1.600
Samtals	**35.200**

558. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson, Arndísi Á. Steinþórsdóttur og Þorstein Geirsson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landssambandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Hafrannsóknastofnuninni.

Með frumvarpinu er lögð til 6% hækkun á gjöldum sem renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins en samkvæmt gildandi lögum eru greiðslurnar tvenns konar. Annars vegar er gjald á aflaheimildir en hins vegar gjald á brúttótonn hvers skips, þó að hámarki 387.000 kr. á skip. Heildartekjur Þróunarsjóðs árið 2002 af fyrrnefnda gjaldinu eru samkvæmt forsendum frumvarpsins alls 615 millj. kr., en af síðarnefnda gjaldinu alls 87 millj. kr.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um að 143 skip greiði nú hámarksgjald, 387.000 kr., og að ef hámarksgjald væri afnumið og engar aðrar ráðstafanir gerðar mundu tekjur vegna gjaldsins aukast um 84 millj. kr. Skipið sem greiddi hæsta gjaldið nú mundi greiða um 2,9 millj. kr. í stað 387.000 kr.

Nefndin telur ástæðu til að tekin verði afstaða til þess við næstu endurskoðun gjaldanna hvort afnema eigi þakið og lækka þá e.t.v. gjaldið á hvert brúttótonn í staðinn þannig að heildargjaldtakan verði óbreytt. Ljóst er þó að slíkt mundi hafa í för með sér lækkun á gjaldi minni skipanna en hækkun hjá þeim stærstu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson og Vilhjálmur Egilsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Árnason.	Jóhann Ársælsson,

Svanfríður Jónasdóttir.

559. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**			
1.01 Almennur rekstur	115,8	7,0	122,8

560. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.22 Þróun kræklingaeldis	0,0	10,0	10,0

561. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-364 Framhaldsskóli Snæfellinga			
1.90 Undirbúningur	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*

Greinargerð.

Framboð menntunar leggur grunn að samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu á hverjum stað. Það er bæði félagslegur og fjárhagslegur ávinningur að halda fjölskyldum sem lengst

saman. Sjálfræðisaldur hefur verið hækkaður í 18 ár og foreldrar eru mun síður reiðubúnir en áður að senda börn burt frá sér um 16 ára aldur. Mjög reynir á ungt fólk á þessum árum en það er stór þáttur í lífskjörum að fjölskyldan geti verið sem lengst saman og æskufólkið fái þannig hvatningu og stuðning í námi. Aukið námsframboð í heimabyggð styrkir sjálfsímyndina og hefur feikileg margfeldisáhrif. Því öflugri grunnmenntun sem er í byggðarlaginu þeim mun meiri möguleikar eru á framboði af símenntun, endurmenntun og háskólamenntun fyrir aðra íbúa. Framfarir í fjarskiptatækni gefa fjölbreytta möguleika og aukinn stuðning í öllu menntunarstarfi. Því er fullkomlega eðlilegt að þau sveitarfélög sem eiga þess kost reyni að koma upp framhaldsskóla.

Sveitarstjórnir Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar hafa á undanförnum árum í samvinnu við menntamálaráðuneytið unnið að hugmyndum um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Einhugur er meðal sveitarfélaganna um málið.

Nú eru um 350 unglingar í þessum sveitarfélögum á aldrinum sextán ára til tvítugs sem allir verða að fara burt til framhaldsnáms. Fyrir liggja útfærðar hugmyndir og kostnaðaráætlun til að stofna skólann og hefja undirbúningsstarf miðað við að skólinn taki inn fyrstu nemendurna haustið 2003. Í atkvæðaskýringu 28. nóvember sl. gaf menntamálaráðherra svohljóðandi yfirlýsingu: „Herra forseti. Ég hef ákveðið að leggja til fjármuni af ráðstöfunarfé menntamálaráðuneytis til undirbúnings framhaldsskóla á Snæfellsnesi og ég hygg að heimamenn séu sáttir við þá lausn mála.“ Heimamenn vilja formlega ákvörðun um málið og er því yfirlýsing menntamálaráðherra allsendis ófullnægjandi. Því er hér lagt til að stofnun skólans verði formlega ákveðin og framlag veitt til undirbúnings, að lágmarki 15 millj. kr.

562. Frumvarp til laga [430. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 31. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Tvöfalda fjárhæð einstakra gjafa og framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsóknarstarfa. Gjafir og framlög skv. 2. og 3. tölul. mega þó ekki vera yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar falla undir þennan tölulið.

Úr 2. tölul. sömu greinar falla orðin „menningarmála“ og „og vísindalegra rannsóknarstarfa“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins er að efla menningu og vísindi með tilteknum skattalegum aðgerðum. Nú er í lögum að fyrirtæki og aðrir lögaðilar mega draga ýmis framlög frá tekjum, m.a. framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ekki liggur fyrir af hálfu

skattyfirvalda í hve miklum mæli þessi framlög hafa verið. Frumvarpið hefur áður verið lagt fram á þingi en varð ekki útrætt og er nú endurflutt.

Í 2. tölul. 31. gr. núgildandi laga er kveðið á um heimild fyrirtækja til að draga framlög, m.a. til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa, allt að 0,5% frá tekjum. Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Þetta hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með.

Ef fyrirtæki gefur 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi má það samkvæmt frumvarpinu draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þetta hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu og vísindi.

Í lögum er kveðið á um að slíkar gjafir og framlög megi ekki nema meira en 0,5% af tekjum og er hér ekki lögð til breyting á því. Í eldra frumvarpi sama efnis var lögð til hækkun á þessu hámarki. Frá því var fallið vegna þess að flutningsmenn telja brýnt að sú aðferðafræði að heimila aukinn frádrátt verði reynd hérlendis. Frumvarpið felur þannig ekki í sér neina hættu á tekjutapi fyrir ríkissjóð umfram það sem er í gildandi lögum.

Í reglugerð settri samkvæmt núgildandi lögum segir m.a. að undir menningarstarfsemi falli hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritaútgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða o.fl.

Framangreind reglugerð kveður á um að undir vísindalega rannsóknarstarfsemi falli hvort tveggja, hugvísindi og raunvísindi. Hér er um að ræða víðtæka skilgreiningu í samræmi við sjónarmið flutningsmanna en undir vísindastarfsemi falla einnig félagsvísindi og heilbrigðisvísindi enda er vísindastarfsemi í háskólum gjarnan skipt í þessi fjögur meginfræðasvið. Með vísindastarfsemi er þannig m.a. átt við starfsemi innan æðri menntastofnana. Framlög fyrirtækja til eflingar rannsóknum og kennslu innan háskóla falla þannig undir þetta frumvarp.

Flutningsmenn telja að um framlög til kvikmyndagerðar eigi að gilda sömu ákvæði og um framlög til annarrar menningarmálastarfsemi, en fræðslumyndagerð er beinlínis talin upp í reglugerð með núgildandi lögum. Almenn kvikmyndagerð, þ.e. gerð lengri leikinna kvikmynda og heimildamynda en ekki t.d. gerð auglýsingakvikmynda, á því að falla undir lögin. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að nýta þessa frádráttarmöguleika.

Þess má geta að fjármögnun kvikmynda er oft með þeim hætti að nái innlend fjármögnun tiltekinni upphæð kemur mun hærra mótframlag frá erlendum aðilum. Þannig geta fjárhæðir margfaldast. Þetta er afar mikilvægt, en oft hefur ónóg tekjuöflun innan lands staðið í vegi fyrir því að fá fé erlendis frá. Samþykkt þessa frumvarps ætti að bæta úr því. Ríkisvaldið fær einnig til baka vegna aukinna umsvifa allt það fjármagn sem það veitir í gegnum Kvikmyndasjóð. Þá er ótalinn sá ávinningur sem kvikmyndagerð hefur í ferðaþjónustu. Tekjur ríkissjóðs vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd eða þátt í sjónvarpi eru taldar vera um 500 millj. kr. á ári.

Kvikmyndagerð hérlendis getur orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa oft sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Því er skynsamlegt þegar horft er til framtíðar að stuðla að eflingu þessarar atvinnu- og listgreinar, eins og samþykkt frumvarpsins mundi leiða til. Árið 1998 kom út mjög athyglisverð skýrsla á vegum Aflvaka hf. þar sem í fyrsta skipti hérlendis er gerð vönduð úttekt á kvikmyndaiðnaðinum. Skýrslan sýnir glöggt að hér eru mjög mikil sóknarfæri í kvikmyndaiðnaði.

Sérstök athygli er vakin á því að samþykkt frumvarpsins mun efla bókmenntir og ýmiss konar annað liststarf, svo sem leiklist, tónlist og myndlist, svo og starfsemi safna. Allir þessir málaflokkar falla undir hin ívilnandi ákvæði frumvarpsins. Frumvarpinu er ætlað að leiða til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem að þeim starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er hagkvæmt fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Svipuð ákvæði þekkjast víða erlendis og þá einnig í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist undanfarin ár hérlendis eins og annars staðar. Sjálfsagt er að hlúa m.a. að frjálsum félagasamtökum á þessu sviði með þeirri útfærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Á 121. löggjafarþingi var eldri útgáfa frumvarpsins send til umsagnaraðila og fékk hún þá mjög jákvæðar umsagnir frá aðilum sem þekkja vel til mála. Meðal aðila sem studdu frumvarpið voru Bandalag íslenskra leikara, Bandalag íslenskra listamanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Háskóli Íslands, Listasafn Íslands, Rannsóknarráð Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Vísindafélag Íslands.

Aukin framlög til þessara málaflokka, þ.e. til menningar, kvikmynda og vísinda, leiða til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga. Þannig er líklegt að ívilnun á þessu sviði, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, leiði til aukningar á tekjum ríkisins, auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

563. Frumvarp til laga [431. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Landssamband eldri borgara tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samþykkt þessa frumvarps er tryggð aðild eldri borgara og öryrkja að tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins. Þessir hópar eru meðal helstu lífeyris- og bótaþega Tryggingastofnunar og eðlilegt að þeir fái beina aðild að stjórn hennar.

Nú er tryggingaráð skipað þannig að Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Verkefni Tryggingastofnunar og tryggingaráðs.

Verkefni Tryggingastofnunar samkvæmt lögum eru þrenns konar, þ.e. að annast lífeyristryggingar, sem skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, örorkustyrki, barnalífeyri og bætur í fæðingarorlofi, og sjá um slysa- og sjúkratryggingar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Endurskoðunardeild skal starfa við stofnunina undir eftirliti þess. Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
b. ársreikningum stofnunarinnar,
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,
d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir,
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og -sölum,
g. öðrum þeim atriðum sem lög um almannatryggingar ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til. Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ákvörðun liggur fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þriggja mánaða frestinum.

Í framangreindri lýsingu á verksviði tryggingaráðs og Tryggingastofnunar er skýrt að valdsvið tryggingaráðs er verulegt og það starfar í nánu samstarfi við forstjóra. Að mati flutningsmanna er brýnt að tryggja betur hagsmuni eldri borgara og öryrkja í Tryggingastofnun. Þessir hópar eiga flest sitt undir þessari stofnun og margir allt fjárhagslega. Því er nauðsynlegt að sjónarmið þeirra komist skýrt til skila í starfi stofnunarinnar.

Sjónarmið eldri borgara og öryrkja.

Undanfarin ár hefur þess ekki verið gætt að hlusta af nægri athygli á skoðanir eldri borgara og öryrkja. Þessir hópar hafa reynt að sækja rétt sinn með miðlun upplýsinga til samfélagsins og þrýst á stjórnmálamenn að breyta um stefnu. Þessi barátta hefur oft borið nokkurn árangur en er þó langt frá því að vera fullnægjandi. Eldri borgarar starfa í fjölmörgum samtökum. Til að mynda eru starfandi 45 félög eldri borgara víða um landið. Stærst þeirra er Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Þessi félög starfa innan heildarsamtakanna Landssambands eldri borgara. Einnig er starfandi mjög virkur hópur eldri borgara, Aðgerðahópur aldraðra.

Í hugum jafnaðarmanna er grundvallaratriði að samfélagið búi vel að öldruðum og öryrkjum. Margir þeirra eiga ekki í önnur hús að venda. Það er algerlega óviðunandi að eldri borgarar og öryrkjar verði að sætta sig við geðþóttaákvarðanir ríkisstjórnar hvers tíma og vera í óvissu um kjör sín. Núverandi ríkisstjórn hefur tekið minna tillit til hagsmuna þessa fólks en áður hefur þekkst. Þess vegna er mjög mikilvægt að formleg þátttaka eldri borgara og öryrkja sé tryggð í stjórn þessara mála eins og lagt er til í frumvarpinu. Þess má geta að áður hafa verið fluttar tillögur á Alþingi af þingmönnum Alþýðuflokks og Alþýðubandalags um að fjölga í tryggingaráði á svipaðan hátt og hér er lagt til.

Ef frumvarpið verður að lögum verður tryggingaráð skipað sjö mönnum. Í frumvarpinu er lagt til að heildarsamtök aldraðra, Landssamband eldri borgara, tilnefni einn fulltrúa í

tryggingaráð og annan til vara. Gert er ráð fyrir að tilnefningin gildi til tveggja ára. Jafnframt er lagt til að Öryrkjabandalag Íslands, sem er heildarsamtök öryrkja hérlendis, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara, sömuleiðis til tveggja ára. Flutningsmenn telja að hæfilegt sé að tilnefnt sé til tveggja ára í senn þótt hinir fulltrúarnir séu kosnir af Alþingi til fjögurra ára. Frumvarpið var fyrst lagt fram á 122. þingi (271. mál, þskj. 341). Það var sent ýmsum aðilum til umsagnar og fékk mjög mikinn stuðning, m.a. frá Landssambandi eldri borgara, Öryrkjabandalagi Íslands og einstökum félögum eldri borgara um allt land. Flutningsmenn eru þess fullvissir að lögfesting þessa frumvarps yrði mikilvæg réttarbót fyrir eldra fólk og öryrkja.

564. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.11 Þróunaraðstoð	433,1	190,0	623,1
2. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	18,5	90,0	108,5

565. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Þuríði Backman og Árna Steinari Jóhannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri**			
a. 1.01 Almennur rekstur	2.770,0	369,7	3.139,7
b. 6.01 Tæki og búnaður	55,0	142,3	197,3
c. 6.50 Nýbygging	10,0	90,0	100,0
2. Við **08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	180,4	30,0	210,4
b. 1.11 Sjúkrasvið	434,2	105,0	539,2

3. Við **08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	374,2	45,0	419,2
b. 1.11 Sjúkrasvið	763,9	105,0	868,9
4. Við **11-411 Byggðastofnun**			
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	101,4	100,0	201,4

566. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.04 Skógvistarverkefni	0,0	10,0	10,0

567. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
1.11 Skógvistarverkefni	0,0	10,0	10,0
2. Við **04-331 Héraðsskógar**			
1.11 Átaksverkefni í grisjun á Héraði	0,0	15,0	15,0

568. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Ögmundi Jónassyni, Þuríði Backman, Steingrími J. Sigfússyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.12 Desemberuppbót	0,0	115,0	115,0
Greitt úr ríkissjóði	*5,0*	*115,0*	*120,0*

569. Fyrirspurn [432. mál]

til landbúnaðarráðherra um viðbragðsáætlun vegna smitsjúkdóma í búfé.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur verið gerð viðbragðsáætlun til að vinna eftir ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma í búfé eða ef alvarlegur smitsjúkdómur er staðfestur?
2. Ef svo er, hverjar eru helstu áherslur áætlunarinnar og breytingar frá núgildandi reglum?
3. Hefur áætlunin verið kynnt? Ef ekki, hvernig er þá ráðgert að standa að kynningu á henni?
4. Hverjar eru að mati ráðherra helstu brotalamir í smitgát, viðbrögðum og heftingu smitsjúkdóma í búfé: í næsta nágrenni við sýktan eða grunaðan stað, hjá afurðastöðvum og þjónustuaðilum?

Skriflegt svar óskast.

570. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um skipamælingar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneytinu, Hermann Guðjónsson og Helga Jóhannsson frá Siglingastofnun, Friðrik Arngrímsson og Guðfinn G. Johnsen frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeiganda.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Siglingastofnun Íslands, Samtökum iðnaðarins, Bátasmiðju Guðmundar ehf., Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Vélskóla Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 3. des. 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Jón Bjarnason.	Kristján L. Möller.

571. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/2002, um póstþjónustu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Birgi Jónsson og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Hrafnkel Gíslason og Friðrik Pétursson frá Póst- og fjarskiptastofnun og Einar Þorsteinsson frá Íslandspósti hf.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bandalagi háskólamanna, Samtökum iðnaðarins og Íslandspósti hf.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að þyngdarmörk og verðmörk bréfa sem falla undir einkarétt ríkisins verði lækkuð í tveimur þrepum. Lagt er til að 1. janúar 2003 lækki þyngdarmörkin úr 250 g í 100 g og verðmörkin úr fimm sinnum lægsta burðargjald í þrisvar sinnum lægsta burðargjald. Þann 1. janúar 2006 er síðan lagt til að þyngdarmörkin lækki í 50 g og verðmörkin í 2,5 sinnum lægsta burðargjald. Þessar breytingar eru í samræmi við þá þróun sem nú á sér stað innan Evrópusambandsins og miðar að opnun póstmarkaðarins.

Meiri hlutinn styður framangreindar breytingar sem og aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Þær eru lagatækilegs eðlis og hafa ekki efnislega breytingu í för með sér.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:
   Í stað orðanna „46. gr.“ í 1. mgr. 47. gr. laganna, er verður 48. gr., kemur: 47. gr.

2. 2. mgr. 6. gr. orðist svo:
Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk 7. gr. laganna breytast úr 100 g í 50 g og verðmörk úr þrisvar sinnum lægsta burðargjald í 2,5 sinnum lægsta burðargjald.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Arnbjörg Sveinsdóttir. | Sigríður Ingvarsdóttir. | Kristján L. Möller.

Lúðvík Bergvinsson.

572. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
a. 1.11 Til eflingar innlendri dagskrárgerð	0,0	140,0	140,0
b. 1.12 Styrking dreifikerfis	0,0	70,0	70,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*210,0*	*210,0*
2. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.74 Umferðaröryggisáætlun	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*52,2*	*15,0*	*67,2*
3. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.02 Setur í Reykjavík	216,1	29,8	245,9
b. 6.01 Tæki og búnaður	7,0	3,0	10,0

573. Framhaldsnefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að útgjöld næmu 239,4 milljörðum kr. og tekjur 257,9 milljörðum kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður 18,5 milljarðar kr. Nú liggur fyrir að útgjöld aukast um 11,9 milljarða kr. umfram fjárlög og að áætlað er að tekjurnar nemi 268,2 milljörðum kr. sem er 10,3 milljörðum kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Tekjujöfnuður er því áætlaður um 16,9 milljarðar kr. Af þessum tekjuafgangi er gert ráð fyrir að sala eigna skili um 15,2 milljörðum kr. Þó búið sé að „selja" báða ríkisbankana hefur enn ekki verið gengið frá þeim málum með formlegum hætti og því ríkir enn nokkur óvissa um niðurstöðu ársins.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002 var áætlað að ríkissjóður tæki á árinu löng lán sem næmu 15 milljörðum kr. Nú er ljóst að lántökur verða mun meiri eða sem nemur 41,2 milljörðum kr. Þessu til viðbótar er nú gert ráð fyrir að afborganir lána verði 6,6 milljörðum kr. lægri en áætlað var. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárjöfnuður yrði hagstæður um 38,3 milljarða kr. en nú er áætlað að hann verði einungis 3,2 milljarðar kr. Þá er gert ráð fyrir sölu hlutabréfa og eignarhluta fyrir 20,9 milljarða kr. en eins og áður segir ríkir nokkur óvissa um hvenær þeir peningar koma í ríkissjóð.

Enn einu sinni er ástæða til að ræða tilgang fjáraukalaga og fjármálastjórn þessarar ríkisstjórnar en samt skal á það minnt að í byrjun árs 2001 gaf fjármálaráðuneytið út reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan fjárheimilda. Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu ráðuneyta og stofnana. Þar segir m.a. að „falli greiðsluskylda á ríkissjóð samkvæmt þessari grein [leiti] fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997". Í 33. gr. fjárreiðulaganna er kveðið á um að fjármálaráðherra sé skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra í frumvarpi til fjáraukalaga. Það er ljóst að góður ásetningur stjórnvalda um vandaða og skilvirka fjármálastjórn er meira í orði en á borði.

Við 3. umræðu um frumvarpið leggur meiri hlutinn til útgjaldahækkanir að upphæð 1,3 milljarðar kr. Enn á ný skýtur upp kollinum einkavæðingarnefnd ríkisins sem nú vill fá 220 millj. kr. fyrir kostnað við sölu á hlutabréfum ríkisins. Mönnum er það sjálfsagt í fersku minni þegar óskað var eftir 300 millj. kr. aukafjárveitingu í fjáraukalögum fyrir árið 2001 fyrir svipaðan kostnað. Þá fengust engar skýringar á væntanlegum útgjöldum, ekki frekar en nú. Það er sérkennilegt að við gerð fjárlaga undanfarin ár hefur aldrei verið gert ráð fyrir neinum umtalsverðum kostnaði við sölu á hlutabréfum í eigu ríkisins þó svo að tekjur af sölunni hafi verið tíundaðar skilmerkilega á gjaldahlið. Þetta er eitt dæmið um sérkennileg vinnubrögð við gerð fjárlaga og fjáraukalaga. Þetta eru ekki ófyrirséð útgjöld og eiga því ekki heima í fjáraukalögum.

Nú er einnig lagt til að liðurinn „Framhaldsskólar, óskipt" fái 220 millj. kr. vegna „ófyrirséðrar nemendafjölgunar í haust" eins og segir í skýringum með tillögunni. Kemur fram að gert er ráð fyrir að nemendur verði 15.768 í ár en áætlað var að þeir yrðu 15.224. Við 2. umræðu um fjáraukalög fyrir hálfum mánuði síðan var óskað eftir 40 millj. kr. aukafjárveitingu

„vegna óvissu um fjölda nemenda í framhaldsskólum“ eins og segir í skýringum. Var það talið samsvara 80 heilsársnemendum. Eftir endurtalningu eru þeir hins vegar 464 fleiri. Er þetta trúverðugt? 1. minni hluti gerir ekki athugasemdir við að aukið fé skuli veitt til menntamála en ástæða er til að gera athugasemdir við stjórn menntamálaráðuneytisins á fjármálum skólanna. Ljóst er að rekstrarforsendur margra skóla eru brostnar og skiptir þá engu hverjum er um að kenna. Á sama tíma eru umtalsverðar fjárhæðir ónotaðar á safnliðum menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytið getur ekki endalaust skýlt sér á bak við eitthvað reiknilíkan sem augljóslega hefur ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt. Það er óþolandi að nemendum og starfsfólki einstakra skóla sé haldið í gíslingu vegna þessa. Má benda á að áðurnefnd reglugerð um framkvæmd fjárlaga var sett til að takast á við slík vandamál en augljóslega er ekki vilji til að beita henni í þessu sambandi.

Loks er lagt til 300 millj. kr. framlag vegna launa- og verðlagsmála til að mæta kostnaði við úrskurð kjaranefndar um laun heilsugæslulækna sem kveðinn var upp 15. október sl. Fram kemur í skýringum að enn er töluverð óvissa um kostnaðaráhrif úrskurðarins þar sem útreikningar eru enn þá í vinnslu. Sérkennilegt er að ekki skuli enn vera búið að reikna út heildaráhrif þessa úrskurðar, m.a. vegna þess að hann hefur einnig veruleg áhrif á fjárlög næsta árs. Eðlilegt er að spyrja hvort ráðuneytið sé ekki í stakk búið til að reikna út slíka samninga, eða er samningurinn of flókinn? Hvort sem svarið er þá er ljóst að þetta er óviðunandi ástand þegar kemur að afgreiðslu fjáraukalaga og fjárlaga.

Á tekjuhlið fjárlaga er gert ráð fyrir að tekjur aukist um 4,6 milljarða kr. Þar vegur þyngst hækkun á tekjuskatti lögaðila vegna endurmats í kjölfar álagningar í október. Aðrar veigamikla breytingar eru hækkun vaxtatekna af skatttekjum um 1 milljarð kr. og 800 millj. kr. aukinn hagnaður vegna sölu eigna.

Fyrsti minni hluti ítrekar þá skoðun sína, sem birst hefur í fyrri nefndarálitum um frumvarp til fjáraukalaga, að óþolandi sé að stjórnvöld fari ekki eftir þeim lögum sem Alþingi hefur sett um fjárreiður ríkisins og að þau skuli ekki heldur sjá sóma sinn í að fara eftir reglum sem þau hafa sjálf sett um framkvæmd fjárlaga.

Alþingi, 4. des. 2002.

Gísli S. Einarsson, frsm. | Einar Már Sigurðarson. | Margrét Frímannsdóttir.

574. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frumvarpið sem hér er til umræðu ber með sér að ríkisstjórnin er orðin þreytt. Hún hefur enga stefnu, engin markmið og engan metnað. Henni hefur ekki tekist að greiða niður skuldir í samræmi við þann tekjuauka sem ríkissjóður hefur fengið á undanförnum árum heldur hefur stór hluti hans verið notaður til að standa undir útgjöldum umfram forsendur fjárlaga sem er

afleiðing lélegrar fjármálastjórnar undanfarin ár. Það er dapurlegt til þess að vita að þrátt fyrir allt góðærið undanfarin ár er ekki hægt að bæta kjör aldraðra og öryrkja án þess að hækka skatta og valda þar með hækkun á neysluvísitölu sem aftur hækkar skuldir heimilanna. Þetta er ekki stórmannlegt.

Í áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003 kom fram að víða væri rekstrargrundvöllur stofnana og embætta brostinn. Nú við 3. umræðu verður ekki séð að tekið hafi verið á þessum málum eins og nánar verður vikið að síðar.

Efnahagsforsendur.

Fjármálaráðuneytið hefur nú endurskoðað þjóðhagsspána sem birt var í október. Ljóst er að efnahagsforsendur ráðuneytisins hafa breyst í veigamiklum atriðum frá því að frumarpið var lagt fram. Nú er talið að samneyslan aukist um 2,25% en í frumvarpi var reiknað með 1% aukningu. Þá er reiknað með að atvinnuleysi muni heldur aukast á næsta ári og verða 2,75% í stað 2,5%

Nýverið birti Seðlabankinn sína fyrstu þjóðhagsspá sem byggðist í meginatriðum á sömu forsendum og spá fjármálaráðuneytisins. Seðlabankinn hefur ekki birt endurskoðaða spá þannig að ekki liggur fyrir álit annarra hlutlausra aðila á breyttri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Það er mjög alvarlegt mál, að mati 1. minni hluta, að Alþingi hafi ekki aðgang að óháðum aðilum til að meta efnahagsforsendur frumvarpsins.

Í meðfylgjandi áliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við verðlagsforsendur frumvarpsins og bent á að ekki er tekið tillit til upplýsinga um hækkanir sem nú þegar liggja fyrir. Er þar m.a. bent á áform tryggingafélaga um hækkun iðgjalda og áhrif boðaðra hækkana sveitarfélaga, t.d. á leikskólagjöldum.

Breytingar á gjöldum við 3. umræðu.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003 gerði ráð fyrir að útgjöld ríkisins næmu 253,3 milljörðum kr. Við 2. umræðu voru útgjöldin hækkuð um 4,3 milljarða kr. og nú við 3. umræðu eru útgjöldin enn aukin um 2,5 milljarða kr. Lögð er til hækkun lífeyrisútgjalda og framlaga til hjúkrunarheimila um tæplega 1,7 milljarða kr. samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnar og eldri borgara. Loks hefur ríkisstjórnin séð sóma sinn í að bæta kjör þessa þjóðfélagshóps en líta verður á þessar úrbætur eingöngu sem fyrstu skref í þá átt að bæta skerðinguna sem þessi hópur hefur mátt þola á undanförnum árum.

Hins vegar bendir 1. minni hluti á að nú við lokaafgreiðslu þessa frumvarps er ljóst að ríkisstjórnin ætlar ekki að taka á vandamálum í menntakerfinu. Áður hefur verið bent á þann mikla vanda sem framhaldsskólar eiga við að etja og nú bætast við skólar á háskólastigi. Sérstaklega má benda á vanda sem Háskóli Íslands stendur frammi fyrir. Í minnisblaði sem háskólarektor sendi fjárlaganefnd bendir hann á að menntamálaráðherra hafi verið gerð ítarleg grein fyrir alvarlegri fjárhagsstöðu Háskóla Íslands án þess að viðunandi lausn hafi fengist á henni. Þessa fjárhagsstöðu má m.a. rekja til þess að nemendum hefur fjölgað meira á undanförnum árum en gert var ráð fyrir og að sú launastika sem menntamálaráðuneytið notar til þess að ákveða nemendaframlög hafa ekki hækkað til samræmis við launahækkanir sem kjaranefnd hefur úrskurðað prófessorum og kjarasamninga sem fjármálaráðuneytið hefur gert við félög háskólastarfsmanna. Þetta gerist þrátt fyrir skýlaust ákvæði í samningum við menntamálaráðuneytið um að bæta skuli slíkar hækkanir. Alls er talið að fjárskortur Háskólans nemi um 900 millj. kr.

Tekjuhlið frumvarpsins.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003 gerði ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs næmu 264 milljörðum kr. Nú við 3. umræðu eru þær hækkaðar um 7,6 milljarða kr. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila skili um 3 milljörðum kr. hærri tekjum vegna endurmats ársins 2002 í kjölfar álagningar sem birt var í október. Má í þessu sambandi vekja athygli á að þessi skattur var einnig hækkaður um 4 milljarða kr. í fjáraukalögum fyrir árið 2002. Þetta þýðir að tekjuskattur lögaðila á árinu 2002 var vanáætlaður um 67% í fjárlögum þess árs.

Þá er gert ráð fyrir að auknir skattar á áfengi og tóbak skili um 1,1 milljarði kr., en þessi hækkun hefur bein áhrif á neysluvísitölu og ein afleiðing þess er að skuldir heimilanna hækka um 2 milljarða kr. Þetta sýnir enn betur nauðsyn þess að endurskoða fyrirkomulag á verðtryggingu lána.

Á undanförnum árum hafa breytingar á tekjuhlið frumvarpsins verið gagnrýndar af 1. minni hluta fjárlaganefndar. Oftar en ekki hefur tekjuhliðin verið notuð til að ná fram æskilegum afgangi og þar af leiðandi ekki verið trúverðug. Ákvörðun um tekjur ríkissjóðs byggist á ýmsum forsendum fyrir þróun efnahagslífs á næsta ári. Eins og fram kemur í meðfylgjandi áliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptnefndar eru þær forsendur sem tekjuhliðin byggist á afar hæpnar, svo ekki sé meira sagt.

Tillögur Samfylkingarinnar.

Nú við 3. umræðu leggur Samfylkingin fram breytingartillögur sem miða m.a. að því að bæta stöðu stofnana í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Þá eru lagðar til ýmsar breytingar sem miða að því að bæta stöðu þeirra sem minna mega sín í þessu velferðarþjóðfélagi. Þá er einnig gerð krafa um hagræðingu hjá ráðuneytum og lækkun kostnaðar. Alls hækka tillögurnar útgjöld um 2,7 milljarða kr. en á móti koma tillögur um hækkun tekna um 800 millj. kr. og hagræðingar- og sparnaðarkröfur upp á 2,4 milljarða kr., eða samtals 3,2 milljarða kr. Með þessum tillögum er reynt að bæta það sem brýnast er í þessu frumvarpi en það er langt frá því að með samþykkt þeirra væru öll vandamál úr sögunni. Ljóst er að fastatök á ríkisfjármálunum bíða nýrrar ríkisstjórnar.

Aðhald og eftirlit.

Með þessu frumvarpi er ekki leystur vandi margra ríkisstofnana sem standa höllum fæti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 kemur fram að 101 fjárlagaliður af 511 fór fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin voru í reglugerð um framkvæmd fjárlaga og í sumum tilfellum var stofnað til útgjalda langt umfram þau mörk. Það er óraunhæft að flytja svo mikinn halla á milli ára nema ljóst sé að stofnanir getir hagrætt svo í rekstri að þær ráði við slíka skerðingu. Að sama skapi þarf þá að endurskoða rekstrargrunn þeirra stofnana sem safnað hafa upp fjárheimildum. Því er ljóst að endurskoða þarf reglur sem settar hafa verið um flutning fjárheimilda milli ára þannig að takmörk verði sett á heimilaðan flutning.

Alþingi samþykkir ár hvert fjölda lagabreytinga er varða stofnanir ríkisins. Eftirlitið með framkvæmd laganna er mikilvægur þáttur í allri stjórn á útgjöldum ríkisins til einstakra stofnana og verkefna. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga urðu harðar deilur á milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins um upplýsingaskyldu hins síðarnefnda. Var kveikjan að þessum deilum beiðni um 300 millj. kr. aukafjárveitingu til einkavæðingarnefndar ríkisins. Í vinnu fjárlaganefndar nú í haust hefur 1. minni hluti lagt fram fjölmargar beiðnir um upplýsingar frá framkvæmdarvaldinu sem ekki hafa borist. Dæmi um þetta er m.a. beiðni um upplýsingar varðandi reiknilíkan framhaldsskóla og beiðni um frekari skýringu á tillögu um 220 millj. kr.

aukafjárveitingu til einkavæðingarnefndar. Hvorugri beiðninni hefur verið svarað. Þetta er að mati 1. minni hluta mjög alvarlegt mál.

Fyrsti minni hluti ítrekar það álit sitt sem fram kom við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2002 að það sé hlutverk framkvæmdarvaldsins að sjá til þess að vilji Alþingis nái fram að ganga. Nauðsynlegt er að Alþingi sé á hverjum tíma vel upplýst um framkvæmd laga. Það verður síst gert með því að torvelda alþingismönnum aðgang að upplýsingum og jafnvel koma algjörlega í veg fyrir að umbeðnar upplýsingar berist. Slík vinnubrögð eiga ekki að tíðkast í lýðræðisþjóðfélagi.

Alþingi, 4. des. 2002.

Einar Már Sigurðarson, frsm.	Gísli S. Einarsson.	Margrét Frímannsdóttir.

Með framhaldsnefndarálitinu var fylgiskjal, álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2003 frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Samhljóða álit er að finna í fskj. II í þskj. 543, 2341–2345 bls.

575. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umræðu. Í frumvarpinu með þeim breytingum sem gerðar hafa verið við 2. umræðu og breytingartillögum meiri hlutans nú við 3. umræðu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 271,6 milljarðar kr. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 260,1 milljarður kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því áætlaður 11,5 milljarðar kr. Ef miðað er við fjárlög þessa árs hækkuðu rekstrargjöld ríkissjóðs frá því sem samþykkt var í fjárlögum 2002 og því sem nú liggur fyrir við samþykkt fjáraukalaga um 5%. Ef miðað er við að það sama gerist á þessu ári má gera ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs fari í tæpa 273 milljarða kr. á árinu 2003. Ljóst er því að ef gjöldin þróast eins og á síðasta ári þurfa að koma til auknar tekjur af hálfu ríkissjóðs ef hann á að skila afgangi. Ef tekjur af sölu ríkiseigna eru dregnar frá hverfur mesti glansinn af árangri ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Afkoma ríkissjóðs er þá í besta falli í járnum þessi missirin.

Vinna við fjárlagagerðina.

Ríkisstjórnin leggur fram frumvarp til fjárlaga í upphafi þings. Að því búnu fer það til fjárlaganefndar til frekari umfjöllunar. Sú hefð hefur skapast að við 2. umræðu eru lagðar fram meginbreytingar þingsins á gjaldahlið frumvarpsins. Umræðan hefur þó í auknum mæli snúist um efnahagshorfur og stefnu í ríkisfjármálum þrátt fyrir að endurskoðuð þjóðhagsspá og tekjuáætlun fyrir næsta ár liggi ekki fyrir. Við 3. umræðu er lögð fram endurskoðuð tekju-

áætlun fyrir næsta ár og jafnfamt þær efnahagsforsendur sem ríkisfjármálin næsta ár byggjast á. Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á að eðlilegra væri að við 2. umræðu væri fjallað um tekjuáætlun, efnahagsforsendur og stefnu í ríkisfjármálum. Við þá umræðu væri tekjuhlið frumvarpsins ákveðin. Við 3. umræðu væru útgjöldin endanlega ákveðin. Það er góður siður á heimilum að telja fyrst í buddunni og ákveða síðan útgjöldin. Þannig ætti það einnig að vera hjá Alþingi gagnvart ríkisfjármálunum.

Efnahagsstofa Alþingis.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir enn fremur á nauðsyn þess að Alþingi hafi sjálfstæða ráðgjafa í efnahagsmálum. Í dag verður það að reiða sig á útskýringar sérfræðinga framkvæmdarvaldsins því nú er það fjármálaráðuneytið sem gefur út endurskoðaða þjóðhagsspá sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Nauðsynlegt er að Alþingi hafi eigin stofnun sem starfar með Alþingi í efnahagsmálum og fjármálastjórn ríkisins. Í þessu sambandi má nefna að Vinstri hreyfingin – grænt framboð flutti tillögu til þingsályktunar á 127. löggjafarþingi þess efnis að sett yrði á fót nefnd til að meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun yrði færð undir Alþingi. Í greinargerð með tillögunni kom fram að eitt meginhlutverk Þjóðhagsstofnunar væri að fylgjast með framvindu efnahagsmála, meta árangurinn af efnahagsstjórn ríkisstjórnar á hverjum tíma og líklegar afleiðingar ráðstafana í efnahagsmálum. Því gæti tæpast talist heppilegt að stofnunin heyrði beint undir forsætisráðuneytið sem fer með yfirstjórn efnahagsmála. Frá því að þessi tillaga var lögð fram hefur Þjóðhagsstofnun verið lögð niður og því hafa skerst enn möguleikar Alþingis til að fá óvilhalla menn til að meta árangurinn af efnahagsstjórninni og horfur í þeim efnum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur mikla áherslu á að úr þessu verði bætt.

Forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Fjármálaráðuneytið hefur nú endurskoðað þjóðhagsspána sem birt var 1. október. Þar er gert ráð fyrir að hagvöxtur fyrir árið 2002 verði ¼% og 1¼% á næsta ári. Skýringin er einkum meiri útflutningur 2002 og aukin þjóðarútgjöld 2003. Viðskiptajöfnuður er talinn verða heldur óhagstæðari en í fyrri spá. Þjóðarútgjöld dragast saman um 3% árið 2002 sem aðallega má rekja til samdráttar í fjárfestingu atvinnuveganna. Enn fremur kemur fram að atvinnuleysi hafi farið vaxandi að undanförnu. Spáð er heldur meira atvinnuleysi árið 2003 en áður eða 2¾%.

Vandi framhaldsskólanna.

Nú liggur fyrir að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2003 er ekki tekið að fullu á vanda framhaldsskólanna sem var þegar í árslok 2001 orðinn mikill eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2001. Strax í upphafi ársins 2001 höfðu framhaldsskólarnir ráðstafað 286,9 millj. kr. til útgjalda umfram heimildir. Þegar tekið hafði verið tillit til afkomu ársins höfðu framhaldsskólarnir ráðstafað liðlega 334,9 millj. kr. umfram heimildir. Uppsafnaður fjárhagsvandi Menntaskólans í Kópavogi var í árslok 2001 162,7 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Breiðholti 74,7 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Ármúla 69,2 millj. kr., Fjölbrautaskóla Vesturlands 60,3 millj. kr. og Verkmenntaskólans á Akureyri 52,5 millj. kr. Það sýnir óábyrga fjárlagagerð af hálfu stjórnarmeirihlutans að ekki skuli vera tekið á vanda framhaldsskólanna.

Áður hefur komið fram að skólastjórnendur hafa gagnrýnt það reiknilíkan sem notað er til að ákvarða fjárveitingar til skólanna. Gagnrýnin hefur beinst að því að reiknilíkanið sé ekki nógu vel aðlagað að mismunandi starfsemi þeirra. Framhaldsskólar á landsbyggðinni

hafa kvartað undan því að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til aukins kostnaðar vegna fjarlægðar skólanna frá höfuðborginni, þaðan sem vörur og þjónusta er keypt og fundir haldnir. Þá hafa verkmenntaskólar gagnrýnt að búnaður verknámsdeilda og tölvumála sé stórlega vanmetinn. Félag framhaldsskólakennara hefur einnig í ályktun gagnrýnt fjárlagafrumvarpið og fjárveitingar til framhaldsskólanna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á menntamálin og að auknum fjármunum verði varið til þess málaflokks. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þau vinnubrögð sem meiri hlutinn hefur stundað í menntamálum ekki til eftirbreytni. Það þarf að taka á vanda framhaldsskólanna og skapa þeim lífvænleg rekstrarskilyrði þannig að þeir geti sinnt skyldu sinni.

Fjárhagsvandi heilbrigðiskerfisins.

Fjárhagsvandi heilbrigðiskerfisins er mikill. Í lok ársins 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og var samanlagður vandi þeirra um 1,6 milljarðar kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings kemur enn fremur fram að rekstrarhalli Landspítala – háskólasjúkrahúss hafi verið 858 millj. kr. en samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 og tillögum ríkisstjórnarinnar til fjárlaganefndar við 2. umræðu nemur fjárhagsvandi hans um 2,3 milljörðum kr. Ljóst er, og það er góðra gjalda vert, að ríkisstjórnin er að einhverju leyti að taka á fjárhagsvanda Landsspítalans. Ekki hefur komið nægjanlega skýrt fram hvað veldur sífelldri framúrkeyrslu hjá spítalanum. Nokkuð ljóst virðist þó vera að um er að ræða sambland af skipulagsleysi eða skipulagsskekkjum í heilbrigðisþjónustunni á undanförnum árum og óraunhæfum fjárveitingum. Þvert á opinbera stefnu í heilbrigðismálum hefur heilbrigðisþjónustan markvisst verið að þróast í tvöfalt kerfi einkavæddrar sérfræðiþjónustu og opinberrar heilsugæslu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Mikilvægt er að snúa af braut einkavæðingar í heilbrigðismálum sem núverandi ríkisstjórn hefur hleypt af stað og vaxið hefur hröðum skrefum á sl. átta árum. Af frumvarpi til fjárlaga 2003 og fjáraukalagafrumvarpi 2002 má sjá að alltaf er verið að laga stöðu sjúkrastofanana í Reykjavík. Heilbrigðisstofnunum úti um landið er ætlað að halda kostnaði innan fjárlagaramma síns svo sem eðlilegt er.

Aukning á fjárheimildum til heilbrigðismála kemur þó aðallega fram hjá sjúkrastofnunum í Reykjavík en ekki á landsbyggðinni. Með þeirri stefnu er verið að skekkja uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Virðist það vera stefna stjórnvalda að reyna að stefna öllum til Reykjavíkur sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri stefnu og leggur áherslu á öfluga heilbrigðis- og sjúkraþjónustu um allt land svo að allir fái notið nauðsynlegrar þjónustu í heimabyggð.

Fjárhagsvandi Háskóla Íslands.

Öflugt menntakerfi með fjölbreyttu námsframboði er forsenda framfara og hagvaxtar. Jafnrétti til náms óháð fjárhag og búsetu skiptir hér miklu. Það er mikill áfellisdómur sem forsvarsmenn framhaldsskólanna hafa kveðið upp um framkvæmd menntastefnunnar sl. áratug og lýst hefur verið í ályktunum samtaka þeirra. Dapurlegt er að sama sinnuleysið hefur ríkt gagnvart Háskóla Íslands. Það er dagljóst að verið er að þvinga fram einkavæðingu á einstökum deildum skólans og á skólanum öllum. Er leynt og ljóst verið að krefjast þess að skólinn sæki æ stærri hlut rekstrarfjár síns í vasa nemenda. Í fylgiskjali er grein Páls Skúlasonar háskólarektors í Morgunblaðinu 3. desember sl.

Rektor Háskóla Íslands hefur gert menntamálaráðherra ítarlega grein fyrir alvarlegri fjárhagsstöðu Háskóla Íslands en viðunandi lausn á henni hefur ekki fengist. Í minnisblaði frá háskólarektor til fjárlaganefndar Alþingis eru meginatriði fjárhagsvandans skýrð en þau eru:

1. Nemendum í Háskóla Íslands hefur fjölgað meira á undanförnum árum en gert var ráð fyrir. Í samningi Háskólans við menntamálaráðuneyti um fjármögnum kennslu er hámarksfjöldi nemendaígilda 4.300. Síðastliðið skólaár voru nemendaígildi 4.699. Halli á rekstri Háskólans á árinu 2002 verður um 200 m.kr. fái Háskólinn ekki í upggjöri greitt fyrir raunverulegan fjölda nemendaígilda. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir því að nemendaígildi verði 4.863 og er fjárveiting ársins vanáætluð um 176 m.kr. af þeim sökum.
2. Á undanförnum árum hefur launastika sem ráðuneyti notar til þess að ákveða nemendaframlög ekki hækkað í samræmi við launahækkanir sem kjaranefnd hefur úrskurðað prófessorum og kjarasamninga sem fjármálaráðuneytið hefur gert við félög háskólastarfsmanna. Að mati Háskólans vantar 165 m.kr. til þess að nemendaframlög hafi hækkað í takt við hækkun launa.
3. Á undanförnum árum hefur fjárveiting til rannsókna hækkað minna en fjárveiting til kennslu. Fyrir fimm árum var fjárveiting til rannsókna 67% af fjárveitingu til kennslu en nú er hlutfallið 60%.

Ljóst er að Háskóla Íslands vantar fjármagn ef hann á ekki að skila rekstrarhalla á næsta ári. Áætlanir menntamálaráðuneytisins um fjárþörf Háskóla Íslands eru ekki í samræmi við fjárþörf hans. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að bæta þurfi úr þeim rekstrarvanda Háskóla Íslands.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á að gera þarf Háskóla Íslands kleift að vaxa og dafna á sómasamlegan hátt. Jafna þarf fjárhagsstöðu ríkisháskóla og einkarekinna háskóla. Það er ekki sanngjarnt og veikir samkeppnisstöðu ríkisháskóla að einkaháskólar geti innheimt skólagjöld af nemendum sínum, umfram það sem ríkisháskólum er heimilt að gera, þótt þeir fái sömu fjárframlög frá ríkinu og ríkisháskólarnir. Þetta er meðal annars í andstöðu við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum þar sem einkaskólar þurfa að velja um það hvort þeir taka skólagjöld eða þiggja ríkisframlög til jafns við ríkisskóla. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ávallt mótmælt innleiðingu skólagjalda enda er það í andstöðu við stefnu hennar.

Fjáröflun ríkissjóðs.

Yfirstandandi kjörtímabil hefur einkennst af aukinni skattheimtu af tekjum þeirra sem eru með lágar og miðlungs tekjur. Hefur þetta einkum og sér í lagi gerst sökum þess að skattleysismörk hafa hvergi nærri fylgt launa- og verðlagsþróun. Þá hefur allt núverandi valdatímabil ríkisstjórna Sjálfstæðisflokksins, fyrst með Alþýðuflokknum og nú með Framsóknarflokknum, einkennst af stórhækkuðum notendagjöldum svo sem í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu og í atvinnulífinu öllu án þess að það hafi leitt til lækkunar beinna skatta á almenning.

Nýjasta dæmið er fjármögnun á samningi ríkisstjórnarinnar við Landssamband aldraða. Þrátt fyrir góðæri undanfarinna ára verður að leggja á nýja skatta til að mæta þeim litlu leiðréttingum sem gerðar eru á kjörum aldraðra. Stimpilgjöld hafa verið mjög óréttlátur skattur og hafði verið gefið loforð um að hann yrði lækkaður verulega. Nú er það talið tæknilega illviðráðanlegt.

Skattar á hátekjufólk hafa verið lækkaðir og sömuleiðis tekjuskattur fyrirtækja. Áfram er fjármagnseigendum ívilnað í sköttum. Einkavæðing almannaþjónustu og sala á þjónustu-

stofnunum hins opinbera hefur verið hornsteinn hugmyndafræði þessarar ríkisstjórnar. Söluandvirði þessara eigna er svo tekið inn í almennan rekstur ríkissjóðs. Það er öllum ljóst að fjáröflun á þeim grunni getur ekki drifið ríkisjóð áfram til lengdar. Það er ekki hægt að selja sömu eignina tvisvar.

Lokaorð.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks. Öllum þegnum þjóðfélagsins skulu tryggð mannsæmandi lífskjör. Það á að vera aðalsmerki hins samábyrga velferðarsamfélags. Öll mismunun á lífskjörum leiðir til hættulegrar spennu og þenslu í þjóðfélaginu, sem og röskunar fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs.

Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála verði aukin og að tekið verði upp „grænt bókhald" þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum.

Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár sýnir það ótvírætt að viðskipta- og þjónustugeirinn á suðvesturhorninu hefur vaxið langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu gefur tilefni til. Þessu verður að snúa við ef við eigum að ná eðlilegum hagvexti og jafnvægi í viðskiptum og greiða niður skuldir þjóðarbúsins við útlönd.

Á síðustu árum hefur þróast hér hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem nærist á viðskiptahallanum og er orðið háð honum. Það verður þrautin þyngri að snúa af þeirri braut. Krafa um hagræðingu sem tekur einungis tillit til tímabundinna arðsemiskrafna fjármagnseigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar hefur villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Hér verður að breyta um kúrs. Stöðva þarf einkavæðingu almannaþjónustunnar. Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að varanlegri verðmætaaukningu í þjóðfélaginu og þar með raunhagvexti. Beina þarf athyglinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem hugvit og framtak sérhvers einstaklings fær notið sín og atvinnurekstri sem er í takt við íslenskar aðstæður og íslenskan veruleika og byggist á sjálfbærri nýtingu náttúrauðlindanna. Takist þetta mun byggjast upp blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni um allt land.

Í þessum stóru málaflokkum greinir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð á við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um forgangsröðun, áherslur og pólitíska sýn.

Alþingi, 5. des. 2002.

Jón Bjarnason.

Með framhaldsnefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Vill Alþingi skólagjöld? Páll Skúlason. (Morgunblaðið, 3. desember 2002.)
II. Á meðan ráðherrann sefur. Árna Steinar Jóhannsson og Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 5. desember 2002.)
III. Pólitíkin í fjárlagafrumvarpinu. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 15. október 2002.)

IV. Álit um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Samhljóða álit er að finna í fskj. III í þskj. 543, 2346–2347 bls.

576. Framhaldsnefndarálit [66. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2002 kemur nú til 3. umræðu. Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umræðu fjáraukalaga. Hér er ítrekað að megnið af þeim fjárútlátum sem fjáraukalagafrumvarpið kveður á um mátti sjá fyrir við gerð fjárlaga fyrir ári og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu á við fjárlagaumræðuna. Þá eru ákveðnar fjárveitingar í frumvarpinu þess eðlis að þær ættu frekar heima í næstu fjárlögum ef þær eru þá réttlætanlegar á annað borð. Sem dæmi má nefna tillögu um 18 millj. kr. til iðnaðarráðuneytisins vegna innleiðingar nýrra raforkulaga og breytts fyrirkomulags í raforkumálum. Frumvarp um þessar breytingar hefur enn ekki verið flutt á Alþingi, hvað þá samþykkt.

Nú við 2. umræðu fjáraukalaga kemur fram tillaga um 220 millj. kr. fjárheimild til einkavæðingarverkefna. Er þar tilgreind vinna við sölu Landsbankans og Búnaðarbankans. Bankarnir voru til sölu við afgreiðslu fjárlaga fyrir 2002. Einkavæðingarnefnd hefur ákveðið fjármagn til ráðstöfunar í fjárlögum. Vinna við bankasöluna getur ekki flokkast undir óvænt útgjöld og fjárveiting vegna hennar í fjáraukalögum samrýmist því ekki lögum um fjárreiður ríkisins. 2. minni hluti óskaði eftir því í fjárlaganefnd að fá rökstuðning fyrir þessum 220 millj. kr. og nánari sundurliðun kostnaðar sem hér hafði verið efnt til. Þessum beiðnum hefur enn ekki verið svarað af hálfu forsætisráðuneytisins og er sú framkoma ráðuneytisins harðlega gagnrýnd.

Fjáraukalög að vori og að hausti.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á hversu brýnt það er að taka upp betri vinnubrögð við fjárlagagerðina. Bent hefur verið á þær aðstæður að Alþingi hafi samþykkt lög t.d. á vorþingi sem krefjast útgjalda á sama ári og getur því verið nauðsynlegt að bregðast strax við með samþykkt fjáraukalaga. Fjárreiðulögum er illa framfylgt nema til komi sú breytta tilhögun að Alþingi samþykki fjáraukalög í lok vorþings og svo aftur í upphafi haustþings ef nauðsyn krefur. Hér skiptir ekki máli hvort meiri hluti ríkisstjórnarinnar sé nægur til að tryggja ákvarðanir framkvæmdarvaldsins heldur er hitt aðalatriðið að farið sé að lögum og ákvarðanir um aukin útgjöld teknar á þingræðislegan hátt.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að rekstrartekjur ríkissjóðs á árinu yrðu 257,9 milljarðar kr. en samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 268,2 milljarðar kr. Rekstrartekjur ríkissjóðs hafa því aukist um 10,3 milljarða kr. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að rekstrargjöld yrðu 239,3 milljarðar kr. en samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir við 3. umræðu fjáraukalaga eru þau áætluð rúmir 251,2 milljarðar kr. Rekstrargjöld ársins hafa því aukist um 11,8 milljarða kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að

rekstrarafgangur fjárlaga yrði rúmir 18,5 milljarðar kr. en samkvæmt því sem nú liggur fyrir við 3. umræðu fjáraukalaga er gert ráð fyrir að hann verði 16,9 milljarðar kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir sölu eigna upp á rúma 15,5 milljarða kr. en nú við 3. umræðu fjáraukalaga er gert ráð fyrir að tekjur vegna sölu eigna verði 15,2 milljarðar kr. á árinu 2002. Meginhluti þessara meintu tekna er vegna sölu á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Samkvæmt upplýsingum sem gefnar voru í fjárlaganefnd nema sölutekjur eigna á þessu ári um 6 milljörðum kr. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur með mjög villandi og með öllu óviðunandi vinnubrögð af hálfu stjórnarmeirihlutans að tekjur af þessum eignasölum, ef þá af þeim verður, verði færðar til tekna á þessu ári. Einungis hafa verið undirritaðar viljayfirlýsingar um kaup á áðurnefndum hlutabréfum. Ekki liggur fyrir hvenær kaupsamningar verða endanlega frágengnir og undirritaðir. En ljóst er að greiðslur fyrir þá sölu sem nú er fyrirhuguð munu ekki koma inn í ríkissjóð fyrr en á næsta ári ef af sölu verður. Ef sala eigna upp á rúma 15,3 milljarða kr. sem ráð er fyrir gert í endurskoðaðri tekjuáætlun er ekki tekin með er lítið eftir af rekstrarafgangi fjárlaga eða einungis 1,6 milljarðar kr.

Fjárfesting á vegum ríkissjóðs dróst saman á milli áranna 2001 og 2002. Á árinu 2001 fjárfesti ríkissjóður fyrir rúma 17,3 milljarða kr. en á árinu 2002 er áætlað að ríkissjóður fjárfesti fyrir tæpa 16,9 milljarða kr. Hlutfall fjárfestingar af heildarútgjöldum ríkissjóðs var á árinu 2001 um 7,5% en áætlanir gera ráð fyrir að það verði einungis 6,8% í ár. Í því mikla góðæri sem verið hefur hér á landi miðað við yfirlýsingar forustumanna ríkisstjórnarinnar skýtur það skökku við að fjárfesting á vegum ríkissjóðs hafi dregist saman og má þar nefna fjárfestingar til vega- og flugmála.

Heildarskuldir ríkissjóðs hafa aukist gríðarlega frá því þessi ríkisstjórn tók við völdum 1995. Á árinu 1995 voru heildarskuldir hins opinbera tæpir 268 milljarðar kr. en voru komnar í rúman 351 milljarð kr. í lok ársins 2001. Tekjuafgangur undanfarinna ára hefur því ekki verið notaður til að greiða niður skuldir heldur hefur hann farið í að greiða rekstrarútgjöld.

Í tillögum ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að veitt verði 220 millj. kr. fjárveiting vegna kostnaðar við ráðgjöf, umsjón með sölu og frágangi skjala í tengslum við sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Hér er ekki um neina smáupphæð að ræða en fyrir þessa upphæð t.d. má reka Hæstarétt í þrjú ár. Þegar Alþingi er krafið um að samþykkja svo háa upphæð verður það að fá upplýsingar um hvað standi þarna á bak við.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill árétta það sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til september 2001 og á jafnvel við í ár eins og í fyrra. Í þeirri skýrslu var gagnrýnd sú stefna að halda ríkisstofnunum í gíslingu með því að taka ekki á fjárhagsvanda þeirra, láta þær bera árum saman halla frá fyrri árum og halda þeim þannig í spennitreyju án þess þó að skipa þeim að loka eða leggja niður lögboðna þjónustu og verkefni sem þeim er gert að sinna við fullkomlega óviðunandi aðstæður. Þetta á meðal annars við í menntakerfinu þar sem háttalag ríkisstjórnarinnar veldur illbætanlegu tjóni á öllu menntakerfi landsmanna. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um Endurskoðun ríkisreiknings 2001 er aftur áréttað um þetta atriði. Þar segir á bls. 155:

„Eins og kunnugt er hafa fjárheimildir stofnana almennt verið hækkaðar eða lækkaðar eftir því hvort útgjöld árið á undan voru undir eða yfir fjárheimild á því ári. Tilgangur með flutningi fjárheimilda er að auka sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna. Ríkisendurskoðun hefur talið að setja þyrfti þak á flutning fjárheimilda vegna rekstrar á milli ára. Í skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga janúar – september 2001 kom fram það álit

að setja þyrfti ákveðnar reglur um hversu stóran hluta fjárheimilda megi flytja milli ára og hversu lengi. Þess væru mörg dæmi að stofnanir búi við skertar fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna vegna halla fyrri ára og sem þær hafa velt frá einu ári til þess næsta. Þær ættu enga möguleika á að haga rekstri sínum í samræmi við fjárheimildir ef þær ættu að veita þá þjónustu sem þeim væri ætlað. Hins vegar væru engin áform um hvort og þá hvernig þessar stofnanir skyldu draga saman þjónustu til að rekstur þeirra falli innan fjárheimilda.

Sjónarmið fjármálaráðuneytis hefur verið að ekki bæri að verðlauna stofnanir fyrir framúrkeyrslu með viðbótarfjárheimildum í lokafjárlögum. Skerðing fjárheimilda vegna hallareksturs veiti auk þess visst aðhald og knýi á um aðgerðir af hálfu stofnunar og ráðuneytis. Áður en orðið er við óskum ráðuneyta um fjárheimildir vegna nýrra verkefna sé bent á nauðsyn þess að taka á þeim fjárhagsvanda sem er til staðar.

Í reynd má segja að með fyrrnefndri reglugerð um framkvæmd fjárlaga hafi ákveðin mörk verið sett um flutning fjárheimilda vegna halla en þar kemur fram ef útgjöld stefna í að fara fram úr 4% á árinu eigi að grípa til ráðstafana, annaðhvort að draga saman útgjöld það sem eftir er árs eða að tryggja stofnun auknar fjárheimildir. Með gildistöku reglugerðarinnar hefði mátt ætla að vandamál vegna óviðráðanlegs uppsafnaðs halla yrðu að mestu úr sögunni. Það liggur hins vegar fyrir að rekstur margra stofnana fór yfir 4% mörkin á árinu 2001 án þess að fyrir hafi legið að þeim yrðu tryggðar auknar heimildir eða þeim verið gert að draga saman kostnað og hefur ákvæðum reglugerðinnar því ekki verið framfylgt að þessu leyti.“

Fjárlögum lokað með bókhaldsbrellum.

Þetta frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2002 ber fyrst og fremst vitni um óvönduð vinnubrögð við sjálfa fjárlagagerðina fyrir ári og skeytingarleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart lögum um fjárreiður ríkisins. Í stað þess að taka á raunhæfan hátt á fjárþörf einstakra málaflokka og stofnana í fjárlögum er látið reka á reiðanum stefnulítið og séð til. Stærstu vandamálin eru svo leyst í fjáraukalögum.

Sama gildir um tekjuhlið frumvarpsins. Nú í árslok eru væntanlegar tekjur af sölu ríkisfyrirtækja látnar stemma af þá útkomu í mismun tekna og gjalda sem ríkisstjórnin vill sjá og geta kynnt. Raunveruleikinn er samt allt annar. Ljóst er að um 9 milljarðar kr. sem færðir eru á tekjur þessa árs og eiga að koma inn fyrir sölu ríkisbankanna munu ekki skila sér fyrr en á næsta ári ef af sölu verður. Það verður því að teljast afar hæpin bókhaldsaðgerð að loka fjárlögum ársins 2002 með þeim hætti sem lagt er til að gert verði með samþykkt þessa frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 2002.

Alþingi, 4. des. 2002.

Jón Bjarnason.

577. Svar [383. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um búfjáreftirlit.

1. *Er fyrirhuguð frekari breyting á lögum um búfjárhald á þann hátt að búfjáreftirlit heyri alfarið undir landbúnaðarráðuneytið?*

Hinn 2. maí 2002 samþykkti Alþingi ný lög um búfjárhald, nr. 103/2002. Með lögunum er sveitarfélögunum falin ábyrgð á búfjáreftirliti. Ekki eru ráðgerðar breytingar á þeim lögum.

2. *Hver hefur kostnaður landbúnaðarráðuneytisins verið vegna búfjáreftirlits árin 1995–2001, sundurliðað eftir árum?*

Landbúnaðarráðuneytið ber engan beinan kostnað af búfjáreftirliti. Hins vegar annast Bændasamtök Íslands úrvinnslu gagna um búfjáreftirlit og er sá kostnaður greiddur af ríkisframlögum samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998. Árin 1999–2002 hefur kostnaður bændasamtakanna verið eftirfrandi:

1999	2000	2001	2002*
3.902.000 kr.	3.993.000 kr.	4.280.000 kr.	4.477.000 kr.

* Áætlun

3. *Hver hefur kostnaður sveitarfélaga verið vegna búfjáreftirlits árin 1995–2001, sundurliðað eftir árum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er kostnaður við búfjáreftirlit ekki sundurliðaður í ársreikningum sveitarfélaga.

4. *Telur ráðherra ekki óeðlilegt að ein atvinnugrein, í þessu tilviki landbúnaður, skuli lúta sérstöku eftirliti sveitarfélaga?*

Um er að ræða verkefni sem sveitarfélögunum er falið með lögum líkt og ýmis önnur staðbundin verkefni, svo sem heilbrigðiseftirlit, skipulags- og byggingarmál o.fl.

578. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Kennsla	2.394,1	341,0	2,735,1
Greitt úr ríkissjóði	*3.694,3*	*341,0*	*4.035,3*

579. Nefndarálit [322. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Æðarræktarfélagi Íslands, réttarfarsnefnd, Félagi löggiltra endurskoðenda og Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði við lögin gjaldtökuheimildum fyrir löggildingu á starfsheiti raffræðinga, fyrir friðlýsingu æðarvarpa og fyrir leyfi til sölu notaðra bíla. Þá er gert ráð fyrir að dómsmálagjöld greiðist ekki í forsjármálum og afhendingarmálum á grundvelli laga nr. 160/1995, um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Við umfjöllun nefndarinnar kom gjald fyrir friðlýsingu æðarvarpa til umræðu og telur nefndin rétt að taka fram að ætlunin er eingöngu að taka gjald þegar óskað er eftir friðlýsingu æðarvarps í fyrsta sinn en ekki við endurnýjun.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „og skipulagsfræðinga“ í 22. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: skipulagsfræðinga og raffræðinga.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.		Jónas Hallgrímsson.

580. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneytinu og Sigurbjörgu Björnsdóttur frá Lífeyrissjóði bænda.

Umsagnir um málið bárust frá Lífeyrissjóði bænda og Landssamtökum lífeyrissjóða.

Lagt er til í frumvarpinu að annars vegar verði felld niður skylduaðild þeirra maka bænda sem ekki starfa að búrekstri að lífeyrissjóðnum og hins vegar sú regla að iðgjöldum hjóna eða sambýlisfólks verði að skipta til helminga á milli þeirra en iðgjöldin verði þess í stað í réttu hlutfalli við reiknað endurgjald eða greidd laun hlutaðeigandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Jónas Hallgrímsson.

581. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um brottfall l. nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Seðlabanka Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Íslandsbanka og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Með frumvarpinu er lagt til að lög nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð), verði felld úr gildi þar sem Stofnlánadeildin og Íslandsbanki hf. sameinuðust árið 1998.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
	Jónas Hallgrímsson.	

582. Nefndarálit [355. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Árna Guðmundsson frá Lífeyrissjóði sjómanna.

Umsagnir um málið bárust frá Lífeyrissjóði sjómanna, Sjómannasambandi Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Landssamtökum lífeyrissjóða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, sem fjalla um makalífeyri og rétt til töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur. Réttur til óskerts ævilangs makalífeyris er afnuminn en þeir sem fæddir eru fyrir árið 1945 njóta þó óskerts makalífeyris og ávallt er greiddur óskertur makalífeyrir þegar yngsta barn á framfæri makans er yngra en 19 ára og ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki. Þeir sem eru fæddir fyrir árið 1965 eiga rétt á ævilöngum makalífeyri en rétturinn fer minnkandi eftir því sem eftirlifandi maki er yngri. Þá er lagt til að öllum sjóðsfélögum verði gefinn kostur á að hefja töku ellilífeyris frá 60 ára aldri eða fresta töku hans til 70 ára aldurs með tilheyrandi hlutfallslegri lækkun eða hækkun á lífeyrinum.

Frumvarpinu er ætlað að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins sem hefur farið versnandi síðustu ár en breytingarnar munu þó ekki leiða til skerðingar á rétti þeirra sem hafa hafið töku lífeyris.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.
	Jónas Hallgrímsson.	

583. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur
og Árna Steinari Jóhannssyni.

Við 7. gr. Nýr liður:

7.11 Að verja allt að 150 m.kr. til styrkingar almenningssamgöngum í samstarfi við sveitarfélög og heimaaðila á viðkomandi svæðum.

584. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (GE, EMS, MF).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	63.579,0	300,0	63.879,0
b. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	79.700,0	500,0	80.200,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **00-201 Alþingi**			
1.05 Hagdeild	0,0	10,0	10,0
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.19 Efnahagsrannsóknir	40,0	-10,0	30,0
4. Við **02-199 Ráðstöfunarfé**			
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0	-8,0	10,0
5. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Kennsla	2.394,1	740,0	3.134,1
Greitt úr ríkissjóði	*3.694,3*	*740,0*	*4.434,3*
6. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	482,7	140,0	622,7
Greitt úr ríkissjóði	*568,1*	*140,0*	*708,1*
7. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.01 Kennsla	656,5	190,0	846,5
Greitt úr ríkissjóði	*909,1*	*190,0*	*1.099,1*
8. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	287,2	370,0	657,2
b. 1.95 Framhaldsskólinn á Snæfellsnesi, undirbúningur	0,0	8,0	8,0

9. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	441,9	58,1	500,0
10. Við **07-205 Leiguíbúðir**			
6.22 Sérstakt átak í uppbyggingu leiguíbúða	0,0	150,0	150,0
11. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.12 Hækkun atvinnuleysisbóta til samræmis við launavísitölu og samkomulag Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar	0,0	190,0	190,0
Greitt úr ríkissjóði	*5,0*	*190,0*	*195,0*
12. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.92 Hækkun lífeyrisgreiðslna og félagslegra bóta í samræmi við launavísitölu	0,0	300,0	300,0
Greitt úr ríkissjóði	*4.886,0*	*300,0*	*5.186,0*
13. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.770,0	310,0	3.080,0
14. Við **08-501 Sjúkraflutningar**			
1.13 Styrking sjúkraflutninga	0,0	15,0	15,0
15. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	100,0	100,0
16. Við **10-211 Vegagerðin**			
5.12 Öryggisaðgerðir	0,0	100,0	100,0
Greitt úr ríkissjóði	*1.332,4*	*100,0*	*1.432,4*

17. Við 7. gr. Nýir liðir:
    7.11 Að lækka önnur gjöld ráðuneyta um 500 m.kr.
    7.12 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 500 m.kr.
    7.13 Að fela ráðuneytum að skera niður ferða- og risnukostnað um 420 m.kr.
    7.14 Að lækka sérfræðikostnað hjá A-hluta stofnunum um 1.000 m.kr.

585. Fyrirspurn [433. mál]

til dómsmálaráðherra um rétt þolenda kynferðisbrota.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Hvaða möguleika hafa þolendur kynferðisbrota til endurupptöku máls þegar fyrir liggur dómur Hæstaréttar um að rannsókn máls í héraði sé áfátt og dómurinn hefur sýknað meintan brotamann á þeirri forsendu?

Eiga slíkir þolendur kost á því að fá fram nálgunarbann ef þeir sæta enn ýmiss konar áreitni hins meinta brotamanns?

Skriflegt svar óskast.

586. Fyrirspurn [434. mál]

til samgönguráðherra um flutningskostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvenær er áætlað að nefnd sú ljúki störfum sem vinnur að athugun á flutningskostnaði fyrirtækja og almennings á landsbyggðinni?
2. Hefur í störfum nefndarinnar verið lagt mat á hvernig flutningskostnaður hefur þróast á undanförnum árum?
3. Liggur fyrir hver hlutur þungaskatts er í flutningskostnaði við landflutninga og hefur vægi hans fyrir einstök svæði verið athugað sérstaklega?

587. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Ögmundi Jónassyni, Þuríði Backman, Steingrími J. Sigfússyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.5 Sérstakur tekjuskattur	1.571,0	300,0	1.871,0
b. 1.1.5.1 Skattur á fjármagnstekjur	5.000,0	1.000,0	6.000,0
c. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	5.250,0	750,0	6.000,0

588. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.31 Félagasamtök, styrkir	58,5	0,7	59,2
Við 14. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður, svohljóðandi:			
29. Kvennaráðgjöfin			0,7

589. Frumvarp til laga [435. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

2. tölul. 11. gr. laganna orðast svo: að stuðla að því að skráning, viðskipti og verðmyndun í kauphöllinni, m.a. með erlend verðbréf, verði á skýran og gagnsæjan hátt og kappkosta að jafnræði sé með aðilum að viðskiptum sem þar fara fram og tryggja að starfrækt sé skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi, sbr. 21.–23. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur með þessu lagafrumvarpi er að hafa skýr ákvæði í lögum fyrir Kauphöll Íslands um verslun með erlend hlutabréf. Markmiðið er að kauphöllin sýni frumkvæði í því með stuðningi stjórnvalda að á hinu íslenska verðbréfaþingi verði hafin verslun með hlutabréf erlendra sjávarútvegsfyrirtækja og að Kauphöll Íslands geti þar með orðið í fararbroddi í hlutabréfaviðskiptum í sjávarútvegi í heiminum. Ísland hefur allar forsendur til að verða miðstöð fjármálaviðskipta í sjávarútvegi þar sem hér er umtalsverð sérþekking í sjávarútvegi og nær sú sérþekking ekki hvað síst til viðskipta með hlutabréf í þessum geira. Þannig er greining á ársreikningum og mat á horfum þýðingarmikill þáttur í starfi íslenskra fjármálafyrirtækja.

Mörg fordæmi eru fyrir því að félög skrái sig í kauphöllum sem eru miðstöðvar á sínu sviði. Þannig eru flest stór málmfyrirtæki skráð í kauphöllinni í London og alþjóðleg siglingafyrirtæki eru mörg skráð í norsku kauphöllinni þótt aðsetur fyrirtækjanna sé annars staðar. Íslendingar eru ellefta mesta fiskveiðiþjóð í heimi og sjávarútvegur er eina sviðið þar sem Íslendingar hafa sterka efnahagslega stöðu á alþjóðlegum vettvangi.

Í ágústbyrjun sl. voru 48 fyrirtæki skráð í Kauphöll Íslands og voru 16 þeirra úr sjávarútvegi. Markaðsvirði þessara 16 fyrirtækja var þá 148 milljarðar kr. Á þessu sést að gífurlegur styrkur er í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og sérþekking á fjármálasviðinu hefur vaxið mjög í kjölfarið. Kauphöll Íslands er því vel fær um að hrinda af stað sókn í þessu efni og hafa ýmsir tekið undir hugmyndina, þar á meðal forstjóri kauphallarinnar, enda er Kauphöll Íslands þegar einn umfangsmesti vettvangur í heimi með hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum.

Ef pólitískur vilji er fyrir því að hefja slíka sókn, sem yrði íslensku efnahagslífi mjög til framdráttar, þarf að kanna vel öll lagaákvæði sem gætu tengst þessum viðskiptum og má þar nefna lög um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og þau lög sem þetta frumvarp á við, þ.e. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998.

Íslenskur fjármálamarkaður einkennist af vel menntuðu fólki sem hefur margt getið sér góðs orðs erlendis. Mörg lönd hafa einbeitt sér að alþjóðlegri fjármálastarfsemi og mikil verðmætasköpun hefur orðið í kjölfar þess. Má þar nefna Lúxemborg sem dæmi. Íslendingar hafa mikla burði til að vera mun meira áberandi á þessu sviði og ein besta leiðin til þess er að framkvæma það sem hér er lagt til. Óbein áhrif þessa verða mjög mikil og erlend fyrirtæki

fengju betri þekkingu á íslensku efnahagslífi og það gæti stuðlað að fjárfestingu erlendra aðila á fjölmörgum sviðum hérlendis. Íslendingar hafa mjög gott orð á sér í sjávarútvegsmálum víða í heiminum og reka fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki erlendis. Því mundu mörg erlend sjávarútvegsfyrirtæki sjá sér hag í því að vera með fyrirtæki sín skráð í íslensku kauphöllinni þar sem sérþekking og virkur markaður er fyrir hendi.

590. Nefndarálit [356. mál]

um frv. til l. um auknar ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bolla Þór Bollason, Fjólu Agnarsdóttur, Benedikt Valsson, Ragnheiði Snorradóttur, Maríönnu Jónasdóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Seðlabanka Íslands, Verslunarráði og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Með frumvarpinu er veitt heimild fyrir ríkisábyrgð, að fjárhæð allt að 3,3 millj. evra eða sem svarar til um 280 millj. kr., gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Árni R. Árnason.	Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.		Ögmundur Jónasson.

591. Nefndarálit [323. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur, Maríönnu Jónasdóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið hafa borist frá ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðmiðun vaxta við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Hjálmar Árnason og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.
	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	

592. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sigmar Ármannsson frá Samtökum íslenskra tryggingafélaga, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda og Pál Gunnar Pálsson og Þorstein Marinósson frá Fjármálaeftirlitinu.

Umsagnir um málið bárust frá Nýsköpunarsjóði, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Fjármálaeftirlitinu og Landssambandi lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll eftirlitsskyldra aðila hækkuð samkvæmt niðurstöðu skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins næsta ár.

Við umfjöllun nefndarinnar var sérstaklega rætt um aukin verkefni Fjármálaeftirlitsins, m.a. vinnu fyrir opinbera aðila og þátttöku í samstarfi fjármálaeftirlita í Evrópu vegna undirbúnings að setningu nýrra laga og reglna. Telur nefndin rétt að viðskiptaráðuneytið fari yfir hver kostnaður eftirlitsins sé við þessi auknu verkefni og hver hann muni verða þegar viðskiptaráðherra leggur næst fram frumvarp til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjaldsins skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá er ástæða til að ráðuneytið skoði um leið hvernig greitt er fyrir fjármálaeftirlit í nágrannalöndunum.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „greiða ⅔ hluta“ í 3. efnismgr. komi: greiða ⅕ hluta.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Jónas Hallgrímsson.	

593. Frumvarp til laga [436. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anuforo, Godson Uwawukonye Onyema, f. 2. desember 1950 í Nígeríu.
2. Diðrik Örn Gunnarsson, f. 30. júlí 1978 á Íslandi.
3. Durica, Milan, f. 26. júlí 1955 í Júgóslavíu.
4. Eradze, Roland, f. 7. maí 1971 í Georgíu.
5. Johnson, Damon S., f. 1. mars 1974 í Bandaríkjunum.
6. Kovacevic, Sanja, f. 22. júlí 1982 í Júgóslavíu.
7. Perdue, Leon, f. 16. september 1970 í Bandaríkjunum.
8. Petersons, Aleksandrs, f. 2. júlí 1980 í Lettlandi.
9. Tselichtsev, Alexandre, f. 20. febrúar 1990 í Rússlandi.
10. Tselichtsev, Artem, f. 20. febrúar 1990 í Rússlandi.
11. Vo, Loi Van, f. 13. júní 1958 í Víetnam.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 20 umsóknir um ríkisborgararétt á 128. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 11 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

594. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Arndísi Steinþórsdóttur og Þorstein Geirsson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust umsagnir um málið frá Sjómannasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Byggðastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði heimilt að samþykkja að ónýttar aflaheimildir vegna tilrauna til áframeldis á þorski verði færðar milli fiskveiðiáranna 2001/2002 og 2002/2003. Þá er einnig lagt til að þær 500 lestir af óslægðum botnfiski sem ráðherra hafði til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2001/2002 til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi skuli bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson ogVilhjálmur Egilsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.
Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Árnason.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	

595. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur, Þorstein Geirsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands og Örn Pálsson og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda. Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi smábátaeigenda, Hafrannsóknastofnuninni, Vélstjórafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Byggðastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð á lögunum að öll vinnsla á öllum sjávarafla um borð í veiðiskipum sem er umfram slægingu og ísingu verði háð sérstöku leyfi

Fiskistofu og þar með komi önnur ákvæði laganna til með að gilda um alla frekari vinnslu.

Nefndin leggur til þá breytingu á 1. gr. frumvarpsins að lögin gildi um alla frekari vinnslu afla um borð í skipum en blóðgun, slægingu og flokkun. Með flokkun er t.d. átt við stærðarflokkun fisks sem fer til vinnslu í landi. Þá lítur nefndin svo á að öll meðferð á grásleppu um borð í veiðiskipi falli undir slægingu.

Samhliða þessu nefndaráliti leggur nefndin fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðieftirlitsgjald til samræmis við þær breytingar sem þetta frumvarp felur í sér, þ.e. að gjaldtökuheimild fyrir veiðieftirlit verði rýmkuð og nái til allra skipa sem vinna afla um borð.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „blóðgun og slægingu“ 1. mgr. komi: blóðgun, slægingu og flokkun.

Kristinn H. Gunnarsson og Vilhjálmur Egilsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðjón A. Kristjánsson,
Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Árnason.	Jóhann Ársælsson.

Svanfríður Jónasdóttir.

596. Frumvarp til laga [437. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í stað orðsins „fullvinnsluskipa“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: skipa sem hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðieftirlitsgjald var lagt fram á yfirstandandi þingi og afgreiddi nefndin einungis þær gjaldtökuhækkanir sem frumvarpið gerði ráð fyrir en felldi út úr frumvarpinu með breytingartillögu þá grein er varðaði rýmkaða greiðsluskyldu útgerða við veiðieftirlit og nú er flutt nokkuð breytt, þar sem ekki vannst tími til að ljúka vinnu við hana.

Með frumvarpi þessu leggur nefndin til þá breytingu á lögunum að ekki aðeins útgerðir skipa sem fullvinna botnfiskafla um borð greiði fyrir eftirlit um borð í skipum sínum, heldur taki greiðsluskyldan einnig til útgerða skipa sem vinna uppsjávarfisk og skipa sem vinna fisk um borð á einhvern hátt þótt ekki sé um fullvinnslu að ræða. Fullvinnsla hefur verið skilgreind þannig að hún sé vinnsla þegar flökun eða flatning er þáttur í vinnslunni. Í þessu sambandi skal þess getið að lagt hefur verið fram frumvarp um breytingu á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, sem gerir ráð fyrir að gildissvið laganna verði rýmkað á sambærilegan hátt. Erfitt er að meta hvort þessi rýmkaða greiðsluskylda útgerða vinnsluskipa auki tekjur Fiskistofu, fer það m.a. eftir því hvernig mannafla Fiskistofu er ráðstafað um borð í veiðiskip.

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veiðieftirlitsgjald fylgdi umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið og kom þar fram að ráðuneytið gerði ekki ráð fyrir auknum kostnaði við veiðieftirlit þar sem notast yrði við núverandi mannafla Fiskistofu til að sinna eftirlitinu.

597. Nefndarálit [3. mál]

um till. til þál. um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur og Andrés Magnússon frá Samtökum verslunarinnar, Ingimar Jónsson frá Kaupási, Guðjón Stefánsson frá Samkaupum, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Árna Pétur Jónsson og Finn Árnason frá Baugi, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Ólaf Darra Andrason og Sigurð Víðisson frá Alþýðusambandi Íslands, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Elínu Þórunni Eiríksdóttur frá Eimskipi, Kristján M. Atlason og Knút G. Hauksson frá Samskipum og Pétur J. Eiríksson frá Flugleiðum. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Baugi Group hf., Sambandi garðyrkjubænda, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunarinnar, Sjálfsbjörg, Samtökum verslunar og þjónustu og Verslunarráði Íslands.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leita orsaka fyrir mismunandi matvælaverði á Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins. Í þessu skyni fari fram nákvæmur samanburður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á framangreindum stöðum og könnuð þau skilyrði sem matvælaframleiðslu og matvöruverslun eru búin í hverju landi fyrir sig. Jafnframt verði sérstaklega leitt í ljós hvort ólík tenging Norðurlanda við Evrópusambandið hafi áhrif á mismunandi þróun matvælaverðs í löndunum. Að lokum er lagt til að niðurstöðum þessarar athugunar skuli skilað til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Nefndin telur að markmið tillögunnar um að fram fari nákvæmur samanburður á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á tilgreindum stöðum sé of umfangsmikið og kostnaðarsamt og jafnframt óraunhæft miðað við þann skamma frest sem gefinn sé til skýrslugjafar í málinu. Nefndin telur eðlilegra að í stað þess að leita orsaka fyrir mismunandi matvælaverði á

tilgreindum stöðum með nánar tilgreindum hætti sé í upphafi kannað matvælaverð á þessum stöðum. Jafnframt verði reynt að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum og mismunandi tengingu Norðurlandanna við Evrópusambandið. Þá leggur nefndin áherslu á að hagsmunaaðilar geti hér komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fram kom í máli gesta og umsagnaraðila að þeir styðja velflestir tillöguna og benda jafnframt á nauðsyn þess að heildstæð umræða fari fram á þessum vettvangi þar sem allir fletir málsins verði skoðaðir með það að markmiði að ná fram lækkun matvælaverðs hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin hljóði svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna matvælaverð á Íslandi í samanburði við helstu nágrannalönd. Jafnframt verði reynt að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum.

Niðurstöðum þessarar athugunar skal skila til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.
Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.	Ólafur Örn Haraldsson.
Pétur H. Blöndal.		Drífa Hjartardóttir.

598. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá iðnaðarráðherra.

Við 7. gr. Nýr liður:

6.32 Að kaupa lóð Sementsverksmiðjunnar hf. að Sævarhöfða 31 ásamt tilheyrandi mannvirkjum.

599. Tillaga til þingsályktunar [438. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið

fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Hinn 8. október 2001 samþykkti Evrópusambandið reglugerð nr. 2157/2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE). Jafnhliða var samþykkt tilskipun nr. 2001/86/EB um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Í stuttu máli má segja að höfuðmarkmið löggjafar um Evrópufélög sé að auðvelda félögum í mismunandi aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að sameinast eða stofna eignarhaldsfélög og til þess að gera félögum og öðrum lögaðilum, sem stunda atvinnustarfsemi og starfa á grundvelli laga mismunandi aðildarríkja, kleift að mynda sameiginleg dótturfyrirtæki. Á sama hátt á hlutafélag með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins að geta breyst í Evrópufélag án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, svo fremi félagið eigi dótturfyrirtæki í öðru aðildarríki en því þar sem skráð skrifstofa þess er.

Tilskipun 2001/86/EB er ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá. Um önnur málefni sem varða félagsmála- og vinnulöggjöf, einkum um rétt starfsmanna, samkvæmt reglum aðildarríkjanna, til upplýsinga og samráðs, fer að viðeigandi, innlendum ákvæðum sem gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög. Miða ákvæði tilskipunarinnar að því að tryggja að reglur um aðild starfsmanna í þátttökufélögunum í stofnun Evrópufélags hvorki hverfi né að vægi þeirra minnki við stofnun Evrópufélagsins.

„Þátttaka starfsmanna“ táknar í tilskipuninni að fulltrúar starfsmanna geti haft bein áhrif á málefni félagsins með rétti til að greiða atkvæði eða tilnefna einhverja fulltrúa í fram-

kvæmdastjórn eða stjórn félagsins eða rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhvers eða allra fulltrúa í þessar stjórnir. „Aðild starfsmanna“ er hins vegar skilgreint sem hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu. Loks er „samráð“ skilgreint sem viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi Evrópufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og kann álitið að verða tekið til greina við ákvarðanatökur í félaginu.

Vegna margbreytilegra reglna og venja sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum, með tilliti til þess hvernig fulltrúar launamanna taka þátt í ákvarðanatöku í fyrirtækjum, er ekki mælt fyrir í tilskipuninni um aðeins eina evrópska fyrirmynd að þátttöku launamanna fyrir öll Evrópufélög. Tilskipunin leggur hins vegar þá skyldu á aðildarríki að þau tryggi fasta málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð á fjölþjóðlegum grundvelli í öllum tilvikum þegar Evrópufélag er stofnað. Ef og þegar þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem stofna Evrópufélag skal hann fylgja með í flutningnum yfir í Evrópufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema sérstök samninganefnd fulltrúa starfsmanna og fulltrúar þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun Evrópufélagsins geri samkomulag um annað.

Ef ekki næst samkomulag í viðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þátttökufélaganna skal kveða á um almennar reglur í samræmi við viðauka með tilskipuninni sem gilda um Evrópufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu reglur skulu tryggja skilvirka starfshætti við miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá á fjölþjóðlegum grundvelli, einnig þátttöku þeirra í viðkomandi stofnunum Evrópufélagsins ef og þegar slík þátttaka var fyrir hendi í starfsstöðvunum í þátttökufélögunum fyrir stofnun Evrópufélagsins.

Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með tilskipuninni að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félaginu. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að Evrópufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir“). Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum.

Evrópufélög eru nýtt félagsform og kallar innleiðing tilskipunar 2001/86/EB og reglugerðar (EB) nr. 2157/2001 á lagabreytingar hér á landi. Erfitt er að segja fyrir um þýðingu þessa nýja félagsforms fyrir íslensk fyrirtæki eða vinnumarkað hér á landi. Þótt fyrir fram megi ætla að það verði einkum stórfyrirtæki sem hugsanlega munu nýta sér þennan möguleika er rétt að hafa í huga að ekki er gert að skilyrði að þátttökufélög hafi tiltekinn fjölda starfsmanna eða ákveðna veltu til að geta stofnað Evrópufélag. Í reglugerðinni er þó gert að skilyrði fyrir stofnun Evrópufélags að hlutafé verði að lágmarki 120.000 evrur.

Þar sem bein þátttaka starfsmanna í stjórn fyrirtækja tíðkast almennt ekki á íslenskum vinnumarkaði eru ekki líkur til þess að tilskipunin muni leiða til þess að réttindi launamanna minnki með tilkomu Evrópufélaga. Þvert á móti er líklegra að í einhverjum tilvikum geti stofnun Evrópufélags leitt til þess að íslenskir starfsmenn félagsins öðlist meiri rétt en áður á grundvelli reglna tilskipunarinnar, þ.e. í þeim tilvikum sem starfsmenn erlendra félaga sem þátt taka í stofnun félagsins eiga á grundvelli laga í því aðildarríki eða samþykkta viðkomandi félags rétt til aðildar að ákvarðanatöku í félaginu.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa samþykkt nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 8. október 2004 eða tryggja

eigi síðar en þann dag að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín í milli.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2002

frá 25. júní 2002
um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002 frá 31. maí 2002 ([1]).

2) Tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001 um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32d (tilskipun ráðsins 2001/23/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32e. **32001 L 0086:** Tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001 um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna (Stjtíð. EB L 195, 1.8.2000, bls. 41).“

([1]) Stjtíð. EB L 238, 5.9.2002, bls. 22 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 14.
([2]) Stjtíð. EB L 195, 1.8.200, bls. 41.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/86/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2001/86/EB

frá 8. október 2001

um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

með hliðsjón af breyttri tillögu frá framkvæmdastjórninni ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að ná markmiðum sáttmálans er, í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 ([4]), fastsett samþykkt fyrir Evrópufélög (SE).

2) Með reglugerðinni er stefnt að því að smíðaður verði samræmdur lagarammi en innan hans geta félög frá mismunandi aðildarríkjum gert áætlanir um og framkvæmt endurskipulagningu á starfsemi sinni á bandalagsvísu.

3) Til að vinna að félagslegum markmiðum bandalagsins þarf að setja sérákvæði, nánar tiltekið á sviði aðildar starfsmanna, sem miðast að því að tryggja að venjur um aðild starfsmanna í þátttökufélögunum í stofnun Evrópufélags hvorki hverfi né að vægi þeirra minnki við stofnun Evrópufélagsins. Markmiðinu skal fylgja eftir með því að setja bálk reglna á þessu sviði til viðbótar við ákvæði reglugerðarinnar.

4) Þar eð aðildarríkin geta ekki, með viðhlítandi hætti, náð markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar, sem rakin eru hér að framan, þ.e.a.s. að setja reglur um aðild starfsmanna sem gilda fyrir Evrópufélög, og þessi markmið nást þess vegna betur á vettvangi bandalagsins vegna stærðar og umfangs fyrirhugaðrar aðgerðar, er bandalaginu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna í umræddri grein er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná markmiðunum.

5) Vegna margbreytilegra reglna og venja sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum, með tilliti til þess hvernig fulltrúar launamanna taka þátt í ákvarðanatöku í fyrirtækjum, er óráðlegt að hafa aðeins eina evrópska fyrirmynd af þátttöku launamanna sem á að gildir fyrir evrópsk félög.

6) Samt sem áður skal tryggja fasta málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð á fjölþjóðlegum grundvelli í öllum tilvikum þegar Evrópufélag er stofnað.

7) Ef og þegar þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem stofna Evrópufélag skal hann fylgja með í flutningnum yfir í Evrópufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema aðilarnir ákveði annað.

8) Tiltekin málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá á fjölþjóðlegum grundvelli ásamt þátttökurétti, ef við á, sem gilda skal fyrir öll Evrópufélög, skal fyrst og fremst ákveðin með samkomulagi milli viðkomandi aðila eða, ef hann er ekki fyrir hendi, með því að beita sérstökum reglum.

9) Aðildarríkin skulu samt eiga þess kost að beita ekki almennum reglum sem tengjast þátttöku þegar um samruna er að ræða og er þá höfð í huga fjölbreytnin í innlendum kerfum um aðild starfsmanna. Í því tilviki skal halda fyrirliggjandi kerfum og venjum um þátttöku í þátttökufélögunum með því að laga skráningarreglurnar að þeim.

([1]) Stjtíð. EB C 138, 29.5.1991, bls. 8.
([2]) Stjtíð. EB C 342, 20.12.1993, bls. 15.
([3]) Stjtíð. EB C 124, 21.5.1990, bls. 34.
([4]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1 .

10) Reglur um atkvæðagreiðslu í sérstakri samninganefnd starfsmanna skulu, einkum þegar gengið er til samninga um minni þátttökurétt en fyrir hendi er hjá einu eða fleiri þátttökufélögum, vera í hlutfalli við hættuna á því að fyrirliggjandi þátttökuvenjur hverfi eða minnki. Sú hætta er meiri ef um er að ræða Evrópufélag, sem komið hefur verið á fót með umbreytingu eða samruna fremur en með því að stofna eignarhaldsfélag eða venjulegt dótturfyrirtæki.

11) Þegar samkomulag næst ekki í samningaviðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þar til bærra stofnana þátttökufélaganna skal setja ákvæði um tilteknar almennar kröfur sem skulu gilda um Evrópufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu kröfur skulu tryggja skilvirka starfshætti við miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá á fjölþjóðlegum grundvelli, einnig þátttöku þeirra í viðkomandi stofnunum Evrópufélagsins ef og þegar slík þátttaka var fyrir hendi í starfsstöðvunum í þátttökufélögunum fyrir stofnun Evrópufélagsins.

12) Setja ætti ákvæði um að fulltrúar starfsmanna, er starfa samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar, skuli við störf sín njóta sömu verndar og tryggginga og slíkir fulltrúar njóta samkvæmt landslögum og/eða venju í starfslandi sínu. Óheimilt er að beita þá misrétti vegna löglegrar starfa þeirra og þeir skulu njóta viðunandi verndar gagnvart uppsögnum og öðrum refsiaðgerðum.

13) Halda skal leynd um viðkvæmar upplýsingar jafnvel eftir að starfstími fulltrúa starfsmanna rennur út og setja ákvæði um að þar til bær stofnun Evrópufélagsins geti haldið eftir upplýsingum sem gætu skaðað starfsemi félagsins alvarlega ef þær yrðu gerðar opinberar.

14) Ef Evrópufélag, dótturfyrirtæki þess og starfsstöðvar lúta tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn ([1]) skulu ákvæði þeirrar tilskipunar og ákvæði sem innleiða hana í landslög hvorki gilda um Evrópufélagið né dótturfyrirtæki þess eða starfsstöðvar nema sérstaka samninganefndin taki ákvörðun um að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.

15) Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á önnur fyrirliggjandi réttindi um aðild starfsmanna og þarf ekki að hafa áhrif á annað fulltrúafyrirkomulag sem er fyrir hendi og lög bandalagsins og landslög kveða á um eða leiðir af venju.

16) Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki er staðið við þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

17) Í sáttmálanum er bandalaginu ekki veitt nauðsynlegt vald til að samþykkja tilskipunina, sem lögð er fram, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 308. gr.

18) Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með þessari tilskipun að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félaginu. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að Evrópufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir"). Af þeim sökum skal sú nálgun ekki aðeins gilda um stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum.

19) Aðildarríki skulu geta kveðið á um að fulltrúar stéttarfélaga geti verið aðilar í sérstakri samninganefnd án tillits til þess hvort þeir eru starfsmenn þátttökufélags í stofnun Evrópufélags. Aðildarríki skulu, einkum í þessu samhengi, geta tekið upp þennan rétt í þeim tilvikum þar sem fulltrúar stéttarfélags eiga rétt á að vera fulltrúar, með rétt til að greiða atkvæði, í eftirlitsstjórn eða stjórn í samræmi við landslög.

20) Í mörgum aðildarríkjum byggist aðild starfsmanna og önnur samskipti aðila vinnumarkaðarins bæði á landslögum og venjum sem í þessu samhengi tekur einnig til kjarasamninga á ýmsum stigum á landsvísu, innan einstakra atvinnugreina og/eða félaga,

([1]) Stjtíð. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/74/EB (Stjtíð. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENNT

1. gr.

Markmið

1. Undir þessa tilskipun fellur aðild starfsmanna í málefnum evrópskra hlutafélaga (*Societas Europaea*), eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 2157/2001.

2. Í þessu skyni skal koma á fastri tilhögun um aðild starfsmanna í öllum Evrópufélögum í samræmi við málsmeðferð um samningaviðræður, sem um getur í 3. til 6. gr. eða, við aðstæðurnar sem tilgreindar eru í 7. gr., í samræmi við viðaukann.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Evrópufélag“: félag sem er stofnað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2157/2001;

b) „þátttökufélög“: félög sem eiga beinan þátt í að stofna Evrópufélag;

c) „dótturfyrirtæki félags“: fyrirtæki sem félagið hefur yfirráð yfir samkvæmt skilgreiningu í 2. til 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/45/EB;

d) „hlutaðeigandi dótturfyrirtæki eða starfsstöð“: dótturfyrirtæki eða starfsstöð þátttökufélags sem fyrirhugað er að verði dótturfyrirtæki eða starfsstöð Evrópufélagsins við myndun þess;

e) „fulltrúar starfsmanna“: fulltrúar starfsmanna sem kveðið er á um í landslögum og leiðir af venju;

f) „fulltrúanefnd“: nefnd starfsmanna sem er sett á fót samkvæmt samkomulaginu, sem um getur í 4. gr., eða í samræmi við ákvæði viðaukans, með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn Evrópufélags og dótturfyrirtækja og starfsstöðva þess í bandalaginu og, þar sem við á, beita þátttökurétti starfsmanna að því er varðar Evrópufélagið;

g) „sérstök samninganefnd“: nefnd sem sett er á fót í samræmi við 3. gr. til að semja við þar til bæra stofnun þátttökufélaganna um fasta tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu;

h) „aðild starfsmanna“: hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu;

i) „upplýsingar“: upplýsingar sem þar til bær stofnun Evrópufélags miðlar til fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna um vafaatriði varðandi félagið sjálft og dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar þess sem eru í öðru aðildarríki eða eru utan valdsviðs þeirra stofnana sem taka ákvarðanir í hverju aðildarríki, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift að gera ítarlegt mat á hugsanlegum áhrifum og, þar sem við á, undirbúa samráð við þar til bæra stofnun Evrópufélagsins;

j) „samráð“: viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi Evrópufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og kann álitið að verða tekið til greina við ákvarðanatökur í félaginu;

k) „þátttaka“: áhrif fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna á málefni félagsins með:

— rétti til að greiða atkvæði eða tilnefna einhverja fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn félagsins eða

— rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhvers eða allra fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn félagsins.

II. ÞÁTTUR

MÁLSMEÐFERÐ VIÐ SAMNINGAVIÐRÆÐUR

3. gr.

Myndun sérstakrar samninganefndar

1. Þegar framkvæmdastjórn eða stjórn þátttökufélaga gerir áætlun um stofnun Evrópufélags skal hún, eins fljótt og unnt er eftir að samin hefur verið áætlun um samruna eða eftir myndun eignarhaldsfélags eða eftir að áætlun um að mynda dótturfyrir-

tæki eða breyta í Evrópufélag hefur verið samþykkt, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu, þ.m.t. að láta í té upplýsingar um heiti þátttökufélaganna, viðkomandi dótturfyrirtækja eða starfsstöðva, og fjölda starfsmanna þeirra.

2. Í þessum tilgangi skal stofnuð sérstök samninganefnd sem er í forsvari fyrir starfsmenn þátttökufélaga og hlutaðeigandi dótturfyrirtækja eða starfsstöðva, í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) þegar fulltrúar í þessa sérstöku samninganefnd eru kosnir eða tilnefndir skal tryggja:

   i) að fulltrúarnir séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem eru ráðnir af þátttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna (eða broti af því) sem ráðnir eru af þátttökufélögunum og hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt;

   ii) þegar Evrópufélag er myndað við samruna er bætt við aðilum frá hverju aðildarríki fyrir sig, eftir þörfum, til að tryggt sé að í sérstöku samninganefndinni sé að minnsta kosti einn fulltrúi fyrir hvert þátttökufélag sem er skráð og hefur starfsmenn í því aðildarríki og sem fyrirhugað er að verði ekki lengur sérstakur lögaðili eftir skráningu Evrópufélagsins, að svo miklu leyti sem:

      — fjöldi þessara viðbótarfulltrúa verði ekki meiri en tuttugu af hundraði þeirra fulltrúa sem eru tilnefndir með skírskotun til i-liðar og

      — skipan sérstöku samninganefndarinnar hafi ekki í för með sér að viðkomandi starfsmenn eigi tvo fulltrúa.

   Ef fjöldi slíkra félaga er meiri en tiltæk viðbótarsæti samkvæmt fyrstu undirgrein skal þessum viðbótarsætum úthlutað á félög í mismunandi aðildarríkjum í fallandi röð eftir fjölda ráðinna starfsmanna í þeim;

b) Hvert aðildarríki skal ákveða hvaða aðferð skuli beita við kosningu eða tilnefningu fulltrúa í sérstöku samninganefndina sem fer fram á yfirráðasvæði þess. Þau skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að svo miklu leyti sem það er hægt, að það sé að minnsta kosti einn fulltrúi frá hverju þátttökufélagi, með starfsmenn í viðkomandi aðildarríki, í hópi slíkra fulltrúa. Þó má ekki bæta við heildarfjölda fulltrúanna með slíkum ráðstöfunum.

   Aðildarríki geta kveðið svo á um að slíkir fulltrúar geti verið fulltrúar stéttarfélaga hvort sem þeir eru starfsmenn þátttökufélags eða hlutaðeigandi dótturfyrirtækis eða starfsstöðvar.

   Með fyrirvara um landslög og/eða venjur, sem segja fyrir um takmarkanir þegar fulltrúanefnd er komið á fót, skulu aðildarríki kveða á um að starfsmenn í fyrirtækjum eða starfsstöðvum þar sem starfsmenn hafa engan fulltrúa, án þess að það sé þeirra sök, hafi rétt til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í fyrrnefnda sérstaka samninganefnd.

3. Hin sérstaka samninganefnd og þar til bærar stofnanir þátttökufélaganna skulu ákvarða, með skriflegu samkomulagi, tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu.

Í þessu skyni skulu þar til bærar stofnanir þátttökufélaganna greina sérstöku samninganefndinni frá áætluninni um stofnun Evrópufélagsins og sjálfu stofnunarferlinu fram að skráningu þess.

4. Með fyrirvara um 6. mgr. skal sérstaka samninganefndin taka ákvarðanir með hreinum meirihluta fulltrúa, að því tilskildu að sá meirihluti sé einnig fulltrúi hreins meirihluta starfsmanna. Hver aðili greiðir eitt atkvæði. Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur minnkar þarf meirihlutinn, sem á að samþykkja slíkan samning, að vera atkvæði frá tveimur þriðju hlutum fulltrúanna sem eru fulltrúar að minnsta kosti tveggja þriðju hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum,

— þegar um er að ræða Evrópufélag sem á að stofna við samruna, ef a.m.k. 25% af heildarfjölda starfsmanna þátttökufélaganna heyra undir þátttökutilhögunina eða

— þegar um er að ræða Evrópufélag sem á að setja á fót með því að stofna eignarhaldsfélag eða mynda dótturfyrirtæki, ef a.m.k. 50% heildarfjölda starfsmanna þátttökufélaganna heyra undir þátttökutilhögunina.

Að þátttökuréttur minnkar merkir að hlutfall fulltrúa í stjórnarstofnunum Evrópufélagsins, í skilningi liðar 2. gr., er lægra en hæsta hlutfallið í þátttökufélögunum.

5. Að því er varðar samningaviðræður getur sérstaka samninganefndin valið sér sérfræðinga sér til aðstoðar, t.d. fulltrúa frá viðkomandi samtökum stéttarfélaga í bandalaginu. Þessir sérfræðingar geta verið viðstaddir samningafundi til að veita ráðgjöf að beiðni þessarar sérstöku samninganefndar, eftir því sem við á, til að stuðla að samræmi og samkvæmni í bandalaginu í heild. Sérstaka samninganefndin getur ákveðið að greina fulltrúum viðeigandi utanaðkomandi samtaka, þ.m.t. stéttarfélögum, frá byrjun samningaviðræðna.

6. Sérstaka samninganefndin getur ákveðið, með þeim meirihluta sem er tilgreindur hér á eftir, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar, og að bera fyrir sig þær reglur um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá, sem í gildi eru í aðildarríkjunum þar sem Evrópufélagið er með starfsmenn. Slík ákvörðun bindur enda á þá gerð samkomulags sem um getur í 4. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði viðaukans ekki.

Meirihlutinn, sem þarf til að ákveða að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á þær, skal vera atkvæði frá tveimur þriðju hlutum fulltrúa a.m.k. tveggja þriðju hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum.

Þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu skal þessi málsgrein ekki gilda ef þátttökufyrirkomulag er í félaginu sem á að breyta.

Kalla má sérstöku samninganefndina saman að nýju með skriflegri beiðni frá að minnsta kosti 10% starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva, eða fulltrúum þeirra í fyrsta lagi tveimur árum eftir framangreinda ákvörðun nema aðilarnir samþykki að samningaviðræður verði aftur hafnar fyrr. Ef sérstaka samninganefndin ákveður að hefja samningaviðræður við framkvæmdastjórn á ný en ekkert samkomulag næst í þeim samningaviðræðum gilda engin ákvæði viðaukans.

7. Þátttökufélög skulu bera þann kostnað sem hlýst af rekstri sérstöku samninganefndarinnar og almennt af samningaviðræðum þannig að sérstöku samninganefndinni sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

Í samræmi við þessa meginreglu geta aðildarríkin samþykkt reglur um fjárhagsáætlun fyrir starfsemi sérstöku samninganefndarinnar. Þau geta t.d. ákveðið að gera aðeins ráð fyrir greiðslu til eins sérfræðings.

4. gr.

Efni samkomulagsins

1. Samningaviðræður þar til bærra stofnana þátttökufélaganna og sérstöku samninganefndarinnar skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná samkomulagi um tilhögun á aðild starfsmanna innan Evrópufélagsins.

2. Með fyrirvara um sjálfræði aðila og með fyrirvara um 4. mgr. skal í samkomulaginu, sem um getur í 1. mgr., milli þar til bærrar stofnunar þátttökufélaganna og sérstöku samninganefndarinnar tilgreina:

a) umfang samkomulagsins;

b) skipan, fjölda fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefndina sem verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins í tengslum við tilhögun á miðlun upplýsinga til starfsmanna Evrópufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva og samráð við þá;

c) hlutverk og málsmeðferð um miðlun upplýsinga til fulltrúa ráðsins og samráðs við það;

d) hve oft fulltrúanefndin skal koma saman;

e) hvert fjármagn og aðbúnaður fulltrúanefndarinnar skal vera;

f) ef aðilarnir taka ákvörðun í samningaviðræðunum um að koma á einni málsmeðferð, eða fleiri en einni, við upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa fulltrúanefnd, með hvaða hætti skuli beita þessum reglum;

g) ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku, inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. (ef við á) fjöldi fulltrúa eftirlitsstjórnar eða stjórnar Evrópufélagsins, sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra;

h) dagsetninguna þegar samkomulagið öðlast gildi og gildistími þess, í hvaða tilvikum það skuli

framlengt og málsmeðferð við framlengingu þess.

3. Samkomulagið skal ekki heyra undir almennu reglurnar sem um getur í viðaukanum nema í því sé ákvæði þar að lútandi.

4. Ef í hlut á Evrópufélag sem verður til við umbreytingu skal samkomulagið kveða á um að allir þættir sem varða aðild starfsmanna séu á sama stigi og þeir sem eru fyrir hendi í félaginu sem á að umbreyta í Evrópufélag, sbr. þó a-lið 3. mgr. 13.gr.

5. gr.

Lengd samningaviðræðna

1. Samningaviðræður skulu hefjast um leið og sérstaka samninganefndin er sett á fót og þeim má halda áfram í sex mánuði eftir það.

2. Aðilarnir geta komið sér saman um, ef samkomulag næst, að framlengja samningaviðræðurnar fram yfir þann tíma, sem um getur í 1. mgr., í allt að eitt ár samanlagt frá stofnun sérstöku samninganefndarinnar.

6. gr.

Löggjöf sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður

Löggjöfin, sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræðurnar sem kveðið er á um í 3. til 5. gr., skal vera löggjöf aðildarríkisins þar sem skráð skrifstofa Evrópufélagsins er staðsett nema kveðið sé á um annað í tilskipuninni.

7. gr.

Almennar reglur

1. Til að ná markmiðinu sem lýst er í 1. gr. skulu aðildarríki, með fyrirvara um 3. mgr. hér á eftir, mæla fyrir um almennar reglur um aðild starfsmanna og skulu þær vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í viðaukanum.

Almennu reglurnar, eins og mælt er fyrir um þær í löggjöf aðildarríkisins, þar sem fyrirhugað er að staðsetja skrifstofa Evrópufélagsins, skulu gilda frá skráningardegi Evrópufélagsins ef annaðhvort:

a) aðilarnir koma sér saman um það eða

b) ekkert samkomulag hefur náðst þegar fresturinn, sem mælt er fyrir um í 5. gr., er runninn út og:

— þar til bær stofnun hvers þátttökufélags tekur ákvörðun um að samþykkja beitingu almennu reglnanna í tengslum við Evrópufélagið og halda með þeim hætti áfram með skráningu Evrópufélagsins og

— sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðunina sem kveðið er á um í 6. mgr. 3. gr.

2. Enn fremur skulu almennu reglurnar, sem eru settar í innlenda löggjöf skráningaraðildarríkisins, í samræmi við 3. hluta viðaukans, eingöngu gilda:

a) þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu, ef reglur aðildarríkis varðandi þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn gilda um félag sem breytt er í Evrópufélag;

b) þegar Evrópufélag verður til við samruna:

— ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu eða fleiri þátttökufélaganna og tók til a.m.k. 25% af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna eða

— ef, þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu eða fleiri þátttökufélaganna og tók til minna en 25% af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna og sérstaka samninganefndin ákveður það,

c) þegar Evrópufélag verður til við stofnun eignarhaldsfélags eða dótturfyrirtækis:

— ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu eða fleiri þátttökufélaganna og tók til a.m.k. 50% af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna eða

— ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu eða fleiri þátttökufélaganna og tók til minna en 50% af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna og ef sérstaka samninganefndin ákveður það.

Ef þátttaka í fleiri en einni mynd var fyrir hendi í þátttökufélögunum skal sérstaka samninganefndin ákveða hver þessara þátttökumynda skuli notuð í Evrópufélaginu. Aðildarríki geta sett reglurnar sem eiga við þegar engar ákvarðanir hafa verið teknar um málið fyrir Evrópufélag sem er skráð á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis. Sérstaka samninganefndin skal greina þar til bærum stofnunum þátttökufélaganna frá

þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

3. Aðildarríki geta kveðið á um að viðmiðunarákvæðin í 3. hluta viðaukans skuli ekki gilda í tilvikinu sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr.

III. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

8. gr.

Fyrirvari og þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að fulltrúum í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, sé óheimilt að láta í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir einstaklingum hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að starfstími þeirra er á enda.

2. Hvert aðildarríki um sig skal kveða á um, í sérstökum tilvikum og með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í landslögum, að eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélags eða þátttökufélags, sem stofnað er á yfirráðasvæði þess, sé ekki skuldbundin til að veita upplýsingar ef þær eru þess eðlis, samkvæmt hlutlægum viðmiðunum, að þær geti haft mjög skaðleg áhrif á starfsemi félagsins (eða þátttökufélagsins ef um það er að ræða) eða dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva eða valdið þeim tjóni.

Aðildarríki getur gert það að skilyrði fyrir slíkri undanþágu að fyrst liggi fyrir til þess stjórnsýslu- eða réttarfarslegar heimildir.

3. Hvert aðildarríki um sig getur sett sérákvæði varðandi Evrópufélög á yfirráðasvæði sínu, sem vilja með beinum hætti veita hugmyndafræðilega leiðsögn að því er varðar upplýsingar og framsetningu álita, með því skilyrði að þessi ákvæði hafi verið samþykkt og tekin upp í landslög áður en þessi tilskipun verður samþykkt.

4. Ef aðildarríki beita 1., 2. og 3. mgr. skulu þau setja ákvæði um málsmeðferð um áfrýjun til stjórnvalda eða dómstóla sem fulltrúar starfsmanna geta hafið þegar eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélags eða þátttökufélags krefst trúnaðar eða veitir ekki upplýsingar.

Slík málsmeðferð getur falið í sér reglur um trúnað vegna þeirra upplýsinga sem um er að ræða.

9. gr.

Starf fulltrúanefndar og málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá

Þar til bær stofnun Evrópufélagsins og fulltrúanefndarinnar skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skuldbindinga.

Hið sama gildir um samvinnu eftirlitsstjórnar eða stjórnar Evrópufélagsins og fulltrúa starfsmanna sem starfa í tengslum við málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá.

10. gr.

Verndun fulltrúa starfsmanna

Fulltrúar sérstöku samninganefndarinnar, fulltrúar í fulltrúanefndinni, fulltrúar starfsmanna, sem starfa samkvæmt málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð og allir fulltrúar starfsmanna í eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélags, sem eru starfsmenn félagsins, dótturfyrirtækja þess, starfsstöðva eða þátttökufélags, skulu við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og fulltrúar starfsmanna njóta samkvæmt gildandi landslögum og/eða leiðir af venju í starfslandi þeirra.

Þetta á einkum við um fundarsetu í sérstakri samninganefnd eða fulltrúanefnd eða um aðra fundi er falla undir samkomulagið sem um getur í f-lið 2. mgr. 4. gr., eða um fundi stjórnar eða eftirlitsstjórnar og greiðslu launa til fulltrúa, sem starfa hjá þátttökufélagi eða Evrópufélaginu eða dótturfyrirtækjum þess eða starfsstöðvum, fyrir þann tíma sem þeir þurfa að vera fjarverandi.

11. gr.

Misnotkun reglna

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við lög bandalagsins með tilliti til þess að hindra misnotkun Evrópufélags í því skyni að svipta starfsmenn réttindum til aðildar eða synja þeim um slík réttindi.

12. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar uppfyllt

1. Hvert aðildarríki um sig skal tryggja að stjórn starfsstöðva Evrópufélags og dótturfyrirtækis eða eftirlitsstjórn eða stjórn dótturfyrirtækja og þátttöku-

félaga með aðsetur á yfirráðasvæði þess og fulltrúar starfsmanna þess eða, eftir því sem við á, starfsmennirnir sjálfir uppfylli þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, óháð því hvort Evrópufélagið er með skráða skrifstofu á yfirráðasvæði þess.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef ekki er farið að þessari tilskipun; einkum skulu þau tryggja að kostur sé á stjórnsýslu- og dómsmeðferð svo að unnt sé að standa við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir.

13. gr.

Tengsl þessarar tilskipunar og annarra ákvæða

1. Þegar Evrópufélag er fyrirtæki, er starfar á bandalagsvísu, eða ráðandi fyrirtæki fyrirtækjahópa, er starfa á bandalagsvísu í skilningi tilskipunar 94/45/EB eða tilskipunar 97/74/EB ([1]) um rýmkun téðrar tilskipunar þannig að hún nái til Breska konungsríkisins, skulu ákvæði þessara tilskipana og ákvæði sem varða lögleiðingu þeirra í landslög ekki gilda um það eða dótturfyrirtæki þess.

En þegar sérstaka samninganefndin ákveður, í samræmi við 6. mgr. 3 gr., að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar gildir tilskipun 94/45/EB eða tilskipun 97/74/EB og ákvæði um lögleiðingu þeirra í landslög.

2. Ákvæði um þátttöku starfsmanna í nefndum sem kveðið er á um í landslögum og/eða leiðir af venju, nema þau sem eru um framkvæmd þessarar tilskipunar, skulu ekki gilda um félög sem komið er á fót í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2157/2001 og þessi tilskipun tekur til.

3. Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á:

a) rétt starfsmanna til aðildar, sem kveðið er á um í landslögum og/eða leiðir af venju í aðildarríkjunum og starfsmenn Evrópufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva njóta, nema rétt til þátttöku í nefndum Evrópufélagsins;

b) ákvæðin um þátttöku í ráðunum sem mælt er fyrir um í landslögum og/eða leiðir af venju gilda um dótturfyrirtæki Evrópufélagsins.

4. Með það í huga að varðveita þau réttindi sem um getur í 3. mgr. geta aðildarríkin gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipulag varðandi fulltrúa starfsmanna hjá þátttökufélögum, sem ekki verða lengur til sem sérstakir lögaðilar, haldist eftir skráningu Evrópufélagsins.

14. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. október 2004 eða tryggja eigi síðar en þann dag að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín í milli og eru aðildarríkin þá skuldbundin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þeim ætíð kleift að tryggja þann árangur sem náðst hefur með þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

15. gr.

Endurskoðun framkvæmdastjórnar

Eigi síðar en 8. október 2007 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin og vinnuveitendur og launþega í bandalaginu, endurskoða reglur um beitingu þessarar tilskipunar, með það í huga að leggja viðeigandi breytingar fyrir ráðið ef þörf er á.

16. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

17. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 8. október 2001.

Fyrir hönd ráðsins,

L. ONKELINX
forseti.

([1]) Stjtíð. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22.

VIÐAUKI

ALMENNAR REGLUR

(*sem um getur í 7. gr.*)

1. hluti: Skipan fulltrúanefndar starfsmanna

Til þess að ná markmiðinu sem lýst er í 1. gr. og í þeim tilvikum sem um getur í 7. gr., skal fulltrúanefnd skipuð í samræmi við eftirfarandi reglur.

a) Fulltrúanefnd skal skipuð starfsmönnum Evrópufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva sem fulltrúar starfsmanna eða, ef þeir eru ekki til staðar, allir starfsmenn kjósa eða tilnefna úr hópi starfsmanna.

b) Kosning eða tilnefning fulltrúa í fulltrúanefndina skal fara fram í samræmi við landslög og/eða venju.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur til að tryggja að fjöldi fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefndina verði aðlagaðar að breytingum sem verða í Evrópufélaginu og dótturfyrirtækjum þess og starfsstöðvum.

c) Ef stærð ráðsins gefur tilefni til slíks skal fulltrúanefndin kjósa í undirnefnd úr hópi fulltrúa sem í eru mest þrír nefndarmenn.

d) Fulltrúanefndin setur sér starfsreglur.

e) Fulltrúar í fulltrúanefndina eru kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem eru ráðnir af þátttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki fyrir sig einu sæti fyrir hvern starfsmann í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna, eða broti af því, sem ráðnir eru af þátttökufélögunum og hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt.

f) Tilkynna skal þar til bærri stofnun Evrópufélagsins um skipan fulltrúanefndarinnar.

g) Fjórum árum eftir að fulltrúanefndin hefur verið stofnuð skal hún kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulagsins, sem um getur í 4. og 7. gr., eða beita áfram almennu reglunum sem samþykktar voru í samræmi við þennan viðauka.

Ákvæði 4. mgr. til 7. mgr. 3. gr. og 4. gr. til 6. gr. skulu gilda, að breyttu breytanda, hafi ákvörðun verið tekin um viðræður varðandi samkomulag í samræmi við 4. gr., og hugtakið „fulltrúanefnd" komi í stað „sérstöku samninganefndarinnar". Þegar frestur til að ljúka samningaviðræðunum er runninn út og ekkert samkomulag hefur náðst skal sú tilhögun sem fyrst var samþykkt, í samræmi við almennu reglurnar, gilda áfram.

2. hluti: Almennar reglur um upplýsingamiðlun og samráð

Um valdsvið og heimildir fulltrúanefndar, sem komið er á fót í Evrópufélagi, skulu eftirfarandi reglur gilda.

a) Valdsvið fulltrúanefndar skal takmarkast við mál er varða Evrópufélagið sjálft og dótturfyrirtæki þess eða starfsstöðvar í öðru aðildarríki eða ná út fyrir valdsvið stjórnarstofnana sem taka ákvarðanir í einu aðildarríki.

b) Með fyrirvara um fundi, sem haldnir eru samkvæmt c-lið, hefur fulltrúanefndin rétt á að hitta fulltrúa þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins, að minnsta kosti einu sinni á ári, til upplýsingar og samráðs á grundvelli skýrslna sem þar til bæra stofnunin tekur reglulega saman um rekstur Evrópufélagsins og rekstrarhorfur. Stjórnendur á viðkomandi stöðum skulu jafnframt fá upplýsingar.

Þar til bær stofnun Evrópufélagsins skal láta fulltrúanefndinni í té dagskrá stjórnarfunda eða, þar sem við á, fundi stjórnar og eftirlitsstjórnar, ásamt afritum af öllum skjölum sem lögð eru fram á aðalfundi hluthafa.

Fundurinn skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun í rekstri og framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

c) Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum flutningur, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal fulltrúanefndin eiga rétt á upplýsingum. Fulltrúanefndin eða, ef hún ákveður svo, einkum ef brýnt er, undirnefndin, hefur rétt til að hitta að eigin ósk aðila þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi, sem á betur við, innan Evrópufélagsins með eigin ákvörðunarrétt til þess að fá upplýsingar og til að haft sé samráð við hana um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Ef þar til bæra stofnunin ákveður að aðhafast ekki í samræmi við álitið sem fulltrúanefndin hefur látið í ljós hefur nefndin rétt á að hitta aftur fulltrúa þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins með það í huga að leita eftir samkomulagi.

Þeir aðilar í fulltrúanefndinni sem eru fulltrúar starfsmanna sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, skulu einnig eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru með undirnefndinni.

Fundirnir, sem um getur hér að framan, hafa ekki áhrif á heimildir þar til bærrar stofnunar.

d) Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur um forsæti á fundum sem varða upplýsingamiðlun og samráð.

Áður en fundur er haldinn með þar til bærri stofnun Evrópufélagsins á fulltrúanefndin eða undirnefndin, sem er stækkuð, ef nauðsyn krefur í samræmi við þriðju undirgrein c-liðar, rétt á að funda án þess að fulltrúar þar til bæru stofnunarinnar séu viðstaddir.

e) Með fyrirvara um 8. gr. skulu fulltrúanefndarmenn veita fulltrúum starfsmanna Evrópufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva vitneskju um efni og niðurstöður upplýsingamiðlunarinnar og samráðsins.

f) Fulltrúanefndin eða undirnefndin geta leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali.

g) Fulltrúanefndarmenn skulu hafa rétt á starfshléi til þjálfunar án þess að missa við það laun að svo miklu sem það er nauðsynlegt vegna starfa þeirra.

h) Evrópufélagið greiðir kostnað fulltrúanefndarinnar og sér fulltrúum þess fyrir því fjármagni og þeirri aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum.

Einkum skal Evrópufélagið greiða kostnað vegna skipulagningar funda og aðstöðu vegna túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúanefndarmanna og undirnefndar þess, nema samið sé um annað.

Í samræmi við þessar meginreglur geta aðildarríkin samþykkt reglur um fjárhagsáætlun vegna starfsemi fulltrúanefndarinnar. Þau geta t.d. ákveðið að gera aðeins ráð fyrir greiðslu til eins sérfræðings.

3. hluti: Almennar reglur fyrir þátttöku

Um þátttöku starfsmanna í Evrópufélagi skulu eftirfarandi ákvæði gilda

a) Þegar Evrópufélag verður til við umbreytingu og reglur aðildarríkis sem varða þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn giltu fyrir skráninguna skulu öll atriði sem snúa að þátttöku starfsmanna gilda áfram fyrir Evrópufélagið. Að breyttu breytanda skal b-liður gilda í því skyni.

b) Í öðrum tilvikum um stofnun Evrópufélags hafa starfsmenn félagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva og/eða fulltrúanefndar þeirra rétt á að kjósa, tilnefna og mæla með eða gegn tilnefningu nokkurra fulltrúa

í stjórn eða eftirlitsstjórn Evrópufélagsins til jafns við hæsta hlutfallið sem í gildi er í viðkomandi þátttökufélögum áður en Evrópufélagið er skráð.

Ef ekkert af þátttökufélögunum starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu Evrópufélagsins er þess ekki krafist að Evrópufélagið setji ákvæði um þátttöku starfsmanna.

Fulltrúanefndin ákveður hvernig sætum í stjórn eða eftirlitsstjórn er úthlutað til fulltrúa starfsmanna frá hinum ýmsu aðildarríkjum eða hvernig starfsmenn Evrópufélagsins geta mælt með eða gegn tilnefningu fulltrúa í þessar nefndir í samræmi við hlutfall starfsmanna Evrópufélagsins í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef þessi hlutfallsviðmiðun tekur ekki til starfsmanna í einu eða fleiri aðildarríkjum skal fulltrúanefndin tilnefna fulltrúa frá einu þessara aðildarríkja, einkum aðildarríkinu þar sem skrifstofa Evrópufélagsins er skráð, þar sem það á við. Hvert aðildarríki fyrir sig getur ákveðið úthlutun sæta sem það hefur til umráða í stjórninni eða eftirlitsstjórninni.

Hver fulltrúi í stjórninni eða, þar sem það á við, eftirlitsstjórn Evrópufélagsins, sem fulltrúanefndin eða, eftir aðstæðum, starfsmenn, hafa kosið, tilnefnt eða mælt með, skal vera fullgildur nefndarmaður með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar hluthafa, þ.m.t. réttur til að greiða atkvæði.

600. Tillaga til þingsályktunar [439. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE).

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar reglugerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því

að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE).

Reglugerðin um Evrópufélögin og tengd tilskipun varðandi aðild starfsmanna voru samþykktar í EB 8. október 2001, um þrjátíu árum eftir að tillögur komu fyrst fram.

Með reglugerðinni sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn verður félögum sem starfa í meira en einu ríki á svæðinu gefinn sá valkostur að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum þannig að það geti þá starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að

þurfa að starfa á grundvelli reglna í mismunandi löndum þar sem félögin hafa útibú. Þetta leiðir til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og eykur samkeppnishæfi félaganna. Setja má Evrópufélagið á stofn með samruna félaga, sameiginlegu útibúi, eignarhaldsfélagi eða breytingu á félagi sem stofnað hefur verið á grundvelli landslaga.

Taka má fram í þessu sambandi um tilskipunina varðandi aðild starfsmanna, nr. 2001/86, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið, að við stofnun Evrópufélags þurfa að fara fram viðræður í samninganefnd um þátttöku starfsmanna í félaginu í sérstöku fulltrúaráði allra starfsmanna sem er aðskilið frá stjórn félagsins. Ef samkomulag næst ekki gilda ákveðnar meginreglur í viðauka tilskipunarinnar. Þátttaka starfsmanna felst í því að stjórnendur fyrirtækisins gefa fulltrúum starfsmanna í fulltrúaráðinu reglulega skýrslur, hafa reglulegt samráð við þá og gefa þeim upplýsingar um nánar tiltekin atriði, m.a. um uppsagnir. Mismunandi reglur geta gilt eftir því hvernig atvinnulýðræði er háttað í þeim löndum sem stofnun félagsins snertir.

Reglugerðin öðlast gildi á Evrópska efnahagssvæðinu 8. október 2004. Áformað er að leggja lagafrumvarp varðandi samþykktir fyrir Evrópufélög fyrir Alþingi, 130. löggjafarþing 2003–2004.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 93/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2002 frá 1. febrúar 2002 ([1]).

2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

([1]) Stjtíð. EB L 88, 4.4.2002, bls. 22 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 18, 4.4.2002, bls. 14.
([2]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 10. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2137/85) í XXII. viðauka við samninginn:

„10a. **32001 R 2157:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) (Stjtíð. EB L 91, 31.3.2001, bls. 91).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við I. viðauka við reglugerðina:

„- Ísland:

Hlutafélag;

- Liechtenstein:

die Aktiengesellschaft,

die Kommanditaktiengesellschaft;

- Noregur:

Almennaksjeselskap.“

b) Eftirfarandi bætist við II. viðauka við reglugerðina:

„- Ísland:

Hlutafélag;

Einkahlutafélag,

- Liechtenstein:

die Aktiengesellschaft,

die Kommanditaktiengesellschaft;

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,

- Noregur:

  Almennaksjeselskap,

  Aksjeselskap.“

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 2157/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2157/2001

frá 8. október 2001

um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilkoma innri markaðarins og þær efnahagslegu og félagslegu framfarir sem hann leiðir til í gervöllu bandalaginu hafa ekki einungis í för með sér að ryðja verður úr vegi viðskiptahindrunum heldur einnig að laga verður skipulag framleiðslu að aðstæðum í bandalaginu almennt. Í þessu skyni er það grundvallaratriði að félögum, sem ekki eru bundin við að sinna staðbundnum þörfum eingöngu, sé kleift að gera áætlanir um og endurskipuleggja starfsemi sína á bandalagsvísu.

2) Forsenda fyrir slíkri endurskipulagningu er að félög frá mismunandi aðildarríkjum eigi þess kost að sameina krafta sína með samruna. Slíkt má því aðeins koma til framkvæmda að tekið sé tilhlýðilegt tillit til reglnanna um samkeppni sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

3) Endurskipulagning og samvinna félaga frá mismunandi aðildarríkjum hefur í för með sér vandamál af lagalegum, sálrænum og skattalegum toga. Með samræmingu á félagarétti aðildarríkjanna með tilskipunum sem byggjast á 44. gr. sáttmálans má sigrast á sumum þessara vandamála. Slík samræming leysir hins vegar ekki félög, sem búa við ólík réttarkerfi, undan þeirri kvöð að velja félagsform sem lýtur tilteknum landslögum.

4) Lagarammi viðskipta í bandalaginu byggist enn að stórum hluta á innlendum lögum og er af þeim sökum ekki lengur í samræmi við þann efnahagsramma sem þarf að vera um þróun viðskipta ef markmiðin, sem sett eru fram í 18. gr. sáttmálans, eiga að nást. Slíkt ástand er veruleg hindrun í vegi þess að myndaðir séu hópar félaga frá mismunandi aðildarríkjum.

5) Aðildarríkjum ber skylda til að tryggja að ákvæði, sem gilda um Evrópufélög samkvæmt þessari reglugerð, leiði hvorki til mismununar sökum þess að Evrópufélög fái, með óréttmætum hætti, aðra meðferð en hlutafélög né til þess að settar verði óeðlilegar skorður við myndun Evrópufélags eða flutningi skráðrar skrifstofu þess.

6) Nauðsynlegt er að tryggja eins og frekast er kostur að samsvörun sé milli efnahagslegra og lögformlegra eininga fyrirtækja í bandalaginu. Í þessu skyni skal gera ráðstafanir sem gera kleift að stofna félög, sem eru stofnuð og starfa samkvæmt bandalagsreglugerð sem gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar, samhliða stofnun félaga sem lúta tilteknum landslögum.

7) Ákvæði slíkrar reglugerðar munu gera kleift að stofna og stýra félögum með evrópsku sniði sem eru laus við þær hömlur sem spretta af misræmi og takmörkuðu svæðisbundnu gildissviði félagaréttar einstakra landa.

8) Samþykktir fyrir evrópsk hlutafélög (sem hér á eftir eru nefnd „Evrópufélög") eru meðal þeirra ráðstafana sem ráðið átti að gera fyrir 1992 samkvæmt hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um tilkomu innri markaðarins en fundur leiðtogaráðsins, sem kom saman í Mílanó í júní 1985, samþykkti hana. Fundur leiðtogaráðsins,

---

([1]) Stjtíð. EB C 263, 16.10.1989, bls. 41 og Stjtíð. EB C 176, 8.7.1991, bls. 1.

([2]) Álit frá 4. september 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([3]) Stjtíð. EB C 124, 21.5.1990, bls. 34.

sem kom saman í Brussel 1987, setti fram þá ósk að slíkar samþykktir yrðu fljótt að veruleika.

9) Verulega hefur miðað áleiðis við samræmingu innlends félagaréttar eftir að framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu að reglugerð um samþykktir hlutafélaga árið 1970, sem var breytt árið 1975, og má því styðjast við löggjöf um hlutafélög í því aðildarríki þar sem skráð skrifstofa viðkomandi Evrópufélags hefur aðsetur, að því er varðar þau atriði í starfsemi þess sem ekki krefjast samræmdra reglna bandalagsins.

10) Ef höfuðmarkmið þeirra lagareglna, sem gilda um Evrópufélög, eiga að nást er nauðsynlegt, með fyrirvara um hvers konar efnahagslegar þarfir sem kunna að verða til í framtíðinni, að unnt sé a.m.k. að stofna slík félög, bæði til þess að gera félögum í mismunandi aðildarríkjum kleift að sameinast eða stofna eignarhaldsfélög og til þess að gera félögum og öðrum lögaðilum, sem stunda atvinnustarfsemi og starfa á grundvelli laga mismunandi aðildarríkja, kleift að mynda sameiginleg dótturfyrirtæki.

11) Á sama hátt á hlutafélag með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu innan bandalagsins að geta breyst í Evrópufélag án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, svo fremi að félagið eigi dótturfyrirtæki í öðru aðildarríki en því þar sem skráð skrifstofa þess er.

12) Innlend ákvæði um hlutafélög, sem bjóða almenningi verðbréf sín til kaups og um verðbréfaviðskipti, skulu einnig gilda um Evrópufélög sem eru stofnuð með því að bjóða verðbréf út á almennum markaði og um Evrópufélög sem óska eftir að nýta sér slík fjármálaskjöl.

13) Evrópufélagið sjálft verður að vera í hlutafélagsformi enda er það formið sem best fellur að þörfum félaga sem starfa á bandalagsvísu, bæði að því er varðar fjármögnun og stjórnun. Til að tryggja að slík félög séu hæfilega stór skal ákveða tiltekna lágmarksfjárhæð þannig að nægilega miklar eignir séu fyrir hendi án þess þó að litlum og meðalstórum fyrirtækjum sé gert erfitt um vik að stofna Evrópufélög.

14) Evrópufélag skal vera undir skilvirkri stjórn og viðeigandi eftirliti. Hafa ber í huga að nú eru við lýði tvenns konar stjórnkerfi fyrir hlutafélög í bandalaginu. Þótt Evrópufélagi eigi að vera frjálst að velja milli kerfanna tveggja ber að greina með skýrum hætti á milli verksviðs þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun og hinna sem bera ábyrgð á eftirliti.

15) Ráði fyrirtæki yfir öðru fyrirtæki sem býr við annað réttarkerfi skulu, samkvæmt reglum, m.a. meginreglum, alþjóðlegs einkamálaréttar, lög þau, sem gilda um undirfyrirtækið, gilda um þau réttindi og skyldur hins ráðandi fyrirtækis sem af þessum reglum leiðir að því er varðar vernd minnihluta hluthafa og þriðju aðila sbr. þó skuldbindingar ráðandi fyrirtækisins samkvæmt lögum í landi þess, t.d. kröfur um að útbúa samstæðureikninga.

16) Með fyrirvara um afleiðingar hugsanlegrar, síðari samræmingar á lögum aðildarríkjanna er ekki þörf, eins og sakir standa, á sérstökum reglum um Evrópufélög á þessu sviði. Af þessum sökum ber að beita reglum, m.a. meginreglum alþjóðlegs einkamálaréttar, hvort sem Evrópufélag fer með yfirráð yfir öðru félagi eða lýtur yfirráðum þess.

17) Tilgreina ber þær reglur sem gilda þegar Evrópufélag lýtur yfirráðum annars fyrirtækis og vísa í því sambandi til gildandi laga þess aðildarríkis um hlutafélög þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

18) Hverju aðildarríki skal gert að beita hlutafélögum, sem heyra undir lögsögu þess, viðeigandi viðurlögum þegar um er að ræða brot á þessari reglugerð.

19) Í tilskipun 2001/86/EB ([1]) er mælt fyrir um reglur um aðild starfsmanna að Evrópufélögum og koma þau ákvæði til fyllingar þessari reglugerð, eru óaðskiljanleg viðbót við hana og skal beitt samhliða henni.

20) Þessi reglugerð tekur ekki til laga á öðrum sviðum svo sem skattalaga, samkeppnislaga, hugverkaréttar eða gjaldþrotalaga. Ákvæði í lögum aðildarríkjanna og bandalagsins gilda því á framangreindum sviðum og á öðrum sviðum sem þessi reglugerð tekur ekki til.

21) Tilskipun 2001/86/EB er ætlað að tryggja rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðun-

---

([1]) Sjá bls. 22 í þessu hefti Stjtíð. EB

um sem snerta starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá. Um önnur málefni, sem varða félagsmála- og vinnulöggjöf, einkum um rétt starfsmanna, samkvæmt reglum aðildarríkjanna, til upplýsinga og samráðs, fer að viðeigandi, innlendum ákvæðum sem gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög.

22) Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar svo að hverju aðildarríki gefist ráðrúm til að taka ákvæði tilskipunar 2001/86/EB upp í landslög og koma fyrirfram upp því kerfi sem þarf til að stofna megi og reka Evrópufélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess, þannig að unnt sé að beita reglugerðinni og tilskipuninni samhliða.

23) Veita ber félagi, sem hefur aðalskrifstofu utan bandalagsins, leyfi til að taka þátt í stofnun Evrópufélags, að því tilskildu að það sé stofnað samkvæmt lögum aðildarríkis, að skráð skrifstofa þess sé í viðkomandi aðildarríki og það hafi raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf aðildarríkis samkvæmt viðurkenndum meginreglum almennrar áætlunar um afnám hafta á staðfesturétti frá 1962. Einkum teljast slík tengsl vera fyrir hendi ef félagið hefur starfsstöð í viðkomandi aðildarríki og stýrir rekstri starfsemi sinnar þaðan.

24) Gera ber Evrópufélagi kleift að flytja skráða skrifstofu sína til annars aðildarríkis. Gæta ber hagsmuna minnihluta hluthafa, sem leggjast gegn flutningnum, lánardrottna og annarra rétthafa með fullnægjandi og sanngjörnum hætti. Slíkur flutningur má ekki hafa áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir flutninginn.

25) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á nein þau ákvæði sem kunna að verða felld inn í Brusselsamþykktina frá 1968 eða í aðra texta sem aðildarríkin eða ráðið hafa samþykkt í hennar stað varðandi reglur um lögsögu sem gilda þegar skráð skrifstofa hlutafélags flyst frá einu aðildarríki til annars.

26) Starfsemi fjármálastofnana lýtur reglum samkvæmt sértilskipunum og ákvæði landslaga, sem eru sett til framkvæmdar slíkum tilskipunum og innlendar viðbótarreglur um slíka starfsemi, gilda að fullu um Evrópufélög.

27) Þar eð Evrópufélög eru sérkennandi fyrir bandalagið hafa ákvæði þessarar reglugerðar um raunverulegt aðsetur Evrópufélaga hvorki áhrif á lög aðildarríkjanna né forgang fram yfir aðrar heimildir bandalagsins um félagarétt sem hugsanlega þarf að velja um.

28) Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir til að samþykkja þessa reglugerð en þær sem um getur í 308. gr.

29) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð markmiðum fyrirhugaðra aðgerða, sem raktar eru hér að framan, og þar sem verið er að koma á evrópskum hlutafélögum á evrópskum vettvangi og markmiðin nást þess vegna betur á vettvangi bandalagsins sökum stærðar og umfangs slíkra félaga er bandalaginu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna í umræddri grein gengur þessi reglugerð ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

1. Stofna má félag á yfirráðasvæði bandalagsins, í formi evrópsks hlutafélags, (*Societas Europaea*) þ.e. Evrópufélags, með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Hlutafé Evrópufélags skal skiptast í hluti. Enginn hluthafi skal vera ábyrgur fyrir hærri fjárhæð en hann er skráður fyrir.

3. Evrópufélag skal hafa réttarstöðu lögaðila.

4. Um aðild starfsmanna að Evrópufélagi gilda ákvæði tilskipunar 2001/86/EB.

2. gr.

1. Hlutafélögum, eins og þeim sem um getur í I. viðauka, sem stofnuð hafa verið samkvæmt lögum aðildarríkis með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan bandalagsins, er heimilt að stofna Evrópufélög með samruna að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra heyri undir lögsögu mismunandi aðildarríkja.

2. Hlutafélögum og einkahlutafélögum, eins og þeim sem um getur í II. viðauka, sem stofnuð hafa verið samkvæmt lögum aðildarríkis, með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan bandalagsins, er heimilt að standa að stofnun Evrópufélags sem er

eignarhaldsfélag, að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra:

a) heyri undir lög mismunandi aðildarríkja, eða

b) hafi í a.m.k. tvö ár átt dótturfyrirtæki, sem heyrir undir lög annars aðildarríkis, eða útibú í öðru aðildarríki.

3. Félögum og fyrirtækjum í skilningi 2. mgr. 48. gr. sáttmálans og öðrum lögaðilum, sem lúta opinberum rétti eða einkarétti og stofnaðir hafa verið samkvæmt lögum aðildarríkis og eru með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan bandalagsins, er heimilt að stofna dótturfyrirtæki Evrópufélags með því að skrá sig fyrir hlutum þess að því tilskildu, að a.m.k. tvö þeirra:

a) heyri undir lög mismunandi aðildarríkja, eða

b) hafi í a.m.k. tvö ár átt dótturfyrirtæki, sem heyrir undir lög annars aðildarríkis, eða útibú í öðru aðildarríki.

4. Breyta má hlutafélagi, sem stofnað hefur verið samkvæmt lögum aðildarríkis og með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan bandalagsins, í Evrópufélag hafi það í a.m.k. tvö ár átt dótturfyrirtæki sem heyrir undir lög annars aðildarríkis,.

5. Aðildarríki getur kveðið á um að félagi, sem hefur aðalskrifstofu utan bandalagsins, skuli heimilt að taka þátt í stofnun Evrópufélags, að því tilskildu að það sé stofnað samkvæmt lögum aðildarríkis, að skráð skrifstofa þess sé í viðkomandi aðildarríki og það hafi raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf aðildarríkis.

3. gr.

1. Að því er varðar 1., 2. og 3. mgr. 2. gr. skal litið á Evrópufélag sem hlutafélag sem heyrir undir lög þess aðildarríkis þar sem það hefur skráða skrifstofu.

2. Evrópufélag getur fyrir sitt leyti stofnað dótturfyrirtæki, eitt eða fleiri, með Evrópufélagssniði. Þau ákvæði í lögum aðildarríkisins þar sem dótturfyrirtæki Evrópufélags er með skráða skrifstofu, sem krefjast þess að hluthafar í hlutafélagi séu fleiri en einn, gilda ekki um dótturfyrirtæki Evrópufélaga. Ákvæði í landslögum um framkvæmd tólftu tilskipunar ráðsins (89/667/EBE) frá 21. desember 1989 um einkahlutafélög eins aðila ([1]) skulu gilda um Evrópufélög að breyttu breytanda.

4. gr.

1. Hlutafé Evrópufélags skal gefið upp í evrum.

2. Skráð hlutafé skal vera minnst 120 000 evrur.

3. Krefjist lög aðildarríkis að skráð hlutafé félaga, sem sinna tilteknum tegundum starfsemi, sé hærri fjárhæð skulu þau lög gilda um Evrópufélög með skráðar skrifstofur í því aðildarríki.

5. gr.

Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 4. gr. skulu þau ákvæði, sem gilda um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er skráð, gilda um hlutafé Evrópufélags, viðhald þess og breytingar á því, ásamt hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum svipuðum verðbréfum.

6. gr.

Í þessari reglugerð merkir „samþykktir Evrópufélagsins“ hvort tveggja stofnsamningur og sjálfar samþykktir Evrópufélagsins þegar þær eru efni sérstaks skjals.

7. gr.

Skráð skrifstofa Evrópufélags skal vera innan bandalagsins og í sama aðildarríki og aðalskrifstofa þess. Auk þess getur aðildarríki lagt þá skyldu á herðar Evrópufélögum, sem eru skráð á yfirráðasvæði þess, að þau staðsetji aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu á sama stað.

8. gr.

1. Flytja má skráða skrifstofu Evrópufélags til annars aðildarríkis í samræmi við 2. til 13. mgr. Slíkur flutningur skal ekki hafa í för með sér slit Evrópufélagsins eða tilurð nýs lögaðila.

2. Framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins skal semja tillögu um flutning og birta hana í samræmi við 13. gr. án þess þó að það hafi áhrif á önnur form birtingar sem aðildarríkið, þar sem skráða skrifstofan hefur aðsetur, kann að kveða á um til viðbótar. Í tillögunni skulu koma fram gildandi heiti, skráð skrif-

([1]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

stofa og númer Evrópufélagsins og skal hún ná yfir eftirtalin atriði:

a) fyrirhugaða skráða skrifstofu Evrópufélagsins;

b) fyrirhugaðar samþykktir Evrópufélagsins, þ.m.t., þar sem við á, nýtt heiti þess;

c) þau áhrif sem flutningurinn kann að hafa á aðild starfsmanna að málum félagsins;

d) fyrirhugaða tímaáætlun um flutninginn;

e) hvers konar réttindi sem eiga að tryggja vernd hluthafa og/eða lánardrottna.

3. Framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins skal taka saman skýrslu þar sem lagalegir og efnahagslegir þættir flutningsins eru skýrðir og rökstuddir og skýrðar afleiðingar flutningsins fyrir hluthafa, lánardrottna og starfsmenn.

4. Hluthafar og lánardrottnar Evrópufélags skulu eiga rétt á því að skoða flutningstillöguna og skýrsluna, sem tekin er saman skv. 3. mgr., á skráðri skrifstofu Evrópufélagsins minnst einum mánuði fyrir hluthafafundinn, sem er boðaður til að taka ákvörðun um flutninginn, og að fá afrit af þeim skjölum endurgjaldslaust.

5. Ef Evrópufélög eru skráð á yfirráðasvæði aðildarríkis, er því heimilt að samþykkja ákvæði í því skyni að tryggja viðeigandi vernd minnihluta hluthafa sem leggjast gegn flutningnum.

6. Ekki má ákveða flutning í tvo mánuði eftir að tillagan hefur verið birt. Slík ákvörðun skal tekin eins og mælt er fyrir um í 59. gr.

7. Áður en lögbært yfirvald gefur út vottorðið, sem um getur í 8. mgr., skal Evrópufélagið sýna því fram á, að því er varðar skuldir sem verða til fyrir birtingu flutningstillögunnar, að hagsmuna lánardrottna og annarra rétthafa að því er varðar Evrópufélagið (þ.m.t. opinberra aðila) hafi verið gætt með fullnægjandi hætti í samræmi við kröfur aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu fyrir flutninginn.

Aðildarríki er heimilt að rýmka gildissvið fyrstu undirgreinar þannig að hún taki einnig til skulda sem verða til (eða kunna að verða til) fyrir flutninginn.

Fyrsta og önnur undirgrein skulu ekki hafa áhrif á það hvernig innlendri löggjöf aðildarríkja um lúkningu skulda eða tryggingu greiðslna til opinberra aðila er beitt gagnvart Evrópufélögum.

8. Dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið hefur skráða skrifstofu, skal gefa út vottorð sem staðfestir að gerð gerninga og formsatriða, sem krafist er fyrir flutninginn, sé lokið.

9. Nýja skráningin má ekki koma til framkvæmda fyrr en vottorðið, sem um getur í 8. mgr., hefur verið lagt fram ásamt gögnum sem sanna að formsatriðum, sem krafist er við skráningu í landinu þar sem nýja skráða skrifstofan er, hafi verið fullnægt.

10. Flutningur skráðrar skrifstofu Evrópufélags, ásamt meðfylgjandi breytingum á samþykktum þess, öðlast gildi þann dag sem Evrópufélagið er, í samræmi við 12. gr., skráð á skrá hinnar nýju, skráðu skrifstofu.

11. Að lokinni nýrri skráningu Evrópufélagsins skal skráningarskrifstofa hinnar nýju skráðu skrifstofu tilkynna það skráningarskrifstofu hinnar fyrri skráðu skrifstofu. Afskrá skal félagið úr eldri skránni þegar framangreind tilkynning hefur borist en eigi fyrr.

12. Í samræmi við 13. gr. skal birta nýju skráninguna og afskráningu úr gömlu skránni í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

13. Er ný skráning Evrópufélags hefur verið birt má byggja rétt á því gagnvart þriðja aðila að skráð skrifstofa félagsins sé hin nýja skráða skrifstofa. Meðan afskráning af skrá hinnar fyrri skráðu skrifstofu hefur ekki verið birt getur þriðji aðili þó enn borið það fyrir sig að skráð skrifstofa þess sé hin fyrri skráða skrifstofa nema félagið sanni að honum hafi verið kunnugt um nýju skráðu skrifstofuna.

14. Í lögum aðildarríkis má kveða svo á að flutningur skráðrar skrifstofu, sem leiða myndi til breytingar á því hvaða lög gilda, öðlist ekki gildi gagnvart Evrópufélagi sem skráð er í því aðildarríki ef því er mótmælt af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu innan þess tveggja mánaða frests sem um getur í 6. mgr. Slík andmæli verða aðeins sett fram á þeim forsendum að það varði hagsmuni almennings.

Ef Evrópufélag er undir eftirliti innlends fjármálaeftirlits samkvæmt tilskipunum bandalagsins skal það yfirvald einnig hafa rétt til þess að mótmæla flutningi skráðrar skrifstofu félagsins.

Gefa skal kost á dómsmeðferð fyrir rétti.

15. Evrópufélagi skal óheimilt að flytja skráða skrifstofu sína hafi mál verið hafið á hendur því til félagsslita, skiptameðferðar, gjaldþrotaskipta, greiðslustöðvunar eða annarrar ámóta meðferðar.

16. Hafi Evrópufélag flutt skráða skrifstofu sína til annars aðildarríkis skal eigi að síður litið svo á, að því er varðar mál sem eiga upptök fyrir flutninginn sem er skilgreindur í 10. gr., að skráð skrifstofa þess sé í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið var skráð fyrir flutninginn, eins þótt kæran á hendur Evrópufélaginu sé lögð fram eftir flutninginn.

9. gr.

1. Eftirtalin ákvæði skulu gilda um Evrópufélög:

a) ákvæði þessarar reglugerðar,

b) ákvæði samþykkta þeirra ef bein heimild er fyrir því í þessari reglugerð,

eða

c) þegar um er að ræða málefni sem reglugerð þessi gildir ekki um eða ekki nema að hluta til skulu eftirtalin ákvæði gilda um þá þætti sem reglugerð þessi tekur ekki til:

i) ákvæði laga sem aðildarríkin samþykkja um framkvæmd þeirra ráðstafana bandalagsins sem varða Evrópufélög sérstaklega;

ii) þau ákvæði í lögum aðildarríkjanna sem gilda mundu um hlutafélag sem stofnað væri í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu;

iii) ákvæði í samþykktum Evrópufélagsins, á sama hátt og ætti við um hlutafélag sem stofnað væri í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

2. Ákvæði laga, sem aðildarríkin samþykkja um Evrópufélög sérstaklega, skulu vera í samræmi við tilskipanir sem gilda um hlutafélög sem um getur í I. viðauka.

3. Ef sérstök ákvæði í landslögum gilda um starfsemi af því tagi sem Evrópufélag sinnir skulu þau ákvæði gilda að fullu um Evrópufélagið.

10. gr.

Sé ekki kveðið á um annað í þessari reglugerð skal um Evrópufélag fara í öllum aðildarríkjunum eins og um hlutafélag væri að ræða sem hefur verið stofnað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu.

11. gr.

1. Bæta skal skammstöfuninni SE framan við eða aftan við heiti Evrópufélags.

2. Einungis Evrópufélög mega nota skammstöfunina SE í heiti sínu.

3. Engu að síður skal félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum, sem hafa verið skráð í aðildarríki áður en reglugerð þessi kemur til framkvæmda og hafa skammstöfunina SE í heiti sínu, ekki gert að breyta því.

12. gr.

1. Sérhvert Evrópufélag skal skráð í því aðildarríki þar sem það er með skráða skrifstofu, í skrá sem er tilgreind í lögum þess aðildarríkis í samræmi við 3. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins (68/151/EBE) frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([1]).

2. Óheimilt er að skrá Evrópufélag, nema því aðeins að tekist hafi samkomulag um tilhögun á aðild starfsmanna að félaginu skv. 4. gr. tilskipunar 2001/86/EB eða tekin hafi verið ákvörðun skv. 6. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar eða að frestur til samningaviðræðna skv. 5. gr. sömu tilskipunar hafi runnið út án þess að samkomulag hafi náðst.

3. Til að unnt sé að skrá Evrópufélag í aðildarríki sem hefur nýtt sér þann kost sem um getur í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2001/86/EB verður annaðhvort að hafa náðst samkomulag skv. 4. gr. tilskipunarinnar um tilhögun á aðild starfsmanna, þ.m.t. um þátttöku þeirra, eða ekkert þátttökufélag má hafa heyrt undir reglur um þátttöku fyrir skráningu Evrópufélagsins.

4. Samþykktir Evrópufélags mega aldrei stríða gegn þeirri tilhögun á aðild starfsmanna sem þannig hefur

([1]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

verið ákveðin. Stríði nýtt fyrirkomulag, sem er ákvarðað samkvæmt framangreindri tilskipun, gegn gildandi samþykktum skal breyta samþykktunum eins og þörf krefur.

Þegar þannig stendur á má kveða svo á í lögum aðildarríkis að framkvæmdastjórn eða stjórn Evrópufélagsins megi breyta samþykktunum án frekari ákvarðana hluthafafundar.

13. gr.

Birta skal þau skjöl og upplýsingar um Evrópufélag, sem birta skal samkvæmt reglugerð þessari, með þeim hætti sem mælt fyrir um í lögum þess aðildarríkis þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu í samræmi við tilskipun 68/151/EBE.

14. gr.

1. Birta skal tilkynningu um skráningu Evrópufélags og afskráningu þess í upplýsingaskyni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* eftir birtingu í samræmi við 13. gr. Í þeirri tilkynningu skulu koma fram heiti, skráningarnúmer, skráningardagur og skráningarstaður Evrópufélagsins, útgáfudagur, útgáfustaður og titill birtingarrits, skráð skrifstofa Evrópufélagsins og starfssvið.

2. Ef skráð skrifstofa Evrópufélags flyst í samræmi við 8. gr. skal birta um það tilkynningu með þeim upplýsingum, sem kveðið er á um 1. mgr., ásamt upplýsingum um nýju skráninguna.

3. Upplýsingar þær, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna innan eins mánaðar frá þeirri birtingu sem um getur í 13. gr.

II. BÁLKUR

STOFNUN

1. þáttur

Almenn ákvæði

15. gr.

1. Sé ekki kveðið á um annað í reglugerð þessari skal stofnun Evrópufélags heyra undir lög um hlutafélög sem gilda í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið kemur á fót skráðri skrifstofu.

2. Skráning Evrópufélags skal tilkynnt í samræmi við 13. gr.

16. gr.

1. Evrópufélag skal öðlast réttarstöðu lögaðila daginn sem það er skráð í skrána sem um getur í 12. gr.

2. Ef löggerningur er gerður í nafni Evrópufélags fyrir skráningu þess skv. 12. gr. en það gengst eftir skráninguna ekki við skuldbindingum, sem eiga rætur að rekja til þessa gernings, bera þeir einstaklingar, félög, fyrirtæki eða aðrir lögaðilar, sem gerðu gerninginn, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á efndum enda hafi ekki um annað samist.

2. þáttur

Stofnun með samruna

17. gr.

1. Heimilt er að stofna Evrópufélög með samruna í samræmi við 1. mgr. 2. gr.

2. Slíkan samruna má framkvæma í samræmi við:

a) málsmeðferð um samruna með yfirtöku sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. þriðju tilskipunar ráðsins (78/855/EBE) frá 9. október 1978 um samruna almenningshlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans ([1]) eða

b) málsmeðferð um samruna með stofnun nýs félags sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. téðrar tilskipunar.

Þegar um er að ræða samruna með yfirtöku skal yfirtökufélagið taka á sig form Evrópufélags við samrunann. Þegar um er að ræða samruna með stofnun nýs félags er hið nýstofnaða félag Evrópufélagið.

18. gr.

Að því er varðar málefni, sem þessi þáttur gildir ekki um, eða ef hann gildir einungis að hluta til um eitthvert málefni, að því er varðar þau atriði þess málefnis sem þessi þáttur gildir ekki um, skal hvert það félag, sem hlut á að stofnun Evrópufélags með samruna, lúta ákvæðum um samruna hlutafélaga í lögum þess aðildarríkis, sem fer með lögsögu í málum þess, í samræmi við tilskipun 78/855/EBE.

19. gr.

Í lögum aðildarríkis má kveða svo á að félagi, sem lýtur lögum þess aðildarríkis, sé ekki heimilt að taka

---

([1]) Stjtíð. EB L 295, 20.10.1978, bls. 36. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

þátt í stofnun Evrópufélags með samruna ef því er mótmælt af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu áður en vottorðið, sem um getur í 2. mgr. 25. gr., er gefið út.

Slík mótmæli verða aðeins sett fram á þeim forsendum að almannahagur krefjist. Gefa skal kost á dómsmeðferð fyrir rétti.

20. gr.

1. Framkvæmdastjórnir eða stjórnir samrunafélaganna skulu semja samrunaáætlun. Í samrunaáætluninni skal eftirfarandi tilgreint:

a) heiti og skráð skrifstofa hvers samrunafélaganna auk fyrirhugaðs heitis og skráðrar skrifstofu Evrópufélags;

b) skiptihlutfall hluta og fjárhæð jöfnunargreiðslu;

c) skilmálar varðandi úthlutun hluta í Evrópufélaginu;

d) frá hvaða degi réttur eigenda hluta í Evrópufélaginu til hlutdeildar í hagnaði myndast og sérstök skilyrði varðandi þann rétt;

e) frá hvaða degi viðskipti samrunafélaganna skuli færð í bókhaldi sem viðskipti Evrópufélagsins;

f) hvaða réttindi Evrópufélagið veitir eigendum þeirra hluta sem sérstök réttindi fylgja og eigendum annarra verðbréfa en hlutabréfa eða hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar í því sambandi;

g) hvaða sérstöku kjör, ef um slíkt er að ræða, bjóðast þeim sérfræðingum sem skoða samrunaáætlunina eða þeim sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn samrunafélaganna;

h) samþykktir Evrópufélagsins;

i) upplýsingar um málsmeðferð við ákvörðun tilhögunar á aðild starfsmanna samkvæmt tilskipun 2001/86/EB.

2. Samrunafélögin geta tilgreint fleiri atriði í samrunaáætluninni.

21. gr.

Að því er varðar hvert og eitt af samrunafélögunum og með fyrirvara um viðbótarkröfur af hálfu aðildarríkisins sem fer með lögsögu í málefnum hlutaðeigandi félags skal birta upplýsingar um eftirfarandi í lögbirtingablaði þess aðildarríkis:

a) tegund, heiti og skráða skrifstofu hvers samrunafélags;

b) skrána þar sem skjölin, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, eru skráð fyrir hvert samrunafélaganna og númer hverrar færslu í þeirri skrá;

c) upplýsingar um til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í samræmi við 24. gr. til að lánardrottnar viðkomandi félags geti sótt réttindi sín og heimilisfangið þar sem fá má allar upplýsingar um þær ráðstafanir, án endurgjalds;

d) upplýsingar um til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í samræmi við 24. gr. til að minnihluta hluthafar í viðkomandi félagi geti sótt réttindi sín og heimilisfangið þar sem fá má allar upplýsingar um þær ráðstafanir, án endurgjalds;

e) heiti og skráða skrifstofu sem fyrirhuguð eru fyrir Evrópufélagið.

22. gr.

Í stað sérfræðinga, sem starfa fyrir hönd hvers samrunafélags, er hugsanlegt að einn eða fleiri óháðir sérfræðingar, í skilningi 10. gr. tilskipunar 78/855/EBE, sem yfirvald á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í einhverju aðildarríki samrunafélaganna eða fyrirhugaðs Evrópufélags tilnefnir í því skyni að sameiginlegri beiðni allra félaganna, skoði samrunaáætlunina og gefi öllum hluthöfum eina, sameiginlega skýrslu.

Sérfræðingarnir skulu eiga rétt á að fá aðgang að öllum þeim upplýsingum frá hverju samrunafélagi sem þeir telja þörf á til að geta rækt starf sitt.

23. gr.

1. Hluthafafundur í hverju samrunafélagi skal samþykkja samrunaáætlunina.

2. Tilhögun á aðild starfsmanna að Evrópufélaginu skal ákvörðuð í samræmi við tilskipun 2001/86/EB. Hluthafafundur hvers félags, sem tekur þátt í samrunanum, getur áskilið sér rétt til að binda skráningu Evrópufélagsins því skilyrði að tilhögun sú, sem þannig er ákveðin, sé staðfest með skýlausum hætti.

24. gr.

1. Að teknu tilliti til þess að samruninn nær yfir landamæri skulu lög aðildarríkjanna, sem hvert samrunafélag fellur undir, gilda eins og um samruna

hlutafélaga væri að ræða, að því er varðar gæslu hagsmuna eftirtalinna aðila:

a) lánardrottna samrunafélaganna;

b) eigenda skuldabréfa samrunafélaganna;

c) eigenda verðbréfa, annarra en hlutabréfa, sem veita sérstök réttindi í samrunafélögunum.

2. Aðildarríki er heimilt, að því er varðar samrunafélög sem lúta lögum þess, að samþykkja ákvæði í því skyni að vernda með viðeigandi hætti minnihluta hluthafa sem leggst gegn samrunanum.

25. gr

1. Grannskoða skal hvort samruninn sé lögmætur, að því er varðar þá þætti málsmeðferðarinnar sem snerta hvert samrunafélag, í samræmi við lög um samruna hlutafélaga í aðildarríkinu sem fer með lögsögu í málefnum samrunafélagsins.

2. Í hverju hlutaðeigandi aðildarríki skal dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald gefa út vottorð til endanlegrar staðfestingar á því að lokið sé öllum viðeigandi gerningum og formsatriðum fyrir samrunann.

3. Ef kveðið er á um málsmeðferð í lögum aðildarríkis, sem fer með lögsögu í málum samrunafélags, um hvernig standa beri að athugun og breytingum á skiptihlutfalli hluta eða um jöfnunargreiðslur til minnihluta hluthafa, án þess að komið sé í veg fyrir skráningu samrunans, skal því aðeins beita slíkri málsmeðferð að hin samrunafélögin í aðildarríkjum, þar sem ekki er kveðið á um slíka málsmeðferð, gefi ótvírætt til kynna, um leið og þau samþykkja samrunaáætlunina í samræmi við 1. mgr. 23. gr., að þau séu því samþykk að hluthafar þess samrunafélags geti nýtt sér slíka málsmeðferð. Í slíkum tilvikum getur dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald gefið út vottorðið, sem um getur í 2. mgr., jafnvel þótt slík málsmeðferð sé hafin. Í vottorðinu skal þó koma fram að málsmeðferðinni sé ekki lokið. Ákvörðun sú, sem er niðurstaða málsmeðferðarinnar, skal vera bindandi fyrir yfirtökufélagið og alla hluthafa þess.

26. gr.

1. Lögmæti samrunans, að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem snertir framkvæmd samrunans og stofnun Evrópufélagsins, skal grannskoðað af dómstóli, lögbókanda eða öðru því yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem fyrirhugað er að skráð skrifstofa Evrópufélagsins verði, sem er til þess bært að grannskoða lögmæti samruna hlutafélaga með tilliti til þess þáttar.

2. Í þessu skyni skal hvert samrunafélag senda lögbæra yfirvaldinu vottorðið, sem um getur í 2. mgr. 25. gr., innan sex mánaða frá því að það er gefið út ásamt afriti af samrunaáætluninni sem viðkomandi félag hefur samþykkt.

3. Einkum skal yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., sjá til þess að samrunafélögin hafi samþykkt samrunaáætlun með sama orðalagi og að tilhögun á aðild starfsmanna hafi verið ákveðin samkvæmt tilskipun 2001/86/EB.

4. Sama yfirvald skal jafnframt ganga úr skugga um að Evrópufélagið hafi verið stofnað í samræmi við kröfur í lögum aðildarríkisins þar sem það er með skráða skrifstofu í samræmi við 15. gr.

27. gr.

1. Samruni félaga og stofnun Evrópufélags sem honum er samfara skulu koma til framkvæmda daginn sem Evrópufélagið er skráð í samræmi við 12. gr.

2. Evrópufélagið skal ekki skráð fyrr en að fullnægðum formsatriðum sem um getur í 25. og 26. gr.

28. gr.

Fyrir hvert samrunafélag skal birta tilkynningu um samrunann eins og mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE.

29. gr.

1. Samruni, sem er framkvæmdur eins og mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 17. gr., hefur eftirfarandi réttaráhrif sem verða samtímis:

a) allar eignir og skuldir hvers félags, sem tekið er yfir, færast til yfirtökufélagsins;

b) hluthafar félagsins, sem tekið er yfir, verða hluthafar í yfirtökufélaginu;

c) félagið, sem tekið er yfir, hættir að vera til;

d) yfirtökufélagið verður Evrópufélag að formi til.

2. Samruni, sem er framkvæmdur eins og mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 17. gr., hefur eftirfarandi réttaráhrif sem verða samtímis:

a) allar eignir og skuldir samrunafélaganna færast til Evrópufélagsins;

b) hluthafar samrunafélaganna verða hluthafar í Evrópufélaginu;

c) samrunafélögin hætta að vera til.

3. Þegar um er að ræða samruna hlutafélaga og lög aðildarríkis kveða á um að fullnægja þurfi tilteknum formsatriðum til að yfirfærsla tiltekinna eigna, réttinda eða skuldbindinga af hálfu samrunafélaganna teljist gild gagnvart þriðja aðila skulu þau formsatriði eiga við og þeim skal fullnægt annaðhvort af samrunafélögunum eða Evrópufélaginu þegar það hefur verið skráð.

4. Réttindi og skyldur þátttökufélaga, að því er varðar ráðningarskilmála sem leiðir af landslögum, venju og einstökum ráðningarsamningum eða ráðningarsamböndum og eru í gildi þegar skráningin fer fram, skulu færast til Evrópufélagsins við skráningu þess.

30. gr.

Ekki er heimilt að lýsa samruna, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr., ógildan eftir að Evrópufélagið hefur verið skráð.

Hafi lögmæti samrunans ekki verið grannskoðað, skv. 25. og 26. gr., getur það talist meðal gildra ástæðna til slita á Evrópufélagi.

31. gr.

1. Í þeim tilvikum þegar samruni í skilningi a-liðar 2. mgr. 17. gr. verður fyrir tilverknað félags sem á öll hlutabréf og önnur verðbréf sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum annars félags skulu hvorki b-, c- eða d- liðir 1. mgr. 20. gr. né b- liður 1. mgr. 29. gr. né 22. gr. gilda. Landslög, sem hvert samrunafélag heyrir undir, svo og landslög um samruna hlutafélaga í samræmi við 24. gr. tilskipunar 78/855/EBE skulu eigi að síður gilda.

2. Í þeim tilvikum að samruni með yfirtöku verður fyrir tilverknað félags sem á minnst 90% en ekki öll hlutabréf og önnur verðbréf sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum annars félags skal einungis fara fram á skýrslur frá framkvæmdastjórn eða stjórn eða skýrslur frá óháðum sérfræðingi eða sérfræðingum og skjöl sem nauðsynleg eru til að grannskoða lögmæti samrunans, að því marki sem kveðið er á um slíkt í landslögum þeim sem yfirtökufélagið eða félagið, sem tekið er yfir, heyrir undir.

Aðildarríkjum er hins vegar heimilt að kveða á um að þessi málsgrein geti átt við um félag, sem á hlutabréf sem veita því 90% atkvæðisréttar eða meira en þó ekki allan atkvæðisréttinn.

3. þáttur

Stofnun Evrópufélags sem er eignarhaldsfélag

32. gr.

1. Stofna má Evrópufélag, sem er eignarhaldsfélag, í samræmi við 2. mgr. 2. gr.

Félag, sem stendur að stofnun Evrópufélags sem er eignarhaldsfélag, í samræmi við 2. mgr. 2. gr., skal halda áfram að vera til.

2. Framkvæmdastjórn eða stjórn félaganna, sem standa að stofnuninni, skulu semja áætlun, með sama orðalagi, um stofnun Evrópufélags sem er eignarhaldsfélag. Áætlunin skal innihalda skýrslu sem skýrir og rökstyður lagalega og efnahagslega þætti stofnunar félagsins og gerir grein fyrir þeim afleiðingum sem Evrópufélagsform þess hefur fyrir hluthafa og starfsmenn. Enn fremur skulu koma fram í áætluninni upplýsingar þær sem kveðið er á um í a-, b-, c-, f-, g-, h- og i- liðum 1. mgr. 20. gr. og þar skal fastsetja það lágmarkshlutfall hluta í hverju félagi, sem stendur að stofnuninni, sem hluthöfum ber að leggja fram sem stofnframlag til Evrópufélagsins, sem er eignarhaldsfélag. Það hlutfall hluta skal veita meira en 50% varanlegs atkvæðisréttar.

3. Að því er varðar hvert og eitt félaganna sem standa að stofnuninni skal birta áætlunina um stofnun Evrópufélagsins, sem er eignarhaldsfélag, á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, minnst einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um stofnun félagsins.

4. Áætlun um stofnun félagsins, sem samin hefur verið í samræmi við 2. mgr., skal athuguð af einum eða fleiri sérfræðingum, sem eru óháðir félögunum sem standa að stofnuninni og hafa verið tilnefndir eða samþykktir af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu sem fer með lögsögu í málum hvers félags í samræmi við innlend ákvæði sem hafa verið samþykkt til að framkvæma tilskipun 78/855/EBE, og skulu þeir gefa hluthöfum hvers félags skriflega skýrslu. Samkvæmt samkomulagi milli félaganna, sem að stofnuninni standa, geta óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu sem fer með lögsögu í málum eins þeirra félaga sem að stofnuninni standa

eða fyrirhugaðs Evrópufélags í samræmi við innlend ákvæði sem hafa verið samþykkt til að framkvæma tilskipun 78/855/EBE, samið eina skriflega skýrslu handa hluthöfum allra félaganna.

5. Í skýrslunni skal greina frá því, hvort sérstök vandamál við verðmætamat hafi komið upp, hvort fyrirhugað skiptihlutfall hluta sé sanngjarnt, hvaða aðferðum hafi verið beitt til að ákvarða skiptihlutfallið og hvort þessar aðferðir séu fullnægjandi með tilliti til viðkomandi máls.

6. Hluthafafundur í hverju félagi, sem að stofnuninni stendur, skal samþykkja áætlunina um stofnun eignarhalds-Evrópu félagsins.

Tilhögun á aðild starfsmanna að eignarhalds-Evrópu félaginu skal ákvörðuð í samræmi við tilskipun 2001/86/EB. Hluthafafundur hvers félags, sem stendur að stofnuninni, getur áskilið sér rétt til að binda skráningu Evrópufélagsins, sem er eignarhaldsfélag, því skilyrði að tilhögun sú, sem þannig er ákveðin, sé staðfest með skýlausum hætti.

7. Ákvæði þessi skulu gilda að breyttu breytanda um einkahlutafélög.

33. gr.

1. Hluthafar í félögum, sem standa að stofnuninni, skulu fá þriggja mánaða frest til að skýra félögunum, sem standa að stofnuninni, frá því hvort þeir hyggist leggja hluti sína í stofnun Evrópufélagsins, sem er eignarhaldsfélag. Sá frestur hefst daginn sem skilmálar fyrir stofnun Evrópufélagsins, sem er eignarhaldsfélag, hafa verið endanlega ákvarðaðir í samræmi við 32. gr.

2. Evrópufélagið, sem er eignarhaldsfélag, skal því aðeins stofnað að hluthafar í félögunum, sem standa að stofnuninni, hafi framselt lágmarkshlutfall hluta í hverju félagi, innan þess frests sem um getur í 1. mgr., í samræmi við áætlunin um stofnun félagsins og að uppfylltum öllum öðrum skilyrðum.

3. Hafi öll skilyrði fyrir stofnun Evrópufélagsins, sem er eignarhaldsfélag, verið uppfyllt í samræmi við 2. mgr. skal birta tilkynningu þess efnis að því er varðar hvert og eitt félaganna sem standa að stofnuninni á þann hátt sem mælt er fyrir um í landslögum þeim sem hvert þessara félaga heyrir undir og hafa verið samþykkt til að framkvæma 3. gr. tilskipun 68/151/EBE.

Hluthafar í félögum, sem að stofnuninni standa, er hafa ekki gefið til kynna hvort þeir hyggist bjóða félögum, sem að stofnuninni standa, hluti sína í því skyni að stofna Evrópufélagið, sem er eignarhaldsfélag, innan þess frests, sem um getur í 1. mgr., skulu fá til þess einn mánuð í viðbót.

4. Hluthafar, sem hafa lagt verðbréf sín í stofnun Evrópufélagsins, skulu eignast hluti í Evrópufélaginu, sem er eignarhaldsfélag.

5. Ekki má skrá Evrópufélag, sem er eignarhaldsfélag, fyrr en sýnt hefur verið fram á að formsatriðum, sem um getur í 32. gr., sé fullnægt og að skilyrðin, sem um getur í 2. mgr., hafi verið uppfyllt.

34. gr.

Aðildarríki er heimilt, að því er varðar félög sem að stofnuninni standa, að samþykkja ákvæði í því skyni að tryggja vernd minnihluta hluthafa, sem leggst gegn stofnuninni, lánardrottna og starfsmanna.

4. þáttur

Stofnun dótturfyrirtækis Evrópufélags

35. gr.

Heimilt er að stofna Evrópufélag í samræmi við 3. mgr. 2. gr.

36. gr.

Félög, fyrirtæki og aðrir lögaðilar, sem taka þátt í stofnuninni, skulu falla undir viðeigandi ákvæði um þátt sinn í stofnun dótturfyrirtækis í formi hlutafélags samkvæmt landslögum.

5. þáttur

Breyting starfandi hlutafélags í Evrópufélag

37. gr.

1. Heimilt er að stofna Evrópufélag í samræmi við 4. mgr. 2. gr.

2. Með fyrirvara um 12. gr. skal breyting hlutafélags í Evrópufélag ekki hafa í för með sér slit hlutafélagsins eða tilurð nýs lögaðila.

3. Ekki má flytja skráða skrifstofu frá einu aðildarríki til annars skv. 8. gr. á sama tíma og breytingin kemur til framkvæmda.

4. Framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins skal semja áætlun um breytingu og skýrslu þar sem lagalegir og efnahagslegir þættir breytingarinnar eru skýrðir og rökstuddir og skýrt er hvaða afleiðingar samþykkt

Evrópufélagsformsins mun hafa fyrir hluthafa og starfsmenn.

5. Birta skal áætlunina um breytingu félagsins á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, minnst einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um breytingu félagsins.

6. Fyrir hluthafafundinn, sem um getur í 7. mgr., skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir, í samræmi við innlend ákvæði sem hafa verið samþykkt til að framkvæma 10. gr. tilskipunar 78/855/EBE, af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu sem fer með lögsögu í málum félagsins sem breyta á í Evrópufélag, votta, í samræmi við tilskipun 77/91/EBE ([1]), að breyttu breytanda, að hrein eign félagsins samsvari a.m.k. hlutafé þess, að viðbættum þeim varasjóðum sem ekki má úthluta samkvæmt lögum eða samþykktum.

7. Hluthafafundur skal samþykkja breytingaráætlun ásamt samþykktum Evrópufélagsins. Ákvörðunin skal afgreidd eins og mælt er fyrir um í þeim ákvæðum landslaga sem samþykkt hafa verið til framkvæma 7. gr. tilskipunar 78/855/EBE.

8. Aðildarríkin geta bundið breytinguna því skilyrði að hún njóti stuðnings aukins meirihluta atkvæða eða sé samþykkt einhljóða í þeirri stjórnarstofnun félagsins þar sem þátttaka starfsmanna er skipulögð.

9. Réttindi og skyldur félagsins, sem breyta á, að því er varðar ráðningarskilmála sem leiðir af landslögum, venju og einstökum ráðningarsamningum eða ráðningarsamböndum og eru í gildi þegar skráningin fer fram, skulu, á grundvelli slíkrar skráningar, færast til Evrópufélagsins.

([1]) Önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

III. BÁLKUR

SKIPULAG EVRÓPUFÉLAGSINS

38. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skulu eftirfarandi stofnanir vera í Evrópufélagi:

a) hluthafafundir og

b) annaðhvort eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn (tvíþætt kerfi) eða stjórn (einþætt kerfi) eftir því hvaða form hefur verið ákveðið í samþykktum félagsins.

1. þáttur

Tvíþætt kerfi

39. gr.

1. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á stjórnun Evrópufélagsins. Aðildarríki getur kveðið á um að framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félagsins á sömu forsendum og gilda um hlutafélög sem eru með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. Sá eða þeir, sem eiga sæti í framkvæmdastjórn félagsins skulu tilnefndir og þeim vikið frá af eftirlitsstjórninni.

Aðildarríki getur hins vegar krafist þess eða leyft að í samþykktum félagsins séu ákvæði um að sá eða þeir sem sitja í framkvæmdastjórninni skuli tilnefndir og þeim vikið frá af hluthafafundi og á sömu forsendum og gilda um hlutafélög sem eru með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

3. Sami aðili má ekki samtímis eiga sæti í framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn sama Evrópufélags. Eftirlitsstjórnin getur hins vegar útnefnt einn úr sínum röðum til að taka sæti í framkvæmdastjórn, komi til forfalla. Sá skal þá víkja sæti úr eftirlitsstjórninni á meðan. Aðildarríki getur takmarkað gildistíma slíkrar ráðstöfunar.

4. Samþykktir Evrópufélagsins skulu mæla fyrir um fjölda þeirra sem sitja í framkvæmdastjórninni eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að ákvarða lágmarks- og/eða hámarksfjölda þeirra.

5. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um tvíþætt kerfi að því er varðar hlutafélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði einhvers aðildarríkis getur viðkomandi

aðildarríki samþykkt viðeigandi ráðstafanir að því er varðar Evrópufélög.

40. gr.

1. Eftirlitsstjórnin hefur eftirlit með störfum framkvæmdastjórnarinnar. Henni er fyrir sitt leyti ekki heimilt að stjórna Evrópufélaginu.

2. Hluthafafundur skal tilnefna menn til að sitja í eftirlitsstjórninni. Í fyrstu eftirlitsstjórnina má hins vegar tilnefna menn á grundvelli samþykkta félagsins. Þetta gildir með fyrirvara um 4. mgr. 47. gr. og um það með hvaða hætti tilhögun á þátttöku starfsmanna verður ákveðin samkvæmt tilskipun 2001/86/EB.

3. Samþykktir félagsins skulu mæla fyrir um fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstjórninni eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að mæla fyrir um fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstjórn Evrópufélags, sem er skráð á yfirráðasvæði þess, eða um lágmarks- og/eða hámarksfjölda þeirra.

41. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa eftirlitsstjórninni skýrslu, a.m.k. einu sinni á þriggja mánaða fresti, um framvindu og horfur í rekstri Evrópufélagsins.

2. Auk þeirra reglulegu upplýsinga, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin tafarlaust koma á framfæri við eftirlitsstjórnina hvers konar upplýsingum um atburði sem ætla má að hafi umtalsverð áhrif á Evrópufélagið.

3. Eftirlitsstjórnin getur krafið framkvæmdastjórnina um hverjar þær upplýsingar sem hún þarf á að halda til að sinna eftirliti í samræmi við 1. mgr. 40. gr. Aðildarríki getur kveðið á um að sérhver aðili í eftirlitsstjórninni skuli eiga kost á slíku.

4. Eftirlitsstjórninni er heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hverjar þær rannsóknir sem kunna að reynast nauðsynlegar til að hún geti sinnt skyldum sínum.

5. Sérhver aðili í eftirlitsstjórninni skal hafa rétt til að skoða allar upplýsingar sem lagðar eru fyrir hana.

42. gr.

Eftirlitsstjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Hafi helmingur aðila í eftirlitsstjórninni verið tilnefndur af starfsmönnum má einungis kjósa formann úr röðum þeirra sem hafa verið tilnefndir af hluthafafundi.

2. þáttur

Einþætt kerfi

43. gr.

1. Stjórnin skal stýra Evrópufélaginu. Aðildarríki getur kveðið á um það að framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félagsins á sömu forsendum og gilda um hlutafélög sem eru með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. Samþykktir Evrópufélagsins skulu mæla fyrir um fjölda stjórnarmanna eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að ákvarða lágmarksfjölda og, ef þörf krefur, hámarksfjölda þeirra sem sitja í stjórninni.

Í stjórninni skulu hins vegar vera a.m.k. þrír stjórnarmenn ef þátttaka starfsmanna heyrir undir reglur í samræmi við tilskipun 2001/86/EB.

3. Hluthafafundur skal tilnefna einn eða fleiri til að sitja í stjórn. Í fyrstu stjórnina má hins vegar tilnefna menn á grundvelli samþykkta félagsins. Þetta gildir með fyrirvara um 4. mgr. 47. gr. og um það með hvaða hætti tilhögun á þátttöku starfsmanna verður ákveðin samkvæmt tilskipun 2001/86/EB.

4. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um einþætt kerfi að því er varðar hlutafélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði einhvers aðildarríkis getur viðkomandi aðildarríki samþykkt viðeigandi ráðstafanir að því er varðar Evrópufélög.

44. gr.

1. Stjórnin skal koma saman með ákveðnu millibili, sem nánar er mælt fyrir um í samþykktum félagsins en eigi sjaldnar en einu sinni á þriggja mánaða fresti, til þess að ræða um framvindu og horfur í rekstri Evrópufélagsins.

2. Hver stjórnarmaður skal hafa rétt til að skoða allar upplýsingar sem lagðar eru fyrir stjórnina.

45. gr.

Stjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Hafi helmingur stjórnarmanna verið tilnefndur af starfsmönnum má einungis kjósa formann úr röðum þeirra sem hafa verið tilnefndir af hluthafafundi.

3. þáttur

Reglur sem eru sameiginlegar í einþætta og tvíþætta kerfinu

46. gr.

1. Þeir aðilar, sem sæti eiga í stjórnarstofnunum félags, skulu tilnefndir til ákveðins tíma sem mælt er fyrir um í samþykktum félagsins, þó eigi lengur en til sex ára.

2. Með fyrirvara um takmarkanir, sem kann að vera mælt fyrir um í samþykktunum, skal heimilt að endurtilnefna aðila, einu sinni eða oftar, til ákveðins tíma sem ákvarðaður er í samræmi við 1. mgr.

47. gr.

1. Samþykktir Evrópufélags geta heimilað félagi eða öðrum lögaðila að gerast aðili að stjórnarstofnunum þess, að því tilskildu að slíkt stríði ekki gegn ákvæðum laga um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

Það félag eða sá lögaðili skal tilnefna einstakling til að sinna hlutverki félagsins eða lögaðilans í viðkomandi stjórnarstofnun.

2. Enginn aðili má eiga sæti í stjórnarstofnun Evrópufélags eða vera fulltrúi aðila í skilningi 1. mgr. ef hann telst:

a) vanhæfur, á grundvelli laga aðildarríkisins, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, til að starfa í samsvarandi stjórnarstofnun hlutafélags sem heyrir undir lög þess aðildarríkis, eða

b) vanhæfur, á grundvelli dómsúrskurðar eða stjórnvaldsákvörðunar í aðildarríki, til að starfa í samsvarandi stjórnarstofnun hlutafélags sem heyrir undir lög aðildarríkis.

3. Samþykktir Evrópufélags geta, í samræmi við lög um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, mælt fyrir um sérstök skilyrði fyrir kjörgengi aðila sem eru fulltrúar hluthafa.

4. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þau ákvæði í landslögum sem gera minnihluta hluthafa eða öðrum aðilum eða yfirvöldum kleift að tilnefna hluta aðilanna sem sitja í stjórnarstofnun félags.

48. gr.

1. Í samþykktum Evrópufélags skal vera skrá yfir þær tegundir viðskipta sem eru þess eðlis að framkvæmdastjórnin þarf leyfi til þeirra frá eftirlitsstjórninni í tvíþætta kerfinu eða að þær krefjast skýlausrar ákvörðunar stjórnarinnar í einþætta kerfinu.

Aðildarríki getur hins vegar kveðið á um það að í tvíþætta kerfinu sé eftirlitsstjórninni fyrir sitt leyti heimilt að leyfisbinda tilteknar tegundir viðskipta.

2. Aðildarríki getur ákveðið hvaða tegunda viðskipta sé a.m.k. skylt að geta í samþykktum Evrópufélaga sem skráð eru á yfirráðasvæði þess.

49. gr.

Þeir, sem sitja í stjórnarstofnunum Evrópufélags, eru bundnir þagnarskyldu, jafnvel eftir að þeir hafa látið af störfum, um allar upplýsingar sem þeir kunna að búa yfir varðandi Evrópufélagið og gætu reynst skaðlegar hagsmunum félagsins ef gerðar yrði opinberar, nema því aðeins að ákvæði landslaga um hlutafélög krefjist þess eða leyfi það að slíkar upplýsingar séu látnar í té eða það sé í þágu almannahagsmuna.

50. gr.

1. Þar sem ekki er kveðið á um annað í reglugerð þessari eða í samþykktum skulu innri reglur um ályktunarhæfi og ákvarðanir funda í stjórnarstofnunum Evrópufélaga vera sem hér segir:

a) ályktunarhæfi: a.m.k. helmingur þeirra, sem sitja í stjórnarstofnuninni, skal vera viðstaddur eða eiga fulltrúa á fundinum;

b) ákvarðanir: skulu teknar af meirihluta þeirra sem eru viðstaddir eða eiga fulltrúa á fundinum.

2. Ef engin sérstök ákvæði þar að lútandi eru í samþykktum félagsins skal formaður hverrar stjórnarstofnunar fara með oddaatkvæði þegar atkvæði falla jafnt. Engin ákvæði gagnstæð þessu mega vera í samþykktunum ef helmingur þeirra sem eiga sæti í eftirlitsstjórninni eru fulltrúar starfsmanna.

3. Þegar kveðið er á um þátttöku starfsmanna í samræmi við tilskipun 2001/86/EB getur aðildarríki kveðið á um að ályktunarhæfi funda og ákvarðanir á fundum eftirlitsstjórnarinnar skuli þrátt fyrir 1. og 2. mgr. háð sömu reglum og gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög í hlutaðeigandi aðildarríki.

51. gr.

Í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu skulu þeir, sem eiga sæti í framkvæmdastjórn, eftir-

litsstjórn eða stjórn Evrópufélags, bera ábyrgð á tapi eða skaða sem Evrópufélagið verður fyrir í kjölfar brota þeirra á lögum, samþykktum eða öðrum skuldbindingum sem fólgnar eru í skyldum þeirra.

4. þáttur

Hluthafafundur

52. gr.

Hluthafafundur skal taka ákvarðanir um málefni sem hann ber einn ábyrgð á samkvæmt:

a) þessari reglugerð eða

b) löggjöf aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu og sem hefur verið samþykkt til að framkvæma tilskipun 2001/86/EB.

Enn fremur skal hluthafafundur taka ákvarðanir um mál er hluthafafundi í hlutafélagi, sem heyrir undir lög aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, er falin ábyrgð á, annaðhvort samkvæmt lögum þess aðildarríkis eða samþykktum Evrópufélagsins í samræmi við þau lög.

53. gr.

Með fyrirvara um reglur þær sem mælt er fyrir um í þessum þætti skulu lög um hlutafélög í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, gilda um skipulag og framkvæmd hluthafafunda og atkvæðagreiðslur á þeim.

54. gr.

1. Halda skal hluthafafund í Evrópufélagi minnst einu sinni á hverju almanaksári, innan sex mánaða frá lokum fjárhagsárs þess nema lög um hlutafélög, sem sinna sams konar starfsemi í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, kveði á um tíðari fundi. Aðildarríki getur hins vegar kveðið á um að halda megi fyrsta hluthafafund hvenær sem er fyrstu 18 mánuði eftir stofnun Evrópufélags.

2. Framkvæmdastjórn, stjórn, eftirlitsstjórn eða aðrar stjórnarstofnanir eða lögbær yfirvöld geta boðað til hluthafafundar í samræmi við landslög um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

55. gr.

1. Hluthafar, einn eða fleiri, sem ráða yfir minnst 10% skráðs hlutafjár Evrópufélags, geta óskað eftir því að boðað verði til hluthafafundar í Evrópufélaginu og samin dagskrá fundarins; þó mega samþykktir Evrópufélagsins eða landslög kveða á um lægra hlutfall með sömu skilyrði og við eiga um hlutafélög.

2. Í beiðni um boðun hluthafafundar skal tilgreina hvaða mál óskast sett á dagskrá fundarins.

3. Hafi hluthafafundur ekki verið haldinn á tilsettum tíma, í kjölfar beiðni skv. 1. mgr., og í síðasta lagi innan tveggja mánaða geta lögbær yfirvöld á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, skipað svo fyrir að hluthafafundur verði boðaður innan tiltekins frests eða heimilað hluthöfunum, sem fóru fram á fundinn eða fulltrúum þeirra, að boða til hluthafafundar. Þetta gildir með fyrirvara um innlend ákvæði sem hugsanlega heimila hluthöfunum sjálfum að boða til hluthafafunda.

56. gr.

Hluthafar, einn eða fleiri, sem ráða yfir minnst 10% skráðs hlutafjár Evrópufélags, geta óskað eftir því að viðbótarliðir, einn eða fleiri, séu teknir á dagskrá hluthafafundar. Mæla skal fyrir um málsmeðferð og tímamörk, sem gilda skulu um slíkar beiðnir, í landslögum aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu eða, sé slíkum ákvæðum ekki til að dreifa, í samþykktum Evrópufélagsins. Lækka má framangreint hlutfall í samþykktum félagsins eða lögum aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, með sömu skilyrðum og við eiga um hlutafélög.

57. gr.

Meirihluti gildra og greiddra atkvæða ræður úrslitum við ákvarðanir á hluthafafundi nema krafist sé aukins meirihluta í þessari reglugerð eða, ef um það er ekki að ræða, í lögum um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

58. gr.

Til greiddra atkvæða teljast ekki atkvæði sem tengjast hlutum hluthafa sem hefur ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, hefur setið hjá eða skilað auðum eða ógildum atkvæðaseðli.

59. gr.

1. Ákvörðun um breytingu á samþykktum Evrópufélags skal tekin á hluthafafundi og verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema lög um hlutafélög í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, krefjist eða heimili meiri meirihluta.

2. Lög aðildarríkis mega þó kveða á um að einfaldur meirihluti atkvæða, sem um getur í 1. mgr. hér að framan, skuli nægja þegar farið er með atkvæði fyrir a.m.k. helming skráðs hlutafjár Evrópufélags.

3. Birta skal breytingar á samþykktum Evrópufélags í samræmi við 13. gr.

60. gr.

1. Ef Evrópufélag hefur fleiri en einn flokk hluta skal sérhver ákvörðun hluthafafundar vera háð sérstakri atkvæðagreiðslu hvers flokks hluthafa sem verður fyrir því að réttindi hans breytast af þeim sökum.

2. Ef ákvörðun hluthafafundar krefst þess meirihluta atkvæða, sem tilskilinn er í 1. og 2. mgr. 59. gr., skal sá meirihluti einnig tilskilinn við sérstaka atkvæðagreiðslu hvers flokks hluthafa sem verður fyrir því að réttindi hans breytast af völdum ákvörðunarinnar.

IV. BÁLKUR

ÁRSREIKNINGAR OG SAMSTÆÐUREIKNINGAR

61. gr.

Með fyrirvara um 62. gr. skal Evrópufélag heyra undir reglur um hlutafélög samkvæmt lögum í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, að því er snertir gerð ársreikninga og, þegar við á, samstæðureikninga ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og endurskoðun og birtingu þessara reikninga.

62. gr.

1. Um gerð ársreikninga, og eftir atvikum, samstæðureikninga ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og um endurskoðun og birtingu þessara reikninga skal Evrópufélag, sem er lána- eða fjármálastofnun, fara eftir reglum sem mælt hefur verið fyrir um í þeim landslögum aðildarríkisins, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, sem sett eru til framkvæmdar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]).

2. Um gerð ársreikninga, og eftir atvikum, samstæðureikninga ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og um endurskoðun og birtingu þessara reikninga skal Evrópufélag, sem er vátryggingafélag, fara eftir reglum sem mælt hefur verið fyrir um í þeim landslögum aðildarríkisins, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, sem sett eru til framkvæmdar tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([2]).

V. BÁLKUR

FÉLAGSSLIT, SKIPTAMEÐFERÐ, GJALDÞROT OG GREIÐSLUSTÖÐVUN

63. gr.

Evrópufélag skal, að því er varðar félagsslit, skiptameðferð, gjaldþrot, greiðslustöðvun og ámóta málsmeðferð, heyra undir lagaákvæði sem gilda mundu um hlutafélag stofnað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem það er með skráða skrifstofu, þ.m.t. ákvæði um ákvarðanir hluthafafunda.

64. gr.

1. Þegar Evrópufélag fer ekki lengur að kröfunum sem mælt er fyrir í 7. gr. skal aðildarríkið þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, knýja Evrópufélagið með viðeigandi ráðstöfunum til að koma reglu á málefni sín innan tiltekins tíma:

a) annaðhvort með því að flytja aðalskrifstofu sína aftur til aðildarríkisins þar sem það er með skráða skrifstofu eða

b) með því að flytja skráðu skrifstofuna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 8. gr.

2. Aðildarríkið, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, skal tryggja með nauðsynlegum ráðstöfunum að Evrópufélag, sem lætur undir höfuð leggjast að koma lagi á málefni sín í samræmi við 1. mgr., sé tekið til skiptameðferðar.

3. Aðildarríkið, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, skal tryggja réttarúrræði með tilliti til allra staðfestra brota á 7. gr. Slíkt úrræði skal hafa áhrif til frestunar á málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr.

4. Ef staðfest er, annaðhvort að frumkvæði yfirvalda eða einhvers hagsmunaaðila, að Evrópufélag sé með aðalskrifstofu sína á yfirráðasvæði aðildarríkis andstætt 7. gr. skulu yfirvöld þess aðildarríkis þegar

([1]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

í stað gera aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, grein fyrir því.

65. gr.

Með fyrirvara um ákvæði í landslögum, sem krefjast frekari birtingar, skal, í samræmi við 13. gr., birta tilkynningar um upphaf og lok félagsslita, skiptameðferðar, gjaldþrotaskipta og greiðslustöðvunar svo og um ákvarðanir um að halda áfram rekstri.

66. gr.

1. Breyta má Evrópufélagi í hlutafélag sem heyrir undir lög aðildarríkisins þar sem það er með skráða skrifstofu. Ekki má taka ákvörðun um breytingu félags fyrr en tvö ár eru liðin frá skráningu þess eða tveir fyrstu ársreikningarnir hafa verið samþykktir.

2. Breyting Evrópufélags í hlutafélag skal ekki hafa í för með sér félagsslit félagsins eða tilurð nýs lögaðila.

3. Framkvæmdastjórn eða stjórn Evrópufélagsins skal semja áætlun um breytingu og skýrslu þar sem lagalegir og efnahagslegir þættir breytingarinnar eru skýrðir og rökstuddir og skýrt hvaða afleiðingar samþykkt hlutafélagsformsins muni hafa fyrir hluthafa og starfsmenn.

4. Birta skal áætlunina um breytingu félagsins á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum hvers aðildarríkis, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, minnst einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um breytingu félagsins.

5. Fyrir hluthafafundinn, sem um getur í 6. mgr., skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu sem fer með lögsögu í málum Evrópufélagsins sem breyta á í hlutafélag í samræmi við innlend ákvæði sem hafa verið samþykkt til að framkvæma 10. gr. tilskipunar 78/855/EBE, votta að eignir félagsins séu a.m.k. jafnar hlutafé þess.

6. Hluthafafundur Evrópufélagsins skal samþykkja áætlunina um breytingu ásamt samþykktum hlutafélagsins. Ákvörðunin skal afgreidd eins og mælt er fyrir um í þeim ákvæðum landslaga sem samþykkt hafa verið til að framkvæma 7. gr. tilskipunar 78/855/EBE.

VI. BÁLKUR

VIÐBÓTARÁKVÆÐI OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

67. gr.

1. Meðan þriðji áfangi í þróun Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) á ekki við um eitthvert aðildarríki getur það aðildarríki beitt sömu ákvæðum gagnvart Evrópufélögum með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess og gilda um hlutafélög sem það hefur lögsögu yfir að því er varðar gjaldmiðilinn sem hlutafé þeirra er gefið upp í. Hvernig sem atvikast vill getur Evrópufélag auk þess gefið upp hlutafé sitt í evrum. Þegar svo ber undir skal umreikningsgengi innlends gjaldmiðils gagnvart evru vera það sem það var síðasta dag næsta mánaðar fyrir stofnun Evrópufélagsins.

2. Meðan þriðji áfangi í þróun Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) á ekki við um aðildarríkið þar sem Evrópufélag er með skráða skrifstofu er Evrópufélaginu hins vegar heimilt að semja og birta ársreikninga sína og, þegar við á, samstæðureikninga í evrum. Aðildarríkið getur krafist þess að Evrópufélag semji og birti ársreikninga sína og, þegar við á, samstæðureikninga í innlendum gjaldmiðli og á sömu forsendum og við eiga um hlutafélög sem heyra undir lögsögu þess aðildarríkis. Engu að síður skal Evrópufélagið einnig eiga þess kost að birta ársreikninga sína og, þegar við á, samstæðureikninga í evrum í samræmi við tilskipun ráðsins 90/604/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga að því er varðar undanþágur fyrir lítil og meðalstór félög og birtingu reikninga í ekum (ECU) ([1]).

VII. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

68. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja góða framkvæmd þessarar reglugerðar.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld í skilningi 8., 25., 26., 54., 55. og 64. gr. Það skal upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki þar um.

([1]) Stjtíð. EB L 317, 16.11.1990, bls. 57.

69. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir að reglugerð þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin senda ráðinu og Evrópuþinginu skýrslu um beitingu reglugerðarinnar og tillögur um breytingar ef við á. Í skýrslunni skal einkum kanna eftirfarandi:

a) hvort heimila eigi að aðalskrifstofa og skráð skrifstofa Evrópufélags séu hvor í sínu aðildarríki;

b) hvort rýmka eigi hugtakið „samruna“ í 2. mgr. 17. gr. þannig að það taki einnig til annarra tegunda samruna en þeirra sem skilgreindar eru í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 78/855/EBE;

c) hvort endurskoða eigi ákvæðið um lögsögu dómstóla í 16. mgr. 8. gr. í ljósi ákvæða sem kunna að verða felld inn í Brussel-samþykktina frá 1968 eða í aðra texta sem aðildarríkin eða ráðið hafa samþykkt í hennar stað;

d) hvort aðildarríki eigi að leyfa, með lögum um framkvæmd heimilda sem reglugerð þessi veitir aðildarríkjunum eða með lögum sem samþykkt hafa verið til að tryggja góða framkvæmd þessarar reglugerðar með tilliti til Evrópufélagsins, að sett verði ákvæði í samþykktir Evrópufélags sem víkja frá eða eru til fyllingar þessum lögum jafnvel þótt slík ákvæði væru ekki leyfð í samþykktum hlutafélags sem er með skráða skrifstofu í aðildarríkinu.

70. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 8. október 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 8. október 2001.

Fyrir hönd ráðsins,

L. ONKELINX

forseti.

I. VIÐAUKI

HLUTAFÉLÖG SEM UM GETUR Í 1. MGR. 2. GR.

BELGÍA:

la société anonyme//de naamloze vennootschap

DANMÖRK:

aktieselskaber

ÞÝSKALAND:

die Aktiengesellschaft

GRIKKLAND:

ανώνυμη εταιρία

SPÁNN:

la sociedad anónima

FRAKKLAND:

la société anonyme

ÍRLAND:

public companies limited by shares

public companies limited by guarantee having a share capital

ÍTALÍA:

società per azioni

LÚXEMBORG:

la société anonyme

HOLLAND:

de naamloze vennootschap

AUSTURRÍKI:

die Aktiengesellschaft

PORTÚGAL:

a sociedade anónima de responsabilidade limitada

FINNLAND:

julkinen osakeyhtiö//publikt aktiebolag

SVÍÞJÓÐ:

publikt aktiebolag

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ:

public companies limited by shares

public companies limited by guarantee having a share capital

II. VIÐAUKI

HLUTAFÉLÖG OG EINKAHLUTAFÉLÖG SEM UM GETUR Í 2. MGR. 2. GR.

BELGÍA:

la société anonyme//de naamloze vennootschap,

la société privée à responsabilité limitée//besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid

DANMÖRK:

aktieselskaber,

anpartselskaber

ÞÝSKALAND:

die Aktiengesellschaft,

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung

GRIKKLAND:

ανώνυμη εταιρία

εταιρία περιορισμένηςη ευδύνης

SPÁNN:

la sociedad anónima,

la sociedad de responsabilidad limitada

FRAKKLAND:

la société anonyme,

la société à responsabilité limitée

ÍRLAND:

public companies limited by shares,

public companies limited by guarantee having a share capital,

private companies limited by shares,

private companies limited by guarantee having a share capital

ÍTALÍA:

società per azioni,

società a responsabilità limitata

LÚXEMBORG:

la société anonyme,

la société à responsabilité limitée

HOLLAND:

de naamloze vennootschap,

de besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid

AUSTURRÍKI:

die Aktiengesellschaft,

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung

PORTÚGAL:

a sociedade anónima de responsabilidade limitada,

a sociedade por quotas de responsabilidade limitada

FINNLAND:

osakeyhtiö

aktiebolag

SVÍÞJÓÐ:

aktiebolag

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ:

public companies limited by shares,

public companies limited by guarantee having a share capital,

private companies limited by shares,

private companies limited by guarantee having a share capital

601. Frumvarp til laga [440. mál]

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Heimilt er sveitarfélagi að greiða húsaleigubætur til leigjanda sem búa þarf tímabundið í öðru sveitarfélagi vegna veikinda. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem umsækjandi á lögheimili.

3. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðisstofnunar ríkisins“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: Íbúðalánasjóðs.

4. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist eigi síðar en 16. hvers greiðslumánaðar. Berist umsókn seinna verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framkvæmd húsaleigubóta hefur verið verkefni sveitarfélaga og fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Byggist þetta á lagabreytingum sem tóku gildi 1. janúar 1998, en þeim til grundvallar lá samkomulag milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. desember 1997. Var samið um og lögfest að ríkissjóður skyldi árlega greiða 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skyldu til greiðslu húsaleigubóta. Fjárhæð þessi breytist árlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Að undanförnu hafa fulltrúar ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga átt í viðræðum um breytingar á fjárhagslegum samskiptum aðilanna. Þar hafa verið til umfjöllunar málefni sem tiltekin voru í yfirlýsingu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. desember 2001. Í 2. lið yfirlýsingarinnar voru aðilar sammála um að hefja athugun á fjármögnun húsaleigubótakerfisins með hliðsjón af umsaminni kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga við greiðslu bótanna og upplýsinga um raunkostnað, m.a. í ljósi reynslunnar af rýmri rétti leigjenda til húsaleigubóta, sbr. lög nr. 52/2001.

Meginbreytingin sem felst í frumvarpinu er í samræmi við efni viðræðna ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum þessara aðila. Í 1. gr. frumvarps þessa er lagt til að núverandi ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu húsaleigubóta verði felld niður. Samhliða verði lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, þar sem lögð verði til hækkun framlags úr ríkissjóði skv. a-lið 8. gr. þeirra laga. Einnig verði lögð til sú breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, að hluta af framlagi ríkissjóðs skv. a-lið 8. gr. laganna verði ráðstafað til úthlutunar framlaga til sveitarfélaga vegna greiðslu húsaleigubóta samkvæmt nánari reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Stefnt er að því að þessar lagabreytingar taki gildi 1. janúar 2003. Enn fremur er áréttað að allar breytingar á lögum eða reglugerðum um húsaleigubætur verði gerðar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Til viðbótar breytingu á 3. gr. laga um húsaleigubætur eru í frumvarpi þessu einnig lagðar til nokkrar aðrar breytingar á lögunum sem skýrðar verða nánar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á grundvelli viðræðna ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga greiðir ríkið áfram framlag vegna húsaleigubótaverkefnis til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Lagt er til að efni 3. gr. laganna verði fellt brott. Í staðinn verði gerð sú breyting á lögum um tekjustofna sveitar-

félaga, nr. 4/1995, að framlag úr ríkissjóði samkvæmt a-lið 8. gr. þeirra laga hækki og að hluta af heildarframlagi ríkissjóðs verði ráðstafað til úthlutunar framlaga til sveitarfélaga vegna greiðslu húsaleigubóta samkvæmt nánari reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögfest verði heimildarákvæði vegna veikinda umsækjanda eða fjölskyldu hans. Þannig meti sveitarfélögin sjálf í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til að verða við slíkri beiðni umsækjanda. Ástæða þess að heimild þessi er gefin eru mörg tilvik þar sem annað hjóna eða sambýlisfólks hefur þurft að flytja til höfuðborgarsvæðisins til að fá læknisþjónustu sem það hefur sjálft þurft á að halda eða börn þeirra. Mikill kostnaður er við að reka tvö heimili. Skv. 1. mgr. 4. gr. laganna skulu þeir leigjendur, sem eiga rétt á húsaleigubótum, eiga lögheimili í hinu leigða húsnæði en skv. 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, skulu hjón og sambýlisfólk eiga sama lögheimilið. Öðru hjóna er því ókleift að færa lögheimili sitt til að öðlast rétt til húsaleigubóta. Heimildarákvæði þetta getur ekki átt við í þeim tilvikum þar sem umsækjandi á rétt á vaxtabótum og lágmarksleigutími er hér einnig sex mánuðir, sbr. 2. og 3. tölul. 6. gr. laganna.

Um 3. gr.

Breyting þessi er í samræmi við breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Um 4. gr.

Lögð er til breyting á 3. mgr. 10. gr. laganna. Vegna tölvukerfis sveitarfélaga er betra að hafa ákveðinn dag sem síðasta skiladag umsóknar í hverjum mánuði, fremur en að miða við 15 daga fyrir hver mánaðamót. Samkvæmt núgildandi kerfi er þessi síðasti skiladagur ýmist 15. eða 16. hvers mánaðar auk frávika vegna febrúarmánaðar. Húsaleigubætur eru greiddar eftir á og því eðlilegt að gera kröfu um að umsókn berist a.m.k. fyrri hluta þess mánaðar sem sótt er um að greitt verði fyrir. Einnig eru skýrð áhrif þess komi umsókn of seint.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir að ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu húsaleigubóta verði felld brott í samræmi við samkomulag um breytingu á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Frumvarpið sem slíkt hefur því ekki í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

Í fyrrnefndu samkomulagi er hins vegar gert ráð fyrir að framlag ríkisins til húsaleigubóta hækki frá ársbyrjun 2003 um 220 m.kr. og verði samtals 550 m.kr. auk sérstaks 150 m.kr.

framlags á árinu 2002. Í samræmi við samkomulagið er lagt til að fjárhæðin verði umreiknuð sem hlutfall af skatttekjum innheimtum í ríkissjóð og bætist við þau framlög ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem reiknuð eru af þeim tekjustofni. Gerð er nánari grein fyrir þeim breytingum í kostnaðarumsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga sem flutt er samhliða þessu frumvarpi.

602. Frumvarp til laga [441. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

III. kafli laganna, **Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga**, orðast svo:

a. (8. gr.)

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega.
b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemi 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars.
d. Vaxtatekjur.

b. (9. gr.)

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 10. gr.
b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 11. gr.
c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 12. gr.
d. Til greiðslu jöfnunarframlaga vegna reksturs grunnskóla skv. 13. gr.

c. (10. gr.)

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,58% af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og c-liðum 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d-lið 11. gr.
b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-liðum 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-liðum 11. gr., sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-liðum 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-liðum 11. gr.
d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.
e. Til umsjónarnefndar eftirlauna skv. 22. gr. laga um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, sbr. 16. gr. og II. kafla sömu laga.

f. Til greiðslu framlaga sveitarfélaga í húsafriðunarsjóð skv. 16. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

d. (11. gr.)

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, svo sem með þátttöku í kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar, framlögum til að mæta tekjutapi vegna lækkunar á jöfnunarframlögum skv. 12. gr. og með framlögum til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar, þ.m.t. framlögum fyrir allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólamannvirkja og leikskóla. Aðstoð má veita í allt að fimm ár frá og með sameiningarári, á grundvelli reglna sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga.
b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa, allt að 10,5% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið þessarar greinar, og skal framlögum varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og leikskóla. Einnig er heimilt að greiða árlega allt að 25 millj. kr. vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.
d. Til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, allt að 30% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr.
e. Til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, allt að 10% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr. Við ráðstöfun fjármuna samkvæmt þessum lið til einstakra sveitarfélaga skal miða við grunnfjárhæðir húsaleigubóta eins og þær eru ákveðnar á hverjum tíma.
f. Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra.

e. (12. gr.)

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra, þar á meðal framlaga skv. d-lið 11. gr.
b. Útgjaldajöfnunarframlögum skal varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Til framlaga samkvæmt þessari grein skal verja þeim tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

f. (13. gr.)

Tekjum Jöfnunarsjóðs skv. c-lið 8. gr., að frádregnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 10. gr., skal varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga,

þ.m.t. kostnað vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og innflytjenda, og til greiðslu kostnaðar vegna þjónustusamninga, sbr. 2. mgr. Við úthlutun framlaga skal hafa hliðsjón af auknum útsvarstekjum einstakra sveitarfélaga af yfirfærslu grunnskólans.

Jöfnunarsjóður getur gert samninga við sveitarfélög og stofnanir um kennsluráðgjöf og aðra sérfræðiþjónustu og önnur reglubundin verkefni sem nýtast grunnskólum á landsvísu. Þá skulu eldri samningar um rekstur sérskóla og sérdeilda halda gildi sínu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í bakábyrgð fyrir greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þeirra lífeyrisskuldbindinga sem stofnast vegna kennara og skólastjórnenda við grunnskóla. Til ábyrgðargreiðslu af hálfu sjóðsins skal þó ekki koma fyrr en vanskil sveitarfélags hafa varað í a.m.k. sex mánuði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal halda eftir af sjóðsframlögum til einstakra sveitarfélaga þeim greiðslum ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði sem sjóðurinn hefur greitt Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfsmanna grunnskóla eða innheimta slíkar kröfur með öðrum hætti.

g. (14. gr.)

Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum skv. III. kafla laga þessara.

h. (15. gr.)

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. 11.–13. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

i. (16. gr.)

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

j. (17. gr.)

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

k. (18. gr.)

Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins. Jafnframt setur ráðherra reglugerðir um úthlutun framlaga samkvæmt einstökum ákvæðum þessa kafla, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 11. gr. laganna falla niður frá og með 1. janúar 2005 en heimilt er að greiða á árinu 2005 framlög á grundvelli ákvæðisins vegna framkvæmda á árinu 2004 og miðast framlög við verkstöðu 31. desember 2004.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu en byggist að mestu á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 14. febrúar 2001 til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en kaflinn fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Enn fremur fékk nefndin það hlutverk að endurskoða reglugerðir sem byggðar eru á ákvæðum þessa kafla tekjustofnalaganna. Í nefndina voru skipuð eftirtalin: Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, Gísli S. Einarsson alþingismaður, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri, Valgarður Hilmarsson oddviti og Jón Kristjánsson alþingismaður sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Magnús Stefánsson alþingismaður tók við formennsku vorið 2001 er Jón Kristjánsson tók við embætti heilbrigðisráðherra. Starfsmenn nefndarinnar voru skipuð þau Elín Pálsdóttir og Hermann Sæmundsson, deildarstjórar í félagsmálaráðuneytinu, og Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt störfuðu Jóhannes Á. Jóhannesson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Guðni Geir Einarsson, starfsmaður Jöfnunarsjóðs, með nefndinni.

Skýrsla nefndarinnar er dagsett 24. september 2002. Þar eru tilgreind þau markmið sem nefndin hafði að leiðarljósi við endurskoðun á starfsemi Jöfnunarsjóðs. Þau voru einkum eftirfarandi: Í fyrsta lagi að gera aðferðir við útreikning og úthlutun framlaga almennari en nú er. Í því gæti falist sú viðleitni að draga enn frekar úr eyrnamerkingu við útreikning framlaga og takmarka eins og hægt er sértækar aðgerðir. Sjónarmið sem hér koma við sögu eru styrking á sjálfsforræði og sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Í öðru lagi að stilla framlögum sjóðsins upp á nýjan og aðgengilegri hátt þannig að betri yfirsýn skapist yfir hlutverk og framlög sjóðsins. Markmiðið er að sveitarstjórnarmenn og aðrir hafi góða yfirsýn yfir starfsemi Jöfnunarsjóðs. Í þriðja lagi að gera nauðsynlegar breytingar á tilteknum reglum sjóðsins til þess að mæta breyttum forsendum. Meðal breytinga sem orðið hafa má nefna að sveitarfélögum hefur fækkað og þau hafa stækkað, auk þess sem verkefni þeirra og tekjustofnar hafa breyst. Í fjórða lagi að tryggja réttláta jöfnun meðal sveitarfélaga. Í því felst það sjónarmið að sveitarfélög fái ekki meira en þau þurfa vegna tekju- og útgjaldaþátta, en njóti engu að síður ávinnings af hagkvæmni í rekstri. Í fimmta lagi að skoða möguleika á að styrkja enn frekar hlutverk sjóðsins í tengslum við sameiningu sveitarfélaga. Til dæmis með því að veita framlög til endurskipulagningar á þjónustu í kjölfar sameiningar sveitarfélaga og draga úr líkum á að framlög skerðist verulega við sameiningu.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu til félagsmálaráðherra í mars 2002 um endurskoðun framlaga við yfirfærslu grunnskólans. Í þeirri skýrslu voru lagðar til breytingar á reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 653/1997, með síðari breytingum, en í henni er fjallað um framlög sjóðsins við yfirfærslu grunnskólans. Með þeirri tillögu leit nefndin svo á að endurskoðunarvinnu væri lokið og líta bæri áfram á hlutverk Jöfnunarsjóðs í málefnum grunnskóla sem sérstakt verkefni. Félagsmálaráðherra gaf síðan út reglugerð á grundvelli tillagna nefndarinnar og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002. Til þess að skjóta styrkari stoðum undir úthlutun þessara framlaga er í f-lið 1. gr. frumvarpsins, er verður 13. gr. laganna, að finna nokkru ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum. Er þar meðal annars kveðið á um heimild Jöfnunarsjóðs til að gera samninga við sveitarfélög og

stofnanir um ýmsa sérfræðiþjónustu og önnur reglubundin verkefni sem nýtast grunnskólum á landsvísu.

Þá voru í áfangaskýrslunni lagðar til breytingar á reglugerð nr. 493/1996 sem varðar stofnframlög til sveitarfélaga með fleiri en 2.000 íbúa vegna framkvæmda þeirra við grunnskóla. Lagði nefndin til að öll sveitarfélög sætu við sama borð hvað fjárveitingar snertir, óháð því hvaða leiðir sveitarfélög færu að því markmiði að einsetja grunnskólann. Rétt er að taka fram að með lögum nr. 60/2002 var gerð sú breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að heimilað var að veita framlög úr Jöfnunarsjóði tveimur árum lengur en upphaflega var fyrirhugað til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans.

Breytingar sem lagðar eru til á 8. gr. gildandi laga byggjast á niðurstöðum viðræðna milli fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila, sbr. samkomulag dags. 4. desember 2002. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukist frá því sem verið hefur. Nánar er vikið að efni samkomulagsins í athugasemdum við a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast um efni frumvarpsins til athugasemda við einstakar greinar og til skýrslu endurskoðunarnefndarinnar. Tekið skal fram að tillögur nefndarinnar byggjast á sameiginlegum niðurstöðum hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem tillögur endurskoðunarnefndar kalla á verulegar breytingar á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga er í greininni mælt fyrir um að gildandi ákvæðum í þeim kafla verði skipt út og í hans stað komi nýr kafli sem fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Eftirfarandi athugasemdir eiga við einstök ákvæði 1. gr.

Um a-lið (8. gr.).

Breytingar sem lagðar eru til í ákvæðinu eru í samræmi við samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjárhagslegum samskipum aðila, sem er dagsett 4. desember 2002. Samkvæmt forsendum samkomulagsins hafa aðilar lagt sameiginlega áherslu á eftirfarandi:

a. Að árlegt framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja hækki frá 1. janúar 2003 um 164 millj. kr. Framlagið verður hluti af framlagi ríkisins til sjóðsins skv. a-lið 8. gr. og fellur því e-liður sömu greinar brott.
b. Að árlegt framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem ráðstafað er til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta hækki um 220 millj. kr. Framlagið verður hluti af framlagi ríkisins til sjóðsins skv. a-lið 8. gr. og verður því fellt brott ákvæði 3. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997.
c. Að ríkið yfirtaki 15 % hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Aðilar eru jafnframt sammála um að áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaga sem ríkið yfirtekur samkvæmt þessum lið nemi að meðaltali 100 millj. kr. Lækkar framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. a-lið 8. gr., til samræmis við það.
d. Að vegna breyttrar framsetningar ríkistekna í fjárlögum og ríkisreikningi verði gerðar breytingar á stofni til útreiknings framlaga ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. 8. gr. gildandi laga. Í stað þess að framlögin séu reiknuð sem hlutfall af innheimtum

skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum verði þau framvegis ákvörðuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Í samræmi við samkomulagið verður framlag skv. a-lið 8. gr. 2,12% frá og með 1. janúar 2003.

Um b-lið (9. gr.).

Ákvæðið er samhljóða 9. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að framlög til reksturs grunnskóla eru nú tilgreind sem sérstakur flokkur jöfnunarframlaga.

Um c-lið (10. gr.).

Ákvæðið er efnislega samhljóða 10. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt hefur verið í upptalningu framlögum til umsjónarnefndar eftirlauna og framlögum í húsafriðunarsjóð sem kveðið er á um í lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, og lögum um húsafriðun, nr. 104/2001. Breytingin er gerð með það fyrir augum að auðvelda sveitarstjórnarmönnum og öðrum að hafa yfirsýn yfir hlutverk og starfsemi sjóðsins. Einnig er í ákvæðinu tekið tillit til þeirra breytinga sem lagðar eru til á a-lið 8. gr. laganna. Breytt orðalag a-liðar ákvæðisins mun hafa í för með sér nokkra hækkun á framlagi Jöfnunarsjóðs til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um d-lið (11. gr.).

Í ákvæðinu eru lagðar til umtalsverðar breytingar á 11. gr. gildandi laga. Lagt er til að d-liður falli brott og verði hluti af b-lið 1. mgr. 12. gr. þar sem mælt verði fyrir um útgjaldajöfnunarframlög, meðal annars til skólaaksturs, reksturs heimavista og gæslu grunnskólanemenda úr dreifbýli. Jafnframt er lagt til að bætt verði þremur nýjum stafliðum við 11. gr. Er þar fyrst að telja framlög til jöfnunar tekjutaps vegna lækkunar fasteignaskattstekna og til ráðstöfunar á framlagi ríkissjóðs til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta en að auki er lagt til það nýmæli að heimilt verði að veita framlög til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra. Einnig felur ákvæðið í sér að a- og c-liðir 11. gr. eru útfærðir með ítarlegri hætti en gert er í gildandi lögum.

Í a-lið 11. gr. gildandi laga er kveðið á um heimild til að úthluta sérstökum framlögum til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og er í ákvæðinu vísað til 114. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, sem er samhljóða 98. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Í umræddu ákvæði segir að ráðuneytið geti, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sett almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu. Á grundvelli ákvæðisins eru í gildi reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 619/1994, þar sem heimilað er að veita aðstoð á eftirfarandi hátt:

a. Með greiðslu upphæðar sem að mati ráðuneytisins samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við undirbúning og framkvæmd sameiningar. Heimilt er að inna slíka greiðslu af hendi þótt undirbúningsvinna leiði ekki til sameiningar sveitarfélaga.
b. Með greiðslu aðkeyptrar vinnu við undirbúning og framkvæmd sameiningar, þ.m.t. vinna við reikningsuppgjör og sameiningu á bókhaldi.
c. Með greiðslu sérstaks framlags til að jafna skulda- og rekstrarstöðu sveitarfélaga við sameiningu.
d. Með þátttöku í launakostnaði í allt að fjögur ár vegna ráðningar framkvæmdastjóra sem leiðir af sameiningu.

Sú breyting var gerð á reglunum með reglum nr. 818/2001 að bætt var við tveimur nýjum töluliðum. Sveitarfélög sem sameinast fá nú óskert tekjujöfnunar- og þjónustuframlög á því

ári sem sameining tekur gildi og að auki fá þau sérstakt framlag í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, sem nemur skerðingu sem kann að verða á tekjujöfnunar- og þjónustuframlagi í kjölfar sameiningar.

Í skýrslu endurskoðunarnefndar er lýst þeirri skoðun að fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs við sameiningu sveitarfélaga hafi átt mikinn þátt í þeirri þróun að sveitarfélögum hefur fækkað úr 222 í 105 frá árinu 1986. Nefndin leggur jafnframt mikla áherslu á að þessi stuðningur haldi áfram og hann verði aukinn með því að aðstoða sameinuð sveitarfélög við að endurskipuleggja grunnskólarekstur, rekstur dagvistarheimila fyrir börn og rekstur íþróttamannvirkja. Leggur nefndin til að auk þeirra framlaga sem þegar eru í gildi verði heimilt að veita sameinuðum sveitarfélögum framlag sem nemur allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólahúsnæðis og húsnæðis fyrir dagvist barna og einnig verði heimilt að veita sérstakt framlag til að þróa stjórnsýslu nýs sveitarfélags fyrstu fjögur árin eftir sameiningu. Síðarnefndu framlögin verði veitt á grundvelli rökstuddra umsókna þar sem fram kemur þörfin fyrir verkefnið.

Meðal annars í ljósi þess að fjárhagsleg aðstoð skv. a-lið 11. gr. hefur aukist verulega og að í tillögum endurskoðunarnefndar er gert ráð fyrir að efla þessa aðstoð enn frekar er lagt til í frumvarpinu að a-liður 11. gr. verði orðaður ítarlegar en nú er gert. Er í ákvæðinu mælt fyrir um að heimilt verði að veita aðstoð úr Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, svo sem með þátttöku í kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar, framlögum til að mæta tekjutapi vegna lækkunar á jöfnunarframlögum skv. 12. gr. og með framlögum til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar, þ.m.t. framlög vegna allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólamannvirkja og leikskóla. Gert er ráð fyrir að aðstoð verði veitt í allt að fimm ár eftir sameiningu á grundvelli reglna sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á orðalagi b-liðar 11. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að tilvísun er breytt í samræmi við ákvæði gildandi sveitarstjórnarlaga. Skv. 4. mgr. 75. gr. þeirra laga er ráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu eftirlitsnefndar sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga, að veita sveitarfélagi styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur. Aðstoð verður aðeins veitt ef við rannsókn eftirlitsnefndar kemur í ljós að fjárhagur sveitarfélags sé slíkur að það geti ekki með eðlilegum hætti staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum. Við þessar aðstæður getur ráðuneytið jafnframt að tillögu eftirlitsnefndar heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn að leggja álag á útsvar og fasteignaskatt sem nemi allt að 25%.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að ákvæði 13. gr. gildandi laga flytjist í c-lið 11. gr. Um er að ræða framlög til kostnaðarsamra framkvæmda hjá sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa og framlög vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum. Ákvæðið felur ekki í sér breytingar á framlögum frá því sem verið hefur, að því frátöldu að tekið er tillit til breytinga á a-lið 8. gr., en vakin skal athygli á því að í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að framlög skv. 1. málsl. c-liðar hinnar nýju 11. gr. falli niður frá og með 1. janúar 2005.

Ákvæði d- og e-liðar þarfnast ekki mikilla skýringa. Einungis er um það að ræða að framlögum sem þegar eru í lögum er bætt við upptalningu 11. gr. til að gefa betri heildarmynd af starfsemi Jöfnunarsjóðs.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við 11. gr. takmarkaðri heimild til að veita framlög til sérstakra verkefna. Í skýrslu endurskoðunarnefndar er vakin athygli á því að í gildandi lögum er ekki að finna slíka heimild. Leggur nefndin til að slík framlög verði meðal annars

veitt til verkefna sem stuðlað geta að aukinni samvinnu sveitarfélaga eða leiða til hagkvæmari rekstrar og þjónustu sveitarfélaga, á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sem ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs og ráðherra meta. Heimildin verður útfærð ítarlegar í reglugerð verði frumvarpið að lögum.

Um e-lið (12. gr.).

Lagt er til í frumvarpinu að um jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla verði kveðið á í 13. gr. Þetta felur í sér að ákvæði 12. gr. er nokkuð breytt frá gildandi lögum.

Í a-lið 1. mgr. er lögð til sú breyting að við útreikning tekjujöfnunarframlaga verði tekið tillit til tekna sveitarfélaga af framlögum til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. d-lið 11. gr. Hér getur í mörgum tilvikum verið um umtalsverðar tekjur að ræða fyrir sveitarfélög. Við útreikning tekjujöfnunarframlaga skal miða við fullnýtingu þeirra tekjustofna sem um er að ræða.

Í samræmi við tillögu endurskoðunarnefndar er lagt til í frumvarpinu að framlög skv. b-lið 1. mgr. nefnist framvegis útgjaldajöfnunarframlög en í gildandi lögum kallast þau þjónustuframlög. Skal framlögunum varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl. Undir ákvæðið falla því meðal annars framlög sem kveðið er á um í d-lið 11. gr. gildandi laga, sbr. einnig 14. gr.

Tekið er fram í 2. mgr. að til framlaga samkvæmt þessari grein skuli verja þeim tekjum sjóðsins skv. a- og b-liðum 8. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr. Nánari ákvæði um úthlutun framlaga verða sett í reglugerð á grundvelli 18. gr.

Um f-lið (13. gr.).

Í ákvæðinu er kveðið á um framlög til sveitarfélaga til reksturs grunnskóla auk þess sem kveðið er á um að sjóðurinn geti gert þjónustusamninga við sveitarfélög eða stofnanir. Ákvæðið byggist að miklu leyti á ákvæðum gildandi laga og hefur líkt og áður það markmið að jafna kostnað sveitarfélaga af launum kennara og annan kostnað sem hlýst af rekstri grunnskóla við yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Við útreikning framlaga er meðal annars tekið sérstakt tillit til fjölda fatlaðra barna og innflytjenda og þótti ástæða til að renna sterkari stoðum undir þá framkvæmd í 1. mgr. 13. gr.

Eins og rakið er í athugasemdum við e-lið 1. gr. frumvarpsins falla framlög vegna skólaaksturs og fleira er varðar grunnskólahald í dreifbýli undir b-lið 1. mgr. 12. gr. en við úthlutun framlaga skv. 1. mgr. 13. gr. er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um dreifbýlis- og þéttbýlissveitarfélög.

Í 2. mgr. er fjallað um þjónustusamninga sem Jöfnunarsjóði er heimilt að gera við sveitarfélög eða stofnanir. Nokkrir slíkir samningar hafa þegar verið gerðir, meðal annars um þjónustu við fatlaða nemendur og um kennslu langveikra barna. Þá er í ákvæðinu vísað til eldri samninga um rekstur sérskóla og sérdeilda en á árinu 1997 var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri sérskóla og sérdeilda sem ríkið hafði rekið fyrir yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 12. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Ekki hefur reynt á ábyrgð sjóðsins á lífeyrisskuldbindingum frá því að ákvæðið var sett.

Um g-lið (14. gr.).

Ákvæðið var áður 3. mgr. 14. gr. gildandi laga en í stað þess að það gildi eingöngu um upplýsingar varðandi framlög til stofnframkvæmda og reksturs grunnskóla er lagt til í frumvarpinu að kveðið verði á um skyldu sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila

til að láta sjóðnum í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum.

Um h-lið (15. gr.).

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum að því frátöldu að tilvísun til lagagreina hefur verið færð til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um i- og j-lið (16. og 17. gr.).

Ákvæðin eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um k-lið (18. gr.).

Í ákvæðinu er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð um starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun einstakra framlaga. Í gildandi lögum er reglugerðarheimildir að finna í ýmsum ákvæðum kaflans en eðlilegra þykir að tilgreina þessa heimild á einum stað.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að framlög skv. c-lið 11. gr. til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa falli brott frá og með 1. janúar 2005. Heimilt verður þó að greiða á árinu 2005 framlög á grundvelli ákvæðisins vegna framkvæmda sem lokið er fyrir árslok 2004.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi og að þær breytingar sem þau fela í sér komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frumvarpið byggist annars vegar á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 14. febrúar 2001 til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og hins vegar á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjárhagslegum samskiptum aðila frá því í desember 2002.

Þau ákvæði frumvarpsins sem tengjast tillögum nefndarinnar hafa ekki áhrif á útgjöld ríkisins en í samkomulagi um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru á hinn bóginn lagðar til eftirfarandi breytingar sem frumvarpið felur í sér:

a. Framlög til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna skv. e-lið 8. gr. hækki frá 1. janúar 2003 úr 0,64% í 0,72% af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Framlagið verður sameinað framlagi ríkisins skv. a-lið 8. gr. sem nú er 1,4% af sama stofni og fellur því e-liður 8. gr. niður. Hækkunin leiðir til þess að árleg framlög ríkissjóðs hækka um rúmlega 160 m.kr. miðað við tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2003. Þá er gert ráð fyrir 260 m.kr. sérstöku aukaframlagi af þessu tilefni í fjáraukalögum 2002.

b. Í framangreindu samkomulagi er einnig gert ráð fyrir að framkvæmd húsaleigubótakerfisins verði áfram verkefni sveitarfélaga. Því er lagt til að niður falli ákvæði 3. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997, um framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en þess í stað hækki framlag úr ríkissjóði skv. a-lið 8. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga um 0,27%. Við það hækkar framlag ríkissjóðs um 220 m.kr. á ári frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi 2003. Þá er gert ráð fyrir 150 m.kr. aukaframlagi vegna húsaleigubóta í fjáraukalögum 2002.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjárhagslegum samskiptum er gert ráð fyrir að ríkið taki yfir 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Aðilar eru jafnframt sammála um að áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaga sem ríkið yfirtekur samkvæmt samkomulaginu nemi að meðaltali 100 m.kr. á ári og að framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. a-lið 8. gr., lækki til samræmis við það. Jafngildir það 0,05% af beinum og óbeinum sköttum innheimtum í ríkissjóð. Hlutfall framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verður samkvæmt því 2,34% af beinum og óbeinum sköttum innheimtum í ríkissjóð. Aðilar eru sammála um að gerðar verði breytingar á stofni til útreiknings framlaga ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 8. gr. laganna og að í stað þess að framlögin séu reiknuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum samkvæmt eldri framsetningu ríkistekna í fjárlögum og ríkisreikningi verði þau ákvörðuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs samkvæmt núverandi framsetningu ríkistekna í fjárlögum og ríkisreikningi. Samkvæmt samkomulaginu skal framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. laganna, að teknu tilliti til breytinga sem samkomulagið hefur í för með sér, vera 2,12% frá og með 1. janúar 2003.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu árleg framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka í heild um 380 m.kr. miðað við skatttekjur fjárlaga árið 2003. Þar af eru 220 m.kr. vegna húsaleigubóta og um 160 m.kr. vegna jöfnunar tekna af fasteignaskatti. Á móti kemur að 15% hlutur sveitarfélaga í sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum fellur niður. Nettó hækka því framlög ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð um 280 m.kr. Þá verður framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs en með því hlutfalli er m.a. tekið tillit til fyrrnefndra fjárhæða. Auk þess er 150 m.kr. sérstakt aukaframlag í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2002 til húsaleigubóta og 260 m.kr. vegna jöfnunar tekna af fasteignaskatti.

603. Frumvarp til laga [442. mál]

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lög-

bundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, enda liggi til þess lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

2. gr.

Viðauki orðast svo:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	Lánasjóður landbún-aðarins	Alls
Nautgripaafurðir	0,40	0,50	0,10	0,15	0,85	2,00
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	0,80	2,00
Hrossaafurðir	0,40	0,50	0,55	0,05	0,50	2,00
Svínaafurðir	0,20	0,15	0,85	0,30	0,50	2,00
Alifuglakjöt	0,20	0,15	0,20	0,95	0,50	2,00
Egg	0,25	0,15	0,90	0,20	0,50	2,00
Kartöflur, rófur	0,45	0,45	0,45	0,15	0,50	2,00
Grænmeti, blóm	0,45	0,45	0,75	-	0,35	2,00
Grávara	0,75	0,15	0,60	-	0,50	2,00
Æðardúnn	0,55	0,35	0,45	0,15	0,50	2,00
Skógarafurðir	0,50	0,15	0,80	0,05	0,50	2,00

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu búvörugjalds á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003.

Greinargerð.

Á 127. löggjafarþingi var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum. Frumvarpið var lagt fram í þeim tilgangi að tryggja að búnaðargjald greiddist eingöngu af framleiðslu en ekki öðrum þáttum, t.d. heildsöluverði, og enn fremur að búnaðargjald reiknaðist aðeins einu sinni af sömu framleiðslu. Meðan frumvarpið var til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd Alþingis samþykkti búnaðarþing að óska eftir lækkun gjaldsins úr 2,55% í 2,00% og jafnframt að skipting þess milli gjaldþega breyttist. Erindi þetta var sent landbúnaðarnefnd. Við skoðun á breytingalögunum kemur í ljós að skiptingunni, sem kveðið er á um í viðauka með lögunum, hefur ekki verið breytt. Því er ekki lengur samræmi á milli gjaldprósentu og skiptingar þar sem skiptingin miðast enn við 2,55% gjald þótt álagningin verði nú 2,00%. Tilgangur frumvarpsins er að leiðrétta þetta misræmi.

Þá var athygli nefndarinnar vakin á því að til að tryggja að skipting gjalds milli búgreina væri rétt væri nauðsynlegt að veita Bændasamtökum Íslands aðgang að upplýsingum um greiðendur búnaðargjalds og af hvaða búgreinum væri greitt.

Á fund nefndarinnar kom Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkisskattstjóra og Persónuvernd og haft var samráð við landbúnaðarráðuneytið.

Fram til 1. janúar 1998 hafði Framleiðsluráð landbúnaðarins með höndum innheimtu svonefndra sjóðagjalda, þ.m.t. gjalda til Búnaðarmálasjóðs, Bjargráðasjóðs, framleiðsluráðsgjalda og neytenda- og jöfnunargjalda, en innheimtumenn ríkissjóðs eftir þann tíma og skipta þeir gjaldinu skv. 6. gr. laga um búnaðargjald milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs. Við þessa tilfærslu innheimtunnar hafa hagsmunasamtökin ekki lengur aðgang að upplýsingum um hverjir greiða búnaðargjaldið með sama hætti og fyrr. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til tölfræðilegrar úrvinnslu á fjölda þeirra sem stunda mismunandi búgreinar eftir landsvæðum og hver þróunin er. Þá er Bændasamtökum Íslands nauðsynlegt að halda skrá yfir greiðendur gjaldsins svo að þeir geti notið réttinda hjá samtökunum umfram þá sem ekki stunda búnaðargjaldsskylda starfsemi, svo sem fengið sendar upplýsingar og notið lögfræðiráðgjafar. Þá eru viss réttindi tengd greiðslu búnaðargjalds, t.d. greiðsla úr Bjargráðasjóði.

Í 1. gr. er lagt til að ríkisskattstjóri skuli láta Bændasamtökum Íslands í té upplýsingar um greiðendur búnaðargjalds og af hvaða búgreinum sé greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur og er samtökunum óheimilt að nota upplýsingarnar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi sem og að veita öðrum aðgang að þeim. Þá er gert ráð fyrir því að einstakir greiðendur geti andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, ef til þess liggja lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

Í 2. gr. er tafla með hlutfallslegri skiptingu tekna af búnaðargjaldi og í 3. gr. er kveðið á um gildistöku greinanna en taflan í viðaukanum þarf að taka gildi á sama tíma og lækkunin á búnaðargjaldinu, sbr. 1. gr. laga nr. 84 26. maí 1997, um búnaðargjald.

604. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Davíð Oddssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Sverri Hermannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	45,8	4,6	50,4
2. Við **09-999 Ýmislegt**			
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr.	164,0	16,0	180,0

605. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2003.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni og Einari Oddi Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-982 Listir, framlög**			
1.90 Listir	47,8	13,0	60,8
Við 6. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta.			
a. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:			
22. Leikminjasafn Íslands, undirbúningur			3,0
b. Við Óskipt. Í stað „21.400“ komi: 31.400.			

606. Nefndarálit [355. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn mun ekki standa gegn málinu en þó veita því brautargengi með mjög eindregnum fyrirvara og tilvísun í sjónarmið sem margoft hefur verið vakið máls á í umræðum á Alþingi á undanförnum árum. Ástæða þess að undirritaður mun ekki ganga gegn lagabreytingunum er sú að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna á ekki annarra kosta völ lögum samkvæmt en að grípa til ráðstafana til að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins.

Ljóst er að rúmlega 7,5 milljarða kr. vantar upp á að Lífeyrissjóður sjómanna geti staðið undir skuldbindingum sínum samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í lok ársins 2001. Heildarskuldbindingar sjóðsins eru um 8,8% meiri en eignir hans og hefur staðan versnað frá því sem var í árslok 2000 þegar mismunurinn var tæp 6%.

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má heildarstaða lífeyrissjóðs aldrei vera verri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri en 5% samfellt í fimm ár. Staða Lífeyrissjóðs sjómanna er að sönnu innan þess ramma sem lögin setja þar sem heildarstaðan er innan 10% markanna og hún var innan 5% markanna fyrir tveimur árum. Í skýrslu Talnakönnunar kemur hins vegar fram að það sé nokkuð ljóst að staðan muni fara niður fyrir þessi mörk á næsta ári.

Lífeyrisréttindi sjómanna hafa ítrekað verið skert með lögum á undanförnum árum en réttindin voru skert um 11,5% árið 1999 og aftur um 12% árið 2001. Eðlilegt er að spyrja hvers vegna komið sé fyrir Lífeyrissjóði sjómanna eins og raun ber vitni. Ekki er einvörðungu til ávöxtunar á fjármunum sjóðsins að líta heldur ber að beina sjónum að ábyrgð útgerðarmanna og þá ekki síður ríkisvaldsins.

Á undanförnum þingum hefur Guðjón A. Kristjánsson alþingismaður flutt tillögur um að bæta stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna og hefur hann kallað til ábyrgðar bæði útgerðarmenn til

að greiða hærra iðgjald í sjóðinn og ríkisvald til að veita fjármunum inn í sjóðinn vegna vanefnda frá fyrri tíð. Undirritaður hefur ætíð stutt þennan málflutning.

Fyrst að ábyrgð útgerðarinnar. Ljóst er að Lífeyrissjóður sjómanna þarf öllum öðrum lífeyrissjóðum fremur að axla byrðar vegna örorkugreiðslna. Slysatíðni og ekki síður álag á stoðkerfi líkamans veldur því að sjómenn fara hlutfallslega fleiri á örorku en aðrar stéttir. Óeðlilegt er að sjómenn þurfi á fullorðinsaldri að axla einir þennan kostnað sem hlýst af álagi í atvinnugreininni. Eins og fram kemur í samanburðartöflu í fylgiskjali sem fengin er frá Lífeyrissjóði sjómanna nema greiðslur vegna örorku 43% af öllum greiðslum úr þessum sjóði samanborið við 20–25% úr öðrum stórum lífeyrissjóðum. Af þessu sést að Lífeyrissjóður sjómanna virkar eins og tryggingasjóður fyrir útgerðina. Af þeim sökum er sanngjarnt að atvinnurekendur, í þessu tilfelli útgerðarfyrirtækin, leggi meira af mörkum til lífeyrissjóðsins vegna mikilla útgjalda sem stafa að stórum hluta beinlínis af vinnuaðstæðum sjómanna.

Ábyrgð ríkisvaldsins í þessum efnum er einnig mikil. Árið 1981 var gert um það sérstakt samkomulag að sjómenn afsöluðu sér tilteknum hlut í fiskverði (2–3%) gegn því að ríkissjóður stæði straum af þeim kostnaði sem hlytist af því að sjómenn gætu látið af störfum við 60 ára aldur. Við þetta samkomulag hefur ríkissjóður ekki staðið. Ítrekað hefur verið gefinn ádráttur um að til greina kæmi stuðningur úr ríkissjóði. Núverandi fjármálaráðherra hefur hins vegar vísað öllu slíku á bug. Minni hlutinn hvetur til þess að sú afstaða verði endurskoðuð.

Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér nú á réttindum sjóðsfélaga munu ekki leiða til skerðingar á réttindum þeirra sem hafa hafið töku lífeyris og þær breytingar sem gerðar eru á makalífeyri til frambúðar eru aldurstengdar, þannig að þær bitna ekki á þeim sem fæddir eru fyrir 1945, auk þess sem maki mun búa við óskertan lífeyri svo lengi sem hann hefur barn á framfæri yngra en 19 ára eða er 50% öryrki. Þá eru lagðar til breytingar á aldursmörkum við töku lífeyris með hlutfallslegri hækkun eða lækkun á lífeyri eftir því hvenær taka lífeyris hefst. Ljóst er að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna reynir að fara eins mildilegar leiðir til að bæta stöðu lífeyrissjóðsins og unnt er. Með hliðsjón af þessu og að bæði samtök sjómanna og stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna styðja frumvarpið mun minni hlutinn greiða frumvarpinu atkvæði en hvetur jafnframt til þess að málefni þessa lífeyrissjóðs verði skoðuð frá grunni.

Alþingi, 5. des. 2002.

Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal.

Lífeyrissjóður sjómanna:

Hátt hlutfall örorkulífeyris – skipting lífeyris eftir tegundum.

Lífeyrissjóður sjómanna greiddi 975 millj. kr. í lífeyri á árinu 2001 og hækkuðu lífeyrisgreiðslur um rúm 12% frá fyrra ári. Skipting á milli einstakra tegunda lífeyris á árinu var mjög svipuð því sem verið hefur undanfarin ár. Hlutfall örorkulífeyris er hæst eða 43% af heildarlífeyrisgreiðslum. Fróðlegt er að bera saman skiptingu lífeyris eftir tegundum hjá nokkrum lífeyrissjóðum.

Skipting lífeyris eftir tegundum – samanburðartafla.

	Skipting lífeyris í %				Lífeyrir í
	Ellilífeyrir	Örorkulífeyrir	Makalífeyrir	Barnalífeyrir	millj. kr.
Lífeyrissjóður verslunarmanna	62	25	11	3	1.828
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	61	30	7	2	1.763
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	64	18	16	2	1.210
Lífeyrissjóður sjómanna	**42**	**43**	**11**	**4**	**975**
Lífeyrissjóður Norðurlands	55	32	10	3	843
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	50	38	9	3	214
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	51	30	17	2	178
Samvinnulífeyrissjóðurinn	68	16	15	1	716
Lífeyrissjóður Austurlands	43	45	9	3	321
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	45	37	14	4	288
Lífeyrissjóður lækna	79	9	12	0	244
Lífeyrissjóður verkfræðinga	76	10	13	1	117
Lífeyrissjóður bænda	71	18	9	2	515
Lífeyrissjóður Suðurnesja	49	40	9	3	421
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	40	45	13	3	243
Lífeyrissjóður Vesturlands	56	34	8	3	250
Lífeyrissjóður Suðurlands	50	39	6	4	143
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	46	40	12	2	43
Allir lífeyrissjóðir samtals (54 sjóðir)	**66**	**16**	**16**	**2**	**22.184**

Lífeyrisgreiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna 2001 og 2002.

	2002	**Hlutfall**	**2001**	**Breyting milli ára**
Ellilífeyrir	485.553.658	42%	410.489.600	18,3%
Örorkulífeyrir	503.265.739	43%	418.880.094	20,1%
Makalífeyrir	124.437.732	11%	107.744.872	15,5%
Barnalífeyrir	40.614.828	4%	38.107.689	6,6%
Samtals	**1.153.871.957**		**975.222.255**	**18,3%**

Fjöldi lífeyrisþega 2001 í nokkrum lífeyrissjóðum.

	Lsj. sjómanna	**Lsj. verslunarm.**	**Lsj. Framsýn**	**Sameinaði lsj.**	**Lsj. Norðurlands**	**Lsj. Vest-mannaeyja**
Ellilífeyrir	1.284	3.010	5.774	1.838	2.228	336
Örorkulífeyrir	882	1.155	1.997	442	1.013	258
Makalífeyrir	499	835	1.108	830	611	118
Barnalífeyrir	507	498	506	175	335	110
Samtals	**3.172**	**5.498**	**9.385**	**3.285**	**4.187**	**822**

607. Fjáraukalög [66. mál]

fyrir árið 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 490 (sbr. þskj. 66) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2002, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**8.825,2**	**8.066,5**
Skattar á tekjur og hagnað	8.401,9	7.843,7
Tryggingagjöld	621,0	321,8
Eignarskattar	-215,0	-214,4
Skattar á vörur og þjónustu	-254,7	-156,4
Aðrir skattar	272,0	271,8
Aðrar rekstrartekjur	1.473,0	1.612,7
Sala eigna	-300,0	-300,0
Fjárframlög	309,0	309,0
Tekjur samtals	**10.307,2**	**9.688,2**
Æðsta stjórn ríkisins	47,0	47,0
Forsætisráðuneyti	319,6	319,6
Menntamálaráðuneyti	860,2	838,4
Utanríkisráðuneyti	80,0	80,0
Landbúnaðarráðuneyti	354,1	354,1
Sjávarútvegsráðuneyti	179,3	229,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	700,2	715,2
Félagsmálaráðuneyti	2.543,7	2.543,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.854,5	4.854,5
Fjármálaráðuneyti	1.109,9	1.109,9
Samgönguráðuneyti	208,0	197,0
Iðnaðarráðuneyti	201,1	201,1
Viðskiptaráðuneyti	48,0	58,0
Hagstofa Íslands	137,5	137,5
Umhverfisráðuneyti	37,4	37,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	240,0	3.720,0
Gjöld samtals	**11.920,5**	**15.442,7**
Tekjujöfnuður	**-1.613,3**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2002:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-1.613,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-2.590,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-289,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-42,2
Handbært fé frá rekstri	**-4.534,5**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-37.100,0
Veitt löng lán	280,0
Afborganir veittra lána	6.700,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-500,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	900,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-29.720,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-34.254,5**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	26.200,0
Afborganir lána	6.600,0
Fjármögnun samtals	**32.800,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**-1.454,5**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

3. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2002:

1. Í stað orðanna „allt að 15.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 41.200 m.kr.

2. Á 2. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 4.630 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 3.980 m.kr.
   b. Liður 2.4 fellur brott.

3. Á 3. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 29.180 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 35.200 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 10.680 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 10.800 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 4.970 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 6.720 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 7.500 m.kr.“ í lið 3.8 kemur: allt að 6.070 m.kr.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	3.212,5	3.023,8
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	759,4	759,4
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**3.971,9**	**3.783,2**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	4.000,0	3.280,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	430,0	780,5
	Skattar á tekjur og hagnað	**8.401,9**	**7.843,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	522,8	297,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	98,2	24,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**621,0**	**321,8**
	Tryggingagjöld	**621,0**	**321,8**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	11,0	10,8
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	-215,0	-214,4
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	92,3	190,6
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-150,0	-150,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-195,0	-195,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	-114,0	-114,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-366,7**	**-268,4**
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-6,0	-6,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	68,0	68,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	50,0	50,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**112,0**	**112,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-254,7**	**-156,4**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	261,0	261,0
	Skatttekjur, samtals	**8.825,2**	**8.066,5**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-46,0	388,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	950,5	950,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**904,5**	**1.338,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.830,0	670,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	1.304,0	1.434,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-3.092,0	-2.392,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	0,0	0,0
	Aðrar eignatekjur	**42,0**	**-288,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**946,5**	**1.050,5**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	400,0	400,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	180,0	180,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	-92,8	-92,8
9.1.3.35	Ýmislegt	39,3	75,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	0,0	0,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**526,5**	**562,2**
	Ýmsar tekjur	**526,5**	**562,2**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**1.473,0**	**1.612,7**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	200,0	200,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-1.200,0	-1.200,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-1.000,0**	**-1.000,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	700,0	700,0
	Sala eigna, samtals	**-300,0**	**-300,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	9,0	9,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	300,0	300,0
	Fjárframlög, samtals	**309,0**	**309,0**
	Heildartekjur samtals	**10.307,2**	**9.688,2**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

01-190 Ýmis verkefni

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	220,0
1.19 Efnahagsrannsóknir	10,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	2,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.53 Landafundanefnd	7,0
1.90 Ýmis verkefni	14,6
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	10,0
Almennur rekstur samtals	265,6
Gjöld samtals	**265,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	265,6

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	4,8
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	260,0
Almennur rekstur samtals	264,8
Gjöld samtals	**264,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	264,8

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	52,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,5
Viðskiptahreyfingar	-50,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	968,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	968,4

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	158,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	158,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	80,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	750,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	750,0

608. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2003.

(Afgreidd frá Alþingi, 6. des.)

Samhljóða þskj. 493 (sbr. þskj. 1) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2003 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**237.001,4**	**228.836,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	69.140,0	66.596,0
Skattar á tekjur lögaðila	8.250,0	6.930,0
Tryggingagjöld	27.744,1	26.954,6
Eignarskattar	7.954,0	7.855,0
Virðisaukaskattur	79.700,0	76.512,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	40.332,6	40.255,7
Skattar ótaldir annars staðar	3.880,7	3.732,7
Aðrar rekstrartekjur	**22.409,1**	**17.654,5**
Arðgreiðslur	2.537,0	2.537,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	13.523,0	8.834,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.349,1	6.283,5
Sala eigna	10.340,0	10.340,0
Fjárframlög	1.849,5	1.849,5
Tekjur samtals	**271.600,0**	**258.680,0**

Æðsta stjórn ríkisins	2.298,5	2.298,5
Forsætisráðuneyti	1.031,1	1.031,1
Menntamálaráðuneyti	31.270,9	31.270,9
Utanríkisráðuneyti	5.292,4	5.292,4
Landbúnaðarráðuneyti	11.465,1	11.465,1
Sjávarútvegsráðuneyti	2.932,6	2.932,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	14.367,1	14.367,1
Félagsmálaráðuneyti	21.557,8	21.557,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	100.741,5	100.741,5
Fjármálaráðuneyti	27.653,3	22.141,3
Samgönguráðuneyti	17.568,6	17.688,7
Iðnaðarráðuneyti	3.205,1	3.205,1
Viðskiptaráðuneyti	1.446,2	1.446,2
Hagstofa Íslands	539,2	539,2
Umhverfisráðuneyti	3.272,7	3.272,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.500,0	15.600,0
Gjöld samtals	**260.142,1**	**254.850,2**
Tekjujöfnuður	**11.457,9**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:

Árið 2003 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

Rekstrarhreyfingar	m.kr.
Tekjujöfnuður	11.457,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-13.267,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-4.041,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-120,1
Handbært fé frá rekstri	**-5.970,2**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	15.200,0
Veitt löng lán	-5.890,0
Afborganir veittra lána	8.900,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.062,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	12.670,0
Fjármunahreyfingar samtals	**29.818,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**23.847,8**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	17.500,0
Afborganir lána	-31.100,0
Fjármögnun samtals	**-13.600,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	7.500,0
Breyting á handbæru fé	**2.747,8**

B-hluti.
Fjárreiður ríkisfyrirtækja.

3. gr. hljóðar svo:

Árið 2003 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	365,0	0,0	10,0	700,0
Ríkisútvarpið	-215,0	0,0	0,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-34,3	0,0	0,0	0,0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	-145,4	0,0	970,0	970,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	8,1	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3.674,8	133,0	85,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	120,0	200,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-181,0	219,0	903,0	500,0
Samtals	**3.464,1**	**352,0**	**2.096,1**	**2.370,0**

C-hluti.
Fjárreiður lánastofnana.

4. gr. hljóðar svo:

Árið 2003 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.042,0	5.930,0	48,0	4.300,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-15,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	216,3	1.909,0	0,0	1.600,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	662,0	0,0	0,0	500,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	2.916,0	34.690,0	12,0	34.350,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-34,0	9.250,0	0,0	12.300,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	-61,0	6.000,0	0,0	8.320,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	-779,0	0,0	7,0	9.740,0
Hafnabótasjóður	-121,4	0,0	0,0	0,0
Orkusjóður	-21,7	40,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	85,6	2.800,0	0,0	2.500,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-70,0	40,0	5,0	0,0
Samtals	**3.819,8**	**60.659,0**	**72,0**	**73.610,0**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 20.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 5.890 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 4.300 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 500 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 200 m.kr.
   - 2.4 Happdrætti Háskóla Íslands allt að 700 m.kr.
   - 2.5 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli allt að 190 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2003 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 21.500 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 34.350 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 12.300 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 8.320 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.5 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 9.740 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.600 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.7 Byggðastofnun, allt að 2.500 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.
   - 3.8 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 500 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með áorðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.

4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

5. Annað.

Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs með sjálfskuldarábyrgð lántöku Farice hf. allt að 800 m.kr.

Ýmis ákvæði
Heimildir

7. gr. hljóðar svo:
Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
2.2 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.
2.3 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.
2.4 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.5 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2.6 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.7 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Gunnarsbraut 4–6, Dalvík.
2.8 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.
2.9 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.
2.10 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
2.11 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.12 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b, 39c og 39d, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.13 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.14 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.15 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.16 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.17 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
2.18 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.19 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.
2.20 Að selja fasteignina Bræðratungu á Ísafirði og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.21 Að selja fasteign og lóð Vegagerðar ríkisins að Stórhöfða 34–40 og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
2.22 Að selja prestssetrið Hólabraut 1, Skagaströnd.
2.23 Að selja prestsseturshúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
2.24 Að selja skrifstofuhúsnæði Skógræktar ríkisins að Miðvangi 2, Egilsstöðum, og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á öðru hentugu húsnæði.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.

3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.8 Að selja fjöleignarhús við Kópavogsbraut, sem nú er notað fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni þess, og ráðstafa hluta af andvirðinu til að koma upp þremur sambýlum fyrir fatlaða og til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.12 Að selja hluta af eign ríkissjóðs í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
3.13 Að selja hús varamanns sendiherra í Stokkhólmi og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.14 Að selja hlut ríkissjóðs í sjúkraskýli að Túngötu 2, Suðureyri við Súgandafjörð, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir heilsugæslusel á sama stað.
3.15 Að selja húsnæði ÁTVR að Selási 19, Egilsstöðum.
3.16 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sandholti 28, Ólafsvík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum á Varmalandi í Borgarfirði, sem nýttar hafa verið fyrir starfsemi Kennaraháskóla Íslands, og verja hluta andvirðisins til nýbyggingar skólans.
3.18 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
3.20 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í Sóltúni 1, Reykjavík, og verja andvirðinu til kaupa á öðru húsnæði í þágu Háskóla Íslands.
3.21 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hvanneyrarbraut 64 á Siglufirði og kaupa annað hentugra.
3.22 Að selja hluta húsnæðis heilsugæslustöðvarinnar að Borgarbraut 65, Borgarnesi, og verja andvirðinu til viðbyggingar við stöðina.
3.23 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Klettsbúð 33, Hellissandi.
3.24 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sjávarflöt 7, Stykkishólmi, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.
3.25 Að selja eignarhlut ríkisins í flugskýli á Patreksfjarðarflugvelli.
3.26 Að selja íbúðar- og útihús við Garðskagavita.

3.27 Að selja eignarhlut ríkisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.28 Að selja eignarhlut ríkisins að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.29 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi að Fannborg 7–9 og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
3.30 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
4.4 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.5 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
4.6 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.7 Að selja hluta af jörðinni Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.8 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.9 Að selja jörðina Gufudal, Ölfusi, Árnessýslu.
4.10 Að selja jörðina Gufudal II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.11 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.12 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.13 Að selja hluta af jörðinni Hrólfsstaðahelli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Húsagarði, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.15 Að selja jörðina Ása, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.
4.16 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.17 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.18 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.19 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.20 Að selja jörðina Skriðu, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.21 Að selja jörðina Fell, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.22 Að selja jörðina Fyrirbarð í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.23 Að selja jörðina Urðarbak, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.24 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.25 Að selja jörðina Kollafjörð, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.26 Að selja jörðina Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.27 Að selja hluta af jörðinni Ytra–Lóni, Þórshafnarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
4.28 Að selja hluta af jörðinni Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.29 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.
4.30 Að selja jörðina Tjaldbúðir, Staðarsveit, Snæfellssnes- og Hnappadalssýslu.
4.31 Að selja jörðina Kolfreyju, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.32 Að selja hluta af jörðinni Dölum II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.33 Að selja hluta af jörðinni Stað í Staðardal, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.

4.34 Að selja hluta af jörðinni Brúum í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Kirkjuferjuhjáleigu, Ölfusi, Árnessýslu.
4.36 Að selja hluta af jörðinni Arnarbæli, Ölfusi, Árnessýslu.
4.37 Að selja hluta af jörðinni Brúnastöðum í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.38 Að selja hluta af jörðinni Búðum (utan friðlands), Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu.
4.39 Að selja jörðina Búlandshöfða, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsnessýslu.
4.40 Að selja jörðina Háu-Kotey í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.41 Að selja jörðina Lágu-Kotey í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.42 Að selja jörðina Sandhól í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.43 Að selja jörðina Kollafjarðarnes, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.44 Að selja jörðina Sandvík, Þingeyjarsveit, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.45 Að selja jörðina Stóra-Bakka, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.46 Að selja jörðina Straum á Skógarströnd, Dalabyggð, Dalasýslu.
4.47 Að selja jörðina Þjóðólfshaga 2, Rangárþingi ytra, Rangárvallasýslu.
4.48 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.49 Að selja jörðina Hvítsstaði í Borgarbyggð, Mýrasýslu.
4.50 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.51 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.52 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.53 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.54 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.55 Að selja prestssetursjörðina Desjarmýri – Setberg í Borgarfirði eystra, Múlaprófastsdæmi.
4.56 Að selja hluta af prestssetursjörðinni Mosfelli í Mosfellsdal.
4.57 Að selja hluta af jörðinni Staðarfelli, Þingeyjarsveit, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.58 Að selja hluta af jörðinni Laxárhlíð, Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
4.59 Að selja hluta jarðarinnar Hvammbóls (Ketilsstaða III), Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.60 Að selja hluta jarðarinnar Efstu-Grundar, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.
4.61 Að selja jörðina Langholt, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.62 Að selja jörðina Hærukollsnes í Álftafirði, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.63 Að selja jörðina Neðri-Þverá, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.64 Að selja hluta af jörðinni Húsey, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.65 Að selja hluta af jörðinni Borgum í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.66 Að selja hluta af jörðinni Knappstöðum í Fljótum, Skagafjarðarsýslu.
4.67 Að selja jörðina Kvíarhól, Ölfusi, Árnessýslu.
4.68 Að selja jörðina Glaumbæ í Staðarsveit, Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu.
4.69 Að selja prestssetursjörðina Árnes, Árneshreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.70 Að selja landspildur í eigu ríkissjóðs í Garðabæ.
4.71 Að selja 13,62 ha spildu í eigu ríkisins við Grænás í Reykjanesbæ.
4.72 Að selja jörðina Hrjót í Hjaltastaðaþinghá, Norður-Múlasýslu.
4.73 Að selja jörðina Hvamm í Eyjafjarðarsveit, Eyjafjarðarsýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.5 Að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunar í Fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á svokölluðum Stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.3 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.4 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans.
6.5 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.
6.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu.
6.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu.
6.8 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra Íslands í Moskvu.
6.9 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Vín.
6.10 Að kaupa eða leigja land fyrir Selfossflugvöll.
6.11 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss.
6.12 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir heilsugæslusel á Reyðarfirði.
6.13 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir sýslumanninn í Reykjavík.
6.14 Að kaupa til niðurrifs flugskýli á Reykjavíkurflugvelli vegna framkvæmda við flugvöllinn.
6.15 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti yfirdýralæknis.
6.16 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti veiðimálastjóra.
6.17 Að kaupa eða leigja læknisbústað í Borgarnesi.
6.18 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæsluna í Hafnarfirði.
6.19 Að kaupa jörðina Galtastaði fram í Hróarstungu, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
6.20 Að kaupa eignarhlut St. Fransiskusreglunnar í St. Fransiskusspítalanum, Stykkishólmi.
6.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.22 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir útsendan ritara í Moskvu.
6.23 Að leigja hentugt húsnæði fyrir sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og selja núverandi húsnæði.
6.24 Að leigja með kauprétti sérhannað fangelsishúsnæði sem byggt yrði í Reykjavík.
6.25 Að kaupa eða leigja aðstöðu fyrir lögregluna á Kirkjubæjarklaustri.
6.26 Að kaupa læknisbústað á Hellu eða Hvolsvelli.
6.27 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.28 Að kaupa flugskýli á Akureyrarflugvelli.
6.29 Að kaupa jarðir innan fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs.
6.30 Að kaupa jarðir og semja um makaskipti á nálægum jörðum vegna þjóðgarðsins á Snæfellsnesi.

6.31 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Brunamálastofnun Íslands.
6.32 Að kaupa eða leigja fasteignir fyrir sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.33 Að kaupa jörðina Víðidal, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
6.34 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir sýslumanninn á Höfn í Hornafirði.
6.35 Að taka á leigu reiðkennsluhúsnæði að Hólum í Hjaltadal og nýta sér kauprétt á hinni leigðu eign þegar fé hefur verið veitt til þess á Alþingi.
6.36 Að kaupa lóð Sementsverksmiðjunnar hf. að Sævarhöfða 31 ásamt tilheyrandi mannvirkjum.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2003 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2003, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.5 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.
7.6 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.7 Að stofna félag um rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg og greiða nauðsynlegan kostnað vegna þess.
7.8 Að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. IX. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, um framlög vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum.
7.9 Að leggja Seðlabanka Íslands til stofnfé á árinu 2003.
7.10 Að selja varðskipið Óðin og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða smíða á nýju varðskipi.
7.11 Að ganga til samninga við Neyðarlínuna hf. um kaup á upplýsingakerfum félagsins.
7.12 Að taka þátt í hlutafjáraukningu í Fiskeldi Eyjafjarðar hf. er nemur 25,4% eignarhlut ríkisins í félaginu fyrir allt að 102 m.kr.
7.13 Að kaupa hlutafé í Farice hf. fyrir allt að 560 m.kr.
7.14 Að heimila Háskóla Íslands að stofna félag til að vinna að þróun og markaðssetningu á vísindagörðum og leggja sem stofnframlag til félagsins eða ráðstafa með öðrum hætti hluta af lóðarréttindum skólans í Vatnsmýri í Reykjavík í þessu skyni.
7.15 Að semja við Fóðuriðjuna í Ólafsdal um sambærilegt uppgjör og samið var um við aðra framleiðendur grasköggla árið 1999.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, tekjur A-hluta, hljóðar skv. brtt. á þskj. 545.

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

00-201 Alþingi

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	593,0
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	50,4
1.03 Fastanefndir	76,5
1.04 Alþjóðasamstarf	95,1
1.06 Almennur rekstur	487,7
1.07 Sérverkefni	29,3
1.10 Rekstur fasteigna	121,3
Almennur rekstur samtals	1.453,3
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	64,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	77,0
Gjöld samtals	**1.594,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**1.586,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.586,7

01-190 Ýmis verkefni

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	3,9
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,9
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,1
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	14,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,5
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,7
1.19 Efnahagsrannsóknir	50,0
1.23 Hrafnseyri	6,4
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	22,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	4,8
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.90 Ýmis verkefni	14,1
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	35,0
Almennur rekstur samtals	186,4
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	2,5
Gjöld samtals	**188,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**187,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	187,9

02-319 Framhaldsskólar, almennt

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	59,2
1.12 Orlof kennara	91,5
1.13 Forfallakennsla	37,7
1.14 Sérkennsla	298,8
1.15 Prófkostnaður	53,5
1.16 Nýjungar í skólastarfi	28,7
1.17 Námsskrárgerð	34,0
1.18 Námsefnisgerð	18,2
1.19 Kennslueftirlit	5,8
1.21 Nám tannsmiða	9,4
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	6,5
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,7
1.26 Þróunarsjóður	14,9
1.27 Íslenskukennsla	16,3
1.28 Mat á skólastarfi	32,9
1.30 Endurmenntun	25,4
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	9,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	17,8
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	2,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	357,2
Almennur rekstur samtals	1.120,0
Gjöld samtals	**1.120,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.120,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	254,5
1.10 Byggða- og minjasöfn	14,0
1.11 Hönnunarsafn Íslands	4,5
Almennur rekstur samtals	273,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**275,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,4
Gjöld umfram tekjur	**263,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	263,6

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	5,0
1.11 Nýlistasafn	5,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	6,0
1.41 Galdrasýning á Ströndum	7,0
1.90 Söfn, ýmis framlög	33,8
Almennur rekstur samtals	56,8
Stofnkostnaður:	
6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	7,0
6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík	7,0
6.25 Geysisstofa í Haukadal	7,0
6.28 Sögusafnið í Reykjavík	7,0
6.29 Endurbygging á Brydebúð	3,0
6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi	4,0
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	7,0
6.38 Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði	6,0
6.39 Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði	3,5
6.40 Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði	3,5
6.41 Safnahús í Búðardal	7,0
6.43 Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri	4,0
6.44 Saltfisksetur Íslands í Grindavík	7,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	52,0
Stofnkostnaður samtals	125,0
Gjöld samtals	**181,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	181,8

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbætur menningarstofnana	344,0
6.23 Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðustefnumiðstöðvar í Reykjavík	45,3
6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	7,0
6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	7,0
Stofnkostnaður samtals	403,3
Gjöld samtals	**403,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	403,3

02-979 Húsafriðunarnefnd

Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarnefnd	94,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	94,3

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	19,3
1.15 Þýðingarsjóður	8,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	35,0
1.25 Tónlistarstarfsemi	5,5
1.27 Tónlist fyrir alla	5,0
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	10,6
1.30 Íslenska óperan	156,5
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	63,7
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	34,0
1.55 Menningarkynning í Frakklandi	10,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	35,2
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	16,0

	m.kr.
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.84 Samningur við Menningarborgarsjóð	15,0
1.90 Listir	60,8
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	19,5
Almennur rekstur samtals	536,6
Stofnkostnaður:	
6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	17,0
Gjöld samtals	**553,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	553,6

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	5,8
1.11 Styrkir til útgáfumála	12,5
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	9,8
1.20 Iðnsaga Íslands	3,3
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,6
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	8,0
1.51 Fræða- og þekkingasetur	7,5
Almennur rekstur samtals	51,5
Gjöld samtals	**51,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,5

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur	589,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	589,5

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	197,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	26,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.20 Fasteignir og lóðir	18,0
Stofnkostnaður samtals	20,0
Gjöld samtals	**243,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-65,9
Gjöld umfram tekjur	**177,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,3

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	538,4
1.10 Landamærastöðvar	39,8
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	21,5
Almennur rekstur samtals	599,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**603,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,3
Gjöld umfram tekjur	**590,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,7
Innheimt af ríkistekjum	388,7

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	742,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	742,0

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	23,7
1.20 Löggæsla	21,1
Almennur rekstur samtals	44,8
Gjöld samtals	**44,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**44,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,7

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	121,4
1.10 Svæðisráð	1,1
Almennur rekstur samtals	122,5
Gjöld samtals	**122,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,5

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,1
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	62,2
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	490,2
Almennur rekstur samtals	553,5
Gjöld samtals	**553,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 553,5

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 5.966,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.966,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 341,0
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit 14,5
Almennur rekstur samtals 355,5

Gjöld samtals **355,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -193,8

Gjöld umfram tekjur **161,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 161,7

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur 2.472,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 58,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar 115,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva 175,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd 33,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði 112,0
1.41 Framlög og styrkir 81,0
1.45 Starfsmenntasjóður 60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda 57,0
Almennur rekstur samtals 3.163,0

Gjöld samtals **3.163,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -801,0

Gjöld umfram tekjur **2.362,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2.362,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins 49,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður 4.867,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar 376,0
Almennur rekstur samtals 5.292,0

Gjöld samtals **5.292,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 376,0
Innheimt af ríkistekjum 4.916,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 26,9
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 224,0
1.30 Sjómannastofur 0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir 59,9
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 12,5
1.35 Félag heyrnarlausra 5,2
1.36 Félagið Geðhjálp 9,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 27,4
1.41 Stígamót 20,0
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 19,7
1.44 Byrgið, líknarfélag 12,7
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 2,7
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 8,2

	m.kr.
1.49 Móttaka flóttamannahópa	40,3
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	16,5
1.90 Ýmis framlög	14,5
Almennur rekstur samtals	500,0
Gjöld samtals	**500,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	500,0

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	290,0
1.15 Umönnunarbætur	961,0
1.21 Makabætur	55,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	63,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	438,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	73,0
1.41 Heimilisuppbót	2.210,0
1.51 Uppbætur	2.821,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	198,0
Almennur rekstur samtals	7.109,0
Gjöld samtals	**7.109,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.109,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	6.560,0
1.15 Örorkulífeyrir	2.705,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	8.770,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	4.195,0
1.26 Tekjutryggingarauki	1.330,0
1.31 Örorkustyrkur	138,0
1.35 Barnalífeyrir	1.550,0
1.91 Annað	78,0
Almennur rekstur samtals	25.326,0
Gjöld samtals	**25.326,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.436,0
Innheimt af ríkistekjum	18.890,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	300,1
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	77,5
Gjöld samtals	**377,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	377,6

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	20,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	269,0
Stofnkostnaður samtals	286,4
Gjöld samtals	**306,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	306,4

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	21,1
1.14 Lyfjaverðsnefnd	6,2
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	25,0
1.17 Vísindasiðanefnd	18,9
1.18 Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum	8,0
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	15,8
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	209,2
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	39,4
1.36 Stórstúka Íslands	1,5
1.37 Skrifstofa líknarfélaga	5,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	5,9
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,4
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	114,8
1.45 Útgáfa lyfjaskráa	3,2
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	55,4
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	101,2
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	38,7
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,3
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	20,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	12,1
1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrarsaltslöndunum	6,7
1.90 Ýmis framlög	67,0
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	814,0
Gjöld samtals	**814,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,0
Gjöld umfram tekjur	**783,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	758,0
Innheimt af ríkistekjum	25,0

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	642,3
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	20,3
Almennur rekstur samtals	662,6
Gjöld samtals	**662,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-60,0
Gjöld umfram tekjur	**602,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	602,6

08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	276,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna hjúkrunarheimila	188,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	420,5
Gjöld samtals	**885,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	885,0

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	289,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	27,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
6.90 Tölvuvæðing	52,2
Stofnkostnaður samtals	77,2
Gjöld samtals	**393,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 393,6

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 44,9
1.11 Sjúkrasvið 230,2
Almennur rekstur samtals 275,1

Gjöld samtals **275,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,1

Gjöld umfram tekjur **263,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 263,0

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 153,6
1.11 Sjúkrasvið 551,1
Almennur rekstur samtals 704,7

Gjöld samtals **704,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,3

Gjöld umfram tekjur **664,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 664,4

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	3.825,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	103,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	22,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	344,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	78,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	10,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	28,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	139,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	6,0
Almennur rekstur samtals	4.555,0
Gjöld samtals	**4.555,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.233,0
Viðskiptahreyfingar	1.322,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	1.500,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.500,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	40,1
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	27,1
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	7,2
1.13 Kjarasamningar	15,0
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	36,3
1.15 Kjararannsóknir	8,7
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður	30,2
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr.	180,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	80,0

	m.kr.
1.45 Ýmsar nefndir	6,9
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	8,3
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,6
1.60 Dómkröfur	86,5
1.65 Kjaranefnd	18,7
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	4,3
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Óviss útgjöld	26,9
Almennur rekstur samtals	602,8
Stofnkostnaður:	
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	2,0
6.91 Hagræðingarmál	1,0
Stofnkostnaður samtals	3,0
Gjöld samtals	**605,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	605,8

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	7,9
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	8,1
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	28,2
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,0
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	22,5
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,5
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	6,5
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	3,0

m.kr.

1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	6,7
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	14,8
1.90 Ýmis verkefni	10,5
Almennur rekstur samtals	162,8
Gjöld samtals	**162,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	162,8

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	445,1
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	115,2
Almennur rekstur samtals	560,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	28,5
Gjöld samtals	**588,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-164,8
Gjöld umfram tekjur	**424,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	424,0

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.500,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15.600,0
Viðskiptahreyfingar	-100,0

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

Þús. kr.

1.	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269-5.21 og 6.21).**		
	1.	Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni, viðhald húsa	20.000
	2.	Tilraunastöð HÍ að Keldum, viðhald húsa	10.000
	3.	Háskólinn á Akureyri, nýbygging	100.000
	4.	Norræna eldfjallamiðstöðin, flutningur í Náttúrufræðihús	20.000
	5.	Háskólinn á Akureyri, rannsóknahús	10.000
	6.	Viðhald, óskipt	10.000
		Samtals	**170.000**
2.	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318-6.90 og 6.95).**		
	1.	Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	50.000
	2.	Sjómannaskólahús, endurbygging	40.000
	3.	Menntaskólinn í Reykjavík	20.000
	4.	Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör á samningum	50.000
	5.	Fjölbrautaskóli Vesturlands	10.000
	6.	Verkmenntaskólinn á Akureyri, samningur	70.000
	7.	Sjálfseignarstofnunin Lundur, samningur um heimavist við Menntaskólann á Akureyri	15.000
	8.	Framhaldsskólinn á Laugum, sundlaug	10.000
	9.	Menntaskólinn á Egilsstöðum	20.000
	10.	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, uppgjör á samningum	10.000
	11.	Framhaldsskólar á Suðurlandi og Reykjanesi, óskipt	97.000
	12.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	50.000
	13.	Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbygging	40.000
	14.	Menntaskólinn á Laugarvatni, tæki	6.000
	15.	Tæki og búnaður, óskipt	10.000
		Samtals	**498.000**
3.	**Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).**		
	1.	Kvennasögusafn Íslands	500
	2.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
	3.	Húni II	1.500
	4.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, undirbúningur flutninga	1.000

5.	Undirbúningur Sturlusafns í Dölum	200
6.	Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	200
7.	Fjarðabyggð, Sjóminja- og smiðjumunasafn, Neskaupstað	2.000
8.	Fjarðabyggð, Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	1.000
9.	Sædýrasafnið í Höfnum	3.500
10.	Herhúsið, Siglufirði	1.000
11.	Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar	2.000
12.	Kirkjubæjarstofa	5.000
13.	Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3.000
14.	Sjóminjasafn Íslands, viðgerð á árabátnum Þór	200
	Óskipt	10.200
	Samtals	**33.800**

4. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).

1.	Reykjanesbær, kynning á söguslóðum tengdum landnámstíma	7.000
2.	Búnaðarsögusafn Eyjafjarðar	3.000
3.	Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík, uppbygging húsa	7.000
4.	Uppbygging Tónminjaseturs Íslands á Stokkseyri	7.000
5.	Safn um myndlist Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað	7.000
6.	Jöklasetur á Hornafirði	7.000
7.	Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	7.000
8.	Samgöngusafnið í Skógum	7.000
	Samtals	**52.000**

5. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969-6.21).

1.	Þjóðminjasafn Íslands, endurbygging Þjóðminjasafnshúss	210.000
2.	Þjóðminjasafn Íslands, endurbætur gamalla húsa í vörslu safnsins	55.000
3.	Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	25.000
4.	Þjóðskjalasafn Íslands	10.000
5.	Þjóðleikhús, endurbætur	10.000
6.	Listasafn Íslands	10.000
7.	Skriðuklaustur, endurbætur	7.000
8.	Stöðvarhreppur, samkomuhús	2.000
9.	Viðhald, óskipt	15.000
	Samtals	**344.000**

6. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Árni Kristjánsson	1.600
3.	Ásgerður Búadóttir	1.600
4.	Erró	1.600
5.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
6.	Guðbergur Bergsson	1.600
7.	Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.600
8.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
9.	Hannes Pétursson	1.600
10.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
11.	Jón Nordal	1.600
12.	Jón Þórarinsson	1.600
13.	Jórunn Viðar	1.600
14.	Kristján Davíðsson	1.600
15.	Matthías Johannessen	1.600
16.	Róbert Arnfinnsson	1.600
17.	Rúrik Haraldsson	1.600
18.	Svava Jakobsdóttir	1.600
19.	Thor Vilhjálmsson	1.600
20.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
21.	Þráinn Bertelsson	1.600
22.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**35.200**

7. Listir, framlög (02-982-1.90).

1.	Sumartónleikar við Mývatn, kórstefna	400
2.	Félag íslenskra tónlistarmanna, tónleikahald á landsbyggðinni	1.200
3.	Listvinafélag Vestmannaeyja, tónlistarhátíð	400
4.	Efling Stykkishólms, tónleikahald	400
5.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss, tónlistarhátíð	400
6.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400
7.	Leikbrúðuland, leiksýningar	1.200
8.	Samband íslenskra mynlistarmanna, rekstrarstyrkur	2.500
9.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	400
10.	Stórsveit Reykjavíkur, tónleikahald	400
11.	Möguleikhúsið, breytingar á sýningarhúsnæði	500
12.	Harmonikkufélag Vestfjarða, safn	300

13.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	500
14.	Tónhátíð í Þjórsárveri, tónlistarhátíð	400
15.	Hrunamannahreppur, stofa Fjalla-Eyvindar	100
16.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	400
17.	Skemmtihúsið við Laufásveg	3.000
18.	Tónlistarfélagið ÚT	5.000
19.	Dalabyggð, Leifshátíð	500
20.	Rannsóknarstofnun í helgisiðafræðum í Skálholti	7.000
21.	Menningarráð Austurlands	1.000
22.	Leikminjasafn Íslands, undirbúningur	3.000
	Óskipt	31.400
	Samtals	**60.800**

8. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Færeysk orðabók	2.500
2.	Örlygur Hálfdánarson, ritverk um íslenska þjóðmenningu	1.000
3.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi, tímaritið Börn og menning	400
4.	Jón Björnsson, Íslensk áraskip á 19. og 20. öld	500
5.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	1.500
6.	Eyrbyggjar – sögunefnd Eyrarsveitar, útgáfa rits	400
7.	Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals	1.000
8.	Menningarsaga Skarðstrendinga	200
9.	Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd	1.000
10.	Þróun glímu í íslensku þjóðfélagi í ellefu aldir	500
	Óskipt	3.500
	Samtals	**12.500**

9. Norræn samvinna (02-984-1.90).

	Norræna félagið, rekstur og sérverkefni	3.000
	Óskipt	10.000
	Samtals	**13.000**

10. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Snorraverkefnið, samskiptaverkefni við Vestur-Íslendinga	5.000
3.	NSU – Norræn samtök um ungmennastarf	1.200
4.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi	3.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**12.700**

11. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraða	400
2.	Sumarbúðirnar Ástjörn, starfsmannahús	1.000
3.	Landssamband íslenskra akstursfélaga	1.000
4.	Sundsamband Íslands	1.000
5.	Frjálsíþróttasamband Íslands	1.000
6.	Náttúruböð í Mývatnssveit	5.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**11.900**

12. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.000
2.	Surtseyjarfélagið	500
3.	Heimili og skóli, efling neytendaþjónustu og tæki	500
4.	Ég er húsið mitt, efling á sjálfsmynd barna	500
5.	Heimilisiðnaðarskólinn	2.000
6.	Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	3.000
7.	Lagnakerfamiðstöð Íslands	4.000
8.	Kvenfélagasamband Íslands	2.000
9.	Vestfirðir á miðöldum	4.000
10.	Vestnorræna menningarhúsið	1.000
11.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	1.200
12.	SMS – samskipti með síma	4.000
13.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.500
14.	Ólafsvíkurprestakall, minnisvarði	2.000
15.	Músík og saga ehf.	1.500
16.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
17.	Grettistak, menningar-, sögu- og ferðaþjónustuverkefni	3.000
18.	Vélbáturinn Pétur	1.000
19.	Lýsir, myndlist í íslenskum handritum	4.000
20.	Snjáfjallasetur	3.000
21.	Kvenfélagið Ósk, varðveisla muna	500
22.	Holt í Önundarfirði, menningarmiðstöð o.fl.	2.500
23.	Framkvæmdanefnd mótsvæðis á Vindheimamelum	5.000
24.	Sænautasel	2.000
	Óskipt	700
	Samtals	**52.400**

13. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Nytjaland	6.000
2.	Landvernd	4.000
3.	Æðarræktarfélag Íslands	300
4.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
5.	Vottunarstofan Tún	5.000
6.	Sigmar Jóhannsson, Skagafirði, viðgerðir og viðhald á gömlum búvélum	700
7.	Líf í fersku vatni	1.500
8.	Gæðamat í ferðaþjónustu	4.000
9.	Rannsóknir á glerál	800
10.	Rannsókn á landslagi	3.000
	Óskipt	2.500
	Samtals	**31.800**

14. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1.	Vesturland	2.000
2.	Norðurland	9.000
3.	Austurland	6.000
4.	Suðurland	25.000
	Heildarúttekt	2.300
	Samtals	**44.300**

15. Ýmis verkefni (05-190-1.90).

1.	Kalkþörungavinnsla í Arnarfirði og Húnaflóa	10.000
2.	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	5.000
3.	Uppbygging kræklingaeldis	5.000
4.	Rannsóknir á eiturefnum í fiski	7.000
	Óskipt	3.700
	Samtals	**30.700**

16. Félagasamtök, styrkir (07-999-1.31).

1.	Umsjónarfélag einhverfra	600
2.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
3.	Félag ábyrgra feðra	100
4.	Leigjendasamtökin	2.000
5.	Foreldrafélag misþroska barna	500
6.	Vernd	1.000
7.	Sjálfsbjörg	3.500
8.	Samtökin ´78	1.000

9.	Félag einstæðra foreldra	1.200
10.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
11.	Barnaheill	1.000
12.	Félag heyrnarlausra	3.200
13.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
14.	Landssamband eldri borgara	1.200
15.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
16.	Systkinasmiðjan	500
17.	Vímulaus æska	4.000
18.	Geðhjálp	4.000
19.	Hjálpræðisherinn	500
20.	Þroskahjálp	5.000
21.	Blindrafélagið	8.500
22.	Samtök aldraða	1.000
23.	Landsbyggðin lifi	1.000
24.	Samtök gegn fátækt	500
25.	Ný dögun	600
26.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	2.000
27.	Regnbogabörn	3.000
28.	Hugur og hönd, listasmiðja	700
29.	Kvennaráðgjöfin	700
	Óskipt	5.800
	Samtals	**59.900**

17. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	35.000
2.	Hjúkrunarheimili Hólmavík	14.000
3.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	9.800
4.	Heilsugæslustöðin Akureyri	12.000
5.	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	10.500
6.	Heilsugæslustöð Reyðarfirði	21.000
7.	Skjólgarður, Höfn í Hornafirði	8.400
8.	Hjúkrunarheimili Kirkjubæjarklaustri	15.000
9.	Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	35.000
10.	Sjúkrahús Suðurlands	60.000
11.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	30.000
12.	Heilsugæslustöðin Hvammur, Kópavogi	13.300
13.	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	5.000
	Samtals	**269.000**

18. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.200
2.	Landssamtök hjartasjúklinga	600
3.	Alnæmissamtökin	550
4.	Lauf, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.200
5.	Húsnæðisfélagið SEM	1.500
6.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
7.	Lífsvog	400
8.	Málbjörg, félag um stam	150
9.	Bergmál, líknar- og vinafélag	300
10.	Samtök sykursjúkra	700
11.	Parkinsonsamtökin á Íslandi	200
12.	Gigtarfélag Íslands	2.500
13.	Stómasamtök Íslands	150
14.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
15.	Guðjón Sigmundsson, Heilsuheimur ehf.	200
16.	Tourette-samtökin	300
17.	Geðrækt	5.500
18.	Samtök lungnasjúklinga	300
19.	Heimili og skóli	1.700
20.	Umhyggja	1.000
21.	Beinvernd	500
22.	PKU-félagið á Íslandi	150
23.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	200
24.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	4.000
25.	Blóðgjafafélag Íslands	200
26.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.300
27.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
28.	Tilvera, samtök gegn ófrjósemi	900
	Óskipt	39.400
	Samtals	**67.000**

19. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190-1.12).

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Árneshreppur	1.150
3.	Djúpavík og Gjögur	140
4.	Fjallahreppur	370
5.	Möðrudalur	200
6.	Svínafell í Nesjum	200

	Óskipt, til vetrarsamgangna	7.090
	Samtals	**9.300**

20. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	5.000
2.	Sögu- og flugminjasafn Suðurnesja	1.000
	Óskipt	8.000
	Samtals	**14.000**

21. Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu (10-190-1.45).

1.	Samgönguminjasafnið Ystafell	5.000
2.	Véla- og samgönguminjasafnið að Stóragerði í Óslandshlíð	2.500
	Samtals	**7.500**

22. Ýmislegt (10-190-1.90).

	Papeyjarferðir ehf.	800
	Óskipt	18.600
	Samtals	**19.400**

23. Hafnarmannvirki (10-335-6.70).

a. Vesturland:

1.	Akranes	68.100
2.	Borgarnes	3.500
3.	Snæfellsbær	53.100
4.	Grundarfjörður	7.200
5.	Stykkishólmur	9.900
6.	Búðardalur	600
	Samtals	**142.400**

Vestfirðir:

1.	Bolungarvík	15.400
2.	Ísafjarðarbær	51.400
3.	Súðavík	1.800
4.	Norðurfjörður	3.100
5.	Drangsnes	5.000
	Samtals	**76.700**

Norðurland vestra:		
1.	Skagafjörður	100
2.	Siglufjörður	20.500
	Samtals	**20.600**
Norðurland eystra:		
1.	Hafnasamlag Eyjafjarðar	40.500
2.	Hafnasamlag Norðurlands	30.400
3.	Grímsey	9.900
4.	Húsavík	97.000
5.	Þórshöfn	116.400
	Samtals	**294.200**
Austurland:		
1.	Bakkafjörður	2.000
2.	Vopnafjörður	102.400
3.	Seyðisfjörður	98.000
4.	Fjarðabyggð	7.800
5.	Fáskrúðsfjörður	18.700
6.	Stöðvarfjörður	17.300
7.	Breiðdalsvík	6.400
8.	Djúpivogur	2.000
9.	Hornafjörður	16.400
	Samtals	**271.000**
Suðurland:		
1.	Vestmannaeyjar	137.700
2.	Þorlákshöfn	76.900
	Samtals	**214.600**
Reykjanes:		
1.	Grindavík	93.000
2.	Hafnasamlag Suðurnesja	50.200
	Samtals	**143.200**
b.	Óskipt til slysavarna o.fl.	5.900
c.	Rannsóknir	17.500
	Samtals	**1.186.100**

24. Lendingarbætur (10-335-6.74).

1.	Haukabergsvaðall	400
2.	Selvík á Skaga	300
3.	Drangey, aðstaða fyrir farþegabát	1.000
4.	Lagarfljótsormurinn, aðstaða	1.100
5.	Papey	1.000
	Samtals	**3.800**

25. Sjóvarnargarðar (10-335-6.80).

1.	Innri-Akraneshreppur	900
2.	Snæfellsbær	600
3.	Dalabyggð	2.000
4.	Reykhólahreppur	900
5.	Vesturbyggð	5.700
6.	Ísafjarðarbær	900
7.	Blönduósbær	6.000
8.	Höfðahreppur	3.000
9.	Skagahreppur	5.500
10.	Dalvíkurbyggð	4.700
11.	Grýtubakkahreppur	600
12.	Húsavíkurkaupstaður	4.900
13.	Vopnafjarðarhreppur	200
14.	Fjarðabyggð	500
15.	Vestmannaeyjabær	4.500
16.	Árborg, sveitarfélag	11.300
17.	Ölfus, sveitarfélag	5.500
18.	Grindavíkurkaupstaður	500
19.	Sandgerðisbær	200
20.	Gerðahreppur	2.600
21.	Vatnsleysustrandarhreppur	6.800
22.	Bessastaðahreppur	4.100
23.	Seltjarnarneskaupstaður	5.100
	Óskipt	100
	Samtals	**77.100**

26. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Blái herinn	500
2.	Náttúrustofa Norðurlands eystra, undirbúningur	2.500
	Óskipt	7.500
	Samtals	**10.500**

Sundurliðun 3.
Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.

Sundurliðun 3, **Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**, hljóðar skv. brtt. á þskj. 546.

Sundurliðun 4.
Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Sundurliðun 4, **Fjármál lánastofnana í C-hluta**, hljóðar skv. brtt. á þskj. 547.

609. Svar [210. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um daggjöld hjúkrunarheimila og fjölda hjúkrunarrýma.

1. *Við hvaða dvalarheimili og hjúkrunarheimili öldrunarstofnana hefur ráðherra haft samráð til ákvörðunar daggjalda, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar?*

Heilbrigðisráðuneytið kallar árlega eftir upplýsingum frá öllum dvalar- og hjúkrunarheimilum um rekstrarkostnað hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrýma til að geta metið raunverulega fjárþörf öldrunarheimila við fjárlagagerð og hvað daggjöldin þurfi að vera há til að standa undir eðlilegum rekstrarkostnaði. Hér eru um að ræða ársreikninga, rekstraráætlanir, sjúkrahússkýrslur og rekstrarform þar sem rekstur er sundurliðaður eftir hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrýmum.

Í 39. gr. laga um almannatryggingar kemur skýrt fram að ráðherra skuli ákveða daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum með reglugerð. Í 39. gr. segir einnig að ráðherra skuli áður en daggjöld eru ákveðin óska eftir tillögum viðkomandi stofnana. Í samræmi við þessa lagagrein sendi ráðuneytið öllum hjúkrunarheimilum bréf sem dagsett var 30. janúar 2002 þar sem vakin var athygli á skiladegi fjárlagatillagna og að þær stofnanir sem óska eftir breytingu á fjárveitingu sinni þurfi að senda inn fjárlagatillögur fyrir 15. febrúar 2002. Í bréfinu kemur einnig fram að þær stofnanir sem ekki óska eftir sérstökum breytingum á fjárveitingum sínum þurfi ekki að leggja fram fjárlagaerindi. Örfáar fjárlagatillögur bárust frá hjúkrunarheimilum fyrir 15. febrúar sl. og enginn fjárlagatillaga fjallaði um daggjöld hjúkrunarheimila.

2. *Telur ráðherra að samanlagðar tekjur öldrunarstofnana standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði?*

Til þess að hægt sé að leggja mat á hver sé eðlilegur rekstrarkostnaður öldrunarstofnana þurfa dvalar- og hjúkrunarheimili að senda ráðuneytinu sundurliðaðar upplýsingar um rekstur dvalar-, hjúkrunar- og dagvistarrýma. Heilbrigðisráðuneytið hefur á undanförnum árum ítrekað sent út bréf til öldrunarstofnana til að afla þessara upplýsinga. Mjög er misjafnt hvernig stofnanir hafa brugðist við. Sum dvalar- og hjúkrunarheimili hafa sent fullnægjandi upplýsingar en önnur ekki. Telja verður út frá þeim rekstrarupplýsingum sem ráðuneytinu hafa borist að þó nokkuð vanti á að tekjur öldrunarstofnana standi undir gjaldfærðum rekstrarkostnaði. Í samræmi við rekstrarupplýsingar og til að bæta úr framangreindum tekjuskorti hefur 867 millj. kr. verið bætt við rekstrargrunn dvalar- og hjúkrunarheimila í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003. Af þeirri fjárhæð eru 550 millj. kr. vegna hjúkrunarrýma og 317 millj. kr. vegna dvalarrýma. Innifalið í framangreindum fjárhæðum eru um 320 millj. kr. til viðhalds húsnæðis. Auk þess eru 1.157 millj. kr. í frumvarpi til fjárlaukalaga fyrir árið 2002 til að mæta rekstrarhalla dvalar- og hjúkrunarheimila á árunum 2001 og 2002.

3. *Hefur reglugerð um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd verið gefin út?*

Reglugerð um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd hefur ekki verið gefin út.

4. *Hvert var daggjald til hjúkrunarheimilisins Sóltúns frá 1. júní 2001 til 1. júní 2002, uppgefið fyrir hvern mánuð fyrir hvern einstakling? Hvert var sérstakt húsnæðisgjald á legudag fyrir sama tímabil?*

Sóltún hóf rekstur í janúar 2002 og greiðast daggjöld einungis frá þeim tíma. Daggjöld Sóltúns frá janúar til júní 2002 koma fram í töflunni.

Mánuður, árið 2002	Daggjald án húsnæðis	Daggjald húsnæðis	Daggjald samtals
Janúar	16.600,98	2.818,24	19.419,22
Febrúar	15.932,95	2.810,61	18.743,56
Mars	17.121,35	2.822,06	19.943,41
Apríl	17.180,70	2.823,33	20.004,04
Maí	16.953,14	2.822,06	19.775,20
Júní	15.753,84	2.834,78	18.588,63

5. *Hve mörg ný hjúkrunarrými fyrir aldraða þarf að byggja til ársins 2010 svo að bið eftir rými verði aðeins 90 dagar, sbr. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010:*
   a. *í Reykjavík,*
   b. *utan Reykjavíkur?*

Samkvæmt áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu í Reykjavík 2002–2007 voru 1.159 hjúkrunarrými í notkun árið 2001 og gert er ráð fyrir að heildarþörf fyrir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu verði um 1.629 rými árið 2010 eða 470 rýmum fleiri en árið 2001. Ef miðað er við að biðtími eftir hjúkrunarrýmisvist verði 90 dagar og endurnýjunarhlutfall vistmanna á ári verði 30% af heildarþörf fyrir hjúkurnarrými, þarf að fjölga hjúkrunarrýmum að meðaltali um tæp 39 rými á ári fram til ársins 2010, en á því ári er áætlað að 120 manns verði á biðlista eftir hjúkrunarrými.

Samkvæmt áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002–2007 voru 1.003 hjúkrunarrými í notkun utan höfuðborgarsvæðisins árið 2001 og gert er ráð fyrir að heildarþörf fyrir hjúkrunarrými út á landi verði um 1.087 rými árið 2010 eða 84 rýmum fleiri en árið 2001. Ef miðað er við að biðtími eftir hjúkrunarrýmisvist verði 90 dagar og endurnýjunarhlutfall vistmanna á ári verði 30% af heildarþörf fyrir hjúkurnarrými, þarf að fjölga hjúkrunarrýmum að meðaltali um átta rými á ári fram til ársins 2010, en á því ári verði níu manns á biðlista eftir hjúkrunarrými.

6. *Hve mörg tilbúin hjúkrunarrými eru vannýtt utan höfuðborgarsvæðisins og hvar eru þau?*

Ráðuneytið hefur ekki vitneskju um ónýtt hjúkrunarrými utan höfuðborgarsvæðisins. Í því sambandi má benda á að meðalnýting hjúkrunarrýma hjá daggjaldastofnunum utan höfuðborgarsvæðisins var 99,9% fyrstu 10 mánuði ársins 2002. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um nýtingu hjúkrunarrýma í ár hjá öldrunarstofnunum á föstum fjárlögum.

610. Svar [224. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Ingvarsdóttur um ofvirk börn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg börn eru greind ofvirk hér á landi og eru á lyfjum við því, sundurliðað eftir kyni og aldri?

Nákvæmar upplýsingar um fjölda ofvirkra barna sem eru á lyfjum liggja ekki fyrir, því að margir koma að greiningu barnanna og enginn miðlægur gagnagrunnur er í þessum efnum. Ofvirk börn geta verið til meðferðar bæði hjá sérfræðingum í barnalækningum, geðlækningum og heimilislækningum.

Tíðni ofvirknisröskunar samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, ICD-10, er talin vera 1–2% samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum. Aðrar flokkunaraðferðir, sem eru nákvæmari og heldur víðari, benda til 3–5% tíðni á athyglisbresti með ofvirkni með undirgreiningum. Þessar tölur benda ekki til þess að hér sé ofgreint eða ofmeðhöndlað. Erfiðara er hins vegar að meta hvort einhverf börn verði útundan við þessa greiningu. Geðraskanir af þessum toga eru algengar hjá drengjum þar sem einkenni koma yfirleitt fram við byrjun skólagöngu og er tíðnin hæst á aldrinum sex til átta ára. Í þessu sambandi má benda á gagnlegar greinar í 5. og 6. tölublaði Læknablaðsins frá árinu 2000.

Helsta meðferð við þessum geðröskunum hefur verið í formi lyfsins Ritalin (methylphenidatum). Heildarfjöldi einstaklinga sem fékk þessu lyfi ávísað á þriggja mánaða tímabili árið 2000 var 757, árið 2001 var hann 1.024 og árið 2002 var hann 1.213.

Í meðfylgjandi töflu sést aldursdreifing (eftir fæðingarári) þeirra sem fengu ávísað Ritalini á tímabilinu apríl til júní árin 2000–2002.

Auk meðferðar með Ritalini hefur aðallega verið notast við lyf úr flokki þunglyndislyfja, eins og fram kemur í áðurnefndum vísindagreinum. Þetta hefur einkum verið vegna annarra meðfylgjandi sjúkdóma. Notkun geðdeyfðarlyfja við ofvirkni hefur farið minnkandi með aukinni notkun Ritalins.

Tafla 1. Ávísanir á lyfið Ritalin mánuðina apríl til júní árin 2000–2002.



611. Svar [237. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um tannheilsu barna og unglinga.

1. Hvernig er fylgst með tannheilsu barna og unglinga?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vill efla tannvernd barna og unglinga á landsvísu og hefur í þeim tilgangi m.a. stofnað Miðstöð tannverndar, sem hefur aðsetur í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og starfar tímabundið undir stjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík. Starfseiningin er þannig sambærileg við Miðstöð mæðraverndar og Miðstöð heilsuverndar barna. Verði af stofnun Lýðheilsustöðvar mun starfsemi Miðstöðvar tannverndar væntanlega færast undir hennar stjórn. Náin samvinna er milli tannheilsudeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og hinnar nýju Miðstöðvar tannverndar. Miðstöðinni er m.a. ætlað það hlutverk að skipuleggja og sjá um framkvæmd tannverndar fyrir skólabörn um land allt með því að:

1. skipuleggja fræðslu um málefni tannverndar í skólum,
2. tryggja að sem flest börn á landinu njóti eftirlits, fræðslu og forvarna á sviði tannheilsu, m.a. með ábyrgðartannlæknum og öflugu eftirlitskerfi fyrir þennan aldurshóp,
3. safna upplýsingum um tannheilsu barna á landinu,
4. veita starfsmönnum heilbrigðiskerfisins og öðrum ráðgjöf og fræðslu á sviði tannverndar, m.a. með útgáfu fræðsluefnis og heimasíðu.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Miðstöðvar tannverndar eflist á næstu árum og að margvísleg þjónusta á sviði tannverndar verði veitt þar, m.a. fræðsla og forvarnir fyrir aldraða, þroskahefta, fatlaða og langveika.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra væntir þess að breytingarnar muni hafa í för með sér bætta tannheilsu þessa aldurshóps, meira jafnræði meðal barna og unglinga og framsækna þjónustu á þessu sviði þeim til handa.

2. Hvernig er haldið utan um upplýsingar um tannheilsu barna og unglinga?

Eins og kemur fram í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar er Miðstöð tannverndar m.a. ætlað það hlutverk að afla upplýsinga um tannheilsu barna og unglinga. Skólatannlækningar Reykjavíkur (SR) öfluðu upplýsinga um tannheilsu þeirra skólabarna í Reykjavík sem sóttu tannlæknaþjónustu til SR. Öllum tannlæknum er skylt að halda sjúkraskrá um sjúklinga sína og eru því upplýsingar um tannheilsu barna sem sækja þjónustu á einkareknum stofum geymdar í sjúkraskrám þeirra.

3. Eru reglulega gerðar kannanir á tannheilsu barna og unglinga?

Síðasta landsrannsókn á tannheilsu barna sem gerð var á vegum hins opinbera var árið 1996. Sigfús Þór Elíasson, prófessor í tannlæknadeild Háskóla Íslands skipulagði og framkvæmdi rannsóknina. Niðurstöður hennar má finna í nýjasta tölublaði Tannlæknablaðsins, bls. 19–24, og á heimasíðu tannheilsudeildar HTR, tannheilsa.is.

Ráðgert er að hefja aðra landskönnun árið 2003. Mun skipulagning hennar verða í höndum deildarstjóra tannheilsudeildar HTR, dr. Helgu Ágústsdóttur, tannlæknis og faraldsfræðings og framkvæmd hennar á vegum Miðstöðvar tannverndar, væntanlega í samvinnu við tannlæknadeild Háskóla Íslands.

4. *Hvernig er tannheilsa íslenskra barna og unglinga nú í samanburði við tannheilsu jafnaldra þeirra annars staðar á Norðurlöndum?*

Ekki er að fullu vitað hvernig tannheilsa barna hér á landi er nú þar eð landsrannsókn var síðast gerð 1996. Samkvæmt tiltækum upplýsingum frá Skólatannlækningum Reykjavíkur árið 2001 er tannskemmdastuðull (DMFT, sjá fylgiskjal) 12 ára barna u.þ.b. 1,6.

Annars staðar á Norðurlöndum er tannskemmdastuðull 12 ára barna á bilinu 1,0–1,5 og hlutfall 12 ára barna sem er án tannskemmda á bilinu 35–61%.

Tafla 1. Tannskemmdastuðull og hlutfall 12 ára barna á Norðurlöndunum án tannskemmda.

Land	Ár	DMFT 12 ára	% 12 ára án tannskemmda
Ísland	1996	1,5	48
Finnland	1998	1,1	35
Danmörk	1998	1,0	55
Noregur	1998	1,5	48
Svíþjóð	2000	1,0	61

Heimild: Skýrsla samtaka yfirtannlækna í Evrópu, CECDO.

5. *Hversu hátt hlutfall barna, 18 ára og yngri, hefur ekki farið til tannlæknis á síðustu 18 mánuðum?*

Fyrirspurn var send til Skýrr um hlutfall barna sem ekki hafa fengið endurgreiðslu frá TR vegna tannlækninga á 18 mánaða tímabili. Miðað var við tímabilið 1. janúar 2001 til 30. júní sl. og til samanburðar tímabilið 1. janúar 2000 til 30. júní í fyrra. Einnig var falast eftir nýjustu upplýsingum frá Skólatannlækningum Reykjavíkur um þau börn sem sóttu þjónustu þangað.

Heildarhlutfall 0–18 ára barna sem ekki skiluðu sér til tannlækna á seinna tímabilinu, 1. janúar 2001 til 30. júní 2002, var 35,9%. Hlutfall grunnskólabarna, þ.e. 6–15 ára barna, sem ekki fóru til tannlæknis á tímabilinu var 19,2% og 22,5% barna á aldrinum 4–18 ára komu ekki til tannlæknis á þessu átján mánaða tímabili, sjá töflu 2.

Tafla 2. Hlutfall þeirra sem ekki hafa komið til tannlæknis á 18 mánaða tímabili í ýmsum aldurshópum, samanburður milli ára.

Aldurshópur	2001	2002
0–18 ára	34,2%	35,9%
4–18 ára	17,1%	22,5%
6–15 ára	11,0%	19,2%

Frekari upplýsingar um heimtur barna til tannlækna og skiptingu eftir landshlutum má finna í nýjasta tölublaði Tannlæknablaðsins 2002, bls. 48–49.

6. *Hvert var fjárframlag til skólatannlækninga í Reykjavík árið 2001?*

Fjárframlag til skólatannlækninga er ekki merkt sem sérstakt viðfang í fjárlögum, heldur er það hluti af fjárveitingu til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Kostnaður skólatannlækninga í Reykjavík árið 2001 var um 47,8 millj. kr., sértekjur voru um 8,6 millj. kr., þannig að 39,2 millj. kr. voru greiddar úr ríkissjóði vegna skólatannlækninga í Reykjavík árið 2001.

Heilsugæslan í Reykjavík ákvað nú í sumar að Skólatannlækningar í Reykjavík yrðu lagðar niður í núverandi mynd vegna stöðugt minnkandi aðsóknar. Fjárveiting sem varið hefur verið til reksturs Skólatannlækninganna mun verða nýtt fyrir Miðstöð tannverndar að undanskildum tveimur liðum. Annars vegar verður fjárveiting til launakostnaðar og efniskostnaðar flúorskolana í skólum nýtt af hálfu Heilsugæslunnar í Reykjavík og hins vegar mun fjármagn sem nýtt hefur verið til að standa straum af kostnaði við verktakasamning við tannlækna verða flutt til Tryggingastofnunar ríkisins í áföngum, því að breytingin mun væntanlega hafa í för með sér nokkurn kostnaðarauka þar.

7. *Eru áform um að hækka framlag til tannverndarsjóðs?*

Nei. Tannverndarráð lagði fram beiðni um hækkun fjárveitingar til tannverndarsjóðs fyrir afgreiðslu síðustu fjárlaga, en þeirri beiðni var hafnað af fjármálaráðuneyti. Fjárveiting til tannverndarsjóðs er því óbreytt og hefur verið sú sama að krónutölu síðan 1991.

8. *Eru áform um hækkun á gjaldliðum gjaldskrár fyrir tannlækningar sem hafa verið óbreyttir að krónutölu frá árinu 1999?*

Já, frá og með 1. desember nk. verður gjaldskrá heilbrigðisráðherra nr. 42/1999 hækkuð um 22%, en ráðgert er að ný og breytt gjaldskrá vegna tannlækninga taki gildi 1. janúar 2003.

Fylgiskjal.

Mælikvarði á tíðni tannskemmda DMFT og DMFS.

Skemmdar, fylltar og tapaðar tennur eða tannfletir.

DMFT og DMFS eru alþjóðlegir mælikvarðar sem eru notaðir til þess að gefa tannskemmdum tölulegt gildi. DMFT segir til um hversu margar tennur eru skemmdar hjá tilteknum einstaklingi.

Þetta er gert með því að telja fjölda
- skemmdra/Decayed (D),
- tapaðra/Missing (M) og
- fylltra/Filled (F)

tanna (T) eða tannflata/surfaces (S).

Þessi matsaðferð segir því til um hversu margar tennur hafa orðið fyrir skemmdum. Þetta er ýmist metið út frá öllum fullorðinstönnunum, sem eru 32 talsins, eða út frá 28 tönnum, en þá er endajöxlunum sleppt.

Með öðrum orðum:
- Hversu margar tennur eru skemmdar (skemmdir á byrjunarstigi eru ekki meðtaldar)?
- Hversu margar tennur hafa verið dregnar?
- Hversu margar tennur eru fylltar eða með krónu?

Summan af þessu gefur DMFT-gildið.

Dæmi: DMFT 4 + 3 + 9 = 16 þýðir að 4 tennur eru skemmdar, 3 tennur vantar og 9 tennur eru með fyllingu. Þetta þýðir einnig að 12 tennur eru óskemmdar (ef miðað er við 28 tennur). Ef tönn er bæði með skemmd og með fyllingu er það aðeins metið sem skemmd (D). DMFT-gildið getur því hæst orðið 28 (eða 32 ef endajaxlar eru einnig meðtaldir) sem þýðir að allar tennur hafi orðið fyrir skemmdum.

DMF/DMFS er ítarlegri mælikvarði en DFMT. Þetta mat felur í sér að telja skemmda tannfleti (per tooth surface, DMFS). Jaxlar og framjaxlar hafa 5 fleti en framtennur hafa 4 fleti. Eins og áður eru fletir sem bæði eru með skemmd og fyllingu aðeins metnir sem skemmd (D). DMFS-gildið getur því hæst orðið 128 ef miðað er við 28 tennur.

Fyrir barnatennur, sem eru 20 talsins, eru sambærilegir mælikvarðar notaðir við mat á skemmdum tönnum eða deft og defs, e stendur fyrir úrdregnar tennur.

Eftirfarandi gildi eru notuð þegar skemmdir hjá fullorðnum eru tilgreindar

DMFT – Meðaltal skemmdra, tapaðra og fylltra tanna.

% DMFT – Hlutfall skemmdra tanna í tilteknum hópi.

% D – Hlutfall ómeðhöndlaðra skemmdra tanna í tilteknum hópi.

DT – Meðaltal skemmdra tanna.

MT – Meðaltal tapaðra tanna.

MNT – Meðalfjöldi tanna.

% Ed – Hlutfall tannlausra í tilteknum hópi.

612. Svar [251. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingvarsdóttur um óútskýrða áverka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir koma árlega á bráðamóttöku með óútskýrða áverka, sundurliðað eftir kyni og aldri?

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leitaði til Landspítala – háskólasjúkrahúss um upplýsingar um fjölda þeirra sem koma með óútskýrða áverka. Samkvæmt upplýsingum frá sviðstjóra hjúkrunar á viðkomandi sviði er ekki unnt að svara þessari spurningu á grundvelli gagna sjúkrahússins.

Komur á bráðamóttöku hér eru flokkaðar með sama hætti og komur annars staðar til að auðvelda samanburð milli stofnana og landa. Sú alþjóðlega flokkun sem er notuð hér er fyrst og fremst er kennd við Norrænu heilbrigðistölfræðinefndina, NOMESKO, og hefur hún verið notuð til margra ára. Í því flokkunarkerfi eru ástæður komu flokkaðar á eftirfarandi hátt:

Sjúkdómur.
Slys og óhöpp.
Ofbeldisverk:
- slagsmál, handalögmál,
- kynferðisleg árás,
- vanræksla o.þ.h.,
- ofbeldisverk, önnur tilgreind,
- ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind,

Sjálfsskaði af ásettu ráði:
- sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun,
- víma af efnum,
- sjálfsmeiðingar,
- sjálfsskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur,
- sjálfsskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur.

Ljóst er að allflest tilvik falla undir einhvern af þessum þáttum. Taka má saman hve margar komur eru vegna hvers flokks, en til þess þyrfti að skoða sjúkraskrár og finna dreifingu innlagnarástæðna.

Þá má þess geta að saga sjúklings er ætíð skráð eins og hann segir hana. Sagan er ekki vefengd nema eitthvert tilefni sé til. Tilkynnt er um grun um ofbeldi, t.d. gagnvart börnum, til viðkomandi yfirvalda.

613. Svar [349. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um Forvarnasjóð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver fer með stjórn Forvarnasjóðs?*
2. *Hve miklu fé var úthlutað árlega 1999–2002 til*
   a. *verkefna,*
   b. *áfangaheimila?*
3. *Hvernig er eftirliti með verkefnum háttað?*

Áfengis- og vímuvarnaráð fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur um úthlutun úr honum til heilbrigðisráðherra samkvæmt lögum um áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998 og lögum um gjald á áfengi nr. 96/1995.

Framlög á fjárlögum í Forvarnasjóð frá því að Áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa árið 1999 og úthlutanir til verkefna og áfangaheimila koma fram í töflunni, upphæðir eru í millj. kr.

Fjárlög. Forvarnasjóður 1999–2001.

	1999	2000	2001	2002 áætlun	2003 fjárlög
Forvarnasjóður – alls	**55,00**	**70,60**	**80,30**	**82,50**	**77,10**
Rekstur	7,00	7,20	7,40	7,90	8,10
Forvarnasjóður, 1% af áfengisgjaldi	48,00	53,40	63,40	69,00	69,00
Viðbót á fjárlögum + leiðrétt vegna gjalda		10,00	9,50	5,6	
Þar af ráðstafað til verkefna og áfangaheimila	(56%) **30,85**	(66%) **46,50**	(63%) **50,95**	(61%) **50,30**	
Verkefni	20,85	36,50	40,95	40,30	
Áfangaheimili	10,00	10,00	10,00	10,00	

Eftirfarandi eru yfirlit yfir úthlutanir styrkja úr Forvarnasjóði árin 1999, 2000, 2001 og 2002. Þessi yfirlit er einnig að finna á heimasíðu áfengis- og vímuvarnaráðs, www.vimuvarnir.is, og í ársskýrslu ráðsins sem alþingismönnum hefur verið send. Á heimasíðunni er jafnframt að finna nánari lýsingu á verkefnum sem hafa hlotið styrki.

Við úthlutun styrkja hefur áfengis- og vímuvarnaráð hugað að jafnvægi milli landshluta, niðurstöðum nýjustu kannana og fyrirliggjandi upplýsingum um vímuefnaneyslu í samfélaginu og forvarnir. Ráðið hefur haft að leiðarljósi að styrkja verkefni sem lúta að gras-

rótarstarfi í sveitarfélögum, meðal foreldra og ungmenna, innan heilsugæslu, skóla, leikskóla, tómstundastarfs og sem varða eftirlit og löggæslu á sviði vímuvarna. Samvinna um verkefni og mótframlög annarra hefur verið álitinn kostur.

Fylgst er með verkefnum með því að styrkir hærri en 500 þús. kr. eru greiddir út í tvennu lagi. Síðari hluti styrks er greiddur út að því tilskyldu að styrkþegar skili áfangaskýrslu þar sem þeir gera grein fyrir gangi verkefnisins. Styrkir allt að 500 þús. kr. eru greiddir út í einu lagi. Allir styrkþegar þurfa að skila lokaskýrslu um verkefnið þar sem fram kemur hvernig styrkfénu hefur verið varið en í haust voru tekin í notkun sérstök eyðublöð fyrir áfangaskýrslu og lokaskýrslu. Starfsmenn og fulltrúar áfengis- og vímuvarnaráðs leggja sig auk þess fram um að heimsækja styrkþega og fylgjast þannig með verkefnum sem hafa hlotið styrki.

Auk verkefna sem koma fram á eftirfarandi listum hefur hluta af Forvarnasjóði verið varið til rannsókna til að grundvalla á frekara forvarnastarf, m.a. ESPAD 1999 (European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs), Ungt fólk 2000, Ungt fólk í framhaldsskólum 2000, Ungt fólk utan framhaldsskóla 2001 og könnun á áfengis- og vímuefnaneyslu meðal almennings 2001. Vaxandi áhersla er lögð á að meta verkefni sem njóta hárra fjárframlaga úr sjóðnum með tilliti til framkvæmdar og árangurs. Tvö stór verkefni hafa verið metin á þennan hátt, þ.e. Sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins og *Ísland án eiturlyfja*. Þá annast ráðið umfangsmikla gagnasöfnun á afleiðingum áfengis- og vímuefnaneyslu á Íslandi sem fram kemur í skýrslu sem kom í fyrsta skipti út sl. vor. Niðurstöður þessara rannsókna nýtast um allt land. Loks er allur rekstur og innra starf áfengis- og vímuvarnaráðs, m.a. laun fjögurra starfsmanna og fulltrúa í áfengis- og vímuvarnaráði, útgáfa og auglýsingar, greitt af Forvarnasjóði.

Forvarnarsjóður 1999. Úthlutanir samkvæmt auglýsingu í maí 1999.

Börn eru líka fólk – námskeið fyrir börn í áhættuhópum Vímulaus æska	150.0000
Forvarnarverkefnið „Hættu áður en þú byrjar". Lögreglan í Reykjavík, Hvítasunnukirkjan á Íslandi – Marita, félagsþjónustan í Reykjavík	150.0000
Fyrirmyndarforeldrar, foreldrasamningurinn. Heimili og skóli	1.000.000
Fíkniefnafræðsla í framhaldsskólum. Jafningjafræðslan	1.000.000
Kynning á útivistarreglum, forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík, Ísland án eiturlyfja, Vímulaus æska, Heimili og skóli, samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíknivarnir	1.000.000
Vímuvarnaskólinn. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, forvarnadeild SÁÁ og Rauði kross Íslands	1.000.000
Auglýsingaátak gegn unglingadrykkju. SAMFÉS / Ísland án eiturlyfja	1.000.000
Bindindismótið í Galtalækjarskógi. Sumarheimili templara	1.000.000
Forvarnir í samstarfi við ungmenna- og íþróttafélög í sveitarfélögum. Fjölmennt	1.000.000
Lífsstíll ungs fólks, breyttar áherslur, tilraunaverkefni. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	500.000
Foldaskóli – vímulaus grunnskóli, tilraunaverkefni. Foldaskóli	500.000
Unglingalandsmót UMFÍ árið 2000 – vímulaus fjölskyldu- og íþróttahátíð. Ungmennafélag Íslands	500.000
Reykjanesbær á réttu róli – alhliða forvarnir í bænum. Reykjanesbær	500.000
Fræðsla um hass og amfetamín. Forvarnadeild SÁÁ og fræðsludeild lögreglustjórans í Reykjavík	500.000
Sæludagar 1999 – vímulaus fjölskylduhátíð um verslunarmannahelgi. Skógarmenn KFUM	500.000
„Rusfri diil". Íslenskir ungtemplarar	500.000

VOFF-verkefnið, leiklist og námskeið tengd vímuvörnum. Kompaníið, Upplýsinga- og þjónustumiðstöð ungs fólks á Akureyri	400.000
Landsmóta skáta. Bandalag íslenskra skáta	350.000
Hátt uppi án vímu – hvatning til „jákvæðrar áhættuhegðunar“. Bandalag íslenskra skáta	300.000
Unglingar í áhættuhópi og foreldrar þeirra. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann – SÁÁ	300.000
Vefsíða um áfengis- og fíkniefnamál. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	300.000
Verum saman – verkefni fyrir 10–12 ára börn og foreldra þeirra. Komið og dansið	300.000
Ferðastyrkur. AA-samtökin (úthlutað af ráðherra)	300.000
Verkefni til að bæta skemmtanahald í framhaldsskólum. Komið og dansið	200.000
Breytt viðhorf til ölvunar. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	200.000
Foringjanámskeið skáta. Bandalag íslenskra skáta	100.000
Efling foreldrarölts. SAMFOK – samtök foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum í Reykjavík	100.000
Efling foreldrarölts. SAMKÓP	100.000
Tilvera í Grundarfirði – samfélagsverkefni. Hópur foreldra í Stykkishólmi	100.000
Ísland án eiturlyfja. Ríkisstjórnin, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga	4.800.000
Sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins	6.500.000
Fjölskyldumiðstöðin. Reykjavíkurdeild Rauða krossins, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	3.000.000
Samtals	**30.850.000**

Forvarnasjóður 2000. Úthlutanir samkvæmt auglýsingu 30. janúar 2000.

Forvarnarlykill, Fræðsluefni og námskeið fyrir foreldra, skóla og börn. SAMFOK	500.000
Útivistarátak. Ísland án eiturlyfja, lögreglan í Reykjavík og samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir	500.000
Auglýsinga- og hvatningaherferð. Ísland án eiturlyfja, lögreglan í Reykjavík og samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir	500.000
SÁÁ. Foreldrar í vanda, til að auka þekkingu foreldra á vímuefnum og áhrifum þeirra	500.000
Fjölskylduráðgjöf Vímulausrar æsku og foreldrahópsins. Vímulaus æska	500.000
„Börn eru líka fólk“, námskeið fyrir börn í áhættuhópum og foreldra þeirra. Vímulaus æska	1.000.000
„PMT“-aðferðin til að fyrirbyggja hegðunarerfiðleika hjá börnum. Foreldraráðgjöf. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	1.000.000
Sterkur og viðbúinn, aðstoð við foreldra barna í ákveðnum áhættuhópum. Stórstúka Íslands	500.000
Fjölskyldumiðstöð fyrir börn í vanda. Vímulaus grunnskóli / Fjölskyldumiðstöð	3.000.000
Foreldrasamningurinn. Heimili og skóli	1.000.000
Forvarnir í vímu- og fíkniefnamálum. Forvarnir í umferðinni, fræðsla til barna í 8.–10. bekk grunnskóla. Lögreglan á Blönduósi	100.000
„Ég get“ – fjallað um lífssýn, þjálfun hugarfars, styrkingu sjálfsmyndar o.fl. Fjölmennt ehf.	1.000.000
Gerð myndbands fyrir framhaldsskóla. Þóranna Tómasdóttir Gröndal og Hannes Hilmarsson / Mennaskólinn Kópavogi	500.000
„Hættu áður en þú byrjar.“ Marita, félagsþjónustan og lögreglan í Reykjavík	1.500.000
Vörn gegn vímu. „Ég er húsið mitt.“ Krossgötur	500.000
Forvarnir í grunnskólum. Vímuvarnarskólinn, SÁÁ	500.000
Forvarnir í leikskólum, þróunarverkefni. FRÆ	500.000
Tilvera í lífsleikni fyrir 8.–10. bekk grunnskóla. Tilvera í Grundarfirði	200.000

Félagsstarf og útihátíðir. SÁÁ	500.000
Láttu ekki hafa þig að fífli. Samfés	1.000.000
Valur án vímu. Knattspyrnudeild Vals	300.000
Orkudagar 2000. Félagsmiðstöðin Þrykkjan í Hornafjarðarbæ og Orkuverið	200.000
Bindindismótið Galtalæk. Sumarheimili templara	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2000. UMFÍ	500.000
Aukið hópastarf á vegum Miðbæjarstarfsins. Miðbæjarstarf KFUM og KFUK	500.000
Unglingamóttaka, þróunarverkefni. Heilsugæslustöðin á Akureyri	300.000
Heilsuefling í skólum, verkefni til þriggja ára. Heilsuefling – Landlæknisembættið	1.000.000
Fræðsla og forvarnir í Borgarbyggð. Borgarbyggð	100.000
Handbók fyrir heimili og skóla. FRÆ	2.000.000
Sveitafélagaverkefnið. SÁÁ	2.500.000
Ráðstefna um fíknir. Götusmiðjan	500.000
Betra líf. Félagsmiðstöð, Bústaðahverfi	500.000
Loftskipið, frístundir án vímu. UMFÍ	1.000.000
Vímuefnalaust kaffi- og menningarhús unga fólksins. VÁ VEST	300.000
Ráðstefna um ofbeldi ungmenna árið 2000. Barnageðlæknafélag Íslands	200.000
Sjóliðaverkefnið – Haftindur. Karel Karelsson	1.000.000
Ísland án eiturlyfja	4.800.000
Samtals	**32.500.000**
Aðrar ráðstafanir árið 2000	
Úthlutun ráðherra	
Gamla apótekið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra	500.000
Akureyri, dóms- og kirkjumálaráðherra	500.000
Samtals	**1.000.000**
Áfangaheimili	
Byrgið	1.800.000
Samhjálp	1.800.000
Dyngjan	2.500.000
Risið	2.500.000
Takmarkið	700.000
Fjólan	700.000
Samtals	**10.000.000**
Önnur verkefni (samkvæmt áætlun)	
Rannsóknir	5.000.000
Laun og rekstur	16.000.000
Auglýsingar, kynning	1.000.000
Gagnasafn og vefur	2.100.000
Annað	3.000.000
Samtals	**27.100.000**
Alls	**70.600.000**

Forvarnasjóður 2001. Úthlutun samkvæmt auglýsingu 7. janúar 2001.

Ísland án eiturlyfja	4.800.000
Fjölskylduráðgjafar og námskeiðahald. Vímulaus æska	2.000.000
„Hættu áður en þú byrjar“ eftirfylgni. Fundir með foreldrum og nemendum. „Hættu áður en þú byrjar“ fræðsla fyrir 9. bekk. Marita, félagsþjónustan og lögreglan í Reykjavík	2.000.000
Upplýsingar, fræðsla og rágjöf í vímuvörnum. FRÆ	2.000.000

Fræðsla og fjölskylduráðgjöf. Götusmiðjan	1.500.000
„PMT"-aðferðin til að fyrirbyggja hegðunarerfiðleika hjá börnum. Foreldraráðgjöf. Samstarfsverkefni. Stofnanir í Hafnarfirði, skólaskrifstofa, félagsþjónusta og heilsugæsla	1.500.000
Fjölskyldumiðstöð fyrir börn í vanda. Fjölskyldumiðstöð	1.500.000
Íslenskir ungtemlarar	1.500.000
Gamla apótekið, Ísafirði	1.500.000
Innleiðing uppbyggingarstefnu í Grafarvogi. Miðgarður	1.300.000
Foreldrasamningurinn. Heimili og skóli	1.000.000
Námskeið fyrir foreldra. Til að auka líkur á að börn skjólstæðinga SÁÁ njóti þess bata sem foreldrar þeirra ná. SÁÁ	1.000.000
Forvarnalykill SAMFOKS. SAMFOK	1.000.000
„Láttu ekki hafa þig að fífli." Gerð auglýsingamyndbands o.fl. Samfés	1.000.000
Heilsuefling í skólum, verkefni til þriggja ára. Heilsuefling – Landlæknisembættið	1.000.000
Jafningjafræðslan. Þróun forvarna meðal ungs fólks	1.000.000
Átak í forvörnum í Skagafirði. Skagafjörður	1.000.000
Bindindismótið Galtalæk. Sumarheimili templara	1.000.000
Landsmót Egilsstöðum 2001. UMFÍ	1.000.000
Auglýsinga- og hvatningaherferð. Ísland án eiturlyfja, lögreglan í Reykjavík og samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota og fíkniefnavarnir	700.000
„Gleði, gleði, gleði." Verkefni fyrir nemendur 10. bekkjar grunnskóla og 1. bekk framhaldsskóla. KSS, kristileg skólahreyfing	700.000
„Íþróttir efla kjark og þol", forvarnaverkefni í samvinnu við grunnskóla í hverfi Vals. Valur, knattspyrnudeild	700.000
Félagsstarf og útihátíðir. SÁÁ	500.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2002 í Stykkishólmi. UMFÍ	500.000
„Að allt árið", samþætt vímuvarnastarf fyrir 1.–10. bekk og Orkudagar 2001. Félagsmiðstöðin Þrykkjan Hornafjarðarbæ	500.000
Sæludagar KFUM í Vatnaskógi. KFUM – Skógarmenn	500.000
Námskeið fyrir foreldra barna með hegðunarraskanir. Foreldrafélag misþroska barna og Eirð	500.000
Útivistarátak. Ísland án eiturlyfja, lögreglan í Reykjavík og samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir	500.000
Forvarnastarf í grunnskólum. Vímuvarnaskólinn	500.000
Þú átt val, gerð myndbands fyrir framhaldsskóla. Þóranna Tómasdóttir Gröndal og Hannes Hilmarsson / Mennaskólinn Kópavogi	500.000
Föstudagsbræðingur á Geysi, kakóbar, „ung list". Hitt húsið	500.000
Tún, menningar- og félagsaðstaða fyrir ungt fólk. Húsavíkurkaupstaður	500.000
Hópastarf vegna eineltis, sjálfsvarnanámskeið og fræðsla vegna götustarfs. Miðbæjarstarf KFUM og KFUK	500.000
Fjölskylduklúbbar. Bindindissamtökin IOGT	500.000
Unglingamóttaka, unglingar 14–20 ára. Heilsugæslustöðin Sólvangur	500.000
Vímuvarnafulltrúi, samstarfsverkefni. Áfengis- og vímuvarnanefnd Akureyrar	500.000
Vímuvarnastefna íþróttafélaga. Íþróttabandalag Reykjavíkur	400.000
Skrefi á undan, fræðsluefni ætlað foreldrum barna í ákveðnum áhættuhópum. Bindindissamtökin IOGT	400.000
Nemendur í Kópavogsskóla, foreldrar þeirra og aðrir íbúar á þjónustusvæði Kópavogsskóla. Menningarmiðstöð Kópavogsskóla	300.000
Forvarnastarf í Borgarbyggð. Borgarbyggð	250.000
„Verum saman dönsum saman." Foreldrar og börn. Komið og dansið	200.000
Samtals	**39.250.000**

Úthlutun til rannsókna 2001 (september)	
Dagbókin, undirbúningur að rannsóknarverkefni um ferli (mynstur) í högum og heilsu ungs fólks. Guðberg K. Jónsson og Héðinn Unnsteinsson, Geðrækt	500.000
Ölvunarakstur í Reykjavík, forvarnir sem byggjast á forspá um síendurtekin brot. Jón Friðrik Sigurðsson, Fangelsismálastofnun	450.000
Áhættuhegðun ungs fólks, langtímarannsókn. Sigrún Aðalbjarnardóttir	750.000
Samtals	**1.700.000**
Áfangaheimili	
Byrgið	1.500.000
Dyngjan	2.500.000
Fjólan	700.000
Krossgötur	400.000
Risið	2.500.000
Samhjálp	700.000
Takmarkið	1.000.000
Vernd, fangahjálp	700.000
Samtals	**10.000.000**

Forvarnasjóður. Úthlutun styrkja 2002.

Ísland án eiturlyfja (lokaframlag)	2.500.000
Námskeið í listum og lífsleikni. Undirbúningshópur um listir og lífsleikni, Götusmiðjan og Foreldrahús	1.500.000
Saman á tímamótum og tyllidögum. Saman-hópurinn	1.500.000
„Láttu ekki hafa þig að fífli." Samfés	1.000.000
„PMT"-foreldraþjálfun. Skólaskrifstofa, félagsþjónustan og heilsugæslan í Hafnarfirði	1.000.000
Börn eru líka fólk. Vímulaus æska	1.000.000
Fíkniefnafræðsla fyrir 9. bekk. Eftirfylgd, markhópur 10. bekkur. Forvarnafélagið „Hættu áður en þú byrjar"	1.000.000
Fjölskylduhátíð í Galtalækjarskógi 35 ára. Bindindismótið Galtalækjarskógi	1.000.000
Fjölskyldumiðstöð, fjölskylduráðgjöf. Fjölskyldumiðstöð	1.000.000
Fjölþjóðakvöld. Ævintýraferðir, hópastarf og fagleg ráðgjöf. Miðborgarstarf KFUM og KFUK	1.000.000
Foreldrasamningur. Heimili og skóli	1.000.000
Gerð myndar um raunveruleika fíkniefnaneyslu á Íslandi (með „Hættu áður en þú byrjar"). Samhjálp	1.000.000
Jafningjafræðslan. Hitt húsið – jafningjafræðslan	1.000.000
Landsmót skáta 2002. Bandalag íslenskra skáta	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ. Stykkishólmi 2002 UMFÍ	1.000.000
Uppbyggingarstefna, forvarnaleið fyrir íbúa Grafarvogs. Miðgarður, fjölskylduþjónustan í Grafarvogi	1.000.000
Menntasmiðja unga fólksins. Menntasmiðjan á Akureyri	900.000
Efling félagsstarfs ungmenna á Húsavík. TÚN menningar- og kaffihús ungs fólks á Húsavík	800.000
Hópastarf Hins hússins. Hitt húsið	800.000
Upplýsinga-, menningar- og kaffihús fyrir ungt fólk í Skagafirði. Samstarfshópur um forvarnir Sauðárkróki	800.000
Forvarnir í leikskóla. Hvernig byggjum við upp einstaklinga sem ánetjast síður fíkniefnum? Áhugahópur leikskólakennara	750.000
Lífsleikni fyrir unglinga og ungt fólk. Biskupsstofa	750.000

Félagsstarf og útihátíðir. SÁÁ	500.000
Fjölskylduráðgjöf. Vímulaus æska	500.000
Forvarnir í leikskólum. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	500.000
Húsráð gamla Apóteksins, leiðsögn og stuðningur. Gamla Apótekið, Ísafirði	500.000
Íslandsleikhús. Gamla Apótekið, Ísafirði	500.000
Sæludagar í Vatnaskógi 2002. Skógarmenn KFUM	500.000
„Vímuvarnir í eigin hópi“, samstarfsverkefni æskulýðsmiðstöðva og vinnuhópa. Fjarðabyggð	500.000
Árangursvottun ungs fólks í félagsmiðstöðvastarfi. Samfés, samtök félagsmiðstöðva	500.000
Heilsuefling í skólum. Heilsuefling – Landlæknisembættið	500.000
Heilsuvernd barna og fræðsla um áfengi og vímuefniMiðstöð heilsuverndar barna	500.000
Reykjanesbær á réttu róli. Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	500.000
Tveggja hæða strætisvagn. KFUM og KFUK í Reykjavík	500.000
Þú átt val, myndband. Menntaskólinn í Kópavogi	500.000
Agi til forvarna. Miðstöð heilsuverndar barna	450.000
Lært fyrir lífið. Akraneskaupstaður	400.000
Víma á vettvangi, gerð myndbands. Akureyrarbær, íþrótta- og tómstundadeild	400.000
Forvarnalykill SAMFOKS. SAMFOK Reykjavík	300.000
Forvarnastarf foreldra í Kópavogi. SAMKÓP	300.000
Forvarnir í Borgarbyggð. Borgarbyggð	300.000
Heimur, trúnaðarsími. Gamla Apótekið, Ísafirði	300.000
Íþróttanámskrá knattspyrnudeildar, forvörn í fyrirrúmi. Knattspyrnudeild Hauka	300.000
Landnemar. Unglingaathvarfið Keilufelli	300.000
Forvarnanámskeið, öflugt sjálfstraust. Vímulaus æska	250.000
Langtímaáhrif stelpnahópa, vinna til forvarna. Lone Jensen og Helga Steinunn Guðmundsdóttir	200.000
Móttaka fyrir ungt fólk. Heilsugæslan á Seltjarnarnesi	200.000
Móttaka fyrir ungt fólk. Heilsugæslan í Kópavogi	200.000
Lífsleikni og forvarnir á Raufarhöfn. Grunnskólinn á Raufarhöfn	100.000
Unglingar án vímuefna. Heppuskóli Hornafirði	100.000
Samtals	**33.900.000**
Ráðherraúthlutun	
AA-samtökin	471.000
Samtals	**34.371.000**
Áfangaheimili	
Dyngjan, áfangaheimili	2.500.000
Risið, líknarfélag	2.500.000
Takmarkið, líknarfélag	1.000.000
Vernd, fangahjálp	1.000.000
Byrgið, Rockville	800.000
Fjólan	700.000
Samhjálp, stoðbýli	700.000
Krossgötur	400.000
SÁÁ, áfangaheimili	400.000
Samtals	**10.000.000**
Rannsóknarstyrkir	
Sigrún Aðalbjarnardóttir	500.000
Hildigunnur Ólafsdóttir	500.000

Ragný Þóra Guðjohnsen	200.000
Guðberg Jónsson	250.000
Samtals	**1.450.000**
Samtals úthlutun	**45.821.000**
Úthlutun í nóvember. Samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og áfengis- og vímuvarnaráðs. (Er í undirbúningi.)	3.500.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum samkvæmt samkomulagi við heilbrigðisráðherra	1.100.000
Samtals	**4.500.000**
Alls	**50.321.000**

614. Svar [380. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Láru Margrétar Ragnarsdóttur um mænuskaðaverkefni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Mun ráðherra tryggja að strax í upphafi næsta árs geti hafist starfsemi gagnabanka um mænuskaðaverkefnið sem Evrópuráðið hefur samþykkt að styðja stofnsetningu á og framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Gro Harlem Brundtland, hefur mælt með að verði settur upp á Íslandi og þegar hefur verið áætlaður kostnaður fyrir?

Dagana 1.–2. júní 2001 var haldin alþjóðleg ráðstefna um mænuskaða og meðhöndlun hans. Ráðstefnan tókst mjög vel og hana sóttu um 50 sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum. Í framhaldi af því skrifaði heilbrigðisráðherra bréf til dr. Gro Harlem Brundtland, aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, og gerði henni grein fyrir helstu niðurstöðum ráðstefnunnar. Þátttakendur töldu mikilvægt að koma á fót gagnagrunni um mænuskaða, að styðja lækna og aðra vísindamenn í að koma á framfæri þekkingu um mænuskaða til klínískrar starfsemi, og skipuleggja náms- og starfsdvöl fyrir lækna og vísindamenn í öðrum löndum.

Í svarbréfi sínu, 12. desember 2002, lýsti dr. Brundtland yfir stuðningi sínum við að komið yrði á fót á Íslandi sérstakri samstarfsmiðstöð (WHO Collaborating Centre) til stuðnings aðgerðum WHO á heimsvísu á sviði mænuskaða. Meðal verkefna WHO-miðstöðvarinnar væri uppbygging gagnagrunns um mænuskaða og að vera tengiliður um alþjóðlegar rannsóknir á mænuskaða.

Á þessu ári hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið rætt við forsvarsmenn Landspítala – háskólasjúkrahúss um hvernig sjúkrahúsið gæti tekið þátt í að byggja upp alþjóðlegan gagnagrunn um mænuskaða og jafnvel starfrækja WHO-samstarfsmiðstöð á því sviði hér á landi. Í framhaldi af þessum viðræðum hefur ráðuneytið beðið Landspítala – háskólasjúkrahús að kanna forsendur fyrir því að koma á laggirnar alþjóðlegum gagnagrunni á sviði mænuskaða. Hluti af því verkefni er að reyna að gera sér grein fyrir hvað slíkur gagnagrunnur gæti haft fram yfir aðra gagnagrunna á sviði læknisfræði sem til eru í heiminum í dag. Enn fremur hefur ráðuneytið óskað eftir því að reynt verði að meta hvað þurfi til að reka umrædda samstarfsmiðstöð við sjúkrahúsið og að tekin verði saman áætlun um slíka starfsemi.

Sótt hefur verið um fjárframlag til þessa að hefja þetta verkefni á árinu 2003 til fjárlaganefndar Alþingis. Það er því í höndum Alþingis hvort ráðist verði í verkefnið á næsta ári. Að lokum skal tekið fram að hvorki liggja fyrir loforð frá Evrópuráðinu, WHO, né öðrum aðilum að styðja verkefnið fjárhagslega.

615. Tillaga til þingsályktunar [443. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002 frá 12. júlí 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), með það í huga að setja reglur um rekstrarfélög og einfaldaðar útboðslýsingar, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), að því er varðar fjárfestingar slíkra fyrirtækja.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002 frá 12. júlí 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), með það í huga að setja reglur um rekstrarfélög og einfaldaðar útboðslýsingar, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), að því er varðar fjárfestingar slíkra fyrirtækja.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra tilskipana sem hér um ræðir. Gerðir þessar fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), með það í huga að setja reglur um rekstrarfélög og einfaldaðar útboðslýsingar, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), að því er varðar fjárfestingar slíkra fyrirtækja.

Í tilskipun 2001/107/EB er bætt við heimild verðbréfasjóða til fjárfestinga í nokkrum öðrum eignum en framseljanlegum verðbréfum. Verðbréfasjóðum verður, samkvæmt tilskipuninni, heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða, bankainnstæðum, stöðluðum framvirkum samningum og valréttarsamningum. Sjóðir-sjóða (funds-of-funds) og innstæðusjóðir (cash-funds) munu falla undir gildissvið tilskipunarinnar. Nokkrar takmarkanir eru þó á fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum og bankainnstæðum. Þannig mun skilgreiningin á UCITS-sjóðum víkka og munu fleiri tegundir sjóða heyra undir þann flokk.

Í tilskipun 2001/108/EB eru eftirfarandi fjórar meginbreytingar á skipulagi rekstrar verðbréfasjóða:

1. Rekstrarfélag getur fengið heimild til að reka annars konar sjóði en verðbréfasjóði, t.d. lífeyrissjóði. Einnig er gert ráð fyrir að rekstrarfélagið geti veitt stoðþjónustu, t.d. ráðgjöf. Rekstrarfélag sem ræki lífeyrissjóð myndi heyra undir tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (Investment Services Directive) með þann hluta starfseminnar. Þannig gæti rekstrarfélag heyrt undir tvær tilskipanir með mismunandi þætti starfseminnar, eins og bankar heyra nú undir bankatilskipun með einn hluta starfseminnar og verðbréfaviðskiptatilskipunina með annan hluta.
2. Kveðið er skýrar á um hvaða verkefnum rekstrarfélag ber að sinna og um heimildir til að fela öðrum aðilum verkefni. Rekstrarfélag þarf ekki að sinna öllum verkefnum sjálft heldur getur fengið aðra til að sjá um tiltekna þætti rekstrarins, eins og markaðssetningu eða stjórnun fjárfestingarsamvals. Skal þó tekið fram að samkvæmt tilskipuninni er rekstrarfélagi aldrei heimilt að fela vörslufyrirtæki stjórnun fjárfestingarsamvals.
3. Rekstrarfélagið fær starfsleyfi og heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. Að síðustu er gert ráð fyrir að komið verði á einföldum útboðslýsingum (simplified prospectus) sem þjóna fyrst og fremst hagsmunum smærri fjárfesta sem ekki hafa þá þekkingu sem þarf til að fara í gegnum ítarlegar útboðslýsingar.

Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til innleiðingar ákvæða tilskipananna á 128. löggjafarþingi.

Samkvæmt efni tilskipananna er þeim ætlað að koma til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 13. ágúst 2003.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002 frá 25. júní 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), með það í huga að setja reglur um rekstrarfélög og einfaldaðar útboðslýsingar ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), að því er varðar fjárfestingar slíkra fyrirtækja ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á IX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 30. lið (tilskipun ráðsins 85/611/EBE):

„- **32001 L 0107:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002 (Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 20),

---

([1]) Stjtíð. EB L 266, 3.10.2002, bls. 52 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 40.
([2]) Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 20.
([3]) Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35.

32001 L 0108: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002 (Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).“

2. Orðunum „eins og henni var breytt með tilskipun 2001/108/EB“ skal bætt við í lok fjórða undirliðar í aðlögunarlið b) í lið 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB).

2. gr.

Texti tilskipana 2001/107/EB og 2001/108/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/107/EB

frá 21. janúar 2002

um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), með það í huga að setja reglur um rekstrarfélög og einfaldaðar útboðslýsingar

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ([4]) (verðbréfasjóði (UCITS)) hefur þegar stuðlað verulega að tilkomu innri markaðarins á þessu sviði því að þar er í fyrsta sinn á sviði fjármálaþjónustu sett meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu á leyfum og önnur ákvæði sem auðvelda frjálsa dreifingu í Evrópusambandinu á hlutdeildarskírteinum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu (fjárhaldssjóða (unit trusts)/sameignarsjóða eða fjárfestingarfélaga) sem sú tilskipun tekur til.

2) Í tilskipun 85/611/EBE eru þó ekki settar reglur til nokkurrar hlítar um félög sem annast rekstur á fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu (svokölluð „rekstrarfélög"). Í tilskipun 85/611/EBE eru t.d. ekki sett ákvæði sem tryggja að hliðstæðar reglur gildi um markaðsaðgang og rekstrarskilyrði slíkra félaga í öllum aðildarríkjunum. Í tilskipun 85/611/EBE eru ekki sett ákvæði um stofnun útibúa og frelsi þessara félaga til að veita þjónustu í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríki sínu.

3) Leyfi, sem rekstrarfélagi er veitt í heimaaðildarríki sínu, ætti að tryggja vernd fjárfesta og gjaldhæfi rekstrarfélaga með það fyrir augum að stuðla að stöðugleika fjármálakerfisins. Markmiðið hefur verið að ná fram nauðsynlegri og nægilegri lágmarkssamræmingu til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á leyfum og fyrirkomulagi á varfærniseftirliti sem gerir það að verkum að hægt er að gefa út eitt leyfi sem gildir í öllu Evrópusambandinu og láta heimaaðildarríkið annast eftirlit.

4) Til að vernda fjárfesta er nauðsynlegt að tryggja innra eftirlit í öllum rekstrarfélögum, einkum með því að hafa tvo stjórnendur og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.

5) Til að tryggja að rekstrarfélagið geti rækt þær skyldur sem fylgja starfsemi þess og til að tryggja með þeim hætti stöðugleika þess er gerð krafa um stofnfé og eiginfjárviðbót. Til að taka mið af þeirri þróun sem á sér stað, einkum að því er varðar eiginfjárkröfur vegna rekstraráhættu í Evrópusambandinu og á alþjóðavettvangi að öðru leyti, þarf að endurskoða þessar kröfur, þ.m.t. notkun ábyrgða, innan þriggja ára.

6) Í krafti gagnkvæmrar viðurkenningar ber að heimila rekstrarfélögum með leyfi í heimaaðildarríki sínu að stunda þá þjónustustarfsemi, sem þau hafa leyfi fyrir, í öllu Evrópusambandinu með því að koma á fót útibúum eða á grundvelli frelsisins til að veita þjónustu. Það heyrir undir valdsvið heimaaðildarríkis

([1]) Stjtíð. EB C 272, 1.9.1998, bls. 7 og Stjtíð. EB C 311 E, 31.10.2000, bls. 273.
([2]) Stjtíð. EB C 116, 28.4.1999, bls. 1.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 17. febrúar 2000 (Stjtíð. EB C 339, 29.11.2000, bls. 228), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. júní 2001 (Stjtíð. EB C 297, 23.10.2001, bls. 10) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 23. október 2001. Ákvörðun ráðsins frá 4. desember 2001.
([4]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

rekstrarfélagsins að samþykkja sjóðsreglur sameignarsjóða/ fjárhaldssjóða.

7) Að því er varðar sameiginlega stjórnun verðbréfasamvals (rekstur fjárhaldssjóða/sameignarsjóða og fjárfestingarfélaga) ætti leyfi, sem veitt er rekstrarfélagi með leyfi í heimaaðildarríki sínu, að gera félaginu kleift að stunda eftirfarandi starfsemi í gistiaðildarríkjum: að dreifa hlutdeildarskírteinum í samræmdum fjárhaldssjóðum/sameignarsjóðum sem reknir eru af félaginu í heimaaðildarríki þess; að dreifa hlutabréfum samræmdra fjárfestingarfélaga sem félagið rekur; að annast öll önnur störf og verkefni sem fylgja sameiginlegri stjórnun verðbréfasamvals; að stýra eignum fjárfestingarfélaga sem stofnuð eru í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríki rekstrarfélagsins; að annast, á grundvelli umboða og fyrir hönd rekstrarfélaga sem stofnuð eru í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríki rekstrarfélagsins, þau störf sem fylgja sameiginlegri stjórnun verðbréfasamvals.

8) Í meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimaaðildarríkis er gengið út frá því að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veiti ekki leyfi eða afturkalli leyfi þegar til að mynda efni starfsáætlana, landfræðileg staðsetning eða starfsemi, sem fer fram þá stundina, bendir ótvírætt til þess að rekstrarfélag hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í aðildarríkinu þar sem það hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar. Samkvæmt þessari tilskipun ætti rekstrarfélag að hafa leyfi í aðildarríkinu þar sem það er með skráða skrifstofu. Í samræmi við meginregluna um eftirlit heimalands telst einungis aðildarríkið, þar sem rekstrarfélagið er með skráða skrifstofu, lögbært til að samþykkja sjóðsreglur fjárhaldssjóða/sameignarsjóða, sem slíkt félag stofnar, og val á vörslufyrirtæki [ɔ: fjárvörslufyrirtæki]. Til að koma í veg fyrir eftirlitshögnun (supervisory arbitrage) og til að stuðla að tiltrú á skilvirkni eftirlits yfirvalda í heimaaðildarríkinu er rétt að sett sé það skilyrði fyrir leyfum til verðbréfasjóða að engar lagalegar hindranir standi í vegi fyrir að þau markaðssetji sig í heimaaðildarríki sínu. Þetta hefur ekki áhrif á frelsið til að ákveða, þegar verðbréfasjóði hefur á annað borð verið veitt leyfi, hvaða aðildarríki skal eða skulu valin fyrir markaðssetningu hlutdeildarskírteina hans í samræmi við þessa tilskipun.

9) Í tilskipun 85/611/EBE er starfssvið rekstrarfélaga takmarkað við rekstur fjárhaldssjóða/ sameignarsjóða og fjárfestingarfélaga (sameiginlega stjórnun verðbréfasamvals). Æskilegt er að endurskoða þessa takmörkun til að taka mið af þeirri þróun sem orðið hefur undanfarið í löggjöf aðildarríkjanna og gera slíkum félögum kleift að ná fram þeirri mikilvægu hagkvæmni sem felst í stórrekstri. Því er æskilegt að leyfa slíkum félögum að annast einnig stjórnun fjárfestingarsamvals fyrir einstaka viðskiptamenn (einstaklingsmiðuð stjórnun verðbréfasamvals), þ.m.t. rekstur lífeyrissjóða og önnur tiltekin viðbótarstarfsemi í tengslum við aðalstarfsemina. Slík útvíkkun á starfssviði rekstrarfélags ætti ekki að stofna stöðugleika slíkra félaga í hættu. Þó er rétt að setja sérstakar reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra þegar rekstrarfélög hafa bæði heimild til að starfa við sameiginlega og einstaklingsmiðaða stjórnun verðbréfasamvals.

10) Stjórnun fjárfestingarsamvals er fjárfestingarþjónusta sem hefur þegar verið fjallað um í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([1]). Til að tryggja einsleitan lagaramma á þessu sviði er æskilegt að rekstrarfélög lúti þeim rekstrarskilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun enda taka leyfi þeirra einnig til þessarar þjónustu.

11) Að jafnaði getur heimaaðildarríki sett strangari reglur en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, einkum að því er varðar skilyrði fyrir leyfi, varfærniskröfur, reglur um skýrslugjöf og óstyttar útboðslýsingar.

12) Æskilegt er að settar verði reglur sem skilgreina forsendurnar fyrir því að rekstrarfélag megi, á grundvelli umboða, vista tiltekin verkefni og störf hjá þriðja aðila til að auka skilvirkni í rekstri starfseminnar. Til að tryggja rétta beitingu meginreglnanna um gagnkvæma viðurkenningu á leyfum og eftirlit heimalands skulu aðildarríki, sem leyfa slíka vistun verkefna, sjá til þess að rekstrarfélagið, sem þau veittu leyfi, feli ekki alla starfsemi sína einum eða fleiri þriðju aðilum og verði þar með að póstkassafyrirtæki og að umboðin komi ekki í veg fyrir skilvirkt eftirlit með rekstrarfélaginu.

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/64/EB.

Þótt rekstrarfélagið hafi vistað verkefni sín hjá öðrum aðilum skal það í engum tilvikum hafa áhrif á skaðabótaábyrgð þess félags og vörslufyrirtækisins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina og lögbærum yfirvöldum.

13) Til að vernda hagsmuni hluthafa og tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á markaðnum fyrir samræmd fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu er gerð krafa um að fjárfestingarfélög ráði yfir stofnfé. Að því er varðar fjárfestingarfélög sem hafa tilnefnt rekstrarfélög mun þessu skilyrði þó teljast fullnægt með eigin fé rekstrarfélagsins.

14) Fjárfestingarfélög, sem fengið hafa leyfi, skulu ávallt fara að ákvæðum 5. gr. g og 5. gr. h, annaðhvort beint, skv. 13. gr. b, eða óbeint því að kjósi fjárfestingarfélag með leyfi að tilnefna rekstrarfélag skal það rekstrarfélag hafa fengið leyfi í samræmi við tilskipunina og er þar af leiðandi skuldbundið til að fara að ákvæðum 5. gr. g og 5. gr. h.

15) Æskilegt er að endurskoða núverandi upplýsingaramma, sem kveðið er á um í tilskipun 85/611/EBE, til að taka tillit til þróunar í upplýsingatækni. Einkum er æskilegt að taka upp nýja tegund útboðslýsinga fyrir verðbréfasjóði (einfaldaðar útboðslýsingar) til viðbótar við fyrirliggjandi, óstyttar útboðslýsingar. Þessi nýja tegund útboðslýsingar skal þannig úr garði gerð að hún sé fjárfestavæn og veiti almennum fjárfestum verðmætar upplýsingar. Í slíkri útboðslýsingu ber að veita helstu upplýsingar um viðkomandi verðbréfasjóð með skýrum, gagnorðum og auðskiljanlegum hætti. Fjárfestum skal þó ávallt tilkynnt, með viðeigandi yfirlýsingu í einfölduðu útboðslýsingunni, að ítarlegri upplýsingar séu veittar í óstyttri útboðslýsingu og í ársskýrslu og hálfsársskýrslu viðkomandi verðbréfasjóðs og að þessi skjöl standi þeim til boða endurgjaldslaust að ósk þeirra. Einfaldaða útboðslýsingin skal ávallt boðin áskrifendum endurgjaldslaust áður en samningur er gerður. Þetta nægir til að uppfylla þá lagaskyldu samkvæmt þessari tilskipun að veita áskrifendum upplýsingar áður en samningur er gerður.

16) Tryggja þarf jöfn samkeppnisskilyrði milli milliliða í fjármálaþjónustu, sem veita sömu þjónustu, og sjá til þess að fjárfestar njóti samræmdrar lágmarksverndar. Nauðsynleg forsenda þess að innri markaðnum verði komið á fyrir þessa aðila er lágmarkssamræming skilyrða fyrir því að hefja og reka slíka starfsemi. Því er aðeins hægt að ná settum markmiðum með bindandi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar þar sem mælt er fyrir um samþykkta lágmarksstaðla í þessum efnum. Þessi tilskipun tekur aðeins til nauðsynlegrar lágmarkssamræmingar og gengur ekki lengra en þarf til að ná settum markmiðum í samræmi við þriðju málsgrein í 5. gr. sáttmálans.

17) Framkvæmdastjórnin getur tekið til athugunar að leggja fram tillögu um kerfisbálkun þegar þar að kemur eftir samþykkt tillagnanna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 85/611/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við sem 1. gr. a:

„*1. gr. a*

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „vörslufyrirtæki“: stofnun sem hefur verið falin þau störf sem um getur í 7. og 14. gr. og heyrir undir önnur ákvæði sem mælt er fyrir um í III. þætti a og IV. þætti a;

2. „rekstrarfélag“: öll félög sem annast rekstur verðbréfasjóða í formi fjárhaldssjóða/sameignarsjóða og/eða fjárfestingarfélaga (sameiginlega stjórnun verðbréfasamvals verðbréfasjóða), þ.m.t. sú starfsemi sem um getur í II. viðauka;

3. „heimaaðildarríki rekstrarfélags“: aðildarríkið þar sem rekstrarfélagið er með skráða skrifstofu;

4. „gistiaðildarríki rekstrarfélags“: aðildarríki sem er ekki heimaaðildarríki en þar sem rekstrarfélagið er með útibú eða veitir þjónustu;

5. „heimaaðildarríki verðbréfasjóðs“ merkir:

a) að því er varðar verðbréfasjóð sem er stofnsettur sem fjárhaldssjóður/sameignarsjóður, aðildarríkið þar sem rekstrarfélagið er með skráða skrifstofu,

b) að því er varðar verðbréfasjóð sem er stofnsettur sem fjárfestingarfélag, aðildarríkið þar sem fjárfestingarfélagið er með skráða skrifstofu;

6. „gistiaðildarríki verðbréfasjóðs“: aðildarríki sem er ekki heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins en þar sem hlutdeildarskírteini sameignarsjóðsins/fjárhaldssjóðsins eða fjárfestingarfélagsins eru markaðssett;

7. „útibú“: starfsstöð sem er hluti af rekstrarfélagi, án réttarstöðu lögaðila, og veitir þá þjónustu sem rekstrarfélagið hefur fengið leyfi fyrir; allar starfsstöðvar, sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum rekstrarfélags, sem hefur höfuðstöðvar sínar í öðru aðildarríki, ber að telja sem eitt útibú;

8. „lögbær yfirvöld“: yfirvöld sem hvert aðildarríki tilnefnir skv. 49. gr. þessarar tilskipunar;

9. „náin tengsl“: þær aðstæður sem eru skilgreindar í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 95/26/EB (*);

10. „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í rekstrarfélagi sem nemur 10% eða meira af höfuðstól eða atkvæðisrétti eða gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun rekstrarfélagsins.

Í þessari skilgreiningu skal taka mið af atkvæðisréttinum sem um getur í 7. gr. tilskipunar 88/627/EBE (**);

11. „tilskipunin um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta“: tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (***);

12. „móðurfyrirtæki“: móðurfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE (****);

13. „dótturfyrirtæki“: dótturfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE; einnig ber að líta á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem er höfuð þessara fyrirtækja;

14. „stofnfé“: eigið fé eins og það er skilgreint í 1. og 2. lið 2. mgr. 34. gr. tilskipunar 2000/12/EB (*****);

15. „eigið fé“: eigið fé samkvæmt skilgreiningu í 1. þætti 2. kafla V. bálks tilskipunar 2000/12/EB. Þessari skilgreiningu er þó heimilt að breyta í þeim tilvikum sem lýst er í V. viðauka við tilskipun 93/6/EBE (******).

(*) Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7.
(**) Stjtíð. EB L 348, 17.12.1988, bls. 62.
(***) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).
(****) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
(*****) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).
(******) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29).“

2. Í stað 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbær yfirvöld mega ekki veita verðbréfasjóði leyfi ef rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. og IV. þætti þessarar tilskipunar.

Lögbær yfirvöld skulu heldur ekki veita verðbréfasjóði leyfi ef stjórnarmenn vörslufyrirtækisins fullnægja ekki skilyrðum um gott mannorð eða næga reynslu með tilliti til þeirrar tegundar verðbréfasjóðs sem ætlunin er að reka. Í því skyni verður tafarlaust að tilkynna lögbærum yfirvöldum um nöfn stjórnarmanna vörslufyrirtækisins og allra eftirmanna þeirra.

Stjórnarmenn eru þeir sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum eru í fyrirsvari fyrir vörslufyrirtækið eða þeir sem raunverulega ákveða stefnu þess.

3a. Lögbær yfirvöld skulu ekki veita verðbréfasjóði leyfi ef lagalegar hindranir (t.d. ákvæði í sjóðsreglum eða félagssamþykktum) standa í vegi fyrir að hann markaðssetji hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf í heimaaðildarríki sínu.“

3. Í stað fyrirsagnar III. þáttar og 5. og 6. gr. komi eftirfarandi:

„III. ÞÁTTUR

Skyldur rekstrarfélaga

Bálkur A

Skilyrði fyrir að hefja starfsemi

5. gr.

1. Rekstrarfélagi er ekki heimilt að hefja starfsemi fyrr en að fengnu opinberu leyfi frá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins. Leyfi, sem rekstrarfélagi er veitt samkvæmt þessari tilskipun, skal gilda í öllum aðildarríkjunum.

2. Rekstrarfélög mega ekki stunda aðra starfsemi en rekstur verðbréfasjóða sem fengið hafa leyfi samkvæmt þessari tilskipun nema þegar um er að ræða viðbótarrekstur á öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem falla ekki undir þessa tilskipun og eru ástæða þess að rekstrarfélagið sætir varfærniseftirliti en sem ekki er hægt að markaðssetja í öðrum aðildarríkjum samkvæmt þessari tilskipun.

Rekstur fjárhaldssjóða/sameignarsjóða og fjárfestingarfélaga tekur, að því er varðar þessa tilskipun, til þeirrar starfsemi sem skráð er í II. viðauka en skráin er ekki tæmandi.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. geta aðildarríkin heimilað rekstrarfélögum að veita eftirtalda þjónustu til viðbótar við rekstur fjárhaldssjóða/sameignarsjóða og fjárfestingarfélaga:

a) stjórnun fjárfestingarsamvals, einnig í eigu lífeyrissjóða, á grundvelli sérstakra umboða frá einstökum fjárfestum ef viðkomandi fjárfestingarsamval inniheldur einn eða fleiri af gerningunum sem skráðir eru í B-þætti í viðaukanum við tilskipunina um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta,

b) sem viðbótarþjónustu:

— fjárfestingarráðgjöf um einn eða fleiri af gerningunum sem skráðir eru í B-þætti viðaukans við tilskipunina um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta,

— vörslu og umsýslu í tengslum við hlutdeildarskírteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu.

Í engum tilvikum má veita rekstrarfélögum leyfi samkvæmt þessari tilskipun til að veita eingöngu þá þjónustu sem um getur í þessari málsgrein eða til að veita viðbótarþjónustu án þess að hafa leyfi fyrir þjónustunni sem um getur í a-lið.

4. Ákvæði 2. gr. (4. mgr.), 8. gr. (2. mgr.) og 10., 11. og 13. gr. tilskipunarinnar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta skulu gilda um þá þjónustu sem rekstrarfélög veita og um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

5. gr. a

1. Með fyrirvara um önnur almenn skilyrði í landslögum skulu lögbær yfirvöld ekki veita rekstrarfélagi leyfi nema:

a) stofnfé rekstrarfélagsins sé a.m.k. 125 000 evrur:

— Þegar verðmæti verðbréfasamvals rekstrarfélagsins er yfir 250 000 000 evrum skal rekstrarfélaginu skylt að hafa yfir að ráða eiginfjárviðbót. Þessi eiginfjárviðbót skal jafngilda 0,02% af þeirri fjárhæð sem nemur verðmæti verðbréfasamvals rekstrarfélagsins umfram 250 000 000 evrur. Heildarfjárhæð stofnfjár og eiginfjárviðbótar skal þó ekki vera hærri en 10 000 000 evrur.

— Að því er þessa málsgrein varðar skal eftirfarandi verðbréfasamval teljast verðbréfasamval rekstrarfélagsins:

i) fjárhaldssjóðir/sameignarsjóðir sem rekstrarfélagið rekur, þ.m.t. verðbréfasamval, sem það hefur falið öðrum aðilum að stýra, en að undanskildu verðbréfasamvali sem því hefur verið falið að stýra;

ii) fjárfestingarfélög sem rekstrarfélagið hefur verið tilnefnt fyrir sem rekstrarfélag;

iii) önnur fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur, þ.m.t. verðbréfasamval, sem það hefur falið öðrum aðilum að stýra, en að undanskildu verðbréfasamvali sem því hefur verið falið að stýra.

— Án tillits til fjárhæðar þessara krafna skal eigið fé rekstrarfélagsins aldrei vera undir þeirri fjárhæð sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við tilskipun 93/6/EBE.

— Aðildarríkin geta heimilað rekstrarfélögum að hafa ekki yfir að ráða allt að 50% þeirrar eiginfjárviðbótar sem um getur í fyrsta undirlið ef þeir eru með ábyrgð frá lánastofnun eða vátryggingafyrirtæki sem nemur sömu fjárhæð. Lánastofnunin eða vátryggingafyrirtækið skal vera með skráða skrifstofu í aðildarríki eða í ríki utan bandalagsins svo fremi að það heyri undir varfærnisreglur sem lögbær yfirvöld telja jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í lögum bandalagsins.

— Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 13. febrúar 2005, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar eiginfjárkröfu ásamt tillögu, ef við á, um endurskoðun hennar;

b) þeir sem í reynd stjórna rekstrarfélaginu fullnægi skilyrðum um gott mannorð eða næga reynslu, einnig með tilliti til þeirrar tegundar verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið rekur. Í því skyni verður tafarlaust að tilkynna lögbærum yfirvöldum um nöfn þessara einstaklinga og allra eftirmanna þeirra. Stefna rekstrarfélagsins skal mótuð af a.m.k. tveimur einstaklingum sem uppfylla þessi skilyrði;

c) starfsáætlun, þar sem stjórnskipulag rekstrarfélagsins, m.a., kemur fram, fylgi umsókn um leyfi;

d) aðalskrifstofa þess og skráð skrifstofa séu báðar í sama aðildarríki.

2. Ef náin tengsl eru fyrir hendi milli rekstrarfélags og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita leyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld skulu jafnframt synja um leyfi ef lög og stjórnsýsluákvæði lands utan bandalagsins, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem rekstrarfélagið hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að rekstrarfélög veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo þau geti gengið úr skugga um að jafnan sé farið að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein.

3. Innan sex mánaða frá því að umsækjandi leggur fram fullbúna umsókn skal honum tilkynnt hvort leyfi hafi verið veitt eða ekki. Ef synjað er um leyfi skal tilgreina ástæður.

4. Rekstrarfélagi er heimilt að hefja starfsemi þegar í stað eftir að leyfi hefur verið veitt.

5. Lögbærum yfirvöldum er eingöngu heimilt að afturkalla leyfi sem veitt hefur verið rekstrarfélagi sem fellur undir þessa tilskipun ef félagið:

a) nýtir ekki leyfið innan tólf mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hefur hætt starfseminni, sem heyrir undir þessa tilskipun, meira en sex mánuðum áður nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að leyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum;

b) hefur fengið leyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmætan hátt;

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir leyfisveitingu;

d) uppfyllir ekki lengur ákvæði tilskipunar 93/6/EBE og leyfið tekur einnig til einstaklingsmiðaðrar stjórnunar fjárfestingarsamvals sem um getur í a-lið 3. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar;

e) hefur brotið alvarlega og/eða ítrekað gegn ákvæðum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun; eða

f) fellur undir ákvæði í landslögum um afturköllun leyfis.

5. gr. b

1. Lögbær yfirvöld skulu ekki veita rekstrarfélögum leyfi til að hefja starfsemi fyrr en þau hafa fengið upplýsingar um nöfn allra hluthafa eða félagsaðila sem ráða beint eða óbeint yfir virkri eignarhlutdeild sem einstaklingar eða lögaðilar, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Lögbær yfirvöld skulu synja um leyfi ef þau telja áðurnefnda hluthafa eða aðila ekki hæfa, að teknu tilliti til að nauðsynlegt er að tryggja trausta og varfærna stjórnun rekstrarfélaga.

2. Ef um er að ræða útibú rekstrarfélaga sem hafa skráða skrifstofu utan Evrópusambandsins og eru að hefja starfsemi eða stunda þegar starfsemi skulu aðildarríkin ekki beita ákvæðum sem fela í sér hagstæðari kjör en þau útibú njóta sem hafa skráða skrifstofu í aðildarríkjunum.

3. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis áður en rekstrarfélagi er veitt leyfi ef það er:

a) dótturfyrirtæki annars rekstrarfélags eða fjárfestingarfyrirtækis, lánastofnunar eða vátryggingafyrirtækis með leyfi í öðru aðildarríki, eða

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis annars rekstrarfélags eða fjárfestingarfyrirtækis, lánastofnunar eða vátryggingafyrirtækis með leyfi í öðru aðildarríki, eða

c) undir stjórn sama einstaklings eða lögaðila og stjórnar öðru rekstrarfélagi eða fjárfestingarfyrirtæki, lánastofnun eða vátryggingafyrirtæki með leyfi í öðru aðildarríki.

Bálkur B

Samskipti við þriðju lönd

5. gr. c

1. Reglur um samskipti við þriðju lönd skulu vera í samræmi við viðeigandi reglur sem mælt er fyrir um í 7. gr. tilskipunarinnar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Að því er varðar þessa tilskipun skulu orðin „fyrirtæki/fjárfestingarfyrirtæki“ í 7. gr. tilskipunarinnar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta túlkuð sem „rekstrarfélag“ og „rekstrarfélög“ og orðin „í fjárfestingarþjónustu“ í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta skulu túlkuð sem „í þjónustu“.

2. Aðildarríkin skulu einnig tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem verðbréfasjóðir eiga í við markaðssetningu hlutdeildarskírteina sinna í þriðja landi.

Bálkur C

Rekstrarskilyrði

5. gr. d

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins skulu krefjast þess að rekstrarfélög, sem þau hafa veitt leyfi, uppfylli ávallt skilyrðin sem sett eru í 5. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. a í þessari tilskipun. Eigið fé rekstrarfélags má ekki fara niður fyrir mörkin sem tilgreind eru í a-lið 1. mgr. 5. gr. a. Ef eigið fé fer samt niður fyrir mörkin geta lögbær yfirvöld veitt slíkum fyrirtækjum tiltekinn frest til úrbóta eða til að hætta starfsemi ef réttlætanlegt þykir.

2. Varfærniseftirlit með rekstrarfélagi skal vera á ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins hvort sem rekstrarfélagið stofnar útibú eða veitir þjónustu í öðru aðildarríki eða ekki, sbr. þó þau ákvæði þessarar tilskipunar sem fela yfirvöldum gistilandsins ábyrgðina á hendur.

5. gr. e

1. Virk eignarhlutdeild í rekstrarfélögum skal heyra undir sömu reglur og mælt er fyrir um í 9. gr. tilskipunarinnar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

2. Að því er varðar þessa tilskipun skulu orðin „fyrirtæki/fjárfestingarfyrirtæki“ í 9. gr. tilskipunarinnar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta túlkuð sem „rekstrarfélag“ og „rekstrarfélög“.

5. gr. f

1. Hvert heimaaðildarríki skal semja varfærnisreglur sem rekstrarfélögum er ávallt skylt að fara eftir við rekstur verðbréfasjóða með leyfi samkvæmt þessari tilskipun.

Einkum skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, með hliðsjón af tegund þess verðbréfasjóðs sem viðkomandi rekstrarfélag rekur, krefjast þess að rekstrarfélagið:

a) hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag, eftirlits- og verndarfyrirkomulag á tölvuvinnslu gagna og fullnægjandi innra eftirlit, sem einkum tekur til reglna um einkaviðskipti starfsmanna þess eða reglna um eignarhlutdeild eða stjórnun fjárfestinga í fjármála-

skjölum í þeim tilgangi að fjárfesta eigin fé, þannig að tryggt sé, m.a., að rekja megi uppruna allra viðskipta sem varða sjóðinn, hverjir séu aðilar að viðskiptunum, eðli viðskiptanna, hvenær og hvar þau áttu sér stað og að eignir fjárhaldssjóða/sameiginlegra sjóða eða fjárfestingarfélaga, sem rekstrarfélagið rekur, séu fjárfestar í samræmi við sjóðsreglur eða félagssamþykktir og gildandi lagaákvæði;

b) sé uppbyggt og skipulagt á þann hátt að dregið sé eins og hægt er úr þeirri hættu að hagsmunaárekstrar milli rekstrarfélagsins og viðskiptamanna þess, milli viðskiptamanna félagsins innbyrðis eða milli viðskiptamanns þess og verðbréfasjóðs eða milli tveggja verðbréfasjóða skaði hagsmuni verðbréfasjóðsins eða hagsmuni viðskiptamanna. Hins vegar, ef útibúi er komið á fót, má skipulagið ekki stríða gegn siðareglum sem gistiaðildarríkið hefur sett til að leysa hagsmunaárekstra.

2. Ef leyfi rekstrarfélags tekur einnig til einstaklingsmiðaðrar stjórnunar fjárfestingarsamvals eins og um getur í a-lið 3. mgr. 5. gr. skal félagið:

— ekki hafa leyfi til að fjárfesta allt samval eða hluta af samvali fjárfestis í hlutdeildarskírteinum fjárhaldssjóða/sameiginlegra sjóða eða fjárfestingarfélaga sem þau stjórna nema að fengnu leyfi viðskiptamannsins til þess,

—heyra undir ákvæðin, sem sett eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta (*), að því er varðar þjónustuna sem um getur í 3. mgr. 5. gr.

5. gr. g

1. Ef aðildarríkin heimila rekstrarfélögum að vista eitt eða fleiri af verkefnum sínum hjá þriðju aðilum í þeim tilgangi að gera starfsemi fyrirtækisins skilvirkari skal eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a) viðkomandi lögbært yfirvald skal fá tilkynningu þar að lútandi með viðeigandi hætti;

b) umboðið skal ekki hindra skilvirkt eftirlit með rekstrarfélaginu og einkum skal það ekki koma í veg fyrir að rekstrarfélagið starfi eða að viðkomandi verðbréfasjóður sé rekinn með hagsmuni fjárfestanna að leiðarljósi;

c) ef verkefni, sem vistað er hjá öðrum aðilum, varðar fjárfestingarstýringu er aðeins heimilt að veita fyrirtækjum umboð þegar leyfi þeirra eða skráning taka til eignastýringar og þau sæta varfærniseftirliti. Vistun verkefna verður að vera í samræmi við viðmiðanir um fjárfestingarráðstöfun sem rekstrarfélög ákveða með reglulegu millibili;

d) ef umboðið varðar fjárfestingarstýringu og er veitt fyrirtæki í þriðja landi skal samvinna viðkomandi eftirlitsyfirvalda vera tryggð;

e) ekki skal veita vörslufyrirtæki eða öðru fyrirtæki, sem kann að hafa hagsmuni sem fara í bága við hagsmuni rekstrarfélagsins eða eigenda hlutdeildarskírteina, umboð sem varðar þá grunnstarfsemi sem felst í fjárfestingarstýringu;

f) gera skal ráðstafanir sem gera þeim sem annast rekstur rekstrarfélagsins kleift að vakta starfsemi fyrirtækisins, sem fær umboðið, með skilvirkum hætti og hvenær sem er;

g) umboðið skal ekki koma í veg fyrir að þeir sem annast rekstur rekstrarfélagsins geti hvenær sem er gefið frekari fyrirmæli til fyrirtækisins, sem tiltekin verkefni hafa verið vistuð hjá, og afturkallað umboðið umsvifalaust ef það þjónar hagsmunum fjárfesta;

h) með hliðsjón af þeirri tegund verkefna sem ætlunin er að vista skal fyrirtækið, sem fela á verkefnið, hafa hæfi og færni til að annast umrædd verkefni; og

i) í útboðslýsingum verðbréfasjóðsins skal tilgreind sú starfsemi sem rekstrarfélaginu hefur verið heimilað að vista hjá öðrum.

2. Þótt rekstrarfélagið visti tiltekin verkefni hjá þriðju aðilum skal það í engum tilvikum hafa áhrif á ábyrgð rekstrarfélagins og vörslufyrirtækisins né skal rekstrarfélagið vista verkefni sín í þeim mæli að það endi sem póstkassafyrirtæki.

5. gr. h

Hvert aðildarríki skal semja siðareglur sem rekstrarfyrirtækjum með leyfi í því aðildarríki er

ávallt skylt að fara eftir. Með slíkum reglum skal a.m.k. komið til framkvæmda meginreglunum sem eru settar í eftirfarandi undirliðum. Þessar meginreglur skulu tryggja að rekstrarfélag:

a) starfi á heiðarlegan og sanngjarnan hátt með hagsmuni verðbréfasjóðsins, sem það rekur, og heildarvirkni innri markaðarins að leiðarljósi;

b) annist viðskipti sín af kunnáttusemi, umhyggju og kostgæfni með hagsmuni verðbréfasjóðsins, sem það rekur, og heildarvirkni innri markaðarins að leiðarljósi;

c) hafi yfir að ráða og noti á skilvirkan hátt fjármuni og aðferðir sem þörf er á vegna starfseminnar;

d) reyni að forðast hagsmunaárekstra og, ef ekki er hjá þeim komist, láti verðbréfasjóðinn, sem það rekur, njóta sanngjarnrar meðferðar; og

e) fari að öllum gildandi ákvæðum um framkvæmd starfsemi sinnar til að tryggja sem best hagsmuni fjárfesta sinna og heildarvirkni innri markaðarins.

Bálkur D

Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstrarfélög, sem lögbær yfirvöld annars aðildarríkis hafa veitt leyfi í samræmi við þessa tilskipun, geti stundað þá starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra sem leyfið tekur til, annaðhvort með því að stofna útibú eða á grundvelli frelsisins til að veita þjónustu.

2. Aðildarríkjunum er óheimilt að krefjast leyfis, stofnframlags eða annarra sambærilegra ráðstafana vegna stofnunar útibús eða þjónustustarfsemi.

6. gr. a

1. Auk þess að uppfylla skilyrðin í 5. gr. og 5. gr. a skal rekstrarfélag, sem óskar eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

2. Aðildarríkið skal krefja hvert rekstrarfélag, sem óskar eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, um eftirfarandi upplýsingar með tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

a) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis rekstrarfélagið hyggst stofna útibú;

b) starfsáætlun þar sem fram kemur fyrirhuguð starfsemi og þjónusta skv. 2. og 3. mgr. 5. gr. ásamt stjórnskipulagi útibúsins;

c) heimilisfang í gistiaðildarríkinu þar sem skjöl eru látin í té;

d) nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórn útibúsins.

3. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hafa ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða rekstrarfélags sé fullnægjandi, með tilliti til þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er, skulu þau innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna, sem um getur í 2. mgr., tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu um þær og láta hlutaðeigandi rekstrarfélag vita. Þau skulu einnig senda nákvæmar upplýsingar um öll bótakerfi sem eru ætluð til að vernda fjárfesta.

Neiti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins að veita lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. ber þeim að greina hlutaðeigandi rekstrarfélagi frá ástæðum fyrir synjuninni innan tveggja mánaða frá því að þeim hafa borist allar upplýsingar. Heimilt er að áfrýja til dómstóla í heimaaðildarríkinu ef um er að ræða synjun eða ef ekkert svar berst.

4. Áður en útibú rekstrarfélags hefur starfsemi og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., berast skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis undirbúa eftirlit með rekstrarfélaginu og ef nauðsyn krefur tilgreina hvaða skilyrði, þ.m.t. þær reglur, sem um getur í 44. og 45. gr. og eru í gildi í gistiaðildarríkinu, og siðareglur viðvíkjandi stjórnun fjárfestingarsamvals, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., ásamt fjárfestingarráðgjöf og vörslu, skuli gilda um starfsemina í gistiaðildarríkinu svo almennra hagsmuna sé gætt.

5. Þegar tilkynning berst frá lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins, eða hafi frestur sá sem kveðið er á um í 4. mgr. runnið út án þess að tilkynning hafi borist frá þeim, má stofna útibúið og hefja starfsemi. Frá þeirri stundu er rekstrar-

félaginu einnig heimilt að hefja dreifingu hlutdeildarskírteina fjárhaldssjóða/sameignarsjóða og fjárfestingarfélaga sem það rekur og heyra undir þessa tilskipun nema lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu taki um það rökstudda ákvörðun, fyrir lok þessa tveggja mánaða frests, sem tilkynna skal lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins, að ráðstafanir, sem gerðar hafa verið viðvíkjandi markaðssetningu hlutdeildarskírteinanna, samræmist ekki ákvæðunum sem um getur í 1. mgr. 44. gr. og í 45. gr.

6. Ef breytingar verða á einstökum atriðum sem tilkynnt eru skv. b-, c- eða d-lið 2. mgr. skal rekstrarfélag tilkynna lögbærum yfirvöldum heima- og gistiaðildarríkjanna skriflega um breytinguna, a.m.k. mánuði áður en hún er gerð, til að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins geti tekið ákvörðun um breytinguna skv. 3. mgr. og lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins geti gert það sama skv. 4. mgr.

7. Ef breytingar verða á einstökum atriðum sem tilkynnt eru samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. skulu yfirvöld heimaaðildarríkisins tilkynna það yfirvöldum gistiaðildarríkisins.

6. gr. b

1. Hvert það rekstrarfélag, sem í fyrsta sinn óskar eftir að stunda starfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis á grundvelli frelsisins til að veita þjónustu, skal koma eftirfarandi upplýsingum til lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins:

a) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis rekstrarfélagið hyggst starfa;

b) starfsáætlun þar sem fram kemur fyrirhuguð starfsemi og þjónusta sem um getur í 2. og 3. mgr. 5. gr.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu innan mánaðar frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um ræðir í 1. mgr., senda hana lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu.

Þau skulu einnig senda nákvæmar upplýsingar um öll bótakerfi sem í gildi eru og ætluð eru til að vernda fjárfesta.

3. Rekstrarfélaginu er síðan heimilt að hefja starfsemi í gistiaðildarríkinu þrátt fyrir ákvæði 46. gr.

Þegar við á skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins tilkynna rekstrarfélaginu, þegar þeim berast upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., um þau skilyrði, þ.m.t. siðareglur viðvíkjandi stjórnun fjárfestingarsamvals, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., ásamt fjárfestingarþjónustu og vörslu, sem rekstrarfélaginu ber að hlíta í gistiaðildarríkinu svo að almennra hagsmuna sé gætt.

4. Ef breytingar eru gerðar á efni upplýsinganna sem komið er á framfæri í samræmi við b-lið 1. mgr. skal rekstrarfélagið tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins og gistiaðildarríkisins skriflega um breytinguna áður en hún er gerð svo að lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins geti, ef þörf krefur, tilkynnt fyrirtækinu um allar breytingar og viðbætur við upplýsingarnar sem komið er á framfæri skv. 3. mgr.

5. Rekstrarfélag skal einnig heyra undir þá tilkynningareglu sem mælt er fyrir um í þessari grein þegar það felur þriðja aðila markaðssetningu hlutdeildarskírteinanna í gistiaðildarríki.

6. gr. c

1. Gistiaðildarríki geta krafist þess, vegna hagskýrslugerðar, að öll rekstrarfélög með útibú á yfirráðasvæði þeirra gefi lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkjunum reglulega skýrslu um starfsemi sína í gistiaðildarríkjunum.

2. Gistiaðildarríkin geta, er þau inna af hendi skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun, krafist þess að útibú rekstrarfélaga veiti sömu upplýsingar og krafist er af innlendum rekstrarfélögum í þessum tilgangi.

Gistiaðildarríkin geta krafist þess að rekstrarfélög, sem stunda starfsemi sína á yfirráðasvæði þeirra á grundvelli frelsisins til að veita þjónustu, veiti nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að hafa eftirlit með því hvort þau fari að settum reglum í gistiaðildarríkinu sem gilda um þau. Þó mega þessar kröfur ekki vera strangari en þær sem sama aðildarríki gerir til rekstrarfélaga, sem hafa þar staðfestu, til að hafa eftirlit með því hvort þau fari að sömu reglum.

3. Ef lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki komast að raun um að rekstrarfélag, sem hefur útibú eða veitir þjónustu á yfirráðasvæði þess, fer ekki að ákvæðum laga eða reglna, sem það ríki hefur samþykkt samkvæmt þeim ákvæðum þessarar tilskipunar sem veita lögbærum yfirvöldum í gisti-

aðildarríkinu valdheimildir, skulu þau hin sömu yfirvöld krefjast þess að hlutaðeigandi rekstrarfélag fari að settum reglum.

4. Hafi rekstrarfélagið ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu að tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu við fyrsta tækifæri gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi rekstrarfélag fari að settum reglum. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

5. Haldi hlutaðeigandi rekstrarfélag áfram að brjóta þau ákvæði laga og reglna, sem um getur í 2. mgr. og eru í gildi í gistiaðildarríkinu, þrátt fyrir ráðstafanir sem heimaaðildarríkið gerir eða vegna þess að þær reynast ófullnægjandi eða eru ekki fyrir hendi í hlutaðeigandi aðildarríki, getur gistiaðildarríkið, eftir að hafa skýrt lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot á reglum og, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, hindrað að rekstrarfélagið hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæði þess. Aðildarríkin skulu tryggja á yfirráðasvæðum sínum að unnt sé að birta rekstrarfélögum nauðsynleg lagaskjöl vegna þessara ráðstafana.

6. Framangreind ákvæði hafa ekki áhrif á vald gistiaðildarríkja til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir brot gegn reglugerðarákvæðum sem þau hafa sett í þágu almennra hagsmuna á yfirráðasvæðum sínum. Þetta skal fela í sér möguleika á því að koma í veg fyrir að rekstrarfélög, sem hafa gerst brotleg, hefji frekari viðskipti á yfirráðasvæðum þeirra.

7. Allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 4., 5. og 6. mgr. og fela í sér refsingar eða takmarkanir á starfsemi rekstrarfélags, verða að vera rökstuddar og þær ber að tilkynna hlutaðeigandi rekstrarfélagi. Öllum slíkum ráðstöfunum má skjóta til dómstóla í aðildarríkinu sem samþykkti þær.

8. Áður en lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. geta þau gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir í bráðatilvikum til að vernda hagsmuni fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra hlutaðeigandi aðildarríkja um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, eftir samráð við lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja, að viðkomandi aðildarríki skuli breyta þessum ráðstöfunum eða afturkalla þær.

9. Ef leyfi er afturkallað skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins sem gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi rekstrarfélag hefji frekari viðskipti á yfirráðasvæði gistiaðildarríkisins og til að tryggja hagsmuni fjárfesta. Framkvæmdastjórnin skal gefa tengslanefndinni, sem komið var á fót skv. 53. gr., skýrslu um slík tilvik annað hvert ár.

10. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hve oft og í hvers konar tilvikum synjað er um leyfi skv. 6. gr. a eða hvenær gerðar hafa verið ráðstafanir í samræmi við 5. mgr. Framkvæmdastjórnin skal gefa tengslanefndinni, sem komið var á fót skv. 53. gr., skýrslu um slík tilvik annað hvert ár.

(*) Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22.“

4. Eftirfarandi texti komi á undan 7. gr.:

„III. ÞÁTTUR a

Skyldur vörslufyrirtækja“.

5. Í stað fyrirsagnar IV. þáttar og 12. gr. komi eftirfarandi:

„IV. ÞÁTTUR

Skyldur fjárfestingarfélaga

Bálkur A

Skilyrði fyrir að hefja starfsemi

12. gr.

Fjárfestingarfélagi er ekki heimilt að hefja starfsemi fyrr en að fengnu opinberu leyfi frá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins.

Aðildarríkin skulu ákveða hvert skuli vera rekstrarform fjárfestingarfélags að lögum.“.

6. Eftirfarandi greinar komi á eftir 13. gr.:

„13. gr. a

1. Með fyrirvara um önnur almenn skilyrði í landslögum skulu lögbær yfirvöld ekki veita fjárfestingarfélagi, sem hefur ekki tilnefnt rekstrarfélag, leyfi nema fjárfestingarfélagið hafi nægilegt stofnfé, að fjárhæð a.m.k. 300 000 evrur.

Enn fremur, hafi fjárfestingarfélag ekki tilnefnt rekstrarfélag með leyfi samkvæmt þessari tilskipun:

—skal ekki veita leyfið nema starfsáætlun, þar sem stjórnskipulag fjárfestingarfélagsins, m.a., kemur fram, fylgi umsókn um leyfi;

—skulu stjórnarmenn fjárfestingarfélagsins fullnægja skilyrðum um gott mannorð og næga reynslu, einnig með tilliti til þeirrar tegundar starfsemi sem fjárfestingarfélagið stundar. Í því skyni verður tafarlaust að tilkynna lögbærum yfirvöldum um nöfn stjórnarmanna og allra eftirmanna þeirra. Stefna fjárfestingarfélagsins skal mótuð af a.m.k. tveimur einstaklingum sem uppfylla þessi skilyrði. Stjórnarmenn eru þeir sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum sjóðsins eru í fyrirsvari fyrir fjárfestingarfélagið eða þeir sem raunverulega ákveða stefnu hans;

—ef náin tengsl eru þar að auki fyrir hendi milli fjárfestingarfélags og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita leyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld skulu jafnframt synja um leyfi ef lög og stjórnsýsluákvæði lands utan bandalagsins, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, sem fjárfestingarfélagið hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að fjárfestingarfélög veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar.

2. Innan sex mánaða frá því að umsækjandi leggur fram fullbúna umsókn skal honum tilkynnt hvort leyfi hafi verið veitt eða ekki. Ef synjað er um leyfi skal tilgreina ástæður.

3. Fjárfestingarfélagi er heimilt að hefja starfsemi þegar í stað eftir að leyfi hefur verið veitt.

4. Lögbærum yfirvöldum er eingöngu heimilt að afturkalla leyfi sem veitt hefur verið fjárfestingarfélagi sem fellur undir þessa tilskipun ef félagið:

a) nýtir ekki leyfið innan tólf mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hefur hætt starfseminni, sem heyrir undir þessa tilskipun, meira en sex mánuðum áður nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að leyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum;

b) hefur fengið leyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmætan hátt;

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir leyfisveitingu;

d) hefur brotið alvarlega og/eða ítrekað gegn ákvæðum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun; eða

e) fellur undir ákvæði í landslögum um afturköllun leyfis.

Bálkur B

Rekstrarskilyrði

13. gr. b

Ákvæði 5. gr. g og 5. gr. h skulu gilda um fjárfestingarfélög sem hafa ekki tilnefnt rekstrarfélag sem fengið hefur leyfi samkvæmt þessari tilskipun. Að því er varðar þessa grein skal hugtakið „rekstrarfélag“ túlkað sem „fjárfestingarfélag“.

Fjárfestingarfélögum er aðeins heimilt að stýra eignum í eigin verðbréfasamvali og mega í engum tilvikum taka við umboði um eignastýringu fyrir hönd þriðja aðila.

13. gr. c

Hvert heimaaðildarríki skal semja varfærnisreglur sem fjárfestingarfélögum, sem hafa ekki tilnefnt rekstrarfélag sem fengið hefur leyfi samkvæmt þessari tilskipun, er ávallt skylt að fara eftir.

Einkum skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, með hliðsjón af tegund fjárfestingarfélagsins, krefjast þess að rekstrarfélagið hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag, eftirlits- og verndarfyrirkomulag á tölvuvinnslu gagna og fullnægjandi innra eftirlit, sem einkum tekur til reglna um einkaviðskipti starfsmanna þess eða reglna um eignarhlutdeild eða stjórnun fjárfestinga í fjármálaskjölum í þeim tilgangi að fjárfesta eigin stofnfé, þannig að tryggt sé, m.a., að rekja megi uppruna allra viðskipta sem varða fyrirtækið, hverjir séu aðilar að viðskiptunum, eðli viðskiptanna, hvenær og hvar þau áttu sér stað og að eignir fjárfestingarfélagsins séu fjárfestar í samræmi við félagssamþykkir og gildandi lagaákvæði.“

7. Eftirfarandi texti komi á undan 14. gr.:

„IV. ÞÁTTUR a

Skyldur vörslufyrirtækja“.

8. Í stað 1. mgr. 27. gr. komi eftirfarandi:

„1. Fjárfestingarfélag og, fyrir hvern fjárhaldssjóð og sameignarsjóð sem það rekur, rekstrarfélag skal gefa út:

—einfaldaða útboðslýsingu,

—óstytta útboðslýsingu,

—ársskýrslu fyrir hvert fjárhagsár, og

—hálfsársskýrslu sem nær yfir fyrstu sex mánuði fjárhagsársins.“

9. Í stað 28. gr. komi eftirfarandi:

„28. gr.

1. Bæði einfaldaðar og óstyttar útboðslýsingar skulu hafa að geyma þær upplýsingar sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta metið af þekkingu þá fjárfestingu sem þeim er boðin og einkum þá áhættu sem henni fylgir. Í síðarnefndu útboðslýsingunni skal, óháð skjölunum sem fjárfest er í, gerð grein fyrir áhættustefnu sjóðsins með skilmerkilegum og auðskiljanlegum hætti.

2. Óstytt útboðslýsing skal a.m.k. hafa að geyma þær upplýsingar sem kveðið er á um í fylgiskjali A með I. viðauka við þessa tilskipun hafi þær upplýsingar ekki þegar komið fram í sjóðsreglum eða félagssamþykktum sem fylgja skulu óstyttri útboðslýsingu skv. 1. mgr. 29. gr.

3. Í einfölduðu útboðslýsingunni skulu koma fram í stuttu máli helstu upplýsingar í fylgiskjali C með I. viðauka við þessa tilskipun. Hún skal sett fram og rituð með þeim hætti að hún sé auðskiljanleg almennum fjárfestum. Aðildarríkin geta heimilað að einfölduð útboðslýsing sé látin fylgja óstyttri útboðslýsingu en þannig að unnt sé að skilja þær í sundur. Nota má einfölduðu útboðslýsinguna sem tæki til markaðssetningar í öllum aðildarríkjunum án annarra breytinga en þýðingar. Aðildarríkin geta því ekki gert kröfur um frekari skjöl og upplýsingar.

4. Bæði óstytt og einfölduð útboðslýsing geta verið skriflegt skjal eða á varanlegum miðli sem lögbær yfirvöld samþykkja sem jafngildan því að lögum.

5. Ársskýrslan skal hafa að geyma efnahagsreikning eða yfirlit um eignir og skuldir, sundurliðaðan rekstrarreikning fyrir reikningsárið, skýrslu um starfsemi á reikningsárinu og þær upplýsingar aðrar sem kveðið er á um í fylgiskjali B með I. viðauka við tilskipun þessa, svo og aðrar upplýsingar sem máli skipta og gera fjárfestum kleift að meta af þekkingu framvinduna í starfsemi verðbréfasjóðsins og árangur starfseminnar.

6. Hálfsársskýrslan skal a.m.k. hafa að geyma upplýsingar þær sem kveðið er á um í I.–IV. kafla fylgiskjals B með I. viðauka við tilskipun þessa; þegar verðbréfasjóður hefur greitt eða fyrirhugar að greiða út árshlutaarð skulu tölulegar upplýsingar sýna afkomu eftir skatt á því sex mánaða tímabili, sem um er að ræða, og þann árshlutaarð sem greiddur hefur verið eða fyrirhugað er að greiða.“

10. Í stað 29. gr. komi eftirfarandi:

„29. gr.

1. Sjóðsreglur eða félagssamþykktir fjárfestingarfélags skulu vera hluti óstyttrar útboðslýsingar og fylgja henni.

2. Gögnin, sem um getur í 1. mgr., þurfa þó ekki að fylgja óstyttri útboðslýsingu enda sé eigendum hlutdeildarskírteina tilkynnt að þeim verði send gögnin ef þeir óska þess eða skýrt frá því hvar þau liggja frammi til athugunar í hverju að-

ildarríki þar sem hlutdeildarskírteinin eru markaðssett.“

11. Í stað 30. gr. komi eftirfarandi:

„*30. gr.*

Grundvallaratriði einfaldaðrar og óstyttrar útboðslýsingar skulu uppfærð reglulega.“

12. Í stað 32. gr. komi eftirfarandi:

„*32. gr.*

Verðbréfasjóður skal senda einfaldaðar og óstyttar útboðslýsingar sínar og breytingar á þeim ásamt ársskýrslu og hálfsársskýrslu til lögbærra yfirvalda.“

13. Í stað 33. gr. komi eftirfarandi:

„*33. gr.*

1. Einfaldaða útboðslýsingin skal boðin áskrifendum endurgjaldslaust áður en samningur er gerður.

Að auki skal láta áskrifendum endurgjaldslaust í té óstytta útboðslýsingu og síðustu ársskýrslu og hálfsársskýrslu sé þess óskað.

2. Eigendum hlutdeildarskírteina skulu látnar í té ársskýrsla og hálfsársskýrsla endurgjaldslaust sé þess óskað.

3. Ársskýrsla og hálfsársskýrsla skulu tiltækar almenningi á þeim stöðum, sem nefndir eru í óstyttu og einfölduðu útboðslýsingunni, eða með öðrum hætti sem lögbær yfirvöld samþykkja.“

14. Í stað 35. gr. komi eftirfarandi:

„*35. gr.*

Í öllu kynningarefni, sem felur í sér tilboð um kaup á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðsins, skal geta þess að útboðslýsingar séu til og hvar eða hvernig almenningur geti fengið þær.“

15. Í stað 46. gr. komi eftirfarandi:

„*46. gr.*

Hafi verðbréfasjóður í hyggju að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín í öðru aðildarríki en hann hefur aðsetur í skal hann fyrst tilkynna það lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis. Samtímis skal hann senda þessum yfirvöldum:

—staðfestingu lögbærra yfirvalda á því að hann uppfylli þau skilyrði sem sett eru í tilskipun þessari,

—sjóðsreglur sínar eða félagssamþykktir,

—óstytta og einfaldaða útboðslýsingu sína,

—síðustu ársskýrslu ásamt eftirfarandi hálfsársskýrslu þegar við á, og

—upplýsingar um einstök atriði varðandi tilhögun markaðssetningar hlutdeildarskírteina í hinu aðildarríkinu.

Fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu eða rekstrarfélag má hefja markaðssetningu hlutdeildarskírteina sinna í hinu aðildarríkinu þegar tveir mánuðir eru liðnir frá slíkri tilkynningu nema stjórnvöld hlutaðeigandi aðildarríkis komist með rökstuddum úrskurði að raun um, áður en tveggja mánaða fresturinn er liðinn, að undirbúningur að markaðssetningu hlutdeildarskírteina fullnægi ekki þeim ákvæðum sem um getur í 1. mgr. 44. gr. og 45. gr.“

16. Í stað 47. gr. komi eftirfarandi:

„*47. gr.*

Ef verðbréfasjóður markaðssetur hlutdeildarskírteini sín í öðru aðildarríki en hann hefur aðsetur í verður hann að dreifa óstyttri og einfaldaðri útboðslýsingu, ársskýrslu og hálfsársskýrslu og öðrum upplýsingum, sem kveðið er á um í 29. og 30. gr., í því aðildarríki samkvæmt sömu málsmeðferð og kveðið er á um í heimaaðildarríkinu.

Þessi skjöl skulu látin í té á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum gistiaðildarríkisins eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins viðurkenna.“

17. Eftirfarandi greinar komi á eftir 52. gr.:

„*52. gr. a*

1. Ef rekstrarfélag starfar í einu eða fleiri gistiaðildarríkjum með því að veita þjónustu eða með því að koma á fót útibúum skulu lögbær yfirvöld

í öllum viðkomandi aðildarríkjum hafa með sér náið samstarf.

Þau skulu samkvæmt beiðni veita hvert öðru allar upplýsingar varðandi stjórnun og eignarhald slíkra rekstrarfélaga, sem geta auðveldað eftirlit með þeim, og allar upplýsingar sem kunna að auðvelda vöktun þessara félaga. Einkum skulu yfirvöld heimaaðildarríkisins vinna saman til að tryggja að yfirvöld gistiaðildarríkjanna afli upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 6. gr. c.

2. Ef nauðsyn krefur vegna beitingar eftirlitsheimilda skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins um allar ráðstafanir sem gistiaðildarríkið gerir skv. 6. mgr. 6. gr. c sem hafa í för með sér refsiaðgerðir gagnvart rekstrarfélagi eða takmarkanir á starfsemi rekstrarfélagsins.

52. gr. b

1. Gistiaðildarríki skulu sjá til þess, ef rekstrarfélag með leyfi í öðru aðildarríki stundar starfsemi á yfirráðasvæði þeirra með útibúi, að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins eða milligöngumenn, sem þau velja til þess, geti sjálf sannprófað á staðnum upplýsingarnar, sem um getur í 52. gr. a, eftir að hafa skýrt lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu frá því.

2. Lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins er einnig heimilt að fara fram á það við lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins að þau annist slíka sannprófun. Yfirvöld, sem fá slíka beiðni, skulu bregðast við henni á grundvelli valdheimilda sinna, annaðhvort með því að annast sannprófunina sjálf eða með því að leyfa yfirvöldunum, sem lögðu beiðnina fram, eða endurskoðendum eða sérfræðingum að annast hana.

3. Þessi grein hefur ekki áhrif á rétt lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu til að hafa eftirlit á staðnum með útibúum sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þeirra þegar þau rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.“

18. Viðaukinn við tilskipun 85/611/EBE skal endurtölusettur sem I. viðauki.

19. Fylgiskjali A með I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við eftir lið 1.2 í dálknum „Upplýsingar um fjárfestingarfélag“:

„1.3. Þegar um er að ræða fjárfestingarfélög með aðgreindar fjárfestingardeildir skal tilgreina deildirnar.“

2. Eftirfarandi málsliður bætist við í lið 1.13 í dálknum „Upplýsingar um fjárfestingarfélag“:

„Þegar um er að ræða fjárfestingarfélag með aðgreindar fjárfestingardeildir skal greina frá því hvernig eigandi hlutdeildarskírteina getur flutt sig milli deilda og hvaða kostnaður fylgir því.“

3. Eftirfarandi málsgreinar komi á eftir 4. mgr.:

„5. Aðrar upplýsingar um fjárfestingar:	
	5.1. Fyrri frammistaða fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingarfélagsins (eftir því sem við á) en þessar upplýsingar má birta í útboðslýsingunni eða láta fylgja henni.
	5.2. Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem fjárhaldssjóðurinn/sameignarsjóðurinn eða fjárfestingarfélagið er ætlað fyrir.
6. Fjárhagslegar upplýsingar	
	6.1. Hugsanlegur kostnaður eða gjöld, að undanskildum þeim útgjöldum sem um getur í lið 1.17, og skal greina á milli þeirra sem handhafi hlutdeildarskírteina greiðir og þeirra sem greidd eru af eignum fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingarfélagsins.“

20. Texti I. viðauka við þessa tilskipun bætist við I. viðauka við tilskipun 85/611/EBE.

21. II. viðauki við þessa tilskipun bætist við sem II. viðauki við tilskipun 85/611/EBE.

Bráðabirgða- og lokaákvæði

2. gr.

1. Fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE, sem hafa aðeins leyfi til að annast þá þjónustu sem kveðið er á um í 3. lið þáttar A og í 1. og 6. lið þáttar C í viðaukanum við þá tilskipun, geta fengið leyfi samkvæmt þessari tilskipun til að stjórna fjárhaldssjóðum/

sameignarsjóðum og fjárfestingarfélögum og öðlast réttindi sem „rekstrarfélög". Þegar svo er verða þessi fjárfestingarfyrirtæki að afsala sér leyfinu sem þau hafa fengið samkvæmt tilskipun 93/22/EBE.

2. Rekstrarfélög, sem hafa fengið leyfi fyrir 13. febrúar 2004 í heimaaðildarríki sínu samkvæmt tilskipun 85/611/EBE til að stjórna verðbréfasjóðum í formi fjárhaldssjóða/sameignarsjóða og fjárfestingarfélaga, teljast hafa leyfi að því er varðar þessa tilskipun ef lög þessara aðildarríkja kveða á um að forsenda þess að þau fái að hefja slíka starfsemi sé að þau uppfylli skilyrði sem jafngilda þeim sem sett eru í 5. gr. a og 5. gr. b.

3. Rekstrarfélög, sem hafa þegar fengið leyfi fyrir 13. febrúar 2004 og eru ekki meðal þeirra sem um getur í 2. mgr., geta haldið slíkri starfsemi áfram svo fremi að þau fái leyfi, eigi síðar en 13. febrúar 2007 og í samræmi við ákvæði laga í heimaaðildarríki sínu, til að halda slíkri starfsemi áfram í samræmi við þau ákvæði sem eru samþykkt til framkvæmdar þessari tilskipun.

Ákvæði þessarar tilskipunar um staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu gilda ekki um rekstrarfélög fyrr en að fengnu slíku leyfi.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. ágúst 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum eigi síðar en 13. febrúar 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. janúar 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	M. ARIAS CAÑETE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

„FYLGISKJAL C

Efni einfaldaðrar útboðslýsingar

Stutt kynning á verðbréfasjóðnum

— hvenær fjárhaldssjóðurinn/sameignarsjóðurinn eða fjárfestingarfélagið var stofnað og í hvaða aðildarríki fjárhaldssjóðurinn/sameignarsjóðurinn eða fjárfestingarfélagið hefur verið skráð/stofnað,

— ef um er að ræða verðbréfasjóð með aðgreindar fjárfestingardeildir skal það tekið fram,

— rekstrarfélag (ef við á),

— væntanlegt tímabil starfsemi fyrirtækisins (ef við á),

— vörslufyrirtæki,

— endurskoðendur,

— fjármálasamstæða sem stendur að baki verðbréfasjóðnum (t.d. banki).

Upplýsingar um fjárfestingar

— stutt skilgreining á markmiðum verðbréfasjóðsins,

— fjárfestingarstefna fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingarfélagsins og stutt greinargerð um áhættustefnu sjóðsins (þ.m.t. upplýsingar skv. 24. gr. a og fyrir hverja fjárfestingardeild ef við á),

— fyrri frammistaða fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingarfélags (eftir því sem við á) og viðvörun um að ekki megi álykta út frá henni um frammistöðu hans í framtíðinni – þessar upplýsingar má birta í útboðslýsingunni eða láta þær fylgja henni,

— lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem fjárhaldssjóðurinn/sameignarsjóðurinn eða fjárfestingarfélagið er ætlað fyrir.

Fjárhagslegar upplýsingar

— skattakerfi,

— kaup- og söluþóknun,

— annar hugsanlegur kostnaður eða gjöld og skal greina á milli þeirra sem handhafi hlutdeildarskírteina greiðir og þeirra sem greidd eru af eignum fjárhaldssjóðsins/sameignarsjóðsins eða fjárfestingarfélagsins.

Viðskiptaupplýsingar

— hvernig hlutdeildarskírteini eru keypt,

— hvernig hlutdeildarskírteini eru seld,

— þegar um er að ræða verðbréfasjóð með aðgreindar fjárfestingardeildir skal greina frá því hvernig unnt er að flytja sig milli deilda og hvaða kostnaður fylgir því,

— hvenær og hvernig arði af hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í verðbréfasjóðnum er úthlutað (ef við á),

— hversu oft og hvenær/hvernig verð eru birt eða gerð aðgengileg.

Viðbótarupplýsingar

— ábending um að unnt sé að fá óstytta útboðslýsingu, ársskýrslu og hálfsársskýrslu endurgjaldslaust, sé þess óskað, fyrir og eftir samningagerð,

— lögbært yfirvald,

— ábending um tengilið (einstakling/deild, tímasetningu o.s.frv.) þar sem fá má frekari skýringar ef þörf krefur,

— útgáfudagur útboðslýsingar.“

II. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Sameiginleg stjórnun verðbréfasamvals felur m.a. í sér eftirfarandi verkefni:

— Fjárfestingarstýring.

— Umsýsla:

a) lögfræðiþjónusta og bókhaldsþjónusta í tengslum við stjórnun sjóðsins,

b) svör við fyrirspurnum viðskiptamanna,

c) mat og verðlagning (þ.m.t. skattframtal),

d) eftirlit með að reglum sé fylgt,

e) viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina,

f) skipting tekna,

g) útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina,

h) uppgjör samninga (þ.m.t. sending vottorða),

i) skráahald.

— Markaðssetning."

Fylgiskjal III.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/108/EB

frá 21. janúar 2002

um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), að því er varðar fjárfestingar slíkra fyrirtækja

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gildissvið tilskipunar ráðsins 85/611/EBE ([4]) var upphaflega takmarkað við opin fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem koma hlutdeildarskírteinum sínum á framfæri til almennings innan bandalagsins og hafa það eina hlutverk að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði (UCITS)). Gert var ráð fyrir því í formálsorðum tilskipunar 85/611/EBE að ákvæði um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, sem falla ekki undir þá tilskipun, yrðu samræmd síðar.

([1]) Stjtíð. EB C 280, 9.9.1998, bls. 6 og Stjtíð. EB C 311 E, 31.10.2000, bls. 302.

([2]) Stjtíð. EB C 116, 28.4.1999, bls. 44.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 17. febrúar 2000 (Stjtíð. EB C 339, 29.11.2000, bls. 220), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. júní 2001 (Stjtíð. EB C 297, 23.10.2001, bls. 35) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 23. október 2001. Ákvörðun ráðsins frá 4. desember 2001.

([4]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

2) Með hliðsjón af markaðsþróun er æskilegt að rýmka fjárfestingarmarkmið verðbréfasjóða til að gera þeim kleift að fjárfesta í öðrum auðseljanlegum fjármálaskjölum en framseljanlegum verðbréfum. Í þessari tilskipun eru talin upp þau fjármálaskjöl sem koma til greina sem fjárfestingar í verðbréfasamvali verðbréfasjóðs. Val á fjárfestingum fyrir verðbréfasamval, þannig að það endurspegli tiltekna vísitölu, heyrir undir aðferðir við stjórnun verðbréfasamvals.

3) Skilgreiningin á framseljanlegum verðbréfum í þessari tilskipun gildir aðeins fyrir þessa tilskipun og hefur engin áhrif á ýmsar skilgreiningar í löggjöf einstakra ríkja, m.a. varðandi skattlagningu. Þar af leiðandi tekur þessi skilgreining ekki til hlutabréfa og annarra jafngildra verðbréfa sem gefin eru út af byggingarfélögum (building societies) eða atvinnugreina- og styrktarstofnunum (industrial and provident societies) en ekki er unnt að yfirfæra eignarrétt á þeim í reynd á annan hátt en þann að útgefandi kaupi þau aftur.

4) Undir peningamarkaðsskjöl heyra framseljanleg skjöl sem viðskipti eru að jafnaði ekki stunduð með á skipulegum mörkuðum heldur á peningamarkaðnum, t.d. ríkis- og sveitarfélagavíxlar, innlánsskírteini, viðskiptabréf, meðallöng skuldabréf og víxlar.

5) Rétt er að tryggja að hugtakið skipulegur markaður í þessari tilskipun samsvari sama hugtaki í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([1]).

6) Æskilegt er að leyfa verðbréfasjóði að fjárfesta eignir sínar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og/eða annarra opinna fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta einnig í lausafjáreignum, eins og um getur í þessari tilskipun, og starfa samkvæmt meginreglunni um áhættudreifingu. Nauðsynlegt er að verðbréfasjóðir eða önnur fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, sem verðbréfasjóðir fjárfesta í, séu undir skilvirku eftirliti.

7) Greiða ber fyrir þróun möguleika verðbréfasjóða á að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu. Því er mikilvægt að tryggja að slík fjárfestingarstarfsemi dragi ekki úr vernd fjárfesta. Vegna aukinna möguleika verðbréfasjóða á að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og/eða fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu er nauðsynlegt að setja ákveðnar reglur um magntakmarkanir, birtingu upplýsinga og hvernig koma eigi í veg fyrir keðjuverkun (the cascade phenomenon).

8) Til að tekið sé tillit til markaðsþróunar og stofnunar Efnahags- og myntbandalagsins er æskilegt að verðbréfasjóðir fái heimild til að fjárfesta í bankainnlánum. Til að tryggja að fjárfestingar í innlánum séu innleysanlegar skulu innlánin gjaldkræf eftir kröfu eða unnt skal vera að taka þau út. Ef fé er lagt inn til geymslu hjá lánastofnun sem er með skráða skrifstofu í þriðja landi skal lánastofnunin lúta varfærnisreglum sem jafngilda að minnsta kosti þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins.

9) Til viðbótar við þau tilvik, þar sem verðbréfasjóður fjárfestir í bankainnlánum samkvæmt sjóðsreglum sínum eða félagssamþykkum, kann að vera nauðsynlegt að leyfa öllum verðbréfasjóðum að eiga viðbótarlausaeignir, svo sem hlaupareikningsinnistæður. Réttlæta má eign slíkra viðbótarlausaeigna, t.d. í eftirfarandi tilvikum: til að standa straum af hlaupandi greiðslum eða sérstökum greiðslum, þegar um sölu er að ræða, í þann tíma sem það tekur að endurfjárfesta í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsskjölum og/eða í öðrum peningalegum eignum sem kveðið er á um í þessari tilskipun og í þann tíma sem er strangt til tekið nauðsynlegur ef fresta þarf fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, fjármálaskjölum á peningamarkaði og/eða í öðrum peningalegum eignum vegna óhagstæðra markaðsskilyrða.

10) Af varfærnisástæðum er nauðsynlegt að forðast að of mikið af fjárfestingum verðbréfasjóðs sé hjá einum aðila eða hjá aðilum sem tilheyra sömu samstæðu ef fjárfestingarnar fela í sér mótaðilaáhættu fyrir sjóðinn.

11) Verðbréfasjóðir skulu hafa skýlaust leyfi til að fjárfesta í afleiddum fjármálaskjölum, bæði innan ramma almennrar fjárfestingarstefnu sinnar og/eða til baktryggingar, til að þau geti náð settu fjárhagslegu markmiði eða fylgt

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/64/EB.

þeirri áhættustefnu sem tilgreind er í útboðslýsingunni. Til að tryggja vernd fjárfesta er nauðsynlegt að takmarka hugsanlega hámarksáhættu vegna afleiddra skjala til að hún fari ekki yfir heildarnettóvirði verðbréfasamvals verðbréfasjóðsins. Til að áhætta og skuldbindingar vegna viðskipta með afleidd skjöl séu ætíð ljósar og til að fylgjast með því að ekki sé farið yfir leyfilegt hámark fjárfestinga þarf stöðugt að mæla og vakta þessa áhættu og skuldbindingar. Loks þurfa verðbréfasjóðir að lýsa áætlunum sínum, aðferðum og mörkum fjárfestinga í viðskiptum með afleidd skjöl til að tryggja vernd fjárfesta með birtingu upplýsinga.

12) Að því er varðar afleidd skjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða ber að gera viðbótarkröfur um hæfi mótaðila og skjala, lausafjárstöðu og símat á stöðu. Markmiðið með þessum viðbótarkröfum er að tryggja nægilega vernd fjárfesta, ámóta þeirri vernd sem þeir njóta þegar þeir kaupa afleidd skjöl sem verslað er með á skipulegum mörkuðum.

13) Aldrei má nota viðskipti með afleidd skjöl til að sniðganga þær reglur sem settar eru í þessari tilskipun. Að því er varðar afleidd skjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða skulu frekari reglur um áhættudreifingu gilda um áhættu gagnvart einum mótaðila eða samstæðu mótaðila.

14) Sumar aðferðir við stjórnun verðbréfasamvals hjá fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, sem fjárfesta einkum í hlutabréfum og/eða skuldabréfum, byggjast á því að líkja eftir hlutabréfa- og/eða skuldabréfavísitölum. Æskilegt er að leyfa verðbréfasjóðum að líkja eftir velþekktum og viðurkenndum hlutabréfa- og/eða skuldabréfavísitölum. Því kann í þessu skyni að vera nauðsynlegt að setja sveigjanlegri reglur um áhættudreifingu fyrir verðbréfasjóði sem fjárfesta í hlutabréfum og/eða skuldabréfum.

15) Fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, sem heyra undir gildissvið þessarar tilskipunar, skulu ekki hafa annað að markmiði en að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í samræmi við reglur sem settar eru í þessari tilskipun. Í þeim tilvikum, sem greint er frá í þessari tilskipun, er verðbréfasjóði aðeins heimilt að hafa útibú ef það er nauðsynlegt til að annast með skilvirkum hætti tiltekna starfsemi fyrir hönd viðkomandi verðbréfasjóðs sem einnig er skilgreind í þessari tilskipun. Tryggja þarf skilvirkt eftirlit með verðbréfasjóðum. Því er stofnun útbús verðbréfasjóðs í þriðja landi aðeins leyfð í þeim tilvikum og við þau skilyrði sem greint er frá í tilskipuninni. Hin almenna skylda, að starfa aðeins með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi og einkum það markmið að auka hagkvæmni miðað við kostnað, getur aldrei réttlætt að verðbréfasjóður geri ráðstafanir sem geta hindrað lögbær yfirvöld í að gegna eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

16) Tryggja þarf að frjálst sé að markaðssetja hlutdeildarskírteini margs konar fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri en veita fjárfestum samt samræmda lágmarksvernd. Því er aðeins hægt að ná settum markmiðum með bindandi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar þar sem mælt er fyrir um samþykkta lágmarksstaðla. Þessi tilskipun tekur aðeins til nauðsynlegrar lágmarkssamræmingar og gengur ekki lengra en þarf til að ná settum markmiðum í samræmi við þriðju málsgrein í 5. gr. sáttmálans.

17) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

18) Framkvæmdastjórnin getur tekið til athugunar að leggja fram tillögu um kerfisbálkun þegar þar að kemur eftir að tillögurnar hafa verið samþykktar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 85/611/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrsta undirliðar í 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„— þau sem hafa eingöngu að markmiði sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og/eða í öðrum lausafjáreignum, sem um getur í 1. mgr. 19. gr.,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

með fé sem aflað er meðal almennings og sem starfa á grundvelli áhættudreifingar".

2. Í 1. gr. bætist eftirfarandi málsgreinar við:

„8. Í þessari tilskipun merkir hugtakið „framseljanleg verðbréf":

— hlutabréf í félögum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í félögum (hér á eftir nefnd „hlutabréf"),

— skuldabréf og önnur form á breytingu skulda í verðbréf (hér á eftir nefnd „skuldabréf"),

— öll önnur framseljanleg verðbréf sem veita rétt til öflunar slíkra framseljanlegra verðbréfa með áskrift eða skiptum,

að undanskildum þeim aðferðum og skjölum sem um getur í 21. gr.

9. Í þessari tilskipun merkir hugtakið „peningamarkaðsskjöl": skjöl sem að öllu jöfnu er verslað með á peningamarkaði, eru auðseljanleg og unnt er að reikna nákvæmt verðmæti þeirra hvenær sem er."

3. Í stað a-liðar 1 mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„a) framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem skráð eru eða sem viðskipti eiga sér stað með á skipulegum markaði í skilningi 13. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, og/eða".

4. Í b-lið og c-lið 1. mgr. 19. gr. skal orðunum „og peningamarkaðsskjölum" bætt við á eftir orðunum „framseljanlegum verðbréfum".

5. Í 1. mgr. 19. gr.:

— skal orðunum „og/eða" bætt við í lok d-liðar,

— bætist eftirfarandi liðir við:

„e) hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem hafa fengið leyfi samkvæmt þessari tilskipun, og/eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, í skilningi fyrsta og annars undirliðar 2. mgr. 1. gr., án tillits til þess hvort þau eru staðsett í aðildarríki, að því tilskildu:

— að þessi önnur fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu hafi leyfi samkvæmt lögum, sem kveða á um að þau heyri undir eftirlit sem lögbær yfirvöld verðbréfasjóðanna telja sambærilegt við eftirlit samkvæmt lögum bandalagsins, og svo fremi að samstarf yfirvalda sé tryggt með fullnægjandi hætti,

— að eigendur hlutdeildarskírteina í öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu njóti sambærilegrar verndar og kveðið er á um fyrir eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og einkum að reglur um aðgreiningu eigna, lántöku, lánveitingu og um sölu framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsskjala, án þess að eiga þau fyrir, séu sambærilegar kröfum í þessari tilskipun,

— að skýrt sé frá starfsemi annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í hálfsárs- og ársskýrslum til að unnt sé að meta eignir og skuldir, tekjur og rekstur á skýrslutímabilinu,

— að óheimilt sé, samkvæmt sjóðsreglum eða félagssamþykkum, að fjárfesta meira en 10% eigna verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem ætlunin er að kaupa hlutdeildarskírteini í, í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, og/eða

f) innlánum hjá lánastofnunum sem eru gjaldkræf eftir kröfu eða sem taka má út og hafa mest 12 mánaða binditíma, að því tilskildu að skráð skrifstofa lánastofnunarinnar sé í aðildarríki eða, ef skráð skrifstofa hennar er í þriðja landi, að hún heyri undir varfærnisreglur sem lögbær yfirvöld verðbréfasjóðanna telja að jafngildi að minnsta kosti þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins, og/eða

g) afleiddum fjármálaskjölum, þ.m.t. sambærileg skjöl sem greidd eru með

reiðufé, sem verslað er með á skipulegum mörkuðum, sem um getur í a-, b- og c-lið, og/eða afleiddum fjármálaskjölum sem verslað er með utan skipulegra verðbréfamarkaða („afleidd skjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða"), að því tilskildu:

— að undirliggjandi séu skjöl samkvæmt þessari málsgrein, efnahagsvísar, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni sem fram kemur í sjóðsreglum eða félagssamþykktum sjóðsins,

— að mótaðilar að viðskiptum með afleidd skjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða séu stofnanir sem sæta varfærniseftirliti og tilheyra flokkum sem lögbær yfirvöld verðbréfasjóðanna viðurkenna, og

— að verðmæti afleiddra skjala utan skipulegra verðbréfamarkaða sé reiknað daglega, þannig að það sé áreiðanlegt og unnt sé að staðfesta það, og að unnt sé að selja þau, innleysa eða loka með mótfærslu á sannvirði hverju sinni að frumkvæði verðbréfasjóðsins, og/eða

h) öðrum peningamarkaðsskjölum en viðskipti eru stunduð með á skipulegum mörkuðum, sem heyra undir 9. mgr. 1. gr., ef útgáfa eða útgefandi þessara skjala sætir lögbundnu eftirliti sem hefur þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé, og að því tilskildu að:

— ríkisstjórn eða svæðis- eða staðaryfirvöld eða seðlabanki aðildarríkis, Seðlabanki Evrópu, Evrópusambandið eða Fjárfestingarbanki Evrópu, þriðja land eða, ef um sambandsríki er að ræða, eitt ríkjanna í sambandinu eða opinber eða alþjóðleg stofnun, sem eitt eða fleiri aðildarríkjanna eiga aðild að, gefi þau út eða ábyrgist þau, eða

— fyrirtæki gefi þau út ef viðskipti eiga sér stað með verðbréf þess á skipulegum mörkuðum sem um getur í a-, b- eða c-lið, eða

— stofnun, sem sætir varfærniseftirliti, í samræmi við viðmiðanir sem skilgreindar eru í lögum bandalagsins, eða stofnun, sem lýtur og hlítir varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja að minnsta kosti jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum bandalagsins, gefi þau út eða ábyrgist þau; eða

— aðrir aðilar, sem tilheyra flokkum sem lögbær yfirvöld verðbréfasjóðanna hafa viðurkennt, gefi þau út eða ábyrgist þau, að því tilskildu að fjárfesting í slíkum skjölum heyri undir fjárfestavernd sem jafngildir þeirri vernd sem kveðið er á um í fyrsta, öðrum og þriðja undirlið og að því tilskildu að útgefandi sé félag með eigið fé og varasjóði sem nema að minnsta kosti 10 milljónum evra og sem leggur fram og birtir ársskýrslur sínar í samræmi við tilskipun 78/600/EBE (*), sé aðili innan félagasamstæðu með eitt eða fleiri skráð félög sem helgar sig fjármögnun samstæðunnar eða er aðili sem helgar sig fjármögnun verðbréfunar með stoð í lánasamningi við fjármálastofnun.

(*) Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/60/EB (Stjtíð. EB L 162, 26.6.1999, bls. 65)."

6. Í a-lið 2. mgr. 19. gr. skal orðunum „og peningamarkaðsskjölum" bætt við á eftir orðunum „framseljanlegum verðbréfum".

7. Í 19. gr. falli b-liður 2. og 3. mgr. niður.

8. 20. gr. falli niður.

9. Í stað 21. gr. komi eftirfarandi:

„21. gr.

1. Rekstrar- eða fjárfestingarfélagið verður að beita áhættustjórnunaraðferð sem gerir því kleift að vakta og meta stöðuáhættu á hverjum tíma og hlut hennar í heildaráhættustefnu í verðbréfasamvalinu; það verður að nota aðferð til að leggja nákvæmt og óháð mat á verðmæti afleiddra skjala utan skipulegra verðbréfamarkaða. Fyrir hvern verðbréfasjóð, sem rekstrarfélagið rekur, verður það að tilkynna lögbærum yfirvöldum reglubundið og samkvæmt nákvæmum reglum, sem þau setja, um tegundir afleiddra skjala, undirliggjandi áhættu, magntakmarkanir og aðferðirnar sem það beitir til að meta áhættu í tengslum við viðskipti með afleidd skjöl.

2. Aðildarríkin geta heimilað verðbréfasjóðum að nota aðferðir og skjöl, sem varða framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsskjöl, með þeim skilyrðum og innan þeirra marka sem aðildarríkin mæla fyrir um að því tilskildu að þessar aðferðir og skjöl séu notuð til að auka skilvirkni í stjórnun verðbréfasamvals. Þegar þessi viðskipti varða notkun afleiddra skjala skulu framangreind skilyrði og mörk vera í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Þessi viðskipti mega ekki í neinu tilviki verða til þess að verðbréfasjóðurinn víki frá fjárfestingarmarkmiðum sínum eins og þau eru sett fram í sjóðsreglum, félagssamþykktum eða útboðslýsingu sjóðsins.

3. Verðbréfasjóður skal tryggja að heildaráhætta hans vegna afleiddra skjala fari ekki yfir heildarnettóvirði verðbréfasamvals hans.

Við útreikning áhættu skal taka mið af núvirði undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, líklegri þróun fjármálamarkaða og líftíma samninga. Þetta skal einnig gilda um eftirfarandi undirliði.

Verðbréfasjóði er heimilt, innan ramma fjárfestingarstefnu sinnar og innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 22. gr., að fjárfesta í afleiddum fjármálaskjölum, svo fremi að samanlögð áhætta undirliggjandi eigna fari ekki yfir leyfilegt hámark fjárfestinga sem mælt er fyrir um í 22. gr. Þegar verðbréfasjóður fjárfestir í afleiddum fjármálaskjölum sem byggjast á vísitölu geta aðildarríkin veitt heimild til þess að þessar fjárfestingar samanlagt þurfi ekki að vera undir mörkunum sem mælt er fyrir um í 22. gr.

Ef framseljanlegt verðbréf eða peningamarkaðsskjal felur í sér afleitt skjal skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 13. febrúar 2004, allar upplýsingar og allar síðari breytingar á reglum sínum um aðferðir við útreikning á áhættunni sem um getur í 3. mgr., þ.m.t. áhættu gagnvart mótaðila í viðskiptum með afleidd skjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða. Framkvæmdastjórnin skal koma þeim upplýsingum á framfæri við aðildarríkin. Tengslanefndin skiptist á skoðunum um þessar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 53. gr.“

10. Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.

1. Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta meira en 5% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsskjölum, útgefnum af sama útgefanda. Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta meira en 20% af eignum sínum í innlánum hjá sama aðila.

Áhætta verðbréfasjóðs gagnvart mótaðila í viðskiptum með afleidd skjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki fara yfir:

— 10% af eignum hans ef mótaðilinn er lánastofnun sem um getur í f-lið 1. mgr. 19. gr., eða

— 5% af eignum hans í öðrum tilvikum.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka 5%-mörkin, sem mælt er fyrir um í fyrsta málslið 1. mgr., upp í allt að 10%. Hafi verðbréfasjóður hins vegar fjárfest meira en 5% eigna sinna í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum einstakra útgefenda má heildarverðmæti slíkra fjárfestinga ekki nema meira en 40% af heildarverðmæti eigna fyrirtækisins. Þessar takmarkanir gilda ekki um innlán og viðskipti með afleidd skjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða við fjármálastofnanir sem sæta varfærniseftirliti.

Þrátt fyrir einstök mörk, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., má heildarfjárfesting verðbréfasjóðs samtals í viðskiptum við sama aðila:

— í framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsskjölum,

— í innlánum og/eða

— í afleiddum skjölum utan skipulegra verðbréfamarkaða

ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka 5%-mörkin, sem mælt er fyrir um í fyrsta málslið 1. mgr., í allt að 35% ef aðildarríki, staðaryfirvöld þess, ríki utan bandalagsins eða alþjóðastofnanir, sem eitt eða fleiri aðildarríki eiga aðild að, hafa gefið út eða ábyrgst hin framseljanlegu verðbréf eða peningamarkaðsskjölin.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka 5%-mörkin, sem mælt er fyrir um í fyrsta málslið 1. mgr., í allt að 25% ef um er að ræða tiltekin skuldabréf sem eru gefin út af lánastofnun sem er með skráða skrifstofu sína í aðildarríki og sætir samkvæmt lögum sérstöku opinberu eftirliti sem ætlað er að vernda eigendur bréfanna. Andvirði slíkra bréfa skal samkvæmt lögum einkum notað til fjárfestingar í eignum sem staðið geta undir kröfum sem eru bundnar bréfunum allan gildistíma bréfanna og standi útgefandi bréfanna ekki í skilum skal endurgreiðsla höfuðstóls og áfallinna vaxta af þeim hafa forgang af andvirði eignanna.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% af eignum sínum í skuldabréfunum sem um getur í fyrsta undirlið og einn útgefandi gefur út má samanlagt verðmæti þeirra fjárfestinga ekki nema meira en 80% af eignum sjóðsins.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir framangreindar tegundir skuldabréfa og tegundir útgefenda sem, samkvæmt lögum og reglum um eftirlit, sbr. fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, er heimilað að gefa út skuldabréf sem fullnægja framangreindum skilyrðum. Tilkynning um hvernig ábyrgð er háttað skal fylgja þessum skrám. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað framsenda þessar upplýsingar öðrum aðildarríkjum ásamt athugasemdum sem hún telur eiga við og sjá til þess að upplýsingarnar séu aðgengilegar almenningi. Tengslanefndin skiptist á skoðunum um þessar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 53. gr.

5. Við beitingu 40%-markanna, sem um getur í 2. mgr., skal ekki litið til framseljanlegu verðbréfanna og peningamarkaðsskjalanna sem um getur í 3. og 4. mgr.

Takmarkanir, sem kveðið er á um í 1., 2., 3. og 4. mgr., má ekki leggja saman og því er verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta alls meira en 35% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum eða afleiddum skjölum sama útgefanda.

Félög, sem teljast til sömu samstæðu í samstæðureikningum samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 83/349/EBE (*), skulu teljast einn aðili við útreikning á mörkum samkvæmt þessari grein.

Aðildarríkin geta leyft uppsafnaða fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum, innan sömu samstæðu, sem nemur allt að 20%.

(*) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994."

11. Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

1. Með fyrirvara um mörkin, sem mælt er fyrir um í 25. gr., er aðildarríkjunum heimilt að hækka mörkin, sem mælt er fyrir um í 22. gr., í allt að 20% fyrir fjárfestingu í hlutabréfum og/eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt sjóðsreglum eða félagssamþykktum er að líkja eftir tiltekinni hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu sem lögbær yfirvöld viðurkenna á eftirfarandi forsendum:

— vísitalan hefur fullnægjandi áhættudreifingu,

— vísitalan endurspeglar viðkomandi markað með fullnægjandi hætti,

— vísitalan verður birt opinberlega með viðeigandi hætti.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka mörkin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., í allt að 35% ef sérstakar aðstæður á markaðnum réttlæta það, einkum á skipulegum mörkuðum þar sem tiltekin framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsbréf

eru ríkjandi. Fjárfesting upp að þessu marki er aðeins leyfð fyrir einn útgefanda.“

12. Í 1. mgr. 23. gr. skal orðunum „og peningamarkaðsskjölum“ bætt við á eftir orðunum „framseljanlegum verðbréfum.“

13. Í stað 24. gr. komi eftirfarandi:

„24. gr.

1. Verðbréfasjóði er heimilt að eignast hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóðum og/eða öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í e-lið 1. mgr. 19. mgr., að því tilskildu að hann fjárfesti ekki yfir 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum eins verðbréfasjóðs eða annars fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka hámarkið upp í allt að 20%.

2. Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða má þó ekki fara yfir 30% af eignum hans.

Aðildarríkin geta heimilað, ef verðbréfasjóður hefur eignast hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði og/eða öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, að samanlagðar eignir viðkomandi verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu þurfi ekki að vera undir mörkunum sem mælt er fyrir um í 22. gr.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og/eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem er stjórnað beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi eða öðru félagi, sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu eða hinu félaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu sjóðsins í hlutdeildarskírteinum hinna verðbréfasjóðanna og/eða fyrirtækjanna um sameiginlega fjárfestingu.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og/eða fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu skal í útboðslýsingu hans tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og einnig hinir verðbréfasjóðirnir og/eða fyrirtækin um sameiginlega fjárfestingu, sem hann hyggst fjárfesta í, skulu bera. Í ársskýrslu verðbréfasjóðsins skal tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir verðbréfasjóðirnir og/eða fyrirtækin um sameiginlega fjárfestingu, sem hann fjárfestir í, bera.“

14. Eftirfarandi grein bætist við:

„24. gr. a

1. Í útboðslýsingu skulu koma fram þær tegundir eigna sem verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í. Einnig skal tilgreint hvort viðskipti með afleidd fjármálaskjöl séu heimil og, ef svo er, verður að koma fram áberandi yfirlýsing um hvort stunda megi þessi viðskipti sem baktryggingu eða til að ná fjárfestingarmarkmiðum og hvaða áhrif notkun afleiddra fjármálaskjala kunni að hafa á áhættustefnu sjóðsins.

2. Fjárfesti verðbréfasjóður fyrst og fremst í öðrum tegundum eigna, samkvæmt skilgreiningu í 19. gr., en framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum eða líkir eftir tilteknum hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölum í samræmi við 22. gr. a skal vakin sérstök athygli á fjárfestingarstefnu hans með áberandi yfirlýsingu í útboðslýsingu og, ef þörf krefur, öðrum kynningarritum.

3. Ef bókfært virði eigna verðbréfasjóðs er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og, ef þörf krefur, öðrum kynningarritum.

4. Óski fjárfestir eftir því er rekstrarfélagi skylt að veita frekari upplýsingar um magntakmarkanir sem gilda um áhættustjórnun verðbréfasjóðsins, aðferðirnar sem beitt er í þessu skyni og undanfarandi þróun, með tilliti til áhættu og ávöxtunar, í helstu flokkum skjala sem sjóðurinn fjárfestir í.“

15. Í 2. mgr. 25. gr.:

1. í stað þriðja liðar komi eftirfarandi:

„— 25% af hlutdeildarskírteinum í einum verðbréfasjóði og/eða öðru fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í skilningi fyrsta og annars undirliðar 2. mgr. 1. gr.,“;

2. eftirfarandi liður bætist við:

„— 10% af peningamarkaðsskjölum, útgefnum af einum útgefanda,".

16. Í stað annars málsliðar í 2. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„Víkja má frá þeim mörkum sem mælt er fyrir um í öðrum, þriðja og fjórða undirlið ef ekki er unnt að reikna út heildarfjárhæð skuldabréfa eða peningamarkaðsskjala eða nettófjárhæð þeirra verðbréfa, sem gefin eru út, á þeim tíma þegar þeirra er aflað."

17. Í a-, b- og c-lið 3. mgr. 25. gr. skal orðunum „og peningamarkaðsskjöl" bætt við á eftir orðunum „framseljanleg verðbréf".

18. Í stað e-liðar 3. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„e) hluti fjárfestingarfélags eða -félaga í eigin fé dótturfyrirtækja sem eingöngu sinna, og aðeins fyrir hönd fjárfestingarfélagsins eða -félaganna, rekstri, ráðgjöf eða markaðssetningu í landinu þar sem dótturfélagið er staðsett, að því er varðar endurkaup hlutdeildarskírteina að beiðni eigenda hlutdeildarskírteinanna."

19. Í stað 1. mgr. 26. gr. komi eftirfarandi:

„1. Verðbréfasjóðir þurfa ekki að hlíta þeim mörkum sem mælt er fyrir um í þessum þætti þegar þeir notfæra sér áskriftarréttindi sem fylgja framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum í eigu þeirra.

Aðildarríkin geta undanþegið verðbréfasjóði, sem hafa nýlega fengið leyfi, ákvæðum 22. gr., 22. gr. a, 23. og 24. gr. í sex mánuði frá veitingu leyfis til þeirra enda sé tryggt að hlítt sé meginreglunni um áhættudreifingu."

20. Í stað 2. mgr. 41. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að slík fyrirtæki megi eignast framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsskjöl eða önnur fjármálaskjöl, sem um getur í e-, g- og h-lið 1. mgr. 19. gr., sem ekki eru að fullu greidd."

21. Í stað 42. gr. komi eftirfarandi:

„42. gr.

Hvorki:

— fjárfestingarfélag né

— rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki [ɔ: fjárvörslufyrirtæki] sem kemur fram fyrir hönd fjárhaldssjóðs (unit trust)

má selja framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsskjöl eða önnur fjármálaskjöl, sem um getur í e-, g- og h-lið 1. mgr. 19. gr., án þess að eiga þau fyrir."

22. Eftirfarandi grein komi á eftir 53. gr.:

„53. gr. a

1. Til viðbótar skyldum tengslanefndarinnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 53. gr. er henni einnig heimilt að koma saman sem stjórnsýslunefnd í skilningi 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB (*) til að aðstoða framkvæmdastjórnina við þær tæknilegu breytingar sem gera þarf á þessari tilskipun í eftirfarandi efnum:

— nánari útlistun skilgreininga til að tryggja sams konar beitingu þessarar tilskipunar í gervöllu bandalaginu;

— samræming hugtaka og afmörkun skilgreininga í samræmi við síðari lagasetningu um verðbréfasjóði og skyld mál.

2. Þar sem er vísað til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin skal setja sér starfsreglur.

(*) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23."

2. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 13. febrúar 2005, um beitingu tilskipunar 85/611/EBE, með áorðnum breytingum, og tillögur að breytingum eftir því sem við á. Í skýrslunni skal einkum koma fram:

a) greining á því hvernig dýpka megi og stækka innri markaðinn fyrir verðbréfasjóði, einkum að því er varðar markaðssetningu verðbréfasjóða

yfir landamæri (þ.m.t. sjóðir þriðju aðila), árangurinn af Evrópuvegabréfinu fyrir rekstrarfélög, árangurinn af einfölduðum útboðslýsingum sem tækjum til upplýsinga og markaðssetningar, endurskoðun á umfangi viðbótarstarfsemi og möguleikann á betri samvinnu eftirlitsyfirvalda með tilliti til sameiginlegrar túlkunar og beitingar á þessari tilskipun;

b) athugun á gildissviði tilskipunarinnar með tilliti til mismunandi tegunda vara (t.d. stofnanasjóðir, fasteignasjóðir, móðursjóðir (master-feeder funds) og áhættusjóðir (hedge funds); athugunin ætti einkum að beinast að stærð markaðarins fyrir slíka sjóði, reglusetningu um þessa sjóði í aðildarríkjunum, þar sem við á, og mati á þörfinni fyrir frekari samræmingu þessara sjóða;

c) mat á skipulagningu sjóða, þ.m.t. reglur og framkvæmd varðandi vistun verkefna og tengsl milli stjórnanda sjóðsins og vörslufyrirtækis;

d) endurskoðun á fjárfestingarreglum fyrir verðbréfasjóði, t.d. um notkun afleiddra skjala og annarra skjala og aðferða er varða verðbréf, ákvæði um vísitölusjóði, ákvæði um peningamarkaðsskjöl, innlán, ákvæði um fjárfestingar „sjóðasjóða“, svo og um mismunandi mörk fjárfestinga;

e) greining á því hvernig samkeppni milli sjóða undir stjórn rekstrarfélaga og fjárfestingarfélaga undir eigin stjórn er háttað.

Við undirbúning skýrslunnar skal framkvæmdastjórnin hafa sem víðtækast samráð við ýmsar hlutaðeigandi atvinnugreinar og við neytendahópa og eftirlitsaðila.

2. Aðildarríkin geta veitt verðbréfasjóðum, sem eru starfandi þegar þessi tilskipun öðlast gildi, frest í allt að 60 mánuði frá þeim tíma til að fara að nýjum ákvæðum landslaga.

3. gr.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 13. ágúst 2003, samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum eigi síðar en 13. febrúar 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. janúar 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX *forseti.*	M. ARIAS CAÑETE *forseti.*

616. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur, Maríönnu Jónasdóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti og Indriða Þorlákssyni ríkisskattstjóra.

Umsagnir um málið bárust frá Bandalagi háskólamanna, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóra, Tryggingastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Kauphöll Íslands og Verslunarráði.

Með frumvarpinu er annars vegar kveðið skýrar á um skyldu ríkis og ríkisstofnana til að standa skil á fjármagnstekjuskatti, hins vegar eru lagðar til breytingar við ákvörðun dráttarvaxta vegna vangreiðslu í samræmi við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 6. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnar Birgisson.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.	

617. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um fjármálafyrirtæki.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Hrafnkel Óskarsson frá viðskiptaráðuneyti, Sigríði Andersen frá Verslunarráði, Ingimund Friðriksson og Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands, Guðmund Snorrason frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Finn Sveinbjörnsson frá Sparisjóðabanka Íslands hf., Karl J. Ottósson frá Íslenskum fjárfestum ehf., Ara Edwald og Jón R. Pálsson frá Samtökum atvinnulífsins, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Yngva Harðarson frá Ráðgjöf og efnahagsspám ehf., Gunnar Viðar frá Landsbanka Íslands, Tómas Sigurðsson frá Íslandsbanka, Indriða Þorlákssson ríkisskattstjóra, Ólöfu Emblu Einarsdóttur frá Neytendasamtökunum, Árna Á. Árnason og Ólaf Jónsson frá Skeljungi, Ragnar Önundarson frá Kreditkortum hf. – Europay Ísland og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Umsagnir bárust frá Sparisjóðabanka Íslands hf., Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, ríkissaksóknara, Lögmannafélagi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Íslenskum fjárfestum ehf., Persónuvernd, Samtökum atvinnulífsins, Kreditkortum hf. – Europay Ísland, Sambandi íslenskra sparisjóða, Fjármálaeftirlitinu, Verslunarráði Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Kauphöll Íslands hf., Ráðgjöf og efnahagsspám ehf., Skeljungi hf., ríkisskattstjóra, Neytendasamtökunum, Glitni hf., Lánasjóði landbúnaðarins, Íbúðalánasjóði og Hafnabótasjóði. Þá sendu Landsbanki Íslands hf., Búnaðarbanki Íslands hf. og Íslandsbanki hf. inn sameiginlega umsögn.

Með frumvarpinu er m.a. verið að fullnægja meginreglum EES-samningsins um fjármálaþjónustu og jafnframt er leitast við að samræma þær reglur sem gilda um starfsemi fjármála-

fyrirtækja svo að starfsskilyrði þeirra verði svipuð og gerist annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig eru ákvæði margra tilskipana á sviði fjármálaþjónustu innleidd að hluta eða öllu leyti með frumvarpinu.

Gildissvið frumvarpsins nær til innlendra fjármálafyrirtækja og starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi. Það fjallar um þær kröfur sem gerðar eru til fyrirtækjanna, svo sem um stofnun, starfsemi, starfsheimildir, stjórn, eigið fé og ársreikninga. Með frumvarpinu eru lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, sameinuð í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru eftirfarandi. Búið er til nýtt hugtak, fjármálafyrirtæki, sem er nýjung í íslenskum rétti og nær yfir starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Þá skal Fjármálaeftirlitið, í stað viðskiptaráðherra, veita fjármálafyrirtæki starfsleyfi og sjá um afturköllun þess og er það í samræmi við skipan mála víðast hvar í Evrópu. Starfsleyfið verður nú hægt að veita til hluta þeirrar þjónustu sem viðkomandi tegund fjármálafyrirtækja er heimil og einnig er heimilt að afturkalla starfsleyfi að hluta. Sú breyting leiðir til þess að umsækjendur geta kært synjun eftirlitsins um starfsleyfi til kærunefndar sem starfar samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt ákvarðað hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi enda sé ekki líklegt að aðrar eftirlitsaðgerðir muni bæta upp misvægi í eiginfjárstöðu og áhættustigi innan hæfilegs frests. Þá fá rekstrarfélög verðbréfasjóða starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki og eru starfsheimildir þeirra rýmkaðar. Einnig er ákvæðum um sparisjóði breytt til að treysta yfirtökuvarnir sparisjóðanna, m.a. með því að kveða á um við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skuli heimila framsal á virkum eignarhlut, að tengdir stofnfjáreigendur geti ekki farið með yfir 5% heildaratkvæðismagns í sparisjóði og að sparisjóður verði að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag áður en til samruna við aðrar tegundir fjármálafyrirtækja kemur. Refsiákvæði eru gerð ítarlegri sem og ákvæði um eftirlit með samstæðugrunni.

Við umfjöllun nefndarinnar komu ýmis álitaefni til skoðunar. Í fyrsta lagi telur meiri hlutinn nauðsynlegt að skýra nánar hvað felist í útgáfu og umsýslu greiðslukorta sem leyfisskyldri starfsemi. Með umsýslu er átt við heimildagjöf (e. authorization), færsluviðtöku (e. acquiring) og uppgjör við söluaðila (e. settlement). Útgáfa fyrirtækja á vildarkortum eða kortum sem heimila viðskiptamanni úttektir af reikningi í lokuðu kerfi eins eða fleiri fyrirtækja er ekki starfsleyfisskyld samkvæmt ákvæði þessu.

Í öðru lagi telur meiri hlutinn eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi í einstaka tilvikum, eins og gert er ráð fyrir í 10. tölul 5. gr., heimild til að krefja umsækjanda um starfsleyfi annarra upplýsinga en almennt er krafist í framkvæmd og taldar eru upp í 1.–9. tölul. Er þörf á slíkri heimild augljós þegar höfð er í huga sú rannsóknarskylda sem hvílir á Fjármálaeftirlitinu samkvæmt frumvarpinu. Ef Fjármálaeftirlitið ætlar sér hins vegar að krefjast slíkra upplýsinga almennt á grundvelli þessarar heimildar yrði að kynna það sérstaklega, t.d. með setningu reglna eða útgáfu leiðbeininga.

Í þriðja lagi áréttar meiri hlutinn að Fjármálaeftirlitið skuli þegar það metur fjárhagsstöðu umsækjanda sem hyggst eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki líta til þess ef kauptilboð hans virðist ekki eiga sér viðskiptalegar forsendur.

Í fjórða lagi bendir meiri hlutinn á að frumvarpið gerir þann áskilnað að fjármálafyrirtæki séu rekin í hlutafélagsformi, fyrir utan sparisjóði, sem lúta sérreglum VIII. kafla, og nokkra

opinbera fjárfestingarlánasjóði en þeir eru skv. 111. gr. frumvarpsins undanþegnir skyldu um félagsform falli þeir undir ákvæði frumvarpsins á annað borð. Þar sem ákvæðum frumvarpsins sleppir gilda því ákvæði laga um hlutafélög um stjórn fjármálafyrirtækis, þ.m.t. sparisjóða, og eiga þau því jafnframt við um hluthafafund, félagsstjórn og framkvæmdastjórn. Að sama skapi er sérákvæðum um sparisjóði fækkað og þess í stað vísað til sambærilegra ákvæða hlutafélagalaga.

Í fimmta lagi tekur meiri hlutinn fram að ákvæði frumvarpsins um bankaleynd er ekki ætlað að gilda þegar skylt er að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þannig er t.d. ekki ætlun að þrengja heimildir skattyfirvalda enda eru þær í sérlögum.

Í sjötta lagi bendir meiri hlutinn á að afnám skráningar kennitölu við innlánsreikninga, fjárvörslureikninga og geymsluhólf geti torveldað starfsemi fjármálafyrirtækja og opinberra aðila, svo sem skatteftirlit. Talið var að áskilnaður um kennitölu væri til óhagræðis fyrir erlenda viðskiptamenn íslenskra fjármálafyrirtækja sem hygðust opna innlánsreikninga. Í núverandi framkvæmd er þeim hins vegar úthlutað auðkennistölu af hálfu fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands og er ekki ástæða til að breyta þeirri framkvæmd.

Loks kom til umfjöllunar verkaskipting á milli viðskiptaráðuneytis og Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt frumvarpinu er Fjármálaeftirlitinu ætlað að setja reglur sem varða fjárhagslegan styrkleika og gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja en viðskiptaráðuneyti skal setja reglur er lúta að ytra starfsumhverfi og tryggingakerfi með reglugerð. Meiri hlutinn telur að þessi verkaskipting sé í raun lítt gegnsæ og jafnvel gæti misræmis í frumvarpinu og því sé nauðsynlegt að skerpa á verkaskiptingunni með þeim hætti að Fjármálaeftirlitið setji allar reglur samkvæmt lögunum um fjármálafyrirtæki að undanskildum reglum um próf í verðbréfaviðskiptum skv. 53. gr., en þær reglur snúa ekki eingöngu að fjármálafyrirtækjum, og um starfsemi fjármálafyrirtækja milli landa skv. 35. gr. Að sama skapi mundi ráðherra setja reglugerð um verðbréfaviðskipti samkvæmt frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti og væntanlegu frumvarpi um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Slíkt fyrirkomulag kemur þó ekki í veg fyrir að Fjármálaeftirlitið setji almenn leiðbeinandi tilmæli skv. 2. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hvað varðar gagngjald stofnfjáreiganda fyrir stofnfjárhluti sína við hlutafélagavæðingu sparisjóðs tekur meiri hlutinn eftirfarandi fram: Í lögum nr. 71/2001, um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, var m.a. kveðið á um hlutafé sem stofnfjáreigendur fá sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína við hlutafélagavæðingu sparisjóðs. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og endurmetið stofnfé nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Þetta átti að tryggja að áætlað verðmæti hlutafjár stofnfjáreigenda væri hið sama og endurmetið stofnfé fyrir hlutafélagavæðingu sparisjóðsins. Þessi aðferð tryggir hins vegar ekki að stofnfjáreigendur séu jafnsettir fyrir og eftir hlutafélagavæðingu. Það kemur einkum til af því að gengisáhætta er mikil í hlutafélagi en innlausnarvirði stofnfjárhluta er þekkt. Jafnframt er möguleiki fyrir sparisjóði að greiða góðan arð af stofnfjárhlutum skv. 59. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 68. gr. frumvarpsins, og ráðstafa hluta hagnaðar til hækkunar á stofnfé. Eðlilegt er að tryggja eins og kostur er að stofnfjáreigendur séu jafn vel settir fyrir og eftir hlutafélagavæðingu. Þeirri breytingu sem hér er lögð til er ætlað að ná því markmiði. Til að tryggja að sparisjóðsstjórnir gæti ekki hagsmuna stofnfjáreigenda umfram hagsmuna sjálfseignarfjár sparisjóðsins er lagt til að óháður aðili verði fenginn til að meta ákvörðun hlutafjár. Til viðbótar við hinn óháða aðila fer Fjármálaeftirlitið yfir matið. Við matið skal hinn óháði aðili leggja til grundvallar þekktar aðferðir við mat á áhættu og hafa til hliðsjónar arðsvon

og áhættu stofnfjárshluta skv. 68. gr. annars vegar og arðsvon og áhættu hlutabréfa í sparisjóði hins vegar.

Með sameiningu og samræmingu laga er löggjöf á fjármálamarkaði gerð einfaldari og skilvirkari og leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru auk minni háttar breytinga og orðalagsbreytinga eftirfarandi:

1. Lagt er til að ákvæði 2. gr. tilskipunar 93/22, þar sem kveðið er á um undanþágu frá starfsleyfisskyldu, verði tekin inn í ákvæði frumvarpsins um leyfisskylda starfsemi.
2. Til að taka af allan vafa leggur nefndin til að umreikningur hlutafjár viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfjár sparisjóðs miðist við kaupgengi hverju sinni.
3. Í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins er lagt til að Fjármálaráðuneytið setji reglur um starfsheimildir verðbréfamiðlana og takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja í stað viðskiptaráðherra.
4. Kveðið er afdráttarlaust á um að öll viðeigandi ákvæði VI. kafla, um eignarhluti og meðferð þeirra, eigi við um sparisjóði eins og í núgildandi lögum.
5. Tilvísun til Sparisjóðabanka Íslands hf. er felld út úr ákvæði um leiðbeinandi tillögur fyrir sparisjóði um vexti og þjónustugjöld þar sem ekki þykir heppilegt að lagatexti innihaldi tilvísun til tiltekins fyrirtækis. Ekki er hins vegar ætlunin að breyta því fyrirkomulagi sem nú er við lýði.
6. Staða stjórnar sparisjóða og Fjármálaeftirlitsins vegna samþykkis við framsal á stofnfé eða aukningu stofnfjár sem nemur virkum eignarhlut í sparisjóði er skýrð nánar með því að taka fram að stjórninni er ekki heimilt að samþykkja slíkt nema að fengnu fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlitsins.
7. Til að tryggja enn frekar að starfræksla sjálfseignarstofnunar sem hluthafa í sparisjóði verði með lögmætum hætti er lagt til að Fjármálaeftirlitið staðfesti samþykktir hennar.
8. Úrræði Fjármálaeftirlitsins við vanskil á greinargerð fjármálafyrirtækis um ráðstafanir vegna ónógs eigin fjár er breytt í heimild til afturköllunar starfsleyfis í stað slitameðferðar.
9. Leiðrétt er í samræmi við greinargerð að ekki er lengur gerður áskilnaður um samþykki hluthafafundar í yfirtökufélagi við samruna.
10. Lagt er til að áskilnaði núgildandi laga um að innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skuli skráð á kennitölu verði ekki breytt, enda kann breyting þess efnis að valda erfiðleikum við skatteftirlit.
11. Opinberum fjárfestingarlánasjóðum er veitt undanþága frá því meginskilyrði frumvarpsins að fjármálafyrirtæki skuli starfa sem hlutafélög.
12. Til að skerpa á verkaskiptingu viðskiptaráðuneytis og Fjármálaeftirlitsins eru lagðar til breytingar á heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur og heimild ráðuneytisins til að setja reglugerðir.
13. Loks eru lagðar til breytingar á gildistökuákvæðinu og breytingar á öðrum lögum sem leiðir af þessari lagasetningu.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Gunnar Birgisson ritar undir álitið með fyrirvara um gildistökuákvæðið og telur að lögin eigi að öðlast gildi 1. júní 2003.

Jóhanna Sigurðardóttir styður meginefni frumvarpsins en ritar undir álitið með fyrirvara um einstakar breytingartillögur meiri hlutans og mun því ekki standa að þeim heldur flytja sérstakar breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 6. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Árni R. Árnason.	Gunnar Birgisson, með fyrirvara.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
	Jónas Hallgrímsson.	

618. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur, Jón Guðmundsson, Erlu Pétursdóttur og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti og Indriða Þorlákssson ríkisskattstjóra.

Umsagnir um málið bárust frá Bandalagi háskólamanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Verslunarráði, rikisskattstjóra og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er að finna þær breytingar sem gera þarf á lögunum til að færa innheimtuþátt staðgreiðslukerfis opinberra gjalda frá ríkisskattstjóra til Fjársýslu ríkisins. Einnig er lagt til að almennt verði hægt að skuldajafna á móti sköttum til ríkis og sveitarfélags eins og á móti þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað orðanna „sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu“ komi: samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnar Birgisson.	Einar K. Guðfinnsson, með fyrirvara.
Árni R. Árnason.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.		Ögmundur Jónasson.

619. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur, Maríönnu Jónasdóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Ástu Garðarsdóttur frá Fjársýslu ríkisins, Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalaginu, Brynjólf Sigurðsson frá Happdrætti Háskólans, Ólaf Darra Andrason og Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara og Indriða Þorlákssson ríkisskattstjóra.

Umsagnir um málið bárust frá Skattstofu Reykjanesumdæmis, Sjómannasambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Skattstofu Norðurlandsumdæmis vestra, Skattstofu Suðurlandsumdæmis, Skattstofu Austurlandsumdæmis, Skattstofu Vesturlandsumdæmis, Öryrkjabandalagi Íslands, Skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Happdrætti Háskóla Íslands, ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, skattstjóranum í Reykjavík, Samtökum atvinnulífsins, KPMG-endurskoðun, Landssambandi eldri borgara, Sjómannasambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að eftirstöðvar rekstrartapa verði frádráttarbærar frá tekjum af atvinnurekstri í tíu ár í stað átta. Í öðru lagi er lagt til að sérstakur tekjuskattur manna verði framlengdur um eitt ár, skatthlutfallið lækkað um 2% og tekjumörkin hækkuð um 2,75%. Í þriðja lagi er vaxtaákvæðum laganna breytt til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Loks er að finna breytingar í frumvarpinu sem varða skattaframkvæmd.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Í fyrsta lagi er lagt til að persónuafsláttur vegna tekjuársins 2003 hækki um 0,4%, úr 26.718 kr. í 26.825 kr. á mánuði. Þessi hækkun kemur til viðbótar fyrri ákvörðun um að persónuafsláttur skyldi hækka um 2,75% frá og með 1. janúar 2003, sbr. 1. gr. laga nr. 9/2000. Í upphaflegu frumvarpi til laga nr. 9/2000 var gert ráð fyrir að hækkun persónuafsláttar 1. janúar 2003 yrði 2,25% en ákvæðinu var breytt í meðförum þingsins. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars 2000, í tengslum við gerð kjarasamninga það ár, kemur meðal annars fram að persónuafsláttur skuli breytast í takt við umsamdar, almennar launahækkanir á samningstímabilinu. Á þeim tíma var gert ráð fyrir 2,25% hækkun 1. janúar 2003 eins og kjarasamningar við svokallað Flóabandalag, þ.e. Eflingu, Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, gerðu upphaflega ráð fyrir. Með sérstöku samkomulagi þeirra félaga sem að Flóabandalaginu stóðu og Samtaka atvinnulífsins frá 22. október 2000 var ákveðið að launahækkunin skyldi nema 2,75%. Í desember 2001 var af hálfu Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands samið um að bæta 0,4% við fyrrgreinda launahækkun þannig að samanlagt mundu laun hækka um 3,15% 1. janúar 2003.

Í öðru lagi er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði rekstraraðilum einvörðungu heimilt á rekstrarári 2003 að nýta rekstrartöp aftur til rekstrarársins 1994 eða í níu ár þannig að tap verði ekki endurvakið með afturvirkum hætti þó svo að verið sé að lengja yfirfærslu tapa úr átta árum í tíu ár.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristinn H. Gunnarsson ritar undir álit þetta með fyrirvara við 2., 8. og 12. gr. frumvarpsins og stendur ekki að brtt. við 13. gr. um nýtt ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi, 6. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Gunnar Birgisson.
Einar K. Guðfinnsson.		Árni R. Árnason.

620. Breytingartillögur [324. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, KHG, ÁRÁ, GunnB).

1. Við 1. gr. 3. efnismálsl. falli brott.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað „320.616 kr.“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 321.900 kr.
3. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.
   Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi.

621. Breytingartillaga [324. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Einari K. Guðfinnssyni,
Árna R. Árnasyni og Gunnari Birgissyni.

Við 13. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, II, sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 8. tölul. 31. gr. laganna er einungis heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í rekstri á árinu 1994 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstrarársins 2003.

622. Nefndarálit [393. mál]

um frv. til l. um breyt. á safnalögum, nr. 106/2001.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Þorgeir Ólafsson frá menntamálaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á safnalögum. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á eftirlitshlutverki safnaráðs með hliðsjón af setu forstöðumanna svokallaðra höfuðsafna í ráðinu, þ.e. að safnaráð hafi ekki lengur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins. Ástæðan er sú að forstöðumenn höfuðsafna, sem öll eru í eigu ríkisins, bera ábyrgð á starfsemi safna sinna gagnvart ráðherra í samræmi við lög sem um söfnin gilda og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Það er því í andstöðu við þá skipan að fela safnaráði sérstakt eftirlitshlutverk gagnvart höfuðsöfnum. Í öðru lagi er lagt til að samræmi milli verkefna og verksviða höfuðsafna verði aukið og loks er lagt til að lögfest verði lagaheimild til þess að greiða kostnað af starfsemi safnaráðs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Efnismgr. verður svohljóðandi:
Kostnaður af starfsemi safnaráðs greiðist úr safnasjóði.

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Már Sigurðarson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2002.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Kjartan Ólafsson.

623. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um félagamerki.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti og Borghildi Erlingsdóttur frá Einkaleyfastofu. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Lögmannafélagi Íslands og Samtökum iðnaðarins.

Frumvarpið, verði það samþykkt, leysir af hólmi lög um almenn gæðamerki, nr. 89/1935. Nauðsynlegt þykir að endurskoða réttarreglur á þessu sviði í heild sinni m.a. með tilliti til lagasamræmingar sem hefur átt sér stað í Evrópusambandinu.

Nefndin leggur til að tilvísun 2. gr. frumvarpsins til refsiákvæða í lögum um vörumerki verði felld niður en þess í stað verði tekið upp sérstakt refsiákvæði í frumvarpið. Þetta er gert til að tryggja skýrleika refsiheimildarinnar og refsinæmi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Orðin „m.a. refsiákvæði“ í 2. gr. falli brott.
2. Á eftir 9. gr. bætist við ný grein er orðist svo:

Sá sem af ásetningi brýtur gegn félagamerkjarétti skal sæta sektum. Eftir atvikum getur refsing verið fangelsi í allt að þrjá mánuði.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur hagnast á brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

Alþingi, 9. des. 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Pétur Blöndal.	Kjartan Ólafsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.

Árni Steinar Jóhannsson.

624. Frumvarp til laga [444. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað 6. mgr. 29. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru þó þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks eins og það er skráð í greiðslumarksskrá 1. janúar 2002. Lækki greiðslumark lögbýlis gildir hið nýja greiðslumark sem viðmiðun er undanþága frá útflutn-

ingsskyldu byggist á. Hlutfallið skal taka breytingum í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7.000 tonna árlegri sölu. Fer þá öll framleiðsla þeirra til innanlandssölu, enda liggi fyrir sauðfjártalning búfjáreftirlitsmanns staðfest af öðrum trúnaðarmanni. Framleiðendur skuldbindi sig jafnframt til þess að leggja aðeins inn afurðir þess fjár. Þá getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands, að kjöt af sauðfé sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði undanþegið útflutningsuppgjöri.

Útflutningsuppgjör er tryggt með lögveði í framleiðslu framleiðanda og skal það ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Beingreiðslur skulu vera 4.399 kr. á hvert ærgildi á árunum 2001, 2002 og 2003 en lækka árlega eftir það miðað við framangreinda fjárhæð sem hér segir: árið 2004 um 12,5%, árið 2005 um 15%, árið 2006 um 17,5% og árið 2007 um 20%.

3. gr.

S-liður ákvæðis til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildu ákvæði 2. gr. sem öðlast gildi 1. september 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra í þeim tilgangi að lögfesta ákvæði um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Um er að ræða breytingar sem eiga rætur að rekja til breytinga á samningi um sauðfjárframleiðslu sem undirritaður var 11. mars 2000 á grundvelli 30. gr. laga nr. 99/1993 milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands. Á síðasta löggjafarþingi Alþingis 2001–2002 voru lögfestar nokkrar breytingar á lögum nr. 99/1993 sem byggðar voru á áðurnefndum samningi um framleiðslu sauðfjárafurða, m.a. um upptöku gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu og álagsgreiðslur sem greiðast fyrir slíka framleiðslu frá og með 1. janúar 2004, sbr. lög nr. 101/2002. Í R-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 99/1993, sem einnig var lögfestur með lögum nr. 101/2002, kemur fram að samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 skuli tekinn til endurskoðunar á árinu 2002. Þeirri endurskoðun er nú lokið og einungis eftir að undirrita viðauka við fyrrgreindan samning um framleiðslu sauðfjárafurða sem hefur að geyma breytingar á fyrri samningi með sama efni og greinir í frumvarpi þessu.

Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda síðastliðið sumar var samþykkt ályktun um að nauðsynlegt væri að gera nánar tilgreindar breytingar á samningnum um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000. Í frumvarpinu eru nokkrar breytingartillögur við lög nr. 99/1993 er varða sauðfjárframleiðslu og eru þær að mestu byggðar á framangreindri ályktun aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda. Um er að ræða eftirtaldar breytingar:

1. Ákvæði 29. gr. laganna er breytt á þann veg að sauðfjárframleiðendur geta einungis komist hjá útflutningsskyldu með því að fækka fé en ekki með því að kaupa sér greiðslu-

mark. Miðað verður við að undanþegnir útflutningi geti einungis verið þeir sem hafi 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks eins og það er skráð í greiðslumarksskrá 1. janúar 2002. Lækki greiðslumark lögbýlis miðast hlutfallið við greiðslumarkið eins og það verður eftir lækkun en ekki er heimilt að kaupa greiðslumark til að ná 0,7 ærgilda markinu.

2. Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein sem felur í sér að útflutningsuppgjör eða útflutningsgjald, sem sláturleyfishöfum ber að greiða ef þeir flytja ekki út lögboðinn hluta afurða sinna eða semja ekki við aðra sláturleyfishafa um að flytja út þann hluta, verður tryggt með lögveði í framleiðslunni sem ásamt dráttarvöxtum gengur í tvö ár frá gjalddaga á undan öðrum skuldbindingum framleiðandans. Að tveimur árum liðnum fellur lögveðið niður.
3. Breytt er ákvæði 39. gr. laganna og gert ráð fyrir að beingreiðslur lækki ekki á árinu 2003. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að þær lækki um 12,5% og að þeir fjármunir renni til greiðslu sérstaks álags á framleitt dilkakjöt á sama hátt og uppkaupaálag, sbr. 4. mgr. 38. gr., sbr. og S-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögunum. Ef frumvarp þetta verður að lögum verða beingreiðslur óbreyttar á árinu 2003 og kemur því ekki til greiðslu sérstaks álags á framleitt dilkakjöt en S-liður ákvæðis til bráðabirgða fellur brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. mgr.: Hér er miðað við að undanþegnir útflutningi geti einungis verið þeir sauðfjárframleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks eins og það er skráð í greiðslumarksskrá 1. janúar 2002. Lækki greiðslumark lögbýlis miðast hlutfallið við greiðslumarkið eins og það verður eftir lækkun. Sauðfjárframleiðendum verður hins vegar ekki heimilt að kaupa greiðslumark til að ná 0,7 ærgilda markinu. Í samræmi við þetta geta sauðfjárframleiðendur einungis komist hjá útflutningsskyldu með því fækka fé en ekki með því að að kaupa sér greiðslumark. Reglan um undanþágu frá útflutningsskyldu, svokölluð 0,7-regla, var fyrst lögfest árið 1995. Megintilgangur hennar var að bændur gætu komist undan útflutningsskyldu ef þeir fækkuðu fé þannig að þeir héldu einungis sem svaraði til 0,7 kinda á hvert ærgildi greiðslumarks. Nú eru um 190 sauðfjárbændur sem uppfylla skilyrði 0,7-reglunnar. Við skoðun hefur komið í ljós að um helmingur þeirra fækkaði fé í samræmi við þennan tilgang laganna og öðluðust þeir með því rétt til undanþágu frá útflutningsskyldu en helmingur þeirra keypti greiðslumark og losnaði með þeim hætti undan útflutningsskyldu. Ef þeir sem selja greiðslumark fækka ekki fé heldur halda áfram að framleiða verður það til þess að útflutningsskylda hækkar hjá þeim sem ekki uppfylla skilyrði 0,7-reglunnar. Þessi framkvæmd er ekki í samræmi við tilgang laganna og þykir því eðlilegt að hér verði gerð breyting á lögunum til að koma í veg fyrir að framkvæmdin verði með þessum hætti. Sú breyting sem hér er lögð til er í samræmi við ályktun aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda síðastliðið sumar eins og gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum.

Um 2. mgr.: Hér er um að ræða breytingu sem felur í sér að útflutningsuppgjör eða útflutningsgjald, sem sláturleyfishöfum ber að greiða ef þeir flytja ekki út lögboðið hlutfall af framleiðslu sinni, verður tryggt með lögveði í framleiðslunni sem ásamt dráttarvöxtum gengur í tvö ár á undan öðrum skuldbindingum framleiðandans. Í framkvæmd hafa komið upp þau tilvik að sláturleyfishafar hafa orðið gjaldþrota og ekki staðið við útflutningsskyldu sína heldur selt „útflutningskjöt“ á innlendum markaði á lágu verði. Þetta hefur orðið til þess að markaður fyrir aðra sláturleyfishafa hefur dregist saman, birgðir orðið meiri og útflutn-

ingsskyldan aukist næsta ár vegna birgðastöðu. Útflutningsgjald sem ber að greiða hefur ekki fengist viðurkennt sem forgangskrafa og hefur það orðið til þess að aðrir sláturleyfishafar og sauðfjárbændur hafa orðið að taka á sig auknar skyldur vegna útflutnings. Með þessari breytingu verður reynt að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Þykir því nauðsynlegt að lögfesta þetta ákvæði til að tryggja að unnt verði að innheimta útflutningsgjald af sláturleyfishöfum sem háðir eru útflutningsskyldu ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga án tillits til þess hvernig háttað er fjárhagsstöðu þeirra eða þótt þeir kunni að verða gjaldþrota. Að tveimur árum liðnum fellur lögveðið niður.

Um 2. gr.

Samþykkt voru lög á Alþingi síðastliðið vor, nr. 101/2002, um breytingu á lögum nr. 99/1993, sem höfðu að geyma ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða, dags. 11. mars 2000, sem lögin voru byggð á, og frumvarpinu eins og það var lagt fyrir Alþingi var gert ráð fyrir að gæðastýrð sauðfjárframleiðsla yrði tekin upp 1. janúar 2003 en við meðferð frumvarpsins á Alþingi var ákveðið að fresta gildistökunni og þar með álagsgreiðslum fyrir gæðastýrða framleiðslu til 1. janúar 2004. Jafnframt ákvað Alþingi að þeim fjármunum sem beingreiðslur lækkuðu um á árinu 2003, 12,5%, yrði ráðstafað til að greiða álag á allt framleitt dilkakjöt. Þessi ákvörðun Alþingis var studd af Bændasamtökum Íslands og einnig Landssamtökum sauðfjárbænda. Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda síðastliðið sumar var samþykkt ályktun um að nauðsynlegt væri að breyta síðastgreindu ákvæði á þann veg að beingreiðslur yrðu óbreyttar árið 2003 þannig að þær yrðu áfram greiddar greiðslumarkshöfum. Jafnframt samþykkti aðalfundurinn ályktun þess efnis að álag á gæðastýrða sauðfjárframleiðslu lækkaði um 2,5% á ári miðað við það sem samningurinn um sauðfjárframleiðslu frá 11. mars 2000 gerði ráð fyrir. Í samræmi við þessar ályktanir Landssamtaka sauðfjárbænda er hér lagt til að beingreiðslur lækki ekki á árinu 2003 og jafnframt að lækkun beingreiðslna verði 12,5% í stað 15% á árinu 2004, 15% í stað 17,5% á árinu 2005 og 17,5% í stað 20% á árinu 2006 og að lækkun beingreiðslna á árinu 2007 verði 20% í stað 22,5%. Álagsgreiðslur fyrir gæðastýrða framleiðslu munu taka samsvarandi breytingum þar sem þær greiðast m.a. af þeim fjármunum sem beingreiðslur lækka um, sbr. og uppkaupaálag skv. 4. mgr. 38. gr. laganna.

Um 3. gr.

Breyting þessi er í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins, þ.e. að miðað er við að beingreiðslur lækki ekki á árinu 2003 sem hefur þá þýðingu að ekki verður greitt 12,5% álag á framleitt dilkakjöt, en skv. S-lið ákvæðis til bráðabirgða var gert ráð fyrir að þeir fjármunir sem nýta átti í þeim tilgangi yrðu greiddir af þeim fjármunum sem beingreiðslur lækkuðu um.

Um 4. gr

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögunum. Annars vegar er breytt ákvæði um gæðastjórnun sem fært var aftur um eitt ár samkvæmt breytingum á lögum nr. 201/2002. Hins vegar er bætt við ákvæði um að allir framleiðendur, nema þeir sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert greiðslumark, skuli skyldaðir til að taka þátt í útflutningi eða greiða sérstakt útflutningsgjald sem rennur til Bændasamtakanna. Útflutningsgjaldið samkvæmt gildandi lögum svarar til mismunar á áætluðu heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð útflutnings á undangengnum tólf mánuðum. Ástæðan fyrir því að framleiðendur reyna að losna undan útflutningsskyldu er að mikill munur er á því verði sem greitt er fyrir útflutning og sölu á innanlandsmarkaði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

625. Tillaga til þingsályktunar [445. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.

Tilskipun Evrópusambandsins 2001/42/EB er ætlað að tryggja að umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana séu metin áður en áætlanirnar hljóta endanlega afgreiðslu. Markmið tilskipunarinnar eru að vernda umhverfið og stuðla að sjálfbærri þróun með því að fram fari umhverfismat við gerð tiltekinna áætlana sem eru taldar líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið.

Tilskipunin fjallar um hvaða áætlanir skuli háðar umhverfismati, hvaða sjónarmið skuli hafa til viðmiðunar við ákvörðun um umhverfismat áætlunar, um nauðsynlega þætti í málsmeðferð og nauðsynlega þætti í efnistökum umhverfismats. Umhverfismat samkvæmt tilskipuninni felur í sér gerð umhverfisskýrslu, kynningu hennar fyrir stofnunum og almenningi þar sem þeim er gefinn kostur á að gera athugasemdir, ákvörðun þar sem tekið er tillit til umhverfisskýrslunnar, athugasemda stofnana og almennings, svo og kynningu á ákvörðuninni.

Tilskipunin tekur til skipulagsáætlana (e. plans) og framkvæmdaáætlana (e. programmes) sem fjalla um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orku, iðnað, samgöngur, förgun úrgangs, vatnsnýtingu, fjarskipti, ferðaþjónustu og landnotkunarskipulag og markar stefnu fyrir leyfisveitingar um framkvæmdir sem falla undir tilskipun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda 85/337/EB og 97/11/EB. Áætlanir þessar falla undir tilskipunina þegar þær eru unnar á vegum stjórnvalda, hvort heldur ríkis eða sveitarfélaga, eða eru undirbúnar af stjórnvöldum til samþykktar á löggjafarþingi og sem krafist er samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Einnig geta einstakar þjóðir ákveðið að aðrar áætlanir en þær sem tilgreindar eru í tilskipuninni skuli háðar umhverfismati ef þær eru taldar geta valdið verulegum umhverfisáhrifum.

Nokkur reynsla hefur fengist síðustu missiri af framkvæmd umhverfismats aðal- og svæðisskipulagstillagna á grundvelli skipulags- og byggingarlaga. Einstök verkefni við umhverfismat annarrar áætlanagerðar hér á landi síðustu ár hafa verið unnin, nú síðast í sambandi við gerð Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Áætlanir sem falla undir ákvæði tilskipunarinnar, aðrar en skipulagsáætlanir, eru hér á landi fyrst og fremst samgönguáætlanir, áætlanir um orkuöflun og skógræktar- og landgræðsluáætlanir.

Ákvæði tilskipunarinnar eru að hluta þegar uppfyllt hér á landi, þ.e. í ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998, um umhverfismat skipulagstillagna. Tilskipunin gerir þó ítarlegri kröfur til umhverfismats áætlana en fram koma í skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð. Önnur bein laga- eða reglugerðarfyrirmæli eru ekki hér á landi um umhverfismat áætlana. Umhverfisráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningum annarra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfshóp um undirbúning að gerð umhverfismats annarra áætlana en skipulagsáætlana. Verkefni hópsins er í fyrstu að fara yfir hvaða áætlanir muni falla undir tilskipunina og hvaða ráðuneyti og stofnanir vinni þær. Þá er samstarfshópnum ætlað að gera tillögu um hvernig lögleiðingu og samhæfingu um gerð umhverfismats framkvæmdaáætlana verði háttað.

Samkvæmt efni tilskipunarinnar er henni ætlað að koma til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 21. júlí 2004.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 90/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2002 frá 31. maí 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2i. **32001 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið (Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) b-liður 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar gildir ekki.

b) Orðin „svo sem svæði sem eru tilgreind samkvæmt tilskipunum 79/409/EBE og 92/43/EBE“ skulu felld brott úr d-lið I. viðauka (upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 5. gr.) við tilskipunina.“

([1]) Stjtíð. EB L 156, 23.6.1999, bls. 37 og EES viðbætir við Stjtíð. EB nr. 44, 5.9.2002 bls. 18.
([2]) Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30.

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/42/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/42/EB

frá 27. júní 2001

um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 21. mars 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 174. gr. sáttmálans er kveðið á um að með umhverfisstefnu bandalagsins skuli m.a. stuðla að varðveislu, vernd og umbótum á gæðum umhverfisins, heilsuvernd manna og að nýta náttúruauðlindir af varúð og skynsemi og að hún byggist á varúðarreglunni. Í 6. gr. sáttmálans er kveðið á um að fella beri umhverfisverndarkröfur inn í skilgreininguna á stefnu og starfsemi bandalagsins, einkum með tilliti til þess að stuðla að sjálfbærri þróun.

2) Í fimmtu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála: „Fram til sjálfbæris – stefna og framkvæmdaáætlun bandalagsins um umhverfi og sjálfbæra þróun“ ([5]), að viðbættri tilskipun ráðsins nr. 2179/98/EB ([6]) um endurskoðun hennar, er lögð áhersla á mikilvægi þess að meta umhverfisáhrif sem líklegt er að verði af völdum skipulags- og framkvæmdaáætlana.

3) Í samningnum um líffræðilega fjölbreytni er kveðið á um að aðilarnir skuli, eftir því sem unnt er og við á, fella vernd og sjálfbæra notkun á fjölbreytni lífríkisins inn í viðeigandi skipulags- og framkvæmdaáætlanir í atvinnugreinum eða á sviðum sem liggja þvert á atvinnugreinar.

4) Umhverfismat er mikilvægt tæki til að fella umhverfissjónarmið inn í undirbúning og samþykkt á tilteknum skipulags- og framkvæmdaáætlunum, sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á umhverfið í aðildarríkjunum, vegna þess að það tryggir að tekið sé tillit til þeirra áhrifa, sem koma fram við framkvæmd skipulags- og framkvæmdaáætlana, við undirbúning þeirra og áður en þær eru samþykktar.

5) Málsmeðferð, sem samþykkt er um umhverfismat við gerð skipulags- og framkvæmdaáætlana, skal vera til hagræðis fyrir fyrirtæki þar eð þau fá samræmdari starfsramma þar sem þau geta nýtt sér viðkomandi umhverfisupplýsingar við ákvarðanatöku. Þegar yfirgripsmeiri þættir eru fyrir hendi við ákvarðanatöku stuðlar það að sjálfbærari og skilvirkari lausnum.

6) Í mismunandi kerfum fyrir umhverfismat, sem notuð eru í aðildarríkjunum, skal gera almennar kröfur um málsmeðferð sem eru nauðsynlegar til að stuðla að víðtækri vernd fyrir umhverfið.

7) Í samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um mat á umhverfisáhrifum

([1]) Stjtíð. EB C 129, 25.4.1997, bls. 14 og Stjtíð. EB C 83, 25.3.1999, bls. 13.
([2]) Stjtíð. EB C 287, 22.9.1997, bls. 101.
([3]) Stjtíð. EB C 64, 27.2.1998, bls. 63 og Stjtíð. EB C 374, 23.12.1999, bls. 9.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 20. október 1998 (Stjtíð. EB C 341, 9.11.1998, bls. 18), staðfest 16. september 1999 (Stjtíð. EB C 54, 25.2.2000, bls. 76), sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. mars 2000 (Stjtíð. EB C 137, 16.5.2000, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 6. september 2000 (Stjtíð. EB C 135, 7.5.2001, bls. 155). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 31. maí 2001 og ákvörðun ráðsins frá 5. júní 2001.
([5]) Stjtíð. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.
([6]) Stjtíð. EB L 275, 10.10.1998, bls. 1.

yfir landamæri frá 25. febrúar 1991, sem gildir bæði um aðildarríki og önnur ríki, eru aðilar að samningnum hvattir til þess að nota einnig meginreglur hans í skipulags- og framkvæmdaáætlunum. Á öðrum fundi aðila að samningnum í Sofíu, 26. og 27. febrúar 2001, var ákveðið að semja bindandi bókun um skipulagt umhverfismat sem kæmi til viðbótar við fyrirliggjandi ákvæði um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri, með hugsanlega samþykkt í huga á fimmtu ráðherrastefnunni „Umhverfi fyrir Evrópu" á aukafundi aðila ráðstefnunnar sem ráðgert er að halda í maí 2003 í Kíev í Úkraínu. Kerfin, sem eru notuð í bandalaginu við umhverfismat á skipulags- og framkvæmdaáætlunum, skulu tryggja að nægilegt samráð sé haft milli landa þar sem líklegt er að framkvæmd þeirra áætlana, sem er í undirbúningi í einu aðildarríki, hafi veruleg áhrif á umhverfið í öðru aðildarríki. Upplýsingar um skipulags- og framkvæmdaáætlanir, sem hafa veruleg áhrif á umhverfið í öðrum ríkjum, skal framsenda á grundvelli gagnkvæmni og jafnræðis innan viðeigandi lagaramma milli aðildarríkja og viðkomandi ríkja.

8) Aðgerðar er því þörf á vettvangi bandalagsins til að setja lágmarksramma utan um umhverfismat þar sem í grófum dráttum koma fram meginreglur kerfisins fyrir umhverfismat en aðildarríki sjá um formsatriðin, sbr. dreifræðisregluna. Bandalagsaðgerðir skulu ekki ganga lengra en þörf krefur til að ná markmiðum sáttmálans.

9) Tilskipunin er um málsmeðferð og skulu kröfur í henni annaðhvort vera felldar inn í þá málsmeðferð, sem fyrir er í aðildarríkjum, eða teknar upp í málsmeðferð sem sérstaklega er komið á. Með það í huga að komast hjá endurtekningu á matinu skulu aðildarríkin taka til greina, þar sem við á, að matið mun fara fram á mismunandi stigum í stigskiptri áætlun fyrir skipulags- og framkvæmdaáætlanir.

10) Allar skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem eru undirbúnar fyrir nokkur svið og eru stefnumarkandi að því er varðar veitingu leyfa fyrir framkvæmd verkefna sem talin eru upp í I. og II. viðauka tilskipunar ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ([1]), og allar skipulags- og framkvæmdaáætlanir, sem ákvörðun hefur verið tekin um að þurfi að meta, samkvæmt tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um verndun náttúrulegra heimkynna og villtra plantna og dýra ([2]), og líklegt er að hafi veruleg umhverfisáhrif, skulu almennt háð kerfisbundnu umhverfismati. Þegar í þeim er ákveðið hvernig lítil landsvæði skulu nýtt á staðarvísu eða óverulegar breytingar gerðar á framangreindum skipulags- og framkvæmdaáætlunum skulu þær einungis metnar þegar aðildarríkin ákvarða að þær séu líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið.

11) Aðrar skipulags- og framkvæmdaáætlanir, sem eru stefnumarkandi að því er varðar veitingu leyfa fyrir framkvæmd verkefna, hafa ekki endilega í öllum tilvikum veruleg áhrif á umhverfið og skulu einungis metnar þegar aðildarríkin ákvarða að þær séu líklegar til að hafa slík áhrif.

12) Þegar aðildarríki taka slíkar ákvarðanir skulu þau taka tillit til viðeigandi viðmiðana sem settar eru fram í tilskipuninni.

13) Stundum falla skipulags- eða framkvæmdáætlanir ekki undir þessa tilskipun vegna sérkenna sinna.

14) Þar sem farið er fram á mat í tilskipuninni skal semja umhverfisskýrslu með viðeigandi upplýsingum, eins og mælt er fyrir um í tilskipuninni, þar sem sett er fram skilgreining, lýsing og mat á verulegum áhrifum sem líklegt er að umhverfið verði fyrir viðframkvæmd skipulags- eða framkvæmdaáætlunarinnar, ásamt öðrum eðlilegum valkostum þar sem tillit er tekið til markmiða og landfræðilegs umfangs skipulags- eða framkvæmdaáætlunarinnar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem þau gera og varða gæði umhverfisskýrslna.

15) Í því skyni að stuðla að gagnsærri ákvarðanatöku og tryggja að upplýsingarnar, sem fengnar eru fyrir matið, séu tæmandi og traustar er

---

([1]) Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/11/EB (Stjtíð. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5).

([2]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/62/EB (Stjtíð. EB L 305, 8.11.1997, bls. 42).

nauðsynlegt að kveða á um að samráð skuli haft við yfirvöld, sem viðkomandi umhverfismál heyra undir, og almenning við mat á skipulags- og framkvæmdaáætlunum, og að settur sé viðeigandi tímarammi þar sem gert er ráð fyrir nægum tíma til samráðs, þ.m.t. að gera athugasemdir.

16) Ef framkvæmd skipulags- eða framkvæmdaáætlunar, sem verið er að undirbúa í aðildarríki, er líkleg til að hafa veruleg áhrif á umhverfið í öðrum aðildarríkjum skal kveða á um að hlutaðeigandi aðildarríki skuli hafa með sér samráð og að viðkomandi yfirvöldum og almenningi sé gerð grein fyrir málinu og gert kleift að gera athugasemdir.

17) Taka skal tillit til umhverfisskýrslunnar og þeirra athugasemda sem viðkomandi yfirvöld og almenningur hafa gert, svo og niðurstaðna samráðs yfir landamæri, við undirbúning á skipulags- eða framkvæmdaáætlun, og áður en hún er samþykkt eða lögð fram til löggjafarmeðferðar.

18) Aðildarríki skulu tryggja, þegar skipulags- eða framkvæmdaáætlun er samþykkt, að viðkomandi yfirvöldum og almenningi sé tilkynnt það og veittur aðgangur að viðkomandi upplýsingum.

19) Þegar skylt er að mat á áhrifum á umhverfið fari fram bæði samkvæmt þessari tilskipun og annarri löggjöf bandalagsins, t.d. tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla ([1]), tilskipun 92/43/EBE eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([2]), geta aðildarríki, til að komast hjá því að endurtaka matið, kveðið á um samræmda eða sameiginlega málsmeðferð til að uppfylla kröfur í viðkomandi löggjöf bandalagsins.

20) Framkvæmdastjórnin skal gera fyrstu skýrslu um beitingu þessar tilskipunar og reynsluna af henni fimm árum eftir að hún tekur gildi og á sjö ára fresti eftir það. Með tilliti til frekari samþættingar krafna um umhverfisvernd og fenginnar reynslu skulu, ef við á, fylgja tillögur að breytingu á þessari tilskipun með fyrstu skýrslunni, einkum að því er varðar möguleikann á að rýmka gildissvið hennar þannig að hún taki til annarra svæða/þátta og annarra tegunda af skipulags- og framkvæmdaáætlunum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að veita víðtæka umhverfisvernd og stuðla að því að umhverfissjónarmið séu felld inn í undirbúning og samþykkt á skipulags- og framkvæmdaáætlunum í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun með því að tryggja, í samræmi við þessa tilskipun, að umhverfismat fari fram á tilteknum skipulags- og framkvæmdaáætlunum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á umhverfið.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skipulags- og framkvæmdaáætlanir“: skipulags- og framkvæmdaáætlanir, þ.m.t. þær sem Evrópubandalagið tekur þátt í að fjármagna, ásamt öllum breytingum á þeim:

— sem eru háðar undirbúningi og/eða samþykki lands-, svæðis- eða staðaryfirvalds eða sem yfirvald undirbýr til samþykktar með löggjafarmeðferð á þingi eða í ríkisstjórn, og

— sem krafist er með laga- eða stjórnsýsluákvæðum;

b) „umhverfismat“: umhverfismat felst í því að semja umhverfisskýrslu, hafa samráð, taka tillit til umhverfisskýrslunnar og niðurstaðna samráðs þegar kemur að ákvarðanatöku og að veita upplýsingar um ákvörðunina í samræmi við 4. til 9. gr.;

c) „umhverfisskýrsla“: umhverfisskýrsla er sá hluti gagna, er varða skipulags- eða framkvæmdaáætlunina, sem inniheldur upplýsingarnar sem krafist er í 5. gr. og I. viðauka;

d) „almenningur“: almenningur er einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við

([1]) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/49/EB (Stjtíð. EB L 223, 13.8.1997, bls. 9).

([2]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

innlend lög eða venju, samtök þeirra, félög eða hópar.

3. gr.

Gildissvið

1. Gera skal umhverfismat, í samræmi við 4. til 9. gr., fyrir skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem um getur í 2. til 4. mgr. og líklegt er að hafi veruleg áhrif á umhverfið.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. skal fara fram umhverfismat fyrir allar skipulags- og framkvæmdaáætlanir,

a) sem eru gerðar fyrir landbúnað, skógrækt, fiskveiðar, orkumál, iðnað, samgöngur, meðhöndlun úrgangs, vatnsstjórnun, fjarskipti, ferðaþjónustu, skipulag bæja og landssvæða eða landnýtingu, og eru stefnumarkandi að því er varðar veitingu leyfa fyrir framkvæmd verkefna sem talin eru upp í I. og II. viðauka við tilskipun 85/337/EBE, eða

b) sem ákveðið hefur verið að þarfnist mats skv. 6. eða 7. gr. tilskipunar 92/43/EBE með tilliti til líklegra áhrifa á tilteknum stöðum.

3. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir, sem um getur í 2. mgr., þar sem ákveðið er hvernig lítil landsvæði skulu nýtt á staðarvísu og óverulegar breytingar á skipulags- og framkvæmdaáætlunum, sem um getur í 2. mgr., þurfa einungis að fara í umhverfismat þegar aðildarríkin ákvarða að þær séu líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið.

4. Aðildarríki skulu ákvarða hvort skipulags- og framkvæmdaáætlanir, aðrar en þær sem um getur í 2. mgr., sem eru stefnumarkandi að því er varðar veitingu leyfa fyrir framkvæmd verkefna, séu líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið.

5. Aðildarríki skulu ákvarða hvort skipulags- eða framkvæmdaáætlanir, sem um getur í 3. og 4. mgr., séu líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið með því að skoða hvert tilvik um sig, tilgreina tegundir skipulags- og framkvæmdaáætlana eða með því að sameina þessar aðferðir. Í þessum tilgangi skulu aðildarríkin í öllum tilvikum taka tillit til viðeigandi viðmiðana, sem settar eru fram í II. viðauka, í því skyni að tryggja að tilskipunin taki til skipulags- og framkvæmdaáætlana sem líkur eru á að hafi veruleg áhrif á umhverfið.

6. Þegar skoðað er hvert tilvik um sig og tegundir skipulags- og framkvæmdaáætlana eru tilgreindar í samræmi við 5. mgr. skal haft samráð við yfirvöld sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

7. Aðildarríki skulu tryggja að almenningur fái aðgang að niðurstöðum þeirra skv. 5. mgr., þ.m.t. ástæður þess að ekki sé þörf á umhverfismati skv. 4. til 9. gr.

8. Eftirfarandi skipulags- og framkvæmdaáætlanir falla ekki undir þessa tilskipun:

— skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem eru gerðar í þeim eina tilgangi að þjóna landvörnum eða almannavörnum,

— fjárhags- eða fjárlagaáætlanir.

9. Þessi tilskipun gildir ekki um skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem eru fjármagnaðar sameiginlega á þeim áætlunartímabilum ([1]) sem eiga við reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1260/1999 ([2]) og (EB) nr. 1257/1999 ([3]).

4. gr.

Almennar skyldur

1. Umhverfismatið, sem um getur í 3. gr., skal fara fram þegar verið er að undirbúa skipulags- eða framkvæmdaáætlun og áður en áætlunin er samþykkt eða lögð fram til löggjafarmeðferðar.

2. Kröfurnar í þessari tilskipun skulu annaðhvort felldar inn í málsmeðferð sem er fyrir hendi í aðildarríkjunum til samþykktar á skipulags- og framkvæmdaáætlunum eða teknar upp í nýja málsmeðferð sem komið er á til að fara að þessari tilskipun.

3. Þegar skipulags- og framkvæmdaáætlanir eru hluti af stigskiptri áætlun skulu aðildarríkin, í því skyni að komast hjá endurtekningu á umhverfismati, taka tillit til þess að umhverfismatið mun fara fram, í samræmi við þessa tilskipun, á mismunandi stigum í stigskiptu áætluninni. Aðildarríkin skulu beita 2. og

---

([1]) Áætlunartímabil 2000–2006 fyrir reglugerð ráðsins (EB) nr. 1260/1999 og áætlunartímabil 2000–2006 og 2000–2007 fyrir reglugerð ráðsins (EB) nr. 1257/1999.

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1260/1999 frá 21. júní 1999 um almenn ákvæði um þróunarsjóð (Stjtíð. EB L 161, 26.6.1999, bls. 1).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1257/1999 frá 17. maí 1999 um stuðning þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar við byggðaþróun í dreifbýli og um breytingu og niðurfellingu tiltekinna reglugerða (Stjtíð. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80).

3. mgr. 5. gr. til þess m.a. að komast hjá því að endurtaka matið.

5. gr.

Umhverfisskýrsla

1. Þar sem umhverfismats er krafist, skv. 1. mgr. 3. gr., skal semja umhverfisskýrslu þar sem sett er fram skilgreining, lýsing og mat á verulegum áhrifum sem líklegt er að umhverfið verði fyrir við framkvæmd skipulags- eða framkvæmdaáætlunarinnar, ásamt eðlilegum valkostum þar sem tekið er tillit til markmiða og landfræðilegs umfangs skipulags- eða framkvæmdaáætlunarinnar. Í I. viðauka er getið þeirra upplýsinga sem skal veita í þessum tilgangi.

2. Í umhverfisskýrslunni, sem er samin skv. 1. mgr., skulu koma fram upplýsingar, sem sanngjarnt telst að krefjast í ljósi nútímaþekkingar og nýjustu matsaðferða, efni og nákvæmni skipulags- eða framkvæmdaáætlunar, á hvaða stigi hún er í ákvarðanatökuferlinu og að hvaða marki heppilegra er að meta tiltekin mál á mismunandi stigum í því ferli til þess að komast hjá því að endurtaka matið.

3. Nota má viðeigandi, tiltækar upplýsingar um umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana, sem fengnar eru á öðrum stigum ákvarðana eða með annarri löggjöf bandalagsins, til að láta í té upplýsingarnar sem um getur í I. viðauka.

4. Samráð skal haft við yfirvöld, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinganna sem eiga að koma fram í umhverfisskýrslunni.

6. gr.

Samráð

1. Yfirvöld, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, og almenningur skulu hafa aðgang að drögum að skipulags- eða framkvæmdaáætlun og umhverfisskýrslunni sem gerð er í samræmi við 5. gr.

2. Yfirvöldum, sem um getur í 3. mgr., og almenningi, sem um getur í 4. mgr., skal gefinn raunhæfur möguleiki snemma í ferlinu og innan viðeigandi tímaramma til að gera athugasemdir við drögum að skipulags- eða framkvæmdaáætluninni og meðfylgjandi umhverfisskýrslu áður en áætlunin er samþykkt eða lögð fram til löggjafarmeðferðar.

3. Aðildarríki skulu tilgreina yfirvöld, sem samráð skal haft við og líklegt er að láti sig varða umhverfisáhrif, vegna framkvæmdar skipulags- og framkvæmdaáætlana sökum þess að umhverfismál heyra sérstaklega undir þau.

4. Aðildarríki skulu skilgreina almenning, að því er varðar 2. mgr., þ.m.t. almenning sem verður fyrir áhrifum af eða líklegt er að verði fyrir áhrifum af ákvarðanatökunni, sem fellur undir þessa tilskipun, eða á hagsmuna að gæta, þ.m.t. viðkomandi frjáls félagasamtök, á borð við þau sem stuðla að umhverfisvernd, og önnur hlutaðeigandi samtök.

5. Aðildarríkin skulu ákvarða nákvæma tilhögun á miðlun upplýsinga og samráði milli yfirvalda og almennings.

7. gr.

Samráð yfir landamæri

1. Ef aðildarríki telur að líklegt sé að framkvæmd skipulags- eða framkvæmdaáætlunar, sem er í undirbúningi í tengslum við yfirráðasvæði þess, hafi veruleg áhrif á umhverfið í öðru aðildarríki eða ef aðildarríki, sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum, fer fram á það skal aðildarríkið, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem skipulags- eða framkvæmdaáætlunin er í undirbúningi, senda afrit af drögum að áætluninni og viðkomandi umhverfisskýrslu til hins aðildarríkisins áður en það samþykkir áætlunina eða leggur fram til löggjafarmeðferðar.

2. Þegar aðildarríki er sent afrit af drögum að skipulags- eða framkvæmdaáætlun og umhverfisskýrslu skv. 1. mgr. skal það tilkynna hinu aðildarríkinu hvort það óskar eftir samráði áður en skipulags- eða framkvæmdaáætlunin er samþykkt eða lögð fram til löggjafarmeðferðar og, ef það óskar þess, skulu hlutaðeigandi aðildarríki hafa með sér samráð um líkleg umhverfisáhrif yfir landamæri sem verða við framkvæmd áætlunarinnar og þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir slík áhrif.

Þegar slíkt samráð á sér stað skulu hlutaðeigandi aðildarríki samþykkja nákvæma tilhögun til að tryggja að yfirvöldum, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., og almenningi, sem um getur í 4. mgr. 6. gr., í því aðildarríki, sem líkur eru á að verði fyrir verulegum áhrifum, sé tilkynnt það og hafi tækifæri til að senda inn athugasemdir innan hæfilegs tímaramma.

3. Þegar þess er krafist, samkvæmt þessari grein, að aðildarríki hafi með sér samráð skulu þau, við upphaf slíks samráðs, vera sammála um hæfilega lengd samráðsins.

8. gr.

Ákvarðanataka

Taka skal tillit til umhverfisskýrslunnar, sem samin er skv. 5. gr., þeirra athugasemda, sem eru lagðar fram skv. 6. gr., og niðurstaðna úr samráði yfir landamæri, sem hafið er skv. 7. gr., við undirbúning á skipulags- eða framkvæmdaáætlun og áður en áætlunin er samþykkt eða lögð fram til löggjafarmeðferðar.

9. gr.

Upplýsingar um ákvörðunina

1. Þegar skipulags- eða framkvæmdaáætlun er samþykkt skulu aðildarríki tryggja að yfirvöldum, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., almenningi og aðildarríkjum, sem samráð er haft við skv. 7. gr., sé tilkynnt um það og að þeir sem fá tilkynninguna hafi aðgang að eftirfarandi atriðum:

a) samþykktri skipulags- eða framkvæmdaáætlun,

b) samantekt um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í skipulags- eða framkvæmdaáætlunina og hvernig umhverfisskýrslan, sem samin er skv. 5. gr., athugasemdirnar, sem eru lagðar fram skv. 6. gr., og niðurstöður samráðs, sem hafið er skv. 7. gr., hafa verið tekin til greina í samræmi við 8. gr. og ástæður þess að skipulags- eða framkvæmdaáætlunin var samþykkt í ljósi annarra eðlilegra valkosta sem fjallað var um, og

c) ráðstöfunum sem eru ákvarðaðar um vöktun í samræmi við 10. gr.

2. Aðildarríkin skulu ákvarða nákvæma tilhögun varðandi upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.

10. gr.

Vöktun

1. Aðildarríki skulu vakta veruleg áhrif á umhverfið við framkvæmd skipulags- og framkvæmdaáætlana til þess m.a. að greina tímanlega ófyrirséð, skaðleg áhrif og eiga þess kost að geta gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta.

2. Til þess að farið sé að 1. mgr. er hægt að nota fyrirliggjandi vöktunarfyrirkomulag, ef við á, til þess að komast hjá tvíverknaði við vöktun.

11. gr.

Tengsl við aðra löggjöf bandalagsins

1. Umhverfismat, sem fer fram samkvæmt tilskipun þessari, skal sett fram með fyrirvara um kröfur samkvæmt tilskipun 85/337/EBE og aðrar kröfur sem kveðið er á um í lögum bandalagsins.

2. Ef skylt er að mat á áhrifum skipulag- og framkvæmdaáætlana á umhverfið fari fram bæði samkvæmt þessari tilskipun og annarri löggjöf bandalagsins geta aðildarríki kveðið á um samræmda eða sameiginlega málsmeðferð til að uppfylla kröfur í viðkomandi löggjöf bandalagsins til þess m.a. að komast hjá því að endurtaka matið.

3. Samkvæmt þessari tilskipun skal umhverfismat fara fram í samræmi við sérákvæðin í viðkomandi löggjöf bandalagsins fyrir skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem Evrópubandalagið tekur þátt í að fjármagna.

12. gr.

Upplýsingar, skýrslur og endurskoðun

1. Aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum um reynslu sína af beitingu þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríki skulu tryggja að gæði umhverfisskýrslna séu nægileg til uppfylla kröfur í þessari tilskipun og skulu greina framkvæmdastjórninni frá ráðstöfunum sem þau gera varðandi gæði þessara skýrslna.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda fyrstu skýrsluna um beitingu þessarar tilskipunar og reynsluna af henni fyrir 21. júlí 2006 til Evrópuþingsins og ráðsins.

Með það í huga að samþætta enn frekar kröfur um umhverfisvernd, í samræmi við 6. gr. sáttmálans, og með tilliti til þeirrar reynslu, sem hefur fengist við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum, munu fylgja slíkri skýrslu tillögur að breytingum á þessari tilskipun ef við á. Framkvæmdastjórnin mun einkum huga að möguleikanum á að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún taki til annarra svæða/þátta og annarra tegunda af skipulags- og framkvæmdaáætlunum.

Ný matsskýrsla skal koma í kjölfarið á sjö ára fresti.

4. Framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu um tengslin milli þessarar tilskipunar og reglugerðar

(EB) nr. 1260/1999 og (EB) nr. 1257/1999 nokkru áður en áætlunartímabilunum, sem kveðið er á um í þessum reglugerðum, lýkur til þess að tryggja að tilskipuninni og reglugerðum bandalagsins, sem á eftir koma, verði beitt með samfelldum hætti.

13. gr.

Framkvæmd tilskipunarinnar

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 21. júlí 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Sú kvöð, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., gildir aðeins um skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem fyrst var farið að undirbúa formlega eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. Ef fyrst var farið að undirbúa skipulags- og framkvæmdaáætlanir formlega fyrir þann dag og þau voru síðan samþykkt eða lögð fram til löggjafarmeðferðar eftir að 24 mánuðir eru liðnir skulu þau falla undir þá kvöð sem um getur í 1. mgr., nema aðildarríkin taki ákvörðun um, á grundvelli hvers einstaks tilviks, að það sé ekki gerlegt og tilkynni almenningi ákvörðun sína.

4. Fyrir 21. júlí 2004 skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni aðgreindar upplýsingar um tegundir skipulags- og framkvæmdaáætlana, sem verða, í samræmi við 3. gr., háð umhverfismati samkvæmt þessari tilskipun auk upplýsinga um ráðstafanirnar sem um getur í 1. gr. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjunum aðgang að þessum upplýsingum. Upplýsingarnar skulu uppfærðar reglulega.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. ROSENGREN
forseti.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

Upplýsingarnar, sem skylt er að leggja fram skv. 1. mgr. 5. gr., sbr. þó 2. og 3. mgr. 5. gr., eru eftirfarandi:

a) yfirlit yfir efni og aðalmarkmiðin með skipulags- eða framkvæmdaáætluninni og tengsl við aðrar viðkomandi skipulags- og framkvæmdaáætlanir;

b) viðkomandi þættir núverandi ástands umhverfisins og líkleg þróun þess ef skipulags- eða framkvæmdaáætlun verður ekki hrint í framkvæmd;

c) umhverfiseiginleikar svæða sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum;

d) öll umhverfisvandamál, sem hafa komið upp og eiga við skipulags- eða framkvæmdaáætlunina, einkum þau sem eiga við svæði sem eru sérstaklega mikilvæg í umhverfislegu tilliti, t.d. svæði sem eru tiltekin samkvæmt tilskipunum 79/409/EBE og 92/43/EBE;

e) umhverfisverndarmarkmið, sem eru fastsett á alþjóðlegum vettvangi, í bandalaginu eða aðildarríki og eiga við skipulags- eða framkvæmdaáætlunina, og hvernig tillit hefur verið tekið til þessara markmiða og allra umhverfissjónarmiða við undirbúninginn;

f) veruleg áhrif sem líklegt er að umhverfið verði fyrir (1), þ.m.t. líffræðileg fjölbreytni, íbúar, heilsufar manna, dýraríki, plönturíki, jarðvegur, vatn, loft, veðurfarslegir þættir, eignir, menningararfleifð, einnig byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og hvernig samspili fyrrgreindra þátta er háttað;

g) fyrirhugaðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, draga úr og vega, eins vel og kostur er, á móti alvarlegri umhverfisröskun við framkvæmd skipulags- eða framkvæmdaáætlunarinnar;

h) yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. allir erfiðleikar (t.d. tæknilegir annmarkar eða skortur á verkkunnáttu) sem staðið var frammi fyrir við söfnun upplýsinganna sem krafist er;

i) lýsing á fyrirhuguðum ráðstöfunum varðandi vöktun í samræmi við 10. gr.;

j) almennt yfirlit um upplýsingarnar sem eru veittar um framantalin atriði.

II. VIÐAUKI

Viðmiðanir við ákvörðun á líklegum áhrifum sem um getur í 5. mgr. 3. gr.

1. Athuga þarf sérkenni skipulags- og framkvæmdaáætlana, einkum með tilliti til þess:

— að hve miklu leyti skipulags- eða framkvæmdaáætlunin setur ramma utan um verkefni og aðra starfsemi, annaðhvort með tilliti til staðsetningar, eðlis, stærðar og rekstrarskilyrða eða ráðstöfunar á fjármagni,

— að hve miklu leyti skipulags- eða framkvæmdaáætlunin hefur áhrif á aðrar skipulags- og framkvæmdaáætlanir, þ.m.t. þær sem eru stigskiptar,

— mikilvægi skipulags- eða framkvæmdaáætlunarinnar við samþættingu umhverfissjónarmiða, einkum að því er varðar að stuðla að sjálfbærri þróun,

— umhverfisvandamál viðkomandi skipulags- eða framkvæmdaáætlunum,

— mikilvægi skipulags- eða framkvæmdaáætlunarinnar við beitingu bandalagslöggjafar á umhverfið (t.d. skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem tengjast meðhöndlun úrgangs eða verndun vatns).

2. Athuga þarf eðli áhrifanna og eiginleika svæðisins sem líklegt er að verði fyrir áhrifum, einkum að því er varðar:

— líkur á áhrifum, hve lengi þau vara, tíðni þeirra og hvort þau gangi til baka,

— hvort áhrifin safnist upp,

— hvort áhrifin nái yfir landamæri,

— áhættuna fyrir heilbrigði manna eða umhverfið (t.d. vegna slysa),

— vægi og umfang áhrifanna (landsvæði og fólksfjölda sem líklegt er að verði fyrir áhrifum),

(1) Þessi áhrif fela í sér annars stigs áhrif, samlagningaráhrif, samvirkniáhrif, skammtíma-, meðaltíma- og langtímaáhrif, varanleg og tímabundin, jákvæð og neikvæð áhrif.

— gildi svæðisins, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum, og hversu viðkvæmt það er vegna:
  — sérstakra náttúrueiginleika eða menningararfs,
  — strangari gæðastaðla fyrir umhverfið eða strangari viðmiðunarmörk,
  — þéttbærni landnýtingar,
— áhrif á svæði eða landslag sem viðurkennt er í viðkomandi landi, í bandalaginu eða á alþjóðavettvangi að njóti verndar.

626. Nefndarálit [394. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nikulás Hannigan frá utanríkisráðuneyti og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar, (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð, og (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Reglugerðirnar fela í sér svokallaðar hópundanþágur frá almennum ákvæðum EES-samningsins um óheimila ríkisaðstoð.

Að mati félagsmálaráðuneytis er talið að innleiðing reglugerða nr. 69/2001 og 70/2001 kalli ekki á lagabreytingar hér á landi. Þá taldi ráðuneytið hugsanlegt að innleiðing ákvæða reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 kallaði á lagabreytingar en á fundi utanríkismálanefndar kom fram hjá fulltrúum utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis að við nánari skoðun málsins hefði komið í ljós að lagabreytinga þyrfti ekki við. Þetta hefur nú verið staðfest með bréfi fjármálaráðuneytisins til utanríkismálanefndar þar sem fram kemur m.a. að það sé sameiginlegur skilningur fjármála- og félagsmálaráðuneytis að lagabreytinga þurfi ekki við.

Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 4. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Lára M. Ragnarsdóttir.
Björn Bjarnason.	Ögmundur Jónasson.	Einar K. Guðfinnsson.

627. Nefndarálit [395. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Bryndísi Helgadóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi.

Tilgangur tilskipunarinnar er að gera lögmönnum kleift að starfa í öðru aðildarríki en þar sem þeir fengu starfsréttindi sín, undir starfsheiti heimalands síns og einnig að auðvelda þeim að fá starfsheiti gistiríkisins. Með innleiðingu tilskipunarinnar er íslenskum lögmönnum gert auðveldara að starfa sem lögmenn í öðrum EES-ríkjum og á sama hátt er erlendum lögmönnum gert auðveldara að starfa hér á landi. Að mati dóms- og kirkjumálaráðuneytis kallar innleiðing tilskipunarinnar á breytingar á lögum nr. 77/1998, um lögmenn, en frumvarp þess efnis hefur enn ekki verið lagt fyrir Alþingi.

Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 4. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Lára M. Ragnarsdóttir.
Björn Bjarnason.	Ögmundur Jónasson.	Einar K. Guðfinnsson.

628. Nefndarálit [400. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nikulás Hannigan, Önnu Jóhannsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Singapúr sem undirritaður var á Egilsstöðum 26. júní 2002.

Samningur þessi er fyrsti fríverslunarsamningur sem gerður er milli Evrópuríkja og ríkis í Austur-Asíu og er víðtækasti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert til þessa enda nær gildissvið hans auk vöruviðskipta til þjónustuviðskipta, fjárfestinga, opinberra innkaupa, samkeppnismála og hugverkaréttinda.

Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 4. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Lára M. Ragnarsdóttir.
Björn Bjarnason.	Ögmundur Jónasson.	Einar K. Guðfinnsson.

629. Frumvarp til laga [446. mál]

um námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

2. gr.

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta nemendur sem:

1. eru íslenskir ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar sem eiga rétt til námsstyrks samkvæmt samningi íslenska ríkisins við önnur ríki,
2. stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi,
3. annaðhvort eru það efnalitlir að efnaleysi torveldar þeim nám eða verða að dveljast fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað.

Eigi skulu þeir njóta styrks sem eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

3. gr.

Námsstyrkir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Dvalarstyrkur sem samanstendur af ferðastyrk, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk. Skilyrði dvalarstyrks er að nemandi verði að vista sig a.m.k. 30 km frá lögheimili og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Þó er heimilt að veita dvalarstyrk þótt fjarlægð sé styttri en 30 km ef samgöngur til og frá skóla eru nemanda sérstaklega erfiðar, m.a. með tilliti til veðráttu, ástands vega eða skorts á almenningssamgöngum.
2. Skólaakstursstyrkur. Skilyrði skólaakstursstyrks er að nemandi verði að sækja skóla fjarri fjölskyldu sinni og eigi ekki rétt á dvalarstyrk.
3. Sérstakir styrkir sem námsstyrkjanefnd er heimilt að veita efnalitlum nemendum. Styrki samkvæmt ákvæði þessu er jafnframt heimilt að veita þeim nemendum sem ekki uppfylla skilyrði 2. gr. ef þröngur efnahagur torveldar þeim nám.

4. gr.

Fjárhæð styrkja samkvæmt lögum þessum er ákveðin með hliðsjón af þeirri heildarfjárhæð sem veitt er til námsstyrkja á fjárlögum ár hvert.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna námsstyrkjanefnd sem skal sjá um úthlutun námsstyrkja. Námsstyrkjanefnd er skipuð sem hér segir: Tveir nefndarmanna skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skal skipaður eftir tilnefningu fjármálaráðuneytis og einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu samtaka framhaldsskólanemenda eða eftir reglum sem ráðherra setur.

6. gr.

Námsstyrkjanefnd leggur fyrir menntamálaráðherra tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laga þessara sem skulu grundvallast á upplýsingum um ferðakostnað, fæðiskostnað og húsnæðiskostnað nemenda, kostnað nemenda vegna skólaaksturs sem og öðrum upplýsingum sem við eiga hverju sinni. Í tillögum nefndarinnar skal koma fram hvernig fjárveitingar skulu skiptast á milli styrktegunda.

Námsstyrkjanefnd auglýsir eftir umsóknum um styrki sérstaklega fyrir vor- og haustönn og úthlutar styrkjum að umsóknarfresti loknum. Útborgun námsstyrkja skal fara fram í tvennu lagi fyrir vor- og haustönn. Skilyrði úthlutunar er að viðkomandi skóli hafi staðfest námsástundun og námsárangur umsækjanda í lok haustannar og í lok vorannar.

7. gr.

Ef nemandi gerir athugasemdir við niðurstöðu námsstyrkjanefndar skal nefndin taka mál hans fyrir að nýju. Athugasemdir við niðurstöðu námsstyrkjanefndar skulu vera skriflegar og hafa borist nefndinni innan 30 daga frá því að nemanda var tilkynnt um niðurstöðuna. Ákvörðun nefndarinnar skal liggja fyrir eigi síðar en 30 dögum eftir að gagnaöflun lýkur.

Ef nemandi sækir um styrk vegna efnaleysis er námsstyrkjanefnd heimilt að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum um efnahag nemanda og foreldra hans hjá skattyfirvöldum og öðrum opinberum stofnunum.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í reglugerðinni skal mælt fyrir um fresti til að skila umsóknum, form og efni skjala sem byggt skal á við umsókn styrkja, fyrirkomulag útborgunar á námsstyrkjum, hvaða upplýsingar umsækjandi skuli veita þegar sótt er um námsstyrk og aðrar reglur er varða nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 28. maí 1999, um að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu eða efnahags, setti menntamálaráðherra í gang vinnu vorið 2002 við endurskoðun laga nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Við endurskoðun laganna fór fram skoðun á eldri löggjöf um sama efni svo og sambærilegum reglum í nágrannalöndunum. Auk þess var haft samband við einstaka aðila sem hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði.

Markmiðið með endurskoðun laga nr. 23/1989 er að stuðla að því að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu eða efnahags. Önnur markmið, sem einnig voru höfð í huga við samningu frumvarpsins, voru í fyrsta lagi að gera það regluverk, sem fram kemur annars vegar í lögum nr. 23/1989 og hins vegar í reglugerð nr. 576/2002, sem aðgengilegast fyrir almenning, í öðru lagi að tryggja betur að þær reglur sem byggt hefur verið á í framkvæmd komi með skýrum hætti fram í lögunum í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til

löggjafar nú til dags og í þriðja lagi að reglur um úthlutun námsstyrkja leiði til þess að úthlutun styrkjanna verði allt í senn einföld, hraðvirk og ódýr.

II.

Lög nr. 23/1989 byggðust að verulegu leyti á lögum nr. 69/1972. Eins og fram kemur í frumvarpi til fyrrnefndu laganna höfðu lög nr. 69/1972 reynst vel og var af þeim sökum ekki ástæða til að breyta þeim, heldur var þess í stað byggt á þeim í grundvallaratriðum við endurskoðun þeirra. Þannig snerist endurskoðun laganna einkum að því að aðlaga eldri lög breyttum aðstæðum í námsframboði o.þ.h.

Af fenginni reynslu er ljóst að ganga verður lengra við endurskoðun laga nr. 23/1989. Ástæður þess eru margvíslegar. Í fyrsta lagi eru nú til dags gerðar ríkari kröfur til löggjafar og verður að telja að lög nr. 23/1989, að meðtöldum þeim reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga, fullnægi ekki lengur þeim kröfum. Þannig hefur umboðsmaður Alþingis komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði reglugerðar nr. 576/2002, sem sett er með heimild í lögum nr. 23/1989, varðandi mismunun nemenda á grundvelli búsetu eigi sér ekki stoð í lögum nr. 23/1989 (Álit umboðsmanns Alþingis – mál nr. 3416/2002). Í öðru lagi hefur námsframboð, líkt og gerðist fyrir endurskoðun laga nr. 69/1972, stóraukist og kallar það á að reglurnar verði endurskoðaðar með hliðsjón af breyttum aðstæðum þar að lútandi. Í fjórða og síðasta lagi hefur orðið mikil bót á samgöngum frá gildistöku laga nr. 23/1989 en það hefur aftur á móti leitt til þess að auðveldara er í einstökum landshlutum að sækja nám um langan veg. Af þeim sökum kalla breyttar aðstæður í samgöngumálum að nokkru á breyttar reglur varðandi námsstyrki til jöfnunar á námskostnaði.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að útfæra nánar reglur núgildandi laga í reglugerðum. Þær tilraunir hafa öðru fremur snúist um að reyna að setja reglur sem auðvelda eiga námsstyrkjanefnd mat á einstökum umsóknum og einnig að skilgreina úthlutunarreglurnar nákvæmar en gert er í lögunum til þess að gera reglurnar aðgengilegri fyrir almenning. Frá því lögum nr. 23/1989 var breytt með lögum nr. 143/1998 hafa þrjár reglugerðir verið settar á grundvelli laganna, þ.e. reglugerð nr. 746/2000, reglugerð nr. 605/2001 og reglugerð nr. 576/2002. Þetta verk hefur verið vandasamt og eins og greint hefur verið frá er umdeilanlegt hvort núgildandi reglugerð eigi sér stoð í lögum að öllu leyti.

Helstu efnislegu breytingarnar sem er að finna í þessu frumvarpi eru að öðru leyti eftirfarandi:

— Skilgreining á einstaklingum sem njóta námsstyrkja er rýmkuð og látin ná til erlendra ríkisborgara. Þannig er tekið tillit til réttar þeirra sem grundvallast á alþjóðlegum skuldbindingum.
— Í almennum athugasemdum frumvarpsins, IV. kafla, eru einstök hugtök sem í því birtast skilgreind. Fela skilgreiningarnar í sér rýmkun frá því sem lagt var til grundvallar við framkvæmd eldri laga. Veigamesta breytingin er á skilgreiningu hugtaksins „fjölskylda“.
— Í frumvarpinu eru teknar upp reglur sem áður var að finna í reglugerðum sem settar voru á grundvelli eldri laga. Með þeim hætti er tryggt að einstök skilyrði, sem áður var að finna í reglugerðum settum á grundvelli laganna, hafi ótvíræða lagastoð. Það ákvæði sem hér er veigamest er svokallaða „30 km reglan“.
— Málsmeðferð samkvæmt lögunum er breytt þannig að allir tímafrestir verða styttri en verið hefur. Ástæðan fyrir þessari málsmeðferð er sú að nemendum er nauðsynlegt að fá endanlega ákvörðun varðandi umsóknir sínar á sem stystum tíma.

III.

Við samningu frumvarps þessa var rannsökuð sambærileg lagasetning annars staðar á Norðurlöndum. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var sú að almennt er í gildi umfangsmikil löggjöf svo og reglur varðandi námslán og námsstyrki til handa nemendum í framhalds- og háskólum. Það regluverk sem þar má finna er þó í mörgu tilliti frábrugðið því sem byggt hefur verið hér á landi. Þannig má finna í einum lagabálki sambærilegar reglur í gildi í Danmörku og Noregi fyrir framhaldsskólanema og háskólanema. Í því felst tvíþætt kerfi – annars vegar stendur nemendum til boða námslán og hins vegar námsstyrkir hvort sem um er að ræða framhaldsskólanema eða háskólanema.

Hér á landi hefur aftur á móti verið mismunur á því hvers konar aðstoð hið opinbera veitir nemendum eftir því hvort um framhaldsskólanema eða háskólanema hefur verið að ræða. Þannig hafa námsstyrkir staðið framhaldsskólanemum til boða en einungis námslán til handa háskólanemum.

Þrátt fyrir miklar breytingar og framfarir í námsframboði og aðstæðum til skólahalds á undanförnum árum er ekki ástæða til að breyta núverandi fyrirkomulagi við endurskoðun laganna. Þó ber að taka fram að almenn skilyrði 2. gr. frumvarpsins eru í flestum meginatriðum sambærileg við ákvæði danskra laga um sama efni.

IV.

Eins og heiti laganna ber með sér varðar efni þess námsstyrki. Er því ekki um lán að ræða sem endurgreiða skal að námi loknu, líkt og mælt er fyrir um í lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Um einstök hugtök frumvarpsins er þetta að segja:

Með hugtakinu „nemandi“ er í frumvarpinu átti við einstakling sem stundar reglubundið nám í framhaldsskóla eða nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi.

Hugtakið „reglubundið framhaldsnám“ kemur fyrir á nokkrum stöðum í frumvarpinu og er átt við nám sem telst til a.m.k. 12 eininga á hverri önn og telst hluti af skipulögðu námi skóla eða nám sem skóli staðfestir námsárangur í með ástundunarvottorði ef námi lýkur ekki með prófi. Í hugtakinu felst enn fremur a.m.k. eins árs skipulagt nám við framhaldsskóla sem fellur undir ákvæði laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Ef reglubundnu námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði.

Hugtakið „fjölskylda“ hefur ekki verið skilgreint í lögum, enda er fyrst og fremst um félagslegt hugtak að ræða. Lög hafa af þeim sökum ekki fjallað um fjölskylduna sem heildstætt hugtak heldur frekar um einstaklinga innan fjölskyldunnar. Vegna sérstaks eðlis þess málaflokks sem hér um ræðir verður þó ekki hjá því komist að skilgreina fjölskylduna nánar í frumvarpinu. Með hugtakinu „fjölskylda“ er átt við foreldra nemanda, nánar tiltekið kynforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra og stjúpforeldra, svo og ömmur og afa nemandans; maka samkvæmt hjúskap *aðila* eða maka samkvæmt staðfestri samvist; *sambúðaraðila í óvígðri* sambúð og svo börn nemanda, þ.m.t. kynbörn, kjörbörn, stjúpbörn eða fósturbörn.

Með hugtakinu „sambærilegt nám“ er átt við nám sem er sambærilegt samkvæmt námsbrautarlýsingu þess framhaldsskóla sem nemandi vill stunda nám við svo og námsbrautarlýsingu þess framhaldsskóla sem staðsettur er í heimabyggð nemandans. Við mat á því hvort námið sé sambærilegt ber að líta til námsgreina annars vegar og námsskipulags hins vegar, þ.e. hvort um er að ræða áfangakerfi eða bekkjarkerfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðinu veitir ríkissjóður námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám. Með ákvæðinu er markmiði frumvarpsins lýst og er það af þeim sökum almennt orðað. Ákvæðið er samhljóða 1. gr. núgildandi laga nr. 23/1989.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu eru talin upp þau almennu skilyrði sem umsækjandi um námsstyrk þarf að fullnægja svo hann fái úthlutað námsstyrk. Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 2. gr. laga nr. 23/1989 en þó er um tvenns konar breytingar að ræða:

Í frumvarpinu hefur verið fellt brott það skilyrði að nemendur þurfi að vera íslenskir ríkisborgarar. Þannig mun nýtt ákvæði taka jafnt til íslenskra sem erlendra ríkisborgara að því tilskildu að öðrum skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt. Hér er einkum litið til skuldbindinga sem byggjast á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

Í frumvarpinu hefur skilyrði gildandi laga um að nemandi verði að „vista sig utan lögheimilis“ verið fært í 3. gr. frumvarpsins, sbr. nánar umfjöllun um þá grein hér á eftir.

Í ákvæðinu er það skilyrði að nemandi verði að dveljast fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins til að eiga rétt til námsstyrks. Þetta skilyrði er einnig í 2. gr. núgildandi laga nr. 23/1989 og hefur verið litið svo á að með fjölskyldu í þessu sambandi sé eingöngu átt við foreldra. Í IV. kafla almennra athugasemda hér að framan er hugtakið „fjölskylda“ skilgreint sérstaklega og mun rýmra en áður. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að fjölskylduaðstæður hafa á undanförnum árum breyst. Þannig búa nemendur oft fjarri foreldrum sínum en auk þess hefur sú þróun orðið að nemendur búi fjarri fjölskyldu sinni, nánar tiltekið maka sínum og börnum. Auk framangreinds hefur það leitt til vandkvæða í framkvæmd að nemendur verða lögráða við 18 ára aldur, sbr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997, en telja verður óeðlilegt að setja það skilyrði í löggjöf að einstaklingur hafi sama lögheimili og foreldrar hans eftir að þeim aldri er náð.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að námsstyrkir verði flokkaðir með nokkuð öðrum hætti en gert er í núgildandi lögum. Meginflokkarnir eru þeir sömu og meginmarkmið hvers styrks er það sama. Breytingin felst aðallega í því að hér eru styrkirnir flokkaðir á svipaðan hátt og gert er í núgildandi reglugerð nr. 576/2002, jafnframt því sem hin sérstöku skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla eru skilgreind nákvæmar en gert hefur verið áður og hið sama má segja um viðmið sem nota skal við útreikning hvers styrks. Í núgildandi lögum eru skilgreiningar ekki eins skýrar og þar verður að lesa saman 2. gr. og 5. gr. til þess að fá nákvæma mynd af styrkjakerfinu. Hér er lagt til að ákvæði þessara greina verði sameinuð. Meginmarkmiðið er að gera reglurnar aðgengilegri og veita þeim úthlutunarreglum sem að meginstefnu hefur verið fylgt lagastoð.

Styrkirnir skv. 3. gr. frumvarpsins eru þrenns konar: Dvalarstyrkur, sem samanstendur af ferðastyrk, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk, skólaaksturssstyrkur og sérstakir styrkir sem ætlaðir eru til þess að koma til móts við þarfir einstaklinga og tryggja þannig jafna aðstöðu til náms. Sérstaklega er vakin athygli á því nýmæli að hér er lagt til að löggjafinn setji sérstaka fjarlægðarreglu sem felur í sér að umsækjendur þurfa að vista sig a.m.k. 30 km frá lög-

heimili vegna námsins til þess að eiga rétt á dvalarstyrk. Til þess að tryggja að jafnræðis sé gætt er jafnframt lagt til að námsstyrkjanefnd hafi heimild til þess að veita dvalarstyrk þó svo að fjarlægðin sé styttri en 30 km ef samgöngur til og frá skóla eru nemanda sérstaklega erfiðar með tilliti til veðráttu, ástands vega eða almenningssamgangna.

Af framangreindu er ljóst að 30 km reglan felur í sér mismunun sem gengur gegn almennum jafnræðissjónarmiðum. Í því sambandi ber þó að taka fram að slík mismunun verður að teljast réttlætanleg að teknu tilliti til þess að ákvæðinu er ætlað að jafna þann fjárhagslega aðstöðumun sem felst annars vegar í efnaleysi nemenda og hins vegar í búsetu nemenda sem rekja má til landfræðilegra þátta. Eins og fyrr segir er markmið frumvarpsins óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 1. gr. laganna, þ.e. að jafna aðstöðumun sem til er kominn vegna efnaleysis og búsetu nemenda. Telja verður réttlætanlegt og málefnalegt að mismuna nemendum í þessu tilliti og með þeim hætti veita þeim nemendum sem búa við framangreindar aðstæður sérstaka styrki til að jafna stöðu þeirra.

Markmið einstakra hluta dvalarstyrks er mismunandi. Þannig er ferðastyrkur hugsaður til að koma til móts við ferðakostnað sem nemendur verða að bera vegna búsetu sinnar. Hann er veittur vegna ferða til og frá námsstað við upphaf og lok námsannar. Með sambærilegum hætti er fæðisstyrkur ætlaður til þess að koma til móts við þá nemendur sem vegna búsetu sinnar þurfa að dveljast langdvölum fjarri fjölskyldu. Hann samsvarar áætluðum hlut launakostnaðar í heildarfæðiskostnaði nemanda í skólamötuneyti. Auk framangreinds er húsnæðisstyrkur veittur þeim nemendum sem ekki eiga kost á heimavist og miðast hann við hluta áætlaðs húsnæðiskostnaðar.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 5. og 6. gr.

Ákvæði 5. og 6. gr. frumvarps þessa eru sambærileg við ákvæði 4. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að umsækjandi hafi 30 daga frá því að honum berst tilkynning um ákvörðun námsstyrkjanefndar til þess að koma athugsemdum sínum á framfæri og þannig óska eftir því að námsstyrkjanefnd taki mál hans fyrir að nýju. Nauðsynlegt er vegna eðlis námsstyrkjakerfisins að málsmeðferð gangi fljótt og greiðlega, enda hafa nemendur verulega hagsmuni af því að niðurstaða liggi fyrir eins fljótt og unnt er. Hér er um að ræða sérreglu sem er þrengri en hin almenna heimild stjórnvalda til endurupptöku ákvörðunar sinnar sem lögfest er í 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Á sama hátt er gert ráð fyrir því að námsstyrkjanefnd taki nýja ákvörðun í máli nemandans innan 30 daga eftir að hún hefur móttekið ný gögn vegna máls nemandans. Að öðru leyti en að framan greinir er gert ráð fyrir því að almennum málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, verði fylgt í stjórnsýslu nefndarinnar.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 2003. Ástæðan fyrir þeirri tilhögun er sú að nauðsynlegt er að lögin taki gildi áður en nýtt skólaár hefst þannig að námsstyrkjanefnd og nem-

endum gefist tími og ráðrúm til að laga sig að nýjum lögum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir því að nýjar reglur komi að fullu til framkvæmda á haustmisseri 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um námsstyrki.

Frumvarpið byggist á gildandi lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989, og felur m.a. í sér að ýmis ákvæði reglugerðar um jöfnun námskostnaðar, nr. 576/2002, verði bundin í lög. Einnig er lagt til í frumvarpinu að erlendir ríkisborgarar eigi rétt á styrk ef milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að gera ráð fyrir slíku. Rýmkuð er skilgreining á nokkrum hugtökum sem úthlutun er byggð á. Að lokum eru styttir þeir tímafrestir sem nemendur hafa til að gera athugasemdir og námsstyrkjanefnd til að taka afstöðu.

Að mati bæði fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis hefur frumvarpið í för með sér óverulega breytingu á útgjöldum ríkissjóðs. Ákvörðun um fjárhæð styrkja skal skv. 4. gr. frumvarpsins ákveða með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til námsstyrkja í fjárlögum ár hvert.

630. Breytingartillögur [215. mál]

við frv. til l. um fjármálafyrirtæki.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, ÁRÁ, KHG, GunnB, JHall).

1. Við 3. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir 1. mgr. geta eftirtaldir aðilar sinnt starfsemi skv. a-lið 6. tölul. 1. mgr. án starfsleyfis:
   1. Seðlabankar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðrar opinberar stofnanir sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkja.
   2. Vátryggingafélög.
   3. Lögaðilar sem veita þjónustu fyrir móðurfélög sín, dótturfélög sín eða fyrir önnur dótturfélög móðurfélags síns.
   4. Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn og löggiltir endurskoðendur, enda sé þjónustan veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra.
   5. Lögaðilar sem veita aðeins þjónustu í tengslum við stjórnun á fjárfestingarsjóðum starfsmanna.
   6. Lögaðilar sem mega ekki stunda önnur verðbréfaviðskipti en tilgreind eru í a-lið 6. tölul. 1. mgr. og er eingöngu heimilt að miðla fyrirmælum til fjármálafyrirtækja og útibúa þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu.

7. Aðilar sem hafa aðallega þá starfsemi með höndum að versla með hrávöru sín á milli eða við framleiðendur eða aðila sem nota þessar vörur í atvinnuskyni og veita eingöngu slíkum framleiðendum eða aðilum þjónustu í tengslum við verðbréfaviðskipti og aðeins í þeim mæli sem nauðsynlegt er vegna meginstarfsemi þeirra.

2. Í stað orðanna „3. gr.“ í 1.–7. tölul. 1. mgr. 4. gr., 1. tölul. 5. gr. og 1. mgr. 53. gr. komi: 1. mgr. 3. gr.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „aðra starfsemi sem fyrirhugað er að stunda skv. IV. kafla“ í 2. mgr. komi: hvaða aðra starfsemi fyrirhugað er að stunda skv. IV. kafla.
4. Við 7. gr. Í stað orðsins „fyrirtækinu“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. komi: umsækjanda.
5. Við 14. gr.
   a. Á eftir orðinu „viðmiðunargengi“ í 1. mgr. komi: (kaupgengi).
   b. 3. málsl. 6. mgr. orðist svo: Hlutafé skv. 1. og 2. málsl. þarf þó aldrei að nema hærri fjárhæð en 1 milljarði króna eða sem nemur jafnvirði 10 milljóna evra í íslenskum krónum.
6. Við 20. gr. Í stað orðsins „tengdra“ í 8. tölul. 1. mgr. komi: sem tengjast.
7. Við 24. gr. Í stað orðsins „fjármála-“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: fjármálaþjónustu.
8. Við 26. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Heildarverðmæti þeirra fjármálagerninga sem verðbréfamiðlun skv. 4. mgr. 14. gr. er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning skal ekki fara yfir 15% af hlutafé skv. 14. gr. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um það innan hvaða tímamarka slík viðskipti eru heimil, svo og um annað sem varðar starfsheimildir verðbréfamiðlunar samkvæmt þessari grein.
9. Við 27. gr. Orðið „með“ í 3. tölul. 1. mgr. falli brott.
10. Við 28. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Fjármálafyrirtæki mega ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði, sem nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr.
11. Við 34. gr. Í stað orðanna „samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga“ í 1. mgr. komi: með úrræðum samkvæmt lögum þessum.
12. Við 36. gr. Á eftir orðinu „Fjármálaeftirlitinu“ í 1. mgr. komi: fyrir fram.
13. Við 37. gr. Á eftir orðinu „Fjármálaeftirlitinu“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: fyrir fram.
14. Við 40. gr.
   a. Á eftir orðinu „eigin fé“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: stofnfé.
   b. Í stað orðsins „atkvæðisrétt“ í 2. mgr. komi: atkvæðisrétti.
   c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ákvæði þessa kafla gilda um sparisjóði eftir því sem við getur átt.
15. Við 41. gr. 12. tölul. 1. mgr. orðist svo: Annað sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að vita og máli skiptir við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.
16. Við 43. gr. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Afgreiðsla umsóknar.*
17. Við 47. gr. Í stað orðanna „niður fyrir 20, 33 eða 50% eftir því sem við á“ í 2. málsl. komi: niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr.
18. Við 52. gr. Í stað orðanna „lögum um hlutafélög“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: löggjöf um hlutafélög.
19. Við 54. gr. Á eftir orðunum „Í reglum þessum skal fjallað sérstaklega um“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti.

20. Við 69. gr. Greinin orðist svo:
    Sparisjóðum er heimilt að fela sameiginlegum aðila á þeirra vegum að leggja fyrir þá leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld, enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.
21. Við 70. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:
    a. Í stað orðanna „18. gr.“ komi: 2. mgr. 18. gr.
    b. Á eftir orðunum „og skal þá sparisjóðsstjórn ekki samþykkja framsalið nema“ komi: að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og.
22. Við 73. gr.
    a. Í stað orðanna „að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaeftirlitsins“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.
    b. 7. mgr. orðist svo:
       Sé sparisjóði breytt í hlutafélag skulu í stað ákvæða 61.–68. gr. og 70.–72. gr. gilda um hann ákvæði VII. kafla laga þessara og laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.
23. Við 74. gr.
    a. Á eftir orðunum „Markaðsvirði sparisjóðsins“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: sem og gagngjald fyrir stofnfjárhluti.
    b. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Við mat á hlut stofnfjár skal hafa til hliðsjónar arðsvon stofnfjárhluta skv. 68. gr. annars vegar og arðsvon og áhættu hlutabréfa í sparisjóði hins vegar.
24. Við 76. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið skal staðfesta samþykktir stofnunarinnar.
    b. Í stað orðanna „skulu eiga sæti fæst fimm menn“ í 2. mgr. komi: skulu minnst eiga sæti fimm menn.
25. Við 81. gr.
    a. Í stað orðanna „reglugerð sem viðskiptaráðherra setur“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.
    b. Í stað orðsins „reglugerðinni“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: reglunum.
26. Við 84. gr.
    a. Í stað orðanna „1. málsl.“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: 1. mgr.
    b. Í stað orðsins „óáþreifanlegum“ í 5. mgr. komi: óefnislegum.
    c. Í stað orðanna „1.–6. mgr“ í 9. mgr. komi: 1.–7. mgr.
    d. Í stað orðanna „5. og 6. mgr.“ í 10. mgr. komi: 5.–7. mgr.
27. Við 85. gr. Í stað orðanna „3. mgr. 84. gr.“ í 1. mgr. og 4. mgr. komi: 4. mgr. 84. gr.
28. Við 86. gr.
    a. Lokamálsliður 3. mgr. falli brott.
    b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Berist greinargerð skv. 3. mgr. ekki innan tilskilins frests, séu úrræði samkvæmt greinargerðinni ekki fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins eða líði frestur samkvæmt þessari málsgrein skal afturkalla starfsleyfi, sbr. 9. gr.
29. Við 101. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er aðeins heimill að ákvörðun þar að lútandi hafi hlotið samþykki hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu með minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði

fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda, svo og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

30. Við 108. gr. Á eftir orðunum „ásamt heimilisfangi hans“ komi: og kennitölu.
31. Við 111. gr.
    a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Opinberir fjárfestingarlánasjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara eru undanþegnir skilyrði 13. gr. um að starfa sem hlutafélög.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Undanþegnir sjóðir og undanþága frá rekstrarformi.*
32. Við 113. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Með fjármálagerningum í lögum þessum er átt við verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.
33. Við bætist ný grein sem orðist svo:

Breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

    a. 1. gr. laganna orðast svo:
    Lög þessi taka til verðbréfaviðskipta eins og þau eru skilgreind í 2. gr.
    b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
        1. 1. tölul. orðast svo: *Verðbréfaviðskipti:* Starfsemi skv. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
        2. 2. tölul. orðast svo: *Fjármálafyrirtæki:* Fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
        3. Í stað orðanna „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu“ í 11. tölul. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): fjármálafyrirtæki.
        4. 17. tölul. orðast svo: *Verðbréfafyrirtæki:* Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
        5. 18. tölul. fellur brott.
    c. 3.–14. gr., 21.–24. gr., 42.–62. gr. og 65.–67. gr. laganna falla brott.

631. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónu Björk Guðnadóttur frá fjármálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar, sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu, verði framlengd til 31. desember 2004 þar sem tilraunir með aðra orkugjafa en þá sem unnir eru úr olíu er skammt á veg komnar.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Jóhanna Sigurðardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason og Árni R. Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Einar K. Guðfinnsson. | Gunnar Birgisson.

Össur Skarphéðinsson. | Ögmundur Jónasson.

632. Nefndarálit [429. mál]

um frv. til l. um útflutningsaðstoð.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson og Benedikt Höskuldsson frá utanríkisráðuneyti, Jón Ásbergsson og Pál Sigurjónsson frá Útflutningsráði og Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að höfuðtekjustofn Útflutningsráðs, markaðsgjaldið, verði framlengdur um fimm ár, til 1. janúar 2008 en lagaheimild fyrir gjaldtökunni rennur út um næstu áramót. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sett verði á fót sjálfstæð samráðsnefnd um útflutningsaðstoð og utanríkisviðskipti þar sem þær atvinnugreinar sem á einhvern hátt koma að útflutningsstarfsemi og gjaldeyrissköpun eiga sinn fulltrúa auk þeirra ráðuneyta sem fara með þá málaflokka. Er nefndinni ætlað að fjalla um áhersluatriði í útflutningsaðstoð, svo sem að sinna stefnumótun og skilgreina samvinnu- og átaksverkefni í útflutningsaðstoð og markaðssetningu íslensks útflutnings á erlendum vettvangi sem og að vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta. Í þriðja lagi er kveðið skýrt á um að stjórn Útflutningsráðs sé ætlað að vera ráðgefandi fyrir utanríkisráðherra um málefni viðskiptaþjónustunnar, útflutningsaðstoð og um utanríkisviðskipti en að öðru leyti er lögbundið hlutverk ráðsins óbreytt. Loks eru sett skýr ákvæði um þau verkefni sem Útflutningsráði er heimilt að veita fé til og er það gert í samræmi við breyttar áherslur í meðferð opinbers fjár.

Frumvarpið er niðurstaða af endurskipulagningu utanríkisráðuneytisins á fyrirkomulagi aðstoðar við útflutningsviðskipti og er ætlað að koma í stað laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er verið að auka formlegt samráð stjórnvalda og hagsmunasamtaka atvinnulífsins um útflutningsaðstoð og framkalla þannig samstillt átak allra þeirra aðila sem fara með þessi mál og leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Árni R. Árnason og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Gunnar Birgisson.
Jóhann Ársælsson.		Ögmundur Jónasson.

633. Nefndarálit [376. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en með því eru lagðar til breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997. Með ákvörðun þingsins 28. nóvember sl. var málinu vísað til iðnaðarnefndar Alþingis þrátt fyrir að framkvæmd laganna heyri undir viðskiptaráðherra og því verið eðlilegra að vísa frumvarpinu til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Hefur iðnaðarnefnd fjallað um málið og boðað til sín gesti. Með bréfi, dags. 9. desember 2002, vísaði iðnaðarnefnd síðan málinu til efnahags- og viðskiptanefndar til endanlegrar afgreiðslu.

Með frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að útvíkka starfsheimildir núverandi tryggingardeildar útflutningslána til þess að henni verði unnt að stuðla frekar að íslenskum útflutningi vöru og þjónustu og treysta þannig samkeppnisstöðu íslensks útflutnings. Þá er frumvarpið unnið í samræmi við þær samningsskuldbindingar íslenskra stjórnvalda sem fram koma í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um lágmarksáhættutímabil.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar ekki undir álitið.

Alþingi, 9. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Hjálmar Árnason, frsm.	Einar K. Guðfinnsson.
Gunnar Birgisson.	Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Álit

um frv. til l. um breyt. á l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttir frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Guðlaug Stefánsson frá Samkeppnisstofnun, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Úlfar Steindórsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Frumvarpið miðar að því að víkka út starfsheimildir tryggingardeildar útflutnings frá því sem verið hefur. Komið hefur í ljós að sambærilegar tryggingardeildir á Norðurlöndunum búa við rýmri lagareglur. Frumvarpið hefur þannig að markmiði að treysta samkeppnisstöðu íslensk útflutnings.

Í 61. gr. EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið er kveðið á um þá meginreglu að hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki ESB og EFTA veita eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni, sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Á þessu er tekið í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að heimildir tryggingardeildar útflutnings til að veita ábyrgð eða tryggingu skuli takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Meiri hlutinn leggur áherslu á að við framkvæmd laganna að þessu leyti verði unnið samkvæmt leiðbeiningarreglum sem framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út.

Þá telur meiri hlutinn afar mikilvægt að þess sé gætt við framkvæmd laganna að tryggingardeildin fari ekki inn á starfssvið fjármálafyrirtækja enda felur útvíkkun starfsheimilda deildarinnar samkvæmt frumvarpinu ekki neitt slíkt í sér.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni R. Árnason og Svanfríður Jónasdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Pétur Blöndal skrifar ekki undir álitið.

Alþingi, 9. des. 2002.

Hjálmar Árnason, form.
Guðjón Guðmundsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.
Kjartan Ólafsson.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.
Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.

634. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vitamál, nr. 132/1999.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Vélskóla Íslands, Siglingastofnun Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Veðurstofu Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Olíudreifingu ehf., Hafnasambandi sveitarfélaga, Skeljungi hf., Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Landssambandi smábátaeigenda.

Með frumvarpinu er lögð til 14% hækkun á vitagjaldi og jafnframt hækkun á lágmarksgjaldi samkvæmt lögunum. Hækkunin er í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs og þá stefnu að notendur greiði kostnað af veittri þjónustu. Þjónusta við sjófarendur hefur aukist mikið á undanförnum árum. Til að mynda hefur öldumælingaduflum og veðurstöðvum fjölgað í tengslum við uppbyggingu á upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að aflað verði samþykkis Siglingastofnunar Íslands áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar og jafnframt að leitað skuli umsagnar stofnunarinnar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó. Varfærni við lagningu sæstrengja og annarra neðansjávarleiðslna er mikilvæg af ýmsum ástæðum, ekki síst með tilliti til fiskveiða. Neðansjávarleiðslur geta og hafa leitt til röskunar á fiskveiðum. Af þessum sökum telur nefndin mikilvægt að tryggja að ávallt sé leitað álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi áður en hafist er handa við lagningu sæstrengja og annarra neðansjávarleiðslna.

Nefndin vekur athygli á að lokasetning í athugasemdum við 1. gr. frumvarpins, þar sem segir að skip undir 10 brúttótonnum séu undanþegin vitagjaldi samkvæmt gildandi reglum, á ekki við rök að styðjast. Hið rétta er að öll skip greiða vitagjald.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. efnismgr. 2. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Alþingi, 9. des. 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður Ingvarsdóttir.

635. Nefndarálit [215. mál]

um við frv. til l. um fjármálafyrirtæki.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið spannar yfirgripsmikið svið enda sameinaðir í einni heildarlöggjöf fjórir lagabálkar: lög um viðskiptabanka og sparisjóði, lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög um rafeyrisfyrirtæki og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum um verðbréfaviðskipti. Jafnframt eru ákvæði um ríkisviðskiptabanka í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði felld niður.

Bannað með lögum að reka ríkisbanka.

Margt er mjög ásættanlegt í þessu frumvarpi enda byggist það á langri og rækilegri undirbúningsvinnu. Meginástæða þess að minni hlutinn getur ekki stutt frumvarpið að öllu leyti er sú að með því er ekki staðið við fyrirheit sem gefin voru í sumar um að lögfest yrði bann við braski með stofnfjárhluti sparisjóða. Gengið er enn lengra og stuðlað að hlutafjárvæðingu sparisjóðanna og beinlínis bundið í lög bann við því að reka ríkisbanka. Í 13. gr. frumvarpsins segir um fjármálafyrirtæki (sparisjóðir undanþegnir) að þau skuli starfa sem hlutafélög.

Á fyrstu dögum þingsins lagði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram frumvarp þar sem kveðið var á um bann við því að selja stofnfjárhluti í sparisjóðum nema á verðbættu nafnverði. Þá var frumvarpi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætlað að afnema heimild um að breyta sparisjóðum í hlutafélög og var lagt til að menn gæfu sér tíma til að skoða málið frá grunni.

Röksemdir Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Í greinargerð með frumvarpinu sagði: „Síðastliðið sumar varð þjóðin vitni að því að stofnfjáreigendum í SPRON voru gerð tilboð um kaup á stofnfjárhlutum á margföldu yfirverði. Ljóst er að þetta var í andstöðu við vilja löggjafans eins og fram kom í umfjöllun um málið á Alþingi og í margítrekuðum yfirlýsingum ráðherra og þingmanna úr stjórn og stjórnarandstöðu í kjölfarið. Eðlilegt er að eignarhlutur stofnfjáreigenda sé varinn og að þeir eigi kost á því að selja hann á verðbættu nafnverði. Raunávöxtun stofnfjárbréfa hefur í reynd verið tryggð þar sem arður af stofnfé hefur verið reiknaður af verðbættu nafnverði og hafa stofnfjáreigendur þannig notið arðs sem hefur að jafnaði verið meiri en almennt gengur um hlutabréf.

Hlutverk sparisjóðanna hefur verið mjög þýðingarmikið í íslensku atvinnulífi og mörgum byggðarlögum mikilvæg lyftistöng enda voru þeir settir á laggirnar með félagslegu átaki. Í greinargerð með frumvarpi viðskiptaráðherra á 126. löggjafarþingi (567. mál) segir m.a.: „Sparisjóðir á Íslandi, líkt og annars staðar í Evrópu, eru fyrst og fremst staðbundin fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við starfssvæði sitt og nána samvinnu sín á milli. Sparisjóðirnir hafa verið reknir með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til hámarksarðs fyrir stofnfjáreigendur. Markmiðið með rekstrinum var því að stuðla að almannahag.“ Brýnt er að þetta markmið glatist ekki.

Þær lagabreytingar sem þetta frumvarp felur í sér varðandi meðferð stofnfjárhluta eru í samræmi við vilja Sambands íslenkra sparisjóða.

Þá leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að numin verði úr gildi heimild til að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Augljóst er að heimildarákvæði laganna um að breyta sparisjóðum í hlutafélög hafa þegar valdið uppnámi og tefla tilverugrundvelli sparisjóðanna í tvísýnu. Óhjákvæmilegt er að endurskoða málið allt frá grunni í ljósi atburða sumarsins og er lagt til að þar til sú endurskoðun hafi farið fram verði óheimilt að breyta sparisjóðum í hlutafélög.“

Vinstri hreyfingin – grænt framboð sammála sparisjóðunum.

Í álitsgerð Sambands íslenskra sparisjóða (og einstakra sparisjóða, svo sem Sparisjóðsins í Keflavík) er tekið undir meginsjónarmið þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Sambandið studdi tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að lagabreytingum en taldi ekki rétt að afnema heimildir til að breyta sparisjóðunum í hlutafélög. Í álitsgerð sambandsins frá 20. nóvember sl. segir þó: „Samband ísl. sparisjóða telur að hyggja þurfi að tilteknum breytingum á nokkrum ákvæðum laga er varða hlutafjárvæðingu sparisjóða. Hins vegar sé nauðsynlegt að vanda undirbúning slíkra breytinga og tími til þess nú fyrir áramót of stuttur.“

Athyglisvert er að svo virðist sem greinargerð Páls Hreinssonar lagaprófessors hafi riðið baggamuninn í afstöðu manna til lagabreytinga varðandi sparisjóðina og þá sérstaklega sölu á stofnfjárhlutum. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið skýrir stefnubreytingu sína varðandi þetta atriði með hliðsjón af greinargerð Páls, sbr. bréf ráðuneytisins 13. nóvember. Í umsögn frá 19. nóvember lagði Seðlabanki Íslands áherslu á að „áður en lengra yrði haldið“ þyrfti að skoða hvort lagabreytingar sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði til gengju „gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar“. Um þetta efni fjallar greinargerð Páls Hreinssonar. Í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða um framangreint frumvarp er vísað í greinargerð Páls þar sem fram kemur að samkvæmt henni séu líkur á því „að lögfesting beinnar verðákvörðunar nú feli í sér hættu á að lagaákvæði þar að lútandi yrðu talin andstæð eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.“

Lagaumsögn óvissu háð.

Samkvæmt framansögðu má augljóst vera að mikið veltur á áreiðanleika álitsgerðar Páls Hreinssonar. Sjálfur reifar hann viðfangsefni sitt en segir svar við þeim spurningum sem að honum er beint „vera háð nokkurri óvissu“. Hann rekur þær lagabreytingar sem gerðar hafi verið og segir greinilegt að „lögunum sé ætlað að fylgja því meginstefnumiði allra laga, sem sett hafa verið um sparisjóði, að sparisjóði eigi að reka með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til arðs fyrir stofnendur þeirra, enda séu ákvæði í lögum, sem eiga að sjá um, að arður þeirra geti ekki orðið nema hverfandi ...“ Páll segir hins vegar að skýr lagaákvæði séu um viðskipti stofnfjárhafa og sparisjóðs, öðru máli gegni um þriðja aðila, þar séu ákvæði óljósari. Hins vegar væri ljóst að ekki hefði verið „stefnt að almennum viðskiptum með þau eins og um kvaðalaus hlutabréf eða önnur viðskiptabréf væri að ræða.“ Smám saman hafi verið rýmkað um kvaðirnar með lagabreytingum en Páll bætti við: „vart er þó við því að búast að þingmenn hafi mátt sjá fyrir að með þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 71/2001 teldu menn forsendur til að bjóða meira en fimmfalt verð stofnfjárhluta í Spron.“

Það gerðist nú samt og þar með telur Páll að til hafi orðið markaðsverð og slíkar væntingar skapast að hvorki meira né minna en stjórnarskrárvarinn eignarréttur hafi orðið til. „Ólíklegt sé að að markaðurinn muni meta stofnfjárhluti nokkurra lítilla sparisjóða, að gildandi lögum ...“ eins hátt og hjá Spron en einmitt þess vegna telur hann að ekki megi setja

með lögum takmarkandi ákvæði. Þá sé verið að mismuna með sértækri lagasetningu. Þetta þýðir með öðrum orðum að gróðafíknin sem vakin var með tilboði til stofnfjáreigenda Spron sl. sumar hafi stofnað til stjórnarskrárvarins eignarréttar og komi í veg fyrir að löggjafinn geti nú farið sínu fram í þágu almannaheilla. Og vegna þess að ekki sköpuðust slíkar aðstæður hjá sparisjóðum annars staðar á landinu væri samkvæmt Páli um eignaupptöku að ræða hjá stofnfjáreigendum Spron ef sett væru almenn ákvæði í lög til að skýra betur ákvæði sem almenn samstaða væri um að hefðu alla tíð verið grundvallarforsenda laga um sparisjóði: að ekki væri hægt að braska með stofnfjárhluti.

Þegar hins vegar kemur að því að skerpa á meginreglunni um dreifða eignaraðild þá getur hún að mati Páls falið í sér „almennar takmarkanir á ráðstöfunarrétti stofnfjárhlutar, sem leggst á alla stofnfjáreigendur sparisjóða." Síðar segir: „Enda þótt færa megi að því rök að ákvæðið feli í sér takmarkanir á eignarréttinum, felur breytingin frá gildandi rétti þó ekki í sér umfangsmikla skerðingu. Þar sem þessi skerðing mun leiða beint af lögum og koma jafnt niður á öllum hluthöfum sparisjóða og hefur ekki verulegt fjárhagstjón í för með sér, verður að telja að um almennar takmarkanir á eignarrétti sé að ræða." Það sem heitir á einum stað nánast heilagur stjórnarskrárvarinn eignarréttur má sæta skerðingu ef eitt gengur yfir alla. Engu að síður verður ekki annað séð en þau réttindi sem sæta skerðingu séu misverðmæt og ætti sama röksemdafærsla því að gilda, auk þess sem það hljómar óneitanlega undarlega að skilgreina mannréttindi sem þó megi skerða ef það er ekki gert í verulegum mæli.

Páll segir enn fremur að „við skýringu á mörkunum á milli eignarnáms annars vegar og almennra takmarkana á eignarréttindum hins vegar er einnig viðurkennt að mjög verði að styðjast við jafnréttis- og réttlætissjónarmið."

Ekki fellst minni hlutinn á að jafnréttissjónarmiða sé gætt og verður vikið að því í málflutningi. Ekki verður séð að réttlætissjónarmið komi hér nokkurs staðar nærri.

Alþingi, 10. des. 2002.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um stöðu og framtíð sparisjóðanna. (27. júní 2002.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 8 á 522.–523. bls.
II. Umsögn Sambands íslenskra sparisjóða um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði (8. mál 128. löggjafarþings). (20. nóvember 2002.)
III. Úr umsögn Sambands íslenskra sparisjóða um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki. (20. nóvember 2002.)
IV. Álitsgerð Páls Hreinssonar um heimilar takmarkanir á eignarréttindum stofnfjáreigenda í sparisjóðum. (27. september 2002.)
V. Um sparisjóði fólksins. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið 5. júlí 2002.)
VI. Sparisjóður Dalasýslu og Búnaðarbankinn. Jón Bjarnason. (Skessuhorn 14. ágúst 2002.)

636. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meginefni frumvarpsins er tvíþætt, annars vegar að framlengja og lækka hátekjuskatt um leið og tekjumörk eru hækkuð, hins vegar að hækka skattívilnanir til fyrirtækja með því að heimild til að draga ónýtt rekstrartöp frá tekjum í atvinnurekstri gildi í tíu ár í stað átta ára áður. Lítils háttar hækkun er á persónuafslætti, 107 kr., sem verkalýðshreyfingin samdi um í desember á sl. ári. Stjórnarflokkarnir eru því enn við sama heygarðshornið, lækka fyrst og fremst skatta á þeim betur settu og fyrirtækjunum en láta þá sem minna hafa milli handanna bera byrðarnar með því að láta skattleysismörk ekki halda í við almennar launabreytingar. Aðrar breytingar frumvarpsins felast í breyttu skipulagi skatteftirlits og minni háttar breytingum varðandi framkvæmd skattalaga. Deildar meiningar eru um ýmis þessara ákvæða og gerir 1. minni hluti margvíslegar athugasemdir við þær.

Nýting á rekstrartöpum – skattgreiðslur fyrirtækja.

Með frumvarpinu á að heimila að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta áður. Enn er því verið að auka heimildir fyrirtækja til skattahagræðingar. Á undanförnum árum hefur orðið mikil skatttilfærsla frá fjármagnseigendum og stórfyrirtækjum yfir á laun og lífeyri. Þannig hefur skattbyrði á venjulegt launafólk, barnafjölskyldur og námsmenn, lífeyrisþega og atvinnulausa aukist verulega. Frysting skattleysismarka og mikil skerðing barnabóta til þessara hópa hefur verið nýtt til að kosta miklar skattalækkanir stórfyrirtækja og auðmanna. Mikil lækkun verður á tekjuskattsgreiðslum fyrirtækja á næsta ári vegna lækkunar á skatthlutfalli þeirra úr 30% í 18%. Áætlaðar tekjuskattsgreiðslur þeirra verða 8.250 millj. kr. en hefðu orðið 13.800 millj. kr. miðað við óbreytt skatthlutfall. Margir umsagnaraðilar benda einmitt á þessa staðreynd og að óeðlilegt sé að auka enn möguleika fyrirtækja til að komast hjá greiðslu tekjuskatts eins og gert er í þessu frumvarpi. Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalagið mótmæla þessu harðlega. Sömuleiðis leggjast einstök stéttarfélög hart gegn þessari breytingu.

Ríkisskattstjóri bendir á í umsögn sinni að yfirfæranleg rekstrartöp hafi farið mjög hækkandi á síðustu árum þrátt fyrir að afkoma og rekstrarskilyrði hafi ekki farið versnandi að sama skapi. Orðrétt segir ríkisskattstjóri: „Má gera ráð fyrir að hækkun rekstrartapa á síðustu tveimur árum skýrist að verulegu leyti af hækkun erlendra skulda vegna gengisbreytinga og að einhverju leyti af hækkun innlendra verðtryggðra skulda. Um hvort tveggja gildir að hækkun skuldanna er að fullu gjaldfærð þegar í stað. Getur þetta valdið miklum sveiflum á bókhaldslegu tapi og frestað skattlagningu mjög. Setja má spurningu við réttmæti þessara reglna, einkum eftir að verðbólgureikningsskil hafa verið afnumin.“ Með þessu er vakin athygli á að við afnám verðbólgureikningsskila var ekki hreyft við ákvæðum um gjald- eða tekjufærslu á gengismun eða verðbótum, sem geta haft meiri áhrif á skattalega rekstrarafkomu, yfirfæranlegt tap o.fl.

Fyrsti minni hluti styður það að fyrirtæki hafi heimild til að nýta rekstrartöp með eðlilegum hætti en telur rétt að samhliða verulegri tekjuskattslækkun fyrirtækja á næsta ári sé nauðsynlegt og eðlilegt að gera ráðstafanir til þess að skattstofn tekjuskatts fyrirtækja sé sem réttastur og gefi eðlilega mynd af raunverulegum tekjum og hagnaði fyrirtækja. Tekjuskattur á lögaðila hefur á síðustu árum farið lækkandi að raungildi þrátt fyrir fjölgun fyrirtækja, góð-

æri og góða afkomu þeirra. Einnig eru tekjuskattar sem fyrirtæki greiða hér á landi lægri en í öðrum þróuðum ríkjum hvort sem miðað er við hlutfall af landsframleiðslu eða hlutdeild í skatttekjum. Þessir skattar munu lækka enn frekar þegar áhrifa af lægra skatthlutfalli tekur að gæta á næsta ári. Ástæður óeðlilega lágra tekjuskatta fyrirtækja hér á landi eru m.a. frjálslegar reglur sem gilda um gjaldfærslu á gengistapi lána og verðbótaþáttar verðtryggðra lána, svo og verulega rúmar afskriftaheimildir, þar á meðal flýtifyrningar á móti söluhagnaði.

Ástæða er til í tengslum við þetta mál að vekja athygli á nýlegu svari fjármálaráðherra á Alþingi um rekstrartöp fyrirtækja. Þar kemur fram að þrátt fyrir 100 milljarða kr. rekstrarhagnað 4.400 fyrirtækja á árabilinu 1998–2001 greiddu þau samtals aðeins 3–4 milljarða kr. í skatta, í stað 25–30 milljarða kr., vegna nýtingar á yfirfæranlegu rekstrartapi. Af þessum 4.400 greiddu um 2.200 engan skatt, þrátt fyrir 70 milljarða kr. hagnað á fjögurra ára tímabili vegna skattalegra áhrifa af nýtingu tapsins.

Á árunum 1998–2000 eða á þriggja ára tímabili þurftu skattgreiðendur að standa undir 18 milljarða kr. tekjuskattslækkun fyrirtækja vegna nýtingar á rekstrartapi. Það er álíka mikið fjármagn og fer samtals til greiðslu vaxta- og barnabóta og til að reka alla framhaldsskóla landsins á næsta ári. Uppsafnað yfirfæranlegt rekstrartap fyrirtækja tvöfaldaðist næstum því frá ársbyrjun 2000 til ársloka 2001, fór úr 90 milljörðum kr. í 173 milljarða kr. Í svari fjármálaráðuneytisins kemur einnig fram að yfirfæranleg rekstrartöp nærri því tvöfaldast milli áranna 2000 og 2001 (álagning), fara úr 6,5 milljörðum kr. í rúma 11,6 milljarða kr. Fyrirtækjum sem fá skattalækkun vegna yfirfæranlegs rekstrartaps samkvæmt álagningu 2001 fjölgar úr 3.515 í 4.441, um 926 milli ára. Fjármálaráðuneytið gefur þá skýringu í svarinu að þessir 11,6 milljarðar kr. fyrir árið 2001 eigi eftir að lækka talsvert við kærur og endurákvarðanir á áætlunum næstu mánaða. Engu að síður er ljóst að um verulega aukningu virðist vera að ræða á yfirfæranlegu rekstrartapi milli ára, en áætlaður skattskyldur hagnaður sem gefinn er upp vegna álagningar 2001 (fyrir kærur og endurákvarðanir) eru tæpir 48 milljarðar kr. en áætlaðar skattgreiðslur að frádregnu yfirfæranlegu tapi eru tæpir 2,8 milljarðar kr.

Fyrsti minni hluti gagnrýnir að enn á að fara að rýmka heimildir til að nýta rekstrartöp með því ákvæði frumvarpsins að heimila nýtingu eftirstöðva rekstrartapa í tíu ár í stað átta ára. Fjármálaráðuneytið hefur gefið efnahags- og viðskiptanefnd þær upplýsingar að miðað við fyrirliggjandi tölur sé hægt að reikna með að niðurfellt tap eftir átta ár sé að jafnaði um 1–3 milljarðar kr. Nýting á því á móti hagnaði á níunda og tíunda ári segir ráðuneytið varla meira en 0,5–1 milljarð kr. Ljóst er þó að heimildirnar fela í sér enn frekari lækkun á skattgreiðslu fyrirtækja og gæti þar verið um að ræða nálægt 200 millj. kr. standist tölur ráðuneytisins sem telja verður mjög varlega reiknaðar. Athyglisvert er að þar er um svipað tekjutap að ræða hjá ríkissjóði og kostar að færa atvinnulausum sömu hækkun á bótum og lífeyrisþegar fá nú um áramótin vegna þeirra lífeyrishækkana sem Samband aldraðra knúði í gegn nýverið. Tillaga Samfylkingarinnar um að atvinnulausir fengju sambærilega hækkun var felld nú við afgreiðslu fjárlaga.

Við meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd kom fram breytingartillaga við frumvarpið frá fjármálaráðuneytinu sem felur í sér gjörbreytingu á fyrningargrunni og afskriftareglum vegna nýtingar á rekstrartöpum. Um er að ræða stiglækkandi fyrningar í stað línulegra fyrninga þannig að fjárhæð fyrninga er hæst fyrstu árin og fer síðan lækkandi. Enginn tími hefur gefist til að skoða áhrif þessara breytingu og hvort og að hve miklu leyti þær eru til bóta.

Fyrsti minni hluti mótmælir í fyrsta lagi þeirri málsmeðferð að þinginu sé boðið upp á þau vinnubrögð að svo stór breytingartillaga komi fram eftir að málinu hefur verið vísað til 2. umræðu. Í öðru lagi mótmælir 1. minni hluti því að ekkert kostnaðarmat fylgdi breytingartil-

lögunum og enn liggur ekki fyrir hvaða skattalegt tap tillögurnar fela í sér. Eftir að stjórnarandstaðan hafði knúið á um kostnaðarmat kom í ljós að fjármálaráðuneytið og embætti ríkisskattstjóra greinir á um skattaleg áhrif af þessum breytingum. Enn liggur ekki fyrir hvort meiri hlutinn ætlar að knýja þessa breytingu fram við 3. umræðu málsins.

Lækkun á hátekjuskatti – hækkun skattleysismarka.

Mjög hörð gagnrýni kom fram í umsögnum stéttarfélaga og félagasamtaka, eins og Öryrkjabandalagsins og Landssambands aldraðra, á lækkun hátekjuskattsins, sérstaklega vegna þess að almennt launafólk og lífeyrisþegar greiða á sama tíma sífellt stærri hluta tekna sinna í tekjuskatt. Samkvæmt upplýsingum sem 1. minni hluti leitaði eftir hjá fjármálaráðuneytinu kemur fram að skattleysismörkin í almennum tekjuskatti hafi hækkað frá 1993–2003 úr 57.477 kr. á mánuði í 69.603 kr. á mánuði, um 21%, sem er langt undir verðlagshækkunum. Tekjumörkin í hátekjuskatti hafa hins vegar hækkað úr 203.340 kr. á mánuði í 340.788 kr., um 68%, þannig að sífellt færri greiða hátekjuskatt. Á þessu tímabili hefur vísitala neysluverðs hækkað um 33,5% en launavísitalan um 72%.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra greiða 13.300 einstaklingar fyrirframgreiðslu upp í hátekjuskatt vegna tekna ársins 2002 en endanleg álagning fer ekki fram fyrr en í lok júlí á næsta ári. Þar af eru liðlega 5.300 einhleypir einstaklingar.

Heildarálagning hátekjuskatts lækkar um 300 millj. kr. milli ára vegna lækkunar skatthlutfallsins úr 7% í 5%. Það hefur þau áhrif að einstaklingur sem hafði 500 þús. kr. í tekjur á þessu ári greiðir í hátekjuskatt í ár 11.200 kr. á mánuði en sá sem hefur sömu tekjur miðað við meðallaunabreytingar, eða um 521.000 kr., fengi 8.580 kr. á mánuði í hátekjuskatt eða rúmlega 2.620 kr. lækkun á mánuði. Með hækkun persónuafsláttar um 107 kr. fær sá sem greiðir hátekjuskatt því skattalækkun sem nemur 2.727 kr. en lágtekjufólk fær aðeins 107 kr. í skattalækkun á mánuði á næsta ári. Hækkun á persónuafslætti á næsta ári samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar verður einungis í samræmi við almennar hækkanir en ekki í samræmi við launavísitölu. 1. minni hluti telur rétt að persónuafsláttur hækki í samræmi við áætlaða þróun launavísitölu á næsta ári og að persónuafsláttur hækki um 4,2% í stað 3,15%. Kostnaður vegna þess nemur um 575 millj. kr. Þannig mundi persónuafsláttur hækka um 376 kr. á mánuði í stað 107 kr. eins og ríkisstjórnin áformar. Tekjur vegna þessa má fá með því að falla frá því að heimila að nýta ónýtt rekstrartap í tíu ár í stað átta ára og með endurskoðun á þeim reglum sem gilda um ónýtt rekstrartöp og fyrningareglur.

Með þeirri breytingu sem nú er gerð á tekjumörkunum hækka þau í 340.788 þús. kr. fyrir einstaklinga og tvöfalt hærri upphæð fyrir hjón. Ekki hefur gefist tími til að kanna áætlaðar meðaltekjur á sl. ári en á árinu 2000 voru meðalatvinnutekjur hjóna og sambýlisfólks samtals tæpar 380 þús. kr. og meðalatvinnutekjur einstæðra foreldra um 136 þús. kr. Meðalatvinnutekjur á árinu 2000 voru því verulega lægri en hátekjuskatturinn. Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd lýstu efasemdum um að rétt væri að hækka frítekjumörkin í hátekjuskatti á sama tíma og ríkisstjórnin treysti sér ekki til að lækka skatta fólks með meðaltekjur eða lífeyrisþega. Sömu sjónarmið gilda nú og mun Samfylkingin ekki greiða atkvæði með þeim breytingum sem verið er að gera á hátekjuskattinum. Samfylkingin minnir á að fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga hennar um að reynt verði að ná samstöðu um að lækka eða afnema skatta fólks með tekjur undir lágmarkslaunum, sem greiðir nú á bilinu 8–12 þús. kr. í skatt á mánuði. Meðan sú tillaga fær ekki hljómgrunn telur Samfylkingin ekki forsendur fyrir því að lækka hátekjuskattinn. Forgangsverkefni er að lækka tekjuskatta almenns launafólks og tekjulágra hópa. Smávægileg hækkun nú á persónuafslættinum, 0,4%

til viðbótar fyrri ákvörðun um að persónuafsláttur hækki um 2,75% um næstu áramót, breytir litlu um skattgreiðslur þessara hópa.

Skipulag skatteftirlits og framkvæmd skattalaga.

Þær breytingar sem gerðar eru á skipulagi skatteftirlitsins og 1. minni hluti telur ástæðu til að geta sérstaklega og gera athugasemdir við eru eftirfarandi:

1. **Skattfrelsi happdrættisvinninga** muni gilda um öll happdrætti á Evrópska efnahagssvæðinu óháð því hvaða stjórnvald innan þess hefur gefið út leyfi til starfrækslu á happdrættinu. 1. minni hluti styður það, en telur þó ástæðu til að gefa gaum að athugasemd ríkisskattstjóra sem telur æskilegt að fresta breytingunni í heild. Ríkisskattstjóri telur að málið þurfi að skoða frekar, m.a. vegna þess að ekki sé nægilega afmarkað hvað í þessu ákvæði felst, einkum með tilliti til happdrætta í öðrum ríkjum EES sem kunna að vera skattfrjáls samkvæmt lögum án þess að ágóðanum sé varið til þeirra málaflokka sem tilgreindir eru en dæmi munu um að happdrætti séu rekin til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð viðkomandi lands. Ríkisskattstjóri hefur bent á að nú fái erlend happdrætti sömu skattalegu meðferð og innlend happdrætti, ef um er að ræða happdrætti þar sem hagnaður rennur til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi. 1. minni hluti telur ástæðu til að taka undir þessar athugasemdir og vill að þetta ákvæði frumvarpsins verði skoðað nánar af framkvæmdarvaldinu áður en það verður lögfest.
2. **Fjármálaráðherra er falið að setja við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald og reglur um hlunnindamat og aðrar tekjur og frádrátt sem meta þarf til verðs að fengnum tillögum ríkisskattstjóra.** Verulegur ágreiningur er um þessa breytingu sem hér á að gera á stjórnsýslunni milli embættis ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytisins. Í umsögn ríkisskattstjóra kom fram veruleg gagnrýni á þessa breytingu sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu. Fram kemur að í henni felist grundvallarbreyting á stjórnsýslunni sem gangi í þveröfuga átt við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. 1. minni hluti getur að mörgu leyti tekið undir gagnrýni ríkisskattstjóra og telur að finna hefði átt viðunandi lausn á málinu í efnahags- og viðskiptanefnd. Til þess gafst ekki tími á þeirri hraðferð sem málið hefur verið í nefndinni. 1. minni hluti gerir breytingartillögu við þessa grein, þess efnis að ríkisskattstjóri gefi áfram út reglur um mat á hlunnindum og setji við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald, en það verði gert samkvæmt nánari ákvæðum um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem ráðherra setur skv. 119. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi breytingartillaga er gerð til að koma til móts við þá gagnrýni að lagaákvæðið sem ríkisskattstjóri vinnur nú eftir sé mjög rúmt og gefi ekki leiðbeinandi fyrirmæli um framkvæmdina.
3. **Lagt er til að þegar um samsköttuð félög sé að ræða skuli skattlagningarstaður þeirra vera í umdæminu þar sem móðurfélagið hefur aðsetur.** 1. minni hluti tekur undir athugasemdir ríkisskattstjóra sem telur að heimild til að víkja frá meginreglu laganna um skattlagningarstað eigi einnig að taka til þess þegar einkahlutafélög eða sameignarfélag og aðaleigandi þess eru ekki í sama skattumdæmi og flytur um það sérstaka breytingartillögu.
4. **Breyting á skipulagi skatteftirlits.** Fjármálaráðherra getur ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu umdæmi og eftir atvikum skattbreytingu ef skatteftirlit leiðir til endurákvörðunar opinberra gjalda. Tilgangurinn er sagður vera að stuðla að auknum sveigjanleika í skatteftirliti. Frá árinu 1996 hefur ríkisskattstjóri að mestu annast skatteftirlit utan Reykjavíkur og Reykjanesumdæmis. Ástæða þess var sú að ekki hafði tekist að byggja upp skatteftirlit á minni skattstofunum, m.a. vegna örðugleika við

að ráða starfsfólk. Með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að færa skatteftirlit á landsbyggðinni frá ríkisskattstjóra til ákveðinna skattumdæma og að sami skattstjóri geti farið með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Á árinu 1996 tókst ekki að manna skatteftirlit hjá skattstofunum á landsbyggðinni eins og nauðsyn bar til. Því var ákveðið til bráðabirgða, án lagabreytinga, og í fullu samráði við skattyfirvöld að fela embætti ríkisskattstjóra landsbyggðareftirlitið. Fjármálaráðuneytið telur að þær aðstæður hafi skapast í einstökum skattumdæmum að unnt sé að færa eftirlitið til þeirra á ný. Lögð er áhersla á að eftirlitseiningarnar séu það stórar að þær ráði a.m.k. yfir lágmarksmannafla. Embætti ríkisskattstjóra er þó áfram ætlað að gegna samræmingarhlutverki fyrir öll umdæmin eins og því er ætlað samkvæmt lögum. Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um það hvernig skatteftirliti á landsbyggðinni verði háttað verði þetta ákvæði að lögum, en samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins mun ráðuneytið, eftir að þessi breyting hefur verið samþykkt, skoða málið í heild sinni og kanna hvaða kostir séu vænlegastir í náinni samvinnu við skattstjórana og embætti ríkisskattstjóra.

Skattstjórar hafa gert þá athugasemd að ef breytingar á skipulagi eftirlits séu einungis fólgnar í tilfærslu starfa milli stofnana skattkerfisins muni þær í engu bæta skatteftirlit ef fjárveitingar fylgja ekki. Ríkisskattstjóri vekur m.a. athygli á því að ef herða eigi skatteftirlit þurfi verulegan viðbótarmannafla þannig að í almennu skatteftirliti verði a.m.k. jafnmargir og þegar flest var. Stöðugildi í sérgreindu skatteftirliti hjá ríkisskattstjóra voru um tólf árið 1996 en frá þeim tíma hafa fjárheimildir lækkað að raungildi ár frá ári og eru nú 8–10% lægri en þær voru þá þrátt fyrir aukin verkefni. Í fjárlögum fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu á mannafla og felld var tillaga þingmanna Samfylkingarinnar um það efni. Það er skoðun 1. minni hluta að þessari breytingu verði að fylgja fjármagn ef hún á að skila árangri og styrkja skatteftirlit á landsbyggðinni. Meðan svo er ekki er þessi tillaga sýndarmennskan ein.

Skatteftirlit með stórfyrirtækjum og fjölþjóðasamskiptum.

Ríkisskattstjóri vekur líka athygli á því að rétt væri að breyta skipulaginu á þann veg að skatteftirliti ríkisskattstjóra yrði fengið það verkefni að hafa eftirlit með stórfyrirtækjum og fjölþjóðasamskiptum og telur rétt að það yrði mannað í samræmi við það. Bent er á að slíkt skref hafi þegar verið stigið fyrir löngu annars staðar á Norðurlöndunum. 1. minni hluti tekur undir þessi sjónarmið. Fjármálastarfsemi og fjármagnsflutningar milli landa eru sífellt að aukast og eignatengsl fyrirtækja og fyrirtækjasamsteypa liggja í mörgum tilvikum í fleiru en einu skattumdæmi. Eignatengsl eru oft margþætt og öll fjármálaumsýsla og bókhaldskerfi í slíkum tilvikum afar umfangsmikil og flókin. Ekki er á færi t.d. smærri skattstofa að halda uppi nauðsynlegu skatteftirliti svo að vel sé. Mikilvægt er því að svo sé um hnúta búið í skatteftirlitinu að hægt sé að byggja upp á einum stað sérþekkingu og nauðsynlegan tækjabúnað sem ræður við að halda uppi skatteftirliti með stórfyrirtækjum og fjölþjóðasamskiptum, þar sem eignatengsl liggja milli landa og skattumdæma. Veita þarf ríkisskattstjóra og skatteftirlitinu nauðsynlegar heimildir og svigrúm til að takast á við þessi verkefni í samræmi við þá þróun sem orðið hefur. 1. minni hluti flytur breytingartillögu sem felur í sér að ríkisskattstjóri geti árlega ákveðið, að höfðu samráði við skattstjóra, að tilteknir lögaðilar, svo sem stórfyrirtæki, félög með eignatengsl milli landa eða skattumdæma, svo og aðrir skattaðilar sem skattstjórar tilnefna skuli skila framtölum til ríkisskattstjóra og vera skattlagðir af honum. Sú breytingartillaga sem hér er lögð til er sótt í dönsku skattalögin.

Niðurstaða.

Fyrsti minni hluti leggst gegn því að auka frekar heimildir til að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta áður. 1. minni hluti mun ekki styðja lækkun á hátekjuskattinum fyrst ríkisstjórnin telur sig ekki hafa svigrúm til að lækka skatta fólks með lágar tekjur eða meðaltekjur, en mun flytja breytingartillögu um að persónuafsláttur hækki í samræmi við launavísitölu á næsta ári. Nokkrar breytingartillögur eru líka fluttar í því skyni að styrkja skatteftirlitið og auka skilvirkni í framkvæmd skattalaga.

Alþingi, 9. des. 2002.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Össur Skarphéðinsson.

637. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að hátekjuskattur einstaklinga verði lækkaður um 2%, hátekjumörk einstaklinga hækkuð um 2,75%, úr 331.666 kr. í 340.787 kr., lengdur er sá tími sem fyrirtæki geta nýtt eftirstöðvar rekstrartapa úr átta árum í tíu og lagðar eru til heimildir til stiglækkandi afskrifta á lausafé. Allt eru þetta breytingar sem ívilna verulega fyrirtækjum og hátekjufólki. Þessar breytingar eru harðlega gagnrýndar af hálfu samtaka launafólks, ASÍ og BSRB, Öryrkjabandalagsins og samtaka eldri borgara en eru aftur á móti mærðar af samtökum atvinnurekenda og öðrum aðilum sem tala máli stórfyrirtækja og efnameiri hluta samfélagsins. Hækkun á persónuafslætti, um 0,4%, er tilkomin við þrýsting frá samtökum launafólks. 2. minni hluti gagnrýnir framangreindar skattkerfisbreytingar en samanlagt rýra þær tekjur ríkissjóðs verulega.

Enn skortir upplýsingar.

Við upphaf 2. umræðu um frumvarpið liggja enn ekki fyrir útreikningar frá embætti ríkisskattstjóra um áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna stiglækkandi afskrifta og er það í hæsta máta gagnrýnisvert að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp um umfangsmiklar skattkerfisbreytingar án þess að ítarlegir útreikningar séu fyrir hendi. Í minnispunktum frá fjármálaráðuneytinu frá 4. desember um stiglækkandi afskriftir er gert ráð fyrir að breytt fyrirkomulag leiði til 100–150 millj. kr. tekjutaps fyrir ríkissjóð en „árétta þarf að þessi áætlun er mikilli óvissu háð í báðar áttir“.

Varðandi væntanlegt tekjutap ríkisins á komandi ári er rétt að minna á að vegna fyrri lagabreytinga sem koma til framkvæmda um þessi áramót er að finna enn frekari skattalækkanir í þágu fyrirtækja. Þannig kemur nú til framkvæmda lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 30% í 18%, sérstakur eignarskattur fyrirtækja fellur niður, eignarskattur fyrirtækja lækkar úr 1,2% í 0,6% og eignarskattur einstaklinga lækkar úr 1,2% í 0,6%. Á móti þessum skattalækkunum hefur síðan áfengis- og tóbaksgjald verið hækkað og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra einnig. Í eftirfarandi töflu má sjá útreikninga fjármálaráðuneytisins á nettóáhrifum framan-

greindra kerfisbreytinga að teknu tilliti til áætlaðra veltubreytinga og fleira. Áhersla skal lögð á að enn skortir verulega á að allir útreikningar liggi fyrir.*

	Millj. kr.
Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18% 1. janúar 2002 **	-1.700
Sérstakur eignarskattur fyrirtækja fellur niður m.v. árslok 2002	-300
Eignarskattur fyrirtækja lækkar úr 1,2% í 0,6% m.v. árslok 2002	-700
Sérstakur eignarskattur einstaklinga fellur niður m.v. árslok 2002	-300
Eignarskattur einstaklinga lækkar úr 1,2% í 0,6% m.v. árslok 2002	-1.300
Tryggingagjald hækkar um 0,5% frá 1. janúar 2003 ***	1.800
Persónuafsláttur hækkar um 0,4% frá 1. janúar 2003	-230
Sérstakur tekjuskattur lækkar úr 7% í 5% frá 1. janúar 2003	-300
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða hækkar	100
Áfengisgjald hækkar	300
Tóbaksgjald hækkar	800
Samtals	**-1.830**

Athugasemdir:

* Hér er um nettóáhrif að ræða, þ.e. að teknu tilliti til áætlaðra veltubreytinga o.fl.

** Tekjuskattur samlagsfélaga og sameignarfélaga lækkar úr 38% í 26% 1. janúar 2002.

*** Ríkissjóður undanskilinn.

Sama stefna frá 1991.

Allar götur frá því að Sjálfstæðisflokkurinn fékk lyklavöld í Stjórnarráðinu, fyrst með stuðningi Alþýðuflokks frá 1991 til 1995 og síðan Framsóknarflokks frá árinu 1995, og fram á þennan dag hefur verið fylgt þeirri stefnu í skattamálum að flytja skattbyrðar af stöndugum fyrirtækjum og efnafólki yfir á launafólk. Jafnframt hafa margvísleg þjónustugjöld verið aukin og eru þar alvarlegastar álögur á sjúklinga, bæði vegna stóraukins lyfjakostnaðar og beinnar þátttöku þeirra við læknisverk.

Skattabreytingar ríkisstjórnarinnar að þessu sinni eru mjög í anda þessarar stefnu, tekjuskattar fyrirtækja lækka en þær skattaívilnanir sem fram koma í þágu launafólks eru óverulegar og hafa verið knúnar fram með félagslegum þrýstingi.

Til glöggvunar á þeim miklu tilfærslum sem átt hafa sér stað í gegnum skattkerfið frá árinu 1991 og fram á þennan dag er birt hér tafla sem sýnir hvernig tekjuskattur fyrirtækja hefur þróast á þessu árabili í samanburði við tekjuskatta einstaklinga og skattleysismörk.

Skattur lagður á	Vegna tekna ársins	Hf., %	Sf., %	Einstaklingur, %	Þar af ríki, %	Þar af útsvar, %	Persónuafsláttur, kr.	Skattleysismörk ellilífeyrisþega, kr.	Skattleysismörk launamanns kr.	Hátekjuskattur, %	Hátekjumörk á mánuði, kr.
1990	1989	50	50	37,74	30,8	6,94	18.631	49.367	49.367		
1991	1990	45	45	39,79	32,8	6,99	21.482	53.988	53.988		
1992	1991	45	45	39,79	32,8	6,99	23.377	58.751	58.751		
1993	1992	39	41	39,85	32,8	7,05	23.968	60.144	60.144		
1994	1993	33	41	41,34	34,3	7,04	23.761	57.477	57.477	5	203.340
1995	1994	33	41	41,84	33,15	8,69	23.930	57.193	57.193	5	207.840

Skattur lagður á	Vegna tekna ársins	Hf., %	Sf., %	Einstaklingur, %	Þar af ríki, %	Þar af útsvar, %	Persónuafsláttur, kr.	Skattleysismörk ellilífeyrisþega, kr.	Skattleysismörk launamanns kr.	Hátekjuskattur, %	Hátekjumörk á mánuði, kr.
1996	1995	33	41	41,00	33,15	8,78	24.494	58.419	59.310	5	233.820
1997	1996	33	41	41,94	33,15	8,79	24.544	58.522	60.332	5	233.820
1998	1997	33	41	41,98	30,41	11,57	24.544	58.466	60.902	5	233.820
1998	1997	33	41	40,00	29,31	11,57	23.901	58.466	60.902	5	233.820
1999	1998	30	38	39,02	27,41	11,61	23.360	59.867	62.361	7	266.500
2000	1999	30	38	38,00	26,41	11,93	23.329	60.848	63.386	7	273.063
2000	2000	30	38	38,37	26,00	11,96	23.912	62.320	64.916	7	273.063
2001	2000	30	38	38,37	26,00	11,00	24.510	63.878	66.540	7	322.083
2002	2001	30	38	38,76	26,08	12,00	25.245	65.132	67.845	7	331.666
2003	2002	18	26	38,54	25,75	12,79	26.002	67.468	70.279	5	340.787

Heimild: Embætti ríkisskattstjóra, að undanskildum útreikningi á skattleysismörkum.

Víti til að varast.

Allir gestir efnahags- og viðskiptanefndar sem voru í forsvari fyrir samtök launafólks, öryrkja og eldri borgara í tengslum við frumvarpið mótmæltu skattastefnu ríkisstjórnarinnar harðlega og sögðu að um hana mundi ekki ríkja neinn friður í samfélaginu. Engan þarf að undra hörð viðbrögð við skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Menn gera sér að sjálfsögðu grein fyrir því að ríkisstjórnir undir forsæti Sjálfstæðisflokksins frá 1991 hafa stefnt að því leynt og ljóst að færa fjármögnun velferðarþjónustunnar að verulegu marki út úr hinu eiginlega skattkerfi og yfir í beinar álögur á notendur þjónustunnar. Í skýrslu sem fjármálaráðuneytið gaf út árið 1998 um einkaframkvæmd innan velferðarþjónustunnar var lögð áhersla á að „sem stærstur hluti tekna rekstraraðila (verði) fenginn með notendagjöldum“. Hér var augljóslega verið að boða skólagjöld og sjúklingaskatta sem valda félagslegri mismunun.

Þegar líða tók á tíunda áratuginn varð ljóst að aukin misskipting var farin að valda alvarlegri félagslegri mismunun. Í skýrslu sem landlæknisembættið gaf út í apríl 1997 undir heitinu Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð segir m.a.: „Gjalda ber varhug við frekari hækkun gjalda eða verulegum þjónustugjöldum, því að í óbirtri rannsókn landlæknisembættisins kemur í ljós að meðal barnafólks, sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er *allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts.*“ Í skýrslunni kemur fram að það er einkum á sviði tannlækninga sem fólk veigrar sér við að leita lækninga. „Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.“

Álögur á sjúklinga afleiðingar skattastefnu.

Þegar aðstöðugjöld fyrirtækja voru lækkuð á fyrri hluta tíunda áratugarins fylgdu rýrnandi kjör innan velferðarþjónustunnar jafnframt því sem álögur jukust mjög á sjúklinga. Í heilbrigðisþjónustunni hefur þetta leitt til stóraukinna útgjalda fyrir sjúklinga. Í árslok 2001 birti BSRB könnun sem unnin var í samráði við lækna um kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Tekin voru dæmi af sjö sjúklingum sem áttu við mismunandi veikindi að stríða og lagðir fram útreikningar á þróun kostnaðar þeirra á tímabilinu 1990–2001. Öllum þessum sjúklingum var fylgt í gegnum ráðlagða læknismeðferð í eitt ár og haldið til haga kostnaði þeirra yfir árið. Sama eða sambærileg meðferð var skoðuð á fimm ára fresti; 1990, 1996 og 2001. Niðurstaðan var mjög afgerandi. Í öllum tilvikum hafði kostnaður sjúklingsins stóraukist, í sumum hafði hann margfaldast. Samanburður af þessu tagi er alltaf erfiður og í sumum tilvikum kynni að vera um einhverja kostnaðaraukningu að ræða vegna aukinnar meðferðar. Það á t.d. við varðandi lungnabembu. Þá er á það að líta að í sumum tilfellum er

kostnaðarhlutdeild sjúklinga meiri en í þeim dæmum sem notuð voru í könnuninni, í öðrum tilfellum minni.



	Sjúkdómur	1990	1996	2001	1990–1996	1996–2001	1990–2001
#1	lungnaþemba	8.504	36.927	70.902	334,23%	92,01%	733,75%
#1b	nikótínmeðferð sleppt	8.505	36.928	46.380	334,20%	25,60%	445,34%
#2	fjölbreytt vandamál	10.665	37.320	34.886	249,93%	-6,52%	227,11%
#3	kransæðasjúkdómur	13.560	24.719	34.475	82,30%	39,47%	154,25%
#4	barn með eyrnabólgu	17.524	22.556	24.342	28,71%	7,92%	38,91%
#5	þunglyndi	19.626	54.527	53.388	177,83%	-2,09%	172,02%
#6	ofnæmi	19.481	42.840	57.067	119,91%	33,21%	192,94%
#7	gigt	29.905	43.241	48.563	44,59%	12,31%	62,39%

Heimild: BSRB.

Breytingar á skatteftirliti.

Í frumvarpinu eru tillögur um breytingar sem lúta að skattaframkvæmdinni. Ríkisskattstjóri varar við fyrirhuguðum breytingum á 4. gr., segir þær „óþarfar og ekki til bóta". Hér er um það að ræða að færa endanlegt ákvörðunarvald um lágmark reiknaðs endurgjalds í hendur fjármálaráðuneytis en nú hvílir þetta vald hjá ríkisskattstjóra. Samkvæmt frumvarpinu á ríkisskattstjóri að setja fram tillögur sem hljóti staðfestingu ráðuneytis. Ríkisskattstjóri vísar í fyrirkomulag annars staðar á Norðurlöndum þar sem hvarvetna tíðkast að embætti hliðstæð ríkisskattstjóraembættinu setji reglur um skattmat. Sé það hins vegar ásetningur löggjafans að breyta þessu fyrirkomulagi telur embættið að færa eigi gerð reglna um skattmat og reglna um reiknað endurgjald alfarið í hendur ráðuneytisins. 2. minni hluti telur eðlilegast að gerð þeirra reglna sem vísað er til eigi stoð í lögum í ríkari mæli en nú er en telur ekki óeðlilegt að reglur sem gilda um þessi efni séu tengdar pólitískri ábyrgð eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ljóst er af umsögnum ríkisskattstjóra að æskilegt hefði verið að vinna breytingartillögurnar sem lúta að skattaframkvæmdinni betur og má í því sambandi vísa til umsagnar hans um 8. gr. frumvarpsins sem veitir skattstjóra heimild til að fara með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Embætti ríkisskattstjóra leggst ekki gegn þessari lagabreytingu en segir engu síður að ekki sé ástæða „til að gera hana eina út af fyrir sig og ekki fyrr en gerðar eru aðrar

nauðsynlegar breytingar á skipulagi skatteftirlits og það fé lagt í skatteftirlit sem það þarf til að það geti orðið með viðunandi hætti.“

Athyglisverð fylgigögn.

Fylgigögnin með þessu minnihlutaáliti eru frá samtökum launafólks, Öryrkjabandalaginu og samtökum eldri borgara. Þau eru athyglisverð fyrir þær sakir hve samhljóða þau eru. Mjög eindregin afstaða er tekin gegn skattastefnu ríkisstjórnarinnar og er greinilegt að áralöng misréttisstefna er farin að leiða til óþreyju og kröfu um stefnubreytingu í skattamálum og efnahagsmálum almennt.

Alþingi, 10. des. 2002.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Landssambands eldri borgara.
II. Umsögn Öryrkjabandalags Íslands.
III. Umsagnir Alþýðusambands Íslands.
IV. Umsögn BSRB um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 324. mál. (3. desember 2002.)

638. Frumvarp til laga [447. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

C-liður 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

IV. kafli laganna, **Ferðamálasjóður,** fellur brott.

3. gr.

36. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. janúar 2003 yfirtekur ríkissjóður allar eignir og skuldir Ferðamálasjóðs. Byggðastofnun er falið að sjá um innheimtu á útlánum sjóðsins. Innköllun til lánardrottna Ferðamálasjóðs skal eigi gefin út. Umboð stjórnar sjóðsins fellur niður frá sama tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu.

Endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna hefur farið fram á undanförnum árum og hefur leitt til þess að fjárfestingarlánasjóðir í iðnaði og sjávarútvegi hafa verið lagðir niður. Ferðamálasjóður er einn örfárra starfsgreinasjóða sem enn eru til.

Vorið 2002 skipaði samgönguráðherra vinnuhóp til að fara yfir stöðu Ferðamálasjóðs og gera tillögur til ráðstafana varðandi framtíð hans. Tilefni þess var sú staða sem var komin upp í fjármálum sjóðsins að eiginfjárhlutfall uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Með bréfi, 26. júlí 2002, veitti viðskiptaráðherra Ferðamálasjóði sex mánaða frest, til 25. janúar 2003, til að koma eiginfjárhlutfalli sjóðsins í lögmætt horf. Fresturinn var veittur að tillögu Fjármálaeftirlitsins. Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki hefur verið lagt fyrir Alþingi. Verði frumvarpið að lögum munu lög nr. 113/1996 og nr. 123/1993 verða felld úr gildi. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir því að Ferðamálasjóður verði undanþeginn lögunum, þ.e. að hann verði ekki skilgreindur sem fjármálafyrirtæki. Af þessu leiðir að reglur um lágmarkshlutfall eiginfjár munu ekki eiga við um Ferðamálasjóð. Í greinargerð með frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki eru þær skýringar gefnar að fyrirhugaðar séu breytingar á rekstri Ferðamálasjóðs og að verulega verði dregið úr starfsemi hans eða hann hætti alveg sjálfstæðum rekstri.

Í samræmi við þessa stefnumörkun er með frumvarpi þessu lagt til að Ferðamálasjóður verði lagður niður í núverandi mynd. Lagt er til að eignir og skuldir sjóðsins verði yfirteknar af ríkissjóði og að umboð stjórnar Ferðamálasjóðs falli niður frá og með gildistöku laga þessara. Ekki er gert ráð fyrir opinberri innköllun frá lánardrottnum Ferðamálasjóðs en gert er ráð fyrir að Byggðastofnun verði falið að sjá um innheimtu útlána sjóðsins.

Samkomulag hefur náðst á milli samgöngu-, iðnaðar- og fjármálaráðuneytis um að stuðningur við verkefni á sviði ferðaþjónustu verði áfram veittur í formi samstarfs Ferðamálaráðs og Byggðastofnunar, sbr. 4. tölul. 4. gr. og 10. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999. Verkefnin verði annars vegar fjármögnuð með styrkjum af hálfu ferðamálayfirvalda og hins vegar með lánum frá Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir að fjármunir sem varið er í málaflokkinn muni nýtast betur en með núverandi fyrirkomulagi. Markmið verkefnanna verður að styrkja nýsköpun á sviði ferðaþjónustu, auk þess að efla hlutverk Byggðastofnunar sem lánveitanda í ferðaþjónustu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir fyrirgreiðslu fjármálastofnana.

Í frumvarpi þessu er jafnframt lagt til að fella brott heimildarákvæði 36. gr. laganna um gjaldtöku fyrir þjónustu við ferðamenn á ferðamannastöðum í umsjá ríkisins. Þetta heimildarákvæði hefur aldrei verið nýtt, enda er dýrt og viðurhlutamikið að innheimta slíkt gjald og því er ekki talin ástæða til að halda því inni í lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að Ferðamálasjóður verði lagður niður frá og með 1. janúar 2003. Jafnframt er gert ráð fyrir að eignir og skuldir sjóðsins verði yfirteknar af ríkissjóði og að umboð stjórnar Ferðamálasjóðs falli niður. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að fyrirhugað sé samstarf milli Ferðamálaráðs og Byggðastofnunar um nýtingu þeirra fjármuna sem þegar eru veittir til stuðnings ferðaþjónustu. Verkefni af þessum toga verða annars vegar fjármögnuð með styrkjum af hálfu ferðamálayfirvalda og hins vegar með lánum frá Byggðastofnun. Markmið verkefnanna verður að styrkja nýsköpun á sviði ferðaþjónustu um land allt, auk þess að efla hlutverk Byggðastofnunar sem lánveitanda í ferðaþjónustu. Að öðru leyti verður treyst á lánafyrirgreiðslu almennra lánastofnana. Ekki er gert ráð fyrir að veitt verði viðbótarfjármagn vegna þessara verkefna og því mun frumvarpið ekki hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að 36. gr. gildandi laga falli niður sem er heimildarákvæði um gjaldtöku fyrir þjónustu á opinberum ferðamannastöðum.

639. Breytingartillögur [324. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, ÖS).

1. 2. gr. falli brott.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   3. málsl. 1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald í samræmi við grein þessa og nánari ákvæði um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem ráðherra setur skv. 119. gr.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað „320.616 kr.“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 325.130 kr.
4. Við 6. gr. er verði 7. gr.
   a. Við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Við 90. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
      Ríkisskattstjóri getur árlega ákveðið að höfðu samráði við skattstjóra að tilteknir lögaðilar aðrir en dánarbú, svo sem stórfyrirtæki, félög með eignatengsl milli landa eða skattumdæma svo og aðrir skattaðilar sem skattstjórar tilnefna skuli skila framtölum til ríkisskattstjóra og vera skattlagðir af honum.
   b. Á eftir 1. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Þegar sameignarfélag eða einkahlutafélag er að fullu í eigu annars skattaðila eða

hann er ráðandi eignaraðili í því getur ríkisskattstjóri vikið frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað.

5. Á eftir 7. gr. er verði 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 101. gr. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:
   Ríkisskattstjóri annast skattlagningu og eftirlit með þeim skattaðilum sem hann ákveður að skili til hans framtölum, sbr. 3. mgr. 90. gr.
6. Við 8. gr. er verði 10. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 101. gr.“ í 3. mgr. kemur: sbr. 4. mgr. 101. gr.
7. Á eftir 8. gr., er verði 10. gr., komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. A laganna:
   a. Í stað orðanna „4. mgr. 101. gr.“ í 2. mgr. kemur: 5. mgr. 101. gr.
   b. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 101. gr.“ í 6. mgr. kemur: sbr. 4. mgr. 101. gr.
8. Við 12. gr. er verði 15. gr. Greinin orðist svo:
   116. gr. laganna orðast svo:
   Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum, frádrætti og eignum sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem fjármálaráðherra setur skv. 119. gr.

640. Breytingartillögur [215. mál]

við frv. til l. um fjármálafyrirtæki.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Sömuleiðis skal fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við leiðbeiningarreglur Fjármálaeftirlitsins um hvað teljist góðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækis á hverjum tíma.
2. Við 21. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að stunda hliðarstarfsemi auk þjónustu skv. 20. gr., enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar tekur einnig til þess þegar fjármálafyrirtæki á eignarhlut í eða er þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi. Í umsókn til Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja upplýsingar um hina fyrirhuguðu starfsemi sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal berast umsækjanda innan eins mánaðar frá því að fullnægjandi umsókn berst því. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að starfsemin sé stunduð í sérstöku félagi, en skal þá tilkynna viðkomandi aðila um þá ákvörðun sína innan fyrrgreinds frests.
3. Við 40. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fjármálafyrirtæki öðru en sparisjóði sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis. Sama skilgrein-

ing á virkum eignarhlut gildir um sparisjóði en miða skal við hlutfallstöluna 5% eða meira af stofnfé.
4. Við 66. gr. Við 1. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Við aukningu stofnfjár skal öllum aðilum með lögheimili á starfssvæði sparisjóðsins boðin þátttaka.
5. Við 70. gr. Í stað orðanna „heildaratkvæðamagni í sparisjóði“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: heildaratkvæðamagni sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.
6. Við 73. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en sparisjóði er breytt í hlutafélag skal eiga sér stað aukning stofnfjár skv. 66. gr.

641. Breytingartillögur [215. mál]

við frv. til l. um fjármálafyrirtæki.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÖJ).

1. Við 64. gr. Greinin orðist svo:
   Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Sé endurgjald innt af hendi skal um það fara samkvæmt reglu 66. gr.
   Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.
2. 73.–76. gr. og 2. mgr. 101. gr. falli brott.

642. Breytingartillögur [324. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÖJ).

1. Við 2. gr. Greinin falli brott.
2. Við 13. gr.
   a. Í stað hlutfallstölunnar „5%“ í 2. efnismgr. komi: 7%.
   b. Í stað hlutfallstölunnar „5%“ í 5. efnismgr. komi: 7%.

643. Fyrirspurn [448. mál]

til félagsmálaráðherra um samræmingu félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæslu.

Frá Ástu Möller.

1. Telur ráðherra að flytja eigi félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæslu á eina hendi til sveitarfélaga í ljósi góðs árangurs af samræmingu þessara þjónustuþátta í reynslusveitarfélögunum Akureyri og Höfn í Hornafirði?
2. Hvaða breytinga er þörf á samningum milli ríkis og sveitarfélaga og á lögum og reglugerðum til þess að af slíkri samræmingu gæti orðið?

Skriflegt svar óskast.

644. Fyrirspurn [449. mál]

til heilbrigðisráðherra um samræmingu heilsugæslu, félagsþjónustu og öldrunarþjónustu.

Frá Ástu Möller.

Telur ráðherra að flytja eigi félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæslu á eina hendi til sveitarfélaga í ljósi góðs árangurs af samræmingu þessara þjónustuþátta í reynslusveitarfélögunum Akureyri og Höfn í Hornafirði?

645. Fyrirspurn [450. mál]

til fjármálaráðherra um starfatorg.is.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hvað er starfatorg.is og hver er tilgangur þess?
2. Telur ráðherra slíkan rekstur eiga heima undir hatti ríkisins og ef svo er, af hverju?
3. Hefur verið kannað hver áhrif af rekstri starfatorg.is eru á rekstur einkarekinna fyrirtækja sem starfa á sama markaði?

646. Svar [418. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um áfengisgjald.

1. *Hver hefur verið þróun áfengisgjalds frá árinu 1995 að nafnvirði og raungildi*
   a. *á sterku áfengi,*
   b. *á léttvíni,*
   c. *á bjór?*

Umbeðnar upplýsingar eru sem hér segir:

a. Áfengisgjald af sterku víni árið 1995 var 58,70 kr. á hvern sentilítra af vínanda, umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra. Árið 1998 var áfengisgjaldi af sterku víni breytt á þann veg að það var lækkað í krónum talið miðað við hvern sentilítra af vínanda, eða niður í 57,60 kr. en á móti kom að gjaldfrelsi fyrstu 2,25 sentilítranna í hverjum lítra var fellt niður. Þetta þýddi í raun að gjaldið af hverjum sentilítra af vínanda hækkaði úr 55,40 kr. í 57,50 kr., eða um 3,8%. Gjaldið hélst síðan óbreytt þar til nýverið þegar það hækkaði í 66,15 kr. eða um 15%. Heildarhækkun gjaldsins frá árinu 1995 er þannig liðlega 19% en á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæplega 30%. Á mælikvarða vísitölu neysluverðs er gjaldið því um það bil 51 kr. að raungildi á verðlagi ársins 1995 og hefur þannig lækkað um 8% að raungildi frá því ári að teknu tilliti til nýlegrar hækkunar.

b. Áfengisgjald af léttu víni árið 1995 var 58,70 kr. á hvern sentilítra af vínanda, umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra, eða það sama og af sterku víni. Árið 1998 var gjaldið lækkað niður í 52,80 kr., eða um 10% og hefur haldist óbreytt síðan. Það þýðir að gjaldið hefur lækkað um meira en 30% að raungildi frá árinu 1995 á mælikvarða vísitölu neysluverðs.

c. Áfengisgjald af bjór árið 1995 var 58,70 kr. á hvern sentilítra af vínanda, umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra, eða það sama og af sterku víni. Það gjald hefur ekkert breyst á tímabilinu. Í því felst að gjaldið hefur lækkað um 25% að raungildi á umræddu tímabili.

2. *Hver hefur verið hækkun neysluverðsvísitölu á sama tíma?*

Eins og fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæplega 30% á þessu tímabili.

3. *Hefur þróun áfengisgjalds endurspeglast í verðlagningu áfengis á sama tíma að teknu tilliti til gengisþróunar?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur áfengisverð þróast sem hér segir frá miðju ári 1995 þar til í nóvember 2002:

Áfengisverð:	
Sterkt vín	15,4%
Léttvín	14,4%
Bjór	19,1%
Til samanburðar:	
Bandaríkjadalur	33,9%
SDR	14,4%

Samanburður við gengisþróun er afar erfiður þar sem markaðir fyrir innflutt áfengi eru mjög dreifðir. Þróun á gengi SDR er líklega heppilegasti mælikvarðinn þegar á heildina er litið, en hækkun þeirrar gengisviðmiðunar nemur 14,4% á því tímabili sem um ræðir. Hún

er því sú sama og verðhækkun léttvíns, þrátt fyrir að áfengisgjald af léttu víni hafi lækkað um 10% á sama tímabili. Þess má geta að meira er framleitt af bjór innanlands en flutt er inn.

647. Svar [387. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmdir við viðhaldsverkefni.

1. *Telur ráðherra það brjóta í bága við lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, að undanskilja framkvæmd laganna almennt og reglubundið viðhald, sem felur ekki í sér breytingu mannvirkis, sbr. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 715/2001, um skipulag opinberra framkvæmda, sbr. athugasemdir efnahags- og viðskiptanefndar í bréfi til ráðherra, dags. 30. apríl sl.? Ef svo er, hvernig hyggst ráðherra bregðast við því?*

Hinn 21. september 2001 setti fjármálaráðuneytið reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715/2001. Reglugerðin var sett með heimild í 23. gr. laga nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda. Í reglugerðinni er mælt fyrir um ítarlegri undirbúning opinberra framkvæmda, ásamt því að málsmeðferð, hlutverk og ábyrgðarskipting þeirra aðila er koma að slíkum framkvæmdum var skilgreind með skýrari hætti en verið hafði.

Við samningu reglugerðarinnar var talið að merking hugtaksins „viðhald“ hefði það víðtæka og óljósa skírskotun að heimilt væri í reglugerð að mæla nánar fyrir um það hvers konar viðhald félli undir gildissvið hennar. Í reglugerðinni var því farin sú leið að undanskilja þá tegund viðhalds sem á sér stað með jöfnum og reglubundnum hætti út líftíma eignarinnar og hefur það að markmiði að viðhalda fasteign í óbreyttu ástandi. Annað viðhald, svo sem meiri háttar viðhaldsframkvæmdir og endurbætur sem hafa í för með sér breytingar á fasteign, félli áfram undir lög um skipan opinberra framkvæmda. Með því að undanskilja almennt og reglubundið viðhald þyrfti ekki að fara með slíkar viðhaldsframkvæmdir í gegnum hina ítarlegu málsmeðferð sem mælt er fyrir um í lögunum og reglugerðinni.

Eftir að ráðuneytinu bárust athugasemdir efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 30. apríl sl., varðandi 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar tók ráðuneytið þá ákvörðun að fá utanaðkomandi álit á því hvort það stæðist lög um skipan opinberra framkvæmda að undanskilja almennt og reglubundið viðhald gildissviði hennar. Ákveðið var að fá Othar Örn Petersen hæstaréttarlögmann til að vinna lögfræðiálit fyrir ráðuneytið, en hann hefur mikla reynslu af þessu sviði réttarins. Í áliti hans, sem barst ráðuneytinu 11. október sl., kemst hann að þeirri niðurstöðu að ákvæðið samrýmist ekki lögunum og að nauðsynlegt sé að breyta annaðhvort lögum um skipan opinberra framkvæmda eða umræddu ákvæði reglugerðarinnar.

Varðandi viðbrögð ráðuneytisins við álitinu er vísað til svars við næstu spurningu.

2. *Hefur ákvæðum reglugerðar nr. 715/2001 verið breytt í kjölfar fyrrgreindra athugasemda efnahags- og viðskiptanefndar? Ef svo er ekki, hver er ástæða þess?*

Eftir að ráðuneytinu barst framangreind álitsgerð var tekin sú ákvörðun í ráðuneytinu að breyta reglugerðinni á þá leið að 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. hennar sem undanskilur almennt og reglubundið viðhald sem ekki felur í sér breytingu á mannvirki var felld brott, sbr. reglugerð nr. 834/2002. Um almennt og reglubundið viðhald fer því nú með sama hætti og áður en reglugerðin tók gildi.

3. *Hve mörg eru viðhaldsverkefni á vegum ríkisins á þessu ári og hvað kosta þau? Hve mörg þeirra teljast almennt og reglubundið viðhald þar sem kostnaður ríkisins nemur a.m.k. 5 millj. kr. og hver er heildarkostnaður við þau?*

Kostnaður vegna viðhaldsverkefna einstakra mannvirkja getur numið allt frá nokkrum tugum þúsunda til tuga milljóna króna á ári. Mikill fjöldi mannvirkja er í ríkiseigu og er meginreglan að umsjónaraðilar þeirra séu hlutaðeigandi stofnanir eða starfsemi sem nýtir viðkomandi eignir nema umsýslan hafi sérstaklega verið færð til Fasteigna ríkissjóðs sem sjá um viðhald og rekstrarkostnað húsnæðisins og innheimta í staðinn leigu af hlutaðeigandi stofnun til að standa undir framangreindum kostnaði. Ákvarðanir er varða almennt viðhald og rekstrarkostnað mannvirkjanna eru í höndum viðkomandi umsjónaraðila enda séu fjárheimildir fyrir hendi.

Fjárheimildir til alls viðhalds á þessu ári nema samtals um 5.735 millj. kr. Í þeim fjárheimildum er að finna allt viðhald ríkisins jafnt á húsbyggingum sem öðrum mannvirkjum, vegum og vegamannvirkjum, skipum, flugvélum, búnaði og tækjum. Fjárveitingarnar skiptast niður á stofnanir og verkefni með eftirfarandi hætti:

	Millj. kr.
Vegagerð	4.234
Fasteignir ríkissjóðs	695
Sjúkrahús og sjúkrastofnanir	340
Háskólar og háskólastofnanir	141
Landhelgisgæslan	65
Hafrannsóknastofnunin	65
Framhaldsskólar	50
Alþingi	24
Sendiráð	16
Flugmálastjórn, Keflavík	15
Fangelsismálastofnun	10
Fasteignir ráðuneyta	10
Skógrækt ríkisins	6
Landgræðsla ríkisins	5
Garðyrkjuskóli ríkisins	5
Hólaskóli	4
Aðrar stofnanir	50
Samtals	**5.735**

Ráðuneytið hefur ekki yfir að ráða upplýsingum um sundurliðaðan kostnað einstakra stofnana við framangreind viðhaldsverkefni fyrir yfirstandandi ár eða hvernig fjárhæðirnar skiptast niður á einstök verkefni. Af þessum sökum hefur ráðuneytið ekki heldur upplýsingar um hve stór hluti kostnaðarins teljist almennt og reglubundið viðhald mannvirkja. Þó liggur fyrir að viðhaldskostnaður Fasteigna ríkissjóðs sem sjá um umsýslu og viðhald á stærstum hluta af almennu skrifstofuhúsnæði í eigu ríkisins ásamt flestum fasteignum framhaldsskóla, skattstofa, lögreglustöðva, dómstóla og sýslumannsembætta er eins og fram kemur í töflunni um 700 millj. kr. Af þeim verkefnum sem unnið er að á þessu ári eru um 34 viðhaldsverkefni

sem stofnunin hefur talið almennt og reglubundið viðhald og eru stærri en 5 millj. kr. hvert. Kostnaður vegna þeirra verkefna nemur samtals um 309 millj. kr.

4. *Hvernig hefur framkvæmdum við viðhaldsverkefni verið háttað á þessu ári og hefur ákvæðum laganna verið beitt um almennt og reglubundið viðhald mannvirkja þar sem áætlaður kostnaður ríkisins nemur a.m.k. 5 millj. kr., eins og efnahags- og viðskiptanefnd telur rétt að gert verði, sbr. fyrrnefnt bréf nefndarinnar til ráðherra?*

Framkvæmdaáætlun Fasteigna ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár var lögð fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir við upphaf ársins. Framkvæmdin að öðru leyti frá setningu reglugerðar nr. 715/2001, um skipulag opinberra framkvæmda, hefur verið á þá leið sem mælt var fyrir um í reglugerðinni. Í því felst að ekki hefur verið talið að umsýsluaðilar hlutaðeigandi eigna hafi þurft að fara eftir þeim málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í lögunum og reglugerðinni enda séu fjármunir til framkvæmdanna fyrir hendi og þær teljist almennt og reglubundið viðhald sem feli ekki í sér breytingu mannvirkis.

Eftir að reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda var breytt á þá leið að 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. hennar var felldur brott teljast allar framkvæmdir sem eru yfir 5 millj. kr. fjárhæðarmörkum vera opinberar framkvæmdir í skilningi laga um skipan opinberra framkvæmda og reglugerðarinnar.

648. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/2002, um póstþjónustu.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn gagnrýnir þá stefnu ríkisstjórnarinnar, sem fram kemur í frumvarpinu, að fella niður í þrepum einkarétt og þar með ábyrgð ríkisins á póstþjónustu í landinu. Póstþjónusta er samfélagsþjónusta sem ríkinu ber að sjá um og tryggja. Ljóst er að gangi áætlanir ríkisstjórnarinnar um einka- og samkeppnisvæðingu póstþjónustunnar eftir mun þjónustan í dreifðum byggðum landsins dragast enn meira saman en orðið er.

Þótt frumvarpið láti lítið yfir sér er þar tekið enn eitt skref í einkavæðingu póstþjónustunnar og jafnframt dregið úr þeirri samábyrgð sem þjónustan grundvallast á.

Alþingi, 3. des. 2002.

Jón Bjarnason.

649. Nefndarálit [441. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson, Óskar Pál Óskarsson, Guðjón Bragason, Inga Val Jóhannsson og Garðar Jónsson frá félagsmálaráðuneyti, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Önnu Skúladóttur frá Reykjavíkurborg og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra Akureyrarbæjar.

Frumvarpið byggist annars vegar á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga, dags. 4. desember sl., um breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila og hins vegar á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 14. febrúar 2001 til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en kaflinn fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í skýrslu nefndarinnar frá 24. september 2002 eru tilgreind þau markmið sem nefndin hafði að leiðarljósi við endurskoðun á starfsemi Jöfnunarsjóðs. Þau voru einkum eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að gera aðferðir við útreikning og úthlutun framlaga almennari en nú er. Í öðru lagi að stilla framlögum sjóðsins upp á nýjan og aðgengilegri hátt þannig að betri yfirsýn fáist yfir hlutverk og framlög sjóðsins. Í þriðja lagi að gera nauðsynlegar breytingar á tilteknum reglum sjóðsins til þess að mæta breyttum forsendum. Í fjórða lagi að tryggja réttláta jöfnun meðal sveitarfélaga. Í fimmta lagi að styrkja enn frekar hlutverk sjóðsins í tengslum við sameiningu sveitarfélaga.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 8. gr. gildandi laga byggjast á niðurstöðum viðræðna milli fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila, sbr. framangreint samkomulag. Verði frumvarpið að lögum er gert er ráð fyrir að framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki töluvert frá því sem verið hefur en við gerð samkomulagsins og í forsendum sem lagðar voru til grundvallar hafa aðilar sameiginlega lagt áherslu á eftirfarandi:

a. Að árlegt framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja hækki frá 1. janúar 2003 um 164 millj. kr., úr 0,64% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum í 0,72%. Framlagið verður hluti af framlagi ríkisins til sjóðsins skv. a-lið 8. gr. og fellur því e-liður sömu greinar brott.
b. Að árlegt framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem ráðstafað er til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta hækki um 220 millj. kr. Framlagið verður hluti af framlagi ríkisins til sjóðsins skv. a-lið 8. gr. og fellur því brott ákvæði 3. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997.
c. Að ríkið yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Aðilar eru jafnframt sammála um að áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaga sem ríkið yfirtekur samkvæmt þessum lið nemi að meðaltali 100 millj. kr. Framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. a-lið 8. gr., lækkar til samræmis við það.
d. Að vegna breyttrar framsetningar ríkistekna í fjárlögum og ríkisreikningi verði gerðar breytingar á stofni til útreiknings framlaga ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Í stað þess að framlögin séu reiknuð sem hlutfall

af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum verði þau framvegis ákvörðuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Í samræmi við samkomulagið verður framlag skv. a-lið 8. gr. 2,12% frá og með 1. janúar 2003.

Samkomulagið felur jafnframt í sér skilgreint tilraunaverkefni um mat á áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðardraga á fjárhag sveitarfélaga og aukið samráð ríkis og sveitarfélaga um kjaramál. Þessir þættir kalla á hinn bóginn ekki á lagabreytingu.

Ýmsar breytingar eru gerðar á framlögum Jöfnunarsjóðs. En samkvæmt frumvarpinu er þeim nú skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla en þar er um nýmæli að ræða. Til sérstakra framlaga skv. d-lið 1. gr. (11. gr.) frumvarpsins teljast nú stofnkostnaðarframlög, framlög vegna fasteignaskatts og húsaleigubóta. Í tengslum við samkomulagið eru lagðar til breytingar á greininni þannig að auknum hlut af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði ráðstafað annars vegar til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti og hins vegar til greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum en ákvæði laga um framlag ríkisins í lögum um húsaleigubætur eru felld brott með frumvarpi til breytinga á þeim lögum og í staðinn er framlag úr ríkissjóði skv. a-lið 8. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga hækkað. Jafnframt er gerð sú breyting að framlagið nemi ákveðinni prósentuhækkun af innheimtum tekjum ríkissjóðs í stað ákveðinnar vísitölutengdrar fjárhæðar. Þá eru stofnframlög til sveitarfélaga með innan við 2000 íbúa felld niður en samkvæmt skýrslu nefndarinnar hefur umsóknum um þessi framlög fækkað mjög undanfarin ár og ljóst að sveitarfélögin eru komin í viðunandi stöðu varðandi þessar stofnframkvæmdir.

Hvað varðar úthlutun úr sjóðnum bendir nefndin á eftirfarandi nýmæli. Í fyrsta lagi er lagt til í frumvarpinu að aðstoð sjóðsins geti nú varað í allt að fimm ár til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að bætt verði við 11. gr. takmarkaðri heimild til að veita framlög til sérstakra verkefna eða til að bregðast við sérstökum aðstæðum. Í þriðja lagi er tekið upp nýtt heiti, útgjaldajöfnunarframlög, en þeim skal varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem hafa áhrif á útgjaldaþörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl. Loks er tekið upp nýtt viðmið í tengslum við rekstur grunnskóla sem felst m.a. í því að sérstakt tillit er tekið til fjölda fatlaðra barna og innflytjenda.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í samræmi við áðurnefnda skýrslu nefndar um endurskoðun III. kafla tekjustofnalaga sveitarfélaga er fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og varða ýmsa þætti í rekstri sjóðsins.

Við umfjöllun nefndarinnar um úthlutun á sérstökum framlögum vegna húsaleigubóta var nefndinni bent á að gert væri ráð fyrir að 2,12% framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. næmi 4,8–4,9 milljörðum kr. á árinu 2003 og þar af næmi framlag vegna greiðslu húsaleigubóta u.þ.b. 555 millj. kr. eða um 11,5% af heildarframlagi. Því telur nefndin eðlilegt að hluti tekna jöfnunarsjóðs sem ráðstafað verður til sveitarfélaga vegna greiðslu húsaleigubóta geti numið samsvarandi fjárhæð eða allt að 11,5%.

Loks bendir nefndin á umfjöllun í skýrslunni um jöfnunarkerfi sveitarfélaga á Norðurlöndum. Samanburðurinn leiddi í ljós að tilgangur kerfanna er sá sami, þ.e. að skapa sveitarfélögunum sem jöfnust tækifæri til að þjóna íbúum sínum en landfræðilegir þættir, fólksfjöldi, stærð sveitarfélaga og hlutfall dreifbýlis og þéttbýlis innan þeirra hafa haft mikil áhrif á mótun viðhorfa til jöfnunaraðgerða á Norðurlöndunum. Þá kom í ljós að annars staðar á Norðurlöndum fæst hærra hlutfall heildartekna sveitarfélaga um jöfnunarkerfi ríkisins en hér á landi þar sem hlutfall af heildartekjum sveitarfélaga, þ.e. tekjur af eigin skattstofnum og

þjónustugjöldum, er hærra hér en þekkist annars staðar á Norðurlöndum. Þannig virðist hlutverk jöfnunar- eða tekjutilfærslukerfis vera minna hér á landi en annars staðar þrátt fyrir þá staðreynd að sveitarfélög hér eru mun fámennari og hlutfallslega mun fleiri en annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við d-lið 1. gr. (11. gr.). Í stað orðanna „10%“ í e-lið komi: 11,5%.
2. Við g-lið 1. gr. (14. gr.). Í stað orðanna „III. kafla laga þessara“ komi: þessum kafla.
3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
   Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 11. gr. laganna falla niður frá og með 1. janúar 2005. Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að brýn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög til framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

650. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Inga Val Jóhannsson og Óskar Pál Óskarsson frá félagsmálaráðuneyti og Guðmund Bjarnason og Einar Jónsson frá Íbúðalánasjóði.

Umsagnir um málið bárust frá Iðnnemasambandi Íslands, Félagsstofnun stúdenta og FÍN – Félagsíbúðum iðnnema.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild til að afskrifa hluta af skuldum félags eða félagasamtaka við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila

enda sé niðurfelling skulda liður í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi. Er frumvarpið m.a. tilkomið út af alvarlegum greiðsluvanda Félagsíbúða iðnnema vegna reksturs þeirra á leiguíbúðum ætluðum námsmönnum.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Pétur H. Blöndal skrifar ekki undir álitið.

Alþingi, 10. des. 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Kristján Pálsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
	Steingrímur J. Sigfússon.	

651. Nefndarálit [440. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson, Óskar Pál Óskarsson, Guðjón Bragason, Inga Val Jóhannsson og Garðar Jónsson frá félagsmálaráðuneyti, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Önnu Skúladóttur frá Reykjavíkurborg og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra Akureyrarbæjar.

Með frumvarpinu er lagt til auk smávægilegra breytinga að núgildandi ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu húsaleigubóta verði felld niður og er það í samræmi við viðræður ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum þeirra. Er í staðinn ætlunin að hækka framlag úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skal ráðstafa hluta af því framlagi til sveitarfélaga vegna greiðslu húsaleigubóta samkvæmt nánari reglum sjóðsins og er breyting þess efnis lögð fram í þingmáli 441, þskj. 602. Þá er lagt til að heimilt verði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að greiða húsaleigubætur þegar leigjandi þarf að búa tímabundið í öðru sveitarfélagi vegna veikinda.

Við umfjöllun nefndarinnar var skýrlega tekið fram að allar breytingar á lögum eða reglugerðum um húsaleigubætur yrðu gerðar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað orðanna „16. hvers greiðslumánaðar“ komi: 16. dag fyrsta greiðslumánaðar.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

652. Breytingartillaga [440. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (3. gr.)
Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Foreldrar sem fara með sameiginlega forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit eiga bæði rétt til bóta vegna barnsins óháð lögheimili þess.

b. (4. gr.)
5. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. um íbúðarhúsnæði hafa eftirtaldir rétt til húsaleigubóta:
1. fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða,
2. námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum eða herbergi með sameiginlegri eldhús- og snyrtiaðstöðu.

653. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um breyt. l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Björnsson frá Íslandsbanka og Sigurð B. Stefánsson frá Starfsmannafélagi Íslandsbanka.

Umsagnir um málið hafa borist frá Landssamtökum lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðum með bakábyrgð banka verði veitt rýmri heimild til þess að ákveða viðmið framreiknings lífeyrisréttinda en lögin gera ráð fyrir.

Þannig geti þeir stuðst við aðrar launavísitölur sem Hagstofa Íslands birtir í stað meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkis eða sveitarfélaga sem kjósa að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli er þó heimilt að breyta viðmiðum sínum vegna töku lífeyris á grundvelli eftirmannsreglu, sbr. reglugerðir sjóðanna, þannig að lífeyrir breytist í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, en lífeyrissjóðum með bakábyrgð banka er heimilt að styðjast við aðrar launavísitölur sem Hagstofa Íslands birtir, enda liggi fyrir samkomulag aðila kjarasamninga viðkomandi sjóðfélaga.

Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason og Árni R. Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Einar K. Guðfinnsson.	Ögmundur Jónasson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.

654. Fyrirspurn [451. mál]

til dómsmálaráðherra um kynferðisbrot.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

1. Hversu margar kærur hafa borist undanfarin 10 ár fyrir brot gegn ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga?
2. Hversu margir dómar féllu á sömu árum fyrir brot gegn þessum ákvæðum?
3. Telur ráðherra ástæðu til þess að þyngja lágmarksrefsingu fyrir kynferðisbrot með hliðsjón af vægum dómum fyrir slík brot þrátt fyrir rúman refsiramma?
4. Telur ráðherra ástæðu til þess að lengja enn frekar fyrningarfrest vegna brota gegn ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga?

Skriflegt svar óskast.

655. Fyrirspurn [452. mál]

til samgönguráðherra um siglingar olíuskipa við Ísland.

Frá Ágústi Einarssyni og Kristjáni L. Möller.

1. Hvaða reglur gilda hérlendis um siglingar og losun vanbúinna olíuskipa, t.d. skipa með einfaldan byrðing?
2. Eru til áætlanir um viðbrögð við því ef olíuskip færist við strendur Íslands? Ef svo er, hverjar eru þessar áætlanir?

656. Frumvarp til laga [453. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Orðin „undir einni stjórn, sbr. 2. mgr. 21. gr.“ í 2. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Orðin „að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 2. málsl. 15. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði.
b. 4., 5. og 6. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Ríkissjóður er eigandi heilsugæslustöðva.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 1. og 4. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús skulu læknaráð og starfsmannaráð vera sameiginleg fyrir alla stofnunina.
c. 6. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva sem gegna a.m.k. hálfu starfi til fimm ára í senn og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr., sbr. og 8. mgr. 30. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr.

5. gr.

22. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Orðin „að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „stjórn“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: framkvæmdastjóri, og sama orð í 2. málsl. sömu málsgreinar fellur brott.
b. 2. málsl. 5. mgr. fellur brott.
c. Orðin „gagnvart stjórn stofnunarinnar“ í 3. málsl. 5. mgr. falla brott.
d. Orðin „að fengnum umsögnum viðkomandi sjúkrahússtjórna“ í 6. mgr. falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Landspítali – háskólasjúkrahús skal vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn spítalans að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig að starfsmannaráð spítalans, sbr. 3. mgr. 32. gr., tilnefnir tvo menn, Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar spítalans samkvæmt stjórnskipulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri spítalans í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

b. 2. og 3. mgr. falla brott.
c. 6. og 7. mgr. orðast svo:

Stefnt skal að því, að framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 5. mgr. 29. gr. og forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss skv. 1. mgr. 30. gr. hafi sérþekkingu á rekstri sjúkrahúsa. Sérstök nefnd metur hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi ráðuneytis og er hann jafnframt formaður, fulltrúi félags forstöðumanna sjúkrahúsa, og skulu þeir skipaðir til fjögurra ára í senn, og fulltrúi viðkomandi sveitarstjórnar eða stjórnarnefndar Landspítala – háskólasjúkrahúss þegar það á við. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ríkisins eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn.

Framkvæmdastjórar skulu gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a.m.k. fjögur ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra sérdeilda sjúkrahúsanna. Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til staðfestingar. Ráðherra staðfestir stjórnskipulag Landspítala – háskólasjúkrahúss að fengnum tillögum stjórnarnefndar og forstjóra.

d. Í stað orðsins „ríkisspítala“ og „3. mgr.“ í 1. málsl. 8. mgr. kemur: Landspítala – háskólasjúkrahúss, og: 5. mgr. 29. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „stjórnarnefnda“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: framkvæmdastjóra.
b. Orðin „sbr. þó 21. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.

c. Í stað orðsins „sjúkrahússtjórn“ í 3. mgr. kemur: framkvæmdastjóra, og orðin „sbr. þó 21. gr.“ í sömu málsgrein falla brott.
d. Orðin „og viðkomandi sjúkrahússtjórnar“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
e. Í stað orðsins „sjúkrahússtjórn“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: framkvæmdastjóra.

10. gr.

Orðin „sem sjúkrahússtjórnir staðfesta“ í 2. mgr. 32. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal framlag ríkissjóðs við byggingu og búnað sjúkrahúsbygginga skv. 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. 24. gr. vera 100%.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Fari fram blönduð starfsemi á sjúkrahúsi, sbr. flokkun sjúkrahúsa í 24. gr. og heilsugæslustöðva í 13. gr., skal skipting kostnaðar fara eftir umfangi hverrar starfsemi. Við skiptingu kostnaðar skal hafa til hliðsjónar stærð húsnæðis og áætlaðan fjölda rýma undir hverja starfsemi fyrir sig. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skiptingu kostnaðar samkvæmt þessari málsgrein.
c. 4. mgr., sem verður 5. mgr., orðast svo:
   Ríkissjóður er eigandi sjúkrahúsbygginga skv. 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. 24. gr. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar að öðrum sjúkrahúsbyggingum í hlutfalli við framlög til þeirra.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 18. gr. og 5. mgr. 34. gr. laganna verða sveitarfélög áfram eigendur þeirra eignarhluta í heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsbyggingum skv. 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. 24. gr. sem þau áttu fyrir 31. desember 2002. Sveitarfélög geta ekki krafist innlausnar á 15% eignarhluta sínum nema afnotum eignanna í þágu heilbrigðisþjónustu ljúki. Í þeim tilvikum skulu ríki og viðkomandi sveitarfélög ráðstafa slíkum fasteignum sameiginlega að teknu tilliti til endurmetinna eignarhlutfalla. Við slíkt endurmat skal tekið tillit til nýframkvæmda og lagt til grundvallar að eignarhluti sveitarfélaga í umræddum fasteignum afskrifist á 15 árum í jöfnum árlegum áföngum.

II.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I geta sveitarfélög ekki krafist innlausnar á 15% eignarhluta sínum í íbúðarhúsnæði sem telst hluti heilsugæslustöðva, sbr. 2. mgr. 18. gr., ef annað íbúðarhúsnæði fyrir sömu heilbrigðisstarfsmenn er keypt eða byggt í viðkomandi sveitarfélagi í stað þess sem fyrir var. Í slíkum tilvikum skal eignarhluti sveitarfélagsins endurmetinn og mynda nýjan eignarhlut í nýja húsnæðinu.

III.

Kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði bygginga og búnaðar er um ræðir í 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. 24. gr. og 18. gr. og ríkissjóður tekur yfir, sbr. 3. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 18. gr., og eru á framkvæmdastigi við gildistöku laga þessara, skal taka mið af stöðu framkvæmda þann 31. desember 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 4. desember 2002. Samkomulagið er undirritað í framhaldi af viðræðum um ýmis samskiptamál ríkis og sveitarfélaga á grundvelli yfirlýsingar þessara aðila frá 28. desember 2001. Í 3. tölul. samkomulagsins kemur fram að aðilar séu sammála um að ríkið yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Sveitarfélög skulu þó áfram láta í té lóðir undir framangreindar sjúkrahúsbyggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda í samræmi við núgildandi ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Sveitarfélögin verði áfram eigendur núverandi eignarhluta sinna í heilsugæslustöðvum og framangreindum flokkum sjúkrahúsa, en taki ekki þátt í viðhaldskostnaði þeirra eða nýframkvæmdum við þau. Sveitarfélögin geta ekki krafist innlausnar á 15% eignarhluta sínum nema afnotum umræddra fasteigna í þágu heilbrigðisþjónustu ljúki, en þá skuli ríki og viðkomandi sveitarfélög ráðstafa slíkum fasteignum sameiginlega að teknu tilliti til endurmetinna eignarhlutfalla. Við slíkt endurmat skal tekið tillit til nýframkvæmda og lagt til grundvallar að eignarhluti sveitarfélaga í umræddum fasteignum afskrifist á 15 árum í jöfnum árlegum áföngum. Þetta gildir þó ekki um íbúðarhúsnæði það sem telst hluti heilsugæslustöðva samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu ef annað íbúðarhúsnæði fyrir sömu heilbrigðisstarfsmenn er keypt eða byggt í viðkomandi sveitarfélagi í stað þess sem fyrir var, en þá skal endurmetinn eignarhluti sveitarfélagsins mynda hlutfallslegan eignarhlut í nýja húsnæðinu.

Í samkomulaginu kemur fram að samhliða fyrrgreindum breytingum falli brott núverandi aðild sveitarfélaga að stjórnum heilsugæslustöðva og umræddra flokka sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Ákvæði laganna um hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum haldast óbreytt að því er varðar aðra flokka sjúkrahúsa. Fari fram blönduð starfsemi á sjúkrahúsi skal kostnaðarhlutdeild ríkis og sveitarfélaga ráðast af umfangi starfseminnar í hverju tilviki. Skal þá höfð til hliðsjónar stærð húsnæðis og áætlaður fjöldi rýma undir hverja starfsemi um sig.

Þá eru aðilar sammála um að áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaga sem ríkið yfirtekur nemi að meðaltali 100 m.kr. Jafngildi það 0,05% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum. Lækkar framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til samræmis við það.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að breytingarnar gildi frá 1. janúar 2003.

Samkvæmt núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu skipar ráðherra fimm manna stjórnir heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa og eru þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn af starfsmönnum viðkomandi stofnunar og einn án tilnefningar. Í samræmi við framangreint samkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að stjórnir framangreindra stofnana verði lagðar niður. Er það í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 70/1996, um rétt-

indi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þar sem valdsvið og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana hefur verið aukið og vald og ábyrgð stjórna ríkisstofnana að sama skapi minnkað. Skv. 38. gr. starfsmannalaganna ber forstöðumaður ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og getur hann þurft að sæta áminningu eða lausn frá störfum ef út af bregður. Forstöðumenn ríkisstofnana eru skipaðir af ráðherra og bera því ábyrgð gagnvart honum. Forstöðumenn ráða aðra starfsmenn stofnunar. Það eru því forstöðumenn en ekki stjórnir sem taka ákvörðun um ráðningu starfsmanna, áminningu þeirra eða uppsögn og jafnframt ber forstöðumaður ábyrgð á þeim ákvörðunum.

Einnig er ákvörðun um að leggja framangreindar stjórnir niður í samræmi við álit nefndar sem fjármálaráðherra skipaði í byrjun árs 2000 til að gera úttekt á ákvæðum laga um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana. Í tillögum nefndarinnar er m.a. lagt til að ríkisstofnanir hafi ekki eiginlegar stjórnir. Jafnframt segir í formála skýrslu nefndarinnar að meginniðurstaða hennar hvað varðar ábyrgð, valdsvið og stjórnunarábyrgð forstöðumanna sé að verulegt misræmi sé milli ákvæða almennra laga, einkum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og þeirra fjölmörgu sérlaga sem fjalla um stjórnun stofnana. Einnig sé mikið misræmi á milli hinna ýmsu sérlaga hvað ákvæði um stjórnun stofnana varðar. Stjórnsýslustaða stofnana, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna séu oft óljós og af því leiðir að oft er óljóst hver ber ábyrgð á rekstri stofnunar.

Með frumvarpinu er ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu breytt í samræmi við framangreint samkomulag ríkis og sveitarfélaga og jafnframt er heitinu ríkisspítalar breytt og í stað þess sett Landspítali – háskólasjúkrahús.

Í c-lið 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarstjórn eigi fulltrúa í nefnd sem metur hæfi umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Kemur fulltrúi sveitarstjórnar í stað fulltrúa stjórnar viðkomandi sjúkrahúss.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er felldur út texti um að heilsugæslustöð og sjúkrahús skuli rekin undir einni stjórn og tilvísun til 2. mgr. 21. gr. laganna þar sem kveðið er á um stjórnir er felld brott, sbr. athugasemdir við 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni eru felld út ákvæði um að samráð skuli haft við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga þegar ákvæði eru sett í reglugerð um fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra.

Um 3. gr.

Í a-lið greinarinnar er ákvæðum 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna breytt en þar er fjallað um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna heilsugæslustöðva. Felldur er brott 15% greiðsluhlutur sveitarfélaga og gert ráð fyrir að kostnaðurinn greiðist alfarið úr ríkissjóði. Þá eru 4., 5. og 6. málsl. 1. mgr. 18. gr. felldir brott í b-lið þar sem þeir hafa ekki lengur þýðingu þegar ríkið greiðir allan kostnað við byggingu, búnað og rekstur heilsugæslustöðva.

Í c-lið greinarinnar er ákvæðum 3. mgr. 18. gr. laganna sem fjallar um eigendur heilsugæslustöðva breytt. Í samkomulagi um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og

sveitarfélaga segir að sveitarfélögin verði áfram eigendur núverandi eignarhluta síns í heilsugæslustöðvum en taki ekki þátt í viðhaldskostnaði þeirra eða nýframkvæmdum við þær. Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er að finna nánari skýringar á því hvernig skuli fara með 15% eignarhluta sveitarfélaga eftir 31. desember 2002.

Um 4. og 5. gr.

Í 21. gr. laganna er fjallað um skipan stjórna heilsugæslustöðva og gerir a-liður 4. gr. ráð fyrir að ákvæði 1. mgr. um skipan stjórnanna verði felld brott. Er vísað til almennra athugasemda um frumvarpið um ástæður þess.

Í 2. mgr. 21. gr. laganna eru sérákvæði um hlutverk stjórna þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús. Þau ákvæði eru felld brott en ákvæði um að læknaráð og starfsmannaráð skuli vera sameiginleg fyrir alla stofnunina eru óbreytt.

Í 6. mgr. 21. gr. laganna eru ákvæði um að ráðherra skipi framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva sem gegna fullu starfi. Hér er lagt til að ákvæðið taki til framkvæmdastjóra í a.m.k. hálfu starfi.

Í 5. gr. er lagt til að ákvæði 22. gr. laganna verði felld brott, en þar segir að þar sem ekki sé skipaður framkvæmdastjóri í fullt starf ráði stjórnir heilsugæslustöðva starfslið stöðvanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi framkvæmdastjóra sem séu í a.m.k. hálfu starfi. Stefnt er að því að öllum heilsugæslustöðvum verði stjórnað af framkvæmdastjórum sem séu í a.m.k. hálfu starfi. Þar sem ekki er grundvöllur til þess að ráða framkvæmdastjóra í hálft starf verði sama framkvæmdastjóra falið að stýra fleiri en einni heilsugæslustöð eða heilsugæslustöðvar sameinaðar þar sem það er talið fært.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 24. gr. laganna er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið slíka sameiningu án samráðs og er það talið eðlilegt í ljósi samkomulags um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga en þar er gert ráð fyrir að ríkið beri kostnað af sjúkrastofnunum að öllu leyti.

Um 7. gr.

Í 29. gr. laganna eru ákvæði um skipulag og starfsmannahald á sjúkrahúsum. Í a-lið greinarinnar er 3. mgr. 29. gr. laganna breytt og verkefni stjórnar falið framkvæmdastjóra. Þá eru ákvæði þar sem vísað er til stjórnar felld brott.

Um 8. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ákvæði 30. gr. laganna um stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss séu óbreytt að öðru leyti en því að orðinu ríkisspítalar er breytt í Landspítali – háskólasjúkrahús og orðalag er lagfært.

Í b-lið greinarinnar eru 2. og 3. mgr. 30. gr. laganna felldar brott. Ákvæði 2. mgr. fjalla um stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar og er orðið úrelt í ljósi þess að sjúkrahúsið er nú í eigu ríkisins. Í 3. mgr. er fjallað um stjórnir annarra sjúkrahúsa en Landspítala – háskólasjúkrahúss, sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar og einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana. Gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvæði 3. mgr. um stjórnir séu felld brott og er vísað til almennra athugasemda til skýringa á því. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði 4. mgr. um stjórnir einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana verði óbreytt.

Í c-lið greinarinnar er kveðið á um breytingar á 6. og 7. mgr. 30. gr. laganna. Orðinu ríkisspítalar er breytt í Landspítali – háskólasjúkrahús og gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarstjórn eigi fulltrúa í nefnd sem metur hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa í stað stjórna sjúkrahúsa. Þá eru ákvæði um skyldu til að fá tillögur frá stjórn sjúkrahúsa þegar ráðherra skipar framkvæmdastjóra sjúkrahúsa ríkisins felld brott.

Með breytingu á 7. mgr. er framkvæmdastjóra falið að gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra í stað sjúkrahússtjórna. Þá er fellt brott ákvæði um að áætlanir þessar skuli sendar heilbrigðisráðum en þau voru lögð niður með lögum nr. 93/2002, um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl. Þá er orðinu ríkisspítalar breytt í Landspítali – háskólasjúkrahús.

Í d-lið greinarinnar er orðinu ríkisspítala breytt í Landspítala – háskólasjúkrahús og röng tilvísun í 3. mgr. leiðrétt þannig að tilvísun verður í 5. mgr. 29. gr.

Um 9. gr.

Í a-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að umsögn nefndar sem metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga og lækna heilsugæslustöðva sé send framkvæmdastjóra viðkomandi sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar í stað stjórna þessara stofnana.

Í b-lið greinarinnar er felld brott tilvísun í 21. gr. en frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði 21. gr. um stjórnir falli brott.

Í c-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skuli ráðnir af viðkomandi framkvæmdastjóra í stað sjúkrahússtjórnar og að tilvísun í 21. gr. falli brott.

Í d-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að felld sé brott sú skylda að leita umsagnar sjúkrahússtjórnar þegar hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins eru ráðnir. Þá er í e-lið gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri ráði hjúkrunarforstjóra annarra sjúkrahúsa í stað sjúkrahússstjórnar.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að brott falli ákvæði 2. mgr. 32. gr. um að sjúkrahússtjórnir staðfesti starfsreglur læknaráðs.

Um 11. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæðum 3. og 4. mgr. 34. gr. laganna sé breytt í samræmi við samkomulag um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Kostnaður við byggingu og búnað sjúkrahúsa skv. 1., 2., og 3. tölul. 24. gr. laganna greiðist framvegis úr ríkissjóði og ríkissjóður verður eigandi þeirra sjúkrabygginga, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Fari fram blönduð starfsemi á sjúkrahúsi, sbr. flokkun sjúkrahúsa í 24. gr., skal skipting kostnaðar fara eftir umfangi hverrar starfsemi. Við skiptingu kostnaðar skal hafa til hliðsjónar stærð húsnæðis og áætlaðan fjölda rýma undir hverja starfsemi fyrir sig. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um skiptingu kostnaðar samkvæmt framangreindu.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða I og II þarfnast ekki skýringa.

Í ákvæði til bráðabirgða III kemur fram að kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði vegna bygginga og búnaðar, sem um er fjallað í 1.–3. tölul. 24. gr. og 18. gr. og ríkissjóður

tekur yfir, og eru á framkvæmdastigi við gildistöku laga þessara, skuli taka mið af stöðu framkvæmda 31. desember 2002. Kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna verður með öðrum orðum metin út frá verkstöðu við það tímamark óháð greiðslustöðu samningsaðila við verkið. Skipting kostnaðar við framkvæmdir sem lokið er fyrir framangreint tímamark verður í samræmi við gerða samninga og lög eins og þau hljóðuðu fyrir gildistöku laga þessara.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila sem undirritað var 4. desember sl. Í samræmi við samkomulagið gerir frumvarpið ráð fyrir að frá og með næstu áramótum falli niður kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa svo og deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að árlegur kostnaður sveitarfélaga sem ríkið yfirtekur nemi að meðaltali 100 m.kr. sem jafngildir 0,05% af innheimtum skatttekjum ríkisins af beinum og óbeinum sköttum. Verði frumvarpið að lögum tekur ríkissjóður yfir hlut sveitarfélaganna í stofnkostnaði fyrrnefndra sjúkrahúsa miðað við verkstöðu við gildistöku laganna. Á móti lækkar framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til samræmis.

Samhliða fyrrgreindum breytingum gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvæði um stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa falli brott úr lögunum í framhaldi af samkomulaginu. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin leiði til teljandi lækkunar á útgjöldum stofnananna.

657. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti. Nefndinni barst umsögn frá Sýslumannafélagi Íslands auk ábendingar frá tollstjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, að heimilt verði að gefa Lögbirtingablaðið út á rafrænan hátt og dreifa því á netinu án þess að það breyti þeim réttaráhrifum sem eru bundin birtingu í blaðinu. Þannig mun birting í blaðinu miðast við tilgreindan útgáfudag þegar blaðinu er dreift á netinu með sama hætti og hún er nú miðuð við tilgreindan dag þegar blaðið fer í dreifingu frá prentsmiðju.

Frumvarpið er afrakstur vinnu nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 22. september 2000 til að gera tillögur um framtíðarskipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Vinna nefndarinnar leiddi til þess að frá 1. febrúar sl. hefur Lögbirtingablaðið verið aðgengilegt á netinu á slóðinni www.lagabirting.is samhliða hinni prentuðu útgáfu. Samkvæmt greinargerð sem fylgir frumvarpinu hefur reynslan af útgáfu Lögbirtingablaðsins á netinu verið góð og með henni hefur aðgangur almennings að settum réttarheimildum á netinu batnað til muna. Þá er talið að endurgjaldslaus birting blaðsins á netinu geri það mun aðgengilegra en verið hefur þar sem tæplega 77% landsmanna hafa aðgang að tölvu með nettengingu, sbr. niðurstöður rannsóknar frá 2001. Með þessu mun jafnframt sparast umtalsvert fé og útgáfan verða einfaldari og skilvirkari.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.** Þar sem frumvarpið felur í sér ákveðinn kostnaðarauka fyrir þá sem ekki hafa aðgang að upplýsingum í rafrænu formi leggur nefndin áherslu á að hugað verði að aðgangi almennings að Lögbirtingablaðinu, m.a. í rafrænu formi, á bókasöfnum landsins með vísan til 1. gr. laga nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn. Í þeim lögum kemur m.a. fram að hlutverk bókasafna sé að veita fólki greiðan aðgang að upplýsingum á tölvutæku formi.

Katrín Fjeldsted og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi var samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Kjartan Ólafsson.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Hjálmar Árnason.

Guðjón A. Kristjánsson.

658. Frumvarp til laga [454. mál]

um breytingu á lögum nr. 82 23. maí 2000, um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Guðjón A. Kristjánsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Á eftir 3. tölul. fyrri málsgreinar j-liðar 1. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Eiga eða leigja skip, mönnuð íslenskri áhöfn, ef fyrirtækin hafa sjóflutninga með höndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því á sjöunda áratugnum hafa íslensk skipafélög annast sjóflutninga fyrir bandaríska varnarliðið á Íslandi. Breyting varð á þessu árið 1984 er bandaríska skipafélaginu Rainbow Navigation var úthlutað þessum flutningum óskiptum í krafti bandarískra laga frá 1904 sem kveða á um að bandarísk skip, sem sigla undir bandarískum fána með bandarískri áhöfn, skuli hafa einokun á flutningum á vegum Bandaríkjastjórnar, þar á meðal fyrir Bandaríkjaher. Lög þessi eru jafnan réttlætt með skírskotun til öryggis- og varnarhagsmuna Bandaríkjanna.

Íslensk stjórnvöld vildu ekki una þessari einokun bandarísks skipafélags á varnarliðsflutningunum og kröfðust þess að íslensk skipafélög hefðu jafnan rétt á að keppa um flutningana, á grundvelli efnahags- og öryggishagsmuna íslensku þjóðarinnar. Smæð íslensks markaðar gerði það að verkum að flutningar fyrir varnarliðið væru lykilatriði fyrir öfluga innlenda kaupskipaútgerð sem gæti þjónað efnahags- og öryggishagsmunum þjóðarinnar á hættu- og neyðartímum. Við slíkar aðstæður væri Íslendingum lífsnauðsyn að hafa öflugan kaupskipaflota, en fá ríki eru jafnháð siglingum og Ísland.

Bandaríkjastjórn féllst á þessar röksemdir íslenskra stjórnvalda og haustið 1986 gerðu ríkin með sér milliríkjasamning um að sjóflutningum fyrir varnarliðið skyldi skipt eftir útboð milli íslenskra skipafélaga og bandarískra skipa er sigla undir bandarískum fána og með bandaríska áhöfn. Í samkomulagi sem tengist samningnum segir að það skipafélag sem eigi lægsta tilboð skuli annast allt að 65% flutninganna en það skipafélag sem eigi lægsta tilboð frá hinu landinu skuli fá a.m.k. 35% flutninganna. Í útboðsskilmálum Bandaríkjahers um þessa flutninga eru einnig ákvæði sem uppfylla þarf, svo sem að hugað skuli sérstaklega að fjárhagslegu bolmagni þeirra fyrirtækja sem bjóða í flutningana og hvort þau hafi skipakost til að taka að sér verkefnið.

Hinn 18. september 1998 tilkynntu bandarísk stjórnvöld að flutningasamningnum hefði verið úthlutað til nýstofnaðra skipafélaga sem sérstaklega voru sett á fót til að taka þátt í útboðinu og eru rekin undir einum og sama hatti í Bandaríkjunum, fyrirtækinu Transatlantic Lines Iceland. Atlantsskipum ehf. var úthlutað allt að 65% flutninganna en fyrirtækið Transatlantic Lines LLC í Delaware í Bandaríkjunum hlaut a.m.k. 35% flutninganna. Athugasemdir komu fram við flutningadeild Bandaríkjahers um réttmæti niðurstöðu útboðsins sem byggðust á eftirfarandi atriðum: Ekki hefði verið farið eftir ákvæðum milliríkjasamningsins frá 1986 og samkomulagsins sem honum tengdist um skiptinguna milli íslenskra og bandarískra skipafélaga. Ekki hefði verið fylgt ákvæðum í útboðsreglum Bandaríkjahers varðandi skilyrði um fjárhagslega burði og ábyrgð flutningsaðila. Ekki hefði verið uppfyllt skilyrði í útboði Bandaríkjahers um að flutningsaðili hafi tryggt yfirráð yfir skipi til að annast flutningana. Athugasemdirnar byggðust þannig á milliríkjasamningnum frá 1986, samkomulagi því sem fylgir samningnum og þeim útboðsgögnum sem flutningadeild Bandaríkjahers lagði fram við útboðið. Meðal gagna sem Transatlantic-fyrirtækin sendu flutningadeild Bandaríkjahers var bréf þar sem skýrt kemur fram að meiri hluti Transatlantic Lines Iceland er í eigu bandarískra aðila. Ráðandi hlutur er í eigu bandaríska skipafélagsins American Automar sem jafnframt er meirihlutaeigandi í bandaríska fyrirtækinu Transatlantic Lines. Félagið sem skráð er á Íslandi og hlaut flutningssamninginn árið 1998 er því að meiri hluta í eigu Bandaríkjamanna, fjármagnað af þeim og stjórnað frá Bandaríkjunum.

Niðurstaða útboðsins 1998 var með öðrum orðum sú að bandarísku fyrirtæki tókst að verða sér úti um hvort tveggja, íslenska og bandaríska hluta flutninganna. Því voru allir flutningarnir aftur komnir í hendur bandarískra aðila eins og var á árunum 1984–86 áður en milli-

ríkjasamningur Íslands og Bandaríkjanna var gerður með það að markmiði að tryggja þátttöku íslenskra skipafélaga í þessum flutningum.

Nú er íslenski hluti sjóflutninganna fluttur með hollensku skipi með rússneskri áhöfn en bandarískí hlutinn er fluttur með bandarísku skipi undir bandarískum fána og bandarískri áhöfn. Til að tryggja jafnræði á milli þessara ríkja er þetta frumvarp flutt.

Þótt ekki væri óeðlilegt að sams konar ákvæði giltu um íslenska hluta sjóflutninganna og þann bandaríska, þ.e. íslensk skip undir íslenskum fána og með íslenskri áhöfn, nær tillagan um þessa lagabreytingu aðeins til þess síðasttalda. Er það gert í ljósi þeirra miklu breytinga sem sífellt verða á hinum „íslenska“ kaupskipaflota.

Nú háttar svo til að aðeins eitt lítið kaupskip er skráð á Íslandi sem hlýtur að valda vissum áhyggjum, einkum ef litið er til áðurnefndra röksemda íslenskra stjórnvalda um að Íslendingum sé lífsnauðsyn að hafa öflugan kaupskipaflota, en fá ríki séu jafnháð siglingum og Ísland.

Miklar breytingar hafa orðið á þeim kaupskipaflota sem nú er í leigusiglingum fyrir íslenskar útgerðir. Skipin eru stærri og færri en áður og hefur það leitt til verulegrar fækkunar í íslenskri farmannastétt og um leið fækkunar nemenda í Sjómannaskólanum. Hin erlendu leiguskip íslenskra útgerða eru ýmist alfarið mönnuð íslenskum sjómönnum (skip í svokallaðri þurrleigu) eða erlendum sjómönnum (skip í svokallaðri tímaleigu).

Flutningsmenn telja að með þessari lagabreytingu sé stigið skref í átt til eflingar íslenskri farmannastétt og íslenskri kaupskipaútgerð.

659. Frumvarp til laga [324. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

3. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins, enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi. Sama gildir um happdrætti sem starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stjórnvöldum á hinu Evrópska efnahagssvæði, að sömu skilyrðum fullnægðum.

2. gr.

Í stað orðsins „átta“ í 8. tölul. 31. gr. laganna kemur: tíu.

3. gr.

Orðin „framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum“ í 5. tölul. 52. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Fjármálaráðherra setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald að fengnum tillögum ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: fjármálaráðherra.

5. gr.

Í stað „320.616 kr.“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 321.900 kr.

6. gr.

Í stað orðanna „undir 12 rúmlestum brúttó“ í 5. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: undir 20 brúttótonnum.

7. gr.

Á eftir 3. mgr. 90. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Framtals- og skattlagningarstaður félaga sem eru samsköttuð skv. 57. gr. B skal vera í því umdæmi þar sem móðurfélag er. Skattstjóra í því umdæmi skal heimilt að breyta framtölum hinna samsköttuðu félaga skv. 95. og 96. gr., sbr. 97. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað og ákveða annan framtals- eða skattlagningarstað þegar skattaðilar flytjast á milli skattumdæma.

8. gr.

Á eftir orðinu „afurðum“ í 5. mgr. 92. gr. laganna kemur: kaup og sölu á skráningarskyldum ökutækjum.

9. gr.

Við 1. mgr. 102. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fjármálaráðherra getur ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Skattstjóri sem fer með skatteftirlit í öðru skattumdæmi en sínu eigin skal annast skattbreytingar sem leiðir af eftirlitsstörfum hans í umboði viðkomandi skattstjóra.

10. gr.

Á eftir orðunum „við upphaf rannsóknar“ í 6. mgr. 108. gr. laganna kemur: á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins.

11. gr.

1. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum, sbr. þó 4. mgr., og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. 1. mgr. 93. gr. Við skiptingu fyrirframgreiðslu og eftirstöðva álagningar á gjalddaga skv. 2. og 4. mgr. skal þó við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

13. gr.

116. gr. laganna orðast svo:

Í upphafi hvers árs skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2003 skal árið 2004 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 4.089.450 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 8.178.900 kr. skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 4.089.450 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 4.089.450 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2004 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 2003. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2003 vegna tekna á árinu 2002 umfram 4.089.450 kr. hjá einstaklingi og umfram 8.178.900 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 5. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst til og með desember 2003. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 5. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal bæta 2,5% álagi við mismuninn.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 8. tölul. 31. gr. laganna er einungis heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í rekstri á árinu 1994 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstrarársins 2003.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi.

660. Frumvarp til laga [215. mál]

um fjármálafyrirtæki.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um innlend fjármálafyrirtæki og um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi. Með fjármálafyrirtæki er í lögum þessum átt við fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr.

II. KAFLI
Starfsleyfi.
A. Veiting starfsleyfis.

2. gr.

Starfsleyfisveitandi.

Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Fjármálafyrirtæki er heimilt að hefja starfsemi þegar það hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

3. gr.

Leyfisskyld starfsemi.

Eftirtalin starfsemi er starfsleyfisskyld samkvæmt lögum þessum:

1. Móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi:
   a. Innlán.
   b. Skuldaviðurkenningar.
2. Veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.
3. Eignaleiga þegar fyrirtæki hefur slíka starfsemi að meginstarfsemi sinni. Með eignaleigu er átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma.
4. Útgáfa og umsýsla greiðslukorta.
5. Útgáfa og umsýsla rafeyris.
6. Viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti:
   a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
   b. Eignastýring, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.
   c. Sölutrygging í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetning slíkrar útgáfu.
   d. Umsjón með útboði verðbréfa.

7. Rekstur verðbréfasjóða.

Um aðrar starfsheimildir fjármálafyrirtækja fer skv. IV. kafla.

Þrátt fyrir 1. mgr. geta eftirtaldir aðilar sinnt starfsemi skv. a-lið 6. tölul. 1. mgr. án starfsleyfis:

1. Seðlabankar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðrar opinberar stofnanir sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkja.
2. Vátryggingafélög.
3. Lögaðilar sem veita þjónustu fyrir móðurfélög sín, dótturfélög sín eða fyrir önnur dótturfélög móðurfélags síns.
4. Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn og löggiltir endurskoðendur, enda sé þjónustan veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra.
5. Lögaðilar sem veita aðeins þjónustu í tengslum við stjórnun á fjárfestingarsjóðum starfsmanna.
6. Lögaðilar sem mega ekki stunda önnur verðbréfaviðskipti en tilgreind eru í a-lið 6. tölul. 1. mgr. og er eingöngu heimilt að miðla fyrirmælum til fjármálafyrirtækja og útibúa þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu.
7. Aðilar sem hafa aðallega þá starfsemi með höndum að versla með hrávöru sín á milli eða við framleiðendur eða aðila sem nota þessar vörur í atvinnuskyni og veita eingöngu slíkum framleiðendum eða aðilum þjónustu í tengslum við verðbréfaviðskipti og aðeins í þeim mæli sem nauðsynlegt er vegna meginstarfsemi þeirra.

4. gr.

Tegundir starfsleyfa.

Fjármálafyrirtæki getur fengið starfsleyfi sem:

1. Viðskiptabanki skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Viðskiptabanki skal þó ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.
2. Sparisjóður skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sparisjóður skal þó ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.
3. Lánafyrirtæki skv. b-lið 1. tölul. og 2.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Lánafyrirtæki skal ætíð hafa starfsleyfi skv. b-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. Lánafyrirtæki hefur heimild til að kalla sig fjárfestingarbanka.
4. Rafeyrisfyrirtæki skv. 5. tölul. 1. mgr. 3. gr.
5. Verðbréfafyrirtæki skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.
6. Verðbréfamiðlun skv. a-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Verðbréfamiðlun getur fengið heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skv. 26. gr., sbr. 14. gr.
7. Rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. telst vera lánastofnun í skilningi laga þessara.

5. gr.

Umsókn.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Upplýsingar um tegund starfsleyfis sem sótt er um, sbr. 4. gr., leyfisskylda starfsemi, sbr. 1. mgr. 3. gr., og aðra starfsemi sem fyrirhuguð er, sbr. IV. kafla.
2. Samþykktir félags.
3. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt.

4. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
5. Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
6. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur, sbr. VI. kafla.
7. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
8. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár.
9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila, sbr. 18. gr.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

6. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Í starfsleyfi skal koma fram til hvaða tegundar leyfið tekur, sbr. 4. gr., hvaða starfsleyfisskylda starfsemi heimilt er að stunda á grundvelli þess og hvaða aðra starfsemi fyrirhugað er að stunda skv. IV. kafla.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði.

7. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Synjun skal þó alltaf hafa borist umsækjanda tólf mánuðum frá móttöku umsóknar.

8. gr.

Skrá yfir fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir fjármálafyrirtæki og útibú þeirra þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um hlutaðeigandi fyrirtæki. Breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal um fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

B. Afturköllun starfsleyfis.

9. gr.

Ástæður afturköllunar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta:

1. hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. fullnægi fyrirtækið ekki ákvæðum laga þessara um stofnfé, hlutafé, eigið fé eða fjölda stofnfjáreigenda,
3. nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt,
4. fullnægi hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækis ekki þeim hæfisskilyrðum sem fram koma í 42. og 52. gr.,

5. sé um að ræða náin tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila með þeim hætti sem um getur í 18. gr.,
6. hafi verið kveðinn upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla,
7. brjóti fyrirtækið að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal fyrirtækinu veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna fjármálafyrirtæki að stunda tiltekna starfsemi sem því er heimil skv. IV. kafla. Um slíkt bann gilda ákvæði 1. og 2. mgr.

10. gr.

Tilkynning um afturköllun og slit fjármálafyrirtækis.

Afturköllun á starfsleyfi fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

Ef starfsleyfi fjármálafyrirtækis er afturkallað skal fyrirtækinu slitið og fer um slitin samkvæmt ákvæðum XII. kafla.

III. KAFLI
Stofnun og starfsemi.

11. gr.

Búsetuskilyrði stofnenda.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur fjármálafyrirtækja.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Viðskiptaráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

12. gr.

Heiti.

Fjármálafyrirtækjum er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „banki“, „viðskiptabanki“, „fjárfestingarbanki“, „sparisjóður“, „rafeyrisfyrirtæki“, „verðbréfafyrirtæki“, „verðbréfamiðlun“ og „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“, ein sér eða samtengd öðrum orðum, í samræmi við starfsleyfi sitt.

Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlends og innlends fjármálafyrirtækis sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annað fyrirtækjanna verði auðkennt sérstaklega.

Fjármálafyrirtæki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

13. gr.

Rekstrarform.

Fjármálafyrirtæki skal starfa sem hlutafélag. Um rekstrarform sparisjóða gilda ákvæði VIII. kafla.

14. gr.

Hlutafé og stofnfé.

Hlutafé viðskiptabanka og lánafyrirtækis og stofnfé sparisjóðs, sbr. þó 77. gr., skal að lágmarki nema 450 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Hlutafé rafeyrisfyrirtækis skal að lágmarki nema 90 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 1 milljónar evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 730 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfamiðlunar með heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skal að lágmarki nema 11 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 125 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé verðbréfamiðlunar sem ekki hefur heimild til viðskipta fyrir eigin reikning skal að lágmarki nema 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 50 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Hlutafé rekstrarfélags verðbréfasjóða skal að lágmarki nema 11 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 125 þúsunda evra í íslenskum krónum. Hlutafé skal hækka um sem nemur 0,02% af eignum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru umfram 25 milljarða króna en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 250 milljóna evra í íslenskum krónum. Hlutafé skv. 1. og 2. málsl. þarf þó aldrei að nema hærri fjárhæð en 1 milljarði króna eða sem nemur jafnvirði 10 milljóna evra í íslenskum krónum. Með eignum rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal telja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–6. mgr.

Bókfært eigið fé fjármálafyrirtækis má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–6. mgr.

15. gr.

Höfuðstöðvar.

Fjármálafyrirtæki, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

16. gr.

Endurskoðunardeild.

Við fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Ákvæði þetta nær ekki til verðbréfamiðlana og rafeyrisfyrirtækja. Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækisins sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi fjármálafyrirtækja og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrarins, veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá.

17. gr.

Eftirlitskerfi með áhættu.

Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis.

18. gr.

Náin tengsl.

Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með fyrirtækinu af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur, sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit.

Með nánum tengslum er átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast gegnum:

a. viðskiptahagsmuni, þ.e. beint eða óbeint eignarhald á minnst 20% hlutafjár eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis; eða
b. yfirráð, þ.e. tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki.

Þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sömu persónunni með yfirráðatengslum skal einnig litið á það sem náin tengsl milli aðila.

19. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

IV. KAFLI
Starfsheimildir.
A. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki.

20. gr.

Starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja.

Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða getur tekið til eftirfarandi þátta:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
   a. neytendalána,
   b. langtímaveðlána,
   c. kröfukaupa og kaupa skuldaskjala og
   d. viðskiptalána.
3. Fjármögnunarleigu.
4. Greiðslumiðlunar.
5. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, rafeyris, ferðatékka og víxla).
6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
7. Viðskipta fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
   a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
   b. erlendan gjaldeyri,
   c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),

d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
e. verðbréf.

8. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipta sem tengjast slíkum útboðum.
9. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlunar.
11. Stjórnunar og ráðgjafar varðandi samval verðbréfa.
12. Vörslu og ávöxtunar verðbréfa.
13. Upplýsinga um lánstraust (lánshæfi).
14. Útleigu geymsluhólfa.

Starfsemi lánafyrirtækja getur tekið til 1.–14. tölul. 1. mgr. að því undanskildu að lánafyrirtækjum er óheimilt að taka á móti innlánum.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki hafa heimildir til viðskipta með verðbréf skv. 25. gr.

21. gr.

Önnur þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að sinna annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við heimildir þeirra skv. 20. gr.

Auk þjónustu skv. 20. gr. er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar tekur einnig til þess þegar fjármálafyrirtæki á eignarhlut í eða er þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi. Senda skal tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins ef fyrirhugað er að stunda starfsemi samkvæmt þessari málsgrein. Með slíkri tilkynningu skulu fylgja upplýsingar um hina fyrirhuguðu starfsemi sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi. Hafi Fjármálaeftirlitið ekki gert athugasemd við hina fyrirhuguðu starfsemi innan eins mánaðar frá því að fullnægjandi tilkynning berst skal litið svo á að heimilt sé að hefja starfsemina. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að starfsemin sé stunduð í sérstöku félagi, en skal þá tilkynna viðkomandi aðila um þá ákvörðun sína innan fyrrgreinds frests. Sé vanrækt að senda tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein getur Fjármálaeftirlitið bannað starfsemina eða krafist þess að hún sé stunduð í sérstöku félagi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu.

22. gr.

Tímabundin starfsemi og yfirtaka eigna.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að það sé tímabundið og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Tilkynning hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og hagkvæmt er.

23. gr.

Heimildir til vátryggingastarfsemi.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að reka vátryggingafélag í sérstöku félagi.

B. Önnur fjármálafyrirtæki.

24. gr.

Starfsheimildir rafeyrisfyrirtækis.

Starfsemi rafeyrisfyrirtækis tekur til útgáfu og umsýslu rafeyris. Önnur starfsemi rafeyrisfyrirtækis en útgáfa rafeyris er takmörkuð við:

1. náskylda fjármálaþjónustu eða aðra þjónustu, svo sem umsýslu rafeyris með því að annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengjast útgáfu hans og útgáfu og umsýslu annarra greiðslumiðla, að undanskilinni hvers konar lánveitingu, og
2. geymslu gagna frá fyrirtækjum eða hinu opinbera á hinum rafræna miðli sem rafeyrir er geymdur á.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og V. kafla er erlendu rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu hér á landi einungis heimilt að gefa út rafeyri. Sama gildir um innlent rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu erlendis.

25. gr.

Starfsheimildir verðbréfafyrirtækis.

Starfsemi verðbréfafyrirtækis getur tekið til eftirfarandi þátta í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga:

1. Þjónustu:
   a. Móttöku og miðlunar fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmdar slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
   b. Viðskipta með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
   c. Eignastýringar, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.
   d. Sölutryggingar í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetningar slíkrar útgáfu.
   e. Umsjónar með útboði verðbréfa.
2. Viðbótarþjónustu:
   a. Vörslu og stjórnunar í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga.
   b. Öryggisvörslu fjár.
   c. Veitingar lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
   d. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
   e. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
   f. Fjárfestingarráðgjafar varðandi einn eða fleiri fjármálagerning.
   g. Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
   h. Fræðslu um og kynningar á verðbréfaviðskiptum.

26. gr.

Starfsheimildir verðbréfamiðlunar.

Starfsemi verðbréfamiðlunar tekur til milligöngu um kaup eða sölu fjármálagerninga og sérfræðiráðgjöf um verðbréfaviðskipti þar sem endurgjald kemur fyrir. Verðbréfamiðlun er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum viðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma, enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka viðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milligöngu um.

Heildarverðmæti þeirra fjármálagerninga sem verðbréfamiðlun skv. 4. mgr. 14. gr. er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning skal ekki fara yfir 15% af hlutafé skv. 14. gr. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um það innan hvaða tímamarka slík viðskipti eru heimil, svo og um annað sem varðar starfsheimildir verðbréfamiðlunar samkvæmt þessari grein.

Verðbréfamiðlanir skulu setja tryggingu fyrir tjóni sem þær kunna að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skal setja í reglugerð.

27. gr.

Starfsheimildir rekstrarfélags.

Starfsheimildir rekstrarfélags taka ávallt til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Rekstrarfélagi er einnig heimilt að stunda eftirfarandi starfsemi:

1. Eignastýringu.
2. Fjárfestingarráðgjöf.
3. Vörslu og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu.

Rekstrarfélag með heimildir til eignastýringar skal leita samþykkis viðskiptavinar áður en fjárfest er í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Rekstrarfélagi er óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir því kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa.

C. Eignarhlutir í fyrirtækjum og stórar áhættur.

28. gr.

Hámark virkra eignarhluta.

Fjármálafyrirtæki mega ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði, sem nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Með fyrirtæki tengdu fjármálasviði er átt við fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 2.–12. tölul. 1. mgr. 20. gr.

Samtala virkra eignarhluta skv. 1. mgr. má ekki nema hærri fjárhæð en 60% af eigin fé fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta sem fjármálafyrirtæki hefur eignast má ekki nema hærri fjárhæð en 100% af eigin fé þess. Eignarhlutir sem dregnir skulu frá við útreikning á eigin fé og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar. Tímabundinn eignarhlutur fjármálafyrirtækis í fyrirtæki skv. 22. gr. og eignarhlutir í veltubók skulu ekki teknir með við útreikning skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Heimilt er að eignarhlutir fjármálafyrirtækja fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. eða 1. málsl. 2. mgr., enda sé sú fjárhæð sem umfram er dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi fyrirtækis. Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2.

mgr. skal hærri fjárhæðin af þeim sem umfram eru dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi fyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki skulu gefa Fjármálaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum fjármálafyrirtækjum sem þau hafa eignast eða tekið að veði, sbr. þó 64. gr.

Við útreikning á hlutföllum skv. 1.–2. mgr. og 29. gr. skal taka tillit til framvirkra kaup- og sölusamninga og annarra afleiðusamninga sem fjármálafyrirtæki hefur gert um eigin hlutabréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Til veltubókar teljast fjármálagerningar og hrávara sem fjármálafyrirtæki hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsviðri þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálagerningar sem fjármálafyrirtæki er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast enn fremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiðusamningum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum stofnunar sem myndast vegna viðskipta með fjármálagerninga og hrávörur í veltubók.

29. gr.

Eigin hlutir.

Fjármálafyrirtæki má ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins eiga eða taka að veði eigin hlutabréf sem nemur hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins. Eignist fyrirtækið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutafélagalaga.

Veiti fjármálafyrirtæki í tengslum við hlutafjárútboð lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum fyrir hærri fjárhæð en 5% af nafnverði heildarhlutafjár eða stofnfjár hlutaðeigandi fyrirtækis skulu settar traustar tryggingar fyrir lánum sem eru umfram framangreint hlutfall.

30. gr.

Takmarkanir á stórum áhættum.

Áhætta vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eigin fé fjármálafyrirtækis. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eigin fé en með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eigin fé. Með eigin fé er átt við eigið fé skv. 84. gr.

Með áhættu skv. 1. mgr. er átt við lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhluta og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila, svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu.

Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja.

V. KAFLI
Starfsemi fjármálafyrirtækja á milli landa.
A. Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi.

31. gr.

Útibú fjármálafyrirtækja innan EES.

Erlent fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess. Svissnesk fjármálafyrirtæki geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Með útibúi er átt við starfsstöð sem að lögum er hluti af fjármálafyrirtæki og annast beint, að öllu leyti eða að hluta þá starfsemi sem fram fer hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með hinu erlenda fyrirtæki í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

Ákvæði hlutafélagalaga varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

32. gr.

Þjónusta fjármálafyrirtækis innan EES án stofnunar útibús.

Erlendu fjármálafyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús. Ekki er heimilt að hefja slíka þjónustu fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fyrirtækisins. Heimildir til að veita þjónustu hér á landi erlendis frá samkvæmt þessari grein verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækisins í heimaríki þess. Svissnesk fjármálafyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

33. gr.

Þjónusta eða stofnun útibús hjá fjármálafyrirtæki utan EES.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

34. gr.

Heimildir til að banna starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendu fjármálafyrirtæki að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi fyrirtæki brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot með úrræðum samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun er tekin um bann skv. 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til bráðabirgðaaðgerða ef brýna nauðsyn ber til í því skyni að vernda hagsmuni innlánseigenda, fjárfesta og viðskiptamanna fjármálafyrirtækis.

Málsmeðferð skv. 1. og 2. mgr. fer eftir ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

35. gr.

Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð um heimildir erlendra fjármálafyrirtækja til starfsemi hér á landi og innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um eftirlit með og nánari kröfur til útibúa og umboðsskrifstofa erlendra fjármálafyrirtækja, um heimildir fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði og dótturfélaga fjármálafyrirtækja til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi og um heimildir innlendra fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði til að stunda fjármálastarfsemi erlendis.

B. Starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis.

36. gr.

Tilkynning um stofnun útibús.

Innlend fjármálafyrirtæki, sem hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar um í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú, lýsing á starfsemi útibúsins, skipulagi þess og fyrirhugaðri starfsemi og upplýsingar um heimilisfang útibúsins og nöfn stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum frá því að Fjármálaeftirlitinu bárust upplýsingar skv. 2. mgr. skal það senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda gistiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis upplýsingar um eigið fé fyrirtækisins, gjaldfærni, tryggingar innlána og bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.

Fjármálaeftirlitið getur bannað stofnun útibús skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku fullnægjandi upplýsinga skv. 2. mgr.

Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem það starfrækir útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 2. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

37. gr.

Tilkynning um þjónustu án stofnunar útibús.

Hyggist fjármálafyrirtæki veita þjónustu samkvæmt þessum lögum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. framsendir Fjármálaeftirlitið tilkynninguna til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi fjármálafyrirtækisins heimili fyrirhugaða starfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við starfsemi samkvæmt þessari grein ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum viðkomandi ríkis eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda.

38. gr.

Starfsemi utan EES.

Hyggist fjármálafyrirtæki hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

39. gr.

Kaup á hlutum í erlendu fjármálafyrirtæki.

Hyggist fjármálafyrirtæki kaupa eða fara með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við slíku ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að upplýsingagjöf með starfseminni eða samstæðunni verði ekki nægilega traust og eftirlit með henni torveldað. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og skal hún rökstudd.

VI. KAFLI

Eignarhlutir og meðferð þeirra.

40. gr.

Samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis.

Ákvæði þessa kafla gilda um sparisjóði eftir því sem við getur átt.

41. gr.

Umsókn til Fjármálaeftirlitsins.

Þeir sem hyggjast eignast svo stóran eignarhlut í fjármálafyrirtæki sem um ræðir í 40. gr. skulu beina skriflegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn og heimili umsækjanda.

2. Nafn þess fjármálafyrirtækis sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum fjármálafyrirtækis.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu umsækjanda.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við fjármálafyrirtæki.
8. Reynslu umsækjanda af fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku umsækjanda í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
11. Náin tengsl umsækjanda við aðra lögaðila.
12. Annað sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að vita og máli skiptir við mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta.

Sé umsækjandi lögaðili skal upptalning skv. 1. mgr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, framkvæmdastjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

42. gr.

Mat á hæfi umsækjanda.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Við mat á hæfi umsækjenda skal m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda og aðila sem hann er í nánum tengslum við.
2. Þekkingu og reynslu umsækjanda.
3. Hvort eignarhald umsækjanda skapar hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
4. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem umsækjandi hyggst fjárfesta í.
5. Hvort ætla megi að eignarhald umsækjanda muni torvelda eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta umsækjanda við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila geta að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um umsækjanda, hindra eðlilegt eftirlit.
6. Hvort umsækjandi hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.
7. Refsingum sem umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta og hvort hann sæti opinberri rannsókn.
8. Ef um virkan eignarhlut í sparisjóði er að ræða skal Fjármálaeftirlitið að auki leggja mat á hvort eignarhaldið samrýmist skilyrðum 2. mgr. 70. gr.

43. gr.

Afgreiðsla umsóknar.

Telji Fjármálaeftirlitið umsækjanda ekki hæfan til þess að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis skal það synja umsækjanda um leyfi til þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að fallast á umsókn, þrátt fyrir að umsækjandi teljist ekki hæfur til að eiga eignarhlutinn, gegn því að umsækjandinn grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, t.d. að fela eignarhaldið sérstöku eignarhalds-

félagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða tilnefna einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í félagsstjórn.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og hafa borist umsækjanda innan eins mánaðar frá þeim degi er því bárust fullnægjandi upplýsingar ásamt fylgigögnum. Berist ákvörðun Fjármálaeftirlitsins umsækjanda ekki innan þess tíma telst það hafa samþykkt umsóknina. Rökstuðningur skal fylgja synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn.

44. gr.

Nýting heimildar.

Heimild til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki gildir í sex mánuði eftir að samþykki Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Nýti umsækjandi ekki heimildina á þeim tíma ber honum að afla samþykkis Fjármálaeftirlitsins á nýjan leik, sbr. 40. og 41. gr.

45. gr.

Úrræði ef ekki er sótt um leyfi.

Sæki aðili ekki um leyfi Fjármálaeftirlitsins í tilefni af kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Skal Fjármálaeftirlitið gera hlutaðeigandi aðila að leggja fram umsókn ásamt fylgigögnum skv. 41. gr. Berist umbeðin gögn innan tilskilins frests tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skv. 43. gr. Berist gögn ekki innan fjögurra vikna frá því að um þau er beðið eða Fjármálaeftirlitið synjar viðkomandi aðila um leyfi til að eiga eða auka við virkan eignarhlut er honum skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimili Fjármálaeftirlitið viðkomandi aðila að eignast eða auka við virkan eignarhlut fá hlutirnir atkvæðisrétt að nýju.

46. gr.

Úrræði ef umsókn ef hafnað.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi hafnað umsókn hans um það fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram leyfileg mörk. Skulu þeir þá ekki taldir með við útreikning á því hve miklum hluta hlutafjár farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins. Er viðkomandi aðila að því búnu skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

47. gr.

Tilkynning eiganda um sölu á virkum eignarhlut.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í

40. gr. eða svo mikið að fjármálafyrirtæki hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi móðurfyrirtækis skal það einnig tilkynnt.

48. gr.

Tilkynning fjármálafyrirtækja um aðilaskipti.

Þegar tilkynning hefur borist um aðilaskipti að hlutabréfum í fjármálafyrirtæki sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn fjármálafyrirtækis tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjáreign hvers þeirra.

49. gr.

Úrræði ef eigandi er ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut.

Sé aðila, sem á virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki, svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 42. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila væri til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki væri hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. þyki það nauðsynlegt.

VII. KAFLI
Stjórn og starfsmenn.

50. gr.

Almennt ákvæði.

Um stjórn fjármálafyrirtækis gilda ákvæði laga um hlutafélög, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

51. gr.

Fjöldi stjórnarmanna.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Þó skulu stjórnir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja skipaðar eigi færri en fimm mönnum.

Skipa skal jafnmarga varamenn og aðalmenn í stjórn fjármálafyrirtækis.

52. gr.

Hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum,

eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

53. gr.

Hæfisskilyrði starfsmanna í verðbréfaviðskiptum.

Starfsmenn fjármálafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Í tengslum við veitingu starfsleyfis og jafnskjótt og breytingar verða ber fjármálafyrirtæki að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta hefur umsjón með prófi í verðbréfaviðskiptum sem að jafnaði skal haldið einu sinni á ári. Viðskiptaráðherra skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu próftakar greiða gjald sem ráðherra ákveður. Ákvarðanir prófnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta er heimilt að fela óháðum aðilum að gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Þá getur prófnefnd verðbréfaviðskipta skipað prófdómara til að endurskoða úrlausn próftaka. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd prófs í verðbréfaviðskiptum, þar á meðal prófkröfur, og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild.

54. gr.

Verkaskipting stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmd starfa stjórnar.

Í samþykktum fjármálafyrirtækis skal kveðið á um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra sem skal taka mið af ákvæðum hlutafélagalaga.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í reglum þessum skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélaga, og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna. Reglur þessar skal senda til Fjármálaeftirlitsins.

55. gr.

Þátttaka stjórnarmanna í meðferð mála.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

1. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða
2. viðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem ræðir um í 1. tölul.

Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis, eða stjórnarformann félags, til samþykktar eða synjunar. Stjórn fjármálafyrirtækis er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrir fram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, og þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur, sbr. 54. gr.

56. gr.

Þátttaka starfsmanna í atvinnurekstri.

Framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Stjórn fyrirtækis getur veitt heimild til slíks á grundvelli reglna sem hún setur og Fjármálaeftirlitið staðfestir. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess. Um stjórnarsetu framkvæmdastjóra í dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfélagi fjármálafyrirtækisins, og um heimildir annarra starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri, fer samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum 54. gr.

57. gr.

Viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki.

Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um maka framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess fer að öðru leyti eftir reglum sem stjórn fyrirtækisins skal setja.

58. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

59. gr.

Undanþága frá þagnarskyldu vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.

Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. er heimilt að miðla upplýsingum til móðurfélags fjármálafyrirtækis ef móðurfélagið er einnig fjármálafyrirtæki í skilningi laga þessara eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, sbr. 4. mgr. 97. gr. Slík upplýsingamiðlun má þó aðeins eiga sér stað að því marki sem nauðsynlegt er vegna áhættustýringar og má ekki ná til einkamálefna einstakra viðskiptamanna. Sama gildir um miðlun upplýsinga vegna eftirlits á samstæðugrunni.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um heimila upplýsingamiðlun skv. 1. mgr.

60. gr.

Samþykki viðskiptamanns til miðlunar trúnaðarupplýsinga.

Heimilt er að miðla til utanaðkomandi aðila þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem um getur í 58. gr. að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingum á grundvelli þess og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað.

VIII. KAFLI

Sparisjóðir.

61. gr.

Stofnun.

Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárhluti og atkvæðisréttur,
4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
6. breytingar á samþykktum og
7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnfjáreigendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 11. gr.

62. gr.

Stofnfjárbréf.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 64. og 65. gr. og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

63. gr.

Réttindi stofnfjáreigenda.

Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.

Stofnfjáreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Stofnfjáreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 65. og 100. gr.

64. gr.

Sala og veðsetning stofnfjárhluta.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Telji sparisjóðsstjórn að væntanlegur kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði skal stjórnin vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins, sbr. VI. kafla. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

65. gr.

Innlausn stofnfjárhluta.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar lögaðila, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hann lagður niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda og
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 64. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

66. gr.

Aukning stofnfjár.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

67. gr.

Endurmat stofnfjár.

Sparisjóðum er heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af verðlagsbreytingum miðað við vísitölu neysluverðs.

Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins.

68. gr.

Ráðstöfun hagnaðar.

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Öryggissjóður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem allir sparisjóðir stofna í þessu skyni, ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Heimilt er að greiða arð þótt tap sé á rekstri sparisjóðs.
2. Til viðbótar arðgreiðslu skv. 1. tölul. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að ráðstafa allt að 10% af hagnaði hvers árs til hækkunar á stofnfé

sjóðsins, þó þannig að hækkun stofnfjár samkvæmt þessum tölulið verði aldrei meiri en 5% á ári. Heimild til endurmats samkvæmt þessum tölulið flyst ekki á milli ára. Endurmat samkvæmt þessum tölulið má ekki leiða til þess að bókfært eigið fé að frádregnu stofnfé verði lægra en það var í árslok 2000. Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats samkvæmt þessum tölulið miðað við inngreiðslu þess innan ársins. Arðurinn skal reiknaður af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs.

3. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. og 2. tölul., skal leggja í varasjóð.

69. gr.

Leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld.

Sparisjóðum er heimilt að fela sameiginlegum aðila á þeirra vegum að leggja fyrir þá leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld, enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.

70. gr.

Skipting eignarhluta og atkvæða.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Nú leiðir framsal stofnfjárhlutar, eða aukning stofnfjár, til þess að einstakur stofnfjáraðili, eða stofnfjáreigandi og aðili sem hann er í nánum tengslum við í skilningi 2. mgr. 18. gr., eignist eða fari með virkan eignarhluta í sparisjóðnum í skilningi laga þessara, og skal þá sparisjóðsstjórn ekki samþykkja framsalið nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og að fullnægðu öðru hvoru eftirgreindra skilyrða:

a. að um sé að ræða lið í nauðsynlegri fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs og sýnt þyki að slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu verði ekki komið við nema með því að stofnfjáreigandi eignist virkan eignarhlut,
b. að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárhlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs. Um atkvæðisrétt ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn fer samkvæmt ákvæðum 71. gr. Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

Stofnfjáreiganda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á fundum stofnfjáreigenda nema slíkt sé leyft í samþykktum sparisjóðs.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

71. gr.

Sveitarfélagssparisjóðir.

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. um fjölda stofnfjáreigenda og 3. mgr. 70. gr. um tilhögun atkvæðisréttar í sparisjóði taka hvorki til þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög og héraðsnefndir eru einir stofnfjáreigenda við gildistöku laga þessara né til samruna þeirra, sbr. 101. gr. Sé héraðsnefnd einn stofnfjáreigenda takmarkast atkvæðisréttur hvers aðila við ⅕ hluta af atkvæðamagni í sparisjóði.

72. gr.

Stjórn.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Í samþykktum er heimilt að kveða á um að stofnfjáreigendur kjósi alla stjórnarmenn sparisjóðs. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

73. gr.

Breyting sparisjóðs í hlutafélag.

Að tillögu sparisjóðsstjórnar í sparisjóði sem starfandi var 31. desember 2000 getur fundur stofnfjáreigenda ákveðið með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, að breyta sparisjóðnum í hlutafélag að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Skal breyting sparisjóðs í hlutafélag þá framkvæmd þannig að sparisjóðurinn sameinist hlutafélagi sem sparisjóðurinn hefur áður stofnað í því skyni að taka við rekstri sparisjóðsins og öllum eignum hans og skuldum, réttindum og skuldbindingum.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um fjölda stofnenda í hlutafélagi skv. 1. mgr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. sömu laga um lágmarksfjölda hluthafa gilda ekki um hlutafélag skv. 1. mgr. fram að því að breyting sparisjóðs í hlutafélag skv. 1. mgr. á sér stað.

Við breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt þessari grein heldur starfsleyfi sparisjóðsins gildi sínu.

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er auk orðsins „sparisjóður“ skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum sem leiðir af breytingu sparisjóðs í hlutafélag er undanþegin stimpilgjöldum.

Nú fer um eigið fé sparisjóðs sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 77. gr. og skulu nefnd ákvæði þá gilda áfram um sparisjóðinn eftir breytingu hans í hlutafélag.

Sé sparisjóði breytt í hlutafélag skulu í stað ákvæða 61.–68. gr. og 70.–72. gr. gilda um hann ákvæði VII. kafla laga þessara og laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

74. gr.

Skipting hlutafjár í sparisjóði.

Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skv. 73. gr. skulu stofnfjáreigendur eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og stofnfé, endurmetið skv. 67. gr., nemur samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Markaðsvirði sparisjóðsins sem og gagngjald fyrir stofnfjárhluti skal metið af óháðum aðila og miðast við sama tímamark og breytingin á rekstrarformi sparisjóðsins. Við mat á hlut stofnfjár skal hafa til hliðsjónar arðsvon stofnfjárhluta skv. 68. gr. annars vegar og arðsvon og áhættu hlutabréfa í sparisjóði hins vegar. Sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal verða eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á stofn skv. 76. gr.

Ákvæði 120.–128. gr. og ákvæði 131. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, skulu að öðru leyti og eftir því sem við getur átt gilda um breytingu sparisjóðs í hlutafélag samkvæmt undanfarandi ákvæðum þessarar greinar.

75. gr.

Atkvæðaréttur í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag.

Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.

Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 76. gr. geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

76. gr.

Sjálfseignarstofnun sem hluthafi í sparisjóði.

Sé ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr. skal sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 74. gr. Megintilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera að stuðla að viðgangi og vexti í starfsemi sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta samþykktir stofnunarinnar.

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu minnst eiga sæti fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar.

Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreigendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutafélag, skal kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðið getur valið fleiri til setu í ráðinu. Nú verða fulltrúaráðsmenn færri en þrjátíu og er þá skylt að fjölga í ráðinu á næsta fundi þess þannig að meðlimir verði eigi færri en þrjátíu.

Einungis skal heimilt að úthluta af fjármunum sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. eða ráðstafa eignum, sem eftir verða við slit hennar, til menningar- og líknarmála á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs við breytingu hans í hlutafélag. Ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skulu að öðru leyti gilda um sjálfseignarstofnun skv. 1. mgr. Sjálfseignarstofnun sem stofnuð er samkvæmt þessari grein er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, enda sé farið eftir skilyrðum 1. málsl. um úthlutun til menningar- og líknarmála.

77. gr.

Lágmark stofnfjár.

Sparisjóðum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það stofnfé sem mælt er fyrir um í 14. gr., er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Fari eigið fé niður fyrir framangreind mörk er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi sparisjóði hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli sparisjóðurinn ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hans afturkallað samkvæmt ákvæðum II. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé sparisjóðsins hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 14. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

IX. KAFLI
Rafeyrisfyrirtæki.

78. gr.
Rafeyrir.

Með rafeyri er átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd í rafrænum miðli, gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en þau peningalegu verðmæti sem eru gefin út og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

79. gr.
Endurgreiðanleiki rafeyris.

Viðtaka fjár í skiptum fyrir rafeyri telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri.

Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en þess sem er nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 3. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en sem samsvarar 500 krónum.

80. gr.
Eiginfjárkröfur.

Eigið fé rafeyrisfyrirtækis skal, þrátt fyrir ákvæði 84. gr., ávallt vera að lágmarki 2% af þeirri fjárhæð sem hærri er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

Hafi rafeyrisfyrirtæki ekki starfað í sex mánuði skal eigið fé þess vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi fyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun fyrirtækisins með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem Fjármálaeftirlitið kann að hafa óskað eftir.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

81. gr.
Takmörkun fjárfestinga.

Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í auðseljanlegum eignum eða kröfum samkvæmt reglum sem Fjármálaeftirlitið setur um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja. Í reglunum skal m.a. koma fram hvaða eignum og kröfum rafeyrisfyrirtæki getur fjárfest í, mat á verðmæti eigna, takmarkanir á markaðsáhættu og hámark fjárfestinga.

Ef verðgildi eigna eða krafna skv. 1. mgr. fer niður fyrir fjárhæð skuldbindinga rafeyrisfyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal viðkomandi rafeyrisfyrirtæki ráða bót á því ástandi án tafar og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ráðstöfunum sínum í því skyni.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Rafeyrisfyrirtæki má ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema þau annist rekstrarþætti sem tengjast rafeyri sem viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gefur út eða dreifir.

82. gr.

Takmarkanir á gildissviði.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að undanþiggja rafeyrisfyrirtæki frá einstökum eða öllum ákvæðum laga þessara ef að hámarki er unnt að geyma 6.000 krónur á hinum rafræna miðli og einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. rafeyrir, sem fyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum fyrirtækisins, hjá móðurfyrirtæki fyrirtækisins eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins eða
2. rafeyrir, sem rafeyrisfyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem augljóslega má afmarka þar sem þau eru staðsett á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á athafnasvæði rafeyrisfyrirtækis eða þau eru í nánum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum.

Rafeyrisfyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. skal árlega skila skýrslu um starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins eftir nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur þar sem fram skulu m.a. koma upplýsingar um heildarfjárhæð skuldbindinga vegna óinnleysts rafeyris. Skýrslan skal hafa borist fyrir 1. apríl ár hvert.

X. KAFLI

Laust fé og eigið fé.

83. gr.

Laust fé.

Fjármálafyrirtæki skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis fylgja.

84. gr.

Skilgreining eigin fjár.

Eigið fé fjármálafyrirtækja eins og það er skilgreint skv. 4. mgr. skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi, enda séu aðrar eftirlitsaðgerðir ekki líklegar til að bæta upp misvægi í eiginfjárstöðu og áhættustigi innan hæfilegs frests. Mat Fjármálaeftirlitsins á áhættustigi og ákvörðun um hærra eiginfjárhlutfall skal byggt á nánari reglum sem það setur.

Áhættugrunnur fyrirtækis skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. mgr. skal einnig gilda um samstæðureikning.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárþætti A, eiginfjárþætti B og eiginfjárþætti C, og frádráttarliðum skv. 85. gr. Séu eiginfjárliðir byggðir á árshlutauppgjöri skal það vera áritað sem endurskoðað eða kannað af endurskoðanda. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárþætti:

1. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 85. gr.
2. Eiginfjárþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
3. Eiginfjárþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A. Jafnframt má eiginfjárþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni vegna markaðsáhættu liða í veltubók skv. 28. gr. og gengisáhættu.

Eiginfjárþáttur A telst vera innborgað hlutafé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum og óráðstafað eigið fé en að frádregnu bókfærðu virði eigin hlutabréfa/stofnfjárbréfa, viðskiptavild og öðrum óefnislegum eignum, svo og tapi og samþykktri arðsúthlutun. Enn fremur skal taka tillit til hlutdeildar minni hluta í eign dótturfélaga samkvæmt samstæðureikningsskilum.

Eiginfjárþáttur B telst vera samtala 1. og 2. tölul.:

1. Víkjandi lán sem fjármálafyrirtæki taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár eða hlutfallslega fyrir hluta úr ári sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt. Eingöngu er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt kostnaðarverðsreikningsskilum.

Eiginfjárþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem fjármálafyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eða slit þess fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fjármálafyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%. Fjármálaeftirlitið getur heimilað einstökum fjármálafyrirtækjum að til eiginfjárþáttar C teljist hagnaður af veltubókarviðskiptum á tímabilinu að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárþætti A.

Heimilt er að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lántaki þess, enda liggi fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins og slík endurgreiðsla hafi ekki óviðunandi áhrif á eiginfjárstöðu að mati þess.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–7. mgr. skal eigið fé verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Fjármálaeftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi félagsins milli ára. Á fyrsta starfsári verðbréfafyrirtækis, verðbréfamiðlunar og rekstrarfélags verðbréfasjóðs skal eigið fé þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstraráætlun starfsársins. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að gerð sé breyting á rekstraráætluninni ef það telur að hún gefi ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en greindir eru í 5.–7. mgr. teljist með eigin fé fjármálafyrirtækis.

85. gr.

Frádráttur frá eigin fé.

Frá eigin fé skv. 4. mgr. 84. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi kröfum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði. Þegar um er að ræða eignarhluti sem nema allt að 10% af hlutafé í hverju einstöku fjármálafyrirtæki takmarkast frádrátturinn þó við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi krafna sem er umfram 10% af eigin fé eins og það er reiknað skv. 4. mgr. 84. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein. Eignarhlutir sparisjóða í Sparisjóðabanka Íslands hf. sem nema meira en 10% af hlutafé bankans skulu þó reiknast með sama hætti og eignarhlutir sem nema allt að 10%.

Þegar fjárfesting í hlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum á fjármálasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutaðeigandi fyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 1. málsl.1. mgr.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í öðrum fjármálafyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum fjármálasviði, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í samstæðureikningi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi fyrirtækis.

Eignarhlutir og víkjandi kröfur í félögum, sem reka vátryggingastarfsemi skv. 23. gr. dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli skv. 4. mgr. 84. gr. Frádrátturinn takmarkast þó við þá fjárhæð sem samsvarar hlutdeild í lágmarksgjaldþoli viðkomandi vátryggingafélags.

Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 28. gr.

86. gr.

Upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár.

Hafi stjórn eða framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir lögbundnu lágmarki ber þeim þegar í stað að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi fyrirtækis hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur þess hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Er Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé fjármálafyrirtækis sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 84. gr. skal það krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að slíkt reikningsuppgjör sé áritað af endurskoðanda.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé fjármálafyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 84. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Greinargerð þessi skal afhent innan frests sem Fjármálaeftirlitið tiltekur.

Þegar Fjármálaeftirlitinu hafa borist gögn skv. 3. mgr. er því heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 84. gr. Séu til þess ríkar ástæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Berist greinargerð skv. 3. mgr. ekki innan tilskilins frests, séu úr-

ræði samkvæmt greinargerðinni ekki fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins eða líði frestur samkvæmt þessari málsgrein skal afturkalla starfsleyfi, sbr. 9. gr.

XI. KAFLI
Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

87. gr.
Samning ársreiknings og undirritun.

Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár fjármálafyrirtækja er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

88. gr.
Góð reikningsskilavenja.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Fjármálaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings fjármálafyrirtækis.

89. gr.
Skýrsla stjórnar.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis og afkomu þess á reikningsárinu er ekki koma fram í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun fyrirtækisins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun þess.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu og heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, framkvæmdastjóra, stjórnar og annarra í þjónustu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Sé um ágóðahlut að ræða til stjórnar eða framkvæmdastjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Stjórnir skulu í skýrslu sinni gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi fyrirtækis eða jöfnun taps.

90. gr.

Endurskoðun.

Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi.

Endurskoðandi skv. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi fjármálafyrirtækis til eins árs í senn.

Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Í móðurfélagi skal endurskoðandi jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

91. gr.

Hæfi endurskoðanda.

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður fyrirtækisins eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi má ekki vera skuldugur því fyrirtæki sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

92. gr.

Upplýsingaskylda endurskoðanda.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 18. gr. Slík tilkynning brýtur ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 58. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

93. gr.

Góð endurskoðunarvenja.

Fjármálaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja.

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um endurskoðun fjármálafyrirtækja ákvæði VII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

94. gr.

Sérstök endurskoðun.

Fjármálaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá fjármálafyrirtæki telji eftirlitið ástæðu til að ætla að endurskoðað reikningsuppgjör gefi ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækis, svo og eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag skv. 97. gr. og dótturfyrirtæki slíkra félaga.

95. gr.

Skil og birting ársreiknings.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur fjármálafyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi fyrirtækis og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

96. gr.

Árshlutauppgjör.

Fjármálafyrirtæki skulu semja og birta árshlutauppgjör í samræmi við reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

97. gr.

Samstæðureikningsskil.

Fyrirtæki telst vera móðurfyrirtæki þegar það:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 1. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki. Fyrirtæki sem er dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis, telst einnig vera dótturfyrirtæki móðurfélags.

Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess mynda samstæðu.

Með eignarhaldsfélagi á fjármálasviði er átt við fyrirtæki tengt fjármálasviði þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega lánastofnanir eða fyrirtæki tengd fjármálasviði og að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

Með blönduðu eignarhaldsfélagi er átt við móðurfyrirtæki sem ekki er eignarhaldsfélag á fjármálasviði þar sem að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfyrirtækja þess.

Ákvæði 87.–92. gr. og 95.–96. gr. gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðu, þar sem móðurfyrirtæki er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar.

Fjármálaeftirlitið setur að höfðu samráði við reikningsskilaráð nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um samstæðuuppgjör fyrir samstæðu fyrirtækja þar sem móðurfyrirtækið er blandað eignarhaldsfélag.

XII. KAFLI
Slit og samruni fjármálafyrirtækja.
A. Slit.

98. gr.

Ákvörðun um slit.

Bú fjármálafyrirtækis verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Slíta ber fjármálafyrirtæki í eftirtöldum tilvikum:

1. ef Fjármálaeftirlitið afturkallar starfsleyfi fjármálafyrirtækis, sbr. 9. gr., synjar fyrirtækinu um frest að hætti 4. mgr. 86. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækið hafi aukið eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 84. gr.,
2. ef skylt er að slíta fjármálafyrirtæki samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi fyrirtækis,
3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda ákveður að slíta fjármálafyrirtæki.

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal Fjármálaeftirlitið afla reikningsuppgjörs stjórnar hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis á sama hátt og skv. 2. mgr. 86. gr.

Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

99. gr.

Úrskurður héraðsdóms um slit.

Þegar skylt er að slíta fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul. 2. mgr. 98. gr. eða þegar Fjármálaeftirlitið telur, í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir fyrirtækisins hrökkvi til greiðslu skulda þess skal Fjármálaeftirlitið senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi fyrirtækis kröfu um að bú þess verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skylt er að slíta fjármálafyrirtæki skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 98. gr. og Fjármálaeftirlitið telur sýnt að eignir þess hrökkvi fyrir skuldum skal það senda héraðsdómara á varnarþingi fyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta til slita á fjármálafyrirtækinu.

Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 98. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Í innköllun í bú fjármálafyrirtækis skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

100. gr.

Framkvæmd skipta á búi fjármálafyrirtækis.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi fjármálafyrirtækis gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 99. gr.

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi fjármálafyrirtækis sá dagur sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt frest

að hætti 4. mgr. 86. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 99. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 63. gr.

B. Samruni.

101. gr.

Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er aðeins heimill að ákvörðun þar að lútandi hafi hlotið samþykki hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu með minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda, svo og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma til atkvæðagreiðslu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar í yfirtekna félaginu.

Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða.

Um samruna fjármálafyrirtækja gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

Fjármálafyrirtæki, sem er slitið vegna samruna, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna fjármálafyrirtækja er undanþegin stimpilgjöldum.

Fjármálaeftirlitið skal auglýsa samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi fyrirtækja, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

Við samruna tveggja eða fleiri fjármálafyrirtækja skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækja á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 14. gr. ekki verið náð.

XIII. KAFLI
Eftirlit.
A. Almennar eftirlitsheimildir.

102. gr.

Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í IV. kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því

skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

103. gr.

Aðstoð við yfirvöld annarra EES-ríkja.

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendra fyrirtækja hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.

Gerist fjármálafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegt við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 34. gr., skal Fjármálaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

B. Eftirlit á samstæðugrundvelli.

104. gr.

Ákvæði IV. kafla C og X. kafla skulu gilda um samstæðu þar sem móðurfyrirtækið er fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Móðurfyrirtækið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis. Ákvæði 84. og 85. gr. um eigið fé gilda einnig um eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

Eigi fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, eitt og sér eða ásamt með öðrum fyrirtækjum í samstæðunni, hlutdeild í hlutdeildarfélagi sem er fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki á fjármálasviði og það fyrirtæki er starfrækt í samstarfi við önnur fyrirtæki sem ekki eru hluti af samstæðunni skal við beitingu ákvæða 1. mgr. um eigin fé nota hlutfallslega samstæðuaðferð með hliðsjón af hlutdeild í viðkomandi fyrirtæki. Sé ábyrgð fjármálafyrirtækisins eða eignarhaldsfélagsins á viðkomandi hlutdeildarfélagi ekki takmörkuð við eignarhlutdeildina eða atkvæðisréttinn eiga ákvæði hefðbundinna samstæðureikningsskila við. Með hlutdeildarfélagi samkvæmt þessari málsgrein er átt við félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á eða beinn og óbeinn eignarhlutur nemur 20% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr. gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða fjármálafyrirtæki sem eitt og sér eða

í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum ákvæðum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr. gilda ekki um fyrirtæki sem fjármálafyrirtæki hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis, né heldur um fyrirtæki sem starfrækja vátryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar og 8. og 9. mgr. 97. gr.

XIV. KAFLI
Viðurlög.

105. gr.
Sektir.

Það varðar sektum liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. einkarétt fjármálafyrirtækja til að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni heiti þeirrar tegundar fjármálafyrirtækja sem fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir (12. gr.),
2. starfsheimildir (IV. kafli A og B),
3. skyldu til að setja traustar tryggingar fyrir lánum umfram tiltekið hlutfall heildarfjárhæðar hlutafjár (2. mgr. 29. gr.),
4. starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis (1. og 5. mgr. 36. gr., 1. og 4. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr. og 39. gr.),
5. virka eignarhluti (1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr.),
6. þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála (2. og 3. mgr. 55. gr.),
7. þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri (56. gr.),
8. viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið (1. mgr. 57. gr.),
9. skyldu sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag til að nota orðið hlutafélag í heiti sínu (4. mgr. 73. gr.) og
10. ársreikninga og endurskoðun (87. gr., 1. mgr. 88. gr. og 1. og 2. mgr. 95. gr.).

106. gr.
Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis (3. gr.),
2. hámark lána til einstaks viðskiptavinar (30. gr.),
3. starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi (1. mgr. 31. gr., 32. gr. og 33. gr.),
4. þagnarskyldu (58. gr.),
5. takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja (1., 2. og 4. mgr. 81. gr.),
6. upphafsaðgerðir vegna ónógs eigin fjár (1. og 3. mgr. 86. gr.) og
7. hæfi endurskoðanda og skyldu hans til að tilkynna um ágalla í rekstri (91. og 92. gr.).

Hver sá sem vísvitandi gefur rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar opinberlega eða til Fjármálaeftirlits, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum.

107. gr.

Refsiábyrgð lögaðila. Tilraun og hlutdeild. Fyrning sakar.

Nú er brot framið í starfsemi fjármálafyrirtækis eða annars lögaðila og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum.

XV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

108. gr.

Nafnskráning reikninga.

Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu.

109. gr.

Glatað skilríki.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini er fjármálafyrirtæki hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur stjórn fjármálafyrirtækis stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur fjármálafyrirtækinu samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal fjármálafyrirtæki þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutaðeigandi fyrirtæki, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

110. gr.

Undanþága frá stimpilgjaldi.

Innlánsskilríki, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni fjármálafyrirtækja, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

111. gr.

Undanþegnir sjóðir og undanþága frá rekstrarformi.

Þrátt fyrir starfsheimildir Hafnabótasjóðs samkvæmt lögum nr. 23/1994, hafnalögum, Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og Ferðamálasjóðs samkvæmt lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, teljast þessir sjóðir ekki til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara eru undanþegnir skilyrði 13. gr. um að starfa sem hlutafélög.

XVI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

112. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, 93/6/EBE um eigið fé fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana, 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, 107/2001/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, 95/26/EB um breytingar á ýmsum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu með það í huga að efla eftirlit, 2000/28 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB er varðar skilgreiningu á lánastofnun og 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja.

113. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Þá falla úr gildi lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki. Með fjármálagerningum í lögum þessum er átt við verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

114. gr.
Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Í stað 12. og 13. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Rekstur verðbréfasjóðs skal falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

115. gr.
Breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

a. 1. gr. laganna orðast svo:
   Lög þessi taka til verðbréfaviðskipta eins og þau eru skilgreind í 2. gr.
b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   1. 1. tölul. orðast svo: *Verðbréfaviðskipti:* Starfsemi skv. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
   2. 2. tölul. orðast svo: *Fjármálafyrirtæki:* Fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
   3. Í stað orðanna „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu“ í 11. tölul. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): fjármálafyrirtæki.
   4. 17. tölul. orðast svo: *Verðbréfafyrirtæki:* Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
   5. 18. tölul. fellur brott.
c. 3.–14. gr., 21.–24. gr., 42.–62. gr. og 65.–67. gr. laganna falla brott.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Starfandi viðskiptabankar, sparisjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir skulu halda starfsleyfi sínu við gildistöku laga þessara. Þau skulu innan sex mánaða tilkynna Fjármálaeftirlitinu hvaða

starfsemi skv. 3. gr. og IV. kafla þau stunda við gildistöku laganna. Tilkynningin skal vera á því formi sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir.

Lánastofnanir, sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, skulu hafa starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum þessum.

Starfandi fjármálafyrirtæki skv. 1. mgr. er óheimilt að hefja síðar nýja starfsemi nema það tilkynni Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrir fram.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu sækja um starfsleyfi samkvæmt lögum þessum innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

II.

Fjármálafyrirtæki skulu senda Fjármálaeftirlitinu reglur skv. VII. kafla innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara.

III.

Verðbréfamiðlanir sem starfa sem einkahlutafélög skulu hafa komið rekstri sínum í hlutafélagsform innan tólf mánaða frá gildistöku laga þessara.

661. Frumvarp til laga [322. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Við 5. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

8. Forsjármálum.
9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995.

2. gr.

Í stað orðanna „og skipulagsfræðinga“ í 22. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: skipulagsfræðinga og raffræðinga.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

51. Leyfi til sölu notaðra ökutækja
    a. til fimm ára 25.000 kr.
    b. endurnýjun leyfis skv. a-lið 2.500 kr.

4. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa 5.000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

662. Frumvarp til laga [359. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,0108% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,25355% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,0521% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00658% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða 0,0885% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01068% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08593% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00648% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Póstgíróstofa Íslandspósts hf. skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,0004% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

663. Frumvarp til laga [372. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Orðin „og launagreiðenda“ í 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, svohljóðandi:

Fjársýsla ríkisins.

Fjársýsla ríkisins skal halda skrá sem sýnir greiðslustöðu launagreiðenda á staðgreiðsluári. Til að sinna því hlutverki skal Fjársýsla ríkisins hafa sömu heimildir og um getur í 3. mgr. 24. gr.

3. gr.

2. tölul. 2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár frá og með gjalddaga, hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Skal álag þetta vera hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

4. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Endurgreiðsluskrá skal send Fjársýslu ríkisins sem sér um endurgreiðslu fyrir hönd ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir að skuldajöfnun á móti gjaldföllnum sköttum til ríkis og sveitarfélaga hefur farið fram.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári.

664. Þingsályktun [3. mál]

um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna matvælaverð á Íslandi í samanburði við helstu nágrannalönd. Jafnframt verði reynt að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum.

Niðurstöðum þessarar athugunar skal skila til Alþingis innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

665. Frumvarp til laga [257. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/2002, um póstþjónustu.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á póstþjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 100 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en þrisvar sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Ný málsgrein, 5. mgr., bætist við, svohljóðandi:
   Rekstrarleyfishafa er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtæki sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega póstþjónustu.
b. Við 5. mgr., sem verður 6. mgr., bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Óheimilt er að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.

3. gr.

Á undan 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Meðferð kvartana.

Rekstrarleyfishafar skulu semja reglur um meðferð kvartana frá notendum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal sjá til þess að reglur skv. 1. mgr. gefi kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum og/eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.

4. gr.

Í stað orðanna „39.–41. gr.“ í 42. gr. laganna, er verður 43. gr., kemur: 40.–42. gr.

5. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Meðferð kvartana og skaðabætur.**

6. gr.

Í stað orðanna „46. gr.“ í 1. mgr. 47. gr. laganna, er verður 48. gr., kemur: 47. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk 7. gr. laganna breytast úr 100 g í 50 g og verðmörk úr þrisvar sinnum lægsta burðargjald í 2,5 sinnum lægsta burðargjald.

666. Frumvarp til laga [258. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Vitagjald, 78,20 kr. af hverju brúttótonni skips, skal greiða af skipum sem taka höfn hér á landi og skal hálft tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Þó skal þetta gjald aldrei vera lægra en 3.500 kr.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar afla samþykkis Siglingastofnunar Íslands fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Jafnframt skal leita umsagnar Siglingastofnunar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og veðurdufla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

667. Frumvarp til laga [354. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða) eða hluta þessa starfsheitis.
b. Orðið „og“ í 7. tölul. fellur brott.
c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
10. tölvunarfræðinga.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraprófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

668. Frumvarp til laga [346. mál]

um félagamerki.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Félög eða samtök geta öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnustarfsemi sameiginlegt auðkenni fyrir vörur eða þjónustu.

Stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök, sem hafa eftirlit með eða ákveða staðla fyrir vörur eða þjónustu, geta öðlast einkarétt til að nota eða heimila notkun auðkennis fyrir þær vörur eða þjónustu sem eftirlitið eða staðlarnir taka til.

Auðkenni þau sem lög þessi taka til nefnast félagamerki.

2. gr.

Að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum laga þessara gilda ákvæði laga um vörumerki, nr. 45/1997, um félagamerki eftir því sem við á.

3. gr.

Auðkenni eða upplýsingar, sem í viðskiptum gefa til kynna landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu, geta talist félagamerki þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki. Slíkt merki veitir eiganda þess ekki rétt til að banna þriðja aðila að nota auðkennið eða

upplýsingarnar í atvinnustarfsemi svo framarlega sem notkunin er í samræmi við góða viðskiptahætti.

4. gr.

Félagamerki eru skráð í vörumerkjaskrá.

Umsókn um skráningu félagamerkis skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar sem annast skráningu félagamerkja. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Í umsókn skal tilgreina hvert merkið er, með mynd ef við á, og fyrir hvaða vöru eða þjónustu merkið óskast skráð. Einnig skal greina frá nafni eða heiti umsækjanda. Umsókn skal enn fremur vera í samræmi við reglugerðarákvæði um vörumerki eftir því sem við á. Reglur, sem gilda um notkun merkisins, skulu fylgja umsókn.

Í reglum þeim sem gilda um notkun merkisins skal m.a. koma fram:

a. hverjum sé heimilt að nota merkið og hvaða skilyrði séu fyrir slíkri heimild,
b. hvaða afleiðingar óréttmæt notkun merkisins hefur í för með sér og
c. hvaða réttindi og skyldur eigandi merkisins hefur gagnvart þeim sem notar merkið á óheimilan hátt.

5. gr.

Verði breytingar á reglum um notkun merkisins skal eigandi tilkynna breytingarnar til Einkaleyfastofunnar eigi síðar en þremur mánuðum eftir að breytingarnar voru samþykktar.

6. gr.

Ákvæði 25. gr. laga um vörumerki gilda um notkunarskyldu félagamerkis.

Notkun félagamerkis af hálfu eins eða fleiri aðila, sem hafa heimild til að nota merkið, telst til notkunar í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga um vörumerki.

7. gr.

Mál vegna brota gegn félagamerki getur aðeins sá höfðað sem er eigandi merkisins. Sá sem brýtur gegn félagamerki og er skaðabótaskyldur samkvæmt lögum um vörumerki skal bæta það tjón sem eigandi merkis, eða sá sem hefur rétt til að nota það, verður fyrir.

8. gr.

Endanlegum ákvörðunum Einkaleyfastofunnar samkvæmt lögum þessum geta aðilar máls áfrýjað til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjun skal berast iðnaðarráðuneyti innan tveggja mánaða frá þeim degi er ákvörðun var tekin. Innan sama frests skal greiða ráðuneytinu tilskilið áfrýjunargjald. Sé áfrýjunargjald ekki greitt innan frestsins skal vísa áfrýjun frá.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar verða ekki bornir undir annað stjórnvald.

Ef aðilar máls óska að bera ákvörðun Einkaleyfastofunnar eða úrskurð áfrýjunarnefndar undir dómstóla ber þeim að höfða mál innan þriggja mánaða frá þeim degi sem Einkaleyfastofan tók ákvörðun sína eða áfrýjunarnefnd úrskurðaði í málinu.

9. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur, m.a. um frágang umsókna og meðferð þeirra hjá Einkaleyfastofunni, um form skrárinnar og færslu, útgáfu skráningarskírteina og efni þeirra og meðferð andmælamála, svo og um gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit, áfrýjanir o.fl.

Gjöld skulu standa straum af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna málefna sem tengjast félagamerkjum og við þjónustu sem veitt er, m.a. í tengslum við umsóknir og skráningu félagamerkja, útskriftir úr skrám, afgreiðslur og endurrit.

10. gr.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn félagamerkjarétti skal sæta sektum. Eftir atvikum getur refsing verið fangelsi í allt að þrjá mánuði.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur hagnast á brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 89/1935, um almenn gæðamerki, með síðari breytingum.

Með umsóknir sem berast Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laga þessara skal farið eftir eldri lögum.

669. Frumvarp til laga [393. mál]

um breyting á safnalögum, nr. 106/2001.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Orðin „söfnum í eigu ríkisins og“ í 2. málsl. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir orðinu „annast“ í 2. málsl. 4. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: söfnun, skrásetningu, varðveislu.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kostnaður af starfsemi safnaráðs greiðist úr safnasjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

670. Lög [183. mál]

um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 184.

671. Lög [321. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 349.

672. Lög [323. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 351.

673. Lög [344. mál]

um brottfall laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 380.

674. Lög [356. mál]

um auknar ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 393.

675. Breytingartillögur [215. mál]

við frv. til l. um fjármálafyrirtæki.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Einari K. Guðfinnssyni,
Gunnari Birgissyni og Kristni H. Gunnarssyni.

1. Við 64. gr.
   a. 3. málsl. orðist svo: Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil nema samþykktir sparisjóðsins heimili veðsetningu að fengnu samþykki stjórnar.
   b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Nú verða eigendaskipti að stofnfjárhlut við fullnustu veðréttar, sem heimilt var að stofna til samkvæmt lokamálslið 1. mgr., og skal þá nýr eigandi óska eftir samþykki sparisjóðsstjórnar á eigendaskiptunum innan tveggja vikna frá því að þau áttu sér stað. Um afgreiðslu sparisjóðsstjórnar á slíkri beiðni fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 70. gr. eftir því sem við getur átt.
      Synji sparisjóðsstjórn um samþykki eða nýr eigandi óskar ekki eftir samþykki innan tilskilins frests skal sparisjóðsstjórn innleysa stofnfjárhlutinn eftir ákvæðum 65. gr.
2. Við 65. gr. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: þegar hún samþykkir ekki eigendaskipti við fullnustu veðréttar í stofnfjárhlut.
3. Við 75. gr. Í stað orðanna „samkvæmt ákvæðum þessarar greinar“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: skv. 73. gr.

676. Breytingartillaga [322. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Gunnari Birgissyni,
Ögmundi Jónassyni og Jóhanni Ársælssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

a. 4. tölul. orðast svo: Aðgangsheimildir að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli:
   a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 ..... 2.800 kr.
   b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 ..... 2.000 kr.
b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa ..... 5.000 kr.

677. Breytingartillögur [324. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Einari K. Guðfinnsyni,
Gunnari Birgissyni og Jónasi Hallgrímssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (3. gr.)
      2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:
      Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 32. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum áður fengnum fyrningum. Fyrningargrunnur eigna skv. 2.–6. tölul. 32. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr.
   b. (4. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:
      a. Í stað hlutfallstalnanna „5%“ og „10%“ í 1. tölul. kemur: 10%, og: 20%.
      b. Í stað hlutfallstalnanna „5%“ og „10%“ í 2. tölul. kemur: 10%, og: 20%.
      c. Í stað hlutfallstalnanna „5%“ og „15%“ í 3. tölul. kemur: 10%, og: 30%.
      d. Í stað hlutfallstalnanna „10%“ og „20%“ í a-lið 4. tölul. kemur: 20%, og: 35%.
      e. Í stað hlutfallstalnanna „10%“ og „20%“ í b-lið 4. tölul. kemur: 20%, og: 35%.
   c. (5. gr.)
      Í stað orðanna „fyrningargrunni hennar“ í 45. gr. laganna kemur: stofnverði hennar, sbr. 2. mgr. 10. gr.
2. Við 15. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 3.–5. gr. koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004 vegna tekna á árinu 2003.

678. Fyrirspurn [455. mál]

til menntamálaráðherra um styrki til útrásar íslenskrar dægurtónlistar.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hverjir voru styrkir ráðuneytisins og sjóða þess til útrásar íslenskrar dægurtónlistar árin 1995–2002, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

679. Fyrirspurn [456. mál]

til iðnaðarráðherra um styrki til útrásar íslenskrar dægurtónlistar.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hverjir voru styrkir ráðuneytisins og sjóða þess til útrásar íslenskrar dægurtónlistar árin 1995–2002, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

680. Breytingartillaga [355. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara skal réttur til greiðslu lífeyris úr sjóðnum sem stofnast hefur fyrir gildistöku laganna ekki skerðast.

681. Svar [331. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um notkun Vífilsstaðaspítala fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga.

1. *Hver yrði heildarbyggingarkostnaður við notkun húsnæðis Vífilsstaðaspítala fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga? Óskað er eftir lýsingu á fyrirhuguðum breytingum á húsnæðinu.*

Ef nýta á húsnæði Vífilsstaða fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga er nauðsynlegt að leggja í nokkrar endurbætur á húsnæðinu auk þess sem kaupa þarf nauðsynleg tæki og búnað. Kostnaður við endurbætur og tækja- og búnaðarkaup er áætlaður um 130 millj. kr.

Fyrirhugaðar breytingar á Vífilsstaðaspítala felast í fyrsta lagi í bættum brunavörnum. Brunahönnun var gerð fyrir Vífilsstaðaspítala árið 1995 og er sú hönnun í fullu gildi að mati Brunamálastofnunar. Búið er að framkvæma margt af þeim endurbótum sem þar var lagt til. Það sem þyngst vegur í þeim aðgerðum sem eftir er að framkvæma er að skipta þarf um hurðir í sjúkrastofum og breikka dyraop. Hurðir í sjúkrastofum á Vífilsstöðum eru 90 sm að breidd, en staðalbreidd er 110 sm. Skipta þarf húsnæðinu upp í eldhólf og hugsanlega þarf að leggja vatnsúðakerfi, a.m.k. á þriðju hæðina.

Í öðru lagi þarf að skipta herbergjum upp í eins og tveggja manna herbergi og þarf því að koma upp nýjum veggjum milli herbergja þar sem áður voru fjögurra og fimm manna stofur.

Í þriðja lagi þarf að mála húsið allt að innan og skipta um gólfefni á nokkrum stöðum. Húsið á „Hólnum“ þarf að mála og þar þarf að lagfæra hreinlætisaðstöðu.

Í fjórða lagi er hreinlætisaðstaða spítalans ófullkomin og þarf að bæta þar verulega úr. Fjölga þarf baðherbergjum og koma fyrir sjúkrabaði.

2. *Hversu vel nýtist húsnæðið sem heimili fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga, m.a. með tilliti til hjálparbúnaðar og vinnuaðstöðu starfsmanna?*

Sú staðreynd að hús á Vífilsstöðum standa auð og að mikill skortur er á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða hratt af stað umræðu um hugsanlega nýtingu Vífilsstaðaspítala fyrir hjúkrunarrými aldraðra. Óbreytt stenst húsnæðið ekki kröfur um aðbúnað og aðstöðu, þrátt fyrir að almennt megi segja að ástand þess sé þokkalegt og viðhald hafi verið nokkuð gott. Af hálfu ráðuneytis voru tveir kostir skoðaðir. Annars vegnar sá að freista þess að breyta húsnæði Vífilsstaðaspítala í þá veru að það stæðist nútímakröfur sem hjúkrunarheimili með tilliti til alls aðbúnaðar og aðstöðu og hins vegar að freista þess að taka húsnæðið í notkun án verulegra breytinga og nýta fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga sem lokið hafa meðferð á sjúkrahúsi og/eða bíða varanlegrar vistunar á hjúkrunarheimili.

Sérstakur starfshópur ríkisstjórnarinnar, sem m.a. hafði það hlutverk að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða, skilaði nýlega áliti þar sem lagt er til „að húsnæði Vífilsstaðaspítala verði tekið hið fyrsta í notkun án verulegra breytinga til að flýta fyrir því að aldraðir hjúkrunarsjúklingar komist af sjúkrahúsum og í aðstæður sem henta betur þörfum þeirra og spítalanna. Þótt Vífilsstaðir muni ekki fullnægja öllum nýjustu viðmiðunum er þar hægt að bjóða miklu betri aðstæður en spítalarnir gera og því er rétt að nýta húsnæðið lítið breytt til bráðabirgða næstu 3–5 árin meðan önnur þjónusta er að byggjast upp.“

Að ráði hefur orðið að fara að tillögu starfshópsins og breyta Vífilsstöðum í nokkurs konar áfangaheimili fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga sem bíða varanlegrar vistunar á hjúkrunarheimili, þarfnast tímabundinnar hvíldarinnlagnar og/eða þarfnast hvíldar og eftirlits eftir meðferð á sjúkrahúsi. Þess ber að geta að í starfshóp ríkisstjórnarinnar sátu fulltrúar aldraðra. Fyrrverandi landlæknir sat einnig fundi starfshópsins.

Við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2002 var gerð tillaga um 130 millj. kr. framlag til að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæði Vífilsstaðaspítala, sbr. svar við 1. lið fyrirspurnarinnar.

Að mati þeirra sem gerst þekkja getur húsnæði Vífilsstaða vel nýst sem áfangaheimili fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga að undangengnum þeim breytingum sem lýst er í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar. Húsnæðið er um 95 ára og gangar að hluta til þröngir og verður þess því fyllilega gætt að samsetning sjúklingahópsins taki mið af aðstæðum. Þess ber að geta að Vífilsstaðaspítali var nýttur sem spítali fram yfir mitt þetta ár, m.a. fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga.

Í þeim breytingum sem í hönd fara á Vífilsstöðum verður þess gætt að allur hjálparbúnaður verði til staðar og verður vinnuaðstaða starfsmanna bætt verulega frá því sem nú er, m.a. með fjölgun á snyrtingum fyrir sjúklinga og starfsfólk.

3. *Hvað er gert ráð fyrir mörgum vistmönnum á heimilinu og hve margir verða í eins manns, tveggja, þriggja eða fjögurra manna herbergjum?*

Gert er ráð fyrir 71 vistmanni, þar af 52 í sjálfu húsnæði Vífilsstaðaspítala og 19 í húsinu á „Hólnum“. Á 1. hæð er gert ráð fyrir 12 sjúklingum í 3 tveggja manna herbergjum og 6 í eins manns herbergjum. Á 2. og 3. hæð er gert ráð fyrir 12 eins manns herbergjum og 4 tveggja manna herbergjum.

4. *Hver er áætlaður kostnaður við rekstur heimilisins, m.a. launakostnaður?*

Rekstrarkostnaður 71 hjúkrunarrýmis er áætlaður um 330 millj. kr. á verðlagi ársins 2003 og er þá allur rekstrarkostnaður meðtalinn. Greitt verður samkvæmt sérstöku reiknilíkani fyrir hjúkrunarheimili og tekur endanlegt daggjald mið af hjúkrunarþyngd þeirra sjúklinga sem vistast munu á Vífilsstöðum. Launakostnaður hjúkrunarheimila nemur um 70–75% af daggjaldi hjúkrunarheimila og er gert ráð fyrir sama hlutfalli hér.

5. *Hver eru leigugjöld af húsnæðinu?*

Vífilsstaðaspítali er í eigu ríkisins og er ekki gert ráð fyrir að leigugjöld verði greidd af húsnæðinu. Sérstakri fjárveitingu verður varið til nauðsynlegra endurbóta á húsnæði Vífilsstaða og til kaupa á tækjum og búnaði.

682. Svar [188. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur og Guðrúnar Ögmundsdóttur um sértekjur glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

1. *Hvað eru sértekjur glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss hátt hlutfall af kostnaði við meðferðir á hennar vegum og hvernig hefur þetta hlutfall þróast frá stofnun deildarinnar?*

Ekki reyndist unnt að ná fram kostnaðartölum allt frá stofnun deildarinnar. Hér er því eingöngu stuðst við árin 2000, 2001 og fyrri hluta árs 2002, en kostnaðargreining vegna DRG-verkefnisins gerir slíkt mögulegt. Næstum óframkvæmanlegt er að greina kostnað á glasafrjóvgunardeild þar sem kostnaður við einstakar meðferðir er margbreytilegur og ekki gildir sama verð fyrir alla, jafnvel þótt farið sé í nákvæmlega sömu meðferð. Ástæðan er mjög flókin verðskrá sem bundin er í reglugerð. Þar fyrir utan er mjög misjafnt hvað hver meðferð kostar því að einstaklingar geta farið á milli meðferða sem gerir heildaruttekt fyrir hvern meðferðarflokk mjög erfiðan. Öll kostnaðargreining á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hefur miðast við að ná kostnaði niður á kennitölur, en það hefur reynst afar erfitt á glasafrjóvgunardeildinni vegna framangreindra þátta.

Eftirfarandi yfirlit sýnir heildartekjur og heildarkostnað glasafrjóvgunardeildar á árunum 2000 og 2001 og á fyrri hluta árs 2002. Tekið skal fram að S-merkt lyf eru ekki meðtalin í heildarkostnaði, en á árinu 2001 var kostnaður vegna þeirra 78 millj. kr. S-merkt lyf vegna glasafrjóvgunardeildar voru greidd af Tryggingastofnun ríkisins árið 2000.

Ár	Sértekjur Greiðslur sjúklinga	Heildarkostnaður	Sértekjur sem hlutfall af heildarkostnaði
2000	50.769.250	83.370.881	60,9%
2001	53.862.000	90.624.148	59,4%
2002 (jan.–júní)	36.041.250	63.227.000	57,0%

Ef litið er til tímabilsins 2000–2002 nema sértekjur/greiðslur sjúklinga samtals 57%–61% af heildarkostnaði við meðferðir á glasafrjóvgunardeildinni. Hlutfall greiðslna í heildarkostnaði hefur verið að lækka þetta tímabil, úr 61% í 57%.

Ef S-merkt lyf eru tekin með á árinu 2001 er heildarkostnaður við meðferðir á glasafrjóvgunardeildinni 168.624.148 kr. Sértekjur/greiðslur sjúklinga það sama ár eru 53.862.000 kr., 32% af heildarkostnaði.

2. *Hversu hátt hlutfall af meðferðarkostnaði greiða sjúklingar?*

Ef litið er til síðustu þriggja ára greiða sjúklingar að meðaltali um 60% af meðferðarkostnaði, um 30% ef lyf vegna meðferðanna eru tekin með, þ.e. svipað hlutfall og sjúklingar greiða vegna komu til sérfræðilækna. Þetta hlutfall getur verið mjög misjafnt eftir þeim sem í hlut eiga. Þar hafa áhrif þættir eins og flókin verðskrá, mismunandi lyfjanotkun þrátt fyrir að um sömu meðferð sé að ræða og sú staðreynd að einstaklingar geta verið að fara á milli meðferða.

683. Svar [233. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er búsetudreifing sjúklinga sem leituðu þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga á árunum 1996–2001*
   a. *eftir sérgreinum,*
   b. *eftir núverandi kjördæmum?*
2. *Hve hátt hlutfall sjúklinga var með tilvísun frá öðrum lækni?*

Því miður hefur ekki reynst mögulegt að svara fyrirspurn þingmannsins nákvæmlega, þar sem Tryggingastofnun ríkisins treystir sér ekki til að láta keyra viðkomandi upplýsingar út úr tölvukerfi sínu nema með óheyrilegum kostnaði. Fyrirspurnin fjallaði að vísu ekki um ferliverk, en rétt er að benda á að ekki liggja fyrir upplýsingar um ferliverk sjúkrahúsa eftir 1998 þegar Tryggingastofnun hætti að greiða fyrir ferliverk og sjúkrahúsin fjármögnuðu þau sjálf. Einstakir læknar gætu búið yfir þeim upplýsingum, en það væri einnig mikið verk að safna þeim saman.

Hins vegar hefur svipuðum upplýsingum verið haldið til haga fyrir tímabilið 1993–1996 og að hluta fyrir tímabilið 1993–2001. Kemur þar til áhugi og fræðimennska Ólafs Oddsonar, héraðslæknis á Akureyri. Svörin sem hér koma á eftir byggja alfarið á þeim gögnum sem hann hefur tekið saman.

Búsetudreifing sjúklinga eftir sérgreinum.

Ekki var unnt á skömmum tíma að afla gagna fyrir allt tímabilið, sem spurt er um. Af þeim árum sem spurningin tekur til eru aðeins tiltækar upplýsingar fyrir árið 1996. Á hinn bóginn eru tiltækar upplýsingar fyrir árin þar á undan, þ.e. frá 1993. Hér á eftir er nákvæmlega gerð grein fyrir meðaltalsnotkun þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna árin 1993–96. Í fámennum heilsugæslusvæðum geta orðið miklar tímabundnar sveiflur sem jafnast út ef tekið er meðaltal nokkurra ára.

Ástæða þess að samsvarandi upplýsingar fyrir árin 1997–2001 eru ekki tiltækar eru:

1. Árið 1997. Frá hausti 1997 til mars 1998 var meiri hluti þvagfæralækna, bæklunarlækna, skurðlækna og háls-, nef- og eyrnalækna utan samninga við Tryggingastofnun.

2. Árið 1998. Frá hausti 1997 til mars 1998 var meiri hluti fyrrgreindra lækna utan samninga við Tryggingastofnun. Einnig kom það til að 1. júlí 1998 var umsjón greiðslna fyrir ferliverk á sjúkrahúsum færð frá Tryggingastofnun til sjúkrahúsanna sjálfra. Eftir það er erfitt að kanna búsetudreifingu sjúklinga, sbr. 3. lið.
3. Árin 1999–2001. Ekki unnt á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga að gera grein fyrir búsetudreifingu sjúklinga sem sóttu þjónustu séfræðilækna eftir kjördæmum árin 1999–2001, þar sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir nú aðeins fyrir þau ferliverk sem unnin eru utan sjúkrahúsa, þ.e. frá og með 1. júlí 1998. Þess vegna eru upplýsingar Tryggingastofnunar um þetta tímabil aðeins hluti af myndinni. Það sem á vantar eru ferliverk sem unnin eru á sjúkrahúsunum en upplýsingar um þau liggja ekki fyrir miðlægt, heldur hjá sjúkrahúsunum sjálfum. Þess vegna er ekki mögulegt á skjótan hátt að segja til um búsetudreifingu allra sjúklinga sem nutu þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna á árunum 1999–2001.

Tölur fyrir árin 1993–1996 veita traustar upplýsingar um búsetu þeirra sem leituðu til sjálfstætt starfandi sérfræðilækna. Ástæða er til að ætla að sú meginniðurstaða sem liggur fyrir varðandi þau ár gildi einnig núna, þ.e. þjónusta sjálfstætt starfandi sérfræðilækna utan og innan sjúkrahúsa er meira notuð í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi en annars staðar á landinu.

Sjá má að þróun á fjölda heimsókna til sjálfstætt starfandi sérfræðilækna, sem greiddar eru af Tryggingastofnun ríkisins, að þessi mismunur milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar hefur ekki minnkað milli áranna 1995 og 2001, þ.e.:

Reykjavíkurkjördæmi	25,2% fjölgun.
Vesturlandskjördæmi	36,7% fækkun.
Vestfjarðakjördæmi	39,8% fækkun.
Norðurlandskjördæmi vestra ...	1,7% fækkun.
Norðurlandskjördæmi eystra ...	35,9% fækkun.
Austurlandskjördæmi	8,9% fækkun.
Suðurlandskjördæmi	28,6% fjölgun.
Reykjaneskjördæmi	8,5% fjölgun.

Með öðrum orðum, þrátt fyrir ferliverkasamning við Landspítala – háskólasjúkrahús, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eykst notkun íbúa höfuðborgarinnar og íbúa Reykjaneskjördæmis á sérfræðiþjónustu greiddri af Tryggingastofnun, en slík notkun minnkar víðast hvar annars staðar. Væntanlega er skýringin sú að í flestum landsbyggðarkjördæmunum sækir fólk sérfræðiþjónustu í heimabyggð, sem greidd er samkvæmt ferliverkasamningi ráðuneytisins við sjúkrahúsin en á höfuðborgarsvæðinu er mikið um sérfræðiþjónustu sem greidd er beint af Tryggingastofnun. Auk þess kann það að hafa áhrif að uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík er enn ekki lokið og íbúarnir leita meira til sérfræðinga en íbúar svæða þar sem heilsugæslan hefur traustan sess og nær að sinna verkefnum sínum. Aukningin á Suðurlandi skýrist sennilega af því að Heilbrigðisstofnunin á Selfossi er ekki með stóran ferliverkasamning og auk þess er helmingur samningsins greiddur af Tryggingastofnun (að minnsta kosti árið 2000).

Eftirfarandi súlurit sýna fjölda heimsókna til sérfræðilækna skipt eftir sérgreinum og búsetu sjúklinga. Búseta sjúklings er skilgreind eftir því heilsugæslusvæði sem hann tilheyrir. Ekki kemur fram hvar á landinu sérfræðiþjónustan var innt af hendi, en langalgengast er að um sé að ræða höfuðborgarsvæðið eða Akureyri. Um er að ræða meðaltal áranna 1993–96, sbr. útskýringar hér að framan.

Augnlækningar.

Þjónusta augnlækna var sótt nokkuð jafnt, óháð búsetu, ef undan er talið Kirkjubæjarklaustur, þar sem þjónustan var langmest sótt.

Að meðaltali voru 18,8 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári hverju. Notkunin var mest á Kirkubæjarklaustri, Kópaskeri, í Búðardal og Þorlákshöfn, en minnst í Vík, á Fáskrúðsfirði, í Vopnafirði og Laugarási. Munurinn var nokkurn veginn þrefaldur.

Heimsóknir til augnlækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Barnalækningar.

Að meðaltali voru 4,9 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til barnalækna. Ekki var leiðrétt fyrir hugsanlegum mismun á milli svæða í fjölda barna. Heimsóknir voru flestar í Þorlákshöfn og á höfuðborgarsvæðinu, en fæstar á Kópaskeri, í Vík, á Seyðisfirði, Blönduósi og Egilsstöðum. Munurinn var um það bil fimmfaldur.

Heimsóknir til barnalækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Bæklunarlækningar.

Að meðaltali voru 5,3 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til bæklunarlækna. Notkunin var mest í Keflavík og Þorlákshöfn, á Kópaskeri, í Búðardal og Grindavík, en minnst í Vík, á Seyðisfirði, Hvolsvelli og Egilsstöðum. Munurinn var nokkurn veginn fjórfaldur á milli svæða með mesta og minnsta notkun.

Heimsóknir til bæklunarlækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Geðlækningar.

Að meðaltali voru 4,6 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til geðlækna. Í Reykjavík var notkun þjónustunnar um það bil fimmtán sinnum meiri en á þeim fimm heilsugæslusvæðum, þar sem notkunin var minnst, en þau voru Vopnafjörður, Vík, Fáskrúðsfjörður, Grundarfjörður og Fjarðarbyggð.

Heimsóknir til geðlækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Háls-, nef- og eyrnalækningar.

Að meðaltali voru 9,1 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til háls-, nef- og eyrnalækna. Þjónustan dreifðist nokkuð jafnt á milli landsmanna, um það bil 2,5-faldur munur var á milli svæða með mesta og minnsta notkun. Mest var notkunin í Þorlákshöfn, á Akranesi, í Kópavogi, Borgarnesi og Reykjavík, en minnst í Vík, á Vopnafirði, Blönduósi og Sauðárkróki.

Heimsóknir til háls-, nef-og eyrnalækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Húðlækningar.

Að meðaltali voru 4,8 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til húðsjúkdómalækna. Þjónustan var mest notuð í Þorlákshöfn, á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, um það bil fjórum sinnum meira en á þeim svæðum þar sem notkunin var minnst, en þau voru Bolungarvík, Vík, Hvammstangi og Blönduós.

Heimsóknir til húðlækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Kvensjúkdómalækningar.

Að meðaltali voru 8,1 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til kvensjúkdómalækna. Í samanburði á milli svæða var ekki leiðrétt fyrir hugsanlegum kynjamun í íbúafjölda. Þjónustan var mest notuð í Eyjafirði, á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, rúmlega fjórum sinnum meira en þar sem hún var minnst notuð, þ.e. á Fáskrúðsfirði, í Vík, Bolungarvík, á Blönduósi og Hvammstanga.

Heimsóknir til kvensjúkdómalækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Lyflækningar.

Að meðaltali voru 15,6 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til lyflækna. Þjónustan var mest notuð á Kirkjubæjarklaustri, í Þorlákshöfn, á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, en minnst í Vík, á Fáskrúðsfirði, í Bolungarvík og á Raufarhöfn. Munurinn var tæplega fimmfaldur.

Heimsóknir til lyflækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Þjónusta rannsóknarlækna.

Að meðaltali voru 5,4 rannsóknir að meðaltali á hverja 100 íbúa á ári. Þjónustan var mest notuð í Þorlákshöfn, á Kirkjubæjarklaustri og höfuðborgarsvæðinu en minnst á Fáskrúðsfirði, í Vík og á Hvammstanga. Munurinn var um það bil fimmfaldur.

Rannsóknir eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Þjónusta röntgenlækna.

Að meðaltali voru 3,6 rannsóknir að meðaltali á hverja 100 íbúa á ári. Þjónustan var mest notuð í Þorlákshöfn, á Kirkjubæjarklaustri og höfuðborgarsvæðinu, en minnst á Raufarhöfn, Dalvík, Ólafsfirði og Húsavík. Munurinn var rúmlega fimmfaldur.

Myndgreining eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Skurðlækningar.

Að meðaltali voru 5,8 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til skurðlækna. Þjónustan var mest notuð í Stykkishólmi, Þorlákshöfn, Keflavík, á Húsavík og í Vestmannaeyjum, en minnst á Fáskrúðsfirði, í Vík, á Blönduósi og Seyðisfirði. Munurinn var um það bil sex-faldur.

Heimsóknir til skurðlækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Þjónusta svæfingalækna.

Að meðaltali voru 4,3 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til svæfingalækna. Þjónustan var mest notuð í Þorlákshöfn, Keflavík, á Höfn, Dalvík og höfuðborgarsvæðinu, en minnst í Vík, á Seyðisfirði, Hvammstanga og Egilsstöðum. Munurinn var um það bil 3,5-faldur.

Heimsóknir til svæfingalækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Krabbameinslækningar.

Að meðaltali voru 1,3 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til krabbameinslækna. Þjónustan var mest notuð á Kópaskeri, í Keflavík, á Seltjarnarnesi og í Stykkishólmi, en minnst í Bolungarvík, á Raufarhöfn, Fáskrúðsfirði, Ólafsfirði, Þórshöfn og Vopnafirði. Munurinn var um það bil þrítugfaldur.

Heimsóknir til krabbameinslækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Taugalækningar.

Að meðaltali voru 1,7 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til taugasjúkdómalækna. Þjónustan var mest notuð í Þorlákshöfn, á Kirkjubæjarklaustri og höfuðborgarsvæðinu, en minnst í Vík, á Ólafsfirði, Egilsstöðum, í Bolungarvík og á Vopnafirði. Munurinn var tæplega fimmfaldur.

Heimsóknir til taugalækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Þvagfæralækningar.

Að meðaltali voru 2,3 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til þvagfæralækna. Þjónustan var mest notuð á Kirkjubæjarklaustri, í Þorlákshöfn, Keflavík og á höfuðborgarsvæðinu, en minnst í Vík, á Fáskrúðsfirði, Hvolsvelli, Ólafsfirði, Blönduósi og Hvammstanga. Munurinn var rúmlega sexfaldur.

Heimsóknir til þvagfæralækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Öldrunarlækningar.

Að meðaltali var 0,2 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til öldrunarlækna. Þjónustan var mest notuð á Kirkjubæjarklaustri, í Vestmannaeyjum, á Hólmavík, Djúpavogi og í Reykjavík, en minnst á Hvolsvelli, Hvammstanga, Egilsstöðum, Ólafsfirði og í Laugarási. Munurinn var rúmlega þrefaldur.

Heimsóknir til öldrunarlækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Lýtalækningar.

Að meðaltali voru 0,8 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári til lýtalækna. Þjónustan var mest notuð í Keflavík, Þorlákshöfn, Hveragerði og á höfuðborgarsvæðinu, en minnst í Vík, á Vopnafirði, Dalvík, Hvolsvelli, Ólafsfirði, Seyðisfirði og Húsavík. Munurinn var tæplega þrefaldur.

Heimsóknir til lýtalækna eftir heilsugæslusvæðum árin 1993–96.



Búsetudreifing sjúklinga eftir kjördæmum.

Vísað er til eftirfarandi súlurita, einu fyrir hvert kjördæmi, en læknishéruð voru þau sömu og kjördæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sem voru í gildi á árunum 1993–2001. Fram kemur hver þróunin var í kjördæmunum árin 1993–2001 í notkun þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Árin 1993–2001 voru valin til skoðunar. Árið 1996 lá þjónusta heilsugæslulækna niðri um sex vikna skeið og kann því notkun sérfræðiþjónustu á því tímabili eitthvað að hafa breyst frá því sem er venjulegt. Á árinu 1996 greiddi Tryggingastofnun hins vegar samkvæmt samningi fyrir þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga allt árið. Árið 1997 hefur sérstöðu vegna þess að meiri hluti nokkurra sérfræðingastétta sagði sig frá samningi við Tryggingastofnun ríkisins frá hausti 1997 til mars 1998, þ.e. þvagfæralæknar frá 1. september, bæklunarlæknar og skurðlæknar frá 1. október og háls-, nef- og eyrnalæknar frá 1. nóvember 1997. Árið 1998 hefur sérstöðu af sömu orsökum en auk þess hætti Tryggingastofnun 1. júlí 1998 að greiða sérfræðingum fyrir ferliverk og ráðuneytið gerði í kjölfarið samninga við sjúkrahúsin um fjárveitingar vegna ferliverka. Þeir samningar komu að fullu til framkvæmda frá og með árinu 1999. Þess vegna ná upplýsingar Tryggingastofnunar um sjálfstætt starfandi sérfræðinga aðeins til hluta sérfræðiþjónustu á árunum frá og með 1997.

Heimsóknir skipt eftir landshlutum.

Reykjavík.



Vesturland.



Vestfirðir.



Norðurland vestra.



Norðurland eystra.



Austurlandshérað.



Suðurlandshérað.



Reykjaneshérað.



Heimsóknir til sérfræðilækna eftir héruðum (kjördæmum).

Árið 1993.

Sérfræðiþjónustan var mismikið notuð í kjördæmunum, mest í Reykjavík, 164 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári, en minnst á Norðurlandikjördæmi vestra, 57 heimsóknir á hverja 100 íbúa á ári. Austurlandskjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Vestfjarðakjördæmi voru öll á svipuðu róli með langminnsta notkun, Vesturland rétt þar fyrir ofan, Reykjavík og Reykjaneskjördæmi voru með mesta notkun en Suðurland og Norðurlandskjördæmi eystra lágu þar á milli.



Árið 1994.

Heildarmyndin breyttist að því leyti, að gríðarleg aukning varð á notkun þjónustunnar á Vestfjörðum og Vesturlandi.



Árið 1995.

Á þessu ári varð aukning í notkun þjónustunnar miðað við árið áður. Enn var þjónustan langminnst notuð á Norðurlandi vestra og Austurlandi en aðeins meira á Suðurlandi. Norðurland eystra, Vestfirðir og Vesturland lágu í miðjunni en notkunin í Reykjaneskjördæmi og Reykjavík var langmest eins og áður.



Árið 1996.

Í stórum dráttum var notkun þjónustunnar svipuð og árið 1995, þó notfærði fólk á Norðurlandi eystra sér þjónustuna heldur minna en árið áður.



Árin 1997–2001.

Súluritin eru látin fylgja með til fróðleiks. Hafa ber í huga að erfitt er að túlka niðurstöður þessara ára þar sem upplýsingar vantar, sbr. útskýringar að framan.

Heimsóknir til sérfræðilækna eftir héruðum (kjördæmum) árið 1997.



Heimsóknir til sérfræðilækna eftir héruðum (kjördæmum) árið 1998.



Heimsóknir til sérfræðilækna eftir héruðum (kjördæmum) árið 1999.



Heimsóknir til sérfræðilækna eftir héruðum (kjördæmum) árið 2000.



Heimsóknir til sérfræðilækna eftir héruðum (kjördæmum) árið 2001.



Tilvísanir.

Árið 1984 var tilvísanaskylda felld niður sem þáttur í greiðslum til sérfræðilækna. Engar upplýsingar liggja fyrir um hve hátt hlutfall sjúklinga sem leitar til sérfræðilækna er með tilvísun frá öðrum lækni.

Athygli skal vakin á grein úr Læknablaðinu frá árinu 1999, 85. árg., eftir læknana H. Þorgils Sigurðsson og Jóhann Ágúst Sigurðsson, um tilvísanir til sérgreinalækna. Þessi grein svarar reyndar ekki 2. lið fyrirspurnarinar, en hún er hins vegar mjög fræðandi varðandi heildartíðni tilvísana heilsugæslulæknis á tæplega níu ára tímabili. Um er að ræða heilsugæsluumdæmi Akureyrar með 17.000 íbúa, 11 heilsugæslulækna og um 40 sérgreinalækna, sem flestir voru á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Í ljós kom að skrifleg samskipti í formi tilvísana milli heilsugæslulæknis og sérfræðinga gengu vel á Akureyri. Niðurstöður sýna mismunandi umfang sérfræðiaðstoðar eftir sérgreinum og geta þess vegna verið gagnlegar við mat á þörf á sérfræðiþjónstu á landsbyggðinni. Einnig geta athuganir sem þessar orðið heilsugæslulækni að gagni við val á viðhalds- og framhaldsmenntun sinni.

684. Skýrsla [315. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ástæður þess að hlutfall öryrkja á Íslandi er hæst á Norðurlandi eystra, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Með beiðni (á þskj. 340) frá Soffíu Gísladóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um ástæður þess að hlutfall öryrkja á Íslandi er hæst á Norðurlandi eystra.

Skýrsla um ástæður þess að örorka á Norðurlandi eystra er ívið hærri en annars staðar á landinu verður að byggjast á gögnum sem sýna marktækan mun í þeim mæli að ætla mætti að um óeðlilega þróun sé að ræða. Í svari frá læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins kemur

fram að deildin hefur engin gögn sem skýra þann mun sem kemur fram í ívið hærra hlutfalli öryrkja á Norðurlandi eystra en annars staðar á landinu.

Tilgáta læknadeildar um þennan vart marktæka mun er sú að fjöldi öryrkja markist nokkuð af því hvar hægt sé að leita úrræða við því að lifa með örorku sinni á bærilegan hátt. Nú er örorka mismunandi þannig að þegar stöðug meðferð hjá fagfólki er nauðsynleg, sem ekki er hægt að fá nema á stærri stöðum eins og á Akureyri og í Reykjavík, má gera ráð fyrir að þeir sem þurfa á slíkri stöðugri meðferð að halda taki sér búsetu á þeim stöðum.

Eftirfarandi tafla sýnir að hlutfall öryrkja í hverju kjördæmi af heildarfjölda þeirra er alls staðar lægra en hlutfall íbúa í hverju kjördæmi af heildarfjölda landsmanna nema í Reykjavík og á Norðurlandi eystra. Sama á við um Suðurland þar sem munurinn er vart marktækur. Munurinn er langmestur í Reykjavík, eða 4,3%, þar sem rétt 48% öryrkja búa en heildarfjöldi íbúa í Reykjavík er um 43,7% landsmanna. Munurinn á Norðurlandi eystra er einungis 1,6%, þ.e. þar búa 10,6% öryrkja en hlutfall íbúa þar er rúm 9% af heildarfjölda landsmanna. Í öðrum kjördæmum er hlutfall öryrkja lægra en hlutfall íbúa af heildarfjölda landsmanna.

Örorkulífeyrisþegar flokkaðir eftir kjördæmum og hlutfalli af fjölda.

Árið 2001	Hlutfall af íbúafjölda	Hlutfallsleg skipting öryrkja	íbúa
Reykjavík	5,7%	48,0%	43,7%
Reykjanes	4,4%	21,1%	25,0%
Vesturland	4,4%	4,1%	4,9%
Vestfirðir	4,2%	2,2%	2,8%
Norðurland vestra	5,2%	3,1%	3,1%
Norðurland eystra	6,1%	10,6%	9,0%
Austurland	4,3%	3,3%	4,1%
Suðurland	5,4%	7,6%	7,4%
Meðaltal:	5,2%		

Miðað við framangreint þykja frávik þau sem tölur um hlutfall öryrkja á Norðurlandi eystra miðað við aðra landshluta sýna ekki gefa tilefni til frekari rannsókna. Það breytir ekki því að sú fyrirætlan að koma á fót endurhæfingarmiðstöð fyrir öryrkja á Húsavík er eindregið af hinu góða og væri það í samræmi við átak Tryggingastofnunar ríkisins um starfsendurhæfingu öryrkja sem þegar er farið að skila góðum árangri. Ekki er ástæða til að ætla að greining á því hvers vegna hlutfall öryrkja er ívið hærra á Norðurlandi eystra en annars staðar, burtséð frá Reykjavík eftir því hvaða hlutfall er notað, eigi að skila betri eða skjótari árangri með tilliti til starfsendurhæfingar þar sem taka þarf tillit til sérþarfa hvers einstaklings í ríkum mæli. Það hefur a.m.k. ekki verið vandamál í Reykjavík hvað varðar starfsendurhæfingu að hlutfallslega fleiri öryrkjar búa þar en hlutfall íbúa segir til um.

Þar sem það er tiltölulega eðlilegur hlutur að fólk flytur frekar á þá staði þar sem úrræði við vanda þess er að finna má jafnvel frekar gera ráð fyrir að með tilkomu nýrrar endurhæfingarmiðstöðvar á Húsavík muni hlutfall öryrkja á Norðurlandi eystra hækka enn frekar og lækka annars staðar.

685. Frumvarp til laga [457. mál]

um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Heimilt er Akureyrarbæ að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku, er nefnist Norðurorka hf.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um innborgun hlutafjár og fjölda hluthafa í Norðurorku hf. Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995 eiga ekki við um greiðslu hlutafjár.

2. gr.

Heimili Norðurorku hf. og varnarþing skulu vera á Akureyri, en heimilt skal vera að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

3. gr.

Tilgangur Norðurorku hf. er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Norðurorku hf. er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tilgangi félagsins og verkefnum skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundum samkvæmt almennum reglum.

4. gr.

Stjórn Norðurorku hf. skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

5. gr.

Norðurorka hf. tekur við einkarétti Akureyrarbæjar og Norðurorku til starfrækslu hita- og rafveitu og yfirtekur skyldu Akureyrarbæjar til starfrækslu vatnsveitu á Akureyri. Norðurorka yfirtekur þá samninga sem gerðir hafa verið um vatnssölu eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum.

Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Norðurorku hf. leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það.

Aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Norðurorku hf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum.

6. gr.

Stjórn Norðurorku hf. setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda. Gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við

setningu gjaldskrár. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

7. gr.

Allir núverandi starfsmenn Norðurorku skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og skulu þeim boðin störf hjá Norðurorku hf., sambærileg þeim er þeir áður gegndu.

8. gr.

Stofna skal hlutafélagið Norðurorku á stofnfundi sem haldinn skal í desembermánuði 2002. Allur kostnaður af stofnun Norðurorku hf. og yfirtöku þess á rekstri Norðurorku greiðist af hlutafélaginu.

9. gr.

Norðurorka hf. skal taka til starfa 1. janúar 2003 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Norðurorku. Norðurorka skal lögð niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar félagsins.

10. gr.

Um skyldu Norðurorku hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og hafa slíkan rekstur með höndum. Norðurorka hf. skal undanþegin stimpilgjöldum.

Þá verða ekki greiddir skattar og opinber gjöld af eignatilfærslum milli Akureyrarbæjar og Norðurorku hf. við formbreytinguna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Akureyrarbær ber áfram ábyrgð á lánum sem tekin hafa verið fyrir 31. desember 2002 með ábyrgð bæjarsjóðs vegna Norðurorku, Vatnsveitu Akureyrar, Rafveitu Akureyrar og Hita- og vatnsveitu Akureyrar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Akureyrarbæ verði heimilað að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku. Um nokkurt skeið hefur staðið yfir undirbúningur að breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins og á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 3. desember 2002 var tekin ákvörðun um að stofna hlutafélag um rekstur þess. Fór Akureyrarbær þess á leit við iðnaðarráðherra að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp til laga þessa efnis.

Almennt er ekki þörf sérstakrar lagaheimildar þegar breytingar verða á rekstrarformi orkufyrirtækja í eigu sveitarfélaga. Skv. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að hlutafélagið taki við einkarétti Akureyrarbæjar til starfrækslu raf- og hitaveitu og skyldu Akureyrarbæjar til starfrækslu vatnsveitu. Nauðsynlegt er að kveða á um þennan rétt í sérlögum þar sem hann samræmist ekki að fullu eftirfarandi lagaákvæðum:

- Samkvæmt IV. orkulaga, nr. 58/1967, eiga sveitarfélög almennt forgangsrétt til að reka rafveitu innan marka sveitarfélagsins og hljóta til þess einkarétt. Ef sveitarfélög nýta ekki rétt sinn hefur RARIK forgangsrétt. Lögin gera jafnframt ráð fyrir að hægt sé að

veita einstaklingum eða félögum slíkan einkarétt en þá aðeins um tiltekið árabil.
- Samkvæmt V. kafla orkulaga, nr. 58/1967, er heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur. Lögin gera jafnframt ráð fyrir að hægt sé að framselja einstaklingum eða félögum rétt sveitarfélags að einhverju leyti eða öllu, einkaleyfið um ákveðið tímabil í senn, með samþykki ráðherra.
- Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, er rekstur vatnsveitu skylduverkefni sveitarfélaga. Í dag annast Norðurorka þetta verkefni.

Frumvarpið er m.a. byggt á frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja og frumvarpi til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

II. Saga veiturekstursá Akureyri.

Fyrsta vatnsveita á Akureyri var vatnsveita Innbæinga, stofnuð 1902. Oddeyringar hófu um svipað leyti vatnsveituframkvæmdir. Báðar þessar veitur voru einkaveitur. Árið 1904 tók bæjarfélagið við Oddeyrarveitunni og árið 1914 við innbæjarveitunni. Árið 1914 er því talið stofnár Vatnsveitu Akureyrar.

Árið 1914 voru vatnslindir í landi Hesjuvalla virkjaðar, árið 1956 voru „AKVA"-lindir við Selland á Glerárdal virkjaðar og árið 1972 voru borholur á Vaglaeyrum í Hörgárdal virkjaðar. Vatnsnotkun Akureyringa er mikil, eða um 4,5 millj. tonna á ári. Ekki eru vandamál við að afla þessa vatns. Vatnsveitan varð hluti af Hita- og vatnsveitu Akureyrar 1. janúar 1993.

Fyrsta verkefni Rafveitu Akureyrar var virkjun Glerár. Glerárvirkjun var byggð í landi Bandagerðis á árunum 1921 og 1922. Á þeim tíma voru starfræktar þrjár rafstöðvar í bænum og fengu 36 hús rafmagn frá þeim. Rafmagnsframleiðsla í Glerárvirkjun hófst 30. september 1922 en þá var straumi fyrst hleypt á nýbyggt dreifikerfi rafveitunnar í bænum. Síðar virkjaði rafveitan Laxá í Aðaldal og tók fyrsta virkjunin til starfa árið 1939. Glerárstöð var ekki í stöðugri notkun eftir að Laxárvirkjun tók til starfa en var keyrð þegar á þurfti að halda fram á árið 1960. Nýtt fyrirtæki, Laxárvirkjun, tók til starfa með tilkomu virkjunar 2 í Laxá árið 1954. Síðan hefur meginverkefni Rafveitu Akureyrar verið að kaupa og selja raforku og dreifa henni til viðskiptavina á Akureyri. Raforkunotkun á orkuveitusvæði árið 2001 var 141.272 MWstundir.

Stofndagur Hitaveitu Akureyrar hefur verið talinn 27. nóvember 1977 þegar fyrsta húsið, Dvalarheimilið Hlíð, var tengt við veituna. Forsaga stofnunar hitaveitunnar er löng. Fyrstu skráðu not jarðhitavatns eru þegar áhugamannahópur úr Ungmennafélagi Akureyrar leiddi heitt vatn úr lind í Glerárgljúfri að sundlaug bæjarins. Heitavatnsnotkun á veitusvæði hitaveitunnar er svipuð og kaldavatnsnotkunin eða um 4,5 millj. tonna. Heitavatnsöflun veitunnar og orkukerfi hennar er flókið. Veitan nýtir vatn úr 10 borholum, rekur varmadælur, dælir niður vatni og nýtir raf- og olíukatla þegar þess er þörf. Hitaveitan varð hluti af Hita- og vatnsveitu Akureyrar 1. janúar 1993.

1. ágúst 2000 voru Rafveita Akureyrar og Hita- og vatnsveita Akureyrar sameinaðar í eitt orkufyrirtæki, Norðurorku.

III. Breytingar á rekstrarformi.

Á fundi sínum 18. desember 2001 ákvað stjórn Norðurorku að leggja til við bæjarstjórn Akureyrar að hún tæki afstöðu til þess að Norðurorku yrði breytt í hlutafélag og fól forstjóra að hefja vinnu að væntanlegri breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins. Á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 15. janúar 2002 fól bæjarstjórn stjórn Norðurorku að kanna kosti og galla þess að

breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Niðurstöður könnunarinnar yrðu nýttar til að taka ákvörðun um framtíðarrekstrarfyrirkomulag Norðurorku. Í hönd fór vinna sem skilaði því að á fundi stjórnar Norðurorku 10. maí 2002 var ákveðið að stjórn fæli forstjóra að vinna áfram að undirbúningi undir stofnun hlutafélags um allan rekstur Norðurorku. Miða skyldi við að hlutafélagið tæki til starfa 1. janúar 2003. Jafnframt var honum falið að ræða við þá aðila sem sýnt hefðu áhuga á að koma að félaginu. Staðfesting bæjarstjórnar Akureyrar fékkst á fundi bæjarstjórnar 3. desember 2002.

Að mörgu þarf að hyggja í tengslum við slíka breytingu. Þar má nefna yfirtöku á einkarétti bæjarins til sölu á raforku og framkvæmd laga um vatnsveitur sveitarfélaga og fleira sem snýr að lagalegu starfsumhverfi fyrirtækisins. Bæjarábyrgð hefur verið veitt gagnvart lánum fyrirtækisins. Sú ábyrgð hefur haft jákvæð áhrif á vaxtakjör, en sú ábyrgðarveiting fellur niður gagnvart nýjum lántökum. Bókhald fyrirtækisins hefur verið hluti af samstæðureikningi bæjarsjóðs, en verður nú að færast aðskilið frá bókhaldi bæjarins. Starfsmannahald hefur verið hluti af starfsmannahaldi bæjarins og hafa starfsmenn verið ráðnir á grundvelli kjarasamninga milli launanefndar sveitarfélaga og STAK og annarra stéttarfélaga eftir félagsaðild. Fyrirtækið hefur að öðru leyti lotið lögmálum hins almenna vinnumarkaðar. Reksturinn mótast af viðmiðum við sambærileg fyrirtæki þar sem starfsemin byggist á eigin tekjum og svigrúm til nýframkvæmda og endurbóta í rekstri ræðst af greiðslugetu. Umræður eru um hugsanlegan samruna fleiri orkufyrirtækja, en það kemur ekki í veg fyrir að þessi breyting eigi sér stað. Þvert á móti skapar þessi breyting svigrúm fyrir fyrirtækið til að eflast enn frekar.

Með framangreint í huga er nauðsynlegt að allir þættir í þessum verkferli geti gengið upp, ekki síst sá þáttur sem að starfsmönnum snýr. Þessi breyting á rekstrarformi hefur hvorki áhrif á starfsöryggi þeirra starfsmanna sem eru fastráðnir í fullu starfi né leiðir sjálfkrafa til breytinga á störfum. Breyting getur þó orðið á verkefnum, en slík breyting gæti eins vel átt sér stað í óbreyttu rekstrarfyrirkomulagi og er sjálfsagður og eðlilegur hlutur í vaxandi fyrirtæki sem leitast við að gera hlutina á sem hagkvæmastan hátt. Starfsmenn hafa tekið þátt í viðamiklum breytingum á undanförnum árum vegna samruna þriggja fyrirtækja. Sú aðlögun hefur tekið á mörgum málum, sem virðast hafa fengið farsæla lausn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er Akureyrarbæ veitt heimild til að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku (áður Hita- og vatnsveitu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar) er nefnist Norðurorka hf. og leggja til þess eignir sem hlutafé.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að lögin veiti undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 2/1995, er varða innborgun hlutafjár skv. 2. mgr. 14. gr., fjölda hluthafa skv. 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. og greiðslu hlutafjár skv. 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995. Í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, er kveðið á um innborgun hlutafjár, en þar segir m.a.: „Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur.“ Þar sem gert er ráð fyrir að Norðurorka hf. taki yfir rekstur sameignarfélagsins Norðurorku eftir stofnun hlutafélagsins og að greiðsla hlutafjár verði í formi eigna sameignarfélagsins er nauðsynlegt að veita undanþágu frá þessu ákvæði laga um hlutafélög.

Þar sem gert er ráð fyrir að Akureyrarbær verði eini hluthafi félagsins er gert ráð fyrir að ákvæði 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga um hlutafélög gildi ekki um fjölda hluthafa í Norðurorku hf.

Í 6. og 7. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um hvernig með skuli fara ef hlutafé er greitt með öðrum verðmætum en reiðufé. Hlutafé Norðurorku hf. verður greitt með eignum og réttindum sameignarfélagsins Norðurorku. Við ákvörðun á mati eigna verður miðað við bókfært verð í árslok 2002 samkvæmt endurskoðaðri ársskýrslu. Í ljósi þessa er lagt til að veitt verði undanþága frá fyrrgreindum ákvæðum laga um hlutafélög.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um að heimili Norðurorku hf. og varnarþing verði á Akureyri. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að starfrækja útibú á öðrum stöðum, en slíkt getur verið nauðsynlegt fyrir framgang hlutafélagsins. Rétt þykir að lögheimili og varnarþing félagsins sé á athafnasvæði þess, Akureyri. Ástæða þykir til að taka fram að heimilt sé að stofna útibú annars staðar.

Um 3. gr.

Í greininni er megintilgangur Norðurorku hf. skilgreindur. Samkvæmt greininni er tilgangurinn orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild fyrirtækisins til að gerast eignaraðili í öðrum félögum og fyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að tilgangi félagsins og verkefnum skuli nánar lýst í samþykktum þess og að samþykktum félagsins megi breyta á hluthafafundum samkvæmt almennum reglum.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn fyrirtækisins sé skipuð fimm aðalmönnum og fimm mönnum til vara á aðalfundi ár hvert. Í samþykktum félagsins verður nánar kveðið á um kosningu stjórnar.

Um 5. gr.

Í 21. gr. orkulaga, nr. 58/1967, er iðnaðarráðherra falið að ákveða orkuveitusvæði hverrar héraðsrafmagnsveitu og jafnframt heimilað að veita einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á orkuveitusvæðinu, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Iðnaðarráðherra er með sambærilegum hætti veitt heimild í 30. gr. orkulaga til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknum veitusvæði. Í 3. gr. reglugerðar nr. 186/1989, um Hitaveitu Akureyrar, er kveðið á um að orkuveitusvæði veitunnar sé lögsagnarumdæmi Akureyrarbæjar og nágrannabyggðar eftir nánara samkomulagi bæjarstjórnar Akureyrar og viðkomandi sveitarstjórna og sem ráðherra samþykkir samkvæmt orkulögum. Enn fremur kemur fram í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 458/1979, með síðari breytingum, að veitan hafi einkarétt til sölu raforku til notenda á orkuveitusvæði rafveitunnar sem er lögsagnarumdæmi Akureyrar. Eins og áður hefur komið fram voru Rafveita Akureyrar og Hita- og vatnsveita Akureyrar sameinaðar í sameignarfélagið Norðurorku 1. ágúst 2000. Í frumvarpinu er lagt til að Norðurorka hf. haldi þeim einkarétti til dreifingar og sölu raforku, heits vatns og gufu sem Hitaveita Akureyrar og Rafveita Akureyrar höfðu áður. Einhverjar breytingar kunna að verða á þessum réttindum félagsins þegar nýtt skipulag raforkumála kemur til framkvæmda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Norðurorka hf. muni yfirtaka þá samninga sem gerðir hafa verið um vatnssölu eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum. Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Norðurorku hf. leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það.

Til að taka af allan vafa um réttarstöðu þeirra er við gildistöku laganna reka orkumannvirki á starfssvæði Norðurorku hf. er kveðið á um að þeir skuli halda þeim rétti sínum.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að stjórn Norðurorku hf. setji gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda. Gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni munu ekki öðlast gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Í greininni er lagt til að við gerð gjaldskráa skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða. Þetta ákvæði er í samræmi við 28. og 32. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum, og 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Breytingar kunna að verða á þessu fyrirkomulagi þegar nýtt skipulag raforkumála öðlast gildi. Bæjarstjórn Akureyrar mun ákvarða vatnsgjald fyrir árið 2003, en fyrirtækið mun móta nýja gjaldskrá, sem tekur gildi frá 1. janúar 2004. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að allir fastráðnir starfsmenn Norðurorku eigi rétt á starfi hjá hinu nýja fyrirtæki. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja starfsmönnum Norðurorku sömu eða sambærileg störf hjá félaginu eftir formlega stofnun þess þannig að formbreytingin hafi ekki áhrif á stöðu þeirra, enda ekki um neina eðlisbreytingu á störfum eða starfsaðstöðu að ræða.

Norðurorka var stofnuð við sameiningu veitustofnana Akureyrarbæjar 1. ágúst 2000 og hefur starfað og lotið reglum sem gilda um opinber fyrirtæki. Starfsmenn hafa haft réttarstöðu opinberra starfsmanna samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Við breytingu á rekstri bæjarfyrirtækis yfir í hlutafélagaform verður sú eðlisbreyting að starfsemi fyrirtækisins fer úr umhverfi opinbers eðlis í umhverfi einkaréttarlegs eðlis. Starfsmenn verða ekki lengur starfsmenn Akureyrarbæjar heldur starfsmenn hlutafélags. Með sama hætti mun hið nýja félag lúta reglum sem gilda um starfsemi einkafyrirtækja. Þar með verður grundvallarbreyting á samningsaðild Norðurorku og stéttarfélagsaðild starfsmanna, sem verður nú samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, en var áður samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nú þegar liggur fyrir að Starfsmannafélag Akureyrarbæjar er tilbúið að taka að sér fyrirsvar fyrir núverandi starfsmenn og væntanlega gera kjarasamning við hið nýja hlutafélag. Til þess að það sé mögulegt þarf að innan STAK að vera deild sem grundvallar samningsaðild sína á lögum nr. 80/1938.

Fyrirtækið gerist væntanlega aðili að Samtökum atvinnulífsins og munu nýir kjarasamningar miðast við það. Kjarasamningar starfsmanna gilda til ársins 2005. Við breytingu sem þessa er horft til þess að ráðningarsamningar verði endurnýjaðir. Nýr ráðningarsamningur verði við það miðaður að starfsmenn haldi öllum áunnum réttindum sínum sem kveðið er á um í gildandi kjarasamningi og snerta almenn kjör, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, þar sem kveðið er á um að réttindi og skyldur framseljanda yfirfærist til framsalshafa, hér skyldur bæjarfyrirtækisins til hlutafélagsins. Þannig skal hið nýja félag skv. 2. mgr. 3. gr. laganna virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir, þar til kjarasamningi verður

sagt upp, hann rennur út eða þar til nýr öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Við formbreytinguna mun verða gengið frá samkomulagi þar sem Norðurorka hf. skuldbindur sig til að virða þá gildandi kjarasamninga sem Akureyrarbær hefur gert við viðsemjendur sína og varða starfsmenn Norðurorku. Samkomulagið mun þannig skuldbinda Norðurorku hf. þar til hinir opinberu kjarasamningar renna úr gildi.

Biðlaunaréttur félagsmanna í STAK sem ráðnir voru fyrir 1. mars 1997 er væntanlega fyrir hendi ef ekki verður um áframhaldandi ráðningu að ræða. Til þess þarf þó ekki að koma. Þessi túlkun grundvallast á því að þótt um formlega niðurlagningu á stöðu sé að ræða verður engin grundvallarbreyting á stöðu starfsmannanna, svo framarlega sem þeim eru boðin störf sambærileg þeim sem þeir áður gegndu á sambærilegum kjörum.

Hvað varðar lífeyrissjóðsaðild og réttindi eru starfsmenn Norðurorku í nokkrum lífeyrissjóðum. Þar af eru 23 í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar, fjórir starfsmenn eiga aðild að Lífeyrissjóði Norðurlands, fimm eru í Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, tveir starfsmenn greiða til Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga, þrír til Sameinaða lífeyrissjóðsins, átta til Lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna og einn starfsmaður á aðild að Lífeyrissjóði verkfræðinga. Framlög til sjóðanna eru nokkuð mismunandi og einnig samningar um þátttöku atvinnurekanda í viðbótarlífeyrissparnaði. Þá eru reglur um eftirlauna- og örorkubætur og bætur til maka einnig mismunandi. Svo virðist sem ekki þurfi að huga að málum annarra en STAK-félaga í tengslum við breytingar á lífeyrismálum. Greiðslur til Lífeyrissjóðs Norðurlands eru með öðrum hætti en gerist á hinum almenna markaði og meira í takt við það sem gerist hjá STAK-félögum. Greiðslur samkvæmt gildandi kjarasamningi miðuðust í upphafi við 5% framlag launþega af heildarlaunum og 10,5% mótframlag vinnuveitanda. Þetta breyttist 1. desember 2001 í 6% og 8%. Árið 2004 hækkar framlag launagreiðanda í 9%, en framlag starfsmanns helst óbreytt. 1. janúar 2005 lækkar framlag launþega í 5% en framlag launagreiðanda í 10,5%. Þessi ákvæði kjarasamnings ber að virða við aðilabreytingu.

Eins og fyrr segir þarf að huga að réttindum STAK-félaga við rekstrarformsbreytinguna þar sem þeir uppfylla ekki lengur skilyrði til að greiða til Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar og njóta því ekki aðildar að sjóðnum þar sem þeir eru ekki lengur starfsmenn bæjarins og fá ekki greidd laun samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þetta hefur þó ekki skipt meginmáli þar sem flestir stærri lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna eins og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hafa haft í samþykktum sínum reglu sambærilega við 4. mgr. 19. gr. samþykkta Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar, sem er svohljóðandi: *„Sé staða eða starf sjóðfélaga lagt niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki er staða hans var í er hún var niðurlögð. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.“* Við slíkar aðstæður öðlast sjóðfélagar persónubundinn rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum, en miða skal þann rétt við þau laun í þeim launaflokki er staða hans var í þegar hún var lögð niður. Viðmið lífeyris tekur því einungis breytingum í samræmi við almennar kjarasamningsbundnar hækkanir, en miðast ekki við þau laun sem starfsmaður er með hjá framsalshafa, ef þau laun hafa tekið breytingum til hækkunar.

Framangreind leið hefur verið valin í þeim tilvikum sem ríkisfyrirtæki hafa verið einkavædd og við formbreytingu á rekstri fyrirtækja sveitarfélaga, hvort sem um er að ræða hlutafélags- eða sameignarfyrirtækjaform, sbr. við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur. Með vísan til þessa verður gengið frá sérstökum samningi milli Norðurorku og Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar en tilgangur samningsins er að ákvarða um lífeyrisréttindi starfsmanna Norðurorku sem aðilar eru að Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar við

breytingu Norðurorku í hlutafélag – Norðurorku hf. Markmið samningsins eru að lífeyrisréttindi téðra starfsmanna skuli vera sambærileg við það sem þau voru fyrir framangreinda formbreytingu fyrirtækisins, bæði hvað tekur til áunninna réttinda og ávinnslu framtíðarréttinda.

Lífeyrisréttindi þeirra starfsmanna sem greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga virðast ekki skerðast við formbreytinguna þar sem stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að veita aðild að A-deild sjóðsins þeim sem ekki heyra undir það að vera starfsmenn sveitarfélaga, sbr. 3. gr. samþykkta LSS: *„Sjóðfélagar í A-deild geta þeir starfsmenn sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja svo og samlaga sveitarfélaga 16–70 ára orðið sem ráðnir eru samkvæmt kjarasamningi milli aðildarfélags BSRB eða Bandalags háskólamanna annars vegar og sveitarfélaga, stofnana þeirra, fyrirtækja eða samlaga sveitarfélaga hins vegar. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga og stjórnendur stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélaga eiga rétt til aðildar að A-deild. Sjóðsstjórn er heimilt að veita aðild að A-deild starfsmanni sem ekki á rétt til aðildar samkvæmt framangreindu. Þær starfsstéttir sem áttu skylduaðild að lífeyrissjóðum sveitarfélaga þann 30. júní 1998 og ekki falla undir skilgreiningu 1. mgr. 3. gr. geta með sama hætti átt skylduaðild að LSS.“*

Aðild að öðrum lífeyrissjóðum en opinberum og lífeyrisréttindi þeirra starfsmanna sem þegar grundvalla réttindi sín á lögum nr. 80/1938 ættu ekki að taka breytingum við rekstrarformsbreytinguna.

Um 8. gr.

Lögin eru heimildarlög sem heimila Akureyrarbæ að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku. Í greininni er ákvæði þess efnis að stefnt skuli að því að stofna hlutafélagið Norðurorku á stofnfundi í desembermánuði 2002 og að allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Norðurorku greiðist af hlutafélaginu.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að hlutafélaginu sé heimilt að taka til starfa 1. janúar 2003. Við stofnun þess mun hlutafélagið yfirtaka allar eignir, skuldir og skuldbindingar Norðurorku frá sama tíma.

Um 10. gr.

Í greininni segir í 1. mgr. að um skyldu Norðurorku hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fari á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og hafa slíkan rekstur með höndum. Ákvæðið á sér rót í því að flest fyrirtæki landsins sem annast dreifingu og sölu á heitu vatni, rafmagni og vatni eru í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og bera eigendur ótakmarkaða ábyrgð á rekstri þeirra. Í 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga sem ríkissjóður eða sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á undanþegin skattskyldu. Í frumvarpsgreininni er lagt til að skattalega staða Norðurorku hf. haldist óbreytt þrátt fyrir breytt rekstrarform. Með þessu er tryggt að fyrirtækið njóti sömu skattalegu stöðu og önnur raforkufyrirtæki. Þetta ákvæði frumvarpsins byggist á 80. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Á næstunni munu verða breytingar á skipulagi raforkumála. Í tengslum við þær breytingar verður skattaleg staða raforkufyrirtækja tekin til skoðunar. Hugsanlegt er að þessi skoðun leiði til breytinga á því skattalega fyrirkomulagi sem nú er. Ákvæðinu er ætlað að standa þar til þessi skoðun hefur farið fram.

Í 2. mgr. er kveðið á um að við nauðsynlegar eignatilfærslur á milli Akureyrarbæjar og Norðurorku við formbreytinguna verða þær eignatilfærslur ekki andlag skatttöku.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

Tilgangur með frumvarpinu er að heimila Akureyrabæ að stofna hlutafélaga um rekstur Norðurorku. Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtaka þess á rekstri Norðurorku greiðist af félaginu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

686. Nefndarálit [412. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Ragnar M. Gunnarsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólaf Ólafsson og Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara og Garðar Sverrisson og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af því að samráðshópur um málefni eldri borgara skilaði skýrslu nú í vetur með ýmsum tillögum. Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sé hækkað um 614 kr. eða um 12,73%. Af þeirri hækkun eru 500 kr. vegna sérstaks átaks í uppbyggingu öldrunarstofnana eða viðhalds þeirra. Að öðru leyti er um verðlagsbreytingar að ræða. Í kostnaðarmati með frumvarpinu er miðað við að 163.000 gjaldendur á árinu 2003 inni af hendi greiðslu í Framkvæmdasjóð aldraðra. Má þá reikna með að 81,5 millj. kr. renni til uppbyggingar öldrunarstofnana til viðbótar við það sem áður var gert ráð fyrir. Nefndin bindur vonir við að þessi sérstaka gjaldtaka bæti úr brýnustu þörf á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Telur nefndin að þessar úrbætur séu til þess fallnar að mæta betur þörf annarra aldurshópa fyrir hjúkrunarrými.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Telja þær að örorkulífeyrisþegar eigi ekki, frekar en ellilífeyrisþegar sem eru

orðnir 70 ára, að greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra. Fyrirvari Þuríðar Backman varðar einnig það að hún telur að of mikið af tekjum sjóðsins fari í rekstur. Telur hún að mun stærri hluti eigi að fara til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Ásta Möller, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.
Katrín Fjeldsted.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.

687. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Ragnar M. Gunnarsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólaf Ólafsson og Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara, Garðar Sverrisson og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalagi Íslands og Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands. Umsögn barst frá Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpið byggist á tillögum sem settar voru fram í skýrslu sem samráðshópur um málefni eldri borgara vann nú í vetur. Í frumvarpinu er lagt til að skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka lífeyrisþega vegna annarra tekna verði lækkað úr 67% í 45% og nær tillagan bæði til aldraðra og öryrkja. Starfshópurinn gerði einnig tillögur um hækkun á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka. Þeirri tillögu hefur verið hrint í framkvæmd með samþykkt reglugerðar nr. 823/2002. Nefndin aflaði upplýsinga um kostnað ríkissjóðs af setningu framangreindrar reglugerðar. Kom þar fram að kostnaður af henni árið 2003 nemur um 1.350 millj. kr. og 1.090 millj. kr. árið 2004. Samtals eru þetta um 2.440 millj. kr. Heildarkostnaður af lagabreytingunni sem hér er lögð til er um 250 millj. kr. Alls verður því kostnaður ríkissjóðs af þessum breytingum 2.690 millj. kr.

Nefndin leitaði upplýsinga um kostnaðarauka af því að lækka skerðingarhlutfall vegna vasapeninga skv. 8. mgr. 43. gr. laganna úr 65% í 45%. Miðað við að halda óbreyttum frítekjumörkum og þann fjölda sem fær þessar bætur nú yrði kostnaður við þessa breytingu samkvæmt lauslegum útreikningum nálægt 68 millj. kr. Að mati nefndarinnar er sanngjarnt og eðlilegt að skerðingarhlutfall vegna annarra tekna sé samræmt og beinir því til heilbrigðisráðherra að huga sérstaklega að því að lækka skerðingarhlutfallið vegna vasapeninga samkvæmt framangreindu niður í 45% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir með tekjutryggingaraukann.

Nefndin bendir á að gildandi lög um almannatryggingar eru að grunni til rúmlega 30 ára gömul og á þeim hafa verið gerðar tíðar breytingar. Telur nefndin að löngu sé orðið tímabært að endurskoða lögin í heild með það m.a. að markmiði að einfalda reglur um útreikning bóta.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þuríður Backman skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Ásta Möller, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.
Katrín Fjeldsted.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.

688. Nefndarálit [336. mál]

um frv. til l. um Vísinda- og tækniráð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin fjallaði um málið í samstarfi við menntamálanefnd og iðnaðarnefnd þingsins. Frumvarpið er samtvinnað 357. máli, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem menntamálanefnd hefur til umfjöllunar, og 345. máli, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem iðnaðarnefnd hefur til umfjöllunar.

Mál þessi voru einnig lögð fram á 127. þingi en urðu ekki útrædd og þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Arkitektafélagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, dr. Skúla Sigurðssyni, Félagi háskólakennara, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík, Hjartavernd, Iðntæknistofnun, Kennaraháskóla Íslands, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Náttúrufræðistofnun Íslands, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Orkustofnun, Rannsóknarráði Íslands, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun. Frumvörpin eru nú lögð fram á ný að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu við meðferð þeirra á síðasta þingi.

Allsherjarnefnd fékk á sinn fund Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneytinu. Á sameiginlegan fund nefndanna þriggja komu Páll Skúlason og Jón Atli Benediktsson frá Háskóla Íslands, Hallgrímur Jónasson frá Iðntæknistofnun, Þorsteinn Tómasson frá Rannsóknastofnun land-

búnaðarins, Úlfar Steindórsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Hafliði P. Gíslason og Kristján Kristjánsson frá Rannsóknarráði Íslands, Davíð Lúðvíksson frá Samtökum iðnaðarins, Hólmar Svansson og Róbert Jónsson fyrir hönd atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni. Þá bárust nefndunum á ný umsagnir um frumvörpin frá Bandalagi háskólamanna, Rannsóknarráði Íslands, Orkustofnun, Samtökum atvinnulífsins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Bændasamtökum Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Háskólanum í Reykjavík, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Seðlabanka Íslands, Félagi háskólakennara, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dr. Skúla Sigurðssyni.

Með frumvarpi þessu er lagður grunnur að nýskipan vísindarannsókna, vísindamenntunar og tækniþróunar í landinu. Ábyrgð á þessum málum hefur til þessa hvílt á einstökum fagráðuneytum en að mestu án heildarsamræmingar þeirra á milli. Með hliðsjón af breyttum aðstæðum er nú lagt til að samræmd umfjöllun um málefni vísinda og tækni verði færð á efsta stig stjórnsýslunnar og málaflokkurinn þannig efldur til muna. Mikilvægt þykir að ákvarðanir séu teknar með heildarsýn í fyrirrúmi á grundvelli stefnu sem mörkuð er af stjórnvöldum. Með frumvarpinu er þannig lagt til að stefnumótun í málefnum vísindarannsókna og tækniþróunar fari fram í Vísinda- og tækniráði sem skipað verður 14 einstaklingum, vísindamönnum og fulltrúum atvinnulífsins auk þess sem fjórir ráðherrar munu eiga fast sæti í ráðinu. Aðrir ráðherrar sem tengjast rannsóknum að umtalsverðu leyti tilnefna í ráðið. Jafnframt er forsætisráðherra heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn. Ef ríkisstjórnin vill leggja sérstakar áherslur í málum sem snerta ráðherra aðra en þá sem eiga fast sæti í ráðinu geta viðkomandi ráðherrar tekið þátt í störfum ráðsins þegar þeirra mál eru til umfjöllunar. Þeir gætu síðan horfið úr ráðinu og aðrir tveir tekið við ef svo bæri undir. Með tilliti til heildarsamsetningar ráðsins var ekki talin ástæða til þess að fleiri en sex ráðherrar væru í því hverju sinni.

Meiri hlutinn tekur undir markmið frumvarpsins og telur að með því sé tryggður aukinn stuðningur við vísindarannsóknir og tækniþróun í landinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

5. gr. orðist svo:

Með reglugerð getur forsætisráðherra mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og tækniráðs, menntamálaráðherra um starfsemi vísindanefndar og iðnaðarráðherra um starfsemi tækninefndar.

Alþingi, 9. des. 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Sigríður Ingvarsdóttir.
Pétur H. Blöndal.		Hjálmar Árnason.

689. Nefndarálit [345. mál]

um frv. til l. um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin fjallaði um málið í samstarfi við allsherjarnefnd og menntamálanefnd þingsins. Frumvarpið er samtvinnað 336. máli, um Vísinda- og tækniráð, sem allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar, og 357. máli, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem menntamálanefnd hefur til umfjöllunar.

Mál þessi voru lögð fram á 127. þingi en urðu ekki útrædd. Þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Arkitektafélagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, dr. Skúla Sigurðssyni, Félagi háskólakennara, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, skrifstofu rektors Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík, Hjartavernd, Iðntæknistofnun, Kennaraháskóla Íslands, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Náttúrufræðistofnun Íslands, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Orkustofnun, Rannsóknarráði Íslands, Rannsóknastofu Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun. Frumvörpin eru nú endurflutt með nokkrum breytingum í samræmi við framkomnar athugasemdir.

Nefndin fékk á sinn fund Svein Þorgrímsson frá iðnaðarráðuneyti. Á sameiginlegan fund nefndanna þriggja komu Páll Skúlason og Jón Atli Benediktsson frá Háskóla Íslands, Hallgrímur Jónasson frá Iðntæknistofnun, Þorsteinn Tómasson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Úlfar Steindórsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Hafliði P. Gíslason og Kristján Kristjánsson frá Rannsóknarráði Íslands, Davíð Lúðvíksson frá Samtökum iðnaðarins og Hólmar Svansson og Róbert Jónsson fyrir hönd atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni.

Nefndunum bárust umsagnir um málin frá Bandalagi háskólamanna, Rannsóknarráði Íslands, Orkustofnun, Samtökum atvinnulífsins, Raunvísindastofnun Háskólans, Bændasamtökum Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Háskólanum í Reykjavík, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Seðlabanka Íslands, Félagi háskólakennara, Félagi prófessora og Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dr. Skúla Sigurðssyni.

Frumvarp þetta er hluti af nýskipan vísinda og rannsókna sem lagt er til að komið verði á og grunnur er lagður að í frumvarpi forsætisráðherra til laga um Vísinda- og tækniráð.

Frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er ætlað að brúa bilið á milli þekkingarsköpunar sem verður til í vísindasamfélaginu og frumkvöðla og fyrirtækja sem hagnýta þekkinguna. Lagt er til að á vegum Iðntæknistofnunar Íslands verði rekin nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá er lagt til að stofnaður verði tækniþróunarsjóður sem hafi það hlutverk að styrkja þróun og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Það er mat meiri hlutans að með þeirri nýju skipan sem hér er lögð til séu vísindarannsóknum, vísindamenntun og tækniþróun sköpuð ný og framsækin umgjörð sem sé til þess fallin að hleypa nýju lífi í málaflokkinn. Lengi hefur verið bent á að svokallað „þolinmótt

fjármagn“ liggi ekki á lausu til nýsköpunarverkefna. Með stofnun nýsköpunarmiðstöðvar, sem og tæknisjóðs, er stigið mikilvægt skref til stuðnings vaxtarsprotum í atvinnulífinu.

Málefni vísinda og tækni eru þess eðlis að stöðugt verður að huga að því hvort skipan mála sé með þeim hætti að hámarksárangri verði náð. Þannig má segja að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu hvorki upphaf né endir í þróun umgjarðar um vísinda- og tæknimál heldur skref sem er stigið til heilla að mati meiri hlutans

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 9. des. 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm. Guðjón Guðmundsson. Pétur H. Blöndal.

Kjartan Ólafsson. Ísólfur Gylfi Pálmason.

690. Nefndarálit [357. mál]

um frv. til l. um opinberan stuðning við vísindarannsóknar.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin fjallaði um málið í samstarfi við allsherjarnefnd og iðnaðarnefnd þingsins. Frumvarpið er samtvinnað 336. máli um Vísinda- og tækniráð sem allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar og 345. máli um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins sem iðnaðarnefnd hefur til umfjöllunar.

Mál þessi voru einnig lögð fram á 127. þingi en urðu ekki útrædd. Þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Arkitektafélagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, dr. Skúla Sigurðssyni, Félagi háskólakennara, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík, Hjartavernd, Iðntæknistofnun, Kennaraháskóla Íslands, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Náttúrufræðistofnun Íslands, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Orkustofnun, Rannsóknarráði Íslands, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun. Frumvörpin eru nú lögð fram á ný að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu við meðferð þeirra á síðasta þingi.

Menntamálanefnd fékk á sinn fund Val Árnason og Hellen Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti. Á sameiginlegan fund nefndanna þriggja komu Páll Skúlason og Jón Atli Benediktsson frá Háskóla Íslands, Hallgrímur Jónasson frá Iðntæknistofnun, Þorsteinn Tómasson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Úlfar Steindórsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Hafliði P. Gíslason og Kristján Kristjánsson frá Rannsóknarráði Íslands, Davíð Lúðvíksson frá Samtökum iðnaðarins, Hólmar Svansson og Róbert Jónsson fyrir hönd atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni. Þá bárust nefndunum á ný umsagnir um frumvörpin frá

Bandalagi háskólamanna, Rannsóknarráði Íslands, Orkustofnun, Samtökum atvinnulífsins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Bændasamtökum Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Hafrannsóknastofnun, Háskólanum í Reykjavík, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Seðlabanka Íslands, Félagi háskólakennara, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dr. Skúla Sigurðssyni.

Lögbundin endurskoðun laga um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994, leiddi til þess að lögð hafa verið fram framangreind frumvörp sem taka til vísindarannsókna og tækniþróunar á Íslandi. Með frumvarpi þessu er fjallað um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og er það háð því að frumvarp forsætisráðherra um Vísinda- og tækniráð verði að lögum. Helstu nýmæli frumvarpsins eru samkvæmt greinargerð þau að lagt er til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs samkvæmt núgildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands. Stjórn Rannsóknasjóðs tekur við hlutverki því sem úthlutunarnefndir höfðu áður. Þá er lagt til að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum og fer stjórn Rannsóknasjóðs einnig með stjórn hans. Hins vegar er lagt til að Rannsóknarnámssjóður starfi áfram undir sérstakri stjórn. Þá er gert ráð fyrir að grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir heyri áfram undir menntamálaráðuneytið. Rannsóknasjóður mun gegna lykilhlutverki við styrkveitingu til rannsókna og áhersla verður lögð á að rannsóknir séu styrktar eftir gæðum sem metin verða samkvæmt faglegum kröfum á viðkomandi sviði. Lagt er til að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs. Jafnframt er gert ráð fyrir því nýmæli að sömu aðilar sitji í stjórn Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs og úthluti styrkjum svo sem fyrir er mælt.

Meiri hlutinn tekur undir markmið frumvarpsins og telur að með því hafi tekist að draga skýr mörk á milli stefnumótunar stjórnvalda á sviði vísinda og tækni annars vegar og úthlutunar styrkja og þjónustu við rannsóknaraðila hins vegar auk þess sem náðst hefur fram einföldun á þessu sviði öllu. Þá hefur komið fram nauðsyn þess að breyta 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og tryggja umboð Rannsóknarráðs til úthlutunar fyrir árið 2003 og undirbúnings úthlutunar fyrir árið 2004 en ekki 2003 sem þegar liggur fyrir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Rannsóknarráð Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal annast úthlutun styrkja úr sjóðum í vörslu ráðsins á árinu 2003 og jafnframt vinna að undirbúningi tillagna um úthlutunarreglur skv. 8. gr. laga þessara um styrkveitingar á árinu 2004, þó eigi lengur en til 30. mars 2003. Skipað skal í stjórn Rannsóknasjóðs samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 1. apríl 2003.

Alþingi, 9. des. 2002.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Kjartan Ólafsson.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.

691. Breytingartillögur [441. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við d-lið 1. gr. (11. gr.). Við f-lið bætist: einnig til greiðslu framlaga til að aðstoða sveitarfélög vegna breyttra aðstæðna og/eða óvæntra breytinga á afkomu þeirra, svo sem vegna fólksfækkunar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
   Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 11. gr. laganna falla niður frá og með 1. janúar 2007. Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2006, enda liggi fyrir mat ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að brýn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög til framkvæmda á árinu 2007 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs.

692. Skýrsla [458. mál]

forsætisráðherra um meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis á 125. og 126. löggjafarþingi.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Forsætisráðherra hefur á liðnum árum lagt fyrir Alþingi skýrslur um framkvæmd og meðferð á ályktunum Alþingis. Hin fyrsta þessara skýrslna var lögð fram á 112. löggjafarþingi, þá að beiðni nokkurra þingmanna en síðari skýrslur voru teknar saman að frumkvæði forsætisráðuneytis. Í svari forsætisráðherra við fyrirspurn frá hv. þingmanni Rannveigu Guðmundsdóttur á 21. fundi yfirstandandi löggjafarþings, þar sem spurt var um afdrif þingsályktana, kom fram að ný skýrsla yrði birt á þessu þingi.

Skýrsla sú, sem nú er lögð fram, nær til ályktana Alþingis á 125. og 126. löggjafarþingi en eðlilegt mætti telja að árlegar skýrslur næðu til næstliðins þings, þegar þess væri að vænta að ráðuneytum eða öðrum, sem falin er meðferð og framkvæmd þingsályktananna, hefði veist nokkur tími og ráðrúm til athafna. Forsætisráðuneytið leitaði eftir því við önnur ráðuneyti með bréfi dags. 6. nóvember 2002 að þau tækju saman stuttar greinargerðir um meðferð og framkvæmd þeirra þingsályktana, sem þeim hefði verið falin meðferð með, og fara svör ráðuneytanna hér á eftir.

Skýrsla þessi er lögð fram með vísun til 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Forsætisráðuneyti.

Þál. 15/125 um ályktanir Vestnorræna ráðsins, frá 9. maí 2000 – þskj. 1277.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Brjánsstöðum á Skeiðum 9.–12. ágúst 1999.

Félagsmálaráðuneytinu var falin framkvæmd ályktunarinnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með bréfi dags. 20. nóvember 2000.

Þál. 16/125 um skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, frá 9. maí 2000 – þskj. 1285.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Hinn 12. janúar 2001 skipaði forsætisráðherra nefnd undir forustu Guðmundar Hallvarðssonar alþingismanns til þess að vinna að framgangi framangreindrar ályktunar. Nefndin skilaði áliti í október 2002. Útgangspunktur í störfum nefndarinnar var að það sé verðugt markmið að auka sveigjanleika varðandi það hvernig og hvenær fólk lýkur atvinnuþátttöku og voru tillögur nefndarinnar unnar út frá þeim forsendum.

Nefndin ræddi fjölmargar leiðir sem gætu verið til þess fallnar að koma til móts við þau ólíku sjónarmið sem uppi eru varðandi ákvarðanir um starfslok starfsmanna og tilhögun þeirra. Þeim leiðum, sem nefndin telur að verðskuldi ítarlega skoðun, var skipt í þrjá meginflokka:

a. frestun starfsloka – lenging starfsævi,
b. flýting starfsloka – stytting starfsævi,
c. hlutataka og tímabundin taka eftirlauna.

Auk þess þarf að huga að úrræðum sem beinast að því að gera eldri starfsmönnum kleift að sinna störfum sem miðast við getu hvers og eins. Á það ekki síst við um þá sem sinna störfum sem krefjast andlegs eða líkamlegs álags.

Tillögurnar hafa það að meginmarkmiði að auka á svigrúm og frelsi einstaklinga til að tímasetja starfslok þannig að henti hverjum og einum en einnig að íslenskur vinnumarkaður verði enn sveigjanlegri en nú er. Við útfærslu tillagnanna þarf að tryggja að fyrir hendi sé nægur hvati fyrir launþega til að vinna lengur en almennur eftirlaunaaldur kveður á um til að framleiðslugeta íslensks efnahagslífs sé sem mest.

Nánari útfærslu tillagnanna má finna í skýrslunni en hana má nálgast á vef forsætisráðuneytis (www.forsaetisraduneyti.is). Þessa má geta að skýrslunni hefur verið dreift til allra þingmanna.

Þál. 18/125 um varðveisla báta og skipa, frá 9. maí 2000 – þskj. 1317.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu- og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint.

Menntamálaráðuneytinu var falin framkvæmd ályktunarinnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með bréfi dags. 20. nóvember 2000.

Þál. 21/125 um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila, frá 9. maí 2000 – þskj. 1337.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, sem geri samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum.

Fyrirmæli þingsályktunarinnar þóttu óljós og ráðuneytið sá sér ekki fært að skipa nefnd á grundvelli hennar. Bréf þess efnis var sent Alþingi 1. nóvember 2001. Ný þingsályktun, með skýrara orðalagi, var send forsætisráðuneytinu 29. apríl 2002 (þál. 24/127, þskj. 1417, um skipan nefndar til að kanna reynslu af einkavæðingu og einkaframkvæmd). Hinn 5. júní 2002 sendi forsætisráðuneytið bréf til allra þingflokka með ósk um tilnefningu í nefnd samkvæmt þskj. 1417 frá 127. lögþ. Ekki hefur enn verið skipað í nefndina þar sem enn vantar tilnefningu frá Samfylkingunni.

Þál. 27/125 um Kristnihátíðarsjóð, frá 2. júlí 2000 – þskj. 1424.

Alþingi ályktar, í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi, að stofna sjóð, Kristnihátíðarsjóð, er njóti framlaga af fjárlögum næstu fimm ár, 100 millj. kr. á ári, og hafi að markmiði:

a. að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn;

b. að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Alþingi kjósi sjóðnum stjórnarnefnd.

Stjórnarnefndin eigi samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og frjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins, skipti fé hans milli meginverkefna, skipi verkefnisstjórnir, hvora á sínu sviði, og staðfesti áætlanir þeirra.

Hinn 28. febrúar 2001 samþykkti Alþingi lög um Kristnihátíðarsjóð og 1. mars 2001 kaus Alþingi, skv. 3. gr. þeirra laga, þriggja manna stjórn og jafnmarga varamenn. Formaður stjórnar sjóðsins er Anna Soffía Hauksdóttir verkfræðingur. Starfstími Kristnihátíðarsjóðs er fimm ár eða til ársloka 2005.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt:

a. að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn.

b. að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Sjóðurinn hefur tvívegis úthlutað styrkjum en styrkveiting fer fram 1. desember ár hvert.

Þál. 24/126 um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, frá 11. maí 2001 – þskj. 1294.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunar verði að tryggja hag og vel-

ferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á grundvelli stefnumótunar framangreindra aðila verði gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þ.m.t. félagasamtök unglinga.

Framkvæmdaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002.

Hinn 21. október 2001 skipaði forsætisráðherra nefnd undir forustu Drífu Hjartardóttur alþingismanns til þess að vinna að framgangi framangreindrar ályktunar. Jón Björnsson sálfræðingur var ráðinn starfsmaður nefndarinnar og hefur nefndin starfsaðstöðu sína á Barnaverndarstofu. Nefndin kom fyrst saman 31. janúar 2002 og hafði í byrjun desember 2002 haldið sjö fundi. Nefndin mótaði strax í upphafi þá stefnu að taka í starfi sínu mið af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leitast við að skilgreina helstu áhyggjuefni varðandi stöðu og hagi barna nú og til næstu framtíðar. Starfsmanni nefndarinnar var falið að efna til funda og viðræðna með þeim aðilum sem gerst þekkja til og leggja niðurstöður fyrir nefndina. Starfsmaður nefndar ásamt nefndinni hefur nú þegar rætt við 75 aðila. Starfsmaður lagði bráðabirgðaskýrslu fyrir nefndina í október sl. þar sem talin voru 13 atriði sem fram hafði komið víðtæk samstaða um að kölluðu á aðgerðir. Nefndin vinnur nú að því að skilgreina þessi atriði nánar, fækka þeim og undirbúa tillögur/hugmyndir til úrbóta. Ráðgert er að skila tillögum fljótlega á árinu 2003. Nefndin mun væntanlega gera tillögur til forsætisráðherra um fá atriði (5–7) og áþreifanleg, sem kalla á úrbætur á næstu árum, ásamt hugmyndum um hvernig þær skuli framkvæmdar.

Þál. 26/126 um gerð neyslustaðals, frá 19. maí 2001 – þskj. 1448.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að gera könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum Íslendinga við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum. Enn fremur verði lagt mat á hvort ástæða sé til að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra.

Stefnt skal að því að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á næsta þingi.

Í framhaldi af viðræðum ríkisstjórnarinnar við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, vorið 2001, um forsendur kjarasamninga var m.a. ákveðið að fjármálaráðherra myndi skipa nefnd með aðild ASÍ, fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar. Hinn 3. ágúst það ár skipaði fjármálaráðherra nefnd undir forustu Bolla Þórs Bollasonar skrifstofustjóra. Hlutverk nefndarinnar var að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþrepatekjuskatt hjá einstaklingum. Einnig var nefndinni falið að kanna forsendur þess að vinna upplýsingar um viðmiðunarreglur fyrir mismunandi fjölskyldur sem nota má meðal annars við útreikning á greiðslubyrði, félagslegum bótum og mat á breytingum á skatt- og bótakerfi.

Þar sem efni þingsályktunarinnar og hlutverk ofangreindrar nefndar um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu skarast svo mjög var ekki talin nauðsyn á því að stofna sérstaka nefnd á vegum forsætisráðuneytisins um neyslustaðal.

Nefndin um fjölþrepaskatt er að leggja lokahönd á vinnuna og er skýrsla hennar væntanleg á næstu mánuðum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Þál. 3/126 um flutning hættulegra efna um jarðgöng, frá 15. desember 2000 – þskj. 574.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur um flutning á hættulegum efnum um jarðgöng.

Í reglunum verði m.a. kveðið á um hvort slíkir flutningar skuli leyfðir og þá með hvaða skilyrðum, þ.e. flutningstækjum, ökuhraða, eftirliti og hvort loka skal göngum fyrir annarri umferð meðan flutningurinn fer fram.

Starfshópur sem dómsmálaráðherra skipaði 27. mars 2001 og falið var að fjalla um ofangreinda þingsályktun hefur lokið störfum og skilað skýrslu. Skýrslan var kynnt ríkisstjórninni á fundi 12. nóvember sl., auk þess sem skýrslan var kynnt flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar og öllum formönnum þingflokkanna.

Í starfshópinn voru skipuð Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, sem jafnframt var formaður, Gestur Guðjónsson verkfræðingur, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur, tilnefndur af Brunamálastofnun, Hjálmar Björgvinsson aðalvarðstjóri, tilnefndur af ríkislögreglustjóra, Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Vegagerðinni, Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri, tilnefndur af lögreglustjóranum í Reykjavík, og Víðir Kristjánsson deildarstjóri, tilnefndur af Vinnueftirlitinu. Sandra Baldvinsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og síðar Aagot Óskarsdóttir, lögfræðingur á sama stað, voru ritarar starfshópsins.

Í skýrslunni leggur starfshópurinn til að fylgt verði boðuðum tillögum Sameinuðu þjóðanna og:

- hættulegum farmi verði skipt í 5 flokka samkvæmt tillögum frá OECD. Flokkuninni er lýst í fylgiskjali 2 í skýrslunni.
- sett verði upp sérstök skilti við öll jarðgöng á vegakerfinu þar sem fram kemur hvaða flokka efna er leyft að flytja um viðkomandi göng. Ef um takmörkun er að ræða geti hún verið mismunandi innan ársins, vikunnar og dagsins.
- gert verði áhættumat fyrir öll jarðgöng með nýju áhættumatslíkani (Quantitative Risk Assessment Model) frá OECD og ákvörðun um hugsanlegar takmarkanir á flutningi hættulegs farms í þeim verði teknar út frá niðurstöðum þess mats.
- stuðst verði við ákvarðanalíkan frá OECD (Decision Support Model) þegar það liggur fyrir í endanlegri útgáfu til samanburðar áhættu við flutning eftir mismunandi leiðum.

Lagt er til að framangreind ákvæði verði sett í reglugerð um flutning á hættulegum farmi og að reglugerð um sektir og önnur viðurlög verði endurskoðuð með tilliti til brota á þeim ákvæðum. Einnig er lagt til að lögreglustjóri geti í samráði við veghaldara sett sérstök skilyrði um flutningstæki, ökuhraða, eftirlit eða lokun ganga fyrir annarri umferð meðan á flutningi hættulegs farms stendur. Þá er lagt til að flutningur hættulegs farms sem nú er bannaður um helgar verði einnig bannaður á virkum dögum meðan umferðin er mest en á móti verði banni aflétt að næturlagi um helgar meðan umferðin er í lágmarki. Lagt er til að Hvalfjarðargöng falli almennt í B flokk en að frekari takmarkanir verði ákveðnar sem tilgreindar eru í skýrslunni. Að lokum bendir starfshópurinn á mikilvægi þess að tillögur á grundvelli vinnu, sem hófst síðla árs 2001, að frumkvæði Vegagerðarinnar í samráði við Spöl ehf. við endur-

skoðun öryggismála í jarðgöngum nái sem fyrst fram að ganga, ekki síst varðandi eftirlit með hættulegum farmi og réttindum bílstjóra.

Í séráliti fulltrúa Samtaka atvinnulífsins kemur fram að hann styður flest það sem í skýrslunni stendur ef undan eru skilin ákveðin atriði í tillögum meiri hluta hópsins er varða akstur ólestaðra olíuflutningabíla um Hvalfjarðargöng.

Félagsmálaráðuneyti.

Þál. 15/125 um ályktanir Vestnorræna ráðsins, frá 9. maí 2000 – þskj. 1277.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Brjánsstöðum á Skeiðum 9.–12. ágúst 1999.

Félagsmálaráðherra fól Jafnréttisstofu að vinna að framkvæmd ályktunar nr. 5/1999 í febrúar 2001 og var þess óskað að haft yrði náið samstarf við Kvenréttindafélag Íslands, Stígamót og Kvennaathvarf við framkvæmd ályktunarinnar. Fjallar ályktunin um að skipa vinnuhóp í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands sem leggi fram tillögur um sameiginlegar aðgerðir í vestnorrænu löndunum til að stöðva ofbeldi gegn konum. Sérstakur starfshópur var settur á laggirnar með fulltrúum allra landanna. Af hálfu Íslands sitja í starfshópnum Valgerður H. Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, Þorbjörg I. Jónsdóttir, fulltrúi Kvennaráðgjafarinnar, Þórunn Þórarinsdóttir, fulltrúi Stígamóta og Elfa Björk Ellertsdóttir, fulltrúi Kvennaathvarfsins. Fyrir hönd Færeyja eiga sæti í hópnum Elin Reinert Planck, fulltrúi Kvinnuhúsið í Þórshöfn, og Jane Hoydal, fulltrúi Jafnréttisráðs Færeyja, en hún tók við af Augusta Mikkelssen. Frá Grænlandi sitja þær Agathe Fontaine, fulltrúi Jafnréttisráðs Grænlands, og Maren L. Heihnann, fulltrúi Kvennaathvarfsins Nuummi, Nuuk.

Starfshópurinn hefur haldið fjóra fundi í löndunum þremur og hefur verið gerð óformleg úttekt á stöðu mála. Þar á meðal var kannað í hvaða mynd ofbeldi birtist ásamt því að fara yfir orsakir þess og afleiðingu. Þá hefur hópurinn kynnt sér rannsóknir sem gerðar hafa verið á ofbeldi gegn konum auk þeirra aðgerða og tilboða sem þegar eru í boði í löndunum. Á fundi í Færeyjum í nóvember 2001 voru lagðar línur að skýrslu sem færeysku fulltrúarnir unnu nokkuð viðamikil drög að. Íslensku fulltrúarnir tóku að sér að fullvinna skýrsluna. Þeirri vinnu er ekki lokið en er gert ráð fyrir að skila henni til stjórnvalda ekki síðar en í lok janúar 2003. Athugaðir hafa verið möguleikar á útgáfu skýrslunnar í ritröðinni TemaNord og hugmyndin er að kynna hana fyrir vestnorrænum stjórnmálamönnum á vormánuðum 2003.

Ályktun nr. 7/ 1999 hefur komið að fullu til framkvæmda hér á landi með tilkomu nýrrar löggjafar um fæðingar- og foreldraorlof. Þar var konum og körlum veittur jafn réttur til fæðingar- og foreldraorlofs frá og með árinu 2003. Þá hafa stjórnvöld í Grænlandi og Færeyjum komið hingað til lands til að kynna sér hina nýju fæðingarorlofslöggjöf.

Enn hefur ekki unnist tími né fjármagn verið fyrir hendi svo unnt hafi verið að grípa til sérstakra ráðstafana vegna annarra ályktana sem gera ráð fyrir samstarfi landanna á sviði jafnréttismála.

Þál. 19/125 um nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, frá 9. maí 2000 – þskj. 1335.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.

Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum var formlega opnað á Ísafirði af Páli Péturssyni félagsmálaráðherra 30. júlí 2001. Í maí sama ár hafði Elsa Arnardóttir verið ráðin framkvæmdastjóri og var hlutverk hennar meðal annars að undirbúa stofnun Fjölmenningarsetursins. Sérstakur ráðgjafahópur var skipaður til að vera framkvæmdastjóra til stuðnings í starfi og stefnumótun, vera honum til ráðuneytis og skapa honum nauðsynleg tengsl við félagsmálaráðuneytið og aðra aðila sem tilnefna fulltrúa í hópinn, þ.e. Vinnumálastofnun, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Rauða kross Íslands og Rætur, félag um menningarfjölbreytni á Vestfjörðum. Hópurinn hefur haldið að jafnaði fundi ársfjórðungslega.

Eftirtaldir skipa ráðgjafahópinn:

- Ásta Sigrún Helgadóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytis og formaður ráðgjafahópsins,
- Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða,
- Hörður Högnason, fulltrúi Rauða kross Íslands,
- Ingimar Halldórsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga,
- Roland Smelt, fulltrúi Róta.

Helstu verkefni Fjölmenningarsetursins hafa verið rekstur skrifstofu í Þróunarsetri Vestfjarða á Árnagötu 2–4 á Ísafirði. Setrið hefur starfrækt upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur sem fyrst og fremst hefur beinst að því að miðla upplýsingum um lög og reglur er varða dvalar- og atvinnuleyfi og almennt um þjónustu hins opinbera, s.s. heilsugæslu, þjónustu sveitarfélaganna, upplýsingar um túlkun o.s.frv. Einnig hefur verið rekinn þjónustusími á landsvísu frá 6. júní 2002 fyrir fólk af erlendum uppruna. Verkefnið er samstarfsverkefni Fjölmenningarseturs, rauðakrossdeildanna á norðanverðum Vestfjörðum og Austfjörðum og Rauða kross Íslands. Þjónustan á ensku, pólsku og serbnesku/króatísku hefur aðsetur í húsnæði Fjölmenningarseturs á Ísafirði en þjónustan á tælensku hefur aðsetur á Stöðvarfirði á skrifstofu Rauða krossins. Símsvörunarþjónustan á tælensku var opnuð á Þjóðahátíð Austfirðinga 28. september 2002. Meðal annarra verkefna má nefna heimasíðu, þýðingu frétta og tilkynninga á erlend tungumál, íslenskukennslu, æskulýðsstarf o.fl.

Fjármálaráðuneyti.

Þál. 36/126 um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts, frá 20. maí 2001 – þskj. 1506.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gangast fyrir sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu. Í úttekt þessari verði m.a. lagt mat á hvort lækkun endurgreiðslunnar hafi aukið tekjur ríkissjóðs eins og vonast var til, hvort og/eða hversu mikið svört atvinnustarfsemi á þessu sviði hafi

aukist og hvort ástæða sé til þess að hækka endurgreiðsluhlutfallið á nýjan leik og bæta aðgang að endurgreiðslum.

Stefnt skal að því að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á næsta þingi.

Í þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001, var fjármálaráðherra falið að gangast fyrir sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu. Í úttekt þessari yrði m.a. lagt mat á hvort lækkun endurgreiðslunnar hefði aukið tekjur ríkissjóðs eins og vonast var til, hvort og/eða hversu mikið svört atvinnustarfsemi á þessu sviði hefði aukist og hvort ástæða væri til þess að hækka endurgreiðsluhlutfallið á nýjan leik og bæta aðgang að endurgreiðslum.

Í kjölfar þingsályktunarinnar var settur á laggirnar starfshópur, skipaður tveimur starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og tveimur starfsmönnum frá embætti ríkisskattstjóra. Niðurstaða starfshópsins er í formi 15 bls. skýrslu sem fjármálaráðherra lagði fyrir Alþingi 17. október 2002 (þskj. 206 – 203. mál)[1]. Í skýrslunni er farið yfir þau atriði sem tilgreind eru í þingsályktuninni.

Sjá: http://www.althingi.is/altext/128/s/0206.html

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Þál. 34/126 um heilbrigðisáætlun til 2010, frá 20. maí 2001 – þskj. 1469.

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2010, sem hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar, skuli byggjast á eftirfarandi stefnumiðum:

Sjá lista yfir stefnumið áætlunarinnar flokkuð eftir helstu verkefnum og meginþáttum á vef Alþingis: http://www.althingi.is/altext/126/s/1458.html

Framkvæmd heilbrigðisáætlunar til 2010

Inngangur

Yfirumsjón með framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar er á hendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í samvinnu við landlæknisembættið. Við framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar hefur verið komið á fót samráðshópum jafnframt því sem náið samstarf er haft við ýmsa sérfróða aðila, samstarfsráð og nefndir á vegum heilbrigðisstjórnarinnar.

Stýrihópur

Komið hefur verið á laggirnar sérstökum stýrihóp innan ráðuneytisins og er hann hugsaður sem eins konar samráðsvettvangur um framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar.

Samráðshópar vegna forgangsverkefna

Á eftirtöldum sjö sviðum starfa sérstakir verkefna- eða faghópar:

---

[1] Skýrsla fjármálaráðherra um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu.

- Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir
- Börn og ungmenni
- Eldri borgarar
- Geðheilbrigði
- Hjarta- og heilavernd
- Krabbameinsvarnir
- Slysavarnir

Starfshættir

Stýrihópurinn heldur a.m.k. árlega eða oftar, ef þurfa þykir, fundi með hverjum hinna ofangreindu samráðshópa. Til annarra sérfróðra aðila er leitað þegar ástæða þykir til. Meginverkefni stýrihópsins er að leggja línurnar um hvernig best verði unnið að markmiðum heilbrigðisáætlunarinnar. Þannig er ætlunin að stuðlað sé að því að heilbrigðisáætlunin verði ávallt lögð til grundvallar við verkefnaval heilbrigðisþjónustunnar og fjárlagagerð á næstu árum.

Skýrslugerð

Árlega verður gefin út skýrsla um stöðu og framkvæmd áætlunarinnar. Fyrsta skýrslan verður gefin út á árinu 2003. Á árinu 2005 er gert ráð fyrir að allir meginþættir og mælikvarðar áætlunarinnar verði endurskoðaðir.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Þál. 3/125 um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, frá 21. desember 1999 – þskj. 521.

Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsir Alþingi yfir stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, og lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

Þingsályktunin fól í sér yfirlýsingu Alþingis um stuðning við framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun og krafðist ekki frekari aðgerða af hálfu ráðuneytisins enda fallið frá hinum fyrirhuguðu virkjanaframkvæmdum.

Þál. 20/125 um setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, frá 9. maí 2000 – þskj. 1336.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að kanna hvort stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi sett sér siðareglur í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf (77/534/EBE) og almennt viðurkenndar meginreglur FIBV (Alþjóðasambands kauphalla) um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöðu könnunarinnar í upphafi haustþings.

Viðskiptaráðherra skilaði Alþingi skýrslu um siðareglur í viðskiptum á fjármagnsmarkaði á 126. löggjafarþingi 2000–2001, þskj. 121, 121. mál. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru þær að fjármálafyrirtæki töldu almennt að þau uppfylltu þær reglur um heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti sem kveðið er á um í tilmælum framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 og í almennt viðurkenndum meginreglum FIBV frá 1992. Þau töldu að siðareglur Verðbréfaþings Íslands nr. 5 frá 1. júlí 1999 og verklagsreglur á grunni 15. og 21. gr. laga um verðbréfaviðskipti tækju með fullnægjandi hætti mið af ofangreindum tilmælum ESB og meginreglum FIBV en höfðu fæst sett sér sérstakar siðareglur aðrar en þær sem leiða af reglum VÞÍ og verðbréfaviðskiptalögum. Í skýrslunni voru rakin tilmæli ESB og meginreglur FIBV og ákvæði um heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti í íslenskum lögum. Jafnframt fylgdu með skýrslunni svör fjármálafyrirtækja við fyrirspurn ráðuneytisins.

Þál. 25/126 um tilraunir með brennsluhvata, frá 15. maí 2001 – þskj. 1361.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta fara fram ítarlegar tilraunir og úttekt á umhverfis- og brennsluáhrifum brennsluhvata. Niðurstöður þeirrar úttektar verði gerðar opinberar fyrir 1. júlí 2002.

Í kjölfar ályktunarinnar fór ráðuneytið þess á leit við Iðntæknistofnun að stofnunin gerði tillögu að tilraun og úttekt á umhverfis- og brennsluáhrifum brennsluhvata ásamt kostnaðaráætlun. Við undirbúning stofnunarinnar kom í ljós að tilraun með brennsluhvata hafði farið fram hér á landi auk ýmissa tilrauna víða um heim. Töldu þeir aðilar sem flytja inn slíka brennsluhvata ekki þörf á frekari tilraunum og voru ekki tilbúnir að taka þátt í slíkum rannsóknum. Ráðuneytið taldi því ekki ástæðu til frekari aðgerða vegna þingsályktunarinnar.

Menntamálaráðuneyti.

Þál. 17/125 um könnun á læsi fullorðinna, frá 9. maí 2000 – þskj. 1286.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram könnun á læsi Íslendinga. Könnunin verði gerð á árunum 2000 og 2001 og taki til aldurshópanna 18–67 ára. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Menntamálaráðuneytið skipaði starfshóp 8. mars 2002. Skilgreint hlutverk starfshópsins var að:

a. Benda á leiðir til þess að ná til fullorðins fólks sem á við lestrar- og skriftarörðugleika að etja.
b. Gera áætlun um hvernig koma megi þessum aðilum til aðstoðar við að vinna bug á ólæsinu.
c. Skilgreina hvaða aðilar það eru sem koma þurfa að þessu átaki.
d. Meta kostnað við átak gegn ólæsi fullorðinna.

Starfshópinn skipuðu

Formaður starfshópsins var Sigrún Jóhannesdóttir, án tilnefningar, Emil B. Karlsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Inga Sigurðardóttir, tilnefnd af verkefnisstjórn um símenntun, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir tilnefnd af ASÍ, Jón Torfi Jónasson, tilnefndur af

Félagsvísindadeild HÍ, Margrét Gunnarsdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðuneytinu, Rannveig Lund, tilnefnd af KHÍ, og Þorbjörg Jónsdóttir, tilnefnd af Námsflokkum Reykjavíkur.

Vinna hófst í apríl 2002 með söfnun upplýsinga um eðli og umfang vandans hérlendis og þau úrræði sem beitt er í þeim löndum sem við berum okkur almennt saman við. Haldnir voru 11 nefndarfundir auk nokkurra vinnufunda. Auk þess unnu nefndarmenn talsvert á milli funda. Hinn 31. október 2002 skilaði nefndin af sér niðurstöðum og tillögum til ráðherra.

Helstu niðurstöður

Fólk er mjög misvel læst og er lestrarfærni skipt samkvæmt svonefndri PISA-könnun í sex mismunandi þrep. Samkvæmt þeirri skiptingu má gera ráð fyrir að 8% eða rúmlega 15 þúsund Íslendingar á aldrinum 15–65 ára eigi við mjög mikla eða umtalsverða lestrarörðugleika að stríða. Þetta er sá hópur sem tillögur starfshópsins snúast fyrst og fremst um. Til viðbótar þeim eiga um 20 þúsund Íslendingar í nokkrum vandræðum með starf, endurmenntun eða eðlilegan hreyfanleika í atvinnulífinu vegna lítillar lestrarfærni. Í könnuninni er gert ráð fyrir því að lítil lestrarfærni hái nálægt 35 þúsund einstaklingum á aldrinum 15–65 ára.

Tillögur til úrbóta

Til þess að taka á þeim vanda sem lítil lestrarfærni er leggur starfshópurinn til:

a. Að sett verði lög um greiningu og sérkennslu fyrir fullorðna til að draga úr þeim vanda sem fylgir lítilli lestrarfærni.
b. Að stofnuð verði læsismiðstöð til að m.a. stýra sameiginlegum verkefnum tengdum úrræðunum.
c. Nefndin telur mikilvægt að byggð verði upp sérfræðiþekking á 10–12 stöðum á landinu við stofnanir sem fyrir eru og litið á þær sem nokkuð sjálfstæðar útstöðvar læsismiðstöðvar. Í þessum útstöðvum fer fram greining, ráðgjöf, kennsla og hvatning fyrir þá sem bæta vilja lestrarfærni sína. Lagt er til að útstöðvunum verði valinn staður hjá núverandi 8 símenntunarstöðvum á landsbyggðinni og á 2–4 stöðum á höfuðborgarsvæðinu og nýtt verði sem best sú þekking og reynsla sem þegar er fyrir hendi.

Kostnaður

Samkvæmt kostnaðaráætlun er kostnaður áætlaður á bilinu 17 milljónir kr. til 22 milljónir kr. á ári, misjafnt eftir árum eða samtals um 99 milljónir kr. á fimm ára tímabili.

Stutt er síðan starfshópurinn lauk störfum og eru tillögur hans til skoðunar í ráðuneytinu.

Þál. 18/125 um varðveislu báta og skipa, frá 9. maí 2000 – þskj. 1317.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu- og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint.

Í kjölfar ályktunarinnar skipaði menntamálaráðuneytið nefnd sem í eiga sæti Þorgeir Ólafsson, sem er formaður, Ágúst Georgsson, fulltrúi Þjóðminjasafnsins, Hildur Lilliendahl, fulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins, og Guðbrandur Jónsson, fulltrúi Félags fornbátaeigenda. Nefndin hefur fundað nokkrum sinnum og átt viðræður við fulltrúa Siglingastofnunar. Í apríl sl. sendi formaður nefndarinnar minnisblað til ráðherra til að bera undir hann hugmyndir sem

liggja fyrir og til að fá úr því skorið hvort hún eigi að halda áfram og útfæra þær nánar eða leita nýrra leiða.

Tillögur nefndarinnar eru í helstu dráttum eftirfarandi:

a. Heimilt verði að friðlýsa gamla báta í neyðartilvikum.
b. Leita þurfi álits „skipavarðveislunefndar“ um stórvægilegar breytingar, förgun eða sölu gamalla báta úr landi, t.d. öllum sem smíðaðir eru fyrir 1940.
c. Í þjóðminjalögum verði nánari ákvæði um meðferð og varðveislu gamalla báta og skipsflaka.
d. Stofnaður verði skipavarðveislusjóður með framlögum úr ríkissjóði og lágu gjaldi á alla haffæra báta.
e. Skipavarðveislunefnd verði sett á laggirnar til að sjá um ofangreind efni.
f. Eigendum gamalla báta verði gert auðveldara að hirða um þá með lækkun opinberra gjalda gegn því að notkun bátanna verði takmörkum háð (sumarsiglingar, ekki í atvinnuskyni o.s.frv.).

Framangreindar hugmyndir taka að nokkru mið af norskum lögum, einkum hvað varðar ákvæði um friðlýsingu báta. Það mun hvergi vera heimilt nema í Noregi. Skipavarðveislunefnd og störf hennar væri sniðin eftir húsafriðunarnefnd nema ekki væri gert ráð fyrir eins miklum umsvifum. Víða í nágrannalöndum okkar njóta eigendur merkra báta fríðinda hvað snertir opinber gjöld og viðhald bátanna og mun ESB vera að undirbúa reglur í þeim efnum.

Afstaða ráðuneytisins til tillagnanna liggur ekki fyrir enn sem komið er.

Þál. 33/126 um textun íslensks sjónvarpsefnis, frá 19. maí 2001 – þskj. 1465.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að stuðla að því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

Menntamálaráðuneytið kom þingsályktunartillögunni á framfæri við Ríkisútvarpið, Íslenska útvarpsfélagið og Íslenska sjónvarpsfélagið með bréfum, dags. 31. ágúst og 10. september 2001. Þar óskaði menntamálaráðuneytið upplýsinga um hvernig þessum málum væri háttað hjá sjónvarpsstöðvunum. Ráðuneytið ítrekaði þessi bréf með bréfum 10. janúar á þessu ári, og óskaði eftir því að í upplýsingunum kæmu einnig fram kostnaðartölur vegna textunar á íslensku sjónvarpsefni sem og upplýsingar um hlutfall textaðs efnis eftir flokkum. Svör bárust frá Ríkisútvarpinu og Íslenska útvarpsfélaginu.

Í svari Ríkisútvarpsins kom fram að á árinu 2001 voru frumsýndar um 625 mínútur af innlendu efni sem textað var á síðu 888 í textavarpinu. Á árinu 2001 var kostnaður hjá Ríkisútvarpinu við textun innlends efnis og táknmálsfréttir tæpar 2,8 millj. kr. Í svarbréfi Ríkisútvarpsins kom einnig fram að gert væri ráð fyrir auknum kostnaði við textun í fjárhagsáætlun fyrir þetta ár.

Menntamálaráðuneytið óskaði þá eftir yfirliti yfir textað íslenskt efni í Sjónvarpinu á þessu ári auk skýringa á því í hverju aukinn kostnaður við textun í fjárhagsáætlun fyrir árið 2002 liggur. Í svari Ríkisútvarpsins kemur fram að á þessu ári er áætlað að frumsýndar verði um 1.100 mínútur af innlendu efni sem textað er á síðu 888. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að alls fari 3,3 millj. kr. til textunar á síðu 888 og táknmálsfrétta. Kostnaður vegna textunar og táknmálsfrétta hefur því aukist um 19% á milli ára hjá Ríkisútvarpinu. Miðað við þessar upplýsingar er áætlað að textað íslenskt efni í Sjónvarpinu aukist um 58% á milli áranna 2001–2002.

Í svari Íslenska útvarpsfélagsins kom fram að íslenskt sjónvarpsefni á sjónvarpsstöðvum fyrirtækisins er ekki textað.

Í janúar á þessu ári átti fyrrerandi menntamálaráðherra fund með forsvarsmönnum Heyrnarhjálpar um textun á íslensku sjónvarpsefni. Í kjölfar þess fundar sendi ráðuneytið fulltrúa sinn á norrænan fund í Gautaborg þar sem fjallað var um textun á sjónvarpsefni fyrir heyrnarskerta.

Haldið var Textaþing 2. nóvember sl. Að þinginu stóðu félagið Heyrnarhjálp, Landssamband eldri borgara, Félag heyrnarlausra, fjölmenningarráð og Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna. Á þinginu var fjallað um hvernig hægt er að tryggja betra aðgengi að íslensku efni í sjónvarpi og íslenskum kvikmyndum. Menntamálaráðherra flutti ávarp á Textaþinginu þar sem m.a. kom fram að hann hygðist beita sér fyrir því að textun á íslensku efni hjá Ríkisútvarpinu yrði aukin enn frekar til hagsbóta fyrir heyrnardaufa.

Samgönguráðuneyti.

Þál. 14/125 um flugmálaáætlun 2000–2003, frá 8. maí 2000 – þskj. 1193.

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árin 2000–2003.

Flugmálastjórn fer með framkvæmd þingsályktunar um flugmálaáætlun. Vísað er til skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd flugmálaáætlunar 2000, þskj. 1106, sem dreift var á 127. löggjafarþingi Alþingis. Þar er að finna umbeðnar upplýsingar um framkvæmd þingsályktunarinnar.

Þál. 23/125 um vegáætlun fyrir árin 2000–2004, frá 13. maí 2000 – þskj. 1409.

Alþingi ályktar, samkvæmt V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árin 2000–2004 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

Vegagerðin fer með framkvæmd þingsályktunar um vegáætlun. Vísað er til skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2000, þskj. 1367 sem dreift var á vorþingi 2001 og skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2001, þskj. 1291 sem dreift var á vorþingi 2002. Þar er að finna umbeðnar upplýsingar um framkvæmd þingsályktunarinnar.

Þál. 24/125 um jarðgangaáætlun 2000–2004, frá 13. maí 2000 – þskj. 1410.

Alþingi ályktar að á árunum 2000–2004 skuli varið 4.650 millj. kr. til að grafa jarðgöng sem hluta af vegakerfi landsins. Fyrstu verkefnin sem framkvæma skal eru jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að næstu verkefnum. Sérstaklega verði rannsökuð göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum og á Austfjörðum ný göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og göng milli Héraðs og Vopnafjarðar.

Vísað er til skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2000, þskj. 1367, sem dreift var á vorþingi 2001 og skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2001,

þskj. 1291, sem dreift var á vorþingi 2002. Þar er að finna umbeðnar upplýsingar um framkvæmd þingsályktunarinnar.

Þál. 1/126 um ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, frá 5. desember 2000 – þskj. 437.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Siglingastofnun Íslands að hún hefji sem fyrst rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru og öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum að Bakkafjöru.

Í þingsályktunartillögunni var gert ráð fyrir að undirbúningsrannsóknir taki a.m.k. þrjú ár og var kostnaður áætlaður um 10 millj. kr. í þrjú ár. Siglingastofnun sótti um 10 millj. kr. á fjárlögum fyrir árið 2002 sem ekki gekk fram. Vinna Siglingastofnunar hefur því verið takmörkuð við vinnu sem unnin var fyrir rannsóknafé stofnunarinnar.

Undirbúningur að rannsóknum á ferjuaðstöðunni hófst á því að safnað var saman öllum tiltækum gögnum um dýptarmælingar á stafrænu formi undan Bakkafjöru og við Vestmannaeyjar. Þá hefur verið unnið að öldufarsreikningum á siglingaleiðinni milli lands og Eyja og til Þorlákshafnar. Samið hefur verið við Vestmannaeyjahöfn um reglulegar dýptarmælingar við Bakkafjöru til að fylgjast með botnbreytingum undan Bakkafjöru. Í haust var fyrsta dýptarmælingin gerð. Talið er nauðsynlegt að kanna breytingar á sandrifjum með dýptarmælingum vetur, sumar, vor og haust á tímabilinu 2002–2006. Samgönguráðherra skipaði starfshóp 3. maí 2002 til að fjalla um samgöngur til Vestmannaeyja með þarfir fólks og atvinnulífs í huga. Hlutverk starfshópsins felst m.a. í gerð úttektar á hinum ýmsum kostum sem mögulegir eru til flugs og siglinga milli lands og Vestmannaeyja í samanburði við þá þjónustu sem boðið er upp á í dag. Má þar nefna m.a. hugmyndir um uppbyggingu í Bakkafjöru, rekstur svifnökkva eða annarra nýrra aðferða. Sú undirbúningsvinna, sem þegar hefur verið unnin við rannsóknir við Bakkafjöruna, mun nýtast starfshópnum við mat á hinum ýmsu kostum sem til greina koma við úrbætur á samgöngum til Vestmannaeyja.

Þál. 27/126 um sjóvarnaáætlun 2001–2004, frá 19. maí 2001 – þskj. 1449.

Alþingi ályktar skv 4. gr. laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum við sjóvarnir hagað samkvæmt eftirfarandi sjóvarnaáætlun.

Siglingastofnun fer með framkvæmd þingsályktunar um sjóvarnaáætlun og vinnur að henni í samráði við sveitarfélög. Vísað er til skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2001, þskj. 1358, sem dreift var á vorþingi 2002. Þar er að finna upplýsingar um framkvæmd sjóvarnaáætlunar 2001. Áætlað er að skila skýrslu um framvindu þingsályktunar um sjóvarnaáætlun 2002 á næsta vorþingi.

Þál. 28/126 um hafnaáætlun 2001–2004, frá 19. maí 2001 – þskj. 1450.

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 2001–2004 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun.

Siglingastofnun fer með framkvæmd þingsályktunar um hafnaáætlun og vinnur að henni í samráði við hafnarsjóði og sveitarfélög. Vísað er til skýrslu samgönguráðherra um hafnar-

framkvæmdir 2001, þskj. 1358 sem dreift var á vorþingi 2002. Þar er að finna helstu upplýsingar um framkvæmd hafnaáætlunar 2001. Áætlað er að skila skýrslu um framvindu þingsályktunar um hafnaáætlun 2002 á næsta vorþingi.

Þál. 29/126 um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, frá 19. maí 2001 – þskj. 1458.

Alþingi ályktar að á árunum 2001 til 2003 skuli gert átak í öryggismálum sjófarenda. Markmið átaksins verði að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu samkvæmt eftirfarandi áætlun. Stefnt verði að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004 og að sama skapi dragi úr tjóni vegna sjóslysa. Samgönguráðherra skal fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunar í öryggismálum sjómanna og hvernig henni miðar í átt að settu marki.

Þál. fylgir tafla yfir helstu verkefni árin 2001, 2002 og 2003 ásamt áætlaðri ráðstöfun fjárframlags hvers árs. Sjá: http://www.althingi.is/altext/126/s/1458.html

Eins fram kemur í þingsályktunartillögunni skal samgönguráðherra fyrir 1. apríl ár hvert leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang ályktunarinnar. Vísað er til fyrstu skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003, þskj. 1108, sem lögð fyrir Alþingi í mars 2002. Áætlað er að skila næstu skýrslu um framvindu þingsályktunar um framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003 á næsta vorþingi.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Þál. 35/126 um könnun á áhrifum fiskmarkaða, frá 20. maí 2001 – þskj. 1471.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera úttekt á gildi fiskmarkaða fyrir íslenskan sjávarútveg og atvinnuþróun. Nefndin afli gagna, beri saman aðstæður og leggi þannig mat á áhrif fiskmarkaða, m.a. með tilliti til:

1. *brottkasts,*
2. *verðmyndunar sjávarafla,*
3. *tekna útgerðar,*
4. *tekna sjómanna,*
5. *sérhæfingar í fiskvinnslu,*
6. *nýtingar áður vannýttra fisktegunda,*
7. *umgengni um og frágangs á afla um borð í fiskiskipum,*
8. *aðgengis fiskvinnslunnar að hráefni,*
9. *möguleika á nýliðun í fiskvinnslu,*
10. *erlendra markaða fyrir sjávarafla,*
11. *erlendra markaða fyrir sjávarafurðir,*
12. *verðs á útfluttum sjávarafurðum,*
13. *flutnings á afla innan lands,*

14. stöðugleika í fiskvinnslu,
15. byggðaþróunar.

Hinn 23. nóvember 2001 skipaði Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra nefnd sem hafði það hlutverk að gera úttekt á gildi fiskmarkaða og áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg og atvinnuþróun.

Í nefndina voru skipaðir:

- Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva og tilnefndur af þeim,
- Arthúr Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda og tilnefndur af því,
- Árni Múli Jónasson aðstoðarfiskistofustjóri, tilnefndur af Fiskistofu,
- Benedikt Valsson, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og tilnefndur af því, en síðar var Guðjón Ármann Einarsson skipaður í hans stað.
- Bjarni Áskelsson, framkvæmdastjóri Samtaka uppboðsmarkaða og tilnefndur af þeim,
- Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna og tilnefndur af því,
- Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands og tilnefndur af því,
- Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands og tilnefndur af því,
- Óskar Þór Karlsson, framkvæmdastjóri Ísfisks, tilnefndur af Samtökum fiskvinnslu án útgerðar.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir án tilnefningar

- Alda Möller matvælafræðingur,
- Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður,
- Arndís Ármann Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu,
- Halldór Jónsson framkvæmdastjóri, Fiskvinnslunni Ísfirðingi,
- Kristján Pálsson alþingismaður og er hann formaður nefndarinnar,
- Magnús Stefánsson alþingismaður,
- Sigríður Ingvarsdóttir alþingismaður,
- Svanfríður Jónasdóttir alþingismaður,
- Valgerður Sigurðardóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Sökum þess hve fjölmenn nefndin var ákvað sjávarútvegsráðherra að innan hennar skyldi starfa sérstök framkvæmdanefnd. Formaður hennar var Kristján Pálsson og aðrir í henni Arndís Ármann Steinþórsdóttir og Magnús Stefánsson. Alda Möller var starfsmaður nefndarinnar.

Störf nefndanna

Framkvæmdanefndin hefur haldið 14 fundi. Hún hefur auk þeirra ferðast víða um land til að kynna sér starfsemi fiskmarkaða. Innan lands hafa í allt verið heimsóttar þrettán starfsstöðvar fiskmarkaða og 36 fyrirtæki sem eiga viðskipti við markaðina. Flest fyrirtækjanna eru kaupendur en allmörg þeirra eru jafnframt seljendur á fiskmörkuðum. Þá hefur verið rætt við bæjarstjóra Snæfellsbæjar, forstöðumann Verðlagsstofu skiptaverðs og forsvarsmenn fyrirtækis er annast umsvifamikla landflutninga með fisk sem seldur er á fiskmörkuðum. Auk framangreindra heimsókna framkvæmdanefndar hefur hún fengið til sín á fundi fulltrúa tveggja fyrirtækja og haft símafund með einum útgerðarmanni sem staddur var á hafi úti. Framkvæmdanefndin fór kynnisferð á fiskmarkaðina í Hull og Grimsby í Englandi og heimsótti auk þess sex bresk fyrirtæki sem eiga viðskipti við fiskmarkaði sem og tvö íslensk markaðsfyrirtæki. Starfsmaður framkvæmdanefndarinnar fór á fiskmarkað Færeyja. Þá aflaði nefndin gagna frá fiskmarkaðinum í Bremerhaven.

Fiskmarkaðsnefndin hefur haldið 10 fundi. Á fyrstu fundunum í desember 2001 og febrúar 2002 voru afhent ýmis gögn sem framkvæmdanefndin hafði safnað og kynntu nefndarmenn viðhorf sín til verkefnisins, ýmist munnlega eða með greinargerðum og minnispunktum. Á fundi í lok september lagði framkvæmdanefndin fram skýrslu sína um starfsemi fiskmarkaða og hefur síðan í október fjallað um tillögur til úrbóta. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki starfi sínu í desember 2002.

Utanríkisráðuneyti.

Þál. 1/125 um fullgildingu viðbótarsamnings við samning um flutning dæmdra manna, 14. desember 1999 – þskj. 415.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning frá 21. mars 1983 um flutning dæmdra manna sem gerður var í Strassborg 18. desember 1997.

Viðbótarsamningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 25. maí 2000 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. september 2000.

Þál. 2/125 um aðild að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), 14. desember 1999 – þskj. 416.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingum sem gerðar voru á honum í Bonn 22. júní 1979 og í Gaborone 30. apríl 1983.

Ísland gerðist aðili að samningnum ásamt breytingunum 3. janúar 2000 og öðluðust samningurinn og breytingin frá 22. júní 1979 gildi að því er Ísland varðar 2. apríl 2000. Breytingin frá 30. apríl 1983 hefur enn ekki öðlast gildi.

Þál. 4/125 um aðild að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa, 21. desember 1999 – þskj. 544.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa sem gerður var í Haag 29. maí 1993.

Ísland gerðist aðili að samningnum 17. janúar 2000 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. maí 2000.

Þál. 6/125 um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, 22. mars 2000 – þskj. 799.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku

hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 26. maí 2000 og öðlaðist gildi 26. júní 2000.

Þál. 7/125 um fullgildingu bráðabirgðasamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu, 3. apríl 2000 – þskj. 905.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd bráðabirgðasamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu sem undirritaður var í Leukerbad 30. nóvember 1998.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 18. ágúst 2000 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember 2000.

Þál. 8/125 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, 4. maí 2000 – þskj. 1143.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 2. og 22. febrúar 2000.

Samningurinn, sem gildir aðeins, fyrir árið 2000, öðlaðist gildi til bráðabirgða 22. febrúar 2000. Hann var staðfestur af Íslands hálfu 13. júní 2000 en honum var ekki veitt formlegt gildi.

Þál. 9/125 um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, 4. maí 2000 – þskj. 1144.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000 sem gerðir voru í Þórshöfn 20. október 1999:

1. *Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2000.*
2. *Bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.*
3. *Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.*
4. *Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2000.*
5. *Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2000.*

Framangreindum samningum, sem giltu aðeins fyrir árið 2000, var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2000. Þeir voru staðfestir af Íslands hálfu 13. júní 2000 en þeim var ekki veitt formlegt gildi.

Þál. 10/125 um staðfestingu breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, frá 4. maí 2000 – þskj. 1145.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir hönd Íslands breytingar á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem gerðar voru í Cardiff 19. maí 1999.

Breytingarnar voru staðfestar af Íslands hálfu 9. október 2000 og öðluðust gildi 28. nóvember 2002.

Þál. 11/125 um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 4. maí 2000 – þskj. 1146.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var í Genf 23. júní 1981.

Samþykktin var fullgilt af Íslands hálfu 22. júní 2000 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 22. júní 2001.

Þál. 12/125 um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn, 8. maí 2000 – þskj. 1191.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/96, 87/97, 15/98, 20/99, 41/99, 42/99, 57/99, 82/99, 83/99, 84/99, 95/99, 96/99, 121/99, 165/99, 166/99, 168/99, 12/00, 20/00 og 21/00 um breytingar á II., IV., IX., X., XI., XVI., XVII., XVIII., XIX. og XX. viðauka og bókun 37 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992.

Ákvarðanirnar voru staðfestar af Íslands hálfu 22. maí 2000 og öðluðust gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2000.

Þál. 13/125 um fullgildingu Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 8. maí 2000 – þskj. 1192.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem samþykkt var 17. júlí 1998.

Samþykktin var fullgilt af Íslands hálfu 25. maí 2000 og öðlaðist gildi 1. júlí 2002.

Þál. 22/125 um fullgildingu samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 13. maí 2000 – þskj. 1395.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 26. júní 2000 en hefur enn ekki öðlast gildi.

Þál. 2/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, 12. desember 2000 – þskj. 516.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2000 frá 2. ágúst 2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 93/1999 frá 13. desember 1999, um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 25. janúar 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. mars 2001.

Þál. 6/126 um fullgildingu samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi, 26. febrúar 2001 – þskj. 784.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning sem Evrópubandalagið og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 28. febrúar 2001 og öðlaðist hann gildi 1. apríl 2001.

Þál. 7/126 um aðild að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja, 27. mars 2001 – þskj. 962.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja sem gerður var í Vínarborg 11. apríl 1980.

Ísland gerðist aðili að sáttmálanum 10. maí 2001 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2002.

Þál. 8/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, 27. mars 2001 – þskj. 963.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000 frá 27. október 2000, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB frá 7. júní 1999, um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir

tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 19. apríl 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2001.

Þál. 9/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, 27. mars 2001 – þskj. 964.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000 frá 27. október 2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 31/2000 frá 8. júní 2000, um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti").

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 19. apríl 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2001.

Þál. 10/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 27. mars 2001 – þskj. 965.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins nr. 1999/63/EB frá 21. júní 1999, um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST).

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 19. apríl 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2001.

Þál. 11/126 um aðild að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna, 27. mars 2001 – þskj. 966.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna sem gerður var í New York 9. desember 1994.

Ísland gerðist aðili að samningnum 10. maí 2001 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 9. júní 2001.

Þál. 12/126 um aðild að samningi um opinber innkaup, 27. mars 2001 – þskj. 967.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um opinber innkaup sem undirritaður var í Marakess 15. apríl 1994.

Ísland gerðist aðili að samningnum 29. mars 2001 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 28. apríl 2001.

Þál. 13/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, 23. apríl 2001 – þskj. 1101.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000 frá 27. október 2000, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/95/EB frá 13. desember 1999, um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 17. maí 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2001.

Þál. 14/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, 11. maí 2001 – þskj. 1283.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000 frá 30. nóvember 2000, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss, 2000/519/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ungverjalandi og 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 28. maí 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2001.

Þál. 15/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, 11. maí 2001 – þskj. 1284.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglu-

gerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 28. maí 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2001.

Þál. 16/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, 11. maí 2001 – þskj. 1285.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000, um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 28. maí 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2001.

Þál. 17/126 um samþykkt ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, 11. maí 2001 – þskj. 1286.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að tilkynna fyrir Íslands hönd samþykki á ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins að því leyti sem ákvæði hans byggjast á Schengen-samningnum.

Samþykki Íslands á ákvörðuninni var tilkynnt 31. maí 2001 og tók hún gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2001.

Þál. 18/126 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001, 11. maí 2001 – þskj. 1287.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2001 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 12. febrúar og 2. mars 2001.

Samningurinn, sem gildir aðeins fyrir árið 2001, öðlaðist gildi til bráðabirgða 2. mars 2001. Hann var staðfestur af Íslands hálfu 11. júní 2001 en honum var ekki veitt formlegt gildi.

Þál. 19/126 um aðild að Genfarsamningi um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, 11. maí 2001 – þskj. 1288.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að Genfarsamningi um breytingu á Haagsamningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar sem gerður var í Genf 2. júlí 1999.

Ísland gerðist aðili að samningnum 6. júlí 2001 en hann hefur enn ekki öðlast gildi.

Þál. 20/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 11. maí 2001 – þskj. 1289.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001 frá 31. janúar 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar).

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 28. maí 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2001.

Þál. 21/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001, um breytingar á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 11. maí 2001 – þskj. 1290.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000, um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 28. maí 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2001.

Þál. 22/126 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 11. maí 2001 – þskj. 1291.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000, um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 28. maí 2001 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2001.

Þál. 23/126 um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001, 11. maí 2001 – þskj. 1292.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001 sem gerðir voru í Skagen 18. október 2000:

1. *Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2001.*
2. *Bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.*
3. *Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001.*
4. *Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2001.*
5. *Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2001.*

Framangreindum samningum, sem giltu aðeins fyrir árið 2001, var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2001. Þeir voru staðfestir af Íslands hálfu 11. júní 2001 en þeim var ekki veitt formlegt gildi.

Þál. 30/126 um staðfestingu breytinga á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), 19. maí 2001 – þskj. 1459.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir hönd Íslands breytingar á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT) sem gerðar voru á þingi aðildarríkja INMARSAT í London 20.–24. apríl 1998.

Breytingarnar voru staðfestar af Íslands hálfu 2. júlí 2001 og öðluðust gildi 31. júlí 2001.

Þál. 31/126 um fullgildingu V viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, 19. maí 2001 – þskj. 1460.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, og 3. viðbæti við samninginn sem gerðir voru í Sintra 23. júlí 1998.

Viðaukinn og viðbætirinn voru fullgiltir af Íslands hálfu 18. júní 2001 og öðluðust gildi að því er Ísland varðar 18. júlí 2001.

Þál. 32/126 um endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 19. maí 2001 – þskj. 1461.

Alþingi ályktar að styðja frumkvæði Norðmanna á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að framkvæmd viðskiptabanns á Írak verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að aðgerðir Sameinuðu þjóðanna beinist enn frekar að því að hindra að harðstjórn Saddams Husseins komi sér upp gereyðingarvopnum og ógni öryggi á svæðinu.

Alþingi fagnar stuðningi ríkisstjórnar Íslands við frumkvæði Norðmanna og hvetur hana til að stuðla að áframhaldandi framgangi málsins á alþjóðavettvangi.

Eftir að Norðmenn tóku sæti í öryggisráðinu beittu þeir sér mjög fyrir endurskoðun á framkvæmd viðskiptabannsins. Í framhaldi af því samþykkti öryggisráðið samhljóða hinn 14. maí 2002 ályktun nr. 1409 (2002) þar sem framkvæmd gildandi viðskiptabanns var breytt. Breytingin þýðir að í reynd er allur innflutningur heimilaður, að undanskildum hergögnum og vopnabúnaði, sem og vörum sem hugsanlega er unnt að nýta í hernaðarlegum tilgangi.

Íslensk stjórnvöld studdu umrædda endurskoðun og fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum fylgdist náið með þessu endurskoðunarstarfi. Ísland á ekki aðild að öryggisráðinu og hefur því takmarkaða möguleika á að hafa bein áhrif.

Málefni Íraks hafa einnig verið til umræðu á norrænum utanríkisráðherrafundum þar sem Noregur hefur gert grein fyrir stöðu Íraksmálsins á hverjum tíma í öryggisráðinu. Ísland hefur eins og önnur norræn ríki lýst stuðningi sínum við þá vinnu.

693. Fyrirspurn [459. mál]

til heilbrigðisráðherra um ástæður komu á bráðamóttöku.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

Hvernig skiptust ástæður komu á bráðamóttöku eftir eftirtöldum flokkum árin 1999, 2000 og 2001, sundurliðað eftir kyni og aldri:

1. sjúkdómur,
2. slys og óhöpp,
3. ofbeldisverk:
   a. slagsmál, handalögmál,
   b. kynferðisleg árás,
   c. vanræksla o.þ.h.,
   d. ofbeldisverk, önnur tilgreind,
   e. ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind,
4. sjálfsskaði af ásettu ráði:
   a. sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun,
   b. víma af efnum,
   c. sjálfsmeiðingar,

d. sjálfsskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur,
e. sjálfsskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur?

Skriflegt svar óskast.

694. Fyrirspurn [460. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðisþjónustu við aldraða.

Frá Karli V. Matthíassyni.

1. Hvernig telur ráðherra að geðheilbrigðisþjónustu við aldraða með alvarlega geðsjúkdóma verði best fyrir komið á næstu árum í ljósi fjölgunar aldraðra?
2. Telur ráðherra rétt að slík þjónusta sé veitt á sérhæfðum geðdeildum?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slík deild verði stofnuð í nánustu framtíð?

695. Breytingartillaga [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. (2. gr.)
Í stað 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.

b. (3. gr.)
Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

696. Svar [369. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um Jarðasjóð.

1. Hver var efnahagsstaða Jarðasjóðs um síðustu áramót?
Efnahagsstaða Jarðasjóðs um síðustu áramót, 31. desember 2001, var neikvæð um 155.506.000 kr.

2. Hvernig aflar sjóðurinn sér tekna og hvernig er fjármunum hans ráðstafað?
Samkvæmt 4. gr. laga nr. 34/1999, um Jarðasjóð, eru tekjur sjóðsins þessar:
a. andvirði seldra ríkisjarða.

b. afgjöld ríkisjarða sem eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins.
c. framlög á fjárlögum ár hvert sem nauðsynlegt er talið til þess að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu.

Einnig hefur Jarðasjóður haft óverulegar vaxtatekjur af langtímakröfum. Fjármunum Jarðasjóðs og einnig Jarðeigna ríkisins sem hafa sameiginleg fjárframlög í fjárlögum ár hvert án frekari sundurliðunar er að hluta til varið til að greiða rekstrarkostnað jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins. Einnig er fjármunum Jarðasjóðs varið til kaupa á jörðum í samræmi við hlutverk sjóðsins samkvæmt lögum nr. 34/1992 þegar sjóðurinn hefur nægilega fjármuni til slíkra jarðakaupa. Efnahagsstaða sjóðsins hefur hins vegar verið mjög neikvæð um nokkurra ára skeið. Sú stefna var því mörkuð fyrir nokkrum árum að takmarka jarðakaup sjóðsins eins og unnt er þar til þessi halli hefur verið jafnaður og efnahagsstaða sjóðsins er aftur orðin jákvæð. Á síðustu árum hefur fjármunum sjóðsins umfram rekstrarkostnað eingöngu verið varið til að greiða niður áðurnefndan halla.

3. *Hversu margar jarðir hefur sjóðurinn keypt á þessu ári?*
Jarðasjóður hefur enga jörð keypt á árinu 2002.

4. *Hversu margar jarðir hefur sjóðurinn keypt eða selt sl. fimm ár og hverjar eru þær jarðir?*

Jarðasjóður hefur sl. fimm ár keypt sex jarðir og hluta úr einni jörð. Þær eru:
1. Ásar, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu 1999.
2. Gilsfjarðarmúli, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu 1999.
3. Hlíðarberg, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu 1998.
4. Straumur, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu 1998.
5. Sunnuhlíð, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu 1998.
6. Þrándarstaðir, Austur-Héraði, Suður-Múlasýslu 1999.
7. Hluti af jörðinni Fornhaga, Skriðuhreppi, Eyjafjarðarsýslu 1998.

Með seldum jörðum Jarðasjóðs sl. fimm ár er eingöngu átt við jarðir sem við sölu hafa verið skráðar eign Jarðasjóðs ríkisins. Landbúnaðarráðuneytið hefur á framangreindu tímabili selt mun fleiri jarðir sem hafa verið skráðar eign Jarðeigna ríkisins, Ríkisfjárhirslu, Fjársýslu ríkisins o.s.frv. og eru þær ekki með í upptalningunni hér að framan.

Jarðasjóður hefur sl. fimm ár selt átta jarðir. Þær eru:
1. Eyjar, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu 2001.
2. Melgraseyri, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu 2001.
3. Hóll, Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu 1998.
4. Hæringsstaðir, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu 2002.
5. Sandfell, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu 1998.
6. Svínhóll, Dalabyggð, Dalasýslu 1998.
7. Vestra-Stokkseyrarsel, Árborg, Árnessýslu 2002.
8. Ysti-Hvammur, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu 1998.

Á árinu 2002 keypti landbúnaðarráðuneytið að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið jörðina Víðimýri í Skagafirði. Var það gert á grundvelli sérstakrar heimildar í fjáraukalögum fyrir árið 2001. Ástæða kaupanna var sú að þjóðminjavörður hafði á árinu 1997 gert tillögu um að Víðimýrarkirkja yrði skráð á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Jörðin var því keypt til þess að unnt væri að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að kirkjan yrði talin tæk á heimsminjaskrána. Í því tilviki var því ekki um að ræða kaup Jarðasjóðs samkvæmt lögum nr. 34/1992.

697. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigrúnu Ágústsdóttur og Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti, Kristin Skarphéðinsson, sem kom sem fulltrúi Náttúrufræðistofnunar og ráðgjafarnefndar um villt dýr, Sigurborgu Daðadóttur, Arnór Sigfússon, Elínu Jóhannsdóttir, Maríu Harðardóttur, Ólaf R. Dýrmundsson og Magnús Skarphéðinsson frá dýraverndarráði og Friðjón Þórðarson frá Breiðafjarðarnefnd.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna nýrrar stofnunar, Umhverfisstofnunar, sem hefur starfsemi 1. janúar nk., sbr. lög um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002. Frá því að þau lög voru samþykkt í vor hefur starfshópur unnið að undirbúningi þess að Umhverfisstofnun verði sett á laggirnar og þar á meðal útfært frekar starfssvið stofnunarinnar. Nefndin hitti fulltrúa starfshópsins á fundi fyrr í haust og kynnti sér vinnu hans. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu hefur verið unnið eftir því í meginatriðum að stjórnsýsla á sviði umhverfismála verði hjá Umhverfisstofnun og rannsóknarverkefni verði hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Talin hefur verið þörf á því að einfalda stjórnsýslu á þessu sviði. Í samræmi við það er lagt til í frumvarpinu að stjórnsýsluvald verði fært frá fjölskipuðum nefndum, þ.e. Breiðafjarðarnefnd og ráðgjafarnefnd um villt dýr, til Umhverfisstofnunar auk þess sem lagt er til að sú síðarnefnda verði lögð niður. Hins vegar er lagt til að hreindýraráð, sem lagt var niður með lögum nr. 90/2002, starfi áfram að sömu verkefnum og áður að því undanskildu að stjórnsýsla málaflokksins færist til Umhverfisstofnunar. Telur meiri hlutinn það farsæla lausn enda æskilegt að málaflokkurinn njóti góðs af þeirri staðbundnu þekkingu sem til staðar er í hreindýraráði.

Meiri hlutinn leggur til að hætt verði við að leggja niður dýraverndarráð en það var lagt niður með lögum um Umhverfisstofnun. Leggur meiri hlutinn til að það starfi áfram en í breyttri mynd. Stjórnsýsla á sviðinu og framkvæmd laga um dýravernd verði hjá Umhverfisstofnun en ráðið sinni ráðgjafarhlutverki fyrir stofnunina og umhverfisráðherra. Leggur meiri hlutinn til að sömu aðilar tilnefni menn í ráðið en ráðsmönnum verði fækkað úr fimm í fjóra þannig að umhverfisráðherra skipi ekki lengur mann án tilnefningar í ráðið. Er það gert að tillögu fulltrúa umhverfisráðuneytisins sem telja ekki þörf á því.

Meiri hlutinn leggur einnig til að Skotveiðifélag Íslands tilnefni ekki fulltrúa í hreindýraráð. Við umfjöllun málsins var bent á að verkefni hreindýraráðs væru þess eðlis að ekki væru efni til að félagið tæki þátt í eða hefði áhrif á umfjöllun um þau. Fellst meiri hlutinn á þau sjónarmið.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til eru í aðalatriðum leiðréttingar. Má nefna að Búnaðarfélagi Íslands er ætlað hlutverk í 4. gr. frumvarpsins en það hefur hins vegar verið lagt niður. Þá er XVI. kafli frumvarpsins felldur niður þar sem frumvarp til laga um úrvinnslugjald, sem leysir af hólmi lög um spilliefnagjald, nr. 56/1996, verður væntanlega afgreitt á sama tíma og þetta frumvarp.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Gunnar Birgisson og Katrín Fjeldsted voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 2002.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Ásta Möller.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

698. Breytingartillögur [405. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

1. Við 4. gr.
   a. 2. efnismgr. a-liðar orðist svo:
      Um stefnumótandi mál, svo sem setningu reglugerða, skal leita umsagnar dýraverndarráðs.
   b. B-liður orðist svo: 4. mgr. orðast svo:
      Umhverfisráðherra skipar fjóra menn í dýraverndarráð. Bændasamtök Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Dýralæknafélag Íslands og Samband dýraverndunarfélaga Íslands skulu hvert um sig tilnefna einn mann í ráðið. Ráðið skiptir með sér verkum. Hlutverk þess er að vera Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar um dýraverndarmál.
2. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands.
3. Við 20. gr. Í stað orðsins „Hollustuvernd“ í b-lið komi Náttúruvernd.
4. XVI. kafli falli brott.
5. Við 35. gr. Á eftir orðunum „og útbreiðslu villtra dýra eða“ í 2. efnismgr. komi: koma í veg fyrir.
6. Við 43. gr.
   a. Í stað 1.–3. málsl. 5. efnismgr. komi fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Umhverfisráðherra skipar fjóra menn í hreindýraráð. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu tilnefna einn fulltrúa hvort og sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra einn fulltrúa. Verði atkvæði jöfn á fundum ráðsins ræður atkvæði formanns.
   b. Í stað orðanna „Náttúrufræðistofnun Austurlands“ í 8. efnismgr. komi: Náttúrustofa Austurlands.

699. Frumvarp til laga [461. mál]

um staðla og Staðlaráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Hugtökin staðall, alþjóðlegur staðall, stöðlun, tækniforskrift og sammæli skulu hafa alþjóðlega viðurkennda merkingu hér á landi eins og hún kemur fram í íslenskum staðli um íðorð í stöðlun og skyldri starfsemi.

2. gr.

Íslenskur staðall er staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlileg not hans.

3. gr.

Staðall er til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans og hlutaðeigandi laga. Skal hann þá staðfestur með reglugerð af hlutaðeigandi ráðuneyti og skal í reglugerð vísa til staðalsins.

4. gr.

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Aðild að ráðinu er heimil öllum hagsmunaaðilum.

Staðlaráð Íslands setur sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir þar sem m.a. skal kveða á um skipulag ráðsins, stjórn þess og daglega starfsemi. Staðlaráð Íslands ræður sér framkvæmdastjóra. Hann fer með daglega stjórn ráðsins og ber ábyrgð á rekstri þess gagnvart stjórn þess.

Stjórn Staðlaráðs Íslands hefur það hlutverk að staðfesta alþjóðlega staðla og annast gerð íslenskra staðla í samvinnu við hagsmunaaðila, svo sem hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, samtök og fyrirtæki.

Staðlaráð Íslands getur starfrækt fagstaðlaráð á einstökum fagsviðum í samvinnu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Hlutverk fagstaðlaráða er að samræma og hafa frumkvæði að stöðlunarvinnu á sínu sviði.

5. gr.

Staðlaráð Íslands á aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fer með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Heimilt er þó ráðinu að fela stofnun, fyrirtæki eða samtökum að annast í umboði þess þátttöku í alþjóðastaðlasamstarfi.

6. gr.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal á vegum Staðlaráðs Íslands gefa út Staðlatíðindi þar sem m.a. skal:

1. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
2. auglýsa frumvörp að íslenskum stöðlum og kalla eftir athugasemdum innan tiltekins tímafrests og
3. tilkynna um staðfestingu Staðlaráðs Íslands á nýjum íslenskum stöðlum.

Við útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests samkvæmt þessari grein skal miðað við að þeir sem hagsmuna hafa að gæta geti haft áhrif á gerð staðalsins.

Á vegum Staðlaráðs Íslands skal haldin skrá yfir alla gildandi íslenska staðla. Skráin skal birt eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Jafnframt skal Staðlaráð Íslands sjá til þess að á hverjum tíma séu til eintök af öllum gildandi íslenskum stöðlum.

7. gr.

Til að standa straum af starfsemi Staðlaráðs Íslands rennur hluti af gjaldstofni tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, til Staðlaráðs Íslands. Aðrar tekjur Staðlaráðs Íslands eru m.a. aðildargjöld, sem ráðið ákveður, tekjur af verkefnum fyrir opinbera aðila og sala á stöðlum og þjónustu.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, að fenginni umsögn Staðlaráðs Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt falla úr gildi lög um staðla, nr. 97/1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Staðlar gegna mikilvægu hlutverki við að koma á og viðhalda hindrunarlausum viðskiptum á milli landa. Þar liggur til grundvallar að vísað sé til alþjóðlegra staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum fremur en að tilgreint sé í einstökum atriðum hvaða tæknilegu kröfur skuli gera til vöru og þjónustu. Við setningu laga nr. 97/1992, um staðla, var tekið mið af þessu grundvallaratriði, svo og af þáverandi hefðum og venjum við beitingu staðla. Frá setningu laganna hefur framkvæmd staðlasetningar og innviðir staðlastarfsins á Íslandi þróast og er ástæða til að festa áorðnar breytingar í sessi með lögum.

Meginatriði laga um staðla frá 1992 haldast óbreytt í frumvarpi þessu. Á Staðlaráð Íslands eru aftur á móti lagðar auknar skyldur og breytingin frá gildandi lögum um staðla snýr að verulegu leyti að hlutverki og starfsemi þess. Vegna þessa er lagt til að heiti laganna verði lög um staðla og Staðlaráð Íslands og komi þau í stað núverandi laga um staðla.

Stjórnvöld Evrópusambandsríkja höfðu við setningu laga um staðla ákveðið að vísa í auknum mæli til staðla í tilskipunum og reglugerðum. Ekki var að öllu leyti tekið tillit til þessa í lögum um staðla, enda var málaflokkurinn í örri þróun. Aðild Íslands að EES-samningnum frá árinu 1992 lagði miklar kröfur á íslensk stjórnvöld að taka upp lagafyrirmæli ESB hérlendis. Meðal þeirra eru svonefndar nýaðferðartilskipanir þar sem hlutverk staðla í íslenskum réttarheimildum og samfélaginu almennt varð mun veigameira en áður. Samkvæmt þessari aðferð skal lögbundin samhæfing á tilskipunum ESB á tæknisviðum bundin við grunnkröfur um öryggi og heilsu manna og dýra og verndun umhverfis. Þeim sem unnið höfðu að stöðlun skyldi fengið það hlutverk að semja tækniforskriftir í einstökum atriðum er uppfylltu grunnkröfurnar. Þessar forskriftir yrðu síðan gefnar út sem samhæfðir staðlar í aðildarríkjunum. Í þessu sambandi er mikilvægt að leggja áherslu á að staðlar eru ekki samdir af stjórnvöldum, heldur í samvinnu þeirra sem hagsmuna eiga að gæta af stöðlunum og eiga þeir að endurspegla bestu fáanlega þekkingu, fyrirmyndarverklag og framkvæmd að bestu manna yfirsýn.

Þróunin síðustu tíu ár hefur orðið sú að notkun staðla í stað hefðbundinna reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla hefur reynst vel og eru staðlar nú teknir upp á sífellt fleiri sviðum.

Yfirleitt er gert ráð fyrir að með því að uppfylla kröfur tiltekinna staðla séu kröfur viðkomandi tilskipunar jafnframt uppfylltar. Þannig er gert ráð fyrir því í tilskipun um byggingarvörur (89/106/EB) að skylt sé að sýna fram á samræmi við tiltekna staðla. Þeir verða því bindandi reglur en ekki valfrjálsir. Í öðrum tilfellum er framleiðendum þó einnig heimilt að sýna fram á að kröfur tilskipunar séu uppfylltar á annan hátt en með því að sýna fram á samræmi við staðla. Staðlar eru í slíkum tilfellum aðeins ein leið til að sýna fram á samræmi við kröfur tilskipunar.

Þessi þróun hefur kallað á að hlutverk Staðlaráðs Íslands verði fest betur í sessi en með gildandi lögum um staðla, nr. 97/1992. Í því felst m.a. að það fyrirkomulag sem þróað hefur verið á síðustu tíu árum og reynst hefur best verði nú lögfest og að lög kveði á um skýrt og ótvírætt umboð Staðlaráðs Íslands til að staðfesta alþjóðlega og evrópska staðla sem íslenska staðla og til að annast gerð séríslenskra staðla. Sömuleiðis er nauðsynlegt að kveða á um tilvist fagstaðlaráða þar sem innan þeirra fer fram það faglega starf sem staðlar grundvallast á. Ljóst þarf að vera hvaða umboð þau hafa þar sem þau vinna að því að semja staðla sem munu í sumum tilvikum verða bindandi fyrirmæli.

Nauðsynlegt þykir einnig að kveða nánar á um hvernig rekstri Staðlaráðs skuli háttað þar sem það er opinber vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun þótt það sé ekki opinber stofnun. Einnig þykir nauðsynlegt að fram komi í lögum með hvaða hætti starfsemi Staðlaráðs skuli fjármögnuð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum um staðla, nr. 97/1992. Í samræmi við almennar reglur um að vísa skuli í staðla í stað þess að endurtaka innihald þeirra í lögum og reglugerðum er vísað til þess hér að lykilhugtök skuli skilgreind eins og segir í íslenskum staðli um íðorð í stöðlum og skyldri starfsemi. Þessar skilgreiningar eru eftirfarandi samkvæmt núgildandi útgáfu staðalsins.

Staðall (e. standard): Skjal, ákvarðað með sammæli og samþykkt af viðurkenndum aðila, þar sem settar eru fram, til algengrar og endurtekinnar notkunar, reglur, leiðbeiningar eða eiginleikar fyrir starfsemi eða afrakstur hennar í þeim tilgangi að ná fram sem mestri samskipan í tilteknu samhengi.

Athugasemd: Staðlar skulu byggðir á samanlögðum niðurstöðum vísinda, tækni og reynslu og miða að því að stuðla að hámarkshagsbótum fyrir samfélagið.

Alþjóðlegur staðall, alþjóðastaðall (e. international standard): Staðall sem staðfestur er af alþjóðlegum stöðlunarsamtökum/staðlasamtökum og almenningur hefur aðgang að.

Stöðlun (e. standardization): Sú starfsemi að setja ákvæði til algengrar og endurtekinnar notkunar, varðandi raunveruleg eða hugsanleg vandamál, sem miðast að því að ná fram sem mestri samskipan í tilteknu samhengi.

Athugasemdir:

1. Sér í lagi felst starfsemin í því að semja staðla, gefa þá út og framfylgja þeim.
2. Mikilvægir kostir stöðlunar eru að með henni má bæta hæfni vöru, ferla og þjónustu til að þjóna tilgangi sínum, fyrirbyggja viðskiptahindranir og auðvelda samvinnu á tæknisviði.

Tækniforskrift (e. technical specification): Skjal þar sem settar eru tæknilegar kröfur sem vara, ferli eða þjónusta þarf að uppfylla.

Athugasemdir:

1. Í tækniforskrift ætti að koma fram, þegar við á, hvaða aðferð(ir) megi nota til að ákvarða hvort settar kröfur hafi verið uppfylltar.
2. Tækniforskrift getur verið staðall, hluti af staðli eða óháð staðli.

Sammæli (e. consensus): Almennt samkomulag þar sem ekki er haldið uppi andstöðu við veigamikil efnisatriði af hálfu mikilvægs hluta hagsmunaaðila og þar sem leitast hefur verið við að taka tillit til sjónarmiða allra aðila og sætta andstæð sjónarmið.

Athugasemd: Sammæli þarf ekki að fela í sér einróma samþykkt.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá núverandi lögum um staðla. Kveðið er á um að staðall geti ekki kallast íslenskur staðall fyrr en hann hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands. Í langflestum tilfellum verður íslenskur staðall til við það að Evrópustaðall, alþjóðastaðall eða erlendur þjóðarstaðall er gerður að íslenskum staðli. Aðeins um 2% íslenskra staðla eru frumsamdir hér á landi til að mæta séríslenskum aðstæðum. Í báðum tilfellum er svokallað frumvarp að staðli auglýst í Staðlatíðindum til almennrar umsagnar með a.m.k. tveggja mánaða umsagnarfresti. Allir hafa rétt til að gera athugasemdir við frumvarpið og ef þær leiða til verulegra breytinga er frumvarpið auglýst til umsagnar í annað sinn. Að lokum er staðallinn staðfestur af Staðlaráði Íslands, hann gefinn út og tilkynnt um staðfestinguna í Staðlatíðindum.

Sumir erlendir staðlar, t.d. Evrópustaðlar, fjalla um tæknilega sérhæfð málefni sem fáir íslenskir sérfræðingar á afmörkuðum fræðasviðum nota. Í slíkum tilfellum er oft ekki ástæða til að leggja í kostnaðarsamar þýðingar, enda vilja sérfræðingar gjarnan byggja störf sín á frumtextum staðla. Vegna þessa er í 2. mgr. 2. gr. veitt heimild til að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlilega notkun hans.

Um 3. gr.

Efnislega er greinin lítið breytt frá núverandi lögum um staðla en regla um tilvísun til staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum er gerð skýrari.

Staðall verður til við það að þeir sem telja sig hafa hagsmuni af staðlinum sammælast um ákvæði hans. Staðall er því í sjálfu sér ekki skuldbindandi fyrr en þar til bær stjórnvöld hafa kveðið á um skuldbindingu hans. Með vísun til staðals í reglugerð er ekki nauðsynlegt að birta ítarleg tæknileg fyrirmæli og forskriftir í sjálfri reglugerðinni, enda oft um að ræða hundraða blaðsíðna staðla sem fyrst og fremst snúa að fagmönnum. Sá sem fylgir tilgreindum stöðlum telst hafa fullnægt ákvæðum þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem vísa í staðalinn.

Um 4. gr.

Kveða þarf nánar á um hvernig rekstri Staðlaráðs Íslands skuli háttað. Nauðsynlegt er að Staðlaráð Íslands hafi það hlutverk að staðfesta alþjóðlega staðla og annast gerð íslenskra staðla. Í tengslum við þetta er enn fremur nauðsynlegt að kveða á um að við Staðlaráð Íslands starfi framkvæmdastjóri sem beri ábyrgð á rekstri ráðsins gagnvart stjórn þess. Einnig þarf að kveða á um umboð fagstaðlaráða til að semja staðla og hafa frumkvæði að staðlagerð.

Ákvæði um starfsreglur sem ráðherra staðfestir eru óbreyttar frá núverandi lögum um staðla.

Um 5. og 6. gr.

Ákvæði þessara greina eru óbreytt frá gildandi lögum um staðla.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum eru lagðar miklar skyldur á Staðlaráð án þess að sagt sé hvernig standa beri straum af rekstri þess. Staðlaráð fær 0,007% af gjaldstofni tryggingagjalds samkvæmt lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum, en hefur einnig tekjur af aðildargjöldum, sölu staðla og ýmiss konar þjónustu, svo sem námskeiðum, stöðlunarverkefnum sem unnin eru fyrir einstök ráðuneyti á fagsviðum sem undir þau heyra og annarri þjónustu við opinbera aðila og einkaaðila. Lagt er til að í lögum um staðla og Staðlaráð Íslands verði kveðið á um hvaða tekjur Staðlaráð skuli hafa til að standa straum af þeim verkefnum sem því ber að sinna samkvæmt lögunum.

Um 8. gr.

Samkvæmt núverandi lögum um staðla hefur iðnaðarráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari ákvæði er lúta að framkvæmd laganna. Hér er lagt til að slík reglugerð verði ekki sett nema að fenginni umsögn Staðlaráðs Íslands. Þetta er talið eðlilegt þar sem ráðinu ber að starfa eftir lögum þessum og tilheyrandi reglugerðum.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um staðla og Staðlaráð Íslands.

Í frumvarpinu er gerð tillaga að heildarlöggjöf sem hefur að geyma reglur um staðla og réttindi og skyldur Staðlaráðs. Í lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, er kveðið á um að Staðlaráð fái 0,007% af gjaldstofni tryggingagjalds, en gert ráð fyrir 31,7 m.kr. framlagi til stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum 2003.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

700. Frumvarp til raforkulaga. [462. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.
2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.
3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.
4. Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. *Dreifikerfi:* Raflínur ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug sem ekki teljast til flutningskerfisins. Enn fremur mælar og mælabúnaður hjá notendum.
2. *Dreifing:* Flutningur raforku um dreifikerfi.
3. *Dreifiveita:* Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
4. *Dreifiveitusvæði:* Landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.
5. *Endurnýjanlegar orkulindir:* Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka, sjávarföll og sólarorka.
6. *Flutningsfyrirtæki:* Sá sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.
7. *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Flutningskerfi skal ná frá og með aflrofum á háspennuhlið stöðvarspenna virkjana til og með aflrofum fyrir aðveituspenna dreifiveitna.
8. *Flutningsvirki:* Raflína og búnaður henni tengdur til flutnings raforku.
9. *Flutningur:* Flutningur raforku um flutningskerfi.
10. *Gjaldskrársvæði:* Svæði þar sem sama gjaldskrá gildir fyrir dreifingu.
11. *Meginflutningskerfi:* Flutningskerfi Landsvirkjunar á 132 og 220 kV spennu eins og það er við gildistöku laga þessara. Enn fremur viðbætur eftir þann tíma á 132 kV og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Til meginflutningskerfisins teljast jafnframt tengilínur við raforkuver sem eru yfir 7 MW og hafa meira en 3.000 klst. árlegan nýtingartíma.
12. *Notandi:* Sá sem kaupir raforku til eigin nota.
13. *Orkulindir:* Náttúruleg uppspretta orku á ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhitageymir, sjávarföll, vindur og sólarljós, en einnig olíu- og gaslindir og kolanámur.
14. *Raflína:* Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfis.
15. *Raforkukerfi:* Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
16. *Raforkumarkaður:* Skipulegur markaður með raforku.
17. *Raforkuver/virkjun:* Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.

18. *Sölufyrirtæki:* Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
19. *Viðskipti:* Kaup og sala raforku.
20. *Vinnsla/raforkuvinnsla:* Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku, í raforku.
21. *Vinnslufyrirtæki:* Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.
22. *Virkjunarleyfi:* Leyfi sem veitt er til að reisa og reka raforkuver.

II. KAFLI
Raforkuvinnsla.

4. gr.
Veiting virkjunarleyfis.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi.

Virkjunarleyfi fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til ráðherra.

Áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á eignarlandi á grundvelli leyfis þarf að hafa náðst samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða ákvörðun um eignarnám skv. 23. gr. að liggja fyrir. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 90 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður. Ákvæði þetta gildir einnig um nýtingu auðlinda í þjóðlendum eftir því sem við á.

5. gr.
Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila.

Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Öll skilyrði skulu tilgreind í reglugerð.

Tengja skal virkjun flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Samningur um tengingu við flutningskerfið skal liggja fyrir þegar sótt er um leyfi. Ráðherra er, þegar sérstaklega stendur á, heimilt að víkja frá tengiskyldu vegna virkjana sem eru undir 3,5 MW og varðandi eldsneytisstöðvar sem fyrst og fremst eru nýttar þegar truflanir koma upp í flutnings- eða dreifikerfinu.

Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á viðkomandi vatnasviði. Ef ekki næst samningar sker ráðherra úr ágreiningi og er úrskurður hans endanlegur á stjórnsýslustigi. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum þeim sem nýta sama jarðhitasvæði. Þá er ráðherra heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um það að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Ráðherra er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

6. gr.

Efni virkjunarleyfis.

Í virkjunarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Afmörkun virkjunarsvæðis.
2. Hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.
3. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.
4. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
5. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
6. Ráðstöfun mannvirkja og tækja að rekstrartíma loknum.
7. Önnur atriði er lúta að skilyrðum leyfis og skyldum leyfishafa samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

7. gr.

Starfsemi og skyldur vinnslufyrirtækis.

Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að fyrirbyggja slíkar niðugreiðslur skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu.

Í þeim tilvikum þegar samningur skv. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr. nægir ekki til að flutningsfyrirtækið geti stillt saman raforkuþörf og raforkuframboð skulu vinnslufyrirtæki breyta vinnslu virkjana sinna eftir kröfum flutningsfyrirtækisins.

III. KAFLI

Flutningur.

8. gr.

Rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Eitt fyrirtæki, sem ráðherra tilnefnir, skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera sjálfstæður lög- og skattaðili.

Ráðherra skal beita sér fyrir stofnun fyrirtækis um rekstur flutningskerfisins meðal þeirra sem eiga flutningsvirki hér á landi við gildistöku laganna. Náist að stofna slíkt fyrirtæki gerir ráðherra samning við fyrirtækið um þau atriði sem greinir í 1. mgr. og tilnefnir það síðan sem flutningsfyrirtækið. Heimilt er að tímabinda slíkan samning.

Takist ekki að stofna fyrirtæki skv. 2. mgr. skal stofna fyrirtæki í eigu ríkisins til að annast rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Flutningsfyrirtækið skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna kerfisstjórnunar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

Fari flutningsfyrirtækið ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum samnings skv. 2. mgr. eða annarra samninga sem tengjast honum skal ráðherra veita flutningsfyrirtækinu skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef flutningsfyrirtækið sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra endurskoðað samninginn eða rift honum.

9. gr.

Skyldur flutningsfyrirtækisins.

Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki.

Leyfi ráðherra þarf ef reisa á línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Ráðherra getur bundið leyfið skilyrðum er lúta að þeim atriðum sem greinir í 1. mgr. auk skilyrða er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu.

Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að:

1. Tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá, sbr. 12. gr. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.
2. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
3. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
4. Tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.
5. Sjá til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins.

Flutningsfyrirtækið ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að:

1. Stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki í þessu sambandi.
2. Tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls við rekstur kerfisins.
3. Ákvarða notkunarferla þar sem aflmæling fer ekki fram.
4. Mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu í samræmi við reglugerð þar að lútandi, halda utan um mælingar og skila gögnum til viðkomandi aðila svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.
5. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum og til að tryggja jafnræði í viðskiptum með raforku.

Flutningsfyrirtækið skal í samráði við raforkufyrirtæki setja reglur um kerfisstjórnunina sem ráðherra staðfestir. Í reglunum skal m.a. kveðið nánar á um þau atriði sem tilgreind eru í 1.–5. tölul. 4. mgr.

Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt hlutverk sitt.

Flutningsfyrirtækið skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við

skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi flutningsfyrirtækisins, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við flutningskerfið.

10. gr.

Eigendur flutningsvirkja.

Aðrir eigendur flutningsvirkja en flutningsfyrirtækið skulu veita því full afnot af virkjum sínum. Afnotin skulu vera gegn endurgjaldi sem byggjast skal á viðmiðum 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. eftir því sem við á. Ágreiningi um endurgjald verður skotið til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr.

Eigendum flutningsvirkja ber að viðhalda virkjum sínum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau. Telji flutningsfyrirtækið að eigandi flutningsvirkis sinni ekki nauðsynlegu viðhaldi getur það látið gera slíkar framkvæmdir á kostnað eiganda.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um samskipti eigenda flutningsvirkja, afnot flutningsfyrirtækis af flutningsvirkjum og endurgjald fyrir þau.

11. gr.

Flutningsvirki utan flutningskerfis.

Dreifiveitur geta óskað þess að ráðherra undanskilji flutningskerfinu flutningsvirki sem flytja raforku alfarið innan sama dreifiveitusvæðis enda tengist þau ekki virkjun sem skylt er að tengjast flutningskerfinu, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Sækja má um leyfi ráðherra til að reisa flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda, enda telji flutningsfyrirtækið kerfið ekki anna þessum flutningum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr.

Ráðherra getur bundið leyfi skv. 1. og 2. mgr. sömu skilyrðum og greinir í 2. mgr. 9. gr. eigi viðkomandi línur að flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri.

12. gr.

Gjaldskrá.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk flutningsfyrirtækisins út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, fjármagnskostnaði, kostnaði við orkutöp, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi eigin fjár sem skal að jafnaði vera 2% eða hærri eftir skatta en þó ekki yfir tvöfaldri meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.
4. Komi í ljós að arðsemi eigin fjár hjá fyrirtækinu síðastliðin þrjú ár er utan þeirra marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Gjaldskráin skal byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. Skilgreina skal gjald fyrir tengingu við flutningskerfið og gjald fyrir mötun og úttekt í hverjum tengipunkti flutningskerfisins. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun í öllum tengipunktum flutningskerfisins og fyrir úttekt í öllum tengipunktum meginflutningskerfisins. Þó skal taka tillit til afhendingaröryggis. Gjald fyrir úttekt í öðrum hlutum flutningskerfisins skal metið út frá eðlilegum kostnaði, sbr. 1. tölul. 2. mgr., vegna viðkomandi flutningsvirkja og afhendingaröryggis, auk kostnaðar í viðkomandi tengipunkti meginflutningskerfisins.
2. Einstakir notendur sem tengjast flutningskerfinu skulu njóta betri kjara ef þeir sýna fram á að viðskipti þeirra leiða eða hafa leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins.

Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála og gjaldskrá, þ.m.t. um afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.

IV. KAFLI
Dreifing.

13. gr.
Sérleyfi til dreifingar.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði.

14. gr.
Skilyrði sérleyfis.

Dreifiveita skal vera sjálfstæður skatt- og lögaðili.

Ráðherra er heimilt að binda leyfi skv. 13. gr. skilyrðum er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu til að byggja upp og reka dreifikerfið og öðrum skilyrðum sem eiga að tryggja öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins og umhverfisvernd. Dreifikerfi skal tengjast flutningskerfinu. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður, svo sem ef um lítið einangrað svæði er að ræða. Sé um nýtt dreifikerfi að ræða skal umsækjandi leggja fram lýsingu á kerfinu og áætlun um framkvæmdir og sýna fram á að unnt sé að tengja dreifikerfið flutningskerfinu með viðunandi hætti, sbr. þó 3. málsl.

15. gr.
Efni sérleyfis.

Í sérleyfi skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

1. Afmörkun svæðis sem sérleyfi til dreifingar nær til.
2. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt samkvæmt lögunum.
3. Öryggis- og umhverfisráðstafanir á framkvæmda- og rekstrartíma.
4. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
5. Hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði að rekstrartíma loknum.
6. Önnur atriði er tengjast skilyrðum leyfis og skyldum dreifiveitna samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

16. gr.

Starfsemi og skyldur dreifiveitu.

Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Stundi dreifiveita aðra starfsemi en raforkudreifingu skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Reki sama dreifiveita dreifikerfi á fleiri en einu gjaldskrársvæði skal fyrirtækið halda aðskilda reikninga í bókhaldi sínu fyrir hvert svæði. Eigi dreifiveita flutningsvirki skal fyrirtækið í bókhaldi sínu aðskilja reikninga vegna þeirra frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Óheimilt er dreifiveitu að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Dreifiveitu er m.a. skylt að:

1. Tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.
2. Tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.
3. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
4. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
5. Mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við reglur þar að lútandi. Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að mælingum.
6. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum.
7. Gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Dreifiveita getur krafist þess að notkun einstakra notenda sé mæld með samfelldri aflmælingu á kostnað notanda ef notkun samræmist ekki notkunarferlum eða umfang notkunar er mikið. Notendur og sölufyrirtæki geta farið fram á samfellda aflmælingu, enda greiði þeir kostnað af henni.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við dreifikerfið.

17. gr.

Gjaldskrá.

Dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk einstakra dreifiveitna út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi dreifiveitu, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, fjármagnskostnaði, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu.
2. Arðsemi eigin fjár sem skal að jafnaði vera 2% eða hærri eftir skatta en þó ekki yfir tvöfaldri meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtæki veitir.
4. Komi í ljós að arðsemi eigin fjár dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er utan þeirra marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Ráðherra skal skilgreina gjaldskrársvæði í reglugerð. Heimilt er ráðherra, ef með þarf, að breyta skilgreiningu gjaldskrársvæðis. Á hverju gjaldskrársvæði skal vera samræmd gjaldskrá fyrir alla notendur.

Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála, gjaldskrá, afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.

V. KAFLI
Raforkuviðskipti.

18. gr.
Leyfi til að stunda raforkuviðskipti.

Leyfi ráðherra þarf til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Umsækjandi skal sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar.

Iðnaðarráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til raforkuviðskipta.

19. gr.
Skyldur sölufyrirtækja.

Sölufyrirtæki er m.a. skylt að:

1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Veita Orkustofnun upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.
3. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr., auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.
4. Tilkynna Orkustofnun og flutningsfyrirtæki um öll viðskipti með raforku.
5. Tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur.

Heimilt er sölufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að fyrirbyggja slíkar niðurgreiðslur skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi.

20. gr.
Orkuviðskipti.

Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Telji notandi að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur hann kvartað til Orkustofnunar.

Orkukaupandi skal geta sagt upp orkusölusamningi með þriggja mánaða eða skemmri fyrirvara. Heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest við notendur sem árlega nota meira en 1 GWst af raforku.

Nánari reglur um viðskipti með raforku skulu settar í reglugerð. Í reglugerð skal m.a. mæla fyrir um hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu-, flutnings-, dreifi- og sölufyrirtækja skuli háttað, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig staðið skuli að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsingar sem birta skal með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda.

VI. KAFLI
Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði.

21. gr.
Umferðarréttur.

Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á ef nauðsyn krefur vegna undirbúnings að starfsemi samkvæmt lögum þessum. Ekki má hefja virkjunarframkvæmdir, leggja raflínur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum fyrr en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Við afnot og nýtingu lands samkvæmt lögum þessum ber að gæta þess að framkvæmdir stofni hvorki mönnum, munum né búpeningi í hættu eða valdi þeim skaða. Jafnframt skal þess gætt að ekki sé valdið óþarfa mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang svæðis ef nýting leggst af.

22. gr.
Skaðabætur.

Nú hefur aðili rétt samkvæmt lögum þessum til umferðar eða framkvæmda á eignarlandi og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi, mannvirkjum og öðrum eignum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

23. gr.
Eignarnám.

Nú nær fyrirtæki ekki samkomulagi við landeiganda eða eiganda orkulinda vegna framkvæmda á grundvelli laga þessara, þar með talið um endurgjald fyrir landnot, vatnsréttindi, jarðhitaréttindi eða aðrar orkulindir, og getur ráðherra þá tekið eignarnámi nauðsynlegt land, landgæði, mannvirki, aðstöðu og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til. Ráðherra afhendir viðkomandi fyrirtæki þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Ráðherra getur heimilað fyrirtækinu að framkvæma eignarnámið og ber það allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi orkulindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu, sbr. 1. mgr., eða til að koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu orkulindar utan landareignarinnar.

Ef eignarnám skv. 1. og 2. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

Nú fellur leyfi til dreifingar úr gildi og samkomulag næst ekki um afnot nýs leyfishafa af dreifikerfinu og er ráðherra þá heimilt að ákveða að taka dreifikerfið eignarnámi og afhenda það nýjum leyfishafa. Ráðherra getur heimilað leyfishafa að framkvæma eignarnámið. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu. Sama gildir um flutningskerfið eftir því sem við á.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli laga þessara fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta vegna orkulinda skal taka sérstakt tillit til óvissu um orkulindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

VII. KAFLI
Eftirlit og úrræði.

24. gr.
Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum. Orkustofnun skal hafa samráð við Samkeppnisstofnun um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á.

Orkustofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. fyrir sína hönd. Í reglugerð skal kveða nánar á um eftirlit faggiltra skoðunarstofa.

25. gr.
Heimildir Orkustofnunar.

Orkustofnun getur krafið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið. Þá getur Orkustofnun krafist þess að eftirlitsskyldur aðili komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur.

Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Orkustofnun getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eftirlitsskylds aðila og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis, ákvæðum samnings skv. 8. gr. eða öðrum heimildum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

26. gr.
Úrræði Orkustofnunar.

Telji Orkustofnun að eftirlitsskyld starfsemi samræmist ekki skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, ákvæðum samnings skv. 8. gr., skilyrðum leyfis eða

öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið frá 10–500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

Telji Orkustofnun að gjaldskrá sem tilkynnt hefur verið uppfylli ekki kröfur laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim tekur gjaldskráin ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt að mati stofnunarinnar. Þá getur Orkustofnun gert flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum að breyta gjaldskrá sinni að viðlögðum dagsektum.

27. gr.

Eftirlit Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnislög gilda um atvinnustarfsemi sem lög þessi ná til.

Ef fyrirtæki stundar vinnslu eða sölu á raforku er því óheimilt að niðurgreiða þá starfsemi með sérleyfisstarfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíka niðurgreiðslu er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þ.m.t. fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og starfsemi er nýtur sérleyfis eða hefur sambærilega stöðu.

28. gr.

Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.

Orkustofnun skal hafa tæknilegt eftirlit með því að gæði raforku og afhendingaröryggi sé fullnægjandi. Skulu vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur koma á innra eftirlitskerfi í samræmi við kröfur Orkustofnunar. Orkustofnun skal hafa eftirlit með innra eftirliti vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna og framkvæma úttektir hjá þeim ef nauðsynlegt þykir.

Notendur geta borið fram kvartanir er lúta að gæðum raforku og afhendingaröryggi til Orkustofnunar. Ákvæði 24.–25. gr. gilda að öðru leyti um eftirlitið eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveða á um gæði raforku og afhendingaröryggi og eftirlit faggiltra skoðunarstofa á grundvelli þessarar greinar.

29. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn stofnana sem annast eftirlit á grundvelli laga þessara eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa á vegum stofnananna eða aðra þá sem sinna eftirliti fyrir þær, svo sem starfsmenn faggiltra skoðunarstofa.

30. gr.

Úrskurðarnefnd raforkumála.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli laga þessara og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.

Í nefndinni sitja þrír menn sem skipaðir eru af iðnaðarráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

Sú stofnun er tók hina kærðu ákvörðun skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á að afla frá henni.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni barst kæra.

Formaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Nefndarmenn og ráðgjafar þeirra eru bundnir þagnarskyldu skv. 29. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum fer um meðferð máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um málsmeðferð og starfshætti nefndarinnar.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

Ákvarðanir sem aðeins verða kærðar til úrskurðarnefndar verða ekki bornar undir dómstóla fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Þetta gildir þó ekki frá þeim tíma þegar sex mánuðir eru liðnir frá því að kæra barst nefndinni án þess að hún hafi lagt úrskurð á málið.

31. gr.

Gjaldtaka.

Til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld sem hér segir:

1. Flutningsfyrirtækið skal greiða gjald af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið sem nemur 0,50 aurum á hverja kWst.
2. Dreifiveitur skulu greiða gjald af raforku sem er móttekin frá flutningskerfi eða beint frá virkjunum sem nemur 1,1 eyri á hverja kWst.

Orkustofnun skal annast innheimtu gjalda þessara fyrir ríkissjóð. Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert vegna þess almanaksárs og byggjast á rauntölum vegna fyrri helmings ársins en áætlun fyrir seinni helminginn. Við álagningu næsta árs skal taka tillit til frávika rauntalna frá áætlun fyrir seinni helming liðins árs. Aðför má gera til fullnustu kröfum um gjaldið án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa, enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði um leyfisveitingar.

32. gr.
Framsal leyfisveitingarvalds.

Ráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald samkvæmt lögum þessum að hluta eða öllu leyti. Fer Orkustofnun þá einnig með heimildir ráðherra skv. 36. gr.

33. gr.
Gjaldtaka vegna útgáfu leyfa.

Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld til leyfisveitanda:

1. Fyrir virkjunarleyfi, sbr. 4. gr., skal greiða gjald sem er í hlutfalli við stærð virkjunar. Gjaldið skal vera 100.000 kr. fyrir hvert MW en þó aldrei hærra en 1.000.000 kr.
2. Fyrir leyfi til að reisa og reka dreifikerfi, sbr. 13. gr., skal greiða gjald sem er í hlutfalli við íbúafjölda á dreifiveitusvæðinu. Gjaldið skal nema 100 kr. fyrir hvern íbúa en þó aldrei vera lægra en 100.000 kr. og aldrei hærra en 1.000.000 kr.
3. Fyrir leyfi til að stunda raforkuviðskipti, sbr. 18. gr., skal greiða 50.000 kr.

34. gr.
Málsmeðferð.

Leyfi samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Áður en ráðherra veitir virkjunarleyfi, leyfi til að byggja flutningsvirki eða sérleyfi til dreifingar raforku skal hann leita umsagnar Orkustofnunar. Áður en sérleyfi til dreifingar raforku er veitt skal ráðherra auk þess leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga. Umsagnir skulu berast innan tveggja mánaða frá því að beiðni þar að lútandi var send.

Ráðherra skal kynna umsókn með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Þar skal gefa þeim aðilum er málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Umsækjandi skal kosta birtingu slíkrar auglýsingar.

Synjun um leyfi samkvæmt lögum þessum skal rökstudd.

35. gr.
Framsal leyfa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

36. gr.
Afturköllun leyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast leyfinu eða öðrum heimildum skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörunar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.
Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar, sem ekki verða kærðar til úrskurðarnefndar raforkumála skv. 30. gr., verða kærðar til iðnaðarráðherra. Kæra til iðnaðarráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

38. gr.
Framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign.

Ráðherra hefur heimild til að semja við flutningsfyrirtækið og þá aðila, sem fá leyfi samkvæmt lögum þessum til framkvæmda á eignarlöndum ríkisins, um endurgjald fyrir land og landgæði þau er um ræðir hverju sinni. Haft skal samráð við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Um framkvæmdir á þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

39. gr.
Raforkuskýrsla.

Ráðherra leggur fyrir Alþingi á fjögurra ára fresti skýrslu um raforkumálefni. Í skýrslunni skal m.a. fjalla um:

1. Yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin fjögur ár.
2. Raforkuþörf og yfirlit um líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um orkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til.
3. Rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu.
4. Raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.
5. Styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf.
6. Gæði raforku, m.a. með hliðsjón af öryggi afhendingar.
7. Þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

40. gr.
Veiting rannsóknarleyfa.

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um leyfi til þess að kanna og rannsaka orkulindir til undirbúnings raforkuvinnslu. Auk þeirra skilyrða sem þar eru talin skal umsækjandi um rannsóknarleyfi leggja fram mat á því hvernig tengja megi fyrirhugaða virkjun raforkukerfi landsins.

41. gr.
Ársreikningar.

Um ársreikninga fyrirtækja sem falla undir ákvæði laga þessara fer samkvæmt lögum um ársreikninga.

Ef fyrirtæki á samkvæmt lögum þessum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi sinnar aðskildum í bókhaldi skal gera sérstaka grein fyrir hverri þeirra í ársreikningi. Sú sundurliðun má koma fram í skýringum með ársreikningi.

Fastafjármunum sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt á hverja þeirra í þeim hlutföllum sem eru á milli þeirra fastafjármuna sem heimfæranlegir eru. Hið sama gildir um afskriftir af þeim eignum sem ekki er unnt að skipta. Hreinu veltufé, að frádregnum afborgunum næsta árs af langtímaskuldum, skal skipt í þeim hlutföllum sem eru milli beinna tekna af hverri einstakri starfsemi. Langtímaskuldir skal heimfæra á einstaka starfsemi í sömu hlutföllum og fastafjármuni. Rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í þeim hlutföllum sem eru á milli tekna og kostnaðar sem heimfæranlegur er.

Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og afhendir aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, sbr. 1. mgr. 7. gr., skal við bókhaldslegan aðskilnað skipta þeim þáttum í rekstrar- og efnahagsreikningi sem getið er um í 3. mgr. þessarar greinar í hlutfalli við verðmæti þeirra orku sem afhent er. Verðmæti raforkunnar skal miðast við meðalverð á raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis. Verðmæti annarrar orku, svo sem heits vatns og gufu, skal miðast við að arður af fastafjármunum sem eru bundnir í jarðvarmaorkuverinu sé svipaður og heildararður af fastafjármunum fyrirtækisins.

Nú telur fyrirtæki að eðli starfsemi sinnar eða umfang leiði til þess að skiptireglur skv. 3. eða 4. mgr. eigi ekki við um starfsemi fyrirtækisins. Getur fyrirtækið þá óskað eftir því við Orkustofnun með rökstuddri beiðni að því sé heimilt að byggja á öðrum skiptigrundvelli. Orkustofnun skal innan sex vikna frá móttöku beiðni taka rökstudda ákvörðun um þann skiptigrundvöll sem byggt skal á.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um bókhaldslegan aðskilnað, þ.m.t. þær upplýsingar sem skulu koma fram í ársreikningi fyrirtækja sem falla undir ákvæði þessarar greinar, og um skiptigrundvöll milli mismunandi starfsemi.

42. gr.

Tryggingar.

Ráðherra getur krafist þess að þeir sem starfa á grundvelli laga þessara taki ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, afli sér bankatryggingar eða leggi fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur jafngildar og bæta tjón er þeir kunna að valda með störfum sínum. Kveðið skal nánar á um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, í reglugerð.

43. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

44. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

45. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma að fullu til framkvæmda 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Raforkuskýrsla skv. 39. gr. laga þessara skal í fyrsta sinn lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á árinu 2005.

II.

Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara.

III.

Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að reisa eða reka kerfi til dreifingar raforku halda þeim rétti sínum enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara.

IV.

Til og með 31. desember 2004 geta eingöngu þeir sem kaupa 100 GWst af raforku eða meira á ári keypt raforku af öðrum en dreifiveitu á sínu dreifiveitusvæði. Frá 1. janúar 2005 geta notendur sem eru aflmældir og nota meira afl en 100 kW valið þann raforkusala sem þeir kjósa. Frá 1. janúar 2007 skulu allir geta valið þann raforkusala sem þeir kjósa. Dreifiveitum er skylt að selja raforku til þeirra notenda sem ekki eiga þess kost að velja sér raforkusala vegna bráðabirgðaákvæðis þessa.

Gjaldskrár dreifiveitna sem í gildi eru við gildistöku laganna skulu þrátt fyrir 17. gr. laganna halda gildi sínu til 1. júlí 2004. Dreifiveitur geta þó að fenginni staðfestingu Orkustofnunar ákveðið gjaldskrárlækkun. Þá geta dreifiveitur að fenginni staðfestingu Orkustofnunar hækkað gjaldskrá sína í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eða sannanlegar og óviðráðanlegar hækkanir á kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við starfsemina. Á þessu tímabili skulu gjaldskrársvæði dreifiveitna vera hin sömu og starfssvæði þeirra.

V.

Fyrirtæki sem eiga samkvæmt lögunum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi aðskildum í bókhaldi skulu fyrir 1. maí 2003 skila Orkustofnun ársreikningi miðað við 31. desember 2002 ásamt greinargerð til þess að sýna með hvaða hætti fyrirtækið hyggst uppfylla skilyrði 41. gr. Telji Orkustofnun að ársreikningurinn sé ekki í samræmi við lögin eða reglugerðir settar samkvæmt þeim skal hún mæla fyrir um breytingu þar á.

Mat á varanlegum rekstrarfjármunum og undirbúningskostnaði skal byggjast á bókfærðu verði eins og það er í árslok 2002 samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Sömu reikningsskilaaðferðum skal beitt við mat þeirra og fyrirtækin hafa beitt á undanförnum árum.

VI.

Frá gildistöku laga þessara til loka ársins 2009 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd laganna. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að stuðla að greiðri framkvæmd laganna og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af iðnaðarráðherra og í henni skulu sitja sjö fulltrúar. Orkustofnun, Samtök atvinnulífsins, Neytendasamtökin og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu tilnefna einn fulltrúa hver. Samorka skal tilnefna tvo fulltrúa en einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

VII.

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa í nefndina og iðnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku, þ.m.t. um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal nefndin móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku.

Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 31. desember 2003.

VIII.

Ákvæði III. kafla laga þessara skulu taka gildi 1. júlí 2004 nema annað sé tekið fram í bráðabirgðaákvæði þessu. Sama á við um 7. og 11. tölul. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga þessara. Fram að þeim tíma skal bráðabirgðaákvæði þetta gilda um flutning raforku.

Flutningskerfið er raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 132 og 220 kV spennu og tilheyra Landsvirkjun við gildistöku laga þessara, enn fremur viðbætur Landsvirkjunar eftir þann tíma á 132 kV spennu og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Hið sama gildir um línur annarra á þessari spennu sem þeir semja við Landsvirkjun um að tilheyri flutningskerfinu. Til að byggja nýjar flutningslínur þarf Landsvirkjun leyfi iðnaðarráðherra.

Virkjanir skulu tengjast flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. laga þessara. Samningur um tengingu við flutningskerfið skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi. Virkjun sem tengist dreifikerfi þarf að hafa samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald fyrir reiðuafl og tengigjald. Skal Orkustofnun gæta að því að endurgjaldið taki mið af hlutlægum og gegnsæjum viðmiðum og að jafnræðis sé gætt.

Landsvirkjun skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun í samræmi við ákvæði 9. gr. laga þessara.

Landsvirkjun skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna flutnings raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Sama á við um reikninga vegna kerfisstjórnunar. Flutningur raforku og kerfisstjórnun skal heyra undir sjálfstæða stjórn.

Landsvirkjun skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar sem skal birt opinberlega að fenginni staðfestingu Orkustofnunar. Gjaldskráin skal standa undir kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við flutning raforku og kerfisstjórnun, þ.m.t. kostnaði vegna reiðuafls, viðhalds og afskrifta á nauðsynlegum eignum vegna reksturs kerfisins, fjármagnskostnaði, kostnaði við orkutöp og almennum rekstrarkostnaði. Þá er Landsvirkjun heimilt að áskilja sér eðlilega arðsemi af því fjármagni sem bundið er í flutningskerfinu og kerfisstjórnun.

Landsvirkjun skal skilgreina gjald fyrir tengingu við flutningskerfið og gjald fyrir mötun annars vegar og úttekt hins vegar í hverjum tengipunkti flutningskerfisins. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun og úttekt í öllum tengipunktum. Þó getur notandi sem notar 100 GWst af raforku á ári eða meira samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald vegna flutnings. Slíkir samningar verða að byggjast á hlutlægum og gegnsæjum viðmiðum og mega ekki að mati Orkustofnunar valda hækkun á kostnaði við flutning hjá öðrum notendum. Standi væntanlegar tekjur

vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

1.1. Almennt.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Það var fyrst lagt fram til kynningar á 126. löggjafarþingi og vísað til iðnaðarnefndar sem hafði það til umfjöllunar. Frumvarpið var lagt fram á ný með breytingum á 127. löggjafarþingi. Gerð er grein fyrir breytingunum í kafla 1.2 í almennum athugasemdum við það frumvarp. Frumvarpið er nú lagt fram á ný með nokkrum breytingum. Er þar helst að nefna að gildistöku III. kafla frumvarpsins um flutning raforku er skotið á frest og lagt til að nefnd með aðkomu allra þingflokka og helstu hagsmunaðila verði falið að koma með tillögur um fyrirkomulag flutnings raforku fyrir 1. janúar 2004, sbr. bráðabirgðaákvæði VII og VIII við frumvarpið. Nánar er fjallað um þessar og aðrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins í kafla 1.2. Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði sem gera þarf vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi þessu.

Búast má við að enn frekari breytinga sé þörf á annarri löggjöf á næstunni sem tengjast frumvarpi þessu. Hinn 11. desember 2000 skipaði fjármálaráðherra starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Er nefndin enn að störfum. Iðnaðarráðherra skipaði 23. febrúar 2001 nefnd til að meta umfang óarðbærra eininga í raforkukerfinu og koma með tillögur um hvernig staðið skuli að jöfnuði vegna þeirra og skilaði hún skýrslu til ráðherra í maí 2001, sbr. fylgiskjal V. Ekki hefur náðst nægileg samstaða um með hvaða hætti jafna eigi þennan kostnað og er því í bráðabirgðaákvæði VII við frumvarpið lagt til að nefnd sú sem þar er mælt fyrir um að sett verði á fót komi með tillögur um það. Hinn 11. júní 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið og hlutverki hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga. Nefndin skilaði skýrslu til iðnaðarráðherra 16. maí 2002. Komst nefndin m.a. að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að skilja að fullu á milli orkumálahluta og orkurannsóknahluta stofnunarinnar svo að komast mætti hjá hagsmunaárekstrum á milli þessara eininga. Stefnt er að því að leggja á næstunni fram frumvörp sem byggjast á niðurstöðum nefndarinnar. Þá skipaði iðnaðarráðherra 20. ágúst 2001 nefnd til að gera tillögur um frumvarp til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar, m.a. í ljósi þess að nýskipan orkumála kallar á breytingar á því fyrirkomulagi sem viðhaft hefur verið. Nefndin skilaði áliti sínu 28. febrúar 2002 og voru lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar samþykkt á 127. löggjafarþingi, sbr. lög nr. 78/2002. Skipunarbréf þessara nefnda fylgja frumvarpi þessu, sjá fylgiskjöl I–IV. Í vatnalögum, nr. 15/1923, er fjallað um vatnsréttindi. Er þar m.a. kveðið á um áveitur, notkun vatnsorku og vatnsmiðlun. Í iðnaðarráðuneytinu er nú unnið að heildarendurskoðun laganna. Enn fremur er unnið að endurskoðun laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og löggjafar um hitaveitur.

Frumvarp þetta byggist á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem hafa verið að ryðja sér til rúms víða um heim á undanförnum árum. Meginefni þeirra felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins (flutning og dreifingu) og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu). Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur þróunin almennt grundvallast á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 168/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn varð tilskip-

unin hluti af EES-samningnum. Ísland átti að innleiða efni tilskipunarinnar í íslenska löggjöf fyrir 1. júlí 2002.

Hefðbundin viðhorf til raforkumála hafa því verið að breytast. Hér áður fyrr var það viðtekin skoðun að hið opinbera hefði óhjákvæmilega lykilhlutverki að gegna á öllum sviðum þeirra vegna þess að markaðslausnir ættu þar ekki við, meðal annars vegna einkaréttar í starfsemi af þessu tagi. Á síðustu árum hafa hins vegar verið þróaðar aðferðir þar sem markaðsöflum hefur verið beitt á þessu sviði, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar aðferðir hafa í aðalatriðum reynst vel og er nú almennt talið að meiri árangur náist að jafnaði í vinnslu og sölu þar sem samkeppni ríkir en þar sem hefðbundinn einkaréttur er allsráðandi.

Þessi nýju sjónarmið og reynslu annarra er sjálfsagt að færa sér í nyt á Íslandi þótt hér eins og annars staðar þurfi jafnframt að taka mið af aðstæðum. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku. Aðskilnaður samkeppnis- og einokunarþátta er þar höfuðatriði. Í tengslum við slíkar skipulagsbreytingar mælir jafnframt margt með því að hlutafélagsformið taki við af núverandi rekstrarformi. Þannig væri meðal annars unnt að draga úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju. Mikilvægt er að hagkvæm orkuframleiðsla hér á landi verði til þess að styrkja samkeppnisstöðu almenns atvinnulífs gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Við það bætist að leggja þarf drög að skilvirku eftirlitskerfi í ljósi skipulagsbreytinga í þessa átt með áherslu á hagkvæmni og aðhald í flutnings- og dreifikerfinu. Jafnframt er lögð áhersla á að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða. Einnig er mikilvægt að tryggja frekar hagsmuni neytenda með reglum um gæði og afhendingaröryggi, skýrari skyldum sérleyfishafa, skilvirku eftirliti og einföldum kvörtunarleiðum.

Þótt einsýnt virðist í hvaða átt beri að halda er heppilegasti vegurinn vandrataður að settu marki. Fyrir vikið er ráðlegt að stilla breytingum í byrjun í hóf. Í þeim efnum blasir við að byrja á því að skapa forsendur fyrir samkeppni með því að aðskilja einkasölu- og samkeppnisþætti og koma á frelsi til viðskipta með raforku í áföngum. Í framhaldi af því er nauðsynlegt að búa svo um hnútana að samkeppni geti þróast eðlilega á þeim sviðum þar sem hún á við og að efla eftirlitskerfið á sviðum einkaréttar. Ástæðurnar til þess að fara ber varlega í byrjun eru margþættar. Þar á meðal má nefna víðtækar skyldur Landsvirkjunar samkvæmt núverandi skipan, svo sem skyldur varðandi framboð raforku. Jafnframt er íslenska raforkukerfið lítið og ótengt öðrum kerfum þar sem eitt fyrirtæki er langstærst og því er erfiðara að koma hér á fullnægjandi samkeppni en í flestum öðrum löndum. Fyrir vikið kann að vera óhjákvæmilegt að búa hér við slíkar aðstæður, að minnsta kosti fyrst um sinn.

1.2. Aðdragandi og undirbúningur frumvarpsins.

Árið 1996 skipaði iðnaðarráðherra tvær nefndir sem báðar skiluðu skýrslu sinni sama ár. Önnur var viðræðunefnd eignaraðila Landsvirkjunar, sem fjallaði um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Hin var ráðgjafarnefnd vegna endurskoðunar löggjafar um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku.

Í ráðgjafarnefndinni áttu sæti fulltrúar orkufyrirtækja, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og aðila á vinnumarkaði. Álit nefndarinnar var gefið út í ítarlegri skýrslu, *Framtíðarskipan orkumála – tillögur um breytingar.* Nefndin taldi mikilvægt að framtíðarskipan raforkumála hér á landi yrði mótuð á þeim traustа grunni sem væri til staðar um leið og menn færðu sér í nyt reynslu og rannsóknir annarra þjóða í þessum efnum eftir því sem við ætti. Vísaði nefndin sérstaklega til framfara í öðrum löndum sem byggðust á því að virkja markaðsöflin í því skyni að auka hagkvæmni í raforkubúskapnum. Í skýrslunni var gert ráð fyrir að sett yrðu sérstök raforkulög. Helstu tillögur nefndarinnar fólust í eftirfarandi atriðum:

- Að vinnsla, flutningur, dreifing og sala á rafmagni verði aðskilin, a.m.k. bókhaldslega.
- Að raforkuvinnsla verði gefin frjáls í áföngum.
- Að stofnað verði sjálfstætt félag um meginflutningskerfið, hugsanlega að hluta í eigu Landsvirkjunar.
- Að einkaleyfi rafveitna til sölu á rafmagni á tilteknu orkusölusvæði verði afnumin í áföngum.
- Að viðskipti með raforku verði gefin frjáls í áföngum.
- Að lagður verði grundvöllur að því að unnt verði að fá einkafjármagn inn í raforkugeirann, meðal annars með því að gera arðkröfur til fjármagns sem bundið er í greininni.
- Að stefna beri að verkefnafjármögnun nýrra stórverkefna í orkumálum með þátttöku innlendra og erlendra fjárfesta, þannig að þau verði ekki á ábyrgð ríkisins eða Landsvirkjunar.

Niðurstöður viðræðunefndar eigenda Landsvirkjunar, sem eigendur samþykktu, fólu meðal annars í sér eftirfarandi:

- Skýr markmið sett um að lækka verð á raforku til almennings, sem tryggi 3% árlega raunlækkun frá 2001 til 2010.
- Rekstrarformi Landsvirkjunar sem sameignarfélags verði ekki breytt að sinni.
- Stjórnskipulag félagsins verði samræmt ákvæðum hlutafélagalaga, meðal annars hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Stefnu að því er varðar arðsemi og meðferð arðs.
- Endurmat á eigendaframlögum sem verði notuð sem arðgreiðslustofn.
- Að Landsvirkjun verði heimiluð þátttaka í félögum á sviði orkumála, til dæmis að því er varðar meginflutningskerfið.

Að tillögu nefndarinnar samþykktu eigendur Landsvirkjunar breytingu á sameignarsamningi um fyrirtækið. Jafnframt samþykkti Alþingi breytingu á lögum um Landsvirkjun í ljósi tillagna nefndarinnar. Í tillögum sínum gekk nefndin út frá þeirri meginforsendu að staða Landsvirkjunar yrði í aðalatriðum óbreytt hvað varðar orkusölu til almenningsveitna fram yfir miðjan næsta áratug.

Í samninginn um breytingu á sameignarsamningnum var sett ákvæði um að endurskoða skuli samninginn fyrir 1. janúar 2004, þ.m.t. að ákveða hvort ástæða sé til að stofna hlutafélag um fyrirtækið.

Í kjölfar nefndarstarfsins mælti iðnaðarráðherra fyrir tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála (lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98). Byggðist tillagan að verulegu leyti á starfi og niðurstöðum nefndanna tveggja og var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að unnið verði að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í upphafi skal unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi á orkusölu til stórra notenda. Í kjölfarið verði unnið að því að koma á samkeppni í viðskiptum með raforku.

Alþingi felur iðnaðarráðherra:

1. *Að yfirfara rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið á eignarhlut í og meta markaðsvirði þeirra með það að markmiði að samræma arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið þeirra, m.a. með hliðsjón af breytingum á sameignarsamningi um Landsvirkjun sem gerðar voru á árinu 1996.*
2. *Að láta fara fram könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið.*
3. *Að beita sér fyrir því, í ljósi niðurstöðu könnunar skv. 2. tölul., að fram fari viðræður milli raforkufyrirtækjanna um forsendur fyrir stofnun félags um meginflutningskerfið.*

4. *Að móta skilyrði um veitingu virkjunarleyfa, sem m.a. taki til öryggis og áreiðanleika raforkukerfisins, landnýtingar og umhverfismála, eðlis vatnsorkunnar og jarðvarmans sem og tæknilegrar og fjárhagslegrar getu umsækjanda. Slík skilyrði þurfa jafnframt að fela í sér nauðsynlegan sveigjanleika til að tryggja sem best nýtingu orkulindanna til atvinnuuppbyggingar. Sett verði skýr ákvæði um eignarrétt á orkulindum á afréttum og almenningum.*
5. *Að kanna nýjar leiðir til nýtingar orkulindanna til atvinnuuppbyggingar og undirbúa að í samningum um nýja stóriðju verði laðað fram aukið eigið fé til vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku.*
6. *Að kanna tæknilega, fjárhagslega og umhverfislega kosti og galla þess að tengja íslenska orkukerfið við raforkukerfi á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu.*
7. *Að gefa þinginu skýrslu um framgang málsins eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. desember árið 2000.“*

Talsverðar umræður urðu um tillöguna á Alþingi. Lýstu þingmenn ýmist yfir stuðningi sínum við hana eða gagnrýndu einstaka þætti hennar. Var gagnrýni á þingsályktunartillöguna aðallega þríþætt. Í fyrsta lagi var gagnrýnt að ekki væri nægilega fjallað um umhverfissjónarmið við orkunýtingu, í öðru lagi að betur þyrfti að fjalla um jöfnun orkuverðs og í þriðja lagi að ekkert væri í tillögunni sem ráðherra gæti ekki gert og tekið ákvörðun um án atbeina Alþingis.

Var tillögunni í kjölfar umræðnanna vísað til iðnaðarnefndar sem tók hana til umfjöllunar. Fékk nefndin á sinn fund marga aðila, þar á meðal fulltrúa iðnaðarráðuneytisins, ýmissa opinberra stofnana, Samorku, Landsvirkjunar og allra rafveitna. Þá fékk nefndin fjölda umsagna. Í niðurstöðum meiri hluta nefndarinnar sagði m.a.:

„Markmið breytinga á skipulagi raforkumála er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda með því að markaðsumhverfi starfseminnar leiði til uppbyggingar í krafti fjárfestingaákvarðana sem byggðar eru á hagkvæmnissjónarmiðum. Það er álit meiri hluta nefndarinnar að til þess að ná þessu markmiði þurfi í fyrsta lagi að móta löggjöf sem skapar starfsumhverfi raforkufyrirtækja á þann veg að þeim verði tryggður jafn aðgangur að orkulindum og markaði og að þau geti á þeim grunni mótað eigin stefnu og áform um fjárfestingar, fjármögnun og umsvif. Þá verði í öðru lagi að haga verðjöfnunaraðgerðum þannig að í reikningi birtist allur kostnaður við orkuöflun, flutning og dreifingu orkunnar, sem og ráðstafanir til orkuverðsjöfnunar.

Samkeppni hefur rutt sér til rúms í viðskiptum með raforku hjá grannríkjum Íslands og þar er komið á markaðsumhverfi. Undirbúningi að sameiginlegum raforkumarkaði í Evrópu miðar vel. Í þeim ríkjum sem samkeppni hefur þegar verið innleidd er ljóst að breytingar í frjálsræðisátt hafa skilað árangri með aukinni hagkvæmni og sveigjanleika í rekstri og hefur það leitt til lægra raforkuverðs.

Fram undan eru miklar fjárfestingar vegna raforkuöflunar. Líklega má telja að sá háttur sem hingað til hefur verið á hafður, að fjármagna raforkuver einungis með lántökum, muni ekki duga til þegar takast þarf á við stærstu verkefnin á þessu sviði. Því þarf að opna leið fyrir fjárfesta til að leggja áhættufé í slík mannvirki og laða fjármagn til þeirra eins og annarrar atvinnustarfsemi. Að mati meiri hlutans verður það best gert með því að skapa fyrirtækjum og fjárfestum í raforkugeiranum starfsumhverfi sambærilegt því sem aðrir atvinnuvegir búa við. Það yrði byggt á möguleikum þeirra til stefnumótunar, fjárfestinga og umsvifa í samkeppni á opnum markaði. Til þess að raforkufyrirtækin geti nýtt sér þessa möguleika er nauðsynlegt að breyta eignarformi þeirra í hlutafélög. Það form hefur reynst mjög vel í stefnumótun og stjórn við þær aðstæður sem hér er lýst.

Megininntak þeirra skipulagsbreytinga sem gera þarf er aðskilnaður ýmissa þátta starfseminnar sem til þessa hafa verið á einni hendi, þ.e. vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, sem og flutnings raforku frá orkuverum til kaupenda og dreifiveitna um meginflutningskerfi eða landsnet.“

Meiri hluti nefndarinnar gerði síðan tímaáætlun sem hann lagði til að fylgt yrði við framgang þeirra verkefna sem iðnaðarráðherra yrðu falin með samþykkt tillögunnar. Meiri hlutinn lagði einnig til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á tillögunni til frekari áherslu. Þannig var í breytingunum lögð áhersla á að ný skipan raforkumála leiddi til þjóðhagslega hagkvæmrar nýtingar orkulinda í sátt við umhverfi landsins. Þá var lagt til að mörkuð yrði stefna í rannsóknum á orkulindum og ítrekað að við mótun skilyrða fyrir veitingu virkjunarleyfa yrði sérstaklega litið til afhendingaröryggis. Meiri hlutinn taldi jafnframt að kanna þyrfti rækilega á hvern hátt verðjöfnun yrði best komið fyrir við nýskipan raforkumála. Með vísan til framangreindra breytinga mælti meiri hlutinn (sex þingmenn af níu) með samþykkt tillögunnar í nefndaráliti sínu, dags. 17. apríl 1998, á þingskjali 1347, 227. mál. Alþingi afgreiddi þó ekki tillöguna.

Í október 1998 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um stofnun fyrirtækis til að sjá um flutning orku frá virkjunum til dreifiveitna (flutningsnefndin). Nefndin lauk störfum í febrúar 2000 og var álit nefndarinnar gefið út í sérstöku riti og kynnt öllum helstu hagsmunaaðilum vorið 2000.

Í meginniðurstöðum nefndarinnar segir m.a.:

Á undanförnum árum hefur skipulagi raforkumála verið umbylt í flestum nágrannalanda okkar með það í huga að auka samkeppni og búa þessum mikilvæga þjóðfélagsþætti eðlileg viðskipta- og starfsskilyrði. Meginmarkmið slíkra breytinga er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulindanna til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Hér á landi hefur á undanförnum misserum verið unnið að undirbúningi slíkra breytinga og eru menn sammála um að til að koma á samkeppni í vinnslu og sölu raforku þurfi að aðgreina samkeppnisþættina (vinnslu og sölu) frá sérleyfisþáttunum (flutningi og dreifingu). Nefndin er sammála um að slíkar skipulagsbreytingar á raforkuflutningi séu mikilvægar og leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1) *Stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki til að sjá um flutning raforku, Íslandsnet hf., sem verði í eigu orkuveitnanna sem leggja eignir til fyrirtækisins en stjórnunarlega aðskilið frá eigendum sínum. Fyrirtækið verði stofnað á árinu 2001 og taki til starfa í ársbyrjun 2002. Lagt er til að í upphafi taki fyrirtækið að minnsta kosti til flutningskerfis Landsvirkjunar og flutningslína sem tengja Nesjavallavirkjun og orkuverið í Svartsengi við það kerfi. Á þann hátt yrðu allar helstu virkjanir landsins tengdar Íslandsneti sem tryggir jafnræði vinnsluaðila á samkeppnismarkaði. Í framhaldi af þessu starfi þarf að skoða fyrirkomulag aðveitukerfisins sem gæti leitt til stærra Íslandsnets.*
2) *Nefndin gerir ráð fyrir að skipulag Landsvirkjunar verði lagað að breyttu fyrirkomulagi raforkuflutnings. Þetta má t.d. gera með að stofnað verði eignarhaldsfélag, sem færi með stefnumótun og yfirstjórn, og dótturfyrirtæki um einstök svið eftir því sem við ætti. Íslandsnet hf. verði eitt þessara fyrirtækja og í byrjun yrði það að stórum hluta í eigu eignarhaldsfyrirtækis Landsvirkjunar. Tengslin milli fyrirtækjanna yrðu hins vegar eingöngu fjárhagsleg. Þetta þýðir í aðalatriðum að stjórn Íslandsnetsins og framkvæmdastjóri verði óháð eignarhaldsfélaginu. Þannig verði komið á stjórnunarlegum aðskilnaði milli vinnslu, flutnings og annarra þátta.*
3) *Gjaldskrá fyrir flutning raforku á að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulindanna og því er mikilvægt að notendur fái merki um að kostnaður sé breytilegur við raforkuflutning. Af þeim sökum er lagt til að gjaldskrá fyrir hann verði byggð upp á þann hátt að gjöld verði ákveðin sérstaklega fyrir hvern mötunar- og úttektarstað í flutningskerfinu og að gjöld*

verði breytileg eftir árstíma (punktgjaldskrá). Á þann hátt er m.a. hægt að gefa kaupendum og seljendum raforku merki um að töp í flutningskerfinu eru mismunandi eftir því hvar og hvenær vinnsla eða notkun á sér stað. Ef talið er nauðsynlegt sökum byggðaþróunar að jafna kostnað við flutning og dreifingu raforku eða að ráðast í framkvæmdir í flutningskerfinu sem flutningsgjöld geta ekki staðið undir (félagslegar framkvæmdir) er mikilvægt að það sé gert með skatttekjum svo að það hindri ekki samkeppni eða dragi úr hagkvæmni kerfisins. Hafa verður í huga að slíkt mun væntanlega flokkast sem ríkisstyrkir samkvæmt EES-samningnum.

4) *Til að tryggja jafnræði milli allra fyrirtækja sem stunda vinnslu, flutning, dreifingu eða sölu raforku þurfa þau að búa við sömu starfsskilyrði óháð eignarhaldi. Af þeim sökum er lagt til að öll fyrirtæki í greininni verði hlutafélög og þar með talið Íslandsnet hf. Opinberir aðilar hafa eftirlit með sérleyfisþáttunum en mikilvægt er að sníða eftirlitinu hóflegan stakk og byggja fremur á öflugu innra eftirliti fyrirtækjanna. Eftirlitið yrði tvískipt eða samkeppnis- og tæknilegt eftirlit.*

Samhliða nefndarstarfinu var unnið að frumvarpi til raforkulaga í iðnaðarráðuneytinu og voru drög kynnt hagsmunaaðilum í apríl 1999. Haldinn var kynningarfundur og óskað eftir athugasemdum við frumvarpsdrögin. Fjöldi athugasemda barst sem hafðar voru til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við frumvarpið.

Í kjölfar skýrslu flutningsnefndarinnar var í iðnaðarráðuneytinu lögð aukin vinna í lokaundirbúning frumvarpsins. Myndaður var fimm manna starfshópur innan iðnaðarráðuneytisins undir forustu Þorgeirs Örlygssonar ráðuneytisstjóra og kvaddir til sérfræðingar utan ráðuneytisins til ráðgjafar við vinnuna (á sviði hagfræði, verkfræði, stærðfræði og lögfræði). Þá var ráðinn lögfræðingur til að vinna að frumvarpinu. Fulltrúar ráðuneytisins og Orkustofnunar kynntu sér fyrirkomulag og skipan mála í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Ráðuneyti, eftirlitsstofnanir og hagsmunasamtök í viðkomandi löndum voru sótt heim. Sérstaklega var leitað eftir upplýsingum um fyrirkomulag við opnun raforkumarkaðar í viðkomandi löndum, skipulag flutnings og dreifingar, verkaskiptingu og hlutverk stofnana við framkvæmd laganna og reynslu ríkjanna af núverandi fyrirkomulagi.

Við lokafráganginn tók frumvarpið nokkrum breytingum. Bauð iðnaðarráðuneytið fulltrúum frá öllum rafveitum að kynna sér frumvarpið og gera athugasemdir við það. Í því skyni komu fulltrúar frá eftirtöldum aðilum á fundi í ráðuneytinu: Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur, Rafveitu Hafnarfjarðar, Bæjarveitum Vestmannaeyja, Orkubúi Vestfjarða, Selfossveitum, Rafveitu Sauðárkróks, Akranesveitum, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Samorku. Tekið var að nokkru leyti tillit til ábendinga sem komu frá framangreindum aðilum.

Frumvarpið var lagt fram til kynningar á 126. löggjafarþingi. Ekki var mælt fyrir frumvarpinu en samþykkt var að það færi til umfjöllunar iðnaðarnefndar. Iðnaðarnefnd sendi frumvarpið til umsagnar eftirtalinna aðila: Akraneskaupstaður, Akranesveita, Akureyrarbær, Alþýðusamband Íslands, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar hf., Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf., Bæjarveitur Vestmannaeyja, Eyþing – Samband sveitarfélaga Norðurlandskjördæmis eystra, Fjarðabyggð, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Frumherji hf., Hafnarfjarðarbær, Hitaveita Suðurnesja, Húsavíkurkaupstaður, Hveragerðisbær, Íslenska álfélagið hf., Íslenska járnblendifélagið hf., Landspítali – háskólasjúkrahús, Landssamtök raforkubænda, Landsvirkjun, Löggildingarstofa, Neytendasamtökin, Norðurorka, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rafiðnaðarsamband Íslands, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafveita Hafnarfjarðar, Rafveita Reyðarfjarðar, Rafveita

Sauðárkróks, Reykjanesbær, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samkeppnisstofnun, Samorka, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Selfossveitur, Sorpeyðing höfuðborgarsvæðis, Staðlaráð Íslands Rafstaðlaráð, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Skagafjörður, Tæknifræðingafélag Íslands, Veitustofnanir Hveragerðis, Verkfræðingafélag Íslands, Vestmannaeyjabær og Vindorka og óskaði eftir athugasemdum þeirra í byrjun september 2001. Fjölmargar athugasemdir bárust. Fékk iðnaðarráðuneytið þær til skoðunar. Athugasemdirnar voru misjafnlega veigamiklar allt frá umfangsmiklum efnisbreytingum að minni háttar orðalagsbreytingum. Í frumvarpi því sem lagt var fram á 127. löggjafarþingi var tekið tillit til margra þeirra, bæði efnislegra og þeirra er lutu að orðalagi. Gerð var ítarleg grein fyrir þessum breytingum í því frumvarpi. Engu að síður var áfram talsverður ágreiningur um efni frumvarpsins, einkum ákvæðin er lúta að flutningi raforku. Að höfðu samráði við forsvarsmenn stærstu orkufyrirtækja landsins, þ.e. Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Rafmagnsveitna ríkisins, er því í frumvarpinu lagt til að flest ákvæði þess er snerta flutning raforku taki fyrst gildi 1. júlí 2004. Fram til 1. janúar 2004 á að starfa nefnd með aðkomu fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, fulltrúa orkufyrirtækjanna, ráðuneyta iðnaðar og viðskipta og fjármála og helstu hagsmunaaðila. Nefndin skal í formi lagafrumvarps koma með tillögur um fyrirkomulag flutnings og með hvaða hætti skuli staðið að jöfnun kostnaðar vegna flutnings og dreifingar raforku. Enn fremur er lagt til að opnun raforkumarkaðarins verði seinkað nokkuð. Breytingar þessar og aðrar minni breytingar eru nánar tiltekið eftirfarandi:

- 1. mgr. 4. gr. Um er að ræða orðalagsbreytingu þar sem á undan orðinu „afli“ í 2. málsl. er komið orðið: uppsettu.
- 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. Í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á 28. gr. frumvarpsins hefur orðið „Löggildingarstofa“ verið fellt brott.
- 4. mgr. 8. gr. Þar sem mörgum þótti ákvæði um stjórnunarlegt sjálfstæði flutningsfyrirtækisins of ósveigjanlegt er orðalagið nú almennara en áður.
- 4. tölul. 4. mgr. 9. gr. Í stað orðsins „reglur“ er komið orðið: reglugerð.
- 1. tölul. 3. mgr. 12. gr. Til frekari skýrleika er nú tiltekið að skilgreina skuli í gjaldskrá gjald fyrir tengingu við flutningskerfið.
- 1. mgr. 15. gr. Í samræmi við það sem segir um 6. gr. hefur orðið „Löggildingarstofa“ verið fellt brott.
- 1. tölul. 3. mgr. 16. gr. Til skýrleika er nú tilgreint að tengigjald skuli skilgreint í gjaldskrá.
- 1. mgr. 20. gr. Orkufyrirtæki töldu kröfu um skriflega orkusölusamninga óþarflega íþyngjandi. Því hefur 1. mgr. 20. gr. verið felld brott.
- 2. mgr. 20. gr. verður 1. mgr 20. gr. Gerðar hafa verið breytingar á orðalagi málsgreinarinnar til frekari skýringa.
- 4. mgr. 20. gr. verður 3. mgr. Gerðar hafa verið breytingar á reglugerðarheimild 20. gr. til að treysta frekar stoðir þeirra reglna sem nauðsynlegt er að setja vegna viðskipta með raforku, einkum þær er lúta að mælingum og uppgjöri.
- 1. mgr. 24. gr. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á 28. gr. frumvarpsins hefur orðið „Löggildingarstofa“ verið fellt brott.
- 28. gr. Við kynningu á frumvarpinu sem lagt var fram á 127. þingi kom fram nokkur gagnrýni á að eftirlitsþáttur þess væri flókinn og bent á að ekki væru rök fyrir því að greina á milli hagræns og tæknilegs eftirlits. Til einföldunar er nú gert ráð fyrir að Orkustofnun fari með það tæknilega eftirlit sem áður var lagt til að Löggildingarstofu yrði falið. Er þessi

breyting einnig í samræmi við þær athugasemdir sem ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur gerði við frumvarpið árið 2001.
- 1. mgr. 30. gr. Í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á 28. gr. frumvarpsins hefur orðið „Löggildingarstofa“ verið fellt brott.
- 2. mgr. 37. gr. Í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á 28. gr. frumvarpsins hefur orðið „Löggildingarstofa“ verið fellt brott.
- Bráðabirgðaákvæði I. Framlagningu skýrslu skv. ákvæðinu er frestað til ársins 2005.
- Bráðabirgðaákvæði IV. Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að opnun raforkumarkaðarins verði seinkað til ársins 2007. 1. janúar 2005 geti þó allir sem eru aflmældir og nota meira afl en 100 kW skipt um raforkusala. Í 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að þær gjaldskrár sem nú eru í gildi haldi að mestu gildi sínu til 1. júlí 2004. Með því móti fæst nægilegur tími til að undirbúa það eftirlit með gjaldskrám og rekstri dreifiveitna sem gert er ráð fyrir í 17. gr. frumvarpsins.
- Bráðabirgðaákvæði V. Dagsetningum í 1. mgr. ákvæðisins hefur verið hnikað til. Þá er nú vísað til ársreikninga í stað árshlutareikninga. Enn fremur hefur lokamálsliður 2. mgr., þar sem mælt var fyrir um að ekki skyldi beita verðleiðréttingum á árinu 2002, verið felldur brott.
- Bráðabirgðaákvæði VI. Dagsetningum í ákvæðinu hefur verið hnikað til. Þá hefur skipan nefndarinnar verið breytt. Í samræmi við breytingar á 28. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Löggildingarstofa eigi ekki aðild að nefndinni. Þá er ætlunin að Samkeppnisstofnun eigi ekki fulltrúa í nefndinni og að Samorka eigi tvo fulltrúa í henni í stað eins.
- Bráðabirgðaákvæði VII. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi nefnd með aðkomu allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, Samorku, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Neytendasamtakanna. Þá skipar fjármálaráðherra einn fulltrúa og iðnaðarráðherra tvo. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku og um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt á nefndin að móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku. Á nefndin að skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps eigi síðar en 31. desember 2003.
- Bráðabirgðaákvæði VIII. Mælt er fyrir um fyrirkomulag flutnings og kerfisstjórnun fram til 1. júlí 2004. Almennt er þar miðað við núverandi fyrirkomulag á flutningi raforku með þeim breytingum sem m.a. eru nauðsynlegar vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnhagssvæðið.

2. Þróun og skipulag raforkumarkaðar og löggjafar.

2.1. Orkulindir.

Íslendingar búa við nokkra sérstöðu í orkumálum borið saman við önnur lönd í Evrópu. Landið hefur yfir að ráða miklum endurnýjanlegum orkulindum – bæði vatnsorku og jarðvarma – sem einungis hafa verið hagnýttar að hluta til enn sem komið er. Vaxandi áhersla á nýtingu hreinna orkugjafa stuðlar að því að slíkar orkulindir séu nýttar fremur en jarðefnaeldsneyti og kjarnorka.

2.2. Uppbygging raforkukerfisins.

Íslendingum varð ljóst snemma á síðustu öld að landið bjó yfir miklum orkulindum og fyrstu grunnrannsóknir á þeim hófust á fyrstu áratugum aldarinnar. Rafvæðing landsins hófst í byrjun 20. aldarinnar. Í upphafi var einkum um að ræða rafvæðingu í þéttbýli en á fjórða áratug aldarinnar var aukin áhersla lögð á rafvæðingu landsins alls. Var þá ráðist í byggingu Ljósafoss-

stöðvar og Laxárvirkjunar ásamt tilheyrandi flutningslínum frá þessum virkjunum. Fram á miðjan sjöunda áratuginn var meginhersla lögð á rafvæðingu dreifbýlisins og byggingu samveitna innan landsvæða. Minni virkjanir voru víða reistar til að anna örri aukningu á almennri eftirspurn eftir raforku á þessum árum.

Á árabilinu 1965–1985 urðu nokkur þáttaskil í uppbyggingu raforkukerfis landsins. Með stofnun Landsvirkjunar árið 1965 var farið inn á þá braut að virkja stórt og nýta raforkuna jöfnum höndum fyrir stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Samtenging hinna ýmsu samveitusvæða hófst árið 1974 og var lokið við hringtengingu byggðalínunnar árið 1984. Með því átaki má heita að lokið hafi tímabili innfluttra orkugjafa til raforkuvinnslu hér á landi. Jafnframt var lögum um Landsvirkjun breytt árið 1983, Laxárvirkjun gekk inn í fyrirtækið og varð allt landið orkuveitusvæði þess. Með samningi við ríkið árið 1982 yfirtók Landsvirkjun rekstur byggðalínukerfisins og lauk við hringtengingu þess.

Uppbygging raforkudreifikerfis í stærri þéttbýlisstöðum hófst á þriðja og fjórða áratugnum samhliða byggingu fyrstu virkjana hér á landi. Átak við uppbyggingu dreifikerfis landsbyggðarinnar hófst um miðja öldina og stóð yfir fram á áttunda áratuginn. Stuttu síðar var gert átak við að auka rafhitun í strjálbýli í kjölfar olíukreppunnar sem leiddi til þess að víða þurfti verulega að styrkja og endurbyggja dreifikerfið. Á síðasta áratug hefur endurnýjun dreifiveitna að mestu verið í því fólgin að leggja jarðstrengi í stað loftlína og hefur það mjög aukið öryggi og minnkað viðhaldskostnað.

Raforkuflutningskerfi landsins hefur verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Af þessum sökum hefur verið unnt að ráðast í hagkvæmar virkjanir fjarri þeim svæðum þar sem raforkunotkunin er mest en það hefur síðan skilað sér í hagkvæmu heildarflutningskerfi raforku.

2.3. Raforkufyrirtæki.

Skipulag orkumála hér á landi hefur verið á þann veg að fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku eru að langmestu leyti í opinberri eigu. Ýmist er hér um að ræða fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða fyrirtæki sem eru í sameign þessara aðila. Hið sama gildir um rannsóknastofnanir á þessu sviði þó svo að þar hafi einkaaðilar haslað sér völl í nokkrum mæli á undanförnum árum.

Stærsti raforkuframleiðandinn, Landsvirkjun, sinnir framleiðslu, flutningi raforku og heildsölu til dreifiveitna og sölu til stórnotenda. Önnur stærstu raforkufyrirtækin, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja hf., Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hf., hafa með höndum framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu til einstakra notenda. Þá er Orkuveita Húsavíkur einnig með nokkra vinnslu.

Á undanförnum árum hefur það orðið æ algengara að rekstur rafveitna og hitaveitna sé sameinaður í eitt fyrirtæki og oft og tíðum fylgir þá vatnsveita sveitarfélags með. Nú eru sjö fyrirtæki starfandi sem reka bæði raf- og hitaveitu. Um er að ræða eftirtaldar veitur: Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubú Vestfjarða hf., Orkuveitu Húsavíkur, Selfossveitur og Norðurorku.

Samhliða fjölgun orkuveitna hefur fyrirtækjum fækkað sem eingöngu sinna raforkuvinnslu, flutningi og/eða dreifingu. Nú starfa tvö fyrirtæki sem teljast til þessa flokks: Landsvirkjun og Rafveita Reyðarfjarðar.

Rafveitur og raforkufyrirtæki landsins eru samtengd í gegnum flutnings- og aðveitukerfi raforku. Einungis mjög lítil svæði eru utan samtengds raforkukerfis, en þau helstu eru Inndjúp á Vestfjörðum, Hólsfjöll og Grímsey. Landsvirkjun á og rekur meginflutningskerfið og sér til þess að raforkuvinnslan samsvari álaginu á hverjum tíma.

2.4. Raforkuvinnsla.

Mikil aukning hefur orðið í raforkuframleiðslu hér á landi sl. sex ár eins og meðfylgjandi tafla sýnir (í GWst):

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Vatnsorka	4.678	4.764	5.203	5.617	6.043	6.352	6.574
Jarðhiti	290	346	375	655	1.138	1.323	1.451
Olía	8	4	3	4	4	4	
Samtals	**4.977**	**5.113**	**5.581**	**6.276**	**7.185**	**7.679**	**8.028**

Aukning raforkuframleiðslu á þessu tímabili er um 61%. Notkun hefur aukist mikið á tímabilinu eða um 107% hjá stóriðju og 14,7% hjá almennum notendum. Á þessu tímabili hefur raforkuframleiðsla jarðgufuvirkjana aukist mjög mikið. Þá jók Landsvirkjun raforkuframleiðslu sína á þessu tímabili með stækkun Kröflu og aukinni framleiðslu Blönduvirkjunar og byggingu Sultartangavirkjunar og Vatnsfellsvirkjunar, svo og aukinni miðlun á Þjórsár-/Tungnársvæðinu.

Raforkuvinnsla Landsvirkjunar nam um 85,3% af heildarvinnslunni á landinu árið 2001 og hlutur annarra fyrirtækja var því 14,3%. Hlutur annarra skiptist svo: Orkuveita Reykjavíkur 49,6%, Hitaveita Suðurnesja hf. 32,1%, RARIK 11,3%, Orkubú Vestfjarða hf. 6% og aðrir 0,9%.

2.5. Löggjöf.

Eftirtalin löggjöf snertir skipan raforkumála almennt:

1. Orkulög, nr. 58/1967, með síðari breytingum. Þar er fjallað um Orkustofnun, vinnslu raforku, vinnslu jarðhita, héraðsrafmagnsveitur, hitaveitur og Rafmagnsveitur ríkisins.
2. Vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Þar er m.a. fjallað um vatnsréttindi, notkun vatnsorku og vatnsmiðlun.
3. Lög um Orkusjóð, nr. 49/1999. Hlutverk hans er fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegur stuðningur við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.
4. Lög um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Þar eru taldar þær virkjunarframkvæmdir sem heimilaðar hafa verið með lögum. Þá er þar kveðið á um að ráðherra skuli ákveða röð virkjanaframkvæmda og þau sjónarmið sem hún á að byggjast á.
5. Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Þar er fjallað um rafmagnsöryggi og eftirlit með því.
6. Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002.

Þá eru í gildi ýmis sérlög um fyrirtæki. Þau eru:

1. Lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.
2. Lög um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001.
3. Lög um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10/2001.
4. Lög um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001.

Auk þess ber að nefna lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, og lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem öll snerta þá starfsemi sem frumvarpið fjallar um.

Samkvæmt orkulögum getur ráðherra veitt rafveitum og hitaveitum einkarétt til dreifingar og sölu á raforku og heitu vatni á tilteknu veitusvæði. Um þessar veitur gilda reglugerðir og staðfestir ráðherra gjaldskrár þeirra.

Til vinnslu raforku þarf leyfi Alþingis fyrir raforkuveri sem er stærra en 2 MW og leyfi ráðherra fyrir raforkuveri sem er á bilinu 0,2–2 MW, nema hvað heimilt er að reka varastöð allt að 1 MW án sérstaks leyfis.

Í orkulögum þar sem fjallað er um héraðsrafmagnsveitur kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Rafveitur veita raforku um tiltekið orkuveitusvæði, sem ráðherra ákveður að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags, og selja neytendum á því svæði. Ráðherra getur veitt einkarétt og bundið hann ákveðnum skilyrðum til að tryggja jafnrétti notenda.
- Sveitarfélag hefur forgang til að reka rafveitu. Ef sveitarstjórnir nýta ekki rétt sinn hafa Rafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt.
- Rafveitu, sem hlotið hefur einkarétt, er skylt að selja öllum sem þess óska á orkuveitusvæðinu rafmagn með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum og með reglugerð.
- Gjald fyrir raforku frá rafveitu, sem veittur hefur verið einkaréttur, skal ákveða í gjaldskrá sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Í lögum um Landsvirkjun eru lagðar viðtækar skyldur á fyrirtækið og nýtur það ákveðinna forréttinda. Segir m.a. að fyrirtækið skuli hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Ber Landsvirkjun að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfisins með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku.

3.1. Almennt.

Eins og áður hefur komið fram hefur skipan raforkumála víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Í ársbyrjun 1992 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir raforku og jarðgas sem lagt var til að tækju gildi árið 1993. Tilskipunin öðlaðist gildi 19. febrúar 1997 eftir miklar deilur innan Evrópusambandsins og áttu aðildarríkin að koma henni í framkvæmd eigi síðar en 19. febrúar 1999. Belgía og Írland fengu þó frest til 19. febrúar árið 2000 og Grikkland til 19. febrúar árið 2001.

Hornsteinar tilskipunarinnar um innri markað á sviði raforku eru í fyrsta lagi afnám einkaréttar starfandi orkufyrirtækja, sé hann fyrir hendi, m.a. til að framleiða rafmagn. Í öðru lagi aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, a.m.k. í bókhaldi. Í þriðja lagi takmarkaður aðgangur þriðja aðila að flutningskerfum, þannig að þeir orkukaupendur sem fullnægja tilteknum skilyrðum sem hvert ríki setur á grundvelli tilskipunar geti gert samninga við orkuvinnslufyrirtæki um orkukaup og fengið orkuna flutta um orkuflutningskerfið. Hér verður lýst helstu þáttum tilskipunarinnar.

3.2. Meginefni tilskipunarinnar.

Tilskipunin skiptist í eftirtalda átta kafla auk formála eða aðfaraorða: 1. Gildissvið og skilgreiningar. 2. Almennar reglur um skipan raforkumála. 3. Vinnsla. 4. Rekstur flutningskerfisins. 5. Rekstur dreifikerfisins. 6. Aðskilnaður og gagnsæi reikninga. 7. Aðgangur að flutnings- og dreifikerfi. 8. Lokaákvæði.

Í formála er gerð ítarleg grein fyrir tilganginum með því að setja reglur um innri markað fyrir raforku. Þar segir m.a. að samkvæmt sáttmála ESB skuli tryggja frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns á innri markaðinum. Mikilvægt skref sé að koma á samkeppni á raforku-

markaðinum til að koma á innri markaði fyrir orku. Með því verði vinnsla, flutningur og dreifing raforku skilvirkari en ella um leið og afhendingaröryggi sé aukið og samkeppnisstaða Evrópusambandsríkjanna batni. Sömuleiðis er talið að slíkur markaður stuðli að samtengingu raforkukerfanna í Evrópu.

Gert er ráð fyrir að komið verði á innri markaði fyrir rafmagn í áföngum með það fyrir augum að raforkugeirinn geti lagað sig að nýjum skilyrðum með skilvirkum hætti. Þar sem hætta kann að vera á að viss ríki eigi erfitt með að aðlaga sig sameiginlegum meginreglum gefur tilskipunin möguleika á aðlögunartíma eða varanlegum undanþágum frá tilteknum ákvæðum, einkum vegna reksturs lítils og einangraðs raforkukerfis. Eins og nánar er skýrt hér á eftir í þessum kafla og kafla 3.3. fellur íslenska raforkukerfið ekki undir skilgreiningu á litlu, einangruðu kerfi.

Í samræmi við nálægðarregluna er miðað við að almenn skilyrði og skilmálar fyrir innri markaðinn séu settir sameiginlega, en einstök ríki ráði hvernig þau uppfylla þá. Þá er talið að nauðsynlegt kunni að reynast að leggja á kvaðir um almannaþjónustu til þess að tryggja afhendingaröryggi og til að vernda neytendur og náttúrulegt umhverfi og eru ákvæði þar að lútandi. Skilyrði sem beitt verður eiga að vera hlutlæg, gagnsæ og mega ekki leiða til mismununar.

Í 1. kafla tilskipunarinnar er fjallað um gildissvið og skilgreiningar. Þar kemur m.a. fram að tilskipunin feli í sér sameiginlegar reglur um vinnslu, flutning og dreifingu rafmagns. Með henni sé kveðið á um hvernig stýra skuli raforkumálum, hvernig fá megi aðgang að markaðinum, um skilyrði og starfshætti sem skuli hafa í heiðri við útboð eða leyfisveitingar sem og um rekstur kerfisins. Í kaflanum eru jafnframt 23 skilgreiningar.

Í 2. kafla eru almennar reglur um skipan raforkumála. Kveðið er á um að ríkin skuli sjá til þess að raforkufyrirtæki séu rekin í samræmi við tilskipunina til þess að koma á samkeppnismarkaði á raforkusviðinu. Ríkin geti eigi að síður með vísan til almannaþjónustu lagt kvaðir um opinbera þjónustu á fyrirtækin. Þær geti varðað öryggi, þ.m.t. öryggi orkuafhendingar, gæði og verð sem og vernd náttúrulegs umhverfis. Þessar kvaðir skuli vera skýrt skilgreindar, gagnsæjar, þær mega ekki leiða til mismununar og það þarf að vera unnt að hafa eftirlit með þeim. Birta skal opinberlega upplýsingar um kvaðir sem settar verða og tilkynna þær framkvæmdastjórninni.

Í 3. kafla er fjallað um vinnslu rafmagns. Ríkin geta valið milli leyfisveitinga og útboða þegar ný orkuver eru reist. Hvort tveggja skal byggt á hlutlægum og gagnsæjum skilyrðum án þess að mismuna þeim sem sækja um eða leggja fram tilboð. Þessi skilyrði geta varðað tiltekin atriði sem talin eru upp. Þau eru: öryggi og áreiðanleiki raforkukerfisins, umhverfisvernd, landnotkun og staðarval, nýting lands í almannaeign og almannaþjónustu, skilvirkni, eðli orkulinda, hæfni og geta umsækjanda/tilboðsgjafa, svo sem tæknilega og efnahagslega, og að lokum opinberar kvaðir, sbr. það sem segir um 2. kafla tilskipunarinnar. Með þessum skilyrðum er gert ráð fyrir að ríkin geti haft nauðsynlega stjórn á raforkuvinnslunni jafnframt því sem opnuð er leið til samkeppni. Ef útboðsleiðin er valin eiga ríkin að sjá til þess að gerðar verði spár um aukna þörf fyrir raforkuvinnslu til langs tíma sem útboðin byggjast á. Í þeim ríkjum sem fara þessa leið eiga svokallaðir „sjálfstæðir framleiðendur“ jafnframt að geta sótt um leyfi til raforkuvinnslu, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum sem sett verða. Slík skilyrði verða að vera hlutlæg, gagnsæ og mega ekki mismuna aðilum sem sækja um leyfi.

Í 4. kafla er fjallað um rekstur flutningskerfisins. Ríkin eiga að útnefna svokallaðan ábyrgan aðila til að sjá um rekstur flutningskerfisins, tryggja nauðsynlegt viðhald þess, viðbætur við það og afhendingaröryggi. Sá aðili skal vera rekstrarlega óháður raforkuvinnslu, raforkudreifingu og annarri starfsemi sem ekki tengist flutningskerfinu með beinum hætti. Álagsstýringin á að byggjast á hlutlægum opinberum skilyrðum með það fyrir augum að tryggja skilvirkan innri

markað fyrir raforku. Ríkin geta þó gert kröfur til þess að orkuvinnsla sem byggist á endurnýjanlegum orkulindum hafi forgang. Ábyrgi aðilinn má ekki mismuna aðilum og hann skal fara með allar upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna starfsemi sinnar og eru viðkvæmar sem trúnaðarmál.

Samkvæmt túlkun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins felst eftirfarandi í rekstrarlegu sjálfstæði kerfisstjóra:

- Stjórnendur kerfisstjóra mega ekki sitja í stjórn móðurfyrirtækisins eða öðru fyrirtæki sem tengist kerfisstjóranum lóðrétt.
- Tryggja þarf sjálfstæði stjórnenda kerfisstjórans þannig að einkahagsmunir hafi ekki áhrif á ákvörðunartöku þeirra. Í því sambandi er t.d. átt við starfsframa.
- Sá sem annast kerfisstjórnun má ekki vera háður öðrum deildum eða einingum fyrirtækisins varðandi viðgerðir, viðhald og þróun flutningskerfisins.
- Þagnarskylda þeirra sem koma að kerfisstjórnun varðandi viðskiptaupplýsingar sem þeir hafa vegna hlutverks kerfisstjórans.

Auk þessa þarf að tryggja bókhaldslegan aðskilnað frá áðurnefndri starfsemi og kerfi sem tryggir nauðsynlegt fjárhagslegt sjálfstæði til að flutningskerfið sé rekið á viðskiptalegum grundvelli. Í flestum ríkjum Evrópusambandsins hafa verið stofnuð sérstök fyrirtæki um flutningskerfið. Þau eru ábyrg fyrir álagsstýringu og fyrir samrekstri með öðrum flutningskerfum.

Í 5. kafla eru ákvæði um dreifingu. Ríkin eiga að útnefna aðila, einn eða fleiri, sem verða ábyrgir fyrir rekstri dreifikerfisins, viðhaldi og styrkingu. Þessir aðilar eiga að tryggja áreiðanlegan og skilvirkan rekstur kerfisins á tilteknu svæði. Þeir mega ekki viðhafa mismunun og skulu gæta trúnaðar vegna viðkvæmra upplýsinga sem þeir þurfa á að halda. Ríkin geta krafist þess að raforku sem unnin er með endurnýjanlegum orkugjöfum eða úr sorpi sé veittur forgangur. Ríkin geta jafnframt skyldað dreifiveiturnar til að afhenda rafmagn til notenda á tilteknu svæði. Setja má reglur um gjaldskrá vegna slíkrar afhendingar til að tryggja jafnræði notenda.

Í 6. kafla er fjallað um aðskilnað og gagnsæi reikninga. Fyrirtæki sem sinna vinnslu, flutningi og dreifingu skulu færa bókhald fyrir hvern þessara þátta í því skyni að koma í veg fyrir að aðilum sé mismunað og til að hindra aðgerðir sem trufla samkeppni. Ákvæði eru um að ársreikningar raforkufyrirtækja skuli gerðir með samræmdum hætti samkvæmt tilskipunum sem fjalla um gerð ársreikninga.

Í 7. kafla er fjallað um aðgang að flutnings- og dreifikerfi. Ríkin geta heimilað aðgang að flutnings- og dreifikerfi á viðskiptagrundvelli eða á grundvelli reglna sem kveða á um rétt á aðgangi gegn greiðslu gjalds sem byggist á birtri gjaldskrá. Þá geta ríkin útnefnt lögaðila, svokallaðan „eina kaupanda“ („single buyer“), sem hefði einkarétt til viðskipta með rafmagn á tilteknu svæði. Ríkin eiga að sjá til þess að forgangsnotendur geti með frjálsum hætti gert samninga um orkukaup til að mæta raforkuþörf sinni af framleiðendum eða orkusölum utan þess svæðis sem kerfi viðkomandi „eina kaupanda“ nær til. Ríkin eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja lágmarksopnun raforkumarkaðanna samkvæmt ofangreindum leiðum. Tilskipunin gerir ráð fyrir opnun markaðarins í áföngum. Kveðið er á um að löndin skuli opna ákveðið hlutfall raforkumarkaðar síns. Opnun í einstökum löndum miðaðist upphaflega við hlutfall notkunar þeirra sem notuðu 40GWst af raforku á ári eða meira af heildarnotkun í Evrópubandalaginu. Nú eru mörkin 20 GWst á ári en 19. febrúar 2003 lækka þau niður í 9. GWst á ári. Þó skulu allir notendur sem nota meira en 100 GWst á ári geta valið seljanda. Framkvæmdastjórnin reiknar hlutfallið út árlega. Hlutfall opnunar árið 2000 var samkvæmt þessu 30% en verður u.þ.b. 35% árið 2003. Lokaákvæði eru í 8. kafla tilskipunarinnar. Þar kemur fram að ríkjunum verður heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef upp kemur neyðarástand.

Slíkar aðgerðir ber að tilkynna og skulu þær hafa í för með sér eins litla truflun á markaðinum og unnt er. Ákvæði eru um að ríkin geti sótt um tímabundinn aðlögunartíma ef þau sýna fram á að ákvæði tilskipunarinnar valdi því að ekki sé unnt að standa við rekstrarskyldur eða ábyrgðir sem gefnar hafa verið áður en hún var sett. Þá er einnig ákvæði um að hægt sé að sækja um undanþágur frá ákvæðum 4. kafla (rekstur flutningskerfa), 5. kafla (rekstur dreifikerfa), 6. kafla (aðskilnaður og gagnsæi reikninga) og 7. kafla (skipulagning kerfisaðgangs) vegna lítilla einangraðra raforkukerfa. Slík kerfi eru skilgreind þannig að raforkunotkunin sé minni en 2500 GWst á ári jafnframt því sem innan við 5% árlegrar orkunotkunar sé mætt með viðskiptum við önnur raforkukerfi. Tekið er fram að þetta ákvæði eigi jafnframt við um Lúxemborg. Raforkuvinnsla á Íslandi var 7679 GWst á árinu 2000 og fellur íslenska raforkukerfið því ekki undir þetta ákvæði, sbr. þó kafla 3.3.

3.3. Yfirtaka tilskipunarinnar.

Eins og fram kemur í kafla 1.1. varð tilskipunin hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn. Í ákvörðuninni fékk Ísland tveggja ára aðlögunarfrest til að innleiða tilskipunina. Þá fékk Ísland sömu möguleika og lítil einangruð svæði til að sækja um undanþágu frá 4., 5., 6. og 7. kafla tilskipunarinnar, þ.e. öðrum köflum hennar en lúta að raforkuvinnslu. Slík undanþága er aðeins möguleg ef sýnt er fram á að veruleg vandkvæði séu á lögfestingu þessara tilteknu ákvæða tilskipunarinnar. Nánari grein er gerð fyrir þessu efni í skýrslu nefndar um stofnun Landsnets sem gefin var út af iðnaðarráðuneytinu í febrúar árið 2000, bls. 102–105.

3.4. Framtíðarþróun.

Ráðherraráð Evrópusambandsins ályktaði á fundi, sem haldinn var í Lissabon í apríl 2000, að hraða ætti opnun raforkumarkaðarins. Í framhaldi af ályktun ráðherraráðsins mótaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögur sem m.a. fela í sér breytingar á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Þær voru kynntar 13. mars 2001. Ráðherraráð Evrópusambandsins ályktaði á fundi sínum í Barcelona í mars 2002 m.a. að allir aðrir notendur en heimilisnotendur ættu í síðasta lagi árið 2004 að geta valið sér raforkusala. Evrópuþingið setti einnig fram breytingartillögur við tillögur framkvæmdastjórnarinnar í mars 2001. Þá lagði framkvæmdastjórnin á ný fram breytingartillögur við tilskipunina í byrjun júní 2002 þar sem hún hafði tekið tillit til Barcelonayfirlýsingarinnar. Enn fremur hafði framkvæmdastjórnin þá aðlagað tillögur sínar að nokkru leyti tillögum Evrópuþingsins og áliti efnahags- og félagsmálaráðsins.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar miða einkum að því að tryggja frekar fullt frelsi í viðskiptum með raforku og forsendur samkeppni. Helstu efnisatriði breytingartillagna framkvæmdastjórnarinnar eru að allir notendur, aðrir en einstaklingar, skulu geta keypt raforku á frjálsum markaði frá 1. janúar 2004. Fullu frelsi í viðskiptum með raforku á að hafa verið náð 1. janúar 2005. Þá eru gerðar ríkari kröfur um aðskilnað milli einokunar og samkeppnisþátta. Segir í tillögunum að það sé nauðsynlegt til að tryggja forsendur samkeppni. Er gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað og stjórnunarlegt sjálfstæði. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði vegna smárra dreifiveitna, þ.e. þeirra sem þjóna færri notendum en 100.000. Í ljósi reynslunnar er lagt til að heimild til vinnslu raforku skuli byggjast á útgáfu leyfa en ekki útboðum. Hins vegar skuli ríki geta boðið út rafmagnsframleiðslu ef hætta er á ófullnægjandi framboði á raforku. Þá er talið að tryggja verði betur jafnræði aðila að raforkukerfinu. Í því sambandi er lagt til að aðgangur að því skuli byggjast á fyrir fram settum reglum og birtri gjaldskrá. Samkvæmt því falla brott aðrar leiðir, þ.e. samningsleið og „franska leiðin“ um einn kaupanda á afmörkuðu svæði. Þá er lagt til að ríkin skuli hafa sjálfstæðan eftirlitsaðila sem skuli m.a. hafa eftirlit með gjald-

skrá einokunarfyrirtækjanna. Þá er gert ráð fyrir að ríkin þurfi að tryggja vernd neytenda, m.a. með því að gera kröfur til raforkufyrirtækja um upplýsingagjöf, sem og með því að tryggja aðgengilega kvörtunarferla. Gangi tillögur framkvæmdastjórnarinnar eftir og breytingar á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku verða innleiddar í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið getur þurft að gera breytingar á lögum miðað við þann frumvarpstexta sem hér er lagður til. Þó má segja að frumvarpið sé að mörgu leyti í samræmi við þær áherslur sem settar eru fram í tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

4. Raforkumarkaður annarra ríkja.

4.1. Almennt.

Tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku hefur knúið aðildarríki sambandsins til að breyta skipan raforkumála í löndum sínum. Breytingar í frjálsræðisátt höfðu þó hafist í sumum löndum áður en tilskipunin tók gildi. Má þar helst nefna Bretland.

Framkvæmdastjórnin hefur útbúið eftirfarandi töflu um innleiðingu tilskipunarinnar árið 2000.

	Opnun markaðar	**Vinnsla**	**Aðskilnaður flutnings**	**Aðgangur að flutnings- og dreifikerfi**
Austurríki	32%	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður	Á grundvelli settra reglna
Belgía	35%	Sama	Sama	Sama
Danmörk	90%	Sama	Sama	Sama
Finnland	100%	Sama	Reglur um eignaraðild	Sama
Frakkland	30%	Sama	Stjórnunarlegur	Sama
Þýskaland	100%	Sama	Sama	Samningsbundinn
Grikkland	30%	Sama	Sama	Á grundvelli settra reglna
Írland	30%	Sama	Fyrirtækjaaðskilnaður	Sama
Ítalía	35%	Sama	Sama	Sama
Holland	33%	Sama	Sama	Sama
Lúxemborg	40%	Sama	Sama	Sama
Portúgal	30%	Útboð	Sama	Sama
Spánn	45%	Leyfisbundin	Sama	Sama
Svíþjóð	100%	Sama	Sama	Sama
Bretland	100%	Sama	Reglur um eignaraðild	Sama
ESB	65%			

Í Noregi er staðan eftirfarandi:

Noregur	100%	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður	Á grundvelli settra reglna

Verði frumvarpið að lögum ætti eftirfarandi við um Ísland:

Ísland	100% 1.1. 2007	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður frá 1. júlí 2004	Á grundvelli settra reglna

Hvað aðskilnað milli dreifingar og samkeppnisstarfsemi varðar hafa ríkin einnig valið nokkuð mismunandi leiðir. Sum láta bókhaldslegan aðskilnað nægja, svo sem Finnland, Þýskaland, Grikkland og Írland. Önnur krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar, svo sem Holland, Spánn, Svíþjóð, Danmörk og Bretland.

Hér á eftir fer nokkuð ítarlegri umfjöllun um Bretland, Danmörku, Finnland, Noreg, Nýja-Sjáland og Svíþjóð.

4.2. Bretland.

Bretland var eitt af fyrstu ríkjum heimsins sem kom á samkeppni á raforkumarkaði. Raforkusala var gefin frjáls í áföngum, fyrst (1990) fyrir notendur sem notuðu meira en 1 MW (um 5.000 notendur). Árið 1994 voru mörkin útvíkkuð til þeirra sem notuðu meira en 100 kW (um 67 þúsund notendur) og loks 1999 fyrir alla notendur.

Fyrir kerfisbreytinguna í Bretlandi var til staðar eitt stórt opinbert framleiðslu- og orkuflutningsfyrirtæki, Central Electricity Generating Board (CEGB). Það seldi 12 svæðisbundnum rafveitum orku, en þessar rafveitur höfðu einkaleyfi til dreifingar og sölu, hver á sínu svæði. CEGB var upp úr 1989 skipt upp í þrjú framleiðslufyrirtæki í samkeppni, PowerGen, National Power og Nuclear Electric og stofnað var flutningsfyrirtækið National Grid Co. (NGC). Dreifiveitur sem stofnaðar voru upp úr hinum 12 svæðisbundnu rafveitum héldu um sinn einkaleyfi að hluta á sínu svæði.

Um 34% raforkuvinnslu byggist á gasi, um 33% á kolum, um 25% á kjarnorku og aðrir orkugjafar eru um 8%.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Umsækjendur verða að uppfylla skilyrði sem eru í samræmi við tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku.

Öll stærri orkuviðskipti hafa til þessa farið um uppboðsmarkaðinn „Electricity Pool". Verðlagningin byggðist í stuttu máli á hæsta tilboðsverði framleiðenda fyrir hvern dag, sem allir bjóðendur fengu greitt samkvæmt. Fram komu smám saman gallar við þetta fyrirkomulag og er verið að taka í notkun nýtt fyrirkomulag um viðskipti með raforku. Nokkrir helstu gallar fyrrnefnds uppboðsmarkaðar hafa t.d. reynst vera talsverður óstöðugleiki í verði, verðlagningin hefur reynst of flókin og hún er ekki í takt við raunverulegan framleiðslukostnað.

Með nýja kerfinu er boðið upp á tvíhliða samninga um raforkuviðskipti fram í tímann. Enn fremur er komið upp sérstökum jafnvægismarkaði til að ná jafnvægi milli framleiðslu og notkunar í „rauntíma". Þessi markaður miðast sérstaklega við 3,5 klst. hlaupandi tímaramma fram í tímann þar sem kaupendur og seljendur takast á um frávik frá fyrir fram gerðum samningum til að ná nauðsynlegu jafnvægi framboðs og eftirspurnar á hverju augnabliki í raforkukerfinu.

Flutningsfyrirtækið tryggir opinn aðgang framleiðenda og kaupenda að flutningskerfinu og greiða þeir fyrir flutninginn tengigjöld og gjöld byggð á notkun netsins. Kerfinu er skipt upp í nokkur svæði til að endurspegla staðbundinn kostnað við orkuframleiðslu í tengslum við staðsetningu álagsins. Gjaldskráin er undir opinberu eftirliti eftirlitsaðilans OFGEM.

Á árinu 2000 höfðu um 18% allra raforkunotenda í Bretlandi skipt um raforkusala. Dreifiveiturnar hafa annaðhvort hætt orkusölu eða hún hefur verið aðskilin í bókhaldi þeirra. Dreifing raforku er háð einkaleyfi og er undir hliðstæðu opinberu eftirliti OFGEM og gildir um orkuflutning. Dreififyrirtækin eru sum í eigu erlendra fjárfesta, t.d. er rafveitan London Electricity nú í eigu franska fyrirtækisins Electricité de France.

4.3. Danmörk.

Frá 1. janúar 1998 gátu einstakir notendur sem notuðu meira en 100 GWst á ári keypt raforku á frjálsum markaði. Einungis 7 notendur náðu þessu lágmarki. Samanlagt notuðu þeir um 5% af raforku sem seld var í Danmörku. 1. apríl 2000 var lágmarkinu breytt í 10 GWst og 1. janúar 2001 í 1 GWst. Frá og með 1. janúar 2003 geta allir notendur keypt rafmagn á frjálsum markaði.

Raforkuvinnsla byggist aðallega á brennslu eldsneytis eða 90%, þar af er kolaorka um 60%. Dregið hefur úr notkun kola á síðustu árum en í byrjun níunda áratugarins voru u.þ.b. 90% af raforku framleidd með kolaorku. Stefnt er að því að draga enn frekar úr notkun kola og auka frekar notkun gass og vindorku.

Sölufyrirtækin eru í eigu dreifiveitnanna. Notendur eiga rétt á að tengjast raforkukerfinu og fá raforku á sanngjörnu verði kjósi þeir ekki að nýta sér viðskiptafrelsið. Eiga má viðskipti í Danmörku á Nord Pool raforkumarkaðinum.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Uppboðsaðferðinni er þó beitt vegna vindmyllna á hafi. Ekki er heimilt að reisa kjarnorkuver.

Tvö ótengd flutningskerfi eru í Danmörku. Annað á Jótlandi og Fjóni sem er rekið af Eltra og hitt á Sjálandi sem er rekið af Elkraft System. Eltra og Elkraft System annast kerfisstjórnun. Fyrirtækin eru í eigu dreifiveitnanna. Dreifikerfið er í eigu ýmissa sveitarfélaga, notendafélaga og sjóða.

Heimila verður aðgang að flutnings- og dreifikerfinu á grundvelli birtrar gjaldskrár. Gjaldtaka vegna flutninga í hvoru flutningskerfi er óháð staðsetningu notenda. Gjaldskráin sætir eftirliti og á að grundvallast á kostnaði og hæfilegri arðsemi. Sama gjaldskrá gildir fyrir dreifingu innan hvers dreifiveitusvæðis.

Gerð er krafa um fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnis- og einokunarþátta.

Sérstakt stjórnvald, sem er sjö manna sjálfstæð sérfræðinganefnd, fer með eftirlit samkvæmt raforkulögunum. Nefndin er skipuð af umhverfis- og orkumálaráðherra. Nefndinni til aðstoðar eru samkeppnisyfirvöld og orkustofnun. Ákvarðanir nefndarinnar sæta kæru til sérstakrar kærunefndar.

4.4. Finnland.

Breytingar til aukins frelsis á raforkumarkaði hófust árið 1995 í Finnlandi. Var þá notendum sem notuðu meira en 500 kWst af raforku heimilt að velja um raforkusala. Árið 1997 var öllum hindrunum aflétt. Raforkulöggjöfin hefur verið í nokkurri þróun undanfarin ár, þannig hefur t.d. reglum um raforkustýringu og mælaeign verið breytt. Þá hafa verið gerðar breytingar til að auka neytendavernd.

Um 400 raforkuver eru í Finnlandi og er u.þ.b. helmingur þeirra vatnsorkuver. 120 fyrirtæki koma að vinnslu raforku. Tölur frá 1998 sýna að stærstu framleiðendurnir eru: Fortum (fyrrum ríkisfyrirtækið IVO) 40%, Pohjolan Voima Oy (PVO) 23%, framleiðslufyrirtæki í eigu stóriðju 16% og aðrir 21%. Árið 1998 var raforkunotkun í Finnlandi 76,5 TWst. Þar af voru 12% innflutt frá Svíþjóð, Noregi og Rússlandi. Raforka framleidd með eldsneyti var 42%, með kjarnorku 27% og vatnsorku 19%.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði er lúta að landnotkun, umhverfisvernd o.fl.

Stærstur hluti raforkuviðskipta fer fram með langtímasamningum milli framleiðenda og söluaðila. Í Finnlandi er starfræktur uppboðsmarkaður með raforku (EL-EX). Árið 1998 voru 10% af seldri orku í Finnlandi seld á markaðinum. Markaðurinn er hluti af Nord Pool, norrænum uppboðsmarkaði með raforku, en er sérstakt svæði innan hans.

Raforkunetið skiptist í þrjá hluta, þ.e. flutningskerfi, aðveitukerfi og dreifikerfi. Flutningskerfið er í eigu Fingrid. Það rekur flutningskerfið og stýrir raforkukerfinu. Um er að ræða sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins, fagfjárfesta og stærstu raforkuframleiðendanna. Aðveitu- og dreifikerfið er í eigu veitufyrirtækjanna. Um er að ræða u.þ.b. 110 fyrirtæki. Þar af eru ⅔ í eigu sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra. Dreifiveitur hafa sérleyfi til dreifingar á veitusvæðum sínum.

Gjaldskrá fyrir flutning er óháð staðsetningu þeirra sem tengjast flutningskerfinu. Sama gjaldskrá gildir innan hvers aðveitu- og dreifiveitusvæðis. Fyrirtækin setja gjaldskrá sem er birt opinberlega. Gjaldskráin verður að vera sanngjörn og má ekki mismuna aðilum. Hún þarf að byggjast á raunverulegum kostnaði og eðlilegri arðsemi. Verð til notenda er mjög breytilegt

milli dreifiveitusvæða, aðallega vegna mismunandi stofn- og rekstrarkostnaðar og arðsemismarka hjá veitunum.

Flutningskerfið er eins og fyrr segir rekið sem sjálfstætt fyrirtæki sem má ekki koma að framleiðslu eða dreifingu raforku. Því er þó heimilt að kaupa raforku til að mæta töpum í kerfinu. Dreifiveitur verða að halda bókhaldi vegna dreifingar aðskildu frá bókhaldi vegna sölu og vinnslustarfsemi.

Framkvæmd raforkulaganna er í höndum sérstaks opinbers stjórnvalds. Eftirlitið er að stærstum hluta fjármagnað með gjaldi sem innheimt er af orkufyrirtækjum. Það veitir m.a. leyfi vegna flutnings- og dreifistarfsemi og hefur eftirlit með starfsemi raforkufyrirtækja og verðákvörðunum einokunarfyrirtækja.

4.5. Noregur.

Noregur og Bretland voru fyrstu ríkin í Evrópu sem komu á frjálsum viðskiptum með raforku. Í Noregi voru gerðar breytingar á raforkulögum 1991 sem fólu í sér aðskilnað framleiðslunnar frá flutningi og dreifingu. Fyrir breytingarnar voru um 70 framleiðendur og 230 dreifiveitur í landinu. Raforkukerfið í heild var að ¾ hlutum í opinberri eigu. Ríkisfyrirtækið, Statkraft, átti um 30% af virkjunum og 80% af miðnetinu. Bæjar- og sveitarfélög áttu 55% af framleiðslugetunni, en um 15% voru í eigu einkafyrirtækja. Eignarhald hefur lítið breyst við endurskipulagninguna í Noregi, en dreififyrirtækjum hefur heldur fækkað.

Norski raforkumarkaðurinn, Nord Pool, er hluti af norræna markaðinum og er opinn fyrir alla notendur. Meiri hluti viðskipta á sér þó stað á grundvelli langtímasamninga. Sérstakt leyfi þarf fyrir raforkusölu, en miðlarar þurfa ekki leyfi. Slíkir aðilar eru nú 21 í Noregi. Sölufyrirtæki eru yfirleitt hlutafélög og stundar 71 fyrirtæki aðeins sölu. Allt fram til ársins 1998 höfðu flest heimili áfram viðskipti við söludeild dreifiveitu sinnar þar eð afar dýrt var að skipta um seljanda. Árið 1998 var reglum breytt þannig að ódýrara var að skipta um söluaðila. Árið 2000 höfðu 13% notenda skipt um raforkuframleiðanda.

Orkuvinnslufyrirtæki eru nú 158 og eru 108 þeirra rekin sem hlutafélög, en um 50 eru í eigu sveitarfélaga eða fylkja.

Ríkisfyrirtækið Statnett var skilið frá Statkraft árið 1996. Nú á Statnett 85% meginflutningskerfisins, en aðrir aðilar, um 20 rafveitur og framleiðendur, eiga um 15% flutningslína. Statnett annast kerfisstjórn alls flutningskerfisins, en greiðir öðrum eigendum flutningslína fyrir afnot af línum þeirra.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu kerfi. Til þess að byggja ný raforkuver þarf að uppfylla kröfur sem settar eru í skipulagslögum og umhverfislögum. Endanleg ákvörðun um nýjar stærri virkjanir er tekin af ráðherra og staðfest af Stórþinginu.

Flutnings- og dreifikerfinu er skipt í þrjú stig, miðnetið, svæðisveitur og dreifiveitur. Statnett annast rekstur miðnetsins en fylkin og sveitarfélög í sumum tilvikum annast svæðisdreifinguna en sveitarfélög staðbundnari dreifingu. Miðnetið er skilgreint sem þær línur sem eru reknar á yfir 132 kV spennu, svæðisnetið eru línur niður að 22 kV spennu og dreifiveitur eru með spennu þar fyrir neðan. Samtals eru nú um 215 netfyrirtæki í Noregi, þar af eru 54 sem sinna einungis flutningi og dreifingu, hin hafa einnig með höndum framleiðslu og sölu.

Heimila verður aðgang að flutnings- og dreifikerfinu á grundvelli birtrar gjaldskrár. Greitt er fyrir úttekt og mötun, þ.e. punktgjaldskrá. Í miðnetinu er sama gjaldskrá að teknu tilliti til jaðartapa og afhendingaröryggis. Í svæðisnetinu er hins vegar reiknaður raunverulegur kostnaður á hverju svæði. Dreifikerfið skiptist í dreifiveitusvæði og gildir sama gjaldskrá á hverju svæði.

Eins og fram hefur komið er flutningskerfið rekið sem sérstakt fyrirtæki en dreifiveitum ber að halda vinnslu eða sölu raforku aðskilinni frá dreifistarfseminni í bókhaldi.

NVE (norska orkustofnunin) er hinn almenni eftirlitsaðili með leyfum. Kostnaður greiðist af leyfishöfum. Stofnunin setur netfyrirtækjum tekjuramma við gjaldskrárgerð þeirra og annast eftirlit með starfsemi þeirra. Samningar eru milli NVE og samkeppnisstofnunarinnar norsku um verkaskiptingu á eftirliti raforkufyrirtækjanna. Löggildingarstofan (Produkttilsynet) hefur tæknilegt eftirlit með raforkufyrirtækjunum.

4.6. Nýja-Sjáland.

Fyrsta skrefið í átt að breytingu á raforkumarkaði í Nýja-Sjálandi var tekið árið 1987 með því að gera raforkudeild orkuráðuneytisins að sérstöku fyrirtæki, Electricity Corporation of New Zealand (ECNZ), sem sá um mestalla vinnslu (95%) og flutning á raforku. Ný raforkulög komu til framkvæmda árið 1993. Á grundvelli þeirra var frelsi í viðskiptum komið á í tveimur áföngum þannig að fullt frelsi komst á árið 1994.

Nýja-Sjáland líkist Íslandi að því leyti að raforkukerfið byggist að mestu á vatnsafli (60%) og er ekki tengt við önnur lönd. Gas og kol anna þó um 36% framleiðslunnar og jarðvarmi að mestu því sem á vantar en heildarframleiðslugeta er rúmlega 8300 MW.

Flutningskerfi Electricity Corporation of New Zealand var aðskilið frá framleiðslunni árið 1993. Þremur árum síðar (1996) var Contact Energy stofnað með um 22% af eignum ECNZ í virkjunum. Frekari sundurgreining framleiðslunnar átti sér stað 1998 með stofnun þriggja nýrra framleiðslufyrirtækja úr eignum ECNZ sem áfram eru þó í eigu ríkisins. Ekkert af fjórum stærstu orkuframleiðslufyrirtækjanna var á sl. ári með meira en 30% markaðshlutdeild og samtals þjóna þau um 85% markaðarins.

Fyrir markaðsvæðingu sáu um 60 mismunandi rafveitur um raforkudreifingu. Þessum fyrirtækjum hefur fækkað og voru þau á sl. ári orðin 30 í eigu bæði opinberra aðila og einkaaðila.

Í október 1996 var stofnaður raforkumarkaður (NZEM), þar sem nú er verslað með um ¾ allrar raforku í landinu. Afgangurinn eru beinir tvíhliða samningar kaupenda og seljenda. Markaðinum þjónar flutningafyrirtækið Transpower, sem einnig sér um kerfisstjórn, og fyrirtækið EMCO sem rekur markaðinn. Markaðurinn er svokallaður „blindur" markaður, þ.e. kaupandi og seljandi vita ekki deili hvor á öðrum þegar þeir bjóða. Jaðarverð á markaðinum er skilgreint í hálfrar klst. tímaeiningum fyrir hverja 244 afhendingarpunkta kerfisins, þar sem tekið er tillit til orkutapa og flutningstakmarkana. Verðið ræðst af því tilboðsverði, þegar eftirspurn er jöfn framboði. Upprunaleg tilboð eru síðan aðlöguð 1–2 klst. fram í tímann. Kerfisstjóri stýrir framleiðslu og gangsetningu virkjana miðað við tilboð á markaðinum þannig að jafnvægi náist. Sérstakt samkomulag er um mælingar og uppgjör sem nær einnig til viðskipta utan NZEM svo og um gæði og afhendingaröryggi hjá flutningsaðilanum Transpower.

Gjald fyrir orkuflutning hjá Transpower er metið á grundvelli hagkvæmustu endurnýjunar flutningsvirkja og er gjaldið, sem er mismunandi eftir afhendingarpunktum, metið út frá flæði aflsins um flutningskerfið. Sérstaklega er hugað að því að „sokkinn" kostnaður eldri mannvirkja hafi ekki áhrif á verðlagninguna en á hinn bóginn er hvatt til að flutningstakmarkanir hafi í gegnum verðlagningu hvetjandi áhrif á fjárfestingar Transpower til að aflétta slíkum takmörkunum.

4.7. Svíþjóð.

Frelsi í viðskiptum með raforku var komið á árið 1996. Löggjöfin hefur verið í þróun síðan og tekið nokkrum breytingum. Meðal annars hefur reglum um mælaeign og gjaldskrá verið breytt. Reglur um mælaeign voru með þeim hætti að notendur urðu að greiða mælakostnað

þegar skipt var um seljanda. Kostnaðurinn nam u.þ.b. 80.000 ísl. kr. og kom nær alveg í veg fyrir að notendur skiptu um seljanda. Nú bera notendur nær engan kostnað vegna þessa.

Í Svíþjóð eru starfrækt u.þ.b. 300 vinnslufyrirtæki. Þar af eru átta fyrirtæki með langstærstan hluta markaðarins eða 90%. Vattenfall er þeirra stærst með um 55% af framleiðslunni. Það er alfarið í eigu ríkisins. Sydkraft er næststærst með u.þ.b. 20% af framleiðslunni. Það er í eigu sveitarfélaga og nokkurra orkufyrirtækja, þar á meðal norskra og þýskra. Vinnsla raforku er aðallega byggð á vatns- og kjarnorku. Heildarframleiðsla árið 1999 var 150,5 TWst. Þar af var vatnsorka 70,4 TWst en kjarnorka 70,1 TWst. Sænska þingið samþykkti orkuáætlun árið 1997. Stefnt er að því að draga úr notkun kjarnorku við raforkuframleiðslu. Ekki má veita nein ný leyfi vegna kjarnorkuvera.

Sænski uppboðsmarkaðurinn er sameiginlegur þeim norska og nefnist Nord Pool. Hann er opinn fyrir alla notendur. Meiri hluti viðskipta á sér þó stað á grundvelli langtímasamninga sem gerðir voru áður en markaðurinn var opnaður. Fram til ársins 1999 þegar fullu frelsi í raforkusölu var komið á var dreifiveitum skylt að selja notendum orku á svæðinu. Slíkum skyldum hefur nú verið aflétt. Um 10% notenda hafa skipt um seljanda.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Raforkulögin innihalda þó engar reglur um veitingu virkjanaleyfa. Til þess að byggja ný raforkuver þarf að uppfylla kröfur sem settar eru í skipulagslögum, umhverfislögum og auðlindalögum.

Netið skiptist í þrjú stig, flutningskerfið (220 kV og hærra), aðveitukerfið (20 kV og hærra) og dreifikerfið. Flutningskerfið er í eigu ríkisins og rekið af Svenska Kraftnät sem einnig annast stýringu raforkukerfisins. Aðveitur eru í eigu átta stórra raforkuframleiðenda. Dreifikerfið er í eigu um 250 fyrirtækja sem flest eru í eigu sveitarfélaga. Flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum ber að tengja nýja viðskiptavini á grundvelli gjaldskrár sem skal birt opinberlega. Dreifiveitur hafa sérleyfi til dreifingar á svæðum sínum.

Gjaldskrá verður að taka mið af hagsmunum notenda og verður að vera stöðug og sanngjörn. Á hverju dreifiveitusvæði gildir sama gjaldskrá. Gjaldskrá vegna flutnings er byggð upp með þeim hætti að aflgjaldið og orkugjaldið er breytilegt eftir staðsetningu inntaks og úttaks. Þannig er dýrara að taka út orku í Suður-Svíþjóð en í norðurhluta landsins en því er öfugt farið með innmötun. Helgast það af lengd landsins og því að meiri hluti virkjana er í norðurhluta landsins.

Krafist er fyrirtækjaaðskilnaðar milli einokunar- og samkeppnisþátta á orkusviði. Ef flutnings- eða dreififyrirtæki tekur þátt í annars konar starfsemi verður að aðgreina þá starfsemi í bókhaldi.

Sérstök deild innan sænsku orkustofnunarinnar (Energimyndigheten) fer með eftirlit samkvæmt raforkulögunum. Almennt samkeppniseftirlit er í höndum samkeppnisyfirvalda.

5. Öryggi raforkuframboðs.

Stöðugt og öruggt framboð raforku er gríðarlega mikilvægt fyrir alla starfsemi í þjóðfélaginu. Samkvæmt gildandi lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, ber Landsvirkjun skylda til að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt. Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er lagt til að framangreind skylda Landsvirkjunar falli niður.

Á því er byggt í frumvarpi þessu að lögmál markaðarins um framboð og eftirspurn tryggi almennt fullnægjandi framboð raforku. Lykilatriði til að tryggja nægilegt framboð raforku í markaðskerfi er að efnahagslegir hvatar séu til að byggja nýjar virkjanir með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir vaxandi eftirspurn og ekki séu illfærar tálmanir af öðru tagi í vegi fyrir því. Til að stuðla að virkni markaðarins og öryggi í raforkuframboði er nauðsynlegt að upplýs-

ingar um framleiðslu og framtíðareftirspurn séu ábyggilegar og greinargóðar. Í frumvarpinu er mælt fyrir um að flutningsfyrirtækið skuli standa að spá um framboð og eftirspurn raforku og áætlun um uppbyggingu raforkukerfisins. Á fjögurra ára fresti á ráðherra að gefa Alþingi skýrslu um raforkumál. Slík skýrslugjöf til Alþingis er mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf og framtíðarstefnumótun í orkumálum. Til að tryggja frekar framboð raforku er í frumvarpinu mælt fyrir um að við veitingu virkjunarleyfis megi setja skilyrði til að tryggja framboð raforku. Geta slík skilyrði til að mynda lotið að því að virkjunarleyfishafi verði að fullnýta vinnslugetu virkjunar ef þörf krefur vegna raforkueftirspurnar. Þá er lagt til að flutningsfyrirtækið geti í neyðartilvikum gripið til skömmtunar raforku.

Í áðurnefndum tillögum framkvæmdastjórnar EB um breytingar á tilskipun 96/92/EB er vikið að nauðsyn þess að tryggja nægilegt framboð raforku. Fjallað er um mikilvægi upplýsingasöfnunar um framboð og eftirspurn og skýrsluskylda lögð á ríkin í þessu sambandi. Þá er lagt til að ríkin eigi að geta boðið út nýja framleiðslu ef þörf krefur. Ekki þykir rétt á þessu stigi að innleiða slíka útboðsleið í lög.

Eftirfarandi myndir sýna raforkunotkun á Íslandi árin 1990–2000, orkuvinnslu og orkuvinnslugetu á sama tímabili og orkuspá fram til ársins 2024. Mynd 1 sýnir heildarvinnslu en mynd 2 eingöngu forgangsorku. Mynd 3 sýnir spá orkuspárnefndar um orkuþörf til 2024.

Mynd 1.



Mynd 2.



Mynd 3.



Reynsla ríkja af markaðsvæðingu hefur almennt verið góð með tilliti til öryggis í framboði raforku. Að undanförnu hefur raforkuskortur í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum verið mikið til

umræðu. Óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því við Friðrik Má Baldursson, rannsóknarprófessor við Háskóla Íslands, að hann tæki saman greinargerð um orsakir raforkuskortsins og hvað Íslendingar gætu lært af þeim. Í greinargerðinni sem fylgir frumvarpi þessu, sjá fylgiskjal VI, kemur m.a. fram að margir þættir hafi lagst á eitt í Kaliforníu. Markaðsvæðingin sem slík hafi ekki verið orsakavaldur í því sambandi heldur frekar ýmsar hömlur sem inn í hana hafi verið byggðar svo og aðrir þættir, svo sem flóknar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem hafi stöðvað byggingu nýrra orkuvera. Telur hann að miðað við drög að frumvarpi til raforkulaga sé ákaflega ólíklegt að Ísland lendi í sömu ógöngum og Kaliforníuríki.

6. Efni frumvarpsins.

6.1. Almennt.

Með frumvarpinu er stefnt að því að skapa forsendur fyrir samkeppni, auka skilvirkni í flutningi og dreifingu og tryggja gæði og öryggi afhendingar og neytendavernd. Taka á tillit til umhverfissjónarmiða og í því sambandi stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Með þessu á að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi í því skyni að efla atvinnulíf og byggð í landinu. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni. Tryggja verður jafnræði aðila á markaði. Aðskilnaður samkeppnisþáttanna, vinnslu og sölu, frá einokunarstarfsemi, flutningi og dreifingu, afnám einkaréttinda og skyldna í samkeppnisþáttum og jafnt aðgengi að flutnings- og dreifikerfi eru þar höfuðatriði. Þá er stefnt að auknu aðhaldi í rekstri flutnings- og dreifikerfis og auknu gagnsæi neytendum til hagsbóta. Ættu breytingarnar að gera vinnslu, flutning, dreifingu og viðskipti með raforku eins skilvirk og hagkvæm og kostur er. Breytingarnar miða að því að koma á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Samhliða er stefnt að því að draga úr opinberum rekstri. Breytingar í frjálsræðisátt í öðrum löndum urðu oftast af því að talið var að það skipulag sem var við lýði hefði leitt til óhagkvæmni og ósveigjanleika í rekstri, fjárfestingu og verðlagningu. Markaðsskipulagið hefur sannað yfirburði sína í viðskiptum með vöru og þjónustu og leiðir til hagkvæms skipulags og fjölbreyttrar og sveigjanlegrar þjónustu.

Frumvarpið byggir á því að öll vinnsla, flutningur, dreifing og sala á raforku verði rekin á einkaréttarlegum grundvelli. Ætlunin er að vinnsla og sala á raforku verði rekin á samkeppnisgrundvelli í markaðskerfi með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Aftur á móti verði starfsemi þeirra fyrirtækja er annast flutning og dreifingu á raforku byggð á sérleyfi enda um náttúrulega einokun að ræða. Af þeim sökum verða settar ítarlegar reglur um flutning og dreifingu í reglugerð til viðbótar ákvæðum laganna til þess að tryggja hagsmuni neytenda annars vegar og jafnrétti þeirra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu og sölu á raforku hins vegar. Jafnframt verða þau fyrirtæki, er starfa að flutningi og dreifingu, háð opinberu eftirliti Orkustofnunar en stjórnvaldsákvarðanir hennar þar að lútandi verða kæranlegar til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr. frumvarpsins.

Hvað flutningskerfið varðar er í frumvarpinu að verulegu leyti stuðst við niðurstöður flutningsnefndarinnar, sbr. kafli 1.2. Í nokkrum atriðum er þó vikið frá áliti hennar og ber þar helst að nefna:

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að flutningsnetið nái niður á 30 kV spennu og dreifikerfi taki við á spennu neðan 30 kV.
2. Lagt er til að iðnaðarráðherra beiti sér fyrir stofnun fyrirtækis um flutningskerfið, en ekki verði um þvingaða eignaraðild eigenda flutningsvirkja. Um tilnefningu fyrirtækisins er fjallað í 8. gr. frumvarpsins. Eigendur flutningslína verða að veita flutningsfyrirtækinu afnot af þeim gegn endurgjaldi. Fyrirtækið getur eitt byggt ný flutningsvirki.

3. Í frumvarpinu er ekki gerð krafa um að raforkufyrirtæki verði rekin í hlutafélagaformi. Landsnetsnefndin lagði til að öll fyrirtæki skyldu rekin í formi hlutafélags. Með því átti m.a. að tryggja skattalegt jafnræði allra aðila á markaði. Miðað er við að tryggja jafnræði milli fyrirtækja í skattalegu tilliti óháð eignarformi þeirra með breytingum á skattalöggjöf. Hlutafélagaformið er þó æskilegt m.a. til að fá innlenda og erlenda fjárfesta til að taka þátt í byggingu virkjana hér á landi og draga þar með úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju.

Ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig flutningi raforku skuli háttað. Undanfarið ár hefur starfað vinnuhópur sem í eru fulltrúar þeirra orkufyrirtækja sem eiga flutningsmannvirki, en orkumálastjóri hefur leitt starf hópsins. Hlutverk hópsins er að kanna hvort og með hvaða hætti fyrirtækin vilji stofna sameiginlega fyrirtæki um raforkuflutning, sbr. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Í hópnum hefur verið farið yfir hugsanleg stofnskjöl slíks fyrirtækis svo og efnahags- og rekstaráætlanir. Hefur ágreiningur m.a. staðið um hvernig afmarka skuli flutning og dreifingu raforku, hvort eitt fyrirtæki eða fleiri eigi að annast raforkuflutning og hvernig gjaldtöku vegna flutnings skuli háttað. Þar sem ekki hefur náðst nægileg samstaða um þessi atriði er eins og áður greinir gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins um flutning raforku taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 2004. Þá er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem skuli fjalla um þessi atriði og koma með tillögur eigi síðar en 31. desember 2003 í formi lagafrumvarps. Þannig gefst tækifæri til að breyta því fyrirkomulagi flutnings sem lagt er til í frumvarpinu áður en það öðlast gildi. Um þessi atriði og fyrirkomulag flutnings til 1. júlí 2004 er fjallað í bráðabirgðaákvæði VII og VIII við frumvarpið.

6.2. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu á rafmagni – forsenda samkeppni.

Forsenda samkeppni í viðskiptum með raforku er aðskilnaður samkeppnisstarfsemi og einokunarþátta, þ.e. vinnslu og sölu annars vegar og flutnings og dreifingar hins vegar. Með aðskilnaðinum er lagður grunnur að markaðskerfi. Í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku er þess krafist að ríki tryggi a.m.k. bókhaldslegan aðskilnað milli einokunar- og samkeppnisþátta. Þá er þess krafist að sá er annast kerfisstjórnun sé stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi. Eins og fram kemur í 3. kafla athugasemdanna hefur framkvæmdastjórn EB kynnt tillögur um breytingar þar sem gerðar eru kröfur um fyrirtækjaaðskilnað. Í sumum löndum EB hefur verið farin sú leið að krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar milli samkeppnis- og einokunarþátta. Ítarlegri umfjöllun um þetta er í 4. kafla. Í því frumvarpi sem lagt var fram til kynningar á 126. löggjafarþingi var lagt til að sú leið yrði farin hér á landi. Með því þótti tryggt að engar óeðlilegar millifærslur gætu átt sér stað milli samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi og að eftirlit yrði auðveldara. Ekki voru gerðar kröfur um eignaraðild. Því nægði þeim fyrirtækjum sem í dag stunda t.d. vinnslu, dreifingu og sölu að stofna dótturfyrirtæki til að fullnægja aðskilnaðarkröfum. Gerð var krafa um bókhaldslegan aðskilnað milli einstakra sérleyfisþátta, svo sem dreifingar á fleiri dreifiveitusvæðum. Þá urðu dreifiveitur líkt og flutningsfyrirtækið að vera stjórnunarlega sjálfstæðar. Fulltrúar dreifiveitna gerðu athugasemdir við að krafist væri fyrirtækjaaðskilnaðar. Töldu þeir rangt að ganga lengra en tilskipun 96/92/EB krefst. Bent var á smæð íslenskra fyrirtækja og að aðskilnaður þeirra mundi leiða til aukins kostnaðar í rekstri. Vegna þeirrar sterku andstöðu sem kom fram var leitað leiða til að tryggja eins og kostur er sömu markmið og um væri að ræða fyrirtækjaaðskilnað. Til að tryggja að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af sérleyfisstarfsemi verða dreifiveitur samkvæmt frumvarpinu í bókhaldi sínu að skilja reikninga vegna dreifingar frá samkeppnisstarfsemi. Þá verður að halda bókhaldi vegna vinnslu og vegna sölu aðskildu frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Kveðið er á um að niðurgreiðslur á samkeppnisrekstri af sérleyfisrekstri séu óheimilar. Þá er samkeppnisráði

veitt heimild til að mæla fyrir um aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisþátta fyrirtækja. Ljóst er að þessi breyting hefur í för með sér aukið eftirlit sem verður bæði umfangsmeira og kostnaðarsamara. Virkt eftirlit samkeppnisyfirvalda er afar mikilvægt. Samkeppnisráð skal grípa til þessarar aðskilnaðarheimildar telji það að að öðrum kosti verði ekki tryggt að niðurgreiðslur eigi sér ekki stað. Kann samkeppnisráð að komast að slíkri niðurstöðu, m.a. vegna þess að upplýst er að brot hafi átt sér stað eða það telji hættuna á slíkum brotum réttlæta aðskilnað.

Líkt og í fyrri frumvörpum er flutningsfyrirtæki óheimilt að taka þátt í annarri starfsemi en nauðsynlegt er vegna hlutverks þess samkvæmt frumvarpinu. Mikilvægt er að fyrirtækið njóti trausts og hlutleysi þess verði ekki dregið í efa.

Áfram er krafist reikningslegs aðskilnaðar í bókhaldi milli einstakra sérleyfisþátta. Er það nauðsynlegt vegna gjaldskrárreglna.

Aðskilnaðarkröfur frumvarpsins fela það í sér skv. 41. gr. að sundurliða verður ársreikning, bæði rekstrarreikning og efnhagsreikning, eftir mismunandi starfsemi fyrirtækis. Miklu máli skiptir að fyrirtæki geri grein fyrir því hvernig tekjum, kostnaði og eignum og eftir atvikum langtímaskuldum sem ekki er unnt að heimfæra beint á tiltekna starfsemi er skipt. Fyrirtækjunum eru sett viðmið í þessu sambandi sem þau verða að fylgja en þó getur verið eðlilegt að skiptingin sé að einhverju leyti mismunandi frá einu fyrirtæki til annars. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að Orkustofnun geti veitt heimild til að beita öðrum aðferðum en mælt er fyrir um. Sundurliðaður ársreikningur gæti litið svona út:

Rekstrarreikningur	Starfsemi A	Starfsemi B	Starfsemi C	Starfsemi D	Útjöfnun	Samtals
Rekstrartekjur						
Sala	100	120	140	160		520
Sala milli mismunandi starfsemi		50		20	(70)	0
Aðrar tekjur	10	5	5	8		28
	110	**175**	**145**	**188**	**(70)**	**548**
Rekstrargjöld						
Beinn kostnaður	50	60	80	90		280
Aðkeypt milli mism. starfsemi		20	20	30	(70)	0
Sameiginlegur kostnaður – skipt	40	40	45	45		170
	90	**120**	**145**	**165**	**(70)**	**450**
Rekstrarhagnaður	20	55	0	23	0	98
Vaxtatekjur						
Beinar	4					4
Skipt	2	2	2	2		8
Vaxtagjöld						
Bein	-5					-5
Skipt	(15)	(20)	(10)	(10)		-55
Hagnaður fyrir skatta	6	37	(8)	15	0	50
Skattar	-2	-11	2	-5	0	-15
Hagnaður án óreglulegra liða	4	26	(6)	11	0	35
Óreglulegir rekstrarliðir	12	0	0	0	0	12
Hagnaður (tap) tímabilsins	**16**	**26**	**(6)**	**11**	**0**	**47**

Efnahagsreikningur	Starfsemi A	Starfsemi B	Starfsemi C	Starfsemi D	Útjöfnun	Samtals
Eignir í rekstri:						
Fastafjármunir						
Tengd starfsemi	150	160	180	200		690
Sameiginleg – skipt	10	10	10	10		40
Aðrar langtímaeignir	5	5	5	5		20
Veltufjármunir	20	25	30	40		115
Skammtímaskuldir	(15)	(18)	(20)	(25)		(78)
Eignir í rekstri alls	**170**	**182**	**205**	**230**	**0**	**787**
Fjármögnun:						
Eigið fé	30	40	120	160		350
Langtímaskuldir	140	142	85	70		437
Fjármögnun alls	**170**	**182**	**205**	**230**	**0**	**787**

Orkustofnun mun hafa eftirlit með því að ársreikningurinn sé í samræmi við lögin og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og eiga ákvæði VII. kafla frumvarpsins við m.a. um heimildir og úrræði Orkustofnunar vegna eftirlitsins. Rétt er þó að árétta að samkeppnisyfirvöld hafa einnig eftirlit með aðskilnaði í bókhaldi fyrirtækja á grundvelli samkeppnislaga.

6.3. Raforkuvinnsla.

Lagt er til að vinnsla raforku verði gefin frjáls. Verði frumvarpið að lögum munu þeir sem við gildistöku laganna hafa rétt til að reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum, sbr. bráðabirgðaákvæði II. Á það t.d. við um leyfi sem grundvallast á lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Þær skyldur sem vinnslufyrirtæki verða að uppfylla eiga þó við um alla leyfishafa, svo sem um bókhald og skyldu til að tengjast flutningskerfinu.

Eins og frá greinir í 3. kafla athugasemdanna er í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku gert ráð fyrir tveimur kostum við val á nýjum virkjanaframkvæmdum. Annars vegar útboðsleið og hins vegar leyfisveitingarleið. Í báðum tilvikum verður að byggja á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum sem eiga að tryggja jafnræði. Öll ríki EB að einu undanskildu hafa valið leyfisveitingarleiðina og er lagt til að svo verði einnig gert hér. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur og gefist vel. Er byggt á leyfisveitingum í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Samkvæmt frumvarpinu þarf því leyfi ráðherra til að nýta orkulindir til raforkuvinnslu og til að reisa og reka raforkuver. Leyfi ráðherra þarf þó ekki ef um er að ræða virkjun undir 1 MW. Þess er krafist að framkvæmdir séu hafnar innan 10 ára og lokið innan 15 ára frá útgáfu leyfis.

Líkt og samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er heimilt að innheimta gjald fyrir nýtingu auðlinda á jörðum í ríkiseign. Um innheimtu slíks gjalds í þjóðlendum fer samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sbr. 38. gr. frumvarpsins.

Lagt er til í 40. gr. frumvarpsins að um rannsóknir á auðlindum til raforkuvinnslu fari samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt þeim getur rannsóknarleyfishafi fengið fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.

Lagt er til að fyrirtækjaform verði frjálst en að fyrirtækin séu sjálfstæðir skatt- og lögaðilar. Hefur fjármálaráðherra skipað starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði.

Í frumvarpinu eru talin upp þau sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu leyfis til að reisa og reka raforkuver. Talningin er tæmandi og byggist á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Ekki er heimilt að synja um virkjunarleyfi á þeirri forsendu einni að framboð raforku sé fullnægjandi.

6.4. Raforkuflutningur.

6.4.1. Stærð flutningskerfisins.

Nokkrir möguleikar hafa verið ræddir í sambandi við hvaða línur skuli falla undir flutningskerfið. Þeir eru helstir:

1. Núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar.
2. Flutningskerfi Landsvirkjunar auk tilgreindra annarra lína. (Landsnetsnefndin lagði til að flutningskerfið næði til kerfis Landsvirkjunar, Nesjavallalínu og Svartsengislínu.)
3. Allt flutnings- og aðveitukerfi raforku, þ.e. niður á 30 kV.
4. Allt flutnings- og dreifikerfið, þ.e. allt til endanlegra notenda.

Í frumvarpinu er leið 3 lögð til með smávægilegum frávikum, sbr. 3. og 11. gr. frumvarpsins. Í skýrslu landsnetsnefndar var talið að ef flutningskerfið næði niður á 30 kV mætti ná fram hagræðingu í rekstri. Með þessu er einnig tryggt að allar dreifiveitur tengjast flutningskerfinu. Leiðir 1 og 2 tryggja ekki slíka tengingu. Leið 4 er einföld og fyrir henni má færa ákveðin hagkvæmnisrök. Hins vegar kemur hún í veg fyrir að rekstrarlegur samanburður náist milli dreifiveitna. Þá er ólíklegt að um hana náist nægileg samstaða.

Lagt er til að flutningskerfið skiptist í tvo hluta. Annars vegar er meginflutningskerfið sem er núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar en að auki tengilínur að helstu virkjunum annarra orkufyrirtækja en það eru í dag virkjanir í Svartsengi og á Nesjavöllum auk Andakílsárvirkjunar, Laxárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar, sbr. nánari skilgreiningu í 3. gr. Hins vegar teljist til flutningskerfisins önnur flutningsvirki sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Skýrist skiptingin af mismunandi sjónarmiðum um gjaldskrá í hvorum hluta.

RAFORKUKERFI ÍSLANDS



Dreifikerfið tekur við þar sem flutningskerfinu sleppir. Tekið er tillit til þess að lína getur í eðli sínu verið dreifilína óháð spennu. Þannig telst lína sem liggur alfarið innan dreifiveitusvæðis ekki flutningslína þó hún sé á 30 kV eða hærri spennu enda tengist hún ekki virkjun sem skylt er að tengjast flutningskerfinu. Mörk dreifiveitusvæða eru því mikilvæg í þessu sambandi.

Gert er ráð fyrir því að fyrirtæki sem vinna raforku, sölufyrirtæki og notendur geti undir vissum kringumstæðum sótt um sérstakt leyfi til ráðherra til að leggja raflínu og flytja raforku beint frá virkjun til viðkomandi notanda. Slík lína teldist ekki hluti af flutningskerfinu. Meginreglan er hins vegar sú að allar línur sem sinna raforkuflutningi frá virkjun eiga að vera hluti af flutningskerfinu.

Eins og greinir í kafla 6.1. og í athugasemdum við bráðabirgðaákvæði VII og VIII öðlast sú afmörkun á flutningskerfinu sem hér er lýst fyrst gildi 1. júlí 2004. Kann svo að fara að nefnd sú sem sett skal á fót samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII komi með tillögur um aðra afmörkun sem verði að lögum í stað þessarar.

6.4.2. Kerfisstjórnun og rekstur flutningskerfisins.

Í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins verður að tryggja að flutningskerfið tryggi gæði raforku og öryggi og áreiðanleika raforkuafhendingar fyrir landið í heild á hagkvæman hátt. Í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku er gerð sú krafa að stýring raforkukerfisins sé

falin ákveðnum aðila sem skuli bera ábyrgð á henni og er þar kveðið á um hvert skuli vera hlutverk hans. Nokkrir möguleikar hafa verið ræddir í þessu sambandi:

1. Einn eigandi að öllu flutningskerfinu sem einnig verði kerfisstjóri. Stofnað verði fyrirtæki og öll flutningsfyrirtæki verði að leggja flutningsvirki sín inn í það. Verðmæti eignanna verði metið til hlutafjár. Þetta var tillaga landsnetsnefndarinnar.
2. Margir eigendur að flutningskerfinu en eitt fyrirtæki sem ráðherra tilnefnir reki flutningskerfið og annist kerfisstjórnun. Fyrirtækjum verði gert að heimila flutningsfyrirtækinu afnot af flutningsvirkjum sínum gegn eðlilegu endurgjaldi. Úrskurðarnefnd ákvarði leiguna ef samkomulag næst ekki. Flutningsfyrirtækið beri ábyrgð á uppbyggingu kerfisins og hafi eitt heimild til að reisa nýjar línur.
3. Margir eigendur að flutningskerfinu og hver reki sína línu. Eitt netfyrirtæki sem ráðherra tilnefnir beri ríkari skyldur en önnur. Viðkomandi fyrirtæki væri kerfisstjóri og bæri að byggja upp kerfið eftir því sem almannahagsmunir krefjast. Lagt verði mat á hver sé kostnaður vegna öryggis og uppbyggingar og innheimt verði gjald af öllum virkjunum eða notendum til að standa undir slíkum kostnaði.
4. Margir eigendur að flutningskerfinu og hver reki sína línu. Ekkert fyrirtæki beri ábyrgð umfram önnur. Kerfisstjóri getur verið opinber aðili eða einkaaðili. Hann geri áætlun um uppbyggingu kerfisins. Enginn beri ábyrgð á uppbyggingunni og við það sé miðað að einkafyrirtæki muni vilja byggja upp línur séu þær hagkvæmar. Séu línur ekki hagkvæmar eigi almennt ekki að ráðast í byggingu þeirra. Ef þess er engu að síður þörf standi ríkið á einn eða annan hátt að slíkri byggingu.

Í frumvarpinu er lagt til að leið 2 sé farin. Gagnrýna má leið 4 að því leyti að hún tryggi ekki nægilegt öryggi þar sem á skortir að einhver beri ábyrgð á uppbyggingu kerfisins. Leið 1 hefur einkenni eignarnáms og er því mjög íþyngjandi. Hún sætti töluverðri gagnrýni þegar frumvarpið var kynnt hagsmunaaðilum 1999. Leið 2 og 3 eiga báðar að geta náð tilsettum markmiðum um öryggi og áreiðanleika að því gefnu að haft sé eftirlit með hinu ábyrga fyrirtæki. Á það bæði við um að öryggi sé ekki vanrækt og að þörf þess sé ekki ofmetin. Leið 2 er einfaldari en leið 3 í framkvæmd og tryggir betur samkvæmni í gjaldskrá.

Þó ekki sé lagt til í frumvarpinu að stofnað verði sérstakt flutningsfyrirtæki með lagaboði er æskilegt að þróunin verði sú að eitt fyrirtæki bæði eigi og reki allt flutningskerfið. Ætti það að geta leitt til einfaldari og hagkvæmari reksturs. Miða ákvæði 8. og 9. gr. frumvarpsins að þessu markmiði. Ekki er tilgreint í frumvarpinu hver skuli vera kerfisstjóri og rekstraraðili kerfisins. Lýst er hvernig ráðherra skuli standa að vali á viðkomandi aðila. Hann skal beita sér fyrir stofnun fyrirtækis með aðkomu eigenda flutningsvirkja við gildistöku laganna. Ekki er skilyrði að allir eigendur flutningsvirkja eigi aðild að fyrirtækinu þó það sé æskilegast. Náist ekki að stofna slíkt fyrirtæki er gert ráð fyrir að stofnað verði ríkisfyrirtæki til að annast þessa starfsemi. Til að tryggja hlutleysi kerfisstjóra er m.a. gerð krafa um að hann sé rekstrarlega og stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi.

Eins og fyrr segir tekur það skipulag um kerfisstjórnun sem hér er lýst fyrst gildi 1. júlí 2004, sbr. jafnframt hugsanlega endurskoðun á þessum ákvæðum.

6.4.3. Gjaldskrá.

Flutningskerfi raforku hefur verið byggt upp á síðustu áratugum til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Af þessum sökum hefur verið unnt að ráðast í hagkvæmar virkjanir fjarri þeim svæðum þar sem raforkunotkunin er mest en það hefur síðan skilað sér í hagkvæmu heildarkerfi. Eðlilegt er að allir landsmenn taki jafnan þátt kostnaði vegna meginflutningskerfisins með líkum hætti og verið hefur. Í frum-

varpinu er lagt til að gjaldskrá vegna flutnings endurspegli þessi sjónarmið. Gjaldskrá fyrir flutning raforku getur verið með ýmsum hætti. Hún þarf að vera einföld, gagnsæ og stöðug. Jafnframt þarf hún að tryggja flutningsfyrirtækinu nægilegar tekjur til að standa undir kostnaði við rekstur og uppbyggingu kerfisins. Kostnaði flutningsfyrirtækisins má skipta niður á eftirtalda þætti:

- Fjármagnskostnað.
- Kostnað við viðhald og rekstur kerfisins.
- Kostnað við yfirstjórn.
- Óbeinan kostnað, t.d. vegna eftirlits, leyfisgjalda o.fl.
- Kostnað vegna orkutapa.
- Kostnað við ýmsa þjónustu, svo sem launafl.
- Kostnað við varaafl til að tryggja rekstur kerfisins.

Síðustu þrír liðirnir eru breytilegir en að öðru leyti er um fastan kostnað að ræða.

Þrjár meginaðferðir hafa verið notaðar við að skipta kostnaði við flutning niður á notendur. Þær eru:

- *Meðalkostnaðaraðferð.* Þá er fjármagns- og rekstrarkostnaði skipt niður á notendur í hlutfalli við notkun þeirra á flutningskerfinu.
- *Viðbótarkostnaðaraðferð.* Þá þurfa nýir notendur að greiða fyrir þann kostnað sem verður vegna notkunar þeirra á kerfinu.
- *Jaðarkostnaðaraðferð.* Þá greiða notendur verð í samræmi við kostnað kerfis af aukinni notkun.

Hér á landi hefur meðalkostnaðaraðferð verið beitt og auk þess viðbótarkostnaðaraðferð í samningum vegna stóriðju. Í frumvarpinu er svipuð leið farin.

Helstu leiðir sem til greina koma við uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutningskerfið eru:

- *Vegalengdarleið.* Samkvæmt henni er gjaldið reiknað miðað við flutningsleið frá framleiðanda til úttaks fyrir rafmagnið. Með þessari leið er hægt að nálgast kostnað við flutning til einstakra notenda en hún kallar á flókna reikninga og er illskiljanleg fyrir notendur. Sjaldgæft er að þessi leið sé farin.
- *Punktgjaldskrá.* Í nágrannalöndunum eru gjaldskrár nánast alltaf byggðar upp sem punktgjaldskrár, þ.e. notandinn sér einungis gjald í þeim punkti sem hann tengist óháð því hvaðan orkan kemur. Einstakir gjaldaliðir geta síðan verið breytilegir eða þeir sömu á milli punkta. Slík gjaldskrá er því ekki háð vegalengd flutnings. Í punktgjaldskrá er tekið gjald fyrir mötun og úttekt af kerfinu í hverjum tengipunkti, þ.e. afhendingar- og mötunarstað flutningskerfisins. Er þá unnt að taka tillit til raunverulegs kostnaðar við flutning í hverjum punkti.
- *Póstleið.* Í þessari leið er kostnaður óháður fjarlægð en gjaldið er hins vegar háð því magni sem flutt er. Þessari aðferð svipar því til gjaldskrár fyrir póstþjónustu og jafnar kostnað við flutning til notenda. Ókostur við þessa aðferð er að notendur sjá ekki raunverulegan kostnað vegna notkunar sinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að um punktgjaldskrá verði að ræða. Lagt er til að allir landsmenn taki þátt í kostnaði vegna meginflutningskerfisins en tekið verði tillit til mismunandi stofn- og rekstrarkostnaðar í öðrum hlutum þess. Í frumvarpinu er að mestu leyti byggt á sömu sjónarmiðum og í skýrslu landsnetsnefndarinnar. Miðað er við að gjaldaliðir séu eins í öllum punktum meginflutningskerfisins. Sama á við um innmötun í öðrum hlutum flutningskerfisins. Þar taki hins vegar úttektargjald mið af eiginlegum stofn- og rekstrarkostnaði auk kostnaðar vegna meginflutningskerfisins. Lagt er til að taka skuli tillit til afhendingaröryggis í gjaldskrá.

Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna verður að byggjast á eðlilegum kostnaði og arðsemismörkum. Viðmið sem Orkustofnun á að nota við mat á eðlilegum arðsemismörkum eru sett fram í frumvarpinu en þau verða skilgreind nánar í reglugerð. Samkvæmt frumvarpinu verður unnt að krefjast þess að fram komi hagræðing í rekstri ár hvert sem á að skila sér til notenda kerfisins í raunlækkun gjaldskrár. Hagræðingarkrafan getur verið breytileg á milli fyrirtækja og tekur hún mið af eðlilegum kostnaði við þá þjónustu sem fyrirtækið veitir út frá tekjuramma sem Orkustofnun setur. Tekjurammi gefur viðmið um eðlilegar tekjur miðað við þann rekstur sem um er að ræða. Hagræðingarkrafan verður nánar skilgreind í reglugerð. Við gerð frumvarpsins var óskað eftir því að Þjóðhagsstofnun legði mat á eðlileg arðsemismörk. Hún skrifaði álitsgerð sem fylgir frumvarpi þessu, sjá fylgiskjal VII. Þau arðsemismörk sem þar koma fram eru innan þeirra viðmiða sem sett eru í frumvarpinu.

Eftirfarandi dæmi sýna virkni punktgjaldskrár samkvæmt frumvarpinu. Er þá miðað við óbreytt ákvæði megintexta í flutningskafla frumvarpsins, ákvæði sem er ekki ætlað að koma að fullu til framkvæmda fyrr en 1. júlí 2004. Hafa ber í huga að um dæmi er að ræða og ýmsir þættir geta haft áhrif á samanburð á milli staða.

Dæmi 1. Notandi sem tekur orku beint frá aðveitustöð á meginflutningskerfinu:

Þessi notandi greiðir gjald sem miðast við afl sem hann tekur út úr kerfinu á háálagstíma sem skilgreindur verður í gjaldskrá. Gjaldtakan miðast við kostnað í meginflutningskerfinu. Orkugjald reiknast út frá orkutöpum og verði á þeirri orku sem flutningsfyrirtækið þarf að kaupa til að sjá fyrir töpunum í kerfinu.

Dæmi 2. Notandi sem tekur orku frá geislakerfi sem liggur frá meginflutningskerfinu:

Notandinn greiðir samkvæmt gjaldskrá sem gildir fyrir tengipunkt og er hún ekki sundurgreind á milli meginflutningskerfisins og geislalínunnar sem liggur frá meginflutningskerfinu. Við úttekt frá geislalínunni greiðist gjald sem á að standa undir kostnaði við úttekt frá meginflutningskerfinu, eins og rakið er í dæmi 1, auk kostnaðar vegna geislalínunnar sem byggist á raunkostnaði við þá línu. Aflgjald er því hærra en fyrir úttekt beint frá meginflutningskerfinu. Orkugjaldið vegna tapa hækkar einnig þar sem taka þarf tillit til tapa í geislalínunni.

Dæmi 3. Notandi sem tekur orku frá dreifikerfi sem tengist flutningskerfinu í dæmi 2:

Notandi sem tengist dreifikerfinu greiðir fyrir flutning og dreifingu samkvæmt gjaldskrá dreifiveitunnar sem rekur dreifikerfið á svæðinu. Innifalinn er kostnaður vegna dreifingar og flutnings og sér dreifiveitan um uppgjör við flutningsfyrirtækið. Gjaldskrá er yfirleitt einfaldari þegar komið er út í dreifikerfið en í flutningskerfinu og fyrir smáa notendur gæti verið um fastagjald og orkugjald að ræða. Samkvæmt rauntölum liggur meira en helmingur af kostnaði við flutning og dreifingu hér á landi í dreifingunni og er gjaldið hér því verulega hærra en í dæmi 2.

Dæmi 4. Virkjun sem matar orku inn á meginflutningskerfið:

Virkjunin greiðir til meginflutningskerfisins fyrir mötun inn á kerfið samkvæmt gjaldskrá sem er eins byggð upp og gjaldskrá fyrir úttekt. Orkugjald reiknast út frá orkutöpum fyrir mötun. Gjöldin eru þau sömu óháð því hvort mötunin er beint inn á meginflutningskerfið eða um geislalínur inn á kerfið.

6.4.4. Raforkudreifing.

Dreifikerfið tekur við þar sem flutningskerfinu sleppir. Í orkulögum, nr. 58/1967, er mælt fyrir um hlutverk rafveitna í dag, forgang sveitarfélaga til að reka rafveitu og forgangsrétt Raf-

magnsveitna ríkisins nýti sveitarfélög ekki rétt sinn. Frumvarp þetta kveður á um hlutverk dreifiveitna og leysir því af hólmi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum, hvað það efni snertir. Forgangur sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins fellur því niður. Til að hefja eða hætta rekstri dreifiveitna þarf leyfi ráðherra. Þó skulu þeir sem við gildistöku laganna hafa rétt til að reisa eða reka búnað til raforkudreifingar halda þeim rétti sínum enda uppfylli þeir skilyrði laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði III við frumvarpið. Ráðherra gefur út sérleyfi til dreifingar raforku á afmörkuðum dreifiveitusvæðum. Kostnaði við dreifingu má skipta niður í sömu þætti og við flutning orkunnar. Gerðar eru sömu kröfur til gjaldskrár fyrir dreifingu raforku og fyrir flutning en sama gjaldskrá skal gilda innan hvers afmarkaðs gjaldskrársvæðis. Hver dreifiveita getur annast dreifingu á fleiri en einu gjaldskrársvæði en þá verður hún að halda hverju svæði aðskildu í bókhaldi. Þá getur dreifiveita átt flutningsvirki sem hún verður að halda aðskildu í bókhaldi.

Þeir aðilar sem hafa leyfi til dreifingar munu hafa víðtækar skyldur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Má þar m.a. nefna að leyfishöfum er skylt að tengja alla þá sem eftir því sækjast á dreifiveitusvæðinu við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt gjaldskrá. Þá er dreifiveitum skylt að tryggja öryggi og gæði raforku við afhendingu og að endurbæta og auka við raforkukerfi sitt í því skyni að svara þörfum notenda.

6.4.5. Raforkuviðskipti.

Í frumvarpinu er lagt til að viðskipti með raforku verði gefin frjáls í áföngum, sbr. bráðabirgðaákvæði IV með frumvarpinu. Í því kemur fram að frá því að lögin koma til framkvæmda og þar til 1. janúar 2005 geta þeir sem kaupa meira en 100 GWst á ári hverju skipt um seljanda. Frá 1. janúar 2005 geta allir sem eru aflmældir og nota meira afl en 100 kW valið raforkusala. Frá og með 1. janúar 2007 verður öllum frjálst að velja.

Raforka er að mörgu leyti sérstök söluvara. Hún er að jafnaði afhent í órofinni starfsemi og verður raforka því ekki afmörkuð á sama hátt og aðrir áþreifanlegir hlutir. Í ljósi sérstaks eðlis raforku hefur hún verið undanskilin gildissviði kaupalaga. Um kaup og sölu raforku, svo sem vanefndaúrræði, fer því samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar nema sérstakar reglur séu settar. Í því sambandi þykir ástæða til að kveða sérstaklega á um heimildir til að stöðva afhendingu á raforku standi kaupandi ekki í skilum. Er tekið fram að vanefni seljandi skyldur sínar geti kaupandi kvartað til Orkustofnunar. Þá er í frumvarpinu við það miðað að settar séu reglur um gæði og afhendingaröryggi raforku. Standist raforka ekki settar kröfur geta notendur kvartað til Orkustofnunar. Orkustofnun getur gert viðkomandi að bæta gæði raforku eða afhendingaröryggi auk þess sem gert er ráð fyrir að öryggi afhendingar endurspeglist í gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu raforku.

Söluaðilar verða að fá leyfi fyrir starfsemi sinni. Er þess krafist þar sem rétt þykir að hafa sýn yfir þá sem stunda raforkusölu.

Viðskipti með raforku fara fram með þeim hætti að notandi gerir samning við sölufyrirtæki um kaup á raforku. Samningurinn getur verið ótímabundinn eða til tiltekins tíma. Allir sem tengdir eru raforkukerfinu eiga rétt á því að nýta bæði flutnings- og dreifikerfi gegn greiðslu samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Samningssamband er því almennt annars vegar milli kaupanda og seljanda og hins vegar milli seljanda og vinnslu. Samband aðila vegna flutnings og dreifingar byggist almennt á settum reglum. Gert er ráð fyrir því að það sé háð samningi milli söluaðila og dreifiveitu hvernig uppgjöri er háttað þegar söluaðilinn er annar en dreifiveitan. Hvor aðili fyrir sig getur sent notanda reikning fyrir sinni þjónustu en einnig geta aðilar samið sín á milli um að annar þeirra eða þriðji aðili sjái um innheimtu. Reikningsgerðin byggist alltaf á mælingunni sem dreifiveitan ber ábyrgð á. Það kann hins vegar að þykja óþarflega flókið og

kostnaðarsamt að reikningagerð og innheimta sé á tveim höndum. Af þeim sökum er heimilt að mæla fyrir um tiltekinn hátt við uppgjörið í reglugerð.

Ekki er í frumvarpinu kveðið á um stofnun raforkumarkaðar. Ekki er þó með því útilokað að slíkum markaði verði komið á fót. Getur flutningsfyrirtækið gert það til að mynda með það fyrir augum að jafna framboð og eftirspurn raforku til skamms tíma.

Lýsa má sambandi aðila á markaði með eftirfarandi hætti:

Notandi og dreifiveita: Notandi sækir um tengingu til dreifiveitu. Hann á rétt á henni samkvæmt settum reglum enda greiði hann tengigjald. Dreifiveitu ber að afhenda notandanum raforku ef notandi hefur samning við söluaðila um orkukaup. Dreifiveitan getur sjálf innheimt gjald samkvæmt gjaldskrá eða falið það öðrum aðila, t.d. seljanda. Standi notandi ekki í skilum getur dreifiveitan stöðvað afhendingu. Uppfylli dreifiveita ekki skyldur sínar samkvæmt settum reglum getur notandinn kvartað til Orkustofnunar.

Notandi og söluaðili: Söluaðili gerir samning við notanda um orkusölu og söluaðilinn sendir honum reikning með reglulegu millibili. Söluaðili getur látið dreifiveitu loka fyrir afhendingu ef greiðslur berast ekki frá notanda. Það er háð samningi milli dreifiveitu og söluaðila, ef um sinn hvorn aðilann er að ræða, hvort reikningurinn er einnig vegna dreifingar. Þá kann seljandinn að semja við dreifiveituna um að hún annist innheimtu gjaldsins.

Söluaðili og dreifiveita: Þetta getur verið einn og sami aðilinn. Ef svo er ekki, kunna þessir aðilar að gera samkomulag sín á milli um að annar aðilinn skuli annast innheimtu. Þyki það heppilegt kann einnig að vera mælt fyrir um það í reglugerð að innheimtuhlutverkið skuli vera í höndum seljanda. Söluaðili tilkynnir þá viðkomandi dreifiveitu um sölu til notanda og greiðir dreifiveitunni fyrir flutning og dreifingu samkvæmt gjaldskrá. Standi söluaðili ekki í skilum getur dreifiveita gengið að söluaðilanum en ekki notandanum.

Söluaðili og vinnsla: Þetta kann að vera einn og sami aðilinn. Ef svo er ekki gerir söluaðili samning við vinnsluaðila um kaup á orku. Ef söluaðili stendur ekki í skilum getur vinnsluaðili gengið að honum en ekki að notandanum enda er ekki um að ræða samningssamband á milli þeirra.

Söluaðili og flutningsfyrirtækið (vegna kerfisstjórnunar): Ef ekki er samræmi í orkukaupum og sölu hjá söluaðila þarf flutningsfyrirtækið að mæta því. Flutningsfyrirtækið sendir söluaðila reikning vegna þess kostnaðar.

Dreifing og flutningur: Dreifiveitur eiga rétt á að tengjast flutningskerfinu enda greiði þær tengigjald. Dreifiveitur greiða flutningsfyrirtækinu fyrir flutning samkvæmt birtri gjaldskrá. Ef nýr aðili tekur við dreifingu þarf að tilkynna flutningskerfinu um það.

Dreifing og vinnsla: Dreifiveitur gera samninga við vinnslufyrirtæki vegna kaupa á orku til að mæta töpum í dreifikerfinu og vegna varaafls. Þær vinnslur sem ekki þurfa að tengjast flutningskerfinu, sbr. 3. mgr. 5. gr., eiga rétt á að tengjast dreifikerfinu, enda greiði þær tengigjald. Dreifiveita sendir vinnslufyrirtæki reikning fyrir innmötunina samkvæmt gjaldskrá sem getur haft fastan og breytilegan lið.

Flutningur og vinnsla: Vinnslufyrirtæki sækja um tengingu virkjunar við flutningskerfið. Vinnslur eiga rétt á slíkri tengingu samkvæmt settum reglum enda greiði þær tengigjald. Vinnslufyrirtækin greiða fyrir flutning samkvæmt birtri gjaldskrá. Flutningsfyrirtækið gerir samning við vinnslufyrirtæki um kaup á orku vegna frávika milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, vegna kaupa á orku til að mæta töpum í flutningskerfinu og vegna varaafls, launafls og reiðuafls.

Söluaðilar á sama dreifiveitusvæði: Dreifiveitur sjá um sölumælingar raforku í mælipunktum á dreifiveitusvæði sínu. Sölumælingar fara ýmist fram með tímamælingu þar sem safnað er saman upplýsingum um seldar kWst á hverri klukkustund eða með hefðbundnum

KWst mæli sem lesa þarf af. Almennt fer aflestur fram einu sinni á ári. Þegar sölumælingar byggja á aflestri en ekki tímamælingu bera dreifiveitur ábyrgð á því að raforkusala einstakra söluaðila á dreifiveitusvæðinu sé reglulega gerð upp. Slíkt uppgjör er flókið en til einföldunar má segja að í því sé mismunur á mældri og áætlaðri raforkusölu jafnaður. Byggist uppgjörið á áætlun sem miðast við að allir notendur á viðkomandi dreifiveitusvæði sem ekki eru tímamældir fylgi sama notkunarmunstri. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mælt verði fyrir um þessi atriði í reglugerð.

6.4.6. Eftirlit.

Til að tryggja að markmiðum frumvarpsins verði náð þarf opinbert eftirlit með því að leyfishafar uppfylli sett skilyrði og að flutningsfyrirtækið og dreifiveitur ræki skyldur sínar og gæti jafnræðis. Tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku leggur þá skyldu á ríki að þau tryggi að settum reglum, t.d. varðandi jafnan rétt til afnota af raforkukerfinu, sé fylgt. Ekki er þó kveðið á um með hvaða hætti það skuli gert. Þá er gerð sú krafa að ríki tilnefni hlutlausan aðila til að ákvarða í deilumálum er lúti að skyldum flutningsfyrirtækja og dreifiveitna. Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á tilskipuninni, sbr. kafla 3.3 hér að framan, er lagt til að sjálfstæður eftirlitsaðili í hverju ríki annist eftirlit með því að kröfum tilskipunarinnar sé fullnægt.

Mikilvægt er að opinbert eftirlit sé ekki umfram það sem nauðsyn ber til og að því sé hagað á þann veg að kostnaður vegna þess sé í lágmarki. Af þeim sökum er miðað við að eftirlitið verði sem mest hjá fyrirtækjunum sjálfum, þ.e. innra eftirlit. Hjá beinu eftirliti verður þó ekki komist. Felst það í tilkynningarskyldu til eftirlitsaðila, gagnasöfnun vegna tiltekinna mála og vettvangsskoðunum. Þar sem því verður við komið þykir rétt að faggiltar skoðunarstofur annist eftirlit fyrir hönd opinberra eftirlitsaðila.

Starfsemi raforkufyrirtækja sætir nú m.a. eftirliti Samkeppnisstofnunar samkvæmt samkeppnislögum og Löggildingarstofu samkvæmt lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Orkustofnun hefur ákveðið eftirlitshlutverk samkvæmt orkulögum og auðlindalögum. Þannig segir í auðlindalögum að Orkustofnun skuli annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi á grundvelli laganna hafa verið veitt. Þá er Orkustofnun ríkinu til ráðuneytis um orkumál samkvæmt orkulögum. Henni er m.a. ætlað að halda skrár um orkulindir landsins, vinna áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap og hagnýtingu orkulinda þjóðarinnar og safna skýrslum um orkuvinnslu. Í lögum um raforkuver er kveðið á um að áður en iðnaðarráðherra ákveður röð virkjanaframkvæmda skuli liggja fyrir greinargerð Orkustofnunar.

Kannað var hvernig eftirliti með starfsemi raforkufyrirtækja væri háttað í nokkrum nágrannalöndum okkar, þ.m.t. Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi. Í flestum löndum hefur verið sett á fót sérstök stofnun sem ber ábyrgð á öllu eftirliti með starfsemi netfyrirtækja. Í Danmörku hefur sú leið þó verið valin að fela stjórnskipaðri nefnd yfirstjórn neteftirlitsins. Henni til liðsinnis eru systurstofnanir Orkustofnunar og Samkeppnisstofnunar.

Landsnetsnefndin lagði til að eftirlit yrði í höndum Samkeppnisstofnunar og Löggildingarstofu. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að meginþungi eftirlitsins verði hjá Orkustofnun þar sem stofnunin annast þegar ákveðið eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk á orkusviði og nauðsynlegt þykir að styrkja frekar stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar. Hins vegar er Orkustofnun gert að hafa samráð við Samkeppnisstofnun svo að samræmd túlkun á lögmæti hegðunar einokunarfyrirtækja verði tryggð.

Samkeppnisyfirvöld munu hafa eftirlit með raforkumarkaði líkt og öðrum mörkuðum. Eftirlit samkeppnisyfirvalda með aðskilnaði milli samkeppnis- og sérleyfisþátta verður mikilvægt.

Sérstaklega er mælt fyrir um að samkeppnisráð geti fyrirskipað fyrirtækjaaðskilnað til að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur verði niðurgreiddur af sérleyfisstarfsemi.

Í ljósi þess aukna eftirlitshlutverks sem lagt er til í frumvarpinu að Orkustofnun fái er brýnt að skipulag Orkustofnunar verði ekki með þeim hætti að draga megi hlutleysi stofnunarinnar í efa. Iðnaðarráðherra skipaði í júní 2001 nefnd til að fjalla um skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af lögbundnum verkefnum hennar og skilaði hún skýrslu í maí 2002. Stefnt er að því að leggja fram frumvörp á næstunni sem byggjast á niðurstöðum nefndarinnar.

Unnt er að kæra þær stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar á grundvelli laganna er lúta að gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna til sérstakrar kærunefndar. Framselji iðnaðarráðherra leyfisveitingarvald sitt til Orkustofnunar sæta ákvarðanir Orkustofnunar um útgáfu leyfa kæru til iðnaðarráðherra.

Í frumvarpinu er við það miðað að eftirlitsskyldir aðilar greiði kostnað vegna eftirlitsins. Um þann kostnað vísast til fylgiskjals VIII.

7. Áhrif frumvarpsins.

7.1. Samningar um stóriðju.

Samkvæmt gildandi lögum um Landsvirkjun er gert ráð fyrir að fyrirtækið selji raforku „til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu“. Í lögunum er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til slíkra samninga ef iðjuverin nota meira en 100 GWst á ári. Það má því segja að nú þegar hafi stærri iðjuver nokkra möguleika að semja beint við Landsvirkjun um orkukaup. Landsvirkjun hefur til þessa gert samninga um sölu á raforku til nýrrar stóriðju. Jafnframt hefur fyrirtækið gert samninga við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á rafmagni sem notað er í þessu skyni. Í 13. gr. laga um Landsvirkjun segir um stóriðjusamninga: „Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.“

Í samningum um stóriðjufyrirtæki, ÍSAL, Íslenska járnblendifélagið hf. og Norðurál hf., hefur verið byggt á 20 ára samningstíma í upphafi. Í slíkum samningum er jafnframt gert ráð fyrir framlengingu samninga með tilteknum hætti og viðræðum á milli aðila áður en samningar falla úr gildi. Á sömu sjónarmiðum hefur verið byggt í viðræðum við Reyðarál hf. um fyrirhugað álver á Reyðarfirði og í viðræðum við Norðurál hf. um fyrirhugaða stækkunar álversins á Grundartanga. Stóriðjusamningar sem gerðir hafa verið til þessa eru byggðir á tilteknum forsendum sem ætlast er til að verði virtar áfram í meginatriðum við gildistöku nýrra laga á þessu sviði.

Allir núgildandi stóriðjusamningar voru gerðir á grundvelli skattleysis Landsvirkjunar. Skattlagning getur breytt þeim forsendum sem lágu fyrir um verðlagningu til stóriðjunnar og er því nauðsynlegt að skoða sérstaklega hvernig með þessa samninga skuli fara. Hið sama gildir um samninga til stóriðju sem eru á lokastigi við gildistöku laga þessara.

Gildandi stóriðjusamningar taka mið af þeim forsendum er lágu fyrir við samningsgerð varðandi kostnað við flutning raforkunnar frá virkjunum til kaupanda. Hefur stóriðjan fengið að njóta þess hagræðis sem leiðir af því að flutningslínur sem byggðar hafa verið hafa nýst á hagkvæman hátt þegar frá upphafi. Í frumvarpinu er við það miðað að gjaldskrá vegna flutnings til þessara aðila taki tillit til þessa. Erfitt getur hins vegar verið að reikna út hver hagræðingin hefur verið áður. Af þeim sökum getur þurft að meta hana að álitum. Er það Landsvirkjunar að sýna fram á að hagræðing hafi orðið. Flutningsfyrirtækið verður að meta þær upplýsingar sem það fær og áætla hagræðinguna samkvæmt þeim en Orkustofnun hefur eftirlit með að matið sé rétt.

Iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun hafa um alllangt skeið staðið sameiginlega að rekstri sjálfstæðrar upplýsinga- og fjárfestingarskrifstofu undir heitinu Fjárfestingarskrifstofan – orkusvið. Skrifstofan hefur haft frumkvæði að því að ná til erlendra stórkaupenda raforku og stuðla jafnframt að atvinnuuppbyggingu á sviði stóriðju á Íslandi. Með auknu sjálfstæði orkufyrirtækja má gera ráð fyrir að núgildandi fyrirkomulag breytist í þessu efni og að einstök orkufyrirtæki sýni meira sjálfstæði og frumkvæði á þessu sviði. Hugsa má sér að stærstu orkufyrirtækin standi með sjálfstæðum hætti að rekstri slíkra upplýsinga- og fjárfestingarskrifstofu eða nokkur saman, með beinum eða óbeinum stuðningi iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins.

7.2. Sokkinn kostnaður.

Breytingar á skipulagi raforkumála geta haft áhrif á möguleika orkufyrirtækja til að efna skuldbindingar sínar og ábyrgðir sem þau hafa gengist undir í tíð eldra skipulags. Til að auðvelda breytingar á skipulagi raforkumála er í 24. gr. tilskipunar 96/92/EB um innri markað raforku kveðið á um að aðildarríki geti sótt um tímabundnar undanþágur frá ákvæðum IV., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar.

Þegar tilskipunin öðlaðist gildi í Evrópusambandinu sóttu öll aðildarríki Evrópusambandsins, nema Finnland, Ítalía og Svíþjóð, um aðlögun á grundvelli 24. gr. tilskipunarinnar vegna sokkins kostnaðar. Þessar umsóknir byggðust hins vegar flestar á einhvers konar styrkjafyrirkomulagi vegna sokkins kostnaðar en ekki undanþágum frá ákvæðum tilskipunarinnar og vísaði framkvæmdastjórnin þeim umsóknum frá.

Styrkir sem aðildarríki EES-samningsins veita eru háðir reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Fébætur vegna sokkins kostnaðar geta verið skaðlegar nýjum samkeppnisaðilum á nýjum mörkuðum og skekkt samkeppnisaðstöðu á markaði. Í 63. gr. EES-samningsins er hins vegar kveðið á um að aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða geti talist samrýmanleg framkvæmd samningsins, enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

Til að útskýra afstöðu sína hvað varðar beitingu ríkisaðstoðar sendi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá sér yfirlýsingu um aðferðafræði við greiningu ríkisstyrkja í tengslum við tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Yfirlýsingin fjallar um hvernig framkvæmdastjórnin hyggst beita reglum um ríkisstyrki vegna sokkins kostnaðar í tengslum við skipulagsbreytingar í raforkumálum. Með þessu á að tryggja að allar fébætur séu metnar í samhengi og á réttlátan hátt.

Í yfirlýsingunni koma fram þau skilyrði sem skuldbindingar og ábyrgðir þurfa að uppfylla til að geta talist sokkinn kostnaður. Þá er og fjallað um skilyrði sem styrkir vegna sokkins kostnaðar verða að uppfylla.

Gert er ráð fyrir að skipaður verði starfshópur til að skoða hvernig fara beri með sokkinn kostnað hér á landi ef hann er til staðar. Við þá vinnu verður augljóslega að hafa samráð við orkufyrirtæki.

7.3. Raforkuverð.

Núverandi fyrirkomulag raforkuviðskipta er flókið og felur í sér tilfærslur af ýmsu tagi. Því er erfitt að segja til um hvernig samkeppnin mun birtast notandanum. Í skýrslu landsnetsnefndar kemur fram að ekki hefur verið gerð eins ströng krafa um arðsemi fjármagns sem bundið er í greininni og jafnan er gert í annarri atvinnustarfsemi. Fyrir vikið kunni aukin hagkvæmni fremur að koma fram í meiri arði til eigenda fyrirtækjanna en í lægra verði til notenda. Ljóst sé þó að aukin þjóðhagsleg hagkvæmni skili sér til notenda. Eftir að samkeppni hefur verið komið á í vinnslu og sölu á rafmagni mun raforkuverð frá framleiðanda fyrst og fremst ráðast af fram-

boði og eftirspurn. Þegar viðskipti með rafmagn hafa verið gefin frjáls eiga því sams konar notendur alls staðar á landinu að hafa sömu stöðu gagnvart vinnslufyrirtækjunum. Það verður því að verulegu leyti undir notendunum sjálfum komið hversu vel þeim tekst til á markaðinum. Orkuverð sem þeir greiða á hverjum tíma mun meðal annars ráðast af því hvaða áhættu þeir eru tilbúnir til að taka. Ljóst er að sumir notendur munu kjósa að gera samninga til nokkurra ára um orkukaup sín, aðrir að gera samninga til nokkurra mánaða eða árs í senn. Þegar vatnsbúskapurinn er góður má búast við að verð lækki, en í lélegu vatnsári og þegar orkugetan er fullnýtt má ætla að verð hækki.

Með skipulagsbreytingunum er stefnt að aukinni hagræðingu. Þeim verður þó ekki komið á án nokkurs kostnaðar. Frelsi í raforkuviðskiptum kallar á auknar mælingar og skráningar sem geta haft aukinn kostnað í för mér sér. Þá er miðað við að flutningsfyrirtækið og dreifiveitur greiði gjald vegna eftirlits, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Að lokum skal áréttað að nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins hefur nú til skoðunar skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja. Skattlagning þeirra kann að hafa áhrif á raforkuverð.

7.4. Óarðbærar einingar í aðveitu- og dreifikerfinu.

Kostnaður við að koma raforku til landsmanna er mismikill og á sumum svæðum er hann svo mikill að erfitt er fyrir notendur að standa undir honum. Þessi svæði eru að mestu leyti á orkuveitusvæði Rariks en þó einnig t.d. Orkubús Vestfjarða. Núverandi gjaldskrá Rarik fyrir dreifingu og flutning raforku er jöfnunargjaldskrá fyrir allt landið og tekur ekki tillit til þessara aðstæðna. Þetta hefur valdið verulegum erfiðleikum í rekstri Rarik undanfarin ár. Sú ábyrgð hvílir á fyrirtækinu að veita íbúum og fyrirtækjum strjálbýlli svæða sömu þjónustu og íbúum í þéttbýli. Margar framkvæmdir fyrirtækisins standast ekki eðlilegar arðsemiskröfur, en fyrirtækinu er eigi að síður skylt að framkvæma þær. Óarðbær framkvæmda-, rekstrar- og þjónustuverkefni, sem nauðsynlegt er að ráðast í til að fullnægja þjónustuskyldu, afhendingaröryggi og þjónustugæðum á strjálbýlum svæðum hafa oft verið kölluð félagslegur þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Talið hefur verið nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi raforkuafhendingu til slíkra svæða þrátt fyrir takmarkaða notkun, m.a. vegna byggðasjónarmiða. Á undanförnum árum hafa verið gerðar athuganir á því hve mikill þessi kostnaður hefur verið hjá Rarik. Þessar athuganir leiða í ljós að árlegur hallarekstur miðað við eðlilegar arðsemiskröfur í dreifikerfi fyrirtækisins nemur um 300–400 millj. kr. og að auki um 100 millj. kr. í flutningskerfi fyrirtækisins. Þennan halla hafa íbúar dreifiveitusvæðis þurft að bera að hluta í hærri gjaldskrá. Íbúar þéttbýlissvæða á dreifiveitusvæðinu hafa í raun greitt niður raforku í strjálbýli og ekki dugað til. Því hefur ríkið þurft að koma til með því að aflétta skuldum af raforkufyrirtækjum.

Ríkið hefur á undanförnum árum veitt fjármunum til félagslegra framkvæmda í raforkukerfinu þar sem kostnaður hefur verið mikill þannig að orkusala hefur ekki nægt til. Þetta var á svæðum þar sem Orkusjóður stóð á sínum tíma undir stórum hluta kostnaðar við rafvæðingu sveitanna. Á árunum 1966 til 1986 var lagt verðjöfnunargjald á raforkusölu til almennra nota sem síðan rann til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Á þessum tuttugu árum voru á þennan hátt greiddir um 15 milljarðar kr. til verðjöfnunar sem kostuð var af öllum almennum raforkunotendum. Þegar verðjöfnunargjaldið var lagt af árið 1986 gáfu stjórnvöld út þá yfirlýsingu að þeim fyrirtækjum sem höfðu notið gjaldsins yrði bættur tekjumissirinn að fullu og var það meginástæða þess að ríkissjóður yfirtók skuldir þessara fyrirtækja, en sú lausn hefur þó ekki nægt til að fyrirtækin stæðu jafn vel að vígi og áður. Hér er um að ræða samtals um 9,7 milljarða króna. Með yfirtöku skulda dreifiveitnanna var gerður samningur um arðgreiðslu Rafmagnsveitna ríkisins þar sem miðað er við að fyrirtækið greiði 2% arð af eigin fé að frádregnum fjármunum í dreifikerfinu í sveitum og að hluti þessarar arðgreiðslu renni síðan til styrkingar

og endurnýjunar á dreifikerfum í sveitum. Í fjárlögum hefur þessi upphæð numið um 150 millj. kr. á ári síðustu 2–3 ár.

Æskilegt er að notendur raforku hafi vitneskju um raunkostnað í raforkukerfinu til þess að stuðla að hagkvæmri nýtingu þess. Því er miðað við að gjaldtaka verði sem mest í samræmi við raunkostnað og félagslegum aðgerðum vegna óarðbærra eininga í dreifikerfinu og þess hluta flutningskerfisins sem ekki fellur undir meginflutningskerfið verði haldið utan við gjaldskrá vegna flutnings og dreifingar. Með bréfi dagsettu 23. febrúar 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að skilgreina kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi raforku og koma með tillögur um hvernig megi mæta honum svo að tryggt verði að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Samkvæmt skipunarbréfinu skyldi við það miðað að jöfnunaraðgerðir tækju mið af núverandi umfangi jöfnunar. Nefndin skilaði áliti sínu til iðnaðarráðherra 9. maí 2001. Í álitinu leggur starfshópurinn til að þar sem kostnaður við flutning og dreifingu raforku er mestur verði því mætt á eftirfarandi hátt:

a) Á þeim svæðum þar sem kostnaður er mestur við flutning og dreifingu verði greiðslur til notenda fyrir þessa þjónustu lækkaður með framlagi til viðkomandi dreifiveitu. Framkvæmd þessara aðgerða verði eftirfarandi:

1. *Meðalkostnaður við flutning og dreifingu er tekinn saman fyrir hvert dreifiveitusvæði út frá rauntölum síðasta árs. Einungis er litið á forgangsorku.*
2. *Dreifiveitur eiga rétt á framlagi fyrir ákveðið dreifiveitusvæði ef meðalkostnaður við flutning og dreifingu (áður er tekið er tillit til framlags) fer yfir ákveðin mörk í kr/kWh sem metin eru árlega af eftirlitsaðila.*
3. *Framlag til þessara aðgerða er ákvarðað í fjárlögum hverju sinni.*
4. *Framlaginu er skipt hlutfallslega niður á veitusvæði út frá kostnaði umfram fyrrnefnd mörk og út frá því reiknuð lækkun gjaldskrár á orkueiningu vegna framlagsins. Ekki er því gert ráð fyrir að framlagið greiði kostnað umfram þessi mörk að fullu. Framlagið er ekki gert upp eftir árið fyrir einstaka notendur en eftirlitsaðili fylgist með því að lækkun gjaldskrár sé í samræmi við upphæð framlags. Notendur skulu fá upplýsingar um það hve mikið framlagið lækkar gjaldskrána í kr/kWh að meðaltali.*

b) Tvær leiðir koma helst til greina varðandi fjáröflun ríkissjóðs til þessara aðgerða:

1. *Fjármagn komi af almennu skattfé. Þessi leið hefur verið farin frá 1986, er verðjöfnunargjald á raforku var lagt niður, og þá með þeim hætti að ríkissjóður hefur yfirtekið hluta af skuldum dreifiveitna í strjálbýli og fjármagns til greiðslu afborgana og vaxta verið aflað með almennu skattfé. Einnig hefur arðgreiðsla Rafmagnsveitna ríkisins í ríkissjóð verið notuð til þessara aðgerða.*
2. *Fjármagn komi af sérstöku gjaldi á raforkuvinnslu vegna almennrar notkunar. Þetta er svipuð leið og farin er varðandi verðjöfnun á olíu og sementi og var viðhöfð varðandi raforku allt fram til 1986 en að vísu var þá lagt gjald á smásölu raforku en ekki vinnslu.*

c) Framlag til þessara aðgerða verði allt að 500 m.kr. á ári þannig að heildarumfang þeirra verði svipað og á undanförnum árum. Efri mörkin taka mið af því að krafa sé gerð um 6% arð af eigin fé dreifiveitnanna.

d) Metið verði á hvern hátt þörf verður á auknum niðurgreiðslum á rafhitun íbúðarhúsnæðis frá því sem nú er til að mæta því að sama gjaldskrá mun gilda í nýju skipulagi fyrir alla úttekt á hverju dreifiveitusvæði óháð því til hvers orkan er notuð. Nú er tekið lægra gjald fyrir dreifingu á raforku til húshitunar en til annarra nota. Ekki er fjallað frekar um þennan þátt þar sem hann er utan verksvið hópsins.

Frumvarp um jöfnun kostnaðar vegna flutnings og dreifingar raforku var lagt fram á 127. löggjafarþingi. Ágreiningur var um efni þess frumvarps og var því m.a. haldið fram að það leiddi til hækkunar á raforkuverði. Gert er ráð fyrir að nefnd sú sem skipa á samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII við frumvarpið komi með tillögur um með hvaða hætti jafna skuli þennan kostnað.

7.5. Niðurgreiðsla raforku til hitunar íbúðarhúsa.

Raforka til hitunar íbúðarhúsa hefur í tæpa tvo áratugi verið greidd niður af ríkinu, Landsvirkjun og dreifiveitunum. Á fjárlögum ársins 2002 eru ætlaðar 843 millj. kr. til þessara niðurgreiðslna. Jafnframt hefur Landsvirkjun veitt afslátt sem er um 100 millj. kr. og dreifiveitur um 20 millj. kr. Þar að auki er virðisaukaskattur af húshitun endurgreiddur að hluta til þeirra sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað auk þess sem húshitun er í lægra þrepi virðisaukaskatts. Þegar virðisaukaskattur var lagður á orku til hitunar húsnæðis var samhliða ákveðið að endurgreiða hluta skattsins til þeirra sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað auk þess sem húshitun er í lægra þrepi virðisaukaskatts (14%). Miðað var við að hann næmi aldrei meira en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á orku til hitunar húsnæðis. Þessar aðgerðir tóku gildi 1. janúar 1993. Gæti sú endurgreiðsla numið um 90 millj. kr. á árinu 2000.

Með bréfi dagsettu 20. ágúst 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að koma með tillögur um frumvarp til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar. Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar voru samþykkt á 127. löggjafarþingi, sbr. lög nr. 78/2002.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum kemur fram hver markmið frumvarpsins eru, gildissvið þess og nauðsynlegar skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í greininni eru markmið frumvarpsins sett fram. Meginmarkmiðið er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi, þar með talið þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu. Til þess að svo megi verða þarf raforkukerfið í heild sinni að vera byggt upp og rekið á hagkvæman hátt til að nýta framleiðsluþætti þess sem best. Þær leiðir sem farnar eru til að ná þessu markmiði eru m.a. að koma á samkeppnisumhverfi í vinnslu og sölu og setja arðsemisramma og hagræðingarkröfur varðandi flutning og dreifingu. Taka verður tillit til mikilvægra almannahagsmuna, svo sem varðandi öryggi raforkuafhendingar. Áfram skal tryggt að öryggi raforkukerfisins verði sem best og eru lagðar skyldur á dreifiveitur og flutningsfyrirtækið til að svo megi verða. Leitast er við að tryggja hagsmuni neytenda sem best með skilvirku eftirliti og skýrum kvörtunarleiðum og málsmeðferðarreglum. Enn fremur er gert ráð fyrir að settar verði reglur sem eiga að tryggja að neytendur fái ákveðin gæði og afhendingaröryggi. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem stuðla að áframhaldandi nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa hér á landi við framleiðslu raforku og umhverfisvernd að öðru leyti. Er ráðherra heimilt að binda leyfi til vinnslu skilyrðum í því sambandi. Leyfi til dreifingar og leyfi til að reisa flutningsvirki yfir ákveðnum mörkum verða einnig bundin skilyrðum er lúta að umhverfisvernd.

Með frumvarpinu er tilskipun 96/92/EB innleidd í íslenska löggjöf. Tilskipunin setur lágmarkskröfur og er samkvæmt henni unnt að velja milli mismunandi leiða við innleiðingu eins og nánar er rakið í 3. kafla í almennum athugasemdum. Með frumvarpinu eru lágmarkskröfur tilskipunarinnar uppfylltar en auk þess gengið lengra en tilskipunin krefst á sumum sviðum, svo

sem varðandi frelsi í raforkuviðskiptum, eftir því sem talið er nauðsynlegt til að ná fram markmiðum frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins. Meginþættir frumvarpsins eru fjórir, vinnsla, flutningur, dreifing og viðskipti með raforku. Að því er vinnslu varðar er því ætlað að gilda hvort sem til hennar eru notaðar innlendar orkulindir eða innflutt eldsneyti. Frumvarpið tekur til landsins alls og efnahagslögsögu þess, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Um starfsemi sem fellur undir frumvarpið gilda einnig önnur lög, svo sem náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög, lög um umhverfismat o.fl.

Um 3. gr.

Hér eru skýrð þýðingarmestu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Hugtökin dreifikerfi og flutningskerfi eru meðal þeirra hugtaka sem skýrð eru. *Dreifikerfið* nær allt frá endimörkum flutningskerfis til og með heimtaug. Mælar og mælabúnaður eru á ábyrgð dreifiveitunnar og teljast samkvæmt því einnig til dreifikerfisins. Samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu *flutningskerfi* eru mörkin milli flutnings og dreifingar dregin við 30 kV spennu. Flutningskerfið skal ná frá og með aflrofum á háspennuhlið stöðvarspenna virkjana til og með aflrofum á háspennuhlið aðveituspenna dreifiveitna. Þetta þýðir að núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur telst flutningskerfi í skilningi frumvarpsins. Flutningskerfið skiptist í tvo hluta. Annars vegar er *meginflutningskerfið* sem er skilgreint sem núverandi kerfi Landsvirkjunar og viðbætur við það, þ.e. allar nýjar línur sem eru á 132 kV eða hærri spennu og ekki eru reknar sem geislalínur, en að auki tengilínur að helstu virkjunum annarra orkufyrirtækja en það eru nú virkjanir í Svartsengi og á Nesjavöllum auk Andakílsárvirkjunar, Laxárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar. Með geislalínum er átt við línur sem tengjast flutningskerfinu á einum stað. Hins vegar eru öll önnur flutningsvirki sem falla undir fyrrgreinda skilgreiningu á flutningskerfi. Þó þykir rétt að hafa ákveðinn sveigjanleika í ljósi þess að línur kunna að þjóna dreifingarhlutverki óháð spennu, sbr. 1. mgr. 11. gr. Því geta flutningsvirki sem flytja raforku á 30 kV eða hærri spennu og eru alfarið innan dreifiveitusvæðis, þ.e. flytja ekki orku til eða um önnur dreifiveitusvæði en þess sem þær liggja um, talist dreifilínur. Forsenda þess er þó að flutningsvirki tengist ekki virkjun sem er skylt að tengjast flutningskerfinu, en eins og nánar er rakið í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að allar virkjanir verða að tengjast flutningskerfinu. Þær raflínur og tilheyrandi búnaður sem ekki fellur undir skilgreiningu á hugtakinu „flutningskerfi“ eða undanskilinn er flutningskerfinu á grundvelli framangreindrar heimildar telst til dreifikerfisins eins og áður segir. Hugtakið *notandi* er skilgreint sem sá er kaupir raforku til eigin nota. Af því leiðir m.a. að dreifiveita telst ekki notandi og ekki heldur raforkumiðlarar sem kaupa raforku til endursölu. Hugtakið *raforkuver* er skilgreint sem mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun. Ekki er unnt að komast hjá mörkum sem sett eru í frumvarpinu, svo sem fyrir leyfi í 4. gr. og fyrir tengingu við flutningskerfið í 5. gr. með því að setja upp margar vélar sem hver um sig er undir settum mörkum. Hugtakið *viðskipti* í frumvarpinu tekur til kaupa og sölu á raforku í smásölu og heildsölu.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um raforkuvinnslu, þ.m.t. leyfisbindingu, skilyrði leyfis, efni þess og skyldur leyfishafa.

Um 4. gr.

Mörk leyfisskyldrar vinnslu eru dregin við 1 MW og eiga þau mörk við orkuver en ekki einstakar vélar í orkuveri, sbr. skilgreiningu á hugtakinu raforkuver í 3. gr. Slíkar stöðvar eru einkum ætlaðar til eigin nota eða til að framleiða varaafl og hafa takmörkuð eða engin áhrif á raforkukerfið. Því þykir ekki ástæða til að krefjast leyfis ráðherra. Þó verður að tilkynna Orkustofnun á hverju ári um vinnslu í slíkum orkuverum ef þau setja orku inn á samtengt raforkukerfi landsins eða orkan er seld frá orkuverinu.

Í 2. mgr. segir að virkjunarleyfi falli úr gildi ef framkvæmdir hefjast ekki eða þeim lýkur ekki innan tiltekinna tímamarka. Er með þessu ætlað að sporna við því að einstakir aðilar geti „tekið frá" hagkvæma virkjunarkosti og komið þannig í veg fyrir að þeir verði nýttir af öðrum. Hins vegar er ljóst að undirbúningur raforkuvinnslu getur tekið mjög langan tíma. Tillit verður að taka til þess og því er mögulegt að fá leyfi endurnýjað ef upphaflegi tíminn er ekki talinn nægjanlegur. Sé vilji virkjanaleyfishafa augljós til að nýta leyfi sitt og tafir eðlilegar er rétt að líta svo á að leyfið skuli framlengt fari hann fram á það.

Í 3. mgr. kemur fram að leyfishafi skuli leita samninga eða ákvörðun um eignarnám að liggja fyrir vegna nýtingar orkulinda eða eignarlands í eigu annarra áður en til framkvæmda kemur. Settir eru ákveðnir frestir í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skilyrði og sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu virkjunarleyfis og eru þau tæmandi talin.

Í 1. mgr. segir að vinnslufyrirtæki skuli vera sjálfstæður lög- og skattaðili. Þetta hefur það í för með sér að stofna verður einkaréttarlegt félag um þau fyrirtæki sem nú eru rekin af sveitarfélögum. Ekki eru neinar kröfur hvað félagaform varðar og geta fyrirtækin t.d. verið rekin í formi sameignarfélaga eða hlutafélaga.

Í 2. mgr. eru talin sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu leyfis til að reisa og reka raforkuver. Eru þau í samræmi við þau sjónarmið sem talin eru í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku og rakin eru í 3. kafla almennra athugasemda. Þau verður að útfæra í reglugerð þar sem fram koma hlutlæg og gagnsæ skilyrði fyrir útgáfu leyfis. Samkvæmt tilskipuninni verða skilyrðin að auki að vera með þeim hætti að unnt sé að sannreyna ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Í ákvæðinu segir í fyrsta lagi að heimilt sé að binda leyfi skilyrðum er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku. Í því sambandi getur ráðherra t.d. sett skilyrði um afkastagetu og að leyfishafi skuli fullnýta afkastagetu virkjunar ef eftirspurn er fyrir hendi. Ekki er heimilt að hafna útgáfu virkjunarleyfis á þeirri forsendu einni að framboð raforku sé nægilegt. Í öðru lagi segir að heimilt sé að setja skilyrði er lúti að öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins enda er um að ræða eitt samtengt kerfi og ný virkjun hefur áhrif á rekstur þess. Tryggja þarf að ekki verði um óæskileg áhrif vegna hennar að ræða. Í þriðja lagi er heimilt að setja skilyrði sem eiga að tryggja að nýttar séu endurnýjanlegar orkulindir. Ráðherra getur samkvæmt þessu ákveðið að eingöngu skuli heimila nýjar virkjanir er nýta endurnýjanlegar orkulindir. Í fjórða lagi getur ráðherra bundið leyfi skilyrðum er lúta að umhverfisvernd. Með því er fyrst og fremst átt við að veiting leyfis verður bundin því skilyrði að fram fari mat á umhverfisáhrifum ef við á, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Þá kann að þurfa að útfæra ýmis skilyrði í leyfi sem leiða af mati á umhverfisáhrifum. Í fimmta

lagi má samkvæmt ákvæðinu binda leyfi skilyrðum er lúta að landnýtingu. Um landnýtingu fer samkvæmt skipulags- og byggingarlöggjöf. Ekki er við það miðað að iðnaðarráðherra fari inn á svið þeirrar löggjafar. Hann getur hins vegar sett skilyrði um að leyfi sé háð því að sú löggjöf sé uppfyllt. Þá kann að vera talið nauðsynlegt, t.a.m. vegna mats á umhverfisáhrifum, að setja kröfur sem tengjast landnýtingu. Í sjötta lagi getur ráðherra sett skilyrði er varða tæknilega og fjárhagslega getu virkjunarleyfishafa. Með þessu er átt við að umsækjendur um leyfi verði að sýna fram á tæknilega getu til að reisa viðkomandi virkjun og fjárhagslegt bolmagn. Fram kemur í 3. mgr. að skylt sé að tengja virkjun flutningskerfinu. Flutningsfyrirtækið reisir og rekur viðkomandi flutningsvirki gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá. Með því að skylda allar virkjanir til að tengjast flutningskerfinu er tryggður aðgangur virkjana að raforkumarkaði á öllu landinu og að allar virkjanir séu á samkeppnismarkaði. Jafnframt er stuðlað að öruggum rekstri raforkukerfisins. Frá þessu skilyrði má víkja að því er varðar virkjanir sem eru minni en 3,5 MW ef sérstakar ástæður mæla með því, svo sem staðsetning þeirra gagnvart flutningskerfinu. Þá er tekið fram í 4. mgr. að ráðherra sé heimilt að setja sérstök skilyrði þegar fleiri en einn aðili hyggjast nýta sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Slík skilyrði eiga að tryggja hagkvæma nýtingu viðkomandi svæðis.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram hvert skuli vera efni virkjunarleyfis. Í því skulu koma fram atriði er lúta að afmörkun virkjunarsvæðis, sbr. 1. tölul. og fyrirmæli um hvenær framkvæmdir skuli hefjast og hvenær þeim skuli lokið, sbr. 2. tölul. Enn fremur á ráðherra skv. 3. tölul. að mæla fyrir um upplýsingaskyldu leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækisins. Um getur verið að ræða útfærslu á upplýsingaskyldu á grundvelli 25. og 28. gr. Slík útfærsla mundi þó ekki leiða til takmörkunar á upplýsingaskyldu. Samkvæmt 4. tölul. skal mæla fyrir um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og skv. 5. tölul. skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu. Um þessi skilyrði vísast til þess sem segir í 5. gr. Í 6. tölul. segir að tilgreina skuli ráðstöfun mannvirkja að rekstrartíma loknum, þ.e. þegar vinnslu er hætt. Getur ráðherra m.a. mælt fyrir um að mannvirki skuli fjarlægð. Af 7. tölul. má ráða að ekki er um tæmandi talningu að ræða á efni virkjunarleyfis. Heimilt er að tilgreina önnur atriði er lúta að útfærslu á þeim skilyrðum og skyldum sem leiða af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Ekki verða lagðar aðrar skyldur á leyfishafa í virkjunarleyfi en leiða má af ákvæðum frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni eru skyldur vinnslufyrirtækja taldar. Skv. 1. mgr. skal vinnslufyrirtæki í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi sem fyrirtækið stundar. Með því á að tryggja að vinnsla, sem er samkvæmt frumvarpinu samkeppnisstarfsemi, sé ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem er í sambærilegri stöðu. Þannig má nefna að hitaveitustarfsemi fer ekki ávallt fram á grundvelli sérleyfis. Einnig á að tryggja gagnsæi í verðmyndun raforku. Til áréttingar er tekið fram að halda verði aðskilda reikninga í bókhaldi vegna vinnslu á raforku annars vegar og annarrar orkuvinnslu hins vegar, svo sem á heitu vatni eða gufu þegar eitt og sama orkuverið framleiðir hvoru tveggja. Um nánari útskýringar á því hvað felist í þessum aðskilnaðarkröfum og rök fyrir þeim vísast til 41. gr. frumvarpsins, ákvæði til bráðabirgða V og kafla 6.2 í almennum athugasemdum.

Samkvæmt 2. mgr. er vinnslufyrirtæki skylt að breyta vinnslu sinni eftir kröfum flutningsfyrirtækisins. Heimildinni á aðeins að beita ef upp koma ófyrirséð atvik og samningar skv. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr. nægja ekki til að unnt sé að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um flutning raforku og stýringu raforkukerfisins. Fram kemur að ráðherra skuli fela einu fyrirtæki rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórn. Fjallað er um hlutverk og skyldur fyrirtækisins sem jafnframt er kerfisstjóri og skyldur eigenda flutningsvirkja.

Um 8. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ráðherra skuli fela einu fyrirtæki að stjórna rekstri flutningskerfisins og samræma stjórn raforkukerfisins. Þá eru þar ákvæði um hvernig skuli staðið að tilnefningu fyrirtækisins.

Almannahagsmunir af öruggum flutningum og öruggri stjórn kerfisins eru ríkir og verður ábyrgð viðkomandi fyrirtækis því mikil. Segir að ráðherra skuli beita sér fyrir því að stofnað sé fyrirtæki með þátttöku eigenda flutningsvirkja við gildistöku laganna. Í ljósi framangreindra almannahagsmuna er æskilegt að flutningsfyrirtækið eigi öll flutningsvirki og þess vegna að allir eigendur flutningsvirkja leggi flutningsvirki sín til fyrirtækisins. Ekki er þó um skyldu að ræða. Náist ekki samkomulag milli allra eigenda flutningsvirkja við gildistöku laganna skal stuðlað að stofnun fyrirtækis með þátttöku þeirra sem hafa yfir að ráða sem stærstum hluta flutningskerfisins. Náist ekki að stofna fyrirtæki með ofangreindum hætti er gert ráð fyrir að stofnað verði ríkisfyrirtæki sem sjái um flutningsstarfsemi og kerfisstjórnun. Mikilvægt er að fyrirtækið verði stofnað sem fyrst eftir gildistöku laganna þar sem það verður að geta hafið starfsemi sína þegar lögin koma til framkvæmda.

Þess er krafist að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis við starfsemi sína. Af þeim sökum er gerð krafa um að viðkomandi aðili stundi enga aðra starfsemi en nauðsynleg er til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Hins vegar getur verið mikilvægt að komið sé á markaði með raforku, t.d. til að jafna framboð og eftirspurn til skamms tíma, og er eðlilegt í ljósi hlutverks flutningsfyrirtækisins sem kerfisstjóra að það geti rekið slíkan markað. Vegna gjaldskrárreglna er þess krafist að flutningsfyrirtækið haldi í bókhaldi sínu aðskilda reikninga milli einstakra þátta í starfsemi sinni.

Stjórnarmenn verða að vera óháðir vinnslu- og sölufyrirtækjum. Eins og rakið er í 3. kafla í almennum athugasemdum er í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku þess krafist að sá sem annast kerfisstjórnun sé stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi. Krafa er gerð um að bókhald vegna kerfisstjórnar sé aðskilið frá bókhaldi vegna flutningsstarfsemi þar sem æskilegt er að kostnaður vegna kerfisstjórnunar komi fram í gjaldskrá enda getur hann skipst á annan hátt niður á notendur raforkukerfisins en flutningskostnaður. Til að tryggja að flutningsfyrirtækið sinni skyldum sínum er Orkustofnun falið eftirlit með því hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldur flutningsfyrirtækisins. Í 3. mgr. er kveðið á um skyldur þess sem rekstraraðila flutningskerfisins og í 4. mgr. er mælt fyrir um kerfisstjórnunarhlutverkið. Í 5.–8. mgr. eru ýmsar almennar skyldur taldar.

Frumvarpið byggist á því að það fyrirtæki sem annast mun flutning raforku og kerfisstjórnun sé rekið á einkaréttarlegum grundvelli. Í ljósi meginmarkmiðs frumvarpsins, svo sem það er skilgreint í 1. gr., munu eigi að síður gilda ítarlegar reglur um starfsemi þess til þess að tryggja hagsmuni neytenda svo og jafnrétti þeirra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu og sölu. Þótt starfsemi flutningsfyrirtækisins teljist ekki til opinberrar stjórnsýslu er engu að síður mælt svo fyrir í 1. tölul. 3. mgr. að ákvörðun þess um að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu skuli vera skrifleg og rökstudd. Hver sá sem telur flutningsfyrirtækið brjóta á rétti sínum

með ákvörðunum, framkvæmdum eða athafnaleysi getur borið málið undir Orkustofnun. Að undangengnum lögmæltum undirbúningi og rannsókn máls tekur Orkustofnun stjórnvaldsákvörðun um hvort sú starfsemi flutningsfyrirtækisins, sem málið lýtur að, sé í samræmi við lögin, reglugerðir settar samkvæmt þeim eða skilyrðum samnings. Ef starfsemi flutningsfyrirtækisins er ekki í samræmi við framangreindar heimildir getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum, sbr. 26. gr. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar í málum er varða flutningsfyrirtækið eru kæranlegar til úrskurðarnefndar raforkumála skv. 30. gr.

Flutningsfyrirtækið annast alla raforkuflutninga. Samkvæmt 1. mgr. er því skylt að reisa nýjar flutningslínur og endurbyggja línur ef það er nauðsynlegt til að tryggja hagkvæmni, öryggi, skilvirkni og áreiðanleika kerfisins og gæði raforku. Á sömu forsendum er flutningsfyrirtækinu skylt að viðhalda eigin línum. Þar sem fyrirtækið á að bera ábyrgð á uppbyggingu flutningskerfisins hefur það eitt heimild til að reisa nýjar flutningslínur, þ.e. línur sem ekki geta talist hluti af dreifikerfinu, sbr. 11. gr. Orkustofnun verður að hafa eftirlit með því að flutningsfyrirtækið hafi ofangreind sjónarmið um hagkvæmni, öryggi, skilvirkni og áreiðanleika og gæði raforku að leiðarljósi við uppbyggingu kerfisins. Orkustofnun verður því að fylgjast með hvort nauðsynlegar línur séu byggðar og enn fremur að ekki sé ráðist í byggingu nýrra lína sem ekki er þörf á samkvæmt ofangreindum sjónarmiðum.

Samkvæmt 2. mgr. þarf leyfi ráðherra ef reisa á línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Talin eru upp þau sjónarmið sem ráðherra má taka tillit til við veitingu leyfis. Tryggja verður að kerfið í heild sinni sé eins hagkvæmt, öruggt og skilvirkt og kostur er. Þá er vikið að umhverfissjónarmiðum.

Áður en leyfi er veitt verður ferli samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum að vera lokið og getur þurft að útfæra leyfið með hliðsjón af þeim atriðum sem þar koma fram. Að lokum verða línurnar að uppfylla skipulagslöggjöf. Mörk leyfisskyldu eru dregin við 66 kV þar sem eðlilegt þykir að þau haldist í hendur við skilyrði í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Mörkin eru óháð mörkum um stærð flutningskerfisins sem eins og áður segir miðast við 30 kV.

Í 1.–5. tölul. 3. mgr. er nánar kveðið á um hvað felist í rekstri flutningsfyrirtækisins. Í 1. tölul. er mælt fyrir um tengiskyldu þess. Þar sem um sérleyfisstarfsemi er að ræða er mikilvægt að allar virkjanir og allir notendur hafi jafnan aðgang að kerfinu. Það kemur í hlut flutningsfyrirtækisins að reisa viðkomandi línur. Sá sem óskar eftir tengingu, hvort sem um er að ræða virkjun eða notanda, verður hins vegar að greiða tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá. Í undantekningartilfellum er heimilt að synja um aðgang að kerfinu. Þau sjónarmið sem leggja má til grundvallar synjun eru tæmandi talin og eru þau í samræmi við tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Gera verður strangar kröfur til rökstuðnings synjunar og er eðlilegt að sá sem synjað er geti óskað eftir því að fá upplýsingar um með hvaða hætti og innan hvaða tíma gera megi breytingar á kerfinu sem leiði til þess að unnt sé að tengja hann. Í 2. tölul. segir að flutningsfyrirtækið skuli útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu. Fyrirtækið verður að semja um kaup á orku vegna þessa við vinnslufyrirtæki og verður kostnaður metinn inn í gjaldskrá. Töp koma því ekki inn í samninga milli kaupenda og seljenda raforku. Í 3. tölul. kemur fram að flutningsfyrirtækið eigi að útvega launafl fyrir kerfið. Launafl er nauðsynlegur þáttur í raforkukerfi til þess að draga úr orkutöpum og tryggja spennugæði. Launafl má fá frá virkjunum með spennustýringu þeirra með sérstökum þéttivirkjum. Flutningsfyrirtækið þarf að taka tillit til launafls í áætlunum um rekstur og uppbyggingu kerfisins til að flutningskerfið verði sem hagkvæmast og verður kostnaður vegna þessa tekinn inn í gjaldskrá. Í 4. tölul. er lögð sú skylda á flutningsfyrirtækið að tryggja afhendingaröryggi. Fyrirtækið metur á hvern hátt slíku verði mætt svo sem með frekari uppbyggingu flutningskerfisins eða með notkun varastöðva. Í því felst m.a. að tryggja nægilegt framboð varaafls vegna truflana í flutningskerfinu. Slíkt

getur flutningsfyrirtækið gert með samningum við virkjanir, dreifiveitur og með rekstri eigin varaaflstöðva. Í bilanatilvikum eða þegar mikil hætta er á truflunum getur fyrirtækið haft áhrif á vinnslu einstakra virkjana í þessum tilgangi enda ber það kostnað af slíkum breytingum. Miðað er við að settar séu í reglugerð kröfur um afhendingaröryggi og ef þeim er ekki mætt komi það fram í gjaldtöku fyrir flutninginn. Með þeim hætti sést hver kostnaður er vegna öryggisins sem fyrirtækið getur notað til að meta hagkvæmustu uppbyggingu varaafls. Í 5. tölul. er kveðið á um að flutningsfyrirtækið sjái til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Spá um raforkuþörf er til þess ætluð að fyrirtækið geti sem best sinnt flutningshlutverki sínu. Orkuspár geta áfram verið í höndum orkuspárnefndar og Orkustofnunar. Spár um uppbyggingu flutningskerfisins eru nauðsynlegar til að tryggja að flutningsfyrirtækið og stjórnvöld hafi fulla yfirsýn yfir þörf fyrir uppbyggingu kerfisins og flutningsfyrirtækið geti annað raforkuflutningum.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um kerfisstjórnun. Meginhlutverkið felst í að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf, sbr. 1. tölul. Stjórnstöð flutningsfyrirtækisins sér um stjórnun flutningskerfisins en þar að auki er gert ráð fyrir að hún tengist öllum virkjunum til að geta stillt saman vinnslu og notkun raforku á hverjum tíma og til að geta brugðist við truflunum í kerfinu. Vinnslufyrirtæki verða því að tilkynna flutningsfyrirtækinu um alla sölusamninga og láta vita hvernig rekstri virkjana eigi að vera háttað til að mæta þessum samningum. Alltaf verða einhver frávik milli umsaminnar notkunar og raunnotkunar og þarf flutningsaðilinn að gera samninga við vinnsluaðila um að mæta þeim og kostnaður vegna þessa verður síðan innheimtur hjá þeim aðilum þar sem um frávik er að ræða. Í 5. mgr. er m.a. gert ráð fyrir því að flutningsfyrirtækið setji reglur hvað þetta snertir. Í 2. tölul. er sú skylda lögð á flutningsfyrirtækið að tryggja nægilegt framboð reiðuafls við rekstur kerfisins og er það gert með samningum við vinnsluaðila. Kostnaður af því endurspeglast í gjaldskrá flutningsfyrirtækisins. Á hverju augnabliki þarf að vera tiltækt afl í kerfinu til að mæta því ef einhver vinnslueining dettur úr rekstri og verður slíkt að gerast samstundis því ekki er hægt að bíða eftir því að ný eining komi í rekstur. Í 3. tölul. er kveðið á um að í kerfisstjórnun felist að ákvarða notkunarferla. Slíkir notkunarferlar eru nauðsynlegir í þeim tilvikum þegar aflmæling fer ekki fram eins og á sér stað hjá litlum notendum. Dreifing álagsins innan ársins er þá metin út frá orkunotkuninni og slíkum ferlum. Hver orkumældur notandi mundi þá teljast til ákveðins hóps. Þetta hlutverk er falið flutningsfyrirtækinu en ekki dreififyrirtækjum þar sem það þarf að stilla saman raforkuþörf og vinnslu. Þá er með því unnt að tryggja samræmda framkvæmd. Í 4. tölul. er lögð mæliskylda á flutningsfyrirtækið. Fyrirtækinu ber því að sjá til þess að allt flæði inn og út af kerfinu sé mælt og að viðkomandi vinnslu- og söluaðilar hafi aðgang að þessum mælingum. Fyrirtækið getur annast mælingar sjálft eða falið það öðrum, svo sem sérhæfðu mælifyrirtæki. Flutningsfyrirtækið ber þó ætíð ábyrgð á þeim og verður að tryggja að trúnaði sé haldið um þessi gögn. Þau gögn sem hér um ræðir eru einnig grundvöllur uppgjörs flutningskerfisins og eru því nauðsynleg til að flutningsfyrirtæki geti innheimt tekjur sínar. Einnig eru þau á sama hátt grundvöllur viðskipta einstakra aðila svo sem milli söluaðila og vinnslufyrirtækja. Í 5. tölul. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu flutningsfyrirtækisins. Mikilvægt er að veittar verði góðar og ítarlegar upplýsingar um viðskipti með raforku. Almennar opinberar upplýsingar um raforkumarkaðinn stuðla að jafnræði í viðskiptum og virkni raforkumarkaðarins. Kaupendur og seljendur raforku geta þá tekið upplýstar ákvarðanir og óskað skýringa á mismunandi verði raforku milli tengipunkta, þ.e. afhendingarstaða. Eftirlitsaðilar þurfa einnig greinargóðar upplýsingar um raforkuviðskipti. Slík upplýsingaskylda veitir aðhald og dregur úr þörf á beinu eftirliti.

Í 5. mgr. segir að flutningsfyrirtækið skuli í samráði við raforkufyrirtæki setja reglur um kerfisstjórnunina, þ.m.t. nánari reglur um þau atriði sem tilgreind eru í 1.–5. tölul. 4. mgr. sem ráðherra staðfestir.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu vinnslufyrirtækja, dreifiveitna og raforkusala gagnvart flutningsfyrirtækinu. Getur flutningsfyrirtækið óskað eftir þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt hlutverk sitt samkvæmt lögum, reglugerðum og samningi, sbr. 8. gr.

Í 7. mgr. er m.a. kveðið á um trúnaðarskyldu flutningsfyrirtækisins. Hún er afar mikilvæg í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrirtækið hefur aðgang að. Getur ráðherra í samningi við flutningsfyrirtækið eða á grundvelli 9. mgr. kveðið nánar á um hvaða reglum skuli fylgja í því sambandi. Geta þær byggst á alþjóðlegum stöðlum um öryggi upplýsinga.

Í 8. mgr. er kveðið á um skyldu flutningsfyrirtækisins til raforkuskömmtunar þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Náttúruhamfarir eða aðrir ófyrirsjáanlegir atburðir geta valdið truflunum í raforkukerfinu og minna framboði á raforku án þess að úr því verði bætt með tiltækum ráðum. Flutningsfyrirtækið skal þá skammta raforku til notenda og beita við það málefnalegum aðferðum sem skulu skilgreindar í reglugerð. Áður en til skömmtunar kemur verður að beita öllum öðrum tiltækum ráðum, svo sem keyrslu varaaflstöðva.

Í 9. mgr. er mælt fyrir um reglugerð sem ráðherra skal setja. Í reglugerðinni skal mæla fyrir um þær skyldur og þau réttindi flutningsfyrirtækisins sem leiða af lögum þessum og nauðsynlegar eru til að markmiðum laganna verði náð. Skýra skal hlutverk flutningsfyrirtækisins og hvað felst í kerfisstjórnun og hvernig skuli staðið að tengingu virkjana við flutningskerfið.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur eigenda flutningsvirkja sem nauðsynlegar eru til að flutningsfyrirtækið geti rækt hlutverk sitt. Aðrir eigendur flutningsvirkja en flutningsfyrirtækið skulu veita fyrirtækinu full afnot af flutningsvirkjum sínum gegn endurgjaldi sem skal taka mið af viðmiðum 12. gr., þ.e. kostnaði vegna viðhalds, afskriftum og fjármagnskostnaði auk eðlilegrar arðsemi. Náist ekki samkomulag tekur úrskurðarnefnd raforkumála, sbr. 30. gr., ákvörðun um endurgjaldið. Um málsmeðferð í þessu sambandi verður mælt fyrir í reglugerð, sbr. 9. mgr. 30. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er eigandi flutningsvirkis ábyrgur fyrir viðhaldi á virkjum í hans eigu. Á það að sjálfsögðu bæði við um flutningsfyrirtækið og aðra eigendur flutningsvirkja. Þar sem flutningsfyrirtækinu ber að tryggja örugga stýringu raforkukerfisins verður það að geta gripið inn í ef eigandi virkis vanrækir skyldur sínar til viðhalds. Flutningsfyrirtækið á kröfu á hendur eiganda flutningsvirkis vegna slíks kostnaðar.

Í 3. mgr. er að finna reglugerðarheimild. Getur m.a. verið æskilegt að mæla fyrir um ákveðinn samstarfsvettvang eigenda flutningsvirkja til að tryggja nægilegt samráð og samvinnu þeirra á milli.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er að finna heimild til að undanskilja flutningskerfinu línur sem eru á hærri spennu en 30 kV. Rétt þykir að hafa ákveðinn sveigjanleika í ljósi þess að línur kunna að þjóna dreifingarhlutverki óháð spennu. Því er lagt til að flutningsvirki sem flytja raforku á 30 kV eða hærri spennu og eru alfarið innan dreifiveitusvæðis, þ.e. flytja ekki orku til annarra dreifiveitusvæða en þess sem þær liggja um, geti talist dreifilínur. Forsenda þess er þó að flutningsvirki tengist ekki virkjun sem er skylt að tengjast flutningskerfinu, en eins og nánar er rakið í athuga-

semdum við 5. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að allar virkjanir verða að tengjast flutningskerfinu.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að leggja línur milli einstakra virkjana og notenda. Viðkomandi lína telst þá ekki hluti af flutningskerfinu. Hún yrði ekki rekin af flutningsfyrirtækinu og yrði alfarið á ábyrgð eiganda línunnar. Dæmi um slíkt gæti t.d. verið ef sami aðili mundi reisa stóriðjuver og virkjun sem annaði raforkuþörf iðjuversins. Meginreglan er sú að flutningsvirki skuli tengjast flutningskerfinu og vera hluti af því. Telji flutningsfyrirtækið hins vegar að það geti ekki tengt notanda við flutningskerfið vegna sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins er heimilt að reisa slíkar beinar línur. Ljóslega verða bæði notandinn og virkjunaraðilinn að vera samþykkir því að reist sé bein lína. Eðlilegast er að aðilar sæki sameiginlega um leyfið en semji sín á milli um eignarhald og annað sem viðkemur flutningsvirkinu. Í 3. mgr. segir að eigi lína að flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri geti ráðherra bundið leyfi skv. 1. og 2. mgr. sömu skilyrðum og tilgreind eru í 2. mgr. 9. gr. Vísast til þess sem segir í athugasemdum við 2. mgr. 9. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er settur rammi sem ber að fara eftir við ákvörðun gjaldskrár fyrir þjónustu flutningsfyrirtækisins. Gjaldskráin verður að vera einföld, skilvirk, gagnsæ og takmarka verðsveiflur. Auk þess er mikilvægt að kostnaður vegna kerfisins sé sýnilegur notendum. Eiga sömu sjónarmið að gilda eftir því sem við á um gjaldskrá vegna dreifingar að breyttu breytanda, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig tekjumörk flutningsfyrirtækisins skuli ákvörðuð. Í 1. tölul. 2. mgr. er talinn upp kostnaður sem heimilt er að byggja á. Um er að ræða allan kostnað sem tengist flutningsstarfsemi og kerfisstjórnun. Í 2. tölul. 2. mgr. er fjallað um arðsemiskröfur. Ákveðin er hámarks- og lágmarksarðsemi auk þess sem tilgreint er hvaða arðsemiskröfu ber að miða við í upphafi. Fengið var álit Þjóðhagsstofnunar um þessi atriði, sbr. fylgiskjal VII. Var tekið mið af álitinu þegar arðsemismörkun voru ákveðin. Í 3. tölul. 2. mgr. kemur fram að gera skuli hagræðingarkröfu. Eðlilegt er að skipta hagræðingarkröfunni í tvennt, annars vegar í almenna hagræðingarkröfu sem gerð verður til allra fyrirtækja í sérleyfisstarfseminni og hins vegar í sérstaka kröfu sem gerð verður til hvers fyrirtækis fyrir sig og verður byggð á rekstri viðkomandi fyrirtækis. Lykiltölugreining getur verið skynsamleg í þessu sambandi. Eru þá skilgreind ákveðin samanburðarviðmið sem notuð eru til að greina árangur í rekstri. Ekki er í frumvarpinu unnt að tilgreina hagræðingarhlutföll enda verður að meta þau eftir ítarlegar athuganir á kostnaðaruppbyggingu fyrirtækisins og því hvað getur talist raunsæ árleg lækkun á hverjum kostnaðarlið. Í grannlöndunum er yfirleitt reynt að áætla eðlilega tekjuþörf fyrirtækja í flutningi og dreifingu út frá þeirri þjónustu sem þau veita. Slíkur tekjurammi er síðan leiðarljós um hagræðingarkröfu. Stefnt er að álíka fyrirkomulagi hérlendis. Hagræðing í rekstri ár hvert á að skila sér til notenda kerfisins í raunlækkun gjaldskrár. Ef fyrirtækið nær ekki þeirri hagræðingu sem miðað er við minnkar arðsemin og því er öfugt farið ef því tekst að hagræða meira en miðað er við. Með þessu móti er innbyggður hvati til hagræðingar. Í 4. tölul. kemur fram að Orkustofnun metur árlega hvort gjaldskráin sé í samræmi við settar kröfur. Í því sambandi er litið til síðustu þriggja ára við mat á því hvort arðsemin séu innan settra marka. Ef arðsemin er utan þessara marka þegar litið er á tímabilið í heild verður að taka tillit til þess við mat á gjaldskrá fyrirtækisins fyrir næsta ár.

Í 1. tölul. 3. mgr. kemur fram að gjaldskráin skuli vera punktgjaldskrá, þ.e. taka skuli gjald fyrir mötun og úttekt úr kerfinu. Í frumvarpinu er flutningskerfinu skipt í tvo hluta og gilda ólík sjónarmið við ákvörðun gjalds vegna úttekta í hvorum hluta. Flutningskerfi Landsvirkjunar á

132 og 220 kV spennu hefur verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Það tryggir öruggan rekstur alls kerfisins og allir aðilar njóta góðs af rekstri þess, t.d. við truflanir. Því er eðlilegt að allir landsmenn taki þátt í kostnaði vegna þess og áframhaldandi uppbyggingu til að auka flutninga um það. Kerfi Landsvirkjunar auk tengilína að helstu virkjunum annarra orkufyrirtækja er í frumvarpinu nefnt „meginflutningskerfið". Þar skal að meginstofni til gilda samræmd gjaldskrá. Þó skal taka tillit til afhendingaröryggis. Með samræmdri gjaldskrá er ekki átt við að allir greiði sama gjald á orkueiningu þar sem það getur t.d. verið háð dreifingu notkunar. Í öðrum hlutum flutningskerfisins verður að reikna gjald fyrir úttekt með tilliti til kostnaðar af viðkomandi flutningsvirkjum, þ.e. stofn- og rekstrarkostnaðar og afhendingaröryggis, auk kostnaðar við meginflutningskerfið óháð því hvort raforka er flutt um meginflutningskerfið eða ekki. Tengingin við meginflutningskerfið veitir öryggi og notendum val við kaup á orku sem eðlilegt er að greitt sé gjald fyrir óháð notkun. Þetta þýðir að reikna verður eðlilegt gjald í hverjum úttektarpunkti. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun í flutningskerfinu, þ.e. óháð því hvar virkjun er. Þó á að taka tillit til afhendingaröryggis, sbr. það sem áður segir.

Í 2. tölul. 3. mgr. segir að taka megi tillit til þess ef einstakir notendur leiða eða hafa leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins. Tilkoma stórra notenda getur kallað á nýjar flutningslínur sem fullnýtast strax og þær koma í notkun sem er mun hagkvæmara en þegar það tekur t.d. áratug að fullnýta nýja línu. Ákvæðið tekur til notenda hvort sem þeir tengjast kerfinu fyrir eða eftir gildistöku laganna. Það er sölufyrirtækisins eða viðkomandi notanda að sýna flutningsfyrirtækinu fram á að tenging notandans við kerfið leiði til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins. Bera verður saman kerfið með og án notandans. Slíkur samanburður er erfiðari vegna þeirra sem þegar hafa tengst kerfinu og getur í sumum tilvikum þurft að meta að álitum þá hagkvæmni sem hlýst af því að viðkomandi aðili notar kerfið. Orkustofnun hefur eftirlit með því mati sem fer fram. Í flestum tilvikum eiga notendur að falla undir almenna gjaldskrá. Ákvæðinu verður því aðeins beitt í undantekningartilfellum. Ákvæðið tekur ekki til dreifiveitna.

Í 4. mgr. er kveðið á um að nýir viðskiptavinir, þ.e. bæði vinnslur og notendur, þurfi að greiða kostnað vegna tengingar við kerfið ef tekjur vegna tengingarinnar standa ekki undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði. Við mat á því hvað skuli teljast eðlilegur stofn- og rekstrarkostnaður verður að byggja á sömu sjónarmiðum og í 1. tölul. 2. mgr. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um dreifingu raforku. Mælt er fyrir um leyfisveitingu, skilyrði hennar, efni leyfis og skyldur dreifiveitna.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til að reisa og reka dreifikerfi innan dreifiveitusvæðis og til að hætta slíkum rekstri. Gæta verður jafnræðis við úthlutun leyfa og er rétt að auglýsa leyfi til umsóknar opinberlega ef um nýtt dreifikerfi er að ræða. Við veitingu leyfis þar sem dreifikerfi er þegar til nýtur sá forgangs sem ræður yfir dreifikerfinu.

Leyfi til dreifingar lýtur að dreifiveitusvæði í heild. Af þeim sökum þarf ekki að sækja um leyfi fyrir hverri línu eða virki innan dreifiveitusvæðisins. Ákvæði um að leita þurfi leyfis til að hætta rekstri er nauðsynlegt vegna almannahagsmuna af öryggi afhendingar. Leyfishafi verður þó ekki þvingaður til að halda rekstri sínum áfram nema um takmarkaðan tíma. Gefur slíkur tími svigrúm til að veita öðrum aðila leyfi. Eins og fram kemur í kafla 6.4.4. í almennum at-

hugasemdum við frumvarpið er horfið frá forgangi sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins við veitingu leyfa. Í bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu kemur fram að þeir sem í dag hafa rétt til að reisa eða reka dreifikerfi haldi honum enda uppfylli þeir skilyrði laganna. Sækja þarf um leyfi samkvæmt frumvarpinu ef annar lögaðili en sá sem nú annast dreifingu á að taka við henni. Á það t.d. við um fyrirtæki sem stofnuð verða eftir gildistöku laganna vegna skilyrða um sjálfstæðan lög- og skattaðila.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að dreifiveita skuli vera sjálfstæður lög- og skattaðili. Um það skilyrði vísast til þess sem segir um 5. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. eru talin skilyrði sem sérstaklega snerta umsækjanda. Lúta þau að atriðum sem skulu tryggja að viðkomandi fyrirtæki geti rækt hlutverk sitt og skyldur og tryggt sé öryggi og skilvirkni kerfisins. Meginreglan er að dreifiveita skuli tengjast flutningskerfinu. Það er þó ekki einhlítt þar sem frá því má víkja þegar sérstakar aðstæður gera það nauðsynlegt. Sem dæmi má nefna lítil einangruð svæði, svo sem Inndjúp Vestfjarða eða Grímsey. Sé um nýtt dreifikerfi að ræða verður umsækjandi að sýna fram á að unnt sé að tengja dreifikerfið flutningskerfinu.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um efni sérleyfis. Talningin er ekki tæmandi.

Samkvæmt 1. tölul. á að afmarka í leyfinu svæðið sem sérleyfi til dreifingar nær til. Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að mælt sé fyrir um upplýsingaskyldu dreifiveitu til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækisins í sérleyfi. Stofnanirnar geta farið fram á upplýsingar frá dreifiveitum á grundvelli 25. og 28. gr. Útfærsla á upplýsingaskyldu í leyfi takmarkar ekki rétt stofnananna til að óska upplýsinga á grundvelli þessara ákvæða. Í 3. tölul. kemur fram að mæla eigi fyrir um öryggis- og umhverfisráðstafanir á framkvæmda- og rekstrartíma í leyfi. Kann m.a. að þurfa að mæla fyrir um hvernig að frágangi mannvirkja skuli staðið. Í 4. tölul. segir að setja skuli skilyrði í leyfi er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu leyfishafa. Við það ber að miða að tryggt sé að leyfishafi hafi burði til að reisa og reka viðkomandi dreifikerfi. Í 6. tölul. segir að fram skuli koma hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði að rekstrartíma loknum. M.a. er haft í huga að af umhverfis- eða öryggisástæðum getur verið eðlilegt að mannvirki, þ.m.t. leiðslur, hvort sem er ofan- eða neðanjarðar, verði fjarlægð þegar þau eru ekki lengur í notkun.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Hlutverk þeirra er að dreifa raforku frá flutningskerfi til notenda á öruggan og hagkvæman hátt og annast kerfisstjórnun á viðkomandi dreifiveitusvæði. Þær bera ábyrgð á viðhaldi, endurbótum og uppbyggingu dreifikerfisins.

Frumvarpið byggist á því að dreifiveitur séu reknar á einkaréttarlegum grundvelli. Aftur á móti munu mjög ítarlegar reglur gilda um starfsemi þeirra til þess að tryggja hagsmuni neytenda annars vegar og jafnrétti þeirra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu og sölu hins vegar. Þótt starfsemi dreifiveitna teljist ekki til opinberrar stjórnsýslu er engu að síður mælt svo fyrir í 1. tölul. 3. mgr. að ákvörðun þess um að synja nýjum aðilum um aðgang að dreifikerfi skuli vera skrifleg og rökstudd. Hver sá sem telur dreifiveitu brjóta á rétti sínum með ákvörðunum, framkvæmdum eða athafnaleysi getur borið málið undir Orkustofnun. Að undangengnum lögmæltum undirbúningi og rannsókn máls tekur Orkustofnun stjórnvaldsákvörðun um hvort sú starfsemi dreifiveitunnar, sem málið lýtur að, sé í samræmi við lögin, reglugerðir settar samkvæmt þeim eða skilyrði leyfis. Ef starfsemi dreifiveitu er ekki í samræmi við framangreindar heimildir

getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum, sbr. 26. gr. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar í málum er varða dreifiveitu eru kæranlegar til úrskurðarnefndar raforkumála skv. 30. gr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi dreifiveitna. Ber dreifiveitu í bókhaldi sínu að halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarra rekstrarþátta. Af 7. gr. frumvarpsins leiðir að stundi fyrirtæki einnig vinnslu og sölu verður fyrirtækið að halda sérstaka reikninga í bókhaldi sínu vegna hvors þessara þátta. Nái sérleyfi fyrirtækisins yfir fleiri gjaldskrársvæði verður að halda reikningum vegna hvers svæðis aðskildum í bókhaldi. Þá segir einnig í 2. mgr. að eigi fyrirtækið flutningsvirki verði það einnig að halda reikningum vegna þeirra aðskildum frá annarri starfsemi í bókhaldi sínu. Eins og ráða má af 7. og 19. gr. frumvarpsins og eins og fram kemur í kafla 6.2 í almennum athugasemdum við frumvarpið eru gerðar kröfur um aðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem er í sambærilegri stöðu til að tryggja að mismunun og niðurgreiðslur eigi sér ekki stað og samkeppni verði ekki hindruð. Því þykir nauðsynlegt að árétta sérstaklega í 2. mgr. að óheimilt sé að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi með sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem er í sambærilegri stöðu. Kröfur um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi í 2. mgr. leiðir þó einnig af gjaldskrárreglum 17. gr. frumvarpsins. Um aðskilnaðarkröfur frumvarpsins vísast nánar til 41. gr., bráðabirgðaákvæðis V og kafla 6.2 í almennum athugasemdum.

Í 3. mgr. eru starfsskyldur dreifiveitu taldar. Gert er ráð fyrir að þær verði frekar útfærðar í reglugerð. Skyldurnar geta lotið að öllu því sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan, skilvirkan og hagkvæman rekstur kerfisins. Skv. 1. tölul. 3. mgr. verða dreifiveitur að tengja alla sem eftir því sækjast við kerfið, enda séu tæknileg skilyrði uppfyllt og kostnaður vegna tengingar greiddur. Í undantekningartilfellum er heimilt að synja nýjum aðilum um tengingu við dreifikerfið. Gera verður strangar kröfur til rökstuðnings synjunar og er eðlilegt að sá sem synjað er geti óskað eftir því að fá upplýsingar um með hvaða hætti og innan hvaða tíma gera megi breytingar á kerfinu sem leiði til þess að unnt sé að tengja hann. Skv. 2. tölul. 3. mgr. verða dreifiveitur að tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins. Þær verða m.a. að tryggja að þær geti afhent rafmagn þótt einstaka línur detti út, svo sem með því að reka varaaflstöðvar. Slíkar stöðvar má aðeins reka í þeim tilgangi en ekki til að stunda viðskipti með raforku. Flutningsfyrirtækið getur samið við dreifiveitur um afnot af varaaflstöðvunum við truflanir í flutningskerfinu. Á sama hátt og flutningsfyrirtækið þarf að afla orku vegna tapa í flutningskerfinu þurfa dreifiveitur að afla orku vegna tapa í dreifikerfinu, sbr. 3. tölul. 3. mgr. Miðað er við að tekið verði tillit til þessa í gjaldskrá. Einnig þurfa þær að afla launafls til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði, sbr. 4. tölul. 3. mgr., hvort sem það fæst frá flutningskerfinu eða með öðrum hætti. Kostnaður vegna þessa endurspeglast í gjaldskrá. Skv. 5. tölul. 3. mgr. eiga dreifiveitur að sjá um að mæla þá raforku sem þær afhenda eða taka við. Er því miðað við að mælar verði á ábyrgð dreifiveitna og að þær annist mælingu sjálfar eða feli það öðrum. Álitamál getur verið í hverra eigu mælarnir eiga að vera en nú eru þeir almennt í eigu dreifiveitnanna sem einnig eru söluaðilar. Ekki er kveðið á um eignarhald í frumvarpinu. Eignarhaldið má þó ekki leiða til þess að notendur verði að greiða kostnað vegna eigendaskipta þar sem slíkt getur komið í veg fyrir að notendur skipti um söluaðila og þar með hamlað virkri samkeppni. Í 6. tölul. 3. mgr. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu dreifiveitna. Er ákvæðið bundið við upplýsingar sem eru nauðsynlegar við mat á því hvort fyrirtækið sinni skyldum sínum og vegna þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir. Í 7. tölul. 3. mgr. er fjallað um skyldu dreifiveitna til að gæta jafnræðis og trúnaðar. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um trúnaðarskylduna og tekið mið af alþjóðlegum stöðlum í því sambandi.

Samkvæmt 4. mgr. er dreifiveitum heimilt að krefjast þess að notkun vegna einstakra notenda sé aflmæld með samfelldri aflmælingu. Allir stærri notendur yrðu aflmældir en fyrir smáa notendur svarar slíkt ekki kostnaði og eru þá notaðir notkunarferlar til að dreifa notkuninni innan ársins. Ef dreifiveitan hefur grun um að verið sé að misnota slíkt getur hún krafist aflmælingar en einnig ef notkunin fer yfir mörk sem tilgreind yrðu í reglugerð. Notendur og sölufyrirtæki geta ætíð farið fram á aflmælingu enda greiða þau kostnaðinn af henni.

Um skýringu á 5. mgr. vísast til 8. mgr. 9. gr.

Í 6. mgr. kemur fram að ráðherra skuli setja reglugerð um hlutverk og starfsemi dreifiveitna. Í reglugerðinni verður mælt fyrir um réttindi og skyldur dreifiveitna sem leiðir af frumvarpinu. Getur þar m.a. þurft að mæla nánar fyrir um hvernig skuli staðið að tengingu, mælingar, kerfisstjórnunarhlutverk dreifiveitna, trúnaðarskyldu, skömmtun o.fl.

Um 17. gr.

Um 1. og 2. mgr. vísast til athugasemda við 12. gr. frumvarpsins. Við mat á því hvað skuli teljast til kerfisstjórnunar dreifiveitu má hafa hliðsjón af 3. mgr. 9. gr. Í 3. mgr. kemur fram að ráðherra skuli tilgreina gjaldskrársvæði í reglugerð. Við ákvörðun gjaldskrársvæða verður höfð hliðsjón af markmiðum frumvarpsins, skipan byggða, svo sem hvort um dreifbýli eða þéttbýli er að ræða svo og staðsetningu byggða gagnvart raforkukerfinu. Skipan byggða getur breyst og af þeim sökum og til að ná fram markmiðum frumvarpsins getur verið nauðsynlegt að breyta gjaldskrársvæðum eftir að þau hafa verið ákveðin.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um raforkuviðskipti. Kveðið er á um leyfisbindingu raforkusölu, skilyrði fyrir leyfi, skyldur leyfishafa og raforkusölusamninga.

Um 18. gr.

Ráðherra veitir leyfi til raforkuviðskipta. Raforka er afar mikilvægur þáttur í allri starfsemi í þjóðfélaginu og geta legið mikil verðmæti í einstökum viðskiptum. Því þykir nauðsynlegt að setja almenn hæfisskilyrði og tryggja sýn yfir þá sem stunda raforkuviðskipti. Verður umsækjandi að sýna fram á að hann hafi fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Er þar einkum átt við gerða orkusölusamninga. Getur hann þurft að leggja fram tryggingu eða sýna fram á tiltekna eiginfjárstöðu.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar ákveðnar skyldur á sölufyrirtæki. Þeim ber samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. að útvega þá raforku sem nauðsynleg er til að þau geti staðið við gerða orkusölusamninga. Að öðrum kosti verður flutningsfyrirtækið sem stjórnandi raforkukerfisins að grípa inn í og kaupa raforku. Viðkomandi sölufyrirtæki ber skv. 3. tölul. 1. mgr. að greiða flutningsfyrirtækinu fyrir orkuna á því verði sem flutningsfyrirtækið þurfti að greiða. Eðlilegt er að flutningsfyrirtækið innheimti þóknun vegna umsýslu sem leggst einnig á viðkomandi sölufyrirtæki. Ef aftur á móti notkun er minni en umsamin kaup þarf flutningsfyrirtækið að sjá til þess að dregið sé úr vinnslu í samræmi við samninga sem flutningsfyrirtækið gerir um það og ber sölufyrirtækið kostnaðinn af því. Ábyrgð sölufyrirtækja á kostnaði vegna frávika á að vera með þeim hætti að ekki sé hvati til of- eða vanáætlunar á notkun. Í 4. tölul. 1. mgr. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu fyrirtækisins til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis um raforkuviðskipti. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. eiga sölufyrirtæki að upplýsa dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka aðila. Um er að ræða nauðsynlegar upplýsingar vegna tengiskyldu dreifiveitna. Þá verða dreifiveitur

enn fremur að hafa upplýsingar um raforkunotkun. Þær upplýsingar hafa dreifiveiturnar undir höndum þar sem þær skulu bera ábyrgð á mælingum. Takmarka verður upplýsingaskyldu sölufyrirtækja gagnvart dreifiveitum eins og kostur er vegna samkeppnissjónarmiða þar sem dreifiveitur geta haft með höndum sölustarfsemi.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um aðskilnað reikninga í bókhaldi sölufyrirtækja. Ber að halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í þeim tilgangi að sala verði ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi eða starfsemi í sambærilegri stöðu. Um aðskilnað vísast nánar til þess sem segir í 41. gr. frumvarpsins, bráðabirgðaákvæði V og í kafla 6.2 í almennum athugasemdum.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um orkusölusamninga. Raforka er sérstök söluvara þar sem afhending hennar fer fram í órofinni starfsemi. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um lausafjárkaup kemur fram að raforka falli ekki undir gildissvið þeirra laga. Um viðskipti með raforku fer því samkvæmt samningalögum og almennum reglum kröfuréttar nema öðruvísi sé mælt í lögum. Á það m.a. við um hvenær til samnings telst hafa verið stofnað.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um ákveðin vanefndaúrræði. Þau útiloka ekki önnur úrræði samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins. Heimilt er að stöðva afhendingu raforku til notanda sem ekki stendur í skilum. Tekur það bæði til vanskila gagnvart seljanda og dreifiveitu greiði notandi til hennar. Innheimti seljandi gjald dreifiveitu og seljandi stendur ekki í skilum við dreifiveitu verður hins vegar ekki lokað fyrir afhendingu til notanda sem hefur greitt það sem honum ber. Uppfylli sölufyrirtæki ekki skyldur sínar getur notandi kvartað til Orkustofnunar. Orkustofnun rannsakar þá málið og telji hún að seljandi brjóti gegn skyldum sínum getur hún beitt þeim úrræðum sem hún hefur skv. 26. gr. og ef við á tilkynnt iðnaðarráðuneytinu um brot sölufyrirtækis á skyldum sínum. Getur iðnaðarráðherra svipt seljanda leyfi til sölustarfsemi hafi hann ekki uppfyllt skyldur sínar, sbr. 36. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er ákveðinn hámarksuppsagnarfrestur sem heimilt er að semja um í viðskiptum við notendur. Þykir hann hæfilegur þrír mánuðir. Er með ákvæðinu leitast við að tryggja að langtímasamningar hamli ekki samkeppni. Þá verður uppsagnarfrestur að vera nægilega langur til að sölufyrirtæki nái að skipuleggja starfsemi sína. Ástæða þykir til að heimila að samið sé um lengri uppsagnarfrest þegar um er að ræða stærri notendur. Mörkin miðast við 1 GWst. Slíkir notendur eru orðnir svo stórir að meira jafnræði er milli samningsaðila. Um ýmis framkvæmdaatriði varðandi viðskipti með raforku verður að mæla reglugerð. Á það t.d. við um hvernig skuli staðið að mælingum og uppgjöri milli aðila á markaði. Er grunnatriðum í því sambandi lýst í kafla 6.4.5 í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um skyldur landeigenda og eignarnáms- og bótaákvæði.

Um 21. gr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu í 26. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sem aftur byggðist á 18. gr. þágildandi orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. þágildandi námulaga, nr. 24/1973, að breyttu breytanda.

Um 22. gr.

Greinin á sér hliðstæðu í 28. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Um 23. gr.

Í greininni eru talin þau tilvik þar sem ráðherra er heimilt að framkvæma eignarnám. Getur ráðherra framkvæmt eignarnám vegna virkjunarframkvæmda eða lagningar dreifi- eða flutningslína og byggingar mannvirkja sem þeim tengjast. Eignarnámið getur náð til orkulinda ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlinda og annarra réttinda landeiganda. Ráðherra afhendir viðkomandi fyrirtæki hin eignarnumdu verðmæti sem ber allan kostnað af eignarnáminu. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið fyrirtæki að framkvæma eignarnámið.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti þegar hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 2. mgr. 29. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Í 3. mgr. er eðlileg sanngirnisregla vegna hagsmuna landeiganda og á hún sér hliðstæður í 4. mgr. 29. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Í 4. mgr. er að finna eignarnámsheimild ráðherra sem nær til flutningskerfisins og dreifikerfa. Heimildin er nauðsynleg til að eigendur þeirra geti ekki í krafti eignarréttar síns hindrað flutning eða dreifingu raforku. Mjög óhagkvæmt er að reisa nýtt dreifikerfi ef slíkt er þegar til staðar.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um opinbert eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum þessum. Eins og nánar kemur fram í einstökum greinum er eftirlitið í höndum tveggja stofnana, þ.e. Orkustofnunar og Samkeppnisstofnunar.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk Orkustofnunar sem felst í eftirliti með því að farið sé að ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum heimildum sem um starfsemina gilda, svo sem leyfum og samningum. Á þetta bæði við um starfsemi á samkeppnis- og sérleyfissviði.

Hvað flutningsfyrirtækið varðar ber Orkustofnun t.d. að hafa eftirlit með því að fyrirtækið byggi flutningskerfið upp og viðhaldi því með tilliti til öryggis, hagkvæmni og skilvirkni kerfisins. Í því sambandi getur Orkustofnun þurft að meta hvort byggja eigi línur eða ekki. Þá verður Orkustofnun að fylgjast með því að flutningsfyrirtækið sinni kerfisstjórnunarhlutverki sínu. Sama á við um dreifiveitur. Orkustofnun verður einnig að meta gjaldskrár flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna, sbr. 12. og 17. gr. frumvarpsins. Í eftirlit með gjaldskrá fléttast óhjákvæmilega ákveðið tæknilegt mat, svo sem á gæðum raforku og nauðsyn viðhalds, endurbyggingar eða nýbyggingar. Við það er miðað að þar sem slíkt er hagkvæmt verði faggiltum skoðunarstofum falið að framkvæma eftirlitið á vegum Orkustofnunar og getur ráðherra sett reglur um hvernig slíku eftirliti skuli háttað. Ber orkufyrirtækjum að greiða fyrir þjónustu faggiltra skoðunarstofa, sbr. 31. gr.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlitsheimildir Orkustofnunar. Í frumvarpinu er við það miðað að eftirlit byggist eins og kostur er á innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra. Ekki verður þó hjá ákveðnu beinu eftirliti komist. Á það einkum við gjaldskráreftirlit. Samkvæmt 12. og 17. gr. er flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum skylt að senda Orkustofnun upplýsingar um gjaldskrá með ákveðnum fyrirvara. Í þessari grein er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti enn fremur óskað eftir gögnum frá eftirlitsskyldum aðilum. Slík gagnasöfnun getur verið liður í eftirliti með innra

eftirliti fyrirtækjanna eða þáttur í sérstakri könnun. Sérstakar kannanir getur Orkustofnun framkvæmt að eigin frumkvæði eða vegna kvartana eða ábendinga annarra. Orkustofnun fær ríkar rannsóknarheimildir verði frumvarpið að lögum. Við það ber að miða að Orkustofnun beiti eins hóflegum aðferðum og kostur er við eftirlit sitt. Hins vegar verður stofnunin að geta gripið til vettvangskannana ef sérstakar ástæður krefjast þess, svo sem ef ætla má að upplýsingum sé haldið frá stofnuninni. Þá getur verið nauðsynlegt að framkvæma vettvangskannanir við eftirlit með því að skilyrðum, t.d. í virkjanaleyfi, sé fylgt við uppbyggingu og rekstur virkjana. Getur Orkustofnun eins og greinir í 24. gr. falið faggiltri skoðunarstofu framkvæmd eftirlits á sínum vegum. Ber eftirlitsskyldum aðilum að greiða fyrir kostnað vegna eftirlitsins enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða, sbr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um úrræði Orkustofnunar í eftirlitsstarfsemi sinni. Stofnunin getur lagt á dagsektir ef ekki er farið að tilmælum hennar. Þá getur Orkustofnun komið í veg fyrir gildistöku gjaldskrár. Ber fyrirtækjum að tilkynna stofnuninni um gjaldskrárbreytingar með tveggja mánaða fyrirvara. Á þeim tíma fer Orkustofnun yfir gjaldskrána og telji hún hana ekki samræmast þeim reglum sem um gjaldskrána gilda hafnar hún gildistöku hennar. Þá er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti einnig gert fyrirtækjum að breyta gjaldskrá sem tekið hefur gildi. Íhlutun Orkustofnunar getur þannig verið fyrir fram eða eftir á.

Um 27. gr.

Í greininni kemur fram að samkeppnislög gilda um starfsemi sem lög þessi taka til. Þar er áréttað að samkeppnisyfirvöld annast eftirlit með samkeppni á raforkumarkaði í samræmi við markmið og ákvæði samkeppnislaga. Til að taka af tvímæli er mælt fyrir um heimildir samkeppnisráðs til að krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar til að tryggja að sala og vinnsla á raforku verði ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi, svo sem dreifingu og flutningi raforku, eða starfsemi sem er í sambærilegri stöðu. Samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, þurfa hitaveitur ekki sérleyfi til starfsemi sinnar. Telja verður að hitaveita sem á og rekur dreifikerfi og hefur ekki sérleyfi sé í sambærilegri stöðu og hitaveita sem hefur sérleyfi, m.a. vegna þess að kostnaður við uppbyggingu kerfisins er mjög hár.

Um 28. gr.

Í greininni er Orkustofnun falið tæknilegt eftirlit með orkufyrirtækjum, þ.e. gæðum raforku og afhendingaröryggi. Á eftirlitið fyrst og fremst að byggjast á innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun geti falið faggiltum skoðunarstofum að framkvæma eftirlitið. Eru þá fyrst og fremst hafðar í huga árlegar úttektir til að kanna hvort rétt sé að innra eftirlitinu staðið. Faggiltar rafskoðunarstofur annast slíkt eftirlit nú á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Ætti að vera unnt að sameina þessar skoðanir að miklu leyti og þar með koma í veg fyrir að fjöldi eftirlitsheimsókna aukist. Ber orkufyrirtækjunum að greiða fyrir þjónustu faggiltra skoðunarstofa, sbr. 31. gr.

Orkustofnun getur framkvæmt eða látið framkvæma skoðanir í fyrirtækjum að eigin frumkvæði eða vegna kvartana eða ábendinga. Slíkar skoðanir ber eingöngu að framkvæma þegar rökstuddur grunur er fyrir hendi. Komist Orkustofnun að því að einhverju sé áfátt getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Lagt er til að sérstök úrskurðarnefnd, úrskurðarnefnd raforkumála, fjalli um stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar er lúta að starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Um skýringu á því í hverju slíkar ákvarðanir geta falist vísast til athugasemda við 24. gr. Úrskurðarnefndin á einnig að hafa það hlutverk að skera úr um hvert skuli vera endurgjald vegna afnota flutningsfyrirtækisins af flutningsvirkjum í eigu annarra. Þær stjórnvaldsákvarðanir sem sæta kæru til úrskurðarnefndarinnar varða rekstur og starfsemi fyrirtækja sem ríkið á stóra eignarhluti í og iðnaðarráðherra fer með. Sjálfstæð úrskurðarnefnd er því æskileg til að tryggja sem best að hlutleysi úrskurðaraðila verði ekki dregið í efa. Lagt er til að formaður og varamaður hans fullnægi skilyrðum hæstaréttardómara. Ekki er kveðið á um hæfisskilyrði annarra en eðlilegt er að um aðila sé að ræða, hagfræðing og verkfræðing eða menn með sambærilega menntun, sem hafa sérþekkingu á starfsemi fyrirtækja sem nefndin fjallar um. Um hæfi þeirra fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum. Í greininni er mælt fyrir um málsmeðferðarreglur en jafnframt gert ráð fyrir því að frekari reglur kunni að þurfa að setja.

Um 31. gr.

Lagt er til að innheimt verði gjald til að standa undir eftirlitskostnaði samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. kostnaði vegna úrskurðarnefndar raforkumála. Meginþungi eftirlitsins mun vera með flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum. Til að tryggja jafna og eðlilega dreifingu gjaldsins er mælt fyrir um að það verði lagt á flutningsfyrirtækið við mötun inn á flutningskerfið og á dreifiveitur við úttekt af flutningskerfinu til dreifiveitna. Hlutfallstölurnar taka mið af því að árleg orkunotkun til almennra nota sé 2.700 GWst og samtals sé orkunotkun um 8.000 Gwst á ári. Miðað við að lagt verði gjald á flutningsfyrirtækið sem nemur 0,50 aurum á kWst vegna orku sem mötuð er inn á flutningskerfið ber flutningsfyrirtækið því um 40 millj. kr. á ári. Miðað við að lagt sé gjald á dreifiveitur sem nemur 1,1 eyri á kWst vegna raforku sem móttekin er frá flutningskerfinu bera dreifiveitur um 30 millj. kr. á ári.

Í 3. mgr. segir að eftirlitsskyldir aðilar skuli greiða fyrir kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa. Er þá einkum haft í huga reglubundið eftirlit eða sérstakt eftirlit sem af einhverjum ástæðum er nauðsynlegt að hafa með ákveðnum aðilum, svo sem vegna framkvæmda á grundvelli leyfis. Sérstaklega er tekið fram að eftirlitsskyldum aðilum beri ekki að greiða kostnað vegna úrtakseftirlits.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum eru almenn ákvæði um leyfisveitingar, svo sem um framsal leyfa, gjaldtöku, málsmeðferð o.fl.

Um 32. gr.

Lagt er til að ráðherra geti framselt vald sitt til útgáfu leyfa til Orkustofnunar. Þar sem leyfi eiga að byggjast á hlutlægum, gagnsæjum viðmiðum og tæknilegri þekkingu getur verið hagkvæmt og eðlilegt að framselja vald ráðherra til fagstofnunar ráðuneytisins. Ef framsalsheimildinni er beitt er unnt að kæra ákvarðanir er lúta að leyfum til iðnaðarráðuneytisins.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimild leyfisveitanda til gjaldtöku fyrir útgáfu leyfa. Almennt má gera ráð fyrir að því umfangsmeiri sem starfsemi er þeim mun meiri sé kostnaður við undirbúning að útgáfu leyfa. Byggist gjaldtökuákvæðið á þeim sjónarmiðum.

Um 34. gr.

Í greininni eru lagðar til málsmeðferðarreglur sem eiga að tryggja faglega, hlutlæga og gagnsæja meðferð máls. Viðkomandi leyfi snerta ríka almannahagsmuni og því er eðlilegt að kynna umsókn almenningi. Mælt er fyrir um ákveðinn frest umsagnaraðila til að skila inn umsögnum sínum. Á með því að hraða málsmeðferð. Þegar ráðherra hefur fengið öll gögn í hendur vegna málsins ber honum að taka ákvörðun eins fljótt og kostur er.

Um 35. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verður umsækjandi um leyfi að uppfylla bæði almenn og sérstök skilyrði. Af þeim sökum er eðlilegt að ráðherra meti hvort framselja megi leyfi.

Um 36. gr.

Í greininni er mælt fyrir um úrræði ráðherra vegna vanefnda leyfishafa. Getur ráðherra breytt eða afturkallað leyfi. Áður en að þessum úrræðum kemur hefur Orkustofnun eða Löggildingarstofa að jafnaði beitt öðrum vægari úrræðum til að reyna að knýja á um að leyfishafi uppfylli skyldur sínar. Tekið er fram að í vissum tilvikum megi svipta leyfishafa leyfi án aðvörunar, þar á meðal ef um er að ræða aðstæður þar sem leyfishafi getur ekki uppfyllt skyldur sínar. Gjaldþrotaskipti leyfishafa eru dæmi um aðstæður sem almennt ættu að leiða til þess að leyfi verði afturkallað.

Um IX. kafla.

Í kaflanum eru ýmis ákvæði, svo sem um yfirstjórn, framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign, raforkuskýrslu, veitingu rannsóknarleyfa o.fl.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Hliðstætt ákvæði er að finna í 31. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í flestum tilvikum fer landbúnaðarráðuneytið með málefni jarða í ríkiseign, sbr. ákvæði jarðalaga. Um leyfi til framkvæmda og um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Um 39. gr.

Raforka er afar mikilvæg í allri starfsemi í landinu. Nauðsynlegt er að raforkumálum sé þannig háttað að framboð sé nægt og afhending raforku sé tryggð. Upplýsingagjöf um ástand raforkumarkaðarins er mikilvæg í því sambandi og þykir rétt að ráðherra upplýsi Alþingi reglulega um þróun mála.

Um 40. gr.

Í greininni er kveðið á um að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, taki til rannsókna á orkulindum til raforkuvinnslu. Oft getur málum verið svo háttað að ekki er vitað hvort rannsóknir leiði til raforkuvinnslu eða framleiðslu á heitu vatni. Þá getur verið stefnt að hvoru tveggja. Því er mikilvægt að samræmi sé við útgáfu leyfa til rannsókna óháð því til hvers þær eru stundaðar.

Um 41. gr.

Í þessari grein er fjallað um það með hvaða hætti fyrirtæki sem falla undir ákvæði laga þessara skuli semja ársreikninga sína. Í 1. mgr. kemur fram að lög um ársreikninga gildi um fyrirtækin. Til viðbótar þeim almennu reglum, sem mælt er fyrir um í þeim lögum, er í 2.–6. mgr. mælt fyrir um frekari kröfur sem ársreikningar orkufyrirtækja verða að uppfylla. Markmið greinarinnar er að tryggja gagnsæi þannig að samkeppnisstarfsemi verði ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi eða starfsemi í sambærilegri stöðu. Reglur greinarinnar eiga að tryggja að sömu markmiðum verði náð eins og ef mælt hefði verið fyrir um fyrirtækjaaðskilnað.

Í 7., 8., 16. og 19. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá skyldu fyrirtækja sem starfa samkvæmt lögum þessum að halda reikningum í bókhaldi vegna tilgreindrar starfsemi aðskildum. Til að ná fram markmiðum bókhaldslegs aðskilnaðar er í 2. mgr. þessarar greinar mælt fyrir um að mismunandi starfsemi fyrirtækjanna skuli sérgreind í ársreikningi þannig að fram komi sundurliðaðar upplýsingar um hverja starfsemi fyrir sig. Er gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli um ársreikninginn verði í reglugerð. Í kafla 6.2 í almennum athugasemdum er dæmi um hvernig ársreikningur gæti litið út.

Í 3. mgr. eru settar reglur sem eiga að gilda við skiptingu á sameiginlegum eignum, skuldum, gjöldum og tekjum. Meginregla greinarinnar er sú að skipta beri þessum þáttum þar sem því verði við komið. Þar sem því verður ekki við komið ber að beita þeim skiptireglum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Þær reglur kunna að eiga illa við í einstökum tilvikum og er því í 5. mgr. mælt fyrir um að Orkustofnun geti veitt undanþágu frá þeim.

Í 4. mgr. segir hvernig staðið skuli að bókhaldslegum aðskilnaði þegar um er að ræða jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu. Erfitt er að skipta einstökum þáttum efnahags- og rekstrarreiknings í jarðvarmaorkuveri milli framleiðslu á raforku og annarri orku. Því þarf að setja reglur um hvernig skipta beri þessum sameiginlegu þáttum milli starfseminnar. Hér er lagt til að skipt verði í hlutfalli við verðmæti þeirrar orku sem afhent er. Í því sambandi skal verðmæti raforku ákveðið sem meðalverð raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis. Þó er nauðsynlegt að aðgreina þá raforku sem fer til stóriðjunota samkvæmt langtímasamningum frá annarri raforkusölu enda ræðst verð á raforku í slíkum samningum af öðrum sjónarmiðum en á almennum markaði. Þá er lagt til að önnur orkuafhending verði verðlögð með óbeinum hætti. Til að unnt sé að beita þeirri aðferð þarf fyrst að ákvarða arð af þeim heildarfjármunum sem bundnir eru í orkuverinu enda skal arður af fastafjármunum þeim sem bundnir eru í jarðvarmaorkuverinu vera svipaður heildararði af fastafjármunum fyrirtækisins, samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar. Þó er eðlilegt að taka tillit til þess að arðshlutföll af mismunandi starfsemi fyrirtækisins kunna að vera ólík. Áhætta í raforkuframleiðslu sem er samkeppnisrekstur samkvæmt frumvarpinu er væntanlega meiri en áhætta í vinnslu heits vatns sem er náttúruleg einokunarstarfsemi. Nauðsynlegt er að kveða nánar á um útfærslu þessa ákvæðis í reglugerð en þar þarf m.a. að setja ákvæði um eftirfarandi þætti: Í fyrsta lagi hvernig verðmeta beri þá raforku sem afhent er frá orkuverinu. Í öðru lagi þarf að ákvarða hvernig sé eðlilegt að heildararður af starfseminni skiptist á milli raforkuframleiðslu og framleiðslu á annarri orku. Í þriðja lagi skal ákvarða hvernig í kjölfarið skuli verðmeta aðra orku en raforku.

Samkvæmt 5. mgr. er Orkustofnun heimilt að víkja frá þeim reglum sem fram koma í ákvæðinu enda leggi fyrirtækið fram fullnægjandi rökstuðning fyrir því að beita þurfi öðrum aðferðum en hér er mælt fyrir um.

Um 42.–44. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Mælt er fyrir um í greininni að lögin skuli þegar öðlast gildi en koma að fullu til framkvæmda 1. júlí 2003. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 168/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn er Ísland skuldbundið til að innleiða tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku fyrir 1. júlí 2002. Ljóst er að um afar viðmikið mál er að ræða og bæði fyrirtæki sem starfa á raforkumarkaði og stjórnvöld þurfa tíma til aðlögunar að breyttu umhverfi. Gert er ráð fyrir stofnun nýs fyrirtækis um flutning raforku, gerðar eru kröfur um aðskilnað í bókhaldi fyrirtækja og að fylgt sé tilteknum reglum við gjaldskrárgerð. Þá er gert ráð fyrir að settar verði reglugerðir um fjölmörg atriði. Frá gildistöku laganna og þar til þau koma að fullu til framkvæmda verður að undirbúa þessi atriði svo að allir þættir verði frágengnir þegar lögin eiga að koma til framkvæmda.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið á að tryggja að þeir sem nú eiga rétt til að reisa eða reka raforkuver samkvæmt heimild í lögum haldi þeim rétti sínum. Á það m.a. við um leyfi sem grundvallast á lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Þeir verða engu að síður að uppfylla skilyrði frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið á að tryggja að dreifiveitur sem starfandi eru við gildistöku nýrra raforkulaga haldi rétti sínum til dreifingar á dreifiveitusvæðum sínum. Dreifiveitur verða að uppfylla skilyrði laganna við starfsemi sína og getur rétturinn til dreifingar fallið niður ef þau eru ekki uppfyllt. Eigi nýr lögaðili að taka við dreifingu á tilteknu svæði eftir gildistöku laganna verður að gefa út leyfi samkvæmt þeim.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í 1. mgr. ákvæðisins eru sett tíma- og stærðarmörk fyrir opnun raforkumarkaðarins. Við það er miðað að 1. júlí 2003 til 31. desember 2004 geti eingöngu þeir sem kaupa 100 GWst af raforku á ári eða meira keypt raforku af öðrum en þeirri dreifiveitu sem þeir skipta við við gildistöku laganna. Af því leiðir að á því tímabili verður um nánast óbreytt ástand að ræða frá því sem nú er þar eð aðeins stóriðjufyrirtæki kaupa meiri raforku en 100 GWst á ári. Frá 1. janúar 2005 eiga flest stærri iðnfyrirtæki að geta valið sinn raforkusala þar sem þá eiga allir sem eru aflmældir eða nota meira afl en 100 kW að geta ákveðið við hvern þeir skipta. 1. janúar 2007 eiga allir að geta valið af hverjum þeir kaupa raforku. Þessir tímafrestir og stærðarmörk taka einkum mið af því að raforkufyrirtækjunum og stjórnvöldum verður að gefast nægilegur tími til að undirbúa opnun markaðarins. Þær skyldur sem dreifiveitur hafa gagnvart notendum sínum nú haldast óbreyttar gagnvart þeim notendum sem ekki geta valið raforkusala.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hvernig gjaldtöku vegna dreifingar skuli háttað fram til 1. júlí 2004. Það gjaldskrárfyrirkomulag sem mælt er fyrir um í frumvarpinu krefst verulegs undirbúnings af hálfu Orkustofnunar. Er því gert ráð fyrir að það taki fyrst gildi 1. júlí 2004 og að fram að þeim tíma skuli þær gjaldskrár sem nú eru í gildi haldast óbreyttar. Þó verða fyrirtækin að geta brugðist við óviðráðanlegum hækkunum, s.s. ef innkaupsverð orku hækkar eða ef opinberar álögur hækka. Þá geta fyrirtækin ávallt lækkað gjaldskrá sína. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun hafi það hlutverk að yfirfara og staðfesta gjaldskrár sem breytast.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að fyrirtæki sem eiga að halda reikningum vegna rekstrarþátta aðskildum í bókhaldi skuli fyrir 1. maí 2003 skila Orkustofnun drögum að slíku yfirliti. Markmiðið er að þegar lögin koma til framkvæmda liggi skýrt fyrir hvernig bókhaldslegum aðskilnaði skuli háttað.

Í 2. mgr. kemur fram að mat á varanlegum rekstrarfjármunum og undirbúningskostnaði skuli byggjast á bókfærðu verði eins og það er í árslok 2002.

Um ákvæði til bráðabirgða VI.

Lagt er til að skipuð verði samráðsnefnd til að stuðla að greiðri framkvæmd laganna og til að tryggja vettvang fyrir þá sem lögin snerta helst til að tjá sig og skiptast á skoðunum.

Um ákvæði til bráðabirgða VII.

Lagt er til að skipuð verði nefnd sem skuli móta tillögur um þau efnisatriði frumvarpsins sem hvað mestur ágreiningur hefur staðið um, þ.e. flutning raforku og jöfnun kostnaðar vegna flutnings og dreifingar.

Í 1. mgr segir hvernig nefndin skuli skipuð. Í henni skulu eiga sæti fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Ekki segir hversu marga fulltrúa hver flokkur skuli eiga en það getur m.a. ráðist af þingstyrk.

Í 2. mgr. er hlutverki nefndarinnar lýst. Í raun er um að ræða öll þau atriði sem um er fjallað í III. kafla frumvarpsins og þau atriði frumvarpsins sem þeim kafla tengjast, svo sem skilgreining á stærð flutningsfyrirtækisins.

Í 3. mgr. kemur fram að nefndin skuli skila tillögum í formi lagafrumvarps eigi síðar en 31. desember 2003. Við það er miðað að þær breytingar sem nefndin kann að leggja til geti orðið að lögum áður en þau ákvæði frumvarpsins sem frestað er taka gildi, sbr. bráðabirgðaákvæði VIII.

Um ákvæði til bráðabirgða VIII.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um fyrirkomulag flutnings til 1. júlí 2004. Er því í 1. mgr. mælt fyrir um að tiltekin ákvæði frumvarpsins skuli fyrst öðlast gildi á þeim tíma. Þrátt fyrir þá talningu sem þar er koma þau ákvæði sem vitnað er til í 2. og 4. mgr. bráðabirgðaákvæðis þessa til framkvæmda 1. júlí 2003.

Í 2. mgr. er flutningskerfið á bráðbirgðatímabilinu skilgreint. Er miðað við flutningskerfi Landsvirkjunar eins og það er í dag. Þó geta fyrirtæki samið um það við Landsvirkjun að þeirra línur á 132 kV spennu eða hærri teljist til flutningskerfisins. Enn fremur kann Landsvirkjun að reisa nýjar línur á þessari spennu sem teljast þá einnig til flutningskerfisins.

Samkvæmt 3. mgr. skulu allar virkjanir tengjast flutningskerfinu. Er þetta í samræmi við þá meginstefnu sem mótuð er með frumvarpi þessu. Þó er á bráðabirgðatímanum ekki tekið á þeim virkjunum sem ekki tengjast flutningskerfinu nú. Virkjun sem tengist dreifikerfinu þarf þá að hafa samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald fyrir reiðuafl og tengigjald.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um Landsvirkjun annist kerfisstjórnun flutnings á bráðabirgðatímanum. Samkvæmt tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku skal kerfisstjóri annast stjórnun flutningskerfisins. Hlutverk kerfisstjóra er skilgreint í 9. gr. frumvarpsins og skal Landsvirkjun fara að þeim ákvæðum sem þar er að finna við starfsrækslu kerfisstjórnunar og rekstur flutningskerfisins.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að Landsvirkjun skuli í bókhaldi sínu halda reikningum vegna flutnings annars vegar og kerfisstjórnunar hins vegar aðskildum frá reikningum vegna annarrar

starfsemi. Þá verður sú stjórn sem ber ábyrgð á þessum rekstrarþáttum að vera sjálfstæð gagnvart annarri starfsemi Landsvirkjunar. Er það í samræmi við ákvæði tilskipunar 96/92/EB um innri markað raforku.

Í 6. mgr. er kveðið á um að Landsvirkjun skuli setja gjaldskrá fyrir þjónustu sína sem skal birt opinberlega. Er það í samræmi við ákvæði tilskipunar 96/92/EB um innri markað raforku er fjalla um stýrðan aðgang að flutningskerfinu. Er Landsvirkjun samkvæmt þessu ákvæði heimilt að taka tillit til fjárfestinga og rekstrarkostnaðar sem er í beinum og efnislegum tengslum við flutningsstarfsemina og kerfisstjórnun. Þá er Landsvirkjun líkt og nú heimilt að ákvarða eðlilega arðsemi af því fé sem bundið er í rekstrinum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um að gjaldskrá Landsvirkjun fyrir flutning raforku skuli vera svonefnd punktgjaldskrá. Sama gjaldskrá skal gilda í öllum punktum. Í því felst ekki að allir notendaflokkar greiði sama gjald.

Stórnotendur munu á þeim tíma er bráðabirgðaákvæði þetta gildir geta samið við Landsvirkjun um flutning raforku. Ef tekið er mið af núverandi fyrirkomulagi felst í þessu eingöngu sú breyting að Landsvirkjun verður í samningum sínum að gera greinarmun á gjaldi fyrir raforku annars vegar og fyrir flutning hins vegar. Samningar Landsvirkjunar um flutning raforku verða að byggjast á hlutlægum og gegnsæjum viðmiðum og mega ekki að mati Orkustofnunar valda hækkun á kostnaði við flutning hjá öðrum notendum. Þetta ákvæði ber að túlka með sama hætti og lokamálsl. 3. mgr. 13. gr laga um Landsvirkjun hefur verið túlkaður að teknu tilliti til þess að ákvæðið tekur ekki til orkunnar.

Fylgiskjal I.

Bréf fjármálaráðuneytis.
(11. desember 2000.)

Um þessar mundir er í undirbúningi í iðnaðarráðuneyti gerð frumvarps er varðar nýskipan raforkumála í samræmi við tilskipun ESB nr. 92/96. Í dag er eignarform raforkufyrirtækja með þeim hætti að þau eru undanþegin skattskyldu, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þá er einnig að finna ákvæði í sérlögum sem tryggja einstökum raforkufyrirtækjum skattfrelsi.

Í tengslum við framangreindar breytingar í samræmi við tilskipun ESB er nauðsynlegt að tryggja að skattalegt jafnræði ríki á þessu sviði, óháð eigna- og félagaformi orkufyrirtækja. Fjármálaráðherra hefur því ákveðið að skipa starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja, með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöfinni á því sviði.

Þér eruð hér með skipuð í starfshópinn. Aðrir í starfshópnum eru: Maríanna Jónasdóttir, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, formaður, Guðmundur Guðbjarnarson, viðskiptafræðingur hjá ríkisskattstjóra, Bragi Gunnarsson, lögfræðingur hjá ríkisskattstjóra, og Ólafur Páll Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu.

Fjármálaráðherra ákveður nefndarmönnum þóknun að fengnum tillögum þóknananefndar.

Fylgiskjal II.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(23. febrúar 2001.)

Í iðnaðarráðuneytinu er unnið að frumvarpi til raforkulaga. Í því er m.a. kveðið á um aðskilnað samkeppnis- og einokunarþátta í rekstri raforkufyrirtækja þannig að framleiðsla og sala verður aðskilin frá flutningi og dreifingu. Við það er miðað að félagslegum skyldum verði aflétt af raforkufyrirtækjum. Af því leiðir að kostnaður þeirra vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu mun endurspeglast í gjaldskrá veitufyrirtækja.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp til að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði svo að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Við það ber að miða að heildarumfang verðjöfnunar vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu verði svipað og síðastliðin ár.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. apríl 2001.

Í starfshópinn eru skipaðir:

Friðrik Már Baldursson prófessor,

Helgi Bjarnason skrifstofustjóri, sem jafnframt er skipaður formaður,

Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur,

Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri,

Lúðvík Guðjónsson viðskiptafræðingur,

Starfsmaður hópsins verður Jón Vilhjálmsson verkfræðingur.

Fylgiskjal III.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(11. júní 2001)

Orkustofnun hefur verið falið aukið stjórnsýsluhlutverk með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í frumvarpi til raforkulaga sem ráðherra hefur lagt fram til kynningar á Alþingi og ráðherra mun leggja fram á ný á komandi haustþingi er gert ráð fyrir að stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar aukist enn til muna.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið og hlutverki hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga og koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar.

Nefndin skal meta hvernig hið aukna stjórnsýsluhlutverk samræmist núverandi skipulagi stofnunarinnar og hvort og þá hvernig þörf sé að breyta eða aðlaga skipulagið að breyttu hlutverki. Sérstaklega skal nefndin athuga hvort að nauðsynlegt sé að aðskilja orkumálahluta stofnunarinnar frá orkurannsóknarhluta hennar að hluta eða öllu leyti. Ef svo er skal nefndin koma með tillögur um í hvaða formi orkurannsóknarhlutinn skuli rekinn í framtíðinni.

Nefndin skal skila niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra eigi síðar en 1. september 2001. Í nefndina eru skipuð:

Eyjólfur Árni Rafnsson, stjórnarformaður Orkustofnunar,
Helgi Bjarnason skrifstofustjóri,
Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur, sem einnig er starfsmaður nefndarinnar,
Páll Hreinsson, prófessor, sem skipaður er formaður,
Þorkell Helgason orkumálastjóri.

Fylgiskjal IV.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(20. ágúst 2001.)

Reglur um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis eru að stofni til frá árinu 1986. Frá þeim tíma hefur hlutur niðurgreiðslna aukist verulega jafnframt því sem orkufyrirtæki veita nú afslátt af raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Fram hafa komið ábendingar frá orkufyrirtækjum um að gildandi reglur séu ekki nægilega skýrar jafnframt því sem þær takmarki möguleika fyrirtækjanna til að draga úr kostnaði við rekstur og aðlaga gjaldskrár að breyttum forsendum bæði varðandi mælitæki og orkuöflun. Einnig hefur verið á það bent að eftirlit með niðurgreiðslunum er mjög erfitt. Þá mun breytt skipan orkumála sem unnið er að líklega kalla á breytingar á þessum reglum.

Með vísan til þess sem að ofan segir og að fé til niðurgreiðslna var aukið í 760 m.kr. á fjárlögum ársins 2000 og í 790 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs hefur iðnaðarráðherra ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um frumvarp til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Með tillögunum skulu núgildandi reglur lagaðar að breyttum aðstæðum og tryggður skýr lagagrundvöllur fyrir úthlutun á fé til niðurgreiðslna. Þá skal nefndin gera tillögur um með hvaða hætti viðkomandi orkufyrirtæki geta komið upplýsingum um niðurgreiðslur til notenda.

Þér eruð hér með skipaðir í nefndina. Í nefndinni eiga sæti:

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, formaður.

Árni Ragnarsson, deildarstjóri á orkubúskapardeild Orkustofnunar, tilnefndur af Orkustofnun.

Elías B. Elíasson, deildarstjóri þróunarmála hjá Landsvirkjun, tilnefndur af Landsvirkjun.

Friðrik Friðriksson, veitustjóri hjá Bæjarveitum Vestmannaeyja, tilnefndur af Bæjarveitum Vestmannaeyja.

Guðmundur Guðmundsson, deildarstjóri markaðs- og söludeildar Rafmagnsveitna ríkisins, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða hf., tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða hf.

Magnús B. Jónsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, tilnefndur af samtökunum.

Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti.

Starfsmaður nefndarinnar verður Jón Vilhjálmsson rafmagnsverkfræðingur. Jafnframt mun Margrét Einarsdóttir laganemi starfa með nefndinni.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. nóvember 2001.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar verður metin af þóknananefnd.

Fylgiskjal V.

Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(Maí 2001.)

BRÉF TIL IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Vísað er til bréfs iðnaðar- og viðskiptaráðherra dagsett 23. febrúar 2001 um skipan starfshóps til að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði. Í meðfylgjandi skýrslu koma fram niðurstöður hópsins og samræmast þær þeim skipulagsbreytingum sem framundan eru samkvæmt frumvarpi til raforkulaga. Jafnframt eru teknar saman ýmsar upplýsingar sem unnar hafa verið fyrir hópinn og niðurstöður hans byggjast á. Hópurinn hefur alls haldið 13 fundi.

9. maí 2001

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti,
formaður.

Friðrik Már Baldursson,
rannsóknaprófessor við HÍ.

Kristín Haraldsdóttir,
lögfræðingur iðnaðarráðuneyti.

Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri.

Lúðvík Guðjónsson,
viðskiptafræðingur fjármálaráðuneyti.

Jón Vilhjálmsson, starfsmaður nefndarinnar,
rafmagnsverkfræðingur hjá Verkfræðistofunni AFLi ehf.

SAMANTEKT – TILLÖGUR STARFSHÓPSINS

Kostnaður við flutning og dreifingu raforku er mismunandi á milli svæða á landinu og þar sem kostnaður hefur verið mestur hefur hann verið lækkaður með framlagi úr ríkissjóði og millifærslum milli svæða hjá raforkufyrirtækjum. Þessar aðgerðir hafa að mestu snúið að afmörkuðum hlutum aðveitukerfis raforku utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja og dreifikerfinu í strjálbýli. Með frumvarpi iðnaðarráðherra til raforkulaga sem lagt er fyrir 126. löggjafarþingið 2000–2001 er gert ráð fyrir breyttu skipulagi raforkumála og í ljósi þess er þörf á að endurskoða framkvæmd þessara mála. Þar er gert ráð fyrir að landinu verði skipt niður í dreifiveitusvæði og innan hvers svæðis gildi síðan sama gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu þannig að áfram verður viss jöfnun í dreifingunni en hún nær til afmarkaðri svæða en áður. Hópurinn leggur til að þar sem kostnaður við flutning og dreifingu raforku er mestur verði því mætt á eftirfarandi hátt:

a) Á þeim svæðum þar sem kostnaður er mestur við flutning og dreifingu verði greiðslur notenda fyrir þessa þjónustu lækkaðar með framlagi til viðkomandi dreifiveitu. Framkvæmd þessara aðgerða verði eftirfarandi:
   1) Meðalkostnaður við flutning og dreifingu er tekinn saman fyrir hvert dreifiveitusvæði út frá rauntölum síðasta árs. Einungis er litið á forgangsorku.

2) Dreifiveitur eiga rétt á framlagi fyrir ákveðið dreifiveitusvæði ef meðalkostnaður við flutning og dreifingu (áður en tekið er tillit til framlags) fer yfir ákveðin mörk í kr/kWh sem metin eru árlega af eftirlitsaðila.
3) Framlag til þessara aðgerða er ákvarðað í fjárlögum hverju sinni.
4) Framlaginu er skipt hlutfallslega niður á veitusvæði út frá kostnaði umfram fyrrnefnd mörk og út frá því reiknuð lækkun gjaldskrár á orkueiningu vegna framlagsins. Ekki er því gert ráð fyrir að framlagið komi á móti kostnaðinum sem er umfram þessi mörk að fullu. Framlagið er ekki gert upp eftir árið fyrir einstaka notendur en eftirlitsaðili fylgist með því að lækkun gjaldskrár sé í samræmi við upphæð framlags. Notendur skulu fá upplýsingar um það hve mikið framlagið lækkar gjaldskrána í kr/kWh að meðaltali.

b) Tvær leiðir koma helst til greina varðandi fjáröflun ríkissjóðs til þessara aðgerða:
1) Fjármagn komi af almennu skattfé. Þessi leið hefur verið farin frá 1986, er verðjöfnunargjald á raforku var lagt niður, og þá með þeim hætti að ríkissjóður hefur yfirtekið hluta af skuldum dreifiveitna í strjálbýli og fjármagns til greiðslu afborgana og vaxta verið aflað með almennu skattfé. Einnig hefur arðgreiðsla Rafmagnsveitna ríkisins í ríkissjóð verið notuð til þessara aðgerða.
2) Fjármagn komi af sérstöku gjaldi á raforkuvinnslu vegna almennrar notkunar. Þetta er svipuð leið og farin er varðandi verðjöfnun á olíu og sementi og var viðhöfð varðandi raforku allt fram til 1986 en að vísu var þá lagt gjald á smásölu raforku en ekki vinnslu.

c) Framlag til þessara aðgerða verði allt að 500 m.kr. á ári þannig að heildarumfang þeirra verði svipað og á undanförnum árum. Efri mörkin taka mið af því að krafa sé gerð um 6% arð af eigin fé dreifiveitnanna.

d) Metið verði á hvern hátt þörf verður á auknum niðurgreiðslum á rafhitun íbúðarhúsnæðis frá því sem nú er til að mæta því að sama gjaldskrá mun gilda fyrir flutning og dreifingu í nýju skipulagi fyrir alla úttekt á hverju dreifiveitusvæði óháð því til hvers orkan er notuð. Nú er tekið lægra gjald fyrir dreifingu á raforku til húshitunar en til annarra nota. Ekki er fjallað frekar um þennan þátt þar sem hann er utan verksviðs hópsins.

INNGANGUR

Með bréfi dagsettu 23. febrúar 2001 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp til að til að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði svo allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Samkvæmt skipunarbréfi hópsins ber að miða við að heildarumfang verðjöfnunar vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu verði svipað og síðastliðin ár. Eftirtaldir voru skipaðir í hópinn:

Helgi Bjarnason skrifstofustjóri, formaður.
Friðrik Már Baldursson, rannsóknaprófessor við HÍ.
Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur iðnaðarráðuneyti.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.
Lúðvík Guðjónsson, viðskiptafræðingur fjármálaráðuneyti.

Starfsmaður hópsins var Jón Vilhjálmsson, rafmagnsverkfræðingur hjá Verkfræðistofunni AFLi ehf.

Hópurinn hefur samtals haldið 13 fundi og hér eru teknar saman niðurstöðu starfsins og lagðar fram tillögur um hvernig beri að mæta kostnaði vegna óarðbærra eininga í nýju umhverfi á raforkumarkaði. Nokkuð hefur verið rætt í hópnum um tengda þætti sem geta haft áhrif á framkvæmd þessara aðgerða svo sem skiptingu landsins niður í dreifiveitusvæði og niður-

greiðslur á rafhitun. Mikilvægt er að aðgerðir sem þessar hafi ekki áhrif á samkeppnisþætti á raforkumarkaði, að þær séu einfaldar í framkvæmd og gagnsæjar þannig að allir aðilar hafi upplýsingar um umfang þeirra. Einnig er mikilvægt að þær hvetji ekki til óhagræðis við rekstur aðveitu- og dreifikerfa.

Hér að aftan eru teknar saman ýmsar upplýsingar sem hópurinn hefur tekið saman í starfi sínu.

KOSTNAÐUR VIÐ FLUTNING OG DREIFINGU RAFORKU

Í skýrslu landsnetsnefndar liggja fyrir tölur um flutnings og aðveitukerfi raforku og því til viðbótar hefur nú verið safnað gögnum um dreifingu raforku. Tölurnar í skýrslu landsnetsnefndar eru fyrir árið 1997 og til samræmis eru gögnin fyrir dreifinguna nú fyrir sama ár. Ekki liggja fyrir gögn frá öllum veitum og eru tölurnar því að hluta áætlaðar. Byggt er á ársskýrslum veitnanna og þar vantar skýrslur frá Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, og Rafveitu Hveragerðis. Þetta ætti ekki að valda verulegri skekkju í gögnunum.

Flutnings- og dreifikerfi raforku er hér skipt niður í þrjá þætti eða í flutningskerfi, aðveitukerfi og dreifikerfi. Með flutningskerfi er hér átt við flutningskerfi Landsvirkjunar en mestur hluti þess er skilgreindur sem meginflutningskerfi í frumvarpi til raforkulaga (línur á 220 og 132 kV spennu). Þær línur sem flytja orku frá flutningskerfinu að hinu eiginlega dreifikerfi eru hér flokkaðar sem aðveitukerfi. Samkvæmt fyrrnefndu frumvarpi tilheyrir aðveitukerfið ýmist flutningskerfi landsins eða dreifikerfinu. Dreifikerfið er skilgreint þar á lægri spennu en 30 kV og þær raflínur sem eru á hærri spennu geta einnig tilheyrt því ef þær flytja einungis raforku innan eins dreifiveitusvæðis og tengjast ekki virkjun.

1.1 Stofn- og rekstrarkostnaður

Stofnkostnaður, afskriftir og bókfærð verðmæti veitukerfa eru sýndur í töflu 1. Rekstrarkostnaður fyrir utan fjármagnskostnað er áætlaður eins og fram kemur í töflu 2.

Tafla 1 Stofnkostnaður, afskriftir og bókfærð verðmæti flutnings-, aðveitu- og dreifikerfa rafveitna árið 1997.

Kerfishluti	Framreiknað grunnverð m.kr.	Fengnar afskriftir m.kr.	Bókfært verð m.kr.
Flutningskerfi	28.662	14.983	13.679
Aðveitukerfi	15.245	7.403	7.842
Dreifikerfi	32.853	21.073	11.780
Annað	5.491	2.827	2.663
Samtals	82.251	46.286	35.964

Tafla 2 Rekstrarkostnaður flutnings-, aðveitu- og dreifikerfa árið 1997.

Kerfishluti	Rekstrarkostnaður m.kr.
Flutningskerfi	702
Aðveitukerfi	477
Dreifikerfi	2.195
Samtals	3.374

1.2 Orkunotkun

Í töflu 3 eru sýndar orkunotkunartölur fyrir árið 1997 sem hér er miðað við.

Tafla 3 Orkunotkun og vinnsla á Íslandi árið 1997

Kerfishluti	Orka GWh
Vinnsla Landsvirkjunar	5.203
Vinnsla annarra	378
Orkunotkun stóriðju	2.822
Eigin notkun LV, HR og HS	103
Orkunotkun á almennum markaði	2.276
Töp	380

1.3 Starfsmenn

Fjöldi starfsmanna árið 1997 er áætlaður eins og fram kemur í töflu 4 og hefur þar verið bætt við fjölda fyrir dreifingu við það sem fram kemur í skýrslu landsnetsnefndar.

Tafla 4 Fjöldi starfsmanna við flutning og dreifingu raforku árið 1997.

Kerfishluti	Starfsmenn Fjöldi
Flutningskerfi	96
Aðveitukerfi	79
Dreifikerfi	560
Samtals	735

1.4 Tekjuþörf

Út frá þessum tölum má áætla tekjuþörfina miðað við stöðuna árið 1997. Hér er miðað við 6% reiknivexti af bókfærðri eign og 30 ára afskriftatíma. Tekjurnar eru áætlaðar í töflu 5 og kemur þar fram að tekjuþörfin er rúmir 8 milljarðar kr. Hafa ber í huga að þessar eignir bera ekki nú 6% ávöxtun m.a. vegna óarðbærra eininga í dreifbýlinu og því eru þessar tölur hærri

en núverandi tekjur. Einnig er líklegt að hægt sé að ná nokkru hagræði í þessum rekstri og lækka þannig almenna rekstrarkostnaðinn sem er um 40% af heildarkostnaðinum. Endingartími flutningsvirkja er lengri en 30 ár og því er nokkuð um afskrifaðar einingar í rekstri og bókaðar afskriftir því lægri en þær sem hér eru reiknaðar út frá endurmetnu stofnvirði.

Uppbygging rafdreifikerfisins í strjálbýli hefur að mestu verið greidd beint af ríkinu og á það einnig við um hluta af aðveitukerfi raforku. Áætlað er út frá tölum frá Rafmagnsveitum ríkisins að um ⅓ af verðmæti dreifikerfisins sé í strjálbýli og þá eru afskriftir og vextir af því um 600 m.kr. Hluti af þessu kerfi getur staðið undir einhverju af þessum fjárfestingum og ef gert er ráð fyrir því að það komi á móti óarðbærum einingum í aðveitukerfinu mætti segja að kostnaðurinn vegna slíkra þátta sé um 600 M.kr á ári. Þá er gert ráð fyrir að tekjur geti staðið undir rekstri þessara kerfa. Þar að auki þarf að leggja fram fjármagn til að endurnýja kerfi sem ekki eru talin geta staðið undir kostnaði við slíkt og þá má nefna að rúm 60% af fyrrnefndri upphæð eru afskriftir.

Tafla 5 Áætluð tekjuþörf flutnings-, aðveitu- og dreifikerfisins árið 1997 miðað við 6% ávöxtun eigna.

Þáttur	Tekjuþörf M.kr
Almennur rekstrarkostnaður	3.374
Afskriftir	2.742
Vextir og arður	2.159
Samtals	8.275

1.5 Kostnaður á orkueiningu

Út frá þessum tölum má áætla kostnað á orkueiningu eins og hann var á árinu 1997 en þá ber að hafa í huga það sem nefnt er hér að framan að eignir bera ekki 6% ávöxtun nú eins og hér er reiknað með og því eru þessar tölur eitthvað hærri en innheimt var árið 1997. Tölurnar eru settar fram á þennan hátt til að fram komi eðlilegur samanburður milli landshluta og ef kostnaður er talinn óhóflegur á einhverju svæði þarf að taka á því með sérstökum aðgerðum. Niðurstaða þessara reikninga er sýnd í töflu 6 og þar er kostnaður sýndur í hlutfalli við orku en hafa ber í huga að flutnings- og dreifikerfið er aflhannað og því er ekki síður áhugavert að tengja kostnaðinn við afl.

Tafla 6 Fjármagns- og rekstrarkostnaður flutnings-, aðveitu og dreifikerfis raforku á notaða orkueiningu árið 1997.

Kerfishluti	Fjármagns-kostnaður kr/kWh	Rekstrar-kostnaður kr/kWh	Samtals kr/kWh
Flutningskerfi	0,38	0,15	0,53
Annað, flutningskerfið	0,03	0,00	0,03
Aðveitukerfi	0,43	0,21	0,64
Dreifikerfi	0,79	0,96	1,75
Annað	0,15	0,00	0,15
Samtals	1,78	1,32	3,10
Samtals, án stóriðju	1,84	1,32	3,16

Í töflu 6 er miðað við að flutningar um flutningskerfið sé almenn notkun að frádreginni vinnslu annarra en Landsvirkjunar auk stórnotkunar. Varðandi aðveitu- og dreifikerfið er aftur á móti miðað við orkunotkun á almennum markaði utan eigin notkunar. Í tölunni; Samtals án stóriðju, er tekið tillit til þess að stóriðjan nýtir aðallega flutningskerfi Landsvirkjunar á Suðurlandi sem er með minni kostnað á orkueiningu en byggðalínukerfið. Hafa ber þó í huga að munur á í raun að vera meiri þarna á milli þar sem nýtingartími stóriðju er mun hærri en almennrar notkunar auk þess sem stóriðja nýtir mun betur nýframkvæmdir.

Meðalkostnaður fyrir hvern landshluta er sýndur í töflu 7 og er þar miðað við sama kostnað vegna flutningskerfisins í öllum landshlutum. Hafa ber í huga að nokkur óvissa er í þessum tölum, m.a. um skiptingu rekstrarkostnaðar hjá Rafmagnsveitum ríkisins niður á landshluta og kostnað hjá nokkrum smærri veitum sem var áætlaður. Eftir er að skoða kostnað í hlutfalli við afl.

Tafla 7 Áætlaður fjármagns- og rekstrarkostnaður flutnings-, aðveitu- og dreifikerfis raforku eftir landshlutum á notaða orkueiningu árið 1997.

Kerfishluti	SN kr/kWh	HS kr/kWh	VL kr/kWh	VF kr/kWh	NL kr/kWh	AL kr/kWh	SL kr/kWh	Samtals kr/kWh
Flutningskerfi	0,62	0,62	0,62	0,62	0,62	0,62	0,62	0,62
Aðveitukerfi	0,80	0,46	0,55	0,70	0,68	0,85	0,76	0,64
Dreifikerfi	1,44	1,92	1,91	2,08	1,74	1,29	1,72	1,75
Annað	0,10	0,19	0,16	0,14	0,12	0,12	0,16	0,15
Samtals, án stóriðju	2,96	3,19	3,24	3,54	3,16	2,88	3,26	3,16

AÐGERÐIR HINS OPINBERA TIL JÖFNUNAR RAFORKUKOSTNAÐAR Á UNDANFÖRNUM ÁRUM OG ÁRATUGUM

Undanfarna áratugi hefur ríkisvaldið staðið fyrir ýmsum aðgerðum til jöfnunar orkuverðs og lækkunar húshitunarkostnaðar. Raforka til hitunar húsnæðis hefur verið greidd niður, skuldir hafa verið yfirteknar af raf- og hitaveitum, verðjöfnunargjald hefur verið lagt á orkusölu sem runnið hefur til rafveitna í dreifbýlinu, Orkusjóður hefur fjármagnað framkvæmdir í dreifikerfi raforku til sveita, nýjar hitaveitur hafa verið styrktar og fleira. Hér verður tekið saman yfirlit um þessar aðgerðir síðustu áratugi hvað varðar raforkukerfið. Ekki liggja fyrir tölur um allar aðgerðir ríkisins undanfarna áratugi en upphæð þeirra aðgerða árin 1980–2000, sem hér eru teknar saman, er samtals um 30 milljarðar kr. á verðlagi í árslok 1999, sem er álíka mikið og allt eigið fé Landsvirkjunar í árslok 1999.

Hér er alls staðar notuð vísitala byggingarkostnaðar við framreikning til samræmis en í sumum tilvikum væri eðlilegra að nota aðrar vísitölur en slíkt breytir niðurstöðunum einungis smávægilega.

1.6 Niðurgreiðsla raforku til hitunar íbúðarhúsa

Raforka til hitunar íbúðarhúsa hefur í tæpa tvo áratugi verið greidd niður af ríkinu, Landsvirkjun og dreifiveitunum. Á fjárlögum ársins 2001 eru ætlaðar 790 m.kr. til þessara niðurgreiðslna, afsláttur Landsvirkjunar er um 100 m.kr. og afsláttur dreifiveitnanna um 20 m.kr. Alls gætu því niðurgreiðslur á rafhitun til húshitunar numið rúmum 900 m.kr. á árinu 2001.

Í töflu 8 eru sýndar niðurgreiðslurnar fram til 2000 og þær framreiknaðar til verðlags í lok árs 1999 til samræmis við aðrar tölur í skýrslunni. Notuð er vísitala byggingarkostnaðar til samræmis við annan framreikning hér sem tengist meira framkvæmdum og þar því eðlilegt að nota þá vísitölu. Þegar þessar tölur eru skoðaðar ber að hafa í huga að rafhitun hefur heldur minnkað á undanförnum árum. Eins og fram kemur í töflunni hafa tæpir 9 milljarðar kr. verið lagðir í þessar niðurgreiðslur til loka árs 2000. Endurgreiðsla virðisaukaskatts af hitun íbúðarhúsa er ekki inni í þessum tölum.

Við verðlagningu á raforku til húshitunar hefur þar að auki verið litið á þessa notkun sem viðbótarnotkun og dreifing hennar verið verðlögð út frá því.

Tafla 8 Niðurgreiðslur ríkisins á raforku til hitunar íbúðarhúsa árin 1982–2000. Tölur framreiknaðar til verðlags í lok árs 1999.
Heimild: Orkustofnun.

Ár	Vísitala byggingar-kostnaðar	Niðurgreiðslur ríkisins m.kr.	Framreiknaðar niðurgreiðslur (236,7) m.kr.
1982	24,1	4	42
1983	41,2	77	444
1984	51,2	144	666
1985	66,6	183	649
1986	84,4	189	531
1987	99,6	182	432
1988	117,9	191	384
1989	145,2	191	312
1990	171,0	223	309
1991	184,0	272	351
1992	188,4	348	437
1993	192,5	374	460
1994	197,3	405	486
1995	203,6	456	530
1996	213,5	445	493
1997	223,0	457	485
1998	230,8	477	489
1999	236,0	592	594
2000	243,4	765	744
Samtals			8.838

1.7 Endur- og niðurgreiðsla virðisaukaskatts

Þegar virðisaukaskattur var lagður á orku til hitunar húsnæðis var samhliða ákveðið að endurgreiða hluta skattsins til þeirra sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað auk þess sem húshitun er í lægra þrepi virðisaukaskatts (14%). Miðað var við að hann næmi aldrei meiru en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á orku til hitunar húsnæðis. Þessar aðgerðir tóku gildi 1. janúar 1993.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti gæti hafa numið um 90 m.kr. á árinu 2000. Niðurgreiðslur ríkisins á raforku til húshitunar gera það einnig að verkum að tekjustofn til virðisaukaskatts lækkar og miðað við 765 m.kr. niðurgreiðslur ríkisins er þar um að ræða rúmar 100 m.kr. Tímabilið 1993–2000 gætu því þessi tveir þættir numið um 1,1 milljarði kr.

1.8 Verðjöfnun við flutning raforku

Samkvæmt lögum um Landsvirkjun er fyrirtækinu skylt að láta sömu gjaldskrá gilda um afhendingu rafmagns til almenningsveitna á öllum afhendingarstöðum. Sú skylda hefur verið túlkuð af stjórn Landsvirkjunar á þann hátt að verðleggja beri flutning og framleiðslu rafmagns á sama hátt á öllum sölustöðum. Gjaldskrá fyrirtækisins fyrir heildsölu rafmagns hefur því verið sú sama frá 1983 í öllum afhendingarstöðum í meginflutningskerfinu. Þessi verðjöfnun var gerð möguleg þegar Landsvirkjun yfirtók byggðalínuna frá ríkissjóði en þá voru veitt lán með lágum vöxtum. Í töflu 9 er yfirlit um þessa yfirtöku og er niðurgreiðsla vaxta vegna lána sem ríkið veitti Landsvirkjun reiknuð út frá 6% raunvöxtum. Einnig lagði ríkið hluta af kaupverðinu til Landsvirkjunar til að halda hlut sínum í fyrirtækinu áfram 50% samhliða því að Akureyrarbær gerðist eignaraðili með því að leggja Laxárvirkjun inn í Landsvirkjun. Á undanförnum árum hefur Landsvirkjun endurbætt byggðalínuna en sá kostnaður kemur ekki inn í matið í töflu 9.

Tafla 9 Stofnkostnaður byggðalínu og yfirtaka ríkisins á skuldum vegna þeirra framkvæmda. Tölur framreiknaðar til verðlags í lok árs 1999.

	Verðlag frá	Vísitala byggingar-kostnaðar	Upphaflegt verðmæti	Framreiknað verðmæti (236,7)
	Dagsetning		m.kr.	þús. kr.
Byggðalínur	Mitt ár 1982	24,1	640	6.286.781
Aðveitustöðvar	Mitt ár 1982	24,1	183	1.795.139
Fjargæsla	Mitt ár 1982	24,1	16	157.401
Samtals	Mitt ár 1982		839	8.239.321
Afskriftir fram til 1983*	Mitt ár 1982	24,1	131	1.287.795
Alls við yfirtöku	**Mitt ár 1982**	**24,1**	**708**	**6.951.526**
Eignir 1. janúar 1982	Upphaf árs 1982	19,1	438	5.421.793
Viðbætur 1982	Mitt ár 1982	24,1	103	1.016.406
Kaupverð			541	**6.438.199**
Yfirtekið af ríkinu				513.327
Niðurgreiddir vextir				1.081.137
Samtals yfirtekið				1.594.464
Suðurlína, 1984				3.040.429
Samtals stofnkostnaður				11.279.750
Yfirtaka ríkisins, %				0,14

* Afskriftir áætlaðar fram til 1983

1.9 Verðjöfnun með yfirtöku skulda rafveitna

Ríkið hefur lagt fram fjármagn í aðveitu- og dreifikerfi í strjálbýli þar sem kostnaður hefur verið mikill þannig að orkusala hefur ekki verið talin geta staðið undir honum. Þetta á t.d. við um dreifbýlið þar sem Orkusjóður stóð á sínum tíma undir stórum hluta kostnaðar við rafvæðingu sveitanna. Í kjölfar afnáms verðjöfnunargjalds á raforku árið 1989 yfirtók ríkið langtímaskuldir Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar, sjá töflu 10.

Tafla 10 Yfirtaka ríkisins á skuldum rafveitna (framreiknað með vísitölu byggingarkostnaðar til verðlags í lok árs 1999).

Yfirtaka frá	Vísitala byggingar kostnaðar	Rafmagns-veitur ríkisins	Orkubú Vestfjarða	Rafveita Siglufjarðar	Samtals	Fram-reiknað verðmæti (236,7)
Dagsetning		m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Febrúar 1987	91,5	1.927	538	15	2.480	6.415
Júlí 1989	145,3	1.415	588	0	2.003	3.263
ALLS						9.678

Í kjölfar yfirtöku ríkisins á skuldum veitnanna var gerður samningur um arðgreiðslu Rafmagnsveitna ríkisins þar sem miðað er við að fyrirtækið greiði 2% arð af eigin fé að frádregnum fjármunum í dreifikerfinu í sveitum og að hluti þessarar arðgreiðslu renni síðan til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfum í sveitum. Á árinu 1999 var hér um 150 m.kr. að ræða. Einnig var ákvæði í samningi við Orkubú Vestfjarða um árlegt gjald í hlutfalli við greiðsluafgang.

1.10 Verðjöfnunargjald á raforku

Á árunum 1966 til 1986 var lagt gjald á raforkusölu til jöfnunar orkuverðs og rann þetta gjald til rafveitna í dreifbýli sbr. töflu 11. Gjald þetta lagðist á alla almenna raforkusölu bæði í þéttbýli og dreifbýli þannig að nokkur hluti þess kom frá þeim svæðum sem síðan voru styrkt með þessum fjármunum. Þegar verðjöfnunargjaldið var lagt af 1986 gáfu stjórnvöld út þá yfirlýsingu að þeim fyrirtækjum sem höfðu notið gjaldsins yrði bættur tekjumissirinn að fullu og var það grundvöllur þess að ríkissjóður yfirtók skuldir þessara fyrirtækja sbr. það sem fram kom hér að framan.

Tafla 11 Upphæð verðjöfnunargjalds raforku framreiknuð til verðlags í lok árs 1999 með vísitölu byggingarkostnaðar.

Ár	Vísitala Byggingar-kostnaðar	Greitt til Rafmagnsveitna ríkisins m.kr.	Greitt til Orkubús Vestfjarða m.kr.	Samtals m.kr.	Framreiknað gjald m.kr.
1966*	2,99	0,35	0,00	0,35	272
1967*	3,10	0,35	0,00	0,35	262
1968*	3,39	0,35	0,00	0,35	240
1969*	4,20	0,44	0,00	0,44	242
1970*	4,92	0,70	0,00	0,70	330
1971*	5,56	0,70	0,00	0,70	292
1972*	6,72	0,70	0,00	0,70	242
1973*	8,38	0,70	0,00	0,70	194
1974*	12,50	3,83	0,00	3,83	711
1975	18,37	5,66	0,00	5,66	715
1976	22,89	6,62	0,00	6,62	671
1977	29,61	8,82	0,00	8,82	691
1978	44,03	10,25	2,56	12,81	675
1979	64,41	21,61	5,40	27,01	973
1980	100,00	35,34	8,84	44,18	1.025
1981	152,40	53,12	13,28	66,40	1.011
1982	236,70	98,39	24,60	122,99	1.206
1983	403,40	226,53	56,72	283,25	1.629
1984	505,30	300,74	79,12	379,86	1.745
1985	667,90	300,36	80,94	381,30	1.325
1986	831,90	96,75	24,19	120,94	337
Samtals					14.788

* Áætlað

1.11 Yfirtaka skulda vegna Kröfluvirkjunar

Landsvirkjun keypti Kröfluvirkjun af ríkinu 1. janúar 1986 og var kaupverðið 1.170 m.kr. sem greiddist á 25 árum. Á verðlagi í lok árs 1999 eru þetta um 3.500 m.kr.. Kostnaður við byggingu virkjunarinnar var mun meiri en sem nam kaupverðinu og sátu því eftir skuldir hjá ríkinu en þær tölur hafa ekki verið teknar saman.

1.12 Uppbygging rafdreifikerfisins í sveitum

Orkuráð hefur að stórum hluta kostað uppbyggingu rafdreifikerfisins í sveitum landsins. Á undanförnum árum hefur hluti af arðgreiðslum Rafmagnsveitna ríkisins runnið til þessa þáttar. Ekki liggur fyrir nein samantekt á heildarupphæð sem ríkið hefur lagt til þessa þáttar.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA FLUTNINGS- OG DREIFIKERFA ÁRIÐ 1999 EFTIR SVÆÐUM

Hér eru teknar saman rauntölur úr ársreikningum orkuveitna árið 1999 samkvæmt ársskýrslum. Einnig er skoðaður fjármagnskostnaður hjá Rafmagnsveitum ríkisins eftir svæðum og þá byggt á afskriftagrunni fyrirtækisins.

1.13 Ársreikningar rafveitna árið 1999

Í töflu 12 eru sýndar nokkrar tölur úr ársreikningum flutningsfyrirtækja og dreifiveitna. Nokkur óvissa er í þessum tölum þar sem margar veitnanna eru með aðra starfsemi svo sem rekstur hita- og vatnsveitna og í þeim tilvikum þarf að greina þessa þætti frá rafveitustarfseminni. Einnig þarf að greina vinnslu og sölu raforku frá dreifingunni. Auk þess geta verið önnur atriði sem skekkja myndina milli veitna svo sem meðhöndlun götuljósa sem oft eru að stórum hluta kostuð af rafveitunni en ekki viðkomandi sveitarfélagi. Við þessa samantekt er miðað við eftirfarandi:

- Hlutur flutnings í tekjum Landsvirkjunar sé 28%.
- Hlutur sölustarfsemi í tekjum veitna sé 5%.
- 5% af orkukaupum séu vegna tapa í dreifikerfinu.
- Hlutur raforku í kostnaði jarðvarmaorkuvers sem bæði er nýtt til vinnslu á heitu vatni og rafmagni sé 30%.
- Hlutur flutnings og dreifingar í hagnaði HS og OR sé 30%.
- Hlutur raforkudreifingar í hagnaði OV sé 70%.
- Hlutur raforkudreifingar í hagnaði SV sé 50%.
- Sameiginlegur kostnaður Rarik skiptis þannig að hlutur flutnings sé 25%, dreifingar 50%, sölu 9% og vinnslu 16%.
- Ef eigið fé í raforkumannvirkjum er ekki tilgreint í ársskýrslu er það sett jafnt eign í veitumannvirkjum rafveitu.
- Við kostnað á orkueiningu hjá veitum sem tengjast kerfi Rarik er lagður kostnaður við aðveitukerfi þeirra (0,50 kr/kWh) og er miðað við sömu tölu hjá öllum veitunum en í raun er kostnaðurinn breytilegur en ekki verður farið í að skoða það hér.

Tekjur þær sem fram koma í töflunni eru lægri en þær sem eru áætlaðar í kafla 2 og er það vegna eftirfarandi þátta:

1) Einungis eru áætlaðar tekjur vegna almennrar notkunar en ekki vegna stóriðju. Tekjur flutningskerfisins vegna stóriðju gætu hafa numið rúmum einum milljarði árið 1999.
2) Hér er miðað við bókfærðar afskriftir en í kafla 2 eru þær reiknaðar út frá endurmetnu stofnvirði og eru því mun hærri þar.
3) Miðað er við 6% fjármagnskostnað en í raun gæti hann hafa verið lægri árið 1999.
4) Arður er mun lægri en 6% af eigin fé.
5) Ótryggð orka er tekin með í orkutölunum í kafla 2 en hér er einungis sýnd forgangsorka.

Í töflunni eru tekjur án Landsvirkjunar um 4,2 milljarðar kr. Tekjur Landsvirkjunar gætu síðan verið um 2,8 milljarðar kr og aukinn hagnaður er um 1,2 milljarðar þannig að þá fæst svipuð tala og í kafla 2 en að vísu er þar verið að horfa á annað ár en hér.

1.14 Áætlaður fjármagnskostnaður vegna flutnings- og dreifikerfa Rafmagnsveitna ríkisins árið 1999

Á myndum 1 til 4 er sýndur reiknaður fjármagnskostnaður Rafmagnsveitna ríkisins vegna aðveitu- og dreifikerfis fyrirtækisins. Kostnaðurinn er reiknaður út frá afskriftagrunni og þá horft á flutningsvirki, aðveitu- og dreifistöðvar. Afskriftir eru reiknaðar út frá framreiknuðu stofnverði og miðað við 30 ára afskriftatíma og síðan er miðað við 6% vexti/arð af bókfærðu verðmæti. Reiknuðu afskriftirnar eru hærri en bókaðar afskriftir hjá fyrirtækinu þar sem sumar einingar eru að fullu afskrifaðar. Tölurnar eru lægri en þær í kafla 4.1 þar sem rekstrarkostnaður er ekki tekinn með hér þar sem erfitt er að skipta honum á milli svæða.

Kostnaður er breytilegur á milli svæða svo sem vegna skiptingar milli þétt- og strjálbýlis, fjarlægðar svæðis frá meginflutningskerfinu og vegna mismunandi mikils álags á svæðunum. Á þeim svæðum þar sem hús eru hituð með rafmagni er notkun mun meiri en á öðrum svæðum og verður kostnaður þar á orkueiningu því lægri. Á myndum 3 og 4 sést vel hve mikill munur er á fjármagnskostnaði milli þéttbýlis og strjálbýlis og er munurinn um þrefaldur. Væntanlega er einnig dýrara að reka kerfin í strjálbýlinu.

Tafla 12Lykilupplýsingar úr ársreikningum rafveitna 1999 ásamt áætluðum kostnaði á orkueiningu við flutning og dreifingu.

	Tekjur alls Mkr.	Tekjur flutningur/ dreifing Mkr.	Orkusala almenningsv forgangsorka GWh	Flutnings-verð kr/kWh	Hagnaður Mkr.	Eigið fé Mkr.	Hagnaður ef 6% af eigin fé Mkr.	Hækkun kostnaðar vegna arðs kr/kWh	Leiðrétt flutnings-verð kr/kWh	Kostnaður ef hámark 2,70 kr/kWh Mkr
Raforkusala Landsvirkjunar til almenningsveitna	6.272	1.756	2.180,0	0,8	538,8	9.197,7	551,9	0,01	0,8	
Raforkusala Hitaveitu Suðurnesja	837	439	196,2	2,2	169,5	1.700,0	102,0	-0,34	1,9	
Raforkusala Orkuveitu Reykjavíkur	4.323	1.326	737,7	1,8	135,6	8.199,0	491,9	0,48	2,3	
Raforkusala Rafveitu Hafnarfjarðar	476	197	79,8	2,5	53,6	792,4	47,5	-0,08	2,4	
Raforkusala Akranesveitu	228	93	44,3	2,6	25,7	186,0	11,2	-0,33	2,3	
Aðveitukerfi Rarik, sala til annarra		88	176,6	0,5						
Raforkusala Rarik til endanlegra notenda	4.625	1.463	680,4	2,2	-117,3	10.595,0	635,7	1,11	3,3	379
Raforkusala Orkubús Vestfjarða	613	276	119,0	2,3	-48,3	1.500,0	90,0	1,16	3,5	93
Raforkusala, Rafveitu Sauðárkróks*	124	25	17,9	1,9	-4	172,2	10,3	0,80	2,7	
* 7,1 Mkr dregin frá vegna ótryggðrar orku										
Raforkusala Norðurorku	467	151	85,3	1,8	24,1	874,4	52,5	0,33	2,1	
Raforkusala Orkuveitu Húsavíkur										
Raforkusala Bæjarveitna Vestmannaeyja	220	68	38,1	2,3	2,7	193,0	11,6	0,23	2,5	
Raforkusala Selfossveitna	224	78	35,0	2,7	18,0	184,9	11,1	-0,2	2,5	
Samtals án Landsvirkjunar	12.137	4.204	2.034	2,1	260	24.397	1.463,8	0,59	2,7	472



Mynd 1 **Fjármagnskostnaður (reiknaðar afskriftir út frá stofnverði og 30 ára afskriftum og 6% arður/vextir) alls á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.**



Mynd 2 **Fjármagnskostnaður (reiknaðar afskriftir út frá stofnverði og 30 ára afskriftum og 6% arður/vextir) aðveitukerfisins á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.**



Mynd 3 **Fjármagnskostnaður (reiknaðar afskriftir út frá stofnverði og 30 ára afskriftum og 6% arður/vextir) sveitakerfa á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.**



Mynd 4 **Fjármagnskostnaður (reiknaðar afskriftir út frá stofnverði og 30 ára afskriftum og 6% arður/vextir) innanbæjarkerfa á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.**

RITASKRÁ

Ársskýrslur rafveitna fyrir árin 1997 og 1999.
Iðnaðarráðuneytið, 2001: „Frumvarpi til raforkulaga". Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.
Nefnd um stofnun landsnets, 2000: „Framtíðarskipulag raforkuflutnings á Íslandi". Iðnaðarráðuneytið
Orkunefnd iðnaðarráðherra, 1996a: „Framtíðarskipan orkumála. Tillögur um breytingar". Iðnaðarráðuneytið.

VIÐAUKI 1 – SKIPUNARBRÉF STARFSHÓPSINS

(23. febrúar 2001.)

Í iðnaðarráðuneytinu er unnið að frumvarpi til raforkulaga. Í því er m.a. kveðið á um aðskilnað samkeppnis- og einokunarþátta í rekstri raforkufyrirtækja þannig að framleiðsla og sala verður aðskilin frá flutningi og dreifingu. Við það er miðað að félagslegum skyldum verði aflétt af raforkufyrirtækjum. Af því leiðir að kostnaður þeirra vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu mun endurspeglast í gjaldskrá veitufyrirtækja.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp til að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði svo allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Við það ber að miða að heildarumfang verðjöfnunar vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu verði svipað og síðastliðin ár.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. apríl 2001.

Í starfshópinn eru skipaðir:

Friðrik Már Baldursson, rannsóknaprófessor við HÍ.

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri, sem jafnframt er skipaður formaður.

Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur.

Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri.

Lúðvík Guðjónsson viðskiptafræðingur.

Starfsmaður hópsins verður Jón Vilhjálmsson verkfræðingur.

VIÐAUKI 2 – HELSTU LEIÐIR TIL JÖFNUNAR Á KOSTNAÐI NOTENDA VIÐ RAFORKUÖFLUN

Hér verða teknar saman punktar um helstu leiðir sem gætu komið til greina varðandi jöfnun kostnaðar við raforkuöflun. Notaðar eru eftirfarandi skilgreiningar sem fram koma í skýrslu landsnetsnefndar:

Verðjöfnun: Verð á raforku til notenda á ákveðnu svæði er lækkað frá því sem það þyrfti að vera ef greiða ætti allan kostnað við að koma orkunni til notenda. Kostnaður er breytilegur eftir svæðum og hann er að jafnaði meiri í dreifbýli en þéttbýli og er verðjöfnun oft notuð ef jafna á slíkan aðstöðumun.

Niðurgreiðslur: Greiðslur notenda fyrir orkukaup eru lækkaðar þar sem ríkið tekur á sig að greiða hluta kostnaðarins og greiðslurnar ná til allra sambærilegra notenda hvar sem á landinu þeir eru búsettir. Hér er t.d. um að ræða niðurgreiðslur ríkisins á orku til húshitunar. Aftur á móti ætti framlag orkuveitnanna til lækkunar húshitunarkostnaðar fremur að flokkast sem verðjöfnun þótt sá hluti sé að jafnaði tekinn með niðurgreiðslunum og verður þeirri venju haldið hér. Gera má ráð fyrir að þessar greiðslur hverfi í nýju kerfi.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Kostnaður við að koma raforku til landsmanna er mismikill og á sumum svæðum er hann svo mikill að erfitt er fyrir notendur að standa undir honum. Talið hefur verið nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi raforkuafhendingu til slíkra svæða m.a. vegna byggðasjónarmiða. Slíkir þættir hafa verið sagðir óarðbærir en jafnframt er hér um verðjöfnunaraðgerð að ræða.

Þessir þrír þættir eru nátengdir og er því eðlilegast að fjalla um þá saman í heild sinni og verður því þessi umræða ekki takmörkuð við óarðbæru einingarnar. Landsnetsnefnd lagði til að þessum kostnaði yrði haldið fyrir utan raforkukerfið og að hann væri fjármagnaður með sköttum eða álagi á raforkuvinnslu. Hafa ber þó í huga að alltaf verður einhver jöfnun í kerfinu þar sem ómögulegt er að reikna sérstaklega kostnað við hvern og einn notanda.

Í leiðum 3 og 4 er einnig fjallað um framkvæmd þessara aðgerða þar sem það eru þær leiðir sem starfshópurinn hefur horft mest á.

Líklegt er að nýtt skipulag raforkudreifingar kalli á að gjald fyrir dreifingu raforku til hitunar hækki en að á móti mundi kostnaður fyrir aðra notkun lækka þar sem erfitt verður að vera með gjaldskrá háða tegund notkunar. Slíkt gæti kallað á auknar niðurgreiðslur.

Einnig væri mikilvægt að samræma allar jöfnunaraðgerðir hins opinbera til að ekki séu í gangi mismunandi aðgerðir sem ekki er samræmi á milli eins og dæmi eru um varðandi húshitun. Ef allar slíkar jöfnunaraðgerðir eru sýnilegar er einnig líklegra að fjármunum sé varði á skynsamlegan hátt.

Hér að aftan er fjallað um helstu leiðir sem hér koma til greina varðandi þennan kostnað en þessi upptalning er ekki tæmandi og einnig gæti útfærslan verið önnur en fram kemur í þessum leiðum.

V2.1 Núverandi fyrirkomulag

Í núverandi fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Hver rafveita jafnar verði innan síns veitusvæðis óháð því hve umfangsmikið svæðið er. Lægri gjaldskrá er fyrir dreifingu á orku til hitunar húsa en fyrir aðra notkun.

Niðurgreiðslur: Hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni er greidd niður og að stærstum hluta eru þessar niðurgreiðslur fjármagnaðar með skatttekjum þar sem þær eru á fjárlögum. Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins leggja þó einnig nokkra upphæð til niðurgreiðslna.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Ríkið hefur fjármagnað óarðbærar einingar í raforkukerfinu svo sem dreifikerfið í sveitum og aðveitulínur sem ekki hafa staðið undir sér. Um

miðja síðustu öld var komið á því fyrirkomulagi að ríkið greiddi það sem á vantaði í sveitakerfunum þegar notendur höfðu greitt tengigjöld. Á 9. áratugi aldarinnar hefði þurft að auka flutningsgetu kerfanna og lagði ríkið fram fjármagn til þess. Ekki hefur alltaf fengist nægjanlegt fé frá ríkinu vegna óarðbærra eininga og hefur þá verið tekið á þessum kostnaði eftir að hann hefur hlaðist upp hjá veitufyrirtækjunum. Fram til 1986 var lagt verðjöfnunargjald á raforkusölu en eftir að það var lagt af yfirtók ríkið skuldir dreifiveitna í strjálbýli og þá var gerður samningur um arðgreiðslu Rafmagnsveitna ríkisins í ríkissjóð sem skyldi að stórum hluta varið til þessara aðgerða.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:
- Niðurgreiðslur á rafhitun eru að mestu fjármagnaðar með sköttum og einstakir notendur sjá upphæð niðurgreiðslna sem kemur í þeirra hlut.

Gallar:
- Verðjöfnun er að vissu leyti óréttlát þar sem notendur á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins standa undir verðjöfnun sem aðrir landsmenn taka ekki þátt í. Hví á notandi á Flúðum að jafna verði til notanda í Þistilfirði fremur en notandi á Selfossi? Þetta kerfi myndar hvata fyrir þau svæði sem best eru staðsett til að stofna eigin dreifiveitu en þó hefur það ekki orðið raunin á undanförnum árum.
- Erfitt er að fá fjármagn vegna óarðbærra eininga þar sem sækja þarf slíkt á hverju ári til ríkisins. Hætt er við að slíkt fáist ekki fyrr en í óefni er komið og að þetta sé þá að hluta leyst með verðjöfnun innan veitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
- Kostnaður vegna óarðbærra eininga er ógagnsær og hvergi kemur fram hver hann er né hvernig hann skiptist á einstök svæði. Notendur, sveitarfélög eða aðrir hafa ekki hugmynd um hver sé kostnaður ríkisins af þessum aðgerðum gagnvart einstökum notendum.
- Þau svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá ekki að njóta þess.

V2.2 Hið opinbera greiði kostnað við óarðbærar framkvæmdir

Gert er ráð fyrir að litið sé á einstakar framkvæmdir í kerfinu og óarðbær þáttur þeirra reiknaður og ríkið greiði þann kostnað þegar ráðist er í framkvæmd. Einnig er gert ráð fyrir að gjaldskrá sé breytt þannig að ekki sé um mismunun að ræða eftir því til hvers orkan er notuð.

Í þessu fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Hver rafveita jafnar verði innan síns veitusvæðis óháð því hve umfangsmikið svæðið er. Um allan orkuflutning gildir sama gjaldskrá óháð því til hvers orkan er notuð.

Niðurgreiðslur: Hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni er greidd niður og að stærstum hluta eru þessar niðurgreiðslur fjármagnaðar með skatttekjum þar sem þær eru á fjárlögum.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Ríkið fjármagnar óarðbærar framkvæmdir í raforkukerfinu með beinum framlögum til einstakra framkvæmda. Áætlað er hve stóran hluta fjárfestingarinnar notkunin stendur ekki undir og út frá þeim reikningum komi framlög úr ríkissjóði. Halda þarf því fjármagni sem fæst á þennan hátt utan við tekjuramma veitunnar svo að það komi ekki inn í mat á arði af starfseminni.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:
- Niðurgreiðslur á rafhitun eru að mestu fjármagnaðar með sköttum og einstakir notendur sjá upphæð niðurgreiðslna sem kemur í þeirra hlut.
- Veitufyrirtæki fá sama verð fyrir flutning óháð því til hvers hún er notuð.
- Fjármagn til óarðbærra framkvæmda kemur úr ríkissjóði.
- Upplýsingar liggja fyrir um kostnað vegna einstakra óarðbærra framkvæmda.
- Verðjöfnun sem notendur standa undir með millifærslum frá „hagstæðum“ notendum til „óhagstæðari“ notenda sem liggja verr við kerfinu verður sambærilegt hjá öllum veitum.

Gallar:
- Erfitt gæti verið að fá fjármagn til þessara aðgerða þó svo að komið sé á slíku fyrirkomulagi og hætt er við að smám saman dragi úr slíkum framlögum eins og raun hefur orðið á áður. Hætt er við að slíkt fáist ekki fyrr en í óefni er komið og að þetta sé þá að hluta leyst með verðjöfnun innan veitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
- Erfitt er að reikna kostnað vegna óarðbærra eininga í dreifikerfum í sveitum og þetta getur kallað á að byggt verði upp óhóflega dýrt kerfi þar.
- Flóknir reikningar þar sem ýmsar forsendur geta verið umdeildar svo sem reiknivextir, afskriftatími o.fl.
- Notendur gera sér enga grein fyrir kostnaði sem ríkisvaldið leggur í vegna notkunar þeirra.
- Kostnaður er reiknaður út frá notkuninni eins og hún er þegar ráðist er í framkvæmdina og áætlaðri þróun en hún getur orðið nokkuð önnur. Veiturnar taka því vissa áhættu sem gæti skilað sér í aukinni verðjöfnun þegar fram í sækir.
- Þau svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá ekki að njóta þess.

V2.3 Hið opinbera greiði kostnað vegna einstakra óarðbærra framkvæmda í flutningskerfinu og stofnkostnað og endurnýjun í strjálbýlinu

Í þessari leið er miðað við að allt sé óbreytt frá leið 2 nema kostnaðurinn í dreifikerfinu í strjálbýli. Gert er ráð fyrir að litið sé á einstakar framkvæmdir í flutningskerfinu og óarðbær þáttur þeirra reiknaður og ríkið greiði þann kostnað þegar ráðist er í framkvæmd. Ríkið greiðir aftur á móti ákveðna upphæð árlega vegna stofnkostnaðar og endurnýjunar dreifikerfisins í strjálbýlinu.

Í þessu fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Hver rafveita jafnar verði innan síns veitusvæðis óháð því hve umfangsmikið svæðið er. Um allan orkuflutning gildir sama gjaldskrá óháð því til hvers orkan er notuð.

Niðurgreiðslur: Hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni er greidd niður og að stærstum hluta eru þessar niðurgreiðslur fjármagnaðar með skatttekjum þar sem þær eru á fjárlögum.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Ríkið fjármagnar óarðbærar framkvæmdir í raforkukerfinu með beinum framlögum. Í flutningskerfinu verði óarðbær þáttur hverrar framkvæmdar fyrir sig reiknaður út frá áætluðum tekjum og gjöldum vegna framkvæmdarinnar á áætluðum líftíma.
Í dreifikerfinu í strjálbýli verði stofnkostnaður umfram það sem notendur greiða sjálfir í formi tengigjalda greiddur að fullu úr ríkissjóði. Metið er í upphafi hvaða hlutar dreifikerfisins falli undir þennan þátt og eftirlitsaðili meti síðan árlega hvaða framlag þarf til þessa þáttar. Dreifiveitur verji a.m.k. þessu framlagi til viðbótar og endurnýjunar á þeim kerfishlutum sem um ræðir.
Halda þarf því fjármagni sem ríkið veitir til óarðbærra framkvæmda utan við tekjuramma veitunnar svo að það komi ekki inn í mat á arði af starfseminni.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:
- Niðurgreiðslur á rafhitun eru að mestu fjármagnaðar með sköttum og einstakir notendur sjá upphæð niðurgreiðslna sem kemur í þeirra hlut.
- Veitufyrirtæki fá sama verð fyrir flutning óháð því til hvers hún er notuð.
- Fjármagn vegna óarðbærra eininga kemur úr ríkissjóði.
- Upplýsingar liggja fyrir um kostnað ríkisins vegna einstakra framkvæmda.

Gallar:
- Erfitt gæti verið að fá fjármagn vegna óarðbærra eininga þó svo að komið sé á slíku fyrirkomulagi og hætt er við að smám saman dragi úr slíkum framlögum eins og raun hefur orðið á áður. Hætt er við að slíkt fáist ekki fyrr en í óefni er komið og að þetta sé þá að hluta leyst með verðjöfnun innan veitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
- Flóknir reikningar þar sem ýmsar forsendur geta verið umdeildar svo sem reiknivextir, afskriftatími og fl.
- Notendur gera sér enga grein fyrir kostnaði sem ríkisvaldið leggur í vegna notkunar þeirra.
- Kostnaður er reiknaður út frá notkuninni eins og hún er þegar ráðist er í framkvæmdina og áætlaðri þróun en hún getur orðið nokkuð önnur. Veiturnar taka því vissa áhættu sem gæti skilað sér í aukinni verðjöfnun þegar fram í sækir.
- Þau svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá ekki að njóta þess.

V2.3.1 Framkvæmd

Framkvæmd þessara aðgerða yrði eftirfarandi:

Nýjar framkvæmdir í flutningskerfinu:
Samkvæmt þessari leið mundu flutningsfyrirtæki /dreifiveitur gera áætlanir um allar framkvæmdir í flutningskerfinu og hve stór hluti þeirra væri óarð-

bær. Setja þyrfti skýrar reglur um það á hvern hátt óarðbæri kostnaðurinn yrði metinn. Ár hvert mundi flutningsfyrirtæki/dreifiveitur senda til iðnaðarráðuneytisins áætlun um þessar framkvæmdir og þaðan færi hún inn í fjárlög. Sem eftirlitsaðili mundi Orkustofnun fara yfir þessa áætlun. Ef flutningsfyrirtækið færi út í slíka framkvæmd án þess að framlag kæmi frá ríkinu mætti það ekki jafna kostnaðinum heldur bæri því að láta notendur mannvirkisins bera kostnaðinn. Framkvæmdir sem fjármagnaðar væru á þennan hátt færu ekki inn sem eign fyrirtækisins heldur væri haldið fyrir utan þannig að fyrirtækið fengi ekki afskriftir af henni né kæmi hún inn í mat á leyfilegum arði. Óarðbæri kostnaðurinn kæmi því á engan hátt inn í gjaldskrá. Við endurnýjun flutningslína þyrfti einnig að meta þennan þátt.

Framkvæmdir í dreifikerfum í strjálbýli: Dreifiveitur mundu ár hvert koma með tillögur að fjármagni sem færi til styrkingar dreifikerfinu í strjálbýli hvort sem um nýframkvæmd eða endurnýjun er að ræða og mundi ríkið þannig kosta að fullu uppbyggingu sveitakerfanna utan tengigjalda. Iðnaðarráðuneytið mundi afgreiða þessar tillögur að fenginni umsögn Orkustofnunar. Framkvæmdir sem fjármagnaðar væru á þennan hátt færu ekki inn sem eign fyrirtækisins heldur væri haldið fyrir utan þannig að fyrirtækið fengi ekki afskriftir af henni né kæmi hún inn í mat á leyfilegum arði. Óarðbæri kostnaðurinn kæmi því á engan hátt inn í gjaldskrá.

Framkvæmdir í dreifikerfum í þéttbýli: Dreifikerfi í þéttbýli yrðu ætíð að standa undir sér og því kæmi aldrei til aðgerða þar.

Mat á núverandi kerfum: Ríkið hefur lagt fjármuni til óarðbærra framkvæmda síðustu áratugi og þessir fjármunir eiga að nýtast áfram. Meta þyrfti óarðbæran hluta einstakra flutningsvirkja í núverandi flutningskerfi og taka hann út úr eignum fyrirtækjanna. Eftir stæðu þá eignir sem gætu borið sig með þeim tekjum sem fengjust af flutningnum og afskriftir og arður fyrirtækisins miðaðist einungis við þessar eignir.

Niðurgreiðslur á rafhitun: Niðurgreiðslum á rafhitun íbúðarhúsnæðis yrði haldið áfram með sama hætti og nú. Auka þyrfti þessar niðurgreiðslu um 300 m.kr. lauslega áætlað vegna þess að gjaldskrá verður ekki breytilegt eftir því til hvers orkan er notuð.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti af húshitun: Skoða þarf hvort breyta eigi endurgreiðslu á virðisaukaskatti af húshitun þar sem það er flókið kerfi með mismunandi virðisaukaskatti.

Reikningar fyrir úttekt: Á reikningum sem notendur mundu fá frá dreifiveitunni kæmi fram gjald það sem þeir greiddu fyrir úttekt. Hugsanlega mætti sýna kostnað vegna óarðbærra eininga á reikningnum út frá því fjármagni sem liggur í kerfinu og ekki er inni í eign veitunnar en þá verður að halda utan um þann þátt eins og aðrar eignir. Alla vega væri það lágmarkskrafa að fjármagn sem varið er til þessara þátta komi fram í raforkuskýrslu og einnig hve mikil áhrif þessar aðgerðir hafa á raforkuverðið.

Eftirlit: Í þessu kerfi væri lítið aðhald með óarðbærum fjárfestingum hvort sem um væri að ræða flutningskerfið eða dreifikerfi í strjálbýlinu. Veiturnar mundu væntanlega vilja frekar að lagðir væru meiri en minni fjármunir í þessi kerfi þar sem slíkt kallar á minni athugasemdir frá notendum, auðveldari rekstur og hugsanlega möguleika á aukinni notkun. Hagræðingarhvatinn sem settur er á fyrirtækin hefur engin áhrif á þessar fjárfestingar og jafnvel mundi hann hafa öfug áhrif þar sem dýrara kerfi gæti verið ódýrara í rekstri. Eftirlit Orkustofnunar yrði því að vera mjög virkt í þessu tilviki.

V2.4 Hið opinbera greiði niður orkuverð á þeim svæðum þar sem kostnaður er mestur

Hér er gert ráð fyrir að farin sé önnur leið en nú og að ekki sé sett sem skilyrði að um verðjöfnun sé að ræða hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Skilgreina þyrfti dreifiveitusvæði og innan þeirra væri verðjöfnun.

Í þessu fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Verði er jafnað innan dreifiveitusvæðis og getur ein veita verið með mörg slík svæði. Um allan orkuflutning gildir sama gjaldskrá óháð því til hvers orkan er notuð.

Niðurgreiðslur: Hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni er greidd niður og að stærstum hluta eru þessar niðurgreiðslur fjármagnaðar með skatttekjum þar sem þær eru á fjárlögum.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Ríkið leggur árlega fram fjármagn vegna óarðbærra eininga í raforkukerfinu.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:

- Niðurgreiðslur á rafhitun eru að mestu fjármagnaðar með sköttum og einstakir notendur sjá upphæð niðurgreiðslna sem kemur í þeirra hlut.
- Veitufyrirtæki fá sama verð fyrir flutning óháð því til hvers hún er notuð.
- Framlög vegna óarðbærra eininga yrðu sýnileg notendum eins og niðurgreiðsla húshitunar.
- Ef ríkisvaldið vildi ekki leggja fjármagn vegna óarðbærra eininga kæmi það fram í verði til notenda á þeim svæðum sem þurfa á slíku að halda. Vilji stjórnvalda kæmi því beint fram gagnvart notendum.

- Svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá að njóta þess og því verður minni hvati en ella til að stofna nýjar veitur.

Gallar:
- Þessi leið er flóknari fyrir dreifiveiturnar þar sem dreifiveita getur þurft að vera með fleiri en eina gjaldskrá.
- Halda þarf sérstaklega utanum kostnað á mismunandi svæðum til að hægt sé að vera með mismunandi gjaldskrár.
- Hvati til aðhalds í rekstri getur minnkað þar sem ríkið greiðir niður flutningskostnaðinn og aukinn kostnaður kallar þá á aukið framlag. Eftirlitsaðili þarf því að fylgjast vel með þessum þætti.

V2.4.1 Framkvæmd

Framkvæmd þessara aðgerða yrði eftirfarandi:

Nýjar framkvæmdir í flutningskerfinu: Samkvæmt þessari leið mundu flutningsfyrirtæki /dreifiveitur alfarið kosta uppbyggingu flutningskerfisins og sá kostnaður kæmi fram í gjaldskrám fyrirtækjanna. Þessum kostnaði yrði jafnað innan hvers dreifiveitusvæðis. Þar sem kostnaður væri talinn óhóflegur mundi ríkið leggja fram fjármuni til lækkunar gjaldskrár. Þetta framlag mundi lækka í samræmi við hagræðingarkröfuna sem sett væri á viðkomandi dreifiveitu. Í undantekningartilvikum yrði hægt að endurskoða framlag svo sem ef ráðast þarf í umfangsmiklar nýjar framkvæmdir með stærri óarðbæran þátt en var fyrir á viðkomandi dreifiveitusvæði. Slíkt ætti að vera algjör undantekning og ekki koma til greina nema eftir ítarlega skoðun Orkustofnunar.

Framkvæmdir í dreifikerfum í strjálbýli: Dreifiveitur mundu alfarið kosta uppbyggingu dreifikerfisins í strjálbýlinu og kæmi kostnaðurinn fram í gjaldskrá fyrirtækisins. Kostnaðinum yrði jafnað innan dreifiveitusvæðis. Miklum kostnaði í þessum kerfum yrði mætt með framlagi ríkisins. Þetta framlag mundi lækka í samræmi við hagræðingarkröfuna sem sett væri á viðkomandi dreifiveitu.

Framkvæmdir í dreifikerfum í þéttbýli: Dreifikerfi í þéttbýli yrðu ætíð að standa undir sér og því kæmi aldrei til framlag frá ríkinu þar fyrir utan rafhitun íbúðarhúsnæðis.

Mat á núverandi kerfum: Ríkið hefur lagt fjármuni vegna óarðbærra eininga síðustu áratugi og þessir fjármunir eiga að nýtast áfram. Dreifiveitan fengi þó arð af þessum eignum og þyrfti því að fara yfir eignamatið við skipulagsbreytinguna. Þar sem ríkið hefur eignast Orkubú Vestfjarða má ætla að allir þættir kerfisins sem ekki bera sig séu í eigu þess og gæti því arðurinn af rekstrinum runnið að hluta til þessara aðgerða.

Niðurgreiðslur á rafhitun: Niðurgreiðslum á rafhitun íbúðarhúsnæðis yrði haldið áfram með sama hætti og nú. Auka þyrfti þessar niðurgreiðslur um 300 m.kr. lauslega áætlað

vegna þess að gjaldskrá verður ekki breytilegt eftir því til hvers orkan er notuð.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti af húshitun: Skoða þarf hvort breyta eigi endurgreiðslu á virðisaukaskatti af húshitun þar sem það er flókið kerfi með mismunandi virðisaukaskatti.

Reikningar fyrir úttekt: Á reikningum sem notendur mundu fá frá dreifiveitunni kæmi fram gjald það sem þeir greiddu fyrir úttekt auk þess sem lækkun gjaldskrár vegna framlags ríkisins kæmi þar fram. Yfirlit um þessi framlög kæmi síðan fram í raforkuskýrslu.

Eftirlit: Hætt er við því að í þessu kerfi yrði stöðugur þrýstingur á aukin framlög bæði frá veitufyrirtækjunum og notendum. Ef ekki væri fylgt föstum reglum um að hagræðingarkrafan næði einnig til niðurgreiðslna er hætt við að veiturnar fengju lítið kostnaðaraðhald heldur kæmi fram krafa um aukin framlög. Ef fyrirtækin fara út í óþarflega dýrar fjárfestingar eiga þau að bera kostnað af því en slíkt ætti ekki að vera kostað með auknum framlögum. Orkustofnun þyrfti að fara vel yfir þau undantekningartilvik sem kæmu upp varðandi dýrar framkvæmdir sem ekki kölluðu á aukin framlög nema stofnunin teldi þær nauðsynlegar og væri búin að meta áhrif þeirra.

V2.5 Hið opinbera hætti niðurgreiðslum og fjárhagslegum stuðningi við óarðbærar einingar en í staðinn komi styrkir utan raforkukerfisins

Samkvæmt þessari leið yrði kostnaður við raforkudreifingu sýnilegur og verð breytilegt milli svæða. Notendur fengju þá merki um raunverulegan kostnað en á móti yrði íbúar og atvinnustarfsemi styrkt á þeim svæðum þar sem kostnaður væri mikill.

Í þessu fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Verði er jafnað innan orkuveitusvæðis og getur ein veita verið með mörg orkuveitusvæði. Um allan orkuflutning gildir sama gjaldskrá óháð því til hvers orkan er notuð.

Niðurgreiðslur: Hætt yrði niðurgreiðslum á rafhitun.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Kostnaður við raforkudreifingu kæmi að fullu fram í gjaldskrá dreifiveitna.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:

- Kostnaður verður sýnilegur og notendur sjá þá raunverulegan kostnað við flutning og dreifingu.
- Ef ríkisvaldið vildi ekki leggja fjármagn til að styðja byggðir þar sem kostnaður er mikill við raforkudreifingu kæmi slíkt fram. Vilji stjórnvalda kæmi því fram gagnvart notendum.

- Svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá að njóta þess og því verður ekki til staðar hvati til að stofna nýjar veitur.

Gallar:

- Þessi leið er heldur flóknari fyrir dreifiveiturnar þar sem dreifiveita getur þurft að vera með fleiri en eina gjaldskrá.
- Halda þarf sérstaklega utanum kostnað á mismunandi svæðum til að hægt sé að vera með mismunandi gjaldskrár.
- Kostnaður notenda við raforkuöflun gæti orðið nokkuð hár á vissum svæðum sem mundi leiða af sér minni notkun en við núverandi aðstæður auk þess sem rafhitanotendur mundu spara orku til hitunar. Búið er að ráðast í uppbyggingu dreifikerfisins á þessum svæðum og því mætti segja að stór hluti kostnaðar sé fastur óháður notkun. Ef notkunin minnkaði þyrfti gjaldskráin því að hækka.

Hér hafa verið nefndar 5 leiðir en margar aðrar gætu einnig komið til greina sem t.d. gætu verið blanda af þessum leiðum.

Fylgiskjal VI.

Friðrik Már Baldursson,
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands:

Hvað geta Íslendingar lært af óförum raforkumarkaðarins í Kaliforníu?

(1. mars 2001.)

Undanfarna mánuði hafa raforkumál í Kaliforníu verið áberandi í fréttum. Ástæðan er skortur á raforku sem lýsir sér í gríðarlegum verðhækkunum og jafnvel skömmtun á álagstímum. Raforkumarkaður fylkisins er nú kominn í algerar ógöngur og stærstu veitufyrirtækin ramba á barmi gjaldþrots. Í fjölmiðlum er skuldinni oft á tíðum skellt á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Þetta er kannski eðlilegt því í stað þeirrar gnægðar af hreinni og ódýrri orku sem markaðsvæðingin átti að færa neytendum ríkir skortur og hátt verð. Að auki er farið að ræða tilslakanir í umhverfismálum til að ástandið megi batna!

Markmiðið hér er að fara stuttlega yfir þróunina í Kaliforníu, bakgrunn hennar og hugsanlegar ástæður. Á erlendum vettvangi er mikið fjallað um færar leiðir úr ógöngunum, en það er ekki ætlunin hér, heldur verður fjallað um framtíðina á Íslandi í ljósi þessara atburða, hvort hætta er á að svipað ástand komi upp hérlendis í framhaldi af nýju skipulagi raforkumála og hvað ber að varast í því sambandi. Áður en lengra er haldið er ástæða til að minna á hin fjölmörgu lönd og raunar einnig fylki í Bandaríkjunum sem hafa komið á markaðsbúskap í raforkukerfum sínum og gengið vel. Þróunin í Kaliforníu er undantekning, en ekki regla og ástæðan til að skoða hana er fyrst og fremst sú að reyna að átta sig á hvað ber að varast.

Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður úr þessari skoðun eru eftirfarandi:

- Margir þættir lögðust á eitt í Kaliforníu og ýttu undir hækkanir heildsöluverðs á rafmagni. Þeir helstu eru:
  - Spurn eftir raforku síðasta áratuginn hefur aukist um fjórðung, en framboð hefur nánast staðið í stað. Lítil umframorka var því til reiðu síðastliðið vor.
  - Óvænt aukning eftirspurnar varð síðasta sumar þegar óvenjulega heitt var í vesturfylkj-

um Bandaríkjanna. Þurrkar í norðvesturfylkjunum minnkuðu framboð á vatnsorku og mikið var um óvæntar lokanir gasorkuvera vegna bilana og viðhalds.
  - Vinnslukostnaður raforku úr gasi og öðru jarðefnaeldsneyti margfaldaðist á síðasta ári vegna verðhækkana á gasi og losunarheimildum fyrir mengunarvalda.
- Framangreindir þættir hefðu leitt til þurrðar á raforku og aukins kostnaðar við orkuöflun óháð ríkjandi markaðsskipulagi. Alvarlegir brestir í hönnun markaðarins gerðu ástandið enn verra en ella og leiddu á endanum til þess að stærstu rafveitur Kaliforníu komust í greiðsluþrot. Hér ber að nefna eftirfarandi atriði:
  - Veitur voru látnar selja orkuver sín, en var ekki leyft að gera langtímasamninga um orkukaup. Þær urðu því að gera öll innkaup á dægurmarkaði og var ókleift að stýra áhættu sinni.
  - Hámark (þak) var sett á smásöluverð frá veitunum, en heildsöluverð á dægurmarkaði hefur verið mun hærra en þakið frá maí sl. Afleiðingin varð tap sem nam 12 milljörðum bandaríkjadala (1.000 milljörðum ISK) í janúar sl.
  - Stærstu veiturnar hættu að greiða af skuldum sínum í janúar. Lánstraust þeirra varð þá að engu, sem gerði orkuinnkaup fyrirtækjanna erfiðari.
  - Vegna verðþaks hafa neytendur enga efnahagslega hvata til að draga úr notkun sinni. Eina færa leiðin þegar eftirspurn fer fram úr orkuframboði er því skömmtun.
  - Fyrirkomulag markaðarins er mjög flókið. Samhæfing og stjórnun er því erfið. Dæmi um þetta er aðskilnaður dægurmarkaðar frá kerfisstjórn með 25 manna stjórnum hagsmunaaðila fyrir hvora stofnun.
- Vísbendingar eru um að einhverjir vinnsluaðilar hafi notfært sér ástandið til að hækka verð á raforku. Þurrð á raforku, flókið markaðskerfi og slæleg samhæfing gerir slíkt auðveldara en ella.
- Veigamesta ástæðan fyrir orkuskortinum er að sjálfsögðu vöntun á fjárfestingum í nýjum orkuverum. Líklegt er að meginástæðan þar séu flóknar, strangar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem fela í sér verulega áhættu fyrir fjárfesta vegna hættu á málaferlum, töfum og ófyrirsjáanlegum kostnaði. Enn fremur hefur fjármögnun nýrra söluaðila á óhagkvæmum fjárfestingum veitufyrirtækjanna frá fyrri árum hamlað því að nýir aðilar komi inn á markaðinn.
- Miðað við fyrirliggjandi drög að frumvarpi til nýrra raforkulaga er ákaflega ólíklegt að Ísland lendi í sömu ógöngum og Kalifornía. Brestir þeir sem eru á skipulagi raforkumarkaðarins í Kaliforníu eru einfaldlega ekki til staðar. Þó er ástæða til að huga vandlega að því að efnahagslegir hvatar séu til að byggja ný orkuver með nægjanlegum fyrirvara.
- Í núverandi skipulagi hefur Landsvirkjun svarað sveiflum í eftirspurn rafveitna án þess að samningar um slíkt liggi fyrir. Líklega mun þetta breytast í nýju umhverfi, en ekki er ljóst hvernig markaðurinn mun þróast og hvort dægurmarkaður verður til staðar. Með hliðsjón af reynslunni í Kaliforníu virðist skynsamlegt að hvetja markaðsaðila til að gera samninga til lengri tíma um tiltekið hlutfall orkuviðskipta sinna.
- Ástæða er til að huga að því að í hinu nýja umhverfi verði tryggt með samningum eða ákvæðum í vinnsluleyfum að heimildir til skerðingar orkusölu til stóriðju verði áfram til staðar við tilteknar aðstæður. Enn fremur gæti kerfisstjóri samið um framsal á orku við stóriðjufyrirtæki ef óvænt þurrð verður á orku.
- Seljendur raforku geta stuðlað að skilvirkari markaði með því að koma á verðlagningu sem breytist eftir álagstímum. Það krefst þess að notkun sé mæld fyrir mismunandi tíma dags. Fram til þessa hefur búnaður til slíks verið of dýr til að þetta hafi borgað sig, en framfarir í upplýsingatækni eru óðum að breyta því.

Mynd 1. Verð á skyndimarkaðnum í Kaliforníu.
USD/MWh við hámarksálag.



Heimild: www.economist.com /Cambridge Energy Research Associates.

Skipulag raforkumála í Kaliforníu.

Raforkukerfið í Kaliforníu fram til ársins 1996 einkenndist af hefðbundnum veitufyrirtækjum sem sáu um alla þætti raforkumarkaðarins, allt frá vinnslu til smásölu, á tilteknu svæði og höfðu einkarétt til slíkrar starfsemi, hvert á sínu svæði. Verðlagning byggðist á framleiðslukostnaði fyrirtækjanna. Þau gátu því velt auknum kostnaði óhindrað út í verðlag sem leiddi til offjárfestingar og hás raforkuverðs.

Markaðsvæðing raforkumála í Kaliforníu hófst árið 1996 að undangenginni mikilli umræðu og undirbúningi. Í grófum dráttum má segja að nýskipanin hafi falist í skiptingu raforkugeirans í fjögur meginsvið – vinnslu, flutning, dreifingu og sölu – svipaðri þeirri sem stuðst var við í Bretlandi og Noregi og síðar í tilskipun ESB um innri markað fyrir raforku. Raunar áttu skipulagsbreytingarnar í Bretlandi að vera fyrirmyndin að því sem varð í Kaliforníu. Í mjög stuttu máli er hugmyndin að baki þessari skiptingu sú að tryggja að samkeppni ríki í vinnslu og sölu raforku eins og með hverja aðra vöru eða þjónustu. Hins vegar er talið að flutningur og dreifing raforku séu náttúruleg einkaréttarsvið. Einhverjum einum aðila er því falið að sjá um flutning og/eða dreifingu á tilteknum svæðum, en tveir fyrrnefndu þættirnir eru gefnir frjálsir.[1] Í skipulagi af þessu tagi er hlutverk kerfisstjóra, sem sér til þess að jafna ávallt framboð og eftirspurn, mjög mikilvægt. Víðast hvar rekur kerfisstjórinn skyndimarkað fyrir raforku, dægurmarkað, þar sem gerð eru tilboð um kaup og sölu til skamms tíma, yfirleitt einn dag fram í tímann. Í tengslum við slíkan markað þróast yfirleitt staðlaðir, framvirkir samningar um raforkukaup.

Þrátt fyrir að þessi hugmynd liggi að baki skipulagsbreytingunum í Kaliforníu var hart tekist á um breytingarnar. Ýmsir þrýstihópar og stjórnmálamenn, sem eflaust töldu sig vera að gæta almannahagsmuna, náðu fram takmörkunum af ýmsu tagi á athöfnum veitufyrirtækjanna. Enn

[1] Sjá nánar um þetta í skýrslu orkunefndar frá 1996. Sjá einnig stutt yfirlit í greinum höfundar sem birtust í Morgunblaðinu í maí 2000 og eru einnig á vefslóðinni www.hi.is/~fmbald.

fremur varð kerfið mjög flókið sem varð til þess að samhæfing er erfið og viðbrögð við vandkvæðum slæleg. Í þessu sambandi má nefna að kerfisstjórn og skyndimarkaður eru hvort um sig rekin af sérstökum fyrirtækjum sem lúta 25–26 manna stjórnum þar sem sitja fulltrúar hinna ýmsu hagsmunaaðila („stakeholders"). Enn fremur er allt regluverkið og eftirlitskerfið mjög flókið með afskiptum fylkis og alríkis á öllum stigum. Við þetta bætast strangar og flóknar reglur í umhverfismálum sem hafa veruleg áhrif á byggingu og rekstur vinnslu og flutningsmannvirkja. Undirbúningstími að fjárfestingum í nýrri flutnings- eða vinnslugetu er því mjög langur og mun vera að jafnaði tvöfalt lengri en víðast hvar annars staðar í Bandaríkjunum.[2] Vinnslustöðvar sem brenna jarðefnaeldsneyti eru sérstaklega háðar takmörkunum á losun efna sem valda staðbundinni mengun (NO_x).[3]

Það sem átti eftir að reynast sérstaklega afdrifaríkt í Kaliforníu var að veitufyrirtækjunum í Kaliforníu var gert að selja megnið af vinnslugetu sinni, en var jafnframt bannað að gera samninga til lengri tíma um orkukaup við þá sem keyptu vinnsluhlutann eins og tíðkast hefur víðast hvar annars staðar. Í stað þess var veitunum gert skylt að kaupa orkuna á skyndimarkaðnum á verði hvers tíma. Jafnframt var sett þak á smásöluverð raforku (USD 65/MWh – u.þ.b. 5,7 kr./kWh). Markmiðið með þessu var að koma ætluðum ávinningi af markaðsvæðingunni strax til neytenda, en jafnframt var veitunum gert ókleift að tryggja sig gegn sveiflum í markaðsverði. Til að gefa veitunum kost á að aðlagast nýja kerfinu var hins vegar komið á sérstöku gjaldi („Competition Transition Charge" – CTC) sem lagt er á söluaðila til ársins 2002. Tekjum af gjaldinu er ætlað að greiða niður offjárfestingar fyrri ára að hluta. Áhrifin eru að sjálfsögðu þau að draga úr samkeppni og nýju framboði á markaðnum.

Þróunin á markaðnum.

Allt fram í maí á síðasta ári gekk markaðurinn bærilega þrátt fyrir allt þótt raunar væri bent á að verðlag væri hærra en eðlilegt væri ef full samkeppni ríkti á markaðnum.[4] Sjaldan kom til þess að skortur yrði á raforku og meðalverð á skyndimarkaðnum var oftast vel fyrir neðan það verðþak sem veitufyrirtækin sættu.[5] Í maí varð hins vegar gerbreyting á þessu, verð hækkaði mikið og fjöldi skilgreindra neyðartilvika þar sem þurrð varð á raforku margfaldaðist frá fyrri árum. Verðtoppar á skyndimarkaðnum fóru í mörg hundruð dollara á MWh og meðalverð á markaðnum síðasta sumar var á bilinu 100–160 USD/kWh (sjá mynd 2). Veitufyrirtækin hafa því þurft að kaupa rafmagn á mun hærra verði en þau hafa mátt selja og tap þeirra hefur verið gríðarlegt.

---

[2] California's Power Crisis, The Economist January 20th 2001.

[3] Sjá kafla 4 í skýrslu Federal Energy Regulatory Commission (FERC): Staff Report to the Federal Energy Regulatory Commission on Western Markets and the Causes of the Summer 2000 Price Abnormalities. Federal Energy Regulatory Commission, November 1, 2000.

[4] Sjá t.d. Borenstein, Bushnell og Wolak, „Diagnosing Market Power in California's Deregulated Wholesale Electricity Market", University of California Energy Institute, August 2000. Niðurstaðan er að markaðsverð hafi verið 16% hærra en verð á samkeppnismarkaði á gagnatímabilinu sem var júní 1998 til september 1999.

[5] Sjá 2. kafla skýrslu FERC.

Mynd 2. Verð á skyndimarkaðnum í Kaliforníu janúar – nóvember 2000.
Sýnt er meðalverð („average“) og hámarksverð („max“) í hverjum mánuði.



Heimild: William Hogan, Harvard-háskóli.

Aðeins dró úr vandræðunum í október, en síðan ágerðust þau aftur og komið hefur til skömmtunar raforku með því að taka straum af svæðum til skiptis. Í janúar sl. höfðu veiturnar safnað skuldum sem námu 12 milljörðum dollara, eða um 1.000 milljörðum íslenskra króna. Lánstraust þeirra varð þá að engu, sem gerði orkuinnkaup fyrirtækjanna erfiðari, og virðist allt stefna í þjóðnýtingu þessara fyrirtækja af hálfu fylkisins þótt ekki sé komin niðurstaða í það mál þegar þetta er ritað.

Skýringar.

Það er freistandi að skella skuldinni af þessum óförum á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Er það ekki gríðarlega hátt verðlag á skyndimarkaðnum sem hefur sett veitufyrirtækin í Kaliforníu á hausinn? Þegar grannt er skoðað er skýringanna þó öllu fremur að leita í alvarlegum ágöllum á fyrirkomulagi markaðarins sem gera kerfið viðkvæmt fyrir áföllum. Það kann að hljóma einkennilega nú, en viðkomandi ákvæðum var ætlað að gefa veitunum kost á að aðlagast nýju umhverfi. Verstu gallarnir eru því tímabundnir og með heppni hefði þessi slæma staða aldrei komið upp. Það sem gerðist síðastliðið ár var að hitar og þurrkar gerðu hvort tveggja að auka eftirspurn eftir raforku og draga úr framboði vatnsorku sem er mikilvæg á þessu svæði. Í haust og vetur voru síðan miklir kuldar í norðvesturfylkjum Bandaríkjanna sem bættu gráu ofan á svart. Því fór sem fór.

Mynd 3. Raforka í Kaliforníu.



Vinstri mynd: eftirspurn í GWh. Hægri mynd: Vinnslugeta í MW.
Heimild: www.economist.com /Cambridge Energy Research Associates.

Við fyrstu sýn virðast skýringar á verðþróuninni í Kaliforníu einfaldar. Mikill hagvöxtur í fylkinu undanfarin ár hefur leitt til þess að eftirspurn raforku hefur aukist hröðum skrefum. Framboð hefur hins vegar staðið í stað (sjá mynd 3). Þetta kemur ekki svo mikið að sök meðan umframafkastageta er í kerfinu eða ef hægt er að flytja inn orku frá nágrannaríkjum. Ef það er ekki hægt hækkar dægurverð (verð á skyndimarkaði) og við eðlilegar aðstæður jafnar það eftirspurn og framboð. Verðbreytingar hafa raunar almennt takmörkuð áhrif á spurn eftir raforku og því getur dægurverðið orðið mjög hátt þegar komið er að mörkum þess sem vinnslan afkastar. Vegna þaks á smásöluverði hjá veitunum í Kaliforníu draga neytendur ekki úr notkun sinni þótt verð hækki og fortölur og beiðnir um að draga úr orkunotkun hafa að jafnaði ekki mikil áhrif. Hækkanir á heildsöluverði verða því ávallt töluverðar við þær aðstæður sem lýst er hér og verða enn meiri vegna þaksins á smásöluverði. Þegar kemur að því að afkastageta er uppurin og ekki er hægt að fá orku annars staðar frá kemur til skammtana í kerfi sem þessu þar sem skilaboð þau sem felast í háu markaðsverði ná aldrei til neytenda.

Síðastliðið vor var mjög lítil umframafkastageta í raforkukerfi Kaliforníu og raunar í öllum vesturfylkjum Bandaríkjanna. Miklir hitar og hagvöxtur í fylkinu og nágrannafylkjum ollu því að eftirspurn jókst hröðum skrefum. Á svokölluðu vestursvæði var raforkunotkun í maí og júní yfir 10% meiri en árið 1999. Framboð var hins vegar minna en árið áður vegna þurrka sem drógu úr framleiðslugetu vatnsorkuvera og vegna lokana á gasorkuverum, sem mörg hver eru orðin gömul og léleg. Enn fremur jókst útflutningur raforku frá Kaliforníu.

Kostnaður við vinnslu raforku með gasi og öðru jarðefnaeldsneyti hækkaði mjög mikið á árinu 2000. Verð á náttúrulegu gasi þrefaldaðist og verð á NOx losunarheimildum áttfaldaðist. Þetta lagði sitt lóð á vogarskálarnar því rekstrarkostnaður á gastúrbínum þrefaldaðist frá ársbyrjun og fram á sumar.

Það fóru því saman mikil eftirspurn og minnkandi framboð á svæði sem þegar var orðið aðkreppt með orku. Að auki hækkaði kostnaður við orkuvinnslu. Raforkuverð hefði því ávallt hækkað við þessar kringumstæður hvernig sem í pottinn var búið. Allt eru þetta góðar og gildar skýringar á því hvers vegna raforkuverð hækkaði. Því er samt ósvarað hvernig stendur á því að framboð á orku hefur staðið í stað síðustu árin á meðan eftirspurn hefur vaxið hröðum skrefum? Eru aðrir ágallar á skipulagi markaðarins sem leiddu til þess að verð varð svo hátt? Enn fremur

er ástæða til að velta því fyrir sér hvort einhverjir vinnsluaðilar eða orkuheildsalar hafi markvisst beitt aðstöðu sinni til að hækka orkuverð og maka krókinn. Erfitt er að skera úr um síðastnefnda atriðið, en þó er talið að verð hafi orðið hærra en hægt er að skýra með samspili framboðs og eftirspurnar eða hækkandi framleiðslukostnaði.[6] Það er raunar svo að þegar álag verður mjög mikið á raforkukerfi getur aðili með tiltölulega litla markaðshlutdeild haft veruleg áhrif á dægurverð á uppboðsmarkaði.

Töluvert hefur verið fjallað um ástæður þess að engin orkuver hafa verið byggð síðustu 10 ár í Kaliforníu, en á sama tíma hefur eftirspurn aukist um fjórðung. Líklegt er að meginástæðan þar sé flóknar, strangar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem fela í sér verulega áhættu fyrir fjárfesta vegna hættu á málaferlum, töfum og ófyrirsjáanlegum kostnaði við fjárfestingar.[7] Enn fremur hefur fjármögnun nýrra söluaðila á óhagkvæmum fjárfestingum veitufyrirtækjanna á fyrri árum eflaust hamlað því að nýir aðilar komi inn á markaðinn hvort heldur er í Kaliforníu eða í nágrannafylkjunum. Það er þó von á töluverðri vinnslugetu inn á markaðinn á næstu árum, en það verður líklega ekki fyrr en í fyrsta lagi að tveimur árum liðnum sem úr rætist (sjá mynd 4).

Mynd 4. Raforkujöfnuður í Kaliforníu.



Heimild: Cambridge Energy Research Associates (www.cera.com).

Hvað markaðsskipulagið sjálft varðar eru afdrifaríkustu mistökin líklega þau að banna veitunum að gera samninga til lengri tíma um orkuverð þegar þau seldu vinnsluhluta sinn frá sér. Þau hafa því ekki haft möguleika til að skipuleggja sig til lengri tíma og verið að mestu komin upp á dægurmarkaðinn. Verðþak á smásöluverð einangraði neytendur algerlega frá hinum raunverulegu markaðsaðstæðum þannig að þeir höfðu engan hvata annan en borgaralega

[6] Sjá 5. kafla skýrslu FERC og Joskow og Kahn, „A Quantitative Analysis of Pricing Behavior in California's Wholesale Electricity Market During Summer 2000", Sloan School of Business, MIT, November 21 2000.
[7] Oft er talað um „the NIMBY (not in my backyard) syndrome", eða „ekki í mínum bakgarði heilkennin". Tímaritið The Economist gerði grín að ástandinu og skrifaði um BANANA („build absolutely nothing anywhere near anybody") lýðveldið Kaliforníu (8. febrúar 2001).

vitund til að draga úr neyslu sinni þrátt fyrir skort á raforku og að auki leiddi þakið til stórfellds taps veitnanna (sjá mynd 5). Að auki eru ýmsir ágallar vegna aðskilnaðar kerfisstjórnarinnar og dægurmarkaðarins sem of langt mál yrði að rekja hér.[8]

Mynd 5. Meðalverð á innkaupsverði raforku í heildsölu hjá veitufyrirtækinu Southern California Edison (SCE) auk smásöluverðs frá fyrirtækinu.



Heimild: www.sce.com.

Mergurinn málsins er að þegar farið var út í markaðsvæðingu að breskri fyrirmynd þá gleymdist að huga að þeim möguleika að ekki yrði nægt framboð á raforku. Veitunum var gert ókleift að skipuleggja raforkukaup til lengri tíma og treyst á að hagnaður af heildsölu raforku yrði nægjanlega aðlaðandi til að nýir vinnsluaðilar kæmu inn á markaðinn þrátt fyrir þá þröskulda sem voru í veginum.

Hvað um Ísland?

Það er eðlilegt að spurt sé hvort Ísland geti lent í svipuðum hremmingum og Kalifornía. Munu skipulagsbreytingar þær er felast í drögum að nýju frumvarpi til raforkulaga leiða okkur í sömu ógöngur? Að hverju þarf að hyggja til að koma í veg fyrir að þetta gerist?

---

[8] William Hogan, virtur hagfræðingur á sviði raforkumála sem gegnir prófessorsembætti við Harvard háskóla, orðar þetta svo (ásamt John Chandley og Scott Harvey): „...the design of the California market embraced the notion that what little the system operator would do should be done inefficiently in order to leave even more coordination problems for the market to solve." Tilvitnun úr „Electricity Market Reform in California", John F. Kennedy School of Government, Harvard, November 2000. Það skal tekið fram að Hogan varaði við aðskilnaði kerfisstjórnar og dægurmarkaðar í grein sem birtist 1995 í Electricity Journal.

Lykilatriðið varðandi framboð á raforku í markaðskerfi er augljóslega að efnahagslegir hvatar séu til að byggja nýjar virkjanir með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir vaxandi eftirspurn og ekki séu illfærar tálmanir af öðru tagi í vegi fyrir því. Nokkur atriði eru mikilvæg í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er mikilvægt að hið opinbera leiki ákveðið samræmingarhlutverk, m.a. með því að vinna vandaðar orkuspár og miðla upplýsingum til markaðarins. Einnig verði festa í stefnu stjórnvalda í öllum atriðum sem snerta markaðinn, þ.m.t. skattamálum, samkeppniseftirliti og umhverfismálum. Markaðsóvissa er næg þótt stjórnvöld auki ekki á hana. Enn fremur þarf að gæta hófs í reglusetningu, t.d. í samkeppnismálum, þannig að fjárfestum sé kleift að tryggja sér sölu á tilteknum hluta orku frá nýjum virkjunum til lengri tíma. Engu síður þarf að gæta þess að ráðandi aðilar misbeiti ekki aðstöðu sinni til að hækka verðlag á raforku til lengri eða skemmri tíma umfram það sem eðlilegt er eða hamla innkomu nýrra aðila á markaðinn með óeðlilegum hætti. Enn síður eiga stjórnvöld að hindra innkomu eins og gert var í Kaliforníu.

Það er nokkuð ljóst að ef sömu brestum væri komið á hér og í Kaliforníu gæti Ísland lent í svipuðum óförum þrátt fyrir að aðstæður séu að mörgu leyti ólíkar. Engir möguleikar eru að svo stöddu á innflutningi raforku og ef ófyrirsjáanleg aukning eftirspurnar yrði á nægjanlega skömmum tíma gæti orðið þurrð á raforku með sömu afleiðingum ef markaðsfyrirkomulagið væri áþekkt. Það er hins vegar mjög ólíklegt að slík staða kæmi upp ef litið er til þess fyrirkomulags sem felst í frumvarpsdrögunum. Að því er best verður séð verða aðilar frjálsir að því að gera samninga til lengri tíma og raunar er alls ekki kveðið á um tilvist dægurmarkaðar hvað þá að seljendur raforku séu skyldaðar til að eiga viðskipti á slíkum markaði. Ekki er heldur ætlunin að skylda dreifiveitur til að selja virkjanir sínar. Í núverandi skipulagi hefur Landsvirkjun svarað eftirspurn rafveitna án þess að til staðar séu samningar. Í nýju umhverfi mun þetta breytast, en ekki er ljóst hvernig markaðurinn mun þróast og hvort dægurmarkaður verður til staðar.

Það er ástæða til að taka fram í þessu sambandi að dægurmarkaðir eru mikilvægur hlekkur í raforkukerfum þeirra landa sem hafa komið á markaðsbúskap og hefur gengið vel eins og alls staðar utan Kaliforníu. Dægurmörkuðum er ætlað að jafna framboð og eftirspurn eftir raforku til mjög skamms tíma. Megnið af orkukaupum fer fram með tvíhliða samningum til mismunandi langs tíma svo yfirleitt fer einungis brot af heildarviðskiptum um slíka markaði, en verðsveiflur geta verið miklar á þessum takmarkaða hluta orkuviðskiptanna. Því er fásinna að skylda aðila til að gera öll orkukaup á slíkum markaði án þess að stýra áhættu með framvirkum samningum.

Eins og áður sagði er ekki ljóst hvernig fyrirkomulag verður á viðskiptum hér vegna skammtímasveiflna í framboði og eftirspurn og hvort þörf er á dægurmarkaði þar sem allir markaðsaðilar geta lagt inn tilboð um kaup og sölu. Ef Landsvirkjun og aðrir vinnsluaðilar eru ekki tilbúnir að afhenda raforku fyrirvaralaust eins og verið hefur virðist nauðsynlegt að komið sé á tilboðsmarkaði fyrir dægurviðskipti. Með hliðsjón af reynslunni í Kaliforníu virðist skynsamlegt að tiltaka hver skuli reka slíkan markað ef hann verður til og þá að kerfisstjóri, þ.e. flutningsfyrirtækið, fari með það hlutverk. Einnig er ástæða til að hvetja seljendur til að skipuleggja orkukaup sín með gerð samninga til lengri tíma um tiltekið hlutfall orkunotkunar sinnar. Vegna samkeppnissjónarmiða er ekki ráðlegt að samningar til langs tíma verði yfirgnæfandi í orkuviðskiptum. Betri lausn er að fyrirtæki hafi á hverjum tíma safn samninga til mismunandi langs tíma og finni þannig jafnvægi milli áhættustýringar og sveigjanleika.

Þrátt fyrir þetta er hugsanlegt að upp komi tilvik þar sem skortur er á raforku ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana. Landsvirkjun hefur hingað til tryggt að ekki komi til skerðingar orkusölu til almennings í slíkum tilvikum með því að skerða afhendingu svokallaðrar afgangs-

orku, m.a. til stóriðju. Það er ástæða til að huga að því að í hinu nýja umhverfi verði tryggt með samningum eða ákvæðum í vinnsluleyfum að slíkt verði áfram mögulegt við tilteknar aðstæður. Enn fremur gæti kerfisstjóri samið um framsal á orku við stóriðjufyrirtæki ef óvænt þurrð verður á orku. Ef verðmyndun á markaðnum er skilvirk ætti að vísu að verða hagkvæmt fyrir stóriðjuna að draga úr framleiðslu og selja raforku þess í stað inn á almenna markaðinn við slíkar aðstæður, en rétt er að viðhafa fyrirhyggju í þessu efni. Raforkunotkun stóriðju er svo hátt hlutfall af heildarnotkun á Íslandi að ekki þarf hátt hlutfall hennar til að sjá fyrir töluvert mikilli aukningu í eftirspurn almenna markaðarins. Skerðingu orkusölu til stórnotenda ætti þó aðeins að líta á sem neyðarúrræði til að mæta ófyrirsjáanlegum sveiflum og heimildir til slíks ætti að skapa með samningum.

Seljendur raforku geta stuðlað að skilvirkari markaði með því að koma á verðlagningu sem breytist eftir álagstímum. Það krefst þess að notkun sé mæld fyrir mismunandi tíma dags. Fram til þessa hefur búnaður til slíks hefur verið of dýr til að þetta hafi borgað sig, en framfarir í upplýsingatækni eru óðum að breyta því.

Fylgiskjal VII.

Greinargerð um arðsemis- og hagræðingarkröfur til flutnings- og dreififyrirtækja raforku.

Í greinargerð þessari er að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis fjallað um hverjar séu eðlilegar arðsemiskröfur, hámark og lágmark, af bókfærðri eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku og hvernig megi skilgreina þær hagræðingarkröfur sem beri að gera til þeirra.

Fyrirtæki geta í grundvallaratriðum fjármagnað starfsemi sína með tvennum hætti. Annars vegar með hlutafjárframlögum og með því að halda eftir hagnaði af rekstrinum. Myndar slík fjármögnun eigið fé. Hins vegar geta fyrirtæki gefið út skuldabréf eða tekið lán með öðrum hætti. Við útreikning á arðsemiskröfu af bókfærðri eign er miðað við vegið meðaltal ávöxtunarkröfu fjármagns af hvorri tegund. Ávöxtunarkrafa á bæði eigið fé og skuldabréf veltur á eiginfjárhlutfalli fyrirtækis enda hefur hlutfallið áhrif á áhættu fjárfesta. Við mat á eðlilegri arðsemiskröfu þarf því að gefa sér ákveðnar forsendur um eiginfjárhlutfallið. Í útreikningum þeim sem hér eru framkvæmdir er í grunntilfelli gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall flutnings- og dreififyrirtækja raforku verði 35%. Þessi forsenda er gerð með vísan í tillögur eftirlitsstofnunar fyrir gas og rafmagnsmarkaði í Bretlandi, Ofgem (The Office of Gas and Electricity Markets), um verðeftirlit með flutningsfyrirtæki raforku í Englandi og Wales, NGC (The National Grid Company). Þar var 30–40% eiginfjárhlutfall talið eðlilegt viðmið. Einnig er höfð hliðsjón af eiginfjárhlutfalli traustra íslenskra fyrirtækja.

Að teknu tilliti til forsendu um 35% eiginfjárhlutfall, ávöxtunarkröfu á skuldabréf traustra íslenskra fyrirtækja með svipað eiginfjárhlutfall og því að rekstrarumhverfi flutnings- og dreifingarfyrirtækja raforku verður að öllum líkindum tiltölulega stöðugt þá er ekki ósennilegt að ávöxtunarkrafa á skuldabréf þeirra verði í námunda við ávöxtun ríkisskuldabréfa að viðbættu 1½ prósentustigs álagi. Ávöxtunarkrafan veltur að vísu einnig á seljanleika bréfanna á markaði og gæti verið hærri hjá smærri fyrirtækjum en lægri hjá þeim stærstu og einnig ef eiginfjárhlutfallið er hærra en 35%. Við mat á eðlilegri arðsemi er því miðað við ávöxtunarkröfu á skuldabréf á bilinu 1¼–1¾ prósentustig umfram vexti ríkisskuldabréfa. Við mat á ávöxtunarkröfu hlutafjár er oft notast við svokallað CAPM líkan (Capital Asset Pricing Model). Sam-

kvæmt því veltur ávöxtunarkrafa umfram „áhættulausa“ ávöxtun á því hversu mikil áhætta hlutabréfa er í hlutfalli við „markaðseignasafnið“, þ.e. eignasafn sem samanstendur af öllum mögulegum fjárfestingarkostum. Iðulega er miðað við að áhættulausa ávöxtun megi nálgast með vöxtum ríkisskuldabréfa og að breytingar í hlutabréfavísitölum nái utan um ávöxtun markaðseignasafnsins. Svonefnt beta gildi er notað til að lýsa áhættunni í hlutfalli við markaðinn. Ef beta gildi viðkomandi hlutabréfa er stærra en 1 er ávöxtunarkrafa þeirra hærri en að meðaltali á markaðinum og lægri ef beta gildið er minna en 1. Ávöxtunarkrafa á hlutafé reiknast þá sem summa ávöxtunar á ríkisskuldabréf og margfeldis beta gildisins og áhættuálags markaðseignasafnsins, þ.e. ávöxtun þess umfram vexti ríkisskuldabréfa.

Þegar eðlileg ávöxtunarkrafa á hlutafé flutnings- og dreififyrirtækja raforku hér á landi er metin með CAPM líkaninu koma einkum upp tvö álitamál. Annars vegar hvert sé áhættuálag markaðseignasafnsins og hins vegar við hvaða beta gildi eigi að miða. Þar sem saga virks verðbréfamarkaðar er stutt hér á landi er stuðst við mat frá Bretlandi og Bandaríkjunum á áhættuálaginu. Í áðurnefndum tillögum Ofgem í Bretlandi var notast við 3½ prósentustig. Samanburður á sögulegri ávöxtun hlutabréfa umfram ríkisskuldabréf í Bandaríkjunum gefur allt að tvöfalt hærra mat en færa má góð rök fyrir því að þar sé um nokkuð ofmat á raunverulegu áhættuálagi að ræða. Með öðrum aðferðum má fá mat sem er ekki fjarri 4–4½ prósentustigum að meðaltali undanfarna fjóra áratugi. Í útreikningunum hér er því miðað við að áhættuálag markaðseignasafnsins sé á bilinu 3½–5 prósentustig og 4 prósentustig í grunntilfelli.

Að því er varðar viðmiðunargildi fyrir beta stuðulinn þá valdi eftirlitsstofnunin í Bretlandi í fyrrnefndri skýrslu að miða við gildið 1, þ.e. gert var ráð fyrir að áhættuálag á hlutabréf dreififyrirtækis raforku (NGC) væri jafnt áhættuálagi á markaðseignasafnið. Hér er einnig notast við beta gildið 1 í grunntilfelli. Þetta kann að þykja nokkuð hátt í ljósi þess að gera má ráð fyrir fremur stöðugu rekstrarumhverfi. Einnig má nefna að beta gildi fyrir NGC í Bretlandi er nokkuð lægra og beta gildi bandarískra raforkugeirans er að meðaltali á milli 0,5 og 0,6. Það verður hins vegar að hafa í huga í þessum samanburði að eiginfjárhlutfall hefur áhrif á beta gildi að gefnu rekstrarumhverfi. Að öðru jöfnu veldur lækkun eiginfjárhlutfallsins hækkun beta gildis. Eiginfjárhlutfall það sem hér er reiknað með er nokkuð lægra en hjá áðurnefndum fyrirtækjum. Því eru útreikningar einnig framkvæmdir þar sem gert er ráð fyrir lægra beta gildi og hærra eiginfjárhlutfalli en í grunntilfellinu.

Þær forsendur sem raktar hafa verið hér á undan leiða til þeirrar niðurstöðu að eðlileg arðsemiskrafa fjárfesta af bókfærðri eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku fyrir greiðslu tekjuskatts fyrirtækjanna sé á bilinu 3 til 4½ prósentustig umfram ávöxtun ríkisskuldabréfa. Niðurstaðan er háð því að bókfærð eign gefi góða mynd af bundnu fé í rekstrinum. Þessi arðsemiskrafa samsvarar ávöxtun á bundið fé á bilinu 1½ til 3 prósentustig umfram vexti ríkisskuldabréfa eftir að tekið hefur verið tillit til greiðslu tekjuskatts fyrirtækjanna. Taflan hér á eftir sýnir hvaða forsendur liggja að baki útreikningum á eðlilegri arðsemiskröfu.

Þannig að hvatar séu til hagræðingar mætti miða við að eðlileg arðsemiskrafa náist einungis að því tilskildu að hagræðing nái fram að ganga. Til álita kæmi t.d. að gera kröfu um ákveðna árlega hlutfallslækkun verðs til notenda, svipað því sem Ofgem gerir í Bretlandi. Verðlækkunin gæti miðað við að fyrirtækjunum tækist að lækka raunkostnað við starfsemina um ákveðið hlutfall. Hér væri þó einungis miðað við þann kostnað sem fyrirtækin hafa góða stjórn á en annar kostnaður undanskilinn (svo sem afskriftir og álögð gjöld). Ekki er hér komið með tillögur um hversu mikil árleg verðlækkun gæti talist eðlileg hagræðingarkrafa, enda krefjast slíkar tillögur nokkuð ítarlegrar athugunar bæði á kostnaðaruppbyggingu fyrirtækjanna og því hvað getur talist raunsæ árleg lækkun á hverjum kostnaðarlið.

Eðlileg arðsemiskrafa á bókfærða eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku umfram ávöxtun ríkisskuldabréfa.
Prósentustig nema annars sé getið.

	Grunntilfelli	Lágmark	Hámark
Eiginfjárhlutfall	35%	50%	35%
Raunávöxtun ríkisskuldabréfa	6%	6%	6%
Áhættuálag á markaðseignasafn (RPM)	4,0	3,5	5
Beta gildi	1,0	0,6	1
Áhættuálag á hlutafé (beta*RPM)	4	2,1	5
Tekjuskattshlutfall	30%	30%	30%
Ávöxtunarkrafa á eigið fé fyrir gr. tekjuskatts	14,3%	11,6%	15,7%
Áhættuálag á skuldabréf	1,50	1,25	1,75
Ávöxtunarkrafa á skuldabréf	7,50%	7,25%	7,75%
Eðlileg arðsemiskrafa á bókfærða eign	**9,9%**	**9,4%**	**10,5**
Eðlileg umframarðsemiskr. á bókf. eign[#]	3,9	3,4	4,5
Vegin umframávöxtun til fjárfesta e. tekjusk.[+]	**2,4**	**1,7**	**2,9**

[#] Eðlileg umframarðsemiskrafa fyrir tekjuskatt hækkar (lækkar) um 0,15–0,20 prósentustig við eins prósentustigs hækkun (lækkun) raunávöxtunar ríkisskuldabréfa að öðrum forsendum óbreyttum.

[+] Vegið meðaltal ávöxtunar eigenda skuldabréfa og hlutafjár eftir greiðslu tekjuskatts fyrirtækja.

Fylgiskjal VIII.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til raforkulaga.

Markmiðið með frumvarpinu er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu.

Samhliða þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Einnig eru lagðar til breytingar á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, og breytingar á vatnalögum, nr. 15/1923. Nauðsynlegt þykir að breyta þessum lögum svo að ákvæði raforkulagafrumvarps nái fram að ganga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að innheimt verði eftirlitsgjald skv. 31. gr. þess frumvarps. Miðað er við að 0,5 aurar verði lagðir á hverja kílóvattstund sem sett er inn á flutningskerfið. Miðað er við að raforkuframleiðsla verði 8.000 gígavattstund og er gert ráð fyrir að innheimtur verði 40 m.kr. skattur á ári. Flutningsfyrirtæki, sbr. skilgreiningu í 3. gr., standa skil á gjaldinu. Að auki er miðað við 1,1 eyris gjald fyrir hverja kílóvattstund raforku sem móttekin er frá flutningskerfinu eða beint frá virkjunum. Gert er ráð fyrir að dreifiveitur greiði vegna þessa 30 m.kr. árlegan skatt miðað við 2.700 GWst notkun. Loks er áformað að iðnaðarráðuneyti innheimti gjöld fyrir leyfi samkvæmt frumvarpinu. Áætluð innheimta leyfisgjalda er um 1 m.kr. á ári.

Gert er ráð fyrir að kostnaður Orkustofnunar af framkvæmd laganna, sbr. 24. og 28. gr. 49 m.kr. frá og með 2004. Stofnunin fær víðtækt stjórnsýslulegt hlutverk og eftirlitshlutverk. Talið er að ráða þurfi fjóra sérfræðinga til þessara starfa, auk kostnaðar við skrifstofuþjónustu og aðkeypta sérfræðivinnu. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun hafi hafið undirbúning áður en frumvarpið verði að lögum og að áætlaður kostnaður við hann hafi verið 10 m.kr. 2002. Einnig hefur verið gert ráð fyrir einum starfsmanni frá og með 2004 sem er ætlað að hafa eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Vegna þeirra verkefna er einnig gert ráð fyrir aðkeyptri sérfræðivinnu og útgáfu kynningar- og leiðbeiningarefnis. Samkeppnisstofnun er skv. 27. gr. ætlað að hafa eftirlit með starfsemi vinnslufyrirtækja og raforkusala á grundvelli samkeppnislaga. Gert er ráð fyrir að ráða þurfi tvo starfsmenn til stofnunarinnar vegna þessa og er áætlaður kostnaður fyrstu tvö árin 26 m.kr. Árlegur kostnaður stofnunarinnar lækkar svo um 5 m.kr. eftir árið 2004 og verður 8 m.kr á ári eftir það. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir 21 manns samráðsnefnd um raforkumál og er ráðgert að kostnaður við hana verði 6 m.kr. á árinu 2003. Loks er gert ráð fyrir að sett verði á stofn kærunefnd raforkumála og að áætlaður kostnaður verði 1,5 m.kr. árlega. Að auki er gert ráð fyrir að iðnaðarráðuneyti ráði starfsmann sem sjái um stjórnsýslulega yfirstjórn málaflokksins. Einnig er gert ráð fyrir ýmsum sérfræðikostnaði og lagavinnu. Áætlað er að kostnaður vegna þessa verði 8 m.kr. á ári. Alls er gert ráð fyrir að eftirlitsgjöldin hækki verð á rafmagni til almennings um 1,6 aura á hverja kWst eða sem nemur 2 ‰.

Áætlað er að undirbúningskostnaður vegna frumvarpsins verði 18 m.kr. árið 2002 og hefur þegar verið gert ráð fyrir fjárheimildum til hans. Í fjárlögum fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 72,5 m.kr. kostnaði og 70 m.kr. tekjum vegna frumvarpsins. Taki frumvarpið gildi síðar en í upphafi árs 2003 lækka fjárheimildir og tekjur hlutfallslega. Eftir 2003 verður árlegur kostnaður um 70 m.kr. og er staðið undir honum með eftirlitsgjöldum. Í fjárlögum fyrir árið 2003 hefur verið gert ráð fyrir kostnaði af frumvarpinu eins og það var upphaflega lagt fram miðað við

heilt ár. Í upphaflegu frumvarpi til raforkulaga var gert ráð fyrir eftirliti Löggildingarstofu á árinu 2003, en nú er ætlað að Orkustofnun hafi það með höndum. Að óbreyttu falla því niður 9,5 m.kr. fjárheimildir Löggildingarstofunar sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 2003. Loks verður sú breyting frá fyrra frumvarpi að við bætist 6 m.kr. kostnaður við vinnu samráðsnefndar um raforkumál og rúmast hann innan þeirra fjárheimilda sem ætlaðar voru Löggildingarstofu. Að öllu samanlögðu verða tekjur og útgjöld vegna frumvarpsins um 70 m.kr. árlega.

Kostnaður vegna nýrra raforkulaga.

	2002	2003	2004	Síðar
Iðnaðarráðuneyti	8	8	8	8
Áfrýjunarnefnd		2	1,5	1,5
Samráðsnefnd um raforkumál		6		
Samtals yfirstjórn	8	16	9,5	9,5
Orkustofnun, eftirlit	10	40	49	49
Samkeppnisstofnun		13	13	8
Eftirlit samtals	**18**	**69**	**71,5**	**66,5**
Eftirlitsgjald vegna flutnings		40	40	40
Eftirlitsgjald vegna dreifiveitna		30	30	30
Innheimta virkjanagjalda			1	1
Samtals innheimta	**0**	**70**	**71**	**71**
Mismunur greiddur úr ríkissjóði	**18**	**-1**	**0,5**	**-4,5**

701. Frumvarp til laga [463. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 49. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Um leyfi til að virkja fallvatn fer samkvæmt raforkulögum.

2. gr.

2. mgr. 50. gr. og 54.–67. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI
Breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

3. gr.

II. og IV. kafli laganna falla brott.

4. gr.

1. mgr. 61. gr. laganna orðast svo:

Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það hlutverk, annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki, að stunda starfsemi á orkusviði.

5. gr.

62.–67. gr. og 3. tölul. 68. gr. laganna falla brott.

6. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og gjaldskrám settum samkvæmt þeim má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva afhendingu hitaorku ef ekki er staðið í skilum á greiðslu á settum gjalddaga.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60 4. júní 1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

7. gr.

4.–7. mgr. 2. gr. og 3. og 6. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

8. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

9. gr.

3. gr., 4. mgr. 6. gr., 7. gr., 13. og 18. gr. laganna falla brott.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 10 19. mars 2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

10. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja hf. einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga, sem aðild eiga að fyrirtækinu, eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfi þeirra.

11. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 40 30. maí 2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

12. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Orkubús Vestfjarða hf., að ákveða að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn einkarétti félagsins, svo sem bygging og rekstur jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga sem þess óska.

13. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 139 21. desember 2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

14. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Gjaldskrár fyrir sölu á heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum á orkusviði sem eru nauðsynlegar vegna breytinga sem felast í frumvarpi til raforkulaga en það er lagt fram samhliða þessu frumvarpi. Nauðsynlegt þykir að gera breytingar á vatnalögum, nr. 15/1923, orkulögum, nr. 58/1967, lögum um raforkuver, nr. 60/1981, lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Um starfsemi Landsvirkjunar er fjallað í lögum um Landsvirkjun, reglugerð sem sett er á grundvelli þeirra, nr. 259/1997, og sameignarsamningi eigenda frá 27. febrúar 1981, með síðari breytingum. Lagðar eru til lágmarksbreytingar á lögum um Landsvirkjun svo að starfsemi fyrirtækisins samræmist þeim breytingum á skipan raforkumála sem fram koma í frumvarpi til raforkulaga. Í framhaldinu verður nauðsynlegt að breyta framangreindri reglugerð um Landsvirkjun. Í frumvarpi til raforkulaga er m.a. lagt til að skapaðar verði forsendur til samkeppni í vinnslu og sölu raforku og orkufyrirtækjum gert skylt að halda aðgreindum reikningum fyrir samkeppnisstarfsemi annars vegar og einokunarstarfsemi hins vegar. Er því gert ráð fyrir að öllum skyldum verði aflétt af Landsvirkjun og forréttindi fyrirtækisins falli

niður. Með sama hætti eru lagðar til breytingar á hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins svo að það samræmist áðurgreindum breytingum á skipan raforkumála og lögum um Hitaveitu Suðurnesja hf. og Orkubú Vestfjarða hf.

Hinn 11. desember 2000 skipaði fjármálaráðherra starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði.

Ekki eru gerðar breytingar á I. kafla orkulaga, er m.a. fjallar um hlutverk Orkustofnunar, þar sem starfandi er nefnd á vegum iðnaðarráðherra sem er ætlað að fjalla um hlutverk Orkustofnunar, m.a. í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi til raforkulaga. Í kjölfar þeirrar vinnu kunna að verða gerðar lagabreytingar í þessu sambandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 2. og 3. mgr. 49. gr. vatnalaga í ljósi þess að lagt er til í frumvarpi til raforkulaga að þar verði kveðið á um leyfi til að virkja fallvötn.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að fella brott þau ákvæði vatnalaga sem fjalla um atriði sem mælt er fyrir um í frumvarpi til raforkulaga, svo sem eignarnám vegna vinnslu raforku, dreifingu og flutning, gjaldtöku og fleira.

Um 3. gr.

Lagt er til að II. og IV. kafli laganna falli brott þar sem um vinnslu og dreifingu raforku er kveðið í frumvarpi til raforkulaga.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 61. gr. orkulaga er kveðið á um hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins. Í greininni er gert ráð fyrir að Rafmagnsveiturnar stundi bæði starfsemi sem samkvæmt frumvarpi til raforkulaga telst samkeppnisstarfsemi og einokunarstarfsemi. Er lagt til að hlutverkið breytist svo að það samræmist þeim tillögum sem lagðar eru til í frumvarpi til raforkulaga.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að 62.–67. gr. orkulaga falli brott en þar er kveðið á um atriði sem lagt er til að verði breytt með frumvarpi til raforkulaga, svo sem gjaldskrá, rétt til að reisa ný raforkuver og fleira. Þá er lagt til að 3. tölul. 68. gr. falli brott.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að lögtaksheimild 79. gr. orkulaga vegna rafmagnsgjalda falli brott svo og heimild til að stöðva afhendingu rafmagns.

Um 7. gr.

Í 1. gr. og 1.–3 mgr. 2. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, er mælt fyrir um tilteknar virkjanir og framkvæmdir tengdar þeim sem tilgreindum aðilum er heimilt að ráðast í. Flestar þær virkjanaheimildir sem þar eru taldar hafa þegar verið nýttar en aðrar gilda áfram. Þykir ekki ástæða til að fella þessar heimildir úr gildi þó að í bráðabirgðaákvæði II við frumvarp til raforkulaga komi fram að þær heimildir sem veittar hafa verið fyrir gildistöku laganna haldi gildi sínu. Þær almennu heimildir sem fram koma í 2. gr. laga um raforkuver þykir þó rétt að fella úr gildi þar sem um virkjanaleyfi er fjallað í frumvarpi til raforkulaga. Í frum-

varpi til raforkulaga er kveðið á um sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu virkjanaleyfa og verður því að fella brott 3. gr. laga um raforkuver um röð virkjanaframkvæmda. Að lokum er í 6. gr. eignarnámsheimild sem fella verður brott enda er gert ráð fyrir eignarnámsheimild í frumvarpi til raforkulaga.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laga um Landsvirkjun er m.a. kveðið á um að Landsvirkjun skuli flytja raforku og selja m.a. til iðjufyrirtækja að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka sölu. Í frumvarpi til raforkulaga er gerð sú krafa að það fyrirtæki sem annast flutning taki ekki þátt í neinni annarri starfsemi en nauðsynleg er til að það geti rækt skyldur sínar. Tilgangur Landsvirkjunar getur því ekki verið bæði að flytja og selja raforku. Þá er í 2. mgr. 2. gr. laga um Landsvirkjun mælt fyrir um að Landsvirkjun megi ekki taka að sér ráðgjöf eða verktöku í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði. Nú er gert ráð fyrir að öll forréttindi Landsvirkjunar verði felld niður og á Landsvirkjun því að geta tekið þátt í samkeppni á þessu sviði. Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar vegna framangreindra atriða.

Um 9. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði laga um Landsvirkjun sem ekki samrýmast frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt er að standi áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála falli brott. Þannig þykir ekki eðlilegt að kveða á um orkusvæði, sbr. 3. gr. laga um Landsvirkjun, forgöngu um virkjanir, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna, leyfi ráðherra til byggingar mannvirkja, sbr. 7. gr. laganna, gjaldskrá og samrekstrarsamninga, sbr. 13. gr. laganna, og eignarnám, sbr. 18. gr. laganna.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að iðnaðarráðherra veiti Hitaveitu Suðurnesja hf. einkaleyfi til starfrækslu rafveitu. Almenn ákvæði um slíkar leyfisveitingar er að finna í frumvarpi til raforkulaga.

Um 11. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja hf. sem ekki samrýmast frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt er að standi áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála falli brott. Þannig þykir ekki eðlilegt að kveða á um gjaldskrá, sbr. 10. gr. laganna.

Um 12. gr.

Með breytingu þeirri sem lögð er til í þessari grein frumvarpsins er lagt til að felld verði brott heimild iðnaðarráðherra til að undanþiggja rekstur mannvirkja til raforkudreifingar einkarétti Orkubús Vestfjarða hf. Almenn ákvæði um einkaleyfi til raforkudreifingar er að finna í frumvarpi til raforkulaga.

Um 13. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða hf. sem ekki samrýmast frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt er að standi áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála falli brott. Þannig þykir ekki eðlilegt að kveða á um gjaldskrá, sbr. 8. gr. laganna.

Um 14. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur sem ekki samrýmast frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt er að standi áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála falli brott. Þannig þykir ekki eðlilegt að kveða á um gjaldskrá, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Um 15. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar í stað en komi til framkvæmda á sama tíma og gert er ráð fyrir að raforkulög komi til framkvæmda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja til nokkrar breytingar á lögum á orkusviði sem eru nauðsynlegar vegna breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi til raforkulaga og lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

702. Frumvarp til laga [464. mál]

um breyting á lögum um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti (stjórnsýsla almannavarna).

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1985, orðast svo:

Ríkislögreglustjóri stýrir starfsemi almannavarna í umboði dómsmálaráðherra.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ríkislögreglustjóri annast heildarskipulagningu almannavarna og sér um framkvæmdir á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla. Í því felst meðal annars að samhæfa gerð almannavarnaáætlana sveitarfélaga og stofnana og hafa eftirlit með endurskoðun og viðhaldi þeirra.

Meðal verkefna ríkislögreglustjóra vegna almannavarna eru:

a. Að tryggja fjarskipti milli lögregluumdæma.
b. Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu í samvinnu við vísindastofnanir.
c. Vöktun á geislavirkni í samvinnu við Geislavarnir ríkisins.
d. Að annast viðvaranir vegna yfirvofandi eða viðvarandi hættuástands.
e. Forvarnir, leiðbeiningar og almenningsfræðsla.
f. Samhæfing á þjálfun og fræðslu yfirmanna og leiðbeinenda.
g. Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.
h. Að halda yfirlit yfir björgunarbúnað og staðsetningu hans.
i. Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum.
j. Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana.
k. Umsjón með almannavörnum í héraði.
l. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður í samráði við ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri skal jafnframt stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir sem miða að því að draga úr líkum á líkams- og eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, svo sem með gerð varnarvirkja eða með öðrum verndarráðstöfunum.

Sérstök nefnd, samstarfsnefnd um almannavarnir, skal vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir. Nefndin skal jafnframt vera ríkislögreglustjóra til ráðgjafar þegar almannavarnaástand kemur upp. Nefndin skal skipuð fulltrúum frá helstu ríkisstofnunum sem almannavarnir varða, fulltrúum sveitarfélaga og fulltrúum viðbragðsaðila, svo sem björgunarsveita og líknarfélaga. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að stuðla að samhæfingu í almannavarnaaðgerðum og fjalla um áhersluatriði í almannavörnum á hverjum tíma. Ráðherra setur nánari reglur um aðild að nefndinni og starf hennar.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 85/1985, orðast svo:

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi, og skulu þeir starfa með almannavarnanefndum sem sveitarstjórnir skipa, sbr. 8. gr.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Í hverju sveitarfélagi skal vera starfandi almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar. Heimilt er sveitarstjórnum að semja um að koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd, en nái slík sameining yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi er slík sameining háð staðfestingu ráðherra. Skal þá ráðherra ákveða hvaða lögreglustjóri starfi með nefndinni.

Almannavarnanefnd skal auk lögreglustjóra skipuð lykilmönnum sem stýra í starfi sínu viðbrögðum sem tryggja öryggi hins almenna borgara gagnvart aðsteðjandi vá. Þær sveitarstjórnir sem að nefndinni standa ákveða fjölda nefndarmanna, en nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann. Sveitarstjórnir ákveða um ráðningu starfsmanna almannavarnanefnda og standa undir kostnaði af starfi þeirra.

5. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Þær skulu gera áætlanir um skipulag almannavarna í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Þeim er þannig falin framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma sinna samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur:

a. Skipulag og samræming hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður.
b. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
c. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.
d. Uppbygging og rekstur stjórnstöðvar.
e. Skipulag og uppbygging fjarskipta innan umdæmis.
f. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.
g. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
h. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksviðbúnað að almannavörnum í héraði. Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkislögreglustjóri láti undirbúa og koma á lágmarksviðbúnaði í héraði á kostnað sveitarsjóðs eða sveitarsjóða hafi ákvæðum um lágmarksviðbúnað ekki verið hlítt.

6. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1985, orðast svo:

Á hættutíma er ríkislögreglustjóra heimilt að ákveða að hjálparlið skuli flutt á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra. Á hættutímum getur ríkislögreglustjóri lagt bann við því að hjálparlið sé flutt á milli umdæma.

7. gr.

Í stað orðsins „almannavarnaráðs“ í 26. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1985, kemur: ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Í stað orðsins „almannavarnaráð“ í 3. mgr. 27. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 85/1985, kemur: ríkislögreglustjóra.

II. KAFLI
Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður er orðast svo: að fara með yfirstjórn almannavarna í umboði ráðherra.
b. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður er orðast svo: að starfrækja almannavarnadeild sem annist verkefni á sviði almannavarna.

III. KAFLI
Breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55 2. júní 1992.

10. gr.

Í stað orðanna „Almannavarnir ríkisins“ í 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 35/1995, kemur: ríkislögreglustjóra.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49 23. maí 1997.

11. gr.

Í stað orðanna „Almannavarnir ríkisins skulu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ríkislögreglustjóri skal.

12. gr.

Í stað orðanna „Almannavörnum ríkisins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

V. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 107 28. desember 1999.

13. gr.

Í stað orðsins „almannavarnaráðs“ í 2. mgr. 54. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

VI. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í dómsmálaráðuneytinu og felur í sér breytingar á stjórnsýslu almannavarna. Meginbreyting er sú að starfsemi og verkefni sem til þessa hafa verið í höndum almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins eru flutt til embættis ríkislögreglustjóra.

Samkvæmt gildandi lögum hefur almannavarnaráð með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu og stýrir framkvæmdum á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla á því sviði. Daglegum verkefnum á sviði almannavarna er nú sinnt af Almannavörnum ríkisins þótt ekki sé fjallað um þá stofnun í lögum um almannavarnir, en framkvæmdastjóri almannavarnaráðs stýrir þeirri stofnun. Helstu verkefni Almannavarna ríkisins eru undirbúnings-, uppbyggingar- og eftirlitsstörf á sviði almannavarna auk þess sem stofnunin tekur þátt í aðgerðum á hættu- og neyðartímum. Þessu hlutverki sinnir stofnunin með rekstri skrifstofu þar sem starfa sex manns og einnig með starfrækslu sérstakrar stjórnstöðvar eða samhæfingarstöðvar sem að hluta er mönnuð fulltrúum annarra stofnana og sjálfboðaliðum.

Almannavarnir ríkisins skipta störfum sínum í þrjá þætti:

- Í fyrsta lagi verkefnavinnu, t.d. að skrifa eða uppfæra neyðaráætlanir í samráði við sveitarstjórnir og fleiri aðila, halda æfingar, námskeið og fundi, sinna skýrslugerð, heimasíðugerð og mótun fræðsluefnis og leiðbeininga.
- Í öðru lagi öryggiseftirlitsstörf til að tryggja að búnaður og gögn sem nota þarf í neyðaraðgerðum séu í lagi þegar á þarf að halda. Reglulega er farið yfir talstöðvar, varaaflsbúnað, símkerfi almannavarna og annan búnað sem ekki er notaður að staðaldri.
- Í þriðja lagi neyðaraðgerðir þegar um er að ræða eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð og þess háttar.

Breytingar sem felast í þessu frumvarpi eru þær að verkefni, sem nú eru formlega í höndum almannavarnaráðs og sinnt að stórum hluta af Almannavörnum ríkisins, eru flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Mörg rök mæla með því að flytja þessa starfsemi undir embætti ríkislögreglustjóra. Meðal annars má nefna að ríkislögreglustjóri fer með málefni lögregl-

unnar í umboði dómsmálaráðherra, en samkvæmt gildandi lögum fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Röksemdir fyrir þessari breytingu eru einkum þessar:

- Í fyrsta lagi felur þessi breyting í sér aukið öryggi og eflingu almannavarna í landinu. Með slíkum tilflutningi á verkefnum almannavarna samnýtast vel þeir hæfu starfsmenn sem nú starfa annars vegar hjá Almannavörnum ríkisins og hins vegar hjá embætti ríkislögreglustjóra. Breytingin felur einnig í sér að unnt er að virkja enn betur samskiptakerfi lögreglunnar vegna almannavarna og koma neyðaráætlunum með skilvirkum hætti inn í boðunarkerfi lögreglunnar og Neyðarlínunnar.
- Í öðru lagi felur þessi breyting í sér styttingu á boðleiðum í almannavarnaástandi og einföldun á stjórnskipulagi almannavarna. Samkvæmt gildandi lögum fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Ríkislögreglustjóri gegnir nú meðal annars samhæfingarhlutverki gagnvart lögreglustjórum, veitir þeim aðstoð og stuðning í löggæslustörfum og hefur með höndum lögum samkvæmt yfirstjórn einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi. Það horfir því til mikillar einföldunar að flytja yfirstjórn almannavarna til embættis ríkislögreglustjóra og mun um leið efla stjórnun almannavarnaaðgerða til muna.
- Í þriðja lagi felur þessi breyting í sér sparnað í opinberum rekstri. Sparnaðurinn felst fyrst og fremst í þeim samlegðaráhrifum sem verða af tilflutningi verkefna lítillar stofnunar til stærri stofnunar, en embætti ríkislögreglustjóra er vel í stakk búið til að taka við fjármálaumsýslu, starfsmannamálum o.s.frv. án aukins kostnaðar. Jafnframt hefur embætti ríkislögreglustjóra margt fram að færa faglega í þessum málaflokki og gerir þetta allt það að verkum að unnt er að spara rúmar 20 millj. kr. á ári með þessari breytingu og um leið efla starf almannavarna í landinu. Við það er miðað að 3–4 starfsmenn Almannavarna ríkisins flytjist til embættis ríkislögreglustjóra auk þess sem núverandi starfsmenn ríkislögreglustjóra komi meira inn í verkefni á þessu sviði í kjölfar breytinganna. Með þessu móti nást fram öll þessi meginmarkmið, þ.e. efling almannavarna í landinu, styttri og einfaldari boðleiðir innan almannavarnakerfisins og fjárhagslegur sparnaður.

Um þessar mundir er unnið að uppbyggingu sameiginlegrar stjórnstöðvar leitar og björgunar, en fyrirhugað er að hún taki til starfa á næsta ári. Að henni munu koma allir þeir aðilar sem tengjast leit og björgun í landinu. Jafnframt er slíkri stjórnstöð ætlað að vera stjórnstöð og/eða samhæfingarstöð almannavarna í almannavarnaástandi. Stjórnstöðin mun verða starfrækt í húsnæði ríkislögreglustjóra í Skógarhlíð, þar sem fyrir eru fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og Neyðarlínan. Þessi breyting fellur vel að hugmyndum um uppbyggingu sameiginlegrar stjórnstöðvar og er til þess fallin að styrkja það verkefni.

Heildarskipulagning almannavarna í landinu er nú í höndum almannavarnaráðs eins og áður er rakið, en það er fjölskipað stjórnvald og skipað í dag forstjóra Landhelgisgæslunnar, landlækni, ríkislögreglustjóra, forstjóra Landssímans hf. og vegamálastjóra. Forstjóri Landhelgisgæslunnar hefur undanfarin ár stýrt ráðinu. Ýmsir kostir felast í því fyrirkomulagi að fela þessum lykilmönnum á sviði almannavarna stjórn þessa málaflokks, og til þess að tryggja aðkomu slíkra lykilmanna áfram að almannavörnum er ráð fyrir því gert í frumvarpinu að sett verði á laggirnar ráðgjafarnefnd um almannavarnir. Hlutverk nefndarinnar verður fyrst og fremst að stuðla að samhæfingu í almannavarnaaðgerðum, fjalla um áhersluatriði í almannavörnum á hverjum tíma og vera ásamt ríkislögreglustjóra ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að nefndin verði skipuð fulltrúum frá helstu

ríkisstofnunum sem almannavarnir varða en auk þess fulltrúum sveitarfélaga, björgunarsveita og þeirra líknarfélaga sem að almannavörnum koma.

Auk breytinga á stjórnskipulagi almannavarna er gerð sú tillaga í frumvarpi þessu að sveitarfélögum verði heimilt að koma á fót sameiginlegum almannavarnanefndum, bæði innan lögsagnarumdæma lögreglustjóra eins og heimilt er í dag, svo og yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi, sem ekki er kleift á grunni gildandi laga. Áhersla hefur verið lögð á það af hálfu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að unnt væri að starfrækja sameiginlega almannavarnanefnd á höfuðborgarsvæðinu. Opnað er fyrir þá leið í þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. kafla.

I. kafli hefur að geyma breytingar á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962. Meginbreytingin felst í því eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum að verkefni sem heyra undir almannavarnaráð eru flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Að stofni til er upptalning á verkefnum sú sama og er í gildandi lögum, með síðari breytingum, en nokkrar breytingar í samræmi við breytingar á verkefnum almannavarna vegna breyttra tíma eða áherslna er að finna í frumvarpinu, eins og nánar er rakið hér á eftir. Ekki eru gerðar aðrar breytingar á lögunum en nauðsynlegar eru vegna flutnings á verkefnum almannavarnaráðs til ríkislögreglustjóra, að því frátöldu sem sérstaklega er reifað í athugasemdum við 4. og 7. gr. frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á 2. mgr. 4. gr. laganna sem felur í sér að ríkislögreglustjóri stýri starfsemi almannavarna í umboði dómsmálaráðherra í stað almannavarnaráðs. Ríkislögreglustjóri skal jafnframt, ásamt ráðgjafarnefnd um almannavarnir, vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á 6. gr. laganna. Í 1. mgr. segir að ríkislögreglustjóri annist heildarskipulagningu almannavarna og sjái um framkvæmdir á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla. Er sérstaklega tekið fram að það feli meðal annars í sér að samhæfa gerð almannavarnaáætlana sveitarfélaga og stofnana og hafa eftirlit með endurskoðun og viðhaldi þeirra. Þetta er ekki sérstaklega tilgreint í gildandi lögum. Þar sem þetta er einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi almannavarna er eðlilegt að taka þetta fram með svo skýrum hætti.

Í 2. mgr. er að finna upptalningu á helstu verkefnum ríkislögreglustjóra vegna almannavarna. Upptalningin er í tólf liðum eins og í gildandi lögum en upptalningunni hefur í nokkrum tilvikum verið breytt til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á þessum verkefnum á undanförnum árum. Þannig er í b-lið nefnt sérstaklega að gagna- og upplýsingasöfnun um hættu skuli unnin í samvinnu við vísindastofnanir, til staðfestingar á því verklagi sem nú er unnið eftir. Í c-lið er talað um vöktun á geilsavirkni í samvinnu við Geislavarnir ríkisins í stað mælinga á geislavirkni í gildandi lögum. Þá er í d-lið sagt „annast viðvaranir vegna yfirvofandi eða viðvarandi hættuástands“ í stað „viðvörun og viðvörunarkerfi“ í gildandi lögum. Verkefninu forvarnir er bætt við upptalningu í e-lið og verkefnið í f-lið er samhæfing á þjálfun og fræðslu yfirmanna og leiðbeinenda í stað „kennsla yfirmanna og leiðbeinenda“. Þá er verkefnið skv. h-lið að halda yfirlit yfir björgunarbúnað og staðsetningu hans í stað söfnunar birgða og vörslu þeirra, en það skipulag almannavarna er fyrir löngu aflagt. Eðlilegt er hins vegar að haldið sé yfirlit yfir það hvar björgunarbúnað er að finna.

2. mgr. 6. gr. gildandi laga er felld brott, en þar er m.a. kveðið á um að almannavarnaráð skuli fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum, flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum eða annarri vá. Þessi verkefni eru í dag unnin af ýmsum vísindastofnunum og tekið er fram í upptalningunni í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins að hlutverk ríkislögreglustjóra sé m.a. að safna gögnum og upplýsingum um hættu í samvinnu við vísindastofnanir. Ekki er því gert ráð fyrir að breytingar verði á verklagi í starfi almannavarna hvað þetta atriði varðar.

Í 5. mgr. er fjallað um samstarfsnefnd um almannavarnir. Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan er mikilvægt að tryggja að lykilmenn á sviði almannavarna hafi áfram skýru hlutverki að gegna í almannavörnum og verði eftir sem áður ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir. Auk þess er hlutverk nefndarinnar að stuðla að samhæfingu í almannavarnaaðgerðum og fjalla um áhersluatriði í almannavörnum á hverjum tíma og vera auk þess ríkislögreglustjóra til ráðgjafar þegar almannavarnaástand kemur upp. Nefndin á að vera skipuð fulltrúum frá helstu ríkisstofnunum sem almannavarnir varða en auk þess fulltrúum sveitarfélaga og helstu viðbragðsaðila, svo sem björgunarsveita og líknarfélaga. Jafnframt er ráð fyrir því gert að ríkislögreglustjóri starfi með nefndinni.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. mgr. 7. gr. laganna. Eina breytingin er sú að tekið er skýrt fram að sveitarstjórnir skipi almannavarnanefndir skv. 8. gr. laganna, sbr. 4. gr. frumvarpsins, og að lögreglustjóri skuli starfa með viðkomandi almannavarnanefnd. Engin efnisbreyting felst í þessu og stjórn almannavarna í héraði verður eftir sem áður í höndum lögreglustjóra. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn almannavarnaaðgerða í almannavarnaástandi, en hlutverk almannavarnanefnda er hins vegar fyrst og fremst að gera áætlanir og undirbúa hugsanleg björgunar- og hjálparstörf og jafnframt annast þau störf ásamt fleiri aðilum í almannavarnaástandi undir yfirstjórn lögreglustjóra.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér breytingu á 8. gr. laganna þar sem fjallað er um samsetningu og skipan almannavarnanefnda. Kveðið er á um það að í hverju sveitarfélagi skuli vera starfandi almannavarnanefnd. Jafnframt er opnað fyrir þá leið að sveitarstjórnir semji um að koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd, hvort heldur sem er innan eins lögsagnarumdæmis lögreglustjóra eða yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi. Slík sameining er háð staðfestingu dómsmálaráðherra, sem um leið skal þá ákveða hvaða lögreglustjóri starfi með nefndinni.

Sú breyting er einnig gerð að ekki er talið upp í ákvæðinu hverjir skuli skipa almannavarnanefnd, heldur einungis sett sú almenna regla að nefndin skuli auk lögreglustjóra skipuð lykilmönnum sem stýra í starfi sínu viðbrögðum sem tryggja öryggi hins almenna borgara gagnvart aðsteðjandi vá. Gera má því ráð fyrir að í hverri og einni nefnd sitji þeir aðilar sem ábyrgð bera á sjúkrahúsi eða heilsugæslu í viðkomandi sveitarfélögum, þeir sem ábyrgð bera á ýmsum tæknimálum í sveitarfélögunum (bæjarverkfræðingur/bæjartæknifræðingur), slökkviliðsstjóri o.s.frv.

Um 5. gr.

Í greininni er 9. gr. laganna skrifuð upp og er hún í megindráttum óbreytt að efni til. Tekið er sérstaklega fram í 1. mgr. að almannavarnanefndir skuli gera áætlanir um skipulag almannavarna í samvinnu við ríkislögreglustjóra, en rétt þykir að nefna þetta verkefni sérstaklega, sbr. umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins.

Verkefni þau sem talin eru upp í átta liðum eru þau sömu og áður, en nánari umfjöllun er í d- og e-lið um stjórnstöðvar og fjarskiptakerfi en í gildandi lögum.

Um 6. gr.

Lögð er til smávægileg orðalagsbreyting á 2. mgr. 11. gr. laganna auk þeirrar breytingar sem leiðir af meginefni þessa frumvarps.

Um 7. og 8. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á 26. og 27. gr. laganna eru í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um II. kafla.

Í kaflanum er að finna tillögur að breytingum sem nauðsynlegt er að gera á lögreglulögum vegna tilflutnings á þessu verkefni til embættis ríkislögreglustjóra.

Um 9. gr.

Lagt er til að bætt verði við annars vegar nýjum staflið við 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga, þar sem er að finna nánari útlistun á hlutverki ríkislögreglustjóra. Lagt er til að í j-lið verði tilgreint að ríkislögreglustjóri fari með yfirstjórn almannavarna í umboði ráðherra. Hins vegar er lagt til að við 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, þar sem er að finna upptalningu á sérstökum verkefnum sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum, bætist, að hann skuli starfrækja almannavarnadeild sem annist verkefni á sviði almannavarna.

Um 10.–13. gr.

Í greinunum er að finna breytingartillögur við ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands, laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og laga um fjarskipti. Breytingarnar eru í samræmi við meginefni frumvarpsins, þ.e. tilflutning verkefna frá Almannavörnum ríkisins og almannavarnaráði til embættis ríkislögreglustjóra. Breytingarnar þarfnast ekki frekari skýringa að öðru leyti en því að ekki er gerð tillaga um að breyta ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum þar sem segir að almannavarnir skuli skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur vegna ofanflóða eftir því sem fyrir er mælt í lögum um almannavarnir og tilgreindum ákvæðum áðurnefndra laga. Tilvísun þessi til almannavarna felur í sér tilvísun til skipulags laga um almannavarnir og nánari útlistunar í 6.–7. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum þar sem nánar er fjallað um verkefni lögreglustjóra og almannavarnanefnda. Sama á við um 13. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands þar sem vísað er til þess að ráðstafanir til björgunar vátryggðra muna eða til að hindra frekara tjón skuli eftir því sem kostur er gerðar í samvinnu við almannavarnir. Ekki er því þörf á að breyta þessum ákvæðum umræddra laga.

Um 14. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir.

Samkvæmt frumvarpi þessu verður stjórnsýslu almannavarna breytt á þann veg að verkefni sem hafa verið á hendi almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins færast til embættis ríkislögreglustjóra. Gert er ráð fyrir að stofnuð verði sérstök deild við embættið í þessu skyni sem annist um heildarskipulagningu og samhæfingu almannavarna. Einnig er gert ráð fyrir að sérstök ráðgjafarnefnd verði ríkislögreglustjóra til ráðuneytis um stefnumörkun og skipulag. Stjórn almannavarna í héraði verður samkvæmt frumvarpinu í höndum lögreglustjóra með aðkomu almannavarnanefnda. Frumvarp þetta er í samræmi við áform sem kynnt eru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 og þar hefur þegar verið gert ráð fyrir áhrifum þess á útgjöld ríkissjóðs. Í því felst að af 41,4 m.kr. fjárveitingu til Almannavarna flytjast 20,2 m.kr. til embættis ríkislögreglustjóra vegna þeirra verkefna sem það tekur við en 21,2 m.kr. fjárheimild fellur niður vegna sparnaðar í útgjöldum sem leiðir af þessari rekstrarhagræðingu.

703. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um að breytingar verði gerðar á 24 lögum til að fella gildandi löggjöf að lögum um Umhverfisstofnun sem samþykkt voru undir mikilli tímapressu á Alþingi sl. vor. Til marks um flumbruganginn í afgreiðslunni má nefna að einungis átta dagar liðu frá því að frumvarpið var tekið á dagskrá með afbrigðum þar til það var afgreitt úr umhverfisnefnd. 1. minni hluti gagnrýndi þau vinnubrögð harðlega og taldi málið alls ekki hafa fengið þá umfjöllun í nefndinni sem eðlileg hefði verið. Meðal gagnrýnisatriða þá var sú staðreynd að ekki fylgdi frumvarpi um Umhverfisstofnun bandormur sem ætlað væri það hlutverk að laga gildandi löggjöf að breytingunum. Nú er hann kominn fram og þá er tímapressan á afgreiðslu málsins nákvæmlega sú sama og í vor er leið. Mælt var fyrir málinu 3. desember og það var afgreitt frá nefndinni á aukafundi 11. desember eða átta dögum eftir að því var vísað til hennar. Þannig var þetta mál ekki sent út til umsagnar á eðlilegan hátt til þeirra aðila er málið varðar og einkenndist öll umfjöllun nefndarinnar af asa og stressi. Með afgreiðslu þessara tveggja mála, frumvarps um Umhverfisstofnun og frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar hafa gífurlega umfangsmiklar breytingar á stofnanaflóru umhverfisráðuneytisins verið afgreiddar án þess að t.d. frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum hafi fengið tækifæri til að tjá sig um þær. Stofnanir þær sem komið hafa við sögu hafa fengið að gefa málamyndaumsagnir, sem þeim hefur verið ætlað að vinna á mettíma. Minni hlutinn ítrekar því alla gagnrýnina sem fram kom í nefndaráliti á þskj. 1355 í máli 711 á 127. löggjafarþingi.

Nokkrar breytingartillögur meiri hlutans í þessu máli eru þó til bóta, t.d. sú ákvörðun að leyfa dýraverndarráði að lifa áfram, en í ljósi þeirrar ákvörðunar hefði að mati minni hlutans einnig mátt skoða hvort villidýranefndin hefði ekki líka átt áframhaldandi tilverurétt með sömu rökum. Nefndin hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem vettvangur fyrir hagsmunaaðila og er það mat minni hlutans að nauðsynlegt sé að skilgreina samráðsvettvang á þessu sviði með lögum og tryggja aðkomu frjálsra félagasamtaka á sviði náttúru- og dýraverndar.

Áréttuð skal sú skoðun minni hlutans að með flausturslegum vinnubrögðum við stofnun Umhverfisstofnunar sé verið að setja í uppnám umsýslu alþjóðlegra samninga á borð við Bernarsamninginn, samninginn um líffræðilega fjölbreytni og OSPAR-samninginn. Það er ekki leiðrétt með þessu frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Þá telur minni hlutinn að taka hefði átt tillit til ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi 34. og 42. gr., þ.e. að fella niður orðskýringuna *Ágangssvæði*. Orðið er ógagnsætt enda þýðir ágengd eða ágengni samkvæmt orðabók það að vera ágengur eða ásókn (búfjár). Þá má einnig taka undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar varðandi 38., 39. og 43. gr. (sjá minnisblað Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fundar um verkefni Umhverfisstofnunar dags. 9. desember 2002).

Varðandi XX. kafla frumvarpsins, sem lýtur að lögum um vernd Breiðafjarðar, bendir minni hlutinn á þá staðreynd að með 33. gr. er verið að taka vald úr höndum Breiðafjarðarnefndar og færa það til Umhverfisstofnunar. Þannig gerir greinin ráð fyrir að ekki þurfi lengur samþykki Breiðafjarðarnefndar fyrir jarðraski á landsvæði sem ekki hefur verið formlega skipulagt, heldur nægi samþykki Umhverfisstofnunar. Og sömuleiðis nægi mat Um-

hverfisstofnunar varðandi spjöll á menningarsögulegum minjum, náttúruminjum eða lífríki sem hingað til hefur verið háð dómi Breiðafjarðarnefndar.

Í ljósi ágreinings um grundvallaratriði við stofnun Umhverfisstofnunar getur minni hlutinn ekki stutt frumvarpið þó að það sé viðurkennt að nokkrar breytingartillögur meiri hlutans séu til bóta.

Alþingi, 12. des. 2002.

Kolbrún Halldórsdóttir.

704. Frumvarp til laga [465. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „og fiska og erfðaefnis þeirra“ í 1. málsl. 13. gr. laganna kemur: fiska og erfðaefnis þeirra, svo og svína og erfðaefnis þeirra frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting sem lögð er til á lögunum snýr að innflutningi á svínum og erfðaefni þeirra. Samkvæmt umsögn dýralæknaráðs er talið öruggt að hægt sé að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist til landsins með því að flytja svín og erfðaefni þeirra í einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Með breytingunni er verið að stytta einangrunarferli og flýta því að hægt sé að hagnýta hér á landi erfðaframfarir í svínarækt. Eftir sem áður er innflutningur háður meðmælum yfirdýralæknis og flutningur út úr einangrunarstöð er einnig háður leyfi yfirdýralæknis.

Á fund nefndarinnar komu Hákon Sigurgrímsson og Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbúnaðarráðuneyti, Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Kristinn Gylfi Jónsson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, og Sigurgeir Þorgeirsson og Ari Teitsson frá Bændasamtökum Íslands. Þá barst nefndinni umsögn dýralæknaráðs um málið.

705. Nefndarálit [337. mál]

um frv. til l. um úrvinnslugjald.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur, Sigurbjörgu Sæmundsdóttur og Guðlaug Sverrisson frá umhverfisráðuneyti, Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Kjartansson frá Samtökum iðnaðarins, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Guðfinn G. Johnsen frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Runólf Ólafsson og Stefán Ásgrímsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Björn Halldórsson og Ögmund Einarsson frá SORPU, Sigurð Högnason frá ríkisskattstjóra, Hjört Bergmann Jónsson frá Plastmótun og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Endurvinnslunni hf., Bændasamtökum Íslands, ríkisskattstjóra, Samtökum verslunarinnar, Sorpu, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hollustuvernd ríkisins, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Alþýðusambandi Íslands, spilliefnanefnd, Landvernd, tollstjóranum í Reykjavík, Skeljungi hf. og Olíudreifingu ehf.

Frumvarpið var samið af nefnd sem umhverfisráðherra skipaði í mars á þessu ári til að vinna að frumvarpi um gjaldtöku vegna úrvinnslugjalds, spilliefnagjalds og skilagjalds og um skipulag og framkvæmd gjaldtökunnar. Gerir það ráð fyrir að við innflutning eða framleiðslu vöru sem fellur undir frumvarpið verði lagt úrvinnslugjald á viðkomandi vöru áður en hún fer á markað. Er markmiðið að gjaldið standi undir kostnaði sem fellur til við úrvinnslu þess úrgangs sem af viðkomandi vöru leiðir, þ.e. vegna meðhöndlunar hans á söfnunarstöð, flutnings hans þaðan á móttökustöð eða til endurnýtingarstöðvar. Gjaldið skal einnig standa undir endurnýtingu úrgangsins, förgun eða greiðslu skilagjalds eftir því sem við á.

Í frumvarpinu er sá háttur hafður á að einstakir vöruflokkar, t.d. umbúðir, ökutæki og hjólbarðar, eru ekki skilgreindir sérstaklega, heldur er tollskrárnúmer viðkomandi vöru tiltekið í viðaukum með frumvarpinu. Var rætt um hvort slíkt fyrirkomulag væri hentugt. Bent var á að það gæti reynst þungt og seinvirkt og aðrar leiðir hugsanlega einfaldari. Má nefna þá leið að leggja á úrvinnslugjald, sem væri tiltölulega lágt, á mjög breiðan gjaldstofn. Þar sem hér væri um skatt að ræða en ekki þjónustugjald væri ekki þörf á að tengja ráðstöfun skattsins eins nákvæmlega við þá vöru sem skatturinn væri greiddur af. Hins vegar var bent á að með því að aðgreina gjaldið eftir flokkum væri auðvelt að sjá kostnað af úrvinnslu hverrar vöru og hafa gjaldtökuna í samræmi við kostnað af henni og er meiri hluti nefndarinnar sammála því að fara þá leið.

Þá var mikið rætt um hvaða vöruflokkar ættu að vera gjaldskyldir. Var m.a. bent á að ákveðnir vöruflokkar sem nú eru endurunnir eru ekki felldir undir frumvarpið, t.d. dagblaðapappír, kælitæki, fatnaður og ýmsar vörur sem notaðar eru í sjávarútvegi. Við umfjöllun málsins kom fram að einkum væri miðað við vörur sem tilskipanir Evrópusambandsins taka til. Meiri hlutinn leggur til að veiðarfæri úr gerviefnum verði einn af þeim vöruflokkum sem lagt verði úrvinnslugjald á og að sú gjaldtaka hefjist 1. janúar 2004. Telur meiri hlutinn eðlilegt að veiðarfæri verði einn af vöruflokkunum sem falli undir lögin. Úrvinnslusjóði er því falið að undirbúa tillögu þessa efnis og leggja fyrir umhverfisráðherra svo að gjaldtakan geti verið tilbúin fyrir tilsett tímamörk. Meiri hlutinn gerir ekki aðrar tillögur að gjaldtöku að sinni en hann lítur svo á að með frumvarpinu sé verið að setja ákveðna umgjörð um þessi

mál. Þau eigi eftir að þróast auk þess sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fleiri vöruflokkar bætist við með tíð og tíma.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ný stofnun, Úrvinnslusjóður, verði sett á fót. Jafnframt verður spilliefnanefnd lögð niður. Hlutverk Úrvinnslusjóðs verður að hafa umsýslu með úrvinnslugjaldi. Um framkvæmd úrvinnslu vörunnar verður hins vegar samið við aðra. Fulltrúar ráðuneytis greindu frá því að skoðað hefði verið í hvaða formi starfsemi Úrvinnslusjóðs ætti að vera, hvort það ætti að vera ríkisstofnun, hlutafélag o.s.frv. Niðurstaðan var að setja á fót sérstaka ríkisstofnun. Það sem vó þar þyngst var að hugsanlegt er að gjöld verði hærri en tekjur í rekstri stofnunarinnar. Í 2. mgr. 19. gr. er sú skylda lögð á ríkissjóð að gæta að því að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar og því talið eðlilegt að Úrvinnslusjóður verði ríkisstofnun. Við umfjöllun nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið um hverjir ættu að skipa stjórn sjóðsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að atvinnulífið tilnefni þrjá fulltrúa, einn fulltrúi er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar.

Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að þeir vöruflokkar sem frumvarpið tekur til séu hugsaðir sem fyrsta skref til að draga úr magni úrgangs. Meiri hluti nefndarmanna tekur undir það og telur að hér sé um mikilvægt mál að ræða sem rétt sé að fái framgang enda hefur komið fram við umfjöllun um málið að viðhorf viðmælenda og umsagnaraðila til frumvarpsins er almennt jákvætt.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á frumvarpinu. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að vöruflokkum verði skipt í uppgjörsflokka með reglugerð þar sem verður tilgreint nákvæmlega hvaða vöruflokkar verða í viðkomandi uppgjörsflokki. Ætti það að sýna hvernig viðkomandi úrvinnslugjaldi er ráðstafað gagnvart uppgjöri.
2. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. til að taka af öll tvímæli um frá hvaða tíma gjaldskylda fellur niður af bifreiðum. Nefndin hefur fengið ábendingu um að ákvæðið sé ekki eins skýrt og æskilegt væri og leggur því til þessa breytingu.
3. Breyting á 9. gr. er lögð til svo að tryggt verði að allir þeir aðilar sem flytja til landsins vörur sem bera úrvinnslugjald samkvæmt frumvarpinu, hvort sem þeir eru skráðir á vörugjaldsskrá eða ekki, séu gjaldskyldir aðilar. Að öðru leyti er um lagfæringu að ræða þar sem í frumvarpinu er verið að fjalla um úrvinnslugjald en ekki vörugjald.
4. Við 11. gr. Í 5. mgr. 7. gr. laga um spilliefnagjald, nr. 56/1996 er innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því úrvinnslugjald heimilað að draga það frá við endanleg skil gjaldsins. Nefndin leggur til að þessi regla gildi áfram og að samsvarandi grein verði bætt inn í frumvarpið.
5. Lagt er til að kæruheimild í 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. verði felld brott þar sem þessi kæruheimild er þegar til staðar í 5. gr. og því um óþarfa endurtekningu að ræða.
6. Nefndin leggur til að gjaldtöku á heyrúlluplast verði frestað um eitt ár frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og hefjist 1. janúar 2004. Gjaldtakan mun þá hefjast um leið og gjaldtaka hefst á pappírs-, pappa- og plastumbúðum og veiðarfærum úr gerviefnum. Bent hefur verið á að ekki er til staðar neinn hvati fyrir notendur heyrúlluplasts, þ.e. bændur, til að skila því eftir notkun. Bændasamtök Íslands hafa hins vegar lýst sig reiðubúin til samstarfs um að byggja upp hagkvæmt kerfi til söfnunar og eyðingar eða endurvinnslu plastsins. Þau telja samt sem áður að það krefjist verulegs undirbúnings og tíminn sem frumvarpið gerir ráð fyrir til þess sé of skammur. Nefndin telur eðlilegt að koma til móts við þessar óskir.
7. Breytingar á viðaukum eru gerðar í samvinnu við umhverfisráðuneytið. Um er að ræða númer sem skipt er upp til að aðgreina sérstaklega þá vöru sem á að vera með úrvinnslu-

gjaldi, númer sem skipt er þar sem um er að ræða mismunandi vörur sem bera mismunandi úrvinnslugjald. Auk þess sem um nokkrar leiðréttingar er að ræða.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta Möller og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Fyrirvari Kolbrúnar Halldórsdóttur varðar það að hún styður markmið þessarar lagasetningar og þá hugmyndafræði sem að baki henni liggur en vill leggja áherslu á hinn umhverfislega ávinnining. Þá telur hún aðkomu frjálsra félagasamtaka og neytenda við vinnslu málsins vera ónóga, auk þess sem hún hefði viljað vinna málið í nánara samkomulagi við sveitarfélögin. Þá mun hún flytja breytingartillögu við 16. gr. þess efnis að fulltrúum náttúruverndar og neytendaréttar verði tryggðir fulltrúar í stjórn Úrvinnslusjóðs.

Gunnar Birgisson og Katrín Fjeldsted voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 2002.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Ásta Möller, með fyrirvara.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.		Kristján Pálsson.

706. Breytingartillögur [337. mál]

við frv. til l. um úrvinnslugjald.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (MS, ÁMöl, ÍGP, KolH, KPál).

1. Við 4. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Vöruflokkum skal skipt í uppgjörsflokka með reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks.
2. Við 5. gr. síðari málsliðar 2. mgr. orðist svo: Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að full 15 ár eru liðin frá skráningu ökutækis hér á landi.
3. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Greiða skal skilagjald, 10.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.
4. Við 9. gr.
   a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu.
   b. Í stað orðsins „vörugjaldsskyld“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: úrvinnslugjaldsskyld.
   c. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður er orðist svo: Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, sbr. 1. og 3. mgr. 11. gr.

5. Við 11. gr.
   a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.
   b. Á eftir orðunum „vegna innfluttrar vöru fer“ í 7. mgr. komi: að öðru leyti.
6. Við 12. gr.
   a. Orðin „1. og“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Á eftir orðunum „gjaldskyldur aðili“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: sbr. 1. mgr. 9. gr.
7. Við 13. gr. 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
8. Við 22. gr.
   a. Í stað orðanna „1. janúar 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: 1. júlí 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I.
   b. Í stað orðsins „Endurgreiðsla“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Greiðsla.
9. Við ákvæði til bráðabirgða III. Ákvæðið orðist svo:
   Leggja skal úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir, veiðarfæri úr gerviefnum og heyrúlluplast frá 1. janúar 2004.
10. Við viðauka II.
    a. Í stað „0403.9022 – – – Önnur“ komi: 0403.9029 – – – Önnur.
    b. Liðurinn „**Úr 4811**“ ásamt undirliðum orðist svo:

Úr 4811	**Pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum, húðað, gegndreypt, hjúpað, yfirborðslitað, yfirborðsskreytt eða áprentað, í rúllum eða rétthyrndum (einnig ferningslaga) örkum, af hvaða stærð sem er, þó ekki vörur þeirrar gerðar sem lýst er í nr. 4803, 4809 eða 4810:**		
	– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður plasti (þó ekki límt):		
	– – Bleiktur, meira en 150 g/m^2 að þyngd:		
4811.5101	– – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg	
4811.5109	– – – Annars	22,23 kr./kg	
4811.5900	– – Annar	22,23 kr./kg	
	– – Annar:		
4811.5901	– – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg	
4811.5909	– – – Annars	22,23 kr./kg	
	– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður vaxi, parafínvaxi, steríni, olíu eða glýseróli:		
4811.6001	– – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg	
4811.6009	– – Annars	22,23 kr./kg	

    c. Liðurinn „**Úr 4819**“ ásamt undirliðum orðist svo:

Úr 4819	**Öskjur, box, kassar, pokar og önnur ílát til umbúða, úr pappír, pappa, sellulósavatti eða *vef úr sellulósatrefjum; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og áþekkar* vörur, úr pappír eða pappa, sem eru notaðar á skrifstofum, í verslunum o.þ.h.:**		
	– Felliöskjur, fellibox og fellikassar, ekki úr bylgjupappír eða bylgjupappa:		
	– – Með viðeigandi áletrun til útflutnings:		
4819.2011	– – – Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg	
4819.2019	– – – Annars	22,23 kr./kg	
	– – Annað:		
4819.2091	– – – Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg	
4819.2099	– – – Annars	22,23 kr./kg	

11. Við viðauka IV. Í stað númersins „2710.0049“ komi: 2710.1149.
12. Við viðauka X.
    a. Í stað „8506.8009 – Hlutar“ komi: 8506.9000 – Hlutar.
    b. Í stað „8507.9000 – Hlutar“ komi: 8507.9009 – – Aðrir.
13. Við viðauka XI.
    a. Á eftir undirlið 8430.1000 komi nýr undirliður, svohljóðandi:
    8430.2000 – Snjóplógar og snjóblásarar ..... 1.672,00 kr./stk.
    b. Í stað „8507.9000 – Hlutar“ komi: 8507.9001 – – Til blýsýrurafgeyma.

707. Nefndarálit [337. mál]

um frv. til l. um úrvinnslugjald.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Í 1. gr. frumvarps til laga um úrvinnslugjald segir að markmið þeirra sé að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Minni hlutanum blandast ekki hugur um að þess sé þörf að setja slíkt ákvæði í lög og skapa hagræna hvata til þess að minnka magn úrgangs, auk þess að stórauka endurnýtingu þess úrgangs sem hægt er að endurvinna. Því styður minni hlutinn markmið þessarar lagasetningar og þá hugmyndafræði sem að baki henni liggur. Þá gerir hann heldur ekki athugasemdir við þá aðferðafræði sem lögð er til, þ.e. að flokka vörurnar sem úrvinnslugjald er lagt á eftir tollskrárnúmerum.

Hins vegar eru veigamiklar athugasemdir gerðar við ýmsa efnisþætti frumvarpsins og auk þess dregið í efa að það tryggi að umhverfisvernd og hagsmunir neytenda verði ávallt höfð í forgrunni í stjórn hinnar nýju ríkisstofnunar, Úrvinnslusjóðs, sem frumvarp þetta kveður á um að setja á fót.

Fyrst skal nefna skipun stjórnar Úrvinnslusjóðs. Þar eiga samtök neytenda og áhugafólks um umhverfisvernd ekki að fá sæti. Stjórnin mun hins vegar skipuð fulltrúum samtaka atvinnurekenda, auk eins fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með þessari skipan er verulega hallað á hagsmuni hins almenna borgara í landinu og ekki tekið mið af Árósasáttmálanum um mikilvægi samstarfs ríkisins og frjálsra félagasamtaka á þessu sviði. Minni hlutinn lýsir vonbrigðum sínum með að ekki sé talin þörf á að tryggja fulltrúum náttúruverndar og neytendaréttar fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs.

Þetta er ekki síst áhyggjuefni í ljósi þess veigamikla hlutverks sem stjórn sjóðsins er fengið samkvæmt frumvarpinu. En í 17. gr. þess segir: „Stjórnin skal eftir því sem við á leggja fram tillögu til umhverfisráðherra um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær.“ Stjórnin mun því hafa stefnumótandi ákvörðunarvald um úrvinnslu úrgangs hér á landi. Að sjálfsögðu ber henni að taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum en sú stefnumörkun liggur ekki fyrir og því er ljóst að stjórnin mun hafa mikil áhrif á val vöruflokka sem leggja á úrvinnslugjald á.

Sú skipan sem stjórnvöld leggja hér til ber ekki vott um frumkvæðisvilja frá þeirra hendi. Hér eru öllu frekar á ferð viðbrögð við kröfum Evrópusambandsins og þeim er svarað með því að vísa frumkvæðinu og stefnumörkuninni til fulltrúa atvinnulífsins. Ráðuneyti umhverfis-

mála hefur annaðhvort ekki burði til að axla ábyrgð á stefnumörkuninni í málaflokknum eða hefur ekki pólitíska vilja til þess og er hvorugt gott.

Þá skýtur skökku við að veigamiklir vöruflokkar sem ætla má að leggja þyrfti úrvinnslugjald á, svo sem dagblaðapappír og kælitæki, eru ekki hafðir með. Meiri hlutinn leggur til að veiðarfæri úr gerviefnum verði gjaldskyld og styður minni hlutinn þá breytingartillögu.

Niðurstaða minni hlutans er að með lögleiðingu úrvinnslugjalds sé stigið skref í rétta átt við beitingu hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd hér á landi og mun því ekki leggjast gegn afgreiðslu frumvarpsins. Hins vegar mun minni hlutinn ekki greiða atkvæði með því í ljósi þeirra athugasemda sem hér hafa verið raktar.

Alþingi, 11. des. 2002.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, frsm. Jóhann Ársælsson.

708. Fyrirspurn [466. mál]

til sjávarútvegsráðherra um úthlutun Byggðastofnunar og ráðherra á aflaheimildum.

Frá Gísla S. Einarssyni og Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða skip hafa fengið úthlutað aflaheimildum sem falla undir 9. gr. laga um stjórn fiskveiða og ákvæði til bráðabirgða XXVI í sömu lögum og hversu mikið hefur komið í hlut hvers skips úr sérhverri úthlutun?
2. Í hvaða byggðum sem „að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta“ eru þeir bátar sem fengið hafa úthlutun skv. 3. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða og hversu mikið kom í hlut hvers byggðarlags? Hversu mikill var aflasamdrátturinn í tonnum talið sundurgreindur eftir byggðarlögum? Við hvaða skip var miðað þegar samdráttur í afla einstakra byggðarlaga var reiknaður út?

Skriflegt svar óskast.

709. Lög [181. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 182.

710. Lög [322. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 661 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

a. 4. tölul. orðast svo: Aðgangsheimildir að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli:
   a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 2.800 kr.
   b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 2.000 kr.

b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa 5.000 kr.

711. Lög [355. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 392 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara skal réttur til greiðslu lífeyris úr sjóðnum sem stofnast hefur fyrir gildistöku laganna ekki skerðast.

712. Lög [359. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 662.

713. Lög [371. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 417.

714. Lög [372. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 663.

715. Lög [376. mál]

um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 428.

716. Lög [428. mál]

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 554.

717. Lög [429. mál]

um útflutningsaðstoð.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 556.

718. Lög [158. mál]

um skipamælingar.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 158.

719. Lög [257. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/2002, um póstþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 665.

720. Lög [258. mál]

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 666.

721. Lög [346. mál]

um félagamerki.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 668.

722. Lög [354. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 667.

723. Lög [393. mál]

um breyting á safnalögum, nr. 106/2001.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 669.

724. Frumvarp til laga [414. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkis eða sveitarfélaga sem kjósa að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli er þó heimilt að breyta viðmiðum sínum vegna töku lífeyris á grundvelli eftirmannsreglu, sbr. reglugerðir sjóðanna, þannig að lífeyrir breytist í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, en lífeyrissjóðum með bakábyrgð banka er heimilt að styðjast við aðrar launavísitölur sem Hagstofa Íslands birtir, enda liggi fyrir samkomulag aðila kjarasamninga viðkomandi sjóðfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

725. Þingsályktun [394. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 455.

726. Þingsályktun [395. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 456.

727. Þingsályktun [400. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Singapúr.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 491.

728. Breytingartillaga [337. mál]

við frv. til l. um úrvinnslugjald.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Umhverfisráðherra skipar sjö manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Umhverfisráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en sex meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, einn frá Neytendasamtökunum, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn eftir sameiginlegri tilnefningu frjálsra félagasamtaka á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna.

729. Breytingartillaga [412. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Á eftir 1. gr. bætist við ný grein, svohljóðandi:

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur 801.228 kr. eða lægri upphæð á tekjuárinu 2002. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

730. Fyrirspurn [467. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um hvalveiðar sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999?

731. Lög [414. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 724.

732. Lög [436. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 593.

733. Lög [352. mál]

um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 389.

734. Nefndarálit [424. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Hörð Lárusson frá menntamálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB frá 14. maí 2001 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/48/EBE og 92/51/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE og 93/16/EBE varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna.

Megintilgangur tilskipunarinnar er að einfalda, samræma og gera skýrari gildandi ákvæði um þetta efni. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hafa þær þegar verið gerðar. Þau atriði sem snúa að málefnasviði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis voru innleidd með lögum nr. 69/2002, um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Þá voru hinn 28. nóvember sl. samþykkt lög á Alþingi um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, sem innleiða þann hluta tilskipunarinnar sem snýr að menntamálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Björn Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.

735. Nefndarálit [425. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti og Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB frá 27. september 2001, um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð sem og banka og annarra fjármálastofnana.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að aðildarríkin taki upp kerfi gangverðsreikningsskila fyrir tiltekin fjármálaskjöl en með því er stefnt að samræmingu fjármálaupplýsinga innan EES-svæðisins.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, en frumvarp þess efnis hefur enn ekki verið lagt fram en frestur til að gera nauðsynlegar lagabreytingar er til 1. janúar 2004.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

736. Nefndarálit [426. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti og Svein Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002 frá 31. maí 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/34/EB frá 22. júní 2000, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

Tilskipun nr. 2000/34/EB breytir tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma en breytingin felst aðallega í því að læknar í starfsnámi, þeir sem starfa við flutninga á vegum ásamt þeim sem vinna á sjó og í flugi munu falla undir gildissvið vinnutímatilskipunarinnar en þó er gert ráð fyrir ákveðnum undanþágureglum fyrir þessa hópa. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum er til 1. ágúst 2003 en til 1. ágúst 2004 að því er varðar lækna í starfsnámi. Á fundi nefndarinnar kom m.a. fram hjá fulltrúa félagsmálaráðuneytis að á málefnasviði ráðuneytisins þyrfti að breyta lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og að reiknað væri með að frumvarp þess efnis yrði lagt fram eftir áramót. Þá kom fram að á málefnasviði samgönguráðuneytis hefði frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um vinnutíma sjómanna þegar verið lagt fram (þskj. 451, 390. mál).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

737. Nefndarálit [438. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí

1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Eitt meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja að reglur um aðild starfsmanna í þátttökufélögunum um stofnun Evrópufélags hvorki hverfi né minnki vægi þeirra við stofnun Evrópufélagsins en Evrópusambandið samþykkti 8. október 2001 reglugerð 2157/2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög. Með þeirri reglugerð er félögum sem starfa í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu gefinn kostur á að stofna eitt félag sem starfi á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað mismunandi reglna í aðildarríkjunum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til 8. október 2004.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	

738. Nefndarálit [439. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE).

Með reglugerðinni verður félögum sem starfa í meira en einu ríki á svæðinu gefinn kostur á að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum þannig að það geti þá starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli mismunandi reglna í löndum, þar sem félögin hafa útibú. Evrópufélög verða sett á stofn með samruna félaga, sameiginlegu útibúi, eignarhaldsfélagi eða breytingu á félagi sem stofnað hefur verið á grundvelli landslaga. Tilskipun um aðild starfsmanna, nr. 2001/86, gerir ráð fyrir að við stofnun Evrópufélags þurfi að semja um hvernig atvinnulýðræði verði háttað í nýja félaginu og settar ákveðnar reglur ef samkomulag næst ekki.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til 8. október 2004.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**
Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

739. Nefndarálit [443. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002 frá 12. júlí 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), með það í huga að setja reglur um rekstrarfélög og einfaldaðar útboðslýsingar, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB frá 21. janúar 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóði), að því er varðar fjárfestingar slíkra fyrirtækja.

Meginatriði tilskipunar 2001/107/EB er að bæta við heimild verðbréfasjóða til fjárfestinga í nokkrum öðrum eignum en framseljanlegum verðbréfum og verður þeim þannig m.a. heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða, bankainnstæðum, stöðluðum framvirkum samningum og valréttarsamningum. Meginatriði tilskipunar 2001/108/EB varða hins vegar skipulag rekstrar verðbréfasjóða.

Innleiðing tilskipananna kallar á lagabreytingar hér á landi og er frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til 13. ágúst 2003. Samkvæmt upplýsingum viðskiptaráðuneytisins hefur löggjöf um verðbréfasjóði verið í endurskoðun undanfarið og mun frumvarp þess efnis verða lagt fram á yfirstandandi þingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

740. Nefndarálit [445. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Halldór Þorgeirsson frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.

Meginmarkmið tilskipunar 2001/42/EB er að tryggja að umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana séu metin áður en áætlanirnar hljóta endanlega afgreiðslu en samkvæmt efni sínu tekur tilskipunin til skipulagsáætlana og framkvæmdaáætlana sem fjalla um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orku, iðnað, samgöngur, förgun úrgangs, vatnsnýtingu, fjarskipti, ferðaþjónustu og landnotkunarskipulag. Samkvæmt tilskipuninni skal umhverfismat fela í sér gerð umhverfisskýrslu sem síðan er kynnt fyrir stofnunum og almenningi. Síðan er kostur gefinn á athugasemdum en ekki er um eiginlegt úrskurðarferli að ræða líkt og gildir um framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Talið er að áætlanir sem falli undir tilskipunina hér á landi, aðrar en skipulagsáætlanir, séu fyrst og fremst samgönguáætlanir, áætlanir um orkuöflun og skógræktar- og landgræðsluáætlanir.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en efni hennar hefur þegar verið innleitt að hluta til með skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Frestur til að gera nauðsynlegar lagabreytingar er til 21. júlí 2004.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. des. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

741. Lög [437. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 596.

742. Lög [324. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

1. gr.

3. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins, enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi. Sama gildir um happdrætti sem starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stjórnvöldum á hinu Evrópska efnahagssvæði, að sömu skilyrðum fullnægðum.

2. gr.

Í stað orðsins „átta“ í 8. tölul. 31. gr. laganna kemur: tíu.

3. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 32. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum áður fengnum fyrningum. Fyrningargrunnur eigna skv. 2.–6. tölul. 32. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstalnanna „5%“ og „10%“ í 1. tölul. kemur: 10%, og: 20%.
b. Í stað hlutfallstalnanna „5%“ og „10%“ í 2. tölul. kemur: 10%, og: 20%.
c. Í stað hlutfallstalnanna „5%“ og „15%“ í 3. tölul. kemur: 10%, og: 30%.
d. Í stað hlutfallstalnanna „10%“ og „20%“ í a-lið 4. tölul. kemur: 20%, og: 35%.
e. Í stað hlutfallstalnanna „10%“ og „20%“ í b-lið 4. tölul. kemur: 20%, og: 35%.

5. gr.

Í stað orðanna „fyrningargrunni hennar“ í 45. gr. laganna kemur: stofnverði hennar, sbr. 2. mgr. 10. gr.

6. gr.

Orðin „framkvæmdastjórum eða öðrum sambærilegum“ í 5. tölul. 52. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:
a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Fjármálaráðherra setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald að fengnum tillögum ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: fjármálaráðherra.

8. gr.

Í stað „320.616 kr.“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 321.900 kr.

9. gr.

Í stað orðanna „undir 12 rúmlestum brúttó“ í 5. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: undir 20 brúttótonnum.

10. gr.

Á eftir 3. mgr. 90. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Framtals- og skattlagningarstaður félaga sem eru samsköttuð skv. 57. gr. B skal vera í því umdæmi þar sem móðurfélag er. Skattstjóra í því umdæmi skal heimilt að breyta framtölum hinna samsköttuðu félaga skv. 95. og 96. gr., sbr. 97. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað og ákveða annan framtals- eða skattlagningarstað þegar skattaðilar flytjast á milli skattumdæma.

11. gr.

Á eftir orðinu „afurðum“ í 5. mgr. 92. gr. laganna kemur: kaup og sölu á skráningarskyldum ökutækjum.

12. gr.

Við 1. mgr. 102. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fjármálaráðherra getur ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Skattstjóri sem fer með skatteftirlit í öðru skattumdæmi en sínu eigin skal annast skattbreytingar sem leiðir af eftirlitsstörfum hans í umboði viðkomandi skattstjóra.

13. gr.

Á eftir orðunum „við upphaf rannsóknar“ í 6. mgr. 108. gr. laganna kemur: á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins.

14. gr.

1. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum, sbr. þó 4. mgr., og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. 1. mgr. 93. gr. Við skiptingu fyrirframgreiðslu og eftirstöðva álagningar á gjalddaga skv. 2. og 4. mgr. skal þó við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

16. gr.

116. gr. laganna orðast svo:

Í upphafi hvers árs skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2003 skal árið 2004 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 4.089.450 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 8.178.900 kr. skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 4.089.450 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 4.089.450 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2004 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 2003. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2003 vegna tekna á árinu 2002 umfram 4.089.450 kr. hjá einstaklingi og umfram 8.178.900 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 5. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst til og með desember 2003. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 5. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal bæta 2,5% álagi við mismuninn.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 8. tölul. 31. gr. laganna er einungis heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í rekstri á árinu 1994 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstrarársins 2003.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Ákvæði 3.–5. gr. koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004 vegna tekna á árinu 2003.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi.

743. Lög [215. mál]

um fjármálafyrirtæki.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 660 með þessum breytingum:

64. gr. hljóðar svo:

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Telji sparisjóðsstjórn að væntanlegur kaupandi stofnfjár falist eftir virkum eignarhlut í sparisjóði skal stjórnin vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins, sbr. VI. kafla. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil nema samþykktir sparisjóðsins heimili veðsetningu að fengnu samþykki stjórnar.

Nú verða eigendaskipti að stofnfjárhlut við fullnustu veðréttar, sem heimilt var að stofna til samkvæmt lokamálslið 1. mgr., og skal þá nýr eigandi óska eftir samþykki sparisjóðsstjórnar á eigendaskiptunum innan tveggja vikna frá því að þau áttu sér stað. Um afgreiðslu

sparisjóðsstjórnar á slíkri beiðni fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 70. gr. eftir því sem við getur átt.

Synji sparisjóðsstjórn um samþykki eða nýr eigandi óskar ekki eftir samþykki innan tilskilins frests skal sparisjóðsstjórn innleysa stofnfjárhlutinn eftir ákvæðum 65. gr.

65. gr. hljóðar svo:

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði að beiðni stofnfjáreiganda.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar lögaðila, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hann lagður niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda,
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda og
4. þegar hún samþykkir ekki eigendaskipti við fullnustu veðréttar í stofnfjárhlut.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 64. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 67. gr.

75. gr. hljóðar svo:

Í samþykktum sparisjóðs sem breytt hefur verið í hlutafélag skv. 73. gr. skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðnum og um meðferð hans. Einstökum hluthöfum er aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.

Í samþykktum er þó heimilt að kveða á um að sjálfseignarstofnun skv. 76. gr. geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Á stofnfundi skal sjálfseignarstofnunin fara með atkvæði í samræmi við hlutafjáreign sína.

744. Frumvarp til laga [337. mál]

um úrvinnslugjald.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun:* endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting:* hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð:* staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs:* aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð:* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð):* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Úrgangur:* hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.
8. *Úrvinnsla úrgangs:* söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

II. KAFLI
Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.

3. gr.

Almennt um gjaldtöku.

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

4. gr.

Fjárhæð úrvinnslugjalds.

Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs, sbr. 2. mgr. 3. gr. Vöruflokkum skal skipt í uppgjörsflokka með reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks. Hver uppgjörsflokkur er fjárhagslega sjálfstæður.

Umhverfisráðherra leggur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs fram tillögu til fjármálaráðherra um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur eftir því sem við á. Fjármálaráðherra flytur frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds og skilagjalds.

5. gr.

Úrvinnslugjald á ökutæki.

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald að fjárhæð 520 kr. fyrir hvert gjaldskylt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjalddagar úrvinnslugjalds á ökutæki eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kæruheimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum. Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að full 15 ár eru liðin frá skráningu ökutækis hér á landi.

6. gr.

Skilagjald á ökutæki.

Greiða skal skilagjald, 10.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð ákvæði um fyrirkomulag greiðslu til móttökustöðvar.

7. gr.

Skilagjald á drykkjarvöruumbúðir.

Endurgreiða skal neytendum skilagjaldshluta úrvinnslugjalds, 9 kr. með virðisaukaskatti á hverja umbúðaeiningu, sbr. viðauka III, við móttöku á notuðum úrvinnslugjaldsskyldum drykkjarvöruumbúðum.

8. gr.

Úrvinnslugjald á aðrar vörur.

Úrvinnslugjald skal leggja á eftirtalda vöruflokka, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum þessum:

1. *Umbúðir:* heyrúlluplast, sbr. viðauka I, samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur, sbr. viðauka II, einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, sbr. viðauka III.
2. *Olíuvörur:* sbr. viðauka IV.
3. *Lífræn leysiefni og klórbundin efnasambönd:* lífræn leysiefni, sbr. viðauka V, halógeneruð efnasambönd, sbr. viðauka VI, ísócýanöt og pólyúretön, sbr. viðauka VII.
4. *Málning og litarefni:* málning, sbr. viðauka VIII, prentlitir, sbr. viðauka IX.
5. *Rafhlöður og rafgeymar:* rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka X, blýsýrurafgeymar, sbr. viðauka XI.
6. *Vörur í ljósmyndaiðnaði:* sbr. viðauka XII.
7. *Kvikasilfursvörur:* sbr. viðauka XIII.
8. *Varnarefni:* sbr. viðauka XIV.
9. *Kælimiðlar:* sbr. viðauka XV.
10. *Hjólbarðar:* sbr. viðauka XVI.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu enda þjóni það markmiðum laganna. Svartolía er

þá undanþegin gjaldtöku samkvæmt lögum þessum, enda hafi stjórn Úrvinnslusjóðs staðfest samninginn, sbr. 3. mgr. 17. gr., og tilkynnt það tollstjóra.

III. KAFLI
Gjaldskyldir aðilar, álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, skýrslur, álag, dráttarvextir, kæruheimild og kærufrestur.

9. gr.
Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. gr., hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu.
2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til eigin nota.
3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum innan lands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili. Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, sbr. 1. og 3. mgr. 11. gr. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna skattstjóra eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt lögum þessum.

10. gr.
Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendrar framleiðslu sem tollstjórar innheimta. Fjármálaráðherra getur ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu gjalds í öðrum skattumdæmum. Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

11. gr.
Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendrar framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

12. gr.

Skýrslur, álag og dráttarvextir.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Skattstjóri skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 1. mgr. 9. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

13. gr.

Kæruheimild og kærufrestur.

Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Tollstjóri, skattstjóri eða ríkisskattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

IV. KAFLI
Úrvinnslusjóður.

14. gr.
Framkvæmd.

Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir umhverfisráðherra. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lögin falla.

15. gr.
Hlutverk Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess.

Úrvinnslusjóður skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög þessi. Úrvinnslusjóður skal leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs. Úrvinnslusjóður semur við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

Sé gjaldskyld vara eða úrgangur af henni sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokkum, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. Auk þess geri Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hliðsjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vöru á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.

Úrvinnslusjóður skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila um atriði er þá varða.

16. gr.
Stjórn Úrvinnslusjóðs.

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Umhverfisráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna.

Þóknun til stjórnarmanna greiðist úr Úrvinnslusjóði og skal ákveðin af umhverfisráðherra.

17. gr.
Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim og er umhverfisráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara.

Stjórnin hefur það hlutverk að móta stefnu um starfsemi sjóðsins, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti hans, og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.

Stjórnin staðfestir skýrslur og áætlanir skv. 15. gr. og hefur eftirlit með því að þær séu gerðar og leggur þær fyrir ráðherra fyrir 1. júní ár hvert. Þá staðfestir stjórnin einnig samninga skv. 3. mgr. 8. gr., að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Stjórnin skal eftir því sem við á leggja fram tillögu til umhverfisráðherra um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Telji stjórnin þörf á að leggja skilagjald á vöru til að ná fram auknum skilum hennar skal hún jafnframt leggja fram tillögu um það til ráðherra og fjárhæð þess. Við gerð tillögu að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal stjórnin taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

18. gr.

Umsjón með daglegum rekstri Úrvinnslusjóðs.

Stjórn Úrvinnslusjóðs ræður framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans og reikningshaldi gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk Úrvinnslusjóðs.

19. gr.

Rekstur Úrvinnslusjóðs.

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

Skorti Úrvinnslusjóð reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, um innfluttar vörur og laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um innlendar framleiðsluvörur.

21. gr.

Reglugerðarheimildir.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um nauðsynlegan frágang úrgangs í hverjum uppgjörsflokki við móttöku í móttökustöð.

22. gr.

Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal móttaka á flokkuðum úrgangi, sem til er kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald, hefjast 1. apríl 2003 vegna vöru sem fellur undir viðauka II, X og XVI, 1. júlí 2003 vegna ökutækja, sbr. 5. gr., og eigi síðar en 1. júlí 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I. Greiðsla skilagjalds á ökutæki, sbr. 6. gr., skal hefjast 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Úrvinnslusjóður skal taka við öllum sjóðum og skuldbindingum spilliefnanefndar sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara.

II.

Ákvæði 7. gr. og 1. tölul. 8. gr., sbr. viðauka III, skulu koma til framkvæmda 1. janúar 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Úrvinnslusjóði er þó heimilt að undirbúa samning við Endurvinnsluna hf. um að ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda fyrir 1. janúar 2008.

III.

Leggja skal úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir, veiðarfæri úr gerviefnum og heyrúlluplast frá 1. janúar 2004.

Viðauki I.

Heyrúlluplast.

Á heyrúlluplast sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 39. kafla tollskrárinnar:

3920.1003	– – Marglaga, kóextrúderuð, lituð filma (heyrúlluplast)	25,00 kr./kg

Viðauki II.

Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur.

Á samsettar pappaumbúðir sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 4., 20., 22. og 48. kafla tollskrárinnar:

Úr 0401	**Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
0401.1000	– Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd	0,56 kr./kg
0401.2000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd	0,56 kr./kg
0401.3000	– Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd	0,70 kr./kg
Úr 0403	**Áfir, hleypt úr mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói:**	
	– Annað:	
	– – Drykkjarvara:	
0403.9021	– – – Kakóblönduð	0,77 kr./kg
0403.9022	– – – Blönduð með ávöxtum eða hnetum	0,73 kr./kg
0403.9029	– – – Önnur	0,73 kr./kg
Úr 0404	**Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrulegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**	
0404.1000	– Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	0,59 kr./kg
0404.9000	– Annað	0,73 kr./kg
Úr 2009	**Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**	
	– Appelsínusafi:	
2009.1129	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
2009.1229	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
2009.1929	– – – – Önnur	0,73 kr./kg
	– Greipaldinsafi:	
2009.2129		
2929	– – Önnur	0,73 kr./kg

	– Safi úr hvers konar öðrum sítrusávöxtum:	
2009.3129		
3929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Ananassafi:	
2009.4129		
4929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Tómatsafi:	
2009.5029	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Þrúgusafi (þar með talið þrúguþykkni):	
2009.6129		
6929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Eplasafi:	
2009.7129		
7929	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Safi úr hvers konar öðrum ávöxtum eða matjurtum:	
2009.8029	– – Önnur	0,73 kr./kg
	– Safablöndur:	
2009.9029	– – Önnur	0,73 kr./kg
Úr 2201	**Vatn, þar með talið náttúrulegt og gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt; ís og sjór:**	
2201.1019	– – Annars	0,59 kr./kg
2201.9019	– – – Annars	0,59 kr./kg
2201.9029	– – – Annars	0,59 kr./kg
Úr 2202	**Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:**	
	– Annað:	
	– – Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða:	
2202.9011	– – – Í pappaumbúðum	0,59 kr./kg
2202.9019	– – – Annars	0,59 kr./kg
	– – Annars:	
2202.9099	– – – Annars	0,73 kr./kg
Úr 4811	**Pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum, húðað, gegndreypt, hjúpað, yfirborðslitað, yfirborðsskreytt eða áprentað, í rúllum eða rétthyrndum (einnig fern-ingslaga) örkum, af hvaða stærð sem er, þó ekki vörur þeirrar gerðar sem lýst er í nr. 4803, 4809 eða 4810:**	
	– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður plasti (þó ekki límí):	
	– – Bleiktur, meira en 150 g/m^2 að þyngd:	
4811.5101	– – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.5109	– – – Annars	22,23 kr./kg
4811.5900	– – Annar	22,23 kr./kg
	– – Annar:	
4811.5901	– – – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.5909	– – – Annars	22,23 kr./kg
	– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður vaxi, parafínvaxi, steríni, olíu eða glýseróli:	
4811.6001	– – Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.6009	– – Annars	22,23 kr./kg
Úr 4819	**Öskjur, box, kassar, pokar og önnur ílát til umbúða, úr pappír, pappa, sellulósavatti eða vef úr sellulósatrefjum; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og áþekkar vörur, úr pappír eða pappa, sem eru notaðar á skrifstofum, í verslunum o.þ.h.:**	

	– Felliöskjur, fellibox og fellikassar, ekki úr bylgjupappír eða bylgjupappa:	
	– – Með viðeigandi áletrun til útflutnings:	
4819.2011	– – – Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4819.2019	– – – Annars	22,23 kr./kg
	– – Annað:	
4819.2091	– – – Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4819.2099	– – – Annars	22,23 kr./kg

Viðauki III.

Einnota drykkjarvöruumbúðir með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum.

Viðauki IV.

Olíuvörur.

Á olíuvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 27. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2710		**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar; úrgangsolíur:**	
		– Aðrar þunnar olíur og blöndur:	
2710.1149		– – Annað	11,50 kr./kg
		– – Annað:	
2710.1920		– – – Aðrar milliþykkar olíur	0,20 kr./kg
		– Smurolíur, aðrar þykkar olíur og blöndur:	
2710.1951		– – Smurolía og smurfeiti	11,50 kr./kg
2710.1952		– – Ryðvarnarolía	11,50 kr./kg
2710.1959		– – Aðrar	11,50 kr./kg
Úr 3811		**Efni til varnar vélabanki, oxunartálmi, harpixtálmi, smurbætiefni, tæringarvarnaefni og önnur tilbúin íblöndunarefni, fyrir jarðolíur (þar með talið bensín) eða fyrir aðra vökva sem notaðir eru í sama tilgangi og jarðolía:**	
		– Íblöndunarefni fyrir smurolíur:	
3811.2100		– – Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum	11,50 kr./kg
3811.2900		– – Önnur	11,50 kr./kg
3819	3819.0000	**Hemlavökvi og annar unninn vökvi fyrir vökvaskipt drif sem inniheldur ekki eða inniheldur minna en 70% af jarðolíu eða olíu úr tjörukenndum steinefnum miðað við þyngd**	11,50 kr./kg

Viðauki V.

Lífræn leysiefni.

Á lífræn leysiefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 27., 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

2707		**Olíur og aðrar vörur framleiddar með eimingu úr háhita koltjöru; áþekkar vörur þar sem þungi arómatískra efnisþátta er meiri en óarómatískra efnisþátta:**	
2707.1000		– Bensól (bensen)	3,00 kr./kg
2707.2000		– Tólúól (tólúen)	3,00 kr./kg
2707.3000		– Xýlól (xýlen)	3,00 kr./kg

2707.4000	– Naftalín	3,00 kr./kg
2707.5000	– Aðrar arómatískar kolvatnsblöndur sem 65% eða meira miðað við rúmmál (að meðtöldu tapi) eimast við 250°C með ASTM D-86-aðferðinni	3,00 kr./kg
2707.6000	– Fenól	3,00 kr./kg
	– Annað:	
2707.9100	– – Kreósótolíur	3,00 kr./kg
2707.9900	– – Annars	3,00 kr./kg
Úr 2710	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar; úrgangsolíur:**	
	– Aðrar þunnar olíur og blöndur:	
2710.1141	– – Lakkbensín (white spirit)	3,00 kr./kg
Úr 2901	**Raðtengd kolvatnsefni:**	
2901.1000	– Mettuð	3,00kr./kg
	– Ómettuð:	
2901.2100	– – Etylen	3,00 kr./kg
2901.2200	– – Própen (própylen)	3,00 kr./kg
	– – Önnur:	
2901.2909	– – – Annars	3,00 kr./kg
Úr 2902	**Hringlaga kolvatnsefni:**	
	– Cyclan, cyclen og cyclóterpen:	
2902.1100	– – Cyclóhexan	3,00 kr./kg
2902.1900	– – Önnur	3,00 kr./kg
2902.2000	– Bensen (bensól)	3,00 kr./kg
2902.3000	– Tólúen	3,00 kr./kg
	– Xylen:	
2902.4400	– – Blönduð myndbrigði xylen	3,00 kr./kg
2902.5000	– Styren	3,00 kr./kg
2902.9000	– Önnur	3,00 kr./kg
2912	**Aldehýð, einnig með annarri súrefnisvirkni; hringliða fjölliður aldehýða; paraformaldehýð:**	
	– Raðtengd aldehýð án annarrar súrefnisvirkni:	
2912.1100	– – Metanal (formaldehýð)	3,00 kr./kg
2912.1200	– – Etanal (asetaldehýð)	3,00 kr./kg
2912.1300	– – Bútanal (bútyraldehýð, venjuleg myndbrigði)	3,00 kr./kg
2912.1900	– – Önnur	3,00 kr./kg
	– Hringliða aldehýð án annarrar súrefnisvirkni:	
2912.2100	– – Bensaldehýð	3,00 kr./kg
2912.2900	– – Önnur	3,00 kr./kg
2912.3000	– Aldehýðalkóhól	3,00 kr./kg
	– Aldehýðeterar, aldehýðfenól og aldehýð með annarri súrefnisvirkni:	
2912.4100	– – Vanillín (4-hydroxy-3-metoxybensaldehýð)	3,00 kr./kg
2912.4200	– – Etylvanillín (3-etoxy-4-hydroxybensaldehýð)	3,00 kr./kg
2912.4900	– – Annað	3,00 kr./kg
2912.5000	– Hringliða fjölliður aldehýða	3,00 kr./kg
2912.6000	– Paraformaldehýð	3,00 kr./kg
Úr 2914	**Keton og kínon, einnig með annarri súrefnisvirkni og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:**	
	– Raðtengd keton án annarrar súrefnisvirkni:	
2914.1100	– Aceton	3,00 kr./kg
2914.1200	– – Bútanon (metyletylketon)	3,00 kr./kg
2914.1300	– – 4-Metylpentan-2-on (metylísóbutylketon)	3,00 kr./kg

Úr 3814	**Lífræn samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0001	– Þynnar	3,00 kr./kg
3814.0009	– Annað	3,00 kr./kg

Viðauki VI.

Halógeneruð efnasambönd.

Á halógeneruð efnasambönd sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Mettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatsefna:	
2903.1100	– – Klórmetan (metylklóríð) og klóretan (etylklóríð)	105,00 kr./kg
2903.1200	– – Díklórmetan (metylenklóríð)	105,00 kr./kg
2903.1300	– – Klóróform (tríklórmetan)	105,00 kr./kg
2903.1400	– – Kolefnistetraklóríð	105,00 kr./kg
2903.1500	– – 1,2-Díklóretan (etylendíklóríð)	105,00 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.1901	– – – 1,1,1-Þríklóretan (metýl klóróform)	105,00 kr./kg
2903.1909	– – – Annars	105,00 kr./kg
	– Ómettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.2100	– – Vinylklóríð (klóretylen)	105,00 kr./kg
2903.2200	– – Tríklóretylen	105,00 kr./kg
2903.2300	– – Tetraklóretylen (perklóretýlen)	105,00 kr./kg
2903.2900	– – Önnur	105,00 kr./kg
	– Flúor-, bróm- eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3090	– – Aðrar	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4300	– – Þríklórþríflúoretan	105,00 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.4910	– – – Brómklórmetan	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður cyclan-, cyclen- eða cyclóterpenkolvatnsefna:	
2903.5100	– – 1,2,3,4,5,6-Hexaklórcyclóhexan	105,00 kr./kg
2903.5900	– – Önnur	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður arómatískra kolvatnsefna:	
2903.6100	– – Klórbensen, o-díklórbensen og p-díklórbensen	105,00 kr./kg
2903.6200	– – Hexaklórbensen og DDT (1,1,1,-tríklór- 2,2-bis(p-klórfenyl) etan)	105,00 kr./kg
2903.6900	– – Aðrar	105,00 kr./kg
Úr 3814	**Lífrænt samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0002	– Málningar- eða lakkeyðar	105,00 kr./kg

Viðauki VII.

Ísócýanöt og pólyúretön.

Á ísócýanöt og pólyúretön sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. og 39. kafla tollskrárinnar:

2929	**Sambönd með annarri köfnunarefnisvirkni:**	
2929.1000	– Ísócýanöt	1,30 kr./kg
2929.9000	– Annað	1,30 kr./kg

Úr 3909	**Amínóresín, fenólresín og pólyúretön, í frumgerðum:**	
	– Pólyúretön:	
3909.5001	– – Upplausnir, þeytur og deig	1,30 kr./kg
3909.5009	– – Önnur	1,30 kr./kg

Viðauki VIII.

Málning.

Á málningarvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3205 3205.0000	**Litlögur (colour lakes); framleiðsla, sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla, að meginstofni úr litlegi**	17,00 kr./kg
3208	**Málning og lökk (þar með talin smeltlökk og lakkmálning) að meginstofni úr syntetískum fjölliðum (polymers) eða kemískt umbreyttum náttúrulegum fjölliðum, dreifðum eða uppleystum í vatnssnauðum miðli; lausnir skýrgreindar í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
	– Að meginstofni úr pólyesterum:	
3208.1001	– – Með litunarefnum	17,00 kr./kg
3208.1002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
3208.1003	– – Viðarvörn	17,00 kr./kg
3208.1004	– – Alkyð- og olíumálning, með eða án litunarefna	17,00 kr./kg
3208.1009	– – Annað	17,00 kr./kg
	– Að meginstofni úr akryl- eða vinylfjölliðum:	
3208.2001	– – Með litunarefnum	17,00 kr./kg
3208.2002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
3208.2009	– – Annað	17,00 kr./kg
	– Annað:	
3208.9001	– – Með litunarefnum (t.d. epoxíð, pólyúretan, klór-gúm, sellulósi o.fl.)	17,00 kr./kg
3208.9002	– – Án litunarefna	17,00 kr./kg
3208.9003	– – Upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla	17,00 kr./kg
3208.9009	– – Annars	17,00 kr./kg
3210	**Önnur málning og lökk (þar með talin smeltlökk, lakkmálning og límmálning, (distemper)); unnir vatnsdreifulitir notaðir við lokavinnslu á leðri:**	
	– Málning og lökk:	
3210.0011	– – Blakkfernis, asfalt- og tjörumálning	17,00 kr./kg
3210.0012	– – Önnur málning og lökk (t.d. epoxy- eða pólyúretan-lökk o.fl.), með eða án leysiefna, einnig í samstæðum með herði	17,00 kr./kg
3210.0019	– – Annað	17,00 kr./kg
	– Annað:	
3210.0021	– – Bæs	17,00 kr./kg
3210.0029	– – Annars	17,00 kr./kg
32113211.0000	**Unnin þurrkefni**	17,00 kr./kg
3212	**Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilitir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:**	
	– Annað:	
3212.9001	– – Áldeig	17,00 kr./kg
3212.9009	– – Annars	17,00 kr./kg
3213	**Litir til listmálunar, kennslu, skiltagerðar, blæbrigða, dægradvalar og þess háttar, í töflum, skálpum, krukkum, flöskum, skálum eða í áþekkri mynd eða umbúðum:**	
3213.1000	– Litir í samstæðum	17,00 kr./kg
3213.9000	– Aðrir	17,00 kr./kg

Úr 3214	**Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl; óeldföst efni til yfirborðslagningar á byggingar eða innanhúss á veggi, gólf, loft eða þess háttar:**	
	– Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl:	
3214.1001	– – Innsiglislakk	17,00 kr./kg
3214.1002	– – Kítti	17,00 kr./kg
3214.1003	– – Önnur þéttiefni	17,00 kr./kg

Viðauki IX.

Prentlitir.

Á prentliti sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3212	**Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilitir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:**	
3212.1000	– Prentþynnur	20,00 kr./kg
3215	**Prentlitir, rit- eða teikniblek og annað blek, einnig kjarnað eða í föstu formi:**	
	– Prentlitir:	
3215.1100	– – Svartir	20,00 kr./kg
3215.1900	– – Aðrir	20,00 kr./kg
3215.9000	– Annað	20,00 kr./kg

Viðauki X.

Rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar.

Á rafhlöður sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 85. kafla tollskrárinnar:

8506	**Frumrafhlöð og frumrafhlöður:**	
8506.1000	– Mangandíoxíð	91,00 kr./kg
8506.3000	– Kvikasilfuroxíð	559,00 kr./kg
8506.4000	– Silfuroxíð	559,00 kr./kg
8506.5000	– Liþíum	171,00 kr./kg
8506.6000	– Loft-sink	559,00 kr./kg
	– Önnur frumrafhlöð og frumrafhlöður:	
8506.8001	– – Alkalískar hnapparafhlöður	5,00 kr./stk.
8506.8009	– – Annað	91,00 kr./kg
8506.9000	– Hlutar	91,00 kr./kg
Úr 8507	**Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir (þar með taldar ferningslaga):**	
	– Nikkilkadmíum:	
8507.3001	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	202,00 kr./kg
8507.3009	– – Aðrir	202,00 kr./kg
8507.4000	– Nikkeljárn	91,00 kr./kg
	– Aðrir geymar:	
8507.8010	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	91,00 kr./kg
	– – Aðrir:	
8507.8091	– – – Með vökva	91,00 kr./kg
8507.8099	– – – Án vökva	91,00 kr./kg

8507.9009	– – Aðrir	91,00 kr./kg
Úr 8543	**Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
8543.4000	– Orkugjafar fyrir rafmagnsgirðingar	202,00 kr./kg
Úr 8548	**Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar; rafmagnshlutar til vélbúnaðar eða tækjabúnaðar, ót.a. í þessum kafla:**	
8548.1000	– Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar	202,00 kr./kg

Viðauki XI.

Blýsýrurafgeymar.

Á rafgeyma (blýsýrurafgeyma) sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, eða eru hluti af vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja úrvinnslugjald. Úrvinnslugjald á rafgeyma skal reiknað með tvennum hætti. Annars vegar sem tiltekin fjárhæð á hvert stykki þeirra vara sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, en hins vegar fyrir hvert kílógramm rafgeymis sem er sérinnfluttur eða er hluti vöru sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer:

Úr 84., 85., 87. og 89. kafla tollskrárinnar:

Úr 8426	**Skipabómur, kranar, þar með taldir kapalkranar; hreyfanlegar lyftigrindur, klofberar og kranabúnir vinnuvagnar:**	
	– Brautarkranar í loft, flutningakranar, gálgakranar, brúarkranar, hreyfanlegir lyftikranar og klofberar:	
8426.1100	– – Brautarkranar í loft á fastri undirstöðu	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Hreyfanlegar lyftigrindur á hjólum með hjólbörðum og klofberar:	
8426.1201	– – – Klofberar	1.672,00 kr./stk.
8426.1209	– – – Annað	836,00 kr./stk.
8426.1900	– – Annað	1.672,00 kr./stk.
8426.2000	– Turnkranar	19,00 kr./kg rafgeyma
8426.3000	– Bómukranar á súlufótum	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn:	
	– – Á hjólum með hjólbörðum:	
8426.4101	– – – Vinnuvagnar búnir krana	627,00 kr./stk.
8426.4102	– – – Vinnuvélar búnar framlengjanlegri fastri lyftibómu fyrir útskiptanlegan vökvaknúinn búnað eins og gaffla, skóflur, griptæki o.þ.h.	627,00 kr./stk.
8426.4109	– – – Annar	836,00 kr./stk.
8426.4900	– – Annars	836,00 kr./stk.
Úr 8427	**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	19,00 kr./kg rafgeyma
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	627,00 kr./stk.
8429	**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**	
	– Jarðýtur:	
8429.1100	– – Á beltum	1.672,00 kr./stk.
8429.1900	– – Aðrar	1.672,00 kr./stk.
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	1.672,00 kr./stk.
8429.2009	– – Annað	1.672,00 kr./stk.
8429.3000	– Skafarar	1.672,00 kr./stk.
8429.4000	– Vélþjöppur og valtarar	836,00 kr./stk.
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framendaámokstursvélar	1.672,00 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	1.672,00 kr./stk.
8429.5900	– – Aðrar	1.672,00 kr./stk.

Úr 8430	**Annar vélbúnaður til að færa, hefla, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda, vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar:**	
8430.1000	– Fallhamrar og stauratogarar	1.672,00 kr./stk.
8430.2000	– Snjóplógar og snjóblásarar	1.672,00 kr./stk.
	– Kola- eða bergskerar og gangagerðarvélar:	
8430.3100	– – Sjálfknúið	1.672,00 kr./stk.
8430.3900	– – Annað	1.672,00 kr./stk.
	– Aðrar bor- eða brunnavélar:	
8430.4100	– – Sjálfknúnar	836,00 kr./stk.
8430.4900	– – Annars	836,00 kr./stk.
8430.5000	– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn	1.672,00 kr./stk.
	– Annar vélbúnaður, ekki sjálfknúinn:	
	– – Annars:	
8430.6990	– – – Annar	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8479	**Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
8479.1000	– Vélbúnaður til opinberra verklegra framkvæmda, mannvirkjagerðar o.þ.h.	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8504	**Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:**	
	– Aðrir spennar:	
8504.3100	– – 1 kVA eða minni	19,00 kr./kg rafgeyma
8504.3200	– – Stærri en 1 kVA til og með 16 kVA	19,00 kr./kg rafgeyma
8504.3300	– – Stærri en 16 kVA til og með 500 kVA	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8507	**Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir (þar með taldar ferningslaga):**	
	– Blýsýrugeymar, til að gangsetja stimpilvélar:	
8507.1001	– – Með sýru	19,00 kr./kg
8507.1009	– – Án sýru	26,60 kr./kg
	– Aðrir blýsýrugeymar:	
8507.2001	– – Með sýru	19,00 kr./kg
8507.2009	– – Án sýru	26,60 kr./kg
8507.9000	– – Til blýsýrurafgeyma	26,60 kr./kg
8701	**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**	
	– Dráttarvélar stjórnað af gangandi	104,50 kr./stk.
8701.1001	– – Nýjar	104,50 kr./stk.
8701.1009	– – Notaðar	104,50 kr./stk.
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8701.2011	– – – Nýjar	836,00 kr./stk.
8701.2019	– – – Notaðar	836,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8701.2021	– – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8701.2029	– – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
8701.3000	– Beltadráttarvélar	627,00 kr./stk.
	– Aðrar:	
8701.9010	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	1.672,00 kr./stk.
8701.9020	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
	– – Annars:	
8701.9091	– – – Nýtt	1.672,00 kr./stk.
8701.9099	– – – Notað	1.672,00 kr./stk.

8702	**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.1011	– – – Ný	836,00 kr./stk.
8702.1019	– – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.1021	– – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8702.1029	– – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur:	
8702.9010	– – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.9021	– – – Ný	418,00 kr./stk.
8702.9029	– – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.9091	– – – Ný	418,00 kr./stk.
8702.9099	– – – Notuð	418,00 kr./stk.
8703	**Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:**	
	– Ökutæki sérstaklega gerð til aksturs í snjó; golf-bifreiðar og áþekk ökutæki:	
	– – Á beltum:	
8703.1010	– – – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – – Vélsleðar (beltabifhjól):	
8703.1021	– – – – Nýir	104,50 kr./stk.
8703.1029	– – – – Notaðir	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
8703.1031	– – – – Með 2000 cm^3 sprengirými, eða minna	313,50 kr./stk.
8703.1039	– – – – Með meira en 2000 cm^3 sprengirými	313,50 kr./stk.
	– – – Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
8703.1041	– – – – Með 2000 cm^3 sprengirými, eða minna	418,00 kr./stk.
8703.1049	– – – – Með meira en 2000 cm^3 sprengirými	418,00 kr./stk.
	– – Önnur:	
8703.1091	– – – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma
8703.1092	– – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
8703.1099	– – – Annars	104,50 kr./stk.
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Með 1000 cm^3 sprengirými eða minna:	
8703.2110	– – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2121	– – – – Ný	313,50 kr./stk.
8703.2129	– – – – Notuð	313,50 kr./stk.
	– – Með meira en 1000 cm^3 til og með 1500 cm^3 sprengirými:	
8703.2210	– – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2221	– – – – Ný	313,50 kr./stk.
8703.2229	– – – – Notuð	313,50 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:	
8703.2310	– – – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2321	– – – – – Ný	313,50 kr./stk.
8703.2329	– – – – – Notuð	313,50 kr./stk.

	– – – Með meira en 2000 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:	
8703.2330	– – – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2341	– – – – – Ný	313,50 kr./stk.
8703.2349	– – – – – Notuð	313,50 kr./stk.
	– – Með meira en 3000 cm^3 sprengirými:	
8703.2410	– – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2491	– – – – Ný	313,50 kr./stk.
8703.2499	– – – – Notuð	313,50 kr./stk.
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Með 1500 cm^3 sprengirými eða minna:	
8703.3110	– – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.3121	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3129	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:	
8703.3210	– – – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.3221	– – – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3229	– – – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými:	
8703.3250	– – – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.3291	– – – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3299	– – – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Með meira en 2500 cm^3 sprengirými:	
8703.3310	– – – Fjórhjól	104,50 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.3321	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8703.3329	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8703.9011	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8703.9019	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur en rafknúin:	
8703.9091	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8703.9099	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8704	**Ökutæki til vöruflutninga:**	
	– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:	
8704.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8704.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:	
8704.2111	– – – – Nýjar	836,00 kr./stk.
8704.2119	– – – – Notaðar	836,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2121	– – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.2129	– – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2191	– – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.2199	– – – – Notuð	836,00 kr./stk.

	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:	
8704.2210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.672,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2211	– – – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8704.2219	– – – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2221	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2229	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2291	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2299	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.672,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	– – – – Nýjar	1.672,00 kr./stk.
8704.2319	– – – – Notaðar	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2321	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2329	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2391	– – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.2399	– – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	– – – – Nýjar	418,00 kr./stk.
8704.3119	– – – – Notaðar	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3121	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3129	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3191	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3199	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	418,00 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	– – – – Nýjar	418,00 kr./stk.
8704.3219	– – – – Notaðar	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3221	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3229	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3291	– – – – Ný	418,00 kr./stk.
8704.3299	– – – – Notuð	418,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8704.9011	– – – Ný	19,00 kr./kg rafgeyma
8704.9019	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur en rafknúin:	
8704.9020	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	836,00 kr./stk.
	– – – Önnur að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.9041	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9049	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.

	– – – – Með vörupalli:	
8704.9051	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9059	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – – Með vörurými:	
8704.9061	– – – – – Ný	836,00 kr./stk.
8704.9069	– – – – – Notuð	836,00 kr./stk.
	– – – Önnur að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
	– – – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.9071	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.9079	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – – Með vörupalli:	
8704.9081	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.9089	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
	– – – – Með vörurými:	
8704.9091	– – – – – Ný	1.672,00 kr./stk.
8704.9099	– – – – – Notuð	1.672,00 kr./stk.
8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**	
	– Kranabifreiðar:	
8705.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	Borkranabifreiðar:	
8705.2001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.2009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.3009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr./stk.
8705.4009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	– – – Snjóplógar	836,00 kr./stk.
8705.9012	– – – Gálgabifreiðar	836,00 kr./stk.
8705.9019	– – – Annars	836,00 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	– – – Snjóplógar	1.672,00 kr./stk.
8705.9022	– – – Gálgabifreiðar	1.672,00 kr./stk.
8705.9029	– – – Annars	1.672,00 kr./stk.
8706	**Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701–8705:**	
8706.0001	– Fyrir almenningsbifreiðar og vörubifreiðar	1.672,00 kr./stk.
8706.0009	– Aðrar	418,00 kr./stk.
Úr 8709	**Vinnuvagnar, sjálfknúnir, án tækja til lyftingar eða meðhöndlunar, til nota í verksmiðjum, vörugeymslum, á hafnarsvæðum eða flugvöllum til flutnings á vörum stuttar vegalengdir; dráttarvélar til nota á stöðvarpöllum járnbrauta; hlutar til framangreindra ökutækja:**	
	– Ökutæki:	
8709.1100	– – Rafknúin	19,00 kr./kg rafgeyma
8709.1900	– – Önnur	627,00 kr./stk.
8710 8710.0000	**Skriðdrekar og aðrir brynvarðir stríðsvagnar, vélknúnir, einnig búnir vopnum, og hlutar til slíkra ökutækja**	1.672,00 kr./stk.

Úr 8711	**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**	
8711.1000	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm^3 eða minna	104,50 kr./stk.
8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm^3 sprengirými til og með 250 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm^3 sprengirými til og með 500 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm^3 sprengirými til og með 800 cm^3	104,50 kr./stk.
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm^3 sprengirými	104,50 kr./stk.
	– Annað:	
	– – Annars:	
8711.9091	– – – Rafknúin vélhjól	19,00 kr./kg rafgeyma
8711.9092	– – – Bifhjól, ót.a.	104,50 kr./stk.
Úr 8713	**Ökutæki fyrir fatlaða, einnig vélknúin eða knúin á annan vélrænan hátt:**	
8713.9000	– Önnur	104,50 kr./stk.
8901	**Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða, ferjur, flutningaskip, vöruflutningaprammar og svipuð för til flutnings á mönnum eða vörum:**	
	– Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar:	
8901.1001	– – Ferjur, hvers konar	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.1009	– – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.2000	– Tankskip	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.3000	– Kæliskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:	
8901.9001	– – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8901.9009	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
8902	**Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:**	
	– Vélskip:	
	– – Meira en 250 rúmlestir:	
8902.0011	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0019	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:	
8902.0021	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0029	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – 10 til og með 100 rúmlestir:	
8902.0031	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0039	– – – Önnur	19,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur:	
8902.0041	– – – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0049	– – – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Önnur:	
8902.0091	– – Notuð	19,00 kr./kg rafgeyma
8902.0099	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8903	**Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:**	
8903.1009	– – Annað	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8903.9100	– – Seglbátar, einnig með hjálparvél	19,00 kr./kg rafgeyma
8903.9200	– – Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	19,00 kr./kg rafgeyma
8903.9909	– – Aðrir	19,00 kr./kg rafgeyma
8904 8904.0000	**Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum**	19,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8905	**Vitaskip, slökkviskip, dýpkunarskip, flotkranar og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:**	
8905.1000	– Dýpkunarskip	19,00 kr./kg rafgeyma

8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar	19,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8905.9009	– – Annars	19,00 kr./kg rafgeyma
8906	**Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar:**	
8906.1000	– Herskip	19,00 kr./kg rafgeyma
8906.9000	– Annað	19,00 kr./kg rafgeyma
8908 8908.0000	**För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs**	19,00 kr./kg rafgeyma

Viðauki XII.

Vörur í ljósmyndaiðnaði.

Á vörur í ljósmyndaiðnaði sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 37. kafla tollskrárinnar.

Úr 3707	**Kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar:**	
	– Annað:	
	– – Annars:	
	– – – Upplausnir:	
3707.9020	– – – – Notaðar án þynningar með vatni	36,75 kr./kg
	– – – – Þynntar með vatni fyrir notkun:	
3707.9031	– – – – – Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hluti kemísks efnis, minna en tveir hlutar vatns)	61,25 kr./kg
3707.9032	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:2 og minna en 1:3 (einn hluti kemísks efnis, minna en þrír hlutar vatns)	122,50 kr./kg
3707.9033	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:3 og minna en 1:4 (einn hluti kemísks efnis, minna en fjórir hlutar vatns)	147,00 kr./kg
3707.9034	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:4 og minna en 1:5 (einn hluti kemísks efnis, minna en fimm hlutar vatns)	196,00 kr./kg
3707.9035	– – – – – Í rúmmálshlutföllum 1:5 eða meira (einn hluti kemísks efnis, fimm hlutar vatns eða meira)	294,00 kr./kg
3707.9099	– – – – Annars	294,00 kr./kg

Viðauki XIII.

Kvikasilfursvörur.

Á kvikasilfursvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir:

Úr 28. og 30. kafla tollskrárinnar:

Úr 2805	**Alkalí- eða jarðmálmar; sjaldgæfir jarðmálmar, skandín og yttrín, einnig innbyrðis blöndur þeirra eða málmblendi; kvikasilfur:**	
2805–4000	– Kvikasilfur	900 kr./kg
Úr 3006	**Vörur til lækninga sem tilgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
	– Tannsement og annað tannfyllingarefni; beinmyndunarsement:	
3006–4002	– – Silfuramalgam til tannfyllinga	900 kr./kg

Viðauki XIV.

Varnarefni.

Á varnarefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 29. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
	– – Aðrar:	
2903.4990	– – – Annað	3,00 kr./kg

Úr 38. kafla tollskrárinnar:

3808	**Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun og efni til að stjórna plöntuvexti, sótthreinsandi efni og áþekkar vörur í formi eða umbúðum til smásölu eða sem blöndur eða hlutir (t.d. brennisteinsunnin bönd, kveikir og kerti, og flugnaveiðarar):**	
3808.1000	– Skordýraeyðir	3,00 kr./kg
	– Sveppaeyðir:	
3808.2001	– – Fúavarnarefni	3,00 kr./kg
3808.2009	– – Annað	3,00 kr./kg
3808.3000	– Illgresiseyðir, spírunareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti	3,00 kr./kg
3808.4000	– Sótthreinsandi efni	3,00 kr./kg
3808.9000	– Annað	3,00 kr./kg

Viðauki XV.

Kælimiðlar.

Á kælimiðla sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér greinir.

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Flúor-, bróm- eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3010	– – Tetraflúoretan	2,50 kr./kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4100	– – Þríklórflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4200	– – Díklórdíflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4400	– – Díklórtetraflúoretan og klórpentaflúoretan	2,50 kr./kg
	– – Aðrar perhalógenafleiður einungis með flúor og klór:	
2903.4510	– – – Klórþríflúormetan	2,50 kr./kg
2903.4520	– – – Pentaklórflúoretan	2,50 kr./kg
2903.4530	– – – Tetraklórdíflúoretan	2,50 kr./kg
2903.4540	– – – Heptaklórflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4550	– – – Hexaklórdíflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4560	– – – Pentaklórþríflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4570	– – – Tetraklórtetraflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4580	– – – Þríklórpentaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4591	– – – Díklórhexaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4599	– – – Klórheptaflúorprópan	2,50 kr./kg
2903.4700	– – Aðrar perhalógenafleiður	2,50 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.4920	– – – Klórdíflúormetan	2,50 kr./kg

Úr 3824	**Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum) ót.a.:**	
	– Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
3824.7100	– – Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna, einungis með flúor eða klór	2,50 kr./kg
3824.7900	– – Aðrar	2,50 kr./kg
	– Annað:	
3824.9005	– – Kælimiðlablöndur sem innihalda klórtetraflúoretan, klórflúoretan eða klórdíflúormetan	2,50 kr./kg
3824.9006	– – Aðrir kælimiðlar	2,50 kr./kg

Viðauki XVI.

Hjólbarðar.

Á hjólbarða sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 40., 87. og 84. kafla tollskrárinnar.

4011	**Nýir lofthjólbarðar, úr gúmmíi:**	
4011.1000	– Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	36,02 kr./kg
4011.2000	– Fyrir almenningsvagna og vörubifreiðar	36,02 kr./kg
4011.3000	– Fyrir flugvélar	36,02 kr./kg
4011.4000	– Fyrir bifhjól	36,02 kr./kg
4011.5000	– Fyrir reiðhjól	36,02 kr./kg
	– Aðrir, beinteinóttir eða með áþekku mynstri:	
4011.6100	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar- eða skógræktarnota	36,02 kr./kg
4011.6200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.6300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.6900	– – Annars	36,02 kr./kg
	– Aðrir:	
4011.9200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar- eða skógræktarnota	36,02 kr./kg
4011.9300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.9400	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	36,02 kr./kg
4011.9900	– – Annars	36,02 kr./kg
4012	**Sólaðir eða notaðir lofthjólbarðar úr gúmmíi; gegnheilir eða púðurhjólbarðar, hjólbarðaslitfletir og felgubönd úr gúmmíi:**	
	– Sólaðir hjólbarðar:	
4012.1100	– – Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	36,02 kr./kg
4012.1200	– – Fyrir almenningsvagna eða vörubifreiðar	36,02 kr./kg
4012.1300	– – Fyrir flugvélar	36,02 kr./kg
4012.1900	– – Aðrir	36,02 kr./kg
4012.2000	– Notaðir lofthjólbarðar	36,02 kr./kg
4012.9000	– Annað	36,02 kr./kg
Úr 8701	**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**	
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8701.2011	– – – Nýjar	16.208 kr./stk.

8701.2019	– – – Notaðar	16.208 kr./stk.
	– Aðrar:	
8701.9010	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	16.208 kr./stk.
8701.9020	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	16.208 kr./stk.
	– – Annars:	
8701.9091	– – – Nýtt	7.204 kr./stk.
8701.9099	– – – Notað	7.204 kr./stk.
8702	**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.1011	– – – Ný	8.320 kr./stk.
8702.1019	– – – Notuð	8.320 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.1021	– – – Ný	18.909 kr./stk.
8702.1029	– – – Notuð	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
8702.9010	– – Rafknúin	18.909 kr./stk.
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.9021	– – – Ný	8.320 kr./stk.
8702.9029	– – – Notuð	8,320 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.9091	– – – Ný	18.909 kr./stk.
8702.9099	– – – Notuð	18.909 kr./stk.
Úr 8703	**Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:**	
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Með 1000 cm^3 sprengirými eða minna:	
8703.2110	– – – Fjórhjól	900 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2121	– – – – Ný	1.261 kr./stk.
8703.2129	– – – – Notuð	1.261 kr./stk.
	– – Með 1000 cm^3 sprengirými til og með 1500 cm^3 sprengirými:	
8703.2210	– – – Fjórhjól	900 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2221	– – – – Ný	1.621 kr./stk.
8703.2229	– – – – Notuð	1.621 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm^3 til og með 2000 cm^3 sprengirými:	
8703.2310	– – – – Fjórhjól	1.081 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2321	– – – – – Ný	1.621 kr./stk.
8703.2329	– – – – – Notuð	1.621 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:	
8703.2330	– – – – Fjórhjól	1.081 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2341	– – – – – Ný	2.161 kr./stk.
8703.2349	– – – – – Notuð	2.161 kr./stk.
	– – Með meira en 3000 cm^3 sprengirými:	
8703.2410	– – – – Fjórhjól	1.441 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2491	– – – – – Ný	2.701 kr./stk.

8703.2499 – – – – –Notuð ..... 2.701 kr./stk.
– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálfdísil):
– – Með 1500 cm³ sprengirými eða minna:
8703.3110 – – – Fjórhjól ..... 864 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.3121 – – – – Ný ..... 1.621 kr./stk.
8703.3129 – – – – Notuð ..... 1.621 kr./stk.
– – Með meira en 1500 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:
– – – Með meira en 1500 cm³ til og með 2000 cm³ sprengirými:
8703.3210 – – – – Fjórhjól ..... 1.441 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.3221 – – – – –Ný ..... 1.621 kr./stk.
8703.3229 – – – – –Notuð ..... 1.801 kr./stk.
– – – Með meira en 2000 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:
8703.3250 – – – – Fjórhjól ..... 1.441 kr./stk.
– – – – Önnur:
8703.3291 – – – – –Ný ..... 2.161 kr./stk.
8703.3299 – – – – –Notuð ..... 2.161 kr./stk.
– – Með meira en 2500 cm³ sprengirými:
8703.3310 – – – Fjórhjól ..... 1.441 kr./stk.
– – – Önnur:
8703.3321 – – – – Ný ..... 2.701 kr./stk.
8703.3329 – – – – Notuð ..... 2.701 kr./stk.
– Önnur:
– – Rafknúin:
8703.9011 – – – Ný ..... 1.801 kr./stk.
8703.9019 – – – Notuð ..... 1.801 kr./stk.
– – Önnur en rafknúin:
8703.9091 – – – Ný ..... 1.801 kr./stk.
8703.9099 – – – Notuð ..... 1.801 kr./stk.

Úr 8704 Ökutæki til vöruflutninga:
– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:
8704.1009 – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn ..... 32.416 kr./stk.
– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil- eða hálfdísil):
– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:
– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:
8704.2111 – – – – Nýjar ..... 3.782 kr./stk.
8704.2119 – – – – Notaðar ..... 3.782 kr./stk.
– – – Með vörupalli:
8704.2121 – – – – Ný ..... 3.782 kr./stk.
8704.2129 – – – – Notuð ..... 3.782 kr./stk.
– – – Með vörurými:
8704.2191 – – – – Ný ..... 3.782 kr./stk.
8704.2199 – – – – Notuð ..... 3.782 kr./stk.
– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:
8704.2210 – – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög ..... 21.611 kr./stk.
– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:
8704.2211 – – – – Nýjar ..... 18.909 kr./stk.
8704.2219 – – – – Notaðar ..... 18.909 kr./stk.
– – – Með vörupalli:
8704.2221 – – – – Ný ..... 18.909 kr./stk.
8704.2229 – – – – Notuð ..... 18.909 kr./stk.
– – – Með vörurými:
8704.2291 – – – – Ný ..... 18.909 kr./stk.

8704.2299	– – – – Notuð	18.909 kr./stk.
	– – Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	31.696 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	– – – – Nýjar	31.696 kr./stk.
8704.2319	– – – – Notaðar	31.696 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2321	– – – – Ný	31.696 kr./stk.
8704.2329	– – – – Notuð	31.696 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2391	– – – – Ný	31.696 kr./stk.
8704.2399	– – – – Notuð	31.696 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	– – – – Nýjar	3.782 kr./stk.
8704.3119	– – – – Notaðar	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3121	– – – – Ný	3.782 kr./stk.
8704.3129	– – – – Notuð	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3191	– – – – Ný	3.782 kr./stk.
8704.3199	– – – – Notuð	3.782 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	3.782 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	– – – – Nýjar	3.782 kr./stk.
8704.3219	– – – – Notaðar	3.782 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3221	– – – – Nýjar	18.909 kr./stk.
8704.3229	– – – – Notaðar	18.909 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3291	– – – – Nýjar	18.909 kr./stk.
8704.3299	– – – – Notaðar	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8704.9011	– – – Ný	5.043 kr./stk.
8704.9019	– – – Notuð	5.043 kr./stk.
Úr 8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**	
	– Kranabifreiðar:	
8705.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.
8705.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	36.018 kr./stk.
	– Borkranabifreiðar:	
8705.2001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.
8705.2009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	36.018 kr./stk.
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	3.530 kr./stk.
8705.3009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	25.213 kr./stk.
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	5.043 kr./stk.

8705.4009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	18.909 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	– – – Snjóplógar	5.043 kr./stk.
8705.9012	– – – Gálgabifreiðar	3.782 kr./stk.
8705.9019	– – – Annars	3.782 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	– – – Snjóplógar	25.213 kr./stk.
8705.9022	– – – Gálgabifreiðar	18.909 kr./stk.
8705.9029	– – – Annars	18.909 kr./stk.
Úr 8711	**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**	
8711.1000	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm³ eða minna	288 kr./stk.
8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm³ sprengirými til og með 250 cm³	432 kr./stk.
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm³ sprengirými til og með 500 cm³	432 kr./stk.
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm³ sprengirými til og með 800 cm³	432 kr./stk.
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm³ sprengirými	576 kr./stk.
	– Annað:	
8711.9010	– – Hliðarvagnar	1.441 kr./stk.
	– – Annars:	
8711.9091	– – – Rafknúin vélhjól	288 kr./stk.
8711.9092	– – – Bifhjól ót.a.	288 kr./stk.
8711.9099	– – – Annað	288 kr./stk.
87128712.0000	**Reiðhjól og önnur hjól (þar með talin þríhjól til vöruflutninga), án vélar**	72,00 kr./stk.
Úr 8716	**Tengivagnar og festivagnar; önnur ökutæki ekki vélrænt knúin; hlutar til þeirra:**	
8716.1000	– Tengivagnar og festivagnar, til íbúðar eða ferðalaga	360 kr./stk.
	– Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota:	
	– – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.2011	– – – Nýir	1.441 kr./stk.
8716.2019	– – – Notaðir	1.441 kr./stk.
	– – Aðrir:	
8716.2091	– – – Nýir	1.441 kr./stk.
8716.2099	– – – Notaðir	1.441 kr./stk.
	– Aðrir tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga:	
	– – Tanktengivagnar og tankfestivagnar:	
8716.3101	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna	2.161 kr./stk.
8716.3109	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	21.611 kr./stk.
	– – Annars:	
	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.3911	– – – – Nýtt	1.441 kr./stk.
8716.3919	– – – – Notað	1.441 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd meira en 750 kg til og með 5 tonnum:	
8716.3921	– – – – Nýtt	2.161 kr./stk.
8716.3929	– – – – Notað	2.161 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8716.3991	– – – – Nýtt	21.611 kr./stk.
8716.3999	– – – – Notað	21.611 kr./stk.
8716.4000	– Aðrir tengivagnar og festivagnar	16.208 kr./stk.
8427	**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	3.602 kr./stk.

8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	5.043 kr./stk.
8427.9000	– Aðrir vagnar	5.043 kr./stk.
Úr 8429	**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**	
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	28.814 kr./stk.
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framenda ámokstursvélar	21.611 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 3603	21.611 kr./stk.
8429.5900	– – Aðrar	28.814 kr./stk.

745. Frumvarp til laga [405. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

1. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðsins „dýraverndarráðs“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis. Heimilt er Umhverfisstofnun að taka gjald fyrir útgáfu leyfisins. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfisins. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá um útgáfu leyfa samkvæmt ákvæði þessu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2.–3. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun gerir tillögur til ráðherra um setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna.

Um stefnumótandi mál, svo sem setningu reglugerða, skal leita umsagnar dýraverndarráðs.

b. 4. mgr. orðast svo:

Umhverfisráðherra skipar fjóra menn í dýraverndarráð. Bændasamtök Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Dýralæknafélag Íslands og Samband dýraverndunarfélaga Íslands skulu hvert um sig tilnefna einn mann í ráðið. Ráðið skiptir með sér verkum. Hlutverk þess er að vera Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar um dýraverndarmál.

5. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim sem verða þess varir að tilkynna það Umhverfisstofnun, héraðsdýralækni eða lögreglu í viðkomandi umdæmi.

Fulltrúum Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni er heimilt að fara á hvern þann stað þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 4. mgr. Lögregla skal aðstoða fulltrúa Umhverfisstofnunar og héraðsdýralækni ef með þarf.

Sé um minni háttar brot að ræða skal Umhverfisstofnun leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli Umhverfisstofnunar getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað.

Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Lögreglu ber að tilkynna Umhverfisstofnun þessar aðgerðir þegar í stað. Lögreglustjóri ákveður í framhaldi af því, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og héraðsdýralæknis, hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr. Á meðan dýrin eru í vörslu lögreglu er sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé sveitarstjórn það af einhverjum ástæðum ókleift og telji nauðsynlegt að láta bjóða dýrin upp, selja þau til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti skal eiganda eða umsjónarmanni dýranna þegar tilkynnt um þau áform og honum gefinn kostur á, sé það mögulegt, að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin uns dómur fellur, sbr. 6. mgr.

Telji Umhverfisstofnun nauðsynlegt, til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum, getur Umhverfisstofnun fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt eiganda eða umsjónarmann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr.

Nú vill eigandi eða umsjónarmaður dýra ekki hlíta þeim aðgerðum eða ákvörðunum sem fyrir er mælt í 4. og 5. mgr. og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara, hvort sem er sérstaklega eða í opinberu máli sem höfðað kann að vera á hendur honum. Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd ákvarðana skv. 4. og 5. mgr.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákveða að eigandi eða umsjónarmaður dýra skuli bera kostnað af aðgerðum skv. 2. og 4. mgr. Ákvörðun um greiðslu kostnaðar er aðfararhæf.

III. KAFLI

Breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

6. gr.

Í stað orðanna „eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna, orðsins „eiturefnaeftirlitsins“ í 2. mgr. 2. gr., orðsins „Eftirlitið“ í 3. mgr. 2. gr., orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 6. mgr. 23. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

7. gr.

Orðin „að höfðu samráði við eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins og“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Orðin „og Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 22. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna, orðsins „Hollustuvernd“ í 3. mgr. 8. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

10. gr.

4. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Breytingar á lögum um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, nr. 17/2000.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:
   Umhverfisráðherra fer með framkvæmd mála samkvæmt lögum þessum í samstarfi við dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra.
b. 1. mgr., sem verður 2. mgr., orðast svo:
   Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Ríkislögreglustjóri annast framkvæmd samningsins að því er varðar viðbúnað fyrir almenning.
c. Í stað orðsins „Hollustuvernd“ í 2., 3. og 4. mgr., sem verða 3., 4. og 5. mgr., kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

12. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

VI. KAFLI

Breytingar á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979, með síðari breytingum.

13. gr

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

VII. KAFLI

Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

14. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. a laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

15. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.

VIII. KAFLI

Breytingar á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

16. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gilda lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

17. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands.

IX. KAFLI

Breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

X. KAFLI

Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 5. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XI. KAFLI

Breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „í samvinnu við embætti veiðistjóra“ í f-lið 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í i-lið 2. mgr. kemur: Umhverfisstofnun.

21. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í e-lið 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

XII. KAFLI
Breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 6. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

23. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar.

XIII. KAFLI
Breytingar á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, með síðari breytingum.

24. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XIV. KAFLI
Breytingar á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

25. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í 10. tölul. 7. gr. laganna og orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 36. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XV. KAFLI
Breytingar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

26. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 2. mgr. 6. gr. laganna og orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 2. mgr. 11. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XVI. KAFLI
Breytingar á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

27. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. tölul. 2. mgr. og 5. mgr. 5. gr. laganna og orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. 17. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

XVII. KAFLI
Breytingar á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

29. gr.

Orðin „Náttúruverndar ríkisins“ í 21. gr. laganna falla brott.

XVIII. KAFLI
Breytingar á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

XIX. KAFLI
Breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, með síðari breytingum.

31. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „samþykki Breiðafjarðarnefndar“ í 2. mgr. kemur: leyfi Umhverfisstofnunar.
b. Í stað orðanna „dómi Breiðafjarðarnefndar“ í 3. mgr. kemur: mati Umhverfisstofnunar.

XX. KAFLI
Breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

33. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný orðskýring sem orðast svo: *Ágangssvæði:* nánar skilgreint svæði þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu.

34. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera umhverfisráðherra til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem tilefni er til.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla.

Um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal haft samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð að því er varðar hreindýr, Skotveiðifélag Íslands sem og áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisstofnun leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra.

35. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á villtum stofnum spendýra og fugla og metur ástand þeirra, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra. Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 2. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.
b. 3. mgr. orðast svo:

Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði. Erindi samkvæmt þessu ákvæði skal svara eigi síðar en viku eftir að það berst ráðuneytinu.

c. Í stað orðsins „ráðgjafarnefndarinnar“ í 5. og 7. mgr. kemur: Náttúrufræðistofnunar Íslands.
d. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.
b. 2. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun getur veitt tímabundna undanþágu til að nota þær veiðiaðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

38. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Veiðistjóri“ í 1. og 4. mgr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.
b. 3. mgr. orðast svo:

Gjald fyrir veiðikort skal vera 2.200 kr. á ári. Gjaldið skal notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „veiðistjóraembættinu“ í 1. mgr., orðsins „veiðistjóraembætti“ í 2. málsl. 2. mgr., orðsins „veiðistjóraembættis“ í 4. mgr. og orðsins „veiðistjóra“ í 4. mgr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumann til minkaveiða.

b. Í stað orðsins „veiðistjóraembættis“ í 3. mgr. kemur: Umhverfisstofnunar.

42. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Hreindýr.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum, enda telji Umhverfisstofnun að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum.

Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til Umhverfisstofnunar sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega að fengnum tillögum stofnunarinnar. Við ákvörðun gjaldsins skal taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins og eftirlit og stjórn hreindýraveiða. Gjaldið skal þó ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði.

Umhverfisstofnun annast sölu veiðileyfa og eftirlit með hreindýraveiðum og ræður til þess eftirlitsmenn. Umhverfisstofnun skiptir arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra að fengnum tillögum hreindýraráðs. Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra um árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða að fengnum tillögum hreindýraráðs þar að lútandi.

Umhverfisráðherra skipar fjóra menn í hreindýraráð. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu tilnefna einn fulltrúa hvort og sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra einn fulltrúa. Verði atkvæði jöfn á fundum ráðsins ræður atkvæði formanns. Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins. Fulltrúum Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Um-

hverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða.

Um vanhæfi þeirra sem sitja í hreindýraráði og annast eftirlit með hreindýraveiðum gilda vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga. Verði Umhverfisstofnun eða eftirlitsmenn á vegum stofnunarinnar varir við að brotið sé gegn ákvæðum laganna og reglugerðum um hreindýraveiðar er heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur um framkvæmdina, m.a. um veiðieftirlitsmenn og skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofa Austurlands gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 3. mgr.

43. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hætta af honum.

44. gr.

Í stað orðanna „ráðgjafarnefndar um villt dýr“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

XXI. KAFLI

Breytingar á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, með síðari breytingum.

45. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 1.–4. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

46. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XXII. KAFLI

Breytingar á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

47. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnunar.

XXIII. KAFLI

Breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

48. gr.

Í stað orðanna „að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins og með samþykki Hollustuverndar ríkisins“ í 25. gr. laganna kemur: að

fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags og Veiðimálastofnunar og með samþykki Umhverfisstofnunar.

XXIV. KAFLI
49. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

746. Frumvarp til laga [441. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

III. kafli laganna, **Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga**, orðast svo:

a. (8. gr.)

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega.
b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og skal greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemi 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu útsvars.
d. Vaxtatekjur.

b. (9. gr.)

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 10. gr.
b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 11. gr.
c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 12. gr.
d. Til greiðslu jöfnunarframlaga vegna reksturs grunnskóla skv. 13. gr.

c. (10. gr.)

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,58% af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og c-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d-lið 11. gr.
b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið 11. gr., sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið 11. gr.
d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

e. Til umsjónarnefndar eftirlauna skv. 22. gr. laga um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, sbr. 16. gr. og II. kafla sömu laga.
f. Til greiðslu framlaga sveitarfélaga í húsafriðunarsjóð skv. 16. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

d. (11. gr.)

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, svo sem með þátttöku í kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar, framlögum til að mæta tekjutapi vegna lækkunar á jöfnunarframlögum skv. 12. gr. og með framlögum til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar, þ.m.t. framlögum fyrir allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólamannvirkja og leikskóla. Aðstoð má veita í allt að fimm ár frá og með sameiningarári, á grundvelli reglna sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga.
b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum með innan við 2.000 íbúa, allt að 10,5% af tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr., að frádregnum framlögum skv. d- og e-lið þessarar greinar, og skal framlögum varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og leikskóla. Einnig er heimilt að greiða árlega allt að 25 millj. kr. vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.
d. Til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, allt að 30% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr.
e. Til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, allt að 11,5% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr. Við ráðstöfun fjármuna samkvæmt þessum lið til einstakra sveitarfélaga skal miða við grunnfjárhæðir húsaleigubóta eins og þær eru ákveðnar á hverjum tíma.
f. Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra.

e. (12. gr.)

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra, þar á meðal framlaga skv. d-lið 11. gr.
b. Útgjaldajöfnunarframlögum skal varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Til framlaga samkvæmt þessari grein skal verja þeim tekjum sjóðsins skv. a- og b-lið 8. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

f. (13. gr.)
Tekjum Jöfnunarsjóðs skv. c-lið 8. gr., að frádregnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 10. gr., skal varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, þ.m.t. kostnað vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og innflytjenda, og til greiðslu kostnaðar vegna þjónustusamninga, sbr. 2. mgr. Við úthlutun framlaga skal hafa hliðsjón af auknum útsvarstekjum einstakra sveitarfélaga af yfirfærslu grunnskólans.
Jöfnunarsjóður getur gert samninga við sveitarfélög og stofnanir um kennsluráðgjöf og aðra sérfræðiþjónustu og önnur reglubundin verkefni sem nýtast grunnskólum á landsvísu. Þá skulu eldri samningar um rekstur sérskóla og sérdeilda halda gildi sínu.
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í bakábyrgð fyrir greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þeirra lífeyrisskuldbindinga sem stofnast vegna kennara og skólastjórnenda við grunnskóla. Til ábyrgðargreiðslu af hálfu sjóðsins skal þó ekki koma fyrr en vanskil sveitarfélags hafa varað í a.m.k. sex mánuði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal halda eftir af sjóðsframlögum til einstakra sveitarfélaga þeim greiðslum ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði sem sjóðurinn hefur greitt Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfsmanna grunnskóla eða innheimta slíkar kröfur með öðrum hætti.

g. (14. gr.)
Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum samkvæmt þessum kafla.

h. (15. gr.)
Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. 11.–13. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

i. (16. gr.)
Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

j. (17. gr.)
Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

k. (18. gr.)
Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins. Jafnframt setur ráðherra reglugerðir um úthlutun framlaga samkvæmt einstökum ákvæðum þessa kafla, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 11. gr. laganna falla niður frá og með 1. janúar 2005. Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að brýn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög til framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2003.

747. Frumvarp til laga [440. mál]

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Heimilt er sveitarfélagi að greiða húsaleigubætur til leigjanda sem búa þarf tímabundið í öðru sveitarfélagi vegna veikinda. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem umsækjandi á lögheimili.

3. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðisstofnunar ríkisins“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: Íbúðalánasjóðs.

4. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn seinna verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

748. Frumvarp til laga [442. mál]

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, enda liggi til þess lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

4. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	Lánasjóður landbún-aðarins	Alls
Nautgripaafurðir	0,40	0,50	0,10	0,15	0,85	2,00
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	0,80	2,00
Hrossaafurðir	0,40	0,50	0,55	0,05	0,50	2,00
Svínaafurðir	0,20	0,15	0,85	0,30	0,50	2,00
Alifuglakjöt	0,20	0,15	0,20	0,95	0,50	2,00
Egg	0,25	0,15	0,90	0,20	0,50	2,00
Kartöflur, rófur	0,45	0,45	0,45	0,15	0,50	2,00
Grænmeti, blóm	0,45	0,45	0,75	-	0,35	2,00
Grávara	0,75	0,15	0,60	-	0,50	2,00
Æðardúnn	0,55	0,35	0,45	0,15	0,50	2,00
Skógarafurðir	0,50	0,15	0,80	0,05	0,50	2,00

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu búvörugjalds á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003.

749. Frumvarp til laga [245. mál]

um breytingu á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um alla frekari vinnslu afla um borð í skipum en blóðgun, slægingu og flokkun.

Vinnsla samkvæmt ákvæðum laga þessara er háð sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um nýtingarstuðla sem gildir um útreikning á nýtingu aflaheimilda einstakra skipa eða skipaflokka sem vinna afla um borð. Um nýtingu afla þeirra skipa gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fullvinnsluskipi“ í 1. mgr. kemur: skipi sem leyfi hefur til vinnslu afla.
b. Í stað orðsins „fullvinnsluskipum“ í 2. mgr. kemur: skipum sem leyfi hafa til vinnslu afla.

4. gr.

Í stað orðsins „fullvinnsluleyfi“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: leyfi til vinnslu afla.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fullvinnslu botnfiskafla“ í 1. málsl. kemur: vinnslu afla.
b. Í stað orðsins „fullvinnsluskips“ í 2. málsl. kemur: skips.
c. Í stað orðsins „fullvinnsluskip“ í lokamálslið kemur: skip sem vinnur afla um borð.

6. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofu er enn fremur heimilt vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip leyfi til vinnslu afla um borð.

7. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um vinnslu afla um borð í skipum.**

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

750. Lög [465. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 704.

751. Þingsályktun [424. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2002, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 550.

752. Þingsályktun [425. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 551.

753. Þingsályktun [426. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 552.

754. Þingsályktun [438. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 599.

755. Þingsályktun [439. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 600.

756. Þingsályktun [443. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 615.

757. Þingsályktun [445. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 625.

758. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo ásamt fyrirsögn:
   Breyting á lögum nr. 59/2002, um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.
   Í stað orðsins „búvörugjalds“ í 3. og 4. málsl. 5. gr. laganna kemur: búnaðargjalds.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „búvörugjalds“ komi: búnaðargjalds.

759. Nefndarálit [457. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Norðurorku og Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar.

Frumvarpið felur í sér heimild fyrir Akureyrarbæ til að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku. Tilefni þess er ósk frá bæjarstjórn Akureyrar.

Frumvarpið felur í sér sambærilegar formbreytingar og áður hafa verið samþykktar á Alþingi varðandi Hitaveitu Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að við breytinguna haldist áunnin réttindi starfsmanna Norðurorku og jafnframt ávinnsla réttinda samkvæmt gildandi kjarasamningum. Þá telur meiri hlutinn eðlilegt að nýir starfsmenn fái að ráða því í hvaða stéttarfélag þeir kjósa að ganga við nýráðningu eftir formbreytinguna.

Meiri hlutinn leggur til þrjár breytingar á frumvarpinu. Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórn Norðurorku skuli skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Ekki verður séð að þörf sé á því að kveða á um þetta í lögunum. Eðlilegast er að eigandi fyrirtækisins ákveði sjálfur fjölda stjórnarmanna í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög. Meiri hlutinn leggur því til að ákvæði þetta verði fellt brott. Þá er lögð til orðalagsbreyting í 5. gr. frumvarpsins. Breytingin hefur ekki efnislega breytingu í för með sér. Loks er lagt til að 7. gr. frumvarpsins um réttindi starfsmanna verði orðuð með sama hætti og gert er í lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 4. gr. falli brott.
2. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo: Norðurorka hf. yfirtekur samninga sem Norðurorka hefur gert um vatnssölu eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum.

3. 7. gr. orðist svo:
   Fastráðnir starfsmenn Norðurorku skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.
   Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá Norðurorku gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Alþingi, 13. des. 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Árni R. Árnason.	Kjartan Ólafsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.	

760. Nefndarálit [457. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn leggst eindregið gegn samþykkt frumvarpsins. Hann telur það í grundvallaratriðum vera ranga stefnu að hlutafélagavæða velferðarþjónusu og stoðkerfi samfélagsins á borð við orkuveitur. Reynsla kennir að slíkt kemur notendum í koll þegar til lengri tíma er litið auk þess sem skorið er á lýðræðisleg yfirráð yfir grunnþjónustu í samfélaginu með því að breyta þjónustustofnunum í hlutafélög.

Frumvarpið er auk þess mjög seint fram komið og hefði þurft miklu nánari skoðun áður en þingið staðfestir það sem lög.

Enn er á það að líta að áður en ráðist er í breytingar af þessu tagi hefði þurft að liggja fyrir mótuð heildstæð framtíðarsýn í orkumálum landsmanna.

Alþingi, 13. des. 2002.

Árni Steinar Jóhannsson.

761. Fyrirspurn [468. mál]

til umhverfisráðherra um lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Hefur ráðherra í hyggju að leggja fyrir yfirstandandi löggjafarþing frumvarp um breytingar á lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu?

762. Nefndarálit [447. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Unni Gunnarsdóttur frá samgönguráðuneyti og Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði.

Með frumvarpinu er lagt til að ferðamálasjóður verði lagður niður. Frumvarpið er í samræmi við niðurstöðu vinnuhóps sem samgönguráðherra skipaði til að fara yfir stöðu sjóðsins þar sem eiginfjárhlutfall hans uppfyllti ekki skilyrði laga.

Samkomulag hefur náðst í ríkisstjórn um að stuðningur við verkefni á sviði ferðaþjónustu verði áfram veittur í formi samstarfs Ferðamálaráðs og Byggðastofnunar.

Nefndin telur ekki liggja alveg ljóst fyrir í frumvarpinu hvernig háttað verði frágangi eigna og skulda Ferðamálasjóðs eftir að hann hefur verið lagður niður og leggur áherslu á að unnið verði að því máli í góðu samstarfi milli viðkomandi ráðuneyta.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild til að innheimta gjald fyrir þjónustu á ferðamannastöðum sem eru í umsjá ríkisins verði felld niður. Þessi breyting snertir ekki megintilgang frumvarpsins sem felst í að leggja niður ferðamálasjóð. Það er álit nefndarinnar að ekki saki að hafa slíka heimild í lögum enda kunna aðstæður og viðhorf manna að breytast gagnvart slíkri gjaldtöku. Með þessu tekur nefndin þó enga afstöðu til þess hvort rétt sé leggja slík gjöld á eða ekki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

3. gr. falli brott.

Lúðvík Bergvinsson, Kristján L. Möller, Jón Bjarnason og Þorgerður K. Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Jónas Hallgrímsson.

Sigríður Ingvarsdóttir. | Magnús Stefánsson.

763. Lög [337. mál]

um úrvinnslugjald.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 744.

764. Lög [405. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 745.

765. Lög [441. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 746.

766. Lög [440. mál]

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 747.

767. Lög [370. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 416.

768. Lög [442. mál]

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, enda liggi til þess lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

4. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	Lánasjóður landbún-aðarins	Alls
Nautgripaafurðir	0,40	0,50	0,10	0,15	0,85	2,00
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	0,80	2,00
Hrossaafurðir	0,40	0,50	0,55	0,05	0,50	2,00
Svínaafurðir	0,20	0,15	0,85	0,30	0,50	2,00
Alifuglakjöt	0,20	0,15	0,20	0,95	0,50	2,00
Egg	0,25	0,15	0,90	0,20	0,50	2,00
Kartöflur, rófur	0,45	0,45	0,45	0,15	0,50	2,00
Grænmeti, blóm	0,45	0,45	0,75	-	0,35	2,00
Grávara	0,75	0,15	0,60	-	0,50	2,00
Æðardúnn	0,55	0,35	0,45	0,15	0,50	2,00
Skógarafurðir	0,50	0,15	0,80	0,05	0,50	2,00

5. gr.

Breyting á lögum nr. 59/2002, um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

Í stað orðsins „búvörugjalds“ í 3. og 4. málsl. 5. gr. laganna kemur: búnaðargjalds.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003.

769. Lög [412. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 518.

770. Lög [413. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 519.

771. Lög [244. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 248.

772. Lög [245. mál]

um breytingu á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 749.

773. Lög [247. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 251.

774. Tillaga til þingsályktunar [469. mál]

um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2003–2014 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við áætlun þessa sem felur í sér:

a. stefnumótun í samgöngumálum og helstu markmið sem vinna skal að,
b. skilgreiningu á grunnneti samgöngukerfisins sem nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur,
c. áætlun um fjáröflun til samgöngumála og
d. yfirlit um útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, svo og viðhalds og nýframkvæmda á sviði flugmála, siglingamála og vegamála.

1. STEFNUMÓTUN

Markmið um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins).

Stefnt skal að auknum flytjanleika í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skal ná með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins þar sem hún er takmörkuð, einnig með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3½ klst. ferðatíma.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Grunnnetið byggt upp samkvæmt tillögum um röð framkvæmda.
b. Þjónusta í grunnnetinu aukin.
c. Almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri.
d. Reykjavíkurflugvöllur áfram miðstöð innanlandsflugs og byggð verði þar samgöngumiðstöð.
e. Upplýsingaþjónusta við almenning og aðra notendur samgöngukerfisins aukin.

Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.

Stefnt skal að aukinni hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna. Þetta taki til samgöngumannvirkja, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu svo og samgangna í kerfinu að svo miklu leyti sem ríkið kemur að þeim.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Leitað leiða til þess að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.
b. Rekstur samgangna í lofti, á sjó og á landi, sem ríkið kemur að, boðinn út til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi.
c. Stefnt að sanngjarnri og skilvirkri gjaldtöku fyrir afnot af samgöngukerfinu.

Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Stefnt skal að sjálfbærum samgöngum, en það merkir meðal annars að (a) notkun á endurnýjanlegum auðlindum sé undir endurnýjunarhraða og (b) að ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir. Markmiðið tekur einnig til þess að umhverfisáhrifum samgangna, bæði hnattrænum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. Þannig sé miðað við að losun CO_2 frá samgöngum árið 2010 verði ekki meiri en árið 1990. Jafnframt verði dregið úr hávaða frá samgöngum og loftmengun verði haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Stuðlað að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa. Staðið verði fast við það markmið stjórnvalda að 20% af bifreiða- og fiskiskipaflota landsmanna noti vetni í stað jarðefnaeldsneytis árið 2020.
b. Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla með þeim hætti að léttari bílar og bílar sem nota olíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er.
c. Ísland í fararbroddi með að fullgilda alþjóðlegar samþykktir gegn mengun sjávar.
d. Stefnt að gildistöku alþjóðlegra samþykkta og reglna sem takmarka losun efna frá skipum og bílum.
e. Almenn fræðsla um akstur og aksturslag aukin með það í huga að draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð.
f. Aukin áhersla lögð á rannsóknir á ýmsum þáttum sem geta dregið úr mengun frá samgöngum.

Markmið um öryggi í samgöngum.

Stefnt skal að því að öryggi í samgöngum hér á landi verði eins og það gerist best með öðrum þjóðum.

Áfram verði innleiddar reglur Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA), sem Ísland er aðili að, eftir því sem þær verða til. Stefnt verði að því að Ísland taki frá byrjun virkan þátt í starfi Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA).

Áfram verði stefnt að því að fækka slysum á sjó enn frekar í samræmi við langtímaáætlun um öryggismál sjófarenda sem Alþingi samþykkti 2001, þ.e. um að minnsta kosti þriðjung til ársins 2004.

Stefnt verði að því að fækka dauðaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferðinni um 40% til 2012 miðað við meðaltal áranna 1996–2000 í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2001–2012 sem Alþingi hefur samþykkt.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda verði hluti samgönguáætlunar og taki mið af þessum sérstöku öryggisáætlunum.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Reglur Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) og síðar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) fullgiltar á Íslandi eftir því sem þær verða til.
b. Komið upp gæðakerfi um öryggismál allra flugvalla sem í rekstri eru sem og í flugumferðarþjónustu.
c. Unnið eftir sömu stefnu í öryggismálum sjófarenda og mörkuð var með samþykkt langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.
d. Komið á fót vaktstöð siglinga til að annast leiðsögu- og öryggisþjónustu fyrir skip sem fara um íslenska efnahagslögsögu.
e. Áhersla lögð á öryggismál í höfnum, bæði við forgangsröðun verkefna og við hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja.
f. Stuðlað að ábyrgri hegðun í umferð á vegum og götum með aukinni fræðslu og áróðri og auknu eftirliti.
g. Götur og vegir og umhverfi vega gert öruggara, meðal annars með endurskoðun staðla, bættri öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu.
h. Unnið að enn virkara samstarfi við lögreglu, Umferðarstofu, Umferðarráð og sveitarfélög til að auka umferðaröryggi.
i. Efldar rannsóknir sem varða öryggismál allra greina samgangna.

2. GRUNNNETIÐ

Skilgreining.

Grunnnet samgöngukerfisins nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Það nær til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga til og frá landinu. Netið er samfellt, liggur um þéttbýlisstaði þegar svo háttar til á landinu og helstu samgönguæðar á stærstu þéttbýlisstöðunum teljast til netsins.

Flug.

Flugvellir í grunnneti skulu vera:

Reykjavík	Þórshöfn
Bíldudalur	Egilsstaðir
Ísafjörður/Þingeyri*	Höfn í Hornafirði
Sauðárkrókur	Vestmannaeyjar/Bakki*
Akureyri	Keflavík

* Flugvellir sem tengjast flugvöllum í grunnneti.

Haldið verður uppi nauðsynlegu þjónustustigi, sem þarf fyrir áætlunarflug, á Gjögri, í Grímsey og á Vopnafirði.

Hafnir.

Hafnir í grunnneti skulu vera:

Grundartangi
Akranes
Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík)
Grundarfjörður
Stykkishólmur
Vesturbyggð (Patreksfjörður)
Bolungarvík
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)
Skagaströnd
Skagafjörður (Sauðárkrókur)
Siglufjörður
Ólafsfjörður
Dalvíkurbyggð (Dalvík)
Akureyri
Húsavík
Raufarhöfn
Þórshöfn
Vopnafjörður
Seyðisfjörður
Fjarðabyggð (Norðfj., Eskifj. og Reyðarfj.)
Fáskrúðsfjörður
Djúpivogur
Hornafjörður
Vestmannaeyjar
Þorlákshöfn
Grindavík
Sandgerði
Reykjanesbær (Keflavík/Njarðvík)
Hafnarfjörður
Reykjavík

Vegir.

Vegir í grunnneti skulu vera:

Stofnvegir:

1 Hringvegur
22 Dalavegur
30 Skeiða- og Hrunamannavegur
31 Skálholtsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri–Eyrarbakkav.
34 Eyrarbakkavegur
35 Biskupstungnabraut
Hringvegur–Bræðratunguvegur og
Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur
36 Þingvallavegur
37 Laugarvatnsvegur
38 Þorlákshafnarvegur
39 Þrengslavegur
40 Hafnarfjarðarvegur
41 Reykjanesbraut
42 Krýsuvíkurvegur
Reykjanesbraut–Vatnsskarð
43 Grindavíkurvegur
44 Hafnavegur
Reykjanesbraut–Keflavíkurflugvöllur
45 Garðskagavegur
Reykjanesbraut–Sandgerði
46 Víknavegur
47 Hvalfjarðarvegur
49 Nesbraut
50 Borgarfjarðarbraut
51 Akrafjallsvegur
54 Snæfellsnesvegur
56 Vatnaleið
58 Stykkishólmsvegur
60 Vestfjarðavegur
61 Djúpvegur
62 Barðastrandarvegur
63 Bíldudalsvegur
64 Flateyrarvegur
65 Súgandafjarðarvegur
67 Hólmavíkurvegur
72 Hvammstangavegur
74 Skagastrandarvegur
75 Sauðárkróksbraut
76 Siglufjarðarvegur
77 Hofsósbraut
82 Ólafsfjarðarv. um jarðgöng til Siglufjarðar
85 Norðausturvegur
Hringv.–Kópasker og Raufarh.–Hringv.
87 Kísilvegur
92 Norðfjarðarvegur
93 Seyðisfjarðarvegur
96 Suðurfjarðavegur um jarðgöng
97 Breiðdalsvíkurvegur
98 Djúpavogsvegur
99 Hafnarvegur
205 Klausturvegur
240 Stórhöfðavegur
343 Álfsstétt
359 Bræðratunguvegur
365 Gjábakkavegur
376 Breiðamörk
Hringvegur–Skólamörk
379 Hafnarvegur, Þorlákshöfn
409 Fossvogsbraut
410 Elliðavatnsvegur
411 Arnarnesvegur
412 Vífilsstaðavegur
413 Breiðholtsbraut
414 Flugvallarvegur, Reykjavík

415 Álftanesvegur
Reykjanesbraut–Túngata
418 Bústaðavegur
419 Höfðabakki
421 Vogavegur
423 Miðnesheiðarvegur
424 Keflavíkurvegur
427 Suðurstrandarvegur
429 Sandgerðisvegur
431 Hafravatnsvegur
Úlfarsárvegur–Hringvegur
432 Hallsvegur
450 Sundabraut
453 Sundagarðar
454 Holtavegur
470 Fjarðarbraut
503 Innnesvegur:
Leynir við Akranes–Akranesvegur
509 Akranesvegur
531 Borgarbraut
574 Útnesvegur
Hellissandur–Ólafsvík
617 Tálknafjarðarvegur
Bíldudalsvegur–Lækjargata á Sveinseyri
619 Ketildalavegur
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þingeyri
636 Hafnarvegur, Ísafirði
744 Þverárfjallsvegur
808 Árskógssandsvegur
819 Hafnarvegur, Akureyri
820 Flugvallarvegur, Akureyri
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Hringvegur–Miðbraut
823 Miðbraut
829 Eyjafjarðarbraut eystri
Hringvegur–Miðbraut
837 Hlíðarfjallsvegur
Hringvegur–vegamót við Glerárbrú efri
845 Aðaldalsvegur
859 Hafnarvegur, Húsavík
867 Öxarfjarðarheiðarvegur
917 Hlíðarvegur
952 Hánefsstaðavegur
Seyðisfjarðarvegur–ytri vegamót Austurvegar
954 Helgustaðavegur
Norðfjarðarvegur–ytri vegamót Lambeyrarbrautar

Tengivegir:

25 Þykkvabæjarvegur
26 Landvegur
32 Þjórsárdalsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Hringv.–Baldurshagi á Stokkseyri
35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatnsvegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur
44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir
52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Kaldadalsvegur
83 Grenivíkurvegur
94 Borgarfjarðarvegur
208 Skaftártunguvegur
250 Dímonarvegur
252 Landeyjavegur
Hringvegur–Gunnarshólmavegur
Hólmavegur–Gunnarshólmavegur
253 Gunnarshólmavegur
Landeyjavegur–Landeyjavegur
254 Hólmavegur
261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur
430 Úlfarsfellsvegur
431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur
518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur
606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhólaþorp
607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur á Þingeyri–flugvöllur
631 Flugvallarvegur, Ísafirði
643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangsnesvegur
645 Drangsnesvegur
Strandavegur–Drangsnes
731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur
732 Kjalvegur
752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur
809 Hauganesvegur
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut–Eyjafjarðarbraut eystri
842 Bárðardalsvegur vestri
846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar
848 Mývatnsvegur
870 Kópaskersvegur
931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur

Landsvegir:
F26 Sprengisandsleið
F35 Kjalvegur
F208 Fjallabaksleið nyrðri
F550 Kaldadalsvegur

Ferjuleiðir:
Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn
Stykkishólmur–Brjánslækur
Hrísey–Árskógssandur

3. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG ÚTGJÖLD

3.1 Flugmál

Verðlag fjárlaga fyrir 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Flugvallagjald	2.523	2.816	3.049
Afgreiðslugjald	66	66	66
Framlög úr ríkissjóði	3.817	3.617	3.617
Ríkistekjur	605	605	605
Sértekjur			
Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu	5.877	6.427	6.427
Aðrar sértekjur	1.830	1.830	1.830
Tekjur og framlög alls:	**14.718**	**15.361**	**15.594**
Viðskiptahreyfingar			
Lántökur	0	0	0
Afborganir lána	-339	-339	0
Viðskiptahreyfingar samtals:	-339	-339	0
Til ráðstöfunar alls:	**14.379**	**15.022**	**15.594**
Gjöld			
Rekstur og þjónusta			
Yfirstjórn	1.066	1.066	1.066
Flugvalla- og leiðsöguþjónusta	3.426	3.426	3.426
Flugumferðarþjónusta innan lands	994	994	994
Framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu	416	455	455
Alþjóðaflugþjónusta	5.877	6.427	6.427
Eftirlit og öryggismál	580	580	580
Rannsóknir	53	72	72
Minjar og saga	20	20	20
Rekstur samtals:	**12.432**	**13.040**	**13.040**
Viðhald og styrkir			
Viðhaldssjóðir	537	658	833
Styrkir til innanlandsflugs	0	100	400
Viðhald og styrkir samtals:	**537**	**758**	**1.233**
Stofnkostnaður			
Flugvellir í grunnneti	1.071	991	425
Áður framkvæmt/afborganir	-339	-339	
Áætlunarflugvellir utan grunnnets	5	116	125
Aðrir flugvellir utan grunnnets	277	117	146
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	396	339	625
Stofnkostnaður samtals:	**1.410**	**1.224**	**1.321**
Gjöld alls:	**14.379**	**15.022**	**15.594**

3.2 Siglingamál.

Verðlag fjárlaga fyrir 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Skipagjald	256	256	256
Vitagjald	423	449	477
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	872	926	983
Markaðar tekjur samtals:	**1.551**	**1.631**	**1.715**
Framlag úr ríkissjóði samtals:	**6.608**	**4.695**	**4.689**
Aðrar ríkistekjur			
Vottorð	5	5	5
Aðrar ríkistekjur samtals:	**5**	**5**	**5**
Sértekjur	**498**	**498**	**498**
Tekjur og framlög alls:	**8.663**	**6.828**	**6.907**
Viðskiptahreyfingar			
Skuldbinding ríkissjóðs við hafnarsjóði	-186	0	0
Lántökur	0	0	0
Viðskiptahreyfingar samtals:	**-186**	**0**	**0**
Til ráðstöfunar alls:	**8.477**	**6.828**	**6.907**
Gjöld			
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn	781	839	889
Vitar og leiðsögukerfi	430	456	484
Skipaskoðun	460	460	460
Vaktstöð siglinga	705	729	729
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	78	80	80
Langtímaáætlun um öryggi sjófarenda	75	80	80
Þjónustusamningar um öryggismál	461	437	437
Rannsóknir og þróun	190	160	160
Minjar og saga	60	80	80
Rekstrargjöld alls:	**3.239**	**3.320**	**3.399**
Stofnkostnaður			
Tæki og búnaður	91	96	96
Vitar og leiðsögukerfi	63	80	80
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	4.458	2.400	2.400
Áður framkvæmt/afborganir	-186	0	0
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	285	360	360
Lendingabætur	18	20	20
Ferjubryggjur	29	32	32
Sjóvarnargarðar	386	400	400
Hafnabótasjóður framlag	93	120	120
Stofnkostnaður samtals:	**5.237**	**3.508**	**3.508**
Gjöld alls:	**8.477**	**6.828**	**6.907**

3.3 Vegamál.

Verðlag fjárlaga fyrir 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur	**42.946**	**45.113**	**46.424**
Framlag úr ríkissjóði alls	**12.752**	**12.152**	**9.332**
Ríkistekjur alls			
Sértekjur alls			
Tekjur og framlög alls:	**55.698**	**57.265**	**55.756**
Viðskiptahreyfingar			
Lántökur	0	0	0
Afborganir	-1.413	-820	0
Viðskiptahreyfingar samtals:	-1.413	-820	0
Til ráðstöfunar alls:	**54.285**	**56.445**	**55.756**
Gjöld			
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn	1.233	1.330	1.400
Upplýsingaþjónusta	313	330	350
Umferðareftirlit	238	250	270
Þjónusta	10.384	10.889	11.496
Almenningssamgöngur	3.920	3.070	2.770
Þar af afborgun lána	-1.253	-240	-
Rannsóknir	426	451	464
Minjar og saga	35	80	100
Rekstrargjöld alls:	**15.296**	**16.160**	**16.850**
Viðhald samtals	**9.628**	**10.600**	**11.100**
Stofnkostnaður			
Grunnnet			
Almenn verkefni	1.920	1.740	1.740
Höfuðborgarsvæðið	5.986	7.246	7.762
Stórverkefni	8.100	9.319	8.914
Áður framkvæmt/afborgarnir	-160	-80	-
Orku- og iðjuvegir	417	-	-
Jarðgöng	6.400	5.000	2.000
Landsvegir í grunnneti	120	200	520
Samtals grunnnet	**22.783**	**23.425**	**20.936**
Utan grunnnets			
Tengivegir	2.115	2.160	2.180
Til brúargerðar	1.158	1.160	1.160
Ferðamannaleiðir	1.050	1.100	1.100
Girðingar	262	300	350
Landsvegir utan grunnnets	397	400	400
Safnvegir	1.178	1.200	1.200
Styrkvegir	235	240	260
Reiðvegir	183	200	220
Samtals utan grunnnets	**6.578**	**6.760**	**6.870**
Afborgun skuldar frá 1999		**-500**	
Stofnkostnaður samtals	**29.361**	**29.685**	**27.806**
Gjöld alls:	**54.285**	**56.445**	**55.756**

4. ÁÆTLUN UM HELSTU FRAMKVÆMDIR Í GRUNNNETI

Helstu framkvæmdum í grunnneti skal raðað á tímabil eins og hér er gerð grein fyrir:

Flug.

Flugvellir í grunnneti	**1. tímabil 2003–2006 millj. kr.**	**2. tímabil 2007–2010 millj. kr.**	**3. tímabil 2011–2014 millj. kr.**
Samtals framkvæmdakostnaður	**732**	**652**	**425**
Reykjavík	322	319	278
Akureyri	166	67	6
Egilsstaðir	31	87	0
Vestmannaeyjar/Bakki	96	96	40
Ísafjörður/Þingeyri	92	47	47
Sauðárkrókur	0	5	18
Hornafjörður	5	0	10
Bíldudalur	20	3	26
Þórshöfn	0	28	0

Hafnir.

Hafnir í grunnneti	**1. tímabil 2003–2006 millj. kr.**	**2. tímabil 2007–2010 millj. kr.**	**3. tímabil 2011–2014 millj. kr.**
Akranes	131		
Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík)	148		
Grundarfjörður	18		
Stykkishólmur	22		
Vesturbyggð (Patreksfjörður)	143		
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)	202		
Bolungarvík	97		
Skagaströnd	10		
Skagafjörður (Sauðárkrókur)	16		
Siglufjörður	94		
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík og Ólafsfjörður)	84		
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	152		
Húsavík	208		
Raufarhöfn	10		
Þórshöfn	213		
Vopnafjörður	161		
Seyðisfjörður	98		
Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifj. og Reyðarfj.)	845		
Fáskrúðsfjörður	24		
Djúpivogur	31		
Hornafjörður	295		
Vestmannaeyjar	412		
Þorlákshöfn	331		
Grindavík	598		
Sandgerði	2		
Reykjanesbær	65		
Samtals:	**4.410**	**2.320**	**2.320**
Viðskiptahreyfingar	-186		
Óskipt til slysavarna o.fl.	48	80	80
Hafnir í grunnneti alls, þrjú fjögurra ára tímabil	**4.272**	**2.400**	**2.400**

Vegir.

Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Nafn vegar Heiti verkefnis	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Hringvegur			
Tengingar við Norðlingaholt		300	
Gatnamót við Breiðholtsbraut			120
Breikkun, Breiðholtsbraut–Nesbraut		400	
Gatnamót við Nesbraut	400		
Breikkun, Víkurvegur–Skarhólabraut	500		
Gatnamót við Hallsveg	250	250	
Gatnamót við Korpúlfsstaðabraut			500
Breikkun, Skarhólabraut–Langitangi		220	
Breikkun í Ullarnesbrekku			100
Hafnarfjarðarvegur			
Gatnamót við Listabraut		480	220
Breikkun, Fossvogur–Arnarnesvegur		156	314
Gatnamót við Nýbýlaveg	50		
Reykjanesbraut			
Laugarnesvegur–Dalbraut	180		
Gatnamót við Skeiðarvog			500
Gatnamót við Bústaðaveg		500	
Gatnamót við Stekkjarbakka	670		
Gatnamót við Breiðholtsbraut	96		
Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	900		
Arnarnesvegur, gatnamót		500	
Vífilsstaðavegur, gatnamót		400	
Urriðaholtsvegur, gatnamót		300	
Álftanesvegur–Lækjargata		50	850
Kaplakriki–Krýsuvíkurvegur	400		800
Nesbraut			
Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	1.000	1.300	500
Hlíðarfótur			
Hringbraut–Flugstöð	100	280	
Elliðavatnsvegur			
Kópavogur–Hafnarfjörður			100
Arnarnesvegur			
Reykjanesbraut–Breiðholtsbraut	100	300	300
Vífilsstaðavegur			
Hafnarsvæði–Hafnarfjarðarvegur		70	
Breiðholtsbraut			
Við Arnarnesveg			60
Álftanesvegur			
Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur	260	240	
Úlfarsfellsvegur			
Hringvegur–Hafravatnsvegur			258
Hallsvegur			
Hringvegur–Víkurvegur		160	

Sundabraut			
Sæbraut–Geldinganes	500	800	2.500
Göngubrýr og undirgöng	240	240	240
Umferðarstýring	100		
Smærri verk og ófyrirséð	240	300	400
Samtals	**5.986**	**7.246**	**7.762**

Verkefni á landsbyggð.

Heiti verkefnis	**1. tímabil 2003–2006 millj. kr.**	**2. tímabil 2007–2010 millj. kr.**	**3. tímabil 2011–2014 millj. kr.**
Þjórsá	86		
Bræðratunguvegur	80	520	80
Gjábakkavegur	112	338	
Hringvegur, Reykjavík–Hveragerði		100	500
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík	1.100	1.500	1.600
Suðurstrandarvegur		100	500
Hvalfjarðartengingar	240	120	
Hringvegur um Stafholtstungur	300	290	
Hálsasveitarvegur að Húsafelli	160		
Fróðárheiði			100
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð	700	160	
Vestfjarðavegur, Brattabrekka, Svínadalur	170	100	
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur–Flókalundur	800	800	1.000
Djúpvegur um Strandir (Hólmavíkurvegur)		400	500
Ísafjarðardjúp	700	800	400
Djúpvegur, Súðavík–Bolungarvík	50	50	104
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	440	280	
Siglufjarðarvegur	25		
Þverárfjallsvegur	50	191	300
Lágheiði	50		
Hringvegur á Mývatnsheiði	200		
Tenging Norðurland–Austurland	480	190	
Skjálfandafljót			500
Norðausturvegur, Húsavík–Þórshöfn	900	950	950
Kísilvegur	100	240	
Hringvegur á Austurlandi	450	400	400
Hringvegur um Bragðavallahóla			220
Lagarfljót			700
Hornafjarðarfljót	200	400	
Jökulsá á Breiðamerkursandi	50	50	
Brýr í Öræfum		150	
Norðausturvegur, Þórshöfn–Bakkafjörður.			270
Norðausturvegur, Hringvegur–Vopnafjörður	100	850	
Breikkun brúa á Suðurlandi	130	100	200
Breikkun brúa á Vesturlandi		100	100
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	137	100	100
Breikkun brúa á Norðurlandi eystra			100
Breikkun brúa á Austurlandi			50
Samgöngurannsóknir	40	40	40
Skuldir, skuldbindingar og óráðstafað	250		200
Samtals	**8.100**	**9.319**	**8.914**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Formáli.

Haustið 1999 ákvað samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, að gerð skyldi samgönguáætlun fyrir Ísland til 12 ára, þ.e. fyrir árin 2003–2014, sem tæki til allra þriggja samgöngumátanna, flugs, siglinga og landsamgangna. Í framhaldi af því skipaði hann stýrihóp í maí 2000 til þess að stýra vinnunni. Stýrihópurinn skilaði í lok ársins 2001 tillögu að samgönguáætlun 2003–2014 sem hefur verið gefin út og kynnt m.a. fyrir samgöngunefnd Alþingis.

Samgönguráðherra lagði í framhaldi af vinnu stýrihóps lagafrumvarp fyrir vorþing Alþingis 2002 um gerð samgönguáætlunar ásamt frumvarpi til breytinga á ákvæðum annarra laga sem varða samgönguáætlun. Frumvörpin voru samþykkt sem lög nr. 71/2002 og 72/2002 á vorþingi og er þessi þingsályktunartillaga lögð fram á grundvelli þeirra. Hún byggist að miklu leyti á fyrrnefndri vinnu sem unnin var á vegum stýrihóps við gerð tillögu að samgönguáætlun 2003–2014.

Í þessari greinargerð er einungis vikið að helstu atriðum í samgöngumálum. Í tillögu stýrihóps er að finna mun ítarlegri upplýsingar um mörg atriði og vísast til hennar um þau efni.

Lögin um samgönguáætlun segja til um skipun samgönguráðs sem hefur yfirumsjón með gerð áætlunarinnar. Í fyrsta samgönguráðinu eiga sæti formaður skipaður af ráðherra, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri og Þorgeir Pálsson flugmálastjóri. Með ráðinu starfar Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, og Sigurbergur Björnsson, verkefnastjóri í samgönguráðuneytinu, er starfsmaður þess.

Í lögum nr. 71/2002 segir enn fremur: „Í samgönguáætlun skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá skal í samgönguáætlun meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.

Í samgönguáætlun skal gera ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,
c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins.“

Lögin um gerð samgönguáætlunar hafa þau nýmæli í för með sér að hún tekur til allra samgöngumátanna, áætlunargerðin nær til 12 ára, hefur stefnumótandi hluta og tekur til allra þátta í rekstri stofnana samgöngumála. Þá kveða lögin á um gerð fjögurra ára áætlunar sem nær til fyrsta fjögurra ára tímabilsins. Sú áætlun verður lögð fram sem sérstök þingsályktunartillaga.

Þingsályktunartillagan sem hér birtist er stefnumótandi hluti samgönguáætlunarinnar og er ætlað að uppfylla framangreind skilyrði laganna. Í henni er grunnnet samgangna skilgreint, gerð grein fyrir áherslum og markmiðum tímabilsins, fjármálum og helstu framkvæmdum næstu tólf ára skipt niður á þrjú fjögurra ára tímabil. Samgönguáætlun (tólf ára og fjögurra ára) kemur í stað flugmálaáætlunar, hafnaáætlunar, sjóvarnaáætlunar, langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda, vegáætlunar og langtímaáætlunar í vegagerð.

Loks er í lögum um samgönguáætlun ákvæði um að ráðherra skuli árlega fyrir lok vorþings leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar. Skýrslan kemur í stað svipaðra skýrslna um flugmálaáætlun, hafnaáætlun, vegáætlun og langtímaáætlun um öryggi sjófarenda en tekur mið af breytingum sem samgönguáætlun felur í sér á fyrri áætlanagerð, svo sem markmiðasetningu stefnumótunarhluta áætlunarinnar. Sett eru fram áform

í þessari áætlun um að rannsaka áhrif samgönguáætlunar og finna mælikvarða fyrir árangur hennar sem geta nýst í skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar.

Skipulag samgöngumála.

Mynd 0-1 sýnir helstu málaflokka samgöngumála og ábyrgð á þeim. Þar kemur fram hver hefur viðkomandi rekstur með höndum, hvernig málaflokkurinn er fjármagnaður, hver fer með stjórnsýslulega framkvæmd málaflokksins og hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á málaflokknum.

Samgöngumál	Rekstur	Fjármögnun	Stofnun/framkv.	Ráðuneyti
Flugvellir	Flugmálastjórn	Markaðar tekjur+rsj.	Flugmálastjórn	SAM.
Hafnir	Hafnasjóðir	ngj.+mt.+rsj.+ svfél.	Siglingastofnun	SAM
Vegir	Vg./svfél./eink.	mt.+rsj./svfél./eink.	Vg./svfél./eink.	SAM
Flugvélar				
Skoðun	Flugmálastjórn	notendagjöld	Flugmálastjórn	SAM
Lofthæfniskírteini	Flugmálastjórn	notendagjöld	Flugmálastjórn	SAM
Atvinnuskírteini flugm.	Flugmálastjórn	notendagjöld	Flugmálastjórn	SAM
Umferðarreglur í lofti	Flugmálastjórn	notendagjöld+rsj.	Flugmálastjórn	SAM
Leiðsaga og ferðauppl.	Flugmálastjórn	notendagjöld+rsj.	Flugmálastjórn	SAM
Skip				
Skoðun	SÍ+fleiri	notendagjöld+rsj.	Siglingastofnun	SAM
Haffæriskírteini	Siglingastofnun	notendagjöld+rsj.	Siglingastofnun	SAM
Atvinnuskírteini sjóm.	Siglingastofnun	notendagjöld+rsj.	Siglingastofnun	SAM
Umferðarreglur á sjó	Siglingastofnun	ríkissjóður	Siglingastofnun	SAM
Leiðsaga og ferðauppl.	SÍ+fleiri	notendagjöld+rsj.	Siglingastofnun	SAM
Bifreiðar				
Skoðun	einkarekstur	notendagjöld	DÓM	DÓM
Skoðunarvottorð	einkarekstur	notendagjöld	Umferðarstofa	DÓM
Ökuskírteini	Lögreglan	notendagjöld	Lögr.+Umf.st.	DÓM
Umferðarreglur	Lögreglan	ríkissjóður	Lögreglan	DÓM
Leiðsaga og ferðauppl.	Vegagerðin	Markaðar tekjur	Vegagerðin	SAM
Fólks- og vöruflutningar				
Áætlunarflug	einkarekstur	notendagjöld+rsj.	FMS/Vegag.	SAM
Sjóflutningar	einkarekstur	notendagjöld	Siglingastofnun	SAM
Strætisvagnar	svfél.+eink.	ngj.+svfél.+rsj.	Vegagerðin	SAM
Sérleyfisbifreiðar	einkarekstur	notendagjöld+rsj.	Vegagerðin	SAM
Hópferðabifreiðar	einkarekstur	notendagjöld	Vegagerðin	SAM
Vöruflutningar á landi	einkarekstur	notendagjöld	Vegagerðin	SAM
Ferjur	einkarekstur	notendagjöld+rsj.	Vegagerðin	SAM
Leigubifreiðar	einkarekstur	notendagjöld	Vegagerðin	SAM

Mynd 0-1. Málaflokkar samgangna og ábyrgð þeirra.

Skýringar á táknum: mt.: markaðar tekjur, ngj.: notendagjöld, rsj.: almennt skattfé, SAM: Samgönguráðuneytið, FMS: Flugmálastjórn, SÍ: Siglingastofnun Íslands, Vg.: Vegagerðin, DÓM: Dómsmálaráðuneytið, Lögr.: lögreglan, Umf.st.: Umferðastofa.

Sjá má að skipan stjórnsýslu umferðarmála er á annan veg en gerist um skip og flugvélar, og einnig á annan veg en víðast hvar hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Hjá þeim teljast umferðaröryggismál, nema umferðareftirlit og stjórnun, til samgöngumála. Margt mælir með því að þessi mál færist til samgönguráðuneytisins fyrir utan stjórnun umferðar og eftirlit með henni. Vegagerðin lætur nú þegar mikla fjármuni renna til umferðaröryggismála og umferðareftirlits.

Keflavíkurflugvöllur hefur sérstöðu að því leyti að hann er innan varnarsvæðisins sem skilgreint er í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. Um varnarsvæði gilda sérstök lög, en samkvæmt þeim fer utanríkisráðherra með allt stjórnvald á þessum svæðum. Í því felst m.a. að utanríkisráðherra fer með yfirstjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli, en framkvæmd þeirra hefur verið í höndum Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli sem er sérstök rekstrareining á vegum utanríkisráðuneytisins. Hlutverk hennar er einkum að stjórna rekstri flugvallarins, þ.m.t. flugturnsins, í samvinnu við varnarliðið, auk þess að hafa eftirlit með ýmsum þáttum í rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem nú er í höndum sérstaks hlutafélags í eigu ríkisins. Fagleg stjórnun flugumferðarstjórnar á Keflavíkurflugvelli er þó í höndum flugumferðarsviðs Flugmálastjórnar Íslands. Sameiginleg aðflugsstjórn, sem staðsett er í flugturninum á Keflavíkurflugvelli, er rekin fyrir flugvellina í Reykjavík og Keflavík. Er hún mönnuð flugumferðarstjórum frá báðum aðilum.

Flugmálastjórn Íslands annast allt öryggiseftirlit með flugstarfseminni á Keflavíkurflugvelli, þ.m.t. viðhaldsstöðvum flugfélaganna. Mörg rök hníga til þess að skýra þurfi betur en gert er í dag hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem fara með framkvæmd og eftirlit með flugöryggi á Keflavíkurflugvelli í ljósi nýrra alþjóðlegra krafna og úttekta sem flugmálayfirvöld sæta í auknum mæli af hendi alþjóðastofnana.

Dreifing verkefna og ábyrgðar með framangreindum hætti í litlu landi er órökrétt og felur í sér aukakostnað og óhagræði. Hér er lagt til að farið verði yfir þessi tvö málefni og fundnar leiðir til þess að skýra ábyrgð og sameina krafta við skyld verkefni.

Almennar forsendur og spá um þróun lykilstærða.

Innanlandsflug.

Á undanförnum tveimur áratugum hefur flugsamgöngukerfi landsins og notkun þess tekið stórfelldum breytingum. Frá árinu 1980 hefur farþegafjöldi í áætlunarflugi aukist úr um 300 þúsund í rúmlega 450 þúsund árið 1999 eða um rúmlega 50% (sjá mynd 0-2). Á sama tíma hefur flugvöllum, sem notaðir eru fyrir áætlunarflug, fækkað úr því að vera á fjórða tug talsins í um tólf. Mikil fjölgun farþega varð þegar óheft samkeppni í innanlandsflugi var lögleidd árið 1997. Þessi fjölgun hefur nú gengið til baka og var farþegafjöldi árið 2001 rúmlega 350 þúsund.

Um 85% allra farþega í innanlandsflugi fara um fimm flugvelli landsins, þ.e. Reykjavík, Akureyri, Egilsstaði, Ísafjörð og Vestmannaeyjar. Flestir þessara farþega eru á leið til eða frá Reykjavík, þótt einnig sé um að ræða farþega á flugleiðum innan svæða, þ.e. til og frá Akureyri og milli Vestmannaeyja og Bakka. Um 15% farþega fljúga á öðrum flugleiðum til og frá Reykjavík, einkum til Bíldudals, Sauðárkróks, Hornafjarðar og Gjögurs.

Farþegafjöldi í innanlandsflugi ræðst fyrst og fremst af umfangi og umsvifum atvinnulífsins á landsbyggðinni annars vegar og þróun ferðaþjónustu hins vegar. Eðlilegt er að setja fram fleiri en eina spá um þróunina á næstu árum. Annars vegar er um að ræða 1% fjölgun farþega og hins vegar um jafna aukningu, sem væri annars vegar um 2% og hins vegar um 4% á ári eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd. Fyrri spáin byggist á þeirri forsendu að engin veruleg breyting verði á atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og erlendum farþegum fjölgi lítið

í innanlandsflugi. Hin spáin gerir ráð fyrir stöðugum vexti sem birtist í hægri 2% fjölgun farþega á ári upp í allt að 4% fjölgun, sem telst vera í efri mörkum. Í reynd yrði stökkbreyting í eftirspurninni ef stóriðjuframkvæmdir hæfust á Austurlandi. Þá má ætla að farþegum fjölgi um a.m.k. 20 þúsund á ári á flugleiðinni Reykjavík–Egilsstaðir.



Mynd 0-2. Fjöldi innanlandsfarþega og spár um þróun næstu ára.

Umsvif í siglingum.

Hafnir þjóna í meginatriðum tvíþættum tilgangi, þ.e. fiskveiðum og vöruflutningum bæði innan lands og milli landa. Auk þess eru ferjusiglingar frá nokkrum höfnum. Á síðustu tveimur áratugum hefur landaður afli aukist verulega eða um 30%. Vöruflutningar á milli landa hafa aukist um 87% (sjá töflur 0-1 og 0-2) og má rekja mikið af þeirri aukningu til flutninga vegna stóriðju. Sjóflutningar innan lands jukust jafnt og þétt fram á miðjan síðasta áratug en síðustu 5 árin hafa þeir dregist saman um rúmlega 10%. Fjöldi hafna hefur ekki breyst svo teljandi sé en flutningar milli landa skiptast nú á færri hafnir en áður.

Landaður afli	**1980**	**1990**	**1995**	**2000**
Uppsjávarfiskur	823	782	1.029	1.440
Botnfiskur, skelf. (þús. tonn)	691	662	680	535
Afli samtals (þús. tonn)	**1.514**	**1.444**	**1.709**	**1.975**

Tafla 0-1. Landaður afli.

	1980	1990	1995	2000
Innfluttar vörur	1.430	1.689	1.779	2.778
Útfluttar vörur	747	859	1.168	1.302
Vöruflutningar alls (þús. tonn)	**2.177**	**2.548**	**2.947**	**4.080**

Tafla 0-2. Vöruflutningar með skipum til og frá landinu.

Heildarflutningar með ferjum minnkuðu mikið þegar Akraborgin hætti siglingum en þróunin að öðru leyti sýnir aukningu.

Akstur á vegum.

Árið 1980 voru 359 km þjóðvega með bundnu slitlagi en voru 3.966 km við síðastliðin áramót. Vegum er nú haldið opnum allt árið í miklu ríkara mæli en var. Á þessu tímabili fjölgaði bílum um rúmlega 80 þúsund eða um rúmlega 80% og voru 180 þúsund árið 2000 (sjá mynd 0-3). Akstur á þjóðvegum utan þéttbýlis hefur aukist enn meira eða um 250% (sjá mynd 0-4). Bílaeign er hér með því mesta sem gerist í heiminum (558 fólksbílar á 1.000 íbúa) og Íslendingar ferðast meira en flestar aðrar þjóðir (hver íbúi ferðast að meðaltali 41 km á dag).



Mynd 0-3. Þróun umferðar 1980–2000.



Mynd 0-4. Fjöldi ökutækja 1980–2000.

Horfur.

Á tímabilinu 1980–2000 fjölgaði landsmönnum úr 229 þúsund í 283 þúsund eða um 24%. Hagvöxtur á tímabilinu hefur verið mun meiri eða nálægt 70%. Af þessu sést að heildarumsvif í samgöngum vaxa örar en íbúatala landsins og jafnvel örar en sem nemur hagvexti. Vísbendingar eru um að meira fjármagni, sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, sé varið í uppbyggingu samgöngukerfisins en í öðrum Evrópulöndum að Noregi undanskildum.

Samgönguáætlun tekur mið af áframhaldandi þróun og að heildarumsvif í samgöngum vaxi a.m.k. í takt við hagvöxtinn. Vegaumferðin hefur aukist hraðast að undanförnu og líklegt er að svo verði áfram á áætlunartímabilinu. Vegakerfið er á hinn bóginn langskemmst á veg komið af samgöngukerfunum þremur. Mest af fjármagni áætlunarinnar fer því í vegakerfið og þar eiga að verða mestar framfarir.

Fjárfestingum í vegakerfinu er að stærstum hluta ætlað að uppfylla lágmarkskröfur sem gera verður til grunnnetsins á landsbyggðinni og hins vegar að auka afkastagetu vegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu.

Að höfuðborgarsvæðinu frátöldu má segja að afkastageta kerfisins sé ekki fullnýtt og á þetta við um alla þætti þess. Með hliðsjón af því getur samgöngukerfið tekið allvel við aukinni umferð og er ekki mjög viðkvæmt fyrir því að einstakir þættir samgangna vaxi örar en aðrir.

Sú stefna sem mörkuð er í samgönguáætlun mun stytta ferðatíma og lækka flutningskostnað atvinnulífsins og ferðakostnað almennings. Hún mun að öllu samanlögðu hafa mikil og jákvæð áhrif á líf fólks í landinu.

1. STEFNUMÓTUN SAMGÖNGUÁÆTLUNAR

Almennt.

Góðar samgöngur eru ein af grundvallarforsendum fyrir öflugu atvinnulífi og kraftmiklu þjóðlífi. Almennt er litið svo á að góðar samgöngur hafi verið meginforsenda framfara á undanförnum áratugum. Hinn mikli vöxtur í samgöngum hefur þó einnig neikvæð áhrif á lífsgæði og umhverfi og grefur undan þeim ávinningi sem fylgir góðum samgöngum, sé ekkert að gert. Umferðarslys taka allt of stóran toll og áhrif umferðar á umhverfið eru mikil.

Það er eitt af brýnustu verkefnunum á nýrri öld að draga svo úr neikvæðum áhrifum samgangna að þau falli innan marka sjálfbærrar þróunar, án þess að hinir miklu kostir góðra samgangna glatist. Um þetta verkefni þarf alþjóðlega samstöðu, og skilningur á því fer ört vaxandi í hinum tæknivædda hluta heimsins. Samgönguáætlun tekur mið af þessu.

Meginmarkmið samgönguáætlunar.

Samgönguáætlunin leggur áherslu á fjögur meginmarkmið:

1. Markmið um greiðari samgöngur (flytjanleiki samgöngukerfisins).
2. Markmið um hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna.
3. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
4. Markmið um öryggi í samgöngum.

1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Lögð er áhersla á aukinn flytjanleika í samgöngukerfinu og að hann nái bæði til fólks og vöru. Sterk tengsl eru á milli flytjanleika og öflugs hagkerfis. Hér á landi er flytjanleiki fólks mikill (hver íbúi ferðast rúmlega 40 km á dag að meðaltali yfir allt árið), nokkru minni en í Bandaríkjunum (rúmlega 50 km/dag), en nokkru meiri en í Vestur-Evrópu (tæplega 40 km/dag). Samgönguáætlun tekur mið af því að Ísland haldi stöðu sinni í þessum efnum. Til að svo verði þarf enn að auka flytjanleikann.

Með auknum flytjanleika stækka atvinnu- og þjónustusvæði og grundvöllur myndast fyrir öflug vaxtarsvæði á landsbyggðinni. Tengsl höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar eflast og er miðað við að langflestir landsmenn geti komist til höfuðborgarinnar á minna en 3½ klst. með bíl eða flugi eða ferju og bíl. Ljóst er að ef þetta markmið á að nást á fullnægjandi hátt verður miðstöð innanlandsflugsins að vera á höfuðborgarsvæðinu. Því er í áætluninni gert ráð fyrir byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll, ásamt tengivegum, sem getur þjónað farþegum í framtíðinni og miðast fjárfestingin við að svo verði.

Stuðlað er að betri nýtingu auðlinda landsins, svo sem fiskimiða, jarðefna, orkulinda og náttúrunnar í þágu ferðaþjónustu. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs við útlönd styrkist með tryggari og ódýrari aðdráttum og flutningi framleiðsluvara á markaði innan lands og utan.

Auknum flytjanleika verður best náð með bættu aðgengi, betri samgöngumannvirkjum og markvissri þjónustu í samgöngum, og aukinni afkastagetu samgöngukerfisins þar sem hún er takmörkuð. Með bættu aðgengi á að tryggja að fólk geti sótt atvinnu, skóla og þjónustu hvers konar á sem auðveldastan hátt. Gott aðgengi tryggir einnig hagkvæma aðdrætti til atvinnulífsins og flutning vara á markað.

Uppbygging grunnnets, sem nær til allra þéttbýlisstaða landsins með 100 íbúa eða fleiri, ásamt aukinni þjónustu í því grunnneti, er meðal þeirra aðgerða sem samgönguáætlun tilgreinir til að bæta aðgengi. Þá er einnig miðað við að endurskipuleggja almenningssamgöngur og að þær nái til allra þéttbýlisstaða með meira en 200 íbúa. Tilhögun þessara samgangna

hefur verið sú að veitt eru sérleyfi á einstökum leiðum. Hafa þau fengið verulega styrki úr ríkissjóði, sem farið hafa vaxandi. Sérleyfin skulu boðin út eigi síðar en 2005, en óvíst er að það leiði til minni styrkja. Með góðu grunnneti og skipulegum almenningssamgöngum á að nást áðurnefnt markmið um ferðatíma til höfuðborgarinnar.

Almenningssamgöngur í þéttbýli hafa verið á hendi sveitarfélaga. Ríkið hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessar samgöngur af hálfu ríkisins. Frekari stuðningur er æskilegur og ætti að stefna að því að ríkið endurgreiði álögð gjöld að fullu. Lagt er til að í samráði við sveitarfélög verði farið yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningssamgöngur í þéttbýli.

Afkastageta samgöngukerfisins er fyrst og fremst takmörkuð á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess. Takmarkanir eru þó ekki meiri en gerist á borgarsvæðum erlendis af svipaðri stærð. Sett eru fram markmið um að tryggja afkastagetuna, og gerðar tillögur um uppbyggingu grunnnetsins á höfuðborgarsvæðinu.

Langstærsti hluti fjármuna samgönguáætlunarinnar fer í að byggja upp samgöngumannvirki og bæta þau. Af samgöngumátunum þremur fer mest til vegamála, enda má segja að uppbygging vegakerfisins sé skemmst á veg komin. Miðað er við það að lokið verði við að leggja bundið slitlag á hringveginn 2007–8. Framkvæmdir á flugvöllum miða flestar að því að auka öryggi þeirra eða þjónustu. Framkvæmdir í höfnum eru flestar vegna endurnýjunar eða til þess að mæta breytingum í fiskiskipaflotanum eða útgerðarháttum.

Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnuvegur sem byggist fyrst og fremst á góðum samgöngum. Lykilatriði fyrir áframhaldandi vöxt hennar er bætt aðgengi og aukinn flytjanleiki þó svo að huga þurfi jafnframt að því að halda eftir ósnortnum svæðum. Nauðsynlegt er að mæta sérstökum þörfum ferðaþjónustunnar og gerir samgönguáætlun ráð fyrir að það sé gert.

Samgönguáætlun miðar að aukinni upplýsingaþjónustu á öllum sviðum samgangna við notendur og allan almenning. Upplýsingaþjónustan nái bæði til samgöngukerfanna og þeirra samgangna sem boðið er upp á fyrir tilstyrk ríkisvaldsins.

1.2 Markmið um hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna.

Grunnnet samgangna hefur verið skilgreint til þess að tryggja góðar samgöngur á landinu öllu á sem hagkvæmastan hátt. Grunnnetið er skilgreint annars vegar út frá umferðarþunga og hins vegar markmiðum um aðgengi og þjónustu. Í samgönguáætlun er uppbyggingu og þjónustu í grunnnetinu ætlaður forgangur. Með því er stuðlað að hagkvæmni í samgöngum, enda grunnnetið mikilvægasti hluti samgöngukerfisins sem ber uppi mesta umferðarþungann.

Það að skilgreina grunnnetið er í sjálfu sér fyrsti áfanginn í að afmarka mikilvægasta viðfangsefnið og ráðstafa fjármagni á hagkvæman hátt við uppbyggingu samgöngukerfisins. Hins vegar eru verkefnin mörg og hægt að meta þau frá ólíkum forsendum, svo sem út frá slysahættu, áhrifum á flutningskostnað, byggðarsjónarmiðum, arðsemi og aðgengi. Til þess að stuðla að enn frekari hagkvæmni er áformað að efna til rannsókna á grunnnetinu og þróa ýmsa mælikvarða, t.d. fyrir mat á þjóðhagslegri hagkvæmni þess, áætlun um uppbyggingu þess, rekstri, forgangsröðun framkvæmda og á ýmsum þjóðfélagslegum áhrifum þess.

Einnig eru sett fram ýmis markmið sem varða t.d. samvinnu samgöngustofnana, og samræmingu milli þeirra, gjaldtöku af notendum, samkeppni sem ætlað er að stuðla að hagkvæmustu lausnum í viðkomandi málaflokki, og um hlutverk markaðsaflanna í rekstri og uppbyggingu samgangna.

Stefnt er að markvissum rekstri samgöngustofnana og samgöngukerfisins. Í því skyni verði hugað að frekari viðskiptavæðingu stofnananna ef markaðsforsendur eru fyrir hendi. Unnið verði að athugunum og úttektum á hinum ýmsu þáttum í rekstrinum í þessu skyni.

Meðal verkefna sem unnið verður að, auk þeirra sem talin eru í þingsályktunartillögunni, má nefna eftirfarandi:

- Kostir eignastjórnunarkerfis verði kannaðir og kerfið tekið upp ef hagkvæmt þykir.
- Rekstur flugvalla verði endurskoðaður í ljósi óbreyttra fjárframlaga og síaukinna krafna, t.d. með því að taka upp samninga um rekstur einstakra flugvalla þar sem hlutverk þeirra og þjónstustig verði skilgreint.
- Athugað verði hvort færa eigi þjónusturekstur Flugmálastjórnar í nýtt rekstrarform.
- Stefnt að því að gefa einkaaðilum kost á að taka að sér skoðun skipa um leið og þessi þáttur í rekstri Siglingastofnunar verði endurmetinn.
- Farið verði yfir skipulag rekstrar hjá Vegagerðinni og lagðar fram tillögur um þau efni.

Samkeppni og jafnræði notenda.

Mikil umræða hefur farið fram um landflutninga samanborið við sjóflutninga og að gjaldtaka hins opinbera mismuni notendum. Ýmsar hliðar þessara mála hafa verið rannsakaðar, en enn er mörgum spurningum ósvarað. Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að þessi mál verði skoðuð frekar og leitað leiða til að leiðrétta mismunun ef hún er til staðar. Þá er við setningu laga og reglugerða lögð áhersla á að:

- reglur sem settar eru stuðli að bættu öryggi án þess að mismuna notendum umfram það sem óhjákvæmilegt er,
- stuðningur ríkisins sé skilgreindur og sýnilegur og skekki ekki samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja.

Gjaldtaka fyrir not samgöngukerfisins.

Nýjar aðferðir við gjaldtöku vegna notkunar samgöngumannvirkja eru mjög til umræðu í Evrópu. Meginþemu þeirrar umræðu eru tvö:

- Gjaldtakan miðist við jaðarkostnaðarregluna og taki bæði til innri og ytri kostnaðar.
- Gjaldtakan færist við stund og stað notkunar.

Með því að færa gjaldtöku að stað og stund notkunar er átt við að mæld notkun á samgöngumannvirki sé reikningsfærð t.d. með aðstoð nýrrar tækni sem verið er að þróa erlendis. Jaðarkostnaður er þekkt hagfræðilegt hugtak og tekur til innri og ytri kostnaðar sem ein bifreið til viðbótar veldur, t.d. við slit á mannvirki eða með útblæstri gróðurhúsalofttegundar. Gjaldtaka byggð á jaðarkostnaði stuðlar að hagkvæmustu nýtingu kerfisins. Með því að sömu reglur gildi fyrir alla samgöngumáta á að koma í veg fyrir að samgöngumátum sé mismunað þannig að flutningar fari eftir þeim leiðum sem hagkvæmar eru hverju sinni. Innri kostnaður snýr að beinni notkun samgöngumannvirkja en ytri kostnaður lýtur að slysum, töfum í umferð, notkun á umhverfisgæðum o.þ.h. Að innleiða aðferðir í þessum dúr krefst mikillar vinnu, jafnframt því sem fylgjast verður vel með þróuninni í Evrópu, bæði að því er varðar aðferðir og tæknilegar lausnir. Nokkuð hefur verið unnið að einstökum þáttum þessa máls að undanförnu og miðar samgönguáætlun við að settur verði aukinn kraftur í þá vinnu.

Markaðslausnir.

Á undanförnum árum hafa einkaaðilar komið í auknum mæli að ýmsum þáttum samgöngumála. Þessi þróun hefur átt sér stað af ýmsum ástæðum. Þær helstu eru auknar kröfur um að markaðslögmálin séu nýtt þar sem aðstæður leyfa og einnig hafa skapast nýjar leiðir fyrir aðkomu einkafjármagns að opinberum framkvæmdum. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og markaðurinn verði nýttur í vaxandi mæli þar sem hagkvæmt er. Leitast verður við að:

- nýta rekstrarþekkingu einkaaðila í samgöngumálum,
- vinna að frekari útboði stórra þjónustuverkefna ef skilyrði eru fyrir hendi,
- skoða hvort einstök verkefni henti sem einkaframkvæmd með gjaldtöku að miklu eða öllu leyti,
- bjóða út rekstur samgangna í lofti, á sjó og landi, sem ríkið kemur að, til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi.

1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Stefnt skal að því að samgöngur verði sjálfbærar. Markmið um sjálfbærar samgöngur fela í sér að samgöngur séu í samræmi við stefnu um sjálfbæra þróun, þar sem þörfum núverandi og komandi kynslóða er mætt. Þannig fjalla markmið um sjálfbærar samgöngur um að samræma umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg markmið innan samgöngugeirans. Umhverfisleg markmið fela m.a. í sér takmörkun á nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda, að ekki sé gengið á endurnýjunarmöguleika auðlinda, samgöngur ógni ekki heilsu fólks eða vistkerfum og mótvægisaðgerðum sé beitt til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum. Sett eru fram markmið er stuðla að sjálfbærum samgöngum og fjallað um leiðir til að ná markmiðunum, að svo miklu leyti sem unnt er innan lands. Árangur á þessu sviði ræðst þó að mjög miklu leyti af alþjóðlegri tækniþróun.

Samgöngur hafa áhrif á náttúrulegt og manngert umhverfi og á heilsu fólks. Umhverfisáhrif samgangna geta verið staðbundin, svæðisbundin eða hnattræn eftir því hvar umhverfisáhrifanna gætir miðað við upptök þeirra. Þau eru margs konar og ná m.a. yfir loftmengun, gróðurhúsaáhrif, áhrif á heilsu, hávaða, sjónræn áhrif o.s.frv. Mörg af þessum áhrifum samgangna á umhverfið hafa aukist á síðustu árum, önnur hafa staðið í stað eða minnkað, en munu hugsanlega aukast á ný með auknum samgöngum, verði ekki brugðist við í tíma.

Vegir og umferð eiga langstærstan þátt í umhverfisáhrifum samgangna. Millilandaflugið er í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og ekki er gert ráð fyrir að innanlandsflugið standi undir íþyngjandi kröfum umfram það. Því er ekki gert ráð fyrir séríslenskum reglum á þessu sviði. Umhverfisnefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar vinnur stöðugt að endurskoðun staðla, samningu leiðbeininga og mati á umhverfisáhrifum flugsins. Einnig er mikið unnið á þessu sviði innan Evrópusambandsins og ýmissa samtaka og félaga í Evrópu. Siglingar eru mjög háðar alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og umhverfiskröfur til íslenskra skipa og erlendra skipa er hingað sigla hljóta því að taka mið af því sem gerist í nágrannalöndunum.

Þegar stefnt er að því að samgöngur verði umhverfislega sjálfbærar þarf að takast á við marga ólíka þætti og verkefni. Helstu verkefni sem takast þarf á við eru:

1. *Aukin eftirspurn eftir samgöngum.*
2. *Aukin losun á koldíoxíði frá samgöngum.*
3. *Hávaðamengun frá samgöngum.*
4. *Loftmengun frá samgöngum.*
5. *Landnotkun vegna samgangna.*
6. *Förgun og spilliefni frá samgöngum.*

Til að unnt sé að meta árangur þarf að skilgreina mælanleg markmið varðandi framangreind verkefni og ákvarða mælikvarða fyrir hvert þeirra. Markmiðin þurfa að vera metnaðarfull en jafnframt raunsæ og mælanleg svo unnt sé að fylgjast með og stýra þróuninni. Með markmiðssetningu er unnt að einbeita sér að aðgerðum til að draga úr umhverfisáhrifum samgangna. Unnið er að því á vegum Evrópusambandsins og ýmissa alþjóðlegra samtaka að ákveða mælikvarða til að styðjast við þegar fylgst er með þróun umhverfisáhrifa af völdum samgangna í einstökum löndum. Stefnt er að því að nota þessa mælikvarða hérlendis.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn málaflokksins en eftirlit með framkvæmd laganna er í mörgum tilfellum á hendi samgönguráðuneytisins. Góð samvinna við umhverfisráðuneytið er nauðsynleg til þess að tryggja framgang margra áforma varðandi umhverfismál. Í tillögu stýrihóps eru sett fram markmið, meðal annars um losun CO_2, loftmengun og hávaða frá umferð og bent á leiðir til að ná árangri. Samgönguáætlun miðar við þessi markmið. Þessar leiðir fela m.a. í sér stjórnvaldsaðgerðir af ýmsu tagi, upplýsingamiðlun og kennslu, rannsóknir og nýtingu tækniþróunar. Með því að fara þessar leiðir má ná góðum árangri í umhverfismálum samgangna. Alþjóðleg tækniþróun ræður þó mestu um árangur á flestum sviðum umhverfisáhrifa samgangna og þá ekki síst hvað varðar hin hnattrænu áhrif.

Meðal verkefna í umhverfismálum, sem unnið verður að, auk þeirra sem talin eru upp í þingsályktunartillögunni, má nefna:

- Vinna að upplýsingamiðlun og fræðslu um leiðir til þess að bæta umhverfið.
- Meta losun CO_2 frá skipum og setja reglur sem stuðla að takmörkun hennar.
- Leita leiða til að farga úreltum skipum.
- Stefnt er að gildistöku alþjóðlegra reglna sem leiða til frekari takmörkunar á mengandi efnum frá samgöngutækjum.
- Stuðla að notkun umhverfisvænna orkugjafa.
- Setja reglur um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.
- Leitast er við að draga úr notkun spilliefna í samgöngum og við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfa.
- Taka tillit til hljóðvistar við hönnun umferðarmannvirkja og uppfylla kröfur reglugerða í samráði við sveitarfélög.

1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.

Í samgönguáætlun er það markmið sett að öryggi í samgöngum verði eins og það gerist best í öðrum löndum Evrópu og eru þá Norðurlöndin einkum höfð í huga. Í tillögu stýrihóps voru lagðar fram tölulegar upplýsingar um stöðu þessara mála, sett markmið um árangur og fjallað um leiðir til að ná þeim markmiðum. Samgönguáætlun tekur mið af þessu. Öryggismál flugsamgangna og siglinga er á ábyrgð samgönguráðuneytisins en framkvæmd þeirra eru í höndum fagstofnana. Öryggismál landsamgangna eru hins vegar að mestu á ábyrgð dómsmálaráðuneytisins.

Óhöpp og slys er einn af aðalfylgikvillum samgangna. Víða um lönd hefur verið lögð á það þung áhersla á undanförnum árum að reyna að draga úr þessum neikvæðu áhrifum samgangna og hefur náðst verulegur árangur. Norðurlöndin hafa þar gjarnan verið í fararbroddi og segja má að Ísland sé á svipuðu róli og hin Norðurlöndin í öryggismálum samgangna. Til að svo verði áfram þarf að taka til hendinni og miðar samgönguáætlun við það.

Íslendingar taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um öryggismál. Það hefur farið vaxandi á undanförnum árum, sérstaklega á sviði flug- og siglingamála. Mikilvægasta ástæðan er að þeir hafa skuldbundið sig til að fara eftir alþjóðlegum stöðlum og reglum auk þess sem slík samvinna skilar mikilli og nauðsynlegri þekkingu með tiltölulega litlum kostnaði. Einnig má nefna að í samgöngum á milli landa er nauðsynlegt að samræmi sé í öryggiskröfum.

Í vegaumferð eru ekki fyrir hendi alþjóðlegar reglur í sama mæli og í flugi og siglingum, heldur er alþjóðlegt samstarf meira í því fólgið að skiptast á upplýsingum um aðferðir og rannsóknir. Fylgjast verður vel með nýjungum á þessu sviði. Meðal þeirra má nefna þriggja akreina vegi sem Svíar hafa þróað á síðustu árum og kalla „2+1 vegi“ en áður hafa þeir verið reyndir í nokkrum löndum. Akreinin í miðju er þá notuð til framúraksturs þannig að til skiptis eru kaflar með tveim akreinum í aðra áttina og tveim akreinum í gagnstæða átt. Þó að að-

stæður hér séu að ýmsu leyti öðruvísi en í Svíþjóð verður að reyna aðferðina hér á landi. Hringvegurinn milli Reykjavíkur og Selfoss er á nokkrum köflum með þrem akreinum og því eðlilegt að þróa hann áfram í þessa veru. Fleiri vegir koma til greina í þessu samhengi.

Öryggismál eru einn mikilvægasti þátturinn í rekstri samgöngustofnana og koma með beinum og óbeinum hætti inn á flesta þætti starfseminnar. Hjá þessum stofnunum eru gerðar tillögur að öryggisreglum er varða búnað og rekstur flugvéla, skipa og í sumum tilfellum bifreiða. Þær fylgjast með því að kröfur um búnað séu uppfylltar og að öryggisreglum sé framfylgt. Þær gefa út ýmiss konar heimildir til reksturs, svo og skírteini til flugliða og sjómanna sem votta hæfni þeirra til starfans. Þá reka stofnanirnar leiðsögukerfi fyrir umferð í lofti og á legi. Einnig reka þær upplýsingakerfi um veður, sjólag og færð. Loks skulu stofnanirnar sjá til þess að farið sé að öryggiskröfum við hönnun, uppbyggingu og rekstur samgöngumannvirkja. Allt er þetta í þágu öryggis við samgöngur.

Alþingi hefur samþykkt sérstakar áætlanir um öryggismál sjófarenda og öryggi í vegaumferð. Samgönguáætlun tekur mið af þeim. Í henni eru settar fram tillögur um nokkrar helstu aðgerðir til að ná settum markmiðum. Í tillögu stýrihóps eru tillögurnar miklu fleiri og miðar samgönguáætlun við að þær verði framkvæmdar. Þessar tillögur snúa að setningu reglna, auknu eftirliti með farartækjum og stjórnendum þeirra svo og aukinni ábyrgð stjórnenda og rekstraraðila. Þá má nefna aukna fræðslu til allra sem gegna hlutverkum í samgöngum. Lögð er mikil áhersla á að bæta öryggisþátt samgöngumannvirkja og taka áætlaðar framkvæmdir meðal annars mið af því. Loks má nefna þá áherslu sem lögð er á rannsóknir tengdar öryggismálum.

Vegaumferð hefur að mörgu leyti sérstöðu í öryggismálum. Þar eru nánast allir landsmenn þátttakendur og meiri hluti þeirra gegnir hlutverki stjórnenda ökutækja. Kröfur um hæfni þeirra til verksins hafa lengstum verið mjög takmarkaðar. Þá er vegakerfinu einnig í mörgu ábótavant þó að mikið hafi áunnist á síðustu áratugum. Slysin eru þá einnig langflest í vegaumferð. Rannsóknir sýna að frumorsök umferðarslysa er í langflestum tilvikum (a.m.k. 80–90%) hjá ökumanninum. Hversu alvarlegar afleiðingarnar verða ræðst hins vegar oft af veginum og vegamannvirkjum, svo og umhverfi vegarins. Í ljósi þessa er brýnt að sinna báðum þessum þáttum, þ.e. ökumanninum og hegðun hans í umferðinni, og jafnframt að ástandi vega og umhverfis þeirra. Fyrri þátturinn heyrir undir dómsmálaráðuneytið og er því ekki sérstaklega til umfjöllunar hér. Samgönguáætlunin tekur til seinni þáttarins. Í henni eru tillögur um sérstakt fjárframlag til öryggisaðgerða (undir liðnum viðhald), auk þess sem mikill meiri hluti aðgerða í rekstri og uppbyggingu vegakerfisins felur í sér úrbætur í öryggismálum. Reynt hefur verið að meta hverju framkvæmda- og þjónustumarkmið samgönguáætlunar geti skilað í auknu umferðaröryggi. Niðurstaðan er sú að alvarlegum slysum gæti fækkað um a.m.k. 20% á ári miðað við meðaltal áranna 1996–1999. Telja verður líklegt að ná megi a.m.k. jafnmikilli fækkun með aukinni fræðslu og forvörnum af ýmsu tagi sem snerta ökumenn og aðra vegfarendur, og væri þá markmiðum umferðaröryggisáætlunar náð.

Samvinna allra aðila sem vinna að öryggismálum er mjög mikilvæg og þá um leið að hlutverkaskipan sé skýr. Þetta á ekki síst við um öryggi vegaumferðar, en mjög veigamiklir þættir þess heyra undir stofnanir dómsmálaráðuneytisins eins og áður var nefnt. Með samstilltu átaki allra aðila á að vera unnt að ná meginmarkmiði um öryggi í samgöngum. Meðal verkefna í öryggismálum, sem vinna þarf að, auk þeirra sem talin eru í þingsályktunartillögunni, má nefna:

- Halda áfram vinnu í samráði við aðra að bættu skipulagi fyrir leit og björgun.
- Ísland taki virkan þátt í undirbúningi að stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).

- Ísland taki virkan þátt í undirbúningi að stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA).
- Komið verði á ytra eftirliti með rekstri flugvalla og flugumferðarþjónustu.
- Setja reglugerð um flugvelli.
- Setja reglur um rekstur flugstöðva.
- Gefa út öryggishandbækur fyrir notendur hafna.
- Auka vetrarþjónustu og gæði hennar á vegum.

2. GRUNNNET SAMGÖNGUKERFISINS

2.1 Skilgreining grunnnets.

Samgöngukerfinu er ætlað að uppfylla þarfir þjóðarinnar fyrir alla fólks- og vöruflutninga, fiskveiðar og vinnslu. Í víðasta skilningi eru því öll mannvirki sem nota má til þessara flutninga hluti af samgöngukerfinu. Þegar unnið er að samgönguáætlun er mikilvægt að draga sérstaklega fram þau mannvirki sem mestu skipta fyrir heildina og mynda eðlilegt samfellt samgöngukerfi um land allt. Þetta grunnkerfi samgangna er hér nefnt grunnnet:

- Með grunnnetinu er burðarkerfi samgangna skilgreint. Það er þýðingarmesti hluti samgöngukerfisins sem tengir saman byggðarlög landsins og myndar eina heild.
- Umferðin er mest á grunnnetinu og því mikilvægt að það njóti forgangs við uppbyggingu.
- Líta ber á grunnnetið sem landskerfi er gagnast landsmönnum öllum. Uppbygging þess er í þágu landsins alls fremur en einstakra byggðarlaga.

Miðað er við að allir byggðakjarnar með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri tengist grunnnetinu. Einnig er grunnnetið látið ná til þeirra staða sem gert er ráð fyrir að verði mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga að og frá landinu. Grunnnetið er samfellt, liggur um þéttbýlisstaði þegar svo háttar til og helstu samgönguæðar á stærstu þéttbýlissvæðunum teljast til netsins.

Grunnnetinu eru gerð nánari skil hér á eftir og gerð grein fyrir helstu atriðum sem liggja að baki hugmyndum að því. Það er sýnt í stórum dráttum á mynd 2-1. Þar sem breytingar á samgönguháttum eru örar má búast við að endurskoða þurfi skilgreiningar á grunnnetinu reglulega. Að því er vegina varðar er lega þeirra á kortinu sýnd eins og hún er nú. Í einhverjum tilvikum munu vegir flytjast til þegar kemur að því að byggja þá. Nú þegar liggja fyrir hugmyndir um tilflutning á nokkrum stöðum. Landsvegirnir eru í nokkurri sérstöðu að þessu leyti en þar er undirbúningur skemmst á veg kominn. Verður að reikna með því að verulegar breytingar geti orðið á legu þeirra.

Flug.

Flugvöllum er skipt í flokka eftir stærð flugvéla sem geta athafnað sig á þeim. Í flokki I eru þeir flugvellir sem þjóna hefðbundnum flugvélum í innanlandsflugi en geta auk þess þjónað sem varaflugvellir fyrir millilandaflugvélar. Fyrir utan Keflavíkurflugvöll eru Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur í þessum flokki. Þeir eru varaflugvellir fyrir millilandaflug um Keflavíkurflugvöll. Aðrir flugvellir grunnnetsins eru í flokki II sem þjóna flugvélum í innanlandsflugi.

Siglingar/hafnir.

Þær hafnir teljast til grunnnets samgönguáætlunar sem um fara árlega meira en 10 þúsund tonn af vörum eða þar sem landað er meira en 8 þúsund tonnum af sjávarafla. Stórskipahafn-

ir, þar sem yfir 50 þúsund tonn af vöru fara um árlega, eru í 13 sveitarfélögum. Til viðbótar fara árlega yfir 10 þúsund tonn af vörum og/eða yfir 8 þúsund tonna afli um hafnir 17 sveitarfélaga. Samtals teljast því hafnir 30 hafnarsjóða til grunnnetsins.

Vegir.

Vegir flokkast í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Allir stofnvegir teljast til grunnnetsins nema Heydalsvegur. Netið tekur einnig til jarðganga samkvæmt jarðgangaáætlun (þ.e. Siglufjörður–Ólafsfjörður og Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður) en á móti falla út þeir stofnvegir sem göngin leysa af hólmi. Þá eru teknir með tengivegir og landsvegir, sem falla undir skilyrði grunnnetsins. Lengd vega í netinu er um 5.200 km. Þá teljast þrjár ferjuleiðir til grunnnetsins.



Mynd 2-1. Grunnnet samgangna.

2.2 Almennar áherslur varðandi grunnnetið.

Forsendur fyrir skilgreiningu grunnnetsins eru metnaðarfullar og miðað við fjármagn samgönguáætlunar tekur langan tíma að uppfylla sett markmið, sérstaklega er varðar vegakerfið. Þær miðast við að styrkja samgöngur á landinu öllu og efla þjónustu- og vaxtarkjarna á landsbyggðinni. Grunnnetið styður vel að vexti slíkra kjarna með því að stuðla að styttingu ferðatíma og efla samgöngur innan svæða og milli þeirra. Í þessari áætlun er horft á samgöngumátana saman. Vegakerfið tengir byggðir, hafnir og flugvelli. Bætt vegakerfi stækkar þjónustusvæði flugvalla og hafna. Samgönguáætlunin tekur mið af því að nýta betur þá fjármuni sem í samgöngur fara og er skilgreining grunnnetsins liður í þeirri viðleitni.

Ferðaþjónusta og samgöngur.

Í tillögu stýrihóps að samgönguáætlun 2003–2014 er fjallað um þarfir ferðaþjónustunnar fyrir samgöngubætur. Í samgönguáætlun er víða komið til móts við þessar þarfir með ýmsum vegabótum, t.d. fækkun einbreiðra brúa, lagningu bundins slitlags og endurbyggingu vega. Þá er mörkuð stefna um framtíð Reykjavíkurflugvallar í áætluninni sem er ferðaþjónustunni mjög mikilvægur. Einnig er við það miðað í áætluninni að auka vetrarþjónustu og mun hún koma ferðaþjónustunni til góða. Þá er á nokkrum stöðum verið að bæta aðstöðu fyrir ferðaþjónustu í höfnum. Það er ljóst að fara þarf yfir sértækar þarfir ferðaþjónustunnar í samgöngumálum.

- Unnin verði úttekt á þörfum ferðaþjónustunnar sem höfð verði hliðsjón af við gerð næstu áætlunar.

Stytting vegalengda.

Styttingu leiða, sem eru til hagræðis fyrir alla flutninga, er mikill gaumur gefinn í þessari áætlun. Í allmörgum þeim verkefnum, sem áætlunin tekur til, styttast leiðir. Dæmi um þetta eru hringvegur á nýjum stað um brú á Hornafjarðarfljóti, Þverárfjallsvegur á milli Skagafjarðar og Húnaflóa, Norðausturvegur um Öxarfjarðarheiði og Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð. Þá leiða jarðgöng samkvæmt áætluninni til mikillar styttingar vegalengda.

Aksturstími styttist jafnan þegar leiðir styttast. Aksturstími styttist einnig vegna betri legu nýrra vega en gamalla og þegar lagt er bundið slitlag í stað malar. Í heild mun því aksturstími styttast víða á vegakerfinu.

Unnið er að athugunum á styttingarmöguleikum á öllu grunnnetinu. Er þar um frumathugun að ræða, og nær hún til leiðanna Reykjavík–Akureyri og Reykjavík–Ísafjörður. Að auki er Hringvegurinn skoðaður í heild svo og hálendisvegir frá Reykjavík til Egilsstaða. Litið er á hugmyndir um styttingar, gamlar og nýjar, gerð grein fyrir nýrri legu vega í grófum dráttum og metin hver stytting fyrir sig, og kostnaður við hana. Slík athugun getur ekki verið nákvæmari eðli málsins samkvæmt, en hún á þó að geta gefið allgott yfirlit um möguleika á styttingu hinna ýmsu leiða, svo og hugmynd um kostnað. Niðurstöður þessarar frumathugunar verða lagðar fram við meðferð samgönguáætlunar á Alþingi.

Tenging stofnvega fram hjá byggðakjörnum.

Stofnvegir landsins liggja gjarnan í gegnum þéttbýli, með þeim kostum og göllum sem því fylgja. Víða leitar byggðin í átt að vegunum og þorp og kaupstaðir myndast við vegamót. Venjan er að þéttbýli vilji hafa það gagn sem af umferðinni leiðir vegna atvinnustarfsemi og viðskipta og eru þá frekar reiðubúin til að taka á sig ókostina. Samráð er haft við sveitarfélögin um þessi mál. Þannig er nýlega lokið sameiginlegri skoðun Borgarbyggðar og Vegagerðarinnar á þjóðveginum í gegnum Borgarnes. Þar varð niðurstaðan sú að fara skyldi í lagfæringar á veginum fremur en að færa hann út fyrir byggðina. Selfoss er annar staður þar sem umferð er mikil í gegnum bæinn, og þar þarf að huga að þessum málum í samvinnu við sveitarfélögin.

Samgönguáætlun gerir ekki ráð fyrir miklum framhjáhlaupum af þessu tagi, en fylgjast þarf með þróun umferðar í gegnum þéttbýlisstaði með hliðsjón af ferðatíma og grípa til aðgerða ef ástæða er til.

2.3 Staða grunnnetsins og horfur.

Flug.

Innviðir grunnnets flugsamgangna eru í meginatriðum í góðu lagi. Allir flugvellir grunnnetsins eru með nýlega uppbyggðum flugbrautum sem eru malbikaðar eða lagðar bundnu slitlagi. Flugstöðvar á öllum þessum flugvöllum eru nýlegar eða hafa verið endurbyggðar nýlega. Á flestum þeirra hafa brautarljós verið endurnýjuð, svo og fjarskiptabúnaður og annar fastur öryggisbúnaður. Jafnframt hefur mikið áunnist í endurnýjun hreyfanlegs öryggisbúnaðar. Aðflugsbúnaður er í meginatriðum eins fullkominn og landfræðilegar aðstæður leyfa og tækjabúnaður þeirra flugvéla, sem nota þessa flugvelli, gefur tilefni til. Búnaður vegna flugs milli flugvalla innan lands er góður og í mörgum tilvikum mun betri en hægt væri að búast við í svo strjálbýlu landi. Þetta skýrist af kerfum sem komið hefur verið upp vegna alþjóðaflugþjónustunnar eða á vegum varnarliðsins.

Þrátt fyrir þessa stöðu eru mikilvæg framkvæmdaverkefni fram undan til að þessir flugvellir uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar samkvæmt þeim stöðlum sem Flugmálastjórn vinnur eftir. Fyrst og fremst er brýnt að ljúka þeim verkefnum sem varða flugöryggi, einkum gerð öryggissvæða kringum flugbrautir og endurnýjun og viðbætur við ljósa- og aðflugsbúnað. Þá er mikilvægt að ekki dragist að byggja nýja flugstöð á Reykjavíkurflugvelli enda uppfyllir núverandi flugstöð ekki þær kröfur sem gerðar eru til slíks mannvirkis. Þá þarf víða að bæta byggingar á flugvöllum til að hýsa þann búnað sem notaður er til að reka þessi mannvirki. Mikilvægt er að halda áfram að endurnýja hreyfanlegan búnað sem notaður er við almennan rekstur flugvallanna en ekki síður að endurnýja öryggis- og björgunarbúnað í samræmi við hertar kröfur á þessu sviði. Þá verða sífellt háværari nýjar kröfur um flugvernd, sem krefjast hvers konar búnaðar og aðstöðu til vopnaleitar á farþegum og í farangri og flutningi.

Meðal helstu viðfangsefna í rekstri flugsamgöngukerfisins er að innleiða ný rekstrarkerfi, svo sem öryggisstjórnunarkerfi og önnur gæðastjórnunarkerfi sem auka öryggi, skilvirkni og gæði þjónustunnar á flugvöllum og í flugumferðarþjónusta. Þessi átaksverkefni eru einnig lykillinn að því að starfsemi flugvalla og flugumferðarþjónustu hljóti vottun og sæti ytra öryggiseftirliti í samræmi við alþjóðlegar kröfur sem hafa verið boðaðar eða eru í undirbúningi. Ein af þeim meginkröfum sem uppfylla þarf í þessu sambandi er að tryggja að á minni flugvöllunum séu nægilega margir starfsmenn, einkum til að tryggja að nægilegur viðbúnaður sé til staðar þegar umferð er um þá. Þá fer þörf fyrir meiri þjálfun starfsmanna stöðugt vaxandi svo að uppfylla megi kröfur um flugöryggi.

Nýting flugsamgöngukerfisins á Íslandi er nú langt undir þeirri afkastagetu sem er fyrir hendi. Þannig er ljóst að flugumferð innan lands gæti aukist stórlega án mikils aukakostnaðar. Tvöföldun umferðar í núverandi umferðarmynstri mundi líklega hafa í för með sér óverulega fjölgun starfsmanna og ekki krefjast neinna verulegra fjárfestinga í byggingum og búnaði, nema hvað núverandi flugstöð á Reykjavíkurflugvelli gæti ekki annað slíkri aukningu. Nákvæm greining hefur þó ekki farið fram á því hver áhrif mikillar aukningar yrðu. Eftir stækkun flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli er auðvelt að auka afköst hennar langt umfram það sem núverandi umferð krefst. Keflavíkurflugvöllur getur tekið við margfalt meiri umferð og því engin vandkvæði á því að auka farþegaflug milli Íslands og annarra landa. Þetta á einnig við um vöruflutninga, þar sem nýrri aðstöðu til vöruafgreiðslu hefur verið komið upp á flugvellinum á vegum tveggja fyrirtækja.

Nýja flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík getur tekið við mjög aukinni umferð bæði í innanlands- og millilandaflugi. Engar hindranir eru því í vegi fyrir því að taka á móti þeirri auknu umferð sem búist er við á komandi árum samkvæmt alþjóðlegum spám um flugumferð yfir Norður-Atlantshafi.

Flugvellir í grunnkerfi eru vel búnir til að afgreiða farþega, ef undan er skilin flugstöðin á Reykjavíkurflugvelli. Aðflugsbúnaður er með þeim hætti á öllum flugvöllum grunnkerfisins að erfitt er að bæta hann þannig að verulegar breytingar verði á nýtingu flugvallanna, þar sem landfræðileg aðstaða og veðurfar eru veigamesti þátturinn. Hins vegar er þörf á að nýta til hins ýtrasta nýja tækni sem er að ryðja sér til rúms og byggist á gervihnattastaðsetningu og gagnafjarskiptum. Jafnframt krefst ýmis hefðbundinn tæknibúnaður endurnýjunar eða endurbóta til að tryggja fyllsta öryggi bæði frá sjónarmiði flugöryggis sem og rekstraröryggis. Þá er ljóst að nýjungar í mæli- og upplýsingatækni gefa marga möguleika til að auka enn nýtingu og öryggi flugsamgöngukerfisins, ekki hvað síst við að afla og dreifa upplýsingum um flugveður.

Reykjavíkurflugvöllur hefur nú að stórum hluta verið endurbyggður, þ.e. flugbrautir og akstursbrautir, auk þess sem flugbrautaljós og ýmis annar tækjabúnaður hefur verið endurnýjaður. Þá hefur verið lögð áhersla á umhverfismál flugvallarsvæðisins sem hefur verið ræktað upp og fegrað. Gera má ráð fyrir að hátt á annan milljarð króna hafi farið til þessara framkvæmda þegar þeim verður lokið. Ákvörðun um þessar framkvæmdir var m.a. byggð á arðsemismati sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði árið 1997 fyrir Flugmálastjórn og Reykjavíkurborg þar sem gengið var út frá 25 ára afskriftatíma.

Hlutverk Reykjavíkurflugvallar er fyrst og fremst að vera miðstöð innanlandsflugsins auk þess sem þaðan er stundað áætlunarflug til Grænlands og Færeyja. Hann gegnir einnig mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflugið. Reykjavíkurflugvöllur er jafnframt miðstöð sjúkraflugsins í landinu og þar hefur Landhelgisgæslan aðstöðu fyrir allan flugrekstur sinn. Þá er flugvöllurinn í auknum mæli áfangastaður fyrir einkaflugvélar í millilandaflugi, einkum viðskiptaflugi. Flugkennsla í landinu er að mestu leyti rekin á Reykjavíkurflugvelli, þótt unnið sé að því að flytja æfingaflug (snertilendingar) á aðra flugvelli. Þá er aðalaðstaða einkaflugs í landinu á Reykjavíkurflugvelli.

Helsta breyting sem fyrirsjáanleg er á framangreindu hlutverki Reykjavíkurflugvallar er að æfingaflug mun flytjast af flugvellinum, sem mun draga verulega úr fjölda flughreyfinga. Þá mun einkaflug væntanlega dragast saman eftir því sem aðstaða fyrir einkaflug verður byggð upp á öðrum flugvöllum.

Siglingar/hafnir.

Löng reynsla hefur sýnt að kröfur til íslenskra hafna eru síbreytilegar og að þróun þeirra verður að haldast í hendur við þróun fiskiskipaflotans. Á undanförnum áratugum hefur hvert þróunartímabilið tekið við af öðru í hafnargerð þar sem lögð hefur verið áhersla á að mæta þörfum mismunandi fiskiskipa fyrir öruggar og afkastamiklar hafnir, þ.e. góða viðlegu- og löndunarkanta, athafnasvæði á landi, dýpi í höfn og á innsiglingaleið og víða einnig ytri mannvirki til að veita skjól.

Víðast er búið að ná því marki að bátum, sem gerðir eru út frá viðkomandi höfn, hefur verið skapað öruggt skjól í öllum veðrum og því er ekki mikil þörf fyrir nýja skjólgarða á næstunni.

Mikil endurnýjun hefur átt sér stað í fiskiskipaflotanum síðustu árin og nýjustu uppsjávarveiðiskipin rista yfir 9 metra, en á síðasta áratug var yfirleitt miðað við 7 til 7,5 metra djúpristu við hönnun hafna. Til að koma á móts við þessa þróun er því dýpkunar þörf í nokkrum höfnum. Í öðrum höfnum eiga sér stað efnisflutningar eða sandburður og þar þarf að dýpka með reglulegu millibili.

Nokkrar bryggjur sem eru í góðu ástandi eru orðnar úreltar vegna þess að þær voru hannaðar fyrir minna dýpi en fiskveiðiflotinn krefst í dag. Þá eru allvíða hafnarmannvirki sem

endast ekki öllu lengur. Þetta á einkum við um viðlegukanta úr tré og stáli sem nú þarfnast endurbyggingar.

Ytri mannvirki verða fyrir mikilli áraun frá hendi náttúruaflanna. Gera verður ráð fyrir að þau þurfi að styrkja eða endurbyggja með reglulegu millibili.

Siglingastofnun hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskiskipahafnir og flokkað hafnir í fjóra flokka eftir umfangi þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Fyrir hvern flokk hafna eru annars vegar gerðar ákveðnar tæknilegar kröfur er lúta að gæðum hafnar og hafnarmannvirkja og hins vegar miðað við reglur um nýtingu mannvirkja. Við gerð áætlunarinnar er við það miðað að hafnir í grunnneti uppfylli staðalkröfur. Þá er fyrirséð að endurnýja þarf hafnarmannvirki í nokkrum mæli til að uppfylla þarfir sjávarútvegsins og jafnframt að mæta nýjum þörfum sem leiða af þróun atvinnugreinarinnar.

Vegir.

Vegakerfið er umfangsmest hinna þriggja samgöngukerfa í grunnnetinu og þar af leiðandi langdýrast í uppbyggingu og rekstri. Það er einnig skemmst á veg komið hvað uppbyggingu varðar svo og þjónustu.

Miklar framfarir hafa orðið á vegakerfinu undanfarin ár og áratugi. Ástand þess er þó enn mjög breytilegt. Stórir landshlutar búa við malarvegi, þar sem takmarka verður leyfðan þunga hluta úr árinu. Eitt af brýnustu verkefnum þessarar samgönguáætlunar er að leysa frumþarfir þessara byggðarlaga fyrir vegasamgöngur. Það krefst hins vegar mikilla fjármuna.

Á mynd 2-1 eru sýndir þeir vegir sem voru með bundið slitlag um síðustu áramót. Af 3.966 km eru 3.450 km á grunnnetinu, en grunnnetið er um 5.200 km. Lengd malarvega á grunnnetinu er því um 1.750 km.

Annað fjárfrekt verkefni er að endurbæta vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu, þannig að umferðarástand versni ekki frá því sem nú er. Ætla má að umferðarástand á höfuðborgarsvæðinu nú standist samanburð við sambærileg borgarsvæði í nágrannalöndunum. Fjölgun íbúa hefur þó verið ör og það ásamt vaxandi bílaeign veldur hraðri aukningu umferðar. Frá sjónarmiði hagkvæmni, umferðaröryggis og umhverfis er brýnt að mæta þessari þróun með auknum fjárfestingum frá því sem verið hefur.

Auk þessara tveggja verkefnaflokka eru nokkrir aðrir sem sinna verður til að bæta úr ágöllum vegakerfisins. Má þar nefna framkvæmdir við að byggja upp elstu vegina, stytta leiðir, breikka brýr þar sem mjóar brýr skapa hættu og lagfæra vegi þar sem erfiðar aðstæður skapast að vetrarlagi.



Mynd 2-1.

Öryggi í vegasamgöngum er í verulegum mæli sambærilegt við það sem best er í nálægum löndum. Ekki verður þó hjá því komist að beina verulegum kröftum að öryggismálum veganna hér frekar en annars staðar. Þetta snýr þá einnig að þeirri þjónustu sem veitt er í vegakerfinu og þá ekki síst vetrarþjónustu, þ.m.t. hálkuvarnir. Þetta kallar á aukið fjármagn og tekur samgönguáætlun nokkurt mið af því.

Landsvegirnir fjórir, sem teljast til grunnnetsins, hafa mikla sérstöðu. Mestur hluti þessara vega er óuppbyggðar malarslóðir. Samgönguáætlun miðar við að þeim verði komið í „gott horf“ samkvæmt nánari skilgreiningu. Fjármagn í áætluninni dugir þó einungis fyrir litlum hluta verkefnisins, en hefjast þarf handa hið fyrsta við að skilgreina hlutverk þeirra og hvaða kröfur þeir eiga að uppfylla.

Þrjár ferjuleiðir eru í grunnnetinu, og eru tvær þeirra alllangar, Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn og Stykkishólmur–Brjánslækur. Samgönguráðherra hefur skipað nefndir til að meta þá þjónustu sem veita beri á komandi árum og hvernig henni verði hagað. Vestmannaeyjanefndin hefur skilað áfangaskýrslu og hefur ferðum á þeirri leið verið fjölgað í samræmi við tillögur nefndarinnar. Niðurstöður beggja nefndanna eiga að liggja fyrir við afgreiðslu samgönguáætlunar á Alþingi.

3. FJÁRMÁL SAMGÖNGUÁÆTLUNAR

Verðlag.

Áætlunin er sett fram á föstu verðlagi og er það verðlag fjárlagafrumvarpsins 2003. Til að áætlunin haldi gildi sínu þarf að auka tekjuöflun til samræmis við hækkun verðlags eins og það verður á áætlunartímanum. Er þá miðað við að tekjustofnar samgöngustofnananna verði hækkaðir til verðlags, svo og framlag ríkisins.

3.1 Tekjur samgönguáætlunar.

Í stórum dráttum er miðað við sömu fjáröflunaraðferðir og nú eru viðhafðar í flugmálaáætlun, hafna- og sjóvarnaáætlun og vegáætlun. Fjárhagsrammi samgönguáætlunar er svipaður og síðustu ár.

Verðlag fjárlagafr. 2003	Samgönguáætlun		
	2003–2006	**2007–2010**	**2011–2014**
	millj. kr.	**millj. kr.**	**millj. kr.**
Flugmál			
Tekjur	10.901	11.744	11.977
Ríkisframlag	3.817	3.617	3.617
Samtals	**14.718**	**15.361**	**15.594**
Siglingamál			
Tekjur	2.055	2.134	2.218
Ríkisframlag	6.608	4.695	4.689
Samtals	**8.663**	**6.828**	**6.907**
Vegamál			
Tekjur	42.946	45.113	46.424
Ríkisframlag	12.752	12.152	9.332
Samtals	**55.698**	**57.265**	**55.756**
Samgöngumál			
Tekjur	55.902	58.991	60.619
Ríkisframlag	23.177	20.464	17.638
Samtals	**79.079**	**79.455**	**78.257**

Tafla 3-1. Yfirlit um tekjur og ríkisframlög.

Flug.

Flugvallagjald er lagt á brottfararfarþega í innanlands- og millilandaflugi. Gert er ráð fyrir að tekjur af flugvallagjaldi verði óbreyttar 2002–2004 en aukist síðan um 5% 2005 og 2006 en 2% á ári eftir það út áætlunartímabilið. Samkvæmt þessu verða tekjur árið 2006 þær sömu og árið 2001, þ.e. þegar atburðirnir 11. september urðu. Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs aukist til móts við minni tekjur af flugvallagjaldi fram til ársins 2006. Reiknað er með að á árunum 2004–2009 verði greiddar afborganir vegna lána til framkvæmda við Reykjavíkurflugvöll. Frá og með 2010 er gert ráð fyrir að verja 100 millj. kr. af tekjum af flugvallagjaldinu til að standa straum af kostnaði við styrki til innanlandsflugsins. Ríkistekjur Flugmálastjórnar eru m.a. lendingargjald sem greitt er af flugrekendum, eftirlitsgjöld loftfara og flugrekenda og prófgjöld vegna bóklegra og verklegra prófa. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna

þjónustu við alþjóðaflugið aukist í samræmi við áætlaða aukningu á umferð þannig að notendagjöld verði óbreytt. Stuðst er við áætlun „The North Atlantic Traffic Forecasting Group“ um áætlaða árlega aukningu á umferð. Gert er ráð fyrir að umferð aukist um 4,9% 2004 frá árinu 2003, 3,8% á árinu 2005, 3,6% á árinu 2006 og 3,4% á árinu 2007. Á síðari tveimur tímabilunum, sem samgönguáætlun nær til, er gert ráð fyrir óbreyttum tölum. Tekjur af alþjóðaflugþjónustu miðast við að notendur greiði 95% af kostnaði við flugumferðarþjónustu milli landa. Ísland ber 5% kostnaðar vegna þess hagræðis sem talið er felast í samningnum.

Í áætluninni er ekki tekið tillit til útgjalda sem koma til vegna breytinga á alþjóðlegum kröfum, t.d. vegna aukins öryggiseftirlits sem hefur verið boðað. Gert er ráð fyrir að slík viðbótarútgjöld verði fjármögnuð með auknu framlagi úr ríkissjóði og/eða auknum gjöldum á notendur þegar ljóst er hverjar kröfurnar verða og hvaða kostnað þær hafa í för með sér.

Siglingamál/hafnir

Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til rekstrarverkefna hjá Siglingastofnun haldist öll 12 árin lítt breytt frá því sem er í dag. Á hinn bóginn er við það miðað að framlög til stofnkostnaðar lækki frá fyrsta áætlunartímabili til þess næsta. Meginástæða þessarar lækkunar er fyrirhuguð breyting á kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum hjá stærri hafnarsjóðum. Einnig er á fyrsta áætlunartímabilinu gert ráð fyrir sérstökum framlögum til að ljúka ferjuaðstöðu á Seyðisfirði og til stóriðjuhafnar við Hraun í Reyðarfirði. Af öðrum stofnkostnaðarliðum má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til sjóvarnargarða og Hafnabótasjóðs hækki nokkuð frá því sem er í dag. Nýleg úttekt Siglingastofnunar sýnir að ekki má slá slöku við í vörnum gegn landbroti af völdum ágangs sjávar og hvað Hafnabótasjóð varðar, þá hefur verið gengið verulega á höfuðstól hans síðustu árin.

Gert er ráð fyrir lítið eitt vaxandi umsvifum í rekstri í takt við aukna skipaumferð. Þá er við það miðað að festa í sessi 20 millj. kr. framlag til langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda undir liðnum yfirstjórn. Gert er ráð fyrir árlegu 10 millj. kr. tímabundnu framlagi 2004–2006 til rannsókna á aðstæðum til siglinga við suðurströnd landsins, m.a. í tengslum við hugsanlega ferjuhöfn við Bakkafjöru og afmörkun siglingaleiða fyrir flutningaskip. Miðað er við að vaktstöð siglinga taki við fjarskiptaþjónustu við skip og stjórnstöð tilkynningarskyldu, sem verið hefur í Gufunesi. Þá er reiknað með að fjárheimildir, til að kosta þjónustusamninga við Slysavarnafélagið Landsbjörg, flytjist frá aðalskrifstofu samgönguráðuneytisins til Siglingastofnunar.

Nokkur lagafrumvörp eru nú í undirbúningi sem geta haft áhrif á fjárveitingar til siglingamála í þá átt að fjármögnun flytjist frá ríkissjóði til eigenda skipa eða notenda hafna. Dæmi um þetta eru frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum og frumvarp til nýrra hafnalaga.

Vegir

Hinir mörkuðu tekjustofnar til vegamála eru bundnir í lögum og renna allar tekjur þeirra til málaflokksins. Miðað er við að svo verði áfram út tímabilið. Ekki er reiknað með gjaldskrárhækkunum frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir óbreyttri bensínsölu á ári, 190 milljónir lítra. Er þá haft í huga að fjölgun bíla vegi upp á móti sparneytnari hreyflum og minnkandi akstri á hvern bíl. Miðað er við að tekjur af km-gjaldi þungaskattsins aukist að meðaltali um 2% á ári vegna aukins aksturs. Þungaskattur í formi árgjalds hefur aukist hraðar en aðrir stofnar að undanförnu og er reiknað með að svo verði áfram. Heildarvöxtur markaðra tekna er áætlaður 1–1,5% á ári að meðaltali.

Vegagerðin hefur lítils háttar ríkistekjur og eru það einkum leyfisgjöld flutningaiðnaðarins.

Í gildandi vegáætlun er gert ráð fyrir umtalsverðum framlögum úr ríkissjóði á seinni árum áætlunarinnar (2,7–2,8 milljarðar kr. á ári). Hefur þetta tengst áformum ríkisstjórnarinnar um að nota hluta af söluverði ríkisfyrirtækja til átaks í vegamálum. Það gefur meðal annars svigrúm til að ráðast í jarðgangagerð, flýta fyrir ýmsum brýnum stærri verkefnum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, og sinna jaðarbyggðum og ferðamannaleiðum í ríkara mæli en verið hefur. Samgönguáætlun tekur mið af þessu. Þá er miðað við að hefja uppbyggingu helstu landsvega yfir hálendið, þ.e. Sprengisandsleiðar, Kjalvegar, Fjallabaksleiðar nyrðri og Kaldadalsvegar.

Reiknað er með ríkisframlagi til flugs til tiltekinna staða, en Vegagerðinni hefur nýlega verið falin umsjón með útboðum á því flugi.

Heildarfjáröflun helst nokkuð stöðug út áætlunartímann. Markaðar tekjur hækka nokkuð en ríkisframlag lækkar. Eins og sést á töflu 3-1 fá vegirnir mest fjármagn í sinn hlut eða um 70% af heildinni. Þetta tengist þeim staðreyndum að vegakerfið er skemmst á veg komið hinna þriggja samgöngukerfa og kröfur íbúa og atvinnulífs um endurbætur og bætta þjónustu á því eru mjög miklar og stöðugt vaxandi.

Að því er varðar fjáröflunarleiðir til að standa undir útgjöldum til vegamála má benda á að tekjur ríkisins af bifreiðum og notkun þeirra eru mun meiri en það fjármagn sem rennur til vegamála.

Viðskiptahreyfingar eru fólgnar í afborgunum lána til ríkissjóðs. Um er að ræða lán vegna smíði ferja, vegagerðar að Hvalfjarðargöngum og lán til framkvæmda í vegagerð árið 1999.

3.2 Útgjöld samgönguáætlunar.

Útgjöld samgönguáætlunar skiptast í aðalatriðum í þrennt, rekstur og þjónustu, viðhald og stofnkostnað. Í greinargerðinni er farin sú leið að taka fyrir hvern útgjaldaflokk fyrir sig og gera grein fyrir honum hjá stofnununum hverri fyrir sig. Er þetta gert með það í huga að fá yfirlit yfir útgjaldaflokkinn í heild. Útgjaldaliðir eru nokkuð breytilegir milli stofnana og kemur það bæði fram í tillögunni og greinargerðinni.

3.2.1 Rekstur og þjónusta.

Undir þennan lið fellur yfirstjórn samgöngustofnana, rekstur leiðsögukerfa og upplýsingamiðlunar, þjónustan sem veitt er á samgöngukerfunum, eftirlitsstörf stofnananna, svo og almenningssamgöngur sem ríkið kemur að. Enn fremur rannsóknir og þróun, fræðslustarfsemi og varðveisla minja og sögu.

Yfirstjórn.

Verkefni yfirstjórna samgöngustofnana eru hliðstæð í veigamiklum atriðum, svo sem stefnumörkun og áætlanagerð, samræming og stjórnun, fagleg og fjármálaleg, auk samskipta við Alþingi, ráðuneyti og vegna alþjóðasamninga. Gert er ráð fyrir lítið eitt vaxandi umsvifum, m.a. vegna nýrra verkefna sem stofnunum eru falin.

Leiðsögukerfi og umferðarþjónusta.

Mikil þróun hefur orðið í leiðsögukerfum á nýliðnum árum og mun halda áfram auk þess sem notkunarsviðið mun stækka verulega. Fram að þessu hafa merki frá gervihnöttum til leiðsögu verið opin til notkunar á eigin ábyrgð. Í framtíðinni mun verða hægt að gerast áskrifandi að þeim þar sem sendandinn ábyrgist þau að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Þetta gefur margvíslega möguleika til notkunar við leiðsögn og raunar einnig til ýmissa annarra umbóta, svo sem í öryggismálum, gjaldtöku fyrir afnot af samgöngukerfum o.fl. Þessi mál verða á dagskrá hjá öllum samgöngustofnunum á áætlunartímanum.

- Áætlun um leiðsögumál verði gerð fyrir landið á fyrsta tímabili áætlunarinnar.

Flug.

Starfsemi Flugmálastjórnar á þessu sviði felst í rekstri flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík, flugturna á flugvöllum landsins og flugleiðsögu- og fjarskiptakerfis.

Flugstjórnarmiðstöðin og stór hluti flugleiðsögu- og fjarskiptakerfisins þjóna alþjóðlegu flugi á stóru flugstjórnarsvæði yfir Norður-Atlantshafi, þar sem Ísland ber ábyrgð á að stjórna flugumferð, veita almenna flugupplýsingaþjónustu auk þess að annast leitar- og björgunarþjónustu. Þessi þjónusta við alþjóðaflugið er ásamt veður- og fjarskiptaþjónustu að stærstum hluta greidd af notendunum og stefnt er að því að í framtíðinni verði hún að öllu leyti greidd af þeim. Flugstjórnarmiðstöðin annast einnig stjórnun innanlandsflugsins á flugleiðum milli flugvalla. Flugmálastjórn rekur skóla til að mennta og þjálfa flugumferðarstjóra og aðra starfsmenn til starfa við flugupplýsingaþjónustu.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum í flugleiðsögu að öðru leyti en því að líklegt er að notkun gervihnattaleiðsögu muni aukast á áætlunartímabilinu. Með þeirri aukningu verður nauðsynlegt að taka í notkun eftirlitskerfi með útsendingu gervihnattanna. Þessu markmiði verður best náð með því að taka þátt í eftirlitskerfum Bandaríkjanna og Evrópu. Fjarskiptaþjónusta við flugvélar mun taka miklum breytingum á næstu árum eftir því sem sjálfvirkur gagnaflutningur leysir hefðbundin talviðskipti af hólmi. Því má gera ráð fyrir að breytingar verði á núverandi skipulagi fjarskipta við flugvélar í alþjóðlegu flugi.

Siglingar.

Undir þennan lið fellur rekstur og viðhald landsvitakerfisins og eftirlit með rekstri hafnarvita. Rekstur og eignarhald vitakerfisins er tvískipt. Vitar í eigu ríkisins eru til leiðbeiningar á almennum siglingaleiðum en hafnarvitar í eigu sveitarfélaga vísa leið inn til hafna. Þá fellur rekstur og viðhald upplýsingakerfis um veður og sjólag undir þennan lið.

Siglingastofnun Íslands vinnur að því að undirbúa útboð vegna fjarskiptaþjónustu við skip og tengdrar þjónustu. Stefnt er að því að samið verði við verktaka um að sinna þessu verkefni frá og með ársbyrjun 2004. Í dag er stór hluti verkefnisins hjá Landssímanum hf. og Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Gert er ráð fyrir að vaktstöð siglinga taki til starfa á 1. tímabili áætlunarinnar. Hún verði undir umsjón Siglingastofnunar og fái ný verkefni auk ýmissa verkefna á ábyrgðarsviði hennar. Vaktstöðin verði miðstöð skipaumferðar í íslenskri efnahagslögsögu og haldi utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins, sbr. nýlega tilskipun Evrópusambandsins um stjórnun skipaumferðar. Vaktstöðin mun fylgjast með og vakta ferðir skipa sem tilkynna sig í gegnum sjálfvirka tilkynningarkerfið. Einnig mun vaktstöðin sinna ýmsum verkefnum fyrir Siglingastofnun Íslands, t.d. móttöku bilanatilkynninga í vitakerfinu, taka saman upplýsingar um skip sem falla undir hafnarríkiseftirlit og vakta upplýsingakerfi um veður og sjólag. Þá mun vaktstöðin hlusta eftir og taka við neyðartilkynningum frá skipum og koma á framfæri við stjórnstöð leitar og björgunar. Mikil þróun er í upplýsinga- og leiðsöguþjónustu og tækni fyrir sjófarendur og er miðað við að nýta nýjustu og bestu tækni hverju sinni við að leiðbeina sjófarendum.

Vegir.

Vegagerðin rekur umfangsmikið upplýsingakerfi fyrir vegfarendur. Þar er einkum um að ræða upplýsingar um veður, færð á vegum og ástand vega. Kostað er kapps um að gera upplýsingarnar sem aðgengilegastar fyrir almenning. Verður áfram unnið að þróun kerfisins og tekið mið af nýjustu tækni á hverjum tíma. Þá verður leitað leiða til þess að bæta fjarskiptasamband á vegakerfinu.

Á næstu árum er að vænta hraðrar þróunar í fjarskiptatækni, sem gerir mögulegt að vegaumferð verði í miklu nánari tengslum við upplýsingaveitur og vegfarendur geti aflað sér upplýsinga í ökutækjum sínum jafnharðan og þeirra er þörf. Vegagerðin mun fylgjast með þeirri þróun og taka fyrir sitt leyti þátt í henni og stuðla þannig að virkri upplýsinga- og leiðsöguþjónustu á vegakerfinu.

Eftirlitsstörf samgöngustofnana.

Eftirlitsstörf samgöngustofnana lúta að stærstum hluta að því að tryggja öryggi þeirra sem nota samgöngukerfið. Það snýr að því að gæta þess að fyrirtæki, farartæki og einstaklingar uppfylli lágmarksöryggiskröfur sem settar eru í lögum og reglugerðum um þá sem nota samgöngukerfið eða koma að rekstri þess.

Flug.

Eftirlitskerfi Flugmálastjórnar er undir stjórn flugöryggissviðs og byggist á alþjóðlega viðurkenndum aðferðum og reglum Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA). Í aðalatriðum skiptist eftirlitskerfið í ytra eftirlit á vegum flugöryggissviðs og innra eftirlit á vegum þjónustuaðilanna í flugstarfsemi. Hingað til hefur eftirlitshlutverk flugöryggissviðs aðallega beinst að lofthæfi flugvéla, flugrekstri og handhöfum hvers konar flugréttinda. Á næstunni verður byggt upp hliðstætt ytra eftirlit með rekstri flugumferðarþjónustu og flugvalla. Uppbygging þessa eftirlits hefur í för með sér aukin verkefni og starfslið, annars vegar hjá flugöryggissviði í ytra eftirliti og hins vegar í innra eftirliti hjá flugvalla- og leiðsögusviði og flugumferðarsviði. Uppbyggingin þarf að eiga sér stað á skömmum tíma með hliðsjón af kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um að starfsleyfi skuli gefin út fyrir flugvelli eigi síðar en 27. nóvember 2003. Virkt eftirlitskerfi er hluti af skilyrðum fyrir umræddu starfsleyfi.

Flugvernd er starfsemi sem hefur að markmiði að koma í veg fyrir að loftfari sé rænt eða öryggi þess ógnað með ofbeldi, sprengjum eða hættulegum efnum. Flugmálastjórn ber að sjá til þess að íslenskum lögum og alþjóðlegum reglum, þar á meðal kröfum Evrópusambandsins á þessu sviði, sé framfylgt af flugrekendum og þeim sem reka flugvelli, flugumferðarstjórn eða stunda starfsemi tengda flugflutningum. Hjá Flugmálastjórn setur flugöryggissvið fram kröfur og fer með eftirlit vegna flugverndar. Framkvæmd flugverndar fer í meginatriðum fram hjá aðiljum er annast rekstur flugvalla, flugumferðarþjónustu og þeim er stunda atvinnuflug. Ljóst er að kröfur Evrópusambandsins munu hafa í för með sér þörf á auknum búnaði og starfsliði í flugvallarekstri vegna vopnaleitar og enn frekara starfsliði hjá flugöryggissviði. Eins og fram hefur komið hefur ekki verið tekið tillit til viðbótargjalda sem aukið eftirlit kallar á.

Ljóst er að mikil aukning verður í eftirlitsstörfum Flugmálastjórnar á áætlunartímabilinu, einkum öryggiseftirliti. Formlegt eftirlit með flugvöllum og flugumferðarþjónustu mun kalla á aukið starfslið vegna frekari eftirlitsverkefna bæði innan þessara þjónustusviða og hjá flugöryggissviði.

Siglingar.

Öll íslensk skip, 6 metrar að lengd og lengri, eru skráningar- og skoðunarskyld. Skipin eru flokkuð í tvo meginflokka, opna vélbáta og þilfarsskip. Fjöldi opinna vélbáta á skrá er um 1.300 og þilfarsskipa rúmlega 1.100. Allir opnu bátarnir eru undir eftirliti Siglingastofnunar Íslands og mikill meiri hluti þilfarsskipa. Viðurkennd flokkunarfélög annast einnig skoðanir á skipum.

Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með ástandi og mönnun erlendra kaupskipa í íslenskum höfnum samkvæmt svonefndu Parísarsamkomulagi um hafnarríkiseftirlit.

Stofnunin hefur eftirlit með nýsmíðum, breytingum á eldri skipum og innflutningi skipa og staðfestir að teikningar og tæknilegir útreikningar séu í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma. Stór hluti þessarar þjónustu er greiddur beint af viðkomandi útgerð. Í þessari áætlun er miðað við svipað umfang skipaeftirlits og verið hefur. Stefnt verður að því að auka möguleika annarra á því að skoða skip um leið og hlutverk Siglingastofnunar verður endurmetið á því sviði. Breytingin komi til framkvæmda á öðru tímabili áætlunarinnar.

Vegir.

Eftirlitsstörf Vegagerðarinnar með umferðinni hafa farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Kemur þar hvort tveggja til að samgönguráðuneytið hefur fært verkefni frá sér til stofnana í samræmi við stjórnsýslulög og svo hitt að umferðareftirlit í samvinnu við lögreglu og Umferðarráð hefur verið stóraukið. Þessi þróun hefur kallað á aukið vinnuframlag frá Vegagerðinni auk þess sem hún greiðir hluta af kostnaði við mannahald lögreglunnar. Miðað er við að þróunin verði áfram í þá átt að auka eftirlitið.

Þjónusta í samgöngukerfinu.

Þjónustan miðar að því að tryggja greiða og örugga umferð í öllum greinum samgangna.

Flug.

Þjónustu á flugvöllum er skipt í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða þjónustu við flugrekendur sem er skilgreind í alþjóðastöðlum og er í öllum tilvikum veitt af Flugmálastjórn. Hins vegar er um að ræða almenna þjónustu við flugfarþega og flugrekendur sem ýmist er veitt af Flugmálastjórn eða öðrum. Sú þjónusta sem skilgreind er í alþjóðastöðlum lýtur að rekstri flugleiðsögukerfa, lýsingarkerfa flugvalla og veðurupplýsingakerfa. Einnig fellur undir þennan málaflokk rekstur búnaðar til hreinsunar flugbrauta sem og allur slökkvi- og björgunarbúnaður flugvalla. Hversu umfangsmikil þessi þjónusta er fer eftir flugumferð og stærð flugvéla sem nota flugvöllinn og einnig eftir því hver er lágmarksflughæð í aðflugi að flugvellinum. Þannig er þjónusta Flugmálastjórnar mismunandi á flugvöllum eftir því hvort þeir eru í flokki I, II eða III.

Meginhluti almennrar þjónustu á flugvöllum er rekstur flugstöðva. Flugmálastjórn rekur flugstöðvar á öllum flugvöllum á Íslandi, að undanteknum Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvöllum. Stærð og umfang flugstöðva er mismunandi eftir fjölda farþega sem um flugvöllinn fara. Flugrekendum er leigð aðstaða í flugstöðvum og ef um veitingarekstur er að ræða er hann yfirleitt boðinn út. Hlaðþjónusta við flugvélar, sem og eldsneytisþjónusta, er í höndum flugrekenda og olíufélaga.

Skilgreind eru markmið fyrir þjónustuna sem hér segir:

- Flugvellir í flokki I skulu geta þjónað samtímis einni fullhlaðinni millilandaflugvél auk hefðbundinnar umferðar.

- Flugvellir í flokki II skulu hafa rými til að geta þjónað samtímis a.m.k. tveimur flugvélum fyrir innanlandsflug.

Siglingar /hafnir.

Hafnir landsins eru nær allar í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Hafnarsjóðirnir eru sjálfstæðar rekstrareiningar og annast rekstur mannvirkja og ýmsa þjónustu hafnanna. Það er á þeirra ábyrgð að setja markmið um þjónustuna önnur en þau sem fram koma í lögum og lúta að öryggi og starfsumhverfi.

Skilgreind eru markmið fyrir þjónustuna sem hér segir:

- Hafnir uppfylli skilgreinda þjónustu- og öryggisstaðla.

Vegir.

Þjónusta á vegakerfinu tekur til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu. Vegmerkingar og vegbúnaður fellur einnig undir þjónustu sem og heflun vega og öll umhirða um vegi og vegsvæði, þar með taldar brýr, jarðgöng og annað sem tilheyrir vegunum. Kröfur til þjónustu á vegakerfinu hafa vaxið undanfarin ár og mun svo verða áfram. Áætlunin tekur mið af þessu og fara útgjöldin því vaxandi á áætlunartímanum. Kostnaður við þjónustu sundurliðast á helstu þætti samkvæmt töflunni.

	2003–2006 millj. kr.	**2007–2010 millj. kr.**	**2011–2014 millj. kr.**
Þjónustusvæði í alm. þjón.	1.345	1.430	1.520
Vegir og vegyfirborð	1.680	1.760	1.885
Brýr, göng, varnargarðar	280	310	370
Vegmerkingar og vegbúnaður	1.790	1.960	2.100
Þéttbýlisvegir	1.189	1.220	1.255
Vetrarþjónusta	4.100	4.209	4.366
	10.384	**10.889**	**11.496**

Tafla 3-2. Útgjöld til þjónustu á vegum.

Miðað er við að hægt verði að opna heildregið (sbr. mynd 2-1) vegakerfi grunnnetsins alla daga vikunnar að vetrinum. Einnig er ráðgert að auka hálkuvarnir samkvæmt sérstakri áætlun þar um.

Skilgreind eru markmið fyrir þjónustuna sem hér segir:

- Þjónusta á vegakerfinu uppfylli gæðastaðal.
- Eyjabyggðum og byggðarlögum án vegasamgangna hluta ársins séu tryggðar samgöngur sem fullnægi almennri flutningaþörf.
- Aðgengi að fjölsóttustu ferðamannastöðunum verði tryggt allt árið með bættri vetrarþjónustu.

Almenningssamgöngur á landsvísu.

Það er eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar að öruggum almenningssamgöngum verði haldið uppi. Þær skulu ná til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúa og fleiri. Ferðatími frá þéttbýlisstöðum á landinu til höfuðborgarinnar verði ekki meiri en um 3½ klukkustund með bíl eða flugi og bíl (sjá kort).



Mynd 3-1. Ferðatími til Reykjavíkur.

Allir samgöngumátar, sem gefa almenningi kost á að kaupa far milli staða samkvæmt útgefinni tímaáætlun, teljast til almenningssamgangna. Allt áætlunarflug telst því til þeirra.

Greiðar flugsamgöngur við höfuðborgina eru forsenda þess að fyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni geti tekið virkan þátt í atvinnulífi landsins. Miðað er við að áætlunarflug verði starfrækt á öllum flugleiðum í grunnnetinu og til nokkurra flugvalla að auki, einkum til að tryggja lágmarkssamgöngur á einangruðum stöðum. Meginhluti áætlunarflugs er rekinn á viðskiptagrundvelli án styrkja. Ríkið styrkir flug á nokkra staði þar sem ekki hefur reynst mögulegt að halda uppi áætlunarflugi án þess. Afborganir af lánum til smíði ferja eru teknar með hér. Er reiknað með að þær fari lækkandi á tímabilinu. Miðað er við að ferjusiglingar á Breiðafirði verði endurskipulagðar þegar unnt er að tryggja vegasamgöngur allt árið í Vestur-Barðastrandarsýslu. Framlög til ferja fara lækkandi á tímabilinu í samræmi við það.

Vestmannaeyjar hafa sérstöðu í samgöngum að því leyti að þar er einungis um almenningssamgöngur að ræða. Allir vöruflutningar og meiri hluti fólksflutninga fer fram sjóleiðis með Herjólfi. Reglubundnar flugferðir eru einnig milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar. Nýlega hefur verið tekin ákvörðun um að fjölga ferðum Herjólfs og annar hann vel bæði fólks- og vöruflutningum. Það tekur Herjólf tæplega 3 klst. að sigla milli Eyja og Þorlákshafnar. Óskir um styttingu þess tíma hafa verið ofarlega á baugi undanfarið. Tvær leiðir koma til álita ef verða á við þeim. Annars vegar að kaupa stærra og hraðskreiðara skip og hins vegar að gera höfn við Landeyjasand. Báðir eru kostirnir dýrir og krefjast vandaðs undirbúnings. Höfn við Landeyjasand hefði miklu meiri breytingu í för með sér en kaup á nýju skipi og því ætti að skoða þann kost vel áður en stefnan er mörkuð. Í sam-

gönguáætlun er miðað við að þessir kostir verði kannaðir áfram en ekki er gerð tillaga um fjárfestingu, enda ekki raunhæft á þessu stigi.

Kerfi áætlunarleiða á vegum sérleyfishafa verður endurskipulagt frá grunni. Reiknað er með að kostnaður aukist nokkuð frá því sem nú er.

Vegagerðinni hefur verið falin umsjón með öllum almenningssamgöngum sem ríkið styrkir. Er því kostnaður við þær felldur inn í vegahluta samgönguáætlunar.

Rannsóknir og þróun.

Rannsóknir, þróun og tilraunir af ýmsu tagi verða stöðugt nauðsynlegri á öllum sviðum þjóðlífsins. Það á ekki síður við um samgöngusviðið en önnur. Samgöngustofnanir líta einnig svo á og leitast við að sinna þessum verkefnum eins og unnt er. Þær standa sjálfar að rannsóknum og hafa samvinnu við rannsóknarstofnanir af ýmsu tagi innan lands og utan. Þær hafa einnig samvinnu sín á milli og standa sameiginlega að ýmsum rannsóknarverkefnum.

Rannsóknarverkefni á sviði samgöngumála eru einkum af eftirfarandi toga:

1. Tæknileg rannsóknarverkefni sem hafa að markmiði að finna nýjar lausnir á tilgreindum viðfangsefnum í gerð eða rekstri einhvers hluta samgöngukerfisins.
2. Hagrænar rannsóknir á eðli samgöngukerfisins og hvernig staðið skuli að uppbyggingu þess, m.a. til að ákveða hvernig ráðstafa skuli opinberu fé.
3. Rannsóknir sem varða öryggi í samgöngum.
4. Rannsóknir sem varða umhverfisáhrif samgangna og hvernig draga megi úr óæskilegum áhrifum þeirra á umhverfið.

Ljóst er að stofnanir samgöngumála reka nú þegar umfangsmiklar rannsóknir hver á sínu sérsviði, sem einkum falla í fyrsta flokkinn. Auk þess hafa þær sameinast um hagrænar rannsóknir á samgöngukerfinu. Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að samvinna á sviði rannsókna verði styrkt og umfang þeirra aukið. Samgönguráð hafi yfirumsjón með samgöngurannsóknum og móti samræmda rannsóknarstefnu sem verði sett fram í samgönguáætlun og fylgt eftir m.a. með gerð rannsóknaráætlana. Einkum verður lögð áhersla á verkefni sem eru til þess fallin að auka skilning á eiginleikum og eðli samgöngukerfisins í heild og möguleikum þess til að ná markmiðum um flytjanleika, hagkvæmni, öryggi og umhverfisáhrif. Samgönguráð mun útfæra þessar hugmyndir nánar og koma með tillögur um tilhögun þessara mála.

Um 1980 var á vegum Flugmálastjórnar byrjað að þróa kerfi hér á landi til notkunar við stjórnun flugumferðar. Þessi þróun fór fram í samvinnu við Kerfisverkfræðistofu Háskóla Íslands, enda hafði komið í ljós að slík þróun væri hagkvæm. Þessi þróunarstarfsemi jókst jafnt og þétt næstu tvo áratugina. Í ljósi aukinna umsvifa stofnaði Flugmálastjórn ásamt Háskóla Íslands hlutafélagið Flugkerfi hf. árið 1997 til að taka við þróunarverkefnum sem áður voru unnin í samstarfi þessara tveggja stofnana. Starfsfólk þessa fyrirtækis ásamt starfsfólki Flugmálastjórnar gegnir nú mikilvægu hlutverki í því að tryggja að fyrir hendi sé staðgóð þekking á flugstjórnartækni, sem er mjög sérhæfð.

Þótt umsvif Flugmálastjórnar hafi einkum verið á sviði kerfisþróunar hafa rannsóknarverkefni farið vaxandi á undanförnum árum. Til dæmis tók stofnunin þátt í umfangsmiklu rannsóknarverkefni á sviði gervihnattaleiðsögu ásamt bandarísku flugmálastjórninni árin 1997–99. Stofnunin hefur stýrt umfangsmiklum rannsóknum á flugumferð yfir Norður-Atlantshafi, sem unnin er á vegum þeirra ríkja er veita flugumferðarstjórn á þessu svæði. Þá tekur stofnunin þátt í rannsóknum á nýrri gagnafjarskiptatækni við flugumferðarstjórn á vegum Evrópusambandsins. Nú liggur fyrir áætlun um rannsóknarsamstarf Flugmálastjórnar, Háskóla Íslands, Bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA) og MIT tækniháskólans í Bandaríkjunum um rannsóknir á sviði stjórnunar á flugumferð yfir úthafssvæðum. Þá hefur Flug-

málastjórn verið boðin þátttaka í sameiginlegum rannsóknarvettvangi Flugstjórnarstofnunar Evrópu (Eurocontrol) og Bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA). Þessi verkefni eru unnin í þágu Alþjóðaflugþjónustunnar og fjármögnuð af tekjum hennar. Gert er ráð fyrir aukinni þátttöku Alþjóðaflugþjónustunnar á næstu árum í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á þessu sviði.

Auk framangreindra verkefna hefur verið unnið að margvíslegum rannsóknum fyrir fé af flugmálaáætlun. Þessar rannsóknir hafa aðallega beinst að ýmsum verkefnum tengdum innanlandsflugi, svo sem reiknilíkönum og áhættugreiningu. Einnig hafa hávaðamælingar og úrvinnsla slíkra mælinga vegna flugumferðar um Reykjavíkurflugvöll verið fjármagnaðar af þessum lið. Reiknað er með að rannsóknar- og þróunarvinna innan vébanda Flugmálastjórnar muni aukast verulega á gildistíma samgönguáætlunar, enda hefur reynsla undanfarinna ára staðfest gagnsemi hennar. Sérstaklega má búast við auknum rannsóknum á sviði flugöryggis.

Siglingastofnun vinnur að frumrannsóknum í öryggismálum sjófarenda. Unnið verður að frumáætlunum og líkantilraunum vegna endurbóta á höfnum og innsiglingum samkvæmt verkáætlun samgönguáætlunar. Unnið verður að dýptarmælingum, botnrannsóknum og rannsóknum á efnisflutningum, m.a. vegna brimrofs við strendur. Í gangi er rannsóknarverkefni um stöðugleika skipa og haldið verður áfram að þróa upplýsingakerfið um veður og sjólag þar sem megináhersla verður lögð á öryggismál sjófarenda og umhverfismál. Á fyrsta tímabili áætlunarinnar verður lögð sérstök áhersla á verkefni er tengjast suðurströnd Íslands og við það miðað að framlög til rannsókna verði aukin um 10 millj. kr. á ári þess vegna. Meðal annars verður unnið að rannsóknum á sjólagi á mismunandi siglingaleiðum, landbroti og hugsanlegri nýbreytni í ferjusiglingum milli lands og Eyja. Á síðari tímabilunum verður aukin áhersla lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkostað að lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna.

Samkvæmt vegalögum skal 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar renna til tilrauna, rannsókna og þróunar. Ákveðið hefur verið að efna til átaks í 5–7 ár um afmörkuð efni. Þannig var á árunum 1995–2000 lögð áhersla á rannsóknir á sviði steinefna, burðarlags og slitlags, en á árunum 2001–2006 verður lögð sérstök áhersla á umferðaröryggi. Í því tilefni stóð Vegagerðin fyrir því að koma á fót Rannsóknarráði umferðaröryggismála, með þátttöku 15 opinberra stofnana, félaga og samtaka. Hugmyndir eru þegar uppi um að næsta átak beinist að umhverfismálum.

Vegagerðin stýrir mestu af þessum rannsóknum, en þær eru að miklum meiri hluta unnar af háskólastofnunum, rannsóknastofnunum atvinnuveganna, verkfræðistofum og öðrum sjálfstæðum aðilum. Þá er einnig nokkuð um að veittir séu styrkir til rannsóknarverkefna á vegum annarra aðila en Vegagerðarinnar, enda snerta þá verkefnin vegi og umferð.

Minjar og saga.

Siglingastofnun, Vegagerðin og fyrirrennari þeirra, Landsverkfræðingsembættið, eiga sér sögu sem nær aftur til loka 19. aldar. Það lætur að líkum að til eru margar og merkar minjar á verksviðum þessara stofnana, þó að margt hafi fallið fyrir tímans tönn. Er hér bæði um mannvirki að ræða svo og tækjabúnað af ýmsu tagi. Þó að saga flugsins sé nokkuð styttri, eru þar einnig fyrir hendi merkar minjar, enda hófst flug hér á landi tiltölulega snemma þó að saga þess sé ekki samfelld.

Minjavernd stuðlar í ríkum mæli að varðveislu sögu samgangna og samgöngustofnana. Sögunni þarf þó einnig að sinna með öðru móti, svo sem með söfnun mynda og síðast en ekki síst með ritun á sögu framkvæmda og stofnana.

Hjá Flugmálastjórn er unnið að því að skrá sögu stofnunarinnar í þau sextíu ár sem liðin eru frá stofnun hennar. Hér er tekið á öllum þáttum í starfsemi stofnunarinnar, þ.e. uppbyggingu flugvalla og flugleiðsögukerfa og þróun flugumferðarstjórnar og flugöryggismála. Þá verður þróun í alþjóðlegum flugsamgöngum og þátttöku Íslands í þeim gerð skil. Þá býr stofnunin yfir umtalsverðum búnaði og gögnum, sem nauðsynlegt er að halda til haga og gera sýningarhæf eftir því sem aðstæður leyfa.

Hjá Siglingastofnun er nú lokið ritun og útgáfu sögu vita á Íslandi til dagsins í dag en m.a. var sagnfræðingur ráðinn til stofnunarinnar til að sinna því verkefni. Næsta stóra verkefni sem ætlunin er að ráðast í er ritun sögu hafnargerðar á Íslandi og er gert ráð fyrir að því verkefni ljúki á fyrsta áætlunartímabilinu. Að því loknu þarf að halda til haga sögu annarra verkefna sem stofnunin fæst við, svo sem skipaskoðunar og öryggismála sjófarenda almennt.

Af öðrum verkefnum sem undir þennan lið heyra má nefna: Að koma upp upplýsingaskiltum þar sem fram komi saga merkra vita, verstöðva, lendingarstaða og hafnarmannvirkja og leggja fé til varðveislu valinna mannvirkja (vita, siglingarmerkja, lendingarstaða og hafnarmannvirkja) sem ekki eru lengur í notkun. Fyrsta árið er áætlað að Siglingastofnun verji 5 millj. kr. til verkefna af þessu tagi en 20 millj. kr. á ári þegar fram líða stundir.

Minjar Vegagerðarinnar eru einkum af tvennum toga. Annars vegar eru mannvirki, brýr, vegakaflar eða vegahlutar (t.d. hleðslur) frá fyrstu áratugum vegagerðar í landinu. Hins vegar eru tæki og búnaður af ýmsu tagi og frá ýmsum tímum, sem varpa ljósi á vinnubrögð og tæknistig við vega- og brúargerð, aðbúnað fólks o.þ.h.

Á undanförnum árum hefur Vegagerðin hugað nokkuð að báðum þessum þáttum. Nokkrum eldri mannvirkjum hefur verið haldið við í þessu skyni og sum færð til upphaflegs horfs. Reynt er að finna þessum mannvirkjum léttara hlutverk en áður, en gjarnan kappkostað að halda þeim í einhverri notkun. Þá hafa tæki frá upphafi vélaaldar verið gerð upp í nokkrum mæli, sem og eldri tæki og búnaður. Nokkuð af tækjum og búnaði Vegagerðarinnar hefur verið til sýnis í Samgönguminjasafni Íslands að Skógum, samkvæmt sérstökum samningi milli aðila. Er það í samræmi við þá stefnu Vegagerðarinnar, að sýning gripa hennar sé betur komin hjá söfnum sem hafa sýningarhald á verkefnaskrá sinni, fremur en að Vegagerðin komi sér sjálf upp sýningaraðstöðu

Kostnaður við rekstur og þjónustu.

Sett markmið hafa verið metin til kostnaðar og er niðurstaðan sýnd í töflunum hér á eftir.

Flug.

Í töflu 3-3 er birtur kostnaður við rekstur og þjónustu flugmála fyrir áætlunartímabilið. Helsta breytingin er vegna aukinna umsvifa alþjóðaflugþjónustunnar og samningsbundins framlags Íslands til hennar sbr. kafla 3.1.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Yfirstjórn	1.066	1.066	1.066
Flugvalla- og leiðsöguþjónusta	3.426	3.426	3.426
Flugumferðarþjónusta innan lands	994	994	994
Framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu	416	455	455
Alþjóðaflugþjónusta	5.877	6.427	6.427
Eftirlit og öryggismál	580	580	580
Rannsóknir	53	72	72
Minjar og saga	20	20	20
Rekstur samtals	**12.432**	**13.040**	**13.040**

Tafla 3-3. Kostnaður við rekstur og þjónustu.

Siglingar.

Samgönguráðuneytið hefur átt árangursríkt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörg og forvera þess um langt árabil. Til að treysta þetta samstarf enn frekar ákvað samgönguráðherra að ganga frá þjónustusamningum við félagið um alla þá þætti sem það hefur annast á liðnum árum í öryggismálum sjófarenda og mun Siglingastofnun hafa umsjón með þeim.

Samningarnir ná m.a. til reksturs Slysavarnaskóla sjómanna, Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, Þjálfunar- og fræðslumiðstöðvar að Gufuskálum og reksturs björgunarbáta víðs vegar um land.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Yfirstjórn	781	839	889
Vitar og leiðsögukerfi	430	456	484
Skipaskoðun	460	460	460
Vaktstöð siglinga	705	729	729
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	78	80	80
Langtímaáætlun um öryggi sjófarenda	75	80	80
Þjónustusamningar um öryggismál	461	437	437
Rannsóknir og þróun	190	160	160
Minjar og saga	60	80	80
Samtals	**3.240**	**3.320**	**3.399**

Tafla 3-4. Kostnaður við rekstur og þjónustu.

Kostnaður er óbreyttur út áætlunartímann að öðru leyti en því að kostnaður við vaktstöð er mestur á fyrsta tímabili. Dálkurinn sem sýnir heildarkostnað fer inn í kafla 1.2, en hann sýnir umsvif Siglingastofnunar á viðkomandi sviðum.

Vegir.

Kostnaður við rekstur og þjónustu vega fer vaxandi þegar líður á áætlunartímabilið. Þetta á sérstaklega við um þjónustuna og gildir um flesta liði hennar eins og sýnt var í töflu 3-2. Reiknað er með að kröfur til þjónustu á vegakerfinu fari mjög vaxandi á áætlunartímabilinu.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Yfirstjórn	1.233	1.330	1.400
Upplýsingaþjónusta	313	330	350
Umferðareftirlit	238	250	270
Þjónusta	10.384	10.889	11.496
Almenningssamgöngur	3.920	3.070	2.770
Þar af afborgun lána	-1.253	-240	-
Rannsóknir	426	451	464
Minjar og saga	35	80	100
Samtals	**15.296**	**16.160**	**16.850**

Tafla 3-5. Kostnaður við rekstur og þjónustu.

3.2.2 Viðhald.

Flug.

Eftir því sem staðalkröfum í uppbyggingu flugvalla er náð verður viðfangsefnið fyrst og fremst að viðhalda mannvirkjum. Dýrustu framkvæmdir á þessu sviði á áætlunartímanum eru viðhald á yfirborði flugbrauta og annarra athafnasvæða flugvéla. Málun flugbrauta fellur undir þennan lið og viðhald bygginga og rafbúnaðar.

Eftirfarandi eru viðhaldsmarkmið:

- Áætlunarflugvellir uppfylli fyrirliggjandi kröfur um viðhald.

Siglingar.

Siglingastofnun Íslands á og rekur vita. Erfitt er að greina á milli viðhalds og rekstrar þar sem unnið er að fyrirbyggjandi viðhaldi og rekstri samhliða. Kostnaður við viðhald vita og leiðsögukerfa er því færður með rekstrinum. Viðhald hafnarmannvirkja er greitt af hafnarsjóðum í eigu sveitarfélaga. Þegar eðlilegum líftíma er náð hefur ríkið tekið þátt í endurbyggingu sé áfram þörf fyrir viðkomandi mannvirki. Verði frumvarp til nýrra hafnalaga samþykkt óbreytt mun þessi kostnaðarþátttaka ríkisins í höfnum minnka.

Eftirfarandi eru viðhaldsmarkmið:

- Viðhald hafna uppfylli kröfur.

Vegir.

Tryggja þarf að ekki glatist þau verðmæti sem bundin eru í vegum, brúm, jarðgöngum og öðrum mannvirkjum landsamgangna. Þetta tekur til alls viðhalds, svo sem endurnýjunar slitlags, styrkinga og endurbóta, viðhalds brúa, jarðganga, varnargarða, vegbúnaðar og girðinga. Markmiðið er að varðveita þessi verðmæti. Malarvegum á stofn- og tengivegum sé jafnframt komið í viðhaldshæft ástand. Þá er undir þessum lið lagfæring hættulegra staða og aðrar öryggisaðgerðir en þar er þörfin brýn og fer vaxandi.

Eftirfarandi eru viðhaldsmarkmið:

- Verðmæti vegamannvirkja verði varðveitt.

Viðhaldskostnaður.

Kostnaður við að sinna nauðsynlegu viðhaldi hefur verið metinn og er hann sýndur í töflunum hér að aftan.

Flug.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Yfirborð brauta og hlaða	205	276	365
Byggingar og búnaður	33	45	76
Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar	29	32	32
Tækjasjóður	270	305	360
Samtals	**537**	**658**	**833**

Tafla 3-6. Viðhaldskostnaður flugmála.

Reiknað er með að kostnaður vaxi á síðasta tímabili. Sjá töflu.

Siglingar.

Siglingastofnun sér um viðhald á vitakerfi landsins. Kostnaður við það er talinn með rekstrarkostnaði vitanna.

Vegir.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Bundið slitlag	3.770	3.895	3.995
Malarvegir	862	850	840
Styrkingar og endurbætur	2.700	3.110	3.195
Brýr, varnargarðar, veggöng	880	1.030	1.140
Öryggisaðgerðir	660	790	870
Viðhald girðinga	177	290	420
Vatnaskemmdir og ófyrirséð	579	635	640
Samtals	**9.628**	**10.600**	**11.100**

Tafla 3-7. Viðhaldskostnaður vega.

Viðhaldskostnaður fer vaxandi þegar líður á tímabilið. Þar veldur endurnýjun bundins slitlags mestu, en einnig vex þörf fyrir viðhald brúa, varnargarða, jarðganga og girðinga. Loks er reiknað með vaxandi fé í öryggisaðgerðir.

3.2.3 Stofnkostnaður í grunnneti.

Skilgreind hafa verið æskileg framkvæmdamarkmið fyrir grunnnetið og kostnaður metinn við að ná þeim.

Flug

Eftirfarandi eru framkvæmdamarkmið flugmála:

Fyrsta áætlunartímabil:

- Flugvellir í flokki I uppfylli auknar kröfur vegna aðflugs-, öryggismála og flugverndar.

Annað áætlunartímabil:

- Flugvellir í flokki II uppfylli kröfur til bygginga.
- Flugvellir í flokki II uppfylli kröfur til flugbrauta og hlaða þar sem því verður viðkomið.

Loks er áætlað að byggja samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli á 1. tímabili áætlunarinnar. Kostnaður vegna þeirrar framkvæmdar er ekki inni í kostnaðartölum í töflunum hér á eftir. Samgönguáætlun miðar við að samgöngumiðstöðin verði boðin út sem einkaframkvæmd með samningi til 25 ára. Slík samgöngumiðstöð gæti kostað á bilinu 700–1.000 millj. kr.

Framkvæmdum hefur verið forgangsraðað, samkvæmt þeim markmiðum sem fram koma hér að ofan, í þá flokka sem fram koma í töflunum hér á eftir:

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Flugbrautir og hlöð	160	409	303
Byggingar	283	60	0
Aðflugs- og öryggisbúnaður	289	182	120
Samtals	**732**	**651**	**423**

Tafla 3-8. Kostnaður við flugvelli í grunnneti.

Þá er tekinn með, sbr. töflu 3-9, stofnkostnaður við búnað sem ekki er nýttur af einstökum flugvöllum, heldur nýtist af mörgum, svo sem sameiginlegur upplýsingabúnaður. Einnig er hér liður vegna leiðréttinga og brýnna verkefna sem upp kunna að koma á áætlunartímabilinu.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Flugstjórnarmiðstöð	45	60	60
Leiðarflug	8	14	6
GPS/AIS/Upplýsingaþjónusta	54	20	20
Flugprófunarbúnaður	17	68	141
Veðurupplýsingakerfi	23	13	47
Flugvernd og öryggismál	59	12	12
Til leiðréttingar og brýnna verkefna	71	80	270
Önnur verkefni	47		
Stjórnunarkostnaður	72	72	69
Samtals	**396**	**339**	**625**

Tafla 3-9. Ýmis búnaður og verkefni.

Kostnaðartölur miða við að flugvellir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi flokki. Á fyrstu tímabilum verður áhersla lögð á flugvelli í flokki I.

Siglingar/hafnir.

Við mat á áætluðum kostnaði ríkissjóðs við að ná framkvæmdamarkmiðum í höfnum er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka ríkissjóðs haldist óbreytt samkvæmt gildandi hafnalögum til ársloka 2006. Eftir það er gert ráð fyrir að nýjar reglur taki gildi um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum. Siglingastofnun hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskiskipahafnir og flokkað hafnir í fjóra flokka eftir umfangi þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Fyrir hvern flokk hafna eru annars vegar gerðar ákveðnar tæknilegar kröfur er lúta að gæðum

hafnar og hafnarmannvirkja og hins vegar miðað við reglur um nýtingu mannvirkja. Við gerð áætlunarinnar er við það miðað að hafnir í grunnneti uppfylli staðalkröfur.

Fyrirséð er að endurnýja þarf hafnarmannvirki í nokkrum mæli til að uppfylla þarfir sjávarútvegsins og jafnframt að mæta nýjum þörfum sem leiða af þróun atvinnugreinarinnar. Reynslan hefur sýnt að erfitt er að áætla með löngum fyrirvara umfang starfsemi í einstökum höfnum, því afkoma fyrirtækja, árferði og breytingar í fiskveiðistjórnuninni hafa þau áhrif að þyngdarpunktar í útgerð eru sífellt að flytjast á milli hafna og landsvæða. Gert er ráð fyrir nýbyggingum í fáeinum höfnum. Sá kostur er hins vegar tekinn að sundurliða ekki framkvæmdir á einstakar hafnir síðari tvö tímabil áætlunarinnar.

Helstu framkvæmdum er lýst í næsta kafla.

Vegir.

Í grunnneti er miðað við að stofnvegir og tengivegir séu byggðir upp með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi. Landsvegum í grunnnetinu verði komið í „gott horf" samkvæmt nánari skilgreiningu, en það felur meðal annars í sér að þeir séu með allgóða legu í hæð og fleti og fái bundið slitlag. Þá eru sett markmið um öryggisþætti. Á höfuðborgarsvæðinu eru sett fram markmið hliðstætt því sem lagt var til grundvallar vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Umferð og þar með þörf fyrir fjárfestingu í gatnakerfinu ræðst mjög af íbúaþróun og skipulagi byggðar og því voru gögn úr svæðisskipulaginu höfð til hliðsjónar við mat á framkvæmdaþörf þar. Rétt þótti að setja markmiðin fram með þessum hætti til þess að fá fram umfang kostnaðar við að byggja grunnnetið upp. Ljóst er að fjárhagsrammi samgönguáætlunar leyfir ekki að þessum framkvæmdum verði lokið á áætlunartímabilinu.

Eftirfarandi eru framkvæmdamarkmið vegamála:

- Byggja upp grunnnet stofn- og tengivega, sem skilgreint er í samgönguáætlun með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi.
  - Endurbyggja/breikka einbreiða kafla með bundnu slitlagi með umferð yfir 400 ÁDU (ÁrDagsUmferð-Meðalumferð á dag yfir árið) þar sem bundið slitlag var lagt á gamla vegakafla án endurbóta og reynst hafa hættulegir, svo og kafla þar sem vegferill er ónothæfur.
  - Breikka vegi þar sem umferð er svo mikil að flutningsgeta og umferðaröryggi verða vandamál.
- Grafa jarðgöng í samræmi við jarðgangaáætlun.
- Útrýma einbreiðum brúm á vegum með umferð yfir 300 ÁDU.
- Lagfæra vegi á hættulegum stöðum í samræmi við sérstaka áætlun.
- Hefja endurbætur á helstu landsvegum (dregnir með slitinni línu í mynd 2-1 af grunnkerfinu). Markmið endurbótanna sé að koma þessum vegum í „gott horf" samkvæmt nánari skilgreiningu.
- Girða meðfram vegum með umferð yfir 300 ÁDU þannig að þar verði unnt að banna lausagöngu búfjár.
- Byggja/endurbæta vegi og brýr á höfuðborgarsvæðinu í þeim mæli að umferðarástand versni ekki frá því sem er í dag.

Í töflunni er sýnd niðurstaða mats á kostnaði við að uppfylla framkvæmdamarkmiðin. Til samanburðar er sýnt það fjármagn sem er til umráða samkvæmt áætluninni.

Vegir í grunnneti	Kostnaður millj. kr.	Fjármagn millj. kr.	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Almenn verkefni	5.500	5.400	1.920	1.740	1.740
Höfuðborgarsvæðið	32.900	20.994	5.986	7.246	7.762
Stórverkefni	42.100	26.333	8.100	9.319	8.914
Orku- og iðjuvegir	417	417	417		
Jarðgöng	19.100	13.400	6.400	5.000	2.000
Landsvegir	9.300	840	120	200	520
Samtals	**109.317**	**67.384**	**22.943**	**23.505**	**20.936**

Tafla 3-10. Kostnaður við framkvæmdamarkmið vega borinn saman við fjármagn áætlunarinnar og skipting fjármagns á tímabil.

Þrír síðasttöldu liðirnir, stórverkefni, jarðgöng og landsvegir, taka til allra framkvæmdamarkmiðanna utan höfuðborgarsvæðisins í grunnneti. Að baki talna í stórverkefnum liggur skrá um allar nauðsynlegar framkvæmdir í vega- og brúargerð til þess að fullnægja markmiðunum. Heildarkostnaður við þær er metinn um 42 milljarðar kr. Kostnaður við jarðgöng er áætlaður um 1,5 milljarðar kr. á ári, en það svarar til þess að unnt sé að vinna nokkurn veginn samfellt að jarðgangagerð og stunda rannsóknir jafnframt. Í mati á heildarkostnaði er þessi árlegi kostnaður reiknaður út tímabilið. Fjármagn í samgönguáætlun dugir til að ljúka þeim verkefnum sem ákveðin eru í jarðgangaáætlun, þ.e. Siglufjörður–Ólafsfjörður og Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður. Hafist er handa við næstu verkefni en frekari ákvarðanir bíða endurskoðunar samgönguáætlunar.

Kostnaður við framkvæmdamarkmið á höfuðborgarsvæðinu er áætlaður 33 milljarðar kr. Þess ber að geta að þar er um það að ræða að halda óbreyttu umferðarástandi. Þó að það tækist yrði áfram mikil fjárfestingaþörf á höfuðborgarsvæðinu og líklega a.m.k. jafnmikil á næstu 12 árum eftir áætlunartímabilið, eins og matið er fyrir áætlunartímabilið.

Þróun skipulags á höfuðborgarsvæðinu hefur mikil áhrif á fjárþörf svæðisins svo og röðun framkvæmda. Má í því sambandi bæði nefna meginstefnu skipulags (staðsetning nýrra hverfa, þétting byggðar o.þ.h.) og staðsetningu stórra stofnana/vinnustaða (sjúkrahús, skólar o.þ.h.), en hvort tveggja getur haft mikil áhrif á umferðina og flæði hennar.

Á höfuðborgarsvæðinu er hafin úttekt á möguleikum þess að nýta vegakerfið betur en gert er, til að draga úr töfum og biðröðum á því. Kemur þar margt til álita, allt frá betri samhæfingu umferðarljósa og lagfæringa á gatnamótum til þess að koma upp stjórnstöð umferðar á svæðinu. Mun Vegagerðin beita sér fyrir því í samvinnu við sveitarfélögin að úrbætur verði gerðar í samræmi við niðurstöður úttekta.

Liðurinn almenn verkefni er ætlaður til að mæta nýjum og ófyrirséðum þörfum og um leið að skapa sveigjanleika í áætluninni. Ekki er með nokkru móti unnt að sjá fyrir allar þarfir til svo langs tíma sem hér um ræðir, og er þessi liður því nauðsynlegur.

Orku- og iðjuvegir eru teknir með í töflu 3-10 sem sérstakur liður, en hér er um að ræða að ljúka við endurbyggingu vegar milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar í tengslum við fyrirhugaða byggingu álvers í Reyðarfirði. Reiknað er með 417 millj. kr. á fyrsta tímabili áætlunarinnar.

Á heildina litið vantar fjármagn sem svarar til rúmlega eins tímabils til að ljúka við öll framkvæmdamarkmið. Eins og sést á töflunni eru einstakir liðir misjafnlega langt komnir í lok áætlunartímans.

3.2.4 Framkvæmdir utan grunnnets.

Í öllum greinum samgangna er mikið af mannvirkjum utan grunnnets. Ekki hafa verið sett fram skilgreind markmið fyrir þennan hluta samgöngukerfisins eins og gert var fyrir grunnnetið. Fjárveitingar miðast við að sinna verkefnum á þessum hluta samgöngukerfisins jafnvel eða heldur betur en verið hefur undanfarið.

Flug

Til þessa hluta samgöngukerfisins teljast minni áætlunarflugvellir, auk allra annarra flugvalla sem ekki eru áætlunarflugvellir, en þjóna sjúkraflugi og ýmiss konar leiguflugi. Sumir þessara flugvalla eru einkum nýttir af ferðaþjónustunni með tímabundnu leiguflugi að sumarlagi. Einnig eru hér taldir þeir flugvellir sem eru fyrst og fremst notaðir til kennslu- og æfingaflugs og einka- og sportflugs. Æfingaflugvöllur, sem áætlað er að byggja á fyrsta tímabili áætlunarinnar til að létta á Reykjavíkurflugvelli, fellur í þennan flokk. Áætlaður kostnaður er rúmlega 310 millj. kr. Staðsetning hans liggur ekki fyrir en áætlað er að hún komi fram í fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar. Kostnaður er eins og sýnt er í meðfylgjandi töflum.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Flugbrautir og hlöð	0	74	75
Byggingar	0	0	22
Aðflugs- og öryggisbúnaður	5	42	28
Samtals	**5**	**116**	**125**

Tafla 3-11. Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Flugbrautir og hlöð	10	60	120
Byggingar	10	18	20
Aðflugs- og öryggisbúnaður	10	3	6
Æfingaflugvöllur	247	36	0
Samtals	**277**	**117**	**146**

Tafla 3-12. Aðrir flugvellir utan grunnnets.

Siglingar – hafnir og sjóvarnargarðar

Samtals eru 26 báta- og smábátahafnir sem ekki teljast til grunnnetsins. Heildarkostnaður við framkvæmdir í þessum höfnum á árunum 2003–2014 er áætlaður 1.625 millj. kr. Áætlaður hluti ríkissjóðs í framkvæmdum er 1.021 millj. kr., þar af eru til 16 millj. kr. ónotaðar frá fyrri árum. Áætlað er að ríflega helmingur fjármagnsins fari til endurbygginga og til að ljúka verkefnum sem byrjað er á. Önnur verkefni eru nýframkvæmdir í höfnum vegna aðstöðu fiskiskipa, ýmis öryggismál og staðalbúnaður, stofndýpkun, nýir skjólgarðar og að lokum viðhaldsdýpkun og viðhald skjólgarða. Áætlað er að 10% fjármagnsins renni til hvers þessara þátta. Til þessa málaflokks teljast einnig sjóvarnargarðar, lendingarbætur, ferjubryggjur og ýmis tæki og búnaður fyrir Siglingastofnun. Gert er ráð fyrir að framlög til sjóvarnargarða hækki lítið eitt frá því sem verið hefur, enda sýnir nýleg úttekt Siglingastofnunar að ekki má slá slöku við í vörnum gegn landbroti af völdum ágangs sjávar.

Á fyrsta tímabili sjóvarnaáætlunar, þ.e. 2003–2006, er gert ráð fyrir að framkvæmdakostnaður verði 467 millj. kr. (ríkishluti 410 millj. kr.). Þar af eru 24 millj. kr. fjármagnaðar með ónotuðum fjárveitingum frá fyrri árum.

	2003–2006 millj. kr.		2007–2010 millj. kr.		2011–2014 millj. kr.	
	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.
Stofnkostnaður:						
Hafnir utan grunnnets	477	285	580	360	580	360
Lendingarbætur og ferjubryggjur	47	47	52	52	52	52
Sjóvarnargarðar	467	386	457	400	457	400
Siglingast., tæki og búnaður	91	91	96	96	96	96
Hafnabótasjóður, framlag	93	93	120	120	120	120
Samtals	**1.175**	**902**	**1.305**	**1.028**	**1.305**	**1.028**

Tafla 3-13. Hafnir utan grunnnets, sjóvarnargarðar o.fl.

Vegir

Meiri hluti þjóðvegakerfisins er utan grunnnets, þ.e. um 7.800 km af tæplega 13.000 km. Meiri hluti tengivega og landsvega er í þessum flokki og allir safnvegir. Fjárveitingar eru sýndar í töflu hér að neðan. Eru þar einnig teknar með fjárveitingar til vega sem ekki eru þjóðvegir, en fá framlög úr vegasjóði samkvæmt ákvæðum í vegalögum. Fjárveitingar til brúa og ferðamannaleiða verða nýttar í ýmsum flokkum vega og jafnvel að einhverju leyti á grunnnetinu. Fjárveitingar til girðinga verða notaðar í miklum mæli í grunnnetinu, en einnig utan þess. Til einföldunar eru þessir liðir þó taldir á einum stað.

	2003–2006 millj. kr.	2007–2010 millj. kr.	2011–2014 millj. kr.
Tengivegir	2.115	2.160	2.180
Brýr	1.158	1.160	1.160
Ferðamannaleiðir	1.050	1.100	1.100
Girðingar	262	300	350
Landsvegir utan grunnnets	397	400	400
Safnvegir	1.178	1.200	1.200
Styrkvegir	235	240	260
Reiðvegir	183	200	220
Samtals	**6.578**	**6.760**	**6.870**

Tafla 3-14. Framkvæmdakostnaður utan grunnnets.

Hér er um mjög fjölbreytt verkefni að ræða. Sum þeirra snúa fyrst og fremst að aðgengi dreifbýlisins að samgöngukerfinu, svo sem tengivegir, safnvegir og að nokkru leyti brýr. Önnur lúta einkum að ferðamennsku og má þar nefna ferðamannaleiðir, landsvegi og styrkvegi. Í þriðja lagi má telja verkefni, sem varða umferðaröryggi, eins og girðingar, reiðvegi og brýr að nokkru leyti.

Um alla þessa liði gildir í raun það sama og um vegi í grunnnetinu, að þörfin fyrir endurbætur er mjög mikil. Með þeim fjárveitingum sem hér eru lagðar til er þessum verkefnum sinnt heldur betur en verið hefur á undanförnum árum.

4. HELSTU FRAMKVÆMDIR Í GRUNNNETI

Áætlunartímanum er skipt niður í þrjú fjögurra ára tímabil. Helstu framkvæmdum í grunnneti er raðað á tímabil. Röðun framkvæmda á fyrsta tímabili fer fram við gerð fjögurra ára áætlunar samgönguáætlunar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum í grunnneti.

4.1 Flug.

Kostnaður við nýframkvæmdir á flugvöllum í grunnneti er áætlaður 1.806 millj. kr. á 12 ára tímabili áætlunarinnar. Hann er hæstur fyrst en fer lækkandi eftir því sem viðhald verður stærri þáttur í framkvæmdunum og lengra er komist í að uppfylla þá staðla og kröfur sem gilda um aðstöðu og búnað á flugvöllum. Framkvæmdum er skipt í þrjá meginflokka: flugbrautir og hlöð, byggingar og aðflugs- og öryggisbúnað. Gert er ráð fyrir að stærsti hluti fjármagnsins fari í nýframkvæmdir við flugbrautir og hlöð eða um 870 millj. kr. Rúmlega 580 millj. kr. eru áætlaðar í aðflugs- og öryggisbúnað og afgangurinn, 350 millj. kr., í byggingar.

Framkvæmdum hefur verið forgangsraðað þannig að á fyrsta tímabili verður lögð áhersla á að flugvellir í flokki I uppfylli kröfur um aðflugsbúnað og öryggissvæði þar sem það er mögulegt. Á öðru og þriðja tímabili er stefnt að því að flugvellir í flokki II uppfylli kröfur til flugbrauta og hlaða þar sem því verður við komið. Einnig verður lögð áhersla á endurnýjun aðflugs- og flugleiðsögubúnaðar.

Á fyrsta tímabili áætlunarinnar er gert ráð fyrir að ljúka þeim endurbótum sem hófust á Reykjavíkurflugvelli árið 1999, m.a. með því að lagfæra flughlað við flugskýli 1 og rífa niður ónýtar byggingar. Gert er ráð fyrir að endurnýja aðflugsstefnusenda á A-V braut og endurnýja ýmiss konar radíóbúnað. Einnig verður sett upp rafræn stjórnun á hliðum á girðingunni umhverfis flugvöllinn. Ráðgert er að byggja nýja tækja- og sandgeymslu á fyrri hluta tímabilsins.

Á Akureyri er m.a. áætlað að byggja nýja tækja- og sandgeymslu og endurnýja aðflugsstefnusendi og fjarlægðarmæli. Þá verður farið í endurbætur á girðingu umhverfis flugvöllinn og sett bundið slitlag á akbraut frá flugskýlum inn á flughlað. Einnig verða flugbrautarljós endurnýjuð.

Á Egilsstöðum eru fremur litlar framkvæmdir fyrirhugaðar. Gert er ráð fyrir minni háttar endurbótum á girðingu og tækjageymslu á fyrri hluta tímabilsins og endurnýjun flugleiðsögubúnaðar á síðari hluta þess.

Í Vestmannaeyjum verður einnig fjárfest í flugleiðsögubúnaði. Þá verður farið í endurbætur á öryggissvæðum og lagfæringu á flugturni. Einnig er ráðgert að endurnýja aðflugshallaljós og koma upp leifturljósum. Á Bakka er fyrirhugað að koma fyrir nýrri flugstöð og að stækka flughlað.

Á Ísafirði verður unnið við að lagfæra öryggissvæði og endurnýja flugleiðsögubúnað, auk þess sem fyrirhugað er að byggja nýjan flugturn. Hafinn verður undirbúningur við lengingu flugbrautar á Þingeyri.

Í lok tímabilsins er gert ráð fyrir framkvæmdum við nýja tækjageymslu á Bíldudal og uppsetningu vararafstöðvar á Hornafirði.

Alls er gert ráð fyrir framkvæmdum upp á ríflega 731 millj. kr. í grunnnetinu á fyrsta tímabili áætlunarinnar.

Á öðru tímabili áætlunarinnar er ráðgert að framkvæmdakostnaður verði rúmlega 650 millj. kr. Leitast verður við að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til flugbrauta og hlaða ásamt því að fjárfesta í aðflugs- og flugleiðsögubúnaði eins og áður sagði. Sömu markmið gilda fyrir þriðja og síðasta tímabil áætlunarinnar. Framkvæmdakostnaður er áætlaður 464 millj. kr. á síðasta tímabilinu. Alls er því gert ráð fyrir rúmlega 1.100 millj. kr. framkvæmdum á tímabilinu 2007–2014. Þar af eru um 400 millj. kr. áætlaðar í greiðslur lána vegna framkvæmda við gerð nýs flughlaðs á Reykjavíkurflugvelli þegar af byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar verður. Reiknað hefur verið með að flughlaðið yrði fjármagnað af flugmálaáætlun en byggingin sjálf yrði fjármögnuð með öðrum hætti og hefur verið rætt um einkafjármögnun í því sambandi.

4.2 Siglingar/hafnir.

Á fyrsta tímabili áætlunarinnar, þ.e. 2003–2006, er framkvæmdakostnaður við hafnir í grunnneti sem njóta ríkisstyrks alls áætlaður 7.826 millj. kr. (ríkishluti 4.763 millj. kr., þar af er 491 millj. kr. fjármögnuð með ónotuðum fjárveitingum frá fyrri árum). Enn fremur er gert ráð fyrir að greiða að fullu skuldir ríkissjóðs vegna ríkishluta lokinna framkvæmda (186 millj. kr.). Í þessum tölum eru ekki taldar framkvæmdir í Reykjavíkurhöfn, Hafnarfjarðarhöfn og Grundartangahöfn, en þessar þrjár hafnir fjármagna að fullu sínar framkvæmdir með eigin aflafé. Útgjöld eru eingöngu sundurliðuð fyrsta fjögurra ára tímabilið á einstakar hafnir. Fyrirséð er að endurnýja þarf hafnarmannvirki til að uppfylla þarfir sjávarútvegsins og jafnframt mæta nýjum þörfum sem fylgja þróun atvinnugreinarinnar. Við nútíma fiskveiðar er stöðugt verið að takast á við breytt ytri og innri skilyrði. Þessu fylgja breytingar á samsetningu fiskiskipaflotans og því hvar landað er, sem aftur kallar á breytingar í höfnum og hafnargerð. Þessar aðstæður valda því að erfitt er að henda reiður á og áætla þarfir notenda langt fram í tímann. Síðari tvö tímabil áætlunarinnar er því valinn sá kostur að staðsetja ekki nauðsynlegar framkvæmdir nákvæmlega enda þótt umfang þeirra sé allvel þekkt. Nú liggur fyrir frumvarp til nýrra hafnalaga. Ríkisframlög samkvæmt því frumvarpi er lægri tala en fram kemur í töflu í 4. kafla tillögugreinarinnar um hafnir.

Helstu framkvæmdir árin 2003–2006.

Stærsti verkefnaflokkurinn er endurbygging innri mannvirkja með um 38% fjármagnsins. Næst á eftir koma nýbyggingar innri mannvirkja með 35% og stofndýpkanir með 14%. Aðrir þættir vega minna. Hér á eftir eru helstu framkvæmdir tíundaðar.

Endurbygging innri mannvirkja hafna.

Akranes, viðlega við aðalhafnargarð (160 m). Patreksfjörður, stálþil (280 m). Ísafjörður, Ásgeirsbakki (210 m). Bolungarvík, stálþil við Brjót (100 m). Siglufjörður, Bæjarbryggja (100 m). Húsavík, bryggja við Suðurgarð (100 m). Hornafjörður, Krosseyjarbakki (150 m). Vestmannaeyjar, stálþil í Friðarhöfn og Básaskersbryggja (400 m). Grindavík, Svíra- og Miðgarður (410 m).

Nýbygging innri mannvirkja hafna.

Akureyri, stálþil við Krossanes (80 m). Húsavík, Bökugarður stálþil (150 m). Þórshöfn, stálþil (135 m). Seyðisfjörður, verklok stálþils við ferjulægi (170 m) og sérbúnaðar fyrir ferju. Fjarðabyggð, bryggja fyrir stóriðju að Hrauni í Reyðarfirði (380 m) og stálþil í Nes-

kaupstað (140 m) og á Eskifirði (80 m). Hornafjörður, stálþilsbryggja (100 m). Þorlákshöfn, stálþil Svartaskersgarði og Skarfaskeri (150 m).

Stofndýpkun.

Fjarðabyggð, dýpkun stóriðjuhafnar að Hrauni (120.000 m³). Vestmannaeyjar, dýpkun innan hafnar og í innsiglingu (135.000 m³). Grindavík, dýpkun við Svíragarð og víðar (120.000 m³).

Nýbygging ytri mannvirkja (skjólgarða).

Vopnafjörður, brimvarnargarður milli Miðhólma–Skiphólma (130.000 m³). Fjarðabyggð, skjólgarður í Neskaupstað (160.000 m³). Þorlákshöfn, skjólgarður norðan Svartaskersgarðs (170.000 m³). Reykjanesbær, skjólgarður í Njarðvík lengdur og styrktur (60.000 m³).

Viðhaldsdýpkun og merking siglingaleiða.

Viðhaldsdýpkun í Ólafsvík, í Rifi, á Sauðárkróki, Hornafirði og Þorlákshöfn og merking siglingaleiðar á Raufarhöfn.

Endurbygging ytri mannvirkja (skjólgarða).

Akranes, styrking Aðalhafnargarðs. Ólafsvík, styrking Suður- og Norðurgarðs. Bolungarvík, styrking og breikkun Grundargarðs.

Helstu framkvæmdir 2007–2010 og 2011–2014.

Unnið verður að endurbyggingu innri mannvirkja hafna m.a. á eftirtöldum stöðum: Skagaströnd, Siglufirði, Ólafsfirði, Akureyri, Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Seyðisfirði, Hornafirði og Vestmannaeyjum.

Stækkun sem felur í sér úrbætur fyrir stærri fiskiskip og flutningaskip verður m.a. á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Þorlákshöfn, Grindavík og Reykjanesbæ.

Loks er gert ráð fyrir að áfram verði þörf fyrir viðhaldsdýpkun á sömu stöðum og taldir eru upp á fyrsta tímabili samgönguáætlunar. Á Hornafirði er gert ráð fyrir viðhaldsdýpkun á Grynnslum utan við Hornafjarðarós.

Vitar og leiðsögukerfi.

Miðað er við að framlög til stofnkostnaðar aukist heldur frá því sem verið hefur og verði um 20 millj. kr. á ári. Gera þarf átak í að byggja upp móttakara og senda fyrir sjálfvirkt upplýsingakerfi um ferðir skipa (AIS – Automatic Identification System), sem byggja þarf upp í samræmi við kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar IMO. Þá er komið að því að endurbyggja þarf nokkra vita frá grunni, sem orðnir eru mjög dýrir í viðhaldi.

4.3 Vegir.

Af fjármagni til framkvæmda á grunnnetinu fer stærsti hlutinn til stórverkefna (alls um 27 milljarða kr. á áætlunartímabilinu) og til höfuðborgarsvæðisins (alls um 21 milljarð kr.). Áætluð skipting þessa fjármagns á helstu verkefni og tímabil er sýnd í töflu í tillögugreininni.

4.3.1 Verkefni á höfuðborgarsvæðinu.

Miðað er við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamótum Krýsuvíkurvegar) í suðri og að Hvalfjarðargöngum og að Gljúfrasteini í norðri. Til austurs er miðað við Geitháls. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu framkvæmdaáformum.

Hringvegur.

Á fyrsta tímabili er lagt til að gerð verði mislæg gatnamót við Nesbraut (1. áfangi) og vegurinn breikkaður í fjórar akreinar frá Víkurvegi að Skarhólabraut en báðar þessar framkvæmdir greiða mjög fyrir umferð milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Þá verði einnig hafist handa við gerð mislægra gatnamóta við Hallsveg og framkvæmdum lokið á öðru tímabili. Á því tímabili verði gerð ný tenging við Norðlingaholt og Hringvegurinn breikkaður í fjórar akreinar milli Breiðholtsbrautar og Nesbrautar (Vesturlandsvegar). Einnig verði vegurinn breikkaður í fjórar akreinar frá Skarhólabraut að Langatanga. Á þriðja tímabili verði hafist handa við gerð mislægra gatnamóta við Breiðholtsbraut, gerð mislæg gatnamót við væntanlega Korpúlfsstaðabraut og bætt við þriðju akrein í Ullarnesbrekku í Mosfellsbæ.

Hafnarfjarðarvegur.

Á fyrsta tímabili er lagt til að gatnamót við Nýbýlaveg verði endurbætt. Á öðru og þriðja tímabili verði gerð mislæg gatnamót við Listabraut og unnið að breikkun vegarins milli Bústaðavegar og Arnarnesvegar, þar með talið breikkun brúar yfir Nýbýlaveg.

Reykjanesbraut.

Á fyrsta tímabili er lagt til að gerðar verði lagfæringar á Sæbraut milli Laugarnesvegar og Dalbrautar, gerð verði mislæg gatnamót við Stekkjarbakka og Reykjanesbraut breikkuð í fjórar akreinar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika. Þaðan verði gerðar bráðabirgðaendurbætur á vegi og gatnamótum suður fyrir Lækjargötu en veginum síðan breytt frá Lækjargötu að Hvammabraut og gerð mislæg gatnamót við Kaldárselsveg.

Á öðru tímabili er lagt til að gerð verði mislæg gatnamót við Bústaðaveg, Arnarnesveg, Vífilsstaðaveg og við Urriðaholtsveg.

Á þriðja tímabili verði gerð mislægra gatnamóta við Skeiðaveg og Álftanesveg lokið og hafist handa við endurbyggingu vegarins frá Álftanesvegi að Lækjargötu. Einnig verði vegurinn breikkaður frá Lækjargötu að Krýsuvíkurvegi.

Nesbraut.

Nesbraut er samheiti vegar 49 sem liggur um Vesturlandsveg, Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda.

Á fyrsta tímabili er lagt til að byrjað verði á gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og Hringbraut færð frá Miklatorgi að Sóleyjargötu.

Þessum framkvæmdum ljúki á öðru tímabili og á þriðja tímabili er gerð tillaga um að gera endurbætur á Miklubraut vestan Kringlumýrarbrautar.

Hlíðarfótur.

Lagt er til að á fyrsta tímabili verði hafin gerð tengingar við nýja samgöngumiðstöð og verði því verki lokið á öðru tímabili.

Elliðavatnsvegur.

Lagt er til að á þriðja tímabili verði hafist handa við endurbætur á Elliðavatnsvegi.

Arnarnesvegur.

Lagt er til að unnið verði að gerð Arnarnesvegar austan Reykjanesbrautar í áföngum á öllu áætlunartímabilinu.

Vífilsstaðavegur.
Á öðru tímabili er lagt til að greiða kostnað vegna byggingar/endurbóta á veginum vestan Hafnarfjarðarvegar.

Breiðholtsbraut.
Lagt er til að gerð verði gatnamót við Arnarnesveg á þriðja tímabili.

Álftanesvegur.
Lagt er til að vegurinn verði endurbyggður á fyrsta og öðru tímabili frá Hafnarfjarðarvegi að Bessastaðavegi.

Úlfarsfellsvegur.
Lagt er til að hafist verði handa við endurbyggingu Úlfarsfellsvegar á þriðja tímabili.

Hallsvegur.
Á öðru tímabili verði gerð tenging frá gatnamótum Hringvegar að Víkurvegi.

Sundabraut.
Lagt er til að framkvæmdir við Sundabraut hefjist á fyrsta tímabili en framkvæmdirnar verði fjármagnaðar að einhverju leyti með lántökum þannig að unnt verði að dreifa greiðslum á lengri tíma.

Göngubrýr og undirgöng.
Lagt er til að áfram verði unnið að gerð göngubrúa og undirganga til að auka öryggi gangandi vegfarenda.

Umferðarstýring.
Lagt er til að á fyrsta tímabili verði komið á tölvustýrðri stjórnun umferðarljósa á fjölförnustu gatnamótum þjóðvega á svæðinu.

4.3.2 Verkefni á landsbyggð.
Þjórsá.
Lokið verði við brú á Þjórsá og vegagerð um hana á fyrsta tímabili.

Bræðratunguvegur.
Hafist verði handa um vega- og brúargerð á nýrri tengingu milli Aratungu og Flúða á fyrsta tímabili og verkinu lokið á öðru tímabili.

Gjábakkavegur.
Vegagerð hefjist á fyrsta tímabili og verði lokið á því næsta.

Hringvegur, Reykjavík–Hverageröi.
Lagt er til að breikkun og endurbætur vegarins hefjist á öðru tímabili.

Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík.
Tvöföldun brautarinnar hefst á fyrsta tímabili og heldur síðan áfram út áætlunartímann. Fjármagnið á að duga til að ljúka verkinu í aðalatriðum, en skipulag í Hafnarfirði er þó ófrágengið enn þá og því ekki ljóst hver kostnaður verður þar.

Suðurstrandarvegur.
Lagt er til að fjárveitingar komi til verksins á öðru og þriðja tímabili. Áætlað er að þær dugi fyrir um það bil helmingi verksins.

Hvalfjarðartengingar.
Fjárveitingar fara til greiðslu skulda og skuldbindinga sem stofnað var til við gerð Hvalfjarðarganga.

Hringvegur um Stafholtstungur.
Fyrirhugað er að endurbyggja þennan kafla Hringvegarins á fyrsta og öðru tímabili.

Hálsasveitarvegur að Húsafelli.
Lokið verði við síðasta kaflann að Húsafelli á fyrsta tímabili.

Fróðárheiði.
Hafin verði endurbygging vegar yfir Fróðárheiði á þriðja tímabili.

Snæfellsvegur um Kolgrafafjörð.
Lagt er til að byggður verði nýr vegur og brú yfir utanverðan Kolgrafafjörð að mestu á fyrsta tímabili.

Vestfjarðavegur, Brattabrekka–Svínadalur.
Lokið verði vegagerð um Bröttubrekku á fyrsta tímabili. Hafin verði vegagerð um Svínadal og henni lokið á öðru tímabili.

Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur–Flókalundur.
Lagt er til að unnið verði að framkvæmdum á þessum vegi allt áætlunartímabilið og honum lokið. Gerð verður nánari grein fyrir tillögu að leiðavali og áfangaskiptingu við meðferð málsins á Alþingi.

Djúpvegur um Strandir.
Hér er lagt til að tenging við Hólmavík liggi um Strandir eins og verið hefur og verði unnið við hana á öðru og þriðja tímabili og henni lokið að mestu. Gerð verður nánari grein fyrir leiðavalinu við meðferð málsins á Alþingi.

Djúpvegur um Ísafjarðardjúp.
Unnið verði áfram að vegagerð í Djúpi og henni lokið á áætlunartímanum. Miðað er við að vegurinn fari yfir Mjóafjörð um Hrútey.

Djúpvegur, Súðavík–Bolungarvík.
Lagt er til að unnið verði að endurbótum á þessari leið á öllu áætlunartímabilinu.

Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði.
Miðað er við að þessi kafli Hringvegarins verði endurbyggður í nýrri legu á fyrsta og öðru tímabili.

Siglufjarðarvegur.
Lagt er til að endurbyggð verði brú á Hofsá við Hofsós á fyrsta tímabili.

Þverárfjallsvegur.
Fjárveitingar miðast við að unnið verði við veginn allt áætlunartímabilið og honum lokið að mestu.

Ólafsfjarðarvegur um Lágheiði.
Lagt er til að unnið verði að lagfæringum á veginum á fyrsta tímabili.

Hringvegur um Mývatnsheiði.
Vegurinn er í vinnslu og verður honum lokið á fyrsta tímabili.

Tenging Norðurland–Austurland.
Miðað er við að lagningu vegar yfir Mývatns- og Möðrudalsöræfi til Jökuldals verði haldið áfram á fyrsta tímabili og henni ljúki á því næsta.

Skjálfandafljót.
Lagt er til að brú á Skjálfandafljóti í Köldukinn verði endurbyggð ásamt vegi á þriðja tímabili.

Norðausturvegur, Húsavík–Þórshöfn.
Haldið verði áfram byggingu vegar á þessari leið. Þetta er mjög stórt verkefni og er miðað við að unnið verði að því öll þrjú tímabilin og því lokið. Nánari grein verður gerð fyrir leiðavali og áfangaskiptingu við meðferð málsins á Alþingi.

Kísilvegur.
Fjárveitingar eru til verksins á fyrsta og öðru tímabili.

Hringvegur á Austurlandi.
Miðað er við að unnið verði að verkinu á öllum tímabilum. Áhersla verði lögð á að ljúka við uppbyggingu malarkafla milli Breiðdalsvíkur og Hornafjarðar og vegagerð í Skriðdal.

Hringvegur um Bragðavallahóla.
Á þriðja tímabili verði endurbyggður vegarkafli í Hamarsfirði þar sem núverandi vegferill er mjög slæmur.

Lagarfljót.
Lagt er til að ný brú á Lagarfljót milli Fellabæjar og Egilsstaða verði byggð á þriðja tímabili.

Hornafjarðarfljót.
Gert er ráð fyrir að núverandi legu Hringvegar verði breytt í samræmi við aðalskipulag Hornafjarðar og er lagt til að framkvæmdir hefjist á fyrsta tímabili og ljúki á öðru. Við það mun Hringvegurinn styttast um 11 km.

Jökulsá á Breiðamerkursandi.
Treysta þarf núverandi brú á Jökulsá og árfarveginn. Einnig þarf að vinna að framtíðarlausn á þessum stað. Lagt er til að til þessara verkefna verði veittar 50 millj. kr. á fyrsta tímabili og sömu upphæð á öðru tímabili.

Brýr í Öræfum.
Þörf er á að endurbyggja brýr á Hringvegi í Öræfum og er lagt til að það verk hefjist á öðru tímabili.

Norðausturvegur, Þórshöfn–Bakkafjörður.
Lagt er til að á þriðja tímabili verði hafist handa við endurbyggingu norðausturvegar milli Þórshafnar og Bakkafjarðar.

Norðausturvegur, Hringvegur–Vopnafjörður.
Haldið verði áfram gerð tengingar Vopnafjarðar við Hringveg á fyrsta tímabili og því verki lokið á öðru tímabili.

Breikkun brúa á Suðurlandi.
Lagt er til að haldið verði áfram að breikka eða endurbyggja eina akreinabrú á Suðurlandi og verði veitt til þess fjármagn öll tímabilin. Meðal annars þarf að breikka brýr á Klifanda, Jökulsá á Sólheimasandi og Stóru-Laxá.

Breikkun brúa á Vesturlandi.
Með vaxandi umferð vex þörf á breikkun brúa á Vesturlandi og er lagt til að fjárveitingar til verkefnisins komi á öðru og þriðja tímabili. Meðal brúa sem þarf að breikka má nefna brýr á Hítará, Haffjarðará og Reykjadalsá.

Breikkun brúa á Norðurlandi vestra.
Halda þarf áfram breikkun brúa á Norðurlandi vestra og er lagt til að fjárveitingar verði til þess á öllum tímabilum áætlunarinnar. Breikka þarf t.d. brýr á Vatnsdalsá, Síká og austurósi Héraðsvatna.

Breikkun brúa á Norðurlandi eystra.
Lagt er til að fjárveiting komi til verkefnisins á þriðja tímabili. T.d. þarf að breikka brú á Skjálfandafljóti hjá Fosshóli.

Breikkun brúa á Austurlandi.
Lagt er til að fjárveiting komi til verkefnisins á þriðja tímabili. T.d. þarf að breikka brú á Rangá hjá Flúðum.

Skuldir, skuldbindingar og óráðstafað.

Á fyrsta tímabili eru innifaldar í þessum lið ýmsar skuldir og skuldbindingar vegna verka sem er lokið eða er verið að ljúka við. Verk þessi eru brúargerð á Djúpá og Laxá, Þjórsárdalsvegur, Biskupstungnabraut, Vatnaleið, Gilsfjörður, Barðastrandarvegur um Kleifaheiði, Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði og Suðurfjarðavegur um Kambaskriður. Á þriðja tímabili áætlunarinnar er skilið eftir óráðstafað fé í litlum mæli.

4.3.3 Samgöngurannsóknir.

Óskir um rannsóknir af ýmsu tagi tengdar vegum og umferð koma gjarnan fram. Lítils háttar fjárveiting er ætluð til að sinna slíkum verkefnum.

5. LOKAORÐ

Með þeirri stefnumörkun sem hér er sett fram í samgöngumálum, og því fjármagni sem ætlað er til að hrinda stefnumörkuninni í framkvæmd, á að vera unnt að ná góðum áföngum í átt að meginmarkmiðum samgönguáætlunar. Það á bæði við um flytjanleika og hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna, og það á einnig við um sjálfbærni í samgöngum og öryggismál.

Rétt er þó að vekja athygli á því að eðli máls samkvæmt er eingöngu um áfanga að ræða. Uppbygging, viðhald og rekstur samgöngukerfis er viðfangsefni sem ekki tekur enda. Kröfur til þess munu halda áfram að vaxa enn um langa hríð. Það veldur því að baráttan við neikvæðar afleiðingar samgangna mun harðna. Það er verkefni næstu ára og áratuga að koma á og viðhalda jafnvægi milli flytjanleikans og þeirra neikvæðu afleiðinga sem honum fylgja.

775. Fyrirspurn [470. mál]

til utanríkisráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

776. Fyrirspurn [471. mál]

til umhverfisráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum

sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

777. Fyrirspurn [472. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

778. Fyrirspurn [473. mál]

til samgönguráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

779. Fyrirspurn [474. mál]

til menntamálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

780. Fyrirspurn [475. mál]

til landbúnaðarráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

781. Fyrirspurn [476. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

782. Fyrirspurn [477. mál]

til forsætisráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

783. Fyrirspurn [478. mál]

til fjármálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

784. Fyrirspurn [479. mál]

til félagsmálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

785. Fyrirspurn [480. mál]

til viðskiptaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

786. Fyrirspurn [481. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

787. Fyrirspurn [482. mál]

til iðnaðarráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

788. Tillaga til þingsályktunar [483. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 13. desember 2002 til 21. janúar 2003.

789. Svar [388. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um þróun verðlags barnavara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur verðlag á eftirfarandi barnavörum þróast sl. fimm ár:*
   a. *ungbarnamat (mauki, grautum o.s.frv.),*
   b. *þurrmjólkurdufti,*
   c. *bréfbleium,*
   d. *barnabílstólum,*
   e. *barnavögnum og kerrum,*
   f. *hlutum til slysavarna barna á heimilum (öryggishliðum, eldavélarhlífum o.s.frv.),*
   g. *barnafötum?*
2. *Hvert hefur hlutfall opinberra gjalda verið í verðlagi þessara vara sl. fimm ár, sundurliðað eftir flokkum ef unnt er?*
3. *Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af sölu varanna sl. fimm ár, sundurliðað eftir flokkum ef unnt er?*

Enginn liðanna sem spurt er um vegur þungt í vísitölu neysluverðs. Af þessum sökum nær upplýsingasöfnun Hagstofunnar til tiltölulega fárra vara af þessu tagi. Þetta veldur því einnig að megnið af upplýsingunum sem beðið er um er ekki birt þar sem birting færi í bága við reglur um trúnað í hagskýrslugerð.

Reglurnar sem gilda um birtingu eru á þann veg að undirvísitölur eru ekki birtar ef vægi viðkomandi liðar er minna en 0,1% af heildarútgjöldum vísitölunnar, staðalfrávik frá meðaltali útgjaldaliðarins er meira en 20% eða ef verðmælingin nær aðeins til einnar eða svo fárra vara að unnt er að ráða nákvæmlega af birtum tölum hvaða vörumerki á í hlut.

Af því sem spurt er um eru það aðeins upplýsingar um bleiur og barnaföt sem uppfylla skilyrðin fyrir birtingu. Barnaföt hafa lækkað í verði um 9,2% frá desember 1997 til desember 2002. Bleiur hafa hækkað í verði um 10,5% á sama tímabili.

Hagstofan getur ekki veitt svör við 2. og 3. lið fyrirspurnarinnar enda safnar hún ekki upplýsingum um hlutfall opinberra gjalda í vöruverði né um tekjur ríkisins af sölu einstakra neysluvara.

790. Nefndarálit [345. mál]

um frv. til l. um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Frumvörpin þrjú um Vísinda- og tækniráð, sem allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem menntamálanefnd hefur til umfjöllunar, og opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem iðnaðarnefnd hefur til umfjöllunar, eru tengd órofa böndum og því standa fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd einnig að nefndaráliti minni hluta allsherjarnefndar og vísast til þess.

Alþingi, 12. des. 2002.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm. Svanfríður Jónasdóttir.

791. Nefndarálit [357. mál]

um frv. til l. um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Frumvörpin þrjú um Vísinda- og tækniráð, sem allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem menntamálanefnd hefur til umfjöllunar, og opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem iðnaðarnefnd hefur til umfjöllunar, eru tengd órofa böndum og því standa fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd einnig að nefndaráliti minni hluta allsherjarnefndar og vísast til þess.

Alþingi, 12. des. 2002.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Sigríður Jóhannesdóttir.

792. Nefndarálit [336. mál]

um frv. til l. um Vísinda- og tækniráð.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvörpin þrjú um Vísinda- og tækniráð, sem allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem menntamálanefnd hefur til umfjöllunar, og opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, sem iðnaðarnefnd

hefur til umfjöllunar, eru tengd órofa böndum og því standa fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd og iðnaðarnefnd einnig að nefndaráliti þessu.

Minni hlutinn tekur undir það markmið frumvarpanna að efla þurfi vísindarannsóknir og tækniþróun í landinu en getur ekki stutt þær leiðir sem ríkisstjórnin vill fara til að ná því. Minni hlutinn styður heildarstefnumótun um vísindi og rannsóknir í einu frumvarpi þar sem fram komi heilsteyptur rammi um íslenska vísinda- og tæknistarfsemi. Það að frumvörpin eru þrjú, vistuð í þremur ráðuneytum undir hatti þriggja ráðherra, opinberar ágreining á milli stjórnarflokkanna um málið og innbyrðis innan Stjórnarráðsins. Að þessum ágreiningi hafa þessi lagafrumvörp síðan verið sniðin í stað þess að ráðast í þá uppstokkun sem nauðsynleg er í stjórnkerfinu til þess að gera málaflokknum kleift að þrífast og dafna.

Með breytingunni er m.a. ætlunin að auka bein pólitísk afskipti af stefnumótun og þróun vísinda og tækni. Hugmyndin er sú að með því sé unnt að efla samvinnu vísindasamfélagsins og stjórnvalda en það býður um leið þeirri hættu heim að stjórnvöld hverju sinni forgangsraði verkefnum fyrir vísindasamfélagið. Slíkt er mjög varasamt fyrir þróun vísinda og rannsókna. Við þessa lagasmíð er gjarnan vísað til Finnlands sem fyrirmyndar og þess árangurs sem þar hefur náðst í vísinda- og tæknistarfsemi á síðustu árum. Árangur Finna er athyglisverður en margt er ólíkt með okkur og frændum vorum Finnum þegar kemur að þessum málaflokki. Finnar hafa lagt óhemju vinnu og fjármagn í uppbyggingu vísinda- og tækniþróunar. Á sama tíma og ríkisstjórn Íslands hefur þrengt svo að verk- og tæknimenntun að til vandræða horfir og svelt fjárhagslega bæði framhalds- og háskólastigið hafa Finnar lagt áherslu á fjárfestingu í menntun og rannsóknum, m.a. með stofnun 20 háskóla og tækniháskóla utan Helsinki og 37 tækniskóla. Þeir gengu auk þess í Evrópusambandið fyrir nokkrum árum sem hefur haft gagnvirk áhrif á þróun og uppbyggingu vísinda og tækni í samfélaginu. Þá var árið 1994 stofnuð sérstök þingnefnd um framtíðarmálefni Finnlands sem er skipuð 17 þingmönnum en hlutverk hennar er að „finna upp framtíðina“. Hefur nefndin sérstaklega beint sjónum að byggðaþróun, framtíð vinnunnar og eðli á tímum þekkingarþjóðfélagsins og þekkingarstjórnun. Þá hefur nefndin einnig gefið út skýrslur um samskipti þingsins við finnskt þjóðfélag og um möguleikana sem felast í Evrópusambandsaðildinni, en allt eru þetta verkefni sem nefndin telur skipta miklu þegar framtíð Finnlands er annars vegar. Finnar hafa tileinkað sér samráðs- og samræðuhefð til að stilla saman strengi og ná sáttum um mikilvæg stefnumál. Finnska kerfið er sniðið að þessari hefð en því miður er ekki því sama að fagna á Íslandi. Til marks um þetta má benda á undirbúning breytinganna sem birtast í frumvörpunum þremur en þau voru unnin algerlega án samráðs við stjórnarandstöðuna. Tvær kynningarferðir voru m.a. farnar til Finnlands vegna málsins og var fulltrúum stjórnarandstöðu haldið utan við þær.

Í máli flestra fulltrúa vísindasamfélagsins sem gáfu umsagnir kom það fram að lykillinn að því að árangur næðist á vettvangi vísinda og tækni væri stórlega aukið fjármagn til málaflokksins. Ekkert hefur komið fram sem sýnir vilja stjórnvalda til slíkrar fjárfestingar.

Í ljósi þess sem að framan greinir mun minni hlutinn ekki styðja frumvarpið.

Alþingi, 12. des. 2002.

Guðrún Ögmundsdóttir, form., frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

793. Svar [295. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um byggingarkostnað hjúkrunarheimila.

1. *Hver hefur hlutfallsleg kostnaðarskipting við byggingu hjúkrunarheimila verið sl. tvo áratugi milli:*
   a. ríkis,
   b. sveitarfélaga,
   c. annarra framkvæmdaraðila,
   sundurliðað eftir hjúkrunarheimilum?

Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram kostnaðarskipting við uppbyggingu hjúkrunarheimila og hjúkrunardeilda á tímabilinu 1980-2002.

2. *Á hvaða tímabilum hefur kostnaðarhlutdeild ríkisins í byggingarkostnaði hjúkrunarheimila verið miðuð við 85% og frá hvaða tíma hefur almennt verið miðað við 40%, sbr. reglur um Framkvæmdasjóð aldraðra? Ef kostnaðarhlutdeildin hefur verið 85% á fyrri tímum, á hvaða grundvelli byggðist lækkun hennar?*

Í 1. mgr. 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu eru sjúkrahús flokkuð í átta flokka eftir tegund og þjónustu og eru hjúkrunarheimili talin upp í 4. tölul. Í 34. gr. laganna er kveðið á um framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga en þar segir:

„Framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað skv. 2. tölul. 34. gr., skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað en framlag hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda."

Samkvæmt 2. mgr. 34 gr., sbr. 33. gr., laganna er sveitarfélögum skylt „að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvörðun Alþingis um fjárveitingar" til framkvæmda við heilbrigðisstofnanir. Skv. 4. mgr. 34. gr. eru ríkissjóður og sveitarfélög eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga.

Um fjármögnun hjúkrunarheimila og annarra stofnana fyrir aldraða sem ekki er til stofnað skv. 2. mgr. 34. gr. gilda ákvæði laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Í reglugerð nr. 299/1990, um Framkvæmdasjóð aldraðra, sem breytt var með reglugerð nr. 201/1991, er kveðið á um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Í 3. tölul. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra segir: „Styrkur vegna hjúkrunarrýmis, í eigu sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila, sbr. 2. tl. 18. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra (nú lög nr. 125/1999), má nema allt að 40 af hundraði heildarkostnaðar með búnaði."

Með vísan til laga um heilbrigðisþjónustu verður að telja að sú ábyrgð hvíli á ríkisvaldinu að veita öldruðum hjúkrunarþjónustu, hafi engir aðrir aðilar frumkvæði að því að veita þá þjónustu. Enginn getur þó veitt slíka þjónustu nema að fengnu samþykki heilbrigðisyfirvalda, enda verður kostnaður við þjónustuna að rúmast innan fjárlagaramma heilbrigðisyfirvalda.

Ef horft er til þess hvernig uppbyggingu hjúkrunarheimila hefur verið háttað á umliðnum áratugum má segja að þar hafi verið um tvær leiðir að ræða, annars vegar uppbygging á vegum opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, og hins vegar uppbygging að frumvæði einkaaðila og félagasamtaka.

Þegar ríki og sveitarfélög hafa staðið saman að uppbyggingunni hefur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra að öllu jöfnu numið 35–40% af byggingarkostnaði og hefur mismunurinn, allt að 85% af byggingarkostnaði, verið greiddur af fjárlagalið 08-381-6.90 Bygging

sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Hlutur sveitarfélaga er hér 15%. Eignaraðild hvors aðila um sig er í sömu hlutföllum. Í þessum tilfellum er styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra hluti af 85% framlagi ríkissjóðs í uppbyggingunni.

Þegar einkaaðilar eða félagasamtök hafa haft frumkvæði að uppbyggingunni hefur þeim verið veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra eftir því hvernig reglur sjóðsins hafa verið á hverjum tíma. Úthlutað hefur verið úr sjóðunum á grundvelli umsókna og hefur styrkur numið 35–40% af heildarkostnaði með búnaði. Sjálfsaflafé, þar með taldir styrkir frá sveitarfélögum, hefur greitt fyrir þann hluta framkvæmdakostnaðarins sem á vantar. Eignaraðild ríkis er engin og ríkið á almennt ekki aðild að stjórnum þessara stofnana. Heimili þessi eru alfarið í eigu einkaaðila og félagasamtaka.

3. *Brjóta stjórnvöld lög um heilbrigðisþjónustu með því að leggja ekki til 85% byggingarkostnaðar hjúkrunarheimila heldur lægri hlutdeild?*

Alllöng hefð er fyrir því að einkaaðilar, sjálfseignastofnanir og félagasamtök komi að uppbyggingu hjúkrunarheimila. Á það einkum við um uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og hafa aðilar komið að þeirri uppbyggingu af fúsum og frjálsum vilja. Í þessum tilvikum hefur uppbygging húsnæðis verið fjármögnuð með beinum styrkjum úr Framkvæmdasjóði aldraðra, styrkjum frá sveitarfélögum, með ágóða af almenningssöfnunum, happdrættissölu, með gjafafé einstaklinga og í einhverjum tilvikum af almennu rekstrarfé. Þessi aðkoma að uppbyggingu heimila hefur veitt einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum ákveðna sérstöðu. Stjórnvöld eiga almennt ekki aðild að stjórnum þessara stofnana og ekkert tilkall til eigna, þrátt fyrir að þau hafi lagt fram allt að 40% kostnaðar við uppbyggingu og búnaðarkaup, auk greiðslu rekstrarkostnaðar. Stjórnvöld eiga með öðrum orðum enga kröfu til húsnæðis ákveði aðilar að hætta rekstri, þrátt fyrir að skattfé hafi verið varið til að greiða allt að 40% byggingarkostnaðarins og almenningur þessa lands hafi með einum eða öðrum hætti brúað það bil sem út af stendur. Í 8. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra segir þó: „Heilbrigðisráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, að krefja þá, sem styrk hafa fengið úr sjóðnum, um endurgreiðslu framlagsins ef húsnæði það sem styrkur var veittur til er notað í þágu annarra en aldraðra innan 20 ára frá því að húnæðið var tekið í notkun.“

Dæmi eru einnig um að sveitarfélög hafi fjármagnað, ein eða að stórum hluta, uppbyggingu dvalarheimila, sem síðar hefur verið breytt að hluta til eða alfarið í hjúkrunarheimili. Einnig eru dæmi um að ríkið hafi staðið eitt að slíkri uppbyggingu, sbr. hjúkrunarheimilið Sóltún, en þar greiðir ríkið alla uppbygginguna í formi leigugreiðslna.

Með vísan til framangreinds og til þeirrar staðreyndar að þátttaka þessara aðila í uppbyggingu hjúkrunarheimila hefur verið, og er, af fúsum og frjálsum vilja verður því vart haldið fram að stjórnvöld hafi brotið lög um heilbrigðisþjónustu í þeim tilvikum þar sem ekki er lagt fram 85% byggingarkostnaðar.

Kostnaðarskipting við uppbyggingu hjúkrunarheimila/hjúkrunardeilda 1980–2002.

	Byggingarár	Starfsemi	Eigandi/eigendur	Styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra v/uppbyggingar	Framlag/styrkur frá öðrum	Ríkissjóður, af byggingarlið HTR
Reykjavík						
Borgarspítali, B-álma 1)	1980–1990	Öldrunardeildir o.fl.	ríki 85% sveitarfélag 15%	55,08%	Reykjavíkurborg 5,62%	39,30%
Skógarbær	1996–1997	Hjúkrunarheimili	E/F 100%	40%	Rauði kross Íslands 30% Reykjavíkurborg 30%	
Droplaugarstaðir	1981	Hjúkrunarheimili	Reykjavíkurborg 100%	35%	Reykjavíkurborg 65%	
Seljahlíð	1986	Dvalar- og hjúkrunarheimili	Reykjavíkurborg 100%		Reykjavíkurborg 100%	
Skjól	1985–1988	Hjúkrunarheimili	E/F 100%	40%	sjálfsaflafé 60%	
Eir	1990–1995	Hjúkrunarheimili	E/F 100%	40%	sjálfsaflafé 60%	
Sóltún 2)	1999–2002	Hjúkrunarheimili	E/F 100%			Leiga 100%
Reykjanes						
Sólvangur, Hafnarfirði, viðbygging	1993	Hjúkrunarheimili	ríki 85% sveitarfélag 15%	35%	sveitarfélag 15%	50%
Hrafnista, DAS, Hafnarfirði, viðbygging	1982 og 2000	Dvalar- og hjúkrunarheimili	E/F 100%	40%	sjálfsaflafé 60%	
Sunnuhlíð	1982	Hjúkrunarheimili	E/F 100%	40%	sjálfsaflafé 45% sveitarfélag 15%	
Garðvangur, viðbygging	1982,1996 og 1998	Hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	40%	sveitarfélag 15% sjálfsaflafé 45%	
Holtsbúð, Garðabæ	2000	Hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	40%	sveitarfélag 60%	
Víðihlíð, Grindavík	1992–1994	Hjúkrunarheimili	ríki 85% sveitarfélag 15%	35%	sveitarfélag 15%	50%
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum, D-álma	1988–	Hjúkrunardeild o.fl.	ríki 85% sveitarfélag 15%		sveitarfélag 15%	85%
Vesturland						
Jaðar, Ólafsvík	1986	Dvalar- og hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	35%	sveitarfélag 65%	
Fellaskjól, Grundarfirði	1988	Dvalar- og hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	35%	sveitarfélag 65%	
Vestfirðir						
Barmahlíð, Reykhólum	1985–1987	Dvalar- og hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	Framkvæmdasjóður aldraðra 50% Jöfnunarsjóður sveitarfélaga Íbúðarlánasjóður vaxtagjöf Félagsmálaráðuneytið	20% 15% 15%	
Heilbrigðisstofnunin Þingeyri 3)	1983–2002	Hjúkrunardeild	ríki 85% sveitarfélag 15%	40%	sveitarfélag 15%	45%
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, viðbygging 4)	1999–2003	Dvalar- og hjúkrunarheimili	ríki 77,98 sveitarfélag 22,02%	37,85%	sveitarfélag 22,02%	40,13%
Norðurland vestra						
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, viðbygging 5)	1994–1998	Dvalar- og hjúkrunarheimili	ríki 57,7% sveitarfélag 42,3%	31,6%	sveitarfélag 42,3%	26,1%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, viðbygging 6)	1983–1992	Dvalar- og hjúkrunarheimili	ríki 66,58% sveitarfélag 33,42%	35%	sveitarfélag 33,42%	31,58%

	Byggingarár	Starfsemi	Eigandi/eigendur	Styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra v/uppbyggingar	Framlag/styrkur frá öðrum	Ríkissjóður, af byggingarlið HTR
Norðurland eystra						
Hlíð, Akureyri, viðbyggingar	1985–1987	Dvalar- og hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	40%	sveitarfélag 60%	
Dalbær, Dalvík, viðbygging	1995	Dvalar- og hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	40%	sveitarfélag 60%	
Austurland						
Sundabúð III, Vopnafirði	1987–1993	Hjúkrunarheimili	ríki 85% sveitarfélag 15%	35%	sveitarfélag 15 %	50%
Hulduhlíð, Eskifirði	1989		sveitarfélag 100%	37%	sveitarfélag 63%	
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, viðbygging	1980–1987	Hjúkrunardeild	ríki 85% sveitarfélag 15%		15%	85%
Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	1987–1992	Hjúkrunardeild, sjúkradeild og heilsugæsla	ríki 86,7% sveitarfélag 13,3%	20%	sveitarfélag 13,3%	67,2%
Uppsalir, Fáskrúðsfirði 7)	1995–1999	Dvalar- og hjúkrunarheimili	ríki 79% sveitarfélag 21%	39,40%	sveitarfélag 21%	39,6%
Skjólgarður, Höfn	1992–1996	Hjúkrunarheimili	ríki 85% sveitarfélag 15%	40%	sveitarfélag 15%	45%
Suðurland						
Ás, Hveragerði	1998	Hjúkrunarheimili	E/F 100%	40%	eigendur 60%	
Hjallatún Vík	1989	Dvalar- og hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	40%	sveitarfélag 60%	
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum, viðbygging	1994	Dvalar- og hjúkrunarheimili	sveitarfélag 100%	35%	sveitarfélag 65%	
Lundur, Hellu, viðbyggingar	1882 og 1988	Dvalar- og hjúkrunarheimili	ríki 85% sveitarfélag 15%	35%	sveitarfélag 15%	50%
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1989–1993	Dvalar- og hjúkrunarheimili	ríki 85% sveitarfélag 15%	35%	sveitarfélag 15%	50%

Í eigu: E/F= Einkaaðila/félagasamtaka

Athugasemdir:

1. Við sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík var gengið frá kaupum ríkisins á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, áður Borgarspítala. Húnsæðið er nú í 100% eigu ríkis.

2. Sóltún, Reykjavík.
Rekstur hjúkrunarheimilisins var boðinn út í svonefndri einkaframkvæmd, bæði rekstur og útvegun húsnæðis. Samningurinn er til 25 ára og greiðir ríkið leigu út samningstímann. Í reynd fjármagnar ríkið uppbyggingu heimilisins 100%, þótt húsnæðið sé/verði í eigu einkaaðila. Ríkið kaus að fjármagna leiguna 100%, en Reykjavíkurborg hefði að óbreyttu átt að greiða 15% leigunnar samanber aðrar heilbrigðisstofnanir þar sem húnæði er leigt af þriðja aðila.

3. Heilbrigðisstofnunin Þingeyri.
Kostnaður skiptist í ákveðnum hlutföllum milli hjúkrunar- og dvalarheimilis.
Ríkissjóður og framkvæmdastjóður aldraðra greiddu samtals 85% hluta þess kostnaðar sem tilheyrir hjúkrunarheimili.
Húsnæðið skiptist með eftirfarandi hætti:
* Heilsugæslustöð 23,42%. Ríkissjóður greiddi 85% og sveitarfélög 15%
* Hjúkrunarheimili 25,25%. Framkvæmdasjóður aldraðra greiddi 35%, ríkissjóður 50% og sveitarfélög 15%.
* Dvalarheimili 42,4%. Framkvæmdasjóður aldraðara greiddi 35% og sveitarfélög 65%.
* Dagvist aldraðra 8,93%. Framkvæmdasjóður aldraðra greiddi 20% og sveitarfélög 80%

4. Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.
Kostnaður skiptist í ákveðnum hlutföllum milli hjúkrunar- og dvalarheimilis.
Ríkissjóður og framkvæmdasjóður aldraðra greiddu samtals 85% hluta þess kostnaðar sem tilheyrir hjúkrunarheimili.
Þar sem hluti framkvæmdanna tilheyrir dvalarheimili varð endanleg skipting kostnaðar við framkvæmdirnar þessi:
Framkvæmdasjóður aldraðra 37,8%, ríkissjóður 40,13%, sveitarfélög 22,02%

5. Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga
Kostnaður skiptist í ákveðnum hlutföllum milli hjúkrunar- og dvalarheimilis.
Ríkissjóður og framkvæmdastjóður aldraðra greiddu samtals 85% hluta þess kostnaðar sem tilheyrir hjúkrunarheimili.
Þar sem stór hluti framkvæmdanna tilheyrir dvalarheimili varð endanleg skipting kostnaðar við framkvæmdirnar þessi:
Framkvæmdasjóður aldraðra 31,6%, ríkissjóður 21,6%, sveitarfélög 42,3%

6. Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.
Framkvæmdir við byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis hófust 1983 og þeim lauk árið 1992.
Húsnæðið skiptist með eftirfarandi hætti:
* Hjúkrunarheimili 63,16%. Framkvæmdasjóður aldraðra greiddi 35%, ríkissjóður 50% og sveitarfélög 15%.
* Verndaðar þjónustuíbúðir 24,12%. Framkvæmdasjóður aldraðara greiddi 35% og sveitarfélög 65%.
* Dagvist aldraðra 12,72%. Framkvæmdasjóður aldraðra greiddi 35% og sveitarfélög 65%
Þar sem stór hluti framkvæmdanna tilheyrir dvalarheimili varð endanleg skipting kostnaðar við framkvæmdirnar þessi:
Framkvæmdasjóður aldraðra 35%, ríkissjóður 31,58%, sveitarfélög 33,42%

7. Uppsalir, Fáskrúðsfirði
Kostnaður skiptist í ákveðnum hlutföllum milli hjúkrunar- og dvalarheimilis.
Ríkissjóður og framkvæmdastjóður aldraðra greiddu samtals 85% hluta þess kostnaðar sem tilheyrir hjúkrunarheimili.
Þar sem hluti framkvæmdanna tilheyrir dvalarheimili varð endanleg skipting kostnaðar við framkvæmdirnar þessi:
Framkvæmdasjóður aldraðra 39,4%, ríkissjóður 39,6%, sveitarfélög 21,0%

794. Fyrirspurn [484. mál]

til dómsmálaráðherra um sviptingu lögræðis og fjárræðis.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hversu oft hefur komið til lögræðis- og/eða fjárræðissviptingar samkvæmt eftirtöldum ákvæðum lögræðislaga, nr. 71/1997:
   a. 4. gr., sundurliðað eftir a-, b-, c- og d-lið greinarinnar,
   b. 5. gr., sundurliðað eftir 1. mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. greinarinnar,
   c. 6. gr.?
2. Hversu oft hafa úrskurðir samkvæmt lögræðislögum verið kærðir til Hæstaréttar, sbr. 16. gr. laganna?
3. Hve margir ráðsmenn hafa verið skipaðir skv. IV. kafla lögræðislaga?
4. Hversu oft hefur ráðsmanni verið falin umsjón eigna skv. 35. gr. lögræðislaga, sundurliðað eftir a-, b- og c-lið greinarinnar?
5. Hefur sami ráðsmaður verið skipaður fyrir marga einstaklinga? Ef svo er, hvernig er skiptingin á hvern ráðsmann?
6. Hversu oft hefur ákvörðun yfirlögráðanda verið skotið til dómsmálaráðherra skv. 83. gr. lögræðislaga?
7. Hvernig flokkast þau mál miðað við hagi einstaklinga, þ.e. vegna geðfötlunar, vímuefnaneyslu eða annarra ástæðna?

Óskað er eftir að svörin nái yfir tímabilið frá því að lög nr. 71/1997 tóku gildi 1. janúar 1998.

Skriflegt svar óskast.

795. Frumvarp til laga [457. mál]

um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Heimilt er Akureyrarbæ að stofna hlutafélag um rekstur Norðurorku, er nefnist Norðurorka hf.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um innborgun hlutafjár og fjölda hluthafa í Norðurorku hf. Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995 eiga ekki við um greiðslu hlutafjár.

2. gr.

Heimili Norðurorku hf. og varnarþing skulu vera á Akureyri, en heimilt skal vera að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

3. gr.

Tilgangur Norðurorku hf. er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Norðurorku hf. er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tilgangi félagsins og verkefnum skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundum samkvæmt almennum reglum.

4. gr.

Norðurorka hf. tekur við einkarétti Akureyrarbæjar og Norðurorku til starfrækslu hita- og rafveitu og yfirtekur skyldu Akureyrarbæjar til starfrækslu vatnsveitu á Akureyri. Norðurorka hf. yfirtekur samninga sem Norðurorka hefur gert um vatnssölu eða rekstur vatnsveitu í öðrum sveitarfélögum.

Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Norðurorku hf. leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það.

Aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Norðurorku hf. við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum.

5. gr.

Stjórn Norðurorku hf. setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda. Gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Norðurorku skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá Norðurorku gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7. gr.

Stofna skal hlutafélagið Norðurorku á stofnfundi sem haldinn skal í desembermánuði 2002. Allur kostnaður af stofnun Norðurorku hf. og yfirtöku þess á rekstri Norðurorku greiðist af hlutafélaginu.

8. gr.

Norðurorka hf. skal taka til starfa 1. janúar 2003 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Norðurorku. Norðurorka skal lögð niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar félagsins.

9. gr.

Um skyldu Norðurorku hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og hafa slíkan rekstur með höndum. Norðurorka hf. skal undanþegin stimpilgjöldum.

Þá verða ekki greiddir skattar og opinber gjöld af eignatilfærslum milli Akureyrarbæjar og Norðurorku hf. við formbreytinguna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Akureyrarbær ber áfram ábyrgð á lánum sem tekin hafa verið fyrir 31. desember 2002 með ábyrgð bæjarsjóðs vegna Norðurorku, Vatnsveitu Akureyrar, Rafveitu Akureyrar og Hita- og vatnsveitu Akureyrar.

796. Frumvarp til laga [447. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

C-liður 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

IV. kafli laganna, **Ferðamálasjóður,** fellur brott.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. janúar 2003 yfirtekur ríkissjóður allar eignir og skuldir Ferðamálasjóðs. Byggðastofnun er falið að sjá um innheimtu á útlánum sjóðsins. Innköllun til lánardrottna Ferðamálasjóðs skal eigi gefin út. Umboð stjórnar sjóðsins fellur niður frá sama tíma.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

797. Frumvarp til laga [485. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Nýr töluliður bætist við 2. mgr. 21. gr., svohljóðandi: Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

4. tölul. 2. mgr. 64. gr. verður svohljóðandi: Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. gr.

4. tölul. 2. mgr. 65. gr. verður svohljóðandi: Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu og um nafn og aðsetur fulltrúa hér á landi sem hefur með höndum tjónsuppgjör, sbr. 5. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau vátryggingafélög sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 26. gr. laganna við gildistöku laga þessara skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að uppfylla skilyrði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Megintilgangur frumvarps þessa er að lögfesta ákvæði tilskipunar nr. 2000/26/EB frá 16. maí 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins nr. 73/239/EBE og nr. 88/357/EBE (fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar). Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001 31. janúar 2001. Auk þess er í frumvarpinu gert ráð fyrir að umsækjandi um starfsleyfi vátryggingafélags leggi fram staðfestingu á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. (ABÍ). Þá felur frumvarpið í sér, í samræmi við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings, að ákvæði

tilskipana um ökutækjatryggingar skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES-samningnum og á það þannig við um Sviss.

Frumvarpið er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á umferðarlögum, nr. 50/1987 (meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis). Við samningu frumvarpsins var haft samráð við Samband íslenskra tryggingafélaga, Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. og Fjármálaeftirlitið.

Tilskipunin gerir ráð fyrir því að vátryggingafélagi sem tekur að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja sé skylt að tilnefna tjónsuppgjörsfulltrúa í öllum öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins en því þar sem félagið hefur fengið starfsleyfi. Tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa og stofnun tjónsuppgjörsaðila í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og EFTA-ríkjunum mun auðvelda tjónþola að reka bótakröfu vegna umferðaslyss í öðru aðildarríki, þar sem hann getur beint kröfu sinni að tjónsuppgjörsfulltrúa vátryggingafélagsins í sínu heimalandi.

Tilskipunin gerir enn fremur ráð fyrir því að hvert aðildarríki komi á fót eða viðurkenni upplýsingamiðstöð sem á að aðstoða tjónþola við að afla upplýsinga um það ökutæki sem valdið hefur tjóni og hvernig vátryggingu þess er háttað. Einnig er gert ráð fyrir að hvert aðildarríki komi á fót eða viðurkenni tjónsuppgjörsaðila sem ætlað er að annast greiðslur bóta til tjónþola sem fellur undir tilskipunina. Í frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á umferðarlögum er að finna ný ákvæði, sem eiga að verða 94. gr. a og b., þar sem lagt er til að dómsmálaráðherra skuli viðurkenna tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð hér á landi. Í athugasemdum við það frumvarps kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að nýjum aðilum verði komið á fót í þessu skyni, heldur að ABÍ annist þetta hlutverk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lagt til að nýr töluliður bætist við 2. mgr. 21. gr. laganna sem fjallar um það hvaða gögn skuli fylgja umsókn um starfsleyfi vátryggingafélags. Gerir ákvæðið ráð fyrir að leggja þurfi fram staðfestingu á aðild að ABÍ með umsókn um starfsleyfi vátryggingafélags. Ekki er hér um nýjung að ræða því öll vátryggingafélög sem taka að sér lögmæltar ökutækjatryggingar hafa verið aðilar að ABÍ. Sú aðild byggðist í upphafi á samkomulagi vátryggingafélaganna og þátttöku þeirra í tilhöguninni um græna kortið en byggist nú á 3. gr. reglugerðar nr. 556/1993, um lögmæltar ökutækjatryggingar. Eðlilegt er að áskilnaður þessi komi fram í lögum um vátryggingastarfsemi ásamt öðrum skilyrðum fyrir starfsleyfi vátryggingafélaga.

Enn fremur er gert ráð fyrir staðfestingu vátryggingafélags á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum, sé sótt um starfsleyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr., þ.e. í greinaflokknum ábyrgðartryggingar ökutækja. Um tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð hefur lítillega verið fjallað í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og vísast til þess og enn fremur frumvarps til breytinga á umferðarlögum, þar sem hlutverk þessara stofnana er skilgreint.

Að lokum er gert ráð fyrir að vátryggingafélag tilnefni tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki EES-samningsins og EFTA. Með tjónsuppgjörsfulltrúa er átt við fulltrúa skv. 4. gr. tilskipunar nr. 2000/26/EB. Hlutverk tjónsuppgjörsfulltrúa er að fara með kröfur og uppgjör vegna tjóna af völdum slysa sem hlotist hafa af notkun ökutækis sem vátryggt er í öðru aðildarríki EES-samningsins en því ríki þar sem tjónþoli er búsettur eða í ríki sem hefur gerst aðili að tilhöguninni um græna kortið ef ökutækið er að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki EES-samningsins.

Tjónsuppgjörsfulltrúi skal vera búsettur eða hafa staðfestu í því aðildarríki sem hefur tilnefnt hann. Val vátryggingafélags á tjónsuppgjörsfulltrúa er ákvörðun vátryggingafélags og er aðildarríki óheimilt að takmarka það val. Tjónsuppgjörsfulltrúi skal hafa umboð til að koma fram fyrir hönd vátryggingafélags gagnvart tjónþolum og er honum heimilt að starfa fyrir fleiri en eitt vátryggingafélag. Hlutverk tjónsuppgjörsfulltrúa er að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við kröfur vegna slysa og gera viðeigandi ráðstafanir til að gera upp kröfur fyrir hönd vátryggingafélags og á kostnað þess, þar á meðal skaðabætur. Skal hann vera fær um að sinna starfi sínu á tungumáli þess aðildarríkis þar sem tjónþoli er búsettur. Tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa kemur þó ekki í veg fyrir að tjónþoli eða vátryggingafélag hans geti beint kröfum sínum að tjónvaldi eða vátryggingafélagi hans.

Vátryggingafélag tjónvalds eða tjónsuppgjörsfulltrúi skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tjónþoli lagði fram bótakröfu sína, leggja fram annaðhvort rökstutt tilboð um bætur (sé bótaábyrgð viðurkennd og hafi tjónið verið metið) eða rökstutt svar við kröfu tjónþola (ef bótaábyrgð er hafnað eða tjónið hefur ekki verið gert endanlega upp). Enn fremur er gert ráð fyrir að vextir reiknist á fjárhæð bóta, hafi tilboð vátryggingafélags ekki verið lagt fram innan þriggja mánaða, sbr. 6. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Um vexti af skaðabótakröfum fer samkvæmt vaxtalögum og skaðabótalögum.

Tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa felur ekki í sér opnun útibús, í skilningi b-liðar 1. gr. tilskipunar nr. 92/49/EBE, og tjónsuppgjörsfulltrúi verður ekki talinn vera starfsstöð í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar nr. 88/357/EBE.

Fjórða tilskipunin um ökutækjatryggingar kveður ítarlega á um starfsemi tjónsuppgjörsfulltrúa, tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðar. Nánar verður kveðið á um starfsemi þessara aðila í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

Í almennu athugasemdunum var fjallað nánar um hlutverk tjónsuppgjörsfulltrúans og vísast til þeirrar umfjöllunar að öðru leyti.

Um 2. gr.

Lagt er til að nýr töluliður komi í stað 4. töluliðar 2. mgr. 64. gr. sem varðar stofnun útibús erlends vátryggingafélags hér á landi. Töluliðurinn er samhljóða nýjum 11. tölul. 21. gr., sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í 4. tölul. er nú þegar gert að skilyrði að félagið sé aðili að ABÍ, en lagt er til að því til viðbótar komi skilyrði um staðfestingu á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum, sé sótt um starfsleyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna. Enn fremur er gert að skilyrði að upplýst sé um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki EES-samningsins og EFTA. Vísast að öðru leyti til almennu athugasemdanna og til umfjöllunar um 1. gr.

Um 3. gr.

Lagt er til að nýr töluliður komi í stað 4. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna sem fjallar um þjónustu erlends vátryggingafélags hér á landi án starfsstöðvar en með aðalstöðvar á Evrópska efnahagssvæðinu sem hlotið hefur starfsleyfi eftirlitsstjórnvalda. Í 4. tölul. er nú þegar gert að skilyrði að lögð sé fram staðfesting á aðild að ABÍ, þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna. Einnig er gert að skilyrði að lögð sé fram staðfesting á þátttöku félagsins í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar með sama hætti og í 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. og 4. tölul. 2. mgr. 64. gr. laganna og það sama á við um upplýsingar um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki EES-samningsins og EFTA. Tjónsuppgjörsfulltrúi samkvæmt þessum tölulið þarf ekki að vera sá sami og fulltrúi sem vísað er til

í lok töluliðarins og hefur með höndum tjónsuppgjör, sbr. og 5. mgr. 65. gr. Vísast að öðru leyti til almennu athugasemdanna og til umfjöllunar um 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er tekinn af allur vafi um það að þau vátryggingafélög sem þegar hafa hlotið starfsleyfi skv. 26. gr. laga um vátryggingastarfsemi verði að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að uppfylla hin nýju skilyrði frumvarps þessa verði það að lögum, þ.e. staðfesta þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð stundi þau starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. auk þess að veita upplýsingar um tjónsuppgjörsfulltrúa í öllum aðildarríkjum EES-samningsins og EFTA.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Megintilgangur frumvarpsins er að lögfesta ákvæði tilskipunar nr. 2000/26/EB frá 16. maí 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinni ökutækja og um breytinga á tilskipunum ráðsins nr. 73/239/EBE og nr. 88/357/EBE.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

798. Tillaga til þingsályktunar [486. mál]

um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.

Áætlunin miðist m.a. að því að takmarka eins og kostur er:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,
b. tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggjast á ofbeldi,

c. ofbeldi á tölvunetum,
d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,
e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,
f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,
g. aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Forsætisráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem lögð verði fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nú flutt í fimmta sinn. Hún var síðast flutt á 126. löggjafarþingi en hefur aldrei orðið útrædd.

Það verður því miður að segjast að enn hefur miðað til verri vegar hvað snertir vandamálið sem tillögunni er ætlað að taka á, einkum varðandi tölvuleiki. Lagaheimildir dómsmálaráðherra til að setja reglugerð um að tölvuleikir verði skoðaðir áður en þeir eru settir í umferð, líkt og gert er með kvikmyndir, hafa ekki verið nýttar þrátt fyrir að umboðsmaður barna hafi talað fyrir slíku eftirliti árum saman. Svo virðist sem ofbeldisfyllstu leikirnir njóti mikillar hylli unglinga og athafnir á borð við gegndarlaus manndráp séu upphafin í tölvuleikjum sem börn allt niður í 12–13 ára spili hér á landi. Slíkir leikir eru bannaðir yngri en 18 ára t.d. í Bandaríkjunum.

Ekki er ætlunin að firra forráðamenn barna og unglinga allri ábyrgð en eftirlit með innflutningi og dreifingu tölvuleikja, rétt eins og myndbanda, hlyti að auðvelda forráðamönnum að fylgjast með því hvers konar leiki börn þeirra spila. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga sálfræðileg áhrif ofbeldisfullra tölvuleikja en um þau er t.d. fjallað í nýlegri grein Guðbjargar Hildar Kolbeins, lektors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands (sjá fylgiskjal I). Þar segir: „Fyrrum ofursti í bandaríska hernum og prófessor í sálfræði og herfræðum, Dave Grossman, heldur því blákalt fram að framleiðendur tölvuleikja, og reyndar framleiðendur sjónvarpsefnis líka, séu að kenna börnum og unglingum að drepa á nákvæmlega sama hátt og bandarískir herinn þjálfar hermenn sína í að drepa óvininn – og ef eitthvað sé, þá gangi framleiðendur tölvuleikja jafnvel lengra í þjálfun sinni en herinn gerir. Hann vill banna með öllu ofbeldisfulla tölvuleiki.“

Rannsóknir hafa leitt í ljós að beint samband er á milli árásarhneigðar ungmenna og þess hve mikið þau horfa á ofbeldisefni í sjónvarpi og leika ofbeldisfulla tölvuleiki. Því raunverulegra sem ofbeldið í tölvuleikjunum er, þeim mun verri eru áhrifin. Það er kunnara en frá þurfi að segja að myndgæði tölvuleikja eru mikil og þróunin stöðug í þá átt að gera þá sem allra raunverulegasta. Sérstaklega má benda á rannsókn sem gerð var við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum á tengslum ofbeldisefnis við árásarhneigð og andfélagslega hegðum barna og unglinga, en helstu niðurstöður eru aðgengilegar á vefslóðinni http://www.stanford.edu/dept/news/report/news/january17/kidstv-117.html.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það óbreytt skoðun flutningsmanna að brýn þörf sé fyrir aðgerðir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Að öðru leyti vísast til upphaflegrar greinargerðar sem fylgir lítillega breytt hér á eftir.

Sú tilhneiging foreldra að vernda börn sín og hlífa fyrir ljótleika tilverunnar hefur án efa fylgt manninum frá ómunatíð. Í daglegu lífi er reynt að forðast að láta börn horfa upp á þjáningar fólks, þau eru ekki látin vera viðstödd ef aflífa þarf skepnur o.s.frv. Fyrir daga nútíma-

fjölmiðlunar voru aðstæður foreldra í þessu sambandi viðráðanlegar í þeim skilningi að hægt var að halda börnum frá tilteknum stöðum eða sjá til þess að þau væru ekki þátttakendur í athöfnum sem ekki voru taldar við hæfi. Nú er öldin önnur. Ofbeldi í einhverju formi er svo hversdagslegt og útbreitt fyrirbæri á svo fjölmörgum sviðum að ógerningur er að einangra nokkurn þjóðfélagsþegn, þar með talin börn, frá snertingu við það.

Um heim allan hafa áhyggjur manna af áhrifum aukins framboðs ofbeldisefnis, einkum í sjónvarpi og kvikmyndum, aukist síðustu ár og áratugi. Nægir að vísa í því sambandi til fjölda kannana sem gerðar hafa verið á áhrifum þess að börn sem fullorðnir horfi á ofbeldismyndir. Allur þessi fjöldi kannana, allt það fé sem lagt hefur verið í rannsóknir á samhengi ofbeldis í samfélaginu og ofbeldis í fjölmiðlum staðfestir þessar áhyggjur. Hér er hvorki ætlunin að fullyrða neitt né fjölyrða um áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum eða annars staðar þar sem það er að finna. Vandaðar kannanir sýna svo ekki verður um villst að fylgni er t.d. milli ofbeldishegðunar og mikils áhorfs á ofbeldisefni, þótt heimili, félagslegar aðstæður og fleiri þættir skipti vissulega einnig miklu máli. Vísast í því sambandi m.a. til fylgiskjals I með tillögu þessari.

Á síðustu árum hefur framboð ofbeldisefnis aukist gífurlega en einnig hefur orðið breyting á eðli þess og gerð. Til að tíunda aðeins það helsta má nefna tölvuleiki í heimilistölvum og sérstakar leikjatölvur sem tengja má við sjónvarp. Uppistaðan í leikjum í slíkum tækjum er því miður oftast tengd ofbeldi. Sama gildir um sýndarveruleikatæki, leiktæki í spilasölum og leikföng. Ofbeldi í einhverri mynd sem einhvers konar bardagi eða hernaður er langoftast undirstaðan.

Tæknin kemur hér einnig við sögu að því leyti að efnið sem er framleitt er raunverulegt að allri gerð. Tækninni (tölvugerð mynda) sem unnt er að beita til að gera ofbeldisatriðin eðlileg og lifandi ef svo má segja eru orðin lítil takmörk sett.

Síðast en ekki síst er sífellt að verki vítahringur stigmögnunarinnar. Rétt eins og um annað hliðstætt efni virðist það lögmál gilda að hver mynd eða hver tölvuleikur þurfi helst að taka því næsta á undan fram hvað svæsni snertir. Það þarf með öðrum orðum aðeins stærri skammt í hverri umferð, meiri grimmd, afkastameiri drápstól, miskunnarlausari ofurhetjur, meira blóð.

Það fer tæpast hjá því að fjölmargar spurningar vakni með þeim sem velta þessum málum fyrir sér. Fyrst kemur auðvitað spurningin: Hvað á að gera? Er eitthvað hægt að gera? Jafnvel: Er ástæða til að gera nokkuð?

Það er eindregin skoðun tillögumanna að bregðast verði við. Við getum ekki horft aðgerðalaus upp á sívaxandi ofbeldi gegnsýra allt umhverfi okkar og barnanna okkar. Jafnvel þótt vísindalegar sannanir liggi ekki fyrir í einstökum atriðum um samhengi vaxandi ofbeldis í samfélaginu og aukins framboðs á ofbeldisefni, enda erfitt um vik, réttlætir það ekki að láta skeika að sköpuðu. Margt fleira en beint orsakasamband milli aukins framboðs ofbeldisefnis og ofbeldishegðunar og glæpatíðni kallar líka á að brugðist sé við. Við viljum væntanlega ekki sætta okkur við það að tilvera okkar og umhverfi sé fyllt ljótleika og ofbeldi, slíkir hlutir gegnsýri allt afþreyingarefni og ýti öðru til hliðar.

Við Íslendingar ráðum að sjálfsögðu litlu um heimsmarkaðinn og komum ekki til með að hafa úrslitaáhrif á stefnuna hvað varðar framleiðslu á ofbeldisefni. En við getum sett sjálfum okkur reglur, við getum haldið fram meðvitaðri stefnu um að takmarka ofbeldisefnisflauminn og talað fyrir henni á norrænum vettvangi og alþjóðlega.

Í framkvæmdaáætlun um að draga úr framboði ofbeldisefnis er hægt að hugsa sér ýmsar aðgerðir:

1. Setja má strangar reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum.

2. Banna ætti auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint í kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Einnig á undan efni í kvikmyndahúsum sem leyft er til sýningar fyrir alla.
3. Aðgöngumiðar að kvikmyndum og útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni gæti borið viðbótargjald sem síðan mætti verja til fræðslu- og forvarnarstarfs á viðkomandi sviði.
4. Stórefla þarf kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995.
5. Framfylgja þarf ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni.
6. Framfylgja þarf ströngum reglum um aðgang að leiktækjum sem byggjast á ofbeldisefni.
7. Beina þarf fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldurstakmörk og takmarka áhorf að ofbeldismyndum eða aðgang að öðru ofbeldisefni o.s.frv.

Flutningsmenn telja brýnt að mál þetta komist formlega á dagskrá og til skoðunar hjá yfirvöldum uppeldis- og menntamála, fjölmiðlunar, félagsmála og heilbrigðismála og annars staðar þar sem ástæða er til og þá auðvitað ekki síst meðal almennings og fjölskyldna í landinu.

Fylgiskjal I.

Dr. Guðbjörg Hildur Kolbeins
fjölmiðlafræðingur:

Greinargerð um áhrif ofbeldis í kvikmyndum, sjónvarpi og tölvuleikjum á börn og unglinga.

Sögulegt yfirlit.

Sjö áratugir eru liðnir síðan vísindamenn fóru fyrst að beina sjónum sínum að áhrifum kvikmynda á börn og unglinga. Á miðjum þriðja áratug síðustu aldar voru uppi háværar raddir í Bandaríkjunum um að vinsælasti miðill þeirra tíma, kvikmyndirnar, hefði slæm áhrif á börn og unglinga. Þetta leiddi til þess að á árunum 1929 til 1932 voru framkvæmdar 13 sjálfstæðar rannsóknir á innihaldi kvikmynda og áhrifum þeirra. Niðurstöður rannsóknanna sýndu m.a. að samband var á milli andfélagslegrar hegðunar unglinga og áhorfs þeirra á kvikmyndir.[1]

Sjónvarpið hafði náð almennri útbreiðslu í Bandaríkjunum og Bretlandi upp úr 1950 og ljóst er að fólk hefur strax frá upphafi haft áhyggjur af áhrifum þess á börn því að ekki liðu nema örfá ár þangað til ráðist var í að framkvæma rannsóknir á áhrifum miðilsins. Fyrstu rannsóknirnar á þessu sviði voru rannsóknir Hilde Himmelweit í Bretlandi og rannsókn sem Schramm, Lyle og Parker gerðu í Bandaríkjunum. Hilde Himmelweit og kollegar hennar komust að þeirri niðurstöðu að ólíklegt væri að áhorf barna á sakamálaþætti gerði þau árásar-

[1] Lowery, S.A. & DeFleur, M.L. Milestones in mass communication research. New York: Longman, 1988.

hneigð en hins vegar mætti leiða getum að því að börn sem væru í tilfinningalegu ójafnvægi yrðu fyrir áhrifum.[2]

Niðurstaða rannsóknar Schramm, Lyle og Parker hefur yfirleitt verið dregin saman í eftirfarandi orðum þeirra:

> „For *some* children, under *some* conditions, *some* television is harmful. For *other* children under the same conditions, or for the same children under *other* conditions, it may be beneficial. For *most* children, under *most* conditions, *most* television is probably neither particularly harmful nor particularly beneficial." (bls. 1)[3]

Hinn 12. mars 1969 tilkynnti þáverandi landlæknir Bandaríkjanna, William H. Stewart, að embætti hans mundi þegar í stað standa að ítarlegri könnun á áhrifum sjónvarps og úthluta einni milljón bandaríkjadala til verksins. Tuttugu og þrjú rannsóknarverkefni hlutu styrki og voru niðurstöður rannsóknanna birtar snemma á áttunda áratugnum í sex bindum. Kom m.a. fram að þær rannsóknir sem framkvæmdar höfðu verið á rannsóknastofum sýndu ítrekað að áhorf á ofbeldi orsakaði árásarhneigð.[4] Langtímarannsókn sem gerð var á 10 ára tímabili sýndi að áhorf barna á sjónvarp við 9 ára aldur spáði fyrir um árásarhneigð við 19 ára aldur.[5]

Áhugi vísindamanna á áhrifum sjónvarps og kvikmynda á börn og unglinga hefur síst dvínað á síðustu 30 árum og verður nú reynt að gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna sem framkvæmdar hafa verið á allra síðustu árum.

Hlutfall ofbeldis í sjónvarpsefni og kvikmyndum.

Á undanförnum 35 árum hefur tíðni ofbeldis í bandarísku sjónvarpi verið mæld reglulega. George Gerbner og nemendur hans við Annenberg School of Communication voru tvímælalaust frumkvöðlar í innihaldsgreiningu á sjónvarpsefni en hins vegar voru það vísindamenn við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara sem framkvæmdu mjög ítarlega innihaldsgreiningu á yfir 3.000 sjónvarpsþáttum sem sýndir voru í bandarísku sjónvarpi á tímabilinu frá október 1995 og fram til júní 1996. Mikið af því efni sem þá var innihaldsgreint hefur vafalítið ratað á skjái landsmanna og verið sýnt í sjónvarpi hér á landi. Árið 1998 var um fimmtungur efnis í Sjónvarpi frá Bandaríkjunum, um helmingur efnis á Stöð 2 kom þaðan og Bandaríkin sáu Bíórásinni fyrir þremur fjórðu af því efni sem þar var sýnt.[6]

Rannsóknir Gerbners leiddu á sínum tíma í ljós að ofbeldi var að finna í rúmlega 70% af því sjónvarpsefni sem sýnt var á svokölluðum kjörtíma ('prime time') og voru rúmlega fimm ofbeldisatriði í slíku efni á hverjum klukkutíma. Merkilegra er að ofbeldi var í 94% af barnaefninu og voru að meðaltali 20 ofbeldisatriði á hverjum klukkutíma í barnaefninu.[7]

---

[2] Himmelweit, H.; Oppenheim, A.N. & Vince, P. Television and the child: An empirical study of the effect of television on the young. London: Oxford University Press, 1958.

[3] Schramm, W.; Lyle, J. & Parker, E.B. Television in the lives of our children. Stanford: Stanford University Press, 1961.

[4] Liebert, R.M.; Sprafkin, J.N. & Davidson, E.S. The early window: Effects of television on children and youth. New York: Pergamon Press, 1982.

[5] Lefkowitz, M.M.; Eron, L.D.; Walder, L.O. & Huesmann, L.R. Television violence and child aggression: A followup study. G.A. Comstock & E.A. Rubinstein (ritstjórar). Television and social behavior. Maryland: U.S. Dept. of Health, Education, and Welfare, 1972.

[6] Hagstofa Íslands. Fjölmiðlun og menning 1999. Hagstofa Íslands, 1999.

[7] Signorielli, N. Television's mean and dangerous world: A continuation of the Cultural Indicators perspective. N. Signorielli & M. Morgan (ritstjórar). Cultivation analysis: New directions in media effects research. Newbury Park: Sage Publications, 1990.

Niðurstöður innihaldsgreiningarinnar sem gerð var í Santa Barbara sýndi hins vegar að 69% af því efni sem ætlað var börnum undir 13 ára aldri var gegnsýrt af ofbeldi en 57% af öðru efni. Að meðaltali voru 14 ofbeldisatriði á hverjum klukkutíma í barnaefninu en tæplega sex slík atriði á klukkutíma í öðru sjónvarpsefni. Vísindamönnunum í Santa Barbara þótti mjög alvarlegt að yfirleitt voru afleiðingar ofbeldis aldrei sýndar í barnaefninu, þ.e. fórnarlömb ofbeldis sýndu engin merki um sársauka né merki um að vera slösuð. Í 76% tilfella var ofbeldi í barnaefni gert skemmtilegt en slíkt var aðeins gert í 24% tilfella í öðru sjónvarpsefni. Með því að tengja ofbeldi við fyndni er verið að gera lítið úr ofbeldi og afleiðingum þess og er það álit Santa Barbara hópsins að áhorf barna á slíkt ofbeldi auki líkurnar á að þau læri árásarhneigð og verði ónæm fyrir því ofbeldi sem þau sjá.[8]

Teiknimyndir frá Disney hafa alla tíð notið gífurlegra vinsælda og eru teiknimyndir þessar víða til á heimilum barna. Fyrir örfáum árum var gerð rannsókn á tíðni ofbeldis í 74 teiknimyndum sem ætlaðar voru sérstaklega fyrir börn og sem sýndar höfðu verið í kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum frá 1937 til 1999. Að meðaltali voru níu og hálf mínúta af ofbeldi í teiknimyndunum og jókst ofbeldið með árunum. Voru t.d. 24 mínútur af ofbeldi í teiknimyndinni *Quest for Camelot,* sem hægt er að fá hér á landi, og á bilinu 16 til 17 mínútur af ofbeldi í teiknimyndunum *Mulan* og í *Hringjaranum í Notre Dame* en fjöldi íslenskra barna hefur séð þessar teiknimyndir. Voru rétt um fjórar mínútur af ofbeldi í annarri vinsælli mynd, *Toy Story.*[9]

Áhorf á sjónvarp/kvikmyndir og árásarhneigð.

Ljóst er að víða um heim, sérstaklega í Bandaríkjunum, líta fagfélög starfsfólks á heilbrigðissviði á áhrif sjónvarps og kvikmynda á börn og unglinga sem alvarlegt heilbrigðisvandamál. Á undanförnum árum hefur mikill fjöldi greina um þetta efni m.a. birst í virtum fagtímaritum á sviði læknavísinda.[10]

En hefur ofbeldi í sjónvarpi og kvikmyndum áhrif á andfélagslega hegðun áhorfenda? Svarið við þessari spurningu er „já". Paik og Comstock drógu saman niðurstöður 217 rannsókna sem framkvæmdar höfðu verið á árunum 1957 til 1990 og sem rannsakað höfðu sérstaklega sambandið á milli áhorfs fólks á ofbeldi og árásarhneigðar þess eða andfélagslegrar hegðunar. Niðurstaðan var sú að fylgnin þarna á milli er 0,30 sem þýðir í raun að áhorf á ofbeldi eykur árásarhneigð tíunda hvers áhorfenda.[11] Miðað við íbúafjölda Íslands þýðir þetta að um 28.000 manns verða fyrir áhrifum.

Sambandið á milli áhorfs á ofbeldi í sjónvarpi og árásarhneigðar/andfélagslegrar hegðunar var kannað meðal tæplega 700 íslenskra unglinga á aldrinum 12 til 16 ára. Niðurstöðurnar voru í fullu samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna, þ.e. áhorf á ofbeldi í sjónvarpi útskýrði 2% af árásarhneigð pilta og 4% af árásarhneigð stúlkna. Einnig útskýrði áhorf á ofbeldi í sjónvarpi 7% af afbrotahneigð stúlkna og 4% af afbrotahneigð pilta.[12] Þessi munur á

---

[8] Wilson, B.J.; Smith, S.L.; Potter, W.J.; Kunkel, D.; Linz, D.; Colvin, C.M. & Donnerstein, E. Violence in children's television programming: Assessing the risks. Journal of Communication, 2002, 52(1): 5–35.

[9] Yokota, F. & Thompson, K.M. Violence in G-rated animated films. Journal of the American Medical Association (JAMA), 24/31 maí, 2000, 283(20): 2716–2720.

[10] Sjá t.d. McLellan, F. Do violent movies make violent children? The Lancet, 9. febrúar, 2002, 359: 502.

[11] Paik, H. & Comstock, G. The effects of television violence on antisocial behavior: A meta-analysis. Communication Research, 1994, 21(4): 516–546.

[12] Guðbjörg Hildur Kolbeins. Delinquency and Icelandic adolescents' viewing of television violence. Nordicom Review (Special issue), 2002, 23(1–2): 277–290.

kynjunum, þ.e. að stúlkur verði fyrir meiri áhrifum en piltar, hefur áður komið fram í erlendum rannsóknum, t.d. í langtímarannsókn Eron og Huesmann.[13]

Talið er að þrír þættir valdi því að börn verði árásarhneigð af því að horfa á sjónvarp. Í fyrsta lagi læra þau það sem fyrir þeim er haft. Fræg rannsókn sem sálfræðingurinn Albert Bandura gerði fyrir 40 árum sýndi og sannaði að börn læra af því sem þau sjá í kvikmyndum.[14] Í öðru lagi verða þau ónæm fyrir ofbeldinu og í þriðja lagi breytist viðhorf þeirra til ofbeldis og þau verða líklegri til að beita því.[15]

Í hnotskurn má segja að á síðustu 30 árum hafi hver rannsóknin á eftir annarri sýnt fram á samband á milli áhorfs barna og unglinga á ofbeldi og árásarhneigðar þeirra. Má að lokum geta rannsóknar sem gerð var í bæ í Kanada og sýndi að með tilkomu sjónvarps árið 1973 jókst árásarhneigð sex og sjö ára barna um 160%, en bærinn hafði verið sjónvarpslaus fram að þeim tíma.[16]

Áhrif sjónvarps/kvikmynda á hræðslu og sjúklegan ótta.

Mikill meiri hluti þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á áhrifum sjónvarps og kvikmynda hefur beinst að áhrifum þessara miðla á árásarhneigð. Mun minna hefur verið ritað um áhrif ofbeldis í myndmiðlum á hræðslu og jafnvel sjúklegan ótta.

Rannsóknir George Gerbners og annarra hafa ítrekað sýnt að þeir sem horfa mikið á sjónvarp fara að hræðast umhverfi sitt og treysta ekki fólki.[17] Hefur þetta fyrirbæri verið kallað „mean world"-einkennið.

Einnig hefur fjöldi rannsókna sýnt fram á að sjónvarpsefni og kvikmyndir geta vakið gífurlegan ótta hjá fólki, sérstaklega börnum. Börn á aldrinum þriggja til átta ára eru t.d. yfirleitt hrædd við dýr, drauga, skrímsli, nornir og allt sem lítur einkennilega út í þeirra augum[18] (þess vegna er mjög varasamt að fara með mjög ung börn á *Harry Potter* eða *Hringadróttinssögu*).

Sjónvarpsefni og kvikmyndir valda ekki síður hræðslu, og jafnvel langvarandi ótta, hjá unglingum og fullorðnu fólki. Má nefna að nokkur dæmi eru um að ungar konur geti ekki sofið í herbergjum með dúkkum í eftir að hafa séð hryllingsmyndina *Child's Play* á barnsaldri. Ein ung kona setti allar sínar dúkkur í geymslu eftir að hafa séð myndina og önnur hreinlega henti þeim. Ein ung kona hræðist enn þann dag í dag stórar vinnuvélar eftir að hafa séð kvikmynd um jarðýtu sem drap fólk og annarri finnst óþægilegt að fara í bað eftir að hafa séð *Jaws*. Einnig eru mörg dæmi um að fólki finnist erfitt að fara í sturtu eftir að hafa séð

---

[13] Eron, L.D. & Huesmann, L.R. The role of television in the development of prosocial and antisocial behavior. D. Olweus et al. (ritstjórar). Development of antisocial and prosocial behavior: Research, theories and issues. Orlando: Academic Press, 1986.

[14] Bandura, A.; Ross, D. & Ross, S.A. Imitation of film-mediated aggressive models. Journal of Abnormal and Social Psychology, 1963, 66(1): 3–11.

[15] Huesmann, L.R. Television violence and aggressive behavior. Television and behavior: Ten years of scientific progress and implications for the eighties. Rockville, Maryland: U.S. Dept. of Health and Human Services, 1982.

[16] Centerwall, B.S. Exposure to television as a cause of violence. Public Communication and Behavior, 1989, 2: 1–58.

[17] Signorielli, N. Television's mean and dangerous world: A continuation of the Cultural Indicators perspective. N. Signorielli & M. Morgan (ritstjórar). Cultivation analysis: New directions in media effects research. Newbury Park: Sage Publications, 1990.

[18] Cantor, J. & Sparks, G.G. Children's fear responses to mass media: Testing some Piagetian predictions. Journal of Communication, 1984, 90–103.

Psycho eða *Arachnophobia* (kvikmynd um köngulær).[19] Má ályktа að tiltölulega stór hópur fólks hér á landi þjáist af einhvers konar fælni eftir að hafa séð hryllingsmyndir, þ.e. áhrifin af hryllingsmyndunum hafa verið langvarandi og valdið óöryggi og breyttri hegðun. Skammtímaáhrif hryllingsmynda og venjulegs sjónvarpsefnis, eins og t.d. sjónvarpsþáttanna *X-Files* sem sýndir voru hér á landi, hafa yfirleitt verið martraðir og tímabundin myrkfælni.

Fyrir nokkrum árum var gerð rannsókn í Hollandi á því hversu oft börn á aldrinum 7 til 12 ára höfðu hræðst við að horfa á sjónvarp. Í ljós kom að 31% barnanna höfðu upplifað hræðslu við að horfa á sjónvarpsefni eða kvikmyndir. Meðal þeirra þátta sem vakið höfðu ótta voru *X-Files* (6%) og *Lögregluhundurinn Rex* (6%), en báðar þessar þáttaraðir hafa verið sýndar í íslensku sjónvarpi.[20]

Í svipaðri rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum kom fram að 43% foreldra sögðu að börn sín hefðu orðið skelkuð við að horfa á sjónvarp.[21]

Í ljósi þessara niðurstaðna er alvarlegt að Skjár 1 einn skuli ekki á neinn hátt merkja þætti eins og *CSI*, sem sýndur er kl. 21 á mánudagskvöldum, eða *Law and Order*, sem sýndur er kl. 22 á mánudögum og miðvikudögum. Í Bandaríkjunum eru foreldrar varaðir við því að láta börn yngri en 14 ára horfa á þá. Mjög alvarlegt að Sjónvarpið skuli hafa kosið að sýna hryllingsmyndina *Cujo* föstudagskvöldið 1. nóvember sl., kl. 22.30, þegar börn voru enn fyrir framan sjónvarpið og vítavert að Sýn skuli hafa sýnt frönsku myndina *Baise-Moi* (*Ríddu mér*) kl. 22.30, laugardaginn 26. október sl. (Frakkar hafa sjálfir gefið myndinni stimpilinn X eftir að hafa fyrst hækkað aldurstakmörkin úr 15 árum í 18 ár) – svo að nokkur nýleg dæmi séu tekin.

Árásarhneigð og ofbeldi í tölvuleikjum.

Að lokum skal í stuttu máli fjallað um áhrif tölvuleikja á árásarhneigð barna.

Fyrrum ofursti í bandaríska hernum og prófessor í sálfræði og herfræðum, Dave Grossman, heldur því blákalt fram að framleiðendur tölvuleikja, og reyndar framleiðendur sjónvarpsefnis líka, séu að kenna börnum og unglingum að drepa á nákvæmlega sama hátt og bandarískі herinn þjálfar hermenn sína í að drepa óvininn – og ef eitthvað sé, þá gangi framleiðendur tölvuleikja jafnvel lengra í þjálfun sinni en herinn gerir. Hann vill banna með öllu ofbeldisfulla tölvuleiki.[22]

Sé litið á um 25 rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið til að kanna sambandið á milli tölvuleikjanotkunar og árásarhneigðar er skýrt að fylgnin þarna á milli er 0,15 sem er heldur minni fylgni en á milli áhorfs á ofbeldi í sjónvarpi og árásarhneigðar, en því raunverulegra sem ofbeldið í tölvuleiknum er, því meiri eru áhrifin.[23]

Rannsóknir á áhrifum tölvuleikja eru tiltölulega skammt á veg komnar, ekki síst vegna þess að tækniframfarir á þessu sviði hafa gert leikjahöfundum kleift að gera leikina sífellt raunverulegri. Niðurstöður fyrstu rannsóknanna á þessu sviði eiga því ef til vill ekki mjög vel við nú á tímum.

---

[19] Dæmin eru öll frá nemendum Kvennaskólans í Reykjavík.

[20] Valkenburg, P.M.; Cantor, J. & Peeters, A.L. Fright reactions to television. Communication Research, 2000, 27(1): 82–99.

[21] Cantor, J. & Nathanson, A.I. Children's fright reactions to television news. Journal of Communication, 1996, 46(4): 139–152.

[22] Grossman, D. Teaching kids to kill. National Forum, 2000, 80(4):10–14.

[23] Sherry, J.L. The effects of violent video games on aggression: A meta-analysis. Human Communication Research, 2001, 27(3): 409–431.

Einnig er nokkur ágreiningur um hvort áhrif tölvuleikja séu langtímaáhrif eða vari aðeins í skamman tíma en nær allar rannsóknir á áhrifum tölvuleikja á árásarhneigð hafa fyrst og fremst mælt skammtímaáhrif.[24]

Samantekt.

Af framansögðu er ljóst að hlutfall ofbeldis í afþreyingarefni er hátt, sérstaklega í barnaefni, og að rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á samband á milli áhorfs á ofbeldi í sjónvarpi og kvikmyndum og árásarhneigðar barna og unglinga, þ.e. því meira sem börn horfa á ofbeldi, því árásarhneigðari eru þau. Enn fremur er vitað að sjónvarpsefni og kvikmyndir geta valdið verulegri hræðslu hjá börnum og unglingum, og getur sá ótti fylgt þeim fram á fullorðinsár. Einnig bendir allt til þess að notkun ofbeldisfullra tölvuleikja auki árásarhneigð barna og unglinga, a.m.k. tímabundið.

---

[24] Griffiths, M. Video game violence and aggression: A review of research. C. von Feilitzen og U. Carlsson (ritstjórar). Children in the new media landscape: Games, pornography, perceptions. Gautaborg, Svíþjóð: The UNESCO International Clearinghouse on Children and Violence on the Screen, 2000.

Með tillögunni voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

II. Úr skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi. Hilmar Thor Bjarnason. (Október 1996.)

III. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til menntamálaráðherra um ofbeldisefni í fjölmiðlum og munnlegt svar menntamálaráðherra (Björns Bjarnasonar) (235. mál 120. löggjafarþings). Sjá þskj. 317 í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1893, og svar ráðherra í B-deild, d. 2844–45.

IV. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til viðskiptaráðherra um kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi og munnlegt svar viðskiptaráðherra (Finns Ingólfssonar) (236. mál, 120. löggjafarþings). Sjá þskj. 318 í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1894, og svar ráðherra í B-deild, d. 2842–43.

799. Þingsályktun [483. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 788.

800. Lög [447. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 796.

801. Lög [457. mál]

um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 795.

802. Nefndarálit [357. mál]

um frv. til l. um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Í annað sinn hafa þrjár þingnefndir fjallað um þrjú frumvörp um vísinda- og tæknirannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins og opinberan stuðning við þessa mikilvægu þætti atvinnulífs og vísinda. Öll miða frumvörpin að því að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu. Þau voru til umfjöllunar á 127. löggjafarþingi en umfjöllun um þau var ekki lokið, enda voru mjög deildar meiningar um efni þeirra í vísinda- og fræðasamfélaginu. Eftir vinnu sjö manna nefndar menntamálaráðherra, sem sett var á stofn og falið að yfirfara viðamiklar umsagnir sem nefndir þingsins höfðu fengið frá fjölmörgum stofnunum og einstaklingum, voru frumvörpin lögð fram í breyttri mynd og hafði þá verið tekið tillit til ýmissa atriða í athugasemdunum. 2. minni hluti tekur undir það að frumvörpin hafi haft gott af vinnu nefndarinnar, en vill þó vekja athygli á ýmsu sem enn er ábótavant hvað varðar málið í heild.

Það sem vekur mesta athygli við alla umfjöllun um málið er sú alvarlega staðreynd að stjórnvöld sýna lítil sem engin merki um að þessi formbreyting málaflokksins muni leiða af sér auknar fjárveitingar til vísinda- og tæknirannsókna. Þvert á móti kemur fram í umsögnum fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis að jafnvel verði um samlegðar- og sparnaðaráhrif sem leiði til lækkunar útgjalda hvað varðar ákveðna þætti málsins. Þetta stríðir gegn þeim fullyrðingum ríkisstjórnarinnar að nú skuli fetað í fótspor Finna sem hafa eflt vísindarannsóknir til muna sl. 10–15 ár, en það hefur verið gert m.a. með því að hækka umtalsvert fjárveitingar til rannsóknastarfa. Það kom fram í máli gesta sem komu á fund nefndanna að formbreyting ein væri til lítils ef ekki fylgdu auknar fjárveitingar. Það sem hefur verið helsta umkvörtunarefni vísinda- og fræðasamfélagsins hingað til hefur einmitt verið skortur á fjármunum og hef-

ur verið bent á hróplegt ósamræmi milli fjölda og umfangs umsókna í vísindasjóðina og þeirra fjármuna sem ríkisstjórnin hefur ætlað málaflokknum. Því er eðlilegt að spyrja: Hvers vegna var ekki lögð fram áætlun um auknar fjárveitingar samhliða þessum frumvörpum? Og fyrst Finnar eru nefndir má gagnrýna það að enginn rökstuðningur hefur verið settur fram fyrir því vali á fyrirmynd. Hefði ekki alveg eins mátt leita til annarra landa sem einnig hafa ákveðið á seinni árum að efla stuðning við vísinda- og tæknirannsóknir?

Þótt haldið sé fram að mál þetta sé vel ígrundað er það mat 2. minni hluta að samhliða undirbúningi þessara breytinga hefði verið full þörf á að gera óháða athugun á stöðu rannsókna á Íslandi þar sem beitt væri viðurkenndum aðferðum á sviði vísindastjórnunar. Á þann hátt hefði legið fyrir trúverðug greining á ástandinu sem hefði getað orðið örugg vísbending fyrir þá sem nú fá það verkefni að vinna stefnumótun fyrir málaflokkinn. Þar sem engin slík rannsókn eða greining liggur fyrir má ætla að stefnumótunarstarfið skorti viðmiðanir og verði því ekki eins markvisst og ella hefði orðið, sérstaklega þegar á það er litið að heildarsamræming en ein höfuðröksemdin sem stjórnvöld nota fyrir breytingunum.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands sem lagt var fram og afgreitt á Alþingi 1993–94 er vitnað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var 21. september 1993. Við endurskoðun málaflokksins er eðlilegt að litið sé til fyrri stefnumörkunar og skoðað hvort þau markmið sem sett voru 1994 hafi náðst. Ekkert slíkt liggur fyrir um það og verður að telja það til vansa í undirbúningi málsins. Einnig má nefna skýrslu um rannsókna- og vísindastefnu ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram á 116. löggjafarþingi. Það verður að telja miður að sá staðall sem þar var kynntur varðandi vinnubrögð í þessum málaflokki skuli ekki hafa verið notaður áfram sem viðmiðun við gerð þeirra frumvarpa sem nú liggja fyrir.

Þegar skoðuð er sú grundvallarbreyting sem fylgir aukinni þátttöku stjórnvalda í stefnumörkun, eða eins og segir í greinargerð með frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð að málefni vísinda og tækni verði með þessum breytingum færð á efsta stig stjórnsýslunnar, má benda á gagnrýni sem er hávær í alþjóðasamfélaginu nú um stundir. Þar er varað við miklum pólitískum afskiptum af vísindasamfélaginu þar sem slíkt er talið geta takmarkað frelsi vísindamanna. Við þurfum auðvitað að viðurkenna nauðsyn þess að vísindin sjálf megi ekki færa í pólitískar viðjar valdhafanna. Í því sambandi má taka undir það sem segir í umsögn Háskóla Íslands (dags. 5. des. 2002) þar sem fjallað er um þann ramma sem frumvörpin setja vísinda- og tæknistarfsemi á Íslandi, en þar segir: „sá rammi hlýtur ætíð að byggjast á óskráðum meginreglum vísindasamfélagsins, fyrst og fremst þeim:

- að vísindamenn hafi frelsi til þess að einbeita sér að þeim rannsóknum sem þeir telja mestu skipta,
- að opinber stuðningur við verkefni grundvallist ávallt á gæðum verkefna og faglegu mati á hæfni þeirra sem stunda rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun og
- að þekking og sjónarmið innan vísindasamfélagsins séu ráðandi þáttur við þróun þess.“

Í almennri umræðu hefur einnig verið varað við auknum áhrifum fjársterkra og fjölþjóðlegra fyrirtækja í iðnaðarrannsóknum. Slíkar rannsóknir eru nú í auknum mæli framkvæmdar í leyni og niðurstöður þeirra ekki gefnar upp í krafti eignarréttar fyrirtækjanna. Umræða um þessa þætti hefur verið í lágmarki í vinnunni við þessi frumvörp og er það miður.

Í meðferð frumvarpanna hefur verið gagnrýnt það fyrirkomulag að stjórnsýslu- og stofnanaþáttur frumvarpanna skuli aðskilinn á þann hátt sem frumvörpin gera ráð fyrir. Um það atriði hefur ekki farið fram næg umræða. Þá vill 2. minni hluti taka undir með Háskóla Íslands, en rektor segir í umsögn sinni: „Háskóli Íslands er ein af undirstöðustofnunum íslensks samfélags og gegnir lykilhlutverki í menntun ungra vísindamanna. Háskólinn sinnir

rannsóknum á fjölmörgum fræðasviðum í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir og í fjölþjóðlegu samstarfi. Leiðandi framlag hans til vísinda og fræða á Íslandi er óumdeilt og forsenda þess að ná megi markmiðum frumvarpanna þriggja. Því verður að telja í hæsta máta eðlilegt að skipan Vísinda- og tækniráðs taki mið af þessu, með því að háskólarektor eigi fast sæti í ráðinu. Enn fremur að háskólastigið eigi fimm fulltrúa í ráðinu, þar af a.m.k. þrjá frá Háskóla Íslands. Með þessu móti er tryggt að skipan ráðsins endurspegli meginþætti í íslensku háskólasamfélagi.“

Annar minni hluti gagnrýnir að ekki skuli hafa verið fjallað á formlegan hátt um breytingartillögur Háskóla Íslands í nefndunum. Þá ber að harma að frestunin á afgreiðslu frumvarpanna í fyrravor skyldi ekki hafa skilað sér í aukinni vinnu í nefndum Alþingis. Þannig var lokaspretturinn í afgreiðslu þessara mikilvægu mála allt of flaustursleg ur og gerði það þingmönnum beinlínis erfitt fyrir að ljúka umfjöllun um alla þætti málsins.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur 2. minni hluti sér ekki fært að styðja frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, né heldur frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð eða frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins þótt tvö þau síðarnefndu séu formlega ekki á sviði menntamálanefndar.

Alþingi, 21. jan. 2003.

Kolbrún Halldórsdóttir.

803. Skýrsla [487. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 1998–1999, 1999–2000 og 2000–2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Inngangur.

Í 9. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, er kveðið á um að menntamálaráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskólum á þriggja ára fresti.

Fyrsta skýrslan um skólahald í grunnskólum var lögð fram á Alþingi vorið 1999 og fjallaði um skólaárin 1995–1996, 1996–1997 og 1997–1998. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir tekur til skólaáranna 1998–1999, 1999–2000 og 2000–2001 og er lögð fram samkvæmt fyrrnefndri 9. gr. grunnskólalaga. Í skýrslunni er að finna ýmsar upplýsingar um skólahald, t.d. fjölda skóla, nemenda og kennara, árangur á samræmdum prófum, fjölda kennslustunda í einstökum námsgreinum, fjölda nemenda með annað móðurmál en íslensku og þróunarstörf í grunnskólum. Upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk eru fengnar frá Námsmatsstofnun og upplýsingar um skóla, nemendafjölda, kennslutíma og kennara eru að mestu fengnar frá Hagstofu Íslands. Menntamálaráðuneytið vann úr upplýsingunum til birtingar í skýrslunni.

Ný aðalnámskrá fyrir grunnskóla tók gildi haustið 1999 og varð þá nokkur breyting á vægi námsgreina og nýjar námsgreinar eins og lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt komu til sögunnar. Í aðalnámskránni eru einnig ákvæði um fjölgun vikulegra kennslustunda sem komu að fullu til framkvæmda skólaárið 2001–2002 en í grunnskólalögum frá 1995 er kveðið

á um slíka aukningu. Talsverð breyting varð á kennslu erlendra tungumála á grunnskólastigi en með gildistöku nýrrar aðalnámskrár hófst enskukennsla í 5. bekk, eða við tíu ára aldur. Upphafi dönskukennslu var aftur á móti seinkað um eitt ár og hefst dönskukennsla nú í 7. bekk. Engin breyting verður þó á heildarkennslustundafjölda í dönsku í grunnskóla.

Í samræmi við ákvæði grunnskólalaga hefur af hálfu ráðuneytisins verið lögð aukin áhersla á upplýsingaöflun og eftirlit með skólahaldi á undanförnum árum. Í fyrsta lagi safnar menntamálaráðuneytið og dreifir tölfræðilegum upplýsingum um skólahald, m.a. upplýsingum um niðurstöður samræmdra prófa, fjölda kennara og nemenda og fjölda kennsludaga. Í öðru lagi stendur ráðuneytið fyrir úttektum á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti í samræmi við ákvæði grunnskólalaga. Slíkar úttektir hófust haustið 2001. Í þriðja lagi lætur ráðuneytið gera heildarúttektir á skólum eða úttektir á tilteknum þáttum skólastarfs í þeim tilgangi að afla upplýsinga um framkvæmd menntastefnunnar.

Ríkið ber enn kostnað af og ábyrgð á nokkrum þáttum er lúta að grunnskólum, svo sem samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk, kennaramenntun og námsgögnum. Einnig leggur ríkið fram fjármagn til rannsókna og í þróunarsjóð grunnskóla og endurmenntunarsjóð grunnskóla. Námsmatsstofnun hefur með samningi við menntamálaráðuneytið verið falin öll framkvæmd samræmdra prófa og einnig hefur stofnunin borið ábyrgð á þátttöku Íslands og framkvæmd umfangsmikilla alþjóðalegra rannsókna í skólakerfinu, t.d. PISA og PIRLS sem nánar verður gerð grein fyrir í skýrslunni. Námsgagnastofnun sér um útgáfu og dreifingu námsgagna til grunnskóla í skyldunámsgreinum, nemendum og foreldrum þeirra að kostnaðarlausu.

I. Skólar.

Fjöldi grunnskóla í landinu hefur haldist svipaður um langt skeið. Helst ber á breytingum í þá veru að skólum fjölgi í Reykjavík og að mjög fámennir skólar á landsbyggðinni séu sameinaðir eða þeir lagðir niður. Í fjölmennasta skóla landsins, Árbæjarskóla í Reykjavík, var sami nemendafjöldi skólaárin 1998–1999 og 1999–2000, eða 796. Í sama skóla var nemendafjöldi kominn í 825 skólaárið 2000–2001. Fámennasti grunnskólinn á þessu tímabili var Grunnskólinn í Mjóafirði með einn til fjóra nemendur. Á því þriggja ára tímabili sem hér um ræðir hefur fámennum skólum, þar með töldum einkaskólum og sérskólum, fækkað nokkuð og voru þeir 84–90 talsins á því þriggja ára tímabili sem hér um ræðir. Árið 1995 voru þeir hins vegar samtals 97. Einkaskólar voru sex árið 2000: Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðaskóli, Tjarnarskóli, Waldorfskólinn í Lækjarbotnum og Waldorfskólinn Sólstafir. Sérskólar voru einnig sex árið 2000: Bröttuhlíðarskóli, Dalbrautarskóli, Einholtsskóli, Safamýrarskóli, Vesturhlíðarskóli og Öskjuhlíðarskóli og er það nokkurn veginn sami fjöldi og verið hefur síðastliðinn áratug. Haustið 1998 voru 79% skóla einsetnir, haustið 2000 hafði einsetnum skólum fjölgað nokkuð og voru þá 89% grunnskóla einsetnir.

Heimavistarskólum fækkar stöðugt og er það í samræmi við stefnu fræðsluyfirvalda að nemendum skuli ekið í skóla sé þess nokkur kostur, ekki síst yngri nemendum, sbr. lög um grunnskóla frá 1995. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögum hefur enginn heimavistarskóli starfað síðan á skólaárinu 1998–1999 en þá var einn slíkur skóli starfandi.

Tafla 1.1 Fjöldi grunnskóla 1998–2001.

	Skólaár		
	1998–1999	1999–2000	2000–2001
Grunnskólar, alls	196	192	190
– Sérskólar	6	6	6
– Einkaskólar	5	6	6
Fámennir skólar*	90	85	84
Heimavistarskólar	1	0	0
Einsetnir skólar	154	159	164
Undanþága frá 9 mánaða skólatíma	6	9	8

* Skólar með 100 nemendur eða færri, þ.m.t. sérskólar.
Heimildir: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

II. Nemendur.

Heildarfjöldi nemenda í grunnskólum landsins hefur síðastliðinn áratug verið rúmlega 42 þúsund á ári, skólaárið 1999–2000 fór nemendafjöldinn í heild í fyrsta sinn yfir 43 þúsund, sjá töflu 2.1. Í töflu 2.2 má sjá fjölda nemenda í sérskólum, sérdeildum, einkaskólum og fjölda nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í töflu 2.3 má sjá fjölda nemenda eftir móðurmáli og hvernig þeir skipast hlutfallslega, annars vegar á höfuðborgarsvæðið og hins vegar utan þess. Miðað er við að forráðamenn nemandans, annar eða báðir, hafi annað tungumál að móðurmáli en íslensku og noti það mál að staðaldri í daglegum samskiptum sínum við nemandann. Ekki er mikill munur á milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta hvað varðar ofangreint hlutfall. Í 36. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, er kveðið á um rétt nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku til sérstakrar íslenskukennslu. Í reglugerð nr. 391/1996, um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, er nánar kveðið á um íslenskukennslu fyrir þessa nemendur og einnig er sérstök umfjöllun um íslensku sem annað tungumál í aðalnámskrá grunnskóla frá 1999.

Tafla 2.1 Fjöldi nemenda á grunnskólaaldri eftir árgöngum 1998–2001.

	Alls	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
1998–1999	42.421	4.469	4.400	4.652	4.392	4.538	4.083	3.819	3.818	4.049	4.201
1999–2000	43.030	4.534	4.507	4.448	4.681	4.432	4.551	4.129	3.866	3.823	4.059
2000–2001	43.644	4.435	4.583	4.541	4.460	4.754	4.444	4.569	4.158	3.836	3.864

Ofangreind skólaár er hlutfall drengja 51% af nemendum og hlutfall stúlkna 49%.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2.2 Nemendur í sérskólum, sérdeildum, einkaskólum og nemendur með annað móðurmál en íslensku* 1998–2001.

	Skólaár		
	1998–1999	1999–2000	2000–2001
Í sérskólum	147	169	189
Í sérdeildum	240	238	120
Í einkaskólum	527	549	565
Með annað móðurmál en íslensku**		920	1.039

*Nemendur sérskóla, sérdeilda, einkaskóla og nýbúar eru innifaldir í heildarnemendatölum í töflu 2.1.
**Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi fyrir skólaárið 1998–1999.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2.3 Fjöldi nemenda í grunnskólum með annað móðurmál en íslensku, haustið 2000.

Október 2000	Alls	Á höfuðborgar-svæði, %	Utan höfuðborgar-svæðis, %
Alls	1.039	53,8	46,2
Enska	157	56,7	43,3
Taílenska	114	46,5	53,5
Pólska	105	32,4	67,6
Filippseysk mál	75	54,7	45,3
Serbókróatíska	59	42,4	57,6
Danska	53	50,9	49,1
Víetnamska	49	95,9	4,1
Norska	45	42,2	57,8
Sænska	43	53,5	46,5
Rússneska	38	65,8	34,2
Spænska	35	51,4	48,6
Albanska	34	64,7	35,3
Þýska	33	54,5	45,5
Franska	21	57,1	42,9
Portúgalska	21	57,1	42,9
Finnska	14	71,4	28,6
Hollenska	14	42,9	57,1
Færeyska	12	100,0	–
Kínverska	11	72,7	27,3
Annað og óskilgreint [1)]	106	21,7	78,3

[1)] Tungumál sem færri en 10 grunnskólanemar eiga að móðurmáli og nemendur með ótilgreint móðurmál.
Skilgreining: Forráðamenn nemandans (annar eða báðir) hafa annað tungumál að móðurmáli en íslensku og nota það mál að staðaldri í daglegum samskiptum sínum við nemandann.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Skóladagar.

Samkvæmt grunnskólalögum skal lágmarksfjöldi skóladaga nemenda vera 170 á ári. Hagstofa Íslands safnar árlega upplýsingum um skóladaga í grunnskólum (þ.e. kennslu- og prófadagar samtals). Ef í ljós kemur að skóladagar eru færri en 170 gerir ráðuneytið athugasemdir

við viðkomandi sveitarstjórn og óskar eftir að úr sé bætt. Eins og sjá má á mynd 2.1 hafa skólar að meðaltali verið með 169–170 skóladaga á tímabilinu 1998–2001. Skólar með undanþágu menntamálaráðuneytis frá 9 mánaða skóla eru ekki taldir með hér. Uppgefnir skóladagar á tímabilinu hafa verið á bilinu 133–175 skóladagar. Skýringar sem fram hafa komið vegna of fárra skóladaga eru af ýmsum toga, t.d. að kennt sé fjóra daga vikunnar í stað fimm, slæmt veður og ófærð, viðgerðir á húsnæði og fleira. Hér eru einnig birtar upplýsingar um skólaárin 1996–1997 og 1997–1998, en sjá má að töluverð fjölgun hefur orðið á uppgefnum skóladögum nemenda, einkum í yngri bekkjunum.

Mynd 2.1 Meðaltal skóladaga nemenda 1996–2001, eftir bekkjum.



Viðmiðunarstundaskrá.

Kennslustundum hefur fjölgað ár frá ári á tímabilinu, sbr. ákvæði grunnskólalaga þar um. Í töflu 2.4 má sjá heildarkennslustundafjölda á viku í skyldunámi frá 1998–2001 samkvæmt grunnskólalögum og meðaltal kenndra stunda á viku eftir bekkjum fyrir skólaárið 2000–2001, samkvæmt upplýsingum sem Hagstofa Íslands safnar frá skólunum. Þar kemur m.a. fram að í 5. bekk hafa nemendur fengið að meðaltali 30 stundir á viku en hefðu átt að fá 33 stundir það skólaár. Nemendur í 6. bekk fá hins vegar að meðaltali 34 stundir en hefðu átt að fá 33 stundir samkvæmt aðalnámskrá. Aðrir hafa að meðaltali fengið tilskilinn kennslustundafjölda skólaárið 2000–2001. Ákvæði grunnskólalaga frá 1995 um vikulegan kennslutíma átti að vera komið að fullu til framkvæmda frá og með skólaárinu 2001–2002, þannig að 2002–2003 eiga nemendur í 1.–4. bekk að fá 30 kennslustundir, í 5.–7. bekk 35 kennslustundir og í 8.–10. bekk 37 kennslustundir að lágmarki á viku miðað við 40 mínútna kennslustund.

Tafla 2.4 Lögbundnar vikulegar kennslustundir og meðaltal kenndra stunda á viku 2000–2001.

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
1998–1999	29	29	29	29	32	32	34	35	35	35
1999–2000	30	30	30	30	32	32	35	35	35	35
2000–2001	30	30	30	30	33	33	35	36	36	36
Kennt á viku 2000–2001	30	30	30	30	30	34	35	36	36	36

Heimildir: Menntamálaráðuneytið og Hagstofa Íslands.

Í töflu 2.5 má sjá hvernig skólatími grunnskólanemenda hefur skipst u.þ.b. á milli námsgreina við lok 10 ára skólagöngu samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla frá 1999.

Tafla 2.5 Hlutfallsleg skipting skólatíma nemenda eftir námsgreinum að lokinni 10 ára skólagöngu í grunnskóla.

Íslenska	19%
Stærðfræði	17%
Danska	5%
Enska	6%
Heimilisfræði	4%
Listir	11%
Lífsleikni	2%
Náttúrufræði	9%
Samfélagsfræði og kristin fræði	10%
Skólaíþróttir	10%
Upplýsinga- og tæknimennt	6%

III. Aðalnámskrá.

Ný aðalnámskrá fyrir grunnskóla kom út árið 1999 og tók gildi 1. júní sama ár. Með henni voru gerðar talsverðar umbætur á skólastarfi. Byrjað var að starfa eftir námskránni skólaárið 1999–2000 en hún kom að fullu til framkvæmda 2002. Námskráin leysti af hólmi aðalnámskrá grunnskóla frá 1989.

Námskráin skiptist í tólf rit, almennan hluta og ellefu greinahluta. Þeir eru: íslenska, stærðfræði, erlend tungumál, heimilisfræði, íþróttir – líkams- og heilsurækt, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði, listgreinar, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsgreinar og upplýsinga- og tæknimennt.

Í námskránni er útfærð í einstökum atriðum ný skólastefna, Enn betri skóli, sem kynnt var 1998. Í henni er tekið mið af þjóðfélagsbreytingum undangenginna og komandi ára og þeim kröfum sem upplýsingasamfélagið gerir. Ný skólastefna hefur að markmiði að gera nemendur að sjálfstæðum og sterkum einstaklingum og leggja traustan grunn að menntun þeirra og færni til að takast á við síbreytilegt og flókið samfélag. Áhersla á tungumál, náttúrufræði og stærðfræði er aukin verulega, komið er til móts við sérþarfir nemenda, boðið er upp á meira nám á skemmri tíma en áður og áhersla er lögð á að upplýsingatækni verði sjálfsagt hjálpar-

tæki í öllum námsgreinum. Skólastefnan á að styrkja og móta heilsteypt starf í einstökum skólum og skólakerfinu í heild.

Endurskoðun aðalnámskráa grunnskóla og framhaldsskóla hófst haustið 1996 og nokkru síðar var hafist handa við að endurskoða námskrár leikskóla og tónlistarskóla. Ekki hefur áður verið unnið samhliða að námskrárgerð fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla en samræmd endurskoðun stuðlar að eðlilegri samfellu og stígandi í námi.

Fjölmargir komu að endurskoðun aðalnámskránna. Meira en tvö hundruð kennarar og aðrir sérfræðingar lögðu hönd á plóginn. Þá voru drög námskránna aðgengileg á netinu þar sem áhugasamir gátu kynnt sér efni þeirra, fylgst með framvindu verksins og komið ábendingum á framfæri.

Námskránum var fylgt vel eftir til að tryggja nauðsynlegar umbætur í skólastarfi, m.a. með nýju námsefni og endurmenntun kennara. Námsgagnastofnun fékk auknar fjárveitingar til að bregðast við þörf fyrir nýtt námsefni og settur var á laggirnar sérstakur sjóður til að styrkja endurmenntun grunnskólakennara og var auglýst eftir umsóknum um styrki úr honum.

Helstu nýjungar í nýrri aðalnámskrá grunnskóla.

Aðgengileg og skýr markmið.

Markmið og viðfangsefni nýrrar aðalnámskrár eru skýrt fram sett. Aðalnámskráin er meginviðmiðun skólastarfs og á að vera aðgengileg öllum sem að skólastarfi koma, bæði skólastjórnendum, kennurum, foreldrum og nemendum. Öllum þarf að vera ljóst að hverju skuli stefnt í grunnskólamenntun íslenskra barna.

Samfellt nám frá leikskóla til háskóla.

Skólagangan verður samfelld frá fyrstu árum leikskóla til loka framhaldsskóla með nýjum námskrám fyrir þessi skólastig sem unnar hafa verið samhliða. Nám á öllum skólastigum tekur mið af því sem þegar er að baki og því sem fram undan er.

Fyrsta námskrá fyrir 6 ára nemendur.

Í nýrri námskrá er í fyrsta sinn tekið mið af tíu ára skólagöngu. Þegar farið var að miða skólaskyldu við sex ára aldur lengdist skólaganga grunnskólanema án þess að skipulag náms og námskröfur tækju mið af því. Með nýrri aðalnámskrá er tími nemenda nýttur til fullnustu.

Sveigjanlegt nám.

Ný aðalnámskrá eykur til muna sveigjanleika náms og valfrelsi nemenda í efstu bekkjum grunnskóla. Þannig gefst þeim færi á að hafa áhrif á nám sitt og laga það að eigin áherslum, áhugasviðum og framtíðaráformum.

Fleiri kennslustundir, betri menntun.

Grunnskólalög og ný aðalnámskrá hafa í för með sér umtalsverða lengingu á kennslutíma. Árið 2001 var vinnuvika allra nemenda, tíu ára og eldri, orðin 35–37 kennslustundir að lágmarki. Með því hefur heildartími til kennslu í grunnskóla verið aukinn um 15% frá skólaárinu 1994–1995.

Náttúrufræði og stærðfræði skipa hærri sess.

Kennsla náttúrufræðigreina skipar veglegan sess í nýrri aðalnámskrá. Hún hefst þegar í sex ára bekk og tími til náttúrufræðináms eykst um allt að 60%. Tími til stærðfræðikennslu er aukinn um 12%.

Valfrjáls samræmd próf í 10. bekk.

Samræmdum prófum í 10. bekk er fjölgað úr fjórum í sex. Auk íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku geta nemendur þreytt samræmd lokapróf í náttúrufræði og samfélagsgreinum. Nemendur ákveða í samráði við foreldra, kennara og námsráðgjafa hversu mörg samræmd próf þeir þreyta og þurfa í því sambandi að taka mið af framtíðaráformum og inntökuskilyrðum framhaldsskólans. Aukið valfrelsi þýðir að nemendur geta lokið námi í grunnskóla með mismunandi áherslum og einnig á skemmri tíma en áður, á níu árum í stað tíu.

Áhersla á íslensku og stærðfræði.

Íslenska og stærðfræði eru kjarnagreinar grunnskólans enda mikilvægar undirstöður fyrir virka þátttöku í íslensku samfélagi og frekara nám. Saman fá þessar tvær greinar tæp 40% alls kennslutíma í grunnskóla, eða sem nemur ríflega þremur árum af tíu ára skólagöngu. Íslenska sem annað mál fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku er skilgreind í fyrsta skipti í nýrri aðalnámskrá og einnig íslenska fyrir heyrnarlausa og táknmál fyrir heyrnarlausa.

Breytt samfélag – nýjar námsgreinar. Lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

Með nýrri aðalnámskrá koma formlega til skjalanna nýjar námsgreinar sem endurspegla breyttar áherslur í skólastarfi og samfélaginu í heild. Upplýsingatækni og tölvunotkun eða upplýsingamennt er ný grein sem kennd verður frá upphafi skólagöngu. Hefðbundin smíði tekur á sig nýja og umfangsmeiri mynd í greininni tæknimennt og lífsleikni verður að sérstakri námsgrein frá níu ára aldri. Í lífsleikni er hugað sérstaklega að ýmsum þáttum sem ekki hafa áður haft formlegan kennslutíma í grunnskóla en eru nemendum mikilvægir til skilnings og þátttöku í nútímasamfélagi. Þá eru í aðalnámskrá sett fram námsmarkmið í leikrænni tjáningu, dansi, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar sem gera skólum betur kleift að bjóða nemendum markvissa kennslu á þessum sviðum.

Enska, fyrsta erlenda tungumálið.

Þau nýmæli urðu með nýrri aðalnámskrá að enska varð fyrsta erlenda tungumálið sem nemendur læra. Tími til enskukennslu er aukinn og kennsla hefst fyrr, eða við tíu ára aldur í stað tólf áður. Lögð verður sama áhersla á dönsku og áður en kennsla hennar hefst nú í 7. bekk.

Góð vinnubrögð – aukið sjálfstraust.

Ný aðalnámskrá tryggir aukið valfrelsi nemenda en eykur um leið ábyrgð þeirra á námi sínu. Markmiðið er að byggja með skipulegum hætti upp sjálfstraust og sjálfsábyrgð nemenda með lýðræðislegum vinnubrögðum. Þá er lögð áhersla á að efla með þeim umburðarlyndi, virðingu, heilbrigða dómgreind, náungakærleik og hæfileika til samvinnu. Ný aðalnámskrá gerir líka ráð fyrir fjölbreytilegum aðferðum við kennslu, þar á meðal aukinni verkefnavinnu og sjálfstæðri vinnu nemenda sem ætlað er að rækta með þeim skipulögð og góð vinnubrögð. Auknar kröfur eru um festu í skólastarfi, námsaga og árangur.

Grunnskóladeild menntamálaráðuneytisins kynnti aðalnámskrá grunnskóla á tímabilinu frá janúar 1999 til áramóta 2000. Haldnir voru u.þ.b. 40 fundir um allt land fyrir kennara og skólastjórnendur, sveitarstjórnarmenn, skólaskrifstofur, skólanefndir, fagfélög og aðra hagsmunaaðila.

Aukið valfrelsi í kjölfar nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gaf út árið 2000 bæklinginn Ábyrgð, frelsi, jafnrétti, val sem sendur var öllum grunnskólum landsins til dreifingar meðal nemenda í 9. og 10. bekkjum. Bæklingnum er einkum ætlað að kynna fyrir nemendum aukið valfrelsi þeirra í kjölfar breytinga á námskrá. Einnig fá allir nemendur 10. bekkjar ár hvert bæklinginn Nám að loknum grunnskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út og er hann jafnframt aðgengilegur á heimasíðu ráðuneytisins.

IV. Mat og eftirlit.

Samræmd próf.

Ákvæði 46. gr. grunnskólalaga þess efnis að allir nemendur skuli þreyta samræmd próf í ákveðnum námsgreinum við lok grunnskóla var breytt þegar aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 kom til framkvæmda. Nú er nemendum gefinn kostur á að þreyta samræmd próf við lok grunnskóla, þ.e. samræmdu prófin í 10. bekk eru valfrjáls. Samkvæmt reglugerð nr. 414/2000, um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í grunnskólum, geta nemendur 10. bekkjar valið um samræmd próf í sex námsgreinum, þ.e. íslensku, stærðfræði, dönsku, ensku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Þetta nýja ákvæði laganna kemur að fullu til framkvæmda vorið 2003, sbr. ákvæði til bráðabirgða í fyrrnefndri reglugerð. Vorið 2001 gátu nemendur í 10. bekk í fyrsta sinn valið um hvaða samræmd próf þeir tækju og var um að ræða val milli fjögurra greina, þ.e. íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Að öllu jöfnu hafa um 96% tekið nemenda samræmd próf í 10. bekk. Ekki varð breyting á því eftir greinum vorið 2001 þegar valfrelsi kom til sögunnar, nema í dönsku en þá tóku 92% nemenda samræmt próf í dönsku.

Samkvæmt framangreindri reglugerð geta þeir nemendur í 9. bekk, sem að mati skólastjóra og umsjónarkennara hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla í einstökum námsgreinum, með samþykki forsjáraðila, valið að þreyta samræmd lokapróf í þeim námsgreinum. Nemendum er þó óheimilt að þreyta samræmt lokapróf tvisvar sinnum í sömu námsgrein.

Í töflum 4.1–4.3 má sjá niðurstöður úr samræmdum prófum í 10. bekk eftir landshlutum og kyni 1999, 2000 og 2001. Þar má m.a. sjá að í Reykjavík og nágrenni eru meðaleinkunnir að öllu jöfnu hærri en landsmeðaltal.

Tafla 4.1 Meðaleinkunnir í samræmdum prófum í 10. bekk í stærðfræði, íslensku, dönsku og ensku eftir landshlutum og kyni vorið 1999.

	Stærðfræði		Íslenska		Danska		Enska	
	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur
Reykjavík	5,0	5,6	4,8	5,9	4,8	5,7	5,2	5,5
Nágrenni Reykjavíkur	5,1	5,2	4,8	5,4	4,7	5,3	5,3	5,0
Suðurnes	4,6	4,7	4,0	4,7	4,1	5,1	4,9	5,1
Vesturland	4,9	5,2	4,5	5,3	4,3	5,2	4,6	4,3
Vestfirðir	4,2	4,5	3,9	4,6	4,2	5,1	4,6	4,4
Norðurland vestra	5,0	5,2	4,8	5,2	4,7	5,4	5,0	5,1
Norðurland eystra	4,2	4,7	4,0	5,2	4,1	4,8	4,5	4,6
Austurland	4,4	5,1	4,3	5,5	4,5	5,4	4,8	4,9
Suðurland	4,9	4,9	4,3	5,0	4,4	5,2	4,8	4,9
Landið allt	4,8	5,2	4,6	5,4	4,6	5,4	5,0	5,1

Heimild: Námsmatsstofnun.

Tafla 4.2 Meðaleinkunnir í samræmdum prófum í 10. bekk í stærðfræði, íslensku, dönsku og ensku eftir landshlutum og kyni vorið 2000.

	Stærðfræði		Íslenska		Danska		Enska	
	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur
Reykjavík	5,1	5,6	5,0	5,9	4,8	6,0	5,4	5,6
Nágrenni Reykjavíkur	4,9	5,4	4,6	5,5	4,5	5,6	5,1	5,2
Suðurnes	4,3	4,1	4,1	4,6	4,3	4,9	4,7	4,5
Vesturland	4,6	4,7	4,0	4,9	3,9	4,8	4,1	4,2
Vestfirðir	4,5	5,0	4,2	5,0	3,9	5,1	4,4	4,9
Norðurland vestra	4,7	5,0	4,1	5,0	4,2	5,6	4,5	4,6
Norðurland eystra	4,8	4,8	4,6	5,2	4,2	4,9	4,7	4,9
Austurland	4,7	4,9	4,4	5,3	4,9	5,7	4,8	4,7
Suðurland	4,3	5,2	4,2	5,3	3,8	5,2	4,2	4,5
Landið allt	4,8	5,2	4,6	5,5	4,4	5,6	4,9	5,1

Heimild: Námsmatsstofnun.

Tafla 4.3 Meðaleinkunnir í samræmdum prófum í 10. bekk í stærðfræði, íslensku, dönsku og ensku eftir landshlutum og kyni vorið 2001.

	Stærðfræði		Íslenska		Danska		Enska	
	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur
Reykjavík	5,2	5,3	4,8	5,6	4,7	5,6	5,4	5,2
Nágrenni Reykjavíkur	5,0	5,3	4,7	5,5	4,6	5,6	5,3	5,2
Suðurnes	4,5	4,8	4,2	4,8	4,7	5,3	4,9	4,6
Vesturland	4,4	4,9	4,0	5,1	3,6	5,1	4,0	4,4
Vestfirðir	4,7	5,2	4,4	5,2	4,2	5,4	4,6	5,0
Norðurland vestra	4,4	4,5	4,5	5,4	4,5	5,3	4,5	4,7
Norðurland eystra	4,7	5,0	4,7	5,4	4,1	5,2	4,7	4,8
Austurland	4,6	4,5	4,3	5,0	4,7	5,5	4,6	4,7
Suðurland	4,6	4,5	4,4	4,9	4,2	5,0	4,8	4,4
Landið allt	4,9	5,1	4,6	5,4	4,5	5,5	5,0	5,0

Heimild: Námsmatsstofnun.

Á mynd 4.1 má sjá að stúlkur eru að jafnaði með betri útkomu á samræmdum prófum í 10. bekk en piltar. Mestur er munur í íslensku og stærðfræði en minnstur í ensku.

Mynd 4.1 Meðaltal einkunna í samræmdum prófum í 10. bekk 1999–2001, eftir kyni og greinum.



Heimild: Námsmatsstofnun.

Í grunnskólalögum og reglugerð nr. 415/2000 er einnig kveðið á um samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og hafa þau verið haldin síðan haustið 1996. Öllum nemendum í 4. og 7. bekk er skylt að gangast undir þessi próf njóti þeir ekki undanþágu skv. 48. gr. grunnskólalaga eða hafi annað móðurmál en íslensku.

Sjá má í töflum 4.4 og 4.5 að árangur stúlkna er að öllu jöfnu betri en drengja í þessum prófum.

Tafla 4.4 Meðaltal einkunna* í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk 1998, 1999 og 2000, skipt eftir kyni.

	Stærðfræði	Íslenska
1998		
Drengir	5,0	4,6
Stúlkur	5,0	5,4
1999		
Drengir	5,0	4,6
Stúlkur	5,0	5,4
2000		
Drengir	5,0	4,8
Stúlkur	4,9	5,2

*Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9 þar sem lægsta mögulega einkunn er 1 og hæsta mögulega einkunn er 9. Einkunnirnar eru því sambærilegar milli ára og námsgreina.

Heimild: Námsmatsstofnun.

Tafla 4.5 Meðaltal einkunna* í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk 1998, 1999 og 2000, skipt eftir kyni.

	Stærðfræði	Íslenska
1998		
Drengir	4,9	4,7
Stúlkur	5,1	5,3
1999		
Drengir	4,9	4,5
Stúlkur	5,1	5,5
2000		
Drengir	5,0	4,7
Stúlkur	5	5,3

*Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9 þar sem lægsta mögulega einkunn er 1 og hæsta mögulega einkunn er 9. Einkunnirnar eru því sambærilegar milli ára og námsgreina.

Heimild: Námsmatsstofnun.

Í töflum 4.6 og 4.7 er gerður samanburður á meðaleinkunnum í samræmdum prófum í stærðfræði og íslensku í 4. og 7. bekk 1996–2001, en einnig kemur fram hlutfall nemenda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Tafla 4.6 Meðaleinkunn og hlutfall nemenda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni í 4. bekk 1996–2001.

	Stærðfræði				Íslenska			
	Höfuðborgarsvæði		Landsbyggð		Höfuðborgarsvæði		Landsbyggð	
Ár	M	%	M	%	M	%	M	%
2001	5,00	59,7	5,00	40,3	5,11	59,6	4,84	40,4
2000	5,05	58,4	4,95	41,6	5,10	58,4	4,85	41,6
1999	5,03	58,9	4,98	41,1	5,03	58,9	4,95	41,1
1998	5,13	57,5	4,81	42,5	5,13	57,6	4,82	42,4
1997	5,15	56,9	4,80	43,1	5,13	56,9	4,84	43,1
1996	5,08	55,8	4,81	44,2	5,20	56,1	4,73	43,9

Heimild: Námsmatsstofnun.

Tafla 4.7 Meðaleinkunn og hlutfall nemenda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni í 7. bekk 1996–2001.

	Stærðfræði				Íslenska			
	Höfuðborgarsvæði		Landsbyggð		Höfuðborgarsvæði		Landsbyggð	
Ár	M	%	M	%	M	%	M	%
2001	5,13	58,8	4,84	41,2	5,16	58,8	4,81	41,2
2000	5,14	58,2	4,79	41,8	5,17	58,1	4,77	41,9
1999	5,14	57,4	4,82	42,6	5,17	57,2	4,76	42,8
1998	5,12	56,6	4,84	43,4	5,16	56,6	4,8	43,4
1997	5,26	54,8	4,69	45,2	5,22	54,8	4,73	45,2
1996	5,14	55,5	4,72	44,5	5,2	55,2	4,71	44,8

Heimild: Námsmatsstofnun.

Undanþágur og frávik frá samræmdum prófum.

Samkvæmt reglugerðum nr. 414/2000, um samræmd próf í 10. bekk, og nr. 415/2000, um samræmd próf í 4. og 7. bekk, er hægt að veita undanþágu frá próftöku í sérstökum tilvikum. Nemendur með annað móðurmál en íslensku þurfa ekki að taka samræmt próf í íslensku og hafi þeir á prófdegi dvalið skemur en eitt ár á landinu geta þeir fengið undanþágu frá samræmdu prófi í stærðfræði. Einnig er heimilt er að veita nemendum af sérstökum ástæðum undanþágu frá kennslu í tiltekinni námsgrein og eru þeir þá sjálfkrafa undanþegnir samræmdu prófi í viðkomandi námsgrein. Hér er fyrst og fremst um að ræða undanþágu frá dönsku sem veitt er nemendum með annað móðurmál en íslensku og íslenskum nemendum sem hafa dvalið langdvölum erlendis og lært þar annað tungumál, t.d. frönsku eða þýsku. Nemendur með sérstaka námsörðugleika fá í auknum mæli undanþágur frá skyldunámsgreinum, einkum dönsku. Þá er nemendum sem víkja svo frá almennum þroska, sbr. 48. gr. grunnskólalaga, að þeim henta ekki samræmd próf veitt undanþága frá samræmdum prófum. Hér er aðallega um að ræða nemendur með einstaklingsnámskrá og nemendur í sérskólum og sérdeildum. Um 1–2% nemenda í 4. og 7. bekk eru með þessum hætti sjálfkrafa undanþegnir samræmdum prófum. Í 10. bekk voru undanþágur um 2%, en eftir að valfrelsið kom til sögunnar eru í raun ekki veittar undanþágur því að nemendur geta skráð sig úr prófum.

Nemendum er einnig í sérstökum tilvikum veitt heimild til að taka samræmd próf með fráviki. Námsmatsstofnun veitir heimild til slíkra frávika. Flest frávik eru veitt vegna leshömlunar og er þá nemendum boðið upp á snældu með upplestri á prófunum sem þeir geta stjórnað sjálfir. Í 4. og 7. bekk eru veitt frávik til um 10–14% nemenda í samræmdum prófum. Í 10. bekk er prófað með frávikum í u.þ.b. 13–14% tilvika.

Tafla 4.8 Brottfall í samræmdum prófum í 10. bekk 1999, 2000 og 2001.

	1999 %	2000 %	2001 %
Íslenska	5,6	4,2	3,9
Stærðfræði	3,8	4,5	4,4
Enska	3,6	4,0	4,6
Danska	4,6	5,2	8,2

Heimild: Námsmatsstofnun.

Tafla 4.9 Frávik á samræmdum prófum í 10. bekk 1999, 2000 og 2001.

	1999 %	2000 %	2001 %
Íslenska	9,8	13,3	14,2
Stærðfræði	9,2	13,7	14,0
Enska	9,8	13,4	13,3
Danska	9,1	12,8	12,0

Heimild: Námsmatsstofnun.

Sjálfsmat.

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Í lögunum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti

skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

Menntamálaráðuneytið gaf vorið 1997 út bæklinginn *Sjálfsmat skóla* og er þar fjallað um tilgang og markmið sjálfsmats, sett fram viðmið fyrir sjálfsmat skóla, birtur gátlisti og gefið dæmi um ramma fyrir sjálfsmatsskýrslu. Viðmiðin eru einnig birt í *Almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla*, auk þess sem þau voru kynnt skólum í bréfi sem var sent öllum grunnskólum í júní 2000. Viðmiðin sem sjálfsmatsaðferðir skólanna þurfa að uppfylla eru: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla komu til framkvæmda haustið 2001. Í undirbúningi að framkvæmd úttektanna voru í tilraunaskyni gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum tveggja grunnskóla á vorönn 2001. Tilgangurinn með tilraunaúttektunum var fyrst og fremst að prófa matstæki (spurningalista á rafrænu formi) sem ráðuneytið hafði hannað vegna úttekta á sjálfsmatsaðferðum skóla. Við úttektirnar er sjónum einkum beint að stöðu sjálfsmats, sjálfsmatskerfi og framkvæmd sjálfsmats í skólanum.

Gert er ráð fyrir að vinna við úttektir á sjálfsmatsaðferðum allra grunnskóla taki tvö og hálft ár og ljúki á haustmisseri 2003. Hófst framkvæmdin með því að sjálfsmatsaðferðir 27 skóla voru teknar út haustið 2001. Árið 2002 eru teknir út 80 skólar og á árinu 2003 um 90 skólar.

Ytra mat.

Í 51. gr. grunnskólalaga er ákvæði þess efnis að menntamálaráðuneytið geti látið fara fram úttektir á skólastarfi. Slíkar úttektir geta ýmist falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla, tekið til ákveðinna þátta í skólastarfi eða verið úttekt á kennslu í ákveðinni námsgrein.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, starfsmannastjórnun, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.

Árið 1998 auglýsti menntamálaráðuneytið eftir sveitarfélögum sem hefðu áhuga á því að ráðuneytið léti fara fram heildarúttekt á skólum í sveitarfélaginu. Grunnskóli Mýrdalshrepps og Kópavogsskóli urðu fyrir valinu og er hægt að nálgast úttektarskýrslurnar á heimasíðu ráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is, undir Mat og úttektir.

Íþróttakennsla í grunnskólum 1999–2000.

Vorið 2000 kannaði menntamálaráðuneytið fjölda nemendastunda og fyrirkomulag kennslu í skólaíþróttum skólaárið 1999–2000 að beiðni Íþróttakennarafélags Íslands. 84% skóla svöruðu könnuninni. Niðurstöður voru greindar eftir bekkjum og landshlutum.

Samkvæmt reglugerð nr. 395/1986 um sundnám grunnskóla á að ætla nemendum sundtíma í stundaskrá skóla, eigi færri en einn á viku. Þýðir það að u.þ.b. 30 kennslustundum á skólaári skuli varið til sundkennslu. Jafnframt er þó kveðið á um að þar sem aðstæður leyfa ekki annað skuli hver nemandi eiga kost á 180 kennslustundum í sundi í 1.–9. bekk. Nemur það 20 kennslustundum í sundi að jafnaði á ári að lágmarki. Niðurstöður könnunar menntamálaráðuneytisins leiddu í ljós að í 28% grunnskóla fengu nemendur færri en 30 sundtíma á skólaárinu, þ.e. færri tíma en sem nemur u.þ.b. einum sundtíma á viku á skólaárinu. Þá kenndu 15% grunnskóla færri en 20 sundtíma á skólaárinu.

Mynd 4.2 Hlutfall grunnskóla sem verja að lágmarki 30 kennslustundum til sundkennslu skólaárið 1999–2000.



Heimild:Menntamálaráðuneyti.

Fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum er almennt þannig að yngstu nemendunum er kennt á tímabundnum námskeiðum en eftir því sem nemendur eldast verða vikulegir sundtímar algengari. Yfirleitt var lítill munur á milli landshluta í þessum efnum. Þó vekur athygli að sundkennsla Austfirðinga virðist eingöngu fara fram á námskeiðum hjá öllum aldurshópum, en á hinn bóginn skera Sunnlendingar sig nokkuð úr varðandi hversu lítið virðist kennt á námskeiðum, jafnvel í yngstu aldurshópunum.

Mynd 4.3 Fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum skólaárið 1999–2000.



Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Um 18% grunnskóla höfðu fleiri en 15 nemendur á hvern sundkennara, en það eru of stórir hópar samkvæmt viðmiði í reglugerð um sundnám grunnskóla. Af þeim grunnskólum sem kenndu sund í of stórum hópum skólaárið 1999–2000 voru 46% á Reykjanesi, 17% á Norðurlandi eystra og 13% á Suðurlandi.

Mynd 4.4 Fjöldi nemenda að jafnaði á hvern sundkennara í grunnskólum 1999–2000.



Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Þegar skoðuð er íþróttakennsla (leikfimi) í grunnskólum kemur í ljós að 14% þeirra kenndu færri en 60 kennslustundir skólaárið 1999–2000, þ.e. færri en u.þ.b. tvo tíma vikulega, en í auglýsingu um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla, nr. 437/1996, er kveðið á um tvær vikulegar stundir. Af þeim skólum sem vörðu of litlum tíma í íþróttakennslu voru 33% á Suðurlandi, 17% á Norðurlandi eystra, 17% á Vestfjörðum og 13% í Reykjavík.

Undanþágur frá íþrótta- og/eða sundkennslu eru í miklum meiri hluta tilvika (80%) veittar samkvæmt læknisvottorði. Einnig veita skólastjórar undanþágur.

Niðurstöður könnunarinnar voru gefnar út í sérriti í júní 2000 og sendar m.a. skólaskrifstofum og skólum til fróðleiks. Skýrslan er birt á heimasíðu ráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is. Athugasemdir og fyrirspurnir voru sendar til einstakra sveitarstjórna eftir því sem svör við könnuninni gáfu tilefni til.

Norræn könnun um viðhorf til skóla.

Fyrsta sameiginlega norræna könnunin um viðhorf til grunn- og framhaldsskóla var gerð í febrúar–maí árið 2000. Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í skýrslunni Nordisk skolbarometer – Attityder till skolan år 2000 eða *Mælistika á norræna skóla – viðhorf til skólans árið 2000*, sem gefin er út af Norrænu ráðherranefndinni og kom út að vori 2001.

Markmið könnunarinnar var að afla sambærilegra upplýsinga frá öllum Norðurlöndunum um viðhorf almennings til ýmissa þátta skólastarfs. Á þann hátt reyndist mögulegt að bera

saman afstöðu fólks eftir löndum, sem og innan hvers lands fyrir sig. Könnunin náði til foreldra barna í grunn- og framhaldsskólum og þeirra sem ekki eiga börn í skólum. Svörun hér landi var 70%.

Hverju landi fyrir sig var heimilt að bæta við spurningum sem vörðuðu skólamál þess lands sérstaklega. Þær spurningar voru einungis lagðar fyrir í því landi sem þær áttu við.

Markverðustu niðurstöður könnunarinnar með tilliti til Íslands eru meðal annars að Íslendingar leggja meiri áherslu en hinar þjóðirnar á að skólarnir beri meiri ábyrgð á einstaklings- og félagsþroska nemendanna en nú tíðkast. Þeir hafa enn fremur meiri áhuga á því en hinar þjóðirnar að nemendur eigi að afla upplýsinga sjálfir og að þeir læri að vinna saman í hópum. Einnig leggja þeir mikla áherslu á að alþjóðleg tengsl skóla verði efld. Íslenskir foreldrar eru ánægðastir með fjárframlög til ýmissa þátta í skóla barna þeirra, svo sem fjölda kennslustunda, tölva og námsbóka. Íslendingar taka undir þá skoðun í meira mæli en aðrir að kennarastarfið njóti lítillar virðingar.

Helstu niðurstöður úr íslenska hluta könnunarinnar miðað við þá sem tóku afstöðu voru eftirfarandi:

Of lítil samfella er í námi milli grunn- og framhaldsskóla. 70% voru mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu.

Það á hvorki að lengja skólaárið í grunnskólum né í framhaldsskólum úr 9 mánuðum í 10 mánuði. 64% voru mjög eða frekar ósammála því að lengja skólaárið í grunnskólum og 67% voru mjög eða frekar ósammála því að lengja skólaárið í framhaldsskólum.

Það skiptir mjög eða frekar miklu máli að nemendur öðlist góða þekkingu og færni í dönsku. 60% fannst það skipta mjög eða frekar miklu máli að nemendur öðlist góða þekkingu og færni í dönsku en 39% fannst að skólum hefði tekist mjög eða frekar vel að veita nemendum góða þekkingu og færni í dönsku.

Nemendur í 4. og 7. bekk eiga að þreyta samræmd próf. Rúmur meiri hluti, eða 54%, var þeirrar skoðunar að nemendur í 4. og 7. bekk eigi að þreyta samræmd próf.

Skiptar skoðanir um val um samræmd próf við lok grunnskóla. Helmingi, eða 50%, fannst að nemendur ættu ekki að geta valið um hvaða samræmd próf þeir taka við lok grunnskóla. 40% töldu að nemendur ættu að geta valið og 10% voru hvorki sammála né ósammála þessu atriði.

Birta á opinberlega útkomu einstakra skóla í samræmdum prófum. 60% voru á þeirri skoðun að birta ætti opinberlega árangur einstakra skóla í samræmdum prófum.

Bóklegt nám til stúdentsprófs á að taka þrjú ár og það eiga að vera samræmd stúdentspróf í nokkrum námsgreinum. Að mati 60% á bóklegt nám til stúdentsprófs að taka þrjú ár og 66% voru mjög eða frekar sammála því að hafa samræmd stúdentspróf í nokkrum námsgreinum.

Foreldrum grunnskólabarna finnst foreldraviðtölum vera fylgt vel eftir. 71% foreldra grunnskólabarna fannst foreldraviðtölum vera fylgt vel eftir.

Norrænn matshópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar bar ábyrgð á framkvæmd könnunarinnar, en einnig var starfandi undirhópur skipaður fulltrúum hvers lands. Menntamálaráðuneytið átti fulltrúa í báðum þessum hópum. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var falið að annast framkvæmd könnunarinnar hér á landi.

Nánari upplýsingar um könnunina og framkvæmd hennar má finna í skýrslunni, „Nordisk skolbarometer – Attityder till skolan år 2000“ eða *Mælistika á norræna skóla – viðhorf til skólans árið 2000.* Einnig má finna fréttatilkynningu um könnunina á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar, www.norden.org.

PISA – alþjóðleg rannsókn á árangri 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði.

PISA (Programme for International Student Assessment) er alþjóðleg rannsókn á vegum OECD á árangri 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Fyrsti hluti rannsóknarinnar fór fram árið 2000 og voru fyrstu niðurstöður hennar birtar haustið 2001. Aðaláhersla í þessum hluta var á frammistöðu í lestri. Byggt var á svörum 265.000 nemenda í 32 löndum, þar á meðal Íslandi. Með rannsókninni er metið hve vel nemendum, sem eru að ljúka skyldunámi, hefur tekist að tileinka sér þá þekkingu og ná þeirri hæfni sem þeir þurfa á að halda til þess að taka fullan þátt í nútímasamfélagi. Sams konar mat mun fara fram á þriggja ára fresti í framtíðinni og er PISA víðtækasta rannsókn sem gerð hefur verið á þekkingu og getu nemenda.

Allir íslenskir nemendur í 10. bekk árið 2000 tóku þátt í rannsókninni og sýna niðurstöður að árangur Íslendinga í lestri var marktækt ofan við meðaltal nemenda í OECD-löndunum. Hið sama gildir um árangur í stærðfræði, en í náttúrufræði var ekki marktækur munur á árangri íslenskra nemenda og meðaltali nemenda allra þátttökulandanna. Finnar stóðu sig best í lestri og Japanar og Kóreumenn náðu bestum árangri í stærðfræði og náttúrufræði. Meðal þjóðanna þriggja var og bilið á milli bestu og slökustu nemendanna minnst. Lítill sem enginn munur er á árangri íslenskra nemenda eftir skólum, en það endurspeglar einsleitni í íslenska skólakerfinu. Rannsóknin bendir til þess að hér á landi sé lökustu nemendunum vel sinnt í samanburði við það sem gerist annars staðar.

Fyrir utan að meta árangur nemenda fjallar PISA einnig um viðhorf þeirra, námsvenjur og vinnuaðferðir og hvernig þessir þættir hafa áhrif á námsárangur. Einnig tengir rannsóknin upplýsingar um aðstæður skóla, kennsluhætti og margt fleira, við árangur í lestri, stærðfræði og náttúrufræði.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru meðal annars eftirfarandi:

10% 15 ára nemenda í þróuðustu löndum heims, sýna hámarksgetu í lestri. Þessir nemendur skilja flókið ritað mál, geta túlkað upplýsingar og dregið af þeim réttar ályktanir, ásamt því að nýta sér margs konar sértæka þekkingu. Í Ástralíu, Kanada, Finnlandi, Nýja Sjálandi og Bretlandi er þetta hlutfall 15–19%. Á Íslandi er það 9%, sem er sambærilegt meðaltali OECD-landanna allra, en verulega lægra en hjá þjóðunum sem ná bestum árangri.

6% 15 ára nemenda í rannsókninni sýna minna en lágmarksgetu í lestri og í sumum löndum er hlutfallið helmingi hærra. Færni í lestri er skipt í fimm hæfnisþrep. Þeir sem mælast með getu undir fyrsta þrepi sýna minnstu getu sem mæld er í PISA-rannsókninni. Á fyrsta þrepi eru að jafnaði 12% nemenda. Til að ná því þrepi þarf grundvallarhæfni í lestri að vera til staðar og verða nemendur að geta ráðið við verkefni eins og að finna ákveðið atriði í texta eða skilja meginþema hans. Ungt fólk sem hefur ekki þessa hæfni stendur ekki vel að vígi til frekara náms og á því í erfiðleikum með að afla sér meiri menntunar og ná árangri á öðrum sviðum að loknu skyldunámi. Á Íslandi er hlutfall nemenda sem ekki nær fyrsta hæfnisþrepi marktækt lægra en OECD-meðaltalið, eða um 4%, sem bendir til þess að hér á landi sé lökustu nemendunum vel sinnt í samanburði við það sem gerist annars staðar.

Í stærðfræði voru íslenskir nemendur nokkuð fyrir ofan meðaltal OECD-landanna. Japanar og Kóreumenn standa sig best í stærðfræði og náttúrufræði. Mæld er hæfni til að nota þá stærðfræði- og náttúrufræðiþekkingu sem nemendur hafa aflað sér í skólanum og í veröld sem æ meira byggist á tæknilegum og vísindalegum framförum. Stærðfræði og náttúrufræði eru samanlagt einungis þriðjungur PISA-rannsóknarinnar og því segja niðurstöðurnar ekki mikið um almenna getu nemenda á þessum sviðum. Þær gefa þó vægar vísbendingar um framfarir í stærðfræði í íslensku skólakerfi frá því að síðasta alþjóðlega rannsókn á stærð-

fræðigetu var gerð. Árangur íslenskra nemenda í náttúrufræði er hins vegar lítils háttar undir meðaltali OECD-landanna, þótt munurinn sé ekki marktækur.

Góður almennur árangur hefur sterk tengsl við jafna dreifingu niðurstaðna. Meðaltöl árangurs í greinunum þremur sýna að í sumum löndum, sérstaklega í Finnlandi, Japan og Kóreu, er bilið á milli þeirra sem standa sig best og þeirra sem sýna slakastan árangur í lestri frekar lítið þannig að viðkomandi þjóðir standa sig að meðaltali vel. Í Þýskalandi, þar sem bilið á milli bestu og slökustu nemenda var einna mest, er meðalárangur undir OECD-meðaltalinu og stór hluti dreifingarinnar er mismunur milli skóla. Meðalárangur Íslendinga var marktækt yfir OECD-meðaltalinu og bilið á milli besta og lakasta árangurs var frekar lítið. Andstætt því sem var í Þýskalandi reyndist dreifing niðurstaðna í íslenska úrtakinu öll vera vegna mismunar milli nemenda og að ákaflega litlu leyti vegna mismunar milli skóla. Lítill sem enginn munur er því á árangri íslenskra nemenda eftir skólum, en það endurspeglar einsleitni íslenska skólakerfisins og styður þá hugmynd að á Íslandi sé ekki um að ræða marktæka mismunun í námi eftir skólum, hverfum, landshlutum og efnahag skóla, eins og sjá má í flestum öðrum löndum.

Í mörgum löndum eru strákar á eftir í lestri. Stelpur stóðu sig betur í lestri en strákar í öllum þátttökulöndunum. Þó sýnir marktækur munur á milli landa að skólakerfi þeirra bjóða nemendum umhverfi og aðstæður sem henta báðum kynjum í misjöfnum mæli. Í öllum þátttökulöndunum eru strákar líklegri til þess að vera á fyrsta þrepi eða neðar í lestri. Á Íslandi eru strákar helmingi líklegri en stelpur til þess að vera á fyrsta þrepi eða neðar í lestrargetu, sem bendir til þess að sinna þurfi þeim mun betur en nú er gert.

Í helmingi þátttökulandanna standa strákar sig betur en stelpur í stærðfræði. Stóran hluta þessa munar má rekja til þess að hlutfall stráka á meðal þeirra bestu er hærra en stelpna, en kynjahlutfallið er jafnt á meðal þeirra sem standa sig illa. Á Íslandi reyndist ekki vera marktækur munur á kynjunum, hvorki í stærðfræði né í náttúrufræði. Hafa ber í huga að PISA-verkefnin í stærðfræði og náttúrufræði eru ákaflega háð lestrargetu og má búast við því að væru þau tengsl minni mundi árangur strákanna verða betri en skólasystra þeirra, sérstaklega í stærðfræði. Því er ljóst að reyni stærðfræðiverkefni verulega á lestrargetu standa stelpur sig eins vel og strákar.

Nemendur sem hafa betri félagslega stöðu standa sig nokkuð betur en þeir sem hafa laka stöðu, en þessi munur er minni í sumum löndum en öðrum. Kanada, Finnland, Ísland, Japan, Kórea og Svíþjóð eru lönd sem eru yfir meðaltali OECD-landanna í lestrargetu og í þessum löndum virðast áhrif félagslegra aðstæðna á árangur nemenda vera hvað minnst. Í Tékklandi, Þýskalandi, Ungverjalandi og Lúxemborg er þessu öfugt farið, þ.e. félagsleg staða hefur mikil áhrif á árangur. Því má draga þá ályktun að á Íslandi hafi nemendur jafnan aðgang að námi, óháð efnhags- og félgaslegri stöðu, samanborið við mörg önnur lönd.

Almennt má segja að árangur íslenskra nemenda í þessari rannsókn hafi verið vel viðunandi þar sem niðurstöðurnar gefa til kynna að íslenskir nemendur standi sig að jafnaði eins vel eða betur en nemendur þeirra þjóða sem Íslendingar vilja gjarnan bera sig saman við. Ljóst er þó af samanburði við þær þjóðir sem standa sig best að enn má gera verulega betur í öllum greinunum sem rannsakaðar voru. Fjölga þarf þeim nemendum sem ná hæsta þrepi í lestri þar sem fyrsta skoðun niðurstaðnanna bendir til þess að í íslenskum skólum sé allstór hópur nemenda sem hefur ekki nægilega verðug verkefni eða sem fullnýtir ekki getu sína í grunnskólanum. Niðurstaðan í stærðfræði er væg vísbending í þá átt að skólakerfið hafi bætt árangur sinn í þeirri grein frá fyrri alþjóðlegu rannsóknum, en betra svar við þeirri spurningu fæst fyrst árið 2004, þegar niðurstöður liggja fyrir úr PISA 2003, þar sem áherslan er á stærðfræði. Árangurinn í náttúrufræði var ekki nægilega góður, en með breyttum áherslum í nátt-

úrufræði í skólum landsins, ásamt nýrri aðalnámskrá og námsefni, er unnið að úrbótum á þessu sviði.

Frekari upplýsingar má fá úr skýrslu um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar, sem hægt er að nálgast hjá Námsmatsstofnun og á vef stofnunarinnar, www.namsmat.is/pisa. Jafnframt má nálgast upplýsingar um rannsóknina hjá OECD á www.pisa.oecd.org/.

PIRLS – alþjóðleg rannsókn á læsi barna.

Fyrsta alþjóðlega læsisrannsóknin á vegum IEA (International Association for the Evaluation of Educational Achievement) var gerð árið 1991.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála (nú Námsmatsstofnun) tók þátt í þeirri rannsókn fyrir hönd Íslands með stuðningi menntamálaráðuneytisins. Niðurstöður þeirrar rannsóknar höfðu margvísleg jákvæð áhrif á áherslur í lestrarkennslu í íslenskum skólum.

Vegna mikilvægis lestrarfærni fyrir framtíð barna ákvað IEA að gera aðra fjölþjóðlega rannsókn á læsi 9 ára barna (PIRLS – Progress in International Reading Literacy Study) og taka um 35 þjóðir þátt í rannsókninni. Námsmatsstofnun tekur þátt í rannsókninni fyrir hönd Íslands með fjárstuðningi menntamálaráðuneytis. Alþjóðleg yfirstjórn rannsóknarinnar er á hendi Boston College í Bandaríkjunum.

Með þátttöku í PIRLS gefst tækifæri til að skoða breytingar á lestrarfærni íslenskra barna í fjölþjóðlegu samhengi á tíu ára tímabili. Jafnframt gefst tækifæri til að leggja grunn að frekari samanburði milli landa og á tilteknu tímabili á lestrarfærni í framtíðinni.

Í PIRLS er sjónum beint að samanburðarhæfum upplýsingum um læsi níu ára barna. Rannsóknin beinist sérstaklega að þeim þáttum, heima og í skóla, sem hafa áhrif á lestrarnám og lestrarfærni níu ára barna. Með því að beina athyglinni að stöðu barna eftir nokkurra ára lestrarnám er hægt að bregðast við á annan hátt en þegar læsið er kannað við lok grunnskólanáms þeirra.

Þess er vænst að niðurstöður rannsóknarinnar muni styrkja fagumhverfi lestrarkennslu í grunnskólum hér á landi og í kennaranámi.

Rannsóknin hófst formlega árið 1999 og mun ljúka fyrri hluta ársins 2003 með útgáfu á gagnagrunni rannsóknarinnar. Frekari upplýsingar um rannsóknina má nálgast hjá Námsmatsstofnun eða á vef stofnunarinnar, www.namsmat.is/pirls.

V. Starfsfólk við kennslu.

Lögverndunarlög.

Ný lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra voru samþykkt á Alþingi árið 1998. Breytingar frá fyrri löggjöf eru m.a. þær að þeir sem aflað hafa sér verulegrar fagmenntunar umfram það sem lögin gera ráð fyrir þurfa að taka 15 einingar í uppeldis- og kennslufræði í stað 30 áður til að öðlast kennsluréttindi. Sama gildir um iðnmeistara og tæknifræðinga að uppfylltum vissum skilyrðum. Sérstök matsnefnd skipuð af menntamálaráðherra metur umsóknir um leyfisbréf þegar ekki liggur ljóst fyrir að viðkomandi uppfylli öll skilyrði laganna.

Kennarar og leiðbeinendur.

Starfsfólki við kennslu hefur fjölgað nokkuð frá hausti 1998 til haustsins 2000 eða um 184. Hlutfall réttindakennara á landinu öllu var 82% árið 1998, 84% árið 1999 og 81% árið 2000. Hlutfall leiðbeinenda hefur því hækkað frá árinu 1998. Árið 1998 var hlutfall leiðbeinenda hæst á Vestfjörðum, eða 51%, en á Norðurlandi vestra næstu tvö árin, eða 41%, sjá töflu 5.1. Frá ársbyrjun 1998 til júní 2001 voru alls gefin út 668 leyfisbréf af menntamálaráðuneyt-

inu fyrir grunnskólakennara, þar af voru 220 leyfi veitt árið 1998, en 231 árið 1999, 158 leyfi voru svo veitt árið 2000 en frá janúar til júní 2001 voru gefin út 59 leyfisbréf.

Tafla 5.1 Starfsfólk við kennslu í grunnskólum, eftir kennsluréttindum og landshlutum, að hausti 1998, 1999 og 2000.

	1998–1999					1999–2000					2000–2001*				
		Með		Án			Með		Án			Með		Án	
	Alls við	Fjöld	%	Fjöld	%	Alls við	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls við	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Landið allt	**4.045**	**3.336**	**82**	**709**	**18**	**4.196**	**3.502**	**84**	**694**	**17**	**4.229**	**3.419**	**81**	**810**	**19**
Höfuðborgarsvæði	2.116	1.983	94	133	6	2.203	2.059	94	144	7	2.212	1.983	90	229	10
– Reykjavík	1.338	1.251	93	87	7	1.375	1.283	93	92	7	1.341	1.174	88	167	12
– Utan Reykjavíkur	778	732	94	46	6	828	776	94	52	6	871	809	93	62	7
Suðurnes	197	153	78	44	22	215	162	75	53	25	213	154	72	59	28
Vesturland	277	207	75	70	25	274	215	79	59	22	275	207	75	68	25
Vestfirðir	172	84	49	88	51	174	106	61	68	39	173	105	61	68	39
Norðurland vestra	187	115	61	72	39	193	114	59	79	41	192	114	59	78	41
Norðurland eystra	466	325	70	141	30	487	351	72	136	28	485	342	71	143	29
Austurland	245	161	66	84	34	248	162	65	86	35	263	170	65	93	35
Suðurland	385	308	80	77	20	402	333	83	69	17	416	344	83	72	17

Meðtaldir: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, kennarar og leiðbeinendur.
* Lögheimili starfsfólks við kennslu 1. desember 2000 er notað við ákvörðun búsetu.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 5.2 má sjá skiptingu starfsfólks við kennslu eftir starfssviði. Þar kemur m.a. fram að leiðbeinendum hefur fjölgað talsvert, eða um 97, og m.a. eru nokkrir skólastjórar og aðstoðarskólastjórar án kennsluréttinda. Hlutfall kvenna meðal kennara er um 78%, en meðal skólastjóra 35–39%. Meðal aðstoðarskólastjóra eru konur 55–59%. Stöðugildum við kennslu í grunnskólum hefur fjölgað um 266 frá 1998 til 2000. Þar munar mest um fjölgun stöðugilda kennara um 245.

Tafla 5.2 Starfsfólk við kennslu í grunnskólum, eftir starfssviði.

	Starfsfólk			Hlutfall kynja		Samanlagt stöðuhlutfall		
	Alls	Með réttindi	Án réttinda	Karlar	Konur	Alls	Með réttindi	Án réttinda
Október 1998								
Alls	*4.045*	*3.336*	*709*	*26*	*74*	*3.518*	*2.989*	*530*
Skólastjórar	193	191	2	65	35	192	191	2
Aðstoðarskólastjórar	126	126	–	43	57	126	126	–
Kennarar [1)]	3.726	3.019	707	23	77	3.201	2.673	528
Október 1999								
Alls	*4.196*	*3.502*	*694*	*25*	*75*	*3.702*	*3.180*	*524*
Skólastjórar	190	187	3	65	35	189	187	3
Aðstoðarskólastjórar	142	138	4	45	55	140	137	4
Kennarar [1)]	3.864	3.177	687	22	78	3.373	2.856	517
Október 2000								
Alls	*4.229*	*3.419*	*810*	*24*	*76*	*3.784*	*3.142*	*642*
Skólastjórar	190	186	4	61	39	189	186	3
Aðstoðarskólastjórar	150	148	2	41	59	149	147	2
Kennarar [1)]	3.889	3.085	804	22	78	3.446	2.809	637

[1)] Grunnskólakennarar, sérkennarar og leiðbeinendur.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Mikill meiri hluti starfsfólks við kennslu er í fullu starfi, eða 61–65%. Nokkuð algengt er að réttindakennarar séu í 50–74% starfi, eða um 12–17% þess hóps, sjá töflu 5.3.

Tafla 5.3 Starfsfólk við kennslu í grunnskólum, eftir stöðuhlutfalli.

		Við kennslu, alls		Með kennsluréttindi		Án kennsluréttinda	
	Stöðuhlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Október 1998							
Landið allt	*Alls*	*4.045*	*100*	*3.336*	*82*	*709*	*18*
	<0,50	215	5	80	2	135	3
	0,50–0,74	852	21	701	17	151	4
	0,75–0,99	142	4	78	2	64	2
	1,00	2.836	70	2.477	61	359	9
Október 1999							
Landið allt	*Alls*	*4.196*	*100*	*3.502*	*83*	*694*	*17*
	<0,50	225	5	100	2	125	3
	0,50–0,74	747	18	588	14	159	4
	0,75–0,99	145	3	100	2	45	1
	1,00	3079	73	2714	65	365	9
Október 2000							
Landið allt	*Alls*	*4.229*	*100*	*3.419*	*81*	*810*	*19*
	<0,50	199	5	91	2	108	3
	0,50–0,74	689	16	500	12	189	4
	0,75–0,99	121	3	71	2	50	1
	1,00	3.220	76	2.757	65	463	11

Meðtaldir: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og kennarar.
Lögheimili starfsfólks við kennslu 1. desember 2000 er notað við ákvörðun búsetu.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar aldursdreifing starfsfólks við kennslu er skoðuð kemur í ljós að flestir eru á aldrinum 35–49 ára. Konur eru fjölmennari við kennslu á aldrinum 25–44 ára, en karlar eru fjölmennari það sem eftir lifir starfsævinnar, þótt ekki muni þar miklu. Töluverð fækkun kemur fram milli aldurshópanna 50–54 ára og 55–59 ára, þar fækkar konum mun meira en körlum. Aðeins um 7% starfsfólks við kennslu er 60 ára og eldra.

Mynd 5.1. Hlutfallsleg skipting starfsfólks við kennslu, eftir aldri og kyni haustið 2000



Heimild: Hagstofa Íslands.

Brautskráðir kennarar.

Á mynd 5.2 má sjá fjölda brautskráðra kennara frá 1995–2001 frá Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Taldir eru með allir þeir sem útskrifast úr kennaranámi, bæði úr B.Ed.-námi og uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda. Þótt þessi skýrsla nái yfir þrjú skólaár er valið að birta hér til fróðleiks upplýsingar um útskrifaða kennara á lengra tímabili. Nokkur fjölgun kemur fram hjá Kennaraháskóla Íslands árið 1995–1996 en þá voru í fyrsta sinn útskrifaðir nemendur í fjarnámi frá skólanum. Skólaárið 1998–1999 útskrifuðust 39 úr fjarnámi frá KHÍ, 1999–2000 útskrifuðust 35 úr fjarnámi og 39 skólaárið 2000–2001.

Mynd 5.2 Brautskráðir kennarar 1995–2001.



	Kennaraháskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Háskóli Íslands	Samtals
1994-95	170	0	73	243
1995-96	236	66	52	354
1996-97	181	23	58	262
1997-98	168	10	39	217
1998-99	202	44	40	286
1999-00	157	27	50	234
2000-01	179	46	28	253

Heimild: Hagstofa Íslands og upplýsingar frá einstökum skólum fyrir 1995-1998

Mat á þörf fyrir grunnskólakennara fram til ársins 2010.

Nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að meta þörf fyrir grunnskólakennara fram til ársins 2010 skilaði skýrslu sinni í febrúar 1999. Í fyrsta hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir þróun á síðustu árum, í öðrum hluta er útskýrt hver staðan er og hvaða þróun er líkleg fram til ársins 2010. Í þriðja hluta skýrslunnar setur nefndin fram hugmyndir um aðgerðir. Menntamálaráðherra fékk rektora Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri til að ræða niðurstöður nefndarinnar og fram kom vilji til samstarfs um aðgerðir í þessu efni. Beinist athyglin einkum að því að fjölga nemendum í fjarnámi. Þess má geta að árið 2000 voru tæplega 700 nemendur skráðir í fjarnám í Kennaraháskóla Íslands.

Endurmenntunarsjóður grunnskólakennara.

Menntamálaráðherra setti á stofn Endurmenntunarsjóð grunnskólakennara með 18 millj. kr. framlagi af því fé sem veitt var í fjárlögum 1999 til að fylgja eftir nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Með stofnun sjóðsins um það bil tvöfaldaðist fé til endurmenntunar grunnskólakennara því að Kennaraháskóli Íslands hafði áður fengið fjárveitingu til almennrar endurmenntunar á árinu 1999. Sérstakar reglur voru settar um Endurmenntunarsjóð grunnskóla og

stjórn hans, en í henni sitja fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambandi Íslands.

Umtalsverður fjöldi endurmenntunarnámskeiða á þessum tíma hefur verið á sviði tölvu- og upplýsingatækni en einnig hafa mörg námskeið verið haldin í námsgreinum sem mikil áhersla er lögð á í nýrri námskrá, svo sem í erlendum tungumálum, náttúrufræði og lífsleikni. Fjölbreytni í námskeiðum hefur verið mikil.

Tafla 5.4 Fjöldi verkefna og styrkveitingar 1999–2001.

	1999	2000	2001
Fjöldi styrktra verkefna	60	69	143
Heildarstyrkveiting í millj. kr.	18,0	22,0	26,6

VI. Útgjöld til grunnskóla.

Með vísan til 12. gr. í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans, dags. 4. maí 1996, skipaði menntamálaráðherra hinn 29. desember 1999 nefnd til að fylgjast með endurmati á kostnaði við flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Var nefndinni ætlað að finna og semja við hlutlausan aðila um að endurmeta kostnaðar- og tekjuþörf við framkvæmd grunnskólalaganna, fylgjast með verkinu, veita matsaðila upplýsingar og stuðla að því að hann fengi greiðar upplýsingar frá öðrum. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Var nefndin einhuga um að semja við KPMG Endurskoðun hf. um að annast endurmatið sem fólst í því að yfirfara og sannreyna ýmsar tölulegar upplýsingar og útreikninga, sem gerðir voru á vegum nefndarinnar, til þess að varpa ljósi á þróun tekna og gjalda sveitarfélaga vegna grunnskólans frá árinu 1996. Nefndin skilaði skýrslu árið 2000 og eru helstu niðurstöður nefndarinnar þessar:

Á tímabilinu 1996–1999 er lítill munur á tekjum og útgjöldum sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla. Aukning hefur orðið bæði í tekjum og gjöldum, en gjöldin hafa þó vaxið hraðar. Tekjur sveitarfélaga voru umfram gjöld fyrri tvö árin, þ.e. á árinu 1996 um 273 millj. kr. og á árinu 1997 um 238 millj. kr. Breyting verður á síðari tvö árin. Á árinu 1998 voru rekstrargjöld umfram tekjur 171 millj. kr. en 625 millj. kr. á árinu 1999. Á tímabilinu 1996 til 1999 fór kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla samtals tæpar 300 millj. kr. fram úr tekjum.

Mismunur á útgjöldum og tekjum sveitarfélaga vegna grunnskólans getur átt sér ýmsar orsakir. Launakostnaður er mjög stór hluti af rekstrarkostnaði grunnskólans og hafa launabreytingar því mikil áhrif á þróun kostnaðar. Í skýrslunni er sérstaklega nefnt að sveitarfélögin gerðu sameiginlega kjarasamninga við kennara 1997 auk þess sem þau gerðu hvert fyrir sig viðbótarkjarasamninga við kennara á árunum 1998 og 1999 um frekari launahækkanir.

Á tímabilinu 1996 til 1999 jukust tekjur sveitarfélaga af útsvari talsvert þar sem útsvarsstofn hefur hækkað umfram almenna verðlagsþróun.

Í skýrslu KPMG Endurskoðunar hf. er vikið að tveimur atriðum sem haldið hefur verið fram að gætu haft áhrif á kostnað sveitarfélaganna af rekstri grunnskólans. Kemur fram í skýrslunni að kostnaðaráhrif nýrrar aðalnámskrár grunnskóla séu tæpast komin fram svo að neinu nemi í rekstrarkostnaði ársins 1999. Aðalnámskrá grunnskóla hafi verið gefin út á árinu 1999 og því hafi ekki verið lagt mat á kostnaðaráhrif aðalnámskrárinnar í skýrslunni. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að sé um viðbótarkostnað að ræða fyrir sveitarfélög vegna úrskurða menntamálaráðuneytisins um fjölda kennsludaga og kennslustunda ætti sá viðbótarkostnaður nú þegar að hafa komið fram í reikningum sveitarfélaga og gæti að einhverju leyti skýrt mismun tekna og gjalda.

Ekki verður annað séð en að aukning á kostnaði sveitarfélaganna vegna grunnskólans verði rakin til ákvarðana sveitarfélaganna eftir að þau tóku ábyrgð á grunnskólanum án þess að ríkið eigi þar hlut að máli.

Skýrsla nefndarinnar er aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is.

Framlög til grunnskóla 1995–2000.

Þótt skýrsla þessi miðist við tímabilið 1998–2001 er talið rétt að birta upplýsingar um framlög til grunnskóla yfir lengra tímabil.

Þegar fjallað er um útgjöld til grunnskóla fyrir tímabilið 1995–2000 ber að hafa í huga að 1. ágúst 1996 komu grunnskólalögin að fullu til framkvæmda þannig að frá þeim tíma hafa sveitarfélögin fjármagnað starfsemi grunnskólanna. Ríkið ber áfram kostnað vegna námsgagna, samræmdra prófa, kennaramenntunar og nokkurra annarra þátta.

Eins og sjá má í töflu 5.1 hafa framlög hins opinbera til grunnskóla hækkað mikið frá árinu 1995 og eru nú 3,26% af vergri landsframleiðslu. Hækkunin nemur 0,83% á tímabilinu. Kostnaður á hvern nemenda var árið 2000 um 500 þúsund krónur og hafði hækkað um 240 þúsund krónur frá 1995. Framlag ríkissjóðs hefur af eðlilegum ástæðum lækkað og var árið 2000 0,11% af vergri landsframleiðslu, en framlag sveitarfélaga var árið 2000 3,15% af vergri landsframleiðslu, miðað við 1,17% árið 1995. Í töflu 5.1 eru útgjöld heimila vegna grunnskóla talin nema um 0,11% af vergri landsframleiðslu árið 2000. Rétt er að vekja athygli á því að tölur um útgjöld heimila eru gróf áætlun. Þær upplýsingar sem taflan er byggð á eru fengnar frá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands, en rétt er að taka fram að aðrar tölur um framlög til grunnskóla hafa birst opinberlega. Hér er valin sú leið að telja framlag ríkissjóðs til sveitarfélaga sem samið var um vegna flutnings grunnskólans sem útgjöld ríkissjóðs en ekki sem útgjöld sveitarfélaga eins og stundum er gert.

Tafla 6.1 Útgjöld til grunnskóla 1995–2000.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Útgjöld hins opinbera í millj. kr.	10.979	13.159	14.977	17.631	19.604	21.760
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	2,43	2,72	2,89	3,07	3,19	3,26
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	260	313	354	416	456	499
Útgjöld ríkissjóðs í millj. kr.*	5.691	6.904	2.039	746	800	718
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,26	1,42	0,39	0,13	0,13	0,11
Kostnaður ríkissjóðs á nemanda í þús. kr.	135	164	48	18	19	16
Útgjöld sveitarfélaga í millj. kr.	5.288	6.255	12.938	16.885	18.804	21.042
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,17	1,29	2,50	2,94	3,06	3,15
Kostnaður sveitarfélaga á nemanda í þús. kr.	125	149	306	398	437	482
Útgjöld heimila í millj. kr.**	495	584	530	576	627	718
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,11	0,12	0,10	0,10	0,10	0,11
Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr.	12	14	13	14	15	16
Verg landsframleiðsla	451.805	484.655	517.627	573.419	614.596	667.515

*1996: Tilfærsla frá ríki til sveitarfélaga vegna grunnskóla var 2.772 millj. kr. og er sú upphæð færð sem útgjöld ríkissjóðs.
1997: Tilfærsla frá ríki til sveitarfélaga vegna grunnskóla var 1.261 millj. kr. og er sú upphæð færð sem útgjöld ríkissjóðs.
** Hér er um grófa nálgun að ræða.
Heimildir: Búskapur hins opinbera 1995–1996, Þjóðhagsstofnun, nóvember 1997 og Hagstofa Íslands 2002.

VII. Málþing og ráðstefnur.

Málþing um skólareglur og aga 1999.

Samráðsnefnd menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka kennara og skólastjóra settu á fót starfshóp til að fjalla um skólareglur og aga í grunnskólum í árslok 1998. Nánar tiltekið var hópnum falið að huga að endurskoðun á gildandi reglugerð, nr. 385/1996, um skólareglur og aga í grunnskólum, og að taka saman leiðbeinandi vinnureglur um meðferð agabrota í grunnskólum, m.a. með tilliti til stjórnsýslulaga. Loks skyldi hugað að undirbúningi málþings um agamál í skólum.

Í desember 1999 var haldið lokað málþing um skólareglur og aga í grunnskólum sem var undirbúið af starfshópnum um skólareglur og aga í grunnskólum. Þingið sóttu um 100 fulltrúar. Markmiðið með málþinginu var að gera grein fyrir skýrslu starfshópsins og fjalla um einstakar tillögur hans, m.a. drög að nýrri reglugerð sem hópurinn vann. Á þinginu var gerð grein fyrir starfi hópsins, flutt ávörp og stutt erindi. Að því loknu var þingfulltrúum skipt í hópa til að ræða einstakar tillögur starfshópsins.

Skýrsla hópsins og efni frá málþinginu er aðgengilegt á heimasíðu ráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is. Í kjölfarið var gefin út ný reglugerð um skólareglur í grunnskóla, nr. 270/2000.

Málþing um lestrarörðugleika og lesskimun 2000.

Í júní 2000 stóð menntamálaráðuneytið fyrir opnu málþingi um lestrarerfiðleika og lesskimun, en sérstök framkvæmdanefnd um lesskimun í grunn- og framhaldsskólum hafði lagt til að menntamálaráðuneytið héldi slíkt málþing. Markmiðið með málþinginu var að fá fram ólík sjónarmið og safna upplýsingum um stöðu lesskimunar hér á landi þannig að hægt væri með markvissum hætti að fylgja eftir markaðri stefnu ráðuneytisins sem staðfest er í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.

Á málþinginu fluttu íslenskir sérfræðingar erindi um ýmsa þætti lesskimunar og lestrarörðugleika, t.d. skilgreiningar á lestrarörðugleikum, aðferðir við að meta sértæka lestrarörðugleika og úrræði fyrir nemendur. Jafnframt var greint frá ýmsum mats- og mælitækjum þar að lútandi. Málþingið var öllum opið og var þátttakendum að kostnaðarlausu en alls sóttu á fjórða hundrað þátttakendur þingið.

Frekari upplýsingar um efni þingsins eru aðgengilegar á heimasíðu ráðuneytisins.

Árlegt málþing í Kennaraháskóla Íslands um rannsóknir – nýbreytni – þróun.

Á undanförnum árum hefur málþing um nýbreytni og þróunarvinnu í skóla- og uppeldismálum verið haldið á vegum Rannsóknastofnunar Kennaraháskóla Íslands með fjárhagslegum stuðningi frá ýmsum aðilum og þátttöku við undirbúning, m.a. frá menntamálaráðuneytinu. Helsta markmið þessara málþinga er að skapa vettvang til kynningar á verkefnum á sviði þróunar- og nýbreytnistarfs og efla rannsóknar- og þróunarviðleitni kennara og annarra uppeldisstétta. Sjá nánar á heimasíðu Kennaraháskóla Íslands, www.khi.is.

Á þessum málþingum hefur komið greinilega í ljós sú mikla gróska sem er í þróunarstarfi í skólum hér á landi, ekki síst á leik- og grunnskólastigi. Fyrsta málþingið var haldið 1997 og hefur það orðið að föstum árlegum viðburði.

UT-ráðstefnur 1999, 2000 og 2001.

Menntamálaráðuneytið hefur árlega frá 1999 staðið að sérstökum ráðstefnum um tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi á öllum skólastigum. Á ráðstefnunum hefur ráðuneytið kynnt stefnu sína á þessu sviði og kynnt hafa verið þróunarverkefni á sviði tölvu- og upplýs-

ingatækni í skólum. Jafnframt hefur verið fjallað um tæki og búnað og sýningar hafa verið á nýjasta tækja- og hugbúnaði. Dagskrá ráðstefnanna hefur verið mjög fjölbreytt. Þær hafa þótt mjög gagnlegar og hafa allar verið mjög fjölsóttar. Á UT-ráðstefnunni 2001 var m.a. kynnt verkefnaáætlun í rafrænni menntun og í tengslum við hana opnaður vefurinn menntagatt.is. Á vefnum verður í boði þjónusta við efnismiðlun, samskipti og nýsköpun.

VIII. Reglur og reglugerðir.

Reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar.

Menntamálaráðuneytið hefur haft forgöngu um samningu reglna um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar. Hefur það verið unnið í samvinnu og samráði við fjölmarga aðila sem þessi mál varða. Reglur þessar voru fyrst gefnar út 1994 en voru endurskoðaðar 1999 og sendar sveitarstjórnum og sundstöðum.

Ráðuneytið gaf út sérstakt kynningarrit um öryggismál sundstaða sem sent var á heimili landsmanna 1999. Einnig var unnið að samningu reglna um öryggi í íþróttamannvirkjum öðrum en sundstöðum.

Reglugerð um skólareglur í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytið gaf út nýja reglugerð um skólareglur í grunnskólum árið 2000. Vinna við endurskoðunina fór aðallega fram í vinnuhópi með fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólastjórafélagi Íslands, landsamtökunum Heimili og skóla og umboðsmanni barna.

Í reglugerðinni er kveðið á um að hver skóli skuli setja sér skólareglur og skýrt kemur fram hvernig skólar eiga að standa að gerð skólareglna í einstökum skólum, hvaða atriði eiga að koma fram í skólareglum og hvernig standa eigi að kynningu á þeim. Í reglugerðinni um skólareglur er einnig kveðið á um hvaða málsmeðferð skuli viðhöfð og hvaða úrræða skólar megi grípa til vegna hegðunar nemenda, auk þess sem tilgreint er hvenær gæta þurfi ákvæða stjórnsýslulaga við beitingu viðurlaga. Í skólareglum á að koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á skólareglum. Viðurlög skulu til þess fallin að hvetja nemanda til bættrar hegðunar. Í reglugerðinni er tilgreint hvernig skólar skuli hafa samstarf við foreldra vegna hegðunar nemenda og einnig hvernig skólar skuli vinna að þessum málum í samvinnu við sérfræðiþjónustu skóla og viðkomandi skólanefndir.

Inntökuskilyrði í framhaldsskóla.

Menntamálaráðuneytið setti árið 2000 nýja reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla. Reglugerðin er sett samkvæmt lögum um framhaldsskóla og gildir um innritun í framhaldsskóla fyrir skólaárið 2001–2002. Í reglugerðinni er kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist vegna inntöku nemenda á tilteknar námsbrautir framhaldsskóla. Inntökuskilyrði skulu stuðla að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir framhaldsskóla miðast við námsárangur á samræmdum lokaprófum í grunnskóla og skólaeinkunnir við lok grunnskóla.

IX. Annað.

Þróunarsjóður grunnskóla.

Á árunum 1998–2001 styrkti ráðuneytið samtals 101 þróunarverkefni úr Þróunarsjóði grunnskóla, að upphæð um 42,4 mill. kr. Sérstök forgangssvið í þróunarsjóði á þessu tímabili voru: mat á skólastarfi/sjálfsmat, náttúrufræði/stærðfræði, samstarf heimila og skóla, ís-

lenska, lífsleikni, upplýsingatækni, kennsla erlendra tungumála og sveigjanlegir kennsluhættir á unglingastigi.

Tafla 9.1 Styrkt verkefni og styrkveitingar 1998–2001.

	1998	1999	2000	2001
Fjöldi styrktra verkefna	25	20	24	32
Heildarstyrkveiting í millj. kr.	11,0	10,0	10,4	11,0

Menntamálaráðuneytið hefur árlega gefið út yfirlitsrit með lýsingum á einstökum þróunarverkefnum. Ritin eru aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is. Ekki var gefið út sérstakt rit um verkefni skólaársins 2000–2001 heldur er samantekt birt á heimasíðu ráðuneytisins og í sumum tilvikum heildarskýrslur um verkefnin.

Upplýsingatækni.

Á árunum 1998–2001 var mikil gróska í þróun og notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Mikill áhugi hefur verið á þessu sviði, eins og m.a. má sjá á aðsókn að árlegum UT-þingum. Árið 1999 var undirritaður samningur við Skýrr hf. um sölu Íslenska menntanetsins og var söluandvirðinu varið til stefnumótunar og uppbyggingar á nýrri þjónustu fyrir menntakerfið á rafrænu formi á netinu. Árin 1999 og 2000 voru t.d. veittar samtals 79 millj. kr. til Námsgagnastofnunar til útgáfu kennsluhugbúnaðar í tengslum við sérstaka verkáætlun stofnunarinnar. Árið 2000 fékk Námsgagnastofnun, Skólavefurinn og fleiri aðilar einnig fjármagn til að vinna að gerð rafræns námsefnis.

Styrkir hafa verið veittir til uppbyggingar framhaldsnáms í upplýsingatækni í Kennaraháskóla Íslands og endurmenntunarstofnun skólans fékk styrk til námskeiðahalds í upplýsingatækni fyrir grunnskólakennara á árinu 1999.

Þróunarskólar í upplýsingatækni.

Í upphafi árs 1999 var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytisins og sex skóla, þriggja grunnskóla og þriggja framhaldsskóla, sem sótt höfðu um að verða þátttakendur í fjögurra ára tilraunaverkefni á vegum menntamálaráðuneytis með stuðningi sveitarfélaga og Landssímans, um þróun í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Í verkefninu, sem lauk 2002, tóku þátt þrír grunnskólar, Árbæjarskóli, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri og Varmalandsskóli í Borgarfirði, og þrír framhaldsskólar, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi og Menntaskólinn á Akureyri.

Hlutverk þróunarskólanna var að vinna að þróun upplýsingatækni í kennslu, námi og skólastarfi. Áhersla er lögð á breytt hlutverk kennarans með aukinni notkun upplýsingatækni í kennslu og miðlun reynslu af verkefnum sem tekist er á við.

Úttekt liggur fyrir á þessu verkefni. Upplýsingar um þróunarskólaverkefnið eru á vefnum www.utskolar.is.

Lesskimunarverkefni í grunnskólum.

Í skólastefnu menntamálaráðherra sem lögð var til grundvallar við gerð nýrra aðalnámskráa, sem gefnar voru út 1999 var áhersla lögð á að staða hvers nemanda skyldi greind frá upphafi grunnskóla til að unnt væri að koma betur til móts við þarfir hvers og eins. Var þá sett fram það markmið að foreldrum allra sex ára barna yrði boðið að börnin tækju lesskim-

unarpróf. Með því skyldu líkur á námsörðugleikum nemenda metnar þegar við upphaf skólagöngu og brugðist við áður en í óefni væri komið.

Árið 2000 styrkti menntamálaráðherra gerð og útgáfu lesskimunarprófa sem Námsgagnastofnun gefur út. Um er að ræða þrjú lesskimunarpróf fyrir 1. bekk og tvö fyrir 2. bekk sem hægt er að nota til að meta stöðu nemenda og í kjölfarið laga kennslu að þörfum þeirra eða vísa þeim til frekari greiningar ef þurfa þykir. Einnig fylgir ítarlegt hugmyndahefti fyrir kennara sem þeir geta stuðst við þegar niðurstöður prófanna liggja fyrir. Haldnir voru um 30 fræðslufundir fyrir kennara í fyrstu bekkjum grunnskóla um notkun prófanna.

Menntamálaráðuneytið hefur einnig beitt sér fyrir ýmsum öðrum aðgerðum á sviði lesskimunar í grunnskólum, t.d. með sérstökum styrkjum til einstakra skimunarverkefna og þróunarverkefna í skólum.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.

Allt frá árinu 1996 hefur verið efnt til margháttaðra viðburða á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, ár hvert. Skólar, bókasöfn, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök o.fl. hafa farið margar og ólíkar leiðir til að sinna íslensku sérstaklega á degi íslenskrar tungu. Má þar nefna handritasýningar, upplestrarkeppni, ljóðalestur, smásagnagerð, lestur úr nýjum og gömlum barnabókum, tónlistarflutning þar sem sungið er aðeins á íslensku o.s.frv. Langflestir grunnskólar hafa á einn eða annan hátt tekið þátt í degi íslenskar tungu.

Menntamálaráðuneytið hefur hvatt skóla, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga til að nota 16. nóvember eða dagana þar í kring til að setja íslenskuna meira í öndvegi en endranær. Sérstakur verkefnisstjóri hefur árlega verið ráðinn í menntamálaráðuneytið til að vinna að málum sem tengjast degi íslenskrar tungu, m.a. til að hvetja grunnskóla til þátttöku.

Kjördagur í skólum – konur og lýðræði.

Í tengslum við alþjóðlegu ráðstefnuna *Konur og lýðræði við árþúsundamót* sem haldin var 1999 hvatti menntamálaráðuneytið til umfjöllunar um lýðræði, kosningar og virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi í skólum landsins. Átak þetta var gert í samvinnu við framkvæmdanefnd ráðstefnunnar um konur og lýðræði.

Málefninu til frekari áréttingar lét ráðuneytið gera veggspjald tileinkað ráðstefnunni og hugtakinu *kjördagur*. Ætlunin var að tengja umræðu í skólum við málefni ráðstefnunnar og þá framtíðarsýn sem henni var ætlað að bregða upp og styrkja.

Veggspjaldið var sent öllum grunn- og framhaldsskólum og ýmsum öðrum aðilum í skólakerfinu. Þess er vænst að það geti orðið grundvöllur umræðu í skólum um lýðréttindi Íslendinga.

Í tengslum við *kjördag* notaði menntamálaráðuneytið tækifærið til að minna á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er mikilvægur leiðarvísir um lýðréttindi barna og ungmenna og jafnframt ákjósanlegur grunnur að umræðu um lýðræði og jafnrétti í grunn- og framhaldsskólum.

Námskrárdeild.

Ný deild, námskrárdeild, var stofnuð innan menntamálaráðuneytisins í október 2000 til að vinna að þróun og endurskoðun námskráa fyrir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.

Námskrárdeild menntamálaráðuneytisins á að fylgjast með framkvæmd námskráa, hafa frumkvæði að breytingum á þeim, taka við tillögum um nýjar námskrár og um breytingar á

gildandi námskrám og leggja mat á þær. Deildin annast kynningu á námskrám, svarar fyrirspurnum um námskrármálefni og úrskurðar um álitaefni í samvinnu við aðrar deildir á skrifstofu menntamála og vísinda. Deildin er samstarfsaðili ráðuneytisins við starfsgreinaráð, samtök kennara og aðra sem áhuga hafa á námskrármálum eða hafa hagsmuna að gæta á því sviði.

Heilsuefling í skólum.

Heilsuefling í skólum er sameiginlegt þriggja ára þróunarverkefni sem menntamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og landlæknisembætti standa að. Verkefnisstjóri var ráðinn í janúar 2000. Lögð var áhersla á samfellu og samstarf og til að tryggja það var ákveðið að fá til samstarfs skóla á öllum skólastigum í Kópavogi, auk grunnskóla Fjarðarbyggðar, á Reyðarfirði, Eskifirði og Norðfirði. Í Kópavogi eru Heilsuleikskólinn Urðarhóll og tveir grunnskólar, Kópavogsskóli og Snælandsskóli, þátttakendur í verkefninu. Einnig tekur Menntaskólinn í Kópavogi þátt í verkefninu. Þannig er reynt að tryggja að nemendur séu í heilsueflandi skóla frá upphafi skólagöngu. Sérstök áhersla er lögð á eflingu geðheilbrigðis til að minnka líkur á áhættuhegðun, t.d. neyslu tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna, einelti og sjálfsvígum. Leitast er við að allt skólastarf, umhverfi skólanna og samstarf við foreldra og aðra í samfélaginu miði að því að nemendum líði og farnist sem best.

Skólarnir í heilsueflingarverkefninu hafa unnið að heilsueflingarmarkmiðum. Áhersla var lögð á að allir í skólasamfélaginu ynnu að því. Í framhaldi af því hafa skólarnir komið þessum markmiðum í daglegt starf skólanna með breyttum kennsluháttum til að vinna betur að andlegri, félagslegri og líkamlegri vellíðan nemenda. Skólarnir hafa gert markvissar kannanir um líðan nemenda. Verkefnið er því hluti af sjálfsmati skólanna og einn hlekkur í keðju þróunar og framfara. Sérstakir dagar hafa verið í skólunum er stuðla að bættri heilsu allra, auk þess sem haldin hafa verið ýmis námskeið, ráðstefnur og annað er tengist málefninu fyrir nemendur og starfsfólk skólanna.

Skólaþróunar- og nýbreytniverkefni.

Menntamálaráðuneytið hefur stuðlað að og styrkt beint ýmis verkefni á grunnskólastigi á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk grunnskóla sem fyrst var haldin 1996, nýsköpunarkeppni grunnskóla sem reglulega hefur verið haldin undanfarin ár og þátttöku nokkurra skóla í alþjóðlega GLOBE-umhverfisverkefninu. Bæði grunn- og framhaldsskólar taka þátt í GLOBE og þar er athyglinni beint að umhverfisfræðslu í skólastarfi. Stóru upplestrarkeppninni er m.a. ætlað að efla talmál í bekkjarstarfinu, byggja upp sjálfstraust nemenda og hamla gegn óskýrmæli.

Nýsköpunarkeppnininni er ætlað að efla frumkvæði nemenda og sköpunarkraft með því að þeir móti tillögur og komi með hugmyndir að nýsköpun þar sem sjónum er beint að nánasta umhverfi nemenda.

Svör ráðuneytisins við fyrirspurnum um málefni grunnskóla.

Ekki hefur verið gefið út rit með úrskurðum og svörum við fyrirspurnum eins og gert var 1997 heldur hefur verið safnað á heimasíðu ráðuneytisins svörum við fyrirspurnum undir liðinn Spurt og svarað. Þar bætast við fjölmargar fyrirspurnir árlega þar sem túlkun ráðuneytisins kemur fram á ýmsum atriðum sem tengjast skólahaldi í grunnskólum. Þessi upplýsingabrunnur á netinu getur verið gagnlegur fyrir alla þá sem skólamál varða. Þar eru nú nokkur hundruð svör aðgengileg um grunnskólamál.

Eftirfarandi listi sýnir helstu flokka fyrirspurna og fjölda þeirra á tímabilinu 1998–2001:

Aðalnámskrá	7	Skólahúsnæði	2
Agi og brottrekstur úr skóla	4	Skólanefnd	2
Foreldraráð	5	Skólasókn	5
Lok skyldunáms	5	Starfsfólk grunnskóla	3
Matsnefnd	3	Starfsleyfi	1
Nám og kennsla	8	Starfstími grunnskóla	8
Nemendaráð	1	Sveitarstjórn	3
Nemendaverndarráð	1	Tvítyngdir nemendur	3
Rannsóknir og kannanir	1	Þátttaka foreldra í kostnaði	2
Samræmd próf	13	Undanþága frá skyldunámi	4
Samvinna heimila og skóla	4	Önnur mál	4
Sérkennsla og sérfræðiþjónusta	6	Öryggismál	4
Skólaakstur	4		

Samráðsnefnd um grunnskóla.

Samráðsnefnd menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka kennara og skólastjóra um fagleg mál hefur starfað frá 1996, þ.e. frá flutningi grunnskólans og heldur árlega fjóra til sex fundi. Samráðsnefndin hefur í ýmsum tilvikum skipað starfshópa til að fjalla um afmörkuð verkefni, t.d. skólareglur og aga, einelti, slysavarnir og trúnaðargögn.

Nefndin hefur m.a. fjallað um skólareglur og aga, einelti í skólum, endurmenntun kennara, lögverndunarlög og samræmd próf, upplýsingaöflun og aðalnámskrá.

Erlent samstarf.

Menntamálaráðuneytið hefur tekið þátt í ýmsum erlendum samstarfsverkefnum sem tengjast grunnskólastiginu, einkum á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar sem skipuleggur ýmis samstarfsverkefni. Meðal norrænna verkefna má nefna mat á skólastarfi, frumkvöðlamenntun á Norðurlöndum, norrænt umhverfisverkefni (MUVIN), norrænt verkefni í sérkennslu (NordSpes), Nordplus mini, nemenda- og kennaraskipti á Norðurlöndum, verkefni um breytt hlutverk kennara, verkefni um lýðræðisleg gildi í skólastarfi, norræna skólanetið (Óðinn) og tilraunaverkefni um upplýsingatækni í skólastarfi (Iðunn).

Ísland gerðist formlegur aðili að Evrópska skólanetinu árið 1999 og hóf samstarf við önnur Evrópuríki á vettvangi þess. Fulltrúar ráðuneytisins sitja í stjórn netsins og taka þátt í verkefnum á þess vegum. Á vegum þess voru ýmis verkefni, t.d. ENIS og eSchola sem margir íslenskir skóla tóku þátt í. Einn hluti eSchola var verðlaunasamkeppni um námsefni á netinu og þar áttu íslensk verkefni góðu gengi að fagna. Sjá nánar á www.menntagatt.is/evropskt/.

Einnig tekur ráðuneytið þátt í ýmiss konar öðru erlendu samstarfi sem snertir grunnskóla, t.d. verkefnum á vegum ESB, Evrópuráðsins, OECD, UNESCO og fleiri slíkra aðila. Ráðuneytið tekur einnig þátt í starfsemi European Agency (Evrópumiðstöðvar um þróun í sérkennslu) sem er samstarfsvettvangur Evrópuríkja til að stuðla að umbótum á sviði sérkennslu.

804. Frumvarp til laga [488. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

6. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: *Rafræn vöktun:* Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:

a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Rafræn vöktun.

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 24. gr. og 40. gr.

3. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Vinnsla persónuupplýsinga í þágu gerðar ættfræðirita og æviskrárrita er heimil, enda taki hún aðeins til þess þegar unnið er með almennar lýðskráupplýsingar, svo sem nöfn einstaklinga, hvar og hvenær þeir eru fæddir og látnir, starf þeirra, hvar þeir hafa haft búsetu og hvernig þeir eru skyldir og tengdir hver öðrum.

4. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga þegar um er að ræða vinnslu sem fellur undir 2. mgr. 8. gr., enda gangi það ekki gegn hagsmunum hins skráða eða niðja hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Í fyrsta lagi hefur það að geyma skýrari ákvæði um rafræna vöktun en eru í núgildandi lögum. Persónuvernd hefur talið að núgildandi ákvæði séu villandi í lögunum, t.d. hafi ríkt nokkur óvissa um hvenær rafræn vöktun með

notkun myndbandstækni sé tilkynningarskyld. Er því lagt til að kveðið verði á um að rafræn vöktun taki til vöktunar sem leiði, eigi að leiða eða geti leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Skuli slík vinnsla lúta ákvæðum laganna sem og önnur vinnsla persónuupplýsinga. Þá skuli einnig teljast til rafrænnar vöktunar svonefnd sjónvarpsvöktun, þótt hún hvorki leiði né geti leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Þannig skuli slík vöktun lúta sömu skilyrðum og önnur rafræn vöktun eftir því sem við á.

Í öðru lagi miðar frumvarpið að því að skapa ótvíræða lagastoð fyrir hefðbundna söfnun og vinnslu ættfræðiupplýsinga hér á landi, en Persónuvernd hefur talið að slíka lagastoð skorti. Rannsóknir í ættfræði eru vinsæl tómstundaiðja fjölda fólks hér á landi og hefur ættfræði öðlast nýtt og hagnýtt gildi á síðustu árum sem undirstaða læknisfræðilegra rannsókna. Setningu laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga var ekki ætlað að koma í veg fyrir ættfræðigrúsk almennings og er því með frumvarpi þessu lagt til að gerð verði bragarbót á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Persónuvernd hefur bent á að í framkvæmd gildandi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafi komið í ljós að 6. tölul. 2. gr. sé villandi og ekki í fullu samræmi við önnur ákvæði laganna. Hafi t.d. ríkt nokkur óvissa um það hvenær rafræn vöktun með notkun myndbandstækni sé tilkynningarskyld og hvenær svo sé ekki. Með greininni er lagt til að hugtakið rafræn vöktun taki í fyrsta lagi til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Til dæmis er hér átt við það þegar myndefni er safnað með aðferðum sem gera kleift að finna upplýsingar um tiltekna einstaklinga með skjótvirkum hætti. Það gæti átt við ef skráð er með kerfisbundnum hætti hvar í myndbandasafni sé að finna myndir af tilteknum einstaklingum. Með þessu er einnig átt við vöktun, sem í eðli sínu getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, t.d. þegar myndefni er safnað með stafrænni aðferð.

Í öðru lagi er greininni ætlað að skýra betur en núverandi ákvæði gera, að undir hugtakið „rafræn vöktun“ falli svonefnd sjónvarpsvöktun, þótt hún hvorki leiði né geti leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Undir hugtakið falla t.d. þau tilvik þar sem upplýsingar eru ekki geymdar í skráningarkerfi með aðferð sem gerir kleift að finna með skjótvirkum hætti upplýsingar sem tengjast tilteknum einstaklingum.

Til þess að skýra þann mun sem er á sjónvarpsvöktun og annarri rafrænni vöktun má nefna það dæmi, að maður setji upp vefmyndavél og birti það sem ber fyrir linsu vélarinnar beint á vefsíðu án þess að safna myndefninu. Er slíkt dæmi um sjónvarpsvöktun. Ef einhver annar hleður hins vegar slíku myndefni á geymslumiðil, t.d. tölvudisk, getur hann talist hafa framkvæmt vinnslu persónuupplýsinga. Slíkt hlýtur þó að velta á atvikum hverju sinni, einkum því hvort unnt sé að bera kennsl á þá sem birtast á myndunum.

Það sem hér að framan greinir er í samræmi við efni 14. og 15. liðar aðfaraorða tilskipunar Evrópusambandsins um meðferð persónuupplýsinga nr. 95/46/EB, sem tekin hefur verið í EES-samninginn. Þar segir m.a.:

„14. Í upplýsingaþjóðfélaginu á sér nú stað mikilvæg framþróun í þeirri tækni sem notuð er til að taka upp, senda, meðhöndla, skrá, geyma upplýsingar eða miðla þeim í hljóði og mynd um einstaklinga og því er rétt að þessi tilskipun gildi um vinnslu slíkra upplýsinga.

15. Þessi tilskipun tekur aðeins til vinnslu slíkra upplýsinga ef vinnslan er með rafrænum hætti eða ef hinar unnu upplýsingar eru geymdar, eða geyma á þær, í skráningarkerfi,

sem er byggt upp samkvæmt sérstökum viðmiðunum er tengjast einstaklingum þannig að auðvelt sé að nálgast umræddar persónuupplýsingar."

Orðin „með rafrænum hætti" í 15. lið aðfaraorðanna er þýðing á orðunum „automatic processing" í hinum enska texta tilskipunarinnar, en með því er átt við sjálfvirka, þ.e. stafræna vinnslu. Til frekari skýringar er bent á að í dönskum texta tilskipunarinnar eru notuð orðin „elektronisk behandling". Af því leiðir að þegar hljóð- og myndbandsupptökur eru varðveittar í hliðrænu formi en ekki í „skráningarkerfi, sem er byggt upp samkvæmt sérstökum viðmiðunum er tengjast einstaklingum þannig að auðvelt sé að nálgast umræddar persónuupplýsingar" (sbr. framangreint orðalag 15. liðar), telst það ekki vera vinnsla persónuupplýsinga.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er nú að finna í 2. mgr. 8. gr. gildandi laga. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, einungis er lagt til að ákvæðið verði flutt í 4. gr. laganna, þannig að öllum ákvæðum um rafræna vöktun sé skipað saman í eina grein.

Ákvæði 2. mgr. er ætlað að hnykkja á því að um vinnslu persónuupplýsinga, sem verður í tengslum við rafræna vöktun, skuli fara eftir ákvæðum laganna. Er þá til dæmis átt við að skilyrðum 8. gr. og eftir atvikum 9. gr. sé fullnægt. Að öðru leyti er um efni greinarinnar vísað til athugasemdar með því frumvarpi er varð á lögum nr. 81/2002, um breyting á lögum nr. 77/2000.

Ákvæði 3. mgr. kemur í stað ákvæðis sem nú er að finna í 4. gr. laganna og er efni þess að nokkru leyti sambærilegt. Þó er lögð til breyting á ákvæðinu í ljósi þess að almenn ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga geta eðli málsins samkvæmt ekki átt við um sjónvarpsvöktun sem hvorki leiðir til né getur leitt til slíkrar vinnslu, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Tekið er fram í 3. mgr. að um þess konar vöktun gildi ákvæði 24. gr., um viðvaranir um að vöktun fari fram, og 40. gr. um stöðvun ólögmætrar vöktunar. Það gæti t.d. átt við um notkun véla sem með öflugum myndaðdrætti gerði kleift að fylgjast með einkalífi fólks, t.d. innan veggja heimilis þess. Þá lýtur slík vöktun ávallt skilmálum um tilgang hennar, svo sem að tryggja öryggi fólks og eigna og að ekki sé gengið lengra en þörf krefur til þess að ná því markmiði. Um 3. mgr. vísast að öðru leyti til skýringa við 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að mælt verði fyrir um heimild til vinnslu ættfræðiupplýsinga og má um aðdraganda þess vísa til almennu athugasemdanna hér að framan.

Í lögunum sem giltu um meðferð persónuupplýsinga fyrir setningu núgildandi laga, þ.e. laga nr. 121/1989, var í 2. gr. tekið fram að skráning í þágu ættfræðirita og æviskrárrita félli utan marka laganna. Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga kom hins vegar fram að við ættfræðirannsóknir og samningu æviskrárrita yrði eigi að síður að gæta annarra reglna um vernd einkalífs. Í ljósi þess lét tölvunefnd á sínum tíma það álit í ljós að hún teldi eðlilegt að við vinnslu slíkra rita yrði sýnd tillitssemi og byggt á samþykki hlutaðeigandi fyrir birtingu upplýsinga um einkalífsatriði, t.d. um hjúskaparstöðu annars fólks (svo sem foreldra), um nöfn fyrri maka, barnsfeðra/mæðra, um einkunnir, ættleiðingar o.s.frv. Hins vegar var að mati tölvunefndar talið hæpið að menn gætu varnað því að í slíkum ritum birtust um þá almennt aðgengilegar upplýsingar, en með því átti nefndin við upplýsingar um nafn, fæðingardag, nöfn niðja, foreldra og núverandi maka, um menntun og opinberar stöður sem menn hefðu gegnt.

Í frumvarpi þessu er að mestu byggt á þessu viðhorfi. Lagt er til að heimild til vinnslu ættfræðiupplýsinga taki einungis til almennra lýðskrárupplýsinga og eru dæmi þeirra talin upp í ákvæðinu, þ.e. nöfn einstaklinga, hvar og hvenær þeir eru fæddir og látnir, starf þeirra, hvar þeir hafa haft búsetu og hvernig þeir eru skyldir hver öðrum. Tekið skal fram í þessu sambandi að telja verður að upplýsingar um ættleiðingu geti tilheyrt síðastnefndum flokki. Það þykir í samræmi við breyttan tíðaranda, breyttar aðstæður við ættleiðingar almennt og aukinn aðgang að upplýsingum um ættleiðingar.

Um vinnslu annarra almennra persónuupplýsinga og viðkvæmra persónuupplýsinga fer samkvæmt ákvæðum 8. og 9. gr. laganna eftir því sem við á. Enn fremur ber að hafa í huga ákvæði 33. gr. laganna um leyfisskylda vinnslu. Þar er mælt fyrir um að vinnsla persónuupplýsinga geti verið háð sérstöku samþykki Persónuverndar eða skilmálum í reglum settum skv. 33. gr., sé sérstök hætta á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila. Þetta gæti t.d. átt við um birtingu ættfræðiupplýsinga á vefnum. Sem dæmi um tilvik sem hvorki falla undir almennar lýðskrárupplýsingar né viðkvæmar persónuupplýsingar má nefna upplýsingar um frammistöðu í námi eða starfi eða sambærileg atriði. Mundu þau tilvik falla undir viðeigandi ákvæði 8. gr. (t.d. vera háð samþykki hins skráða) eða vera leyfisskyld skv. 33. gr.

Að lokum skal tekið fram að samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda þau ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota. Við samningu frumvarps þessa hefur verið litið svo á að undir hið síðarnefnda falli söfnun og vinnsla ættfræðiupplýsinga t.d. í sambandi við svokölluð ættarmót fólks, þar sem venja er að leggja fram yfirlit um ættartengsl og ættingja í nokkrar kynslóðir. Hefur þá upplýsingum um það efni verið safnað og þeim raðað saman til upplýsinga og ánægju fyrir þátttakendur.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú viðbót við 9. gr. laganna að Persónuvernd geti heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga við vinnslu ættfræði- eða æviskrárrita, enda gangi það ekki gegn hagsmunum hins skráða eða niðja hans. Slík heimild þykir nauðsynleg þegar um er að ræða persónuupplýsingar um látna menn, en torvelt er að sjá að önnur heimildarákvæði 9. gr. eigi þá við.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem miða annars vegar að því að gera ákvæði um rafræna vöktun skýrari og hins vegar að skjóta lagastoð undir hefðbundna vinnslu upplýsinga fyrir ættfræði- og æviskrárrit. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

805. Frumvarp til laga [489. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis).

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað 1. mgr. 91. gr. laganna, sbr. lög nr. 116 20. desember 1993, koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá:

a. vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja,
b. erlendu vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og sem Fjármálaeftirlitinu hefur verið tilkynnt á lögformlegan hátt að taki að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja hér á landi.

Öll vátryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi skulu taka þátt í starfsemi tjónsuppgjörsaðila skv. 94. gr. a og upplýsingamiðstöðvar skv. 94. gr. b. Dómsmálaráðherra getur kveðið nánar á um slíka þátttöku í reglugerð.

Öll vátryggingafélög sem hyggjast taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi skulu auk þessa tilkynna það Umferðarstofu.

2. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. 92. gr. laganna, sbr. lög nr. 32 8. apríl 1998, kemur: 5. mgr.

3. gr.

Við 93. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Nú er ökutæki ekki vátryggt skv. 2. og 3. mgr. og ber þá ríkissjóður ábyrgð með sama hætti og vátryggingafélag sem tekið hefur að sér vátryggingu skv. 91. og 92. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu bóta vegna tjóna er ökutæki, sem undanþegin eru vátryggingarskyldu skv. 2. og 3. mgr., valda erlendis.

4. gr.

1. mgr. 94. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um framkvæmd vátryggingarskyldunnar, þar á meðal um skyldu vátryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja.

5. gr.

Á eftir 94. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 94. gr. a og 94. gr. b, er orðast svo:

a. (94. gr. a.)

Tjónsuppgjörsaðili.

Dómsmálaráðherra skal viðurkenna tjónsuppgjörsaðila sem greitt getur bætur vegna tjóns af völdum vélknúins ökutækis, ef

a. tjónþoli er búsettur hér á landi,
b. ökutækið er vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki, eða ef ökutækið er óþekkt, eða ef ekki er unnt að hafa upp á vátryggingafélagi því sem vátryggði ökutækið, og
c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Tjónsuppgjörsaðili á enn fremur að geta greitt bætur vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem vátryggð eru hér á landi, ef

a. tjónþoli er búsettur í öðru EES- eða EFTA-ríki,
b. ökutækið er að jafnaði staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, og
c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsaðilanum og um starfsemi hans. Hann getur enn fremur sett nánari reglur um meðferð bótakrafna hjá vátryggingafélögum og tjónsuppgjörsfulltrúum vátryggingafélaga skv. 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

b. (94. gr. b.)

Upplýsingamiðstöð.

Dómsmálaráðherra skal viðurkenna upplýsingamiðstöð til að aðstoða við öflun upplýsinga um vélknúið ökutæki sem valdið hefur tjóni og vátryggingu þess ef tjónþoli er búsettur hérlendis, ökutækið er vátryggt eða að öllu jöfnu staðsett hér, eða tjónið varð hér á landi. Þetta gildir þó því aðeins að

a. tjónþoli sé búsettur í EES- eða EFTA-ríki,
b. ökutækið sé vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í EES- eða EFTA-ríki,
c. tjónið hafi orðið í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar og um skyldu vátryggingafélaga og tjónsuppgjörsfulltrúa skv. 3. mgr. 94. gr. a til að láta upplýsingamiðstöð skv. 1. mgr. og upplýsingaskrifstofum í öðrum EES- eða EFTA-ríkjum í té upplýsingar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu í samráði við Samband íslenskra tryggingafélaga og Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (ABÍ). Frumvarpið hefur að markmiði að auðvelda tjónþola að fá bætur vegna umferðarslyss í EES-ríkjum og Sviss. Er lagt til að dómsmálaráðherra viðurkenni svonefndan tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð

í þessu skyni. Ekki er þó gert ráð fyrir að komið verði á fót nýjum stofnunum, heldur að ABÍ annist þetta hlutverk. Er það í samræmi við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum og í flestum öðrum nágrannaríkjum Íslands.

Tilefni frumvarpsins er innleiðing tilskipunar 2000/26/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum 73/239/EBE og 88/237/EBE (fjórðu tilskipunarinnar um ökutækjatryggingar). Tilskipun þessi var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001 31. janúar 2001 og síðan staðfest af Íslands hálfu í kjölfar ályktunar Alþingis frá 11. maí 2001. Er tilskipunin prentuð sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Þá felur frumvarpið í sér, í samræmi við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings, sem öðlaðist gildi fyrr á þessu ári, að ákvæði tilskipananna um ökutækjatryggingar skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES, þ.e. Sviss.

2. Fjórða tilskipunin um ökutækjatryggingar.

Tilskipun 2000/26/EB (fjórða tilskipunin) kemur í framhaldi af fyrstu, annarri og þriðju tilskipun EB um ökutækjatryggingar (tilskipun 72/166/EBE með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE). Markmið hennar er einkum að auðvelda tjónþola að fá bætur vegna umferðarslyss í öðru aðildarríki ESB. Tilskipunin er enn fremur viðbót við fjölþjóðlegt samstarf um „græna kortið" (ákvörðun 91/323/EBE) en gerðir þessar eru allar hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Fjórða tilskipunin gildir um tjónþola sem búsettur er í aðildarríki ESB, þegar tjón hefur orðið í öðru ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur eða í ríki sem ekki er aðili að ESB en hefur gerst aðili að tilhöguninni um grænt kort, og tjónið hlaust af notkun ökutækis sem vátryggt er og að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki ESB (sbr. 1. gr. tilskipunarinnar). Vakin skal athygli á því að eftir upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn er gildissvið hennar allt Evrópska efnahagssvæðið, og á grundvelli hins nýja stofnsamnings EFTA nær hún einnig til EFTA-ríkja sem ekki eru aðilar að EES, þ.e. Sviss.

Meginefni tilskipunarinnar er:

- Hvert vátryggingafélag skal tilnefna tjónsuppgjörsfulltrúa í hinum aðildarríkjunum, þannig að tjónþoli geti lagt bótakröfu sína fram í heimalandi sínu hjá tjónsuppgjörsfulltrúa erlends vátryggingafélags.
- Í hverju aðildarríki skal vera tjónsuppgjörsaðili sem getur fjallað um bótakröfu frá tjónþola sem fellur undir tilskipunina.
- Í hverju aðildarríki skal vera upplýsingamiðstöð til að aðstoða tjónþola við að afla upplýsinga um það ökutæki sem valdið hefur tjóni og hvernig háttað er vátryggingu þess.

Reglurnar um tjónsuppgjörsfulltrúa og um tjónsuppgjörsaðila gilda eingöngu um tjón sem valdið er af ökutæki sem vátryggt er og að öllu jöfnu staðsett í öðru aðildarríki en því þar sem tjónþoli er búsettur (sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar). Tjónsuppgjörsaðili getur þó einnig farið með bótakröfur vegna tjóna af völdum óþekktra eða óvátryggðra ökutækja. (sbr. 3. mgr. 1. gr. og 7. gr. tilskipunarinnar).

Tilskipunin varðar hvorki reglur alþjóðlegs einkamálaréttar né réttarfars um lagaskil og varnarþing. Starfsemi tjónsuppgjörsfulltrúans í aðildarríki felur þannig ekki í sér að unnt sé að höfða þar dómsmál gegn hlutaðeigandi vátryggingafélagi.

2.1. Tjónsuppgjörsfulltrúar o.fl.

Vátryggingafélag, sem tekur að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja, skal tilnefna tjónsuppgjörsfulltrúa í öllum öðrum aðildarríkjum en því þar sem félagið hefur fengið starfsleyfi. Tjónsuppgjörsfulltrúinn á að hafa umboð til að koma fram fyrir hönd vátryggingafélagsins gagnvart tjónþola og fallast á kröfur hans að fullu. Hann skal vera fær um að rannsaka málið á tungumáli þess aðildarríkis þar sem tjónþoli er búsettur (sbr. 1.–3. og 5. mgr. 4. gr. og 8. gr. tilskipunarinnar).

Tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa kemur ekki í veg fyrir að tjónþoli beini kröfu beint að tjónvaldinum eða vátryggingafélaginu (sbr. 4. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar).

Vátryggingafélagið eða tjónsuppgjörsfulltrúinn skal, eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tjónþoli lagði fram bótakröfu sína, annaðhvort leggja fram rökstutt tilboð um bætur (ef ábyrgðin er viðurkennd og tjónið hefur verið metið) eða rökstutt svar við kröfu tjónþola (ef bótaábyrgð er hafnað eða tjónið hefur ekki verið endanlega gert upp). Enn fremur skal greiða vexti af þeirri fjárhæð sem vátryggingafélagið býðst til að greiða eða dómstóll ákvarðar síðar ef tilboðið var ekki lagt fram innan þriggja mánaða (sbr. 6. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar).

2.2. Tjónsuppgjörsaðili.

Hvert aðildarríki skal koma á fót eða viðurkenna tjónsuppgjörsaðila sem ætlað er að annast greiðslu bóta til tjónþola sem fellur undir tilskipunina (sbr. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar).

Tjónþoli getur gert kröfu á hendur tjónsuppgjörsaðila í því ríki þar sem hann er búsettur, ef:

- Vátryggingafélagið eða tjónsuppgjörsfulltrúinn hafa ekki innan þriggja mánaða sent frá sér rökstutt svar við bótakröfu tjónþola.
- Vátryggingafélagið hefur ekki tilnefnt tjónsuppgjörsfulltrúa í því ríki þar sem tjónþoli er búsettur. Þetta gildir þó ekki ef bótakrafan hefur verið gerð beint á hendur vátryggingafélaginu og tjónþoli hefur fengið rökstutt svar frá vátryggingafélaginu innan þriggja mánaða frá því að krafan var lögð fram.
- Ef ökutækið er óþekkt eða ekki reynist unnt að hafa upp á vátryggingafélaginu innan tveggja mánaða frá því slysið varð. Þetta gildir einnig um slys af völdum ökutækis sem er að öllu jöfnu staðsett í þriðja ríki (sbr. 7. gr. og 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar).

Ef tjónþoli hefur höfðað dómsmál beint á hendur vátryggingafélaginu er ekki jafnframt hægt að beina kröfunni á hendur tjónsuppgjörsaðila. Tjónsuppgjörsaðili skal grípa til aðgerða innan tveggja mánaða frá því að tjónþoli lagði fram bótakröfu sína, en hætt skal aðgerðum ef vátryggingafélagið eða tjónsuppgjörsfulltrúinn sendir síðan rökstutt svar við kröfunni (sbr. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar).

Tjónsuppgjörsaðili sem hefur greitt bætur getur krafið endurgreiðslu frá tjónsuppgjörsaðila í aðildarríki því þar sem vátryggingafélagið hefur starfsstöð. Samkvæmt tilskipuninni gengur þessi tjónsuppgjörsaðili síðan inn í réttindi tjónþola gagnvart tjónvaldi eða vátryggingafélagi hans. Þegar um er að ræða óþekkt eða óvátryggð ökutæki getur tjónsuppgjörsaðili krafist endurgreiðslu frá ábyrgðarsjóði vegna óþekktra og óvátryggða ökutækja í því aðildarríki þar sem slysið átti sér stað eða þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett (skráð) (sbr. 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. tilskipunarinnar).

Tjónsuppgjörsaðilar aðildarríkjanna skulu gera samning um störf þeirra og skyldur og um málsmeðferð við endurgreiðslu. Reglurnar um tjónsuppgjörsaðila skulu koma til framkvæmda frá þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður eftir að slíkur samningur hefur verið gerður. Hafi samningurinn ekki verið gerður fyrir 20. júlí 2002 skal framkvæmdastjórn-

in gera ráðstafanir til að tryggja að reglurnar komi til framkvæmda fyrir 20. janúar 2003 (sbr. 3. mgr. 6. gr. og 10. gr. tilskipunarinnar).

2.3 Upplýsingamiðstöð.

Hvert aðildarríki skal koma á fót eða viðurkenna upplýsingamiðstöð sem á að aðstoða tjónþola við að afla upplýsinga um það ökutæki sem valdið hefur tjóni og hvernig vátryggingu þess er háttað(sbr. 5. gr. tilskipunarinnar).

Upplýsingamiðstöðin skal annaðhvort sjálf halda skrá með upplýsingum um skráð ökutæki í hlutaðeigandi aðildarríki og vátryggingu þeirra eða sjá um að samræma söfnun og miðlun þessara upplýsinga.

Vátryggingafélögin skulu láta einstökum upplýsingamiðstöðvum í té upplýsingar um hvern þau hafa tilnefnt sem tjónsuppgjörsfulltrúa í viðkomandi aðildarríki.

Í sjö ár eftir slys skal upplýsingamiðstöðin í því aðildarríki þar sem tjónþoli er búsettur, þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett, eða þar sem slysið varð, veita tjónþola án tafar upplýsingar um nafn og heimili vátryggingafélagsins, númer vátryggingarskírteinisins og nafn og heimili tjónsuppgjörsfulltrúa vátryggingafélagsins í heimaríki tjónþola. Ef ökutækið er undanþegið vátryggingarskyldu skal upplýsingamiðstöðin gefa upp nafn þess yfirvalds eða stofnunar sem annast bótagreiðslur vegna tjóna sem ökutækið veldur.

Ef tjónþoli hefur lögmætra hagsmuna að gæta skal upplýsingamiðstöðin enn fremur upplýsa um nafn og heimilisfang eiganda ökutækisins, þess sem ekur því að jafnaði eða skráðs umráðamanns, svo sem þegar bætur fást einungis greiddar frá þessum aðilum vegna þess að vátrygging er ekki fyrir hendi eða tjónið nemur hærri fjárhæð en vátryggingarfjárhæðin.

Um vinnslu persónuupplýsinga skal fara eftir innlendum reglum sem settar hafa verið í samræmi við tilskipun 95/46/EB um meðferð persónuupplýsinga um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (5. mgr. 5. gr.).

3. Gildandi réttur.

3.1. Ákvæði umferðarlaganna um bætur og vátryggingu.

Ákvæði um fébætur og vátryggingu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis eru í XIII. kafla umferðarlaganna. Bótaskyldan er hlutlæg og gildir þótt tjón verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns, sbr. 88. og 89. gr. laganna. Ábyrgðin gildir um umferð á vegum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna og skilgreiningu þess hugtaks í 2. gr., auk þess sem ákvæði laganna gilda, eftir því sem við á, um umferð á lóðum, lendum, afréttum og almenningum, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Um ákvörðun fébóta gilda almenn ákvæði skaðabótaréttar. Í 2. og 3. mgr. 88. gr. laganna eru ákvæði um lækkun eða niðurfellingu bóta ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi og í 89. gr. eru ákvæði um sakarskiptingu.

Samkvæmt 90. gr. laganna ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. og 89. gr. Fébótaskyldan færist þó yfir á þann sem notar ökutækið í algjöru heimildarleysi. Auk þessarar ábyrgðar fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum. Þær reglur gilda og um ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun annarra ökutækja en skráningarskyldra ökutækja.

Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. laganna skal greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem viðurkennt er eða skráð af dómsmálaráðherra. Auk ábyrgðartryggingarinnar skal skv. 92. gr. keypt vegna ökutækisins sérstök slysatrygging vegna slyss sem ökumaður verður fyrir

við stjórn ökutækisins og vegna vátryggingartaka (eiganda) sem slasast í eða af völdum eigin ökutækis. Ákvæði eru um hámark þeirrar fjárhæðar sem vátryggingarnar eiga að bæta vegna hvers tjónsviðburðar. Vátryggingarskyldan hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanlega umráð þess, sbr. 1. mgr. 93. gr. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997, er óheimilt að skrá ökutæki nema það hafi verið tryggt lögmæltri vátryggingu. Undanþegin vátryggingarskyldu eru skv. 2. mgr. 93. gr. ökutæki í eigu ríkissjóðs og skv. 3. mgr. 93. gr. er heimilt að undanþiggja ökutæki í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana vátryggingarskyldu. Samkvæmt 1. mgr. 94. gr. skal dómsmálaráðherra setja nánari reglur um vátryggingarskylduna. Er þær reglur að finna í reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1993, með breytingum nr. 531 3. júní 1998 og nr. 309 3. maí 1999. Þar eru m.a. ákvæði um að við almenna skoðun ökutækis beri að færa sönnur á að lögmælt vátrygging sé í gildi og sama gildir við skráningu eigendaskipta og þegar skráningarmerki sem lögð hafa verið inn eru afhent að nýju. Þar eru og ákvæði til samræmis við ákvæði fyrstu, annarrar og þriðju tilskipunar EB um ökutækjatryggingar sem fela í sér að ábyrgðartryggingin skuli gilda um allt Evrópska efnahagssvæðið á grundvelli eins og sama iðgjaldsins. Skulu bætur að jafnaði greiddar samkvæmt þeim réttarreglum sem í gildi eru þar sem tjónið varð (*lex loci delicti*). Þó er heimilt að leggja til grundvallar réttarreglur þess ríkis þar sem ökutækið sem tjóninu olli er skráð, enda veiti þær reglur betri rétt og slysið hafi orðið í öðru EES-ríki. Þá eru þar og ákvæði um sameiginlega ábyrgð vátryggingafélaga á greiðslu bóta (t.d. ábyrgðarsjóður eða ábyrgðarkerfi) vegna óvátryggðra ökutækja og óþekktra ökutækja.

3.2. Tjón sem valdið er erlendis.

Íslendingur sem verður fyrir tjóni í umferðarslysi erlendis verður í upphafi að beina bótakröfu sinni gegn tjónvaldi og/eða vátryggingafélagi hans, sem oftast munu vera erlendis. Á sama hátt mun útlendingur sem verður fyrir tjóni í umferðarslysi hér á landi yfirleitt að beina kröfu sinni gegn íslensku vátryggingafélagi.

Um það hvar dómsmál gegn tjónvaldi og/eða vátryggingafélagi má höfða fer hér á landi eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, og Lúganósamningnum um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum frá 16. september 1988, sbr. lög nr. 68 10. mars 1995.

3.3. Tilhögunin um græna kortið.

Græna kortið er alþjóðlegt skírteini sem gefið er út af vátryggingafélagi með heimild svonefndrar landsskrifstofu þess ríkis þar sem ökutæki er skráð eða að jafnaði staðsett.

Fjölþjóðlegt samstarf um notkun grænna korta (eða tilhögunin um græna kortið) á rætur að rekja til tilmæla vinnuhóps um flutninga á vegum undir innanlandsflutninganefnd Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu á árinu 1949. Hefur tilhögunin verið í gildi frá 1953 og er markmið hennar að stuðla að og einfalda umferð vélknúinna ökutækja milli landa. Á grundvelli þessa hafa löndin gert með sér samkomulag um gagnkvæmt gildi ökutækjatrygginga, þ.e. ábyrgðartrygginga ökutækja. Ísland hefur átt aðild að tilhöguninni frá árinu 1970.

Aðild að tilhöguninni eiga nú öll aðildarríki EES-samningsins og að auki: Albanía, Andorra, Bosnía og Hersegóvína, Búlgaría, Eistland, Íran, Ísrael, Júgóslavía, Króatía, Kýpur, Lettland, Malta, Makedónía, Marokkó, Moldavía, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Sviss, Tékkland, Túnis, Tyrkland, Ungverjaland og Úkraína.

Tilhögunin gengur út á það að aka megi vélknúnu ökutæki sem er frá landi sem aðild á að tilhöguninni í umferð í öðru landi án þess að kaupa þurfi sérstaka vátryggingu sem bætir tjón í því landi.

Tilhögunin tryggir að tjónþoli fái bætur vegna tjóns af völdum ökutækis sem að öllu jöfnu er staðsett í öðru landi en því þar sem slysið varð, hvort sem tjónið átti sér stað í landinu þar sem tjónþoli á heima eða í öðru landi sem fellur undir tilhögunina. Bætur til tjónþola verða greiddar af landsskrifstofunni í tjónslandinu, og að jafnaði samkvæmt bótareglum þess lands. Skrifstofan sem greiðir bæturnar á síðan endurkröfu á hendur landsskrifstofunni í heimalandi ökutækisins eða beint á hendur ábyrgðartryggingafélagi ökutækisins. Sem dæmi má nefna að ef íslensk bifreið veldur umferðarslysi á Ítalíu og ítalskur ríkisborgari verður fyrir líkamstjóni mun ítalska landsskrifstofan greiða honum bætur annaðhvort samkvæmt ítölskum rétti eða íslenskum, sbr. það sem fram kemur í kafla 3.1 hér að framan. Ítalska landsskrifstofan krefur síðan íslenska vátryggingafélagið um bæturnar, eða eftir atvikum íslensku skrifstofuna, sem þá krefðist greiðslu frá því vátryggingafélagi sem vátryggði ökutækið. Ef íslenskt ökutæki slasar Pólverja í Póllandi gilda eingöngu pólskar reglur um uppgjörið, sbr. það sem áður greinir um *lex loci delicti*.

Hér á landi koma Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. fram sem landsskrifstofa.

4. Tillögur frumvarpsins.

Þess er að framan getið að megintilgangur frumvarps þessa er að lögfesta ákvæði er tryggi framkvæmd ákvæða tilskipunar 2000/26/EB, um samræmingu á reglum um ábyrgðartryggingu vegna vélknúinna ökutækja (fjórðu tilskipunarinnar um ökutækjatryggingar) hér á landi. Er það gert með nýjum ákvæðum, 94. gr. a og 94. gr. b, þar sem lagt er til að dómsmálaráðherra skuli viðurkenna tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð hér á landi. Er ætlunin að Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (ABÍ) sinni báðum þessum hlutverkum.

Þá er einnig lagt til að ákvæðin um ábyrgðartryggingu ökutækja gildi með sama hætti og þau gilda nú gagnvart EES-ríkjunum, einnig gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES, þ.e. Sviss, í samræmi við ákvæði hins nýja stofnsamnings EFTA.

Gert er ráð fyrir að reglur um tjónsuppgjörsfulltrúa, sem tilskipunin gerir ráð fyrir og hérlend vátryggingafélög vélknúinna ökutækja og útibú erlendra félaga sem hér hafa fengið starfsleyfi skulu tilnefna, verði sett í lög um vátryggingastarfsemi og að kröfur um þá verði felldar inn í þau skilyrði sem gilda um starfsleyfi til vátryggingastarfsemi. Lagafrumvarp um það efni verður lagt fram af viðskiptaráðherra.

Tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa og stofnun tjónsuppgjörsaðila í öllum EES- og EFTA-ríkjunum mun auðvelda tjónþola að reka bótakröfu sína eftir umferðarslys í öðru aðildarríki. Tjónþoli þarf þannig ekki að reka kröfu sína gagnvart erlendu vátryggingafélagi með þeim vandamálum sem tengjast tungumálinu og þess háttar heldur getur hann rekið málið gagnvart tjónsuppgjörsfulltrúa vátryggingafélagsins í heimalandi sínu. Stofnun upplýsingamiðstöðvar í öllum ríkjunum mun leiða til þess að auðveldara verður fyrir tjónþola að afla upplýsinga um hvernig háttað er vátryggingu þess ökutækis sem valdið hefur tjóni eftir umferðarslys í öðru aðildarríki. Tjónþoli getur þannig haft samband við upplýsingamiðstöðina í heimalandi sínu sem síðan aðstoðar við að afla nauðsynlegra upplýsinga.

Fjórða tilskipunin um ökutækjatryggingar kveður ítarlega á um starfsemi tjónsuppgjörsfulltrúa, tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðva. Er gert ráð fyrir því að nánar verði kveðið á um þau atriði í reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar. Um vexti af skaðabótakröfum fer samkvæmt vaxtalögum og skaðabótalögum og samrýmast ákvæði tilskipunarinnar því.

Að auki er með frumvarpinu lagt til að lagastoð nokkurra reglna varðandi vátryggingarskylduna verði styrkt, svo sem að því er varðar hvaða vátryggingafélög annast lögmæltar ökutækjatryggingar, og kveðið er á um skylduaðild vátryggingafélaga sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að samtökunum Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. Loks er lagt til að niður verði felld sérstök viðurkenning eða skráning dómsmálaráðherra á vátryggingafélögum sem annast lögmæltar ökutækjatryggingar en hins vegar kveðið á um skyldu félaganna til að tilkynna það Umferðarstofu.

Kostnaður vegna tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvarinnar greiðist af vátryggingastarfseminni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. umferðarlaga skal greiðsla bóta vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem er viðurkennt eða skráð af dómsmálaráðherra. Var orðunum „eða skráð“ bætt inn í ákvæðið með lögum nr. 116 20. desember 1993 í tengslum við aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60 11. maí 1994, þarf íslenskt vátryggingafélag að hafa starfsleyfi sem gefið er út af viðskiptaráðherra, og eftir atvikum Fjármálaeftirlitinu. Erlent vátryggingafélag sem hefur starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins má reka hér vátryggingastarfsemi, enda hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum um vátryggingastarfsemi að það hyggist taka að sér þessa starfsemi hér á landi. Félagi sem tekur að sér lögmæltar vátryggingar ber að fara eftir þeim reglum sem um þá starfsemi gilda hér.

Áskilnaður um viðurkenningu dómsmálaráðherra á vátryggingafélagi sem annast ábyrgðartryggingu skráningarskyldra ökutækja er frá þeim tíma þegar vátryggingafélög þurftu ekki sérstakt leyfi til að annast vátryggingastarfsemi. Með núgildandi skipan á starfsleyfi til vátryggingastarfsemi verður ekki talin þörf á að áskilja sérstaka viðurkenningu dómsmálaráðherra vegna vátrygginga skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Með breytingu á 1. mgr. er lagt til að gildandi ákvæði verði aðlagað löggjöf um vátryggingastarfsemi og að ekki verði þörf á sérstakri viðurkenningu eða skráningu dómsmálaráðherra á vátryggingafélögum sem annast þessa starfsemi.

Þá er lagt til að öll vátryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi skuli taka þátt í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar. Er það nauðsynlegt þar sem þessir aðilar hafa lögboðnu hlutverki að gegna. Lagt er til að dómsmálaráðherra geti kveðið nánar á um slíka þátttöku í reglugerð.

Vegna eftirlits með vátryggingarskyldunni er nauðsynlegt að skráningaryfirvöld ökutækja og lögregla hafi upplýsingar um hvaða vátryggingafélög taka að sér lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja sem skráð eru hér á landi. Er því lagt til að lögfest verði að vátryggingafélag, sem hyggst taka að sér þessar tryggingar, skuli tilkynna það til Umferðarstofu sem fer með skráningu ökutækja.

Um 2. gr.

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 91. gr. umferðarlaganna. Verði sú breyting samþykkt þarf að breyta tilvísun í 4. mgr. 92. gr. laganna til 3. mgr. 91. gr. í 5. mgr.

Um 3. gr.

Í 2. og 3. mgr. 93. gr. umferðarlaga eru ákvæði þess efnis að eigi sé skylt að kaupa vátryggingu vegna ökutækja í eigu ríkissjóðs og að dómsmálaráðherra geti undanþegið ökutæki í eigu erlendra ríkja og alþjóðastofnana vátryggingarskyldu. Undanþága vegna ökutækja ríkissjóðs hefur ekki verið nýtt og heimild til að undanþiggja ökutæki erlendra ríkja og alþjóðastofnana hefur ekki verið notuð. Vegna undanþáguheimildanna er hins vegar nauðsynlegt að kveða á um það hvernig fer ef heimildirnar verða notaðar og slík ökutæki valda tjóni.

Er því lagt til að við 93. gr. bætist nýtt ákvæði (4. mgr.) sem kveður á um réttarstöðu þess sem kann að eiga bótarétt vegna ökutækis í eigu ríkissjóðs eða erlends ríkis eða alþjóðastofnunar sem undanþegið væri vátryggingarskyldunni þannig að réttarstaða tjónþolans gagnvart ríkinu verði með sama hætti og gagnvart vátryggingafélagi ef ökutækið væri vátryggt skv. 91. og 92. gr., þ.e. að tjónþoli eigi beina kröfu á hendur ríkissjóði. Skv. 1. mgr. 95. gr. laganna er vátryggingafélag greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 91. gr. Þá er með nýrri 5. mgr. lagt til að heimilt verði að setja reglur um hvernig fari ef ökutæki sem undanþegin eru vátryggingarskyldu valda tjóni erlendis. Ákvæði þessi eru nauðsynleg vegna tilhögunarinnar um græna kortið og tilskipana EB um ökutækjatryggingar.

Um 4. gr.

Skv. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga setur dómsmálaráðherra reglur um vátryggingarskylduna. Á þeim grundvelli hefur verið sett reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1995. Lagt er til að ákvæði þetta verði gert fyllra. Er annars vegar tekið fram að reglurnar skuli varða framkvæmd vátryggingarskyldunnar og hins vegar er sérstaklega tilgreind skylda vátryggingafélaganna til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi (t.d. ábyrgðarsjóði) vegna tjóns af völdum óþekktra og óvátryggðra ökutækja. Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. annast uppgjör þessara tjóna hér á landi.

Um 5. gr.

Lagt er til að á eftir 94. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, 94. gr. a og 94. gr. b.

Um a-lið (94. gr. a).

Með 1. og 2. mgr. er lagt til að dómsmálaráðherra viðurkenni tjónsuppgjörsaðila sem getur greitt bætur í þeim tilvikum sem greinir í fjórðu ökutækjatryggingatilskipuninni. Tjónsuppgjörsaðili getur þannig fjallað um bótakröfu frá tjónþola sem búsettur er hér á landi, ef tjónið (slysið) átti sér stað í öðru EES- eða EFTA-ríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið og ef tjónið er af völdum ökutækis, sem er vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki en Íslandi, eða af völdum óþekkts eða óvátryggðs ökutækis. Ökutæki telst samkvæmt tilskipuninni staðsett í landi þar sem það er skráð eða, ef um er að ræða ökutæki sem ekki þarf að skrá, í landi þar sem umráðamaður þess er búsettur. Tjónsuppgjörsaðili á enn fremur að geta endurgreitt bótafjárhæð sem greidd hefur verið af tjónsuppgjörsaðila í öðru EES- eða EFTA-ríki vegna tjóns af völdum ökutækis sem vátryggt er hér á landi.

Fyrirhugað er að Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. verði tilnefndar sem tjónsuppgjörsaðili hér á landi.

Skv. 3. mgr. á ráðherra að geta sett nánari reglur um greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsaðila og um starfsemi hans að öðru leyti, m.a. reglur um hvaða bótakröfur skuli fjalla um í samræmi við tilskipunina og reglur um málsmeðferð hjá tjónsuppgjörsaðilanum, þar á meðal um tilkynningar til vátryggingafélagsins, tjónþola o.fl. um móttöku bótakröfu.

Þá er og gert ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari reglur um meðferð vátryggingafélaga og tiltekinna tjónsuppgjörsfulltrúa á bótakröfum vegna tjóna sem falla undir tilskipunina. Reglur þessar munu í fyrstu gilda um meðferð bótakrafna hér á landi, þ.e. hjá íslenskum vátryggingafélögum og tjónsuppgjörsfulltrúum erlendra vátryggingafélaga. Hins vegar mun einnig verða unnt að setja reglur um tjónsuppgjörsfulltrúa sem íslensk vátryggingafélög tilnefna í hinum EES- eða EFTA-ríkjunum þannig að innlend vátryggingafélög geti ef þau óska fylgst með því að tjónsuppgjörsfulltrúar fylgi þessum reglum.

Ákvæði þessi miða að því að innleiða ákvæði 4. og 6. mgr. 4. gr. og 6. og 7. gr. tilskipunarinnar í íslenskan rétt.

Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda með frumvarpinu, sbr. kafla 2.1 og 2.2.

Um b-lið (94. gr. b).

Með greininni er lagt til að dómsmálaráðherra viðurkenni upplýsingamiðstöð sem á að aðstoða við öflun upplýsinga um ökutæki sem valdið hefur tjóni og um vátryggingu þess þegar um er að ræða tilvik sem falla undir tilskipunina, sbr. 1. mgr. Upplýsingamiðstöðin mun þannig bæði fjalla um erindi frá tjónþolum og upplýsingamiðstöðvum í öðrum EES- eða EFTA-ríkjum.

Fyrirhugað er að tilnefna Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. sem upplýsingamiðstöð hér á landi.

Upplýsingar sem upplýsingamiðstöðin á samkvæmt tilskipuninni að skrá eða safna er hér á landi m.a. að finna í ökutækjaskrá sem Umferðarstofa heldur og hjá einstökum vátryggingafélögum. Þetta eru upplýsingar um skráningarnúmer ökutækja sem skráð eru hér á landi, um vátryggingafélög sem ábyrgðartryggja vélknúin ökutæki, um tjónsuppgjörsfulltrúa erlendra vátryggingafélaga hér á landi, um númer vátryggingarskírteina, græn kort o.fl., um ökutæki sem undanþegin eru vátryggingarskyldu, og um eigendur eða umráðamenn ökutækja.

Með 2. mgr. er ráðherra enn fremur heimilað að setja reglur um starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar o.fl. Er m.a. fyrirhugað að setja reglur um hvaða upplýsingum upplýsingamiðstöðin skuli safna og miðla til tjónþola, þar á meðal hvenær tjónþoli geti fengið upplýsingar um eiganda eða umráðamann ökutækis, svo og um skyldu vátryggingafélaga og tjónsuppgjörsfulltrúa til að miðla upplýsingum til upplýsingamiðstöðvarinnar. Þannig verða settar reglur um að íslensk vátryggingafélög o.fl. skuli láta upplýsingamiðstöðvum í hinum EES- og EFTA-ríkjunum í té upplýsingar um hver sé tilnefndur tjónsuppgjörsfulltrúi í viðkomandi ríki.

Vinnsla, þar á meðal miðlun persónuupplýsinga um eigendur og umráðamenn ökutækja o.fl., skal samkvæmt tilskipuninni vera í samræmi við innlendar reglur sem settar eru í samræmi við tilskipun 95/46/EB, um meðferð persónuupplýsinga um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

Ákvæði þessi miða að því að innleiða ákvæði 5. gr. tilskipunarinnar í íslenskan rétt. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda með frumvarpinu, sbr. kafla 2.1.

Um 6. gr.

Samkvæmt tilskipun 2000/26/EB eiga ákvæði tilskipunarinnar að koma til framkvæmda fyrir 20. janúar 2003. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/26/EB
frá 16. maí 2000

um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE

(Fjórða tilskipun um ökutækjatryggingar)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 7. apríl 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og sakir standa er misræmi á milli ákvæða laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og þetta misræmi er hindrun í vegi frjálsra fólksflutninga og frjálsrar tryggingaþjónustustarfsemi.

2) Nauðsynlegt er því að samræma þessi ákvæði til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust.

3) Í tilskipun 72/166/EBE ([4]) samþykkti ráðið ákvæði um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð.

4) Í tilskipun 88/357/EBE ([5]) samþykkti ráðið ákvæði um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, og um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur.

([1]) Stjtíð. EB C 343, 13.11.1997, bls. 11 og Stjtíð. EB C 171, 18.6.1999, bls. 4.
([2]) Stjtíð. EB C 157, 25.5.1998, bls. 6.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 16. júlí 1998 (Stjtíð. EB C 292, 21.9.1998, bls. 123), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. maí 1999 (Stjtíð. EB C 232, 13.8.1999, bls. 8) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. desember 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 2. maí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. maí 2000.
([4]) Stjtíð. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 84/5/EBE (Stjtíð. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17).
([5]) Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/49/EBE (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1).

5) Fyrirkomulagið með skrifstofur vegna græna skírteinisins tryggir að skjótt tjónsuppgjör geti farið fram í landi tjónþola jafnvel þótt hinn aðilinn sé frá öðru landi í Evrópu.

6) Fyrirkomulagið með skrifstofur vegna græna skírteinisins leysir ekki allan vanda tjónþola sem þarf að gera kröfu í öðru landi á hendur aðila sem er búsettur þar og á hendur vátryggingafélagi með starfsleyfi þar (erlent réttarkerfi, erlent tungumál, framandi málsmeðferð við tjónsuppgjör og oft óviðunandi tafir á tjónsuppgjöri).

7) Í ályktun sinni frá 26. október 1995 um tjónsuppgjör vegna umferðarslysa sem verða utan heimalands kröfuhafa ([1]) fór Evrópuþingið þess á leit við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 2. mgr. 192. gr. sáttmálans, að hún legði fram tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins til að leysa þennan vanda.

8) Tímabært er að bæta við þær ráðstafanir sem komið var á með tilskipunum 72/166/EBE, 84/5/EBE ([2]) og 90/232/EBE ([3]) til að tryggja að tjónþolar, sem hafa orðið fyrir tjóni vegna slysa sem vélknúin ökutæki valda, sitji við sama borð án tillits til þess hvar innan bandalagsins slysin verða. Ýmsu er ábótavant að því er varðar tjónsuppgjör vegna slysa, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, sem eiga sér stað í öðru ríki en því þar sem tjónþoli hefur búsetu.

9) Beiting þessarar tilskipunar við slys sem eiga sér stað í þriðju löndum þar sem fyrirkomulagið um notkun græna skírteinisins gildir og sem hafa áhrif á tjónþola sem eru búsettir innan bandalagsins og þar sem vélknúin ökutæki koma við sögu sem eru tryggð og að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki, felur ekki í sér þá landfræðilegu útvíkkun á lögboðinni ökutækjatryggingarvernd sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 72/166/EBE.

10) Þetta felur í sér að tjónþoli öðlast rétt til að beina kröfu sinn beint til vátryggingafélags aðilans sem ber ábyrgð á slysinu.

11) Viðunandi lausn fyrir tjónþola sem verða fyrir tjóni vegna slysa, sem vélknúin ökutæki valda og sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og verða í öðru ríki en þar sem þeir eru búsettir, gæti verið að mega gera kröfu í aðildarríkinu, þar sem þeir hafa búsetu, á hendur tjónsuppgjörsfulltrúa sem er tilnefndur þar af vátryggingafélagi aðilans, sem ber ábyrgð á slysinu.

12) Þessi lausn fæli í sér að farið yrði með tjón, sem tjónþolar verða fyrir utan aðildarríkisins þar sem þeir hafa búsetu, eftir málsmeðferð sem þeim er kunn.

13) Það fyrirkomulag að hafa tjónsuppgjörsfulltrúa í aðildarríkinu þar sem tjónþoli hefur búsetu hefur hvorki áhrif á það hvaða efnisrétti skuli beita í hverju einstöku tilviki né á lögsögu.

14) Það að sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, skuli eiga rétt til að beina kröfu sinni beint til vátryggingafélags

---

([1]) Stjtíð. EB C 308, 20.11.1995, bls. 108.

([2]) Önnur tilskipun ráðsins (84/5/EBE) frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/232/EBE (Stjtíð. EB L 129, 19.5.1990, bls. 33).

([3]) Þriðja tilskipun ráðsins (90/232/EBE) frá 14. maí 1990 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB L 129, 19.5.1990, bls. 33).

er rökrétt viðbót við að tilnefna slíka fulltrúa og bætir auk þess lagalega stöðu tjónþola að því er varðar slys af völdum vélknúinna ökutækja sem eiga sér stað utan aðildarríkisins þar sem aðilinn er búsettur.

15) Í því skyni að bæta úr téðum atriðum, sem ábótavant er, skal kveða á um að aðildarríkið, þar sem vátryggingafélagið hefur starfsleyfi, krefjist þess að félagið tilnefni tjónsuppgjörsfulltrúa sem búsettir eru, eða hafa staðfestu, í hinum aðildarríkjunum og skulu þeir safna öllum nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við kröfur vegna slíkra slysa og gera viðeigandi ráðstafanir til að gera upp kröfur fyrir hönd vátryggingafélagsins og á kostnað þess, þar á meðal greiða skaðabætur. Tjónsuppgjörsfulltrúar skulu hafa umboð til að koma fram fyrir hönd vátryggingafélagsins gagnvart fólki sem orðið hefur fyrir tjóni vegna slíkra slysa, auk þess að koma fram fyrir hönd þess frammi fyrir innlendum yfirvöldum, þar á meðal dómstólum þegar þess gerist þörf, svo fremi það samræmist reglum alþjóðlegs einkamálaréttar um val á lögsögu.

16) Starfsemi tjónsuppgjörsfulltrúa er ekki nægilegur grundvöllur fyrir því að valin sé lögsaga dómstóla í aðildarríkinu, þar sem tjónþoli er búsettur, ef reglur alþjóðlegs einkamálaréttar um val á lögsögu kveða ekki á um það.

17) Tilnefning fulltrúa sem annast uppgjör bótakrafna skal vera eitt af skilyrðunum fyrir því að hefja og stunda vátryggingastarfsemi þá sem talin er upp í 10. flokki A-liðar í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE ([1]), að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga. Þetta skilyrði skal því uppfyllt með einu opinberu leyfi sem gefið er út af yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem vátryggingafélagið hefur aðalskrifstofu, eins og tiltekið er í II. bálki tilskipunar 92/49/EBE ([2]). Þetta skilyrði skal einnig gilda um vátryggingafélög sem hafa aðalskrifstofu utan bandalagsins og hafa tryggt sér leyfi sem heimilar þeim að hefja vátryggingastarfsemi í aðildarríki bandalagsins. Af þessum sökum skal tilskipun 73/239/EBE breytt og bætt við hana.

18) Auk þess að tryggja að vátryggingafélagið hafi fulltrúa í ríkinu þar sem tjónþoli er búsettur, er rétt að tryggja tjónþola þann rétt að krafan verði gerð upp eins skjótt og auðið er. Því er nauðsynlegt, ef vátryggingafélagið eða fulltrúi þess skyldu bregðast þeirri skyldu sinni að bjóða skaðabætur innan viðunandi frests, að í landslögum séu viðeigandi skilvirk og kerfisbundin stjórnsýsluviðurlög, fjárhagsleg eða jafngild, svo sem fyrirmæli ásamt stjórnsýslusektum, reglubundin skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda, vettvangseftirlit, birting í innlendu lögbirtingablaði og í dagblöðum, afturköllun á starfsemi félagsins (bann við gerð nýrra samninga í tiltekinn tíma), tilnefning sérstaks fulltrúa eftirlitsyfirvalda sem hefur eftirlit með því að rekstur sé í samræmi við vátryggingalög, afturköllun starfsleyfis eða viðurlög gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum. Þetta skal ekki hafa áhrif á beitingu neinna annarra ráðstafana, einkum og sér í lagi samkvæmt eftirlitslögum, sem kunna að teljast við hæfi. Til þess að vátryggingafélagið geti boðið bætur byggðar á rökstuðningi innan tilskilins frests er það þó skilyrði að ekki leiki vafi á bótaábyrgð og tjóninu sem orðið er. Rökstutt boð um skaðabætur skal vera skriflegt og í því tíundaður grundvöllur mats á bótaábyrgð og tjóni.

([1]) Fyrsta tilskipun ráðsins (73/239/EBE) frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).

([2]) Tilskipun ráðsins (92/49/EBE) frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, og um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).

19) Auk þessara viðurlaga er rétt að kveða á um að vextir skuli greiðast ofan á bótafjárhæð sem vátryggingafélag býður eða dómstóll dæmir tjónþola, hafi bætur ekki verið boðnar innan tilskilins frests. Ef innlendar reglur aðildarríkja taka til kröfu um dráttarvexti er heimilt að beita þessu ákvæði með tilvísun til þeirra reglna.

20) Tjónþolar, sem hafa orðið fyrir tjóni í slysi sem hlýst af notkun vélknúinna ökutækja, eiga stundum erfitt með að fá gefið upp nafn vátryggingafélagsins sem viðkomandi ökutæki eru ábyrgðartryggð hjá.

21) Aðildarríki skulu koma á fót upplýsingamiðstöðvum í þágu slíkra aðila til að tryggja að slíkar upplýsingar séu veittar eins skjótt og auðið er. Í þessum upplýsingamiðstöðvum skulu tjónþolar einnig geta nálgast upplýsingar um tjónsuppgjörsfulltrúa. Nauðsynlegt er að slíkar miðstöðvar hafi með sér samstarf og veiti skjót svör við beiðnum um upplýsingar um tjónsuppgjörsfulltrúa frá miðstöðvum í öðrum aðildarríkjum. Rétt er að slíkar miðstöðvar safni upplýsingum um það hvenær tryggingavernd rennur út í raun en ekki um það hvenær upprunalegum gildistíma tryggingaskírteinisins lýkur ef samninginn má endurnýja með því að segja honum ekki upp.

22) Setja skal sérákvæði um ökutæki (svo sem ökutæki í eigu hins opinbera eða hers) sem undanþágur frá ábyrgðartryggingarskyldu gilda um.

23) Ef lögmætir hagsmunir tjónþola felast í því að honum sé tilkynnt um deili á eiganda ökutækisins, þeim sem ekur því að jafnaði eða skráðum umráðamanni þess, svo sem ef hann getur einungis fengið bætur frá þessum mönnum vegna þess að ökutækið er ekki tryggt á viðeigandi hátt eða ef tjón nemur meiru en vátryggingarfjárhæð, ber einnig að veita þessar upplýsingar.

24) Tilteknar upplýsingar, svo sem nafn og heimilisfang eigandans eða þess sem ekur ökutækinu að jafnaði og númer vátryggingarskírteinis eða skráningarnúmer ökutækisins, eru persónuupplýsingar í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]). Vinnsla slíkra gagna, með skírskotun til þessarar tilskipunar, verður því að vera í samræmi við innlendar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt tilskipun 95/46/EB. Nafn og heimilisfang þess sem ekur ökutækinu að jafnaði skal því einungis látið uppi að kveðið sé á um slíkt í landslögum.

25) Nauðsynlegt er að tjónþoli geti leitað til tjónsuppgjörsstofnunar ef vátryggingafélagið hefur ekki tilnefnt fulltrúa eða er augljóslega að tefja uppgjör kröfu eða ef ekki eru vituð deili á vátryggingafélagi til þess að tryggja að tjónþoli verði ekki af þeim bótum sem hann á rétt á. Íhlutun tjónsuppgjörsstofnunar skal takmarkast við örfá, einstök tilvik þar sem vátryggingafélag hefur ekki uppfyllt skyldur sínar þrátt fyrir letjandi áhrif hugsanlegrar viðurlagaálagningar.

26) Hlutverk tjónsuppgjörsstofnunar er einungis að gera upp bótakröfur vegna hvers kyns tjóns sem tjónþoli verður fyrir þegar ekki leikur vafi á ábyrgð og því verður tjónsuppgjörsstofnun að takmarka starfsemi sína við að ganga úr skugga um að bætur hafi verið boðnar innan þeirra tímamarka og í samræmi við málsmeðferð sem mælt hefur verið fyrir um, án þess að meta málsatvik.

([1]) Stjtið. EB, L 281, 23.11.1995, bls. 31.

27) Lögpersónur, sem samkvæmt lögum ganga inn í kröfu tjónþola gegn þeim sem ber ábyrgð á slysinu eða vátryggingafélagi hans (svo sem, til dæmis, önnur vátryggingafélög eða tryggingastofnanir), skulu ekki eiga rétt á að gera samsvarandi kröfu á tjónsuppgjörsstofnun.

28) Tjónsuppgjörsstofnun skal eiga rétt á kröfuhafaskiptum að því marki sem hann hefur bætt tjónþola tjónið. Til að auðvelda tjónsuppgjörsstofnun að framfylgja kröfu sinni á hendur vátryggingafélagi, sem hefur ekki tilnefnt tjónsuppgjörsfulltrúa eða er augljóslega að tefja uppgjör kröfu, skal sá aðili sem greiðir bætur í ríki tjónþola sjálfkrafa öðlast endurkröfurétt með yfirfærslu réttinda tjónþola til tilsvarandi aðila í ríkinu þar sem vátryggingafélagið hefur aðsetur. Síðarnefndur aðili er í bestri aðstöðu til að höfða mál vegna endurkröfu á hendur vátryggingafélaginu.

29) Jafnvel þótt aðildarríkin geti séð til þess að krafa á hendur tjónsuppgjörsstofnun sé til vara skal ekki skylda tjónþola til að leggja fram kröfu á hendur þeim sem ber ábyrgð á slysinu áður en hann gerir kröfu á hendur tjónsuppgjörsstofnun. Staða tjónþola í slíku tilviki skal ekki vera lakari en þegar um er að ræða kröfu gegn ábyrgðarsjóði samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE.

30) Þetta kerfi má gera starfhæft með samningi milli tjónsuppgjörsstofnana, sem aðildarríkin koma á fót eða samþykkja, sem skilgreinir starfsemi þeirra og skyldur og málsmeðferð við endurgreiðslu.

31) Ef ómögulegt reynist að finna vátryggjanda ökutækisins skulu gerðar ráðstafanir til þess að sá sem að lokum á að reiða fram fjárhæðina sem tjónþoli fær í skaðabætur, sé ábyrgðarsjóðurinn sem kveðið er á um í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE í aðildarríkinu þar sem hið ótryggða ökutæki, sem olli slysinu, er að öllu jöfnu staðsett. Ef ómögulegt reynist að staðfesta um hvaða ökutæki er að ræða skulu gerðar ráðstafanir til þess að sá sem að lokum á að reiða fram fjárhæðina sé ábyrgðarsjóðurinn sem kveðið er á um í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE í aðildarríkinu þar sem slysið átti sér stað.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að mæla fyrir um sérákvæði sem gilda um tjónþola sem eiga rétt á skaðabótum vegna hvers kyns tjóns sem þeir verða fyrir í slysum, sem eiga sér stað í öðru aðildarríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, og hljótast af notkun ökutækja sem eru tryggð og að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki.

Með fyrirvara um löggjöf þriðju landa um skaðabótaábyrgð og alþjóðlegan einkamálarétt skal þessi tilskipun einnig gilda um tjónþola sem eru búsettir í aðildarríki og eiga rétt á bótum vegna hvers kyns tjóns af völdum slysa sem eiga sér stað í þriðju löndum þar sem landsskrifstofur bifreiðatrygginga, sem eru skilgreindar í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE, hafa gerst aðilar að fyrirkomulaginu um notkun græna skírteinisins ef slík slys hljótast af notkun ökutækja sem eru tryggð, og að jafnaði staðsett, í aðildarríki.

2. Ákvæði 4. og 6. gr. skulu aðeins gilda þegar um er að ræða slys sem hlýst af notkun ökutækis

a) sem er vátryggt hjá starfsstöð í öðru aðildarríki en því ríki þar sem tjónþoli er búsettur, og

b) sem er að jafnaði staðsett í öðru aðildarríki en því ríki þar sem tjónþoli er búsettur.

3. Ákvæði 7. gr. skulu einnig gilda um slys af völdum ökutækja frá þriðju löndum sem falla undir 6. og 7. gr. tilskipunar 72/166/EBE.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vátryggingafélag“: félag sem fengið hefur starfsleyfi yfirvalda í samræmi við 6. gr. eða 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 73/239/EBE;

b) „starfsstöð“: aðalskrifstofa, útibú eða umboð vátryggingafélags, eins og skilgreint er í c-lið 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE;

c) „ökutæki“: ökutæki eins og það er skilgreint í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

d) „tjónþoli“: tjónþoli eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

e) „aðildarríkið þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett“: landsvæðið þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett eins og það er skilgreint í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE.

3. gr.

Réttur til að beina kröfu beint til vátryggingafélags

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að tjónþolar þeir, sem um getur í 1. gr., sem hafa orðið fyrir slysi í skilningi þess ákvæðis, eigi rétt á að beina kröfu sinni beint til vátryggingafélagsins sem aðilinn, sem ber ábyrgð á slysinu, er ábyrgðartryggður hjá.

4. gr.

Tjónsuppgjörsfulltrúar

1. Sérhvert aðildarríki skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll vátryggingafélög, sem tryggja gegn áhættu sem flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE, annarri en ábyrgð vegna flutninga, tilnefni tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki öðru en því þar sem þau hafa fengið starfsleyfi yfirvalda. Tjónsuppgjörsfulltrúi skal fara með kröfur og uppgjör vegna tjóna af völdum slysa í þeim tilvikum sem um getur í 1. gr. Tjónsuppgjörsfulltrúi skal vera búsettur eða hafa staðfestu í aðildarríkinu þar sem hann hefur verið tilnefndur.

2. Val á tjónsuppgjörsfulltrúa skal vera ákvörðun vátryggingafélagsins. Aðildarríkjunum er óheimilt að takmarka þetta val.

3. Tjónsuppgjörsfulltrúi getur unnið fyrir eitt eða fleiri vátryggingafélög.

4. Tjónsuppgjörsfulltrúi skal, í tengslum við slíkar kröfur, safna öllum nauðsynlegum upplýsingum er varða tjónauppgjör og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að semja um þær. Sú krafa að tilnefndur sé tjónsuppgjörsfulltrúi skal ekki fyrirbyggja rétt tjónþola eða vátryggingafélags hans til að hefja málssókn beint gegn þeim sem var valdur að slysinu eða vátryggingafélagi hans.

5. Tjónsuppgjörsfulltrúar skulu hafa umboð til að koma fram fyrir hönd vátryggingafélagsins gagnvart tjónþolum í þeim tilvikum sem um getur í 1. gr. og bæta kröfur þeirra að fullu. Þeir verða að vera færir um að kanna mál á opinberu tungumáli eða -málum aðildarríkisins þar sem tjónþoli er búsettur.

6. Aðildarríkin skulu gera það að skyldu, og styðja með viðeigandi, árangursríkum og kerfisbundnum stjórnsýsluviðurlögum, fjárhagslegum eða samsvarandi, að innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar tjónþoli gerir bótakröfu, annað hvort beint á vátryggingafélag þess sem olli slysinu eða tjónsuppgjörsfulltrúa þess,

a) sé þess krafist að vátryggingafélag þess sem olli slysinu eða tjónsuppgjörsfulltrúi þess bjóði bætur og rökstyðji þær í tilvikum þar sem ekki ríkir ágreiningur um bótaábyrgð og tjón hefur verið metið, eða

b) þess sé krafist að vátryggingafélag sem bótakröfu er beint til eða tjónsuppgjörsfulltrúi þess gefi rökstutt svar við þeim atriðum sem tiltekin eru í kröfunni í tilvikum þar sem bótaábyrgð er hafnað eða ekki hefur verið skorið úr um hana eða ef tjón hefur ekki verið metið að fullu.

Aðildarríkin skulu setja ákvæði til að tryggja að þegar bætur eru ekki boðnar innan þriggja mánaða frestsins skuli vextir greiðast ofan á bótafjárhæðina sem vátryggingafélag býður eða dómstóll dæmir tjónþola.

7. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd fyrstu undirgreinar 4. mgr. og um skilvirkni þess ákvæðis sem og um samræmi innlendra viðurlagaákvæða fyrir 20. janúar 2006 og leggja fram tillögur ef nauðsyn ber til.

8. Tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa skal ekki í sjálfu sér teljast opnun útibús, í skilningi b-liðar 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE og tjónsuppgjörsfulltrúi skal ekki talinn vera starfsstöð í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE né starfsstöð í skilningi Brussel-samningsins frá 27. september 1968 um dómsvald og um viðurkenningu dóma í einkamálum ([1]).

5. gr.

Upplýsingamiðstöðvar

1. Í því skyni að gera tjónþola kleift að fara fram á bætur skal sérhvert aðildarríki koma á fót eða samþykkja upplýsingamiðstöð sem:

a) halda skal skrá um:

1. skráningarnúmer vélknúinna ökutækja sem eru að öllu jöfnu staðsett á yfirráðasvæði viðkomandi ríkis;

2. (i) númer vátryggingaskírteina sem taka til notkunar þessara ökutækja að því er varðar áhættu sem flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE, aðra en ábyrgð vegna flutninga, og, ef gildistími vátryggingaskírteinis er útrunninn, einnig daginn sem vátryggingarvernd rennur út;

(ii) númer græna skírteinisins eða landamæravátryggingaskírteinis ef annað þessara skjala gildir um

([1]) Stjtíð. EB C 27, 26.1.1998, bls. 1 (samsteypt skjal).

ökutækið, svo framarlega sem það nýtur undanþágunnar sem kveðið er á um í b-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

3. þau vátryggingafélög sem notkun ökutækja er tryggð hjá að því er varðar áhættu sem flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans við tilskipun 73/239/EBE, aðra en ábyrgð vegna flutninga, og tjónsuppgjörsfulltrúar sem tilnefndir eru af slíkum vátryggingafélögum í samræmi við 4. gr., en nöfn þeirra skulu tilkynnt upplýsingamiðstöðinni í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar;

4. skrá um ökutæki sem í hverju aðildarríki njóta undanþágu frá kröfu um ábyrgðartryggingarvernd í samræmi við a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

5. þegar um er að ræða ökutæki sem kveðið er á um í 4-lið:

(i) nafn yfirvalds eða stofnunar sem tilnefnd er í samræmi við aðra undirgrein a-liðar 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE til að annast bótagreiðslur til tjónþola í tilvikum þar sem málsmeðferðin, sem kveðið er á um í fyrsta undirlið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 72/166/EBE, á ekki við ef ökutækið nýtur undanþágunnar sem kveðið er á um í a-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

(ii) nafn stofnunar sem ábyrgist ökutækið í aðildarríkinu þar sem það er að öllu jöfnu staðsett ef ökutækið nýtur undanþágunnar sem kveðið er á um í b-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE;

b) eða samræma söfnun og miðlun þessara upplýsinga;

c) og aðstoða bótakröfuhafa við að fá aðgang að upplýsingunum sem fjallað er um í 1.-5. lið a-liðar.
Upplýsingar samkvæmt 1.–3. lið a-liðar skal geyma í sjö ár eftir að skráning ökutækisins eða gildistími vátryggingasamningsins rennur út.

2. Vátryggingafélög, sem um getur í 3. lið a-liðar í 1. mgr., skulu tilkynna upplýsingamiðstöðvum í öllum aðildarríkjunum nafn og heimilisfang þess tjónsuppgjörsfulltrúa sem þau hafa tilnefnt, samkvæmt 4. gr., í hverju aðildarríki.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að í sjö ár eftir slysið eigi tjónþoli rétt á því að upplýsingamiðstöðin í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur, í aðildarríkinu þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett eða í aðildarríkinu þar sem slysið átti sér stað, láti honum í té, án tafar, eftirtaldar upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang vátryggingafélagsins;

b) númerið á vátryggingaskírteininu; og

c) nafn og heimilisfang tjónsuppgjörsfulltrúa vátryggingafélagsins í ríkinu þar sem tjónþoli er búsettur.

Upplýsingamiðstöðvar skulu hafa með sér samvinnu.

4. Upplýsingamiðstöðin skal láta tjónþola í té nafn og heimilisfang eiganda ökutækisins, þess sem ekur því að jafnaði eða skráðs umráðamanns þess ef lögmætir hagsmunir tjónþola felast í því að hann fái þessar upplýsingar. Að því er varðar þetta ákvæði skal upplýsingamiðstöðin einkum snúa sér:

a) til vátryggingafélagsins, eða

b) til skráningarskrifstofu ökutækja.

Njóti ökutækið undanþágunnar, sem kveðið er á um í a-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE, skal upplýsingamiðstöðin tilkynna tjónþola um nafn þess yfirvalds eða stofnunar sem tilnefnd er í samræmi við aðra undirgrein a-liðar 4. gr. þeirrar tilskipunar til að annast bótagreiðslur til tjónþola í þeim tilvikum þar sem málsmeðferðin, sem kveðið er á um í fyrsta undirlið 2. mgr. 2. gr. í þeirri tilskipun, gildir ekki.

Ef ökutækið nýtur undanþágunnar, sem kveðið er á um í b-lið 4. gr. tilskipunar 72/166/EBE, skal upplýsingamiðstöðin tilkynna tjónþola nafn stofnunarinnar sem ábyrgist ökutækið í landinu þar sem það er að öllu jöfnu staðsett.

5. Sú vinnsla persónuupplýsinga, sem um getur í málsgreinunum hér að framan, skal fara fram í samræmi við innlendar ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við tilskipun 95/46/EB.

6. gr.

Tjónsuppgjörsstofnun

1. Sérhvert aðildarríki skal koma á eða samþykkja tjónsuppgjörsstofnun sem annast bótagreiðslur til tjónþola í þeim tilvikum sem um getur í 1. gr.

Slíkir tjónþolar geta gert kröfu á tjónsuppgjörsstofnun í aðildarríkinu þar sem þeir eru búsettir:

a) ef vátryggingafélag eða tjónsuppgjörsfulltrúi þess hefur ekki látið í té rökstutt svar við þeim atriðum sem koma fram í kröfu innan þriggja mánaða frá þeim degi sem tjónþoli gerði bótakröfu á hendur vátryggingafélaginu sem ökutækið, sem olli slysinu, var tryggt hjá eða á hendur tjónsuppgjörsfulltrúa þess; eða

b) ef vátryggingafélag hefur ekki tilnefnt tjónsuppgjörsfulltrúa í ríkinu þar sem tjónþoli er búsettur í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Í því tilviki geta tjónþolar ekki gert kröfu á hendur tjónsuppgjörsstofnun ef þeir hafa gert bótakröfu beint á hendur vátryggingafélaginu þar sem ökutækið, sem olli slysinu, var tryggt og hafa fengið rökstutt svar innan þriggja mánaða frá því að krafan var gerð.

Tjónþolar geta hins vegar ekki gert kröfu á tjónsuppgjörsstofnun hafi þeir hafið málsókn beint á hendur vátryggingafélaginu.

Tjónsuppgjörsstofnunin skal grípa til aðgerða innan tveggja mánaða frá þeim degi sem tjónþoli gerir bótakröfu á hendur henni en hún skal hætta aðgerðum ef vátryggingafélagið, eða tjónsuppgjörsfulltrúi þess, sendir í kjölfarið rökstutt svar við kröfunni.

Tjónsuppgjörsstofnunin skal þegar í stað tilkynna:

a) vátryggingafélagi ökutækisins sem olli slysinu eða tjónsuppgjörsfulltrúa þess;

b) tjónsuppgjörsstofnun í aðildarríkinu þar sem vátryggingafélagið, sem gaf út vátryggingaskírteinið, hefur staðfestu;

c) þeim sem var valdur að slysinu, ef vitað er,

að hún hafi móttekið kröfu frá tjónþola og að hún muni svara kröfunni innan tveggja mánaða frá því að hún var gerð.

Ákvæði þetta skerðir hvorki rétt aðildarríkis til að meta hvort bætur þessarar stofnunar teljast fullnaðarbætur eða ekki né til að setja ákvæði um tjónsuppgjör milli þess aðila og þess eða þeirra sem voru valdir að slysinu og annarra vátryggjenda eða tryggingastofnana á vegum hins opinbera sem eiga að greiða tjónþola bætur vegna sama slyss. Aðildarríki mega þó ekki veita tjónsuppgjörsstofnun heimild til þess að setja nein skilyrði fyrir greiðslu bóta, önnur en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, svo sem að tjónþoli sýni fram á að sá sem ber skaðabótaábyrgð sé ófær um eða neiti að bæta tjónið.

2. Tjónsuppgjörsstofnunin, sem bætt hefur tjónþola tjónið í ríkinu þar sem hann er búsettur, skal eiga rétt á að krefjast endurgreiðslu á fjárhæðinni, sem greidd var í bætur, frá tjónsuppgjörsstofnun í aðildarríkinu þar sem vátryggingafélagið, sem gaf út vátryggingaskírteinið, hefur staðfestu.

Réttindi tjónþola gagnvart þeim sem var valdur að slysinu eða vátryggingafélagi hans skulu þá færast yfir til síðarnefndrar tjónsuppgjörsstofnunar að því marki sem tjónsuppgjörsstofnunin í aðildarríkinu þar sem tjónþoli er búsettur hefur bætt tjónið sem um ræðir. Sérhverju aðildarríki ber skylda til að viðurkenna slík kröfuhafaskipti eins og kveðið er á um þau í hinum aðildarríkjunum.

3. Ákvæði þessarar greinar skulu koma til framkvæmda:

a) eftir að samningur hefur verið gerður milli tjónsuppgjörsstofnananna, sem komið er á eða sem aðildarríkin samþykkja, um störf þeirra og skyldur og málsmeðferð um endurgreiðslu;

b) frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin ákveður, eftir að hún hefur, í nánu samstarfi við aðildarríkin, gengið úr skugga um að slíkur samningur hafi verið gerður.

Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar greinar og um áhrif hennar fyrir 20. júlí 2005 og leggja fram tillögur ef nauðsyn ber til.

7. gr.

Ef ómögulegt reynist að staðfesta um hvaða ökutæki er að ræða eða ef ómögulegt reynist, innan tveggja mánaða frá slysinu, að finna vátryggingafélagið, getur tjónþoli sótt um bætur frá tjónsuppgjörsstofnun í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur. Tjón skal bætt í samræmi við 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE. Tjónsuppgjörsstofnunin skal þá eiga kröfu, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar:

a) ef ekki er unnt að staðfesta um hvaða vátryggingafélag er að ræða: á hendur ábyrgðarsjóðnum, sem kveðið er á um í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE, í aðildarríkinu þar sem ökutækið er að öllu jöfnu staðsett;

b) ef um er að ræða óþekkt ökutæki: á hendur ábyrgðarsjóðnum í aðildarríkinu þar sem slysið átti sér stað;

c) ef um er að ræða ökutæki frá þriðja landi: á hendur ábyrgðarsjóðnum í aðildarríkinu þar sem slysið átti sér stað.

8. gr.

Tilskipun 73/239/EBE er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 8. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„f) tilkynni nafn og heimilisfang tjónsuppgjörsfulltrúa sem tilnefndur er í hverju aðildarríki öðru en því þar sem sótt er um starfsleyfið, ef áhættan sem tryggt er gegn flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans, að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga.“

b) Í 2. mgr. 23. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„h) tilkynni nafn og heimilisfang tjónsuppgjörsfulltrúa sem tilnefndur er í hverju aðildarríki öðru en því þar sem sótt er um starfsleyfið, ef áhættan sem tryggt er gegn flokkast í 10. flokk í A-lið viðaukans, að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga.“

9. gr.

Tilskipun 88/357/EBE er breytt sem hér segir:

Í 4. mgr. 12. gr. a bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Ef vátryggingafélag hefur ekki tilnefnt fulltrúa geta aðildarríkin samþykkt að tjónsuppgjörsfulltrúi, sem tilnefndur er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2000/26/EB(*) annist störf fulltrúans sem tilnefndur er samkvæmt þessari málsgrein.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 88/357/EBE (Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).“

10. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta fyrir 20. júlí 2002 nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum fyrir 20. janúar 2003.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu aðildarríkin koma á fót eða samþykkja tjónsuppgjörsstofnun í samræmi við 1. mgr. 6. gr. fyrir 20. janúar 2002. Ef tjónsuppgjörsstofnanir hafa ekki gert samning í samræmi við 3. mgr. 6. gr. fyrir 20. júlí 2002 skal framkvæmdastjórnin koma með tillögu um ráðstafanir til að tryggja að ákvæði 6. og 7. gr. komi til framkvæmda fyrir 20. janúar 2003.

4. Aðildarríkin mega, í samræmi við sáttmálann, viðhalda eða samþykkja ákvæði sem eru hagstæðari fyrir tjónþola en ákvæðin sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari.

5. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

12. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu samþykkja viðurlög vegna brota á innlendum ákvæðum sem þau samþykkja til framkvæmdar þessari tilskipun og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þessum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði eigi síðar en 20. júlí 2002 og breytingar, sem kunna að verða gerðar á þeim, eins fljótt og unnt er.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. maí 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins, *Fyrir hönd ráðsins,*

Nicole FONTAINE Manuel CARRILHO

forseti. *forseti.*

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Tilefni frumvarps þessa er innleiðing á tilskipun 2000/26/EB um samræmingu á lögum aðildarríkja Evrópusambandsins um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingar á tilskipunum 72/239/EBE og 88/237/EBE, sem tekin hefur verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarpið miðar að því að auðvelda tjónþola að fá bætur vegna umferðarslyss í ríkjum EES og í Sviss. Er lagt til að dómsmálaráðherra viðurkenni svonefndan tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð í þessu skyni. Ekki er þó gert ráð fyrir að komið verði á fót ríkisstofnun, heldur að samtökin Alþjóðlegar bifreiða-

tryggingar á Íslandi sf. annist þetta hlutverk. Kostnaður við tjónsuppgjörsaðilann og upplýsingamiðstöðina greiðist af viðkomandi vátryggingarstarfsemi og er því ekki ástæða til að ætla að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

806. Tillaga til þingsályktunar [490. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla, þjóðaratkvæðagreiðsla, samhliða kosningum til Alþingis 10. maí nk. um hvort ráðist skuli í byggingu Kárahnjúkavirkjunar eða ekki. Alþingi felur ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna viðkomandi aðilum að ekki skuli hafist handa um framkvæmdir fyrr en að fengnu samþykki meiri hluta kjósenda en horfið frá þeim ella ef meiri hluti kjósenda reynist þeim andvígur. Alþingi felur dómsmálaráðherra að undirbúa og kynna kosninguna, þ.m.t. að tryggja að unnt verði að greiða atkvæði um málið í kosningum utan kjörfundar.

Greinargerð.

Bygging fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar og tengd stóriðja er í senn gríðarlega umdeilt og afdrifaríkt mál og niðurstaðan mun varða miklu um framtíð miðhálendisins. Umfangsmiklar virkjanaframkvæmdir setja nú æ meira mark á miðbik hálendisins sunnan jökla en svæðið norðan jökla er tiltölulega ósnortið enn. Fram undan eru alþingiskosningar 10. maí nk. og það ylli því óverulegum ef nokkrum töfum á upphafi eiginlegra framkvæmda að bíða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu ef samþykkt yrði. Reynist hins vegar meiri hluti þjóðarinnar andvígur framkvæmdunum yrði afstýrt því slysi að í þær væri ráðist í andstöðu við meirihlutavilja þjóðarinnar. Báðir málsaðilar ættu að eiga auðveldara með að sætta sig við niðurstöðu málsins ef ákvörðun verður tekin af þjóðinni sjálfri með framangreindum hætti.

Tillagan sem hér er flutt gerir ráð fyrir að samhliða alþingiskosningum 10. maí 2003 verði áform um mestu og umdeildustu framkvæmdir sem ráðgerðar hafa verið hérlendis borin undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu. Að baki liggja harðar deilur um Kárahnjúkavirkjun og hugmyndir um aðrar virkjanir á þessu svæði og úrskurður umhverfisráðherra frá 20. desember 2001 sem flestir viðurkenna að er byggður á þröngum pólitískum viðhorfum. Fjölmargar ástæður renna stoðum undir þá hugmynd að frekari framvinda málsins verði ráðin í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu sem allir atkvæðisbærir landsmenn geti tekið þátt í. Mótmæli síðustu daga og vikna eru þau mestu sem upp hafa risið í íslensku samfélagi á seinni árum, þar sem m.a. hafa verið haldnir fjölmennir útifundir og samkomur til varnar hálendi Íslands.

Kannanir á afstöðu almennings til Kárahnjúkavirkjunar hafa sýnt að þjóðin skiptist í fylkingar í afstöðu sinni. Einnig sést af blaðagreinum og skoðanaskiptum á netmiðlum að almenningur lætur sig málið miklu skipta. Hér er um óafturkræfar aðgerðir að ræða sem hafa áhrif löngu eftir daga þeirra sem nú lifa og bera ábyrgð á náttúru Íslands.

Einnig ber að líta á málið út frá alþjóðlegum skuldbindingum okkar í umhverfismálum, svo sem Ríó-yfirlýsingunni, rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og

samningnum um líffræðilega fjölbreytni, að ógleymdri áætlun um sjálfbær Norðurlönd sem Íslendingar eiga aðild að. Þá gera tilskipanir Evrópusambandsins kröfur til undirbúnings ákvarðana um framkvæmdir af þessu tagi, m.a. eru tilskipanir ESB grundvöllur laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Með alþjóðasamningum höfum við undirgengist mikilvægar skyldur er snerta varúð í umhverfismálum, trúverðugleika og gagnsæi í umfjöllun um þau og um að láta fara fram hlutlægt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda áður en ákvarðanir um þær eru teknar. En skyldur okkar lúta ekki síður að því að tryggja lýðræðisleg vinnubrögð við mat á umhverfisáhrifum. Um lýðræðislegu hliðina í þessu tiltekna máli má segja að margir telja stjórnvöld hafa farið offari í beitingu valds síns.

Flutningsmenn tillögunnar eru andvígir byggingu Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar og hafa margoft gert grein fyrir afstöðu sinni til þessara mála. Í ljósi þess hversu afdrifarík niðurstaða í þessu máli getur orðið fyrir nútíð og komandi kynslóðir telja flutningsmenn full rök standa til að gefa öllum kosningarbærum mönnum tækifæri til að taka afstöðu til framhalds þess í almennri atkvæðagreiðslu. Með kosningunni væri unnt að tryggja að ekki yrði af byggingu Kárahnjúkavirkjunar ef meiri hluti þjóðarinnar reyndist henni andvígur.

807. Tillaga til þingsályktunar [491. mál]

um að ríkisstjórnin beiti sér gegn áformum um innrás í Írak og að Ísland standi utan við hvers kyns hernaðaraðgerðir gegn Írak.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma þeirri afstöðu á framfæri á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem við á að leita skuli allra leiða til að afstýra innrás í Írak, þar á meðal að veita vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna nægan tíma til að ljúka störfum sínum. Komi til hernaðaraðgerða gegn Írak á næstu mánuðum skal Ísland tilkynna að ekki verði heimiluð afnot af aðstöðu á íslensku yfirráðasvæði né verði um neins konar þátttöku að ræða af Íslands hálfu í slíkum aðgerðum.

Greinargerð.

Allt frá því að vopnaeftirlit á vegum Sameinuðu þjóðanna hófst að nýju í Írak í lok nóvember á síðasta ári hefur það legið í loftinu að óháð niðurstöðum eftirlitsmanna yrði ráðist inn í landið. Fyrir því hafa verið færðar ástæður eins og þær að stjórnvöld í Írak búi yfir gereyðingarvopnum, heimsbyggðinni stafi hernaðarógn af Írak, í landinu sitji harðstjórn að völdum og að hún styðji hryðjuverkamenn. Það er sannfæring flutningsmanna að enginn vandi verði leystur með stríðsaðgerðum og þess vegna eigi Ísland ekki að styðja slíkar aðgerðir ef til þeirra kemur. Engu að síður telja flutningsmenn rétt að ræða í greinargerð þau atriði sem mest hefur verið haldið á lofti af þeim sem telja hugsanlegt að leiða málið til lykta með hernaðaraðgerðum.

Hugmyndir um stjórnarskipti í ljósi sögunnar.

Ýmsir ráðamenn á Vesturlöndum hafa rætt hugmyndir sínar um stjórnarskipti í Írak sem eitt af markmiðum innrásar í landið. Þær hugmyndir er rétt að skoða í ljósi reynslunnar af slíkri íhlutun á þessu svæði. Lengst af 20. öld voru ítök Breta og Bandaríkjamanna mikil í Miðausturlöndum, ekki síst við Persaflóa. Írak var meira að segja stofnað sem ríki af Bretum árið 1921 sem fóru með málefni þess í umboði Þjóðabandalagsins fyrstu árin. Saga vestrænna afskipta á þessu svæði er saga mistaka.

Írak var stofnað sem konungsríki og konungurinn sóttur til annars lands. Fyrir valinu varð Faysal, sonur Husseins konungs Sádi-Arabíu og bróðir Abdullah Jórdaníukonungs. Krýning Faysals fyrsta var upphafið að stjórnartíð Hasjímíta, sem náðu aldrei að vinna sér traust landsmanna, og henni lauk með blóðugri byltingu árið 1958. Fimm árum síðar, 1963, rændi svo Baath-flokkurinn völdum með umfangsmiklum stuðningi leyniþjónustu Bandaríkjanna en þá var Abdul-Karim Qassim, leiðtogi landsins, ráðinn af dögum. Baath-flokkurinn hefur síðan haldið völdum í Írak, lengst af undir forustu Saddams Husseins.

Í grannríkinu Íran var Muhammad Mossadeq steypt af stóli að undirlagi Bandaríkjastjórnar 1953 og til valda efldur Mohammed Reza Pahlavi, keisari. Ítök Bandaríkjamanna urðu svo mikil í valdatíð hans, m.a. vegna uppbyggingar olíuiðnaðarins, að andóf gegn keisarastjórninni varð jafnframt andóf gegn ítökum og íhlutun Bandaríkjastjórnar í málefnum landsins. Keisaradæmið leið undir lok með byltingu undir forustu bókstafstrúaðra shíta 1979 og við stjórnartaumum tók Ayatollah Ruhollah Khomeini.

Stafar grannríkjum Íraks geigvænleg hernaðarógn af Saddam Hussein?

Þegar rætt er um hvort rétt sé að gera innrás í Írak til að umbylta stjórnarfarinu er iðulega til þess tekið hversu árásargjarn Saddam Hussein sé og vonlaust að halda aftur af honum enda hafi hann tvívegis ráðist á önnur ríki, fyrst Íran 1980 og svo Kúveit 1990. Stríðsrekstur Íraka bliknar þó óneitanlega í samanburði við Egyptaland sem háði alls sex stríð á árunum 1948–1973, fimm gegn Ísrael auk borgarastyrjaldarinnar í Jemen (þar sem Egyptaher beitti efnavopnum). Fjórar styrjaldir af þessum sex hófust fyrst og síðast fyrir tilstilli Egypta. Þá hefur Ísraelsríki átt upptökin að þremur styrjöldum á þessu svæði fyrir utan óteljandi loftárásir og ýmsar takmarkaðar hernaðaraðgerðir gegn grannríkjunum. Að halda því fram að Írak hafi sérstaklega staðið fyrir ófriði í þessum heimshluta eru einfaldlega ekki gild rök í málinu.

Ef litið er á stríðin tvö sem Saddam Hussein hóf, gegn Íran og Kúveit, kemur í ljós að í báðum tilfellum réðst hann til atlögu gegn ríkjum sem voru einangruð og veik fyrir. Byltingin í Íran 1979 og það umrót sem henni fylgdi hafði vissulega dregið úr hernaðarmætti Írana. Þar að auki reyndi Íransstjórn leynt og ljóst að fá Kúrda í Norður-Írak og shíta-múslima í Suður-Írak til að gera uppreisn gegn stjórn Husseins þar sem markmið Íransstjórnar var að breiða út hina íslömsku byltingu. Saddam Hussein nýtti sér fjandskapinn milli Bandaríkjanna og Írans til að tryggja sér stuðning hinna fyrrnefndu í stríðinu sem stóð til 1988 og kostaði eina milljón mannslífa. Fyrir innrásina í Kúveit þreifaði hann fyrir sér með afstöðu Bandaríkjastjórnar til málsins. Á fundi með Saddam Hussein lýsti April Glaspie, sendiherra Bandaríkjanna, því yfir að bandarísk stjórnvöld hefðu „enga skoðun á innbyrðis átökum Arabaríkja, eins og landamæradeilu [Íraka] við Kúveit". Bandaríska utanríkisráðuneytið lýsti því yfir að Bandaríkin hefðu „engar sérstakar varnar- eða öryggisskuldbindingar gagnvart Kúveit". Þessar yfirlýsingar túlkaði Íraksstjórn sem vinsamlegt hlutleysi. Þegar hins vegar varð ljóst að beitt yrði fullri hörku til að hrinda innrásinni í Kúveit og Saddam sá að hann hafði metið stöðuna rangt lýsti hann sig þegar í stað tilbúinn til að draga hersveitir sínar til baka og virða

fyrri landamæri. Úr því varð ekki þar eð hann gat ekki fallist á þá skilmála Bandamanna að skilja allan vígbúnað sinn eftir í Kúveit. Lærdómurinn sem draga má af þessu er sá að Saddam Hussein hefur hingað til ekki verið tilbúinn að taka verulega áhættu í stríðsaðgerðum heldur velur hann veikburða andstæðinga sem virðast ekki hafa stuðning stórvelda. Í raun þarf það ekki að koma á óvart þar sem Saddam Hussein hefur alla tíð lagt höfuðáherslu á að halda völdum í Írak.

Ein helsta spurningin sem uppi er varðandi samskipti Íraks og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nú lýtur að meintum gereyðingarvopnum í eigu Íraka. Því hefur mjög verið haldið á loft í umræðum um Íraksdeiluna að nauðsynlegt sé að afvopna Íraka, einkum og sér í lagi ef í ljós komi að þeir ráði yfir gereyðingarvopnum. Ekki þarf að orðlengja þá afstöðu flutningsmanna að öllum slíkum vopnum beri að farga, hvar í heiminum sem þau finnast. Á hinn bóginn má spyrja við hvaða aðstæður mest hætta mundi stafa af slíkum vopnum, komi það á daginn að Íraksstjórn búi yfir þeim.

Þessi spurning er rædd á eftirtektarverðan hátt í grein eftir John J. Mearsheimer, prófessor við Chicago-háskóla, og Stephen M. Walt, prófessor við Harvard-háskóla, sem nefnist „Can Saddam Be Contained? History Says Yes," og birtist á vef CIAO-stofnunarinnar (Columbia International Affairs Online). Þeir Mearsheimer og Walt benda á að í Persaflóastríðinu 1991 skaut Íraksher eldflaugum á Ísrael og á Sádi-Arabíu. Þessar eldflaugar gátu borið efnavopna- og sýklavopnahleðslur en Íraksstjórn kaus ekki að beita slíkum vopnum þá. Þeim hefur ekki heldur verið beitt gegn bandarískum hersveitum við Persaflóa þrátt fyrir stöðugar loftárásir þeirra á Írak undanfarin tíu ár. Sú ályktun sem greinarhöfundar segja að megi draga af þessu er að Íraksstjórn beiti ekki slíkum vopnum að fyrra bragði vegna þess að yfir vofi hættan á að svarað yrði í sömu mynt. Jafnframt vitna þeir til bréfs sem George Tenet, yfirmaður leyniþjónustunnar CIA, sendi Bandaríkjaþingi til að skýra frá því mati sinnar stofnunar að ólíklegt væri að Saddam Hussein beitti gereyðingarvopnum gegn Bandaríkjamönnum nema því aðeins að þeir ógnuðu stjórn hans í Írak (grein þeirra Mearsheimer og Walt má lesa á vefslóðinni http://www.ciaonet.org/special_section/iraq/papers/was01/was01.html).

Þegar öllu er á botninn hvolft verður að telja undarlegt að sömu aðilar og á sínum tíma lögðu ofuráherslu á að viðhalda ógnarjafnvægi og hótun um „fullt endurgjald" til að „halda aftur af" Sovétríkjunum skuli nú telja ógn stafa af hugsanlegum vopnabúrum Íraka. Það er ekki sannfærandi og ber ekki vott um heilsteypta málafylgju ef svokölluð fælingaráhrif eru stundum tekin með í reikninginn og stundum ekki.

Síðast en ekki síst verður að minna á reynsluna af nýlegum hernaðaraðgerðum gegn Afghanistan og stjórnarskiptunum þar í landi. Enginn mælir bót þeirri stjórn sem þar var sett af en bæði hið skelfilega mannfall meðal óbreyttra borgara og núverandi ástand í landinu verður að hafa í huga þegar rætt er um að knýja fram stjórnarskipti í Írak með vopnavaldi.

808. Frumvarp til laga [492. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og foreldra“ í 4. mgr. kemur: foreldra og nemenda.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Nemendur kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda í viðkomandi skóla.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tveir fulltrúar nemenda, eða nemendaráðs þar sem það er starfandi, eiga rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur þau mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samningurinn um réttindi barna, oftast nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og með samþykkt þingsályktunar á Alþingi 13. maí 1992 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Það var gert hinn 28. október sama ár. Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum.

Í 12. gr. samningsins segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Flest börn dvelja stóran hluta dagsins í skóla og viðurkennt er að skólinn hefur mikil áhrif á uppeldi og félagsmótun barna og ungmenna. Fyrir mörg börn er skólinn bæði leik- og vinnustaður. Því er mikilvægt að börn og unglingar eigi þess kost að setja með formlegum og skipulegum hætti fram skoðanir sínar og álit á skipulagi vinnunnar, aðstöðu nemenda og vinnubrögðum á þessum mikilvæga vinnu- og leikstað sínum.

Í núgildandi lögum um grunnskóla er hlutur foreldra við stjórn grunnskólans og möguleikar til að hafa áhrif á störf hans auknir frá því sem var og er það vel. En í þeim sömu lögum er skertur réttur nemenda til að geta formlega komið á framfæri skoðunum sínum um skipulag skólastarfsins eða annað sem hefur bein áhrif á aðstæður nemenda í skólanum.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var gert ráð fyrir því að fulltrúi nemenda eða nemendaráðs ætti „rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins“. Við setningu núgildandi laga var þetta ákvæði fellt út með eftirfarandi rökstuðningi í greinargerð: „Rétt þykir að hafa

það í valdi hvers skóla hvernig formlegri aðild nemenda að stjórn skólans er fyrir komið.“ Í ljósi ákvæða barnasáttmálans um að börnum skuli tryggður réttur til að láta í ljósi skoðanir á öllum málum sem þau varða þykir rétt að ákvæði séu í grunnskólalögum þess efnis að börnin eigi þennan rétt án tillits til aðstæðna í viðkomandi skóla.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var einnig ákvæði um skólaráð sem skipað skyldi fulltrúum starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Skólum var þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði og fámenni nefnt sem gild ástæða. Ákvæði þess efnis í núgildandi lögum að skólastjóri skuli a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til að veita upplýsingar um skólastarfið og til að fjalla um starfsemi þessara ráða er e.t.v. sambærilegt við ákvæði eldri laga um skólaráð.

Í eldri lögum var ekki ákvæði þess efnis að fulltrúar nemenda ættu rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað væri um málefni sem snerta hagsmuni nemenda sérstaklega.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðanir sínar um öll mál sem snerta þau sjálf. Til að tryggja betur en nú er formlegan farveg fyrir nemendur grunnskólans til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þá sjálfa, er gerð tillaga um þessar breytingar á lögum um grunnskóla.

Frumvarp þetta var flutt á 126. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að nemendum sé bætt við í upptalningu 4. mgr. 13. gr. laganna á þeim sem rétt eiga til setu á fundum skólanefndar þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins eða önnur bein hagsmunamál nemenda.

Í ljósi þeirra verkefna sem skólanefnd eru falin þykir eðlilegt að nemendur eigi rétt til setu á fundum skólanefnda með málfrelsi og tillögurétti þegar skólanefnd fjallar um málefni sem snerta nemendur í viðkomandi skóla sérstaklega en í sumum skólahverfum eru fleiri en einn skóli. Skólanefnd staðfestir m.a. áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með námi og kennslu, skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi og skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Allt eru þetta verkefni sem eðlilegt er að nemendur fái að láta í ljós skoðun á þegar um þau er fjallað.

Ný málsgrein sem lagt er til að bætist við 13. gr. laganna fjallar um fyrirkomulag kosninga á fulltrúum nemenda til setu á skólanefndarfundum. Rétt þykir að nemendur kjósi fulltrúa beint úr sínum hópi þar sem einungis er heimilt en ekki skylt samkvæmt núgildandi lögum að stofna nemendaráð. Einnig þykir rétt að fulltrúar nemenda séu tveir svo að þeir hafi stuðning hvor af öðrum. Með því yrði tekið tillit til veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 2. gr.

Ný 2. mgr. er felld inn í 17. gr. Með málsgreininni er gert ráð fyrir því að nemendur, eða nemendaráð, eigi tvo fulltrúa á kennarafundum. Þetta er stutt sömu rökum og sett eru fram fyrir tveimur fulltrúum nemenda í skólanefnd, þ.e. að þeir styrki hvor annan vegna veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

809. Frumvarp til laga [493.mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Ögmundur Jónasson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir orðunum „heimild til“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Á eftir 3. þætti laganna kemur nýr þáttur, 4. þáttur, **Greiðsluaðlögun**, með tveimur köflum, XI. kafla, **Heimild til greiðsluaðlögunar**, með sjö nýjum greinum, 64.–70. gr., og XII. kafla, **Réttaráhrif greiðsluaðlögunar**, með tveimur nýjum greinum, 71.–72. gr., og breytist töluröð annarra þátta, kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (XI. kafli.)

a. (64. gr.)

Skuldari sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki atvinnurekstur getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. ákvæði 3. mgr., átt rétt á greiðsluaðlögun til allt að átta ára, en með greiðsluaðlögun er átt við að viðkomandi verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum.

Greiðsluaðlögun getur verið bæði frjáls og þvinguð, sbr. ákvæði 70. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt:

1. að skuldari sé í verulegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt að hann geti staðið við skuldbindingar sínar,
2. að skuldari sé fjár síns ráðandi,
3. að skuldari hafi þegar ráðið sér mann til faglegrar aðstoðar til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín; aðstoðarmaður skuldara þarf að fullnægja hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. og má ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans,
4. að bú skuldara sé hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hafi hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga á síðustu fimm árum,
5. að aðstæður hans mæli með því að öðru leyti; við matið ber m.a. að taka tillit til fjölskylduaðstæðna, hversu gamlar skuldirnar eru, hvernig til þeirra var stofnað og hvaða ráðstafanir skuldari hefur gert.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.

b. (65. gr.)

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á ákveðnar kröfur á hendur skuldaranum, sbr. 1.–5. tölul. 1. mgr. 28. gr. eftir því sem við á. Þó hefur greiðsluaðlögun áhrif á kröfu skv. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. ef hún er frjáls.

c. (66. gr.)

Skrifleg beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal send héraðsdómi í því

umdæmi sem skuldari á lögheimili. Með beiðni skal lögð fram yfirlýsing aðstoðarmanns skuldara um að hann sé fús til að taka að sér starfann og fullnægi hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. Tafarlaust eftir að beiðni hefur borist skal héraðsdómari ákveða hvenær hún verður tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Ákvörðun þessa tilkynnir héraðsdómari skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Þegar beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er fyrst tekin fyrir og mætt af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómara er rétt að benda skuldaranum á það sem kann að vera áfátt og veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að veita nánari upplýsingar um tiltekin atriði ef það verður talið geta borið árangur, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni. Héraðsdómara er einnig rétt að veita skuldaranum frest með sama hætti til að ráða sér annan mann til aðstoðar ef sá maður sem hann hefur ráðið í byrjun fullnægir ekki hæfisskilyrðum til starfans að mati héraðsdómara.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans þegar beiðni hans er tekin fyrir skoðast hún afturkölluð.

d. (67. gr.)

Þegar gagnaöflun um beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er lokið skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimildin sé veitt.

Héraðsdómari skal synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans hafi komið fram á síðustu fimm árum áður en beiðni hans um heimild til greiðsluaðlögunar var sett fram og krafan hafi hvorki verið afturkölluð né henni hafnað með úrskurði,
2. að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar eða leitað nauðasamninga á síðustu fimm árum áður en beiðni hans var lögð fram,
3. að ekki verði talið að skuldarinn eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum að þeir séu verulegir eða að ónógar upplýsingar hafi komið fram til að lagt verði mat á þá,
4. að ráðagerðir skuldarans um ráðstafanir meðan á greiðsluaðlögun stendur verði ekki taldar heimilar eða samrýmast tilgangi greiðsluaðlögunar, raunhæfar eða líklegar til árangurs, eða upplýsingar um þær séu svo óljósar að ekki þyki fært að leggja mat á þær,
5. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísvitandi rangar eða villandi,
6. að beiðni skuldarans eða fylgigögnum með henni sé áfátt í öðrum atriðum eða sá sem hann hefur ráðið sér til aðstoðar verði talinn vanhæfur til að gegna því starfi, enda hafi skuldarinn ekki sinnt ábendingu héraðsdómara skv. 2. mgr. 66. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til æðra dóms.

e. (68. gr.)
Aðstoðarmaður skuldara skal tafarlaust eftir veitingu heimildar til greiðsluaðlögunar boða lánardrottna skuldara og þá sem gengist hafa í ábyrgðir fyrir hann til fundar sem skal haldinn á varnarþingi skuldarans ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir þinghald sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 3. mgr. 67. gr., en að öðru leyti fer um ákvörðun um stað og stund fundarins og fundarboð eftir ákvæðum 13. gr.

f. (69. gr.)
Á fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem boðað er til skv. 68. gr., skal aðstoðarmaður skuldarans leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal andvirði hverrar eignar áætlað og fjárhæð hverrar skuldbindingar reiknuð út miðað við úrskurðardag, sbr. 3. mgr. 67. gr. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn gera grein fyrir hvernig hann telur að unnt sé að tryggja kröfur lánardrottna sem best og hvað hefur þegar verið gert í þeim efnum.
Aðstoðarmaðurinn stjórnar fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum og færir fundargerð, en í henni skulu viðhorf þessara aðila til ráðagerða hans og tillögur þeirra koma skýrlega fram. Í þessum efnum skal farið eftir ákvæðum 4. og 5. mgr. 88. gr. að því leyti sem við getur átt, en rétt til fundarsóknar eiga þeir sem gefa sig fram á fundarstað og kveðjast eiga kröfu á hendur skuldaranum sem hann kannast við eða þeir sýna skilríki fyrir eða hafa gengist í ábyrgð fyrir hann.

g. (70. gr.)
Í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið í úrskurði sínum skv. 3. mgr. 67. gr. skal aðstoðarmaður leggja fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, sönnur fyrir því að boðað hafi verið til fundar með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum eftir fyrirmælum 68. gr. og leggja fram fundargerð af fundinum og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun. Í skriflegri áætlun um greiðsluaðlögun skal m.a. koma fram hversu mikið skuldir eigi að lækka og hvernig greitt verði. Þá skal einnig gera ráð fyrir brýnasta framfærslukostnaði skuldara. Ef lánardrottnar skuldara mæta ekki á dómþing eða gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun með úrskurði.
Mæti lánardrottinn skuldara í þinghald skv. 1. mgr. og leggi þar fram skrifleg og rökstudd mótmæli gegn því að beiðnin verði tekin til greina skal fara með slík mótmæli eftir 175. gr. ef hvorki skuldarinn né lánardrottinn hans falla frá kröfum sínum. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir mótmæli lánardrottins er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun. Slíkum úrskurði verður skotið til æðra dóms.

B. (XII. kafli.)
a. (71. gr.)
Heimild til greiðsluaðlögunar sem staðfest er með úrskurði héraðsdómara skv. 70. gr. bindur lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um kröfur þeirra á hendur skuldara. Efndir samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.
Áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

Á meðan greiðsluaðlögun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Heimild til frjálsrar eða þvingaðrar greiðsluaðlögunar leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 1.–3. og 5. tölul. 123. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

b. (72. gr.)

Árlega skal aðstoðarmaður skuldara gefa lánardrottnum og ábyrgðarmönnum skýrslu um framkvæmd og efndir skuldara samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 64. gr. um átta ára hámarkstíma greiðsluaðlögunar og ákvæði 4. mgr. sömu greinar um að greiðsluaðlögun skuli aðeins veitt einu sinni er skuldara mögulegt að leggja fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með slíka beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á.

Þóknun aðstoðarmanns skuldara skal greiðast úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

3. gr.

Í stað orðanna „heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar“ í 1. málsl. 1. mgr. 166. gr. (er verður 175. gr.) kemur: heimild til greiðsluaðlögunar, sbr. 70. gr., og áframhaldandi greiðslustöðvunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2003.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 125. og 127. löggjafarþingi og er nú lagt fram á ný óbreytt að frátöldum nýjum upplýsingum um fjölda nauðasamninga og gjaldþrota til ársloka 2002. Þá er einnig gerð grein fyrir nokkrum athugasemdum sem fram komu í þeim umsögnum sem bárust allsherjarnefnd á 127. löggjafarþingi.

Markmið frumvarpsins er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum og er lagt til að tekinn verði upp í lög um gjaldþrotaskipti o.fl. sérstakur kafli um greiðsluaðlögun sem veiti einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur meiri möguleika á því að takast á við greiðsluvanda sinn en nú. Hér er um að ræða nýtt úrræði og er greiðsluaðlögun ætluð þeim sem árangurslaust hafa reynt ráðgjöf og aðstoð við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum og ekkert blasir við annað en viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot.

Hugsunin að baki þessu nýja úrræði er sú að hér sé um að ræða leið sem er ekki aðeins til hagsbóta fyrir einstaklinga eða heimili í miklum greiðsluerfiðleikum heldur einnig fyrir lánardrottna og samfélagið í heild. Greiðsluaðlögun gefur fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþroti. Auk þess gefur þessi leið möguleika á að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggilegri sýn úr annars vonlausri stöðu. Greiðsluaðlögun eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda, fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum inn-

heimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja oft í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

— Um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot, sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á.
— Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í átta ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum.
— Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.
— Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.
— Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.
— Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.
— Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.
— Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar oftar en einu sinni.
— Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.
— Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar.

Hinn 13. september 1993 var skipuð nefnd af þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var falið það verkefni að meta gagnsemi þess að koma á fót sérstakri greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Nefndinni var jafnframt falið að kanna reynslu annarra Norðurlandaþjóða af löggjöf um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum og undirbúa frumvarp ef þurfa þætti.

Nefndin skilaði skýrslu um málið 16. maí 1994 og þar kom m.a. fram að Danir voru fyrstir til að koma á sérstakri greiðsluaðlögun, 1. júlí 1984. Í byrjun árs 1993 tóku gildi lög í Noregi um greiðsluaðlögun. Í skýrslunni segir síðan nánar um norsku lögin: „Markmið þeirra er að aðstoða einstaklinga sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluvandræðum til að ná tökum á fjármálum sínum“. Til þess að koma megi á greiðsluaðlögun þarf viðkomandi að leggja

fram nákvæmt yfirlit yfir eignir, tekjur og skuldir. Framkvæmdin er á herðum sýslumanns („namsmann"). Umsókn um greiðsluaðlögun fer til úrskurðar hjá „namsrett". Ef skuldameðferð er heimiluð hefst þriggja mánaða tímabil meðan greiðsluaðlögun er undirbúin. Lögin gera ráð fyrir fimm ára greiðsluaðlögunartímabili þar sem skuldara er gert að lifa spart og selja eignir á meðan grynnkað er á skuldum. Að því loknu má fella niður eftirstöðvarnar ef skuldarinn hefur uppfyllt skilyrði greiðsluaðlögunar. Lögin veita skuldara viss réttindi meðan unnið er að undirbúningi greiðsluaðlögunar, þau eru:

— samningsréttur,
— réttur til að halda eftir ákveðnu lágmarki tekna til að geta séð sér farborða,
— heimilisréttur sem tryggir húsnæði sem uppfyllir lágmarkskröfur,
— möguleika á að koma sér úr fjárhagsvandræðum í framtíðinni með því að standast skilyrði greiðsluaðlögunar og sýna þannig vilja til að vinna úr vandanum.

Það er álit flestra að árangur af greiðsluaðlögun sé góður í Noregi. Um 5.500 umsóknir bárust fyrsta árið. Áhrifin hafa m.a. orðið þau að í auknum mæli hafa tekist frjálsir samningar milli aðila sem taka mið af þeim reglum sem lögin um greiðsluaðlögunin byggjast á. Rúmlega 22.000 manns hafa leitað til sýslumanna með fyrirspurnir um greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika. Um 1.100 mál eru í vinnslu en greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum er í gangi hjá 315 skuldurum. Auk þess sem að lögin hafa auðveldað frjálsa samninga milli aðila þá hafa þau um leið auðveldað samvinnu milli lánastofnana og opinberra aðila um lausn greiðsluvanda. Lögin hafa lagt grunn að frjálsum samningum milli aðila, verið leiðbeinandi og auðveldað fólki að ná frjálsum samningum þegar í óefni er komið. Fram kemur að opinberir aðilar eiga mun takmarkaðri möguleika á sveigjanleika í samningum vegna þess að þeir starfa jafnan eftir þröngum lagaramma.

Samkvæmt rannsóknum Norðmanna er sá hópur sem lent hefur í erfiðleikum fyrst og fremst fólk með mjög lágar tekjur og skuldir sem eru 5–6 sinnum meiri en almennt gerist. Margir þeirra sem sótt hafa um greiðsluaðlögun eru fráskilið fólk með börn undir 18 ára aldri á sínu framfæri. Einnig reyndust margir vera með litla menntun, en í Ósló hins vegar voru 40% umsækjenda með háskólamenntun. 87% umsækjenda eru með skuldir sem tengjast núverandi eða fyrra húsnæði en aðeins um helmingur umsækjenda býr í eigin húsnæði. Næstum allir (98%) eiga ekki fyrir skuldum – eru sem næst gjaldþrota. Mikil vandamál tengjast lánum með ábyrgð þriðja aðila, þ.e. foreldra, systkina, sambúðaraðila eða vina. Í Noregi hafa 20% foreldra sem eiga uppkomin börn gengið í ábyrgð á lánum fyrir börn sín. Verið er að kanna leiðir til úrbóta í þessum málum í Noregi og upplýst hefur verið að væntanlegar eru tillögur um breytingar á reglum um skilyrði fyrir ábyrgð þriðja aðila."

Þá segir í skýrslunni um ráðgjöf og fyrirbyggjandi aðgerðir í Noregi:

„Í allri umfjöllun Norðmanna um reynsluna af greiðsluaðlögun er undirstrikuð sérstaklega nauðsyn fyrirbyggjandi aðgerða og mikilvægi fræðslu og ráðgjafar um fjármál heimilanna. Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að frelsi á fjármagnsmarkaði hefur aukist með afnámi hafta og skömmtunar á fjármagni. Þá má merkja svipaða þróun útlánaþenslu, aukinnar skuldsetningar heimila, verðfalls fasteigna, aukins atvinnuleysis og greiðsluerfiðleika. Á níunda áratugnum var þróunin á Norðurlöndunum á sama veg, skuldir heimilanna jukust verulega umfram ráðstöfunartekjur. Skuldahlutfallið náði hámarki á hinum Norðurlöndunum á árunum 1988–1989 en hefur farið lækkandi. Þessi þróun hefur leitt til þess að leitað hefur verið ráða til að leysa greiðsluvandamál og ekki síst reynt að girða fyrir frekari vandræði í framtíðinni.

Afnám hafta á fjármagnsmarkaði hefur m.a. leitt til aukinnar samkeppni lánastofnana um lántakendur. Á lánamarkaði eru fleiri kostir í boði en áður og því nauðsynlegt að geta valið

um bestu kjör hverju sinni. Oft er erfitt fyrir almenning að gera sér grein fyrir raunverulegum fjármagnskostnaði eða bera saman þá möguleika sem í boði eru. Ráðgjöf og fræðsla eru lykilorð í þessu sambandi.“

Þá segir í stuttu máli um norsku lögin í skýrslunni:

„Norskum lögum um greiðsluaðlögun („Lov om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner“) er ætlað að gefa fólki sem á í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná tökum á fjármálum sínum. Í greiðsluaðlögun felst fjármálameðferð sem miðar að því að finna leið til þess að fólk geti greitt skuldir sínar, að svo miklu leyti sem það er unnt án þess að verða gjaldþrota. Þá er gert ráð fyrir því að þeim verðmætum sem fólkið á, en getur verið án, verði deilt milli kröfuhafa. Fyrst er dregin upp mynd af skulda- og eignastöðu skuldara og síðan er með greiðsluaðlögun skipulagt hvernig leysa megi úr fjármálunum til frambúðar. Greiðsluaðlögun getur byggst á samningum við kröfuhafa, svonefndri frjálsri greiðsluaðlögun eða á úrskurði, þvingaðri greiðsluaðlögun.

Lögin ná yfir allar skuldir einstaklinga, aðrar en þær sem raktar verða til eigin atvinnurekstrar, nema í undantekningatilvikum. Hverjum manni verður aðeins einu sinni veitt greiðsluaðlögun.“

Í skýrslunni var einnig fjallað um hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um greiðsluaðlögun á Íslandi með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið:

„Greiðsluaðlögun eins og hún birtist í lögum nágrannaþjóðanna, sérstaklega í löggjöf Norðmanna, er hér hefur verið gerð grein fyrir, virðist henta einstaklingum sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið, komið reglu á fjármál sín. Hins vegar taka lög nágrannaþjóðanna ekki nema að takmörkuðu leyti til þess að heimilt sé með úrskurði að fella niður eða breyta lánstíma og lánakjörum þegar kemur að skuldum sem veð er fyrir og skilja eftir sem næst eyðu þegar kemur að skuldum tryggðum með ábyrgð þriðja manns, kaupum með eignarréttarfyrirvara eða kaupleigu.

Norsku lögin gera ráð fyrir að íbúðarhúsnæði skuldara sé einungis selt til fullnustu skulda, sé þörf á því, og um sé að ræða of stórt eða dýrt húsnæði. Hvað íslenskar aðstæður varðar er sérstaklega bent á að í kjölfar aukins atvinnuleysis og minnkandi yfirvinnu sem brúað hefur erfiðasta bilið í fjárfestingum einstaklinga, má telja líklegt að um nokkurn tíma haldi áfram að síga á ógæfuhliðina í fjármálum og öruggri búsetu og heimilishaldi einstaklinga. Með það í huga að mikil þörf er þegar fyrir félagslegt eignar- og leiguhúsnæði fyrir einstaklinga sem ýmist hafa ekki haft ráð á því að kaupa eigið húsnæði eða tapað því í kjölfar nauðungaruppboða eða gjaldþrots, virðist æskilegt að með nokkrum öðrum hætti sé á þessu tekið hér á landi. Í ríkari mæli verði tryggt að íbúðarhúsnæði verði ekki selt, sé það innan hæfilegra marka.

Með framanritað í huga og að þeirri staðreynd gefinni að skuldasamsetning íslenskra heimila sé þannig að þar sé verulegur hluti ýmist veðtryggður, tryggður með ábyrgð þriðja manns eða með öðrum álíka tryggum hætti, má vera ljóst að greiðsluaðlögun að norrænni fyrirmynd myndi ekki leysa til fullnustu þann brýna vanda sem þúsundir íslenskra fjölskyldna glíma nú við. Hins vegar eru ekki til í dag samræmd úrræði til aðstoðar skuldugum einstaklingum og nothæf lögbundin úrræði skortir. Nefndin er því einhuga um að brýn þörf sé fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun sem sérstaklega yrði sniðin að íslenskum aðstæðum í samræmi við íslenskt réttarfar. Markmið slíkrar löggjafar yrði jafnframt að fylla í þá eyðu sem vanræksla á fjármunalegu uppeldi og langtímafjárhagsvandræði hafa skapað í lífi og starfi íslenskra fjölskyldna. Margföldunaráhrif slíkra aðgerða myndu ekki einasta skila sér til þeirra einstaklinga sem í hlut eiga, heldur einnig til nánustu ættingja og vina. Eins myndi úrræði eins og greiðsluaðlögun gera það verklag lánastofnana og aðila í viðskiptalífi, að lána

fé án tillits til greiðslugetu lánþega, fráhrindandi. Nauðsynlegt er að á því sé tekið á meðvitaðan hátt, að breyta þeirri hefð að lánsfé sé ætíð falt án tillits til greiðslugetu, einungis ef veð eða sjálfskuldarábyrgðir þriðja manns eru fáanlegar.“

Loks segir í skýrslunni um tillögur nefndarinnar um greiðsluaðlögun og fyrirbyggjandi aðgerðir:

„Nota má þann stofn sem hin norrænu greiðsluaðlögunarlög mynda, sérstaklega hin norsku, sem grunn. Nefndin leggur til að við þennan stofn verði bætt úrræðum sem til lengri tíma myndu skapa einstaklingum skjól til endurskipulagningar og meðvitundar um fjármál sín. Þau myndu gera þeim kleift að greiða verulegan hluta skulda sinna án þess að fjölskyldur þeirra komist á vergang og einnig tryggja kröfuhöfum uppgjör þess hluta krafna sinna sem þeir fyrirsjáanlega myndu fá greiddan í kjölfar gjaldþrots, uppboða eða í skjóli ómarkvissrar endurskipulagningar fjármála í kjölfar greiðslustöðvana. Líklegt má og telja að með greiðsluaðlögun fengju kröfuhafar meira í sinn hlut en ella yrði.

Til þess að ná þessum markmiðum leggur nefndin til að samið verði frumvarp til laga um greiðsluaðlögun sem taki til einstaklinga utan atvinnureksturs. Einstaklingar sem komist hafa í greiðsluvandræði og jafnframt verið aðilar að atvinnurekstri myndu falla undir lögin hafi starfseminni verið hætt, nema sérstaklega standi á.

Skilyrði yrðu að öðru leyti opin enda vart hægt að leggja til að samofin félagsleg- og fjármálaleg úrræði til bjargar einstaklingum í fjárhagsvandræðum standi ekki öllum til boða sem eru í svipaðri stöðu. Um er að ræða úrræði sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð félagsleg áhrif fjárhagsvandræða svo sem upplausn fjölskyldna, vanrækslu barna og ör búsetuskipti.“

Síðan framangreind skýrsla var unnin hafa stjórnvöld gert tilraunir til að bregðast við vanda einstaklinga í greiðsluerfiðleikum, m.a. með því að setja á fót Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Úrræði þau sem ákveðin voru fyrir einstaklinga í greiðsluvanda með lögum um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, lögum um mögulega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti, nr. 64/1996, og lögum um mögulega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 71/1996, geta hins vegar ekki komið í stað greiðsluaðlögunar og hafa þau ekki komið til móts við þarfir skuldugra einstaklinga sem vilja ráða bót á fjárhagsvanda sínum. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn sem Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram á Alþingi vorið 1997 kom í ljós, samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum, að á árunum 1992–95 óskuðu 16 einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga (þskj. 845, 439. mál 121. löggjafarþings). Í 15 tilvikum var slík heimild veitt og nauðasamningur staðfestur í kjölfarið en ein beiðni afturkölluð. Frá gildistöku framangreindra laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 1. júlí 1996, og fram til 10. nóvember 1997 höfðu síðan 47 einstaklingar sótt um slíka aðstoð, 29 fengið, níu verið synjað um slíka aðstoð, þrjár beiðnir verið afturkallaðar og nokkrar beiðnir voru enn í nefnd þeirri sem veitir umsögn um réttaraðstoð samkvæmt lögunum. Samkvæmt nýlegum upplýsingum frá Héraðsdómi Reykjavíkur sóttu 32 einstaklingar um heimild til að leita nauðasamninga frá 1. janúar 1997–28. nóvember 2002.

Í skýrslu hagdeildar ASÍ frá desember 2002, um horfur í atvinnumálum í upphafi vetrar, kemur fram á bls. 12 að gjaldþrotum hafi fjölgað jafnt og þétt frá árinu 1998. Þá voru þau 248 á ári en voru 361 í árslok 2001.

Miðað við þann fjölda heimila í landinu sem býr við mikla greiðsluerfiðleika og ekkert blasir við nema gjaldþrot ef ekkert verður að gert er ljóst að úrræðið um heimild til að leita nauðasamninga er engan veginn nægilega virkt. Þá hefur sú gagnrýni komið fram að fjárhæðin sem einstaklingur á rétt á samkvæmt lögunum, 250 þús. kr. miðað við vísitölu neyslu-

verðs 1. febrúar 1996, dugi skammt og stór hluti hennar fari í að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnu lögmanns sem aðstoðar skuldarann. Þá er þess að geta að frá gildistöku framangreindra laga um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti til 30. apríl 1997 uppfyllti ekkert erindi skilyrði 4. mgr. 1. gr. laganna, en þar er kveðið á um að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og að uppfylltum nánari skilyrðum í lögunum. Samkvæmt upplýsingum frá Lánstrausti voru gerð 5.393 árangurslaus fjárnám hjá einstaklingum árið 2001 en árið 2000 voru þau 3.941. Aukning milli ára er því um 36%. Ef marka má fyrstu sjö mánuði ársins 2002 stefnir í yfir 20% aukningu milli áranna 2001 og 2002. Þá er þess að geta að árin 1993–95 voru 1.990 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota eða að meðaltali 663 á ári og árið 1995 voru flestir sem úrskurðaðir voru gjaldþrota í aldurshópnum 35–39 ára.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum í Reykjavík, sem fram komu í mars 2002, fjölgaði nauðungarsölum um nærfellt 550 árið 2001 eða úr 3.851 árið 2000 í 4.400 árið 2001, en það jafngildir rúmlega 14% aukningu. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumannsembættinu í Reykjavík voru fjárnám árið 2000 samanlagt 23.387 talsins og þar af voru ný mál á árinu 16.720. Fjárnám árið 2001 voru alls 30.860 talsins en það jafngildir tæplega 32% fjölgun mála milli ára. Ný mál árið 2001 voru 22.709 sem er tæplega 36% aukning milli ára.

Á 121. löggjafarþingi, veturinn 1996–97, fluttu Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Tillagan tók mið af því að tryggður yrði betur réttur skuldara við fjárnám, nauðungarsölu og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta. Í umsögn Húsnæðisstofnunar ríkisins um tillöguna kom eftirfarandi fram: „Húsnæðisstofnun er þeirrar skoðunar að lög frá fyrra ári um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, lög um hugsanlega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga og lög um hugsanlega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti vegna greiðsluerfiðleika einstaklinga, komi ekki í stað greiðsluaðlögunar, í því formi sem framangreind nefnd [þ.e. nefnd sú sem Jóhanna Sigurðardóttir skipaði og fjallað er um hér að framan] lagði til að yrði tekin upp hér á landi og sem lagt er til að tekin verði upp samkvæmt tillögu til þingsályktunar. Lög um greiðsluaðlögun myndu væntanlega miða að því að verja heimili þeirra fjölskyldna, sem lenda í verulegum greiðsluvanda. Framangreind lög um réttaraðstoð og niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun og á tekju- og eignarskatti ganga ekki nærri eins langt í því efni.“

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að tryggja afkomu einstaklinga sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið komið reglu á fjármál sín. Greint er á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar: Annars vegar frjálsrar greiðsluaðlögunar sem byggist á nokkurs konar samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skulda, niðurfellingu skulda að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili sem stæði yfir í allt að átta ár og úrskurðar héraðsdómari um heimild til slíkrar greiðsluaðlögunar. Hins vegar getur héraðsdómari, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, úrskurðað að greiðsluaðlögun skuli heimil þó að ekki náist samkomulag við lánardrottna og er þá um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að ráða sér aðstoðarmann. Greiðsluaðlögun leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin nær til og geta lánardrottnar ekki krafist fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða vegna sömu skuldar á greiðsluað-

lögunartímabili. Hið sama gildir um ábyrgðarmenn skuldara. Ekki er unnt að ganga að þeim á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Rökin fyrir slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að komið verði í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinga. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til sem flestra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara þegar um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða. Veðkröfur falla hins vegar ekki undir áætlun um greiðsluaðlögun ef um þvingaða greiðsluaðlögun er að ræða enda eru veðréttindi óbein eignarréttindi sem varin eru af stjórnarskránni. Þá er hið síðastnefnda einnig í samræmi við önnur úrræði sem kveðið er á um í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt, síðast á 127. löggjafarþingi. Flestar umsagnir sem allsherjarnefnd Alþingis bárust um málið voru afar jákvæðar. Þannig segir í umsögn ASÍ að Alþýðusamband Íslands styðji eindregið að sett verði lög um greiðsluaðlögun einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur. Orðrétt segir síðan: „Mikil þörf er á setningu laga af þessum toga. Nauðasamningar einstaklinga eru fátíðir enda úrræðið flókið og erfitt í framkvæmd. Réttarstaða einstaklinga í greiðsluvandræðum gagnvart kröfuhöfum er veik og núgildandi löggjöf nánast alfarið sniðin að þörfum kröfuhafa.“ BSRB mælir einnig með samþykkt frumvarpsins, sem og félagsmálastofnanir Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akureyrar. Þá mæla Neytendasamtökin eindregið með samþykkt frumvarpsins en gera nokkrar tillögur að breytingum sem rýmka nokkuð aðgengi að þeim úrræðum sem lagt er til í frumvarpinu að tekin verði upp.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. laganna er gerð til samræmis og með hliðsjón af þeirri breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. að unnt verði að leggja fram beiðni til héraðsdóms um heimild til greiðsluaðlögunar auk þeirra úrræða sem fyrir eru, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýjum þætti í lögin sem beri yfirskriftina Greiðsluaðlögun og undir hann heyri tveir kaflar, XI. kafli, Heimild til greiðsluaðlögunar, og XII. kafli, Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um A (XI. kafla).

Í kaflanum er fjallað um það hvað átt er við með greiðsluaðlögun, hver skilyrði hennar eru, til hvaða krafna áætlun um greiðsluaðlögun nær, aðstoðarmann þess sem beiðist greiðsluaðlögunar, beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar og meðferð hennar og úrskurð héraðsdómara um frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun.

Um a-lið (64. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að með greiðsluaðlögun sé átt við að tiltekinn skuldari verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau eru annars vegar að skuldari þurfi að eiga lögheimili á Íslandi og hins vegar að hann stundi ekki atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Þá er í málsgreininni vísað til nánari skilyrða skv. 3. mgr. sem þarf að uppfylla og tekið fram að unnt sé að fá heimild til greiðsluaðlögunar til allt að átta ára.

Í 2. mgr. kemur fram að greiðsluaðlögun geti verið bæði frjáls og þvinguð og vísast um það til athugasemda við g-lið, 70. gr.

Í 3. mgr. er að finna nánari skilyrði þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt. Meðal þeirra skilyrða er að skuldari ráði sér aðstoðarmann sem fullnægja þarf ákveðnum hæfisskilyrðum og að auki má aðstoðarmaðurinn ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans.

Í 4. mgr. er síðan tekið fram að ekki sé unnt að veita sama skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 72. gr.

Um b-lið (65. gr.).

Í greininni er kveðið á um að greiðsluaðlögun hafi ekki áhrif á allar kröfur á hendur skuldara og er vísað til ákvæða 1. mgr. 28. gr. laganna, sem tekur til nauðasamninga, í því sambandi eftir því sem við getur átt. Þó gildir sú undantekning að greiðsluaðlögun tekur einnig til veðkrafna á hendur skuldara ef um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða enda er þá um samkomulag við lánardrottna að ræða.

Um c-lið (66. gr.).

Hér er kveðið á um aðgerðir héraðsdómara þegar honum hefur borist beiðni skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar. Gert er ráð fyrir að héraðsdómari boði skuldarann til þinghalds af þessu tilefni og setji eftir atvikum þing þegar komið er með beiðnina og taki hana formlega fyrir. Ef skuldari mætir ekki til þings telst beiðni hans afturkölluð, sbr. ákvæði 3. mgr. Ef mætt er af hálfu skuldara er til þess ætlast að héraðsdómari leiti upplýsinga um atriði sem ekki koma nægilega fram í beiðninni eða fylgigögnum með henni en gætu haft þýðingu. Þá er gert ráð fyrir að skuldarinn geti fengið skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða veita nánari upplýsingar eða til að ráða sér nýjan aðstoðarmann ef þess er þörf.

Um d-lið (67. gr.).

Í greininni er að finna ákvæði um hvenær héraðsdómara er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að ef héraðsdómari telur skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar skal tiltaka það í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna þegar endanlegur úrskurður um heimildina verður felldur og þar með gefa skuldara og aðstoðarmanni hans tíma til að ná til lánardrottna og ábyrgðarmanna, sbr. athugasemdir við e-lið, 68. gr., til að kanna afstöðu þeirra.

Um e-lið (68. gr.).

Eftir úrskurð héraðsdómara skv. 67. gr. skal aðstoðarmaður skuldara tafarlaust tilkynna öllum lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem vitað er um, um veitingu heimildar til greiðslustöðvunar og boða þá um leið til fundar við sig sem ber að halda a.m.k. þremur sólarhringum áður en þinghald verður háð til að staðfesta fyrri úrskurð. Aðstoðarmanni ber að senda fundarboðið í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, með hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram hvar og hvenær fundur verður haldinn, hvenær heimild hafi verið veitt og hvenær dómari tekur málið fyrir að nýju.

Um f-lið (69. gr.).

Í greininni kemur fram um hvað skal fjalla á fundi aðstoðarmanns og skuldara með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum. Þá er vísað til ákvæða 4. og 5. mgr. 88. gr.

Um g-lið (70. gr.).

Í þinghaldi sem dómari boðar til skv. 67. gr. leggur aðstoðarmaður fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldara, sönnur fyrir fundi og fundargerð skv. 68. gr. og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun þar sem m.a. skal koma fram hversu mikið skuldir eiga að lækka og tekið tillit til brýnasta framfærslukostnaðar skuldara. Ef lánardrottnar mæta ekki eða mæta og gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun. Mæti lánardrottinn hins vegar og leggi fram skrifleg og rökstudd mótmæli skal farið með slík mót-

mæli eftir ákvæðum 175. gr. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir framkomin mótmæli er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun, þ.e. greiðsluaðlögun í andstöðu við lánardrottna.

Um B (XII. kafla.).

Í kaflanum er fjallað um réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um a-lið (71. gr.).

Í greininni er tekið fram að áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki og gilda því um greiðsluaðlögun að þessu leyti sömu reglur og gilda um réttaráhrif nauðasamninga. Undantekning frá þessu kemur hins vegar fram í 4. mgr. því að heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Um b-lið (72. gr.).

Í 2. mgr. er kveðið á um þá undanþágu frá ákvæðum 64. gr. að skuldari geti lagt fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með þá beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á. Þá er gert ráð fyrir að þóknun skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um 3. gr.

Breytingin er lögð fram til samræmis við þá breytingu að nýjum kafla um greiðsluaðlögun er bætt inn í lögin, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júní 2003 og því gefist nokkur tími til aðlögunar.

810. Svar [419. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um Sundabraut.

1. *Telur ráðherra koma til greina að beitt verði 29. gr. vegalaga við fjármögnun Sundabrautar og að Reykjavíkurborg verði krafin um greiðslu aukakostnaðar sem hlýst af því að farin verði sú leið sem borgin leggur til við lagningu brautarinnar?*

Lagagreinin sem vísað er til, 29. grein vegalaga, hljóðar svo: „Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá. Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.“

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar er það á verksviði Vegagerðarinnar að ákveða hvort heimildarákvæðinu er beitt og Vegagerðin hefur kynnt þá afstöðu sína að hún muni bera fyrir sig þessa lagagrein, ef leið borgarinnar er valin. Það er á hinn bóginn hlutverk samgönguráðherra að úrskurða í málinu, ef ágreiningur rís milli aðila.

Af þessari hlutverkaskipan leiðir að samgönguráðherra getur ekki svarað umræddri spurningu, þar eð með því yrði hann vanhæfur til að úrskurða í málinu, ef það kæmi til hans síðar.

2. *Ef svo er, hver eru rökin fyrir því að beita slíkri heimild í tilviki Sundabrautar?*

Þessari spurningu verður heldur ekki svarað af ástæðum sem raktar eru hér á undan. Þess ber og að gæta að mál þetta er enn á undirbúningsstigi og Vegagerðin hefur ekki fengið það til formlegrar afgreiðslu, þ.e. aðeins liggur fyrir fjárheimild Alþingis til undibúnings verksins.

3. *Hefur slíkri heimild verið beitt áður, og ef svo er, í hvaða tilvikum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni hefur heimildarákvæðið einu sinni beinlínis ráðið vali á veglínu. Það var í Stykkishólmi, en sveitarstjórn hafði hug á nýrri legu fyrir innkeyrslu í bæinn. Sveitarstjórn féll frá þeirri ósk þegar henni var gerð grein fyrir að heimildarákvæðinu yrði beitt. Ákvæðið hefur oftar borið á góma í samskiptum Vegagerðarinnar og sveitarstjórna þó að ekki hafi reynt á það.

811. Svar [420. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um arðsemismat vegna Sundabrautar.

1. *Hver er áætluð arðsemi ólíkra leiða við fyrirhugaða Sundabraut? Svar óskast sundurliðað eftir leiðum.*

Fimm valkostir um legu og útfærslu Sundabrautar hafa verið til skoðunar undanfarið. Stofnkostnaður þeirra og arðsemi sést í eftirfarandi lista.

Leið I, ytri leið, há bitabrú, kostnaður 9,9 milljarðar kr., arðsemi 10%.
Leið I, ytri leið, botngöng, kostnaður 13,8 milljarðar kr., arðsemi 7%.
Leið III, innri leið, grunnlausn, kostnaður 8,7 milljarðar kr., arðsemi 11%.
Leið III, innri leið, landmótunarleið, kostnaður 6,9 milljarðar kr., arðsemi 14%.
Leið V, jarðgöng kostnaður 12,0 milljarðar kr., arðsemi 8%.

2. *Eru umhverfisáhrif á Elliðavog og lífríki Elliðaáa tekin inn í slíkt arðsemismat, þ.m.t. loft- og hljóðmengun nálægra íbúðarsvæða?*

Kostnaður við mótvægisaðgerðir gegn hávaða, svo að hljóðstig verði innan viðmiðunarmarka reglugerðar, er innifalinn í heildarkostnaðaráætlun hverrar lausnar og hefur því áhrif á arðsemisútreikninga.

Niðurstöður útreikninga á loftmengun gefa ekki tilefni til sérstakra mótvægisaðgerða. Rannsóknir á lífríki í Elliðavogi og í Elliðaám, m.a. á hegðun laxfiska, hafa verið gerðar með hliðsjón af öllum leiðum. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir en bráðabirgðaniðurstöður benda ekki til þess að þau skilyrði sem lífríkið setur framkvæmdum við hina ýmsu kosti hafi nokkur teljandi áhrif á samanburð þeirra með tilliti til kostnaðar og arðsemi.

812. Svar [480. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Engin störf á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess voru flutt út á land árið 2002.

813. Svar [478. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Engin fjarvinnsluverkefni voru flutt út á land árið 2002 á vegum ráðuneytisins eða stofnana og fyrirtækja þess. Á fyrstu vikum ársins hóf ANZA hf. að reka á Akureyri gagnagrunnsþjón fyrir Landskrá fasteigna í kjölfar útboðs sem fram fór 2001. Sú starfsemi skapar 2–3 ný störf hjá fyrirtækinu á Akureyri. Skráning upplýsinga í Landskrá fasteigna fer fram hjá sýslumannsembættum um land allt auk þess sem byggingafulltrúar sveitarfélaga annast skráningu. Ráðið var í nýtt starf á skrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri til þess að annast upplýsingaþjónustu og landsupplýsingakerfi.

814. Svar [474. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Engin fjarvinnsluverkefni eða störf á vegum ráðneytisins voru flutt út á land á árinu 2002. Hins vegar tekur ráðuneytið fram, eins og gert var í svari þess við sambærilegri fyrirspurn sama þingmanns í febrúar á síðasta ári vegna ársins 2001, að ráðuneytið hefur stuðlað að fjarkennslu víða um land og í því sambandi hafa verið settar á stofn símenntunarmiðstöðvar víða á landsbyggðinni. Eins og fram kom í framangreindu svari er Símenntunarmiðstöð Vesturlands í Borgarnesi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði, Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar er á Sauðárkróki, Fræðslunet Austurlands á Neskaupstað, Fræðslunet Suðurlands á Selfossi, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum í Reykjanesbæ, Fræðslumiðstöð Þingeyinga á Húsavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Menntasmiðjan eru á Akureyri. Þá er stunduð fjarkennsla og fjarnám á vegum háskóla og framhaldsskóla um allt land.

Í tilefni af fyrirspurninni var óskað eftir upplýsingum og svörum frá undirstofnunum ráðuneytisins vegna ársins 2002. Í svari Ríkisútvarpsins var bent á að það rekur öfluga starfsemi í þremur landshlutastöðvum sínum utan Reykjavíkur og þar fer fram fjarvinnsla á fréttum og hljóð- og myndefni sem sent er út á vegum miðla Ríkisútvarpsins til landsins alls og einstakra landshluta. Á síðasta ári var hrundið í framkvæmd áætlun um að styrkja þennan þátt starfsemi Ríkisútvarpsins enn frekar með flutningi dagskrárstjórnar Rásar 2 til Akureyrar og auknu starfi í landshlutastöðvunum almennt. Enn fremur koma þarna við sögu sjálfstætt starfandi framleiðendur, myndatökumenn og fréttamenn víða um landið.

Önnur fjarvinnsluverkefni og störf sem þeim fylgdu á vegum undirstofnana ráðuneytisins árið 2002 voru á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Fyrirtækið Landvist á Húsavík annaðist innslátt og skráningu gagna um safngripi og muni fyrir safnið í fjarvinnslu. Skráð var í sameinlegan gagnagrunn allra safna, Sarp. Samtals voru þetta þrjú stöðugildi. Sams konar verkefni voru unnin hjá Forsvari á Húsavík, samtals 1,5 stöðugildi.

815. Svar [471. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Því er til að svara að engin fjarvinnsluverkefni eða störf voru flutt út á land á vegum ráðuneytisins og stofnana þess árið 2002.

816. Svar [100. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um rannsóknir á nýtingu fiskúrgangs o.fl.

Leitað var til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar um svör við fyrirspurninni. Í svari Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins kom fram að verulegar rannsóknir hafi verið gerðar á möguleikum til að auka nýtingu þess hráefnis sem til fellur við veiðarnar. Iðulega hefur frekari þróun hugmynda og þekkingar strandað á markaðsmálum, þar sem ekki hefur reynst vera fyrir hendi markaður sem er tilbúinn að greiða fyrir afurðirnar það sem þarf til að standa undir fjárfestingu við að koma vinnslunni í gang. Ráðherra skipaði nefnd til að koma með ábendingar og tillögur um leiðir til að auka verðmæti sjávarafurða, svokallaða AVS-nefnd. Þess er vænst að í framhaldi af tillögum hennar verði unnt að leggja grunn að frekari nýtingu fiskúrgangs sem hráefni til vinnslu. Ekki hefur farið mikið fyrir rannsóknum er varða 2. og 3. lið fyrirspurnarinnar. Samkvæmt upplýsingum Hafrannsóknastofnunarinnar er, í ljósi þess hve mikið af dýraleifum leggst til í vistkerfinu og hverfur á náttúrulegan hátt, ekkert sem bendir til þess að losun á ferskum fiskúrgangi hafi slæm áhrif á lífríkið, þó að vissulega geti slík losun haft staðbundin áhrif.

1. *Hvaða rannsóknir, innlendar eða erlendar, hafa verið gerðar á nýtingu aukahráefna (afskurðar, hausa, hryggja, innyfla og roðs) sem falla til við fiskvinnslu á sjó og landi? Hverjar eru helstu niðurstöður þeirra?*

Fjölmargar rannsóknir, íslenskar og erlendar, hafa eins og áður segir verið gerðar á nýtingu hráefnis sem fellur til við vinnslu aðalafurða, bæði í landi og um borð í vinnsluskipum. Fjölmargar skýrslur hafa verið gefnar út um þessi mál og afurðir og vinnslugreinar orðið til í kjölfar þessara verkefna. Þar má nefna t.d. nýtingu á fiskhausum, hrognum, afskurði og rækjuskel. Verkefnin hafa mörg hver tengst greiningu á aukahráefninu og hefur m.a. verið könnuð magndreifing, vinnslunýting og efnasamsetning, auk eðlis- og efnaeiginleika hráefnis og aukaafurða.

Aukahráefni er mikið að umfangi og margbreytilegt og kosta þarf til rannsókna til að finna hagkvæmustu vinnsluleiðir, bestu geymsluaðferðir og bestu markaðina fyrir hvern afurðaflokk. Sú vinna verður að vera í samstarfi við fiskiðnaðinn, útgerðirnar og rannsóknastofnanir.

Hráefni sem fellur til um borð í vinnsluskipum hefur verið nýtt í einhverjum mæli og það sem viðunandi verð fæst fyrir á mörkuðum er að miklu leyti hirt, t.d. afskurður og hrogn. Á síðustu árum hefur markaðsverð á þurrkuðum þorskhausum farið hækkandi í Nígeríu og er nú hægt að fá viðunandi verð fyrir frosna þorskhausa til þurrkunar. Í framhaldi af því hefur frysting á hausum um borð aukist.

Þó að fyrir liggi allmikil þekking um mögulegar framleiðsluaðferðir og -afurðir er óvíst hver markaðurinn er fyrir slíkar afurðir.

2. *Hafa verið gerðar rannsóknir hérlendis eða erlendis á áhrifum þess á lífríkið þegar miklu magni af aukahráefnum frá fiski eða annarri vinnslu, t.d. á skel og rækju, er hent í hafið? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?*

Starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar er ekki kunnugt um neinar sérstakar rannsóknir, innlendar eða erlendar, á áhrifum fiskúrgangs á lífríki sjávar. Þó má nefna að á árunum 1954–56 kom upp sveppasýking í síldarstofninum í St. Lawrence flóa þannig að mikið

af síldinni drapst. Á þessum árum var þorskur stærri en 50 sm úttroðinn af síld. Þetta leiddi til mikillar vaxtaraukningar hjá þorskstofninum í St. Lawrence flóa en ekki er vitað til að dauð síld hafi valdið mengun á svæðinu.

Einnig eru til mörg dæmi um hvernig lífríkið við Ísland tekur við dauðum fiski og fiskúrgangi. Má þar nefna að gríðarlega mikið af fiski drepst af náttúrulegum orsökum á Íslandsmiðum. Eftir hrygningu ár hvert drepast um eða yfir 400.000 tonn af loðnu og verður hennar t.d. vart á grunnslóð vestan við landið. Einum eða tveimur mánuðum síðar verður ekki vart við dauða loðnu en engin merki eru um mengun. Trúlega er megnið af dauðu loðnunni étið af ýmsum nytjastofnum, svo sem þorski, ýsu, steinbít, humri og rækju og nýtist þannig beint til vaxtar. Annað er étið af öðrum lífverum, svo sem krabba, marfló og öðrum lífverum sem nytjastofnar nærast á. Því má reikna með að loðna sem drepst eftir hrygningu hafi góð áhrif á nytjastofna við landið.

Oft er miðað við að um 20% af þorski og mörgum öðrum langlífum fisktegundum drepist á hverju ári. Magnið sem drepst mun líklega nema hundruðum þúsunda tonna á hverju ári. Álitið er að mest af þessu sé étið af öðrum fiskum. Ekki er vitað til að þetta valdi mengun. Þá er álitið að brottkast bolfisks, einkum smáfisks, nemi árlega þúsundum tonna á Íslandsmiðum og fiskúrgangur frá vinnsluskipum árlega 60–70 þúsund tonnum. Fiskúrgangur frá veiði- og vinnsluskipum dreifist að jafnaði mjög mikið úti á miðunum og stór hluti hans er étinn af ýmsum dýrastofnum. Þannig éta ýmsir sjófuglar, svo sem fýll, máfur og svartfugl, töluvert sem til fellur. Mikið af því sem sekkur til botns er étið af þorski og öðrum nytjastofnum. Oft finnst niðurburður í mögum fiska, t.d. síldarhausar og slóg í þorski, grálúðuhausar o.fl. Þó er ljóst að stórir fiskhausar og dálkar eru of stór biti fyrir algengustu stærð af fiskum á miðunum og verða því ekki nýttir sem fæða nema af hræætum, svo sem humar, krabba og marfló sem naga fisk af beinum.

Þó að fiskúrgangur geti haft góð áhrif á nytjastofna sjávar geta áhrifin einnig verið óæskileg, svo sem staðbundin mengun inni á fjörðum. Enn fremur er hugsanlegt að fiskur sem lifir á slógi sýkist af sníkjudýrum sem getur verðfellt fiskinn og aukið kostnað við vinnsluna.

3. *Liggja fyrir einhverjar rannsóknir á áhrifum þess á fiskgöngur þegar miklu magni fiskúrgangs er hent á viðkvæma fiskislóð? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?*

Starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar er ekki kunnugt um að gerðar hafi verið sérstakar rannsóknir á áhrifum fiskúrgangs á fiskgöngur. Þó er vitað að losun á fiskúrgangi getur dregið að fisk í fæðuleit. Þannig safnaðist mikið af þorski og ufsa í Siglufjörð þar sem síldarúrgangur var losaður í fjörðinn á síldarárunum í kringum 1960. Eftir að farið var að veiða kúfisk á Vestfjörðum tóku sjómenn eftir því að þorskur safnaðist í plógfarið. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar fengu mikið af þorski í dragnót í Aðalvík á Hornströndum skömmu eftir veiðar á kúfiski. Þorskurinn var úttroðinn af kúfiski og öðrum botndýrum. Við 17 mánaða tilraunafóðrun í Stöðvarfirði safnaðist töluvert af þorski og ýsu á fóðrunarsvæðin og átu það fóður sem losað var, loðnu og niðurskorna síld. Vaxtarhraði þorskanna sem tóku fóðrið (2.254 g/ár) var u.þ.b. þrefaldur á við hina sem ekki tóku fóðrið (725 g/ár). Hugsanlegt er að skemmdur úrgangur fæli fisk af veiðislóð.

817. Svar [102. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um nýtingu afla af fullvinnsluskipum og öðrum skipum sem vinna afla um borð.

1. *Hve mikill var afli þeirra skipa fiskveiðiárið 2001–2002 sem teljast svonefnd fullvinnsluskip samkvæmt sérstökum leyfum?*

Heildarafli fullvinnsluskipa var 168.861 tonn, miðað við afla upp úr sjó (óslægt), á fiskveiðiárinu 2001/2002, sbr. töflu 1. Afli þessi er bakreiknaður frá meginafurðum skipanna, sbr. reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, og reglugerð nr. 511/1998, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

2. *Hve mikill var afli annarra skipa sem vinna afla sinn um borð án sérstakra leyfa?*

Afli annarra skipa sem vinna aflann um borð og frysta var 66.130 tonn á sama tímabili, sbr. töflu 2.

3. *Hve miklum afurðum landa þessi skip og hver er nýtingin á afla þeirra, sundurliðað eftir tegundum?*

Heildarmagn afurða sem skip lönduðu, sbr. svör við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar, á fiskveiðiárinu 2001/2002 var 136.600 tonn, sbr. töflu 3. Þar er landað fiskimjöl bakreiknað til upprunalegs magns miðað við 19% nýtingu fiskúrgangs í afurð. Meðalnýting afla vinnsluskipa upp úr sjó í landað magn var því 58%. Til samanburðar yrði meðalnýting þorskafla skipa sem slægja aflann um borð í landað magn því 84%. Heildarnýting vinnsluskipa samkvæmt framangreindum upplýsingum um landaðar afurðir og afurðir umreiknaðar til afla á fiskveiðiárinu 2001/2002 (bráðabirgðatölur) er 58,1%. Heildarnýting vinnsluskipanna á fiskveiðiárinu 2000/2001 var 60%. Lækkun heildarnýtingar milli fiskveiðiára er vegna stóraukinnar vinnslu síldar um borð í veiðiskipum, sem eykur verulega útflutningsverðmæti síldarafurða. Ef aukning síldarafla og -afurða er undanskilin þá batnaði heildarnýting skipanna á milli fiskveiðiára. Til dæmis jókst löndun á þorskhausum úr 678 tonnum á fiskveiðiárinu 2000/2001 í 1.250 tonn á síðastliðnu fiskveiðiári.

4. *Hve mörg tonn af afla þessara skipa nýtast ekki til vinnslu um borð í skipunum og er hent fyrir borð, sundurliðað eftir tegundum?*

Það magn sem ekki er nýtt til vinnslu um borð er mismunur milli afla skipanna og landaðra afurða, þ.e. 98.371 tonn, sbr. töflu 3 en þar kemur fram sundurliðun eftir tegundum.

Tafla 1. Afli fullvinnsluskipa fiskveiðárið 2001/2002, óslægt, í kg.

Skipa-nr.	Nafn skips	Aðrar teg.	Blálanga	Djúpkarfi	Gullkarfi	Grálúða	Gulllax	Hlýri	Keila	Langa	Lang-hali	Litli karfi	Lang-lúra	Lúða	Lýsa
1270	Mánaberg	115	2.433	171.167	147.047	410.345	5.704	37.265		4.443				2.152	4.363
1273	Vestmannaey	22.685	38.118	337.316	495.271	125.084	772.323	18.831	3.395	13.719	18.430			3.299	176
1279	Brettingur	4.699	10.519	1.169.275	154.576	657.735	1.320	13.586	42	691				2.344	
1308	Venus	5.270	9.623	833.188	575.106	154.579	33.463	23.115		328				4.021	1.352
1328	Snorri Sturluson	52	8.444	298.361	843.264	420.379	74.200	32.343		4.791	2.071			1.146	513
1345	Freri	5.488	2.852	596.001	326.739	413.243	87.952	23.201		3.532	247		172	3.349	4.637
1351	Akureyrin	525		192.783	478.477	992.294	3.340	7.427						593	
1360	Kleifaberg	1.145	10.592	383.252	360.884	637.500	17.995	51.701	229	3.975				3.178	600
1369	Akureyrin	0	662	53.308	853.149	161.126	11.585	26.237		1.247				1.242	
1376	Víðir	795	844	19.344	868.061	50.313	870	28.384		369		1.055		4.712	1.453
1484	Margrét	0		49.606	111.973	1.230.005	12.471	36.409	33	2.856	602			144	294
1530	Sigurbjörg	894	1.246	176.076	396.730	800.072	10.808	42.177	444	9.483	985			1.626	9.086
1536	Barði	1.949	23.921	229.795	439.863	622.229	370.468	39.281	760	7.698	3.037			2.910	7.661
1579	Gnúpur	542	39.290	371.682	948.603	231.605	291.153	29.422	790	11.642	1.265	240		3.541	12.055
1628	Hrafn	2.539	63.093	250.781	619.461	802.289	492.182	20.749	2.413	17.334	16.067		161	4.315	9.434
1833	Málmey	6.293	1.829	152.542	964.022	650.409	9.154	33.912						3.381	4.785
1868	Helga María	145	4.622	420.915	874.772	566.946	72.262	25.379		540	863			1.600	933
1880	Ýmir	2.684	7.954	875.921	37.732	232.413	186.315	19.454			2.602			5.131	
1902	Höfrungur III	779	9.854	566.338	1.511.723	915.557	213.821	18.326		879	771		22	402	1.875
1937	Björgvin	731		20.589	18.885	1.038.917		27.237			810				
1972	Hrafn Sveinbjarnarson	2.076	54.752	254.332	547.229	798.724	793.277	34.897	5.428	16.549		20.010	24	1.346	2.648
1977	Júlíus Geirmundsson	11.553	1.172	126.366	31.677	2.453.311	1.589	68.756			1.327			3.989	
2020	Þórunn Sveinsdóttir	0		10.222	159.179			7.421	7	25.651				2.047	2.109
2067	Frosti	3.974	3.847	28.923	70.079	4.372	69.234	18.122	458	9.056				2.005	
2158	Tjaldur	4.049	13.391	255	10.286	402.759		6.881	61.974	23.015				1.933	
2165	Baldvin Þorsteinsson	1.475	1.619	103.600	1.240.103	257.780	6.550	20.015						5.274	8.373
2170	Örfirisey	2.429	10.851	802.786	1.004.316	346.915	109.777	28.203	149	3.315	1.902		257	2.592	10.974
2182	Rán	2.646	15.275	353.866	135.566	84.075	92.347	21.718						2.941	1.981
2184	Vigri	8.200	12.735	859.531	1.039.357	474.134	207.372	24.019		6.063			121	6.390	1.047
2203	Þerney	411	10.049	569.651	1.129.676	352.298	84.126	27.265	306	8.975	1.496		100	5.647	15.981
2265	Arnar	3.872	1.182	105.764	217.939	775.987	7.764	50.436		2.364	14.567			4.331	2.308
2526	Gunnar	0			281			3.573	9.987	1.362					
2527	Jóhanna	0			379	544		2.571	738					755	
	Samtals	**98.015**	**360.769**	**10.383.536**	**16.612.405**	**17.063.939**	**4.039.422**	**868.313**	**87.153**	**179.877**	**67.042**	**21.305**	**857**	**88.336**	**104.638**

Skipa-nr.	Nafn skips	Rækja	Sand-koli	Stein-bítur	Skráp-flúra	Skarkoli	Sólkoli	Skötu-selur	Tinda-skata	Úthafskarfi Ufsi		Ýsa	Þorskur	Samtals
1270	Mánaberg			49.911	23.333	6.095	2.698			542.445	704.507	497.778	2.791.746	5.403.547
1273	Vestmannaey			10.960	13.585	1.887	1.257	3.552	165	372.410	1.816.088	254.453	862.776	5.185.780
1279	Brettingur			309						2.877	1.406.465	593	35.074	3.460.105
1308	Venus			4.367		4.159	1.191			315.161	2.722.280	281.173	1.701.826	6.670.202
1328	Snorri Sturluson			21.500	7.006	2.507	567		18.444	345.764	2.700.529	313.841	1.552.580	6.648.302
1345	Freri			12.549	10.459	26	71		13.775	121.472	1.716.628	160.613	1.099.064	4.602.070
1351	Akureyrin			10.108	689	347	137			148.842	2.006.465	155.847	525.950	4.523.824
1360	Kleifaberg			22.725	8.202	867	114			293.264	2.696.027	401.244	2.144.399	7.037.893
1369	Akureyrin			17.391	939	1.699	555			357.324	3.399.029	472.309	1.745.817	7.103.619
1376	Víðir			17.944	2.925	111			249	341.285	3.334.929	376.762	1.696.915	6.747.320
1484	Margrét			12.999	32	324	112			80.838		101.717	2.305.746	3.946.161
1530	Sigurbjörg			27.760	6.042	198	320		133	645.596		280.790	2.002.362	4.412.828
1536	Barði			16.849	6.216	479	320	914	773	613.109		532.379	1.604.675	4.525.286
1579	Gnúpur			42.618	2.943	8.655	2.970		1.230	595.913	1.571.737	399.621	1.296.560	5.864.077
1628	Hrafn			36.992	6.938	3.966	978		1.667	623.170		307.627	1.175.646	4.457.802
1833	Málmey			27.835	2.146	4.604	3.679			858.059	2.735.484	650.021	866.214	6.974.369
1868	Helga María			39.911	5.067	5.823	1.986		1.521	378.999	2.618.189	379.312	1.384.939	6.784.724
1880	Ýmir	307.809		7.603	3.118	3.089	828		4.549	73.915	1.084.078	150.936	732.810	3.738.941
1902	Höfrungur III			22.020	1.653	3.572	65		6.420	497.888	1.865.948	298.151	1.249.815	7.185.879
1937	Björgvin			8.538	123	414	29			52.600		126.039	3.863.847	5.158.759
1972	Hrafn		199	13.260	3.175				4.463	1.405.985		232.632	1.349.279	5.540.285
1977	Júlíus Geirmundsson			105.687		10.420	4.401			86.097		234.994	2.578.867	5.720.206
2020	Þórunn Sveinsdóttir			11.487	2.904	6.418	3.715	4.322		697.146		722.430	945.823	2.600.881
2067	Frosti	481.794		37.141	28.141	12.026	5.940			127.810		550.507	814.602	2.268.031
2158	Tjaldur			16.840		3		6	5.473	5.229		347.809	1.142.971	2.042.874
2165	Baldvin Þorsteinsson			10.755	2.874	586	407			364.802	750.953	424.525	1.827.315	5.027.006
2170	Örfirisey		156	14.798	14.701	18.121	4.383		2.117	298.681	3.437.313	372.166	1.148.210	7.635.112
2182	Rán			34.277	97	1.329	661		948	164.934	2.753.896	201.944	1.187.541	5.056.042
2184	Vigri		1.476	17.569		592	277		4.323	691.781	1.873.926	191.498	1.189.156	6.609.567
2203	Þerney		283	21.745	13.292	5.736	1.250	353	13.436	329.385	3.792.294	203.450	1.106.869	7.694.074
2265	Arnar			64.113	1.845	5.482	2.703	467		712.819	2.582.494	586.534	2.545.223	7.688.194
2526	Gunnar			3.055						329		19.231	117.951	155.769
2527	Jóhanna			63						34		76.704	310.547	392.335
	Samtals	**789.603**	**2.114**	**761.679**	**168.445**	**109.535**	**41.614**	**9.614**	**79.686**	**12.145.963**	**47.569.259**	**10.305.630**	**46.903.115**	**168.861.864**

Heimild: Fiskistofa.

Samkvæmt upplýsingum úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (bráðabirgðatölur).

Tafla 2. Frystur afli annarra skipa en fullvinnsluskipta fiskveiðiárið 2001/2002 (óslægt, í kg).

Skipa-nr.	Nafn skips	Aðrar teg.	Djúpkarfi	Gullkarfi	Grálúða	Keila	Kolmunni	Langa	Langlúra	Loðna	Lúða	Rækja	Steinbítur	Skrápflúra	Síld	Skötuselur	Úthafsufsi	Úthafskarfi	Ýsa	Þorskur	Samtals
249	Hafnarröst	1.045						358			777					28.319				1.329	31.828
1056	Arnar	0							51.378					331.215							382.593
1258	Byr	0									41.212										41.212
1275	Jón Vídalín	0		54.319																	54.319
1337	Skafti	0															540				540
1626	Gissur hvíti	6.902		7.939	2.766	6.601		32					43						158.275	646.540	829.098
1639	Dalaröst	0												1.701							1.701
1752	Gissur	0										1.076.310									1.076.310
1768	Nökkvi	0										300.196									300.196
1807	Áskell	0										610.249									610.249
1903	Þorsteinn	0													4.472.760						4.472.760
2061	Sunna	0										1.991.399									1.991.399
2262	Rauðinúpur	0										1.690.403									1.690.403
2285	Geiri Péturs	0										1.356.353									1.356.353
2287	Bjarni Ólafsson	0													3.355.441						3.355.441
2288	Pétur Jónsson	0										2.997.356									2.997.356
2329	Guðmundur Ólafur	0													5.637.933						5.637.933
2332	Askur	0										1.830.851									1.830.851
2407	Hákon	0					284.293			756.414					10.311.359						11.352.066
2410	Vilhelm Þorsteinsson	0	8.002	83.531	452.279					175.890					23.478.067			575.947			24.773.716
2413	Guðrún Gísladóttir	0													1.356.185						1.356.185
2460	Sildey	6.054		1.173	7.834	1.574							2.789						93.292	398.119	510.835
2531	Eiðsvík	303				5.074		3.125					114				369		1.155	1.256	11.396
2550	Sléttbakur	2.958	36.360	104.957	1.289.811			65					2.398				13.848		7.407	7.546	1.465.350
	Samtals	**17.262**	**44.362**	**251.919**	**1.752.690**	**13.249**	**284.293**	**3.580**	**51.378**	**932.304**	**41.989**	**11.853.117**	**5.344**	**332.916**	**48.611.745**	**28.319**	**14.757**	**575.947**	**260.129**	**1.054.790**	**66.130.090**

Heimild: Fiskistofa.

Aðeins er meðtalinn afli þessara skipa sem reiknaður var frá lönduðum frystum aðurðum.

Samkvæmt upplýsingum úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (bráðabirgðatölur).

Tafla 3. Magn afurða og afla vinnsluskipa og nýting fiskveiðárið 2001/2002 (óslægt, í kg).

Fisktegund	Afurðir	Afli	Nýting	Afli – afurðir
Aðrar tegundir	82.589	138.427	59,7%	55.838
Fiskimjöl (aðrar tegundir)	329.490			
Blálanga	205.396	360.769	56,9%	360.769
Djúpkarfi	5.725.755	10.427.898	54,9%	4.702.143
Gullkarfi	8.883.702	16.864.324	52,7%	7.980.622
Fiskimjöl (gullkarfi)	176.150			
Grálúða	16.575.266	18.816.629	88,1%	2.241.363
Gulllax	2.850.955	4.039.422	70,6%	1.188.467
Hlýri	535.990	868.313	61,7%	332.323
Keila	82.015	100.402	81,7%	18.387
Kolmunni	227.741	284.293	80,1%	56.552
Langa	117.806	183.457	64,2%	65.651
Langhali	31.841	67.042	47,5%	35.201
Langlúra	52.190	52.235	99,9%	45
Loðna	932.304	932.304	100,0%	0
Lúða	111.254	130.325	85,4%	19.071
Lýsa	62.591	104.638	59,8%	42.047
Rækja	12.431.995	12.642.720	98,3%	210.725
Sandkoli	2.083	2.114	98,5%	31
Steinbítur	466.815	767.023	60,9%	300.208
Skrápflúra	397.971	501.361	79,4%	103.390
Síld	24.235.018	48.611.745	49,9%	24.376.727
Skarkoli	104.877	109.535	95,7%	4.658
Sólkoli	40.081	41.614	96,3%	1.533
Skötuselur	16.680	37.933	44,0%	21.253
Tindaskata	61.654	79.686	77,4%	18.032
Ufsi	5.563.063	12.160.720	45,7%	6.597.657
Úthafskarfi	25.811.352	48.145.206	53,6%	22.333.854
Fiskimjöl (úthafskarfi)	218.990			
Ýsa	4.546.300	10.565.759	43,0%	6.019.459
Þorskur	22.630.442	47.957.905	47,2%	25.327.463
Samtals	*133.510.356*	*234.970.649*	*56,8%*	*101.460.293*
Fiskimjöl (úthafskarfi og gullkarfi)	-395.140			395.140
Fiskimjöl (aðrar tegundir)	-329.490			329.490
Fiskimjöl samtals	724.630			
Áætluð mjölnýting	0,19			
Hráefni í fiskimjöl *	3.813.842			-3.813.842
Samtals	**136.599.568**	**234.970.649**	**58,1%**	**98.371.081**

Heimild: Fiskistofa.

Magn er í kg og miðað er við afla upp úr sjó.

* Fiskimjöl er reiknað til upprunalegs úrgangs (afurða) með bræðslunýtingu.

Samkvæmt upplýsingum úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (bráðabirgðatölur).

818. Svar [481. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Því er til að svara að árið 2002 var ekki um slíkan flutning að ræða á vegum ráðuneytisins eða stofnana og fyrirtækja sem undir það heyra.

819. Svar [307. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Páls Magnússonar um jaðaráhrif innan skattkerfisins.

1. *Hafa markmið ríkisstjórnarinnar í stefnuyfirlýsingu hennar frá 28. maí 1999 um að draga úr jaðaráhrifum innan skattkerfisins náð fram að ganga?*
2. *Liggja fyrir tölulegar upplýsingar um jaðaráhrif innan skattkerfisins? Ef svo er, hvernig hafa þau þróast á kjörtímabilinu?*

Til upprifjunar er rétt að minna á að á árunum 1997–99 voru stigin mikilvæg skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins þegar ákveðið var að lækka tekjuskatt einstaklinga um fjórar prósentur, úr 30,41% í 26,41%. Með þessu var tekjuskattshlutfallið orðið lægra en á árinu 1988 þegar núverandi staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp en þá var það 28,5%.

Af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til frá árinu 1999 í því skyni að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins vega breytingar á barnabótakerfinu þyngst, sbr. lög 166/2000. Þær fólu í sér umtalsverða hækkun á barnabótum á árunum 2001–03. Annars vegar voru ótekjutengdar barnabætur að hluta til teknar upp á nýjan leik og hins vegar var verulega dregið úr skerðingu bótanna vegna tekna. Jafnframt voru skerðingarmörk tekna hækkuð umfram almennar verðlagshækkanir. Enn fremur var eignaskerðing barnabóta felld niður. Skerðingarhlutföll tekna voru þannig lækkuð um tvær prósentur, úr 5% í 3% með einu barni, úr 9% í 7% með tveimur börnum og úr 11% í 9% með þremur börnum eða fleirum. Þetta jafngildir um þriðjungs lækkun tekjuskerðingar. Þá var eignatenging barnabótakerfisins felld niður.

Í desember síðastliðnum var afgreitt frumvarp á Alþingi þar sem kveðið var á um lækkun sérstaks tekjuskatts um tæplega þriðjung, eða úr 7% í 5%, á árinu 2003. Þá voru viðmiðunarmörkin hækkuð umtalsvert árið 2002.

Í þriðja lagi var eignarskattur lækkaður um meira en helming, jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum, frá og með árinu 2002. Annars vegar með lækkun almenns eignarskatts úr 1,2% í 0,6% af hreinni eign. Hins vegar með því að sérstakur eignarskattur, 0,25%, hefur verið felldur niður.

Í fjórða lagi var tekjuskattur lögaðila lækkaður úr 30% í 18% frá og með árinu 2002.

Allar þessar breytingar miða að því að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins og hafa þannig jákvæð áhrif á bæði framboðs- og eftirspurnarhlið á vinnumarkaði en hvort tveggja mun skila sér í auknum hagvexti.

Þessu til viðbótar má nefna aðgerðir sem miða að því að draga úr tekjuskerðingu í lífeyriskerfinu með lækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingarauka lífeyrisþega vegna annarra tekna úr 67% í 45%.

Öll þessi atriði miða að því að draga úr jaðaráhrifum á sviði skatta- og lífeyrismála.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir skattprósentur, persónuafslátt og mörk sérstaks tekjuskatts, ásamt skerðingarhlutfalli tekna vegna barnabóta, skerðingarmörkum tekna vegna barnabóta og skerðingarmörkum eigna vegna vaxtabóta fyrir árin 1999–2003.

	1999	2000	2001	2002	2003
Tekjuskattur	26,41%	26,41%	26,08%	25,75%	25,75%
Meðalútsvar í staðgreiðslu	11,93%	11,96%	12,68%	12,79%	12,80%
Staðgreiðsluhlutfall	38,34%	38,37%	38,76%	38,54%	38,55%
Sérstakur tekjuskattur	7%	7%	7%	7%	5%
Fjármagnstekjuskattur	10%	10%	10%	10%	10%
Persónuafsláttur á mánuði	23.329 kr.	24.361 kr.	25.245 kr.	26.002 kr.	26.821 kr.
Mörk sérstaks tekjuskatts á mánuði	273.162 kr.	279.992 kr.	322.083 kr.	331.667 kr.	340.788 kr.
Skerðingarhlutfall tekna vegna barnabóta					
með fyrsta barni	5%	5%	4%	3%	3%
með öðru barni	9%	9%	8%	7%	7%
með þremur eða fleiri börnum	11%	11%	10%	9%	9%
Skerðingarmörk tekna vegna barnabóta					
Tekjustofn hjóna	1.198.807 kr.	1.290.216 kr.	1.354.727 kr.	1.408.916 kr.	1.447.661 kr.
Tekjustofn einstæðs foreldris	599.404 kr.	645.109 kr.	677.364 kr.	704.459 kr.	723.832 kr.
Skerðingarmörk v/eigna v/vaxtabóta					
Einhleypingar, neðri mörk	3.249.517 kr.	3.330.755 kr.	3.430.678 kr.	3.640.034 kr.	3.740.135 kr.
Einhleypingar, efri mörk	5.199.227 kr.	5.329.208 kr.	5.489.084 kr.	5.640.034 kr.	5.795.135 kr.
Hjón, neðri mörk	5.386.635 kr.	5.521.301 kr.	5.686.940 kr.	5.843.330 kr.	6.004.022 kr.
Hjón, efri mörk	8.618.616 kr.	8.834.081 kr.	9.099.103 kr.	9.349.328 kr.	9.606.435 kr.

3. *Hvernig skiptist álagning tekjuskatts hlutfallslega á einstaklinga eftir aldri, sundurliðað eftir áratugum, þ.e. 20–30 ára, 30–40 ára o.s.frv.?*

Í töflunni kemur fram hvernig álagning tekjuskatts skiptist hlutfallslega á einstaklinga eftir aldri.

Greiðendur tekjuskatts við álagningu 2002 vegna tekna 2001.[1]

Aldur	Fjöldi framteljenda	Fjöldi greiðenda tekjuskatts	Tekjuskattur, millj. kr.	Tekjuskattur, %.	Fjöldi,%
16–19 ára	17.197	2.351	274,4	0,5	1,7
20–29 ára	46.343	26.890	7.445,3	12,9	18,9
30–39 ára	43.277	32.032	14.596,0	25,3	22,5
40–49 ára	41.511	33.086	16.856,2	29,2	23,3
50–59 ára	31.066	24.219	11.570,4	20,1	17,0
60–69 ára	19.798	13.302	4.981,8	8,6	9,3
70–79 ára	16.631	7.550	1.538,1	2,7	5,3
80 ára +	9.091	2.862	435,2	0,8	2,0
Samtals	**224.914**	**142.292**	**57.697,5**	**100,0**	**100,0**

[1] Tekjuskattur er skilgreindur sem samtala tekjuskatts og sérstaks tekjuskatts.

820. Svar [456. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um styrki til útrásar íslenskrar dægurtónlistar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir voru styrkir ráðuneytisins og sjóða þess til útrásar íslenskrar dægurtónlistar árin 1995–2002, sundurliðað eftir árum?

Iðnaðarráðuneytið hefur stutt útrás íslenskrar dægurtónlistar með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með beinum stuðningi af ráðstöfunarfé ráðuneytisins. Í öðru lagi í gegnum verkefnið „Átak til atvinnusköpunar“ sem rekið hefur verið af iðnaðarráðuneytinu frá árinu 1996. Í þriðja lagi með óbeinum hætti í gegnum tengsl við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (NSA). Byggðastofnun hefur ekki veitt styrki til útrásar dægurtónlistar á þessu tímabili. Hér á eftir er gerð grein fyrir þessum styrkjum. Rétt er að geta þess að í sumum tilvikum er ekki fyllilega ljóst hvort tónlist flytjendanna telst dægurtónlist að öllu eða einhverju leyti. Teknir eru með styrkir til verkefna sem eiga að hvetja höfunda og flytjendur til að sækja á erlenda markaði, sbr. Íslensku tónlistarverðlaunin.

1. Styrkur til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1995:

Styrkþegi	*Verkefni*	*Upphæð, kr.*
RARIK-kórinn	Styrkur til þátttöku í söngvakeppni verkalýðskóra	200.000

2. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1996:

Styrkþegi	*Verkefni*	*Upphæð, kr.*
Spor hf.	Þátttaka í „South by Southwest“	250.000
Gus Gus	Markaðssetning á tónlist Gus Gus	125.000

3. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1997:

Styrkþegi	*Verkefni*	*Upphæð, kr.*
Botnleðja	Styrkur til tónleikaferðar	300.000
Barnakór	Styrkur til tónleikafarar Grensáskirkju til Ítalíu	50.000
Grundartangakórinn	Styrkur til tónleikaferðar til Svíþjóðar	150.000
André Bachmann	Tónlistarflutningur hjá Íslendingafélögum	45.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	400.000

4. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1998:

Styrkþegi	*Verkefni*	*Upphæð, kr.*
Bjartmar Guðlaugsson	Kynning og markaðssetning á tónlist	200.000
Finnur Torfi Stefánsson	Kynning og markaðssetning á tónlist	200.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	400.000
Dóra Takefusa	Tónlistarstarf í Bretlandi	150.000
Hljómsveitin Kolrassa krókríðandi	Kynning fyrir erlenda markaði	150.000
Loftkastalinn	Popptónlistarhátíð í Loftkastalanum	200.000
Botnleðja	Tónlistarferð til Los Angeles	450.000
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson	Kynning hljómdisks: Klarinett – píanó	40.000

5. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 1999:

Styrkþegi	*Verkefni*	*Upphæð, kr.*
Hljómsveitin Bellatrix	Markaðssetning á hljómsveitinni Bellatrix	400.000
RARIK-kórinn	Styrkur til Færeyjaferðar	100.000
Söngfélag eldri borgara	Af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar	250.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	500.000
André Bachmann	Kynning á íslenskri dægurtónlist erlendis	100.000
Björn Thoroddsen	Tónleikaferð til Þýskalands	160.000
Botnleðja	Tónleikaferð hljómsveitarinnar til Englands	300.000
Stöðin ehf.	Vegna tónlistarfyrirtækis	300.000
Margrét Kristín Blöndal	Tónlist Möggu Stínu – tvær tónleikaferðir	250.000
Bang Bang og Maus	Tónleikahald í Danmörku	250.000
Latibær ehf.	Markaðssetning á söngleiknum Latabæ	800.000
Guitar Islancio	Tónleikaferð um Norðurlöndin	150.000
Hljómalind – SigurRós	Útrás hljómsveitarinnar og tónleikahald	200.000
Collegium Musicum / Skálholt	Útgáfa hljómdisks	500.000
Emiliana Torrini	Markaðssetning erlendis	300.000
Dead Sea Apple	Markaðssetning erlendis	150.000
Jóhann Helgason	Markaðssetning erlendis	250.000
Botnleðja	Markaðssetning erlendis	400.000
Lhooq	Markaðssetning erlendis	250.000
Móeiður Júníusdóttir	Markaðssetning erlendis	400.000
Plötur ehf.	Markaðssetning erlendis	250.000
Thulemusik ehf.	Hlutafé frá Nýsköpunarsjóði (NSA)	20.000.000
Bellatrix	Áhættulán frá NSA (afskrifað)	5.000.000

6. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 2000:

Styrkþegi	*Verkefni*	*Upphæð, kr.*
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	400.000
Guitar Islancio	Gunnar Þórðarson, tónleikaferð til Kanada	250.000
Hljómsveitin Maus	Þátttaka Maus í CMJ Music Marathon	200.000
Jassklúbbur Ólafsfjarðar	Blues & soul hátíð	200.000
Emiliana Torrini	Tónlist Emiliönu Torrini markaðssett erlendis	400.000
Tónlistariðnaðurinn	Úttekt á fjárhagslegum grundvelli fyrir útflutning á íslenskri tónlist – kostað af NSA	2.755.000

7. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 2001:

Styrkþegi	*Verkefni*	*Upphæð, kr.*
Guitar Islancio	Gunnar Þórðarson – Íslensk þjóðlög í Kanada	500.000
RARIK-kórinn	Ferðastyrkur til Jótlandsfarar	250.000
Hljómsveitin Jagúar	Tónleikaferð til Gautaborgar	100.000
Hljómsveitin Ensími	Tónleikaferð til Bandaríkjanna	100.000
Hljómsveitin Úlpa	Tónleikaferð til Bandaríkjanna	100.000
Björg Þórhallsdóttir	Útgáfa geisladisks	150.000
Thulemusik ehf.	Hlutafé (aukning) frá NSA	4.000.000

8. Styrkir til útrásar íslenskrar tónlistar árið 2002:

Styrkþegi	*Verkefni*	*Upphæð, kr.*
Jóhanna Guðrún	Tónleikaferð til Bandaríkjanna	200.000
Íslensku tónlistarverðlaunin	Styrkur til verkefnisins	500.000
Botnleðja	Heimildarþáttur um tónleikaferð um Evrópu	150.000
Hljómsveitin Jagúar	Kynningarferð til Belgíu og Hollands	200.000
Hljómsveitin D.u.s.t.	Útflutningur á tónlist hljómsveitarinnar	200.000
Hljómsveitin Vinyl	Tónleikferð erlendis	200.000
Smekkleysa	Markaðsstjóri til leigu frá Útflutningsráði – kostaðarhluti NSA	600.000

821. Svar [432. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um viðbragðsáætlun vegna smitsjúkdóma í búfé.

1. *Hefur verið gerð viðbragðsáætlun til að vinna eftir ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma í búfé eða ef alvarlegur smitsjúkdómur er staðfestur?*

Haustið 1998 skipaði yfirdýralæknir hóp til að vinna að gerð viðbragðsáætlunar vegna alvarlegra smitandi sjúkdóma, sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993. Hópurinn útbjó viðbragðsáætlun og kynnti fyrstu gerð hennar á fundi með héraðsdýralæknum vorið 1999. Áætlunin er í stöðugri þróun með hliðsjón af reynslu bæði hérlendis og erlendis af baráttu við smitsjúkdóma.

2. *Ef svo er, hverjar eru helstu áherslur áætlunarinnar og breytingar frá núgildandi reglum?*

Samhliða gerð viðbragðsáætlana samdi hópurinn drög að reglugerð nr. 665/2001, um viðbrögð við smitsjúkdómum, og gerði tillögu um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Lagabreytingin fólst einkum í breytingum á viðaukum, þar sem fram kemur hvaða dýrasjúkdómar eru tilkynningar- og skráningarskyldir. Var hún samþykkt á Alþingi 2001. Reglugerðin tekur mið af reglum nágrannalandanna varðandi baráttu við alvarlega smitsjúkdóma og er viðbragðsáætlun yfirdýralæknis gefin út skv. 6. gr. hennar.

Mikilvægasti tilgangur viðbragðsáætlunar yfirdýralæknis gegn smitsjúkdómum er að gera boðleiðir og hlutverk skýr, því að rétt og skjót viðbrögð eru afgerandi þáttur í að stemma stigu við útbreiðslu mjög smitandi sjúkdóma. Þekking fagfólks og dýraeigenda á einkennum helstu smitsjúkdóma er sömuleiðis þýðingarmikil.

Áætlunin er almenns eðlis og fjallar aðeins um fyrstu viðbrögð. Yfirdýralæknir gefur fyrirmæli um áframhaldandi aðgerðir hverju sinni og honum til ráðgjafar og aðstoðar er smitsjúkdómanefnd sem ráðherra skipar komi upp grunur um alvarlegan smitsjúkdóm.

3. *Hefur áætlunin verið kynnt? Ef ekki, hvernig er þá ráðgert að standa að kynningu á henni?*

Viðbragðsáætlunin var kynnt héraðsdýralæknum á fundi vorið 1999 og einnig á fundi hjá Dýralæknafélagi Íslands í mars 2000 og hefur nú verið gerð aðgengileg almenningi á vefsíðu embættis yfirdýralæknis. Vinnu við þróun vefsíðunnar verður haldið áfram og á næstunni verða meðal annars settar inn á hana upplýsingar um eðli og einkenni helstu smitsjúkdóma. Á næstu mánuðum mun fara fram nákvæmari kynning meðal dýralækna og í undirbúningi er æfing í marsmánuði meðal dýralækna í viðbrögðum við smitsjúkdómum.

4. *Hverjar eru að mati ráðherra helstu brotalamir í smitgát, viðbrögðum og heftingu smitsjúkdóma í búfé: í næsta nágrenni við sýktan eða grunaðan stað, hjá afurðastöðvum og þjónustuaðilum?*

Helstu áhersluatriði og það sem enn er eftir að vinna er eftirfarandi:

1. Ólokið er gerð aðgengilegra gagnagrunna sem byggjast á einstaklingsmerkingum búfjár til þess að unnt sé að fá fram upplýsingar um heilsufar og flutninga á dýrum.
2. Setja þarf skýrari reglur um aðkomu og aðstoð lögreglu og björgunarsveita vegna umferðar við sýktan stað eða stað þar sem grunur er um smitsjúkdóm.
3. Þróa áfram samskipti við Almannavarnir ríkisins vegna náttúruhamfara sem gætu haft áhrif á útbreiðslu þeirra smitsjúkdóma sem fyrir hendi eru.
4. Ljóst er að beina þarf meira fjármagni til forvarnastarfs og viðhalds á viðbragðsáætlunum vegna síaukinna krafna um innflutning dýra og afurða og meiri ferðalaga fólks.

Geta má þess að nefnd landbúnaðarráðherra sem ætlað var að kanna orsakir tíðra sýkinga í búfé af völdum salmonellu og kampylóbakter gaf út bæklinginn „Verndum heilsu okkar og dýranna – Rjúfum smitleiðir“ þar sem í stuttu máli er bent á mikilvægustu atriði í smitvörnum. Embætti yfirdýralæknis hefur unnið með Landssambandi kúabænda og fóðurstöðvum um gerð leiðbeininga og verklagsreglna um smitvarnir á framleiðslubúum.

822. Svar [407. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um samning við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál.

1. *Hvað líður undirbúningi menntamálaráðuneytisins við lokafrágang samnings við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál?*

Undirbúningur að gerð menningarsamnings við sveitarfélög á Vesturlandi hófst árið 2001. Frá þeim tíma hefur verið unnin skýrsla um menningarmál á Vesturlandi sem lögð hefur verið til grundvallar samningsferlinu og drög að samningi liggja fyrir. Við undirbúninginn hefur verið að því stefnt að samningurinn gæti tekið gildi árið 2003. Ekki fékkst fé í fjárlögum 2003 en menntamálaráðherra hefur hins vegar ákveðið að veita 2 millj. kr. til undirbúnings menningarsamnings við sveitarfélög á Vesturlandi á næsta ári að því gefnu að sveitarfélögin á Vesturlandi leggi fram sambærilega fjárhæð.

Á síðastliðnum árum hefur farið fram mikil uppbygging á ýmsum menningarstöðum á Vesturlandi og hefur ríkissjóður lagt fé til hennar. Má nefna að umsvif Snorrastofu í Reykholti eru mikil og vaxandi og gestafjöldi í Reykholti hefur vaxið hratt, og er það að þakka bættum samgöngum og miklum dugnaði heimamanna. Þá má og nefna Eiríksstaði í þessu sambandi, en þar hefur mikil uppbygging átt sér stað. Ráðuneytið hefur hug á að ræða við sveitarfélögin á Vesturlandi um möguleika þess að tengja þessa staði og jafnvel fleiri fyrirhuguðum menningarsamningi.

2. *Hvaða fjárhæð er gert ráð fyrir að renni til samningsins?*

Menntamálaráðherra hefur fullan vilja til þess að gera menningarsamning við sveitarfélög á Vesturlandi. Hvorki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um þá fjárhæð sem renna á til samningsins af hálfu ríkisins né sveitarfélaganna, enda er það háð fjárveitingu í fjárlögum ársins 2004. Eins og fram kemur hér að framan er gert ráð fyrir að allt að 4 millj. kr. renni til framkvæmdar slíks samnings árið 2003 og er þá miðað við að samningurinn komist á það ár.

823. Svar [409. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi.

1. *Er fyrirhugað að efla þjónustu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi?*

Á hverju ári leggja svæðisskrifstofur málefna fatlaðra fram fjárlagatillögur sínar til ráðuneytisins. Þessum tillögum er ætlað að taka mið af þjónustuþörf á viðkomandi svæði. Ráðuneytið fer síðan yfir þessar tillögur og forgangsraðar út frá þörfum á landinu öllu.

Á síðasta áratug hefur náðst veruleg bót á rekstrarumhverfi svæðisskrifstofa á landsbyggðinni sem t.d. hefur leitt til þess að biðlistar eftir búsetu og atvinnu er nú hverfandi á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem nokkuð er óunnið. Það hefur því verið vilji ráðuneytisins á undanförnum árum að leggja áherslu á að styrkja stoðir þjónustunnar á sviði búsetu og vinnumála á höfuðborgarsvæðinu svo að jafnræði verði sem mest á landinu varðandi veitta þjónustu.

Komi upp mjög sérstakar þarfir sem ekki er gert ráð fyrir hjá viðkomandi svæðisskrifstofu og hún telur sig ekki geta leyst úr á eigin spýtur er málið oft kynnt ráðuneytinu. Þarfir svæðisskrifstofa eru alltaf metnar út frá öðrum þörfum sem óskað er eftir að sé fullnægt.

Ráðuneytið hefur lagt ríka áherslu á sjálfstæði og ábyrgð svæðisskrifstofanna á þeim fjármunum sem þær hafa til ráðstöfunar á hverju ári. Það er því á þeirra ábyrgð að efla ákveðna þætti þjónustunnar eða draga úr þeim eftir aðstæðum á hverju svæði.

2. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við aukinni þörf fyrir þjónustu við fatlaða á Vesturlandi?*

Hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi er þjónustustig með því besta sem gerist á landsvísu. Það er því mat ráðuneytisins að skrifstofan hafi nokkurt svigrúm til að bregðast við aukinni þörf fyrir þjónustu. Hins vegar er ljóst að meta þarf aðstæður á hverju svæði reglulega. Telji ráðuneytið að aðstæður breytist mikið á ákveðnu tímabili endurskoðar það afstöðu sína til þess hvernig þarfirnar verið uppfylltar. Þess ber að geta að fjárlög ársins 2003 gera ráð fyrir 171,5 millj. kr. fjárveitingu og þar er talin með viðbót upp á 2,5 millj. kr. sem samþykkt var við aðra umræðu um fjárlagafrumvarpið. Fjárveitingar til Svæðisskrifstofu Vesturlands munu einnig hækka í samræmi við verðlagshækkanir sem nýsamþykkt fjárlög gera ráð fyrir.

3. *Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því að Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi geti eflt ráðgjafarþjónustu sína?*

Með vísan til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar er það ákvörðun viðkomandi svæðisskrifstofu hvort hún leggur áherslu á að efla ráðgjafarþjónustu á svæðinu. Ráðherra er fylgjandi styrkri og öflugri ráðgjafarþjónustu svo að sem flestir geti notið einhverrar þjónustu en bendir enn og aftur á að forgangsröðun er í hendi viðkomandi svæðisskrifstofu.

4. *Hvernig mun ráðherra tryggja nægjanlegt fjármagn til skammtímavistunar að Holti og Gufuskálum?*

Þessum lið hefur þegar verið svarað.

824. Svar [406. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um búsetu á jörðum.

1. *Á hve mörgum lögbýlum er nú*
   a. *sauðfjárbúskapur,*
   b. *kúabúskapur,*
   c. *blönduð bú (sauðfjárbú og kúabú),*
   d. *hrossarækt,*
   e. *alifuglarækt,*
   f. *svínarækt,*
   g. *ferðaþjónusta,*
   h. *skógrækt,*
   i. *eyðibýli,*

   sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Sauðfjárbú, kúabú og blönduð bú.

Hér á eftir kemur fram fjöldi búa, skipt eftir sveitarfélögum, samkvæmt greiðslumarki sauðfjár 2002, greiðslumarki mjólkur 2002–2003 og sauðfjárinnleggi 2002.

Á listanum eru bú með greiðslumark yfir 10 ærgildi eða sauðfjárinnlegg yfir 400 kg.

Blönduð bú (sauðfjár- og kúabú) hafa minna en 80% af greiðslumarki í annarri búgreininni og meira en 20% af greiðslumarki í hinni.

Sveitarfélag	Kúabú	Blönduð bú	Sauðfjárbú
Reykjavík	1	0	5
Kópavogur	0	0	1
Garðabær	0	0	2
Bessastaðahreppur	0	0	1
Mosfellsbær	1	0	2
Kjósarhreppur	8	1	11
Grindavík	0	0	4
Hvalfjarðarstrandarhreppur	3	1	7
Skilmannahreppur	3	1	4
Innri-Akraneshreppur	5	1	5
Leirár- og Melahreppur	5	0	9
Borgarfjarðarsveit	18	3	39
Borgarbyggð	46	13	82
Kolbeinsstaðahreppur	7	5	7
Eyja- og Miklaholtshreppur	4	3	7
Snæfellsbær	5	3	11
Eyrarsveit	3	1	8
Helgafellssveit	3	1	6
Stykkishólmur	0	0	1
Dalabyggð	7	10	65
Saurbæjarhreppur	4	0	13
Ísafjarðarbær	5	7	27
Bolungarvík	1	0	5
Vesturbyggð	10	3	18
Súðavíkurhreppur	2	4	7
Árneshreppur	0	0	12
Kaldrananeshreppur	0	0	5
Hólmavíkurhreppur	0	0	24
Broddaneshreppur	0	0	19
Bæjarhreppur	0	3	18
Siglufjörður	0	0	1
Húnaþing vestra	13	14	83
Áshreppur	2	0	13
Sveinsstaðahreppur	2	4	12
Torfalækjarhreppur	2	3	10
Svínavatnshreppur	3	7	13
Bólstaðarhlíðarhreppur	7	2	16
Engihlíðarhreppur	3	2	9
Höfðahreppur	0	0	1
Skagabyggð	5	4	14
Akrahreppur	13	1	16
Skagafjörður	56	7	132
Akureyri	0	0	2

Sveitarfélag	Kúabú	Blönduð bú	Sauðfjárbú
Ólafsfjörður	0	0	3
Dalvíkurbyggð	29	0	14
Arnarneshreppur	6	1	7
Hörgárbyggð	20	5	18
Eyjafjarðarsveit	52	3	19
Svalbarðsstrandarhreppur	10	0	5
Grýtubakkahreppur	5	0	11
Þingeyjarsveit	15	18	32
Skútustaðahreppur	2	6	23
Reykdælahreppur	12	2	11
Aðaldælahreppur	12	4	14
Reykjahreppur	4	1	4
Tjörneshreppur	3	1	9
Kelduneshreppur	0	0	19
Öxarfjarðarhreppur	0	0	31
Svalbarðshreppur	0	0	19
Sauðaneshreppur	0	0	7
Skeggjastaðahreppur	0	0	7
Vopnafjarðarhreppur	5	3	19
Norður-Hérað	4	1	50
Fljótsdalshreppur	0	0	16
Fellahreppur	0	0	11
Borgarfjarðarhreppur	0	0	14
Seyðisfjarðarhreppur	1	0	3
Austur-Hérað	16	5	25
Mjóafjarðarhreppur	0	0	2
Fjarðabyggð	3	0	11
Fáskrúðsfjarðarhreppur	0	1	11
Stöðvarhreppur	0	0	1
Breiðdalshreppur	2	0	16
Djúpavogshreppur	2	4	23
Hornafjarðarbær	9	7	57
Skaftárhreppur	4	28	52
Mýrdalshreppur	13	6	16
Rangárþing eystra	62	23	58
Rangárþing ytra	18	7	32
Ásahreppur	6	1	7
Djúpárhreppur	3	0	8
Gaulverjabæjarhreppur	17	0	1
Árborg	12	0	3
Hraungerðishreppur	14	2	2
Villingaholtshreppur	13	1	8
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	34	2	12
Hrunamannahreppur	28	7	11
Bláskógabyggð	21	1	27
Grímsnes- og Grafningshreppur	3	2	20
Hveragerði	0	1	0
Sveitarfélagið Ölfus	2	0	18
Samtals	**699**	**247**	**1.537**

Hrossarækt.

Fjöldi lögbýla með fimm hryssur eða fleiri, samkvæmt fóðurgæsluskýrslum 2001, var sem hér má sjá.

Sveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	3
Mosfellsbær	8
Kjósarhreppur	11
Hvalfjarðarstrandarhreppur	7
Skilmannahreppur	6
Innri-Akraneshreppur	6
Leirár- og Melahreppur	12
Skorradalshreppur	2
Borgarfjarðarsveit	52
Hvítársíðuhreppur	5
Borgarbyggð	56
Kolbeinsstaðahreppur	13
Eyrarsveit	4
Helgafellssveit	2
Stykkishólmur	1
Eyja- og Miklaholtshreppur	9
Snæfellsbær	6
Saurbæjarhreppur	5
Dalabyggð	49
Bolungarvík	2
Ísafjarðarbær	3
Reykhólahreppur	3
Vesturbyggð	2
Kaldrananeshreppur	1
Hólmavíkurhreppur	3
Kirkjubólshreppur	1
Bæjarhreppur	8
Skagafjörður	176
Húnaþing vestra	103
Áshreppur	19
Sveinsstaðahreppur	19
Torfalækjarhreppur	16
Blönduós	1
Svínavatnshreppur	24
Bólstaðarhlíðarhreppur	18
Engihlíðarhreppur	15
Vindhælishreppur	10
Höfðahreppur	1
Skagahreppur	8
Akrahreppur	36
Ólafsfjörður	1
Dalvíkurbyggð	13
Arnarneshreppur	11
Skriðuhreppur	5
Öxnadalshreppur	1
Glæsibæjarhreppur	13
Eyjafjarðarsveit	34
Svalbarðsstrandarhreppur	2
Grýtubakkahreppur	3
Ljósavatnshreppur	4
Bárðdælahreppur	2
Skútustaðahreppur	4
Reykdælahreppur	5
Aðaldælahreppur	8
Reykjahreppur	4
Tjörneshreppur	3
Kelduneshreppur	2
Öxarfjarðarhreppur	3
Svalbarðshreppur	5
Þórshafnarhreppur	3
Fjarðabyggð	2
Skeggjastaðahreppur	1
Vopnafjarðarhreppur	8
Fljótsdalshreppur	6
Fellahreppur	1
Borgarfjarðarhreppur	3
Norður-Hérað	2
Fáskrúðsfjarðarhreppur	3
Breiðdalshreppur	8
Djúpavogshreppur	3
Austur-Hérað	18
Hornafjarðarbær	27
Árborg	18
Mýrdalshreppur	11
Skaftárhreppur	17
Austur-Eyjafjallahreppur	12
Vestur-Eyjafjallahreppur	17
Austur-Landeyjahreppur	40
Vestur-Landeyjahreppur	33
Fljótshlíðarhreppur	15
Hvolhreppur	15
Rangárvallahreppur	17
Ásahreppur	24
Djúpárhreppur	16
Holta- og Landsveit	57
Gaulverjabæjarhreppur	18
Hraungerðishreppur	15
Villingaholtshreppur	19
Skeiðahreppur	18
Gnúpverjahreppur	16
Hrunamannahreppur	31
Biskupstungnahreppur	29
Laugardalshreppur	11
Þingvallahreppur	1
Ölfus	21
Grímsnes- og Grafningshreppur	14
Samtals	**1.419**

Alifuglarækt.

Hér kemur fram fjöldi lögbýla með 50 hænur eða fleiri á forðagæsluskýrslum 2001.

Sveitarfélag	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	2	Reykjahreppur	1
Kópavogur	1	Seyðisfjörður	1
Garðabær	1	Fjarðabyggð	1
Mosfellsbær	2	Austur-Hérað	1
Kjósarhreppur	2	Hornafjarðarbær	1
Vatnsleysustrandarhreppur	1	Ásahreppur	1
Eyrarsveit	1	Hraungerðishreppur	1
Engihlíðarhreppur	1	Hrunamannahreppur	1
Dalvíkurbyggð	3	Ölfushreppur	1
Svalbarðsstrandarhreppur	1	Grímsnes- og Grafningshreppur	1
		Samtals	**25**

Svínarækt.

Fjöldi lögbýla með svín á forðagæsluskýrslum 2001 var eins og fram kemur í töflu.

Sveitarfélag	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	2	Hornafjarðarbær	2
Vatnsleysustrandarhreppur	1	Árborg	1
Leirár- og Melahreppur	1	Mýrdalshreppur	3
Borgarfjarðarsveit	1	Vestur-Landeyjahreppur	1
Borgarfjarðarbyggð	2	Djúpárhreppur	1
Áshreppur	1	Villingaholtshreppur	1
Engihlíðarhreppur	1	Skeiðahreppur	2
Hríseyjarhreppur	1	Gnúpverjahreppur	2
Glæsibæjarhreppur	1	Hrunamannahreppur	2
Eyjafjarðarsveit	2	Þingvallahreppur	1
Reykdælahreppur	1	Ölfushreppur	1
Aðaldælahreppur	1	Grímsnes- og Grafningshreppur	2
Norður-Hérað	1	**Samtals**	**35**

Ferðaþjónusta.

Innan vébanda Ferðaþjónustu bænda eru 122 aðilar sem stunda ferðaþjónustu á lögbýlum. Þar að auki eru 15–20 sem stunda ferðaþjónustu á lögbýlum utan samtaka ferðaþjónustubænda. Tölur þessar miðast við þá sem selja gistingu auk annarrar þjónustu. Allmargir aðilar á lögbýlum bjóða ýmiss konar þjónustu fyrir ferðamenn, t.d. hestaferðir, án þess að gisting eða önnur þjónusta sé jafnframt í boði, en upplýsingar um fjölda þeirra eru ekki fyrir hendi.

Skógrækt.

Ekki eru til staðar tölur um skiptingu lögbýla með skógrækt milli sveitarfélaga, en hér er tilgreindur fjöldi býla sem eru með samning við landshlutaverkefni í skógrækt.

Árslok 2001	Fjöldi
Héraðsskógar	109
Suðurlandsskógar	230
Norðurlandsskógar	89
Vesturlandsskógar	69
Skjólskógar	13
Austurlandsskógar	8
Samtals	**518**

Eyðibýli.

Fjöldi eyðibýla samkvæmt jarðaskrá 1. desember 2001 var eftirfarandi:

Sveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	21
Kópavogur	2
Garðabær	9
Hafnarfjörður	2
Bessastaðahreppur	7
Mosfellsbær	27
Kjósarhreppur	13
Reykjanesbær	3
Grindavíkurbær	9
Sandgerðisbær	16
Gerðahreppur	15
Vatnsleysustrandarhreppur	21
Akraneskaupstaður	1
Hvalfjarðarstrandarhreppur	10
Skilmannahreppur	5
Innri-Akraneshreppur	2
Leirár- og Melahreppur	2
Skorradalshreppur	6
Borgarfjarðarsveit	29
Hvítársíðuhreppur	1
Borgarbyggð	60
Kolbeinsstaðahreppur	11
Eyrarsveit	12
Helgafellssveit	13
Eyja- og Miklaholtshreppur	25
Snæfellsbær	41
Saurbæjarhreppur	17
Dalabyggð	95
Reykhólahreppur	53
Tálknafjarðarhreppur	10
Vesturbyggð	64
Bolungarvíkurkaupstaður	6
Ísafjarðarbær	98
Súðavíkurhreppur	33
Árneshreppur	23
Kaldrananeshreppur	23
Hólmavíkurhreppur	26
Kirkjubólshreppur	6
Bæjarhreppur	17
Broddaneshreppur	6
Húnaþing vestra	87
Áshreppur	9
Sveinsstaðahreppur	3
Torfalækjarhreppur	9
Blönduósbær	2
Svínavatnshreppur	7
Bólstaðarhlíðarhreppur	12
Engihlíðarhreppur	6
Vindhælishreppur	5

Sveitarfélag	Fjöldi
Grímseyjarhreppur	1
Arnarneshreppur	17
Eyjafjarðarsveit	34
Hörgárbyggð	29
Svalbarðsstrandarhreppur	3
Grýtubakkahreppur	13
Hálshreppur	15
Ljósavatnshreppur	11
Bárðdælahreppur	6
Skútustaðahreppur	10
Reykdælahreppur	20
Aðaldælahreppur	8
Reykjahreppur	3
Tjörneshreppur	5
Kelduneshreppur	22
Öxarfjarðarhreppur	28
Svalbarðshreppur	13
Þórshafnarhreppur	19
Seyðisfjarðarkaupstaður	7
Fjarðabyggð	38
Skeggjastaðahreppur	20
Vopnafjarðarhreppur	20
Fljótsdalshreppur	9
Fellahreppur	11
Borgarfjarðarhreppur	27
Norður-Hérað	29
Mjóafjarðarhreppur	13
Fáskrúðsfjarðarhreppur	12
Stöðvarhreppur	9
Breiðdalshreppur	18
Djúpavogshreppur	17
Austur-Hérað	36
Sveitarfélagið Hornafjörður	33
Mýrdalshreppur	36
Skaftárhreppur	25
Austur-Eyjafjallahreppur	17
Vestur-Eyjafjallahreppur	9
Austur-Landeyjahreppur	10
Vestur-Landeyjahreppur	10
Fljótshlíðarhreppur	12
Hvolhreppur	9
Rangárvallahreppur	19
Ásahreppur	12
Djúpárhreppur	7
Holta- og Landsveit	33
Sveitarfélagið Árborg	23
Gaulverjabæjarhreppur	11
Hraungerðishreppur	8
Villingaholtshreppur	18

Sveitarfélag	Fjöldi
Höfðahreppur	1
Skagahreppur	15
Siglufjarðarkaupstaður	2
Sveitarfélagið Skagafjörður	144
Akrahreppur	11
Akureyrarbær	13
Húsavíkurkaupstaður	1
Ólafsfjarðarbær	12
Dalvíkurbyggð	29
Skeiðahreppur	4
Gnúpverjahreppur	17
Hrunamannahreppur	11
Biskupstungnahreppur	24
Laugardalshreppur	7
Þingvallahreppur	7
Hveragerðisbær	1
Sveitarfélagið Ölfus	45
Grímsnes- og Grafningshreppur	24
Alls	**2.163**

2. *Hversu margar jarðir eða landspildur voru teknar úr landbúnaðarnotkun á árunum 1998–2001, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum?*

Í töflunni kemur fram heildarfjöldi heilla jarða, einstakra landspildna og lóða undir hús sem hætt var að nota til landbúnaðar hvert tiltekið ár.

	Fjöldi
1998:	
Biskupstungnahreppur	1
Hvalfjarðarstrandarhreppur	1
Skorradalshreppur	1
1999:	
Borgarbyggð	1
Grímsnes- og Grafningshreppur	1
Kjósarhreppi	1
Ölfus	1
2000:	
Borgarbyggð	2
Glæsibæjarhreppur	2
Kjalarneshreppur	1
Ljósavatnshreppur	1
Reykdælahreppur	1
Skorradalshreppur	1
2001:	
Borgarbyggð	2
Fljótshlíðarhreppur	1
Gnúpverjahreppur	1
Hrunamannahreppur	1
Hvalfjarðarstrandarhreppur	1
Hörgárbyggð	1
Ljósavatnshreppur	1
Reykjahreppur	1
Skútustaðahreppur	1
Ölfushreppur	2
Öxarfjarðarhreppur	1

825. Svar [408. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um varaeintakasafn Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Reykholti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að tryggt verði nægjanlegt fjármagn til varaeintakasafns Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Reykholti?*
2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að varaeintakasafnið verði áfram byggt upp á faglegan hátt til frambúðar með virku starfi í Reykholti?*

Í fjárlögum ársins 2003 er gert ráð fyrir að framlag til starfsemi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á fjárlagalið 02-905 hækki um 8 millj. kr. vegna rekstrar varaeintakasafns þess sem geymt er í Reykholti í Borgarfirði. Telur ráðuneytið að með þessu móti sé tryggt nægjanlegt fjármagn til rekstrar og uppbyggingar þessarar starfsemi á vegum safnsins.

Ráðuneytið lítur svo á að rekstur varaeintakasafns Landsbókasafns – Háskólabókasafns sé hluti af almennum rekstri safnsins og mun beita sér fyrir því að nægilegt fé fáist áfram til rekstrarins og að uppbygging varaeintakasafnsins verði unnin á faglegan hátt í samráði og náinni samvinnu við landsbókavörð.

826. Svar [308. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Páls Magnússonar um tekjutengingu barnabóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ríkisstjórnin taka upp barnakort, ótekjutengdar barnabætur, fyrir eldri börn en sjö ára, sbr. það markmið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 að dregið verði úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum?

Með lögum um nr. 166/2000, voru ákveðnar breytingar á barnabótakerfinu sem fólu í sér umtalsverða hækkun á barnabótum á árunum 2001–03. Annars vegar voru ótekjutengdar barnabætur að hluta til teknar upp á nýjan leik og hins vegar var verulega dregið úr skerðingu vegna tekna. Enn fremur var eignaskerðing barnabóta felld niður.

Þessi ákvörðun var tekin í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999, um að dregið yrði úr tekjutengingu barnabóta og jaðaráhrifum skattkerfisins, og yfirlýsingu hennar frá 10. mars 2000 í tengslum við gerð kjarasamninga. Breytingarnar voru vandlega undirbúnar af hálfu ríkisstjórnarinnar og var meðal annars haft náið samráð við Alþýðusamband Íslands sem lýsti fullum stuðningi við þær. Talið er að viðbótarkostnaður ríkissjóðs vegna breytinganna nemi um 2 milljörðum króna miðað við fyrri tilhögun.

Breytingarnar leiða til verulegrar hækkunar á ráðstöfunartekjum alls barnafólks en þó er áberandi að hinir tekjulægri og fólk með miðlungstekjur ber mest úr býtum. Þá hækkuðu ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra nokkru meira en hjá hjónum almennt.

Með þessum breytingum má telja að því markmiði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að draga úr tekjutengingu í barnabótakerfinu hafi verið náð.

Nánar tiltekið fólust breytingarnar í eftirfarandi:

Árið 2001 voru teknar upp ótekjutengdar barnabætur fyrir börn undir 7 ára aldri sem námu 34.475 kr. árið 2002 og hækkuðu í 35.422 kr. 1. janúar sl.

Skerðingarhlutföll tekna voru lækkuð um tvö prósentustig, eða um 1% hvort ár 2002 og 2003, þ.e. úr 5% í 3% með einu barni, úr 9% í 7% með tveimur börnum og úr 11% í 9% með þremur börnum eða fleirum. Þetta jafngildir um þriðjungs lækkun.

Skerðingarmörk tekna hækkuðu um 5% árið 2001, 5% árið 2002 og hækka um 4% til viðbótar í ár. Auk þess hækkuðu skerðingarmörkin um 2,5% við álagningu 2001 samkvæmt fyrri ákvörðun. Heildarhækkunin á þessum þremur árum nemur því 17,5%.

Eignatenging barnabótakerfisins var felld niður í ársbyrjun 2001.

Bótafjárhæðir hækkuðu auk þess um 3% árið 2001, 3% árið 2002 en hækka um 2,75% í ár.

Taflan sýnir samanburð á barnabótakerfinu fyrir og eftir breytingar.

Barnabætur 2000–2003.

Álagningarár	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**
Hjón og barnafólk				
Barnabætur með fyrsta barni	107.622	113.622	x 3,0%	x 2,75%
Barnabætur með börnum umfram eitt	128.105	135.247	x 3,0%	x 2,75%
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	31.703	fellur út	fellur út	fellur út
Ótekjutengdar barnabæturvegna barna yngri en 7ára	-	33.470	x 3,0%	x 2,75%
Skerðingarmörk tekna	1.198.807	1.290.216	5%	4%
Skerðingarmörk eigna	8.771.598	falla út	falla út	falla út
Skerðingarhlutföll eigna	1,5%	falla út	falla út	falla út
Einstæðir foreldrar				
Barnabætur með fyrsta barni	179.251	189.244	x 3,0%	x 2,75%
Barnabætur með börnum umfram eitt	183.874	194.125	x 3,0%	x 2,75%
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	31.703	fellur út	fellur út	fellur út
Ótekjutengdar barnabætur vegna barna yngri en 7 ára	-	33.470	x 3,0%	x 2,75%
Skerðingarmörk tekna	599.404	645.109	5%	4%
Skerðingarmörk eigna	6.579.243	falla út	falla út	falla út
Skerðingarhlutfall eigna	3,0%	falla út	falla út	falla út
Skerðingarhlutfall tekna				
Með einu barni	5,0%	5,0%	4,0%	3,0%
Með tveimur börnum	9,0%	9,0%	8,0%	7,0%
Með þremur börnum og fleiri	11,0%	11,0%	10,0%	9,0%

827. Fyrirspurn [494. mál]

til heilbrigðisráðherra um samanburð á nýgengi krabbameins.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Er munur á nýgengi og tíðni krabbameins á Íslandi og í öðrum löndum OECD eða þeim löndum sem við berum okkur helst saman við? Ef svo er, í hverju er munurinn aðallega fólginn?

Skriflegt svar óskast.

828. Fyrirspurn [495. mál]

til menntamálaráðherra um uppruna rannsókna- og þróunarfjár.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hversu mikið af því fé sem varið var til rannsókna og þróunar á Íslandi, samkvæmt áætlun hagtöludeildar Rannís fyrir árið 2001, kom frá opinberum aðilum, hversu mikið frá íslenskum fyrirtækjum og hversu mikið frá útlöndum? Hver var þróunin árin fimm þar á undan?

Skriflegt svar óskast.

829. Fyrirspurn [496. mál]

til menntamálaráðherra um skiptingu rannsókna- og þróunarfjár á milli fræðasviða og starfsgreina.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvernig skiptist það fé sem varið var til rannsókna og þróunar á Íslandi, samkvæmt áætlun hagtöludeildar Rannís fyrir árið 2001, annars vegar á milli fræðasviða og hins vegar starfsgreina? Hver var þróunin árin fimm þar á undan?

Skriflegt svar óskast.

830. Fyrirspurn [497. mál]

til menntamálaráðherra um skiptingu rannsókna- og þróunarfjár á milli háskóla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hversu miklu af því fé sem notað var til rannsókna og þróunar á Íslandi, samkvæmt áætlun hagtöludeildar Rannís fyrir árið 2001, var varið innan háskóla eða í tengslum við háskóla? Hvernig er skiptingin á milli þeirra? Hver var þróunin árin fimm þar á undan?

Skriflegt svar óskast.

831. Fyrirspurn [498. mál]

til félagsmálaráðherra um persónulegan talsmann fatlaðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Telur ráðherra tímabært að lögfesta þau réttindi að fötluðum sem ekki geta sjálfir gætt réttar síns verði skipaður persónulegur talsmaður til þess að annast réttindagæslu fyrir þá og tala máli þeirra þegar álitamál koma upp sem þá varða?

832. Fyrirspurn [499. mál]

til viðskiptaráðherra um tjónaskuldir (bótasjóði) vátryggingafélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var staða tjónaskuldar (bótasjóða) vátryggingafélaganna árin 2000, 2001 og 2002 og hvernig hefur tjónaskuldin samsvarað óuppgerðum heildarskuldbindingum félaganna árlega frá 1995?
2. Telur Fjármálaeftirlitið að tilefni sé til lækkunar á lögboðnum bifreiðatryggingum í ljósi afkomu tryggingafélaganna og stöðu bótasjóða?
3. Er það mat Fjármálaeftirlitsins að framlög hafi verið eðlileg í bótasjóðina með tilliti til áætlaðra tjónaskuldbindinga?
4. Hve mikil framlög í sjóðina hafa losnað úr tjónaskuld árlega sl. fimm ár?
5. Telur Fjármálaeftirlitið að eðlilega sé staðið að ávöxtun og áhættudreifingu bótasjóðanna? Er ástæða til að breyta þeim reglum sem unnið er eftir um ákvörðun tjónaskuldar, ávöxtun eða áhættudreifingu?

Skriflegt svar óskast.

833. Fyrirspurn [500. mál]

til forsætisráðherra um gerð neyslustaðals.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur verið gerð könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum okkar við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum í samræmi við þingsályktun þar að lútandi sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 2001?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra í samræmi við sömu þingsályktun en niðurstaða átti að liggja fyrir á 127. löggjafarþingi?
3. Telur ráðherra rétt að lágmarksframfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð verði skilgreindur og gerðar tillögur til úrbóta sem miði að því að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum?

834. Fyrirspurn [501. mál]

til fjármálaráðherra um tekjutap sveitarfélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra sammála því mati Sambands íslenskra sveitarfélaga að sveitarfélögin verði af 1½ milljarði kr. í útsvar á þessu ári vegna fjölgunar einkahlutafélaga á síðasta ári? Ef svo er ekki, hvað áætlar fjárlagaskrifstofa tekjutap sveitarfélaganna mikið á þessu ári?
2. Hvað má áætla að tekjutap ríkissjóðs verði (miðað við fjölgun einkahlutafélaga á síðasta ári) vegna þeirrar yfirfærslu sem varð á síðasta ári á einkarekstri yfir í einkahlutafélög og hver var áætlun fjárlagaskrifstofu í því efni þegar skattalagabreytingarnar voru lagðar fram á haustþingi 2001?
3. Hvaða áhrif má ætla að yfirfærslan á síðasta ári á einkarekstri yfir í einkahlutafélög hafi á vaxta- og barnabætur þar sem einungis 50% arðstekna koma til útreiknings þeirra tekna sem skerða tekjutengdar bætur?
4. Hvernig áformar ráðherra að bæta sveitarfélögunum tekjutapið, sbr. 1. lið?

Skriflegt svar óskast.

835. Fyrirspurn [502. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslumál á Suðurnesjum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hver er stefna ráðherra í uppbyggingu heilsugæslunnar á Suðurnesjum?
2. Hverjar eru hugmyndir ráðherra um ráðningu heilsugæslulækna á Suðurnesjum?
3. Telur ráðherra koma til greina að leyfa rekstur læknastofu sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna en bjóða um leið sömu þjónustu lækna á heilsugæslustöð sem rekin er af ríkinu?

836. Fyrirspurn [503. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu virðisaukaskatts hjá heilbrigðisstofnunum.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Fær Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði endurgreiddan virðisaukaskatt? Ef ekki, hver er ástæðan?
2. Hvaða reglur gilda um endurgreiðslu virðisaukaskatts hjá öðrum sjúkra-, heilsu- og öldrunarstofnunum?

837. Fyrirspurn [504. mál]

til iðnaðarráðherra um viðgerð á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni.

Frá Jóni Bjarnasyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að reiknuð verði út þjóðhagsleg hagkvæmni þess að fyrirhuguð viðgerð á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni fari fram hér á landi?
2. Er ráðherra reiðubúinn að láta reyna á rétt íslenskra stjórnvalda til að taka innlendu tilboði í þetta verkefni?
3. Hvaða áhrif hefur gengi íslensku krónunnar á samkeppnisstöðu innlendra skipasmíðastöðva gagnvart þessu verkefni? Hvernig er sú samkeppnisstaða nú?

838. Fyrirspurn [505. mál]

til menntamálaráðherra um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi.

Frá Jóni Bjarnasyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hversu miklu fé hyggst ráðherra verja á þessu ári til stofnunar framhaldsskóla á Snæfellsnesi í samræmi við yfirlýsingu sem ráðherrann gaf á Alþingi við 2. umræðu fjárlaga í nóvember sl.?
2. Mun ráðherra tryggja að framhaldsskóli Snæfellinga á Snæfellsnesi taki til starfa haustið 2003 eins og að hefur verið stefnt?

839. Fyrirspurn [506. mál]

til viðskiptaráðherra um verðtryggða skuldabréfavexti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hafa óverðtryggðir skuldabréfavextir og óverðtryggðir útlánsvextir banka þróast í framhaldi af vaxtalækkunum Seðlabanka á sl. ári?
2. Hvaða áhrif hafa vaxtalækkanir Seðlabankans haft á verðtryggða skuldabréfavexti?
3. Hafa verðtryggðir útlánsvextir bankanna fylgt lækkun verðtryggðra skuldabréfavaxta? Ef ekki, hvaða skýringar eru taldar vera á því?
4. Hver eru viðbrögð ráðherra við því mati Seðlabankans að frekara svigrúm sé til að lækka verðtryggða vexti? Telur ráðherra rétt að beina tilmælum til bankanna um frekari lækkun á verðtryggðum skuldabréfavöxtum?

Skriflegt svar óskast.

840. Fyrirspurn [507. mál]

til heilbrigðisráðherra um greiðslur fyrir þjónustu frá Tryggingastofnun ríkisins.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir sérfræðilæknar fengu sem einstaklingar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir veitta þjónustu og hversu margir sem einkahlutafélag síðustu fimm ár, skipt eftir árum?

2. Hversu margir sjúkraþjálfarar fengu sem einstaklingar greiðslur frá Tryggingastofnun fyrir veitta þjónustu og hversu margir sem einkahlutafélag síðustu fimm ár, skipt eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

841. Frumvarp til laga [508. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Ríkið starfræki stofnun, þjónustu- og endurhæfingarstöð fyrir sjónskerta, sem nefnist Sjónstöð Íslands.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (6. gr.)

Auk þjónustu við sjónskerta skal stofnunin annast þjónustu við börn sem þurfa á gleraugum að halda. Skal stofnunin í samráði við landlækni og augnlækni viðkomandi barns halda skrá yfir öll þau börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Sjónmælingar og augnskoðun þessa hóps skal alla jafna ekki vera á verksviði stofnunarinnar heldur hjá augnlækni viðkomandi barns.

b. (7. gr.)

Sérhvert barn sem þarf á gleraugum að halda að mati augnlæknis skal eiga rétt á sjónglerjum án tillits til orsaka. Þá skulu allir einstaklingar sem þurfa á gleraugum að halda í læknisskyni eiga rétt á sjónglerjum. Umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði sjónglerja skv. 1. mgr. Greiðslur skulu aldrei vera lægri en sem nemur tveimur þriðju hlutum kostnaðar við kaup nauðsynlegra sjónglerja. Stjórn Sjónstöðvar Íslands ákveður hvað teljist nauðsynleg sjóngler í hverju og einu tilfelli. Hver einstaklingur á ekki rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja oftar en einu sinni á hverju tveggja ára tímabili nema læknisfræðilegar ástæður liggi að baki að mati yfirlæknis stofnunarinnar. Ríkið skal ekki taka þátt í kostnaði við kaup á gleraugnaumgjörðum.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Sjónstöð Íslands.**

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var síðast flutt á 127. löggjafarþingi. Málið var sent til umsagnar af heilbrigðis- og tryggingaefnd þingsins og bárust umsagnir frá Sjónstöð Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Landspítala – Háskólasjúkrahúsi, Heilsugæslunni í Reykjavík, Barnaverndarstofu, Augnlæknafélagi Íslands, Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnuninni Siglufirði, Iðjuþjálfarafélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Læknafélagi Íslands, Öldrunarráði Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands. Frumvarpið var ekki afgreitt frá nefndinni og er nú endurflutt. Flutningsmenn hafa farið yfir umsagnir framangreindra aðila og leggja frumvarpið nú fram að nýju með nokkrum breytingum til samræmis við tillögur umsagnaraðila, en umsagnaraðilar voru almennt meðmæltir frumvarpinu.

Með frumvarpinu er stefnt að því að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna, þ.e. allra einstaklinga yngri en 18 ára. Stefnt er að því að stíga skref í átt til jöfnunar á réttindum þeirra sem eiga við sjónvandamál að stríða gagnvart öðrum hópum samfélagsins sem þurfa á sjúkrahjálp að halda. Einnig er lagt til í frumvarpinu að nafn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem komið var á fót með lögum nr. 18/1984, verði fært til samræmis við það nafn sem stofnunin hefur sjálf tekið sér. Undanfarin ár hefur stofnunin notað nafnið Sjónstöð Íslands.

Staðan nú.

Hér á landi hafa verið sett ýmis lög til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem á sjúkrahjálp þurfa að halda. Má í þessu sambandi nefna lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, og lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Í þessum lögum er á ýmsan hátt vikið að því hvernig haga megi þátttöku ríkisins í kostnaði sem af slíkri fötlun hlýst.

Einn hópur hefur fram til þessa verið nokkuð afskiptur við þessa lagasetningu. Það eru þeir sem þurfa á gleraugum að halda en falla ekki í flokk sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984. Þau lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur $\frac{3}{3}$ af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegra hjálpartækja, sbr. greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 18/1984. Er viðmiðun þessi fengin úr skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á því hverjir teljist sjónskertir. Aðrir sem við sjónvandamál eiga að stríða hafa ekki átt þess kost samkvæmt lögum að ríkið tæki þátt í kostnaðinum sem hlýst af þeim, þar með talið gleraugnakaupum.

Frá því er reyndar ein undantekning. Sjónstöð Íslands hefur á fjárlögum ár hvert fengið fjárveitingu til þess að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni. Í lækningaskyni hefur í þessum skilningi verið túlkað mjög þröngt og hafa nærsýnir til dæmis algjörlega fallið utan þess flokks. Vakin skal athygli á því að þessi undantekning er án lagaheimildar og byggist eingöngu á samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Sjónstöðvar Íslands. Í lögum er einungis kveðið á um að Sjónstöðin sinni sjónskertum samkvæmt framangreindri skilgreiningu WHO, sbr. lög nr. 18/1984 og reglur nr. 59/1987. Ekki er því nein hlutlæg regla til um það hver geti átt rétt á slíkum greiðslum og hver ekki. Sjónstöð Íslands er í raun falið ákveðið sjálfdæmi innan mjög þröngs fjárlagaramma að ákveða hvernig staðið skuli að endurgreiðslum vegna sjónglerja í lækningaskyni.

Með núverandi fyrirkomulagi er gert upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Nærsýnir einstaklingar hafa ekki fengið aðstoð þar sem nærsýni er venjulega ekki orsök starfrænnar sjóndepru (varanleg sjóndepra vegna vanþroska sjónar) en fjarsýnir hafa fengið aðstoð þar sem fjarsýni kann í sumum tilfellum að leiða til þess að sjón þroskist ekki eðlilega. Bent skal á að nærsýni getur í sumum tilfellum talist félagslegur sjúkdómur, þ.e. valdið viðkomandi ýmiss konar félagslegum óþægindum.

Einnig má benda á þann mun sem er á þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp heyrnarskertra og tannsjúkra annars vegar og hins vegar þeirra sem þurfa á sjónglerjum að halda.

Allir heyrnarskertir einstaklingar á skólaskyldualdri eiga rétt á nauðsynlegum heyrnartækjum sér að kostnaðarlausu, sbr. reglur nr. 160/1986, með síðari breytingum. Auk þess eiga allir heyrnarskertir 18 ára og eldri rétt á því að ríkið greiði 60% af kostnaði þeirra við nauðsynleg heyrnartæki. Vakin skal athygli á því að ekki er gerður neinn greinarmunur á því af hvaða orsökum heyrnarskerðing stafar, eins og gert er varðandi sjónvandamál.

Sama á við um þátttöku ríkisins í tannlækniskostnaði. Fyrir öll börn og unglinga, 15 ára og yngri, greiðir ríkið 75% af tannlækniskostnaði, öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð. Fyrir 16 ára unglinga eru greidd 50% og 75% kostnaðar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta fullrar tekjutryggingar. Ekki fer fram nein flokkun á því til hvers rekja megi tannskemmdirnar. Tannskemmdir má oft rekja til hirðuleysis barna og/eða foreldra, en vandamál tengd sjón barna verða ekki tengd slíku hirðuleysi.

Af þessu má sjá að misræmið er mikið milli þessara tegunda heilbrigðisvandamála og sjúkrahjálpar, þrátt fyrir að mismunur þeirra frá læknisfræðilegu sjónarhorni sé enginn.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að bæta réttarstöðu barna sem þurfa nauðsynlega á gleraugum að halda. Auk þess er það markmið frumvarpsins að skjóta stoðum undir endurgreiðslur til þeirra sem eiga rétt á sjónglerjum í lækningaskyni.

Allir geta verið sammála um óréttlætið sem felst í mismun milli heyrnarskertra og sjónskertra hvað varðar þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp þeirra. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands eru vandamál tengd sjón, heyrn og tönnum jafnmikilvæg í læknisfræðilegum skilningi. Öll heilsuskerðing sem þeim tengist er jafnlíkleg til þess að valda þeim einstaklingum sem eiga í hlut erfiðleikum, óþægindum og kostnaði.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að teknar verði upp sambærilegar reglur um sjónskerta og heyrnarskerta heldur er hér einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt. Reynslan verður að skera úr um hvort þörf verður á því að ganga lengra. Frumvarpið tekur einungis til aukinna réttinda sjónskertra einstaklinga yngri en 18 ára. Ríkið mundi taka þátt í greiðslu sjónglerja að tveimur þriðju hlutum að lágmarki hjá sérhverjum þeim sem þarf á gleraugum að halda innan þess hóps.

Sjón barna breytist mjög ört og þau þurfa því að skipta oft um gleraugu, ólíkt því sem gildir um fullorðna. Þá hvílir skólaskylda á börnum og þeim börnum sem er nauðsyn á gleraugum en fá þau ekki er hættara en öðrum til að verða fyrir erfiðleikum í námi og jafnvel einelti. Þá má benda á að það er þung byrði á barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkin noti bæði eða öll gleraugu. Börn ráða ekki hvernig foreldrar ráðstafa heimilistekjunum og geta því ekki tekið ákvörðun um það sjálf að kaupa sér gleraugu og skera niður annars staðar. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands koma foreldrar sjaldnar en ella með börn sín í augnskoðun vegna þess hversu dýrt er að

kaupa gleraugu fyrir börnin komi í ljós að þau þurfi á þeim að halda. Í ljósi þessara röksemda nær frumvarpið einungis til einstaklinga yngri en 18 ára. Það nær hins vegar til allra barna og í því eru engar takmarkanir sem gætu leitt til mismununar. Þannig verða lögin og þær heimildir sem þau veita bæði skýrari og einfaldari í framkvæmd og eftirliti.

Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hversu langt á að ganga og hvað er raunhæft í fyrstu atrennu hvernig verja skuli fjármunum sem ríkið hefur úr að spila á hverjum tíma. Með frumvarpinu er að mati Sjónstöðvar Íslands og Augnlæknafélags Íslands stigið fyrsta skrefið í þá átt að jafna rétt sjónskertra á við rétt annarra.

Þá skal þess getið varðandi þann þátt frumvarpsins sem lýtur að endurgreiðslum sjónglerja í lækningaskyni að gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi áfram og gilt hafa, en þeim verði nú veitt lagastoð.

Mikilvægt er að bregðast við breyttri þjóðfélagsmynd og gera börnum yngri en 18 ára kleift að eignast gleraugu, óháð efnahag. Þá er ekki síður mikilvæg sú breyting sem lögð er til að Sjónstöð Íslands muni í samráði við landlækni og sjálfstætt starfandi augnlækna koma upp virku eftirliti og skráningu á sjón þessa hóps. Slíkt er brýnt þegar horft er til framtíðar, bæði fyrir rannsóknir og forvarnir á þessu sviði.

Kostnaður af framkvæmd frumvarpsins.

Að mati yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun kostnaðarauki fyrir ríkissjóð vegna lögfestingar þessa frumvarps verða um 55 millj. kr. árlega, miðað við þær forsendur sem þekktar eru um sjón þessa hóps og meðalkostnað sem hlotist hefur af endurgreiðslu sjónglerja í lækningaskyni hjá Sjónstöð Íslands. Reikna má með að 12–15% af heildarfjölda barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu og meðalkostnaður við endurgreiðslu sjónglerja hefur verið um 15.940 kr. á hvert par sjónglerja og tveir þriðju hlutar þess eru 10.620 kr. Börn undir 18 ára aldri eru um 82 þúsund Samtals nota því um 12 þúsund börn gleraugu. Af þeim fengu á síðasta ári 1.633 endurgreiðslur af læknisfræðilegum orsökum. Kostnaður eykst því um 110 millj. kr. árlega, miðað við að allir þyrftu ný gleraugu á hverju ári (10.367 börn sinnum 10.620 kr.). Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að meginreglan sé sú að börn fái ný gleraugu á tveggja ára fresti nema í undantekningartilfellum sem þar eru greind. Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að kostnaðaraukinn yrði um 55 millj. kr. árlega. Yfirlæknir Sjónstöðvar Íslands telur að þessar forsendur séu í rýmra lagi og fullyrðir að reglur þær sem fram koma í frumvarpinu muni ekki leiða til þess að börn fari að nota gleraugu að óþörfu. Þvert á móti megi fullyrða að enginn gangi með gleraugu ótilneyddur.

Nokkrir umsagnaraðilar bentu á að í mörgum tilvikum má gera ráð fyrir að börn þurfi ný gleraugu á hverju ári. Bæði breytist sjón meira hjá börnum en fullorðnum og einnig verða umgjarðirnar of litlar og glerin rispast frekar, einkum þegar í hlut eiga lítil börn. Telja flutningsmenn rétt að skoðað verði í meðförum þingsins hvort rétt sé að endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa yngri barna, t.d. fram að átta ára aldri, verði heimil árlega en upplýsingar um kostnaðarauka vegna þess lá ekki fyrir þegar frumvarp þetta var unnið.

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna lögfestingar heimildar til að endurgreiða sjóngler í lækningaskyni. Gert er ráð fyrir því að sömu endurgreiðslureglur gildi áfram.

Viðbótarkostnað ríkissjóðs af lögfestingu frumvarpsins má bera saman við kostnað sem ríkissjóður ber nú vegna tannviðgerða og hjálpartækja fyrir heyrnarskerta. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998 var gert ráð fyrir því að 760 millj. kr. yrði varið í tannlækniskostnað sjúkratrygginga, 10 millj. kr. í Tannverndarsjóð og rúmum 104 millj. kr. í rekstur Heyrnar-

og talmeinastöðvar Íslands. Þá má einnig benda á að framlög til Sjónstöðvar Íslands hafa staðið í stað mörg undanfarin ár.

Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun viðbótarþjónusta á vegum stofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. frumvarpsins aðeins hafa óverulegan viðbótarkostnað í för með sér, eða laun starfsmanns á skrifstofu í hálfu starfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á nafni stofnunarinnar eins og vikið var að í upphafi greinargerðarinnar. Samkvæmt lögunum skyldi stofnunin heita Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Það nafn hefur hins vegar ekki verið notað síðari ár heldur nafnið Sjónstöð Íslands.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um víðara verksvið Sjónstöðvar Íslands og aukna þátttöku ríkisins í kostnaði barna, þ.e. einstaklinga yngri en 18 ára, sem þurfa á gleraugum að halda.

Um a-lið (6. gr.).

Hér er mælt fyrir um að Sjónstöð Íslands skuli hafa ákveðna eftirlitsskyldu með sjón barna. Meðal annars skal Sjónstöð Íslands halda skrá yfir sjón þeirra þannig að í framtíðinni verði auðveldara að stunda rannsóknir og stuðla að forvörnum. Með breytingunni er þó ekki ætlast til þess að Sjónstöð Íslands sjái um sjónmælingar eða aðra þætti þeim tengda. Eðlilegt er að allt eftirlit, bæði með sjón og endurgreiðslum vegna sjónglerja, verði á vegum Sjónstöðvar Íslands þar sem er fyrir hendi sérfræðiþekking.

Um b-lið (7. gr.).

Hér er mælt fyrir um skyldu ríkisins til þátttöku í kostnaði við sjónglerjakaup barna. Með sjónglerjum er átt við gleraugnagler, þar með talið plast, ásamt snertilinsum. Lagt er til að greiddur verði kostnaður hvers einstaklings sem þarf á gleraugum að halda að tveimur þriðju hlutum að lágmarki vegna ódýrustu sjónglerja sem telja verður nauðsynleg. Þó skal í hverju tilfelli stefna að þeirri lausn sem miðar að þörfum viðkomandi. Stjórn stofnunarinnar skal að höfðu samráði við yfirlækni hennar setja viðmið um það hvað teljist nauðsynleg sjóngler. Í vafatilvikum er það stjórn Sjónstöðvar Íslands sem tekur ákvörðun. Í því sambandi má vekja athygli á því að til eru margar tegundir sjónglerja og er verðlag þeirra mjög mismunandi. Einstaklingum verður að sjálfsögðu boðið að greiða mismuninn sjálfir kjósi þeir dýrari sjóngler. Þá er tiltekið að umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu sjónglerja.

Um 3. gr.

Sjá athugasemdir við 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

842. Frumvarp til laga [509. mál]

um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.
Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við Alcoa Incorporated, Fjarðaál sf. (félagið) og stofnendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. (eigendurnir), um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi (verkefnið).

Samningarnir skulu kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, Alcoa Inc., félagsins og eigenda þess, sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið, eigendurna og starfsemina, þar með talin framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningum skal ákveðið hversu lengi ákvæði þeirra skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá stofnun Fjarðaáls sf.

Fjárfestingarsamningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum um meginatriði verkefnisins skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Starfsemi félagsins og eigendanna skal vera í samræmi við íslensk lög og reglugerðir eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Verkefnið.

Verkefnið, sem lög þessi taka til, felur í sér að félagið byggir álverksmiðju í Reyðarfirði í Fjarðabyggð til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi, þar með talin bygging hafnarmannvirkja eins og nánar verður um samið í fjárfestingarsamningi sem gerður verður innan ramma þessara laga milli iðnaðarráðherra og félagsins og hafnarsamningi milli hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og félagsins. Álverksmiðjan er hönnuð til framleiðslu á allt að 322.000 tonnum af áli á ári.

3. gr.
Ábyrgðir ríkisstjórnarinnar.

Í tengslum við framkvæmd verkefnisins skv. 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að tryggja efndir af hálfu Fjarðabyggðar eins og þær eru ákveðnar í fjárfestingarsamningi, auk efnda hafnarsjóðs Fjarðabyggðar eins og kveðið er á um í hafnarsamningi.

4. gr.
Undanþágur frá lögum.

Eigendurnir skulu undanþegnir ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, um að meiri hluti stjórnarmanna skuli vera búsettur hér á landi.

Félagið og eigendurnir skulu undanþegnir ákvæðum 2. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setja þau skilyrði að eigendur sameignarfélags skuli allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda tryggi félagið eignir sínar með öðrum hætti, sem telst venjulegur og viðtekinn er í álframleiðslu. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, skulu ekki eiga við félagið. Félagið skal viðhalda viðlagatryggingu sem er venjuleg og viðtekin í álframleiðslu.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, skal ekki leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem flutt er til landsins eða framleitt er innan lands og notað er til byggingarframkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju í Reyðarfirði. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

5. gr.

Fyrirtækjafyrirkomulag og eignarhald.

Í fjárfestingarsamningi er heimilt að semja um fyrirtækjafyrirkomulag dótturfélaga Alcoa Inc. á Íslandi og tilteknar takmarkanir í því efni. Jafnframt er heimilt að semja um tilteknar skyldur og kvaðir hvað varðar starfsemina, eignarhald á félaginu og félögum eigendanna, svo og framsal eignarréttar og hluta.

6. gr.

Skattlagning.

Félagið og eigendurnir skulu greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar, sem síðar kunna að verða á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skulu eigendurnir greiða 18% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, er lægra en 18% á þeim degi sem afhending raforku fer fram að fullu skal það hlutfall gilda um eigendurna. Verði tekjuskattshlutfallið hækkað að nýju skal það gilda um eigendurna en skal þó aldrei vera hærra en 18%.
   b. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum með þeim skilyrðum sem fram koma í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa fleiri ára frá skattskyldum tekjum þar til afhending raforku fer fram að fullu þá skal það sama gilda um félagið. Verði árunum fækkað síðar skal það sama gilda um félagið, þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu níu almanaksára.
   c. Fastafjármunir vegna byggingar álverksmiðjunnar skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum umsömdum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á álverksmiðjunni, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Fyrningu skal hagað í samræmi við 4. tölul. þessarar greinar.
2. Eigendurnir skulu undanþegnir eignarskatti skv. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981.
3. Félagið skal undanþegið iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með áorðnum breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti

svipaðrar tegundar, sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald.

4. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 33. gr. laga nr. 75/1981. Þrátt fyrir ákvæði 34. og 45. gr. laga nr. 75/1981 skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.
5. Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir fasteignaskatt, skal félagið greiða Fjarðabyggð fasteignaskatt sem skal vera 1% af 255 milljónum Bandaríkjadala á meðalgengi fyrstu sex mánaða ársins 2007, sem er áætlað verðmæti lóðar, bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja innan lóðar og hafnarsvæðis sem þarf vegna framleiðslugetu sem nemur allt að 322.000 tonna álframleiðslu á ári, sem breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu og tilteknar aðrar viðmiðanir sem nánar skal fjallað um í fjárfestingarsamningi.
6. Félagið skal undanþegið gatnagerðargjaldi samkvæmt lögum nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, vegna framleiðslugetu sem nemur allt að 322.000 tonnum á ári eða annarra skatta eða gjalda í stað gatnagerðargjalds.
7. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má ákveða að Fjarðaál sf. skuli greiða umsamda fjárhæð til Fjarðabyggðar í stað byggingarleyfisgjalds samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og umsamda fjárhæð til ríkissjóðs í stað skipulagsgjalds samkvæmt lögum nr. 73/1997.
8. Stimpilgjöld, sbr. lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera 0,15% af kaup- eða leigusamningum sem útgefnir eru eða gerðir af hálfu félagsins og eigenda þess og af fjárfestingarlánum sem félagið og eigendurnir kunna að taka í sambandi við byggingu álverksmiðjunnar og hafnarbúnaðar, sem og af öllum stimpilskyldum skjölum sem nauðsynleg eru í sambandi við stofnun félagsins. Lán, sem tekin eru til endurfjármögnunar fjárfestingarlána, sem og hlutabréf í félögum eigendanna, skulu undanþegin stimpilgjaldi.
9. Félagið og eigendurnir skulu undanþegnir ákvæðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
10. Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981 skal 5% tekjuskattur lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögum eigendanna að því tilskildu að þeir séu búsettir í OECD-ríki og að 25% af hlutafé í félaginu séu í eigu hluthafans á skattári fyrir greiðslu arðs.
11. Ákvæði laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, um frádrátt vaxtakostnaðar, svo sem þau eru við undirritun samninganna, skulu haldast óbreytt á upphaflegum gildistíma samningsins.
12. Hafnarsjóði Fjarðabyggðar er heimilt að gera sérstakan samning um vörugjöld með öðrum hætti en fram kemur í hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum, sbr. hafnareglugerð og hafnagjaldskrá, sem sett eru á grundvelli þeirra.

Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki.

Í fjárfestingarsamningi er heimilt með tilliti til skattlagningar að semja um reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum félagsins og eigendanna við Alcoa Inc. og fyrirtæki í eignatengslum við Alcoa Inc. Í því efni er m.a. heimilt að byggja á meginreglum verðlagningar óskyldra aðila samkvæmt reglum OECD.

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félagið og eigendurna.

Á samningstímanum geta félagið og eigendurnir valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní árið áður en breytingarnar eiga að taka gildi.

7. gr.

Reikningsskilareglur.

Með samningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið og eigendurna, sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og breytingum sem taldar eru viðeigandi. Í þessum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félaginu er heimilað að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í Bandaríkjadölum, í samræmi við almennt viðurkenndar reikningsskilareglur sem gefnar eru út af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Slíkt fyrirkomulag má fela í sér undanþágur frá ákvæðum laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

8. gr.

Lögsaga og lausn deilumála.

Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga, sem gerðir verða innan ramma þessara laga, skulu lúta lögsögu íslenskra laga. Heimilt er þó að vísa ágreiningi til gerðardóms.

9. gr.

Innflutningur og útflutningur.

Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir álverksmiðjuna og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skal vera undanþeginn tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álverksmiðjunnar.

10. gr.

Framsal.

Heimilt er að semja um framsal félagsins og eigendanna á samningunum með tilteknum skilyrðum sem fram skulu koma í samningunum.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd verði veitt heimild til að semja við Alcoa Inc., Fjarðaál sf. og eigendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf., um álver í Reyðarfirði í Fjarðabyggð í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er veitt heimild til að semja við Fjarðaál sf. um að reisa og reka álverksmiðju til framleiðslu á allt að 322.000 tonnum af áli á ári. Kveðið er á um að félagið og eigendur þess starfi samkvæmt ákvæðum íslenskra laga.

Í öðru lagi er kveðið á um heimildir ríkisstjórnarinnar til að tryggja efndir af hálfu Fjarðabyggðar og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar.

Í þriðja lagi er kveðið á um skattlagningu vegna reksturs álverksmiðjunnar en hún verður í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum.

Í fjórða lagi er kveðið á um lögsögu íslenskra dómstóla og stöðu gerðardóms auk þess sem íslensk lög ráða um túlkun og skýringu samninga.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir: aðdraganda samninga (1), Alcoa Inc., Fjarðaáli sf. og eigendum þess (2), væntanlegu álveri í Reyðarfirði (3), öðrum framkvæmdum (4), samningum (5), umhverfismálum (6), þjóðhagslegum áhrifum framkvæmda (7) og samfélagslegum áhrifum framkvæmda (8).

Í fylgiskjölum er gerð nánari grein fyrir fyrirhuguðu álveri (I), helstu ákvæðum fjárfestingarsamnings (II), lóðarsamnings (III), hafnarsamnings (IV) og meginatriðum varðandi orkuöflun og orkusölu (V). Þá fylgir greinargerð Hönnunar um umhverfismál (VI), greinargerð Hollustuverndar ríkisins með tillögu að starfsleyfi (VII), greinargerð efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins um þjóðhagsleg áhrif álversins (VIII) og athugun Nýsis hf. á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði (IX).

1. Aðdragandi samninga.

Í febrúar 1997 komu fulltrúar norska fyrirtækisins Hydro Aluminium Metal Products til Íslands í boði iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Meðan á heimsókninni stóð fóru meðal annars fram viðræður milli iðnaðarráðuneytis, Hydro, Landsvirkjunar og Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar um hugsanlegt samstarf Íslendinga og Hydro Aluminium um byggingu álverksmiðju hér á landi. Formlegt samstarf þessara aðila hófst í maí sama ár þegar skipuð var samráðsnefnd og tveir vinnuhópar um svokallað Noral-verkefni, sem fólst í byggingu álverksmiðju í Reyðarfirði með að minnsta kosti 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári og tengdra virkjana á Austurlandi.

29. júní 1999 undirrituðu fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Hydro Aluminium og Landsvirkjunar yfirlýsingu um verkefnið. Í yfirlýsingunni var gerð grein fyrir viðskiptahugmyndinni sem lá að baki umræddri fjárfestingu, vinnu- og tímaáætlun, skuldbindingum og fyrirætlunum samstarfsaðila. Markmið samstarfsaðila var að búa svo í haginn með undirbúningsvinnu að taka mætti ákvörðun um hvort ráðist yrði í verkefnið fyrir 1. júní 2000. Í yfirlýsingunni kom jafnframt fram að stefnt væri að því að árleg framleiðslugeta álverksmiðjunnar yrði í upphafi 120 þús. tonn og að hún hæfi rekstur seinni hluta ársins 2003, en síðar yrði mögulegt að stækka hana í allt að 480 þús. tonn. Gert var ráð fyrir að íslenskir fjárfestar og Hydro Aluminium ættu sameiginlega meiri hluta í álfyrirtækinu. Loks var í yfirlýsingunni gert ráð fyrir að Fljótsdalsvirkjun yrði byggð til að afla fyrsta áfanga álverksmiðjunnar orku, en vegna síðari áfanga yrði ráðist í Kárahnjúkavirkjun auk jarðgufuvirkjana á Norðausturlandi.

Á 125. löggjafarþingi lagði iðnaðarráðherra fram tillögu til þingsályktunar um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Í tillögunni var lagt til að Alþingi samþykkti á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess að lýsa yfir stuðningi við að haldið yrði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, og lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Var tillagan samþykkt sem ályktun Alþingis í desember 1999.

Í tengslum við Noral-verkefnið var undirbúningsfélagið Reyðarál hf. stofnað af Hydro Aluminium og Hæfi hf., sem var í eigu Eignarhaldsfélags Alþýðubankans hf., Íslandsbanka–FBA hf., Landsbankans hf. og Þróunarfélags Íslands hf. Reyðaráli hf., sem ætlað var að vera framkvæmdaraðili og eigandi fyrirhugaðrar álverksmiðju, annaðist undirbúning vegna álverksmiðjunnar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Reyðarál hf., Hæfi hf., Hydro Aluminium og Landsvirkjun undirrituðu nýja yfirlýsingu um Noral-verkefnið 24. maí 2000. Með viljayfirlýsingunni staðfestu samstarfsaðilarnir áhuga og skuldbindingu um að meta forsendur og hagkvæmni álverksmiðju í Reyðarfirði, nauðsynlegra virkjana og annarra tilheyrandi mannvirkja. Í yfirlýsingunni kom fram að miðað væri við að unnt yrði að taka ákvörðun fyrir 1. febrúar 2002 um hvort ráðist yrði í framkvæmdir. Í yfirlýsingunni var gert ráð fyrir að reist yrði álverksmiðja í Reyðarfirði og að afkastageta hennar yrði í upphafi u.þ.b. 240 þús. tonn af áli á ári og að hún hæfi rekstur árið 2006. Gert var ráð fyrir möguleika á stækkun í 360 þús. tonn og síðar hugsanlega í 480 þús. tonn. Gert var ráð fyrir að virkjunarframkvæmdir vegna álversins fælust annars vegar í byggingu Kárahnjúkavirkjunar og Fljótsdalsveitu og hins vegar Bjarnarflagsvirkjunar og stækkunar Kröfluvirkjunar.

Í september 2001 var tímamörkum lokaákvörðunar frestað til 1. september 2002. Vorið 2002 varð hins vegar ljóst að Hydro Aluminium væri ekki í aðstöðu til þess að taka endanlega ákvörðun varðandi áframhald verkefnisins fyrir 1. september 2002. Taldi fyrirtækið sig þurfa lengri tíma til þess að meta fjárfestingarstefnu sína til næstu ára í kjölfar kaupa þess á þýska fyrirtækinu Vereinigte Aluminium-Werke AG. Gáfu aðilar Noral-verkefnisins í kjölfarið út sameiginlega yfirlýsingu 22. mars 2002 þar sem fram kom að ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun hefðu rétt til að leita nýrra samstarfsaðila að verkefninu. Með bréfi, dagsettu sama dag, skipaði iðnaðarráðherra viðræðunefnd til að eiga viðræður við álfyrirtæki um áhuga þeirra á að taka þátt í byggingu og rekstri álvers í Reyðarfirði, sem nýtti orku frá Kárahnjúkavirkjun. Í nefndina voru skipaðir Finnur Ingólfsson, þáverandi Seðlabankastjóri sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, og Kristján Skarphéðinsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti. Með nefndinni starfaði enn fremur Gunnar Örn Gunnarsson, starfsmaður iðnaðarráðuneytis, en Fjárfestingarstofan – orkusvið, undir forustu Garðars Ingvarssonar, veitti nefndinni nauðsynlega þjónustu.

Í byrjun apríl 2002 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Með lögunum, nr. 38 frá 16. apríl 2002, var Landsvirkjun m.a. veitt heimild til að reisa og reka Kárahnjúkavirkjun með allt að 750 MW afli í þágu stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Iðnaðarráðherra gaf 2. september 2002 út virkjunarleyfi til Landsvirkjunar í samræmi við ákvæði laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun. 19. apríl 2002 undirrituðu Fjárfestingarstofan – orkusvið og bandaríska álfyrirtækið Alcoa Inc. (Alcoa) sameiginlega aðgerðaáætlun, um mat á kostum þess að Alcoa reisti álver í

Reyðarfirði. Niðurstöður matsins áttu að liggja fyrir 24. maí 2002 en gildistími aðgerðaáætlunarinnar var framlengdur til 18. júlí 2002 með samkomulagi, dags. 23. maí 2003.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra, G. John Pizzey, aðstoðarforstjóri Alcoa, og Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, undirrituðu viljayfirlýsingu um framhald viðræðna um mat og hugsanlega byggingu álvers á Austurlandi 19. júlí 2002. Í yfirlýsingunni var kveðið á um að verkefnið fælist í byggingu Kárahnjúkavirkjunar á vegum Landsvirkjunar, byggingu álvers í Reyðarfirði á vegum Alcoa, leigu á lóð í Reyðarfirði, hafnaraðstöðu á Mjóeyri sem Fjarðabyggð legði til og hafnarsjóður sveitarfélagsins byggði og ræki, og annarri aðstöðu tengdri verkefninu.

Í nóvember 2002 var gengið frá samningi milli Alcoa, Hydro Aluminium og Hæfis hf. um sölu á öllu hlutafé í Reyðaráli hf. til Alcoa. Með kaupunum öðlaðist Alcoa m.a. rétt á rannsóknum og umhverfismati sem Reyðarál hf. hafði látið framkvæma vegna byggingar álvers í Reyðarfirði. Í kjölfar þessa var lögð fram samanburðarskýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers Alcoa og álvers Reyðaráls hf. sem Skipulagsstofnun heimilaði með úrskurði sínum, dags. 31. ágúst 2001. Nánar er vikið að umhverfismálum verkefnisins í 6. kafla athugasemda þessara.

Viðræður um verkefnið gengu vel og í desember 2002 voru samningar um það áritaðir. Þeir eru fjárfestingarsamningur, lóðarsamningur, hafnarsamningur og rafmagnssamningur. Í samræmi við ákvæði viljayfirlýsingarinnar voru samningarnir lagðir fyrir stjórn Alcoa á stjórnarfundi 10. janúar 2003 og samþykkti stjórn félagsins að ráðast í verkefnið. Þá var rafmagnssamningur lagður fyrir stjórn Landsvirkjunar og samþykktur 10. janúar 2003 og hafnarsamningur fyrir sveitarstjórn Fjarðabyggðar og hafnarnefnd Fjarðabyggðar 20. janúar 2003.

Að samningaviðræðum við Alcoa hafa eftirtaldir einstaklingar komið af hálfu stjórnvalda: Frá iðnaðarráðuneyti Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri og Guðjón Axel Guðjónsson deildarsérfræðingur. Frá fjármálaráðuneyti Maríanna Jónasdóttir skrifstofustjóri og Erla Pétursdóttir lögfræðingur. Frá Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar Garðar Ingvarsson framkvæmdastjóri og Andrés Svanbjörnsson yfirverkfræðingur. Frá samgönguráðuneyti Sigurbergur Björnsson verkefnisstjóri. Frá Siglingamálastofnun Íslands Gísli Viggósson forstöðumaður og Kristján Helgason verkfræðingur. Af hálfu Fjarðabyggðar og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar hefur Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri tekið þátt í samningaviðræðum. Lögfræðilegur ráðunautur stjórnvalda hefur verið Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Landslögum – lögfræðistofu, með aðstoð Viðars Lúðvíkssonar héraðsdómslögmanns.

Af hálfu Landsvirkjunar hafa Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri, Stefán Már Pétursson framkvæmdastjóri og Edvard G. Guðnason deildarstjóri tekið þátt í viðræðunum. Lögfræðilegur ráðunautur Landsvirkjunar hefur verið Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður.

Samstarfsnefnd um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði – STAR – sem stofnuð var á grundvelli samkomulags um samvinnu Fjárfestingarstofu – orkusviðs, Fjarðabyggðar og Orku- og stóriðjunefndar sveitarfélaga á Austurlandi um framhald staðarvalsathugana fyrir iðnaðarsvæði á Austurlandi kom einnig að undirbúningi verkefnisins. Verkefnisstjórn STAR var framkvæmdaraðili við mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði þegar unnið var í nafni Hrauns ehf. í samræmi við fyrri Noral-yfirlýsinguna, frá 29. júní 1999.

Þegar Reyðarál hf., framkvæmdafélag í helmingseigu íslenskra fjárfesta og Hydro Aluminium, tók við undirbúningsframkvæmdum vegna byggingar álvers við Reyðarfjörð árið 2000 fékk STAR það hlutverk að samræma málefni sem tengjast atvinnulífi og sveitar-

stjórnum svo að Austurlandsfjórðungur gæti tekist á við verkefni sem tengjast uppbyggingu stóriðju og virkjunarframkvæmdum. Til að gera STAR færara um að sinna þessum markmiðum voru fulltrúar frá öðrum sveitarfélögum fengnir til samstarfs við nefndina í ársbyrjun 2001.

2. Alcoa Inc. og fyrirtækjafyrirkomulag.

Alcoa Inc. er stærsta álfyrirtæki í heiminum, með um 129.000 starfsmenn í 38 þjóðlöndum. Starfsemi fyrirtækisins tekur til allra þátta álframleiðslu, súráls, frumvinnslu áls og úrvinnslu, auk annarrar starfsemi. Alcoa þjónar m.a. flugvéla-, bifreiða-, umbúða-, byggingar-, samgöngu- og iðnaðarmörkuðum. Velta fyrirtækisins árið 2001 var 22,9 milljarðar Bandaríkjadala. Fyrirtækið er skráð á verðbréfamörkuðum í New York, Brussel, Frankfurt, London, Sviss og Ástralíu. Áætlað er að hluthafar í fyrirtækinu árið 2001 hafi verið 266.800 og hlutir í því um 850 milljónir. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Pittsburgh, Pennsylvaníu, Bandaríkjunum, en fyrirtækið er einnig með skrifstofu í New York.

Félagið, sem í upphafi hét Pittsburgh Reduction Company, var stofnað árið 1888 en einn stofnenda þess var Charles Martin Hall, sá hinn sami og fann upp aðferðina til að vinna ál úr súráli með rafgreiningu samtímis Paul Heroult. Árið 1907 var nafni fyrirtækisins breytt í Aluminum Company of America og síðar Alcoa.

Alcoa World Alumina er einn af stærstu framleiðendum báxíts í heiminum og leiðandi í framleiðslu súráls. Alcoa og tengd fyrirtæki reka 26 álverksmiðjur um heim allan. Í Bandaríkjunum og Kanada eru reknar ellefu álverksmiðjur, tvær eru í Brasilíu, tvær í Noregi, þrjár á Spáni, þrjár á Ítalíu, ein í Þýskalandi, ein í Ghana, ein í Nígeríu og tvær í Ástralíu. Ársframleiðslugeta fyrirtækisins á áli nam u.þ.b. 4,1 milljón tonna árið 2001.

Alcoa hefur sett sér stefnu í umhverfismálum og um heilsu og öryggi starfsmanna sem kveður á um að fyrirtækið starfi á öruggan og ábyrgan hátt. Grunnurinn að umhverfisstefnu Alcoa er sjálfbær þróun. Fyrirtækið hefur sett sér metnaðarfull markmið um sjálfbæra þróun fram til ársins 2020. Þessi markmið eru m.a. að hætta urðun úrgangs á landi og losun óhreinsaðs frárennslis í sjó, ár og vötn, framleiða umhverfisvænar vörur, samhæfa umhverfi og framleiðslu, setja umhverfið í öndvegi, tryggja slysalausa vinnustaði og gott umhverfi og góðan orðstír um heilbrigði og öryggi í þeim samfélögum þar sem fyrirtækið starfar.

Álverið í Reyðarfirði verður í eigu Fjarðaáls sf., sem er sameignarfélag í eigu Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf. Einkahlutafélögin verða aftur í eigu Alcoa Inc. og/eða dótturfélaga fyrirtækisins. Rekstur álverksmiðjunnar verður í höndum Fjarðaáls sf. en skattlagning vegna rekstrar hennar fer fram hjá eigendunum, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráli ehf., í samræmi við reglur um sameignarfélög.

3. Lýsing á fyrirhugaðri álverksmiðju í Reyðarfirði.

Álverksmiðjan verður á tæplega 90 ha iðnaðarlóð sem skipulögð er fyrir orkufrekan iðnað við Hraun í Fjarðabyggð, um 5 km austan við byggðina í Reyðarfirði. Áform Alcoa eru að byggja í einum áfanga álverksmiðju með allt að 322.000 tonna framleiðslugetu á ári. Gert er ráð fyrir að vinna við framkvæmdir hefjist haustið 2004 og að hún hefji framleiðslu vorið 2007. Fjárfestingarkostnaður vegna álverksmiðjunnar er áætlaður um 90 milljarðar íslenskra króna.

Framleiðslutæknin í fyrirhugaðri álverksmiðju er byggð á hámarkssjálfvirkni og háþróuðustu tækni sem í boði er fyrir álver sem nota forbökuð rafskaut. Besta fáanlega tækni

(BAT – best available technique) verður notuð við hreinsun útblásturs. Notaður verður þurrhreinsibúnaður með 99,5% hreinsivirkni til að fjarlægja og endurvinna flúoríð.

Þegar álverksmiðjan tekur til starfa á árinu 2007 er áætlað að 420 starfsmenn verði ráðnir í fullt starf. Auk þess má reikna með um 35 ársverkum til viðbótar vegna sumar- og veikindaafleysinga. Alls þarf því 455 ársverk til að reka álverksmiðjuna. Nánar er fjallað um fyrirhugaða álverksmiðju í fylgiskjali I.

4. Aðrar framkvæmdir.

Byggingu álverksmiðjunnar fylgja ýmsar aðrar framkvæmdir. Þær helstu eru Kárahnjúkavirkjun, háspennulínur, höfn og vegaframkvæmdir.

Til að afla orku til álverksmiðjunnar mun Landsvirkjun reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal, Kárahnjúkavirkjun. Með lögum nr. 38/2002, um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar, veitti Alþingi Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal með allt að 750 MW afli og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal. Í frumvarpi til þeirra laga er að finna nánari lýsingu á virkjunarmannvirkjum og tengdum framkvæmdum.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð mun byggja nýja höfn við iðnaðarsvæðið. Þar verður hráefnum skipað upp og afurðirnar settar í skip fyrir útflutning. Þó álverið fái forgang á notkun hafnarinnar mun hún nýtast fleiri aðilum á svæðinu.

Auk áðurgreindra framkvæmda hefur verið ráðist í ýmsar samgöngubætur á svæðinu í tengslum við virkjunar- og álverksmiðjuframkvæmdir.

Auk þessa verða byggð íbúðarhús vegna fjölgunar íbúa og aukinnar þjónustu á svæðinu. Í skýrslu Nýsis hf. um mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði (fylgiskjal IX) er gerð ítarleg grein fyrir áformum um uppbyggingu húsnæðis.

5. Samningar.

Samkomulag við Alcoa Inc., Fjarðaál sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. um byggingu álverksmiðju í Reyðarfirði felur í sér fjóra samninga, þ.e. fjárfestingarsamning, lóðarsamning, hafnarsamning og rafmagnssamning. Samningarnir eru í flestum atriðum sambærilegir við samninga ríkisstjórnar Íslands, Columbia Ventures Corporation og Norðuráls hf. sem gerðir voru 7. ágúst 1997.

Samningarnir munu að stofni til byggjast á sömu grundvallaratriðum, m.a. varðandi lausn ágreiningsmála, óviðráðanleg ytri öfl, samningstíma, framlengingu samnings, framsal réttinda, uppsögn, breytingar og endurskoðun. Í hafnarsamningi eru nokkur ákvæði þó með öðrum hætti en í hinum samningunum. Samningarnir eru í upphafi miðaðir við 20 ára rekstur, en í þeim er gert ráð fyrir að Fjarðaál sf. og eigendurnir geti framlengt samninginn um 20 ár með óbreyttum kjörum ef rafmagnssamningurinn er í gildi. Hér verður þessum samningum lýst í örstuttu máli, en nánari lýsingu á þeim er að finna í fylgiskjölum II–V.

Í fyrsta lagi verður gerður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Alcoa Inc., Fjarðaáls sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf. hins vegar. Lagafrumvarp þetta er nauðsynleg forsenda þess að unnt verði að gera þennan samning. Í fylgiskjali II er meginatriðum fjárfestingarsamningsins lýst. Fjárfestingarsamningurinn verður birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Í öðru lagi verður gerður lóðarsamningur milli ríkissjóðs og Fjarðaáls sf. Samkvæmt samningnum leigir ríkissjóður félaginu 98 hektara landspildu úr landi jarðanna Sómastaða, Sómastaðagerðis og Hrauns undir álverksmiðjuna. Samningnum er lýst nánar í fylgiskjali III.

Í þriðja lagi verður gerður hafnarsamningur milli hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og Fjarðaáls sf. Samningurinn kveður m.a. á um rétt félagsins til að nota höfnina, hafnarlandið og hafnarmannvirki og um greiðslur fyrir þessi not. Samningnum er nánar lýst í fylgiskjali IV.

Í fjórða lagi verður gerður rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og Fjarðaáls sf. Gert er ráð fyrir að raforkuþörf álverksmiðjunnar verði 4.704 GWstundir á ári, 4.231 GWstundir á tryggðum grundvelli (forgangsorka) og 473 GWstundir á ótryggðum grundvelli. Í samningnum mun Fjarðaál sf. skuldbinda sig til þess að greiða Landsvirkjun fyrir 3.998 GWstundir eða 85% þessarar orku óháð því hvort fyrirtækið nýtir orkuna eða ekki.

Greinargerð forstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðan rafmagnssamning er í fylgiskjali V. Í henni kemur fram að Landsvirkjun hefur unnið að undirbúningi framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun með það fyrir augum að geta lokið þeim að mestu á árinu 2007. Hefur Alcoa borið hluta af kostnaði við vegagerð og aðrar undirbúningsaðgerðir á virkjunarsvæðinu, sem hafist var handa um á liðnu sumri, og verður hann endurgreiddur fyrirtækinu þegar rafmagnssamningurinn gengur í gildi. Útboð hefur farið fram á tveimur af meginþáttum sjálfra virkjunarframkvæmdanna, þ.e. byggingu Kárahnjúkastíflu og gerð aðrennslisganga, og voru tilboð opnuð 6. desember sl. Er nú unnið að mati á þeim og viðræðum við verktaka, sem unnt á vera að leiða til lykta með gerð verksamninga í febrúar nk., þannig að vinna að þessum verkum geti hafist í marsmánuði.

6. Umhverfismál.

6.1. Almennt.

Undirbúningur álverksmiðju í Reyðarfirði hefur farið fram í samræmi við gildandi löggjöf og hefur almenningur átt þess kost að hafa þar áhrif á undirbúningsstigi. Undirbúningurinn hefur jafnframt farið fram á grundvelli aðalskipulags fyrir sveitarfélagið Fjarðabyggð. Hér verður gerð nokkur grein fyrir þessu skipulagi, mati á umhverfisáhrifum og undirbúningi starfsleyfis. Í greinargerð Hönnunar hf., sem er fylgiskjal VI með frumvarpi þessu, er nánar fjallað um umhverfismál tengd álverksmiðju í Reyðarfirði.

6.2. Skipulag svæðisins.

Álverksmiðjan fellur innan aðalskipulags sem í gildi er fyrir iðnaðarsvæðið. Breyta þarf gildandi deiliskipulagi þar sem byggingarreitur 420.000 tonna álvers Reyðaráls innan lóðarinnar er nokkru minni en 322.000 tonna álverksmiðju Fjarðaáls sf.

Samkvæmt aðalskipulagi á lóð fyrir orkufrekan iðnað að vera vestan Hrauns í Reyðarfirði. Fyrir 420.000 tonna álverksmiðju Reyðaráls þurfti stærri lóð en gert er ráð fyrir í þessu skipulagi. Tillögur til breytinga voru gerðar á gildandi aðalskipulagi Reyðarfjarðar með það í huga að iðnaðarsvæðið við Hraun yrði stækkað vegna fyrirhugaðrar álverksmiðju. Enn fremur eru skipulagðar lóðir fyrir annan iðnað og þjónustu á iðnaðarsvæðinu.

18. desember 2002 var birt í Lögbirtingablaðinu auglýsing um tillögu að breyttu deiliskipulagi í Fjarðabyggð. Frestur til að skila athugasemdum er til 29. janúar nk.

6.3. Umhverfisáhrif.

Fyrirhugað er að breyta fyrri áætlunum Reyðaráls ehf. um byggingu álverksmiðju í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Horfið hefur verið frá áætlunum um byggingu álverksmiðju sem nýtir HAL 250 tækni frá Norsk Hydro og í stað þess er áætlað að nota aðra tækni af sambærilegum gæðum eða betri, sem Alcoa, núverandi eigandi Reyðaráls ehf., mun leggja til og hefur reynslu af. Í október 1999 lagði Hraun ehf. fram frummatsskýrslu um mat á umhverfis-

áhrifum 480 þús. tonna álvers í Reyðarfirði. 10. desember 1999 úrskurðaði skipulagsstjóri ríkisins að frekara mat skyldi fara fram á umhverfisáhrifum álversins. Úrskurðurinn var kærður til umhverfisráðherra sem felldi hann úr gildi og ómerkti meðferð málsins.

Ný skýrsla um mat á umhverfisáhrifum byggingar allt að 420 þús. tonna álvers í tveimur áföngum var lögð fram af Reyðaráli hf. fyrir Skipulagsstofnun 11. maí 2001. Framkvæmdin var auglýst opinberlega og lá frammi til kynningar frá 25. maí til 6. júlí 2001. 31. ágúst það ár féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með skilyrðum um að ekki yrði búseta innan skilgreinds þynningarsvæðis álvers og rafskautaverksmiðju eftir að rekstur hæfist og að við umhverfisvöktun yrði fylgst með styrk PAH-efna í lofti, ákomu slíkra efna á jörð og afrennsli í sjó og uppsöfnun í sjávarseti og lífverum innan sem utan skilgreindra þynningarsvæða. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðherra sem staðfesti hann.

Við kaup Alcoa á Reyðaráli hf. voru Skipulagsstofnun tilkynntar breytingar á áformum um byggingu álvers í Reyðarfirði. Breytingarnar fólust einkum í því að dregið var úr framleiðslugetu, hætt við byggingu rafskautaverksmiðju og að ekki kæmi til urðunar kerbrota eða annarra úrgangsefna á iðnaðarsvæðinu. Nýr eigandi Reyðaráls, Alcoa, lét vinna skýrslu þar sem borin eru saman umhverfisáhrif 420 þús. árstonna álverksmiðju sem áður var áætlað að byggja í tveimur áföngum og 322 þús. árstonna álverksmiðju eins og nú eru áform um að byggja í einum áfanga. Skýrslunni var skilað til Skipulagsstofnunar 22. nóvember 2002. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu 20. desember 2002 að breytingar á áformum um byggingu fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði væru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldu því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Fyrri úrskurður stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði fyrir allt að 420 þús. tonna ársframleiðslu gilti því áfram að teknu tilliti til breytinga á framkvæmdaáformum.

6.4. Starfsleyfi.

Reyðarál ehf. sótti um starfsleyfi fyrir álverksmiðju í Reyðarfirði til Hollustuverndar ríkisins 4. desember 2002 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður hafði verið auglýst tillaga að starfsleyfi fyrir allt að 420.000 tonn/ári af áli í kerskálum og tengdum steypuskálum ásamt rafskautaverksmiðju og urðunarstöðum fyrir kerbrot og annan úrgang sem tengist álverum sérstaklega.

Við nýja tilhögun álverksmiðjunnar er ekki gert ráð fyrir rafskautaverksmiðju og urðunarstað fyrir kerbrot. Ekki er heldur ráðgerð vothreinsun til að draga úr útblæstri brennisteinsdíoxíðs. Þess í stað er öðrum aðferðum beitt til að tryggja að þynningarsvæði vegna loftmengunar af völdum brennisteinsdíoxíðs sé virt.

Hollustuvernd ríkisins hefur gert tillögu að starfsleyfi Reyðaráls ehf. fyrir starfsemi á iðnaðarsvæðinu við Hraun í Reyðarfirði. Í fylgiskjali VII er greinargerð stofnunarinnar, dags. 17. desember 2002, ásamt tillögu Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir verksmiðjuna. Tillagan var auglýst í Lögbirtingablaðinu 18. desember 2002 en frestur til að gera athugasemdir rennur út 18. febrúar nk.

7. Áhrif á þjóðarhag.

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur lagt mat á þjóðhagsleg áhrif fjárfestinga í virkjun og byggingu álvers í Reyðarfirði, sbr. fylgiskjal VIII. Í matinu eru skoðuð þrjú tilvik með samanburði við grunndæmi þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum framkvæmdum. Auk þess eru skoðuð tvö tilvik sem sýna áhrif sérstakra mótvægisaðgerða stjórnvalda sem

miða að því að jafna þær sveiflur í efnahagslífinu sem framkvæmdirnar valda. Framsetning á niðurstöðum er almennt birt sem frávik frá tilteknu grunndæmi, sem er án álvers- og virkjunarframkvæmda, en það er samhljóða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kynnt var í byrjun desember 2002. Í athugun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins er miðað við áætlanir orku- og stóriðjufyrirtækja um orku- og stóriðjuframkvæmdir. Hafa ber í huga að matið er háð ýmsum forsendum sem óvissa ríkir um og raktar eru í greinargerðinni. Þar kemur m.a. fram að í tveimur tilvikanna sé um svo miklar framkvæmdir að ræða með tilliti til stærðar íslenska hagkerfisins að erfitt sé að fanga efnahagsleg áhrif þeirra til hlítar í þjóðhagslíkani.

Í matinu kemur fram að áætlaður stofnkostnaður vegna fjárfestingar í Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju Alcoa í Reyðarfirði nemur um 165 milljörðum króna. Áætlað er að byggingu verksmiðjunnar verði lokið 2007, en fullri afkastagetu með 322 þús. tonnum verði náð á árinu 2008. Fjárfesting vegna framkvæmdanna nái hámarki á árunum 2005 og 2006 en þá falli til ríflega helmingur af heildarstofnkostnaði. Áætlað er að heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum verði rúmlega 30% meiri en í grunndæmi á framkvæmdatímanum 2003–2006 og nálægt 50% meiri árin 2005–2006.

Árleg mannaflaþörf vegna framkvæmdanna nemur rúmlega 1.250 ársverkum að jafnaði á tímabilinu 2003–2006 eða um 0,8% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði. Auk þess muni óbein áhrif þessara framkvæmda leiða til fjölgunar starfa sem nemur 800–900 umfram grunndæmi á þessu tímabili. Reiknað er með að rúmlega 500 störf skapist í álveri Alcoa í Reyðarfirði eftir að það hefur rekstur.

Athugunin bendir til að framleiðslustig þjóðar- og landsframleiðslu á framkvæmdatíma verði að jafnaði 3% hærri en í grunndæminu. Horfur eru á að á árunum 2005 og 2006 verði árlegur hagvöxtur um 5%. Jafnframt eru líkur á að án mótvægisaðgerða verði þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka Íslands rofin. Hins vegar má reikna með að árlegur hagvöxtur eftir að framkvæmdum lýkur á árunum 2007–2009 verði innan við 1½% verði ekki gripið til sérstakra mótvægisaðgerða. Atvinnuleysi gæti orðið 1% minna en í grunndæmi þegar áhrif af framkvæmdum eru sem mest. Hins vegar gæti atvinnuleysið aukist um 1% umfram grunndæmi þegar framkvæmdum lýkur. Atvinnuástand mun endurspegla hagvaxtarþróunina og atvinnuleysi því minnka verulega árin 2005 og 2006 en aukast að sama skapi eftir þann tíma. Á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir að verðbólga verði 2% hærri en í grunndæmi en -¾ lægri en í grunndæmi á árunum 2007–2010.

Aukinn innflutningur fjárfestingarvara vegna framkvæmdanna og aukin umsvif í þjóðarbúskapnum munu valda auknum viðskiptahalla á meðan á framkvæmdum stendur sem nemur að jafnaði 4½% af landsframleiðslu á tímabilinu 2003–2006. Aukinn álútflutningur mun hins vegar hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð og heildarútflutningur fyrsta áratuginn eftir að framkvæmdum lýkur verður 12% hærri en í grunndæmi. Til langs tíma má reikna með að þjóðarframleiðsla verði ¾% hærri en í grunndæmi og landsframleiðsla 1% hærri.

8. Áhrif á samfélag.

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar álverksmiðju í Reyðarfirði var ráðgjafarfyrirtækið Nýsir hf. fengið til að vinna skýrslu um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif álvers á Miðausturlandi (sjá fylgiskjal IX).

Við framkvæmdir vegna álversins 2003–2007 er talið þurfa tæplega 2.300 ársverk, þar af um 1.300 ársverk þegar framkvæmdir standa sem hæst árið 2006. Aðrar samhliða framkvæmdir munu þarfnast starfsfólks sem nemur tæplega 5.100 ársverkum á árunum 2002–

2008, þar af mun bygging Kárahnjúkavirkjunar og bygging tengivirkis og háspennulína krefjast um 3.850 ársverka og bygging íbúðarhúsnæðis (að meðtöldum götum og veitum) tæplega 800 ársverka. Þörfin mun rísa hæst árið 2006 þegar allar framkvæmdir á Mið-Austurlandi munu krefjast fjölda starfsmanna sem nemur rúmlega 2.600 ársverkum.

Við mat á áhrifum framkvæmda er gert ráð fyrir að heimamenn muni sinna 10% af vinnu við framkvæmdir við álverið og að starfsmenn sem flytjast tímabundið til Austurlands með fjölskyldur sínar á meðan á framkvæmdum stendur sinni 15% starfa við framkvæmdir. Þá er gert ráð fyrir að erlent vinnuafl muni sinna 30% af vinnu við framkvæmdir og að Íslendingar sem dvelja í vinnubúðum muni vinna um 45% starfanna. Á meðan á framkvæmdum stendur verður auk þess til fjöldi óbeinna og afleiddra starfa við þjónustu á svæðinu og er talið að heimamenn muni geta sinnt um 40% þeirra en aðkomufólk um 60%. Talið er að þær forsendur sem hér hafa verið nefndar muni leiða til íbúafjölgunar vegna framkvæmda úr tæplega 8.100 manns upp í rúmlega 9.800 manns árið 2007.

Áhrifa af framkvæmdunum mun gæta um allt land og er m.a. búist við að fjöldi iðnaðarmanna og verktaka á Austurlandi utan Miðausturlands og á Norðurlandi eystra muni taka þátt í verkefninu. Áætlað er að 322 þús. tonna álver skapi 420 heilsársstörf. Vegna orlofs, veikinda og annarra forfalla er áætlað að bæta þurfi við þá tölu 8%, sem þýðir í heild um 455 ársverk.

Talið er að eftir að starfsemi álversins hefst muni óbein og afleidd áhrif leiða til þess að fyrir hvert eitt starf þar skapist 0,85 ný störf á Miðausturlandi. Hins vegar er talið að vegna sterkrar samkeppnisstöðu á vinnumarkaði Miðausturlands muni fyrirhugað álver leiða til þess að fyrir hvert eitt starf þar muni 0,2 leggjast niður í öðrum greinum. Nettóáhrifin eru því 1:0,65. Þannig munu um 450 ársverk í álverinu skapa nálægt 300 störf til viðbótar á svæðinu, ef forsendur þessar reynast réttar.

Talið er að verulegs hluta margfeldisáhrifa af rekstri álversins muni gæta utan Miðausturlands, einkum á höfuðborgarsvæðinu og í einhverjum mæli á Akureyri. Erlendar rannsóknir sýna að fyrir hvert eitt starf í álveri skapist 2–3 óbein og afleidd störf í öðrum greinum. Ef það verður reyndin hér á landi, og áðurnefndar forsendur um margfeldisáhrif á Miðausturlandi haldast, mun því álverið skapa 1,5–2,0 störf annars staðar á landinu, þ.e. utan Miðausturlands.

Störfin sem skapast þegar starfsemi álversins hefst árið 2007 munu koma í stað starfa heimamanna við framkvæmdir sem þá dragast verulega saman. Áætlað er að íbúafjöldi á Miðausturlandi verði u.þ.b. 9.700–9.800 árin 2007–2008 ef þessi áform ganga eftir. Árið 2007 munu störf í álverinu ekki bæta upp fækkun starfa heimamanna og fækkun starfa aðfluttra starfsmanna og leiða til þess að íbúafjöldi verður u.þ.b. 9.600 árið 2009.

Fyrirhugað álver mun með beinum, óbeinum og afleiddum hætti leiða til mikillar atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna viðskipta á Miðausturlandi. Þetta yrði ný atvinnugrein á svæðinu sem hefði áhrif á margar aðrar greinar er selja vörur og þjónustu til álversins og starfsfólks þess. Verkefnið mun hafa áhrif á ferðamannaþjónustu og landbúnað. Í fyrra tilvikinu mun aukinn íbúafjöldi, viðskipti tengd framkvæmdum, bættar samgöngur og bættur hagur fólks auka eftirspurn eftir margvíslegri hótel- og veitingaþjónustu, útivist og afþreyingu sem aðilar í ferðaþjónustu njóta góðs af. Atvinna tengd álverinu mun einnig auka möguleika fólks sem starfar í ferðaþjónustu og landbúnaði á viðbótartekjum en atvinna í þessum tveimur greinum gefur almennt lágar tekjur og er árstíðabundin.

Fólksfækkun á síðustu árum hefur aðallega átt rætur sínar að rekja til þess að ungt fólk sækir burt til náms og í leit að áhugaverðum og vel launuðum störfum. Bein, óbein og afleidd

áhrif fyrirhugaðs álvers munu verða þau að hjálpa ungu menntuðu fólki sem á rætur á Miðausturlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldurs- og kynjaskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Reyðarál hf. árið 2000 sýndi að 40% 18–28 ára fólks á Miðausturlandi hefur örugglega eða líklega áhuga á að starfa í álverinu og að 17% brottfluttra Austfirðinga 25–49 ára telur líklegt að þeir muni flytja aftur til Austurlands ef álver rís á Reyðarfirði.

Fyrirhugað álver og tengd starfsemi mun leiða til samgöngubóta, bættrar grunngerðar og aukinnar þjónustu, til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins. Bætt afkoma fólks og fjölgun íbúa mun leiða til öflugra menningar- og félagslífs á svæðinu og styrkja starfsemi stofnana, samtaka, félaga og hópa sem starfa á þessu sviði.

Ef verkefnið verður framkvæmt eins og áformað er mun verða til samfélag á Miðausturlandi sem byggir afkomu sína á tveimur meginstoðum, þ.e. álframleiðslu og sjávarútvegi, sem mun jafnframt eflast með uppbyggingu fiskeldis. Þá leiðir verkefnið að öllum líkindum til þess að samfélagið á Miðausturlandi mun einkennast af uppgangi og athafnasemi.

Í skýrslu Nýsis hf. er bent á mikilvægi þess fyrir sveitarfélögin, ríkisvaldið og Alcoa að aðgerðir á tilteknum sviðum eru þýðingarmiklar fyrir framgang verkefnisins.

Sveitarfélögin sem verða fyrir mestum áhrifum vegna verkefnisins þurfa að endurskoða aðalskipulag sitt, undirbúa nýbyggingarsvæði, skipuleggja endurnýjun eldri hverfa og þéttingu byggðar. Þá þarf Fjarðabyggð að gera ýmsa samninga við Alcoa. Brýnt er að sveitarfélögin í samstarfi við ríkið grípi til aðgerða í húsnæðismálum, þannig að nægilegt framboð verði af bæði leiguhúsnæði og húsnæði til kaups, auk þess sem líklega þarf að grípa til bráðabirgðaráðstafana í húsnæðismálum. Þá er þýðingarmikið að fengin verði niðurstaða áður en framkvæmdir við íbúðarhúsnæði hefjast hvort ekki sé mögulegt og hagkvæmt að nýta jarðhita til húshitunar á Reyðarfirði, Eskifirði, í Neskaupstað og á Fáskrúðsfirði. Mikilvægt er að sveitarfélögin í gegnum samstarf sitt í Þróunarstofu Austurlands hefjist handa við að efla fyrirtæki á svæðinu með markvissum aðgerðum og auka samkeppnishæfni þeirra vegna þeirra miklu viðskiptatækifæra sem verkefnið mun veita. Þá er líka brýnt að sveitarfélögin sjái til þess að framboð á ýmsu menningar- og tómstundastarfi verði aukið.

Að mati skýrsluhöfundar eru helstu viðfangsefni ríkisvaldsins vegna verkefnisins á sviði samgöngumála, gerð jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, vegabætur tengdar Kárahnjúkavirkjun og vinnusókn í álverið og þátttaka í fjármögnun hafnar fyrir álverið. Í menntamálum er brýnt að framhaldsskólum þar eystra verði gert kleift að mennta og þjálfa fólk á svæðinu til þeirra nýju starfa sem verkefnið mun skapa. Heilbrigðisstofnun Austurlands þarf að undirbúa sig til að mæta þeirri þörf fyrir heilbrigðisþjónustu sem af verkefninu leiðir, m.a. bráða- og slysaþjónustu. Þýðingarmikið er að ríkisvaldið taki ásamt sveitarfélögunum þátt í að skipuleggja og fjármagna aðgerðir í húsnæðismálum. Einnig að ríkisvaldið með aðgerðum sínum stuðli að því að það náist að halda áfram að stækka sveitarfélögin á svæðinu, að stutt verði við bakið á þeirri viðleitni að efla fyrirtækin á Miðausturlandi. Þá þarf ríkið að huga að mótvægisaðgerðum í ríkisfjármálum á meðan verkefnið stendur sem hæst, m.a. til að halda aftur af verðbólgu og draga úr fjárfestingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er iðnaðarráðherra heimilað að ganga til samninga á grundvelli frumvarps þessa við Alcoa Inc., Fjarðaál sf. og stofnendur þess, Reyðarál ehf. og Alcoa á Íslandi ehf., um byggingu álvers í Reyðarfirði. Í samningi við félagið skal kveðið á um skuldbindingar

ríkisins og félagsins og eigenda þess, sem hin fyrirhugaða starfsemi gefur tilefni til. Þar skal einnig fjallað um framkvæmd ákvæða laganna, eftir því sem nauðsynlegt er talið. Í samningnum skal kveðið á um gildistíma ákvæða hans sem ekki skal vera skemmri en 20 ár frá stofnun Fjarðaáls sf. Er í því efni miðað við sambærilegan gildistíma og fram kemur í öðrum áþekkum samningum sem gerðir hafa verið af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Gert er ráð fyrir að samningur um verkefnið verði birtur í B-deild Stjórnartíðinda að undirskrift lokinni. Þá skulu félagið og eigendur þess starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum með þeim frávikum sem í frumvarpi þessu greinir.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um verkefni það sem lögin fjalla um, en því er ítarlega lýst í almennum athugasemdum. Verkefnið er skilgreint sem bygging álverksmiðju í Reyðarfirði í Fjarðabyggð til framleiðslu á áli og skyld starfsemi, bygging hafnarmannvirkja og hafnarbúnaðar og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu, eins og nánar verður um samið í fjárfestingarsamningi sem gerður verður innan ramma þessa frumvarps milli iðnaðarráðherra, Alcoa Inc., Reyðaráls ehf., Alcoa á Íslandi ehf. og Fjarðaáls sf. og hafnarsamningi milli hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og Fjarðaáls sf. Álverið verður hannað til að framleiða allt að 322 þús. tonn af áli á ári. Þá leigir ríkissjóður félaginu land undir álverksmiðjuna samkvæmt sérstökum samningi en land verksmiðjulóðar er allt í eigu ríkisins.

Um 3. gr.

Í samningum, sem gerðir verða innan ramma þessa frumvarps, er m.a. kveðið á um ýmsar skuldbindingar sem aðilar hafa gengist undir í tengslum við verkefnið. Efndir þessara skuldbindinga eru með þeim hætti að eðlilegt er að félagið njóti trygginga þegar um er að ræða aðra aðila en ríkið sjálft. Ríkið tekur því á sig ábyrgð í sambandi við ákveðnar efndir í tengslum við verkefnið. Þær ábyrgðir sem hér um ræðir eru annars vegar vegna skuldbindinga Fjarðabyggðar varðandi ákvörðun um gjöld til sveitarfélagsins og hins vegar vegna skuldbindinga hafnarsjóðs Fjarðabyggðar um hafnaraðstöðu í þágu álverksmiðjunnar. Um framangreint verða gerðir sérstakir samningar af hálfu ríkisins við sveitarfélagið og hafnarsjóð Fjarðabyggðar.

Um 4. gr.

Þar sem erlendur aðili er eigandi að einkahlutafélögunum tveimur er nauðsynlegt að heimila frávik frá þeim ákvæðum einkahlutafélagalaga, iðnaðarlaga, laga um verslunaratvinnu og laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna er fjalla um persónu eigenda og þjóðerni. Samkvæmt gildandi lögum er það á færi viðkomandi ráðherra að veita undanþágur en með tilliti til þess að um stórverkefni er að ræða þykir eðlilegt að fjalla um þessar undanþágur í frumvarpi þessu. Enn fremur er nauðsynlegt að heimila frávik frá ákvæðum um skyldutryggingar fasteigna með tilliti til brunatjóns og viðlaga. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði tryggðar á þann hátt sem tíðkast í álframleiðslu.

Í 2. gr. laga nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, er kveðið á um að leggja skuli flutningsjöfnunargjald á allt sement sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins. Skv. 3. gr. laganna renna tekjur af flutningsjöfnunargjaldi í flutningsjöfnunarsjóð sements en úr honum skal greiða flutningskostnað á sementi frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til annarra verslunarstaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til.

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1973 var áður að finna heimild til viðskiptaráðherra til að fella niður flutningsjöfnunargjald á sementi sem flutt er til landsins eða framleitt innan lands og notað til byggingar orkuvera eða annarra meiri háttar framkvæmda. Heimildin var felld brott með 3. gr. laga nr. 151/2000, um breytingu á lögum nr. 62/1973.

Samkvæmt upplýsingum frá flutningsjöfnunarsjóði sements er líklegt að útgjöld hans aukist um 222–256 millj. kr. eða 102–117% miðað við útgjöld ársins 2001 og enn meira miðað við útgjöld ársins 2002. Þyrfti innheimt flutningsjöfnunargjald að hækka um 94–112% eftir því hvort miðað er við endurgreiðslutaxta til Sementsverksmiðjunnar eða Aalborg Portland. Þetta hefði í för með sér 14–16% hækkun á sementsverði.

Í ljósi þeirra áhrifa sem jöfnun flutningskostnaðar á sementi vegna framkvæmdanna mun hafa á sementsverð er lagt til að flutningsjöfnunargjald verði ekki lagt á og jafnframt að flutningsjöfnunarsjóður greiði ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

Um 5. gr.

Rétt þykir að taka fram með skýrum hætti að semja megi í fjárfestingarsamningi um tiltekið fyrirtækjafyrirkomulag Alcoa Inc. á Íslandi. Alcoa hyggst starfrækja verksmiðjuna í nafni sameignarfélags, Fjarðaáls sf., sem verður að fullu í eigu tveggja einkahlutafélaga, Reyðaráls ehf. og Alcoa á Íslandi ehf., sem verða í eigu Alcoa Inc. Í fjárfestingarsamningi er gert ráð fyrir tilteknum kvöðum í þessu efni, sem lúta að því að einkahlutafélögin verði ætíð starfrækt og skráð á Íslandi og megi ekki stunda eða taka þátt í annarri starfsemi án samþykkis ríkisins. Þá er gert ráð fyrir því að samþykki ríkisins þurfi ætíð fyrir breyttu eignarhaldi sameignarfélagsins Fjarðaáls sf. Einnig er gert ráð fyrir ákvæðum um tilteknar takmarkanir á framsali eignarréttar í einkahlutafélögunum tveimur.

Um 6. gr.

Fjárfestingarsamningurinn byggist á því að íslensk skattalög gildi nema kveðið sé á um annað í samningnum og frumvarpi þessu.

Í upphafi greinarinnar er sett fram sú aðalregla að félagið og eigendurnir greiði alla almenna skatta og opinber gjöld hér á landi vegna álverksmiðjunnar samkvæmt lögum sem gilda á hverjum tíma með þeim sérákvæðum sem í greininni eru tilgreind. Önnur ákvæði greinarinnar eru því tæmandi upptalning frávika frá aðalreglunni. Gert er ráð fyrir því að félagið verði ekki sjálfstæður skattaðili.

Í 1. tölul. 1. mgr. er að finna ákvæði um tekjuskatt eigendanna. Eigendurnir munu greiða 18% tekjuskatt í samræmi við almennar reglur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þremur frávikum frá almennum skattlagningarreglum lögaðila. Í a-lið er kveðið á um að ef tekjuskattshlutfall á hlutafélög er lækkað niður fyrir það sem nú er þá gildi hin nýja almenna skattprósenta einnig fyrir eigendurna. Ástæða þessarar undanþágu er að samið er um starfsemi sem ekki hefur framleiðslu fyrr en árið 2007. Þykir eðlilegt að eigendurnir njóti þeirra breytinga í sama mæli og önnur fyrirtæki fram að þeim tíma er rekstur hefst. Í fjárfestingarsamningi er að finna skilgreiningu á afhendingardegi rafmagns (Permanent Delivery Date). Þar er átt við 1. október 2007 eða annan þann dag sem Alcoa og Landsvirkjun samþykkja eða sem leiðir af töfum samkvæmt ákvæðum samninga um verkefnið. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að verði síðari hækkanir á skatthlutfallinu þá skuli hærra skatthlutfall gilda fyrir eigendurna, þó þannig að skatthlutfallið verður aldrei hærra en 18%. Í b-lið er heimild til að draga rekstrartap frá skattskyldum tekjum í allt að níu ár. Í lok árs 2002 var samþykkt breyting á 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981 þannig að

fyrirtækjum verður heimilt frá og með tekjuárinu 2004 að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa vegna síðustu tíu ára. Á tekjuárinu 2003 er fyrirtækjum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa vegna síðustu níu ára. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartaps fleiri ára frá skattskyldum tekjum þá skuli það sama gilda um félagið. Þá er gert ráð fyrir því að ef árunum verði síðar fækkað skuli hið sama gilda um félagið, þó þannig að því sé ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa vegna síðustu níu almanaksára. Í c-lið er ákvæði um fyrningargrunn eigna en um skiptingu hans vegna byggingar álverksmiðju er samið fyrir fram í tilteknum hlutföllum, sem nánar er kveðið á um í viðauka með samningnum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 2. tölul. 1. mgr. eru eigendurnir undanþegnir eignarskatti skv. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981.

Í 3. tölul. 1. mgr. er félagið undanþegið iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002. Þetta þykir eðlilegt þar sem um er að ræða markaðar tekjur til verkefna sem félagið hefur ekki not af.

Í 4. tölul. 1. mgr. er vikið að fyrningarreglum varðandi eignir félagsins. Annars vegar getur það valið að afskrifa eign í hlutfalli við notkunartíma á fyrsta ári hennar í stað þess að nota fulla ársafskrift. Í öðru lagi er félaginu heimilað að afskrifa eignir að fullu í stað þess að bókfæra hrakvirði eins og lögin kveða á um.

Í 5. tölul. 1. mgr. kemur fram að í stað fasteignaskatts skuli félagið greiða Fjarðabyggð tiltekna fjárhæð í fasteignaskatt vegna allra mannvirkja sem félagið á eða leigir og eru ætluð vegna framleiðslugetu er nemur allt að 322.000 tonnum. Álagningarstofn fasteignaskatts verður fjárhæð sem samsvarar 255 milljónum Bandaríkjadala á meðalgengi fyrstu sex mánaða ársins 2007. Þessi fjárhæð er vegna allra mannvirkja innan lóðar verksmiðjunnar og á hafnarsvæðinu og eru þau upp talin í fylgiskjali við fjárfestingarsamninginn.

Í 6. tölul. 1. mgr. kemur fram að félagið er undanþegið greiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt lögum nr. 17/1996.

Í 7. tölul. 1. mgr. er veitt heimild til að ákveða að greiða skuli umsamda fjárhæð í stað byggingarleyfisgjalds og skipulagsgjalds samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Í 8. tölul. 1. mgr. er stimpilgjald af ákveðnum tegundum stimpilskyldra skjala ákveðið 0,15%.

Í 9. tölul. 1. mgr. eru félagið og eigendurnir undanþegnir ákvæðum laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Með ákvæðinu er kveðið á um sambærilegar undanþágur og gilda um Íslenska járnblendifélagið hf. og Alcan á Íslandi hf. (ISAL).

Í 10. tölul. 1. mgr. er hluthöfum í eigendunum gert að greiða 5% afdráttarskatt vegna arðs í stað 15% afdráttarskatts líkt og kveðið er á um í 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981. Í tvísköttunarsamningum sem Ísland gerir við önnur ríki er almennt samið um lægri afdráttarskatt en 15% að uppfylltum tilteknum eignarhaldsskilyrðum.

Í 11. tölul. 1. mgr. er félaginu og eigendunum heimilaður frádráttur vaxtakostnaðar í samræmi við 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, eins og sú grein hljóðar á samningsdegi, á upphafstímabili samningsins.

Í 12. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að hafnarsjóði Fjarðabyggðar sé heimilt að semja um vörugjöld með öðrum hætti en fram kemur í hafnalögum, hafnareglugerð og hafnagjaldskrá. Í fyrri lögum hefur slík heimild verið almenn en nú er lagt til að aflað verði sérgreindrar

heimildar fyrir samningsgerðinni. Á grundvelli þessarar heimildar verður hafnarsjóði Fjarðabyggðar heimilt að semja um afslátt frá gjaldskránni svo sem tíðkast hefur.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að heimilað verði að kveða svo á í fjárfestingarsamningi að skattar og gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og losun verksmiðju þess á lofttegundum eða öðrum úrgangsefnum nema slíkir skattar eða gjöld verði lögð á öll fyrirtæki hér á landi, þ.m.t. álfyrirtæki. Áþekk regla gildir í þessum efnum um Alcan á Íslandi hf. (ISAL).

Á síðasta ári samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyotobókunarinnar. Í stefnumörkuninni er kveðið á um að gert verði samkomulag við álfyrirtæki í landinu um aðgerðir til þess að halda útstreymi flúorkolefna við álframleiðslu innan við 0,14 tonn koltvíoxíðígilda á framleitt tonn af áli. Þá verði komið á formlegu samráði umhverfisráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins við fyrirtæki í áliðnaði um aðgerðir til þess að halda útstreymi gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu í lágmarki. Hvað varðar skatta og gjöld vegna losunar lofttegunda eða annarra úrgangsefna þá gerir fyrirliggjandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum ekki ráð fyrir því að slíkir skattar eða gjöld verði lögð á gróðurhúsalofttegundir. Af hálfu viðsemjanda ríkisstjórnarinnar er talið mikilvægt að jafnræðis verði gætt við álagningu slíkra skatta eða gjalda ef til þess kemur.

Í 3. mgr. er tekið fram að aðilar fjárfestingarsamningsins geti samið um tilteknar reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum félagsins og eigendanna við Alcoa Inc. og fyrirtæki í eignatengslum við hið bandaríska fyrirtæki. Ætlast er til að slík viðskipti fari fram eins og um ótengda aðila væri að ræða. Tilteknar viðmiðanir eru þekktar í þessu efni, svo sem 58. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og viðmiðunarreglur OECD á þessu sviði („Transfer Pricing Guidelines for Multinational Enterprises and Tax Administrations"). Slíkar viðmiðunarreglur eru mjög ítarlegar í samningi ríkisins og Alcan á Íslandi hf. (ISAL) en ekki þykir ástæða til að hafa þær jafnviðamiklar nú. Í fjárfestingarsamningnum er gert ráð fyrir sérstökum viðauka við samninginn sem tekur á þessum þáttum. Þann viðauka má taka til endurskoðunar þyki tilefni til þess á samningstímanum.

Í 4. mgr. er tekið fram með ótvíræðum hætti að félagið og eigendurnir verði háðir almennum reglum íslenskra laga varðandi skattframtal, álagningu, viðurlög og málskot. Ágreiningi um túlkun samningsákvæða má þó skjóta til gerðardóms samkvæmt ákvæðum samningsins.

Í 5. mgr. greinarinnar kemur loks fram að á fyrsta samningstímabilinu sé félaginu og eigendunum heimilt að velja að almenn ákvæði íslenskra skattalaga gildi um skattlagningu aðila. Beiðni um slíkt skal leggja fram skriflega eigi síðar en 1. júní ári áður en breytingarnar eiga að taka gildi.

Um 7. gr.

Í greininni er ákveðið að aðilar geti samið um sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið og eigendurna sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og undanþágum sem taldar eru viðeigandi. Heimila má félaginu að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í Bandaríkjadölum, í samræmi við reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins.

Um 8. gr.

Við uppbyggingu, túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir verða innan ramma frumvarpsins skal farið að íslenskum lögum. Heimilt er þó að vísa ágreiningi til gerðardóms.

Um 9. gr.

Samkvæmt tollalögum er heimilt að fella niður tolla og vörugjöld af hráefnum og efnivörum til iðnaðarframleiðslu, svo og af vélum og tækjum til framleiðslunnar. Engin gjöld eru nú á hráefnum og efnivörum. Eins er um fjárfestingarvörur sem fluttar eru inn frá EES-ríkjum og öðrum löndum sem fríverslunarsamningar eru við. Í fyrri málslið greinarinnar er við það miðað að felldir verði niður tollar og vörugjöld af innflutningi og kaupum félagsins á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðju félagsins og tengd mannvirki, sem kunna að verða flutt inn frá öðrum löndum og bera tolla eða vörugjöld. Í síðari málslið greinarinnar er veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álverksmiðjunnar.

Um 10. gr.

Í greininni kemur fram að semja megi um að félaginu og eigendunum sé heimilt að framselja samninginn við tilteknar afmarkaðar aðstæður.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Markaðsskrifstofa
iðnaðarráðuneytisins
og Landsvirkjunar:

Lýsing á fyrirhuguðu álveri og iðnaðarhöfn í Reyðarfirði.

1. **Inngangur.**
Alcoa Inc. í Bandaríkjunum hyggst reisa og reka álver með allt að 322.000 tonna ársframleiðslu í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Fyrir liggur samþykkt mat á umhverfisáhrifum álvers Reyðaráls hf. í Reyðarfirði fyrir allt að 420.000 tonna ársframleiðslu á iðnaðarlóð að Hrauni í Reyðarfirði. Alcoa keypti Reyðarál hf. í nóvember 2002 af Hydro Aluminium AS og Hæfi hf. með öllum réttindum og gögnum vegna undirbúnings álvers í Reyðarfirði. Álver Alcoa gengur undir nafninu Fjarðaál. Það verður í ýmsu frábrugðið álveri því sem Reyðarál hf. hugðist byggja, en Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að frávikin séu ekki matsskyld, heldur rúmist innan þess mats (á umhverfisáhrifum), sem þegar liggur fyrir. Fyrirhuguðum álversframkvæmdum er lýst í eftirfarandi greinargerð.

2. **Staðhættir á iðnaðarlóðinni. (Mynd 1.)**
Álverið verður staðsett á iðnaðarsvæðinu við norðanverðan Reyðarfjörð. Iðnaðarlóðin er um 6 km austur af þéttbýlinu við Reyðarfjörð. Hún er að mestu mýrlendi og víðáttumiklar klappir, sums staðar með löngum mýrarteigum á milli. Votlendið hefur að mestu verið ræst fram og ræktað sem tún. Hefðbundinn landbúnaður var áður ríkjandi atvinnuvegur á þessu svæði, en hann lagðist að mestu af fyrir nokkrum árum. Býli í nágrenni iðnaðarsvæðisins eru Framnes, Sómastaðir, Sómastaðagerði, Flateyri, Hraun og Hólmar. Búið er á Framnesi, en þar er enginn landbúnaður stundaður. Sómastaðir eru leigðir undir gróðrarstöð. Land á Flateyri og Hrauni er leigt út tímabundið til hrossabeitar. Ábúendur á Hólmum stunda nautgriparækt og nytja æðarvarp.

Allt land sem hér að ofan er nefnt, að undanskildu tveggja hektara stóru landi Framness, er í eigu íslenska ríkisins. Væntanlegt álver fellur innan aðalskipulags sem í gildi er fyrir iðnaðarsvæðið. Álverslóðin er um 88 ha að stærð. Breyta þarf gildandi deiliskipulagi lítils háttar þar sem byggingarreitur álvers Fjarðaáls innan lóðarinnar er frábrugðinn þeim sem þurfti fyrir álver Reyðaráls. Unnið er að því máli.

2. **Hafnaraðstaða. (Mynd 2.)**
Hafnarsjóður Fjarðabyggðar mun byggja nýja höfn á svokallaðri Mjóeyri við vestanvert iðnaðarsvæðið við Hraun. Markmiðið með byggingu hafnarinnar er að auðvelda flutninga hráefnis til álversins og afurða frá því á erlenda markaði. Álverið mun hafa forgang að notkun hafnarinnar en hún verður einnig opin öðrum til afnota, enda verður hún byggð og rekin sem almenn höfn.

Hafnarbakkinn verður af hefðbundinni stálþilsgerð með ankerisfestingum í malarfyllingu og steyptum framkanti. Viðlegukanturinn verður 380 m langur með 14,3 m dýpi. Gert er ráð fyrir því að allt að 250 m löng og 80.000 smálesta stór flutningaskip af svokallaðri „Panamax" stærð geti legið við kantinn. „Panamax" flutningaskip eru stærstu flutningaskip, sem komast eftir Panama skipaskurðinum. Landfylling verður varin til hliðar með grjótvörn. Athafnasvæði hafnarinnar verður um 74.000 m^2 að stærð með möguleikum til stækkunar með frekari landfyllingu til vesturs í allt að 112.000 m^2. Þar af mun álverið hafa til ráðstöfunar allt að 27.000 m^2 athafnasvæði fyrir vörugeymslur og gámastæði. Álverið mun á sinn kostnað reisa vöruskemmur, uppskipunarbúnað og búnað til flutnings á hráefni frá skipshlið í geymslur.

4. Flutningar.

Miklir flutningar munu eiga sér stað til og frá álverinu. Er þar einkum að nefna um 200.000 tonn af byggingarefni á byggingartíma álversins en síðan munu árlega fara um höfnina öll hráefni til álvinnslunnar og framleiðsluafurðir, sem aðallega verða mismunandi form af álhleifum. Áætlaðar árlegar flutningstölur eru eins og fram koma í töflu 1.

Tafla 1. Árlegir flutningar um Mjóeyrarhöfn.

Vörur	Eining	Innflutningur	Útflutningur
Óunnið ál	tonn	-	322.000
Súrál	"	622.000	-
Rafskaut	"	170.000	-
Skautleifar	"	-	41.000
Efni til kerfóðrunar	"	7.200	-
Kerbrot	"	-	4.600
Flúoríð	"	3.900	-
Olíur og eldsneyti	"	12.500	-
Spilliefni og annað	"	-	6.000
Samtals	**tonn**	**815.600**	**373.600**

5. Vatnsnotkun.

Vatnsnotkun í álverinu má skipta í tvo þætti, neysluvatn og iðnaðarvatn. Neysluvatn er einkum kranavatn til notkunar við sturtuböð og aðra hreinlætisaðstöðu og í mötuneyti fyrir starfsfólk. Iðnaðarvatn er fyrst og fremst kælivatn til notkunar í tækjum og framleiðslubúnaði álversins, en einnig til notkunar við slökkvistörf í brunatilfelli. Áætluð vatnsþörf Fjarðaáls er sýnd í töflu 2.

Tafla 2. Áætluð vatnsnotkun mismunandi hluta álversins.

Notandi	Eining	Kælivatn	Neysluvatn
Skautsmiðja	l/s	3,5	-
Steypuskáli	"	18	-
Stoðkerfi	"	-	1,6
Drykkjarvatn	"	-	0,35
Aðveitustöð	"	4,2	-
Samtals	**l/s**	**257**	**1,95**

Ráðgert er að taka neysluvatn úr núverandi brunnsvæði við Njörvadalsá en iðnaðarvatn verður tekið úr borholum í áreyrum milli Norðurár og Sléttuár fyrir botni fjarðarins.

6. **Raforkuöflun.**
Landsvirkjun mun sjá álverinu fyrir raforku, aðallega frá Kárahnjúkavirkjun. Lög um virkjunina voru samþykkt á Alþingi í apríl 2002.

Orkuþörf álvers Reyðaráls miðað við 322.000 tonna ársframleiðslu er áætluð um 4,700 GWh á ári. Í samningsgerð við Landsvirkjun er miðað við að 90% orkunnar verði skilgreind sem forgangsorka og 10% sem afgangsorka með tilteknum skerðingarákvæðum.

Tvær 400 kV háspennulínur (Fljótsdalslínur 3 og 4) munu tengja álverið við raforkukerfi Landsvirkjunar. Úrskurður Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum línanna lá fyrir í maí 2000. Framkvæmdin var samþykkt með skilyrðum og úrskurðurinn var staðfestur af umhverfisráðherra í nóvember 2000.

7. **Álvinnsla með rafgreiningu.**
Ál er unnið úr súráli með rafgreiningu í hitaþolnum stálkerum. Til að framleiða 1 tonn af áli þarf u.þ.b. 2 tonn af súráli og 0,4 tonn af skautkolum, 20 kg af álflúoríði og raforku sem svarar til 13.000–14.000 kWst. Fullbúið álver samanstendur af kerskálum með tilheyrandi rafbúnaði, steypuskála, skautsmiðju og nauðsynlegu stoðkerfi.

Í rafgreiningarkerinu klýfur rafstraumur súrálið annars vegar í súrefni sem gengur í efnasamband við kolefni í rafskautum og hins vegar ál sem sekkur til botns í kerinu og er síðan sogað upp í deiglu. Mismunandi aðferðir hafa verið þróaðar hjá hinum ýmsu stærri álframleiðendum en allar byggja þær á sömu grunnaðferð rafgreiningarinnar. Sú tækni sem notast verður við í Fjarðaáli verður af gerðinni AP30 upphaflega frá franska fyrirtækinu Pechiney en frekar þróað á vegum Alcoa. Þessi tækni byggir á svokallaðri CWPB rafgreiningartækni (Center-Worked Pre-Bake), sem gefur til kynna að rafskaut séu forbökuð og súrálsmötun eigi sér stað í lokuðu kerfi.

Rafgreiningin fer fram í 336 stálkerum sem raðað er saman hlið við hlið í tveimur, 1.100 m löngum kerskálum eftir þeim endilöngum, 168 ker í hvorum skála. 300 kA (kíló Amper) jafnstraumur flæðir í gegnum raðtengd kerin hvert af öðru á milli forbakaðra kolarafskauta. Léttar álþekjur eru lagðar á yfirbygginguna til að loka kerunum og hindra að óæskilegar gastegundir komist út í andrúmsloftið í kerskálunum. Kerfóðrunin endist að jafnaði í 5–7 ár. Eftir það eru leifar hennar, sem kallast kerbrot, fluttar út til endurvinnslu. Gasið er sogað burtu í afsogskerfi og leitt til þurrhreinsistöðva. Nauðsynlegt er að opna þekjurnar við skautskipti, aftöppun á fljótandi áli og vegna viðhalds.

8. **Fyrirkomulag og helstu mannvirki. (Myndir 3 og 4.)**
Fjarðaál mun framleiða 322.000 tonn af hrááli á ári. Framleiðslutæknin er byggð á hámarks sjálfvirkni og þróuðustu tækni sem í boði er fyrir álver sem nota forbökuð rafskaut. Besta fáanlega tækni (BAT-best available technique) verður notuð við hreinsun útblásturs.

Helstu mannvirki álversins eru eftirfarandi:
- Kerskálar til rafgreiningar áls úr súráli í kerum sem raðað er hlið við hlið.
- Þurrhreinsivirki til hreinsunar á útblæstri.
- Steypuskáli, þar sem fljótandi ál er steypt í hleifa.
- Skautsmiðja, þar sem ný rafskaut eru tengd skautgöfflum og skautleifar aftengdar.
- Aðveitustöð, þar sem háspennulínur tengjast afriðlunarbúnaði og kerskálum.
- Olíubirgðastöð fyrir eldsneyti til upphitunar á ofnum í steypuskála.
- Þjónustubyggingar, starfsmannaaðstaða, vörugeymslur og verkstæði.

Stærðir og hæðir helstu mannvirkja Fjarðaáls eru sýndar í töflu 3.

Tafla 3. Stærðir og hæð helstu mannvirkja.

Byggingar	**Flatarmál (m²)**	**Hæð (m)**
Kerskáli (2x32.000)	64.000	18
Steypuskáli	12.000	15–22
Skautsmiðja	10.000	9–12
Kerskálaþjónusta og verkstæði	5.000	15–19
Starfsmannaaðstaða og skrifstofur	5.000	5
Hráefnisgeymslur	4.500	45
Skorsteinar		
Þurrhreinsivirki álvers	-	78
Steypuskálar	-	30

9. Hreinsun á útblæstri.

Í tillögum að starfsleyfi, sem kynntar voru almenningi með auglýsingu Umhverfisstofnunar í Lögbirtingablaðinu 18. desember 2002, er kveðið á um mengunarvarnir sem ber að viðhafa við rekstur álversins. Í starfsleyfistillögunum er gert ráð fyrir þynningarsvæði umhverfis álverið þar sem leyfilegt er að loftmengun fari fram úr loftgæðakröfum í gildandi mengunarvarnareglugerð eða sem sérstaklega eru ákveðnar fyrir Fjarðaál. Viðmiðunarmörk til að meta loftgæði í Reyðarfirði eru af ýmsum uppruna, en aðallega þó frá íslenskum reglugerðum og tilskipunum Evrópusambandsins sem koma til framkvæmda árið 2005. Íslensk viðmiðun um loftgæði eru sett í reglugerðum nr. 787/1999 og nr. 251/2002. Losun frá álverinu út í andrúmsloftið eru einkum flúoríð (F), flúorgas (HF), brennisteinstvíoxíð (SO_2), svifryk, fjölhringa kolvetnissambönd (PAH) og koltvíoxíð (CO_2).

Hreinsun útblásturs frá álverinu fer fram í nútímalegu þurrhreinsivirki sem búið er pokasíum og endurvinnslubúnaði fyrir flúoríð og ryk. Þurrhreinsun byggist á því að kerum er lokað og kerreykurinn er sogaður inn í hreinsistöð þar sem flúorefnasambönd eru hreinsuð úr reyknum með súráli. Gasstraumurinn rífur súrálið, sem rennur á móti gasstraumnum, með sér og súrálið bindur flúoríðið í kerreyknum. Súrál, sem hefur bundið flúorgas og er blandað ryki, er kallað hlaðið súrál. Hlaðið súrál og ryk er síðan hreinsað úr kerreyknum með pokasíum og hlaðna súrálið notað sem hráefni til frekari vinnslu áls. Á þennan hátt eru flúor efnasambönd endurunnin í stað þess að sleppa þeim út í andrúmsloftið. Tvennt er gert samtímis. Dregið er úr loftmengun og um leið

er sparað hráefni. Hreinsivirkni verður meiri en 99,5%. Gert er ráð fyrir að heildarmagn flúoríðs og ryks í útblæstri verði vel undir tillögum PARCOM (Oslo and Paris commissions 91/1) um bestu fáanlegu tækni fyrir ný álver. Útblæstri brennisteinstvíoxíðs verður haldið í skefjum með því að takmarka magn brennisteins í skautkolum.

10. Álsteypa.

Í steypuskálanum verða aðallega framleiddir hleifar. Í grófum dráttum er ferlið þannig að fljótandi ál er flutt úr kerskála í áldeiglum í biðofna í steypuskála þar sem óæskileg efni eru hreinsuð úr álblöndunni. Álgjall sem myndast á yfirborði deiglanna er fjarlægt. Álgjallið er kælt og því komið til frekari úrvinnslu. Úr biðofni fer álið í steypuvél þar sem það er mótað í ýmsar gerðir hleifa. Þeir eru síðan geymdir á lager til útflutnings.

11. Rafskautagerð.

Forbökuð rafskaut verða flutt inn tilbúin til notkunar. Skautin eru tengd við skautgaffla í svonefndri skautsmiðju. Tindum skautgafflanna er stungið í holur í forskautunum sem síðan eru fylltar með bráðnu steypujárni. Þegar steypujárnið storknar verður eftir ný eining forskauts með innsteyptum skautgaffli. Úr skautsmiðju fara skautin síðan til kerskála þar sem þeim er skipt út fyrir notuð rafskaut. Skautleifarnar eru hreinsaðar og safnað saman til útflutnings og endurvinnslu í erlendum rafskautaverksmiðjum.

12. Starfsmannafjöldi.

Þegar álverið tekur til starfa á árinu 2007 er áætlað að 420 starfsmenn verði ráðnir í fullt starf. Auk þess má reikna með um 35 ársverkum til viðbótar vegna sumar- og veikindaafleysinga. Alls þarf því 455 ársverk til að reka álverið. Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun má skipta menntunarkröfum starfsmanna í 5 flokka:

- Starfsmenn með akademíska háskólamenntun 10–20
- Starfsmenn með tæknimenntun á háskólastigi eða sambærilegt 20–25
- Starfsmenn með sérstaka tæknimenntun 50–60
- Starfsmenn með iðnnám eða fjölbrautarnám, sérsniðið að álvinnslu ≈300
- Starfsmenn án sérstakrar menntunar, ófaglærðir starfsmenn 25–30

Áætla má að um helmingur þessara 420 starfa verði dagvinnustörf en hinn helmingurinn verði unninn á vöktum. Gert er ráð fyrir að flestir yfirmenn verði ráðnir snemma á undirbúningstímanum og muni þeir vera til staðar á meðan álverið verður byggt. Smám saman verði fleiri starfsmenn ráðnir og settir í starfsþjálfun þar til þrem mánuðum áður en rekstur hefst, en þá verði fullráðið í öll störf.

13. Framkvæmdaáætlun og stofnkostnaður (Mynd 5.)

Líklegt er að eigendur Fjarðaáls ráði stóran, alþjóðlegan alverktaka með reynslu í hönnun og byggingu álvera til að taka að sér hönnun, verksamningagerð, innkaup og stjórnun framkvæmda (EPCM Contract). Fram hefur komið að haft verði samstarf við íslenska ráðgjafaverkfræðinga og verktaka varðandi staðbundin atriði og byggingarhætti og munu íslenskir verkfræðingar taka þátt í hönnun mannvirkja og byggingareftirliti á þeim sviðum, sem íslensk verkþekking og reynsla nýtist best.

Notast verður við íslenskt vinnuafl við framkvæmdir að svo miklu leyti sem unnt er. Ráðnir verða innlendir iðnaðarmenn og verkamenn í þjónustu alverktakans en einnig verða einstakir verkþættir boðnir út á meðal verktaka og framleiðenda, og samið við íslensk fyrirtæki ef þau reynast samkeppnisfær varðandi búnað, verkþekkingu og verð. Framleiðsla og uppsetning á sérhæfðum búnaði verður boðin út á alþjóða vettvangi að undangengnu forvali. Vinnubúðir verða settar upp á byggingarstað til að hýsa aðkomuverkamenn, stjórnendur, iðnaðarmenn og verktaka.

Framkvæmdir hefjast haustið 2004 en þá verður hafist handa samtímis við lóðarframkvæmdir fyrir álverið og byggingu hafnarinnar. Áætluð vinnuaflsþörf vegna framkvæmda við Fjarðaál að meðtalinni höfninni eru um 2.300 ársverk. Mest verður umleikis um sumarið 2006 en þá er talið að allt að 1.500 manns muni starfa að framkvæmdunum samtímis. Draga mun úr vinnuaflsþörfinni veturinn 2006 til 2007 þar til framkvæmdum lýkur vorið 2007 en þá hefst rekstur. Gert er ráð fyrir að taka muni 6 mánuði að koma álverinu í fullan rekstur sem er áætlað að verði í október 2007. Áætluð skipting vinnuafls við framkvæmdir verður sem hér segir:

- Heimamenn 10%
- Starfsmenn sem flytja tímabundið inn á svæðið með fjölskyldur sínar meðan á framkvæmdum stendur 15%
- Innlendir starfsmenn sem dvelja í vinnubúðum en fara heim til sín í fríum 45%
- Erlendir starfsmenn 30%

Heildarstofnkostnaður álversins er áætlaður um 90 milljarðar króna. Áætlaður kostnaður við Mjóeyrarhöfn er um 1,5 milljarðar króna.

Mynd 1.


Iðnaðarsvæðið við Hraun í Reyðarfirði
Eskifjörður
Hólmanes
Eignarmörk ríkisjarða
Mörk þynningarsvæðis
Hólmar
Flateyri
Hraun
Sómastaðir
Sómastaðagerði
Framnes
Hellulækur
Þjóðvegur nr. 92
Reyðarfjörður
Skýringar
Iðnaðarlóð (87,9 ha)
Hugsanleg stækkun iðnaðarlóðar (10,2 ha)
Hafnarland (86,4 ha)
Hafnarsvæði (11,2 ha)
Friðland og fólkvangur
Mælikvarði
0 0,5 1,0 1,5 2,0 2,5 km
N

Mynd 2.


Iðnaðarsvæðið við Hraun í Reyðarfirði - Hafnarsvæði
Súrálsgeymar
Skýringar
① Til ráðstöfunar fyrir álver
② Gámasvæði fyrir álver
③ Hugsanleg stækkun landfyllingar
Hafnarsvæði (11,2 ha)
Svæði fyrir þjónustuiðnað
Bílastæði
① 1,7 ha
② 1,0 ha
7,4 ha
③ 3,8 ha
Hafnarbakki 380 m
Mælikvarði
0
250 m

Mynd 3.


Hóm
Núverandi yfirborð
Steypuskáli
22m
Súrefnisgeymir
45m
Kerakálar
18m
Strompur
78m
Skrifstofur
8m
Vegur

Mynd 4.


Fyrirhugað álver
í Reyðarfirði
Ársframleiðsla 322.000 tonn
Skýringar
Vinnusvæði á byggingartíma
Byggingar
Girðing
A. Vinnubúðir
B. Skrifstofa
C. Vinnusvæði
1. Kerskálar
2. Þurrhreinsivirki
3. Súrálsgeymar
4. Afriðlar
5. Skautsmiðja
6. Steypuskáli
7. Kerskálaþjónusta
8. Aðveitustöð
9. Vörugeymsla
10. Stjórnsýsla / starfsmannaaðstaða
11. Kranaverkstæði
12. Aðalverkstæði
13. Til ráðstöfunar fyrir álver
14. Gámasvæði
15. Lóðir fyrir þjónustuiðnað
16. Hugsanleg stækkun landfyllingar
Bílastæði
Bílastæði
Hafnarbakki
Mælikvarði
0
250 m
N

Mynd 5.


Framkvæmdaáætlanir
Task Name
2004
2005
2006
2007
2008
Höfn
Birting útboðsgagna
16. febrúar 2004
Yfirferð útboðsgagna - Ákvörðun
Upphaf hafnarframkvæmda
1. september 2004
Framkvæmdartími
Höfn tilbúin fyrir uppskipun byggingarefna
1. jan 2006
Bygging uppskipunarbúnaðar (kranabúnaðar)
Jöfnun umhverfis og gerð þjónustubyggingar
Höfn tilbúin fyrir uppskipun á raskeutum
1. september 2006
Höfn tilbúin fyrir uppskipun á súráli
30. nóvember 2006
Álver
Upphaf lóðaframkvæmda
1. september 2004
Lóðaframkvæmdir
Bygging vinnubúða
Upphaf álverframkvæmda
1. nóvember 2006
Bygging kerskála og uppsetning búnaðar
Uppsetning hreinsibúnaðar
Bygging skautsmiðju
Bygging steypuskála
Bygging þjónustusvæðis
Framleiðsla áls hefst
31. mars 2007
Prófanir
Framleiðsla í fullum afköstum
1. október 2007

Fylgiskjal II.

Lýsing á meginatriðum í drögum að fjárfestingarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Alcoa Inc., Fjarðaáls sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.
(Drög dags. 20. desember 2002.)

1. Inngangur.

Fjárfestingarsamningur ríkisstjórnar Íslands, Alcoa Inc., Fjarðaáls sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf. er aðalsamningur verkefnisins. Í honum er kveðið á um grundvöll verkefnisins, undanþágur frá lögum og lagaákvæðum, breytingar á eignaraðild, rekstur, skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélags, þjónustu sveitarfélagsins, ábyrgðir o.fl. Hér á eftir fer stutt lýsing á einstökum greinum fjárfestingarsamningsins til útskýringa á efni samningsins, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringagagn á efni hans.

2. Lýsing á einstökum ákvæðum fjárfestingarsamningsins.
Inngangur.

Í inngangi samningsins er fjallað um aðdraganda samningsins, aðila hans og undirbúning verkefnisins.

Grein 1.

Í 1. gr. samningsins eru skýrð ýmis hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna umfjöllun um hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Grein 2.

Í 2. gr. er fjallað um uppbyggingu verkefnisins, markmið og undanþágur frá lögum. Í greininni kemur fram að Fjarðaál sf. (félagið) hafi verið stofnað hér á landi um rekstur álverksmiðjunnar svo sem kveðið er á um í sameignarsamningi, í samræmi við íslensk lög. Í greininni er enn fremur kveðið á um að markmið félagsins en það er frumframleiðsla á áli og álafurðum auk annarra tengdra verkefna.

Í greininni er tilgangi Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráli ehf. (eigendurnir) lýst. Tilgangur eigendanna er að eiga sameignarfélagið Fjarðaál sf. Eigendurnir skulu búsettir og skráðir á Íslandi og mega ekki á gildistíma samningsins taka þátt í annarri starfsemi án samþykkis ríkisstjórnarinnar.

Eigendurnir eru undanþegnir ákvæði 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Þá eru bæði félagið og eigendurnir undanþegnir ákvæðum 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Félaginu er veitt undanþága frá ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, og lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, en það skilyrði jafnframt sett að félagið sjái um að eignirnar séu tryggðar á þann hátt sem teljist venjulegur í álframleiðslu. Loks er félagið undanþegið ákvæðum 1. og 4. tölul. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Loks er í greininni kveðið á um að ríkisstjórnin ábyrgist útgáfu tilskilinna leyfa og undanþága auk þess sem Alcoa Inc. staðfestir það fyrirtækjaskipulag sem kveðið er á um í greininni.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um framsal hluta í félaginu og eigendunum. Í fyrsta lagi er kveðið á um að hvers konar yfirfærsla eignarhluta í félaginu verði að vera til skattaðila með búsetu hér á landi. Samþykki ríkisstjórnarinnar er krafist vegna slíkra yfirfærslna.

Í öðru lagi er samþykkis ríkisstjórnarinnar krafist vegna hvers konar yfirfærslu eignarréttinda í eigendunum þar til verksmiðjan hefur rekstur. Frá þessu eru fimm undantekningar: a) þegar yfirfærsla á sér stað til dótturfélaga Alcoa sem staðsett eru í OECD-ríki, b) þegar eignarréttindi eru veðsett vegna fjármögnunar félagsins eða eigenda á verkefninu, c) þegar eignarréttindi eru veðsett í þágu Landsvirkjunar vegna rafmagnssamnings, d) þegar eignarréttindi eru seld í tengslum við veðsetningu samkvæmt b- eða c-lið, og e) þegar minni hluti eignarhluta (ekki yfir 49%) í félaginu er framseldur til félaga sem skráð eru í OECD-ríki.

Í þriðja lagi er frjálst að yfirfæra eignarréttindi í eigendunum til dótturfélaga Alcoa, sem eru í meirihlutaeigu félagsins og staðsett í OECD-ríki. Framsal eignarréttinda í eigendunum til annarra aðila en dótturfélaga Alcoa eru háð samþykki ríkisstjórnarinnar nema um sé að ræða hlut sem ekki fer yfir 49% af eignarhlutum í eigendunum.

Í greininni kemur loks fram að félag, sem eignast hluti í félaginu með þeim hætti sem nánar er um rætt í greininni, skuli talið aðili samningsins og skuli félagið staðfesta það með því að afhenda ríkisstjórninni tilkynningu þar um.

Grein 4.

Í 4. gr. samningsins er fjallað um verkframkvæmdir og leyfisveitingar vegna þeirra. Í greininni er kveðið á um að félagið skuli hefja framkvæmdir í samræmi við samningana með það fyrir augum að vinnsla geti hafist á árinu 2007. Í greininni er kveðið á um útgáfu iðnaðarleyfis og verslunarleyfis. Þá er kveðið á um aðrar skyldur aðila til að tryggja framgang verkefnisins.

Grein 5.

Í 5. gr. samningsins er kveðið á um viðskipti tengdra aðila. Félaginu, stofnendunum, Alcoa og dótturfélögum Alcoa er heimilt að eiga viðskipti sín á milli. Í slíkum tilfellum skulu aðilarnir gera merð sér viðskiptasamning sem byggir á sömu sjónarmiðum og samningar um viðskipti óskyldra aðila.

Félaginu, eigendunum og öðrum dótturfélögum Alcoa er gert skylt að halda bókhald og reikninga til stuðnings útreikningum á söluverði af öllum álafurðum seldum milli félaga í gegnum verksmiðjuna. Það sama gildir um hráefni, aðföng, þjónustu og vexti af lánum.

Í greininni er kveðið á um að ef þess er óskað þá skuli ofangreint bókhald og reikningar afhent óháðu endurskoðendafyrirtæki, sem aðilarnir eru sammála um, í þeim tilgangi að staðreyna hvort beitt sé reglum um viðskipti óskyldra aðila. Heimilt er að krefjast slíkrar endurskoðunar einu sinni á ári og fellur allur kostnaður vegna þessa á ríkisstjórnina.

Í greininni er loks kveðið á um að 58. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gildi um viðskipti þessara aðila. Þá skuli viðskipti á milli aðila vera í samræmi við reglur OECD um „Transfer pricing“.

Grein 6.

Í 6. gr. samningsins er fjallað um umhverfismál. Í henni kemur annars vegar fram að álverksmiðjan og starfsemi félagsins við höfnina skuli rekin í samræmi við starfsleyfi sem umhverfisráðherra gefur út til félagsins. Hins vegar segir að ríkisstjórnin skuli ekki leggja

neina umhverfisskatta eða -gjöld tengd losun CO_2 og SO_2 á félagið á meðan slík gjöld eða skattar hafa ekki almennt verið lagðir á önnur iðnfyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. álfyrirtæki.

Grein 7.

Í 7. gr. er fjallað um meginreglur skattlagningar. Þar segir að félagið og eigendurnir skuli greiða þá skatta og gjöld sem lögð eru á samkvæmt íslenskum lögum á hverjum tíma, nema öðruvísi sé um samið í samningnum.

Í greininni er einnig kveðið á um að almenn ákvæði íslenskrar löggjafar skuli gilda um skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu og aðrar uppgjörsreglur vegna tekjuskatts, virðisaukaskatts og gjalda sem sveitarfélög leggja á.

Grein 8.

Í 8. gr. er fjallað um skatta sem ríkið leggur á. Í greininni kemur fram að þrátt fyrir hugsanlegar breytingar á lögum, nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skuli félagið greiða 18% tekjuskatt samkvæmt ákveðnum sérákvæðum sem talin eru upp í samningnum. Helstu atriði sérákvæðanna eru:

a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð er lægra en 18% á umsömdum afhendingardegi rafmagns (Permanent Delivery Date) skal það hlutfall gilda um eigendurna. Verði tekjuskattshlutfallið hækkað skal það gilda um eigendurna en þó aldrei hærra en 18%.
b. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa fleiri ára frá skattskyldum tekjum þá skal það sama gilda um félagið. Verði árunum fækkað síðar skal það sama gilda um félagið, þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu níu almanaksára.
c. Fastafjármunir vegna byggingar álverksmiðjunnar skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum umsömdum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á álverksmiðjunni, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981.

Í greininni kemur einnig fram að eigendurnir skuli vera undanþegnir eignarskatti, og félagið iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi. Þá er kveðið á um að félagið megi skrá viðskipti sín í Bandaríkjadölum. Þá er einnig kveðið á um að til útreiknings á skattskyldum hagnaði félagsins og eigendanna skuli umbreyta fjárhæðum á fjárhagsyfirlitum úr Bandaríkjadölum í íslenskar krónur í samræmi við tilteknar reglur.

Í greininni er loks kveðið á um að 5% fjármagnstekjuskattur skuli lagður á arðgreiðslur til allra hluthafa í stofnendunum sem eru staðsettir í OECD-ríki. Þá er kveðið á um að heimildir til frádráttar fjármagnsgjalda, svo sem þær eru við undirritun samningsins, skuli haldast óbreytt á gildistíma hans.

Grein 9.

Í 9. gr. er fjallað um fasteignaskatta sveitarfélaga og gatnagerðargjöld. Í greininni er kveðið á um að félagið skuli greiða 1% fasteignaskatt til sveitarfélagsins af öllum byggingum, aðstöðu og mannvirkjum, sem félagið á eða leigir og taldar eru tæmandi upp í viðauka B við samninginn. Í greininni er kveðið á um að álagningarstofn fasteignaskattsins skuli vera 250 milljónir dollara vegna mannvirkja á verksmiðjulóðinni og 5 milljónir dollara á

hafnarsvæðinu. Þessar fjárhæðir skulu umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands á dollar fyrir fyrstu 6 mánuði þess árs þegar umsamin afhending rafmagns á sér stað. Ef meðalgengið frá desember 2002 til júlí 2007 er hins vegar meira en 5% hærra skulu aðilarnir ræða réttláta lausn á þessum mun. Fasteignaskatturinn er lagður á 1. janúar á hvert miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Enn fremur er kveðið á um að félagið skuli hvorki greiða gatnagerðargjöld samkvæmt lögum nr. 17/1996 til sveitarfélagsins né aðra skatta, gjöld eða þóknun sem kunna að verða lögð á í stað þeirra.

Grein 10.

Í 10. gr. samningsins er fjallað um útgáfu byggingarleyfis og byggingarleyfisgjald. Þar kemur fram að sveitarfélagið muni gefa út byggingarleyfi til byggingar álverksmiðjunnar og nauðsynlegra mannvirkja í samræmi við byggingarreglugerð. Þá er kveðið á um að félagið greiði 400.000 dollara í byggingarleyfisgjald vegna útgáfu byggingarleyfis fyrir álverksmiðju með framleiðslugetu er nemur allt að 322.000 tonnum.

Grein 11.

Í 11. gr. samningsins er fjallað um gjöld á innflutning og útflutning. Þar segir að innflutningur eða kaup innan lands á byggingarefnum, vélum, tækjabúnaði, hráefni o.fl. vegna bygginga og framleiðslu í álverksmiðjunni sé undanþeginn tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987.

Í greininni kemur einnig fram að félaginu verði veittur frestur samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, á greiðslu virðisaukaskatts þar til endurgreiðsla hvers uppgjörstímabils er gjaldfallin.

Grein 12.

Í 12. gr. er fjallað um aðra skatta og gjöld. Í greininni er kveðið á um að stimpilgjöld af kaup- eða leigusamningum sem útgefnir eru eða gerðir af hálfu félagsins eða eigendunum og af fjárfestingarlánum sem félagið kann að taka í sambandi við byggingu og rekstur álverksmiðjunnar skuli vera 0,15%. Einnig er kveðið á um að öll skjöl í sambandi við endurfjármögnun félagsins sem og hlutabréf í félögum eigendanna skuli undanþegin stimpilgjöldum.

Þá er kveðið á um að félagið skuli greiða 150.000 dollara í skipulagsgjald fyrir álverksmiðju með framleiðslugetu er nemur allt að 322.000 tonnum. Loks segir að félagið skuli ekki greiða sérstaka rafmagnsskatta og gjöld meðan slík gjöld eða skattar hafa ekki almennt verið á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. álfyrirtæki.

Grein 13.

Í 13. gr. er fjallað um reikningsskilareglur. Þar kemur fram að við gerð fjárhagsyfirlita í Bandaríkjadölum skuli beita þeim reikningsskilareglum sem gefnar eru út af alþjóðlegu endurskoðunarnefndinni (International Accounting Committee), enda séu þær ekki í andstöðu við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur segir að félaginu sé heimilt að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í Bandaríkjadölum, svo sem áður greinir.

Grein 14.

Í 14. gr. er fjallað um endurskoðun skattfyrirkomulags. Í greininni er kveðið á um að á samningstímabilinu geti félagið og eigendurnir valið að íslensk skattalög skuli gilda. Slík

beiðni þarf að vera skrifleg og verður að vera komin fram fyrir 1. júní, ári áður en slíkar breytingar eiga að koma til framkvæmda.

Grein 15.

Í 15. gr. er fjallað um þjónustu sveitarfélagsins. Þar segir að sveitarfélagið veiti félaginu enga þjónustu nema um slíkt sé sérstaklega samið.

Grein 16.

Í 16. gr. er fjallað um lagalega stöðu samninganna. Þar er m.a. kveðið á um að samningurinn skuli birtur í heild sinni á íslensku og ensku í B-deild Stjórnartíðinda, en tekið fram að samningurinn öðlist gildi samkvæmt ákvæðum sínum óháð birtingunni. Tekið er fram að samningurinn öðlist ekki gildi fyrr en starfsleyfi fyrir verksmiðjuna hefur verið gefið út.

Grein 17.

Í 17. gr. er fjallað um ábyrgðir ríkisstjórnarinnar. Þar segir að ríkisstjórnin skuli gera allt sem nauðsynlegt er til að tryggja að eigendurnir og félagið njóti allra þeirra réttinda og hlunninda sem þeim eru veitt samkvæmt samningnum og að ekkert verði gert sem takmarki eða á annan hátt hafi óhagstæð áhrif á framkvæmd verkefnisins, rekstur félagsins eða stofnandans.

Í greininni er enn fremur kveðið á um að ríkisstjórnin ábyrgist efndir og skyldur sveitarfélagsins og hafnarsjóðs, eða hlutafélags í meirihlutaeigu sveitarfélagsins, í samræmi við ákvæði þar að lútandi í hafnarsamningnum. Þá ábyrgjast eigendurnir efndir og skyldur félagsins samkvæmt samningnum í tengslum við byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Í greininni er kveðið á um að Alcoa Inc. viðurkenni og staðfesti skuldbindingar dótturfyrirtækja sinna, félagsins og eigendanna, án þess þó að ábyrgjast fjárhagsskuldbindingar þessara aðila.

Grein 18.

Í 18. gr. er fjallað um lög þau sem farið skal eftir og lausn deilumála. Þar segir að með samninginn skuli farið að íslenskum lögum, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Í greininni segir að sérhvern ágreining skuli aðeins bera undir íslenska dómstóla, nema annar hvor aðilanna kjósi að vísa máli til gerðardóms.

Þrátt fyrir ofangreint getur hvor aðilinn sem er vísað máli til gerðardóms sem leysir úr því á grundvelli gerðardómsreglna „Arbitration Institute of the Stockholm Chamber of Commerce“ eins og þær eru þegar samningur þessi er undirritaður. Gerðardómur skal skipaður þremur dómendum, einum tilnefndum af sækjanda, öðrum af varnaraðila og einum tilnefndum af aðilunum sameiginlega, en hann skal gegna stöðu formanns. Ef annar hvor aðilinn neitar að tilnefna dómendur skal hinn aðilinn leita til héraðsdóms Reykjavíkur sem tilnefnir gerðardómsmann. Ef þessir tveir gerðardómsmenn geta ekki komið sér saman um þriðja gerðardómsmanninn skal hann einnig tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur. Hann skal hvorki vera af sama þjóðerni og samningsaðilar né heldur sama þjóðernis og eigendur í félaginu nema aðilar samþykki annað. Dómendur skulu uppfylla skilyrði í 6. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Gerðardómsmálið skal fara fram í Reykjavík en tungumál gerðardómsins er enska.

Enn fremur segir að aðilarnir skuldbindi sig til að hlíta niðurstöðum gerðardóms án tafar og afsali sér rétti til hvers konar áfrýjunar að svo miklu leyti sem slíkt afsal getur átt sér stað. Aðilarnir eru sammála um að niðurstöður gerðardóms skuli vera endanlegar og bindandi.

Grein 19.

Í 19. gr. er fjallað um óviðráðanleg öfl og áhrif þeirra á ábyrgð aðila vegna vanefnda af völdum slíkra atvika. Er þar kveðið á um hvers konar atvik teljist til óviðráðanlegra atvika.

Enn fremur er kveðið á um að sá sem heldur því fram að brest á efndum megi rekja til slíkra atvika hafi sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu.

Loks er kveðið á um að gildistími samningsins skuli lengjast um þann tíma sem samsvarar töf vegna óviðráðanlegra afla.

Grein 20.

Í 20. gr. er fjallað um samningstíma og framlengingu samningsins. Þar segir að 7.–15. gr. samningsins skuli frá umsömdum afhendingardegi rafmagns, teljast hafa verið í gildi frá stofnun félagsins og eigendanna. Aðrar greinar samningsins teljast hafa gildi frá undirritun.

Enn fremur segir að ef samningurinn taki gildi skuli hann gilda til 20 ára frá umsömdum afhendingardegi rafmagns og falli þá úr gildi eða framlengist. Þá segir í greininni að hvenær sem er þar til einu ári fyrir lok gildistímans geti félagið og eigendurnir, ef rafmagnssamningurinn er í gildi, framlengt samninginn um 20 ár með sömu skilmálum, nema aðilar verði sammála um breytingar.

Loks segir í greininni að ef rafmagnssamningnum er af einhverjum ástæðum rift á samningstímabili samningsins skuli félagið hafa möguleika á að segja fjárfestingarsamningnum upp með skriflegri tilkynningu þar um til gagnaðila.

Grein 21.

Í 21. gr. er fjallað um viðurkennda texta samningsins. Samningurinn er bæði á ensku og íslensku og hafa báðir jafnt gildi. Þó er tekið fram að ef ósamræmis eða árekstra gæti milli textanna skuli enski textinn gilda.

Grein 22.

Í 22. gr. er fjallað um framsal réttinda. Þar kemur fram að hvers konar framsal réttinda og skyldna allra aðila samkvæmt samningnum sé háð samþykki aðilanna. Samþykkja skal framsal án ástæðulauss dráttar.

Í greininni er og kveðið á um að þrátt fyrir ofangreint og ef rafmagnssamningurinn er framseldur skuli félaginu og eigendunum heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum án samþykkis ríkisstjórnarinnar til eftirtalinna aðila: a) dótturfélaga Alcoa sem eru skattskyldir aðilar og staðsettir á Íslandi, b) fjármögnunaraðila sem tryggingu vegna fjármögnunar á verkinu, og c) Landsvirkjunar sem tryggingu fyrir skuldbindingum samkvæmt rafmagnssamningnum. Ef gengið er að tryggingu samkvæmt b- eða c-lið er ríkisstjórninni skylt að samþykkja framsal réttinda félagsins og eigendanna til hvaða lögaðila sem er sem staðsettur er á Íslandi og öðlast réttindi félagsins.

Loks er í greininni kveðið á um að ef óskað er skuli aðilarnir gera beina samninga sín á milli, þar sem staðfestur er réttur aðila samkvæmt samningnum m.a. til framsals á samningnum.

Grein 23.

Í 23. gr. er fjallað um breytingar og endurskoðun samningsins. Þar kemur fram að aðeins sé heimilt að breyta samningnum með skriflegum viðaukasamningi.

Einnig er þar að finna ákvæði um gagnkvæma sanngirni samningsaðila við framkvæmd samningsins og breytingar sem kunna að vera nauðsynlegar á honum vegna breyttra að-

stæðna. Samningsaðilar geta þó beitt þessu ákvæði fyrir 1. júlí 2015 og ekki oftar en einu sinni á samningstímabilinu. Ef til framlengingar samningsins kemur er kveðið á um að beita megi ákvæðinu tvisvar sinnum á framlengingartímanum.

Í greininni er loks kveðið á um að ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 gildi ekki í viðskiptum aðilanna.

Grein 24.

Í 24. gr. er fjallað um tilkynningar vegna samningsins. Í greininni er að finna ákvæði um með hvaða hætti tilkynningar skuli sendar og hvert beri að senda tilkynningar til einstakra aðila samningsins.

Grein 25.

Í 25. gr. er fjallað um fjölda samningseintaka, lögfræðiálit aðila og tilkynningu ríkisstjórnarinnar til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Viðaukar.

Samningnum fylgja þrír viðaukar, þ.e. viðauki um reglur um viðskipti óskyldra aðila (A, viðauki um sundurliðun á varanlegum rekstrarfjármunum og fyrningartafla (B) og viðauki um lýsingu mannvirkja (C).

Fylgiskjal III.

Lýsing á drögum að lóðarsamningi milli fjármálaráðherra og Fjarðaáls sf. (Drög dags. 20. desember 2002.)

1. Inngangur.

Einn þeirra samninga sem gera verður vegna verkefnisins er lóðarsamningur vegna lands undir væntanlega álverksmiðju. Aðilar lóðarsamningsins eru ríkissjóður Íslands og Fjarðaál sf. (hér eftir nefnt félagið).

Samningurinn er 11 greinar og fer hér á eftir fer stutt lýsing á einstökum greinum samningsins til útskýringa á efni hans, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringagagn á efni samningsins. Til hægðarauka er látið nægja að vísa í lýsingu á drögum að fjárfestingarsamningi þegar um sameiginleg ákvæði er að ræða.

2. Lýsing á einstökum atriðum lóðarsamningsins.

Inngangur.

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda, aðila samningsins, verkefnið og landið.

Grein 1.

Í 1. gr. eru skýrð ýmis aðilaheiti, önnur heiti og hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna útlistun á því hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Grein 2.

Í 2. gr. er kveðið á um leigu á lóð. Í greininni kemur m.a. fram að ríkissjóður samþykki að leigja félaginu annars vegar 87,954 hektara landrými í landi jarðanna Sómastaða, Sómastaðagerðis og Hrauns í Reyðarfirði og hins vegar 10,182 hektara viðbótarlandrými við Flateyri í Reyðarfirði undir álverksmiðjuna.

Þá kemur einnig fram í greininni að lóðin sé leigð af ríkissjóði, sem ábyrgist að eiga landið, að það sé fallið til þeirra nota sem því eru ætluð og að það sé ekki háð neinum takmörkunum eða kvöðum.

Í greininni segir að lóðin verði afhent félaginu án allra kvaða eða veðbanda og í því ástandi sem það var þegar það var selt ríkissjóði. Í greininni er kveðið á um að félagið taki að sér allan nauðsynlegan undirbúning á lóðinni.

Í greininni er einnig kveðið á um lagalegar skyldur félagsins og rétt þess til að fjarlægja allar byggingar og mannvirki af hinu leigða landi án ábyrgðar félagsins gagnvart ríkissjóði, svo framarlega sem slíkt samrýmist starfsleyfi.

Félagið tekur við vörslum leigulóðarinnar við undirritun samningsins og heldur þeim og afnotum af henni meðan lóðarsamningurinn er í gildi. Einnig kemur fram í greininni hver afnot félaginu skuli heimilt að hafa af lóðinni, en þau eru m.a. að nýta lóðina til byggingar og reksturs verksmiðju félagsins og önnur mannvirki er tengjast henni, þ.m.t. að fjarlægja jarðveg, urðun úrgangs í samræmi við starfsleyfi o.fl.

Í greininni segir enn fremur að félagið skuli á eigin kostnað sjá um að halda lóðinni og öllum endurbótum, sem á henni verða gerðar, í góðu ástandi og í samræmi við starfsleyfi, auk viðeigandi laga- og reglugerðarákvæða, meðan á leigutíma stendur.

Í greininni er að finna ákvæði um rétt félagsins til að færa út starfsemi sína á lóðinni, að fengnum tilskildum leyfum.

Þá er einnig fjallað um leigugreiðslur. Þar kemur fram að félagið skuli árlega greiða ríkissjóði 25.000 Bandaríkjadali. Leigugjald skal samkvæmt greininni reiknast frá umsömdum afhendingardegi rafmagns (Permanent Delivery Date), en leigugjaldið skal greitt 3. janúar ár hvert.

Í greininni er auk þessa kveðið á um forkaupsrétt félagsins á leigulóðinni. Undantekningu er þó að finna varðandi hugsanlega sölu til sveitarstjórnar Fjarðabyggðar og hafnarsjóðs Fjarðabyggðar.

Í greininni er kveðið á um að meðan á byggingu hafnarinnar stendur og að fengnu samþykki félagsins hafi hafnarsjóður rétt til að taka allt að 65.000 m^2 af jarðefni í landfyllingu vegna byggingar hafnarinnar án endurgjalds.

Í greininni er vikið að ábyrgð ríkissjóðs gagnvart hugsanlegum kröfum á hendur félaginu. Í greininni segir að ríkissjóður skuli ábyrgjast allar kröfur sem kunna að rísa á hendur félaginu í tengslum við verksmiðjulóðina, hvort sem þær eru til staðar fyrir eða eftir undirritun samningsins, vegna þess sem gert er eða reynt að gera fyrir undirritun og hefur á einhvern hátt áhrif á lóðina.

Þá er einnig vikið að ábyrgð félagsins gagnvart ríkissjóði. Þar segir að félagið skuli ábyrgjast allar kröfur sem kunna að rísa á hendur ríkissjóði í tengslum við vanrækslu félagsins á að viðhalda verksmiðjulóðinni í samræmi við ákvæði starfsleyfis og/eða önnur svipuð leyfi sem kunna að verða veitt til viðbótar eða í staðinn fyrir starfsleyfið.

Þá er kveðið á um að félagið skuli hafa forkaupsrétt ef ríkissjóður hyggst selja eða leigja land það sem er utan hafnarsvæðisins og hafnarlandsins sem liggur að lóð félagsins. Svæðið er 338,4 hektarar. Loks er kveðið á um að innan svæðisins sé ýmis landnýting háð samþykki félagsins og ríkissjóðs.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um uppsögn samningsins. Þar er kveðið á um að við lok gildistíma eða ef samningnum er sagt upp af ástæðum sem rekja má til félagsins skuli félagið fjarlægja verksmiðjuna og öll önnur tengd mannvirki og skila lóðinni til ríkissjóðs án þess að greiðsla komi fyrir frá ríkissjóði. Þá skal félagið tryggja að allur hættulegur úrgangsefni á yfirborði lóðarinnar séu fjarlægð að undanskildum úrgangsefnum úr landfyllingum og flæðigryfjum innan lóðarinnar svo lengi sem slík losun hefur verið í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Loks er í greininni kveðið á um að ef samningnum er sagt upp áður en verksmiðjan hefur rekstur skuli ríkissjóður reyna að leigja lóðina að öllu leyti eða að hluta. Ef tekst að leigja lóðina út innan fimm ára frá uppsögn samningsins skulu aðilarnir í góðri trú reyna að ná samkomulagi um að endurgreiða félaginu útlagðan kostnað við undirbúning lóðarinnar.

Greinar 4 og 5.

Hvað varðar 4. gr. (lög sem farið skal eftir og lausn deilumála) og 5. gr. (um óviðráðanleg öfl) vísast til lýsingar á 18. og 19. gr. í fjárfestingarsamningi sem eru efnislega samhljóða.

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um samningstímann. Samkvæmt greininni öðlast samningurinn gildi við undirskrift aðilanna og heldur gildi í tuttugu ár frá umsömdum afhendingardegi rafmagns. Í greininni er skilyrði gildistöku að rafmagnssamningur félagsins og Landsvirkjunar hafi tekið gildi, nema skriflegt samkomulag sé milli ríkissjóðs og félagsins um annað. Ef raf-

magnssamningnum er sagt upp fyrir lok gildistíma lóðarsamningsins getur félagið sagt lóðarsamningnum upp. Þá er einnig kveðið á um rétt félagsins til að framlengja samninginn um 20 ár. Slíkar framlengingar lúta sömu skilyrðum og ákvæðum og gilda um upprunalega samningstímann, nema að leiga skal ákveðin í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$\frac{Ri = 25.000 \times (avLME\ i\text{-}10)}{1500}$$

þar sem

Ri = leigan í Bandaríkjadölum á ári „i“,

avLMEi-10 = meðalverð fyrir eitt tonn af hrááli í Bandaríkjadölum með lágmarkshreinleika upp á 99,7 prósent og þriggja mánaða afhendingarfresti, eins og það er uppgefið af Metal Bulletin fyrir 10 ára tímabil á undan árinu „i“.

Í greininni er kveðið á um að ef bygging álverksmiðjunnar hefst ekki innan fimm ára frá undirritun samningsins eða ef bygging eða rekstur hefur verið stöðvaður í meira en þrjú ár þá skuli aðilarnir koma saman og semja um framhald og áhrif á samninginn. Ef samningar nást ekki innan eins árs eftir að samningaviðræður hófust og bygging er ekki hafin í millitíðinni þá hefur ríkissjóður rétt á að rifta samningnum sem skriflegri tilkynningu þar um. Slík tilkynning tekur gildi einu ári eftir móttöku hennar, en fellur úr gildi ef Fjarðaál sf. hefur byggingu eða rekstur að nýju á þeim tíma.

Loks er í greininni kveðið á um að ef Fjarðaál sf. vanefndir skyldur sínar samkvæmt samningnum þá sé ríkissjóði heimilt að rifta samningnum með skriflegri tilkynningu þar um. Slík tilkynning tekur gildi einu ári eftir móttöku hennar, en fellur úr gildi ef Fjarðaál sf. hefur byggingu eða rekstur að nýju á þeim tíma.

Greinar 7–11.

Hvað varðar 7. gr. (um viðurkennda texta), 8. gr. (framsal), 9. gr. (breytingar og endurskoðun samningsins), 10. gr. (tilkynningar) og 11. gr. (ýmis ákvæði) vísast til umfjöllunar um 21., 22., 23., 24. og 25. gr. fjárfestingarsamningsins sem eru efnislega samhljóða þessum greinum.

Eigendur félagsins árita samninginn og ábyrgjast efndir og skyldur félagsins.

Viðaukar.

Samningnum fylgja þrír viðaukar, þ.e. verksmiðjulóðarkort (A), lóðarkort (B), og jarðaafsöl (C).

Fylgiskjal IV.

Lýsing á drögum að hafnarsamningi milli hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og Fjarðaáls sf. (Drög dags. 20. desember 2002.)

1. Inngangur.

Vegna verkefnisins þarf að byggja höfn og hafnaraðstöðu í Reyðarfirði. Sá samningur verður á milli hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og Fjarðaáls sf. (hér eftir nefnt félagið).

Samningsdrögin eru 17 greinar og fer hér á eftir fer stutt lýsing á einstökum greinum hafnarsamningsins til útskýringa á efni samningsins, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringagagn á efni hans. Til hægðarauka er látið nægja að vísa í lýsingu á drögum að fjárfestingarsamningi þegar um sameiginleg ákvæði er að ræða.

2. Lýsing á einstökum ákvæðum.

Inngangur.

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda, aðila samnings og hafnarframkvæmdina.

Grein 1.

Í 1. gr. samningsins eru skýrð ýmis aðilaheiti, önnur heiti og hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna útlistun á því hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Grein 2.

Í 2. gr. er fjallað um byggingu hafnarinnar og hafnarmannvirkja. Í greininni er kveðið á um að hafnarsjóður taki að sér að byggja, eiga, stjórna, reka og viðhalda höfninni í þeim megintilgangi að þjónusta álverksmiðjuna. Hafnarsjóður skal sjá um allar rannsóknir, hönnun o.fl. í tengslum við höfnina og mögulegar síðari stækkanir hennar. Þá er kveðið á um að hafnarsjóður skuli afla sér lands og nauðsynlegra réttinda vegna byggingar og reksturs hafnarinnar og byggja höfnina á eigin kostnað.

Í greininni er skilgreint hvað teljist til hafnarmannvirkja en þau eru öll mannvirki sem venjulega er að finna í höfnum. Í greininni er kveðið á um að höfninni sé ekki skylt að veita sérstaka meðhöndlun eða þjónustu að öðru leyti en því sem kveðið er á um í samningnum. Þá er og kveðið á um að hafnarsjóður skuli á eigin kostnað viðhalda höfninni og hafnarmannvirkjum í upprunalegu horfi og tryggja að höfnin sé í góðu ásigkomulagi. Kveðið er á um rétt félagsins til að gera athugasemdir við viðhald mannvirkja og gera úrbætur á kostnað hafnarsjóðs ef sjóðurinn verður ekki við athugasemdum þeirra. Þá er enn fremur kveðið á um skyldur hafnarsjóðs, vegna tjóns eða eyðileggingar sem kann að verða á höfninni eða hafnarmannvirkjum.

Loks er í greininni kveðið á um að á byggingartíma hafnarinnar skuli hafnarsjóður eiga rétt á taka allt að 65.000 m2 af jarðefni til landfyllingar úr leigulóðinni án endurgjalds. Vegna þessa skal lóðarundirbúningur hefjast eigi síðar en 1. september 2004.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um búnað, sem félagið kann að þurfa að setja upp vegna starfsemi sinnar, notkun á honum og fjármögnun. Í greininni er kveðið á um að félagið hafi heimild til að setja

upp á hafnarsvæðinu og starfrækja á eigin kostnað búnað, eins og tilgreint er í viðauka C (um hafnarbúnaðinn), en félagið hafi einnig fullt eignarhald á hafnarbúnaði sínum og sé heimilt að fjarlægja hann hvenær sem er. Þegar gildistími samningsins er runninn út eða samningnum sagt upp skal félagið fjarlægja hafnarmannvirki sín í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis, eða eignarráð slíkra mannvirkja flytjast yfir til hafnarsjóðsins enda samþykki hafnarsjóðurinn það.

Í greininni er kveðið á um heimild hafnarsjóðs til að nota krana þá, sem félagið setur upp, í þágu annarra notenda hafnarinnar, með samþykki félagsins enda komi greiðsla fyrir.

Í greininni segir að félagið skuli leigja hluta lands innan hafnarlandsins og hafa rétt á að byggja vöruhús eða svipaða byggingu á lóðinni.

Grein 4.

Í 4. gr. er fjallað um byggingu hafnarinnar. Í greininni er kveðið á um að hafnarsjóður skuli byggja höfnina í samræmi við byggingaráætlun í viðauka B.

Í greininni segir m.a. að hafnarsjóður skuli upplýsa félagið um framgang framkvæmda og mánaðarlega leggja framvinduskýrslu fyrir félagið. Ef framvinda verksins er ekki í samræmi við áætlunina skulu hafnarsjóður og félagið koma sér saman um aðgerðir til úrbóta. Félagið skal hafa aðgang að hafnarsvæðinu í þeim tilgangi að meta framgang framkvæmda. Félagið skal upplýsa hafnarsjóð um breytingar á fyrirkomulagi hafnarmannvirkja að svo miklu leyti sem slíkar breytingar hafa áhrif á hafnaráætlunina.

Grein 5.

Í 5. gr. er fjallað um afnot félagsins af höfn og hafnarmannvirkjum. Í greininni er kveðið á um að félagið og fulltrúar þess skuli hafa fullan aðgang og afnot af höfninni og hafnarmannvirkjum hvenær sem er, m.a. vegna losunar og lestunar og geymslu efna, tækja og vara vegna byggingar og reksturs álversins.

Í greininni er kveðið á um forgang félagsins að höfninni og skyldu annarra til að víkja frá að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í tengslum við þetta skulu hafnarsjóður og félagið koma á samskiptum sín á milli til að koma á framfæri upplýsingum vegna reksturs hafnarinnar.

Þá er og kveðið á um að félagið skuldbindi sig til þess að nota höfnina til alls venjulegs innflutnings á helstu hráefnum til álverksmiðjunni og til alls útflutnings á áli sem framleitt er í álverksmiðjunni. Félaginu er hins vegar heimilt að nýta önnur mannvirki hafnarsjóðsins til inn- og útflutnings þegar notkun hafnarinnar er ekki möguleg.

Í greininni er jafnframt kveðið á um að félagið skuli gæta almennra reglna um öryggi og góða reglu í afnotum sínum af höfninni.

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um skipulag og rekstur hafnarinnar. Samkvæmt greininni er höfnin og hafnarmannvirki í eigu og umsjón hafnarsjóðsins. Höfnin er rekin sem almenn höfn í samræmi við hafnalög. Í greininni kemur einnig fram að stjórnun og rekstur hafnarinnar er í höndum hafnarstjórnar, fyrir hönd og á ábyrgð hafnarsjóðsins. Hafnarstjóri sér um daglegan rekstur hafnarinnar fyrir hönd hafnarstjórnar.

Í greininni er kveðið á um að rekstur hafnarinnar af hálfu hafnarsjóðs nái hvorki til lestunar og losunar skipa í þágu félagsins, né reksturs eða viðhalds á búnaði sem félagið reisir á eigin ábyrgð.

Í greininni er kveðið á um að félagið skuli leggja til starfsfólk sem sjái um afgreiðslu skipa sem til hafnarinnar koma á vegum félagsins auk þess að útvega vatn til slíkra skipa.

Hafnarsjóður getur óskað slíkrar þjónustu af hálfu félagsins vegna annarra skipa gegn sanngjarnri greiðslu.

Í greininni er að endingu kveðið á um að komið skuli á fót sérstakri samráðsnefnd fjögurra manna og tilnefna samningsaðilar tvo menn hvor. Tilgangur nefndarinnar er að skapa vettvang fyrir reglulega samskipti milli aðilanna um málefni sem snerta þá.

Grein 7.

Í 7. gr. er fjallað um hafnagjöld. Þar kemur fram að hafnagjöld (skipagjöld og vörugjöld) vegna nota félagsins af höfninni skuli ákveðin í samræmi við hafnagjaldskrána og þessa grein og skulu ekki vera hærri en meðaltal hafnargjalda sem lögð eru á í öðrum höfnum á Íslandi. Samkvæmt greininni skulu skipagjöld vegna skipa á vegum félagsins vera sambærileg við það sem tíðkast í öðrum höfnum á Íslandi. Þá er í greininni kveðið á um fjárhæð vörugjalda, sem byggja á tilteknum afslætti frá gildandi hafnagjaldskrá, svo og meðferð 25% viðbótarskatts á vörugjöld.

Í greininni segir að aðilum sé ljóst að breytingar kunni að verða á hafnalögum í náinni framtíð. Ef breytingar verða gerðar á hafnalögum á gildistíma samningsins sem hafa í för með sér að hafnagjaldskrá verður lögð niður þá skuli síðasta gjaldskrá gilda þó þannig að miðað verði við breytingar á byggingarvísitölu eftir það.

Grein 8.

Í 8. gr. samningsins er fjallað um stækkun hafnarinnar. Í greininni segir að hafnarsjóði sé heimilt að gera áætlanir um stækkun hafnarinnar og sé heimilt að hrinda þeim áætlunum í framkvæmd þegar ástæða þykir til. Félagið getur sömuleiðis óskað eftir stækkun hafnarinnar og framkvæmdir hafnarsjóður stækkunina á kostnað félagsins. Slíkar framkvæmdir skulu ekki hafa í för með sér truflun á hefðbundinn rekstur hafnarinnar og skal félaginu tilkynnt um allar slíkar fyrirætlanir.

Í greininni er kveðið á um að hafnarmannvirkjum skuli ekki breytt nema með samþykkis hafnarsjóðs og félagsins. Þá er loks kveðið á um að forgangsréttur félagsins skuli ekki eiga við um stækkun hafnarinnar sem framkvæmd er vegna annarra notenda, en slík notkun annarra aðila á höfninni skal ekki hafa áhrif á notkun félagsins á höfninni.

Grein 9.

Í 9. gr. er kveðið á um önnur réttindi félagsins. Félaginu skal heimilt að setja upp öll nauðsynleg mannvirki og útbúnað á hafnarsvæðinu og höfninni vegna reksturs verksmiðjunnar, að fengnu samþykki hafnarsjóðs fyrir tegund og legu slíks útbúnaðar. Félaginu skal heimilt að taka vatn úr sjó og flytja lóðarinnar. Í þessum tilgangi er félaginu heimilt að setja upp dælur. Þá skal félaginu heimilt að losa skólp og vatn í samræmi við lög, reglugerðir og starfsleyfi. Félaginu er heimilt að nýta sér þennan rétt án greiðslu, en allur kostnaður fellur þó á félagið. Þá er félaginu og verktökum á þess vegum heimilt að nýta hafnarsvæðið til bráðabirgða án greiðslu.

Félagið hefur forkaupsrétt að höfninni ef hafnarsjóður hyggst selja hana eða hafnarlandið. Þá er ýmis landnotkun á hafnarlandinu háð samþykki félagsins og hafnarsjóðs.

Grein 10–17.

Hvað varðar lýsingu á 10. gr. (gildandi lög og ágreiningur), 11. gr. (um óviðráðanleg öfl), 12. gr. (gildistíma), 13. gr. (viðurkennda texta), 14. gr. (framsal), 15. gr. (breytingar og

endurskoðun), 16. gr. (tilkynningar) og 17. gr. (ýmis ákvæði) vísast til lýsingar á sambærilegum ákvæðum í 18., 19., 20., 21., 22., 23., 24. og 25. gr. í fjárfestingarsamningi sem eru efnislega samhljóða þessum greinum.

Eigendur félagsins árita samninginn og ábyrgjast efndir og skyldur félagsins. Íslenska ríkið áritar jafnframt samninginn og ábyrgist skuldbindingar hafnarsjóðs Fjarðabyggðar á byggingartíma hafnarinnar.

Viðaukar.

Hafnarsamningnum skulu fylgja fimm viðaukar, verksmiðjulóðarkort (A), hafnaráætlun (B), hafnarbúnaðurinn (C), hafnarlóðarsamningur (D) og lóðarkort (E).

Fylgiskjal V.

Landsvirkjun:

Greinargerð forstjóra Landsvirkjunar um fyrirhugaðan rafmagnssamning Landsvirkjunar og dótturfélags Alcoa Inc.

Með lögum nr. 38/2002, um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar, var Landsvirkjun veitt heimild til að reisa og reka svonefnda Kárahnjúkavirkjun með allt að 750 MW afli í þágu stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Var þá fyrst og fremst átt við álverksmiðju á Reyðarfirði, sem áform hafa verið uppi um að reisa á næstu árum. Þess var vænst, þegar frumvarp til laganna var lagt fyrir Alþingi, að félögin Hæfi hf. og Hydro Aluminium a.s. í Osló myndu í sameiningu ráðast í það verkefni, en í marsmánuði 2002 urðu slit á viðræðum þeirra við íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun um framkvæmd verkefnisins, þar sem félögin óskuðu að slá henni á frest um óákveðinn tíma.

Í apríl 2002 voru síðan teknar upp viðræður við álfyrirtækið Alcoa Inc. í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum um möguleika á því að komið yrði á fót sambærilegri álverksmiðju að Mjóeyri við Reyðarfjörð, sem dótturfélag þess hér á landi myndi reisa og reka. Leiddu athuganir aðila til þess, að teknar voru upp viðræður á miðju sumri milli Landsvirkjunar annars vegar og Alcoa fyrir sína hönd og dótturfélagsins hins vegar um afhendingu á raforku frá Kárahnjúkavirkjun til þessarar verksmiðju, samhliða viðræðum Alcoa við fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Fjarðabyggðar um annan starfsgrundvöll verksmiðjunnar. Þær viðræður hafa nú verið leiddar til lykta á tilsettum tíma í öllum meginatriðum, þannig að samninganefndir Landsvirkjunar og Alcoa gátu hinn 20. desember sl. gengið frá drögum að rafmagnssamningi til langs tíma, sem unnt yrði að leggja fyrir stjórnir aðilanna til endanlegs samþykkis af hálfu hvors um sig.

Samningur þessi lýtur að sölu á rafmagni til álvers í Reyðarfirði með árlegri afkastagetu sem svarar um 322.000 tonnum af frumbræddu áli, og stenst sú verksmiðjustærð vel á við afkastagetu Kárahnjúkavirkjunar að afli og orku, eins og hún hefur verið áætluð að undirstöðu til. Samningurinn verður gerður milli Landsvirkjunar og Fjarðaáls sf., óstofnaðs sameignarfélags tveggja innlendra hlutafélaga innan vébanda Alcoa Inc. Verður Fjarðaál eigandi og rekstraraðili að hinni fyrirhuguðu álverksmiðju, en gagnvart Landsvirkjun tekur Alcoa Inc. ábyrgð á tilteknum meginskuldbindingum félagsins eins og nánar kveður á í samningnum.

Jafnhliða samningsgerðinni hefur Landsvirkjun unnið að undirbúningi framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun, með það fyrir augum að geta lokið þeim í öllu verulegu á árinu 2007, ef samningurinn hlýtur endanlega staðfestingu. Hefur Alcoa borið hluta af kostnaði við vegagerð og aðrar undirbúningsaðgerðir á virkjunarsvæðinu, sem hafist var handa um á liðnu sumri, og verður hann endurgreiddur fyrirtækinu, þegar rafmagnssamningurinn gengur í gildi. Útboð hefur farið fram á tveimur af meginþáttum sjálfra virkjunarframkvæmdanna, þ.e. byggingu Kárahnjúkastíflu og gerð aðrennslisganga, og voru tilboð opnuð 6. desember sl. Er nú unnið að mati á þeim og viðræðum við verktaka, sem unnt á að vera að leiða til lykta með gerð verksamninga í febrúar nk., þannig að vinna að þessum verkum geti hafist í marsmánuði.

Virkjunarleyfi frá iðnaðarráðherra vegna Kárahnjúkavirkjunar var gefið út 2. september sl., og var um leið gengið frá samkomulagi um endurgreiðslu Landsvirkjunar á rannsóknar-

kostnaði á vegum ríkissjóðs í þágu virkjunarinnar. Í samræmi við ákvæði leyfisins hefur iðnaðarráðuneytið gefið út auglýsingu um virkjunina eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, og hefur framkomnum athugasemdum frá hagsmunaaðilum á virkjunarsvæðinu verið vísað til viðeigandi meðferðar af hálfu Landsvirkjunar.

Hinn fyrirhugaði rafmagnssamningur við Fjarðaál hefur nú verið samþykktur af hálfu stjórnar Landsvirkjunar, á fundi hennar hinn 10. janúar 2003. Á sama tíma var heimild til að ráðast í álversverkefnið borin undir stjórn Alcoa Inc. á reglulegum fundi hennar í New York, í samræmi við hina sameiginlegu viljayfirlýsingu um samningsgrundvöll, sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Alcoa gáfu út hinn 19. júlí 2002. Jafnframt hefur Landsvirkjun leitað eftir samþykki eigenda hennar við áætlunum um fjármögnun virkjunarframkvæmdanna, í samræmi við ákvæði laga nr. 42/1983 um ábyrgð eigenda á skuldbindingum fyrirtækisins.

Hér á eftir fer lýsing á meginatriðum hins fyrirhugaða rafmagnssamnings. Taka ber fram, að lýsingunni er ekki ætlað að vera sérstakt skýringargagn varðandi túlkun á efni hans.

Forsendur samningsins.

Samningurinn er ætlaður fyrir álver í Reyðarfirði með um 322.000 tonna árlega afkastagetu, sem fyrr segir. Verður álverið byggt í einum áfanga, og er að því stefnt að starfræksla geti hafist innan ársins 2007. Samkvæmt því muni virkjunarframkvæmdir í þágu samningsins hefjast af fullum þunga vorið 2003, en framkvæmdir við byggingu álversins fylgja í kjölfarið innan ársins 2004.

Við það er miðað, að raforka til álversins komi fyrst og fremst frá Kárahnjúkavirkjun, sem einnig verði byggð í einum áfanga að meðtalinni Fljótsdalsveitu. Verður raforkan flutt að verksmiðjulóðinni eftir tveimur háspennulínum frá stöðvarhúsi virkjunarinnar undir Teigsbjargi í Fljótsdal. Virkjunin verður hluti af hinu samtengda raforkukerfi Landsvirkjunar og tengd öðrum orkuverum fyrirtækisins um meginflutningslínur milli þeirra, eins og þeim verður fyrir komið á hverjum tíma. Verður byggðalínan milli Kröfluvirkjunar og Hryggstekkjar í Skriðdal flutt til á stuttum kafla, þannig að tengingin verði við stöðvarhúsið í Fljótsdal. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri styrkingu á núverandi flutningskerfi um landið vegna rafmagnsafhendingar samkvæmt samningum, en flutningsgeta þess á Austurlandi svarar aðeins hluta af venjulegri orkunotkun álversins, þannig að tengingin við önnur orkuver verður fyrst og fremst til að mæta varaþörfum í báðar áttir. Hins vegar mun Landsvirkjun ábyrgjast, að rekstraröryggi gagnvart álverinu rýrni ekki á samningstímanum frá því sem nú má gera ráð fyrir.

Samningurinn verður í svipuðu formi og fyrri samningar Landsvirkjunar um rafmagn til orkufreks iðnaðar, en tekur um leið mið af því, sem sérstakt má telja um stöðu álversins og virkjunarinnar. Á þetta m.a. við um samningstímann, sem ákveðinn er með tilliti til nauðsynjar þess að tryggja, að fjárfesting hvors aðila um sig skili sér í arðbærum rekstri um þann tíma, sem eðlilega þarf til miðað við umfang hennar, og til þeirra hagsmuna beggja aðila, sem gæta þarf vegna staðsetningar mannvirkjanna og aðstæðna að öðru leyti.

Rafmagnsafhending.

Samningurinn kveður á um, hversu mikið rafmagn Landsvirkjun beri að hafa tiltækt á hverjum tíma handa álveri Fjarðaáls frá og með föstum afhendingardegi. Verður það aðallega á tryggðum grundvelli (forgangsafl og forgangsorka), en einnig á ótryggðum grundvelli (afgangsafl og afgangsorka). Er hlutfallið milli tryggðs og ótryggðs rafmagns (90:10) ákveð-

ið svipað og í gildandi samningum Landsvirkjunar vegna álvera Alcan á Íslandi hf. – ÍSALs og Norðuráls hf. Nánar tiltekið verður þetta samningsbundna rafmagn sem hér segir:

	Tryggt	**Ótryggt**	**Samtals**
Tiltækt afl (meðaltal á klst.)	483 MW	54 MW	537 MW
Orka á almanaksári	4.231 GWst	473 GWst	4.704 GWst

Skilgreining rafmagns á ótryggðum grundvelli er efnislega hin sama og í samningum Landsvirkjunar við aðra kaupendur á sviði orkufreks iðnaðar, og felst í henni heimild til skerðingar á afli og orku innan tiltekinna ytri marka, ef um er að ræða vatnsskort við virkjanir Landsvirkjunar eða truflanir í hinu samtengda raforkukerfi. Til þess er ætlast, að slíkum skerðingum verði beitt án mismununar milli Fjarðaáls og hinna kaupendanna, að teknu tilliti til takmarkana á flutningsgetu í raforkukerfinu.

Fyrirheitinu um tiltækt rafmagn fylgir bindandi skylda af hálfu Fjarðaáls til að kaupa eða greiða fyrir tiltekið orkumagn að lágmarki á almanaksári hverju, hvort sem það er nýtt eða ekki. Nemur þetta lágmark 3.998 GWst eða 85% af hinu samningsbundna rafmagni, og ber fyrirtækinu að standa skil á $\frac{1}{12}$ þessa orkumagns fyrir hvern mánuð, en hin árlega skuldbinding er gerð upp eftir á samkvæmt meðaltali fyrir hver næstliðin tvö ár og samanburði við raunverulega notkun á sama tíma.

Samkvæmt samningnum mun Alcoa Inc. ábyrgjast það með tilteknum hætti, að Fjarðaál standi við skuldbindingu sína um að taka við hinu umsamda lágmarksmagni eða greiða fullt verð fyrir það, og nær sú ábyrgð yfir allan samningstímann.

Í samningnum er gert ráð fyrir, að Fjarðaál kunni að geta aukið við orkunotkun í álverinu umfram ofangreind mörk samningsbundins rafmagns vegna hagræðingar í rekstri, og muni þá Landsvirkjun taka til athugunar að verða við óskum félagsins um hækkun þessara marka, ef og eftir því sem tök séu á að hennar mati. Í samningnum verða einnig ákvæði um, hversu með skuli fara, ef svo ber undir á samningstímanum, að álverið hafi ekki not fyrir alla orku, sem skuldbinding Fjarðaáls um lágmarkskaup tekur til, en Landsvirkjun geti á sama tíma nýtt þá orku, sem ekki nýtist þrátt fyrir kaupskylduna, til ráðstöfunar í aðra þágu með viðeigandi hætti.

Í samningnum eru enn fremur ákvæði um samráð milli aðila um rekstrarskilyrði fyrirtækja þeirra og rekstrarhorfur á hverjum tíma.

Upphaf afhendingar og bygging mannvirkja.

Hinn fasti afhendingardagur rafmagns samkvæmt samningnum verður 1. október 2007, nema aðilar verði ásáttir um annað tímamark. Þó verður hvorum aðila heimilt að lýsa yfir frestun á afhendingardeginum um allt að 4 mánuði með tilkynningu til hins aðilans, er út sé gefin fyrir árslok 2004. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir frestun á deginum, nema byggingarframkvæmdir aðila verði fyrir töfum af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure).

Til þess er ætlast, að framkvæmdir við byggingu álversins og Kárahnjúkavirkjunar verði leiddar til lykta ekki síðar en á föstum afhendingardegi rafmagns, og á afhending á rafmagni til gangsetningar álversins í áföngum að geta hafist fimm mánuðum fyrir þann tíma.

Í viðaukum við samninginn verður gerð grein fyrir meginþáttum framkvæmda við hvort mannvirki og áætlunum aðila um framvindu þeirra. Mun mega meta það sem ástæðu til riftunar á samningnum, ef ekki er þannig á haldið af hálfu annars hvors aðila, að framkvæmdum við mannvirki hans verði lokið innan tveggja ára eftir hinn tilsetta afhendingardag

í síðasta lagi. Í viðaukunum verða einnig ákvæði um samráð og upplýsingaskipti milli aðila á byggingartímanum og gagnkvæmar heimildir til hliðrunar á framkvæmdum vegna tafa, er ekki verði hjá komist.

Samkvæmt samningnum mun Alcoa Inc. ábyrgjast það með tilteknum hætti, að Fjarðaál standi við meginskyldu sína um að ljúka byggingu álversins.

Rafmagnsverð.

Rafmagnssamningnum er ætlað að haldast í gildi um 40 ára rekstrartímabil frá hinum fasta afhendingardegi, eins og að neðan greinir. Þessi samningstími verði þó tvískiptur að því er til orkuverðs tekur, þannig að samningurinn kveði með beinum hætti á um verð á samningsbundnu rafmagni frá byrjun afhendingar og fyrir fyrstu 20 árin eftir afhendingardag. Þegar tvö ár séu eftir af því tímabili muni aðilar hins vegar taka upp samningsviðræður um endurskoðað orkuverð með hliðsjón af aðstæðum á þeim tíma, og skuli það gilda hin síðari 20 ár samningstímans.

Samkvæmt ákvörðun Landsvirkjunar og samkomulagi um trúnað milli samningsaðila ber að fara með ákvæði samningsins um rafmagnsverð sem viðskiptaleyndarmál, enda er það ákveðið sjálfstætt eins og í öðrum samningum fyrirtækisins um orku til stóriðju. Er því ekki unnt að greina hér frá ákvæðum þessum í einstökum atriðum. Þó er rétt að taka fram, að hið umsamda orkuverð verður tiltekið sem einingarverð á hverja kílówattstund, sem afhent er eða fellur til greiðslu samkvæmt kaupskyldu, og ákvarðað mánaðarlega samkvæmt tengingu við alþjóðlegt markaðsverð á áli eftir umsaminni aðferð. Það verður og ákvarðað og greitt í Bandaríkjadollurum. Um afslátt fyrstu árin er ekki samið.

Um tenginguna við álverð ber að taka fram, að Landsvirkjun hefur reynslu af þeirri verðlagningaraðferð frá öðrum samningum sínum, og hefur henni víða verið beitt annars staðar hin síðari ár. Af hálfu Landsvirkjunar er samkomulagið um orkuverð til álversins byggt á ítarlegum athugunum á verðþróun á heimsmarkaði fyrir ál og á orkukostnaði álverksmiðja víðsvegar um heim, sem fram hafa farið með ráðfærslu við viðurkennda óháða sérfræðinga á þessu sviði.

Auk þess sem samningstímanum er skipt í tvö verðlagningartímabil verður í samningnum ákvæði þess efnis, að hvorum aðila um sig sé heimilt að óska eftir endurskoðun á hinu gildandi orkuverði, ef grundvallarbreytingar verði innan áliðnaðarins eða á sviði orkuafhendingar til álframleiðslu, er hafi það í för með sér, að jafnvægi í samningnum raskist í grundvallaratriðum, þannig að telja megi orkuverðið bersýnilega ósanngjarnt gagnvart öðrum eða báðum aðilum. Ágreining um þetta efni megi leggja í gerð, ef aðilar nái ekki samkomulagi. Þessu sanngirnisákvæði verður þó ekki beitt oftar en einu sinni á hvoru verðlagningartímabili.

Almenn ákvæði.

Í samningnum verða ítarleg ákvæði um tæknilega hlið viðskiptanna, og kveðið er á um skyldur beggja aðila til að reisa og reka mannvirki sín og halda þeim við í samræmi við venjur vandaðra rekstraraðila. Kveðið er á um gagnkvæma takmörkun bótaábyrgðar milli aðila, ef tjón verður í rekstri án þess að ásetningur eða stórkostlegt gáleysi komi til. Tekið er fram, að það teljast ekki til vanefndar á samningsskyldum aðila, ef óviðráðanleg öfl (force majeure) komi í veg fyrir réttar efndir, og er ítarlega fjallað um atvik af því tagi og áhrif þeirra.

Áskilið er, að rafmagn samkvæmt samningnum verði eingöngu til afnota fyrir álverið, og megi ekki ráðstafa því til annars nema með leyfi Landsvirkjunar. Jafnframt verði kaupanda óheimilt að afla rafmagns frá öðrum eða framleiða eigin rafmagn til notkunar í álverinu,

nema um sé að ræða viðbótarrafmagn, sem Landsvirkjun hafi ekki tök á að láta í té með svipuðum kjörum og annars eru í boði.

Í samningnum er mælt um, að honum verði ekki rift nema af ástæðum, sem þar eru tilgreindar, og eru þær takmarkaðar við mjög stórfelldan efndabrest.

Um túlkun og beitingu samningsins á að fara að íslenskum lögum. Deilur út af samningnum skal útkljá fyrir íslenskum dómstólum, nema annar aðili eða báðir kjósi fremur að vísa málinu til gerðardómsmeðferðar. Skal hvor aðili þá tilnefna einn gerðardómsmann, en gerðardómsmennirnir tveir sameiginlega hinn þriðja, og skulu þeir allir fullnægja kröfum laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að um málsmeðferð fari að reglum gerðardómsstofnunar verslunarráðsins í Stokkhólmi, eftir því sem við á, eða annarrar stofnunar, sem aðilar verða ásáttir um, ef hennar nýtur ekki lengur við.

Kveðið er á um þá meginreglu, að hvorugur aðili geti framselt réttindi og skuldbindingar samkvæmt samningnum án samþykkis hins aðilans. Þó verður kaupanda heimilt að framselja réttindi sín og skyldur til lánastofnana sem tryggingu fyrir fjármögnun á álversverkefninu, enda komi þá einnig til beinir samningar milli Landsvirkjunar og hlutaðeigandi fjármálastofnana. Enn fremur eru ráð gerð fyrir, að heimilt geti verið að framselja samninginn til skyldfélaga hvors aðila um sig, en þó þannig, að það leysi aðilann ekki undan skuldbindingum sínum eftir samningum. Loks eru ákvæði um möguleika á því, að kaupandi framselji samninginn til þriðja aðila, er verði eigandi að álverksmiðjunni, og er sá möguleiki meðal annars bundinn því, að Landsvirkjun telji hinn nýja eiganda hæfan og ásættanlegan gagnaðila, og að framsalið leysi Fjarðaál og Alcoa Inc. ekki undan skuldbindingum vegna samningsins.

Samningurinn verður gerður á íslenska og enska tungu, og skulu báðir textar jafngildir. Ef misræmi reynist milli þeirra beri þó að taka tillit til þess, að viðræður við samningsgerðina fóru fram á ensku.

Gildistími og ábyrgðir.

Við það er miðað, að rafmagnssamningurinn öðlist gildi eftir að fyrir liggur fullnaðarsamþykki stjórnar Landsvirkjunar annars vegar og stjórnar Alcoa Inc. og Fjarðaáls sf. hins vegar og hvor aðili um sig hefur aflað þeirra grundvallarheimilda, sem nauðsynlegar eru til að hrinda honum í bindandi framkvæmd, eins og nánar verður tilgreint í samningnum. Meðal þessara gildistökuskilyrða er það, að Alþingi hafi samþykkt lög um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt fyrir árslok 2003, taki samningurinn ekki gildi nema um annað verði samið.

Kveðið er á um, að samningurinn haldist í gildi fram um hinn fasta afhendingardag og gildi síðan um 40 ára samningstíma frá þeim degi, en renni þá út án uppsagnar. Áður en það gerist skuli aðilar þó taka upp viðræður í góðri trú um möguleika á framlengingu eða endurnýjun samningsins með skilmálum, sem báðir geti fellt sig við.

Hinn 40 ára samningstími verður tvískiptur að því er orkuverð varðar, svo sem áður greinir. Að öðru leyti felur hann í sér staðfestingu þess, að bæði álverið og Kárahnjúkavirkjun verði mannvirki, er ætlað sé að standa til frambúðar og þurfi að eiga sér tryggan rekstrargrundvöll.

Í samningnum er til þess vísað, að hér á landi séu uppi áform um breytingar á skipan orkumála í landinu, er komið geti til framkvæmda innan tíðar á grundvelli nýrrar löggjafar um raforkumál, einkum þannig, að skilið verði milli flutnings og dreifingar annars vegar og vinnslu og sölu hins vegar. Með tilliti til þess er svo á kveðið, að Landsvirkjun verði áfram

ábyrg gagnvart kaupanda á skuldbindingum samkvæmt samningum þrátt fyrir slíkar breytingar eða aðra endurskipulagningu á fyrirtækinu eða þeim orkuvirkjum, sem það ráði nú fyrir, nema samkomulag verði um annað.

Jafnframt eru gerð ráð fyrir ákvæðum þess efnis, að ákvörðun orkuverðs við endurskoðun eftir 20 ára rekstur fari eftir beinni ytri viðmiðun í stað samningsferlis, ef staða Landsvirkjunar hefur þá breyst þannig, að íslenska ríkið eigi ekki lengur 50% eignarhlut í fyrirtækinu eða hafi annars sams konar forræði gagnvart því og nú er, eða ríkið beri ekki lengur ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins (í heild eða að hluta) með þeim hætti, sem mælt er um í gildandi lögum um Landsvirkjun.

Um ábyrgð á skuldbindingum kaupanda megin má einkum vísa til þess, sem fyrr segir um takmörkun á heimildum til framsals á samningnum, og svo hins, að Alcoa Inc. mun taka ábyrgð með umsömdum hætti á efndum tvennra meginskyldna Fjarðaáls gagnvart Landsvirkjun. Er það annars vegar skuldbindingin um að leiða byggingu álversins til lykta á tilsettum tíma og hins vegar skuldbindingin um að greiða fyrir tiltekið orkumagn á ári hverju, eftir að rafmagn er tiltækt, hvort sem það er nýtt eða ekki. Um mikilvægi þeirrar ábyrgðar þarf ekki að fjölyrða, en hún felur meðal annars í sér grundvallarmun á rafmagnssamningnum, sem nú liggur fyrir, og þeirri samningsgerð, sem til umræðu var við fyrri aðila að verkefninu um álver í Reyðarfirði.

Arðsemi samningsins og áhrif á fjárhag.

Ráðagerðir Landsvirkjunar um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og sölu á raforku til álverksmiðju í Reyðarfirði eru reistar á ítarlegu mati á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum þessa verkefnis ásamt umhverfisþáttum þess. Tekur matið meðal annars til athugana og áætlana um stofnkostnað og rekstrarkostnað, verðþróun og horfur á álmarkaði, gengi gjaldmiðla, líftíma virkjunarinnar og fjármagnskostnað, sem veginn er með tilliti til vaxtakjara á lánsfé og kröfu um arðsemi af eigin fé.

Að því er varðar tilhögun og stofnkostnað virkjunarinnar er það einkum verkfræðisvið fyrirtækisins, sem unnið hefur að þessu mati, ásamt þeim samstarfshópi verkfræðilegra ráðgjafa, sem ráðinn var á sínum tíma til að annast endanlega hönnun virkjunarinnar. Í honum eru sex innlendar og erlendar verkfræðistofur, og hafa hinar erlendu víðtæka reynslu af verkefnum hér á landi. Einnig var leitað sérstakrar tæknilegrar aðstoðar hjá alþjóðlegum sérfræðingum varðandi jarðgangagerð og stíflugerð. Enn fremur hefur nú verið unnt að taka tillit til framkominna tilboða frá verktökum í gerð aðrennslisganga virkjunarinnar og stíflu við Kárahnjúka. Athugun á þeim gefur til kynna, að kostnaður miðað við hagstæðustu tilboðin verði mjög í samræmi við fyrri áætlanir Landsvirkjunar og ráðgjafa hennar. Rekstrarkostnaður virkjunarinnar hefur einnig verið vandlega metinn, og í áætlunum um hann og stofnkostnaðinn er meðal annars tekið tillit til fyrirhugaðra ráðstafana í þágu umhverfisverndar vegna virkjunarinnar.

Um aðra þætti matsins hefur Landsvirkjun ítrekað leitað samráðs við óháða erlenda sérfræðinga, er njóta almennrar viðurkenningar, meðal annars um framtíðarþróun álverðs á heimsmarkaði og skilyrði álframleiðslu víðsvegar um heim. Útreikningar á arðgjöf virkjunarinnar hafa farið fram aðskilið í tveimur deildum innan fyrirtækisins, á fjármálasviði og orkusviði. Jafnframt hafa þeir verið bornir undir innlent ráðgjafarfyrirtæki, sem prófað hefur gildi þeirra með líkindafræðilegum aðferðum. Nú fyrir skemmstu hafa áætlanir Landsvirkjunar enn fremur verið lagðar fyrir nefnd sérfræðinga á vegum eigenda fyrirtækisins, sem látið hafa uppi álit um gildi arðsemismats Landsvirkjunar og fjárhagslega áhættu vegna virkjunarinnar og samningsins, og er matið vel rökstutt að þeirra dómi.

Við matið er stofnkostnaður Kárahnjúkavirkjunar nú áætlaður um 95 milljarðar króna miðað við verðlag og gengi í nóvember 2002. Nemi innlendur kostnaður rúmlega 40% þeirrar fjárhæðar. Árlegur rekstrarkostnaður er talinn verða um 740 milljónir króna, þar af um 120 milljónir vegna mótvægisaðgerða til verndar umhverfinu. Fjármagnskostnaður er áætlaður eftir reynslu Landsvirkjunar og raunhæfum möguleikum hennar til að afla viðeigandi lánsfjár til framkvæmda við virkjunina, sem bornir hafa verið undir alþjóðlega ráðgjafa á því sviði.

Arðsemismat Landsvirkjunar, sem byggir á núvirtu fjárstreymi vegna kostnaðar og tekna, tekur til áranna 2002–2070, þ.e. rúmlega 60 ára frá upphafi rekstrar. Er virkjunin metin verðlaus í lok tímabilsins, þótt það sé mun skemmra en væntanlegur líftími hennar. Samkvæmt niðurstöðum matsins má vænta þess, að núvirtur hagnaður af orkusölu samkvæmt rafmagnssamningnum verði um 6,6 milljarðar króna, sem svarar til þess, að afkastavextir af fjárfestingu í verkefninu verði um 7,3% að nafngildi og 5,5% að raungildi. Á sama grundvelli má gera ráð fyrir, að arðgjöf eigin fjár vegna verkefnisins verði um 12,8% að nafngildi og 11% að raungildi. Er það talið mjög sambærilegt við þær kröfur um arðsemi eigin fjár, sem almennt eru gerðar meðal orkufyrirtækja í nálægum löndum.

Við það mat á hagkvæmni virkjunarinnar og fyrirhugaðs rafmagnssamnings vegna álverksmiðju í Reyðarfirði, sem þannig liggur fyrir, hefur eðlilegrar varúðar verið gætt. Fari svo, að forsendur þess breytist í raun í mikilvægu tilliti, svo sem vegna aukins stofnkostnaðar eða þess, að álverð reynist lægra yfir samningstímabilið en grunnspá gefur til kynna, má eigi að síður gera ráð fyrir, að Landsvirkjun nái arðgjöf, sem talin er tryggja fyrirtækinu fullnægjandi skaðleysi. Það er því mat Landsvirkjunar, að samningurinn sé henni hagstæður og hafi jákvæð áhrif á afkomu og starfsemi fyrirtækisins.

Reykjavík, 16. janúar 2003

Friðrik Sophusson
forstjóri.

Fylgiskjal VI.

Hönnun hf.:

Greinargerð Hönnunar hf. á umhverfismálum tengdum álverksmiðju í Reyðarfirði.
(13. janúar 2003.)

6.1 Almennt.

Reyðarál ehf. (nú Fjarðaál hf.) hyggst breyta fyrri áætlunum um byggingu álvers í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Horfið hefur verið frá áætlunum um byggingu álvers sem nýtir HAL 250 tækni frá Norsk Hydro og í stað þess er áætlað að nota aðra tækni af sambærilegum gæðum eða betri, sem Alcoa, núverandi eigandi Reyðaráls ehf. mun leggja til og hefur reynslu af.

Nýr eigandi fyrirtækisins, Alcoa Inc., hefur látið vinna skýrslu þar sem borin eru saman umhverfisáhrif 420.000 árstonna álvers sem áður var áætlað að byggja í tveim áföngum og 322.000 árstonna álvers í einum áfanga eins og nú eru áform um að byggja.

Samanburðarskýrslan er unnin í samræmi við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, grein 6, viðauka 2, lið 13a í lögunum og skýrslunni var skilað til Skipulagsstofnunar þann 22. nóvember 2002.

Liður 13a fjallar um breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsstofnun ákvarðar að framkvæmdir, sem tilgreindar eru í 2. viðauka, skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær eru taldar geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Afgreiðsla málsins fyrir tilkynningarskyldar framkvæmdir sem þessa er sem hér segir. Skipulagsstofnun hefur 4 vikur til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Áður skal hún leita umsagna leyfisveitenda og annarra, eftir eðli máls hverju sinni, um það hvort og þá á hvaða forsendum fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Ekki er gert ráð fyrir aðkomu almennings við afgreiðslu tilkynningarskyldra framkvæmda.

Skipulagsstofnun birti ákvörðun sína um matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda þann 20. desember 2002. Þar kemur m.a. fram að Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að óheimilt sé að krefjast mats á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði vegna breytingar á framkvæmdaáformum þegar úrskurður liggur fyrir um umfangsmeiri áform en nú eru fyrirhuguð, nema því aðeins að umfjöllun um matsskyldu leiði í ljós að breytingarnar geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, eins og tilgreint er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 106/2000.

Í ákvörðun sinni telur Skipulagsstofnun að breytingar á áformum um byggingu fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði, Fjarðabyggð, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

6.2 Skipulag svæðisins.

Álver Alcoa-Reyðaráls er á svæði sem er iðnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi. Breyta þarf deiliskipulagi þar sem byggingarreitur 420.000 t álvers Reyðaráls innan lóðarinnar er nokkru minni en 322.000 t álvers Alcoa-Reyðaráls.

Samkvæmt aðalskipulagi á „lóð fyrir orkufrekan iðnað" að vera staðsett vestan Hrauns í Reyðarfirði. Fyrir 420.000 t álver Reyðaráls þurfti stærri lóð en gert er ráð fyrir í þessu skipulagi. Tillögur til breytinga voru gerðar á aðalskipulagi Reyðarfjarðar, með það í huga að iðnaðarsvæðið við Hraun yrði stækkað vegna fyrirhugaðs álvers. Enn fremur eru skipulagðar lóðir fyrir annan iðnað og þjónustu á iðnaðarsvæðinu.

6.3 Umhverfisáhrif.

Samanburðarskýrslan er byggð upp með hliðsjón af fyrri skýrslu Reyðaráls fyrir álver með allt að 420.000 t ársframleiðslu. Ekki er um að ræða eiginlega matsskýrslu heldur er gerður samanburður á umhverfisáhrifum álvers Reyðaráls og álvers Alcoa-Reyðaráls. Hver kafli skýrslunnar fjallar um tiltekið atriði mats á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði, úrskurð Skipulagsstofnunar og samanburð við fyrirhugað álver Alcoa-Reyðaráls. Skýrslan var síðan notuð sem grunnur fyrir ákvörðunartöku um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Í skýrslunni er gerður samanburður á umhverfisáhrifum á byggingartíma (tafla 1) og samanburður umhverfisáhrifum á útblæstri á rekstrartíma frá álveri Alcoa-Reyðaráls og álveri Reyðaráls (tafla 2). Í töflu 3 er gerður samanburður á magni frárennslis og magni efna í frárennsli. Í töflu 4 er gefið yfirlit yfir mismunandi samfélags- og efnahagsleg áhrif álvers Alcoa-Reyðaráls og álvers Reyðaráls á rekstrartíma og í töflu 5 eru dregin saman megin umhverfis-og samfélagsleg áhrif álvers Alcoa-Reyðaráls og álvers Reyðaráls.

Það eru einkum tveir þættir sem eru frábrugðnir. Í fyrsta lagi, verður engin rafskautaverksmiðja byggð í tengslum við álver Alcoa-Reyðarál eins og fyrirhugað var við álver Reyðaráls. Í öðru lagi mun Alcoa-Reyðarál ekki farga kerbrotum með urðun á svæðinu. Þessi mismunur endurspeglast í töluvert minni umhverfisáhrifum en frá álveri Reyðaráls. Einnig mun töluvert minna magn PAH-efna berast upp í andrúmsloftið og engin mengunarefni munu fara í sjó með frárennsli frá urðunarstað fyrir kerbrot.

Tafla 1. Samanburður á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers Alcoa-Reyðaráls og álvers Reyðaráls á byggingartíma.

	Álver Alcoa-Reyðaráls	**Álver Reyðaráls**	**Áhrif**
Umhverfi	Lítil áhrif – Áhrif á vetrarbeit 20–30 hreindýra. Búist við að þau færi sig um set. – Áhrif á gróður og annað dýralíf talin óveruleg.	Lítil áhrif. – Áhrif á vetrarbeit 20-30 hreindýra. Búist við að þau færi sig um set. – Áhrif á gróður og annað dýralíf talin óveruleg.	Svipuð
Jöfnun lands og efnistaka	Lítil áhrif. – Jarðvegsflutningar, sprengt grjót og fyllingarefni. Efni notað til landmótunar innan iðnaðarsvæðisins. – Aðflutt efni 85.000 m^3.	Lítil áhrif. – Jarðvegsflutningar, sprengt grjót og fyllingarefni. Efni notað til landmótunar innan iðnaðarsvæðisins. – Aðflutt efni 105.000 m^3.	Svipuð
Útblástur, frárennsli og úrgangur	Lítil áhrif – Staðbundin hávaða- og loftmengun – Förgun skv. gildandi kröfum.	Lítil áhrif. – Staðbundin hávaða- og loftmengun. – Förgun skv. gildandi kröfum.	Svipuð

	Álver Alcoa-Reyðaráls	Álver Reyðaráls	Áhrif
Samgöngur og hljóðstig	Lítil áhrif. – Aukin umferð. – Hafnargerð mun minnka þörf á þungaflutningum á þjóðvegum. – Hjáleið um hafnarsvæðið mun draga úr óþægindum í þéttbýlinu. – Ströngustu reglur um hljóðstig verða uppfylltar.	Lítil áhrif. – Aukin umferð – Hafnargerð mun minnka þörf á þungaflutningum á þjóðvegum. – Hjáleið um hafnarsvæðið mun draga úr óþægindum í þéttbýlinu. – Ströngustu reglur um hljóðstig verða uppfylltar.	Svipuð
Vinnubúðir	Lítil áhrif. – Gert er ráð fyrir allt að 1.800 manns í vinnubúðum á landi og í fljótandi vinnubúðum. – Öflun neysluvatns og rafmagns með sama hætti og ráðgert vegna álvers Reyðaráls.	Lítil áhrif. – Gert er ráð fyrir 1.250–1.500 manns í vinnubúðum, þar af 250–500 í vinnubúðum á landi og 1.000 í fljótandi vinnubúðum.	Svipuð
Fornleifar	Lítil til nokkur áhrif. – 8 af 11 fornminjum verða fyrir raski. – Fornleifafræðingur verður viðstaddur alla jarðvegsvinnu nálægt fornminjum.	Lítil til nokkur áhrif. – 8 af 11 fornminjum verða fyrir raski. – Fornleifafræðingur verður viðstaddur alla jarðvegsvinnu nálægt fornminjum.	Svipuð
Samfélagsleg áhrif	Nokkur til talsverð áhrif. – Um 2.000 ársverk. – Mikil áhrif á atvinnu- og efnahagslíf Austurlands.	Nokkur til talsverð áhrif. – Um 2.750 ársverk. – Mikil áhrif á atvinnu- og efnahagslíf Austurlands.	Svipuð

Tafla 2. Samanburður umhverfisáhrifa á útblæstri frá álveri Alcoa-Reyðaráls og álveri Reyðaráls.

LOFTTEGUND	Eining	Álver Alcoa-Reyðaráls	Álver Reyðaráls	Áhrif
Loftkennt flúoríð	t/ári	78,8	55,0	Svipuð[1]
Rykbundið flúoríð	t/ári	27,5	50,8	Svipuð[1]
Heildarmagn flúoríðs	t/ári	106,3	105,8	Svipuð[1]
SO_2 (Óhreinsað)	t/ári	4765[1]	6785[2]	Svipuð[2]
SO_2 (Hreinsað)	t/ári	Ákveðið síðar	828	Svipuð m.v. sömu kröfu um þynningarsvæði
PAH	t/ári	0,167	1,97	Mun minni
Svifryk (PM_{10})	t/ári	38,44	29,3	Svipuð[3]
CO_2	x1000 t/ári	530	710	Minni
PFCs sem CO_2 ígildi	x1000 t/ári	34	58	Minni
NO_x	t/ári	27	133	Mun minni

(1) Alcoa-Reyðarál mun tryggja að m.t.t. styrks loftkennds flúoríðs verði sömu kröfur um loftgæði og þynningarsvæði uppfylltar eins og gert var fyrir álver Reyðaráls, sjá umfjöllun í kafla 4.3.2.
(2) Óhreinsaður útblástur SO_2. Með uppsetningu vothreinsivirkja við álver Reyðaráls minnkar útblástur SO_2 niður í 828 t/ári. Með uppsetningu hreinsivirkja verður dregið nægjanlega úr magni SO_2 í útblæstri álvers Alcoa-Reyðaráls til þess að uppfylla sömu kröfur um þynningarsvæði og settar voru fyrir álver Reyðaráls. Í kafla 4.3.2 er fjallað um þá tækni sem nú er til athugunar með það að markmiði að draga úr útblæstri SO_2.
(3) Mismunur í magni svifryks má hugsanlega skýra með mismunandi forsendum við útreikninga fremur en raunverulegum mismun í útblæstri.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að áhrif svifryks verði veruleg vegna breytinga á áformum byggingar álvers í Reyðarfirði. Einnig telur Skipulagsstofnun að áhrif PAH efna verði verulega minni en áður var gert ráð fyrir vegna breytinga á áformum byggingar álvers í Reyðarfirði.

Varðandi losun koldíoxíðs er það mat Skipulagsstofnunar að losun frá fyrirhuguðu álveri muni ekki koma til með að raska þeirri útstreymisspá sem lögð var til grundvallar samþykkt Alþingis til að mæta skuldbindingum Kyoto-bókunarinnar. Varðandi losun flúorkolefnissambanda frá álverinu liggur fyrir að ríkisstjórn Íslands gerir ráð fyrir losun samsvari 0,14 t CO_2-ígilda/tonn ál til að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar en losun flúorkolefnissambanda fellur ekki undir framangreint sérákvæði við Kyoto-bókunina. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila verður losun flúorkolefnissambanda innan viðmiðunarmarka stefnu íslenskra stjórnvalda eða um 0,11 t á hvert framleitt áltonn.

Skipulagsstofnun telur að fyrstu niðurstöður loftdreifingarreikninga fyrir breytingar á áformum byggingar álvers í Reyðarfirði sýni að ólíklegt sé að styrkur flúors og brennisteinstvíoxíðs muni fara yfir umhverfismörk utan þynningarsvæðis.

Fram hefur komið í umsögnum að gæði veðurfarsgagna sem dreifing mengunarefna byggist á séu háð óvissu. Skipulagsstofnun telur þessa óvissu ásamt landnotkun og friðlýstu svæði í nágrenni álversins gera það að verkum að nauðsynlegt verði að fylgjast með styrk flúors í lífríki í andrúmslofti innan sem utan þynningarsvæðis eins og gert var ráð fyrir í úrskurði stofnunarinnar frá 31. ágúst 2001. Einnig telur stofnunin nauðsynlegt að fylgst verði sérstaklega með styrk brennisteinstvíoxíði í andrúmslofti innan sem utan þynningarsvæðis.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggi a.m.k. annar raunhæfur kostur um mótvægisaðgerðir vegna magns brennisteinsdíoxíðs í útblæstri sem komi til álita, þ.e. vothreinsun, leiði vöktun í ljós óásættanleg umhverfisáhrif. Nánari ákvarðanir um slíka vöktun umhverfisáhrifa eru á höndum starfsleyfisveitanda, Hollustuverndar ríkisins.

Skipulagsstofnun telur að áhrif breytinga á áformum byggingar álvers í Reyðarfirði á gróður og dýralíf verði óveruleg utan þynningarsvæðis á landi að því tilskildu að styrkur brennisteinsdíoxíðs og flúors fari þar ekki yfir umhverfismörk.

Tafla 3. Samanburður á magni frárennslis og magni efna í frárennsli frá álveri Alcoa-Reyðaráls og álveri Reyðaráls.

Efni	Uppspretta	Álver Alcoa-Reyðarál s	Álver Reyðaráls	Samanburður á áhrifum
Sjór (10-15°C)	Vothreinsi-búnaður	Líklega enginn(1)	9.000 m^3/h	Verður ekki hluti frárennslis frá álveri Alcoa-Reyðaráls
Kælivatn (30-40°C)	Steypuskáli	Ákveðið síðar	180 m^3/h	Mun minna
SO_2	Kerskálar	-	9.500 t/ári	Verður ekki hluti frárennslis frá álveri Alcoa-Reyðaráls
Föst efni (svifagnir)	Kerskálar	-	63 t/ári	Verður ekki hluti frárennslis frá álveri Alcoa Reyðaráls
F	Kerskálar/ kerbrotaurðun	-	235 t/ári	Verður ekki hluti frárennslis frá álveri Alcoa-Reyðaráls
PAH-16	Kerskálar	-	25,0 kg/ári	Verður ekki hluti frárennslis frá álveri Alcoa-Reyðaráls
BaP	Kerskálar	-	0,47 kg/ári	Verður ekki hluti frárennslis frá álveri Alcoa-Reyðaráls
Auðleysan-legar olíur	Steypuskáli	-	3,9 t/ári	Verður ekki hluti frárennslis frá álveri Alcoa-Reyðaráls
N	kerbrotaurðun / þjónustubygg.	2,8 t/ári	12,1 t/ári	Mun minna
P	Kerbrotaurðun / þjónustubygg	0,3 t/ári	1,2 t/ári	Mun minna
Þungmálmar og önnur efni	Kerbrotaurðun	-	17,9 t/ári	Verður ekki hluti frárennslis frá álveri Alcoa-Reyðaráls

(1) Alcoa er að skoða mögulegar hreinsiaðferðir til þess að uppfylla umhverfismörk og stærð þynningar-svæðisins án vothreinsunar, í samræmi við markmið fyrirtækisins um að koma algjörlega í veg fyrir frárennsli frá álverum sínum. Sá möguleiki er fyrir hendi að niðurstöður athugunar Alcoa verði þær að vothreinsun sé nauðsynleg við álverið.

Skipulagsstofnun telur á grundvelli fyrirliggjandi gagna að umhverfisáhrif frárennslis frá álveri Alcoa-Reyðaráls verði óveruleg og að stærð þynningarsvæðis í sjó sem tillaga var gerð um fyrir áætlanir um álver Reyðaráls sé nægileg fyrir álver Alcoa-Reyðaráls. Skipulags-stofnun telur að ekki sé ástæða til að ætla að breytingar á áformum byggingar álvers í Reyðarfirði muni hafa veruleg áhrif á sjó og sjávarlíf.

Tafla 4. Samanburður á samfélags- og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa-Reyðaráls og álvers Reyðaráls á rekstrartíma.

	Álver Alcoa-Reyðaráls	Álver Reyðaráls	Áhrif
Íbúafjölgun á Austurlandi	um 1.500	um 2.100	Minni
Áhrif á aðrar atvinnugreinar (sjávarútveg, landbúnað, ferðamennsku, þjónustu)	-	-	Svipuð eða minni
Þjónusta við almenning	-	-	Svipuð eða minni
Aukning á íbúðarhúsnæði	um 570 íbúðir	um 930 íbúðir	Minni
Fjöldi ársverka í álveri	455	610	Minni
Óbein og afleidd störf	um 300	um 400	Minni

Tafla 5. Meginumhverfis- og samfélagsleg áhrif álvers Alcoa-Reyðaráls og álvers Reyðaráls.

	Álver Alcoa-Reyðaráls	Álver Reyðaráls	Áhrif
Þynningarsvæði í lofti	2,6 km vestur og 2,6 km austur frá kerskálum.	2,6 km vestur og 2,6 km austur frá kerskálum.	Svipuð
Þynningarsvæði í sjó	Ekkert	Um 1,7 km breitt og nær um 600 m út frá landi.	Mun minni(1)
Loftgæði og umhverfi manna	Hverfandi, eitt býli, Framnes, er staðsett innan þynningarsvæðis og verður lagt af.	Hverfandi, eitt býli, Framnes, er staðsett innan þynningarsvæðis og verður lagt af.	Svipuð
Lífríki á landi	Viðkvæmar tegundir gróðurs, einkum mosar, fléttur, bláberjalyng og beitilyng, munu skaðast innan þynningarsvæðis og jafnvel hverfa innan fárra ára. Skert vetrarbeitiland hreindýra og hugsanleg skerðing á fæðuöflunar- og varpsvæðum fugla.	Viðkvæmar tegundir gróðurs, einkum mosar, fléttur, bláberjalyng og beitilyng, munu skaðast innan þynningarsvæðis og jafnvel hverfa innan fárra ára. Skert vetrarbeitiland hreindýra og hugsanleg skerðing á fæðuöflunar- og varpsvæðum fugla.	Svipuð
Lífríki fjöru og sjávar	Óveruleg uppsöfnun PAH-efna í botndýr og set vegna ákomu úr lofti[1].	Nokkur uppsöfnun PAH-efna í botndýr og set frá frárennsli í sjó.	Mun minni[1]
Árleg raforkunotkun	Um 4700 GW stundir	Um 6000 GW stundir	Minni
Íbúafjölgun á Austurlandi	Um 1500	Um 2100	Minni
Aukning íbúðarhúsnæðis	Um 570 íbúðir	Um 930 íbúðir	Minni

	Álver Alcoa-Reyðaráls	Álver Reyðaráls	Áhrif
Ársverk í álveri	455	610	Minni
Óbein og afleidd ný störf	Um 300	Um 400	Minni
Umferðaraukning	25–35 %	55–65%	Minni
Sjónræn áhrif	Reykháfar og síló munu meðal annars sjást frá Hólmahálsi og frá suður strönd fjarðarins.	Reykháfar og síló munu meðal annars sjást frá Hólmahálsi og frá suður strönd fjarðarins.	Svipuð
Hljóðstig	Innan marka í reglugerð	Innan marka í reglugerð.	Svipuð

(1) Alcoa er að skoða mögulegar hreinsiaðferðir til þess að uppfylla umhverfismörk og stærð þynningarsvæðisins án vothreinsunar, í samræmi við markmið fyrirtækisins um að koma algjörlega í veg fyrir frárennsli frá álverum sínum. Sá möguleiki er fyrir hendi að niðurstöður athugunar Alcoa verði þær að vothreinsun sé nauðsynleg við álverið.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á áformum um byggingu álvers í Reyðarfirði muni hafa minni samfélagsleg áhrif en fyrri áform um álver í Reyðarfirði.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á áformum um byggingu álvers í Reyðarfirði muni ekki hafa veruleg áhrif á sérstæðar jarðmyndanir eða landslag.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á áformum um byggingu álvers í Reyðarfirði á landnotkun verði ekki veruleg utan þynningarsvæðis á landi að því tilskildu að styrkur brennisteinsdíoxíðs og flúors fari þar ekki yfir umhverfismörk.

Skipulagsstofnun telur að áhrif breytinga á áformum um byggingu álvers í Reyðarfirði á jafngildishljóðstig verði óveruleg. Nauðsynlegt sé að haga skipulagi og hönnun lóðar og mannvirkja með það í huga að hávaði og ónæði af völdum starfseminnar í íbúðarbyggð og á útivistarsvæðum verði sem minnst.

6.4 Starfsleyfi.

Samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hefur verið gerð umsókn um starfsleyfi og henni skilað til Hollustuverndar ríkisins. Tillaga að starfsleyfi er til kynningar til 18. febrúar 2003.

Umsóknin inniheldur gögn varðandi starfsleyfi fyrir álver Alcoa-Reyðaráls og er skipt niður í eftirfarandi hluta:

1. Greinargerð í samræmi við reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Vísað er í 10. gr. reglugerðarinnar, lið 10.2 a.-k. í kaflanum; umsókn um starfsleyfi. Til hagræðis er við hvern hluta vísað til viðkomandi upplýsinga í ofangreindri samanburðarskýrslu.
2. Viðauki: Álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Samanburður á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs 322.000 árstonna álvers Alcoa-Reyðaráls og allt að 420.000 árstonna álvers Reyðaráls í Reyðarfirði byggðu í tveimur áföngum. Nóvember 2002.

Framleiðslutæknin í fyrirhuguðu álveri er byggð á hámarks sjálfvirkni og háþróuðustu tækni sem í boði er fyrir álver sem nota forbökuð rafskaut. Besta fáanlega tækni (BAT-best available technique) verður notuð við hreinsun útblásturs. Notaður verður þurrhreinsibúnaður með 99,5% hreinsivirkni til að fjarlægja og endurvinna flúor.

Helstu mannvirki álversins eru kerskálar til rafgreiningar áls úr súráli í kerum sem raðað er hlið við hlið, þurrhreinsivirki, steypuskáli, þar sem fljótandi ál er steypt í hleifa, skautsmiðja, aðveitustöð, olíubirgðastöð fyrir eldsneyti ofna í steypuskála, þjónustubyggingar, vöruskemmur og geymslur.

Áætlaðar tölur um notkun helstu hráefna og orku í 322.000 árstonna álveri Alcoa-Reyðaráls eru sýndar í töflu 7.

Tafla 7. Notkun helstu hráefna og orku.

Hráefni	Eining	Álver Alcoa-Reyðaráls 322,000 t/ári
Súrál	tonn/ári	622,000
Álflúoríð	"	4
Innflutt rafskaut	"	176
Eldsneyti	"	10,5
Orka	GWst/ári	4,7

Öllum viðmiðunarmörkum um loftgæði verður náð utan áður skilgreinds þynningarsvæðis fyrir álver Reyðaráls.

Gerð mengunarvarnarbúnaðar mun taka mið af endanlegum loftdreifingarútreikningum. Slíkir útreikningar eru nauðsynlegir til þess að komast að raun um skilvirkni tækjabúnaðar í samhengi við landslag og þær veðurfarslegu aðstæður sem ríkja í Reyðarfirði. Að loknum loftdreifingarútreikningum verður tekin ákvörðun um uppsetningu mengunarvarnarbúnaðar sem er nauðsynlegur til að uppfylla umhverfismörk utan áður skilgreinds þynningarsvæðis. Leitað verður álits og samþykkis Skipulagsstofnunar og Hollustuverndar ríkisins um þessa ákvörðun.

Útblástur gróðurhúsalofttegunda var reiknaður út frá gildum sem fengin voru úr leiðbeiningarreglum Alþjóðastofnunar áliðnaðarins (International Aluminium Institute, 2002). Þessar leiðbeiningarreglur eru viðauki við reglur nefndar um sjálfbæra þróun á vegum Alþjóðabankans (World Bank Council for Sustainable Development (WBCSD)) og Alþjóðaauðlindastofnunarinnar (World Resource Institute (WRI)). Í leiðbeiningarreglunum er að finna aðferðafræði sem skilar áreiðanlegum og gegnsæjum útreikningum á magni gróðurhúsalofttegunda. Álver Alcoa-Reyðaráls mun ná mjög lágum útblæstri flúorkolefnis, eða um 0,11 tonnum CO_2 ígildis fyrir hvert unnið áltonn.

Útblástur frá steypuskála var reiknaður með því að nota aðferðafræði frá WBCSD sem byggir á staðbundnum uppsprettum (www.ghgprotocol.org). Útblástur gróðurhúsalofttegunda verður minni en gert var ráð fyrir frá álveri Reyðaráls.

Frárennsli á byggingartíma mun taka mið af núgildandi kröfum og reglum um mengunarvarnir og er Alcoa að hanna kerfi til að gera enn betur en núverandi kröfur gera ráð fyrir. Alcoa hefur ströng innri markmið m.t.t. förgunar úrgangs. Öllum úrgangi, sem ekki er endurunnin, verður komið fyrir á viðurkenndum urðunarstað.

Gert er ráð fyrir að uppistaða frárennslis verði kælivatn og skolp. Alcoa hefur þá stefnu að ekkert frárennsli iðnaðarvatns verði til sjávar frá álverum fyrirtækisins og er unnið að því að ná því markmiði fyrir álver Alcoa-Reyðaráls. Þá verður allt regnvatn af athafnasvæði álversins meðhöndlað til þess að lágmarka áhrif þess í sjó.

Gert er ráð fyrir að styrkur efna í frárennsli frá skautsmiðju og neysluvatni verði svipaður bakgrunnsgildum. Skólp mun samanstanda af frárennsli frá mötuneyti, skrifstofum, baðherbergjum, sturtum, þvottaherbergjum o.fl., sem staðsett verða á iðnaðarlóð álversins. Allt skólp verður hreinsað samkvæmt reglugerð nr. 798/1999. Um er að ræða eins þrepa hreinsun, sem miðar að því að draga úr BOD5 (Biological oxygen demand) í skólpi um a.m.k. 20% frá upprunalegu gildi og að heildarmagn agna í skólpi verður minnkað um a.m.k. 50% frá upprunalegu gildi. Lokahönnun fráveitu frá álverinu verður unnin í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Ráðgert er að taka neysluvatn úr núverandi brunnsvæði við Njörvadalsá en iðnaðarvatn verður tekið úr borholum í áreyrum milli Norðurár og Sléttuár fyrir botni fjarðarins.

Áætluð vatnsþörf álvers Alcoa-Reyðaráls er sýnt í töflu 8. Magn kælivatns er áætlað um 25,7 l/s. Vatnsþörf er haldið í lágmarki með lokuðum hringrásarkerfum.

Tafla 8. Áætluð vatnsnotkun mismunandi hluta álversins.

Notandi	Eining	Álver Alcoa-Reyðaráls 322,000 t
Skautsmiðja	l/s	3,5
Steypuskáli	-	18
Stoðkerfi	-	1,6
Drykkjarvatn	-	0,35
Aðveitustöð	-	4
Samtals	-	27

Vöktunaráætlun verður sett á laggirnar við upphaf reksturs fyrirhugaðs álvers Alcoa-Reyðaráls.

Samkvæmt skýrslu um samanburð á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers Alcoa-Reyðaráls og álvers Reyðaráls, er helsti munur þessara tveggja álvera sá að ekki verður byggð rafskautaverksmiðja við álver Alcoa-Reyðaráls. Auk þessa mun Alcoa-Reyðarál ekki farga kerbrotum á svæðinu. Þessi munur mun leiða til minni heildaráhrifa á umhverfið borið saman við álver Reyðaráls, þar á meðal minni losun PAH efna í andrúmsloft og ekkert frárennsli mengunarefna frá förgunarstað kerbrota. Í úrskurði Skipulagsstofnunar kemur fram að nauðsynlegt sé að fylgjast sérstaklega með dreifingu og styrk brennisteinsdíoxíðs og flúors í andrúmslofti og lífríki innan sem utan þynningarsvæðis. Þannig verði unnt að ganga úr skugga um að þær spár sem hafa verið lagðar fram um mengun í andrúmslofti gangi eftir. Nánari ákvarðanir um vöktun umhverfisáhrifa, um tíðni mælinga, mælistaði, vöktunarþætti og annað fyrirkomulag, sem og framfylgd og eftirlit eru á höndum starfsleyfisveitanda, Hollustuverndar ríkisins.

Fylgiskjal VII.

Hollustuvernd ríkisins:

Tillaga að starfsleyfi Reyðaráls ehf., kt. 600100-2380, fyrir starfsemi á iðnaðarsvæðinu við Hraun í Reyðarfirði.

Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Reyðaráls ehf., kt. 600100-2380, hér eftir tilgreint, sem rekstraraðili, á iðnaðarsvæðinu við Hraun í Reyðarfirði. Starfsleyfið gildir fyrir framleiðslu á fljótandi áli í kerskálum álvers, fyrir vinnslu í steypuskála álvers, meðhöndlun hráefna, kera og geymslu úrgangs frá eigin starfsemi.

Álverið verður reist í einum áfanga þar sem hámarksframleiðsla verður 322.000 tonn af hrááli á ári.

1.2 Rekstur álversins skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Með vísan til 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstur álvers vera í samræmi við bestu fáanlegu tækni sem völ er á í kerskálum, málmsteypu og hreinsivirkjum þeim tengdum til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi þessu. Bestu fáanlegu tækni fyrir áliðnað hefur verið lýst skv. ákvæðum tilskipunar um samþættar mengunarvarnir og eftirlit nr. 96/61/ESB og skilgreind í tilmælum nr. 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (PARCOM).

1.3 Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar viðbótarráðstafanir sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 785/1999 til að tryggja að þau mörk sem sett eru í grein 2.1.6 séu uppfyllt og að mörk þynningarsvæðis sbr. gr. 1.8 og 1.9 í starfsleyfi þessu séu virt.

1.4 Rekstraraðili skal senda tilkynningar og skýrslur sem fram koma í starfsleyfi þessu til Hollustuverndar ríkisins og afrit til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

1.5 Komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta á skaðlegum áhrifum sem ekki voru áður ljós, skal Hollustuvernd ríkisins, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis, halda fund með rekstraraðila og leita lausna til úrbóta. Í framhaldi af slíkum viðræðum skal Hollustuvernd ríkisins gera tillögur um endurskoðun starfsleyfis.

1.6 Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins ef fyrirhugað er að stöðva eða draga úr starfsemi verksmiðjunnar til að minnka framleiðslu fljótandi áls. Þetta skal gert með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara þegar þessi ákvörðun liggur fyrir.

1.7 Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við Hollustuvernd ríkisins og ber ábyrgð á samskiptum rekstraraðila við stofnunina vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins.

1.8 Þynningarsvæði álversins vegna loftmengunar, sbr. 22. gr. reglugerðar um loftgæði nr. 787/1999, með síðari breytingum, er tilgreint á uppdrætti í viðauka 1. Utan þess svæðis skal uppfylla umhverfismörk til verndunar heilsu fólks og vistkerfa, sbr. reglugerð nr. 251/2002, og umhverfismörk fyrir flúoríð. Umhverfismörk fyrir flúoríð er sett 0,2 $\mu g/m^3$ af vetnisflúoríði sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30 september ár hvert í samræmi við niðurstöður mats á umhverfisáhrifum. Uppfylla skal umhverfismörk til verndunar heilsu fólks alls staðar á íbúðarsvæðum.

1.9 Þynningarsvæði álversins vegna vatnsmengunar, sbr. 13. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, með síðari breytingum, er tilgreint á uppdrætti í viðauka 1. Utan þess skal uppfylla umhverfismörk til verndunar vistkerfa, sbr. lög nr. 32/1986 (lögin eru í endurskoðun).

1.10 Rekstraraðili skal á tveggja ára fresti halda kynningarfund um umhverfismál álversins. Fyrsti fundur skal haldinn ári eftir að starfsemi í kerskála hefst. Reyðarál ehf. skal boða á fundinn fulltrúa Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, bæjarstjórn Fjarðabyggðar og íbúasamtaka á svæðinu. Á fundinum skal rekstraraðili kynna varnir gegn mengun ytra umhverfis, árangur í mengunarvörnum og niðurstöður mælinga og umhverfisvöktunar.

1.11 Hætti rekstraraðili starfsemi á gildistíma starfsleyfis þessa skal hann, innan hæfilegs tíma og á eigin kostnað, sjá um að mengandi efni verði fjarlægð af lóð í samræmi við kröfur Hollustuverndar ríkisins.

1.12 Leiði tækniþróun á vegum rekstraraðila til endurnýjunar tækjabúnaðar umfram það sem fjallað er um í þessu starfsleyfi skal rekstraraðili tilkynna Hollustuvernd ríkisins þær breytingar með góðum fyrirvara sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.13 Önnur starfsleyfisskyld starfsemi sem kann að verða rekin á vegum Reyðaráls í tengslum við þann rekstur sem tilgreindur er í grein 1.1 skal rekin samkvæmt starfsleyfi fyrir viðkomandi starfsemi frá heilbrigðisnefnd Austurlands.

2 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1 LOFT

2.1.1 Rekstraraðili skal gera ráðstafanir til að draga úr losun mengunarefna. Mengunarvarnabúnaður skal ætíð vera í notkun. Rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum, að undanskildum útblæstri frá kerskálum og þurrhreinsibúnaði þar sem ákvæði greinar 2.1.6 gilda, skal vera minna en 50 mg/Nm^3 miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

2.1.2 Hönnun á þekjum og afsogsbúnaði frá rafgreiningarkerum og skipulag við opnun kera skal miða við að minna en 1,0% af kergasi sleppi út í kerskála. Við rekstur keranna skal uppfylla kröfur um útblástursmengun sem fram koma í grein 2.1.6. Einungis skulu notuð forbökuð rafskaut í rafgreiningarkerum.

2.1.3 Súrálsflutningar, mötun á ker og fjöldi spennurisa skal vera með þeim hætti að ryk og kergas sem sleppur út í kerskála verði í lágmarki. Miða skal við að meðaltal spennurisa yfir árið sé undir 0,2 á hvern kerdag.

2.1.4 Reyksöfnunarkerfið skal hannað þannig að afsog aukist frá kerum þar sem kerþekja er opnuð. Minnst ársfjórðungslega skal skrá meðalopnun kera yfir sólarhring (þekjumínútur/kerdag).

2.1.5 Ryk og loftkennt flúoríð í afsogslofti frá rafgreiningarkerum skal hreinsað með súráli og pokasíum. Súrál frá pokasíum skal að jafnaði notað til vinnslu í rafgreiningarkerum. Hönnun hreinsivirkja skal vera með þeim hætti að hreinsun uppfylli ákvæði greinar 2.1.6, jafnvel þótt ein eining hreinsivirkja sé tekin úr sambandi.

2.1.6 Eftir fyrsta starfsár skal magn mengunarefna í útblásturslofti (hreinsuðu gasi frá kerum og ræstilofti frá kerskála) ekki vera yfir neðangreindum mörkum miðað við heildarframleiðslu álversins.

Mengunarefni	Ársmeðaltal kg/t Al	Mánaðarmeðaltal kg/t Al
Heildarflúoríð	0,35	0,8
Ryk	1	1,3
Brennisteinstvíoxíð	12**	12**

**Tryggja skal að útblástur brennisteinstvíoxíðs sé það lágur að öll umhverfismörk utan þynningarsvæðis sbr. gr. 1.8. séu uppfyllt. Þegar endanleg útfærsla liggur fyrir og áður en rekstur hefst skal fyrirtækið sýna fram á hvernig ákvæði um þynningarsvæði séu uppfyllt samanber grein 2.1.8.

Gera skal sérstaka áætlun um útblástur við gangsetningu, stöðvun eða bilanir í álverinu. Áætlunin skal lögð fyrir Hollustuvernd ríkisins til yfirferðar og samþykktar a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu álversins.
Útblástur skal ætíð vera í samræmi við ofangreind mörk við reglubundna endurnýjun kera.

2.1.7 Ef mengun mælist yfir mánaðarmeðaltali tvo mánuði í röð eða yfir ársmeðaltali í eitt almanaksár skal Reyðarál ehf., í samráði við Hollustuvernd ríkisins, hrinda í framkvæmd innan eins mánaðar áætlun um að draga úr útblástursmengun. Ef útblástur uppfyllir ekki enn skilyrði greinar 2.1.6 skal Hollustuvernd ríkisins krefjast frekari aðgerða til úrbóta og fylgja þeim eftir samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, með síðari breytingum.

2.1.8 Skorsteinar skulu vera nægilega háir og útblásturshraði og hitastig útblásturslofts nægileg til að tryggja að ákvæði um loftgæði og þynningarsvæði sé uppfyllt (Skýring:

miðað við núverandi útfærslu þurfa skorsteinar að vera um 80 m háir, hraði útblásturs þarf að vera um 17 m/s, og hitastig útblásturs 80°C).

2.1.9 Innihald brennisteins í eldsneyti skal vera nægilega lágt til að ákvæði greinar 2.1.6 um heildarbrennisteinslosun fyrirtækisins sé uppfyllt.

2.1.10 Rekstraraðili skal senda árlega skýrslu um innihald brennisteins í rafskautum og eldsneyti sem fyrirtækið notar.

2.1.11 Löndunar- og flutningskerfi fyrir súrál til kerskála álversins skal vera lokað með ryksöfnunarbúnaði við tengipunkta þannig að súrálsryk sem berst út í umhverfið sé í lágmarki. Uppskipun á öðrum efnum skal fara fram í samræmi við gildandi reglur um meðhöndlun slíkra efna.

2.2 VATN

2.2.1 Heimilt er að setja í fráveitu frá framleiðslusvæðinu kælivatn frá afriðlum, vélbúnaði og steypuskála og hreinsað húsaskólp, auk yfirborðsvatns.

2.2.2 Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum, og ákvæði í lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum og uppfyllt séu ákvæði reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Varnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um ráðstafanir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.2.3 Seyru og annan úrgang í hreinsibúnaði fráveitu skal fjarlægja eftir þörfum og endurvinna eða ef nauðsynlegt er koma á viðurkenndan förgunarstað í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang og nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum.

2.2.4 Leita ber samþykkis Hollustuverndar ríkisins fyrir efnasamböndum sem rekstraraðili hyggst nota í kælikerfum álversins. Sjó má hafa í kælikerfum og til annarra sambærilegra iðnaðarnota og veita aftur í hafið, enda séu uppfyllt ákvæði gr. 2.2.6 og aðrar losunarkröfur varðandi aukið magn annarra efna í viðtaka. Ferskvatn sem nýtt hefur verið til kælingar má veita aftur í ferskvatn í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999, með síðari breytingum.

2.2.5 Yfirborðsvatn frá stöðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist í það skal hreinsað á viðeigandi hátt sbr. ákvæði reglugerða 798/1999 og 35/1994.

2.2.6 Kælivatn sem er leitt frá lokuðu kælikerfi fyrir rafbúnað og steypuskála til sjávar skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

Efnisþáttur		Hámarksstyrkur
Olía og fita	<	15 mg/l
Ál	<	20 mg/l
Flúoríð	<	50 mg/l
Svifagnir	<	50 mg/l

2.3 ÚRGANGUR

2.3.1 Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, með síðari breytingum, og leitast við að nýta endurnýtanlegan hluta hans, svo sem brotajárn, einangrun úr kerum og ofnum, bakskaut, rafskaut, kolefnisríkt ryk og úrgang sem inniheldur ál í miklum mæli. Skila skal skýrslu um þessa skráningu árlega.

2.3.2 Heimilt er að koma föstum úrgangi frá rekstraraðila, sem tilgreindur er í grein 2.5.2, og bíður endurvinnslu, fyrir á geymslusvæði án frárennslis innan lóðar Reyðaráls. Hindra skal aðgang almennings að geymslusvæðinu.

2.3.3 Almennan framleiðsluúrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun og brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

2.3.4 Spilliefnum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í grein 2.5.2, skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

2.4 HÁVAÐI

2.4.1 Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði sé í samræmi við mörk reglugerðar um hávaða nr. 933/1999, með síðari breytingum.

2.5 GEYMSLUSVÆÐI

2.5.1 Á geymslusvæði rekstraraðila er heimilt að geyma spilliefni frá álveri rekstraraðila í Reyðarfirði, sem bíður endurvinnslu og tilgreindur er í grein 2.5.2.

2.5.2 Þær tegundir úrgangs sem heimilt er geyma eru úrgangur frá frumframleiðslu áls og notkunar forskauta samanber kafla 10 03 00 í reglugerð 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, og úrgangsfóðringar og eldföst efni frá frumframleiðslu áls samanber kafla 16 11 00 reglugerðar 184/2002.

2.5.3 Geymslusvæði skal vera þannig úr garði gert að vatn komist ekki að spilliefnum. Úrgang sem getur dreifst með vindi skal þekja þegar í stað eða koma fyrir með öðrum fullnægjandi hætti, Varðandi önnur atriði er vísa til ákvæða í 2.2 og 2.3 í starfsleyfi þessu.

3 MÆLINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

3.1 Rekstraraðili skal útbúa vöktunaráætlun um mælingar útblásturs, frárennslis og hljóðstigs frá álverinu. Endanleg áætlun skal kynnt Hollustuvernd ríkisins a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu álvers og er háð samþykki Hollustuverndar ríkisins. Áætlunin skal ná yfir alla þá þætti sem tilgreindir eru í greinum 2.1.6, 2.2.6, og 2.5 ásamt öðrum þáttum sem kunna að hafa marktæk áhrif á styrk efna í umhverfinu. Drög að áætlun eru í viðauka 2.

Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar í fyrsta sinn þegar eitt ár er liðið frá því að mælingar hófust og síðan hvenær sem rekstraraðili eða Hollustuvernd ríkisins óska eftir slíkri endurskoðun.

Rekstraraðili skal, í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, gera yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem kunna að valda hávaða yfir leyfilegum mörkum, sbr. grein 2.4.1, utan iðnaðarsvæðisins að Hrauni. Kortlögð skal dreifing hávaða frá starfseminni í samræmi við framangreint yfirlit. Ef gerðar verða meiriháttar breytingar á rekstri sem geta haft áhrif á hávaða frá álverinu, skal endurmeta dreifingu hans.

3.2 Söfnun sýna skal fara fram á stöðum og yfir tímabil þar sem talið er að niðurstöður mælinga komi til með að verða lýsandi fyrir framleiðsluferli álversins. Tíðni mælinga skal vera nægileg til að niðurstöður verði tölfræðilega marktækar fyrir þau mælitímabil sem tilgreind eru í greinum 2.1.6 og 2.2.

3.3 Skrá skal þann tíma sem hreinsivirki álvers eru ekki í rekstri eða biluð ásamt útreikningum á losun mengunarefna þess vegna og skulu þær upplýsingar fylgja í skýrslu rekstraraðila sbr. gr. 3.6.

3.4 Rekstraraðili skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins ef niðurstöður mælinga samkvæmt grein 3.1 og viðauka 2 samræmast ekki kröfum í starfsleyfi þessu og staðfesta slíkar upplýsingar skriflega innan sjö daga frá því að niðurstöður hafa verið sannreyndar. Niðurstöður mælinga og efnagreininga skulu varðveittar í eitt ár hið minnsta þannig að gögn séu rekjanleg til grunnniðurstaðna og skulu öll gögn vera aðgengileg Hollustuvernd ríkisins.

3.5 Hollustuvernd ríkisins skal yfirfara niðurstöður mælinga á útblæstri frá álverinu og mæliaðferðir rekstraraðila. Slíkt endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en árlega. Hollustuvernd ríkisins eða þriðji aðili viðurkenndur af stofnuninni skal framkvæma nákvæma úttekt á losun mengunarefna frá verksmiðjunni samkvæmt ákvæðum 12. gr. reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999, með síðari breytingum.

3.6 Ársfjórðungslega skal rekstraraðili senda Hollustuvernd ríkisins niðurstöður mælinga á útblæstri í samræmi við samþykkta vöktunaráætlun. Niðurstöður mælinga skulu skráðar í sömu einingum og notaðar eru í greinum 2.1.6 og 2.2.6.

3.7 Rekstraraðili skal árlega efna til fundar með, Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Austurlands til þess að gera grein fyrir niðurstöðum mengunarmælinga sam-

kvæmt grein 3.1, rekstri hreinsibúnaðar, árangri af viðbótarráðstöfunum og öðrum málum tengdum mengunarvörnum.

4 EFTIRLIT MEÐ REKSTRI

4.1 Rekstur, þjónusta og viðhald ofna, kera, þekja og hreinsibúnaðar skal vera í samræmi við áætlanir rekstraraðila. Þær skulu vera aðgengilegar Hollustuvernd ríkisins.

4.2 Hafa skal sérstakt herbergi fyrir eftirlit með hreinsivirkjum.

4.3 Rekstraraðili skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins innan 24 klukkustunda um hvers konar bilun eða stöðvun í hreinsibúnaði fyrir kergas sem varir lengur en 1 klukkustund og kemur í veg fyrir að búnaðurinn geti sogað og hreinsað a.m.k. 80% af gasi frá þeim hluta kerskálanna sem hreinsibúnaðurinn þjónar. Ef talið er að mengun af völdum slíkrar bilunar eða stöðvunar fari á einni viku fram úr skammtímameðaltali samkvæmt ákvæðum í grein 2.1.6, reiknað fyrir einn mánuð, skal Hollustuvernd ríkisins krefjast úrbóta og getur fylgt þeim eftir í samræmi við VI kafla laga nr. 7/1998, með síðari breytingum.

4.4 Viðmiðunarmörk fyrir hávaða og losun mengunarefna í vatn og loft skulu gilda við eðlilegar rekstraraðstæður. Til eðlilegra rekstraraðstæðna teljast mengunartoppar og önnur frávik sem teljast til eðlilegra sveiflna í rekstrinum, þ.m.t. þegar notað er óheppilegt hráefni. Ofangreind viðmiðunarmörk gilda einnig þótt upphafleg virkni búnaðar sem dregur úr mengun hafi minnkað vegna slits.

4.5 Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.6 Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila inn útstreymisbókhaldi fyrir mengunarefni í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 með síðari breytingum.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Framkvæma skal bakgrunnsrannsóknir og meta ástand umhverfisins áður en rekstur álversins hefst samkvæmt sérstökum samningi milli Hollustuverndar ríkisins og hlutaðeigandi iðnrekenda á iðnaðarsvæðinu að Hrauni eins og lýst er í viðauka 3 með starfsleyfi þessu.

5.2 Rekstraraðili skal standa fyrir mælingum á helstu umhverfisþáttum í nágrenni álversins eftir gangsetningu eins og lýst er í viðauka 3 með starfsleyfi þessu. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Hollustuvernd ríkisins samþykkir. Við staðsetningu fastra mælistöðva skal einnig gert ráð fyrir mælistöðvum sunnan Reyðarfjarðar.

5.3 Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli Hollustuverndar ríkisins og rekstraraðila.

5.4 Rekstraraðili skal semja og senda Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt grein 5.2. Hollustuvernd ríkisins skal hafa aðgang að niðurstöðum bakgrunnsrannsókna sem lýst er í grein 5.1.

6 GJÖLD OG KOSTNAÐUR

6.1 Starfsemi Reyðaráls ehf. samkvæmt starfsleyfi þessu fellur í 1. flokk samkvæmt fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, með síðari breytingum. Rekstraraðili skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gildandi gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins.

6.2 Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni álversins samkvæmt grein 3.1 og 5. kafla í starfsleyfi þessu eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

7 ENDURSKOÐUN

7.1 Starfsleyfi þetta skal endurskoða reglulega í samræmi við 20. gr. reglugerðar 785/1999, ef breyting verður á rekstri í samræmi við ákvæði 18. gr. og ef forsendur breytast í samræmi við ákvæði 21. gr. sömu reglugerðar.

8 GILDISTAKA

8.1 Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar starfsemi hefst í kerskála álversins og gildir til 1. júní 2020.

VIÐAUKI 1: Þynningarsvæði álvers í Reyðarfirði





VIÐAUKI 2: Áætlun um mælingar á útblæstri og frárennsli álvers Reyðaráls.

Mengunarefni	Mælistaður	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni sýnatöku
Loftkennt flúoríð	Hreinsað gas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í einum reykháfi frá hverju hreinsivirki
Flúoríð í ryki	Hreinsað gas í reykháfi	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg úr einum reykháfi, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk	Hreinsað gas í reykháfi	Árleg marktæk mæling auk þess að fylgst verður með rofi á pokasíum með vöktunarnemum	kg/t Al	Árleg úr einum reykháfi, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfræðilega marktækt gildi. Vöktunarnemar á rofi pokasía verða settir upp í hverjum hluta þurrhreinsivirkja og munu hafa stöðugt eftirlit með ástandi pokasía.
PAH-16	Hreinsað gas í reykháfi	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg úr einum reykháfi, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Brennisteinstvíoxíð	Gas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Reiknað út frá massajafnvægi og árlega, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Loftkennt flúoríð	Í þaki kerskála	Mánuður	kg/t Al	Samfelld mæling á dæmigerðum stöðum
Flúoríð í ryki	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk, annað en frá þurrhreinsibúnaði	Tilteknar uppsprettur	Marktæk mæling	mg/Nm³	Óregluleg
Olía	Kælivatn frá afriðlum og steypuskála	Marktæk mæling	mg/l	Tvisvar á ári

VIÐAUKI 3: Áætlun um umhverfisvöktun vegna álvers Reyðaráls.

ALMENNT

Endanleg áætlun um bakgrunnsrannsóknir og vöktun skal borin undir Hollustuvernd ríkisins tveimur árum fyrir gangsetningu álvers og eru þær áætlanir háðar samþykki Hollustuverndar ríkisins. Mælingarnar skulu framkvæmdar af viðurkenndum aðilum. Áður en rekstur álversins hefst verður grunnrannsóknum á umhverfi og lífríki lokið svo samanburður náist eftir að álverið tekur til starfa. Eftir gangsetningu álversins verður reglulegu eftirliti komið á fót til að vakta umhverfisáhrif vegna losunar lofttegunda, frárennslis og úrgangs þ.á m. skaðlegs úrgangs. Vöktunaráætlunin skal byggð á grunnrannsóknunum og skal hún endurskoðuð í kjölfar niðurstaðna fyrstu þriggja starfsáranna. Í kjölfar endurskoðunarinnar skal gerð langtímaáætlun.

Vöktunaráætlunin eftir gangsetningu álversins miðast við eftirtalin atriði:

- Reglulegar mælingar SO_2, flúoríðs (bæði loftkennt og í ryki) ásamt mælingum á svifryki og PAH-16 í andrúmslofti á sömu stöðum og fyrir gangsetningu álvers.
- Samfelldar veðurmælingar m.t.t. vindskilyrða og hitastigstiguls.
- Rannsóknir vegna áhrifa af tímabundnum, óhagstæðum veðurskilyrðum.
- Eftirlit með þekju mosa og fléttna með 6 ára millibili. Töku ljósmynda 3. hvert ár og samanburð við ljósmyndir teknar á sömu stöðum þegar grunnrannsóknir stóðu yfir. Töku sýna samhliða þekjumælingum til efnagreiningar m.t.t. flúoríðs, brennisteins og þungmálma.
- Árlegar mælingar á flúoríðinnihaldi í grasi, laufum og barrnálum á vaxtartíma gróðurs.
- Sambærilegri könnun á vistfræði og lífríki fjörunnar 2 árum eftir gangsetningu álversins.
- Mælingu á PAH-16 og þungmálmum í skelfiski einu sinni innan tveggja ára eftir gangsetningu álversins.
- Sýnatöku á botni neðan fjöru til að kanna hvort orðið hafi breytingar á samfélögum botndýra eftir 2 ára rekstur álversins.
- Eftirlit með yfirborðs- og grunnvatni fari fram 3. hvern mánuð í 2 ár eftir gangsetningu álversins, á sömu stöðum og skoðaðir voru í grunnrannsóknum, með tilliti til efna- og eðlisfræðilegra þátta svo sem pH, alkalímálma, F, Cl og SO_4.
- Mælingar á ákomu PAH-16 á jörð, jafnt að vetri sem sumri, afrennsli þeirra í sjó og uppsöfnun í sjávarseti og lífverum utan sem innan skilgreindra þynningarsvæða.
- Greiningu á mögulegum áhrifum flúoríðs á tennur og bein í hausum af sláturfénaði frá völdum bæjum í Reyðarfirði. Árlegri mælingu á S/N hlutfall og flúoríði í beitargróðri og heyi fyrir viðkomandi búfénað.

SAMANTEKT

	Rannsóknir fyrir rekstur	Vöktun á rekstrartíma
Veðurmælingar	Veðurmælingum mun haldið áfram á iðnaðarsvæðinu og á 3 öðrum stöðum í Reyðarfirði (sbr. kafla 3.2.3 í matsskýrslu)	Mælingum verður haldið áfram í 2 ár eftir gangsetningu. Endurskoðað í ljósi niðurstaðna
Loft	Mælingar á SO_2 í andrúmslofti á 3 stöðum innan og utan þynningarsvæðis Mæling grunngilda loftkennds flúoríðs, ryks og flúoríðs í andrúmslofti og styrkur PAH-16 í loftbornu ryki á sömu stöðum innan og utan þynningarsvæðis Mælingar á styrk F, Cl, SO_4, og PAH-16 í úrkomu, ásamt sýrustigi (pH)	Mælingum verður haldið áfram í 2 ár eftir gangsetningu. Endurskoðað í ljósi niðurstaðna
Grunnvatn	Mælt sýrustig (pH) í vatni úr jarðvegi í nágrenni iðnaðarsvæðisins. Auk þess styrkur F, Cl, SO_4 og PAH-16 mældur á stöðum í innan við 2 km fjarlægð frá því	Mælingum verður haldið áfram í 2 ár eftir gangsetningu. Endurskoðað í ljósi niðurstaðna
Yfirborðsvatn	Mælingar á efnasamsetningu yfirborðsvatns á nálægum vatnasviðum Viðbótarmælingar á styrk PAH-16 og/eða Borneff 6 að vori í leysingum Viðbótarmælingar á styrk PAH-16 og/eða Borneff 6 í yfirborðssnjó að vetri þegar færi gefst á 3 stöðum innan og utan þynningarsvæðis	Mælingum verður haldið áfram í 2 ár eftir gangsetningu. Endurskoðað í ljósi niðurstaðna
Gróður	Loftmyndir teknar til samanburðar Ljósmyndir teknar af fléttum á klettum og klöppum og af gróðri á fyrirfram völdum stöðum Grunngildi flúoríðs mæld í grasi, laufum og barrnálum á fyrirfram völdum stöðum Mælingar á styrk þungmálma, flúoríðs og brennisteins í mosa Mælingar á flúoríði og S/N hlutfalli í grasi og heyi	Endurtekið síðar ef nauðsynlegt þykir Sömu staðirnir ljósmyndaðir annað hvert ár Árlegar mælingar Mælt annað hvert ár Árlegar mælingar
Sjávarset og botndýr	Grunngildi PAH-16 í botnseti og botndýrum	Uppsöfnun í sjávarseti og lífverum utan sem innan skilgreindra þynningarsvæða mæld 2 og 6 árum eftir gangsetningu álversins. Endurskoðað í ljósi niðurstaðna
Dýralíf	Rannsókn á vistkerfi fjöru og sjávar á fyrirfram völdum stöðum Mælingar á flúoríði í beinum grasbíta. Athugun á mögulegum áhrifum flúoríðs á tennur og bein	Endurskoðað í ljósi niðurstaðna að 2 árum liðnum Árlegar mælingar. Endurskoðað í ljósi niðurstaðna

Hollustuvernd ríkisins 17.12.2002.

Greinargerð með tillögu að starfsleyfi samkvæmt reglugerð fyrir álver í Reyðarfirði.

1 Inngangur

Þann 4. desember 2002 sótti Reyðarál öðru sinni formlega um starfsleyfi fyrir álver í Reyðarfirði vegna breyttrar tilhögunar, þar sem nýir eigendur koma nú að fyrirtækinu. Nú er gert ráð fyrir álveri með framleiðslu allt að 322.000 tonn/ári af áli í kerskálum og tengdum steypuskálum, en ekki er gert ráð fyrir rafskautaverksmiðju og ekki er gert ráð fyrir urðunarstað fyrir kerbrot og annan úrgang sem tengist álverum sérstaklega. Núverandi áætlanir eru tilgreindar sem áætlanir Alcoa-Reyðaráls til aðgreiningar frá eldri áætlunum.

Fyrir um ári var auglýst tillaga að starfsleyfi fyrir álver með þeirri tilhögun sem fyrri eigendur ráðgerðu. Unnið var úr athugasemdum af hálfu Hollustuverndar ríkisins, og leyfið var tilbúið til útgáfu, en var þó ekki gefið formlega út þar sem fyrirtækið óskaði þá eftir því að útgáfu yrði frestað.

Við nýja tilhögun er ekki gert ráð fyrir rafskautaverksmiðju og urðunarstað fyrir kerbrot. Ennfremur er ekki ráðgerð vothreinsun til að draga úr útblæstri brennissteinsdíoxíðs. Þess í stað verður öðrum aðferðum beitt til að tryggja að það þynningarsvæði vegna loftmengunar af völdum brennisteinsdíoxíðs, sem áður hefur verið skilgreint sé virt. Um þær aðgerðir er nánar fjallað í umfjöllun um greinar 2.1.6 og 2.1.8 í starfsleyfinu.

Meðfylgjandi tillaga að starfsleyfi er með þeim fyrirvara að framkvæmdin verði ekki úrskurðuð í nýtt mat á umhverfisáhrifum, og starfsleyfið verður ekki gefið út fyrr en slíkur úrskurður liggur endanlega fyrir.

Starfsleyfistillögurnar eru byggðar á eftirfarandi atriðum:

- Eldri tillögu um álver í Reyðarfirði og þeim athugasemdum sem gerðar voru við þær tillögur.
- Skýrslu fyrirtækisins um samanburð á núverandi áætlunum um álver í Reyðarfirði og fyrri áætlunum.
- Kynningu á nýjum útreikningum á dreifingu loftmengunarefna frá fyrirtækinu miðað við háa skorsteina og lágt brennisteinsinnihald í rafskautum.

Meðfylgjandi eru umsókn Reyðaráls um starfsleyfi, skýrsla um samanburð á fyrirhuguðu álveri Alcoa-Reyðaráls og Reyðaráls, afrit af kynningarglæru á nýjum útreikningum á dreifingu loftmengunar frá fyrirtækinu, skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 420.000 árstonna álver og fylgigögn með þeirri skýrslu og úrskurður Skipulagsstofnunar um þá framkvæmd. Í þeim gögnum er gerð grein fyrir mengun frá álframleiðslu, hver losun mengunarefna verður frá álframleiðslunni í Reyðarfirði, áhrif mengunarefna frá álframleiðslu í umhverfinu og öðrum atriðum. Í þessari greinargerð er svo fjallað um innihald nokkurra greina í starfsleyfistillögunum.

Gert er ráð fyrir að endanleg skýrsla um dreifingu loftmengunarefna frá fyrirtækinu miðað við háa skorsteina og lágt brennisteinsinnihald í rafskautum liggi fyrir um miðjan janúar 2003. Stofnunin mun þá boða til almenns fundar þar sem þessar starfsleyfistillögur verða kynntar samhliða því að niðurstöður dreifireikninganna verði kynntar á aðgengilegri hátt, en meginniðurstöðurnar eru í meðfylgjandi kynningarglærum.

Starfsleyfistillögurnar liggja frammi til umsagnar til 18. febrúar 2003. Hollustuvernd ríkisins verður lögð niður þann 31. desember 2002 og tekur þá Umhverfisstofnun við hlutverki hennar. Umhverfisstofnun verður til húsa að Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík og athugasemdir sem gerðar verða eftir 31. desember 2002 skal því stíla á Umhverfisstofnun. Endanlegt starfsleyfi verður þá væntanlega gefið út af Umhverfisstofnun.

2 Athugasemdir við einstakar greinar starfsleyfistillagnanna.

2.1 Almennt

2.1.1 Grein 1.1 og titill starfsleyfis

Starfsleyfi fyrir álver með afköst allt að 322.000 tonn á ári af áli. Ekki er gert ráð fyrir rafskautverksmiðju og því munu áhrif PAH efna verða minni. Jafnframt er nú gert ráð fyrir því að flytja út til endurvinnslu kerbrot og annan slíkan úrgang og því er ekki gert ráð fyrir urðunarstað, en í stað hans verður aðstaða þar sem úrgangur sem bíður endurvinnslu verður geymdur á þurrum stað. Þá er gert ráð fyrir hefðbundinni meðhöndlun rafskauta, kera og annars búnaðar, súráls, raflausnar og annarra hráefna.

2.1.2 Grein 1.2

Álverið verður byggt í samræmi við bestu tækni sem völ er á miðað við það sem kynnt hefur verið í Evrópu og Norður-Ameríku.

2.1.3 Grein 1.3

Gerð er krafa um viðbótarráðstafanir til að draga úr mengun útblásturs og til að tryggja að ákvæði um þynningarsvæði haldi. Þær ráðstafanir sem um ræðir eru meðal annars viðbótar sogkerfi fyrir ker sem opnuð eru og háir skorsteinar fyrir útblástur kerskála.

2.1.4 Grein 1.9 og 1.10

Hér er þynningarsvæði verksmiðjunnar skilgreint í sjó og í lofti, og eru þau óbreytt frá því sem áður var gert ráð fyrir. Nú eru ný ákvæði um loftgæði komin inn í reglugerð 251/2002. Hér er þynningarsvæði byggt á 0,2 µg/m³ af vetnisflúoríð sem meðaltalsstyrkur í andrúmslofti yfir tímabilið frá 1. apríl til 30 september, en mælt var með því í niðurstöðum um mat á umhverfisáhrifum fyrir álver í Reyðarfirði, frekar en þau 0,3 µg/m³ sem almennt hefur verið miðað við hérlendis og gert er ráð fyrir að gildi almennt um álver.

2.1.5 Grein 1.13

Önnur starfsemi, sem er ekki nauðsynlega hluti af álveri, svo sem rekstur vélaverkstæðis, þvottahúss og annað sambærilegt, skal rekin í samræmi við reglur viðkomandi heilbrigðisnefndar, ef um slíka starfsemi verður að ræða á svæðinu.

2.2 Varnir gegn mengun

2.2.1 Grein 2.1.4
Þegar þekja er opnuð er sog frá keri aukið til að tryggja að sem minnst ryk og gas sleppi út í skálann.

2.2.2 Grein 2.1.6
Mengunarmörkin í tillögunum eru sett miðað við bestu tækni og viðbótarráðstafanir. Mörk fyrir flúoríð eru sett þannig að heildarflúoríðlosun verði sambærileg við það sem áður var gert ráð fyrir. Mörk fyrir brennisteinsdíoxíð eru sett 12 kg/tonn af áli og er þá miðað við að ákveðna skorsteinshæð, útstreymishraða og hitastig útblásturs eins og athugasemdir við grein 2.1.8 fjalla nánar um hér fyrir neðan.

2.2.3 Grein 2.1.7
Úrræði Hollustuverndar ríkisins ef fyrirtækið uppfyllir ekki kröfur eru meðal annars tilgreind hér og síðan nánar í grein 4.3.

2.2.4 Grein 2.1.8
Til að tryggja að þynningarsvæðið haldi og að heilsuverndarmörk séu uppfyllt alls staðar þarf að tryggja að lágmarkshæð skorsteina sé þannig að loftmengandi efnum sé dreift nægilega og efnin lendi ekki í niðurstreymi við byggingar eða landslag. Í þeim reikningum sem fyrir liggja er gert ráð fyrir að skorsteinar sé 78 m háir og nái því upp í um 92 m hæð yfir sjó. Ennfremur er áætlað að útstreymishraði lofts um skorstein sé um 17 m/s og hitastig útblásturs um 80°C (sjá glæru 40). Hér er í fyrsta sinn hérlendis gert ráð fyrir háum skorsteinum með góðum útblástursthraða til að tryggja dreifingu loftmengunar. Endanleg útfærsla getur orðið önnur, þ.e. annað samspil skorsteinshæðar, útblástursthraða, hitastigs og brennisteinslosunar, en nokkuð ljóst er að hægt er að tryggja að umhverfismörk séu virt alls staðar með aðferð sem þessari. Miðað við þessar forsendur er styrkur flúoríðs að meðaltali undir 0,2 $\mu g/m^3$ alls staðar utan þynningarsvæðisins. Styrkur brennisteinsdíoxíðs miðað við þessar forsendur fer yfir mörk fyrir klukkustundargildi 15 sinnum á ári (leyfður fjöldi er 24 sinnum á ári). Farið verður yfir sólarhringsmörk brennisteinsdíoxíð þrisvar á ári (leyft er sjö sinnum á ári). Mörk fyrir ársmeðaltal brennisteinsdíoxíðs eru alltaf virt (sjá glæru 53). Miðað við þessar niðurstöður og ákvæði reglugerðar 251/2002 verður gerð krafa um samfelldar mælingar á brennisteinsdíoxíð í umhverfinu á þeim stöðum þar sem gera má ráð fyrir að styrkur verði mestur.

2.2.5 Grein 2.2.1
Hér er tilgreind heimiluð fráveita. Ekki er gert ráð fyrir vothreinsun.

2.2.6 Greinar 2.3 og 2.5
Hér er fjallað um úrgang og geymslu á úrgangi sem bíður endurvinnslu. Gert er ráð fyrir að úrgangur verði fluttur út tvisvar á ári til endurvinnslu. Geyma verður úrgang á þurrum loftræstum stað, t.d. í húsi eða gámi.

2.3 Mælingar og upplýsingagjöf

2.3.1 Grein 3.1 og Viðauki 2
Drög að mæliáætlun er tilgreind í Viðauka 2. Gert er ráð fyrir að gaskennd flúoríð sé mælt stöðugt frá hverri þurrhreinsistöð. Árlega verði gerð tölfræðilega marktæk könnun og útreikningar á ryki, flúoríði í ryki og brennisteinsdíoxíði frá einum reykháfi og kerskálaþaki. Jafnframt er gert ráð fyrir að í hvert pokahús í þurrhreinsistöð sé komið fyrir mælum sem greina hvort gat sé komið að síupoka. Gert er ráð fyrir að hönnuð verði viðunandi aðstaða til mælinga á gaskenndu flúoríði og verði það mælt samfellt á dæmigerðum stöðum í kerskála. Þessi mæliáætlun skal frágengin áður en starfsemi hefst.

2.4 Eftirlit með rekstri

2.4.1 Grein 4.3
Ef svo ólíklega vill til að meiriháttar bilun verði í þurrhreinsivirki, en rekstur kerskála sé áfram óbreyttur getur Hollustuvernd strax gripið til aðgerða, en þarf ekki að bíða eftir að mánaðarmeðaltal hafi verið tvo mánuði yfir viðmiðunarmörkum sbr. grein 2.1.7. Aðgerðir sem grípa má til eru áminning með fresti um úrbætur, dagsektir ef fyrirmælum er ekki sinnt eða að ekki er fylgt tímasettri áætlun um úrbætur og loks takmörkun eða algera stöðvun framleiðslu í samræmi við kafla VI í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og kafla IX í reglugerð 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

2.5 Umhverfisvöktun

2.5.1 Greinar 5.1, 5.2 og 5.3
Reglubundnar mælingar bundnar í starfsleyfi eru samkvæmt grein 3.1 og 5.1 til 5.3. Grunnur að vöktunaráætlun kemur fram í viðauka 3. Nýir eigendur gera ráð fyrir nokkrum breytingum á þeim aðferðum sem áætlað er að nota við vöktunina, miðað við það sem þeir þekkja betur, en sá rammi sem unnið er eftir er óbreyttur. Hollustuvernd ríkisins miðar við að áætlun um grunnmælingar og vöktun þurfi að liggja fyrir ári áður en framkvæmdir hefjast.

2.6 Gjöld og kostnaður

2.6.1 Greinar 6.1 og 6.2
Fyrirtækið ber þann kostnað sem hlýst af starfsleyfi þessu

2.7 Endurskoðun

2.7.1 Grein 7.1
Regluleg endurskoðun starfsleyfa á að fara fram á fjögra ára festi, en auk þess má endurskoða starfsleyfi ef forsendur breytast eða ef breyting verður á rekstri.

2.8 Gildistaka

2.8.1 Grein 8.1
Gert er ráð fyrir að starfsleyfið taki gildi þegar starfsemi hefst í kerskála álversins og að það gildi til 1. júní 2020.

Fylgiskjal VIII.

Fjármálaráðuneytið,
efnahagsskrifstofa:

Þjóðhagsleg áhrif stóriðju- og virkjunarframkvæmda.
(10. janúar 2003.)

Inngangur.

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur að beiðni iðnaðarráðuneytis lagt mat á þjóðhagsleg áhrif fjárfestinga í virkjunum, byggingar álvers á Reyðarfirði og stækkunar álvers Norðuráls á Grundartanga. Athugunin nær til eftirfarandi kosta:

1. Að 90.000 tonna stækkun álvers Norðuráls komi til framkvæmda árið 2005 og 60.000 tonna stækkun árið 2009 en ekki verði af byggingu álverksmiðju á Reyðarfirði.
2. Að Alcoa byggi 322.000 tonna álverksmiðju á Reyðarfirði sem hefji framleiðslu árið 2007 en ekki verði af stækkun Norðuráls.
3. Að 90.000 tonna stækkun álvers Norðuráls komi til framkvæmda árið 2005 og 60.000 tonna stækkun árið 2009. Jafnframt byggi Alcoa 322.000 tonna álverksmiðju á Reyðarfirði sem hefji framleiðslu árið 2007.

Þessi þrjú tilvik eru skoðuð með samanburði við grunndæmi þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum framkvæmdum. Auk þess eru skoðuð tvö tilvik sem sýna áhrif sérstakra mótvægisaðgerða stjórnvalda sem miða að því að jafna þær sveiflur í efnahagslífinu sem framkvæmdirnar valda. Í niðurstöðum eru tölur settar fram sem frávik frá grunndæminu og sýna því ekki heildarniðurstöðu fyrir viðkomandi hagstærð. Frávikin eru sett fram sem prósentur en ekki sem hlutfallsleg breyting á þeirri stærð sem um er fjallað.

1 Niðurstöður.

Almennt.

- Í þessari athugun er í meginatriðum stuðst við sömu aðferðir og beitt hefur verið við hliðstæðar athuganir á undanförnum árum. Niðurstöður eru birtar sem frávik frá tilteknu grunndæmi, sem er án álvers- og virkjunarframkvæmda, en það er samhljóða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kynnt var í desemberbyrjun 2002.
- Staða þjóðarbúsins í grunndæmi skiptir miklu máli fyrir niðurstöðu framreikninganna. Þannig má til dæmis gera ráð fyrir að þrýstingur á verðbólgu verði minni en ella ef atvinnuleysi reynist meira en grunndæmið segir til um.
- Mikilvæg forsenda í grunndæminu er að gengisvísitala krónunnar verði 130 stig allt framkvæmdatímabilið sem er ívið lægra en meðaltal ársins 2002.
- Mikilvægt er að hafa í huga að framreikningar af þessu tagi eru óvissir. Hér er um svo miklar framkvæmdir að ræða með tilliti til stærðar íslenska hagkerfisins að erfitt er að fanga efnahagsleg áhrif þeirra til hlítar í þjóðhagslíkani.

Stækkun Norðuráls.

- Horfur eru á að framleiðslustig þjóðar- og landsframleiðslu verði 1½% hærra á framkvæmdatíma fyrri áfanga stækkunar Norðuráls, 2003-2006, en í grunndæmi[1]. Í seinni áfanga stækkunar er reiknað með að framleiðslustigið verði 1% hærra en í grunndæmi.
- Áhrifin á árlegan hagvöxt eru mun minni[2]. Langtímaáhrif á landsframleiðslu verða að líkindum ekki fjarri ½%.
- Áætlað er að heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum verði 12% meiri á fyrri hluta framkvæmdatímans en ella og 5% meiri þegar seinni áfangi stækkunar stendur yfir. Reikna má með minna atvinnuleysi á fyrri hluta framkvæmdatímans og heldur meiri þrýstingi til hækkunar verðlags en ella. Þessi áhrif eru talin verða tiltölulega hófleg og verðbólga mun að öllum líkindum haldast innan þolmarka verðbólgumarkmiðs Seðlabanka allt framkvæmdatímabilið. Er þá gengið út frá því að verðbólga verði 2–2½% í grunndæmi.
- Innflutningur fjárfestingarvöru og aukin eftirspurn valda auknum viðskiptahalla á framkvæmdatíma og má ætla að áhrifin nemi um 1½% af landsframleiðslu að meðaltali. Heildarútflutningur gæti hins vegar orðið 5% hærri en í grunndæmi fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda.

Álver Alcoa.

- Horfur eru á að framleiðslustig þjóðar- og landsframleiðslu verði 3% hærra en í grunndæmi á framkvæmdatíma 2003–2006. Árlegur hagvöxtur gæti jafnframt orðið 1½% meiri. Til lengdar má reikna með að landsframleiðsla verði 1% hærri en ella og þjóðarframleiðsla ¾% hærri.
- Heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum gæti orðið rúmlega 30% meiri á framkvæmdatíma en ella og þegar framkvæmdir standa sem hæst, á árunum 2005 og 2006, má búast við að fjárfesting verði 47% meiri en í grunndæmi.
- Mikil uppsveifla í fjárfestingu þessi ár og niðursveifla að loknum framkvæmdum gera ríkar kröfur til hagstjórnar. Árlegur hagvöxtur gæti orðið nálægt 5% árin 2005 og 2006 og verðbólga um 4½-6½% án mótvægisaðgerða. Á hinn bóginn er hætta á að hagvöxtur minnki nokkuð á árunum 2007–2010 og verði 1% lægri en í grunndæmi.
- Talsverðar sveiflur verða einnig á vinnumarkaði. Þannig gæti atvinnuleysi orðið 1% minna en í grunndæmi þegar áhrif af framkvæmdum eru sem mest. Hins vegar gæti atvinnuleysið aukist um 1½% umfram grunndæmi þegar framkvæmdum lýkur.
- Viðskiptajöfnuður gæti orðið 4½% af landsframleiðslu óhagstæðari en í grunndæmi á framkvæmdatíma. Af þessum sökum er líklegt að erlend staða þjóðarbúsins verði um 15% lakari sem hlutfall af landsframleiðslu við lok framkvæmda. Aukinn útflutningur áls skapar hins vegar forsendur til að jafnt og stöðugt gangi á erlendar skuldir eftir að framkvæmdum lýkur. Miðað við óbreytt nafngengi íslensku krónunnar má reikna með að útflutningur verði 10–14% meiri næstu tvo áratugina eftir að framkvæmdum lýkur.

---

[1] Munurinn á landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu felst í jöfnuði þáttatekna gagnvart útlöndum, þ.e. mismun vaxtatekna og -gjalda og arðgreiðslna og -tekna. Þessi liður hefur um langt árabil verið neikvæður hér á landi og þjóðarframleiðslan þar af leiðandi verið lægri en landsframleiðslan.

[2] Gera þarf greinarmun á framleiðslustigi landsframleiðslu/þjóðarframleiðslu annars vegar og hagvexti hins vegar. Í fyrra tilvikinu er um að ræða mælikvarða á heildarframleiðsluverðmæti þjóðarbúsins á ákveðnu tímabili en í því síðara er átt við aukningu framleiðslunnar milli tveggja tímabila á föstu verðlagi.

Álver Alcoa og stækkun Norðuráls.

- Reikna má með að framleiðslustig lands- og þjóðarframleiðslu verði 3–4% hærra en í grunndæmi á tímabilinu 2003–2010. Árlegur hagvöxtur verður líklega 1¾% meiri en í grunndæmi á framkvæmdatíma 2003–2006. Til lengdar er líklegt að þjóðarframleiðsla verði 1% hærri en í grunndæmi og landsframleiðsla 1¾% hærri.
- Horfur eru á að heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum verði um 67% meiri en í grunndæmi á árunum 2005 og 2006 og að jafnaði 25% hærri 2003–2010. Miklar breytingar í fjárfestingu valda snörpum sveiflum í þjóðarbúskapnum. Hagvöxtur gæti orðið 5–7% þegar mest lætur og verðbólga 5–8%. Snöggur samdráttur í framkvæmdum gæti hins vegar valdið tímabundinni stöðnun. Gera má ráð fyrir að viðskiptajöfnuður á framkvæmdatíma 2003–2010 verði óhagstæðari en í grunndæmi sem nemur 5% af landsframleiðslu að jafnaði.
- Eins og í fyrri dæmum skapar aukinn álútflutningur forsendu til viðsnúnings á viðskiptajöfnuði og hærra raungengis en í grunndæmi. Miðað við óbreytt nafngengi má gera ráð fyrir að árlegar tekjur af útflutningi verði um 14–20% meiri en í grunndæmi tímabilið 2010–2025.

Áhrif mótvægisaðgerða.

- Þessar framkvæmdir, einkum bygging álvers Alcoa, munu hafa umtalsverð áhrif á framvindu efnahagsmála hér á landi, einkum þegar framkvæmdir standa sem hæst. Mikilvægt er að hagstjórn taki mið af þessum aðstæðum. Það á bæði við um stjórn peningamála og ríkisfjármála.
- Vaxtahækkun og samdráttur í opinberum framkvæmdum hamla gegn aukinni innlendri eftirspurn og þar með verðbólgu. Til dæmis gæti 2% hækkun raunvaxta[3] leitt til þess að verðbólga yrði ½–1% lægri að meðaltali en ella, þ.e. án aðgerða. Verði jafnframt dregið úr fjárfestingu hins opinbera um 10% yrðu áhrifin enn sterkari, eða sem nemur lækkun verðbólgu um 1½–2½% að meðaltali árin 2005 og 2006. Samanlagt gætu slíkar aðgerðir því lækkað verðbólgu um 2–3½% og þannig stuðlað að því að verðbólgumarkmið Seðlabankans náist.
- Líklegt er að þessir útreikningar vanmeti fremur en ofmeti áhrif vaxtabreytinga á verðbólgu þar sem áhrifin eru hér metin á grundvelli sögulegra gagna í þjóðhagslíkani. Þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á efnahagslífinu á undanförnum árum hafa stuðlað að skilvirkari stjórn peningamála en áður, ekki síst hvað varðar áhrif vaxtabreytinga á þróun efnahagslífsins.

2 Aðferðafræði, helstu forsendur og fyrirvarar.

Í þessari athugun er í meginatriðum stuðst við sömu aðferðir og beitt hefur verið við hliðstæðar athuganir á undanförnum árum, meðal annars er sama þjóðhagslíkan notað. Niðurstöður eru almennt birtar sem frávik frá tilteknu grunndæmi, sem er án álvers- og virkjunarframkvæmda, en það er samhljóða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kynnt

[3] Stjórntæki peningamálayfirvalda til að hafa áhrif á raunvexti eru stýrivextir Seðlabankans. Breytingar á stýrivöxtum hafa síðan áhrif á aðra vexti með mismunandi hætti og mismikilli tímatöf eftir aðstæðum. Eðli máls samkvæmt er því ekki unnt að segja fyrir um hve mikið stýrivextir Seðlabankans þurfa að breytast eða hvenær til þess að skila tiltekinni breytingu raunvaxta. Það verður að vera háð mati bankans á aðstæðum hverju sinni.

var í desemberbyrjun 2002. Þar er gert ráð fyrir að landsframleiðsla aukist um 1¾% á árinu 2003 og 2½–3% á árunum 2004–2007. Jafnframt er reiknað með að verðbólga verði að jafnaði rúmlega 2% og atvinnuleysi á bilinu 2–2½%. Staða þjóðarbúsins í grunndæmi skiptir miklu máli fyrir niðurstöðu framreikninganna. Þannig má til dæmis gera ráð fyrir að þrýstingur á verðbólgu verði minni en ella ef atvinnuleysi reynist meira en grunndæmið segir til um.

Framreikningarnir byggja annars vegar á þeim almennu efnahagslegu forsendum sem grunndæmið hvílir á og hins vegar upplýsingum framkvæmdaraðila um stofnkostnað, mannafla og tímasetningar vegna byggingar virkjana og álverksmiðja. Mikilvæg forsenda í grunndæminu er að gengisvísitala krónunnar verði 130 stig allt framkvæmdatímabilið sem er ívið lægra en meðaltal ársins 2002. Önnur mikilvæg forsenda í grunndæmi er að samneysla vaxi árlega um 2½% og fjárfesting hins opinbera um 1½%. Í öllum þremur tilvikunum er gert ráð fyrir að fjórðungur af vinnuaflinu vegna byggingar virkjana og verksmiðja komi frá útlöndum og yfirgefi landið að framkvæmdum loknum. Einnig er miðað við að 85% tekna erlenda vinnuaflsins verði ráðstafað utan Íslands. Þá er reiknað með að 65% aðfanga við fjárfestingu í álverum og 53% aðfanga vegna fjárfestingar í orkuverum séu innflutt. Reynist þessi hlutföll hærri má gera ráð fyrir minni þrýstingi á verðbólgu en ella. Nánar er fjallað um áhrif breyttra forsendna á niðurstöður framreikninganna í lokakafla.

Stofnkostnaður framkvæmda miðast við verðlag innanlands á árinu 2001 og gengi Bandaríkjadollars í nóvember 2002 (85 kr), þar sem kostnaðartölur hafa verið gefnar upp í erlendri mynt.

Langtímaáhrif framkvæmdanna eru metin með hliðsjón af niðurstöðum fyrri athugana sem meðal annars leiða í ljós að framleiðslustig landsframleiðslu hækkar til lengri tíma litið vegna þess að framkvæmdirnar auka framleiðni þjóðarbúsins, þ.e. reiknað er með að framleiðni í álframleiðslu sé meiri en sem nemur meðalframleiðni í þjóðarbúskapnum.

Við túlkun á niðurstöðunum er mikilvægt að hafa í huga að framreikningar af þessu tagi eru óvissir. Þannig er í a.m.k. tveimur tilvikanna um svo miklar framkvæmdir að ræða með tilliti til stærðar íslenska hagkerfisins að erfitt er að fanga efnahagsleg áhrif þeirra til hlítar í þjóðhagslíkani. Þetta á sérstaklega við um nákvæmni tímasetningar og stærðargráðu áhrifanna innan tímabilsins, þ.e. frá einu ári til annars. Líklegra er þó að mat á heildaráhrifunum yfir allt tímabilið sé ekki eins mikilli óvissu háð.

Hér á eftir er fyrst fjallað um áhrif stækkunar Norðuráls eingöngu. Síðan um byggingu álvers Alcoa eingöngu. Loks er fjallað um þessa tvo kosti sameiginlega.

3 Stækkun Norðuráls.

Hér eru skoðuð áhrif þess að framleiðslugeta Norðuráls verði aukin um 90 þúsund tonn árið 2005 og um 60 þúsund tonn til viðbótar árið 2009. Áætlað er að stækkunin krefjist nálægt 90 milljarða króna fjárfestingar í álveri og virkjunum. Meginþungi fyrri hluta framkvæmda verður á árunum 2004 og 2005 en seinni áfangi framkvæmda verður mestur árin 2008 og 2009. Samkvæmt þessu yrði heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum 12% hærri en annars hefði orðið á árunum 2003–2006 og um fimmtungi hærri en í grunndæmi þegar framkvæmdir standa sem hæst. Árleg mannaflaþörf vegna framkvæmdanna er um 400 ársverk að jafnaði á tímabilinu 2003–2006 eða sem nemur um ¼% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði. Reiknað er með 240 viðbótarstörfum í álveri Norðuráls við Grundartanga í kjölfar stækkunarinnar. Innflutt fjárfestingarvara vegna framkvæmdanna og aukin umsvif í þjóðarbúskapnum valda auknum viðskiptahalla meðan á framkvæmdum stendur sem nemur að jafnaði 2% af landsframleiðslu frá grunndæmi á tímabilinu 2003–2006.

Tafla 1. Áhrif stækkunar Norðuráls.
Frávik frá grunndæmi.

Magnbreytingar í %		2003-2006	2007-2010	2003-2010
Þjóðarframleiðsla*		1½	1	1¼
Landsframleiðsla*		1½	1¼	1½
Árlegur hagvöxtur		¼	0	0
Fjárfesting		12¼	5	8½
Verðbólga		¾	-½	¼
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)		-2	-1	-1½
Atvinnuleysi		-¼	¼	0
Útflutningur		1¼	4¾	3
Langtímaáhrif %				
Þjóðarframleiðsla*	½			
Landsframleiðsla*	½			

* Framleiðslustig.

Niðurstöður þessa dæmis eru að bæði landsframleiðsla og þjóðarframleiðsla verði 1½% hærri að jafnaði á fyrri hluta framkvæmdatímans en í grunndæmi. Áhrifin á árlegan hagvöxt eru mun minni. Þar sem stækkun Norðuráls verður samkvæmt áætlun í tveimur aðgreindum áföngum er ekki að vænta alvarlegs samdráttar í lok framkvæmda þótt gera megi ráð fyrir minni hagvexti en í grunndæmi á fyrsta ári eftir fyrri áfanga framkvæmda.

Horfur eru á að verðlagsáhrif verði fremur hófleg og að 4% þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka haldi án þess að gripið verði til sérstakra aðgerða. Athugunin bendir þó til að verðbólga yrði nálægt þolmörkunum árið 2005. Atvinnuleysi gæti orðið ¼% lægra en í grunndæmi.

Til lengdar er ekki ástæða til að gera ráð fyrir því að stækkun Norðuráls hafi áhrif á verðbólgu eða atvinnustig. Hins vegar má reikna með jákvæðum áhrifum á framleiðslu og útflutning. Líkur eru á að lands- og þjóðarframleiðsla geti orðið ½% hærri til lengdar vegna stækkunar Norðuráls. Aukning útflutnings veltur á raungengi og álverði. Miðað við þá þróun álverðs[4] sem hér er gengið út frá og óbreytt gengi íslensku krónunnar verður útflutningur 5% hærri en í grunndæmi á tímabilinu 2005–2025. Sé miðað við lægra raungengi en niðurstöður útreikninga leiða í ljós má gera ráð fyrir hagstæðari útkomu í útflutningi og viðskiptajöfnuði. Þetta á að sjálfsögðu einnig við dæmin sem greint er frá hér á eftir.

4 Álver Alcoa.

Áætlaður stofnkostnaður vegna fjárfestingar í Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju Alcoa á Reyðarfirði nemur um 165 milljörðum króna. Samkvæmt þeim áætlunum sem gengið er út frá í þessari athugun verður byggingu verksmiðjunnar lokið árið 2007 en fullri afkastagetu með 322 þúsund tonna ársframleiðslu verður náð á árinu 2008. Fjárfesting vegna þessara framkvæmda nær hámarki á árunum 2005 og 2006 en þá fellur til ríflega helmingur af

[4] Gengið er út frá að verð á áli hækki að nafnverði um 1–2% í erlendri mynt á ári. Í þessu sambandi er m.a. stuðst við langtímahorfur CRU International Ltd.

heildarstofnkostnaði. Áætlað er að heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum verði rúmlega 30% meiri en í grunndæmi á framkvæmdatímanum 2003–2006 og nálægt 50% meiri árin 2005–2006. Árleg mannaflaþörf vegna framkvæmdanna nemur rúmlega 1.250 ársverkum að jafnaði á tímabilinu 2003–2006 eða um 0,8% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði. Auk þess munu óbein áhrif þessara framkvæmda leiða til fjölgunar starfa sem nemur 800–900 umfram grunndæmi á þessu tímabili. Þegar upp er staðið má hins vegar reikna með rúmlega 500 störfum í álveri Alcoa á Reyðarfirði.

Tafla 2. Áhrif álvers Alcoa.
Frávik frá grunndæmi.

Magnbreytingar í %		2003-2006	2007-2010	2003-2010
Þjóðarframleiðsla*		3	1½	2¼
Landsframleiðsla*		3	2¼	2½
Árlegur hagvöxtur		1½	-1	¼
Fjárfesting		30¼	4	16½
Verðbólga		2	-¾	½
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)		-4½	-2	-3¼
Atvinnuleysi		-¾	1	0
Útflutningur		-½	11¾	6
Langtímaáhrif %				
Þjóðarframleiðsla*	¾			
Landsframleiðsla*	1			

* Framleiðslustig.

Athugunin bendir til að landsframleiðsla á framkvæmdatíma verði að jafnaði 3% hærri en í grunndæminu. Horfur eru á að á árunum 2005 og 2006 verði árlegur hagvöxtur um 5%. Jafnframt eru líkur á að án mótvægisaðgerða verði þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka rofin. Hins vegar má reikna með að árlegur hagvöxtur á árunum 2007–2009, þ.e. eftir að framkvæmdum lýkur, verði innan við 1½% verði ekki gripið til sérstakra mótvægisaðgerða. Atvinnuástandið endurspeglar hagvaxtarþróunina og atvinnuleysi mun því minnka verulega árin 2005 og 2006 en aukast að sama skapi eftir þann tíma.

Aukinn innflutningur fjárfestingarvara vegna framkvæmdanna og aukin umsvif í þjóðarbúskapnum munu valda auknum viðskiptahalla á meðan á framkvæmdum stendur sem nemur að jafnaði 4½% af landsframleiðslu á tímabilinu 2003–2006. Aukinn álútflutningur mun hins vegar hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð og heildarútflutningur fyrsta áratuginn eftir að framkvæmdum lýkur verður 12% hærri en í grunndæmi. Til langs tíma má reikna með að þjóðarframleiðsla verði ¾% hærri en í grunndæmi og landsframleiðsla 1% hærri.

5 Álver Alcoa og stækkun Norðuráls.

Hér er gert ráð fyrir að stækkun Norðuráls og bygging álvers Alcoa fari að mestu leyti fram á sama tíma. Það yrðu einhverjar mestu framkvæmdir sem hér hafa orðið. Gangi þessi áform eftir mun álframleiðsla hér á landi nær þrefaldast. Heildarfjárfesting vegna þessara álvera ásamt virkjunum á tímabilinu 2003–2010 myndi nema um 250 milljörðum króna. Árleg vinnuaflsnotkun er áætluð um 2.000 ársverk, eða ríflega 1¼% af heildarframboði vinnuafls yfir tímabilið 2004–2006. Á þessu árabili yrði fjárfesting alls í hagkerfinu um 55%

meiri en í grunndæmi. Hagvöxtur gæti orðið 5–7% þegar hann verður sem mestur og atvinnuleysi um eða innan við 1%.

Tafla 3. Áhrif álvers Alcoa og stækkunar Norðuráls.
Frávik frá grunndæmi.

Magnbreytingar í %		2003-2006	2007-2010	2003-2010
Þjóðarframleiðsla*		4½	2	3¼
Landsframleiðsla*		4¾	3	3¾
Árlegur hagvöxtur		1¾	-1¼	¼
Fjárfesting		44¼	8¼	25½
Verðbólga		3½	-1½	1
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)		-6½	-3½	-5
Atvinnuleysi		-1	1½	¼
Útflutningur		½	16	8¾
Langtímaáhrif %				
Þjóðarframleiðsla*	1			
Landsframleiðsla*	1¾			

* Framleiðslustig.

Árið 2007 mun óhjákvæmilega gæta stöðnunar í hagvexti þegar framkvæmdir dragast mjög mikið saman en það má alfarið rekja til hins feiknarlega umfangs framkvæmdanna. Framkvæmdir fara síðan aftur af stað 2008 vegna seinni áfanga stækkunar Norðuráls og niðurstöður þjóðhagslíkansins sýna að þjóðarbúið stefnir í aukið jafnvægi upp úr 2010 með hagvöxt sem mælist að jafnaði um 3% á ári.

Athuganir fjármálaráðuneytisins benda til að landsframleiðsla verði að meðaltali 4% hærri á framkvæmdatímanum 2003–2010 en í grunndæminu. Til langs tíma má reikna með jákvæðum áhrifum á framleiðslu, útflutning, viðskiptajöfnuð og raungengi þar sem m.a. landsframleiðsla gæti orðið 1¾% hærri en í grunndæmi.

6 Mótvægisaðgerðir.

Fyrirhugaðar álvers- og virkjunarframkvæmdir munu hafa umtalsverð áhrif á framvindu efnahagsmála á næstu árum. Jafnframt munu miklar sveiflur í fjárfestingu milli ára valda töluverðum sveiflum í efnahagslífinu. Mikilvægt er að hagstjórn taki mið af þessum aðstæðum. Hér á eftir er gerð grein fyrir áhrifum hugsanlegra aðgerða til að hamla gegn þessum sveiflum. Rétt er að taka fram að hér er einungis um afmörkuð dæmi að ræða þar sem leitast er við að sýna hvers megnug þau hagstjórnartæki eru sem stjórnvöld hafa til umráða. Enn fremur er ástæða til að ítreka þá fyrirvara sem áður voru nefndir og lúta að umfangi framkvæmdanna með tilliti til stærðar íslenska hagkerfisins.

Hvernig seytla áhrif þessara framkvæmda út í hagkerfið? Einföld lýsing gæti verið eitthvað á þessa leið: Framkvæmdirnar kalla á mikið innstreymi erlends fjármagns, annars vegar í formi erlends lánsfjár innlendra aðila, einkum Landsvirkjunar, vegna virkjunarframkvæmda og hins vegar vegna fjármögnunar álversframkvæmdanna. Þessi síðasttaldi hluti getur verið hvort sem er í formi erlends lánsfjár eigenda eða eiginfjárframlaga. Bein afleiðing þessa er að eftirspurn eftir vinnuafli og öðrum framleiðsluþáttum eykst sem aftur leiðir til

þess að atvinnuleysi minnkar. Ef eftirspurnin er meiri en sem nemur minnkun atvinnuleysis, eins og hér á við, verður þrýstingur á laun til hækkunar. Framboð á gjaldeyri eykst sem leiðir til hækkunar á gengi íslensku krónunnar. Viðskiptahalli er að sjálfsögðu óhjákvæmilegur meðan verið er að flytja inn þær erlendu vörur sem notaðar eru í framkvæmdirnar. Erlendar skuldir þjóðarbúsins aukast einnig en hér þarf þó að hafa í huga að ábyrgðaraðilarnir hvað varðar sjálfar álversframkvæmdirnar eru erlend fyrirtæki, þ.e. Norðurál og Alcoa.

Þegar meginhluti framkvæmdanna er genginn yfir verður óhjákvæmilegur samdráttur sem meðal annars kemur fram í minni eftirspurn eftir vinnuafli, minni hagvexti og lægri verðbólgu. Staðan gagnvart útlöndum fer hins vegar batnandi þegar fjárfestingin fer að skila útflutningstekjum sem að lokum standa undir afborgunum af þeim erlendu lánum sem tekin hafa verið til að fjármagna fjárfestinguna. Þegar samdráttarskeiðinu í lok framkvæmda er lokið tekur við hægari aðlögun hagkerfisins að nýrri stöðu þar sem framleiðslustig hagkerfisins hefur vaxið sem nemur hinni nýju framleiðslu og þeim heildaráhrifum sem hún hefur.

Á mynd 1 er sýnt hvernig heildarframleiðsla á áli mun þróast á næstu árum fyrir þá þrjá kosti sem hér eru til athugunar auk grunndæmis með óbreyttri framleiðslu. Þar kemur meðal annars fram að tilkoma álvers Alcoa mun leiða til meira en tvöföldunar álframleiðslu í tonnum talið og enn meira að teknu tilliti til stækkunar Norðuráls. Af þessu má ráða hve umfang framkvæmdanna er mikið.

Mynd 1. Áætlað heildarframleiðslumagn á áli á Íslandi.



Efnahagsleg áhrif þessara þriggja kosta eru einnig mismikil eins og fram hefur komið. Á mynd 2 eru dregnar saman helstu niðurstöður fyrir þau tvö tímabil sem hér hefur verið fjallað um.

Mynd 2. Spá um hagvöxt, fjárfestingu og útflutning – frávik frá grunndæmi.



Hvaða hagstjórnarviðbrögð eru möguleg við þessar aðstæður? Í fyrsta lagi getur Seðlabankinn hækkað vexti til þess að hamla gegn verðbólgu og draga úr þenslu. Í öðru lagi geta bæði ríki og sveitarfélög lagt sitt af mörkum með því meðal annars að draga úr eða fresta fjárfestingum á meðan mest gengur á en auka þær að sama skapi þegar framkvæmdum lýkur.

Ekki virðist vera tilefni til að beita mótvægisaðgerðum komi aðeins til stækkunar Norðuráls. Annað gildir um hin tvö tilfellin þar sem niðurstöður framreikninga benda til þess að um mun kröftugri hagsveiflu verði að ræða. Í báðum tilvikum hafa verið skoðuð áhrif af eftirfarandi aðgerðum:

Mótvægisaðgerð	**2003–2006**	**2007–2010**
Breyting fjárfestingar hins opinbera	-10%	10%
Breyting raunvaxta	2%	-1½%

Aðgerðirnar miðast við meðalfrávik frá grunndæmi og eru einungis settar fram með þessum hætti til að gefa hugmynd um heildaráhrif. Þetta á jafnt við um umfang aðgerðanna og samsetningu. Að teknu tilliti til þessara aðgerða verða helstu niðurstöður eftirfarandi:

Álver Alcoa.

Tveggja prósenta hækkun launvaxta á fyrra tímabilinu leiðir til þess að verðbólga yrði a.m.k. ½% lægri að meðaltali en án aðgerða. Verði jafnframt dregið úr fjárfestingu hins opinbera um 10% verða áhrifin enn sterkari, eða sem nemur að meðaltali 1½% til lækkunar

verðbólgu árin 2005 og 2006. Þrátt fyrir þessar aðgerðir er hætta á að verðbólgan fari yfir verðbólguþolmörk Seðlabanka. Aðgerðirnar halda aftur af hagvexti á fyrra tímabilinu en lækkun vaxta og aukin fjárfesting á síðara tímabilinu leiðir hins vegar til meiri hagvaxtar en ella.

Tafla 4. Áhrif álvers Alcoa að teknu tilliti til aðgerða.
Frávik frá grunndæmi.

Magnbreytingar í %	2003-2006	2007-2010	2003-2010
Aðgerð:			
Breyting fjárfestingar hins opinbera	-10	10	
Breyting raunvaxta frá grunndæmi	2	-1½	
Þjóðarframleiðsla*	1	3	2¼
Landsframleiðsla*	1¼	3½	2½
Árlegur hagvöxtur	½	½	½
Fjárfesting	17	12¼	14½
Verðbólga	1	¾	1
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)	-3	-2½	-2¾
Atvinnuleysi	-½	0	-¼
Útflutningur	-¼	12	6

* Framleiðslustig.

Sé gert ráð fyrir að helmingur þess vinnuafls sem starfar tímabundið við framkvæmdirnar verði erlent í stað fjórðungs samkvæmt þessum útreikningum myndi það leiða að jafnaði til rúmlega ¼% lægri verðbólgu en ella á tímabilinu 2003–2006.

Álver Alcoa og stækkun Norðuráls.

Með hliðstæðum hætti og að framan greinir mun 2% hækkun raunvaxta draga úr verðbólgu sem nemur ¾% að jafnaði tímabilið 2003–2006. Sé dregið úr fjárfestingu hins opinbera í sama mæli, þ.e. um 10%, verður verðbólgan 1¼% lægri að jafnaði á sama tímabili. Samkvæmt þessum útreikningum myndu aðgerðirnar ekki duga einar og sér til að halda verðbólgu innan þolmarka. Hér þarf þó að hafa í huga að spágildi líkansins um þróunina frá einu ári til annars er nokkurri óvissu háð og því ber að taka þessum tölum með fyrirvara. Mótaðgerðir á tímabilinu 2007–2010 með gagnstæðum formerkjum hvað snertir raunvexti og fjárfestingu hins opinbera myndu síðan draga verulega úr niðursveiflu í þjóðarbúskapnum.

Tafla 5. Áhrif álvers Alcoa og stækkunar Norðuráls að teknu tilliti til aðgerða.
Frávik frá grunndæmi.

Magnbreytingar í %	2003-2006	2007-2010	2003-2010
Aðgerð:			
Breyting fjárfestingu hins opinbera	-10	10	
Breyting raunvaxta frá grunndæmi	2	-1½	
Þjóðarframleiðsla*	2½	4	3½
Landsframleiðsla*	2¾	4¾	3¾
Árlegur hagvöxtur	1	½	¾
Fjárfesting	29½	18½	23¾
Verðbólga	2	½	1¼
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)	-4¾	-3½	-4¼
Atvinnuleysi	-¾	0	-¼
Útflutningur	1	16½	9¼

* Framleiðslustig.

Sé gert ráð fyrir að helmingur þess vinnuafls sem starfar tímabundið við framkvæmdirnar verði erlent í stað fjórðungs samkvæmt þessum útreikningum myndi það leiða að jafnaði til ½% lægri verðbólgu en ella á tímabilinu 2003–2006.

Nokkrir fyrirvarar við útreikningana.

Niðurstöður þessara tveggja dæma undirstrika mikilvægi virkrar hagstjórnar á framkvæmdatímanum, jafnt í opinberum fjármálum sem peningamálum. Rétt er að undirstrika að hér eru einungis skoðuð tvö tiltekin dæmi til að sýna hugsanlega stærðargráðu slíkra aðgerða.

Það er hins vegar rétt að hafa þann fyrirvara á þessum útreikningum að þeir kunna að vanmeta áhrif vaxtabreytinganna á verðbólgu. Ástæðan er sú að þessi áhrif eru í líkaninu metin á grundvelli sögulegra gagna. Þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á efnahagslífinu á undanförnum árum, ekki síst á sviði peningamála, hafa stuðlað að aukinni næmni ýmissa hagstærða gagnvart vaxtabreytingum. Þetta hefur gert stjórn peningamála mun virkari en áður, ekki síst hvað varðar áhrif vaxtabreytinga á þróun efnahagslífsins.

Til viðbótar má nefna að í framreikningunum er miðað við að nafngengi krónunnar sé óbreytt allt tímabilið. Þetta er mikilvæg reikniforsenda sem gefur færi á samanburði þessara mismunandi kosta bæði innbyrðis og við grunndæmið. Hins vegar má búast við því að í aðdraganda og við upphaf framkvæmda muni gengi krónunnar hækka vegna mikils innstreymis erlends fjármagns, sérstaklega í stærri verkefnunum þar sem reiknað er með álveri Alcoa. Afar erfitt er að áætla hversu mikil styrking gengisins gæti orðið en hún hefur áhrif til lækkunar verðbólgu. Einnig má gera ráð fyrir að rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina verði lakari vegna hækkunar raungengis. Það úrræði sem grípa má til í þeim tilgangi að draga úr hækkun á gengi krónunnar er að Seðlabanki Íslands kaupi gjaldeyri. Þörf á slíkum inngripum verður að meta með hliðsjón af öðrum aðgerðum sem hugsanlega verður gripið til.

Fylgiskjal IX.

Nýsir hf.,
ráðgjafarþjónusta:

MAT Á SAMFÉLAGSLEGUM OG EFNAHAGSLEGUM ÁHRIFUM ÁLVERS ALCOA Í REYÐARFIRÐI

(Nóvember 2002.)

1. INNGANGUR

1.1 LÝSING VERKEFNIS

Væntanlegt álver í Reyðarfirði er verkefni Alcoa, sem er stærsta álfyrirtæki í heimi. Höfuðstöðvar þess eru í Bandaríkjunum. Alcoa er með yfir 400 starfsstöðvar í 38 löndum og eru starfsmenn þess í heild um 129 þúsund.

Áform Alcoa eru þau að reisa álver með 322 þús. tonna framleiðslugetu á ári. Gert er ráð fyrir að vinna við byggingu álversins hefjist á árinu 2004 og að álverið hefji framleiðslu á árinu 2007. Álverið á að rísa á iðnaðarlóð í landi Sómastaðagerðis, Sómastaða, Hrauns og Flateyrar í norðanverðum Reyðarfirði. Staðurinn er utan sjónlínu þéttbýlis í Reyðarfirði og á Eskifirði, hafnaraðstæður eru ákjósanlegar fyrir stór skip og landrými nóg. Tvær 400 kV háspennulínur verða lagðar að álverinu úr Fljótsdal og gerð verður höfn á iðnaðarsvæðinu.

Áformað er að rafmagn til álversins komi frá Kárahnjúkavirkjun sem Landsvirkjun er að undirbúa. Kárahnjúkavirkjun með veitu úr Jökulsá í Fljótsdal er um 630 MW og getur framleitt um 4.470 GWst/ári. Það hentar vel fyrir raforkuþörf álversins.

Áætlað er að bygging álversins kosti um 100 milljarða króna. Helstu mannvirki álversins verða eftirfarandi: turnar fyrir súrál, kerskálar þar sem ál er unnið úr súráli, steypuskáli, skautsmiðja, spennistöðvar og þjónustubyggingar (verkstæði, vöruskemmur, mötuneyti, rannsóknastofur og skrifstofubyggingar), og þurrhreinsivirki. Ströngustu mengunarkröfum verður framfylgt við álverið.

Markaður fyrir framleiðslu álversins verður fyrst og fremst í Evrópu en einnig í Bandaríkjunum. Vaxandi eftirspurn og jafnvel skortur er á áli á báðum mörkuðum og mun Alcoa selja framleiðslu álversins í gegnum sölukerfi sitt.

Áætlað er að 322 þús. tonna álver skapi 420 heilsársstörf. Vegna orlofs, veikinda og annarra forfalla er áætlað að bæta þurfi við þá tölu 8%, sem þýðir í heild um 454 ársverk. Álverið mun skapa margvísleg viðskiptatækifæri fyrir þjónustufyrirtæki á Austurlandi og innanlands. Gera má ráð fyrir að álverið skapi með beinum og óbeinum hætti um 750 störf á Mið-Austurlandi eftir að það er komið í fullan rekstur.

1.2 MARKMIÐ

Markmið þessa mats á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum væntanlegs álvers eru eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi, könnun á samfélagslegum og efnahagslegum aðstæðum á Mið-Austurlandi þar sem fyrirhugað álver verður reist.
- Í öðru lagi verður lagt mat á samfélagsleg og efnahagsleg áhrif fyrirhugaðs álvers, bæði meðan á byggingartíma þess stendur og eftir að það hefur starfsemi.

- Í þriðja lagi verða settar fram ábendingar um skipulag uppbyggingar á Mið-Austurlandi ef álverið verður reist.
- Í fjórða lagi verður lagt mat á þróun byggðar og samfélags á Mið-Austurlandi ef ekkert verður af áformum um byggingu álvers.
- Í fimmta lagi verða metin uppsöfnuð áhrif annarra verkefna á Mið-Austurlandi sem unnið verður að samtímis. Má þar nefna Kárahnjúkavirkjun, háspennulínur frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar, höfn við álverið og væntanleg jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

1.3 MATSSVÆÐI

Matssvæðið er skilgreint sem Mið-Austurland en innan þess svæðis getur fólk með góðu móti sótt vinnu í væntanlegt álver eftir að rekstur þess hefst. Á meðan framkvæmdum við álverið stendur mun áhrifanna hins vegar gæta um allt Austurland. Þess vegna er í skýrslunni einnig fjallað nokkuð um Austurland allt eftir því sem við á. Hins vegar verður afmörkun matssvæðis alltaf annmörkum háð. Þannig má t.d. gera ráð fyrir því að áhrif byggingar álvers og virkjunar á atvinnusköpun og viðskipti muni jafnvel verða meiri á Akureyri en Hornafirði, einfaldlega vegna þess að Akureyri er mun fjölmennara byggðarlag og þar er mikill fjöldi iðnaðarmanna, verktaka og þjónustufyrirtækja.

Austurland er í þessari athugun skilgreint sem allt fyrrverandi Austurlandskjördæmi en það nær frá Langanesi til Skeiðarársands. Alls bjuggu um 11.800 manns á Austurlandi þann 1. des. 2001.

Mið-Austurland er skilgreint í þessari athugun sem svæðið er nær frá og með Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra í norðri til og með Breiðdals í suðri. Landfræðileg mörk þess eru skýr í norðri, þ.e. um Smjörfjöll og Hellisheiði. Mörk þess til suðurs eru skilgreind sem mörkin milli Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Frá Breiðdalsvík, syðsta sveitarfélaginu, er vegalengdin nú u.þ.b. 105 km að fyrirhuguðu álveri að Hrauni í Reyðarfirði en hún styttist í u.þ.b. 71 km þegar jarðgöngin verða gerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Á Mið-Austurlandi bjuggu 8.060 íbúar þann 1. des. 2001.

1.4 AÐFERÐAFRÆÐI

Í þessari matsskýrslu er byggt á svipaðri aðferðafræði og í mati á samfélagslegum og hagrænum áhrifum sem unnið hefur verið að í öðrum löndum, sbr. heimildaskrá. Með þessum matsaðferðum má sjá fyrir væntanleg félagsleg og hagræn áhrif af fyrirhugaðri framkvæmd á nærliggjandi byggð og meta þá almannahagsmuni sem um er að ræða. Þessar aðferðir tengjast einnig skipulagsvinnu fyrir viðkomandi sveitarfélag og nærliggjandi svæði. Í þeim felst ekki aðeins mat á kostnaði og áhrifum sem fylgir væntanlegu verkefni heldur er reynt, með samráði við þá sem hagsmuna eiga að gæta, að draga úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum og vinna að því að jákvæðu áhrifin vegi þyngra. Séu neikvæðar afleiðingar fyrirsjáanlegar getur samráðið falist í því að móta aðferðir við mat á því hvernig bæta megi fyrir þær.

Mat á samfélagslegum áhrifum af verkefni sem þessu felur í sér þrjá þætti:

Grunnlýsing. Lýst er núverandi samfélagi á Mið-Austurlandi og helstu fyrirsjáanlegum breytingum. M.a. er fjallað um efnahags- og atvinnulíf, vinnuafl, mannfjölda, húsnæðismál, þjónustu einkaaðila og grunngerð, opinbera þjónustu, þjónustu við atvinnulífið, land- og auðlindanýtingu, menningu og lífshætti á svæðinu.

Lýsing verkefnis. Verkefninu er lýst í grófum dráttum og þeim áhrifum sem það kemur til með að hafa á umhverfi sitt. Sérstök áhersla er lögð á þau atriði sem eru líklegust til að

hafa mikil áhrif, byggt á könnun á heimildum, skoðanakönnun, sérfræðiþekkingu og viðtölum við forystumenn á svæðinu og almenning. Lýsing verkefnisins er ekki aðeins bundin við staðreyndir (þ.e. staðarval, aðstæður og vinnuafl) heldur er þar einnig að finna hugmyndir um nálgun, stefnu og aðgerðir sem munu hafa áhrif á einstaklinga, fjölskyldur, fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.

Samfélagsleg áhrif. Metin eru líkleg samfélagsleg áhrif, byggð á félagslegum, efnahagslegum og landfræðilegum athugunum og sambærilegum athugunum erlendis. Geta stjórnvalda, einkafyrirtækja og annarra á svæðinu til að bregðast við nýjum þörfum sem verkefnið leiðir af sér verður lögð til grundvallar mati á samfélagslegum áhrifum. Sjónum verður sérstaklega beint að því að skilgreina öll hugsanleg vandkvæði og hvernig taka megi á þeim.

Framvinda athugunarinnar er samt sem áður ekki órofin heldur var haft samráð við Fjárfestingarstofuna orkusvið, Alcoa og ýmsa forystumenn á Austurlandi um málefni og ábendingar sem fram komu á fyrstu stigum athugunarinnar er leiddu síðan til frekari upplýsingaöflunar og nákvæmari athugana.

Grunnupplýsinga var aflað eftir mörgum leiðum. Farnar voru margar vettvangsferðir í þeim tilgangi að kynna sér svæðið, rætt var við ýmsa forystumenn og haldnir með þeim fundi. Safnað var gögnum og tölulegum upplýsingum, aðallega frá opinberum aðilum. Þá vann Félagsvísindastofnun á árinu 2000 fyrir Reyðarál hf. að könnunum meðal ungs fólks 18–28 ára sem þá var búsett á Austurlandi og meðal fólks sem flutti brott af Austurlandi á árunum 1995–1999 og hafði ekki snúið til baka. Margvíslegar ályktanir eru dregnar af þessum könnunum um viðhorf fólks, væntingar og væntanleg viðbrögð ef af verkefninu verður.

1.5 ÞÁTTTAKENDUR

Aðalhöfundur skýrslunnar er Sigfús Jónsson ráðgjafi hjá Nýsi hf., en Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir, ráðgjafi hjá Nýsi hf., vann einnig að gagnasöfnun og gerð skýrslunnar. Mark Shrimpton, Community Resource Services Ltd., St. John´s á Nýfundnalandi veitti sérfræðilega ráðgjöf um uppbyggingu skýrslunnar og matsaðferðir.

Fulltrúar Alcoa og Eyjólfur Árni Rafnsson, verkfræðingur hjá Hönnun hf., sem er verkefnisstjóri mats á umhverfisáhrifum vegna álversins, lögðu fram mikilvægar upplýsingar vegna vinnu við skýrsluna.

Vegna mats á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum verkefnisins var komið á fót ráðgjafarnefnd sem í áttu sæti fulltrúar þeirra sveitarfélaga á Austurlandi sem verða fyrir mestum áhrifum vegna fyrirhugaðs álvers, menn úr atvinnulífi á Austurlandi, auk fulltrúa Alcoa, Landsvirkjunar, Fjárfestingarstofu og Iðnaðarráðuneytis. Ráðgjafarnefndin hittist nokkrum sinnum og fór yfir öll þau efnisatriði sem eru til umfjöllunar í skýrslunni. Nefndin kom með margar gagnlegar ábendingar og var samstarf við hana ómetanlegt við gerð skýrslunnar.

Auk þeirra mikilvægu upplýsinga sem fram koma í könnunum Félagsvísindastofnunar, lögðu ýmsar stofnanir fram tölulegar upplýsingar. Má þar nefna sveitarfélögin á svæðinu, Byggðastofnun, Hagstofuna, Fasteignamat ríkisins, Vegagerðina, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Skattstjóra Austurlands.

1.6 INNIHALD SKÝRSLU

Skýrslunni er skipt niður í fjóra meginhluta auk inngangskafla. Í 2. kafla er almenn lýsing á samfélagslegum og efnahagslegum aðstæðum á Austurlandi. Í 3. kafla er lýst framtíðarsýn á Austurlandi án álvers. Í 4. kafla er fjallað um áætluð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif fyrirhugaðs álvers. Skýrslan er einnig samin á ensku.

2. LÝSING Á SAMFÉLAGS- OG EFNAHAGSLEGUM ÞÁTTUM

2.1 AUSTURLAND OG MIÐ-AUSTURLAND

Öll umfjöllun um Austurland og Mið-Austurland í þessum kafla er með þeim hætti að fyrrnefnda svæðið er skilgreint sem fyrrverandi Austurlandskjördæmi frá Langanesi í norðri að Skeiðarársandi í suðri, en hið síðarnefnda Mið-Austurland, nær frá Fljótsdalshéraði til Breiðdals, þ.e. kjördæmið að undanskildum sveitarfélögunum í Bakkafirði, Vopnafirði, Djúpavogi og Hornafirði.

2.1.1 INNGANGUR

Á Austurlandi öllu búa um 11.800 manns. Byggðin er mjög dreifð. Um ¾ íbúanna búa við sjávarsíðuna og um fjórðungur á Fljótsdalshéraði. Við sjávarsíðuna eru 12 þéttbýlisstaðir en 2 samliggjandi þéttbýlisstaðir eru á Héraði.

Atvinnuástand er nokkuð gott á Austurlandi þegar á heildina er litið, en mismunandi eftir byggðarlögum. Meðaltekjur á Austurlandi eru svipaðar og á landsbyggðinni en lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Tekjurnar eru lágar í sveitum en mun hærri í útgerðarbæjum. Nokkur öflug sjávarútvegsfyrirtæki eru á Austurlandi og stendur sjávarútvegur nokkuð traustum fótum í fjórðungnum. Á Austurlandi eru um 400 bújarðir, en landbúnaður hefur almennt dregist saman á undanförnum árum og áratugum. Ferðaþjónusta er vaxandi á svæðinu.

Helstu veikleikar Austurlands eru einhæfni í atvinnulífi í samanburði við höfuðborgarsvæðið, hátt hlutfall láglaunastarfa og fækkun fólks vegna þess að þeir sem flytja á brott úr fjórðungnum hafa verið fleiri en aðfluttir. Töluvert er af árstíðarbundnum störfum fyrir ófaglært fólk svo sem í fiskvinnu, ferðaþjónustu, byggingarstarfsemi og sláturhúsum. Þessi störf freista almennt ekki unga fólksins sem flytur í stórum stíl til höfuðborgarsvæðisins vegna þeirra miklu tækifæra sem þar eru til náms og starfa. Ungar konur á Austurlandi virðast sjá færri náms- og starfsmöguleika í sinni heimabyggð og flytja á brott í enn meira mæli en ungir karlmenn. Þessi mikli brottflutningur hæfileikaríks ungs fólks hefur neikvæð áhrif á samfélagið, þ.e. aldursskipting íbúanna verður óhagstæð og ójafnvægi verður í fjölda karla og kvenna. Það leiðir einnig til þess að fólk með góða menntun vantar til að byggja upp ný fyrirtæki og efla með því atvinnulíf á Austurlandi.

Samgöngur eru almennt góðar. Á Egilsstöðum er varaflugvöllur fyrir millilandaflug og reglulegt áætlunarflug er til Egilsstaða og Hornafjarðar. Skipaleiðir til og frá Evrópu eru styttri til Austurlands en annarra landshluta og hafnaraðstaða er yfirleitt góð í fjórðungnum. Ferjan Norræna siglir á milli Seyðisfjarðar og Færeyja, Danmerkur og Noregs á sumrin. Ný og stærri ferja verður tekin í notkun árið 2003. Margir þjóðvegir sem tengja þéttbýlisstaði á Austurlandi eru nú lagðir bundnu slitlagi. Áform eru um miklar vegabætur svo sem jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og vegabætur milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar og á virkjanasvæðinu. Þá er kominn vegur milli Akureyrar og Austurlands sem opinn er allt árið.

Opinber þjónusta svo sem heilbrigðisþjónusta og skólar er í nokkuð góðu horfi, svo og félagsleg þjónusta, tómstundastarf og menningarlíf. Fjárhagsleg staða sveitarfélaganna er almennt traust og í Fjarðabyggð, Austur-Héraði og Hornafirði hafa nokkur sveitarfélög sameinast í öflugar heildir. Rekstur opinberrar þjónustu er frekar óhagkvæmur vegna fámennis og dreifðrar byggðar.

Lágt fasteignaverð og takmarkaðir möguleikar á endursölu, ásamt háum fjármagnskostnaði, valda því m.a. að lítið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði síðustu 10 árin á Austurlandi.

2.1.2 ÍBÚAÞRÓUN

Á mynd 2.1 má sjá breytingar á fjölda íbúa á árabilinu 1990–2001, annars vegar á Austurlandi og hins vegar á Mið-Austurlandi.

Mynd 2.1 Fjöldi íbúa á Austurlandi og Mið-Austurlandi 1990–2001.



Hinn 1. desember 2001 bjuggu 11.798 íbúar á Austurlandi Þetta eru um 4,1 % landsmanna. Karlar voru 424 fleiri en konur, eða 7,5% fleiri.

Á sama tíma voru 8.060 íbúar á Mið-Austurlandi, rúm 2,8% landsmanna. Karlar voru 250 fleiri en konur, þ.e. 6,4%.

Stærstu þéttbýlisstaðirnir á Mið-Austurlandi eru Egilsstaðir/Fellabær (sem eru í sitt hvoru sveitarfélaginu), Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður), Seyðisfjörður og Fáskrúðsfjörður. Auk þess búa í þorpunum þremur, Breiðdalsvík, Stöðvarfirði og Borgarfirði eystra samtals um 500–550 íbúar. Íbúar í sveitum eru 1.100–1.200 talsins.

Á árinu 1971 bjuggu 8.247 íbúar á Mið-Austurlandi. Á árabilinu 1971–2001 fækkaði því íbúunum örlítið. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um yfir 30%, eða u.þ.b. 1% á ári. Sé litið til þessa tímabils má skipta síðustu 30 árum í þrennt og gildir þá í meginatriðum það sama um Austurland allt og Mið-Austurland, en eftirfarandi tölur eiga við síðarnefnda svæðið.

1. *Vaxtarskeið 1971–1979.* Íbúum fjölgaði úr 8.247 í 9.080 eða um 10%.
2. *Stöðnunartímabil 1979–1990.* Íbúum fjölgaði mjög hægt, þ.e. frá 9.080 í 9.215 eða um 1,5%.
3. *Samdráttarskeið frá 1990.* Íbúum fækkaði úr 9.215 árið 1990 í 8.060 árið 2001 en það er um 14%, eða 1,3% á ári.

Breytingar hafa verið mismunandi eftir byggðalögum en ef myndin er einfölduð má segja að hún hafi einkennst af vexti á Egilsstöðum og í Fellabæ, stöðnun eða fækkun á útgerðarstöðum og töluverðri fólksfækkun í sveitum.

2.1.2.1 Aldursdreifing

Á mynd 2.2 er aldursdreifing á Mið-Austurlandi sýnd. Myndin sýnir jafnframt aldursskiptingu fyrir landið í heild.

Það sem einkennir aldursskiptingu íbúanna á Mið-Austurlandi er eftirfarandi:

1. Aldurshópurinn 50–70 ára er fremur fámennur. Þetta er einkennandi fyrir þjóðina þar sem fæðingatíðni á árunum frá 1930 til 1940 og á árum síðari heimsstyrjaldar var lág. Hinn 1. desember 2001 voru 529 íbúar á svæðinu á aldrinum 45–49 ára, en aðeins 445 á aldrinum 55–59 ára. Það bendir því allt til þess að á næstu 10–15 árum muni 50–65 ára fólki fjölga nokkuð á vinnumarkaði.
2. Börn á aldrinum 0–4 ára eru færri en börn á aldrinum 5–14 ára. Árgangar 0–4 ára barna á svæðinu eru að meðaltali 104 einstaklingar en árgangar 5–14 ára að meðaltali 130 einstaklingar.
3. Hlutfall kvenna í aldurshópnum 20–34 ára og karla 25–34 ára er nokkuð lægra en landsmeðaltal. Þess vegna er fjöldi barna 0–4 ára einnig undir landmeðaltali.

Mynd 2.2 Aldursdreifing á Mið-Austurlandi og landinu öllu 1. janúar 2002.



2.1.2.2 Búferlaflutningar

Tölur um búferlaflutninga á Mið-Austurlandi á árunum 1971–2000 sýna að 2.768 fleiri fluttu frá svæðinu en til þess eða 95 að meðaltali á ári. Þannig hefur svæðið tapað rúmlega 1% íbúanna á ári vegna flutninga 1971–2000. Fjöldi þeirra sem flutti á brott umfram aðflutta var um 0,6% á ári 1971–1980, 1,0% árlega á árunum 1981–1990, en um 2,2% á hverju ári 1991–2000. Á Mið-Austurlandi var fjöldi þeirra sem flutti á brott umfram aðflutta 209 íbúar árið 2000 eða 2,6%. Mikill meirihluti þeirra flutti á suðvesturhornið.

Tölur um búferlaflutninga miðast við einstök sveitarfélög. Alls fluttu 16.238 úr sínu sveitarfélagi á tímabilinu 1971–1999 en á sama tíma fluttu 13.445 til þessara sömu sveitarfélaga. Af þeim sem fluttust búferlum flutti um 1/3 milli sveitarfélaga á Mið-Austurlandi. Því má áætla að um 10.800 íbúar hafi flutt frá Mið-Austurlandi á árunum 1971–1999 en tæplega 9.000 íbúar hafi flutt inn á svæðið. Mikið var um að sömu einstaklingar flyttust til og frá svæðinu á þessu tímabili.

Á mynd 2.3 má sjá fjölda þeirra sem fluttu á brott frá Mið-Austurlandi umfram aðflutta sl. 11 ár en þeir voru 2.120 á þessu tímabili, flestir 1991, 1997 og 1998.

Mynd 2.3 Fjöldi þeirra sem fluttu á brott umfram aðflutta á Mið-Austurlandi.



Í nóvember 1997 voru birtar niðurstöður rannsóknar um orsakir búferlaflutninga sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir Byggðastofnun. Rannsóknin sýndi að aðeins 50,5% þeirra sem höfðu fæðst á Mið-Austurlandi og voru á lífi 1992 bjuggu þar enn. Erlendis bjuggu 3,7% og 31,8% á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er af þessu að þrátt fyrir að íbúar á Mið-Austurlandi væru ánægðir með margt, t.d. veðurfar, heilsugæslu, þjónustu leikskóla og grunnskóla og þjónustu við aldraða þá hefur mikill vöxtur í atvinnulífi á höfuðborgarsvæðinu haft mikið aðdráttarafl og virkað sterkt þegar fólk hefur metið kosti og galla þess að flytja búferlum.

Sem hluti af rannsókn Félagsvísindastofnunar var gerð sérstök könnun, þar sem 1.800 einstaklingar víðs vegar af landinu voru spurðir um lífsskilyrði sín, með það í huga að þeir sem væru óánægðir væru líklegastir til að flytjast á brott. Könnunin sýndi að þeir sem voru hvað óánægðastir voru bændur, sjómenn, fiskvinnslufólk og fólk á aldrinum 18–24 ára. Könnunin sýndi enn fremur að íbúar í fjölmennum byggðarlögum voru mun ánægðari með lífsskilyrði sín en íbúar í fámennum byggðarlögum. Fólk sem bjó í bæjum og þorpum með 200–1.000 íbúum var almennt óánægt með aðstæður sínar. Það kvartaði m.a. um háan orkukostnað, hátt verð á vörum og þjónustu, skort á tækifærum til framhaldsmenntunar í byggðarlaginu, skort á tækifærum til tómstundaiðkana og takmörkuð atvinnutækifæri. Einnig kvartaði fólk um lágt og lækkandi fasteignaverð. Íbúar í sveitum voru almennt ánægðari með aðstæður sínar.

Um 20% af þeim sem tóku þátt í könnuninni á Mið-Austurlandi sögðust hafa hugleitt að flytjast burt frá svæðinu. Enn fremur sýndi könnunin að fólk á Mið-Austurlandi var almennt ánægðara með veðurfar í sinni heimabyggð en fólk í öðrum byggðarlögum á landinu. Það var einnig ánægt með heilsugæslu á svæðinu, þjónustu leikskóla, grunnskólana og þjónustu við eldri borgara.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaði í nóvember og desember 2000 fyrir Reyðarál hf. afstöðu þeirra sem fluttu á brott frá Mið-Austurlandi 1995–1999 til álvers í Reyðarfirði og hvaða áhrif það gæti haft á búsetuskilyrði á svæðinu. Send var póstkönnun til fólks á aldrinum 20–49 ára. Úr þeim hópi var tekið 500 manna úrtak. Þegar þeir sem höfðu flutt aftur til Austurlands og aðrir sem ekki áttu heima í úrtakinu höfðu verið felldir burt voru 487 manns eftir. Af þeim 487 sem eftir voru í úrtakinu svöruðu 236 manns spurningalistum, eða um 48% svarhlutfall.

Þessi hópur mat atvinnuaðstæður á Austurlandi í samanburði við það byggðarlag er það hafði flutt til ekki mikils. Um 73% voru mjög eða frekar óánægðir með skort á fjölbreytni í atvinnulífi á Austurlandi miðað við byggðarlagið sem það hafði flutt til. Um 62% voru mjög eða frekar óánægðir með tekjuöflunarmöguleika fyrir austan samanborið við nýja heimabyggð. Atvinnuöryggi á Austurlandi kom þó vel út í samanburði við önnur byggðarlög.

Helstu ástæður þess að fólk flutti frá Austurlandi var að það fór í nám og að því fannst fá og einhæf atvinnutækifæri í fyrrum byggðarlagi sínu fyrir austan. Þá nefndu margir persónulegar ástæður. Í rannsókn Stefáns Ólafssonar prófessors, 1997, kom fram að atvinnuaðstæður voru oftast nefndar sem ástæða fyrir brottflutningi. Því eru niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar árið 2000 í nokkru samræmi við þá rannsókn.

Þegar leitað er orsaka fyrir því hvers vegna fólk flytur í miklum mæli frá þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna til höfuðborgarsvæðisins er of algengt að einblínt sé á það hvað sé að í viðkomandi byggðarlagi. Allar rannsóknir á búferlaflutningum sýna hins vegar að það er ekki síður aðdráttarafl þeirra staða sem flutt er til sem ræður ákvörðuninni um flutning. Athyglisvert er að á mörgum útgerðarstöðum þar sem vel hefur tekist að halda kvóta í heimabyggð og þar sem nokkuð traust sjávarútvegsfyrirtæki eru til staðar hefur íbúafjöldi annað hvort staðið í stað síðustu árin eða fólki fækkað. Í þessu sambandi má nefna staði á Austurlandi eins og Neskaupsstað, Eskifjörð og Fáskrúðsfjörð. Þetta á einnig víðar við t.d. á Súðavík, Hólmavík, Skagaströnd, Siglufirði og Þórshöfn og í Vestmannaeyjum.

Málið er einfaldlega það að útgerðarstaður með nokkur hundruð eða örfá þúsund íbúa getur trauðla keppt um fólkið við 180 þúsund manna borgarsamfélag. Ekki síst borgarsamfélag sem býður upp á öll þau tækifæri sem eru til staðar á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar áhugaverð og vel launuð störf og fjölbreytt framboð námstækifæra, margvíslega þjónustu og afþreyingu.

2.1.3 ATVINNU- OG EFNAHAGSLÍF

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar voru á árinu 2001 unnin milli 139 og 140 þúsund ársverk á landinu öllu, þ.e. liðlega 83 þúsund á höfuðborgarsvæðinu og um 56 þúsund á landsbyggðinni, en sveiflur eru töluverðar milli árstíða. Á Austurlandi er vægi frumvinnslugreina og úrvinnslugreina í atvinnulífinu meira en fyrir landið í heild og vægi þjónustugreina að sama skapi minna. Breytingar á fjölda ársverka og í atvinnuskiptingu á Mið-Austurlandi á tímabilinu 1986–1997 voru eftirfarandi, sjá töflu 2.1:

Tafla 2.1 Breytingar á fjölda ársverka og í atvinnuskiptingu á Mið-Austurlandi á tímabilinu 1986–1997.

Atvinnugrein	*1986*	*1997*	*Breytingar %*
Landbúnaður	577	321	- 44,4
Fiskveiðar	433	375	- 13,4
Fiskvinnsla	1.096	705	- 35,7
Iðnaður	517	376	- 27,3
Byggingarstarfsemi	385	320	- 16,9
Verslun	526	502	- 4,6
Samgöngur	250	235	- 6,0
Bankar o.fl.	153	192	+ 25,5
Önnur þjónusta	895	1.028	+ 14,9
Alls	***4.832***	***4.055***	***- 16,1***

Heimild: Byggðastofnun

Breytingar á fjölda ársverka og í atvinnuskiptingu á Íslandi á tímabilinu 1986–1997 eru sýndar í töflu 2.2.

Fróðlegt er að bera Mið-Austurland saman við landið allt og ekki síður við höfuðborgarsvæðið, því þá er munurinn enn meira sláandi. Á árinu 1997 voru 17% ársverka á Mið-Austurlandi í frumvinnslugreinum, 35% í úrvinnslugreinum og 48% í þjónustugreinum. Á sama tíma var hlutfallið fyrir höfuðborgarsvæðið sem hér segir: 2% í frumvinnslugreinum, 22% í úrvinnslugreinum og 76% í þjónustugreinum. Á þessum tölum er mikill munur. Á Mið-Austurlandi er mun hærra hlutfall þeirra greina sem eru í stöðnun eða samdrætti en að sama skapi mun hærra hlutfall vaxtargreina á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 2.2 Breytingar á fjölda ársverka og í atvinnuskiptingu á Íslandi á tímabilinu 1986–1997.

Atvinnugrein	*1986*	*1997*	*Breytingar %*
Landbúnaður	8.704	5.209	- 40,2
Fiskveiðar	5.576	6.120	+ 9,8
Fiskvinnsla	9.592	7.614	- 20,6
Iðnaður	18.509	16.693	- 9,8
Byggingarstarfsemi	11.183	10.252	- 8,3
Verslun	18.477	20.134	+ 9,0
Samgöngur	8.192	8.828	+ 7,8
Bankar o.fl.	8.711	11.544	+ 32,5
Önnur þjónusta	34.367	42.637	+ 24,1
Alls	***123.311***	***129.031***	***+ 4,6***

Heimild: Byggðastofnun

Fjögur fyrirtæki á svæðinu eru stærst. Þau eru Síldarvinnslan í Neskaupstað með 280 starfsmenn og ársveltu upp á 5,5 milljarða 2001, Hraðfrystihús Eskifjarðar með um 200 starfsmenn og ársveltu upp á 3,8 milljarða 2001, Kaupfélag Héraðsbúa á Egilsstöðum með um 120 starfsmenn og ársveltu upp á 2,2 milljarða 2001 og Kaupfélagið á Fáskrúðsfirði og Loðnuvinnslan hf., með um 170 starfsmenn samtals og ársveltu upp á 2,5 milljarða 2001 samanlagt.

Fólksfækkun hefur verið stöðug í sveitum og tekjur bænda minnkað í samanburði við aðrar starfsstéttir. Búin eru mörg hver of lítil til framfærslu ein og sér. Tekjur af landbúnaði hafa minnkað smám saman þar sem niðurgreiðslur hafa lækkað og framleiðslutakmörkunum verið beitt bæði gagnvart sauðfjár- og kúabændum. Margir bændur hafa hætt búskap og aukið störf utan bús eða farið yfir í aðrar búgreinar. Á Fljótsdalshéraði hafa bændur m.a. farið í ferðaþjónustu, skógrækt og lífræna ræktun en þetta hefur ekki bætt upp tekjurýrnun í hefðbundnum búskap. Íbúafjöldi í sveitum á Fljótsdalshéraði er um það bil 1/3 af því sem hann var fyrir um 100 árum síðan.

Miklar sveiflur hafa verið í útgerðarbæjunum en þar er þegar á heildina er litið svipaður íbúafjöldi og fyrir 30 árum síðan. Tekjur eru hæstar í Fjarðabyggð og Fáskrúðsfirði. Þar er lítið sem ekkert atvinnuleysi og þurft hefur að flytja að vinnuafl. Engin einhlít skýring er á því hvers vegna einn útgerðarbær blómstrar á meðan annar stendur í stað eða hnignar. Þrátt fyrir góða afkomu í Fjarðabyggð og Fáskrúðsfirði hefur fólki fækkað þar síðustu árin.

Á Seyðisfirði hefur átt sér stað endurskipulagning í sjávarútvegi og íbúunum fækkað. Bærinn hefur notið góðs af bílaferjunni Norrænu yfir sumarmánuðina en með skipinu kemur fjöldi erlendra ferðamanna. Árið 2000 voru farþegar með henni um 7.000, þar af um 1.500 Íslendingar.

Egilsstaðir, ásamt nágrannabænum Fellabæ, er það byggðarlag sem mest hefur vaxið á Mið-Austurlandi. Atvinnulífið þar er nokkuð stöðugt en það byggist mikið á þjónustustarfsemi. Úrvinnsla landbúnaðarafurða, byggingastarfsemi, veitur og starfsemi tengd flugvellinum er einnig mikilvæg fyrir atvinnu á staðnum. Atvinnulífið er fjölbreyttara og auðveldara er fyrir menntuð hjón að finna störf við beggja hæfi en niðri á fjörðunum, þó að undanskildum Neskaupstað og Reyðarfirði. Fólk er í auknum mæli farið að sækja vinnu daglega milli staða, m.a. Egilsstaða og Reyðarfjarðar og milli byggðarlaganna innan Fjarðabyggðar.

Aðalbreytingar á atvinnulífi á Mið-Austurlandi 1986–1997 í samanburði við landið í heild voru eftirfarandi:

- Landbúnaðarstörfum fækkaði um svipað hlutfall á Mið-Austurlandi og á landinu öllu, m.a. vegna samdráttar í framleiðslu og fækkunar íbúa.
- Sjómönnun fækkaði á Mið-Austurlandi en fjölgaði á landinu í heild. Fjölgun sjómanna á landinu stafaði mest af fjölgun frystiskipa og smábáta. Á Mið-Austurlandi gætti þessara breytinga minna en annars staðar, m.a. vegna mikilvægis loðnu- og síldveiða.
- Fiskvinnslustörfum fækkaði meira á Mið-Austurlandi en á landinu í heild. Bolfiskvinnsla í frystihúsum dróst mikið saman en vinnsla á síld og loðnu jókst í staðinn. Sú vinnsla krefst minna vinnuafls og er sveiflukenndari en bolfiskvinnslan.
- Störfum í iðnaði á Mið-Austurlandi fækkaði um 27% árin 1986–1997 en þeim fækkaði um 10% á landinu í heild. Slátrun, kjötvinnsla, ullariðnaður, skipasmíðar og viðgerðir eru þær greinar iðnaðar þar sem störfum fækkaði helst.
- Störfum í byggingariðnaði fækkaði um 17% á Mið-Austurlandi 1986–1997 en um 8% á landinu öllu. Aðalástæðan er sú að hagvöxtur var minni á svæðinu, færri íbúðarhús voru byggð, byggingaframkvæmdir í sveitum voru í lágmarki og lítið var byggt af iðn-

aðarhúsnæði. Aðalbyggingaframkvæmdirnar á svæðinu voru viðhald á íbúðar- og iðnaðarhúsnæði, ásamt framkvæmdum við vegi, flugvelli og hafnargerð. Síðan 1997 hefur verið mikill uppgangur í byggingarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu.

- Ef litið er á alla þjónustu, þ.e. að meðtalinni heilsugæslu, skólum, verslun, bönkum og samgöngum, fjölgaði ársverkum um 7,3% á Mið-Austurlandi 1986–1997 en þau jukust um 19,2% á landinu í heild. Þessi árangur er góður í samanburði við önnur jaðarsvæði. Aðalástæðan fyrir því var mikill vöxtur í opinberri þjónustu á svæðinu (í menntakerfinu, félagskerfinu og heilbrigðiskerfinu) svo og í þjónustu sérfræðinga og ferðaþjónustu.

Í heildina fækkaði störfum um u.þ.b. 800 á Mið-Austurlandi á árunum 1986–1997. Þar af fækkaði um nærri 400 störf í fiskvinnslu, um 250 í landbúnaði og yfir 200 til samans í iðnaði og byggingavinnu. Á móti fjölgaði nýjum störfum í verslun og þjónustu um 130 á sama tíma.

Með samanburði á öllum atvinnugreinum á svæðinu má draga tvær ályktanir:

- Sá veikleiki er í atvinnusamsetningu á Mið-Austurlandi að hlutfall vinnuafls í frumvinnslu- og úrvinnslugreinum er mun hærra þar (52%) en á landinu öllu (36%), hvað þá á höfuðborgarsvæðinu (24%).
- Svæðisbundinn veikleiki er í atvinnulífi Mið-Austurlands. Í samdráttargreinum hefur fækkað meira á Mið-Austurlandi og í vaxtargreinum hefur fjölgað minna þar en á landinu í heild og samanburður við höfuðborgarsvæðið er enn meira sláandi.

Veik atvinnusamsetning leiðir oft til svæðisbundins veikleika því í samdráttargreinum halda atvinnurekendur að sér höndum varðandi framkvæmdir, aðföng og kaup á þjónustu. Vaxtargreinarnar ná ekki að bæta það upp þar sem aukning er fremur lítil í þeim.

2.1.4 VINNUMARKAÐUR

Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (Landshagir, 2001) sýnir að atvinnuþátttaka á landsvísu, mæld í ársverkum, er um 50% af fólksfjöldanum. Hún skiptist þannig að 40% eru í fullu starfi, um 8% í hluta starfi og um 2% er erlent vinnuafl. Sé þessari viðmiðun beitt fyrir Mið-Austurland má áætla að stærð vinnumarkaðarins þar sé eftirfarandi, mæld í ársverkum:

Fólk í fullu starfi	3.200–3.300
Fólk í hluta starfi	600–700
Erlent vinnuafl	100–200
Alls vinnuafl (ársverk):	3.900–4.200

Upplýsingar frá Skattstofu Austurlands fyrir tekjuárið 1999 gefa til kynna að um 3.500 manns hafi verið í fullu starfi, þ.e. með árslaun yfir 1 milljón krónur. Þetta svarar til þeirra sem voru í fullu starfi og erlends vinnuafls.

Samkvæmt sömu upplýsingum voru um 3.200 manns á Mið-Austurlandi sem höfðu lægri tekjur en 1 milljón króna árið 1999. Af þessum hópi voru líklega um 900–1.000 lífeyrisþegar og u.þ.b. 800–1.000 námsmenn sem aðeins vinna í 3–4 mánuði á ári að meðaltali. Af þeim 1.200–1.500 sem þá eru eftir eru húsmæður líklega stærsti hópurinn. Upplýsingarnar frá Skattstofunni gefa til kynna að hlutastörf eru líklega örlítið hærri en vinnumarkaðskönnunin gefur til kynna, eða e.t.v. 800–1.000 ársverk. Það má því draga þá ályktun með nokkurri vissu að vinnuafl á Mið-Austurlandi árið 1999 hafi numið 4.000–4.200 ársverkum.

Nýliðar á vinnumarkaði eru um 130 á ári ef ekki er tekið tillit til búferlaflutninga. Á sama tíma hætta störfum um 55–60 manns á ári vegna aldurs. Nettóaukning á vinnumarkaði er þar

af leiðandi um 70–75 manns á ári. Þá tölu má síðan lækka vegna mikils brottflutnings ungs fólks.

Samtals 3.185 einstaklingar gáfu upp skattskyldar tekjur innan við 1 milljón króna tekjuárið 1999. Þetta voru aðallega skólafólk, húsmæður í hlutastarfi, bændur og lífeyrisþegar. Í tekjuhæsta hópnum eru m.a. yfirmenn á fiskiskipum, læknar, forstjórar og nokkrir embættismenn.

Í töflu 2.3 er sýnt hve margir einstaklingar eru í hverju tekjubili.

Tafla 2.3 Skattskyldar tekjur einstaklinga eftir tekjuflokkum, tekjuárið 1999.

Tekjubil	Fjöldi einstaklinga
< 500	1.550
500–999	1.635
1.000–1.499	1.209
1.500–1.999	682
2.000–2.499	515
2.500–2.999	348
3.000–3.499	270
3.500–3.999	169
4.000–4.499	112
>4.500	220
Samtals:	**6.710**

Heimild: Skattstofa Austurlands.

Árstíðabundnar sveiflur eru í framboði og eftirspurn eftir vinnuafli á svæðinu. Á haustin er sláturtíð. Meginvinnuaflið í sláturhúsum eru bændur, makar þeirra og uppkomin börn. Aðalvertíð fyrir loðnu á Austurlandi er í janúar og febrúar. Í fiskvinnslu er árstíðabundið vinnuafl, aðallega skólafólk, farandverkafólk og útlendingar. Aldursdreifing vinnuafls er breytileg milli fyrirtækja og eftir árstíðum. Unga fólkið er fjölmennt á sumrin.

Nokkur munur er á þátttöku karla og kvenna á vinnumarkaði hér á landi. Karlar eru 54% starfandi fólks en konur 46%. Af þeim sem eru í fullu starfi eru karlar 64% og konur 36%. Konur eru 79% þeirra sem eru í hluta starfi en karlar 21%. Af þeim karlmönnum sem starfa á vinnumarkaði, þ.e. bæði í fullu starfi og hluta starfi, starfa 12% í frumvinnslu (fiskveiðar og landbúnaður), 33% í iðnaði (fiskiðnaður og byggingastarfsemi meðtalin) og 55% í þjónustugreinum. Atvinnuskipting meðal kvenna er töluvert önnur, þ.e. 86% starfa í þjónustugreinum, 11% í iðnaði og 3% í frumvinnslu. Almennt er því auðveldara fyrir karla en konur að finna störf við hæfi á Mið-Austurlandi.

Skortur er á góðum upplýsingum um menntunarstig íbúa á Mið-Austurlandi. Þó hafa verið gerðar kannanir m.a. úrtakskönnun Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri í apríl árið 2000. Þar kom fram að 53% sögðust einungis hafa lokið skyldunámi, um 27% einhverskonar iðn- eða starfsnámi, um 11% höfðu lokið stúdentsnámi og um 9% voru með próf á háskólastigi.

Þetta er í samræmi við það sem fram kom í vinnuaflskönnun sem gerð var á árinu 1997 og viðtölum við íbúana, en út frá því mátti áætla að um 55–60% vinnuaflsins á svæðinu væri ófaglært, háskólamenntað fólk ekki meira en 5–10%, en faglært fólk, skilgreint mjög vítt, væri u.þ.b. 30–35%. Síðastnefndi hópurinn nær til margra stétta og í honum eru m.a. iðnaðar-

menn, skipstjórnarmenn, vélstjórar, matsveinar, bændur með próf úr búnaðarskóla, menntað fiskvinnslufólk, verslunarmenntað fólk, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, leikskólakennarar og grunnskólakennarar. Fyrir sumar þessara stétta er nú krafist háskólamenntunar. Meðal unga fólksins blasir nokkuð önnur mynd við. Menntunarstig þess er almennt hærra.

Á árunum 1991–1998 bar nokkuð á atvinnuleysi á Austurlandi, einkum yfir vetrarmánuðina. Var það meira hjá konum en körlum eins og fram kemur á mynd 2.4. Atvinnuleysi á Austurlandi hefur þó lengst af verið undir landsmeðaltali og frá upphafi tímabilsins hefur það þróast með hagstæðari hætti en fyrir landið í heild. Síðustu tvö ár hefur atvinnuleysi aukist töluvert á Austurlandi og nú er svo komið að atvinnuleysi er meira meðal kvenna þar en kvenna á landinu öllu. Atvinnuleysi karla á Austurlandi er svipað og atvinnuleysi karla á landinu öllu.

Mynd 2.4 Atvinnuleysi karla og kvenna 1991–2001.



Síðustu þrjú ár hefur borið nokkuð á vinnuaflsskorti, m.a. á Austurlandi. Suma mánuði hefur vantað fólk í 100–200 störf. Flest þessara starfa eru í þjónustugreinum eða fiskvinnslu. Þau eru aðallega fyrir ófaglærða og laun tiltölulega lág.

2.1.5 SVEITARFÉLÖG

Mörk margra sveitarfélaga á Austurlandi voru í upphafi dregin við aðstæður sem voru allt aðrar en eru nú og sum þeirra eru of fámenn sem þjónustueiningar nú á tímum. Nokkur sveitarfélög hafa verið sameinuð á undanförnum árum og hefur þeim fækkað töluvert. Meginmarkmiðið hefur verið að stækka einingarnar þannig að þær geti veitt íbúunum betri þjónustu og staðbundið vald styrkst. Sveitarfélögin hafa verið að taka við nýjum verkefnum, einkum verkefnum sem áður voru sameiginleg verkefni ríkisins og sveitarfélaga og tekjustofnar þeirra stækkað.

Fram til 1998 voru 20 sveitarfélög á Mið-Austurlandi en þeim fækkaði á því ári í 12. Óvíst er um frekari stækkun sveitarfélaga á svæðinu, en töluverð umræða er í gangi meðal sveitarstjórnarmanna þar um.

Megintekjustofn sveitarfélaga hér á landi er útsvar. Útsvar sveitarfélaga á öllu landinu var 77,8% af skatttekjum þeirra á árinu 2001, fasteignaskattur 12,5%, framlög úr Jöfnunarsjóði 9,5% og aðrir skattar 0,2%. Auk skatttekna innheimta sveitarfélögin margvísleg þjónustugjöld, svo sem fyrir veitur, hafnir, leikskóla og íþróttamannvirki.

Greiðslur Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga hafa það að markmiði að jafna tekjur og þjónustubyrði þeirra svo og greiða fyrir kostnað vegna grunnskólahalds. Á Mið-Austurlandi eru framlög sjóðsins almennt hærri á Fljótsdalshéraði en á fjörðunum. Á fjörðunum eru framlögin lægst á fjölmennustu útgerðarstöðunum. Á Norður-Héraði og Fljótsdalshreppi hafa þau, svo dæmi sé tekið, numið yfir 50% af skatttekjum, á Austur-Héraði nálægt 28% en í Fjarðabyggð um 22%. Vegna áhrifa Jöfnunarsjóðs eru skatttekjur á íbúa nú hæstar í þeim sveitarfélögum á Mið-Austurlandi sem hafa fæsta íbúana og hæstan kostnað vegna skólahalds.

Útgjöldum sveitarfélaga má í aðalatriðum skipta í tvennt, rekstrarkostnað (80–85%) og fjárfestingar (15–20%). Á árinu 2001 voru útgjöld sveitarfélaga í landinu u.þ.b. 54 milljarðar kr. Alls var 39,3% af rekstrarútgjöldum varið til fræðslumála og 23,8% til félagsþjónustu. Skuldir sveitarfélaga eru nokkuð mismunandi.

Við athugun þessa voru skoðaðir ársreikningar stærstu sveitarfélaganna á Mið-Austurlandi fyrir árið 2001. Þar kemur fram að skuldir þeirra eru svipaðar eða jafnvel heldur lægri en hjá sveitarfélögum af svipaðri stærð annars staðar á landinu. Ekkert sveitarfélag á Mið-Austurlandi er með óeðlilega háa skuldastöðu. Hins vegar hvílir á nokkrum þeirra nokkur byrði vegna félagslegra íbúða sem þau hafa orðið að innleysa til sín.

Verulegur munur er á einstökum útgjaldaliðum milli sveitarfélaga. Í töflu 2.4 er samantekt á rekstrarkostnaði á íbúa í þremur mikilvægum málaflokkum, félagsmálum, fræðslumálum og æskulýðs- og íþróttamálum fyrir árið 2001:

Tafla 2.4 Rekstrarkostnaður sveitarfélaga á íbúa í þremur málaflokkum 2001.

	Félagsmál	Fræðslumál	Æskulýðs- og íþróttamál
Norður-Hérað	17.929	121.439	4.324
Fellahreppur	55.385	109.965	8.002
Fljótdalshreppur	16.415	160.183	2.110
Austur-Hérað	45.833	100.425	12.618
Borgarfjarðarhreppur	22.760	93.767	1.013
Seyðisfjarðarkaupstaður	39.881	88.508	29.282
Mjóafjarðarhreppur	258	154.968	0
Fjarðabyggð	38.462	85.195	20.959
Búðahreppur	39.192	110.780	10.622
Fáskrúðsfjarðarhreppur	14.286	112.698	1.905
Stöðvarhreppur	33.156	106.634	12.268
Breiðdalshreppur	29.133	104.185	6.989
Meðaltal	39.337	96.695	7.215

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, 2002.

Af þessum samanburði sést að fræðslumálin kosta mun meira í sveitahreppum en þéttbýli, m.a. vegna meiri skólaaksturs og minni bekkjardeilda. Á móti eru félagsþjónusta og íþrótta- og æskulýðsmál almennt mun stærri í sniðum og víðtækari í þéttbýli.

Sveitarfélögin á Mið-Austurlandi eru sem hér segir:

Fjarðabyggð varð til árið 1998 við sameiningu þriggja sveitarfélaga, kaupstaðanna Neskaupstaðar og Eskifjarðar og Reyðarfjarðarhrepps. Byggð í sveitarfélaginu er að langmestu leyti einskorðuð við þessa þrjá þéttbýlisstaði. Þann 1. desember 2001 voru íbúarnir 3.062 og langflestir þeirra búa í þéttbýli. Þrátt fyrir fólksfækkun mörg undanfarin ár er sveitarfélagið hið fjölmennasta á Mið-Austurlandi. Sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs en opinber þjónusta er allnokkur. Vegna þess hve sjávarútvegur og fiskvinnsla er stór þáttur í atvinnulífinu eru meðaltekjur nokkuð yfir landsmeðaltali í Fjarðabyggð, eða um 12%.

Tæpur helmingur íbúanna býr í Neskaupstað eða rúmlega 1.400 manns. Staðurinn er stærsti útgerðarbærinn. Síldarvinnslan hf. (SVN) er langstærsta fyrirtækið. Þar starfa um 280 manns; á sjó, í fiskvinnslu og ýmsum þjónustugreinum tengdri starfseminni. Starfsmannafjöldi er þó dálítið breytilegur eftir árstíma. Í Neskaupstað eru Verkmenntaskóli Austurlands, vélsmiðja, netagerð, sparisjóður, útibú Landsbankans, félagsmiðstöð, hótel, stærsta sjúkrahús svæðisins, náttúrugripasafn, Lífeyrissjóður Austurlands, útibú frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, flugvöllur, íþróttahús, sundlaug og golfvöllur. Í Oddsskarði er skíðasvæði.

Eskifjörður, með 960 íbúa, er útgerðarbær með góðri höfn. Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. er langstærsta fyrirtæki staðarins með um 200 starfsmenn. Auk fiskiskipaflotans á það stórt frystihús, þar sem verkaður er bolfiskur og uppsjávarfiskur, fiskmjölsverksmiðju og ýmsar þjónustudeildir. Þar er einnig skrifstofa Eimskipafélags Íslands. Á Eskifirði eru íþróttahús, golfvöllur, sýsluskrifstofa, bankaútibú, sérfræðiþjónusta, heilsugæslustöð, Hulduhlíð sem er dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra og skrifstofa Alþýðusambands Austurlands.

Á Reyðarfirði eru um 620 íbúar og þar er nokkuð fjölbreytt atvinnulíf. Þar er góð hafnaaðstaða fyrir vöruflutninga. Útgerðin er smærri í sniðum en í nærliggjandi bæjum. Þar eru m.a. kjötvinnsla, vélsmiðja, bílaverkstæði, verkfræðistofa, Kaupþing Austurlands og útibú frá KHB og sparisjóði Norðfjarðar. Einnig er þar svæðisskrifstofa fyrir Vegagerð ríkisins og Skólaskrifstofa Austurlands.

Austur-Hérað er næst fjölmennasta sveitarfélagið á Mið-Austurlandi með um 2.030 íbúa og þar af búa rúmlega 1.600 á Egilsstöðum. Flestir starfa við þjónustu og opinbera starfsemi og þar hefur þróast mikil samgöngu- og þjónustumiðstöð Fljótsdalshéraðs og alls Mið-Austurlands. Kaupfélag Héraðsbúa er á Egilsstöðum og einnig ýmis einkaþjónusta og opinber þjónusta, þar á meðal svæðisskrifstofa Rarik, Skattstofa Austurlands, Vinnueftirlit ríkisins, Fasteignamat ríkisins, Þróunarstofa Austurlands, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Austurlandi, Svæðisvinnumiðlun Austurlands og Héraðsdómur Austurlands. Skógrækt ríkisins er með höfuðstöðvar á Egilsstöðum og einnig Ferðaskrifstofa Austurlands. Þar er m.a. flugvöllur, hótel, grunnskóli, sundlaug, íþróttahús, heilsugæslustöð, dvalarheimili aldraðra, sjúkrahús, bankaútibú, Búnaðarsamband Austurlands, lista- og handverksfyrirtæki, verkfræðistofur, endurskoðendur, lögfræðingar, arkitektastofa, fasteignasalar, hárgreiðslustofur, ljósmyndaþjónusta og bíó. Þá eru nokkrar verslanir með fjölbreytt vöruúrval. Meðaltekjur í sveitarfélaginu eru 5% yfir landsmeðaltali og skuldastaða svipuð og gerist hjá sveitarfélögum af þessari stærð.

Á **Seyðisfirði** búa rúmlega 770 íbúar. Þetta er að mörgu leyti dæmigerður útgerðarbær þar sem nálægt þriðjungur íbúanna starfar við fiskveiðar- og vinnslu. Helstu fyrirtæki staðarins eru SR-mjöl, útgerðarfélagið Gullberg og frystihús í eigu Skagstrendings hf. Á Seyðisfirði er heilsugæsla, sjúkrahús og sýsluskrifstofa. Nefna ber þá sérstöðu að Seyðisfjörður er annar fjölfarnasti viðkomustaður ferðalanga að og frá landinu vegna aðstöðu ferjunnar Norrænu í bænum. Árið 2000 voru farþegar með henni um 7.000, þar af um 1.500 Íslendingar. Ferjan flutti sama ár um 2.000 ökutæki, þar af 380 íslensk. Meðaltekjur íbúanna eru 13% yfir lands-

meðaltali. Tekjur og gjöld eru í meðallagi og skuldastaða svipuð og gerist hjá sveitarfélögum af þessari stærð.

Í **Fellahreppi** eru tæplega 460 íbúar, þar af um 380 í Fellabæ. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er mjög svipað því sem er á Austur-Héraði, það er á sviði þjónustu og opinberrar starfsemi. Meðaltekjur eru um 7% yfir landsmeðaltali. Tekjur og útgjöld eru svipuð og í sambærilegum sveitarfélögum.

Á **Norður-Héraði** eru liðlega 300 íbúar en sveitarfélagið varð til við sameiningu þriggja sveitahreppa, þ.e. á Jökuldal, Jökulsárhlíð og Hróarstungu. Aðalatvinnugreinin er landbúnaður. Tekjur eru lágar í sveitarfélaginu en vegna hárra framlaga úr Jöfnunarsjóði er tekjustaða sveitarfélagsins þó góð. Stíflumannvirki Kárahnjúkavirkjunar verða staðsett í sveitarfélaginu.

Í **Fljótsdalshreppi** eru um 80 íbúar. Landbúnaður er aðalatvinnugreinin. Tekjur eru lágar eða nálægt 50% undir landsmeðaltali. Rekstur sveitarfélagsins er þó ekki þungur, að undanskildum fræðslumálum eins og sjá má í framangreindri töflu. Stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar verður staðsett í sveitarfélaginu.

Í **Búðahreppi** (Fáskrúðsfirði) eru um 570 íbúar. Útgerð og fiskvinnsla er undirstaða atvinnulífs. Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar er langstærsti atvinnurekandi bæjarins. Þar eru m.a. banki, íþróttahús, sundlaug, dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða, heilsugæsla, bifreiðaverkstæði, hótel, vélsmiðjur, trésmíðaverkstæði, netaverkstæði og lítill flugvöllur. Rekstur sveitarfélagsins hefur verið nokkuð þungur m.a. vegna félagslegra íbúða sem margar standa auðar.

Stöðvarhreppur og Breiðdalshreppur eru litlir útgerðarstaðir á sunnanverðu svæðinu. Á fyrrnefnda staðnum búa um 260 manns og á þeim síðarnefnda um 190 manns. Skatttekjur eru nálægt meðaltali sveitarfélaga af sambærilegri stærð og hið sama á við um skuldir.

Að síðustu ber að geta þriggja lítilla sveitarfélaga en það eru **Borgarfjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Mjóafjarðarhreppur.** Í þessum sveitarfélögum eru íbúar um 150, 65 og 30, talið í sömu röð. Á Borgarfirði eystri er útgerð og fiskvinnsla undirstaða atvinnulífs. Skatttekjur eru svipaðar og í sveitarfélögum af sambærilegri stærð og eru skuldir nálægt meðaltali. Í Fáskrúðsfjarðarhreppi og Mjóafirði byggir atvinna á samblandi af landbúnaði og sjávarútvegi, auk fiskeldis í Mjóafirði. Skatttekjur og skuldir eru nálægt meðaltali í fyrrnefnda sveitarfélaginu en í því síðarnefnda eru tekjur svolítið undir meðaltali en skuldir mjög litlar, langt undir meðaltali sveitarfélaga með færri en 300 íbúa.

Langstærsta samfellda sveitahéraðið á Mið-Austurlandi er Fljótsdalshérað. Þar búa um 900 manns í strjálbýli utan Egilsstaða og Fellabæjar.

Á Austurlandi utan Mið-Austurlands eru fjórir þéttbýlisstaðir: Hornafjörður, Djúpivogur, Vopnafjörður og Bakkafjörður. Hornafjörður er langstærstur þeirra.

4.1.6 HÚSNÆÐISMÁL

Alls eru um 4.700 íbúðir á Austurlandi, þar af um 3.190 á Mið-Austurlandi. Í Fáskrúðsfirði, Fjarðabyggð, Austur-Héraði og Fellahreppi eru um 2.400 íbúðir. Þetta eru þau sveitarfélög þar sem búast má við að áhrifa gæti mest á húsnæðismarkaði við tilkomu álvers á Reyðarfirði. Fasteignaverð hefur verið lágt á svæðinu og lítil hreyfing á fasteignamarkaði, nema helst á Egilsstöðum. Samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins er markaðsverð húsa á Mið-Austurlandi á milli helmingur og 2/3 markaðsverðs í Reykjavík, eftir staðsetningu og húsgerð.

Heildarflatarmál húsnæðis á Mið-Austurlandi var liðlega 720.000 fermetrar 2002. Íbúðarhúsnæði er tæplega 400 þúsund fermetrar og atvinnuhúsnæði um 325 þúsund fermetrar, þ.e.

án útihúsa í sveitum, sbr. nánari sundurliðun í töflu 2.5 en þar er því skipt niður í flokka eftir þeirri gerð sem Fasteignamatið notar.

Tafla 2.5 Stærð húsnæðis á Mið-Austurlandi 2002.

Gerð húsnæðis	Heildarstærð í fermetrum
Íbúðarhúsnæði	**399.816**
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	47.594
Iðnaðarhúsnæði	126.448
Vörugeymslur	33.721
Sérhæft húsnæði, þar af:	117.106
-heilbrigðisstofnanir	13.250
-leikskólar	3.268
-grunnskólar	18.803
-framhaldsskólar	5.326
-íþróttamannvirki	12.880
Samtals	**324.869**
Alls:	**724.685**

Heimild: Fasteignamat ríkisins, 2002.

Samkvæmt fasteignaskrá eru um 40 íbúðir í byggingu á Mið-Austurlandi, flestar á Austur-Héraði og í Fjarðabyggð.

Í töflu 2.6. er íbúðarhúsnæði flokkað eftir aldri en ekkert liggur fyrir um ástand húsnæðis eða viðhaldsþörf.

Tafla 2.6 Aldur íbúðarhúsnæðis á Mið-Austurlandi.

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
01–10 ára	194	6,1%
11–20 ára	453	14,2%
20–30 ára	880	27,6%
30 + ára	1.663	52,1%

Heimild: Fasteignamat ríkisins, 2002.

Eins og framangreindar tölur bera með sér var mikið byggt á áttunda áratugnum. Mikil uppbygging stóð þá yfir í sjávarútvegi og um mitt þetta tímabil flutti fleira fólk til landsbyggðarinnar en frá henni. Yfir 52% íbúðarhúsnæðis á Mið-Austurlandi er yfir 30 ára gamalt.

Meðalstærð íbúða á Mið-Austurlandi er um 125 fermetrar, að frátöldum bílskúrum, og meðalfjöldi íbúa á íbúð er 2,53. Til samanburðar eru í Reykjavík 2,6 íbúar á íbúð og á landinu öllu 2,7.

Á Austurlandi öllu eru um 500 félagslegar íbúðir. Á hluta íbúðanna hvílir kaupskylda viðkomandi sveitarfélags og það hefur orðið sumum þeirra nokkuð erfitt.

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa á undanförnum árum innleyst meira en 100 félagslegar íbúðir sem þau geta ekki selt aftur vegna þess hve kostnaðarverð þeirra er hátt. Það hefur tekist að leigja út flestar íbúðirnar í Fjarðabyggð og Austur-Héraði, en ekki nema hluta þeirra á Fáskrúðsfirði og fá með því leigutekjur til að greiða af veðlánunum. Þrátt fyrir þetta mikla framboð af leiguhúsnæði er erfitt að fá íbúð til leigu á Egilsstöðum og í Fjarðabyggð.

2.1.7 ÞJÓNUSTA OG GRUNNGERÐ

Ríkisvaldið ber ábyrgð á vissum þáttum í opinberri þjónustu á Austurlandi. Má þar nefna sýslumenn, lögreglu, héraðsdóm, heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar, vinnumiðlun, rekstur framhaldsskóla, þjónustu við fatlaða, fasteignamat, skattamál, skipaskoðun, vinnueftirlit og rekstur flugvalla og þjóðvega.

Á vegum sveitarfélaga er einnig fjölþætt þjónusta við íbúana og ber fræðslumálin þar hæst eftir að rekstur grunnskóla var fluttur til þeirra frá ríkinu.

Skólar

Á skólaárinu 2002–2003 eru 13 grunnskólar á Mið-Austurlandi með tæplega 1.300 nemendur. Flestir skólanna eru fyrir 1.–10. bekk eins og fram kemur í töflu 2.7.

Tafla 2.7 Nemendafjöldi 2002–2003 samkvæmt haustskýrslum.

	1.bk.	*2.bk.*	*3.bk.*	*4.bk.*	*5.bk*	*6.bk.*	*7.bk.*	*8.bk.*	*9.bk.*	*10.bk.*	*Alls:*
Seyðisfjarðarskóli	13	6	11	18	8	12	8	8	22	11	117
Nesskóli	21	31	23	12	10	23	21	33	31	20	225
Grunnskólinn á Eskifirði	23	10	16	16	18	12	12	14	14	19	154
Brúarásskóli	2	2	0	2	5	2	7	8	5	6	39
Fellaskóli	12	9	9	9	11	10	10	9	7	11	97
Grunnskóli Borgarfjarðar	1	1	1	0	0	2	3	0	7	5	20
Hallormsstaðaskóli	6	5	3	4	4	5	9	7	5	6	54
Egilsstaðaskóli/Barnask. Eiðum	27	30	27	37	30	34	25	29	32	21	292
Grunnskólinn í Mjóafjarðarhreppi	1	0	0	0	0	0	1	2	0	0	4
Grunnskóli Reyðarfjarðar	11	12	6	10	15	9	12	12	6	8	101
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	8	11	8	14	7	14	3	16	9	9	99
Grunnskólinn á Stöðvarfirði	5	5	2	8	3	9	1	5	3	6	47
Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	7	8	3	4	1	8	3	2	6	5	47
Samtals:	**137**	**130**	**109**	**134**	**112**	**140**	**115**	**145**	**147**	**127**	**1296**

Heimild: Skólaskrifstofa Austurlands, 2002.

Samstarf er á milli nokkurra sveitarfélaga um sameiginlegan rekstur grunnskóla, t.d. milli Fljótsdalshrepps og Austur-Héraðs og milli Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps. Sumir skólarnir eru vannýttir vegna fámennra bekkjardeilda. Mismunur í stærð árganga veldur oft óhagræði í skipulagi skólastarfs. Unnið hefur verið að stækkun nokkurra skóla á Mið-Austurlandi, m.a. vegna markmiða um samfelldan skóladag og einsetningu skóla.

Hægt er að fjölga skólabörnum töluvert á Austur-Héraði og í Fellabæ án þess að stækka núverandi rými grunnskólanna. Ef til fjölgunar íbúa kemur þarf að stækka grunnskólann á Reyðarfirði. Verið er að ljúka framkvæmdum við grunnskólana á Eskifirði og í Neskaupstað. Að þeim loknum verða þeir rúmgóðir og geta tekið við fleiri nemendum.

Samkvæmt rannsókn á orsökum búferlaflutninga sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir Byggðastofnun og kom út 1997 lýstu 94% aðspurðra í Neskaupstað, á Eskifirði og Reyðarfirði yfir ánægju með þjónustu grunnskólans í sveitarfélaginu. Þetta var næsthæsta niðurstaðan fyrir landið allt.

Yfirleitt eru engir biðlistar eftir leikskólaplássi á Mið-Austurlandi nema í Neskaupstað og hægt er að taka við fleiri börnum án nokkurra vandræða.

Á Egilsstöðum eru tveir leikskólar undir sameiginlegri stjórn og eru þeir fullnýttir. Á Hallormsstað er leikskóli með einni deild. Hann er ekki alveg fullnýttur. Á Eiðum er góð aðstaða fyrir 20 börn en hún er ekki í notkun sem stendur

Í Fellabæ er tveggja deilda leikskóli. Þar er enginn biðlisti og nokkur pláss laus.

Á Seyðisfirði er tveggja deilda leikskóli sem er fullnýttur.

Í Fjarðabyggð eru nokkrir leikskólar. Í Neskaupstað er þriggja deilda leikskóli. Þar er nokkur biðlisti og þarf að byggja eina deild til að mæta núverandi þörf. Á Eskifirði er nýr þriggja deilda leikskóli. Biðlisti er enginn og eru nokkur pláss laus. Á Reyðarfirði er tveggja deilda leikskóli og hann er u.þ.b. fullsetinn en engir biðlistar. Gert hefur verið ráð fyrir því að auðvelt sé að byggja við hann þriðju deildina.

Í Búðahreppi er tveggja deilda skóli og laus pláss.

Ef fólki fjölgar á svæðinu þarf að hefja byggingu nýs leikskóla á Egilsstöðum og stækka leikskólann á Reyðarfirði. Svæðið er annars vel í stakk búið til að taka á móti barnafjölskyldum hvað þetta varðar.

Framhaldsnám er í boði hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum og Verkmenntaskólanum í Neskaupstað. Auk þess er hússtjórnarskóli á Hallormsstað. Í Menntaskólanum á Egilsstöðum eru um 300 nemendur í reglulegu námi, nokkrir tugir nemenda utanskóla og nokkur fjöldi í kvöldskóla. Í skólanum er heimavist fyrir um 120 nemendur. Í boði eru þrjár brautir til stúdentsprófs, þ.e. málabraut, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut. Um helmingur nemenda á Mið-Austurlandi sem lýkur 10. bekk hefur nám við Menntaskólann á Egilsstöðum. Nokkrir nemendur skipta um skóla eftir 1–2 ár og fara í verkmenntaskóla eða fjölbrautaskóla þar sem þeir finna nám við sitt hæfi.

Verkmenntaskólinn í Neskaupstað er skipulagður svipað og fjölbrautaskóli. Í boði er margvíslegt iðn- og tækninám, auk bóknáms. Heildarnemendafjöldi er tæplega 200. Nemendur í bóknámi eru aðallega frá Neskaupstað en nemendur í iðn- og tæknínámi koma víðs vegar af svæðinu. Margvísleg fullorðinsfræðsla er í boði hjá skólanum, til dæmis stutt hagnýt námskeið. Við skólann er rúmgóð heimavist og aðstaða til íþrótta er í íþróttahúsi bæjarins. Kennsla í grunndeildum málmiðna, tréiðna og rafiðna fer fram í nýju verkkennsluhúsi og tekur eitt ár. Framhaldsdeildir iðnnáms eru í vélsmíði, rennismíði, húsasmíði og rafvirkjun þegar nemendafjöldi leyfir. Námið tekur 3–4 ár eftir iðngreinum. Tvær stúdentsbrautir eru kenndar við skólann, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut. Nám á sjávarútvegsbraut tekur tvö ár og haustið 1998 hófst nám í vélstjórn 1. stigs. Iðnmeistaranám hófst haustið 1997 við skólann og eru nemendur alls staðar að frá Austurlandi. Skólinn hefur lengi sinnt fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Farskólinn á Austurlandi hefur þessa starfsemi með höndum.

Fræðslunet Austurlands var stofnað haustið 1998. Það er samstarfsvettvangur margra skólastofnana, sveitarfélaga og atvinnulífs. Það er tengiliður á milli þeirra aðila sem nú sinna formlegri háskólakennslu og þeirra sem bjóða upp á símenntunarnám annars vegar og hins

vegar einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á Austurlandi. Fræðslunetið kynnir, miðlar og skipuleggur nám eða þau námskeið sem einstaklingar og fyrirtæki á svæðinu óska eftir, m.a. á háskólastigi.

Félagsþjónusta

Sveitarfélög bera ábyrgð á félagsþjónustu fyrir einstaklinga og fjölskyldur, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þau eru einnig ábyrg fyrir þjónustu við aldraða og að nokkru leyti félagslegum húsnæðismálum og þjónustu við fatlaða hvað varðar almenna félagsþjónustu. Greiðslur almannatrygginga, þar með taldar atvinnuleysisbætur og elli- og örorkulífeyrir svo og sjúkratryggingar og skipulag heilbrigðisþjónustu eru á ábyrgð ríkisins. Ríkið rekur einnig sérstaka félagsþjónustu við fatlaða hvað varðar búsetu, atvinnu, dagþjónustu, ráðgjöf og ýmis konar stuðningsþjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra.

Meginreglan er sú að ríkið ber ábyrgð á stuðningsaðgerðum við hópa, en sveitarfélögin bera ábyrgð á þjónustu við einstaklinga sem þurfa ýmiskonar stuðning og aðstoða til dæmis einstæða foreldra, langveika, lágtekjufólk, öryrkja, aldraða og vímuefnaneytendur. Stærstu sveitarfélögin á Mið-Austurlandi hafa félagsmálanefndir og fagmenntað fólk að störfum. Félagsþjónusta sveitarfélaga hefur byggst upp á undanförnum árum og er nauðsynlegt að hún haldi áfram að þróast og eflast í samræmi við fjölgun íbúa.

Almannavarnir og öryggismál

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi starfrækja annaðhvort eigið slökkvilið eða eru þátttakendur í byggðasamlögum um slökkvilið. Sjúkraflutningar eru á ábyrgð heilsugæslustöðvanna. Sýslumenn á svæðinu eru á Seyðisfirði og Eskifirði en þeir bera ábyrgð á lögreglu og starfi almannavarnanefnda. Björgunarsveitir eru öflugar á svæðinu.

Tómstundir og útivist

Á flestum þéttbýlisstöðum á Mið-Austurlandi eru félagsheimili, íþróttavellir, íþróttahús og sundlaug. Þá er góð aðstaða til skíðaiðkana í Oddsskarði og í Stafdal við Seyðisfjörð. Aðstaða til hvers kyns útivistar er góð. Má þar nefna fjallgöngur, veiði í ám og vötnum, skotveiði, hestamennsku og golf. Golfvellir eru m.a. í Fellabæ, á Eskifirði og í Neskaupstað.

Heilbrigðisþjónusta

Starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Austurlands er frá Bakkafirði til Djúpavogs, eða báðar Múlasýslurnar, og er skrifstofa hennar á Eskifirði. Heilsugæslustöðvar eru á öllum þéttbýlisstöðunum en læknar eru ekki búsettir á Bakkafirði, Borgarfirði eystra, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Hjá stofnuninni starfa 14 læknar. Þrjár af heilsugæslustöðvunum eru í starfstengslum við sjúkrahús, þ.e. á Seyðisfirði, í Neskaupstað og á Egilsstöðum.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað er eina sjúkrahúsið á svæðinu þar sem skurðstofa er starfrækt. Þar eru rúmlega 30 rúm, að meðtalinni hjúkrunardeild. Á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum eru 6 sjúkrarúm og 24 langlegurúm. Á Seyðisfirði eru 4 sjúkrarúm, 8 rúm á heilabilunardeild og 8 hjúkrunarrými. Í Neskaupstað er fæðingadeild. Á Eskifirði er hjúkrunarheimilið Hulduhlíð með um 20 rúmum, sem er sjálfseignastofnun rekin á ábyrgð Fjarðabyggðar. Á Fáskrúðsfirði er hjúkrunarheimili með um 14 rúmum sem rekið er af sveitarfélaginu.

Heilbrigðisstofnun Austurlands ber ábyrgð á sjúkraflutningum á starfssvæði sínu.

Sorphirða og sorpeyðing

Sveitarfélögin á svæðinu frá Neskaupstað til Stöðvarfjarðar stofnuðu Sorpsamlag Mið-Austurlands 1995 í því skyni að sjá sameiginlega um sorphirðu og sorpeyðingu. Á vegum sorpsamlagsins starfar verktaki sem safnar heimilissorpi og öðru sorpi sem flokkað er í gáma. Sorpsamlagið er með urðunarstað við sunnanverðan Reyðarfjörð.

Annað sorpsamlag er starfandi á Fljótsdalshéraði, Sorpeyðing Austur-Héraðs og Fellahrepps bs. Norður-Hérað og Seyðisfjarðarkaupstaður kaupa urðunarþjónustu af samlaginu en verktakar sjá um sorphirðu og koma því á sorpplan á urðunarstað sem er á Tjarnarlandi í Hjaltastaðaþinghá. Landeigandi þar sér um rekstur á staðnum, förgun og alla umhirðu. Hann annast einnig sorphirðu á Egilsstöðum og í Fellabæ. Íbúar í dreifbýli í Fellahreppi, Austur-Héraði og Norður-Héraði geta komið rusli í gáma á tilteknum stöðum eða ekið með það að Tjarnarlandi. Fljótsdalshreppur kaupir urðunarþjónustu af samlaginu en verktaki sér um sorphirðu frá hverjum bæ einu sinni í viku.

Vatn og fráveita

Allir þéttbýlisstaðir á Austurlandi reka vatnsveitur en sveitarfélögin eru ábyrg fyrir starfsemi þeirra. Neytendur greiða vatnsgjald með fasteignagjöldum en mörg fyrirtæki, svo sem fiskvinnslufyrirtæki, greiða aukavatnsgjald eftir mæli. Við botn Reyðarfjarðar eru góðar vatnslindir sem gætu nýst væntanlegu álveri. Fráveitumál eru á ábyrgð hvers sveitarfélags. Skolp hefur lengst af runnið óhreinsað til sjávar og er svo enn að mestu leyti á Austurlandi. Umhverfisráðuneytið hefur aðstoðað sveitarfélög með fjárframlögum til þess að koma fráveitumálum í betra horf. Auk þess innheimta þau holræsagjald með fasteignagjöldum.

Hafnir

Hafnir eru á öllum þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna á Austurlandi og eru starfræktar af sveitarfélögunum. Rekstur hafnanna er á ábyrgð sveitarfélaganna en fjármögnun framkvæmda er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Á Seyðisfirði er ferjuhöfn og á Reyðarfirði er vöruflutningahöfn með góðum gámastæðum.

Aðalútskipunarhöfn Eimskips á Austurlandi er á Eskifirði. Þaðan voru flutt rúmlega 60 þúsund tonn af fiskafurðum, lýsi og fiskimjöli árið 2000 og um 9.400 tonn af öðrum vörum. Við sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar í eitt sveitarfélag varð til einn öflugur hafnarsjóður sem getur veitt góða þjónustu og er nægilega öflugur til að byggja og reka hafnarmannvirki við álver í Reyðarfirði.

Í töflum 2.8 og 2.9 eru sýndir vöruflutningar frá og að fjórum höfnum á Mið-Austurlandi.

Tafla 2.8 Vöruflutningar frá eftirtöldum höfnum 2000.

	Vikur, salt, sement o.fl.	Lýsi og fiskimjöl	Fiskafurðir	Aðrar vörur	Samtals
Seyðisfjörður		32.049	1.712	113	33.874
Neskaupstaður		35.256	10.357	398	46.011
Eskifjörður		33.663	27.372	9.385	70.420
Reyðarfjörður	324	4.675	1.478	369	6.846

Heimild: Landshagir 2001.

Tafla 2.9 Vöruflutningar til eftirtalinna hafna 2000.

	Brennsluolíur og bensín	Vikur,salt, sement o.fl.	Aðrar vörur	Samtals
Seyðisfjörður	13.517	81	325	13.923
Neskaupstaður	12.259	1.446	24	13.729
Eskifjörður	13.403		20.279	33.682
Reyðarfjörður	13.778	7.631	3.057	24.466

Heimild: Landshagir 2001.

Markmið með fyrirhugaðri byggingu hafnarmannvirkja við Hraun í Reyðarfirði er að skapa góðar aðstæður til uppskipunar á hráefni og vörum fyrir fyrirhugað álver og útskipunar á fullunnum afurðum frá því. Ennfremur er það markmið Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar að mannvirkið geti að nokkru leyti þjónað þeirri starfsemi sem nú þegar er til staðar í nágrenni svæðisins og annarri atvinnuuppbyggingu í komandi framtíð. Með gerð mannvirkisins aukast möguleikar á að taka á móti stærri skipum með vöru til og frá Austurlandi vegna lengri viðlegukants og meira viðlegudýpis en er við aðrar hafnir á Mið-Austurlandi.

Iðnaðarlóðin og hafnarmannvirkið eru í um 5 km fjarlægð frá þéttbýlinu í Reyðarfirði. Lóðin er á landi tveggja jarða, Sómastaðagerðis og Hrauns. Til einföldunar er iðnaðarlóðin í þessu verkefni kennd við Hraun. Fyrirhugað iðnaðarsvæði við Hraun, sem er í eigu ríkisins, hefur um langt skeið verið skipulagt fyrir iðnað. Deiliskipulag iðnaðarsvæðis fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað að Hrauni hefur verið samþykkt. Jafnframt er búið að samþykkja aðalskipulag Reyðarfjarðar 1990–2010, þar er gert ráð fyrir um 120 ha iðnaðarsvæði við Hraun. Reyðarfjörður er um 1,5 km breiður þar sem höfnin verður staðsett, þ.e. á Mjóeyri sem er flöt eyri sem gengur um 100 m út í fjörðinn.

Hafnarmannvirkið verður byggt í einni samfelldri framkvæmd. Áætlað er að 380 m langur viðlegukantur verði byggður með allt að 14,3 m viðlegudýpi til austurs frá Mjóeyri. Stærð þess svæðis er fer undir hafnarmannvirkin verður um 11 ha.

Núverandi sjávardýpi við viðlegukantinn er frá um 2 m dýpi að um 14 m. Grynnst er svæðið við Mjóeyri en dýpkar fjær eyrinni til austurs og vesturs. Til að ná um 14,3 m viðlegudýpi við kantinn er áætlað að dæla upp seti af sjávarbotni til fyllingar og í bakland.

Áætlað heildarmagn fylliefnis til fyrirhugaðrar hafnargerðar er um 225 þús. m^3. Mestur hluti þess efnis fellur til vegna nauðsynlegrar dýpkunar og bergskeringa. Einnig verður fengið efni með vinnslu í grjótnámi á hafnarlóð og úr áreyrum Sléttuár.

Áætlað er að það þurfi samtals um 4.000 m^3 af steypu og er gert ráð fyrir á þessu stigi að efni verði fengið úr eyrum Jökulsár á Dal um 70 km frá Reyðarfirði.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við höfn og álver hefjist haustið 2003. Áætlað er að hafnarmannvirkin verði byggð á um 20 mánuðum. Mest verður unnið yfir sumartímann og þá verða starfsmenn er vinna við framkvæmdirnar flestir. Þá er áætlað er að þeir verði um 35. Þeim fækkar síðan yfir veturinn og má jafnvel búast við að framkvæmdir liggi niðri yfir háveturinn. Mögulegt er að vinnubúðir verði samnýttar með starfsmönnum er standa að byggingu álvers. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að þær verði á Mjóeyri innan fyrirhugaðrar hafnarlóðar.

Kostnaður við hafnargerðina er áætlaður um 1 milljarður króna.

Flugvellir

Varaflugvöllur fyrir millilandaflug er á Egilsstöðum. Brautin er 2.000 metra löng og 45 metra breið og öll nútíma leiðsögutæki til staðar. Hins vegar er hvorki flugskýli fyrir flugvélar sem koma þangað í heimsókn né aðstæður til viðgerða á flugvélum. Tollafgreiðsla er á Egilsstaðaflugvelli. Þá eru flugbrautir í Neskaupstað, á Fáskrúðsfirði, Breiðdalsvík og Borgarfirði eystra.

Árið 2000 fóru rúmlega 73 þúsund farþegar um Egilsstaðaflugvöll en til samanburðar fóru um 191 þúsund farþegar um Akureyrarflugvöll og nálægt 441 þúsund farþegar um Reykjavíkurflugvöll.

Sumarið 2002 hóf þýska flugfélagið LTU vikulegt áætlunarflug milli Egilsstaða og Þýskalands. Áætlunarflugið mun halda áfram næstkomandi sumar.

Vegir

Vegagerðin starfrækir svæðisskrifstofu á Reyðarfirði. Flestir vegir sem tengja saman þéttbýlisstaði á Mið-Austurlandi eru nú með varanlegu slitlagi, nema stuttir kaflar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Snjór er hreinsaður af vegum milli þéttbýlisstaðanna á hverjum morgni yfir vetrartímann ef þörf krefur og veður leyfir. Reynslan sýnir að fjallvegir á milli þéttbýlisstaða á Mið-Austurlandi teppast aðeins örfáa daga á ári og sum árin alls ekki. Þjónustan hefur batnað mjög mikið á síðustu árum og virðist vera auðvelt með daglegri hreinsun að halda vegum opnum. Ef fjallvegir lokast er yfirleitt ekki ferðaveður á láglendi heldur.

Orka

Á Mið-Austurlandi er rafmagn notað að mestu leyti sem orkugjafi við húshitun, nema á Egilsstöðum og Fellabæ, en þar er hitaveita. Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) þjóna öllu svæðinu með rafmagn, nema á Reyðarfirði, en þar er rafveita í eigu sveitarfélagsins. RARIK kaupir rafmagnið af Landsvirkjun við Hryggstekk í Skriðdal. Þaðan liggur 132 kV lína að Eyvindará. Frá Eyvindará er 66 kV lína til Seyðisfjarðar og 66 kV lína til Eskifjarðar. Þá liggur 66 kV lína beint frá Hryggstekk að Stuðlum í Reyðarfirði en þaðan liggur 66 kV lína til Fáskrúðsfjarðar og 66 kV lína til Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Öllum þéttbýlisstöðum á svæðinu er því þjónað með 66 kV línu, með varaafli frá annarri línu eða dieselstöð.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga tvær virkjanir á svæðinu, Lagarfossvirkjun sem er 7,5 MW og Grímsárvirkjun 2,5 MW. Orkan frá þeim er flutt um rafmagnslínur að Eyvindará. Rafmagnskerfið á svæðinu hefur nægа afkastagetu til að geta tekið við aukningu þess íbúafjölda sem fylgja mun álveri. Nú eru um 20% viðskiptavina RARIK á Austurlandi.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu RARIK á Egilsstöðum hefur verið hægur stígandi í notkun raforku á Austurlandi eins og fram kemur í töflu 2.10.

Tafla 2.10 Smásala raforku á Austurlandi 1995–2001.

Ár	GWh
2001	205
2000	200
1999	201
1998	195
1997	197
1996	182
1995	178

Heimild: Rafmagnsveitur ríkisins, 2002.

Mikil sala 1997 er vegna mikillar loðnufrystingar það ár. Ef litið er lengra til baka eru nokkrar sveiflur milli ára en þróunin hefur í stórum dráttum verið eins og fram kemur í töflunni. Aukning frá 1995 til 2001 er um 15% en síðan 1990 hefur raforkusala aukist um 29%, þ.e. árleg meðal aukning er svipuð hvort árabilið sem er valið.

Fjarskipti

Fjarskiptakerfi á Mið-Austurlandi er í góðu lagi, hvort heldur er útvarp, sjónvarp eða símkerfi. Ljósleiðari hefur verið lagður í kringum landið sem veitir mikið öryggi á svæðinu. Á myndum 2.6–2.9 er með myndrænum hætti sýnt hvernig ýmsum þáttum fjarskiptamála er háttað. Miklar framfarir hafa átt sér stað á þessu sviði og ástandið á landsbyggðinni hefur batnað verulega síðastliðin ár. Það á bæði við um tæknilega og fjárhagslega þætti.

Egilsstaðir og Fjarðabyggð eru í sambandi við ljósleiðara eins og mynd 2.5 sýnir og hann liggur milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar skammt fyrir ofan þá lóð sem fyrirhuguð er undir álver. Engin vandkvæði eru á að tengjast honum og þar með yrði til staðar öflug leið til gagnaflutninga og fjarskipta.

Mynd 2.5 Ljósleiðari og örbylgjusambönd.



Eins og fram kemur á mynd 2.6 er gott GSM samband á þéttbýli á Mið-Austurlandi. Það dettur þó út á milli staða, einkum á fjallvegum og ekki er reiknað með að úr því verði bætt á allra næstu árum.

Mynd 2.6.



Mynd 2.7 sýnir útbreiðslu senda fyrir NMT kerfið. Það virkar nokkuð vel á öllu Mið-Austurlandi og hið sama má segja um mestan hluta hringvegarins. Nýlega var bætt við stöðvum við hina nýju Hárekssstaðaleið sem nú er hluti af þjóðvegi 1 milli Jökuldals og Mývatnssveitar. Jafnan eru þó einhverjir blettir þar sem samband er slæmt eða dettur alveg út.

Samband á að vera nokkuð gott frá Mið-Austurlandi með suðurströndinni allt til Reykjavíkur með sömu undantekningum og á leiðinni um Norðurland.

Mynd 2.7.



Mynd 2.8.

ATM/Frame Relay-tengipunktar

ATM-kerfi Landssímans er lokað kerfi sem getur veitt fjölþætta fjarskiptaþjónustu, t.d. flutt hljóð, myndir og gögn. Einn tengipunktur í þessu kerfi er á Reyðarfirði.

FM sendingar Ríkisútvarpsins nást allsstaðar í byggð og hið sama má segja um útsendingar Bylgjunnar. Á Eiðum er nýr 20 kW langbylgjusendir sem nær um allt Austurland og nálæg mið. Sjónvarpssendingar frá Ríkisútvarpinu, Stöð 2 og Sýn nást á öllu Austurlandi en Skjár einn næst á Egilsstöðum og Reyðarfirði.

2.1.8 LANDNÝTING OG AUÐLINDIR

Austurland býr yfir miklum náttúruauðlindum, bæði á sjó og landi. Aðeins lítill hluti landsins er nýttur fyrir byggð og mannvirki. Stærri svæði eru hins vegar nýtt til sauðfjárræktar, útivistar og ferðamennsku.

Úr Vatnajökli til norðurs falla miklar jökulár sem má nýta til raforkuframleiðslu og til orkufreks iðnaðar. Sá virkjunarkostur sem þykir hagkvæmastur er svonefnd Kárahnjúkavirkjun. Lítil sem engin ummerki eru um jarðhita í yfirborði í byggð á Austurlandi. Jarðhiti hefur verið nýttur til hitaveitu á Egilsstöðum og í Fellabæ. Jarðfræðistofan Stapi hefur nýlega leitað að jarðhita með því að kanna hitastigul í grunnum borholum í nánd við þéttbýlisstaði á Austfjörðum. Niðurstöðurnar lofa góðu um mögulega nýtingu jarðhita á nokkrum stöðum. Afgerandi jákvæð frávik með yfir 100° C/km hitastigul hafa fundist skammt innan við Sléttu í Reyðarfirði, milli Borgarholts og Eskifjarðarsels í Eskifirði, skammt innan við eyðibýlið Fannardal í Norðfirði og á tveimur stöðum við Brimnes og Dali í Fáskrúðsfirði.

Fiskimið eru góð úti fyrir Austurlandi og byggir öflugur sjávarútvegur þar á nýtingu þeirra Styrkur Austurlands liggur í nálægð við góð mið fyrir uppsjávarfiska, þ.e. síld, loðnu og kolmunna. Einnig eru ágæt mið fyrir þorsk og aðrar tegundir botnfiskjar. Í nokkrum fjarðanna, t.d. Berufirði, Mjóafirði og Reyðarfirði eru aðstæður til fiskeldis í sjókvíum taldar góðar. Laxeldi er hafið í Mjóafirði og í Berufirði og á Reyðarfirði eru áform um að hefja laxeldi í stórum stíl. Reiknað er með að ársverk verði um 120 í Fjarðabyggð árið 2006.

Náttúrulegar aðstæður til landbúnaðar eru nokkuð góðar á afmörkuðum svæðum. Stærsta samfellda landbúnaðarsvæðið er Fljótsdalshérað, en þar er töluverð mjólkurframleiðsla. Í dölum og á afskekktari jörðum er land víða gott til sauðfjárræktar. Skógrækt er nokkur á Fljótsdalshéraði og lífrænn landbúnaður hefur skotið rótum. Austurlandsskógar eru að hefja átak í trjárækt á fjörðunum.

Austurland býr við nokkuð hagstæða veðráttu miðað við önnur svæði landsins, þar er gróðursælt og náttúrufegurð mikil. Tækifæri til útivistar og uppbyggingar ferðaþjónustu eru því fjölbreytt. Hálendið upp af Austurlandi er töluvert nýtt af ferðamönnum.

Veiðar á villtum dýrum og fuglum, svo og lax- og silungsveiði er nokkur á Austurlandi. Meðal annars má nefna veiðar á hreindýrum, gæs og rjúpum.

Samkvæmt lögunum er það hlutverk sveitarfélaga að undirbúa svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Svæðisskipulag er unnið sameiginlega af sveitarstjórnum á hverju svæði. Markmið svæðisskipulags er að samræma skipulag einstakra sveitarfélaga hvað varðar landnotkun og þróun byggðar. Hvert sveitarfélag um sig þarf að samþykkja svæðisskipulagið áður en það er staðfest af ráðherra. Sveitarfélögin á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra luku gerð sameiginlegs svæðisskipulags, sem staðfest var á árinu 2001. Það er eina svæðisskipulagið í byggð á Austurlandi. Auk þess nær svæðisskipulag miðhálendisins til nokkurra sveitarfélaga á Austurlandi. Allir þéttbýlisstaðir á Mið-Austurlandi hafa samþykkt aðalskipulag.

2.1.9 MENNING OG LÍFSHÆTTIR

Mannlíf á Austurlandi hefur mótast í tímans rás af landbúnaði og sjávarútvegi og mjög dreifðri byggð. Samfélagið þar hefur einnig lagað sig vel að erlendum áhrifum og miklum sveiflum í atvinnulífinu. Nefna má fjölda erlendra hermanna í síðari heimsstyrjöldinni, m.a. á Reyðarfirði og áhrif franskra sjómanna á Fáskrúðsfirði á skútuöld. Seint á 19. öld og fram á 20. öld voru norsk áhrif á Austurlandi mjög sterk. Þeir starfræktu nokkrar hvalveiðistöðvar og voru í forystu við uppbyggingu síldveiða í fjörðungnum. Þá má benda á mikinn fjölda aðkomufólks á Austfjörðum vegna síldveiða á síðari hluta 7. áratugarins. Á síðustu árum hefur nokkuð af fólki sem er af erlendu bergi brotið sest að á Austfjörðum og hefur það einkum starfað við fiskvinnslu.

Félags- og menningarlíf er fjölbreytt á Austfjörðum og mörg félög starfandi. Það á bæði við um leikfélög, kóra, starfsemi óperu og fjölþætt ungmenna- og æskulýðsstarf. Félagsheimili eru í langflestum sveitarfélögum sem nýtast til margháttaðrar menningarstarfsemi. Íþróttaiðkun er í miklum blóma og er aðstaða víða góð innan húss. Á Egilsstöðum er nú lokið uppbyggingu eins besta íþróttasvæðis á landinu utan húss. Tónlistarlíf stendur einnig með miklum blóma á Austurlandi. Þá er töluvert af góðu handverksfólki á svæðinu.

Söfn eru víða á Austurlandi. Almenningsbókasöfn eru í nær öllum sveitarfélögum í fjórðungnum. Héraðsskjalasöfn eru á Egilsstöðum, Norðfirði og Hornafirði. Einnig eru fjölbreytt söfn á nokkrum stöðum t.d. Minjasafnið á Burstafelli í Vopnafirði, Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum, Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði, Náttúrugripasafnið í Neskaupstað, Sjóminjasafnið á Eskifirði, Stríðsárasafn Íslands, Reyðarfirði, steinasafn Petru á Stöðvarfirði, Nönnusafn í Berufirði, safn Ríkarðs Jónssonar, Langabúð á Djúpavogi, Sýslusafnið á Höfn og Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu en innan þess eru reknar nokkrar deildir.

Minjavörður er á Egilsstöðum og starfssvæðið er allt kjördæmið. Mikið er af friðlýstum húsum á Austurlandi og nokkuð um skráðar fornminjar.

Menningarlíf hefur eflst mikið á Austurlandi undanfarin ár. Ríkið og sveitarfélög á Austurlandi gerðu með sér samning í maí 2001 um samstarf í menningarmálum. Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Austurlandi og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga við það í einn farveg. Á samningstímanum sem er til ársloka 2004 verður unnið að þátttöku ríkissjóðs í uppbyggingu fjögurra menningarmiðstöðva á Austurlandi. Menningarráð Austurlands er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og hefur m.a. það hlutverk að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og úthluta fjármagni til menningarnefnda.

3. FRAMTÍÐARSÝN ÁN VERKEFNISINS

Flest bendir til þess að ef ekkert verður af álvers- og virkjanaframkvæmdum muni fólk halda áfram að flytja frá Austurlandi á næstu árum í svipuðum mæli og s.l. 10 ár og stöðnun eða samdráttur vera áfram á vinnumarkaði. Samdráttur mun líklega halda áfram í landbúnaði og sveiflur verða í framboði atvinnu við sjómennsku og fiskvinnu.

Samt sem áður eru nokkur ný tækifæri til uppbyggingar atvinnulífs á Austurlandi í sjónmáli. Það er vinsælt meðal ferðamanna að sækja fjörðunginn heim og skammt er í að lokið verði gerð vegar með bundnu slitlagi, sem opinn er allt árið, milli Austurlands og Akureyrar. Ný og stærri ferja kemur í stað Norrænu í mars 2003 og mun hún þjóna áfram ferjuleiðinni milli Seyðisfjarðar, Færeyja, Noregs og Danmerkur. Þetta mun hvoru tveggja styrkja ferðaþjónustu á Austurlandi. Vandinn er hins vegar sá að mjög erfitt er að byggja á ferðamannaþjónustu nema hluta úr árinu. Þessi atvinnugrein er mjög árstíðabundin og almennt eru laun í henni lág og arðsemi fyrirtækja lítil.

Nokkur fyrirtæki eru með áform um uppbyggingu laxeldis í sjókvíum á Austurlandi og er það nú hafið í Mjóafirði og er á undirbúningsstigi í Reyðarfirði og Berufirði. Einnig eru fleiri aðilar með áform um laxeldi í fjörðunum á Austurlandi. Uppbygging þessarar nýju atvinnugreinar á Austurlandi er mjög áhugaverð og fellur vel að þeirri atvinnustarfsemi og grunngerð sem fyrir er á svæðinu.

Þá er þorskeldi í örri þróun við Norður Atlantshaf, þ.e. með seiðaeldisstöðum á landi og matfiskeldi í sjókvíum. Í þorskeldi og jafnvel eldi fleiri tegunda, kunna að felast áhugaverð tækifæri fyrir Austfirðinga á komandi árum.

Þessi vaxtarfæri sem hér hafa verið nefnd eru ekki stór í sniðum, að laxeldinu undanskildu, og nokkurri óvissu háð. Ef þau heppnast munu þau vart gera meira en að vega upp á móti þeim samdrætti sem orðinn hefur í atvinnu í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði.

Fólksfækkun leiðir gjarnan til samdráttar í þjónustugreinum og kemur það m.a. fram gagnvart íbúunum í lokun verslana, bankaútibúa, pósthúsa o.s.frv., auk þess sem skólakerfið og heilbrigðisþjónustan eru endurskipulögð þannig að þjónustan er skert í byggðarlaginu. Samdrátturinn leiðir einnig til þess að meðalaldur íbúanna hækkar og ungt fólk flytur á brott. Með hækkandi meðalaldri lækka tekjur sveitarfélagsins sem leiðir til enn frekari samdráttar í þjónustu. Samfelld niðursveifla hefur neikvæð áhrif á samfélagið, byggðirnar missa fólk með forystuhæfileika, andrúmsloftið í byggðunum verður þrúgandi og framtíðarvonir bresta. Eftir situr fólk sem ekki kemst á brott, svo sem tekjulágir lífeyrisþegar, fólk sem stendur höllum fæti á vinnumarkaði og fólk sem er hneppt í hálfgerða átthagafjötra vegna fasteigna sinna.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um helstu styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í sjávarbyggðum og sveitum á Austurlandi ef ekki verður af áformum um álver í Reyðarfirði. Þetta er í raun lýsing á því starfsumhverfi atvinnulífsins sem nú er undirstaða búsetu í þessum byggðarlögum. Ógerlegt er að sjá fyrir um það hver hin raunverulega þróun verður, en megináhrifaþáttum hennar er lýst í töflunum, þ.e. þeim sem eru fyrirsjáanlegir í dag.

SJÁVARBYGGÐIR Á AUSTURLANDI ÁN ÁLVERS

STYRKUR: Gjöful fiskimið úti fyrir Austurlandi, mikill kvóti í uppsjávarfiski, öflug útgerð smábáta, togara og síldar- og loðnuskipa, góð þekking á veiðum og vinnslu, gott vinnuafl, öflug sjávarútvegsfyrirtæki, afkastamiklar loðnubræðslur, góð hafnaraðstaða víða, góðar aðstæður til sjókvíaeldis í fjörðunum, jarðhiti í Fjarðabyggð, nálægð við Evrópu, traust alþjóðleg markaðsstaða íslensks sjávarútvegs, EES-samningurinn, góðar vegasamgöngur, flugvöllur á Egilsstöðum, góð opinber þjónusta, öflug sveitarfélög og ósnortin náttúra. Á svæðinu er hvorki hætta á jarðskjálftum né eldgosum.

VEIKLEIKAR: Fækkun íbúa, fækkun starfa, launaþróun óhagstæð í samanburði við höfuðborgarsvæðið, fremur einhæft atvinnulíf, óhagstæð aldursskipting, kynjahlutfall ójafnt, lágt menntunarstig, fá tækifæri fyrir ungt menntað fólk, hátt hlutfall láglaunastarfa á vinnumarkaði, lítil uppbygging iðnaðar og þjónustugreina, hár fjarskiptakostnaður, fjarlægð frá höfuðborginni, hátt vöruverð á minni stöðum, lágt fasteignaverð og hár húshitunarkostnaður. Veiði og vinnsla á uppsjávarfiski er árstíðabundin og sveiflukennd. Fjarlægð til Keflavíkurflugvallar takmarkar möguleika á útflutningi fersks fisks með flugi.

ÓGNANIR: Samanburður við höfuðborgarsvæðið verður stöðugt óhagstæðari sem leiðir til áframhaldandi fólksfækkunar, atgervisflótta, fjármagnsstreymis út af svæðinu, færri áhugaverðra og vel launaðra starfa, veikari stöðu sveitarfélaga og þess að forræði yfir stærstu fyrirtækjunum og veiðiheimildum getur farið burt úr fjórðungnum. Samkeppnisstaða fiskveiða gagnvart fiskeldi á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir er smám saman að veikjast. Stöðugt auknar kröfur til framleiðenda á fiskmjöli og hætta á innflutningsbanni til Evrópu. Almennt minnkandi landvinnsla á botnfiski. Snjóflóðahætta á nokkrum stöðum. Hætta er á að barátta alþjóðlegra samtaka umhverfissinna muni þrengja stöðugt að tilverugrundvelli veiðisamfélaga.

TÆKIFÆRI: Fiskeldi, þ.e. laxeldi og þorskeldi, bæði í sjókvíum og á landi. Möguleikar á nýtingu jarðhita á nokkrum stöðum. Aukin tækifæri í ferðaþjónustu, m.a. tengd vegabótum, nýrri ferju í stað Norrænu og hugsanlega alþjóðlegum flugsamgöngum til Egilsstaða. Fjarðaskógar. Hugsanleg sóknarfæri í upplýsingatækni, fjarvinnslu og hugbúnaðargerð.

Ef ekkert verður af álvers- og virkjanaframkvæmdum má gera ráð fyrir að íbúum Mið-Austurlands haldi áfram að fækka, að hlutfall 20–40 ára fólks og barna verði lægra en það er í dag, að ójafnvægi í hlutfalli milli karla og kvenna aukist og að meðaltekjur á Austurlandi haldi áfram að dragast aftur úr hækkandi meðaltekjum á höfuðborgarsvæðinu.

SVEITIR Á AUSTURLANDI ÁN ÁLVERS (FLJÓTSDALSHÉRAÐ)

STYRKUR: Landgæði, bæði til ræktunar og beitar. Gott veðurfar til landbúnaðar á íslenskan mælikvarða. Góð aðstaða til skógræktar, lífrænnar framleiðslu og uppbyggingar ferðaþjónustu. Góð þekking á landbúnaði og úrvinnslu. Nálægð við þéttbýlisstaði vegna þjónustu, verslunar og atvinnu. Traust kaupfélag með mjólkur- og kjötvinnslu. Góðar vegasamgöngur, flugvöllur á Egilsstöðum, góð opinber þjónusta og nálægð við ósnortna náttúru, m.a. hálendið. Hvorki er hætta á jarðskjálftum né eldgosum.

VEIKLEIKAR: Mikil og langvarandi fækkun íbúa, stöðugt lækkandi tekjur í samanburði við þéttbýlið, fækkun starfa í landbúnaði, óhagstæð aldursskipting, kynjahlutfall ójafnt og lágt menntunarstig. Takmarkaðir möguleikar þeirra sem fjærst búa frá þéttbýli til aukatekna. Lágt verð á bújörðum. Lágt afurðaverð og stöðnun í eftirspurn. Litlir sem engir möguleikar til útflutnings. Uppbygging takmörkuð af framleiðslustjórnun í landbúnaði.

ÓGNANIR: Samanburður við þéttbýlið verður stöðugt óhagstæðari sem leiðir til áframhaldandi fólksfækkunar, atgervisflótta og veikari stöðu sveitarfélaga. Samkeppnisstaða sauðfjárræktar gagnvart svína- og kjúklingarækt er smám saman að veikjast. Breyttar neysluvenjur með stöðnun eða samdrætti í neyslu á kjöti og mjólk. Staða framleiðenda gagnvart sölu- og markaðsfyrirtækjum verður stöðugt veikari.

TÆKIFÆRI: Aukin tækifæri í ferðaþjónustu, m.a. tengd vegabótum, nýrri ferju í stað Norrænu, auknum flugsamgöngum til Egilsstaða og skotveiði. Hugsanleg tækifæri í loðdýrarækt. Aukin tækifæri til vinnu utan bús tengt vegabótum.

Samkeppnisstaða landsbyggðarinnar um fólk og fjármagn gagnvart höfuðborgarsvæðinu er almennt veik. Austurland er þar engin undantekning. Fjölbreytt tækifæri eru til náms og starfa á höfuðborgarsvæðinu. Stór hluti fjárfestinga landsmanna í atvinnulífinu beinast að verkefnum á höfuðborgarsvæðinu og í útlöndum. Á höfuðborgarsvæðinu eru flest áhugaverðustu og best launuðu störfin, mest fjölbreytni í þjónustu og menningarlífi og mikill vöxtur á nær öllum sviðum. Þar er 65–80% starfa í þeim atvinnugreinum sem örast hafa vaxið undanfarin ár. Á Austurlandi fækkar fólki vegna mikilla búferlaflutninga, einkum ungu fólki sem flyst til höfuðborgarsvæðisins. Tækifæri til arðbærra fjárfestinga eru fá á Austurlandi, velta fyrirtækja á svæðinu hefur nánast staðið í stað undanfarin ár þegar á heildina er litið og lítið er um húsbyggingar. Í landsfjórðungnum er hátt hlutfall frumvinnslu- og úrvinnslugreina en lágt hlutfall helstu vaxtargreina. Fjöldi starfa í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, sem eru mikilvægar atvinnugreinar á Austurlandi, hefur dregist saman s.l. 5 ár.

Fyrirhugað álver í Reyðarfirði er stærsta tækifærið sem er í sjónmáli til að snúa byggðaþróun á Austurlandi við og auka samkeppnishæfni svæðisins þannig að það laði til sín fjármagn og atgervisfólk.

4. MAT Á SAMFÉLAGSLEGUM OG EFNAHAGSLEGUM ÁHRIFUM ÁLVERS Í REYÐARFIRÐI

4.1 INNGANGUR

Í þessum kafla er fjallað um mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði, bæði á byggingartíma og eftir að rekstur hefst. Matið byggir m.a. á lýsingu verkefnis (1. kafli) og almennri lýsingu á samfélagslegum og efnahagslegum þáttum á svæðinu (2. kafli). Viðfangsefnið er nálgast á þann hátt að metið er hver bein, óbein og afleidd áhrif verkefnisins eru á einstaka þætti í samfélagsgerð svæðisins, miðað við getu þess til að bregðast við nýjum þörfum. Fjallað er um það hvernig einstakir þættir verkefnisins, þar með taldar aðferðir og stefna þeirra sem standa að verkefninu, svo og aðgerðir hins opinbera, fyrirtækja og annarra sem hagsmuna eiga að gæta, geti stuðlað að því að hámarka ávinning þessa stóra verkefnis fyrir Austurland.

Rétt er að taka fram að ýmsir þættir munu stuðla að því að lágmarka hugsanleg neikvæð áhrif verkefnisins. Þessir þættir eru m.a.:

Dreifing áhrifa. Fyrirhugað álver mun ekki krefjast eða leiða til þess að til verði einhæfur iðnaðarbær við Reyðarfjörð. Þvert á móti mun atvinnusköpun og áhrif álversins á athafnalíf dreifast um Mið-Austurland. Væntanlegt starfsfólk, þ.e. bæði úr hópi þeirra sem nú búa á Mið-Austurlandi og aðfluttra, mun búa í nokkrum þeim byggðarlögum sem liggja innan þeirrar fjarlægðar að dagleg vinnusókn í álverið er möguleg. Væntanleg jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar munu stækka vinnusóknarsvæðið til suðurs. Þá er hafin rannsókn á nýjum jarðgöngum milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Búseta fólks sem ræðst í önnur störf sem skapast vegna tilkomu álversins mun líklega verða enn dreifðari. Aðfluttir munu hafa nokkurt val um búsetu, byggt á þáttum eins og atvinnu fyrir maka, skólum, fjölbreytni í þjónustu, húsnæði sem stendur til boða o.fl. Áhrifin á einstök byggðarlög verða mikil en vel viðráðanleg.

Fólksfækkun. Nær öll byggðarlögin á fjörðunum og sveitirnar hafa mátt þola fólksfækkun sl. 10–15 ár. Það hefur leitt til lakari nýtingar húsrýmis, þjónustu og grunngerðar í byggðarlögunum. Því geta þessi byggðarlög tekið við nokkurri fjölgun fólks án vandkvæða, en í flestum þeirra þyrfti þó að byggja íbúðarhúsnæði.

Traust atvinnulíf. Það atvinnulíf sem fyrir er á Mið-Austurlandi stendur nokkuð traustum fótum, einkum sjávarútvegur. Styrkur hans er m.a. nálægð við fiskimið, mikill kvóti í uppsjávarfiski, öflug sjávarútvegsfyrirtæki og mikil þekking í veiðum og vinnslu. Ekki virðast neinar líkur á því að atvinnulífið sem heild bíði skaða af tilkomu álversins og tengdrar starfsemi á svæðið. Þvert á móti munu skapast mörg ný viðskiptatækifæri fyrir fyrirtæki á svæðinu.

Samráð við heimamenn. Viðtöl við forystumenn sveitarfélaga, yfirmenn ríkisstofnana, atvinnurekendur, fulltrúa stéttarfélaga og aðra á Mið-Austurlandi sem málið varðar hafa gefið til kynna litlar áhyggjur vegna fyrirhugaðs álvers. Þvert á móti hafa þeir mikinn áhuga á þessu verkefni og vilja samstarf um að hámarka jákvæð áhrif þess. Stofnað var til formlegs samráðs við heimamenn með stofnun sérstakrar ráðgjafarnefndar sem kom með margar góðar ábendingar um efni skýrslu þessarar. Skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi fyrir Reyðarál hf. meðal ungra Austfirðinga 18–28 ára sýndi að 75% voru hlynntir byggingu álvers í Reyðarfirði.

Tímasetning. Tímaáætlun verkefnisins er nógu rúm fyrir sveitarfélögin, atvinnulífið, ríkisvaldið og þá sem standa að verkefninu til að undirbúa aðgerðir, svo sem starfsþjálfun og uppbyggingu grunngerðar, áður en rekstur fyrirhugaðs álvers hefst.

Matið byggir ekki aðeins á því að meta og mæla hugsanleg neikvæð áhrif álversins. Þvert á móti snýst það um að meta bæði jákvæð og neikvæð áhrif, sem endurspeglast í þeirri hugsun að verkefnið getur haft margvísleg jákvæð áhrif fyrir svæðið, sérstaklega ef tækifærið er nýtt til atvinnusköpunar og nýrrar hugsunar um skipulag og framtíðarstefnu á svæðinu.

Líklegur ávinningur svæðisins af álveri í Reyðarfirði er eftirfarandi:

Hagvöxtur og aukin fjölbreytni atvinnulífs. Fyrirhugað álver mun með beinum, óbeinum og afleiddum hætti leiða til mikillar atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna viðskipta. Þetta yrði ný atvinnugrein á svæðinu sem hefði áhrif á margar aðrar greinar er myndu selja vörur og þjónustu til álversins og starfsfólks þess. Verkefnið mun hafa áhrif á ferðamannaþjónustu og landbúnað. Í fyrra tilvikinu mun bæði aukinn íbúafjöldi, bættar samgöngur og bættur hagur fólks auka eftirspurn eftir margvíslegri útivist og afþreyingu sem aðilar í ferðaþjónustu njóta góðs af. Atvinna tengd álverinu mun einnig auka möguleika fólks sem starfar í ferðaþjónustu og landbúnaði á viðbótartekjum en atvinna í þessum tveimur greinum gefur almennt lágar tekjur og er árstíðabundin.

Viðnám gegn brottflutningi fólks. Fólksfækkun á síðustu árum hefur aðallega átt rætur sínar í því að ungt fólk sækir burt til náms og í leit að áhugaverðum og vel launuðum störfum. Bein, óbein og afleidd áhrif fyrirhugaðs álvers munu verða þau að hjálpa ungu menntuðu fólki sem á rætur á Mið-Austurlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldursskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Skoðanakönnunin sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi fyrir Reyðarál hf. sýndi að 40% 18–28 ára fólk á Mið-Austurlandi hafði örugglega eða líklega áhuga á að starfa í álverinu og að 17% brottfluttra Austfirðinga 20–49 ára taldi líklegt að þeir myndu flytja aftur til Austurlands ef álver risi í Reyðarfirði.

Bætt grunngerð og þjónusta. Fyrirhugað álver og tengd starfsemi mun leiða til samgöngubóta, bættrar grunngerðar og aukinnar þjónustu, til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins.

Öflugra menningar- og félagslíf. Bætt afkoma fólks og fjölgun íbúa mun leiða til öflugra menningar- og félagslífs á svæðinu og styrkja starfsemi stofnana, samtaka félaga og hópa sem starfa á þessu sviði.

Viðtöl við fólk á Mið-Austurlandi og könnun Félagsvísindastofnunar leiða í ljós að svæðið myndi styrkjast ef þar væru stærri þéttbýlisstaðir og meira framboð af áhugaverðum og vel launuðum störfum, einkum fyrir ungt vel menntað fólk. Þetta mun gerast ef álverið verður reist. Nokkrir þeirra sem spurðir voru töldu að bæta þyrfti tækifæri fólks á svæðinu til tómstunda- og félagsstarfsemi og til náms á framhalds- og háskólastigi. Sumir kvörtuðu um háan húshitunarkostnað og hátt vöruverð á Mið-Austurlandi, einkum í samanburði við Reykjavík.

4.2 ÍBÚAÞRÓUN

4.2.1 FRAMKVÆMDATÍMI

Áhrif af framkvæmdum við álverið (að höfn meðtalinni) á atvinnusköpun og íbúafjölda, eru sýnd í Viðauka I, töflum 4 og 8. Áhrif annarra tengdra verkþátta (virkjanir, háspennulínur, grunngerð og húsnæði) á atvinnusköpun og íbúaþróun eru sýnd í Viðauka I, töflum 5, 6 og 8.

Framkvæmdir við álver

Við framkvæmdir vegna álversins 2003–2007 er talið þurfa tæplega 2.300 ársverk, þar af um 1.300 ársverk þegar framkvæmdir standa sem hæst árið 2006. Aðrir þættir verkefnisins munu þarfnast starfsfólks sem nemur tæplega 5.100 ársverkum á árunum 2002–2008, þar af mun bygging Kárahnjúkavirkjunar og bygging tengivirkis og háspennulína krefjast um 3.850 ársverka og byggingar íbúðahúsnæðis (að meðtöldum götum og veitum) um 790 ársverka. Þörfin mun rísa hæst árið 2006 þegar allir þættir verkefnisins munu krefjast fjölda starfsmanna sem nemur rúmlega 2.600 ársverkum.

Við mat á áhrifum framkvæmda er gert ráð fyrir að heimamenn muni sinna 10% af vinnu við framkvæmdir við álverið og að starfsmenn sem flytja tímabundið til Austurlands með fjölskyldur sínar á meðan á framkvæmdum stendur muni manna 15% starfa við framkvæmdir. Þá er gert ráð fyrir að erlent vinnuafl muni sinna 30% af vinnu við framkvæmdir og að Íslendingar sem dvelja í vinnubúðum muni vinna um 45% starfanna. Þessi áætlaða skipting er byggð á mati aðila í byggingariðnaði sem mikla reynslu hafa af stórframkvæmdum sem þessum hér á landi.

Ársverk á Mið-Austurlandi eru nú um 50% af íbúafjölda svæðisins. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall hækki smám saman á næstu 7 árum í 51% af íbúafjöldanum vegna breytinga í aldursskiptingu, m.a. hækkað hlutfall 50–65 ára fólks og minnkandi fæðingatíðni. Forsendurnar eru því þær að fyrir hvert nýtt starf sem skapast fjölgar íbúunum um nálægt 2. Þá er ennfremur gert ráð fyrir því að 200 ársverk á Mið-Austurlandi frestist á árunum 2005–2006, vegna þess að þegar framkvæmdir standa sem hæst verður ýmsum verkefnum frestað á meðan.

Þessar forsendur sem hér hafa verið nefndar munu leiða til íbúafjölgunar vegna framkvæmda (Viðauki I, tafla 8) upp í rúmlega 9.800 manns árið 2007. Árið 2007 munu störf í álverinu ekki bæta upp fækkun starfa heimamanna og tímabundið aðfluttra við framkvæmdir og leiða til þess að íbúafjöldi verður u.þ.b. 9.600 árið 2009.

Mynd 4.1 Vinnuaflsþörf á framkvæmdatímanum 2002–2009.



4.2.2 REKSTRARTÍMI

Rekstur álvers

Áætlað er að álverið þurfi 420 starfsmenn í fullu starfi auk um 8% vegna afleysinga, eða um 454 ársverk. Óbein og afleidd áhrif eru talin skapa 295 ársverk til viðbótar á svæðinu. Það eru því alls 750 ársverk sem rekstur álversins skapar (Viðauki I, tafla 2).

Útreikningar á tengslum milli fjölda starfa og íbúafjölda eru byggðir á upplýsingum úr vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar. Byggt á því er miðað við eftirfarandi forsendur fyrir árið 2001 um ársverk sem hlutfall af íbúafjölda fyrir Mið-Austurland (stuðst er við sama hlutfall og fyrir landið allt):

Fólk í fullu starfi	40%
Fólk í hluta starfi	8%
Erlent vinnuafl	2%

Enn fremur er gert ráð fyrir því að ársverk sem hlutfall af íbúafjölda munu aukast smám saman úr 50% árið 2002 í 51% árið 2009, eins og útskýrt er í kafla 4.2.1 hér á undan.

Mynd 4.2 Áhrif álvers á íbúafjölda á Mið-Austurlandi.



Áætluð íbúafjölgun sem verður vegna reksturs álversins er 1.468 frá 2006 til 2009 (Viðauki I, tafla 8). Áætlað er að sá íbúafjöldi sem er á Mið-Austurlandi í lok árs 2001, þ.e. um 8.060 manns, eigi eftir að dragast saman á næstu árum niður í 7.940 áður en áhrifa verkefnisins fer að gæta. Því eru áhrif þess metin ofan á íbúagrunn sem er 7.940 íbúar frá og með árinu 2003. Ef áform um álverið ganga eftir þá verður komið alveg nýtt umhverfi atvinnu- og efnahagslífs á svæðinu með hærri meðaltekjum og meiri viðskiptatækifærum á fjölmörgum sviðum.

Við mat á áhrifum álversins á atvinnusköpun í öðrum greinum er ekki mögulegt að taka tillit til áhrifa þjóðfélagsbreytinga næstu 10–15 árin. Sem dæmi má nefna að byggðin í landinu þjappast æ meira saman á Suðvesturlandi, menntunarstig þjóðarinnar fer hækkandi, þátttaka kvenna í atvinnulífinu breytist hratt með aukinni menntun þeirra, vinnumarkaður þróast ört í átt til meiri fjölbreytni og sveigjanleika í ráðningafyrirkomulagi, orkunotkun á mann eykst stöðugt, sorpmagn eykst sífellt, neysluvenjur fólks breytast með aukinni hagsæld, bifreiðaeign og bifreiðanotkun er að aukast og upplýsingatækninni fleygir fram. Gildismat í þjóðfélaginu breytist hratt, umhverfissjónarmið fá sífellt meira vægi, einstaklingshyggja eykst, hefðbundið fjölskylduform breytist, fólk verður sífellt kröfuharðara sem neytendur og tækninni fleygir ört fram.

Staðsetning óbeinna og afleiddra starfa

Óbein og afleidd störf sem álverið skapar myndast með þrennum hætti, þ.e. neyslutengsl, baktengsl og lárétt tengsl (sjá kafla 4.3.2). Neyslutengslanna gætir mest í þeim byggðarlögum sem starfsmennirnir búa í og einnig að nokkru leyti á Egilsstöðum vegna hlutverks bæjarins sem miðstöðvar samgangna, verslunar og þjónustu. Baktengsla á svæðinu, sem myndast vegna kaupa álversins á vörum og þjónustu, mun gæta mest í Fjarðabyggð og á Egilsstöðum. Láréttra tengsla, sem mæla samdrátt í annarri atvinnustarfsemi vegna samkeppni frá álverinu um vinnuaflið, mun gæta um allt Mið-Austurland og ekki síst í jaðarbyggðum þar sem tekjur eru lágar og atvinna stopul.

Nettófjöldi óbeinna og afleiddra starfa á Mið-Austurlandi sem myndast er u.þ.b. 300 störf. Þessi störf munu að mestu leyti myndast í Fjarðabyggð og á Egilsstöðum, en að einhverju leyti á Fáskrúðsfirði.

Áhrif álversins á íbúafjöldann

Væntanleg áhrif álversins á íbúafjöldann verða líklega sem hér segir:

Núverandi íbúar flytja síður á brott. Á síðustu árum hefur margt ungt fólk á þrítugsaldri flutt brott af svæðinu, og konur í meira mæli en karlar. Tilkoma álversins mun að öllum líkindum draga verulega úr brottflutningi ungs fólks, sérstaklega ef það með beinum eða óbeinum hætti getur leitt til aukinnar fjölbreytni í framboði á störfum fyrir ungar konur. Áhugi unga fólksins á störfum í fyrirhuguðu álveri var staðfestur í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar sem unnin var fyrir Reyðarál hf. árið 2000. Margt fólk á sextugs- og sjötugsaldri flytur á brott vegna þess að störf fyrir ófaglært fólk, sem ekki eru líkamlega erfið og henta þessu fólki, eru fá á Mið-Austurlandi. Það eru meiri möguleikar fyrir þetta fólk að finna „ýmis" þjónustustörf við hæfi á höfuðborgarsvæðinu og í mörgum tilvikum eru börn þeirra og barnabörn búsett þar. Álverið mun í gegnum afleidda eftirspurn skapa fjölda þjónustustarfa sem henta fólki á þessum aldri og ef börn þeirra og tengdabörn finna einnig störf við hæfi eru meiri líkur en ella á að stórfjölskyldan haldi kyrru fyrir á svæðinu.

Kynhlutfall. Eins og fram kom í 2. kafla er hlutfall karla á vinnualdri (15–69 ára) nokkuð hærra en hlutfall kvenna. Líklega flytja margir ungir menn á brott því þeir annað hvort finna ekki maka á svæðinu eða að væntanlegur maki er ekki reiðubúinn að búa á Mið-Austurlandi. Það er því mikilvægt að fyrirhugað álver skapi áhugaverð störf fyrir konur en slíkt mun hafa áhrif í þá átt að draga úr því misvægi sem er í hlutfalli milli kynja á svæðinu.

Aðflutningur. Hugsanleg áhrif á aðflutning fólks voru könnuð af Félagsvísindastofnun fyrir Reyðarál hf. meðal 25–50 ára fólks sem flutt hafði á brott frá Mið-Austurlandi á árunum 1995–1999 og ekki snúið til baka í árslok 2000. Könnunin sýndi töluverðan áhuga þessa fólks á að snúa til baka ef störf sem freista þeirra væru í boði. Um 17% sögðu að það væri frekar eða mjög líklegt að þeir myndu flytja til baka ef álver yrði reist í Reyðarfirði, en 49% sögðu að það væri frekar eða mjög ólíklegt. Svörin voru nokkuð háð aldri og það kom greinilega fram að áhugi unga fólksins á að flytja til baka var meiri en þeirra sem eldri voru.

Aldursskipting. Jákvæðar breytingar munu verða á aldursskiptingu íbúanna ef af verkefninu verður. Fyrstu árin mun fólki á aldrinum 20–39 ára að öllum líkindum fjölga verulega og af þeim sökum einnig börnum sem þeim fylgja.

4.3 ATVINNU- OG EFNAHAGSLÍF

4.3.1 BYGGINGARTÍMI

Áætlaðar fjárfestingar Alcoa í álveri sem hefur framleiðslugetu upp á 322 þús. tonn á ári, nema 100 milljörðum íslenskra króna. Heildarfjárfesting vegna Kárahnjúkavirkjunar og háspennulína er áætluð 90–100 milljarðar króna. Alls er því fjárfesting vegna verkefnisins nálægt 200 milljaðrar íslenskra króna.

Áætla má að um 70% kostnaðar séu innfluttar fjárfestingarvörur, en um 30% innlendur kostnaður. Innlendur kostnaður er því áætlaður um 30 milljarðar króna. Langstærsti hluti innlends kostnaðar er vinnuafl.

Útreikningar í kafla 4.3.2 sýna að rekstur álversins muni í gegnum margfeldisáhrif skapa 0,65 starf fyrir hver eitt starf í álverinu. Áætlað er að óbein og afleidd áhrif vegna framkvæmda við álverið verði þau sömu þannig að hvert eitt starf heimamanna við framkvæmdir

skapi til viðbótar 0,65 störf. Það er ennfremur áætlað að margfaldarinn fyrir störf tímabundið aðfluttra verði 0,5, fyrir erlenda starfsmenn 0,15 og fyrir innlent vinnuafl sem dvelur í vinnubúðum 0,1. Rökin fyrir mun minni margfeldisáhrifum tveggja síðarnefndu hópanna þessara hópa eru þau að þeir verja mun minni hluta tekna sinna til neyslu á svæðinu, fjárfesta ekki þar og greiða ekki útsvar þar heldur.

Gífurlegur fjöldi aðkomumanna, bæði innlendra og erlendra, verður á Mið-Austurlandi á framkvæmdatímanum. Sumir munu búa á svæðinu um lengri eða skemmri tíma, jafnvel með fjölskyldum sínum, sem mun enn frekar auka umsvif þar á þessum tíma.

Þar sem mörg þau störf sem til verða vegna óbeinna eða afleiddra áhrifa af framkvæmdum við álverið verða árstíðabundin og til skamms tíma er áætlað að íbúar á Mið-Austurlandi, að meðtöldum námsmönnum, muni aðeins manna um 40% þeirra. Hin 60% verða mönnuð af aðkomufólki sem kemur tímabundið til starfa á svæðinu, t.d. námsmönnum.

Áætluð margfeldisáhrif framkvæmda við álver og höfn eru talin nema 523 ársverkum sem dreifast á árin 2003–2007. Gert er ráð fyrir að 40% ársverkanna verði unnin af heimamönnum og 60% af aðkomufólki (Viðauki I, tafla 4).

Gert er ráð fyrir því að gerðir verði nokkrir stórir verksamningar vegna byggingar álvers en að síðan verði nokkrir undirverktakar vegna hvers samnings. Helstu sóknarfæri fyrir verktaka af Austurlandi eru vegna undirverktakasamninga. Undirverktakan felst m.a. í samsetningu á raf- og vélbúnaði, viðhaldi véla og mannvirkja, flutningum, rekstri vinnubúða og útvegun á stáli, byggingarefni, tækjum, áhöldum og neysluvörum.

Nefna má nokkur dæmi um hugsanlega undirverktöku vegna byggingar álversins. Í kerskála þarf t.d. að setja saman og ganga frá kerum, fóðra kerin, vinna að pípulögnum og loftræsikerfi, uppsetningu krana, samsetningu og frágangi rafbúnaðar. Í steypuskála þarf að vinna að frágangi steypuvéla, samsetningu og frágangi rafbúnaðar, pípulögnum og kælikerfi og uppsetningu krana. Í skautsmiðju þarf að fóðra ker og framleiða skautgaffla. Setja þarf upp vinnubúðir fyrir nokkur hundruð manns. Þegar framkvæmdir verða í hámarki árið 2006 má gera ráð fyrir að um 1.600 manns verði starfandi á verksmiðjulóðinni.

Verktakafyrirtæki á Mið-Austurlandi munu finna mörg verkefni sem henta þeim annað hvort vegna byggingar álversins eða í tengdum verkefnum, svo sem jarðvinnu og húsbyggingum. Margvísleg viðskiptatækifæri munu skapast fyrir fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu til verktaka- og framkvæmdaaðila eða til þeirra sem starfa við framkvæmdirnar. Farþega- og vöruflutningar um Egilsstaðaflugvöll munu aukast mikið og aukin eftirspurn verður eftir hvers kyns flutningaþjónustu. Einnig mun eftirspurn eftir hótelrými aukast verulega. Í nokkrum tilvikum, t.d. flugþjónustu, mun ný og aukin þjónusta nýtast öllum íbúum svæðisins.

Áhrifin á atvinnu- og efnahagslíf Austurlands verða gífurleg á meðan á framkvæmdum stendur og má búast við tímabundinni spennu, m.a. vegna þess að nokkur stór verkefni verða í gangi samtímis. Einkum má búast við að áhrifin á verktakafyrirtæki, verslun, þjónustu og samgöngufyrirtæki verði mikil. Þá má vænta þess að eftirspurn eftir húsnæði aukist mikið og að verð hækki, einkum þó á Héraði og í Fjarðabyggð.

4.3.2 REKSTRARTÍMI

4.3.2.1 Aðferðafræði

Við mat á samfélags- og efnahagslegum áhrifum af rekstri álvers má beita mismunandi aðferðum. Fjallað verður stuttlega um aðferðafræði slíkrar matsvinnu og síðan verður gerð grein fyrir þeirri aðferð sem notuð verður í þessu verkefni.

Fyrst má nefna að í athugun sem Byggðastofnun gerði á árinu 1990 á áhrifum orkufreks iðnaðar á atvinnulíf og byggð var beitt svonefndri „economic base“ aðferð. Hún byggir á því að flokka störf í tvennt, þ.e. útflutningsstörf og afleidd störf, og mæla hlutföllin þar á milli. Niðurstaða Byggðastofnunar var að fyrir nýtt álver væru hlutföllin þarna á milli 1:2,3, sem er að fyrir hvert eitt starf í álveri myndu skapast 2,3 störf í öðrum greinum. Byggðastofnun bar einnig saman með sömu aðferð áhrif af nýju álveri miðað við að það væri staðsett á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði og í Reyðarfirði. Niðurstaðan var sú að ef álver yrði staðsett á Akureyri myndu skapast 1,3 ný störf á svæðinu fyrir hvert eitt starf í álveri og í Reyðarfirði 1 nýtt starf á svæðinu. Í þessari niðurstöðu felst að fyrir hvert 1 starf í álveri í Reyðarfirði verður til 1 viðbótarstarf á Mið-Austurlandi og 1,3 annars staðar á landinu. Fyrir álver í Reyðarfirði mun því minna en helmingur óbeinna og afleiddra starfa verða til á svæðinu samkvæmt útreikningum Byggðastofnunar.

Þessi aðferð að skipta störfum í útflutningsstörf og afleidd störf stendur fræðilega á fremur veikum grunni en hins vegar er auðvelt að beita mælingum samkvæmt henni. Margt annað kemur til álita við mat á margfeldisáhrifum en það hve störfum fjölgar mikið. Tilkoma stóriðjuvers hefur t.d. áhrif á launaþróun og verðlag á áhrifasvæði sínu. Hún getur hugsanlega leitt til fækkunar láglaunastarfa, bætt rekstrarafkomu sveitarfélaga þannig að þau geti boðið betri þjónustu og bætt afkomu þjónustufyrirtækja, sem m.a. leiðir til aukinnar fjölbreytni starfa á svæðinu.

Á árinu 2000 vann Richard S. Conway að rannsókn á efnahagslegum áhrifum áliðnaðar í Washington fylki í Bandaríkjunum. Áliðnaðurinn í fylkinu er 60 ára gamall og byggist aðallega á 5 stórum fyrirtækjum. Þar starfa um 7.500 manns og veltan á árinu 1998 var 2,6 milljarðar Bandaríkjadollara (um 260 milljarðar króna).

Gert var sérstakt spá- og hermilíkan með ýmsum breytum til að mæla bein og óbein áhrif áliðnaðar á hagkerfi fylkisins. Hegðun hagkerfisins var fyrst reiknuð með allri framleiðslu áliðnaðarins (og þannig með öllum störfunum, tekjum starfsfólksins og aðkeyptum vörum og þjónustu innan fylkisins) til að skapa grunnspá til nokkurra ára. Útreikningur með hermilíkaninu var síðan endurtekinn án áliðnaðarins og þannig búin til frávikspá. Mismunurinn á milli grunnspár og frávikspár var notaður sem mælikvarði á margfeldisáhrif áliðnaðarins.

Niðurstaðan hvað störf varðar var sú að fyrir hvert eitt starf í áliðnaði höfðu skapast 2,9 afleidd störf annars staðar í hagkerfi fylkisins. Margfaldarinn er nokkuð hár vegna hárra launa í áliðnaði og vegna þess að hátt hlutfall af aðkeyptum vörum og þjónustu til áliðnaðar er keypt innan fylkisins.

Í rannsókninni voru einnig reiknuð margfeldisáhrif áliðnaðar á störf innan þeirra níu sýslna í Washingtonfylki sem hafa áliðnað. Flest þeirra eru í fremur dreifðri byggð. Í sex þessara sýslna er áliðnaðurinn af svipaðri stærðargráðu og fyrirhugað álver í Reyðarfirði, eða á bilinu 350 til 880 störf. Áhrifin á óbein og afleidd störf eru m.a. háð því hversu öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er innan sýslunnar. Mestu staðbundnu margfeldisáhrifin reyndust í Chelan sýslu (íbúafjöldi 60 þúsund) eða 2,74 og minnst í Klickitat sýslu (íbúafjöldi 19 þúsund) 1,84, sem gefur til kynna að fyrir hvert eitt starf í áliðnaði hafa orðið til 0,84–1,74 störf í öðrum greinum í gegnum óbein og afleidd áhrif. Atvinnulífið í Klickitat sýslu er ekki nærri því eins fjölbreytt og í Chelan sýslu og því mun líkara því sem er á Mið-Austurlandi.

Ein af meginniðurstöðum Conway's er að margfeldisáhrif fyrir fylkið allt eru töluvert meiri en samanlögð margfeldisáhrif allra níu sýslnanna, sem gefur til kynna að hluta áhrifanna gæti utan sýslanna, líklega í stærstu borgum fylkisins. Í rannsókn Conway's eru mæld efnahagsleg áhrif iðnaðar sem þegar er til staðar í fylki þar sem búa 5–6 milljónir manna. Hagkerfi Washingtonfylkis er u.þ.b. 20 sinnum stærra en íslenska hagkerfið. Af þeirri ástæðu

eru þeir sjálfum sér nógir um hærra hlutfall af aðföngum fyrir áliðnað en Íslendingar, þ.e. að undanskilinni raforku og hráefni. Þá er einnig meiri úrvinnsla úr áli í Washingtonfylki en hér á landi.

Mat á efnahagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði snýst um nýtt iðnaðarfyrirtæki sem ekki verður tilbúið að hefja starfsemi fyrr en eftir 5 ár. Slíkt mat er ætíð háð ákveðinni óvissu. Þótt niðurstöður Conway's séu gagnlegar fyrir þessa athugun er ekki mögulegt að beita hermilíkani hans. Það er sniðið að mati á starfsemi sem þegar er til staðar en ekki á útflutningsstarfsemi sem áætlað er að verði sett á fót eftir nokkur ár, þar sem aðferð sem kennd er við útflutningsgrunn (export base model) hentar mun betur. Aðferðin byggist á því að flokka tengsl ríkjandi útflutningsgreinar, eða ráðandi útflutningsfyrirtækis, við aðra efnahagsstarfsemi og grunngerð á svæðinu. Samkvæmt þessari aðferð er sá vöxtur í atvinnu- og efnahagslífi sem fylgir álverinu flokkaður niður í eftirfarandi tengsl innan svæðisins, sjá mynd 4.3.

Mynd 4.3 Margfeldisáhrif álvers.



Baktengsl lýsa þeim áhrifum sem verða vegna kaupa á aðföngum til framleiðslunnar og þeirri grunngerð sem nauðsynlegt er að byggja upp vegna hennar, þar með talin bygging álvers og bygging og rekstur virkjana.

Framtengsl lýsa þeim áhrifum sem verða af starfsemi álversins í gegnum úrvinnslu, flutning á framleiðsluvörum á markað o.fl.

Neyslutengsl lýsa þeirri auknu eftirspurn sem skapast vegna neyslu starfsfólks í álveri og afleiddum störfum, skattgreiðslum þeirra og fyrirtækisins og starfsmanna í afleiddum störf-

um. Starfsmennirnir kaupa hús, bíla, neysluvörur og þjónustu og greiða opinber gjöld. Hið opinbera nýtir m.a. skatta og útsvör til að starfrækja menntastofnanir og heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Lárétt tengsl lýsa sambúðar- og samkeppnisáhrifum álvers á aðrar greinar á svæðinu svo sem aukin samkeppni um vinnuafl og sköpun nýrra tækifæra í ferðaþjónustu vegna betri grunngerðar. Þau tákna einnig áhrif á samkeppnisvörur, stoðvörur og aukaafurðir.

Þessi tengsl munu leiða til mismikillar atvinnusköpunar innan Mið-Austurlands. Neyslutengsla mun gæta mest en baktengsla minna og áhrifa þeirra mun gæta til langs tíma. Framtengsl verða mjög takmörkuð því ekki er á þessu stigi reiknað með frekari úrvinnslu áls á svæðinu, en láréttu tengslin munu hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á atvinnulíf svæðisins. Áhrifa láréttu tengslanna mun gæta mun meira á framkvæmdatíma en rekstrartíma álversins. Þau munu m.a. hafa áhrif á byggingastarfsemi, viðgerðarþjónustu, ferðaþjónustu, verslun og viðskipti.

4.3.2.2 Neyslutengsl

Beinar launagreiðslur 322 þúsund tonna álvers eru áætlaðar um 1,8 milljarðar króna á ári, mælt á núverandi verðlagi. Af beinum launagreiðslum má áætla að um 16% fari í skatta til ríkisins, 12% í útsvar til sveitarfélaga, 4% í lífeyrissjóðsgreiðslur og 1% í iðgjöld til stéttarfélaga. Áætla má að um 3% fari í sparnað og um 64% til neyslu.

Samkvæmt upplýsingum frá öðrum álfyrirtækjum hér á landi er starfsmannakostnaður að meðtöldum launatengdum gjöldum, fræðslu, fæði og akstri rúmlega 4 m. kr. á ársverk.

Samkvæmt skiptingu útgjalda á grundvelli vísitölu neysluverðs Hagstofunnar frá október 2002 fara 20% útgjalda heimila í matvörur, drykkjavörur og tóbak, 5,7% í föt og skó, 16,1% í húsnæði, 2,7% í orkukaup, 6,7% í húsgögn og heimilisbúnað, 3,8% í heilsugæslu og lyf, 14% í kaup og rekstur ökutækja, 1,9% í flutninga, 3,1% í póst og síma, 14% í tómstundaiðkun og menningu, 0,5% í menntun, 5,5% í veitingahús og hótel og 6,1% í ýmsar vörur og þjónustu.

Starfsmannakostnaður 322 þúsund tonna álvers er áætlaður rúmlega 2 milljarðar á ári á núverandi verðlagi. Áætlað er að 50–60% af þessari fjárhæð eða um 1,0–1,2 milljarður króna verði eytt innan Mið-Austurlands í gegnum neyslu, fjárfestingar einstaklinga, útsvör og skatta, en 40–50% verði eytt utan svæðisins. Þessi hlutföll eru áætluð því engin leið er að reikna þau út með nákvæmari hætti.

Af þeirri fjárhæð sem varið er innan Mið-Austurlands er áætlað að einn þriðji eða um 330–400 milljónir króna endi sem launagreiðslur hjá viðkomandi þjónustuaðilum og opinberum aðilum. Miðað við það að margfeldisáhrifa gætir líka af þessum launagreiðslum í næstu umferð og svo koll af kolli, verða uppsöfnuð áhrif u.þ.b. 0,5 af upphaflegri fjárhæð, eða rúmlega 500 milljónir króna sem skapar um 250–300 viðbótarstörf á svæðinu. Sé miðað við að margfaldari neyslutengsla sé 0,6 skapar það 272 óbein og afleidd störf. Þessa niðurstöðu verður að taka með fyrirvara um allt að 10–15% skekkjumörk.

4.3.2.3 Baktengsl

Kaup álversins á rekstrarvörum og þjónustu, að frátöldum kaupum á rafmagni og hráefni, eru samkvæmt upplýsingum Alcoa áætluð um 30 milljónir Bandaríkjadollara á ári. Innlend kaup á aðföngum eru áætluð 9 milljónir Bandaríkjadollara á ári eða um 900 milljónir króna.

Þessar rekstrarvörur og þjónusta eru af margvíslegum toga og er óvarlegt að áætla að meira en 30% af verði þeirra sé launakostnaður, eða um 300 milljónir króna. Ekki er ráðlegt að gera ráð fyrir að meira en þriðjungur til helmingur þessara starfa verði unninn af laun-

þegum á Mið-Austurlandi sem gæti þýtt um 100–150 milljónir króna á ári fyrir þá, eða 50–60 óbein ársverk og sem síðan skapa 25–30 afleidd ársverk til viðbótar, eða 75–90 ársverk alls.

Til viðbótar þarf að gera ráð fyrir að rafmagnskaup álversins muni hafa einhver efnahagsleg áhrif á svæðinu. Eftir að rekstur virkjunar hefst munu starfa þar um 15 manns, keyptar verða að rekstrarvörur og þjónusta, auk þess sem neyslutengsl skapast vegna starfsmanna. Telja verður að bein, óbein og afleidd ársverk vegna þess þáttar verði tæplega 30.

Miðað við ofangreint ættu baktengsl að skapa u.þ.b. 105–120 ársverk. Margfaldari í gegnum baktengsl sem er 0,25 gefur 113 óbein og afleidd störf. Þessa niðurstöðu verður að taka með fyrirvara um allt að 10–15% skekkjumörk.

4.3.2.4 Almennt um margfeldisáhrif

Eftirfarandi forsendur, byggðar á því sem fjallað er um hér að framan, eru settar fram um svæðisbundin margfeldisáhrif álversins á atvinnulíf á Mið-Austurlandi.

- Áhrifin í gegnum framtengsl verða í algjöru lágmarki og eru því ekki reiknuð.
- Áhrif í gegnum lárétt tengsl eru óviss, einkum eftir að rekstur álversins hefst. Það er ekki mögulegt með neinni nákvæmni að reikna þessi áhrif nokkur ár fram í tímann. Eftir að hafa fjallað um málið með sveitarstjórnarmönnum og fulltrúum úr atvinnulífi á svæðinu þá er það niðurstaðan að áætla þessi margfeldisáhrif sem –0,2, þ.e. að fyrir hvert eitt starf sem skapast í álverinu tapist 0,2 önnur störf á svæðinu í atvinnustarfsemi sem verður undir í samkeppni á vinnumarkaði svæðisins við tilkomu álversins.
- Svæðisbundin margfeldisáhrif á atvinnulífið í gegnum neyslutengsl eru áætluð 0,6 og baktengsl 0,25 eins og áður hefur verið fjallað um.
- Nettó svæðisbundin margfeldisáhrif af rekstri álversins á atvinnulíf eru áætluð 0,65 (0.60+0.25–0.20).

Útreikningar byggðir á ofangreindum forsendum eru settir fram í Viðauka I, töflu 2. Ekki er víst að þessar forsendur haldist óbreyttar í 5–10 ár, auk þess sem þær eru háðar nokkrum skekkjumörkum. Gera verður ráð fyrir því að ríkisvaldið, sveitarstjórnirnar á svæðinu og Alcoa muni með stefnumörkun sinni og aðgerðum hafa áhrif á það hver óbein og afleidd áhrif fyrirhugaðs álvers verða. Á það verður einnig að leggja áherslu að meta má margfeldisáhrif með öðrum hætti en í fjölda starfa sem skapast, svo sem áhrif á laun og verðlag, aukin fjölbreytni í atvinnulífi, bætt afkoma þjónustufyrirtækja og vörusala og hagkvæmari rekstur opinberrar þjónustu.

Rétt er að taka fram, að nær samfelldar byggingaframkvæmdir verða við virkjanir, byggingu álvers, línulögn, hafnargerð og jarðgöng á Mið-Austurlandi í um 6 ár ef að verkefninu verður og munu þær hafa gríðarleg margfeldisáhrif á svæðinu. Það gæti reynst erfitt að aðgreina þau áhrif frá þeim áhrifum sem rekstur álversins hefur einn og sér.

Gera má ráð fyrir að árið 2009 muni álverið með beinum, óbeinum og afleiddum störfum skapa um 750 ný ársverk á Mið-Austurlandi, þar af rúmlega 450 í álverinu sjálfu. Það skiptir einnig miklu máli í þessu sambandi að álver greiða að meðaltali hærri laun en aðrar framleiðslugreinar, að fiskveiðum undanskildum. Mikill skortur er á vel launuðum störfum í landi á Austfjörðum. Mikilvægustu efnahagsleg áhrif álversins á svæðinu verða því líklega þau að verulega vel launuðum störfum fjölgar og lífskjör verða bætt.

Aukning um 750 varanleg störf á Mið-Austurlandi á u.þ.b. 6 árum getur leitt til almennra launa- og verðhækkana. Skortur á vinnuafli getur haft neikvæð áhrif á greinar svo sem landbúnað, ferðaþjónustu og ýmsar þjónustugreinar. Aukin eftirspurn getur leitt til hækkunar á verði á húsnæði o.fl., en almennar verðhækkanir geta verið óhagstæðar fyrir þá sem búa við lágar tekjur.

Hins vegar bendir ýmislegt til þess að slík vandamál verði takmörkuð eða komi ekki upp nema í litlum mæli. Tímaáætlun verkefnisins er nokkuð rúm þannig að nægur tími gefst til að skipuleggja og undirbúa alla þætti þess. Þarfir fyrir aukið vinnuafl og húsnæði, eða samgöngubætur, eru nú þegar fyrirséðar og því má tímanlega gera áætlanir um það hvernig skuli bregðast við þeim. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga, forystumenn stéttarfélaga og aðrir viðmælendur létu í ljós þá skoðun að vinnumarkaður og húsnæðismarkaður, svo og stjórnsýsla hins opinbera, muni ráða vel við að mæta nýjum þörfum vegna álversins. Þrátt fyrir að atvinnulíf sé að ýmsu leyti traust hefur fólki fækkað undanfarinn áratug og þar með er nokkur umframgeta í þjónustu og grunngerð á svæðinu.

4.3.2.5 Áhrif álversins á aðrar atvinnugreinar

Fyrirsjáanleg áhrif álvers í Reyðarfirði á aðrar atvinnugreinar á svæðinu eru sem hér segir:

Sjávarútvegur: Eins og fjallað var um í 2. kafla stendur sjávarútvegur á svæðinu nokkuð traustum fótum m.a. vegna nálægðar við gjöful fiskimið og öflugra fyrirtækja. Hins vegar fela störf við fiskveiðar í sér fjarvistir að heiman og störf í fiskvinnslu eru ótrygg og tekjur óvissar. Þess vegna munu ýmsir sem starfa í sjávarútvegi vilja komast í störf í fyrirhuguðu álveri eða önnur ný störf sem af því munu leiða. Nú þegar er skortur á vinnuafli í fiskvinnslu og honum er mætt með erlendu vinnuafli og öðru aðkomufólki. Menntun margra sjómanna, nema vélstjóra og skipstjórnarmanna, er ekki í samræmi við þarfir álversins. Fæst fiskverkafólk hefur þá menntun sem krafist verður í væntanlegu álveri. Öðru máli gegnir um vélstjóra og iðnaðarmenn sem vinna hjá fiskvinnslufyrirtækjum. Af þessum sökum er ekki að búast við að nema tiltölulega lítill hluti þeirra starfsmanna sem nú starfa í sjávarútvegi muni sækjast eftir störfum í væntanlegu álveri, helst þó úr loðnubræðslum og vélaverkstæðum. Laun skipstjórnarmanna eru það há að þeir myndu lækka verulega í launum við að fara til starfa í álverinu. Hins vegar mun fyrirhugað álver líklega draga til sín mikið af ungu fólki á svæðinu sem að öðrum kosti myndi hugsanlega fara til starfa í sjávarútvegi.

Landbúnaður: Samdráttur hefur verið í landbúnaði undanfarin ár. Störf í álveri, eða afleidd störf, munu gefa fólki sem hefur starfað í landbúnaði tækifæri til að skipta um starfsvettvang eða ná sér í viðbótartekjur. Þetta mun hjálpa þeim bændum að bregða búi sem það kjósa og öðrum að takast á við búháttabreytingar vegna aukinna tekna.

Iðnaður og byggingarstarfsemi: Þó nokkur lítil fyrirtæki sem eru í iðnaði og byggingarstarfsemi auk sjálfstætt starfandi iðnaðarmanna munu njóta góðs bæði af framkvæmdum við fyrirhugað álver og rekstri þess. Það mun gerast í gegnum baktengsl, þ.e. með sölu á vörum og þjónustu til álversins og í gegnum neyslutengsl, t.d. með húsbyggingum fyrir starfsfólk í álverinu eða afleiddum störfum. Nokkur iðnaðarfyrirtæki, t.d. í viðgerðarþjónustu og minni háttar framleiðslu, munu líklega missa starfsfólk yfir til álversins, auk þess sem störf þar munu freista margra iðnaðarmanna.

Ferðaþjónusta: Aðilar í ferðaþjónustu munu njóta aukinna tekna á svæðinu vegna tilkomu álversins og bættra samgangna. Ný tækifæri munu skapast fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu, t.d. þau sem eru í hótel- og veitingarekstri. Þá munu margir vera á ferðinni í viðskiptaerindum, svo sem verktakar, sérfræðingar og eftirlitsmenn, sem munu óska eftir hótelrými í nálægð við álverið og virkjanaframkvæmdir. Það getur hugsanlega leitt til skorts á herbergjum og hækkunar á verði tímabundið. Þessi áhrif eru þó aðeins til skamms tíma meðan á framkvæmdum stendur og úr þeim dregur þegar ný hótel hefja starfsemi.

Áður hefur verið nefnt að eftirspurn eftir vinnuafli, tengt bæði framkvæmdum og rekstri álversins, geti leitt til þess að fólk sem hefur haft lág laun og/eða árstíðabundna vinnu muni njóta betri stöðu á vinnumarkaði. Þetta getur haft áhrif á ferðaþjónustu sem hefur lengi

byggst á árstíðabundnu vinnuafli, fólki í hlutastörfum og láglaunafólki. Búast má við að þessi áhrif muni vara í skamman tíma.

Ekki er líklegt að tilkoma álversins dragi úr ferðamannastraumi til Mið-Austurlands, einkum ef vandað er til hönnunar og frágangs á lóðinni í kringum álverið. Jafnvel má fremur búast við auknum ferðamannastraumi, bæði meðan á framkvæmdum stendur og eftir að rekstur hefst, sérstaklega ef útbúinn er útsýnisstaður þar sem horfa má yfir svæðið og boðið er upp á leiðsögn fyrir þá sem vilja heimsækja álverið. Þá munu vegir sem byggðir verða á hálendinu vegna Kárahnjúkavirkjunar nýtast ferðafólki.

Þjónustugreinar: Búast má við vexti í þjónustugreinum vegna fjölgunar íbúa, aukinnar atvinnu og hærri tekna. Vöxtur þjónustugreina mun vafalaust efla Egilsstaði sem þjónustumiðstöð Mið-Austurlands og Reyðarfjörð vegna nálægðar við álverið. Búast má við að makar þeirra sem flytjast vegna starfa í fyrirhuguðu álveri muni bæta úr skorti á sérmenntuðu fólki svo sem í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, skólum og fleiri þjónustugreinum.

4.4 VINNUMARKAÐUR

4.4.1 KÖNNUN

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaði fyrir Reyðarál hf. afstöðu ungs fólks á Mið-Austurlandi, á aldrinum 18–28 ára, til álvers í Reyðarfirði. Könnunin, sem fór fram í nóvember og desember 2000, náði til fólks með lögheimili á svæðinu frá Fljótsdalshéraði til Breiðdalsvíkur. Af þeim 364 sem voru í úrtakinu svöruðu 203, eða 56%.

Þegar á heildina er litið voru ungir Austfirðingar sem þátt tóku í könnuninni frekar óánægðir með atvinnuástand í sínu byggðarlagi, bæði vegna lítillar fjölbreytni í atvinnulífi og takmarkaðra möguleika á tekjuöflun. Hins vegar var nokkur ánægja með atvinnuöryggi. Talsverð óánægja var með vöruúrval (51%) og enn meiri með vöruverð (70%) í verslunum á Austurlandi. Um 43% svarenda var mjög eða frekar ánægður með framboð hentugs húsnæðis en sú afstaða var breytileg eftir búsetu. Nokkur ánægja var með tækifæri til náms að loknum grunnskóla. Um 43% voru mjög eða frekar ánægðir með námstækifæri. Um 56% svarenda sögðust mjög eða frekar ánægðir með möguleika til útivistar og tómstundastarfa í sínu byggðarlagi.

Þegar öll ofangreind atriði voru greind eftir því hvort ungt fólk teldi líklegt að það myndi búa á Austurlandi eftir 10 ár kom í ljós munur á sjö af tíu atriðum. Fólk sem ætlaði ekki að búa á Austurlandi eftir 10 ár var óánægðra en fólk, sem ætlaði að búa þar, með eftirfarandi þætti: atvinnumöguleika, fjölbreytni í atvinnulífi, tekjuöflunarmöguleika, atvinnuöryggi, verðlag, fjölbreytni og vöruúrval í verslunum og möguleika til tómstunda og útivistar. Af þessu má ályktа að óánægja með þessi atriði geti stuðlað að brottflutningi ungs fólks af Austurlandi. Því virðist mikilvægast að styrkja atvinnulífið og bæta verslunina til að halda ungu fólki í sinni heimabyggð. Önnur atriði eins og tækifæri til náms eftir grunnskóla og húsnæðisaðstæður hafa líklega ekki eins mikil áhrif á ákvörðun fólks um hvort það verði kyrrt í heimabyggð eða flytur burt.

Þeir sem sögðust ætla búa annars staðar en á Austurlandi eftir 10 ár voru einnig spurðir að því hvort fleiri og betri atvinnutækifæri í þeirra byggðarlögum myndu auka líkur á að þeir yrðu um kyrrt á Austurlandi. Um 90% þeirra sögðu að svo væri.

Ungt fólk á Austurlandi var almennt hlynnt byggingu álvers í Reyðarfirði. Um 56% voru mjög hlynnt og þrír af hverjum fjórum svarendum voru mjög eða frekar hlynntir byggingu álvers í Reyðarfirði. Um 40% sögðust hafa áhuga á að vinna í álveri ef það yrði reist í Reyðarfirði. Þessi afstaða var nokkuð breytileg eftir kyni og búsetu.

Alls töldu 87% að bygging álvers í Reyðarfirði myndi styrkja efnahagslega stöðu byggðarlaga á Austurlandi mjög eða frekar mikið. Um 59% svarenda töldu að með tilkomu álvers ættu laun eftir að hækka á Austurlandi, um 40% töldu að laun ættu eftir að haldast svipuð og nær enginn að þau ættu eftir að lækka.

Þegar kom að áhrifum álvers í Reyðarfirði á mannlíf í byggðarlögum á Austurlandi töldu rúmlega þrír af hverjum fjórum ungum Austfirðingum að það ætti eftir að leiða til mun eða nokkuð betra mannlífs.

Að lokum var greint frá afstöðu ungra Austfirðinga til þess hvaða áhrif þeir teldu að tilkoma álvers myndi hafa á brottflutning frá Austurlandi. Um 82% töldu að brottflutningur ætti eftir að minnka og einungis 3% að brottflutningur myndi aukast.

4.4.2 BYGGINGARTÍMI

Áætluð vinnuaflsþörf vegna framkvæmda fyrirhugaðs álvers (að meðtalinni höfn) er um 2.300 ársverk. Um veturinn 2005–2006 er áætlað að um 900–1.000 manns verði að störfum, og um sumarið 2006 allt að 1.600 manns. Draga mun úr vinnuaflsþörfinni veturinn 2006–2007 þar til búið verður að mestu leyti að ljúka framkvæmdum vorið 2007 ef áform ganga samkvæmt tímaáætlun. Eftir að leitað var álits hjá reyndum stjórnendum hjá byggingafyrirtækjum er áætlað að skipting vinnuafls við framkvæmdir verði sem hér segir:

- Heimamenn: 10%
- Starfsmenn sem flytja tímabundið inn á svæðið með fjölskyldur sínar meðan á framkvæmdum stendur: 15%
- Erlendir starfsmenn: 30%
- Innlendir starfsmenn sem dvelja í vinnubúðum en fara heim til sín í fríum: 45%.

Mesta óvissan tengist stærð þess hóps starfsmanna sem munu flytja tímabundið inn á svæðið með fjölskyldum sínum, eða 15%. Þetta hlutfall virðist frekar hátt, en þessir starfsmenn munu sjá fram á nokkurra ára samfellda vinnu við framkvæmdir, auk þess sem hugsanlegt starf í álverinu sjálfu að framkvæmdum loknum freistar líka.

Framkvæmdaaðili verkefnisins mun gera sitt besta til að hámarka möguleika heimamanna til atvinnu og viðskipta á meðan á framkvæmdum stendur og upplýsa fyrirtæki á svæðinu, sveitarfélög og menntastofnanir tímanlega um áætlanir sínar og þarfir.

Fyrri reynsla sýnir að sumir þeirra sem starfa í byggingariðnaði en búa annars staðar munu sýna áhuga á að flytja á svæðið og síðan sækja um störf í álverinu sjálfu. Sumir þeirra munu vera Austfirðingar sem hafa flutt á brott; um 17% þeirra sem spurðir voru í könnun Félagsvísindastofnunar, þ.e. höfðu flutt burt 1995–1999 og voru á aldrinum 20–49 ára, sögðu að það væri frekar eða mjög líklegt að þeir myndu flytja til baka ef álverið yrði byggt. Svörin voru háð aldri þar sem þeir yngri í hópi svarenda voru líklegri til að snúa til baka en þeir eldri ef álverið yrði reist. Slíkir búferlaflutningar til baka á heimaslóðir eru líklegri til að eiga sér stað vegna vinnu í álverinu en við framkvæmdir eingöngu því vinna í álverinu er varanlegri.

Hvernig þau störf dreifast sem skapast vegna tilkomu álversins, bæði á framkvæmdatíma og eins eftir að rekstur hefst, veltur á þáttum eins og fyrirkomulagi vakta, staðsetningu og stærð vinnubúða eða aðstöðu fyrir starfsmenn til dvalar og fjarlægð frá heimili til vinnustaðar.

4.4.3 REKSTRARTÍMI

Í þessum kafla er lýst þörfum álversins fyrir vinnuafl á rekstrartíma og líklegum viðbrögðum á vinnumarkaði svæðisins og kannað hvað hann getur tekið á móti mörgum viðbótarstörfum með tilliti til núverandi atvinnustigs og horfa á næstu árum. Í kaflanum er fjallað um

líklega þróun vinnumarkaðar á næstu árum, hve margir þurfa að flytja til svæðisins ef álver tekur til starfa í Reyðarfirði og hvernig heppilegast sé að nálgast þetta viðfangsefni.

Eins og áður sagði er áætlað að álverið skapi í heild 454 ársverk. Álverið mun nota bestu fáanlega tækni í heiminum, bæði með tilliti til tæknigetu og mengunarvarna. Búnaður verður settur upp til að minnka útblástur frá kerskálanum, sem verður langt innan bæði íslenskra og alþjóðlegra krafna. Sjálfvirkni og tölvuvæðing hafa gjörbreytt álvinnslutækninni á undanförnum árum og svo til upprætt hina líkamlega erfiðu vinnu sem áður einkenndi þennan iðnað. Samfara tækni- og tölvuvæðingunni er búið að gjörbylta sjálfum vinnslubúnaðinum, rafskautunum og álbræðslukerunum þannig að stórlega hefur dregið úr hita, mengun og óþrifnaði.

Fjöldi kvenna sem starfa í áliðnaði hefur farið vaxandi og þær vinna nú störf sem áður voru aðeins talin vera fyrir karlmenn. Mörg álfyrirtæki beita sérstökum aðgerðum til að laða að fleiri konur til starfa í álverum.

Álverið verður í sterkri stöðu til að keppa við aðra atvinnustarfsemi um vinnuafl. Önnur álver á Íslandi greiða hærri laun en aðrar sambærilegar starfsstéttir fá að sjómönnum undanskildum. Álverin veita örugga atvinnu og vaktavinnu sem almennt er betur borguð en dagvinna. Vinna í álveri er áhugaverð fyrir fólk úr mörgum starfsgreinum með margvíslega menntun og starfsþjálfun.

4.4.3.1 Menntun vinnuafls

Menntunarkröfum sem gerðar verða til starfsmanna er skipt í fimm flokka sem hér segir:

- Störf sem ekki krefjast neinnar sérþekkingar, þ.e. ófaglært verkafólk.
- Störf sem krefjast sérstaks iðn- eða fjölbrautanáms.
- Störf sem krefjast tæknimenntunar.
- Störf sem krefjast tæknimenntunar á háskólastigi eða sambærilegrar menntunar.
- Störf sem krefjast akademískrar háskólamenntunar.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun verða störfin í álverinu alls 420 og má áætla að þau skiptist sem hér segir:

- Þörf er fyrir 10–20 starfsmenn með akademíska háskólamenntun eða sambærilega menntun.
- Þörf er fyrir 20–25 starfsmenn með tæknimenntun á háskólastigi eða sambærilega menntun.
- Þörf er fyrir 50–60 starfsmenn með sérstaka tæknimenntun.
- Þörf er fyrir um 300 starfsmenn með iðnnám eða sérstakt fjölbrautanám til að vinna við álframleiðslu.
- Þörf er fyrir um 25–30 störf sem krefjast engrar sérstakrar þjálfunar.

Áætlað má að um helmingur þessara 420 starfa verði dagvinnustörf en hinn helmingurinn verði unninn á vöktum.

Gert er ráð fyrir að flestir yfirmenn verði ráðnir snemma í undirbúningsferlinu og muni vera til staðar á meðan álverið verði reist. Smám saman verði fleiri starfsmenn ráðnir þar til þremur mánuðum áður en rekstur hefst en þá verði ráðið í öll störf.

Því miður er skortur á ítarlegum upplýsingum um menntunarstig íbúa á Mið-Austurlandi. Miðað við vinnuaflskönnun sem gerð var vegna fyrri athugunar á samfélagslegum áhrifum álvers, sem út kom í febrúar 1998 og viðtöl við íbúana má áætla að um 55–60% vinnuaflsins á svæðinu sé ófaglært, háskólamenntað fólk ekki meira en 5–10%, en faglært fólk, skilgreint mjög vítt, sé u.þ.b. 30–35%. Síðastnefndi hópurinn er fjölmennur og í honum eru m.a. iðnaðarmenn, skipstjórnarmenn, vélstjórar, matsveinar, bændur með próf úr búnaðarskóla,

menntað fiskvinnslufólk, verslunarmenntað fólk, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, leikskólakennarar og grunnskólakennarar. Fyrir sumar þessara stétta er nú krafist háskólamenntunar en margt fólk í þeim starfsgreinum á Austurlandi er án háskólamenntunar.

4.4.3.2 Viðbrögð á vinnumarkaði

Í þessum hluta kaflans er fjallað um það hvernig vinnumarkaðurinn á Mið-Austurlandi getur brugðist við þörfum álversins fyrir vinnuafl og þeirri þörf fyrir vinnuafl sem skapast í öðrum greinum. Hér á eftir er lýst því vinnuafli sem er til staðar og væntanlegum nýliðum á vinnumarkaði á næstu árum. Kannað er frá hve stóru svæði ætla má að fólk sé reiðubúið að sækja vinnu í álverið. Stærð aðdráttarsvæðisins veltur bæði á samgöngum og því vinnufyrirkomulagi sem verður í boði. Hér á eftir verður einnig fjallað um möguleika á því að laða til svæðisins enn frekara vinnuafl. Má þar nefna brottflutta Austfirðinga, fólk sem myndi hugsanlega flytja austur ef atvinna byðist í álveri eða nýjum störfum og vinnusókn fólks úr öðrum landshlutum.

Áætlað hefur verið hver séu líkleg viðbrögð helstu markhópa á vinnumarkaði við framboði starfa í álverinu. Þessar áætlanir eru byggðar á viðtölum við ýmsa aðila á Austfjörðum, skoðanakönnun sem unnin var fyrir Reyðarál hf. og almennri þekkingu á íslenskum vinnumarkaði.

1. Heimamenn sem nú eru á vinnumarkaði

Sá fjöldi heimamanna sem tiltækur er til vinnu í álverinu mun takmarkast m.a. af þeirri vegalengd sem fólk er reiðubúið að ferðast til og frá vinnu daglega. Innan 30 mínútna akstursfjarlægðar eru nú um 5.400–5.500 íbúar, aðallega í Neskaupstað, á Eskifirði, Reyðarfirði, Egilsstöðum og í Fellabæ. Eftir að jarðgöng koma milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar bætast um 600 íbúar við þá tölu. Um 2.000 íbúar til viðbótar búa í byggðarlögum sem liggja í 30–60 mínútna akstursfjarlægð.

Reynslan sýnir að margt fólk er reiðubúið að sækja vinnu daglega í allt að 30 mínútna akstursfjarlægð frá heimili sínu, t.d. milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar, svo og milli Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Fólk sem sækir vinnu daglega um lengri veg þreytist á því en gerir það samt ef engin önnur tækifæri bjóðast, laun eru há, starfið áhugavert eða vinnan unnin í löngum lotum með góðum fríum inn á milli, t.d. hjá sjómönnum. Fjöldi fólks sem nú býr í 30–60 mínútna akstursfjarlægð frá væntanlegu álveri mun líklega hafa áhuga og möguleika á að vinna þar. Í þessum hópi er m.a. fólk sem hefur óstöðuga vinnu og/eða lág laun. Má þar nefna bændur, maka þeirra, vörubílstjóra, sjálfstætt starfandi iðnaðarmenn, smábátasjómenn, fiskvinnslufólk og starfsfólk í ferðaþjónustu.

Almennt má líta svo á að tækifærin til að ráða heimafólk til starfa í álverinu séu sem hér segir:

Innan 1 klst. vinnusóknar frá álverinu eru a.m.k. 250 bújarðir. Á flestum eru sauðfjárbú en á 40–50 er mjólkurbú. Á um helmingi búa með mjólkurframleiðslu eru rekin blönduð bú. Margir bændur og makar þeirra vinna utan bús, einkum þeir sem búa í nálægð við þéttbýli. Bændur stunda m.a. skólaakstur, akstur vörubíla, starfa í byggingavinnu og við mannvirkjagerð, sláturhúsavinnu, uppskipun, sjómennsku og fiskvinnslu. Konurnar vinna í fiskvinnu, á sjúkra- og umönnunarstofnunum, við heimilishjálp, í mötuneytum, við þrif, kennslu, á leikskólum, heimilisiðnað eða ferðamannaþjónustu. Ef varanlegri og betur launuð störf eru í boði innan hæfilegrar akstursfjarlægðar munu margir bændur og eiginkonur þeirra líklega hafa áhuga á þeim.

Á Mið-Austurlandi er töluvert af fólki með iðn- eða tæknimenntun, svo sem smiðir, rafvirkjar, pípulagningamenn, múrarar, iðnaðarmenn o.fl. Margir þeirra eru sjálfstætt starfandi, svo sem við viðhalds- og viðgerðarstörf, eða þeir starfrækja lítil verkstæði. Aðrir starfa hjá stærri málmiðnaðar- eða byggingafyrirtækjum. Sumir þeirra búa við ótryggar tekjur. Varanleg og vel launuð störf munu freista margra þeirra.

Í byggðarlögum við sjávarsíðuna á Mið-Austurlandi eru margir sjómenn sem hafa ábyggilega áhuga á að breyta um starf. Margir smábátasjómenn sem veiða á eigin bátum búa við margvíslegar takmarkanir svo sem vegna fiskveiðistjórnunar, fiskgengdar eða veðurs. Þeir geta aðeins stundað veiðar hluta úr árinu og hafa því áhuga á fastri vinnu þar sem þeir gætu hugsanlega stundað smábátaútgerð í aukavinnu. Margir sjómenn á togurum eða nótaveiðiskipum eru með góð laun en eru þreyttir á erfiðum vinnuaðstæðum og löngum fjarvistum frá heimilum sínum. Margir þeirra munu hafa áhuga á öruggu og vel launuðu starfi í landi.

Laun í fiskiðnaði eru fremur lág nema í loðnubræðslum eða við verkstjórn. Margt starfsfólk í fiskiðnaði mun ábyggilega hafa áhuga á störfum tengdum álverinu.

Eins og sagt var hér að framan mun fjöldi heimamanna sem sækja um vinnu í álverinu velta að einhverju leyti á vegabótum á svæðinu þannig að álverið verði innan viðráðanlegrar akstursfjarlægðar. Margt af því fólki sem hér hefur verið rætt um þarf frekari grunnmenntun til þess að öðlast þá hæfni sem gerð verður krafa um til umsækjenda um störf í væntanlegu álveri. Nægur tími er til undirbúnings áður en álverið tekur til starfa að þjálfa heimafólk til væntanlegra starfa. Framhaldsskólarnir á svæðinu eru vel undir það búnir að sjá um grunnmenntun og starfsþjálfun, svo og Fræðslunet Austurlands, en í sumum tilvikum er nauðsynlegt að starfsþjálfun fari fram í álverum Alcoa erlendis.

2. Nýliðar á vinnumarkaði

Fjöldi ungs fólks sem kemur inn á vinnumarkaðinn á Mið-Austurlandi er nálægt 130 manns á ári að meðaltali. Miðað við 4–5 ára undirbúningstíma eru það í kringum 520–650 manns.

Í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar sem unnin var fyrir Reyðarál hf. meðal ungra Austfirðinga 18–28 ára sögðust um 40% hafa áhuga á að vinna í álveri ef það yrði reist í Reyðarfirði. Þessi afstaða var nokkuð breytileg eftir kyni og búsetu. Karlar (53%) höfðu frekar áhuga á að vinna í álveri en konur (29%). Þá er ljóst að áhugi á að starfa í álverinu var mun meiri í Fjarðabyggð (52,5%) og á Suðurfjörðum (50,0%) en á Seyðisfirði (41,2%) og Fljótsdalshéraði (25,4%).

Hvað unga fólkið áhrærir þarf að huga að tvennu. Í fyrsta lagi að vekja áhuga ungra karlmanna á störfum í álverinu og bjóða upp á sérstaka náms- og þjálfunarbraut við Verkmenntaskólann í Neskaupstað fyrir þá. Til að halda þeim virkum þar til álverið tekur til starfa mætti gefa þeim kost á störfum við byggingu álversins og einnig gefa þeim tækifæri á tímabundnum störfum í álverum Alcoa erlendis. Í öðru lagi þarf að huga að því hvernig hægt er að laða ungar konur af svæðinu til starfa í álverinu. Það má gera með sérstöku verkefni sniðnu að þeirra þörfum til að þær flytjist síður burt af svæðinu og undirbúi sig til starfa í álverinu. Álverið mun einnig leiða til þess að ýmsum þjónustustörfum fjölgar á svæðinu en mörg þeirra eru áhugaverð fyrir konur.

3. Brottfluttir Austfirðingar

Hluti þess fólks sem hafði flutt á brott frá Austurlandi síðustu 5–10 árin áður en skoðanakönnun Reyðaráls hf. fór fram, einkum fólk á aldrinum 18–30 ára, gat vel hugsað sér að flytja til baka ef áhugaverð og vel launuð störf byðust. Gróflega má áætla að um 300 manns

á aldrinum 18–30 ára „vanti“ í aldurspýramída Mið-Austurlands. Af þessari áætluðu tölu um brottflutta Austfirðinga eru u.þ.b. ⅔ konur og u.þ.b ⅓ karlar.

Í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar sem gerð var meðal fólks 20–49 ára sem flutt hafði frá Mið-Austurlandi á árunum 1995–1999 kom fram að um 39% svarenda hafði á undanförnum tveimur árum hugleitt að flytja aftur til Austurlands. Nokkuð fleiri konur (46%) en karlar (33%) höfðu hugleitt að flytja aftur. Þá var einnig breytilegt eftir aldri hvort fólk hefði hugleitt að flytja aftur. Mun algengara var að þeir yngri hefðu hugleitt að flytja aftur en þeir eldri.

Í samræmi við það að lakar atvinnuaðstæður voru oft nefndar sem ástæður fyrir brottflutningi í könnuninni kom í ljós að fleiri atvinnutækifæri myndu auka töluvert líkur á að fólk flytti aftur til Austurlands. Um 70% þeirra sem ekki töldu líklegt að þeir byggju á Austurlandi eftir 10 ár myndu hugleiða flutning aftur á Austurland ef fleiri og betri atvinnutækifæri sköpuðust þar. Töluverður munur var á þessari afstöðu eftir aldri. Fólk á aldrinum 20–29 ára (80%) og 30–39 ára (67%) var mun tilbúnara til að hugleiða að flytja til baka ef fleiri og betri atvinnutækifæri byðust en fólk á aldrinum 40–49 ára (27%).

Um 17% töldu mjög eða frekar líklegt að þeir flyttu ef álver risi í Reyðarfirði, en 49% töldu það mjög eða frekar ólíklegt. Þessi afstaða var breytileg eftir aldri þar sem yngra fólk var almennt tilbúnara til að flytja til baka en það eldra.

4. Aðkomufólk

Aðkomufólki sem flyst til Austurlands vegna fyrirhugaðs álvers má skipta í þrjá hópa:

Í fyrsta lagi, aðkomufólk sem kemur upphaflega til að vinna við framkvæmdir við álverið eða virkjanaframkvæmdir og ákveður að dveljast áfram á svæðinu. Í öðru lagi, fólk sem býr í þorpum og bæjum sem eru utan daglegrar vinnusóknar til álversins, t.d. á Hornafirði, Djúpavogi, Vopnafirði og Norðurlandi eystra. Sumt af þessu fólki býr við óöryggi í núverandi starfi, er þreytt á því eða er sjálfstætt starfandi og hefði áhuga á að flytja ef því byðist starf við hæfi. Í þriðja lagi, menntað fólk sem hefur áhuga á tæknistörfum eða stjórnunarstörfum eða sérhæfðum skrifstofustörfum. Fólk sem sækir í þessi störf getur komið víða að.

Þessu til viðbótar má búast við að einhverjir Íslendingar sem búsettir eru erlendis hafi áhuga á að snúa til fósturjarðarinnar, einkum þeir sem hafa menntun og starfsreynslu sem nýtist í starfi í álveri. Þá má búast við því að nokkrir erlendir ríkisborgarar sem starfa á vegum Alcoa muni koma til starfa í fyrirhuguðu álveri, a.m.k. fyrstu árin.

5. Vinnusókn um langan veg

Mögulegt er að manna hluta starfa í álveri með fólki sem býr utan daglegrar vinnusóknar en myndi vilja vinna í vinnulotum sem gætu tekið t.d. 5–7 daga í einu. Slíku fólki þarf að útvega gistingu og fæði á vinnustað svo og flutning á milli heimilis og vinnustaðar. Til dæmis kæmi til greina að aka starfsfólki sem starfaði með þessu fyrirkomulagi til og frá Akureyri.

Þetta fyrirkomulag er einungis notað ef ekki reynist unnt að fá nægilega margt starfsfólk sem býr í nálægð við álverið. Fyrirkomulag sem þetta er þekkt á olíuborpöllum, í námugreftri á heimskautasvæðum og í rekstri vatnsaflsvirkjana í óbyggðum. Margir einstaklingar hafa áhuga á svona störfum, bæði vegna þeirra kjara sem í boði eru og góðra fría sem eru á milli vinnulota. Ekki þarf að flytja fjölskylduna og maki getur haldið áfram í sínum störfum. Þetta er vinsælt fyrirkomulag, t.d. meðal sjálfstætt starfandi iðnaðarmanna sem geta nýtt sér fríin til tekjuöflunar. Þetta fyrirkomulag er hins vegar dýrt fyrir vinnuveitandann og hann notar það ekki nema hann eigi ekki annarra kosta völ.

6. Væntanlegt vinnuafl

Sé horft til áætlaðs fjölda nýliða á vinnumarkaði, fjölda þeirra heimamanna sem líklega munu hafa áhuga á starfi í álverinu, auk aðkomufólks og Austfirðinga sem flutt hafa á brott en hefðu áhuga á að snúa til baka, er í töflum 4.1 sýnt hvað er líklega raunhæft og mögulegt í þeim efnum. Þessar tölur verður að taka með fyrirvara um nokkur skekkjumörk fyrir hvern hóp. Aðlögunartími til að ná þessum markmiðum er nokkur ár eftir að verkefnið hefst. Hægt er að nýta framkvæmdatímann vel, bæði til að halda í unga fólkið og laða að aðkomufólk sem kemur sumt fyrst til starfa við framkvæmdir. Framkvæmdatíminn er einnig góður aðlögunartími fyrir ýmis fyrirtæki á svæðinu sem munu sjá ný viðskiptatækifæri bjóðast.

Tafla 4.1 Væntanlegt vinnuafl, 2009, 322 þúsund tonna álver.

Tegund vinnuafls:	**Álver**	**Afleidd störf**	**Alls**
Heimafólk	120	80	200
Nýliðar	120	80	200
Brottfluttir Austfirðingar	60	40	100
Aðkomufólk	155	95	250
Heildarvinnuaflsþörf	**455**	**295**	**750**

4.5 SVEITARFÉLÖG

4.5.1 BYGGINGARTÍMI

Á byggingartíma álversins má gera ráð fyrir að áhrifin verði mest í Fjarðabyggð. Einnig verða áhrifin mikil hjá sveitarfélögum á Fljótsdalshéraði, einkum vegna þess að framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun munu þá standa sem hæst. Svo kann að fara að sveitarfélögin á Héraði haldi áfram að sameinast í stærri heildir, þau eru nú 4 en voru fyrir nokkrum árum síðan 10 talsins. Ef þau sameinast mun það auðvelda þeim að takast á við þau miklu verkefni sem blasa við ef af þessum áformum verður.

Almennt er talið að afkoma sveitarfélaga sé góð ef rekstrargjöld þeirra fara ekki yfir 80% af skatttekjum. Á árinu 2001 var þetta hlutfall 82,7% fyrir landið í heild. Í Fjarðabyggð voru skatttekjur sveitarfélagsins fyrir árið 2001 um 12% yfir landsmeðaltali. Rekstrarútgjöld Fjarðabyggðar voru hins vegar 87,5% af skatttekjum 2001. Í samanburði við landsbyggðarsveitarfélög með yfir 1.000 íbúa var kostnaður við rekstur flestra málaflokka heldur hærri í Fjarðabyggð. Heildarskuldir Fjarðabyggðar voru í árslok 2001 21,6% yfir landsmeðaltali sveitarfélaga. Á móti koma hins vegar töluverðar peningalegar eignir.

Það mun reyna mest á Fjarðabyggð á byggingartíma álversins. Á þeim tíma verða mikil umsvif í sveitarfélaginu og þá þarf að fjárfesta í mannvirkjum, veitum, götum, höfn, undirbúningi nýbyggingarsvæða o.fl. Þær auknu tekjur sem sveitarfélagið fær vegna starfsmanna álversins koma ekki fyrr en rekstur þess hefst. Á byggingartímanum verða flest störfin unnin af aðkomufólki sem greiðir sitt útsvar annars staðar. Veltuaukningin á svæðinu skilar sér í auknum veltusköttum sem allir renna til ríkisins.

Gatnagerðagjöld sem innheimt eru í Fjarðabyggð og tengigjöld veitna eru mun lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Þau standa ekki undir kostnaði við gatnagerð og undirbúning nýbyggingarsvæða. Þar sem markaðsverð fasteigna er lágt í Fjarðabyggð gæti það dregið úr áhuga væntanlegra húsbyggjenda ef gatnagerðargjöldin verða hækkuð.

Það er brýnt viðfangsefni að búið verði þannig um hnútana að sveitarfélagið Fjarðabyggð geti tekist á við alla þá uppbyggingu sem framundan er í sveitarfélaginu, ef áform um álver verða að veruleika, án þess að fjárhagsstöðu þess verði teflt í tvísýnu á byggingartíma álversins. Sama gildir reyndar einnig um Austur-Hérað, þar má líka búast við mikilli uppbyggingu.

4.5.2 REKSTRARTÍMI

Áhrifa á sveitarfélögin mun gæta í auknum tekjum af útsvari, fasteignagjöldum og þjónustugjöldum. Á móti koma væntanlega minni framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að óbreyttum reglum sjóðsins. Framlög Jöfnunarsjóðs eru að meðaltali 10–20% af skatttekjum sveitarfélaga í þéttbýli en allt að 50% af skatttekjum sveitahreppa. Fasteignaskattur af álverinu mun auka tekjur Fjarðabyggðar töluvert. Starfsmenn greiða hins vegar útsvar til þess sveitarfélags sem þeir búa í.

Sveitarfélögin munu standa frammi fyrir auknum kröfum um grunngerð og þjónustu, svo og til starfsmanna. Þau þurfa að skipuleggja nýbyggingarsvæði og beita sér fyrir átaki í húsnæðismálum, annað hvort með samvinnu innbyrðis eða í samstarfi við verktaka. Endurskoða þarf gildandi aðalskipulag í sumum sveitarfélögum og ná samkomulagi við Alcoa um grunngerð og þjónustu á lóð álversins (höfn, vatn, fráveita og brunavarnir).

Þar sem þróun atvinnulífs skiptir sveitarfélögin miklu máli gætu þau í samstarfi við Þróunarstofu Austurlands aðstoðað einstaklinga og fyrirtæki við að nýta sér þau viðskiptatækifæri sem skapast með tilkomu álversins.

Almennt mun fjárhagur sveitarfélaga á svæðinu batna töluvert eftir að starfsemi álversins hefst, en þau gætu þurft að fjárfesta á framkvæmdatímanum til þess að hámarka áhrifin af verkefninu. Þau tvö sveitarfélög á Mið-Austurlandi sem búast má við að eflist mest með tilkomu álversins eru Fjarðabyggð og Austur-Hérað. Einnig má búast við að Fáskrúðsfjörður styrkist töluvert. Það yrði hagstætt fyrir þróunina ef sveitarfélögin á Fljótsdalshéraði myndu sameinast í eitt öflugt sveitarfélag, svo og sveitarfélögin á suðurfjörðum. Ákvörðun um álver á Reyðarfirði kann einnig að kalla á gerð svæðisskipulags fyrir Mið-Austurland.

4.6 HÚSNÆÐISMÁL

4.6.1 INNGANGUR

Ljóst er að tilkoma álvers í Reyðarfirði mun auka stórlega eftirspurn eftir bæði íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði á svæðinu. Á framkvæmdatímanum verða húsnæðismál starfsmanna að stærstum hluta leyst með vinnubúðum. Hins vegar er gert ráð fyrir að þeim sem búa á svæðinu með fjölskyldum sínum muni fjölga um leið og framkvæmdir hefjast. Einnig munu margvísleg viðskiptatækifæri aukast sem kalla á aukna eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði.

Þar sem fjárfesting í húsnæði er til langs tíma er ljóst að það sem byggt verður af íbúðar- og atvinnuhúsnæði á framkvæmdatíma álversins mun nýtast þegar rekstur þess hefst. Þess vegna er hvað athugun á húsnæðismálum snertir ekki rökrétt að skilja að framkvæmdatíma og rekstrartíma. Ekki er talið skynsamlegt að leysa þá eftirspurn sem myndast eftir íbúðarhúsnæði með varanlegum lausnum í húsnæðismálum jafnskjótt og hún myndast. Í þeim efnum er ráðlegt að gera ráð fyrir bráðabirgðalausnum í húsnæðismálum fyrir hluta starfsmanna álversins í allt að 1–2 ár eftir að rekstur þess hefst. Slíkt dregur úr spennu í byggingarstarfsemi og fjárfestingum á mesta álagstíma og leiðir til þess að byggðar verði almennt vandaðri byggingar, auk þess sem kostnaður verður lægri. Í því sambandi þarf líka að hafa í huga að sveitarfélögin þurfa áður að vinna að gatnagerð og lagningu veitna og ekki er heppilegt að gera það heldur á meðan bygging álversins stendur sem hæst.

Í sambandi við húsnæðismál þarf einnig að huga vel að því hverjir munu standa fyrir húsbyggingum og hvernig sú uppbygging verður fjármögnuð. Búast má við að sveitarfélögin semji við verktakafyrirtæki og fjárfesta um að taka að sér tiltekin nýbyggingahverfi og byggja þau í heilu lagi en selja síðan einstaklingum. Þetta fyrirkomulag hefur rutt sér nokkuð til rúms á síðustu árum og gefist vel. Lausar lóðir innan þegar byggðra hverfa verða væntanlega auglýstar lausar til umsóknar fyrir einstaklinga.

Ekki munu allir þeir sem flytja til Mið-Austurlands vegna þeirra áforma sem uppi eru um byggingu álvers og virkjana vera reiðubúnir að kaupa húsnæði strax. Mikil þörf mun myndast fyrir leiguhúsnæði og verður að leysa það verkefni í samstarfi ríkis og sveitarfélaga á svæðinu svo áform um álver og virkjanir geti gengið eftir.

Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi mun ef af framkvæmd verkefnisins verður ráðast aðallega af þremur þáttum: Fólksfjölgun á svæðinu, breytingum í fjölskyldustærð og þörf fyrir endurnýjun eldra húsnæðis. Í Viðauka I, töflu 10, er viðbótareftirspurn eftir íbúðarhúsnæði sem leiðir af tilkomu álversins reiknuð út.

Ekki er mögulegt að reikna út eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði og opinberum byggingum með sömu nákvæmni og eftir íbúðarhúsnæði. Ástæðan er m.a. sú að til eru nokkrir flokkar af atvinnuhúsnæði og opinberum byggingum sem eru ólíkir innbyrðis, t.d. verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frystihús, skólar og sjúkrahús. Einnig gilda önnur sjónarmið um úreldingu og endurnýjunarþörf atvinnuhúsnæðis og opinberra bygginga. Þannig getur verið nægur fermetrafjöldi af ónotuðu atvinnuhúsnæði á tilteknu svæði, en ekki af þeirri gerð sem ný eftirspurn kallar á. Í Viðauka I, töflu 9, er lagt mat á áætlaða viðbótareftirspurn eftir atvinnuhúsnæði og opinberum byggingum sem skapast með tilkomu álversins.

Í Viðauka I, töflu 6, er sýndur mögulegur uppbyggingarhraði bæði íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis sem svar við þeirri eftirspurn sem myndast.

4.6.2 EFTIRSPURN EFTIR NÝJU ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Eftirspurn eftir nýju íbúðarhúsnæði er reiknuð sem hér segir:

- Áætlað er að íbúum fjölgi bæði vegna framkvæmda og reksturs álvers úr 8.152 manns árið 2003 í rúmlega 9.600 manns árið 2009, sem mun skapa þörf fyrir tæplega 570 nýjar íbúðir.
- Vegna fyrirsjáanlegra breytinga í fjölskyldustærð mun meðalfjöldi íbúa í íbúð, sem er 2,53 árið 2002, breytast. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall standi í stað 2003 en fari síðan hækkandi upp í 2,6 til ársins 2009 vegna þess að gert er ráð fyrir töluverðum aðflutningi ungra fjölskyldna með börn. Þetta mun leiða til neikvæðrar eftirspurnar sem nemur 92 íbúðum 2004–2009.
- Endurnýjunarþörf fyrir gamalt og úrelt íbúðarhúsnæði er talin vera 1% af öllu húsnæði á Mið-Austurlandi á ári. Gert er ráð fyrir að þessari endurnýjunarþörf verði mætt að hálfu leyti fram til 2009, en að fullu eftir það. Þetta mun leiða til eftirspurnar sem nemur 96 íbúðum á árunum 2004–2009.

Áætluð heildareftirspurn eftir nýju húsnæði sem afleiðing af ofantöldum þáttum er talin vera um 570 nýjar íbúðir á árunum 2004–2009 (Viðauki I, tafla 10).

Meðalstærð íbúða á Mið-Austurlandi er 125 fermetrar, án bílskúrs. Ekki er gert ráð fyrir að meðalstærð íbúða breytist næstu 10 árin. Hver ný íbúð að meðtöldum bílskúr og kostnaði við gatnagerð og veitur er talin kosta að meðaltali 15 milljónir króna. Heildarfjárfesting í nýju íbúðarhúsnæði er því áætluð 8,5 milljarðar króna. Verkfræðistofan Hönnun hf. hefur áætlað að það þurfi að meðaltali 1,4 ársverk til að byggja eina íbúð. Það þýðir að það þarf u.þ.b. 790 ársverk til að byggja þann fjölda íbúða sem verkefnið krefst.

Á árinu 2002 voru nærri 325 þús. fermetrar af atvinnuhúsnæði, að meðtöldum opinberum byggingum, á Mið-Austurlandi, eða 81 fermetri á ársverk. Svo virðist sem að það sé nú þegar offramboð af vissum gerðum atvinnuhúsnæðis á svæðinu. Þetta þarf að hafa í huga þegar eftirspurn eftir nýju atvinnuhúsnæði og opinberum byggingum er metin, svo og aukin þörf fyrir skrifstofu- og þjónustuhúsnæði.

Eftir að rekstur álversins hefst árið 2007 er gert ráð fyrir því að það muni skapast 295 óbein og afleidd störf. Miðað er við að þau skiptist þannig að 24% verði í opinberri þjónustu og 76% í annarri atvinnustarfsemi. Reiknað er með að hvert nýtt ársverk í annarri atvinnustarfsemi kalli á 35 fermetra í atvinnuhúsnæði. Í útreikningum á skólahúsnæði er reiknað með að hver viðbótarnemi í leikskóla þurfi 8 fermetra, viðbótarnemi í grunnskóla 10 fermetra og viðbótarnemi í framhaldsskóla 12 fermetra. Reiknuð eftirspurn eftir opinberum byggingum er tæplega 12.000 fermetrar, þar af er skólahúsnæði um 3.800 fermetrar, eftirspurn eftir heilbrigðisstofnunum 2.200 fermetrar og eftirspurn eftir öðrum opinberum byggingum um 5.900 fermetrar (Viðauki I, tafla 9).

Á Mið-Austurlandi árið 2002 eru 117 þús. fermetrar í sérhæfðu húsnæði (aðallega opinberar byggingar) og 208 þús. fermetrar í almennu atvinnuhúsnæði. Lágmarksendurnýjunarþörf þess er reiknuð 0,5% á ári eða tæplega 13 þús. fermetrar á tímabilinu 2002–2009. Ef eftirspurn eftir viðbótarhúsnæði og endurnýjun samkvæmt ofanskráðu er fullnægt er áætlað að það kosti tæplega 2,8 milljarða og krefjist 230 ársverka við framkvæmdir (Viðauki I, tafla 9).

Þörfin fyrir atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar mun einkum beinast að tilteknum byggingum. Ljóst er að hvað almennt atvinnuhúsnæði varðar þá er þörfin mest fyrir hvers kyns skrifstofu- og þjónustuhúsnæði, en síður húsnæði fyrir framleiðslu og vörugeymslur. Þá verður töluverð þörf fyrir skólahúsnæði (3.800 fermetrar). Þrátt fyrir fækkun barna á Mið-Austurlandi s.l. 10 ár munu breytingar sem orðið hafa á skólastarfi síðan þá og væntanlega meiri þétting byggðar innan fjórðungsins valda því að byggja þarf nýtt skólahúsnæði.

4.6.3 DREIFING UPPBYGGINGAR MEÐAL SVEITARFÉLAGA

Búið er að samþykkja aðalskipulag í Reyðarfirði 1990–2010 og aðalskipulag fyrir Austur-Hérað er nýstaðfest. Jafnframt er unnið að því að skipuleggja ný svæði til íbúðarbyggðar í sveitarfélögunum. Ekkert bendir til þess að vandkvæðum verði bundið að byggja nýtt húsnæði í takt við væntanlega eftirspurn og eins og fram hefur komið er umframgeta í þjónustu og grunngerð samfélagsins á Mið-Austurlandi. Það á við um skóla, leikskóla og ýmislegt annað sem fjölskyldur hafa í huga þegar ákvörðun er tekin um búsetu.

Í Viðauka I, töflu 11 er áætluð dreifing nýs íbúðar- og atvinnuhúsnæðis eftir sveitarfélögum. Ljóst er að einungis er hægt að áætla þessa dreifingu innan rúmra vikmarka því einstaklingar munu sjálfir velja sér búsetu. Þeir þættir sem helst verða ráðandi í þeim efnum næstu 7 árin, ef framkvæmd verkefnisins verður samkvæmt áætlun, eru: Nálægð við álverið, staðsetning atvinnukosta fyrir maka, þjónusta í byggðarlaginu fyrir fjölskylduna, samgöngur og framboð á góðum byggingarlóðum eða íbúðarhúsnæði til sölu.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta er ljóst að val einstaklinga um búsetu mun standa helst milli Fjarðabyggðar og Austur-Héraðs, en að uppbygging nýs íbúðarhúsnæðis mun í einhverjum mæli eiga sér stað líka á Fáskrúðsfirði og í Fellabæ. Uppbygging nýs íbúðarhúsnæðis verður að öllum líkindum í mjög litlum mæli utan þessara fjögurra sveitarfélaga.

Að öllu samanlögðu verður ekki séð að nein vandkvæði verði í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á svæðinu þó að fólki fjölgi varanlega eins og áætlanir og vonir standa til þegar rekstur álvers hefst í Reyðarfirði. Í Viðauka 2, eru sýndar áætlanir Fjarðabyggðar um mögu-

lega uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á óbyggðum lóðum í þegar byggðum hverfum og á skipulögðum nýbyggingasvæðum. Alls eru þetta 648 íbúðir, þar af 434 á Reyðarfirði, 151 á Eskifirði og 63 í Neskaupstað.

Á Egilsstöðum er lóðaframboð til íbúðarbygginga samkvæmt upplýsingum Austur-Héraðs sem hér segir: Lóðaveltan, þ.e. lóðir sem þegar hefur verið úthlutað en íbúðarhús hafa ekki verið tekin í notkun, svarar til um 50 íbúða í einbýlis-, par- og fjölbýlishúsum. Íbúðarlóðir sem eru lausar til umsóknar í lok október 2002 eru fyrir samtals 14 íbúðir. Fyrir liggur deiliskipulag fyrir um 23 íbúðir til viðbótar, en deiliskipulagið verður væntanlega afgreitt fyrir miðjan desember 2002. Hafinn er frumundirbúningur að deiliskipulagi nýs íbúðasvæðis austan núverandi þéttbýlis, á svæði sem talið er geta rúmað 90–100 íbúðir.

Önnur framtíðar íbúðarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru þessi:

1. Norðan núverandi íbúðabyggðar. Um 8 ha lands til íbúðarbyggðar.
   Svæðið er talið henta vel til fjölbýlisbyggðar. Reikna má með nýtingu í kringum a.m.k. 15 íbúðir/ha, eða um 120 íbúðir alls. Landið er í eigu Austur-Héraðs.
2. Svæði sunnan núverandi þéttbýlis. Um 90 ha lands til íbúðarbyggðar.
   Miðað við þéttleika sem nemur a.m.k. 12 íbúðir/ha er á þessu svæði öllu nægjanlegt land fyrir á annað þúsund íbúða, eða byggðar sem svarar til að minnsta kosti c.a. 2.500 íbúa. Landið er í einkaeign.

Lóðarframboð til atvinnustarfsemi er sem hér segir:

Svæði við Kaupvang, sem er samanlagt 1,6 ha er tilbúið til úthlutunar. Unnið er að undirbúningi framkvæmda á miðbæjarsvæði. Við Miðás er um 2 ha til atvinnustarfsemi, en deiliskipulag er ekki tilbúið. Samkvæmt nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir um 11 ha lands til atvinnustarfsemi sunnan núverandi byggðar. Það svæði er í einkaeign.

Í Fellabæ eru nú nokkrar lóðir í byggðinni lausar. Verið er að opna nýja götu við Dalbrún en þar eru 10 einbýlishúsalóðir og 3 parhúsalóðir. Í eldri hverfum eru 5 lóðir auðar. Í byggingu eru nú þriggja íbúða raðhús og 3 einbýlishús. Í Hvömmum bíður nýtt hverfi með 27 íbúðum deiliskipulags. Ef til kemur er nóg landrými í kringum bæinn til að taka til skipulags fleiri svæði til íbúðabyggðar.

Svæði fyrir framtíðar íbúðarbyggð á aðalskipulagi Búðahrepps á Fáskrúðsfirði 1980–2000 eru u.þ.b. 12,5 ha. Þar af eru 37 íbúðir á 3,5 ha svæði sem hefur verið deiliskipulagt. Þá eru um 10 lausar íbúðahúsalóðir við þegar byggðar götur.

Nægilegt rými er fyrir nýtt atvinnuhúsnæði á öllum þéttbýlisstöðunum og má í því sambandi benda á Reyðarfjörð og miðbæ Egilsstaða fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Í núgildandi aðalskipulagi sveitarfélaganna fjögurra eða tillögum að aðalskipulagi sem eru í vinnslu er í heildina gert ráð fyrir 1.250 íbúðum en heildareftirspurn talin tæplega 570 íbúðir. Að auki má geta þess að lóðarþörf verður minni en þessari tölu nemur vegna endurnotkunar nokkurra lóða sem verða úreltar og núverandi hús rifin.

4.7 ÞJÓNUSTA OG GRUNNGERÐ

Uppbygging þeirrar grunngerðar sem nauðsynleg er vegna byggingar álversins og almennt á byggingartíma þess er í nokkrum tilvikum verkefni sveitarfélagsins, í sumum tilvikum verkefni ríkisins og jafnvel samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir því að í einhverjum tilvikum verði gert samkomulag milli Alcoa og hins opinbera um uppbyggingu vissra þátta í grunngerð. Með grunngerð er m.a. átt við vatnsveitu, fráveitu, vegi, höfn, flugvöll og fjarskiptakerfi.

Þjónusta við atvinnulífið er af margvíslegum toga. Í sumum tilvikum er hún verkefni ríkisins, í öðrum tilvikum verkefni sveitarfélaga og í nokkrum tilvikum er um að ræða aðkomu

bæði ríkis og sveitarfélaga. Hér má nefna sorpeyðingu, brunavarnir og eldvarnaeftirlit, skipulag, byggingareftirlit, vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlit. Þessi þjónusta er öll til staðar á Mið-Austurlandi.

Svipaða sögu er að segja af þjónustu við íbúana, t.d. á sviði skólamála, félags- og heilbrigðismála, íþrótta- og tómstundamála og menningarmála. Þessi þjónusta er öll til staðar á Mið-Austurlandi og er annað hvort á ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaganna, eða samstarfsverkefni þeirra.

Fræðslumál:

Það mun skapast aukin eftirspurn eftir menntun vegna væntanlegrar fjölgunar íbúa og nýrra starfstækifæra í kjölfar ákvörðunar um að ráðast í verkefnið. Mikilvægt er að undirbúa íbúa svæðisins sem best fyrir ný starfstækifæri tengd álverinu. Verkmenntaskólinn í Neskaupstað, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Fræðslunet Austurlands geta auðveldlega sinnt þessu verkefni.

Skólamannvirki, þ.e. bæði leikskóli og grunnskóli, verða byggð upp af sveitarfélögunum, eftir því sem þörf krefur og mun það haldast nokkuð í hendur við það hvar fólkið mun kjósa að búa. Rekstur skólanna í höndum sveitarfélaganna er í góðu horfi og er ekki við öðru að búast en svo verði áfram. Auknum fólksfjölda munu fylgja auknar útsvarstekjur sem m.a. fjármagna byggingar og rekstur skólanna.

Heilbrigðismál:

Eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu mun aukast í takt við fjölgun íbúanna sem verður vegna verkefnisins. Auk þess mun verða þörf á sértækri heilbrigðisþjónustu, bæði vegna framkvæmda við álverið svo og eftir að rekstur þess hefst. Heilbrigðisstofnun Austurlands er vel í stakk búin til að sinna nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu við íbúa svæðisins og sértækri heilbrigðisþjónustu vegna álversins ef eftir því verður leitað af hálfu Alcoa. Mikilvægt er að stofnuninni verði gert kleyft að efla bráðaþjónustu vegna hugsanlegra slysa.

Félagsþjónusta:

Þótt verkefnið muni leiða til aukinnar eftirspurnar eftir félagsþjónustu vegna fjölgunar íbúa, munu auknar tekjur og atvinna hjálpa til við að leysa sum félagsleg vandamál. Félagsþjónusta við fjölskyldur, börn, aldraða, fatlaða, öryrkja, einstæða foreldra, láglaunafólk og fólk sem stendur af einhverjum ástæðum höllum fæti er skipulögð af sveitarfélögunum. Sú þjónusta mun halda áfram eins og lög gera ráð fyrir en þróast í takt við breyttar þarfir og breytingar í löggjöf. Búast má við minniháttar félagslegum vandamálum sem tengjast framkvæmdunum, eins og alltaf er, en þau verða tímabundin. Aukinn tekjumismunur getur einnig leitt til félagslegra vandamála á svæðinu sem félagsþjónustan á að vera í stakk búin að glíma við.

Öryggisþjónusta:

Auk beinna krafna frá álverinu um öryggisþjónustu (t.d. öryggisgæslu, brunavarnir, sjúkraflutninga og aðra neyðaraðstoð) mun þörfin aukast vegna íbúafjölgunar og almennrar uppbyggingar á svæðinu.

Kröfum fyrirtækisins verður m.a. mætt með samningum við sveitarfélagið, viðkomandi ríkisstofnanir, eða samkomulagi við fyrirtæki á þessu sviði. Líklegt er að gagnkvæmur hagur verði af samstarfi við opinbera aðila á þessu sviði.

Fjölgun íbúa og almenn atvinnuuppbygging geta leitt til aukinnar eftirspurnar eftir almannavörnum og neyðarþjónustu, t.d. vegna aukinna slysa, aukinnar neyslu vímuefna o.fl.

Tómstundir og útivist:

Mikilvægt er að á framkvæmdatíma verkefnisins verði í samstarfi við sveitarfélögin séð fyrir öflugu tómstundastarfi meðal þeirra sem starfa við framkvæmdirnar. Til lengri tíma litið mun það fólk sem kemur til með að starfa í álverinu og fjölskyldur þeirra gera kröfur til þess að í boði sé margvísleg tómstundastarfsemi fyrir alla aldursflokka. Sveitarfélögin þurfa að bregðast við með því að koma upp góðri aðstöðu og skipuleggja þjónustu á þessu sviði. Þar sem aðstaða frá náttúrunnar hendi er mjög góð til útivistar þarf í sjálfu sér ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir á því sviði.

Á árinu 2000 var unnið að stefnumótun í menningarmálum á vegum starfshóps sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarstofu Austurlands. Gefin var út skýrsla *Stefna í menningarmálum á Austurlandi* í nóvember 2000. Í maí 2001 var undirritaður samningur milli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og menntamálaráðuneytisins um samstarf í menningarmálum. Einnig undirrituðu 16 sveitarfélög á Austurlandi samstarfssamning sín á milli um samstarf í menningarmálum auk þess að undirrita viljayfirlýsingu um stofnun fjögurra menningarmiðstöðva á Austurlandi.

Vatn og fráveita:

Allir þéttbýlisstaðir á Austurlandi reka vatnsveitur en sveitarfélögin eru ábyrg fyrir starfsemi þeirra. Neytendur greiða vatnsgjald með fasteignagjöldum en mörg fyrirtæki, svo sem fiskvinnslufyrirtæki, greiða aukavatnsgjald eftir mæli. Hjá flestum vatns- og fráveitum á Mið-Austurlandi er vannýtt afkastageta þótt sums staðar þurfi að taka til hendinni í endurbótum og uppbyggingu, m.a. vegna aukinna krafna. Við botn Reyðarfjarðar eru góðar vatnslindir sem nýtast sem neysluvatn, en gert er ráð fyrir að iðnaðarvatn verði að mestu tekið úr Búðará á Svínadal. Gert er ráð fyrir því að vatnsveitulögn frá Fjarðabyggð verði lögð að lóð álversins áður en framkvæmdir hefjast. Að öllum líkindum verður álverið sjálft með eigið fráveitukerfi.

Sorpeyðing:

Sorpeyðing Mið-Austurlands er með urðunarstað við sunnanverðan Reyðarfjörð og er gert ráð fyrir að öllu almennu sorpi sem tengist álverinu og íbúum á fjörðunum verði ekið þangað til eyðingar. Talið er að þessi urðunarstaður muni endast í 15–20 ár, en nóg er af öðru landi á Mið-Austurlandi sem hægt er að fá sem urðunarstað þegar þar að kemur.

Orkumál:

Núverandi raforkukerfi fullnægir þörfum svæðisins hvað almenna raforkunotkun snertir, þótt nauðsynlegt kunni að verða að bæta þjónustu við einstök byggðarlög, allt eftir því hvar það fólk sem kemur að vegna álversins mun setjast að. Þá er hitaveita á Egilsstöðum og í Fellabæ sem getur þjónað fjölmennari byggð þar.

Nokkur jarðhiti hefur komið í ljós við jarðhitaleit á sumum fjarðanna, m.a. Eskifirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Ef af verkefninu verður er mikilvægt að jarðhitarannsóknum verði haldið áfram og stefnt að því að nýta hann til húshitunar ef það er tæknilega mögulegt og hagkvæmt.

Rafmagnsveitur ríkisins eru reiðubúnar að leggja til rafmagn á byggingarstað álversins á meðan á framkvæmdum stendur.

Höfn:

Núverandi hafnarmannvirki á Mið-Austurlandi eru í megindráttum fullnægjandi fyrir núverandi og fyrirsjáanlega þörf, þar með talda flutninga vegna byggingar væntanlegs álvers. Vöruflutningahöfn er á Reyðarfirði sem mætt getur allri þörf álversins á byggingartímanum. Viðlegukantur er 80 metra langur og með 6.000 fermetra malbikuðu gámasvæði. Þá er einnig ágætis vöruflutningahöfn á Eskifirði og þar er aðalhöfn Eimskip hf. á Austurlandi.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við höfn og álver hefjist haustið 2003. Áætlað er að hafnarmannvirkin verði byggð á um 20 mánuðum. Mest verður unnið yfir sumartímann og þá verða starfsmenn er vinna við framkvæmdirnar flestir. Þá er áætlað að þeir verði um 35. Þeim fækkar síðan yfir veturinn og má jafnvel búast við að framkvæmdir liggi niðri yfir háveturinn. Mögulegt er að vinnubúðir verði samnýttar með starfsmönnum er standa að byggingu álvers. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að þær verði á Mjóeyri innan fyrirhugaðrar hafnarlóðar. Kostnaður við hafnargerðina er áætlaður um 1 milljarður. Hafnarsjóður Fjarðabyggðar mun byggja og reka höfnina en ríkissjóður greiða nálægt helming stofnakostnaðar. Tilkoma álversins mun efla Hafnarsjóð Fjarðabyggðar.

Markmið með fyrirhugaðri byggingu hafnarmannvirkja við Hraun í Reyðarfirði er að skapa góðar aðstæður til uppskipunar á hráefni og vörum fyrir væntanlegt álver og til útskipunar á fullunnum afurðum frá því. Ennfremur er það markmið Hafnarsjóðs til Fjarðabyggðar að mannvirkið geti að nokkru leyti þjónað þeirri starfsemi sem nú þegar er til staðar í nágrenni svæðisins og annarri atvinnuuppbyggingu í komandi framtíð. Með gerð mannvirkisins aukast möguleikar á að taka á móti stærri skipum með vöru til og frá Austurlandi vegna lengri viðlegukants og meira viðlegudýpis en er við aðrar hafnir á Mið-Austurlandi.

Flugvöllur:

Núverandi flugvöllur á Egilsstöðum getur auðveldlega tekið við aukinni flugumferð sem yrði vegna byggingar virkjunar og álvers. Stærð og afkastageta hans er slík að hann gæti þjónað miklu fjölmennara svæði. Búast má við auknu innanlands- og utanlandsflugi um völlinn. Einkum má búast við miklum farþegaflutningum á byggingartímanum. Þá er mikið öryggi í flugvellinum vegna sjúkraflugs.

Vegir:

Á næstu árum eru áformaðar áframhaldandi vegabætur á Mið-Austurlandi, sem m.a. tengjast áformum um byggingu virkjana og álvers. Gert er ráð fyrir því að á árinu 2004 verði kominn vegur með bundnu slitlagi milli Egilsstaða og Akureyrar. Verið er að undirbúa gerð jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og er búist við að framkvæmdir geti hafist árið 2003. Framkvæmdatími er áætlaður tvö og hálft ár og geta göngin því í fyrsta lagi verið tilbúin í árslok 2005. Tvíbreið göng með vegtengingum eru talin kosta a.m.k. 3 milljarða króna. Endurbótum á Suðurfjarðaveg um Kambanesskriður milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur er nú lokið.

Mikilvægt er að ljúka vegabótum í næsta nágrenni fyrirhugaðs álvers áður en byggingaframkvæmdir hefjast af krafti og áformað er að verja til þeirra um 400 milljónum króna. Það eru hjáleið um hafnarsvæðið á Reyðarfirði fyrir þungaflutninga, endurbættur áframhaldandi vegur að álverinu og endurbætur á Hólmahálsi þar sem vegurinn verður breikkaður og halli vegar minnkaður. Nú þegar eru hafnar framkvæmdir við veginn frá péttbýlinu á Reyðarfirði að fyrirhuguðu álveri.

Þá þarf að huga að styrkingu vegar um Fagradal. Fræsa þarf upp veginn og leggja nýtt slitlag fyrir meiri öxulþunga. Einnig þarf að skoða nánar framtíðarfyrirkomulag vegtenginga

á Egilsstöðum og Eskifirði. Engar frekari vegaframkvæmdir eru nauðsynlegar á byggingartíma álversins, þótt auknir flutningar á vörum og fólki, bæði milli Reyðarfjarðar og álversins og Reyðarfjarðar og Egilsstaða, geti leitt til tafa fyrir vegfarendur. Hafin er rannsókn á hugsanlegum nýjum jarðgöngum milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar og Vopnafjarðar og Héraðs. Mikilvægt er að þeim verði haldið áfram.

Þá eru miklar vegabætur fyrirhugaðar í tengslum við virkjanaframkvæmdir. Meðal annars eru miklar vegaframkvæmdir hafnar í Fljótsdal innan við Hallormsstað og vegna brúargerðar á Jökulsá á Fljótsdal. Aðalvegtenging vegna virkjanaframkvæmda verður um Fljótsdal og Fljótsdalsheiði í Kárahnjúka og er þegar byrjað á framkvæmdum við þann veg. Einnig þarf að lagfæra veg um Jökuldal frá Skjöldólfsstöðum að Kárahnjúkum.

Vegagerðin vinnur nú að lokatillögum um legu vegar upp úr Vopnafirði að þjóðvegi 1. Mikilvægt er fyrir íbúa Vopnafjarðar að tengjast betur Mið-Austurlandi með góðum vegi sem opinn er allt árið um kring eða jarðgöngum.

Töluverð aukning verður á umferð tengdri vinnusókn í álverið. Eins og áður hefur verið lýst er ekki ljóst hve mikil vinnusókn verður frá einstökum byggðarlögum en meginumferðin verður frá Neskaupstað og Eskifirði annars vegar og Reyðarfirði, Egilsstöðum og Fáskrúðsfirði hins vegar. Umferðarþungi mun m.a. fara eftir vaktafyrirkomulagi og að hve miklu leyti starfsfólki verður ekið til og frá vinnu í fólksflutningabifreiðum. Ólíklegt er að umferðin aukist svo mikið að það valdi verulegum töfum.

Fjarskipti:

Talið er að fjarskiptaþjónusta og fjarskiptakerfi á svæðinu séu í góðu horfi fyrir núverandi og væntanlegar þarfir vegna álversins. Meðal annars liggur ljósleiðari til svæðisins, bæði um Suðurland og Norðurland. Ekki er enn hægt að nota GSM-síma á fjallvegum og fáförnum leiðum en slíkt verður ekki vandamál í framtíðinni.

4.8 LANDNÝTING OG AUÐLINDIR

Álverið verður byggt á landi sem er lítið sem ekkert notað í dag og bygging þess mun ekki hafa nein áhrif á náttúruauðlindir í nágrenninu eða nýtingu þeirra.

Eins og áður var rætt hefur samdráttar gætt í landbúnaði á svæðinu í mörg ár. Hins vegar mun töluverður hluti þeirra sem starfa í landbúnaði sækjast eftir aukastörfum í álverinu eða störfum því tengdu og það gæti betur tryggt áframhaldandi búsetu í sveitum og nýtingu bújarða.

Land er verðmætt til útivistar, svo sem fyrir veiðar, skíðaiðkun og gönguferðir, þar á meðal ferðamannaþjónustu. Fólksfjölgun á svæðinu mun líklega leiða til aukinnar notkunar á landi til útivistar. Með góðri stýringu á landnotkun og umferð eru engin sérstök vandamál fyrirséð í þessum efnum.

4.9 MENNING OG LÍFSHÆTTIR

4.9.1 BYGGINGARTÍMI

Á meðan á byggingarframkvæmdum við álver og virkjanir stendur verður viðvarandi tímabundin spenna í athafnalífi sem mun hafa töluverð áhrif á menningu og lífshætti á Austfjörðum. Hins vegar má skipuleggja vinnufyrirkomulag og vinnubúðir aðkomufólks þannig á framkvæmdatímanum að það lágmarki hugsanleg neikvæð áhrif á svæðinu. Þetta má m.a. gera með því að gera kröfu til þess að allur aðbúnaður í vinnubúðum verði vandaður og að vinnubúðirnar verði við hliðina á byggingarstað.

4.9.2 REKSTRARTÍMI

Eftir að álverið er komið í rekstur og byggingarframkvæmdum lokið munu aðstæður breytast mikið. Þeir sem munu starfa við álverið og önnur ný störf munu dreifast á nokkur byggðarlög á Mið-Austurlandi og búa þar ásamt fjölskyldum sínum. Auknir aðflutningar fólks ásamt auknum tekjum munu stuðla að fjölbreyttara mannlífi og efla hvers kyns félags- og menningarstarfsemi á Austurlandi.

Í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar sem unnin var fyrir Reyðarál hf. á árinu 2000 voru ungir Austfirðingar 18–28 ára spurðir um það hvort þeir teldu að tilkoma álvers í Reyðarfirði ætti eftir að leiða til betra eða verra mannlífs í byggðarlögum á Austurlandi. Alls töldu 76% að það myndi leiða til betra mannlífs, 18% töldu að það myndi hvorki leiða til betra né verra mannlífs og 6% til verra mannlífs. Af þessu er nokkuð ljóst að ungir Austfirðingar töldu flestir að álver í Reyðarfirði ætti eftir að hafa töluverð jákvæð áhrif á mannlíf í byggðarlögum á Austurlandi.

4.10 HUGSANLEGAR BREYTINGAR Á YTRI AÐSTÆÐUM Í REKSTRI

Álver eru eins og önnur fyrirtæki háð ytri aðstæðum í rekstri sínum. Rekstrarumhverfi getur á hverjum tíma þróast bæði til hagstæðari og óhagstæðari vegar. Í því sambandi skiptir miklu að traustir aðilar standi að rekstri álversins og að orkusamningar og fjármögnunarsamningar séu þannig úr garði gerðir að rekstraraðilinn haldi áfram rekstri þrátt fyrir óhagstæð ytri skilyrði. Í sambandi við áhrif breytinga í rekstrarumhverfi álversins skipta nokkur atriði máli.

- Um þessar mundir er skortur á áli í heiminum og fyrirsjáanleg mikil og vaxandi eftirspurn á næstu árum. Þessar góðu markaðsaðstæður eiga að tryggja góðan rekstrargrundvöll fyrir væntanlegt álver.
- Ísal hf. sem rekið hefur álver hér á landi hefur aldrei dregið saman rekstur sinn þrátt fyrir að upp hafi komið óhagstæðar ytri aðstæður í rekstri tímabundið. Styrkur fyrirtækisins og orkusölusamningur hafa ráðið hér miklu um.
- Dæmi eru um það erlendis frá að stórfyrirtæki eins og álver hafa staðið frammi fyrir rekstrarstöðvun vegna óhagstæðra ytri skilyrða. Í slíkum tilvikum er oftast svo mikið í húfi fyrir fjármögnunaraðilann að það er mun hagkvæmara fyrir hann að greiða taprekstur tímabundið í þeirri von að geta selt fyrritækið síðar á hagstæðu verði, en að tapa því fjármagni sem lánað var í upphafi til fjárfestingarinnar. Hér er um að ræða slíkar fjárhæðir að fjármögnunaraðili mun gera allt sem í hans valdi stendur til að halda rekstri álversins áfram ef erfiðleikar koma upp í rekstrinum.

Gert er ráð fyrir að þannig verði gengið frá fjármögnunarsamningi, sölusamningi og orkusamningi að álver Alcoa verði rekið á fullum afköstum óháð ytri aðstæðum á fjármögnunartímabilinu sem er 12–14 ár.

4.11 ÁHRIF Á AUSTURLANDI UTAN MIÐ-AUSTURLANDS

Verkefnið mun hafa nokkur áhrif á atvinnulíf á Austurlandi utan Mið-Austurlands, einkum meðan á framkvæmdum stendur. Iðnaðarmenn og lítil verktakafyrirtæki munu finna þar ýmis verkefni við hæfi, t.d. sem undirverktakar eða sem starfsmenn. Þetta getur verið áhugavert fyrir aðila frá stöðum eins og Vopnafirði, Djúpavogi og Hornafirði. Fólk frá þessum byggðarlögum getur unnið við framkvæmdir og farið heim t.d. um helgar eða þegar frí eru. Fyrir þetta fólk er um að ræða 2–4 klst. akstur að virkjanasvæði eða álveri eftir því hvar það býr.

Á framkvæmdatíma má búast við miklum áhrifum í byggðarlagi eins og Vopnafirði sem er í aðeins 1–2 klst. akstursfjarlægð frá virkjanasvæðinu. Atvinnulíf þar hefur verið í nokkurri lægð og fólki fækkað. Því mun þetta verkefni koma sér vel fyrir Vopnfirðinga. Mikilvægt er í þessu sambandi að lokið verði á næstu árum við lagningu nýs vegar upp úr Vopnafirði að þjóðveginum milli Egilsstaða og Akureyrar. Ennfremur er unnið að rannsóknum á jarðgöngum milli Vopnafjarðar og Héraðs.

Ástæða þess að áhrif af framkvæmdum verða líklega minni á Djúpavogi og Hornafirði er sú að atvinnuástand þar er betra en á Vopnafirði. Á Djúpavogi hefur m.a. verið ákveðið að hefjast handa við laxeldi í Berufirði sem krefjast mun margra stafsmanna. Einnig er vegalengd frá Hornafirði að virkjanasvæði eða álveri nokkru meiri en frá Djúpavogi og Vopnafirði sem kann að draga úr áhuga manna, einkum ef atvinnuástand er gott heima fyrir.

Búast má við að áhrif af framkvæmdum á atvinnu og viðskipti á Akureyri verði töluverð. Þar er mikill fjöldi iðnaðarmanna, mörg verktakafyrirtæki og ýmis þjónustufyrirtæki. Akstursfjarlægð þangað frá fyrirhuguðu virkjanasvæði eða álveri er aðeins 3–4 klst.

Rekstur álversins mun hafa mun minni áhrif á atvinnusköpun utan Mið-Austurlands en framkvæmdir við álverið. Þau áhrif sem helst má sjá fyrir eru eftirfarandi:

- Einhverjir íbúar á Austurlandi utan Mið-Austurlands, svo og á Norðurlandi eystra, munu hafa áhuga á afleysingastörfum í álverinu, og jafnvel fullu starfi sem unnið yrði í vinnulotum, einkum ef Alcoa býður þeim aðstöðu til gistingar.
- Búast má við að íbúar í byggðarlögum sem eru í meira en 30–60 mínútna akstursfjarlægð frá álverinu og eiga kost á starfi þar kjósi að flytja og setjast að í byggðarlagi sem er nálægt álverinu. Það kann að leiða til brottflutnings frá byggðarlögum sem eru frekar afskekkt eða þar sem atvinnulífið stendur höllum fæti, t.d. Bakkafirði og Borgarfirði eystra. Sé horft til Austurlands alls má gera ráð fyrir að verkefnið leiði til samþjöppunar byggðar í fjórðungnum, svo og innan Mið-Austurlands, en mikil dreifing byggðar er einn helsti veikleiki svæðisins.
- Í einhverjum tilvikum kunna fyrirtæki á Austurlandi utan Mið-Austurlands að selja álverinu tiltekna þjónustu en vegna smæðar þeirra byggðarlaga sem um ræðir og fyrirtækja sem þar eru verða slík viðskipti líklega í algjöru lágmarki. Þessi áhrif kunna að verða jafnvel meiri á Akureyri.

HEIMILDASKRÁ

Byggðastofnun (1997) *Svæðisbundin byggðaáætlun*. Miðfirðir Austurlands.

Einar Már Sigurðarson og Helga Magnea Steinsson (1994) *Austfirðingar í framhaldsskólum*. Áfangaskýrsla.

Félagsvísindastofnun (2001) *Afstaða brottfluttra Austfirðinga til álvers í Reyðarfirði*. Höfundar Ævar Þórólfsson, Guðrún Árnadóttir og Friðrik H. Jónsson.

Félagsvísindastofnun (2001) *Framtíðarsýn ungs fólks á Austurlandi og afstaða þess til álvers í Reyðarfirði*. Höfundar Ævar Þórólfsson, Guðrún Árnadóttir og Friðrik H. Jónsson.

Fosso, E. J. (1997) *Vil ungdom bli boende på industristeder under omstilling. SNF-projekt nr. 4100 Lokale arbeidsmarkeder i omstilling*. Stiftelsen for Samfunns- og Næringslivsforskning Bergen, Mars 1997.

Fosso, E.J. (1997) Interviews with young people, public servants and business people in the Central East Region in December 1997.

Glasson, J., Therivel, R. and Chadwick, A. (1999) *Introduction to Environmental Impact Assessment*. UCL Press, London.

Gramling, Robert (1996) *Oil on the Edge: Offshore Development*, Conflict and Gridlock, State University of New York Press, Albany, NY, USA.
Gylfi Magnússon (1997) *Internal and External Migration in Iceland 1960–94: A Structural Model, Government Policies and Welfare Implications* (New Haven: Yale University).
Hagstofa Íslands (2002) Landshagir 2002.
Háskólinn á Akureyri (1997) *Háskólamenntun á Austurlandi*. Könnun á stöðu.
Hjalti Jóhannesson (1990), Internal Migration in Iceland 1983–1987: A Study of Regional Differences (Ontario: York University).
HMDC (1995) 'Hibernia Construction Project Personal Expenditure Study'. Report to the Hibernia Management and Development Company, prepared by Community Resource Services Ltd., St. John's, NF, Canada.
Karl Sigurðsson, Gunnar Þór Jóhannesson og Kristjana Stella Blöndal (1999). *Afstaða Íslendinga til stóriðju, virkjana og umhverfismála*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
Samband íslenskra sveitarfélaga (2002) *Árbók sveitarfélaga 2002.*
Rekstur og ráðgjöf ehf. (1997) *Greinargerð um sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar.*
Shrimpton, M. (1992) *Islands and Offshore Oil: A Newfoundland Perspective*. Paper presented at an Island Living Conference, PEI, Canada.
Shrimpton, M. (1994) *Rotational Work Systems: Community and Regional Development Implications*. ISER Offshore Oil Project, Memorial University of Newfoundland.
Stefán Ólafsson (1997) *Búseta á Íslandi*. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Byggðastofnun.
Stefna í menningarmálum á Austurlandi. Tillögur samstarfshóps sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarstofu Austurlands. 1. nóvember 2000.
Vegagerð ríkisins (1993) *Jarðgöng á Austurlandi*. Nefndarálit.
Vilhjálmur Egilsson (1982) *The Location of a large firm in a small village*. Ph.D. thesis at the University of Southern California.
Wills, Jonathan (1991) *A Place in the Sun: Shetland and Oil Myths and Realities*, Institute of Social and Economic Research, St. John's, NF, Canada.
Þjóðhagsstofnun (2000) *The National Economic Impact of the Noral Project.*

ÍTAREFNI

Barrow, C. J. 1997. *Environmental and Social Impact Assessment: An Introduction*. London: Arnold. ISBN: 0340662719
Becker, Henk A. 1997. *Social Impact Assessment: Method And Experience In Europe, North America, And Developing World*. UCL Press Limited, 1Gunpowder Square, London EC4A 3DE and 1900 Frost Road, Suite 101, Bristol, PA 19007-1598 ISBN: 1-85728-347-3 PB www.tandf.co.uk/program.html
Burdge, Rabel J. 1999. *A Community Guide to Social Impact Assessment: Revised Edition*. Middleton, Wisconsin (PO Box 53562-0863) Social Ecology Press, ISBN 0-941042-17-0. To order www.dog-eared.com/socialecologypress/
Burdge, Rabel J. 1998. *A Conceptual Approach to Social Impact Assessment: Revised Edition Collection of Writings by Rabel J. Burdge and Colleagues*. Middleton, Wisconsin (PO Box 620863) Social Ecology Press, ISBN 0-941042-16-2. To order www.dog-eared.com/socialecologypress/

Finsterbusch, K. 1995. In Praise of SIA: a Personal Review of the Field of Social Impact Assessment. *Impact Assessment*, 13:229–252.

Gramling, Robert and William R. Freudenburg. 1992. Opportunity-Threat, Development, and Adaptation: Toward a Comprehensive Framework for Social Impact Assessment. *Rural Sociology*, 57:216–234.

Goodrich, Colin G. and C. Nicholas Taylor, eds. 1995. Special Issue on Social Impact Assessment. *Project Appraisal*. Volume 10:3.

Howitt, Richard. 1993. Social Assessment as "applied peoples" Geography. *Australian Geographical Studies*, 31:127–140.

Interorganizational Committee on Guidelines and Principles for Social Impact Assessment. 1994. *Guidelines and Principles for Social Impact Assessment*. U.S. Dept. Commerce. NOAA Tech. Memo. NMFS-F/SPO-16: 29p.

King, Thomas F. 2000. What Should be the "Cultural Resources" Element of an EIA? *Environmental Impact assessment Review*. 20:5–30.

Mulvihill, Peter R. and Peter Jacobs. 1998. Using Scoping as a Design Process. *Environmental Impact Assessment Review*. 18:353–370.

Murdock, Steven H., Richard S. Krannich and F. Larry Leistritz. 1999. *Hazardous Wastes in Rural America: Impacts Implications and Options for Rural Communities*. Lanham, Maryland: Rowman & Littlefield. ISBN: 0-8476-9100-4.

Rickson, Roy E. Marcus Lane, Mark Lynch-Blosse, John Western. 1995. Community, Environment, and Development: Social Impact Assessment in Resource-Dependent Communities. *Impact Assessment*, 13:347–386.

Taylor, C. Nicholas, C. Hobson Bryan and Colin G. Goodrich. 1995. *Social Assessment: Theory, Process And Techniques*. Taylor Baines & Assoc. PO Box8620, Riccarton, Christchurch, New Zealand. ISBN: 0-473-03245-7. To order: www.tba.co.nz

Vanclay, Frank and D. A. Bronstein. eds. 1995. *Environmental and Social Impact Assessment*. Wiley & Sons: Chichester, Sussex, UK: ISBN: 047195764X www.wiley.co.uk/

Vanclay, Frank. 1999. Social Impact Assessment. In Petts, J. ed. *Handbook of Environmental Impact Assessment*. Volume 1. Oxford: Blackwell Science, 301–326. ISBN: 0-632-04772-0. To order: http://bookshop.blackwell.co.uk/

Vanclay, Frank. M. Van Schooten and R. Slootweg. 2000. Social Impact Assessment. In C. Briffett and J. Obbard eds. *Environmental Assessment in East Asia*. Singapore: Institute for Southeast Asian Studies (in Press). To order http://merlion.iseas.edu.sg/pub.html

Albrecht, D.E., S.H. Murdock, F.L. Leistritz, and S. Albrecht. 1985. „The Impacts of Large-Scale Developments on Rural Communities in the Western United States." *Research in Rural Sociology and Development*. Greenwich, CT: Jai.

Burchell, R.W., D. Listokin, and W.R. Dolphin. 1985. *The New Practitioner's Guide to Fiscal Impact Analysis*. Center for Urban Policy Research, Rutgers University.

Canter, L.W., S.F. Atkinson, and F.L. Leistritz. 1985. *Impact of Growth: A Guide for Socio-Economic Impact Assessment and Planning*. Chelsea, MI: Lewis.

Johnson, T.G., B.J. Deaton, and E. Segarra, (eds.). 1988. *Local Infrastructure Investment in Rural America*. Boulder, CO: Westview.

Leistritz, F.L., R.A. Chase, and S.H. Murdock. 1986. „Socioeconomic Impact Models: A Review of Analytical Methods and Policy Implications." *Integrated Analysis of Regional Systems*. London: Pion.

Leistritz, F.L. and B.L. Ekstrom. 1986. *Social Impact Assessment and Management: An Annotated Bibliography*. New York: Garland.

Leistritz, F.L. and S.H. Murdock. 1981. *The Socioeconomic Impact of Resource Development: Methods for Assessment.* Boulder, CO: Westview.

Leistritz, F.L., S.H. Murdock, N.E. Toman, and D.M. Senechal. 1982. „Local Fiscal Impacts of Energy Resource Development: Applications of an Assessment Model in Policy Making." *North Central Journal of Agricultural Economics.* 4(1): 47–57.

Leistritz, F.L., N.E. Toman, S.H. Murdock, and J. DeMontel. 1981. „Cash Flow Analysis for Energy Impacted Local Government: A Case Study of Mercer County, North Dakota." *Socio-Economic Planning Sciences* 15: 165–174.

Murdock, Steve H., R.R. Hamm, and F.L. Leistritz. 1982. „Demographic Effects," pgs. 61–96 in G.F. Summers and A. Selvik, eds. *Energy Resource Communities.* Madison, WI: MJM Publishing Co.

Finsterbusch, K. 1985. State of the art in social impact assessment. *Environment and Behaviour* 17, 192–221.

International Association for Impact Assessment 1994. Guidelines and Principles for social impact assessment. *Impact Assessment* 12, 2.

Murdock, Steve H., F.L. Leistritz, R.R. Hamm. 1986. „The State of Socioeconomic Impact Analysis in the United States: Limitations and Opportunities for Alternative Futures," *Journal of Environmental Management* 23: 99–117.

Murdock, Steve H., F.L. Leistritz, and E.C. Schriner. 1982. „Demographic Changes Associated with Rapid Growth," pgs. 63–96 in B.A. Weber and R.E. Howell, eds. *Coping with Rapid Growth.* Boulder, CO: Westview Press.

TAFLA 1:

YFIRLIT UM SAMFÉLAGSLEG OG EFNAHAGSLEG ÁHRIF ÁLVERS Í REYÐARFIRÐI

ÁLVER ALCOA:	
Ársframleiðsla (tonn)	322.000
Fjárfesting (milljarðar)	100
Áætluð ársverk í álveri - rekstur	454
Áætluð óbein og afleidd ársverk vegna rekstrar	295
Áætluð alls ársverk vegna rekstrar	748
Áætlaður fjöldi ársverka á framkvæmdartíma 2003-2007	2.274
Áætlaður fjöldi óbeinna og afleiddra ársverka á framkv.tíma 2003-2007	586
Áætluð alls ársverk vegna framkvæmda	2.860
VIRKJANAKVÍSLUN:	
Uppsett afl	630 MW
Fjárfesting (milljarðar)	95
Áætluð ársverk við virkjun, háspennulínur og tengivirki - rekstur	16
Áætluð óbein og afleidd ársverk vegna rekstrar	11
Áætluð alls ársverk vegna rekstrar	27
Áætlaður fjöldi ársverka á framkvæmdatíma 2002-2008	3.844
Áætlaður fjöldi óbeinna og afleiddra ársverka á framkv.tíma 2002-2008	786
Áætluð alls ársverk vegna framkvæmda	4.630
Áætlaður fjöldi ársverka á framkvæmdatíma 2003-2009	1.250
Áætlaður fjöldi óbeinna og afleiddra ársverka á framkv.tíma 2003-2009	275
Áætluð alls ársverk vegna framkvæmda	1.525
Áætluð uppsöfnuð íbúafjölgun vegna rekstrar álvers og virkj.	1.468

ÁÆTLUÐ LAUN OG TENGD GJÖLD VEGNA ÁLVERS:	
Áætluð laun og tengd gjöld á ári vegna rekstrar álvers (2008)	2.047.114
Áætl. laun og tengd gjöld í heild vegna framkv. 2003-2007	10.945.481
Auknar útsvarstekjur á ári vegna rekstrar álsvers 2009	238.413
Auknar útsvarstekjur á ári vegna ób./afleiddra starfa 2009	96.854
Aukin fasteignagjöld (100 þús. per íbúð)	56.700
Aukin fasteignagjöld af atvinnuhúsnæði	17.667
Aukinn fasteignaskattur vegna álvers, áætlun	200.000
Aukinn fasteignaskattur vegna Kárahnjúkavirkjunar, áætlun	60.000
Alls auknar tekjur sveitarfélaga á ári	669.634
Aukin rekstrargjöld sveitarfélaga á ári (240 þús. per íbúa)	352.320
Bætt rekstrarafkoma sveitarfélaga	317.314
Gatnagerðargjöld til sveitarfélaga (6.000 kr./ferm.)	473.695
Fjárfestingar sveitarfélaga í opinberum byggingum	983.193
Fjárfestingar ríkisins (heilb.stofnanir og aðrar opinb. bygg.)	360.027
Áætlaðar fjárfest. sveitarfélaga í götum og veitum verða um 1-2 milljarðar	
Þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði (fjöldi íbúða)	567
Þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði (125 ferm. per íbúð)	71.097
Þörf fyrir nýtt atvinnuhúsnæði (ferm.)	7.852
Þörf fyrir nýtt húsnæði leikskóla (ferm.)	587
Þörf fyrir nýtt húsnæði grunnskóla (ferm.)	2.349
Þörf fyrir nýtt húsnæði framhaldsskóla (ferm.)	881
Þörf fyrir nýtt rými heilbrigðisstofnana (ferm.)	2.202
Þörf fyrir aðrar opinberar byggingar (ferm.)	5.872

TAFLA 2:

ÁÆTLUÐ MARGFELDISÁHRIF Á MIÐ-AUSTURLANDI VEGNA REKSTURS ÁLVERS (FJÖLDI ÁRSVERKA)

		2006	2007	2008	2009
Störf í álveri:					
Áætluð heilsársstörf		50	420	420	420
Áætluð afleysingastörf (ársverk)	8%			34	34
Samtals:		***50***	***420***	***454***	***454***
Óbein og afleidd störf á Mið-Austurlandi:					
	Margfaldari:				
Neyslutengsl	0,60	15	141	262	272
Baktengsl	0,25	6	59	109	113
Lárétt tengsl	-0,20	-5	-47	-87	-91
Samtals:	***0,65***	***16***	***153***	***284***	***295***
Alls ársverk á Mið-Austurlandi:		***66***	***573***	***738***	***748***
Áætluð skipting væntanlegs vinnuafls:					
Heimamenn sem nú eru á vinnumarkaði	25%	17	143	184	187
Nýliðar á vinnumarkaði	25%	17	143	184	187
Brottfluttir Austfirðingar	15%	10	86	111	112
Aðkomufólk	35%	23	200	258	262
Alls (ársverk):	***100%***	***66***	***573***	***738***	***748***

TAFLA 3:

ÁÆTLUÐ MARGFELDISÁHRIF Á MIÐ-AUSTURLANDI VEGNA REKSTURS KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR

Störf við virkjun:						
Áætluð heilsársstörf		0	0	15	15	15
Áætluð afleysingastörf/sumarstörf (ársverk)				1	1	1
Samtals:		***0***	***0***	***16***	***16***	***16***
Óbein og afleidd störf á Mið-Austurlandi:						
Margfaldari	0,65	0	0	10	11	11
Alls ársverk á Mið-Austurlandi:		***0***	***0***	***26***	***27***	***27***
Áætluð skipting væntanlegs vinnuafls:						
Heimamenn sem nú eru á vinnumarkaði	30%	0	0	8	8	8
Nýliðar á vinnumarkaði	30%	0	0	8	8	8
Brottfluttir Austfirðingar	10%	0	0	3	3	3
Aðkomufólk	30%	0	0	8	8	8
Alls (ársverk):	***100%***	***0***	***0***	***26***	***26***	***27***

TAFLA 4:

FJÖLDI ÁRSVERKA VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ ÁLVER OG HÖFN

Fjöldi ársverka skv. áætlun Alcoa:		***22***	***123***	***460***	***1.307***	***362***	***2.274***
Áætluð skipting starfsmanna:							
Heimamenn	10%	2	12	46	131	36	227
Tímabundið aðfluttir	15%	3	18	69	196	54	341
Erlendir starfsmenn	30%	7	37	138	392	109	682
Innl. starfsm. í vinnubúðum	45%	10	55	207	588	163	1.023
Samtals:		***22***	***123***	***460***	***1.307***	***362***	***2.274***
Áætluð margfeldisáhrif (ársverk):							
Heimamenn	0,65	1	8	30	85	24	148
Tímabundið aðfluttir	0,50	2	9	35	98	27	171
Erlendir starfsmenn	0,15	1	6	21	59	16	102
Innl. starfsm. í vinnubúðum	0,10	1	6	21	59	16	102
Samtals óbein og afleidd störf:		***5***	***28***	***106***	***301***	***83***	***523***
Áætluð skipting óbeinna og afleiddra starfa:							
Heimamenn	40%	2	11	42	120	33	**209**
Aðkomufólk	60%	3	17	63	180	50	**314**

TAFLA 5:

FJÖLDI ÁRSVERKA VEGNA VIRKJANAFRAMKVÆMDA Á MIÐ-AUSTURLANDI

		[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
Framkvæmdir:									
Kárahnjúkavirkjun		60	370	594	794	994	467	147	3.426
Háspennulínur og tengivirki		7	7	68	134	168	34	0	418
Samtals:		***67***	***377***	***662***	***928***	***1.162***	***501***	***147***	***3.844***
Skipting starfsmanna:									
Heimamenn	15%	10	57	99	139	174	75	22	577
Tímabundið aðfluttir	3%	2	11	20	28	35	15	4	115
Erlendir starfsmenn	20%	13	75	132	186	232	100	29	769
Innl. starfsm. í vinnubúðum	62%	42	234	410	575	720	311	91	2.383
Samtals:		***67***	***377***	***662***	***928***	***1.162***	***501***	***147***	***3.844***
Óbein og afleidd störf á Mið-Austurlandi:									
Heimamenn	0,65	7	37	65	90	113	49	14	375
Tímabundið aðfluttir	0,50	1	6	10	14	17	8	2	58
Erlendir starfsmenn	0,15	2	11	20	28	35	15	4	115
Innlendir starfsm. í vinnubúðum	0,10	4	23	41	58	72	31	9	238
Samtals:		***14***	***77***	***135***	***190***	***238***	***102***	***30***	***786***
Skipting óbeinna og afleiddra starfa á Mið-Austurlandi:									
Heimamenn	40%	5	31	54	76	95	41	12	**314**
Aðkomufólk	60%	8	46	81	114	143	61	18	**472**

TAFLA 6:

FJÖLDI ÁRSVERKA VEGNA ANNARRA FRAMKVÆMDA Á MIÐ-AUSTURLANDI

Framkvæmdir:									
Jarðgöng		50	80	60					190
Atvinnuhúsnæði (með götum og veitum)		38	38	38	38	38	38	38	266
Íbúðarhúsnæði (með götum og veitum)		0	107	130	362	195	0	0	794
Samtals:		***88***	***225***	***228***	***400***	***233***	***38***	***38***	***1.250***
Skipting starfsmanna:									
Heimamenn	10%	9	23	23	40	23	4	4	125
Tímabundið aðfluttir	15%	13	34	34	60	35	6	6	188
Erlendir starfsmenn	10%	9	23	23	40	23	4	4	125
Innl. starfsm. í vinnubúðum	65%	57	146	148	260	151	25	25	813
Samtals:		***88***	***225***	***228***	***400***	***233***	***38***	***38***	***1.250***
Óbein og afleidd störf á Mið-Austurlandi:									
Heimamenn	0,65	6	15	15	26	15	2	2	81
Tímabundið aðfluttir	0,50	7	17	17	30	17	3	3	94
Erlendir starfsmenn	0,15	1	3	3	6	3	1	1	19
Innlendir starfsm. í vinnubúðum	0,10	6	15	15	26	15	2	2	81
Samtals:		***19***	***50***	***50***	***88***	***51***	***8***	***8***	***275***
Skipting óbeinna og afleiddra starfa á Mið-Austurlandi:									
Heimamenn	40%	8	20	20	35	21	3	3	**110**
Aðkomufólk	60%	12	30	30	53	31	5	5	**165**

TAFLA 7:

ÁÆTLUÐ LAUN VEGNA ÁLVERSINS Í REYÐARFIRÐI

Frá 2003 er miðað við meðalverðlag ársins 2002
Allar tölur í þús. kr.

Fjöldi ársverka vegna rekstrar álvers	0	0	0	50	420	454	454
Áætluð laun per ársverk (1% launaskrið á ári)	3.800	3.838	3.876	3.915	3.954	3.994	4.034
Áætluð launatengd gjöld per ársverk (13%)	494	499	504	509	514	519	524
Áætluð laun og tengd gjöld per ársverk	4.294	4.337	4.380	4.424	4.468	4.513	4.558
Áætluð heildarlaun og launatengd gjöld	***0***	***0***	***0***	***220.746***	***1.874.832***	***2.047.114***	***2.067.585***
Fjöldi ársverka vegna framkvæmda við álver	22	123	460	1.307	362		
Áætluð laun per ársverk (1% launaskrið)	3.600	3.636	3.672	3.709	3.746		
Áætluð launatengd gjöld per ársverk (30%)	1.080	1.091	1.102	1.113	1.124		
Áætluð laun og tengd gjöld per ársverk	4.680	4.727	4.774	4.822	4.870		
Áætluð heildarlaun og launatengd gjöld	***102.960***	***581.396***	***2.196.071***	***6.302.104***	***1.762.950***		
Alls laun vegna framkvæmda og rekstrar álvers	***102.960***	***581.396***	***2.196.071***	***6.522.849***	***3.637.782***	***2.047.114***	***2.067.585***

Hækkun launavísitölu	1,09	1,06

Atvinnutekjur (þús. Kr.)			
Meðalatvinnutekjur á framteljanda	1.968	2.145	2.274
Meðalatvinnutekjur karla	2.546	2.775	2.942
Meðalatvinnutekjur kvenna	1.407	1.534	1.626
Meðalatvinnutekjur 25-65 ára, landið	2.372	2.585	2.741
Meðalatvinnutekjur 25-65 ára, Reykjavík	2.439	2.659	2.818
Meðalatvinnutekjur 25-65 ára, Austurland	2.182	2.378	2.521

TAFLA 8:

ÁÆTLUÐ ÁHRIF ÁLVERS OG ALLRA FRAMKVÆMDA Á ÍBÚAÞRÓUN Á MIÐ-AUSTURLANDI

Áætlaður íbúafjöldi án álvers og virkjana:	***8.060***	***8.000***	***7.940***	***7.940***	***7.940***	***7.940***	***7.940***	***7.940***	***7.940***
Ársverk tengd rekstri álvers:									
Ársverk í álveri						50	420	454	454
Óbein og afleidd störf (Kárahnjúkavirkjun meðtalin)						32	273	295	295
Samtals:						***82***	***693***	***748***	***748***
Ársverk vegna framkv. við álver og höfn:									
Störf heimamanna og tímabundið aðfluttra			6	31	115	327	91	0	0
Óbein og afleidd störf			2	11	42	120	33	0	0
Störf v/framkvæmda við virkjun og línur:									
Störf heimamanna og tímabundið aðfluttra			68	119	167	209	90	26	0
Óbein og afleidd störf			31	54	76	95	41	12	0
Alls fjöldi ársverka vegna framkvæmda:			106	215	400	751	255	38	0
Áætl. fjöldi starfa sem frestast meðan framkv. starfa sem hæst frá 2003-2008:			0	0	-50	-150	0	100	100
Nettó fjöldi ársverka vegna framkvæmda:			106	215	350	601	255	138	100
Ársverk sem hlutfall af íbúafjölda:		0,5	0,5	0,5	0,505	0,505	0,505	0,505	0,51
Áætluð uppsöfnuð íbúafjölgun vegna framkv.:			212	431	694	1.191	505	274	196
Áætluð uppsöfnuð íbúafjölgun vegna rekstrar álvers:			0	0	0	183	1.372	1.482	1.468
Áætlaður íbúafjöldi:			***8.152***	***8.371***	***8.634***	***9.294***	***9.817***	***9.696***	***9.604***
Nettó aðflutningur fólks:			8.152	218	263	660	524	-121	-93
Áætlaður fjöldi ársverka:		***4.000***	***4.076***	***4.185***	***4.360***	***4.693***	***4.958***	***4.897***	***4.898***

TAFLA 9:

ÁÆTLUÐ VIÐBÓTAREFTIRSPURN EFTIR ATVINNUHÚSNÆÐI OG OPINBERUM BYGGINGUM Á MIÐ-AUSTURLANDI (Álver og Kárahnjúkavirkjun ekki meðtalin)

Stærð atvinnuhúsnæðis 2002 (ferm.)	
(Útihús í sveitum ekki meðtalin)	
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	47.594
Iðnaðarhúsnæði	126.448
Vörugeymslur	33.721
Samtals atvinnuhúsnæði:	***207.763***

Stærð opinberra bygginga 2002 (ferm.)	
Heilbrigðisstofnanir	13.250
Leikskólar	3.268
Grunnskólar	18.803
Framhaldsskólar	5.326
Þróttamannvirki	12.880
Aðrar opinberar byggingar	63.579
Samtals opinberar byggingar:	***117.106***
Endurnýjunarþörf húsnæðis á ári	0,5%
Ársverk í opinberri þjónustu (22%)	880
Landbúnaður (8%)	320
Ársverk í annarri atvinnustarfsemi (70%)	2.800
Alls:	***4.000***

Fjöldi óbeinna og afleiddra starfa:	***Ársverk***
Vegna reksturs álvers	295

Forsendur:	
Af heildarkostnaði er vinna	55%
Hver klst. er að meðaltali	3.000 kr.
Eitt ársverk er (klst.)	2.200

	Ferm. á ársverk árið 2002	***Áætlaðir ferm. á ársverk 2002-2009***	***Áætlaðar nýbyggingar 2002-2009***
	74	35	7.852
Alls fermetrar:			***7.852***

Þörf fyrir skólahúsnæði	***Fjölgun nemenda***	***Rými per viðbótar-nemanda (ferm.)***	***Heildarrými (ferm.)***
Nemendur í leikskóla (5% af íbúafjölgun)	73	8	587
Nemendur í grunnskóla (16% af íbúafj.)	235	10	2.349
Nemendur í framhaldsskóla (5% af íbúafj.)	73	12	881
Heildarrými samtals:	***382***		***3.817***

Þörf fyrir heilbrigðisstofnanir:	
Viðbótarrými (1,5 ferm. per mann)	***2.202***

Þörf fyrir aðrar opinberar byggingar:	***Fjölgun íbúa***	***Rými per íbúa (ferm.)***	
Meðalþörf 4 ferm. per íbúa	1.468	4	***5.872***
Heildarþörf fyrir opinberar byggingar			***11.891***

	Verð á ferm.	***2002-2009***
Atvinnuhúsnæði	125.000	981.500.000
Opinberar byggingar	150.000	1.783.650.000
Alls:		***2.765.150.000***

Ársverk í byggingastarfsemi: ***230***

TAFLA 10:

ÁÆTLUÐ VIÐBÓTAREFTIRSPURN EFTIR ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Á MIÐ-AUSTURLANDI

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Samtals
Fjöldi íbúa per íbúð - spá	2,53	2,53	2,55	2,57	2,58	2,60	2,60	2,60	
Fækkun íbúða vegna fjölgunar í heimili		0	-25	-26	-13	-28	0	0	-92
Áætluð endurnýjun eldri íbúða		0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	0,50%	
Fjöldi íbúða			16	16	16	16	16	16	96
Áætlaður íbúafjöldi		8.152	8.371	8.634	9.294	9.817	9.696	9.604	
Fjölgun íbúða vegna fólksfjölgunar			86	102	256	201	-46	-36	563
Reiknuð þörf fyrir nýjar íbúðir á ári:		0	76	93	259	190	-31	-20	***567***
Fjölgun íbúða		0	76	93	259	139	0	0	
Frestun íbúðabygginga						50	20	0	
Heildarfjöldi íbúða - spá	3.190	3.190	3.266	3.359	3.618	3.757	3.757	3.757	
Heildarfjöldi ferm.	400.000							471.108	
Áætluð fjárfesting (m.kr.)		0	1.144	1.390	3.881	2.091	0	0	***8.505***
Einingaverð (m.kr.)	15								
Ársverk per íbúð	1,4								
Ársverk vegna íbúðabygginga		0	107	130	362	195	0	0	***794***

Einingaverð 15 m.kr. er miðað við meðalstærð íbúða 125 ferm. x 110 þús. kr. + bílskúr + kostnað við götur og veitur.

TAFLA 11:

ÁÆTLAÐ FRAMBOÐ NÝS ÍBÚÐAR- OG ATVINNUHÚSNÆÐIS EFTIR SVEITARFÉLÖGUM

	Lágmark		*Hámark*		*Lágmark*		*Hámark*	
	%	*Fjöldi íbúða*	*%*	*Fjöldi íbúða*	*%*	*Fermetrar*	*%*	*Fermetrar*
Sveitarfélög:								
Fjarðabyggð:	48%		64%		36%		52%	
Reyðarfjörður	31%	176	41%	232	20%	1.570	28%	2.198
Eskifjörður	12%	68	16%	91	8%	628	12%	942
Neskaupstaður	5%	28	7%	40	8%	628	12%	942
Austur-Hérað:								
Egilsstaðir	24%	136	40%	227	32%	2.513	48%	3.769
Fellahreppur:								
Fellabær	4%	23	8%	45	8%	628	12%	942
Búðahreppur:								
Fáskrúðsfjörður	4%	23	8%	45	4%	314	8%	628
Alls:	***80%***	***454***	***120%***	***680***	***80%***	***6.281***	***120%***	***9.422***
Áætluð eftirspurn:		***567***				***7.852***		

Tölur eru miðaðar við allt tímabilið 2002-2009.
Byggingar álversins ekki meðtaldar í atvinnuhúsnæði.

TAFLA 12:

ÁÆTLAÐUR FJÖLDI ÁRSVERKA VEGNA VERKEFNISINS - LANDIÐ ALLT

Rekstur:									
Álver Alcoa				**0**	**0**	**50**	**420**	**454**	**454**
Óbein og afleidd störf:									
Óbein og afleidd störf á Mið-Austurlandi	0,65			0	0	33	273	295	295
Óbein og afleidd störf annars staðar á landinu	1,5			0	0	75	630	680	680
Óbein og afleidd störf samtals:				***0***	***0***	***108***	***903***	***975***	***975***
Framkvæmdir:									
Framkvæmdir við álver og höfn		0	22	123	460	1.307	362	0	0	***2.274***
Virkjanaframkvæmdir og háspennulínur		67	377	662	928	1.162	501	147	0	***3.844***
Aðrar framkvæmdir á Mið-Austurlandi		0	88	225	228	400	233	38	38	***1.250***
Framkvæmdir samtals:		***67***	***487***	***1.010***	***1.616***	***2.869***	***1.096***	***185***	***38***	***7.368***
Óbein og afleidd störf vegna framkv., landið allt:	1,5	***101***	***731***	***1.515***	***2.424***	***4.304***	***1.644***	***278***	***57***	***11.052***
Störf alls (ársverk):		***168***	***1.218***	***2.525***	***4.040***	***7.330***	***4.063***	***1.891***	***1.524***	
Hlutfall af ársverkum í landinu öllu:		***0,12%***	***0,86%***	***1,77%***	***2,80%***	***5,02%***	***2,75%***	***1,27%***	***1,01%***	

VIÐAUKI II. ÁFORM FJARÐABYGGÐAR UM UPPBYGGINGU HÚSNÆÐIS

Áætlaður íbúðafjöldi í Fjarðabyggð samkvæmt aðalskipulagi

Eskifjörður	Deiliskipulagt eða þegar byggt svæði	Íbúðarsvæði, ekki deiliskipulagt
Í þegar byggðum hverfum	30	
Barð 1	16	
Gunnarstún	8	
Dalur 2	62	
Dalur 3		35
samtals	116 íbúðir	35 íbúðir

Íbúðarsvæði á Eskifirði til ráðstöfunar fyrir **151 íbúð**

Neskaupstaður		
Í þegar byggðum hverfum	10	
Bakkatún	14	
Bakkar 3	31	
Bakkar 4		8
samtals	55 íbúðir	8 íbúðir

Íbúðarsvæði í Neskaupstað til ráðstöfunar fyrir **63 íbúðir**

Reyðarfjörður		
Í þegar byggðum hverfum	23	
Oddnýjarhæð	29	
Miðbær	6	
Stekkir	35	
Melur 1	51	
Heiðarvegur - Efstagerði	17	
Bakkagerði1	138	
Stekkir 2		135
samtals	299 íbúðir	135 íbúðir

Íbúðarsvæði á Reyðarfirði til ráðstöfunar fyrir **434 íbúðir**

Íbúðarsvæði í Fjarðabyggð til ráðstöfunar fyrir **648 íbúðir**

Íbúðafjöldi í Fjarðabyggð samkvæmt fasteignamati 1. 12 2001 er **1.168 íbúðir**

VIÐAUKI III. KÖNNUN MEÐAL BROTTFLUTTRA AUSTFIRÐINGA

Könnun á afstöðu brottfluttra Austfirðinga til álvers í Reyðarfirði

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaði í nóvember og desember 2000 fyrir Reyðarál hf. afstöðu brottfluttra Austfirðinga til álvers í Reyðarfirði og hvaða áhrif það gæti haft á búsetuskilyrði á Austurlandi. Send var póstkönnun til fólks á aldrinum 20–49 ára sem hafði flutt frá Austurlandi á árunum 1995–1999. Úr þeim hópi var tekið 500 manna úrtak. Þegar þeir sem höfðu flutt aftur á Austurland og aðrir sem ekki áttu heima í úrtakinu höfðu verið felldir burt voru 487 manns eftir. Af þeim 487 sem eftir voru í úrtakinu svöruðu 236 manns spurningalistum sem gerir um 48% svarhlutfall.

Kynjaskipting svarenda var mjög jöfn, rétt rúmlega helmingur karlar (50,4%) og tæplega helmingur konur (49,6%). Meðalaldur svarenda er 31 ár. Af svarendum eiga 78% heima á höfuðborgarsvæðinu en 22% á landsbyggðinni. Af þeim sem búa á landsbyggðinni eiga flestir heima á Norðurlandi eystra (42%).

Brottfluttir Austfirðingar meta atvinnuaðstæður á Austurlandi í samanburði við núverandi heimabyggð ekki mikils. Um 73% eru mjög eða frekar óánægðir með fjölbreytni í atvinnulífi á Austurlandi miðað við núverandi heimabyggð. Um 62% eru mjög eða frekar óánægðir með tekjuöflunarmöguleika fyrir austan samanborið við núverandi heimabyggð. Atvinnuöryggi á Austurlandi kemur þó vel út í samanburði við önnur byggðarlög.

Þegar kemur að verðlagi og fjölbreytni og vöruúrvali í verslun kemur Austurland ekki vel út. Um 76% brottfluttra Austfirðinga eru mjög eða frekar óánægðir með verðlag samanborið við núverandi heimabyggð og 56% lýsa yfir óánægju með fjölbreytni í vöruval í verslunum.

Um 52% svarenda eru mjög eða frekar ánægðir með framboð hentugs húsnæðis á Austurlandi miðað við núverandi heimabyggð, en hins vegar kom fram töluverð óánægja með kostnað við rekstur húsnæðis á Austurlandi í þessum samanburði.

Tækifæri til náms eftir grunnskóla virðast ekki vera fullnægjandi á Austurlandi, að minnsta kosti í samanburði við aðra landshluta. Um 54% eru mjög eða frekar óánægð með þau miðað við tækifæri til náms í núverandi byggðarlagi.

Möguleikar til útivistar og tómstundastarfs koma vel út fyrir Austurland miðað við núverandi heimabyggð.

Helstu ástæður þess að fólk flutti frá Austurlandi var að það fór í nám og að því fannst fá og einhæf atvinnutækifæri í fyrrum byggðarlagi sínu fyrir austan. Þá nefndu margir persónulegar ástæður. Í rannsókn Stefáns Ólafssonar, prófessors, 1997, kom fram að atvinnuaðstæður voru oftast nefndar sem ástæða fyrir brottflutningi. Því eru niðurstöður þessarar könnunar í nokkru samræmi við þá rannsókn.

Um 39% brottfluttra Austfirðinga hafa á undanförnum tveimur árum hugleitt að flytja aftur á Austurland. Nokkuð fleiri konur (46%) en karlar (33%) hafa hugleitt að flytja aftur. Þá er einnig breytilegt eftir aldri hvort fólk hafi hugleitt að flytja aftur. Mun algengara er að þeir yngri hafa hugleitt að flytja aftur en þeir eldri.

Í samræmi við það að lakar atvinnuaðstæður voru oft nefndar sem ástæður fyrir brottflutningi kemur í ljós að fleiri atvinnutækifæri auka töluvert líkur á að fólk flytji aftur til Austurlands. Um 70% þeirra sem ekki töldu líklegt að þeir byggju á Austurlandi eftir 10 ár myndu hugleiða flutning aftur á Austurland ef fleiri og betri atvinnutækifæri sköpuðust þar. Töluverður munur er á þessari afstöðu eftir aldri. Fólk á aldrinum 20–29 ára (80%) og 30–39 ára (67%) er mun tilbúnara til að hugleiða að flytja til baka ef fleiri og betri atvinnutækifæri byðust en fólk á aldrinum 40–49 ára (27%).

Fram kom í könnuninni töluverður vilji fólks til að flytja aftur á Austurland ef fleiri og betri atvinnutækifæri sköpuðust. Um 17% telja mjög eða frekar líklegt að þeir flytji ef álver rís í Reyðarfirði, en 49% telja það mjög eða frekar ólíklegt. Þessi afstaða er breytileg eftir aldri þar sem yngra fólk er tilbúnara til að flytja en það eldra.

Brottfluttir Austfirðingar eru nokkuð jákvæðir í garð stóriðju almennt. Um 60% greindu frá mjög eða frekar jákvæðri afstöðu en 18% frá mjög eða frekar neikvæðri afstöðu. Þessi afstaða er breytileg eftir kyni. Karlar eru mun jákvæðari í garð stóriðju (68%) en konur (53%).

Töluverður meirihluti brottfluttra Austfirðinga er mjög eða frekar hlynntur byggingu álvers í Reyðarfirði (66%). Um 23% þeirra er mjög eða frekar andvígir því. Fleiri karlar eru hlynntir byggingu álvers (69%) en konur (63%).

Um 79% brottfluttra Austfirðinga telja að bygging álvers í Reyðarfirði muni styrkja byggð og atvinnulíf á Austurlandi mjög eða frekar mikið. Einungis 10% telja að álverið eigi eftir að styrkja byggð og atvinnulíf mjög eða frekar lítið. Um 38% telja að mjög eða frekar margir brottfluttir Austfirðingar eigi eftir að flytja til baka á heimaslóðir ef álver risi í Reyðarfirði. Um 29% telja að mjög eða frekar fáir eigi eftir að flytja til baka.

	Karl	Kona	Fjöldi
20-29 ára	48,3	51,7	116
30-39 ára	53,6	46,4	84
40-49 ára	50,0	50,0	36
Höfuðborgarsvæði	51,9	48,1	183
Landsbyggð	45,3	54,7	53
Verkafólk/afgreiðslufólk	56,6	43,4	53
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	75,0	25,0	24
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	12,5	87,5	24
Serfræðinga- og stjórnunarstörf	64,7	35,3	85
Gift/í sambúð	50,9	49,1	163
Ekki í sambúð	48,6	51,4	70
Já	46,0	54,0	150
Nei	57,1	42,9	84

	20-29 ára	30-39 ára	40-49 ára	Fjöldi
Karl	47,1	37,8	15,1	119
Kona	51,3	33,3	15,4	117
Höfuðborgarsvæði	52,5	32,2	15,3	183
Landsbyggð	37,7	47,2	15,1	53
Verkafólk/afgreiðslufólk	49,1	32,1	18,9	53
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	45,8	45,8	8,3	24
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	58,3	29,2	12,5	24
Serfræðinga- og stjórnunarstörf	29,4	49,4	21,2	85
Gift/í sambúð	44,2	38,7	17,2	163
Ekki í sambúð	60,0	28,6	11,4	70
Já	34,0	44,0	22,0	150
Nei	76,2	20,2	3,6	84

	Höfuðborgar-svæði	*Lands-byggð*	*Fjöldi*
Kyn			
Karl	79,8	20,2	119
Kona	75,2	24,8	117
Aldur			
20-29 ára	82,8	17,2	116
30-39 ára	70,2	29,8	84
40-49 ára	77,8	22,2	36
Starf			
Verkafólk/afgreiðslufólk	79,2	20,8	53
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	79,2	20,8	24
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	83,3	16,7	24
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	76,5	23,5	85
Hjúskapur			
Gift/í sambúð	77,9	22,1	163
Ekki í sambúð	75,7	24,3	70
Á hús			
Já	75,3	24,7	150
Nei	81,0	19,0	84

	Verkafólk/ afgreiðslust.	*Iðnaðarm. bændur/sjóm*	*Skrifst.st sérhæfð st.*	*Sérfr.og-stjórn.st.*	*Fjöldi*
Kyn					
Karl	28,3	17,0	2,8	51,9	106
Kona	28,8	7,5	26,3	37,5	80
Aldur					
20-29 ára	34,2	14,5	18,4	32,9	76
30-39 ára	22,1	14,3	9,1	54,5	77
40-49 ára	30,3	6,1	9,1	54,5	33
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	28,8	13,0	13,7	44,5	146
Landsbyggð	27,5	12,5	10,0	50,0	40
Hjúskapur					
Gift/í sambúð	26,6	14,8	10,9	47,7	128
Ekki í sambúð	32,1	7,1	17,9	42,9	56
Á hús					
Já	25,8	12,9	12,9	48,4	124
Nei	34,4	11,5	13,1	41,0	61

	Gift/ í sambúð	Ekki í sambúð	Fjöldi
Karl	70,9	29,1	117
Kona	69,0	31,0	116
20-29 ára	63,2	36,8	114
30-39 ára	75,9	24,1	83
40-49 ára	77,8	22,2	36
Höfuðborgarsvæði	70,6	29,4	180
Landsbyggð	67,9	32,1	53
Verkafólk/afgreiðslufólk	65,4	34,6	52
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	82,6	17,4	23
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	58,3	41,7	24
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	71,8	28,2	85
Já	77,2	22,8	149
Nei	57,1	42,9	84

	Já	Nei	Fjöldi
Karl	59,0	41,0	117
Kona	69,2	30,8	117
20-29 ára	44,3	55,7	115
30-39 ára	79,5	20,5	83
40-49 ára	91,7	8,3	36
Höfuðborgarsvæði	62,4	37,6	181
Landsbyggð	69.8	30,2	53
Verkafólk/afgreiðslufólk	60,4	39,6	53
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	69,6	30,4	23
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	66,7	33,3	24
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	70,6	29,4	85
Gift/í sambúð	70,6	29,4	163
Ekki í sambúð	48,6	51,4	70



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Karl	119	84,0	10,9	5,0		
Kona	116	75,0	13,8	11,2		
20-29 ára	116	81,0	12,9	6,0		
30-39 ára	83	73,5	15,7	10,8		
40-49 ára	36	88,9	2,8	8,3		
Höfuðborgarsvæði	182	85,7	8,8	5,5		
Landsbyggð	53	58,5	24,5	17,0		
Verkafólk/afgreiðslufólk	53	73,6	15,1	11,3		
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	83,3	16,7	0,0		
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	83,3	8,3	8,3		
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	85	83,5	8,2	8,2		
Gift/í sambúð	162	77,2	13,0	9,9		
Ekki í sambúð	70	85,7	10,0	4,3		
Já	150	80,7	10,7	8,7		
Nei	83	78,3	14,5	7,2		



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Karl	119	10,9		14,3	74,8	
Kona	117	17,9		11,1	70,9	
20-29 ára	116	8,6		18,1	73,3	
30-39 ára	84	20,2		8,3	71,4	
40-49 ára	36	19,4		5,6	75,0	
Höfuðborgarsvæði	183	8,7		12,6	78,7	
Landsbyggð	53	34,0		13,2	52,8	
Verkafólk/afgreiðslufólk	53	7,5		13,2	79,2	
fönaðarmenn, bændur og sjómenn	24	8,3		16,7	75,0	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	16,7		4,2	79,2	
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	85	20,0		11,8	68,2	
Gift/í sambúð	163	15,3		12,9	71,8	
Ekki í sambúð	70	12,9		11,4	75,7	
Já	150	14,7		10,0	75,3	
Nei	84	14,3		17,9	67,9	





* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn						
Karl	119	18,5	18,5	63,0		
Kona	117	18,8	20,5	60,7		
Aldur						
20-29 ára	116	13,8	18,1	68,1		
30-39 ára	84	23,8	25,0	51,2		
40-49 ára	36	22,2	11,1	66,7		
Búseta						
Höfuðborgarsvæði	183	16,9	16,9	66,1		
Landsbyggð	53	24,5	28,3	47,2		
Starf						
Verkafólk/afgreiðslufólk	53	17,0	18,9	64,2		
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	16,7	12,5	70,8		
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	16,7	12,5	70,8		
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	85	20,0	22,4	57,6		
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	163	19,0	20,2	60,7		
Ekki í sambúð	70	17,1	15,7	67,1		
Barn á heimili						
Já	150	16,7	20,0	63,3		
Nei	84	21,4	17,9	60,7		



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn						
Karl	118	51,7	24,6	23,7		
Kona	116	51,7	31,0	17,2		
Aldur						
20-29 ára	116	49,1	32,8	18,1		
30-39 ára	84	53,6	22,6	23,8		
40-49 ára	34	55,9	23,5	20,6		
Búseta						
Höfuðborgarsvæði	181	53,0	25,4	21,5		
Landsbyggð	53	47,2	35,8	17,0		
Starf						
Verkafólk/afgreiðslufólk	53	47,2	30,2	22,6		
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	54,2	20,8	25,0		
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	54,2	20,8	25,0		
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	84	56,0	27,4	16,7		
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	161	52,2	25,5	22,4		
Ekki í sambúð	70	50,0	34,3	15,7		
Á barn undir 18 ára						
Já	148	51,4	25,0	23,6		
Nei	84	52,4	33,3	14,3		



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Karl	118		24,6	21,2	54,2	
Kona	117		30,8	15,4	53,8	
20-29 ára	116		29,3	22,4	48,3	
30-39 ára	84		25,0	13,1	61,9	
40-49 ára	35		28,6	17,1	54,3	
Höfuðborgarsvæði	182		24,7	18,7	56,6	
Landsbyggð	53		37,7	17,0	45,3	
Verkafólk/afgreiðslufólk	52		28,8	21,2	50,0	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24		20,8	37,5	41,7	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24		33,3	12,5	54,2	
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	85		31,8	12,9	55,3	
Gift/í sambúð	162		26,5	16,7	56,8	
Ekki í sambúð	70		31,4	21,4	47,1	
Já	150		25,3	18,0	56,7	
Nei	83		32,5	19,3	48,2	



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	118	13,6	33,1	53,4
Kona	117	20,5	33,3	46,2
20-29 ára	115	17,4	41,7	40,9
30-39 ára	84	16,7	26,2	57,1
40-49 ára	36	16,7	22,2	61,1
Höfuðborgarsvæði	182	17,6	29,1	53,3
Landsbyggð	53	15,1	47,2	37,7
Verkafólk/afgreiðslufólk	52	17,3	34,6	48,1
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	8,3	29,2	62,5
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	20,8	29,2	50,0
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	85	16,5	37,6	45,9
Gift/í sambúð	162	14,8	31,5	53,7
Ekki í sambúð	70	21,4	38,6	40,0
Já	150	16,7	27,3	56,0
Nei	83	18,1	44,6	37,3



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn						
Karl	117	7,7		14,5	77,8	
Kona	115	7,0		22,6	70,4	
Aldur						
20-29 ára	115	7,8		21,7	70,4	
30-39 ára	83	7,2		14,5	78,3	
40-49 ára	34	5,9		17,6	76,5	
Búseta						
Höfuðborgarsvæði	180	7,2		15,6	77,2	
Landsbyggð	52	7,7		28,8	63,5	
Starf						
Verkafólk/afgreiðslufólk	51	3,9		15,7	80,4	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	4,2		4,2	91,7	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	23	8,7		17,4	73,9	
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	84	9,5		25,0	65,5	
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	160	7,5		16,3	76,3	
Ekki í sambúð	69	7,2		24,6	68,1	
Börn undir 18 ára á heimili						
Já	146	6,8		16,4	76,7	
Nei	84	8,3		22,6	69,0	



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn						
Karl	117	26,5		29,1	44,4	
Kona	116	30,2		27,6	42,2	
Aldur						
20-29 ára	115	23,5		33,0	43,5	
30-39 ára	84	33,3		26,2	40,5	
40-49 ára	34	32,4		17,6	50,0	
Búsetuform						
Höfuðborgarsvæði	180	27,8		24,4	47,8	
Landsbyggð	53	30,2		41,5	28,3	
Starf						
Verkafólk/afgreiðslufólk	52	25,0		26,9	48,1	
lönaðarmenn, bændur og sjómenn	24	16,7		29,2	54,2	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	23	13,0		39,1	47,8	
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	84	35,7		33,3	31,0	
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	160	30,6		24,4	45,0	
Ekki í sambúð	70	22,9		38,6	38,6	
Ánægð(ur) í starfi?						
Já	148	25,0		26,4	48,6	
Nei	83	34,9		32,5	32,5	



* hlutfall þeirra sem svara



		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Karl	116	25,0		14,7		60,3
Kona	117	28,2		20,5		51,3
20-29 ára	116	27,6		18,1		54,3
30-39 ára	83	22,9		16,9		60,2
40-49 ára	34	32,4		17,6		50,0
Höfuðborgarsvæði	180	23,3		17,8		58,9
Landsbyggð	53	37,7		17,0		45,3
Verkafólk/afgreiðslufólk	52	13,5		26,9		59,6
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	33,3		0,0		66,7
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	45,8		12,5		41,7
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	83	31,3		18,1		50,6
Gift/í sambúð	160	24,4		19,4		56,3
Ekki í sambúð	70	32,9		14,3		52,9
Já	149	23,5		18,1		58,4
Nei	82	32,9		17,1		50,0



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Karl	119		70,6	12,6	16,8	
Kona	117		60,7	18,8	20,5	
20-29 ára	116		62,1	14,7	23,3	
30-39 ára	84		70,2	16,7	13,1	
40-49 ára	36		66,7	16,7	16,7	
Höfuðborgarsvæði	183		65,0	14,8	20,2	
Landsbyggð	53		67,9	18,9	13,2	
Verkafólk/afgreiðslufólk	53		66,0	18,9	15,1	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24		66,7	4,2	29,2	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24		58,3	20,8	20,8	
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	85		74,1	14,1	11,8	
Gift/í sambúð	163		67,5	14,7	17,8	
Ekki í sambúð	70		64,3	18,6	17,1	
Já	150		62,7	16,0	21,3	
Nei	84		72,6	15,5	11,9	



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	116	32,8	67,2
Kona	115	46,1	53,9
20-29 ára	113	45,1	54,9
30-39 ára	82	39,0	61,0
40-49 ára	36	22,2	77,8
Höfuðborgarsvæði	180	36,7	63,3
Landsbyggð	51	49,0	51,0
Verkafólk/afgreiðslufólk	52	30,8	69,2
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	23	56,5	43,5
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	23	26,1	73,9
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	85	38,8	61,2
Gift/í sambúð	160	42,5	57,5
Ekki í sambúð	68	33,8	66,2
Já	149	39,6	60,4
Nei	80	40,0	60,0



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	105	92,4	7,6
Kona	109	86,2	13,8
20-29 ára	102	88,2	11,8
30-39 ára	78	88,5	11,5
40-49 ára	34	94,1	5,9
Höfuðborgarsvæði	167	88,6	11,4
Landsbyggð	47	91,5	8,5
Verkafólk/afgreiðslufólk	48	85,4	14,6
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	19	89,5	10,5
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	91,7	8,3
Sérfræðinga- og sjórnunarstörf	80	91,3	8,8
Gift/í sambúð	149	87,2	12,8
Ekki í sambúð	64	93,8	6,3
Já	139	86,3	13,7
Nei	74	94,6	5,4



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	74	71,6	28,4
Kona	61	67,2	32,8
20-29 ára	74	79,7	20,3
30-39 ára	46	67,4	32,6
40-49 ára	15	26,7	73,3
Höfuðborgarsvæði	112	70,5	29,5
Landsbyggð	23	65,2	34,8
Verkafólk/afgreiðslufólk	25	64,0	36,0
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	16	81,3	18,8
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	15	60,0	40,0
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	49	67,3	32,7
Gift/í sambúð	90	68,9	31,1
Ekki í sambúð	43	69,8	30,2
Já	81	65,4	34,6
Nei	53	75,5	24,5



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög líklegt	Frekar líklegt	Hvorki né	Frekar ólíklegt	Mjög ólíklegt
Kyn						
Karl	119		15,1	31,9	52,9	
Kona	117		18,8	36,8	44,4	
Aldur						
20-29 ára	116		19,0	39,7	41,4	
30-39 ára	84		19,0	26,2	54,8	
40-49 ára	36		5,6	36,1	58,3	
Búseta						
Höfuðborgarsvæði	183		15,3	35,0	49,7	
Landsbyggð	53		22,6	32,1	45,3	
Starfsstétt						
Verkafólk/afgreiðslufólk	53		18,9	30,2	50,9	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24		37,5	45,8	16,7	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24		12,5	25,0	62,5	
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	85		9,4	34,1	56,5	
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	163		19,6	33,7	46,6	
Ekki í sambúð	70		10,0	35,7	54,3	
Barn undir 18 ára á heimili						
Já	150		20,0	34,0	46,0	
Nei	84		11,9	34,5	53,6	



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	119	68,1	14,3	17,6
Kona	117	53,0	29,1	17,9
20-29 ára	116	56,0	25,9	18,1
30-39 ára	84	66,7	17,9	15,5
40-49 ára	36	61,1	16,7	22,2
Höfuðborgarsvæði	183	60,7	21,9	17,5
Landsbyggð	53	60,4	20,8	18,9
Verkafólk/afgreiðslufólk	53	64,2	22,6	13,2
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	75,0	20,8	4,2
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	54,2	33,3	12,5
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	85	58,8	16,5	24,7
Gift/í sambúð	163	63,2	20,2	16,6
Ekki í sambúð	70	54,3	24,3	21,4
Já	150	63,3	20,7	16,0
Nei	84	56,0	22,6	21,4



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	118	68,6	6,8	24,6
Kona	115	62,6	15,7	21,7
20-29 ára	114	64,9	14,0	21,1
30-39 ára	83	69,9	9,6	20,5
40-49 ára	36	58,3	5,6	36,1
Höfuðborgarsvæði	181	67,4	9,9	22,7
Landsbyggð	52	59,6	15,4	25,0
Verkafólk/afgreiðslufólk	53	67,9	13,2	18,9
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	23	87,0	4,3	8,7
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	23	60,9	21,7	17,4
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	84	64,3	7,1	28,6
Gift/í sambúð	161	68,3	9,9	21,7
Ekki í sambúð	69	59,4	14,5	26,1
Já	148	68,2	10,8	20,9
Nei	83	61,4	12,0	26,5



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	119	79,8	8,4	11,8
Kona	116	77,6	14,7	7,8
20-29 ára	116	79,3	12,9	7,8
30-39 ára	84	79,8	11,9	8,3
40-49 ára	35	74,3	5,7	20,0
Höfuðborgarsvæði	182	80,8	9,3	9,9
Landsbyggð	53	71,7	18,9	9,4
Verkafólk/afgreiðslufólk	52	82,7	7,7	9,6
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	87,5	12,5	0,0
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	66,7	12,5	20,8
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	85	80,0	9,4	10,6
Gift/í sambúð	163	81,0	9,8	9,2
Ekki í sambúð	69	73,9	15,9	10,1
Já	149	81,2	10,1	8,7
Nei	84	75,0	14,3	10,7



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	118	39,0	27,1	33,9
Kona	116	36,2	39,7	24,1
20-29 ára	115	38,3	34,8	27,0
30-39 ára	84	42,9	27,4	29,8
40-49 ára	35	22,9	42,9	34,3
Höfuðborgarsvæði	181	38,1	33,1	28,7
Landsbyggð	53	35,8	34,0	30,2
Verkafólk/afgreiðslufólk	52	34,6	28,8	36,5
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	24	54,2	20,8	25,0
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	24	29,2	41,7	29,2
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	85	37,6	34,1	28,2
Gift/í sambúð	161	42,9	30,4	26,7
Ekki í sambúð	70	25,7	40,0	34,3
Já	150	41,3	32,0	26,7
Nei	82	31,7	35,4	32,9

VIÐAUKI IV. KÖNNUN MEÐAL UNGS FÓLKS Á AUSTURLANDI

Könnun á afstöðu ungs fólks á Mið-Austurlandi til álvers í Reyðarfirði

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaði fyrir Reyðarál hf. afstöðu ungs fólks á Mið-Austurlandi, á aldrinum 18–28 ára, til álvers í Reyðarfirði. Könnunin, sem fór fram í nóvember og desember s.l., náði til fólks með lögheimili á svæðinu frá Fljótsdalshéraði til Breiðdalsvíkur. Af þeim 364 sem voru í úrtakinu svöruðu 203, eða 56%.

Kynjaskipting var nokkuð jöfn, 55% voru konur og 45% karlar, og meðalaldur rúm 22 ár. Um 37% eru búsettir í Fjarðabyggð. Rúmlega 44% eru einhleypir, um 39% giftir eða í sambúð og 17% í sambandi án þess að vera í sambúð. Í námi eru 41% en 59% stundar vinnu.

Þegar á heildina er litið eru ungir Austfirðingar frekar óánægðir með atvinnuástand í sínu byggðarlagi, bæði vegna lítillar fjölbreytni í atvinnulífi og takmarkaðra möguleika á tekjuöflun. Hins vegar var nokkur ánægja með atvinnuöryggi. Talsverð óánægja var með vöruúrval (51%) og enn meiri með vöruverð (70%) í verslunum á Austurlandi. Um 43% svarenda er mjög eða frekar ánægður með framboð hentugs húsnæðis en sú afstaða er breytileg eftir búsetu. Nokkur ánægja er með tækifæri til náms að loknum grunnskóla. Um 43% segjast mjög eða frekar ánægðir með námstækifæri. Um 56% svarenda sögðust mjög eða frekar ánægðir með möguleika til útivistar og tómstundastarfs í sínu byggðarlagi.

Þegar öll ofangreind atriði eru greind eftir því hvort ungt fólk teldi líklegt að það myndi búa á Austurlandi eftir 10 ár kemur í ljós munur á sjö af tíu atriðum. Fólk sem ætlar ekki að búa eftir 10 ár er óánægðra en fólk sem ætlar að búa á Austurlandi með eftirfarandi þætti: atvinnumöguleika, fjölbreytni í atvinnulífi, tekjuöflunarmöguleika, atvinnuöryggi, verðlag, fjölbreytni og vöruúrval í verslun og möguleika til að stunda tómstundir og útivist. Af þessu má álykta að óánægja með þessi atriði geti stuðlað að brottflutningi ungs fólks af Austurlandi. Því virðist mikilvægast að styrkja atvinnulífið og bæta verslunina til að halda ungu fólki í sinni heimabyggð. Önnur atriði eins og tækifæri til náms eftir grunnskóla og húsnæðisaðstæður hafa líklega ekki eins mikil áhrif á ákvörðun fólks um hvort það verði kyrrt í heimabyggð eða flytur burt.

Um 68% svarenda hefur á undanförnum tveimur árum hugleitt að flytja frá Austurlandi. Nokkur munur er á þessu eftir aldri. Áberandi flestir á aldrinum 20–22 ára hafa hugleitt að flytja frá Austurlandi (89%). Hærra hlutfall þeirra sem er í námi hefur hugleitt að flytja burt (76%) en þeirra sem eru í vinnu (62%).

Eftir 10 ár ætla um 43% sér að búa á Austurlandi en 57% annars staðar. Af þeim sem ætla að búa annars staðar en á Austurlandi ætla flestir að búa á höfuðborgarsvæðinu (43%) en töluverður hluti ætlar einnig að búa annars staðar á landsbyggðinni (32%).

Einhleypt fólk er líklegra en aðrir til að flytja frá Austurlandi og námsmenn eru einnig líklegri til að flytja burt en ungt fólk sem stundar vinnu.

Þeir sem sögðust ætla búa annars staðar en á Austurlandi eftir 10 ár voru einnig spurðir að því hvort fleiri og betri atvinnutækifæri í þeirra byggðarlögum myndu auka líkur á að þeir yrðu um kyrrt. Um 90% þeirra sögðu að fleiri og betri atvinnutækifæri myndu auka líkur á búsetu þeirra á Austurlandi.

Almennt séð eru ungir Austfirðingar frekar jákvæðir í garð þeirrar stóriðju sem er starfandi í landinu. Um 67% þeirra greindu frá jákvæðri afstöðu en einungis 8% frá neikvæðri afstöðu. Afstaða fólks sem stundar vinnu er jákvæðari en námsmanna.

Ungt fólk á Austurlandi er almennt hlynnt byggingu álvers í Reyðarfirði. Um 56% eru mjög hlynnt og þrír af hverjum fjórum svarendum eru mjög eða frekar hlynntir byggingu álvers í Reyðarfirði.

Um 40% sögðust hafa áhuga á að vinna í álveri ef það yrði reist í Reyðarfirði. Þessi afstaða var nokkuð breytileg eftir kyni og búsetu. Karlar (53%) hafa frekar áhuga á að vinna í álveri en konur (29%). Þá er ljóst að áhugi á að starfa í álverinu er mun meiri í Fjarðabyggð (52,5%) og á Suðurfjörðum (50,0%) en á Seyðisfirði (41,2%) og Fljótsdalshéraði (25,4%)

Alls töldu 87% að bygging álvers í Reyðarfirði myndi styrkja efnahagslega stöðu byggðalaga á Austurlandi mjög eða frekar mikið. Um 59% svarenda telja að með tilkomu álvers eigi laun eftir að hækka á Austurlandi, um 40% telja að laun eigi eftir að haldast svipuð og nær enginn að þau eigi eftir að lækka.

Þegar kemur að áhrifum álvers í Reyðarfirði á mannlíf í byggðarlögum á Austurlandi telja rúmlega þrír af hverjum fjórum ungum Austfirðingum að það eigi eftir að leiða til mun eða nokkuð betra mannlífs.

Að lokum er greint frá afstöðu ungra Austfirðinga til þess hvaða áhrif þeir telja að tilkoma álvers hafi á brottflutning frá Austurlandi. Um 82% telja að brottflutningur eigi eftir að minnka og einungis 3% að brottflutningur muni aukast.

	Karl	Kona	Fjöldi
18-19 ára	41,8	58,2	55
20-22 ára	47,3	52,7	55
23-25 ára	42,1	57,9	38
26-28 ára	50,0	50,0	54
Norðan við Fjarðabyggð	44,4	55,6	81
Seyðisfjörður	41,2	58,8	17
Fjarðabyggð	48,0	52,0	75
Sunnan við Fjarðabyggð	44,4	55,6	27
Verkamenn/afgreiðslufólk	47,1	52,9	34
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	45,9	54,1	37
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	12,5	87,5	32
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	50,0	50,0	64
Gift/í sambúð	35,4	64,6	79
Í sambandi/ekki sambúð	52,9	47,1	34
Einhleypir	51,7	48,3	89
Nám	37,5	62,5	80
Vinna	50,4	49,6	115

	18-19 ára	20-22 ára	23-25 ára	26-28 ára	Fjöldi
Karl	25,0	28,3	17,4	29,3	92
Kona	29,1	26,4	20,0	24,5	110
Norðan við Fjarðabyggð	26,3	27,5	12,5	33,8	80
Seyðisfjörður	11,8	29,4	29,4	29,4	17
Fjarðabyggð	28,0	30,7	17,3	24,0	75
Sunnan við Fjarðabyggð	33,3	18,5	33,3	14,8	27
Verkamenn/afgreiðslufólk	17,6	26,5	20,6	35,3	34
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	27,0	24,3	13,5	35,1	37
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	21,9	28,1	34,4	15,6	32
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	30,2	30,2	14,3	25,4	63
Gift/í sambúð	6,4	21,8	23,1	48,7	78
Í sambandi/ekki sambúð	50,0	29,4	11,8	8,8	34
Einhleypir	37,1	30,3	18,0	14,6	89
Nám	46,8	32,9	10,1	10,1	79
Vinna	12,2	22,6	26,1	39,1	115

	Norðan við Fjarðabyggð	*Seyðisfjörður*	*Fjarðabyggð*	*Sunnan við Fjarðabyggð*	*Fjöldi*
Kyn					
Karl	39,6	7,7	39,6	13,2	91
Kona	41,3	9,2	35,8	13,8	109
Aldur					
18-19 ára	39,6	3,8	39,6	17,0	53
20-22 ára	40,0	9,1	41,8	9,1	55
23-25 ára	27,0	13,5	35,1	24,3	37
26-28 ára	50,0	9,3	33,3	7,4	54
Starf					
Verkamenn/afgreiðslufólk	40,6	12,5	40,6	6,3	32
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37,8	2,7	37,8	21,6	37
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	41,9	9,7	35,5	12,9	31
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	34,4	10,9	42,2	12,5	64
Hjúskaparstaða					
Gift/í sambúð	43,0	8,9	31,6	16,5	79
Í sambandi/ekki sambúð	30,3	9,1	51,5	9,1	33
Einhleypir	42,5	8,0	36,8	12,6	87
Í námi eða vinnu					
Nám	45,0	8,8	37,5	8,8	80
Vinna	38,1	8,8	35,4	17,7	113

	Verkamenn/ afgreiðsluf.	*Iðnaðarm, bændur, sjóm.*	*Skrifstofust. sérhæfð störf*	*Sérfræðings- stjórnunarst.*	*Fjöldi*
Kyn					
Karl	23,2	24,6	5,8	46,4	69
Kona	18,4	20,4	28,6	32,7	98
Aldur					
18-19 ára	14,3	23,8	16,7	45,2	42
20-22 ára	19,6	19,6	19,6	41,3	46
23-25 ára	21,9	15,6	34,4	28,1	32
26-28 ára	26,1	28,3	10,9	34,8	46
Búsetu					
Norðan við Fjarðabyggð	21,0	22,6	21,0	35,5	62
Seyðisfjörður	26,7	6,7	20,0	46,7	15
Fjarðabyggð	20,0	21,5	16,9	41,5	65
Sunnan við Fjarðabyggð	9,1	36,4	18,2	36,4	22
Hjúskaparstaða					
Gift/í sambúð	29,0	21,7	20,3	29,0	69
Í sambandi/ekki sambúð	6,7	30,0	13,3	50,0	30
Einhleypir	17,9	17,9	20,9	43,3	67
Í námi eða vinnu					
Nám	4,5	14,9	17,9	62,7	67
Vinna	30,1	26,9	19,4	23,7	93

	Gift/í sambúð	*Í sambandi/ ekki sambúð*	*Einhleypir*	*Fjöldi*
Kyn				
Karl	30,4	19,6	50,0	92
Kona	46,4	14,5	39,1	110
Aldur				
18-19 ára	9,1	30,9	60,0	55
20-22 ára	31,5	18,5	50,0	54
23-25 ára	47,4	10,5	42,1	38
26-28 ára	70,4	5,6	24,1	54
Norðan við Fjarðabyggð	42,0	12,3	45,7	81
Seyðisfjörður	41,2	17,6	41,2	17
Fjarðabyggð	33,8	23,0	43,2	74
Sunnan við Fjarðabyggð	48,1	11,1	40,7	27
Starf				
Verkamenn/afgreiðslufólk	58,8	5,9	35,3	34
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	41,7	25,0	33,3	36
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	43,8	12,5	43,8	32
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	31,3	23,4	45,3	64
Í námi eða vinnu				
Nám	24,1	25,3	50,6	79
Vinna	50,4	10,4	39,1	115

	Í námi	*Í vinnu*	*Fjöldi*
Kyn			
Karl	34,1	65,9	88
Kona	46,7	53,3	107
Aldur			
18-19 ára	72,5	27,5	51
20-22 ára	50,0	50,0	52
23-25 ára	21,1	78,9	38
26-28 ára	15,1	84,9	53
Búseta			
Norðan við Fjarðabyggð	45,6	54,4	79
Seyðisfjörður	41,2	58,8	17
Fjarðabyggð	42,9	57,1	70
Sunnan við Fjarðabyggð	25,9	74,1	27
Starf			
Verkamenn/afgreiðslufólk	9,7	90,3	31
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	28,6	71,4	35
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	40,0	60,0	30
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	65,6	34,4	64
Hjúskaparstaða			
Gift/í sambúð	24,7	75,3	77
Í sambandi/ekki sambúð	62,5	37,5	32
Einhleypir	47,1	52,9	85





* hlutfall þeirra sem svara

	Fjöldi	Mjög ánægð(ur)	Fremur ánægð(ur)	Hvorki né	Fremur óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn						
Karl	92	27,2	19,6	53,3		
Kona	111	31,5	22,5	45,9		
Aldur						
18-19 ára	55	23,6	25,5	50,9		
20-22 ára	55	18,2	20,0	61,8		
23-25 ára	38	29,5	18,4	42,1		
26-28 ára	54	40,7	20,4	38,9		
Búseta						
Norðan við Fjarðabyggð	81	39,5	21,0	39,5		
Seyðisfjörður	17	17,6	11,8	70,6		
Fjarðabyggð	75	24,0	22,7	53,3		
Sunnan við Fjarðabyggð	27	22,2	25,9	51,9		
Lífsviðurværi						
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	26,5	26,5	47,1		
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	35,1	24,3	40,5		
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	32	28,1	25,0	46,9		
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	28,1	17,2	54,7		
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	79	30,4	19,0	50,6		
Í sambandi (ekki sambúð)	34	29,4	23,5	47,1		
Einhleypir	89	29,2	22,5	48,3		
Í námi eða vinnu						
Nám	80	32,5	20,0	47,5		
Vinna	115	27,8	22,6	49,6		



* hlutfall þeirra sem svara



		Mjög ánægð(ur)	Fremur ánægð(ur)	Hvorki né	Fremur óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Karl	92	14,1	21,7	64,1		
Kona	110	22,7	14,5	62,7		
18-19 ára	54	16,7	22,2	61,1		
20-22 ára	55	21,8	12,7	65,5		
23-25 ára	38	21,1	10,5	68,4		
26-28 ára	54	16,7	24,1	59,3		
Norðan við Fjarðabyggð	80	31,3	23,8	45,0		
Seyðisfjörður	17	0,0	11,8	88,2		
Fjarðabyggð	75	10,7	14,7	74,7		
Sunnan við Fjarðabyggð	27	14,8	14,8	70,4		
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	23,5	23,5	52,9		
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	18,9	16,2	64,9		
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	32	21,9	12,5	65,6		
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	17,2	14,1	68,8		
Gift/í sambúð	78	17,9	15,4	66,7		
Í sambandi (ekki sambúð)	34	14,7	14,7	70,6		
Einhleypir	89	20,2	21,3	58,4		
Nám	79	20,3	17,7	62,0		
Vinna	115	18,3	19,1	62,6		



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Fremur ánægð(ur)	Hvorki né	Fremur óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Karl	91		20,9	18,7		60,4
Kona	108		13,9	25,9		60,2
18-19 ára	53		20,8	30,2		49,1
20-22 ára	54		9,3	16,7		74,1
23-25 ára	38		23,7	21,1		55,3
26-28 ára	53		17,0	20,8		62,3
Norðan við Fjarðabyggð	78		19,2	24,4		56,4
Seyðisfjörður	17		0,0	17,6		82,4
Fjarðabyggð	74		20,3	20,3		59,5
Sunnan við Fjarðabyggð	27		11,1	29,6		59,3
Verkamenn/afgreiðslufólk	33		21,2	15,2		63,6
Iðnaðarmenn, bændur og tjómenn	37		21,6	18,9		59,5
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31		16,1	32,3		51,6
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64		12,5	21,9		65,6
Gift/í sambúð	76		10,5	23,7		65,8
Í sambandi (ekki sambúð)	34		26,5	14,7		58,8
Einhleypir	88		19,3	23,9		56,8
Nám	77		14,3	31,2		54,5
Vinna	114		17,5	18,4		64,0



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Fremur ánægð(ur)	Hvorki né	Fremur óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn						
Karl	91	46,2		28,6	25,3	
Kona	108	40,7		25,0	34,3	
Aldur						
18-19 ára	54	44,4		27,8	27,8	
20-22 ára	54	46,3		25,9	27,8	
23-25 ára	37	51,4		21,6	27,0	
26-28 ára	53	34,0		30,2	35,8	
Búseta*						
Norðan við Fjarðabyggð	79	35,4		20,3	44,3	
Seyðisfjörður	15	66,7		13,3	20,0	
Fjarðabyggð	75	38,7		38,7	22,7	
Sunnan við Fjarðabyggð	27	66,7		22,2	11,1	
Lífsviðhorf						
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	50,0		23,5	26,5	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	36	38,9		30,6	30,6	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31	45,2		22,6	32,3	
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	63	44,4		27,0	28,6	
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	77	39,0		20,8	40,3	
Í sambandi (ekki sambúð)	33	54,5		24,2	21,2	
Einhleypir	88	43,2		31,8	25,0	
Staða í námi						
Nám	77	46,8		26,0	27,3	
Vinna	114	43,0		25,4	31,6	



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Fremur ánægð(ur)	Hvorki né	Fremur óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn						
Karl	91	39,3		18,3		33,4
Kona	108	47,2		16,7		36,1
Aldur						
18-19 ára	53	47,2		18,9		34,0
20-22 ára	54	44,4		18,5		37,0
23-25 ára	38	39,5		18,4		42,1
26-28 ára	53	39,6		24,5		35,8
Búseta						
Norðan við Fjarðabyggð	77	44,2		22,1		33,8
Seyðisfjörður	17	41,2		23,5		35,3
Fjarðabyggð	75	44,0		21,3		34,7
Sunnan við Fjarðabyggð	27	37,0		11,1		51,9
Lífsviðhorf/starfsstétt						
Verkamenn/afgreiðslufólk	33	39,4		21,2		39,4
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	36	44,4		11,1		44,4
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	32	46,9		28,1		25,0
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	48,4		17,2		34,4
Fjölskyldustaða						
Gift/í sambúð	77	37,7		20,8		41,6
Í sambandi (ekki sambúð)	34	50,0		17,6		32,4
Einhleypir	87	46,0		20,7		33,3
Í námi eða vinnu?						
Nám	78	52,6		11,5		35,9
Vinna	113	37,2		25,7		37,2



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Fremur ánægð(ur)	Hvorki né	Fremur óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Karl	90		26,7	40,0	33,3	
Kona	109		24,8	40,4	34,9	
18-19 ára	53		24,5	43,4	32,1	
20-22 ára	54		27,8	51,9	20,4	
23-25 ára	37		24,3	37,8	37,8	
26-28 ára	54		25,9	27,8	46,3	
Norðan við Fjarðabyggð	78		35,9	37,2	26,9	
Seyðisfjörður	17		11,8	47,1	41,2	
Fjarðabyggð	74		20,3	47,3	32,4	
Sunnan við Fjarðabyggð	27		18,5	29,6	51,9	
Verkamenn/afgreiðslufólk	32		28,1	37,5	34,4	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37		16,2	51,4	32,4	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	32		18,8	37,5	43,8	
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64		37,5	32,8	29,7	
Gift/í sambúð	77		26,0	35,1	39,0	
Í sambandi (ekki sambúð)	34		29,4	44,1	26,5	
Einhleypir	87		24,1	42,5	33,3	
Nám	78		33,3	37,2	29,5	
Vinna	113		22,1	41,6	36,3	



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög ánægð(ur)	Fremur ánægð(ur)	Hvorki né	Fremur óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)
Kyn						
Karl	91		14,3	22,0	63,7	
Kona	108		7,4	17,6	75,0	
Aldur						
18-19 ára	53		11,3	30,2	58,5	
20-22 ára	55		9,1	16,4	74,5	
23-25 ára	36		5,6	19,4	75,0	
26-28 ára	54		14,8	13,0	72,2	
Búseta						
Norðan við Fjarðabyggð	80		20,0	28,8	51,3	
Seyðisfjörður	16		0,0	6,3	93,8	
Fjarðabyggð	74		4,1	13,5	82,4	
Sunnan við Fjarðabyggð	27		7,4	14,8	77,8	
Starfsstétt						
Verkamenn/afgreiðslufólk	33		6,1	21,2	72,7	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37		8,1	13,5	78,4	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31		6,5	22,6	71,0	
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	63		12,7	19,0	68,3	
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	77		9,10	13,0	77,9	
Í sambandi (ekki sambúð)	33		3,0	33,3	63,6	
Einhleypir	88		14,8	20,5	64,8	
Staða						
Nám	79		15,2	20,3	64,6	
Vinna	112		8,0	18,8	73,2	



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	91	36,3	27,5	36,3
Kona	109	33,0	28,4	38,5
18-19 ára	54	35,2	37,0	27,8
20-22 ára	53	22,6	39,6	37,7
23-25 ára	38	42,1	15,8	42,1
26-28 ára	54	40,7	16,7	42,6
Norðan við Fjarðabyggð	78	44,9	25,6	29,5
Seyðisfjörður	17	23,5	35,3	41,2
Fjarðabyggð	75	29,3	30,7	40,0
Sunnan við Fjarðabyggð	27	22,2	25,9	51,9
Verkamenn/afgreiðslufólk	33	45,5	18,2	36,4
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	29,7	24,3	45,9
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31	32,3	32,3	35,5
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	28,1	35,9	35,9
Gift/í sambúð	76	38,2	18,4	43,4
Í sambandi (ekki sambúð)	34	38,2	23,5	38,2
Einhleypir	89	30,3	37,1	32,6
Nám	79	32,9	35,4	31,6
Vinna	113	34,5	23,9	41,6



* hlutfall þeirra sem svara



Kyn				
Karl	91	57,1	19,8	23,1
Kona	109	55,0	11,9	33,0
Aldur				
18-19 ára	54	51,9	16,7	31,5
20-22 ára	53	41,5	22,6	35,8
23-25 ára	38	52,6	10,5	36,8
26-28 ára	54	77,8	11,1	11,1
Norðan við Fjarðabyggð	78	69,2	10,3	20,5
Seyðisfjörður	17	64,7	11,8	23,5
Fjarðabyggð	75	45,3	21,3	33,3
Sunnan við Fjarðabyggð	27	40,7	18,5	40,7
Verkamenn/afgreiðslufólk	33	60,6	6,1	33,3
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	56,8	13,5	29,7
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31	51,6	25,8	22,6
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	48,4	15,6	35,9
Gift/í sambúð	77	66,2	10,4	23,4
Í sambandi (ekki sambúð)	34	47,1	26,5	26,5
Einhleypir	88	50,0	15,9	34,1
Nám	79	57,0	13,9	29,1
Vinna	113	55,8	17,7	26,5



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	92	67,4	32,6
Kona	108	68,5	31,5
18-19 ára	55	69,1	30,9
20-22 ára	54	88,9	11,1
23-25 ára	37	70,3	29,7
26-28 ára	53	43,4	56,6
Norðan við Fjarðabyggð	80	58,8	41,3
Seyðisfjörður	16	68,8	31,3
Fjarðabyggð	74	77,0	23,0
Sunnan við Fjarðabyggð	27	70,4	29,6
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	44,1	55,9
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	59,5	40,5
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31	87,1	12,9
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	70,3	29,7
Gift/í sambúð	78	64,1	35,9
Í sambandi (ekki sambúð)	34	73,5	26,5
Einhleypir	87	69,0	31,0
Nám	79	75,9	24,1
Vinna	113	61,9	38,1



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	83	47,0	53,0
Kona	107	40,2	59,8
18-19 ára	50	40,0	60,0
20-22 ára	51	31,4	68,6
23-25 ára	38	39,5	60,5
26-28 ára	50	62,0	38,0
Norðan við Fjarðabyggð	79	60,8	39,2
Seyðisfjörður	16	25,0	75,0
Fjarðabyggð	66	28,8	71,2
Sunnan við Fjarðabyggð	26	38,5	61,5
Verkamenn/afgreiðslufólk	32	68,8	31,3
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	36	44,4	55,6
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	32	31,3	68,8
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	60	35,0	65,0
Gift/í sambúð	77	53,2	46,8
Í sambandi (ekki sambúð)	31	48,4	51,6
Einhleypir	81	32,1	67,9
Nám	76	32,9	67,1
Vinna	108	50,9	49,1



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	43	90,7	9,3
Kona	52	88,5	11,5
18-19 ára	28	96,4	3,6
20-22 ára	32	81,3	18,8
23-25 ára	16	87,5	12,5
26-28 ára	19	94,7	5,3
Norðan við Fjarðabyggð	21	90,5	9,5
Seyðisfjörður	10	90,0	10,0
Fjarðabyggð	49	85,7	14,3
Sunnan við Fjarðabyggð	14	100,0	0,0
Verkamenn/afgreiðslufólk	10	100,0	0,0
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	17	94,1	5,9
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	18	77,8	22,2
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	34	88,2	11,8
Gift/í sambúð	32	93,8	6,3
Í sambandi (ekki sambúð)	14	85,7	14,3
Einhleypir	48	87,5	12,5
Nám	42	81,0	19,0
Vinna	48	97,9	2,1



* hlutfall þeirra sem svara

Kyn				
Karl	91	69,2	22,0	8,8
Kona	111	65,8	27,0	7,2
Aldur				
18-19 ára	55	61,8	25,5	12,7
20-22 ára	55	56,4	38,2	5,5
23-25 ára	38	73,7	15,8	10,5
26-28 ára	53	79,2	17,0	3,8
Búseta				
Norðan við Fjarðabyggð	81	64,2	25,9	9,9
Seyðisfjörður	17	58,8	23,5	17,6
Fjarðabyggð	74	68,9	25,7	5,4
Sunnan við Fjarðabyggð	27	77,8	18,5	3,7
Lífsviðurværi				
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	67,6	29,4	2,9
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	75,7	24,3	0,0
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	32	62,5	31,3	6,3
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	63	71,4	23,8	4,8
Hjúskaparstaða				
Gift/í sambúð	78	73,1	20,5	6,4
Í sambandi (ekki sambúð)	34	61,8	29,4	8,8
Einhleypir	89	64,0	27,0	9,0
Í námi eða vinnu*				
Nám	79	63,3	22,8	13,9
Vinna	115	70,4	25,2	4,3

* hlutfall þeirra sem svara



Karl	92	75,0	14,1	10,9
Kona	111	74,8	11,7	13,5
18-19 ára	55	70,9	12,7	16,4
20-22 ára	55	70,9	16,4	12,7
23-25 ára	38	71,1	13,2	15,8
26-28 ára	54	85,2	9,3	5,6
Norðan við Fjarðabyggð	81	64,2	18,5	17,3
Seyðisfjörður	17	70,6	5,9	23,5
Fjarðabyggð	75	82,7	9,3	8,0
Sunnan við Fjarðabyggð	27	88,9	7,4	3,7
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	79,4	20,6	0,0
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	78,8	10,8	10,8
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	32	68,8	18,8	12,5
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	76,6	10,9	12,9
Gift/í sambúð	79	82,3	10,1	7,6
Í sambandi (ekki sambúð)	34	70,6	14,7	14,7
Einhleypir	89	69,7	14,6	15,7
Nám	80	67,5	12,5	20,0
Vinna	115	80,0	12,2	7,8

[redacted]



* hlutfall þeirra sem svara

[redacted]			
Karl	81	53,1	46,9
Kona	90	28,9	71,1
[redacted]			
18-19 ára	48	50,0	50,0
20-22 ára	47	34,0	66,0
23-25 ára	33	36,4	63,6
26-28 ára	42	40,5	59,5
[redacted]			
Norðan við Fjarðabyggð	67	25,4	74,6
Seyðisfjörður	17	41,2	58,8
Fjarðabyggð	61	52,5	47,5
Sunnan við Fjarðabyggð	24	50,0	50,0
[redacted]			
Verkamenn/afgreiðslufólk	26	65,4	34,6
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	29	37,9	62,1
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	27	18,5	81,5
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	58	37,9	62,1
[redacted]			
Gift/í sambúð	63	42,9	57,1
Í sambandi (ekki sambúð)	31	29,0	81,0
Einhleypir	77	42,9	57,1
[redacted]			
Nám	70	27,1	72,9
Vinna	96	49,0	51,0



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	90	78,9	17,8	3,3
Kona	108	80,6	13,0	6,5
18-19 ára	55	78,2	12,7	9,1
20-22 ára	55	74,5	23,6	1,8
23-25 ára	37	94,6	5,4	0,0
26-28 ára	50	76,0	16,0	8,0
Norðan við Fjarðabyggð	79	74,7	21,5	3,8
Seyðisfjörður	17	82,4	17,6	0,0
Fjarðabyggð	73	83,6	8,2	8,2
Sunnan við Fjarðabyggð	26	84,6	11,5	3,8
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	76,5	11,8	11,8
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	35	85,7	8,6	5,7
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31	80,6	19,4	0,0
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	62	80,6	14,5	4,8
Gift/í sambúð	77	80,5	15,6	3,9
Í sambandi (ekki sambúð)	33	78,8	18,2	3,0
Einhleypir	87	79,3	13,8	6,9
Nám	80	81,3	12,5	6,3
Vinna	110	79,1	16,4	4,5



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	89	69,7	16,9	13,5
Kona	109	84,4	12,8	2,8
18-19 ára	55	76,4	14,5	9,1
20-22 ára	54	79,6	11,1	9,3
23-25 ára	37	83,8	13,5	2,7
26-28 ára	51	72,5	19,6	7,8
Norðan við Fjarðabyggð	78	84,6	10,3	5,1
Seyðisfjörður	17	88,2	5,9	5,9
Fjarðabyggð	74	63,5	25,7	10,8
Sunnan við Fjarðabyggð	26	88,5	3,8	7,7
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	73,5	20,6	5,9
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	75,7	21,6	2,7
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31	77,4	16,1	6,5
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	62	79,0	9,7	11,3
Gift/í sambúð	77	77,9	15,6	6,5
Í sambandi (ekki sambúð)	32	75,0	15,6	9,4
Einhleypir	88	78,4	13,6	8,0
Nám	79	84,8	8,9	6,3
Vinna	111	73,0	18,0	9,0



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög mikil	Frekar mikil	Hvorki né	Frekar lítil	Mjög lítil
Karl	88	30,7		50,0	19,3	
Kona	104	60,6		32,7	6,7	
18-19 ára	55	40,0		43,6	16,4	
20-22 ára	51	43,1		52,9	3,9	
23-25 ára	35	62,9		31,4	5,7	
26-28 ára	50	48,0		30,0	22,0	
Norðan við Fjarðabyggð	77	53,2		36,4	10,4	
Seyðisfjörður	16	50,0		31,3	18,8	
Fjarðabyggð	70	40,0		44,3	15,7	
Sunnan við Fjarðabyggð	26	46,2		46,2	7,7	
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	35,3		44,1	20,6	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	34	52,9		44,1	2,9	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	29	48,3		41,4	10,3	
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	59	47,5		33,9	18,6	
Gift/í sambúð	75	54,7		34,7	10,7	
Í sambandi (ekki sambúð)	31	51,6		45,2	3,2	
Einhleypir	86	38,4		44,2	17,4	
Nám	76	50,0		39,5	10,5	
Vinna	108	46,3		38,9	14,8	

[redacted]



* hlutfall þeirra sem svara

[redacted]				
Karl	90	56,7	37,8	5,6
Kona	107	78,5	19,6	1,9
[redacted]				
18-19 ára	55	78,2	20,0	1,8
20-22 ára	55	72,7	23,6	3,6
23-25 ára	35	68,6	31,4	0,0
26-28 ára	51	52,9	39,2	7,8
[redacted]				
Norðan við Fjarðabyggð	80	71,3	26,3	2,5
Seyðisfjörður	17	52,9	47,1	0,0
Fjarðabyggð	72	69,4	23,6	6,9
Sunnan við Fjarðabyggð	25	64,0	36,0	0,0
[redacted]				
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	70,6	26,5	2,9
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	36	75,0	25,0	0,0
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	30	76,7	20,0	3,3
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	62	66,1	25,8	8,1
[redacted]				
Gift/í sambúð	77	71,4	27,3	1,3
Í sambandi (ekki sambúð)	33	78,8	21,2	0,0
Einhleypir	86	61,6	31,4	7,0
[redacted]				
Nám	79	75,9	19,0	5,1
Vinna	110	61,8	35,5	2,7



		Mjög mikil	Frekar mikil	Hvorki né	Frekar lítil	Mjög lítil
Kyn*						
Karl	90	31,1		32,2	36,7	
Kona	108	43,5		33,3	23,1	
Aldur						
18-19 ára	55	40,0		32,7	27,3	
20-22 ára	54	29,6		35,2	35,2	
23-25 ára	37	43,2		37,8	18,9	
26-28 ára	51	41,2		25,5	33,3	
Búseta						
Norðan við Fjarðabyggð	80	42,5		33,8	23,8	
Seyðisfjörður	17	29,4		41,2	29,4	
Fjarðabyggð	72	34,7		30,6	34,7	
Sunnan við Fjarðabyggð	26	38,5		26,9	34,6	
Líklegt framtíðarstarf						
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	41,2		26,5	32,4	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	36	52,8		30,6	16,7	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	30	40,0		36,7	23,3	
Serfræðings- og stjórnunarstörf	62	27,4		32,3	40,3	
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	79	46,8		32,9	20,3	
Í sambandi (ekki sambúð)	32	46,9		31,3	21,9	
Einhleypir	86	25,6		33,7	40,7	
Helsta iðja						
Nám	80	36,3		32,5	31,3	
Vinna	110	38,2		34,5	27,3	



* hlutfall þeirra sem svara

Kyn				
Karl	91	85,7	12,1	2,2
Kona	107	85,0	10,3	4,7
Aldur				
18-19 ára	55	81,8	12,7	5,5
20-22 ára	54	79,6	16,7	3,7
23-25 ára	37	83,8	10,8	5,4
26-28 ára	51	96,1	3,9	0,0
Búseta				
Norðan við Fjarðabyggð	79	75,9	17,7	6,3
Seyðisfjörður	16	81,3	12,5	6,3
Fjarðabyggð	74	91,9	6,8	1,4
Sunnan við Fjarðabyggð	26	100,0	0,0	0,0
Lífskjarahópur				
Verkamenn/afgreiðslufólk	33	90,9	9,1	0,0
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	36	86,1	13,9	0,0
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	30	83,3	13,3	3,3
Serfræðinga- og stjórnunarstörf	63	85,7	12,7	1,6
Hjúskaparstaða				
Gift/í sambúð	79	91,1	6,3	2,5
Í sambandi (ekki sambúð)	33	81,8	18,2	0,0
Einhleypir	85	81,2	12,9	5,9
Í námi eða vinnu				
Nám	80	80,0	12,5	7,5
Vinna	110	90,0	9,1	0,9



* hlutfall þeirra sem svara

		Mjög mikil	Frekar mikil	Hvorki né	Frekar lítil	Mjög lítil
Karl	88		68,2	27,3	4,5	
Kona	103		72,8	25,2	1,9	
18-19 ára	53		67,9	32,1	0,0	
20-22 ára	53		58,5	34,0	7,5	
23-25 ára	36		77,8	19,4	2,8	
26-28 ára	48		81,3	16,7	2,1	
Norðan við Fjarðabyggð	77		71,4	26,0	2,6	
Seyðisfjörður	15		73,3	20,0	6,7	
Fjarðabyggð	72		68,1	29,2	2,8	
Sunnan við Fjarðabyggð	25		72,0	24,0	4,0	
Verkamenn/afgreiðslufólk	32		81,3	15,6	3,1	
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	34		79,4	20,6	0,0	
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	28		60,7	39,3	0,0	
Sérfræðinga- og stjórnunarstörf	62		66,1	30,6	3,2	
Gift/í sambúð	77		81,8	14,3	3,9	
Í sambandi (ekki sambúð)	31		61,3	35,5	3,2	
Einhleypir	82		63,4	34,1	2,4	
Nám	78		69,2	28,2	2,6	
Vinna	105		71,4	24,8	3,8	



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	91	58,2	25,3	16,5
Kona	106	53,8	32,1	14,2
18-19 ára	55	58,2	23,6	18,2
20-22 ára	55	49,1	40,0	10,9
23-25 ára	36	61,1	27,8	11,1
26-28 ára	50	58,0	24,0	18,0
Norðan við Fjarðabyggð	78	47,4	28,2	24,4
Seyðisfjörður	17	58,8	29,4	11,8
Fjarðabyggð	74	63,5	25,7	10,8
Sunnan við Fjarðabyggð	25	56,0	40,0	4,0
Verkamenn/afgreiðslufólk	33	57,6	24,2	18,2
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	34	64,7	29,4	5,9
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	31	41,9	38,7	19,4
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	63	50,8	31,7	17,5
Gift/í sambúð	76	55,3	27,6	17,1
Í sambandi (ekki sambúð)	33	66,7	24,2	9,1
Einhleypir	87	51,7	32,2	16,1
Nám	80	56,3	27,5	16,3
Vinna	109	56,0	30,3	13,8

* hlutfall þeirra sem svara



		Mjög mikið	Frekar mikið	Hvorki né	Frekar lítið	Mjög lítið
Kyn						
Karl	90	87,8	8,9	3,3		
Kona	111	86,5	9,0	4,5		
Aldur						
18-19 ára	55	81,8	10,9	7,3		
20-22 ára	55	85,5	10,9	3,6		
23-25 ára	38	84,2	13,2	2,6		
26-28 ára	52	96,2	1,9	1,9		
Búseta						
Norðan við Fjarðabyggð	81	80,2	14,8	4,9		
Seyðisfjörður	16	81,3	6,3	12,5		
Fjarðabyggð	75	93,3	5,3	1,3		
Sunnan við Fjarðabyggð	26	100,0	0,0	0,0		
Líklegt framhaldsnám						
Verkamenn/afgreiðslufólk	33	93,9	6,1	0,0		
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	36	91,7	5,6	2,8		
Skrifstofustörf og serhæfð störf	32	84,4	9,4	6,3		
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	90,6	7,8	1,6		
Hjúskaparstaða						
Gift/í sambúð	77	90,9	6,5	2,6		
Í sambandi (ekki sambúð)	34	85,3	11,8	2,9		
Einhleypir	89	84,3	10,1	5,6		
Lokið eða vinna						
Nám	80	83,8	10,0	6,3		
Vinna	113	89,4	8,0	2,7		



* hlutfall þeirra sem svara

Karl	92	73,9	20,7	5,4
Kona	111	78,4	16,2	5,4
18-19 ára	55	74,5	16,4	9,1
20-22 ára	55	80,0	12,7	7,3
23-25 ára	38	73,7	23,7	2,6
26-28 ára	54	77,8	20,4	1,9
Norðan við Fjarðabyggð	81	60,5	27,2	12,3
Seyðisfjörður	17	82,4	17,6	0,0
Fjarðabyggð	75	88,0	12,0	0,0
Sunnan við Fjarðabyggð	27	88,9	7,4	3,7
Verkamenn/afgreiðslufólk	34	73,5	26,5	0,0
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	37	89,2	5,4	5,4
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	32	71,9	28,1	0,0
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	64	78,1	17,2	4,7
Gift/í sambúð	79	77,2	19,0	3,8
Í sambandi (ekki sambúð)	34	82,4	8,8	8,8
Einhleypir	89	73,0	21,3	5,6
Nám	80	70,0	18,8	11,3
Vinna	115	80,9	17,4	1,7



* hlutfall þeirra sem svara



Karl	84	58,3	41,7
Kona	91	60,4	39,6
18-19 ára	43	60,5	39,5
20-22 ára	48	58,3	41,7
23-25 ára	34	50,0	50,0
26-28 ára	49	67,3	32,7
Norðan við Fjarðabyggð	73	52,1	47,9
Seyðisfjörður	12	50,0	50,0
Fjarðabyggð	64	67,2	32,8
Sunnan við Fjarðabyggð	23	69,6	30,4
Verkamenn/afgreiðslufólk	30	70,0	30,0
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	29	72,4	27,6
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	28	53,6	46,4
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	56	51,8	48,2
Gift/í sambúð	71	62,0	38,0
Í sambandi (ekki sambúð)	27	55,6	44,4
Einhleypir	76	59,2	40,8
Nám	65	46,2	53,8
Vinna	104	67,3	32,7

[redacted]

[redacted]

* hlutfall þeirra sem svara



[redacted]

Karl	85	18,8	81,2
Kona	96	12,5	87,5

[redacted]

18-19 ára	45	11,1	88,9
20-22 ára	51	19,6	80,4
23-25 ára	35	17,1	82,9
26-28 ára	49	14,3	85,7

[redacted]

Norðan við Fjarðabyggð	70	17,1	82,9
Seyðisfjörður	16	18,8	81,3
Fjarðabyggð	67	17,9	82,1
Sunnan við Fjarðabyggð	26	3,8	96,2

[redacted]

Verkamenn/afgreiðslufólk	30	16,7	83,3
Iðnaðarmenn, bændur og sjómenn	34	8,8	91,2
Skrifstofustörf og sérhæfð störf	29	20,7	79,3
Sérfræðings- og stjórnunarstörf	59	16,9	83,1

[redacted]

Gift/í sambúð	75	13,3	86,7
Í sambandi (ekki sambúð)	28	10,7	89,3
Einhleypir	78	19,2	80,8

[redacted]

Nám	70	18,6	81,4
Vinna	105	14,3	85,7

Fylgiskjal X.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Með frumvarpinu er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Fjarðaál sf. og stofnendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf., um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi. Skv. 3. gr. frumvarpsins er ríkisstjórninni heimilað að tryggja efndir af hálfu sveitarstjórnar Fjarðabyggðar um að staðið verði við ákvæði samninga um skattlagningu og hafnaraðstöðu. Sambærileg ákvæði eru í lögum um álbræðslu á Grundartanga. Samkvæmt samgönguáætlun er kostnaður við stóriðjuhöfnina áætlaður 1.113 m.kr., þar af er styrkhæfur hluti 1.081 m.kr. og hlutur ríkissjóðs í kostnaðinum 661 m.kr. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að hafnarmannvirkin og rekstur þeirra verði fjármögnuð með tekjum af hafnargjöldum. Í 5. gr. frumvarpsins eru sérákvæði um skattlagningu í samræmi við sérstöðu verkefnisins og munar þar mestu um ákvæði um fasteignaskatt til sveitarfélagsins og að eigendurnir verði undanþegnir eignarskatti í ríkissjóð. Nánar er fjallað um einstök skattaleg ákvæði í greinargerð frumvarpsins. Loks er í 8. gr. ákvæði um undanþágu frá tollum og vörugjöldum á byggingarefnum, vélum og tækjum vegna fjárfestingarinnar. Samkvæmt gildandi tollalögum er heimilt að fella niður tolla og vörugjöld af hráefnum og hráefnisvörum til iðnaðarframleiðslu og af vélum og tækjum til framleiðslunnar. Þá eru engin gjöld lögð á fjárfestingarvörur sem fluttar eru inn frá EES-ríkjum og frá öðrum löndum sem fríverslunarsamningar eru við. Ákvæðið á því við um fjárfestingarvörur sem kunna að verða fluttar inn frá öðrum ríkjum og seinni málsliður 8. gr. á við um tolla og vörugjöld af vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna fjárfestingarinnar. Framangreind ákvæði 5. og 8. gr. frumvarpsins eru að mestu sambærileg við ákvæði í samningi ríkisstjórnarinnar við Norðurál hf. og Columbia Ventures Corporation um álver á Grundartanga. Gera má ráð fyrir auknum skatttekjum af umsvifum á framkvæmdatíma og þegar verksmiðjan er komin í fulla framleiðslu, en í fylgiskjali með frumvarpinu áætlar efnahagsskrifstofa að landsframleiðsla aukist varanlega um 1% vegna verkefnisins. Á framkvæmdatímanum er áætlað að landsframleiðsla verði um 3% hærri en annars og má því gera ráð fyrir að gripið verði til aðgerða í ríkisfjármálum til mótvægis og þá einkum að opinberum framkvæmdum verði frestað. Að öllu samanlögðu mun því afkoma ríkissjóðs að líkindum batna verði frumvarpið að lögum og ráðist í framkvæmdirnar.

843. Svar [433. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um rétt þolenda kynferðisbrota.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða möguleika hafa þolendur kynferðisbrota til endurupptöku máls þegar fyrir liggur dómur Hæstaréttar um að rannsókn máls í héraði sé áfátt og dómurinn hefur sýknað meintan brotamann á þeirri forsendu?

Eiga slíkir þolendur kost á því að fá fram nálgunarbann ef þeir sæta enn ýmiss konar áreitni hins meinta brotamanns?

Í XXII. kafla laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, er fjallað um endurupptöku dæmdra mála, hvort sem er um héraðsdóm eða hæstaréttardóm að ræða, og þar eru talin upp skilyrði endurupptöku. Þeir sem krafist geta endurupptöku eru annars vegar dómfelldi og hins vegar ríkissaksóknari.

Ákvæði 184. gr. laganna tilgreina eftirfarandi skilyrði þess að taka skuli upp mál á ný að kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, þ.e.:

a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hafi skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk,
b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hafi verið aflað, fölsuð skjöl látin koma fram, vitni eða aðrir hafi gefið vísvitandi rangar skýrslur og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.

Ákvæði 185. gr. laganna tilgreina eftirfarandi skilyrði þess að ríkissaksóknari geti krafist endurupptöku máls:

a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var borinn eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans,
b. ef ætla má að falsgögn eða athæfi það sem lýst er í b-lið 184. gr. hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.

Þá er ríkissaksóknara rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. mgr. 184. gr. laganna segir.

Nefna má aðra endurupptökuheimild í 126. gr. laga nr. 19/1991, þegar ákærði getur krafist endurupptöku máls sem dæmt er að honum fjarstöddum þegar svokallað útivistarfyrirkall hefur verið gefið út. Slík endurupptökuheimild á þó ekki við varðandi fyrirspurn þessa.

Eins og áður greinir eru skilyrði um endurupptöku máls, hvort sem um héraðsdóm eða hæstaréttardóm er að ræða, talin upp í XXII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Það eru því ekki aðrir en þar greinir, sem geta krafist endurupptöku máls og eingöngu í þeim tilvikum sem þar getur. Brotaþoli, hvort sem um er að ræða brotaþola kynferðisbrots eða annarra brota, getur ekki krafist endurupptöku, enda er brotaþoli ekki aðili máls.

Spurt er um endurupptöku mála þegar fyrir liggur dómur Hæstaréttar um sýknu á grundvelli þess að rannsókn máls í héraði sé áfátt. Ekki kemur fram hvað átt sé við með rannsókn máls í héraði. Verður að telja að átt sé við lögreglurannsókn, þar sem eiginleg rannsókn mála fyrir héraðsdómstólum fer ekki fram. Þar fer þó fram skýrslutaka fyrir dómi af ákærða og vitnum málsins í samræmi við regluna um beina og milliliðalausa málsmeðferð fyrir dómi. Þetta er tekið fram þar sem orðasambandið í héraði er almennt notað um meðferð mála fyrir héraðsdómstólum.

Rétt þykir að vekja athygli á reglum um frávísun máls og ómerkingu dóms. Í 156. gr. laga nr. 19/1991 segir að Hæstiréttur geti kveðið upp dóm um frávísun máls frá Hæstarétti vegna galla á málatilbúnaði þar fyrir dómi án þess að málflutningur fari þar fram. Einnig geti Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar hafa verið á meðferð máls í héraði og vísað máli frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum. Einnig segir í 156. gr. laganna að ef málatilbúnaði er áfátt, án þess þó að nauðsynlegt þyki að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, geti Hæstiréttur lagt fyrir aðila að afla gagna um tiltekin atriði eða grípa til annarra aðgerða til að ráða bót þar á. Verður að telja, án þess að tölulegar upplýsingar liggi fyrir, að yfirleitt sé þessum úrræðum beitt, fremur en að Hæstiréttur sýkni ákærða eingöngu á grundvelli þess að rannsókn máls hafi verið áfátt.

Um nálgunarbann gilda ákvæði XIII. kafla A í lögum um meðferð opinberra mála. Með nálgunarbanni er átt við að lagt er bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann. Skilyrði nálgunarbanns skv. 110. gr. a. laganna eru að rökstudd ástæða sé til að ætla að sá sem krafa um nálgunarbann beinist gegn muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á. Í lögunum kemur enn fremur fram að það er lögreglan sem gerir kröfu fyrir dómi um nálgunarbann. Aðrir geta ekki krafist nálgunarbanns, hvorki brotaþolar né aðrir. Þeir sem telja sig verða fyrir þess konar brotum að nálgunarbann geti átt við, eða ónæði eða áreitni, geta farið fram á það við lögreglu að krafist verði nálgunarbanns. Á það við um þolendur kynferðisbrota sem annarra brota. Það er þó lögreglan sem að lokinni rannsókn tekur ákvörðun um hvort við slíkri beiðni verði orðið eða ekki. Strangar kröfur eru gerðar til nálgunarbanns og lögreglan þarf eins og áður greinir, að rökstyðja fyrir dómi að „rökstudd ástæða“ sé til að ætla að sá sem krafa um nálgunarbann beinist gegn „muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á“.

Spurt er hvort hægt sé að fá nálgunarbann ef þolendur kynferðisbrota sæta enn ýmis konar áreitni hins meinta brotamanns. Ekki kemur fram í fyrirspurninni hvers konar áreitni sé átt við sem enn standi yfir. Ef um kynferðislega áreitni er að ræða og ákært hafi verið fyrir slíkt brot en ákærði sýknaður, er slíkt brot, sem talið er standa enn yfir, yfirleitt rannsakað sem kynferðisbrot. Meta yrði í hverju tilviki hvort málsatvik eru þannig að rannsókn fari fram og einnig yrði að meta í hverju tilviki hvort rétt sé að krefjast nálgunarbanns.

844. Frumvarp til laga [336. mál]

um Vísinda- og tækniráð.

(Eftir 2. umr., 22. jan.)

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

2. gr.

Stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum skal mörkuð af Vísinda- og tækniráði til þriggja ára í senn. Umfjöllun þess á hvoru sviði um sig skal undirbúin af vísindanefnd og tækninefnd.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar 14 menn í Vísinda- og tækniráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila:

a. fjóra samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins,
b. tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,
c. tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
d. einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra,
e. einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra,
f. einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra,
g. einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra,
h. einn samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
i. einn samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra.

Auk framangreindra skulu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra eiga föst sæti í ráðinu, en þar að auki skal forsætisráðherra vera heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn. Forsætisráðherra er formaður ráðsins.

4. gr.

Úr hópi þeirra sem skipaðir eru skv. 1. mgr. 3. gr. tilnefnir Vísinda- og tækniráð fulltrúa í vísindanefnd og jafnmarga til vara, sem menntamálaráðherra skipar. Ráðherra skipar jafnframt formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Iðnaðarráðherra skipar tækninefnd með sama hætti.

Nefndirnar skulu hafa með sér samráð um þau atriði sem máli skipta fyrir stefnumótun Vísinda- og tækniráðs.

5. gr.

Með reglugerð getur forsætisráðherra mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og tækniráðs, menntamálaráðherra um starfsemi vísindanefndar og iðnaðarráðherra um starfsemi tækninefndar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

845. Frumvarp til laga [357. mál]

um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

(Eftir 2. umr., 22. jan.)

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi.

II. KAFLI
Úthlutunarsjóðir.

2. gr.
Rannsóknasjóður og Tækjasjóður.

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.

Hlutverk Tækjasjóðs er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma.

Rannsóknasjóður tekur við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs sem nú starfa samkvæmt lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994, en Tækjasjóður tekur við hlutverki Byggingaog tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum. Eignir og skuldbindingar Vísindasjóðs og Tæknisjóðs falla til Rannsóknasjóðs en eignir og skuldbindingar Bygginga- og tækjasjóðs falla til Tækjasjóðs.

3. gr.
Tekjur Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs.

Tekjur Rannsóknasjóðs eru:

1. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
2. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
3. Önnur framlög.

Tekjur Tækjasjóðs eru:

1. Einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta eða aðrar sambærilegar tekjur.
2. Önnur framlög.

4. gr.
Stjórn Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Rannsóknasjóðs til þriggja ára í senn. Stjórnina skipa eftirtaldir: Formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar, fjórir einstaklingar sem hafa reynslu af eða þekkingu á vísindarannsóknum samkvæmt tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og fimm til vara. Formaður velur varaformann sjóðstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn Rannsóknasjóðs skal jafnframt fara með stjórn Tækjasjóðs.

Stjórnin metur umsóknir um styrk úr Rannsóknasjóði að fengnum umsögnum fagráða sem skipuð eru skv. 5. gr. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins geta veitt ef þurfa þykir. Fagráð skipað formönnum fagráða Rannsóknasjóðs metur umsóknir í Tækjasjóð áður en stjórn sjóðsins tekur þær til afgreiðslu.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Rannsóknasjóðs og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs um styrkveitingar samkvæmt lögum þessum sæta ekki stjórnsýslukæru.

Kostnaður við mat á umsóknum og við störf stjórnar Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna.

Stjórn Rannsóknasjóðs er heimilt, að tillögu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs.

5. gr.

Fagráð Rannsóknasjóðs.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs skipar fagráð til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda sem skulu hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn Rannsóknasjóðs við úthlutanir úr sjóðnum. Vísindanefnd skipar formenn fagráða sérstaklega og eru þeir jafnframt ráðgefandi fyrir stjórn Tækjasjóðs skv. 3. mgr. 4. gr. Jafnframt eru fagráð ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess um fagleg efni eftir því sem óskað er.

Fagráð skulu vera skipuð allt að sjö einstaklingum með víðtæka reynslu af rannsóknum. Skulu þeir hvorki sitja í Vísinda- og tækniráði né stjórn Rannsóknasjóðs. Fagráð metur umsóknir út frá færni umsækjenda til að framkvæma verkið og aðstöðu þeirra til þess. Jafnframt skal lagt mat á vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða eða líkur á skráningu einkaleyfis eða hugverkaréttinda eftir því sem við á.

6. gr.

Rannsóknarnámssjóður.

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms að loknu grunnnámi við háskóla. Menntamálaráðherra setur reglur um starfsemi sjóðsins.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Í sjóðstjórn sitja fulltrúi tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, fulltrúi tilnefndur af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs og fulltrúi skipaður af ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Ákvarðanir stjórnar Rannsóknarnámssjóðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

7. gr.

Tekjur Rannsóknarnámssjóðs.

Tekjur Rannsóknarnámssjóðs eru framlög í fjárlögum ár hvert og framlög samstarfsaðila um rannsóknartengt framhaldsnám. Heimilt er stjórn Rannsóknarnámssjóðs að efna til samstarfs við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir um fjármögnun sérstakra styrkja til rannsóknartengds framhaldsnáms á afmörkuðum sviðum rannsókna.

8. gr.

Úthlutunarreglur.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs markar úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs. Stjórn Rannsóknasjóðs gefur út reglur um umsóknir, meðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.

Stjórn Rannsóknarnámssjóðs gefur út úthlutunarreglur fyrir sjóðinn eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests.

Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði og Rannsóknarnámssjóði, skulu birtar opinberlega og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið.

9. gr.

Önnur verkefni.

Menntamálaráðherra getur falið stjórnum Rannsóknasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs úthlutun annarra sjóða samkvæmt frekari ákvörðun þar um.

III. KAFLI
Rannsóknamiðstöð Íslands.

10. gr.

Hlutverk.

Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra. Hlutverk hennar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Í því felst að:

1. Annast umsýslu Rannsóknasjóðs, Tækjasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs sem heyra undir menntamálaráðherra.
2. Annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðherra.
3. Annast umsýslu annarra sjóða samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.
4. Annast þjónustu við fagráð og stjórnir framangreindra sjóða.
5. Annast gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð og nefndir þess um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í landinu; afla upplýsinga og gagna varðandi þróun vísinda og tækni á alþjóðavettvangi.
6. Gangast fyrir mati á árangri rannsókna, þróunar og nýsköpunar í landinu með reglulegum hætti og taka þátt í fjölþjóðlegum samanburðarathugunum á því sviði fyrir hönd Íslands þegar þess er óskað.
7. Annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu fyrir almenning.
8. Annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu um rannsóknarverkefni innan lands og utan.
9. Hafa samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir eða skrifstofur og fylgjast með þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu vísindastarfi.
10. Sinna öðrum verkefnum sem menntamálaráðherra felur stofnuninni. Stofnunin getur átt samstarf við og tekið að sér verkefni á sviði vísinda- og tæknimála fyrir önnur ráðuneyti samkvæmt samkomulagi.

11. gr.

Forstöðumaður.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við og ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar. Menntamálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, með síðari breytingum.

13. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Í stað orðanna „Rannsóknarráðs Íslands“ í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, kemur: vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga þessara skal eftirfarandi gilda:

Þeir sem þegið hafa styrk samkvæmt lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, halda óbreyttum réttindum og skyldum samkvæmt þeim styrkveitingum.

Rannsóknarráð Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal annast úthlutun styrkja úr sjóðum í vörslu ráðsins á árinu 2003 og jafnframt vinna að undirbúningi tillagna um úthlutunarreglur skv. 8. gr. laga þessara um styrkveitingar á árinu 2004, þó eigi lengur en til 30. mars 2003. Skipað skal í stjórn Rannsóknasjóðs samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 1. apríl 2003.

Núverandi stjórn Rannsóknarnámssjóðs sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal halda umboði sínu og starfa í samræmi við ákvæði laga þessara út skipunartímabil sitt.

Samningar við þá sem ráðnir hafa verið í tímabundnar stöður rannsóknarprófessora samkvæmt lögum nr. 61/1994 halda gildi sínu í samræmi við ákvæði þeirra.

Starfsmenn á skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands verða starfsmenn Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Embætti framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs Íslands skal lagt niður frá og með upphafsdegi skipunar í embætti forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Skipað skal í embætti forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Íslands eigi síðar en 1. apríl 2003.

846. Skýrsla [510. mál]

forsætisráðherra um áhrif laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og störf ráðgjafarnefndar þar að lútandi 1999–2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003)

Árið 1999 samþykkti Alþingi lög um opinberar eftirlitsreglur sem m.a. hafa það að markmiði að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar og öryggi og heilbrigði almennings. Áhersla er lögð á að eftirlit á vegum hins opinbera leiði ekki til mismununar né takmarki athafnafrelsi.

Samkvæmt 6. gr. laganna skipar forsætisráðherra nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera. Nefndinni er m.a. ætlað að sjá til þess að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við ákvæði laganna og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera.

Lögin gera jafnframt ráð fyrir að forsætisráðherra gefi Alþingi að jafnaði á þriggja ára fresti skýrslu um áhrif laganna, störf ráðgjafarnefndarinnar og önnur tengd atriði.

Meðfylgjandi er skýrsla ráðgjafarnefndarinnar fyrir fyrsta þriggja ára starfstímabil nefndarinnar. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir setningu reglugerðar nr. 812/1999, um opinberar eftirlitsreglur, þar sem ákvæði fyrrnefndra laga eru nánar útfærð og skýrð. Þá er gerð grein fyrir þeim starfsháttum sem ráðgjafarnefndin hefur mótað sér. Ráðgjafarnefndinni er ætlað að vera bakhjarl stjórnvalda við ákvarðanir um eftirlitsreglur og skipan eftirlitsmála.

Jafnframt á nefndin að vera faglegur vettvangur fyrir stefnumótun í eftirlitsmálum og driffjöður sem hlutast til um breytingar í anda laganna. Nefndin hefur hins vegar hvorki heimildir til stjórnvaldsákvarðana né til áfrýjunar mála.

Helstu verkefni ráðgjafanefndarinnar.

Meginefni skýrslu ráðgjafarnefndar er frásögn af helstu verkefnum nefndarinnar síðastliðin þrjú ár. Fram kemur að nefndin hafi í upphafi lagt áherslu á að skýra stjórnsýslulega ábyrgð framkvæmdarvaldshafa á framkvæmd eftirlitsins. Í því sambandi hefur nefndin bent á að löggjafarvaldið á sviði eftirlits eigi í öllum tilvikum að vera í höndum Alþingis og vald til setningar reglugerða í höndum ráðherra. Nokkuð er um að eftirlitsstofnanir hafi verið settar á fót sem lúta sérstakri stjórn. Slíkar stofnanir lúta almennt ekki boðvaldi ráðherra með sama hætti og aðrar eftirlitsstofnanir og hafa í sumum tilvikum heimildir til reglusetningar á sínu eftirlitssviði.

Ráðgjafarnefndin hefur heimsótt helstu eftirlitsstofnanir, kannað viðhorf forsvarsmanna þeirra og leitað hófanna um hagræðingarmöguleika. Nefndin telur að almennt hafi orðið góður árangur af þessum heimsóknum og m.a. átti heimsókn til Siglingamálastofnunar mikilvægan þátt í að hefjast handa um að einfalda og hagræða í eftirliti með bátum og skipum.

Fulltrúar faggiltra skoðunarstofa hafa kynnt ráðgjafarnefndinni starfsemi sína og viðhorf til þróunar eftirlitsmála. Starfsemi skoðunarstofa byggist á því að fyrir hendi sé sterkur faggildingaraðili sem gert getur hæfnismat á þeim sem fara með skoðanir, vottanir og prófanir og haft með hendi stöðugt eftirlit með að hæfninni sé við haldið og farið sé að ýtrustu kröfum stjórnvalda um framkvæmd eftirlitsins. Faggildingarstarfsemin lýtur ákvæðum í alþjóðastöðlum og er grundvöllur alþjóðaviðurkenningar á niðurstöðum prófana, vottana og skoðana.

Stærsta verkefni ráðgjafarnefndarinnar var endurskoðun matvælaeftirlits. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum um miðjan desember 1999, að tillögu umhverfisráðherra, að fela nefndinni að endurskoða matvælaeftirlit í landinu. Nefndin skilaði forsætisráðherra og umhverfisráðherra skýrslu þar sem lagt var til að allt matvælaeftirlit í landinu verði sameinað í einni stofnun. Sameiningin fæli í sér að starfsemi á verksviði þriggja ráðuneyta og allra sveitarfélaga færðist til einnar stofnunar á hendi eins ráðherra. Skýrslan var lögð fram í ríkisstjórn og í kjölfar þess hefur verið unnið að nánari útfærslu þessara hugmynda. Ríkisstjórnin hyggst á næstunni leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra þar sem ein stofnun, Matvælastofnun, fer með umsýslu og framkvæmd alls matvælaeftirlits.

Ríkisstjórnin fól ráðgjafarnefndinni í byrjun árs 2001 að gera tillögur um að einfalda og auka skilvirkni eftirlits með bátum og skipum. Nefndin hefur unnið að þessum málum í samvinnu við Siglingastofnun, Póst- og fjarskiptastofnun og Hollustuvernd. Ný kerfissetning á eftirlitinu hefur verið gerð og lokið er að mestu vinnu við helstu skoðunarhandbækur og leiðbeiningarskjöl. Þess er vænst að viðkomandi ráðuneyti taki endanlega ákvörðun um að eftirliti með bátum og skipum verði breytt. Gert er ráð fyrir að allt tæknilegt eftirlit verði falið faggiltum skoðunarstofum og flokkunarfélögum. Siglingastofnun annast áfram alla stjórnsýslu málaflokksins og er m.a. ætlað að annast rekstur gagnagrunns þar sem í eru allar upplýsingar um báta og skip, þar með taldar teikningar, skýrslur og önnur opinber gögn sem tengjast hverjum báti eða skipi fyrir sig. Hagræðingin felst í því að einn aðili framkvæmir allt tæknilegt eftirlit og skilar skýrslu til hvers stjórnvalds um sig. Eigendur báta og skipa þurfa því aðeins að eiga samskipti við einn eftirlitsaðila.

Ráðgjafarnefndin óskaði eftir fundi með Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) með það fyrir augum að kynna lögin um opinberar eftirlitsreglur. Á fundum með ESA lagði ráðgjafarnefndin áherslu á að gætt yrði hófs í eftirliti og að eftirlit af hálfu ESA stæði ekki í vegi fyrir framþróun eftirlitsaðferða og nýjungum á því sviði. Einnig að eftirlit væri sambærilegt á milli ríkja svo ekki sköpuðust ójafnar samkeppnisaðstæður vegna ólíkra beitingar reglna. Þá yrði gætt hófs í beinu eftirliti með fyrirtækjum og þar sem slíkt væri óhjákvæmilegt yrði það unnið með eftirlitsstjórnvöldum á viðkomandi sviði á Íslandi til að koma í veg fyrir óþarfa tvíverknað og kostnað fyrir þá sem eftirlitið beinist að. Af hálfu ESA var tekið jákvætt í athugasemdir nefndarinnar og lögð áhersla á það meginmarkmið stofnunarinnar að tryggja að samningsaðilar stæðu við samningsskuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningum.

Athugun OECD á nauðsyn opinbers eftirlits.

Á vettvangi OECD hefur um allnokkurt skeið verið unnið í samvinnu við aðildarríkin að almennri umfjöllun og rannsóknum á grundvelli eftirlitsreglna, nauðsyn þeirra og réttlætingu. Í því sambandi hafa á vegum OECD verið þróaðar aðferðir til að meta þjóðhagslegan kostnað og ávinning af eftirlitsreglum sem unnt er að beita áður en slíkar reglur eru lögfestar. Einnig hafa verið þróaðar aðferðir við að meta hagkvæmni gildandi eftirlitsreglna. Þessi vinna hefur leitt til betri skilnings á markmiðum með eftirlitsreglum og eðli þeirra og jafnframt leitt til vandaðri vinnubragða við undirbúning og setningu nýrra eftirlitsreglna.

Við setningu laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, var m.a. stuðst við niðurstöður og árangur sem náðst hafði í fyrrnefndu starfi OECD og aðildarríkja þeirra. Ákvæði íslensku laganna eru í anda þeirra áherslna sem efst eru á baugi við stefnumörkun stjórnvalda innan OECD í opinberum eftirlitmálum. Leitast er við að reglur um opinbert eftirlit stuðli að hámörkun afkasta og virkni jafnframt því sem reglurnar séu öllum skýrar, gagnsæjar og áreiðanlegar. Lögin kveða enn fremur á um að eitt ráðuneyti, þ.e. forsætisráðuneytið, skuli hafa yfirsýn yfir eftirlitsreglur og tryggi nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirliti á vegum hins opinbera. Að þessu leyti erum við komin lengra áleiðis en flest önnur OECD-ríki.

Umbætur í opinberu eftirliti á næstu árum.

Forsætisráðuneytið hefur að nýju skipað ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur til næstu þriggja ára. Henni er ætlað að halda áfram því verki sem fyrri nefnd lagði af stað með og koma fram með tillögur að frekari framþróun í opinberu eftirliti.

Stjórnvöld leggja áherslu á að auka gæði opinbers eftirlits enn frekar. Stefna ber að því að skipulag eftirlitsins sé á hverjum tíma eins aðgengilegt þeim sem eftirlitið beinist að og nokkur kostur er á án þess að það veiki öryggi eftirlitsins. Atvinnulífið hefur betri vitneskju um hvernig uppfylla beri opinberar kröfur eftir því sem eftirlitið er skýrara og gagnsærra.

Þá ber að leita leiða til að sjálfstæðar, faggildar skoðanastofur geti í ríkari mæli en nú sinnt skoðunum í þágu eftirlitsstjórnvalda. Á þann hátt er rekstrargrundvöllur þeirra treystur en það leiðir til öflugrar samkeppni þeirra á milli. Ætla má að öflugri samkeppni leiði til meiri hagkvæmni í framkvæmd eftirlitsins.

Stjórnvöld leggja áherslu á vandaðan undirbúning við setningu nýrra eftirlitsreglna og að verklag við þann undirbúning sé í samræmi við ákvæði 3. gr. laga um opinberar eftirlitsreglur. Meta þarf vandlega þörfina fyrir eftirlitið svo og gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Huga þarf að alþjóðlegum skuldbindingum og sjá til þess að aðilum sé ekki mismunað.

Nýskipaðri ráðgjafarnefnd er ætlað að hafa frumkvæði að því að starfsemi einstakra málaflokka eða stofnana verði endurskoðuð þar sem ástæða er talin til með það að markmiði að fyrirkomulag opinbers eftirlits verði í samræmi við ákvæði laga um opinbert eftirlit. Þá er þess vænst að einstök ráðuneyti hafi samráð við nefndina um setningu nýrra eftirlitsreglna.

Áfram verður unnið að kynningu á efnisákvæðum laganna og reglugerðarinnar um opinberar eftirlitsreglur. Í því samhengi verður horft til embættismanna innan stjórnsýslunnar og til starfsmanna Alþingis, jafnt og til þingmanna og til ráðherra. Stefnt er að því að með öllum frumvörpum til laga og reglugerða, sem fela í sér eftirlit, fylgi mat á þjóðhagslegum áhrifum eftirlits. Þá verður lögð áhersla á að ráðuneyti sinni ákvæðum laga og reglugerðar um endurskoðun á gildandi eftirlitsreglum.

Viðauki I

Skýrsla ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur um áhrif laga um opinberar eftirlitsreglur og störf nefndarinnar 1999–2002.

I. Inngangur.

Vorið 1999 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur. Í 6. gr. þeirra laga segir að forsætisráðherra skuli skipa nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laganna. Hér á eftir fer skýrsla ráðgjafarnefndarinnar fyrir fyrsta þriggja ára starfstímabil hennar.

Opinbert eftirlit hefur á undanförnum árum orðið sífellt umfangsmeira og snert æ fleiri þætti samfélagsins og haft áhrif á atvinnurekstur og líf einstaklinga. Jafnframt hefur skilningur aukist á því að opinbert eftirlit geti haft í för með sér gríðarlegan kostnað fyrir atvinnulífið og valdið fyrirtækjum miklum erfiðleikum í samkeppni, en einnig að vel rekið opinbert eftirlit, sem byggist á skýrum og aðgengilegum reglum og er framkvæmt með hagkvæmum hætti, skapi mikinn ávinning fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild.

II. Framkvæmd laganna um opinbert eftirlit.

Forsætisráðherra fer með framkvæmd laganna um opinbert eftirlit, samkvæmt ákvæðum þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna bar forsætisráðherra að skipa nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laganna, sem skipuð skyldi fimm mönnum er hefðu þekkingu á opinberu eftirliti eða viðfangsefnum þess og jafnframt var þess getið að meiri hluti nefndarmanna skyldi ekki vinna við eða bera ábyrgð á framkvæmd opinberra eftirlitsreglna. Ákveðið var að hleypa starfinu af stokkunum sem fyrst með skipun nefndarinnar og var hún skipuð frá og með 3. október 1999 til þriggja ára, en hóf óformlega störf um miðjan júlí 1999.

Í ráðgjafarnefndina voru skipuð Orri Hauksson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, sem var skipaður formaður, Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur, Kristín Guðmundsdóttir, fjármálastjóri Granda, Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins, og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar. Varamenn voru skipaðir Guðmundur K. Steinbach verkfræðingur og Árni Páll Árnason lögmaður. Var frá upphafi ákveðið að varamenn sætu alla fundi nefndarinnar og tækju að öðru leyti þátt í öllu starfi hennar. Haukur Ingibergsson, þáverandi skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og núverandi forstjóri Fasteignamats ríkisins, var skipaður ritari nefndarinnar. Nefndarmenn uppfylltu allir fyrrgreind skilyrði 6. gr. laganna um þekkingu á eftirlitsmálum og höfðu allir haft reynslu af opinberu eftirliti, mismikla og hver

með sínum hætti. Sumarið 2000 lét Orri Hauksson af störfum og tók Skarphéðinn B. Steinarsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, við sæti hans í nefndinni og jafnframt við formennsku.

Við skipun ráðgjafarnefndarinnar óskaði forsætisráðherra eftir að hún gerði drög að reglugerð þeirri sem lögin heimila forsætisráðherra að setja um nánari framkvæmd laganna. Forsætisráðherra fól Birgi Ármannssyni lögfræðingi að vinna með nefndinni þar að. Starf nefndarinnar var í fyrstu markað af þessu verkefni og þróaði hún drög að reglugerðinni. Forsætisráðherra óskaði eftir umsögnum ráðuneyta um lokadrög reglugerðarinnar, gerði að lokum nokkrar minniháttar breytingar á drögunum og gátlistanum og setti reglugerðina 1. desember 1999.

Ákveðið var í upphafi að leyfa starfi nefndarinnar að þróast fyrstu árin og taka mið af reynslu af því starfi þegar starfsmannaþörf í þessum málaflokki yrði metin til lengri tíma litið. Formaður nefndarinnar var í fyrstu aðstoðarmaður forsætisráðherra og síðar skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og voru verkefni formanns því hluti af daglegum störfum í ráðuneytinu. Verkefni ráðuneytisins að eftirlitsmálum undanfarin þrjú ár hafa því einkum falist í að reka og þjónusta ráðgjafarnefndina og veita henni nauðsynlegan stuðning í störfum. Þannig kom forsætisráðuneytið fram gagnvart öðrum ráðuneytum og kallaði eftir skilum á gögnum og veitti nefndinni lögfræðilega aðstoð. Til viðbótar formanni hafa einstakir nefndarmenn, einkum Ágúst Þór Jónsson og Árni Páll Árnason, unnið við verkefni fyrir forsætisráðuneytið á sviði eftirlitsmála, sem nýst hafa nefndinni í störfum hennar. Umhverfi nefndarstarfsins var þannig á þessu upphafstímabili í samræmi við þarfir þess.

III. Setning reglugerðar um opinberar eftirlitsreglur.

Með setningu laganna um opinbert eftirlit markaði Alþingi samhljóða afstöðu sína til opinbers eftirlits. Tilgangur laganna um opinberar eftirlitsreglur er sá að eftirlit hins opinbera, eins og það er skilgreint í lögunum, sé eins hagkvæmt og kostur er, bæði fyrir þá sem eftirlitið beinist að og eins fyrir hið opinbera sjálft. Enn fremur að það eftirlit á vegum hins opinbera, sem dagað hefur uppi og er óþarft, sé lagt niður. Samhliða þessum markmiðum um hagkvæmni sé þess þó gætt að eftirlitsstarfsemi hins opinbera sé nógu áhrifarík til að þjóna tilgangi sínum. Þess vegna er einnig tekið sérstaklega fram að markmið laganna sé að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Í lögunum felst einnig að stjórnvöld skuli ávallt láta fara fram þjóðhagslegt mat áður en nýjar eftirlitsreglur eru settar. Af því má ráða að ætlun löggjafans sé sú að tryggja að umfang eftirlitsins sé í réttu hlutfalli við þau markmið sem ætlunin er að ná. Að baki liggur þá jafnframt það grunnviðmið að eftirlit skuli ekki vera umfangsmeira eða erfiðara í framkvæmd en þörf er á til að það þjóni tilgangi sínum. Þá fól Alþingi forsætisráðherra með lögunum að leitast við að tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirliti á vegum hins opinbera. Slíkt verður meðal annars gert með því að fela sjálfstætt starfandi aðilum í samkeppni að inna eftirlitið af hendi, þótt hið opinbera skilgreini áfram kröfurnar og hafi með höndum stjórnvaldshlutverk.

Í 7. gr. laganna um opinbert eftirlit er heimild til handa forsætisráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Með setningu reglugerðar nr. 812/1999 um opinberar eftirlitsreglur var sú heimild nýtt, starfi ráðuneytisins að þessum málaflokki settur skýrari rammi og verksvið ráðgjafarnefndarinnar skýrt nokkuð.

Í 5. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um aðferðafræði þá sem stjórnvald skal beita við greiningu á þörf fyrir eftirlit. Gert er ráð fyrir að gildi eftirlits sé metið og kostnaður þjóðfélagsins af því. Slíkt mat geti m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum

um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Í 6. gr. eru ákvæði um hvernig meta skuli kostnað við eftirlit og er þar rakinn beinn kostnaður hins opinbera, kostnaður atvinnulífs og einstaklinga, óbeinn kostnaður samfélagsins og áhrif eftirlits á samkeppnishæfni og nýsköpun og fjárhagsleg áhrif á einstök svið þjóðfélagsins og á einstakar atvinnugreinar. Í 7. gr. er fjallað um mat á gildi og árangri af eftirliti og er þar mælt fyrir um að meta skuli þjóðhagslegt gildi eftirlitsreglna. Við slíkt mat skal tekið tillit til gildis eftirlits og einnig jákvæðra áhrifa þess á aðra þætti en þá sem meginmarkmið þess snýr að, en einnig skal leitast við að meta fjárhagslegt gildi eftirlitsreglna með því að bera saman kostnað við framkvæmd þeirra og áætlaðan árangur. Ef heildarumfang eftirlits er mikið skal beita viðameiri greiningaraðferðum, svo sem kostnaðar- og nytjagreiningu eða kostnaðar- og áhrifagreiningu.

Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að þá fyrst, þegar niðurstaða mats á gildi eftirlits sé sú að það sé til þess fallið að ná settum markmiðum og að heildargildi eftirlitsins sé til ávinnings fyrir þjóðfélagið, skuli meta hvaða eftirlitsaðferð hentar best, eins og rakið er í 8. gr. Leitast skuli við að samþætta framkvæmd eftirlitsins milli einstakra eftirlitsstjórnvalda og þess getið að stjórnvaldi beri að þróa aðferðir til að meta hvort árangur eftirlits á starfssviði þess sé í samræmi við markmið viðkomandi eftirlitsreglna. Í 9. gr. reglugerðarinnar eru rakin þau meginsjónarmið sem byggja beri á við val á eftirlitsaðferð. Stjórnvald skal meta hversu mikil hætta er á óæskilegum frávikum og hversu auðvelt er að setja skilgreindar reglur um framkvæmd eftirlits. Jafnan skal miðað við að valin sé sú eftirlitsaðferð sem hefur mestan þjóðfélagslegan ávinning í för með sér að teknu tilliti til heildarkostnaðar og ávallt skal gera ákveðnar hæfiskröfur til þeirra stofnana, fyrirtækja og einstakra eftirlitsmanna sem eiga að inna eftirlitið af hendi. Þá skal við val á eftirlitsaðferð jafnan miða við að opinber afskipti verði eins takmörkuð og unnt er og dregið verði úr beinni ábyrgð hins opinbera á eftirliti en þess í stað lögð áhersla á ábyrgð þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem eftirlit beinist að. Við eftirlit skal leitast við að beita almennum viðmiðunum og sértækar kröfur ekki gerðar nema nauðsyn beri til. Val á aðferð skal miða við að unnt sé að velja á milli fleiri en einnar aðferðar til að uppfylla settar reglur og fleiri en eins aðila til að annast eftirlit, þar sem unnt er. Jafnframt skal leitast við að sveigjanleiki eftirlitskerfisins verði sem mestur, að samþætta eftirlitsþætti og að gera þeim sem eftirlit beinist að kleift að nota heildstæðar aðferðir við að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru. Sérstaklega skal leitast við að samþætta eftirlit sem beinist að sams konar eða svipuðum atriðum þannig að allar kröfur einstakra eftirlitsstjórnvalda verði samhæfðar og eftirlit megi í sem mestum mæli framkvæma af einum og sama eftirlitsaðila. Í 10 gr. eru taldir upp flokkar eftirlitsaðferða, þar sem vægasta aðferðin er talin fyrst. Gert er ráð fyrir að stjórnvald rökstyðji sérstaklega ef sú aðferð er ekki valin:

1. Upplýsingaskylda fyrirtækis til stjórnvalds.
2. Innra eftirlit fyrirtækja eftir skilgreindum reglum með upplýsingaskyldu til stjórnvalds.
3. Vottun faggilts aðila á vöru, gæðakerfi eða starfsfólki – vottorð til stjórnvalds.
4. Opinbert eftirlit framkvæmt af sjálfstæðum faggiltum aðilum.
5. Beint eftirlit eftirlitsstjórnvalds.

Þá er í reglugerðinni mælt fyrir um meginregluna um að eftirlit skuli samþætt þar sem kostur er, sami aðili skuli almennt ekki setja reglur og hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt, kæruleiðir skuli skilgreindar og kostnaður af eftirliti skuli almennt borinn af þeim sem eftirlitið beinist að. Þá er kveðið á um að eftirlitsreglur skuli vera einfaldar, skýrar og auðskiljanlegar og aðgengilegar þeim sem eftirlit beinist að.

IV. Starfshættir ráðgjafarnefndarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laganna um opinberar eftirlitsreglur skal starf ráðgjafarnefndarinnar miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við ákvæði laganna og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar. Þá segir í 2. mgr. 6. gr. að þeir aðilar sem eftirlit beinist að, og aðrir þeir sem hagsmuni hafi af opinberu eftirliti, geti óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum þess. Ráðherrar geti einnig sent nefndinni til umsagnar mál er varða opinbert eftirlit. Jafnframt geti nefndin átt frumkvæði að athugunum á vissum þáttum eftirlits.

Tilgangur nefndarinnar, samkvæmt þessu, er býsna víðtækur. Í reynd má segja að verkefni hennar sé að fylgja lögunum eftir, reyna að sjá til þess að nýjar eftirlitsreglur standist þau viðmið sem lögin setja og stuðla að því að framkvæmd opinbers eftirlits sé eins hagfelld eftirlitsþolum og hinu opinbera og kostur er. Nefndin á þannig að gegna hlutverki sem bakhjarl stjórnvalda við ákvarðanir um eftirlitsreglur og skipan eftirlitsmála. Jafnframt á nefndin að vera faglegur vettvangur fyrir stefnumótun í eftirlitsmálum og driffjöður sem hlutast til um breytingar í anda laganna. Verksvið nefndarinnar takmarkast hins vegar af hinni lögákveðnu stöðu hennar sem ráðgjafarnefndar. Aldrei stóð til af hálfu löggjafans að nefndin tæki stjórnvaldsákvarðanir eða yrði einhvers konar áfrýjunaraðili.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið varð því úr að verkefni nefndarinnar voru nánar skilgreind með eftirfarandi hætti í 22. gr. reglugerðarinnar, sbr. heimild 3. mgr. 6. gr. laganna:

1. Taka eftirlitsreglur eða framkvæmd tiltekinnar eftirlitsstarfsemi til athugunar í heild eða að hluta. Athuganir nefndarinnar skulu vera almenns eðlis og mega ekki grípa inn í meðferð einstakra mála, sem eftirlitsstjórnvöld hafa til úrlausnar.
2. Veita umsögn um lagafrumvörp og drög að stjórnvaldsfyrirmælum um eftirlitsreglur.
3. Fylgjast með að endurskoðun eftirlitsreglna sé í samræmi við lög nr. 27/1999 og setja fram ábendingar um endurskoðun eftir því sem við á.
4. Veita stjórnvöldum ráðgjöf um endurskoðun eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits í samræmi við markmið laga nr. 27/1999.

Lögin um opinberar eftirlitsreglur taka til opinbers eftirlits í nokkuð víðtækum skilningi hugtaksins. Sérstaklega er þó tekið fram í lögunum að þau nái ekki til stjórnsýslueftirlits né innra eftirlits hins opinbera, þar með talins fjárhagslegs eftirlits, löggæslu, tollgæslu og eftirlits í tengslum við skatta og gjöld, sifjamál, vernd barna og ungmenna, reynslulausn og ákærufrestun. Engu að síður telur nefndin eðlilegt að sömu sjónarmið og greinir í lögunum séu höfð að leiðarljósi í tæknilegu innra eftirliti ríkisins, svo sem við eftirlit samkvæmt ákvæðum laga um opinberar framkvæmdir. Í nefndinni var það rætt hversu víðtækt hlutverk hennar gæti verið að því er varðaði til dæmis samkeppniseftirlit og fjármálaeftirlit. Ljóst er að sú hugmyndafræði sem lögin byggja á tengist fremur tæknilegu eftirliti í þrengri skilningi. Á hinn bóginn er ljóst að mörg meginsjónarmið um opinbert eftirlit eiga jafn vel við um samkeppniseftirlit og fjármálaeftirlit, svo sem áhersla á skilvirkni, aðskilnað reglusetningar og eftirlits og gagnsæi. Á þessum sviðum þarf að forðast tvíverknað og óþarfa erfiðleika fyrir þann sem eftirlit beinist að, eins og í öðru eftirliti. Við umfjöllun um eftirlit á þessum sviðum þarf hins vegar að virða meginreglur, eins og þá að úrskurðir samkeppnisráðs sæta áfrýjun til sérstakrar áfrýjunarnefndar og verða að því loknu bornir undir dómstóla. Eftirlitsnefndin er ekki áfrýjunarnefnd og er því ekki bær um að leggja efnislegt mat á þær viðmiðanir sem samkeppnisyfirvöld beita við mat á samkeppnishömlum, svo dæmi sé tekið um atriði sem falla utan verksviðs nefndarinnar.

V. Helstu verkefni ráðgjafarnefndar.

Helstu verkefni ráðgjafarnefndarinnar á skipunartíma hennar tóku mið af þeirri staðreynd að um brautryðjendastarf var að ræða. Þrátt fyrir að víða í nágrannalöndum okkar hafi verið unnið með skipulegum hætti að umbótum í reglusetningu og í opinberu eftirliti fól setning laganna um opinberar eftirlitsreglur og um ráðgjafarnefndina í sér mikið nýnæmi hér á landi. Þess vegna var það samdóma álit nefndarmanna að fara bæri með gát og gæta fyllstu hófsemi í vinnubrögðum og faglegrar vandvirkni í störfum nefndarinnar í hvívetna.

Í grófum dráttum má skipta verkefnum nefndarinnar þessi fyrstu þrjú ár í fernt. Í fyrsta lagi var fjallað um framkvæmd laganna og reglugerðarinnar og um það hvernig stjórnvöld stæðu við skyldu sína, skv. 1. mgr. 3. gr. laganna um að láta ávallt fara fram mat á þjóðhagslegu gildi eftirlits áður en eftirlitsregla er sett. Í öðru lagi var starf nefndarinnar kynnt og helstu eftirlitsstofnanir heimsóttar og viðhorf forsvarsmanna þeirra könnuð og leitað hófanna um hagræðingarmöguleika. Í þriðja lagi var fjallað um tiltekin svið opinbers eftirlits, svo sem eftirlit með matvælum, með bátum og skipum, með byggingamálum, vinnueftirlit og eftirlit á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA. Að síðustu má svo telja einstök atriði sem nefndin vakti athygli á í umsögnum um frumvörp þar sem eftirlitsákvæði var að finna og ábendingar sem veittar voru einstökum ráðuneytum, eftir formlega eða óformlega ósk þar um. Undir þennan flokk falla einnig afmörkuð mál sem nefndin tók upp að eigin frumkvæði.

A. Lög, reglugerð og mat á eftirlitsreglum.

Eins og áður er sagt beindist starf nefndarinnar fyrstu mánuðina að því að vinna við reglugerðina og skilgreina verklag. Fljótt kom í ljós að ákvæði í lögunum um að framkvæma skuli mat á þörf og áhrifum nýrra eftirlitsreglna krefðist mun meiri vinnu við undirbúning og setningu nýrra eftirlitsreglna og að nauðsynlegt væri að útbúa samræmt form við framsetningu á niðurstöðum matsins. Nefndin ákvað því að leggja til að með reglugerðinni fylgdi sérstakur gátlisti sem einfaldað gæti notkun reglugerðarinnar og leiðbeint við framsetningu niðurstaðna úr matinu. Í lista þessum er þess freistað að setja helstu atriði reglugerðarinnar fram á aðgengilegu formi, og nokkur önnur atriði sem geta talist gagnleg við setningu eftirlitsreglna, með það að markmiði að notkun listans muni auðvelda heildaryfirsýn yfir forsendur fyrir setningu nýrra eftirlitsreglna og afleiðingar þeirra.

Skemmst er frá því að segja að veruleg vinna fór í að reyna að tryggja að stjórnvöld færu að 1. mgr. 3. gr. laganna og létu fara fram hið þjóðhagslega mat sem lögin kveða á um. Fram að því að reglugerðin var sett var vandkvæðum bundið að fá ráðuneyti, sem þá unnu við gerð eftirlitsreglna eða frumvarpa um eftirlit, til að fylgja ákvæðum laganna með beinum hætti. Því benti nefndin ráðuneytum á að vinna eftir gátlistanum, eftir að nefndinni fóru að berast lagafrumvörp sem sýnilega tóku ekki nægt mið af þeirri eftirlitspólitísku sýn sem í lögunum og reglugerðinni felast. Nefndin taldi því mikils um vert að reglugerðin, sem skýrði stefnumið laganna, yrði sett og að framkvæmd hennar væri vel skilgreind. Í framhaldi af setningu reglugerðarinnar var efnt til kynningarátaks á lögunum og reglugerðinni. Í ársbyrjun 2000 gaf forsætisráðuneytið út, að undirlagi nefndarinnar, kynningarrit með öllum helstu upplýsingum og gögnum sem málið varða og var því dreift um stjórnsýsluna. Nefndin hélt sérstakan hálfsdags kynningarfund á lögunum og nefndinni fyrir starfsfólk eftirlitsstofnana og ráðuneyta. Forsætisráðherra setti fundinn og stjórnendur fjölmargra eftirlitsstofnana mættu, auk lykilfólks úr ráðuneytum.

Þrátt fyrir þetta upphafsátak og endurteknar athugasemdir nefndarinnar var nokkuð um að ekki væri farið að ákvæðum laganna um hið þjóðhagslega mat. Því sendi forsætisráðuneytið umburðarbréf til allra ráðuneyta, dags. 12. janúar 2001, þar sem lögð var áhersla á að

með öllum breytingum á eftirlitsreglum og við setningu nýrra eftirlitsreglna skuli fylgja mat á þörf á eftirlitinu, þjóðfélagslegu gildi þess og kostnaði af því og semja skuli um það greinargerð. Tekið er fram að greinargerð um matið skuli fylgja frumvarpi við meðferð þess til ríkisstjórnar eða eftir atvikum til staðfestingar, sé málið ekki borið upp í ríkisstjórn, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna um opinberar eftirlitsreglur. Þrátt fyrir þennan ítrekaða eftirrekstur má staðhæfa að enn sé verulegur misbrestur á því að mat sé gert og það lagt fyrir ríkisstjórn eða fyrir ráðherra, eins og lögin gera ráð fyrir.

Í lögunum og reglugerðinni um opinbert eftirlit er gert ráð fyrir því að mat á þjóðhagslegum áhrifum sé á ábyrgð viðkomandi stjórnvalds. Ekki er gert ráð fyrir að matið sé háð samþykki einhvers annars stjórnvalds. Matið á því, samkvæmt lögunum, að vera unnið innan stjórnsýslunnar, án sérstakrar eftirfylgni. Þjóðhagslega matið á þörf fyrir setningu nýrra eftirlitsreglna og framsetning á niðurstöðum úr því, sem forsenda fyrir setningu nýrra eftirlitsreglna, eru á ábyrgð einstakra ráðuneyta. Í ýmsum nágrannalöndum er hins vegar sérstakri stofnun falið það verkefni að aðstoða við matið og greina niðurstöður. Ef til vill felst í núverandi fyrirkomulagi ástæða þess að stjórnvöld sinna ekki þessu verkefni sem skyldi: Þar sem lögin skilgreina ekki neinn tiltekinn úttektaraðila á matinu er enginn aðili innan stjórnsýslunnar bær um að stöðva drög að eftirlitsreglum sem eru án þjóðhagslegs mats. Þá er ljóst að nefndir þingsins og einstakir þingmenn hafa ekki kallað eftir því að stjórnvöld láti mat samkvæmt lögunum fylgja lagafrumvörpum sem fela í sér eftirlitsreglur. Telja má fullvíst að aukin árvekni Alþingis í þessu efni myndi auka verulega aðhald að stjórnsýslunni að þessu leyti.

Lögin um opinberar eftirlitsreglur gera einnig ráð fyrir að forsætisráðuneytið haldi til haga lista yfir allar eftirlitsreglur sem í gildi eru í landinu hverju sinni. Ráðuneytin hófu að taka saman listann yfir eftirlitsreglurnar að beiðni forsætisráðuneytisins í byrjun ársins 2000. Hins vegar gengur hægt að fá sum ráðuneytin til að ljúka þeirri vinnu og illa hefur gengið að fá dagréttar upplýsingar til uppfærslu á listanum. Nauðsynlegt er að koma þessu í betra horf, sérstaklega þar sem eingöngu er um að ræða lista yfir gildandi reglur.

Í lögunum og í reglugerðinni er enn fremur gert ráð fyrir að allar eftirlitsreglur skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku reglugerðarinnar og var þess óskað að ráðuneytin gerðu grein fyrir tímaáætlunum um þetta verkefni. Illa hefur gengið að fá fram tímaáætlanir og ekki er vitað til þess að einstök ráðuneyti hafi gert heildaráætlun um verkefnið þó svo að nú séu liðin tæp þrjú ár frá gildistöku reglugerðarinnar. Þess ber þó að geta að einstök ráðuneyti vinna nú að endurskoðun eftirlitsreglna á tilteknum sviðum.

B. Stefnumörkun nefndarinnar – kynning laganna og efling skoðunarstofukerfisins.

1. Stefnumörkun.

Nefndin ræddi á nefndarfundum ítarlega um verksvið sitt og aðferðafræði þá sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í starfi hennar. Nefndin samþykkti að vinna á grundvelli nokkurra meginviðmiða í sínu starfi, sem væru til fyllingar ákvæðum laganna og reglugerðarinnar um opinbert eftirlit:

- Forðast ber margþætt eftirlit.
- Einfalda ber eftirlit og auka á fyrirsjáanleika eftirlits þannig að eftirlitsþoli viti hvaða kröfur hann á að uppfylla og hvernig á að uppfylla kröfurnar.
- Bæta ber gæði eftirlits og hæfni eftirlitsmanna og byggja á hlutlægum viðmiðum í því efni.

- Skilja ber sem kostur er á milli framkvæmdar eftirlits og ábyrgðar á setningu efnisreglna.
- Sami aðili á ekki að framkvæma eftirlit og úrskurða um ágreining vegna framkvæmdarinnar.
- Framkvæmd eftirlits ber að færa til sjálfstæðra faggiltra skoðunarstofa í sem ríkustum mæli, nema sérstök efnisrök standi til þess að því verði haldið í höndum opinberra starfsmanna.
- Eðlislíkt eftirlit sem er í höndum ólíkra eftirlitsstjórnvalda, eða í höndum stjórnvalda og skoðunarstofa, ber að samræma svo sem kostur er í höndum skoðunarstofa, til hagsbóta fyrir eftirlitsskyldan aðila, til að forðast tvíverknað eftirlitsaðila.

Til viðbótar ofangreindum atriðum taldi nefndin mikilvægt að marka stefnu um skýra stjórnsýslulega ábyrgð framkvæmdarvaldshafa á framkvæmd eftirlits. Á undanförnum árum hefur borið nokkuð á því að eftirlitsstofnanir, sem lúta sérstakri stjórn, hafa verið settar á fót. Slíkar stofnanir lúta almennt ekki boðvaldi ráðherra með sama hætti og aðrar eftirlitsstofnanir og hafa í sumum tilvikum heimild til reglusetningar á sínu eftirlitssviði. Ráðgjafarnefndin hefur verulegar efasemdir um það hversu skynsamlegt það er að taka af framkvæmdarvaldinu, sem lýtur eftirliti löggjafans, ábyrgð á opinberu eftirliti með þessum hætti. Þvert á móti er það afstaða nefndarinnar að réttara sé að stofnanir starfi á ábyrgð og undir boðvaldi ráðherra, svo tryggt sé að löggjafinn geti komið fram nauðsynlegu eftirlitshlutverki sínu gagnvart stofnununum. Nefndin telur einnig rangt að heimila eftirlitsstofnunum að setja efnisreglur á viðkomandi sviði, sem þær hafa svo sjálfar eftirlit með að sé framfylgt. Löggjafarvaldið á sviði eftirlits á í öllum tilvikum að vera í höndum Alþingis og vald til setningar reglugerða í höndum ráðherra. Allar efnisreglur á að setja með slíkum hætti. Þá hefur ráðgjafarnefndin efasemdir um að binda gjaldtökuheimildir fyrir eftirlitsstofnanir í lög með þeim hætti að litlir hemlar séu á sjálfvirkum hækkunum á framlögum til eftirlitsins. Slíkt fyrirkomulag gengur þvert gegn því meginmarkmiði laganna um opinbert eftirlit að opinberar eftirlitsreglur, framkvæmd þeirra og umfang eftirlits skuli vera í stöðugri endurskoðun og byggjast á þjóðhagslegu mati.

2. Kynning á starfsemi nefndarinnar

Ráðgjafarnefndin taldi frá upphafi mikilvægt að stefna að því að vinna fylgi þeim sjónarmiðum sem felast í lögunum um opinberar eftirlitsreglur, innan hins opinbera kerfis. Nefndin áttaði sig fljótt á að slík kynning væri langtímaverkefni sem ekki væri hægt að sjá beinan árangur af í upphafi. Lykilatriði væri hins vegar að brjóta niður múra milli stofnana og auka áherslu á samþættingu og hagræðingu innan eftirlitskerfisins.

Nefndin ræddi á fundum sínum að umræða um samþættingu í opinberum rekstri og um sameiningu stofnana, hvort sem er í eftirliti eða öðru, væri oft leidd með þröngum fjárhagslegum rökum, en ekki faglegum. Hugmyndir um slíkar breytingar mættu því oft meiri andstöðu á stofnununum en væri ef faglegar röksemdir fyrir slíkum breytingum væru meira áberandi. Nefndin taldi sig á mörgum sviðum geta haft góð tækifæri, til lengri tíma litið, til að beita sér fyrir auknu hagræði í ríkisrekstri, án þess að hið yfirlýsta markmið hverrar slíkrar breytingar væri beinn fjárhagslegur sparnaður hjá ríkinu.

Nefndin fór í heimsókn til flestra eftirlitsstofnana ríkisins. Tilgangur heimsóknanna var fjórþættur. Í fyrsta lagi að kynna meginsjónarmið laganna og starf nefndarinnar fyrir stjórnendum stofnananna. Í öðru lagi að kynnast starfi þessara stofnana og heyra sjónarmið stjórnenda þeirra á því hvernig hin nýju lög snerta þær. Í þriðja lagi að kanna hvort augljóslega megi á stofnunum þessum hrinda af stað sérstökum verkefnum í anda laganna. Til að mynda

hvort samþætta megi einhver eftirlitsverkefni þessara stofnana við aðrar slíkar stofnanir án grundvallarkerfisbreytinga, eða hvort fá megi sjálfstætt starfandi skoðunarstofum einhver af verkefnum þeirra. Í fjórða lagi vildi nefndin, eftir þessar heimsóknir, geta gert sér betri mynd af því hvort svið viðkomandi stofnana þarfnist allsherjar breytinga, í samræmi við meginsjónarmið laganna. Nefndin heimsótti m.a. Vinnueftirlit ríkisins, Fjármálaeftirlitið, Póst- og fjarskiptastofnun, Geislavarnir ríkisins, Löggildingarstofuna, Flugmálastjórn og Siglingastofnun.

Almennt má telja að góður árangur hafi orðið af þessum heimsóknum. Forsvarsmenn eftirlitsstofnananna hafa orðið betur meðvitaðir um lögin og reglugerðina og starf nefndarinnar og nefndarmenn hafa fengið bætta innsýn í starf viðkomandi stofnunar. Þá hafa orðið lífleg skoðanaskipti um áherslur í eftirlitsmálum á fundunum og umræður þar orðið uppspretta frekari samskipta milli nefndarinnar og viðkomandi stofnunar í framhaldinu. Mestur ávinningur varð þó af heimsóknum í Siglingastofnun og Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem góðar viðtökur forsvarsmanna Siglingastofnunar við hugmyndum um að einfalda og hagræða í eftirliti með bátum og skipum skiptu sköpum um að unnt var að hefjast handa við hagræðingu á því sviði.

3. Skoðunarstofukerfið – faggilding og mælifræði

Fulltrúar faggiltra skoðunarstofa komu einnig í heimsókn til nefndarinnar og kynntu starfsemi sína og viðhorf til þróunar eftirlitsmála. Ráðgjafarnefndin er almennt mjög fylgjandi því að skoðunarstofur verði notaðar í sem ríkustum mæli til að sinna skoðunum í þágu eftirlitsstjórnvalda. Reynslan hefur sýnt að þar sem skoðunarstofur hafa fengið í hendur skoðun í umboði eftirlitsstjórnvalds hafa gæði eftirlits aukist, skýrari viðmið hafa verið sett um andlag eftirlits og raunkostnaður hefur orðið sýnilegur og er greiddur af þeim er eftirlitið beinist að. Frekari flutningur verkefna til skoðunarstofa er afar æskilegur að áliti nefndarinnar og hefur hún lagt áherslu á að eftirlitsstofnanir horfi gagnrýnum augum á umfang eftirlits síns og kanni hvort ekki megi hagræða með því að nýta þjónustu skoðunarstofa í auknum mæli. Ljóst er að því meira magn skoðana sem skoðunarstofur fá í hendur, því ódýrari verður hver skoðun. Kosturinn við kerfið af sjónarhóli þess er eftirlitið beinist að er augljós: Þrátt fyrir að kostnaður hans við skoðanir aukist í sumum tilvikum, þar sem raunkostnaðar er krafist, lækkar hann í öðrum. Þá skapast möguleikar á að einn skoðunarmaður geti komið í stað margra opinberra starfsmanna frá ólíkum stofnunum og sent margar skýrslur til ýmissa stofnana. Slíkt dregur stórlega úr kostnaði fyrir eftirlitsþolann. Þá er ónefnt að um leið og skoðunarstofum eru fengin verkefni á sviði opinbers eftirlits þarf nauðsynlega að skýra að hverju eftirlitið beinist og gefa út ítarlegar skoðunarhandbækur þar um. Þessar handbækur eru svo aðgengilegar þeim sem eftirlitið beinist að. Með þessu verður eftirlit skýrara og gangsærra og atvinnulífið getur betur vitað hvernig uppfylla skuli opinberar kröfur, en er þegar handahófskennd skoðun án skilgreindra viðmiða fer fram. Ráðgjafarnefndin telur mikilvægt að áfram verði unnið að því að færa fleiri verkefni til sjálfstæðra skoðunarstofa, til að treysta rekstrargrundvöll þeirra, bæta gæði eftirlits og auka á hagkvæmni í framkvæmd þess.

Starfsemi sjálfstæðra skoðunarstofa byggist á þeirri meginforsendu að fyrir hendi sé sterkur faggildingaraðili sem getur metið hæfni þeirra sem sjá um skoðanir, vottanir og prófanir og haft með hendi stöðugt eftirlit með að hæfninni sé haldið við og farið sé að ítrustu kröfum stjórnvalda um framkvæmd eftirlitsins. Faggildingarstarfsemin lýtur ákvæðum í alþjóðastöðlum og er grundvöllur alþjóðaviðurkenningar á niðurstöðum prófana, vottana og skoðana. Vönduð faggildingarstarfsemi er því lykilforsenda þess að ganga megi út frá því

að íslenskar útflutningsvörur eigi greiðan aðgang á erlenda markaði. Það er því mikilvægt að á Íslandi starfi faggildingarstofnun sem hlotið hefur alþjóðaviðurkenningu.

Önnur meginforsenda fyrir starfi faggiltra skoðunarstofa er sú að mælifræðikerfi landsins sé áreiðanlegt og þannig um hnúta búið að íslenskur iðnaður, prófunarstofur, rannsóknaraðilar og þeir sem hafa með höndum lögmælifræðilegt eftirlit hafi aðgang að rekjanlegum mælingum á einfaldan og hagkvæman hátt. Réttar mælingar eru frumforsenda þess að unnt sé að ákvarða rétt magn þess sem selt er og að hægt sé að prófa, skoða og votta vörur og verkferla með réttum hætti.

Ráðgjafarnefndin leggur því áherslu á mikilvægi þess að fjárveitingavaldið styðji við faggildingu og mælifræðiþátt í opinberri stjórnsýslu. Löggildingarstofa fer nú með báða þessa þætti samkvæmt lögum. Ljóst er að faggildingarstarfsemi Löggildingarstofu er veikburða og á faggildingardeild stofnunarinnar starfar aðeins einn starfsmaður. Umfang starfseminnar er nú þegar svo mikið að þessi eini starfsmaður getur trauðla annað þeim verkefnum sem fyrir hendi eru, jafnvel þótt ekki sé gert ráð fyrir fleiri faggildingum og eftirliti með faggiltum aðilum. Þá er það augljóslega óviðunandi, út frá alþjóðlegum viðmiðum um faggildingu, að aðeins einn maður hafi þessi verkefni með höndum. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því hvort stofnunin fær alþjóðlega viðurkenningu sem hæfur faggildingaraðili við þessar aðstæður. Einnig er bent á að það fyrirkomulag að mælifræðin og faggildingarstarfsemin séu innan sömu stofnunar orkar verulega tvímælis vegna vanhæfis faggildingarinnar (sjá kafla D4). Hið sama á að ýmsu leyti við um mælifræðiþátt stofnunarinnar. Uppbygging mælifræðiþáttarins hefur á undanförnum árum ekki verið með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í upphafi og nauðsynleg er og gæði vinnu stofnunarinnar á þessu sviði eru ekki ásættanleg.

C. Endurskoðun á tilteknum sviðum eftirlits.

Á starfstímabili sínu hefur ráðgjafarnefndin farið yfir ýmsa þætti eftirlits og má þar helst nefna eftirlit með matvælum, eftirlit með bátum og skipum, eftirlit á sviði byggingamála, vinnueftirlit og eftirlit á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA.

1. Matvælaeftirlit.

Stærsta verkefni nefndarinnar á fyrsta skipunartímabilinu var án efa endurskoðun matvælaeftirlits. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum um miðjan desember 1999, að tillögu umhverfisráðherra, að fela nefndinni að endurskoða matvælaeftirlit í landinu, með það fyrir augum að einfalda það og gera það skilvirkara. Nefndin ákvað að fela einum nefndarmanni, Ágústi Þór Jónssyni, að leiða það starf, í samráði við Orra Hauksson og Hauk Ingibergsson. Þeir þrír mynduðu með sér vinnuhóp um málið. Síðan þá hefur miklum hluta af starfsorku nefndarinnar, fyrst og fremst milli funda hennar en einnig á fundum, verið varið í það mál. Unnið var við málið með ráðuneytisstjórum sjávarútvegsráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins og að þeirra ráði sérstaklega með forstöðumanni matvælasviðs Hollustuverndar, yfirdýralækni og forstöðumanni Fiskistofu. Vinnuhópurinn úr eftirlitsnefndinni fór með hinum þremur síðastnefndu sérstaka ferð til Bretlands, Noregs og Danmerkur til að kynna sér skipan matvælaeftirlits í þessum löndum.

Meginniðurstaða þessa starfs var kynnt í skýrslu nefndarinnar til forsætisráðherra og umhverfisráðherra. Í skýrslunni er lagt til að allt matvælaeftirlit í landinu verði sameinað í einni stofnun. Sameining þessi fæli í sér að starfsemi á verksviði þriggja ráðuneyta og allra sveitarfélaga færðist til einnar stofnunar á hendi eins ráðherra. Nefndin taldi að tillagan myndi leiða til betra eftirlits og stuðla að aukinni fjárhagslegri og faglegri samþættingu eftir-

lits með matvælum, hinu opinbera og eftirlitsþolum til hagsbóta. Þá myndu tillögurnar leiða til þess að í meira mæli yrði leitað til faggiltra skoðunarstofa í matvælaeftirliti. Skýrslan var lögð fram í ríkisstjórn og hefur í kjölfar þess verið unnið við nánari útfærslu þessara hugmynda, m.a. með gerð frumvarpsdraga sem útfæra nánar þessar tillögur. Haft hefur verið samráð við fulltrúa sveitarfélaga um þessar breytingar.

2. Bátar og skip

Eigendur báta og skipa hafa á undanförnum árum ítrekað óskað eftir að eftirlit með bátum og skipum verði einfaldað og gert skilvirkara. Fjölmargir opinberir aðilar hafa skoðað ólíka þætti báta og skipa, með tilheyrandi útgjöldum fyrir útgerðina, jafnt í beinhörðum peningum vegna útlagðs kostnaðar og vegna óþarflega langrar landlegu. Nefndin heimsótti Siglingastofnun og Póst- og fjarskiptastofnun og kynnti sér starfsemi þeirra, en báðar stofnanirnar hafa á hendi eftirlit með bátum og skipum. Þá hafa Fiskistofa og Hollustuvernd eftirlit um borð í bátum og skipum. Nefndin ákvað, í framhaldi af heimsóknunum og áframhaldandi samskiptum við stofnanirnar, að eiga frumkvæði að því að samræma og samþætta eftirlit um borð í bátum og skipum.

Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að vinna að málinu var komið á fót vinnuhópi sem í áttu sæti fulltrúar Siglingastofnunar, Póst- og fjarskiptastofnunar, Fiskistofu og Hollustuverndar auk nefndarinnar. Vinnuhópurinn hóf störf í byrjun árs 2001 og hefur frá þeim tíma verið unnið ötullega við það á vegum stofnananna að hanna nýtt eftirlitskerfi og ganga frá nauðsynlegum skoðunarhandbókum og öðrum leiðbeiningum, þannig að unnt verði að fela einum aðila að skoða alla þá þætti sem opinberir aðilar gera kröfu um að séu skoðaðir um borð í bátum og skipum. Starfsmenn Siglingastofnunar hafa borið hitann og þungann af þessari vinnu, enda langstærsti hluti eftirlitsins á vegum þeirrar stofnunar.

Nú er svo komið að ný kerfissetning á eftirlitinu hefur verið gerð og lokið er að mestu vinnu við helstu skoðunarhandbækur og leiðbeiningarskjöl. Þess er því vænst að viðkomandi ráðuneyti taki endanlega ákvörðun um að beita sér fyrir að eftirliti með bátum og skipum verði breytt. Við nýja kerfissetningu eftirlitsins með bátum og skipum hefur verið farið að leiðbeiningum í lögum og reglum um opinberar eftirlitsreglur. Gert er ráð fyrir að allt tæknilegt eftirlit verði falið faggiltum skoðunarstofum og flokkunarfélögum sem vinna eiga í samræmi við skoðunarhandbækur og leiðbeiningar sem gefnar eru út af Siglingastofnun, Hollustuvernd, Póst- og fjarskiptastofnun og Fiskistofu. Skoðunarstofurnar og flokkunarfélögin skila niðurstöðum skoðana til viðkomandi stofnunar sem tekur ákvörðun um aðgerðir í samræmi við niðurstöður í skýrslum. Siglingastofnun mun annast rekstur gagnagrunns sem í eru allar upplýsingar um báta og skip, þar með talið allar teikningar, skýrslur og önnur opinber gögn sem tengjast hverjum báti eða skipi fyrir sig. Aðrar stofnanir munu hafa aðgang að gagnagrunninum og mun hver stofnun um sig annast allar stjórnvaldsaðgerðir, hver á sínu sviði, eins og verið hefur. Hagræðingin felst hins vegar í því að einn aðili innir allt tæknilegt eftirlit af hendi og skilar skýrslu til hvers stjórnvalds um sig. Eigendur báta og skipa þurfa því aðeins að eiga samskipti við einn eftirlitsaðila.

3. Byggingamál.

Ráðgjafarnefndin hefur fjallað um ýmsa þætti byggingamála á undanförnum árum. Nefndin hefur haft áhyggjur af óþarflega margbrotnu eftirlitskerfi byggingamála, þar sem byggingafulltrúi í hverju umdæmi um sig hefur fullnaðarúrskurðarvald um útfærslu krafna til bygginga. Bent hefur verið á að þetta kerfi feli í sér hættu á viðskiptahindrunum innan lands milli byggingaumdæma og sér þess vissulega stað að ólíkum kröfum er beitt milli

landshluta. Þá eru ólíkir þættir byggingamála aðskildir hjá mismunandi stofnunum, með tilheyrandi óhagkvæmni.

Nefndin telur rétt að kannað sé hvort ekki sé rétt að sameina þær stofnanir sem koma að byggingamálum í eina byggingastofnun. Jafnframt verði tryggt að kröfur um byggingar verði skýrari og aðgengilegri en nú er og að ólíkum kröfum verði ekki beitt milli byggingarumdæma.

Ráðgjafarnefndin hefur haft samráð við umhverfisráðuneytið um þetta mál, allt frá því að lögunum um Brunamálastofnun var breytt vorið 2000. Í byrjun þessa árs hófst, undir forystu umhverfisráðuneytisins, vinna við heildarendurskoðun laga á byggingasviði. Forsætisráðuneytið tilnefndi einn nefndarmanna til setu í nefndinni sem vinnur að þeirri endurskoðun. Eru miklar vonir bundnar við þetta starf, um einföldun í eftirliti.

4. Vinnueftirlit.

Vinnueftirlitið er ein stærsta eftirlitsstofnun landsins og fáar eftirlitsstofnanir sinna jafn víðtæku eftirliti sem snertir jafn mörg svið atvinnulífsins og Vinnueftirlitið. Í ýmsum tilvikum er um að ræða eftirlit sem er eðlislíkt eða samkynja öðru eftirliti sem fram fer á vegum annars eftirlitsstjórnvalds. Vinnueftirlitið hefur sætt gagnrýni fyrir að hafa hvorki byggt eftirlit á útgáfu skoðunarhandbóka og eftirliti með innri gæðakerfum fyrirtækja né heldur nýtt sér þjónustu skoðunarstofa til að auðvelda framkvæmd eftirlits og gera kostnað við það gagnsærri. Þá er stjórnkerfi Vinnueftirlitsins mjög frábrugðið stjórnkerfi annarra eftirlitsstofnana, að því leyti að efnislegt boðvald ráðherra yfir stofnuninni er takmarkað, en stjórn stofnunarinnar og forstjóri hafa að lögum víðtækt vald til þess að setja efnisreglur er binda hinn almenna borgara. Nefndin heimsótti Vinnueftirlit ríkisins. Þar voru ræddar leiðir til að auka á skilvirkni eftirlitsins og einnig voru skoðaðir möguleikar á að samþætta eftirlit með farandvinnuvélum eftirliti með skráningarskyldum ökutækjum á vegum skoðunarstofa, enda eru farandvinnuvélar í flestum tilvikum einnig skráningarskyld ökutæki. Þá var almennt rætt um að nýta í auknum mæli þjónustu skoðunarstofa við skoðanir á vegum Vinnueftirlitsins.

Nefndin sendi félagsmálaráðherra erindi um málið í febrúar 2001 og lagði áherslu á að mikilvægt væri að það eftirlit sem Vinnueftirlit ríkisins hefur með höndum verði endurmetið með sama hætti og annað opinbert eftirlit í landinu. Þá tók nefndin fram að hún væri þeirrar skoðunar að brýnt væri að fá fram hið þjóðhagslega mat á einstökum þáttum þess eftirlits sem Vinnueftirlitið fer með, í samræmi við ákvæði 3. gr. laganna um opinbert eftirlit og ákvæði reglugerðar um sama efni. Í kjölfar þessa bréfs funduðu fulltrúar nefndarinnar með félagsmálaráðherra og kom þá fram að fyrirhuguð væri heildarendurskoðun á lögunum um Vinnueftirlitið. Þeirri vinnu mun enn ekki lokið af hálfu félagsmálaráðuneytisins. Nefndin leggur ríka áherslu á að lokið verði við þá endurskoðun og að starfi Vinnueftirlitsins verði settur rammi í samræmi við efni og anda laganna um opinberar eftirlitsreglur.

5. Eftirlit á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA.

Ráðgjafarnefnd um opinbert eftirlit á, lögum samkvæmt, að vera forsætisráðherra til ráðuneytis um allt það er lýtur að eftirlitsmálum. Snemma á starfstíma nefndarinnar kom í ljós að álitamál, er tengjast opinberu eftirliti, lúta oft að framkvæmd eftirlits af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA hér á landi og að eftirlit af hálfu stofnunarinnar hér snertir með beinum hætti viðhorf til opinbers eftirlits að öðru leyti. Sérstaklega var áberandi að margföldun vettvangsskoðana á ákveðnu tímabili, einkum í matvælavinnslugeiranum, hafði neikvæð áhrif á nútímavæðingu eftirlits þar og olli atvinnulífinu auknum erfiðleikum og reyndi á þolrif innlendra eftirlitsstofnana. Það er hins vegar ekki einfalt, hvorki fyrir íslenskar eftirlitsstofnanir

né þau fyrirtæki sem eftirlit ESA beinist að, að gera athugasemdir við framkvæmd eftirlits af hálfu ESA hér á landi. Þá var ljóst að eftirlitsþátturinn varð oft útundan við setningu eftirlitsreglna sem byggðust á EES-gerðum og því skipti miklu að auka skilning fulltrúa fagráðuneytanna í sendiráði Íslands í Brussel á lögunum og reglugerðinni um opinberar eftirlitsreglur svo unnt væri að taka á þeim þáttum í tíma.

Nefndin samþykkti því að taka til athugunar eftirlit Eftirlitsstofnunar EFTA, með það fyrir augum að koma í veg fyrir tvöföldun eftirlits og tryggja hagkvæmni fyrir þá sem eftirlitið beinist að. Nefndin sendi þrjá fulltrúa til funda með Eftirlitsstofnuninni í Brussel, til að kynna sjónarmið nefndarinnar að þessu leyti. Til undirbúnings fundunum var boðað til funda með forsvarsmönnum helstu eftirlitsstofnana og með fulltrúum hagsmunasamtaka atvinnulífsins. Á fundum nefndarmanna í Brussel var sjónarmiðum nefndarinnar og íslenskra aðila um eftirlitsstarfsemi og skipulag hennar komið á framfæri við Eftirlitsstofnunina. Lögð var áhersla á þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi að gætt yrði hófs í eftirliti gagnvart þeim markmiðum sem stefnt væri að þannig að eftirlit af hálfu ESA stæði ekki í vegi fyrir framþróun eftirlitsaðferða og nýjungum á því sviði. Í annan stað var bent á mikilvægi þess að eftirlit væri sambærilegt milli ríkja svo ekki sköpuðust ójafnar samkeppnisaðstæður vegna ólíkrar beitingar reglna. Í þriðja lagi var bent á mikilvægi þess að hófs yrði gætt í beinu eftirliti með fyrirtækjum og þar sem slíkt væri óhjákvæmilegt yrði það unnið með eftirlitsstjórnvöldum á viðkomandi sviði á Íslandi, til að koma í veg fyrir óþarfa tvíverknað og kostnað fyrir þá sem eftirlitið beindist að. Þá voru kynnt ákvæði laga og reglugerðar um opinberar eftirlitsreglur og Eftirlitsstofnuninni bent á að þau ákvæði byndu hendur íslenskra eftirlitsstjórnvalda. Af hálfu Eftirlitsstofnunarinnar var tekið jákvætt í athugasemdir nefndarinnar og var aðferðafræði ESA útskýrð og lögð áhersla á það meginmarkmið stofnunarinnar að tryggja að samningsaðilar stæðu við samningsskuldbindingar sínar, samkvæmt EES-samningnum.

Fulltrúar nefndarinnar notuðu tækifærið í Brussel og funduðu með sérfræðingum framkvæmdastjórnar ESB sem sinna eftirlitsmálum og umbótum í reglusetningu. Þeim voru kynnt lögin um opinberar eftirlitsreglur og starf ráðgjafarnefndarinnar. Fram kom mikill áhugi þeirra á starfi af þessum toga, en Evrópusambandið hefur unnið að átaksverkefnum í umbótum í reglusetningu og einföldun á eftirliti. Ekki er ólíklegt að vinna ESB á þessu sviði geti snert Ísland í fyllingu tímans, ef áhrifa nýrra áherslna í reglusetningu og eftirliti fer að gæta í ESB-löggjöf sem síðar er tekin upp í EES-samninginn. Þá var fundað með starfsmönnum sendiráðsins í Brussel til að kynna þeim sjónarmið nefndarinnar svo þeir geti tekið mið af þeim við umfjöllun á þeim fjölþættu eftirlitsreglum sem eiga uppruna hjá Evrópusambandinu.

Ljóst er að mikilvægt er að áfram verði samráð milli ESA og ráðgjafarnefndarinnar um eftirlitsmál, enda nauðsynlegt fyrir ráðgjafarnefndina að horfa til eftirlits á vettvangi ESA, rétt eins og til annars eftirlits, ef hafa á heildarmynd af eftirlitsmálum í landinu. Þá er mikilvægt að hafa náið samráð við Evrópusambandið um starf þess á sviði umbóta í reglusetningu og einföldun á eftirliti.

D. Umsagnir nefndarinnar um einstaka þætti eftirlits.

Á skipunartíma nefndarinnar var áhersla lögð á að tryggja framkvæmd laganna um opinberar eftirlitsreglur og þrýsta á um endurskoðun gildandi reglna um opinbert eftirlit. Þá átti nefndin frumkvæði að skoðun á tilteknum sviðum. Nefndin vann umsagnir fyrir þau ráðuneyti sem eftir því óskuðu og kom til þeirra ábendingum um það sem hún taldi að betur mætti fara. Nefndin kom einnig sjónarmiðum sínum á framfæri við þingnefndir sem fjölluðu um frumvörp sem gerðu ráð fyrir opinberu eftirliti og átti í nokkrum tilvikum frumkvæði að því

að benda ráðuneytum og þingnefndum á að mat, samkvæmt lögum og reglugerð, á eftirlitsþáttum þyrfti að fara fram.

Í umsögnum nefndarinnar var almennt lögð áhersla á að uppfyllt yrðu ákvæði 3. gr. laganna um opinbert eftirlit þess efnis að þjóðhagslegt mat færi fram áður en nýjar eftirlitsreglur yrðu settar. Þá benti nefndin almennt á nauðsyn þess að lög heimiluðu eftirlitsstjórnvöldum að fela skoðunarstofum að framkvæma eftirlit, ef stjórnvöld kysu svo við að hafa. Þá var lögð áhersla á að ábyrgð á eftirliti væri skýr og að forðast yrði að tvöfalda eftirlit.

Ráðgjafarnefndin fjallaði um ýmis frumvörp til laga á síðustu þremur árum. Verður hér á eftir vikið stuttlega að stærstu og umfangsmestu málunum sem nefndin kom að með þessum hætti.

1. Kvikmyndaskoðun.

Ráðgjafarnefndin tók að eigin frumkvæði upp umfjöllun um opinbert eftirlit með kvikmyndum. Nefndin vakti athygli menntamálaráðherra á því að það eftirlit sem Kvikmyndaskoðun ríkisins hefði með höndum beindist aðallega að starfsemi kvikmyndahúsa og dreifingaraðila myndbanda. Sjónvarpsstöðvar væru nánast að öllu leyti undanþegnar beinu eftirliti með því efni sem þær senda út. Ekki væri því jafnræði á meðal þeirra sem í atvinnugreininni starfa. Síðar benti nefndin jafnframt á að með kvikmyndaskoðun af því tagi sem hér væri stunduð héldi ríkið uppi ritskoðun.

Menntamálaráðherra tók málaleitan nefndarinnar vel og hóf í kjölfarið vinnu við frumvarp til laga, þar sem Kvikmyndaskoðun var lögð af. Umrætt frumvarp var samþykkt sem lög frá Alþingi.

2. Fjármálaeftirlit.

Í kjölfar heimsóknar nefndarinnar til Fjármálaeftirlitsins fjallaði nefndin um fyrirkomulag eftirlitsins og ábyrgðarskiptingu, samkvæmt lögunum um fjármálaeftirlit. Í heimsókninni höfðu vaknað vissar spurningar hjá nefndarmönnum um hvort rétt væri að sérstök stjórn væri yfir stofnuninni og hvort ekki væri eðlilegra að stofnunin lyti boðvaldi ráðherra.

Ráðgjafarnefndin fjallaði, í desember 2001, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Umrædd lagabreyting fól í sér hækkun á framlagi eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitsins, í samræmi við hið lögbundna ferli gjaldtökuákvarðana samkvæmt lögunum um fjármálaeftirlit. Nefndin gerði margháttaðar athugasemdir við frumvarpið.

Bent var á að frumvarpið gerði ráð fyrir umtalsverðri aukningu í eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins, án þess að fram hefði farið þjóðhagslegt mat á þörf fyrir það með þeim hætti sem lög nr. 27/1999 og reglugerð nr. 812/1999 kveða á um. Hvergi kæmi fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins hagsmunamat eða forgangsröðun í eftirliti, sem þó væri eðlilegt að gera ráð fyrir í ljósi verulegrar aukningar á umfangi eftirlitsins. Þá lýsti ráðgjafarnefndin verulegum efasemdum um stjórnskipulag og tekjuöflunarkerfi Fjármálaeftirlitsins. Með lögum nr. 87/1998 var stofnunin sett undir sjálfstæða stjórn og þar með undanskilin stjórnskipulegri ábyrgð og eftirliti viðskiptaráðherra. Um leið var samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila komið á fót til að veita stjórn stofnunarinnar ákveðið mótvægi og aðhald. Reynslan hefði hins vegar sýnt að Fjármálaeftirlitinu hefði í reynd verið gefið sjálfdæmi um gjaldtöku, enda virðist viðskiptaráðherra tæpast hafa heimild til að víkja frá tillögum Fjármálaeftirlitsins um gjaldskrárhækkanir, skv. 3. mgr. 2. gr. Þessi skipan svipti ríkisstjórn og Alþingi þeim áhrifum sem fjárstjórn fjárlaga ætlar þeim annars að hafa á vöxt og viðgang stofnana hins opinbera.

Ráðgjafarnefndin lýsti verulegum efasemdum um að kostir þess að skipa eftirlitsstofnunum hins opinbera til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkisins yfirgnæfðu þann alvarlega annmarka á þeirri skipan að slíkar stofnanir lúta ekki stjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðherra og um leið þeirri ábyrgð sem einungis hann getur borið gagnvart Alþingi. Slíkar stofnanir eru m.ö.o. undanskildar því aðhaldi sem Alþingi er á grundvelli þingræðisvenjunnar ætlað að veita framkvæmdarvaldinu. Sjálfstæð stjórn eftirlitsstofnunar felur í sér hættur út frá eftirlitspólitísku sjónarmiði og hefur að auki þau áhrif að auðvelda sjálftöku stofnunarinnar á tekjuhlið.

3. Raforkumál.

Ráðgjafarnefndin fjallaði í mars 2001 um frumvarp til raforkulaga. Nefndin taldi nokkuð skorta á að fullnægjandi mat væri lagt á eftirlitsþörf í matinu, enda kæmi fram í svörum í gátlista að ráðuneytið teldi ekki unnt að svara ýmsum þáttum varðandi eftirlitsþörfina á þessu stigi. Nefndin benti á að tilgangur laga og reglugerðar um opinberar eftirlitsreglur væri að stuðla að því að heildstætt mat fari fram á reglusetningu í heild, þar með talinni eftirlitsþörf og þjóðhagslegri hagkvæmni, áður en til setningar laga eða reglugerða kemur. Því mætti draga þá ályktun af framansögðu að eðlilegt væri við setningu rammalöggjafar að skilgreina betur í upphafi alla þætti framkvæmdar laganna, þar með talið eftirlit og þann kostnað og áhrif sem það muni hafa í þjóðfélaginu.

Nefndin benti á að í frumvarpinu væri farin sú leið að skilja að hagrænt og tæknilegt eftirlit og fela hagræna þáttinn Orkustofnun og tæknilega þáttinn Löggildingarstofu. Nefndin taldi nokkuð skorta á að fullnægjandi röksemdir hefðu verið færðar fram fyrir því að aðskilja stjórnvaldsþáttinn í eftirliti með fyrirtækjunum með þessum hætti, enda ljóst að þessi aðskilnaður hefði í för með sér tvískiptingu þess eftirlits sem fyrirtækin í atvinnugreininni verða fyrir. Ítarlegri hagkvæmnisathugun á valkostum í eftirlitsmálum í mati ráðuneytisins í gátlista hefði gefið betri stoð við vægi á hagkvæmni þessara tveggja kosta í fyrirkomulagi eftirlitsins. Nefndin taldi engin efnisleg rök hafa verið færð fyrir því að hlutverk eftirlitsstjórnvalds væri aðgreint með fyrrgreindum hætti og lagði til að þær skyldur sem Orkustofnun og Löggildingarstofu væru faldar í 24. og 28. gr. frumvarpsins yrðu faldar einni stofnun.

4. Löggildingarstofa og starfsemi hennar.

Löggildingarstofa hefur með höndum faggildingu, lögmælifræði og hagnýta mælifræði. Samkvæmt lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, hefur Löggildingarstofa með höndum opinbera markaðsgæslu á þeim sviðum sem sérlög fela ekki öðrum stjórnvöldum slíkt hlutverk. Þá ber Löggildingarstofu að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu í samvinnu við önnur eftirlitsstjórnvöld með það að markmiði að tryggja hagkvæmni og samhæfingu í markaðseftirliti og hafa forgöngu um samráð ef stjórnvaldshlutverk er í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds. Þá er Löggildingarstofa eftirlitsstjórnvald á sviði rafmagnsöryggis og hefur með höndum eftirlit með framkvæmd laga um rafrænar undirskriftir, svo nokkuð sé nefnt.

Hlutverk Löggildingarstofu er því margþætt og gegnir stofnunin lykilhlutverki í því að tryggja að útflutningsstarfsemi þjóðarinnar á öllum sviðum sé búið rétt alþjóðlegt umhverfi hvað varðar eftirlit og samræmismat. Þá er ljóst að vandað starfsumhverfi faggildingar og mælifræði skiptir miklu máli til að tryggja að kerfisbreytingar þær sem nú er unnið að á sviði eftirlits með bátum og skipum og í byggingamálum skili tilætluðum ávinningi. Eins er ljóst

að vandað samráð og samhæfing eftirlitsstjórnvalda, undir leiðsögn Löggildingarstofu, yrði mikill ávinningur fyrir uppbyggingu skilvirks markaðseftirlits.

Ráðgjafarnefndin hefur ítrekað á undanförnum árum lagt áherslu á mikilvægi Löggildingarstofu í opinberu eftirliti og það lykilhlutverk sem hún verður að gegna til að unnt sé að koma fram umbótum, hagræðingu og aukinni fagmennsku í opinberu eftirliti. Ástæða er til að ítreka að efla verður og bæta við starf stofnunarinnar á sviði mælifræði og tryggja að hún geti gegnt hlutverki sínu í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir.

Ráðgjafarnefndin vill einnig benda á að núverandi skipulag Löggildingarstofu, þar sem faggildingarstarfsemin er hluti af verkefnum stofnunarinnar, orkar tvímælis þar sem hlutleysi og hæfi faggildingarstarfseminnar eru meginforsenda þess að alþjóðleg viðurkenning fáist. Það orkar einnig tvímælis, svo ekki sé meira sagt, að sama stofnun tryggi rekjanleika mælinga til alþjóðlegra mælistaðla og framkvæmi einnig hæfnismat á starfsemi stofnunarinnar þar sem rekjanleiki og áreiðanleiki rekjanleikans eru mikilvægir þættir í hæfnismatinu. Stofnunin verður með þessu skipulagi dómari yfir eigin verkum. Nauðsynlegt er að kanna nánar þetta fyrirkomulag.

Á undanförnum misserum hafa aðstæður stofnunarinnar ekki þróast eins og nefndin telur nauðsynlegt til þess að tryggja að unnt verði að halda áfram á þeirri braut kerfisbreytinga sem hafnar eru í anda laga um opinberar eftirlitsreglur, eins og vikið var að í kafla V.B.3 hér að framan.

5. Birting eftirlitsreglna af erlendum uppruna.

Ráðgjafarnefndin fjallaði oft á liðnum árum um lögformlega birtingu eftirlitsreglna af erlendum uppruna. Á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins er nú orðið beitt tæknilegum reglum eða stöðlum, sem mótaðar eru á vettvangi alþjóðastofnana og öðlast að því loknu gildi í þátttökuríkjunum öllum. Sem dæmi um þetta má nefna að evrópska flugmálastofnunin (JAA) setur víðtækar reglur um öryggi og búnað loftfara og hæfniskröfur til áhafna, Alþjóðasiglingamálastofnunin setur reglur um gerð og búnað til að tryggja sjófærni skipa og Staðlaráð Evrópu (CEN og CENELEC) setur staðla um allra handa framleiðsluvöru og verkferla, svo sem um gæðakröfur til vöru, bygginga og íhluta, sem unnt er að vísa til í lögum og reglugerðum. Þær reglur sem hér um ræðir eiga það sammerkt að fela í sér tæknilegar útfærslur, frekar en efnisreglur sem hafa í för með sér hömlur á athafnafrelsi. Þær eru einnig aðgengilegar á ensku öllum þeim sem þurfa að nota þær og eru þeim þjálli í notkun á því tungumáli en á íslensku.

Umræddar reglur eru til mikils hægðarauka fyrir atvinnulífið, þar sem þær byggjast á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og hafa því í för með sér þann ávinning að samræmd beiting þeirra tryggir viðurkenningu hvarvetna í álfunni. Eigandi loftfars skráðs á Íslandi á þannig mikið undir því að skoðun á útbúnaði vélar hafi farið fram með viðurkenndum hætti á grundvelli samræmdra reglna. Beiting hinna samræmdu reglna er forsenda þess að eigandinn geti leigt vélina til annarra landa og fengið að fljúga um lofthelgi annarra ríkja. Með sama hætti er það mikilvægt að skip, sem ganga kaupum og sölum milli ríkja, séu útbúin með þeim hætti að öryggi þeirra sé tryggt og að ekki þurfi kostnaðarsama ástandsskoðun og endurnýjun á búnaði þegar skip er keypt að utan. Fullvissa um að byggingavörur séu framleiddar í samræmi við staðla er forsenda þess að markaðsaðgangur fyrir þær sé tryggður. Þá felst í umræddum reglum að unnt á að vera að einfalda og stytta regluverkið í landsrétti að mun, þar sem unnt á að vera að vísa í því til alþjóðlega viðurkenndra viðmiða um gæði, gerð og búnað.

Gildi reglna af þessum toga er hins vegar í besta falli óljóst að íslenskum rétti. Ákvæði laga um birtingu laga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla, nr. 64/1943, hafa verið túlkuð þannig að til að alþjóðlegar reglur af því tagi sem hér um ræðir geti talist bindandi hér á landi þurfi þær samsvarandi birtingarháttu og þar er greint. Í því skyni var birtingarlögunum breytt með lögum nr. 95/1994 og 63/2001, þar sem sett voru sérákvæði um birtingu EES-gerða.

Þær reglur sem hér um ræðir hafa á hinn bóginn mikla sérstöðu. EES-gerðir hafa í flestum tilvikum í för með sér efnisreglur og því var óhjákvæmilegt að setja sérreglur þar um. Í því tilviki sem hér um ræðir er hins vegar fyrst og fremst um að ræða tæknilegar útfærslureglur, fremur en efnisreglur. Umfang þeirra og tæknileiki endurspegla breytingar í atvinnuháttum og sífellt flóknari viðmið í framleiðslu og þjónustu. Almennt hafa þessar reglur ekki verið leiddar í lög hér á landi með hefðbundnum hætti. Í sumum tilvikum er vísað til þeirra í reglugerðum, í öðrum eru hlutar þeirra þýddir og settir sem reglugerð, en umfang þeirra og tíðni breytinga er slíkt að ekki er unnt að koma við þýðingu og birtingu þeirra með venjubundnum hætti. Umfangið hleypur á þúsundum blaðsíðna í hverju tilviki og kostnaður við birtingu yrði gífurlegur. Þá er ótalinn kostnaður við þýðingu. Þá er það staðreynd að reglurnar breytast með slíkum hraða að jafnvel þótt þýðingu yrði komið við, væri henni ólokið þegar ný útgáfa reglnanna liti dagsins ljós. Af því leiddi að íslensk fyrirtæki væru alltaf að vinna með úreltar reglur, en slíkt skapar verulega hættu fyrir markaðsaðgang erlendis. Tvö atriði skipta því í reynd höfuðmáli: Að unnt sé að beita fyrrgreindum reglum með sama hætti hér á landi og í öðrum löndum og að komast megi hjá sérstakri þýðingu og birtingu þessara reglna hér á landi, án þess að réttaröryggi þeirra sem með reglurnar fara verði lakara eftir en áður.

Ljóst er að núverandi staða veldur skaðlegri réttaróvissu, jafnt fyrir fyrirtæki og einstaklinga og fyrir hið opinbera. Þá er veruleg hætta á því að núverandi staða kalli á að eftirlitsstofnanir hins opinbera leggi óþarflega mikinn mannafla og fé í að staðfæra umræddar reglur að einhverju leyti, en án þess að íslensk fyrirtæki njóti þess ávinnings sem felst í því að farið sé að reglunum í einu og öllu. Allt veldur þetta óþarfa kostnaði í opinberri eftirlitsstarfsemi, sem er ekki í samræmi við meginreglu laga nr. 27/1999.

VI. Áhrif laganna og verkefnin framundan.

Fyrsta skipunartímabil ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur er nú á enda og því tilefni til þess að meta áhrif laganna um opinberar eftirlitsreglur og þann árangur sem náðst hefur. Lögin gera kröfu um breytt vinnubrögð við undirbúning og framkvæmd laga og reglugerða. Hér er um að ræða umfangsmiklar breytingar sem í raun krefjast nýs verklags. Reynslan undanfarin þrjú ár hefur sýnt að erfiðlega hefur gengið að fá einstök ráðuneyti til þess að fara að fullu að ákvæðum laganna um mat á þörf fyrir og áhrif nýrra eftirlitsreglna á þjóðfélagið. Þá hefur reynst erfitt að fá ráðuneytin til þess að endurskoða gildandi eftirlitsreglur í samræmi við ákvæði laganna þar um.

Breytingar á verklagi við gerð eftirlitsreglna, eins og skilgreint er í lögunum um opinberar eftirlitsreglur, er langtímaverkefni. Ráðgjafarnefndin telur margt hafa áunnist í þessu efni, en enn er það regla fremur en undantekning að drög að reglugerðum eða frumvörp til laga séu lögð fram án þess að fram hafi farið þjóðhagslegt mat á eftirlitsþætti draganna. Því blasir við að bæta þarf verklag í þessum efnum.

Ráðgjafarnefndin telur eðlilegt að hafa stöðugt til endurskoðunar reglugerðina um opinbert eftirlit og þann gátlista sem þar er settur fram í fylgiskjali og felur í sér leiðbeiningar til handa stjórnvöldum til að fara eftir við hið þjóðhagslega mat. Slík hjálpartæki eiga ávallt að vera eins einföld og skýr og kostur er. Eðlilegt er því að gátlistinn verði endurskoðaður í ljósi

reynslunnar og við þá endurskoðun verði tekið mið af athugasemdum þeirra sem hafa notað hann.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að komið verði á samræmdu vinnulagi við framkvæmd mats á þjóðhagslegum áhrifum laga- og reglugerðarfrumvarpa og stuðlað að því að reglugerðarmat verði notað sem hluti af ákvörðunarferli við setningu og endurmat á áhrifum eftirlitsreglna. Þannig er mikilvægt að hið þjóðhagslega mat liggi ávallt fyrir ráðherra, áður en hann setur reglugerð, og fyrir ríkisstjórn, áður en fjallað er um hvort frumvarp skuli lagt fyrir Alþingi. Þá er eðlilegt að þingmannafrumvörp sæti sömu athugun. Nefndin lítur svo á að á fyrsta skipunartímabili nefndarinnar hafi þessi ferill verið hafinn en að gera verði ráð fyrir að áfram verði haldið þegar ný nefnd verður skipuð. Mikilvægt er að fullt aðhald verði veitt af hálfu nýrrar ráðgjafarnefndar í þessu efni og að hún njóti við það verkefni óskoraðs stuðnings ríkisstjórnar, Alþingis, einstakra alþingismanna og nefndarformanna og starfsmanna þingnefnda. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst fullnægjandi árangur í að fá fram hið þjóðhagslega mat á þessum fyrstu þremur starfsárum, má minna á að með lögunum um opinbert eftirlit var bryddað upp á algerlega nýrri hugsun um efnistakmarkanir á frumvörpum til laga og reglugerða. Því má vænta þess að betur gangi þegar hin nýja hugsun hefur fest sig í sessi.

Verkefni á sviði opinbers eftirlits munu stöðugt halda áfram að aukast. Jafnframt hefur rutt sér til rúms aukin áhersla á umbætur í reglusetningu í öllum vestrænum ríkjum. Með setningu laganna árið 1999 skipaði Ísland sér í fremstu röð OECD-ríkja hvað þetta varðar. Mikilvægt er að áfram verði unnið að því að fylgjast með þróun á þessu sviði, jafnt innan OECD og innan Evrópusambandsins. Þá er ljóst að með EES-samningnum og samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina skuldbatt Ísland sig til þess að við setningu eftirlitsreglna skyldi vísað sem kostur er til evrópskra eða alþjóðlegra staðla, til að einfalda regluverk, auka gagnsæi þess og samræma regluverk í ólíkum löndum. Til þess að þetta gangi eftir þarf að auka kynningu á stöðlum innan stjórnsýslunnar, svo stjórnvöldum sé ljóst í hversu ríkum mæli unnt er að byggja á stöðlum við gerð eftirlitsreglna. Þá hefur sú þróun átt sér stað að tilkynningakerfi það um drög að lögum og reglugerðum, sem sett var upp með EES-samningnum, hefur breyst á þann veg að nú mun þurfa að tilkynna mat, áþekkt því sem kveðið er á um í lögunum um opinberar eftirlitsreglur, samhliða því sem drög að lögum og reglugerðum eru tilkynnt öðrum samningsríkjum. Sú breyting mun auka á mikilvægi þess að þjóðhagslegt mat verði að sjálfsögðum og eðlilegum hluta undirbúnings nýrrar löggjafar og reglugerða.

Á þessu fyrsta skipunartímabili ráðgjafarnefndarinnar var henni látið í té takmarkað vinnuframlag af hendi forsætisráðuneytisins. Undir lok þessa tímabils fór hins vegar að koma í ljós að nefndin þarf, eigi hún að geta sinnt verkefnum sínum sem skyldi, að geta átt meiri og stöðugri aðgang að vinnuframlagi en formaður og einstakir nefndarmenn geta veitt, ekki síst þar sem verkefni nefndarinnar eru í síauknum mæli kerfisbundin.

Ráðgjafarnefndin leggur til að gripið verði til eftirfarandi aðgerða af hálfu forsætisráðuneytisins við upphaf skipunartíma nýrrar nefndar:

- Kynna þarf frekar efnisákvæði laganna og reglugerðarinnar um opinberar eftirlitsreglur. Í því samhengi þarf að horfa til embættismanna innan stjórnsýslunnar og til starfsmanna Alþingis, jafnt og til þingmanna og til ráðherra. Markmiðið þarf að vera að öllum frumvörpum til laga og reglugerða fylgi mat á þjóðhagslegum áhrifum eftirlits.
- Koma þarf á fót skipulegum samskiptum ráðgjafarnefndarinnar og Alþingis til þess að tryggja að nefndin hafi vitneskju um framlögð frumvörp, sem kunna að fela í sér eftirlitsþætti.

- Tryggja þarf að ráðuneyti sinni ákvæðum laga og reglugerðar um endurskoðun á gildandi eftirlitsreglum. Þá þarf að tryggja að ráðuneyti skili forsætisráðuneytinu yfirliti, í samræmi við ákvæði laganna, um allar gildandi eftirlitsreglur, sem síðan verði haldið dagréttum.
- Kynna þarf helstu markmið laganna og áhrif þeirra á framkvæmd eftirlits, þar með talin áhrif á kerfissetningu eftirlits þegar faggiltar skoðunarstofur eru notaðar við framkvæmd eftirlitsins. Kynna þarf alþjóðastaðla sem fjalla um faggiltar skoðunarstofur og auka á skilning eftirlitsstjórnvalda á því að unnt sé að nota skoðunarstofur til að sinna framkvæmd eftirlits, þrátt fyrir að stjórnvaldshlutverkið sé áfram óskipt hjá stjórnvaldinu.
- Æskilegt væri að ríkisstjórnin samþykkti sams konar verklagsreglur varðandi þjóðhagslegt mat á eftirlitsreglum og nú gilda varðandi áhrif frumvarpa á afkomu ríkissjóðs. Þannig væri tryggt að drögum að stjórnarfrumvarpi fylgdi ávallt mat á eftirlitsþætti frumvarpsins og þjóðhagslegri hagkvæmni hans þegar frumvarp væri lagt fram í ríkisstjórn.
- Kanna þarf möguleika á að styrkja starfsemi nefndarinnar á þann veg að starfsmaður forsætisráðuneytisins vinni með nefndinni.
- Kanna þarf á hvern hátt gerð mats á þjóðhagslegum áhrifum tengist tilkynningakerfi EES um tæknilegar reglugerðir og koma þarf upp verklagsreglum um samvinnu.

847. Svar [451. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingvarsdóttur um kynferðisbrot.

1. *Hversu margar kærur hafa borist undanfarin 10 ár fyrir brot gegn ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga?*

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kærðra kynferðisbrota hjá lögreglu á landinu öllu frá 1998 til 2001 eftir ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga. Þessar upplýsingar byggjast á ársskýrslum ríkislögreglustjórans og er miðað við fjölda skráðra brota í málaskrá. Tölur frá árinu 1998 eru teknar beint úr miðlæga málaskrárkerfinu í desember 2002, en þær voru á sínum tíma teknar saman af lögreglustjórunum sjálfum.

Fjöldi kærðra kynferðisbrota á Íslandi frá 1998 til 2001 eftir brotaflokki (194.–202. gr. almennra hegningarlaga) var sem hér sést:

	1998	1999	2000	2001
Kynferðisbrot, nauðgun (194. gr.)	44	48	36	51
Kynferðisbrot, ólögmæt nauðung (195. gr.)	1	0	4	4
Kynferðisbrot, misneyting (andlegir annmarkar, rænuleysi) (196. gr.)	14	19	17	32
Kynferðisbrot, misneyting (varúðarákvæði, trúnaðarbrot) (197. gr.)	4	10	13	5
Misneyting, kynmök (frekleg misn. aðstöðu) (1. mgr. 198. gr.)	2	0	1	0
Kynferðisbrot, önnur kynferðisáreitni (2. mgr. 198. gr.)	10	10	12	11
Kynferðisbrot, svik (villa um hjúskap) (1. mgr. 199. gr.)	1	0	0	0
Kynferðisbrot, sifjaspell (1. mgr. 200. gr.)	0	3	4	4
Kynferðisbrot, sifjaspell (önnur kynferðisleg áreitni) (2. mgr. 200. gr.)	0	3	10	5
Kynferðisbrot, sifjaspell (kynmök systkina) (3. mgr. 200. gr.)	0	1	1	1
Kynferðisbrot, mök við börn uppalanda (1. mgr. 201. gr.)	0	3	3	8

	1998	1999	2000	2001
Kynferðisbrot, önnur kynferðisleg áreitni við börn uppalanda (2. mgr. 201. gr.)	1	0	5	8
Kynferðisbrot, mök við yngri en 14 ára (fyrri málsliður 1. mgr. 202. gr.)	7	9	18	23
Kynferðisbrot, mök við 14–16 ára (2. mgr. 202. gr.)	4	5	5	4
Kynferðisbrot, við yngri en 14 ára (síðari málsliður 1. mgr. 202. gr.)	8	8	20	19
Samtals	**96**	**119**	**149**	**175**

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um fjölda kæra 10 ár aftur í tímann. Hér hafa verið teknar saman þær upplýsingar sem fyrirliggjandi eru og er greint frá forsendum talnanna í hverrri línu fyrir sig. Almennt ber þó að hafa það í huga að miðað er við það ár sem brot er kært til lögreglu sem þarf ekki að vera sami tími og brot á sér stað. Þannig er stundum um brot að ræða sem eiga sér ítrekað stað yfir lengri tíma sem eru talin hér einu sinni á því ári sem brotið er kært. Þá getur einn verknaður falið í sér fleiri en eitt brot.

Upplýsingar um fjölda kæra á árinu 2002 liggja ekki enn fyrir en bráðabirgðatölur sem teknar voru saman af ríkislögreglustjóra fylgja með svarinu í fylgiskjali.

2. *Hversu margir dómar féllu á sömu árum fyrir brot gegn þessum ákvæðum?*

Eftirfarandi tafla sýnir hversu margir dómar féllu á hverju ári fyrir brot gegn nefndum ákvæðum. Þá er samanlagður fjöldi brota gegn hverju ákvæði á þessu tímabili feitletraður neðst í töflu við hvert ákvæði og samanlagður fjöldi brota gegn öllum ákvæðunum á hverju ári feitletraður lengst til hægri í töflu.

Ár	194. gr.	195. gr.	196. gr.	197. gr.	198. gr.	199. gr.	200. gr.	201. gr.	202. gr.	Alls
1992	8	1		1				1	8	**19**
1993	13		7					1	5	**26**
1994	13		2					3	8	**26**
1995	12	2		7	2		2		9	**34**
1996	7	1	3				1	1	9	**22**
1997	6		9				1	4	8	**28**
1998	4		8			1	1		10	**24**
1999	3	1	3				2		13	**22**
2000	5	1	5	1			1		11	**24**
2001	5	2	2				7	4	16	**36**
2002	4	1	5					2	6	**18**
Samtals	**80**	**9**	**44**	**9**	**2**	**1**	**15**	**16**	**103**	**279**

3. *Telur ráðherra ástæðu til þess að þyngja lágmarksrefsingu fyrir kynferðisbrot með hliðsjón af vægum dómum fyrir slík brot þrátt fyrir rúman refsiramma?*

Á undanförnum árum hefur þeirri stefnu verið fylgt á Norðurlöndunum að afnema sem flest sérákvæði laga um refsilágmark og eru slík ákvæði fátíð í íslenskum hegningarlögum. Dæmi um slíkt ákvæði er nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga (194. gr.) en þar er refsilágmark eins árs fangelsi og refsihámark 16 ára fangelsi. Á hinum Norðurlöndunum er lágmarksrefsing tilgreind í nauðgunarákvæðum hegningarlaga að Danmörku undanskilinni en þar hefur refsilágmark í kynferðisbrotakaflanum verið afnumið með öllu. Í Finnlandi er lágmarksrefsing fyrir almennt nauðgunarbrot eitt ár en í Svíþjóð og Noregi tvö ár. Í Svíþjóð og

Noregi eru einnig ákvæði um refsilágmark í öðrum ákvæðum kynferðisbrotakaflans svo sem í ákvæðum sem leggja refsingu við samræði við börn, en slík ákvæði eru ekki í dönskum og finnskum lögum.

Þau rök sem hafa verið færð fram í tilfellum þar sem refsilágmark hefur verið afnumið eru einkum að aðferðir við framningu viðkomandi brota geti verið mismunandi vítaverðar og aðdragandi mismunandi. Reynslan hafi sýnt að tiltekið lágmark refsingar hafi í slíkum tilvikum reynst óheppilegt. Þegar ákvæði kveða á um lágmarksrefsingu er enginn möguleiki á að dæma vægari refsingu þrátt fyrir að aðstæður séu allar með því móti að til refsilækkunar horfi. Heppilegra hefur reynst að fela dómurum að meta aðstæður í hverju tilviki og kveða á um viðeigandi refsingu.

Hvað varðar kynferðisbrot gegn börnum er vert að geta þess að í desember 2002 var lagt fyrir ríkisstjórn frumvarp þar sem m.a. eru lagðar til breytingar á 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga. Frumvarpið var samið af refsiréttarnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Í frumvarpinu er lagt til að hámark refsingar í nefndum ákvæðum verði hækkað, annars vegar úr sex árum í átta ár og hins vegar úr 10 árum í 12 ár. Í greinargerð með frumvarpinu segir að með þessari breytingu sé gert ráð fyrir að refsingar þyngist. Sérfræðingar refsiréttarnefndar töldu slíka leið vænlegri en að lögfesta ákveðið refsilágmark.

Að þessu virtu hefur ekki verið talið ráðlegt að þyngja lágmarksrefsingu fyrir kynferðisbrot í því skyni að þyngja refsingar við þeim brotum.

4. *Telur ráðherra ástæðu til þess að lengja enn frekar fyrningarfrest vegna brota gegn ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga?*

Margar mikilvægar ástæður mæla með fyrningarreglum í hegningarlögum, enda eru þær almennt viðurkenndar sem meginreglur á sviði refsiréttar. Þegar ákvörðun er tekin um lögfestingu fyrningarreglna er nauðsynlegt að taka tillit til þeirra lagasjónarmiða sem gilda almennt um fyrningu i refsiréttinum. Fræðimenn hafa talið margar ástæður mæla með fyrningarreglum og gegn óhóflega löngum fyrningarfresti. Þar megi helst nefna hagkvæmnis-, sanngirnis- og skynsemisrök en tilfinningarök hafi einnig vissulega áhrif. Eftir því sem lengri tími líði frá refsiverðri háttsemi séu meiri líkur til að sönnunargögn glatist og að erfiðara sé að afla þeirra. Þá sé málsvörn einnig erfið í slíkum málum. Sjónarmið sem réttlæti refsingu verði almennt veikari eftir því sem lengra líði frá broti og með tímanum dragi úr refsiþörf og fullnustuþörf. Oft hefur brotamaður breytt lífi sínu til hins betra og hagir hans breyst að öllu leyti. Þörfin fyrir útrás vanþóknunar og fordæmingar minnki einnig smám saman þótt vissulega njóti kynferðisbrot nokkurrar sérstöðu. Einu brotin sem fyrnast ekki samkvæmt almennum hegningarlögum eru þau brot sem geta varðað ævilöngu fangelsi.

Með lögum nr. 63/1998 var gerð breyting á fyrningarreglum almennra hegningarlaga til að bæta réttarstöðu þolenda kynferðisbrota. Í frumvarpi með nefndum lögum kom fram að þegar kynferðisbrot beindust gegn börnum væri hætt við að fyrningarfrestur væri liðinn þegar börn hefðu ná þeim þroska sem þyrfti til þess að gera sér grein fyrir því að um refsivert brot væri að ræða. Auk þess var talið hætt við að börn hefðu takmarkaða möguleika á að kæra slík afbrot. Í lagabreytingunni fólst að í stað þess að miða upphaf fyrningarfrests eingöngu við það tímamark þegar refsiverðum verknaði lauk, þá mætti miða hann við það tímamark þegar brotaþoli hefði náð 14 ára aldri. Þá sagði einnig í frumvarpinu að hafa bæri í huga að samkvæmt breytingunni færi fyrningarfresturinn aldrei að líða fyrr en við 14 ára aldursmarkið. Innan þess frests mætti almennt ætla að brotaþoli hefði náð nægilegum þroska til þess að gera sér grein fyrir afbrotinu og átt kost á að kæra það.

Samkvæmt breytingunni getur brotaþoli kært kynferðisbrot allt til 29 ára aldurs ef það hefur verið fullframið fyrir 14 ára aldur hans og síðar ef brotið hefur verið framið eftir að brotaþoli náði 14 ára aldri. Til samanburðar má nefna að réttarvernd annars staðar á Norðurlöndunum er mjög sambærileg við það sem gerist hér á landi að Noregi undanskildum. Í dönskum rétti miðast upphaf fyrningar við 18 ára aldur en sjálfur fyrningarfresturinn er styttri eða 10 ár fyrir brot sem geta varðað þyngri refsingu en 10 ára tímabundnu fangelsi. Í sænskum rétti er miðað við 15 ára aldur og fyrningarfrestur er 15 ár þegar refsing getur varðað þyngri refsingu en átta ára fangelsi, en í Finnlandi er upphaf fyrningarfrests einungis miðað við þann dag sem refsiverðum verknaði lauk en fyrningarfresturinn er 20 ár fyrir brot sem varða þyngri refsingu en átta ára fangelsi. Samkvæmt norskum rétti getur fyrningarfresturinn orðið lengstur en þar er miðað við að hann hefjist við 18 ára aldur og fresturinn er 25 ár þegar refsing getur varðað allt að 21 árs fangelsi.

Með breytingunni sem gerð var á almennu hegningarlögunum með lögum nr. 63/1998 var réttarvernd barna á þessu sviði aukin verulega. Samkvæmt meginreglum refsiréttar er þó ekki hægt að beita þessum nýju ákvæðum afturvirkt og geta þau því ekki átt við brot sem framin eru fyrir þann dag sem lögin voru samþykkt og birt árið 1998. Þeir dómar sem hafa gengið á síðustu árum þar sem sýknað hefur verið vegna fyrningar eru vegna brota sem framin hafa verið fyrir gildistöku laga 63/1998 og lúta því eldri fyrningarreglum. Ekki hefur komið upp tilvik þar sem mál hefur verið talið fyrnt samkvæmt fyrrnefndri lagabreytingu.

Þá er rétt að geta þess að með þeirri vitundarvakningu sem hefur orðið í þjóðfélaginu á síðustu árum varðandi kynferðisbrot gegn börnum eru líkur á að þessi brot komi fyrr upp á yfirborðið en áður. Fjöldi stofnana og samtaka hafa öðlast mikla sérþekkingu á þessu sviði og er slíkt fallið til þess að greiða fyrir því að mál sem þessi komi strax upp á yfirborðið og fari í réttan farveg. Má í þessu sambandi nefna að kærum til lögreglu og dómsmálum vegna kynferðisbrota gegn börnum hefur fjölgað verulega síðastliðin 10 ár. Þá hafa einnig ýmis samtök og stofnanir öðlast mikla sérþekkingu í þessum málaflokki. Slík samtök og stofnanir, svo sem neyðarmóttaka vegna kynferðisofbeldis, Stígamót, Kvennaathvarfið, Barnaverndarstofa og Barnaheill hafa verið vel kynnt í þjóðfélaginu og greiðir það fyrir því að þessi brot komi upp á yfirborðið. Þá hafa rannsóknaraðferðir sem beitt er í þessum málum sem og málsmeðferð í heild tekið stórstígum framförum og má t.d. nefna Barnahús í því sambandi.

Með vísan til þess sem hér hefur verið sagt er talið að núgildandi ákvæði um fyrningu í almennum hegningarlögum veiti þolendum kynferðisbrota nægа réttarvernd og því ekki talin ástæða til, að svo stöddu, að gera breytingar þar á.

Fylgiskjal.

Ríkislögreglustjóri:

Skráð kynferðisbrot 2002, bráðabirgðatölur.
(22. janúar 2003.)

Fjöldi skráðra kynferðisbrota sem falla undir 194.–202. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt málaskrá 17. janúar 2003. Hafa verður þann fyrirvara á þessum tölum að þær eru teknar mun fyrr út á árinu en tölur fyrri ára.

	Fjöldi
Kynferðisbrot, nauðgun (194. gr.)	71
Kynferðisbrot, ólögmæt nauðung (195. gr.)	2
Kynferðisbrot, misneyting (andlegir annmarkar, rænuleysi) (196. gr.)	31
Kynferðisbrot, misneyting (varúðarákvæði, trúnaðarbrot) (197. gr.)	6
Kynferðisbrot, önnur kynferðisáreitni (2. mgr.198. gr.)	5
Kynferðisbrot, sifjaspell (1. mgr. 200. gr.)	4
Kynferðisbrot, sifjaspell (önnur kynferðisleg áreitni) (2. mgr. 200. gr.)	9
Kynferðisbrot, mök við börn uppalanda (1. mgr. 201. gr.)	3
Kynferðisbrot, önnur kynferðisleg áreitni við börn uppalanda (2. mgr. 201. gr.)	1
Kynferðisbrot, mök við yngri en 14 ára (fyrri málsliður 1. mgr. 202. gr.)	13
Kynferðisbrot, mök við 14–16 ára (2. mgr. 202. gr.)	2
Kynferðisbrot, við yngri en 14 ára (síðari málsliður 1. mgr. 202. gr.)	24
Samtals	**171**

848. Svar [479. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins urðu til tvö stöðugildi á landsbyggðinni árið 2002. Um er að ræða stöðu hjá varasjóði húsnæðismála, sem vistaður hefur verið á Sauðárkróki, og stöðu atvinnu- og jafnréttisráðgjafa í Norðausturkjördæmi. Hér að aftan er gerð grein fyrir starfseminni.

1. Varasjóður húsnæðismála.

Með lögum nr. 86/2002, um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum, var lagður grunnur að starfrækslu nýs sjóðs, varasjóðs húsnæðismála. Hinum nýja sjóði er ætlað að veita framlög til sveitarfélaga og félaga á þess vegum vegna félagslegra íbúða, sbr. nánari ákvæði þar að lútandi, og tekur hann jafnframt við öllum réttindum og skyldum varasjóðs viðbótarlána sem lagður verður niður samhliða.

Setning fyrrgreindra laga um varasjóð húsnæðismála og reglugerðar hans, nr. 656/2002, byggist á samkomulagi félags- og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. apríl 2002.

Varasjóður húsnæðismála tók formlega til starfa 1. ágúst 2002 og lagðist starfsemi varasjóðs viðbótarlána því niður frá og með sama tíma.

Ákveðið var að starfsemi varasjóðsins flyttist til Sauðárkróks frá og með 1. nóvember 2002 og er því um nýtt starf á landsbyggðinni að ræða er nemur einu stöðugildi.

2. Samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis og Byggðastofnunar um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa.

Þriggja ára tilraunaverkefni um jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra var hrint af stað af hálfu félagsmálaráðuneytisins 26. mars 1998. Meginverkefni ráðgjafans var að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Enn fremur átti hann að vinna í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur í kjördæminu.

Með samningi milli félagsmálaráðuneytisins og Byggðastofnunar hefur verið tekin ákvörðun um að færa verkefnið út og framlengja það. Um er að ræða samstarfsverkefni þessara aðila um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa á landsbyggðinni. Samstarf aðilanna gildir til ársins 2005 og munu ráðgjafarnir verða á Blönduósi, í Norðausturkjördæmi og í Suðurkjördæmi. Verður byggt á starfi jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra og mun því nýtast öðrum héruðum landsins til sóknar fyrir konur í dreifbýli á vinnumarkaðinn. Verkefnið er sérstaklega brýnt því að talið er að staða kvenna á vinnumarkaði hafi versnað hlutfallslega gagnvart körlum á landsbyggðinni.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir:

- framhaldi á núverandi starfi jafnréttisráðgjafa á Blönduósi, sem verður atvinnu- og jafnréttisráðgjafi hins nýja Norðvesturkjördæmis til 31. júlí 2003,
- að frá og með 1. ágúst 2002 til ársloka 2004 verði ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Norðausturkjördæmi,
- að frá og með 1. ágúst 2003 til ársloka 2005 verði ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Suðurkjördæmi.

849. Tillaga til þingsályktunar [511. mál]

um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi samþykkir að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Verk-

efninu verði ætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004. Byggðarannsóknastofnun skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2005 og 2007 og síðan í lok verkefnisins. Þá verði stofnunin stjórnvöldum til ráðuneytis á tímabilinu verði þess óskað.

Greinargerð.

Bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers við Reyðarfjörð sem af ýmsum hafa verið kallaðar stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar, svo og starfræksla álversins munu hafa mikil áhrif á samfélags-, byggða- og atvinnuþróun á áhrifasvæði framkvæmdanna. Hversu mikil eða víðtæk þau áhrif verða er ekki vitað. Verkefnið mun hafa einhver áhrif um allt land, nokkur þjóðhagsleg áhrif en annars konar og meiri á helstu áhrifasvæðum og mest verða áhrifin væntanlega á Miðausturlandi. Þessum framkvæmdum er líka ætlað að hafa áhrif í þá veru að efla og styrkja byggð á Austurlandi og jafnvel víðar. Menn eru hins vegar ekki á einu máli um hver eða hversu víðtæk hin samfélagslegu áhrif verða. Allir eru þó sammála um að þessar framkvæmdir munu hafa mikil áhrif.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki alveg þær sömu og Reyðarál fyrirhugaði og Landsvirkjun taldi nauðsynlegar til að tryggja álveri Reyðaráls næga orku þegar það yrði komið í fulla stærð. Um það verkefni voru þó unnar tvær viðamiklar skýrslur um samfélagsleg áhrif framkvæmdanna sem draga má ályktanir af. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (nú Byggðarannsóknastofnun Íslands) skilaði í mars 2001 skýrslunni *Kárahnjúkavirkjun. Mat á samfélagsáhrifum,* sem unnin var fyrir Landsvirkjun og er hluti af mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Þá skilaði Nýsir hf. í maí 2001 skýrslu sem unnin var af sömu ástæðu fyrir Reyðarál sem nefnist *Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði.* Efnislegar athugasemdir hafa komið fram við þessar skýrslur, m.a. í umsögnum og athugasemdum sérfræðinga sem tóku að sér að rýna í þær fyrir Landvernd. Þar má nefna athugasemdir dr. Ívars Jónssonar, dósents við Viðskiptaháskólann á Bifröst, við skýrslu Nýsis hf. og umsögn Þórólfs Matthíassonar hagfræðings, dósents við Háskóla Íslands, um bæði skýrslu Nýsis og skýrslu Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, sem þeir Kjartan Ólafsson og Grétar Þór Eyþórsson á Akureyri svöruðu.

Þessar skýrslur og umfjöllun um þær miðuðust sem áður segir við verkefni Reyðaráls þar sem reiknað var með meiri orkuöflun og tveggja áfanga álveri sem á endanum yrði nokkru stærra en það álver sem Fjarðaál hyggst nú reisa. Skýrslurnar gefa þó vísbendingar og eru þau gögn sem stuðst er við þegar kemur að samfélagslegum áhrifum framkvæmdanna, þ.e. áhrifum á byggða- og atvinnumál, á helsta áhrifasvæði framkvæmdanna. Sömuleiðis gefa skýrslur og athugasemdir ritrýnenda vísbendingar um efasemdir og álitaefni varðandi þróunina og þar með áhrifin á samfélag og byggð sem vænta má af svo miklum framkvæmdum á eins fámennu landsvæði og hér um ræðir. Til dæmis segir í skýrslu Nýsis: „Fyrirhugað álver í Reyðarfirði er stærsta tækifærið sem er í sjónmáli til að snúa byggðaþróun á Austurlandi við og auka samkeppnishæfi svæðisins þannig að það laði til sín fjármagn og atgervisfólk.“

Í athugasemdum ritrýnenda eru hins vegar leidd að því rök að niðurstaðan gæti jafnvel orðið sú að framkvæmdirnar og starfræksla álversins leiddu til fækkunar starfa á Austurlandi vegna ruðningsáhrifa. Einnig er þeirri spurningu varpað fram hvort framkvæmdirnar eystra gætu hugsanlega valdið byggðaröskun innan Austurlands, þ.e. að fólk flytti sig frá jaðarsvæðum fjórðungsins inn á Miðausturland.

Nýsir hf. Ráðgjafarþjónusta hefur gefið út nýja skýrslu sem kom út í nóvember sl. *Mat á samfélagslegum áhrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði.*

Mat skýrsluhöfundanna flestra er að tiltekin svið samfélagsins séu viðkvæmari fyrir áhrifum en önnur og verði því fyrir meiri áhrifum. Áhrifin eru líka háð nálægð við aðalframkvæmdasvæðið, auk þess sem margir hafa mjög mikil samskipti við framkvæmdaraðila, eða eru jafnvel beinir þátttakendur í verkefninu. Erfitt reyndist að kortleggja þessi áhrif nákvæmlega fyrir fram en t.d. er um að ræða áhrif á:

a. efnahag og möguleika fólks til að afla sér tekna,
b. vinnumarkað,
c. mannfjölda og búsetuþróun,
d. starfsemi sveitarfélaga og þjónustu þeirra,
e. húsnæðismál,
f. almenna þjónustu,
g. opinbera þjónustu,
h. nýtingu lands og auðlinda,
i. ferðaþjónustu og
j. félagsgerð og lífsstíl fólks.

Almennt má segja að ýmis mikilvæg gögn skorti svo að unnt sé að meta áhrif framkvæmdanna sem æskilegt væri. Þar má meðal annars benda á að:

— Gögn um skiptingu vinnuafls við framkvæmdirnar milli landsvæða og atvinnugreina eru fátækleg. Lítið er vitað um búsetu starfsfólks sem og úr hvaða starfsgreinum það kemur. Því hefur við áætlanir á þessum áhrifum verið stuðst við gömul og ófullkomin gögn.
— Ekki er vitað vel um hlutfall heimamanna í verkefnunum og því í raun erfiðara en ella að meta staðbundin áhrif.
— Ekki er vitað hver ruðningsáhrif framkvæmdanna á aðrar atvinnugreinar, sem og byggingariðnaðinn, verða, hversu mikið þær taki til sín fólk úr öðrum atvinnugreinum og að hve miklu leyti það muni hamla því að hægt verði að sinna öðrum verkefnum.
— Óvíst er hver þensluáhrif framkvæmdanna kunna að verða, hvort launaskrið verður á vinnumarkaði, hvort dýrara verður fyrir einstaklinga að kaupa vinnu, eða hvort framkvæmdirnar muni bitna á fyrirtækjum og sveitarfélögum, m.a. vegna hærri tilboða í verkefni?
— Margfeldisáhrif framkvæmda við íslenskar aðstæður hafa ekki verið athuguð, og því óvíst hvort og hver þau yrðu. Ýmsum spurningum um staðbundin áhrif á vinnumarkað, og þar af leiðandi íbúafjölda á svæðinu, yrði svarað ef gera mætti sér grein fyrir þeim.

Fullyrt hefur verið að ýmsir félagslegir þættir verði fyrir slæmum áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum. Hraði og spenna í samfélaginu muni aukast og það rýri ýmis af þeim samfélagsgæðum sem talin eru ríkja á Austurlandi.

Um það hefur ríkt nokkuð almenn samstaða á Íslandi að byggja þurfi landið til að nýta sem best gögn þess og gæði. Byggðarannsóknir og byggðaáætlanir eiga sér þó ekki langa sögu hér. Stjórnvöld á hverjum tíma hafa verið gagnrýnd fyrir andvaraleysi og aðgerðaleysi í byggðamálum og sýnst sitt hverjum. Það er þó öllum ljóst að gangi þær framkvæmdir eftir sem nú eru fyrirhugaðar á Austurlandi munu þær hafa mikil samfélagsleg áhrif á helsta áhrifasvæði framkvæmdanna og á byggða- og atvinnuþróun langt út fyrir það. Nú gefst einstætt tækifæri til að rannsaka og meta þessi áhrif og þá að nýta niðurstöður þeirra rannsókna til inngripa ef stjórnvöld meta slíkt nauðsynlegt. Það væri til vansa að ráðast í svo gríðarlegar framkvæmdir sem hér um ræðir án þess að kanna afdrif mannfólksins, rétt eins og náttúrunnar, en fylgst verður náið með henni á tilteknum svæðum svo að unnt verði að bregðast við ef þurfa þykir. Auk þess sem rannsókn af þessu tagi gæti leitt til skynsamlegra mótvægisaðgerða gefst hér einstakt tækifæri til byggðarannsókna, til þess m.a. að átta sig á hvaða kraftar

kunna að vera að verki þegar fólk tekur ákvörðun um búsetu og fjárfestingu og til hvaða aðgerða stjórnvöld geta gripið vilji þau hafa bein áhrif á byggðaþróun. Rannsóknarniðurstöður gætu því nýst fleirum en Íslendingum ef vel væri að verki staðið.

Afar mikilvægt er að safna upplýsingunum jafnóðum og framkvæmdir eru í gangi, því að í mörgum tilfellum er ógerlegt eða til muna erfiðara að nálgast þær eftir á. Þá tryggir eftirlit sem þetta betri möguleika á viðbrögðum ef eitthvað virðist ætla að ganga í aðra átt en vænst var eða æskilegt þykir. Því er mikilvægt að þegar verði lögð drög að þeirri vinnu sem hér er gerð tillaga um.

Þessi þingsályktunartillaga gæti allt eins heitið tillaga um eftirlit, ekki bara með náttúru landsins heldur einnig öðrum aðstæðum fólks. Hún snýst um það hvernig við getum nýtt þessa reynslu til þess m.a. að takast á við byggðamálin í framtíðinni.

850. Tillaga til þingsályktunar [512. mál]

um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisvaldinu að ráðast í átak til að fjölga leiguíbúðum og stuðla að viðráðanlegum leigukjörum í samráði við sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna og félagasamtök. Í því skyni verði gerð fjögurra ára áætlun með það að markmiði að leysa húsnæðisvanda þeirra sem eru á biðlista eftir leiguhúsnæði og þeirra sem nú eiga hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.

Þessu markmiði verði náð með eftirfarandi hætti:

a. Heimilt verði að veita 95% lán til sveitarfélaga og félagasamtaka og annarra aðila sem hafa það að markmiði að koma á fót leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir láglaunafólk, enda lúti þeir reglum um eftirlit með byggingarkostnaði, leiguverð og þinglýsingu á leigusamningi. Stofnað verði til sérstaks lánaflokks hjá Íbúðalánasjóði þar sem settar verði samræmdar reglur og skilyrði fyrir slíkum lánum.
b. Vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir, svo og húsaleigubætur tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar.
c. Stimpilgjöld falli niður hjá framkvæmdaraðilum leiguíbúða, enda verði slík niðurfelling skilyrt útleigu á íbúðum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að veita afslátt af gatnagerðargjöldum vegna byggingar slíkra íbúða.
d. Leitað verði samstarfs við lífeyrissjóði um að styrkja átakið með kaupum á sérstökum húsnæðisbréfum.
e. Rýmkuð verði tekjuskilyrði fyrir rétti til leiguíbúða fyrir fólk sem nú á hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.
f. Ríkissjóður greiði 85% þess framlags sem til þarf til að ná fyrrgreindu markmiði og sveitarfélögin 15%.

Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára verði lögð fyrir Alþingi strax á haustþingi 2003 ásamt nauðsynlegum lagabreytingum sem taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2004.

Greinargerð.

Flestir viðurkenna að neyðarástand ríkir í húsnæðismálum láglaunafólks, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Beint samhengi er á milli þess að félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður og langra biðlista sem hafa tvöfaldast á sl. þremur árum. Þótt leitað sé langt aftur í tímann eru það fáar ef nokkrar aðgerðir sem haft hafa eins afgerandi áhrif til að draga niður lífskjör láglaunafólks og að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið án þess að á sama tíma lægi fyrir lausn á húsnæðismálum láglaunafólks. Auk langra biðlista hefur bæði fasteignaverð og leiguverð íbúða rokið upp í kjölfar breytinganna á húsnæðiskerfinu fyrir þremur árum. Þannig hækkaði íbúðaverð um 30–40% á skömmum tíma og leiguverð íbúða enn meira, en algengt er að leiguverð tveggja til þriggja herbergja íbúða í Reykjavík sé nú 70–90 þús. kr. Niðurlagning félagslega húsnæðiskerfisins ásamt miklum flutningi fólks af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið hefur átt hér stærstan hlut að máli.

Áhrif þessara breytinga á húsnæðiskerfinu urðu mjög víðtæk en auk langra biðlista og sprengingar á íbúða- og fasteignaverði hækkaði í kjölfarið fasteignamat íbúða og þar með fasteignagjöld og því fylgdi í mörgum tilvikum skerðing á barna- og vaxtabótum og hækkun á eignarskatti. Enginn einn þáttur hefur átt eins drjúgan þátt í að magna upp verðbólguna og hækkun íbúða- og leiguverðs ef undan er skilin stöðug hækkun á bensínverði.

Biðlistar.

Í apríl 2000 kom út skýrsla nefndar á vegum félagsmálaráðuneytisins sem falið var að vinna að úttekt á leigumarkaði og kanna þörf fyrir leiguíbúðir. Þar kemur fram að það vantaði um 1.250 leiguíbúðir til að tæma biðlista eftir leiguíbúðum hjá sveitarfélögum og 679 leiguíbúðir vantaði til að tæma biðlista hjá félagasamtökum. Nálægt 2.000 einstaklingar og fjölskyldur virðast því vera á biðlistum eftir leiguíbúðum.

Nýlegar upplýsingar benda til að frá því að þessi skýrsla var gerð hafi enn fjölgað á biðlistum eftir leiguíbúðum, en í Reykjavík einni eru um 1.800 einstaklingar og fjölskyldur á biðlistum. Hjá Félagsstofnun stúdenta voru umsóknir um 835 á síðasta ári og ekki var hægt að leysa þörf nema um 50–60% nemenda. Af þessum fjölda eru um 550 af landsbyggðinni og fjölgun á biðlistum námsmanna eftir leiguíbúðum er um 30–40% milli ára. Hjá Öryrkjabandalaginu eru nú um 375 öryrkjar á biðlista og við þann biðlista bætast um 100 öryrkjar á ári. Hjá Reykjavíkurborg hefur orðið veruleg aukning á sl. ári og eru nú 800 manns á biðlista og er aukningin um 40% á einu ári. Hjá stórum hluta þess fólks sem er á biðlista ríkir hreint neyðarástand. Verði ekkert að gert stefnir í afturhvarf til fortíðar, bæði vegna aðgerða og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar, afturhvarf til ömurlegrar húsnæðisaðstöðu fátæks fólks eins og hún var í upphafi síðustu aldar.

Félagsmálastjóri Reykjavíkur sagði nýverið opinberlega að ástandið á leigumarkaðnum færi stöðugt versnandi – biðlistarnir lengdust sífellt og fjöldi manns byggi við algjörlega óviðunandi aðstæður. Orðaði hún það svo að hún gæti af fullri einlægni sagt að það hefði aldrei verið eins slæmt ástand á leigumarkaðnum í Reykjavík frá því að hún hóf störf sem félagsmálastjóri fyrir sex árum.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Þessari miklu neyð sem ríkir hjá hundruðum fjölskyldna, einkum í Reykjavík, hefur ríkisstjórnin svarað með sérstakri vaxtahækkun á húsnæðislán lán þeirra sem við verstu

kjörin búa. Flestir þeir sem eru á biðlistum eru einstæðir foreldrar, lífeyrisþegar, námsmenn og mjög tekjulágar barnafjölskyldur. Vextir hafa hækkað frá 1998 úr 1% í allt að 4,9%. Viðbótarlán sem áttu að vera ígildi félagslegra lána til eignaríbúða fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður hafa hækkað úr 2,4% í 5,7, 1% lánaflokkur til leiguíbúða verið lagður af, en vextir af lánum til leiguíbúða hafa verið óbreyttir sl. 25 ár. Þrátt fyrir að oft og tíðum hafi á þessum árum verið gífurlegir erfiðleikar í efnahagslífinu hefur verið sátt um það í þjóðfélaginu að hækka ekki vexti á leiguíbúðum – þar til núverandi ríkisstjórn keyrir þá fast upp að markaðsvöxtum.

Flestir sem fá viðbótarlán og eru þegar með 85–90% lánað af íbúðarverði hafa þegar nýtt sér að fullu vaxtabæturnar og því er hér um raunhækkun á vöxtum að ræða sem ekki verður bætt með vaxtabótum. Sama virðist gilda hjá mörgum sem fá húsaleigubætur að ef leiga hækkar vegna þessarar vaxtahækkunar verður það ekki bætt með húsaleigubótum.

Í fyrrgreindri skýrslu nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði til að gera úttekt á leigumarkaðnum, kemur fram að hækkun vaxta á lánum til leiguíbúða úr 1% í 4,9% gæti að óbreyttu kallað á að leigugreiðslur á 60 fermetra íbúð hækkuðu úr 24.791 kr. á mánuði í 41.117 kr. eftir greiðslu húsaleigubóta, þ.e. um rúmar 16 þús. kr. á mánuði eða um 192 þús. kr. á ári. Jafnvel þótt greiddir yrðu 2 millj. kr. stofnstyrkir með hverri íbúð til framkvæmdar aðila hækkaði mánaðargreiðsla leigjenda engu síður um rúmar 5 þús. kr. á mánuði. Hér er miðað við 60 fermetra íbúð sem kostar 7,6 millj. kr. Samkvæmt skýrslunni þarf að veita nálægt 3 millj. kr. stofnstyrki til framkvæmdaraðila sem byggir slíka íbúð til að tryggja óbreytta mánaðarleigu eins og hún var miðað við 1% vexti. Athuga ber að raunhækkun er enn meiri en hér er getið þar sem þessar tölur miðast við árið 1998.

Líklegt er að félagasamtök og sveitarfélög muni draga verulega úr uppbyggingu leiguíbúða vegna þessara vaxtahækkunar. Reykjavíkurborg hefur þegar þurft að hækka leiguna um 12%, ekki eingöngu á nýjum íbúðum, heldur á öllum leiguíbúðum Reykjavíkurborgar. Ljóst er að afnám skatta á húsaleigubætur, sem verkalýðshreyfingin knúði í gegn á sl. ári í tengslum við kjarasamninga, hefur með þessu verið kippt úr vasa þessa sama lágtekjufólks með vaxtaokri ríkisstjórnarinnar.

Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að þegar í stað verði ráðist til atlögu við þann mikla vanda sem við er að glíma í húsnæðismálum láglaunafólks. Það verði gert með fjögurra ára áætlun til að auka framboð og uppbyggingu á leiguíbúðum. Að því verki þurfa að koma ríki, sveitarfélög, verkalýðshreyfingin, lífeyrissjóðir og félagasamtök sem byggja og koma á fót leiguíbúðum fyrir félaga sína.

Aðgerðir sem grípa þarf til eru margvíslegar. Þær þurfa bæði að ná til þeirra sem uppfylla skilyrði til að fá leiguíbúðir og eru á biðlistum. Sá hópur fer líka stækkandi sem hvorki uppfyllir skilyrði til að fá leiguíbúðir né lánafyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu. Þessi hópur hefur algjörlega lent á milli í þeirri breytingu sem ríkisstjórnin stóð fyrir á húsnæðiskerfinu fyrir þremur árum. Áður fékk þetta fólk aðstoð bæði í gegnum kaupleiguíbúðir og með 100% láni til eignaríbúða, en þessir valkostir gerðu fjölda einstaklinga og fjölskyldna kleift að eignast húsnæði. Kaupleigukerfið, sem nú hefur verið lagt af, leysti vanda margra, ekki síst þeirra sem hvorki höfðu rétt til leiguíbúða né uppfylltu skilyrði fyrir lánum á almenna markaðnum. Nauðsynlegt er að kanna hvort taka eigi aftur upp kaupleigukerfi og/eða rýmka tekjuskilyrði fyrir því að fá leiguíbúð.

Í tillögunni er lagt til að í þessu átaki verði heimilt að veita 95% lán til að koma á fót leiguíbúðum fyrir láglaunafólk og um þær lánveitingar verði stofnaður sérstakur lánaflokkur

en rétt til þeirra lánveitinga eigi sveitarfélög og félagasamtök. Hér er einnig lagt til að í þessari fjögurra ára framkvæmdaáætlun geti líka átt rétt á lánum aðrir aðilar sem hafa það að markmiði að koma á fót leiguhúsnæði fyrir láglaunafólk og uppfylla skilyrði og reglur sem Íbúðalánasjóður setur fyrir slíkum lánum. Þannig verða þeir að lúta reglum um eftirlit með byggingarkostnaði, leiguverð, sem ekki fari yfir 6% af stofnverði íbúðar, auk þinglýsingar á leigusamningi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að felld verði niður stimpilgjöld af þessum lánum og kannað verði hvort rétt sé að veita afslátt af gatnagerðargjöldum.

Lagt er til að endurskoða húsaleigubótakerfið og hætta skattlagningu húsaleigubóta. Húsaleigubætur hafa reynst mjög góð kjarabót fyrir láglaunafólk. Engin sanngirni er í því að skattleggja húsaleigubætur á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar. Þar sem húsaleigubætur eru skattskyldar geta þær bæði skert barnabætur og námslán sem vaxtabætur gera ekki. Húsaleigubótakerfið þarf bæði að skoða með tilliti til þess að rýmka tekjumörkin til að fleiri hafi aðgang að leiguíbúðum og einnig að rýmka réttinn um stærð leiguíbúðar, eins og að einstaklingsherbergi veiti einnig rétt til húsaleigubóta, en það mundi gagnast námsmönnum sérstak lega. Í tillögunni er miðað við að leigugreiðslur fari aldrei yfir 6% af stofnverði íbúðar, en þá er gert ráð fyrir að vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir verði 2–3 millj. kr. á hverja íbúð og að hætt verði skattlagningu á húsaleigubætur. Fjárhæð stofnstyrkja er byggð á útreikningum í fyrrnefndri skýrslu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að kanna þörf á leiguhúsnæði. Niðurstaða þeirrar nefndar var að 2–3 millj. kr. stofnstyrki þyrfti að greiða með tveggja til þriggja herbergja íbúð til að viðhalda sömu niðurgreiðslu á leiguíbúðum og var með 1% vaxtakjörum af 90% láni til leiguíbúða. Leigugreiðslur sem ekki fara yfir 6% af stofnverði íbúðar eiga að duga til að standa straum af afborgunum og vöxtum af 95% láni, vöxtum af framlagi framkvæmdaraðila, fasteigna- og brunabótaiðgjöldum og viðhaldi íbúðar og sameignar.

Forsendur þessara útreikninga eru svipaðar og notaðar eru hjá sveitarfélögunum vegna leiguíbúða. Leiguverð á tveggja og þriggja herbergja íbúð gæti með þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir numið um 25–30 þús. kr. á mánuði.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir komi að fjármögnun framkvæmdaáætlunar um uppbyggingu 2.400 leiguíbúða á fjórum árum, enda er ljóst að félagsmenn þeirra muni margir njóta góðs af þessu átaki. Átakið mun kosta á bilinu 4–5 milljarða kr. á fjórum árum í formi vaxtaendurgreiðslna og/eða stofnstyrkja, svo og niðurfellingar eða lækkunar á gjöldum hjá ríki og sveitarfélögum.

Þá er í tillögunni gert ráð fyrir að til að ná fyrrgreindu markmiði verði framlag ríkisvaldsins 85% og sveitarfélaganna 15%. Hlut sveitarfélaga mætti skoða í samhengi við áframhaldandi vinnu við tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga en fyrir liggur að sveitarfélögin hafa borið þar skarðan hlut frá borði.

Frumvarp þetta var flutt fyrst á 126. löggjafarþingi og aftur á 127. þingi. Þegar það er nú flutt á nýjan leik hefur greinargerð verið breytt með tilliti til nýrra upplýsinga og verðlagsuppfærslu á töluefni þar sem það á við, auk þess sem felldur hefur verið út úr ályktunargreininni liður sem fjallaði um afnám skattlagningar á húsaleigubótum, sem verkalýðshreyfingin knúði ríkisstjórnina til að falla frá. Ástæða er til að minna á að á ársfundi Alþýðusambands Íslands á sl. ári var ályktað um húsnæðismálin, en þar kom fram eftirfarandi:

„Leiga eða húsnæðiskostnaður er langstærsti liðurinn í framfærslukostnaði fólks með lágar bætur og tekjur. Eyðilegging félagslega íbúðakerfisins og hækkun húsaleigu vegna afnáms vaxtaniðurgreiðslu kemur mjög illa við þessa hópa, sem í raun hafa enga möguleika til að standa undir þessum hækkunum.“

Því ber að fagna að sjónarmið Samfylkingarinnar og heildarsamtaka launafólks fara í meginatriðum saman í þessu brýna hagsmunamáli láglaunafólks, sem setja þarf í forgang við endurreisn velferðarkerfisins.

851. Lög [357. mál]

um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

(Afgreidd frá Alþingi 23. jan.)

Samhljóða þskj. 845.

852. Lög [345. mál]

um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

(Afgreidd frá Alþingi 23. jan.)

Samhljóða þskj. 381.

853. Fyrirspurn [513. mál]

til dómsmálaráðherra um ættleiðingar frá útlöndum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Eiga foreldrar kost á ferðastyrkjum í tengslum við ættleiðingar barna frá útlöndum?
2. Hvaða reglur gilda um slíka styrki annars staðar á Norðurlöndum?
3. Eru veittar skattaívilnanir vegna kostnaðar við ættleiðingar frá útlöndum?
4. Er veittur skattafrádráttur annars staðar á Norðurlöndum vegna slíks kostnaðar?

Skriflegt svar óskast.

854. Fyrirspurn [514. mál]

til menntamálaráðherra um styrki til vísindarannsókna.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hversu miklu fé varði hið opinbera árlega í styrki til vísindarannsókna árin 1996–2002?
2. Hversu hátt hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu eru styrkirnir?
3. Hvernig skiptast styrkirnir milli verkefnasviða?
4. Hvernig standa Íslendingar í þessum efnum í samanburði við nágrannaþjóðir?

Skriflegt svar óskast.

855. Fyrirspurn [515. mál]

til samgönguráðherra um ISDN-tengingu í dreifbýli.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hversu mörg sveitabýli hafa aðgang að ISDN-tengingu, sundurliðað eftir landshlutum?
2. Hversu mörg sveitabýli eru komin með ISDN-tengingu?
3. Hversu mörg sveitabýli hafa ekki aðgang að ISDN-tengingu?
4. Hversu margar umsóknir um ISDN liggja nú fyrir hjá Landssímanum, sundurliðað eftir landshlutum?
5. Hversu langur tími líður að jafnaði þar til umsókn er svarað?

Skriflegt svar óskast.

856. Fyrirspurn [516. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað við glasafrjóvganir.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Er hægt að sækja um styrki vegna kostnaðar við glasafrjóvganir og ef svo er, hvaða reglur gilda þar um?

Skriflegt svar óskast.

857. Tillaga til þingsályktunar [517. mál]

um reynslulausn.

Flm.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jónína Bjartmarz,
Guðrún Ögmundsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar skv. 40.–42. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Kannað verði m.a. hversu algengt er að beita því úrræði, hvernig háttað er eftirliti með því að skilyrði reynslulausnar séu haldin og hversu mörg brot eru framin af einstaklingum á reynslulausn. Jafnframt verði sérstaklega kannað hvort ástæða sé til þess að breyta framkvæmd reynslulausnar á þann veg að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus til reynslu í stað Fangelsismálastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga.

Greinargerð.

Reynslulausn er stjórnsýsluákvörðun sem fólgin er í því að fangi er látinn laus til reynslu þegar hann hefur afplánað tiltekinn hluta dæmds refsitíma. Samkvæmt heimild í 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga getur Fangelsismálastofnun ríkisins þannig ákveðið að fangi skuli látinn laus til reynslu þegar hann hefur afplánað ⅔ hluta refsitímans. Reynslan hefur verið sú að nær allir fangar fá reynslulausn ef þeir uppfylla skilyrði 40. gr. almennra hegningarlaga og eiga ekki mál í refsivörslukerfinu, þ.e. eiga ekki ódæmt í málum sem eru til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum á þeim tíma þegar umsóknir þeirra um reynslulausn koma til afgreiðslu.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er hér á landi byggt á þrískiptingu ríkisvaldsins. Þannig fara Alþingi og forseti Íslands saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið og dómendur fara með dómsvaldið. Hugsunin á bak við þrígreiningu ríkisvaldsins er sú að hver aðili fari með sína grein þess. Með 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga á sér hins vegar stað framsal valds frá dómsvaldi til framkvæmdarvalds. Þar er stjórnsýsluaðila falið að endurskoða ákvörðun dóms og breyta dómsorði sem upp hefur verið kveðið hjá innlendum dómstóli.

Framsal valds á milli þriggja þátta ríkisvaldsins er í ósamræmi við það sem stjórnskipan landsins byggist á. Í framkvæmd hefur verið reynt að sporna við slíku framsali eftir fremsta megni þó svo að hægt sé að réttlæta slíkt í einhverjum tilvikum. Er hér sérstaklega átt við skýrt afmarkaðar og lögákveðnar reglugerðarheimildir ráðherra, þar sem erfitt er í framkvæmd að breyta lögum í hvert sinn sem útfæra þarf nánar tilgreindar reglur í gildandi löggjöf.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að kannað verði gaumgæfilega hvort rétt sé að takmarka það framsal valds sem á sér stað í 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga. Þannig má færa sterk rök fyrir því að óeðlilegt sé í ljósi þess sem að framan greinir að framkvæmdarvaldshafi geti breytt uppkveðnum dómi.

Jafnframt telja flutningsmenn nauðsynlegt að fram fari nákvæm könnun á reynslulausn í heild sinni sem refsigæsluúrræði og sérstaklega verði þá hugað að þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd, ekki síst í ljósi þeirra ofbeldisbrota sem framin hafa verið undanfarið.

858. Svar [484. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um sviptingu lögræðis og fjárræðis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft hefur komið til lögræðis- og/eða fjárræðissviptingar samkvæmt eftirtöldum ákvæðum lögræðislaga, nr. 71/1997:*
   a. *4. gr., sundurliðað eftir a-, b-, c- og d-lið greinarinnar,*
   b. *5. gr., sundurliðað eftir 1. mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. greinarinnar,*
   c. *6. gr.?*
2. *Hversu oft hafa úrskurðir samkvæmt lögræðislögum verið kærðir til Hæstaréttar, sbr. 16. gr. laganna?*
3. *Hve margir ráðsmenn hafa verið skipaðir skv. IV. kafla lögræðislaga?*
4. *Hversu oft hefur ráðsmanni verið falin umsjón eigna skv. 35. gr. lögræðislaga, sundurliðað eftir a-, b- og c-lið greinarinnar?*
5. *Hefur sami ráðsmaður verið skipaður fyrir marga einstaklinga? Ef svo er, hvernig er skiptingin á hvern ráðsmann?*
6. *Hversu oft hefur ákvörðun yfirlögráðanda verið skotið til dómsmálaráðherra skv. 83. gr. lögræðislaga?*
7. *Hvernig flokkast þau mál miðað við hagi einstaklinga, þ.e. vegna geðfötlunar, vímuefnaneyslu eða annarra ástæðna?*

Óskað er eftir að svörin nái yfir tímabilið frá því að lög nr. 71/1997 tóku gildi 1. janúar 1998.

1. Fjárræðissviptingar og sjálfræðissviptingar.
Árið 2002.

Fjárræðissviptingar voru 17 árið 2002, sjálfræðissviptingar 10 en fjárræðis- og sjálfræðissviptingar fjórar. Alls var þetta 31 mál.

A. 4. gr., sundurliðað eftir a-, b-, c- og d-lið greinarinnar.

a-liður 4. gr.:	26 mál
Fjárræðissviptingar	17 mál
Sjálfræðissviptingar	5 mál
Fjárræðis- og sjálfræðissviptingar	4 mál
b-liður 4. gr.:	2 mál
Sjálfræðissviptingar	2 mál
a- og b-liður 4. gr.:	2 mál
Sjálfræðissviptingar	2 mál
c-liður 4. gr.:	1 mál
Sjálfræðissvipting	1 mál
d-liður 4. gr.:	Engin mál

B. 5. gr., sundurliðað eftir 1.mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. greinarinnar:

1. mgr. 5. gr., tímabundnar sviptingar	12 mál
Fjárræðissvipting	1 mál
Sjálfræðissviptingar	10 mál
Fjárræðis- og sjálfræðissvipting	1 mál

Tímalengd	
6 mánuðir	7 mál
8 mánuðir	1 mál
9 mánuðir	1 mál
12 mánuðir	2 mál
4 ár	1 mál
2. mgr. 5. gr.	1 mál
a- og c-liður 2. mgr.	1 mál

C. 6. gr.: Engin mál

Árið 2001.

Fjárræðissviptingar voru 30 árið 2001, sjálfræðissviptingar fjórar en fjárræðis- og sjálfræðissviptingar voru átta. Alls voru þetta 42 mál.

A. 4. gr., sundurliðað eftir a-, b-, c- og d-lið greinarinnar:

a-liður 4. gr.:	41 mál
Fjárræðissviptingar	30 mál
Sjálfræðissviptingar	3 mál
Fjárræðis- og sjálfræðissviptingar	8 mál
b-liður 4. gr.:	1 mál
Sjálfræðissvipting	1 mál
c-liður 4. gr. :	Engin mál
d-liður 4. gr.:	Engin mál

B. 5. gr., sundurliðað eftir 1. mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. greinarinnar:

1. mgr. 5. gr. tímabundnar sviptingar	4 mál
Fjárræðissviptingar	2 mál
Sjálfræðissviptingar	2 mál
Tímalengd	
6 mánuðir	1 mál
12 mánuðir	3 mál
2. mgr. 5. gr.	Engin mál

C. 6. gr.: Engin mál

Árið 2000.

Fjárræðissviptingar voru 26 árið 2000, sjálfræðissviptingar 15 en fjárræðis- og sjálfræðissviptingar tvær. Alls voru þetta 43 mál.

A. 4. gr., sundurliðað eftir a-, b-, c- og d-lið greinarinnar:

a-liður 4. gr.:	38 mál
Fjárræðissviptingar	25 mál
Sjálfræðissviptingar	11 mál
Fjárræðis- og sjálfræðissviptingar	2 mál
b-liður 4. gr.:	3 mál
Sjálfræðissviptingar	3 mál

c-liður 4. gr.:	2 mál
Fjárræðissvipting	1 mál
Sjálfræðissvipting	1 mál
d-liður 4. gr.:	Engin mál

B. 5. gr., sundurliðað eftir 1. mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. greinarinnar:

1. mgr. 5. gr., tímabundnar sviptingar	12 mál
Fjárræðissvipting	1 mál
Sjálfræðissviptingar	11 mál
Tímalengd	
6 mánuðir	9 mál
8 mánuðir	1 mál
12 mánuðir	1 mál
24 mánuðir	1 mál
2. mgr. 5. gr.	2 mál
a-liður 2. mgr.	1 mál
b- og c-liður 2. mgr.	1 mál

C. 6. gr.: Engin mál

Árið 1999.

Fjárræðissviptingar voru 24, sjálfræðissviptingar 16 en fjárræðis- og sjálfræðissviptingar voru fjórar. Alls voru þetta 44 mál.

A. 4. gr., sundurliðað eftir a-, b-, c- og d-lið greinarinnar:

a-liður 4. gr.:	35 mál
Fjárræðissviptingar	22 mál
Sjálfræðissviptingar	9 mál
Fjárræðis- og sjálfræðissviptingar	4 mál
b-liður 4. gr.:	6 mál
Fjárræðissvipting	1 mál
Sjálfræðissviptingar	5 mál
a- og b-liður 4. gr.:	1 mál
Sjálfræðissvipting	1 mál
c-liður 4. gr.:	1 mál
Fjárrræðissvipting	1 mál
d-liður 4. gr.:	Engin mál

B. 5. gr., sundurliðað eftir 1. mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. greinarinnar:

1. mgr. 5. gr. tímabundnar sviptingar	14 mál
Fjárræðissvipting	1 mál
Sjálfræðissviptingar	13 mál
Tímalengd	
6 mánuðir	11 mál
12 mánuðir	1 mál
24 mánuðir	1 mál
Til bráðabirgða	1 mál

2. mgr. 5. gr.	5 mál
a-liður 2. mgr.	4 mál
a- og c-liður 2. mgr.	1 mál

C. 6. gr.: Eitt mál

Árið 1998.

Fjárræðissviptingar voru 16 árið 1998, sjálfræðissviptingar tíu en fjárræðis- og sjálfræðissviptingar voru tvær. Alls voru þetta 28 mál.

A. 4. gr., sundurliðað eftir a-, b-, c- og d-lið greinarinnar:

a-liður 4. gr.:	22 mál
Fjárræðissviptingar	16 mál
Sjálfræðissviptingar	5 mál
Fjárræðis- og sjálfræðissvipting	1 mál
b-liður 4. gr.:	2 mál
Sjálfræðissviptingar	2 mál
a- og b-liður 4. gr.:	4 mál
Sjálfræðissviptingar	3 mál
Fjárræðis- og sjálfræðissvipting	1 mál
c-liður 4. gr.:	Engin mál
d-liður 4. gr.:	Engin mál

B. 5. gr., sundurliðað eftir 1.mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. greinarinnar:

1. mgr. 5. gr., tímabundnar sviptingar	9 mál
Fjárræðissvipting	1 mál
Sjálfræðissviptingar	6 mál
Fjárræðis- og sjálfræðissviptingar	2 mál
Tímalengd	
6 mánuðir	6 mál
12 mánuðir	1 mál
18 mánuðir	1 mál
24 mánuðir	1 mál
2. mgr. 5. gr.	1 mál
a-, b- og c- liður 2. mgr.	1 mál

C. 6. gr.: Engin mál

2. Úrskurðir kærðir til Hæstaréttar.

Samkvæmt upplýsingum fengnum frá Hæstarétti Íslands voru kærur skv. 16. gr. lögræðislaga eftirfarandi:

	1998	1999	2000	2001	2002
Nauðungarvistun	1	6	1	1	1
Lögræðissvipting	1				
Svipting fjárræðis	1				
Sjálfræðissvipting		1		1	2
Samtals	**3**	**7**	**1**	**2**	**3**

3. Skipaðir ráðsmenn.

39 ráðsmenn hafa verið skipaðir skv. IV. kafla lögræðislaga.

4. Ráðsmanni falin umsjón eigna.

Ráðsmanni hefur verið falin umsjón eigna í 22 skipti skv. a-lið 35. gr. lögræðislaga (fasteignir, loftför, skráningarskyld skip og skráningarskyld ökutæki). Í sex tilfellum hefur ráðsmanni verið falin umsjón eigna skv. b-lið greinarinnar (viðskiptabréf) en 28 sinnum skv. c-lið hennar (fjármunir á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum, svo og inneignir í verðbréfasjóðum).

5. Sami ráðsmaður skipaður fyrir marga einstaklinga.

Einu sinni hefur sami ráðsmaður verið skipaður fyrir marga einstaklinga. Þar var um að ræða umsjón með íbúðum tveggja einstaklinga í sama húsi.

6. Ákvörðun yfirlögráðanda skotið til dómsmálaráðherra.

Ellefu kærur hafa borist skv. 83. gr. lögræðislaga.

7. Mál miðað við hagi einstaklinga.

Varðandi þennan lið fyrirspurnarinnar er vísað til svars við 1. lið hennar, þar sem fram koma upplýsingar um fjölda mála er byggjast á a–d-lið 4. gr. lögræðislaga.

859. Frumvarp til laga [518. mál]

um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Viðtaka fjár frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu er einungis heimil verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfasjóður:* sjóður með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi, sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda af eignum sjóðsins.
2. *Fjárfestingarsjóður:* sjóður með starfsleyfi án heimildar til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu og gefur út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf.
3. *Rekstrarfélag:* rekstrarfélag verðbréfasjóðs, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skv. II. og III. kafla laga þessara og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu.
4. *Vörslufyrirtæki:* fjármálafyrirtæki, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði II. kafla C laga þessara.
5. *Fjármálagerningur:* fjármálagerningur samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
6. *Hlutdeildarskírteini:* fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild að sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína.
7. *Fagfjárfestir:* fagfjárfestir samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.

3. gr.
Heimildir til að hefja starfsemi og skrá yfir sjóði.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu skv. II. kafla og fjárfestingarsjóðum staðfestingu eða starfsleyfi skv. III. kafla. Fjármálaeftirlitið úrskurðar um hvort starfsemi fellur undir lög þessi.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóð. Breytingar á áður skráðum upplýsingum skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

4. gr.

Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

Rekstrarfélögum er heimilt að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Rekstrarfélög skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stofnun sjóða samkvæmt þessari grein. Sjóðir samkvæmt þessari grein lúta ekki eftirliti samkvæmt þessum lögum.

Rekstrarfélög skulu setja fjárfestingarstefnu fyrir sjóði samkvæmt þessari grein og skal hún vera fjárfestum aðgengileg. Um upplýsingagjöf fer að öðru leyti eftir samningi rekstrarfélags og fjárfestis.

Ákvæði 23.–25. gr. um hlutdeildarskírteini gilda um sjóði samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI
Verðbréfasjóðir.
A. Staðfesting og afturköllun staðfestingar.

5. gr.

Veitandi staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu. Heimilt er að hefja starfsemi þegar staðfesting er fengin frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja verðbréfasjóð án staðfestingar Fjármálaeftirlitsins.

Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum samkvæmt lögum þessum í sjóði sem lögin taka ekki til.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum því aðeins staðfestingu að rekstrarfélög og vörslufyrirtæki þeirra uppfylli skilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

6. gr.

Umsókn um staðfestingu.

Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur sjóðsins skv. 12. gr., útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skv. II. kafla H laga þessara, upplýsingar um stjórnendur verðbréfasjóðs og aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

7. gr.

Veiting staðfestingar.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu staðfestingar skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um staðfestingu verðbréfasjóða í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Synjun um staðfestingu.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um staðfestingu.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og skal hún tilkynnt umsækjanda innan eins mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

9. gr.

Afturköllun staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað staðfestingu verðbréfasjóðs:

1. hafi rekstrarfélag brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,
2. hafi rekstrarfélag ekki nýtt heimild til starfsemi verðbréfasjóðs innan tólf mánaða frá því að hún var veitt, henni ótvírætt afsalað eða starfsemi sjóðs hætt í meira en sex mánuði samfellt,
3. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 milljónum króna þremur mánuðum eftir veitingu staðfestingarinnar eða minnst 10 milljónum króna sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þúsund krónum og hljóði á nafn.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1.–2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

10. gr.

Tilkynning um afturköllun.

Afturköllun á staðfestingu verðbréfasjóðs skal tilkynnt stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Starfræki rekstrarfélag útibú verðbréfasjóðs eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynning send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

B. Stofnun og starfsemi.

11. gr.

Heiti.

Verðbréfasjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfasjóður“.

12. gr.

Reglur.

Rekstrarfélag skal setja verðbréfasjóði reglur. Eftirfarandi atriði skulu að minnsta kosti koma þar fram:

1. Heiti sjóðsins.
2. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
4. Hvert sé vörslufyrirtæki sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um vörslufyrirtæki.
5. Þóknun rekstrarfélags.
6. Heimild til markaðssetningar sjóðsins á Íslandi og í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.
8. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.
9. Hvernig reikna skuli út innlausnarvirði hvers hlutar.
10. Hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
11. Hvernig sjóði eða deild er slitið.

Breytingar á reglum verðbréfasjóðs öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingin öðlast gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir staðfestingu

nema Fjármálaeftirlitið ákveði annað. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna um breytingu í Lögbirtingablaðinu.

Rekstrarfélag skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs um hverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

13. gr.

Deildaskipting.

Heimilt er að verðbréfasjóður sé starfræktur í aðgreindum deildum. Hver sjóðsdeild skal hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

14. gr.

Sjóðsmyndun.

Eignir myndast í verðbréfasjóði með samningi rekstrarfélags við viðskiptavin sem felur því að ávaxta fjármuni sína í tilteknum verðbréfasjóði innan sinna vébanda. Sjóðurinn myndast með afhendingu peninga viðskiptavinar gegn hlutdeildarskírteinum og samanstendur síðan af þeim eignum sem verða til við ráðstöfun þessara peninga til sameiginlegrar fjárfestingar.

15. gr.

Aðskilnaður reksturs og vörslu og óhæði.

Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki. Stjórnarmaður í rekstrarfélagi má ekki vera í stjórn vörslufyrirtækis.

Rekstrarfélög og vörslufyrirtæki skulu vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

16. gr.

Málshöfðunarréttur.

Rekstrarfélag getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

17. gr.

Rekstur verðbréfasjóða.

Rekstur verðbréfasjóða felst meðal annars í eftirfarandi verkefnum:

1. Fjárfestingum í samræmi við fjárfestingarstefnu.
2. Umsýslu.
   a. Bókhalds- og lögfræðiþjónustu.
   b. Þjónustu við viðskiptavini.
   c. Mati á verðmæti verðbréfa og annarra eigna.
   d. Innra eftirliti.
   e. Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina.
   f. Útreikningi innlausnarvirðis.
   g. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.
   h. Uppgjöri viðskipta.
   i. Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti.
3. Markaðssetningu.

18. gr.

Útvistun verkefna rekstrarfélags.

Rekstrarfélagi er heimilt að fela öðrum aðilum verkefni þau sem kveðið er á um í 17. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélagi er þó aldrei heimilt að útvista öll verkefni skv. 17. gr. Verkefni skv. 1. tölul. 17. gr. er ekki heimilt að fela vörslufyrirtæki eða öðru félagi fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni rekstrarfélags og eigenda hlutdeildarskírteina.

Nú felur rekstrarfélag öðru fyrirtæki hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr. og hefur það engin áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Í reglugerð skal setja nánari reglur um útvistun verkefna rekstrarfélaga.

19. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Rekstrarfélag skal starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

C. Vörslufyrirtæki.

20. gr.

Starfsemi vörslufyrirtækis.

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

21. gr.

Viðurkenndir aðilar.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og útibú hliðstæðra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi geta hlotið viðurkenningu sem vörslufyrirtæki.

Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

22. gr.

Ábyrgð.

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr.

Vörslufyrirtæki er heimilt að fela öðru fyrirtæki, sem hæft er til að hljóta viðurkenningu skv. 21. gr. eða hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki og lýtur sambærilegu eftirliti og félög skv. 21. gr., varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs að hluta eða öllu leyti. Nú felur vörslu-

fyrirtæki öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs og hefur það engin áhrif á ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina skv. 1. mgr.

D. Hlutdeildarskírteini.

23. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að verðbréfasjóði í formi hlutdeildarskírteinis, sbr. þó 3. mgr.

Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða einstakri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins.

Rekstrarfélagi er ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því.

Séu hlutdeildarskírteini gefin út sem rafbréf í verðbréfamiðstöð gilda um útgáfuna lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn eða á safnreikning, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.

Hlutdeildarskírteini eru undanþegin stimpilgjöldum.

24. gr.

Upplýsingar í hlutdeildarskírteini.

Í hlutdeildarskírteini skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram, sbr. þó 4. og 5. mgr. 23. gr.:

1. Nafn verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafn og kennitala framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn rekstrarfélags. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

25. gr.

Skrá yfir hlutdeildarskírteini.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Í skránni skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Söludagur skírteinis.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið.

26. gr.

Staðgreiðsla.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Ákvæði þetta skal ekki koma í veg fyrir dreifingu jöfnunarbréfa.

E. Innlausn.

27. gr.

Innlausnarskylda.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt nánari ákvæðum reglna verðbréfasjóðsins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er rekstrarfélagi heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs hafa verið sett á markað, skal tilkynnt um frestun innlausna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

28. gr.

Útreikningur innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og mat á markaðsvirði eigna.

29. gr.

Auglýsing innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftar ef ástæða þykir til.

F. Fjárfestingarheimildir.

30. gr.

Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 13. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í:

1. Verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem skráð hafa verið, eða viðskipti eiga sér stað með, á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti. Með peningamarkaðsskjölum er í lögum þessum átt við greiðsluhæf skjöl sem verslað er með á peningamarkaði og ætíð er hægt að meta til verðs.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sýni verðbréfasjóðir fram á með fullnægjandi hætti

að mati Fjármálaeftirlitsins að sjóðirnir búi við sambærilegt eftirlit og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd eigenda skírteina sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

4. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gildir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóða í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
7. Peningamarkaðsskjölum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr.

Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í öðrum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum en þar getur.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga reiðufé eða auðseljanlegar eignir til skamms tíma. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

32. gr.

Yfirtaka eigna og eðalmálmar.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan átján mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr.

Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma.

34. gr.

Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem undirliggjandi eignir séu undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

35. gr.

Hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða binda meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Verðbréfasjóði er ekki heimilt að eiga viðskipti með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða við sama aðila þar sem tap af samningnum getur numið meira en 5% af eignum sjóðsins. Þetta hlutfall hækkar í 10% ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum, og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar fundin er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir samkvæmt þessari grein má ekki leggja saman. Því er verðbréfasjóði óheimilt að binda meira en 35% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum eða afleiðum sama útgefanda. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

36. gr.

Vísitölusjóðir.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta allt að 20% í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að líkja eftir tiltekinni hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í einum útgefanda.

37. gr.

Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

38. gr.

Fjárfestingar í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (sjóðasjóðir). Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í einstaka verðbréfasjóði eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

39. gr.

Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi.
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa.
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. 10% af peningamarkaðsskjölum einstakra útgefenda.

40. gr.

Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

41. gr.

Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

42. gr.

Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan sex mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

G. Markaðssetning utan heimalands.

43. gr.

Markaðssetning verðbréfasjóða með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.

Erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur markaðssett skírteini sín hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá verðbréfasjóðnum. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsing lögbærra eftirlitsaðila í heimaríki verðbréfasjóðsins um að hann hafi staðfestingu í því ríki og uppfylli að öðru leyti settar kröfur í tilskipunum Evrópubandalagsins um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.
2. Reglur verðbréfasjóðsins.
3. Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu. Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar skv. 6. tölul. þessarar málsgreinar.
4. Endurskoðaður ársreikningur næstliðins árs, sé hann fyrirliggjandi, og síðari hálfsársuppgjör.
5. Lýsing á framkvæmd fyrirhugaðrar starfsemi eða markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins.
6. Upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir verðbréfasjóðsins til að tryggja rétt eigenda skírteina til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar hlutdeildarskírteina og þeirra upplýsinga sem sjóðnum er skylt að miðla.

Fjármálaeftirlitið getur hafnað því að verðbréfasjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef hann uppfyllir ekki þau skilyrði sem gerð eru til verðbréfasjóða samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eða markaðssetningin stríðir að öðru leyti gegn ákvæðum laga. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja synjun skriflega til verðbréfasjóðsins áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með verðbréfasjóðnum í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

44. gr.

Heimild til að banna starfsemi erlendra verðbréfasjóða.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum verðbréfasjóði að markaðssetja skírteini sín hér á landi hafi hlutaðeigandi verðbréfasjóður brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

45. gr.

Markaðssetning íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands.

Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín utan Íslands skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning er fyrirhuguð.

H. Upplýsingagjöf.

46. gr.

Ársreikningur og árshlutauppgjör.

Í ársreikningi og árshlutauppgjörum rekstrarfélags skulu sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð eða sérhverja deild hans. Í reglugerð skal setja nánari reglur um sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóði í ársreikningum og árshlutauppgjörum. Þá skulu rekstrarfélög senda Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit verðbréfasjóða í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

47. gr.

Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu fyrir verðbréfasjóð.

Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal draga fram meginatriði útboðslýsingar.

Rekstrarfélag skal senda Fjármálaeftirlitinu útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu í kjölfar breytinga á þeim.

Nánar skal kveðið á um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum vegna verðbréfasjóða í reglugerð, meðal annars um hvaða upplýsingar skuli birta í útboðslýsingum og útdráttum úr þeim.

48. gr.

Nánari upplýsingar í útboðslýsingu.

Í útboðslýsingu verðbréfasjóðs skal á ítarlegan hátt lýsa fjárfestingarstefnu sjóðsins og, ef við á, einstakra deilda hans og tilgreina þær tegundir fjárfestinga sem honum eru heimilar samkvæmt reglum sjóðsins.

Í útboðslýsingu skal tilgreina hvort sjóði, eða einstakri deild hans, er heimilt að fjárfesta í afleiðum, og sé slíkt heimilt, hvort notkun þeirra takmarkist við tækni til að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna.

Nú er verðbréfasjóði, eða einstakri deild hans, heimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta í afleiðum og skal þá í útboðslýsingu lýsa á ítarlegan hátt hugsanlegum áhrifum notkunar afleiðna á áhættu fjárfestinga í sjóðnum.

Fjárfesti verðbréfasjóður, eða einstök deild hans, í öðrum fjármálagerningum en verðbréfum eða peningamarkaðsskjölum skv. 30. gr., eða bindi fé sitt í innlánum, eða sjóði er samkvæmt fjárfestingarstefnu ætlað að líkja eftir tiltekinni verðbréfavísitölu, eða gengi sjóðs er líklegt til þess að sveiflast mikið vegna fjárfestingarstefnu eða tegunda fjárfestingartækifæra sem sjóðurinn fjárfestir í, skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og auglýsingum og allri kynningarstarfsemi um sjóðinn og fjárfestingarstefnu hans.

Ef bókfært virði eigna verðbréfasjóðs, eða einstakrar deildar hans, er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og öðrum kynningarritum.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal í útboðslýsingu hans tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skulu bera. Í ársskýrslu verðbréfasjóðsins skal tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir sjóðirnir, sem hann fjárfestir í, bera.

Rekstrarfélagi er skylt að afhenda, óski eigandi hlutdeildarskírteinis í verðbréfasjóði eftir því, upplýsingar um aðferðafræði sjóðsins við áhættustýringu eigna sjóðsins með tilliti til áhættu og væntrar ávöxtunar í fjárfestingum sjóðsins undangengin missiri.

49. gr.

Aðgengi að upplýsingum.

Útdráttur úr útboðslýsingu skal boðinn fjárfesti endurgjaldslaust áður en viðskiptum með hlutdeildarskírteini er lokið. Útboðslýsing auk ársskýrslu og hálfsársuppgjörs skal vera fjárfesti í verðbréfasjóði aðgengileg endurgjaldslaust.

Ársreikningur og hálfsársuppgjör skulu vera almenningi aðgengileg með þeim hætti sem kveðið er á um í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu og Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Reglur verðbréfasjóðs skulu vera aðgengilegar fjárfestum í sjóðnum.

50. gr.

Þóknun.

Rekstrarfélög skulu kunngera fjárfestum í verðbréfasjóði fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina með hæfilegum fyrirvara.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

51. gr.

Kynningarstarfsemi.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þessara aðila. Þess skal gætt að skýrt komi fram hvort sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi skal vísað í útboðslýsingu eða útdrátt úr útboðslýsingu og hvar megi nálgast þau gögn.

III. KAFLI

Fjárfestingarsjóðir.

A. Fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini (hlutdeildarskírteinasjóðir).

52. gr.

Tilvísanir í II. kafla.

Sé fjárfestingarsjóður stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi gefur rekstrarfélag út skilríki fyrir eignarréttindum að fjárfestingarsjóði í formi hlutdeildarskírteinis. Um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði II. kafla A–D og H.

Fjárfestingarsjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“.

53. gr.

Innlausn.

Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstrarfélagi er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðs.

Þrátt fyrir 1. mgr. er fjárfestingarsjóðum heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðs við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

54. gr.

Fjárfestingarheimildir.

Ákvæði II. kafla F um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða gilda um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með eftirfarandi undantekningum:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum án tillits til 1. mgr. 31. gr.
2. Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.
3. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði.
4. Ákvæði 2. mgr. 40. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.
5. Ákvæði 41. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður á ekki í fórum sínum skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

55. gr.

Tilkynning um áhættu.

Rekstrarfélagi ber að greina fjárfestum frá þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í sjóði áður en viðskipti eiga sér stað.

B. Fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf (hlutabréfasjóðir).

56. gr.

Veitandi starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið veitir hlutabréfasjóðum starfsleyfi. Heimilt er að hefja starfsemi þegar starfsleyfi er fengið frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja hlutabréfasjóði án starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins.

57. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Umsókn hlutabréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Upplýsingar um stofnun hlutafélags og staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár.
2. Samþykktir félags.
3. Útboðslýsing.
4. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt.
5. Upplýsingar um vörslufyrirtæki, ef við á.
6. Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og endurskoðanda.
7. Staðfesting á að framkvæmdastjóri hafi lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.
8. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki í fyrirhuguðum fjárfestingarsjóði og hlut hvers þeirra um sig.
9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirhugaðs hlutafélags við einstaklinga eða lögaðila í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

58. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi hlutabréfasjóða í Lögbirtingablaði.

59. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og skal hún tilkynnt umsækjanda innan eins mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

60. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi hlutabréfasjóðs:

1. hafi starfsleyfið verið fengið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. séu skilyrði til veitingar starfsleyfis ekki lengur uppfyllt,
3. sé brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,

4. sé starfsleyfið ekki nýtt innan tólf mánaða frá því að það var veitt, því ótvírætt afsalað eða starfsemi hætt í meira en sex mánuði samfellt,
5. fullnægi hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur ekki hæfisskilyrðum þessa kafla,
6. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 milljónum króna þremur mánuðum eftir veitingu starfsleyfisins eða minnst 10 milljónum króna sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þúsund krónum og hljóði á nafn.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

61. gr.

Tilkynning um afturköllun.

Afturköllun á starfsleyfi hlutabréfasjóðs skal tilkynnt stjórn sjóðsins og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum.

62. gr.

Starfsemi.

Hlutabréfasjóðum er einungis heimilt að hafa með höndum rekstur fjárfestingarsjóðs.

Hlutabréfasjóður skal rekinn í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni hluthafa að leiðarljósi.

Hlutabréfasjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“, sbr. þó 2. mgr. 52. gr.

Hlutabréf hlutabréfasjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Ákvæði þetta skal ekki koma í veg fyrir útgáfu jöfnunarbréfa.

Ákvæði 47.–49. gr. um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum gilda um hlutabréfasjóði, eftir því sem við getur átt.

Í samþykktum hlutabréfasjóðs skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram til viðbótar við ákvæði laga um hlutafélög:

1. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
2. Ákvæði um innlausn, ef við á.
3. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.

63. gr.

Tilvísanir í lög um fjármálafyrirtæki.

Stjórn hlutabréfasjóðs skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Um stjórn fjárfestingarsjóðs og þagnarskyldu fer skv. VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.

Um eignarhluti og meðferð þeirra fer skv. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Framkvæmdastjóri hlutabréfasjóðs skal hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum í samræmi við VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Um ársreikninga og endurskoðun hlutabréfasjóða fer skv. XI. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

64. gr.

Tilvísanir í lög um hlutafélög.

Lög um hlutafélög gilda um hlutabréfasjóði, sbr. þó 62. gr. Þó skulu allir hlutir ætíð hafa jafnan rétt í sjóðnum.

65. gr.

Fjárfestingarheimildir og tilkynning um áhættu.

Um fjárfestingarheimildir hlutabréfasjóða fer skv. 54. gr. og um tilkynningu um áhættu skv. 55. gr.

IV. KAFLI
Eftirlit og reglugerð.

66. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal Fjármálaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem lögin taka til og það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi aðila skv. 1. mgr. brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

67. gr.

Reglugerð.

Lög þessi heyra undir viðskiptaráðherra og skal hann kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð. Í reglugerð er meðal annars heimilt að kveða á um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, góða viðskiptahætti, útvistun verkefna rekstrarfélaga, innlausnarviði, markaðssetningu utan heimalands, heimildir til markaðssetningar annarra sjóða en verðbréfasjóða utan heimalands og upplýsingagjöf verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Í reglugerðinni er einnig heimilt að kveða á um notkun afleiðusamninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og aðferðir til að meta áhrif þeirra á áhættu eignasafns sjóðanna.

V. KAFLI
Viðurlög.

68. gr.

Sektir.

Það varðar sektum liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið verðbréfasjóður (11. gr.),
2. útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs (1. mgr. 18. gr.),
3. markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands (45. gr.),
4. upplýsingagjöf verðbréfasjóða (II. kafli H),
5. einkarétt fjárfestingarsjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarsjóður (2. mgr. 52. gr. og 3. mgr. 62. gr.),
6. útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs (1. mgr. 52. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr.),

7. upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða (1. mgr. 52. gr., sbr. II. kafla H, og 5. mgr. 62. gr.),
8. tilkynningu um áhættu (55. gr. og 65. gr.) og
9. virka eignarhluta (2. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. laga um fjármálafyrirtæki).

69. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis (3. mgr. 1. gr.),
2. breytingu á verðbréfasjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til (2. mgr. 5. gr.),
3. óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja verðbréfasjóða í störfum sínum og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi (2. mgr. 15. gr.),
4. starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða (20. gr.),
5. fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða (II. kafli F),
6. markaðssetningu verðbréfasjóða með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi (1. mgr. 43. gr.),
7. breytingu á fjárfestingarsjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til (1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr.),
8. óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja fjárfestingarsjóða í störfum sínum og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi (1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr.),
9. starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða (1. mgr. 52. gr., sbr. 20. gr.),
10. fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða (54. gr. og 65. gr.) og
11. þagnarskyldu (1. mgr. 63. gr., sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki).

Hver sá sem vísvitandi gefur rangar eða villandi upplýsingar um hagi verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs eða annað er þá varðar opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum.

70. gr.

Refsiábyrgð lögaðila. Tilraun og hlutdeild. Fyrning sakar.

Nú er brot framið í starfsemi fjárfestingarsjóðs sem gefur út hlutabréf og er þá heimilt að gera fjárfestingarsjóðnum fésekt. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

71. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Þá falla úr gildi lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

72. gr.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Starfandi verðbréfasjóðir teljast hafa staðfestingu Fjármálaeftirlitsins við gildistöku þessara laga. Verðbréfasjóði skal slitið innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Rekstrarfélag verðbréfasjóðs skal senda Fjármálaeftirlitinu reglur sjóðsins skv. 12. gr. innan sama tímamarks.

II.

Verðbréfasjóðir sem hafa starfsleyfi skv. 27. gr. laga nr. 10/1993 við gildistöku laga þessara skulu óska eftir staðfestingu samkvæmt lögum þessum eigi síðar en þremur mánuðum frá gildistöku þeirra.

III.

Hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu til almennings sem heyra undir lög þessi skulu óska eftir staðfestingu eða sækja um starfsleyfi samkvæmt lögum þessum eigi síðar en við útgáfu nýs hlutafjár í félaginu. Ákvæði 1. málsl. á þó ekki við ef sjóðurinn er aðeins markaðssettur til fagfjárfesta.

Sjóðir skv. 1. mgr. sem óska eftir staðfestingu eða sækja um starfsleyfi sem fjárfestingarsjóðir samkvæmt lögum þessum skulu fá frest til 1. júlí 2004 til að uppfylla ákvæði 54. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Gildandi lög um verðbréfasjóði eru að stofni til frá árinu 1993. Með þeim var innleidd í íslenskan rétt tilskipun nr. 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Íslenskum verðbréfasjóðum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu tíu árum. Verðbréfasjóðir eru hentug leið til sparnaðar fyrir almenning og eru sífellt að verða vinsælla sparnaðarform. Til viðbótar við verðbréfasjóði hafa önnur form sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem selja almenningi hlutabréf eða hlutdeild úr sameiginlegum potti, skotið rótum á íslenskum fjármálamarkaði. Þessir sjóðir hafa ekki starfsleyfi stjórnvalda og lúta ekki opinberu eftirliti. Einnig hafa íslensk fjármálafyrirtæki á síðustu árum stofnað verðbréfasjóði eða aðrar tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu erlendis, sér í lagi í Lúxemborg og öðrum ríkjum þar sem starfsumhverfi sjóða um sameiginlega fjárfestingu þykir hvað hagstæðast.

Markmið með frumvarpi þessu eru eftirfarandi:

a. *Auka samkeppnishæfni íslenskra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.* Með frumvarpi þessu er stefnt að því að skapa hagstæðara umhverfi til reksturs sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi. Það er gert með því að heimila fleiri tegundir sjóða og útvíkka fjárfestingarheimildir þeirra og bjóða upp á fleiri, einfaldari og ódýrari rekstrarform sjóða. Með þessu á að skapast svigrúm til að auka flóru íslenskra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Hömlur á fjárfestingar sjóða eiga síðan að fara eftir hverjir hafa heimildir til að fjárfesta í þeim.
b. *Skilvirkari neytendavernd.* Með frumvarpi þessu er gildissvið laga um verðbréfasjóði útvíkkað þannig að allir sjóðir í eðlislíkri starfsemi falli undir lögin. Þannig er gert ráð

fyrir að allir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem veita viðtöku fé frá almenningi á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu falli undir gildissvið laganna, óháð rekstrarformi þeirra.

c. *Skattaleg staða bætt.* Ólíkt verðbréfasjóðum þurfa hlutafélög um sameiginlega fjárfestingu að greiða tekjuskatt af hagnaði sínum. Með frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, sem einnig er lagt fram á 128. löggjafarþingi, er lagt til að umbreyting hlutafélaga í sjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini leiði ekki til skaða fyrir hluthafa.

d. *Innleiðing á breytingum á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.* Á árinu 2001 voru gerðar breytingar á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu. Með þeim voru fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða gerðar víðtækari og rekstrarfélögum verðbréfasjóða gert skylt að sækja um starfsleyfi. Með frumvarpi þessu er lagt til að tvær breytingatilskipanir um sameiginlega fjárfestingu verði innleiddar í íslenskan rétt.

Vísað er til frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki vegna greiningar á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

2. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu eiga grundvallarþætti sameiginlega þótt útfærslur séu ólíkar. Því er engin altæk skilgreining til á sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Viðskiptavinir verða sjóðsfélagar með því að fela sjóði fé sitt. Stærð sjóðs endurspeglar nákvæmlega framlag sjóðsfélaga. Það er hlutverk starfsmanna sjóðanna að fjárfesta fé sjóðsfélaga þar sem hagnaðar er von. Ávinningur af vel heppnuðum fjárfestingum eykur verðmæti sjóðs og eign viðskiptavina í honum. Slíkur ávinningur getur til dæmis verið í formi vaxta, arðs eða söluhagnaðar af skulda- eða hlutabréfaviðskiptum. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu stunda ekki aðra starfsemi en fjárfestingar í fjármálagerningum.

Tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu eru ótalmargar. Í Evrópusambandinu var á árinu 1985 samþykkt tilskipun sem ætlað var að samræma löggjöf aðildarríkja um tiltekna tegund sjóða. Tilgangurinn var að stuðla að samkeppni. Tilskipunin nefnist UCITS-tilskipun eftir umfjöllunarefni hennar, „Undertakings for Collective Investments in Transferable Securities" (hér eftir nefnd tilskipun um sameiginlega fjárfestingu). UCITS-sjóðir lúta ströngum reglum um stjórnsýslu og fjárfestingarheimildir. Á grundvelli þeirra er sjóðunum heimilt að selja þjónustu sína á öllu EES-svæðinu. Slíkur réttur er nefndur „Evrópupassi" í daglegu tali.

Ákvæði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu eru innleidd í íslenskan rétt vegna skuldbindinga í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæðin eru í gildandi lögum um verðbréfasjóði, nr. 10/1993. Í þeim lögum er hugtakið verðbréfasjóður notað yfir UCITS-sjóði. Á árinu 1999 var lögum um verðbréfasjóði breytt þannig að heimilt var að stofna verðbréfasjóði sem eingöngu var heimilt að markaðssetja hér á landi og lutu ekki ákvæðum tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu.

Engin ákvæði eru í íslenskum lögum um aðrar tegundir sjóða en verðbréfasjóði. Því gilda almenn ákvæði hlutafélagalaga um slíka sjóði. Þeir sækja ekki um starfsleyfi og lúta ekki eftirliti Fjármálaeftirlits. Mikill meiri hluti þeirra nefnist hlutabréfasjóðir.

Til þess að fá skýrari mynd af verðbréfasjóðum má líka spyrja hvað þeir gera ekki. Í fyrsta lagi eru þeir ekki fyrirtæki með almennan og hefðbundinn rekstur. Dagleg fjárfestingarstjórnun er í höndum starfsmanna rekstrarfélaga samkvæmt samningi. Þeir eru fáir og sinna eingöngu fjárfestingarákvörðunum. Öðrum þáttum í starfsemi sjóðanna, til dæmis vörslu eigna og samskiptum við sjóðsfélaga, sinnir vörslufyrirtæki. Sú vinna fer eftir samningi þess við rekstrarfélag. Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki þurfa að fá viðurkenningu Fjármálaeftir-

litsins. Í öðru lagi er verðbréfasjóður ekki fyrirtæki sem leitar eingöngu til valins hóps fjárfesta við sölu hlutdeildarskírteina. Almenningi skal ætíð heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hans. Í þriðja lagi er verðbréfasjóður ekki vogunarsjóður með frjálslegar fjárfestingarheimildir. Til að koma í veg fyrir mikla áhættu er verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum í öðru en skráðum verðbréfum á skipulegum verðbréfamarkaði. Að sama skapi eru ítarlegar kröfur um áhættudreifingu í fjárfestingarstefnukafla verðbréfasjóðalaga.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu hafa ýmsa kosti fyrir almenning. Í fyrsta lagi myndast sérfræðiþekking hjá sjóðum sem auðveldar fjárfestum að njóta góðs af hagnaðartækifærum á verðbréfamarkaði. Fjárfestingarstefnan er þó ekki tekin úr höndum einstaklingsins því val hans stendur á milli ólíkra sjóða með mismunandi fjárfestingarstefnu. Í öðru lagi stuðla sjóðir að áhættudreifingu. Það eru gömul sannindi að forðast skal að setja öll eggin í sömu körfu. Hver viðskiptavinur á tilkall til ávinnings af heildareigum sjóðs. Með því auka sjóðirnir möguleika smærri fjárfesta á mikilli áhættudreifingu fyrir litla fjárfestingu. Í þriðja lagi gegna sjóðir um sameiginlega fjárfestingu þjóðhagslegu hlutverki. Þeir auðvelda sparnað og opna farveg fyrir fjármagn frá einstaklingum til atvinnulífs. Sjóðir auka veltu á markaði og stuðla að skilvirkni hans. Í fjórða lagi lúta margir sjóðir innlausnarskyldu sem á að tryggja seljanleika eigenda hluta og draga um leið úr áhættu þeirra. Í fimmta lagi fylgir sjóðum oft skattalegt hagræði fyrir viðskiptavini. Í sjötta lagi lúta margir sjóðir sérstökum lögum sem eiga að stuðla að traustara umhverfi fyrir viðskiptavini.

3. Rekstrarform sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Þótt allir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu séu eðli máls samkvæmt í sambærilegum rekstri er stjórnsýslu þeirra ekki á einn veg háttað. Rekstrarfyrirkomulagi fjárfestingarsjóða í aðildarríkjum OECD má skipta í þrennt:

a. *Lögbundið félagaform, oftast hlutafélag (e. investment company).* Sjóður er hlutafélag og fjárfestar eru hluthafar. Stundum er hlutafélagaformið sniðið að þörfum sjóðs með sérstökum ákvæðum um útgáfu og innlausn hluta.
b. *Samningsformið (e. contractual).* Rekstur sjóðs fer eftir samningi fjárfestis, rekstraraðila auk vörslufyrirtækis eftir atvikum. Sjóðurinn sjálfur er ekki sjálfstæður lögaðili.
c. *Fjárhaldssjóðir (e. trust funds).* Fjárfestar eiga eignarréttarlegt tilkall til eigna sjóðs en koma hvergi nærri stjórnun hans. Stjórnendur eiga hins vegar ekkert eignarréttarlegt tilkall til sjóðsins. Þetta fyrirkomulag tíðkast aðallega í Bretlandi og öðrum samveldislöndum með engilsaxneskan rétt, Ástralíu og Kanada. Þróunin virðist vera sú að þessum sjóðum fækki og þeir nýti sér fremur samnings- eða hlutafélagaformið.

Mörg lönd heimila ólíkar útgáfur en önnur aðeins eina. Tilskipunin um sameiginlega fjárfestingu gerir ráð fyrir öllum afbrigðum. Samkvæmt upplýsingum frá OECD bjóða eftirfarandi lönd upp á bæði hlutafélaga- og samningsformið: Belgía, Tékkland, Frakkland, Grikkland, Ítalía, Lúxemborg, Spánn og Tyrkland. Eftirfarandi lönd bjóða eingöngu upp á samningsformið: Danmörk, Þýskaland, Portúgal, Svíþjóð, Sviss. Ýmis lönd með engilsaxneskan rétt, Bretland, Írland, Hong Kong voru aðallega með fjárhaldssjóðsformið en hlutafélagaformið er smám saman að taka við. Í Bandaríkjunum eru flestir hlutabréfasjóðir hlutafélög með heimildum til þess að gefa út hluti og innleysa eftir þörfum án lagalegra hindrana. Á Íslandi hefur samningsformið verið ríkjandi en þó með því fráviki að þess hefur verið krafist að verðbréfasjóður sé rekinn í formi hlutafélags.

4. Þróun löggjafar um verðbréfasjóði.

Löggjöf um verðbréfasjóði er tiltölulega ný af nálinni hér á landi. Fyrstu lögin voru lög um verðbréfamiðlun, nr. 27/1986. Aðeins lítillega er vikið að verðbréfasjóðum í þessum lögum en þó er hugtakið verðbréfasjóður skilgreint og gert er ráð fyrir að rekstur verðbréfasjóðs lúti stjórn manns sem hefur leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar. Í lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem felldu úr gildi lögin frá 1986, eru mun ítarlegri ákvæði um verðbréfasjóði. Þar er m.a. vikið að aðildarhæfi verðbréfasjóðs og rekstrarsamningi sjóðsins við verðbréfafyrirtæki. Þá eru í lögunum settar ákveðnar skorður við fjárfestingum verðbréfasjóða og viðskiptum verðbréfasjóðs við starfsmenn og eigendur sjóðsins o.fl.

Núgildandi lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, byggjast að nokkru leyti á lögunum frá 1989, en jafnframt er lögunum breytt til samræmingar íslenskrar löggjafar við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu. Lögunum var breytt lítillega með lögum nr. 21/1996, en þær breytingar miðuðu einkum að því að laga íslenskan rétt betur að tilskipun Evrópusambandsins um verðbréfasjóði, og með lögum nr. 17/1999, en þær breytingar gerðu kleift að stofna verðbréfasjóði sem eingöngu höfðu heimild til markaðssetningar hér á landi og lutu ekki ákvæðum tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu.

5. Markaður fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

Tíu verðbréfasjóðir hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra og eru þeir reknir í um 40 deildum. Sex þeirra hafa eingöngu heimild til að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín hér á landi skv. 27. gr. laga nr. 10/1993. Í Kauphöll Íslands eru skráðir sex hlutabréfasjóðir á Aðallista og tveir á Vaxtarlista. Í kauphöllinni eru einnig skráð nokkur félög sem telja verður að sinni eingöngu sameiginlegri fjárfestingu þó að þau séu ekki skráð sem hlutabréfasjóðir á listum þingsins.

Tafla 1 sýnir eignir verðbréfasjóða og hlutabréfasjóða og innlán innlánsstofnana frá árinu 1985 til ársins 2001 í milljónum króna.

Tafla 1. Innlán og eignir verðbréfasjóða og hlutabréfasjóða í millj. kr.

Ár	Verðbréfasjóðir	Hlutabréfasjóðir	Innlán
1985	384		37.909
1986	1.285		51.249
1987	3.757		69.415
1988	5.847		86.252
1989	9.334		109.562
1990	13.614		126.743
1991	11.798		145.197
1992	9.323		150.436
1993	12.466		160.221
1994	16.977	2.425	163.252
1995	14.587	4.350	166.487
1996	21.317	11.192	177.929
1997	33.893	17.410	193.583
1998	75.015	19.015	223.174

Ár	Verðbréfasjóðir	Hlutabréfasjóðir	Innlán
1999	91.058	23.690	261.375
2000	79.180	22.494	290.996
2001	100.259	21.485	337.016

Eignir verðbréfasjóða hafa u.þ.b. áttfaldast frá gildistöku laga um verðbréfasjóði árið 1993. Á sama tímabili hafa innlán í innlánsstofnunum rúmlega tvöfaldast. Í árslok 2001 námu eignir verðbréfasjóða og hlutabréfasjóða ríflega þriðjungi af innlánum en sama hlutfall var innan við 10% árið 1993. Miðað við reynslu annarra ríkja má reikna með að vöxtur eigna verðbréfasjóða verði áfram hraðari en vöxtur innlána.

Tafla 2 sýnir skiptingu eigna verðbréfasjóða í árslok 2001.

Tafla 2. Skipting eigna verðbréfasjóða í millj. kr. og %.

Eign	Fjárhæð	Hlutdeild
Sjóður og bankainnstæður	4.010	4,0%
Erlend hlutabréf	5.544	5,5%
Erlend skuldabréf	389	0,4%
Hlutabréf	8.069	8,0%
Verðbréf ríkis og sveitarfélaga	53.297	53,2%
Verðbréf fjármálafyrirtækja	22.737	22,7%
Verðbréf atvinnufyrirtækja	5.858	5,8%
Aðrar eignir	355	0,4%
Samtals	100.259	100,0%

Meiri hluti eigna íslenskra verðbréfasjóða er í ríkistryggðum bréfum. Ríflega þriðjungur er samtals í verðbréfum fjármálafyrirtækja og atvinnufyrirtækja og í íslenskum hlutabréfum. Aðeins tæp 6% af eignum verðbréfasjóða eru í erlendum verðbréfum.

Tafla 3 sýnir eignir sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem hlutfall af landsframleiðslu viðkomandi lands árið 1998 og 1990. Taflan er tekin upp úr skýrslu OECD frá árinu 2001 um stjórnsýslu sjóða um sameiginlega fjárfestingu í OECD-ríkjum *(Governance systems for collective investment schemes for OECD-countries).*

Taflan sýnir að Ísland er í 17. sæti 27 OECD-ríkja árið 1998 með eignir sjóða um sameiginlega fjárfestingu samtals 16,5% af landsframleiðslu. Efst á listanum eru þau ríki þar sem markaður fyrir verðbréfasjóði er þróaðastur, þ.e. í Lúxemborg, Bandaríkjunum og Frakklandi. Hlutfall eigna sjóða í Lúxemborg af landsframleiðslu sýnir glöggt þvílíka þýðingu sjóðarekstur hefur í hagkerfi ríkisins. Athygli vekur einnig lágt hlutfall eigna sjóða af landsframleiðslu í Danmörku, Noregi og Finnlandi.

Tafla 3. Eignir sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem hlutfall af landsframleiðslu.

Nr.	Land	1998	1990
1	Lúxemborg	3401,8	928,9
2	Bandaríkin	61,8	20,8
3	Frakkland	49,8	32,9
4	Spánn	43,8	3,2
5	Ítalía	34,9	3,8
6	Belgía	33,9	13,0
7	Kanada	33,8	5,3
8	Svíþjóð	33,7	16,9
9	Austurríki	30,7	9,0
10	Þýskaland	30,3	9,0
11	Bretland	28,4	12,9
12	Grikkland	27,9	
13	Portúgal	26,7	4,3
14	Sviss	26,5	8,1
15	Ástralía	16,9	6,4
16	Holland	16,6	11,3
17	**Ísland**	**16,5**	**4,2**
18	Kórea	13,9	13,4
19	Danmörk	11,3	2,7
20	Japan	9,8	13,1
21	Noregur	7,8	2,3
22	Finnland	4,5	0,1
23	Ungverjaland	3,2	
24	Mexíkó	2,9	7,8
25	Tékkland	2,4	
26	Tyrkland	0,5	0,4
27	Pólland	0,4	

6. Vinna við gerð frumvarpsins.

Viðskiptaráðuneytinu hafa lengi verið ljósir þeir gallar sem eru á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Hins vegar var ekki talið rétt að leggja til grundvallarbreytingar á lögum um verðbréfasjóði fyrr en ljóst lægi fyrir hvernig Evrópusambandið hygðist breyta tilskipun um sameiginlega fjárfestingu. Fyrirséð var að breytingar á tilskipuninni yrðu miklar.

Tillögur framkvæmdastjórnar ESB að breytingum á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu voru lagðar fram árið 1998. Viðskiptaráðherra lagði fram frumvarp til breytinga á lögum um verðbréfasjóði á 123. löggjafarþingi 1998–99 þar sem mælt var fyrir um heimild til stofnunar verðbréfasjóða sem hefðu víðtækari fjárfestingarheimildir og lytu ekki ákvæðum tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu. Frumvarpið varð að lögum nr. 17/1999. Það tók mið af tillögum framkvæmdastjórnarinnar að breyttri tilskipun.

Vorið 2001 lá fyrir að pólitísk samstaða næðist um tillögur framkvæmdastjórnar ESB. Viðskiptaráðuneytið lagði þá um sumarið frumdrög að frumvarpi til nýrra verðbréfasjóðalaga

í samráði við fjármálafyrirtæki, Fjármálaeftirlitið og Verðbréfaþing Íslands (nú Kauphöll Íslands). Í kjölfarið var skipuð nefnd til að leggja drög að frumvarpi til að innleiða ákvæði áðurnefndra tilskipana.

Nefndin var þannig skipuð:

Andri Sigurðsson, lögfræðingur hjá Kaupþingi,
Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, formaður,
Elín Jónsdóttir, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu,
Erla Pétursdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu,
Jóhann Pétur Harðarson, lögfræðingur hjá Logos lögmannsþjónustu,
Ólafur Arinbjörn Sigurðsson, lögfræðingur Kauphallar Íslands hf.,
Sigurður B. Stefánsson, framkvæmdastjóri í Íslandsbanka hf.

Auk framangreindra tók Þórarinn Þorgeirsson, lögfræðingur í Fjármálaeftirlitinu, þátt í nefndarstarfinu. Kaflar 2, 3 og 11 í almennri greinargerð með frumvarpi þessu eru að mestu teknir upp úr kandídatsritgerð Jóhanns Péturs Harðarsonar um stjórnsýslu fjárfestingarsjóða við lagadeild Háskóla Íslands vorið 2002.

Verðbréfasjóðanefnd skilaði viðskiptaráðherra drögum að frumvarpi í desember 2002.

7. Helstu breytingar í frumvarpinu.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu eru:

- Starfsleyfisskyldum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er skipt í verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Verðbréfasjóðir uppfylla öll skilyrði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu. Fjárfestingarheimildir þeirra hafa verið rýmkaðar í samræmi við breytingar á tilskipuninni.
- Fjárfestingarsjóðir eru nýtt starfsleyfisskylt form sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Tilgangurinn er að auka svigrúm aðila til að stofna fleiri tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi. Fjárfestingarsjóðir uppfylla ekki tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og geta þeir því ekki markaðssett skilríki sín á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi ríki. Slíkir sjóðir eru til í einu formi eða öðru í öllum EES-ríkjum en mjög mismunandi er hvaða ákvæði gilda um slíka sjóði.
- Í frumvarpinu er mælt fyrir um einkarétt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Það þýðir að hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu falla undir lögin og fá starfsleyfi. Gildandi lög taka ekki til hlutabréfasjóða. Það hefur leitt til þess að tvö kerfi eru hér á landi um sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Annars vegar verðbréfasjóðir sem uppfylla ströng skilyrði laga og hins vegar hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem ekki hafa starfsleyfi stjórnvalda. Engin ákvæði eru í lögum um stjórn, skipulag, hagsmunaárekstra, upplýsingagjöf, innlausn og fjárfestingarstefnu þessara sjóða. Þetta kerfi er ófullnægjandi, tryggir ekki vernd neytenda með þeim hætti sem ætlast er til af löggjöf á fjármálamarkaði og viðgengst ekki í löndunum í kringum okkur.
- Rekstrarfélög verðbréfasjóða fá starfsleyfi stjórnvalda og verða fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Þau fá víðtækari heimildir til starfsemi, m.a. geta þau sinnt eignastýringu og fjármálaráðgjöf.
- Verðbréfasjóðir verða stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi í stað þess að vera sjálfstæðir lögaðilar. Í gildandi lögum eru verðbréfasjóðir hlutafélög. Það fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt, enda er hlutverk verðbréfasjóðs það eitt að gera samning við viðeigandi aðila

um rekstur og vörslu sjóðsins. Fjárfestingarsjóðir geta hvort heldur sem er verið reknir í formi hlutafélags eða sem hluti rekstrarfélags eins og verðbréfasjóðir.
- Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutdeildarskírteini staðfestingu og fjárfestingarsjóðum sem gefa út hlutabréf starfsleyfi í stað þess að viðskiptaráðherra veiti verðbréfasjóðum starfsleyfi.
- Ný ákvæði eru um upplýsingagjöf verðbréfasjóða í samræmi við breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu, m.a. er kveðið á um skyldu sjóða til að gera útdrátt úr útboðslýsingu.

8. Breytingar sem frumvarpið felur í sér fyrir starfandi félög.

Frumvarp þetta leiðir til töluverðra breytinga fyrir þau félög eða sjóði sem starfa á verðbréfasjóðamarkaði. Hér eru breytingarnar raktar.

a. Rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Í stað þess að hljóta viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins munu rekstrarfélög fá starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki munu rekstrarfélög þurfa að sækja um starfsleyfi innan sex mánaða frá gildistöku þeirra laga.

Verði frumvarp þetta samþykkt má segja að rekstrarfélög hafi um þrennt að velja. Í fyrsta lagi að sinna eingöngu fjárfestingarákvörðunum eða einhverjum öðrum starfsþáttum 17. gr. frumvarpsins. Önnur verkefni yrðu falin öðrum aðilum, t.d. vörslufyrirtæki sem gæti verið móðurfélag rekstrarfélagsins. Þessi leið felur í sér minnsta breytingu á starfsemi rekstrarfélaga frá því sem algengast er í dag. Í öðru lagi er hugsanlegt að rekstrarfélag sinni öllum verkefnum 17. gr. en nýti ekki heimildir sínar til að sinna annarri starfsemi en rekstri verðbréfasjóða. Í þriðja lagi er mögulegt að rekstrarfélag fullnýti starfsheimildir sínar og verði alhliða eignastýringarfyrirtæki.

b. Vörslufyrirtæki.

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á starfsemi vörslufyrirtækja.

c. Verðbréfasjóðir starfræktir sem UCITS-sjóðir.

Verðbréfasjóðir sem hafa heimildir til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu skulu halda starfsleyfi sínu, þ.e. teljast hafa staðfestingu Fjármálaeftirlitsins við gildistöku laganna. Þeir þurfa hins vegar að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir reglum sínum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða.

Verðbréfasjóðir þurfa að slíta félaginu og verða hluti rekstrarfélags. Breytingin þarf að eiga sér stað eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara. Ekki er kveðið á um í frumvarpinu með hvaða hætti breytingin á sér stað en hægt er að hugsa sér að það gerist með samruna verðbréfasjóðsins og rekstrarfélagsins.

d. Verðbréfasjóðir starfræktir sem Non-UCITS-sjóðir.

Þeir verðbréfasjóðir sem hafa fengið starfsleyfi skv. 27. gr. laga nr. 10/1993 þurfa að óska eftir staðfestingu sem verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður.

e. Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

Í hálfan annan áratug hefur almenningi hér á landi verið boðið upp á að kaupa hlutabréf í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Vöxtur þessara félaga á tíunda áratugnum var mikill,

m.a. vegna þess að fjárfesting einstaklinga í þeim gaf rétt til að draga kaupverðið eða hluta þess frá skattskyldum tekjum, ólíkt því sem gildir um fjárfestingu í verðbréfasjóðum. Skattaleg staða þessara sjóða er hins vegar verri en verðbréfasjóða þar eð þeir eru skattlagðir með sama hætti og önnur hlutafélög.

Hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu falla undir gildissvið laga þessara veiti þeir viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Nánar er kveðið á um gildissvið laganna í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.

Hlutabréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er ekki skylt að sækja um starfsleyfi á meðan þeir veita ekki viðtöku fé frá almenningi. Í ákvæði til bráðabirgða segir hins vegar að þessum sjóðum beri að sækja um starfsleyfi gefi þau út nýtt hlutafé, nema félagið sé eingöngu markaðssett til fagfjárfesta. Ákvæðið gildir óháð því hvaða aðferð notuð er við að auka hlutafé. Þannig geta þessi félög ekki selt bréf í lokuðu útboði til fagfjárfesta án þess að þurfa að sækja um starfsleyfi, vegna þeirrar hættu að bréfin verði á eftirmarkaði seld til almennings í gegnum skráningu í kauphöll.

f. Umbreyting hlutafélaga um sameiginlega fjárfestingu.

Hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem gefa út hlutabréf geta breytt rekstrarformi sínu og gefið að því loknu út hlutdeildarskírteini í stað hlutabréfa. Ástæðan fyrir því að það kynni að vera fýsilegur kostur fyrir þessa sjóði er sú að skattaleg staða sjóða sem stofnaðir eru og reknir af rekstrarfélagi og gefa út hlutdeildarskírteini er betri en sjóða sem reknir eru í formi hlutafélaga. Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt eru m.a. ákvæði sem koma í veg fyrir að umbreytingin sjálf leiði til skaða fyrir félagið og hluthafann.

Ekki þykir ástæða til að binda í lög hvaða leið hlutafélögin fari við þessa breytingu. Með frumvarpi fjármálaráðherra er tryggt að ekki komi til skattlagningar fyrir hluthafa þegar hlutafélagi er slitið af þessum ástæðum. Ein af þeim leiðum sem geta komið til greina við slíka rekstrarformsbreytingu er sú að hlutabréfasjóður selji allar sínar eignir til rekstrarfélags og fái sem gagngjald hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði sem hefur við slíka yfirfærslu sama verðbréfasafn og hlutafélagið hafði áður. Eftir stendur hlutafélag sem eingöngu á hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði en eignasafnið er í raun það sama þar sem yfirfærslan hefur einungis átt sér stað að forminu til frá hlutafélaginu sjálfu yfir í verðbréfasjóð sem rekstrarfélag rekur. Því næst kemur þá til greina að slíta félaginu samkvæmt þeim lögum og reglum sem um það gilda og úthluta eignum félagsins, þ.e. hlutdeildarskírteinum í viðkomandi verðbréfasjóði, til hluthafa í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra í viðkomandi hlutabréfasjóði. Eftir stendur hluthafinn með hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði með sams konar verðbréfasafn og hlutafélagið hafði áður.

9. Kaflaskipting frumvarps.

Frumvarpið er byggt upp á þann hátt að fyrst eru almenn ákvæði um gildissvið, orðskýringar, heimildir til að hefja starfsemi og um aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Annar kafli frumvarpsins er umfangsmestur og lýtur hann aðeins að verðbréfasjóðum. Þriðji kaflinn fjallar um fjárfestingarsjóði og er þá vísað til þriðja kafla að því marki sem við á. Kaflaskipting frumvarpsins er eftirfarandi:

1. Almenn ákvæði.
2. Verðbréfasjóðir.

a. Staðfesting og afturköllun staðfestingar.
b. Stofnun og starfsemi.
c. Vörslufyrirtæki.
d. Hlutdeildarskírteini.
e. Innlausn.
f. Fjárfestingarheimildir.
g. Markaðssetning utan heimalands.
h. Upplýsingagjöf.

3. Fjárfestingarsjóðir.
   a. Fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini (hlutdeildarskírteinasjóðir).
   b. Fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf (hlutabréfasjóðir).
4. Eftirlit og reglugerð.
5. Viðurlög.
6. Gildistaka o.fl.
7. Ákvæði til bráðabirgða.

10. Tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Gildissvið tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu takmarkast við þau fyrirtæki sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi og endurfjárfesta í verðbréfum samkvæmt tiltekinni fjárfestingarstefnu og gefa út hluti til þeirra sem fá fyrirtækinu fé til ávöxtunar og innleysa þá að kröfu eigenda (UCITS-sjóðir).

Margir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu falla ekki undir þau skilyrði sem þessi einfaldaða lýsing á gildissviði tilskipunarinnar gefur. Aðildarríkjum EES-svæðisins er frjálst að setja reglur um sjóði utan gildissviðs tilskipunar. Þeir sjóðir þurfa að afla sér sérstaks starfsleyfis í hverju einstöku ríki.

Auk formála, þar sem lýst er aðdraganda og markmiðum tilskipunar, skiptist UCITS-tilskipunin í XI kafla. Í I. og II. kafla eru almenn ákvæði og skilgreiningar. Í kafla III og IV eru ákvæði um starfsskyldur rekstrarfélaga (e. management companies) annars vegar og hins vegar fjárfestingarfélaga (e. investment companies). Við stofnun UCITS-sjóða stendur val um að rekstrarfélag stýri UCITS-sjóði skv. III. kafla eða stofna sjóð sem fjárfestingarfélag skv. IV. kafla. Kaflarnir eru meginheimildirnar um stjórnsýslu og starfsemi UCITS-sjóða.

Í V. kafla tilskipunar eru ítarleg ákvæði um fjárfestingarstefnu UCITS-sjóða. Þær reglur hafa þótt strangar og voru nýlega rýmkaðar með breytingatilskipun nr. 2001/108/EB. Eldra fyrirkomulag var talið úrelt og standa í vegi fyrir fjölgun UCITS-sjóða í ljósi aukinnar þekkingar og nýrrar tækni á fjármálamarkaði. Í breytingunum fólust meðal annars auknar heimildir til viðskipta með: afleiður á skipulegum verðbréfamarkaði eða utan þeirra, peningamarkaðsskjöl, hlutdeildarskírteini annarra fjárfestingarsjóða, hlutabréf ef einstaka útgefendur hafa mikið vægi í eignasafni sjóðs enda sé ætlunin að endurspegla tiltekna verðbréfavísitölu, með tilteknum gefnum skilyrðum. Meðal skilyrða er að útgefendur ýmissa flokka verðbréfa skulu lúta viðeigandi eftirliti. Ákvæði kaflans eru einnig ítarleg hvað varðar hlutfall bréfa einstakra útgefenda af heildarsafni. Þá segir að UCITS-sjóðum sé óheimilt að eignast verðbréf með atkvæðisrétti sem gerir þeim kleift að hafa umtalsverð áhrif (e. significant influence) á stjórnun útgefanda verðbréfa. Að sama skapi er UCITS-sjóði óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum, fasteignum eða taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina samkvæmt ákvæðum kaflans.

Í VI.–XI. kafla tilskipunar eru meðal annars ákvæði um upplýsingaskyldu UCITS-sjóða, UCITS-sjóði sem nýta sér „Evrópupassann“, stjórnvöld sem veita starfsleyfi og annast eftirlit auk samstarfsnefndar um framkvæmd tilskipunar.

Margvíslegar breytingar voru samþykktar á UCITS-tilskipuninni árið 2001. Markmið þeirra var að nútímavæða ákvæði tilskipunar til samræmis við þarfir markaðarins. Breytingarnar komu með tveimur breytingatilskipunum. Sú fyrri, tilskipun um breytingar á UCITS-tilskipun nr. 2001/107/EB, varðar stjórnsýslu UCITS-sjóða. Hin síðari, tilskipun um breytingar á UCITS-tilskipun nr. 2001/108/EB, varðaði ákvæði um fjárfestingarstefnu UCITS-sjóða.

Í tilskipun 2001/108/EB eru eftirfarandi fjórar meginbreytingar á skipulagi reksturs verðbréfasjóða:

1. Rekstrarfélag getur fengið heimild til að reka annars konar sjóði en verðbréfasjóði, svo sem eins og lífeyrissjóði. Einnig er gert ráð fyrir að rekstrarfélagið geti veitt stoðþjónustu, t.d. ráðgjöf. Rekstrarfélag sem ræki t.d. lífeyrissjóð mundi heyra undir tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (e. Investment Services Directive) með þann hluta starfseminnar. Þannig gæti rekstrarfélag heyrt undir tvær tilskipanir með mismunandi þætti starfseminnar, eins og t.d. bankar heyra nú undir bankatilskipun með hluta starfseminnar og verðbréfaviðskiptatilskipunina með annan hluta.
2. Kveðið er skýrar á um hvaða verkefnum rekstrarfélagi ber að sinna og um heimildir til að fela öðrum aðilum verkefni. Rekstrarfélag þarf ekki að sinna öllum verkefnum sjálft heldur geti fengið aðra til að sjá um tiltekna þætti rekstrarins, eins og markaðssetningu eða stjórnun fjárfestingarsamvals. Skal þó tekið fram að samkvæmt tilskipuninni er rekstrarfélagi aldrei heimilt að fela vörslufyrirtæki stjórnun fjárfestingarsamvals.
3. Rekstrarfélagið fær starfsleyfi og heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. Að síðustu er gert ráð fyrir að komið verði á einföldum útboðslýsingum (e. simplified prospectus) sem þjóna fyrst og fremst hagsmunum smærri fjárfesta sem ekki hafa þá þekkingu sem þarf til að fara í gegnum ítarlegar útboðslýsingar.

11. Löggjöf um sameiginlega fjárfestingu í Lúxemborg og Bandaríkjunum.

Ástæða þykir til að gera stuttlega grein fyrir löggjöf sem gildir um sameiginlega fjárfestingu í þeim tveimur ríkjum sem fremst standa á þessu sviði, Lúxemborg og Bandaríkjunum.

a. Lúxemborg.

Lúxemborg gegnir lykilhlutverki sem fjármálamiðstöð í Evrópu. Vegna legu sinnar miðsvæðis í Evrópu, tungumálakunnáttu íbúa og sérhæfðrar fjármálalöggjafar er landið kjörin geymsla fyrir sjóði og fjármunatengda starfsemi útlendinga. Frá árinu 1959, þegar ljóst varð að auðlindir landsins voru að þverra, var lögð aukin áhersla á að gera fjármálaþjónustu að sérstakri atvinnugrein. Sú áhersla hefur borið góðan árangur því slík umsýsla er nú mikilvægasta atvinnugrein landsins. Hluti af aðdráttarafli landsins fyrir fjárfesta og fjárfestingarsjóði felst í hagstæðu skattaumhverfi fyrir fjárfestingarfyrirtæki. Sú skattastefna hefur þó verið þyrnir í augum annarra aðildarríkja Evrópusambandsins.

Á árinu 1983 voru fyrstu lögin um fjárfestingarsjóði sett í Lúxemborg. Áður höfðu slíkir sjóðir starfað samkvæmt almennum lögum og sérstaklega lögum um eignarhaldsfélög frá 1929, sem eru í daglegu tali nefnd „1929 lögin“. Í lögunum um fjárfestingarsjóði voru í fyrsta sinn sett yfirgripsmikil ákvæði um rekstrarumhverfi og fjárfestingar sjóða. Meðal nýjunga

í lögunum má nefna ákvæði um hlutafélög með breytilegu hlutafé, SICAV (Société d'investissement à capital variable).

Í kjölfar setningar UCITS-tilskipunar Evrópusambandsins árið 1985 varð Lúxemborg fyrst ríkja til þess að innleiða ákvæði tilskipunarinnar í sérstök lög. Lögin bera heitið lög um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu frá 1988, en oftast er einfaldlega vísað til „1988 laganna“ (e. Law of 30 March 1988 on Undertakings for Collective Investment). Gildissvið þeirra laga afmarkast við alla sjóði sem taka við fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar á grundvelli fyrir fram kunngerðrar fjárfestingarstefnu. Eðli máls samkvæmt er um sömu skilyrði að ræða og í íslensku verðbréfasjóðalögunum um stofnun og starfrækslu UCITS-sjóða. Meðal nýjunga í lögunum má nefna að í þeim myndaðist í fyrsta sinn grundvöllur til stofnunar svokallaðra regnhlífasjóða (e. umbrella funds). Slíkir sjóðir lúta ákveðnum reglum um upphaflega stofnun og skráningu en að þeim frá gengnum er auðvelt að stofna sjóðadeildir undir formerkjum hins upphaflega sjóðs, jafnvel þótt hinar mismunandi deildir séu ólíkar til dæmis hvað varðar fjárfestingarstefnu og gjaldmiðil sem hlutir eru gefnir út í. Kostir þessa fyrirkomulags felast í lágum kostnaði og einföldum framgangi vilji fjármálafyrirtæki auka umsvifin.

Lögin frá 1988 skiptast í tvo hluta. Í fyrri hluta eru ákvæði um sjóði sem fullnægja UCITS-tilskipun. Í seinni hluta laganna eru ákvæði um sjóði sem ekki fullnægja skilyrðum UCITS-tilskipunar. Það eru einkum fjögur atriði í samþykktum sjóða sem valda því. Í fyrsta lagi hvílir ekki innlausnarskylda á þeim. Í öðru lagi er um að ræða sjóði sem markaðssetja starfsemina utan Evrópusambandsins eða EES. Í þriðja lagi sjóði sem ekki er heimilt að markaðssetja í ríkjum Evrópusambandsins eða EES. Síðast en ekki síst eru það sjóðir sem fullnægja ekki hinum ströngu skilyrðum um fjárfestingarstefnu. Slíkum sjóðum er skipt í þrjá hópa í lögunum eftir ólíku eðli fjárfestinga þeirra. Um hvern hóp gilda sérstakar reglur. Í fyrsta lagi áhættufjármögnunarsjóði (e. venture capital funds) sem fjárfesta í ungum en efnilegum fyrirtækjum sem ekki hafa hlotið skráningu í kauphöll. Í öðru lagi afleiðusjóði (e. deratives funds) sem eiga viðskipti með afleiður og loks fasteignasjóði (e. real estate funds) sem fjárfesta í fasteignum.

Árið 1991 voru sett sérstök lög um þá sjóði sem ekki er heimilt að selja hluti sína til almennings, í daglegu tali nefnd „1991 lögin“ (e. Law on Undertakings for Collective Investments, the units of which are not intended to be placed with the public and which may be reserved for one or more institutional investor). Þessi lög vísa til hinna viðameiri laga frá 1988 um fjölda atriða, svo sem félagaform, skipulag innra og ytra eftirlits, refsiviðurlög og málsmeðferð um starfsleyfi og fleira. Lögin frá 1991 skilgreina þann aðila sem fagfjárfesti (e. institutional investor) sem heimilt er að fjárfesta í sjóðum sem lögin gilda um. Fagfjárfestar eru flestir stór fjárfestingarfyrirtæki eða önnur fyrirtæki sem rekin eru af sérfræðingum. Fjármálaeftirlitið í Lúxemborg hefur nýtt heimild til þess að þróa skilgreiningu um fagfjárfesta í reglum sínum. Skilgreiningin, sem er opin og matskennd, hefur verið rýmkuð. Hún heimilar í raun einstaklingum, sem sjálfir gætu ekki talist til fagfjárfesta, að stofna eignarhaldsfélög í Lúxemborg, eða annars staðar, og fjárfesta í umræddum sjóðum.

Orðspor Lúxemborgar sem fjármálamiðstöðvar byggist um margt á fjármálaeftirlitinu. Sú leið hefur verið valin að fela eftirlitinu mikil völd við að móta nánari reglur innan ramma laga. Styrkleiki Lúxemborgar sem fjármálamiðstöðvar er meðal annars talinn felast í þeim sveigjanleika sem lagaumhverfið býður með þessum hætti.

b. Bandaríkin.

Flóra sjóða um sameiginlega fjárfestingu er fjölbreytt í Bandaríkjunum og stór hluti almennings fjárfestir hluta sparifjár í einhvers konar sjóðum. Mörg þúsund fyrirtæki starfa við sjóðarekstur og hjá þeim starfa tugþúsundir starfsmanna. Rekstur sjóða er því mikilvæg atvinnugrein.

Grundvallarlög á bandarískum verðbréfamarkaði eru verðbréfaviðskiptalögin sem eru að stofni til frá 1933, „The Securities Act of 1933". Þau krefjast meðal annars opinberrar skráningar á þeim tegundum verðbréfa sem boðin eru almenningi, þar á meðal hlutabréfum sjóða. Önnur grundvallarlög, kauphallarlögin frá 1934, „The Securities Exchange Act of 1934", kveða á um upplýsingaskyldu sjóða gagnvart fjárfestum og starfshætti millilliða við sölu á hlutabréfum þeirra. Loks má nefna lög um fjármálaráðgjafa „The Investment Advisers Act of 1940", sem krefjast þess að fjármálaráðgjafar og rekstrarfélög verðbréfasjóða starfi einungis að fengnu starfsleyfi með nánar tilteknum skilyrðum. Frá gildistöku þessara laga hefur þeim verið breytt í takt við nýja tíma með fjölda breytingalaga. Einnig setja fylkin sérstök lög um verðbréfaviðskipti. Þau eru keimlík alríkislögunum.

Um sjóði um sameiginlega fjárfestingu í Bandaríkjunum gilda lög um fjárfestingarfyrirtæki „The Investment Company Act of 1940". Aðdragandi setningar þeirra var sá að árið 1935 fyrirskipaði fulltrúadeild þingsins bandaríska verðbréfaeftirlitinu, „Securities and Exchange Commission – SEC", að gera rannsókn á rekstrarfyrirkomulagi og viðskiptaháttum sjóða í kjölfar umdeildra viðskiptahátta í aðdraganda fjármálahrunsins á Wall Street árið 1929. Eftir útgáfu skýrslu SEC voru samþykkt lög árið 1940 um fjárfestingarfyrirtæki. Í lögunum er mælt fyrir um stjórnsýslu og upplýsingaskyldu sjóða. Einnig var eftirliti með þeim komið fyrir hjá SEC. Eftir lok síðari heimsstyrjaldar fjölgaði fjárfestingarsjóðum hratt. Í kjölfar nýrrar skýrslu SEC og fleiri um stöðu sjóða í lok sjötta áratugarins var ráðist í mikla endurnýjun ákvæða laganna árið 1970 og 1975.

b.1 Tegundir sjóða.

Flest fjárfestingarfyrirtæki eru hlutafélög en fleiri félagaform eru þó heimil, til dæmis sameignarfélög. Skilgreiningin miðast við félög sem stunda:

a. fyrst og fremst fjárfestingar, endurfjárfestingar eða viðskipti með verðbréf,
b. eru í rekstri skv. a-lið og 40% af eignum eru verðbréf sem aðrir en opinberir aðilar gefa út.

Lögin um fjárfestingarfyrirtæki skipta fjárfestingarfyrirtækjum í þrjár tegundir:

1. „Face-amount Certificate Companies" sem gefa út skuldaskjöl sem eiga að gefa af sér fastan fyrir fram ákveðinn arð.
2. „Unit Investment Trusts" sem bjóða hlutdeild í tilteknu föstu verðbréfasafni.
3. „Management Companies". Þessi flokkur er langmikilvægastur og tekur til allra annarra fjárfestingarfyrirtækja.

Fyrirtækjum í flokki „Management Companies" er skipt í nokkra flokka. Annars vegar í opin (e. open-end) og lokuð (e. closed-end) og hins vegar dreifð (e. diversified) og ódreifð (e. non-diversified) fyrirtæki. Opin og lokuð fyrirtæki geta ýmist verið dreifð eða ódreifð.

Það eru hin opnu fyrirtæki sem eru langalgengasta form fjárfestingarsjóða í Bandaríkjunum. Þau er jafnan nefnd „mutual funds". Í þessum kafla verða slík fyrirtæki jafnan nefnd verðbréfasjóðir. Þau er kölluð opin því hlutir í félögunum eru ekki bundnir við nafnvirði hlutafjár heldur er um að ræða rétt til hlutdeildar að eignum sjóðsins sem er breytileg stærð. Tilkallið er í hlutfalli við eign í sjóðnum. Það er einnig „opið" hversu marga hluti sjóðurinn

má gefa út. Ólíkt hefðbundnum fyrirtækjum eru því ekki takmarkanir á útgáfu hlutafjár í lögum.

Hluthafar verðbréfasjóða hafa svipaðar félagaréttarlegar heimildir og úrræði og í hefðbundnum hlutafélögum. Í því felst meðal annars rétturinn til þess að kjósa í stjórn sjóðs og nauðsyn að leggja fyrir hluthafa mikilvægar breytingar í samningi við rekstrarfélag eða breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðs.

Lokuð fyrirtæki sem einnig geta verið skipulögð í formi sjóða líkjast meira hefðbundnum fyrirtækjum hvað nafnviði hluta varðar og útgáfu nýrra bréfa. Hlutabréfin eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og ganga þar kaupum og sölum á opnunartíma hans. Markaðsverðmæti hlutabréfanna endurspeglast í skoðun fjárfesta á samanlögðu markaðsverðmæti eigna sjóðs og líklegrar verðþróunar. Skoðun einstakra fjárfesta þarf ekki að fara saman við skoðun fjárfestingarstjóra sjóðs.

Rætt er um dreifða sjóði ef um að minnsta kosti 75% af eignasafni sjóðs gildir að bréf einstaks útgefanda séu ekki meira en 5% af heildareignum sjóðs eða meira en 10% af atkvæðisbærum hlutum í útgefanda. Fullnægi sjóður þessum fjárfestingartakmörkunum nýtur hann tiltekinna skattafríðinda. Slík fríðindi hafa tíðkast frá árinu 1936. Dreifingarskilyrði þetta miðast eingöngu við tiltekinn útgefanda. Sjóður telst dreifður þó að hann fjárfesti einungis í einum iðnaði eða aðeins í bréfum útgefenda á tilteknu afmörkuðu svæði.

Á sama hátt og lögin krefjast vissrar áhættudreifingar eru í þeim ákvæði sem takmarka svigrúm fjárfestingarfyrirtækja til fjárfestinga. Þeim er til dæmis óheimilt að taka lán, gefa út misjafnlega réttháa hluti, sölutryggja verðbréf, stunda fasteigna- eða hrávöruviðskipti, lána og breyta fjárfestingarstefnu eða eðli starfsemi *nema* að fengnu samþykki meiri hluta sjóðseigenda.

Í ljósi rúmrar skilgreiningar á fjárfestingarfyrirtækjum eru gerðar fjórar undantekningar um fyrirtæki sem falla undir skilgreininguna samkvæmt orðanna hljóðan en eru látin vera undanþegin ákvæðum laganna. Þessar undantekningar eru í fyrsta lagi „Specialized Investment Media“. Þessi undantekning á við fyrirtæki eins og banka, tryggingafélög, sparisjóði, fjármálafyrirtæki, olíu- og gasleitarfyrirtæki, góðgerðarsamtök, skattfrjálsa lífeyrissjóði o.fl. Í öðru lagi „Inadvertent Investment Companies“, fyrirtæki í hefðbundnum rekstri sem selja stóran hluta eigna og endurfjárfesta andvirði í hlutabréfum í öðrum fyrirtækjum sem félagið hefur þó ekki yfirráð yfir. Í þriðja lagi „Business Development Companies“, fyrirtæki sem fjárfesta í og aðstoða við rekstur á smáfyrirtækjum og loks „Closely-held Companies“, útgefendur hlutabréfa sem fara ekki í almennt útboð og verða ekki í eigu fleiri en 100 einstaklinga.

Tilvist svokallaðra „hedge-funds“ byggist á síðastnefndri undantekningu. Slíkir sjóðir þurfa því ekki að lúta starfsleyfisskyldu og fjárfestingartakmörkunum ákvæða laganna. Algengt er að lágmarkshlutur í slíkum sjóði sé ein milljón dollara, eða um hundrað milljónir króna. Samkvæmt lögum þurfa fjárfestar að eiga að minnsta kosti eina milljón dollara í fjárfestingum til þess að vera heimilt að fjárfesta í slíkum sjóði. Það segir sig sjálft að slíkt er eingöngu á færi vel stæðra einstaklinga enda byggist réttlætingin á frávikum frá reglum um fjárfestingarstefnu á því að hluthafar „hafi efni á“ að tapa fjárfestingunni í sjóðnum.

„Hedge funds“ vöktu mikla athygli á níunda áratugnum fyrir mikla ávöxtun og þóttu mörgum spennandi fjárfestingarkostur. Færri komust þó að en vildu vegna fyrrgreindra takmarkana. Ljóminn af sjóðunum hefur þó minnkað samfara lægð á hlutabréfamörkuðum síðustu missiri og hruns mjög stórs og áberandi sjóðs, Long Term Capital Management Company, árið 1998.

Hugtakið „hedge funds“ er þó ekki eingöngu bundið við þá sjóði sem njóta undantekningar í bandarískum lögum. Vegna velgengni slíkra sjóða hafa aðrir sjóðir verið markaðssettir undir þessu nafni. Í Evrópu til dæmis er hugtakið „hedge-funds“ almennt notað um sjóði sem hafa rúmar heimildir til fjárfestinga. Til dæmis er slíkum sjóðum oft heimilt að fjármagna verðbréfaviðskipti með lánum og stunda afleiðuviðskipti. Á Íslandi er gjarnan rætt um vogunarsjóði í þessu samhengi.

b.2 Starfsleyfi og rekstur.

Verðbréfasjóðir, sem og önnur fjárfestingarfyrirtæki, þurfa að fá starfsleyfi hjá SEC. Í heild má segja að vandfundinn sé sá rekstur í bandarískri fjármálaþjónustu sem lýtur jafnmörgum lögum og reglum og gilda um verðbréfasjóði. Hæfi starfsmanna, efni auglýsinga og þóknanir eru dæmi um atriði sem nákvæm ákvæði eru um í lögum og reglum. Starfsleyfi felst í skráningu sem veitir meðal annars upplýsingar um fjárfestingarstefnu sjóðs og aðrar tilteknar upplýsingar. Sjóðirnir þurfa með kerfisbundnum hætti að fullnægja ýmiss konar upplýsingaskyldu gagnvart fjárfestum og SEC. Að rekstri bandarísks verðbréfasjóðs koma ýmsir aðilar eins og sést á meðfylgjandi mynd:



Stjórn verðbréfasjóðs (e. board of directors) gegnir lykilhlutverki í skipulagi og starfsemi sjóðs. Hún hefur eftirlit og yfirumsjón með rekstri og starfsemi sjóðsins. Stjórnin ákveður stefnu sjóðsins innan ramma samþykkta og skal koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sjóðseigenda og rekstraraðila. Stjórnir yfirfara og fylgjast með framkvæmd samningsins við rekstrarfélag. Stjórnin á að taka allar ákvarðanir með ýtrustu hagsmuni sjóðseigenda í huga. Verðbréfasjóður hefur enga sjálfstæða starfsemi eða starfsmenn umfram virka þátttöku stjórnar. Rekstur hans og umsýsla er í höndum annarra aðila:

Rekstrarfélag (e. investment adviser) ber ábyrgð á daglegri stýringu á eignasafni verðbréfasjóðs innan ramma samþykkta. Það eru því starfsmenn þess sem ákveða hvaða verðbréf eigi að kaupa og selja. Þóknun rekstrarfélags miðast við hlutfall af markaðsverðmæti sjóðs. Að auki selja mörg rekstrarfélög verðbréfasjóðum þá þjónustu að semja við og hafa eftirlit

með öðrum aðilum sem koma að rekstri hans. Þó er hugsanlegt að sérstakur aðili (e. administrator) semji við sjóðinn um að gegna slíku eftirlitshlutverki.

Markaðsdreifingaraðili (e. principal underwriter) ber ábyrgð á markaðssetningu og sölu á þjónustu verðbréfasjóðs. Þessari þjónustu geta ýmis fyrirtæki sinnt, til dæmis verðbréfafyrirtæki, líftryggingafélög og ráðgjafarfyrirtæki. Þótt flestir verðbréfasjóðir geri samninga við markaðsdreifingaraðila tíðkast líka að sjóðirnir selji milliliðalaust til fjárfesta. Í slíkum tilfellum hefur sjóður starfsmenn á sínum snærum. Vörslufélag (e. bank custodian) varðveitir eignir verðbréfasjóðs og annast greiðslur vegna kaupa sjóðsins og innlausna. Umsýsluaðilinn (e. transfer agent) annast hluthafaskrá, útreikninga vegna útgáfu og innlausn nýrra hluta og fullnægir upplýsingaskyldu sjóðs með því að senda fjárfestum gögn um gengi hans og fleira. Auk þessara aðila tíðkast í stöðugt ríkari mæli að stjórn verðbréfasjóðs hafi aðgang að óháðri lögfræðilegri ráðgjöf. Loks nýta verðbréfasjóðir sér þjónustu löggiltra endurskoðenda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin afmarkar gildissvið frumvarpsins og felur í sér verulega breytingu frá lögum nr. 10/1993. Í gildandi lögum um verðbréfasjóði segir í 1. gr.:

„Lög þessi taka til fyrirtækja, hér eftir nefnd verðbréfasjóðir, sem hafa eingöngu að markmiði

1. að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum skv. 27. gr. á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og
2. gefa út hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá félaginu fé til ávöxtunar og innleysa þau að kröfu eigenda af eignum félagsins.“

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1993 segir síðan að verðbréfasjóðum með fullgilt starfsleyfi sé einum heimilt að stunda starfsemi skv. 1. gr.

Af framangreindum ákvæðum leiðir að sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem gefa út önnur skírteini en hlutdeildarskírteini til fjárfesta í sjóðnum eða bjóða ekki upp á innlausn að kröfu eigenda eru ekki bundin af ákvæðum laganna. Þetta hefur leitt til þess að hér á landi eru til tvö kerfi um sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Annars vegar eru verðbréfasjóðir sem heyra undir lög nr. 10/1993, hafa starfsleyfi stjórnvalda og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Hins vegar eru hlutabréfasjóðir eða sambærilegir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem reknir eru í hlutafélagsformi, hafa ekki starfsleyfi stjórnvalda og lúta því ekki eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Engin ákvæði eru í lögum um stjórn, skipulag, hagsmunaárekstra, upplýsingagjöf, innlausn og fjárfestingarstefnu þessara sjóða umfram ákvæði hlutafélagalaga. Almenningur á síðan greiðan aðgang að þessum sjóðum í gegnum almenn útboð þessara sjóða eða skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði.

Það tvöfalda kerfi sem ríkir hér á landi er ófullnægjandi, tryggir ekki vernd neytenda með þeim hætti sem ætlast er til af löggjöf á fjármálamarkaði og viðgengst ekki í löndunum í kringum okkur. Í úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenskum fjármálamarkaði árið 2000 kom fram að nauðsynlegt væri fyrir stjórnvöld að setja lög sem giltu um hlutabréfasjóði jafnt sem verðbréfasjóði.

Í greininni er mælt fyrir um einkarétt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

(i) Viðtaka fjár.

Með orðalaginu „viðtaka fjár“ er átt við að sjóðurinn sé opinn (e. open-ended), þ.e. hann fær nýtt fjármagn með því að selja ný skírteini. Þetta á við um verðbréfasjóði samkvæmt lögum nr. 10/1993 og hlutabréfasjóði. Þrátt fyrir félagsformið eru hlutabréfasjóðir í reynd opnir því að í þeim er útboð nýs hlutafjár stöðugt eða nær stöðugt í gangi og því falla þeir undir lögin. Orðalagið „viðtaka fjár“ verður að túlka rúmt. Í því felst ekki að sjóður sé með stöðugt útboð í gangi heldur er nægjanlegt að sjóðurinn fái nýtt fjármagn frá fjárfestum með reglulegu millibili og almenningur eigi auðveldan aðgang að bréfum hans. Þannig geta lögin átt við um sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki kalla sig hlutabréfasjóði í dag, enda er einn megintilgangurinn með frumvarpi þessu að gera tilteknar lágmarkskröfur til sjóða sem bjóða almenningi hlutdeild í sameiginlegri fjárfestingu. Þetta útilokar hins vegar lokuð fjárfestingarfélög, -hópa eða -klúbba sem kynna starfsemi sína ekki fyrir almenningi og hafa ekki að markmiði að fjölga hluthöfum.

(ii) Almenningur.

Hugtakið „almenningur“ gegnir veigamiklu hlutverki í frumvarpi þessu. Hugtakið er ekki skilgreint í tilskipun 85/611/EBE. Af lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og frumvarpi því til laga um verðbréfaviðskipti sem lagt hefur verið fram á 128. löggjafarþingi má ráða að til almennings teljast þeir sem ekki eru fagfjárfestar, takmarkaður hópur manna eða þeir sem kaupa hlut fyrir háar fjárhæðir.

Fagfjárfestar eru skilgreindir í reglugerð nr. 477/2001, um útboð verðbréfa, og í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 163/2000, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, var fjallað um almenning og takmarkaðan hóp manna. Þar kemur fram að matskennt sé hvað við sé átt með takmörkuðum hópi manna enda sé ekki að finna nánari afmörkun í tilskipunum. Í mörgum ríkjum er miðað við ákveðinn fjölda manna til afmörkunar á því hvað sé takmarkaður hópur manna. Hér á landi hefur verið miðað við 25 manns, sbr. 29. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Þessi viðmiðun var upphaflega fengin með skírskotun til laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Þeir sjóðir þar sem hver viðskiptavinur þarf að reiða af hendi a.m.k. fimm millj. kr. til kaupa á hlut í sameiginlegri fjárfestingu verða heldur ekki taldir selja til almennings, en það leiðir af c-lið 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Sú fjárhæð skal þó aldrei vera lægri en 40 þúsund evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands.

(iii) Sameiginleg fjárfesting.

Með sameiginlegri fjárfestingu í verðbréfum og öðrum eignum er átt við þá starfsemi sjóða að taka við fé frá fjárfestum til að endurfjárfesta. Þetta er þeirra eina starfsemi. Slíkir sjóðir geta ekki verið í blönduðum rekstri. Ýmis almenn hlutafélög sem eru skráð í Kauphöll Íslands og hafa boðið út hlutafé til almennings eru umsvifamiklir fjárfestar á verðbréfamarkaði. Gengi þessara félaga fer að miklu leyti eftir því hvernig til tekst með fjárfestingarstarfsemi félagsins. Slík félög teljast ekki til verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða hafi þau önnur markmið en verðbréfasjóðastarfsemi, þ.e. séu í blönduðum rekstri. Hins vegar mundu teljast til verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða félög sem hafa annan rekstur einungis að nafninu til, eða til að koma í veg fyrir að falla undir lög þessi. Óverulegur annar rekstur mundi ekki breyta eðli starfsemi sjóðs, en gæti hugsanlega verið brot á fjárfestingarstefnu samkvæmt þessum lögum.

(iv) Fjármálagerningar og aðrar eignir.

Hugtakið fjármálagerningur er skilgreint í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hafa hins vegar heimildir til að fjárfesta í öðru en fjármálagerningum, svo sem að binda fé sitt í innlánum.

(v) Áhættudreifing.

Með áhættudreifingu er átt við að sjóður leitist við með kerfisbundnum hætti að lágmarka áhættu verðbréfasafns síns með því að fjárfesta í fjármálagerningum margra útgefenda samkvæmt viðurkenndum aðferðum (e. portfolio management). Slíka starfsemi verður að telja til fjármálastarfsemi. Hins vegar verður ekki talið að eignarhaldsfélög sem hafa það að markmiði að halda utan um ráðandi eignarhluta í félögum stundi áhættudreifingu í þessum skilningi.

(vi) Fyrir fram kunngerð fjárfestingarstefna.

Sjóður verður að móta sér stefnu um það hvernig ráðstafa skuli fé sem hann veitir viðtöku frá fjárfestum. Fjárfestingarstefnan verður að vera fjárfestum aðgengileg. Ekki er þó hægt að komast undan ákvæðum laga þessara með því að láta hjá líða að kunngera fjárfestingarstefnu, séu önnur skilyrði uppfyllt.

Um 2. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að tvær tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu fái staðfestingu eða starfsleyfi stjórnvalda, verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir. Í 2. mgr. 1. gr. kemur fram markmið með starfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Í orðskýringunum kemur fram hvað skilur þá að.

Verðbréfasjóði er heimilt að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu felst að verðbréfasjóðir hafa Evrópupassa, þ.e. verðbréfasjóður sem hefur fengið starfsleyfi í einu af aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins getur á grundvelli þess opnað útibú, eða hafi starfsemi, í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda. Verðbréfasjóðir uppfylla öll skilyrði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.

Verðbréfasjóður er stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi og er ekki lögaðili. Þetta er breyting frá gildandi lögum þar sem verðbréfasjóðir eru hlutafélög. Sú gagnrýni hefur komið fram á gildandi fyrirkomulag að það sé of viðurhlutamikið að gerður sé áskilnaður um að félag með jafntakmarkaða starfsemi og verðbréfasjóður skuli vera hlutafélag. Hlutverk verðbréfasjóðs sé í raun ekki annað en að gera tvo samninga; annars vegar við rekstrarfélag um rekstur sjóðsins og hins vegar við vörslufyrirtæki um vörslu eigna sjóðsins. Núverandi fyrirkomulag þar sem þrír lögaðilar koma að rekstri og vörslu verðbréfasjóðs er ógagnsætt og flókið. Það samræmist tilskipun um sameiginlega fjárfestingu að verðbréfasjóður sé stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi án þess að vera sérstakur lögaðili. Sú leið er farin í þessu frumvarpi. Hún er vel þekkt í Evrópu, m.a. frá Lúxemborg þar sem slíkur sjóðir nefnast FCP (Fonds commun de placement). Hins vegar er ekki nýttur sá möguleiki tilskipunarinnar að bjóða upp á stofnun verðbréfasjóðs í sérstöku hlutafélagi með breytilegu hlutafé.

Rekstrarfélag gefur út hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá sjóðnum fé til ávöxtunar. Skírteinin eru innleysanleg að kröfu eigenda af eignum sjóðsins. Um innlausn hlutdeildarskírteina fer skv. II. kafla E.

Fjárfestingarsjóðir uppfylla ekki tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og geta því ekki markaðssett skilríki sín á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi ríki. Um markaðssetningu fjárfestingarsjóða í öðru ríki fer því eftir lögum þess ríkis.

Fjárfestingarsjóður getur verið í tvenns konar formi. Hann getur verið stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi líkt og verðbréfasjóður. Hann getur einnig verið rekinn í hlutafélagsformi. Ólíkt verðbréfasjóðum geta viðskiptavinir í fjárfestingarsjóðum ekki ætíð innleyst skírteini sín. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer skv. III. kafla.

Heitin verðbréfasjóður og fjárfestingarsjóður eiga að endurspegla núverandi hugtakanotkun á fjármálamarkaði. Hugtakið verðbréfasjóður hefur fest sig í sessi hér á landi og stendur fyrir hlutdeild í áhættudreifðu safni verðbréfa sem ætíð er innleysanleg. Vert er að halda þessari notkun á heitinu verðbréfasjóður. Hugtakið fjárfestingarsjóður hefur á undanförnum árum verið notað hér á landi um sjóði sem hafa áhættusamari fjárfestingarstefnu.

Rekstrarfélag er fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í þessum lögum er hugtakið stytt í rekstrarfélag. Rekstrarfélagi er heimilt að reka verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu skv. 4. gr.

Hlutdeildarskírteini er ein tegund fjármálagerninga samkvæmt frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti. Skilgreining á hlutdeildarskírteinum er ný en hún leiðir af ákvæðum gildandi laga um verðbréfasjóði.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingu frá gildandi lögum. Í gildandi lögum veitir viðskiptaráðherra verðbréfasjóðum starfsleyfi að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Hér er lagt til að Fjármálaeftirlitið veiti verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum heimild til að hefja starfsemi. Sú skipan er í samræmi við almenna venju í Evrópu þar sem fjármálaeftirlit annaðhvort veita starfsleyfi eða inna af hendi alla þá undirbúningsvinnu við athugun á umsókn sem nauðsynleg er til að umsækjandi geti hlotið starfsleyfi. Veiting starfsleyfis er í raun aðeins einn hluti af opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini fá svokallaða staðfestingu Fjármálaeftirlitsins en fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf fá starfsleyfi. Ástæðan fyrir þessu er sú að verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini eru ekki lögaðilar heldur stofnaðir og reknir af rekstrarfélögum með starfsleyfi. Rekstrarfélag hefur farið í gegnum umfangsmikinn starfsleyfisferil og veitt Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. 5. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf eru hins vegar lögaðilar og þurfa sem slíkir að veita meiri upplýsingar áður en leyfi fæst til að hefja starfsemi. Þykir því ekki rétt að sama hugtak sé notað um heimildir sjóðanna til að hefja starfsemi.

Í greininni er jafnframt kveðið á um að Fjármálaeftirlitið úrskurði um hvort starfsemi fellur undir lög þessi. Talið er að við mótun framkvæmdar laganna geti komið upp tilfelli þar sem ekki liggur í augum uppi hvort starfsemi heyri undir lögin. Mikilvægt er að í slíkum tilfellum úrskurði Fjármálaeftirlitið um hvort starfsemin falli undir lögin. Í því efni þarf Fjármálaeftirlitið að líta til markmiða aðila með sjóðnum og þeirra atriða sem um getur í athugasemdum við 1. gr. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins er unnt að kæra til kærunefndar samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í 2. mgr. er kveðið á um skrá Fjármálaeftirlitsins yfir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Ákvæðið er byggt á 8. gr. laga um fjármálafyrirtæki en krafa um að Fjármálaeftirlitið héldi skrá yfir verðbréfasjóði er í 7. gr. laga nr. 10/1993.

Um 4. gr.

Einkaréttur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða nær eingöngu til þeirrar starfsemi að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Eignarhaldsfélög, félög í blönduðum rekstri og félög sem starfa ekki á grundvelli áhættudreifingar falla þannig ekki undir lögin. Þessi félög mundu ekki teljast til sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu aðrir en verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir eru þannig fyrst og fremst sjóðir sem veita viðtöku fé frá öðrum en almenningi. Rekstrarfélögum er heimilt að stofna slíka sjóði samkvæmt þessari grein, sbr. og 27. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Ástæðan fyrir því að einkarétturinn nær ekki til fagfjárfestasjóða er sú að talið er að fagfjárfestar hafi þá þekkingu og reynslu til að bera að meta áhættu fjárfestingarkosta og þurfi því ekki á sambærilegri neytendavernd að halda og almenningur.

Það er ekkert í núgildandi löggjöf sem kemur í veg fyrir stofnun fagfjárfestasjóða, þó ekki fái þeir starfsleyfi, en ólíklegt er þó að slíkir sjóðir verði stofnaðir hér á landi vegna skattalegrar stöðu hlutafélaga. Erlendis eru slíkir sjóðir mjög vinsælir meðal fagfjárfesta. Í greininni er lagt til að rekstrarfélög geti hvort sem er gefið út hlutdeildarskírteini og hlutabréf.

Fagfjárfestasjóðir geta verið mjög áhættusamir og er það ástæðan fyrir því að almenningi er ekki gefinn kostur á að fjárfesta í þeim. Hins vegar geta fagfjárfestasjóðir verið mjög heppilegir til að minnka áhættu í mjög stóru og dreifðu verðbréfasafni, samkvæmt kenningunni um skilvirka markaði (e. efficient market hypothesis).

Fagfjárfestasjóðir fá hvorki staðfestingu né starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins og eru þeir því ekki eftirlitsskyldir aðilar. Þó er lagt til að rekstrarfélög tilkynni um stofnun slíkra sjóða til Fjármálaeftirlitsins. Þrátt fyrir 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem kveður á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi fjármálafyrirtækja, þ.m.t. rekstrarfélaga, verður ekki litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með fagfjárfestasjóðum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á verðbréfasjóði. Vísast í því efni til athugasemda við 3. gr.

Í 2. mgr. er tekið upp ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1993. Ákvæðið er hluti tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu. Var það talið nauðsynleg forsenda fyrir frelsi verðbréfasjóða til starfsemi innan Evrópusambandsins og þar af leiðandi einnig innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá er það einnig öryggisatriði fyrir viðskiptamenn verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða að sjóðirnir uppfylli ávallt kröfur frumvarpsins.

3. mgr. er tilkomin vegna tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu. Rétt er að taka það fram að í þeim tilfellum sem fjárfestingarsjóður er rekinn í formi hlutafélags er ekki þörf á rekstrarfélagi.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Vakin er athygli á því að það er Fjármálaeftirlitsins að meta hvenær umsókn telst fullbúin. Til að umsækjandi sé ekki í vafa um hversu lengi þurfi að bíða úrlausnar Fjármálaeftirlitsins er til áréttingar tekið fram að tilkynna skuli umsækjandanum um það þegar umsókn telst fullnægjandi með þeim réttaráhrifum að frestur fari að líða.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni eru talin upp þau tilvik sem leitt geta til afturköllunar staðfestingar verðbréfasjóðs og fjárfestingarsjóðs. Farin er sú leið í 1. mgr. að kveða á um heimild, fremur en skyldu, Fjármálaeftirlitsins til að afturkalla staðfestingu. Ástæðan er sú að afturköllun er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun sem veltur á mati, og er því eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að meta hvort beitt skuli afturköllun eða öðrum vægari úrræðum. Í 3. tölul. er ákvæði sem áður var sem skilyrði fyrir starfsleyfi í 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1993, þ.e. að sjóðurinn hefði yfir að ráða 50 millj. kr. eða minnst 10 millj. kr. sem skiptast á a.m.k. 50 aðila. Eðli málsins samkvæmt getur verðbréfasjóður ekki sýnt fram á við veitingu staðfestingar að hann sé yfir tiltekinni lágmarksstærð. Eðlilegt er hins vegar að gera þær kröfur til sjóða að þeir nái lágmarksstærð á tilteknum tíma. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að sjóðir hafi þrjá mánuði eftir veitingu starfsleyfis til að uppfylla þessar kröfur.

Í 2. mgr. er kveðið á um að afturköllunarúrræðinu skuli ekki beitt án þess að rekstrarfélagi hafi fyrst gefist færi á að færa starfsemi sína í löglegt horf. Þó kunna að vera fyrir hendi þær aðstæður að frestur gæti leitt til tjóns t.d. fyrir viðskiptamenn fyrirtækisins. Getur því ekki verið um fortakslausan rétt rekstrarfélags að ræða hvað þetta snertir.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfasjóður“. Hins vegar er lagt til að felld verði brott skylda verðbréfasjóðs til að nota heitið, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1993. Þess er þó vænst að verðbréfasjóðir auðkenni sig með því heiti, enda má ætla að hagsmunir þeirra sjálfra leiði til þess að glöggt komi fram í markaðssetningu þeirra að um verðbréfasjóð sé að ræða. Lagaboð um þetta virðist því óþarft, einkum með tilliti til þess að hættu á ruglingi á að vera eytt með þeim einkarétti til heitis sem fram kemur í ákvæðinu.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um hvað skuli koma fram í reglum sem rekstrarfélaginu er skylt að setja fyrir verðbréfasjóð. Þar sem verðbréfasjóður er samkvæmt frumvarpinu ekki hlutafélag sem ber að setja sér samþykktir þarf rekstrarfélag að setja honum reglur. Greinin er að mestu leyti í samræmi við ákvæði 8. gr. gildandi laga um samþykktir verðbréfasjóða. Bætt er við að í reglunum skuli koma fram þóknun sem rekstrarfélag tekur fyrir þjónustu sína.

Í 3. mgr. er sú breyting að Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá tilkynningarskyldu verðbréfasjóða til eigenda hlutdeildarskírteina um breytingar á reglum sjóðs. Breytingar á samþykktum verðbréfasjóða samkvæmt núgildandi lögum eru oft minni háttar, t.d. getur þurft að gera lítils háttar breytingar á texta eða breyting varðar einvörðungu eina sjóðsdeild af mörgum. Í slíkum tilvikum þjónar það ekki hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina að verðbréfasjóðurinn leggi í þann mikla kostnað að gera hverjum og einum eiganda hlutdeildarskírteina í öllum sjóðnum grein fyrir slíkri breytingu. Ákvæði gildandi laga er hins vegar fortakslaust að því leyti til að það ber að tilkynna öllum eigendum hlutdeildarskírteina um allar breytingar á samþykktum ásamt því að auglýsa þær opinberlega. Ef Fjármálaeftirlitið

veitir undanþágu eins og að framan greinir gæti það t.d. krafist þess að rekstrarfélagið birti opinbera auglýsingu þar sem vakin væri athygli á að reglum sjóðsins hefði verið breytt.

Um 13. gr.

Lagt er til að ákvæði í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 10/1993 um að heimilt sé að verðbréfasjóður sé starfræktur í aðgreindum deildum verði viðhaldið. Flestir íslenskir verðbréfasjóðir eru deildaskiptir. Þeim verður því í sjálfsvald sett hvort þeir viðhalda deildaskiptingunni við þær breytingar á umhverfi verðbréfasjóða sem felast í frumvarpi þessu. Ljóst er að vegna þess að verðbréfasjóðir verða ekki reknir í formi hlutafélaga nái frumvarp þetta fram að ganga er ekki sama hagræðingarþörf og áður á deildaskiptingu verðbréfasjóðs.

Í greininni segir jafnframt að hver sjóðsdeild skuli hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Með þessu er hnykkt á þeirri meginreglu, sem hefur verið almennt viðurkennd í starfsemi verðbréfasjóða, að eigendur hlutdeildarskírteina eigi einungis kröfur á þá deild sem þeir hafa átt viðskipti við.

Um 14. gr.

Greinin er nýmæli. Henni er ætlað að vera til skýringar á því hvernig eignir myndast í verðbréfasjóði.

Um 15. gr.

Greinin kveður á um aðgreiningu reksturs og vörslu verðbréfasjóða og er í meginatriðum óbreytt frá gildandi lögum. Mikil breyting er hins vegar á starfsheimildum rekstrarfélaga. Rekstrarfélög skv. 12. gr. laga nr. 10/1993 skulu eingöngu hafa með höndum daglegan rekstur verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu. Rekstrarfélag skal vera hlutafélag eða einkahlutafélag og hafa hlotið viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að rekstur verðbréfasjóða sé starfsleyfisskyld starfsemi og leyfi til þeirrar starfsemi verði ekki veitt öðrum en rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Rekstrarfélög fá starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins og geta á grunni þess starfsleyfis opnað útibú eða veitt þjónustu án stofnunar útibús alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Rekstrarfélag fær rýmri heimildir til starfsemi en áður.

Aðskilnaður einstakra starfsþátta er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi fjármálafyrirtækja, gjarnan nefndur kínamúrar (e. chinese walls). Ekki er krafist lagalegs aðskilnaðar í lögum um verðbréfaviðskipti. Í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu er hins vegar lagalegur aðskilnaður áskilinn. Í tilskipuninni segir að rekstrarfélag megi ekki jafnframt vera vörslufélag og að bæði þessi félög skuli starfa með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Sérstaklega er fjallað um þetta í óopinberri greinargerð með UCITS-tilskipuninni sem gefin var út árið 1988. Þar segir í lauslegri þýðingu:

„Við undirbúning að setningu tilskipunarinnar var þeirri spurningu velt upp hvort ekki væri nauðsynlegt að taka sérstaklega fram, að rekstrarfélag og vörslufélag þyrftu ekki einungis að vera tveir ólíkir lögaðilar, heldur þyrfti vörslufélag, auk þess að vera sjálfstæður lögaðili, einnig að vera óháð í viðskiptalegu og fjármálalegu tilliti (t.d. þannig að engin tengsl væru á milli þessara aðila í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur með tilliti til umtalsverðrar, beinnar eða óbeinnar eignaraðildar eða annarra fjárhagslegra hagsmuna). Það væri ekki hægt að segja að fyrirtækin væru óháð þegar vörsluaðilinn er banki og rekstrarfélagið dótturfélag bankans, eins og tíðkast í ýmsum aðildarríkjum. Niðurstaðan af framangreindri umræðu var sú að ákveðið var að krefjast eingöngu lagalegs aðskilnaðar í tilskipun-

inni, en það þótti ráðlegt að bæta því við að rekstrarfélagi og vörslufélagi væri skylt að framkvæma verkefni sín sjálfstætt og eingöngu í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.“

Um 16. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 43. gr. laga nr. 10/1993.

Um 17. gr.

Í viðauka tvö með tilskipun um sameiginlega fjárfestingu koma fram hvaða verkefni teljast til reksturs verðbréfasjóða. Í 5. gr. tilskipunarinnar segir að listinn sé ekki tæmandi. Listinn er tekinn með beinum hætti upp í þessa grein. Með því eru verkefni rekstrarfélaga betur skilgreind en áður og aðgreining verkefna rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja ætti að liggja betur fyrir.

Um 18. gr.

Tilskipunin um sameiginlega fjárfestingu heimilar rekstrarfélagi að fela öðrum aðilum verkefni þau sem kveðið er á um í 17. gr. að uppfylltum vissum skilyrðum (e. outsourcing). Í greininni er tekinn upp hluti 5. gr. G í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu en gert er ráð fyrir að í reglugerð verði nánar kveðið á um útvistun verkefna.

Borið hefur á því hér á landi að rekstrarfélag geri samning við vörslufyrirtæki um daglegan rekstur sjóðs. Þá hefur sami lögaðili sinnt bæði daglegum rekstri og vörslu. Þetta hefur verið réttlætt með skýrum aðskilnaði einstakra starfsþátta innan vörslufyrirtækisins. Samkvæmt þessari grein og breytingum á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu verður þetta fyrirkomulag ekki mögulegt þar sem tilskipunin kveður nú á um með skýrum hætti að rekstrarfélag geti ekki verið skúffufyrirtæki og því er aldrei heimilt að útvista öll verkefni skv. 17. gr. Jafnframt er sérstaklega tekið fram í tilskipuninni að rekstrarfélagi sé ekki heimilt að vista stjórnun fjárfestingarsamvals hjá vörslufyrirtæki og tekur greinin mið af því.

Verði frumvarp þetta samþykkt má segja að rekstrarfélög hafi um þrjá möguleika að velja. Í fyrsta lagi að sinna eingöngu fjárfestingarákvörðunum eða einhverjum öðrum starfsþáttum 17. gr. Önnur verkefni yrðu falin öðrum aðilum, t.d. vörslufyrirtæki sem gæti verið móðurfélag rekstrarfélagsins. Þessi leið felur í sér minnsta breytingu á starfsemi rekstrarfélaga frá því sem algengast er í dag. Í öðru lagi er hugsanlegt að rekstrarfélag sinni öllum verkefnum 17. gr. en nýti ekki heimildir sínar til að sinna annarri starfsemi en rekstri verðbréfasjóða. Í þriðja lagi er mögulegt að rekstrarfélag fullnýti starfsheimildir sínar og verði alhliða eignastýringarfyrirtæki.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, en skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skal Fjármálaeftirlitið meðal annars fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Með hugtökunum góðir viðskiptahættir og venjur er bæði átt við fyrirmæli sem leiða af settum lögum, eins og t.d. 11. gr. tilskipunar 93/22/EB um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, og eins almennari siðareglur og viðteknar venjur í fjármálastarfsemi eða einstökum undirgreinum hennar. Sambærilegt ákvæði er í lögum um fjármálafyrirtæki og frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti.

Um 20. gr.

Engar breytingar verða á stöðu vörslufyrirtækis samkvæmt frumvarpinu. Rekstrarfélag þarf að gera samning við vörslufyrirtæki um vörslu eigna verðbréfasjóðs. Með aðskilnaði á milli daglegs reksturs verðbréfasjóða annars vegar og umsjár með þeim eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í hins vegar er stefnt að frekari vernd fyrir eigendur hlutdeildarskírteina. Vörslufyrirtæki er ætlað að stuðla að því að fjármunir séu fjárfestir með lögmætum hætti í samræmi við ákvæði laga og reglna verðbréfasjóða og farið sé að fyrirmælum rekstrarfélags um ráðstöfun eignanna nema þau séu andstæð lögum eða samþykktum. Í samræmi við þetta ber vörslufyrirtæki einnig að fylgjast með því að sala hlutdeildarskírteina, innlausn þeirra og útreikningur á innlausnarvirði fari fram í samræmi við ákvæði laga og reglna sjóðsins. Vakin skal athygli á því að í tölul. 1.–2. og 4.–5. er notuð sögnin „að tryggja“ í staðinn fyrir „að sjá um“, sbr. 1. mgr. 14. gr. gildandi laga. Þykir það fara nær ákvæði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu um þetta efni.

Um 21. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 14. gr. og 15. gr. laga nr. 10/1993.

Um 22. gr.

1. mgr. er óbreytt frá 3. mgr. 14. gr. laga nr. 10/1993 og 2. mgr. leiðir af tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um útgáfu hlutdeildarskírteina. Í 1. mgr. er kveðið á um meginregluna um að rekstrarfélag gefi út hlutdeildarskírteini. Hér er sú efnisbreyting frá 16. gr. laga nr. 10/1993 að rekstrarfélagið gefur hlutdeildarskírteinin út en ekki verðbréfasjóðurinn.

Í 2. mgr. kemur fram sá meginréttur eigenda hlutdeildarskírteina að þeir eigi sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína, sbr. skilgreiningu í 2. gr. frumvarpsins. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir það að hægt sé í reglum sjóðsins að heimila mismunandi umsýsluþóknun eftir stærð hluta einstakra viðskiptavina og gefa út hlutdeildarskírteini í mismunandi flokkum en sú framkvæmd tíðkast t.d. í Lúxemborg og Írlandi.

Í 3. mgr. kemur fram undanþága frá 1. mgr. um að skylt sé að gefa út hlutdeildarskírteini. Fram að setningu laga nr. 21/1996, um breytingu á lögum nr. 10/1993, var skylt að gefa út hlutdeildarskírteini. Með lögum nr. 21/1996 varð sú breyting að viðskiptavinir þurftu sérstaklega að óska eftir að fá hlutdeildarskírteini útgefið. Af þessu varð mikil hagræðing. Ekki er vitað til þess að hlutdeildarskírteini hafi verið gefið út eftir gildistöku laga nr. 21/1996. Rekstrarfélag heldur þá utan um hlutdeild viðskiptavina í verðbréfasjóði í sínu upplýsingakerfi.

Heimilt er að gefa hlutdeildarskírteini út á rafrænu formi eða á pappír. Séu hlutdeildarskírteinin gefin út sem rafbréf í verðbréfamiðstöð geta eigendur hlutdeildarskírteina ekki óskað eftir að fá útgefin hlutdeildarskírteini á pappír, sbr. ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Ekki er lengur fortakslaust kveðið á um að hlutdeildarskírteini skuli skráð á nafn. Í 5. mgr. kemur fram að hægt er að setja hlutdeildarskírteini á safnreikning, sbr. ákvæði verðbréfaviðskiptalaga.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 17. gr. laga nr. 10/1993. Vakin skal athygli á því að í 4. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að nafn og kennitala framsalshafa skuli skráð á hlutdeildarskírteinið. Hlutdeildarskírteini eru framseljanlegir fjármálagerningar. Sú kvöð fylgir þó að rekstrarfélag skal halda skrá yfir öll hlutdeildarskírteini í sjóðnum og tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags skv. 25. gr. Framkvæmdin hefur hins vegar verið sú að hlutdeildarskírteini hafa ekki gengið kaupum og sölum heldur innleyst af verðbréfasjóðnum að kröfu eigenda hlutdeildarskírteina, enda hvílir á þeim innlausnarskylda.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 18. gr. laga nr. 10/1993 að því undanskildu að 3. mgr. 18. gr. fellur brott vegna breytts rekstrarforms verðbréfasjóðs.

Um 26. gr.

Fyrri málsliður greinarinnar er óbreyttur frá 1. mgr. 19. gr. laga nr. 10/1993. Seinni málsliðurinn leiðir af tilskipuninni um sameiginlega fjárfestingu.

Um 27. gr.

Ákvæði um innlausn eru efnislega óbreytt frá 2. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 10/1993. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 10/1993 sagði svo um þetta ákvæði: „Komi til frestunar samkvæmt ákvæðinu skal hún vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Ákvæðið er undantekning frá meginreglu frumvarpsins um innlausn að kröfu eigenda hlutdeildarskírteina og ber að túlka þannig að til frestunar á innlausn geti eingöngu komið mæli sérstakar aðstæður með því með tilliti til hagsmuna eigenda skírteinanna, enda sé verðbréfasjóður ófær um að uppfylla skyldur sínar til innlausnar. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti verðbréfasjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið gæti einhvern tíma. Líta ber á heimildir til frestunar á innlausn sem tímabundnar og skulu samþykktir hafa að geyma nánari ákvæði um slíkar heimildir.“

Um 28. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. og 6. mgr. 19. gr. laga nr. 10/1993.

Um 29. gr.

Greinin er óbreytt frá 5. mgr. 19. gr. laga nr. 10/1993.

Um II. kafla F.

Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða í frumvarpi þessu eru talsvert breyttar frá gildandi lögum. Með tilskipun 2001/108/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu voru fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða auknar þó að ýmsar grunnreglur um áhættudreifingu væru óbreyttar frá eldri tilskipun. Markmið breytingatilskipunarinnar er að efla hið samræmda evrópska form verðbréfasjóða. Þær reglur sem settar voru um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða árið 1985 hafa ekki staðist tímans tönn enda hafa evrópskir fjármálamarkaðir gerbreyst frá þeim tíma. Til þess að koma í veg fyrir að sífellt fleiri evrópskir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu væru utan við gildissvið tilskipunarinnar var talið nauðsynlegt að víkka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða.

Með lögum nr. 17/1999, um breytingu á lögum nr. 10/1993, var heimilað að stofna verðbréfasjóði sem eingöngu yrðu markaðssettir hér á landi. Við gerð þess frumvarps var höfð hliðsjón af tillögu að tilskipun sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafði gefið út árið 1998 og varð síðan að fyrrgreindri tilskipun nr. 2001/108/EB. Allmargar breytingar voru þó gerðar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar á þeim þremur árum sem liðu frá útgáfu tillögunnar og þar til tilskipunin var samþykkt í ráðinu og Evrópuþinginu. Sex sjóðir sem byggjast á ákvæðum 27. gr. laga nr. 10/1993, með þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 17/1999, hafa fengið starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Um 30. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þau skjöl sem verðbréfasjóðum er heimilt að fjárfesta í. Listinn er lengri og ítarlegri en sá sem fram kemur í 20. gr. laga nr. 10/1993 en er í samræmi við 19. gr. tilskipunarinnar. Auk verðbréfa og peningamarkaðsskjala sem skráð hafa verið, eða viðskipti eiga sér stað með, á skipulegum verðbréfamarkaði og nýútgefinna verðbréfa er heimilt samkvæmt greininni að fjárfesta, eða binda fé, í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, innlánum, afleiðum og peningamarkaðsskjölum utan skipulegra verðbréfamarkaða að skilyrðum greinarinnar og reglugerðar uppfylltum.

Um 31. gr.

Í greininni kemur fram mikilvæg regla sem er í samræmi við 20. gr. laga nr. 10/1993. Hún er gjarnan kölluð 90% reglan, þ.e. 90% eigna verðbréfasjóðs verða ætíð að vera í skráðum verðbréfum eða öðrum eignum skv. 30. gr. Allt að 10% eigna sjóðsins er heimilt að fjárfesta í öðrum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum en fram koma í 30. gr., aðallega í óskráðum verðbréfum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að verðbréfasjóði sé heimilt að eiga reiðufé eða auðseljanlegar eignir til skamms tíma (e. ancillary liquid assets). Það er mikilvægt að verðbréfasjóður sem fær nýtt fé vegna sölu hlutdeildarskírteina eða sölu verðbréfa í eigu sjóðsins eigi möguleika á því að bíða með að fjárfesta eða binda féð í einhvern afmarkaðan tíma ef aðstæður til viðskipta eru ekki heppilegar á þeim tíma. Það væri óheppilegt ef reglur skylduðu sjóðinn að fjárfesta strax. Það er þó ljóst að það væri andstætt hugmyndafræðinni að baki UCITS-sjóðum ef verðbréfasjóður hefði eignarhald á reiðufé eða auðseljanlegum eignum sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni.

Um 32. gr.

1. mgr. er óbreytt frá 2. mgr. 26. gr. laga nr. 10/1993.
2. mgr. er óbreytt frá 5. mgr. 20. gr. laga nr. 10/1993.

Um 33. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er sett í samræmi við 21. gr. tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu. Ákvæðið kemur til af því að í tilskipun 2001/108/EB um breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu er verðbréfasjóðum heimilað að eiga viðskipti með afleiður í ríkari mæli. Afleiður hafa verið mikið í sviðsljósinu á alþjóðafjármálamörkuðum vegna mikillar áhættu sem sjóðsstjórar og spákaupmenn hafa tekið með slíkum samningum. Afleiður eru þó mikið notaðir til að tryggja sig gegn áhættu, t.d. til að tryggja sér ákveðið verð í viðskiptum að ákveðnum tíma liðnum.

Þar sem rekstrarfélag er fjármálafyrirtæki í skilningi frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki þá skal það skv. 17. gr. þeirra laga hafa á hverjum tíma yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Ákvæði þessarar greinar eru til frekari áréttingar á því að nauðsynlegt er að gæta sérstaklega að þeim áhættuþáttum sem lúta að viðskiptum með afleiðusamninga.

Um 34. gr.

Ákvæðið er að hluta til í samræmi við 27. gr. laga nr. 10/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 17/1999 þar sem tilteknar voru heimildir verðbréfasjóðs sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi. Ákvæðið er nú fyllra og tekur til allra sjóða sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Afleiður eru samningar þar sem verðmæti samnings er leitt af verðbreytingum einhvers annars þáttar eða eignar. Algengustu afleiðusamningarnir eru framvirkir samningar (e. forward/future contracts) og valréttarsamningar (e. options). Munurinn á framvirkum samningum og valréttarsamningum er í grófum dráttum munurinn á skyldu og rétti. Framvirkur samningur er óafturkræfur samningur á milli tveggja aðila um kaup eða sölu á tiltekinni eign á tilteknu verði á tilteknum tíma í framtíðinni. Valréttarsamningur veitir hins vegar kaupanda sínum rétt, ekki skyldu, til að kaupa eða selja eign á ákveðnu verði á ákveðnum tíma eða tímabili.

Í 1. mgr. er áhættan af afleiðusamningum verðbréfasjóða takmörkuð þar sem sjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Áhættan er jafnframt takmörkuð af 40. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Það er því ekki unnt að eiga viðskipti með afleiður og skuldsetja verðbréfasjóðinn um leið.

Ákvæði 1. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir taki á sig opnar skuldbindingar sem geta fræðilega leitt til óendanlega mikils taps ef verðþróun verður óhagstæð. Það hindrar sjóðina þó ekki í að nýta sér hagræði það sem í afleiðum felst. Það er t.d. fólgið í lægri viðskiptakostnaði og gefur færi á skjótari viðbrögðum en ef höndlað er með undirliggjandi eignir. Jafnframt er sú leið opin fyrir sjóði, sem hafa mjög ákveðna skoðun á verðþróun í framtíðinni, að auka hagnaðarmöguleika sína með kaupum á valréttarsamningum. Þeir hætta þá ekki meira en upphaflegu fjárhæðinni sem þeir leggja út í byrjun. Afleiðurnar geta líka verið hentugar verðbréfasjóðum sem hafa mikla trú á framtíð ákveðins fyrirtækis en vilja ekki taka markaðsáhættu.

Í 2. mgr. kemur fram sú regla að viðskipti með afleiður eigi ekki að breyta því að undirliggjandi eignir séu undir mörkum um hámark fjárfestinga í einum útgefanda.

Um 35. gr.

Ákvæði þessarar greinar felur í sér takmarkanir á heimildum verðbréfasjóða, eða einstakra deilda þeirra, til að fjárfesta í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum eða innlánum sama útgefanda. Ákvæðinu er ætlað að tryggja eðlilega áhættudreifingu í fjárfestingu verðbréfasjóða og tekur mið af tilskipun um sameiginlega fjárfestingu með þeim breytingum sem leiða af tilskipun 2001/108/EBE. Greinin er í öllum meginatriðum byggð á 21. gr. laga nr. 10/1993. Bætt er við takmörkun á bindingu fjár í innlánum en óheimilt er skv. 1. mgr. að binda meira en 20% af eignum verðbréfasjóðs í innlánum sama viðskiptabanka eða sparisjóðs. Þetta eru rýmri heimildir en almennt gilda um fjárfestingu í verðbréfum einstaks útgef-

anda þar sem almenna reglan er 10%. 2. mgr. um takmarkanir á viðskiptum með afleiðusamninga við sama aðila er einnig nýmæli.

Ein breyting er þó gerð frá gildandi lögum en samkvæmt frumvarpinu er lagt til að 3. mgr. 21. gr. verði felld brott. Skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1993 er verðbréfasjóði eða einstakri deild innan hans óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, sbr. þó 22. og 23. gr. Í tilvitnaðri málsgrein kemur fram meginregla laganna um hámark fjárfestinga í einstökum útgefenda.

Tilteknar undantekningar eru frá framangreindri meginreglu, þar á meðal í 3. mgr. 21. gr. laganna. Þar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geti Fjármálaeftirlitið heimilað verðbréfasjóði að fjárfesta allt að 25% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé um að ræða lánastofnun innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur lögbundnu eftirliti. Framangreind ákvæði byggjast á tilskipun Evrópusambandsins nr. 85/611, með síðari breytingum. Í tilskipun 85/611 kemur jafnframt fram að um ákveðin skuldabréf sé að ræða og andvirði slíkra skuldabréfa skuli nota til fjárfestinga í eignum sem yfir allan gildistíma skuldabréfanna geta staðið undir kröfum samkvæmt skuldabréfunum og notaðar yrðu á forgangsgrundvelli til þess að endurgreiða höfuðstól og uppsafnaða vexti ef til gjaldþrots útgefanda kæmi.

Í athugasemdum við 3. mgr. 21. gr. frumvarps til laga nr. 10/1993 sagði að höfð væri „hliðsjón af sams konar ákvæðum í reglum Evrópubandalagsins sem voru settar sérstaklega með tilliti til aðstæðna í Danmörku þar sem mikið er um fjárfestingu í verðbréfum tryggðum með veði í fasteignum vegna húsnæðislánakerfis þar. Þótti heppilegt að taka inn í frumvarpið sams konar ákvæði með tilliti til hugsanlegra breytinga á þessu sviði hér á landi". Fleiri ríki en Danmörk hafa nýtt sér þessa heimild tilskipunarinnar og hafa svokallaðar „hypotek"-lánastofnanir gefið út skuldabréf sem falla undir framangreinda skilgreiningu tilskipunarinnar og tengjast húsnæðislánakerfi viðkomandi landa. Hér á landi er húsnæðislánakerfið hins vegar þannig uppbyggt að Íbúðalánasjóður gefur út húsbréf sem eru með ríkisábyrgð. Fjárfestingar verðbréfasjóða í húsbréfum falla því undir 2. mgr. 21. gr. eða 22. gr. laga nr. 10/1993, þ.e. þau ákvæði er fjalla um fjárfestingar í verðbréfum sem eru gefin út eða með ábyrgð ríkis.

Er ljóst að engin skuldabréf eru gefin út hérlendis af lánastofnunum, að Íbúðalánasjóði undanskildum, sem falla undir framangreinda skilgreiningu tilskipunarinnar. Hins vegar hafa einstaka verðbréfasjóðir misskilið ákvæði 3. mgr. 21. gr. og talið að ákvæði eigi almennt við um skuldabréf og peningamarkaðsvíxla útgefna af lánastofnunum. Er því lagt til að ákvæðið verði fellt brott þar sem það hefur enga raunhæfa þýðingu og breytingar á núverandi húsnæðislánakerfi ekki fyrirsjáanlegar.

Um 36. gr.

Samkvæmt 35. gr. er meginreglan sú að verðbréfasjóður hefur ekki heimild til að fjárfesta meira en 10% af eign sinni í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Í þessari grein er undanþága frá þessari meginreglu og er hún í stórum dráttum í samræmi við 2. mgr. 27. gr. laga nr. 10/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 17/1999, um heimildir verðbréfasjóða sem geta ekki markaðssett hlutdeildarskírteini sín á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ástæðan fyrir þessari rýmkun er sú að það er mjög algengt erlendis að fjárfestingarstefna verðbréfasjóða miðist alfarið við það að endurspegla ákveðnar verðbréfavísitölur, sérstaklega hlutabréfavísitölur (e. index-tracker funds). Þá er fjárfest í hlutabréfum þeirra fyrirtækja sem þykja gefa sem réttasta mynd af markaðnum í heild. Reglur tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu hafa gert það í mörgum tilfellum erfitt að endurspegla ákveðnar hlutabréfavísi-

tölur, vegna þess að óheimilt er að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Ástæðan er sú að oft er stærsta fyrirtækið á hlutabréfamarkaði þjóða, eða í tiltekinni atvinnugrein, stærra en nemur tíunda hluta markaðarins.

Í greininni kemur fram að meginreglan er að hámarksvægi hvers útgefanda er 20% ef markmiðið er að líkja eftir verðbréfavísitölu og er það í samræmi við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu. Fjármálaeftirlitinu er hins vegar heimilt að hækka mörkin í 35% í því tilviki að vægi eins aðila í vísitölunni er meira en 20%.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 22. gr. laga nr. 10/1993 að öðru leyti en því að peningamarkaðsskjölum hefur verið bætt við.

Um 38. gr.

Greinin felur í sér breytingu fyrir sjóði sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu en sú meginhugsun sem greinin byggist á var lögfest í 4. gr. laga nr. 17/1999. Í 23. laga nr. 10/1993 er kveðið á um að fjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða megi ekki fara yfir 5% af eignum hans. Sjóðir sem fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða njóta mikilla vinsælda erlendis og nefnast sjóðasjóðir (e. funds of funds). Þar eð þeir fjárfesta í öðrum sjóðum er áhættudreifing þeirra mjög mikil. Hins vegar er talið óeðlilegt að slík heimild sé án takmarkana og eru þau mörk sem greinin kveður á um í samræmi við tilskipunina. Vakin er athygli á því að ekki er ætlunin að ákvæðið verði túlkað þannig að heimilt sé að fjárfesta í mörgum sjóðsdeildum sama verðbréfasjóðs að hámarki 20% í hverri.

Um 39. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 24. gr. laga nr. 10/1993. Ákvæðinu er ætlað að tryggja enn frekar áhættudreifingu í fjárfestingu verðbréfasjóða. Enda þótt fjárfesting sé innan þeirra marka sem önnur ákvæði frumvarpsins setja gætu verðbréfasjóðir fjárfest í jafnvel öllum verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum tiltekins útgefanda. Slíkt væri í andstöðu við grundvallarsjónarmið um áhættudreifingu í rekstri verðbréfasjóða. Því eru þessar takmarkanir settar. Í 3. tölul. er þó rýmkun frá gildandi lögum og er það í samræmi við breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 40. gr.

Greinin er hliðstæð 28. gr. laga nr. 10/1993. Í samræmi við tilskipunina er í 1. mgr. bætt við að þrátt fyrir að verðbréfasjóði sé óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra þá felst ekki í því bann við að veita fé til þeirra aðila sem gefa út fjármálagerninga skv. 30. gr. Vakin skal þó athygli á því að ekki má nota viðskipti með afleiður til að sniðganga þessa grein eða aðrar takmarkanir í þessum kafla.

Um 41. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá 6. mgr. 20. gr. laga nr. 10/1993. Tilskipun um sameiginlega fjárfestingu bannar verðbréfasjóðum að stunda það sem nefnist á ensku „uncovered sales of transferable securities", einnig nefnt „short sale". Átt er við að verðbréfasjóði sé óheimilt að selja verðbréf sem ekki eru í eigu sjóðsins á þeim tíma sem salan fer fram, þ.e. verðbréfasjóði er óheimilt að taka verðbréf að láni tímabundið til að selja þau. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 42. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 25. gr. laga nr. 10/1993. Meginreglan er sú að annmarkar í fjárfestingu verði lagfærðir án ástæðulauss dráttar nema sérstök tilvik, með tilliti til hagsmuna verðbréfasjóðsins og viðskiptamanna hans, réttlæti annað.

Um II. kafla G.

Um markaðssetningu verðbréfasjóða utan heimalands er stuðst við kafla V. í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki, 38. gr. laga nr. 10/1993 og reglugerð nr. 369/1993, um starfsemi og markaðssetningu erlendra verðbréfasjóða á Íslandi, sbr. ákvæði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu.

Í tilskipun 2000/107/EB er kveðið á um að rekstrarfélag verðbréfasjóða fái heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Um þær heimildir gilda ákvæði V. kafla frumvarps um fjármálafyrirtæki. Engu að síður getur rekstrarfélag ekki markaðssett hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða nema tilkynna það lögbærum yfirvöldum.

Um 43. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu bera sig að við markaðssetningu skírteina sinna hér á landi. Upptalning á gögnum í 1. mgr. er tekin upp úr 2. gr. reglugerðar nr. 369/1993.

Um 44. gr.

Greinin er byggð á 34. gr. frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki. Með ákvæði þessu eru tekin af tvímæli um það að Fjármálaeftirlitið geti brugðist við stórfelldum brotum á löggjöf um verðbréfasjóði með því að leggja bann við markaðssetningu erlends verðbréfasjóðs hér á landi.

Um 45. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla H.

Í þennan kafla hefur verið safnað saman ákvæðum sem lúta að upplýsingagjöf verðbréfasjóða til Fjármálaeftirlitsins og viðskiptavina en það eru ársreikningar, árshlutauppgjör, útboðslýsingar og útdráttur úr útboðslýsingu. Í kaflanum koma fram meginatriði upplýsingagjafar en gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um upplýsingar sem skuli koma fram í fyrrgreindum skjölum. Þær upplýsingar taka mið af viðaukum við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 46. gr.

Um ársreikninga og endurskoðun verðbréfasjóða gildir VIII. kafli laga nr. 10/1993. Sá kafli tekur mið af að verðbréfasjóður sé sjálfstæður lögaðili og skili ársreikningi sem slíkur. Verði frumvarp þetta að lögum verður sú meginbreyting að verðbréfasjóður verður hluti rekstrarfélags. Rekstrarfélag verðbréfasjóðs verður fjármálafyrirtæki og sem slíkt verður það að lúta XI. kafla frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki um ársreikninga, endurskoðun og samstæðureikningsskil. Það er því ekki þörf á jafnítarlegum ákvæðum í þessu frumvarpi um ársreikninga og árshlutareikninga.

Verðbréfasjóður mun ekki skila ársreikningi heldur rekstrarfélag. Hins vegar er rekstrarfélagi skylt að sérgreina upplýsingar um sérhverja deild verðbréfasjóðs í sínum reikningsskilum. Í viðauka með tilskipun um sameiginlega fjárfestingu er kveðið á um hvaða upplýsingar skulu koma fram í ársreikningum og árshlutareikningum verðbréfasjóða. Lagt er til að þau ákvæði verði sett í reglugerð.

Um 47. gr.

Fyrir fjárfesta í verðbréfasjóði er mikilvægt að eiga greiðan aðgang að upplýsingum sem gera þeim kleift að meta kosti fjárfestingar í sjóðnum. Útboðslýsing þjónar þeim tilgangi. Um útboðslýsingar er nú fjallað í 39. gr. laga nr. 10/1993. Ákvæði um útboðslýsingu eru ítarlegri í þessu frumvarpi og kemur það að mestu til af auknum kröfum í tilskipun um sameiginlega fjárfestingu. Meginbreytingin er sú að krafist er að rekstrarfélög gefi jafnframt út útdrátt úr útboðslýsingu (e. simplified prospectus) þar sem meginatriði útboðslýsingar eru dregin fram á auðskiljanlegan hátt. Ástæðan fyrir þessari kröfu er sú að verðbréfasjóðir eru gott sparnaðarform fyrir almenning. Í flestum tilfellum hafa einstaklingar sem fjárfesta í verðbréfasjóðum ekki faglega þekkingu eða reynslu af viðskiptum á verðbréfamarkaði og hafa ekki full not af því viðamikla efni sem fram kemur í útboðslýsingu. Reiknað er með að stuttur útdráttur úr útboðslýsingu muni henta almenningi betur til að meta kosti fjárfestingar í verðbréfasjóðum. Í reglugerð verður kveðið nánar á um upplýsingar sem fram skulu koma í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu.

Um 48. gr.

Í þessari grein koma fram ýmsar upplýsingar sem fram skulu koma í útboðslýsingu. Að mestu leyti eru það upplýsingar um áhættu sem verðbréfasjóður tekur í starfsemi sinni. Ákvæðið eru allítarleg og taka mið af tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 49. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Tekjur rekstrarfélags af verðbréfasjóðastarfsemi eru þóknanir sem það áskilur sér fyrir þjónustu sína. Þóknun getur verið föst, hlutfall af eign eða munur á kaup- og sölugengi. Þóknunin hefur mikil áhrif á mögulega ávöxtun fjárfestis af fjárfestingu sinni í verðbréfasjóði og því mikilvægt að hann geri sér grein fyrir þóknun rekstrarfélags áður en hann tekur ákvörðun um fjárfestingu í sjóðnum.

2. mgr. er í samræmi við tilskipun um sameiginlega fjárfestingu.

Um 51. gr.

Greinin er að hluta til byggð á 40. gr. laga nr. 10/1993. Mikilvægt er að í auglýsinga- og kynningarstarfsemi sé greint á milli verðbréfasjóða annars vegar og fjárfestingarsjóða hins vegar. Verðbréfasjóðir eru öruggara fjárfestingarform sem lýtur strangari reglum. Reikna má með að í flestum tilfellum verði fjárfestingarsjóðir áhættusæknari. Af þessum sökum er brýnt að fjárfestar í sjóðum geri sér grein fyrir í hverju munurinn á verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði felst. Það er hlutverk rekstrarfélaga að sjá til þess að viðskiptavinir séu meðvitaðir um þennan mun.

Um III. kafla.

Kaflinn fjallar um fjárfestingarsjóði. Í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins er gert ráð fyrir að aðrar tegundir sjóða en verðbréfasjóðir geti fengið starfsleyfi eða hlotið viðurkenningu stjórnvalda. Almenna reglan er sú að heimild lögbærra yfirvalda þarf til ef sjóðurinn markaðssetur skírteini sín handa almenningi.

Á Íslandi hefur frá árinu 1999 verið unnt að fá starfsleyfi fyrir sérstaka tegund verðbréfasjóða sem lýtur vægari fjárfestingartakmörkunum en UCITS-sjóðir. Þrátt fyrir þessa viðbót eru möguleikar til að stofna aðra sjóði en UCITS-sjóði með starfsleyfi hér á landi minni heldur en algengast er á Evrópska efnahagssvæðinu. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er ætlunin að breyta þessu og gera lagalegt umhverfi verðbréfasjóða fyllilega samkeppnishæft.

Um 52. gr.

Flest ákvæði II. kafla um verðbréfasjóði eiga einnig við um fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini. Farin er sú leið í frumvarpi þessu að vísa í viðeigandi kafla um verðbréfasjóði. Þannig eiga ákvæði um staðfestingu og afturköllun starfsleyfis, stofnun og starfsemi, vörslufyrirtæki, hlutdeildarskírteini og upplýsingagjöf við um fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini. Hins vegar gilda sérákvæði um innlausn og fjárfestingarheimildir þessara sjóða. Fjárfestingarsjóðir fá ekki Evrópupassa með þeim hætti sem kveðið er á um í II. kafla G.

Fjárfestingarstefna fjárfestingarsjóða getur verið mun áhættusamari en verðbréfasjóða og innlausnarskylda hvílir ekki á þeim að kröfu eigenda hlutdeildarskírteina. Því má búast við að markaðsverð með hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða geti orðið annað en útreiknað innlausnarvirði sjóðs. Í framkvæmd hafa hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða verið innleyst af sjóði en ekki framseld til þriðja aðila. Gera má ráð fyrir að meira verði um framsöl hlutdeildarskírteina í fjárfestingarsjóðum.

Um 53. gr.

Hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum eru innlausnarskyld líkt og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Munurinn liggur í því að hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða eru ekki ætíð innleysanleg að kröfu viðskiptavina sjóðs. Það kemur til af því að fjárfestingarstefna fjárfestingarsjóða getur verið áhættusöm, t.d. áhættudreifing minni en í verðbréfasjóðum og óskráð verðbréf í verðbréfasafni sjóðs. Óskráð verðbréf eru ekki eins seljanleg og skráð verðbréf. Það þjónar því ekki hagsmunum viðskiptavina sjóðs að geta ætíð innleyst hlutdeildarskírteini sín í fjárfestingarsjóði.

Um innlausn hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóðs fer samkvæmt reglum sjóðsins. Sjóðurinn tekur ákvörðun um innlausn með hliðsjón af áhættustigi og seljanleika fjármálagerninga í sjóðnum. Ekki er lagður til sérstakur hámarkstími sem líða má á milli innlausna. Nauðsynlegt er hins vegar að viðskiptavinir sjóðsins geri sér grein fyrir hvaða reglur gilda um innlausn og er því rekstrarfélagi skylt að vekja athygli viðskiptavinar á þeim reglum.

Um 2.–4. gr. gilda sömu sjónarmið og um 27.–28. gr. um innlausnarskyldu í verðbréfasjóðum.

Um 54. gr.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru rýmri en verðbréfasjóða. Það lýtur aðallega að því að fjárfestingarsjóður getur fjárfest í meira mæli í óskráðum verðbréfum og ekki er krafist jafnmikillar áhættudreifingar. Að meginstofni til gilda þó ákvæði II. kafla F um

fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða. Þar skipta mestu máli ákvæði um eftirlitskerfi með áhættu, viðskipti með afleiður og takmarkanir á eignasafni.

Lagt er til að fjárfestingarsjóðum verði heimilt að fjárfesta í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum. Það er því hægt að stofna blandaða sjóði skráðra og óskráðra verðbréfa og einnig sjóði sem fjárfesta aðallega í óskráðum verðbréfum. Sjóðir sem fjárfesta aðallega í óskráðum verðbréfum eru gjarnan kallaðir áhættufjármagnssjóðir (e. Venture Capital Funds).

Stjórnvöld hafa á undanförnum árum hvatt til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í stað þess að viðskipti eigi sér stað á lítt sýnilegum markaði fyrir óskráð bréf. Skemmst er að minnast að með lögum nr. 163/2000, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, var bætt inn ákvæði um að sala fjármálafyrirtækja á verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem ekki fellur undir reglur um almennt útboð, sé háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Það er á hinn bóginn ljóst að fyrirtæki á upphafsstigum starfsemi sinnar getur ekki skráð bréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði og til þarf að vera farvegur fyrir fjármögnun slíkra fyrirtækja. Hér er lagt til að almenningur geti haft aðgang að fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta að meginstofni til í óskráðum verðbréfum. Þó svo að fjárfesting í slíkum sjóði sé eðli málsins samkvæmt afar áhættusöm er hún þó engu að síður mun minni en af fjárfestingu í einstaka óskráðu félagi. Krafist er starfsleyfis fyrir starfseminni, áhættudreifingar, þekkingar og reynslu og aðskilnaðar starfssviða. Þá er mikilvægt að almenningi sé gerð grein fyrir þeirri áhættu sem í fjárfestingunni felst.

Áhættufjármagn er gjarnan flokkað eftir því í hvaða tilgangi eða á hvaða stigi það er lagt fram. Af eðlilegum ástæðum er áhættan meiri á fyrstu þrepum þróunar. Samkvæmt upplýsingum frá European Venture Capital Association má flokka áhættufjármögnun vegna nýsköpunar í eftirfarandi flokka eftir áhættu:

1. Þróunarfjármagn eða hugmyndafé (e. Seed Capital). Fjármagn til rannsókna og þróunar á vöru eða viðskiptahugmynd. Á þessu stigi er varla um meira að ræða en vænlega hugmynd og oftast frumkvöðul. Fjármagn á þessu stigi fer aðallega í gerð frumáætlana, fyrstu tilraunir við vöruþróun og forkönnun markaða.
2. Byrjunarfjármagn eða upphafsfé (e. Start-up). Tekur við af þróunarfjármagni, t.d. til að fullgera frumeintak vöru og til að hefja markaðsstarfsemi.
3. Fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé (e. Expansion). Fjármagn til að útvíkka starfsemi að aflokinni þróun og öflun markaða.

Í mjög grófum dráttum má gera ráð fyrir að þessi þrjú stig geti tekið um tíu ár, gangi hugmyndin upp, og sé fyrirtækið þá tilbúið til skráningar á hlutabréfamarkaði. Miðað er þá við að fyrsta stigið taki um þrjú ár, næsta stig um tvö ár og vaxtarstigið um fimm ár.

Flestir fagfjárfestar, sem eru á annað borð reiðubúnir til að taka áhættu af fjárfestingu í óskráðum fyrirtækjum, sækjast eftir innkomu í þau við upphaf vaxtarskeiðs. Á því stigi hefur fyrirtækið lokið nauðsynlegri þróun og nokkur vitneskja um viðbrögð markaðarins við afurðinni liggur fyrir. Fyrirtækið hefur tekið á sig þá stjórnunarlegu mynd sem þarf til að leggja í markaðsátak en þarfnast aukins fjármagns. Við slíkar aðstæður telja fagfjárfestar sig hafa lágmarksforsendur til að meta áhættu sína. Þeir eiga jafnframt von um umtalsverðan hagnað af fjárfestingunni þar sem vaxtarskeiðið einkennist m.a. af hagnaði á stuttum tíma. Færri fjárfestar líta á það sem hlutverk sitt að leggja fjármagn í þá miklu áhættu sem fólgin er í að koma hugmynd á framkvæmdastig. Við þær aðstæður er óvissa mikil og takmörkuð reynsla er til að sannreyna hvort hugmyndin hefur markaðsgildi. Enn fremur vantar iðulega þá rekstrar- og stjórnunarlegu þekkingu sem nauðsynleg er til að koma verkefni áfram. Fjárfesting í slíkum verkefnum kallar á umtalsverða þolinmæði. Gjarnan þarf að bíða í 5–10

ár þar til verkefnið skilar arði. Á þeim tíma þarf fjárfestirinn að vera reiðubúinn til að auka við upphafsfjárfestingu sína sem og að veita aðstoð og ráðgjöf. Sá fjárhagslegi ávinningur sem næst skilar sér sjaldan með reglulegum arðgreiðslum heldur oftast í einu lagi við sölu.

Hin meginundantekningin frá II. kafla F er að í stað meginreglu fjárfestingarheimilda verðbréfasjóða um að heimilt sé að fjárfesta allt að 10% í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama aðila er lagt til að heimilt verði fyrir fjárfestingarsjóði að fjárfesta allt að 20% eigna sinna í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama aðila. Það er því hægt að stofna sjóð með að lágmarki verðbréfum eða peningamarkaðsskjölum fimm útgefenda.

Um 55. gr.

Mikilvægt er að viðskiptavinir fjárfestingarsjóða geri sér fyrir fram grein fyrir þeirri áhættu sem felst í kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðanna og er því lagt til að kveðið verði skýrt á um skyldu rekstrarfélaga til að greina viðskiptavinum sínum frá áhættunni.

Um 56.–61. gr.

Fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf (hlutabréfasjóðir) eru lögaðilar og starfsleyfisskyldir, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og í athugasemdum við 3. gr. Ákvæði um veitingu og afturköllun starfsleyfis eru að meginstofni til í samræmi við sambærileg ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Þó er kveðið á um að hlutabréfasjóðir skuli láta útboðslýsingu fylgja með umsókn um starfsleyfi og jafnframt upplýsingar um vörslufyrirtæki, en það er þó ekki sett að skilyrði fyrir starfsleyfi hlutabréfasjóða að samningur hafi verið gerður við vörslufyrirtæki. Fjármálaeftirlitið skal skv. 58. gr. taka ákvörðun um veitingu eða synjun starfsleyfis einum mánuði eftir að fullbúin umsókn barst en í tilviki fjármálafyrirtækja er tímafresturinn þrír mánuðir.

Um 62. gr.

Í greininni er fjallað um starfsemi hlutabréfasjóða. Þeir mega ekki vera í blönduðum rekstri og ekki hafa með höndum aðra starfsemi en rekstur fjárfestingarsjóðs.

Í 2. mgr. er sambærilegt ákvæði og í 19. gr. en ákvæði 19. gr. gildir bæði um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini.

Í 3. mgr. er sambærilegt ákvæði og í 11. gr. og 2. mgr. 52. gr. Hlutabréfasjóðum er sem hlutafélögum rétt og skylt að hafa orðið hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf.

Í 4. mgr. er sambærilegt ákvæði og í 26. gr. en ákvæði 26. gr. gildir bæði um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ákvæði um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum skuli gilda um hlutabréfasjóði. Í reglugerð skal síðan gera grein fyrir þeim upplýsingum sem skulu koma fram í útboðslýsingum og útdráttum úr útboðslýsingum fjárfestingarsjóða. Telja verður að þær upplýsingar sem fram koma í útboðslýsingum sjóða henti betur fyrir starfsemi hlutabréfasjóða en upplýsingar í skráningar- og útboðslýsingum almennra hlutafélaga sem skrá hlutabréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði. Þar sem hlutabréfasjóðir geta verið skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði er nauðsynlegt að regluverk um útboðslýsingar og viðvarandi upplýsingaskyldu skráðra félaga taki mið af þessu.

Í 6. mgr. kemur fram hvaða upplýsingar skuli vera í samþykktum hlutabréfasjóða til viðbótar við ákvæði laga um hlutafélög. Vakin skal athygli á því að ekki er krafist innlausnarskyldu fyrir hlutabréfasjóði.

Um 63. gr.

Með starfsleyfi hlutabréfasjóða er ætlunin að svipaðar reglur gildi um hæfi stjórnenda og eigenda og almennt gilda um fjármálafyrirtæki. Í þessari grein eru tilvísanir í lög um fjármálafyrirtæki. Þannig gilda kaflar laga um fjármálafyrirtæki um eignarhluta og meðferð þeirra, stjórn og starfsmenn og ársreikninga og endurskoðun um hlutabréfasjóði. Í VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki um stjórn og starfsmenn eru settar meginreglur um hæfisskilyrði, verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra, þátttöku stjórnarmanna í meðferð mála, þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtækið. Kveðið er á um að fjármálafyrirtæki setji sér nánari starfsreglur um efni kaflans. Í öllum meginatriðum eiga sömu sjónarmið við um hlutabréfasjóði.

Um 64. gr.

Almennt gilda lög um hlutafélög um hlutabréfasjóði með þeim takmörkunum þó sem leiða af þessum kafla frumvarpsins. Lagt er til að sérstaklega verði tekið fram að meginregla 2. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög skuli ávallt gilda um hlutabréfasjóði, þ.e. að allir hlutir skuli hafa jafnan rétt í félaginu. Því er óheimilt að taka fram í samþykktum að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka.

Um 65. gr.

Lagt er til að fjárfestingarheimildir hlutabréfasjóða verði hinar sömu og fjárfestingarheimildir annarra fjárfestingarsjóða.

Um 66. gr.

1. og 2. mgr. eru efnislega óbreyttar frá 34. gr. laga nr. 10/1993. 3. mgr. er efnislega óbreytt frá 5. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Um 67. gr.

Með heimild í gildandi lögum hefur viðskiptaráðuneytið sett reglugerðir um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða, starfsemi og markaðssetningu erlendra verðbréfasjóða á Íslandi og varðveislu verðbréfa verðbréfasjóða. Fjármálaeftirlitið hefur sett reglur um ársreikninga og útboðslýsingar verðbréfasjóða. Í greininni er lagt til að til einföldunar verði sett ein reglugerð um starfsemi verðbréfasjóða.

Um V. kafla.

Um almennar athugasemdir við þennan kafla vísast til athugasemda við XIV. kafla frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki.

Um 68. gr.

Í greininni er kveðið á um að tiltekin brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum.

Um 69. gr.

Í greininni er kveðið á um að tiltekin brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum eða fangelsi allt að einu ári. Lagt er til að brot gegn grundvallarákvæðum laganna varði nefndri refsingu, svo sem þau brot sem fela í sér starfsleyfisskylda starfssemi án starfsleyfis. Hið síðastnefnda er og í samræmi við 186. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsinæmi þess að gefa rangar eða villandi upplýsingar um hagi verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs opinberlega. Telja verður að ákvæði 153. og 154. gr.

hlutafélagalaga, nr. 2/1995, verndi að einhverju leyti þá hagsmuni sem framangreindu ákvæði var ætlað að vernda, en þar er kveðið á um refsinæmi þess að skýra rangt frá högum hlutafélags. Framangreint ákvæði verður að teljast vernda mikilvæga hagsmuni.

Um 70. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um refsiábyrgð fjárfestingarsjóða sem reknir eru sem hlutafélög. Í II. kafla A almennra hegningarlaga er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila. Skv. 19. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, verður lögaðila gerð sekt ef lög mæla svo fyrir. Skv. 19. gr. c almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er refsiábyrgð lögaðila bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Ekki er talin þörf á að mæla á annan hátt fyrir í frumvarpi þessu.

Í 2. mgr. er ákvæði um tilraun og hlutdeild sem þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er kveðið á um að brot gegn frumvarpinu varði refsingu, óháð því hvort þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Ekki er talin ástæða til að víkja frá þeirri meginreglu laga að brot gegn sérlögum varði refsingu, óháð því hvort það er framið af ásetningi eða gáleysi, sbr. gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Því er gert ráð fyrir að brot gegn ákvæðum frumvarps þessa verði refsiverð, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Saknæmisstigið hafi hins vegar áhrif á refsiákvörðun. Kveðið er á um reglu þessa í frumvarpstextanum til þess að tryggja samræmi við frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki og frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti sem lögð hafa verið fram á yfirstandandi þingi.

Samkvæmt 4. mgr. skal sök samkvæmt ákvæðum kaflans fyrnast á fimm árum. Skv. 1. tölul. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal sök fyrnast á tveimur árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum. Skv. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga er fyrningarfrestur vegna refsiábyrgðar lögaðila hins vegar fimm ár. Talið er skynsamlegt að mæla fyrir um að refsibrot samkvæmt frumvarpi þessu fyrnist í öllum tilvikum á fimm árum, þar sem þau koma oft ekki í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum og rannsókn þeirra er tímafrek.

Um 71. og 72. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða vísast til 8. kafla í almennum athugasemdum um breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér fyrir starfandi félög. Ákvæði til bráðabirgða eru þrjú og lúta að starfandi verðbréfasjóðum, verðbréfasjóðum sem hafa heimild skv. 27. gr. laga nr. 10/1993 og hlutafélögum um sameiginlega fjárfestingu sem starfrækt eru án starfsleyfis við gildistöku laganna. Um starfsleyfi rekstrarfélaga fer samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki og um skattalega stöðu við umbreytingu hlutafélags í sjóð sem verður hluti rekstrarfélags fer samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru að starfsleyfisskyldum sjóðum er skipt upp í verðbréfasjóði annars vegar og fjárfestingarsjóði hins vegar. Verðbréfasjóðir þurfa að uppfylla skilyrði Evróputilskipunar 85/611/EBE, með síðari breytingum, um upplýsingagjöf, fjárfestingarstefnu og starfsskilyrði til markaðssetningar á EES-svæðinu. Lagt er til að fjárfestingarsjóðir fái svigrúm til að ná yfir víðara fjárfestingarsvið og heimildir til stofnunar fleiri tegunda sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi. Einnig fjallar frumvarpið um þær reglur, takmarkanir og eftirlit sem gilda almennt um rekstur starfsleyfisskyldra sjóða. Samhliða þessu frumvarpi verður lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt sem heimila hlutafélögum um sameiginlega fjárfestingu að breyta rekstrarformi sínu í sjóði sem gefa út hlutdeildarskírteini í stað hlutabréfa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

860. Frumvarp til laga [519. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Orðin „eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga“ í 1. málsl. 4. mgr. 38. gr. laganna falla brott.

2. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna orðast svo:

Útgáfa jöfnunarhluta án greiðslu í B-deild stofnsjóðs skal byggð á yfirfærslu fjárhæða, sem greiða má sem arð, sbr. 41. gr. Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs skulu einir eiga rétt til jöfnunarhluta og í réttum hlutföllum við hlutaeign sína í B-deild stofnsjóðs.

3. gr.

Á eftir 61. gr. b í lögunum kemur ný grein, 61. gr. c, sem orðast svo:

Ef samvinnufélagaskrá telur sig hafa upplýsingar um það, m.a. frá ársreikningaskrá, að samvinnufélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðast skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr samvinnufélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veitir líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu samvinnufélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta félagsaðilar eða lánardrottnar gert þá kröfu að bú samvinnufélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 62. gr. b. Jafnframt má samvinnufélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt samvinnufélag hafi verið fellt niður af samvinnufélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

4. gr.

6. tölul. 62. gr. a í lögunum orðast svo: Endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir ársreikningaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu um samvinnufélög er gert ráð fyrir vissum breytingum, sem snerta ákvæði um ársreikninga, vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga. Einnig er gerð tillaga um möguleika á einfaldri afskráningu samvinnufélaga að frumkvæði samvinnufélagaskrár og þá til samræmis við ákvæði í hlutafélagalöggjöf um einfalda afskráningu hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Hér eru felld niður ákvæði um endurmatsreikning til samræmis við lög um ársreikninga.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að tekið verði upp í lögum um samvinnufélög ákvæði um afskráningu með einföldum en þó öruggum hætti að frumkvæði samvinnufélagaskrár en afskráningin yrði ein tegund félagsslita. Samsvarandi ákvæði eru í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Gert er ráð fyrir að einkum kynni að reyna á þetta ákvæði varðandi afskráningu smærri samvinnufélaga, t.d. pöntunarfélaga sem hætt hafa starfsemi sinni.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um sendingu ársreikninga til ársreikningaskrár, ekki samvinnufélagaskrár.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma reglur um skil ársreikninga samvinnufélaga lögum sem gilda almennt um hlutafélög og einkahlutafélög. Einnig er gerð tillaga um að hægt sé að afskrá félög sem ekki eru starfandi úr samvinnufélagaskrám.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

861. Frumvarp til laga [520. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað orðanna „skal ráðherra breyta“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: getur ráðherra breytt.

2. gr.

Í stað orðanna „skal senda stjórnvaldi því er tekur við ársreikningum félaga ársreikning eða samstæðureikning sjálfseignarstofnunar“ í 31. gr. laganna kemur: skal stjórn sjálfseignarstofnunar senda ársreikningaskrá ársreikning sinn, svo og samstæðureikning ef um er að ræða samstæðu skv. b-lið 1. mgr. 3. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „Stjórnvald það er tekur við ársreikningi félaga“ í 3. mgr. 34. gr. laganna kemur: Ársreikningaskrá.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er m.a. gert ráð fyrir vissum breytingum, sem snerta ákvæði um ársreikninga, vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga. Eru breytingarnar svipaðar ráðgerðum breytingum á löggjöf um nokkrar aðrar tegundir félaga.

Með breytingu skv. 1. gr. er stefnt að því að samræmi sé á milli löggjafarinnar um hlutafélög og einkahlutafélög annars vegar og laganna um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur hins vegar að því er varðar breytingu lágmarksfjár þannig að ráðherra hafi heimild

en sé ekki skyldaður til að breyta lágmarksfjárhæð í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Í 2. gr. eru orðalagsbreytingar, ekki efnisbreytingar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma reglur um skil ársreikninga sjálfseignarstofnana reglum sem gilda um hlutafélög og einkahlutafélög.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

862. Svar [455. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um styrki til útrásar íslenskrar dægurtónlistar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir voru styrkir ráðuneytisins og sjóða þess til útrásar íslenskrar dægurtónlistar árin 1995–2002, sundurliðað eftir árum?

Ráðuneytið veitir styrki til tónlistarstarfsemi af safnliðum, einkum fjárlagalið 02-982, Listir, framlög. Styrkir eru veittir á grundvelli umsókna sem ráðuneytinu berast og eru þær að öllu jöfnu sendar tónlistarnefnd ráðuneytisins til umsagnar.

Í eftirfarandi yfirliti er gerð grein fyrir styrkjum til einstaklinga og hljómsveita á sviði dægurtónlistar til verkefna erlendis árin 1995–2002.

Styrkir til einstaklinga og hljómsveita á sviði dægurtónlistar til verkefna erlendis árin 1995 til 2002.

Einstaklingar/hljómsveitir	Verkefni	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Apparat orgelkvartett	Ferð á Hróarskelduhátíðina í Danmörku							80.000	
Artic Circle Team (Svanur Zoph.)	Toy Machine á tónleikum í New York					200.000			
Tilraunaeldhúsið	Tónleikahald							50.000	
Botnleðja	Markaðssetning						100.000		
Botnleðja – Anna Borg	Þátttaka í rokkhátíð í Eistlandi			80.000					
Botnleðja – Sindri Páll Kjartansson	Tónleikaferð til Bretlands					180.000			
Botnleðja – Spik ehf.	Kynningarátak og tónleikaferð um Bretland							100.000	150.000
Eiríkur Ingólfsson, Mezzoforte	Jazzkaar – djasshátíð		175.000						
Guitar Islancio	Tónleikaferð til Kanada						120.000		
Guitar Islancio	Tónleikaferð til Kanada							90.000	
Guitar Islancio	Vegna Expó 2000						520.000		
Heiðar Örn Kristjánsson, Botnleðja	Ráðstefna og tónlistarkeppni í Liverpool					200.000			
Hljómalind / Sigur rós	Ferðakostnaður vegna kynningarmála						350.000		
Hljómsveitin Lúna	Tónleikaferð um Evrópu								80.000
Hljómsveitin Hringir	Tónleikaferð til Grænlands			120.000					
Hljómsveitin Magga Stína	Hróarskelduhátíð						100.000		
Hljómsveitin Trabant	Tónleikaferð til N-Ameríku								100.000
Íslensk tónverkamiðstöð	Kynningarátak á íslenskri tónlist í Cannes	500.000							
Íslensk tónverkamiðstöð	Tónlistarstefna MIDEM í Frakklandi		400.000						
Íslenska funksamsteypan Jagúar	Tónleikaferð til Noregs								120.000
Jóel Pálsson	Ferð til Kanada						75.000		
Kjól & Anderson ehf.	Útflutningur á Gus Gus		200.000						
Kolrassa krókríðandi	Kynning og tónleikahald í Englandi			90.000					
Kolrassa krókríðandi / Ester Ásgeirsdóttir	Markaðssetning erlendis			100.000					
LBH crew	Tónleikaferð til Bandaríkjanna								100.000
Magnús Þór Jónsson	Tónleikahald			35.000					60.000
Margrét Blöndal	Tónleikaferð til Frakklands					75.000			
Margrét K. Sigurðardóttir	Kynning á plötunni Fabula			36.000					
María Björk Sverrisdóttir	Kynning á íslenskri tónlist erlendis			50.000					
Michael Dean Óðinn Pollock	Tónleikaferð til Bandaríkjanna								60.000

Einstaklingar/hljómsveitir	Verkefni	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Móeiður Júníusdóttir / Bong	Popphátíð í Köln		70.000						
Páll Óskar	Evrópuferð 2002								60.000
Plötur ehf.	Kynning á íslenskri tónlist (150 þús. ráðstöfunarfé ráðherra)								300.000
Reptilicus	Tónleikar			90.000	50.000				
Reptilicus	Norræn tónlistarhátíð í Vín	75.000							
Samband hljómplötuframleiðenda	MIDEM-ráðstefna í Cannes				200.000				
Sigur rós	Expó						1.000.000		
Spor	Kynning á Jet Black Joe í Bandaríkjunum		125.000						
Stilluppsteypa	Þátttaka í tónlistarhátíðum						75.000		100.000
Sunna Gunnlaugsdóttir	Djasskvartett Sunnu Gunnlaugs til Evrópu								75.000
Sunna Gunnlaugsdóttir	Djasskvartett Sunnu Gunnlaugs til Kanada								75.000
Szymon Kuran	Ferðakostnaður frá 1999					126.199			
Tilraunaeldhúsið	Samstarfsverkefni með BBC3 og FatCat								150.000
Tjarnarkvartettinn	Vegna Expó 1998				450.000				
Unun / Smekkleysa	Tónleikar í Kaupmannahöfn		175.000						
Unun, Þór Eldon	Tónleikaferð til Bretlands			100.000					
Æskulýðssamband Íslands	Hljómsveitin Stingandi strá á tónlistarhátíð				30.000				
	Alls	**575.000**	**1.145.000**	**701.000**	**730.000**	**781.199**	**2.340.000**	**320.000**	**1.430.000**

863. Svar [448. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um samræmingu félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Telur ráðherra að flytja eigi félagsþjónustu, öldrunarþjónustu og heilsugæslu á eina hendi til sveitarfélaga í ljósi góðs árangurs af samræmingu þessara þjónustuþátta í reynslusveitarfélögunum Akureyri og Höfn í Hornafirði?*
2. *Hvaða breytinga er þörf á samningum milli ríkis og sveitarfélaga og á lögum og reglugerðum til þess að af slíkri samræmingu gæti orðið?*

Við undirbúning að svari við fyrirspurninni kom í ljós að fyrirspurn hefur einnig verið beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og er vísað til svars hans varðandi flutning öldrunar- og heilbrigðisþjónustu til sveitarfélaganna.

Sá skilningur er lagður í fyrirspurnina að átt sé við félagslega þjónustu ríkisins við fatlaða sem veitt er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Sveitarfélög á eftirtöldum svæðum hafa tekið að sér þjónustu við fólk með fötlun frá ríkinu: Norðurland vestra, Norðurland eystra, Vestmanneyjar og Hornafjörður. Annars vegar er um að ræða reynslusveitarfélögin Akureyrarkaupstað og sveitarfélagið Hornafjörð, sem tóku upphaflega við málefnum fatlaðra samkvæmt lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994. Hins vegar eru í gildi samningar milli ríkis og sveitarfélaga skv. 13. gr. laga um málefni fatlaðra. Á það við um Héraðsnefnd Þingeyinga, sem hefur samþætt þessa þjónustu við aðra félagsþjónustu á sínu svæði, Byggðasamlag Norðurlands vestra hefur tekið við þjónustu við fatlaða í Skagafirði, Húnavatnssýslum og á Siglufirði. Vestmanneyjabær hefur samþætt þjónustu við fatlaða annarri félagsþjónustu sem sveitarfélagið veitir. Frá og með árinu 2002 eru þessir samningar gerðir samkvæmt 13. gr. laga um málefni fatlaðra. Töluverð reynsla er komin á framkvæmd félagsþjónustu við fatlaða á umræddum svæðum, en fyrstu samningarnir voru gerðir á árinu 1996.

Í ljós hefur komið að þjónusta sveitarfélaganna við fatlaða, sem veitt er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, hefur að mestu leyti reynst vel. Samþætting við aðra félagsþjónustu á svæðunum hefur mikla kosti og er í anda þeirrar blöndunar sem félagsmálaráðuneytið telur eiga að vera í sambandi við þjónustu við fólk með fötlun. Með því er átt við að fólk með fötlun fái þjónustu á sama stað og aðrir íbúar sveitarfélags. Nærþjónusta á þessum persónulegu og oft viðkvæmu sviðum er sjálfsögð og eftirsóknarverð. Einnig er rétt að benda á að með styrkari og fjölþættari þjónustu í heimabyggð aukast möguleikar á heildstæðri, einstaklingsbundinni og sveigjanlegri þjónustu. Við samþættingu málefna fatlaðra og annarrar félagsþjónustu í heimabyggð aukast möguleikar á heildarsýn og má leiða líkur að því að hún eflist enn meir við það að félagsþjónustan, heilsugæslan og öldrunarþjónustan verði á einni og sömu hendi.

Niðurstaða úttektaraðila (PWC) á reynslusveitarfélagaverkefninu er að á sviði byggingarmála, málefna fatlaðra, öldrunarmála og heilsugæslu hafi tilraunir reynslusveitarfélaga náð markmiðum sínum um að auka sjálfsstjórn sveitarfélaganna, laga stjórnsýsluna betur að staðbundum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúa og nýta betur fjármuni hins opinbera.

Í matsskýrslu úttektaraðila vegna ársins 2000 kom fram að niðurstöðurnar sem kynntar höfðu verið í heildarmatsskýrslunni árið 1999 um árangur af framkvæmd verkefna reynslusveitarfélaga væru í meginatriðum óbreyttar. Jafnframt kom fram að milli áranna 1999 og

2000 hafi einstaka þættir breyst lítillega en helstu þróunareinkenni einstakra verkefna hafi haldist óbreytt. Í ljós kom að kostnaður ríkisins við verkefni reynslusveitarfélaga jókst á árinu 2000.

Ef flytja á málefni fatlaðra til sveitarfélaganna er nauðsynlegt að fyrir liggi samstaða um það milli ríkis og sveitarfélaga þar sem byggt yrði á rekstrarlegum forsendum sem væru ásættanlegar.

Eins og kunnugt er voru lögð fram á 125. löggjafarþingi frumvörp í þeim tilgangi að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Um var að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um félagsþjónustu sveitarfélaga, frumvarp til laga um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra. Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga var mælt fyrir um brottfall eftirfarandi laga: laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum og laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

Má ætla að þessi upptalning eigi enn við ef ákveðið verður að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna.

Í gildi eru níu reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga um málefni fatlaðra og ein á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem annaðhvort mundu falla úr gildi eða yrðu endurskoðaðar ef málaflokkurinn yrði færður til sveitarfélaganna.

Samkvæmt ákvæðum 100. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, skal ríkisstjórnin hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila. Komi fram tillögur um meiri háttar breytingar á verkaskiptingu eða fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, ber skv. 101. gr. sömu laga að taka þær til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd skipaðri fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en þær eru formlega afgreiddar.

Ráðherra telur rétt að færa þau verkefni til sveitarfélaga sem þau ráða við, enda aukist ekki kostnaður hins opinbera við flutninginn frá því sem verða mundi ef verkefnin væru áfram á vegum ríkisins. Ríki og sveitarfélög þyrftu hins vegar að hafa náið samráð um framkvæmd slíkra breytinga og um slíkt samráð er fjallað í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, og í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga.

Ríki og sveitarfélög þyrftu í fyrsta lagi að gera samning um verkefnið áður en til yfirfærslu kæmi og um útfærslu á framkvæmd verkefnisins í höndum sveitarfélaga. Í framhaldi af slíku samkomulagi þyrfti að breyta lögum og reglugerðum eins og við á. Til dæmis þyrfti að sameina lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og búa þar með til heildstæða umgjörð um félagsþjónustu sveitarfélaga, ásamt því að yfirfara allar reglugerðir sem þessum lögum tengjast.

Eins þyrfti að liggja fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um greiðslur ríkisins til þeirra verkefna sem sveitarfélög tækju við. Í því fælist samkomulag um heildarfjárhæðir sem rynnu til einstakra sveitarfélaga vegna yfirfærslu verkefna og hvernig það yrði gert með sem réttlátustum hætti. Í kjölfarið á slíku samkomulagi þyrfti að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga og ef til vill einnig reglugerðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

864. Frumvarp til laga [521. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hafi hlutafé í eldra félagi verið hækkað upp í eða yfir mörk 1.–4. málsl. skal ekki fara niður fyrir það lágmark nema hið lága hlutafé í félaginu hafi verið hækkað og lækkað samtímis.

2. gr.

1. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: heiti félagsins og hugsanlegt erlent aukheiti.

3. gr.

Orðin „eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga“ í 1. mgr. 29. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Í stað orðanna „skipuð einum eða tveim mönnum“ í 2. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: skipuð einum manni.

5. gr.

Í stað orðanna „lagt í varasjóð“ í 1. málsl. 2. mgr. 75. gr. laganna kemur: fært á yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár samkvæmt lögum um ársreikninga.

6. gr.

3. tölul. 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir ársreikningaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.

7. gr.

Í stað orðanna „Ef hlutafélagaskrá telur að einkahlutafélag hafi hætt störfum“ í 1. mgr. 83. gr. laganna kemur: Ef hlutafélagaskrá telur sig hafa upplýsingar um það, m.a. frá ársreikningaskrá, að einkahlutafélag hafi hætt störfum.

8. gr.

Á eftir 83. gr. laganna kemur ný grein, 83. gr. a, sem orðast svo:

Í skuldlausu einkahlutafélagi geta hluthafar afhent hlutafélagaskrá skriflega yfirlýsingu um að allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar skuldir félagsins hafi verið greiddar og félaginu slitið. Yfirlýsingin skal vera undirrituð með nafni, kennitölu og heimilisfangi allra hluthafa félagsins. Með yfirlýsingu skal fylgja vottorð frá toll- og skattyfirvöldum um að félagið skuldi ekki opinber gjöld.

Hlutafélagaskrá má einungis skrá slit félagsins ef yfirlýsing hluthafanna berst skránni innan tveggja vikna frá undirskrift yfirlýsingarinnar.

Hluthafar bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum einkahlutafélagsins, hvort sem þær eru gjaldfallnar, ógjaldfallnar eða umdeildar, frá þeim tíma er yfirlýsingin um slit félagsins var gefin.

Úthluta skal til hluthafa þeim eignum einkahlutafélags sem eftir kunna að standa.

9. gr.

Í stað orðanna „83. gr.“ í 1. mgr. 84. gr. laganna kemur: 3. mgr. 83. gr.

10. gr.

2. mgr. 116. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóri skal senda ársreikningaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús samkvæmt lögum um ársreikninga.

11. gr.

3. málsl. 117. gr. laganna orðast svo: Gæta skal ákvæða 7. mgr. 1. gr.

12. gr.

3. mgr. 121. gr. laganna orðast svo:

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár.

13. gr.

2. mgr. 123. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

134. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að gefa kost á að slíta einkahlutafélögum með einföldum, ódýrum en þó tryggum hætti af hálfu þeirra sem að félaginu standa. Jafnframt er tækifærið notað til að gera m.a. vissar breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga vegna þróunar í löggjöf um þá.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er stefnt að skýrum reglum um hvað gildi ef eldra félag með hlutafé undir lágmarki laganna um einkahlutafélög hækkar hlutafé sitt upp í eða yfir lágmark laganna. Ekki er þá gert ráð fyrir því að unnt sé að fara aftur undir lágmarkið nema hækkun og lækkun fari fram samtímis, t.d. úr 20 þús. kr. í 1 millj. kr. og aftur niður í 20 þús. kr. þar sem jafnframt er stefnt að greiðslu til hluthafa. Kjósi eldra félag hins vegar að hækka sig t.d. úr 20 þús. kr. í 100 þús. kr. á að það að vera unnt. Æskilegt er þó að félög reyni að koma sér upp fyrir lágmarksfjárhæð laganna hverju sinni.

Um 2. gr.

Rétt þykir að hafa í lögunum ákvæði um möguleika á skráningu hugsanlegs erlends aukheitis til samræmis við lagaframkvæmd. Þetta getur auðveldað samskipti félags við útlönd og komið í veg fyrir að það noti óeðlilega þýðingu á heiti sínu og sú notkun kynni að bitna á öðru félagi. Geta félög í þessu sambandi jafnvel þurft að huga að skráningu vörumerkja af hálfu annarra félaga.

Um 3. gr.

Hér er fellt niður ákvæði um endurmatsreikning til samræmis við lög um ársreikninga.

Um 4. gr.

Með þessari grein er felld niður sú krafa að í tveggja manna stjórn einkahlutafélags þurfi að hafa a.m.k. einn varamann. Þetta hefur valdið vissum erfiðleikum í framkvæmd og verið til óþæginda ef tveir menn stofna félag og þurfa að leita að þriðja manni til að vera varamaður. Þykir nægilega tryggt að tveir menn geti verið í stjórn án varamanns úr því að leyft er að í stjórn einkahlutafélags geti verið einn maður og annar til vara.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að fé sem félagi hefur verið greitt umfram nafnverð fyrir hluti þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað skuli lagt í yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár í stað varasjóðs.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um sendingu ársreikninga til ársreikningaskrár, ekki hlutafélagaskrár.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Á Íslandi eru yfir 15 þúsund einkahlutafélög. Má ætla að allmörg þeirra hafi algjörlega hætt starfsemi án þess að þeim hafi verið slitið formlega. Aðalreglan samkvæmt hlutafélagalöggjöfinni er að kosin skuli skilanefnd en gjaldþrotaskipti geta skipt verulegu máli í reynd inni. Skilanefndarmeðferð kostar þó sitt. Er tilgangurinn með grein þessari að gera hluthöfum einkahlutafélaga, sem oft eru mjög lítil og geta jafnvel verið með einum hluthafa, kleift að slíta félaginu með einföldum og ódýrum hætti. Að jafnaði þarf frumkvæði hluthafa til.

Ef einkahlutafélag ákveður að hætta rekstri eða hann hefur legið niðri um langt skeið og félagið er með öllu skuldlaust eru engir þeir hagsmunir fyrir hendi sem mæla gegn því að félaginu sé slitið með einföldum og skjótum hætti og það síðan afskráð í hlutafélagaskrá. Skránni hefur að vísu verið veitt heimild í 83. gr. laganna til að hafa frumkvæði að slitum einkahlutafélags með tiltölulega einföldum hætti ef skráin telur að félagið hafi hætt störfum, það sé án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða sinni ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar. Heimildin í þessari grein frumvarpsins felur þó í sér aðferð sem er allfrábrugðin aðferðinni í 83. gr. um frumkvæðisrétt hlutafélagaskrár. Er hin nýja heimild byggð á fyrirmynd í dönskum lögum um einkahlutafélög sem er talin hafa gefist vel þar í landi. Núgildandi reglur um félagsslit skv. XIII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, halda að sjálfsögðu gildi sínu óbreyttar.

Í 1. málsl. 1. mgr. segir að hluthafar skuldlauss einkahlutafélags geti með skriflegri yfirlýsingu lýst því yfir við hlutafélagaskrá að allar gjaldfallnar sem ógjaldfallnar skuldir félagsins hafi verið greiddar og félaginu slitið. Eðlilegt þykir að gera þá kröfu að um skriflega yfirlýsingu sé að ræða þar eð verið er að afmá skráningu einkahlutafélags úr hlutafélagaskrá. Enn fremur er í 2. málsl. 1. mgr. gerð sú krafa að allir hluthafar undirriti yfirlýsinguna en gera má ráð fyrir að þeir séu venjulega fáir ef þessi leið er farin. Mikilvægt er að þessu skilyrði sé fullnægt þar eð hluthafar einkahlutafélags bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins reynist yfirlýsing þeirra um skuldleysi félagsins vera röng. Í 3. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að með yfirlýsingu skuli fylgja vottorð frá toll- og skattyfirvöldum til tryggingar á því að einkahlutafélagið skuldi ekki opinber gjöld.

Það verður að telja æskilegt að sá tími sem líður frá því að yfirlýsing um félagsslit er undirrituð þangað til hún er afhent hlutafélagaskrá sé eins skammur og kostur er. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að hluthafar hafi tvær vikur til að afhenda skránni hina undirrituðu yfirlýsingu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hluthafar beri beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldum sem enn kunna að hvíla á einkahlutafélaginu miðað við þann tíma þegar yfirlýsing um félagsslit er gefin. Þetta þýðir að unnt er að ganga að eignum þeirra aðila sem síðast voru skráðir hluthafar einkahlutafélagsins.

Skv. 4. mgr. skal úthluta þeim eignum einkahlutafélags, sem eftir kunna að standa, til hluthafa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um að útibússtjóri skuli senda ársreikningaskrá, ekki hlutafélagaskrá, ársreikninga aðalfélags og útibús ár hvert og þá innan þess frests sem áskilinn er í lögum um ársreikninga (átta mánuðir frá lokum reikningsárs).

Um 11. gr.

Í greininni er leiðrétt villa í tilvísun til 1. gr. laganna.

Um 12. gr.

Í greininni felst að felld eru niður ákvæði um að tilkynningar til hlutafélagaskrár séu ekki sendar beint þangað heldur fyrir milligöngu sýslumanns í því lögsagnarumdæmi þar sem tilkynnandi á heimili. Slíkar tilkynningar hafa enda eigi tíðkast.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að felld verði niður skylda félaga til þess að senda í júnímánuði ár hvert tilkynningar um heimilisföng einkahlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa miðað við 1. júní. Með slíku ákvæði var stefnt að því að auka áreiðanleika upplýsinga í hlutafélagaskrá þar eð mikið væri leitað til hennar um hvers kyns upplýsingagjöf, m.a. af hálfu opinberra aðila og lögmanna. Reynslan hefur hins vegar sýnt að sárafá félög sinna þessari tilkynningarskyldu, jafnvel aðeins tíunda hvert félag, og erfitt og dýrt er að framfylgja ákvæðinu. Þar að auki þykir það ekki nauðsynlegt þar eð tilkynna þarf hvort sem er allar breytingar á stjórn o.fl. samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Um 14. gr.

Eðlilegt er talið að felld séu brott ákvæði 134. gr. laganna þar sem segir að lögin um einkahlutafélög taki til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Þykir réttara að hafa ákvæði um það í lögum um hlutafélög að þau lög gildi um slík félög eftir því sem við á. Er þá m.a. horft til þess að komið hafa að undanförnu upp hugmyndir um að stofna slík félög, sem hafa ekki verið skráð hér á landi, með öflugri starfsemi á sviði verðbréfaviðskipta. Þá er talið nauðsynlegt að hlutabréf slíkra félaga geti gengið kaupum og sölum á verðbréfamarkaði og verið skráð þar.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma reglur um skil ársreikninga einkahlutafélaga þeirri þróun sem hefur orðið í löggjöf um ársreikninga félaga í atvinnurekstri. Í frumvarpinu er gefinn sá kostur að slíta einkahlutafélögum með einföldum, ódýrum en þó tryggum hætti af hálfu þeirra sem að félaginu standa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

865. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

1. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Heiti félagsins og hugsanlegt erlent aukheiti.

2. gr.

Orðin „eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga“ í 1. mgr. 43. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Í stað orðanna „lagt í varasjóð“ í 1. málsl. 2. mgr. 100. gr. laganna kemur: fært á yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár samkvæmt lögum um ársreikninga.

4. gr.

4. tölul. 1. mgr. 107. gr. laganna orðast svo: Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir ársreikningaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.

5. gr.

Í stað orðanna „Ef hlutafélagaskrá telur að hlutafélag hafi hætt störfum“ í 1. mgr. 108. gr. laganna kemur: Ef hlutafélagaskrá telur sig hafa upplýsingar um það, m.a. frá ársreikningaskrá, að hlutafélag hafi hætt störfum.

6. gr.

Í stað orðanna „108. gr.“ í 1. mgr. 109. gr. laganna kemur: 3. mgr. 108. gr.

7. gr.

Í stað orðanna „hugsanlegt aukheiti“ í 1. tölul. 120. gr. laganna kemur: hugsanlegt erlent aukheiti.

8. gr.

2. mgr. 142. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóri skal senda ársreikningaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús samkvæmt lögum um ársreikninga.

9. gr.

3. málsl. 143. gr. laganna orðast svo: Gæta skal ákvæða 8. mgr. 1. gr.

10. gr.

3. mgr. 147. gr. laganna orðast svo:

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár.

11. gr.

2. mgr. 149. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Á eftir 158. gr. kemur ný grein sem orðast svo:

Lög þessi taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Skulu félögin hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf. Í samþykktum félaganna skulu m.a. vera reglur um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu um breytingu á lögum um hlutafélög er m.a. gert ráð fyrir vissum breytingum, sem snerta ákvæði um ársreikninga, vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga auk þess sem ákvæði um samlagshlutafélög eru færð úr lögum um einkahlutafélög í lög um hlutafélög.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að hafa í lögunum ákvæði um möguleika á skráningu hugsanlegs erlends aukheitis til samræmis við lagaframkvæmd. Þetta getur auðveldað samskipti af hálfu félags við útlönd og komið í veg fyrir að það noti óeðlilega þýðingu á heiti sínu og sú notkun kunni að bitna á öðru félagi. Geta félög í þessu sambandi jafnvel þurft að huga að skráningu vörumerkja af hálfu annarra félaga.

Um 2. gr.

Hér er fellt niður ákvæði um endurmatsreikning til samræmis við lög um ársreikninga.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að fé sem félagi hefur verið greitt umfram nafnverð fyrir hluti þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað skuli lagt í yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár í stað varasjóðs.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um sendingu ársreikninga til ársreikningaskrár, ekki hlutafélagaskrár.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þessi breyting er til samræmis við breytingu skv. 1. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að útibússtjóri skuli senda ársreikningaskrá, ekki hlutafélagaskrá, ársreikninga aðalfélags og útibús ár hvert og þá innan þess frests sem áskilinn er í lögum um ársreikninga (átta mánuðir frá lokum reikningsárs).

Um 9. gr.

Í greininni er leiðrétt villa í tilvísun til 1. gr. laganna.

Um 10. gr.

Í greininni felst að felld verði niður ákvæði um að tilkynningar til hlutafélagaskrár séu ekki sendar beint þangað heldur fyrir milligöngu sýslumanns í því lögsagnarumdæmi þar sem tilkynnandi á heimili. Slíkar tilkynningar hafa enda eigi tíðkast.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að felld verði niður skylda félaga til þess að senda í júnímánuði ár hvert tilkynningar um heimilisföng hlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa miðað við 1. júní. Með slíku ákvæði, sem tekið var upp 1989, var stefnt að því að auka áreiðanleika upplýsinga í hlutafélagaskrá þar eð mikið væri leitað til hennar um hvers kyns upplýsingagjöf, m.a. af hálfu opinberra aðila og lögmanna. Reynslan hefur hins vegar sýnt að sárafá félög sinna þessari tilkynningarskyldu, jafnvel aðeins tíunda hvert félag, og

erfitt og dýrt er að framfylgja ákvæðinu. Þar að auki þykir það ekki nauðsynlegt þar eð tilkynna þarf hvort eð er allar breytingar á stjórn o.fl. samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að lög um hlutafélög taki til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Samhliða yrði felld niður 134. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem segir að lögin um einkahlutafélög taki til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Þykir eðlilegra að ákvæði laganna um hlutafélög gildi um þessi félög eftir því sem við á. Samlagshlutafélög hafa ekki verið skráð á Íslandi en að undanförnu hafa komið upp hugmyndir um að stofna öflug samlagshlutafélög á sviði verðbréfastarfsemi. Er þá nauðsynlegt að lögin um hlutafélög gildi fremur en lögin um einkahlutafélög um samlagshlutafélögin þannig að unnt sé að skrá hluti félaganna opinberri skráningu. Breytingar á skattalöggjöf eru væntanlega skilyrði fyrir stofnun slíkra félaga. Verði af slíkum breytingu yrði hlutafélagalöggjöfin ekki stofnun félaganna þrándur í götu. Af ákvæðum greinarinnar leiðir m.a. að sama lágmarkshlutafé þyrfti til að stofna samlagshlutafélag og venjulegt hlutafélag.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma reglur um skil ársreikninga hlutafélaga þeirri þróun sem hefur orðið í löggjöf um ársreikninga félaga í atvinnurekstri. Í frumvarpinu er einnig ákvæði um samlagsfélög sem eru færð úr lögum um einkahlutafélög í lög um hlutafélög.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

866. Frumvarp til laga [523. mál]

um rannsókn flugslysa.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til flugslysa og flugatvika, þ.m.t. flugumferðaratvika, sem eru í lögum þessum nefnd flugslys. Samgönguráðherra skal í reglugerð tilgreina hvað fellur undir flugslys samkvæmt lögum þessum, í samræmi við skilgreiningar í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Með flugslysarannsóknum er átt við þá sérstöku málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum þessum.

2. gr.

Flugslysarannsóknir samkvæmt lögum þessum miða aðeins að því að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að auknu öryggi í flugi.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Skipulag flugslysarannsókna.

3. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa fer með rannsóknir flugslysa hér á landi eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Slíkar rannsóknir skulu gerðar í samræmi við skuldbindingar í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum.

Í rannsóknarnefnd flugslysa eiga sæti þrír menn sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og skal einn skipaður formaður. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Samgönguráðherra skipar varamenn til sama tíma.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur aðsetur í Reykjavík. Allur kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar nefndinni forstöðumann til fimm ára í senn. Forstöðumaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar og gætir þess að hann sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma. Samgönguráðherra skal, að fengnum tillögum forstöðumanns, ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann.

5. gr.

Þeir sem skipaðir eru í rannsóknarnefnd flugslysa skulu hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við flugslysarannsóknir.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

6. gr.

Forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa er jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Aðstoðarforstöðumaður skal vera staðgengill hans.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður skulu hafa sérmenntun og/eða starfsreynslu á sviði flugmála eða flugslysarannsókna.

Forstöðumenn eða aðrir starfsmenn nefndarinnar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra sem starfa í flugrekstri eða öðrum rekstri sem lög þessi kunna að ná til og mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila. Um sérstakt hæfi þeirra að öðru leyti fer skv. 2. mgr. 5. gr.

7. gr.

Lögsaga rannsóknarnefndar flugslysa tekur til íslensks yfirráðasvæðis, svo og íslenska flugstjórnarsvæðisins alls að því er varðar flugumferðaratvik.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. flugslys þar sem borgaralega skráð loftför eiga hlut að máli og sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði,
b. flugslys þar sem loftför skráð á Íslandi eiga hlut að máli og sem verða utan yfirráðasvæðis annarra ríkja eða á svæði þar sem viðkomandi ríki hefur ekki skuldbundið sig til að framkvæma rannsóknina,
c. flugumferðaratvik sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði eða á íslensku flugstjórnarsvæði,
d. flugslys sem verða utan íslensks yfirráðasvæðis þar sem loftför skrásett á Íslandi eiga hlut að máli, nema því aðeins að viðkomandi ríki framkvæmi rannsóknina.

Heimilt er, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að fela öðru ríki að annast rannsókn flugslyss á íslensku yfirráðasvæði að hluta til eða öllu leyti.

8. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal í rannsóknum sínum vera óháð öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Hún ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar flugslyss í samræmi við ákvæði laga þessara.

Flugmálastjórn skal veita nefndinni aðgang að hvers konar gögnum sem nauðsynleg eru við rannsókn máls, svo sem gögnum sem útgáfa leyfisbréfa og skírteina er byggð á, þar á meðal læknisfræðilegum gögnum.

Flugmálastjórn og lögreglu er skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð við rannsókn máls.

Þegar það á við skal rannsóknarnefnd flugslysa láta rannsókn ná til fyrirkomulags tilkynninga um flugslys, til leitar, björgunaraðgerða og annarra eftirfarandi aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum flugslysa.

Samgönguráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka atriði sem varða almennt flugöryggi, án þess að þau tengist flugslysi.

9. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa, starfslið hennar og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga

að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Um aðgang að rannsóknargögnum fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

10. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal gera tillögur til Flugmálastjórnar og til annarra viðeigandi aðila um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á flugslysum gefur tilefni til. Tillögurnar skal birta opinberlega.

Þeir sem tillögum er beint til skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt sem fram koma og hrinda þeim í framkvæmd ef við á. Skulu þeir án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að tilmælin bárust gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal í lok hvers starfsárs semja yfirlit um hvernig tillögum hennar hefur verið framfylgt og senda það samgönguráðherra.

III. KAFLI
Tilkynning um flugslys. Framkvæmd rannsóknar.

11. gr.

Nú verður flugslys, sbr. 1. og 7. gr., og ber þá sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd flugslysa tafarlaust. Sérstaka skyldu í þessu efni hafa Flugmálastjórn, stjórnendur loftfara og handhafar flugrekstrarleyfis.

Sama gildir um hvern þann sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að flugslys hafi orðið.

12. gr.

Yfirstjórn vettvangsrannsóknar er í höndum rannsóknarstjóra.

Rannsóknarstjóri getur ef þörf krefur tilnefnt annan mann í sinn stað til að fara með yfirstjórn rannsóknar á vettvangi.

Rannsóknarstjóri, rannsóknarnefnd flugslysa og aðrir starfsmenn nefndarinnar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi flugslyss, eins þótt um staði í einkaeign sé að ræða.

Rannsóknarstjóri skal hafa sjálfstæðan rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, svo og annað björgunar- og hjálparlið. Er lögreglu skylt að veita þessa rannsóknaraðstoð.

Rannsóknarstjóri skal hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi.

Rannsóknarstjóri skal við vettvangsrannsókn hafa samráð við rannsóknarnefnd flugslysa, eftir því sem unnt er.

13. gr.

Þar sem flugslys hefur orðið má hvorki hreyfa né flytja á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né hrófla við ummerkjum slyssins uns rannsókn er lokið nema rannsóknarstjóri hafi heimilað það.

Án slíks leyfis má þó hreyfa eða flytja á brott loftfarið, hluta þess eða innihald að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að frelsa menn eða dýr, ná pósti úr loftfari, afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir að loftfarið, hluti þess eða innihald valdi háska.

Rannsóknarstjóra er heimilt að láta fjarlægja af vettvangi og taka til vörslu loftfar eða hluta þess og annað sem ætla má að geti haft þýðingu við rannsókn.

14. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt við rannsókn flugslyss að krefjast framlagningar á bókum, öðrum skjölum og upptökum er varða loftfarið og áhöfn þess, taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda loftfarsins, áhöfn þess og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins. Heimild þessi nær til öflunar upplýsinga og gagna hjá læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki.

Nefndin getur leitað aðstoðar rannsóknastofnana, innlendra eða erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er við rannsókn flugslyss. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni þessa aðstoð.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt.

15. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hvenær loftfar eða hlutar þess, sem nefndin hefur tekið í sína vörslu, eru látnir af hendi.

Gögn úr flugritum ber að varðveita varanlega.

16. gr.

Rannsóknarstjóra og rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að hljóðrita skýrslur aðila og vitna.

Nefndin afritar það af upptöku sem hún telur máli skipta fyrir rannsókn máls. Ella skulu aðalatriði úr skýrslum aðila og vitna skráð.

Skýrslur aðila og vitna skulu taldar réttar nema gerðar séu athugasemdir við þær.

IV. KAFLI
Skýrslur um rannsóknir flugslysa.

17. gr.

Þegar rannsókn er lokið skal rannsóknarnefnd flugslysa svo fljótt sem verða má semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum, sbr. 10. gr., eða draga úr afleiðingum þeirra.

Þess markmiðs flugslysarannsókna samkvæmt lögum þessum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal getið á forsíðu hverrar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd flugslysa sendir frá sér. Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð.

Þegar sérstaklega stendur á er rannsóknarnefnd flugslysa heimilt að gefa út yfirlýsingu um lok rannsóknar eða ljúka rannsókn máls með bókun í stað þess að gefa út skýrslu.

Skýrslu um rannsókn flugslyss skal að jafnaði gefa út innan árs frá því að flugslys varð. Ljúki rannsókn ekki innan þessara tímamarka skal þá og eftir það árlega gefa út yfirlýsingu um stöðu hennar.

Rannsóknarskýrslu má gera á ensku ef málsaðili er útlendur.

18. gr.

Á hvaða stigi rannsóknar sem er skal rannsóknarnefnd flugslysa vekja athygli viðkomandi aðila á atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og mikilvægt er talið að komið sé á framfæri án tafar til að tryggja öryggi í flugi.

Eigandi eða flugrekandi viðkomandi loftfars, Flugmálastjórn, svo og aðrir aðilar, sem sérlega ríkra hagsmuna hafa að gæta að mati nefndarinnar, skulu eiga þess kost, með þeim hætti sem rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hverju sinni, að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Umsagnaraðilum er heimilt að koma fram með ábendingar um frekari rannsókn á einstökum atriðum sem varða flugslys.

19. gr.

Óheimilt er að veita aðgang að eftirfarandi gögnum sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar við rannsókn flugslyss eða upplýsingar um þau, sbr. þó 2. og 3. mgr.:

a. upptökum eða endurriti af framburði þeirra sem nefndin yfirheyrir við rannsókn máls,
b. hvers konar skráðum fjarskiptum eða upptökum af fjarskiptum milli þeirra sem tengst hafa flugslysi,
c. læknisfræðilegum og öðrum persónulegum gögnum sem varða þá sem tengst hafa flugslysi,
d. skráðum samskiptum eða upptökum af samskiptum sem átt hafa sér stað í stjórnklefa loftfars,
e. hvers konar álitsgerðum sem aflað hefur verið í tengslum við mat á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. á flugritum loftfara.

Veita má umsagnaraðilum samkvæmt 18. gr. aðgang að gögnum skv. 1. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd flugslysa ætlar að sé nauðsynlegt til að þeir geti veitt umsögn.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal fella út úr lokaskýrslu sinni beina tilvísun til gagna skv. 1. mgr. nema að því leyti sem nauðsynlegt er talið vegna greiningar á orsökum flugslyss.

Þegar veittur er aðgangur að gögnum samkvæmt. 2. mgr. skal virða nafnleynd þeirra sem tengjast flugslysi. Sama á við um lokaskýrslu nefndarinnar.

20. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum.

Þegar flugslys verður tilefni rannsóknar að hætti laga um meðferð opinberra mála skal rannsóknarnefnd flugslysa veita lögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna. Ekki skal afhenda eða veita upplýsingar um gögn sem tiltekin eru í 1. mgr. 19. gr., sbr. þó 21. gr.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 19.–20. gr. er heimilt með dómsúrskurði að mæla fyrir um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að veita aðgang að gögnum skv. 1. mgr. 19. gr. eða upplýsingar um þau ef gagnanna eða upplýsinga um þau verður ekki aflað með öðrum hætti, sérstaklega ríkir hagsmunir krefjast þess og ætla má að úrslit máls velti á gögnunum.

22. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal senda eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars, Flugmálastjórn, svo og öðrum aðilum sem átt hafa hagsmuna að gæta við rannsókn máls lokaskýrslu rannsóknar.

Heimilt er að afhenda þeim sem þess óska eintak af lokaskýrslu. Skýrslur nefndarinnar má selja á kostnaðarverði.

Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert.

V. KAFLI
Endurupptaka mála o.fl.
23. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa getur endurupptekið mál þótt rannsókn sé lokið, sbr. 17. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati.

Þegar sérstaklega stendur á getur samgönguráðherra falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða sérstök atriði sem tengjast flugslysi.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild. Gildistaka.
24. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um skilgreiningu flugslysa samkvæmt 1. gr.

25. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 2003. Jafnframt falla úr gildi lög um rannsókn flugslysa, nr. 59/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipunartíma rannsóknarnefndar flugslysa samkvæmt lögum nr. 59/1996 lýkur við gildistöku laga þessara.

Formaður rannsóknarnefndar flugslysa, sem gegnir starfi rannsóknarstjóra nefndarinnar samkvæmt 3. gr. laga nr. 59/1996, skal eiga rétt á skipun í stöðu forstöðumanns rannsóknarnefndar flugslysa skv. 4. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
I.

24. ágúst 2001 skipaði samgönguráðherra starfshóp til að endurskoða lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Starfshópnum var ætlað að vinna að heildarendurskoðun laganna og reglugerðar nr. 852/1999, um sama efni. Í starfshópinn voru skipuð Andri Árnason hæstaréttarlögmaður, formaður, Skúli Jón Sigurðarson, fyrrv. formaður rannsóknarnefndar flugslysa og María Thejll, þáverandi skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu.

Í erindi ráðuneytisins til starfshópsins var þess farið á leit, að m.a. yrði fjallað um hvort ástæða væri til að breyta fyrirkomulagi og skipan rannsóknarnefndar flugslysa, stjórnsýslulegri stöðu nefndarinnar og heimildum til endurupptöku mála. Þá var þess farið á leit að starfshópurinn kannaði réttarstöðu nefndarinnar gagnvart upplýsingalögum og starfsaðferðir nefndarinnar með hliðsjón af athugasemdum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá því í júní 2001. Lagt var fyrir starfshópinn að gera tillögur um breytingar á gildandi lögum ef ástæða væri til.

Starfshópurinn tók í störfum sínum mið af Alþjóðaflugmálasáttmálanum sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944, með síðari breytingum, en í viðauka 13 er sérstaklega fjallað um rannsóknir flugslysa.

II.

Núgildandi lög um rannsókn flugslysa eru nr. 59/1996. Þau lög komu í stað ákvæða 141.–147. gr. þágildandi loftferðalaga, nr. 34/1964, sem hafði verið breytt með lögum nr. 8/1983 og var þá sett á laggirnar sérstök rannsóknarnefnd flugslysa. Við endurskoðun á

lögum nr. 34/1964 voru flugslysarannsóknir teknar til sjálfstæðrar meðferðar. Byggðist það á því alþjóðlega viðhorfi að auka sjálfstæði þeirra sem önnuðust flugslysarannsóknir og þar með aðskilnað þessa starfs frá starfsemi flugmálastjórna á hverjum stað. Á þennan aðskilnað er til dæmis lögð áhersla í tilskipun Evrópusambandsins nr. 94/56/EC frá 21. nóvember 1994 sem varðar grundvallaratriði í rannsókn flugslysa og flugatvika. Með lögum nr. 59/1996 voru síðan sett sérstök lög um rannsókn flugslysa, sem skyldi byggjast á framangreindum aðskilnaði.

Nokkur reynsla er komin á framkvæmd laga nr. 59/1996. Árið 2001 var eftir því leitað við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) að leggja mat á framkvæmd flugslysarannsókna hér á landi. Umsögn barst samgönguráðuneytinu með bréfi, dags. 20. júní 2001, þar sem m.a. kom fram að íslensk löggjöf, reglugerðir, stefnumál og starfsaðferðir væru taldar ná yfir mikilvægustu þætti rannsókna á flugslysum hér á landi á fullnægjandi hátt í samræmi við staðla í viðauka 13 við Alþjóðaflugmálasáttmálann, um rannsóknir á flugslysum. Í yfirliti yfir lagalegt umhverfi, starfshætti og aðstöðu til rannsókna á flugslysum á Íslandi kom fram, að endurskoðunarnefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) áleit að sjálfstæði rannsóknarnefndar flugslysa skyldi takmarkað við tæknileg viðfangsefni rannsóknaraðgerða, einkum framsetningu niðurstaðna og tillagna í öryggisátt. Almennt séð ætti rannsóknarnefnd að fullu að bera ábyrgð gagnvart samgönguráðuneytinu, hvað varðar stefnumörkun og starfsemi, auk þess sem nefndin bæri ábyrgð gagnvart Alþingi og nefndum þess varðandi stefnu og verklag.

III.

Í þessu frumvarpi er lagt til grundvallar að rannsóknarnefnd flugslysa sé sjálfstæð og óháð nefnd og að ekki verði hróflað við sjálfstæði hennar. Ráðgert er að breyta stjórnskipulagi nefndarinnar frá því sem nú er, þannig að nefndinni verði skipaður forstöðumaður, sem annist daglegan rekstur nefndarinnar, stjórni rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar og verði rannsóknarstjóri hennar. Í því felst m.a. yfirstjórn vettvangssrannsókna á vegum nefndarinnar. Jafnframt verði ráðinn til nefndarinnar sérstakur aðstoðarforstöðumaður. Einnig er ætlunin að rannsóknarnefnd flugslysa verði skipuð þremur mönnum í stað fimm áður, en daglegur rekstur verði ekki í höndum hennar heldur forstöðumanns. Nefndin ber hins vegar ábyrgð á flugslysarannsóknum hér á landi, ákveður hvenær rannsóknar er þörf og gerir skýrslu um niðurstöður sínar. Sjálfstæði nefndarinnar er því aukið frá því sem nú er, þar sem formaður nefndarinnar hefur jafnframt verið rannsóknarstjóri og í reynd forstöðumaður nefndarinnar auk þess að sinna almennum störfum á vegum nefndarinnar. Þykir það geta tryggt enn frekar sjálfstæði og hlutleysi nefndarinnar að sami aðili sé ekki formaður nefndarinnar, forstöðumaður og rannsóknarstjóri.

IV.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

a. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum frá gildandi lögum um rannsókn flugslysa nr. 59/1996:
   - Gert er ráð fyrir að stjórnskipulagi flugslysarannsókna verði breytt, og að rannsóknarnefnd flugslysa verði skipuð þremur mönnum í stað fimm áður (3. gr.).
   - Skipaður verði sérstakur forstöðumaður nefndarinnar, sem annist daglegan rekstur. Jafnframt skal ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann (4. gr.).
   - Forstöðumaður verði jafnframt rannsóknarstjóri nefndarinnar, en rannsóknarstjóri (e.: investigator in charge) stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Gerðar eru sérstakar auknar hæfnis- og hæfiskröfur til forstöðumanns (rannsóknar-

stjóra) (6. gr.). Rannsóknarstjóri verður ábyrgur fyrir stjórnun á vettvangi flugslysa (12. og 13. gr.). Að öðru leyti starfar hann undir yfirstjórn rannsóknarnefndar flugslysa (4. gr.).
- Gert er ráð fyrir að rannsóknarnefnd flugslysa skuli þegar við á láta rannsókn máls ná til fyrirkomlags tilkynninga um flugslys, til leitar og björgunaraðgerða og annarra aðgerða sem fara í kjölfarið og ætlað er að draga úr afleiðingum flugslysa (8. gr.).
- Kveðið er sérstaklega á um heimild til þess að fela öðru ríki með samkomulagi að annast rannsókn flugslyss á íslensku yfirráðasvæði (7. gr.).
- Samgönguráðherra getur falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka atriði sem varða almennt flugöryggi, án þess að þau tengist flugslysi (8. gr.).
- Almennt þagnarskylduákvæði er tekið upp (9. gr.).
- Nefndin skal gera tillögur í öryggisátt til viðeigandi aðila, þ.m.t. Flugmálastjórnar, og skulu þeir sem tillögum er beint til tilkynna nefndinni innan þriggja mánaða hvernig við hafi verið brugðist (10. gr.).
- Heimilt er að ljúka máli með yfirlýsingu í stað sérstakrar skýrslu (17. gr.).
- Rannsóknarnefnd skal þegar gera tillögur í öryggisátt, ef tilefni er til, áður en lokaskýrsla er gefin út (18. gr.).
- Samgönguráðherra getur falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða sérstök atriði sem tengjast flugslysi (23. gr.).

b. Í fyrsta kafla frumvarpsins eru ákvæði sem kveða á um skilgreiningar á flugslysum og um þann tilgang flugslysarannsókna að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og auka öryggi í flugi. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra tilgreini hvað fellur undir flugslys samkvæmt lögum þessu, en tekið skal tillit til skilgreininga á flugslysum í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um skipulag flugslysarannsókna. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum þar að lútandi. Fulltrúum í rannsóknarnefnd flugslysa er fækkað úr fimm í þrjá, en jafnframt er nefndinni skipaður sérstakur forstöðumaður, sem annast daglegan rekstur. Forstöðumaður verður jafnframt rannsóknarstjóri nefndarinnar, en í því felst að hann hefur umsjón með rannsóknarverkefnum á vegum rannsóknarnefndar flugslysa.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um tilkynningar um slys og um framkvæmd rannsóknar. Svo sem rakið er hér að framan og í umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa verði rannsóknarstjóri nefndarinnar en af því leiðir að rannsóknarstjóri (e.: investigator in charge) stýrir einstökum rannsóknarverkefnum og fer með yfirstjórn á vettvangi. Almennt er gert ráð fyrir að rannsóknarstjóri taki brýnar ákvarðanir við vettvangsrannsókn, og hafi fullt umboð nefndarinnar til að taka ákvarðanir sem varða verndum vettvangs, frumaðgerðir o.s.frv., en að öðru leyti sé yfirstjórn í höndum rannsóknarnefndarinnar.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um skýrslur rannsóknarnefndar flugslysa. Í þeim skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð vegna flugslysa heldur eingöngu að greina orsakaþætti slysa í þeim tilgangi að koma í veg fyrir önnur flugslys. Skýrslu um rannsókn flugslyss skal að jafnaði lokið innan árs frá því að slysið varð, en ella skal rannsóknarnefnd gera grein fyrir stöðu rannsóknar ári eftir slys og síðan árlega eftir það, og jafnframt gera grein fyrir ástæðum þess að skýrsla hefur ekki verið gefin út. Ef tilefni verður til skal nefndin þó án tafar greina frá atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og ástæða er til að vekja athygli á þegar í stað. Áður en skýrsla nefndarinnar er gefin út, skal nefndin gefa þeim sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta kost á að tjá sig um skýrsludrög, áður en endanleg gerð er gefin út.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um endurupptöku mála. Þar er að finna það nýmæli að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefndinni að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða tiltekin atriði sem tengjast flugslysi. Ekki er gert ráð fyrir að slíkum beiðnum sé beint til nefndarinnar nema sérstaklega standi á og því komi ekki til þess nema í undantekningartilvikum. Við meðferð rannsóknar samkvæmt þessu ákvæði er ekki ráðgert að rannsóknarnefndin víki í neinu frá sjálfstæði sínu eins og það er skilgreint í frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er vísað til þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að á sviði flugmála og lúta að flugmálum og rannsóknum flugslysa. Sá sáttmáli sem hér skiptir mestu máli er ICAO-samningurinn (Alþjóðaflugmálasáttmálinn), Convention on International Civil Aviation, sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944, með síðari breytingum. Í viðauka 13 við sáttmálann er fjallað um rannsóknir flugslysa. Þeim viðauka var síðast breytt árið 2001.

Einnig er lögð til grundvallar tilskipun EB nr. 94/56/EC, um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á flugslysum og flugatvikum í almenningsflugi (Establishing the fundamental principles governing the investigation of civil aviation accidents and incidents).

Hugtökin flugslys og flugatvik eru skilgreind í alþjóðasáttmálum og viðaukum við hann. Rétt þykir að kveða á um það í reglugerð hvað telst falla undir framangreind hugtök, þar sem skilgreiningar kunna að breytast við endurskoðun alþjóðasamninga eða viðauka við þá.

Gert er ráð fyrir því að við flugslysarannsóknir hér á landi sé tekið fullt tillit til þeirra krafna og leiðbeininga sem kveðið er á um í alþjóðasáttmálum sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

Um 2. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 3. og 4. mgr. 1. gr. gildandi laga, nema orðalagi er lítillega breytt. Ákvæðið kveður skýrt á um hinn sérstaka tilgang flugslysarannsókna, þ.e. að flugslys endurtaki sig ekki og stuðla að auknu öryggi í flugi. Rannsókn flugslysa samkvæmt lögum þessum er óháð rannsókn máls sem kann að fara fram samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram að rannsóknarnefnd flugslysa fari með rannsóknir flugslysa hér á landi, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum og að slíkar rannsóknir skuli gerðar í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Mikilvægt ákvæði er að rannsóknarnefnd flugslysa skuli starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, en með því er átt við að störf nefndarinnar við flugslysarannsóknir við úrlausn einstakra mála, við gerð skýrslu um rannsókn máls og við tillögugerð í öryggisátt, sé rannsóknarnefndin óháð í störfum sínum, einkum gagnvart innlendum flugmálayfirvöldum, sem bera ábyrgð á lofthæfi, útgáfu skírteina, flugrekstri, viðhaldi, leyfisveitingum, flugumferðarstjórn og rekstri flugvalla og yfirleitt gagnvart öllum aðilum sem hagsmunaárekstrar gætu orðið við.

Lagt er til að í rannsóknarnefnd flugslysa skuli eiga sæti þrír menn sem samgönguráðherra skipi til fimm ára í senn og að einn skuli skipaður formaður. Samgönguráðherra skipar varamenn til sama tíma. Í þessu felst að nefndarmönnum er fækkað úr fimm í þrjá, en á það skal bent, að gert er ráð fyrir því að nefndinni verði skipaður sérstakur forstöðumaður. Með þessari breytingu er ráðgert að gera starfsemi nefndarinnar markvissari og gera skipulag nefndarinnar einfaldara.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur umsjón með flugslysarannsóknum hér á landi, ákveður hvenær framkvæma skuli slíka rannsókn, hefur umsjón með framkvæmd hennar, gerir skýrslu um niðurstöður sínar og gerir tillögur í öryggisátt þegar við á.

Svo sem áður sagði er gert ráð fyrir að nefndinni sé skipaður sérstakur forstöðumaður, sem fer með daglegan rekstur nefndarinnar, verður rannsóknarstjóri hennar og hefur umsjón með vettvangsrannsóknum o.fl., sbr. nánar II. kafla frumvarpsins. Skv. núgildandi lögum er formaður nefndarinnar jafnframt rannsóknarstjóri nefndarinnar, en gert er ráð fyrir að frá því verði horfið. Þykir heppilegra að nefndinni sé skipaður sérstakur rannsóknarstjóri, m.a. til að tryggja sjálfstæði nefndarinnar og hlutlægni í rannsóknaniðurstöðum. Verður að telja að með því aukist sjálfstæði nefndarinnar frá því sem nú er þegar formaður nefndarinnar gegnir jafnframt hlutverki rannsóknarstjóra.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að samgönguráðherra skipi nefndinni sérstakan forstöðumann til fimm ára í senn. Er þetta nýmæli, en gert er ráð fyrir því að forstöðumaður hafi með höndum og beri ábyrgð á daglegum rekstri nefndarinnar. Talið er rétt að skipa nefndinni forstöðumann sem annast daglegan rekstur nefndarinnar, en ekki þykir heppilegt að nefndin sjálf þurfi að annast slík störf sérstaklega. Með því að skipa nefndinni forstöðumann er gert ráð fyrir að störf hennar verði markvissari og með því verði stuðlað enn frekar að þeim tilgangi laganna að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að tryggja öryggi í flugi. Þá stuðlar slíkt einnig að sjálfstæði nefndarinnar. Svo sem vikið verður að í athugasemdum við 6. gr. er ætlunin að forstöðumaður verði rannsóknarstjóri nefndarinnar og hafi með höndum vettvangsstjórn þegar við á. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra skuli, að fengnum tillögum forstöðumanns, ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann.

Um 5. gr.

Ákvæðið er hliðstætt núverandi 3. gr. i.f. og 4. gr. og þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa verði jafnframt rannsóknarstjóri hennar. Samkvæmt núgildandi lögum er formaður nefndarinnar rannsóknarstjóri, en um breytingu á þeirri skipan mála vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum hér að framan (um II. kafla frumvarpsins) og til athugasemda við 4. gr.

Aðstoðarforstöðumaður skal vera staðgengill forstöðumanns sem rannsóknarstjóri. Gert er ráð fyrir að sértækar kröfur verði gerðar til forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns, að þeir hafi sérmenntun, þjálfun og starfsreynslu á sviði flugslysarannsókna. Þá er einnig gert ráð fyrir að forstöðumenn eða aðrir starfsmenn nefndarinnar séu ekki stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra sem starfa í flugrekstri eða öðrum rekstri sem lög þessi kunna að ná til og mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila. Um sérstakt hæfi þeirra fer að öðru leyti eins og um nefndarmenn í rannsóknarnefnd flugslysa, sbr. 5. gr.

Um 7. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 5. gr. núgildandi laga. Í 3. mgr. er tekið upp það nýmæli að heimilt sé að fela öðru ríki að annast rannsókn flugslyss á íslensku yfirráðasvæði að hluta til eða að öllu leyti. Er ákvæði þetta í samræmi við ákvæði Alþjóðaflugmálasáttmálans og á við þegar önnur ríki hafa verulega hagsmuni af rannsókn máls eða t.d. þegar rannsókn máls er fyrirsjáanlega svo yfirgripsmikil að rannsóknarnefnd flugslysa hefði ekki aðstöðu til að annast

hana. Rannsóknarnefnd flugslysa tæki ákvörðun um gerð slíks samnings við annað ríki, en gert er ráð fyrir að slíkir samningar séu háðir samþykki samgönguráðherra.

Um 8. gr.

Ákvæðið kemur í stað 6. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. er kveðið á um upplýsingagjöf af hálfu Flugmálastjórnar til rannsóknarnefndar, m.a. varðandi gögn sem útgáfa leyfisbréfa og skírteina byggist á, svo og læknisfræðileg gögn. Talið er mikilvægt að rannsóknarnefndin geti óhindrað gengið að gögnum um þessi atriði hjá flugmálayfirvöldum. Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu Flugmálastjórnar og lögreglu til að veita aðgang að upplýsingum sem nauðsynlegar eru taldar við rannsókn máls auk þess sem mælt er fyrir um skyldu þessara aðila til að aðstoða við rannsókn máls ef þörf krefur.

Í 4. mgr. er tiltekið að rannsóknarnefnd flugslysa skuli, þegar það á við, láta rannsókn flugslyss jafnframt ná til atriða sem telja má að hafi verulega þýðingu fyrir afleiðingar flugslysa, þ.e. til þess hvernig fyrirkomulag hefur verið á tilkynningum um flugslys, svo og hvernig háttað hefur verið leitar- og björgunaraðgerðum. Ljóst er að mikilvægt er þegar litið er til almenns flugöryggis að framangreindir þættir séu rannsakaðir samhliða, en ábendingar nefndarinnar eða tillögur sem varða þessa liði geta aukið á öryggi í flugi í samræmi við meginmarkmið laga um flugslysarannsóknir.

Í 5. mgr. er kveðið á um það nýmæli að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka atriði sem varða almennt flugöryggi, án þess að það tengist flugslysi. Talið er mikilvægt að ráðherra samgöngumála geti óskað eftir því við nefndina að tiltekin atriði, sem tengjast þó ekki sérstöku flugslysi, en talin eru geta varðað almennt flugöryggi, séu rannsökuð. Mikilvægt getur verið að sjálfstæð og óháð nefnd láti í ljós álit og komi eftir atvikum með tilmæli í öryggisátt, þó svo að ekki sé um flugslys eða flugatvik að ræða. Slíkt getur stuðlað að auknu flugöryggi. Rétt er að taka fram að þótt ráðherra samgöngumála geti óskað eftir slíkri athugun eða rannsókn nefndarinnar er gert ráð fyrir að nefndin sé í störfum sínum við slíka athugun eða rannsókn sjálfstæð og óháð og að niðurstöður slíkrar athugunar eða rannsóknar, hver sem hún kann að vera, byggist á því grundvallar sjónarmiði að nefndin sé óháð stjórnvöldum og öðrum hagsmunaðilum. Rétt þykir að taka fram að samkvæmt 2. tl. 6. gr. tilskipunar nr. 94/56/EC má fjölga þeim störfum sem rannsóknarnefnd flugslysa er falið þannig að til þeirra teljist t.d. söfnun og greining gagna er varða flugöryggi, einkum í fyrirbyggjandi tilgangi, svo framarlega sem slíkt dregur ekki úr sjálfstæði nefndarinnar eða felur í sér ábyrgð á stjórnsýslu.

Um 9. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en þar er kveðið á um sérstaka þagnarskyldu nefndarinnar og þeirra sem starfa fyrir hana. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Ákvæði upplýsingalaga eiga aðeins við um rannsóknir flugslysa ef gögn sem óskað er aðgangs að hafa ekki að geyma upplýsingar um einkahagi eða lögmæta einka- eða almannahagsmuni. Sérstaklega skal þó tekið fram ef sérstakar takmarkanir eru á aðgangi að tilteknum rannsóknargögnum, en um slíkt fer skv. IV. kafla frumvarpsins.

Um 10. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi laga. Þó er það nýmæli að gert er ráð fyrir að rannsóknarnefnd flugslysa geri tillögur til Flugmálastjórnar, svo og til annarra viðeigandi aðila, um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa

gefur tilefni til. Þá er gert ráð fyrir að tillögurnar verði birtar opinberlega. Sérstaklega er tekið fram að þeir sem tillögum er beint til skuli taka tilhlýðileg tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt, sem fram koma í tillögum nefndarinnar og hrinda þeim í framkvæmd, ef við á.

Þá er það nýmæli að þeir sem tilmælum er beint til, skulu án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að tilmælin bárust, gera rannsóknarnefnd flugslysa grein fyrir því með hvaða hætti viðkomandi aðili hafi brugðist við tilmælunum. Upplýsingar um slíkt skulu síðan koma fram í sérstöku yfirliti rannsóknarnefndar flugslysa, sem í lok hvers starfsárs skal senda samgönguráðherra.

Um 11. gr.

Skylda til að tilkynna flugslys hvílir á sérhverjum sem um það veit, en sérstaka skyldu í þessu efni hefur Flugmálastjórn. Að auki er nú sérstök skylda lögð á herðar stjórnenda loftfara og á flugrekstrarleyfishafa.

Um 12. gr.

Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að yfirstjórn vettvangsrannsóknar verði í höndum rannsóknarstjóra, en ekki í höndum nefndarinnar sem slíkrar eða formanns hennar. Með því er gert ráð fyrir að forstöðumaður nefndarinnar, sem gegnir stöðu rannsóknarstjóra, verði stjórnandi vettvangsrannsóknar í umboði rannsóknarnefndar flugslysa. Er í því sambandi miðað við að rannsóknarstjóri hafi það hlutverk að stjórna upphafsaðgerðum, þ.m.t. verndun vettvangs, yfirheyra vitni á staðnum o.s.frv. Rannsóknarstjóri skal hafa sjálfstæðan rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, svo og annað björgunar- og hjálparlið. Lögreglu er skylt að veita þessa rannsóknaraðstoð. Rannsóknarstjóri skal hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi. Komi rannsóknarnefnd flugslysa eða aðrir starfsmenn nefndarinnar á vettvang skulu þeir hafa óhindraðan aðgang að vettvangi. Rannsóknarstjóri skal við vettvangsrannsókn hafa samráð við rannsóknarnefnd flugslysa, eftir því sem unnt er.

Um 13. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 9. gr. núgildandi laga. Rannsóknarstjóri skal ákveða hvort heimilt sé að hreyfa loftfar á vettvangi flugslyss eða flytja það á brott. Þegar frumrannsókn á vettvangi er lokið skal ákveða hvort heimilt sé að láta fjarlægja loftfar eða hluta þess af vettvangi og jafnframt hvort taka skuli til vörslu loftfar eða hluta þess ef ætla má að það geti haft þýðingu við rannsókn.

Um 14. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 11. gr. núgildandi laga. Þó er það nýmæli að rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að afla upplýsinga og gagna hjá læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki og víkja þá sérstök þagnarskylduákvæði laga sem gilda um heilbrigðisstarfsfólk.

Um 15. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 13. gr. núgildandi laga. Ákvæðið mælir fyrir um heimildir rannsóknarstjóra og rannsóknarnefndar flugslysa til að hljóðrita skýrslur aðila og vitna. Gert er ráð fyrir því í 12. gr. að rannsóknarstjóri geti yfirheyrt aðila og vitni á vettvangi en

í 14. gr. er fjallað um skýrslutökur á vegum rannsóknarnefndarinnar sjálfrar. Heimilt er að hljóðrita þær skýrslur sem teknar eru samkvæmt tilvísuðum ákvæðum.

Um 17. gr.

Ákvæðið kemur í stað 14. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er kveðið á um þau meginatriði sem skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa er ætlað að taka til. Fram kemur að þar skuli greina orsakir slysa til að koma í veg fyrir þau eða draga úr afleiðingum þeirra, s.s. varðandi tilkynningar um slys, og leitar- og björgunaraðgerðir. Þá eru þau nýmæli í 3. mgr. að rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að ljúka rannsókn máls með því að gefa út yfirlýsingu í stað skýrslu, eða að ljúka máli með bókun. Er þá vísað til þess að um sé að ræða minniháttar flugatvik sem ekki gefur tilefni til ítarlegrar rannsóknar og ekki sé tilefni til sérstakra athugasemda í flugöryggisátt. Þá er í 4. mgr. kveðið á um að skýrslu um rannsókn flugslyss skuli gefa út innan árs frá því að flugslys varð, nema sérstaklega standi á. Verði því ekki við komið að gefa skýrslu út innan tilgreindra tímamarka skal rannsóknarnefndin gefa út yfirlýsingu um stöðu rannsóknarinnar.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það nýmæli að á hvaða stigi rannsóknar sem er skuli rannsóknarnefnd flugslysa vekja athygli á atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og mikilvægt er talið að komið sé á framfæri án tafar. Er ákvæðinu ætlað að tryggja að ef atriði koma fram við frumrannsókn máls sem varðað geta flugöryggi, skuli nefndin vekja athygli viðeigandi aðila á þeim. Í 2. mgr. er fjallað um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að kynna eiganda eða flugrekandi viðkomandi loftfars og Flugmálastjórn drög að lokaskýrslu nefndarinnar, áður en endanlega er frá henni gengið.

Þá er jafnframt kveðið á um að aðrir, sem taldir eru hafa sérlega ríkra hagsmuna að gæta að mati nefndarinnar, skuli jafnframt eiga þess kost að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar áður en endanlega er gengið frá henni. Þetta er háð því að ekki liggi þegar fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra eða slíkt sé augljóslega óþarft. Rétt er að benda á að talið er óhjákvæmilegt að rannsóknarnefnd flugslysa meti það sjálfstætt í hverju tilviki hverjum skuli gefinn kostur á að tjá sig um drög að lokaskýrslu og með hvaða hætti, t.d. hvort sú umsögn nái til hluta skýrslunnar o.s.frv. Gert er ráð fyrir að umsagnaraðilar geti komið fram með ábendingar um frekari rannsókn á einstökum atriðum.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstakar takmarkanir sem gilda um afhendingu á gögnum sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar. Rannsókn flugslysa samkvæmt lögum þessum lýtur þeirri sérstöðu að markmiðið er að greina orsakaþætti flugslysa til að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig. Talið er að það hamli mjög störfum rannsóknarnefndar flugslysa ef gögn sem hún aflar geta orðið öðrum kunn, og eru því lagðar verulegar takmarkanir við því að slík gögn séu afhent öðrum. Í því felst að þeir sem gefa rannsóknarnefnd flugslysa skýrslu eða láta í ljós álit á tilteknum atriðum geti treyst því að slík gögn séu ekki hagnýtt í öðrum tilgangi, nema sérstaklega standi á. Slík gögn eru því t.d. alfarið undanþegin upplýsingalögum, nr. 50/1996. Gögn þau sem um ræðir eru tiltekin í 1. mgr.

Um undantekningar vísast til 2. og 3. mgr. Í undantekningunum felst í fyrsta lagi að heimilt er að veita þeim sem gefa umsögn um drög að lokaskýrslu aðgang að gögnum skv. 1. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd flugslysa ætlar að sé nauðsynlegt. Slíkt er talið

óhjákvæmilegt til að tryggja umsögn sem nýtist nefndinni við rannsókn máls og við greiningu orsakaþátta.

Í öðru lagi getur verið nauðsynlegt að víkja að umræddum gögnum í lokaskýrslu, en slíkt skal ekki gert nema að því leyti sem nauðsynlegt er til greiningar á orsökum flugslyss.

Þegar nauðsynlegt er að veita aðgang að gögnum nefndarinnar skv. 1. mgr. skal að fullu virða nafnleynd þeirra sem tengjast viðkomandi flugslysi. Sama á við í lokaskýrslu nefndarinnar.

Um 20. gr.

Ákvæðið kemur í stað 3. mgr. 14. gr. núgildandi laga og kveður á um að skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum. Í ákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um að rannsóknarnefnd flugslysa skuli í tilefni af rannsókn opinbers máls veita lögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna. Gögn sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar sjáfstætt við rannsókn flugslyss skv. 1. mgr. 19. gr., skulu þó ekki afhent lögreglu eða ákæruvaldi, nema uppfyllt séu skilyrði 21. gr. Ákvæði þetta byggist á sérstakri skyldu sem hvílir á ríkjum sem stjórna rannsóknum flugslysa skv. Alþjóðaflugmálasáttmálanum, viðauka 13, gr. 5.12, en samkvæmt þeirri grein skulu gögn sem rannsóknarnefnd aflar í tengslum við rannsókn máls aðeins vera aðgengileg í tengslum við rannsókn flugslysa eða flugatvika, nema sérstaklega standi á, sbr. 21. gr.

Um 21. gr.

Í greininni er mælt fyrir um undantekningu frá því meginsjónarmiði að gögn sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar í tengslum við rannsókn flugslyss, og vísað er til í 1. mgr. 19. gr., skuli ekki aðgengileg öðrum en þeim sem annast rannsókn flugslysa. Samkvæmt Alþjóðaflugmálasáttmálanum, viðauka 13, gr. 5.12., er heimilt að veita aðgang að slíkum gögnum, ef dómstólar telja að afhending eða birting þeirra sé mikilvægari en þau neikvæðu áhrif sem slík birting eða afhending kunni að hafa á rannsókn þess flugslyss eða flugslysa í framtíðinni. Orðrétt hljóðar þetta svo: „The State conducting the investigation of an accident or incident shall not make following records available for purposes other than accident or incident investigation, unless the appropriate authority for the administration of justice in that State determines that their disclosure outweights the adverse domestic and international impact such action may have on that or any future investigations [a–e-liðir].“ Er hér miðað við að gögn skv. 1. mgr. 19. gr. séu ekki afhent nema mælt sé fyrir um slíkt í dómsúrskurði, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt, þ.e. að gagnanna verði ekki aflað með öðrum hætti, sérstaklega ríkir hagsmunir krefjist þess og ætla megi að úrslit máls velti á gögnunum.

Ljóst er að orðalag 21. gr. er ekki orðað með sama hætti og ákvæði 5.12. í viðauka 13. Telja verður þó að við túlkun dómara á skilyrði 21. gr. beri að hafa í huga þá sérstöku hagsmuni sem tengjast rannsókn flugslysa, bæði varðandi rannsókn þess slyss sem um ræðir og þeirra framtíðarhagsmuna sem tengjast upplýsingaöflun á vegum rannsóknarnefndar flugslysa. Undanþáguákvæðið bæri því að túlka mjög þröngt.

Um 22. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti í samræmi við 17. gr. núgildandi laga, nema gert er ráð fyrir að þeir sem átt hafa hagsmuna að gæta við rannsókn máls skuli fá lokaskýrslu rannsóknarnefndar flugslysa senda. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 23. gr.

Um endurupptöku mála er fjallað í 16. gr. núgildandi laga. Rannsóknarnefnd flugslysa metur það hvenær og hvort ástæða sé til að taka upp rannsókn máls sem lokið er með útgáfu skýrslu, sbr. 17. gr.

Í 2. mgr. ákvæðisins er þó mælt svo fyrir að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða sérstök atriði sem tengjast flugslysi ef sérstaklega stendur á. Tilefni þessa nýmælis er að upp geta komið tilvik þar sem þess er farið á leit við samgönguráðherra, sem yfirmann flugmála hér á landi, að leitað verði nánari skýringa eða aflað frekari gagna um tiltekið flugslys, og þykir þá óhjákvæmilegt að ráðherra samgöngumála geti falið nefndinni að rannsaka eða kanna frekar flugslys sem rannsókn er lokið á, eða að rannsakað verði frekar tiltekið atriði varðandi flugslys, án þess að sú rannsókn þurfi að taka til allra þeirra þátta sem fyrri rannsókn náði til. Rétt er að benda á að þrátt fyrir þessa heimild er það á valdi nefndarinnar hvernig staðið yrði að slíkri rannsókn og hvernig slíkri rannsókn yrði lokið, en í þeim efnum myndi nefndin líta til sjálfstæðis síns með sama hætti og í þeim tilvikum þegar nefndin hefur rannsókn að eigin frumkvæði.

Um 24. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að við þá skipulagsbreytingu sem gerð er á rannsóknarnefnd flugslysa skuli núverandi formaður, sem jafnframt er rannsóknarstjóri nefndarinnar, eiga rétt á skipun í stöðu forstöðumanns nefndarinnar.

Þá er gert ráð fyrir að við gildistöku falli úr gildi skipun núverandi flugslysanefndar og skal ráðherra eftir gildistöku skipa rannsóknarnefnd flugslysa samkvæmt frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn flugslysa.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórnskipulagi rannsóknarnefndar flugslysa verði breytt. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipaður verði forstöðumaður nefndarinnar sem annist daglegan rekstur hennar og hann verði einnig rannsóknarstjóri flugslysa. Jafnframt er lagt til að ráðinn verði aðstoðarforstöðumaður sem verði staðgengill forstöðumanns. Loks er lagt til að nefndin verði skipuð þremur mönnum í stað fimm samkvæmt gildandi lögum. Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

867. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, (tvöfaldur ríkisborgararéttur).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að íslenskum ríkisborgurum verði heimilað að halda íslensku ríkisfangi þótt þeir öðlist ríkisborgararétt í öðru ríki. Hér er því lagt til að tvöfaldur ríkisborgararéttur verði heimilaður. Samkvæmt núgildandi lögum missir sá íslenskt ríkisfang sitt sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt eigin umsókn eða skýlausu samþykki, eða með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki.

Ákvæði laganna um missi ríkisborgararéttar eru í samræmi við þau ríkisborgararéttarlög sem í gildi hafa verið á Norðurlöndunum frá því á fyrri hluta síðustu aldar. Ekki hefur farið fram sameiginleg norræn endurskoðun á lögunum, en ný ríkisborgararéttarlög tóku gildi í Svíþjóð 1. júní 2001. Helsta breyting þeirra er sú að Svíar heimila nú tvöfaldan ríkisborgararétt. Endurskoðun á lögunum er hafin í Noregi og Finnlandi en ekki í Danmörku.

Ástæður framangreindra breytinga eru þær helstar að íslensk stjórnvöld hafa orðið vör við óánægju íslenskra borgara með að missa íslenska borgararéttinn þegar þeir hafa fengið erlendan borgararétt. Þá ber að geta þess að eitt meginsjónarmiðið við að heimila ekki tvöfaldan ríkisborgararétt er að koma í veg fyrir að maður geti haft herskyldu í tveim ríkjum. Slíkt á hins vegar ekki við hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kjartan Ólafsson, Ólafur Örn Haraldsson og Guðrún Ögmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur afgreiðslu þess.

Alþingi, 27. jan. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Jónína Bjartmarz.
Lúðvík Bergvinsson.	Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.

868. Fyrirspurn [524. mál]

til menntamálaráðherra um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ í samráði við heimamenn og leggja fram tímasetta áætlun þar að lútandi?

869. Fyrirspurn [525. mál]

til forsætisráðherra um breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ráðherra leggja fram áfangaskýrslu um þá vinnu sem unnin hefur verið á kjörtímabilinu á vegum ríkisstjórnarinnar um breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins?

Skriflegt svar óskast.

870. Fyrirspurn [526. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við viðgerðir á varðskipum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hvert var tilboðsverð skipasmíðastöðvarinnar sem samið var við um viðgerðir á varðskipunum Tý og Ægi í ársbyrjun 2001?
2. Hver var heildarkostnaður þessarar framkvæmdar þegar verkið var gert upp við hina pólsku skipasmíðastöð?

Skriflegt svar óskast.

871. Fyrirspurn [527. mál]

til iðnaðarráðherra um framkvæmdaleyfi og samráð vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða leyfi hafa verið gefin út til undirbúningsframkvæmda sem nú standa yfir við Kárahnjúkavirkjun og hvernig hefur Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) komið að þeim leyfisveitingum?
2. Hvernig hefur Landsvirkjun brugðist við skilyrðum í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar? Óskað er upplýsinga m.a. um breytta hönnun í samræmi við sett skilyrði svo og útfærslu á mótvægisaðgerðum.
3. Hvaða áhrif hafa skilyrði umhverfisráðherra í fyrrnefndum úrskurði haft á áður áætlaðan stofnkostnað virkjunarinnar:
   a. heildarkostnað,
   b. kostnað á orkueiningu?

4. Hvernig er háttað samráði við Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðsluna og eftir atvikum aðra aðila um uppfyllingu nefndra skilyrða og eftirlit með framkvæmdum?

Skriflegt svar óskast.

872. Fyrirspurn [528. mál]

til forsætisráðherra um mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hafa ráðherra borist mótmæli frá náttúruverndarsamtökum eða annars konar samtökum erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hvaða samtökum? Komi fram í mótmælunum hversu margir einstaklingar standi að baki viðkomandi samtökum er óskað eftir að það sé tilgreint í svarinu.
2. Hafa ráðherra borist mótmæli frá einstaklingum erlendis frá gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hversu mörgum og hverrar þjóðar hafa mótmælendur verið?

Skriflegt svar óskast.

873. Fyrirspurn [529. mál]

til umhverfisráðherra um mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hafa ráðherra borist mótmæli frá náttúruverndarsamtökum eða annars konar samtökum erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hvaða samtökum? Komi fram í mótmælunum hversu margir einstaklingar standi að baki viðkomandi samtökum er óskað eftir að það sé tilgreint í svarinu.
2. Hafa ráðherra borist mótmæli frá einstaklingum erlendis frá gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hversu mörgum og hverrar þjóðar hafa mótmælendur verið?

Skriflegt svar óskast.

874. Fyrirspurn [530. mál]

til iðnaðarráðherra um mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hafa ráðherra borist mótmæli frá náttúruverndarsamtökum eða annars konar samtökum erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hvaða samtökum? Komi fram í mótmælunum hversu margir einstaklingar standi að baki viðkomandi samtökum er óskað eftir að það sé tilgreint í svarinu.
2. Hafa ráðherra borist mótmæli frá einstaklingum erlendis frá gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hversu mörgum og hverrar þjóðar hafa mótmælendur verið?
3. Hafa Landsvirkjun borist mótmæli erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun frá samtökum eða einstaklingum? Sé svo, er óskað eftir sömu upplýsingum og í 1. og 2. lið.

Skriflegt svar óskast.

875. Fyrirspurn [531. mál]

til fjármálaráðherra um niðurstöður starfshóps um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hverjar eru tillögur starfshóps sem starfað hefur á vegum fjármálaráðherra Norðurlandanna og falið var að gera tillögur um norrænt verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis?
2. Hverjir áttu sæti í hópnum fyrir Íslands hönd?
3. Hvernig má gera ráð fyrir að farið verði með tillögur hópsins og hvernig verður háttað áframhaldandi vinnu við verkefnið?

876. Fyrirspurn [532. mál]

til viðskiptaráðherra um embætti umboðsmanns neytenda.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að koma á fót embætti umboðsmanns neytenda?

877. Fyrirspurn [533. mál]

til menntamálaráðherra um sérhæfingu fjölbrautaskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að byggja upp sérhæfðar deildir starfs- og iðnnáms við fjölbrautaskóla landsins sem tengjast atvinnuháttum viðkomandi byggðar, svo sem matvælaiðnaði við Fjölbrautaskóla Suðurlands, sérhæfðum sjávarútvegi við fjölbrautaskólann í Austur-Skaftafellssýslu o.s.frv.?

878. Fyrirspurn [534. mál]

til menntamálaráðherra um eflingu fjarnáms.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er í bígerð að auka framboð á fjarnámi við skóla landsins, sérstaklega með tilliti til aukins framboðs á námi fyrir atvinnulausa?

879. Fyrirspurn [535. mál]

til menntamálaráðherra um háskóladeildir á landsbyggðinni.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að byggja upp fleiri skóladeildir á háskólastigi utan höfuðborgarsvæðisins? Ef svo er, hvaða deildir eru það og hvar verða þær?

880. Fyrirspurn [536. mál]

til menntamálaráðherra um rekstrarform Háskóla Íslands.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hafa kostir þess og gallar að breyta Háskóla Íslands í sjálfseignarstofnun verið kannaðir og er slík vinna í gangi? Er það stefna stjórnvalda að gera Háskóla Íslands að sjálfseignarstofnun?

881. Fyrirspurn [537. mál]

til dómsmálaráðherra um mannshvörf.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvert er hlutfall óupplýstra mannshvarfa á Íslandi frá 1945, fyrir utan þá sem farist hafa við störf á sjó, samanborið við óupplýst mannshvörf annars staðar á Norðurlöndunum á sama tímabili, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn um mannshvörf á 125. löggjafarþingi (þskj. 286, 142. mál) þar sem fram kemur að samkvæmt bráðabirgðasamantekt séu 42 mannshvörf frá árunum 1945–99 óupplýst?
2. Er ráðgert að skipa sérstaka rannsóknarnefnd sem vinni að því að upplýsa mannshvörf?

Skriflegt svar óskast.

882. Svar [477. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Engin störf á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess voru flutt út á land árið 2002 og hvorki ráðuneytið né undirstofnanir þess gerðu samninga um að fela fyrirtækjum á landsbyggðinni að annast fyrir sig fjarvinnsluverkefni á sl. ári. Hins vegar má geta þess að öll símsvörun Seðlabanka Íslands hefur nú á þriðja ár verið á Raufarhöfn. Þjóðhagsstofnun notaði þessa sömu þjónustu þar til hún var lögð niður í júlí 2002. Einnig má nefna sem dæmi að ráðuneytið hefur í nokkur ár nýtt sér þjónustu þýðenda sem búsettir eru úti á landi og svo var einnig á sl. ári.

Möguleikar á flutningi starfa og samningum um fjarvinnslu voru athugaðir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess í kjölfar þess að lagt var fram svar við fyrirspurn um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land haustið 2000. Sú athugun leiddi ekki í ljós að slíkir möguleikar væru fyrir hendi.

Í greinargerð með byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að forsætisráðuneytið sé sérstakur tengiliður ráðuneyta vegna verkefna af þessu tagi. Hefur ráðherra falið alþingismönnunum Halldóri Blöndal og Magnúsi Stefánssyni að vera með sér í ráðum um þau mál.

Að öðru leyti skal hér vísað til fyrra svars við fyrirspurn um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, sem lagt var fram á þskj. 262 á 126. löggjafarþingi veturinn 2000–2001.

883. Frumvarp til laga [538. mál]

um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar. Enn fremur að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði.

Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem þjóni landinu öllu.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. Með *alvarlegri þroskaröskun* er átt við meðfætt eða áunnið ástand sem veldur því að þroski og færni víkur verulega frá því sem eðlilegt er talið og hindrar einstakling í að aðlagast venjulegum kröfum þjóðfélagsins án markvissrar aðstoðar á uppvaxtarárum.
2. Með *fötlun* er átt við það ástand sem skapast þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa vegna alvarlegrar þroskaröskunar eða annarrar röskunar á færni.
3. Með *frumgreiningu* er átt við formlega athugun á þroska og færni eftir að grunur um frávik í þroska hefur vaknað.
4. Með *greiningu* er átt við athugun og samráð sérfræðinga með alþjóðlega viðurkenndum aðferðum til mats á eðli röskunar, til flokkunar eftir alþjóðlegum greiningarviðmiðum og til staðfestingar á fötlun, þegar það á við. Enn fremur felur greining í sér mat á færni og aðstæðum einstaklingsins, sem nýtist til sérhæfðrar ráðgjafar og meðferðar.
5. Með *ráðgjöf* er átt við miðlun upplýsinga til forráðamanna og þjónustuaðila um eðli þroskaröskunar og framtíðarhorfur og leiðsögn um þjónustu og meðferðarleiðir sem miða að því að draga úr áhrifum röskunarinnar. Einnig felur ráðgjöf í sér upplýsingar um aðstoð sem miðar að því að draga úr áhrifum röskunarinnar á fjölskylduna.
6. Með *eftirfylgd* er átt við að fylgst sé með aðstöðu og framförum einstaklingsins og að hann njóti viðeigandi þjónustu, svo sem ráðgjafar, sérkennslu, þjálfunar og meðferðar, félagslegs stuðnings og hjálpartækja. Enn fremur endurmat á færni og aðstæðum eftir því sem við á.

III. KAFLI
Frumgreining.

3. gr.

Áður en til tilvísunar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins kemur, skal hafa farið fram frumgreining skv. 17. og 18. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Frumgreining getur einkum farið fram hjá eftirtöldum aðilum: Barnadeildum sjúkrahúsa, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, sérfræðingum svæðis-

skrifstofa, greiningarteymum heilbrigðisstofnana, Sjónstöð, Heyrnar- og talmeinastöð og ýmsum öðrum sérfræðingum.

IV. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

4. gr.

Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er að annast eftirfarandi:

1. Greiningu barna og ungmenna með alvarlegar þroskaraskanir sem er vísað til athugunar að lokinni frumgreiningu.
2. Ráðgjöf og fræðslu til einstaklingsins, foreldra eða annarra aðstandenda og þjónustuaðila varðandi viðeigandi meðferð, þjálfun og önnur úrræði sem þörf er á.
3. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi njóti þar þeirrar þjónustu sem þörf er á hverju sinni.
4. Langtímaeftirfylgd vegna þeirra einstaklinga sem búa við óvenjuflóknar eða sjaldgæfar þroskaraskanir.
5. Faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila, sbr. 3. mgr., t.d. varðandi:
   a. uppbyggingu og starfrækslu greiningar- og ráðgjafarþjónustu,
   b. menntun og þjálfun starfsfólks,
   c. sérhæfðan tækjabúnað og aðgengi fatlaðra,
   d. kannanir á högum og þörfum fatlaðra,
   e. umsögn um þjónustu og vistun.
6. Öflun og miðlun þekkingar um fatlanir og alvarlegar þroskaraskanir, m.a. með því að fylgjast með nýjungum á alþjóðavettvangi.
7. Þróun, rannsókn og dreifingu á aðferðum og gögnum til greiningar á fötlunum og þroskaröskunum og á mismunandi meðferðaraðferðum.
8. Fræðilegar rannsóknir á sviði áunninna og meðfæddra fatlana og þroskaraskana og þátttöku í alþjóðastarfi, m.a. á sviði fátíðra fatlana.
9. Fræðslu á sviði fatlana og þroskaraskana og útgáfu fræðsluefnis.

Stofnunin þjónar fyrst og fremst þeim sem eru á aldrinum 0–18 ára, sbr. 1. gr.

Stofnunin skal hafa samráð við aðra aðila um þjónustu, kennslu og rannsóknir á sviði fatlana og þroskaraskana, t.d. svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra, sveitarfélög sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða, félagsþjónustu sveitarfélaga, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, heilbrigðisstofnanir, háskólastofnanir, landlækni, stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, svæðisráð málefna fatlaðra og hagsmunasamtök fatlaðra.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf á sviði fatlana og þroskaraskana, auk reynslu af stjórnun, kennslu og rannsóknum. Hann ber fjárhagslega ábyrgð sem yfirmaður stofnunarinnar og er ábyrgur fyrir allri faglegri starfsemi hennar, ráðningu starfsfólks og samskiptum við aðrar stofnanir.

6. gr.

Stofnunin gerir árlega fjárlaga- og rekstrartillögur, sem og fjárhags- og framkvæmdaáætlun til fjögurra ára.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum hennar.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald, útgáfu fræðsluefnis, faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila, sbr. 5., 7. og 9. tölul. 1. mgr. 4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins getur með sérstökum samningum, gegn greiðslu, annast sérfræðiþjónustu grunnskóla, sbr. 2. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu skóla, nr. 386/1996, svo og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, sbr. 16. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994, fyrir sveitarfélögin.

7. gr.

Starfsfólki Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ber að gæta þagnarskyldu um atvik er varða lögmæta einkahagsmuni skjólstæðinga stofnunarinnar eða aðstandenda þeirra sem því verða kunn í starfi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Um trúnað, þagnarskyldu, varðveislu persónuupplýsinga, upplýsingagjöf og afhendingu gagna fer að öðru leyti eftir ákvæðum í lögum um réttindi sjúklinga og lögum um heilbrigðisstarfsmenn. Um upplýsingaskyldu og afhendingu gagna fer jafnframt eftir barnalögum og barnaverndarlögum.

V. KAFLI
Eftirfylgd.

8. gr.

Í kjölfar greiningar fer fram eftirfylgd. Að jafnaði skal eftirfylgd vera í höndum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra eða sveitarfélaga sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða, sérfræðiþjónustu skóla, ráðgjafarþjónustu leikskóla og annarra sérfræðinga eftir því sem við á.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fer þó með eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma vegna einstaklinga með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir og þroskaraskanir og sérhæfð vandamál tengd fötlun þeirra.

Verði starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar þess áskynja að einstaklingur nýtur ekki fullnægjandi þjónustu ber þeim að gera forstöðumanni stofnunarinnar viðvart. Getur hann, í samráði við hinn fatlaða eða forráðamann hans, beint skriflegu erindi um málið til viðkomandi svæðisráðs málefna fatlaðra. Skal hann þá jafnframt senda afrit til viðkomandi trúnaðarmanns fatlaðra og svæðisskrifstofu eða sveitarfélags sem tekið hefur við málefnum fatlaðra.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild og gildistaka.

9. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2003. Jafnframt fellur úr gildi 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögin skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Skal endurskoðun laganna vera lokið fyrir 1. júní 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hóf starfsemi 1. janúar 1986 skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 41/1983 og tók þá við starfsemi athugunardeildarinnar í Kjarvalshúsi. Hlutverk stofnunarinnar var skilgreint ítarlega í þeim lögum og hefur haldist að mestu óbreytt við endurskoðun laga um málefni fatlaðra. Sérstakt frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var lagt fram á 126. löggjafarþingi (2000–2001) ásamt þremur öðrum tengdum frumvörpum vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga, sem hefði leitt til niðurfellingar laga um málefni fatlaðra. Fallið var frá þessari yfirfærslu og frumvörp þar að lútandi dregin til baka.

Þó að horfið hafi verið frá því að sinni að færa málefni fatlaðra til félagsþjónustu sveitarfélaga þykja full rök vera til þess að sett verði sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, enda tengdist efni fyrra frumvarps um Greiningarstöð aðeins að hluta fyrirhugaðri yfirfærslu. Starfsemi Greiningarstöðvarinnar hefur þróast mikið frá því að starfssvið hennar var fyrst skilgreint í lögum um málefni fatlaðra árið 1983. Þá hefur alþjóðleg þekking á eðli þroskaraskana, orsökum og aðferðum til að draga úr áhrifum þeirra aukist mikið á síðustu áratugum. Reynslan hefur þannig leitt í ljós að nokkur hluti barna sem hefur verið vísað á Greiningar- og ráðgjafarstöð með alvarleg þroskafrávik hefur með markvissri meðferð og þjálfun vaxið upp til sjálfstæðis og ekki þurft fjölþættan stuðning þjóðfélagsins til langframa og því ekki þurft aðra þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Auk ofangreinds hefur orðið til þekking og reynsla varðandi þjónustu við fötluð börn og önnur börn með ýmis þroskafrávik víða í þjóðfélaginu, t.d. innan skóla og leikskóla, hjá svæðisskrifstofum, félags- og ráðgjafarþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisþjónustu og ýmsum öðrum sérfræðingum. Þessi þróun gefur tilefni til að efla sérhæfingu Greiningarstöðvar og auka við sérstöðu hennar sem þekkingarmiðstöðvar á sviði alvarlegra þroskaraskana barna.

Greiningarstöðin hefur frá stofnun heyrt undir félagsmálaráðuneyti, eins og önnur meginþjónusta við fatlaða sem skilgreind er í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Er þetta í samræmi við þann meginskilning að fötlunarhugtakið eigi við um þá skerðingu félagslegrar aðlögunar sem leiðir af viðkomandi röskun. Þó að orsakir röskunarinnar séu oft læknisfræðilegar og skjólstæðingar Greiningarstöðvar sem og þjónustukerfis fatlaðra þurfi oft að nota þjónustu heilbrigðisstofnana þykir eðlilegt í ljósi nútímahugmyndafræði að stofnunin heyri áfram undir félagsmálaráðuneyti, en hafi jafnframt samstarf við ýmsar stofnanir innan mennta- og heilbrigðiskerfisins.

Greiningarstöðin hefur frá upphafi þjónað öllu landinu. Rúmlega tvö hundruð börnum og ungmennum hefur verið vísað til þjónustu stöðvarinnar árlega á undanförnum árum og skjólstæðingafjöldi stöðvarinnar er rúmlega fimm hundruð á hverju ári þar sem mörg börnin eru í áframhaldandi eftirfylgd. Stöðugildi við stofnunina eru rúmlega þrjátíu, þar af nokkur hlutastörf. Við stofnunina starfa sérfræðingar með sérþekkingu á flestum sviðum þroskaraskana barna. Má þar nefna sérhæfða lækna, sálfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, félagsráðgjafa og leikskólasérkennara.

Innra skipulag stöðvarinnar var endurskoðað árið 1997 til að auka skilvirkni og sérhæfingu og hefur náðst umtalsverður árangur á því sviði. Í tengslum við breytt skipulag var fræðslustarf stofnunarinnar styrkt verulega. Tilgangur þessa var að efla þekkingu annarra þjónustuaðila á greiningu, orsökum og meðferðarleiðum hinna ýmsu þroskaraskana og efla þannig faglegt starf á þessu sviði utan stofnunarinnar. Á síðasta ári sóttu yfir þúsund manns fræðslunámskeið stofnunarinnar, að miklum hluta starfsfólk sem vinnur við þjónustu við börn með þroskaraskanir á öðrum vettvangi.

Við samningu frumvarpsins hefur verið leitast við að staðfesta og lögbinda þá starfshætti sem að ofan er lýst. Lögð er áhersla á skyldur stofnunarinnar við að sinna börnum sem búa við alvarleg frávik í þroska eða færni, bæði þeirra sem eru ótvírætt fötluð og þeirra sem má með markvissri þjálfun og meðferð koma til sjálfstæðis á fullorðinsárum. Þá er lögð áhersla á nána samvinnu við aðila sem annast þjónustu við börn með alvarlegar þroskaraskanir og reynt að tryggja að þjónusta við barnið sé sem mest í nánasta umhverfi þess. Hlutverk stofnunarinnar verði þannig ekki síst að miðla þekkingu og reynslu til þessara þjónustuaðila, en þjónusta til lengri tíma verði fyrst og fremst fyrir þá einstaklinga sem búa við flóknari eða sjaldgæfari þroskaraskanir.

Þrátt fyrir aukna skilvirkni hefur aðsókn að þjónustu stöðvarinnar á síðustu árum skapað biðtíma fyrir ýmsa hópa fatlaðra og biðlistar hafa myndast. Þannig var heildarfjöldi tilvísana árið 1997 samtals um 120 börn, en rúmlega 200 árið 2001, auk þess sem talsvert hefur skort á að þjónusta stöðvarinnar við suma fötlunarhópa væri viðunandi. Ástæður fyrir þessari fjölgun tilvísana eru meðal annars eftirfarandi:

1. Grunnskólabörn: Grunur um þroskahömlun eða aðra röskun á vitsmunastarfsemi:
   a. Aukning um 15 börn á ári skýrist af endurtilvísunum vegna barna sem áður hafa gengist undir greiningu stofnunarinnar en er vísað aftur vegna afturfarar, ónógra framfara eða annarra breytinga.
   b. Aukning um 30–35 börn árlega skýrist af því að börnum er vísað til athugunar eftir að frumgreining hefur bent til þroskahömlunar. Þessi börn fengu áður greiningu utan stofnunarinnar og þar af leiðandi ekki þá ráðgjöf, þjálfun og meðferð í kjölfar greiningar sem núverandi þekking gefur tilefni til. Auk þessa hefur 3–4 börnum árlega verið vísað til athugunar vegna höfuðáverka sem hafa leitt til framheilaskaða, en þjónusta við þann hóp hefur verið ófullnægjandi og óskipulögð.
2. Börn með einhverfu eða skyldar fatlanir.
   a. Af þeim 120 tilvísunum sem bárust 1997 voru 15 vegna gruns um einhverfu hjá börnum á forskólaaldri. Í kjölfar þess að félagsmálaráðherra fól Greiningarstöð að sjá alfarið um þjónustu vegna einhverfu á árinu 1997 er reiknað með að samtals fimm börnum til viðbótar sé nú vísað árlega til greiningar á Greiningarstöð í stað barna- og unglingageðdeildar. Auk þess þarf Greiningarstöð að sinna endurmati þessa hóps við upphaf skólagöngu sem áður fór fram á barna- og unglingageðdeild.
   b. Þar til viðbótar er nú 10–15 börnum á grunnskólaaldri vísað til einhverfugreiningar á hverju ári, en það má rekja til fjölgunar einstaklinga sem greinast með einhverfu. Þessi börn hafa ekki áður gengist undir greiningu stöðvarinnar vegna gruns um einhverfu.
   c. Tilvísanir vegna barna með Asperger-heilkenni hafa verið 5–10 á ári. Einungis þeim einstaklingum með Asperger-heilkenni sem búa við mestan vanda er sinnt, eða um 4–7 börnum á ári, en að mati sérfræðinga fellur sá hópur undir hlutverk stöðvarinnar.

Eftirfarandi atriði skýra enn fremur aukna spurn eftir sérhæfðri þjónustu Greiningarstöðvarinnar:

a. Börn með alvarlega vöðva- og taugasjúkdóma hafa í auknum mæli notið þjónustu stöðvarinnar. Um mjög alvarlegar fatlanir er að ræða og þótt skjólstæðingum fjölgi ekki er þjónustan við þá mun meiri en áður. Einnig koma til flóknari og öflugri hjálpartæki og betri lífshorfur barnanna.
b. Leitað er í auknum mæli til stöðvarinnar vegna barna á grunnskólaaldri með alvarlegar fjölfatlanir eða alvarlegar heilalamanir. Stofnunin hefur því axlað meiri ábyrgð við mat

og ráðgjöf vegna sérhæfðra hjálpartækja, t.d. til tjáskipta og umhverfisstjórnunar. Jafnframt er ljóst að þörfin er mun víðtækari en stofnunin ræður við við núverandi aðstæður.

c. Leitað er í vaxandi mæli til stofnunarinnar um sérhæfða ráðgjöf vegna þjálfunar og meðferðar einhverfra barna sem eru í leikskólum og grunnskólum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nokkur hluti fæddra barna býr við umtalsverð frávik í þroska á uppvaxtarárum sínum sem hafa áhrif á stöðu þeirra á fullorðinsárum. Þessi frávik eru misalvarleg og ástæður þeirra mismunandi, en oftast er um meðfædda röskun á taugaþroska að ræða. Þessar raskanir geta leitt til fötlunar, sem fylgir einstaklingnum til fullorðinsáranna, t.d. þroskahömlunar, hreyfihömlunar eða einhverfu, eða valdið fyrst og fremst erfiðleikum í námi og aðlögun á uppvaxtarárum.

Oft er vitað hversu alvarleg frávikin eru frá upphafi, t.d. þegar um er að ræða ákveðna litninga- eða erfðagalla, og er þá fljótt ljóst að um fötlun til frambúðar er að ræða. Í öðrum tilvikum eru frávikin þess eðlis að framtíðarhorfur eru óljósari. Í báðum tilvikum er hægt með markvissum aðgerðum á sviði meðferðar og þjálfunar á uppvaxtarárum að draga úr áhrifum þroskaröskunarinnar á líf einstaklingsins.

Mikil þekking á aðferðum til slíkrar íhlutunar hefur skapast á alþjóðavettvangi á undanförnum árum og hefur verið sýnt fram á að með réttum aðferðum má hafa veruleg áhrif á framtíðarhorfur þessara barna. Tilgangur laganna er að tryggja að börn sem búa á Íslandi og eru með alvarlegar þroskaraskanir njóti þessarar þekkingar. Í ljósi þess þykir ekki rétt að skilgreina þjónustu stöðvarinnar sem þjónustu við fötluð börn, eins og gert er í lögum um málefni fatlaðra, heldur sé þjónusta stofnunarinnar fyrir börn með alvarlegar þroskaraskanir sem líklegt er að leiði til fötlunar án öflugrar aðstoðar á uppvaxtarárum.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ýmis hugtök sem koma fyrir í frumvarpinu skilgreind nánar þannig að unnt sé að afmarka á skýran hátt hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og samstarfsaðila stofnunarinnar í þjónustu við skjólstæðinga hennar. Reynt er að greina á milli alvarlegra þroskaraskana og fatlana með þeim skilningi að alvarlegar þroskaraskanir barna leiði ekki alltaf til fötlunar. Lögð er áhersla á að við frumgreiningu og greiningu sé beitt stöðluðum og alþjóðlega viðurkenndum aðferðum, en slíkt er mikilvægt til að hægt sé að gera samanburð á milli landa, t.d. hvað varðar tíðni og meðferðarárangur ýmissa fatlana. Þá er lögð áhersla á tvíþættan skilning á greiningarhugtakinu, þ.e. annars vegar að fella röskunina að ákveðinni flokkun í alþjóðasjúkdómaskránni og hins vegar að skilgreina styrkleika og veikleika í þroska og færni einstaklings sem nýtist til sérhæfðrar ráðgjafar um meðferð og horfur.

Að öðru leyti skýrir efni greinarinnar sig sjálft.

Um 3. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að skýra nánar aðdraganda greiningar og tilvísunar á Greiningarstöð, en lög um málefni fatlaðra leggja þær skyldur á herðar starfsmanna í heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og félagsþjónustu að fylgjast sérstaklega með andlegu og líkamlegu atgervi barna og hlutast til um frumgreiningu í samvinnu við foreldra ef barn hefur einkenni um fötlun. Sama gildir ef barn hefur einkenni fötlunar við fæðingu. Einungis þeim sem við frumgreiningu reynast vera með alvarlega þroskaröskun væri vísað til framhaldsathugunar á Greiningar- og ráðgjafarstöð, en öðrum sinnt af sérfræðingum utan stofnunarinnar.

Í greininni er getið um helstu aðila sem hægt er að leita til um frumgreiningu, en upptalningin er ekki tæmandi.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og eru ákvæðin að hluta til samhljóða 1. mgr. 16. gr laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Veigamikill hluti af hlutverki stöðvarinnar verður áfram greining og ráðgjöf vegna barna með alvarlegar þroskaraskanir, sem er vísað þangað til þjónustu, og í framhaldi af greiningu tilvísun til annarra meðferðaraðila. Lögð er áhersla á að sem minnst bein þjálfun og meðferð fari fram á stofnuninni heldur njóti börnin sem mestrar þjónustu í almennum stofnunum, t.d. leikskólum og skólum, sem fá leiðsögn sérfræðinga Greiningarstöðvar á grundvelli greiningar.

Sama á við um eftirfylgd sem er skilgreind í frumvarpinu. Lögð er áhersla á að eftirfylgd sé að jafnaði á vegum sérfræðinga á heimaslóðum barns með stuðningi frá sérfræðingum Greiningarstöðvar. Þó sæi stofnunin um eftirfylgd þeirra sem búa við mjög flóknar eða sjaldgæfar þroskaraskanir.

Þá eru í lögunum lagðar sérstakar skyldur á herðar stofnuninni til að afla, viðhalda og miðla þekkingu á sviði þroskaraskana með því að fylgjast með þróun á alþjóðavettvangi, taka þátt í alþjóðastarfi og sinna rannsóknum. Einnig er lögfest sú þróun sem á undanförnum árum hefur átt sér stað í fræðslustarfi stofnunarinnar og útgáfu fræðsluefnis og öflun, þýðingu og staðfærslu matslista og annarra greiningaraðferða.

1. tölul. er að mestu samhljóða 1. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra nema að því leyti að áskilið er nú að frumgreining liggi fyrir við tilvísun og að þjónusta stofnunarinnar taki til barna með alvarlegar þroskaraskanir svo að í markatilvikum er börnum veitt þjónusta án þess að snemma í ferlinum þurfi að leiða líkum að því að um framtíðarfötlun sé að ræða.

2. tölul. er að mestu samhljóða 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra.

3. tölul. er að mestu samhljóða 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra.

4. tölul. er efnislega samhljóða 4. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra. Ákvæðinu er þó breytt á þann veg að í stað þess að tilgreina skyldur Greiningarstöðvar til að veita langtímameðferð sem ekki er fáanleg á öðrum stofnunum er farin sú leið að tilgreina langtímaeftirfylgd vegna einstaklinga sem búa við óvenjuflóknar eða sjaldgæfar þroskaraskanir.

Í 5. tölul. er kveðið á um hlutverk Greiningarstöðvar um að veita sérhæfða aðstoð til annarra stofnana og aðila um ýmislegt er varðar þjónustu og aðstöðu fyrir fatlaða. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Í 6.–9. tölul. er kveðið nánar á um skyldur Greiningarstöðvar til að afla og viðhalda þekkingu á alvarlegum þroskaröskunum og fötlunum og til að miðla þekkingu til annarra þjónustuaðila. Sérstaklega er kveðið á um hlutverk stofnunarinnar hvað varðar fátíðar fatlanir, en þar er um að ræða hóp raskana sem hver kemur fyrir hjá innan við einum af hverjum tíu þúsund fæddum. Þá er í 8. tölul. ákvæði um fræðilegar rannsóknir sem er sambærilegt við 8. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra.

Ekki er kveðið á um starfrækslu leikfangasafns í frumvarpinu, eins og gert er í 5. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þar sem ekki þykir ástæða til að binda ákveðna starfshætti stofnunarinnar í lög. Þá er fellt niður ákvæði um skráningu um fötlun einstaklinga, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, en þetta ákvæði laganna hefur ekki verið virkt og þykir ekki ástæða til að halda því í lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stofnunin þjóni fyrst og fremst þeim sem eru á aldrinum 0–18 ára. Þetta er staðfesting á núverandi starfsháttum og á þeirri hugmyndafræði að sérhæfing

starfseminnar sé byggð á því að beita markvissri meðferð á þroskaárum einstaklingsins þegar mestar líkur eru á því að hægt sé að hafa áhrif á taugaþroska til að draga úr áhrifum röskunarinnar. Í sérstökum tilvikum getur þó verið um að ræða sérhæfða ráðgjöf vegna fullorðinna fatlaðra.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu Greiningarstöðvar til að hafa samráð við ýmsar aðrar stofnanir sem annast þjónustu, fræðslu eða rannsóknir á sviði þroskaraskana og fatlana. Með því er verið að leggja áherslu á þörfina fyrir samráð og samvinnu fag- og þjónustuaðila.

Um 5. gr.

Ákvæðið er efnislega eins og 3. mgr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, að öðru leyti en því að almennar hæfiskröfur forstöðumanns eru auknar, auk þess sem starfssvið hans er skýrt á þann veg að hann beri fjárhagslega og faglega ábyrgð á starfseminni. Einnig hefur ákvæðið verið lagað að ákvæðum 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Í samræmi við þetta eru ekki forsendur til að kveða á um starf framkvæmdastjóra, líkt og gert er í gildandi lögum, enda verði sá þáttur eins og aðrir þættir innra starfsins skilgreindir í skipuriti stofnunarinnar og í reglugerð.

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn Greiningarstöðvar, en skipunartími núverandi stjórnar rennur út 31. maí 2003. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda um að auka ábyrgð og sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana á kostnað fjölskipaðra stjórnvalda, sbr. og 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er fjallar um sérstakar skyldur og ábyrgð forstöðumanna stofnana. Jafnframt vísast til nefndarálits um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana sem fjármálaráðuneytið gaf út í október 2000. Með því að leggja niður stjórnir ríkisstofnana og auka ábyrgð forstöðumanna er ætlunin að koma í veg fyrir að sams konar ábyrgð dreifist milli fleiri aðila og þar með gera rekstur og ábyrgð ríkisstofnana skýrari og stjórnsýslu þeirra virkari en var. Hefur sama þróun átt sér stað við endurskoðun á skipulagi annarra ríkisstofnana, svo sem Jafnréttisstofu, Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Um 6. gr.

Hér er mælt fyrir um árlegar rekstrartillögur og fjárhags- og framkvæmdaáætlun til fjögurra ára.

Í 3. mgr. er það nýmæli að félagsmálaráðherra er heimilt að setja gjaldskrá til að standa undir kostnaði við nokkra skýrt afmarkaða þætti starfseminnar, sbr. 5., 7. og 9. tölul. 1. mgr. 4. gr. Þessir þættir í starfsemi Greiningarstöðvarinnar teljast í eðli sínu þjónusta við aðrar stofnanir og þjónustuaðila, þ.e. fræðslunámskeið og útgáfa fræðsluefnis, sem miðar að þjálfun og kennslu til handa starfsfólki annarra stofnana, en einnig ýmiss konar ráðgjöf til annarra stofnana hvað varðar starfshætti og aðstöðu. Hvað fræðslunámskeið og útgáfu fræðsluefnis snertir er með 3. mgr. verið að festa í lög þróun undanfarinna ára og gera stofnuninni kleift að þróa útgáfu- og fræðslustarf sitt enn frekar.

Í 4. mgr. er stofnuninni veitt heimild til að sinna, gegn greiðslu, greiningar- og ráðgjafarvinnu fyrir sveitarfélög sem þeim ber skylda að veita, sbr. lög um grunnskóla og leikskóla, en í 2. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu skóla kemur fram að sveitarfélög skuli semja um slíka þjónustu ef hún er ekki rekin af sveitarfélagin sjálfu.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um þagnarskyldu starfsfólks Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og meðferð gagna.

Í 1. mgr. kemur fram að starfsfólki Greiningarstöðvarinnar beri að gæta þagnarskyldu um atvik er varða lögmæta einkahagsmuni skjólstæðinga stofnunarinnar og aðstandenda þeirra. Með því að afmarka þagnarskylduna við lögmæta hagsmuni er vísað til þess að upplýsingaskylda starfsmanna Greiningarstöðvarinnar getur gengið framar þagnarskyldu, sbr. t.d. upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd skv. 44. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Í 2. mgr. er kveðið á um varðveislu persónuupplýsinga og afhendingu gagna. Í því sambandi skal tekið fram að greiningarskýrslur og vinnugögn, sem sérfræðingar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar varðveita, hafa að geyma upplýsingar um ástand hins fatlaða og aðstæður hans í þjóðfélaginu. Svipar þessum gögnum að eðli og innihaldi svo verulega til sjúkraskýrslna að ástæða er talin til að um varðveislu þeirra og veitingu upplýsinga úr þeim gildi sömu reglur og um sjúkraskrár. Í ákvæðinu er því kveðið á um að um trúnað, þagnarskyldu, varðveislu persónuupplýsinga og afhendingu þeirra fari að öðru leyti eftir lögum um réttindi sjúklinga og lögum um heilbrigðisstarfsmenn. Hafa lög þessi að geyma ítarlegri ákvæði um þau atriði sem greinin fjallar um.

Í barnalögum er kveðið á um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til að fá upplýsingar um barn frá sjúkrahúsum. Lagt er til að sams konar upplýsingaskylda hvíli á Greiningarstöð og sjúkrahúsum. Vísunin í barnaverndarlög tekur til 44. gr. laganna sem fjallar um upplýsingaskyldu ýmissa aðila gagnvart barnaverndarnefndum.

Um 8. gr.

Eftirfylgd er skilgreind í 2. gr. frumvarpsins. Þetta ákvæði tekur til þess hvaða aðilar bera ábyrgð á eftirfylgd.

Í samræmi við heildarstefnu laganna er gert ráð fyrir að meginreglan um eftirfylgd sé sú að henni sé sinnt í nánasta umhverfi barnsins, en Greiningarstöð sinni eftirfylgd til lengri tíma einungis þegar um er að ræða alvarlegar eða óvenjuflóknar fatlanir eða þroskaraskanir. Þetta fellur einnig að þeirri hugmyndafræði að þjónusta við fötluð börn fari sem mest fram innan hins almenna þjónustukerfis með stuðningi sérhæfðra stofnana.

Í 3. mgr. er kveðið á um það hvernig starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skuli bregðast við ef þeir verða þess áskynja að fatlaður einstaklingur hefur ekki notið viðeigandi þjónustu. Skulu þeir þá gera forstöðumanni Greiningarstöðvarinnar viðvart sem metur hvort nauðsynlegt sé að stofnunin beini skriflegu erindi um málið til svæðisráðs málefna fatlaðra. Áður en til þess kemur að forstöðumaður fari með málið til svæðisráðs skal hann hafa haft um það samráð við hinn fatlaða eða forráðamann hans. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fer hins vegar ekki með almennt eftirlit með því að fatlaðir fái lögboðna þjónustu hjá öðrum aðilum.

Um 9. gr.

Hér er reglugerðarheimild sem þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í þessari grein er gildistökuákvæði sem þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir að málaflokkurinn sem frumvarpið tekur til verði framvegis sem hingað til í þróun er gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð innan fjögurra ára. Það þýðir að endurskoðun laganna skal vera lokið eigi síðar en 1. júní 2007.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Í frumvarpinu er fyrst og fremst leitast við að staðfesta og lögbinda þá þjónustu sem stofnunin hefur veitt fram að þessu. Lögð er áhersla á skyldur stofnunarinnar til að sinna börnum sem búa við alvarleg frávik í þroska eða færni, bæði þeim sem eru ótvírætt fötluð og þeim sem má með markvissri þjálfun og meðferð koma til sjálfstæðis á fullorðinsárum. Þá er lögð áhersla á nána samvinnu við aðra þá aðila sem annast þjónustu við börn með alvarlegar þroskaraskanir og reynt að tryggja að þjónusta við barnið sé sem mest í nánasta umhverfi þess. Hlutverk stofnunarinnar verði þannig ekki síst að miðla þekkingu og reynslu til annarra þjónustuaðila, en þjónusta stofnunarinnar til lengri tíma verði fyrst og fremst fyrir þá einstaklinga sem búa við flóknari eða sjaldgæfari þroskaraskanir.

Ekki verður séð að frumvarpið auki útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

884. Frumvarp til laga [539. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

11. Að annast framkvæmd laga um vaktstöð siglinga.
12. Að eiga samstarf við Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) með það að markmiði að auka öryggi í siglingum, draga úr mengun frá skipum og koma að sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda í starfi stofnunarinnar.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Siglingaöryggisstofnun Evrópu.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð, sbr. 12. tölul. 1. mgr. 3. gr., sem felur í sér að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002, um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, verði innleidd í íslensk lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Siglingastofnun Íslands. Markmið frumvarpsins eru tvíþætt.

Í fyrsta lagi er Siglingastofnun Íslands falið að annast framkvæmd væntanlegrar vaktstöðvar siglinga í samræmi við frumvarp þar að lútandi sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í öðru lagi miðar frumvarpið að því að veita íslenskum yfirvöldum lagaheimild til að gerast aðilar að væntanlegri Siglingaöryggisstofnun Evrópu.

I. Almennt.

Frumvarpi þessu er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002, um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, í íslenskan rétt í samræmi við skuldbindingar vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Á undanförnum árum hefur vaxandi tilhneigingar gætt hjá Evrópusambandinu að koma á fót sérstökum stofnunum er starfi á innri markaðinum án tillits til landamæra aðildarríkjanna. Þótt eðli þeirra og valdheimildir séu með ýmsum hætti er algengt að þessar stofnanir hafi með höndum umsýslu og undirbúning löggjafar fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar á tilteknum sviðum.

Hinn 8. desember 2000 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að reglugerð um að koma á fót Siglingaöryggisstofnun Evrópu. Tillagan var hluti af víðtækari löggjöf sem hafði það markmið að auka öryggi í siglingum og gekk undir viðurnefninu ERIKA II pakkinn. Fljótlega eftir að tillagan kom fram var skipaður starfshópur er í sátu fulltrúar samgönguráðuneytis, Siglingastofnunar Íslands og utanríkisráðuneytis sem hafði það markmið að fylgjast með lagasetningu stofnana Evrópusambandsins, einkum með hliðsjón af því hvernig hin nýja reglugerð yrði leidd í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerðin var samþykkt í mars 2002 og birt í Stjórnartíðindum EB 27. júní sama ár.

II. Um reglugerð ráðsins og þingsins.

Á undanförnum árum hefur verið sett ítarleg löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins sem hefur haft það að markmiði að efla öryggi og hindra mengun frá skipum. Til þess að slík löggjöf hafi einhverja þýðingu er brýnt að henni sé beitt og hún túlkuð með samsvarandi hætti á öllum innri markaðinum. Af því tilefni hefur sérstakri stofnun verið komið á fót sem mun búa yfir nægri sérfræðiþekkingu til þess að taka að sér hlutverk sem nú eru í höndum framkvæmdastjórnarinnar eða einstakra siglingastofnana aðildarríkjanna.

Siglingaöryggisstofnun Evrópu er ætlað það hlutverk að veita framkvæmdastjórninni þá sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til að hægt sé að setja skynsamlega löggjöf um öryggi í siglingum og um mengun frá skipum. Stofnuninni verður einnig falið að sinna nokkrum öðrum verkefnum, svo sem að skipuleggja þjálfun sérfræðinga aðildarríkjanna í þágu hafnarríkiseftirlits og til ýmissa verka í tengslum við málefni er varða fánaríki, einnig að veita aðstoð við tæknilega innleiðingu Evrópulöggjafar. Stofnuninni verður einnig falið að efla samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnar EB í málefnum er varða tilkynningarskyldu skipa samkvæmt nýrri tilskipun 2002/59/EB frá 27. júní 2002 sem segir fyrir um samræmt eftirlit og upplýsingakerfi um tilkynningarskyldu innan bandalagsins. Stofnuninni verður falið að beita sérfræðiþekkingu sinni í þágu rannsóknar alvarlegra slysa á sjó. Þá mun hún afla gagna um siglingaöryggi og mengun frá skipum.

Í reglugerðinni er mælt fyrir um að starfsmenn Siglingaöryggisstofnunar Evrópu skuli hafa eftirlit með fyrirkomulagi siglingaöryggis og mengunarverndar með því að heimsækja aðildarríki stofnunarinnar með liðsinni siglingamálastofnana aðildarríkjanna. Stjórn stofnunarinnar skal setja reglur um slíkar heimsóknir.

Siglingaöryggisstofnun Evrópu mun hafa sérstaka stjórn sem í sitja fulltrúar allra aðildarríkja Evrópusambandsins og fjórir fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar. Auk þess mun framkvæmdastjórnin skipa fjóra óháða sérfræðinga í stjórn, en þeir munu ekki hafa atkvæðisrétt.

Fulltrúi íslenskra stjórnvalda mun eiga seturétt í stjórninni en án atkvæðis- og tillöguréttar. Stjórn stofnunarinnar mun fara með fjárstjórnarvald, setja skipurit og reglur um vinnuferla, samþykkja verkefnaskrá, fjalla um kröfur aðildarríkjanna um tæknilega aðstoð, setja vinnureglur um heimsóknir í aðildarríkin og skipa framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Í reglugerðinni er í 16. gr. mælt fyrir um starfsgengisskilyrði framkvæmdastjóra sem þarf að búa yfir faglegri hæfni og geta sýnt fram á stjórnunarhæfileika. Allar ákvarðanir stjórnar þarf að samþykkja með auknum meiri hluta atkvæða, þar á meðal val framkvæmdastjóra.

Sérstaklega er tekið fram að Siglingaöryggisstofnun Evrópu eigi að standa opin ríkjum utan Evrópusambandsins, svo fremi þau hafi innleitt Evrópulöggjöf í landsrétt sinn.

III. Sérstök álitaefni í tengslum við aðild Íslands að Siglingaöryggisstofnun Evrópu.

Eins og segir í texta reglugerðarinnar er hlutverk hennar fyrst og fremst fólgið í því að veita framkvæmdastjórn EB aðstoð við undirbúning löggjafar á sviði siglingaöryggis og í tengslum við aðgerðir til að draga úr mengun sjávar. Þannig má líta á stofnunina sem sérstakan ráðgjafa framkvæmdastjórnarinnar með víðtæka sérþekkingu á sviði siglingamála. Afleiðing þess að raunverulegur undirbúningur löggjafar flyst frá framkvæmdastjórninni til stofnunarinnar kann að draga úr þýðingu 1. mgr. 99. gr. og 1. mgr. 100. gr. EES-samningsins er tryggir sérfræðingum aðildarríkja EFTA aðgang að lagasetningarstarfi framkvæmdastjórnarinnar þar sem ekki er víst að þessi ákvæði gildi um undirbúning löggjafar á vegum stofnana sem teljast sjálfstæðir lögaðilar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 11. tölul.: Markmið þessa liðar er að fela Siglingastofnun Íslands að annast framkvæmd vaktstöðvar siglinga hér á landi, en frumvarp til laga um stofnun slíkrar stöðvar liggur nú fyrir Alþingi. Þar segir jafnframt að hlutverk og starfsemi vaktstöðvar siglinga sé að vera miðstöð skipaumferðar í íslenskri efnahagslögsögu og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins. Hún mun fylgjast með og vakta ferðir skipa sem tilkynna sig sjálfvirkt í gegnum sjálfvirka tilkynningarkerfið. Einnig mun hún sinna ýmsum verkefnum fyrir Siglingastofnun Íslands, t.d. móttöku bilanatilkynninga um siglingavita og dufl, siglingar skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit o.fl. Þá mun hún hlusta eftir og taka við neyðarköllum frá skipum og koma á framfæri við stjórnstöð leitar og björgunar.

Verði frumvarp um vaktstöð siglinga samþykkt er nauðsynlegt að bæta þessum tölulið við 1. mgr. 3. gr. laganna þar sem talin eru upp verkefni Siglingastofnunar Íslands.

Um 12. tölul.: Mikilvægur þáttur í starfsemi Siglingastofnunar Íslands er undirbúningur laga og reglugerða sem byggðar eru á gerðum stofnana Evrópusambandsins og verða síðar að alþjóðlegum skuldbindingum Íslands vegna aðildar landsins að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Því er óhætt að fullyrða að nú þegar sé það mikilvægt verkefni Siglingastofnunar Íslands að fylgjast með þróun Evrópulöggjafar. Stefnt er að því að hin nýja siglingaöryggisstofnun taki yfir ýmis verkefni tæknilegs eðlis sem áður voru í höndum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Þegar haft er í huga að Siglingaöryggisstofnun Evrópu mun verða sjálfstæður lögaðili sem líklega mun hafa verulega þýðingu fyrir undirbúning og framkvæmd löggjafar þykir eðlilegt að hennar verði getið sérstaklega í lögum um Siglingastofnun Íslands.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. er heimildarákvæði fyrir samgönguráðherra til að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins í íslenskan rétt sem er nauðsynlegt vegna tvíeðlis íslensks réttar sem gerir greinarmun á þjóðarétti og landsrétti gagnvart borgurunum. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við lagafrumvarp þetta.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu.

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,[1]
með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,[2]
með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar,[3]
í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251 gr. í sáttmálanum,[4]
Þar sem:

1. Gripið hefur verið til fjölmargra úrræða með lagasetningu í bandalaginu til að auka öryggi og koma í veg fyrir mengun á sviði flutninga á sjó. Til að tryggja skilvirkni þarf að beita slíkri löggjöf með viðeigandi og samræmdum hætti í gervöllu bandalaginu. Það mun tryggja jafna markaðsstöðu, draga úr röskun á samkeppni af völdum efnahagslegs ávinnings útgerða skipa sem fara ekki að settum reglum og umbuna þeim sem keppa á siglingamarkaðnum af einlægni.
2. Tiltekin verkefni sem nú eru unnin á vettvangi bandalagsins eða innanlands mætti framkvæma af hálfu sérfræðiaðila. Raunar er þörf á tækni- og vísindalegum stuðningi og öflugri og stöðugri sérfræðiþekkingu við að beita löggjöf bandalagsins með réttum hætti á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun af völdum skipa, fylgjast með framkvæmd hennar og meta skilvirkni þeirra ráðstafana sem eru fyrir hendi. Því er þörf, í núverandi stofnanafyrirkomulagi bandalagsins og valdajafnvægi, að setja á stofn Siglingaöryggisstofnun Evrópu („stofnunina“).
3. Almennt ætti stofnunin annast þátt tækniaðilans sem sér bandalaginu fyrir nauðsynlegum úrræðum til að bregðast við með árangursríkum hætti til að efla heildarreglur um siglingaöryggi og mengunarvarnir. Stofnunin ætti að aðstoða framkvæmdastjórnina við

---

[1] Stjtíð. EB C 120 E, 24.4. 2001, bls. 83, og Stjtíð. EB C 103 E, 30.4. 2001, bls. 184.
[2] Stjtíð. EB C 221, 7.8.2002, bls. 64.
[3] Stjtíð. EB C 357, 14.12.2001, bls. 1.
[4] Álit Evrópuþingsins frá 14. júní 2001 (Stjtíð. EB C 53 E, 28.2.2002, bls. 312), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. mars 2002 (Stjtíð. EB C 119 E, 22.5.2002, bls. 27) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. júní 2002 (ekki enn birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2002.

hið viðvarandi verkefni að uppfæra löggjöf bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum og skal hún veita nauðsynlegan stuðning til að tryggja samleitna og árangursríka beitingu slíkrar löggjafar í gervöllu bandalaginu með því að aðstoða framkvæmdastjórnina við að sinna þeim verkefnum sem henni er falið samkvæmt núverandi og verðandi löggjöf bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum.

4. Til að ná fram þeim markmiðum sem liggja til grundvallar því að stofnunin var sett á laggirnar er viðeigandi að stofnunin framkvæmi ýmis önnur brýn verkefni sem miða að því að auka siglingaöryggi og varnir gegn mengun af völdum skipa á hafsvæðum aðildarríkjanna. Stofnunin ætti að vinna með aðildarríkjunum í þessu tilliti til að skipuleggja viðeigandi þjálfun á sviði hafnarríkiseftirlits og fánaríkismála og að veita tækniaðstoð tengda beitingu löggjafar bandalagsins. Hún ætti að auðvelda samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og fellir úr gildi tilskipun ráðsins 93/75/EBE[5], nánar tiltekið með því að starfrækja upplýsingakerfi sem er nauðsynlegt fyrir markmið þeirrar tilskipunar og vegna þeirrar starfsemi sem varðar rannsóknir í tengslum við alvarleg sjóslys. Hún ætti að sjá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum fyrir hlutlægum, áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum og gögnum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun af völdum skipa til að gera þeim kleift að vinna hvers kyns nauðsynleg framtaksverkefni til að efla þær ráðstafanir sem eru fyrir hendi og að meta skilvirkni þeirra. Hún ætti að sjá til þess að þekking í bandalaginu á sviði siglingaöryggis sé aðgengileg þeim ríkjum sem sækja um aðild. Hún ætti að vera opin til þátttöku þessara ríkja og fyrir önnur þriðju ríki sem hafa gert samninga við bandalagið og innleiða og beita samkvæmt þeim löggjöf bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun af völdum skipa.
5. Stofnunin ætti að styðja að komið verði á betra samstarfi milli aðildarríkja og ætti að þróa og miðla bestu viðteknu starfsvenjum í bandalaginu. Það ætti á móti að stuðla að því að bæta siglingaöryggiskerfið í bandalaginu auk þess að draga úr hættunni á sjóslysum, sjávarmengun og mannskaða á sjó.
6. Svo tryggja megi að störf sem stofnuninni eru falin séu vel af hendi leyst er við hæfi að starfsmenn hennar heimsæki aðildarríkin til að fylgjast með því hvernig kerfi siglingaöryggis og varna gegn mengun af völdum skipa starfar í heild sinni. Heimsóknirnar ættu að fara fram í samræmi við stefnu sem stjórnsýsluráð stofnunarinnar setur og ættu stjórnvöld aðildarríkjanna að greiða fyrir þeim.
7. Stofnunin ætti að beita viðeigandi löggjöf bandalagsins um almennan aðgang að skjölum og verndun einstaklinga með tilliti til meðferðar persónuupplýsinga. Hún ætti að veita almenningi og hagsmunaaðilum hlutlægar, áreiðanlegar og auðskildar upplýsingar í tengslum við störf sín.
8. Að því er varðar samningsbundna ábyrgð stofnunarinnar, sem fer eftir lögunum sem gilda um samninga gerða af stofnuninni, ætti dómstóllinn að hafa lögsögu til að kveða upp dóma samkvæmt gerðardómsákvæði sem kann að vera í samningnum. Dómstóllinn ætti einnig hafa lögsögu í ágreiningsmálum sem tengjast hugsanlegum bótakröfum vegna tjóns af völdum ósamningsbundinnar ábyrgðar stofnunarinnar.

---

[5] Sjá bls. 10 í þessum Stjórnartíðindum.

9. Í því skyni að tryggja með skilvirkum hætti að stofnunin sinni verkefnum sínum ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að eiga fulltrúa í stjórnsýsluráði sem falin eru nauðsynleg völd til að útbúa fjárhagsáætlun, sannreyna framkvæmd hennar, samþykkja viðeigandi fjárhagsreglur, koma á gagnsæjum verklagsreglum um ákvarðanatöku af hálfu stofnunarinnar, staðfesta vinnuáætlun hennar, leggja mat á beiðnir um tækniaðstoð frá aðildarríkjum, marka stefnu um heimsóknir til aðildarríkjanna og skipa framkvæmdastjóra. Í ljósi hinna afar tæknilegu og vísindalegu markmiða og verkefna stofnunarinnar er viðeigandi að í stjórnsýsluráði sitji einn fulltrúi frá hverju aðildarríki og fjórir fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og að þeir séu fulltrúar sem búa yfir yfirgripsmikilli sérfræðiþekkingu. Í því skyni að tryggja sem mesta sérfræðiþekkingu og reynslu í stjórnsýsluráðinu og með það að markmiði að tryggja tengsl þeirra atvinnugreina sem tengjast mest viðfangsefnum stofnunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að tilnefna óháða fagmenn úr þessum atvinnugreinum í ráðið án atkvæðisréttar á grundvelli persónulegra verðleika þeirra og reynslu á sviði siglingaöryggis og varna geng mengun af völdum skipa og ekki sem fulltrúar tiltekinna fagsamtaka.
10. Svo stofnunin geti starfað sem skyldi er nauðsynlegt að framkvæmdastjóri hennar sé tilnefndur á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunarhæfileika auk hæfni og reynslu sem tengist siglingaöryggi og vörnum gegn mengun af völdum skipa og að hann/hún sinni skyldum sínum algjörlega óháð og með sveigjanleika hvað varðar skipulag innra starfs stofnunarinnar. Í þessu skyni ætti framkvæmdastjórinn gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi framkvæmd vinnuáætlunar stofnunarinnar, útbúa árlega drög að almennri skýrslu sem lögð er fyrir stjórnsýsluráðið, gera tekju- og útgjaldaáætlanir stofnunarinnar og hrinda fjárhagsáætluninni í framkvæmd.
11. Í því skyni að tryggja fullt sjálfsforræði og sjálfstæði stofnunarinnar er talið nauðsynlegt að hún hafi sjálfstæð fjárlög með tekjur sem koma að mestu leyti frá bandalaginu í formi framlags.
12. Eftir því sem fleiri sjálfstæðar stofnanir hafa verið settar á laggirnar á undanförnum árum hefur fjárveitingavaldið hugað að því að auka gagnsæi og eftirlit með umsýslu þess fjár sem veitt er til þeirra af fjárlögum bandalagsins, einkum varðandi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar, gjöld, fjármálastjórn, embættisvald, framlag í lífeyrissjóði og innri fjárhagsáætlunargerð (starfsreglur). Með svipuðum hætti ætti reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir gerðar á vegum Evrópuskrifstofu gegn sviksamlegri starfsemi (OLAF)[6] að gilda án takmarkana um stofnunina sem ætti að gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 um innri rannsóknir á vegum Evrópuskrifstofu gegn sviksamlegri starfsemi (OLAF)[7].
13. Innan fimm ára frá þeim degi sem stofnunin hóf að sinna skyldustörfum sínum ætti framkvæmdastjórnin að láta fara fram óháð ytra mat á framkvæmd þessarar reglugerðar, stofnuninni og vinnuaðferðum hennar við að koma á háu stigi siglingaöryggis og vörnum gegn mengun af völdum skipa.

---

[6] Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.
[7] Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

I. KAFLI
MARKMIÐ OG VERKEFNI

1. gr.
Markmið.

1. Með þessari reglugerð er stofnuð Siglingaöryggisstofnun Evrópu (stofnunin) í þeim tilgangi að tryggja hátt og samræmt stig siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum innan bandalagsins.

2. Stofnunin skal sjá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni fyrir nauðsynlegri tækni- og vísindaaðstoð og yfirgripsmikilli sérfræðikunnáttu til að liðsinna þeim við að beita löggjöf bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum með viðeigandi hætti, hafa eftirlit með framkvæmd hennar og meta skilvirkni þeirra ráðstafana sem eru fyrir hendi.

2. gr.
Verkefni.

Til að tryggja að markmiðin sem tilgreind eru í 1. gr. séu haldin með viðeigandi hætti skal stofnunin sinna eftirfarandi verkefnum:

a. hún skal aðstoða framkvæmdastjórnina, eftir því sem við á, við að undirbúa uppfærslu og þróun löggjafar bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum, einkum í samræmi við þróun alþjóðlegrar löggjafar á því sviði. Það verkefni skal fela í sér greiningu á rannsóknarverkefnum sem framkvæmd eru á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum;
b. hún skal aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita löggjöf bandalagsins um siglingamál og varnir gegn mengun frá skipum í gervöllu bandalaginu. Stofnunin skal einkum:
   i. hafa eftirlit með því hvernig hafnarríkiseftirlitskerfi bandalagsins starfar í heild sinni, sem getur falist í að heimsækja aðildarríkin og leggja tillögur fyrir framkvæmdastjórnina um hvers kyns úrbætur á því sviði;
   ii. veita framkvæmdastjórninni nauðsynlega tækniaðstoð til að taka þátt í vinnu tæknistofnana Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit;
   iii. aðstoða framkvæmdastjórnina við að sinna hvers kyns viðfangsefnum sem framkvæmdastjórninni eru falin samkvæmt gildandi og verðandi löggjöf á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum, einkum löggjöf sem gildir um flokkunarfélög, öryggi farþegaskipa sem og þeirri sem gildir um öryggi, menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna skipa;
c. hún skal starfa með aðildarríkjunum við að:
   i. skipuleggja, ef við á, viðunandi þjálfun á sviðum sem eru á ábyrgð hafnarríkisins og fánaríkisins;
   ii. þróa tæknilegar lausnir og veita tækniaðstoð sem tengist framkvæmd löggjafar bandalagsins;
d. hún skal auðvelda samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar á sviði sem fellur undir tilskipun 2002/59/EB. Stofnunin skal einkum:
   i. stuðla að samstarfi milli ríkja sem liggja að ám á siglingasvæðum sem í hlut eiga á þeim sviðum sem þessi að tilskipun nær til;
   ii. þróa og starfrækja hvers kyns upplýsingakerfi sem er nauðsynlegt til að ná fram markmiðum þeirrar tilskipunar;
e. hún skal auðvelda samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar við að þróa,

að teknu tilliti til hinna mismunandi réttarkerfa aðildarríkjanna, samræmda aðferðarfræði við rannsókn sjóslysa samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum reglum með því að veita aðildarríkjunum stuðning við störf sem varða rannsóknir tengdar alvarlegum sjóslysum og við að greina fyrirliggjandi slysarannsóknaskýrslur;

f. hún skal sjá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum fyrir hlutlægum, áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum og gögnum um siglingaöryggi og mengun frá skipum til að gera þeim kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auka siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum og meta skilvirkni ráðstafana sem eru fyrir hendi. Slík verkefni skulu fela í sér söfnun, skráningu og mat á tækniupplýsingum á sviði siglingaöryggis og umferðar á sjó sem og á sviði sjávarmengunar, bæði slysatengdri og vísvitandi, kerfisbundna nýtingu fyrirliggjandi gagnagrunna, þar með talið víxlnýting þeirra og þróun viðbótargagnagrunna. Á grundvelli safnaðra gagna skal stofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina við birtingu upplýsinga á hálfs árs fresti um skip sem meinaður hefur verið aðgangur að höfnum bandalagsins samkvæmt tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit), að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum, sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna.[8] Stofnunin aðstoðar einnig framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við aðgerðir þeirra til að bera kennsl á og veita eftirför skipum sem losa ólöglega;

g. meðan samningaviðræður standa yfir við ríki sem sækja að aðild má stofnunin veita tækniaðstoð við framkvæmd löggjafar bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum. Samræma skal það verkefni svæðisbundnu samstarfi sem er fyrir hendi og skal fela í sér, eftir því sem við á, skipulag viðeigandi þjálfunarstarfs.

3. gr.

Heimsóknir til aðildarríkjanna.

1. Í því skyni að sinna þeim verkefnum sem stofnuninni er falið má hún efna til heimsókna til aðildarríkjanna í samræmi við stefnu sem stjórnsýsluráðið markar. Innanlandsyfirvöld aðildarríkjanna skulu auðvelda starfsfólki stofnunarinnar störf sín.

2. Stofnunin skal upplýsa hlutaðeigandi aðildarríki um fyrirhugaða heimsókn, um nöfn embættismanna í sendinefndinni og um þann dag sem heimsóknin hefst. Embættismenn stofnunarinnar sem útnefndir eru til að takast á hendur slíka heimsókn skulu sinna því gegn framvísun úrskurðar framkvæmdastjóra stofnunarinnar þar sem tilgreindur er tilgangur og markmið erindisins.

3. Við lok hverrar heimsóknar skal stofnunin semja skýrslu og senda til framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðildarríkja.

4. gr.

Gagnsæi og verndun upplýsinga.

1. Stofnunin skal beita grundvallarreglum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um opinberan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar[9], við meðhöndlun umsókna um aðgang að skjölum í fórum þeirra.

---

[8] Stjtíð. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipun eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB (Stjtíð. EB L 19, 22.1.2002, bls. 17).

[9] Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

2. Stofnunin má að eigin frumkvæði eiga samskipti við aðila á sínu starfssviði. Hún skal einkum tryggja að almenningi og hagsmunaaðilum séu veittar hlutlægar, áreiðanlegar og auðskildar upplýsingar um störf sín.

3. Stjórnsýsluráð skal mæla fyrir um nauðsynlegar eigin reglur hvað varðar gildissvið 1. og 2. málsgreinar.

4. Upplýsingarnar sem framkvæmdastjórnin og stofnunin safna í samræmi við þessa reglugerð skulu vera samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga með tilliti til meðferð persónuupplýsinga af hálfu stofnana bandalagsins og um frjálsan flutning slíkra gagna.[10]

II. KAFLI
INNRI BYGGING OG STARFSEMI

5. gr.
Réttarstaða, svæðismiðstöðvar.

1. Stofnunin skal vera bandalagsstofnun. Hún skal hafa réttarstöðu lögpersónu.

2. Í hverju aðildarríki skal stofnunin njóta ýtrasta löghæfis sem lögpersónum er veitt samkvæmt lögum þeirra. Hún má einkum eignast eða ráðstafa lausafjármunum og fastafjármunum og má vera aðili að málarekstri.

3. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar má stjórnsýsluráðið ákveða með samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja að setja á stofn nauðsynlegar svæðismiðstöðvar í því skyni að sinna verkefnum sem tengjast eftirliti með siglingum og skipaumferð eins og kveðið er á um í tilskipun 2002/59/EB.

4. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal vera í forsvari fyrir hana.

6. gr.
Starfsfólk.

1. Starfsmannareglur embættismanna Evrópubandalaganna, skilmálar um ráðningu annarra starfsmanna Evrópubandalaganna og reglur stofnana Evrópubandalaganna, sem samþykktar eru sameiginlega til beitingar starfsmannareglna og skilmála um ráðningu, skulu gilda um starfsfólk stofnunarinnar. Stjórnsýsluráðið skal í samráði við framkvæmdastjórnina samþykkja nauðsynlegar og nákvæmar reglur um gildissvið.

2. Hvað varðar eigið starfsfólk skal stofnunin fara með það umboð sem tilnefningaryfirvaldi er falið samkvæmt starfsmannareglum og skilmálum um ráðningu annarra starfsmanna, með fyrirvara um 16. gr.

3. Starfsmenn stofnunarinnar skulu vera embættismenn skipaðir eða studdir af framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum tímabundið eða aðrir starfsmenn sem stofnunin ræður eftir þörfum til að sinna verkefnum hennar.

7. gr.
Sérréttindi og friðhelgi.

Bókunin um sérréttindi og friðhelgi bandalaganna skal gilda um stofnunina og starfsfólk hennar.

---

[10] Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

8. gr.
Ábyrgð.

1. Samningsbundin ábyrgð stofnunarinnar fer eftir gildandi lögum um viðkomandi samning.

2. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa lögsögu til að kveða upp dóma samkvæmt gerðardómsákvæði sem kann að vera í samningi sem stofnunin gengur að.

3. Ef um er að ræða ósamningsbundna ábyrgð skal stofnunin, í samræmi við almennar meginreglur sem hafa samhljóm í lögum aðildarríkjanna, bæta hvert það tjón sem deildir hennar eða starfsmenn í þjónustu hennar valda í tengslum við að rækja skyldur sínar.

4. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa lögsögu í ágreiningsmálum sem tengjast bótakröfum sem getið er um í 4. málsgrein.

5. Persónuleg ábyrgð starfsmanna stofnunarinnar gagnvart henni skulu lúta ákvæðum sem kveðið er á um í starfsmannareglum og skilmálum um ráðningu sem gilda um þá.

9. gr.
Tungumál.

1. Ákvæðin sem kveðið er á um í reglugerð nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu[11] skulu gilda um stofnunina.

2. Þýðingaþjónustan sem þarf til að stofnunin geti starfað skal veitt af Þýðingamiðstöð stofnana Evrópusambandsins.

10. gr.
Stofnun og valdsvið stjórnsýsluráðsins.

1. Hér með er sett á stofn stjórnsýsluráð.

2. Stjórnsýsluráðið skal:

a. skipa framkvæmdastjórann samkvæmt 16. gr.;

b. samþykkja, fyrir 30. apríl á hverju ári, almenna skýrslu stofnunarinnar fyrir árið á undan og senda aðildarríkjunum, Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni;

c. taka til athugunar, á grundvelli undirbúnings að gerð vinnuáætlunarinnar, beiðnir frá aðildarríkjunum um tækniaðstoð, eins og um getur í ii-lið c-liðar 2. gr;

d. samþykkja, ekki seinna en 31. október á hverju ári, og að teknu tilliti til álits framkvæmdastjórnarinnar, vinnuáætlun stofnunarinnar fyrir næsta ár og senda hana til aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Þessi vinnuáætlun skal samþykkt með fyrirvara um árlega fjárlagagerð bandalagsins. Ef framkvæmdastjórnin lýsir sig ósamþykka vinnuáætluninni innan 15 daga frá því hún er samþykkt skal stjórnsýsluráðið endurskoða áætlunina og samþykkja hana, hugsanlega með breytingum, innan tveggja mánaða í annarri umræðu annað hvort með tveimur þriðju hluta atkvæða meirihluta, þar með taldir fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, eða með samhljóða samþykki fulltrúa aðildarríkjanna;

e. samþykkja niðurstöður fjárlaga stofnunarinnar fyrir upphaf fjárhagsárs, aðlaga þau ef nauðsyn krefur, með hliðsjón af framlagi bandalagsins og öðrum tekjuliðum stofnunarinnar;

f. setja vinnureglur um ákvarðanatöku framkvæmdastjórans;

---

[11] Stjtíð. EB 17, 6.10.1958, bls. 385/ 58. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

g. marka stefnu um heimsóknirnar sem eiga að fara fram samkvæmt 3. gr.;
h. sinna skyldum stofnunarinnar í tengslum við fjárlög hennar samkvæmt 18., 19. og 21. gr.;
i. beita framkvæmdastjórann og sviðsstjórum sem um getur í 3. mgr. 15 gr. agavaldi;
j. setja sér starfsreglur.

11. gr.

Samsetning stjórnsýsluráðsins.

1. Stjórnsýsluráð skal skipað einum fulltrúa frá hverju aðildarríki og fjórum fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar svo og fjórum fagmönnum úr geirum sem málið varðar mest, tilnefndir af framkvæmdastjórninni, án atkvæðisréttar.

Fulltrúa í ráðið skal skipa á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðiþekkingar á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun af völdum skipa.

2. Hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu tilnefna fulltrúa sína í stjórnsýsluráðið sem og varamann sem verður staðgengill fulltrúans í fjarveru hans/hennar.

3. Skipunartími skal vera fimm ár. Skipunartíma má endurnýja einu sinni.

4. Ef við á skal koma á samstarfi við fulltrúa þriðju landa og setja skilyrði þar að lútandi í tilhöguninni sem vísað er til í 2. mgr. 17. gr.

12. gr.

Formennska í stjórnsýsluráðinu.

1. Stjórnsýsluráðið skal kjósa formann og varaformann úr sínum röðum. Varaformaður skal sjálfkrafa taka sæti formanns sé honum/henni ekki fært að sinna skyldum sínum.

2. Skipunartími formanns og varamanns skal vera þrjú ár og skal hann renna út þegar þeir hætta í stjórnsýsluráðinu. Unnt skal vera að endurnýja skipunartíma einu sinni.

13. gr.

Fundir.

1. Formaður skal boða til funda stjórnsýsluráðs.

2. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal taka þátt í umræðum.

3. Stjórnsýsluráð skal halda reglubundinn fund tvisvar sinnum á ári. Að auki skal það koma saman að frumkvæði formannsins eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða þriðjungs aðildarríkjanna eða Evrópuþingsins.

4. Ef um er að ræða álitamál um trúnað eða hagsmunaárekstra má stjórnsýsluráðið ákveða að kanna tiltekna liði dagskrár þess án nærveru tilnefndra fulltrúa í hlutverki sínu sem sérfræðingar fyrir hönd þeirra greina sem málið varðar helst. Kveða má nánar á um beitingu þessa ákvæðis í reglum um málsmeðferð.

5. Stjórnsýsluráðið má bjóða hverjum þeim sem kann að hafa eitthvað til málanna að leggja að sitja fundi þess sem áheyrnarfulltrúi.

6. Fulltrúar í stjórnsýsluráði mega, með fyrirvara um ákvæði starfsreglna, njóta aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga.

7. Stofnunin skal sjá um rekstur aðalskrifstofu stjórnsýsluráðs.

14. gr.

Atkvæðagreiðsla.

1. Stjórnsýsluráðið skal taka ákvarðanir með tveimur þriðju meirihluta atkvæða.

2. Hver nefndarmaður skal hafa eitt atkvæði. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal ekki greiða atkvæði.

Í fjarveru fulltrúa skal varamaður hans/hennar hafa atkvæðisrétt hans/hennar.

3. Í reglum um málsmeðferð skal koma fram nánari tilhögun atkvæðagreiðslu, einkum þau skilyrði sem fulltrúi þarf að uppfylla til að koma fram fyrir hönd annars fulltrúa.

15. gr.

Skyldur og valdsvið framkvæmdastjóra.

1. Stofnuninni skal stjórnað af framkvæmdastjóra hennar sem skal vera algjörlega óháður í tengslum við að rækja skyldur sínar án þess að brjóta í bága við valdsvið framkvæmdastjórnarinnar og stjórnsýsluráðs.

2. Skyldur og valdsvið framkvæmdastjórans eru eftirfarandi:

a. hann/hún skal semja vinnuáætlun og leggja hana fyrir stjórnsýsluráðið að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Hann/hún skal gera viðeigandi ráðstafanir um framkvæmd hennar. Hann/hún skal svara öllum beiðnum um aðstoð frá framkvæmdastjórninni eða frá aðildarríki í samræmi við c-lið 2. mgr. 10. gr.;
b. hann/hún skal ákveða að fara í þær heimsóknir sem kveðið er á um í 3. gr., að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og í samræmi við stefnuna sem stjórnsýsluráðið markar samkvæmt g-lið 2. mgr. 10. gr.;
c. hann/hún skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þar með talið að samþykkja innri stjórnsýslufyrirmæli og birtingu tilkynninga, til að tryggja starfsemi stofnunarinnar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar;
d. hann/hún skal skipuleggja skilvirkt eftirlitskerfi svo unnt sé að bera saman árangur stofnunarinnar við sett markmið hennar. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórinn gera drög að almennri skýrslu á hverju ári og leggja hana fyrir stjórnsýsluráðið. Hann/hún skal koma á fót reglulegu matsferli sem uppfyllir viðurkennda fagstaðla;
e. hann/hún skal fara með umboð sitt hvað varðar starfsfólk svo sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.
f. hann/hún skal gera áætlun um tekju- og gjaldaliði stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. og skal hrinda fjárhagsáætluninni í framkvæmd á grundvelli 19. gr.

3. Framkvæmdastjórinn má njóta aðstoðar eins eða fleiri sviðsstjóra. Í fjarveru eða forföllum framkvæmdastjórans skal einn sviðsstjóranna taka við starfi hans.

16. gr.

Tilnefning framkvæmdastjóra.

1. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal tilnefndur á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunarhæfileika auk hæfni og reynslu sem tengist siglingaöryggi og vörnum gegn mengun af völdum skipa. Ákvarðanir stjórnsýsluráðsins skulu teknar með fjórum fimmtu hluta allra fulltrúa með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjórnin má gera tillögur um framkvæmdastjóraefni.

Stjórnsýsluráðið skal hafa vald til að segja framkvæmdastjóranum upp samkvæmt sömu málsmeðferð.

2. Skipunartími framkvæmdastjórans skal vera fimm ár. Endurnýja má skipunartímann einu sinni.

17. gr.

Þátttaka þriðju aðila.

1. Stofnunin skal vera opin til þátttöku þriðju landa sem hafa gert samninga við Evrópubandalagið og hafa innleitt og beita lögum bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun sjávar af völdum skipa.

2. Samkvæmt viðeigandi ákvæðum þessara samninga skal koma á tilhögun þar sem meðal annars skal tilgreina umfang og eðli reglna um þátttöku þessara ríkja í störfum stofnunarinnar, þar með talin ákvæði um fjárframlög og starfsfólk.

III. KAFLI
KRÖFUR UM FJÁRFRAMLAG

18. gr.

Fjárhagsáætlun.

1. Tekjur stofnunarinnar skulu vera í formi:

a. framlags frá framkvæmdastjórninni;
b. hugsanlegum framlögum frá þriðja landi sem kann að taka þátt í starfi stofnunarinnar í samræmi við 17. gr.;
c. gjalda fyrir birtingu, þjálfun og/eða þá þjónustu sem stofnunin veitir.

2. Meðal útgjalda stofnunarinnar skal telja starfsmannahald, stjórnunar-, skipulags- og rekstrarkostnað.

3. Framkvæmdastjórinn skal gera tekju- og útgjaldaáætlun fyrir næsta fjárhagsár og leggja fyrir stjórnsýsluráðið ásamt stofnáætlun.

4. Tekjur og útgjöld skulu vera í jafnvægi.

5. Stjórnsýsluráð skal, eigi síðar en 30. apríl ár hvert, samþykkja drög að fjárhagsáætlun ásamt bráðabirgðavinnuáætlun og senda hana til framkvæmdastjórnarinnar og til þeirra þriðju landa sem taka þátt í starfi stofnunarinnar í samræmi við 17. gr.

Á grundvelli þessara draga að fjárhagsáætlun skal framkvæmdastjórnin útbúa viðeigandi mat í bráðabirgðadrögum að almennu fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins sem hún leggur fyrir ráðið og Evrópuþingið í samræmi við 272. gr. sáttmálans. Gildissvið viðurkenndrar fjárhagsáætlunar bandalagsins fyrir næstu ár skal höfð til viðmiðunar.

6. Eftir samþykki almennrar fjárhagsáætlunar Evrópusambandsins skal stjórnsýsluráðið samþykkja fjárhagsáætlun stofnunarinnar og lokavinnuáætlun og aðlaga þær, ef nauðsyn krefur, að framlagi bandalagsins. Það skal senda þær án tafar til framkvæmdastjórnarinnar, fjárveitingavaldsins og til þriðju landanna sem taka þátt í starfi stofnunarinnar.

19. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætlun.

1. Framkvæmdastjórinn skal hrinda fjárhagsáætlun stofnunarinnar í framkvæmd.

2. Eftirlit með skuldbindingum, greiðsla allra útgjalda og eftirlit með öllum tekjum stofnunarinnar og innheimtu skal vera í höndum fjármálastjóra framkvæmdastjórnarinnar.

3. Ekki seinna en 31. mars á hverju ári skal framkvæmdastjórinn senda framkvæmdastjórninni, stjórnsýsluráðinu og endurskoðunarréttinum nákvæma reikninga yfir alla tekju- og gjaldaliði næstliðins árs.

Endurskoðunarrétturinn skal skoða þessa reikninga í samræmi við 248. gr. sáttmálans. Þau skulu birta skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á hverju ári.

4. Evrópuþingið skal, að fenginni tillögu frá stjórnsýsluráðinu, gefa skýrslu til framkvæmdastjóra stofnunarinnar um framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar.

20. gr.

Barátta gegn svikum.

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólögmætri starfsemi skulu ákvæði reglugerðar EB nr. 1/1073 gilda án takmarkana um stofnunina.

2. Stofnunin skal gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 2. maí 1999 um innri rannsóknir á vegum Evrópuskrifstofu gegn sviksamlegri starfsemi (OLAF) og skal án tafar gefa út viðeigandi ákvæði sem gildir um alla starfsmenn hennar.

3. Ákvarðanir sem varða fjárframlag og þeir framkvæmdasamningar og gerningar sem af þeim leiða skulu kveða á um með skýrum hætti að endurskoðunarrétturinn og OLAF megi, ef nauðsyn krefur, framkvæma skoðanir á staðnum á viðtakendum fjárframlags frá stofnuninni og þeim aðilum sem sjá um að úthluta því.

21. gr.

Fjárhagsákvæði.

Stjórnsýsluráðið skal samþykkja fjárhagsreglugerð stofnunarinnar að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar og áliti endurskoðunarréttarins. Í þessari fjárhagsreglugerð skal einkum tilgreina þá málsmeðferð sem beitt er við að semja og hrinda í framkvæmd fjárhagsáætlun stofnunarinnar, í samræmi við 142. gr. fjárhagsreglugerðarinnar frá 21. desember 1977 og gildir um fjárlög Evrópubandalaganna.[12]

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

22. gr.

Mat.

1. Innan fimm ára frá þeim degi sem stofnunin hóf að sinna skyldustörfum sínum skal framkvæmdastjórnin láta fara fram óháð ytra mat á framkvæmd þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal koma á framfæri við stofnunina hvers kyns upplýsingum sem stofnunin telur að máli skipti í tengslum við matið.

2. Matið skal leiða í ljós áhrif þessarar reglugerðar, stofnunarinnar og vinnuaðferða hennar við að koma á háu stigi siglingaöryggis og vörnum gegn mengun af völdum skipa. Stjórnsýsluráðið skal gefa út sértækt skipunarbréf með samþykki framkvæmdastjórnarinnar að höfðu samráði við aðilana sem í hlut eiga.

3. Stjórnsýsluráðið tekur við niðurstöðum um matið og gefur út tilmæli um breytingar á þessari reglugerð, stofnuninni og vinnuaðferðum hennar til framkvæmdastjórnarinnar. Bæði niðurstöður um mat og tilmæli skulu sendar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins og skulu gerðar opinberar.

23. gr.

Upphaf starfsemi stofnunarinnar.

Stofnunin skal hafa hafið starfsemi sína innan tólf mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar.

---

[12] Stjtíð. EB L 356, 31.12. 1977, bls. 1. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB, KSE, KBE) nr. 762/2001 (Stjtíð. EB 111, 20.4. 2001, bls. 1).

24. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
P. Cox.

Fyrir hönd ráðsins,
M. Arias Cañete.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að veita Siglingastofnun Íslands heimild til að annast framkvæmd væntanlegra laga um vaktstöð siglinga í samræmi við frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Með frumvarpinu er einnig lagt til að íslenskum stjórnvöldum verði veitt heimild til að gerast aðili að Siglingaöryggisstofnun Evrópu. Gert er ráð fyrir að aðildarframlag Íslands verði 1 m.kr. á ári og verði mætt innan fjárlagaramma samgönguráðuneytisins. Jafnframt er áætlað að fundir stofnunarinnar verði tvisvar til þrisvar á ári og kostnaður vegna þeirra verði u.þ.b. 1 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að þeim kostnaði verði mætt innan fjárlagaramma Siglingastofnunar og samgönguráðuneytisins. Verði frumvarpið að lögum verður því ekki um kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð.

885. Lög [336. mál]

um Vísinda- og tækniráð.

(Afgreidd frá Alþingi 28. jan.)

Samhljóða þskj. 844.

886. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneyti, Stefán Ásmundsson frá sjávarútvegsráðuneyti, Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Hermann Guðjónsson og Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun Íslands og Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Umsagnir um málið bárust frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Siglingastofnun Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hafnasambandi sveitarfélaga, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Vélstjórafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi en þá var það afgreitt úr nefndinni með nokkrum breytingum meiri hlutans. Í frumvarpinu nú hefur að nokkru verið tekið tillit til breytingartillagna meiri hlutans.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að þurrleiguskrá íslensk fiskiskip.

Meiri hlutinn telur, eftir að hafa skoðað frumvarpið ítarlega, að helstu gagnrýnisatriðin sem fram hafa komið séu á misskilningi byggð. Því er t.d. haldið fram að með því að heimila þurrleiguskráningu sé útgerðarmönnum gert kleift að ráða til sín ódýrt erlent vinnuafl í samkeppni við íslenska sjómenn. Þessi gagnrýni stenst ekki. Þurrleiguskráð skip telst ekki íslenskt skip meðan á þurrleigu stendur, sbr. 2. gr. frumvarpsins, sem felur í sér að þurrleiguskráð skip hafa ekki heimild til að stunda veiðar innan íslenskrar lögsögu né heldur er þeim heimilt að veiða úr íslenskum kvótum á alþjóðlegum hafsvæðum. Um leið og þurrleigu lýkur fer skipið aftur undir íslenskan fána og gilda þá um það íslensk lög og reglur og jafnframt íslenskir kjarasamningar.

Því hefur einnig verið haldið fram að þurrleiguskráning fiskiskipa sé í andstöðu við íslenska hagsmuni þar sem veiðar íslenskra skipa undir erlendum fána geta skapað veiðireynslu fyrir hina erlendu þjóð þegar veitt er á alþjóðlegum hafsvæðum. Við þessu er séð í frumvarpinu, sbr. a- og f-lið 2. efnismgr. 1. gr. Í f-lið, sem tekinn var upp í frumvarpið í samræmi við breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar á síðasta þingi, segir að sjávarútvegsráðuneytið skuli staðfesta, áður en heimild til þurrleiguskráningar sé veitt, að þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga. Fáist slík staðfesting ekki er Siglingastofnun ekki leyfilegt að veita heimild til þurrleiguskráningar. Skilyrði þetta ber að túlka rúmt í þeim skilningi að séu einhverjar líkur á því að veiðar skapi veiðireynslu sem gæti nýst hinu erlenda ríki beri að synja um heimild til þurrleiguskráningar. Framangreint skilyrði felur því í raun í sér að þurrleiguskráðu skipi er einungis heimilt að stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu annarra ríkja og á alþjóðlegum hafsvæðum þar sem stöðugleiki er kominn á úthlutun aflaheimilda. Með stöðugleika í þessu sambandi er átt við að úthlutun aflaheimilda sé í tiltölulega föstum skorðum. Við mat á því hvort slíkur stöðugleiki sé sé fyrir hendi verður að hafa í huga að samningar um skiptingu aflaheimilda eru sjaldnast ótímabundnir heldur koma þeir til endurskoðunar með reglulegu millibili. Við

endurskoðun slíkra samninga getur skipt máli hvort ríki hafi nýtt þær aflaheimildir sem því hefur verið úthlutað. Þannig getur veiðireynsla skapast þótt samið hafi verið um veiðar.

A-liður 2. efnismgr. 1. gr. leiðir til svipaðar niðurstöðu og f-liður. Þar er kveðið á um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytis á því að skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga geti ekki stundað þær veiðar sem þurrleiguskráða skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur. Einu veiðarnar sem íslensk skip geta ekki stundað án sérstakra heimilda eru veiðar innan lögsögu annarra ríkja og veiðar úr umsömdum kvótum annarra ríkja á alþjóðlegum hafsvæðum. Það skal tekið fram að í því felst ekki ómöguleiki, skv. a-lið 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, þótt veiðar skipa undir íslenskum fána séu óhagkvæmar eða óhagkvæmari en ef veitt væri undir erlendum fána. Óhagkvæmni veiða getur því ekki leitt til þess að skilyrði a-liðar sé uppfyllt.

Samkvæmt framansögðu verður að ætla að þær veiðar sem þurrleiguskráðum skipum verður heimilt að stunda séu hrein viðbót við þær veiðar sem nú eru stundaðar undir íslenskum fána.

Til að stunda veiðar innan lögsögu erlends ríkis hafa íslenskar útgerðir þurft að afskrá skip sín hér á landi og skrá þau í viðkomandi ríki. Því fylgir mikill kostnaður. Sé unnt að lækka kostnað og auðvelda íslenskum útgerðum að sækja á erlend mið án þess að raska hagsmunum Íslendinga mun meiri hlutinn ekki standa gegn því.

Í b-, c- og d-lið 2. efnismgr. 1. gr. eru talin upp skilyrði sem lúta að alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarsjónarmiðum. Mikilvægt er að þurrleiguskráð skip stundi ekki veiðar sem stangast á við alþjóðasamninga á þessu sviði og er það mat meiri hlutans að með framangreindum reglum sé girt fyrir það.

Meiri hlutinn leggur til þrjár breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að tímamörk þurrleiguskráningar verði lengd úr einu ári í fimm og eftir þann tíma skuli heimilt að framlengja hana um eitt ár í senn. Í þessu sambandi er rétt að minna á að heimild til þurrleiguskráningar verður ekki veitt nema samþykki veðhafa liggi fyrir. Veðhafa er frjálst að skilyrða samþykki sitt við það að heimild verði veitt til skemmri tíma en þriggja ára telji hann það nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni sína. Verður því ekki séð að þessi breyting raski hagsmunum þeirra, né annarra. Of þröng tímamörk þurrleiguskráningar geta hins vegar minnkað möguleika skipaeigenda til að þurrleigja skip sín. Með breytingunni munu sömu tímamörk gilda um þurrleiguskráningu fiskiskipa og gilda um þurrleiguskráningu kaupskipa.

Þá er lagt til að með umsókn um heimild til þurrleiguskráningar skuli fylgja upplýsingar um hvar skipi sé ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum. Eðlilegt er að þessar upplýsingar liggi fyrir svo að sjávarútvegsráðuneytið geti metið hvort skilyrði 2. efnismgr. 1. gr. séu uppfyllt.

Í 5. efnismgr. 1. gr. segir að falli heimild til þurrleiguskráningar niður samkvæmt greininni skuli Siglingastofnun fara fram á það við erlendu skipaskrána að skipið verði tafarlaust afmáð af henni. Sé skip statt á hafi úti þegar það er afmáð af hinni erlendu skipaskrá telst það samstundis íslenskt skip. Svo kann að vera ástatt um skip að það uppfylli ekki skilyrði íslenskra laga, t.d. skilyrði 3. mgr. 1. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, sem kveður á um að skipstjóri á íslensku skipi skuli vera íslenskur ríkisborgari. Í slíkum tilvikum verður að gera þá kröfu að úr lagalegum ágöllum sé bætt án ástæðulausra tafa. Rétt þykir að tiltaka hámarksfrest í þessu sambandi og þykir hæfilegt að miða við þrjá sólarhringa. Þegar skilyrði hafa verið uppfyllt ber að tilkynna Siglingastofnun um það. Brot á þessu ákvæði verður refsivert skv. 1. mgr. 23. gr. laganna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr.:

a. 4. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Heimilt er að skrá skip með þessum hætti til allt að fimm ára og framlengja þurrleiguskráningu í framhaldi af því um allt að eitt ár í senn.
b. Við 1. efnismgr. bætist nýr stafliður, c-liður, svohljóðandi: upplýsingar um hvar skipi er ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum.
c. Við 5. efnismgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Uppfylli skipið ekki skilyrði íslenskra laga ber forráðamönnum þess að sjá til þess að úr því sé bætt innan þriggja sólarhringa frá því að tilkynning berst um að það hafi verið afmáð af hinni erlendu skipaskrá. Þegar skilyrði hafa verið uppfyllt skal tilkynna það til Siglingastofnunar.

Kristján Möller og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. jan. 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Magnús Stefánsson.	Sigríður Ingvarsdóttir.

887. Fyrirspurn [540. mál]

til samgönguráðherra um Suðurstrandarveg.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því að staðið verði við fyrirheit, sem gefin voru við myndun Suðurkjördæmis um að gerð Suðurstrandarvegar árið 2003 væri forsenda kjördæmabreytinganna, og samgönguáætlun breytt í þá veru?
2. Hver er áætlaður heildarkostnaður við Suðurstrandarveg?
3. Hver er ástæða þess að fallið var frá áætlunum um að hefja gerð Suðurstrandarvegar árið 2003 eins og samgöngunefnd Alþingis hafði áður samþykkt að veita fé til?

Skriflegt svar óskast.

888. Fyrirspurn [541. mál]

til menntamálaráðherra um samræmd stúdentspróf.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Mun ráðherra endurskoða eða afturkalla ákvörðun sína um boðuð samræmd stúdentspróf á vorönn 2004 í kjölfar eindreginna mótmæla nemendafélaga, skólastjóra og kennara gegn framkvæmdinni og fresta samræmdum stúdentsprófum um óákveðinn tíma?

889. Fyrirspurn [542. mál]

til viðskiptaráðherra um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hafa verið gerðir starfslokasamningar við fyrrverandi forstjóra Byggðastofnunar? Ef svo er, hvað fólst í þeim samningum, sundurliðað í fjárhæðir og önnur hlunnindi?

Skriflegt svar óskast.

890. Frumvarp til laga [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3,00 kr.“ kemur: 3,40 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2,20 kr.“ kemur: 2,50 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „1,60 kr.“ kemur tvívegis: 1,80 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „0,32 kr.“ kemur: 0,36 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu að beiðni Endurvinnslunnar hf. sem óskaði eftir að endurskoðuð yrðu ákvæði um umsýsluþóknun í lögum nr. 52/1989, um ráðstaf-

anir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Samkvæmt 1. gr. laganna er skilagjald lagt á drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni. Fjárhæð gjaldsins er ákveðin í lögunum en ráðherra er heimilt að hækka það í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Var það síðast gert með reglugerð nr. 448/2002, um breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, og er fjárhæð skilagjaldsins nú 7,23 kr. án virðisaukaskatts.

Til viðbótar skilagjaldi er lögð umsýsluþóknun á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni til að mæta kostnaði Endurvinnslunnar hf. af söfnun, endurvinnslu eða eyðingu slíkra umbúða og annarri tengdri umsýslu. Með lögum nr. 26/2000, um breytingu á lögum nr. 52/1989, var umsýsluþóknun þessi ákveðin föst krónutala í lögum á hverja umbúðaeiningu og er hún mismunandi eftir tegund umbúða. Við ákvörðun fjárhæðar umsýslugjaldsins var tekið mið af gjöldum og tekjum sem leiðir af söfnun og endurvinnslu eða eyðingu hverrar umbúðaeiningar fyrir sig þannig að umsýsluþóknun er hærri af óhagkvæmari tegundum.

Lagt er til í frumvarpi þessu að fjárhæð umsýsluþóknunar af öllum umbúðategundum verði hækkuð í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá árinu 2000 þegar fjárhæð hennar var lögfest, eða um 13%. Frá árinu 2000 hafa verið kostnaðarhækkanir, sérstaklega hvað varðar laun verkafólks og flutninga innan lands. Kostnaður við móttöku umbúða hefur einnig aukist síðustu ár, aðallega vegna bættrar þjónustu við neytendur með samningi við SORPU um móttöku umbúða á endurvinnslustöðvum SORPU á höfuðborgarsvæðinu. Söluverð í erlendri mynt fyrir áldósir og plastflöskur til endurvinnslu hefur lækkað undanfarin missiri og einnig hefur gengisþróun verið óhagstæð. Til að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll fyrir Endurvinnsluna hf. er lögð til framangreind hækkun á umsýsluþóknun.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til hækkun umsýsluþóknunar á þær umbúðaeiningar sem lögin taka til í því skyni að treysta rekstrargrundvöll Endurvinnslunnar hf.

Miðað við óbreytt magn umbúða má gera ráð fyrir að árlegar tekjur af umsýsluþóknun sem ríkissjóður innheimtir og skilar til Endurvinnslunnar hf. hækki um tæpar 8 m.kr. frá því sem áætlað er í fjárlögum fyrir árið 2003 og verði um 66 m.kr. Reikna má með að hækkunin skili sér út í verðlag drykkjarvara.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi að öðru leyti áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

891. Frumvarp til laga [544. mál]

um Orkustofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Orkustofnun er sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Orkustofnunar er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál.
2. Að standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotnsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.
3. Að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings.
4. Að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins og hafsbotnsins.
5. Að stuðla að samvinnu þeirra sem sinna orkurannsóknum og samræmingu á rannsóknarverkefnum.
6. Að fylgjast í umboði ráðherra með framkvæmd opinberra leyfa sem gefin eru út til rannsóknar og nýtingar jarðrænna auðlinda og reksturs orkuvera, og annarra meiri háttar orkumannvirkja.
7. Að annast umsýslu Orkusjóðs.

Orkustofnun skal enn fremur annast önnur stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Orkustofnun er heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd skilgreindra verkefna, sbr. 2. og 3. tölul. 1. mgr. Leita skal staðfestingar ráðherra á samningum sem gerðir eru til lengri tíma en tveggja ára.

Orkustofnun er heimilt að hafa samvinnu við stofnanir eða fyrirtæki um þjónustustarfsemi, svo sem rekstur húsnæðis, símvörslu, tölvuþjónustu o.fl.

3. gr.

Starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Skal einingin standa undir þeim kostnaði sem af starfsemi hennar hlýst með sölu á þjónustu.

Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal sérgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Jafnframt skal fé sem varið er til kaupa á þjónustu vatnamælinga sérgreint.

4. gr.

Orkustofnun skal gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn um þau verkefni sem stofnunin vinnur að skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Skal hún endurskoðuð árlega og lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

5. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann Orkustofnunar til fimm ára í senn. Nefnist hann orkumálastjóri. Orkumálastjóri fer með stjórn og daglegan rekstur Orkustofnunar. Orkumálastjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

6. gr.

Hjá Orkustofnun skal starfa Orkuráð. Ráðherra skipar fimm menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn. Verkefni Orkuráðs skulu m.a. fólgin í ráðgjöf við framkvæmd verkefna skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. og við gerð tillagna um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Um starfssvið Orkuráðs skal nánar mælt í reglugerð.

7. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra. Orkustofnun annast daglega umsýslu Orkusjóðs.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Þetta skal gert með því:

1. að veita lán til að leita að jarðvarma þar sem hagkvæmt þykir til að draga úr kostnaði þjóðfélagsins við upphitun húsnæðis,
2. að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda,
3. að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi,
4. að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni.

Orkusjóði er ekki heimilt að veita Orkustofnun styrki eða lán af fé sjóðsins.

Tekjur Orkusjóðs eru:

1. vextir af fé sjóðsins,
2. fé það sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

Orkustofnun er heimilt að semja við aðila sem hafa heimildir til fjárvörslu lögum samkvæmt um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.

Að fenginni ráðgjöf Orkuráðs gerir Orkustofnun tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Í reglugerð skal mæla nánar fyrir um skilyrði fyrir framlögum úr Orkusjóði, undirbúning úthlutunar, lánveitingar, þ.m.t. um vexti og önnur útlánakjör, greiðslur, eftirlit með framkvæmdum sem Orkusjóður veitir fé til og heimildir til að fella niður endurgreiðsluskyldu lántaka.

8. gr.

Ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlunargerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins skal framkvæmdaraðili endurgreiða Orkustofnun þann kostnað þegar honum er veitt virkjunar- eða nýtingarleyfi. Kostnaðarliðir skulu framreiknaðir með vísitölu neysluverðs til gjalddaga. Orkustofnun skal leggja fram rökstudda greinargerð um endurgreiðslukröfu í hverju tilviki. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal hann lagður í gerð þriggja manna að kröfu annars aðila eða beggja á grundvelli laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Endurgreiddu fé skal varið til að fjármagna rannsóknir á orkulindum landsins sem gerðar eru skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara.

9. gr.

Ráðherra getur í reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Orkustofnunar og framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

I. kafli orkulaga, nr. 58/1967, og lög nr. 49/1999, um Orkusjóð, falla brott 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Iðnaðarráðherra ákveður í samráði við Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir hvaða eignir og skuldir Orkustofnunar skuli tilheyra hvorri stofnun. Þó skulu allar rannsóknaniðurstöður og gagnasöfn sem fjármögnuð hafa verið með opinberu fé áfram vera eign Orkustofnunar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta byggist á niðurstöðum nefndar sem skipuð var af Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra hinn 11. júní 2001 til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, svo og hlutverk hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga. Var nefndinni falið að koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar. Formaður nefndarinnar var Páll Hreinsson prófessor. Aðrir nefndarmenn voru Eyjólfur Árni Rafnsson, stjórnarformaður Orkustofnunar, Þorkell Helgason orkumálastjóri, Helgi Bjarnason skrifstofustjóri og Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur, sem einnig var starfsmaður nefndarinnar.

Í erindisbréfi nefndarinnar segir m.a. svo:

„Orkustofnun hefur verið falið aukið stjórnsýsluhlutverk með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í frumvarpi til raforkulaga sem ráðherra hefur lagt fram til kynningar á Alþingi og ráðherra mun leggja fram á ný á komandi haustþingi er gert ráð fyrir að stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar aukist enn til muna.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið og hlutverki hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga og koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar.

Nefndin skal meta hvernig hið aukna stjórnsýsluhlutverk samræmist núverandi skipulagi stofnunarinnar og hvort og þá hvernig þörf sé að breyta eða aðlaga skipulagið að breyttu hlutverki. Sérstaklega skal nefndin athuga hvort að nauðsynlegt sé að aðskilja orkumálahluta stofnunarinnar frá orkurannsóknahluta hennar að hluta eða öllu leyti. Ef svo er skal nefndin koma með tillögur um í hvaða formi orkurannsóknahlutinn skuli rekinn í framtíðinni."

Skilaði nefndin tillögum sínum til ráðherra 16. maí 2002. Er í frumvarpi þessu að mestu leyti byggt á niðurstöðum nefndarinnar eins og nánar er gerð grein fyrir í 3. og 4. kafla athugasemdanna.

Iðnaðarráðherra kynnti niðurstöður nefndarinnar á fundi með starfsmönnum Orkustofnunar í maí 2002. Í kjölfarið vann nefndin að gerð frumvarps til laga um Orkustofnun og frumvarps til laga um Íslenskar orkurannsóknir, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Voru drög að frumvörpum kynnt fyrir stjórnendum og fulltrúum starfsmanna stofnunarinnar

á fundi með þeim haustið 2002 og þeim boðið að senda athugasemdir við frumvörpin. Er afstaða þeirra til frumvarpsdraganna rakin í frumvarpi þessu eftir því sem efni standa til.

2. Núverandi skipulag Orkustofnunar.

Veturinn 1995/1996 starfaði nefnd á vegum iðnaðarráðherra um endurskoðun á starfsemi Iðntæknistofnunar og Orkustofnunar. Í áliti nefndarinnar sagði m.a.:

„Nefndin leggur til að starfsemi Orkustofnunar verði endurskipulögð þannig að hún verði stjórnsýslustofnun sem afli og varðveiti þekkingu á sviði orkumála og auðlinda og sé ráðherra til ráðgjafar. Vinna við rannsókna- og þjónustuverkefni, sem í dag eru unnin hjá stofnuninni fyrir ríkisfé, verði framvegis boðin út og/eða keypt á almennum markaði eins og frekast er unnt."

Ekki var gengið jafnlangt og nefndin lagði til en engu að síður fór fram veruleg uppstokkun á skipulagi og starfsháttum stofnunarinnar. Sett var ný reglugerð, nr. 632/1996, og nýtt skipurit staðfest. Megintilgangur skipulagsbreytinganna var að aðskilja ráðgjöf til stjórnvalda og stjórnun á opinberu fé til orkurannsókna frá framkvæmd rannsóknanna. Skv. 5. gr. reglugerðarinnar skiptist starfsemi stofnunarinnar í tvo meginmálaflokka, þ.e. annars vegar orkumál og hins vegar orkurannsóknir. Orkumálahlutinn, þar sem stjórnsýsla fer fram, skiptist í Auðlindadeild og Orkubúskapardeild, auk Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Undir orkurannsóknir fellur hins vegar rannsóknasvið og vatnamælingar. Er þessu lýst á eftirfarandi mynd:



3. Hagsmunaárekstrar sem kunna að verða í starfsemi Orkustofnunar.

Í áliti nefndar um skipan lögbundinna verkefna Orkustofnunar frá 16. maí 2002 er að finna greiningu á því hvort sú stjórnsýsla sem Orkustofnun hefur verið falin með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, og það hlutverk sem henni er falið í frumvarpi til raforkulaga samræmist öðrum verkefnum Orkustofnunar. Er í álitinu sérstaklega haft í huga hvort Orkustofnun og starfsmenn hennar geti orðið háðir þeim orkufyrirtækjum sem kaupa af henni þjónusturannsóknir.

Í skýrslu nefndarinnar er komist að þeirri niðurstöðu að hagsmunaárekstrar geti orðið í starfsemi Orkustofnunar vegna verkefna sem henni eru falin í gildandi lögum. Hagsmunaárekstrarnir felist í því að rannsóknasvið stofnunarinnar veiti á ákveðnu stigi þjónustu og komi að mótun verkefnis sem orkumálasvið stofnunarinnar geti á seinni stigum þurft að veita stjórnvöldum umsögn um. Nefndin telur að í þessu sambandi vakni spurning hvort starfsmenn orkumálasviðs geti talist óhlutdrægir til þess að veita umsögn um störf samstarfsmanna sinna á rannsóknasviði. Um þetta segir orðrétt í skýrslu nefndarinnar:

„Út frá viðhorfum stjórnsýslufræðinnar er talið orka tvímælis, þegar svo er um hnútana búið, að hægt sé að treysta því að í umsögn stofnunarinnar sé bent skýrlega á alla ágalla, sem samstarfsmenn innan sömu stofnunar kunna beint eða óbeint að bera ábyrgð á með ráðgjöf eða rannsóknum fyrir verkkaupa, eins og annars yrði gert ef samstarfsmenn hefðu ekki komið að verkinu. Með framangreindu fyrirkomulagi er við því að búast að stjórnvöld fái ekki eins beinskeytta og faglega ráðgjöf þar sem almennt er talin hætta á að menn veigri sér við að „bregða fæti fyrir" þau verkefni, sem sú stofnun, sem þeir vinna hjá, ber faglega ábyrgð á vegna útseldrar ráðgjafar og þjónusturannsókna."

Nefndin telur að hagsmunaárekstrar sem þessir geti einkum komið upp vegna jarðhitanýtingar en bein ráðgjöf varðandi vatnsorku sé nær engin orðin. Þá geti starf vatnamælinga Orkustofnunar, eins og þær séu reknar nú, leitt til ákveðinna árekstra sem þó séu ekki eins alvarlegir og þeir sem hér að framan var vikið þar sem ekki komi til þess að endurmeta þurfi ráðgjöf eða mat stofnunarinnar. Af þeim sökum komi almennt ekki til slíkra hagsmunaárekstra sem vert sé að hafa áhyggjur af.

Í nefndarálitinu segir að lokum um þetta efni:

„Það eru í raun iðnaðarráðherra og önnur stjórnvöld, sem byggja þurfa ákvarðanir sínar á ráðgjöf sem aflað er í formi umsagna frá Orkustofnun, sem kunna að gjalda fyrir þau vandamál sem upp koma í tilefni af framangreindum hagsmunaárekstrum Þeir geta valdið því að stjórnvöld fái ráðgjöf sem hætta er á að sé ófagleg. Mögulegir hagsmunaárekstrar valda því einnig að ráðuneytinu eru veruleg takmörk sett í því hvaða verkefni það getur falið Orkustofnun að annast í umboði sínu."

Vegna þeirra verkefna sem fela á Orkustofnun samkvæmt frumvarpi til raforkulaga segir m.a. í áliti nefndarinnar:

„Til viðbótar við þá hagsmunaárekstra sem gerð var grein fyrir hér að framan undir lið 1 bætast við vandamál er tengjast valdheimildum Orkustofnunar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga. Orkustofnun er samkvæmt frumvarpinu falið eftirlit með öllum þáttum á raforkumarkaði, þ.e. vinnslu, flutningi, dreifingu og sölu. Ber Orkustofnun að hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna, reglugerðum settum samkvæmt þeim og skilyrðum leyfis, sé fullnægt. Getur stofnunin lagt á dagsektir til að knýja á um að svo sé. Getur Orkustofnun (þ.e.a.s. rannsóknahluti hennar) lent í þeirri aðstöðu að vinna sem verktaki fyrir orkufyrirtæki og á sama tíma þurft að beita valdheimildum sínum til að knýja á um að farið sé að lögunum. Valdheimildir Orkustofnunar til þess að setja flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum árlega

ákveðin tekjumörk, sbr. 12. og 17. gr. frumvarpsins, eru annað dæmi um þá alvarlega hagsmunaárekstra sem geta komið upp verði frumvarp til raforkulaga að lögum. Hér er um að ræða opinbert vald sem skiptir þessi fyrirtæki miklu hvernig farið er með. Þar sem frumvarpið gerir ekki kröfu um fyrirtækjaaðskilnað á milli vinnslu og dreifingu á raforku hjá þeim fyrirtækjum sem annast hvort tveggja, getur Orkustofnun (þ.e.a.s. rannsóknahluti hennar) lent í þeirri aðstöðu að vinna sem verktaki annars vegar fyrir orkufyrirtæki varðandi vinnsluþáttinn og hins vegar að hinn stjórnsýslulegi hluti stofnunarinnar fari með valdheimildir til þess að setja sama fyrirtæki árleg tekjumörk varðandi dreifingarþáttinn. Slík hagsmunatengsl eru ósamrýmanleg því opinbera hlutverki sem rækt er í þágu neytenda að ákveða árlega ákveðin tekjumörk fyrir dreifiveitur skv. 17. gr. frumvarpsins. Í raun eiga svipuð sjónarmið við þó að gert væri ráð fyrir fyrirtækjaaðskilnaði þar sem vinnsla, dreifing, flutningur og sala geta verið innan sömu fyrirtækjasamsteypunnar.

Í 32. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að framselja Orkustofnun leyfisveitingarvald. Þessi heimild getur skapað einna alvarlegustu hagsmunaárekstrana. Veiti ráðherra Orkustofnun vald til að veita virkjanaleyfi verða í raun allar þjónusturannsóknir og sérfræðileg ráðgjöf við einstaka umsækjendur ósamrýmanlegar handhöfn leyfisveitingarvaldsins. Ef heimild 32. gr. yrði nýtt að fullu verður að telja óhjákvæmilegt að Orkustofnun léti af öllum þjónusturannsóknum og sérfræðilegri ráðgjöf til þeirra fyrirtækja sem væru að undirbúa umsókn að opinberu leyfi samkvæmt lögunum.

Í raforkulagafrumvarpinu er ráðgert að fela Orkustofnun opinbert eftirlit sem er miklum mun umfangsmeira en stofnunin hefur nokkurn tíma haft á hendi, sbr. 24. gr. frumvarpsins. Í greininni er kveðið á um hlutverk Orkustofnunar sem felst í eftirliti með því að farið sé að ákvæðum laganna, reglugerða settum samkvæmt þeim og öðrum heimildum sem um starfsemina gilda, svo sem leyfum og samningum. Á þetta bæði við um starfsemi á samkeppnis- og sérleyfissviði. Löggildingarstofu er þó falið afmarkað hlutverk er snertir eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi, sbr 28. gr. frumvarpsins. Hvað flutningsfyrirtækið varðar ber Orkustofnun t.d. að hafa eftirlit með því að fyrirtækið byggi flutningskerfið upp og viðhaldi því með tilliti til öryggis, hagkvæmni og skilvirkni kerfisins. Í því sambandi getur Orkustofnun þurft að meta hvort að byggja eigi línur eða ekki. Þá verður Orkustofnun að fylgjast með því að flutningsfyrirtækið sinni kerfisstjórnunarhlutverki sínu. Sama á við um dreifiveitur. Orkustofnun verður einnig að meta og samþykkja gjaldskrár flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna sbr. 12. og 17. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í athugasemdum við 24. gr. frumvarpsins fléttast óhjákvæmilega inn í gjaldskráreftirlit ákveðið tæknilegt mat, svo sem á gæðum raforku og nauðsyn viðhalds, endurbyggingar eða nýbyggingar. Orkustofnun eru fengnar víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar í þágu eftirlits síns í 25. gr. Í 26. gr. eru Orkustofnun fengin þvingunarúrræði í hendur gagnvart umræddum fyrirtækjum sinni þau ekki ákvörðunum Orkustofnunar.

Í ljósi þess víðtæka eftirlits sem Orkustofnun er falið og þar með þeirrar eðlisbreytingar sem stofnunin mun taka verður að telja að sala á þjónusturannsóknum og ráðgjöf til orkufyrirtækja fari illa saman við þetta opinbera eftirlitshlutverk. Á sama hátt og það er augljóst að það færi illa saman við eftirlitsskyldur Samkeppnisstofnunar og Póst- og fjarskiptastofnunar að leyfa þeim að selja sérfræðilega ráðgjöf á sviði samkeppnismála og fjarskiptamála, virðist ljóst að sala á þjónusturannsóknum og ráðgjöf muni falla illa að starfsemi Orkustofnunar sem eftirlitsstofnunar samkvæmt ákvæðum frumvarps til raforkulaga. Með nýjum raforkulögum er við því að búast að hagsmunaárekstrar komi skýrt upp á yfirborðið þar sem þá verður orðin samkeppni á milli framleiðenda og seljanda raforku. Sú grundvallarbreyting verður frá gildandi rétti með nýjum raforkulögum að það eru neytendur og orkufyrirtæki, sem

starfa á samkeppnisgrundvelli, sem koma til með að gjalda fyrir þau vandamál sem upp koma í tilefni af framangreindum hagsmunaárekstrum. Sem dæmi má nefna að þegar tvö eða fleiri fyrirtæki sækjast eftir rannsóknarleyfi á sama svæði og rannsóknasvið Orkustofnunar er ráðgjafi eins þeirra verður því vafalítið haldið fram að aðgerðir Orkustofnunar séu farnar að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna og allir starfsmenn Orkustofnunar séu vanhæfir til þess að láta í té umsögn til iðnaðarráðherra á grundvelli 40. gr. frumvarpsins. Ekki er við því að búast að framleiðendur og seljendur raforku uni við neinar þær aðgerðir Orkustofnunar varðandi sölu á þjónusturannsóknum og sérfræðilegri aðstoð sem raskað geta samkeppnisstöðu. Við kynningu á frumvarpi til raforkulaga sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi og í þeim athugasemdum sem orkufyrirtæki sendu iðnaðarnefnd kom fram hjá sumum þeirra að þau töldu hættu á hagsmunaárekstrum verði eftirlitshlutverk Orkustofnunar samkvæmt frumvarpinu ekki skilið frá þeirri starfsemi er lýtur að því að veita orkufyrirtækjum þjónustu á rannsóknasviði."

Hagsmunaárekstrar geta því að vissu marki komið upp án þess að nokkrar breytingar verði gerðar á hlutverki Orkustofnunar. Sambærilegir hagsmunaárekstrar geta komið upp hjá fleiri ríkisstofnunum en Orkustofnun sem gegna jöfnum höndum þjónustuhlutverki og umsagnarhlutverki. Þeir hagsmunaárekstrar sem um er að ræða eru einir og sér ekki þess eðlis að þeir kalli á breytingar á skipulagi Orkustofnunar. Hins vegar er ljóst að verði stofnuninni falið hið aukna hlutverk sem felst í frumvarpi til raforkulaga eða sambærilegt hlutverk á öðrum sviðum verða hagsmunaárekstrarnir af þeim toga að bregðast verður við til að koma í veg fyrir þá. Þá verður að telja æskilegt að stuðlað verði að því styrkja megi frekar stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar þannig að í auknum mæli megi fela stofnuninni stjórnsýsluhlutverk sem iðnaðarráðuneytið hefur sinnt. Með því móti verður m.a. tryggt að stjórnvaldsákvarðanir verða kæranlegar til æðra stjórnsýslustigs.

4. Helstu tillögur um breytingar.

4.1.1. Breytingar á skipulagi Orkustofnunar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skipulagi Orkustofnunar verði breytt svo að koma megi í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem lýst hefur verið í 3. kafla. Við gerð frumvarpsins voru einkum þrjár leiðir skoðaðar. Í upphafi var einkum skoðað hvort rétt væri að skilja Orkustofnun í tvær stofnanir þannig að núverandi orkumálahluti tilheyrði annarri, þ.e. Orkustofnun, og núverandi orkurannsóknahluti tilheyrði hinni, þ.e. Íslenskum orkurannsóknum. Var þetta tillaga nefndarinnar. Að mati nefndarinnar var þó ekki útilokað að vatnamælingar gætu fylgt stjórnsýslueiningunni. Nefndin taldi engu að síður eðlilegra að telja vatnamælingar til rannsóknareiningarinnar þar sem það ylli minnstri röskun á núverandi skipulagi stofnunarinnar. Var þessi leið kynnt stjórnendum og fulltrúum starfsmanna stofnunarinnar. Í skriflegum athugasemdum starfsmanna rannsóknasviðsins og vatnamælinga kom fram afstaða þeirra til nýs fyrirkomulags á rannsóknahlutanum. Starfsmenn rannsóknasviðsins töldu rétt að stofnuninni yrði skipt í tvo hluta með svipuðum hætti og lýst er að ofan. Starfsmenn vatnamælinga töldu á hinn bóginn rétt að skipta stofnuninni í þrjár stofnanir þannig að orkumálahluti stofnunarinnar yrði ein stofnun, rannsóknasviðið önnur og vatnamælingar hin þriðja. Í þessu sambandi var á það bent að vatnamælingar hafa verið reknar sem fjárhagslega sjálfstæð rekstrareining með aðskilið bókhald frá öðrum hlutum stofnunarinnar frá árinu 1997. Þá kom fram að engin fagleg eða verkefnaleg rök væru fyrir því að hafa vatnamælingar og rannsóknasviðið saman í einni stofnun. Rekstrarlegt hagræði gæti fengist eftir sem áður, t.d. með sameiginlegum rekstri í svonefndum orkugarði. Einnig sagði að stór hluti vatnamælinga og skyldrar starfsemi í landinu færi fram hjá Landsvirkjun og Veiðimálastofnun.

Með sameiningu þessarar starfsemi við vatnamælingar mætti ná fram hagræðingu í almennum vatnafræðilegum rannsóknum. Binding vatnamælinga við rannsóknasviðið gæti minnkað möguleika á að ná fram slíkri hagræðingu.

Fallast má á að starfsemi vatnamælinga sé ólík starfsemi rannsóknasviðsins að mörgu leyti. Greinir þar helst á milli að rannsóknir vatnamælinga eru einkum öflun grunnupplýsinga sem ekki eru unnar í samkeppni við aðra aðila, enda þótt sú starfsemi sé að verulegu leyti kostuð af öðrum en ríkinu, einkum af Landsvirkjun. Kunna því ólík sjónarmið að vera um rekstrarfyrirkomulag vatnamælinga og annarra rannsóknarþátta sem rannsóknahluti Orkustofnunar kemur nú að. Eru það veigamikil rök gegn því að fara þá leið sem fyrst var nefnd þar sem að því er stefnt að Íslenskar orkurannsóknir geti lagað sig sem best að því markaðsumhverfi sem stofnuninni er ætlað að starfa í. Á hinn bóginn er ekki tímabært að stofna sérstaka stofnun um vatnamælingar. Áður en það er gert þarf að móta skýra heildarstefnu í rannsóknum og vöktun á vatnafari landsins. Með því að láta vatnamælingar fylgja stjórnsýslustofnuninni en ekki rannsóknastofnuninni eins og fyrst kom til athugunar skapast betra svigrúm til að kanna frekar hvort rétt sé að stuðla að frekari samvinnu þeirra aðila sem starfa á svipuðum vettvangi og hvort rétt sé að sameina starfsemi stofnana sem stunda vatnafarsrannsóknir. Er að því stefnt að slík vinna fari sem fyrst af stað. Að slíkri athugun lokinni kann að þurfa að endurskoða 3. gr. frumvarpsins.

Þar sem starfsemi vatnamælinga felst fyrst og fremst í söfnun upplýsinga og rannsóknum tengdum þeim en ekki ráðgjöf við greiningu þeirra á grundvelli mælinga og rannsókna er starfsemi vatnamælinga ekki ósamrýmanleg stjórnsýsluhlutverki Orkustofnunar.

Á grundvelli framangreindra raka er í frumvarpi þessu lagt til að farin verði sú leið að rannsóknasviðið verði skilið frá Orkustofnun og sérstök stofnun, Íslenskar orkurannsóknir, sett á fót til að sinna hlutverki sviðsins. Um hlutverk Íslenskra orkurannsókna er fjallað í frumvarpi til laga um Íslenskar orkurannsóknir sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Við stofnun Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna 1978 fól ríkisstjórnin Orkustofnun að sjá um rekstur skólans og semja við Háskóla Sameinuðu þjóðanna þar um. Jarðhitaskólinn er nú vistaður hjá orkumálahluta Orkustofnunar. Á hinn bóginn annast rannsóknasviðið, sem heyrir undir orkurannsóknahlutann, liðlega helming af kennslunni samkvæmt verksamningum við skólann. Í athugasemdum starfsmanna rannsóknasviðsins við drög að frumvarpi þessu kemur fram sú skoðun að náin tengsl við Jarðhitaskólann séu mikilvæg. Ekki séu rök fyrir því að Jarðhitaskólinn tilheyri orkumálahlutanum heldur eigi samningurinn um hann að fylgja rannsóknahlutanum nema hann verði gerður að sjálfstæðri stofnun. Starfsmenn Jarðhitaskólans telja óæskilegt að Jarðhitaskólinn verði hluti af Íslenskum orkurannsóknum við uppskiptingu Orkustofnunar. Benda þeir á að skólinn semji ekki aðeins við rannsóknasvið Orkustofnunar heldur einnig við Háskóla Íslands, aðrar rannsóknastofnanir, orkufyrirtæki og verkfræðistofur um vinnuframlag. Nábýli við Íslenskar orkurannsóknir sé þó mjög mikilvægt fyrir skólann vegna aðgangs að jarðhitasérfræðingum og rannsóknastofum á heimsmælikvarða. Þetta hafi raunar verið grundvallaratriði þegar ákveðið var að vista skólann hjá Orkustofnun en ekki Háskóla Íslands við stofnun hans 1978. Að mati starfsmanna Jarðhitaskólans á skólinn takmarkaða samleið með Orkustofnun eftir að rannsóknasviðið hefur verið skilið frá stofnuninni, en ætti vel heima sem sjálfstæð stofnun í Orkugarði í sambýli við Íslenskar orkurannsóknir og Orkustofnun, enda sé t.d. aðgangur að bókasafni Orkustofnunar skólanum mikilvægt.

Ekki þykir rétt að ákvarða með lögum um Orkustofnun hvar Jarðhitaskólinn sé vistaður eða setja á fót sérstaka stofnun um hann, a.m.k. ekki á þessu stigi. Eins og nefndin bendir á í skýrslu sinni getur núverandi fyrirkomulag haldið áfram enda þótt umræddur aðskilnaður

verði og hin nánu tengsl sem nú eru milli rannsóknasviðsins og Jarðhitaskólans því haldist.

Í skýrslu sinni bendir nefndin á að breytt fyrirkomulag Orkustofnunar gefi kost á að færa saman stjórnsýslu Orkusjóðs og stjórnsýslueiningarinnar. Með því móti megi komast hjá fyrirsjáanlegum tvíverknaði og skörun sem kunni að leiða af því að bæði Orkusjóður og Orkustofnun standi fyrir áætlanagerð um orkurannsóknir. Í frumvarpi þessu er í samræmi við þessar ábendingar nefndarinnar lagt til að Orkusjóður verði hluti af stjórnsýslu Orkustofnunar og lög nr. 49/1999 falli niður. Umsýslan getur þó áfram verið á Akureyri, enda hefur Orkustofnun nú þegar útibú þar bæði á sviði orkurannsókna og stjórnsýslu orkumála. Jafnframt er lagt til að það hlutverk sem Orkusjóður hefur haft frá gildistöku laga nr. 49/1999 við fjármögnun grunnrannsókna falli niður en sjóðurinn hafi áfram það hlutverk að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með stuðningi við ýmsar framkvæmdir og verkefni á sviði orkumála er tengjast leit og öflun jarðvarma, hagkvæmri orkunotkun og tækjum og búnaði sem ætla má að leitt geti til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Eins og vikið var að í 2. kafla var gerð sú breyting á skipulagi Orkustofnunar í upphafi árs 1997 að henni var skipt upp í sjálfstæðar rekstrareiningar þar sem meginskilin eru annars vegar milli orkurannsóknahluta og hins vegar orkumálahluta. Þessar megineiningar voru einnig aðgreindar stjórnunarlega að því frátöldu að þær heyra undir einn forstöðumann, þ.e. orkumálastjóra. Í ljósi þess hversu mikill aðskilnaður er nú í stjórnun og rekstri á milli einstakra hluta Orkustofnunar þarf skipting stofnunarinnar í samræmi við þá afmörkun sem lögð er til í frumvarpinu ekki að hafa eins miklar breytingar í för með sér og í fljótu bragði mætti ætla. Geta Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir til að mynda áfram haft ákveðið samstarf um ýmsa sameiginlega þjónustu. Eftir breytingarnar getur gróf mynd af skipulagi Orkustofnunar litið þannig út:



4.1.2. Hlutverk Orkustofnunar.

Verkefni Orkustofnunar verða víðtæk. Tekur stofnunin við öllum núverandi verkefnum orkumálasviðs Orkustofnunar, svo sem orkubúskaparmálum og auðlindamálum og öllum núverandi verkefnum vatnamælinga. Þetta felur m.a. í sér að fjárveitingar ríkisins til rannsókna á sviði orkumála fara allar um hendur Orkustofnunar, sem kaupir svo rannsóknir af þeim aðilum sem bjóða fram slíka þjónustu. Þá mun innra skipulagi Orkustofnunar verða háttað svo að stjórnsýsluhlutinn verður fjárhagslega aðskilinn frá vatnamælingum líkt og nú er og mun áfram kaupa þjónustu af vatnamælingum. Þessu skipulagi var í raun komið á með skipulagsbreytingunum á Orkustofnun 1997. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð, en með

því er reynt að fyrirbyggja hugsanlega niðurgreiðslu á seldri þjónustu í orkurannsóknum og þar með hugsanlega brenglun á samkeppnisstöðu þar eð þjónusta rannsóknahlutans við ríkið lýtur sömu lögmálum og gagnvart öðrum. Jafnframt hefur þetta leitt til markvissari vinnubragða við framkvæmd rannsókna fyrir opinbert fé.

Með lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, var Orkustofnun enn falið aukið stjórnsýsluhlutverk sem felst m.a. í afgreiðslu á umsóknum um niðurgreiðslu og ákvörðunartöku um hvort þær skuli niður falla og gerð áætlunar um orkunotkun þar sem það á við.

Auk framangreindra verkefna er fyrirsjáanlegt að stofnuninni verði falin enn frekari verkefni verði frumvarp til raforkulaga að lögum. Þá gætu fleiri stjórnsýsluverkefni færst úr iðnaðarráðuneyti til slíkrar stofnunar. Kosturinn er eins og áður segir m.a. sá að skapa rúm fyrir málskot til æðra stjórnvalds.

4.1.3. Stjórn Orkustofnunar og innra skipulag.

Samkvæmt 1. gr. orkulaga, nr. 58/1967, er þriggja manna stjórn yfir Orkustofnun. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000, sem út kom í febrúar 2002, lýsir Ríkisendurskoðun því áliti sínu að í þeim tilvikum þegar bæði stjórn og forstöðumaður eru sett yfir stofnun skapist óvissa um skiptingu ábyrgðar og er lagt til að kannað verði hvort nauðsynlegt sé að starfrækja stjórnir í öllum þeim stofnunum þar sem þær eru nú. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til á stofnuninni er ekki talin þörf á að sérstök stjórn fjalli um rekstrarleg málefni hennar. Stjórn Orkustofnunar kemur þó ekki aðeins að slíkum málum heldur einnig faglegri stefnumörkun. Hefur stjórnin veitt stofnuninni mikinn styrk á þessu sviði sem er æskilegt að viðhalda. Verður það best gert með því að skipa fagráð orkumálastjóra til ráðgjafar í stefnumarkandi málum. Þannig verður engin óvissa um hvar ábyrgð í rekstri og stefnumótun liggur en jafnframt tryggt að orkumálastjóri hafi eftir sem áður stuðning fagaðila eftir því sem þörf er á. Er lagt til að Orkuráð verði orkumálastjóra til ráðgjafar og breytist skipan og hlutverk Orkuráðs sem starfar á grundvelli laga nr. 49/1999, um Orkusjóð, samkvæmt því.

Innra skipulag Orkustofnunar getur verið með ýmsu móti, eftir að rannsóknasviðið hefur verið aðskilið frá öðrum hlutum Orkustofnunar. Í frumvarpi þessu er ekki fjallað um innra skipulag stofnunarinnar að öðru leyti en því að skilja fjárhagslega á milli stjórnsýsluhlutans og vatnamælinga.

4.1.4. Heiti stofnunarinnar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að heitið „Orkustofnun" fylgi stjórnsýsluhlutanum. Í athugasemdum starfsmanna rannsóknasviðsins við frumvarp þetta kemur fram sú skoðun að heitið „Orkustofnun" eigi að fylgja rannsóknasviðinu. Í þessu sambandi kemur fram að „Orkustofnun" hafi um áratuga skeið verið byggt upp sem nafn á vísindalegri jarðfræða- og jarðhitastofnun á alþjóðlega vísu. Með því að rannsóknasviðið geti ekki notað nafnið sé verið að skaða áratuga markaðsstarf erlendis. Taka má undir þessar röksemdir að nokkru leyti. Hins vegar er rétt að miða við að Íslenskum orkurannsóknum kunni síðar að vera breytt í hlutafélag. Heiti með orðinu „stofnun" á illa við um hlutafélag þar sem það ber með sér að um opinberan aðila sé að ræða. Þá má að lokum benda á að þar sem Orkustofnunar er getið í öðrum gildandi lögum vísar það ávallt til þess hluta Orkustofnunar sem ekki er lagt til að skilinn verði frá stofnuninni. Ætti rannsóknastofnunin að erfa það heiti þyrfti því að breyta öðrum lögum og t.d. einnig nýframlögðu frumvarpi til raforkulaga. Að nafninu „Orkustofn-

un“ slepptu er það tillaga starfsmanna rannsóknasviðsins að hin nýja stofnun heiti „Íslenskar orkurannsóknir“ og er svo gert í frumvarpi til laga um hina nýju stofnun.

4.1.5. Orkugarður.

Í áliti nefndarinnar er bent á þann möguleika að setja á fót svonefndan „orkugarð“. Um þetta segir í skýrslu nefndarinnar:

„Orkustofnun í núverandi mynd hefur verið mikilvæg og farsæl opinber stofnun á sviði orkumála. Mikilvægt er að viðhalda eftir föngum þeirri þekkingu og færni sem safnast hefur saman á stofnuninni í einni heild, enda þótt ný verkefni og ný viðhorf kalli á formlegan aðskilnað. Því ítrekar nefndin ofangreind sjónarmið um að ekkert sé því í vegi að arftakar Orkustofnunar séu saman í húsakynnum og nýti eftir föngum sameiginlega þjónustu. Nefndinni er kunnugt um hugmynd sem verið hefur að fæðast um e.k. „orkugarð“, sem væri sameiginleg húsakynni fyrir núverandi Orkustofnun, aðrar skyldar ríkisstofnanir og sprotafyrirtækja á sviði orkurannsókna og jafnvel fleiri. Þessir aðilar gætu haft gagn af sameiginlegri þjónustu eins og bókasafni, tölvumiðstöð o.fl. ...

Nefndin telur þessar hugmyndir áhugaverðar og æskilegt að þær verði kannaðar frekar. Nefndin sér ekki að það stangist á við þá skipan Orkustofnunar sem hér hefur verið reifuð að hún, eða arftakar hennar, eigi aðild að slíkum orkugarði, enda sé samkeppnissjónarmiða gætt.“

Þessum hugmyndum má lýsa svo á myndrænan hátt:



Starfsemi í hugsanlegum „orkugarði“: Einingar núverandi Orkustofnunar eru sýndar í ljósgráum kössum, en nýjar einingar í ávölum dökkgráum kössum. Hugsanlegir nýir aðilar eru sýndir í sporöskjulaga flötum.

Í athugasemdum starfsmanna rannsóknasviðs Orkustofnunar við drög að frumvarpinu var lagt til að fyrirkomulag orkugarðs yrði lögfest. Ekki er í frumvarpi þessu fallist á slíka lögfestingu þar sem með því væri svigrúm Orkustofnunar og Íslenskra orkurannsókna til að

bregðast í framtíðinni við hugsanlegum breytingum í starfsemi þeirra þrengt óþarflega. Hins vegar verður að leggja áherslu á að í framtíðinni verði búið svo um hnútana að eftir föngum verði viðhaldið þeirri þekkingu og færni sem skapast hefur á Orkustofnun í sambúð orkumálahlutans og orkurannsóknahlutans að gættum þeim markmiðum sem fullum aðskilnaði þessara eininga er ætla að ná. Telja verður að þær hugmyndir sem lýst er í skýrslu nefndarinnar um orkugarð geti verið skynsamlegur kostur. Þjónustueining Orkustofnunar gæti þá þjónustað báðar einingarnar áfram og hugsanlega aðra þá sem kynnu að vilja vera í slíkum „orkugarði".

4.1.6. Stutt samantekt á tillögum frumvarpsins.

Megintillögur frumvarpsins felast samkvæmt ofansögðu í eftirfarandi atriðum:

- Að rannsóknasvið Orkustofnunar verði lagt niður. Samkvæmt frumvarpi til laga um Íslenskar orkurannsóknir mun ný stofnun, Íslenskar orkurannsóknir, sinna þeim verkefnum sem rannsóknasviðið hefur gert.
- Að Orkustofnun fari með það hlutverk sem hún hefur að öðru leyti haft auk þess sem hún taki að sér frekara hlutverk eftir því sem mælt verði fyrir um í lögum, reglugerðum eða samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni.
- Að ekki verði sérstök stjórn yfir Orkustofnun heldur verði sett á fót fagráð, Orkuráð, sem verði Orkustofnun til ráðgjafar í vissum málum.
- Lög um Orkusjóð verði felld úr gildi en Orkustofnun annist umsýslu Orkusjóðs. Þeir fjármunir sem nú renna í Orkusjóð samkvæmt fjárlögum og lögum um Orkusjóð renni til Orkustofnunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að Orkustofnun verði sérstök ríkisstofnun er heyri undir iðnaðarráðherra.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er meginhlutverki Orkustofnunar lýst. Stofnunin fær samkvæmt greininni það hlutverk sem orkumálahluti stofnunarinnar og vatnamælingar fara nú með. Meginhlutverki stofnunarinnar er nú lýst í 2. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 2. gr. reglugerðar nr. 632/1996, um Orkustofnun. Þau verkefni sem upp eru talin í 1.–6. tölul. 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins eru að mestu í samræmi við þau verkefni sem talin eru í áðurnefndum ákvæðum orkulaga og reglugerðar um Orkustofnun. Þó mun Orkustofnun ekki stunda þjónusturannsóknir nema á sviði vatnamælinga, sbr. 2. tölul. Ekki er mælt fyrir um eftirlit með raforkuvirkjum til varnar hættu og tjóni af þeim, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. orkulaga, þar sem það er nú í höndum Löggildingarstofu, sbr. lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Í samræmi við þær breytingar sem hafa orðið á starfsemi Orkustofnunar undanfarin ár er í 2. og 4. tölul. 1. mgr. tekið fram að hlutverk Orkustofnunar nái einnig til hafsbotnsins. Þá þykir hugtakið „jarðrænar auðlindir" afmarka betur þær auðlindir sem hlutverk stofnunarinnar nær til en hugtakið „auðlindir" sem nú er notað í orkulögum.

Í 4. tölul. 1. mgr. er ákvæði sem er að mestu leyti í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. orkulaga. Samkvæmt þessum lið frumvarpsins er Orkustofnun ætlað að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins. Þetta hlutverk hefur verið rækt m.a. með því að gera orkuspár. Eðlilegt er að Orkustofnun hafi á hverjum

tíma vissa framtíðarsýn um notkun og nýtingu orkulindanna. Í 39. gr. frumvarps til raforkulaga sem lagt var fram á þessu þingi er ákvæði um gerð raforkuskýrslu. Umrætt verkefni Orkustofnunar tengist m.a. þessu ákvæði frumvarpsins.

Eftirlit Orkustofnunar með rekstri rafmagnsveitna, hitaveitna, orkuvera, jarðhitasvæða og annarra meiri háttar orkumannvirkja, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. orkulaga, nr. 58/1967, hefur verið túlkað þröngt. Þannig hefur ekki verið litið svo á að í því felist eftirlit með fjárhagslegum rekstri. Er lagt til að svo verði áfram nema um það sé sérstaklega mælt í öðrum lögum. Á hinn bóginn hefur Orkustofnun haft eftirlit með því að tæknilegur rekstur orkuvera og annarra meiri háttar orkumannvirkja standist allar kröfur sem um hann eru gerðar í útgefnum leyfum. Er í 6. tölul. 1. mgr. þessarar greinar lagt til að svo verði áfram. Þá er áréttað að stofnunin hefur eftirlitshlutverki að gegna í samræmi við opinber leyfi sem gefin eru út til rannsóknar og nýtingar jarðrænna auðlinda.

Í 7. tölul. 1. mgr. er að finna viðbót við það hlutverk sem Orkustofnun hefur nú. Þar er lagt til að Orkustofnun annist umsýslu Orkusjóðs. Um það vísast til þess sem segir um 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að Orkustofnun skuli enn fremur annast önnur stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra. Orkustofnun mun því áfram hafa hlutverki að gegna samkvæmt öðrum lögum. Má þar nefna verkefni samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, og lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Þá er í frumvarpi til raforkulaga sem lagt var fram á þessu þingi gert ráð fyrir víðtæku stjórnsýsluhlutverki Orkustofnunar. Í því sambandi má til að mynda nefna að í 12. og 17. gr. raforkulagafrumvarpsins er lagt til að stofnunin setji flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum tekjuramma og ákvarði hagræðingarkröfu. Einnig má nefna að í 37. gr. raforkulagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið Orkustofnun vald til að veita þau leyfi sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Í 3. mgr. greinarinnar er lagt til að Orkustofnun verði heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd skilgreindra verkefna. Í 1. mgr. greinarinnar er Orkustofnun falin margvísleg gagnaöflun og varsla. Ekki ber að líta svo á að stofnunin eigi sjálf að stunda þessa gagnaöflun, svo sem með eigin rannsóknum. Þvert á móti á stofnunin að leita til annarra stofnana eða fyrirtækja um framkvæmdina. Það á þó ekki við um þau verkefni sem vatnamælingar sinna nú. Munu vatnamælingar áfram sinna þeim verkefnum. Eins og fram kemur í 3. gr. á Orkustofnun að reka vatnamælingar sem sjálfstæða rekstrareiningu.

Sum verkefni kunna að vera þess eðlis að rétt sé að gera langtímasamninga um framkvæmd þeirra. Það á til að mynda við um öflun ýmissa grunnupplýsinga og framkvæmd ýmissa grunnrannsókna. Hefur orkumálahluti Orkustofnunar gert slíka samninga við orkurannsóknahlutann, bæði vatnamælingar og rannsóknasviðið. Orkustofnun er skv. 3. mgr. greinarinnar áfram heimilt að gera langtímasamninga um einstök verkefni með staðfestingu ráðherra.

Í 4. mgr. kemur fram að Orkustofnun sé heimilt að hafa samvinnu við stofnanir eða fyrirtæki um þjónustustarfsemi, svo sem símvörslu, tölvuþjónustu, bókasafnsþjónustu o.fl. Getur falist hagræðing í samnýtingu á slíkri þjónustu. Getur Orkustofnun líkt og nú rekið slíka þjónustu sem sjálfstæða rekstrareiningu sem tilheyrir stofnuninni og krafið aðra um greiðslu fyrir þjónustuna.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er mælt fyrir um að starfsemi vatnamælinga skuli rekin sem sjálfstæð eining og skuli vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Með starfsemi vatnamælinga er átt við núverandi hlutverk þessarar rekstrareiningar stofnunarinnar. Hefur fjárhagur vatnamælinga í framkvæmd verið aðgreindur frá annarri starfsemi stofnunarinnar og er því í raun ekki um aðra breytingu að ræða en að rannsóknasvið Orkustofnunar færist alfarið frá orkurannsóknahluta Orkustofnunar í sjálfstæða stofnun. Í síðari málslið 1. mgr. er enn fremur mælt fyrir um að vatnamælingar skuli standa undir þeim kostnaði sem af starfsemi einingarinnar hlýst. Er sú krafa einnig í samræmi við gildandi fyrirkomulag á vatnamælingum. Er á því byggt að vatnamælingar og verkkaupi semji sín á milli um greiðslu fyrir þá þjónustu sem veitt er. Eins og áður segir eiga tekjur vegna slíkra samninga, líkt og nú, að standa undir öllum rekstrarkostnaði vatnamælinga, þ.m.t. almennum skrifstofukostnaði.

Í 2. mgr. er gerð sú krafa að í reikningum og fjárveitingum Orkustofnunar komi skýrt fram hvert fjármunir sem stofnunin fær til ráðstöfunar renna. Í fyrsta lagi á að aðgreina fé til rannsókna frá fé sem varið er til stjórnsýslu stofnunarinnar og í öðru lagi á að aðgreina það fé sem varið er til rannsókna vatnamælinga frá öðru rannsóknafé.

Um 4. gr.

Í greininni er nánar mælt fyrir um að Orkustofnun skuli gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn um þau verkefni sem stofnunin vinnur að skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Slík framkvæmdaáætlun er nú unnin á grundvelli árangursstjórnunarsamnings ráðuneytis og stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Orkumálastjóri er forstöðumaður Orkustofnunar og ber hann ábyrgð á stjórn hennar og daglegum rekstri í samræmi við erindisbréf frá ráðherra. Er á því byggt að hlutverk hans verði í samræmi við það hlutverk sem forstöðumenn ríkisstofnana almennt hafa.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lagt til að Orkuráð verði orkumálastjóra til ráðgjafar og breytist skipan og hlutverk Orkuráðs sem starfar á grundvelli laga nr. 49/1999, um Orkusjóð, samkvæmt því.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skipulag og hlutverk Orkusjóðs. Um Orkusjóð gilda nú lög nr. 49/1999. Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þau lög falli úr gildi. Er þessari grein ætlað að leysa þau af hólmi. Í greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á Orkusjóði, bæði skipulagi og hlutverki sjóðsins.

Í 1. mgr. er líkt og í 1. gr. laga um Orkusjóð mælt fyrir um að Orkusjóður sé eign ríkisins og að ríkið beri ábyrgð á skuldbindingum hans. Skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 49/1999, um Orkusjóð, fer framkvæmdastjóri sjóðsins sem ráðherra ræður með umsýslu sjóðsins. Sú breyting er lögð til á þessu í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins að Orkustofnun skuli annast umsýslu hans. Fyrir gildistöku laga nr. 49/1999, um Orkusjóð, var mælt fyrir um skipulag og hlutverk sjóðsins í X. kafla orkulaga, nr. 58/1967. Samkvæmt þeim lögum var umsýsla sjóðsins hjá Orkustofnun. Er því lagt til að horfið verði að nokkru leyti til fyrra fyrirkomulags. Helst það í raun í hendur við þær breytingar sem lagðar eru til á hlutverki sjóðsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. Ekki er fyrirkomulagið þó með öllu sambærilegt þar

sem stjórn sjóðsins verður ekki í höndum Orkuráðs. Orkustofnun verður ábyrg gagnvart ráðherra fyrir stjórnun sjóðsins en Orkuráð mun vera Orkustofnun til ráðgjafar um úthlutanir og lánveitingar úr sjóðnum. Er það í samræmi við það hlutverk sem Orkuráð fær samkvæmt 6. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að hlutverk sjóðsins takmarkist við lánveitingar og styrki til tiltekinna verkefna. Breytist hlutverkið nokkuð frá því sem nú er og er m.a. lagt til að það hlutverk er lýtur að fjármögnun yfirlits- og undirbúningsrannsókna falli niður þar sem það fellur undir almennt starfssvið Orkustofnunar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. orkulaga.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að Orkustofnun geti ekki fengið fé úr sjóðnum, óháð því í hvaða formi það er, en slíkar ráðstafanir mundu ekki samræmast hlutverki Orkustofnunar.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um tekjur sjóðsins og er hún að mestu leyti í samræmi við 1. og 2. tölul. 5. gr. laga um Orkusjóð, nr. 49/1999. Lagt er til að tekjur vegna endurgreiðslu kostnaðar af rannsóknum og áætlanagerð renni til Orkustofnunar í stað Orkusjóðs, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

6. mgr. er nær samhljóða 1. mgr. 7. gr. laga nr. 49/1999, um Orkusjóð, að því undanskildu að tillögugerðin er í höndum Orkustofnunar í stað Orkuráðs að undanfenginni ráðgjöf Orkuráðs. Í 2. mgr. 7. gr. laga um Orkusjóð er Orkusjóði gert skylt að leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma. Orkuráði er samkvæmt frumvarpinu ekki gert skylt að leita slíkrar umsagnar en það getur að sjálfsögðu gert það telji ráðið það rétt.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um að setja skuli reglugerð um ákveðin atriði. Um þessi atriði er nú að einhverju leyti fjallað í lögum um Orkusjóð, nr. 49/1999, sbr. t.d. 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 8. og 9. gr. laganna. Hér þarf því ekki að verða um efnisbreytingu að ræða.

Um 8. gr.

Grein þessi er að mestu efnislega sambærileg 6. gr. laga nr. 49/1999, um Orkusjóð. Sú meginbreyting er hins vegar lögð til að fé renni til Orkustofnunar og er það í samræmi við þá breytingu sem verður á hlutverki Orkusjóðs samkvæmt frumvarpinu, sbr. 7. gr. þess. Þá er sú breyting lögð til að kostnaðarliðir skuli framreiknaðir með vísitölu neysluverðs. Enn fremur er nú mælt fyrir um hvernig leyst skuli úr ágreiningi ef ekki næst samkomulag um greiðslu rannsóknarkostnaðar.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu kemur fram að iðnaðarráðuneytið skuli ákvarða hvaða eignir og skuldir skuli fylgja hvorri stofnun. Þó er mælt fyrir um að þau gagnasöfn og rannsóknir sem kostaðar hafa verið af opinberu fé tilheyri Orkustofnun. Í athugasemdum sem starfsmenn rannsóknasviðs Orkustofnunar sendu við drög að frumvarpi þessu komu fram tillögur um að gagnasafnið tilheyrði rannsóknahlutanum (þ.e. Íslenskum orkurannsóknum). Mikilvægt er að taka af skarið um þetta atriði þar sem um er að ræða verðmætustu eign stofnunarinnar. Þar sem ekki er útilokað að Íslenskar orkurannsóknir verði síðar gerðar að hlutafélagi er réttara að gagnasöfnin tilheyri Orkustofnun því að þannig verður best tryggður til frambúðar opinn aðgangur að þeim grunnupplýsingum sem þar er að finna.

Við undirbúning frumvarpsins kom til umfjöllunar hvor stofnunin, Íslenskar orkurannsóknir eða Orkustofnun, ættu að bera lífeyrisskuldbindingar starfsmanna rannsóknasviðsins

sem stofnað er til fyrir gildistöku laga um Íslenskar orkurannsóknir. Varð niðurstaðan sú að Orkustofnun ætti að bera þær skuldbindingar áfram. Þannig munu Íslenskar orkurannsóknir aðeins standa undir skuldbindingum sem stofnast vegna starfsmanna stofnunarinnar eftir að lög um Íslenskar orkurannsóknir taka gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Orkustofnun.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina hlutverk og skyldur Orkustofnunar. Lagt er til að Orkustofnun hafi það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf og ráðstafa opinberu fé til rannsókna. Önnur verkefni er snúa að framkvæmd rannsókna flytjast í sérstaka stofnun, Íslenskar orkurannsóknir, samkvæmt sérstöku frumvarpi sem flutt er samhliða þessu. Ástæða aðskilnaðarins er að hætta er talin á hagsmunaárekstrum þar sem starfsmenn sömu stofnunar kunna beint eða óbeint að bera ábyrgð á rannsóknum og ráðgjöf fyrir verkkaupa annars vegar og stjórnsýslu og leyfisveitingum fyrir sama aðila eða samkeppnisaðila hins vegar. Gert er ráð fyrir að kostnaður við aðskilnaðinn verði óverulegur og rúmist innan ramma stofnunarinnar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

892. Frumvarp til laga [545. mál]

um Íslenskar orkurannsóknir.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Íslenskar orkurannsóknir eru sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Íslenskra orkurannsókna er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Íslenskra orkurannsókna til fjögurra ára og ákveður stjórnarlaun.

Stjórnin hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun hennar og starfsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal send ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Íslenskra orkurannsókna til fimm ára í senn. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar og ákveður starfssvið þess. Hann hefur á hendi daglega stjórn Íslenskra orkurannsókna og umsjón með rekstri.

5. gr.

Íslenskar orkurannsóknir starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afla sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði Íslenskra orkurannsókna.

6. gr.

Íslenskum orkurannsóknum er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð.

7. gr.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Íslenskra orkurannsókna og framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmönnum rannsóknasviðs Orkustofnunar, sem lagt er niður með lögum um Orkustofnun, skal boðið sambærilegt starf hjá Íslenskum orkurannsóknum. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessari málsgrein.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal ráðherra skipa forstjóra stofnunarinnar fyrir 15. apríl 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er að miklu leyti byggt á skýrslu nefndar sem skipuð var af Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra 11. júní 2001 til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, svo og hlutverki hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga. Var nefndinni falið að koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar. Formaður nefndarinnar var Páll Hreinsson prófessor. Aðrir nefndarmenn voru: Eyjólfur Árni Rafnsson, stjórnarformaður Orkustofnunar, Þorkell Helgason orkumálastjóri, Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, og Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur sem einnig var starfsmaður nefndarinnar. Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um Orkustofnun. Í athugasemdum við frumvarp til laga um Orkustofnun er gerð grein fyrir núverandi skipulagi Orkustofnunar, þeim hagsmunaárekstrum sem kunna að verða í starfsemi Orkustofnunar að áliti nefndarinnar og þeim breytingum á skipulagi stofnunarinnar sem nefndin telur að gera þurfi svo komast megi hjá hagsmunaárekstrum. Um þessi atriði vísast að mestu leyti til þeirrar umfjöllunar.

Iðnaðarráðherra kynnti niðurstöður nefndarinnar á fundi með starfsmönnum Orkustofnunar í maí 2002. Í kjölfarið vann nefndin að frumvarpi til laga um Orkustofnun og frumvarpi til laga um Íslenskar orkurannsóknir. Voru drög að frumvörpum kynnt fyrir stjórnendum og fulltrúum starfsmanna stofnunarinnar á fundi með þeim haustið 2002 þar sem þeim var boðið að senda athugasemdir við frumvörpin. Er afstaða þeirra til frumvarpsdraganna rakin hér eftir því sem efni standa til.

2. Umfjöllun nefndar um skipan lögbundinna verkefna Orkustofnunar um fyrirkomulag á orkurannsóknarhlutanum.

Eins og nánari grein er gerð fyrir í frumvarpi til laga um Orkustofnun komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hagsmunaárekstrar geti orðið í starfsemi Orkustofnunar vegna verkefna sem henni eru falin í gildandi lögum. Þeir felist í því að rannsóknasvið stofnunarinnar veiti á ákveðnu stigi þjónustu og komi að mótun verkefnis sem orkumálasvið stofnunarinnar geti á seinni stigum þurft að veita stjórnvöldum umsögn um. Nefndin telur að í þessu sambandi geti vaknað spurning hvort starfsmenn orkumálasviðs geti talist óhlutdrægir til þess að veita umsögn um störf samstarfsmanna sinna á rannsóknasviði. Um frumvarp til raforkulaga, sem lagt hefur verið fram á þessu þingi, segir enn fremur að sala á þjónusturannsóknum og ráðgjöf til orkufyrirtækja fari illa saman við það víðtæka eftirlitshlutverk sem Orkustofnun er ætlað í frumvarpinu. Búast megi við því að hagsmunaárekstrar komi skýrt fram í breyttu starfsumhverfi orkufyrirtækja þar sem samkeppni milli framleiðenda og seljenda raforku sé möguleg. Því sé rétt að skilja að orkumálahluta stofnunarinnar og orkurannsóknarhluta hennar í tvo aðskilda lögaðila.

Um fyrirkomulag á rannsóknarhlutanum segir í álitinu:

„Formið á rannsóknareiningunni getur verið með ýmsu móti og fer það að nokkru eftir markmiðum og skilgreiningu á umfangi einingarinnar hvað helst á við. Í þessu samhengi vill nefndin draga fram nokkur grundvallarsjónarmið:

- Rannsóknasviðið er ein stærsta jarðfræðistofnun landsins og um leið ein öflugasta rannsóknastofnun heims á sviði jarðhita. Á sama hátt eru vatnamælingarnar eina sérfræðistofnunin hér á landi á sínu sviði. Í ljósi hins mikla mannauðs rannsóknasviðsins er því æskilegt að það verði varðveitt sem ein heild.
- Rannsóknasviðið keppir nú á samkeppnismarkaði, enda þótt keppinautarnir séu enn fáir og smáir. Það er afar líklegt, að þróunin verði svipuð og hefur þegar orðið á vatnsorkusviðinu, að einkamarkaðurinn – jarðfræðistofur, verkfræðistofur og aðrir – hasli sér í auknum mæli völl á jarðhitasviðinu. Því þarf að gæta þess að fyrirkomulag rannsóknareiningarinnar sé þannig að hún geti aðlagast slíkri þróun.
- Vatnamælingarnar eru ekki á samkeppnismarkaði enda verður seint komið við samkeppni um eign og rekstur vatnamæla. Að þessu leyti kunna ólík sjónarmið að vera um rekstrarfyrirkomulag vatnamælinga og annarra rannsóknarþátta, sbr. atriðið hér á undan.
- Rannsóknareiningin á að vera fjárhagslega sjálfbær og því ekki að fá fé beint af fjárlögum. Eins og fyrr segir ber að viðhalda því fyrirkomulagi að fé til orkurannsókna í þágu ríkisins fari til stjórnsýslueiningarinnar sem síðan kaupi vinnu af rannsóknareiningunni eða öðrum. Ella munu koma upp sömu vandamál hjá rannsóknareiningunni og kölluðu á skipulagsbreytingarinnar á Orkustofnun í ársbyrjun 1997.
- Sambýli. Ekkert er því til fyrirstöðu að hýsa hinar nýju einingar núverandi Orkustofnunar á einum stað og nýta sameiginlega þá þjónustu sem ekki fer í bága við meginmarkmið aðskilnaðarins og er í samræmi við samkeppnissjónarmið. Af því ætti að vera hagræði að stofnanir ríkisins geti sem mest sameinast um þjónustu.

Nefndin er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að sá aðskilnaður sem hún leggur til fari fram áður en nýtt raforkulagaumhverfi tekur gildi. Nefndin telur m.a. af þeim sökum heppilegast að breytingin gangi snurðulaust fyrir sig; því verði sem minnstar breytingar á rekstrarformi einingarinnar og að verkefni hennar verði í samræmi við núverandi skipurit Orkustofnunar. Nefndin leggur því til að rannsóknareiningin verði opinber stofnun, B-hlutastofnun, og að undir hana heyri vatnamælingar og rannsóknasvið Orkustofnunar. Í ljósi þeirra grundvallarsjónarmiða sem rakin eru að framan telur nefndin mikilvægt að stofnunin verði fjárhagslega sjálfbær og fái ekki fé beint af fjárlögum. Þá verði að hafa rekstrarform rannsóknareiningarinnar áfram til skoðunar með það í huga að tryggja að fyrirkomulagið verði þannig að rannsóknareiningin geti aðlagast sem best þróun á samkeppnismarkaði. Í ljósi þeirrar þróunar telur nefndin einnig rétt að rannsóknareiningin fari með þá hluti í félögum sem Orkustofnun fer nú með og að rannsóknareiningunni verði veitt lagaheimild til að eiga aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð sem starfa á sama sviði og rannsóknareiningin.“

3. Megintillögur frumvarpsins.

3.1. Aðskilnaður rannsóknasviðs Orkustofnunar frá stofnuninni.

Í frumvarpi þessu er lagt til að rannsóknasvið Orkustofnunar verði gert að sjálfstæðri stofnun er beri heitið Íslenskar orkurannsóknir. Eins og nánar er rakið í frumvarpi til laga um Orkustofnun er ekki lagt til að vatnamælingar tilheyri Íslenskum orkurannsóknum eins og nefndin lagði til. Þrátt fyrir að fallast megi á að mikilvægt sé að sem minnstar breytingar verði á skipulagi Orkustofnunar á þessu stigi vega önnur rök þyngra. Veigamestu rökin eru að starfsemi vatnamælinga er að mörgu leyti ólík starfsemi rannsóknasviðsins. Greinir þar helst á milli að starfsemi vatnamælinga felst einkum í söfnun og úrvinnslu grunngagna sem ekki eru unnar í samkeppni við aðra aðila. Starfsemi rannsóknasviðsins er á hinn bóginn að nokkru leyti unnin í samkeppni við aðra aðila, svo sem aðrar stofnanir og verkfræðistofur. Því er mikilvægt að Íslenskar orkurannsóknir geti aðlagað sig sem best að því markaðsumhverfi sem stofnuninni er ætlað að starfa í. Eins og nánar er rakið í athugasemdum við frumvarp til laga um Orkustofnun hafa starfsmenn vatnamælinga lagt til að sérstök stofnun verði sett á fót um starfsemi sviðsins. Eru þar rakin rök gegn slíkri ráðstöfun að sinni en bent á að með því að láta vatnamælingar fylgja Orkustofnun en ekki Íslenskum orkurannsóknum skapast betra svigrúm en ella til að kanna frekar hvort rétt sé að stuðla að meiri samvinnu þeirra aðila sem starfa á svipuðum vettvangi og hvort rétt sé að sameina stofnanir sem að vatnafarsrannsóknum koma.

Í skýrslu nefndarinnar er bent á að stjórnsýsluhlutinn, þ.e. Orkustofnun, og rannsóknarhlutinn, þ.e. Íslenskar orkurannsóknir, geti áfram starfað í sambýli. Telja verður að slíkt fyrirkomulag sé æskilegt til að stuðla að kostnaðarlegu hagræði og áframhaldandi faglegu aðhaldi. Í frumvarpi til laga um Orkustofnun er Orkustofnun heimilað að hafa samvinnu um ýmsa þjónustu við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Geta Íslenskar orkurannsóknir því samnýtt ýmsa þjónustu Orkustofnunar, gegn greiðslu til hennar. Af ýmsum ástæðum, ekki hvað síst vegna fyrirkomulags virðisaukaskatts, þykir heppilegast að vista hina sameiginlegu þjónustu á A-hlutastofnuninni Orkustofnun, fremur en á B-hlutastofnuninni Íslenskum orkurannsóknum. Á hinn bóginn stendur því ekkert í vegi að stofnanirnar komi að sameiginlegum rekstri, m.a. með sérstakri rekstrarstjórn hins sameiginlega rekstrar.

3.2. Rekstrarform stofnunarinnar.

Við undirbúning að frumvarpi þessu kom einkum til skoðunar hvort stofna ætti hlutafélag um rannsóknasvið Orkustofnunar eða hvort setja ætti á fót stofnun um starfsemina sem væri fjárhagslega sjálfstæð að öllu leyti. Þriðji möguleikinn væri að setja á fót stofnun sem fengi hluta tekna sinna af fjárlögum. Í athugasemdum starfsmanna rannsóknasviðs Orkustofnunar við drög að frumvarpi þessu var lagt til að síðastnefnda leiðin yrði farin og að rannsóknarhluti Orkustofnunar ætti að vera ein stofnun. Kom m.a. fram sú afstaða þeirra að rannsóknarhlutar Orkustofnunar hefðu miklu opinberu og samfélagslegu hlutverki að gegna í rannsóknum og gagnavarðveislu sem trúlega yrði alltaf kostuð með fjárveitingum af fjárlögum. Því væri eðlilegt að rannsóknarhlutinn væri ríkisstofnun fremur en hlutafélag. Þá var lögð áhersla á að rannsóknarhlutinn fengi skilgreint hlutverk í lögum sem sá aðili sem sinnir þverfaglegum rannsóknum á orkulindum landsins og nýtingu þeirra með áherslu á jarðvísindaþáttinn. Enn fremur kom fram að fjárveitingar til stofnunarinnar ættu að vera á grundvelli þjónustusamninga við ráðuneytið um vel skilgreind verkefni. Fjárveitingar til grunnstarfsemi stofnunarinnar ættu að koma milliliðalaust til hennar en ekki í gegnum aðra stofnun. Í þessu sambandi var m.a. tekið fram að engin fordæmi væru fyrir því fyrirkomulagi sem hér er lagt til og því mundi stofnun sem slíkar reglur giltu um ekki sitja við sama borð og aðrar stofnanir hvað fjárveitingar varðar. Þar sem sjálfstæð rannsóknastofnun muni heyra undir iðnaðarráðherra væri eðlilegt að þangað leitaði hún með óskir sínar og þarfir. Sama ætti við þegar ráðuneytið þyrfti að fá þjónustu stofnunarinnar. Ítrekað var að æskilegt væri að rannsóknarhlutinn yrði ríkisstofnun þótt aðrir rekstrarmöguleikar kæmu til greina. Þótt fjárveitingar til grunnstarfsemi rannsóknarhlutans kæmu beint til rannsóknastofnunarinnar af fjárlögum útilokaði það ekki B-hluta fyrirkomulag, enda yrði slík fjárveiting langt innan við helming af heildartekjum.

Eins og fram kemur í skýrslu nefndarinnar er afar mikilvægt að Íslenskar orkurannsóknir verði fjárhagslega sjálfstæð stofnun þar sem hún mun starfa á samkeppnismarkaði. Að öðrum kosti er hætta á að þeir hagsmunaárekstrar sem þegar er hætta á að verði í starfsemi Orkustofnunar flytjist yfir á Íslenskar orkurannsóknir. Þá er mikilvægt að ákvörðun um hvaða orkurannsóknir skuli fjármagnaðar af opinberu fé liggi hjá einni stofnun. Sama máli gegnir um allt annað opinbert eða samfélagslegt hlutverk sem rannsóknasviðið sinnir í dag. Geta Íslenskar orkurannsóknir áfram sinnt slíkum verkefnum á grundvelli langtímasamninga við Orkustofnun að uppfylltum samkeppnislegum skilyrðum. Er því ekki fallist á framangreind sjónarmið starfsmanna rannsóknasviðsins og á því byggt í frumvarpi þessu að Íslenskar orkurannsóknir fái engar tekjur af fjárlögum. Það þýðir að stofnunin verður að geta aflað sér tekna líkt og fyrirtæki á samkeppnismarkaði og er því lagt til að hún geti verðlagt þjónustu sína líkt og einkaréttarlegt fyrirtæki á samkeppnismarkaði enda þótt hún verði a.m.k. enn um sinn rekin sem B-hlutastofnun en ekki hlutafélag. Þróun á þeim markaði sem stofnunin starfar á verður svo að leiða í ljós hvort rétt sé að breyta stofnuninni í hlutafélag. Í því sambandi verður að hafa í huga að stofnunin geti þróast og eflst eftir því sem markaðsaðstæður krefja.

3.3. Hlutverk Íslenskra orkurannsókna.

Hlutverki Íslenskra orkurannsókna er lýst í 2. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að stofnunin eigi að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður. Eins og fram kemur í kafla 3.2 er Íslenskum orkurannsóknum ekki ætlað að skilgreina og ákveða hvaða rannsóknir skuli fjármagnaðar af opinberu fé. Verður það hlutverk í höndum Orkustofnunar. Hlutverk Íslenskra

orkurannsókna á að vera, líkt og hlutverk rannsóknasviðs Orkustofnunar nú er, að selja bæði einkaaðilum og opinberum aðilum rannsóknar- og ráðgjafarþjónustu sína. Mikilvægt er að stjórn Íslenskra orkurannsókna hafi vakandi auga með því hvernig rétt sé að þróa hlutverk stofnunarinnar á markaðnum eftir aðstæðum á honum. Af þeim sökum er leitast við að njörva hlutverk stofnunarinnar ekki of mikið niður heldur halda sem flestum möguleikum opnum. Á það jafnt við um þau verkefni sem stofnunin á að geta tekið þátt í sjálf og um möguleika hennar til að taka þátt í rannsóknar- og þróunarfélögum með takmarkaðri ábyrgð.

3.4. Stjórn Íslenskra orkurannsókna.

Íslenskar orkurannsóknir munu starfa á viðskiptalegum forsendum og er því mikilvægt að starfsskilyrði stofnunarinnar verði sem líkust starfsskilyrðum hlutafélaga. Í frumvarpinu er lagt til að skipuð verði stjórn yfir stofnunina sem hafi sama hlutverki að gegna og stjórnir hlutafélaga hafa. Er ráðherra falið að skipa fimm menn í stjórnina. Í athugasemdum starfsmanna rannsóknasviðs Orkustofnunar við drög að frumvarpi þessu kom fram að treysta ætti tengsl rannsóknarhlutans og orkuiðnaðarins með því að meiri hluti stjórnar rannsóknarhlutans kæmi frá orkufyrirtækjunum. Þar sem stjórn fyrirtækisins á að gegna rekstrarlegu hlutverki en ekki eingöngu ráðgjafarhlutverki er ekki skynsamlegt að helstu viðskiptaaðilar stofnunarinnar sitji í stjórn þess. Hins vegar getur verið skynsamlegt að mynda ráðgefandi ráð þar sem í eiga sæti fulltrúar helstu viðskiptaaðila stofnunarinnar. Ekki er nauðsynlegt að mæla fyrir um slíkt ráð í lögum.

3.5. Heiti stofnunarinnar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að heitið „Orkustofnun" fylgi stjórnsýsluhlutanum. Í athugasemdum starfsmanna rannsóknasviðs við frumvarpið kemur fram sú skoðun að heitið „Orkustofnun" eigi að fylgja rannsóknasviðinu. Í þessu sambandi kemur fram að „Orkustofnun" hafi um áratugaskeið verið byggt upp sem nafn á vísindalegri jarðfræða- og jarðhitastofnun á alþjóðlega vísu. Með því að rannsóknasviðið geti ekki notað nafnið sé verið að skaða áratuga markaðsstarf erlendis. Taka má undir þessar röksemdir að nokkru leyti. Hins vegar er rétt að miða við að Íslenskum orkurannsóknum kunni síðar að vera breytt í hlutafélag. Heitið með orðinu „stofnun" á illa við þegar um hlutafélag er að ræða þar sem það ber með sér að um opinberan aðila sé að ræða. Þá má að lokum benda á að þar sem heiti „Orkustofnunar" er getið í öðrum gildandi lögum vísar það ávallt til þess hluta Orkustofnunar sem ekki er lagt til að skilinn verði frá stofnuninni. Ætti rannsóknastofnunin að erfa það heiti þyrfti því að breyta öðrum lögum og t.d. einnig nýframlögðu frumvarpi til raforkulaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að Íslenskar orkurannsóknir skuli vera sérstök ríkisstofnun sem heyri undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hlutverk Íslenskra orkurannsókna. Rannsóknasvið Orkustofnunar gegnir afar mikilvægu hlutverki í dag á sviði jarðhitarannsókna og jarðvísinda. Hefur Orkustofnun notið virðingar hér á landi og erlendis fyrir rannsóknir sínar og er mikilvægt að stofnunin Íslenskar orkurannsóknir haldi áfram þeirri góðu vinnu sem unnin hefur verið á rannsóknasviði Orkustofnunar til þessa. Er eins og áður segir við það miðað að hlutverk Íslenskra orkurannsókna nái til þeirrar starfsemi sem í dag fellur undir rannsóknasvið

Orkustofnunar samkvæmt skipuriti stofnunarinnar. Einnig er við það miðað að stofnunin geti sinnt öðrum rannsóknum á sviði auðlinda- og náttúrufarsmála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður. Á stofnunin samkvæmt því að geta þróast eftir því sem skynsamlegt þykir á hverjum tíma miðað við faglegar og fjárhagslegar forsendur.

Um 3. gr.

Í ljósi þess að Íslenskar orkurannsóknir munu starfa á viðskiptalegum forsendum þykir eðlilegt að skipa stjórn sem hafi sambærilegu hlutverki að gegna og stjórn hlutafélags.

Um 4. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir skipun forstjóra stofnunarinnar. Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar og hefur á hendi daglega stjórn Íslenskra orkurannsókna og umsjón með rekstri. Honum ber að vinna samkvæmt þeim starfs- og fjárhagsáætlunum sem stjórn stofnunarinnar samþykkir og ráðherra staðfestir.

Um 5. gr.

Íslenskar orkurannsóknir er sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þar sem Íslenskar orkurannsóknir munu starfa á samkeppnismarkaði verður að gæta þess að þjónusta hennar sé ekki niðurgreidd með fjárframlögum úr ríkissjóði. Af þessum sökum m.a. er lagt til að stofnunin fái ekki beinar fjárveitingar af fjárlögum heldur verði hún rekin á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og gert að afla sér tekna með sölu á þjónustu sinni. Það fellur í hlut Orkustofnunar, eftir atvikum með atbeina iðnaðarráðherra, sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarps til laga um Orkustofnun, að semja við Íslenskar orkurannsóknir um kaup á þeim rannsóknum sem kostaðar verða af hálfu ríkisins og stofnuninni verður falið að framkvæma.

Þar sem í ákvæðinu er mælt svo fyrir að stofnunin starfi á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði gilda einkaréttarlegar reglur um kaup og sölu á þjónustu þeirri sem Íslenskar orkurannsóknir veitir en ekki reglur opinbers réttar um þjónustugjöld.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er Íslenskum orkurannsóknum heimilt að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og ráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð. Íslenskum orkurannsóknum er ætlað að starfa á samkeppnismarkaði og verður stofnunin að geta þróast og mótast í samræmi við markaðsaðstæður. Þykir því skynsamlegt að stofnunin hafi rúmar heimildir til að taka þátt í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að öllum þeim sem starfa á rannsóknasviði Orkustofnunar við gildistöku laganna skuli boðið starf á Íslenskum orkurannsóknum en rannsóknasvið Orkustofnunar er lagt niður með lögum um Orkustofnun. Benda má á að nýlokið er við að endurskipuleggja innra starf rannsóknasviðsins með tilliti til þess að það verði að sjálfstæðri stofnun þannig að breyting sviðsins í stofnunina Íslenskar orkurannsóknir kallar ekki á neinar

innri skipulagsbreytingar á starfseminni. M.a. af þeim sökum er unnt að bjóða öllum starfsmönnum sviðsins sambærilegt starf áfram.

Æskilegt er að forstjóri Íslenskra orkurannsókna komi til starfa og sinni undirbúningi áður en starfsemi stofnunarinnar hefst. Því er í 2. mgr. gert ráð fyrir að forstjórinn verði skipaður fyrir 15. apríl 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Íslenskar orkurannsóknir.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina hlutverk og skyldur nýrrar stofnunar, Íslenskar orkurannsóknir. Stofnunin, sem er í dag rannsóknasvið Orkustofnunar, mun alfarið standa undir eigin rekstri, þ.m.t. lífeyrisskuldbindingum með gjaldtöku fyrir rannsóknir og ráðgjöf fyrir verkkaupendur. Vera kann að einhver kostnaður komi til við aðskilnaðinn frá Orkustofnun og verða Íslenskar orkurannsóknir því að gera ráð fyrir kostnaðinum við setningu gjaldskrár. Ef útseld vinna Íslenskra orkurannsókna til ríkisfyrirtækja hækkar af þessum sökum er gert ráð fyrir að sú hækkun verði óveruleg og rúmist innan ramma viðkomandi stofnunar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

893. Tillaga til þingsályktunar [546. mál]

um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands fyrir því að fyrirtækið setji sér það markmið og hefjist þegar handa um að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-farsímakerfinu. Jafnframt felur Alþingi ráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þess efnis að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins.

Greinargerð.

Að morgni jóladags á nýliðnu ári olli þrumuveður á Austfjörðum því að GSM-kerfi Landssímans á Fáskrúðsfirði datt út. Kerfið lá niðri til klukkan 4 síðdegis. Sú kerfisbilun sem þarna varð hafði að sjálfsögðu óþægindi í för með sér og má hrósa happi að afleiðingar urðu ekki grafalvarlegar. Kerfið er notað til að kalla út lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir og því ljóst að illa hefði getað farið ef slys eða eldsvoða hefði borið að höndum. Nefna má fleiri hliðstæð dæmi úr flestum héruðum landsins.

Framangreint dæmi sýnir hversu mikilvægt það er að fjarskipti séu traust. GSM-kerfið hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og almenningur sem og opinberir aðilar treysta á það í æ ríkari mæli. Nokkuð vantar þó upp á að kerfið nái til allra landsmanna. Þá er það algjörlega undir símrekanda komið hversu hratt brugðist er við bilunum í kerfinu en slíkt getur haft verulega þýðingu í öryggistilliti. Í því tilviki sem kom upp á Fáskrúðsfirði var það til að mynda gagnrýnt hversu seint Landssíminn brást við biluninni þótt ekki verði lagt mat á það hér hvort sú gagnrýni eigi við rök að styðjast.

Samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs er mjög háð nútímafjarskiptum. Notkun GSM-farsíma hefur breiðst hratt út, einkum meðal ungs fólks og í viðskiptalífinu. Samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar eru nú um 235 þúsund GSM-farsímanúmer í notkun hér á landi. Það að svæði í byggð séu í GSM-símasambandi er í huga fjölmargra einn af mælikvörðum á það hvort nútíminn hafi haldið þar innreið sína. GSM-símasamband er afar mikilvægt fyrir eflingu ferðaþjónustu og viðskipta í hinum dreifðu byggðum landsins. Ferðafólk og vegfarendur vítt og breitt um landið treysta á að í byggð og á helstu þjóðvegum sé GSM-símasamband. Það er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og alla íbúa þessa lands að eiga greiðan og öruggan aðgang að nútímafjarskiptum. Annað felur í sér mismunun. Gagnvart svo mikilvægri almannaþjónustu sem GSM-símafjarskipti eru nú orðin eiga íbúar landsins alls að búa við jafnrétti óháð búsetu hvað varðar aðgengi að þessari þjónustu. Í þessu samhengi verður jafnframt að leggja áherslu á að ekki verði slegið slöku við í að efla gæði og öryggi annarrar fjarskiptaþjónustu, svo sem í almenna símkerfinu og NMT-farsímakerfinu.

Ljóst er að talsverður kostnaður fylgir því að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-kerfinu og ljóst að víða verður það ekki rekið á viðskiptagrunni frekar en mörg önnur almannaþjónusta. Því er nauðsynlegt og eðlilegt að gera þá kröfu að ríkisvaldið tryggi öllum íbúum þjóðarinnar jafnt aðgengi að þessari þjónustu.

Unnt er að tryggja hámarksöryggi og útbreiðslu GSM-farsímakerfisins með ýmsum hætti. Nærtækast er einfaldlega að fela Landssíma Íslands, sem er að nær öllu leyti í eigu þjóðarinnar, að ráðast í verkefnið. Með því einu að lækka arðsemiskröfuna sem gerð er til fyrirtækisins má ná markmiðinu án þess að veita til þess fé úr ríkissjóði. Hvað varðar aðra hluthafa í félaginu þarf að vera tryggt að þeir eigi innlausnarrétt á hendur ríkinu á sínum hlutum.

Hugnist mönnum ekki sú leið sem að framan greinir má tryggja útbreiðslu kerfisins með alþjónustukvöðum, en slíkar kvaðir falla að uppbyggingu þeirra fjarskiptalaga sem nú eru í gildi. Yrði sú leið farin hlýtur að teljast eðlilegt að fela Landssímanum að sjá um að uppfylla slíkar kvaðir, enda rekur fyrirtækið stærstan hluta þess fjarskiptakerfis sem fyrir er í landinu.

Skilgreining GSM-farsímakerfisins sem öryggis- og neyðarkerfi í fjarskiptalögum leiðir sjálfkrafa til þess að tryggja verður þjónustuna annaðhvort með því að fela Landssímanum að sjá um hana eða með alþjónustukvöðum sem jafnframt yrðu að öllum líkindum lagðar á Landssímann.

894. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ábyrgðaryfirlýsing er lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 24. gr. a, svohljóðandi:

Ef ábyrgðaryfirlýsing er veitt skal seljandi vöru eða þjónustu upplýsa neytanda á skýran og greinargóðan hátt um gildissvið ábyrgðarinnar og hvaða skilyrði eru sett til þess að neytandi geti borið fyrir sig ábyrgðina. Jafnframt skal seljandi upplýsa neytanda á skýran hátt um þau ófrávíkjanlegu réttindi sem hann nýtur samkvæmt ákvæðum laga og ábyrgðaryfirlýsingin hefur engin áhrif á. Ef neytandi óskar þess ber seljanda að afhenda honum skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ritaða á pappír eða á öðrum varanlegum miðli sem er neytandanum aðgengilegur. Skriflegar ábyrgðaryfirlýsingar skulu vera á íslensku.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytinga á samkeppnislögum, nr. 8/1993, er fylgifrumvarp frumvarps til laga um neytendakaup, sem lagt er fram samhliða. Markmið frumvarpsins er að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópusambandsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi, sem birt var í Stjórnartíðindum EB 7. júlí 1999. Aðildarríkjum var skylt að leiða í lög ákvæði tilskipunarinnar fyrir 1. janúar 2002.

Tilskipunin er tvíþætt. Í 2.–5. gr. hennar felast reglur um rétt neytanda gagnvart seljanda þegar vara er haldin göllum, og eru þær reglur teknar upp í frumvarp til laga um neytendakaup. Í 6. gr. tilskipunarinnar er að finna ákvæði sem varða efni ábyrgðaryfirlýsinga sem algengt er að seljendur vöru og þjónustu leggi fram í tengslum við kaup, og er frumvarpi þessu ætlað að koma þeim ákvæðum til framkvæmda. Tilskipunin veitir lágmarksvernd, sbr. 2. mgr. 8. gr., og er aðildarríkjum því frjálst að lögleiða strangari ákvæði sem ætlað er að tryggja neytendum fyllri vernd.

Fram til þessa hafa ekki verið lögfestar hér á landi ítarlegar reglur um ábyrgðir eða sambærilegar yfirlýsingar, sem veita eiga neytendum betri rétt en þeir mundu njóta samkvæmt lögum ef engin slík ábyrgð eða yfirlýsing hefði verið gefin. Nú er hins vegar nauðsynlegt, á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins um neytendakaup, að lögfesta ítarlegri ákvæði um þetta efni.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa ákvæði tilskipunarinnar verið innleidd í lögum um eftirlit með markaðssetningu og samningsskilmálum, sem hafa að geyma ákvæði um óréttmæta viðskiptahætti og eftirlit með þeim. Hér á landi hafa sambærileg lagaákvæði verið

sett í VI. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Er því talið eðlilegt að ákvæðum um ábyrgðir verði skipað í VI. kafla samkeppnislaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 24. gr. samkeppnislaga, en í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að ábyrgðaryfirlýsingu megi aðeins gefa ef hún veitir viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum. Lagt er til að bætt verði við greinina ákvæði sem kveður á um það að ábyrgðaryfirlýsing sé lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans. Byggist ákvæðið á 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar um neytendakaup.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að nýrri grein, 24. gr. a, verði bætt inn í samkeppnislögin. Ákvæði greinarinnar byggjast á 2., 3. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar um neytendakaup.

Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um þær upplýsingar sem koma skulu fram í ábyrgðarskilmálum. Byggjast 1. og 2. málsl. greinarinnar á 2. mgr. 6. gr. tilskipunar um neytendakaup. Í málsliðunum kemur ekki fram tæmandi talning á upplýsingum sem vera skulu í ábyrgðarskilmálum. Kveðið er á um að ábyrgðaraðili skuli gefa upplýsingar um hvað felst í ábyrgðinni. Þá ber ábyrgðaraðila að gefa upplýsingar um skilyrði þess að unnt sé að bera ábyrgðina fyrir sig. Sem dæmi um slík skilyrði má nefna gildistíma ábyrgðarinnar, hvar ábyrgðin gildi og nafn og heimilisfang ábyrgðargjafans. Einnig má nefna sem dæmi tilvik þar sem ábyrgð gildir aðeins ef innsigli er órofið. Ef ábyrgðaraðili gefur ekki upplýsingar um takmarkanir eða sérstök skilyrði fyrir ábyrgð getur það leitt til þess að hann geti ekki borið slíkt fyrir sig þar sem það telst ekki hluti af samningi aðila. Ábyrgðaraðili skal einnig á skýran hátt gefa upplýsingar um að ábyrgðin takmarki ekki réttindi neytanda samkvæmt lögum á nokkurn hátt.

3. málsl. greinarinnar er í samræmi við 3. mgr. 6. gr. tilskipunar um neytendakaup. Í ákvæðinu kemur fram að ábyrgðaraðili skuli afhenda skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ef neytandi óskar þess. Getur neytandi krafist þess að ábyrgðaraðili afhendi honum skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ritaða á pappír eða á öðrum varanlegum miðli sem er aðgengilegur neytandanum. Í þessu felst að afhenda má skilmálana á blaði eða senda þá í tölvupósti. Ekki er hins vegar nægilegt að vísa neytandanum á ábyrgðarskilmála sem er að finna á heimasíðu ábyrgðaraðilans.

Í 4. málsl. er kveðið á um það á hvaða tungumáli skilmálar ábyrgðaryfirlýsingarinnar skuli vera. Byggist ákvæðið á 4. mgr. 6. gr. tilskipunar um neytendakaup. Skulu skilmálar ábyrgðaryfirlýsinga sem veittar eru skriflega vera á íslensku. Ákvæðið takmarkar ekki rétt ábyrgðaraðila til að hafa skilmálana á fleiri tungumálum en íslensku.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júní 2003. Miðað er við sama gildistökudag og í frumvarpi til laga um neytendakaup.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að skerpa á þeim reglum sem gilda um ábyrgðaryfirlýsingar neytendakaupa. Einnig er markmið frumvarpsins að innleiða tilskipun Evrópusambandsins nr. 1999/44/EB frá 1999 um sama efni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

895. Frumvarp til laga [548. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Í samræmi við skuldbindingar eða samþykktir á alþjóðavettvangi sem Ísland er aðili að skal Fjármálaeftirlitið gefa út tilkynningar um einstaklinga og lögaðila sem eftirlitsskyldum aðilum ber sérstaklega að kanna hvort stofnað hafi verið til viðskipta við og er þeim skylt að koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, svo sem afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslu, eignarskráningu sem og önnur viðskipti, og hindra þannig að aðilar sem tilgreindir eru í tilkynningum eftirlitsins fái greiðslur í hendur eða geti nýtt fjármuni með öðrum hætti.

Fjármálaeftirlitið skal hlutast til um með tilkynningu til ríkislögreglustjóra að hald verði lagt á innstæður einstaklinga og lögaðila ef við framkvæmd eftirlitsins hefur komið í ljós að eftirlitsskyldur aðili hefur brotið gegn ákvæði 1. mgr. og haldlagning fjármuna hefur ekki átt sér stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er að finna nýmæli þar sem lagt er til að í lögin komi ákvæði sem sé lagt til grundvallar þegar á íslenskum stjórnvöldum hvílir sú skylda að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning fyrir nafngreinda einstaklinga og lögaðila sem taldir eru upp í alþjóðlegum samþykktum sem Ísland er aðili að. Allt frá því að hryðjuverkaárásin var gerð 11. september 2001 í Bandaríkjunum hafa Sameinuðu þjóðirnar og aðrar alþjóðlegar stofnanir, svo sem Evrópusambandið, lagt meiri áherslu á að koma í veg fyrir að ýmsir aðilar sem bendlaðir hafa verið við hryðjuverkastarfsemi geti átt innstæður í bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Á grundvelli rannsókna hjá lögregluyfirvöldum í einstökum ríkjum og

samstarfs þeirra hafa m.a. verið birtir listar með nöfnum aðila sem talið er rétt af hlutaðeigandi alþjóðastofnun að verði hindraðir í að hagnýta sér verðmæti er þeir kunna að eiga vegna tengsla þeirra við hryðjuverkastarfsemi og sambærilega starfsemi sem talin er geta ógnað öryggi eins eða fleiri ríkja sem aðild eiga að alþjóðlegum samþykktum. Tilkynningar berast reglulega til utanríkisráðuneytisins um skuldbindingar Íslands í þessu sambandi. Eðlilegt er að utanríkisráðuneytið taki afstöðu til þess hvaða skuldbindingar hvíli á Íslandi að þessu leyti og komi því á framfæri við Fjármálaeftirlitið að hve miklu leyti er skylt að birta slíkar tilkynningar á Íslandi.

Á Íslandi eins og í öðrum vestrænum ríkjum er viðurkennd grunnreglan um viðskiptafrelsi einstaklinga og lögaðila sem almennt verður ekki takmarkað nema sérstakar ástæður séu til. Hvers konar takmörkun á fjármálaþjónustu til nafngreindra aðila verður því varla gerð nema skýr lagaheimild liggi henni til grundvallar. Af þeirri ástæðu og þar sem brýn nauðsyn er til þess að Ísland geti í reynd framfylgt viðvörunum þykir rétt að lögfest verði heimild til handa Fjármálaeftirlitinu að gefa út tilkynningar þar sem er að finna upptalningu á þeim aðilum sem falla undir slík alþjóðleg tilmæli, enda eigi Ísland þar aðild og hafi samþykkt tilmælin. Í framkvæmd er það oftast utanríkisráðuneytið sem tekur þátt í samþykkt slíkra tilmæla fyrir Íslands hönd og mun það hlutast til um að ályktanir verði sendar til Fjármálaeftirlitsins. Það mun síðan verða á verksviði Fjármálaeftirlitsins að birta þeim eftirlitsskyldu aðilum sem í hlut eiga fyrirmælin, svo og breytingar á þeim.

Í alþjóðasamþykktum er einnig oft mælt fyrir um að hald skuli lagt á innstæður ef innlán eða önnur verðmæti finnast hjá fjármálafyrirtækjum á nafni þeirra einstaklinga eða lögaðila sem þær taka til. Á Íslandi er það almennt á verksviði lögreglu sem fer með rannsókn opinberra mála að krefjast haldlagningar á verðmætum, þ.m.t. bankainnstæðum, þegar það á við. Ljóst er að sú háttsemi sem vísað er til í frumvarpinu og fram fer í tengslum við hryðjuverkastarfsemi hefur nú verið gerð refisverð, sbr. 100. gr. b almennra hegningarlaga eins og þeim var breytt með lögum nr. 99/2002. Jafnframt er heimilt skv. 2. gr. laga nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, sbr. lög nr. 99/2002, að gera lögaðila fésekt ef brotið er gegn framangreindu ákvæði almennra hegningarlaga. Á fjármálafyrirtækjum og starfsmönnum hvílir því nú skylda að viðlagðri refisábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum að koma m.a. í veg fyrir brot af því tagi sem hér hefur verið rætt um. Þegar Fjármálaeftirlitið hefur gefið út sérstakar tilkynningar í samræmi við ákvæði frumvarpsins mun því hvíla sérstök skylda á fjármálafyrirtækjum og tilefni til að kanna með kerfisbundnum hætti hvort nokkrir þeir aðilar sem þar eru taldir upp eigi fjármuni eða önnur verðmæti hjá þeim og tilkynna réttum yfirvöldum þannig að unnt sé að leggja hald á verðmætin.

Af eðli þeirra brota sem hér um ræðir er þó ljóst að sú staða kann að koma upp að einungis við reglubundið eftirlit Fjármálaeftirlitsins komi í ljós að einhver aðili sem talinn er upp í tilkynningu eigi innstæður eða önnur verðmæti hjá eftirlitsskyldum aðila. Nauðsynlegt er að í lögum um starfsemi Fjármálaeftirlitsins sé ótvírætt að þegar svo ber undir leiki enginn vafi á um það að sú skylda hvíli á eftirlitinu að það hlutist til um að koma upplýsingum til réttra aðila. Með því móti er tryggt að rétt yfirvöld geti krafist haldlagningar á verðmætunum í samræmi við samþykktir alþjóðasamfélagsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangur frumvarpsins er að skylda Fjármálaeftirlitið til að gefa út válista um vafasama aðila til íslenskra fjármálastofnana samkvæmt ákvæðum tilskipunar gegn peningaþvætti sem Íslendingar eru bundnir af. Viðskipti aðila sem brjóta gegn ákvæðum laganna skulu stöðvuð og hald lagt á innstæður þeirra.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

896. Frumvarp til laga [549. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Orðin „samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að“ í inngangsmálslið falla brott.
b. Í stað orðanna „greiðsluskjöl á peningamarkaði“ í a-lið 7. tölul. kemur: peningamarkaðsskjöl.
c. C-liður 7. tölul. orðast svo: framtíðarsamninga og valréttarsamninga.
d. Við 7. tölul. bætist nýr stafliður sem orðast svo:
   f. fasteignir.
e. 11. tölul. orðast svo: Geymslu, umsjón, ráðgjöf og ávöxtun fjármálagerninga, þar með talinna rafbréfa.
f. 13. tölul. orðast svo: Verðbréfaviðskipti samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.
g. Við bætast fjórir nýir töluliðir sem orðast svo:
   15. Fasteignasölu.
   16. Skipamiðlun.
   17. Viðskipti með eðalmálma og eðalsteina þegar einstök viðskipti nema hærri fjárhæð en tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. og ef um lægri fjárhæð er að ræða ef viðskiptin fara fram í fleiri aðgerðum sem tengjast hver annarri.
   18. Viðskipti með listaverk þegar einstök viðskipti nema hærri fjárhæð en tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. og ef um lægri fjárhæð er að ræða ef viðskiptin fara fram í fleiri aðgerðum sem tengjast hver annarri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „stórfelldu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: meiri háttar.

b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Einnig er átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur að sér að geyma, dylja eða flytja slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.
c. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
Með ávinningi er átt við hvers kyns hagnað og eignir hverju nafni sem nefnast, þar með talin skjöl sem ætlað er að tryggja rétthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Ef um er að ræða starfsemi sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 1. gr., skulu þó framangreind fjárhæðarmörk vera 1.000 evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Við upphaf viðskipta með fjarsölu, stofnun samninga með notkun fjarskiptaaðferða eða á annan sambærilegan hátt ber að afla viðbótargagna um viðskiptamann ef nauðsyn krefur svo og að krefjast þess að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptamanns og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi lána- eða fjármálastofnun. Í reglum sem einstaklingum og lögaðilum er skylt að setja um innra eftirlit fyrir starfsemina, sbr. 10. gr., skal þegar það á við kveða nánar á um viðskipti með notkun fjarskiptaaðferða og varðveislu gagna um slík viðskipti.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ríkislögreglustjóra ber að veita einstaklingum og lögaðilum aðgang að almennum upplýsingum um peningaþvætti og hvernig unnt sé að greina viðskipti sem falla undir ákvæði þessara laga.

5. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
Einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. ber skylda til þess að gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur sem verða við framkvæmd viðskipta í starfsemi þeirra. Um varðveislu slíkra gagna fer samkvæmt ákvæðum 6. gr.
Lögaðilum sem nefndir eru í 1.–14. tölul. 1. mgr. 1. gr. ber við ráðningu starfsfólks að setja sérstakar reglur um hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda um stöður hjá fyrirtækjunum og í hvaða tilvikum skuli krafist sakavottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf.

6. gr.

11. gr. laganna orðast svo:
Fái Fjármálaeftirlitið, önnur stjórnvöld, fagaðilar og aðrir þeir sem hafa eftirlit með starfsemi sem talin er upp í 1. gr. í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast broti sem lýst er í 2. gr. eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist broti sem lýst er í 2. gr. skal það tilkynnt til ríkislögreglustjóra.
Lögaðilum sem nefndir eru 1.–14. tölul. 1. mgr. 1. gr. ber að gefa sérstakan gaum að þeim ríkjum eða ríkjasvæðum sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn

peningaþvætti. Fjármálaeftirlitið skal gefa út tilkynningar og leiðbeiningar ef þörf er á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1989 voru stofnuð samtök ýmissa aðildarríkja OECD um aðgerðir gegn peningaþvætti (*e. Financial Action Task Force on Money Laundering, FATF*). Ísland hefur frá upphafi tekið þátt í starfsemi FATF-ríkjahópsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og innleitt tilmæli ríkjahópsins er miða að því að koma í veg fyrir að fjármálakerfið sé misnotað í þessum tilgangi. Á vettvangi Evrópusambandsins var einnig sett tilskipun árið 1991, sbr. tilskipun 91/308/EBE, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar, og hafa ákvæði hennar og tilmæli FATF-ríkjahópsins verið innleidd á Íslandi í lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Á 123. löggjafarþingi 1998–99 var lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 80/1993 og samþykkt ýmis mikilvæg nýmæli. Í kjölfar slíkra breytinga sem gerðar hafa verið í ýmsum ríkjum Evrópu svo og með hliðsjón af starfi FATF-ríkjahópsins ákvað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að endurskoða ákvæði upphaflegu tilskipunarinnar um þetta efni. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 91/308/EBE nr. 2001/97/ESB var samþykkt 4. desember 2001 á vettvangi ESB og mun von bráðar verða felld inn í EES-samninginn.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera nauðsynlegar breytingar á íslenskum lögum í þeim tilgangi að innleiða ákvæði framangreindrar tilskipunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið: Í lokamálslið C-liðar í 1. gr. (1) tilskipunarinnar er tekið fram að um peningaþvætti sé að ræða óháð því hvort atvik sem leiddu til þess að ólöglegur hagnaður varð til hafi átt sér stað í því landi þar sem þvættið fer fram. Hafi slík atvik átt sér stað í öðru ríki á innri markaðnum eða í þriðja ríki skal það ekki skipta máli. Í núgildandi lögum segir í 1. gr. að lögin gildi um „starfsemi einstaklinga og lögaðila sem heimild hafa til að veita almenningi þjónustu hér á landi eða erlendis samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og fellur undir einn eða fleiri eftirtalinna liða".

Við endurskoðun laganna telur ráðuneytið skýrara að það sé ekki gert að skilyrði að einungis sú þjónusta sem innlendir aðilar kunna að reka í útlöndum og byggist á alþjóðlegum samningum skuli falla undir ákvæði laganna. Ljóst er að með auknu frjálsræði í milliríkjaviðskiptum er starfsemi nú oft heimil í öðrum ríkjum án þess að til grundvallar liggi nokkrir alþjóðlegir samningar.

Um b–c-lið: Í b- og c-lið er gerð tillaga um orðalagsbreytingar á a- og c-lið 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem eru nauðsynlegar til þess að hafa samræmi í orðalagi og hugtakanotkun í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti sem lagt var fram á Alþingi á haustþingi 2002.

Um d-lið: Í d-lið er að finna ákvæði sem miðar að því að setja í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar ESB. Í 1. gr. (2) tilskipunarinnar hefur verið felld inn ný 2. gr. a í upphaflegu tilskipunina. Skv. 4. tölul. í þessari nýju grein hefur verið ákveðið að ákvæði tilskipunarinnar skuli einnig ná til fasteignasala. Í 5. tölul. sömu greinar er tekið fram að ákvæði tilskipunar-

innar skuli einnig ná til sjálfstætt starfandi sérfræðinga þegar þeir veita liðsinni og þjónustu við kaup á fasteignum fyrir viðskiptamenn sína. Breytingin samvæmt þessum lið miðar að því að innleiða framangreind ákvæði tilskipunarinnar.

Um e-lið: Hér eru einnig lagðar til orðalagsbreytingar í því skyni að auka samræmi milli textans í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og frumvarpi til laga um verðbréfviðskipti sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Í því frumvarpi er m.a. notað yfirhugtakið *fjármálagerningur* sem þykir rétt að verði notað hér í stað eldra orðalags. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um f-lið: Í desember 2002 voru samþykkt á Alþingi ný lög um fjármálafyrirtæki og einnig hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti. Verði það samþykkt falla úr gildi lög nr. 113/1996, um verðbréfaviðskipti. Af þeirri ástæðu þykir rétt að breyta orðalagi þessa töluliðar og einnig er æskilegra að hann sé almennt orðaður og feli ekki í sér beina tilvísun til ákveðins lagabálks.

Um g-lið: Eins og getið er um í athugasemdum við d-lið hér að framan er í 1. gr. (2) tilskipunarinnar nú lagt til að starfsemi fasteignasala skuli falla undir ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti. Hér er því lagt til að við lögin bætist sérstakur töluliður þar sem vísað er til þess að fasteignasala falli undir ákvæði laganna. Jafnframt er lagt til að skipamiðlun falli undir ákvæði laganna.

Í 1. gr. (2) tilskipunarinnar þar sem bætt er inn nýju ákvæði (2. gr. a) í upphaflegu tilskipunina er tekið fram að starfsemi þeirra sem stunda viðskipti með eðalmálma og eðalsteina skuli einnig falla undir ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti, sbr. 6. lið hinnar nýju 2. gr. a. Hið sama á einnig við um þá sem hafa milligöngu um kaup og sölu á listaverkum.

Breytingin samkvæmt þessum lið miðar því að setja í íslensk lög framangreind ákvæði tilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Um a-lið: Hér er ekki um að ræða neinar efnislegar breytingar frá þeim rétti sem gilt hefur heldur er verið að færa orðlag betur til samræmis við orðlagsnotkun í almennum hegningarlögum. Í 262. gr. almennra hegningarlaga er að finna refsiákvæðið um þau skattalagabrot sem til greina koma sem frumbrot til peningaþvættis. Í þeirri grein eru notuð orðin „meiri háttar" brot gegn þar nánar tilgreindum ákvæðum í skattalöggjöfinni en í 2. gr. núgildandi laga um aðgerðir gegn peningaþvætti er notað orðið „stórfellt" skattalagabrot. Rétt þykir að orðalag í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti sé í samræmi við það orðalag sem notað er í almennum hegningarlögum að þessu leyti þannig að ekki leiki vafi á því atriði. Að öðru leyti er ekki um neina breytingu að ræða vegna tilvísunar til ákvæða sem fela í sér brot á öðrum lögum, t.d. fíkniefnabrot, sem ákvæði 173. gr. a í almennum hegningarlögum tekur til, tollalagabrot o.s.frv.

Um b-lið: Í 2. undirlið C-liðar 1. gr. (1) tilskipunarinnar er tekið fram að undir þvættishugtakið falli einnig sú háttsemi að *dylja* eða á annan hátt að leyna hinum rétta uppruna fjármunanna sem verið er að þvætta, svo og að reyna að dylja eða villa fyrir um hvar slíkir fjármunir eða andvirði þeirra séu geymdir, hver sé réttur eigandi þeirra o.s.frv. Rétt þykir að hnykkja á orðalagi gildandi laga þannig að ótvírætt sé að framangreind háttsemi falli einnig undir þvættishugtak íslensku laganna.

Um c-lið: Í D-lið 1. gr. (1) tilskipunarinnar er tekið fram að ákvæði hennar skuli ná til hvers kyns eigna (*e. property*) og eru þar ekki undanskilin skjöl eða önnur gögn sem ætlað er að veita rétthafa aðgang að eignum eða arði af þeim. Í gildandi lögum er notað hugtakið *ávinningur* sem er afar víðtækt hugtak og nær væntanlega til allra þeirra atriða sem skilgrein-

ing tilskipunarinnar tekur til. Til að taka af öll tvímæli og til skýringar þykir þó rétt að setja ákvæði um þetta atriði í lögin.

Um 3. gr.

Um a-lið: Í 1. gr. (3) tilskipunarinnar er ákvæði 3. gr. upphaflegu tilskipunarinnar breytt. Samkvæmt nýju ákvæði í 5. tölul. hinnar nýju 3. gr. eru fjárhæðarmörk lækkuð þegar um er að ræða spilavíti. Rétt þykir að sambærileg ákvæði gildi hér á landi um þær tegundir spilamennsku með fjármuni sem eru leyfðar hér á landi.

Um b-lið: Samkvæmt ákvæði 1. gr. (3) tilskipunarinnar, sbr. og hin nýja 3. gr. í upphaflegu tilskipuninni, er nú skylt skv. 11. tölulið 3. gr. að krefjast þess að einstaklingar og lögaðilar sem falla undir ákvæði laganna sýni sérstaka varkárni í viðskiptum þegar að seljandi þjónustu og viðskiptamaður hittast ekki augliti til auglitis (*e. non-face to face operations*). Til dæmis hefur fjarsala af ýmsu tagi og gerð samninga með notkun ýmiss konar fjarskiptaaðferða við sölu á vörum og þjónustu aukist á undanförnum árum. Mikilvægt er þó að einstaklingar og lögaðilar sýni viðhlítandi aðgæslu þegar þeir nota slíka tækni í viðskiptum. Að því er stefnt með þessari breytingu.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er innleiðing á 1. gr. (10) í tilskipuninni sem breytir 11. gr. upphaflegu tilskipunarinnar. Í 11. gr. (2) kemur nú fram að aðildarríkin skuli sjá til þess að einstaklingum og lögaðilum sem hlíta eiga þessum lögum skuli útvegaðar upplýsingar um hvernig þvætti fer fram þannig að þeir geti lært betur að verjast tilraunum til peningaþvættis.

Ekki síst í ljósi þess að nú er gildissvið laganna rýmkað og nýir aðilar koma að þessum lögum (fasteignasalar, gullsmiðir, rekstraraðilar peningaspila o.fl.) er eðlilegt að lögfesta svona ákvæði.

Um 5. gr.

Í skýrslum um sjálfsmat ríkja sem skrifstofa FATF-ríkjahópsins hefur umsjón með hefur verið bent á að íslensk löggjöf uppfylli ekki tilmæli FATF nr. 11 þar sem kveðið er á um að fjármálastofnunum og öðrum aðilum sem falla undir lög um aðgerðir gegn peningaþvætti skuli vera skylt að gera *skriflegar* skýrslur um öll grunsamleg tilvik sem upp koma í daglegum viðskiptum þeirra. Að baki þessum tilmælum búa mikilvægir rannsóknarhagsmunir en það kann að vera rík þörf á því jafnvel nokkrum árum eftir að atvik áttu sér stað að geta skoðað nánar hvort þau tengist öðrum málum sem síðar koma til rannsóknar. Skylda til þess að gera skriflegar skýrslur samkvæmt þessari grein er óháð því hvort tilkynning skv. 7. gr. hafi verið send eða ekki enda kann að vera mikilvægt við rannsókn máls síðar að skoða hvernig að slíkum málum hafi verið staðið hjá hlutaðeigandi aðila.

Ákvæði 2. mgr. er einnig lagt til í því skyni að verða við tilmælum sem komið hafa fram í skýrslum FATF þar sem bent er á að Ísland uppfylli ekki tilmæli FATF nr. 19 þar sem kveðið er á um að fjármálastofnanir skuli tryggja að starfsferill þeirra sem þar eru ráðnir til starfa sé kannaður rækilega (*e. screening-programs*).

Um 6. gr.

Í 1. gr. (9) tilskipunarinnar er 10. gr. upphaflegu tilskipunarinnar breytt. Eitt meginmarkmið tilskipunarinnar er að fella undir ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti fleiri starfsstéttir en áður hefur verið skylt að hlíta ákvæðum laga um þetta efni. Ástæða þess er meðal annars sú að í samstarfi FATF-ríkjahópsins um aðgerðir gegn peningaþvætti hefur

komið í ljós að hætta er á slíkri misnotkun í mun fleiri tilvikum en ætlað var í upphafi samstarfsins. Einnig hefur á alþjóðavettvangi verið lögð sífellt meiri áhersla á að vinna gegn ýmiss konar brotastarfsemi, svo sem hryðjuverkastarfsemi. Ljóst er að ólöglegir fjármunir standa undir margs konar brotastarfsemi sem oft á tíðum er fjárfrek og því er nú talið að ekki sé unnt að undanskilja ýmsar fagstéttir, svo sem endurskoðendur og lögfræðinga, frá ákvæðum þessara laga. Í samræmi við útvíkkun á gildissviði laganna er einnig eðlilegt að aðrir eftirlitsaðilar séu tilnefndir í 11. gr. laganna og að því miðar sú breyting sem hér er lögð til. Auk Fjármálaeftirlitsins skulu önnur stjórnvöld sem eftirlit hafa með starfsemi sem fellur undir lögin tilkynna grunsamleg viðskipti fái þeir vitneskju eða grun um þvætti í starfsemi sinni. Önnur stjórnvöld geta t.d. verið Kauphöll Íslands og Seðlabanki Íslands sem hafa eftirlit annars vegar með verðbréfamarkaðnum og hins vegar með gjaldeyrismarkaðnum. Aðrir aðilar geta einnig í störfum sínum að eftirliti komið hér til sögu, t.d. Lögmannafélag Íslands, Félag löggiltra endurskoðenda og fasteignasalar, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Í tilmælum FATF nr. 21 er mælst til þess að aðildarríkin geri fjármálastofnunum skylt að sýna sérstaka varúð í viðskiptum sínum við ríki eða ríkjasvæði sem hafa ekki að mati FATF sýnt viðhlítandi samstarfsvilja í alþjóðlegum aðgerðum gegn peningaþvætti. Þannig var t.d. árið 2000 birt í Danmörku tilkynning danska fjármálaeftirlitsins í kjölfar ályktunar FATF um hvar danskar fjármálastofnanir skyldu einkum varast viðskipti. Rétt þykir að slíkar tilkynningar sem gerðar væru hér á landi væru gerðar með vísan til laga enda um að ræða afskipti af viðskiptafrelsi innlendra fjármálastofnana. Á hinn bóginn er mikilvægt að innlendir eftirlitsaðilar geti greiðlega miðlað slíkum viðvörunum til innlendra fyrirtækja þegar og ef beiðni kemur upp um slíkar aðgerðir.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina peningaþvott og tilgreina varnir og viðurlög gegn honum. Með frumvarpinu er stefnt að því að gera nauðsynlegar breytingar á lögum í þeim tilgangi að innleiða ákvæði Evróputilskipunar nr. 2001/97/ESB um varnir gegn peningaþvætti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

897. Frumvarp til laga [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

C-liður 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur“ í 7. gr., 2. mgr. 14. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 34. gr., 38. gr., 47. gr. og 2. mgr. 95. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

3. gr.

Á eftir orðunum „og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: og heilsuvernd starfsmanna.

4. gr.

III. kafli laganna fellur brott.

5. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: XI. kafla um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir.

6. gr.

Við 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nemar og lærlingar teljast einnig til starfsmanna, jafnvel þótt þeir inni af hendi vinnu án endurgjalds, enda sé vinna þeirra liður í skipulögðu námi.

7. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur eða tekið ákvarðanir“ í 35. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

8. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal setja nánari reglur“ í 3. mgr. 36. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „eða of mikils álags“ í a-lið kemur: eða hvernig dregið verði úr áhrifum andlega eða líkamlega einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða.
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: um ráðstafanir til að koma í veg fyrir og uppræta einelti á vinnustöðum en starfsmenn eiga ekki að þurfa að þola áreitni eða aðra ótilhlýði-

lega háttsemi á vinnustað, þar með talda kynferðislega áreitni eða annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi.

10. gr.

Í stað orðanna „skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins hlutast til um að“ í 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um að.

11. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur“ í 40. og 43. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra setur reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

12. gr.

Í stað orðanna „setur stjórn Vinnueftirlits ríkisins sérstakar reglur“ í 44. gr. laganna kemur: setur félagsmálaráðherra sérstakar reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

13. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að setja á markað eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formskilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur sem sett eru samkvæmt lögum þessum, sérreglum sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndum stöðlum er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um kröfur sem tegund véla, tækja eða annars búnaðar verður að uppfylla til þess að teljast örugg og þær aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi tegundar við settar reglur.

14. gr.

Á eftir 48. gr. laganna kemur ný grein, 48. gr. a, svohljóðandi:

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að banna markaðssetningu og notkun á þeim tegundum véla, tækja eða annars búnaðar sem fullnægja ekki ákvæðum laga þessara, annarra sérreglna sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Áður en ákvörðun um bann er tekin skal atvinnurekanda, framleiðanda tegundar eða fulltrúa hans, eftir því sem við á, veittur hæfilegur frestur til að bæta úr annmörkum hennar.

Telji Vinnueftirlit ríkisins tegund véla, tækja eða annars búnaðar sérstaklega hættulega getur það krafist afturköllunar allra eintaka hennar. Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af slíkri afturköllun.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi og heilsu fólks eða eigna stafi hætta af einhverri tegund véla, tækja eða annars búnaðar er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar tímabundið í allt að fjórar vikur eða setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu og notkun þótt tegundin uppfylli formskilyrði laga þessara og viðkomandi sérreglna. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hefja rannsókn á öryggi tegundar án ástæðulauss dráttar. Þá er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt. Framleiðandi eða fulltrúi

hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna tegundar sem eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins hefur bannað tegund skv. 1.–3. mgr. er því heimilt að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök tegundar með öruggum hætti eða skylda þá, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra tegundina þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda sams konar tegund vélar, tækis eða annars búnaðar eða endurgreiða andvirði hennar.

Torveldi atvinnurekandi, framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn og skoðun Vinnueftirlits ríkisins á viðkomandi tegund eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar er stofnuninni heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar.

Þegar tegund er ekki í samræmi við settar reglur skal framleiðandi eða fulltrúi hans bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur í samráði við forstjóra Vinnueftirlitsins“ í 1. mgr. kemur: sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, og í samráði við forstjóra.

b. 2. mgr. orðast svo:

Félagsmálaráðherra setur gjaldskrá, að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu og skoðun farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og lyftubúnaðar, rúllustiga, geyma, þrýstihylkja og katla, þar á meðal um aukaskoðun sem þarf að gera ef vanbúnaður kemur í ljós við reglubundna skoðun og aukaskoðun vegna uppsetningar, breytinga eða viðgerða á framangreindum vélum, tækjum eða öðrum búnaði sem eru með gilda reglubundna skoðun.

c. Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlitsins setur reglur“ í 3. mgr. kemur: Félagsmálaráðherra setur reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

16. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur, efnaúrgangur eða spilliefni, þar með talin sprengifim efni, eldfim efni og sprengiefni, eru notuð eða kunna að vera notuð skal atvinnurekandi gæta þess að þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum sé beitt sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum.

Þegar áhættumat skv. 65. gr. a gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin vegna hættulegs efnis, efnavöru, efnaúrgangs eða spilliefna skal atvinnurekandi sjá til þess að öryggisblöð og skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við á, liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við hættuleg efni eða efnavörur.

Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða, sé þess ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt. Hann skal ávallt leitast við, með tilliti til eðlis starfseminnar, að nota efni eða efnavöru sem teljast hættulaus eða síður hættuleg heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem þau eru notuð.

Mengun á vinnustað skal ekki fara yfir gildandi mengunarmörk efnis. Þegar mengun stafar frá fleiri en einu efni eða efnavöru skal tekið tillit til samverkandi áhrifa.

Efni eða efnavara sem stofnar eða getur stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skal vera í öruggum umbúðum á vinnustöðum. Hættulegum efnaúrgangi og spilliefnum skal komið fyrir með öruggum hætti á vinnustað.

17. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins gefur út eiturefnaleyfi til einstaklinga og fyrirtækja sem nota eiturefni eða efnavöru sem flokkast sem eiturefni að staðaldri við framkvæmd vinnu að uppfylltum skilyrðum 50. gr. og reglugerðar sem sett er skv. 3. mgr.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að merkingar, notkun, geymsla og flutningur efnis og efnavöru á vinnustöðum fullnægi gildandi lögum, reglum og viðurkenndum stöðlum. Vinnueftirlitinu er heimilt að banna framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og efnavara á vinnustöðum þegar það þykir sýnt að heilsu manna er hætta búin. Sama á við um efni þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu, meðferð, notkun eða vörslu þeirra.

Félagsmálaráðherra skal setja nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfisráðuneytis, um skilyrði eiturefnaleyfis, mengunarmörk, meðferð, umbúðir, áfyllingu, merkingu, geymslu, flutning og notkun efna eða efnavara sem geta stofnað heilsu starfsmanna í hættu eða leitt til lakari aðbúnaðar á vinnustöðum.

18. gr.

Á eftir 51. gr. laganna kemur ný grein, 51. gr. a, svohljóðandi:

Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur eru notuð eða kunna að vera notuð í þeim mæli að við slys geti skapast umfangsmikil hætta fyrir fólk og umhverfi skal atvinnurekandi gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir slík slys. Enn fremur skal atvinnurekandi gera ráðstafanir til að unnt sé að bregðast við slíkum slysum svo að tafarlaust megi draga úr afleiðingum þeirra.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að viðeigandi skilyrðum sé fullnægt og að nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna hættu á slysi, sbr. 1. mgr., hafi verið gerðar.

Félagsmálaráðherra skal skipa sérstaka fjögurra manna samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði að fengnum tilnefningum frá Brunamálastofnun, Almannavörnum ríkisins, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins.

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja samráð og samstarf hlutaðeigandi stofnana í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna, almennings og umhverfis þegar stórslys í iðnaði ber að höndum.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um varnir gegn og viðbrögð við slíkum slysum á vinnustöðum að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og samráðsnefndar um stórslysavarnir í iðnaði.

19. gr.

IX. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Hvíldartími, frídagar og hámarksvinnutími**, orðast svo:

a. (52. gr.)

Í kafla þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Vinnutími:* Sá tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur.

2. *Hvíldartími:* Sá tími sem ekki telst til vinnutíma.
3. *Næturvinnutími:* Tímabil sem ekki er skemmra en sjö klukkustundir og skal ná yfir tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Um nánari afmörkun tímabilsins fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
4. *Næturvinnustarfsmaður* er:
   a. starfsmaður sem venjulega vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og/eða
   b. starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
5. *Vaktavinna:* Vinna sem skipt er niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.
6. *Vaktavinnustarfsmaður:* Starfsmaður sem vinnur vaktavinnu.

b. (52. gr. a.)

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:

1. þá sem starfa við flutning á vegum og falla undir reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins,
2. lækna í starfsnámi, sbr. þó 53., 54., 57. og 58. gr.,
3. æðstu stjórnendur eða aðra þá sem ráða vinnutíma sínum sjálfir,
4. sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynlegri öryggisstarfsemi og brýnum rannsóknarhagsmunum á sviði löggæslu, vinnu sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörfum vegna snjóflóðavarna.

c. (53. gr.)

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld.

Með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarandi ófyrirséðra atburða, að því marki sem nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Sé daglegur hvíldartími styttur skv. 2. eða 3. mgr. skal starfsmaður fá samsvarandi hvíldartíma síðar.

d. (53. gr. a.)

Starfsmaður á rétt á hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

e. (54. gr.)

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá að minnsta kosti einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma skv. 53. gr.

Ef sérstök þörf er á vegna eðlis hlutaðeigandi starfa er heimilt með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga. Þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg má þó ákveða með samkomulagi á vinnustað að fresta vikulegum hvíldartíma þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á hverjum tveimur vikum.

Enn fremur er heimilt að fresta vikulegum frídegi þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvarandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu, enda fái starfsmaður samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komið.

f. (55. gr.)

Hámarksvinnutími starfsmanna á viku að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að reikna hámarksvinnutíma starfsmanna út frá viðmiðunartímabili sem má vera allt að sex mánuðir.

Ef fyrir liggja hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa er samtökum aðila vinnumarkaðarins heimilt að ákveða með samningum að hámarksvinnutími starfsmanna skuli reiknaður út frá viðmiðunartímabili sem er allt að 12 mánuðir, að gættum meginreglum laga þessara um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

Einungis vinnutími, sbr. 1. tölul. 52. gr., skal talinn við meðaltalsútreikninga skv. 1.–3. mgr. Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum og veikindaforföll skulu ekki talin með við meðaltalsútreikningana.

g. (56. gr.)

Vinnutími næturvinnustarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að lengja vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglulegastur.

Um viðmiðunartímabil og viðmið við útreikning á meðalvinnutíma næturvinnustarfsmanna fer skv. 55. gr.

Næturvinnustarfsmenn sem gegna sérstaklega áhættusömum störfum eða störfum sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag skulu ekki vinna lengur en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Félagsmálaráðherra skal setja reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um hvað teljist sérstaklega áhættusöm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag, sbr. 4. mgr.

h. (57. gr.)

Næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem sannanlega verða rakin til vinnutíma skulu þegar kostur er færðir til í dagvinnustörf sem henta þeim.

i. (58. gr.)

Atvinnurekendum er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara um vinnutíma, þar með taldar upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra.

20. gr.

Við 1. mgr. 62. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Vinnu þar sem hætta er á ofbeldi eða annarri sérstakri hættu að því undanskildu að ungmennin starfi með fullorðnum.

21. gr.

Í stað orðanna „að fengnum tillögum“ í 63. gr. f laganna kemur: að fenginni umsögn.

22. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu, sbr. 65. gr. a, og áætlun um heilsuvernd, sbr. 66. gr. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Skal áætlunin vera aðgengileg hjá atvinnurekanda fyrir stjórnendur þess, starfsmenn og Vinnueftirlit ríkisins.

Endurskoða skal áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum hennar.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um skipulag eftirlitsins.

23. gr.

Á eftir 65. gr. laganna kemur ný grein, 65. gr. a, svohljóðandi:

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum.

Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um áhættumat að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, þar á meðal um áhættumat fyrir sérstaka áhættuþætti og gerð og frágang skjala sem tengjast því.

24. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um heilsuvernd sem byggð er á áhættumati, sbr. 65. gr. a, þar sem meðal annars kemur fram áætlun um forvarnir, þar á meðal um aðgerðir sem grípa þarf til í því skyni að draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og slysum.

Markmið heilsuverndar er að:

a. stuðla að því að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum,
b. stuðla að því að vinnu sé hagað þannig að starfsmenn fái verkefni við hæfi og stuðla að andlegri og líkamlegri aðlögun þeirra að starfsumhverfi,
c. draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi og viðhalda heilsu starfsmanna á vinnustað,
d. stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

Í áætlun um forvarnir skal koma fram lýsing á hvernig hættum og þeirri áhættu sem þeim

fylgir samkvæmt áhættumati skuli mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttingum á vinnustað eða öðrum forvörnum. Skal leggja áherslu á almennar ráðstafanir áður en gerðar eru ráðstafanir til verndar einstökum starfsmönnum.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um heilsuvernd, þar á meðal um heilsuvernd sem tekur mið af sérstökum áhættuþáttum, forvarnir með hliðsjón af eðli starfa, stærð vinnustaða og gerð og frágang skjala sem tengjast áætlun um heilsuvernd.

25. gr.

Á eftir 66. gr. laganna kemur ný grein, 66. gr. a, svohljóðandi:

Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Skal atvinnurekandi upplýsa þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna. Enda þótt atvinnurekandi njóti þjónustu slíkra aðila ber hann engu að síður ábyrgð á að áætlunin sé gerð og henni fylgt eftir.

Þjónustuaðili skal hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins áður en hann hefur starfsemi. Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna þjónustuaðila sem uppfylla skilyrði ákvæðis þessa og reglugerðar sem sett er skv. 6. mgr. Fullnægi þjónustuaðili ekki settum skilyrðum síðar er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að afturkalla viðurkenninguna í heild eða að hluta þannig að hún takmarkist við ákveðna tegund starfsemi.

Þjónustuaðili skal vera fær um að veita heildstæða þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum. Hann eða starfsmenn hans skulu því hafa menntun á heilbrigðissviði, í félagsvísindum, á tæknisviði eða öðru sambærilegu sérsviði þannig að þeir séu færir um að meta og bregðast við hættum eða hvers konar öðrum óþægindum vegna eðlisfræðilegra, efnafræðilegra, líffræðilegra, vistfræðilegra og sálfræðilegra þátta. Að öðrum kosti er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að takmarka viðurkenningu skv. 2. mgr. við ákveðna tegund starfsemi.

Þjónustuaðila er heimilt að gera samninga við aðra aðila um einstaka þætti vegna þjónustu skv. 3. mgr. Skulu þeir aðilar uppfylla skilyrði þau sem sett eru fyrir viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins. Samningar þessir skulu liggja fyrir þegar óskað er eftir viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins skv. 2. mgr.

Þjónustuaðili skal gæta trúnaðar í starfi sínu. Hann skal fara með allar upplýsingar sem hann kemst að í starfi sínu og varða persónuleg málefni og einkahagi starfsmanna sem trúnaðarmál. Sama gildir um upplýsingar er tengjast fyrirtækjum er hann starfar fyrir.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um nánari skilyrði sem þjónustuaðilar skulu fullnægja áður en þeir hefja starfsemi sína og um þá hæfni sem starfsmenn atvinnurekanda er sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað skulu fullnægja.

26. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn skulu eiga kost á heilsufarsskoðun á kostnað atvinnurekanda áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, enda séu starfsskilyrði þeirra slík að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma.

Í reglum sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og landlæknis, skal nánar kveðið á um í hverju heilsufarsskoðun skuli fólgin, tíðni eftirlits og hvaða mælingar og aðrar rannsóknir skuli gerðar að teknu tilliti til starfsumhverfis. Heimilt er að setja slíkar reglur fyrir einstakar starfsgreinar.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni sem hefur sérþekkingu er tengist starfinu.
b. Í stað orðsins „stjórnar“ í d-lið 2. mgr. kemur: forstjóra.

28. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur“ í 70. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

29. gr.

Í stað orðanna „skal stjórn Vinnueftirlits“ í 72. gr. laganna kemur: skal Vinnueftirlit ríkisins.

30. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verður: **Áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir.**

31. gr.

73. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

74. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og annast stjórnsýslu og eftirlit á því sviði er lögin ná til.

Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni.

Kostnaður af starfsemi stofnunarinnar skal greiðast með hlutdeild í tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, og af öðrum tekjum stofnunarinnar.

Vinnueftirlit ríkisins innheimtir gjöld fyrir þrýstiraunir, gas- og súrefnismælingar í lokuðum rýmum, mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis og inniloftsþáttum, skoðun á leiktækjum og verkpöllum, átaksprófanir, námskeið og próf, útgáfu skírteina og leyfa og útgáfu- og fræðsluefni samkvæmt gjaldskrá sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

33. gr.

75. gr. laganna orðast svo:

Verkefni sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að annast eru meðal annars að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara,

b. veita stofnunum, fyrirtækjum, félögum og starfsmönnum ráðgjöf,
c. veita þeim starfsmönnum er starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., leiðbeiningar í störfum þeirra,
d. afla og viðhalda þekkingu á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
e. fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað,
f. veita fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum, svo sem um nýja tækni og þekkingu sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
g. stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum,
h. vinna að rannsóknum á sviði vinnuverndar,
i. sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, andlega sem líkamlega, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu,
j. sjá um að haldin sé skrá yfir tíðni vinnuslysa eftir starfsgreinum,
k. annast markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir lög þessi,
l. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

34. gr.

76. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnueftirlits ríkisins til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tvo tilnefnda af Samtökum atvinnulífsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun Vinnueftirlits ríkisins og er félagsmálaráðherra og forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Stjórnin skal gera tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar, þar á meðal um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Ráðherra og forstjóri skulu leita umsagnar stjórnarinnar við undirbúning að setningu laga, reglugerða og annarra reglna um mál er heyra undir lög þessi.

35. gr.

77. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að skipa vinnuverndarráð einstakra starfsgreina, að fenginni rökstuddri tillögu stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í því skyni að vinna að tillögum um úrbætur í málum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum innan viðkomandi starfsgreinar.

Samtök aðila vinnumarkaðarins innan tiltekinnar starfsgreinar tilnefna hvert sinn fulltrúa í ráðið og velja þeir sér sjálfir formann og varaformann. Félagsmálaráðherra ákveður skipunartíma sérhvers ráðs sem þó skal aldrei vara lengur en fjögur ár í senn. Vinnuverndarráð starfsgreina skulu senda tillögur sínar til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins sem fjallar sérstaklega um þær og veitir félagsmálaráðherra umsögn um þær.

Kostnaður af starfsemi vinnuverndarráða starfsgreina skal greiðast af tekjum Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 3. mgr. 74. gr.

36. gr.

78. gr. laganna orðast svo:

Atvinnurekandi skal skrá öll slys sem eiga sér stað á vinnustaðnum og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Hið sama gildir um þá sjúkdóma sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun eða vitneskju um að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Einnig skal atvinnurekandi skrá óhöpp sem eiga sér stað á vinnustaðnum og eru til þess fallin að valda slysum.

Vinnueftirlit ríkisins, þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu hafa aðgang að skránni.

Atvinnurekandi og þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. skulu fara með persónuupplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu slysa, óhappa og sjúkdóma.

37. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.

Læknir, sem kemst að því eða fær grun um að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi atvinnusjúkdóm, atvinnutengdan sjúkdóm eða hafi orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, skal án ástæðulausrar tafar tilkynna það til Vinnueftirlits ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af tilkynningum um slys á vinnustöðum sem henni berast.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um tilkynningu slysa að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

38. gr.

80. gr. laganna orðast svo:

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hvers konar hættuleg efni eða efnavörur geti valdið mengun. Skal atvinnurekandi veita upplýsingar um aðstæður á slysstað, um hvers konar efni er að ræða og hvaða ráðstafana gripið hefur verið til eftir því sem frekast er unnt.

Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið eða óhappið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.

Atvinnurekandi skal upplýsa þá starfsmenn sem er hætta búin eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hættuleg efni og efnavörur geti valdið mengun.

Vinnueftirlit ríkisins skal tilkynna Umhverfisstofnun um tilvik þar sem hætta er á að mengunin dreifist út fyrir vinnustaðinn.

39. gr.

81. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins skal rannsaka orsakir slysa, óhappa og mengunar sem tilkynnt er um skv. 79. og 80. gr. í þeim tilgangi að stuðla að því að komið sé í veg fyrir að slíkt endurtaki sig á vinnustöðum.

Þegar Vinnueftirliti ríkisins hefur borist tilkynning skulu starfsmenn þess fara á staðinn án ástæðulauss dráttar til að hefja vettvangskönnun. Óheimilt er að breyta aðstæðum á slysstað umfram það sem nauðsynlegt er vegna björgunaraðgerða áður en vettvangskönnun hefur farið fram. Telji Vinnueftirlitið ekki þörf á sérstakri vettvangskönnun skal það tilkynna atvinnurekanda þar um án ástæðulauss dráttar.

40. gr.

82. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins skal fylgjast með að atvinnurekendur, er lög þessi taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu fara í eftirlitsheimsóknir inn í fyrirtækin til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Skulu þeir enn fremur sinna markaðsgæslu og markaðseftirliti í eftirlitsheimsóknum sínum. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu sýna skilríki um starf sitt.

Í eftirlitsheimsóknum skulu starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafa samband við atvinnurekanda eða fulltrúa hans og þá aðila sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og skulu þeir gefa allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið. Enn fremur er starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins heimilt að krefja aðra starfsmenn sem eru í vinnu eða hafa verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði um sömu upplýsingar.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hafa aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem eiga að vera fyrir hendi innan fyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

Starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt gerist nauðsynlegt.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu halda skrá yfir eftirlitsheimsóknir sínar samkvæmt ákvæði þessu þar sem skráðar eru athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrirmæli og tilkynningar er varða vinnuskilyrði. Skal atvinnurekanda afhent afrit af þeim hluta skrárinnar er viðkemur starfsemi hans.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd eftirlitsins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið að tiltekin eftirlitsverkefni Vinnueftirlits ríkisins verði falin annarri opinberri stofnun eða faggiltum skoðunarstofum.

41. gr.

Í stað 2. mgr. 86. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Atvinnurekanda ber jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfir, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki er unnt að ná sambandi við yfirmann eða starfsmann sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf.

Aðgerðir skv. 1. eða 2. mgr. gera þá aðila sem þar greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhvarfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja og er óheimilt að láta þá gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkurn hátt.

42. gr.

87. gr. laganna orðast svo:

Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir mega nema allt að 100.000 krónum á sólarhring. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta skal meðal annars taka tillit til þess hve aðkallandi umbæturnar eru og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Aðila er heimilt að kæra ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um beitingu dagsekta til félagsmálaráðuneytis innan fjórtán daga frá því honum var tilkynnt um ákvörðunina. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra barst til úrskurðar.

Ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til félagsmálaráðuneytis frestar aðför.

43. gr.

88. gr. laganna fellur brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 93. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „reglum, sem Vinnueftirlit ríkisins setur, eða eftir fyrirmælum forstjóra stofnunarinnar“ í 1. mgr. kemur: fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.
b. 2. mgr. fellur brott.

45. gr.

Í stað orðanna „og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins“ í 94. gr. laganna kemur: gildandi reglum og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

46. gr.

Orðin „eða stjórnar“ í 2. mgr. 96. gr. laganna falla brott.

47. gr.

XIV. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Kæruheimild**, orðast svo:

(98. gr.)

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins til félagsmálaráðuneytis innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

48. gr.

Lög þessi eru meðal annars sett til innleiðingar á tilskipun nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sem vísað er til í 8. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 28. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 42/96, og tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna, sem vísað er til í 29. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 43/96.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal skipa nýja stjórn Vinnueftirlits ríkisins innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara og fellur þá niður umboð fyrri stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Hin nýja stjórn tekur við verkefnum fráfarandi stjórnar sem lúta að faglegri stefnumótun Vinnueftirlits ríkisins en stofnunin tekur við öðrum verkefnum hennar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum. Breytingarnar felast meðal annars í innleiðingu á efni tilskipunar ráðsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma (hér eftir nefnd vinnutímatilskipunin) og tilskipunar ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Er lagt til að meginreglur vinnutímatilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar verði teknar upp.

Enn fremur eru lagðar til breytingar á skipulagi Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar verkaskiptingu forstjóra og stjórnar í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi hinnar íslensku stjórnsýslu frá gildistöku laganna. Með setningu stjórnsýslulaga árið 1993 voru starfshættir stjórnvalda færðir í fastara form og á það ekki síst við um eftirlitsstjórnvöld. Á sama tíma hafa stjórnvöld haft það að markmiði að samræma stöðu og ábyrgð stofnana sem best við sjónarmið ráðherrastjórnsýslu annars vegar og nýjum áherslum um sjálfstæði stofnana, árangur og ábyrgð hins vegar. Í því sambandi hefur meðal annars verið lögð áhersla á að valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna samrýmist ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 70/1996 (hér eftir nefnd starfsmannalög). Falla markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til á skipulagi Vinnueftirlits ríkisins að framangreindum áherslum.

Frá gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið árið 1994 hafa fjölmargar gerðir Evrópusambandsins á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum verið teknar upp í samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Hluti þessara gerða gera kröfur um eftirlit af einhverju tagi en færst hefur í vöxt að þær fjalli um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi og heilsuvernd í tengslum við ýmsar vélar, tæki og annan búnað. Nefnast þær einu nafni nýaðferðargerðir (*New Approach Directives*). Þar eru gerðar kröfur um að stjórnvöld standi fyrir markaðsgæslu og markaðseftirliti. Í lögum um öryggi vöru og

opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, eru opinber markaðsgæsla og markaðseftirlit sérstaklega skilgreind, sbr. 5. gr. laganna. Markaðsgæsla er skilgreind sem skipulögð viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi og heilsu- og umhverfisvernd. Þá merkir markaðseftirlit skipulagt eftirlit með vörum á markaði sem greinist í skoðun vöru annars vegar og skipulagða öflun upplýsinga um vörur á markaði hins vegar. Markaðsgæsla og markaðseftirlit byggjast því á markaðsskoðunum hvort sem um er að ræða úrtaksskoðanir eða skoðanir vegna sérstaks átaks og ábendinga. Vinnueftirliti ríkisins hefur verið falið eftirlit með þeim tegundum tækja, véla og annars búnaðar sem falla undir gildissvið núgildandi vinnuverndarlaga. Slíkt eftirlit verður meðal annars að fela í sér heimild fyrir eftirlitsstjórnvald til að koma í veg fyrir markaðssetningu á tegundum sem fullnægja ekki settum skilyrðum að undangenginni fullnægjandi rannsókn. Er því lagt til að hlutverk Vinnueftirlits ríkisins í markaðsgæslu með tegundunum verði gert skýrara og fært til samræmis við gildandi lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995. Þá er lagt til að félagsmálaráðherra hafi heimild til að fela óháðum faggiltum skoðunarstofum markaðsgæslu á tegundum véla, tækja eða annars búnaðar sem falla undir frumvarp þetta.

II. Tilskipun nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.

1. Almennt.

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti 28. júní 1996 að fella vinnutímatilskipunina undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 42/96. Tilskipunin var birt í EES-viðbæti Stjórnartíðinda Evrópusambandsins 14. nóvember 1996 (51. hefti, bls. 14), og telst hluti af XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Efni vinnutímatilskipunarinnar var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2000/34/EB, frá 22. júní 2000 með breytingu á tilskipun ráðsins nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra starfsgreina og þeirrar starfsemi sem áður féllu utan við gildissvið hennar. Við gildistöku hennar 1. ágúst 2003 falla því þeir sem starfa við flutninga á vegum ásamt þeim sem vinna á sjó og í flugi undir gildissvið vinnutímatilskipunarinnar. Ári síðar mun tilskipunin jafnframt gilda um lækna í starfsnámi. Þó er gert ráð fyrir að margvíslegar undanþáguheimildir frá reglum vinnutímatilskipunarinnar gildi áfram varðandi þessa hópa.

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti 31. maí 2002 að fella tilskipun nr. 2000/34/EB undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 58/2002. Innleiða þarf því ákvæði hennar í íslenskan rétt fyrir 1. ágúst 2003 en ári síðar að því er varðar lækna í starfsnámi. Þá er aðildarríkjunum veittur sérstakur aðlögunartími vegna lækna í starfsnámi. Er því heimilt að innleiða meginreglu vinnutímatilskipunarinnar um 48 klukkustunda hámarksvinnutíma að meðaltali á viku í þrepum á allt að átta árum samkvæmt sérstökum skilyrðum og veitt svigrúm með tilliti til viðmiðunartíma vikulegs hámarksvinnutíma, sbr. 6. tölul. 1. gr. tilskipunar nr. 2000/34/EB.

Vinnutímatilskipunin byggist á a-lið 118. gr. Rómarsáttmálans (nú 138. gr. samkvæmt Amsterdam-sáttmálanum) sem kveður á um að Evrópusambandið skuli með útgáfu tilskipana setja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi til að tryggja aukna öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Í formála hennar er vísað til þessa ákvæðis og sáttmála Evrópubandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launafólks (*The Community Charter on the Fundamental Social Rights of Workers*) sem samþykkt var af hálfu 11 aðildarríkja þess á fundi leiðtogaráðs Evrópusambandsins í Strassborg 9. desember 1989. Í stofnskránni er tekið fram að innri markaður Evrópusambandsins verði að leiða til bættra lífskjara og starfsskilyrða launafólks. Því markmiði eigi meðal annars að ná með um-

bótum sem varða lengd og skipulag vinnutíma. Enn fremur er vísað til tilskipunar nr. 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Sú tilskipun hefur að geyma almennar meginreglur um forvarnir gegn hættum við störf og verndun öryggis og heilsu starfsmanna við vinnu. Þá segir að með fyrirmælum um lágmarkskröfur varðandi skipulag vinnutíma sé stuðlað að bættum starfsskilyrðum launafólks í Evrópusambandinu.

2. Gildissvið og meginreglur vinnutímatilskipunarinnar.

Vinnutímatilskipunin gildir um daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma, árlegt orlof, um hlé og hámarksvinnutíma á viku og tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur. Hún felur í sér lágmarksréttindi til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

Eftir breytinguna með tilskipun nr. 2000/34/EB gildir vinnutímatilskipunin um alla starfsemi í öllum starfsgreinum, hvort sem hún er á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, í skilningi 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE, sbr. þó 14. og 17. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði vinnutímatilskipunarinnar gilda því ekki um sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem her og lögreglu, eða starfsemi almannavarna, sbr. tilvísun í 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Farmenn samkvæmt skilgreiningu í tilskipun nr. 1999/36/EB, sem byggist á samningnum um skipulag vinnutíma á farskipum sem gerður var af Evrópusamtökum skipaeigenda (ESCA) og Sambandi flutningaverkamanna munu enn fremur falla áfram utan gildissviðs tilskipunarinnar. Í þeirri tilskipun er að finna reglur um vinnutíma farmanna. Auk þess gildir um þetta efni tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma á skipum sem fara um hafnir innan ríkja Evrópusambandsins. Þá er tekið fram að tilskipunin gildi ekki á þeim sviðum þar sem sérreglur annarra gerða bandalagsins fela í sér sérhæfðari kröfur varðandi skipulag vinnutíma tiltekinna starfsgreina eða atvinnustarfsemi. Í því samhengi má geta tilskipunar nr. 2000/79/EB frá 27. nóvember 2000 um vinnutíma í flugi sem byggist á samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu í þessari atvinnugrein sem gerðir voru í mars 2000.

Meginreglur vinnutímatilskipunarinnar eru þær að aðildarríkjum er skylt að tryggja starfsmönnum rétt á:

a. 11 klukkustunda samfelldum daglegum hvíldartíma,
b. hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en 6 klukkustundir,
c. samfelldum 24 klukkustunda hvíldartíma í viku hverri sem tengist daglegum hvíldartíma, sbr. a-lið,
d. að virkur vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 klukkustundir, að yfirvinnu meðtalinni,
e. árlegu fjögurra vikna launuðu orlofi,
f. að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag,
g. ókeypis heilsufarsskoðun næturvinnustarfsmanna og, sé þess kostur, tilfærslu í dagvinnustörf ef rekja má heilsufarsvandamál þeirra til næturvinnunnar.

Tilskipunin hefur enn fremur að geyma nánari ákvæði er varða heilsuvernd og öryggi næturvinnustarfsmanna og vaktavinnustarfsmanna. Þá kveður hún á um að gera skuli viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra starfsmanna sem vinna eftir ákveðnu mynstri.

Heimilt er þó að víkja frá meginreglum vinnutímatilskipunarinnar. Slíkar heimildir byggjast meðal annars á því að skipulag vinnutíma í ákveðnum starfsgreinum er eða kann að vera með þeim hætti að æskilegt sé að heimila tiltekinn sveigjanleika við beitingu framangreindra

meginreglna. Ef aðildarríki nýta þessar heimildir ber þeim að gæta að meginreglum tilskipunarinnar um öryggi og heilsuvernd starfsmanna og gæta þess að starfsmenn fái samsvarandi hvíld í staðinn.

3. Starfsstéttir er falla utan gildissviðs laga nr. 46/1980.

Með hliðsjón af gildissviði laganna sem taka almennt ekki til starfsemi á sjó og í lofti, er ekki mælt sérstaklega fyrir um frávik varðandi slíka starfsemi í frumvarpi þessu.

Hvað varðar þá sem starfa við flutninga á vegum er í gildi reglugerð ráðsins nr. 3820/85/EBE um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum, sem meðal annars fjallar um vinnutíma. Þessar reglur voru teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 136/1995, með síðari breytingum. Dómsmálaráðherra setti reglugerðina með stoð í umferðalögum, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, og tók hún gildi 1. maí 1995. Reglugerð nr. 3820/85/EBE er ekki einvörðungu byggð á sjónarmiðum um heilsuvernd og öryggi ökumanna heldur er markmið hennar jafnframt að stuðla að samræmingu samkeppnisskilyrða í allri flutningastarfsemi sem og bættu umferðaröryggi. Enn fremur stendur til að fella undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið tilskipun þingsins og ráðsins nr. 2002/15/EB, um vinnutíma þeirra er starfa við flutninga á vegum.

Læknar í starfsnámi hafa ekki verið undanskildir meginreglum gildandi laga um daglega lágmarkshvíld og vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma og er lagt til að þær meginreglur gildi áfram um þá en að ekki verði mælt fyrir um vinnutíma þeirra að öðru leyti í frumvarpinu.

4. Áhrif vinnutímatilskipunarinnar.

Það hefur reynst vandasamt að meta áhrif vinnutímatilskipunarinnar á íslenskan vinnumarkað. Tilskipunin sjálf mælir ekki fyrir um hvernig vinnutími skuli mældur. Hún kveður þó á um að aðildarríkin skuli á fimm ára fresti gefa skýrslu um framkvæmd hennar. Af því má leiða að nauðsynlegt sé fyrir aðildarríkin að mæla vinnutíma með ákveðnum hætti í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Hér á landi sér Hagstofa Íslands um að mæla vinnutíma en hún styðst við sömu aðferðir og önnur ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þegar Ísland er borið saman við önnur ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins kemur í ljós að Íslendingar vinna lengstan vinnutíma en Hollendingar stystan. Athyglisvert er að á síðasta áratug hafa svo til engar breytingar orðið á vinnutíma launafólks hér á landi. Árið 1997 var venjulegur vinnutími á Íslandi 41,3 klukkustundir á viku en meðaltal ríkja Evrópusambandsins var þá 36,8 klukkustundir. Þá vinna yfir 40% launafólks í fullu starfi meira en 48 klukkustundir á viku að jafnaði og rúmlega 52% meira en 46 klukkustundir á viku. Er það talsvert hærra hlutfall en í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ýmislegt bendir því til að vinnutímatilskipunin hafi væntanlega talsverð áhrif á íslenskan vinnumarkað og mun meiri en í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þess ber þó að geta að framangreindar tölur gefa einungis vísbendingu um áhrif tilskipunarinnar.

III. Breytingar frá gildandi löggjöf um vinnutíma.

Flest ákvæði um vinnutíma hér á landi er að finna í kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins en þó eru nokkur ákvæði um þetta efni í gildandi löggjöf. Byggist löggjöf um vinnutíma einkum á því að vernda starfsmenn gegn óhóflega löngum vinnutíma með því að tryggja þeim lágmarkshvíld. Helstu ákvæði um vinnutíma og hvíldartíma er að finna í IX. kafla laganna. Er þar annars vegar mælt fyrir um lágmarkshvíldartíma á sólarhring og hins

vegar um vikulegan frídag en jafnframt veittar ákveðnar heimildir til frávika frá þessum reglum. Með lögum nr. 52/1997 var ákvæði 52. gr. laga nr. 46/1980 breytt til samræmis við ákvæði vinnutímatilskipunarinnar um 11 klukkustunda lágmarkshvíld á sólarhring en ákvæðið mælti áður fyrir um 10 klukkustunda lágmarkshvíld.

Með þessu frumvarpi er í fyrsta lagi lagt til að reglur IX. kafla laga nr. 46/1980 um lágmarkshvíld og vikulegan frídag verði útfærðar með öðrum hætti en nú með hliðsjón af efni vinnutímatilskipunarinnar. Í öðru lagi er lagt til að fleiri efnisreglum er snerta vinnutíma verði bætt við kaflann. Í þriðja lagi er lagt til að í stað þess að Vinnueftirlit ríkisins veiti undanþágur frá vinnutímaákvæðunum verði nánari útfærsla þeirra, innan ramma laganna, í höndum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Gert er ráð fyrir að samtökin hafi verulegt svigrúm til samninga innan þess ramma sem vinnutímatilskipunin mælir fyrir um.

IV. Kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins og aðdragandi frumvarps.

Í a-lið 1. mgr. 18. gr. vinnutímatilskipunarinnar er kveðið á um að stjórnvöld í aðildarríkjum Evrópusambandsins skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 23. nóvember 1996 eða fullvissa sig um í síðasta lagi þann dag að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi með samningi gert nauðsynlegar ráðstafanir þeim til framkvæmdar, enda bera aðildarríkin fulla ábyrgð á að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.

Með hliðsjón af efni tilskipunarinnar og venjum hér á landi um samráð stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins fól félagsmálaráðherra með bréfi, dags. 2. júní 1995, samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu (EES-samráðsnefnd) að gera úttekt á áhrifum þess að tilskipunin tæki gildi hér á landi. Í nefndinni sitja fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og utanríkisráðuneytis.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 1996, skilaði nefndin ráðherra skýrslu um málið þar sem meðal annars var mælt með því að samtökum aðila vinnumarkaðarins yrði gefið svigrúm til að ná samkomulagi sín á milli og freista þess þannig að aðlaga reglur tilskipunarinnar að aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði. Félagsmálaráðherra féllst á að þessi leið yrði farin hér á landi og sömdu samtök aðila vinnumarkaðarins sín á milli um innleiðingu þessara reglna með kjarasamningum, sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytis nr. 285/1997, um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Í auglýsingunni sem var birt í B-deild Stjórnartíðinda segir að ákveðið hafi verið að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd hér á landi með kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 18. gr. tilskipunar nr. 93/104/EB. Í auglýsingunni er vísað til samninga eftirtalinna aðila um framkvæmd á efni tilskipunarinnar:

1. Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands (samningur undirritaður 30. desember 1996).
2. Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og launanefnd sveitarfélaga annars vegar og Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands hins vegar (samningur undirritaður 23. janúar 1997).
3. Alþýðusamband Íslands og Vinnumálasambandið (samningur undirritaður 10. apríl 1997).

Í auglýsingunni segir jafnframt að í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993, séu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, lágmarkskjör. Af því leiði að ákvæði vinnutímatilskipunarinnar hafi tekið gildi með kjarasamningunum og teljist vera lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði.

Framangreindir kjarasamningar, sem hér á eftir verða nefndir vinnutímasamningarnir, öðluðust gildi hér á landi á fyrri hluta árs 1997. Vinnutímasamningarnir þrír eru í öllum meginatriðum samhljóða. Í þeim er að finna meginreglur tilskipunarinnar um daglegan og vikulegan hvíldartíma, ákvæði um vinnutíma næturvinnustarfsmanna o.fl., auk þess sem kveðið er á um sérstakar frávikheimildir frá þessum meginreglum.

Í bréfi EES-samráðsnefndar sem fylgdi með framangreindri skýrslu nefndarinnar til ráðherra kom einnig fram að í framhaldi af samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd á efni vinnutímatilskipunarinnar yrði rétt að huga að breytingum á vinnutímaákvæðum laga nr. 46/1980. Þetta var áréttað með erindi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands til félagsmálaráðherra í upphafi árs 1998. Þar var lögð fram sú tillaga að ráðherra léti fara fram heildarendurskoðun á þeim ákvæðum laga nr. 46/1980 sem lúta að skipulagi vinnutíma með það fyrir augum að lögfesta meginreglur vinnutímatilskipunarinnar. Jafnframt var þess óskað að með lögum yrðu staðfestar heimildir samtaka aðila vinnumarkaðarins til að semja um frávik frá einstökum ákvæðum laganna að uppfylltum ákveðnum rammaákvæðum. Var meðal annars bent á að ákvæði vinnutímatilskipunarinnar ganga í nokkrum tilvikum lengra en lög nr. 46/1980, svo sem varðandi hvíldartíma og frítíma, auk þess sem kveðið er á um lengd vinnutíma.

Í framhaldi af framangreindu bréfi Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins var fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins í EES-samráðsnefnd falið að gera tillögur að lagabreytingum með hliðsjón af ákvæðum vinnutímatilskipunarinnar og gildandi kjarasamningum. Ekki náðist þó samkomulag meðal nefndarmanna en fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðuneytisins lögðu þó fram sameiginlegar tillögur sem meðal annars var höfð hliðsjón af við samningu frumvarps þessa.

V. Tilskipun nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum er frá 12. júní 1989 og er hluti af XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipunin felur í sér auknar skyldur atvinnurekenda og starfsmanna sem miða að því að færa eftirlit með vinnuumhverfinu inn í fyrirtækin og gera það að hluta af eðlilegri starfsemi fyrirtækjanna. Markmið tilskipunarinnar er, sbr. 1. mgr. 1. gr., að gera ráðstafanir til að stuðla að því að öryggi og heilsa starfsmanna á vinnustöðum verði bætt. Þau markmið falla að markmiðum laga nr. 46/1980 sem eru, sbr. 1. gr. laganna, að tryggja:

a. öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
b. skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé unnt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur og ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Tilskipunin er rammatilskipun Evrópusambandsins á sviði vinnuverndar og hafa margar tilskipanir sem vísa til hennar verið teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið

með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þær hafa því verið innleiddar hér á landi og gilda á sérstökum fagsviðum eða miða að vernd ákveðinna áhættuhópa. Þessar reglur eiga það sammerkt að atvinnurekandi skal láta gera áhættumat í samstarfi við þá sem annast öryggismál innan fyrirtækja. Slíkt áhættumat miðar að því að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir áhættuna eða draga úr henni með skipulögðum hætti.

Þá er gert ráð fyrir að ráðstafanir um forvarnir sem gerðar eru í kjölfar áhættumats verði felldar inn í alla starfsemi fyrirtækja á öllum þrepum og tryggi þannig starfsmönnum betri vernd með tilliti til öryggis og heilsu. Í lögum nr. 46/1980 er gert ráð fyrir að atvinnurekandi og starfsmenn hans vinni sameiginlega að öryggismálum og heilsuvernd. Í II. kafla laganna er þetta útfært með ýmsum hætti í samræmi við stærð fyrirtækja. Tilskipunin gerir þó sérstakar kröfur um hæfni þeirra starfsmanna sem starfa skulu að heilsuvernd innan fyrirtækja. Hafi atvinnurekandi ekki yfir að ráða hæfu starfsfólki til þeirra starfa ber honum að fá til liðs við sig utanaðkomandi þjónustuaðila, sbr. 3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Tilskipunin hefur verið innleidd að hluta hér á landi með reglugerðum samgönguráðuneytis. Er þar um að ræða reglugerð um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum, nr. 785/1998, reglugerð um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, nr. 786/1998, og reglugerð um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja, nr. 680/1999.

VI. Heilsuvernd starfsmanna.

Mikilvægt er að atvinnurekendur hugi að öryggi og heilbrigði á vinnustað en ljóst er að bæði andlegt og líkamlegt álag í starfi getur haft áhrif á heilsu starfsmanna. Undanfarin ár hefur íslenskur vinnumarkaður tekið breytingum þar sem fjölbreytni í störfum hefur aukist. Þar á meðal hefur störfum fjölgað þar sem líkamleg áreynsla er lítil en andlegt álag hins vegar meira. Í rannsókn Eurostat frá árinu 1999 kemur fram að veikindi vegna streitu, þunglyndis, kvíða, ofbeldis á vinnustað og áreitni nema um 18% af veikindafjarvistum starfsmanna. Í fjórðungi þeirra voru starfsmenn frá vinnu í tvær vikur eða meira. Þá hafa fleiri rannsóknir sýnt að aukin vellíðan fólks í starfi er hagur allra, hvort sem um er að ræða starfsmanninn, atvinnurekandann eða samfélagið í heild. Því er lagt til í frumvarpi þessu að atvinnurekendur beri ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað þar sem tekið er tillit til eðlis og skipulags starfsins ásamt stærð vinnustaðar. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd.

Gert er ráð fyrir að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem áhætta í starfi er metin með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Matið felur í sér greiningu á vinnuumhverfi og skal taka til allra þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta stofnað öryggi og heilsu starfsmanna í hættu. Það felur í sér skoðun á þáttum eins og líkamlegu og andlegu álagi, hávaða og lýsingu, innanhússlofti, öryggismálum, meðferð hættulegra efna, mengun, geislun og aðstæðum fyrir ákveðna starfshópa, svo sem ungmenni, eldri starfsmenn, barnshafandi konur o.fl. Tilgangur áhættumatsins er einkum sá að gera atvinnurekendum og starfsmönnum grein fyrir þeirri áhættu sem kann að felast í viðkomandi störfum. Þannig er þeim gert kleift að koma í veg fyrir hana eða ef þess er ekki kostur að draga úr henni eins og frekast er unnt. Á þetta einkum við þegar sérstakir áhættuþættir koma til álita í störfum, svo sem hættuleg efni og efnavörur. Þess vegna er lagt til að við gerð áhættumatsins verði sérstaklega litið til þeirra starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna er sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum. Í þeim tilvikum þar sem miklir áhættuþættir eiga í hlut gilda jafnframt sérreglur, sbr. til dæmis tilskipun nr. 98/24/EB, um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna

gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað, sem vísað er til í 16. lið h XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 57/1999.

Í kjölfar áhættumats er gert ráð fyrir að atvinnurekandi sjái um að gerð sé áætlun um heilsuvernd sem að hluta til byggist á áhættumatinu. Auk þeirra markmiða sem talin eru upp í frumvarpi þessu má nefna að jafnan er leitast við að fyrirbyggja óþægindi, sjúkdóma og slys sem rekja má til atvinnu fólks en ekki síst að auka þekkingu atvinnurekenda og starfsmanna á áhættuþáttum í umhverfi.

Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna. Þannig geta forvarnir verið stór hluti heilsuverndar. Gert er ráð fyrir að þegar niðurstöður áhættumats liggja fyrir sé gerð áætlun um forgangsröðun úrbóta. Mikilvægt er að þær forvarnarráðstafanir sem gripið er til í kjölfarið tryggi starfsmönnum betri vernd og séu felldar inn í starfsemi fyrirtækis. Eins og fram kemur í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um heilsuvernd starfsmanna er unnt að skipta forvörnum niður í þrjú stig. Fyrsta stigs forvörn miðar að því að koma í veg fyrir að fólk verði fyrir heilsutjóni í vinnunni. Annars stigs forvörn er fólgin í aðgerðum sem miða að því að óþægindi eða einkenni, sem komin eru fram, ágerist ekki heldur réni og þriðja stigs forvörn miðar að því að koma í veg fyrir að heilsutjón þróist áfram og leiði til örorku eða dauða. Forvörn á þriðja stigi er að mestu á sviði heilbrigðisþjónustunnar.

Fræðsla sem hluti af heilsuvernd starfsmanna getur tekið til ýmissa atriða, svo sem streitustjórnunar, álagssjúkdómavarna, mengunarvarna, meðferðar hættulegra efna, hávaðavarna, lýsingar og innanhússlofts, slysavarna, skyndihjálpar auk fleiri þátta. Ráðgjöfin snýr til dæmis að vinnuskipulagi og hönnun vinnuumhverfis, skipulagi og framkvæmd innra starfs í fyrirtækjum, ráðgjöf um aðgerðir og úrbætur í framhaldi af greiningu og mati á vinnuumhverfi og vinnuskipulagi og um leiðir til að virkja starfsmenn, stjórnendur og eigendur til þátttöku í vinnuvernd.

Þegar áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita til hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Þjónustuaðilar skulu því hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlitsins um hæfni til að annast þessa þjónustu áður en þeir hefja störf. Það er í samræmi við niðurstöður Evrópudómstólsins í máli C-49/00 (*framkvæmdastjórnin gegn ítalska ríkinu*). Samkvæmt ítalskri löggjöf höfðu atvinnurekendur um það val að ráða sér utanaðkomandi þjónustu þegar starfsmenn þeirra höfðu ekki nauðsynlega kunnáttu. Sú skipan var talin ófullnægjandi framkvæmd á 1. og 3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Af túlkun dómstólsins leiðir að atvinnurekendum er skylt að leita aðstoðar utankomandi aðila þegar starfsmenn þeirra búa ekki yfir nauðsynlegri kunnáttu á þessu sviði. Enn fremur komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það væri á verksviði aðildarríkjanna að skilgreina nauðsynlega færni og hæfni starfsmanna og þjónustuaðila, sbr. 8. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Að mati dómsins var það ekki talið samræmast ákvæðum tilskipunarinnar að fela atvinnurekendum sjálfum að skilgreina hæfni þessara aðila heldur væri það skylda aðildarríkjanna að setja lög og reglugerðir þar um. Ber aðildarríkjunum jafnframt að fylgjast með að þessum reglum sé framfylgt.

Heilsufarsskoðanir þurfa að taka mið af áhættumati sem og þeim reglum sem eru í gildi um þetta efni. Þær eru að jafnaði í höndum heilbrigðisstarfsmanna og skulu taka mið af áhættuþáttum í umhverfi. Þess ber að geta að heilsuvernd starfsmanna á ekki að ná til almennrar heilsugæslu starfsmanna vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda.

Þrátt fyrir að ákvæði laga nr. 46/1980 um heilsuvernd starfsmanna hafi ekki komið til almennrar framkvæmdar hafa ýmis fyrirtæki og stofnanir hér á landi keypt þjónustu sem felur í sér heilsuvernd á vinnustað í einhverju formi. Þannig hafa stór iðnfyrirtæki, svo sem Álverið í Straumsvík, Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, Kísiliðjan við Mývatn, Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki og Áburðarverksmiðjan, öll haft heilsuvernd á vinnustað í einhverju formi. Ýmsir aðilar hafa veitt þessa þjónustu, þ.e. heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og sjálfstætt starfandi aðilar. Eftir því sem best er vitað hafa þó fáar heilsugæslustöðvar séð sér fært að sinna heilsuvernd á vinnustöðum með formlegum hætti. Þó er vitað um undantekningar hjá nokkrum heilsugæslustöðvum sem hafa sinnt heilsuvernd starfsmanna. Ljóst er að gerðar eru aðrar kröfur til þeirra sem annast heilsuvernd starfsmanna en þeirra sem starfa í almennri heilbrigðisþjónustu. Er því eðlilegt að takmarka ekki þessa starfsemi við heilbrigðisstofnanir. Í því sambandi má benda á að fyrirtæki hér á landi hafa ólíkar þarfir fyrir heilsuvernd á vinnustað eftir atvinnugreinum, stærð fyrirtækja, umfangi og viðfangsefnum. Til að mæta þörfum atvinnulífsins mætti þannig sjá fyrir sér mismunandi rekstrarform heilsuverndar á vinnustað. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til geta einka- eða sameignarfyrirtæki annast hana sem og heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Hafi slík fyrirtæki ekki sérfræðinga með þekkingu á öllum fagsviðum heilsuverndar á vinnustað gætu þau haft ákveðið fagnet þannig að stjórnendur þjónustunnar tryggi að öll fagsviðin séu til staðar þegar á þarf að halda.

VII. Einelti á vinnustöðum.

Skilgreining á því hvað telst einelti á vinnustað er vandasöm. Margs konar skilgreiningar hafa komið fram um hugtakið en þær eiga þó það flestar sammerkt að vísa til neikvæðrar háttsemi sem beint er að aðila á vinnustað hvort sem hún er líkamleg, orðbundin eða táknræn. Þá er áhersla lögð á að um sé að ræða kerfisbundna eða endurtekna háttsemi sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna þeim sem hún beinist að. Orsakir eineltis geta verið margs konar en skipulag vinnu getur spilað stórt hlutverk í að skapa aðstæður fyrir einelti, svo sem óljós verkaskipting og of mikið álag. Skortur á umburðarlyndi gagnvart háttum sem kunna að aðgreina starfsmann frá starfshópnum getur einnig stuðlað að einelti, einkum í starfshópi þar sem streita og óöryggi er til staðar. Engu að síður er mjög mikilvægt að greina milli eineltis og annars konar deilna eða hagsmunaárekstra milli tveggja jafnsterkra einstaklinga enda vart gert ráð fyrir því að slíkar deilur séu viðvarandi eða endurtaki sig kerfisbundið. Í sambandi við skilgreiningu á kynferðislegri áreitni er vísað til 2. mgr. 17. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, þar sem hugtakið er skilgreint sérstaklega.

Í könnun sem gerð var af Evrópustofnun um bætt kjör og vinnuskilyrði (*European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions*) frá árinu 2000 kom fram að 2% launafólks töldu sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni en 9% töldu sig hafa verið lögð í einelti. Könnun þessi var framkvæmd í Finnlandi, Bretlandi, Hollandi, Svíþjóð, Belgíu, á Spáni, Portúgal og Ítalíu. Þá bentu niðurstöður hennar til þess að tíðni eineltis væri mismunandi eftir starfsgreinum en einelti er algengast í þjónustustörfum og sölustörfum. Kom meðal annars fram að 14% opinberra starfsmanna töldu sig hafa orðið fyrir einelti og 13% þeirra sem störfuðu á hótelum og veitingahúsum. Hér á landi hafa verið framkvæmdar rannsóknir á tíðni eineltis í einstökum atvinnugreinum og hafa þær allar sýnt fram á að ákveðinn hluti fólks verður fyrir einelti í starfi.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur vakið máls á vandamálum er tengjast einelti sem og öðru ofbeldi á vinnustöðum. Enn fremur er kveðið á um rétt til mannlegrar reisnar í starfi í

2. mgr. 26. gr. endurskoðaðs félagsmálasáttmála Evrópu. Þar kemur fram að stuðla skuli að vitund, upplýsingum um og forvörnum gegn endurtekinni ámælisverðri eða ótilhlýðilegri og móðgandi háttsemi sem beinist að einstökum starfsmönnum á vinnustað eða varða starf þeirra. Auk þess er kveðið á um að grípa skuli til hvers konar ráðstafana í því skyni að vernda launafólk gegn slíkri háttsemi. Víða í nágrannalöndum okkar hefur þótt ástæða til þess að setja sérstakar reglur um einelti á vinnustað, svo sem í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Tilgangur slíkra ákvæða er að stuðla að því að starfsmenn njóti velsældar og virðingar í starfi. Er það ekki síst mikilvægt í ljósi þess að rannsóknir á einelti hafa sýnt að langvarandi einelti getur haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar í för með sér fyrir starfsmanninn. Hafa niðurstöður bent til að þolendur eineltis finni fyrir aukinni streitu sem getur komið fram til dæmis í þunglyndi, einbeitingarleysi, minnistruflunum, grátköstum og lystarleysi. Þetta er meðal annars í samræmi við niðurstöður framangreindrar rannsóknar en þar kom fram að 47% þeirra er töldu sig hafa orðið fyrir einelti upplifðu streitu og 46% þeirra sem höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Sambærilegar niðurstöður fengust enn fremur í rannsókn sem gerð var á vegum Vinnueftirlits ríkisins á líðan starfsfólks í umönnunargeiranum á árinu 2001. Þar kom fram að 12% starfsfólks taldi sig hafa orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða hótunum í vinnunni. Þetta virtist hafa margvísleg neikvæð áhrif á líðan starfsfólks auk þess sem það upplifði meiri óánægju í starfi, minni glaðværð og minni samstöðu í starfshópnum. Sambærilegar niðurstöður má lesa út úr könnunum sem Vinnueftirlitið hefur gert í þó nokkrum starfshópum.

VIII. Skipulagsbreytingar hjá Vinnueftirliti ríkisins.

Á undanförnum árum hafa í ríkara mæli verið sett skilyrði um að ljóst liggi fyrir hver beri ábyrgð á tilteknu málefni og hver hafi vald til að taka ákvarðanir samhliða auknum kröfum um vandaða og gagnsærri stjórnsýslu. Sú þróun að færa stjórnunarheimildir í auknum mæli til undirstofnana skilar því ekki tilætluðum árangri nema að almenningur geti séð hver beri ábyrgð á að þeim sé beitt á árangursríkan hátt og í samræmi við heimildir. Ýmsir þættir eru til þess fallnir að gera valdssvið og stjórnunarumboð forstöðumanna óskýr. Einn þeirra er þegar fleiri en einum aðila er fengið formlegt vald sem tengist stjórnun stofnunar. Þá eykst hættan á að aðilarnir reyni að firra sig ábyrgð með því að benda hver á annan og erfitt getur reynst að greina orsakir og eðli vandamála.

Í því skyni að koma í veg fyrir slíkt hafa stjórnvöld stefnt að því að auka sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana við töku ákvarðana er varða stjórnun og starfsmannahald á kostnað fjölskipaðra stjórna. Í starfsmannalögum nr. 70/1996, kemur þessi stefna stjórnvalda skýrt fram en í athugasemdum við 38. gr. laganna er tekið fram að viðkomandi ráðherra skuli gera forstöðumanni ljóst í erindisbréfi hvaða markmiðum stefnt skuli að í rekstri stofnunar og hvaða verkefnum sé ætlast til að hún sinni. Þá er lögð lagaleg og rekstrarleg ábyrgð á herðar forstöðumanna stofnana sem felast meðal annars í því að tryggja að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Er með þessu verið að koma í veg fyrir dreifingu ábyrgðar milli fleiri aðila en í staðinn eru gerðar auknar kröfur til forstöðumanna stofnana og ábyrgð þeirra gerð meiri. Á sama hátt verður valdsvið þeirra og ábyrgð skýrari gagnvart viðkomandi ráðuneyti. Þykir þetta stjórnunarfyrirkomulag eðlilegra í ljósi meginreglunnar um ábyrgð ráðherra á starfsemi og ákvörðunum í málaflokkum er undir þá heyra en fræðimenn hafa talið að sjálfstæðar valdheimildir stjórna samrýmist illa þeirri meginreglu. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að þar sem ráðherra hefur takmörkuð áhrif á skipan stjórna bera þær í raun að miklu leyti ábyrgð gagnvart öðrum en ráðherra. Getur þá jafnvel komið upp sú staða að hagsmunir fulltrúa í stjórn fari ekki saman við hagsmuni stofnunar eða ráðherra.

Framangreindri stefnu stjórnvalda hefur verið fylgt við endurskoðun á skipulagi Vinnueftirlits ríkisins þannig að ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn yfir stofnuninni í þeirri mynd sem verið hefur. Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi forstjóra sem ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á stofnuninni ásamt ábyrgð á árangri af störfum hennar. Hefur sama þróun átt sér stað við endurskoðun á skipulagi annarra undirstofnana ráðuneyta, svo sem Jafnréttisstofu, Brunamálastofnunar, Geislavarna ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Eigi að síður er talið mjög mikilvægt að stjórnvöld hafi áfram náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um hvernig haga skuli málum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er þýðingarmikið að aðilar vinnumarkaðarins komi að faglegri stefnumótun á sviði vinnuverndar. Þess vegna er lagt til að félagsmálaráðherra skipi áfram stjórn Vinnueftirlits ríkisins en hlutverk og ábyrgð stjórnarinnar er skilgreint með öðrum hætti. Er gert ráð fyrir að stjórnin beri ábyrgð á faglegri stefnumótun Vinnueftirlits ríkisins og sé ráðherra og forstjóra til ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Er meðal annars lagt til að hún geri tillögur til ráðherra um úrbætur, þar á meðal um hvort þörf sé á lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Lagt er til að stjórnin hafi ekki lengur vald til að setja reglur heldur að ráðherra setji ekki reglur á þessu sviði nema að fenginni umsögn stjórnarinnar enda mikilvægt að vinna opið að reglusetningu og tryggja með skilvirkum hætti tækifæri hagsmunaaðila til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Stjórnin yrði skipuð fulltrúum heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins en gert er ráð fyrir að ráðherra skipi formann án tilnefningar. Yrði því hin nýja stjórn skipuð með sambærilegum hætti og stjórn Vinnueftirlits ríkisins er skipuð samkvæmt gildandi lögum. Slíkt fyrirkomulag er meðal annars í samræmi við 3. mgr. 3. gr. félagsmálasáttmála Evrópu sem íslensk stjórnvöld hafa fullgilt. Á sama hátt er áhersla lögð á gott samráð milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um vinnuverndarmálefni hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni.

Í samræmi við framangreint er enn fremur lögð til sú breyting á gildandi lögum að félagsmálaráðherra verði falið að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laganna. Það er viðurkennt sjónarmið að framsali lagasetningarvalds skuli vera þröngar skorður settar enda ýmis rök sem mæla með því að slíkt framsal sé heimilt að vissu marki. Má þar meðal annars nefna að hætta er á að lagabálkar verði óhæfilega langir og flóknir og reynslan hefur sýnt sig að mikilvægt er að lög séu nokkuð stöðug en stjórnsýslan sveigjanleg. Í því sambandi þykir eðlilegra að framsalið nái einvörðungu til ráðherra fremur en sérstakrar stofnunar eða fjölskipaðs stjórnvalds þar sem ráðherra ber ætíð ábyrgð á efni stjórnsýslufyrirmæla í samræmi við áðurnefnda meginreglu íslensks stjórnkerfis um að ráðherra fari með yfirstjórn þeirra stjórnarmálefna er undir hann heyra. Þar með er gert skýrara fyrir hinum almenna borgara hver beri hina endanlegu ábyrgð á setningu reglna. Þá er óneitanlega auðveldara fyrir ráðherra og embættismenn ráðuneyta að hafa raunverulega yfirsýn yfir og þekkingu á efni reglugerða og afleiðingum þeirra þegar ráðherra sjálfum er falið þetta vald. Engu að síður verður áfram gert ráð fyrir að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins og stjórn stofnunarinnar standi að undirbúningi að reglum á sviði vinnuverndar.

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera hefur mjög verið til umfjöllunar hin síðari ár. Slík starfsemi verður að teljast nauðsynleg á mörgum sviðum í þeim tilgangi að tryggja öryggi fólks, eigna og umhverfis. Með setningu stjórnsýslulaga árið 1993 voru starfshættir eftirlitsstofnana felldir í fastara form. Enda þótt skyldur þessara aðila hafi ekki breyst með tilkomu laganna voru málsmeðferðarreglur lögfestar og gerðar þannig sýnilegri almenningi. Enn fremur var það úrræði að fá ákvörðun lægra setts stjórnvalds endurskoðaða hjá æðra stjórnvaldi komið í fastari skorður svo það mætti vera virkara en fyrir gildistöku laganna.

Þá samþykktu ráðherrar OECD ríkjanna tveimur árum síðar sérstök tilmæli til aðildarríkja sinna um að taka eftirlitsstarfsemi, reglusetningu og reglustýringu til markvissrar skoðunar. Þar minnti OECD á að reglusetning og reglustýring væru meðal mikilvægustu verkfæra stjórnvalda og vandaðar reglur væru því grundvöllur árangursríkrar stjórnsýslu. Mikilvægt er að stjórnvöld endurskoði reglulega eigin reglusetningu og eftirlitsmál. Eiga þær ábendingar við um mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og önnur mál sem þurfa eftirlits með. Ekki síður er mikilvægt að stjórnvöld hafi vakandi auga fyrir umfangi eftirlitsstarfseminnar hverju sinni en þar skiptir meðal annars máli að þess sé gætt að skörun verði sem minnst á starfssviði eftirlitsstofnana. Við gerð frumvarps þessa var farið yfir verkaskiptingu einstakra eftirlitsstofnana á vegum hins opinbera í sambandi við hættuleg efni og efnavöru. Eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum þar sem skörun var varðandi verkefni Vinnueftirlits ríkisins við aðrar eftirlitsstofnanir á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæði c-liðar 2. mgr. 2. gr. falli brott. Ákvæði þessu hefur ekki verið beitt í framkvæmd og verður að telja eðlilegt að um afmörkun þess hvort störf í heimahúsum falli undir gildissvið laganna fari eftir hugtakanotkun og markmiðum þeirra að öðru leyti, svo sem um það hverjir teljast starfsmenn og hvað teljist starfsemi í skilningi þeirra.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til orðalagsbreytingar á ýmsum ákvæðum laganna til samræmis við stjórnkerfisbreytingar sem fram koma í frumvarpinu, meðal annars þær að félagsmálaráðherra setji reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í stað þess að stjórnin setji reglur.

Um 3. gr.

Þessi viðbót er í samræmi við aðrar breytingar sem felast í frumvarpi þessu. Lagt er til að atvinnurekandi stuðli ekki einungis að samstarfi þeirra sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þeirra sem annast heilbrigðisþjónustu heldur einnig að haft verði samstarf við þá sem annast heilsuvernd starfsmanna, sbr. 22.–25. gr. frumvarps þessa.

Um 4. gr.

Lagt er til að ákvæði III. kafla laganna verði felld brott þar sem lagt er til í 35. gr. frumvarps þessa að félagsmálaráðherra verði heimilt að skipa vinnuverndarráð einstakra starfsgreina sem kæmu í stað öryggisnefnda sérgreina. Hlutverk þeirra yrði sambærilegt en skipulag þess fært til samræmis við aðrar skipulagsbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

Sú breyting sem lögð er til á 13. gr. laganna er í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á efni XI. kafla laganna, sbr. 22.–28. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Samkvæmt 24. gr. laganna á orðið starfsmaður í lögunum við um hvern þann sem vinnur launuð störf í þjónustu annarra. Lagt er til að hugtakið nái einnig til nema og lærlinga án tillits til þess hvort þeir gegna launuðum störfum en jafnframt er gert ráð fyrir að starf á

vinnustaðnum sé liður í skipulögðu námi viðkomandi nema eða lærlings. Er þá átt við að fyrir liggi með formlegum hætti hvernig hlutaðeigandi nám tengist viðkomandi vinnustað. Hér undir falla því ekki nemendur í starfskynningu eða heimsókn á vegum skóla. Breytingin byggist á ákvæði a-liðar 3. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Benda má á að í X. kafla laganna er beinlínis gert ráð fyrir að þau taki til unglinga í starfsnámi, sbr. til dæmis 2. mgr. 62. gr. Mikilvægt þykir að skýrt verði að þessi hópur falli undir lögin en nemar og lærlingar eru oft í sérstakri áhættu gagnvart óhöppum á vinnustað sökum ungs aldurs og reynsluleysis.

Um 7. og 8. gr.

Í ákvæðunum eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við stjórnkerfisbreytingar sem fram koma í frumvarpinu, meðal annars þær að félagsmálaráðherra setji reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í stað þess að stjórnin setji reglur.

Um 9. gr.

A-liður ákvæðis þessa er í samræmi við 13. gr. vinnutímatilskipunarinnar en þar er kveðið á um að vinnuveitandi sem skipuleggur vinnu eftir ákveðnu mynstri skuli taka tillit til þeirrar meginreglu að aðlaga skuli vinnuna að starfsmanninum. Markmið þessa er einkum að draga úr áhrifum einhæfra starfa og þeirra starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða.

Lagt er til í b-lið að félagsmálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, verði heimilt að setja nánari reglur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir og uppræta einelti á vinnustöðum. Hugtakið einelti er skilgreint þannig að um sé að ræða endurtekna áreitni eða aðra ótilhlýðilega háttsemi, þar á meðal kynferðislega áreitni, sem beint er að einum eða fleiri starfsmönnum á vinnustað. Mikilvægt er að starfsmenn njóti verndar gegn andlegri áreitni sem og líkamlegri enda ljóst að hvers kyns neikvæð áreitni í starfi getur valdið vanlíðan hjá fólki. Að öðru leyti er vísað til VII. kafla almennra athugasemda frumvarps þessa.

Um 10.–12. gr.

Í ákvæðinum eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við stjórnkerfisbreytingar sem fram koma í frumvarpinu, meðal annars þær að félagsmálaráðherra setji reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í stað þess að stjórnin setji reglur.

Um 13. gr.

Gerðir Evrópusambandsins, sem fjalla um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi og heilsuvernd í tengslum við ýmsar vélar, tæki og annan búnað, svo sem um færanlegan þrýstibúnað og lyftur, hafa verið teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Markmið nýaðferðagerða er meðal annars að ná fram einsleitni innan Evrópska efnahagssvæðisins og koma í veg fyrir viðskiptahindranir. Með tilkomu gagnkvæmra viðurkenninga á vottunum og prófunum á Evrópska efnahagssvæðinu hefur eftirlit sem haft hefur verið með gæði vöru í einstökum ríkjum verið fellt niður. Þess í stað hefur komið sérstakt eftirlit á markaði. Tilgangur þess er að ganga úr skugga um að tegund tækja, véla eða annars búnaðar uppfylli sett skilyrði og gildandi öryggiskröfur. Í því skyni að tryggja að reglunum sé fylgt eftir eru sett formskilyrði um að þær vélar, tæki eða annar búnaður sem um er að ræða hafi tilteknar merkingar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi, prófunarskýrslur eða skjöl með tæknilegum upplýsingum. Þegar tegund véla, tækja eða annars búnaðar fullnægir ekki settum skilyrðum er óheimilt að markaðssetja hana í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og notkun hennar er bönnuð enda er markmiðið meðal annars að tryggja að þær tegundir sem seldar eru

og notaðar á innri markaði fullnægi settum öryggiskröfum, sbr. til dæmis efni tilskipunar nr. 98/37/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar sem vísað er til í 1. lið XXIV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 94/1999, tilskipunar nr. 95/16/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur sem vísað er til í 5. lið III. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 29/1997, og tilskipunar nr. 97/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað sem vísað er til í 6. lið a VIII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 82/1998. Er því lagt til að lögin hafi að geyma skýrt ákvæði um að óheimilt sé að markaðssetja eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem fellur undir gildissvið laganna og fullnægir ekki settum skilyrðum. Hugtakið markaðssetning nær bæði til sölu og auglýsinga á tegundum véla, tækja og annars búnaðar.

Lagt er til að félagsmálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, verði fengin heimild til að setja reglur um kröfur sem tegund véla, tækja eða annars búnaðar þarf að uppfylla til þess að teljast örugg og um þær aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á að tegund sé í samræmi við settar reglur. Er þessi tillaga lögð fram þar sem ætla má að tilskipunum Evrópusambandsins sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eigi eftir að fjölga enda markmiðið að samræma reglur á sviði öryggis og heilsuverndar á vinnustöðum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Yrði því torveldara í framkvæmd ef breyta þyrfti lögunum í hvert sinn sem ný tilskipun væri tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Enn fremur eru þessar tilskipanir mjög tæknilegar og þarf því að útfæra þær í sérreglum svo að lögin verði ekki óhæfilega löng og flókin.

Um 14. gr.

Mikilvægt er að stjórnvöld geti gripið til viðeigandi aðgerða þegar tegund er á markaði sem fullnægir ekki settum öryggiskröfum eða öðrum skilyrðum. Er því lagt til að Vinnueftirliti ríkisins verði falin heimild til að banna markaðssetningu og notkun tegunda véla, tækja eða annars búnaðar sem heyrir undir lögin og fullnægja ekki ákvæðum þeirra, annarra sérreglna sem settar eru með heimild í þeim eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Áður en gripið er til slíkra úrræða er gert ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins veiti atvinnurekanda, framleiðanda tegundar tækis, vélar eða annars búnaðar eða fulltrúa hans, eftir því sem við á, tækifæri til að bæta úr annmörkum hennar innan hæfilegs frests í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við þær öryggiskröfur sem gerðar eru í nokkrum gerðum Evrópusambandsins um vélar, tæki og annan búnað sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, til dæmis tilskipun nr. 98/37/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar sem vísað er til í 1. lið XXIV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 94/1999, og tilskipun nr. 1999/36/EB, um færanlegan þrýstibúnað, sem vísað er til í 6. lið a VIII. kafla II. viðauka og 17. liðar c XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og þeim var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 3/2000. Er með þessu verið að tryggja virkt eftirlit með tegundum véla, tækja og annars búnaðar enda þótt þær hafi fengið viðurkenningu um að fullnægja þeim reglum sem um þær gilda. Getur til dæmis verið um galla að ræða í fáeinum eintökum. Hér er eingöngu heimilt að banna markaðssetningu og notkun í tiltekinn tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu og notkun þangað til úrbætur eru gerðar. Er gert ráð fyrir að bannið skuli ekki vara

lengur en fjórar vikur enda litið svo á að það sé hæfilegur tími til að rannsaka málið og grípa til viðeigandi úrbóta á ástandinu leiði rannsóknin í ljós að viðkomandi tegund ógni öryggi og heilsu fólks. Þó er lagt til að heimilt sé að framlengja bannið um allt að fjórar vikur til viðbótar ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast þess. Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn tegundar eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur Vinnueftirlit ríkisins bannað markaðssetningu hennar og notkun.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins tekur ákvörðun samkvæmt ákvæði þessu er mikilvægt að gæta ákvæða stjórnsýslulaga við málsmeðferð, rannsókn og ákvörðunartökuna sjálfa. Þegar taka þarf ákvörðun til að koma í veg fyrir bráða og yfirvofandi hættu skal ákvörðun tekin til bráðabirgða. Skal þá málið tekið til meðferðar á ný þar sem tekin er endanleg ákvörðun um málalyktir. Þarf þá að rannsaka málið betur og veita aðilum færi á að tjá sig. Endanlega ákvörðun skal taka eins fljótt og unnt er.

Um 15. gr.

Ákvæði þetta fjallar meðal annars um innheimtu þjónustugjalda sem ætlað er að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við tiltekna þjónustu sem veitt er gjaldanda. Í ljósi þess að þjónustugjöld eru í eðli sínu íþyngjandi fyrir gjaldandann verða þjónustugjöld almennt ekki innheimt nema fyrir þeim sé skýr lagaheimild. Á þetta sérstaklega við þegar um lögmælta þjónustustarfsemi er að ræða. Er þess vegna lagt til að skýrt verði kveðið á um fyrir hvaða þjónustu Vinnueftirlits ríkisins verði heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins. Er enn fremur talið mikilvægt að ráðherra leiti umsagnar stjórnar Vinnueftirlits ríkisins áður en hann setur gjaldskrána. Er í þessari grein ásamt ákvæði 32. gr. frumvarpsins um að ræða tæmandi upptalningu á hvers konar þjónustustarfsemi heimilt er að taka gjald fyrir.

Lagt er til að Vinnueftirliti ríkisins verði heimilt að innheimta þjónustugjöld vegna skoðunar og skráningar á lyftum og lyftubúnaði, rúllustigum, kötlum, þrýstihylkjum og geymum, sbr. 1. mgr. 46. gr. laganna, en áður hefur sú þjónusta verið talin til aukaþjónustu skv. 2. mgr. 80. gr. laganna. Í 2. mgr. 49. gr. laganna er heimild til að setja í gjaldskrá þjónustugjöld vegna skráningar og skoðunar á farandvélum, farandvinnuvélum og búvélum og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Þá þykir ástæða til að fyrir hendi sé skýr lagaheimild fyrir gjaldtöku vegna aukaskoðana sem þarf að gera ef vanbúnaðar kemur í ljós við reglubundna skoðun og aukaskoðana vegna uppsetningar, breytinga eða viðgerða á umræddum vélum, tækjum eða öðrum búnaði sem eru með gilda reglubundna skoðun.

Enn fremur eru lagðar til orðalagsbreytingar í 1. og 3. mgr. 49. gr. laganna til samræmis við stjórnkerfisbreytingar sem fram koma í frumvarpinu, meðal annars þær að félagsmálaráðherra setji reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í stað þess að stjórnin setji reglur.

Um 16. og 17. gr.

Eftirlit með notkun hættulegra efna og efnavöru fellur undir verksvið nokkurra opinberra eftirlitsstofnana, svo sem Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar), Vinnueftirlits ríkisins og Lyfjastofnunar. Í ljósi mikilvægi þess að verkaskipting milli eftirlitsstofnana sé sett fram með skýrum hætti og þess gætt að skörun verði sem minnst á starfssviði eftirlitsstofnana eru lagðar til breytingar á ákvæðum VIII. kafla laganna, er fjalla um hættuleg efni og vörur. Í samráði við umhverfisráðuneytið er lagt til að Vinnueftirlit ríkisins sjái áfram um eftirlit með notkun, meðferð, geymslu og flutning efna og efnavara á vinnustöðum í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna og koma í veg fyrir að heilsu þeirra sé hætta búin. Þykir

eðlilegra að ákvæði um nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku skuli fylgja með þegar hættuleg efni eða efnavörur eru afhent, sbr. 2. mgr. 50. gr. laganna, eigi undir sérlög um efni og efnavöru er fellur undir verksvið umhverfisráðuneytis. Öryggisleiðbeiningar skulu þó vera til staðar þar sem hættuleg efni og efnavörur eru notaðar við atvinnustarfsemi, sbr. reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum, nr. 602/1999. Færst hefur í vöxt að unnið sé með lítt eða óskilgreindan úrgang sem inniheldur hættuleg efni og flokkast sem spilliefni. Þar sem reglur um öryggisleiðbeiningar ná ekki til slíks úrgangs er atvinnurekanda gert að fyrir liggi skriflegar leiðbeiningar um meðferð slíks úrgangs á vinnustað. Enn fremur er lagt til að almenn heimild til að banna framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og efnavöru, sbr. 2. mgr. 51. gr. laganna, sé enn fremur í höndum umhverfisráðuneytis. Gert er þó ráð fyrir að Vinnueftirliti ríkisins verði áfram falin slík heimild er varðar bann við framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og efnavöru á vinnustöðum. Þessar breytingar eru gerðar í samræmi við breytta verkaskiptingu í framkvæmd milli opinberra stofnana sem sjá til þess að fyllstu varúðar sé gætt vegna hvers konar efna sem geta valdið hættu fyrir fólk og umhverfi.

Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins gefi út sérstakt eiturefnaleyfi til einstaklinga og fyrirtækja sem nota eiturefni eða efnavöru sem flokkast sem eiturefni að staðaldri við framkvæmd vinnunnar að uppfylltum nauðsynlegum öryggiskröfum. Þá skal Vinnueftirlitið hafa eftirlit með að þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum sé beitt sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum. Þar á meðal fellur hér undir að gæta skal þess að efnin séu í öruggum umbúðum og að þær séu merktar á viðeigandi hátt á vinnustöðum. Á þetta sérstaklega við þegar hættulegum efnum eða efnavöru hefur verið komið fyrir í öðrum umbúðum til notkunar, geymslu eða sem efnaúrgangur en þeim sem efnin voru upprunalega í. Enn fremur skal tryggja að hættuleg efni, efnavörur og úrgangur séu geymd með öruggum hætti. Um skilgreiningu á eiturefnum, hættulegum efnum, hættulegri efnavöru, sprengifimum efnum og eldfimum efnum vísast til laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 52/1988, ásamt reglum umhverfisráðuneytis sem eiga sér stoð í þeim lögum.

Lagt er til að atvinnurekandi sjái til þess að öryggisblöð og/eða skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við á, liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra þegar áhættumat gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin vegna efnis, efnavöru eða úrgangs. Þetta ákvæði er meðal annars í samræmi við 10. gr. tilskipunar nr. 2000/54/EB, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum, sem vísað er til í 15. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 79/2001 og 7. gr. tilskipunar nr. 98/24/EB, um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað, sem vísað er til í 16. lið h XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 57/1999.

Þá er mælst til þess að atvinnurekanda sé gert að grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað sem ekki skal fara yfir gildandi mengunarmörk efnis, sbr. reglur nr. 154/1999, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, sbr. tilskipun nr. 91/322/EBE um að taka saman skrá yfir leiðbeinandi viðmiðunarmörk til framkvæmdar á tilskipun ráðsins nr. 80/1107/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna efnis-, eðlis- og líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum, sem vísað er til í 3. lið a XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 34/1997, með síðari breytingum. Sé þess ekki kostur að koma alfarið í veg fyrir mengun skal atvinnurekandi draga úr henni eins og

frekast er unnt. Í því sambandi er lagt til að atvinnurekandi leitist ávallt við, með tilliti til eðlis starfseminnar, að nota efni eða efnavöru sem teljast hættulaus eða síður hættuleg heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem þau eru notuð. Þetta er liður í forvarnaraðgerðum en þarna er einnig átt við að leitast skuli við að draga úr magni hættulegra efna eða efnavöru eins og frekast er unnt með tilliti til eðlis starfseminnar.

Þá er lagt til að félagsmálaráðherra geti sett nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfisráðuneytis, um skilyrði eiturefnaleyfis, mengunarmörk, meðferð, umbúðir, áfyllingu, merkingu, geymslu, flutning og notkun efna og efnavara sem geta stofnað heilsu starfsmanna í hættu eða leitt til lakari aðbúnaðar á vinnustöðum. Ástæða þessa er að misjafnar öryggiskröfur þarf að gera eftir eðli og eiginleikum efna eða efnavara.

Um 18. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldur atvinnurekenda sem nota eða kunna að nota hættuleg efni í töluverðum mæli til að viðhafa öryggisráðstafanir svo að koma megi í veg fyrir slys sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fólk og umhverfi, svo sem slys í efnaverksmiðjum. Í gildi eru reglur um hættumat í iðnaðarstarfsemi sem eiga stoð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og falla undir verksvið umhverfisráðuneytis. Þykir eðlilegra að slíkar reglur falli undir lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, þar sem um er að ræða skyldur atvinnurekenda við að gæta öryggis og hollustu á vinnustöðum. Umhverfisráðuneytið hefði áfram með að gera reglur um varnir fyrir umhverfið og mat á skemmdum á byggingum og öðrum mannvirkjum sem sigla í kjölfar slíkra slysa.

Í 1. mgr. er einkum verið að vísa til efnis tilskipunar nr. 96/82/EB, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, sem vísað er til í 23. lið a XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 97/1997. Þar er meðal annars fjallað um ábyrgð aðildarríkjanna á að tryggja að rekstraraðilum sé skylt að gera grein fyrir áætlunum sínum um stórslysavarnir í sérstöku skjali og sjá til þess að þær verði framkvæmdar á réttan hátt, sbr. 7. gr. tilskipunarinnar. Er rekstraraðila enn fremur gert skylt að leggja fram öryggisskýrslu, sbr. 9. gr. tilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og samráðsnefndar um stórslysavarnir í iðnaði, um nánari útlistun á þessum skyldum atvinnurekenda.

Þá er lagt til að félagsmálaráðherra skipi fjögurra manna samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði að fengnum tilnefningum frá Brunamálastofnun, Almannavörnum ríkisins, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins. Slík nefnd hefur verið starfandi frá árinu 1995. Í henni sitja fulltrúar tilnefndir af sömu aðilum, sbr. 1. gr. reglugerðar um eftirlit með framkvæmd hættumats í iðnaðarstarfsemi nr. 557/1995. Skipan nefndarinnar er í samræmi við 16. gr. tilskipunar nr. 96/82/EB, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

Um 19. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna er hvíldartími og frídagar. Til samræmis við efnisinnihald þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er lagt til að orðinu hámarksvinnutími verði bætt við fyrirsögnina.

Um a-lið (52. gr.).

Í ákvæðinu er að finna upptalningu á þeim meginhugtökum er lúta að efni IX. kafla laganna en skilgreiningar þeirra eru í samræmi við 2. gr. vinnutímatilskipunarinnar.

Með hugtakinu vinnutími, sbr. 1. tölul., er átt við virkan vinnutíma, þ.e. sá tími sem starfsmaður er við störf, er til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur.

Vinnuhlé þar sem ekki er krafist vinnuframlags, neysluhlé, launaður biðtími, ferðir til og frá vinnustað eða reglubundinni starfsstöð og sérstakir frídagar falla ekki undir þessa skilgreiningu á vinnutíma þótt greiðslur komi fyrir, enda er miðað við virkan vinnutíma en ekki greiddan. Sem dæmi um tíma sem ekki telst til virks vinnutíma eru kaffi- og matartímar, jafnvel þótt sá tími sé greiddur, bakvaktir, kallvaktir, gæsluvaktir og þess háttar, svo lengi sem starfsmaður er ekki kallaður til starfa. Sé starfsmaður hins vegar kallaður til starfa skal telja þann tíma sem hann er við vinnu til virks vinnutíma.

Hugtakið hvíldartími er skv. 2. tölul. sá tími sem ekki telst til vinnutíma. Í því sambandi ber að gæta þess að starfsmenn eiga rétt á samfelldri daglegri hvíld frá störfum og starfsskyldum, sbr. c-lið greinarinnar.

Hugtakið næturvinnutími er skilgreint í 3. tölul. sem tímabil sem skal ekki vera skemmra en sjö klukkustundir og skal ná yfir tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni, sbr. 3. mgr. 2. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Í því felst að næturvinnutími getur til dæmis verið frá klukkan 22.00 til klukkan 05.00 eða frá klukkan 24.00 til klukkan 07.00. Ákvæðið gerir ráð fyrir að um nánari afmörkun tímabilsins fari samkvæmt samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Í vinnutímasamningunum hefur næturvinnutími verið skilgreindur sem tímabilið frá klukkan 23.00 til klukkan 06.00.

Næturvinnustarfsmaður er, sbr. 4. tölul. og í samræmi við 4. mgr. 2. gr. vinnutímatilskipunarinnar, annars vegar starfsmaður sem venjulega vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og hins vegar starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma, samkvæmt nánari útfærslu í samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur hugtakið næturvinnustarfsmaður verið skilgreint með þeim hætti í vinnutímasamningunum að um sé að ræða starfsmann sem venjulega vinni að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutímabili eða fastráðinn starfsmann sem unnið hefur reglulega, samkvæmt fyrir fram ákveðnu skipulagi, minnst þrjár klukkustundir á næturvinnutímabili í einn mánuð. Undir þessa skilgreiningu getur þannig fallið árstíðabundin næturvinna og vaktavinna þar sem skipst er á að vinna dag- og næturvinnu.

Í 5. tölul. er vaktavinna skilgreind í samræmi við 5. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar sem vinna sem einkennist af því að henni er skipt niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.

Hugtakið vaktavinnustarfsmaður er í 6. tölul. skilgreint í samræmi við 6. mgr. 2. gr. vinnutímatilskipunarinnar og þarfnast ekki skýringar.

Um b-lið (52. gr. a).

Ákvæðið byggist á 3. mgr. 1. gr. vinnutímatilskipunarinnar þar sem mælt er fyrir um frávik frá gildissviði hennar.

Í 1. tölul. er lagt til að ákvæði IX. kafla laganna taki almennt ekki til þeirra sem starfa við flutninga á vegum þar sem þau falla nú undir ákvæði reglugerðar dóms- og kirkjumálaráðuneytis um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136/1995.

Í 2. tölul. eru læknar í starfsnámi undanþegnir gildissviði kaflans, sbr. þó 53., 54., 57. og 58. gr. Til skýringar á því um hvaða lækna er verið að ræða skal sú skilgreining fara eftir ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Ákvæði 3. tölul. er byggt á a-lið 1. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Er þar kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt, með tilhlýðilegu tilliti til almennra meginreglna um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna, að víkja frá meginreglum tilskipunarinnar þegar lengd

vinnutíma verður ekki mæld og/eða fyrir fram ákveðin. Einnig vegna sérstakra eiginleika umræddra starfa eða ef starfsmenn geta sjálfir ákveðið vinnutímann, einkum þegar um er að ræða starfsmenn sem gegna stjórnunarstörfum eða annað starfsfólk sem ræður sjálft vinnutíma sínum. Á þessum grundvelli er lagt til að ákvæði kaflans taki ekki til æðstu stjórnenda eða annarra þeirra sem ráða vinnutíma sínum sjálfir. Er hér annars vegar átt við forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fyrirtækja sem samkvæmt skipuriti fyrirtækis taka sjálfir ákvarðanir um skipulag vinnutíma starfsmanna en eru stöðu sinnar vegna ekki bundnir af þeim reglum. Hins vegar er átt við þá starfsmenn sem stöðu sinnar vegna innan fyrirtækis ráða vinnutíma sínum sjálfir eða hafa verulegt frjálsræði varðandi skipulagningu vinnunnar, svo sem þá sem vinna störf sín heima við. Þá mundi ákvæðið í mörgum tilvikum eiga við um þá sem starfa í fjölskyldufyrirtæki, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar, svo sem við landbúnað.

Ákvæði 4. tölul. byggist á 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE, sbr. 3. mgr. 1. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Hér er lagt til að ákvæði kaflans gildi ekki um sérstakar aðstæður sem tengjast tiltekinni starfsemi hins opinbera. Þar undir falla þau tilvik sem talin eru upp í 2. mgr. 1. gr. vinnutímasamningsins milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og launanefndar sveitarfélaga og Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands. Í samningnum eru undanskildar sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynleg öryggisstarfsemi og brýnir rannsóknarhagsmunir á sviði löggæslu, vinna sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörf vegna snjóflóðavarna.

Til skýringar skal tekið fram að í 4. tölul. felst að ákvæði IX. kafla eiga ekki við þegar hlutaðeigandi starfsmaður er bundinn af þessum tilteknu starfsskyldum en þar fyrir utan gilda lögin um starfsmanninn og vinnuveitanda hans.

Um c-lið (53. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að vinnutíma skuli haga þannig að á hverju 24 klukkustunda tímabili reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld. Er það í samræmi við gildandi ákvæði 1. mgr. 52. gr. laganna eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 52/1997. Með byrjun vinnudags í skilningi 1. mgr. er átt við venjulegt upphaf vinnu viðkomandi starfsmanns. Ef reglulegt upphaf vinnudags er til dæmis klukkan 08.00 skal miða við það tímamark. Hafi starfsmaður á hinn bóginn fastan vinnutíma sem hefst til dæmis klukkan 20.00 skal sólarhringurinn miðaður við það tímamark. Eðlileg meginregla er að hvíldin komi að jafnaði í kjölfar vinnulotu og á næturvinnutíma ef því verður við komið.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins, enda byggist það á sérstöku eðli starfs eða atvinnuháttum sem gera slík frávik nauðsynleg. Undir ákvæðið mundu til dæmis geta fallið þau tilvik sem greinir í sambærilegu ákvæði 52. gr. laganna, þ.e. vaktavinna, störf að landbúnaði og björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla. Í vinnutímasamningunum er stytting hvíldartímans heimiluð með þessum hætti við vaktaskipti á skipulegum vöktum og við björgun verðmæta frá skemmdum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að í undantekningartilvikum verði heimilt að fresta samfelldri hvíld að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir verulegt tjón og þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju. Undir það falla atvik þar sem truflun verður á starfsemi vegna ytri aðstæðna eða ófyrirséðra atburða. Er það í samræmi við gildandi 1. mgr. 53. gr. laganna og er samsvarandi ákvæði jafnframt að finna í vinnutímasamningunum. Þá er ákvæð-

ið í samræmi við heimildir 2. og 3. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar, sbr. einnig 4. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE.

Til samræmis við skilyrði 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar er í 4. mgr. mælt fyrir um að starfsmaður skuli fá samsvarandi hvíld síðar ef heimildir 2. eða 3. mgr. til að stytta daglegan hvíldartíma eru nýttar. Verður að telja eðlilegt að starfsmenn njóti þá hvíldar að jafnaði þegar að lokinni vinnulotu verði því við komið. Gert er ráð fyrir að um nánari útfærslu ákvæðisins fari samkvæmt kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Um d-lið (53. gr. a).

Ákvæðið er í samræmi við 4. gr. vinnutímatilskipunarinnar sem segir að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir. Skv. 4. gr. tilskipunarinnar skal í samkomulagi milli samtaka aðila vinnumarkaðarins eða í innlendri löggjöf kveða nánar á um hléið, svo sem hve langt það skuli vera og við hvaða forsendur skuli miða. Í vinnutímasamningunum er ákvæðið útfært þannig að starfsmenn skuli eiga rétt á 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir. Er þetta ákvæði almennt uppfyllt með matar- og kaffitímaákvæðum kjarasamninga.

Um e-lið (54. gr.).

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. verði lögfest meginregla 5. gr. vinnutímatilskipunarinnar um að á hverju sjö daga tímabili skuli starfsmaður fá að minnsta kosti einn vikulegan frídag, þ.e. samfelldar 24 klukkustundir, sem tengist daglegum hvíldartíma sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunarinnar, sbr. c-lið 19. gr. frumvarpsins. Er þetta í samræmi við gildandi 1. mgr. 55. gr. laganna.

Í 2. mgr. er með hliðsjón af 17. gr. tilskipunarinnar mælt fyrir um heimild samtaka aðila vinnumarkaðarins til að semja um að fresta vikulegum frídegi með skipulögðum hætti ef sérstakar aðstæður gera slík frávik nauðsynleg. Þannig er, með hliðsjón af heimildarákvæði 3. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar, lagt til að í undantekningartilvikum og vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa sé heimilt að ákveða með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaðurinn fái samsvarandi hvíldartíma sem ávallt skal veittur innan 14 daga. Þurfa þá þau skilyrði tilskipunarinnar um að hlutlægar og tæknilegar ástæður liggi að baki að vera fyrir hendi. Þá þykir einnig nauðsynlegt að kveða á um heimild atvinnurekanda til að fresta töku vikulegs frídags að því tilskildu að fyrir liggi samkomulag á viðkomandi vinnustað. Er með því átt við samkomulag milli atvinnurekanda og hlutaðeigandi starfsmanna. Í þessu sambandi má benda á að þær aðstæður geta komið upp á vinnustað að það henti starfsmanni betur að vinna óslitið lengur en í sjö daga samfleytt og fá síðan að minnsta kosti tvo samfellda frídaga. Eðlilegt er að hann geti þannig átt um það nokkurt val í samkomulagi við vinnuveitanda sinn. Þó er það ávallt skilyrði að starfsmaðurinn fái að minnsta kosti tvo samfellda frídaga á hverjum tveimur vikum í staðinn.

Enn fremur þykir eðlilegt að heimila frávik í undantekningartilvikum er ytri aðstæður eða aðrir tilsvarandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu. Skal atvinnurekandi þá tryggja að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komist. Er það í samræmi við núgildandi 4. mgr. 55. gr. laganna. Þá er ákvæðið í samræmi við heimildir 2. og 3. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunar, sbr. einnig 4. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE.

Um f-lið (55. gr.).

Í ákvæðinu, sem er nýmæli, er lagt til að lögfest verði meginregla 6. gr. vinnutímatilskip-

unarinnar um 48 klukkustunda hámarksvinnutíma á viku að yfirvinnu meðtalinni, miðað við fjögurra mánaða tímabil, sbr. 16. gr. tilskipunarinnar.

Með hliðsjón af heimildarákvæði 4. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar er í 2. mgr. lagt til að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi heimild til að ákveða með samningum að viðmiðunartímabil við útreikning vikulegs hámarksvinnutíma geti verið allt að sex mánuðir. Þó er að ákveðnum skilyrðum uppfylltum heimilað í 3. mgr. að í samningum sé kveðið á um 12 mánaða viðmiðunartímabil. Ef miðað er við sex mánaða viðmiðunartímabil má þannig skipta árinu upp í tvö tímabil, þ.e. fyrri og seinni árshelming, og skal þá meðalvinnuvika vera að hámarki 48 vinnustundir á hvorum árshelmingi. Skilyrði þess að heimilt verði að reikna hámarksvinnutímann út frá 12 mánaða viðmiðunartímabili er að fyrir liggi hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða að um sé að ræða sérstakt eðli viðkomandi starfa. Tilvik sem þarna geta fallið undir eru til dæmis árstíðabundnir toppar eða uppgrip í vinnu og lægðir þess á milli. Einnig sveiflur í starfsemi sem orsakast af aflabrögðum, veðurfarsaðstæðum og ef til vill markaðsaðstæðum. Þá geta atriði svo sem mannfæð í fámennum byggðarlögum og erfiðleikar eða ómöguleiki við mönnun tiltekinna starfa átt undir ákvæðið. Ávallt skal þó gæta meginreglna laga nr. 46/1980 um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Samningar samtaka aðila vinnumarkaðarins sem gerðir hafa verið á grundvelli hliðstæðs ákvæðis í vinnutímasamningunum eru að minnsta kosti fyrir hendi varðandi bráðslur og virkjanir.

Til áréttingar er sérstaklega tekið fram að aðeins virkur vinnutími skuli talinn við meðaltalsútreikninga samkvæmt ákvæðinu. Í samræmi við 16. gr. vinnutímatilskipunarinnar er jafnframt mælt fyrir um að árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum og veikindaforföll skuli ekki talin með eða vera hlutlaus við meðaltalsútreikningana.

Um g-lið (56. gr.).

Ákvæðið, sem er nýmæli, er í samræmi við meginreglu 8. gr. vinnutímatilskipunarinnar um vinnutíma næturvinnustarfsmanna þar sem segir í 1. mgr. að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns skuli að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að lengja venjulegan vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglulegastur. Heimild þessi byggist á ákvæði 3. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi heimild til að ákveða með samningum sex eða tólf mánaða viðmiðunartímabil við útreikning hámarksvinnutíma næturvinnustarfsmanna með sama hætti og skv. 55. gr., sbr. f-lið 19. gr. frumvarps þessa.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 8. gr. vinnutímatilskipunarinnar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn, sem gegni sérstaklega áhættusömum störfum eða störfum sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag, skuli að hámarki vinna átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili sem þeir eru við næturvinnu. Samkvæmt tilskipuninni skulu áhættusöm störf eða störf sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag skilgreind í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju eða heildarsamningum eða samningum milli samtaka aðila vinnumarkaðarins, að teknu tilliti til hliðarverkana og áhættu sem fylgir næturvinnu. Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að mælt verði fyrir um hvaða störf falli hér undir í reglum sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Sem dæmi um slík störf má nefna erfið umönnunarstörf, vinnu við sprengiefni og önnur hættuleg efni, vinnu í mikilli hæð, stjórn stórvirkra vinnuvéla o.s.frv.

Um h-lið (57. gr.).

Í ákvæðinu er lagt til að tekin verði upp regla b-liðar 1. mgr. 9. gr. vinnutímatilskipunar-

innar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða, sem ljóst er að eiga rætur að rekja til þess að þeir vinna næturvinnu, skuli færðir þegar kostur er í dagvinnustörf sem henta þeim.

Um i-lið (58. gr.).

Lagt er til að atvinnurekendum verði skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga nr. 46/1980 um vinnutíma. Er ákvæðið sambærilegt 82. gr. laganna en eðlilegt þykir að viðkomandi atvinnurekandi fái tækifæri á að afla umbeðinna upplýsinga innan sanngjarnra tímamarka. Á meðal þeirra upplýsinga sem atvinnurekanda er skylt að veita starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins eru upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra. Byggist sú skylda meðal annars á 11. gr. vinnutímatilskipunarinnar sem mælir fyrir um að gerðar skuli nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að atvinnurekandi sem hefur að jafnaði starfsmenn í næturvinnu veiti lögbærum stjórnvöldum upplýsingar um það, sé farið fram á slíkt.

Um 20. gr.

Með lögum nr. 52/1997 var ákvæðum X. kafla laga nr. 46/1980 breytt til samræmis við tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna. Í reglugerð um vinnu barna og ungmenna nr. 426/1999, er síðan kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða X. kafla laganna. Í 13. gr. reglugerðarinnar segir að ekki megi ráða ungmenni til vinnu þar sem líkamlegum eða andlegum þroska þeirra er sérstök hætta búin nema þau starfi með fullorðnum eða þeim sem náð hefur 18 ára aldri. Eigi þetta sérstaklega við um störf í söluturnum, myndbandaleigum, á skyndibitastöðum, bensínstöðvum og sambærilegum stöðum. Nýjum lið við ákvæði 1. mgr. 62. gr., sem tekur til vinnu þar sem hætta er á ofbeldi eða annarri sérstakri hættu, er ætlað að styrkja lagastoð framangreindrar 13. gr. Er það í samræmi við ákvæði 7. gr. tilskipunar nr. 94/33/EB þar sem segir meðal annars að aðildarríkin skulu sjá til þess að börn og ungmenni séu varin fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska er búin og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gangvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska. Undanþágur frá þessari reglu eru þó heimilar að því tilskildu að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings, sbr. 3. tölul. 7. gr. tilskipunarinnar.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við stjórnkerfisbreytingar sem fram koma í frumvarpinu.

Um 22. gr.

Lagt er til að atvinnurekendur beri ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Gert er ráð fyrir að um sé að ræða eina áætlun sem feli meðal annars í sér mat á áhættu, sbr. 23. gr. og áætlun um heilsuvernd, sbr. 24. gr., enda ljóst að þessir þættir leiða hvor af öðrum. Þetta fyrirkomulag er meðal annars til hagræðingar fyrir atvinnurekanda og starfsmenn hans í því skyni að fylgjast með öryggismálum og heilsuvernd innan fyrirtækisins og til að átta sig betur á tengslum áhættumats og heilsuverndar. Þannig er starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins enn fremur gert auðveldara að fylgjast með að þessum þáttum sé sinnt innan fyrirtækja. Þetta fyrirkomulag kemur þó ekki í veg fyrir að tveir eða fleiri þjónustuaðilar komi að gerð áætlunarinnar né heldur að atvinnurekandinn eða starfsmenn hans sjái um þá hluta sem þeir eru færir til.

Lagt er til að atvinnurekendur hafi samráð við fulltrúa starfsmanna við gerð áætlunarinnar enda gert ráð fyrir að starfsmenn beri ábyrgð á að gæta eigin öryggis og heilsu eftir sem því sem þeir hafa tök á, sbr. 1. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar nr. 89/391/EB.

Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins hafi eftirlit með því að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, sbr. 2. mgr. 4. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að starfsmenn hafi aðgang að áætluninni, sbr. a-lið 3. mgr. 10. gr. sömu tilskipunar. Í 4. mgr. er kveðið á um endurskoðun á áætluninni þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum hennar í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Um 23. gr.

Ákvæðið fjallar um gerð áhættumats þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Í a-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE er kveðið á um að vinnuveitandi skuli hafa undir höndum mat á áhættu er varðar öryggi og hollustu á vinnustað, að meðtalinni þeirri áhættu sem sérstökum hópum starfsmanna er búin. Er þess vegna lagt til að við gerð áhættumatsins verði sérstaklega litið til starfsemi atvinnurekanda þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum. Er þetta jafnframt í samræmi við aðrar tilskipanir sem hafa verið teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fjalla um gerð áhættumats vegna sérstakra áhættuþátta, svo sem tilskipun nr. 98/24/EB, um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað, sem vísað er til í 16. lið h XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 57/1999, og tilskipun nr. 2000/54/EB, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum, sem vísað er til í 15. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 79/2001. Þá er enn fremur í a-lið 3. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE kveðið á um skyldu vinnuveitanda til að meta áhættu í sambandi við öryggi og heilsu starfsmanna, meðal annars með vali á tækjum, efnum eða efnablöndum sem notaðar eru, sem og innréttingum á vinnustað. Þrátt fyrir sérstaka áherslu á þau störf sem mikil hætta fylgir ber atvinnurekanda að greina vinnuumhverfið og taka til greina alla þá þætti er geta stofnað öryggi og heilsu starfsmanna í hættu. Að öðru leyti vísast til VI. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um gerð áhættumats þar sem sérstaklega er vísað til sérreglna um áhættumat vegna sérstakra áhættuþátta. Verður það að teljast auðveldara að kveða á um slíkt mat í sérreglum þar sem hvert mat þarf að fullnægja sérstökum skilyrðum sem eru einkennandi fyrir hvern áhættuþátt. Að öðrum kosti er hætta á að lögin yrðu óhóflega löng og flókin.

Um 24. gr.

Efni ákvæðis þessa er í samræmi við 6. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Þar kemur fram að ábyrgð vinnuveitanda felist í því að hann geri nauðsynlegar ráðstafanir er lúti að öryggi og heilsuvernd starfsmanna, þar með taldar forvarnir gegn áhættu í starfi, fræðsla og þjálfun, svo og að séð sé fyrir nauðsynlegri skipulagningu og viðbúnaði. Lagt er því til að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gerð sé áætlun um heilsuvernd sem byggist á áhættumati skv. 23. gr. frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir að áætlun um forvarnir byggi á niðurstöðum áhættumats þar sem lýst sé hvernig mæta skuli þeim hættum sem eru fyrir hendi og þeirri

áhættu sem þeim fylgir. Þær aðgerðir eða ráðstafanir sem gripið er til geta meðal annars lotið að skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar eða innréttingum á vinnustað, sbr. til dæmis d-lið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Þá er tekið fram að ávallt skuli leggja áherslu á almennar ráðstafanir áður en gerðar eru ráðstafanir til verndar einstökum starfsmönnum, sbr. h-lið 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Í g-lið 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar er enn fremur kveðið á um að atvinnurekendur móti heildstæða stefnu um forvarnir sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar, vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og þátta er tengjast vinnuumhverfinu. Markmið heilsuverndar eru efnislega samhljóða markmiðum 65. gr. laganna.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði veitt sambærileg heimild til að setja nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skipulag heilsuverndar og lagt er til að gildi um gerð áhættumats. Er þar meðal annars verið að vísa til sérreglna um heilsuvernd vegna sérstakra áhættuþátta sem í sumum tilfellum gera sérhæfðari kröfur til verndar öryggi og heilsu starfsmanna en við venjulegar vinnuaðstæður.

Um 25. gr.

Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða er gert ráð fyrir að atvinnurekandi leiti til hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Þetta ákvæði er í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE.

Gert er ráð fyrir að þjónustuaðilar þurfi viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins áður en þeir hefja starfsemi sína. Í því sambandi er enn fremur leitast við að skilgreina þá menntun sem þjónustuaðilar eða starfsmenn þjónustuaðila skuli hafa til þess að teljast færir um að sinna þessu starfi. Í því skyni að veita heildstæða þjónustu á þessu sviði þurfa þjónustuaðilar að vera færir um að meta og bregðast við hættum eða hvers konar öðrum óþægindum vegna eðlisfræðilegra, efnafræðilegra, líffræðilegra, vistfræðilegra og sálfræðilegra þátta. Hafi þjónustuaðili ekki yfir svo víðtækri þekkingu að ráða er heimilt að viðurkenning hans verði takmörkuð við ákveðna tegund starfsemi. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að þjónustuaðilar sameinist um veitingu þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum í því skyni að veita heildstæða þjónustu og myndi þannig eins konar fagnet. Enn fremur er gert ráð fyrir að þjónustuaðili geti gert samninga við aðra aðila til að vinna ákveðna þætti. Þurfa þessir aðilar þá að uppfylla skilyrði þau sem sett eru fyrir viðurkenningu Vinnueftirlitsins með sama hætti og ef um væri að ræða þjónustuaðila. Gert er ráð fyrir að slíkir samningar liggi fyrir þegar óskað er eftir viðurkenningu frá Vinnueftirliti ríkisins. Að öðrum kosti er veitt takmörkuð viðurkenning. Þessi krafa um sérstaka viðurkenningu er í samræmi við 5. og 8. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Þá er gert ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins geti afturkallað viðurkenningu þjónustuaðila sem reynist síðar ekki uppfylla sett skilyrði. Getur þá reynst nauðsynlegt að afturkalla hana í heild eða að hluta þannig að hún takmarkist við sérstaka starfsemi. Að öðru leyti vísast til VI. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Í samræmi við þá túlkun Evrópudómstólsins í máli C-49/00 (*framkvæmdastjórnin gegn ítalska ríkinu*) að það sé hlutverk aðildarríkjanna að skilgreina hæfni starfsmanna innan fyrirtækis sem hafa með þessi störf að gera er lagt til að veita félagsmálaráðherra heimild til að setja nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um þá hæfni sem starfsmenn er sinna öryggi og heilbrigði skulu fullnægja. Ljóst er að skilyrði um þekkingu starfsmanna fara eftir tegund starfsemi og þykir því eðlilegra að mælt sé fyrir um slíkt í reglugerðum til þess að koma í veg fyrir að lögin verði óhóflega löng og flókin.

Mikilvægt er að þjónustuaðilar fari með þær upplýsingar sem þeir fá í starfi sem trúnaðarmál, hvort sem um er að ræða persónubundnar upplýsingar um starfsmenn eða upplýsingar sem lúta að fyrirtækinu sjálfu. Er kveðið á um slíkan trúnað í 4. mgr.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í megindráttum sama efnis og gildandi 1. mgr. 67. gr. laganna. Þar er þó mælt fyrir um að stjórn Vinnueftirlits ríkisins skuli í samráði við heilbrigðisyfirvöld setja reglur um að starfsmenn skuli gangast undir læknisskoðun áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum. Á það við ef starfsskilyrði eru eða hafa verið slík að heilsutjón geti hlotist af, enda sé ástæða til að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma. Ákvæði þetta hefur ekki verið framkvæmt.

Í 1. mgr. er í stað reglna stjórnar Vinnueftirlits ríkisins lagt til að mælt verði með fortakslausum hætti fyrir um rétt starfsmanna til heilsufarsskoðunar sér að kostnaðarlausu ef starfsskilyrði eru með framangreindum hætti. Þá er lagt til að til viðbótar við atvinnusjúkdóma verði vísað til atvinnutengdra sjúkdóma þar sem fyrrgreinda hugtakið felur í sér of þröngt viðmið. Undir ákvæðið fellur sú skylda sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 9. gr. vinnutímatilskipunarinnar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn eigi rétt á heilbrigðiseftirliti sér að kostnaðarlausu áður en ráðning fer fram og með reglulegu millibili þaðan í frá.

Þess ber að gæta að hér er einungis átt við heilsufarsskoðun sem tengist starfsskilyrðum starfsmanna en ekki almenna heilsugæslu vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda. Starfsmenn leita eftir sem áður til heilsugæslustöðva eða til heimilislæknis vegna almennrar heilbrigðisþjónustu.

Um 27. gr.

Lagðar eru til þær breytingar að í stað þess skilyrðis að læknir í þjónustu Vinnueftirlits ríkisins skuli vera sérmenntaður embættislæknir eða hafi jafngilda menntun til starfsins skuli hann hafa sérþekkingu sem tengist starfinu. Með reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa, nr. 305/1997, var sérfræðiheitið embættislækningar fellt niður en upp tekið heitið heilbrigðisstjórnun. Í því felst að viðkomandi hafi lokið námi í heilbrigðisfræði, stjórnun heilbrigðisstofnana eða skyldum greinum. Er því eðlilegt að núgildandi krafa um hæfni læknis Vinnueftirlits ríkisins sé tekin út og lögð áhersla á að hann hafi sérþekkingu á þeim sviðum sem stofnunin starfar á.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við stjórnkerfisbreytingar sem fram koma í frumvarpinu, meðal annars þær að félagsmálaráðherra setji reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í stað þess að stjórnin setji reglur.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við stjórnkerfisbreytingar sem fram koma í frumvarpinu, meðal annars breytingar á verkefni stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

Um 30. gr.

Lögð er til breyting á heiti XI. kafla til samræmis við efni þeirra breytinga sem lagðar eru til að ákvæðum kaflans, sbr. 22.–27. gr. frumvarps þessa.

Um 31. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 73. gr. laganna, með síðari breytingum.

Um 32. gr.

Vinnueftirlit ríkisins er stofnun sem er lægra sett stjórnvald í samræmi við þá meginreglu íslensks stjórnkerfis að ráðherrar fari með yfirstjórn þeirra stjórnarmálefna er undir þá heyra, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Það samrýmist því að fullu íslenskri stjórnsýslu að ráðherra skipi forstöðumann stofnunar sem þessarar enda eðlilegt að skipunarvald, ábyrgðartengsl og boðvald fari saman. Er það enn fremur í samræmi við stefnu stjórnvalda sem meðal annars kemur fram í 5. gr. starfsmannalaga, nr. 70/1996, og nefndaráliti um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana sem fjármálaráðuneyti gaf út í október 2000. Ekki þykir ástæða til að setja sérstakar hæfnis- eða menntunarkröfur í sjálft lagaákvæðið enda gert ráð fyrir að þær kröfur þróist í takt við þróun hugmynda um hlutverk stjórnenda. Engu að síður verður að teljast æskilegt að forstjóri hafi háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun á verksviði stofnunarinnar og hafi reynslu af stjórnun.

Þá er gert ráð fyrir að forstjóri Vinnueftirlits ríkisins ráði til sín starfsfólk, sbr. einnig 2. mgr. 5. gr. starfsmannalaga. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar í samræmi við ákvæði starfsmannalaga auk ákvæða annarra almennra laga sem fjalla um ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana. Þá ber forstjóra að fara að almennum fyrirmælum ráðherra sem setur honum erindisbréf, sbr. 38. gr. starfsmannalaga.

Í gildandi 77. gr. laganna er mælt fyrir um að fyrirtæki greiði sérstök iðgjöld til að standa straum af framkvæmd laganna sem innheimt skulu ásamt slysatryggingagjaldi, sbr. þágildandi lög um almannatryggingar. Breytingar þær sem lagðar eru til helgast af því að með lögum um tryggingagjald nr. 113/1990, var vinnueftirlitsgjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli 77. gr., fellt niður og þess í stað komið á tryggingagjaldi sem launagreiðendur inna af hendi og skiptist í atvinnutryggingagjald og almennt tryggingagjald. Skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 skal tekjum af almennu tryggingagjaldi ráðstafað þannig að Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Hlutfall þetta skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins.

Þá er áfram gert ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins innheimti gjöld fyrir nánar tilgreinda þjónustustarfsemi sína. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við ákvæði 15. gr. frumvarps þessa til frekari skýringa.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu eru talin upp helstu verkefni Vinnueftirlits ríkisins en ekki er um tæmandi talningu að ræða. Flest verkefnanna sem talin eru upp eiga sér samsvörun í 78. gr. laganna. Ekki er þó gert ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins gefi út reglur á grundvelli laganna enda þótt gera megi ráð fyrir að starfsmenn þess eigi frumkvæði að og aðstoði við undirbúning að setningu reglna sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Þá er tekið fram að Vinnueftirlitinu er ætlað að stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum. Ætla má að þetta teljist þegar til verkefna stofnunarinnar í ljósi þeirrar þróunar sem verið hefur á undanförnum árum í þessum málum. Þótti ástæða til að tilgreina það sérstaklega enda mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Áður hefur ekki verið fjallað um markaðsgæslu og markaðseftirlit í lögum nr. 46/1980, en Vinnueftirliti ríkisins var falið það hlutverk með tilkomu nýaðferðatilskipana um vélar, tæki og annan búnað sem falla undir lögin og teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 34. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi stjórn Vinnueftirlits ríkisins til fjögurra ára í senn. Stjórninni er ætlað að bera ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun á sviði vinnuverndar og er hún félagsmálaráðherra og forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Er ekki gert ráð fyrir að stjórnin komi að daglegum rekstri Vinnueftirlits ríkisins enda er forstjóra stofnunarinnar ætlað að bera lagalega og rekstrarlega ábyrgð á störfum hennar. Er gert ráð fyrir að stjórnin geri tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar þar á meðal um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Þá er stjórninni ætlað að verða umsagnaraðili vegna frumvarpa til laga og reglugerða um mál er falla undir gildisvið vinnuverndarlaga. Er ávallt gert ráð fyrir að ráðherra leiti umsagnar stjórnarinnar áður en hann setur reglur. Um rökstuðning vísast að öðru leyti til VIII. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Þegar hið nýja skipulag tekur gildi, verði frumvarp þetta að lögum, fellur niður umboð sitjandi stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og ný stjórn verður skipuð sem fari með verkefni samkvæmt breyttum lögum, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Um 35. gr.

Markmið heimildar félagsmálaráðherra um að skipa vinnuverndarráð einstakra starfsgreina er það sama og liggur að baki stofnunar öryggisnefnda samkvæmt gildandi lögum. Með breytingu á heiti er hins vegar verið að leggja áherslu á að ráðin skuli fjalla um vinnuvernd í viðkomandi starfsgrein í víðum skilningi en ekki eingöngu um öryggismál. Mikilvægt er að nýta þá sérfræðiþekkingu sem aðilar vinnumarkaðarins hafa yfir að ráða í hverri grein þegar verið er að finna leiðir að bættum aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Það fellur í hlut félagsmálaráðherra að meta hversu mikilvægt það er að skipa vinnuverndarráð einstakra starfsgreina að fenginni rökstuddri tillögu stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Má leiða að því líkum að þar skipti áhætta hverrar starfsgreinar miklu máli en skipun slíkra ráða ætti ekki síst við í þeim atvinnugreinum þar sem vinnuslys eru tíð svo sem í byggingariðnaði, landbúnaði og ýmiss konar vélavinnu. Er þannig gert ráð fyrir að vinnuverndarráð í landbúnaði komi í stað stjórnar Vinnueftirlits ríkisins í landbúnaði sem starfar á grundvelli reglugerðar um framkvæmd vinnueftirlits í landbúnaði nr. 288/1981, sbr. 3. tölul. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 46/1980.

Ekki er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra eigi fulltrúa í slíkum ráðum heldur eingöngu aðilar vinnumarkaðarins sem koma sér saman um formann og varaformann nefndarinnar. Ráðherra metur hversu langur skipunartími hvers ráðs verði og skal hann taka mið af þeim verkefnum sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins mælir með að það starfi að. Þó skal skipunartími fulltrúa ekki vara lengur en fjögur ár í senn.

Um 36. gr.

Lagt er til að vinnuveitendum verði gert að skrá öll slys sem eiga sér stað á vinnustaðnum og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga auk þess dags sem slysið varð. Sama á við um alla þá sjúkdóma sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun um eða vitneskju um að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Enn fremur er gert ráð fyrir að vinnuveitendur skrái öll óhöpp sem eiga sér stað á vinnustaðnum. Með óhöppum er átt við atvik sem eru til þess fallin að valda slysum á fólki svo sem mengun vegna efna sem geta haft skaðvænleg áhrif á heilsu fólks. Er slík skráning enn fremur mikilvæg þar sem áhrif slíkra efna geta komið fram síðar á ævi starfsmanns. Efni

ákvæðisins á sér fyrirmynd í 2. mgr. 88. gr. gildandi laga en leitast er við að gera efni þess skýrara, meðal annars að ljóst sé hver beri ábyrgð á að þessi skráning sé innt af hendi. Enn fremur er ákvæðið í samræmi við efni eftirfarandi tilskipana:

a. tilskipun nr. 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sbr. c-lið 1. mgr. 9. gr.,
b. tilskipun nr. 90/394/EBE, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað, sem vísað er til í 14. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, ásamt breytingatilskipunum nr. 97/42/EB og nr. 99/38/EB,
c. tilskipun nr. 2000/54/EB, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum, sem vísað er til í 15. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 79/2001, sbr. til dæmis 3. mgr. 7. gr. og 11. gr., og
d. tilskipun nr. 98/24/EB, um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað, sem vísað er til í 16. lið h XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 57/1999, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Tilgangur skráningar sem þessarar er meðal annars að fyrir liggi hjá atvinnurekanda skrá sem unnt er að sækja vitneskju um slys og óhöpp í því skyni að bæta aðstæður starfsmanna og koma í veg fyrir frekari slys á fólki. Getur slík skráning verið atvinnurekanda mikilvæg við að kanna til dæmis hvort tiltekið mynstur óhappa hafi skapast sem unnt væri að minnka hættu á að endurtaki sig.

Þá er gert ráð fyrir í 3. mgr. að þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr. laganna, og þjónustuaðili, sbr. d-lið 15. gr. frumvarps þessa, hafi aðgang að skránni. Er það gert til samræmis við b-lið 3. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu slysa og sjúkdóma, þar á meðal vegna sérstakra áhættuþátta. Er þar einkum verið að vísa til sérreglna vegna mikilla áhættuþátta sem í sumum tilfellum gera sérhæfðari kröfur til verndar öryggi og heilsu starfsmanna en við venjulegar vinnuaðstæður.

Um 37. gr.

Ákvæði þetta byggist á efni 81. gr. laganna og reglum um tilkynningu vinnuslysa, nr. 612/1989. Mikilvægt er að atvinnurekendur sinni skyldum sínum við tilkynningu á slysum og óhöppum svo að unnt sé að gera viðunandi úrbætur í því skyni að koma megi í veg fyrir að slys endurtaki sig. Með langvinnu eða varanlegu heilsutjóni er meðal annars átt við tilvik þar sem hinn slasaði missir útlim eða hluta af útlim, beinbrotnar, fer úr lið, fær meiri háttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða mengun. Er lagt til að atvinnurekandi þurfi enn fremur að skila inn skriflegri tilkynningu um slys þar sem fram kemur nánari lýsing á slysinu. Er það meðal annars í samræmi við d-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Hefur vinnuveitandinn þá enn fremur tækifæri á að koma á framfæri sjónarmiðum sem hann telur ástæðu til að komi fram vegna rannsóknar á slysinu. Enn fremur er þýðingarmikið að tilkynningaskyldu sé sinnt svo skráning slysa megi vera sem nákvæmust. Er þannig unnt að fylgjast með tíðni slysa í því skyni að sjá hvar sérstakra forvarna er þörf svo unnt sé að draga úr fjölda slysa í einstökum atvinnugreinum. Er það meðal annars í samræmi við skyldur íslenskra stjórnvalda skv. 3. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Þar er lögð áhersla á skráningu vinnuslysa svo unnt sé að fylgjast með vinnuvernd í einstökum atvinnugreinum til að meta hvar úrbóta er þörf. Þá er gert ráð

fyrir að þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr. laganna, skuli fá afhent afrit af tilkynningunni í samræmi við b-lið 3. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE.

Um 38. gr.

Lagt er til að sérákvæði verði um tilkynningu um slys eða óhöpp þar sem vera kann að hvers konar hættuleg efni eða efnavörur geti valdið mengun. Mikilvægt er að vinnuveitandi tilkynni um alla hugsanlega mengun svo unnt sé að bregðast við henni á viðeigandi hátt og koma þannig í veg fyrir útbreiðslu hennar sem og hugsanleg skaðleg áhrif. Enn fremur er lögð sú skylda á atvinnurekendur að þeir upplýsi þá starfsmenn sem hætta er búin um öll slys og óhöpp þar sem hættulegir skaðvaldar eru handleiknir eða kunna að valda mengun. Verður að teljast eðlilegt að starfsmenn sem í hlut eiga séu upplýstir um slík slys eða óhöpp enda getur mengun stefnt öryggi þeirra og heilsu í hættu á vinnustað. Ákvæði þetta er í samræmi við skilyrði eftirfarandi tilskipanna:

1. tilskipun nr. 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sbr. a-lið 1. mgr. 10. gr.,
2. tilskipun nr. 90/394/EBE, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað, sem vísað er til í 14. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, ásamt breytingartilskipunum nr. 97/42/EB og nr. 99/38/EB,
3. tilskipun nr. 2000/54/EB, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum, sem vísað er til í 15. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 79/2001, sbr. 2. mgr. 7. gr., og
4. tilskipun nr. 96/82/EB, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, sem vísað er til í 23. lið a XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 97/1997, sbr. til dæmis 14. gr.

Þá er gert ráð fyrir að þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr. laganna, skuli fá afhent afrit af tilkynningunni.

Um 39. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 4. mgr. 81. gr. laganna, með síðari breytingum, og 2. mgr. 1. gr. reglna um tilkynningu vinnuslysa nr. 612/1989. Telji Vinnueftirlitið ekki ástæðu til að gera sérstaka vettvangskönnun, til dæmis vegna þess að orsakir slyss liggja fyrir, skal stofnunin tilkynna atvinnurekanda þar um án ástæðulauss dráttar. Er þá atvinnurekanda heimilt að koma aðstæðum í eðlilegt horf nema að aðrir rannsóknaraðilar svo sem lögregla banni það.

Um 40. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 82. gr. laganna, með síðari breytingum. Þar er kveðið á um eftirlitshlutverk Vinnueftirlits ríkisins. Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlitið sinni enn fremur markaðsgæslu og markaðseftirliti þar sem ríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa skuldbundið sig til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vara sem markaðssett er hér á landi fullnægi settum skilyrðum um öryggi. Slíkt eftirlit felst ekki einungis í að ganga úr skugga um að vélar, tæki og annar búnaður sem nýaðferðargerðir gilda um fullnægi viðeigandi öryggiskröfum heldur einnig að þau fullnægi tilteknum formskilyrðum svo sem

séu einkennd með viðeigandi merkjum og/eða að þeim fylgi leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur, sbr. 13. gr. frumvarps þessa.

Lagt er til að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins haldi skrá yfir heimsóknir sínar samkvæmt ákvæði þessu þar sem skráðar eru athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlitsins og önnur fyrirmæli og tilkynningar er varða vinnuskilyrði. Þykir eðlilegra að starfsmennirnir haldi þessar skrár sjálfir sem varðveitt er hjá Vinnueftirliti ríkisins en ekki að sérstaka eftirlitsbók sé að finna í hverju fyrirtæki eins og kveðið er á um í 1. mgr. 88. gr. gildandi laga. Ætti slíkt fyrirkomulag að auka á hagræði við skráningu í heild svo unnt sé að fylgjast með hvort skilyrðum laganna sé meira ábótavant í einni starfsgrein en annarri. Ef sú yrði raunin væri unnt að leita skýringa og grípa ef til vill til sérstakra forvarnaraðgerða í formi fræðslu eða annarra úrræða. Hins vegar er gert ráð fyrir að atvinnurekanda sé afhent afrit af þeim hluta eftirlitsskrár er viðkemur starfsemi hans.

Reglur sem falla undir nýaðferðarkerfið eru í raun íþyngjandi fyrir þegnana þar sem þær banna innflutning á tilteknum vörum fullnægi þær ekki settum öryggiskröfum, sbr. 13. og 14. gr. frumvarps þessa, og gera ráð fyrir sérstöku eftirliti. Af þeim sökum er nauðsynlegt að reglurnar séu skýrar, auðskildar og aðgengilegar. Jafnframt verður eftirlitið að vera gagnsætt gagnvart þolanda þess, þ.e. að þolandinn viti hvað fram fer við eftirlitið, á hvaða forsendum eftirlitið byggist og að jafnræði sé tryggt. Þess vegna er lagt til að félagsmálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, og getur þar meðal annars verið fjallað um útgáfu skoðunarhandbóka sem eru hluti af gæðakerfi sem unnt er að nota í þessu samhengi.

Í 6. mgr. er lagt til að félagsmálaráðherra hafi heimild til að fela tiltekin eftirlitsverkefni Vinnueftirlits ríkisins annarri opinberri stofnun eða faggiltum skoðunarstofum. Sérstaklega er vísað til faggildingar en mikilvægt er að skoðunaraðili sé faglega hæfur. Með faggildingu er tryggt að skoðunarstofa hafi á að skipa faglegri hæfni til að annast eftirlit, svo sem markaðseftirlit. Er gert ráð fyrir að Löggildingarstofa annist slíkar faggildingar í samræmi við 7. gr. laga nr. 134/1995. Við ákvörðunartöku um að fela einkaaðila slík verkefni þarf að meta hvort það teljist þjóðhagslega hagkvæmt að fela öðrum framkvæmd tiltekinna eftirlitsþátta. Þess má vænta að slíkur flutningur verkefna til einkaaðila teljist hagkvæmar á sumum sviðum en ekki öðrum og henti jafnvel engan veginn. Flutningur verkefna til einkaaðila er í samræmi við anda og efni laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999, og reglugerð um eftirlitsreglur hins opinbera, nr. 812/1999. Er það meðal annars mat ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur að þjónusta skoðunarstofa sé til þess fallin að auðvelda eftirlit og gera útreikning á kostnað við það greinilegri þeim er sætir því. Kemur þá til greina að félagsmálaráðherra gefi út skoðunarhandbækur sem einkaaðilar er sjá um eftirlitið á tilteknu sviði skulu fara eftir.

Um 41. gr.

Lagðar eru til breytingar á 86. gr. laganna í samræmi við ákvæði 8. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Ný 2. mgr. byggist þannig á b-lið 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar þar sem fram kemur að vinnuveitandi skuli grípa til aðgerða og gefa fyrirmæli svo að starfsmenn geti samstundis lagt frá sér vinnu og/eða forðað sér af vinnustað á annan öruggari stað ef um bráða og óhjákvæmilega hættu er að ræða. Í gildandi 2. mgr. 86. gr. laganna kemur fram að aðgerðir starfsmanna samkvæmt ákvæðinu skulu ekki gera þá ábyrga vegna tjóns sem fyrirtækið kann að verða fyrir. Því til viðbótar er lagt til í nýrri 3. mgr. að skýrt verði mælt fyrir um að óheimilt sé að láta starfsmennina gjalda á nokkurn hátt fyrir ákvarðanir sínar samkvæmt ákvæðinu. Er það í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Um 42. gr.

Í 87. gr. laganna er að finna heimild til að leggja dagsektir á fyrirtæki í stað lokunar ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif að eyðilegging á verðmætum eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af. Ákvæðið hefur reynst haldlítið sem fullnustuúrræði. Þannig eru heimildinni sett mikil takmörk með því að einskorða hana við þau tilvik þar sem ekki er unnt að stöðva starfsemi vegna hættu á eyðileggingu á verðmætum eða þjóðhagslegu tjóni. Þá er framkvæmd dagsektanna ekki nægilega útfærð í lögunum og hefur því ekki haft tilætluð varnaðaráhrif.

Með hliðsjón af framansögðu er hér lagt til að heimild Vinnueftirlits ríkisins til að leggja á dagsektir verði styrkt þannig að unnt verði að knýja á um úrbætur á grundvelli krafna og tilmæla sem sett hafa verið fram. Skv. 1. mgr. er ákvæðinu ætlað að nýtast sem fullnustuúrræði ef ekki er farið að fyrirmælum Vinnueftirlitsins samkvæmt lögunum.

Í 2.–5. mgr. er að finna nánari ákvæði um dagsektirnar. Meðal annars er gert ráð fyrir að þær renni í ríkissjóð. Þá er kveðið á um kæruheimild til félagsmálaráðuneytis, fjárhæð og aðfararhæfi dagsektanna. Þá er lagt til að ekki verði sérstaklega kveðið á um lágmarksfjárhæð dagsekta þar sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að meta sérstaklega í hverju tilviki hver hæfileg fjárhæð dagsekta skuli vera þar sem höfð skal hliðsjón af ákveðnum atriðum. Skal markmiðið ætíð vera að dagsektir hafi tilætluð varnaðaráhrif að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Um 43. gr.

Lagt er til að 88. gr. laganna verði felld brott en leitast er við að setja efni ákvæðisins fram með skýrari hætti í 36. gr. og 6. mgr. 40. gr. frumvarps þessa.

Um 44.–46. gr.

Í ákvæðunum eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við stjórnkerfisbreytingar sem fram koma í frumvarpinu.

Um 47. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild til að kæra ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins til félagsmálaráðuneytis. Lagðar eru til breytingar á kæruheimildinni til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til á skipulagi stofnunarinnar. Er því lagt til að ákvarðanirnar séu einungis kæranlegar til félagsmálaráðuneytis. Þannig verður kærustigið eitt í stað tveggja áður og er sú breyting til þess fallin að flýta fyrir afgreiðslu mála innan stjórnsýslunnar. Þá er gert ráð fyrir þriggja mánaða kærufresti frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun í stað fjögurra vikna áður. Er fresturinn þannig færður til samræmis við þann kærufrest sem veittur er í 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum, en málsmeðferð skal að öðru leyti fara eftir þeim lögum.

Í 2. mgr. er tilgreindur viðmiðunartími um afgreiðslu mála hjá félagsmálaráðuneytinu sem verður að teljast eðlilegur málshraði þegar litið er til þess að veita skal aðilum kost á tjá sig um málið áður en það er tekið til úrskurðar. Séu mál sérstaklega umfangsmikil og tímafrekt reynist að undirbúa þau og rannsaka með viðunandi hætti er hugsanlegt að afgreiðslutíminn lengist að sama skapi.

Um 48. og 49. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að skipuð verði ný stjórn Vinnueftirlits ríkisins innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna, verði frumvarp þetta samþykkt. Er gert ráð fyrir að skipun nýrrar stjórnar taki hátt í tvo mánuði í ljósi þess að óska þarf fyrst eftir tilnefningum þeirra sem eiga munu fulltrúa í hinni nýju stjórn. Við skipun nýrrar stjórnar mun umboð fráfarandi stjórnar falla niður.

Hlutverk hinnar nýju stjórnar er breytt frá því sem nú gildir og er því gert ráð fyrir að hin nýja stjórn taki einungis við þeim verkefnum fráfarandi stjórnar sem lúta að faglegri stefnumótun Vinnueftirlitsins en að stofnunin taki sjálf við öðrum verkefnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðs Evrópusambandsins 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Gert er ráð fyrir að teknar verði upp meginreglur tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lögleiddar verði ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/391/EBE. Í ákvæðum tilskipunarinnar felst m.a. skylda atvinnurekenda til að meta áhættu í vinnuumhverfi fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuætti og öryggi á vinnustöðum, er m.a. kveðið á um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað og verður að ætla að forvarnir og heilsuvernd á vinnustöðum sé þegar eitt af verkefnum eftirlitsins, eins og sagt er í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu eru ítarlegri ákvæði um að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi starfsmannanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum og skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila krefjist aðstæður færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða. Skal félagsmálaráðherra setja nánari reglur um framkvæmdina þar sem sérstaklega er vísað til sérreglna um áhættumat að teknu tilliti til eðlis starfa, stærðar vinnustaða o.fl. Ljóst er að öll nánari framkvæmd mun að miklu leyti ráðast af reglum sem frumvarpið mælir fyrir um að settar skuli. Í þriðja lagi eru lagðar til smávægilegar breytingar með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/33/EB, um vinnuvernd barna og ungmenna. Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að hlutverk Vinnueftirlits ríkisins í markaðsgæslu og markaðseftirliti með þeim tegundum véla og tækja sem falla undir gildandi vinnuverndarlög verði gert skýrara frá því sem verið hefur. Loks eru lagðar til breytingar á skipulagi Vinnueftirlitsins að því er varðar verkaskiptingu forstjóra og stjórnar. Gert er ráð fyrir að forstjóri beri lagalega og rekstrarlega ábyrgð á eftirlitinu en stjórn þess beri m.a. ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun á sviði vinnuverndar.

Ekki er gert ráð fyrir að lögleiðing tilskipunar 94/33/EB, um vinnuvernd barna, og ungmenna, og tilskipunar 93/104/EB hafi í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir ríkissjóð.

Ákvæðum síðartöldu tilskipunarinnar hefur að verulegu leyti verið hrint í framkvæmd með kjarasamningum, sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytis nr. 285/1997 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins 93/104/EB. Þá er hvorki gert ráð að þær breytingar sem frumvarpið leggur til að gerðar verði á skipulagi Vinnueftirlitsins né breytingar á ákvæðum um markaðseftirlit auki útgjöld ríkissjóðs.

Í kjölfar lögleiðingar ákvæða í tilskipun 89/391/EBE, um áhættumat er áætlað að umsýslukostnaður Vinnueftirlits ríkisins, sérstaklega við eftirlit vegna heilsuverndar starfsmanna á vinnustað, aukist um 8 m.kr. á fyrsta ári, þar af eru 5 m.kr. vegna fjölgunar um einn sérfræðing ásamt rekstrarkostnaði og um 3 m.kr. vegna kynningar, en af þeim eru 2 m.kr. tímabundnar. Á öðru ári er gert ráð fyrir að annar sérfræðingur verði ráðinn til eftirlits í umdæmum sem eykur útgjöld eftirlitsins um aðrar 5 m.kr. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að Vinnueftirlitið afli sértekna á móti þessum kostnaði. Ef miðað er við að ríkið greiði beint eða óbeint um 17.000 starfsmönnum laun og meðalkostnaður við áhættumat á hvern starfsmann sé á bilinu 5–8.000 kr. eykst kostnaður ríkisins tímabundið um 85–140 m.kr. til að meta áhættu í vinnuumhverfi starfsmanna. Til árlegrar endurskoðunar þessara áætlana og fræðslu eru áætlaðar um 10–15 m.kr. Enn fremur er áætlað að útgjöld ríkisstofnana vegna fræðslu, heilsuverndar og heilsufarsskoðunar starfsmanna á vinnustað geti numið a.m.k. 60–100 m.kr. á ári. Gera má því ráð fyrir að árlegur heildarkostnaður ríkisins við framkvæmd laganna geti numið um 1‰ af launakostnaði ríkisins. Hvorki er tekið mið af hugsanlegum ábata af framangreindum ráðstöfunum né áhrifum þeirra á atvinnulífið í heild. Tekið skal hins vegar fram að aukin útgjöld ríkisstofnana sem og annarra aðila á vinnumarkaði munu að miklu leyti ráðast af reglum sem lagt er til að félagsmálaráðherra setji að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins en drög að þeim reglum fylgja ekki frumvarpinu.

Ef kostnaður er metinn með sama hætti fyrir almenna vinnumarkaðinn og miðað er við fjölda ársverka getur heildarkostnaður við gerð áhættumats verið á milli 500–900 m.kr. í upphafi auk þess kostnaðar sem fellur til vegna árlegrar endurnýjunar sem má áætla að sé einn tíundi af upphaflegri fjárhæð. Þá fellur til árlegur kostnaður vegna fræðslu, heilsuverndar og heilsufarsskoðunar starfsmanna á vinnustað. Áætlað er að kostnaður almenna vinnumarkaðarins geti verið á bilinu 400–700 m.kr. á ári. Lögð er áhersla á að hluti þessa kostnaðar kann að miklu leyti að vera þegar kominn fram auk þess sem framkvæmd og útgjöld ráðast af þeim reglum sem frumvarpið kveður á um að setja skuli.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 hafa aukin útgjöld Vinnueftirlits ríkisins sem koma til á fyrsta gildisári þegar verið áætluð. Hins vegar hefur ekki verið gert ráð fyrir auknum útgjöldum annarra ríkisstofnana til að mæta kostnaði við áhættumat og viðbrögðum í kjölfar þess.

898. Tillaga til þingsályktunar [551. mál]

um að birta skýrslu um starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að birta nú þegar skýrslu þá sem tekin var saman af Ríkisendurskoðun um starfslok fyrrverandi forstjóra Landssíma Íslands hf. og tengd efni á árinu 2002.

Greinargerð.

Einstakir þingmenn Samfylkingarinnar hafa óskað eftir því við samgönguráðherra að hann upplýsi um innihald skýrslu sem Ríkisendurskoðun tók saman um mitt árið 2002, að beiðni þáverandi stjórnarformanns Landssíma Íslands hf., um starfslok fyrrverandi forstjóra félagsins og tengd efni. Þessu hefur samönguráðherra, sem er handhafi meira en 90% hlutafjár í fyrirtækinu fyrir hönd ríkissjóðs, ítrekað hafnað.

Í kjölfarið, eða hinn 6. nóvember 2002, óskaði allur þingflokkur Samfylkingarinnar eftir því að Ríkisendurskoðun yrði falið að taka saman skýrslu um sama efni, eins og þingsköp heimila og gert er ráð fyrir í lögum um Ríkisendurskoðun. Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, hafnaði þeirri skýrslubeiðni á fundi forsætisnefndar 28. janúar 2003. Aðrir fulltrúar stjórnarflokkanna í forsætisnefnd Alþingis gerðu ekki athugasemdir við þessa einstæðu afgreiðslu forseta þingsins.

Á nefndum fundi forsætisnefndar lagði Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti þingsins, fram eftirfarandi bókun:

„Þess eru fá dæmi í þingsögunni að forsætisnefnd Alþingis, sem eðli máls samkvæmt hefur það hlutverk helst að styðja og styrkja þingmenn í störfum sínum, hamli því að þingmenn geti sinnt stjórnarskrárbundnum skyldum sínum, þ.e. að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Sú afgreiðsla forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, án athugasemda frá fulltrúum stjórnarflokkanna í nefndinni, að hafna sjálfsagðri beiðni 17 manna þingflokks Samfylkingarinnar, um skýrslu frá Ríkisendurskoðanda, er dapurleg og er ekki til þess fallinn að styrkja stöðu Alþingis.

Þingmenn Samfylkingarinnar munu ekki láta deigan síga og áskilja sér allan rétt til þess að tryggja að þingmenn geti sinnt störfum sínum í samræmi við stjórnarskrárbundinn rétt þeirra og raunar skyldu til eftirlits með framkvæmdavaldinu.“

Í framhaldi af þessu er ljóst að leita þarf annarra leiða til að ná fram rétti þingmanna í þessum efnum. Því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram. Þá er vert að benda á umfjöllun umboðsmanns Alþingis um mál af þessum toga sem fram kom í skýrslu hans fyrir árið 2001. Hann segir m.a. um þessi málefni (á bls. 14): „Hafa verður í huga að ekki er sjálfgefið að breytt rekstrarform opinberrar þjónustu eða verkefna leiði til þess að mögulegt sé að láta hjá líða að taka tillit til stjórnsýslureglna við framkvæmd slíkra málefna.“

Nauðsynlegt er að fá skýra afstöðu Alþingis til þessara álitamála sem lúta að grundvallaratriðum í stjórnsýslu og túlkun stjórnarskrárinnar. Í því ljósi er þess vænst að tillaga þessi fáist afgreidd á yfirstandandi þingi.

899. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Rannsóknarnefnd sjóslysa, starfslið hennar og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Um aðgang að rannsóknargögnum fer samkvæmt ákvæðum 13. gr.

Aðsetur rannsóknarnefndar sjóslysa er í Stykkishólmi nema ráðherra ákveði annað.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rannsóknarnefnd sjóslysa er heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að fela erlendu ríki að annast rannsókn sjóslyss á íslensku yfirráðasvæði að hluta til eða öllu leyti.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, aðra opinbera aðila og annað björgunar- og hjálparlið. Er þessum aðilum skylt að veita þessa rannsóknaraðstoð.

4. gr.

Við 9. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar við á skal rannsóknarnefnd sjóslysa láta rannsókn ná til fyrirkomulags tilkynninga um sjóslys, til leitar, björgunaraðgerða og annarra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum sjóslysa.

Samgönguráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka atriði sem varða almennt öryggi til sjós án þess að þau tengist sjóslysi.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. laganna koma fjórar málsgreinar, svohljóðandi:

Óheimilt er að veita aðgang að eftirfarandi gögnum sem rannsóknarnefnd sjóslysa aflar við rannsókn sjóslyss eða upplýsingar um þau, sbr. þó 3. og 4. mgr.:

a. upptökum eða endurritum af framburði þeirra sem nefndin yfirheyrir við rannsókn máls,
b. hvers konar skráðum fjarskiptum eða upptökum af fjarskiptum milli þeirra sem tengst hafa sjóslysi,

c. læknisfræðilegum og öðrum persónulegum gögnum sem varða þá sem tengst hafa sjóslysi,
d. hvers konar álitsgerðum sem nefndin hefur aflað í tengslum við mat á gögnum skv. a–c-lið.

Veita má umsagnaraðilum skv. 13. gr. aðgang að gögnum skv. 2. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd sjóslysa ætlar að sé nauðsynlegt til að þeir geti veitt umsögn.

Rannsóknarnefnd sjóslysa skal fella út úr lokaskýrslu sinni beina tilvísun til gagna skv. 2. mgr. nema að því leyti sem nauðsynlegt er talið til greiningar á orsökum sjóslyss.

Þegar veittur er aðgangur að gögnum skv. 3. mgr. skal virða nafnleynd þeirra sem tengjast sjóslysi. Sama á við um lokaskýrslu nefndarinnar.

6. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist: innan þriggja mánaða.

7. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknarnefnd sjóslysa getur endurupptekið þegar rannsakað mál, sbr. 13. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati.

Þegar sérstaklega stendur á getur samgönguráðherra falið rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka nánar tiltekið sjóslys eða sérstök atriði sem tengjast sjóslysi, einkum ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Markmið þess er tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að auka hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa. Verði frumvarpið að lögum ber nefndinni að rannsaka atriði sem telja má að ráði miklu um afleiðingar sjóslysa, þ.e. hvernig fyrirkomulag hefur verið á tilkynningum um sjóslys, svo og hvernig háttað hefur verið leitar- og björgunaraðgerðum. Í öðru lagi er markmið frumvarpsins að veita ráðherra heimild til að fela nefndinni að taka upp mál þar sem rannsókn er þegar lokið ef aðstæður krefjast þess. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér almennar breytingar, t.d. er kveðið skýrt á um þagnarskyldu þeirra sem hafa afskipti af rannsókn sjóslysa, hvar aðsetur nefndarinnar skuli vera og kveðið er á um samskipti nefndarinnar við aðra aðila sem að rannsókn sjóslysa kunna að koma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en þar er kveðið á um sérstaka þagnarskyldu nefndarinnar og þeirra sem starfa fyrir hana. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Ákvæði upplýsingalaga eiga aðeins við um rannsóknir sjóslysa ef gögn sem óskað er aðgangs að hafa ekki að geyma upplýsingar um einkahagi eða lögmæta einka- eða almannahagsmuni.

Um 2. gr.

Ákvæðið er nýmæli og veitir nefndinni heimild til að fela erlent ríki að annast rannsókn sjóslyss á íslensku yfirráðasvæði að hluta til eða öllu leyti. Ákvæðið á við þegar önnur ríki

hafa verulega hagsmuni af rannsókn máls eða t.d. þegar rannsókn máls er fyrirsjáanlega svo yfirgripsmikil að rannsóknarnefnd sjóslysa er ekki fært að annast hana. Rannsóknarnefnd sjóslysa tæki ákvörðun um gerð slíks samnings við erlent ríki, en gert er ráð fyrir að slíkir samningar séu háðir samþykki samgönguráðherra.

Um 3. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 1. mgr. 8. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að kveðið er skýrar á um skyldu opinberra aðila, þ.m.t. lögreglu og björgunar- og hjálparliðs, til að veita rannsóknarnefndinni alla þá aðstoð og upplýsingar sem hún fer fram á.

Um 4. gr.

Ákvæðið er nýmæli.

Í 1. efnismgr. er tiltekið að rannsóknarnefnd sjóslysa skuli, þegar það á við, láta rannsókn sjóslyss jafnframt ná til atriða sem telja má að ráði miklu um afleiðingar sjóslysa, þ.e. til þess hvernig fyrirkomulag hefur verið á tilkynningum um sjóslys, svo og hvernig háttað hefur verið leitar- og björgunaraðgerðum. Ljóst er að mikilvægt er þegar litið er til almenns sjóöryggis að framangreindir þættir séu rannsakaðir samhliða, en ábendingar nefndarinnar eða tillögur sem varða þessa liði geta aukið öryggi á sjó í samræmi við meginmarkmið laganna.

Í 2. efnismgr. er kveðið á um að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka atriði sem varða almennt sjóöryggi, án þess að þau tengist sjóslysi. Talið er mikilvægt að ráðherra samgöngumála geti óskað eftir því við nefndina að tiltekin atriði, sem tengjast þó ekki sérstöku sjóslysi, en talin eru geta varðað almennt öryggi á sjó, séu rannsökuð. Mikilvægt getur verið að sjálfstæð og óháð nefnd láti í ljós álit og komi eftir atvikum með tilmæli í öryggisátt, þó svo að ekki sé um slys eða atvik á sjó að ræða. Slíkt getur stuðlað að auknu öryggi á sjó. Rétt er að taka fram að þótt ráðherra samgöngumála geti óskað eftir slíkri athugun eða rannsókn nefndarinnar er gert ráð fyrir að nefndin sé í störfum sínum við slíka athugun eða rannsókn sjálfstæð og óháð og að niðurstöður slíkrar athugunar eða rannsóknar, hver sem hún kann að vera, byggist á því grundvallarsjónarmiði laganna að nefndin sé óháð stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum, sbr. 4. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um sérstakar takmarkanir sem gilda um afhendingu gagna sem rannsóknarnefnd sjóslysa aflar. Rannsókn sjóslysa samkvæmt lögum þessum hefur þá sérstöðu að markmiðið er að greina orsakaþætti sjóslysa til að koma í veg fyrir að sjóslys endurtaki sig. Talið er að það hamli mjög störfum rannsóknarnefndar sjóslysa ef gögn sem hún aflar geta orðið öðrum kunn, og eru því lagðar verulegar hömlur á að slík gögn séu afhent öðrum. Í því felst að þeir sem gefa rannsóknarnefnd sjóslysa skýrslu eða láta í ljós álit á tilteknum atriðum geti treyst því að slík gögn séu ekki hagnýtt í öðrum tilgangi, nema sérstaklega standi á. Slík gögn eru því t.d. alfarið undanþegin upplýsingalögum, nr. 50/1996. Gögn þau sem um ræðir eru tiltekin í 2. mgr.

Um undantekningar vísast til 3. og 4. mgr. Í undantekningunum felst í fyrsta lagi að heimilt er að veita þeim sem gefa umsögn um drög að lokaskýrslu aðgang að gögnum skv. 2. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd sjóslysa ætlar að sé nauðsynlegt. Slíkt er talið óhjákvæmilegt til að tryggja umsögn sem nýtist nefndinni við rannsókn máls og við greiningu orsakaþátta. Í öðru lagi getur verið nauðsynlegt að víkja að umræddum gögnum í lokaskýrslu, en slíkt skal ekki gert nema að því leyti sem nauðsynlegt er til greiningar á orsökum sjóslyss.

Þegar nauðsynlegt er að veita aðgang að gögnum nefndarinnar skv. 2. mgr. skal að fullu virða nafnleynd þeirra sem tengjast viðkomandi sjóslysi. Sama á við í lokaskýrslu nefndarinnar.

Um 6. gr.

Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en því að hér er kveðið á um tímamörk sem nefndin hefur til að skila skýrslu og tillögum í öryggisátt til þeirra aðila sem taldir eru í greininni.

Um 7. gr.

Ákvæðið er nýmæli og kveður á um það að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka nánar tiltekið sjóslys eða sérstök atriði sem tengjast slysi á sjó ef sérstaklega stendur á. Tilefni þessa nýmælis er að upp geta komið tilvik þar sem þess er farið á leit við samgönguráðherra, sem yfirmann siglingamála hér á landi, að leitað verði nánari skýringa eða aflað frekari gagna um tiltekið sjóslys, og þykir þá óhjákvæmilegt að ráðherra geti falið nefndinni að rannsaka eða kanna frekar sjóslys þar sem rannsókn er lokið, eða að rannsakað verði frekar tiltekin atriði varðandi einstök slys á sjó. Um er að ræða undantekningarákvæði sem ber að skýra þröngt. Tilvik þar sem ákvæði þessu yrði beitt eru til að mynda þegar ný gögn eða upplýsingar koma fram sem hefðu getað haft áhrif á niðurstöðu nefndarinnar.

Rétt er að benda á að þrátt fyrir þessa heimild er það á valdi nefndarinnar hvernig staðið yrði að slíkri rannsókn og hvernig slíkri rannsókn yrði lokið, en í þeim efnum mundi nefndin líta til sjálfstæðis síns með sama hætti og í þeim tilvikum þegar nefndin hefur rannsókn að eigin frumkvæði.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

Markmið frumvarpsins er tvíþætt, annars vegar að auka hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa og hins vegar að veita ráðherra heimild til að fela nefndinni að taka upp mál þar sem rannsókn er þegar lokið ef aðstæður krefjast þess. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að aðsetur nefndarinnar verði í Stykkishólmi og kveðið er á um samskipti nefndarinnar við aðra aðila sem að rannsókn sjóslysa kunna að koma. Í fjárlögum 2003 er heildarfjárveitingin til nefndarinnar 30,3 m.kr. og þar af var veitt 6,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2002 vegna aukinna verkefna nefndarinnar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður því ekki um frekari kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð.

900. Fyrirspurn [553. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lífeyrisgreiðslur til Íslendinga erlendis.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru áform um að gera samninga eða samkomulag við ríki um lífeyrisgreiðslur til Íslendinga búsettra erlendis sem ekki eru samningar við nú?

901. Fyrirspurn [554. mál]

til iðnaðarráðherra um Sementsverksmiðjuna hf.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Jóni Bjarnasyni.

1. Hver var niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi samkeppnisstöðu Sementsverksmiðjunnar hf.?
2. Hvað líður kaupum ríkisins á lóð Sementsverksmiðjunnar hf. að Sævarhöfða 31 í Reykjavík ásamt tilheyrandi mannvirkjum, sbr. heimild í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2003?
3. Hver verða næstu skref iðnaðarráðuneytisins varðandi málefni Sementsverksmiðjunnar hf.?

902. Fyrirspurn [555. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skelfiskveiðar og ástand lífríkis í Breiðafirði.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað hefur ráðherra gert eða hyggst gera varðandi rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar í ljósi þess að mjög hefur dregið úr skelfiskveiðum á svæðinu?
2. Hefur ráðherra áform um að bregðast við vanda þeirra fiskvinnslufyrirtækja á svæðinu sem hafa reitt sig á skelfiskvinnslu?

903. Svar [473. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til umsagnar allra undirstofnana ráðuneytisins. Ekki voru flutt fjarvinnsluverkefni á vegum undirstofnana þess út á land á árinu 2002 en ráðuneytinu hafa borist eftirfarandi svör um flutning og stofnun nýrra starfa úti á landi.

Vegagerðin.

Hinn 1. janúar 2002 voru fastir starfsmenn Vegagerðarinnar 352, þar af 220 starfandi á landsbyggðinni.

Árið 2002 var ekkert starf hjá Vegagerðinni flutt út á land en hins vegar var eitt nýtt starf stofnað, þ.e. staða tæknifræðings á Akureyri. Starfið felst í framkvæmdakaupum og eftirliti.

Árið 2001 voru nokkur störf flutt eða stofnuð ný á landsbyggðinni:

- Fjögur störf þjónustufulltrúa á Ísafirði. Þjónustudeild, símsvörun og upplýsingagjöf til vegfarenda.
- Eitt starf tæknimanns á Sauðárkróki. Framkvæmdakaup, eftirlit og yfirborðsmerkingar vega.
- Eitt starf tæknifræðings á Akureyri. Áætlanadeild, umferð- og umferðaröryggismál.
- Eitt starf jarðfræðings á Akureyri. Rannsóknardeild, jarðfræðirannsóknir.
- Eitt starf vélamanns á Höfn. Þjónustusvæði, vélamaður.

Árið 2000 voru nokkur störf flutt eða stofnuð ný á landsbyggðinni:

- Eitt starf tæknifræðings í Borgarnesi. Framkvæmdakaup og eftirlit, eftirlit með framkvæmdum.
- Eitt starf verkfræðings á Akureyri. Áætlanir, hönnun vega.
- Tvö störf eftirlitsmanna á Akureyri. Framkvæmdadeild, viðhaldsstjórnun vega, skoðun slitlaga og annað eftirlit.

Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Rannsóknarnefnd sjóslysa var flutt frá Reykjavík til Stykkishólms í desember 2001 og var þá framkvæmdastjóri ráðinn til starfa. Hinn 1. janúar 2002 var nýr starfsmaður ráðinn fyrir nefndina.

Ferðamálaráð Íslands.

Ekki voru nein störf á vegum Ferðamálaráðs Íslands flutt út á land árið 2002 en verkefni sem unnin hafa verið varðandi upplýsingamiðlun á skrifstofu ráðsins í Reykjavík voru flutt til skrifstofu ráðsins á Akureyri í upphafi ársins 2002.

Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands, Póst- og fjarskiptastofnun og Rannsóknarnefnd flugslysa fluttu ekki störf út á land á árinu 2002.

904. Frumvarp til laga [556. mál]

um neytendakaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Almennt gildissvið laganna.

Lög þessi gilda um neytendakaup að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir í lögum.

Með neytendakaupum er átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu.

Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi.

Umboðsmaður seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu er samábyrgur seljanda vegna skyldna hans, nema neytanda hafi verið bent sérstaklega á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum. Samábyrgðin gildir ekki þegar seljandi sjálfur annast söluna.

Lög þessi gilda einnig um skipti eftir því sem við getur átt.

2. gr.
Sérstakt gildissvið laganna.

Lög þessi gilda um:

a. pöntun hlutar sem búa skal til;
b. afhendingu á vatni;
c. kaup á kröfum og réttindum.

Lög þessi gilda ekki um:

a. fasteignakaup;
b. samninga um að reisa byggingar eða önnur mannvirki á fasteign;
c. afhendingu á raforku;
d. samninga þegar sá sem afhendir hlut skal jafnframt láta í té vinnu eða aðra þjónustu sem felur í sér mestan hluta af skyldum hans.

3. gr.
Lögin eru ófrávíkjanleg.

Ekki er heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

Ekki er heimilt að semja um að lög ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi um kaupsamning sem er nátengdur yfirráðasvæði ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins ef það leiðir til kjara sem eru neytandanum óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

4. gr.
Áhættan af sendingu tilkynninga.

Nú sendir samningsaðili tilkynningu í samræmi við ákvæði laga þessara og á þann hátt sem forsvaranlegt er miðað við aðstæður og getur sendandinn þá byggt á því að tilkynningin

hafi verið send nógu snemma, komi annað ekki fram, þótt henni seinki, mistök verði við sendinguna eða hún nái ekki til gagnaðila.

II. KAFLI
Afhendingin.

5. gr.
Afhendingarstaður.

Söluhlut skal hafa til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandinn hafði atvinnustöð sína þegar kaup voru gerð. Ef kaup voru gerð án tengsla við atvinnustöð seljanda ber að afhenda hlutinn hjá neytandanum.

Ef seljandi hefur fleiri en eina atvinnustöð skal miðað við þá atvinnustöð sem kaupunum tengdist þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar miðuðu við þegar kaup voru gerð.

Aðilum er heimilt að semja um annan afhendingarstað.

6. gr.
Afhendingartími.

Leiði ekki annað af samningi skal afhenda hlutinn innan sanngjarns tíma frá því að kaupin voru gerð.

Ef samið hefur verið um svigrúm varðandi afhendingartíma á seljandinn rétt á að velja, nema atvik sýni að neytandi eigi að velja hann.

Ef seljanda í reiðukaupum er rétt að velja afhendingartíma skal hann tilkynna neytanda með nægum fyrirvara hvenær sækja megi hlutinn.

7. gr.
Afhendingin.

Söluhlutur telst afhentur þegar neytandi hefur veitt honum viðtöku.

8. gr.
Viðbótarskyldur við sendingarkaup.

Ef seljandi á að sjá um að senda hlut er honum skylt að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hann verði fluttur á ákvörðunarstað með viðeigandi hætti og samkvæmt venjulegum skilmálum um slíka flutninga.

Ef seljandi á ekki að kaupa tryggingar vegna flutnings hlutarins verður hann, ef neytandinn æskir þess, að gefa þær upplýsingar sem neytandanum eru nauðsynlegar til þess að hann geti keypt sér slíka tryggingu.

Ef seljandi afhendir flutningsmanni hlut án þess að greinilega komi fram með auðkenningu, í flutningsskjali eða á annan skýran hátt, að hluturinn eigi að fara til neytanda verður seljandi að tilkynna neytanda greinilega hvar hann eigi að veita hlutnum viðtöku.

9. gr.
Heimild seljanda til að halda eigin greiðslu.

Ef seljandi hefur ekki veitt lán eða greiðslufrest er hann ekki skyldur til að afhenda hlutinn, framselja skjöl eða á annan hátt að yfirfæra ráðstöfunarrétt yfir hlutnum, nema því aðeins að kaupverðið sé samtímis greitt.

Ef seljandi á að senda hlut til annars staðar getur hann ekki látið það hjá líða, en hann getur komið í veg fyrir að neytandinn fái umráðin þar til kaupverðið er greitt.

10. gr.

Kostnaður.

Seljandi greiðir kostnað vegna söluhlutar þar til hann hefur verið afhentur. Ákvæði þetta gildir ekki um kostnað sem stafar af því að afhendingu seinkar vegna atvika sem varða neytanda.

Ef senda skal söluhlut til neytanda má semja um það að neytandi greiði til viðbótar kaupverðinu kostnað af sendingunni.

11. gr.

Afrakstur af söluhlut.

Afrakstur af söluhlut, sem verður til fyrir umsaminn afhendingartíma, fellur til seljanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að afraksturinn félli til síðar. Afrakstur, sem síðar verður til, fellur til neytanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að hann félli til fyrr.

Aðilum er heimilt að semja á annan veg.

12. gr.

Hlutir og kröfur sem bera vexti.

Kaup á hlutum ná til þess arðs sem ekki var gjaldfallinn fyrir kaupin. Sama gildir um réttinn til áskriftar fyrir nýjum hlutum, enda hafi ekki verið unnt að nýta réttinn fyrir kaupin.

Kaup á kröfu sem ber vexti ná til áfallinna vaxta sem ekki eru gjaldfallnir á umsömdum afhendingartíma. Greiða skal jafnvirði vaxtanna sem viðbót við kaupverðið, enda hafi krafan ekki verið seld sem óvís krafa.

Aðilum er heimilt að semja á annan veg.

III. KAFLI

Áhættan af söluhlut.

13. gr.

Um það hvað í áhættu felst.

Þegar áhættan af söluhlut hefur flust yfir til neytanda fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki niður þótt hluturinn eftir það farist, skemmist eða rýrni ef um er að ræða atvik sem ekki verða rakin til seljanda.

14. gr.

Áhættuflutningur.

Áhættan flyst yfir til neytanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði 7. gr. Ef hlutar er ekki vitjað eða honum veitt viðtaka á réttum tíma og það má rekja til neytanda eða atvika sem hann varða flyst áhættan yfir á neytandann þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og vanefnd verður af hans hálfu við það að veita hlutnum ekki viðtöku.

Ef neytandi á að vitja söluhlutar annars staðar en hjá seljanda flyst áhættan yfir til neytanda þegar afhendingartíminn er kominn og neytanda er kunnugt um að hluturinn er honum heimill til ráðstöfunar á afhendingarstaðnum.

Áhættan flyst ekki yfir til neytanda fyrr en söluhlutur hefur verið auðkenndur honum með merkingu á flutningsskjölum eða það hefur á annan hátt verið gert ljóst að hlutur er ætlaður honum.

Ef söluhlutur hefur verið keyptur og afhentur til reynslu eða á annan hátt með rétti til að skila honum aftur ber neytandi áhættuna af hlutnum þar til seljandinn hefur aftur veitt honum

viðtöku. Þetta gildir þó ekki þegar neytandinn hefur rétt til að skila söluhlut samkvæmt ákvæðum í lögum eða sambærilegan rétt á grundvelli samnings um neytendakaup.

IV. KAFLI
Eiginleikar söluhlutar, gallar o.fl.

15. gr.
Eiginleikar söluhlutar.

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
e. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann;
f. vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð, ef neytandinn ætlar ekki að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar;
g. vera laus við kvaðir frá þriðja manni, t.d. eignarrétt eða veðrétt. Söluhluturinn skal einnig vera laus við kröfur þriðja manns um kvaðir í hlutnum, enda þótt þeim sé mótmælt, nema kröfurnar séu augljóslega órökstuddar.

16. gr.
Gallar.

Söluhlutur telst vera gallaður ef:

a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;
b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin;
d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.

Regla c-liðar 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Þetta gildir þó ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess.

17. gr.

Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er". Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er" eða með öðrum áþekkum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

18. gr.

Tímamark galla.

Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.

Seljandi ber einnig ábyrgð á galla sem kemur fram síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hlut megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu. Ábyrgðaryfirlýsing er bindandi fyrir yfirlýsingargjafann með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni og í auglýsingum tengdum henni.

V. KAFLI

Greiðsludráttur. Úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda.

19. gr.

Úrræði neytanda við greiðsludrátt.

Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er neytanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur neytandi:

a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 20. gr.;
b. krafist efnda samkvæmt ákvæðum 21. gr.;
c. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 23. gr.;
d. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 24. gr.

Réttur neytanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Ef seljandi fullnægir að öðru leyti ekki nógu snemma skyldum sínum samkvæmt samningnum gilda ákvæðin um greiðsludrátt, eftir því sem við getur átt, þó ekki ákvæði 3. og 4. mgr. 23. gr. Aðilum er heimilt að semja á annan veg.

20. gr.

Réttur neytanda til að halda eftir kaupverði.

Ef neytandi á kröfu á hendur seljanda vegna greiðsludráttar hins síðarnefnda getur neytandinn haldið eftir þeim hluta kaupverðsins sem nægir til þess að tryggja kröfu hans.

21. gr.

Réttur til efnda.

Ef söluhlutur hefur ekki verið afhentur á umsömdum afhendingartíma getur neytandi haldið fast við kaup og krafist efnda.

Þetta gildir ekki ef um er að ræða hindrun sem seljandi ræður ekki við og heldur ekki ef efndir hefðu í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni neytanda af efndum. Ef úr vandkvæðum greiðist innan hæfilegs tíma getur neytandi krafist efnda.

Neytandi glatar rétti sínum til efnda ef hann dregur óhæfilega lengi að krefjast þeirra.

22. gr.

Fyrirspurnir.

Nú beinir seljandi fyrirspurn til neytanda um það hvort hann vilji veita hlut viðtöku þrátt fyrir seinkun eða hann tilkynnir neytanda að hann muni afhenda hið selda innan tiltekins tíma, en neytandi svarar ekki án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk tilkynninguna. Getur neytandi þá ekki rift kaupunum ef efndir verða innan þess tíma sem nefndur var.

23. gr.

Riftun.

Neytandi getur rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir. Ef hlutur er afhentur of seint getur neytandi ekki rift kaupunum, nema hann tilkynni það seljanda innan sanngjarns tíma frá því að hann fékk vitneskju um afhendinguna.

Við mat á því hvort greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir skal leggja sérstaka áherslu á þýðingu greiðsludráttarins fyrir neytandann. Skal m.a. taka tillit til tegundar söluhlutar sem kaupin varða og þess hvort afhending átti að fara fram á ákveðnum tíma.

Einnig er unnt að rifta kaupum ef seljandi afhendir ekki söluhlut og efndir dragast fram yfir sanngjarnan viðbótarfrest sem neytandi hefur sett. Meðan viðbótarfrestur er að líða getur neytandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að seljandinn hafi lýst því yfir að ekki verði af efndum á þeim tíma eða ljóst er að hann muni ekki efna kaupin.

Ef kaup varða hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir neytanda samkvæmt fyrirmælum hans eða óskum, og geti seljandi af þeim sökum ekki ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns, getur neytandi því aðeins rift kaupunum að greiðsludráttur leiði til þess að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega.

24. gr.

Skaðabætur.

Neytandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.

Ef greiðsludrátt má rekja til þriðja manns sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu er seljandi því aðeins laus undan ábyrgð að þriðji maður væri það einnig samkvæmt reglu 2. mgr. Sama gildir ef greiðsludrátt má rekja til afhendingaraðila sem seljandi hefur notað eða til einhvers annars á fyrra sölustigi.

Lausn undan ábyrgð er til staðar meðan hindrun er fyrir hendi. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna kaupin en hann láti það hjá líða.

Um fjárhæð skaðabóta fer samkvæmt reglum XI. kafla.

25. gr.

Upplýsingaskylda um hindrun.

Ef hindrun kemur í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna neytanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Fái neytandi ekki slíka tilkynningu án ástæðulauss dráttar frá því að seljandi fékk eða gat fengið vitneskju um hindrunina getur neytandi krafist þess að það tjón sé bætt sem unnt hefði verið að komast hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara.

VI. KAFLI
Úrræði neytanda vegna galla á söluhlut.

26. gr.

Úrræði neytanda vegna galla.

Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;

Réttur neytanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum seljanda, eftir því sem við á. Unnt er að semja um annað. Það gildir þó ekki um skyldur seljanda samkvæmt kaupsamningi til uppsetningar á söluhlut.

27. gr.

Tilkynning.

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Jafnframt heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

Neytandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan tímamarka greinarinnar. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

28. gr.

Réttur neytanda til að halda eftir kaupverði.

Ef neytandi á kröfu á hendur seljanda vegna galla söluhlutar getur neytandinn haldið eftir þeim hluta kaupverðsins sem nægir til þess að tryggja kröfu hans.

29. gr.

Krafa um úrbætur og nýja afhendingu.

Neytandi getur valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda. Þetta á ekki við ef fyrir hendi er hindrun sem seljandi ræður ekki við eða það hefur í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda.

Við mat á því hvort kostnaður er ósanngjarn skv. 2. málsl. 1. mgr. skal leggja áherslu á verðmæti ógallaðs söluhlutar, þýðingu gallans og hvort hægt er að beita öðrum úrræðum án verulegs óhagræðis fyrir neytandann.

Þótt neytandi krefjist ekki úrbóta eða nýrrar afhendingar er seljanda heimilt að bæta á eigin kostnað úr galla eða afhenda annan hlut án tafar. Ef seljandi býður fram úrbætur eða nýja afhendingu í samræmi við lögin getur neytandi ekki krafist afsláttar eða riftunar.

30. gr.

Framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar.

Úrbætur og ný afhending skulu fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.

Seljandi á ekki rétt á að bæta úr sama galla eða afhenda nýjan söluhlut vegna sama galla oftar en tvisvar sinnum nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem réttlæta frekari úrbætur eða afhendingu.

Ef úrbætur eða ný afhending seljanda hafa það í för með sér að neytandi getur ekki notað söluhlut í meira en eina viku getur neytandi krafist þess að fá sambærilegan hlut til umráða á kostnað seljanda. Þetta á þó aðeins við ef krafan telst sanngjörn með hliðsjón af þörfum neytandans og þeim kostnaði og óhagræði sem það hefur í för með sér fyrir seljanda.

Ef ekki reynist um galla að ræða getur seljandi aðeins krafist greiðslu fyrir þær athuganir sem nauðsynlegar voru til að komast að raun um hvort söluhlutur væri gallaður, og greiðslu fyrir lagfæringu á hlutnum ef seljandi hefur gert neytanda það ljóst að hann þurfi sjálfur að bera umræddan kostnað.

31. gr.

Afsláttur.

Ef ekki verður af úrbótum eða nýrri afhendingu skv. 29. og 30. gr. getur neytandi krafist afsláttar af kaupverði. Skal afslátturinn reiknaður þannig að hlutfallið milli hins lækkaða verðs og samningsverðsins svari til hlutfallsins milli verðgildis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartíma.

Ef sérstök rök mæla með því má ákveða afslátt með hliðsjón af þýðingu gallans fyrir neytanda.

Neytandi getur ekki krafist afsláttar þegar um er að ræða kaup á notuðum hlutum á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur.

32. gr.

Riftun.

Í stað afsláttar skv. 31. gr. getur neytandi rift kaupum nema þegar galli er óverulegur.

33. gr.

Skaðabætur.

Neytandi getur krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut. Um fjárhæð skaðabóta fer samkvæmt reglum XI. kafla.

34. gr.

Tjón á öðrum munum.

Skaðabótaábyrgð seljanda fyrir tjón af völdum galla nær til, auk tjóns á söluhlutnum sjálfum, tjóns á hlutum sem söluhluturinn var notaður til framleiðslu á eða hlutum sem standa í nánu og beinu sambandi við fyrirhuguð not söluhlutar.

Neytandi getur krafist skaðabóta vegna annars tjóns á munum en fjallað er um í 1. mgr. nema þegar seljandi sýnir fram á að tjónið verði ekki rakið til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda.

Þegar seljandi greiðir skaðabætur vegna tjóns á öðrum munum en söluhlutnum sjálfum tekur seljandi yfir kröfur neytanda gegn framleiðanda samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð.

35. gr.

Krafa á hendur fyrri söluaðila.

Neytandi getur borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila.

Samningi við fyrri sölu, sem takmarkar rétt seljanda eða annars framsalshafa, verður ekki beitt gegn kröfu neytanda skv. 1. mgr. í víðtækara mæli en unnt hefði verið að semja um í skiptum neytandans og seljandans.

Ákvæði 27. gr. um tilkynningar gilda með samsvarandi hætti um ákvæði þessarar greinar.

Neytandi getur, með sömu skilyrðum og koma fram í 1.–3. mgr., gert kröfu vegna galla á hendur aðila sem samkvæmt samningi við seljanda eða fyrri söluaðila hefur framkvæmt vinnu við hlutinn.

Neytandi getur einnig gert kröfu á grundvelli 1. mgr. 84. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, ef það veitir honum víðtækari rétt en samkvæmt grein þessari.

Fyrri söluaðila er óheimilt að skuldajafna kröfu sinni á hendur seljanda á móti kröfu neytanda.

36. gr.

Ábyrgð á upplýsingum skv. 16. gr.

Þegar sá er hlut hefur búið til eða annar fyrri söluaðili hefur gefið upplýsingar þær sem nefndar eru í 2. mgr. 16. gr. ber hann ábyrgð á því tjóni sem neytandinn verður fyrir vegna upplýsinganna, eftir atvikum óskipt með seljanda.

VII. KAFLI
Skyldur neytanda.

37. gr.

Kaupverð.

Ef kaup eru gerð án þess að kaupverðið leiði af samningi eða upplýsingum frá seljanda, t.d. í auglýsingum eða útstillingum, skal neytandi greiða fyrir söluhlut það gangverð sem er á sams konar hlutum, seldum við svipaðar aðstæður, við samningsgerðina, enda sé verðið

ekki ósanngjarnt. Ef ekki er um neitt slíkt gangverð að ræða skal neytandi greiða það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutar, gæði hans og atvik að öðru leyti.

Ef kaupverðið á að ráðast af fjölda, máli eða þyngd skal við þetta miðað á þeim tíma þegar áhættan af söluhlutnum flyst frá seljanda til neytanda. Þegar kaupverðið er ákveðið eftir þyngd skal fyrst draga frá þyngd umbúða.

Seljandi getur ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikning hafi ekki verið samið um það í kaupsamningnum.

38. gr.

Greiðsla kaupverðs. Réttur neytanda til að halda eftir kaupverði.

Leiði greiðslutíma ekki af kaupsamningnum skal neytandinn greiða kaupverðið þegar seljandinn krefst þess.

Ef ekki hefur verið samið um annað ber neytanda ekki skylda til að greiða kaupverðið fyrr en hluturinn er afhentur neytanda eða stendur honum til ráðstöfunar í samræmi við samninginn og lög þessi.

Neytandi er ekki bundinn af ákvæðum fyrir fram gerðs samnings um skyldu til að greiða kaupverð á ákveðnum tíma án tillits til þess hvort seljandi uppfyllir skyldur sínar á réttum tíma.

Áður en neytandinn greiðir kaupverðið á hann rétt á að rannsaka hlutinn á venjulegan hátt ef það er ekki ósamrýmanlegt umsaminni aðferð við afhendingu og greiðslu kaupverðsins.

39. gr.

Greiðslustaður kaupverðs.

Kaupverðið skal greiða á atvinnustöð seljanda. Ef seljandi hefur fleiri en eina atvinnustöð skal miðað við þá atvinnustöð sem kaupunum tengdist þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar miðuðu við þegar kaup voru gerð. Ef seljandi hefur ekki atvinnustöð sem tengist kaupunum skal miðað við heimili hans. Ef greiðsla á að fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals skal greiðslan innt af hendi á afhendingarstaðnum.

Seljandinn ber ábyrgð á auknum kostnaði við greiðslu sem stafar af því að hann hefur flutt atvinnustöð sína eftir að kaupin voru gerð.

40. gr.

Atbeini neytanda að efndum kaupa.

Neytanda er skylt:

a. að stuðla fyrir sitt leyti að því, eftir því sem sanngjarnt er að ætlast til af honum, að seljandi geti efnt skyldur sínar og
b. taka við hlutnum með því að sækja hann eða veita honum viðtöku.

VIII. KAFLI
Afpöntun og skilaréttur.

41. gr.

Afpöntun fyrir afhendingu.

Ef neytandi afpantar hlut áður en hann er afhentur getur seljandi ekki haldið fast við kaupin og krafist greiðslu. Ef ekkert annað leiðir af samningi aðila getur seljandinn þess í stað krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afpöntunin veldur.

Aðilar geta samið um viðmiðunarskaðabætur við afpöntun. Viðmiðunarskaðabætur skulu þó ekki vera hærri en ætla mætti að skaðabætur yrðu skv. XI. kafla.

Ef ekki hefur verið samið um skaðabætur vegna afpöntunar fer um fjárhæð skaðabóta eftir XI. kafla.

42. gr.

Skilaréttur eftir afhendingu.

Eftir að söluhlutur hefur verið afhentur ber neytanda að greiða kaupverð þrátt fyrir að hluturinn sé endursendur seljanda.

Skylda neytanda til greiðslu kaupverðs fellur niður:

a. við riftun;
b. ef aðilar hafa samið um skilarétt, t.d. ef hluturinn er keyptur til reynslu;
c. ef neytandi hefur slíkan rétt samkvæmt ákvæðum í lögum eða sambærilegan rétt á grundvelli samnings um neytendakaup.

Neytandi getur skipt söluhlut ef samið hefur verið um rétt til skipta eða hann leiðir af almennum réttarreglum.

IX. KAFLI
Úrræði seljanda vegna vanefnda af hálfu neytanda.

43. gr.

Kröfur seljanda.

Ef neytandi greiðir ekki kaupverðið eða fullnægir ekki öðrum skyldum sínum samkvæmt samningnum eða lögum þessum, og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem hann varða, getur seljandinn:

a. krafist efnda samkvæmt ákvæðum 44. gr.;
b. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 45. gr.;
c. krafist skaðabóta og vaxta samkvæmt ákvæðum 46. gr.;
d. haldið eftir greiðslum samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Réttur seljanda til skaðabóta og vaxta fellur ekki brott þótt hann neyti annarra úrræða eða við það að slík úrræði verði ekki höfð uppi.

44. gr.

Réttur til að krefjast efnda.

Seljandi getur haldið fast við kaupin og krafið neytanda um greiðslu kaupverðsins. Þetta gildir þó ekki á meðan ekki er unnt að greiða vegna stöðvunar samgangna eða greiðslumiðlunar eða vegna annarra atvika sem neytandi getur hvorki stjórnað né yfirunnið.

Ef hlutur hefur ekki verið afhentur glatar seljandi rétti sínum til þess að krefjast efnda ef hann bíður óhæfilega lengi með að setja slíka kröfu fram.

Um rétt seljanda til að krefjast efnda á þeirri skyldu neytanda að hann stuðli að efndum gilda ákvæði 21. gr. eftir því sem við á.

45. gr.

Riftun.

Seljandi getur rift kaupum vegna dráttar á greiðslu kaupverðsins eða annarra samningsbrota þegar um verulegar vanefndir af hálfu neytanda er að ræða. Seljandi getur ekki rift kaupunum eftir að kaupverðið hefur verið greitt.

Einnig er unnt að rifta kaupum þegar neytandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur sett til efndanna. Seljandi getur ekki rift kaupum meðan

viðbótarfrestur er að líða nema því aðeins að neytandi hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna kaupin á þeim tíma.

Ef neytandi hefur þegar veitt söluhlut viðtöku getur seljandi því aðeins rift kaupunum að hann hafi gert um það fyrirvara eða neytandi hafni hlutnum.

46. gr.

Skaðabætur. Vextir.

Ef kaupverðið er ekki greitt á réttum tíma getur seljandi krafist vaxta af kaupverðinu í samræmi við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu.

Seljandi getur einnig krafist skaðabóta fyrir tjón af völdum greiðsludráttar neytanda. Þetta á þó ekki við meðan neytandi sýnir fram á að greiðsludráttur stafi af stöðvun almennra samgangna eða greiðslumiðlunar eða annarri hindrun sem neytandi hefur ekki stjórn á og ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað haft í huga við samningsgerðina, komist hjá afleiðingunum af eða yfirunnið. Reglur 3. og 4. mgr. 24. gr. gilda eftir því sem við á.

Um fjárhæð skaðabóta fer samkvæmt reglum XI. kafla.

47. gr.

Upplýsingaskylda um hindrun.

Ef hindrun tálmar því að neytandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna seljanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til efnda. Fái seljandi ekki slíka tilkynningu innan sanngjarns tíma frá því að neytandinn vissi eða mátti vita um hindrunina getur seljandi krafist bóta fyrir það tjón sem hann hefði getað komist hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna í tíma.

48. gr.

Ákvörðun um einkenni hlutar.

Nú á neytandi að ákveða lögun hlutar, mál eða aðra eiginleika hans og gerir það ekki á umsömdum tíma eða án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk um það hvatningu frá seljanda. Getur seljandi þá sjálfur ákveðið þessi einkenni í samræmi við það sem hann má ætla að séu hagsmunir neytanda. Þetta kemur ekki í veg fyrir að seljandi geti haldið fram öðrum kröfum sem hann á.

Seljandi skal upplýsa neytanda um þau einkenni sem hann ákveður skv. 1. mgr. og veita neytanda hæfilegan frest til að gera á þeim breytingar. Geri neytandi það ekki án ástæðulauss dráttar, eftir að hafa fengið tilkynningu frá seljanda, verður ákvörðun seljanda um einkennin bindandi.

X. KAFLI

Sameiginlegar reglur um riftun og nýja afhendingu.

49. gr.

Réttaráhrif riftunar og nýrrar afhendingar.

Þegar kaupum er rift falla skyldur aðila til að efna þau niður.

Hafi kaup verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu samningsaðila má krefjast skila á því sem móttekið hefur verið. Aðili getur þó haldið því sem hann hefur móttekið þar til gagnaðili skilar því sem hann hefur tekið við. Sama á við þegar aðili á rétt til skaðabóta eða vaxta og fullnægjandi trygging er ekki sett.

Ef seljandinn á að afhenda söluhlut á ný getur neytandi haldið hjá sér því sem hann hefur móttekið þar til afhending hefur átt sér stað að nýju.

Riftun hefur engin áhrif á samningsákvæði um atvinnuleyndarmál, um lausn ágreiningsefna eða um réttindi og skyldur aðila sem leiðir af riftuninni.

50. gr.

Afrakstur og vextir þegar greiðslum er skilað.

Þegar kaupum er rift skal neytandi færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af hlutnum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum.

Ef seljandi á að endurgreiða kaupverðið ber honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er neytandi tilkynnti seljanda að hann mundi bera fyrir sig gallann. Seljanda ber á sama hátt að greiða vexti frá þeim degi er hann tók við greiðslunni þegar neytandi er krafinn um endurgjald fyrir not af söluhlut skv. 1. mgr.

51. gr.

Missir réttar til riftunar og afhendingar á ný.

Neytanda er því aðeins heimilt að rifta kaupum eða krefjast afhendingar á ný að hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var í þegar neytandi veitti honum viðtöku. Neytandi glatar þó ekki rétti sínum til þess að krefjast riftunar eða nýrrar afhendingar þegar

a. ástæður þess að ekki er unnt að skila hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni má rekja til eiginleika hans eða annarra aðstæðna sem ekki varða neytandann;
b. hluturinn hefur rýrnað, skemmst eða eyðilagst og það má rekja til verknaðar sem gera varð til að ganga úr skugga um hvort hann væri gallaður;
c. hluturinn hefur verið notaður af neytanda við fyrirhuguð not áður en neytanda varð ljós eða mátti verða ljós galli sá sem leiðir til riftunar eða kröfu um afhendingu á ný.

Neytandi glatar ekki heldur réttinum til riftunar eða nýrrar afhendingar ef hann við skilin bætir þá verðmætisrýrnun sem orðin er á hlutnum.

XI. KAFLI
Sameiginlegar reglur um skaðabætur.

52. gr.

Umfang skaðabóta.

Skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars samningsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Þetta gildir þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar.

Skaðabætur ná ekki til:

a. líkamstjóns;
b. tjóns í atvinnustarfsemi neytanda.

53. gr.

Verðmunur við riftun.

Ef kaupum er rift og neytandi kaupir af öðrum (staðgöngukaup) eða seljandi selur öðrum (staðgöngusala) með forsvaranlegum hætti og innan sanngjarns tíma frá riftun skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og verðið við staðgönguráðstöfunina.

Ef kaupum er rift án þess að gerðar séu staðgönguráðstafanir þær sem um ræðir í 1. mgr. og unnt er að staðreyna gangverð söluhlutar skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og gangverðið á riftunartímanum.

Gangverð er það verð sem er á sambærilegum hlutum á afhendingarstað. Þegar ekki er um gangverð að ræða á afhendingarstað skal miða við verðið á öðrum stað sem með sanngirni má jafna til afhendingarstaðarins, þó þannig að taka skal tillit til munar á flutningskostnaði.

54. gr.

Skylda til að takmarka tjón. Mildun ábyrgðar.

Samningsaðila, sem ber fyrir sig vanefndir af hálfu gagnaðila, er með sanngjörnum ráðstöfunum skylt að takmarka tjón sitt. Vanræki hann það ber hann sjálfur þann hluta tjónsins sem af því leiðir.

Skaðabætur má lækka ef þær teljast ósanngjarnar fyrir hinn bótaskylda þegar litið er til fjárhæðar tjónsins í samanburði við það fjártjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og atvika að öðru leyti.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Fyrirsjáanlegar vanefndir.

Um fyrirsjáanlegar vanefndir fer eftir 61. og 62. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup.

56. gr.

Gjaldþrot.

Um rétt til að ganga inn í kaup, halda eftir greiðslu eða rifta kaupum vegna gjaldþrots samningsaðila fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

57. gr.

Vanefndir að því er varðar hluta hins selda.

Ef vanefndir seljanda varða einvörðungu hluta hins selda eiga reglur um greiðsludrátt og galla í V. og VI. kafla við. Neytandi getur rift kaupunum með öllu ef vanefndir eru verulegar á samningnum í heild sinni.

Ef ráða má af atvikum að seljandi hafi lokið afhendingu af sinni hálfu, þótt umsamið magn hafi ekki allt verið afhent, eiga reglurnar um galla við.

58. gr.

Riftunarréttur neytanda við afhendingu í áföngum.

Ef seljandi á að afhenda hið selda í áföngum og vanefndir verða á tiltekinni afhendingu getur neytandi rift kaupum að því er hana varðar samkvæmt reglunum um riftun.

Ef vanefndir veita neytanda réttmæta ástæðu til að ætla að vanefndir verði á afhendingum síðar þannig að riftunarréttur skapist getur neytandi á þeim grundvelli einnig rift kaupum að því er síðari afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

Ef neytandi riftir kaupum að því er eina afhendingu varðar getur hann samtímis rift kaupunum varðandi fyrri eða síðari afhendingar ef slíkt samhengi er milli þeirra að þær nýtist ekki í þeim tilgangi sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina.

59. gr.

Riftunarréttur seljanda við afhendingu í áföngum.

Ef seljandi á að afhenda í áföngum og neytandi að greiða eða stuðla að efndum varðandi hverja afhendingu og vanefndir verða af neytanda hálfu á tiltekinni afhendingu getur seljandi rift að því er hana varðar samkvæmt reglum 45. gr.

Ef vanefndir veita seljanda réttmæta ástæðu til að ætla að slíkar vanefndir verði á síðari afhendingum að riftunarréttur skapist getur seljandi á þeim grundvelli einnig rift kaupum að því er þær afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

60. gr.

Umönnun söluhlutar.

Nú sækir neytandi ekki söluhlut eða veitir honum ekki viðtöku á réttum tíma eða önnur atvik, sem neytanda varða, leiða til þess að hann fær hlutinn ekki afhentan. Skal seljandi þá á kostnað neytanda annast um hlutinn með þeim hætti sem sanngjarnt er miðað við aðstæður, enda hafi hann hlutinn í vörslum sínum eða geti með öðrum hætti annast hann.

Hafni neytandi söluhlut sem hann hefur veitt viðtöku skal hann á kostnað seljanda annast um hlutinn á þann hátt sem sanngjarn er miðað við aðstæður. Hafni neytandi söluhlut sem hefur verið sendur til hans honum til ráðstöfunar á ákvörðunarstað skal hann annast um hlutinn á kostnað seljanda, enda sé honum það kleift án þess að greiða kaupverðið eða baka sér með því ósanngjörn útgjöld eða óhagræði. Þetta á þó ekki við ef seljandi sjálfur eða einhver á hans vegum getur annast hlutinn á ákvörðunarstað.

Samningsaðili, sem annast skal um söluhlut, getur falið það þriðja manni samkvæmt reglum 74. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Ákvæði 75., 76., 77. og 78. gr. sömu laga um rétt aðila til skaðabóta og trygginga fyrir kostnaði, um sölu eða aðrar ráðstafanir á söluhlut og um reikningsgerð og reikningsfærslu gilda með sama hætti.

61. gr.

Sérreglur um neytendahugtakið í tilteknum alþjóðlegum kaupum.

Um kaupsamninga um söluhluti við aðila sem hafa atvinnustöð eða heimilisfesti í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins gilda lögin um kaup á hlut til persónulegra nota fyrir kaupandann, fjölskyldu hans eða heimilisfólk, nema seljandinn hafi við samningsgerð hvorki vitað né mátt vita að hluturinn var keyptur í því skyni.

XIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

62. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2000 frá 28. janúar 2000, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.

63. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2003.

Lög þessi gilda einvörðungu um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku laganna.

64. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Frá þeim tíma er lög þessi öðlast gildi verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup:

1. 4. gr. laganna fellur brott.
2. A-liður 3. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.
3. 4. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
4. 2. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.
5. 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.
6. 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.
7. Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. 3. og 4. mgr. falla brott.
   b. Í stað orðanna „1.–4. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 1. og 2. mgr.
8. Í stað orðanna „Í öðrum kaupum en neytendakaupum gildir þetta“ í 2. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: Þetta gildir.
9. Orðin „einnig í neytendakaupum“ í 2. málsl. 2. mgr. 22. gr. laganna falla brott.
10. Orðin „og gildir það einnig í neytendakaupum“ í 2. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna falla brott.
11. 4. mgr. 31. gr. laganna fellur brott.
12. 2. málsl. 1. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.
13. 2. mgr. 35. gr. laganna fellur brott.
14. Orðin „einnig í neytendakaupum“ í 2. málsl. 4. mgr. 41. gr. laganna falla brott.
15. 2. mgr. 45. gr. laganna fellur brott.
16. 4. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.
17. Orðin „einnig í neytendakaupum“ í 3. málsl. 79. gr. laganna falla brott.
18. Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Í öðrum kaupum en neytendakaupum getur kaupandi“ í 1. mgr. kemur: Kaupandi getur.
   b. 2. og 3. mgr. falla brott.
19. 2. mgr. 85. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið á vegum viðskiptaráðuneytisins og miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópusambandsins 99/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi. Tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 7. júlí 1999.

Frumvarpið byggist í meginatriðum á fyrrnefndri tilskipun en auk hennar var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af norrænum rétti á sviði neytendakaupa, þá sérstaklega norskum rétti.

Með lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup, voru í fyrsta sinn lögfest hér á landi ákvæði um neytendakaup. Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um neytendakaup verði tekin út úr lögum um lausafjárkaup og að sett verði heildstæð lög um neytendakaup.

Í lögum um lausafjárkaup er að finna reglur um samningssambandið kaup. Hugtakið kaup er ekki skilgreint sérstaklega í lögunum, en það felur í sér að með samningi verður yfirfærsla af eignarrétti yfir verðmætum gegn greiðslu. Í lögunum er að finna reglur um afhendingartíma, afhendingarstað, kaupverð, afleiðingar vanefnda o.fl. Lög um lausafjárkaup eiga við um kaupsamninga án tillits til þess hvort kaupandinn eða seljandinn hefur atvinnu af sölu eða

kaupum eður ei. Reglur laganna eru í meginatriðum frávíkjanlegar og gilda því hafi aðilar ekki samið um annað sín á milli. Í kaupalögunum er hins vegar að finna mikilvægar sérreglur um neytendakaup. Neytendakaup eru skilgreind í 4. gr. laga um lausafjárkaup sem „kaup þar sem seljandinn hefur atvinnu sína af sölu og söluhlutur er aðallega ætlaður til persónulegra nota fyrir kaupandann, fjölskyldu hans, heimilisfólk eða þá sem hann umgengst, nema seljandinn hafi við samningsgerð hvorki vitað né mátt vita að hluturinn var keyptur í því skyni". Samkvæmt lögunum teljast kaup á kröfum og réttindum ekki til neytendakaupa. Í neytendakaupum er skv. 1. mgr. 4. gr. laga um lausafjárkaup ekki unnt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru kaupanda óhagstæðari en almennt leiðir af lögunum. Lögin eru þannig að mestu ófrávíkjanleg til hagsbóta fyrir neytendur. Að öðru leyti eiga kaupalögin við um kaup að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir í lögum. Þau ná yfir kaup á flestu lausafé, en gilda ekki um fasteignakaup. Þá ná kaupalögin almennt ekki til kaupa á þjónustu.

Frumvarp til laga um neytendakaup hefur það meginmarkmið að efla réttarstöðu neytenda. Nauðsyn lagasetningar er að mestu hin sama fyrir neytendakaup og önnur kaup, en sérstök lög um neytendakaup eru mun skýrari fyrir hinn almenna neytanda. Núgildandi kaupalög eru nokkuð flókin og getur hinum almenna neytanda reynst erfitt að fá yfirlit yfir gildandi reglur. Er setning sérstakra laga, sem ætlað er að gilda aðeins um kaup þar sem seljandinn hefur atvinnu sína af sölu og kaupandinn er leikmaður, til þess fallin að einfalda lagaákvæði um neytendakaup og gera þau auðskiljanlegri og gegnsærri fyrir hinn almenna neytanda. Þannig er hægt að einfalda reglur sem sérstaklega varða neytendur. Í kaupalögunum eru annars vegar almennar reglur og hins vegar ýmsar reglur sem gilda aðeins um kaup þeirra sem hafa atvinnu sína af sölu. Þá eru í lögunum sérreglur sem gilda einungis um neytendakaup. Það getur því reynst neytendum nokkuð erfitt að finna ákvæði sem eiga við tiltekið atvik. Í sérlögum um neytendakaup er einfaldara fyrir neytendur að finna ákvæði sem sérstaklega eiga við um ákveðna stöðu sem upp er komin. Með sérstökum lögum um neytendakaup er einnig auðveldara að bregðast við breytingum á markaði og aðlaga lagaumhverfi að sérstökum þörfum neytenda. Þá er mikilvægt að íslensk löggjöf fylgi alþjóðlegri réttarþróun og þróun í grannríkjum okkar.

Helsti ókosturinn við að setja sérstök lög um neytendakaup felst í því að sérstök neytendakaupalög hafa óhjákvæmilega að geyma margar endurtekningar á ákvæðum almennra kaupalaga, en skýrleiki laganna fyrir neytendur þykir vega þyngra.

Eins og áður segir byggist frumvarp þetta að hluta til á tilskipun Evrópusambandsins 99/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi. Aðildarríkjum var skylt að leiða í lög ákvæði tilskipunarinnar fyrir 1. janúar 2002. Tilskipunin er tvíþætt. Fyrst og fremst felast í 2.–5. gr. reglur um rétt neytenda gagnvart seljanda þegar vara er haldin göllum, og eru þær reglur teknar upp í frumvarp þetta. Í 6. gr. er síðan að finna ákvæði sem fjallar um ábyrgðir, en lagðar eru til breytingar á samkeppnislögum í sérstöku frumvarpi, sem lagt er fram samhliða þessu, til að koma þeim ákvæðum til framkvæmda. Tilskipunin veitir lágmarksvernd, sbr. 2. mgr. 8. gr., og er aðildarríkjum því frjálst að lögleiða strangari ákvæði sem ætlað er að tryggja neytendum fyllri vernd.

Tilgangur tilskipunarinnar er að stuðla að háum neytendaverndarstaðli, sbr. 1. og 3. mgr. 153. gr. sáttmála Evrópubandalagsins. Þá miðar tilskipunin að samræmingu á lögum aðildarríkja Evrópusambandsins um sölu neysluvara, en ósambærilegar reglur geta leitt til mismunandi markaða fyrir neysluvörur og röskun á samkeppni milli seljenda. Þannig er tilskipuninni ætlað að auka öryggi neytenda og gera þeim kleift að nýta sér innri markaðinn til fulls.

Neytendaréttur hefur fengið mikla athygli innan Evrópusambandsins á síðustu árum og hafa verið settar nokkrar tilskipanir sem miða að því að vernda rétt neytenda. Tilhneigingin

innan Evrópuréttarins hefur verið að setja reglur á þeim sviðum þar sem sérstök þörf hefur verið á lagasamræmingu. Því er neytendalöggjöf Evrópusambandsins nokkuð brotakennd.

Umfang neytendaverndar hefur einnig vaxið ört á Íslandi og má m.a. rekja það til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en eitt svið samningsins fjallar um neytendavernd. Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbundu stjórnvöld sig til þess að setja í innlendan rétt ýmsar tilskipanir Evrópusambandsins, þar á meðal á sviði neytendaréttar. Í viðauka XIX (neytendavernd) í EES-samningnum er að finna upptalningu þeirra gerða Evrópusambandsins sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn.

Hérlendis hafa ný lagafyrirmæli verið sett og gildandi lögum breytt til þess að fullnægja samningsskyldum Íslands til þess að innleiða ákvæði tilskipananna. Frá gildistöku samningsins hafa m.a. verið sett lög um vernd neytenda gegn villandi auglýsingum, lög um húsgöngu- og fjarsölu og lög um neytendalán. Þá hafa verið settar reglur um verðmerkingar og ótvírætt einingaverð á vöru, lög um alferðir og lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis (time-share) svo dæmi séu nefnd af þessu réttarsviði. Auk þess hefur ákvæðum samningalaganna verið breytt í því skyni að styrkja réttarstöðu neytenda gagnvart óréttmætum samningsskilmálum í viðskiptum, en spor í þá átt hafði áður verið stigið með setningu laga nr. 11/1986.

Neytendaréttur hefur einnig verið í örri þróun annars staðar á Norðurlöndum. Lengst af höfðu kaupalög á Norðurlöndum engin ákvæði að geyma um neytendakaup eða neytendavernd. Á áttunda áratugnum voru gerðar lagabreytingar í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi í þá átt að auka vernd neytenda, ýmist með setningu sérstakra laga um neytendakaup eða með því að gera ýmis ákvæði í kaupalögum þessara ríkja ófrávíkjanleg ef um var að ræða neytendakaup. Á Íslandi varð niðurstaðan hins vegar sú að bíða átekta með lagasetningu á þessu réttarsviði, enda var þá þegar hafin umræða um nauðsyn þess að endurskoða gildandi lög um lausafjárkaup, m.a. með hliðsjón af réttarþróun á Norðurlöndum, svo og annars staðar.

Í Svíþjóð voru árið 1973 sett lög um neytendakaup. Í Noregi var árið 1974 gerð breyting á norsku kaupalögunum sem aðallega fólst í því að ýmis ákvæði laganna voru gerð ófrávíkjanleg í neytendakaupum, nema þar sem undanþágan var neytandanum til hagsbóta. Í Finnlandi voru sett sérstök lög um neytendavernd árið 1978, og í Danmörku voru nýjar reglur í neytendakaupum lögfestar árið 1979 með þeim hætti að bætt var nýjum kafla um neytendakaup við kaupalögin frá 1906.

Í Noregi voru samþykkt ný kaupalög sem tóku gildi á árinu 1988. Upphaflega innihéldu norsku kaupalögin bæði reglur um neytendakaup og önnur kaup, en á árinu 2002 voru samþykkt sérstök lög um neytendakaup í Noregi og jafnframt voru ákvæði um neytendakaup felld úr kaupalögunum. Í Danmörku gilda enn þá kaupalögin frá 1906, en sérreglur um neytendakaup hafa verið í lögunum frá 1980. Í Svíþjóð voru sett ný kaupalög ásamt sérstökum lögum um neytendakaup á árinu 1990, en í Finnlandi eru í gildi kaupalög sem í meginatriðum ná einnig til neytendakaupa. Þar eru einnig í gildi sérstök lög um neytendavernd, en í þeim er að finna sérstakar reglur um neytendakaup.

Á öllum Norðurlöndunum hefur að undanförnu verið unnið að þeim breytingum á ákvæðum laga um neytendakaup sem nauðsynlegar eru til að koma til framkvæmda tilskipun Evrópusambandsins um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi og hefur verið nokkur samvinna milli landanna um þetta. Á árinu 1999 var sett á laggirnar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar starfshópur sem fékk það verkefni að gera skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar út frá norrænum neytendasjónarmiðum. Skýrsla starfshópsins kom út í september 2000 og er hægt að nálgast hana í TemaNord 2000:612.

Ísland hefur jafnframt tekið þátt í Norðurlandasamstarfi um málefni neytenda auk þátttöku í samvinnu aðildarríkja ESB á sviði neytendamála, en í bókun 31 við EES-samninginn er að finna ályktun ráðsins frá 13. júlí 1992 um mikilvægustu framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd, sbr. 92/C 186/01.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er sem fyrr segir að finna margvísleg ákvæði um neytendakaup. Flest þeirra er nú að finna í lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, en sum ákvæðanna eru nýmæli í íslenskri löggjöf ef frumvarpið verður að lögum. Núgildandi lög um lausafjárkaup eiga sér fyrirmynd í norsku kaupalögunum frá 1988. Á árinu 2002 felldu Norðmenn ákvæði um neytendakaup brott úr kaupalögum sínum og settu sérstök lög um neytendakaup og er þeirri fyrirmynd fylgt í frumvarpi þessu.

Við setningu nýrra kaupalaga, sem tóku gildi 1. júní 2001 var réttarstaða neytenda styrkt mjög og með setningu laganna var fyllt inn í þá eyðu sem myndast hafði í annars heildstæðri löggjöf á sviði neytendaverndar. Með lögfestingu sérstakra laga um neytendakaup yrði réttarstaða neytenda efld enn frekar og verður vernd neytenda samkvæmt íslenskum lögum þá sambærileg við þau sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar. Lagt er til að í lögunum verði tæmandi reglur um neytendakaup líkt og í lögum um lausafjárkaup nú. Frumvarpið felur í sér styrkingu á réttindum neytenda, sérstaklega með tilliti til reglna um kröfur neytandans vegna vanefnda seljanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um gildissvið laganna. Þar kemur m.a. fram að þau gilda um neytendakaup nema á annan veg sé mælt í lögum. Þá eru hugtökin neytendakaup og neytandi skilgreind í kaflanum og kveðið á um að lögin gildi um skipti eftir því sem við á. Þá er í 2. gr. kveðið á um þau tilvik sem lögin ná yfir og önnur tilvik sem falla utan gildissviðs laganna. Í 3. gr. er kveðið á um að lögin séu ófrávíkjanleg og í 4. gr. er fjallað um áhættuna af sendingu tilkynninga.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um gildissvið laganna. Skv. 1. mgr. gilda lögin um neytendakaup. Í málsgreininni er vísað til þess að annað geti verið ákveðið í lögum. Er þar bæði átt við önnur ákvæði sjálfra laganna um neytendakaup og ákvæði í öðrum lögum. Í frumvarpinu koma fram takmarkanir á gildissviði þess, t.d. í 2. mgr. 2. gr. Frumvarpi þessu er einungis ætlað að gilda um neytendakaup, um önnur lausafjárkaup gilda lög um lausafjárkaup. Einnig geta ákvæði annarra laga komið til viðbótar lögum um neytendakaup og má þar nefna sem dæmi lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Í 2. mgr. er hugtakið neytendakaup skilgreint. Framsetning ákvæðisins er með nokkuð öðrum hætti en í 4. gr. laga um lausafjárkaup, þar sem nú er fjallað um neytendakaup, en með því er ekki stefnt að efnisbreytingu, heldur miðar breytt framsetning að samræmingu við hugtakanotkun Evrópuréttar. Skilgreiningin afmarkar tegund hins selda og stöðu aðila í samningssambandinu. Að auki verður að vera um einhvers konar kaup að ræða. Í ákvæðinu er orðið „sala“ notað, en það hefur í þessu samhengi sömu þýðingu. Hvað viðvíkur tegund hins selda er orðið „hlutur“ notaður. Eru þetta sömu hugtök og notuð eru í kaupalögunum.

Í skilgreiningunni kemur í fyrsta lagi fram að til að um neytendakaup geti verið að ræða þarf að hafa farið fram sala til neytanda. Í öðru lagi er það skilyrði sett að seljandinn, eða umboðsmaður hans, þarf að hafa sölustarfsemi að atvinnu. Af því leiðir að innbyrðis sala milli neytenda telst ekki vera neytendakaup í skilningi laganna. Hvorki umsvif seljanda, hvort sem

þau eru lítil eða mikil, né tilgangur hans með sölustarfseminni skipta hins vegar máli. Því getur verið um neytendakaup að ræða þótt arður af sölustarfseminni renni til viðskiptamanna eða til góðgerðamála.

Í 3. mgr. er hugtakið neytandi skilgreint og er þar miðað við að til neytenda teljist þeir einstaklingar sem í meginatriðum hafa ekki atvinnu af sölustarfsemi. Þannig getur komið til greina að dreifingaraðili geti talist neytandi ef hann kaupir vörur að hluta til eigin nota og að hluta til endursölu. Ef kaupin á vörunum eru hins vegar aðeins gerð með endursölu að markmiði er tæpast hægt að tala um kaupandann sem neytanda í skilningi frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. fjallar um ábyrgð umboðsmanns eða fulltrúa seljanda. Ákvæðið er nýmæli í íslenskum lögum, en samhljóða ákvæði er að finna í norskum lögum um neytendakaup. Í málsgreininni er kveðið á um að umboðsmaður seljanda sé samábyrgur seljanda vegna skyldna hans, nema neytanda hafi verið sérstaklega bent á að einungis sé um millilið að ræða. Skilyrði samábyrgðar umboðsmanns seljanda er að hann hafi atvinnu sína af sölustarfsemi. Samábyrgðin gildi þó ekki ef seljandi hefur sjálfur annast sölunna.

Í 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram að lögin um neytendakaup gilda einnig um skipti eftir því sem við getur átt. Er þetta í samræmi við 2. mgr. 1. gr. kaupalaganna. Ákvæðið á aðeins við um skipti á hlutum.

Um 2. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma nánari afmörkun á gildissviði laganna að því er varðar tiltekin atriði. Er í ákvæðinu tekið af skarið um hvort lögin eigi við um ákveðin tilvik eða ekki. Upptalningu ákvæðisins er þó ekki ætlað að vera tæmandi.

Í 1. mgr. eru í þremur liðum talin upp tilvik sem lögin eiga við um. Í fyrsta lagi eiga lögin skv. a-lið við um pöntunarkaup, þ.e. þegar pantaður er hlutur sem búa skal til. Í framkvæmd eiga pöntunarkaup helst við þegar um er að ræða einstaklingsbundna handverksframleiðslu eða verksmiðjuframleiðslu. Í ákvæðinu er ekki gert að skilyrði að seljandinn útvegi verulegan hluta eða allt efni sem þarf til framleiðslunnar, en slíkt skilyrði er að finna í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. kaupalaganna sem er að öðru leyti sambærilegt ákvæðinu. Því er í ákvæðinu rýmkun á gildissviði miðað við gildandi lög sem felst í því að ákvæðum laga um neytendakaup er ætlað að ná til pöntunarkaupa þar sem neytandinn útvegar sjálfur efni eða verulegan hluta þess. Byggist breytingin á 4. mgr. 1. gr. Evróputilskipunarinnar um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (tilskipun um neytendakaup). Þetta ákvæði tilskipunarinnar nær til samninga um pöntun hluta sem búa skal til, einnig í tilvikum þar sem neytandinn leggur til verulegan hluta þess efnis sem nota á við framleiðsluna. Til að rýmkun á gildissviði laganna varðandi pöntunarkaup þar sem neytandi leggur til efni hafi ekki í för með sér minni vernd fyrir neytendur er lagt til í 2. málsl. 4. mgr. 16. gr. frumvarpsins að ákvæði 1. málsl. málsgreinarinnar, þar sem kveðið á um að neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandi hefur sjálfur lagt til, gildi ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess.

Í öðru lagi eiga lögin skv. b-lið við um sölu og afhendingu á vatni. Þykir rétt, með tilliti til skýrleika laganna, að taka þetta sérstaklega fram þó að í sjálfu sér falli vatn innan gildissviðs laganna, sbr. skilgreiningu 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við túlkun laga um lausafjárkaup þó að í texta þeirra laga komi ekki fram að þau nái til sölu og afhendingar á vatni. Því er ekki unnt að gagnálykta út frá þessu að sala og afhending á vatni falli ekki innan gildissviðs kaupalaganna.

Samkvæmt c-lið ná lögin í þriðja lagi til kaupa á kröfum og réttindum. Samkvæmt þessu ná lögin til kaupa neytenda á hverju því sem er fjárhagslegs eðlis. Þó ber að hafa í huga við

neytendakaup á kröfum og réttindum að um er að ræða söluhluti sérstaks eðlis og að á þessu sviði gilda ýmis sérákvæði í lögum. Kaup á kröfum og réttindum falla almennt undir gildissvið kaupalaganna, en ákvæðið felur í sér breytingu frá 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. kaupalaganna þar sem tekið er fram að kaup á kröfum og réttindum teljist ekki til neytendakaupa. Þessi sérregla um neytendakaup var á sínum tíma rökstudd í greinargerð með frumvarpi til laga um lausafjárkaup með því að slík kaup væru alla jafna ekki til persónulegra nota í skilningi laganna. Bæði hefur nokkur breyting orðið á þessu sviði og jafnvel þó að svo væri ekki þykir ekki ástæða til að sérreglur gildi í neytendakaupum að því er þetta varðar, enda ekki ástæða til að réttarvernd neytenda sé minni en almennt gerist.

Í 2. mgr. eru í fjórum liðum talin upp tilvik sem lögin gilda ekki um. Af a-lið 2. mgr. má sjá að lögin gilda ekki um fasteignakaup. Ákvæðið er í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. kaupalaganna og eru rökin fyrir því að halda fasteignakaupum utan gildissviðs laga þessara þau að fasteignakaup eru sérstaks eðlis og mörg álitaefni sem upp koma í slíkum kaupum verða aðeins leyst á grundvelli sérstaks eðlis þeirra.

Í öðru lagi falla utan gildissviðs laganna skv. b-lið samningar um að reisa byggingar eða önnur mannvirki á fasteign. Þetta er í samræmi við gildissvið laga um lausafjárkaup, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. Nær reglan til allra gerða bygginga og annarra mannvirkja, auk framkvæmda við byggingar og mannvirki sem eru varanlega skeytt við fasteignir.

Í þriðja lagi gilda lögin ekki um afhendingu raforku skv. c-lið 2. mgr. Ákvæðið er í samræmi við túlkun laga um lausafjárkaup. Rökstuðningur fyrir því að afhending raforku falli utan gildissviðs laganna felst í því að rafmagn er að jafnaði afhent í órofinni starfsemi og því verður raforka ekki afmörkuð á sama hátt og aðrir hlutir.

Í fjórða og síðasta lagi eiga lögin skv. d-lið 2. mgr. ekki við um samninga sem leggja þá skyldu á þann aðila sem afhenda skal hlutinn að framkvæma vinnu eða aðra þjónustu þegar vinnan eða þjónustan felur í sér mestan hluta af skyldum hans. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 2. gr. kaupalaga og 5. mgr. 2. gr. Evróputilskipunarinnar um neytendakaup. Við mat á því hvort samningur fellur undir lögin eða ekki er mikilvægast að líta til þess hvert er aðalefni samningsins. Sem dæmi um slíkan blandaðan samning má nefna þegar bílaverkstæði gerir samning um sölu á einföldum varahlut í bíl og sér jafnframt um að koma varahlutnum fyrir. Í slíku tilviki mundi samningurinn í heild falla utan gildissviðs laga um neytendakaup þar sem þjónustuþáttur hans er fyrirferðarmestur.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla samkvæmt frumvarpinu að ekki verður vikið frá ákvæðum laganna neytendum til tjóns. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 4. gr. kaupalaganna. Ákvæðið kemur einnig í veg fyrir að seljandinn byggi t.d. á venju sem er neytanda óhagstæðari en ákvæði frumvarpsins. Það leiðir hins vegar af ákvæðum 1. mgr. að aðilum er heimilt að semja um kjör sem eru neytendum hagstæðari en vera mundi samkvæmt lögunum. Enda þótt ákvæðið kveði skýrt á um að lögin séu ófrávíkjanleg til hagsbóta fyrir neytendur er gert ráð fyrir því í einstökum ákvæðum frumvarpsins að hægt verði að víkja frá ákvæðum laganna með samningum í ákveðnum tilvikum. Þá felst ekki í reglunni um ófrávíkjanleika laganna takmörkun á þeirri heimild að unnt sé að semja um eiginleika söluhlutar.

3. gr. frumvarpsins leggur ekki einungis bann við samningsskilmálum sem eru neytendum óhagstæðir, heldur hindrar einnig í 2. mgr. að samið sé um að lög ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi um kaupsamning sem er nátengdur við yfirráðasvæði ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins ef slíkt leiðir til kjara sem eru neytandanum óhagsstæðari en ákvæði frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í lögum um lausafjárkaup. Mark-

mið ákvæðisins er að lögfesta efni 2. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um neytendakaup, en þar er kveðið á um að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytendur séu ekki sviptir þeirri vernd sem kveðið er á um í tilskipuninni sem afleiðingu af því að hafa kosið að setja samninginn undir lög þriðja lands þegar hann hefur nána tengingu við yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Um 4. gr.

Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 82. gr. kaupalaga. Smávægilegar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar en ekki er ætlunin að breyta efni ákvæðisins. Þá var ákveðið með tilliti til þess markmiðs frumvarpsins að gera lögin skýrari að hafa ákvæðið í inngangskafla frumvarpsins.

Ákvæðið tekur til tilkynninga og ber að túlka það hugtak vítt í lögum um neytendakaup og getur það einnig náð til fyrirspurna og svipaðra athafna þó að ekki sé talað sérstaklega um tilkynningu. Sem dæmi um hvað telst til tilkynninga samkvæmt ákvæðinu eru yfirlýsingar um riftun skv. 23. gr. frumvarpsins.

Til að sendandi geti byggt á því að tilkynning hafi verið send nógu snemma, þótt henni seinki, mistök verði við sendingu eða hún nái ekki til gagnaðila verða tvö skilyrði að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi verður tilkynningin að hafa verið gefin í samræmi við ákvæði laga um neytendakaup og í öðru lagi verður tilkynning að hafa verið send á forsvaranlegan hátt miðað við aðstæður. Því fer það eftir aðstæðum hverju sinni hvort munnleg tilkynning nægir eða hvort krefjast verður skriflegrar tilkynningar og hvort skrifleg tilkynning teljist nægileg þegar munnleg tilkynning hefði komist fyrr til skila. Ef upp koma deilur um sendingu tilkynningar þarf sendandi að sanna að tilkynning hafi verið send á forsvaranlegan hátt.

Með orðunum „komi ekki annað fram“ er í fyrsta lagi átt við atvik þar sem það leiðir af ákvæðum laganna að sendandi ber áhættuna af sendingu. Á þetta t.d. við þar sem þess er krafist að móttakandi hafi fengið tilkynningu, sbr. ákvæði 22. gr. um fyrirspurnir. Í öðru lagi getur það í ákveðnum tilvikum leitt af sambandi því sem tilkynningin varðar að sendandinn beri ábyrgðina.

Um II. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um afhendingu söluhlutar. Í 5. gr. er fjallað um afhendingarstað söluhlutar og felur frumvarpið í sér nokkra einföldun frá ákvæðum laga um lausafjárkaup að því er það varðar. Í 6. gr. er kveðið á um afhendingartíma söluhlutar og eru þær reglur í samræmi við reglur kaupalaga. Í 7. gr. kemur fram regla um það hvenær söluhlutur telst afhentur, en í 8. gr. er kveðið á um viðbótarskyldur seljanda við sendingarkaup. Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um heimild seljanda til að halda eigin greiðslu þar til hann hefur fengið kaupverð söluhlutar greitt. Þá er í 10. gr. fjallað um kostnað vegna söluhlutar, í 11. gr. um afrakstur af söluhlut og í 12. gr. um hvernig skal fara með vexti af hlutum og kröfum sem bera vexti við sölu.

Um 5. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um afhendingarstað söluhlutar. Frumvarpið felur í sér nokkra einföldun frá ákvæðum kaupalaga um afhendingarstað, en þar er gerður greinarmunur á mismunandi tegundum kaupa, reiðu-, staðar- og sendingarkaupum.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvar afhenda skal söluhlut ef ekki hefur verið kveðið á um afhendingarstaðinn í kaupsamningnum. Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram sú meginregla að ef kaup voru gerð í tengslum við atvinnustöð seljanda beri seljanda að hafa hlutinn til reiðu

fyrir neytandann á þeim stað þar sem seljandinn hafði atvinnustöð sína þegar kaupin voru gerð. Ekki verður gerð krafa um það að seljandi hafi söluhlut til reiðu allan sólarhringinn þegar afhendingartími er kominn, heldur nægir að hlutur sé til reiðu á venjulegum afgreiðslutíma. Það er þó lágmarkskrafa að neytandinn geti með sanngirni átt þess kost að ná í hlut. Það leiðir af orðalagi ákvæðisins um afhendingarstað að hann breytist ekki þótt seljandi flytji atvinnustöð sína eftir að kaupin gerðust, sbr. orðalagið „þegar kaup voru gerð“. Ákvæðið er í samræmi við 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. kaupalaga að öðru leyti en því að til einföldunar er sleppt möguleikanum á afhendingu á heimili seljanda ef hann hefur ekki atvinnustöð sem tengist kaupunum. Í 2. málsl. 1. mgr. er hins vegar að finna reglu um það hvernig fara skal með afhendingu hafi kaupin verið ákveðin án tengsla við atvinnustöð seljanda. Í slíkum tilvikum ber seljanda að afhenda neytanda söluhlut hjá neytanda.

Með hugtakinu atvinnustöð í ákvæðinu er fyrst og fremst átt við skipulagðan og viðvarandi atvinnustað þar sem samningar í tengslum við atvinnureksturinn eru að jafnaði gerðir. Því fullnægir ekki hvaða staður sem er þessu skilyrði, jafnvel þótt samningar séu gerðir þar. Þannig mundi t.d. hótelherbergi, sem seljandi ræður yfir, ekki teljast atvinnustöð án þess að annað og meira komi til og heldur ekki póstfang eitt og sér eða annar skráður staður. Hins vegar má telja útibú og umboðsskrifstofur og aðra slíka staði til atvinnustöðvar í skilningi ákvæðisins.

Það hvort kaup hafi farið fram í tengslum við atvinnustöð seljanda veldur sjaldnast vafa. Má nefna sem dæmi um kaup sem fara fram í tengslum við atvinnustöð seljanda þegar neytandi fer inn í verslun og kaupir hlut. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að kaup geti verið í tengslum við starfsstöð seljanda þó að kaupin fari ekki alfarið fram í verslun hans. Dæmi um þetta eru kaup á notuðum bíl. Upphaflega snýr neytandi sér til bílasölu vegna kaupanna, reynsluekur síðan bílnum og gengur jafnvel frá kaupsamningnum á heimili sínu. Samt sem áður yrði talið að umrædd kaup hefðu farið fram í tengslum við starfsstöð bílasölunnar. Sem dæmi um kaup sem gerð eru án tengsla við atvinnustöð seljanda má nefna pöntunarkaup sem fara fram á sölusýningum og húsgöngusölu ásamt kaupum á vörum á sölukynningum í heimahúsum. Þá teljast kaup með póstkröfu, á sjónvarpsmarkaði, í síma og á veraldarvefnum almennt vera án tengsla við atvinnustöð seljanda, enda er yfirleitt samið um að afhending fari fram hjá neytandanum í slíkum kaupum. Óski seljandinn eftir öðru fyrirkomulagi verður hann að semja sérstaklega um slíkt við neytandann.

Í 2. mgr. er fjallað um tilvik þar sem seljandi hefur fleiri en eina atvinnustöð. Ákvæðið er sambærilegt við 1. mgr. 83. gr. kaupalaga utan smávægilegra breytinga á orðalagi. Samkvæmt ákvæðinu skal þá miða við þá atvinnustöð sem hefur sterkust tengsl við kaupin þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar gengu út frá þegar kaup voru gerð. Gera verður heildstætt mat á aðstæðum og atvik sem bæði varða gerð og efndir kaupanna skipta máli í þessu sambandi. Það kemur skýrlega fram í ákvæðinu að líta skuli til þeirra atvika sem aðilar gengu út frá þegar kaupin voru gerð og hefur það í för með sér að breytingar sem síðar verða skipta ekki máli, nema því aðeins að gert hafi verið ráð fyrir breytingum þegar við samningsgerðina.

Í 3. mgr. er loks kveðið á um að aðilum sé heimilt að semja um annan afhendingarstað en lögin kveða á um. Er um að ræða undantekningu frá meginreglu laganna í 3. gr. um að ekki verði vikið frá reglum laganna.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um afhendingartíma söluhlutar. Reglur um afhendingartíma í neytendakaupum eru í samræmi við reglur kaupalaga um afhendingartíma. Því er aðilum frjálst

að semja um afhendingartíma í neytendakaupum. Ef aðilar hafa ekki samið um afhendingartíma fer um afhendingu skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Ákvæðið á því aðeins við þegar slíku samningsákvæði er ekki til að dreifa og þá ber að afhenda söluhlut innan sanngjarns tíma frá því að kaup voru gerð. Það hvað telst sanngjarn tími verður að meta í hvert skipti með hliðsjón af því um hvers konar kaup er að ræða og atvikum að öðru leyti. Upphaf frestsins miðast við samningsgerðina. Er regla 1. mgr. í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. kaupalaga þó að lagt sé til að orðalagi sé breytt nokkuð til einföldunar.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar, sem er samhljóða 2. mgr. 9. gr. laga um lausafjárkaup, á við þegar samið hefur verið um svigrúm til afhendingar. Það er seljandinn sem hefur rétt til að velja tímamarkið nema leiða megi af atvikum að valið sé neytandans. Seljandi getur t.d. verið háður uppskeru þegar um landbúnaðarvörur er að ræða eða verið háður afhendingartíma ef hann þarf að fá vörur frá öðrum aðila. Af samningi getur leitt að það sé seljandans að velja tímamarkið. Einnig getur verið að afhending eigi að vera í samræmi við þarfir neytanda eða möguleika hans á að veita vörunni viðtöku.

Sérreglan í 3. mgr., sem er samhljóða 3. mgr. 9. gr. kaupalaga, er takmörkuð við reiðukaup, þ.e. kaup þegar seljandinn skal hafa söluhlut til reiðu fyrir neytanda á atvinnustöð sinni, þ.e. þar sem neytandi skal sækja hlutinn. Ef það er seljandinn sem í slíkum tilvikum skal velja afhendingartíma skal hann með nægum fyrirvara tilkynna neytanda hvenær sækja má hlutinn. Sá áskilnaður, að tilkynna skuli um það með nægum fyrirvara, felur það í sér að neytandinn fái sanngjarnan tíma til að ganga frá því sem nauðsynlegt er til undirbúnings flutningi. Ekki kemur fram í ákvæðinu áskilnaður um sérstakt form tilkynningar. Hún getur því bæði verið munnleg og skrifleg. Enn fremur er einungis gerð krafa um það að tilkynning segi til um það hvenær sækja má hlut. Það leiðir hins vegar af samningi aðila eða ákvæðum 5. gr. hvar sækja á hlutinn.

Um 7. gr.

Í frumvarpsgreininni er kveðið á um það hvenær söluhlutur telst afhentur. Lagt er til að miðað verði við það tímamark þegar neytandinn hefur veitt söluhlutnum viðtöku. Ákvæðið felur í sér nokkra einföldun frá lögum um lausafjárkaup þar sem lagt er til að ekki verði greint á milli ólíkra tegunda kaupa. Efnislega er þó ekki um breytingu að ræða, enda er ákvæðið í samræmi við 2. mgr. 6. gr. kaupalaganna.

Það getur valdið nokkrum vafa hvenær neytandi telst hafa veitt hlut viðtöku. Almennt verður að miða við að neytandi hafi veitt hlut viðtöku þegar hann sjálfur eða annar fyrir hans hönd hefur tekið hlutinn í vörslur sínar. Í þessu felst einnig að hlutur telst ekki afhentur meðan seljandinn hefur hann í vörslum sínum. Ákvæðið nær jafnt til reiðukaupa, staðarkaupa og sendingarkaupa. Söluhlutur telst ekki afhentur í skilningi ákvæðisins þó að neytandinn eigi sök á því að ekki varð af afhendingu. Í slíkum tilvikum ber seljandinn ekki ábyrgð á þeim kostnaði sem stafar af því að afhendingu seinkar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ákvæði sambærilegt við 8. gr. frumvarpsins er að finna í 8. gr. laga um lausafjárkaup og fjallar um viðbótarskyldur við sendingarkaup. Sendingarkaup eru algeng í neytendakaupum og af þeim sökum er æskilegt að settar séu reglur sem kveða á um frekari skyldur seljanda þegar söluhlutur er sendur.

Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að samið sé um það að seljandinn eigi að senda söluhlutinn. Slíkur samningur getur t.d. verið í samræmi við afhendingarskilmála eða aðra ótvíræða samningsskilmála eða hann getur leitt af forsendum aðila eða fyrri venjum.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. ber seljanda sem senda á söluhlut skylda til að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hlutur komist á ákvörðunarstað. Þannig þarf seljandinn að gera samninga um alla nauðsynlega flutninga, jafnvel þótt senda þurfi hlutinn með mismunandi flutningstækjum. Ákvæðið setur þau skilyrði að flutningssamningar séu gerðir á viðeigandi hátt og með vanalegum kjörum, en það getur verið nokkuð breytilegt eftir því um hvers konar kaup er að ræða hvað telst viðeigandi og vanalegt. Í því sambandi skiptir tegund söluhlutar og tilgangur kaupa t.d. máli. Ef um er að ræða sölu á ferskri vöru verður seljandinn að útvega flutningstæki sem skilar vörunni hratt. Almennt verða seljendur að forðast flóknar flutningsleiðir og óvanalega samningsskilmála.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru ákvæði sem gilda þegar skylda til að vátryggja söluhlut hvílir ekki á seljanda. Ber honum þá skylda til að veita neytanda þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hann geti keypt vátryggingu, enda hefur neytandi hagsmuni af því að tryggja vöruna ef seljanda á ekki að sjá um tölu vátryggingar. Til að geta tekið tryggginguna getur neytandinn þurft á vissum upplýsingum að halda um hlutinn og flutninginn, og það eru þessar upplýsingar sem seljanda ber að láta í té samkvæmt ákvæðinu.

Samkvæmt 3. mgr. skal seljandi sem senda á söluhlut einnig sjá um nauðsynlegar merkingar og farmbréf þannig að hluturinn verði nægilega auðkenndur neytanda. Ákvæðið hefur aðallega þýðingu ef um er að ræða heildarsendingu seljanda til margra viðtakenda. Það kemur hins vegar ekki fram í ákvæðinu hvenær seljandi á að tilkynna neytanda um sendingu, en eðlilegt er að það sé gert innan sanngjarns tíma frá afhendingu til flutningsaðila. Ef um stuttar vegalengdir er að ræða skal seljandi þó tilkynna um sendingu fyrr.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins er sama meginreglan og byggt er á í 10. gr. kaupalaga, þ.e. að hönd selji hendi, en þó þannig að einungis er í ákvæðinu fjallað um heimildir seljanda að þessu leyti. Um rétt neytanda til að halda eftir kaupverði vegna greiðsludráttar er fjallað í 20. gr. frumvarpsins, í 28. gr. er fjallað um rétt neytanda til að halda eftir kaupverði vegna galla og í 2. mgr. 38. gr. er kveðið á um rétt neytanda til að halda eftir greiðslu ef hann fær söluhlut ekki afhentan.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um heimild seljanda til að láta hjá líða að færa ráðstöfunarréttinn yfir hlut til neytanda, nema seljandi hafi samtímis fengið kaupverðið greitt. Með yfirfærslu ráðstöfunarréttar er yfirleitt átt við afhendingu söluhlutar til neytanda, en yfirfærsla getur tengst öðru, t.d. afhendingu flutningsbréfs eða farmskírteinis eða því að yfirfærslan sé skráð opinberri skráningu, t.d. að neytandi sé skráður eigandi bifreiðar í ökutækjaskrá. Þegar svo er ástatt getur seljandi sett það skilyrði fyrir skráningu heimildar að kaupverð sé greitt. Skilyrði þess að 1. mgr. gildi er að seljandi hafi ekki veitt neytanda lán eða greiðslufrest fyrir kaupunum í heild eða að hluta.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldur seljanda í þeim tilvikum þegar hann á að senda hlut til annars staðar, en ef regla 1. mgr. stæði ein og sér gæti það leitt til þess að ekki væri unnt að hrinda kaupunum í framkvæmd. Því er sú regla sett fram í 2. mgr. að seljandi verði að senda söluhlut af stað þó svo að kaupverðið hafi ekki verið greitt, en hann getur komið í veg fyrir að neytandi fái umráð hlutarins þar til kaupverðið hefur verið greitt. Gott dæmi um slíkt tilvik er sending söluhlutar í póstkröfu.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins eru ákvæði um ábyrgð samningsaðila á kostnaði, sambærileg ákvæðum 11. gr. laga um lausafjárkaup. Í ákvæðinu er einungis fjallað um það hver beri á

endanum ábyrgð á kostnaði. Samkvæmt því er ekki tekin afstaða til þess í ákvæðinu á hvorum aðilanna hvílir skylda til þess að leggja út fé í fyrstu.

Í 1. mgr. felst að seljandinn stendur straum af kostnaði fram að afhendingu söluhlutar, en eftir þann tíma ber neytandi ábyrgð á kostnaði, nema um annað hafi verið samið. Reglan á við um flutningskostnað, kostnað vegna geymslu, pökkunar, tryggingar og jafnvel útflutningsgjalda.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. gildir ákvæðið ekki um kostnað sem stafar af því að afhending söluhlutar dregst vegna atvika sem varða neytandann. Ekki er kveðið á um það hvort aðilinn ber kostnaðinn í þeim tilvikum, en talið er eðlilegt að neytandinn beri almennt ábyrgð á þeim kostnaði sem af því stafar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þegar senda skal söluhlut til neytanda er heimilt að semja um það að neytandinn greiði útgjöld vegna sendingarinnar til viðbótar kaupverðinu.

Um 11. gr.

Ákvæðið svarar til 79. gr. laga um lausafjárkaup, en við samningu frumvarpsins var valin sú leið að staðsetja ákvæðið í kaflanum um afhendingu til að auðvelda yfirsýn neytenda. Sem dæmi um afrakstur, sem frumvarpsgreinin nær til, má nefna mjólk úr kú sem seld hefur verið.

Í 1. málsl. 1. gr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um að afrakstur, sem fellur til fyrir umsaminn afhendingartíma, tilheyri seljanda. Þetta gildir þó ekki hafi verið ástæða til að ætla að hann félli til síðar. Dráttur á afhendingu hefur ekki áhrif á skiptingu afraksturs.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. skal afrakstur, sem fellur til eftir umsaminn afhendingartíma, tilheyra neytanda, enda hafi ekki verið ástæða til að reikna með að hann félli til fyrr. Samkvæmt ákvæðinu er það því grundvallaratiði hvenær afrakstur fellur til eða hvenær ætla mátti að það gerðist.

Í 2. mgr. kemur fram að aðilum er heimilt að semja á annan veg. Verður að telja eðlilegt að heimilt sé að semja um skiptingu afraksturs á þann hátt sem samningsaðilar sjálfir telja sér hagkvæmast.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er fjallað um skiptingu arðs þegar keypt eru hlutabréf og um skiptingu réttar til áskriftar að nýjum hlutum og í 2. mgr. er fjallað um skiptingu arðs milli aðila þegar um er að ræða kaup á kröfum sem bera vexti.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 80. gr. kaupalaga. Þar kemur fram sú regla að kaup á hlutabréfum nái einnig til þess arðs sem ekki var gjaldfallinn fyrir kaupin. Þannig hefur neytandinn rétt til arðs frá fyrra tímamarki en því sem leiðir af ákvæðum 11. gr. frumvarpsins þegar um er að ræða hlutabréf. Í þessu sambandi skiptir ekki skiptir máli hvort félag hefur verið búið að ákveða arðgreiðslu ef arður er ekki fallinn í gjalddaga. Í 31. gr. gildandi hlutafélagalaga, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga um einkahlutafélög, eru ákvæði um það hvenær hluthafi getur beitt réttindum sínum gagnvart félagi, þar á meðal um greiðslu arðs.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að hið sama gildi einnig um réttinn til áskriftar að nýjum hlutum, enda hafi ekki verið unnt að nýta réttinn fyrir kaupin. Í V. kafla hlutafélagalaga, sbr. V. kafla laga um einkahlutafélög, eru ákvæði um það hvenær hluthafar eiga rétt á því að skrá sig fyrir nýjum hlutum og um réttarstöðu þeirra í því sambandi. Ef rétturinn til áskriftar er skilinn frá hlutabréfinu og gerður að sjálfstæðu verðbréfi fellur hann utan gildissviðs ákvæðisins. Verður þá að meta það sjálfstætt hverju sinni hver á réttinn til áskriftar. Skv. 45. gr. hlutafélagalaga getur hluthafafundur ákveðið útgáfu áskriftarréttinda. Slík áskriftarréttindi falla utan gildissviðs laganna.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er ákvæði um skiptingu arðs milli aðila þegar um er að ræða kaup á kröfum sem bera vexti. Greinin á við um allar vaxtaberandi kröfur óháð því hvort þær eru tengdar verðbréfi eða ekki.

Í 1. málsl. 2. mgr. er því slegið föstu að kaup á kröfu sem ber vexti nái til þeirra vaxta sem eru áfallnir en ekki fallnir í gjalddaga á umsömdum afhendingartíma. Miðað er við sama tímamark og í 11. gr. Vextir af slíkum kröfum falla yfirleitt í gjalddaga með fastákveðnu millibili og því er gjalddagi þeirra yfirleitt ljós.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram að neytandi skal greiða sem viðbót við kaupverðið jafnvirði þeirra vaxta sem eru áfallnir en ekki fallnir í gjalddaga á umsömdum afhendingaratíma. Reglan gildir þó ekki hafi krafan verið seld sem óvís krafa, en það fer eftir túlkun samnings að hve miklu leyti það er reyndin.

Rökin fyrir ákvæðum 2. mgr. eru þau að þegar um er að ræða kröfur sem bera vexti liggur yfirleitt ljóst fyrr á hverjum tíma hversu há fjárhæð er fallin á sem vextir. Rökin fyrir því að ólíkar reglur gilda að því er varðar skiptingu arðs af hlutum, sbr. 1. mgr. ákvæðisins, eru þau að hlutir ganga oft kaupum og sölum áður en unnt er að staðreyna hversu mikinn arð þeir gefa af sér á reikningsárinu.

Í 3. mgr. kemur fram að aðilum er heimilt að semja á annan veg. Verður að telja eðlilegt að heimilt sé að semja um skiptingu arðs á þann hátt sem aðilar sjálfir telja sér hagkvæmast.

Um III. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur um áhættu af söluhlut. Ákvæði 13. gr. fjalla um það hvað felst í áhættu af söluhlut og hver séu aðaláhrif þess að áhætta af söluhlut flytjist frá seljanda til neytanda. Í 14. gr. er hins vegar að finna reglur um það hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til neytanda.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu, sem er efnislega samhljóða 12. gr. kaupalaga, er kveðið á um hver séu aðaláhrif þess að áhættan af söluhlut flyst yfir til neytanda. Það felst í ákvæðinu að þegar neytandinn ber áhættuna af söluhlut fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki brott þótt söluhlutur farist, skemmist eða rýrni. Það skilyrði kemur fram í ákvæðinu að slíkt leiði af atvikum sem ekki verða rakin til seljanda.

Í ákvæðinu felst í fyrsta lagi að neytandanum ber skylda til að greiða kaupverðið ef hann sjálfur eða fólk á hans vegum ber ábyrgð á eða hefur valdið eyðileggingu söluhlutar. Í öðru lagi fellur greiðsluskylda neytanda ekki niður þegar ef söluhlutur eyðileggst fyrir tilviljun, t.d. við bruna eða skipskaða. Hið sama gildir ef ekki er hægt að staðreyna ástæðu þess að söluhlutur hefur farið forgörðum.

Ef hægt er að rekja þau atvik sem valda því að hlutur ferst, skemmist eða rýrnar til seljanda er um vanefndir af hans hálfu að ræða, enda hafi atvikið tengsl við kaupin eða efndir þeirra. Skylda neytandans til þess að greiða kaupverðið ræðst þá af reglu frumvarpsins um afleiðingar greiðsludráttar. Með því að atvik verði „rakin til seljanda“ er átt við að atvik hafi gerst í tengslum við kaupin sem seljandi ber ábyrgð á. Vafaatriði geta komið upp varðandi áhættuskipti og skaðabótaábyrgð í einstökum tilvikum þar sem um er að ræða samverkandi áhrif mistaka og tilviljunarkenndra atvika. Af framkvæmd sambærilegs ákvæðis kaupalaganna er ekki ljóst hversu langt ábyrgð og áhætta seljanda nær í tilvikum sem þessum, en ljóst er að það er lágmarksskilyrði að orsakasamband sé á milli vanrækslu eða mistaka seljanda og hins tilviljunarkennda tjóns.

Því veitir orðalag ákvæðisins heimild til að losa neytandann úr ábyrgð á grundvelli reglunnar um samverkandi áhrif mistaka og tilviljunarkenndra atvika (casus mixtus). Dæmi um tilvik sem þetta má nefna ef hlutur ferst af tilviljun í flutningi sem seljandi sá um. Hleðslu skips, sem flytja á söluhlut með, er ábótavant og seljandi ber ábyrgð á því. Vegna þessa þarf skipið að leita hafnar á leiðinni til að endurhleðsla geti farið fram. Eftir þetta lendir skipið í sjávarháska vegna illviðris, sem það annars hefði komst hjá, og varan ferst. Í dæminu er orsakasamband fyrir hendi, en skilyrðinu um sennilega afleiðingu er ekki fullnægt. Skilyrðinu um *casus mixtus* virðist hins vegar vera fullnægt og seljandi því að öllum líkindum ábyrgur.

Í ákvæðinu segir ekki beinlínis hvað í því felst að áhættan sé áfram hjá seljandanum ef undan er skilin reglan um greiðslu kaupverðsins. Niðurstaðan að öðru leyti ræðst af almennum reglum um ábyrgð á vanefndum samnings. Áhættuskipti takmarka ekki rétt neytanda til þess að rifta kaupum eða halda eigin greiðslu vegna vanefnda af hálfu seljanda sem til eru komnar eftir áhættuskiptin.

Um 14. gr.

14. gr. frumvarpsins samsvarar í meginatriðum ákvæðum 13., 14. og 16. gr. laga um lausafjárkaup.

Í 1. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram meginreglan um það hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til neytanda. Eins og í 1. mgr. 13. gr. laga um lausafjárkaup er það meginregla samkvæmt frumvarpinu að áhættan flyst yfir við afhendinguna. Samkvæmt frumvarpinu miðast afhending alltaf við það tímamark þegar neytandi veitir söluhlut viðtöku, en ekki tímann þegar afhending átti að eiga sér stað.

2. málsl. 1. mgr. svarar efnislega til ákvæðis 2. mgr. 13. gr. kaupalaga. Í ákvæðinu er að finna reglu um þau tilvik þegar afhending fer ekki fram eins og ráð var fyrir gert og það má rekja til neytandans eða atvika sem hann varða. Í meginatriðum er miðað við að seljandinn beri áhættuna þar til neytandi hefur fengið hlut til ráðstöfunar og að neytandinn skuli bera áhættuna eftir þann tíma. Ástæðan er sú að sá sem hefur ráðstöfunarréttinn hefur jafnan bestu aðstöðuna til þess að varðveita hlutinn. Í ákvæðinu felst að áhættan getur flust yfir til neytanda áður en raunveruleg afhending hefur átt sér stað ef hlutur er neytanda heimill til ráðstöfunar og afhendingartími er kominn. Ákvæðið á ekki aðeins við í því tilviki þegar neytandinn neitar að veita hlut viðtöku eða sækja hann, heldur líka þegar seljandinn heldur eigin greiðslu með heimild í 9. gr. frumvarpsins. Sama gildir þegar ástæðan er sú að neytandinn hefur ekki léð annan atbeina sinn sem nauðsynlegur er til þess að afhending geti farið fram. Samkvæmt ákvæðinu er þó ekki nægilegt að að neytandinn veiti hlutnum ekki viðtöku, heldur þarf neitun hans að fela í sér vanefnd, þ.e. neytandinn þarf að hafa vanefnt skyldu sína til að veita hlut viðtöku.

Í 2. mgr. 14. gr. er fjallað um það tilvik þegar neytandi á að sækja hlutinn á annan stað en til seljanda, þ.e. til þriðja manns. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 13. gr. laga um lausafjárkaup. Í þeim tilvikum sem neytandi sækir söluhlut annað en til seljanda flyst áhættan af hlutnum yfir til neytanda þegar afhendingartími er kominn og neytanda er kunnugt um að hlutur er honum heimill til ráðstöfunar á umsömdum afhendingarstað. Það telst ekki forsenda áhættuskipta að neytandinn hafi haft hæfilega langan tíma til að sækja hlutinn, en neytandinn þarf að hafa fengið raunverulega vitneskju um að hlutur sé honum til reiðu. Slíka vitneskju kann hann að hafa fengið frá seljanda, en það er nægilegt að vitneskja hafi borist honum með öðrum hætti.

Í 3. mgr. 14. gr. er kveðið á um viðbótarskilyrði fyrir flutningi áhættu frá seljanda til neytanda þegar um tegundarákveðna hluti er að ræða. Ákvæðið á því ekki við um tegundarkaup þegar sérgreining söluhlutar hefur farið fram þegar við kaupin eins og venjulegt er í pöntunarkaupum. Nauðsynleg sérgreining getur farið fram með merkingu vörunnar eða auðkenningu geymslustaðar, með því að sérgreina hana í flutningsskjali eða með tilkynningu til neytanda. Ef varan sjálf er ekki merkt verður að taka hana frá fyrir neytanda eða sérgreina fyrir hann með öðrum hætti. Tilgangurinn með sérgreiningarkröfunni er að hindra að menn geti skotið sér undan ábyrgð ef tjón verður á hluta farms meðan á flutningi stendur. Ákvæðið er samhljóða 14. gr. kaupalaganna.

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins er hliðstætt 16. gr. kaupalaga. Þar er kveðið á um áhættuskipti þegar hlutur er seldur til reynslu eða um annars konar skilarétt er að ræða, t.d. eftir skoðun. Sérstakur samningur eða venja, sem mælir fyrir um að neytandinn þurfi ekki að standa við kaupin en hafi þess í stað rétt til þess að skila hlutnum innan tiltekins frests, er yfirleitt grundvöllur kaupa til reynslu. Sem dæmi um þetta er þegar neytandinn fær söluhluti með rétti til að skila hlutunum eða skipta þeim. Algengt er að póstpantanir séu með skilarétti. Samkvæmt ákvæðinu flyst áhættan á venjubundinn hátt yfir til neytanda við afhendinguna, sbr. ákvæði 13. og 14. gr. frumvarpsins. Ef neytandinn ákveður að skila hlutnum flyst áhættan aftur yfir til seljanda þegar hann hefur veitt hlutnum viðtöku. Seljandi telst hafa veitt hlut viðtöku þegar hann hefur sótt hlutinn eða tekið við honum. Samkvæmt þessu ber neytandinn áhættuna af tilviljunarkenndum atvikum sem verða á leið hlutarins til seljandans, jafnvel þótt hann sé sendur í pósti eða með sjálfstæðum flytjanda.

Það að neytandi beri áhættuna felur í sér að hlutnum verður að skila án slits eða óhreinkunar, þ.e. í stuttu máli í óbreyttu ástandi og án þess að bera merki notkunar. Undantekningu frá þessu verður þó að gera þegar breyting eða rýrnun má rekja til aðstæðna sem varða seljanda. Þó verður neytandi sennilega að bera áhættu af rýrnun sem rekja má til eiginleika söluhlutar. Það fer eftir samningi aðila hve reynslutími og frestur til að skila hlutnum er langur. Ef ekkert er um þetta samið verður um það að fara eftir því sem sanngjarnt má telja þegar litið er til tegundar hlutar, þarfa aðila og hugsanlegrar venju á því viðskiptasviði sem um er að ræða og loks með hliðsjón af fyrri venjum í viðskiptum milli aðilanna.

Ekki er lagt til að tekin verði upp í frumvarpið ákvæði sem svara til 15. gr. kaupalaga um söluhlut í flutningi, enda leiðir af 2. mgr. ákvæðisins að það gildir ekki í neytendakaupum. Ef neytandi kaupir söluhlut í flutningi verður því að styðjast við almennar reglur frumvarps þessa um flutning áhættu.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur á að hafa og hvenær söluhlutur telst gallaður. Í 15. gr. koma fram meginreglur um eiginleika söluhlutar. Reglur frumvarpsins eru að flestu leyti sambærilegar við gildandi lög um lausafjárkaup, en þó er að finna í ákvæðinu einhver nýmæli sem rekja má til Evróputilskipunarinnar um neytendakaup. Í 16. gr. kemur fram hvenær söluhlutur telst gallaður og í 17. gr. er að finna reglur sem gilda þegar hlutur er seldur í því ástandi sem hann er og þegar hlutir eru seldir á uppboði. Í 18. gr. er loks fjallað um tímamark galla.

Um 15. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma grundvallarreglur um eiginleika söluhlutar og það hvenær galli telst vera til staðar. Að mestu sambærilegar reglur er að finna í 17. gr. laga um lausafjárkaup, en þó er í frumvarpinu að finna nýmæli sem leiðir af 1. mgr. 2. gr. og a-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar um neytendakaup.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um að söluhlutur skal vera í samræmi við það sem leiðir af samningi, bæði hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Með öðrum eiginleikum í málsgreininni er t.d. átt við geymsluþol vöru. Tjón sem verður á umbúðum söluhlutar leiðir ekki sjálfkrafa til þess að neytandi geti beitt gallaúrræðum ef söluhluturinn sjálfur hefur ekki skemmst. Önnur viðhorf geta hins vegar verið uppi þegar ætlunin er að flytja söluhlut áfram í sömu umbúðum.

Ef hlutur hefur ekki til að bera þá eiginleika sem leiða má af samningi telst hann gallaður. Ef eiginleikar sem seljandi hefur ábyrgst eða heitið eru ekki til staðar er um galla að ræða. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort hlutur sá sem afhentur var hefur sama verðmæti og notagildi samkvæmt tilgangi sínum og hinn umsamdi hlutur. Sem dæmi má nefna að hafi maður keypt rauða peysu en fær bláa afhenta er um galla að ræða. Eins telst hlutur gallaður þótt hann sé í sjálfu sér í lagi og geti þjónað hlutverki sínu ef ekki er hægt að setja hann upp með þeim einfalda hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Í þeim áskilnaði ákvæðisins að hlutur skuli vera í samræmi við það sem „leiðir af samningi“ felst ekki einungis tilvísun til texta samningsins heldur og forsendna aðila, auk þess sem önnur atvik í sambandi við kaupin geta haft þýðingu. Þýðing samnings og samningsforsendna kemur oft vel í ljós þegar tilgangurinn með samningnum er annar en vanalegt er. Söluhlut er í mörgum tilvikum ekki nákvæmlega lýst í samningi og verður hluturinn þá að hafa þá eiginleika sem slíkir hlutir hafa venjulega. Samningskjör, t.d. verð hlutar, veita oft vísbendingu um hvernig þessu er nánar varið.

Í 2. mgr. eru taldar upp þær kröfur sem gerðar eru til eiginleika söluhlutar þótt ekki leiði þá af samningnum sjálfum eða forsendum hans eins og getið er um í 1. mgr. Því hafa skilyrði 2. mgr. sjálfstæða þýðingu gagnvart 1. mgr. Þó ber að hafa í huga að sömu skilyrði leiðir yfirleitt af samningi aðila. Einnig verður að hafa í huga að upptalning 2. mgr. er ekki tæmandi, heldur eru þar nefnd í dæmaskyni nokkur mikilvæg atriði sem þýðingu hafa við mat á eiginleikum söluhlutar. Í ákvæðinu eru talin upp fleiri atriði en í sambærilegu ákvæði kaupalaganna og er það gert til að auka á skýrleika laganna. Það að hlutur hefur ekki venjulega endingu getur verið galli. Of stuttur endingartími getur t.d. stafað af því að ekki hefur verið komið í veg fyrir að bíll ryðgi óeðlilega. Takmarkað öryggi getur líka talist galli í þessum skilningi, t.d. ef hlutur hefur ekki þá öryggiseiginleika sem neytandinn gat búist við samkvæmt markaðsauglýsingum. Eins og skýrlega kemur fram í upphafi 2. mgr. víkja ákvæði málsgreinarinnar að sjálfsögðu ef annað leiðir af samningi.

Í a-lið 2. mgr. er sá áskilnaður gerður að hlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Söluhlutur skal því fullnægja ákveðnum almennum lágmarksskilyrðum hvað eiginleika varðar. Það er hins vegar ljóst að ólíkir hlutir geta verið mismunandi að gæðum án þess þó að sá lakasti teljist gallaður. Verður að taka sanngjarnt tillit til ýmissa atvika við kaupin við mat í þeim efnum. Ákvæðið felur það að öðru leyti í sér að hafi hlutur ekki þá eiginleika til að bera sem sambærilegir hlutir venjulega hafa telst hann gallaður, jafnvel þótt hann megi nota í þeim tilgangi sem neytandinn ætlaðist til. Sem dæmi má nefna kaup á bíl sem síðar kemur í ljós að eyðir óeðlilega miklu bensíni. Bíllinn er í sjálfu sér nothæfur, en bensíneyðslan getur talist til galla ef annað leiðir ekki af samningi. Ákvæðið er samhljóða a-lið 2. mgr. 17. gr. kaupalaga og er einnig í samræmi við c-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar um neytendakaup.

Í b-lið er ákvæði sem á sér ekki beina hliðstæðu í kaupalögunum en er sambærilegt við d-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar um neytendakaup. Samkvæmt því skal söluhlutur hafa þá eiginleika sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum hlut að því er varðar endingu og aðra eiginleika. Svar við spurningunni um hvaða eiginleika neytandinn mátti vænta að sölu-

hlutur hefði verður ekki byggt á væntingum einstakra neytenda. Þannig gæti neytandi með óeðlilega miklar væntingar ekki haldið því fram að söluhlutur væri gallaður þar sem hann væri ekki í samræmi við væntingar hans. Þess í stað byggist mat á því hvort hlutur sé gallaður á t.d. samningnum, verði hlutar eða upplýsingum sem gefnar voru við kaupin. Þá getur það skipt máli ef gefnar hafa verið út ábyrgðaryfirlýsingar um hversu lengi hluturinn muni endast.

Í c-lið 2. mgr. er ákvæði sem er sambærilegt ákvæði í b-lið 2. mgr. 17. gr. kaupalaga og b-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar um neytendakaup. Þar kemur fram að þegar kaup eru af neytanda hálfu gerð í sérstökum tilgangi og ekki er venjulegt að nota hlutinn í samræmi við hann skuli hluturinn að henta í þessum tilgangi. Skilyrði þess að c-liður eigi við er að seljandinn hafi við kaupin vitað eða mátt vita um tilgang neytanda. Það er því vitneskja seljanda við kaupin sem skiptir meginmáli. Ef seljandi veit eða má vita á grundvelli slíkrar vitneskju að söluhlutur hentar ekki í þessum sérstaka tilgangi verður seljandi að upplýsa neytanda um það. Fái seljandi hins vegar ekki þessa vitneskju fyrr en eftir að kaup gerðust, en áður en afhendingin átti sér stað, getur neytandinn ekki borið galla fyrir sig, jafnvel þótt hluturinn henti ekki í þeim tilgangi sem hann á að nota til. Í orðalaginu seljandi „mátti vita“ um tilgang neytanda felst að ekki má vera til staðar nein sanngjörn ástæða sem afsakar ókunnugleika seljanda um hinn sérstaka tilgang. Seljandi telst þannig vita eða hafa mátt vita um hinn sérstaka tilgang kaupanna og ber því ábyrgð á að hluturinn henti í þeim tilgangi sem neytandi ætlar hann til. Seljanda getur gefið þetta til kynna bæði munnlega og skriflega. Ef neytandi spyr hvort söluhlutur henti í ákveðnum tilgangi og seljandi svarar því játandi felur það í sér samþykki seljanda samkvæmt ákvæðinu. Seljandi ber einnig ábyrgð, jafnvel þó að ekki verði talið að seljandi hafi samþykkt hin sérstöku markmið neytandans, ef neytandinn hafði sanngjarna ástæðu til að byggja á sérþekkingu seljanda.

Ákvæði c-liðar hefur sérstaka þýðingu þegar neytandi getur ekki tilgreint nákvæmlega sérstaka eiginleika söluhlutar á annan veg en að lýsa tilgangi kaupanna. Oft hefur seljandinn nauðsynlega sérkunnáttu til þess að velja þann hlut sem hentar best í þeim tilgangi sem neytandinn lýsir. Jafnvel þótt unnt væri að nota aðra hluti í staðinn getur verið að þeir séu óhentugri eða dýrari í rekstri en þeir sem henta best. Þegar svo stendur á ber seljandi ábyrgð á því að gefa neytanda réttar upplýsingar um val hlutar. Þegar pantaðir eru varahlutir verða þeir auðvitað að hæfa aðalhlut, bæði með hliðsjón af því að fella þessa hluti saman og því hlutverki sem aðalhlut er ætlað að gegna.

Í sumum tilvikum hefur neytandinn mesta sérþekkingu til að bera þegar metið er hvaða eiginleika söluhlutur skal hafa svo að tilgangi kaupanna verði náð. Birtist það þá gjarnan þannig gagnvart seljanda að neytandinn treystir ekki á sérþekkingu hans. Í slíkum tilvikum er lítil sanngirni í því að seljandinn beri ábyrgð á því að ekki hefur náðst hinn sérstaki tilgangur með kaupunum þótt honum hafi mátt vera um það kunnugt. Því er gerð undantekning varðandi þau tilvik þar sem atvik bera það með sér að neytandinn hefur ekki, hvað hinn sérstaka tilgang varðar, byggt á sérþekkingu seljanda eða mati hans eða hafði ekki sanngjarna ástæðu til þess. Ákvæðið á t.d. við þegar neytandi hefur lagt fram nákvæma tæknilega sundurliðun á eiginleikum hlutar. Ef hluturinn er gæddur þessum eiginleikum getur neytandinn ekki borið það fyrir sig gagnvart seljanda að hann geti ekki notað hlutinn.

Ákvæði d-liðar er samhljóða c-lið 2. mgr. 17. gr. kaupalaga. Þar er kveðið á um að hlutur verði að hafa sömu eiginleika og prufur og líkön, og hafa þá einungis þýðingu prufur og líkön sem seljandinn hefur lagt fram. Ákvæðið á aðeins við um þá eiginleika sem seljandinn hefur vísað til með því að leggja fram prufur eða líkön. Ákvæðið fjallar ekki um þýðingu þess að neytandi hefur lagt fram prufur eða líkön. Samningur getur eigi að síður borið það

með sér að hlutur skuli vera í samræmi við þá eiginleika sem framlagðar prufur og líkön neytanda hafa til að bera. Í framkvæmd kemur stundum fyrir að eiginleikar vörunnar eiga að fullnægja mati sérfróðra eftirlitsmanna eða annarra slíkra. Þessi tilvik falla ekki beint undir ákvæði d-liðar en geta eftir atvikum fallið undir 1. mgr.

Í e-lið, sem er samhljóða d-lið 2. mgr. 17. gr. kaupalaga, eru ákvæði um innpökkun söluhlutar. Þar er kveðið á um skyldu seljanda til þess að pakka inn söluhlut svo vel sem nauðsynlegt er til þess að varðveita og vernda hlutinn. Ef hlut er pakkað inn á venjulegan hátt er það að öllu jöfnu nægilegt ef ekki má leiða af sérstökum atvikum að meira þurfi til þess að vernda hlutinn og varðveita. Skylda til innpökkunar fer að sjálfsögðu eftir eðli söluhlutar og fyrirmæli ákvæðisins fela ekki í sér skyldu til að söluhlutur þurfi alltaf að vera pakkaður inn. Sem dæmi um söluhluti sem að jafnaði þarf ekki að pakka inn má nefna bíla og sand. Að öðru leyti verður að skýra hugtakið umbúðir rúmri skýringu.

Samkvæmt f-lið skal söluhlutur vera í samræmi við kröfur opinbers réttar sem leiðir af lögum eða öðrum opinberum ákvörðunum á þeim tíma sem kaup áttu sér stað. Samkvæmt ákvæðinu á það ekki við í þeim undantekningartilfellum þegar neytandi ætlar að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar. Ákvæðið er sambærilegt við sérákvæði 1. málsl. 3. mgr. 17. gr. kaupalaga um neytendakaup, en í 63. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæðið falli niður úr kaupalögum eins og önnur ákvæði er einungis varða neytendakaup. Ákvæðið hefur yfirleitt ekki mikla sjálfstæða þýðingu í lausafjárkaupum, en er þó mikilvægt þegar um öryggisráðstafanir og ýmis stöðluð ákvæði í lögum og reglugerðum er að ræða. Þetta á einkum við um almennar reglur, t.d. um bifreiðar og eiginleika rafmagnshluta. Ákvæðið á einnig við um einstakar ákvarðanir, t.d. stjórnvaldsákvörðun eða dóm sem bannar sölu tiltekinnar framleiðslu.

Ákvæði f-liðar fjallar einungis um eiginleika söluhlutar og falla því kröfur sem varða þær upplýsingar sem veita skal um tiltekna framleiðslu utan gildissviðs ákvæðisins. Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði laga um skyldu til þess að auglýsa hættu á heilsutjóni við tóbaksreykingar. Eftir atvikum getur það verið galli skv. 16. gr. ef slíkar upplýsingar vantar. Opinberar reglur, sem kveða á um notkun hlutar í tilteknu skyni, falla einnig utan ákvæðisins því að beiting reglnanna hvílir á athöfnum neytandans eftir að kaup áttu sér stað. Seljandi vélsleða ber því ekki ábyrgð á því að neytandinn fái heimild til þess að aka vélsleðanum um eignarlönd annarra manna. Kröfur, sem verða til eftir að kaup eru gerð, falla utan ákvæðisins, en það getur hins vegar leitt af samningi að slíkar kröfur hafi þýðingu. Þar við bætist að atvik, sem verða til þess að notkun hlutarins er bönnuð, geta leitt til þess að ekki sé unnt að ná því markmiði sem að var stefnt með kaupunum.

Í g-lið er ákvæði sem kveður á um að söluhlutur skuli vera laus við kvaðir frá þriðja manni um rétt yfir söluhlut. Samkvæmt ákvæðinu skal söluhlutur einnig vera laus við kröfur þriðja manns um kvaðir í hlutnum, enda þótt þeim sé mótmælt, nema kröfurnar séu augljóslega órökstuddar. Ákvæðið á sér fyrirmynd í norskum lögum um neytendakaup. Þó að sambærilegt ákvæði sé ekki að finna í lögum um lausafjárkaup er þar í 1. og 3. mgr. 41. gr. fjallað um vanheimild og kröfur þriðja manns til réttar yfir söluhlut og hafa þau ákvæði sömu þýðingu og g-liður 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í 16. gr. frumvarpsins kemur fram hvenær söluhlutur telst gallaður. Í kaupalögunum er ekki að finna sambærilegt ákvæði þar sem kveðið er á um það á einum stað hvenær galli er fyrir hendi.

Í a-lið 1. mgr. er kveðið á um að hlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa. Ákvæðið er í samræmi við 5. mgr. 17. gr. kaupalaga.

Í b-lið 1. mgr. er ákvæði sem er sambærilegt ákvæði b-liðar 1. mgr. 19. gr. kaupalaganna. Þar kemur fram að söluhlutur telst gallaður ef seljandinn hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi söluhlut eða notkun hans og seljandi hlaut að vita um. Þá er það skilyrði samkvæmt ákvæðinu að neytandi hafi mátt ætla að hann fengi upplýsingar um þessi atriði. Einnig verður vanrækslan að hafa haft áhrif á það að kaup voru gerð. Í raun felst í ákvæðinu skylda seljanda til að gefa upplýsingar um alla galla eða óheppilega eiginleika söluhlutar sem máli skipta en kanna verður í hverju einstöku tilviki fyrir sig til hvaða upplýsinga ákvæðið nær. Um er að ræða lágmarksreglu, sem ekki er unnt að víkja til hliðar með almennri tilvísun eins og þeirri að hlutur sé „seldur í því ástandi sem hann er“. Nær upplýsingaskylda seljanda ekki aðeins til atvika sem hann þekkir heldur líka til atvika sem ekki er afsakanlegt að seljandinn viti ekki um. Láti seljandinn hjá líða að upplýsa um slík atvik eru afleiðingarnar eftir atvikum þær að söluhlutur telst gallaður.

Í c-lið er að finna reglu sem samsvarar 1. mgr. 18. gr. kaupalaganna og 3. tölul. 4. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar um neytendakaup. Í ákvæðinu er fjallað um þær upplýsingar sem gefnar eru að frumkvæði seljanda við almenna markaðssetningu eða á annan hátt. Með markaðssetningu er átt við auglýsingar, kvikmyndir, myndbönd o.s.frv. Í orðalaginu „á annan hátt“ felst að undir ákvæðið falla t.d. upplýsingar sem seljandi gefur neytanda við kaupin. Það er ekki skilyrði að upplýsingarnar hafi verið gefnar skriflega, heldur nægir að þær hafi komið fram gagnvart neytanda t.d. í samningi, bréfaskiptum eða munnlega við samningsgerð.

Til að upplýsingar frá seljanda geti verið grundvöllur ábyrgðar verða þær að hafa verið afmarkaðar og að vissu marki sérgreindar. Oft eru upplýsingar, sem fram koma við markaðssetningu, svo almennar og óljósar að þær geta ekki orðið grundvöllur kröfugerðar á hendur seljanda vegna galla. Slíkar upplýsingar eru þó ekki þýðingarlausar þar sem að þær geta haft vissa þýðingu við mat á því hverra gæða varðandi hlutinn neytandinn gat vænst.

Það er ekki skilyrði samkvæmt ákvæðinu að seljandinn hafi sjálfur persónulega gefið upplýsingarnar, heldur ber seljandinn einnig ábyrgð á þeim upplýsingum sem starfsmenn hans eða aðrir þeir sem fram koma fyrir hans hönd hafa gefið, enda hafi þeir haft umboð eða heimild til þess. Það er ekki skilyrði að viðkomandi hafi umboð til þess að gera sjálfan kaupsamninginn, heldur nægir að hann haft umboð til þess að gefa upplýsingarnar.

Það er heldur ekki skilyrði skv. c-lið 1. mgr. að seljandinn hafi sýnt af sér gáleysi við upplýsingagjöf eða gefið upplýsingar gegn betri vitund. Þótt seljandanum hafi ekki verið ljóst að upplýsingar væru rangar, eða hann eftir atvikum hefur verið í góðri trú, getur eigi að síður verið unnt að líta svo á að söluhlutur sé gallaður ef hann er ekki í samræmi við upplýsingarnar. Þegar hins vegar kemur að afleiðingum gallans getur huglæg afstaða seljandans haft þýðingu eins og við galla annars.

Yfirleitt er ekki talið að upplýsingar um hlutinn og notkun hans í leiðbeiningum sem fylgja hlutnum við afhendingu hafi komið fram í tengslum við kaupin. Því falla upplýsingar í leiðbeiningum ekki beint undir orðalag ákvæðisins.

Það að söluhlutur svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandinn hefur gefið tekur í fyrsta lagi til allra upplýsinga sem eru rangar. Í öðru lagi tekur ákvæðið til upplýsinga sem eru í sjálfu sér réttar en eru settar fram villandi hátt.

Í d-lið 1. mgr. 16. gr. kemur fram að söluhlutur telst vera gallaður er nauðsynlegar upplýsingar fylgja ekki söluhlut, t.d. upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu hlutarins. Svipað ákvæði er að finna í 2. málsl. 4. mgr. 17. gr. kaupalaga, en

ákvæðið er í samræmi við 2. málsl. 5. mgr. 2. gr. tilskipunar um neytendakaup. Seljanda ber því samkvæmt ákvæðinu að veita greinargóðar og skýrar leiðbeiningar til neytanda þegar hinn síðarnefndi á að setja vöruna upp eða saman sjálfur. Ef seljandi fullnægir ekki þessari skyldu og neytanda tekst ekki að setja hlutinn rétt saman af þeim sökum telst varan gölluð. Ákvæðið nær einnig til leiðbeininga um notkun, umönnun og geymslu hlutarins.

Í 2. mgr. 16. gr. er ákvæði sem er sambærilegt ákvæði 2. mgr. 18. gr. kaupalaga. Í ákvæðinu er kveðið á um það hvernig fara skuli með upplýsingar sem annar en seljandinn hefur gefið á hans vegum eða gefnar hafa verið á fyrri sölustigum. Málsgreinin nær aðeins til þeirra upplýsinga sem veittar eru við markaðssetningu, hvernig sem hún hefur farið fram. Í ákvæðinu eru umbúðir söluhlutar og auglýsingar nefndar sérstaklega. Ekki er um tæmandi talningu að ræða, heldur er þetta einungis gert í dæmaskyni. Seljandinn ber ekki aðeins ábyrgð á fyrri söluaðilum, heldur einnig öðrum sem sjá um markaðssetningu hlutarins á vegum seljanda, má þar t.d. nefna framleiðenda og innflytjanda hlutarins. Upplýsingar samkeppnisaðila um sambærilega hluti falla utan gildissviðs ákvæðisins þar sem þær teljast ekki gefnar á vegum seljanda.

3. mgr. 16. gr. er sambærileg ákvæði 1. mgr. 20. gr. kaupalaga. Ákveðið var að taka 2. og 3. mgr. 20. gr. kaupalaga um rannsóknarskyldu neytanda ekki upp í frumvarp til laga um neytendakaup þar sem það var ekki talið samræmast 3. mgr. 2. gr. tilskipunar um neytendakaup.

Í ákvæðinu er fjallað um vonda trú neytanda og kveðið á um að neytandinn geti ekki komið fram með kröfu vegna galla ef um er að ræða atvik sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaup áttu sér stað. Í ákvæðinu felst ekki aðeins að neytandanum hafi verið kunnugt um viðkomandi atvik heldur líka að hann hafi áttað sig á þýðingu þess sem galla. Í málsgreininni er ekki einungis fjallað um það sem neytandinn vissi um heldur einnig það sem hann mátti vita um þegar kaup voru gerð. Samkvæmt þessu er ekki þörf á að sanna það að neytandinn hafi í raun vitað um atvik. Heldur nægir að sýna fram á að neytandanum hljóti að hafa verið kunnugt um atvik. Ákvæðið útilokar þó ekki kröfu af hálfu neytanda vegna galla sem hann vissi eða mátti vita af ef ráð var fyrir því gert að seljandinn bætti úr gallanum eftir að kaup gerðust.

Tímamarkið sem miðað er við í ákvæðinu er það þegar kaupin voru gerð og því á málsgreinin ekki við þegar neytandinn fékk vitneskju um atvik eftir kaup, en áður en afhending átti sér stað. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik að kaupandi bíls kemst að því eftir kaup, en áður en hann veitir bílnum viðtöku, að bíllinn hefur áður lent í tjóni. Getur neytandi þá borið slíkt fyrir sig sem galla.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að neytandinn geti ekki borið fyrir sig galla sem rekja má til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Markmið ákvæðisins er að deila áhættunni í slíkum tilvikum. Undantekning frá meginreglu 1. málsl. málsgreinarinnar kemur fram í 2. málsl. þar sem kveðið er á um að reglan gildi ekki í þeim tilvikum þegar seljandinn hefði átt að ráða neytandanum frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í kaupalögum, en þetta ákvæði eins og aðrar reglur frumvarpsins um samninga þar sem neytandinn leggur sjálfur til efnivið í pöntunarkaupum byggist á 4. mgr. 1. gr. tilskipunar um neytendakaup.

Um 17. gr.

Í frumvarpsgreininni er kveðið á um þær reglur sem gilda þegar samið er um að hlutur sé seldur í því ástandi sem hann er. Þá eru í greininni ákvæði um sölu á notuðum hlutum á uppboði. Ákvæðið er að mörgu leyti sambærilegt ákvæði 19. gr. laga um lausafjárkaup. Þó eru

lagðar til breytingar á orðalagi a-liðar 1. mgr. til að aðlaga íslenskan rétt um neytendakaup 1. mgr. 7. gr. og tilskipun um neytendakaup. Breytingarnar felast aðallega í því að orðalagi er breytt þannig að ekki er lengur gerð krafa um að ástand söluhlutar skuli verað „til muna“ verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla, heldur nægir til að hægt sé að beita ákvæðinu að söluhlutur sé í „verra“ ástandi en neytandi gat gert ráð fyrir. Er þessi breyting í samræmi við norskan, finnskan og sænskan rétt á sviði neytendakaupa. Þá eru lagðar til breytingar á texta 2. mgr. ákvæðisins til aðlögunar að 3. mgr. tilskipunar um neytendakaup.

Í 1. mgr. 17. gr. er fjallað um þau tilvik þegar seljandinn hefur gert fyrirvara um að hlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða annan álíka almennan fyrirvara. Slíkir skilmálar gilda yfirleitt ekki um sölu nýrra eða notaðra hluta og kemur skýrlega fram í ákvæðinu að gera verður sérstakan fyrirvara um þetta efni. Þá felst það í málsgreininni að slíkan almennan fyrirvara má ekki túlka bókstaflega þar sem seljandi ber alltaf ábyrgð á ákveðnum göllum sem nefndir eru í a- og b-lið ákvæðisins.

Í a-lið 1. mgr. kemur fram að seljandinn er ávallt ábyrgur ef í ljós kemur að söluhlutur er í verra ástandi en neytandinn hafði ástæðu til að ætla. Gerir ákvæðið ráð fyrir að við mat á ástandi hlutar sé m.a. stuðst við kaupverð og atvik að öðru leyti. Óheiðarleiki af hálfu seljanda er ekki eitt af skilyrðum þess að unnt sé að beita ákvæðinu. Ákvæðið er samhljóða c-lið 1. mgr. 19. gr. kaupalaga að öðru leyti en því að aðeins er gerð krafa um að söluhlutur sé í verra ástandi en neytandi hafði ástæðu til að ætla, en ekki um að söluhlutur sé í til muna verra ástandi en neytandi mátti búast við.

Í b-lið 1. mgr. er kveðið á um að söluhlutur teljist gallaður ef fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins, þ.e. ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða ef söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin. Er þetta að mestu í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 19. gr. kaupalaga.

Í 2. mgr. er fjallað um sölu notaðra hluta á uppboði og er ákvæðið að mestu leyti sama efnis og 2. mgr. 19. gr. kaupalaga. Þó er lögð til sú breyting til samræmis við Evróputilskipunina um neytendakaup að það skilyrði verði sett fyrir því að ákvæðið gildi að neytandi hafi haft möguleika á að vera viðstaddur uppboðið þar sem söluhlutur var seldur. Í ákvæðinu er kveðið á um að reglur 1. mgr. gildi á sama hátt við sölu notaðra hluta á uppboði eftir því sem við getur átt. Ákvæðið á bæði við um sölu á frjálsu uppboði og nauðungarsölu, en þó ganga ákvæði laga um nauðungarsölu framar þar sem í millum skilur.

Rétt er að hafa það í huga að sala á uppboði lýtur að mörgu leyti öðrum lögmálum en önnur sala, enda er gert ráð fyrir því í ákvæðinu með orðunum „eftir því sem við getur átt“. Helst tíðkast að hlutur sé boðinn til sölu „eins og hann er“ og er bjóðendum ætlað að meta eiginleika hans og verðleggja hann í samræmi við það. Ekki er ástæða til að gera seljandann ábyrgan þótt hlutur henti ekki til þeirra nota sem slíkir hlutir eru venjulega notaðir til. Enn síður er ástæða til að leggja ábyrgð á seljandann af því tilefni að hlutur hentar ekki til þeirra sérstöku nota sem neytandinn ætlaði að hafa af honum, enda er það ekki fyrr en við sölulok að seljandinn veit hver neytandinn er. Til að ákvæði 1. mgr. 17. gr. gildi við sölu notaðra hluta á uppboði þar sem neytandi hefur ekki haft möguleika á að vera viðstaddur og við sölu nýrra hluta á uppboði verður að semja sérstaklega um það.

Um 18. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um við hvaða tímamark skal miða mat á því hvort söluhlutur er haldinn galla.

1. mgr. 18. gr. er í samræmi við 1. mgr. 21. gr. kaupalaga. Í málsgreininni er kveðið á um að ákvörðun um það hvort hlutur er gallaður eða ekki skuli tekin með hliðsjón af ástandi hans á því tímamarki þegar áhættan af hlutnum fluttist yfir til neytandans. Það skiptir þó ekki máli hvort gallinn kemur fram seinna ef hann var til staðar á áhættuskiptatímanum sem yfirleitt miðast við afhendingu, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Þannig ber seljandinn einnig ábyrgð á hinum svokölluðu leyndu göllum. Samkvæmt ákvæðinu skiptir orsök gallans ekki máli.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum en byggist á 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar um neytendakaup. Í ákvæðinu er kveðið á um að galli, sem kemur upp innan sex mánaða frá því að áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, skuli talinn hafa verið til staðar á tímamarki áhættuflutningsins. Gilda því ákvæði 1. mgr. um slíkan galla með þeirri undantekningu þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar. Ákvæðið hefur fyrst og fremst þýðingu við bilanir sem rekja má til framleiðslugalla. Það getur þó einnig haft þýðingu þó að bilanir verði ekki raktar til framleiðslugalla. Það að galli sem upp kemur innan sex mánaða frá áhættuflutningi verði talinn hafa verið til staðar við flutning áhættunnar er talið gilda nema annað sannist. Þetta þýðir í raun að seljandi verður að sýna fram á að gallinn hafi ekki verið fyrir hendi við flutning áhættunnar af söluhlut til neytanda. Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um það hvernig seljandi getur sýnt fram á þetta. Ákvæðið hefur þó engin áhrif á þá meginreglu að það er neytandinn sem hefur sönnunarbyrðina fyrir að galli í skilningi 15. og 16. gr. frumvarpsins sé fyrir hendi. Til að undantekningarákvæði málsgreinarinnar eigi við verður það að vera ósamrýmanlegt eðli gallans eða vörunnar að telja að gallinn hafi verið fyrir hendi við áhættuflutninginn. Undantekning er varðar eðli vörunnar mundi helst koma til um hluti með stuttan endingartíma þar sem eðlilegt er að hluturinn eyðileggist innan tímafrests ákvæðisins. Þar sem neytandi getur ekki með réttu vænt þess að söluhlutur eða hlutar hans endist lengur en tímafrestur ákvæðisins er ekki hægt að ætla að bilun eða eyðileggingu hlutarins megi rekja til atvika sem voru til staðar við flutning áhættunnar yfir til neytanda. Undantekningar er varða eðli gallans geta t.d. varðað tilvik þar sem orsaka gallans er að leita í atvikum sem urðu eftir áhættuflutninginn og þar sem gallinn sjálfur, út frá almennri reynslu, bendir til þessa. Sem dæmi um þetta má nefna tilvik þar sem aðstæður benda til að söluhlutur hafi orðið fyrir höggi sem honum hefur frá upphafi ekki verið ætlað að þola.

Seljandinn getur einnig borið ábyrgð á göllum sem koma fram síðar. Er þar um tvö tilvik að ræða og er fjallað um þau í 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins, en 1. og 2. málsl. hennar eru samhljóða 2. mgr. 21. gr. kaupalaga. Þá er ákvæðið í samræmi við 5. mgr. 2. gr. tilskipunar um neytendakaup. Fyrra tilvikið sem fjallað er um í ákvæðinu er það að galla megi rekja til vanefnda seljanda, t.d. vegna skyldna hans sem samkvæmt samningnum ná til tímans eftir afhendingu en seljandi vanrækir að sinna. Sem dæmi má nefna skyldu seljanda til þess að setja hlutinn upp, pakka honum inn eða sjá um flutning hans. Seljandinn getur einnig hafa tekið á sig skyldur varðandi eftirlit og viðhald á hlutnum í ákveðinn tíma eftir afhendingu. Hins vegar felst það í orðalagi ákvæðisins að seljandi verður ekki ábyrgur á grundvelli laga um neytendakaup vegna tjóns sem hann veldur á hlutnum eftir að skyldum hans í tengslum við kaupin er lokið. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar seljandi kemur í heimsókn til neytanda og veldur tjóni á söluhlut. Í slíkum tilvikum mundi ábyrgð seljanda ekki verða reist á reglum laga um neytendakaup heldur á almennum reglum um bótaábyrgð utan samninga.

Síðara tilvikið kemur fram í 2. málsl. 3. mgr. 18. gr., en þar er gert ráð fyrir að seljandi geti borið ábyrgð á galla eftir þau tímamörk sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. ef hann með yfirlýsingu eða á annan sambærilegan hátt hefur ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hann megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti. Dæmi um þetta er yfirlýsing um ryðvörn og ábyrgð í því sambandi. Yfirlýsingar um það að matvöru megi neyta fram til ákveðins dags felur líka í sér ábyrgð af þessu tagi.

Ætlast er til þess að hugtakið „tiltekinn tími“ í ákvæðinu nái einnig til ábyrgðaryfirlýsinga sem eru takmarkaðar við tiltekna notkun. Dæmi um þetta er þegar ábyrgð á seldri bifreið er takmörkuð við fyrstu 50 þúsund kílómetrana sem bifreiðinni er ekið.

Í lokamálslið 3. mgr. er kveðið á um að ábyrgðaryfirlýsing sé bindandi fyrir yfirlýsingargjafann með þeim skilyrðum sem fram koma í yfirlýsingunni og í auglýsingum tengdum henni. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í kaupalögunum, en ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunar um neytendakaup.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda. Í 19. gr. eru úrræði sem standa neytanda til boða tíunduð, en síðan er fjallað um hvert úrræði í sérstöku ákvæði. Þannig er fjallað um rétt neytanda til að halda eftir greiðslu kaupverðs vegna greiðsludráttar seljanda í 20. gr. og um rétt neytanda til efnda í 21. gr. Í 22. gr. frumvarpsins er fjallað um fyrirspurnir og tilkynningar seljanda til neytanda þegar seljandi afhendir söluhlut ekki á umsömdum afhendingartíma. Í 23. gr. er fjallað um riftunarrétt neytanda vegna greiðsludráttar seljanda og í 24. gr. um rétt neytanda til skaðabóta. Í 25. gr. er loks fjallað um skyldu seljanda til að upplýsa neytanda um hindrun sem kemur í veg fyrir að hann geti efnt kaupin á réttum tíma.

Um 19. gr

Í greininni er almennt yfirlit um þau vanefndaúrræði sem standa neytanda til boða þegar seljandi afhendir ekki söluhlut eða afhendir hann of seint. Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði 22. gr. kaupalaga, en framsetning þess er nokkuð breytt með það fyrir augum að gera lagatextann skýrari.

Í 1. mgr. 19. gr. eru talin upp þau úrræði sem neytandi hefur þegar seljandinn afhendir ekki söluhlut eða afhendir hann of seint. Neytandi getur þá skv. a-lið haldið eftir greiðslu kaupverðsins, en nánar er fjallað um það í 20. gr. frumvarpsins. Skv. b-lið getur neytandinn krafist efnda með þeim skilyrðum sem fram koma í 21. gr. frumvarpsins. Þá getur neytandi skv. c-lið 1. mgr. krafist riftunar á grundvelli 23. gr. frumvarpsins og loks getur neytandi skv. d-lið krafist skaðabóta á grundvelli 24. gr. frumvarpsins að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Ákvæðið á aðeins við um greiðsludrátt af hálfu seljanda og því er það skilyrði sett fyrir beitingu úrræðanna að ekki sé hægt að kenna neytanda eða atvikum sem hann varða um greiðsludrátt. Sem dæmi um greiðsludrátt sem rekja má til neytanda má nefna það tilvik þegar neytandinn lætur hjá líða að sækja söluhlut eins og um var samið. Tilvísun ákvæðisins til atvika sem neytandann varða tekur ekki eingöngu mið af atvikum þar sem greiðsludráttur er beinlínis afleiðing vanrækslu af hálfu neytanda heldur er og miðað við atvik sem neytandinn ber áhættuna af. Það getur t.d. verið að tilviljunarkenndur atburður valdi því að neytandinn getur ekki sótt hlutinn.

Ekki er um tæmandi talningu úrræða að ræða í 1. mgr. Til þess að fá heildarsýn yfir stöðu neytanda verður að líta til þeirra skilyrða sem gilda um beitingu einstakra úrræða, sbr.

ákvæði 20. gr. um rétt til að halda kaupverði, ákvæði 21. gr. um efndir, ákvæði 23. gr. um riftun og ákvæði 24. gr. um skaðabætur.

Neytandinn getur að sjálfsögðu ekki samtímis rift kaupum og krafist efnda, en að öðru leyti útilokar einstök vanefndaheimild ekki beitingu annarrar heimildar án þess að annað og meira komi til.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er sérstaklega tekið fram að rétturinn til þess að krefjast skaðabóta falli ekki niður þótt neytandi setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram. Ákvæðið er sambærilegt við 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. kaupalaga.

Venjulega er það ekki vandkvæðum bundið að skýra hvað felst í hugtakinu greiðsludráttur. Það getur þó valdið erfiðleikum hvað þetta varðar ef afhendingartími hefur ekki verið nákvæmlega tilgreindur í samningi. Sem dæmi um þetta má nefna ef afhenda á vöru samkvæmt samningi „um páskana“. Í ákvæðinu er skýrt kveðið á um að sé hlutur alls ekki afhentur er um greiðsludrátt að ræða og ætti þetta að taka af skarið í þeim tilfellum þar sem það er álitamál hvort um er að ræða greiðsludrátt eða galla. Stundum er söluhlutur aðeins afhentur að hluta. Í slíkum tilvikum verður að taka mið af því hvort ætla megi að seljandinn hafi lokið afhendingu sinni.

Samkvæmt 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar gilda ákvæðin um greiðsludrátt eftir því sem við getur átt í þeim tilvikum þegar seljandinn fullnægir ekki nógu snemma öðrum skyldum sínum en afhendingu sjálfs söluhlutarins. Í málsgreininni er þó að finna undantekningu sem felur í sér að ákvæði 3. og 4. mgr. 23. gr. frumvarpsins um riftun þegar settur hefur verið viðbótarfrestur skuli ekki gilda. Rökin fyrir undantekningunni eru að riftun er afdrifaríkt vanefndaúrræði og því er nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um riftunarheimild neytanda. Orð 3. mgr., „eftir því sem við getur átt“, gefa tilefni til mats í hverju einstöku tilviki. Er það notað til þess að leggja á það áherslu að við beitingu hinna einstöku heimilda verður að taka mið af því hvers konar skylda það er sem hefur verið vanefnd. Síðari málsliður 3. mgr. kveður á um að ákvæðið sé frávíkjanlegt. Seljandi getur því samið sig frá þeirri ábyrgð vegna greiðsludráttar varðandi aukaskyldur sem annars leiðir af ákvæðum laganna.

Um 20. gr.

Ákvæðið svarar til 42. gr. kaupalaga. Í frumvarpsgreininni felst regla um heimild neytanda til þess að halda eigin greiðslu til tryggingar kröfum sem leiðir af greiðsludrætti seljanda.

Samkvæmt frumvarpsgreininni nær réttur neytanda til þess að halda eftir svo miklu af kaupverðinu að nægi til að tryggja vanefndakröfu hans. Meta verður það í hverju einstöku tilfelli hversu stórum hluta kaupverðsins neytandi getur haldið eftir og gerir frumvarpið ráð fyrir ákveðnu svigrúmi að því er það varðar. Þegar krafa neytanda er fyrst og fremst um efndir samkvæmt aðalefni samnings, t.d. efndir eða úrbætur á galla, getur verið erfitt að meta hversu stórum hluta kaupverðsins krafa neytanda samsvarar. Réttur neytanda samkvæmt ákvæðinu er hugsaður sem trygging fyrir öllum kröfum sem neytandinn getur öðlast og því getur neytandi eftir atvikum haldið öllu kaupverðinu eftir þegar um greiðsludrátt seljanda er að ræða.

Ef neytandi heldur eftir augljóslega hærri fjárhæð en sem nemur þeirri kröfu sem hann átti á hendur seljanda verður afleiðingin sú að hann verður að greiða dráttarvexti af mismuninum, sbr. 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins.

Það getur valdið vafa um heimild til beitingar ákvæðisins þegar vanefndakrafa neytanda er óljós eða umdeild og því er um vandmeðfarið úrræði að ræða.

Neytandinn ber áhættuna af því að hann á í raun og veru kröfu sem stafar af vanefnd selj-

anda. Komi í ljós að neytandinn hafi enga slíka kröfu átt getur seljandinn beitt vanefndaúrræðum í tilefni þess að kaupverðið er ekki greitt.

Um 21. gr.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt neytanda til þess að krefjast efnda í samræmi við efni samnings (efndir *in natura*). Ákvæðið er efnislega í samræmi við 23. gr. kaupalaga. Samkvæmt ákvæðinu á neytandi rétt á því að halda fast við kaup og krefjast efnda hafi seljandi ekki afhent söluhlut á umsömdum tíma. Þar sem réttur neytanda til efnda verður að teljast eðlilegur, þar sem það er í samræmi við kaupsamning að seljandi fullnægi skyldum sínum, má segja að meginhlutverk ákvæðisins sé að mæla fyrir um það við hvaða aðstæður seljandinn getur komist hjá því að fullnægja þessum skyldum sínum.

Í 1. mgr. 21. gr. kemur fram sú meginregla að neytandi getur haldið fast við kaup og krafist afhendingar eða annarra efnda ef söluhlutur hefur ekki verið afhentur á umsömdum afhendingartíma. Ef neytandinn á þess kost að útvega sér hlutinn annars staðar er sjálfsagt eðlilegast að hann rifti kaupum. Hins vegar getur líka verið að hann hafi gert kaup með góðum kjörum eða að seljandinn sé nánast í einokunarstöðu á markaðinum. Getur þá mun fremur reynt á efndir, og sama á við þegar um er að ræða sérstaklega mikilvæga og einstaklega ákveðna hluti.

Í 2. mgr. kemur fram undantekning frá meginreglu 1. mgr. Samkvæmt málsgreininni er seljandinn í fyrsta lagi laus undan efndaskyldunni ef um er að ræða efndahindrun sem hann ræður ekki við. Geta öll atvik, sem í raun hindra efndir, haft þýðingu í þessu sambandi. Ástæða hindrunar ræður ekki úrslitum um skylduna til afhendingar en hefur á hinn bóginn mikla þýðingu varðandi skaðabótaábyrgð. Því á ákvæðið jafnt við hvort sem hindrun er honum að kenna eða ekki. Það er skilyrði samkvæmt ákvæðinu að hindrun sé með þeim hætti að seljandi ráði ekki við hana. Í skilyrðinu felst ekki krafa um algjöran ómöguleika, en ákvæðið gerir hins vegar ráð fyrir að atvik séu þannig að seljandinn fái ekki með skömmum fyrirvara ráðið við hindrunina án mjög sérstakra vandkvæða. Seljandi hefur þá grundvallarskyldu samkvæmt samningnum að ljá atbeina sinn til að sigrast megi á þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir efndum samningsins og því verður að telja að á meðan unnt er að komast hjá eða ráða við erfiðleika með góðum úrræðum verði ekki litið svo á að um efndahindrun í skilningi ákvæðisins sé að ræða.

Við mat á því hvort efndahindrun í skilningi ákvæðisins er fyrir hendi er mikilvægt að líta til skyldna seljanda samkvæmt samningnum. Því afmarkaðri og sérgreindari sem skyldur seljanda eru þeim mun meiri eru líkurnar til þess að fram komi hindranir sem seljandinn ræður ekki við.

Mikilvægt er að hafa í huga að það er aðeins sjálf skyldan til efnda sem seljandinn getur losnað undan, en hann losnar ekki undan öðrum skyldum samkvæmt samningnum nema því aðeins að slíkar skyldur séu beinlínis háðar aðalskyldunni, t.d. sú skylda að pakka vöru og merkja hana. Þar fyrir utan er litið á það sem vanefnd að láta hjá líða að fullnægja efndaskyldunni. Af því leiðir að neytandi getur gripið til annarra vanefndaúrræða þegar skilyrðin eru til staðar.

Önnur undanþága 2. mgr. felst í því að seljandi er laus undan efndum ef þær hafa í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir hann að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni neytanda að fá réttar efndir. Ef kostnaður eða óhagræði við efndir verður úr hófi fram má í sjálfu sér segja að fyrir hendi sé efndahindrun sem seljandinn ræður ekki við. En jafnvel þótt hindrun sé ekki þess eðlis getur seljandinn eigi að síður losnað undan skyldunni samkvæmt þeirri viðmiðun sem fram kemur í niðurlagi ákvæðisins. Við ákvörðun á því hvort

undantekning þessi eigi við verður að meta hagsmuni neytanda af því að seljandi efni skyldur sínar annars vegar og hins vegar óhagræði og kostnað seljanda af efndum. Ræður það fyrst og fremst úrslitum hvort um verulegt misræmi er að ræða milli óhagræðis og kostnaðar seljanda og hagsmuna neytanda af efndum. Einstök atriði samningsins hafa áhrif á matið. Sem dæmi um atriði sem skipta máli má nefna eðli kaupanna og hver söluhlutur er. Ef um er að ræða vöru sem er viðkvæm fyrir verðsveiflum verður að telja að það leiði af atvikum í tengslum við kaupin að seljandinn verði að sætta sig við verðhækkanir að ákveðnu marki áður en unnt er að halda því fram að um efndahindrun í skilningi ákvæðisins sé að ræða. Sama gildir ef seljandinn hefur tekið að sér að mjög flóknar og kostnaðarsamar efndir. Þá getur hann ekki seinna borið það fyrir sig að hann sé laus undan afhendingu af þeirri ástæðu að það hafi verið mjög kostnaðarsamt að efna samninginn. Aðalreglan er sú að seljandi er aðeins laus undan efndum í sérstökum undantekningartilvikum.

Við mat á hagsmunum neytanda af efndum verður m.a. að taka tillit til þess hverja möguleika hann hefur á að fá sama hlut annars staðar.

Þótt seljandi sé laus undan efndum skv. 1. og 2. mgr. 21. gr. er í sjálfu sér um vanefndir að ræða í skilningi 19. gr. Því hafa undanþágur 2. mgr. 21. gr. aðeins þýðingu varðandi skyldu seljanda til efnda, en útiloka engan veginn að neytandinn geti neytt annarra vanefndaúrræða. Þar sem skilyrði fyrir lausn undan skaðabótaskyldu skv. 24. gr. eru strangari en skilyrðin fyrir lausn undan efndaskyldunni getur neytandinn í mörgum tilvikum krafist skaðabóta fyrir tjón sitt þótt hann geti ekki krafist efnda samkvæmt aðalefni samningsins.

Samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. getur lausn undan efndum aðeins átt við meðan afsökunarástæðan er fyrir hendi. Það er jafnframt skilyrði að hún falli brott innan hæfilegs tíma. Þegar langur tími er liðinn er lítil ástæða til þess að seljandinn sé áfram skyldur til efnda. Við mat á því hvað teljist hæfilegur tími skiptir bæði máli hvers eðlis greiðslan er og hagsmunir neytanda af efndum seljanda. Upphaf frestsins hlýtur að miðast við umsaminn afhendingartíma. Það sem telst „hæfilegur tími“ í þessu samhengi getur bæði verið lengra og styttra en það sem leiðir af samsvarandi orðalagi í reglunum um tilkynningarskyldu.

Í 3. mgr. kemur fram tómlætisregla sem felst í því að neytandinn glatar rétti sínum til að krefjast efnda ef hann dregur óeðlilega lengi að setja fram kröfu um efndir. Það hve lengi neytandi getur dregið að setja fram kröfu veltur á atvikum hverju sinni, t.d. eðli kaupa og framferði seljanda eftir að greiðsludráttur varð. Þó má segja að frestur til að krefjast efnda sé yfirleitt lengri en frestur til þess að rifta kaupum eða krefjast skaðabóta eftir afhendingu.

Um 22. gr.

Í greininni er fjallað um fyrirspurnir og tilkynningar seljanda til neytanda og svarar ákvæðið til 24. gr. laga um lausafjárkaup.

Í ákvæðinu er kveðið á um aðstæður sem koma upp þegar seljandi afhendir söluhlut ekki á umsömdum afhendingartíma en sendir fyrirspurn til neytanda um það hvort hann vilji veita hlut viðtöku innan tiltekins tíma þrátt fyrir seinkun. Ef neytendi svarar fyrirspurn seljanda ekki innan hæfilegs tíma glatar hann réttinum til að rifta kaupunum.

Ákvæðið setur það skilyrði um skýrleika fyrirspurnar eða tilkynningar seljanda að seljandinn hafi tilgreint ákveðinn tíma til efnda. Þar að auki er það skilyrði að efndir hafi í raun orðið á þeim tíma sem nefndur var.

Hvað telst „hæfilegur tími“ hjá neytanda í þessum efnum ræðst af mati á atvikum og aðstæðum í hverju tilviki, en yfirleitt verður að krefjast skjótra viðbragða af hans hálfu.

Réttur neytanda til þess að krefjast riftunar fellur ekki alltaf niður þótt hann svari of seint. Hafi seljandinn t.d. tiltekið afhendingartíma er riftun samt sem áður hugsanleg ef afhending

verður ekki á þeim nýja tíma sem seljandinn hefur tiltekið og sá dráttur er verulegur. Einnig má vera að loks þegar seljandinn afhendir hlutinn komi í ljós að á honum sé verulegur galli sem réttlæti riftun.

Nú fullnægir fyrirspurn seljanda ekki kröfum 22. gr. og eiga þá við ákvæði 3. mgr. 21. og ákvæði um riftunarfrest. Þannig heldur neytandinn rétti sínum til þess að krefjast efnda *in natura* meðan frestur skv. 3. mgr. 21. gr. er ekki útrunninn og riftunarfresturinn hefst ekki fyrr en hluturinn er afhentur.

Ákvæðum 22. gr. er einnig hægt að beita þegar neytandi hefur sett viðbótarfrest skv. 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins og seljandinn svarar því til að hann geti ekki afhent það sem um var samið fyrr en viðbótarfresturinn er liðinn. Þykir eðlilegt að líta svo á að neytandinn verði einnig að svara fyrirspurn seljanda undir slíkum kringumstæðum, t.d. með því að neytandinn haldi fast við upphaflegan viðbótarfrest.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er mælt fyrir um rétt neytanda til riftunar vegna greiðsludráttar seljanda og svarar ákvæðið til 25., 26. og 29. gr. kaupalaga. Í 1. málsl. 1. mgr. koma fram skilyrði riftunar við greiðsludrátt seljanda. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 25. gr. kaupalaga. Í ákvæðinu kemur fram það skilyrði fyrir riftun að greiðsludráttur hafi í för með sér verulegar vanefndir. Við mat á því hvað eru verulegar vanefndir verður í fyrsta lagi að líta til samnings aðila og atvika við kaup. Annað mikilvægt atriði eru áhrif greiðsludráttar á hagsmuni neytandans. Sök seljanda er ekki skilyrði riftunar, en sök getur haft vissa þýðingu við mat á því hvort vanefndir teljist verulegar.

Sérstök álitaefni koma upp þegar til viðbótar greiðsludrætti kemur í ljós að söluhlutur er gallaður. Er í slíku tilviki sanngjarnt við mat á skilyrðum fyrir riftun að líta til þeirra heildaráhrifa sem vanefndirnar hafa sameiginlega haft.

2. málsl. 1. mgr., sem er í samræmi við ákvæði 29. gr. kaupalaga, hefur að geyma viðbótarskilyrði riftunar þegar söluhlutur hefur verið afhentur of seint. Í slíkum tilvikum verður krafa um riftun að koma fram innan sanngjarns frests frá því að neytanda varð kunnugt um afhendinguna.

Riftun á kaupum verður að fara fram með sérstakri yfirlýsingu neytanda til seljandans. Hvorki yfirlýsingar eða aðvaranir sem gefnar eru fyrir fram né fyrirspurnir sem eru hlutlausar að þessu leyti eru taldar nægja í þessu sambandi. Yfirlýsing af þessu tagi er send á áhættu viðtakanda, en hún tekur hins vegar ekki gildi gagnvart seljandanum og er ekki bindandi fyrir neytanda fyrr en hún er komin til seljanda. Eftir að yfirlýsing er komin til seljanda verður hún ekki einhliða afturkölluð.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um að við mat á því hvort greiðsludráttur hafi í för með sér verulegar vanefndir skuli leggja sérstaka áherslu á þýðingu greiðsludráttarins fyrir neytandann. Skal m.a. taka tillit til tegundar söluhlutar sem kaupin varða og þess hvort afhending átti að fara fram á ákveðnum tíma. Sambærilegt ákvæði er ekki í kaupalögunum, en ákvæðið er í samræmi við túlkun 1. mgr. 25. gr. kaupalaga, sbr. greinargerð með frumvarpi til laga um lausafjárkaup. Samkvæmt ákvæðinu ber að kanna hvort greiðsludráttur hefur í raun og veru haft veruleg áhrif á hagsmuni neytandans, en huglæg afstaða neytandans hefur ekki þýðingu við matið. Þá skiptir máli hvort seljandinn sá eða mátti sjá að greiðsludráttur mundi hafa veruleg áhrif á hagsmuni neytanda. Ef riftun kemur mjög illa við seljanda getur verið ástæða til þess að herða á skilyrðinu um verulegar vanefndir. Þá getur það og skipt máli í þessu sambandi hvort hagsmunum neytanda teldist nægilega borgið með greiðslu skaðabóta vegna greiðsludráttarins án þess að jafnframt sé um riftun að ræða.

Ákvæði 3. mgr. 23. gr. svarar til 2. og 3. mgr. 25. gr. kaupalaga. Málsgreinin veitir heimild til þess að rifta kaupum að liðnum sanngjörnum viðbótarfresti sem neytandi hefur sett þegar afhending hefur ekki farið fram í samræmi við efni samnings. Veitir ákvæðið neytanda heimild til riftunar þegar sanngjarn viðbótarfrestur er liðinn ef greiðsla fer ekki fram innan þess tíma. Þegar svo stendur á, þ.e. hlutur er ekki afhentur áður en viðbótarfrestur er liðinn, getur neytandinn rift kaupum strax, jafnvel þótt ekki sé liðinn svo langur tími að vanefndin teldist ella veruleg. Að öðru leyti hefur ákvæðið um viðbótarfrestinn þann tilgang að leggja áherslu á hagsmuni neytanda af skjótri afhendingu og að skilgreina tímamark riftunar.

Samkvæmt fyrri málslið 3. mgr. er það skilyrði riftunar að viðbótarfresturinn sé sanngjarn. Við mat á því hvað telst sanngjarnt verður að skoða aðstæður hverju sinni, m.a. með hliðsjón af eðli hlutar og hagsmunum neytanda af því að fá hlutinn afhentan. Liggur áherslan á því hvað telja má viðunandi greiðsludrátt metið út frá hagsmunum neytanda. Ákvæðið tekur mið af því að aðilar kaupsamnings sýni hvor öðrum sanngjarnt tillit. Því á ekki að vera unnt að misnota ákvæðið með því að áskilja sér riftunarrétt vegna óverulegrar seinkunar.

Viðbótarfrestur samkvæmt ákvæðinu verður að vera afmarkaður með tiltölulega skýrum og ótvíræðum hætti. Þannig væri hvatning til seljanda um að efna sinn hlut „fljótlega“ of óljós til þess að geta haft þýðingu í sambandi við riftunarrétt samkvæmt ákvæðinu. Við ákvörðun viðbótarfrestsins er eðlilegt að hafa hliðsjón af afhendingartímanum, en í tilvikum þar sem fyrir fram er ljóst að greiðsludráttur verður af hálfu seljanda getur neytandi þegar á því tímamarki sett viðbótarfrest samkvæmt fyrri málslið 3. mgr.

Í síðari málslið 3. mgr. kemur fram að neytandinn getur ekki rift kaupum meðan viðbótarfresturinn er að líða. Undantekning frá þessu er ef seljandinn lýsir því yfir að hann muni ekki efna sinn hlut áður en fresturinn er liðinn. Í slíkum tilfellum getur neytandinn rift kaupunum. Reglan á einungis við um rétt til riftunar vegna greiðsludráttar. Ef neytandinn hefur rétt til riftunar af öðrum ástæðum getur hann notað sér það, jafnvel þótt umræddur viðbótarfrestur sé ekki liðinn.

Í 4. mgr. 23. gr. er ákvæði sem er sambærilegt ákvæði 26. gr. kaupalaga. Fjallar það um riftun í pöntunarkaupum. Byggjast reglur málsgreinarinnar á því að sérsjónarmið gildi varðandi heimild til riftunar í pöntunarkaupum, þannig að riftunarrétturinn verði þar þrengri en ella mundi vera samkvæmt almennum reglum. Rökin fyrir þessu eru að riftun neytanda í pöntunarkaupum getur komið sér mjög illa fyrir seljandann því að hann getur átt það á hættu að sitja uppi með sérpantaðan hlut sem enginn annar getur notað. Í ákvæðinu kemur þó fram það viðbótarskilyrði að seljandinn geti ekki vegna þess að um pöntunarkaup er að ræða ráðstafað hlutun á annan hátt án verulegs tjóns. Byggist ákvæðið á því að ekki þykir ástæða til að þrengja riftunarrétt í pöntunarkaupum of mikið.

Ákvæðið á ekki við um öll pöntunarkaup, heldur aðeins kaup sem varða hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir neytanda miðað við fyrirmæli hans eða óskir. Um pöntunarkaup er t.d. að ræða þegar neytandi pantar nokkra stóla frá húsgagnaframleiðanda ef það er forsendan að verksmiðjan framleiði stólana eftir að kaup eru gerð. Ef um er að ræða stóla af tiltekinni gerð, sem verksmiðjan framleiðir einnig í öðrum tilvikum, er ekki unnt að beita 4. mgr. 23. gr. án þess að fleira komi til. Ef þeir eru hins vegar sérstaklega framleiddir fyrir tiltekinn neytanda miðað við fyrirmæli hans og óskir á greinin við.

Það getur einnig verið álitamál hvenær ákvæðið á við þegar neytandinn getur valið á milli ýmissa staðalstærða eða gerða af hlutum. Dæmi um þetta er t.d. matarkaup á veitingahúsi þar sem neytandinn getur valið af matseðli. Hér verður að meta það, m.a. með hliðsjón af valmöguleikum neytandans, hvort ákvæði 4. mgr. eigi við. En þar fyrir utan kemur síðara skil-

yrði ákvæðisins einnig mjög til athugunar, þ.e. hvort seljandi geti ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns.

Annað sérstakt skilyrði riftunar af hálfu neytanda í pöntunarkaupum sem fram kemur í 4. mgr. er að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega vegna greiðsludráttarins. Því nægir það ekki að greiðsludráttur sé verulegur eða valdi kostnaði og óþægindum ef því skilyrði er engu síður ekki fullnægt að tilgangur kaupanna haldist að öðru leyti.

Ákvæði greinarinnar eiga þá fyrst við þegar gerð hlutar hefur hafist að marki eða seljandinn hefur gert svipaðar ráðstafanir til undirbúnings efndum. Ef seljandinn hefur á hinn bóginn hvorki lagt í umtalsverða vinnu né kostnað, sem ónýtist við riftun, er ekki ástæða til þess að takmarka riftunarrétt neytanda.

Um 24. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um rétt neytanda til skaðabóta vegna tjóns sem hann verður fyrir vegna greiðsludráttar seljanda.

1. og 2. mgr. eru hliðstæðar 1. mgr. 27. gr. kaupalaga. Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram meginreglan um skaðabótaábyrgð seljanda gagnvart neytanda vegna greiðsludráttar. Þar er kveðið á um að neytandi geti krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar. Þetta gildir þó ekki skv. 2. mgr. ef seljandi sýnir fram á að greiðsludrátturinn hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við og ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði hindrunina í huga við samningsgerð eða hefði getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar. Því er það meginreglan að neytandinn eigi rétt til skaðabóta vegna þess tjóns sem greiðsludráttur veldur honum, sbr. ákvæði 1. mgr. ákvæðisins, en seljandi getur hins vegar losnað undan bótaskyldu á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 2. mgr.

Fullnægja þarf öllum fjórum skilyrðum 2. mgr. ákvæðisins til þess að seljandinn losni undan skaðabótaábyrgð skv. 1. mgr. Í fyrsta lagi þarf hindrun sem veldur afhendingardrætti að vera fyrir hendi. Þarf hindrunin að standa í vegi fyrir umsömdum efndum. Það er ekki skilyrði samkvæmt ákvæðinu að um hlutlægan ómöguleika sé að ræða í þeim skilningi að afhending á réttum tíma sé útilokuð fyrir hvaða seljanda sem er. Sem dæmi um atvik sem geta hindrað efndir má nefna stríð, náttúruhamfarir, alvarlegan bruna eða sprengingar, sem hafa áhrif á starfsemi seljandans, verkföll, útflutnings- og innflutningsbönn eða önnur stjórnvaldsboð. Atvik sem eru einvörðungu fjárhagslegs eðlis geta í sjálfu sér einnig hindrað efndir, t.d. óvenjulegar útgjaldahækkanir eða verðhækkanir. Hins vegar er það ekki nóg að samningurinn standist ekki samkvæmt þeim fjárhagsáætlunum sem seljandi hefur gert eða að það sé verulega miklu dýrara fyrir seljanda að efna samninginn en gera mátti ráð fyrir. Ef efndir hafa í för með sér óþægindi eða kostnað sem ekki er í sanngjörnu hlutfalli við hagsmuni neytanda af efndum getur seljandinn eftir atvikum komist hjá afhendingarskyldu samkvæmt ákvæðum 21. gr. Hins vegar er ekki um að ræða hindrun í skilningi 24. gr. í því tilviki. Ákvæði 24. gr. geta þannig aðeins átt við ef kostnaðaraukinn er slíkur að efndir samningsins valda seljandanum byrði sem hlutlægt séð liggur utan við forsendur þess kaupsamnings sem um er að tefla. Það er alltaf skilyrði samkvæmt ákvæðinu að hindrun valdi því í raun og veru að seljandinn geti ekki efnt kaupin.

Að hvaða marki unnt er að segja að atvik hindri efndir á réttum tíma mun í mörgum tilvikum fara eftir því hvenær atvikið ber að höndum. Þótt um sé að ræða gjaldgengan einstaklega ákveðinn hlut, sem auðveldlega verður bættur með öðrum, getur tilviljunarkennt tjón, sem verður í flutningi til afhendingarstaðar, gert það ókleift fyrir seljanda að afhenda hann á

réttum tíma. Hafi tjón orðið meðan hlutur var enn á lager seljanda er á hinn bóginn ekki um neina hindrun að ræða ef seljandinn getur afhent annan hlut af sama lager.

Þegar það er metið hvað telst hindrun skiptir efni samningsins miklu máli, umfram allt eðli greiðslu seljanda samkvæmt samningnum.

Í öðru lagi þarf hindrunin að vera seljanda ofviða, þ.e. þess eðlis að seljandinn fái ekki við hana ráðið, til þess að um ábyrgðarleysi skv. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins geti verið að ræða. Seljandi er ávallt ábyrgur vegna atvika og aðstæðna er falla innan þeirra marka sem hann fær ráðið við, og skiptir þá ekki máli hvort um sök er að ræða af hans hálfu eða ekki. Sem dæmi um tilvik sem seljandi getur haft stjórn á eru öll atvik sem rekja má til seljandans sjálfs, starfsmanna hans eða manna sem hann samkvæmt almennum reglum ber ábyrgð á. Þó mundu verkföll til þess að knýja fram almennar launahækkanir í viðkomandi starfsgrein falla utan þess sem seljandinn fær ráðið við í skilningi ákvæðisins, en líklega mundi ólögmætt verkfall í fyrirtæki seljanda falla innan þess sem seljandi er talinn ráða við. Seljandi er einnig talinn fá ráðið atvikum sem beint eða óbeint eru komin undir hans eigin aðgerðum eða ráðstöfunum, þ.e. öllu sem unnt er að hafa stjórn á eða hafa áhrif á með skipulagningu, stjórnun eða eftirliti í fyrirtækinu.

Svipuð sjónarmið leiða til þess að seljandi ber ábyrgð á því hvernig hann útvegar hráefni og annað sem á þarf að halda til að efna kaupin. Bregðist samningur um kaup á hráefni ber seljandinn ábyrgð á því ef vanefndina má rekja til þess að hann var að öllu leyti háður einum tilteknum birgi um afhendinguna. Seljandinn er venjulega ekki heldur laus úr ábyrgð þótt þeir sem hann notar til að sjá um þjónustu og viðgerðir í fyrirtæki hans bregðist honum og vanefnd gagnvart neytanda má rekja til þess.

Fjárhagsstaða seljanda sjálfs er einnig meðal þess sem hann fær ráðið við í skilningi ákvæðisins. Greiðsluþrot eða annar brestur í greiðslugetu seljanda leysir hann ekki úr ábyrgð. Ef seljandi getur t.d. vegna bágs fjárhags ekki staðgreitt vörur og honum er neitað um lánafyrirgreiðslu hjá þeim sem hann kaupir af er hann ekki laus úr ábyrgð gagnvart viðsemjendum sínum af þeirri ástæðu. Annað mundi hins vegar gilda þegar greiðslumiðlun stöðvast, t.d. vegna verkfalls í banka.

Þriðja skilyrði þess að um ábyrgðarleysi geti verið að ræða byggist á því að hindrunin sé þess eðlis að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn hafi haft hana í huga við samningsgerðina. Því getur seljandi orðið ábyrgur vegna greiðsludráttar sem stafar af hindrun sem var honum ofviða ef hann mátti sjá hana fyrir á þeim tíma sem samningurinn var gerður. Það sem seljandi hefði átt að hafa í huga við samningsgerðina byggist á mati á aðstæðum hverju sinni. Sem dæmi má nefna að ef seljandi hefði getað séð fyrir hugsanlegt verkfall sem kynni að seinka afhendingu söluhlutar og þar með tekið tillit til þess við samningsgerðina getur hann ekki borið slíka hindrun fyrir sig. Það sama á við um atvik sem oft verða í viðkomandi atvinnugrein og seljandi á að hafa í huga og gera ráð fyrir. Dæmi um slíkt tilvik er kaup þar sem afhending er komin undir góðu veðri. Ef seljandinn hefur það ekki í huga og setur ekki fyrirvara að þessu leyti í samninginn getur hann ekki án þess að annað og meira komi til losnað undan ábyrgð. Yfirleitt verður þess ekki krafist að seljandi hafi annan sambærilegan hlut á lager með það í huga að hinn seldi hlutur kunni að skemmast fyrir afhendingu. Eftir atvikum er slíkt þó ekki óhugsandi.

Í fjórða lagi er það skilyrði samkvæmt ákvæðinu að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunarinnar. Þetta skilyrði er einnig háð því til hvers var unnt að ætlast af seljanda. Skilyrðið á m.a. við þegar svo stendur á að hindrun verður á tímabilinu frá því að kaup gerðust og fram að afhendingartíma. Seljanda er þá skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afstýra afleiðingum hindrunar-

innar. Sem dæmi um þetta má nefna að heildsali verður að velja annan framleiðanda en hann hafði ákveðið ef augljóst verður að sá framleiðandi muni ekki geta efnt skyldur sínar vegna verkfalla eða annarra slíkra hindrana. Eftir atvikum geta möguleikar og jafnframt skyldur seljanda legið í því að byggja upp nógu mikinn vörulager til þess að mæta hugsanlegum vandamálum af þessu tagi eða þá að leita til annarra birgja. Það nægir seljanda ekki í þessu efni að sýna fram á að slík vöruútvegun sé dýrari en sú sem hann hugsaði sér upphaflega. Hugsanlegt er að hindrun verði eftir að vöruafhendingu hefur þegar seinkað af annarri ástæðu. Hindrun við þessar aðstæður leysir seljanda ekki undan ábyrgð hefði hún ekki haft nein áhrif ef afhendingin hefði farið fram samkvæmt samningnum.

Skilyrðin fjögur eru nátengd innbyrðis og tegund kaupanna skiptir máli í öllum tilvikum. Því meira sem söluhlutur er tegundarákveðinn þeim mun meiri möguleika hefur seljandi að jafnaði á að útvega aðra hluti í staðinn. Ábyrgð hans verður því metin á strangari mælikvarða í slíkum tilvikum. Sé auðvelt að útvega aðra tegundarákveðna hluti nálgast ábyrgð seljanda að vera hlutlæg. Sé um einstaklega ákveðin kaup að ræða er oft ekki auðvelt að útvega aðra hluti í staðinn ef söluhlutur eyðileggst, t.d. fyrir afhendingu.

Eins og ákvæði 1. og 2. mgr. 24. gr. eru orðuð er gert ráð fyrir að seljandinn þurfi að sanna að þau skilyrði séu fyrir hendi sem leysa hann undan bótaábyrgð.

Í 3. mgr., sem er sama efnis og 2. mgr. 27. gr. kaupalaga, er rætt um ábyrgð seljanda á greiðsludrætti sem rekja má til þriðja manns. Sá eða þeir teljast þriðji maður í þessu samhengi sem ekki eru beinlínis starfsmenn eða aðstoðarmenn seljanda í hans eigin fyrirtæki. Ákvæði 1. málsl. 3. mgr. á við um þriðja mann sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu. Ákvæði 2. málsl. 3. mgr. á hins vegar við þegar seljandi hefur notað afhendingaraðila eða einhvern annan á fyrra sölustigi. Það er því ekki skilyrði samkvæmt greininni að umræddum þriðja manni sé skylt gagnvart seljanda að fullnægja samningi af sinni hálfu. Það nægir að þriðja manni sé skylt að efna sinn hluta samkvæmt samningi við einhvern annan, t.d. afhendingaraðila. Aftur á móti er seljandi ekki ábyrgur skv. 3. mgr. vegna afhendingaraðila sem neytandi hefur valið. Þriðji maður getur því verið framleiðandi eða afhendingaraðili söluhlutar, eða framleiðandi að hluta eða undirafhendingaraðili eða undirframleiðandi hráefnis. Þriðji maður getur einnig verið dreifingarfyrirtæki, flytjandi eða uppsetningaraðili. Í þessum tilvikum verður seljandi aðeins laus undan ábyrgð ef skilyrði 2. mgr. eiga bæði við um seljanda og þriðja mann (tvöfaldur „force majeure“). Þetta þýðir að seljandi getur í vissum tilvikum orðið að bera rýmkaða ábyrgð, sem nær einnig til þriðja manns, jafnvel þótt svo standi á að skilyrði 2. mgr. um ábyrgðarleysi eigi við um seljanda sjálfan. Skv. 3. mgr. er einnig gert ráð fyrir að seljandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrðunum um ábyrgðarleysi sé fullnægt í báðum tilvikum. Hafi seljandi samkvæmt þessu gert samning við fyrirtæki um afhendingu á tiltekinni framleiðsluvöru, t.d. hluta af vél sem seljandi hugðist síðan afhenda, er samkvæmt þessu ekki nóg að seljandi geti sýnt fram á að vanefndir þriðja manns hafi falið í sér hindrun fyrir seljandann. Hann verður einnig að sýna fram á að hindrun þriðja manns sé þess eðlis sem um getur í 2. mgr. Á hinn bóginn getur verið að ekki sé heldur nóg að sýna fram á að slík skilyrði séu fyrir hendi að því er varðar þriðja mann ef seljandi gat engu síður sigrast á hindrun með því að fá annan aðila til að afhenda sömu framleiðsluvöru í vélarhlutann.

Í 4. mgr., sem er samhljóða 3. mgr. 27. gr. kaupalaga, kemur fram sú regla að seljandi sé aðeins laus undan ábyrgð þann tíma sem hindrun varir. Því útilokar hindrun sem varir skamman tíma ekki ábyrgð ef sá tími, sem til ráðstöfunar er eftir að hindrun féll brott, nægir til þess að efna samninginn í tíma. Ef hindrun stendur fram yfir umsaminn afhendingartíma getur seljandi þó orðið bótaskyldur fyrir þann hluta seinkunar sem varð eftir að afleiðingar

hindrunar féllu brott. Þó getur þetta því aðeins orðið að seljandi hafi haft þá skyldu að efna kaupin skv. 21. gr. en hann látið það hjá líða. Samkvæmt þessu á ákvæðið því aðeins við að hindrun sé tímabundin en ekki varanleg.

Í 5. mgr. er kveðið á um að um fjárhæð skaðabóta fari eftir XI. kafla frumvarpsins.

Um 25. gr.

Í 28. gr. kaupalaga er að finna ákvæði sem er sambærilegt við 25. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu seljanda til að tilkynna neytanda um hindrun sem kemur í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupin á réttum tíma og áhrif hennar á möguleika á efndum. Slíkar upplýsingar geta haft mikla þýðingu fyrir neytanda þar sem hann getur í mörgum tilfellum gripið til tímabundinna eða varanlegra aðgerða til þess að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar greiðsludráttar.

Tilkynningarskylda seljanda samkvæmt ákvæðinu verður raunhæf þegar hindrun hefur orðið eða þegar búast má við að hindrun verði sem skiptir máli fyrir réttar efndir. Það skiptir hvorki máli hvers eðlis hindrun er né heldur hvort hún stafar af ástæðum sem seljandi gat haft áhrif á skv. 24. gr. Tilkynningarskylda stofnast hins vegar ekki þegar seljandi getur með réttu gert ráð fyrir að afstýra megi yfirvofandi hindrun.

Í tilkynningu seljanda skal koma fram hver hindrunin er og hver áhrif hún hefur á möguleika hans til efnda. Ber seljanda þannig að taka fram hvort seinkun er tímabundin eða ekki, hvort hún varðar allt hið keypta eða aðeins hluta þess og hvort hugsanlega sé unnt að efna kaupin á annan hátt.

Í 2. málsl. frumvarpsgreinarinnar er regla sem mælir fyrir um bætur til handa neytanda fái hann ekki slíka tilkynningu sem að framan greinir. Er reglan óháð bótareglu 24. gr. frumvarpsins og eru skilyrði skaðabóta samkvæmt ákvæðinu tvíþætt. Í fyrsta lagi er það skilyrði að neytandinn hafi ekki fengið tilkynningu um hindrun innan hæfilegs tíma. Tilkynningar samkvæmt ákvæðinu eru sendar á áhættu seljandans andstætt því sem almennt gildir um áhættuna af sendingu tilkynninga skv. 4. gr. frumvarpsins. Ef seinkun verður á póstsamgöngum eða öðrum samgöngum, eða þær falla niður af óviðráðanlegum sökum, t.d. vegna verkfalla, er þó hugsanlegt að líta svo á að seljandi geti orðið laus úr ábyrgð með lögjöfnun frá 24. gr. Frestur samkvæmt ákvæðinu byrjar að líða um leið og seljandinn hefur fengið eða gat fengið vitneskju um hindrunina, en það hvað telst hæfilegur tími verður að meta út frá atvikum og aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig. Almennt verður þó líklega að krefjast skjótra viðbragða af hálfu seljanda.

Í öðru lagi er það skilyrði skaðabóta skv. 25. gr. að neytandinn hefði getað komist hjá tjóni ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara. Seljandinn verður með öðrum orðum ekki ábyrgur fyrir tjóni sem hefði orðið, hvað sem líður tilkynningu um hindrun. Samkvæmt þessu getur verið um að ræða tjón sem stafar af því að neytandinn getur ekki takmarkað það tjón sem verður vegna hindrunar á efndum. Slíkt tjón fellur undir gildissvið 52. gr. Reglan í 25. gr. á hins vegar við væri seljandinn ábyrgðarlaus samkvæmt reglunni í 24. gr. og réttlætir það tilvist hennar.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Eru úrræðin talin upp í 26. gr. en nánari grein gerð fyrir hverju úrræði fyrir sig í greinunum þar á eftir. Í 27. gr. er kveðið á um fresti neytanda til að tilkynna seljanda um að hann hyggist bera fyrir sig galla á söluhlut. Í 28. gr. er að finna ákvæði um rétt neytanda til að halda eftir kaupverði vegna galla á söluhlut. Í 29. og 30. gr. er kveðið á um rétt neytanda til að krefjast úrbóta eða nýrrar

afhendingar og framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar og felst í frumvarpinu nokkur víkkun á rétti neytanda til úrbóta miðað við gildandi rétt. 31. gr. hefur að geyma ákvæði um afslátt vegna galla á söluhlut og í 32. gr. er að finna reglur um riftun. Í 33. gr. er fjallað um skaðabætur vegna galla á söluhlut og í 34. gr. koma fram reglur um tjón á öðrum munum vegna galla í söluhlut. Í 35. gr. er fjallað um kröfur neytanda á hendur fyrri söluaðila vegna galla og í 36. gr. er að finna reglur um ábyrgð á upplýsingum.

Um 26. gr.

Ákvæði 26. gr. frumvarpsins er að efni til sambærilegt 30. gr. kaupalaga. Uppbygging og framsetning ákvæðisins er svipuð ákvæði 19. gr. frumvarpsins og með sambærilegu efni og má því almennt vísa til athugasemda við þá grein. Greinin gildir þegar um er að ræða galla á söluhlut, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Það skiptir ekki máli hver er ástæða gallans, en það er þó skilyrði að hann sé hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varða. Hvorki hugtakið *sök* né *aðstæður sem neytanda varða* vísar til vondrar trúar.

Í 1. mgr. ákvæðisins er að finna yfirlit yfir heimildir neytanda þegar söluhlutur er gallaður. Skv. a-lið 1. mgr. getur neytandi í fyrsta lagi haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt nánari fyrirmælum í 28. gr. Í öðru lagi getur neytandi skv. b-lið málsgreinarinnar valið á milli þess að krefjast úrbóta vegna galla eða afhendingar nýs söluhlutar í stað þess gallaða samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. frumvarpsins. Þá á neytandi rétt skv. c-lið til að krefjast afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr. og skv. d-lið getur hann krafist riftunar á grundvelli 32. gr. frumvarpsins. Loks getur neytandi skv. e-lið krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr. frumvarpsins.

Beiting einnar vanefndaheimildar útilokar ekki beitingu annarra heimilda og gildir í þeim efnum hið sama og skv. 19. gr. frumvarpsins. Upptalning frumvarpsgreinarinnar er heldur ekki tæmandi.

Í 2. mgr. er sérákvæði um það að réttur neytanda til skaðabóta falli ekki niður þótt aðrar kröfur séu gerðar eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Regla 3. mgr. 26. gr. svarar til 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Þá er ákvæðið í samræmi við 1. málsl. 5. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar um neytendakaup. Í ákvæðinu kemur fram að reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum af hálfu seljanda, eftir því sem við á, þ.e. við vanefndir á aukaskyldum. Um þýðingu fyrirvarans „eftir því sem við á“ vísast til athugasemda við 19. gr. Regla frumvarpsgreinarinnar er frávíkjanleg með sömu rökum og regla 2. mgr. 19. gr. Reglan er þó ekki frávíkjanleg varðandi skyldur seljanda til uppsetningar á söluhlut sem sérstaklega er kveðið á um í kaupsamningi. Er lagt til að þessi undantekning verði lögfest vegna ákvæða 3. málsl. 5. mgr. 2. gr. neytendakaupatilskipunarinnar.

Um 27. gr.

Ákvæði 27. gr. frumvarpsins er að mestu leyti í samræmi við ákvæði 32. og 33. gr. kaupalaga. Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu neytanda til að tilkynna seljanda um gallann ef hann ætlar að geta gert kröfu á hendur seljandanum vegna gallans.

Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið á um skyldu neytanda ef hann vill bera fyrir sig galla gagnvart seljanda til að tilkynna seljandanum um þetta innan hæfilegs tíma frá því að hann varð eða mátti verða var við galla. Fresturinn byrjar að líða þegar neytandinn varð galla var eða mátti verða hans var, en fresturinn getur aldrei byrjað að líða fyrr en áhættan af söluhlut hefur flust frá seljanda til neytanda.

Hvað telst „innan hæfilegs tíma“ í skilningi 1. mgr. 27. gr. fer eftir atvikum hverju sinni og er það mat ekki jafnstrangt í neytendakaupum og samkvæmt lögum um lausafjárkaup. Því

geta einstaklingsbundin atvik, t.d. fjarvistir og veikindi, auðveldlega skipt máli við mat á tímalengd samkvæmt ákvæðinu. Við mat á lengd frestsins getur einnig skipt máli um hvers konar kaup er að ræða, en eðli málsins samkvæmt er tilkynningarfrestur styttri varðandi hluti með stuttan endingartíma.

Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna það nýmæli að frestur neytanda til að leggja fram kvörtun vegna galla getur aldrei verið styttri en tveir mánuðir frá þeim tíma þegar neytandinn varð gallans var. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í lögum um lausafjárkaup, en það á fyrirmynd sína í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar um neytendakaup. Er ætlunin með ákvæðinu að tryggja rétt neytenda enn frekar en samkvæmt núgildandi kaupalögum. Tveggja mánaða fresturinn byrjar að líða þegar neytandi uppgötvar gallann. Það er ekki nægilegt til að fresturinn samkvæmt ákvæðinu byrji að líða að neytandinn hefði mátt uppgötva gallann. Hætta er á að erfiðleikar komi upp varðandi sönnun á því hvenær neytandi varð gallans var í raun og veru. Ber að túlka ákvæðið með hliðsjón af því að ekki er hægt að gera jafnstrangar kröfur til neytanda og seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu. Tveggja mánaða fresturinn byrjar að líða þó að neytanda sé ekki kunnugt um allar afleiðingar gallans, þar á meðal það hvaða kröfur hann getur gert vegna gallans.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. eru ekki gerðar ákveðnar formkröfur til tilkynningar neytanda um galla. Þá er hvorki nauðsynlegt fyrir neytanda að geta þess í tilkynningu sinni hvaða kröfur hann hyggst gera í tilefni vanefndanna né að hann tilkynni í hverju gallinn er fólginn. Af sönnunarástæðum getur þó verið hagkvæmt að tilkynning sé skrifleg. Afleiðingar þess að tilkynningarfrestur líður eru þær að neytandinn glatar rétti til þess að bera gallann fyrir sig.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins kveður á um hámarkstilkynningarfrest vegna galla. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 32. gr. kaupalaga. Frestur neytanda skv. 1. málsl. ákvæðisins er tvö ár og miðast upphaf hans við það þegar neytandi veitir söluhlut viðtöku. Fellur krafa neytanda brott eftir að fresturinn er liðinn án tillits til annarra atriða. Verður neytandi að halda sig innan frestsins skv. 1. mgr. þar sem tekið er tillit til huglægra atriða er varða aðila og hámarksfrests 2. mgr. til að geta borið fyrir sig galla á söluhlut. Undantekningu frá þessum skilyrðum er þó að finna í 2. málsl. 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar ef rekja má galla til þess að seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða hefur á annan hátt ekki komið fram á heiðarlegan hátt og verið í góðri trú.

Tiltölulega stuttur frestur til að tilkynna um galla er í flestum tilvikum heppilegastur. Seljandi hefur hagsmuni af því að geta losnað frá kaupunum eftir ákveðinn tíma án þess að þurfa að eiga á hættu síðbúnar kvartanir vegna galla. Þá er hætta á því að upp komi sönnunarvandamál ef kvartanir vegna galla berast löngu eftir að afhending söluhlutar hefur farið fram þar sem ákvörðun um það hvort hlutur er gallaður eða ekki ræðst af ástandi hlutarins á því tímamarki þegar áhættuflutningur verður. Verður að telja tveggja ára reglu frumvarpsgreinarinnar hentugan viðmiðunartíma þegar litið er til hagsmuna seljanda og viðskiptalífsins af því að búa við öryggi og hagsmuna neytanda af því að geta borið fyrir sig galla sem koma í ljós jafnvel löngu eftir afhendingu.

Í 2. málsl. 2. mgr. er að finna sérreglu um söluhluti, eða hluta þeirra, sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Er frestur til að bera fyrir sig galla um slíka hluti fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Ákvæðið er að nokkru leyti í samræmi við 3. mgr. 32. gr. kaupalaga þar sem kveðið er á um fimm ára frest til að bera fyrir sig galla við kaup á byggingarefni sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Þá er reglan í samræmi við ákvæði norskra laga um neytendakaup. Reglunni er ætlað að styrkja rétt neytenda, enda getur tveggja ára reglan verið ströng í garð neytanda þegar um er að ræða leynda galla við kaup á hlut sem á að endast lengi. Það getur gerst

að verulegir gallar komi ekki í ljós fyrr en löngu eftir afhendingu. Getur þá verið ósanngjarnt ef neytanda er með öllu ómögulegt að bera gallann fyrir sig ef hann tilkynnir um gallann innan hæfilegs tíma frá því að hann varð hans var.

Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.

Tveggja og fimm ára tilkynningarfrestir 2. mgr. 27. gr. líkjast venjulegum fyrningarfresti í því að krafa neytanda fellur alveg niður þegar liðinn er ákveðinn tími, óháð öðrum aðstæðum. Það er þetta sem greinir tveggja og fimm ára frestinn frá hinum afstæða tilkynningarfresti 1. mgr., en þegar um hann er að ræða fer lengd frestsins m.a. eftir huglægum atriðum sem varða aðila kaupsamnings.

Frestir skv. 1. og 2. mgr. líða samtímis. Krafa vegna gallans fellur niður þótt aðeins annar þeirra sé liðinn. Sjaldgæft er að afstæði fresturinn geti orðið tvö ár og þess vegna er krafan oftast fallin niður áður en tveggja eða fimm ára tímamarkinu er náð. Þetta þarf þó ekki að vera þegar um leynda galla er að ræða. Hins vegar glatast krafan í öllum tilvikum þegar tvö eða eftir atvikum fimm ár eru liðin frá afhendingu söluhlutarins.

Rétt er að taka fram að hafi afhending að nýju í skilningi 29. gr. frumvarpsins átt sér stað byrjar nýr tveggja ára frestur að líða frá því tímamarki er hinum nýja hlut var veitt viðtaka.

Álitamál er hvernig líta ber á tilkynningu sem berst of seint þegar svo stendur á að seljandinn hefur byrjað samningaviðræður við neytandann vegna galla án þess að gera fyrirvara um tilkynningarskortinn. Tilhneiging er til þess að líta svo á að seljandinn glati ekki rétti sínum til að bera fyrir sig galla í slíkum tilvikum þótt það geti valdið vafa.

Í 3. málsl. 2. mgr. kemur fram að frestir skv. 1. og 2. málsl. 2. mgr. gilda ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða með öðrum hætti tekið á sig ábyrgð á galla í lengri tíma. Ákvæðið er samhljóða 2. málsl. 2. mgr. 32. gr. kaupalaga. Ákvæðið hefur m.a. þá þýðingu að hafi seljandi ábyrgst söluhlut í lengri tíma en tvö eða fimm ár felur það einnig í sér að tilkynningarfresturinn verður lengri þótt ekkert segi berum orðum um hann í samningnum sjálfum. Það ræðst af túlkun ábyrgðaryfirlýsingar hvort tilkynningarfresturinn fellur niður samtímis því að ábyrgðin fellur úr gildi eða hvort hann fellur ekki úr gildi fyrr en liðinn er hæfilegur tími frá lokum ábyrgðartímabilsins.

Í ákveðnum tilfellum er unnt að túlka yfirlýsingu um ábyrgð þannig að hún nái einnig til þess að söluhlutur starfi rétt, þannig að seljandinn teljist hafa tekið á sig ábyrgð á vissum ágöllum á ábyrgðartímanum sem ekki er beinlínis hægt að rekja til galla á söluhlutnum sjálfum. Yfirlýsingar, sem seljandi hefur gefið í sambandi við söluhlut, geta haft sérstaka þýðingu í þessu sambandi þegar um er að ræða hluti sem augljóslega eiga að endast lengi. Upplýsingar seljanda um endingartíma hlutar geta verið þannig að í þeim felist ábyrgð á hinum tilgreinda endingartíma. Þó er það svo að ekki má túlka allar yfirlýsingar seljanda um endingu sem ábyrgðaryfirlýsingu af hans hálfu. Ef um er að ræða almennar upplýsingar um endingu er ekki unnt að túlka þær sem sérstaka ábyrgðaryfirlýsingu. Í vissum tilvikum er ekki óhugsandi að framferði seljanda teljist vera andstætt heiðarleika og góðri trú, þannig að fresturinn lengist samkvæmt ákvæðum 4. mgr.

Samkvæmt 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar má beina tilkynningu um galla að þeim sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr gallanum. Samkvæmt ákvæði í 4. gr., sbr. 5. gr. tilskipunar um neytendakaup er það lokaseljandi sem ber ábyrgð gagnvart neytanda ef hinn seldi hlutur reynist gallaður. Það er á ábyrgð seljandans að stefna til réttargæslu öðrum aðilum sem eru í samningskeðjunni ef hann telur að þeir kunni að bera ábyrgð í málinu, svo sem fyrri seljanda, framleiðanda o.s.frv. Að öðru leyti vísast til ákvæða 35. gr. frumvarpsins um kröfur á hendur fyrri söluaðila.

Í 1. málsl. 4. mgr. 27. gr. er kveðið á um að neytandi glati rétti til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann án ástæðulauss dráttar. Í ákvæði 2. málsl. 4. mgr., sem er sambærilegt við 33. gr. laga um lausafjárkaup, er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. 27. gr. geti neytandi borið fyrir sig galla ef seljandinn hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

Ákvæðið felur í sér undantekningu sem varðar afleiðingu þess að ekki var tilkynnt um galla í tíma þegar þau skilyrði eru fyrir hendi að seljandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er að öðru leyti ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

Sú háttsemi, sem talin er ámælisverð, verður að tengjast meintum galla á söluhlut samkvæmt ákvæðinu. Því skiptir ekki máli þótt seljandi hafi að öðru leyti sýnt af sér vítavert gáleysi eða háttsemi sem fer í bága við heiðarleika og góða trú.

Ákvæðið nær einkum yfir galla sem rekja má til atvika sem seljandinn vissi um eða gat ekki verið ómeðvitaður um en skýrði neytanda ekki frá. Sem dæmi um þetta má nefna þegar seljandi bifreiðar upplýsir ekki að bifreiðin hafi áður skemmst mikið í árekstri ef einmitt það atriði skiptir máli við mat á gallanum.

Ákvæði 4. mgr. felur það ekki í sér að neytandi geti dregið von úr viti að tilkynna um þá galla sem hann veit um. Ef neytandinn hefur dregið það mjög lengi stendur 4. mgr. ekki í vegi fyrir því að hann geti glatað rétti til þess að bera fyrir sig galla á grundvelli almennra tómlætis- og fyrningarreglna.

Um 28. gr.

Ákvæði 28. gr. er sambærilegt og ákvæði 20. gr. frumvarpsins um rétt neytanda til að halda eftir kaupverði ef um greiðsludrátt seljanda er að ræða, en í 28. gr. er fjallar um rétt neytanda til að halda eftir greiðslu ef upp kemur galli á söluhlut. Vísast til athugasemda við 20. gr. um frekari skýringar við ákvæðið.

Um 29. gr.

Frumvarpsgreinin er að mörgu leyti sambærileg við ákvæði 1. og 2. mgr. 34. gr. kaupalaga. Ekki þótti ástæða til að taka ákvæði 3. mgr. 34. gr. kaupalaga upp í frumvarpið þar sem ákvæði 33. gr. frumvarpsins um skaðabætur kemur í þess stað. Ákvæðið byggist einnig á 1.–4. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup.

Í 1. málsl. 1. mgr. ákvæðisins, sem er í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup, er fjallað um rétt neytanda sem fær afhentan gallaðan söluhlut til að velja á milli þess að krefjast þess að seljandi bæti úr galla á eigin kostnað, t.d. með viðgerð, eða afhendi honum nýjan söluhlut.

Samkvæmt ákvæðinu eru sömu skilyrði fyrir úrbótum og nýrri afhendingu og felst því í frumvarpinu nokkur víkkun á rétti neytanda til úrbóta miðað við gildandi rétt. Helsta skilyrði þess að neytandi geti krafist úrbóta eða nýrrar afhendingar er að söluhlutur sé haldinn galla

sem ekki verður rakinn til sakar af hálfu neytanda eða aðstæðna sem hann varða, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Skylda seljanda til úrbóta felur í sér skyldu til að koma söluhlut í það ástand sem neytandi getur krafist samkvæmt samningi aðila og skilgreiningu laganna á galla, sbr. f-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar um neytendakaup. Úrbætur geta einnig farið fram með þeim hætti að afhentir eru þeir fylgihlutir sem vantar með söluhlut. Neytandi á aðeins rétt á því að úrbæturnar svari til samningsskilmálanna. Hann getur því ekki krafist nýrrar vélar frá verksmiðju í gamla bifreið í stað þeirrar sem reyndist ónýt. Ákvæðið veitir neytandi rétt til að krefjast úrbóta af hálfu seljanda án tillits til þess hvers eðlis gallinn er eða hvort hann er verulegur eða ekki. Raunhæf þýðing ákvæðisins er mikil við minni háttar galla á söluhlut þar sem viðgerð er oft einfaldasta lausnin og á margan hátt erfiðara fyrir neytanda að leita annarra vanefndaúrræða.

Skylda seljanda til nýrrar afhendingar felur í sér skyldu seljanda til að afhenda nýjan hlut sem samsvarar söluhlut. Því er afhending að nýju fyrst og fremst raunhæf að því er varðar söluhluti sem eru seldir nýir. Það er þó ekki útilokað að unnt sé að krefjast nýrrar afhendingar á söluhlut sem hefur verið keyptur notaður. Í slíku tilfelli mundi það væntanlega skipta sköpum hvort unnt væri að finna hlut sem svaraði til söluhlutar. Því felst í skilyrði fyrir nýrri afhendingu að neytandi getur ekki krafist slíkrar afhendingar ef eiginleikar söluhlutar eru þannig að ekki er hægt að ætlast til þess með sanngirni að nýr hlutur komi í hans stað.

Samkvæmt ákvæðinu getur seljandi, svo lengi sem skilyrði laganna eru uppfyllt, falið öðrum en starfsfólki sínu að aðstoða sig við úrbætur og nýja afhendingu.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar á réttur neytanda til úrbóta eða nýrrar afhendingar ekki við ef fyrir hendi er hindrun sem seljandi ræður ekki við eða ef úrbætur eða ný afhending hafa í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda. Í 11. lið í formála tilskipunar um neytendakaup er kveðið á um að meta beri hlutlægt hvort krafa um úrbætur eða nýja afhendingu sé óhófleg. Er þar að finna þá leiðbeiningarreglu að úrræði teljist óhóflegt ef það felur í sér ósanngjarnan kostnað í samanburði við önnur úrræði, þ.e. ef kostnaður við úrræðið er verulega hærri en við önnur úrræði.

Ef seljandi ber slíkt fyrir sig, hvílir jafnframt á honum skylda til að sýna fram á að fyrir hendi séu þessi skilyrði ákvæðisins til undanþágu frá skyldu hans til úrbóta eða nýrrar afhendingar. Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup og að nokkru leyti sambærilegt við 34. gr. kaupalaga. Kostnaður seljanda í skilningi ákvæðisins verður að túlkast rúmt og felst því ekki í honum aðeins beinn útlagður kostnaður seljanda við t.d. innkaup á efni, heldur einnig not á vinnuafli og tækjum sem tengjast viðgerð eða gerð nýs hlutar. Úrbætur samkvæmt ákvæðinu eru alfarið á kostnað seljanda, þ.m.t. nauðsynlegur kostnaður af sendingu hlutarins.

Ábyrgð seljanda samkvæmt ákvæðinu er hrein hlutlæg ábyrgð með hliðstæðum hætti og gildir um afslátt skv. 31. gr. frumvarpsins.

Ef úrbætur eiga að fara fram hjá neytanda ber seljandanum að standa straum af ferðakostnaði sínum og starfsmanna sinna í því sambandi. Þá verður seljandinn og að bæta óhjákvæmileg útgjöld sem neytandinn hefur haft af úrbótum, svo sem sendingarkostnað og símakostnað. Einnig getur komið til álita að seljandi verði að bæta leigu af öðrum hlut meðan söluhlutur er í viðgerð.

Það er skylda neytanda að aðstoða seljanda með sanngjörnum hætti við úrbæturnar, t.d. með því að sjá um að senda hlut til seljanda ef eftir því er óskað. Neytanda ber þó ekki skylda til þess að leggja út fyrir sendingarkostnaði, en í framkvæmd mun hann án efa oftast gera það og krefja síðan seljandann um endurgreiðslu. Ef um er að ræða kaup á varningi sem keyptur

er af seljanda í næsta nágrenni neytanda er yfirleitt sanngjarnt að neytandinn sjái um að koma hlutnum til seljanda og sækja hann þangað að úrbótum loknum.

Í 2. mgr. eru talin upp atriði sem skipta máli við mat á því hvort kostnaður skv. 2. málsl. 1. mgr. sé ósanngjarn. Byggist ákvæðið á 2. lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup og felst ekki í því tæmandi talning á því hvað leggja ber til grundvallar við matið. Samkvæmt málsgreininni skal við matið taka tillit til verðmætis ógallaðs söluhlutar. Í þessu felst að við sölu á ódýrari vörum mundi sjaldnar vera hægt að neita nýrri afhendingu en við sölu á dýrari hlutum. Einnig skal taka tillit til þýðingar gallans fyrir neytandann og þess hvort unnt er að beita öðrum úrræðum án verulegs óhagræðis fyrir neytandann. Því verður að fara fram heildstætt mat á aðstæðum.

Í 3. mgr. er ákvæði sem svipar til 36. gr. kaupalaga þar sem kveðið er á um rétt seljanda til þess að bæta úr galla á söluhlut eða afhenda aðra hluti í stað þess gallaða. Afleiðingar þessa eru að neytandi getur ekki krafist afsláttar eða riftunar. Ákvæðið er einnig í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 99/44/EB um neytendakaup.

Skilyrði beitingar ákvæðisins er í fyrsta lagi að neytandi hafi hvorki krafist úrbóta eða nýrrar afhendingar. Er það í samræmi við rétt neytanda til að velja á milli úrræðanna skv. 1. mgr. greinarinnar. Ef neytandi hefur valið að krefjast úrbóta getur seljandi ekki ákveðið að afhenda nýjan söluhlut, heldur verður hann að hlíta vali neytandans, nema fyrir hendi sé hindrun eða það hafi í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda. Ákvæði 3. mgr. kemur ekki í veg fyrir að neytandi geti nýtt rétt sinn skv. 1. mgr. til að velja milli úrræða eftir að seljandi hefur boðið ákveðið úrræði. Verður seljandi í slíku tilviki að beygja sig fyrir ákvörðun neytanda. Í öðru lagi er það skilyrði samkvæmt ákvæðinu að tilboð seljanda um úrbætur eða nýja afhendingu sé í samræmi við lögin. Þriðja skilyrði þess að seljandi geti bætt úr galla eða afhent nýjan söluhlut er að hann geri það „án tafar“. Byggist skilyrðið á því að neytandi hafi hagsmuni af því að vita um það sem fyrst hvort seljandi ætli að bjóða úrbætur eða nýja afhendingu. Í skilyrðinu felst ekki að seljandi verði að ákveða sig strax þegar neytandi tilkynnir honum um gallann, heldur er eðlilegt að seljandinn fái nokkurn tíma til að rannsaka söluhlutinn t.d. til að sjá hvort fyrir liggi galli eða kanna hversu umfangsmikill gallinn sé.

Um 30. gr.

Ákvæðið fjallar um framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar seljanda og miðar að hluta að því að skýra gildandi réttarástand að því er þetta varðar, en að hluta hefur ákvæðið í för með sér aukin réttindi neytenda. Ákvæðið gildir bæði þegar neytandi krefst úrbóta eða nýrrar afhendingar og í þeim tilvikum þar sem seljandinn býður upp á lagfæringu eða afhendingu að nýju.

Í 1. mgr. má sjá þætti úr bæði 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga um lausafjárkaup. Í málsgreininni er að finna grundvallarreglur um þær kröfur sem gerðar eru til seljanda við úrbætur og afhendingu að nýju. Þannig er í ákvæðinu í fyrsta lagi kveðið á um að úrbætur og ný afhending skulu fara fram án kostnaðar fyrir neytanda. Undir þetta fellur hvers konar kostnaður sem rekja má til þessa. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að neytandinn geti orðið að leggja út fyrir einhverjum kostnaði vegna úrbóta eða nýrrar afhendingar, en seljandi verður að endurgreiða slíkan kostnað.

Í öðru lagi mega úrbætur og ný afhending ekki hafa í för með sér verulegt óhagræði fyrir neytandann. Þetta skilyrði kemur nú fram í 1. mgr. 36. gr. kaupalaga þar sem kveðið er á um heimild seljanda til að bæta úr galla eða afhenda nýjan söluhlut þó að kaupandi krefjist þess ekki. Sambærilegt skilyrði er hins vegar ekki að finna í 34. gr. kaupalaga, hinu almenna ákvæði um rétt kaupanda til að krefjast úrbóta og nýrrar afhendingar. Ákvæðið er hins vegar

í samræmi við 3. lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup. Við mat á því hvað telst til verulegs óhagræðis fyrir neytanda verður m.a. að taka tillit til eðlis söluhlutar og tilgangs neytanda með kaupum á söluhlut. Þannig getur seljandi ekki að eigin frumkvæði krafist þess að hann bæti galla á söluhlut ef neytandi getur ekki verið án hlutarins á meðan hann bíður eftir að gert sé við hlutinn og ekki er hægt að útvega sambærilegan hlut í staðinn á meðan söluhlutur er í viðgerð. Það getur einnig talist til verulegs óhagræðis ef úrbætur eða ný afhending taka svo langan tíma að það má líkja því við afhendingardrátt af hálfu seljanda sem réttlætir riftun. Þrátt fyrir þessar viðmiðanir getur verið erfitt að sýna fram á að úrbætur eða ný afhending seljanda hafi í för með sér verulegt óhagræði fyrir neytanda. Þó að lagfæring á söluhlut taki langan tíma er oft hægt að halda því fram að óhægræðið fyrir neytandann sé óverulegt. Sem dæmi má nefna að þegar um er að ræða rafmagnstæki, húsgögn eða gluggatjöld, nægir ekki að neytandi sé pirraður á að hafa ekki söluhlut hjá sér til að um verulegt óhagræði sé að ræða.

Í þriðja lagi verða úrbætur og ný afhending að eiga sér stað innan hæfilegs tíma. Leiða má þessa reglu óbeint af 1. mgr. 37. gr. kaupalaga og felur hún í sér að seljanda ber að hraða úrbótum eða afhendingu að nýju. Ekki er þó hægt að ætlast til að seljandi bregðist strax við kröfu neytanda um úrbætur eða nýja afhendingu eða tilkynningu neytanda um að hann hyggist bera fyrir sig galla. Við mat á því hvað telst hæfilegur tími hefur það áhrif hvort neytandinn fær sambærilegan söluhlut á meðan hann bíður eftir lagfæringum eða nýjum söluhlut. Fresturinn reiknast frá þeim tíma sem neytandi krefst úrbóta eða nýrrar afhendingar eða frá þeim tíma þegar neytandi tekur tilboði seljanda um úrbætur eða nýja afhendingu.

Í fjórða lagi verða úrbætur og ný afhending að fara fram þannig að neytandi fái bætt útgjöld sín hjá seljanda. Nú er sambærilega reglu að finna í 1. mgr. 36. gr. kaupalaga. Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir því að neytandinn geti þurft að leggja út fyrir t.d. sendingarkostnaði þegar gallaður söluhlutur er sendur til seljanda til viðgerðar. Ákvæðið mælir hins vegar fyrir um að seljanda beri að endurgreiða neytanda allan kostnað sem hann hefur haft vegna galla söluhlutar.

2., 3. og 4. mgr. 30. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í lögum um lausafjárkaup.

Samkvæmt 2. mgr. hefur seljandi ekki rétt á að bæta úr sama galla eða afhenda nýjan söluhlut vegna sama galla oftar en tvisvar sinnum. Þó geta komið upp sérstakar aðstæður sem réttlæta undantekningu frá meginreglu ákvæðisins. Ákvæðið á við bæði þegar úrbætur eða ný afhending fara fram að kröfu neytanda og þegar seljandi býður slíkt fram. Eðlilegt þykir að kveða skýrt á um leyfilegan fjölda úrbóta eða afhendinga seljanda til að tryggja réttarstöðu neytanda og er lagt til að miðað verði við, að norskri fyrirmynd, að seljandi geti bætt úr sama galla tvisvar. Byggist það m.a. á því að þrjár tilraunir til úrbóta eða nýrrar afhendingar af hálfu seljanda mundu í flestum tilvikum taka óhæfilega langan tíma.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt neytanda til að fá hlut, sem er sambærilegur söluhlut, til umráða ef úrbætur eða ný afhending hafa það í för með sér að neytandi getur ekki notað söluhlut í meira en eina viku. Ákvæðið á þó aðeins við ef krafan telst sanngjörn með hliðsjón af þörfum neytanda og þeim kostnaði og óhagræði sem það hefur í för með sér fyrir seljanda.

Í ákvæði 4. mgr. er að finna reglur um kostnaðarskiptingu þegar galli reynist ekki vera fyrir hendi. Nær regla málsgreinarinnar bæði til kostnaðar vegna nauðsynlegra athugana sem miða að því að komast að raun um hvort söluhlutur er haldinn galla og kostnaðar vegna lagfæringa á söluhlut. Samkvæmt ákvæðinu hefur seljandi upplýsingaskyldu gagnvart neytanda varðandi viðgerðarkostnað bæði þegar um er að ræða úrbætur eða nýja afhendingu samkvæmt kröfu neytanda og þegar seljandi býður fram viðgerðir eða afhendingu að nýju. Seljandi getur því aðeins krafist greiðslu úr hendi neytanda vegna athugana og lagfæringa ef

hann hefur gert neytanda það ljóst að hann þurfi sjálfur að bera umræddan kostnað. Í þessu felst að seljandi verður á skýran hátt að gera neytanda grein fyrir þessu. Þó verður ekki gerð krafa um að upplýsingar seljanda séu skriflegar. Það er einnig skilyrði samkvæmt ákvæðinu að seljandi gefi upplýsingarnar eftir að gallinn hefur komið upp. Samkvæmt ákvæðinu getur seljandi aðeins krafist greiðslu á kostnaði sem var nauðsynlegur. Því verður athugun seljanda að hafa verið gerð á forsvaranlegan máta og að aðeins sé um að ræða útgjöld sem með beinum hætti tengjast athuguninni. Sams konar upplýsingaskylda gildir við lagfæringar á söluhlut af hálfu seljanda og eru rökin fyrir þeirri reglu að seljandi geti ekki gert við söluhlut á kostnað neytanda án þess að neytanda hafi fyrir fram verið gerð grein fyrir því.

Um 31. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um heimildir neytanda til að krefjast afsláttar af kaupverði söluhlutar þegar ekki er bætt úr galla á söluhlut með úrbótum eða afhendingu að nýju. Þá er kveðið á um hvernig afsláttur skal reiknaður út. Ákvæðið byggist á 37. og 38. gr. kaupalaga, en víkur þó frá innihaldi þeirra þar sem frumvarpsgreinin heimilar í undantekningartilvikum afslátt þrátt fyrir að gallinn feli ekki í sér verðmætarýrnun. Byggist undantekningin á 5. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup.

Í 1. mgr. 31. gr. er kveðið á um rétt neytanda til afsláttar ef söluhlutur er gallaður. Skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins eru þau í fyrsta lagi að fyrir liggi galli og í öðru lagi að ekki hafi orðið af úrbótum eða afhendingu að nýju.

Í 2. málsl. 1. mgr. kemur fram regla sem segir til um það hvernig skal reikna út afsláttinn. Er ákvæðið samhljóða ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 38. gr. kaupalaga, en byggist einnig á 5. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup. Hlutfallið milli afsláttarverðsins og kaupverðsins skal vera hið sama og hlutfallið milli verðmætis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi. Ef neytandinn hefur keypt hlutinn undir markaðsverði verður afslátturinn lægri en sem nemur verðmætisrýrnun hlutarins því að hann reiknast ekki af markaðsvirðinu heldur út frá umsömdu kaupverði. Á sama hátt verður afslátturinn hærri en sem nemur verðmætisrýrnunni ef neytandinn hefur keypt hlutinn yfir markaðsverði.

Í gildandi lögum eru ekki afdráttarlaus ákvæði um hvaða tímamark skal leggja til grundvallar við ákvörðun á verðmæti hlutarins. Samkvæmt frumvarpinu er það afhendingartíminn sem miða skal við, þ.e. hinn raunverulegi afhendingartími en ekki umsaminn afhendingartími ef hann er ekki sá sami.

Afsláttarkrafa stendur ekki í vegi fyrir því að neytandinn geti einnig krafist skaðabóta. En þýðingarmikið er í því sambandi að hafa í huga að neytandinn getur ekki fengið skaðabætur fyrir þann hluta tjóns sem afslátturinn bætir.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er að finna undantekningarreglu. Reglunni er fyrst og fremst ætlað að ná yfir þau tilvik þar sem neytandi getur ekki sýnt fram á verðrýrnun söluhlutar vegna galla, en samkvæmt meginreglu 1. mgr. ætti í neytandi í slíkum tilvikum ekki að hafa grundvöll til að krefjast afsláttar. Ákvæðið á þó ekki einungis við þau tilvik þar sem engin verðrýrnun verður á söluhlut vegna galla. Sérstaklega getur það haft þýðingu í tilvikum þar sem verðrýrnun má rekja til útlitsgalla söluhlutar. Ákvæðinu er einungis ætlað að gilda í undantekningartilvikum og þá sérstaklega þegar neytandi getur ekki gripið til annarra úrræða.

Í ákvæði 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram sú sérregla að neytandi getur ekki krafist afsláttar þegar um er að ræða sölu notaðra hluta á uppboði þar sem neytandi hafði möguleika á að vera viðstaddur. Ákvæðið er að mestu leyti í samræmi við 2. mgr. 37. gr. kaupalaga, en breytingar sem gerðar hafa verið á því ákvæði varðandi kröfuna um að neyt-

andi hafi haft möguleika á að vera viðstaddur uppboðið má rekja til 3. mgr. 1. gr. tilskipunar um neytendakaup, sbr. skýringar við 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Rökin fyrir ákvæðinu eru þau að hér er um að ræða sérstaka aðferð við sölu þar sem hlutur er venjulega seldur í því ástandi sem hann er í og neytandi ákveður sjálfur að nokkru endurgjaldið fyrir hlutinn.

Um 32. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við1. mgr. 39. gr. kaupalaga, en nokkur breyting hefur verið gerð á ákvæðinu sem byggist á 6. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup.

Í ákvæðinu er kveðið á um að neytandi geti í stað þess að krefjast afsláttar rift kaupum ef galli er ekki óverulegur. Það leiðir af orðum ákvæðisins að neytandi geti „í stað afsláttar“ krafist riftunar að skilyrði 31. gr. frumvarpsins þurfa að vera uppfyllt. Þannig má ekki hafa verið bætt úr gallanum eða nýr söluhlutur afhentur.

Ætlunin með orðalagsbreytingu ákvæðisins frá 1. mgr. 39. gr. kaupalaga er að gera riftunarskilyrði laga um neytendakaup sem líkust skilyrðum 5. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup. Þrátt fyrir breytt orðalag mun þó enn verða hægt að líta til þeirra viðmiða sem almennt hafa verið talin gilda við mat á því hvort neytandi á rétt til riftunar. Byggist ákvörðunin því á ákveðnu heildarmati þar sem m.a. er litið til þess hvort unnt er að bæta úr gallanum eða ekki og þess tíma og óhagræðis sem neytandi hefur af úrbótum.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skaðabótaábyrgð seljanda gagnvart neytanda vegna galla á söluhlut. Í 1. mgr. er lagt til að hlutlæg ábyrgð verði hinn almenni bótagrundvöllur vegna galla. Þannig á neytandi rétt á skaðabótum fyrir sérhvert fjárhagslegt tjón sem hann verður fyrir vegna galla. Reglan takmarkast þó af ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. 52. gr. frumvarpsins um umfang skaðabóta. Samkvæmt ákvæðinu gilda þannig ólíkar reglur um skaðabótaábyrgð vegna galla og skaðabótaábyrgð vegna greiðsludráttar. Með því að leggja til hreina hlutlæga ábyrgð vegna galla er unnt að einfalda reglur laganna til muna frá því sem nú er og þannig gera ákvæði laga um neytendakaup skýrari og gagnsærri en ákvæði núgildandi kaupalaga eru. Er tillagan í samræmi við ákvæði norskra laga um neytendakaup og finnskra laga um neytendavernd.

Í 2. mgr. er kveðið á um að um fjárhæð skaðabóta fari samkvæmt reglum XI. kafla laganna.

Um 34. gr.

Í 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins er kveðið á um skaðabótaábyrgð seljanda af völdum galla vegna tjóns á öðru en söluhlutnum sjálfum.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skaðabótaábyrgð seljanda nái til tjóns á hlutum sem söluhluturinn var notaður til framleiðslu á eða standa í nánu sambandi við fyrirhuguð not hans. Ákvæðið á því við þegar söluhlutur hefur eiginleika sem valda tjóni á öðrum hlutum. Ákvæðið er í sjálfu sér ekki hugsað til þess að afmarka gildissvið laga um neytendakaup annars vegar og laga um skaðsemisábyrgð hins vegar, en eigi að síður felast í því ákveðnar leiðbeiningarreglur um mörk milli gildissviða þessara reglna. Aðalreglan er að ábyrgð á slíku tjóni heyri undir almennar reglur um skaðsemisábyrgð. Hins vegar skarast gildissvið þessara reglna og geta mörk milli þeirra aldrei orðið nákvæm.

Í 2. mgr. er kveðið á um ábyrgð seljanda vegna annars tjóns á munum en um getur í 1. mgr. og er reglan sú að neytandi getur krafist skaðabóta vegna slíks tjóns. Reglan gildir þó ekki ef seljanda tekst að sýna fram á að tjónið verði ekki rakið til mistaka eða vanrækslu af

hálfu seljanda. Er því um að ræða sakarreglu þar sem sönnunarbyrðinni er snúið við. Tilgangur ákvæðisins er að einfalda neytendum að sækja skaðabætur þar sem það er yfirleitt til muna auðveldara fyrir neytanda að krefja seljanda í sínu nágrenni um bætur en að snúa sér til framleiðanda vörunnar. Reglan kemur einnig í veg fyrir að neytandi þurfi samtímis að krefja fleiri en einn aðila um bætur vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir.

Í 3. mgr. er loks kveðið á um að þegar seljandi greiðir skaðabætur vegna tjóns á öðrum munum en sjálfum söluhlutnum tekur hann yfir kröfur neytanda á hendur framleiðanda samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð.

Um 35. gr.

Frumvarpsgrein þessi fjallar um rétt neytanda til þess að gera gallakröfu á hendur fyrri söluaðila.

1. mgr., sem er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 84. gr. kaupalaga, veitir neytanda almenna heimild til að gera kröfu vegna galla á hendur fyrri söluaðila þannig að neytandinn gengur inn í rétt seljanda. Ekki er gerð nein krafa um það að seljandinn framselji neytanda kröfu sína. Í ákvæðinu er þó að finna ákveðin skilyrði fyrir því að neytandi geti gert slíka kröfu.

Í fyrsta lagi takmarkast ákvæðið við kröfu vegna galla á söluhlut og á því ekki við í öðrum tilvikum þar sem bótakrafa getur skapast, t.d. þegar um kröfu vegna greiðsludráttar er að ræða.

Í öðru lagi er það skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að seljandi eða annar sem öðlast hefur söluhlut frá fyrri söluaðila geti gert sams konar kröfu vegna gallans. Réttur neytanda getur því verið minni á hendur fyrri söluaðila en gagnvart seljandanum, t.d. á grundvelli ábyrgðarleysisákvæðis eða söluskilmála við fyrri sölu. Krafa neytanda á hendur fyrri söluaðila getur einnig náð lengra en krafan á hendur seljandanum. Þetta getur t.d. átt við í því tilviki þegar neytandinn hefur keypt hlutinn með fyrirvara sem ekki gilti við fyrri sölu. Með orðalaginu „sams konar krafa“ er bæði verið að vísa til eðlis kröfu og umfangs. Krafa á hendur fyrri söluaðila verður aðeins borin fram að því marki sem fyrri söluaðili ber ábyrgð á galla gagnvart seljanda. Bæði krafa um afslátt og skaðabætur við riftun getur verið hærri í hendi neytanda en í hendi seljanda. Mismuninn verður neytandinn í slíkum tilvikum að reyna að fá hjá öðrum, t.d. seljandanum.

Það hver telst fyrri söluaðili er metið út frá neytandanum. Sá sem selt hefur seljandanum hlutinn, eftir atvikum heildsali eða framleiðandi, telst því fyrri söluaðili samkvæmt ákvæðinu.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um sambandið milli krafna skv. 1. mgr. og samninga við fyrri sölur. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 84. gr. laga um lausafjárkaup. Í ákvæðinu felst að kröfu neytandans á hendur fyrri söluaðila verður ekki vikið til hliðar í samningi milli þessa söluaðila og seljandans í ríkara mæli en hægt hefði verið að semja um milli seljandans og neytanda. Neytandinn öðlast þar með sömu ófrávíkjanlegu gallaheimildirnar á hendur fyrri söluaðila eins og á hendur seljandanum.

Í 3. mgr. er tekið fram að ákvæði 27. gr. frumvarpsins um tilkynningar gildi um kröfur neytanda á hendur fyrri söluaðila. Samkvæmt ákvæðinu getur frestur neytanda til tilkynninga á hendur fyrri söluaðila verið lengri en frestur seljanda til að senda tilkynningu til sama söluaðila. Þykir eðlilegt að miða við sama frest og gildir þegar neytandi gerir kröfu beint á hendur seljanda, en frestur 1. mgr. 27. gr. byggist á 2. mgr. 5. gr. tilskipunar um neytendakaup.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að neytandi geti með sömu skilyrðum og í 1.–3. mgr. frumvarpsgreinarinnar gert kröfu vegna galla á hendur aðila sem samkvæmt samningi við seljanda

eða fyrri söluaðila hefur framkvæmt vinnu við hlutinn. Ákvæðið á sér fyrirmynd í norskum lögum um neytendakaup, en sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum um lausafjárkaup.

Í 5. mgr. kemur fram að neytandi getur einnig gert kröfu á grundvelli 1. mgr. 84. gr. laga um lausafjárkaup ef það veitir honum víðtækari rétt en hann fær skv. 35. gr. frumvarpsins.

Loks er kveðið á um það í 6. mgr. frumvarpsgreinarinnar að fyrri söluaðila sé óheimilt að skuldajafna kröfu sem hann á á hendur seljanda á móti kröfu neytanda á hendur fyrri söluaðila. Er ákvæðinu ætlað að taka af skarið um þetta efni, en nokkur óvissa hefur ríkt samkvæmt gildandi lögum um heimild til skuldajöfnunar í tilvikum sem þessum.

Um 36. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við fyrri málslið 86. gr. kaupalaga. Það felur í sér að sá sem búið hefur hlut til eða annar fyrri söluaðili ber ábyrgð á tjóni sem neytandinn verður fyrir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nefndar eru í 2. mgr. 16. gr., en þar er fjallað um upplýsingar sem fram koma á umbúðum söluhlutar, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu.

Þrátt fyrir það að ábyrgð þriðja manns falli almennt utan gildissviðs almennra skaðabótareglna í frumvarpinu þykir ástæða til að hafa þar sérstakt ákvæði um ábyrgð aðila, sem komu að málum fyrr í söluferlinu, á upplýsingum sem þeir hafa gefið um söluhlutinn. Ákvæðið gengur ekki lengra en leiða mundi af almennum skaðabótareglum, en rétt þykir að afmarka þessa ábyrgð nánar.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um skyldur neytanda gagnvart seljanda. Í 37. gr. er kveðið á um kaupverð söluhlutar, en í 38. gr. er fjallað um greiðslu kaupverðs og rétt neytanda til að halda eftir kaupverði. Í 39. gr. er að finna ákvæði um greiðslustað kaupverðs og í 40. gr. koma fram reglur um atbeina neytanda að efndum kaupa.

Um 37. gr.

Í 37. gr. frumvarpsins er fjallað um kaupverð og byggist ákvæðið að mestu á 45. gr. kaupalaga, en felur þó í sér nokkrar breytingar.

1. mgr. 37. gr. er samhljóða 1. mgr. 45. gr. kaupalaga. Af ákvæðinu leiðir að aðilum er frjálst að semja um kaupverð, en í því er fjallað um þegar kaupverðið leiðir ekki af samningi aðila. Ef heildarverð söluhlutar kemur skýrt fram í samningi eða verð á einingu ber að sjálfsögðu að leggja það verð til grundvallar. Þá getur verðið einnig komið fram á annan hátt, t.d. með því að skírskotað er til verðskráningar á tilteknum markaði. Ef seljandi hefur verðlista sem tekur einnig til þeirra kaupa, sem um er að ræða, má oft ganga út frá því að samið hafi verið um það verð sem fram kemur á verðlistanum. Hafi seljandinn eða annar á hans vegum gefið upp tiltekið verð við markaðssetningu á vöru má yfirleitt líta svo á að um það verð hafi verið samið, nema því aðeins að gerðar hafi verið á því breytingar fyrir kaupin eða samið hafi verið um annað verð berum orðum. Fyrri samningar milli aðila geta einnig gefið vísbendingar um kaupverð.

Þegar kaupsamningur hefur verið gerður en ekki hefur verið samið um kaupverðið ber neytanda samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. að greiða það gangverð sem sams konar hlutir, seldir við svipaðar aðstæður, hafa á samningstímanum, enda sé verðið ekki ósanngjarnt.

Með hugtakinu gangverð í ákvæðinu er yfirleitt átt við það verð sem seljandi selur sambærilega hluti á, nema hann selji á hærra verði en aðrir innan greinarinnar. Þegar gangverð er fundið þarf því m.a. að bera saman verð á sambærilegu sölustigi. Þá verður einnig að taka

tillit til greiðsluskilmála, gæða vörunnar, þeirrar þjónustu sem fylgir, hvar afhenda á vöruna o.s.frv. Þá verður að taka tillit til mismunandi verðlags á staðnum. Yfirleitt mundi vera eðlilegt að leggja til grundvallar gangverð þar sem atvinnustöð seljanda er.

Það er gangverðið við samningsgerðina sem leggja ber til grundvallar skv. 1. mgr. 37. gr. Hafi seljandi gert almennan fyrirvara um verðbreytingar er þó eðlilegast að leggja til grundvallar verðið á afhendingartíma. Gangverð það sem um ræðir má ekki vera ósanngjarnt. Yfirleitt mundi mega telja gangverðið sanngjarnt, en í vissum tilvikum þarf ekki svo að vera, t.d. þar sem um er að ræða fákeppni eða einokunaraðstöðu.

Í síðari málslið 1. mgr. er mælt fyrir um hvaða verð neytandi skuli greiða ef ekki er um neitt gangverð á söluhlut að ræða. Ber neytanda þá að greiða það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutarins, gæði hans og atvik að öðru leyti. Með orðunum „atvik að öðru leyti“ er t.d. átt við verðlista.

Í 2. mgr. 37. gr. er að finna ákvæði sem er samhljóða 46. gr. kaupalaga. Í ákvæðinu er fjallað um það tímamark sem miða skal við þegar kaupverð ræðst af fjölda, máli eða þyngd. Ber í slíkum tilvikum að miða við þann tíma þegar áhættan af söluhlut flyst frá seljanda til neytanda. Ákvæðið getur t.d. haft þýðingu þegar magn söluhlutar ræðst af eiginleikum söluhlutar, flutningi hans o.fl.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram að þegar kaupverð er ákveðið eftir þyngd skal fyrst draga frá þyngd umbúða. Á 2. málsl. einungis við um þyngd en hvorki fjölda né mál. Ákvæðið getur t.d. átt við venjulegar matvörur þar sem verð og þyngd kemur fram á umbúðunum.

Ákvæði 3. mgr. 37. gr. á sér hliðstæðu í 1. málsl. 2. mgr. 45. gr. kaupalaga. Samkvæmt ákvæðinu getur seljandi ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikninga. Reglan byggist á því að seljandinn eigi ekki að geta krafið neytandann um hærri fjárhæð en sem nemur umsömdu verði söluhlutarins, en eðlilegra þykir að seljandinn beri þennan kostnað fremur en neytandinn. Ákvæðið fjallar ekki um annan kostnað en kostnað við útgáfu og sendingu reiknings, en annar kostnaður eða viðbót við kaupverð getur t.d. verið tengdur sendingu hlutar og verður hans heldur ekki krafist til viðbótar kaupverðinu, nema slíkt eigi sér stoð í samningi eða venju.

Um 38. gr.

Í 38. gr. frumvarpsins er fjallað um greiðslu kaupverðs og rétt neytanda til að halda eftir kaupverði. Ákvæðið er að hluta til sambærilegt við 1. og 2. mgr. 49. gr. kaupalaga.

Í 1. mgr. er kveðið á um greiðslutíma. Þar kemur fram að neytandi skuli greiða kaupverð þegar seljandi krefst þess ef greiðslutíma leiðir ekki af kaupsamningi. Krafa seljanda um greiðslu getur t.d. komið fram með því að hann sendir neytanda reikning, en ef ekki kemur fram neinn frestur af hálfu seljanda þegar hann krefst greiðslu ber neytanda að greiða kaupverðið um hæl. Það er því ljóst af ákvæðinu að aðilum er heimilt að semja um greiðslutíma, en af orðalagi ákvæðisins leiðir að það á ekki við þegar greiðslutíminn kemur fram í samningi aðila. Þetta á ekki einungis við þegar greiðslutíminn kemur beinlínis fram í samningi heldur einnig þegar leiða má af atvikum að kaupverðið skuli greitt á ákveðnum tíma. Þegar greiðslutíminn kemur fram í samningi þarf seljandinn ekki að beina greiðsluáskorun til neytanda. Er neytanda því skylt í slíkum tilvikum að greiða að eigin frumkvæði.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram að ef ekki hefur verið samið um annað geti seljandinn ekki krafist greiðslu af neytanda fyrr en hlutur er afhentur neytanda eða stendur honum til reiðu í samræmi við efni samningsins og ákvæði laganna. Það nægir ekki að seljandinn bjóði aðeins fram efndir að hluta heldur verður greiðsla seljanda að koma í stað

greiðslu neytanda. Þannig getur seljandinn ekki krafist greiðslu fyrir fram, nema slíkt megi leiða af samningi.

Í 3. mgr. 38. gr. er kveðið á um að neytandi sé ekki bundinn af ákvæðum fyrir fram gerðs samnings um skyldu til að greiða kaupverð á ákveðnum tíma án tillits til þess hvort seljandi uppfyllir skyldur sínar á réttum tíma. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í núgildandi kaupalögum.

Ákvæði 4. mgr. mælir fyrir um rétt neytanda til þess að rannsaka söluhlut á venjulegan hátt áður en greiðsla fer fram. Ákvæðið er sambærilegt 2. mgr. 49. gr. kaupalaga. Með hugtakinu á „venjulegan hátt“ í málsgreininni er vísað til aðferðarinnar við rannsókn neytanda. Það er ekki skilyrði að um sé að ræða venju varðandi réttinn til rannsóknar og hversu umfangsmikil hún er. En ef um slíka venju er að ræða er rétt að líta svo á að hún marki það hvað teljist venjulegt í þessum efnum. Ef ekki er um slíka venju að ræða verður að líta svo á að umfang rannsóknar fari eftir aðstæðum.

Samkvæmt ákvæðinu hefur neytandi hins vegar ekki rétt til að rannsaka söluhlut ef það er ósamrýmanlegt þeirri aðferð sem samið hefur verið um varðandi afhendingu og greiðslu kaupverðs. Um það getur t.d. verið að ræða þegar hlutur er sendur gegn póstkröfu. Þótt umsamin aðferð við afhendingu og greiðslu útiloki ekki rannsókn af hálfu neytanda getur hin umsamda aðferð eigi að síður haft þýðingu varðandi umfang rannsóknarinnar. Réttur neytanda samkvæmt ákvæðinu hlýtur í það minnsta að takmarkast við yfirborðsrannsókn. Þannig má t.d. vera að neytandi hafi rétt til þess að opna umbúðir ef unnt er að framkvæma það án þess að skemma umbúðirnar, en neytandi mundi að öðru jöfnu ekki hafa rétt til þess að hluturinn yrði fluttur á atvinnustöð hans til rannsóknar.

Um 39. gr.

Ákvæðið 39. gr. frumvarpsins fjallar um greiðslustað kaupverðs og svarar að mestu til 48. og 83. gr. kaupalaga og ber að túlka þær á sama hátt.

Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið á um það að kaupverð skuli greiða á atvinnustöð seljanda. Þegar ákveða skal hvar atvinnustöð seljanda sé ber að miða við það tímamark þegar greiðsla fer fram. Hugtakið atvinnustöð er ekki skilgreint í ákvæðinu, en þar er fyrst og fremst átt við skipulagðan og viðvarandi atvinnustað þar sem samningar í tengslum við atvinnureksturinn eru að jafnaði gerðir.

Það getur leitt af samningi eða venju að neytandi skuli greiða eða sé heimilt að greiða í banka eða með póstgíróí. Jafnvel þótt hvorki hafi verið um slíkt samið sérstaklega né heldur sé fyrir hendi venja í þeim efnum getur neytanda eftir atvikum verið heimilt að greiða kaupverðið beint inn á reikning seljanda eða með annarri greiðslumiðlun. Þegar greiðsla fer fram í banka eða annarri sambærilegri stofnun hefur greiðslustaður í sjálfu sér ekki sömu þýðingu og endranær. Slíkur greiðsluháttur er nú almennt viðurkenndur þótt samningi um það sé ekki til að dreifa. Ákvæðið getur samt sem áður haft sjálfstæða þýðingu og er ástæðan sú að neytandinn ber áhættuna af því að peningarnir séu í raun og veru til ráðstöfunar fyrir seljanda áður en greiðslufrestur er liðinn. Hann ber því áhættuna af þeirri röskun sem getur orðið við greiðslumiðlunina og því er ekki nægjanlegt að hann greiði í banka á gjalddaga ef greiðslan er seljanda ekki til ráðstöfunar á gjalddaga.

Í 2. málsl. 1. mgr. er fjallað um tilvik þar sem atvinnustöð skiptir máli og seljandi hefur fleiri en eina atvinnustöð. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda við það ákvæði.

Í 3. málsl. 1. mgr. kemur fram sú regla að hafi seljandi ekki atvinnustöð, sem tengist kaupunum, skuli miða við heimili hans. Ákvæðið getur t.d. átt við þegar seljandi, sem hefur at-

vinnu af verslun og viðskiptum, kaupir eða selur án þess að viðskiptin hafi bein tengsl við atvinnurekstur hans.

Í 4. málsl. 1. mgr. er sérregla sem fjallar um það tilvik þegar greiðsla skal samkvæmt samningi fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals, t.d. gegn afhendingu farmbréfs eða farmskírteinis. Reglan á einnig við þegar um er að ræða kaup gegn póstkröfu. Í þessum tilvikum er greiðslustaður sá staður þar sem afhending á að fara fram. Vera kann að neytandi greiði kaupverðið áður en afhending á sér stað, t.d. með því að greiða inn á reikning seljanda í banka. Í slíkum tilvikum er nægjanlegt að hann leggi fram kvittun fyrir greiðslu, nema því aðeins að ekki hafi verið samið um slíka greiðsluaðferð og hún sé andstæð hagsmunum seljandans.

Þegar sagt er að greiðsla skuli fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals verður að hafa í huga þann fyrirvara sem leiðir af 4. mgr. 38. gr. frumvarpsins um rétt neytanda til að rannsaka söluhlut.

Í 2. mgr. er kveðið á um að seljandi beri ábyrgð á auknum kostnaði við greiðslu sem verður vegna þess að hann hefur flutt atvinnustöð sína eftir að kaupin voru gerð. Í flestum tilvikum mundi slíkur flutningur ekki valda neytanda neinum aukaútgjöldum, en ef svo er ber seljandinn ábyrgð á auknum kostnaði sem af því leiðir.

Um 40. gr.

Ákvæði 40. gr. frumvarpsins, sem fjallar um atbeina neytanda að efndum kaupa, er í samræmi við ákvæði 50. gr. kaupalaga. Samkvæmt ákvæðinu hefur neytandi í fyrsta lagi skv. a-lið almenna skyldu til þess að ljá atbeina sinn að efndum seljanda að því marki sem sanngjarnt er. Atbeini neytanda á sér samkvæmt þessu stað fyrir efndir og er forsenda þess að seljandinn geti fullnægt skyldum sínum. Slíkur atbeini kemur ekki hvað síst til álita þegar um pöntunarkaup er að ræða. Atbeini neytanda getur t.d. falist í því að skilgreina vissar þarfir eða útvega tilskilin leyfi.

Skylda seljanda til að ljá atbeina sinn að efndum kann að vera nánar skilgreind í samningi, en hún getur einnig komið óbeint fram af efni samnings eða aðstæðum að öðru leyti. Umfang skyldu neytandans takmarkast við það sem með sanngirni er hægt að ætlast til af honum. Þess vegna verður að meta það í hverju tilviki fyrir sig hversu langt skylda neytanda nær.

Í öðru lagi er neytandi skyldur skv. b-lið að taka við hlut með því að sækja hann eða veita honum viðtöku. Skylda neytandans gengur fyrst og fremst út á að fullnægja því sem er tilgangur seljandans með sölunni, þ.e. að losna frá hlutnum.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um afpöntun og skilarétt. Í 41. gr. er kveðið á um það hvaða reglur gilda um afpöntun neytanda fyrir afhendingu og hefur ákvæðið að geyma nokkrar nýjungar. Í 42. gr. er að finna reglur um skilarétt neytanda eftir afhendingu. Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í núgildandi kaupalögum.

Um 41. gr.

Í frumvarpsgreininni er að finna reglur um afpöntun neytanda fyrir afhendingu. 1. mgr. ákvæðisins á sér nokkra hliðstæðu í 2. mgr. 52. gr. en sú grein fjallar þó einungis um pöntunarkaup. Í frumvarpinu er lagt til að réttur neytanda til afpöntunar í neytendakaupum nái til allra tegunda kaupa og verði þannig víðtækari en almennt gildir samkvæmt lögum um lausafjárkaup.

Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram sú regla að seljandi getur ekki haldið fast við kaupin og krafist greiðslu ef neytandi afpantar söluhlut áður en hann er afhentur. Hafi neytandi afpantað hlutinn getur seljandi samkvæmt ákvæðinu ekki haldið fast við kaupin í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi getur hann ekki afhent hlutinn. Í öðru lagi getur seljandi ekki krafist greislu. Afpöntun hefur svipuð áhrif og riftun að því leyti að seljandi getur ekki haldið áfram efndum samningsins. Skilyrði riftunar og afpöntunar eru hins vegar ekki hin sömu sem m.a. kemur fram í því að unnt er að beita afpöntun þótt ekki sé um neinar vanefndir af hálfu seljanda að ræða.

Samkvæmt síðari málslið málsgreinarinnar getur seljandi þess í stað krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afpöntunin veldur honum, nema annað leiði af samningi aðila. Rökin fyrir þessari reglu eru þau að afpöntunarrétturinn felur í sér frávik frá þeirri meginreglu að gerða samninga beri að halda. Af þeim sökum er eðlilegt að seljandi eigi rétt á bótum. Neytandi verður því að greiða bætur í samræmi við þær almennu reglur sem notaðar eru við mat á fjárhæð skaðabóta í XI. kafla frumvarpsins.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar á sér ekki hliðstæðu í gildandi kaupalögum. Í 1. málsl. 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að aðilar geti samið um viðmiðunarskaðabætur við afpöntun. Æskilegt er að aðilar semji um slíkar bætur fyrir fram þar sem slíkur samningur eykur fyrirsjáanleika hjá báðum aðilum og kemur í veg fyrir þá óvissu sem oft verður þegar deilt er um skaðabætur. Ekki eru gerðar sérstakar formkröfur til samninga um viðmiðunarskaðabætur.

Í 2. málsl. 2. mgr. koma fram nákvæmari reglur um viðmiðunarskaðabætur, en þar er kveðið á um að slíkar skaðabætur skuli ekki vera hærri en ætla megi að skaðabætur verði samkvæmt almennum ákvæðum XI. kafla frumvapsins um skaðabætur.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um að ef aðilar hafa ekki samið um skaðabætur vegna afpöntunar skuli fjárhæð bótanna ákveðin í samræmi við reglur XI. kafla frumvarpsins. Í þessu felst að meta skal tjón í hverju tilviki fyrir sig með það að markmiði að seljandinn fái fullar bætur fyrir fjárhagslegt tjón sitt.

Um 42. gr.

Í 42. gr. frumvarpsins er fjallað um skilarétt neytanda eftir afhendingu söluhlutar. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum um lausafjárkaup.

Meginregla ákvæðisins kemur fram í 1. mgr. en þar er kveðið á um að neytanda beri að greiða kaupverð eftir að söluhlutur hefur verið afhentur, þrátt fyrir að hluturinn sé endursendur seljanda. Er þetta afleiðing þess að neytandinn er bundinn af kaupsamningnum. Til að ákvæðið eigi við verður gildur samningur að hafa komist á milli aðila og verður hann að vera í gildi. Þá ber einnig að líta til þess að reglur samningaréttar geta haft áhrif á skyldur neytanda að því er þetta varðar.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um að skylda neytanda til greiðslu kaupverðs geti fallið niður þegar söluhlutur er endursendur seljanda eftir afhendingu. Eru þrjú tilvik talin upp í frumvarpsgreininni. Í fyrsta lagi kemur fram í a-lið að skylda neytanda til greiðslu kaupverðs fellur niður ef kaupsamningi hefur verið rift. Í öðru lagi kemur fram í b-lið ákvæðisins að neytanda ber ekki skylda til að greiða kaupverðið ef aðilar hafa samið um skilarétt á hlutnum. Dæmi um þetta er ef hlutur hefur verið keyptur til reynslu. Í þriðja lagi kemur fram í c-lið að neytendi kann að hafa rétt til að greiða ekki kaupverð ef t.d. lög eða samningur veita honum slíkan rétt þrátt fyrir að afhending hafi farið fram. Í lögum nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga, er ákvæði um rétt neytanda til að falla frá samningi frá gerð hans án þess að tilgreina nokkra ástæðu eða greiðslu viðurlaga, sbr. 8. gr. laganna. Um rétt neytanda til greiða ekki kaupverð o.s.frv. fer samkvæmt þeim lögum en rétt þykir að í þessari

grein neytendakaupalaga sé að finna áréttingu um að neytendur kunna að hafa slíkan rétt samkvæmt ákvæðum slíkra sérlaga.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. getur neytandi skipt söluhlut ef slíkt leiðir af samningi aðila eða almennum réttarreglum.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er fjallað um úrræði seljanda þegar vanefndir hafa orðið af hálfu neytanda. Í 43. gr. er að finna yfirlit yfir þær kröfur sem seljandi getur gert ef neytandi greiðir ekki kaupverðið eða fullnægir ekki öðrum skyldum sínum. Í 44. gr. er gerð nánari grein fyrir rétti seljanda til að krefjast efnda af neytanda. Í 45. gr. er fjallað um rétt seljanda til að rifta kaupum vegna vanefnda neytanda og í 46. gr. er kveðið á um rétt seljanda til skaðabóta og vaxta vegna greiðsludráttar neytanda. Í 47. gr. frumvarpsins er að finna reglur sem kveða á um skyldu neytanda til að tilkynna seljanda um hindrun sem kemur í veg fyrir að hann geti efnt kaupin og í 48. gr. er að finna reglur um ákvörðun um einkenni hlutar.

Um 43. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 1. og 3. mgr. 51. gr. kaupalaga.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er að finna yfirlit um heimildir seljanda vegna vanefnda af hálfu neytanda. Ákvæðið er byggt upp á sama hátt og hefur sama hlutverk og 1. mgr. 19. gr. þar sem fjallað er um úrræði neytanda við greiðsludrátt og 1. mgr. 26. gr. sem gefur yfirlit yfir úrræði neytanda vegna galla og vísast því til athugasemda við þær greinar.

Ákvæði 1. mgr. á í fyrsta lagi við ef „neytandi greiðir ekki kaupverðið“. Með því er átt við þau tilvik þegar kaupverðið er alls ekki greitt og eins þegar dráttur verður á greiðslu þess. Undir ákvæðið geta einnig fallið aðrar vanefndir varðandi greiðsluna, t.d. þegar greitt er með röngum gjaldmiðli eða á röngum stað.

1. mgr. á í öðru lagi við ef neytandi „fullnægir ekki öðrum skyldum sínum samkvæmt samningnum eða lögum þessum“. Hér er t.d. átt við þær skyldur sem nefndar eru í 40. gr. um atbeina neytanda að efndum.

Skilyrði þess að seljandi geti borið fyrir sig vanefndaúrræði skv. 1. mgr. er að vanefndir verði hvorki raktar til seljanda né atvika sem hann varða.

Seljandi getur, þegar fyrir liggja vanefndir af hálfu neytanda, í fyrsta lagi krafist efnda skv. 44. gr., sbr. a-lið málsgreinarinnar, í öðru lagi getur seljandi á grundvelli b-liðar rift kaupum skv. 45. gr. og í þriðja lagi getur seljandi skv. c-lið krafist skaðabóta og vaxta skv. 46. gr. frumvarpsins. Að lokum getur seljandi haldið greiðslu sinni á grundvelli d-liðar málsgreinarinnar samkvæmt ákvæðum 9. gr. frumvarpsins, en þessi réttur getur verið virkt úrræði til þess að þvinga fram greiðslu. Í þeim tilvikum þar sem neytandinn neitar að ljá atbeina sinn að efndum mun réttur seljanda til þess að halda eftir greiðslu þó hafa litla sjálfstæða þýðingu.

Það leiðir af eðli máls að seljandi getur ekki samtímis rift kaupum og krafist efnda, en að öðru leyti útilokar notkun eins vanefndaúrræðis ekki fyrirvaralaust beitingu annarra.

Það er undir skilyrðum viðkomandi ákvæða komið að hvaða marki einstökum úrræðum verður beitt í tilefni vanefndar. Þannig verður t.d. vaxta aðeins krafist af kaupverði þegar um greiðsludrátt er að ræða.

Í 2. mgr. 43. gr. er tekið fram að réttur seljanda til skaðabóta og vaxta falli ekki brott þótt hann neyti annarra úrræða eða slíkra úrræða verði ekki neytt. Af því leiðir að þær heimildir, sem standa seljanda til boða, útiloka eins og áður segir ekki endilega hver aðra. Um röksemdir fyrir ákvæðinu vísast til þess sem segir um 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins.

Um 44. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rétt seljanda til þess að krefjast greiðslu og til þess að krefjast þess af neytanda að hann stuðli að efndum. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eiga sér hliðstæðu í 21. gr. frumvarpsins sem fjallar um rétt neytanda til þess að krefjast efnda. Í kaupalögum eru sambærileg ákvæði í 1. og 3. mgr. 52. gr. og í 53. gr., en hér er valin sú leið að hafa öll ákvæði er varða rétt seljanda til að krefjast efnda í einni grein.

Í 1. mgr. 44. gr. kemur fram sú meginregla að seljandinn getur haldið fast við kaupin og krafist þess að neytandinn greiði kaupverðið. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 52. gr. kaupalaga. Í síðari málslið málsgreinarinnar er þó gerð undantekning frá meginreglunni ef rekja má greiðsludrátt neytanda til stöðvunar samgangna, greiðslumiðlunar eða annarra þeirra atvika sem neytandi getur ekki stjórnað og hann fær ekki unnið bug á. Sem dæmi um atvik af þessu tagi eru t.d. verkfall í banka eða miklar vélarbilanir sem valda því að greiðsla getur ekki farið fram. Undir stöðvun „vegna annarra atvika“ gætu t.d. fallið gjaldeyrishömlur. Eðlilegt þykir að gera þessar undantekningar með hliðsjón af því að samsvarandi undanþágur gilda fyrir seljanda skv. 21. gr. frumvarpsins. Hins vegar verður að hafa það í huga að þær ástæður, sem afsakað geta neytanda, eru færri en þær sem afsaka seljandann og afhendingardrátt af hans hálfu.

Í 2. mgr., sem samsvarar 3. mgr. 52. gr. kaupalaga, kemur fram sú regla að hafi hlutur enn ekki verið afhentur glati seljandi rétti sínum til þess að krefjast efnda ef hann bíður óhæfilega lengi með að setja fram slíka kröfu. Ákvæðið gildir aðeins þegar hlutur hefur ekki verið afhentur en endurgjaldið hefur verið greitt fyrir fram að öllu leyti eða nokkru. Eftir að hlutur hefur verið afhentur á 2. mgr. hins vegar ekki við. Rökin fyrir því eru þau að með afhendingu kemur fram skýr viljayfirlýsing um það af hálfu seljanda að hann vænti efnda af hálfu neytanda.

3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er í samræmi við ákvæði 53. gr. laga um lausafjárkaup. Þar er kveðið á um að um rétt seljanda til að krefjast efnda á þeirri skyldu neytanda að stuðla að efndum gildi ákvæði 21. gr. frumvarpsins eftir því sem við á, en í 21. gr. er kveðið á um rétt neytanda til efnda. Rétturinn til þess að krefjast efnda á þeirri skyldu neytanda að hann stuðli að efndum er hliðstæður rétti neytanda til þess að krefjast efnda skv. 21. gr. frumvarpsins. Við hagsmunamat skv. 21. gr. verður að taka sérstakt tillit til þess að atbeini neytandans getur við ákveðnar aðstæður verið algjör forsenda þess að seljandi geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum.

Ákvæðið tekur einkanlega til þess atbeina neytanda sem nefndur er í a-lið 40. gr. Verið getur að neytandinn hafi í samningi tekið á sig aðrar skyldur til að ljá atbeina sinn til efnda og á ákvæðið þá einnig við. Aftur á móti fellur skylda neytanda til þess að veita hlut viðtöku skv. b-lið 40. gr. utan ákvæðisins. Hugtakið „að stuðla að efndum“ nær sennilega til flestra skyldna sem geta hugsanlega hvílt á neytanda samkvæmt samningnum.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við 21. gr. frumvarpsins.

Um 45. gr.

Frumvarpsgreinin er að mestu leyti í samræmi við 54. og 55. gr. kaupalaga. Að meginstefnu eru skilyrði riftunar þau sömu við greiðsludrátt, þegar neytandi stuðlar ekki að kaupum og þegar neytandi veitir söluhlut ekki viðtöku. Með því er mat á því hvort skilyrði riftunar eru fyrir hendi einfaldað.

Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram meginreglan um rétt seljanda til riftunar. Skilyrði ákvæðisins eru þau að neytandi hafi brotið samninginn eða vanefnt verulega greiðsluskyldu sína samkvæmt samningi eða ákvæðum laga. Vanefndin getur ýmist verið til komin vegna greiðslu-

dráttar eða greiðslufalls eða að greitt sé með röngum hætti. Þá verða vanefndir neytanda að vera verulegar. Riftunin sjálf verður að fara fram með munnlegri eða skriflegri yfirlýsingu.

Yfirlýsing seljanda um að hann rifti kaupum verður að vera ótvíræð. Viðvörun og fyrirspurn vegna hugsanlegrar riftunar síðar duga ekki. Riftunin er bindandi fyrir seljandann þegar yfirlýsingin er komin til neytanda og hann getur ekki afturkallað hana eftir það tímamark.

Um skilgreiningu á því hvenær vanefndir teljast verulegar vísast til athugasemda við 23. og 32. gr. Áskilnaðurinn um að vanefndir þurfi að vera verulegar á við bæði þegar neytandinn á að staðgreiða kaupverðið gegn móttöku söluhlutar og þegar neytandi á t.d. að greiða kaupverð gegn móttöku skjala. Greiðsluskilmálar geta þó haft þýðingu við mat á því hvort skilyrðinu um verulegar vanefndir er fullnægt eða ekki. Einnig getur verið rétt að líta til eðlis kaupanna og þess hvort um greiðsludrátt varðandi allt kaupverðið er að ræða eða einungis lítinn hluta þess.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um það að seljandi geti ekki rift kaupunum eftir að neytandi hefur greitt kaupverðið. Ákvæðið styðst að nokkru við 59. gr. kaupalaga. Með greiðslu kaupverðs er átt við að greiðsla hafi í raun verið innt af hendi þannig að seljandinn hafi veitt aðalgreiðslu neytandans viðtöku. Rökin fyrir ákvæðinu eru þau að hafi seljandi dregið það að setja fram kröfu um riftun sé ekki sanngjarnt að hann geti gert það eftir að neytandi hefur innt greiðslu af hendi.

Í 1. málsl. 2. mgr. er fjallað um rétt seljanda til riftunar þegar neytandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandinn hefur gefið honum til efnda. Hér gildir ekki sami áskilnaður og í 1. mgr. að vanefndir séu verulegar. Ákvæðið á aðeins við þegar neytandi greiðir ekki kaupverðið og nær ekki til seinkunar sem verður áður en viðbótarfrestur rennur út. Riftun getur ekki farið fram fyrr en eftir að viðbótarfresturinn er úti, en þó einnig fyrir þann tíma ef seljandi hefur veitt tilkynningu viðtöku frá neytanda um að hann ætli ekki að efna skuldbindingar sínar. Ákvæði þetta er að öðru leyti sambærilegt við 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins og ber að skýra á svipaðan hátt.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram að seljandi getur ekki rift kaupum á meðan viðbótarfrestur líður nema því aðeins að neytandinn hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna sinn hlut á þeim tíma. Um skýringu þessa ákvæðis vísast til athugasemda við sambærilegt ákvæði í 4. mgr. 23. gr.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um að seljandi hafi ekki rétt til riftunar þegar neytandinn hefur þegar veitt söluhlut viðtöku. Seljandinn getur þegar svo stendur á því aðeins rift að hann hafi gert um það fyrirvara eða neytandinn hafni hlutnum. Til viðbótar verður almennum skilyrðum riftunar skv. 1.–3. mgr. einnig að vera fullnægt. Fyrirvari af því tagi sem hér var nefndur getur verið orðaður beint eða óbeint.

Vísun til þess að neytandinn hafni hlutnum á við þegar neytandinn hafnar honum af öðrum ástæðum en vegna vanefnda af hálfu seljanda. En ákvæðið getur einnig átt við ef neytandinn hafnar hlutnum með vísun til vanefnda af hálfu seljanda, sem seljandinn mótmælir, jafnhliða því að seljandinn riftir kaupum vegna greiðsludráttar.

Um 46. gr.

Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er að mörgu leyti sambærilegt við 71. gr. kaupalaga. Ákvæðið á þó aðeins við um vexti vegna dráttar á greiðslu kaupverðs en ekki aðrar vangoldnar fjárhæðir sem ákvæði kaupalaganna ná til. Tilvísun ákvæðisins til laga um vexti og verðbætur miðast við lög nr. 38/2001, um vexti og verðbætur, sem nú gilda um vexti, en að sjálfsögðu er um að ræða tilvísun til þeirra almennu vaxtalaga sem í gildi eru á hverjum tíma.

Tilvísunin felur einnig í sér að vaxtafótur, upphafstími vaxta og útreikningur að öðru leyti skal vera í samræmi við það sem fyrir er mælt í vaxtalögum.

Ákvæði 1. og 2. málsl. 2. mgr. eru í öllum aðalatriðum orðuð eins og 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Eins og í 1. mgr. 44. gr. eru stöðvun samgangna og greiðslumiðlunar sérstaklega nefnd sem dæmi um efndahindranir sem neytandinn fær ekki ráðið við, enda eru þetta þau tilvik sem ætla má að hvað raunhæfust séu.

Samkvæmt 3. málsl. 2. mgr. gilda ákvæði 3. og 4. mgr. 24. gr. frumvarpsins eftir því sem við getur átt. Neytandinn ber með öðrum orðum sambærilega ábyrgð á aðstoðarmönnum sínum og seljandinn gerir. Í tilvísuninni felst einnig að greiðsluhindrun leysir aðeins undan ábyrgð meðan hún varir.

Um 47. gr.

Frumvarpsgreinin, sem er samhljóða ákvæði 58. gr. kaupalaga, leggur þær skyldur á neytanda að tilkynna seljanda um hindrun og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Samkvæmt greininni ber neytandi hlutlæga ábyrgð á því tjóni sem unnt hefði verið að komast hjá ef tilkynnt hefði verið um hindrunina skv. 47. gr. Tilkynningarskyldan gildir einnig að því er varðar hindranir sem neytandi ber ekki ábyrgð á. Orðalag 47. gr. er í samræmi við orðalag 25. gr. um upplýsingaskyldu seljanda í sambærilegum tilvikum og vísast því til skýringa við þá grein.

Um 48. gr.

Frumvarpsgreinin, sem er samhljóða 60. gr. kaupalaga, veitir seljanda rétt til að ákveða lögun söluhlutar, mál eða aðra eiginleika hans þegar svo stendur á að neytandi ákveður ekki þessi einkenni samkvæmt ákvæðum samningsins. Ákvæðið á við þegar eiginleikar söluhlutar eru ekki tilgreindir í einstökum atriðum í samningi aðila, en eigi að síður er ráð fyrir því gert eða um það samið að neytandinn skuli tilgreina eiginleikana seinna. Hefur ákvæðið sérstaka þýðingu í pöntunarkaupum, en það á einnig við þegar seljandinn á að útvega hlut sérstaklega fyrir neytanda.

Í mörgum tilvikum er eðlilegt fyrir seljanda að rifta kaupum og krefjast skaðabóta ef neytandi tekur ekki afstöðu til þess hver skuli vera einkenni eða eiginleikar söluhlutar. Vanræksla neytanda í þessum efnum þarf ekki alltaf að skipta miklu máli, eða hún gefur ekki tilefni til riftunar. Þá er að vísu sá möguleiki fyrir hendi að sækja neytanda til skaðabóta, en einnig í því tilviki má vera að seljandi megi búast við mótmælum eða gagnkröfum. Því felur 48. gr. í sér úrræði sem eru til þess fallin að koma í veg fyrir riftun eða skaðabótakröfur og deilur milli samningsaðila.

Sérgreining samkvæmt ákvæðinu getur snúist um lögun hlutar, mál eða aðra eiginleika, t.d. gæði, tæknilega útfærslu, árgerð, lit, tísku o.fl. Það er skilyrði samkvæmt greininni að neytandi hafi samningsbundnar skyldur til að ákveða nánari sérgreiningu hlutarins. Þegar neytandi hefur sérgreint söluhlut í samræmi við ákvæði samnings verður sérgreiningin hluti samningsins og bindandi fyrir báða aðila. Því getur neytandi ekki síðar breytt sérgreiningunni einhliða.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram að seljanda er heimilt, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, að ákveða eiginleika hins selda. Meginskilyrðið er að neytandinn hafi ekki gert það á umsömdum tíma eða innan hæfilegs tíma eftir að hafa fengið um það hvatningu frá seljanda. Umsaminn tími getur verið ákveðinn beint í samningnum, t.d. með tiltekinni dagsetningu eða ákveðnum fresti.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. er seljandinn bundinn við það sem hann „má ætla“ að séu hagsmunir neytanda. Því verður seljandi, þegar hann ákveður eiginleika hins selda á grundvelli ákvæðisins, að gera það í samræmi við það sem seljandi telur vera hagsmuni neytanda. Í flestum tilvikum má leggja til grundvallar þekkingu seljanda og starfsmanna hans á hagsmunum neytandans miðað við samningaviðræður aðila og þau viðskiptaskjöl sem fyrir liggja. Yfirleitt verður einnig að leggja til grundvallar þá hagsmuni sem neytendur í samsvarandi stöðu hafa venjulega. Ef seljandi gætir ekki þessara sjónarmiða verður afleiðingin sú að sérgreiningin verður ekki bindandi fyrir neytandann. Seljandi á venjulega ekki í miklum erfiðleikum með sérgreiningu þegar um er að ræða hluti sem hann hefur á lager og seldir eru á venjulegum markaði. Í pöntunarkaupum og þegar um sérhannaða hluti er að ræða er staðan hins vegar önnur. Meðal annars vegna þessa er í 3. málsl. 1. mgr. kveðið á um að réttur seljanda til að sérgreina standi ekki í vegi fyrir því að hann geti kosið að beita öðrum vanefndarúrræðum, jafnvel þótt hann hafi séð um sérgreininguna. Seljandi gæti því tekið þá ákvörðun að rifta kaupsamningnum og krefjast skaðabóta.

Í 2. mgr. koma fram frekari skilyrði gangvart seljanda í þeim tilvikum þegar hann sjálfur ákvarðar einkenni hins selda. Í slíkum tilvikum verður seljandinn að upplýsa neytandann um þau einkenni, sem hann hefur tekið ákvörðun um, og veita jafnframt neytanda færi á að breyta þeim. Ef neytandinn neytir ekki slíkra úrræða verður ákvörðun seljanda bindandi þannig að neytandinn getur ekki borið fyrir sig vanefndaúrræði af því tilefni að eiginleikar hins selda séu ekki í samræmi við óskir hans.

Skilyrði þess að ákvarðanir seljanda um eiginleika söluhlutar verði bindandi fyrir neytanda er að neytandi hafi fengið tilkynningu frá seljanda þar sem honum er veittur hæfilegur frestur til að breyta einkennunum. Leiðir þetta ótvírætt af 2. málsl. 2. mgr. sem í þessu tilviki gengur framar almennum ákvæðum 4. gr. um áhættuna af sendingu tilkynninga. „Hæfilegur frestur“ samkvæmt ákvæðinu reiknast frá þeim tíma þegar neytandi veitti tilkynningu viðtöku. Við mat á frestinum ber að taka tillit til hagsmuna beggja aðila.

Um X. kafla.

Í kaflnum er að finna sameiginlegar reglur um riftun og nýja afhendingu. Í 49. gr. er kveðið á um réttaráhrif riftunar og nýrrar afhendingar, en í 50. gr. er fjallað um afrakstur og vexti þegar greiðslum er skilað. Í 51. gr. koma fram reglur um missi réttar til riftunar og afhendingar á ný.

Um 49. gr.

Í frumvarpsgreininni eru sameiginlegar reglur um áhrif þess að kaupum er rift og um skil á greiðslum. Ákvæði greinarinnar svarar til 64. gr. laga um lausafjárkaup.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að krafan um riftun eða um skil á greiðslum sé á rökum reist. Því getur aðili samnings ekki frestað samningsskyldum sínum með því að rifta kaupum, nema skilyrði þess séu til staðar, annars er riftun ólögmæt. Riftun fer þannig fram á ábyrgð þess sem riftir. Ef gagnaðili samþykkir að kaupin gangi til baka án þess að skilyrði riftunar séu fyrir hendi er eðlilegt að fara að öðru leyti eftir ákvæðum greinarinnar, nema aðilar semji beinlínis um aðra tilhögun.

1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kveður á um að skyldur aðila falli niður þegar kaupum er rift. Þetta gildir um allar skyldur aðila samkvæmt kaupsamningi, en ekki aðeins um skylduna til að afhenda söluhlut og greiða hann. Sumir samningar kunna þó að vera þess eðlis að þetta getur ekki átt við að öllu leyti, sbr. 4. mgr. greinarinnar. Þá getur einnig verið að riftun hafi samkvæmt lögum í för með sér sérstakar skyldur fyrir aðila, t.d. skyldu til að annast söluhlut.

Í 2. mgr. er kveðið á um að hafi kaupin verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu annars hvors aðila megi krefjast skila á því sem móttekið hefur verið. Í ákvæðinu felst því að aðili á rétt á að krefjast þess að gagnaðili skili því sem hann hafði veitt viðtöku áður en riftun fór fram. Seljandi verður þannig að skila kaupverðinu og neytandi verður að skila söluhlut. Sumar greiðslur eru þess eðlis að ekki verður um nein skil á þeim að ræða. Hafi seljandi t.d. innt af höndum vinnu við að setja upp söluhlut verður vinnuframlaginu sjálfu ekki skilað aftur í bókstaflegum skilningi. Af þeim sökum verður að leysa úr slíku með greiðslu skaðabóta skv. 1. mgr. 50. gr.

Ekki er kveðið á um það hvar aðilar skulu skila greiðslum sínum, en eðlilegt er að greiðslum sé skilað á þeim stað þar sem þeim var veitt viðtaka, nema um annað hafi verið samið. Útgjöld vegna skila á greiðslum af hálfu aðila verða sérstakir liðir við skaðabótauppgjör þeirra í millum. Sá sem ber ábyrgð á vanefndum verður að standa straum af þeim útgjöldum sem þær hafa í för með sér.

Þegar neytandi riftir kaupum getur réttur seljanda til að krefjast skila á því sem hann hefur afhent takmarkast samkvæmt ákvæðum 51. gr., sbr. athugasemdir við þá grein. Ákvæði 51. gr. gildir hins vegar ekki þegar seljandi riftir kaupum. Riftunarréttur seljanda er takmarkaður af ákvæðum 3. mgr. 45. gr. þegar hlutur hefur verið afhentur neytanda. Þar fyrir utan mun seljandi oft hafa lítinn áhuga á riftun ef neytandi getur ekki skilað söluhlut aftur í sama ástandi og hann tók við honum.

Í 2. málsl. 2. mgr. er að finna reglu um haldsrétt. Hún mælir fyrir um það að aðili geti haldið því sem hann hefur tekið við þar til gagnaðili skilar því sem hann hefur móttekið. Þessi réttur gildir einnig um skaðabætur og vexti, sbr. 3. málsl. 2. mgr. Reglan tekur einnig til skaðabóta skv. 50. gr. og kröfu um vexti skv. 2. mgr. 50. gr. Haldsrétturinn skv. 3. málsl. gildir þó ekki ef trygging hefur verið sett.

Í 3. mgr. kemur fram sú regla að eigi seljandi að afhenda eitthvað á ný geti neytandi haldið því sem sem hann hefur móttekið þar til afhending hefur átt sér stað að nýju. Ákvæðið á bæði við þegar afhending á ný fer fram að kröfu neytanda, sbr. 1. mgr. 29. gr., og þegar seljandi afhendir á ný skv. 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins. Seljandi hefur auðvitað ekki samsvarandi haldsrétt í kaupverðinu. Ákvæðið byggist á þeirri forsendu að seljandinn eigi rétt á því að fá hinn gallaða hlut aftur til baka þegar hann afhendir á ný.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að riftun hafi engin áhrif á samningsákvæði um atvinnuleyndarmál, um lausn ágreiningsefna eða um réttindi og skyldur aðila sem leiðir af riftuninni. Því falla ekki allar skyldur aðila brott við riftun. Þá gilda ákvæði í samningum um afleiðingar vanefnda að sjálfsögðu þó að samningi sé rift. Ákvæði málsgreinarinnar eiga m.a. við um lausn deilumála samkvæmt ákvæðum samningsins, um varnarþing, gerðardóma o.fl. Sama á við um samningsákvæði sem takmarka bótaskyldu, févítisákvæði o.fl. Sérstaklega er minnst á atvinnuleyndarmál og er þá haft í huga að þótt samningi sé rift breytir það ekki þeim skyldum sem aðilar hafa tekið á sig í sambandi við atvinnuleyndarmál sem þeir hafa komist að vegna kaupanna.

Um 50. gr.

Frumvarpsgreinin svarar að mestu leyti til 65. gr. kaupalaga, en þó er að finna nýmæli í ákvæðinu. Greinin, sem er til fyllingar ákvæðum 49. gr., felur í sér reglur um áhrif þess þegar kaupum er rift og kveður á um afrakstur og vexti þegar greiðslum er skilað. Gildissvið greinarinnar er takmarkað við riftun og á hún því ekki við um afhendingu á ný. Munur á riftun og nýrri afhendingu er m.a. sá að tilgangur riftunar er sá að neytandinn hafi ekki vörslur hlutar-

ins, en tilgangurinn með afhendingu nýrrar greiðslu er sá að neytandinn fái annan hlut í stað þess sem afhentur var.

Í 1. mgr. er kveðið á um það að neytandinn eigi að færa seljanda til tekna þann afrakstur sem hann hefur haft af hlutnum. Ákvæðið á aðeins við um venjulegan afrakstur sem ekki er beinlínis háður því að neytandinn hafi látið í té sérstakt framlag af sinni hálfu, t.d. vexti af kröfu eða arð af hlutabréfum o.s.frv. Ákvæðið nær hins vegar ekki til hagnaðar af sölu hlutar eða verðmætisaukningar vegna endurbóta á hlut.

Í öðru lagi gerir ákvæðið ráð fyrir því að neytandinn skuli greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur haft af söluhlut. Rökin fyrir ákvæðinu er þau að langur tími getur liðið frá því að hlutur er móttekinn og þar til honum er skilað og því sé eðlilegt að aðeins komi til álita að greiða endurgjald fyrir veruleg not af hlut. Hvað felst í hugtakinu „veruleg not“ ber að meta í hverju einstöku tilviki út frá tegund hlutarins, kaupverði og aðstæðum að öðru leyti. Þegar fyrir liggja veruleg not verður að meta hæfilegt endurgjald fyrir þau í hverju tilviki fyrir sig. Leggja ber til grundvallar þau not sem neytandinn hefur haft af hlutnum að frádregnum kostnaði hans af hlutnum. Í slíku mati er heimilt að líta bæði til beins kostnaðar neytanda og þeirra óþæginda sem hann hefur haft. Sem dæmi um veruleg not má nefna að eðlilegt væri að greiða endurgjald þegar kaupum á pels er rift eftir að hann hefur verið notaður í tvö ár. Hins vegar væri ekki eðlilegt að krefjast endurgjalds fyrir not af bíl ef kaupum er rift innan tveggja til þriggja mánaða. Þó þarf að skoða aðstæður hverju sinni við mat á því hvað teljast veruleg not.

Hugtakið „hæfilegt endurgjald“ ber að skilja þannig að endurgjaldið getur venjulega ekki orðið hærra en sú verðmætisrýrnun sem not neytanda hafa leitt af sér. Á hinn bóginn leiðir af framansögðu að neytandanum ber ekki án fyrirvara að greiða fulla verðrýrnun hlutarins. Við ákvörðun á endurgjaldi vegna verulegra nota á söluhlut skal almennt miða við tímabilið frá því að söluhlut var veitt viðtaka og þar til honum er skilað aftur. Af samningi aðila getur þó leitt að afrakstur af söluhlut eigi að koma neytandanum til góða frá fyrra tímamarki og þegar svo hagar til ber að sjálfsögðu að miða við það tímamark.

Ef það er neytandinn sem riftir kaupum verður að taka sérstaka afstöðu til þess hvort hann eigi að greiða bætur fyrir notkun sem hann hafði af hlutnum eftir að gallinn kom í ljós, t.d. meðan deilt var um hvort riftunarréttur væri til staðar. Hér sem endranær verður að meta hvað telst hæfilegt endurgjald.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er nokkuð breytt frá því sem hún er í kaupalögunum. Í fyrri málslið 2. mgr. kemur fram sambærileg regla og er í lögum um lausafjárkaup að seljanda beri að greiða vexti í samræmi við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu ef hann á að endurgreiða kaupverðið. Hins vegar ber að miða upphafstíma vaxta við annað tímamark en samkvæmt kaupalögunum eða þann dag sem neytandi tilkynnti seljanda að hann mundi bera fyrir sig gallann. Síðari málsliður 2. mgr. er nýmæli en þar kemur fram að seljanda ber að greiða vexti frá þeim degi er hann tók við greiðslunni þegar neytandi er krafinn um endurgjald fyrir not af söluhlut skv. 1. mgr.

Um 51. gr.

Frumvarpsgreinin svarar að öllu verulegu leyti til 66. gr. kaupalaga. Þá byggist ákvæðið einnig á 3. gr. tilskipunar um neytendakaup. Greinina verður að skoða í samhengi við 2. mgr. 49. gr. sem að sumu leyti er byggð á svipuðum viðhorfum, en þar kemur fram að neytandi þarf í vissum tilvikum ekki að afhenda söluhlut í því ástandi og magni sem hann veitti honum viðtöku. Í greininni koma fram skilyrði fyrir því að neytandi geti rift kaupum eða krafist afhendingar á ný og felur hún því í sér takmörkun á ákvæðum 23., 29. og 32. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um það að neytandinn geti því aðeins rift kaupum eða krafist afhendingar á ný að hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var í þegar neytandinn veitti honum viðtöku. Verður að meta það í hverju einstöku tilviki hvað telst verulegt í þessu sambandi. Sem dæmi má nefna að það telst ekki veruleg breyting á ástandi nýs bíls, sem neytandi á rétt á að rifta kaupunum á, að læsing annarrar fram hurðar sé ekki í lagi. Öðru máli gegnir ef bifreiðin er vart í ökufæru ástandi vegna slæmrar meðferðar. Við mat á því hvað telst verulegt skiptir einnig máli hvort um er að ræða nýjan hlut eða gamlan. Hafi orðið lakkskemmdir við meðferð neytanda á tuttugu ára gamalli bifreið sem hann vill rifta kaupum á verður ekki sama mat lagt til grundvallar eins og um væri að ræða nýjan bíl.

Í a–c-liðum málsgreinarinnar koma fram undantekningar á meginreglu ákvæðisins. Í fyrsta lagi leiðir af a-lið að neytandi glatar ekki rétti sínum til þess að krefjast riftunar eða nýrrar afhendingar þegar ástæður þess að ókleift er að skila hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni má rekja til eiginleika hlutarins. Undir ákvæðið geta m.a. fallið matvörur eða afskorin blóm sem hafa stuttan endingartíma og eyðileggjast áður en skil geta farið fram. Oft getur verið samhengi milli riftunarástæðu og þess atviks sem veldur því að hlutur eyðileggst. Ef sending af ávöxtum er t.d. afhent of seint getur það veitt rétt til riftunar, en jafnhliða veldur seinkunin því beinlínis að vörusendingin eyðileggst.

Í öðru lagi er kveðið á um það í a-lið að rétturinn til riftunar og nýrrar afhendingar glatast ekki þegar ástæður þess að hlutur rýrnar má rekja til aðstæðna sem ekki varða neytandann, þ.e. ekki er hægt að kenna athöfnum eða athafnaleysi neytanda um rýrnun söluhlutar. Þetta getur átt við um tilvik þar sem hlutur verður fyrir skemmdum af hálfu seljandans, t.d. í sambandi við úrbætur á galla. Einnig á ákvæðið við um það ef seljandinn gefur rangar upplýsingar um meðferð og notkun hlutarins og það leiðir til þess að hann verður fyrir skemmdum. Þá fellur einnig hér undir það tilvik þegar þriðji maður eða tilviljunarkenndur atburður veldur tjóni á hlut. Má nefna sem dæmi þegar söluhlutur eyðileggst í bruna eða bíl er stolið og hvorki neytanda né seljanda er um að kenna í því sambandi.

Neytandinn getur rift kaupum eða krafist nýrrar afhendingar á grundvelli b-liðar þegar hluturinn eyðileggst í heild eða að hluta eða rýrnar og það má rekja til verknaðar sem nauðsynlegt var að framkvæma til þess að ganga úr skugga um hvort hluturinn væri gallaður eða ekki. Á ákvæðið því ekki við um greiðsludrátt.

Ákvæðið styðst við þau rök að það eigi ekki að geta leitt til þess að riftunarrétturinn glatist þótt neytandinn rannsaki hlutinn annaðhvort strax eða síðar ef rannsóknin gengur ekki lengra en góð venja segir til um og um er að ræða nauðsynlega rannsókn til að ganga úr skugga um hvort hluturinn sé gallaður. Í ákvæðinu felst m.a. að seljandinn getur ekki andmælt riftun eða nýrri afhendingu á þeirri forsendu að neytandinn hefur tekið umbúðirnar utan af hlutnum eða prófað hann með venjulegum hætti.

Í c-lið ákvæðisins er kveðið á um að riftunarréttur neytanda glatist ekki þegar hlutur hefur verið notaður af neytanda við fyrirhuguð not áður en honum varð ljós eða mátti verða ljós gallinn sem leiðir til riftunar eða kröfu um nýja afhendingu. Byggist ákvæðið á því að seljandi má alltaf búast við því að hlutur verði notaður í samræmi við það sem fyrirhugað og venjulegt er að nota slíka hluti til. Að auki nær ákvæðið til þess þegar seljanda var ljóst að hlutur var ætlaður til ákveðinna eða sérstakra nota. Í ákvæðinu felst þannig í raun að seljandi getur ekki hafnað riftunarkröfu eða kröfu um nýja afhendingu af þeirri ástæðu einni að neytandi hefur notað söluhlut. Ákvæði c-liðar hefur einkum þýðingu við kaup á neysluvörum í þrengri merkinu, t.d. matvörum og öðrum vörum sem neytt er strax eða fljótlega. Ákvæðið gildir þó einnig í öðrum tilvikum, t.d. við kaup á nýjum bílum.

Í ákvæðinu kemur fram það skilyrði að notin hafi átt sér stað áður en neytandanum varð ljós eða mátti verða ljós galli sá sem er ástæða þess að hann hafnar söluhlut. Þannig stendur það riftun og nýrri afhendingu í vegi ef not neytanda, eftir að honum varð galli ljós, hafa leitt til verulegrar rýrnunar á ástandi hlutar og magni. Því verður neytandinn að hætta við að nota hlutinn ef hann ætlar að rifta kaupum eða krefjast nýrrar afhendingar.

Ákvæðið á við hver svo sem ástæða verðmætisrýrnunar söluhlutar er. Almenn skilyrði riftunar eða réttar til að krefjast nýrrar afhendingar verða að vera til staðar og verður að túlka ákvæðið með þeirri takmörkun að því verði ekki beitt þegar hlutur er með öllu ónýtur.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er að finna aðra undantekningu frá meginreglu 1. málsl. 1. mgr., en þar er kveðið á um það að neytandi glati ekki rétti sínum til riftunar eða nýrrar afhendingar ef hann bætir þá verðmætisrýrnun sem hefur orðið á hlutnum.

Um XI. kafla.

Í kaflanum koma fram reglur þær sem gilda um skaðabætur samkvæmt frumvarpinu. Í 52. gr. er kveðið á um umfang skaðabóta og þar er einnig kveðið á um að skaðabætur á grundvelli ákvæða frumvarpsins ná hvorki til líkamstjóns né tjóns í atvinnustarfsemi neytanda. Í 53. gr. eru ákvæði um verðmun sem grundvöll fyrir ákvörðun fjárhæðar tjóns þegar aðili hefur gert staðgönguráðstöfun eftir að hafa rift kaupum. Í 54. gr. koma fram reglur um skyldu aðila til að takmarka tjón sitt auk þess sem fram kemur regla um mildun ábyrgðar hins bótaskylda.

Um 52. gr.

Ákvæðið svarar að nokkru leyti til 67. gr. laga um lausafjárkaup, en það hefur þó verið einfaldað nokkuð. Í frumvarpsgreininni er kveðið á um umfang skaðabóta og nær ákvæðið bæði yfir tjón neytanda og seljanda. Skaðabótaábyrgð aðila byggist hins vegar á öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Í 1. málsl. 1. mgr., sem er í samræmi við 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. kaupalaga, koma fram grundvallaratriði varðandi útreikning skaðabóta þegar neytandi eða seljandi eru skaðabótaskyldir. Meginreglan er sú að tap og útgjöld, sem er að rekja til vanefnda, skal bæta að fullu. Sá sem fyrir vanefndum verður skal í fjárhagslegu tilliti verða eins settur og gagnaðili hefði réttilega efnt samninginn.

Í frumvarpi til laga um neytendakaup er ekki greint á milli beins og óbeins tjóns líkt og gert er í lögum um lausafjárkaup, sbr. 2. og 3. mgr. 67. gr. Neytandi getur því einnig krafist skaðabóta fyrir óbeint tjón. Rökin fyrir því að greina ekki á milli beins og óbeins tjóns í neytendakaupum eru m.a. þau að tjón í neytendakaupum er yfirleitt annars eðlis en tjón sem verður í kaupum á milli tveggja aðila sem báðir hafa atvinnu sína af sölu. Þannig koma almennt ekki upp í neytendakaupum kröfur um skaðabætur fyrir tjón af völdum rekstrarstöðvunar eða tjón sem rekja má til tapaðs hagnaðar, sbr. a- og c-lið 2. mgr. 67. gr. kaupalaga. Það felur því í raun ekki í sér mikla víkkun á skaðabótaábyrgð seljanda að gera hann einnig ábyrgan fyrir óbeinu tjóni. Þó eru í 2. mgr. gerðar undantekningar á skaðabótaábyrgð að því er varðar líkamstjón og tjón í atvinnustarfsemi neytanda.

Meginregla fyrri málsliðar 1. mgr. takmarkast m.a. af almennum sjónarmiðum um sennilega afleiðingu og af reglu síðari málsliðar 1. mgr. Meginreglan takmarkast einnig af ákvæði 2. mgr. um að skaðabætur nái ekki til tiltekinna tjóna. Regla 54. gr. um skyldu til að draga úr tjóni og um mildun ábyrgðar felur einnig í sér takmörkun meginreglunnar.

Ákvæðið gildir um tjón á söluhlut og afleiðingar þess. Um tjón, sem verður á öðrum hlutum en söluhlut, er rætt í athugasemdum við 34. gr. Ákvæðið gildir einvörðungu um fjárhags-

legt tjón og að jafnaði aðeins um einstaklingsbundið tjón sem aðili kaupsamnings verður fyrir. Við ákvörðun tjónsins er aðalreglan sú að tjón er bætt að fullu fyrir tap og útgjöld sem leiðir af vanefndum. Því er þess krafist að orsakasamband sé milli vanefndar og tjónsins sem af hlýst. Vísað er til almennra skaðabótareglna um hvað þetta felur nánar í sér.

Í fyrri málslið 1. mgr. eru nefndir þrír ólíkir liðir sem skaðabætur skulu bæta, þ.e. útgjöld, verðmunur og tapaður hagnaður. Upptalningin er ekki tæmandi og hún segir heldur ekkert til um skilyrði þess að krefjast bóta fyrir hvern einstakan lið, en það fer eftir öðrum ákvæðum.

Undir útgjöld í 1. mgr. fellur kostnaður sem aðili hefur orðið fyrir vegna vanefndanna, t.d. kostnaður vegna póst- og skeytasendinga, flutninga og ferðalaga. Einnig getur fallið hér undir kostnaður við að staðreyna tjón og umfang þess eða kostnaður við að senda hlutinn aftur til seljanda til viðgerðar. Þá getur neytandi hafa lagt í kostnað við að draga úr afleiðingum vanefnda, t.d. með því að leigja hlut í stað þess sem bæta skal. Seljandi getur orðið fyrir kostnaði vegna vanefnda neytanda, t.d. við að selja hlutinn öðrum eða við að innheimta kaupverðið.

Útgjöld sem falla undir ákvæðið er unnt að fá bætt jafnvel þótt sá sem fyrir vanefndum verður rifti kaupum.

Þrátt fyrir að það komi ekki fram beinum orðum í frumvarpinu á aðili rétt á skaðabótum vegna ófjárhagslegs tjóns sem leiðir af vanefnd, t.d. vegna óhagræðis, tapaðs tíma og eigin vinnuframlags. Byggjast slíkar bætur á sanngirnismati. Eftir stendur þó sem aðalregla að sé ekki unnt að staðreyna neitt fjárhagslegt tjón getur ekki orðið um bætur að ræða.

Annar liðurinn sem talinn er upp í fyrri málslið 1. mgr. er tjón vegna verðmunar, en það getur t.d. komið til vegna verðsveiflna á markaði eða vegna verðmunar hjá hinum ýmsu afhendingaraðilum. Það er forsenda skaðabóta vegnar verðmunar að samningsaðili hafi orðið fyrir tjóni af þeim sökum, en það er ekki skilyrði að hann hafi gert staðgönguráðstafanir. Sem dæmi um skaðabætur vegna verðmunar má nefna þá aðstöðu þegar neytandinn riftir kaupum vegna greiðsludráttar og verð fer hækkandi eftir samningsgerðina þannig að hlut er einungis unnt að kaupa á hærra verði. Með sama hætti getur seljandinn fengið skaðabætur vegna verðmunar þegar kaupum er rift og verð fer lækkandi eftir gerð samningsins.

Skaðabætur vegna tapaðs hagnaðar geta verið raunhæfar að því marki sem hann verður ekki bættur á grundvelli verðmunar. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik þegar kaup varða hlut sem hefur verið sérstaklega búinn til fyrir neytanda. Hluturinn er þá oft þannig í eðli sínu að seljandinn hefur litla möguleika á að selja hann öðrum. Þegar seljandinn riftir kaupunum eða neytandinn afpantar hlutinn, sbr. 41. gr., verður seljandinn því af hagnaði sem hann á kröfu til að fá bættan.

Síðari málsliður 1. mgr. takmarkar réttinn til skaðabóta við það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndanna. Ákvæðið er í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. 67. gr. kaupalaga. Í ákvæðinu felst ekki neins konar sakarregla heldur fyrst og fremst regla um það að tjónþoli geti ekki krafist skaðabóta fyrir sérhvert tjón sem hægt er að rekja til vanefnda. Ákvæðið veitir því fyrst og fremst leiðbeiningar við ákvörðun skaðabóta sem útilokar skaðabætur fyrir fjarlægar og óvissar afleiðingar vanefnda. Málsgreinin gerir ráð fyrir að metið sé hvort eðli tjóns og umfang mátti með sanngirni sjá fyrir sem afleiðingu vanefndanna. Niðurstaða um það hvenær sjá mátti afleiðingarnar fyrir verður að ráðast af eðli vanefnda og hvenær þær urðu. Ef vanefndir eru vegna atburðar sem ekki verður rakinn til sakar aðila er sanngjarnt að miða við atvik sem aðilar þekktu eða máttu þekkja við samningsgerðina. Ef vanefndin er hins vegar afleiðing mistaka eða vanrækslu af hálfu aðila, eftir að kaup voru gerð, verður matið að taka mið af því tímamarki þegar vanefnd varð.

Ákvæði sambærilegt við 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er ekki að finna í lögum um lausafjárkaup. Samkvæmt ákvæðinu verður skaðabóta ekki krafist á grundvelli laga um neytendakaup í ákveðnum tilvikum. Í fyrsta lagi ná skaðabætur ekki til líkamstjóns skv. a-lið. Er þetta í samræmi við gildandi rétt. Í öðru lagi kemur fram í b-lið að skaðabætur á grundvelli frumvarpsins ná ekki til tjóns sem verður í atvinnustarfsemi neytanda. Það er væntanlega mjög sjaldgæft að slíkt tjón verði í neytendakaupaum, en með hliðsjón af hagsmunum seljanda þykir eðlilegt að undanþiggja slík tjón skaðabótaábyrgð.

Um 53. gr.

Ákvæði 1. mgr. 53. gr. er sambærilegt 68. gr. kaupalaga og fjallar um hvernig ákvarða á skaðabætur vegna verðmunar í þeim tilvikum þegar tjónþoli riftir kaupum og gerir jafnframt staðgönguráðstafanir. Ákvæðið á við hvort sem það er neytandi eða seljandi sem riftir kaupunum og gerir staðgönguráðstafanir í framhaldi af því. Staðgönguráðstafanir geta verið staðgöngukaup sem felast í því að neytandinn útvegar sér hlut í stað upphaflegs söluhlutar eða staðgöngusala sem felst í því að seljandi selur öðrum þann hlut sem hann seldi neytanda upphaflega.

Samkvæmt ákvæðinu getur tjónþoli valið um hvort hann vill beita reglunum um verðmun eða ekki. Geti gagnaðili sannað að gerðar hafi verið staðgönguráðstafanir sem leiði til minni verðmunar verður að leggja þann verðmun til grundvallar. Með því að gera staðgönguráðstöfun getur sá aðili sem riftir kaupum takmarkað tjón sem vanefndir gagnaðila hafa í för með sér. Með skaðabótum fyrir verðmun er samningsaðila bætt tjón sem verðbreytingar á markaði eftir kaup valda.

Samkvæmt ákvæðinu hvílir ekki sú skylda á tjónþola að gera staðgönguráðstafanir, en slíka skyldu getur leitt af verslunarvenju eða af almennri skyldu tjónþola til að takmarka tjón sitt, sbr. 54. gr. frumvarpsins. Þegar aðili hefur í raun og veru gert staðgönguráðstafnir með forsvaranlegum hætti og innan sanngjarns tíma getur hann samkvæmt ákvæðinu krafist skaðabóta vegna þess verðmunar sem er á kaupverðinu annars vegar og því verði sem leiddi af staðgönguráðstöfuninni hins vegar. Það er aftur á móti skilyrði að um tjón hafi verið að ræða. Ef staðgönguráðstöfun hefur leitt til hagnaðar fyrir þann sem riftir kaupum á ákvæðið ekki við því að tilgangur þess er ekki að leiðrétta kaupverðið.

Í fyrsta lagi er það skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að sá sem riftir kaupum hafi í raun gert staðgönguráðstöfun, en með því er átt við ráðstöfun sem hefur bæði efnisleg og tímaleg tengsl við upphaflegu kaupin og er í raun ætlað að mæta sömu þörfum. Þá er það skilyrði að tegund og eiginleikar staðgönguhlutar séu svipuð tegund og eiginleikum þess hlutar sem upphaflega var keyptur. Því eru staðgöngukaup útilokuð ef upphaflegur söluhlutur hefur verið sérhannaður eða sérútbúinn. Tjónþoli verður að leitast við að gera svo hagkvæmar staðgönguráðstafanir sem mögulegt er, en ekki er nauðsynlegt að þær séu gerðar með nákvæmlega sömu kjörum. Þegar bætur eru metnar má taka tillit til þess aukna kostnaðar sem leiða kann af dýrari flutningi hlutarins eða öðrum óhagstæðari kjörum. Hins vegar verður á sama hátt einnig að taka tillit til þess ef kjör eru hagstæðari.

Annað skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins er að staðgönguráðstöfun hafi verið forsvaranleg. Í því felst að neytandi getur ekki fengið greiddan verðmun sem leiðir af óeðlilega kostnaðarsömum staðgönguráðstöfunum. Skilyrðið verður að meta út frá því hvað sé forsvaranlegt miðað við allar aðstæður þar sem m.a. er tekið tillit til verðs, möguleika til að kaupa eða selja vöru, kostnaðar við ráðstöfun og ekki síst þess tíma sem til ráðstöfunar er.

Þá er það skilyrði samkvæmt ákvæðinu að staðgönguráðstöfun sé gerð innan sanngjarns tíma frá riftun, en með því er hamlað gegn því að tjónþoli bíði óhæfilega lengi með að gera

staðgönguráðstöfun til að geta séð hvernig mál þróast og náð þannig hærri bótafjárhæðum. Meta verður í hverju tilviki fyrir sig hvað telst sanngjarn tími, en fresturinn verður þó að jafnaði ekki lengri en leiðir af reglunum í 27. gr. um tilkynningar.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar, sem svarar til 1. málsl. 1. mgr. 69. gr. kaupalaga, er fjallað um ákvörðun verðmunar þegar kaupum er rift, en staðgönguráðstafanir eru ekki gerðar. Ákvæðið á einnig við þegar gerð hefur verið staðgönguráðstöfun sem fullnægir ekki skilyrðum 1. mgr., t.d. þegar ráðstöfun er ekki gerð á forsvaranlegan hátt eða innan sanngjarns tíma.

Skilyrði þess að 2. mgr. 53. gr. eigi við er að gangverð sé á söluhlut. Forsendan er að söluhlutur sé tegundarákveðinn og í vissri viðskiptaveltu, en verð hans þarf ekki að vera skráð. Samkvæmt málsgreininni er verðmunur reiknaður út þannig að lagt er til grundvallar kaupverð annars vegar og gangverð hlutarins á riftunartíma hins vegar. Við verðsamanburðinn verður að taka tillit til vörunnar, gæða, magns og samningsbundinna skilmála að öðru leyti, auk minni háttar atriða, svo sem flutningskostnaðar. Tjónþoli getur krafist bóta fyrir annað tjón samkvæmt ákvæðum 52. gr. Verðmunur hlutanna tekur venjulega einnig til tjóns sem verður vegna tapaðs hagnaðar og því verður hér ekki um sérstakan tjónslið að ræða skv. 52. gr.

Í 3. mgr., sem svarar til 2. mgr. 69. gr. laga um lausafjárkaup, er skilgreining á því hvað sé gangverð. Samkvæmt frumvarpinu er gangverð í fyrsta lagi það verð sem sambærilegir hlutir hafa á afhendingarstað. Í flestum tilvikum hefur vara sama gangverð á stórum svæðum, en stundum er verðmunur á milli einstakra staða og þá ræður afhendingarstaður úrslitum.

Ákvæði 2. málsl. 3. mgr. gilda ef ekki er um gangverð að ræða á afhendingarstað. Þá skal miða gangverð við annan stað sem með sanngirni má jafna til afhendingarstaðar. Slíkur staður getur eftir atvikum ýmist verið framleiðslustaður hlutarins, ákvörðunarstaður, viðtökustaður eða viðurkenndur markaðsstaður á umræddu viðskiptasviði. Meta verður í hverju tilviki fyrir sig hvað telst sanngjarnt í þessu tilliti með hliðsjón af viðskiptavenjum og hagsmunum aðilanna.

Við verðsamanburð skv. 2. málsl. 3. mgr. skal taka tillit til mismunandi flutningskostnaðar til leiðréttingar. Fer eftir samningum aðila hverju sinni hvers konar flutningskostnaður kemur til álita í þessu sambandi. Með þessum hætti er unnt að nálgast verulega það verð sem hefði hvort sem er leitt af staðgönguráðstöfunum. Sé ekki um neitt gangverð að ræða samkvæmt framansögðu er ekki á öðru að byggja en ákvæðum 52. gr. varðandi ákvörðun bóta.

Um 54. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar um skyldu tjónþola til að takmarka tjón sitt og möguleika á mildun ábyrgðar. Er efni greinarinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. 70. gr. kaupalaga.

Í 1. mgr. er fjallað um þá skyldu tjónþola að gera sanngjarnar ráðstafanir til þess að takmarka tjón sitt. Vanræki hann þá skyldu ber hann sjálfur þann hluta tjónsins sem því nemur.

Meta verður í hvert sinn með hliðsjón af atvikum og aðstæðum hvaða aðgerða verður krafist af aðilum við að takmarka tjón sitt. Riftun og staðgönguráðstafanir eru dæmi um aðgerðir sem eðlilegt getur verið að grípa til í því skyni að takmarka tjón. Af ákvæðinu leiðir að til slíkra aðgerða getur verið nauðsynlegt að grípa fljótt ef meira tjón mundi ella af hljótast. Við matið verður að taka tillit til þess sem með sanngirni mátti ætlast til af aðila á því tímamarki þegar vanefnd varð. Þá verður einnig að líta til þess að aðili getur þurft ákveðinn tíma til þess að átta sig á hvaða úrræðum sé hentugast að beita. Einnig verður að taka tillit til eðlis kaupanna og þess sem venjulegt má telja í umræddri tegund viðskipta.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er almenn regla um mildun bótaábyrgðar. Samkvæmt ákvæðinu má lækka skaðabætur ef þær leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir hinn bóta-

skylda aðila. Við matið verður að taka tillit til fjárhæðar tjóns í samanburði við tjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og miðað við atvik að öðru leyti.

Mildun bótaábyrgðar samkvæmt ákvæðinu getur komið til greina í tilvikum þegar afleiðingar vanefnda á samningsskyldu eru lítt fyrirsjáanlegar. Rökstuðningur fyrir mildun bótaábyrgðar er sá að meiri ástæða þykir til að lækka skaðabætur vegna tjóns sem gagnaðili getur almennt ekki gert ráð fyrir og takmarkað, t.d. tjón sem óbeint má rekja til vanefnda og leiðir að meira eða minna leyti af einstaklingsbundum atvikum og aðstæðum hjá tjónþola. Samanburður á viðkomandi tjóni og því sem kalla má venjulegt tjón í sambærilegum tilvikum er því mikilvægur þáttur við mat á því hvort beita má ákvæðinu.

Með vísun til „atvika að öðru leyti“ í 2. mgr. er m.a. átt við tegund kaupa, hverjir samningsaðilar eru og ástæður vanefndanna, þ.m.t. hversu mikla vanrækslu sá hefur sýnt sem vanefnir samninginn og framferði tjónþola. Einnig verður að líta til fjárhæðar tjóns og fyrirliggjandi möguleika á vátryggingum og þess að hve miklu leyti tjónþoli vakti við samningsgerðina athygli viðsemjanda síns á sérstakri hættu sinni á að verða fyrir tjóni.

Þörfin fyrir mildun ábyrgðar getur einnig ráðist af því um hvers konar vanefndir er að ræða. Þannig má sem dæmi nefna að yfirleitt verður síður um mikið ófyrirsjáanlegt tjón að ræða af völdum greiðsludráttar af hálfu neytanda en það tjón sem leitt getur af vanefndum seljanda.

Um XII. kafla.

Í kaflanum er safnað saman ýmsum ákvæðum. Í 55. gr. er kveðið á um það að um fyrirsjáanlegar vanefndir fari eftir ákvæðum kaupalaga. Í 56. gr. er mælt fyrir um að ákvæði laga um gjaldþrotaskipti gildi varðandi réttindi við gjaldþrot samningsaðila. Í 57. gr. koma fram þær reglur sem gilda þegar vanefndir verða á hluta hins selda. Í 58. og 59. gr. er fjallað um riftunarrétt neytanda og seljanda við afhendingu í áföngum. Í 60. gr. er kveðið á um skyldu til umönnunar söluhlutar og í 61. gr. koma fram sérreglur um neytendahugtakið í tilteknum alþjóðlegum kaupum.

Um 55. gr.

Í 55. gr. frumvarpsins er kveðið á um að um fyrirsjáanlegar vanefndir fari eftir 61. og 62. gr. kaupalaga.

Ákvæði 61. gr. kaupalaga veitir aðila rétt til að stöðva efndir og halda eftir eigin greiðslu þegar vænta má vanefnda af hálfu gagnaðila ef nánar tiltekin atvik liggja fyrir sem skjóta stoðum undir þær ályktanir að um vanefndir muni verða að ræða. Rétturinn skv. 61. gr. nær í fyrsta lagi til þess að stöðva efndir og í öðru lagi til þess að halda eftir greiðslum. Í víðri merkingu tekur hugtakið „stöðvunarréttur“ til beggja þessara heimilda. Líta má á þennan rétt sem stuðning við aðalregluna um að greiðsla skuli koma á móti greiðslu.

Í 62. gr., sem er til viðbótar reglunni í 61. gr. um stöðvunarrétt, er kveðið á um heimild til handa báðum aðilum samnings til að rifta vegna fyrirsjáanlegra vanefnda af hálfu gagnaðila. Er þá skilyrði að ljóst sé að vanefndir, sem veita heimild til riftunar, muni að höndum bera. Hinar fyrirsjáanlegu vanefndir verða auk þess að vera verulegar og fullnægja að öðru leyti skilyrðum riftunar samkvæmt lögunum.

Um nánari skýringar er vísað til greinargerðar með kaupalögum.

Um 56. gr.

Í 56. gr. frumvarpsins, sem er sambærileg 63. gr. kaupalaga, er fjallað um áhrif gjaldþrots samningsaðila á efndir kaupsamnings. Í frumvarpsgreininni kemur fram að um rétt til að

ganga inn í kaup, halda eftir greiðslu eða rifta kaupum vegna gjaldþrots samningsaðila fari eftir lögum um gjaldþrotaskipti. Um það efni gilda nú ákvæði XV. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og vísast þangað.

Um 57. gr.

Frumvarpsgreinin er sambærileg ákvæðum 43. gr. kaupalaga. Tekur ákvæðið til vanefnda að því er varðar hluta hins selda og á þannig við um þau tilvik þegar seljandi afhendir aðeins hluta hins selda, en þá er hinn hlutinn annaðhvort ekki afhentur eða afhentur of seint. Undir ákvæðið falla bæði greiðsludráttur og magngallar auk þeirra tilvika þegar hluti hinnar afhentu greiðslu er gallaður.

Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar eiga við þegar ákveðinn fjöldi eintaka eða ákveðin eintök úr tiltekinni sendingu eru afhent of seint eða reynast gölluð. Í slíkum tilvikum getur neytandinn beitt vanefndaúrræðum að því er varðar þann hluta. Með orðunum „hluta hins selda“ í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að unnt sé að skipta hinu selda upp í tilgreindar sendingar eða hluta þannig að unnt sé að afmarka vanefndakröfur við ákveðna þætti. Ákvæðið á hins vegar ekki við um tilvik þar sem galli er á hluta hins selda og sá hluti er í svo nánum raunverulegum og starfslegum tengslum við hinn hlutann að ekki er með sanngirni unnt að greina þar á milli.

Ákvæði 1. mgr. getur átt við um flestar vanefndakröfur, t.d. kröfu um efndir skv. 21. gr., kröfu til úrbóta og nýrrar afhendingar skv. 29. gr. og kröfu til afsláttar skv. 31. gr., svo og um skaðabótakröfu. Ákvæðið hefur þó væntanlega mesta þýðingu varðandi riftun. Neytandinn getur þá rift að því er snertir þann hluta greiðslunnar sem vanefnd varðar, en haldið afgangnum. Það er þó forsenda að fyrir hendi séu skilyrði riftunar að því er varðar þann hlutann sem riftun tekur til. Þegar það er metið hvort vanefndir eru verulegar eða ekki ber að meta það með hliðsjón af þeim hluta sem vanefndin varðar. Þannig er unnt að rifta að því er umræddan hluta varðar þó að vanefnd verði ekki talin veruleg þegar litið er til kaupanna í heild sinni.

1. mgr. 57. gr. getur einnig haft þýðingu þegar um er að ræða nýja afhendingu. Neytandinn getur á grundvelli þeirra skilyrða, sem fram koma í 29. gr., krafist nýrrar afhendingar að því er varðar hluta hins selda, en haldið því sem eftir er.

Í 2. mgr. er fjallað um magngalla og samkvæmt ákvæðinu eiga reglur um galla við ef seljandi hefur afhent hluta hins selda, en ráða má af atvikum að afhendingu er lokið af hans hálfu. Oft getur verið álitamál í slíkum tilvikum hvort eigi við reglur um galla eða greiðsludrátt. Samkvæmt ákvæðinu gilda reglurnar um galla t.d. um það tilvik þegar seljandinn hefur vegna misskilnings afhent of lítið, án þess að vera það ljóst. Ef hins vegar má ráða af atvikum að seljanda hafi verið ljóst, t.d. vegna þess magns sem afhent var, að afhendingu var ekki lokið verður að leggja til grundvallar reglurnar um greiðsludrátt. Í flestum tilvikum er eðlilegast að líta svo á að um magngalla sé að ræða.

Um 58. gr.

Í frumvarpsgreininni, sem er sambærileg 44. gr. kaupalaga, koma fram reglur um riftunarrétt neytanda þegar seljandinn á að afhenda hið selda í áföngum. Ákvæðið gildir um riftun við hvers konar vanefnd varðandi afhendingu í áföngum. Óljóst er í hvaða mæli neytandi getur valið milli þess að beita ákvæðum 57. og 58. gr., en beiting 58. gr. kemur helst til álita þegar um tiltölulega skýr ákvæði er að ræða varðandi afhendingu í áföngum.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram að ef vanefndir verða á tiltekinni afhendingu seljanda, sem afhenda á hið selda í áföngum, getur neytandi rift kaupum að því er einstaka

afhendingu varðar ef almenn riftunarskilyrði eru fyrir hendi. Af ákvæðinu leiðir þannig að þegar afhenda á hið selda í áföngum ber að líta á einstakar afhendingar sem sjálfstæð kaup með hliðsjón af riftunarreglum. Ákvæðið rýmkar því rétt neytanda til riftunar miðað við það sem vera mundi ef litið væri á kaupin sem eina heild. Ákvæði 1. mgr. á einkum við þegar unnt er að nota þá hluta, sem afhentir eru, hvern fyrir sig og án tillits til annarra, en það á hins vegar síður við þegar afhentir hlutar eru í raunverulegum og starfslegum tengslum við aðra hluta.

Ákvæði 2. mgr. veitir neytanda með vissum skilyrðum rétt til riftunar að því er varðar síðari afhendingar. Slíkur riftunarréttur gæti einnig byggst á ákvæðum 62. gr. kaupalaga, sbr. 55. gr., þ.e. riftun vegna fyrirsjáanlegra vanefnda. Ákvæði 2. mgr. 58. gr. frumvarpsins gerir hins vegar ráð fyrir því, gagnstætt ákvæðum 62. gr. kaupalaga, að vanefnd hafi þegar orðið að því er varðar hluta greiðslunnar. Þegar þau skilyrði eru fyrir hendi fær neytandi nokkuð rýmri riftunarrétt en leiða mundi af ákvæðum 62. gr. kaupalaga.

Það er ekki skilyrði riftunar skv. 2. mgr. að neytandi hafi beitt riftunarrétti að því er tiltekna afhendingu varðar. Sem dæmi um þetta má nefna kaup þar sem seljandinn á að greiða með fimm afhendingum. Ef verulegur greiðsludráttur verður varðandi aðra sendinguna má vera að neytandinn líti svo á að þrátt fyrir allt sé best fyrir hann að krefjast efnda. Ef eftir þetta verður seinkun á þriðju afhendingu getur verið að neytandinn sjái hagsmunum sínum best borgið með því að rifta kaupunum að því er varðar fjórðu og fimmtu sendinguna, hvort heldur hann velur að rifta varðandi þriðju sendinguna eða ekki.

Það er skilyrði riftunar að því er varðar síðari afhendingar að það gerist áður en sanngjarn tími er liðinn frá því sú vanefnd varð sem veitti rétt til riftunar. Ef vanefnd verður við hverja afhendinguna eftir aðra byrjar nýr frestur að líða við hverja vanefnd fyrir sig.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt neytanda til að rifta kaupum, bæði að því er varðar fyrri og síðar afhendingar, þegar fyrir hendi er ákveðið samhengi milli þessara afhendinga og þeirrar afhendingar sem vanefnd varð um. Það er þá skilyrði að neytandinn rifti varðandi þá greiðslu sem vanefnd varðar.

Það er einnig skilyrði samkvæmt málsgreininni að slíkt samhengi sé milli afhendinganna að þær geti ekki nýst í þeim tilgangi sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina. Þegar um er að ræða riftun að því er varðar síðari afhendingu getur neytandi oft valið að beita ákvæðum 2. mgr. 58. gr. og rift aðeins að því er síðari greiðslur varðar, án tillits til samhengisins milli greiðslnanna.

Um 59. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 56. gr. kaupalaga og fjallar um riftunarrétt seljanda við afhendingu í áföngum. Ákvæðið á ekki aðeins við um greiðsluvanefndir neytanda heldur einnig vanefndir á skyldunni til að stuðla að efndum. Þau réttindi, sem seljandinn hefur samkvæmt frumvarpsgreininni, eru mjög hliðstæð réttindum neytanda skv. 58. gr. Greinin á við um riftun vegna allra vanefnda neytanda við áfangaskyldur hans. Um vanefndir er því ekki aðeins að ræða þegar neytandi vanrækir greiðsluskyldu sína heldur einnig þegar hann hefur vanefnt aðrar skyldur í sambandi við kaupin.

Í 1. mgr. er fjallað um tilvik þegar seljandinn á að afhenda hið selda í áföngum og efndir af hálfu neytanda haldast í hendur við afhendingu seljanda. Í ákvæðinu felst hið sama og í 1. mgr. 58. gr., litið er á hverja afhendingu sem sjálfstæð kaup að því er riftunarréttinn varðar. Seljandinn getur við vanefndir rift kaupum að því er hverja einstaka afhendingu varðar og skilyrði þessa eru metin út frá viðkomandi afhendingu. Tilvísun í 45. gr. frumvarpsins felur það m.a. í sér að vanefndir þær, sem hér um ræðir, verða að vera verulegar eða að við-

bótarfresti hafi ekki verið sinnt. Enn fremur felst í tilvísuninni að riftun kann að taka til afhendinga sem neytandi hefur þegar veitt viðtöku.

Á grundvelli 2. mgr. hefur seljanda rétt til riftunar að því er síðari afhendingar varðar með sömu skilyrðum og fram koma í 2. mgr. 58. gr. varðandi riftunarheimild neytanda. Það er skilyrði fyrir riftun að þegar séu til staðar vanefndir varðandi eina einstaka afhendingu. Vanefndir verða að vera slíkar að þær veiti „réttmæta ástæðu til að ætla“ að riftunarréttur skapist að því er síðari afhendingar varðar. Hugtakið „réttmæt ástæða“ ber að skýra með hliðsjón af því sem segir í athugasemdum við 2. mgr. 58. gr. Það er ekki skilyrði riftunar skv. 2. mgr. að seljandinn rifti kaupum einnig að því er fyrstu afhendingu varðar. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. mgr. 58. gr.

Um 60. gr.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar svara að mestu til 72. og 73. gr. kaupalaga um skyldu neytanda og seljanda til að annast um söluhlut.

Í 1. mgr., sem svarar til 72. gr. kaupalaga, er í fyrsta lagi fjallað um það þegar neytandi lætur hjá líða að sækja söluhlut eða veita honum viðtöku. Ákvæðið á einnig við þegar önnur atvik, sem neytanda varða, leiða til þess að hann fær ekki söluhlutinn afhentan á réttum tíma. Undir það fellur t.d. þegar afhendingin er undir því komin að kaupverðið sé greitt en það er ekki gert og þegar afhendingu seinkar af þeirri ástæðu að neytandinn ljær ekki atbeina sinn að efndum. Seljandinn getur þá haldið söluhlut hjá sér, en á hann fellur jafnframt umönnunarskylda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Umönnunarskylda seljanda gildir án tillits til huglægrar afstöðu neytandans til vanefnda og án tillits til þess hvort aðilar hafa sett fram vanefndakröfur eða ekki. Neytandanum er skylt skv. 40. gr. að stuðla að sínu leyti að því að seljandinn geti efnt skyldur sínar og að taka við hlutnum með því að sækja hann eða veita honum viðtöku. Vanefndir neytandans samkvæmt ákvæðinu eru undir því komnar að aðgerðaleysi hans verði ekki rakið til seljanda eða atvika sem hann varða, sbr. 43. gr.

Skylda seljanda samkvæmt ákvæðinu felst í því að annast um söluhlut með sanngjörnum hætti. Það fer m.a. eftir því um hvers konar hlut er að ræða hvað telst sanngjarnt í þeim efnum. Ef seljandi hefur hlut í vörslum sínum er umönnunarskylda hans skilyrðislaus. Að öðru leyti fer skyldan eftir því hvort seljandinn hefur möguleika á því að annast hlutinn. Ef hlutur er á öðrum stað getur seljandinn e.t.v. annast um hlutinn, t.d. ef hann er með útibú eða umboðsmann á þeim stað. En hafi banki á afhendingarstað fengið það hlutverk að sjá um innheimtu kaupverðsins verður bankinn ekki af þeirri ástæðu talinn umboðsmaður seljanda með þeim afleiðingum að á seljandann falli umönnunarskylda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Seljandi annast söluhlut á kostnað neytanda og ef umönnun leiðir til tímabundinna útgjalda fyrir seljanda verður neytandinn að endurgreiða honum.

Umönnunarskylda seljanda er samkvæmt ákvæðinu ekki bundin neinum tímatakmörkunum, en seljandinn getur öðlast rétt til að rifta kaupum samkvæmt ákvæðum 45. gr. Þar að auki getur seljandinn neytt réttar síns skv. 76. eða 77. gr. kaupalaga, sbr. 3. mgr. 60. gr. frumvarpsins, til að selja hlutinn eða ráðstafa honum með öðrum hætti.

Af ákvæðum 1. mgr. 14. gr. leiðir þá meginreglu að neytandinn ber áhættuna af söluhlutnum á þeim tíma sem seljandinn annast um hann samkvæmt frumvarpsgreininni. Þótt það sé neytandinn sem almennt ber áhættuna af söluhlut getur það eigi að síður verið þáttur í umönnunarskyldu seljanda að vátryggja söluhlutinn meðan skyldan varir.

Í ákvæðinu er ekki fjallað um afleiðingar þess að seljandinn sinnir ekki umönnunarskyldu sinni. Í slíkri stöðu getur seljandi orðið bótaskyldur. Það leiðir hins vegar af 3. mgr. 18. gr. að seljandinn ber einnig ábyrgð á göllum sem koma í ljós eftir að áhættan hefur flust yfir til neytandans ef rekja má galla til vanefnda af hálfu seljandans. Nær þetta einnig til vanefnda sem felast í því að seljandinn hefur ekki sinnt umönnunarskyldu sinni.

Ákvæði 2. mgr. svara til 73. gr. kaupalaga. Í 1. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að þegar neytandi vill hafna söluhlut sem hann hefur veitt viðtöku er hann skyldur til að annast um hlutinn eins og sanngjarnt er miðað við aðstæður. Orðalag ákvæðisins er sambærilegt við 1. mgr., enda er ætlunin sú að umönnunarskyldan sé hin sama í báðum tilvikum. Umönnun neytanda er því á kostnað seljanda.

Í málsliðnum kemur fram það skilyrði að neytandinn hafi rétt til að hafna söluhlut. Ef neytandi hefur ekki slíkan rétt verður hann að annast um hlutinn í þágu eigin hagsmuna og ekki fyrir reikning seljandans. Þar sem neytandi hefur veitt söluhlut viðtöku ber hann áhættuna af hlutnum. Í höfnun neytanda á söluhlut felst að neytandinn vill ekki halda hlut. Neytandinn hefur rétt til að hafna hlut þegar beinlínis er um það samið, þegar afhending er verulega gölluð eða þegar afhent er of snemma eða of mikið.

Í 2. málsl. 2. mgr. koma fram reglur sem gilda þegar neytandi vill hafna söluhlut sem hefur verið sendur til hans honum til reiðu á ákvörðunarstað. Í slíkum tilvikum er neytandinn skyldur til að annast um hlutinn fyrir reikning seljanda. Það er einnig skilyrði skv. 2. málsl. að neytandinn eigi rétt á að hafna hlutnum.

Skylda neytanda til að annast um söluhlut á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. gildir aðeins ef það getur gerst án þess að hann þurfi jafnframt að greiða kaupverðið. Þannig fellur engin umönnunarskylda á neytanda ef söluhlutur er sendur í póstkröfu. Þá verður umönnunarskyldan heldur ekki virk ef neytandinn getur ekki sinnt henni nema því aðeins að verða fyrir ósanngjörnum útgjöldum eða óhagræði.

Í 3. málsl. 2. mgr. kemur fram að umönnunarskylda fellur ekki á neytanda ef seljandinn eða einhver á hans vegum getur annast um hlut á ákvörðunarstað. Þótt neytandinn sé ekki skyldur til að annast um söluhlut getur hann eftir atvikum verið skyldugur að tilkynna seljandanum eða umboðsmanni hans um það að hann hafni söluhlut þannig að seljandinn geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að annast um hlutinn.

Ekki er fjallað um afleiðingar þess að neytandinn vanrækir umönnunarskyldu sína í málsgreininni, en ljóst er samkvæmt ákvæðum 51. gr. frumvarpsins að slík vanræksla getur leitt til þess að neytandinn glatar riftunarrétti sínum. Þá getur vanræksla á umönnunarskyldu einnig leitt til þess að heimilt er að beita venjulegum vanefndaúrræðum.

Í 3. mgr. 60. gr. er kveðið á um það að sá aðili sem annast skal söluhlut geti falið þriðja manni á grundvelli reglna 74. gr. laga um lausafjárkaup. Í því ákvæði er kveðið á um að þeim sem annast skal söluhlut sé heimilt að fela það þriðja manni á kostnað gagnaðila. Það er þó skilyrði samkvæmt ákvæðinu að útgjöld við að varðveita hlut hjá þriðja manni verði ekki óhæfilega mikil. Þá kemur fram í ákvæðinu að ef vörslumaður er valinn á forsvaranlegan hátt og hann hefur veitt hlut viðtölu er samningsaðili laus undan skyldu sinni til umönnunar. Loks leiðir af 74. gr. kaupalaga að samningsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður meðan hlutur er hjá vörslumanni ef vörslumaður hefur verið valinn á forsvaranlegan hátt.

Í 3. mgr. er enn fremur kveðið á um að ákvæði 75., 76., 77. og 78. gr. kaupalaga gildi einnig í neytendakaupum. Í 75. gr. kaupalaga er kveðið á um að samningsaðili, sem annast um söluhlut á kostnað gagnaðila, eigi rétt til endurgreiðslu hæfilegs kostnaðar sem af því hlýst. Er þeim sem umönnunarskyldan hvílir á heimilt að halda hlutnum hjá sér til tryggingar

kröfu sinni samkvæmt ákvæðinu. Í 76. gr. kaupalaga er þeim aðila sem umönnunarskylda hvílir á veitt heimild til að selja söluhlutinn. Slíkt er heimilt í fjórum tilvikum. Í fyrsta lagi er sala heimil ef umönnunaraðili getur ekki annast um hlutinn án þess að baka sér verulegan kostnað, í öðru lagi er heimilt að selja söluhlut ef gagnaðili dregur það óhæfilega lengi að taka við hlutnum, í þriðja lagi má selja hlutinn ef gagnaðili dregur það óhæfilega lengi að greiða kaupverðið og umönnunaraðili getur í fjórða lagi selt hlutinn ef gagnaðili dregur óhæfilega lengi að greiða geymslukostnað. Í 77. gr. kaupalaga er kveðið á um að ef aðili hefur heimild til sölu á grundvelli 76. gr. kaupalaga en hluturinn selst ekki eða það er ljóst að söluandvirði mundi ekki duga fyrir sölukostnaði er aðila heimilt að ráðstafa hlutnum með öðrum forsvaranlegum hætti. Í 78. gr. kaupalaga kemur fram að samningsaðili, sem annast hefur um söluhlut, skuli reikningsfæra gagnaðila fyrir því sem fékkst fyrir hlutinn við sölu eða með öðrum hætti ásamt því að gera honum reikning fyrir kostnaði sínum.

Um 61. gr.

Í frumvarpsgreininni koma fram sérreglur um neytendahugtakið í tilteknum alþjóðlegum kaupum. Ísland er aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja frá 1980, *The 1980 United Nations Convention for the International Sale of Goods* (CISG), sbr. tillögu til þingsályktunar um að Ísland gerist aðili að samningnum sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi 27. mars 2001 (hér eftir nefndur SÞ-samningurinn). Þá hafa ákvæði laga um lausafjárkaup verið aðlöguð að samningnum.

Samkvæmt a-lið 2. gr. SÞ-samningsins gildir hann ekki um „... sales ... of goods bought for personal, family or household use, unless the seller, at any time before or at the conclusion of the contract, neither knew nor ought to have known that the goods were bought for any such use“. Á grundvelli þessa getur Ísland almennt ekki í alþjóðlegum kaupum skilgreint hugtökin neytandi og neytendakaup víðara en gert er í ofangreindu ákvæði samningsins. Skilgreining SÞ-samningsins, sem er að mestu leyti í samræmi við núgildandi ákvæði kaupalaga, er nokkuð frábrugðin tilskipun Evrópusambandsins um neytendakaup. Þar sem ósamræmi er á milli ákvæða SÞ-samningsins og tilskipunarinnar gengur tilskipuninn væntanlega fyrir ef ákvæði 90. gr. SÞ-samningsins eru uppfyllt. Hins vegar getur SÞ-samningurinn, á þeim sviðum þar sem tilskipunin veitir svigrúm, bundið Ísland til að ganga ekki lengra en nauðsynlegt er samkvæmt tilskipuninni.

Vegna tengslanna milli SÞ-samningsins, sem gildir um alþjóðleg kaup, og tilskipunarinnar um neytendakaup, sem gildir bæði um innlend og alþjóðleg kaup innan gildissviðs EES-samningsins, er hagkvæmt að skilgreina neytendahugtakið í alþjóðlegum kaupum þar sem annar aðilinn hefur atvinnustöð eða heimilisfesti í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í tilvikum þar sem báðir samningsaðilar hafa atvinnustöð eða heimilisfesti innan EES á að skilgreina neytendahugtakið eins og mögulegt er í samræmi við þær reglur sem gilda um kaup á milli íslenskra aðila. Um alþjóðleg neytendakaup, sem falla utan gildissviðs EES-samningsins, gildir hins vegar skilgreining a-liðar 2. gr. SÞ-samningsins.

Um XIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um gildistöku og breytingar á lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Í 63. gr. er m.a. kveðið á um að lögin öðlist gildi 1. júní árið 2003. Til grundvallar er lagt að lögin taki aðeins til þeirra samninga sem gerðir verða eftir gildistöku þeirra. Í 64. gr. eru lagðar til breytingar á lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup, sem miða að því að fella úr lögunum allar sérreglur sem nú gilda um neytendakaup.

Um 62. gr.

Á undanförnum árum hefur sú framkvæmd komist á að ef íslensk lög innleiða að nokkru eða öllu leyti ákvæði tilskipana þá skuli setja tilvísun um það efni í ákvæði íslensku laganna og er það gert hér. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 63. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um gildistöku laganna, en miðað er við að lögin öðlist gildi 1. júní árið 2003. Þar sem frumvarpið byggist að hluta til á tilskipun Evrópusambandsins 99/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi, sem skilt var að leiða í lög fyrir 1. janúar 2002, er mikilvægt að lögin taki gildi svo fljótt sem auðið er. Þrátt fyrir að lögin innihaldi að nokkru leyti nýjar reglur fela margar þeirra ekki í sér miklar breytingar frá gildandi rétti. Því er ekki talin þörf á lengri fresti.

Eðlilegast þykir að miða við samningsgerðina sjálfa þegar ákveðið er hvort tiltekin samningur skuli falla undir gildissvið núgildandi laga eða ákvæði nýrra laga. Skv. 2. mgr. tekur frumvarpið því, ef að lögum verður, einungis til þeirra samninga sem gerðir verða eftir 1. júní árið 2003.

Að öðru leyti skýra ákvæði greinarinnar sig sjálf.

Um 64. gr.

Í frumvarpsgreininni eru lagðar til breytingar á lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup, sem miða að því að fella úr lögunum öll ákvæði um neytendakaup þegar frumvarp þetta öðlast gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um neytendakaup.

Frumvarpinu er ætlað að innihalda tæmandi reglu um neytendakaup sem er byggð á Evróputilskipun nr. 99/44/EB frá 25. maí 1999. Tilgangur frumvarpsins er að styrkja réttarstöðu neytenda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

905. Fyrirspurn [557. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvert er umfang geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga til 18 ára aldurs hérlendis miðað við það sem tíðkast í nágrannalöndum?
2. Hvert er hlutfall stofnanaþjónustu annars vegar og þjónustu utan sjúkrahúsa hins vegar á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga?
3. Hvernig er háttað samvinnu félagsmála- og heilbrigðisyfirvalda um þjónustu við ungmenni með hegðunartruflanir?
4. Er vitað hve stór sá hópur ungmenna er sem á í vanda en fær enga aðstoð?
5. Hvaða áform eru um að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga?
6. Verður geðdeildarþjónusta veitt á nýjum barnaspítala?

Skriflegt svar óskast.

906. Fyrirspurn [558. mál]

til heilbrigðisráðherra um komugjöld sjúklinga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á komugjöldum sjúklinga á sjúkrahúsum á árunum 1997–2002?
2. Hver er breytingin hlutfallslega milli ára á
   a. bráðamóttöku,
   b. slysadeild,
   c. röntgendeild,
   d. göngudeildum?
3. Eru sömu komugjöld á öllum sjúkrahúsum?

Skriflegt svar óskast.

907. Fyrirspurn [559. mál]

til heilbrigðisráðherra um sérfræðimenntaða lækna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hversu margir sérfræðimenntaðir læknar sem starfa hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur? Svar óskast sundurliðað eftir deildum og sérgreinasviðum.
2. Byggjast kjör sérfræðimenntaðra lækna, sem starfa hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur, á kjarasamningum lækna?
3. Hvert er starfshlutfall sérfræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, sundurliðað eftir deildum og sérgreinum?
4. Eru kjör sérfræðimenntaðra lækna sem starfa eingöngu hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi þau sömu og sérfræðinga sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur?
5. Eru aðrir sérfræðingar í hlutastarfi hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, svo sem sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar og næringarráðgjafar? Ef svo er:
   a. er það þá samkvæmt kjarasamningum,
   b. hversu margir eru sérfræðingarnir,
   c. hvernig skiptast þeir eftir starfsgreinum og deildum?

Skriflegt svar óskast.

908. Fyrirspurn [560. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu við aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hefur upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda verið komið á laggir við barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss? Hvernig er þjónustu háttað við foreldra barna og unglinga í vímuefnavanda?

909. Fyrirspurn [561. mál]

til fjármálaráðherra um opinber gjöld á handfrjálsan búnað.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Eru lagðir tollar, vörugjöld eða önnur opinber gjöld á handfrjálsan búnað sem Alþingi hefur lögbundið við notkun farsíma við akstur? Ef svo er, hver og hve há eru þessi gjöld?

Skriflegt svar óskast.

910. Fyrirspurn [562. mál]

til dómsmálaráðherra um réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hefur ráðherra beitt sér fyrir kynningu á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð, sbr. ályktun Alþingis um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar frá 13. maí 1997? Ef svo er, hvernig hefur kynningarstarfsemi verið háttað?

911. Tillaga til þingsályktunar [563. mál]

um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2003–2006 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun:

1. ALMENN SAMGÖNGUVERKEFNI

Unnið skal að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum í samgöngumálum í samræmi við stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 (tólf ára áætlun). Á árunum 2003–2006 verði unnið að verkefnum sem falla undir öll fjögur meginmarkmið samgönguáætlunar, m.a. eftirfarandi:

1.1 Markmið um greiðari samgöngur.

Verkefni:

a. Farið yfir tilhögun og fjármögnun almenningssamgangna í þéttbýli í samráði við sveitarfélög og fjármálaráðuneyti.
b. Endurbætt stýring umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin.

c. Unnið verði að rannsóknum og þróun á viðmiðum og líkönum til þess að meta samgöngukerfið og árangur af samgönguáætlun.
d. Tryggt verði að Ísland hafi fullan aðgang að gervihnattakerfum sem komið verður upp til staðsetningar á sjó, landi og í lofti, svo sem GPS, EGNOS og Galileo.

1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
Verkefni:
a. Endurskoðuð tilhögun rekstrar hjá samgöngustofnunum með aukna hagræðingu og skilvirkni að leiðarljósi.
b. Unnin úttekt og settar fram tillögur um hvernig megi nýta markaðsöflin við fjármögnun, uppbyggingu og rekstur samgangna frekar en nú er gert.
c. Skoðuð gjaldtaka af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna.
d. Unnið verði að því að taka upp eignastjórnunarkerfi og nýta kosti þess þar sem hagkvæmt þykir.

1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
Verkefni:
a. Efldar verði hvers konar rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænni samgöngum.
b. Farið yfir skattlagningu á eignarhaldi og notkun flugvéla, skipa og bifreiða með tilliti til umhverfisáhrifa þeirra í samráði við fjármálaráðuneytið.
c. Skilgreind verði líffræðilega mikilvæg hafsvæði og settar reglur um siglingar þar í samráði við umhverfisráðuneytið.
d. Leitað verði leiða til þess að farga skipum sem komin eru úr notkun.

1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.
Verkefni:
a. Efldar verði hvers konar rannsóknir sem stuðlað geta að auknu öryggi í samgöngum.
b. Stuðlað að ábyrgri hegðun í umferð á vegum og götum með aukinni fræðslu, áróðri og eftirliti.
c. Unnið verði að rannsóknum sem stuðla að minni hættu á að skipum hvolfi og þær tengdar upplýsingum um veður og sjólag.
d. Eflt verði upplýsingastreymi um hvers konar atvik og atburði í almennum flugsamgöngum til að stuðla að auknu flugöryggi.

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Fjármál.

Verðlag fjárlaga 2003, millj. kr.	2003	2004	2005	2006	Samtals
Tekjur og framlög					
Markaðar tekjur					
Flugvallagjald	607,0	607,0	639,0	670,0	2.523,0
Afgreiðslugjald	16,6	16,6	16,6	16,6	66,4
Framlög úr ríkissjóði	1.127,7	892,5	896,4	900,2	3.816,8
Ríkistekjur	151,2	151,2	151,2	151,2	604,8

Verðlag fjárlaga 2003, millj. kr.	2003	2004	2005	2006	Samtals
Sértekjur					
Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu	1.377,6	1.445,1	1.500,0	1.554,0	5.876,7
Aðrar sértekjur	457,5	457,5	457,5	457,5	1.830,0
Tekjur og framlög alls:	**3.737,6**	**3.569,9**	**3.660,7**	**3.749,5**	**14.717,7**
Viðskiptahreyfingar					
Lántökur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Afborganir lána	0,0	-113,0	-113,0	-113,0	-339,0
Viðskiptahreyfingar alls:	**0,0**	**-113,0**	**-113,0**	**-113,0**	**-339,0**
Til ráðstöfunar alls:	**3.737,6**	**3.456,9**	**3.547,7**	**3.636,5**	**14.378,7**
Gjöld					
Rekstur og þjónusta					
Yfirstjórn	266,6	266,6	266,6	266,6	1.066,4
Flugvalla- og leiðsöguþjónusta	856,4	856,4	856,4	856,4	3.425,6
Flugumferðarþjónusta innan lands	248,5	248,5	248,5	248,5	994,0
Framlag Íslands vegna samnings um alþjóða-flugþjónustu	97,5	102,3	106,2	110,0	416,0
Alþjóðaflugþjónusta	1.377,6	1.445,1	1.500,0	1.554,0	5.876,7
Eftirlit og öryggismál	145,0	145,0	145,0	145,0	580,0
Rannsóknir	12,0	5,0	18,0	18,0	53,0
Minjar og saga	5,0	5,0	5,0	5,0	20,0
Rekstrargjöld alls:	**3.008,6**	**3.073,9**	**3.145,7**	**3.203,5**	**12.431,7**
Viðhald og styrkir					
Viðhaldssjóðir	143,0	134,0	124,0	136,0	537,0
Viðhald og styrkir alls:	**143,0**	**134,0**	**124,0**	**136,0**	**537,0**
Stofnkostnaður					
Flugvellir í grunnneti	353,0	218,0	242,0	258,0	1.071,0
Áður framkvæmt/afborganir	0,0	-113,0	-113,0	-113,0	-339,0
Áætlunarflugvellir utan grunnnets	0,0	0,0	5,0	0,0	5,0
Aðrir flugvellir utan grunnnets	73,0	68,0	73,0	63,0	277,0
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	160,0	76,0	71,0	89,0	396,0
Stofnkostnaður alls:	**586,0**	**249,0**	**278,0**	**297,0**	**1.410,0**
Gjöld alls:	**3.737,6**	**3.456,9**	**3.547,7**	**3.636,5**	**14.378,7**

2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
2.2.1 Viðhald.

	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Yfirborð brauta og hlaða	57,0	48,0	50,0	50,0
Byggingar og búnaður	9,0	9,0	7,0	8,0
Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar	7,0	7,0	7,0	8,0
Tækjasjóður	70,0	70,0	60,0	70,0
	143,0	**134,0**	**124,0**	**136,0**

2.2.2 Stofnkostnaður.

2.2.2.1 Grunnnet.

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
I	**Reykjavíkurflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	89,5	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	141,0	0,0	5,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	22,0	36,0	13,0	19,0
	Samtals	252,5	36,0	18,0	19,0
I	**Akureyrarflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	8,0	16,0
	2. Byggingar	46,0	25,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9,0	8,0	46,0	8,0
	Samtals	55,0	33,0	54,0	24,0
I	**Egilsstaðaflugvöllur**				
	2. Byggingar	8,5	2,5	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	20,0
	Samtals	8,5	2,5	0,0	20,0
II	**Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	8,0	12,0
	2. Byggingar	0,0	20,5	5,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	20,0	0,0	0,0	30,0
	Samtals	20,0	20,5	13,0	42,0
II	**Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri**				
	1. Flugbrautir og hlöð	2,5	13,0	14,0	0,0
	2. Byggingar	14,5	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	30,0	15,0
	Samtals	17,0	13,0	44,0	15,0
II	**Hornafjarðarflugvöllur**				
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	5,0
	Samtals	0,0	0,0	0,0	5,0
II	**Bíldudalur**				
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	20,0
	Samtals	0,0	0,0	0,0	20,0
	Samtals vellir í grunnneti	**353,0**	**105,0**	**129,0**	**145,0**

2.2.2.2 Áætlunarvellir utan grunnnets.

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
III	Gjögurflugvöllur				
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	5,0	0,0
	Samtals	0,0	0,0	5,0	0,0
	Samtals áætlunarvellir utan grunnnets	**0,0**	**0,0**	**5,0**	**0,0**

2.2.2.3 Aðrir flugvellir.

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
IV, V	2. Byggingar	0,0	3,0	0,0	0,0
og VI	Æfingaflugvöllur	73,0	65,0	73,0	63,0
	Samtals aðrir flugvellir	**73,0**	**68,0**	**73,0**	**63,0**

2.2.2.4 Önnur mannvirki, búnaður og verkefni.

	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Flugstjórnarmiðstöð	10,0	5,0	15,0	15,0
Leiðarflug	8,0	0,0	0,0	0,0
GPS/AIS/upplýsingaþjónusta	15,0	15,0	12,0	12,0
Flugprófunarbúnaður	0,0	0,0	0,0	17,0
Veðurupplýsingakerfi	10,0	7,0	3,0	3,0
Flugvernd og öryggismál	44,0	11,0	3,0	4,0
Til leiðréttinga og brýnna verkefna	8,0	20,0	20,0	20,0
Önnur verkefni	47,0	0,0	0,0	0,0
Stjórnunarkostnaður	18,0	18,0	18,0	18,0
	160,0	**76,0**	**71,0**	**89,0**

2.3 Flokkun flugvalla.

2.3.1 Flugvellir í grunnneti.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í grunnneti: Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja/Bakka-, Ísafjarðar/Þingeyrar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir utan grunnnets: Vopnafjarðar- og Gjögurflugvöllur.

2.3.3 Aðrir flugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru aðrir flugvellir utan grunnnets: Húsavíkur-, Kópaskers-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs-, Siglufjarðar-, Blönduóss-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps- og Stykkishólmsflugvöllur.

Aðrir lendingarstaðir eru: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarnes, Dagverðará, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Grundarfjörður, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Króksstaðamelar, Hveravellir, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Skálavatn, Skógasandur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN
3.1 Fjármál.

Verðlag fjárlaga 2003, millj. kr.	2003	2004	2005	2006	Samtals
Tekjur og framlög					
Markaðar tekjur					
Skipagjald	63,9	63,9	63,9	63,9	256
Vitagjald	103,5	105,1	106,6	108,2	423
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	213,2	216,4	219,6	222,9	872
Markaðar tekjur alls:	**380,6**	**385,4**	**390,2**	**395,1**	**1.551**
Framlög úr ríkissjóði	1.573,5	1.755,2	1.769,7	1.509,7	6.609
Aðrar ríkistekjur					
Vottorð	1,3	1,3	1,3	1,3	5
Aðrar ríkistekjur alls:	**1,3**	**1,3**	**1,3**	**1,3**	**5**
Sértekjur	124,5	124,5	124,5	124,5	498
Tekjur og framlög alls:	**2.079,9**	**2.266,4**	**2.285,7**	**2.030,6**	**8.663**
Viðskiptahreyfingar					
Skuldbinding ríkissjóðs við hafnarsjóði	-120,1	-65,9	0,0	0,0	-186
Lántökur	0,0	0,0	0,0	0,0	0
Viðskiptahreyfingar alls:	**-120,1**	**-65,9**	**0,0**	**0,0**	**-186**
Til ráðstöfunar alls:	**1.959,8**	**2.200,5**	**2.285,7**	**2.030,6**	**8.477**
Gjöld					
Rekstur og þjónusta					
Yfirstjórn	186,1	195,2	198,4	201,7	781
Vitar og leiðsögukerfi	105,0	106,6	108,2	109,8	430
Skipaskoðun	115,0	115,0	115,0	115,0	460
Vaktstöð siglinga	158,1	182,2	182,2	182,2	705
Áætlun um öryggi sjófarenda	15,0	20,0	20,0	20,0	75
Þjónustusamningur um öryggismál	133,4	109,3	109,3	109,3	461
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	17,5	20,0	20,0	20,0	78
Rannsóknir og þróun	40,0	50,0	50,0	50,0	190
Minjar og saga	5,0	15,0	20,0	20,0	60
Rekstrargjöld alls:	**775,1**	**813,3**	**823,1**	**828,0**	**3.240**
Stofnkostnaður					
Tæki og búnaður	20,7	20,7	25,0	25,0	91
Vitar og leiðsögukerfi	11,5	11,5	20,0	20,0	63
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	1.116,1	1.268,4	1.163,9	909,4	4.458
Áður framkvæmt/afborganir	-120,1	-65,9	0,0	0,0	-186
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	52,5	39,9	99,1	93,8	285
Lendingarbætur	3,8	3,8	5,0	5,0	18
Ferjubryggjur	6,5	6,5	8,0	8,0	29
Sjóvarnargarðar	77,1	85,7	111,6	111,4	386
Hafnabótasjóður, framlag	16,6	16,6	30,0	30,0	93
Stofnkostnaður alls:	**1.184,7**	**1.387,2**	**1.462,6**	**1.202,6**	**5.237**
Gjöld alls:	**1.959,8**	**2.200,5**	**2.285,7**	**2.030,6**	**8.477**

3.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
3.2.1 Rekstrargjöld.

Tafla 3-1. Útgjöld til langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda.

Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Menntun og þjálfun sjómanna verði efld með ýmsum hætti	1,5	3,0	3,0	3,0
Átak í öryggismálum farþegaskipa og farþegabáta	1,0	2,5	3,0	3,5
Átaksverkefni í fræðslu og áróðri	3,0	4,0	4,0	4,0
Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga	4,5	3,0	3,0	3,0
Söfnun og miðlun upplýsinga milli sjómanna og aðila í landi	1,0	0,5	0,5	0,5
Úrbætur í stöðugleikamálum skipa og báta	1,0	1,0	1,0	1,0
Verkefni tengd innleiðingu öryggis- og gæðastjórnunarkerfa	0,7	0,5	0,5	0,5
Kynning á lögum og reglum um öryggisatriði og aukið eftirlit	0,5	0,5	0,5	0,5
Rannsóknir, úttektir á sviði öryggismála og öryggismál almennt	1,8	5,0	4,5	4,0
Samtals	**15,0**	**20,0**	**20,0**	**20,0**

3.2.2 Stofnkostnaður.
3.2.2.1 Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar.

Tafla 3-2. Fjárveitingar til hafna í grunnneti, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Akranes	68,1	36,2	3,0	23,7	131,0
Snæfellsbær (Rif, Ólafsvík)	53,1	32,0	26,4	36,7	148,2
Grundarfjörður	7,2	6,0		4,5	17,7
Stykkishólmur	9,9	10,5		1,6	22,0
Vesturbyggð (Patreksfjörður)		42,7	25,8	74,4	142,9
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)	51,4	29,9	48,1	73,0	202,4
Bolungarvík	15,4	27,0	34,8	19,9	97,1
Skagaströnd			13,9	6,0	19,9
Skagafjörður (Sauðárkrókur)	0,1			15,6	15,7
	205,2	**184,3**	**152,0**	**255,4**	**796,9**
Norðausturkjördæmi					
Siglufjörður	20,5	5,0	43,2	25,2	93,9
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík, Ólafsfjörður)	40,5	8,3	30,7	4,7	84,2
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	30,4	49,2	42,0	30,0	151,6
Húsavík	97,0	48,8	42,0	19,8	207,6
Raufarhöfn			4,1	6,0	10,1
Þórshöfn	116,4	69,4	27,6		213,4
Vopnafjörður	102,4	31,4	27,6		161,4
Seyðisfjörður	98,0				98,0
Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður)	7,8	296,7	384,7	156,0	845,2
Fáskrúðsfjörður	18,7			5,4	24,1
Djúpivogur	2,0	26,0	3,0		31,0
	533,7	**534,8**	**604,9**	**247,1**	**1.920,5**

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Suðurkjördæmi					
Hornafjörður	16,4	103,0	72,4	103,1	294,9
Vestmannaeyjar	122,6	148,4	64,2	61,6	396,8
Þorlákshöfn	64,9	57,0	142,6	54,7	319,2
Grindavík		145,2	115,8	177,6	438,6
Sandgerði		2,1			2,1
Reykjanesbær	50,2	15,0			65,2
	254,1	**470,7**	**395,0**	**397,0**	**1.516,8**
Óskipt til slysavarna o.fl.	3,0	12,7	12,0	10,0	37,7

Tafla 3-3. Hafnir í grunnneti, áður framkvæmt/afborganir.

Hafnir	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Vestmannaeyjar	15,1				15,1
Þorlákshöfn	12,0				12,0
Grindavík	93,0	65,9			158,9
Hafnir í grunnneti, fjárveitingar til afborgana alls:	**120,1**	**65,9**			**186,0**
Fjárveitingar til hafna í grunnneti alls:	**1.116,1**	**1.268,4**	**1.163,9**	**909,5**	**4.457,9**

Tafla 3-4. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum í grunnneti.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs. Verðlag er áætlað meðalverðlag ársins 2003 samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps.

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akranes					
Dýpkun við aðalhafnargarð, lokið samningsverki frá 2002 (um 28.000 m³, 3.000 m² sprengt)	38,0				75%
Stálþil, aðalhafnargarði (160 m, dýpi 8–10 m), lagnir og þekja (3.500 m²)	117,0	56,0			60%
Endurnýjun skipalyftu, hliðarfærslusleði, lyftupallur, færslusleðar, nemabúnaður og raflagnir	21,0	21,0	24,0		12,5%
Klæðning á austurhlið Ferjubryggju, 60 m asobe-þybbuklæðning og uppsetning á þybbum				6,6	60%
Endurröðun og styrking á grjótvörn, aðalhafnargarði (150 m, u.þ.b. 8.000 m³)				26,3	75%
Snæfellsbær					
Rifshöfn:					
Stálþilsbryggja við Norðurgarð (60 m, dýpi 4 m), lagnir og þekja (1.230 m²)	45,2	12,4			60%
Dýpkun við stálþilsbryggju, Norðurgarði (4.800 m³), og styrkt grjótvörn (um 35 m kafli)	12,6				75%
Lokið endurbyggingu trébryggju (5x18 m) og rif á eldri bryggju			26,2		60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Tengibrautir að hafnarvog frá Staurakistu og stálþili (800+1.630 m²), slitlag og lýsing				7,4	60%
Lýsing við núverandi flotbryggju (ljósamastурshús 2x2, mastur og rafl.)				3,8	60%
Stigar á flotbryggjur (3 stk., sjá Ólafsvík)					60%
Dýpkun, viðhaldsdýpkun í innsiglingu og innan hafnar (sjá Ólafsvík)					75%
Ólafsvík:					
Dýpkun í 5 m milli Norðurtanga og trébryggju (7.300 m², grafið, að hluta sprengt)	48,5				75%
Endurbygging trébryggju, skipt um þybbuklæðningu og bætt í staurum, stigar, vatnslögn		40,0			60%
Stigar á flotbryggjur (Ólafsvík 19 stk., Rif 3 stk.)		1,0			60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingum og höfnum í Ólafsvík og Rifi (24.000 m³ dæling)			14,2		75%
Suður- og Norðurgarður, styrking grjótvarna (endurraða og bæta í um 7.000 m³)				40,0	75%
Grundarfjörður					
Smábátaaðstaða, uppsátur (5x30 m), flotbryggja (10 m), frágangur, lýsing, vatns- og raflögn	5,6	5,3			60%
Öryggismál, stigar á flotbryggju, laga og setja ljós í stiga á Stórubryggju og Suðurgarði	2,0				60%
Öldudempandi flái milli Stórubryggju og Litlubryggju	5,1				75%
Smábátaaðstaða, dýpkun (u.þ.b. 3.000 m³)		3,7			75%
Dýpkun á hafnarsvæði, viðhaldsdýpkun (u.þ.b. 10.000 m³ dæling)				6,0	75%
Stykkishólmur					
Stálþil næst brúarbási Súgandisey, lagnir og þekja (450 m²)	9,9				60%
Dýpkun í höfn við þil Súgandisey og víðar (um 5.000 m³)	7,7				75%
Dráttarbraut Skipavík, styrkja braut, nýr sleði, 16 hliðarf.vagnar, rif á görðum og st. plan (3.000 m²)	7,0	84,0			12,5%
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús				2,7	60%
Vesturbyggð					
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, dýpkun (um 4.000 m³) og grjótvörn (500 m³) á enda Oddans	16,0				75%
Endurbygging stálþils 1. áfangi, (140 m, dýpi 6–8 m, þekja 2.800 m²)	6,8	71,2	43,0		60%
Endurbygging stálþils, seinni áfangi (140 m þil, dýpi 6 m, þekja 2.800 m²)				124,0	60%
Ísafjarðarbær					
Ísafjörður					
Sundahöfn, lagnir, lýsing og þekja (2.100 m²) við stálþilsbakka	28,0				60%
Ásgeirsbakki, endurbyggt þil frá 1947 (115 m, dýpi 8 m, þekja 2.800 m²)	68,6	43,0			60%
Endurbyggja flotbryggju í Sundahöfn, lokið verki frá 2002	4,0				60%
Innsiglingarrenna, endurnýjun á innsiglingarbaujum (4 stk.) og viðhaldsdýpkun (20.000 m³)	5,0		11,0		75%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Dráttarbraut, endurbygging á braut, vagni og spili miðað við 400 þungatonna skip		33,0			12,5%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)			2,3		60%
Ný flotbryggja Sundahöfn (40 m)			8,6		60%
Ásgeirsbakki, endurbygging þils frá 1955 (95 m, dýpi 8 m, þekja 1.900 m²)			55,3	37,3	60%
Bátahöfn við Olíumúla, lokið endurbyggingu				28,0	60%
Dýpkun við Olíumúla og Viðgerðarbryggju (u.þ.b. 23.000 m³ – gröftur)				45,1	75%
Bolungarvík					
Dýpkun hafnar og innsiglingar (55.000 m³)	59,0				75%
Grundargarður; breikkun og grjótvörn á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m³)		28,0			75%
Öldudempandi flái næst Brjót (100 m, um 3.000 m³)		8,0			75%
Endurbygging stálþils efst við Brjótinn (100 m, dýpi 7 m), lagnir og þekja (2.000 m²)			58,0	33,2	60%
Skagaströnd					
Lenging viðlegukants við hafnarvog, staurabryggja (40 m, dýpi 4 m)			15,0	10,0	60%
Dýpka við staurabryggju í 4 m (3.000 m³ gröftur)			7,0		75%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur					
Þekja við stálþil Norðurgarði (malbik 700 m²)	2,4				60%
Dýpkun við Norðurgarð og í innsiglingu (26.000 m³ – frestað 2002)	13,0				75%
Sandfangari, lenging um 30 m				16,0	75%
Tengibraut Hafnargarður–Sandeyri (800 m²)				6,0	60%
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjörður					
Smábátahöfn, viðlegubryggja við vesturkant (40 m)	13,8				60%
Dýpkun í smábátahöfn, gröbbun frá landi (um 800 m³)	1,6				75%
Roaldsbryggja við Síldarminjasafn (göngubryggja 75x3 m)	16,4				60%
Styrking á grjótvörn norðan við Brjót (um 120 m kafli)		6,7			75%
Bæjarbryggja, endurbygging 1. áfangi, austurkantur (100 m, dýpi 10 m)			72,0	42,0	60%
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Togarabryggja, bryggjurif, nýtt stálþil (40 m, dýpi 7 m), lagnir og þekja (800 m³)	30,9	13,8			60%
Loðnulöndunarkantur, endurnýja staura (84 m, ⅓ hluti)			29,2		60%
Innsigling í Vesturhöfn, frágangur garðsenda			22,0		60%
Upptökubraut (5x20 m)				2,8	60%
Dalvík:					
Styrking grjótvarnar á Suðurgarði og grjótflái við verbúð (8.000 m³)	19,0				60%
Viðhaldsdýpkun utan við hafnarmynni (4.000 m³)	2,5				75%
Timburbryggja á Suðurgarði, endurbygging (65 m bryggja)	42,2				60%
Stækkun smábátaaðstöðu, flotbryggja (20 m)				5,0	60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Hafnasamlag Norðurlands					
Akureyri:					
Fiskihöfn Vesturbakki, lagnir og þekja (1.300 m²) við 40 m stálþil	16,5				60%
Stálþil við Krossanes, 2. áfangi (80 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (2.400 m²)	69,4	33,0			60%
Ísbryggja ÚA, stálþil (80 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (1.600 m²)		49,0	41,0		60%
Sverrisbryggja rifin, ný bryggja fyrir fóðurskip (30 m)			29,0		60%
Togarabryggja við ÚA, endurbygging 1. áfangi (alls u.þ.b. 150 m, dýpi 8 m)				50,0	60%
Húsavík					
Bökugarður, stálþil (150 m, dýpi 10 m), lagnir og þekja (4.500 m²)	169,7	51,3			60%
Dýpkun við stálþil við Bökugarð (u.þ.b. 7.000 m³ gröftur, 1.200 m² sprengt)		24,0			75%
Endurbygging bryggju Suðurgarði, 1. áfangi (100 m stálþil, dýpi 6,5 m)			70,0	33,0	60%
Raufarhöfn					
Dýpkun innsiglingar, lokið verki frá 2002 og siglingamerki, 2 staurar við rennu	45,3				75%
Frágangur vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðsla við Hótel Norðurljós (120 m)	5,9				60%
Slitlag á smábátagarð (u.þ.b. 1500 m² klæðning)	3,0				60%
Breikkun þekju (10x55 m steypt) og tengibraut að löndunarbryggju (800 m² klæðning)			6,8		60%
Hafskipabryggja endurbygging (120 m), undirbúnings-framkvæmd				10,0	60%
Þórshöfn					
Dýpkuð innsigling og innan hafnar, lokið verki frá 2002, og uppsetning garðsenda- og leiðarljósa	87,0				75%
Bryggjurif, fjarlægja Olíubryggju (verksamningur við Sæþór ehf.)	1,4				60%
Stálþil (95 m, dýpi 9 m, 40 m, dýpi 6 m), lagnir og þekja (3.050 m²)	109,5	43,0			60%
Grjótfláí við tengibraut að Hafskipabryggju	8,4				60%
Trébryggja í framhaldi af nýju stálþili (40 m, dýpi 4 m)	29,0				60%
Smábátaaðstaða, færa núverandi flotbryggju og ný eining (20 m), lagnir og lýsing		7,6			60%
Endurbygging löndunarbryggju, stálþil (70 m, dýpi 8,6 m) og trébryggja (20 m, dýpi 6 m)		65,0	46,0		60%
Vopnafjörður					
Brimvarnargarður, milli Miðhólma og Skiphólma (130.000 m³)	144,0	21,0			75%
Dýpkun við vesturenda Löndunarbryggju, sprengt og grafið (2.000 m³)		15,0			75%
Bryggjurif, rífa Lýsisbryggju		1,4			60%
Tengibraut, Miðbryggja–Lýsisbryggja (u.þ.b. 1.800 m² klæðning og lýsing)		5,8			60%
Miðbryggja endurbyggð (grjótvarin fylling 13.000 m³, þekja 1.800 m², lagnir o.fl.)			46,0		60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Seyðisfjörður					
Ferjulægi, sérbúnaður (þjónustuhús, bílabrú, landgangur o.fl.) – um ⅔ af framkvæmd	151,3				75%
Ferjulægi, bryggja (lagnir, lýsing, þekja steypt 4.100 m², malbik 2.500 m²)	70,0				60%
Fjarðabyggð					
Neskaupstaður:					
Skjólgarður norðan hafnar, byggður í áföngum (alls um 157.000 m³)	20,0	20,0	92,0		75%
Stálþil við bræðslu lengt (52 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (1.560 m²)			40,0	23,0	60%
Stálþil við Togarabryggju lengt (90 m, dýpi 9 m)				70,0	60%
Eskifjörður:					
Stálþil við bræðslu 80 m, dýpi 9 m, lagnir og þekja (2.400 m²)	67,0	29,5			60%
Dýpkað að stálþili við bræðslu (u.þ.b. 15.000 m³ dæling)			9,0		75%
Reyðarfjörður:					
Stóriðjuhöfn Hrauni, stálþilsbakki 380 m, dýpi 14,3 m, lagnir og steypt þekja (11.400 m²)	20,0	390,0	421,0	167,0	60%
Stóriðjuhöfnin, dýpkað við stálþil í 14,3 m (dæling, 118.000 m³) og siglingamerki		40,0	43,0		75%
Fáskrúðsfjörður					
Endurbygging Bæjarbryggju 1. áfangi, trébryggja (30 m, dýpi 7 m)	25,0				60%
Endurbygging Bæjarbryggju 2. áfangi, undirbúnings-framkvæmdir				9,0	60%
Djúpivogur					
Dýpkað við þil, Gleðivík í 7 m (um 1.800 m², 2.000 m³)	3,0				75%
Lengja viðlegukant, stálþil, inn í voginn (25 m, dýpi 6 m) og rífa trébryggju		30,0	5,0		60%
Flotbryggja, öldubrjótur (40 m) og færsla á gömlum flotbryggjum		13,3			60%
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður					
Viðhalds- og stofndýpkun í höfn (reiknað með 25.000 m³ á ári, endurskoðað eftir 2 ár)	11,4	11,4	11,4	11,4	75%
Grynnslin, stofndýpkun/viðhaldsdýpkun (2003/30.000, 2004/110.000, 2005–2006/90.000 m³)	15,0	53,0	44,0	44,0	75%
Endurbygging Krosseyjarbakka (150 m, dýpi 8 m), lagnir og þekja (3.000 m²)		91,0	45,0		60%
Raflögn í Hvanneyjarvita			5,0		75%
Stálþilsbryggja, 100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (3.000 m²)				80,0	60%
Faxeyrarhöfn, skjólgarður og dýpkun, undirbúnings-framkvæmdir				10,0	75%
Álaugareyjarbryggja, endurbygging (114 m), undirbúningur				10,0	60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Vestmannaeyjar					
Friðarhöfn, Ískantur/suðurkantur, endurbyggt þil, lagnir og þekja (3.600 m² steypt)	40,0				60%
Friðarhöfn norður-/austurkantur, endurbyggt þil (150 m, dýpi 9 m), lagnir, þekja (3.800 m² steypt)	51,3	49,0			60%
Dýpkun, Pyttur og snúningssvæði 210 m í 8 m, innsigling í 8,5 m (sprengt/grafið/dælt 135.000 m³)	129,0	54,0			75%
Friðarhöfn vesturkantur, endurbyggt þil (195 m, dýpi 9 m) lagnir, þekja (5.600 m² steypt)		110,4	70,4		60%
Þurrkví, framkvæmd dreifist á árin 2003–2005 (frestað 2002)	98,0	98,0	99,0	99,0	12,5%
Básaskersbryggja endurbyggð (stálþil 210 m, dýpi 4–8 m), undirbúningsframkvæmdir			16,0	72,0	60%
Nausthamarsbryggja við flotbryggju, endurbyggt stálþil, 60 m, dýpi 5 m, undirbúningur				10,0	60%
Þorlákshöfn					
Svartaskersgarður, nýr skjólgarður norðan við (154.000 m³)	137,5	41,5			75%
Dýpkun norðan Svartaskersgarðs í 6 m (66.000 m³ dæling)		34,5			75%
Þil norðan Svartaskers (100 m, dýpi 8 m)			91,0		60%
Byggjurif, rífa Norðurvararbryggju			100,0		60%
Svartaskersgarður, þvergarður inn í höfn (25.000 m³)			37,3		75%
Stálþil (50 m, dýpi 10 m), lagnir og þekja (2.000 m²)				47,3	60%
Dýpkun hafnar við nýtt stálþil og viðhaldsdýpkun (sprengt, grafið um 30.000 m³)				35,0	75%
Grindavík					
Svíragarður endurbygging (160 m þil + 30 m endi, dýpi 7–9 m)		142,0	63,0		60%
Dýpkun hafnar við Svíragarð (6.200 m²), Miðgarð og viðar (áætlað 100.000 m³)		80,0	104,0	80,0	75%
Miðgarður, endurbygging (250 m stálþil, dýpi 7 m)				196,0	60%
Sandgerði					
Stálþil Norðurgarði, lagnir, lýsing og þekja (1.500 m²)	20,0				60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)	3,5				60%
Suðurgarður, styrking og endurröðun á grjótvörn (u.þ.b. 300 m – 9.000 m³)		23,0			75%
Reykjanesbær					
Grjótgarður í Njarðvík styrktur og lengdur um 60 m (57.000 m³)	60,0	20,0			75%
HAFNIR GRUNNNETS, ÓSKIPT					
Óskipt til slysavarna o.fl. (styrkhæfni ýmist 60% eða 75%, meðaltal áætlað 67%)	19,1	19,0	17,9	14,9	67%
Hafnir grunnnets sem njóta ríkisstyrks, heildarkostnaður hvers árs alls:	**2.279,0**	**2.092,8**	**1.940,6**	**1.513,8**	

3.2.2.2 Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar.

Tafla 3-5. Fjárveitingar til hafna utan grunnnets, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Borgarnes	3,5				3,5
Snæfellsbær (Arnarstapi)		7,1	1,1	1,1	9,3
Dalabyggð (Búðardalur)	0,6				0,6
Reykhólar				6,8	6,8
Vesturbyggð (Brjánslækur, Bíldudalur)		1,8			1,8
Tálknafjörður			49,7	29,4	79,1
Ísafjarðarbær (Þingeyri, Suðureyri)		2,9	3,8	17,3	24,0
Súðavík	1,8		23,6	5,3	30,7
Norðurfjörður	3,1			2,0	5,1
Drangsnes	5,0				5,0
Hólmavík		0,6		18,0	18,6
Blönduós				4,3	4,3
Skagafjörður (Hofsós, Haganesvík)		5,6	2,2	0,3	8,1
	14,0	**18,0**	**80,4**	**84,5**	**196,9**
Norðausturkjördæmi					
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Árskógssandur)		1,7			1,7
Grímsey	9,9	15,9	13,5		39,3
Kópasker		0,3			0,3
Bakkafjörður	2,0			3,4	5,4
Borgarfjörður eystri				1,9	1,9
Stöðvarfjörður	17,3		1,2		18,5
Breiðdalsvík	6,4				6,4
	35,6	**17,9**	**14,7**	**5,3**	**73,5**
Óskipt til slysavarna o.fl.	2,9	4,0	4,0	4,0	14,9
Hafnir utan grunnnets, fjárveitingar til nýframkvæmda alls:	**52,5**	**39,9**	**99,1**	**93,8**	**285,3**

Tafla 3-6. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum utan grunnnets.

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Borgarnes					
Bryggjurif, fylling (u.þ.b. 3.200 m³) við gömlu bryggjuna og frágangur við þá nýju	6,0				60%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Breikkun þekju (100 m²), skjólveggur og frágangur við niðurkeyrslu að höfn	6,5				60%
Ljósamasturs- og vatnshús (hús 2,5x5 m)		5,7			60%
Uppsátur fyrir smábáta, endurbyggt		4,4			60%
Dýpkun, viðhaldsdýpkun (800–1000 m³/ár)	1,1	1,5	1,5	1,5	75%
Dalabyggð					
Gamla bryggjan Búðardal, endurbyggja kanttré, þybbur, stiga og þekju (70 m²)	2,7				60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Reykhólar					
Dýpkun, haft í innsiglingu (dæling 18.000 m³)				9,0	75%
Vesturbyggð					
Brjánslækur:					
Færa flotbryggju og endurbyggja legufæri		3,0			60%
Bíldudalur:					
Flotbryggja, lenging (20 m)	3,7				60%
Tálknafjörður					
Lagfæra stiga á stálþil og setja í þá lýsingu			2,0		60%
Endurbyggja gömlu bryggju (bryggjuhlutar 2, 3, 4 og endi, alls u.þ.b. 145 m), stálþil og þekja			76,1	42,0	60%
Endurnýjun á flotbryggjum (27 m og 37 m)			5,0	7,0	60%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri:					
Rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð og ganga frá kanti		4,9			60%
Dýpkun í smábátahöfn (um 3.000 m³)			5,0		75%
Endurbygging á innri hafnargarði, undirbúningsframkvæmd (stálþil 150 m)				10,0	60%
Suðureyri:					
Stækkun smábátahafnar, dýpkun (4.000 m³)	6,2				75%
Stækkun smábátahafnar, flotbryggja (30 m)	6,8				60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m³, dæling)				7,0	75%
Endurbygging Norðurgarðs og Vesturkants, undirbúningsframkvæmd (180 m stálþil)				10,0	60%
Súðavík					
Harðviðarbryggja við Frosta, lenging til norðurs (35 m, dýpi 6 m)			39,3		60%
Viðhaldsdýpkun við enda Norðurgarðs (u.þ.b. 10.000 m³, dæling)				7,0	75%
Norðurfjörður					
Endurbyggja þekju á gömlu bryggjunni, 35 m kafli efst (250 m²)	2,4				60%
Dýpka upp með gömlu bryggju að norðan í 2 m (5x8 m svæði)	2,2				75%
Flotbryggja, 10x2,5 m.				3,4	60%
Drangsnes					
Kokkálsvík, flotbryggja (20 m)	5,2				60%
Hólmavík					
Bæta aðstöðu smábáta, flotbryggja		5,0			60%
Stálþilsbryggja endurbyggð, undirbúningsframkvæmd				30,0	60%
Blönduós					
Endurbyggja steypta þekju efst á bryggju (950 m²)				8,6	60%
Skagafjörður					
Hofsós:					
Norðurgarður, styrking á grjótvörn		7,0			75%
Flotbryggja út frá Árgarði, 12 m			3,6		60%
Haganesvík:					
Viðhaldsdýpkun		0,4		0,4	75%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Árskógssandur/Hauganes:					
Upptökubraut Árskógssandi (5x20 m)		2,8			60%
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun	1,0				75%
Grímsey					
Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (300 m²) og skvettmúr (50 m)	13,6				60%
Endurbygging á kervegg við fremri hluta aðalhafnargarðs (25 m)		11,5			60%
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (300 steinar 6–10 t)		12,0			75%
Lenging harðviðarbryggju (20 m, dýpi 3 m)			15,7		60%
Dýpkað við lengingu harðviðarbryggju í 2 m (15x20 m svæði)			5,5		75%
Kópasker					
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)		4,1			60%
Bakkafjörður					
Lenging steyptrar skábrautar (u.þ.b. 5x5 m), hliðarveggir og grjóthleðsla				2,1	60%
Landrafmagn á flotbryggju, Sjafnarbryggju og við uppsátur				3,5	60%
Borgarfjörður eystri					
Flotbryggja fyrir smábáta (10 m)				3,2	60%
Stöðvarfjörður					
Grjótvörn utan á Gömlu bryggju styrkt (30 m kafli) og lengd (11.000 m³)	23,1				75%
Klæðning Gömlu bryggju við löndunarstað smábáta (30 m kafli)			2,0		60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m²)	11,0				60%
HAFNIR UTAN GRUNNNETS, ÓSKIPT					
Óskipt til slysavarna o.fl. (styrkhæfni ýmist 60% eða 75%, meðaltal áætlað 67%)	4,4	6,0	6,0	6,0	67%
Hafnir utan grunnnets sem njóta ríkisstyrks, heildarkostnaður hvers árs alls:	**95,9**	**68,3**	**161,7**	**150,7**	

3.2.2.3 Sjóvarnargarðar.

Tafla 3-7. Fjárveitingar til sjóvarna.

Kjördæmi Sveitarfélag	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður		10,8		8,7	19,5
Innri-Akraneshreppur	0,9			1,6	2,5
Snæfellsbær	0,6	7,0	5,7	3,3	16,6
Eyrarsveit		6,8			6,8
Dalabyggð	2,0				2,0
Reykhólahreppur	0,9				0,9
Vesturbyggð	5,7	10,5			16,2
Ísafjarðarbær	0,9	5,4	5,1	13,1	24,5
Súðavíkurhreppur				0,4	0,4
Árneshreppur				2,1	2,1
Kaldrananeshreppur		1,6			1,6
Hólmavíkurhreppur		1,7			1,7
Broddaneshreppur		2,6			2,6
Bæjarhreppur				5,9	5,9
Húnaþing vestra		2,0		5,0	7,0
Blönduósbær	6,0		10,8	10,8	27,6
Höfðahreppur	3,0				3,0
Skagahreppur	5,5				5,5
Skagafjörður				6,9	6,9
	25,5	**48,4**	**21,6**	**57,8**	**153,3**
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjarðarkaupstaður			7,3	1,9	9,2
Ólafsfjarðarkaupstaður			5,0		5,0
Dalvíkurbyggð	4,7	7,3			12,0
Hríseyjarhreppur				3,9	3,9
Arnarneshreppur				2,4	2,4
Svalbarðsstrandarhreppur			1,4		1,4
Grýtubakkahreppur	0,6	0,9			1,5
Húsavíkurkaupstaður	4,9				4,9
Vopnafjarðarhreppur	0,2				0,2
Fjarðabyggð	0,5				0,5
	10,9	**8,2**	**13,7**	**8,2**	**41,0**
SUÐURKJÖRDÆMI					
Mýrdalshreppur				2,6	2,6
Vestmannaeyjabær	4,5				4,5
Árborg	11,3		18,5		29,8
Ölfus	5,5		0,9	4,5	10,9
Grindavíkurkaupstaður	0,5				0,5
Sandgerðisbær	0,2	6,2	3,6	4,5	14,5
Gerðahreppur	2,6	3,2		6,0	11,8
Reykjanesbær		10,4	10,4		20,8
Vatnsleysustrandarhreppur	6,8	2,5	7,5	4,5	21,3
	31,4	**22,3**	**40,9**	**22,1**	**116,7**
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Bessastaðahreppur	4,1	2,8	15,6	2,0	24,5
Seltjarnarnesbær	5,1		11,4		16,5
	9,2	**2,8**	**27,0**	**2,0**	**41,0**

Kjördæmi Sveitarfélag	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
ÓSKIPT	0,1	4,0	8,4	21,3	33,8
Sjóvarnir samtals:	**77,1**	**85,7**	**111,6**	**111,4**	**385,8**

Tafla 3-8. Sundurliðun framkvæmda við sjóvarnir.

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður					
Veggurinn yst á Breið, SA-hluti (110 m – 1.650 m³)		3,6			7/8
Krókalón, nyrst (170 m – 2.700 m³)		5,9			7/8
Presthúsavör (80 m – 1.500 m³)		3,3			7/8
Langisandur austan Merkjaklappar (50 m – 150 m³)				0,3	7/8
Veggurinn yst á Breið, NV-hluti + skarð við olíutanka (100 m – 1.000 m³)				2,2	7/8
Lambhúsasund frá Haferninum að Bakkatúni (150 m – 3.000 m³) + námufrágangur				7,4	7/8
Innri-Akraneshreppur					
Ytri-Hólmur 2, frágangur móts við bæjarhúsin (500 m³)	1,0				7/8
Þaravellir eða Akrakot (100–150 m – 800 m³)				1,8	7/8
Snæfellsbær					
Hellissandur, Bátahöllin við Keflavíkurgötu (70 m – 1.000 m³) + námufrágangur		2,2			7/8
Ólafsvík, verbúðir við Snoppuveg (150 m – 2.400 m³)		5,8			7/8
Ólafsvík, við fiskverkun Snoppu (70 m – 2.450 m³)			6,5		7/8
Ólafsvík, við fiskverkun Klumbu (160 m – 1600 m³)				3,8	7/8
Eyrarsveit					
Grundarfjörður, Framnes–Torfabót (185 m – 2.000 m³) + námufrágangur		6,1			7/8
Grundarfjörður við Grundargötu (100 m – 800 m³)		1,8			7/8
Dalabyggð					
Búðardalur, suður frá bryggju með fram sláturhúsi, styrking/endurröðun (150 m – 500 m³)	2,0				7/8
Reykhólahreppur					
Flatey, viðbót við áður áætlaða 700 m³ við gamla frystihúsið og við bryggjuna (300 m³)	1,7				7/8
Vesturbyggð					
Patreksfjörður, kverkin ofan við Oddann (40 m – 900 m³)	2,8				7/8
Patreksfjörður, að Björgum (80 m – 1.200 m³)	3,7				7/8
Patreksfjörður, við vélsmiðjuna á Eyrinni (100 m – 1.500 m³) + námufrágangur		5,2			7/8
Bíldudalur, norðan hafnar að saltfiskverkun (120 m – 2.000 m³) + námufrágangur		6,7			7/8
Ísafjarðarbær					
Flateyri, Ytri-Bót (100 m – 2.000 m³)		6,2			7/8
Hnífsdalur, sunnan rækjuverksmiðju (100 m – 2.000 m³) + námufrágangur			5,8		7/8
Ísafjörður, innan við skipasmíðastöð (100 m – 1.000 m³)				2,4	7/8

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Þingeyri, utan við höfnina (gamla vélsmiðjan) (230 m – 3.900 m³) + námufrágangur				12,6	7/8
Súðavíkurhreppur					
Vigur, styrking á hlöðnum garði frá um 1800				0,5	7/8
Árneshreppur					
Við Gjögur, við lóðir 3 og 4 austan við Gjögurbryggju (70 m – 500 m³)				2,4	7/8
Kaldrananeshreppur					
Drangsnes, við Grundargötu (um 130 m – 680 m³)		1,9			7/8
Hólmavíkurhreppur					
Hólmavík, við Hlein (100 m – 800m³)		2,1			7/8
Broddaneshreppur					
Óspakseyri, suðurbakkinn við kaupfélagið (50 m – 300 m³)		0,9			7/8
Óspakseyri, norðurbakkinn við sláturhúsið (100 m – 600 m³)		2,0			7/8
Bæjarhreppur					
Borðeyri, norðurbakkinn (150 m – 1.800 m³ + 100 m – 800 m³)				6,7	7/8
Húnaþing vestra					
Reykir við Hrútafjörð, við íþróttahúsið, styrking (200 m³)		0,8			7/8
Reykir við Hrútafjörð, við byggðasafnið (80 m – 300 m³) + námufrágangur		1,5			7/8
Hamarsrétt á Vatnsnesi (120 m – 1.800 m³) + námufrágangur				5,7	7/8
Blönduósbær					
Norðan Blöndu (120 m – 2.400 m³)	7,2				7/8
Sunnan Blöndu frá nýlegri sjóvörn næst Blöndu að Háubrekku (150 m – 2.000 m³)			6,0		7/8
Sunnan Blöndu suður frá horninu á Háubrekku (200+ m – 4.000 m³) + námufrágangur			6,3	6,3	7/8
Upp með Blöndu að sunnan (330 m – 2.000 m³)				6,0	7/8
Höfðahreppur					
Sunnan við Hólanes, styrking (200 m – 900 m³ + 300 m³ endurraðað)	3,5				7/8
Skagabyggð					
Víkur (100 m – 1100 m³) + námufrágangur	3,4				7/8
Kálfshamarsvík, eiðið fremst (70 m – 900 m³) + námufrágangur	2,8				7/8
Skagafjörður					
Haganesvík frá bryggju suður fyrir syðsta húsið á grandanum (300 m – 2.500 m³)				7,9	7/8
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjarðarkaupstaður					
Milli norður- og suðurhafnarsvæðis frá slippnum að Óskarsbryggju (370 m – 3.000 m³)			8,3		7/8
Siglunes. Við fiskverkun Stefáns Einarssonar (50 m – 300 m³)				2,2	7/8

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Ólafsfjarðarkaupstaður					
Hækkun flóðvarnar við Námuveg (250 m) og lenging um 50 m (300 m – 2.250 m³)			5,7		7/8
Dalvíkurbyggð					
Dalvík, við Árhól, hækka vörn um 2–2,5 m (50 m – 400 m³ grjót)	1,2				7/8
Dalvík, sunnan Dalvíkurhafnar (150 m – 1.000 m³ + endurröðun)	2,8				7/8
Árskógssandur, við Brimnes (40 m – 650 m³) + námufrágangur	1,9				7/8
Dalvík, sunnan við Dalvíkurhöfn (300 m – 3.000 m³) + námufrágangur		8,3			7/8
Hríseyjarhreppur					
Styrking sjóvarna austast (160 m) og lenging við Varir (50 m) (210 m – 1.400 m³)				4,5	7/8
Arnarneshreppur					
Hjalteyri, norðan vitans og með fram Hjalteyrartjörn (150 m – 900 m³)				2,7	7/8
Svalbarðsstrandarhreppur					
Svalbarðseyri, styrking fjörukambs við tjörnina (100 m – 400 m³)			1,6		7/8
Grýtubakkahreppur					
Frágangur á grjótnámum		1,0			7/8
Húsavíkurkaupstaður					
Húsavíkurbakkar syðst, suður að Haukamýrarlæk (150 m – 2.100 m³)	5,8				7/8
Vopnafjarðarhreppur					
Innan við Kaupfélagsbryggju (140 m – 2.400 m³)	5,7				7/8
SUÐURKJÖRDÆMI					
Mýrdalshreppur					
Vík. Rannsóknir og undirbúningur (vegna hugsanlegrar grjótvarnar utan á flóðvarnargarðinum)				3,0	7/8
Vestmannaeyjabær					
Þrælaeiði. Endurröðun og styrking sjóvarnar á Eiðinu (120–150 m – 1.000 m³)	5,4				7/8
Árborg					
Stokkseyri, Kaðlastaðir–Hraunsá (1.050 m – 24.100 m³ og 150 m – 2.500 m³)	25,5		2,0		7/8
Stokkseyri, Íragerði 14 – Hásteinsvegur 18, styrking og endurröðun (130 m – 1.600 m³)	3,5				7/8
Eyrarbakki, styrking milli samkomuhúss og gömlu bryggju (30 m – 500 m³)	1,2				7/8
Stokkseyri, framan við Skipar (400 m – 4.000 m³)			6,8		7/8
Stokkseyri, framan við Grund (250 m – 3.000 m³)			5,1		7/8
Stokkseyri, frá Lóni að stað rúmlega 100 m vestan Markavörðu, (400 m – 3.600 m³) + námufrágangur			7,1		7/8
Ölfus					
Þorlákshöfn. Þrengja op milli sjóvarnar við Malir og flóðvarnargarðs (50 m – 2.000 m³) + námufrágangur	5,2				7/8
Strandarkirkja – styrking (vélavinna og röðun)			1,0		7/8

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Herdísarvík, leið c, sjóvörn ofan við tjarnarbakkann (1.200 m³) + námufrágangur				5,1	7/8
Sandgerðisbær					
Garðskagi–Lambarif, næst bæjarmörkum (120 m – 480 m³)	0,9				7/8
Þóroddsstaðir (160 m – 1.200 m³)		2,3			7/8
Kirkjuból, við golfvöll (250 m – 1.800 m³)		3,4			7/8
Við Norðurkot, styrking á sjóvörn, bætt í skörð (100–120 m – 750 m³)		1,4			7/8
Garðvegur, Sandgerði. Norðan við Norðurgarð, loka skarði (150 m³)			0,3		7/8
Flankastaðir (250 m – 2.000 m³)			3,8		7/8
Garðskagi–Lambarif, viðgerð suðurhluta kaflans (680 m – 2.700 m³)				5,1	7/8
Gerðahreppur					
Garðskagi–Lambarif, frá Garðskaga að bæjamörkum (400 m – 1.620 m³)	3,1				7/8
Garðskagi – gamli vitinn, styrking á grjótvörn við stoðvegg (50 m³)	0,3				7/8
Hólmsvöllur í Leiru (170 m – 2.000 m³)	3,1				7/8
Lambastaðir (Von hf.) – Útskálarif, styrking (250 af 800 m – 2.000 m³)		3,6			7/8
Byggða- og sjóminjasafn – Helgarétt (150 m – 1.200 m³)				2,2	7/8
Helgarétt–Neðra Hof, styrking á hluta (200 m – 500 m³)				1,0	7/8
Neðra Hof–Lambastaðir (120 m – 2.000 m³)				3,6	7/8
Reykjanesbær					
Njarðvík, við Bakkastíg (330 m – 6.600 m³)		11,9			7/8
Keflavík, við Ægisgötu (530 m – 6.600 m³)			11,9		7/8
Vatnsleysustrandarhreppur					
Brunnastaðahverfi, Skjaldarkot (270 + 50 m – 4.000 m³)	7,6				7/8
Auðnar (80+60 m – 800 m³)		2,9			7/8
Minna-Knarrarnes (250 m – 2.400 m³)			4,6		7/8
Stóra-Knarrarnes (155+20 m – 2.100 m³)			4,0		7/8
Minni-Vogar, í átt að Grænuborg (50 m – 400 m³)				0,9	7/8
Brunnastaðahverfi, Halakot, Naustakot, N-Brunnastaðir (styrking – 2.000 m³)				4,2	7/8
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Hafnarfjörður					
Hvaleyri, undirbúningur/mat á umhverfisáhrifum	0,6				7/8
Bessastaðahreppur					
Gesthús (225 m – 4.000 m³)	4,7	4,5			7/8
Kasttangi (285 m – 3.000 m³)			6,9		7/8
Kasttangi–Grund (300 m – 4.800 m³)			11,0		7/8
Við Hlið (70 m – 660 m³ + 40 m – 240 m³ = 900 m³)				2,3	7/8
Seltjarnarnesbær					
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn og sunnan hennar (150 af 270 m – 2.300 m³)	5,8				7/8

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Golfvallarvegur–Svartibakki–Búðatjörn (830 m – 2.100 m³)			5,3		7/8
Lambastaðagrandi–botn víkurinnar (80 m – 800 m³ – fyrirhuguð skólpdælustöð)			2,0		7/8
Frá Melshúsabryggju austur fyrir Lambastaðavör (150 m + styrking 70 m – 1.800 m³)			4,5		7/8
Lambastaðagrandi–bæjarmörk, hækkun á krónu (140 m – 400 m³)			1,2		7/8
ÓSKIPT					
Óskipt til sjóvarna	0,1	4,6	9,6	24,3	7/8
Áætlaður heildarkostnaður við sjóvarnir samtals:	**112,5**	**99,9**	**127,3**	**127,1**	
Alls 2003–2006:				**466,8**	

3.3 Flokkun hafna.

3.3.1 Hafnir í grunnneti.

Eftirfarandi hafnir eru í grunnneti: Grundartangi, Akranes, Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík), Grundarfjörður, Stykkishólmur, Vesturbyggð (Patreksfjörður), Bolungarvík, Ísafjarðarbær (Ísafjörður), Skagaströnd, Skagafjörður (Sauðárkrókur), Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvíkurbyggð (Dalvík), Akureyri, Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörður, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður), Fáskrúðsfjörður, Djúpivogur, Hornafjörður, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði, Reykjanesbær (Keflavík/Njarðvík), Hafnarfjörður og Reykjavíkurhöfn.

3.3.2 Hafnir utan grunnnets.

Eftirfarandi hafnir eru utan grunnnets: Snæfellsbær (Arnarstapi), Dalabyggð (Búðardalur), Reykhólar, Vesturbyggð (Brjánslækur, Bíldudalur), Tálknafjörður, Ísafjarðarbær (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri), Súðavík, Norðurfjörður, Drangsnes, Hólmavík, Hvammstangi, Blönduós, Skagafjörður (Hofsós, Haganesvík), Dalvíkurbyggð (Árskógssandur), Hjalteyri, Hrísey, Grenivík, Grímsey, Kópasker, Borgarfjörður eystri, Bakkafjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík, Vogar og Kópavogur.

4. VEGÁÆTLUN

4.1 Fjármál.

Áætlun um fjáröflun.

Verðlag fjárlaga 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	2003	2004	2005	2006	Samtals
4.1.1 Tekjur og framlög					
1.1. Markaðar tekjur:					
1. Bensíngjald	5.434	5.434	5.434	5.434	
2. Þungaskattur km-gjald	2.549	2.617	2.736	2.808	
3. Þungaskattur árgjald	2.539	2.607	2.726	2.797	
4. Leyfisgjöld flutninga	10	4	4	4	
5. Leyfisgjöld leigubifreiða	6	6	6	6	
	10.538	**10.668**	**10.906**	**11.049**	

Verðlag fjárlaga 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	2003	2004	2005	2006	Samtals
1.2. Umsýslugjald til ríkissjóðs 0,5%	-53	-53	-54	-55	
Markaðar tekjur alls:	**10.485**	**10.615**	**10.852**	**10.994**	**42.946**
1.3. Ríkisframlag	1.413	1.513	1.513	1.613	
1.4. Framlög til jarðganga	1.200	1.500	2.200	1.500	
1.5. Eignasala	300				
Framlag úr ríkissjóði alls:	**2.913**	**3.013**	**3.713**	**3.113**	**12.752**
Tekjur og framlög alls:	**13.398**	**13.628**	**14.565**	**14.107**	**55.698**
4.1.2 Viðskiptahreyfingar					
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðar-ganga	-40	-40	-40	-40	
2. Vegna ferja	-290	-321	-321	-321	
Afborganir alls:	**-330**	**-361**	**-361**	**-361**	**-1.413**
SAMTALS	**13.068**	**13.267**	**14.204**	**13.746**	**54.285**

Skipting útgjalda.

Fjárhæðir í millj. kr.	2003	2004	2005	2006	Samtals 2003–2006
GJÖLD					
4.1.3. Rekstur og þjónusta					
1. Yfirstjórn	**300**	**303**	**310**	**320**	**1.233**
2. Upplýsingaþjónusta	**74**	**78**	**80**	**81**	**313**
3. Umferðareftirlit	**55**	**59**	**62**	**62**	**238**
4. Þjónusta	**2.504**	**2.715**	**2.580**	**2.585**	**10.384**
1. Þjónustusvæði	330	335	340	340	
2. Vegir og vegyfirborð	420	420	420	420	
3. Brýr og veggöng	70	75	65	70	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	430	450	455	455	
5. Þéttbýlisvegir	294	295	300	300	
6. Vetrarþjónusta	960	1.140	1.000	1.000	
5. Almenningssamgöngur	**949**	**987**	**996**	**988**	**3.920**
1. Ferjur og flóabátar	658	696	705	697	
Þar af afborganir ferjulána til ríkissjóðs	**-290**	**-321**	**-321**	**-321**	**-1.253**
2. Áætlunarflug	131	131	131	131	
3. Sérleyfi á landi	160	160	160	160	
6. Rannsóknir	**105**	**106**	**107**	**108**	**426**
7. Minjar og saga			**15**	**20**	**35**
Rekstur og þjónusta alls:	**3.697**	**3.927**	**3.829**	**3.843**	**15.296**
4.1.4. Viðhald					
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	**920**	**940**	**950**	**960**	
2. Endurnýjun malarslitlaga	**223**	**215**	**212**	**212**	
3. Styrkingar og endurbætur	**600**	**620**	**720**	**760**	
4. Brýr, varnargarðar og veggöng	**190**	**210**	**230**	**250**	

Fjárhæðir í millj. kr.	2003	2004	2005	2006	Samtals 2003–2006
5. Öryggisaðgerðir	**140**	**150**	**180**	**190**	
6. Vatnaskemmdir	**140**	**140**	**144**	**155**	
7. Viðhald girðinga	**32**	**35**	**50**	**60**	
Viðhald alls:	**2.245**	**2.310**	**2.486**	**2.587**	**9.628**
4.1.5. Stofnkostnaður					
1. Grunnnet	**5.503**	**5.443**	**6.286**	**5.711**	**22.943**
1. Almenn verkefni	535	535	425	425	1.920
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	1.520	1.393	1.510	1.563	5.986
3. Verkefni á landsbyggð (stórverkefni)	2.048	1.858	2.011	2.183	8.100
Þar af afborganir lána vegna Hvalfjarðarganga til ríkissjóðs	**-40**	**-40**	**-40**	**-40**	**-160**
4. Orku- og iðjuvegir	200	117	100		417
5. Jarðgangaáætlun	1.200	1.500	2.200	1.500	6.400
6. Landsvegir í grunnneti		40	40	40	120
Samtals grunnnet:	**5.463**	**5.403**	**6.246**	**5.671**	**22.783**
2. Tengivegir	**525**	**530**	**530**	**530**	**2.115**
3. Til brúagerðar	**288**	**290**	**290**	**290**	**1.158**
1. Brýr 10 m og lengri	262	264	264	264	
2. Smábrýr	26	26	26	26	
4. Ferðamannaleiðir	**300**	**250**	**250**	**250**	**1.050**
5. Girðingar	**60**	**62**	**70**	**70**	**262**
6. Landsvegir utan grunnnets	**117**	**90**	**95**	**95**	**397**
7. Safnvegir	**278**	**300**	**300**	**300**	**1.178**
8. Styrkvegir	**55**	**60**	**60**	**60**	**235**
9. Reiðvegir	**40**	**45**	**48**	**50**	**183**
Samtals utan grunnnets:	**1.663**	**1.627**	**1.643**	**1.645**	**6.578**
Stofnkostnaður alls:	**7.126**	**7.030**	**7.889**	**7.316**	**29.361**
GJÖLD ALLS	**13.068**	**13.267**	**14.204**	**13.746**	**54.285**

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

4.2.1 Grunnnet.

4.2.1.1 Almenn verkefni.

Fjármagn til almennra verkefna skiptist með sama hætti og í gildandi vegáætlun, sbr. eftirfarandi töflu:

	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Suðurland	76	77	60	61
Reykjanes	77	76	61	60
Vesturland	76	76	61	61
Vestfirðir	77	76	61	60
Norðurland vestra	76	77	60	61
Norðurland eystra	77	76	61	61
Austurland	76	77	61	61
Samtals:	**535**	**535**	**425**	**425**

4.2.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Vegnr. Vegheiti Heiti verkefnis	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
1 Hringvegur				
Gatnamót við Nesbraut	140	260		
Breikkun, Víkurvegur–Skarhólabraut	100	300	100	
Gatnamót við Hallsveg				250
40 Hafnarfjarðarvegur				
Gatnamót við Nýbýlaveg			50	
41 Reykjanesbraut				
Laugarnesvegur–Dalbraut			180	
Gatnamót við Stekkjarbakka	545	125		
Gatnamót við Breiðholtsbraut	95			
Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	250	220	218	213
Kaplakriki–Lækjargata		75	125	
Lækjargata–Kaldárselsvegur	150	50		
49 Nesbraut				
Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	50	163	587	200
409 Hlíðarfótur				
Hringbraut–Flugstöð				100
411 Arnarnesvegur				
Reykjanesbraut–Elliðavatnsvegur				100
415 Álftanesvegur				
Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur				260
450 Sundabraut				
Sæbraut–Geldinganes	50	50	100	300
Göngubrýr og undirgöng	60	60	60	60
Umferðarstýring	20	30	30	20
Smærri verk og ófyrirséð	60	60	60	60
Samtals	**1.520**	**1.393**	**1.510**	**1.563**

4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð (stórverkefni).

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Djúpá				
1 Hringvegur				
a2 Um Djúpá	20			
Þjórsá				
1 Hringvegur				
c8 Um Þjórsá	86			
Þjórsárdalsvegur				
32 Þjórsárdalsvegur				
02 Stóranúpsvegur–Ásólfsstaðir	17			
Biskupstungnabraut				
35 Biskupstungnabraut				
08–09 Laugarvatnsvegur–Gullfoss	30			
Gjábakkavegur				
365 Gjábakkavegur				
01 Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur			32	80

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Bræðratunguvegur				
359 Bræðratunguvegur				
01 Um Hvítá				80
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík				
41 Reykjanesbraut				
15–18 Krýsuvíkurvegur–Víknavegur	300	300	250	250
Hvalfjarðartengingar				
1 Hringvegur				
Hvalfjarðartengingar	60	60	60	60
Hringvegur um Stafholtstungur				
1 Hringvegur				
h0 Borgarfjarðarbraut–Hrauná		50	150	100
Hálsasveitarvegur að Húsafelli				
518 Hálsasveitarvegur				
03 Hvítársíðuvegur–Kaldadalsvegur		60	100	
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð				
54 Snæfellsnesvegur				
15 Kolgrafafjörður	180	250	220	50
Vatnaleið				
56 Vatnaleið				
01–02 Snæfellsnesvegur–Snæfellsnesvegur	37			
Vestfjarðavegur, Brattabrekka, Svínadalur				
60 Vestfjarðavegur				
01–02 Um Bröttubrekku	83	47		
08–09 Um Svínadal				40
Gilsfjörður				
60 Vestfjarðavegur				
21 Gilsfjörður	21	15		
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur–Flókalundur				
60 Vestfjarðavegur				
29–31 Bjarkarlundur–Flókalundur	200	150	220	230
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði				
60 Vestfjarðavegur				
44 Gemlufallsheiði	53			
Barðastrandarvegur, Flókalundur–Patreksfjörður				
62 Barðastrandarvegur				
04 Kleifaheiði	41			
Ísafjarðardjúp				
61 Djúpvegur				
27–28 Slitlagsendi–Hörtná				140
31–33 Gilseyri–Eiði	70	110	200	180
Djúpvegur, Súðavík–Bolungarvík				
61 Djúpvegur				
38–45 Súðavík–Bolungarvík			20	30
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði				
1 Hringvegur				
n0–n1 Norðurárdalur	10	100	250	80
Siglufjarðarvegur				
76 Siglufjarðarvegur				
06 Um Hofsá	25			

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Lágheiði				
82 Ólafsfjarðarvegur				
09 Lágheiði		36	14	
Þverárfjallsvegur				
744 Þverárfjallsvegur				
01 Skagastrandarvegur–Skúfur		50		
Hringvegur á Mývatnsheiði				
1 Hringvegur				
q9 Mývatnsheiði	170	30		
Norðausturvegur, Húsavík–Þórshöfn				
85 Norðausturvegur				
06–24 Tjörnes–Þórshöfn	200	150	270	280
Kísilvegur				
87 Kísilvegur				
01–05 Mývatnsvegur–Víðiholt			25	75
Tenging Norðurland–Austurland				
1 Hringvegur				
s1–s7 Biskupsháls–Skjöldólfsstaðir	140	150	110	80
Hringvegur á Austurlandi				
1 Hringvegur				
s8–v5 Um Austurland	180	140	80	50
Hornafjarðarfljót				
1 Hringvegur				
v7–v9 Um Hornafjarðarfljót				200
Jökulsá á Breiðamerkursandi				
1 Hringvegur				
x3 Um Jökulsá	20	30		
Suðurfjarðavegur				
96 Suðurfjarðavegur				
11 Kambaskriður	16			
Norðausturvegur, Hringvegur–Vopnafjörður				
85 Norðausturvegur				
41–43 Sunnudalsvegur–Brunahvammsháls				100
Breikkun brúa á Suðurlandi				
1 Hringvegur				
b5 Um Klifanda	10	120		
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra				
1 Hringvegur				
k1 Síká (Hrútafjörður)				68
k8 Um Vatnsdalsá	69			
Samgöngurannsóknir	10	10	10	10
Samtals	**2.048**	**1.858**	**2.011**	**2.183**

4.2.2 Utan grunnnets.

4.2.2.1 Tengivegir.

Fjármagn til tengivega skiptist milli kjördæma samkvæmt reiknilíkingu:

	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Suðurland	149	150	150	150
Reykjanes	40	41	41	41
Vesturland	90	91	91	91
Vestfirðir	54	55	55	55
Norðurland vestra	64	64	64	64
Norðurland eystra	69	69	69	69
Austurland	59	60	60	60
Samtals	**525**	**530**	**530**	**530**

4.2.2.2 Ferðamannaleiðir.

Fjármagni til ferðamannaleiða er skipt á kjördæmi að öðru leyti en því að tvö verkefni, Dettifossvegur og Uxahryggjavegur, fá tiltekna upphæð á hverju ári. Skipting fjárins er eftirfarandi:

	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Suðurland	31	25	25	25
Reykjanes	12	10	10	10
Reykjavík	12	10	10	10
Vesturland	31	25	25	25
Vestfirðir	31	25	25	25
Norðurland vestra	31	25	25	25
Norðurland eystra	31	25	25	25
Austurland	31	25	25	25
Uxahryggjavegur	40	35	35	35
Dettifossvegur	50	45	45	45
Samtals	**300**	**250**	**250**	**250**

4.3 Flokkun vega.

4.3.1 Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

Suðurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Kúðafljót sunnan Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum, um Heiðarveg og Strembugötu að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Hringvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Hringvegi í Holtum upp Holt og Land, um Galtalæk, austan við Þjórsá hjá Búrfelli að Þjórsárdalsvegi nálægt Sultarfit.

201 Vallavegur: Af Hringvegi vestan við Brúará á Hringveg austan við Brunná.

202 Prestbakkavegur: Af Hringvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.
204 Meðallandsvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðrifljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Hringveg austan Kúðafljóts.
205 Klausturvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
206 Holtsvegur: Af Hringvegi að Hunkubökkum.
208 Skaftártunguvegur: Af Hringvegi vestast í Eldhrauni, yfir Eldvatn hjá Ásum, um Skaftártungu að Fjallabaksleið nyrðri.
209 Hrífunesvegur: Af Hringvegi nálægt Laufskálavörðu, um Hrífunes, á Skaftártunguveg austan Tungufljótsbrúar.
210 Ljótarstaðavegur: Af Skaftártunguvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli, að vegamótum að Snæbýli.
211 Álftaversvegur: Af Hringvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði, á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti, um Jórvíkurhryggi, á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
214 Kerlingardalsvegur: Af Hringvegi að Kerlingardal.
215 Reynishverfisvegur: Af Hringvegi hjá Fossholtum, að Presthúsum.
216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt, á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.
218 Dyrhólavegur: Af Hringvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal, að heimreið að Vatnsskarðshólum.
219 Péturseyjarvegur: Af Hringvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Hringveg vestan Péturseyjar.
222 Mýrdalsjökulsvegur: Af Hringvegi á Sólheimasandi, að Sólheimakoti.
238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella, á Dalaveg við flugstöð.
239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut, um Eldfellshraun, að bílastæði ofan Viðlagafjöru.
240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, með fram vesturmörkum byggðar, að Stórhöfðavita.
242 Raufarfellsvegur: Af Hringvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Hringveg austan Svaðbælisár.
243 Leirnavegur: Af Hringvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Hringveg austan við Steina.
245 Hverfisvegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Hringveg austan Írár.
246 Skálavegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Hringveg austan við Hvamm.
247 Sandhólmavegur: Af Hringvegi við Hvamm, um Efraholt, á Hringveg hjá Fitjamýri.
248 Merkurvegur: Af Þórsmerkurvegi austan Markarfljóts, að Stórumörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Hringvegi austan Markarfljóts hjá Seljalandi, að Markarvegi.
250 Dímonarvegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli, fram hjá Stóra-Dímon, á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli, um Borgareyrar, á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.

252 Landeyjavegur: Af Hringvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt, á Hringveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum, um Sel, yfir Landeyjaveg hjá Gunnarshólma, að Brúnalundi.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls, um Hólma, að flugstöð við Bakkaflugvöll.
255 Akureyjarvegur: Af Hringvegi við Hemlu, um Strönd, á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Hringvegi á Hvolsvelli, inn Fljótshlíð, um Múlakot, að Fljótsdal.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli, um Efrahvol, að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Hringvegi vestan Eystri-Rangár, upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt, niður Rangárvelli, á Hringveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Hringvegi vestan við Strönd, að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Hringvegi við Varmadal, að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk, á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Hringvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ og Nónholt, á Landveg hjá Köldukinn.
272 Bjallavegur: Af Árbjæjarvegi á Nónholti, um Bjalla, á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Hringvegi vestan við Lyngás, að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Hringvegi við Landvegamót, um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ, að Hrauk.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Hringvegi við Áshól, að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Hringvegi vestan við Einbúa, um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða, um Raftholt, Haga og Stúfholt, á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Hringvegi hjá Einbúa, um Hamra og Kálfholt, á Hringveg á Lónsheiði.
2027 Hrunavegur: Af Hringvegi, að Sléttu.
2050 Fossvegur: Af Hringvegi, að Fossi 2 og 3.
2075 Hörgslandsvegur: Af Hringvegi, að Hörgslandi.
2120 Giljavegur: Af Hringvegi, að Giljum.
2140 Brekknavegur: Af Hringvegi, að Ási.
2160 Hvolavegur: Af Hringvegi, að Hvoli.
2420 Skógavegur: Af Hringvegi, að kennarabústað.
2440 Skógafossvegur: Af Skógavegi, að dýralæknisbústað.
2480 Seljalandsvegur: Af Hringvegi, að Seljalandi.
2520 Skíðbakkavegur: Af Landeyjavegi, að Skíðbakka.
2530 Skeggjastaðavegur: Af Landeyjavegi, að Vestritungu.
2540 Fíflholtshverfisvegur: Af Akureyjarvegi, að Gerðum.
2560 Eyjarvegur: Af Hringvegi, að Berjanesi.
2570 Akureyjarkirkjuvegur: Af Akureyjarvegi, að Akurey.
2615 Torfastaðavegur: Af Fljótshlíðarvegi, að Torfastöðum.
2625 Lambeyjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi, að Bjargarkoti.
2645 Kirkjulækjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi, að Kirkjulækjarkoti.
2655 Vatnsdalsvegur: Af Fljótshlíðarvegi, að Tumastöðum.

2675 Lynghagavegur: Af Norðurgarði á Hvolsvelli, að Akri.
2699 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi, að Bakkakoti.
2715 Gunnarsholtsvegur: Af Rangárvallavegi, að starfsmannabústöðum.
2725 Akurhólsvegur: Af Gunnarsholtsvegi, að Akurhóli.
2735 Helluvaðsvegur: Frá Hellu, að Helluvaði.
2755 Hellatúnsvegur: Af Ásvegi, að Hellatúni.
2765 Háarimavegur: Af Ásvegi, að Háarima III.
2775 Bræðraborgarstígur: Af Ásvegi við Hábæjarkirkju, á Ásveg við Tjörn.
2820 Laugalandsvegur: Af Landvegi, að Nefsholti.
2840 Þverlækjarvegur: Af Hagabraut, að Stúfholtshjáleigu.
2860 Hjallanesvegur: Af Landvegi, að Hjallanesi.
2880 Laugavegur: Af Landvegi, að Laugum.
2907 Sumarliðabæjavegur: Af Hringvegi hjá Sléttalandi, um Sumarliðabæ, á Landveg hjá Þjóðólfshaga.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Hringvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stórulaxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum, á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum, um Laugarás og Skálholt, á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt, sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell, norðan Bjarnalóns yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Hringvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Hringvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi, um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Hringvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Reykholt, Vatnsleysu, Múla og Geysi að þjónustumiðstöð við Gullfoss.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Hringvegi nálægt Hverageröi, að Suðurvarargarði í Þorlákshöfn.
39 Þrengslavegur: Af Hringvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Hringvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss, á Villingaholtsveg nálægt Villingaholti.
303 Ölvisholtsvegur: Af Hringvegi við Kjartansstaði, um Miklaholtshelli, að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Hringvegi hjá Hraungerði, um Oddgeirshóla og Langholt, á Hringveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Hringvegi í Flóa, um Villingaholt, suður með Þjórsá, um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda, að vegamótum að Kolsholtshelli.

310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti, um Votmúla, á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu, um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðrivöll.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli, um Holt, á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík, að vegamótum að Litlu-Sandvík.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi móts við Löngumýri, að Skeiðháholti.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi, að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti, um Vorsabæ og Álfsstaði, á Skálholtsveg litlu austar.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár, um Hamarsheiði, á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl, að heimreið að Steinsholti.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minnanúpi, á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása, um Stóru-Mástungu, að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stórulaxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum, á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt, um Eyrarbakka, á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir, um Hruna, á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna, að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá, að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru, á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði, um Búrfell og Klausturhóla, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minniborg, um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum, á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu, á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Bræðratunguvegi á Pollengi austan Tungufljótsbrúar, um Einholt, á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Hrunamannavegi ofan Flúða, yfir Hvítá hjá Hvítárholti, á Biskupstungnabraut nálægt Felli.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Ýrufoss, um Grafning, á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin, að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni, á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli, að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Hringvegi vestan Kögunarhóls, um Nýbýlahverfi og Gljúfur, á Hringveg vestan Kotstrandar.

375 Arnarbælisvegur: Af Hringvegi hjá Sandhóli, að Auðsholti.
376 Breiðamörk: Af Hringvegi, um Hveragerði, fram hjá Grýtu, að Gufudal.
377 Reykjavegur Hveragerði: Af Breiðumörk nálægt hótel Örk, um Austurmörk og Reykjamörk, um brú á Varmá að garðyrkjuskóla.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn: Af Þorlákshafnarvegi að ferjuhöfn við Svartaskersbryggju.
3020 Laugardælavegur: Af Hringvegi, að Laugardælum.
3040 Ármótavegur: Af Oddgeirshólavegi, að Litlu-Ármótum.
3060 Forsætisvegur: Af Villingaholtsvegi, á Villingaholtsveg.
3080 Hróarsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi, að Læk.
3091 Ljónsstaðavegur: Af Votmúlavegi, að Ljónsstöðum.
3115 Arnarhólsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi, að Hólshúsum.
3130 Holtsbýlavegur: Af Holtsvegi, að Holti.
3136 Hryggjarvegur: Af Ölvisholtsvegi, að Hrygg 1.
3145 Grundarvegur: Af Gaulverjabæjarvegi, að Vestrigrund 2.
3160 Baugsstaðavegur: Af Gaulverjabæjarvegi, að Baugsstöðum.
3175 Lækjamótavegur: Af Votmúlavegi, að Lækjamótum.
3220 Reykjavegur Skeiðum: Af Skálholtsvegi, að Reykjum.
3240 Ósabakkavegur: Af Skálholtsvegi, að Ósabakka.
3260 Hlemmiskeiðsvegur: Af Skeiðavegi, að Hlemmiskeiði.
3270 Kálfhólsvegur: Af Skeiðháholtsvegi vestan Háholts að Kálfhóli II.
3275 Blesastaðavegur: Af Skeiðavegi að Blesastöðum.
3280 Fjallsvegur: Af Vorsabæjarvegi, að Fjalli.
3307 Sandlækjarkotsvegur: Af Skeiðavegi að Sandlækjarkoti.
3312 Skarðsvegur: Af Hrunamannavegi, að Skarði 2.
3315 Þrándarholtsvegur: Af Þjórsárdalsvegi að Þrándarholti.
3320 Hlíðarvegur: Af Hælsvegi, að Hæli.
3330 Knarrarholtsvegur: Af Þjórsárdalsvegi, að Brúnum.
3335 Háholtsvegur: Af Hælsvegi, að Vestra-Geldingaholti.
3339 Stóra-Núpsvegur: Af Stóra-Núpsvegi, að Stóra-Núpskirkju.
3346 Melhagavegur: Af Þjórsárdalsvegi, að Haga I.
3357 Heiðarbraut: Af Þjórsárdalsvegi, á Gnúpverjaveg.
3365 Búrfellsvegur eystri: Af Þjórsárdalsvegi, að Eiríksbúð.
3367 Ásólfsstaðavegur: Af Þjórsárdalsvegi, að Ásólfsstöðum.
3405 Grafarbakkavegur: Af Hrunavegi, að Hverabakka.
3415 Varmalandsvegur: Af Hrunamannavegi, að Varmalandi.
3425 Hrepphólavegur: Af Hrunamannavegi, að Breiðási.
3435 Hvammsvegur eystri: Af Hrunamannavegi, að Hvammi.
3445 Hvítárholtsvegur: Af Hrunamannavegi, að Borgarási.
3450 Selsvegur: Af Hvítárholtsvegi, að Efra-Seli.
3455 Miðfellsvegur: Af Hrunamannavegi, að Miðfelli 4a.
3465 Laugavegur: Af Hrunavegi, að Reykjabóli.
3475 Unnarholtsvegur: Af Auðsholtsvegi, að Unnarholti.
3485 Birtingaholtsvegur: Af Auðsholtsvegi, að Birtingaholti 4.
3495 Hrafnkelsstaðavegur: Af Langholtsvegi, að Hrafnkelsstöðum 3.
3510 Iðuvegur: Af Skálholtsvegi, að Iðu.
3520 Laugarásvegur: Af Skálholtsvegi, að Skálholtsvegi.
3530 Helgastaðavegur: Af Skálholtsvegi, að Helgastöðum.

3540 Skálholtsstaðarvegur: Af Skálholtsvegi, að prestssetri.
3542 Vesturbyggðarvegur: Af Skálholtsvegi, að Lyngbrekku.
3550 Hrosshagavegur: Af Biskupstungnabraut, að Hrosshaga.
3560 Dalbrúnarvegur: Af Biskupstungnabraut, á Biskupstungnabraut.
3570 Bergholtsvegur: Af Biskupstungnabraut, að Bergholti.
3580 Norðurbrúnavegur: Af Biskupstungnabraut, að Bergholtsvegi.
3590 Syðri-Reykjavegur: Af Reykjavegi, að Brún.
3612 Vatnsleysuvegur: Af Tjarnarvegi, að Vatnsleysu III.
3616 Tjarnarvegur: Af Tjarnarvegi, að Litlu-Tjörn.
3630 Hagavegur: Af Biskupstungnabraut, að Haga III.
3660 Efribrúarvegur: Af Þingvallavegi, að Ljósafossskólavegi.
3690 Bíldsfellsvegur: Af Grafningsvegi neðri, að Bíldsfelli.
3695 Nesjavallavegur: Af Grafningsvegi efri, að Nesjavöllum.
3710 Árbæjarvegur vestri: Af Hringvegi, að Hlöðutúni.
3720 Hlíðardalsskólavegur: Af Krýsuvíkurvegi, að Hlíðardalsskóla.
3730 Hraunsvegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Hrauni 3.
3740 Bæjarhverfisvegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Vötnum.
3741 Efstadalsvegur: Af Laugarvatnsvegi, að Efstadal III.
3753 Borgarbraut: Af Biskupstungnabraut, að Borgarbraut 6.
3760 Hvolsvegur: Af Hringvegi, að Kvíarhóli.
3765 Stærribæjarvegur: Af Sólheimavegi, að Stærribæ 3.
3767 Eyvíkurvegur: Af Sólheimavegi, að Eyvík 1.
3770 Þórustaðavegur: Af Hringvegi, að Kjarri.
3771 Ormsstaðavegur: Af Sólheimavegi, að Ártanga.
3780 Núpavegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Núpum.
3790 Bakkavegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Bakka.
3874 Skjálgarvegur: Af Árbæjarvegi, að Hrísum.
3915 Kirkjuferjuvegur: Af Hringvegi, að Kirkjuferjuhjáleigu.
3937 Vallavegur: Af Hringvegi austan Varmár, að Völlum.
3973 Bjarnastaðavegur: Af Þorlákshafnarvegi vestan Hjalla, að Lækjarvegi.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda, á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
427 Suðurstrandarvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvog á Þorlákshafnarveg ofan Þorlákshafnar.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls, á Þingvallaveg.

Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna, ofan Reykjavíkur, um Mosfellssveit, Kjalarnes og í jarðgöng undir Hvalfjörð á móts við Tíðaskarð.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði, á Hringveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) á Kirkjusandi í Reykjavík (eftir Kringlumýrarbraut) um Kópavog og Garðabæ á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Af Nesbraut vestan Ánanausta í Reykjavík, um Ánanaust, með fram höfninni (eftir Sæbraut) um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur, að Leifsstöð.

42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, með fram Kleifarvatni, um Krýsuvíkurbæ á Suðurstrandarveg í Krýsuvík.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa, um Ránargötu, að Grindavíkurhöfn.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík, að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Gerðar og Sandgerði, að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut á Fitjum, um Njarðvík, að Njarðvíkurhöfn.
47 Hvalfjarðarvegur: Af Hringvegi við Ártúnsá, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Hvalfjarðarvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð, að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
49 Nesbraut: Af Hringvegi við Smálönd, um Miklubraut, Hringbraut, Eiðsgranda og Suðurströnd að heilsugæslustöð.
405 Sviðholtsvegur: Af Álftanesvegi gegnt Bessastaðavegi, að Hákotsvör.
409 Fossvogsbraut: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, suður með Öskjuhlíð, austur Fossvogsdal, á Reykjanesbraut austan Blesugrófar.
410 Elliðavatnsvegur: Af Breiðholtsbraut við Dimmu, um Vatnsenda, á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt, um Rjúpnadalshlíð og norðvesturhlíð Vatnsendahvarfs, á Breiðholtsbraut.
412 Vífilsstaðavegur: Frá hafnarsvæði í Arnarnesvogi, yfir Hafnarfjarðarveg sunnan Silfurtúns, um Garðabæ og Vífilsstaði, á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
413 Breiðholtsbraut: Af Hringvegi við Rauðavatn, um norðurhlíð Vatnsendahvarfs, yfir Reykjanesbraut í Mjódd, vestur Digranesháls (Nýbýlaveg), á Hafnarfjarðarveg við Fossvog.
414 Flugvallarvegur Reykjavík: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, um Njarðargötu og Þorragötu, að flugvelli.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Molduhrauni, um Engidal, út á Álftanes, að Hvoli.
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum, að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Hringvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells, á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
418 Bústaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Kringlumýrar, um norðanverða Öskjuhlíð, á Nesbraut á Miklatorgi.
419 Höfðabakki: Af Reykjanesbraut austan Blesugrófar í Reykjavík, yfir Elliðaár nálægt Árbæ, um Ártúnshöfða, yfir Grafarvog, á Hallsveg.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum, að höfn í Vogakauptúni.
423 Miðnesheiðarvegur: Af Garðskagavegi norðan Keflavíkur, á Sandgerðisveg á Miðnesheiði.
424 Keflavíkurvegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, um Flugvallarveg að Keflavíkurhöfn.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum, um Reykjanes, á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.

427 Suðurstrandarvegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík, um Ísólfsskála og Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
429 Sandgerðisvegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Miðnesheiði, á Garðskagaveg í Sandgerði.
430 Úlfarsfellsvegur: Af Hringvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells, á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Hringvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Hringveg við Þverholt.
432 Hallsvegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells, á Sundabraut nálægt Gufunesi.
450 Sundabraut: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) nálægt Holtavegi, yfir Elliðavog, um Gunnunes og Álfsnes, á Hringveg í Kollafirði.
453 Sundagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut), að athafnasvæði Eimskipa.
454 Holtavegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut), að Holtabakka.
458 Brautarholtsvegur: Af Hringvegi norðan Klébergs, að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls, á Hvalfjarðarveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns, á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.
470 Fjarðarbraut: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal um miðbæ Hafnarfjarðar, á Reykjanesbraut hjá Þorlákstúni.
4150 Hliðsnesvegur: Af Álftanesvegi nálægt Selskarði, að Hliðsnesi.
4225 Brunnastaðavegur: Af Vatnsleysustrandarvegi, að Traðarkoti.
4250 Útgarðsvegur: Af Garðskagavegi í Garði, um Útskála, á Garðskagaveg hjá Fitjum.
4315 Leirvogstunguvegur: Af Hringvegi, að Leirvogstungu.
4324 Dalsárvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal, að Dalsá.
4325 Hrísbrúarvegur: Af Þingvallavegi, að vegamótum að Víðihóli sunnan Köldukvíslar.
4326 Reykjahlíðarvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal, að Reykjahlíð.
4335 Mosfellsvegur: Af Þingvallavegi að Minna-Mosfelli.
4336 Æsustaðavegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal, að Röðli.
4345 Helgadalsvegur: Af Þingvallavegi, að Hreggsstöðum.
4355 Hraðastaðavegur: Af Helgadalsvegi um Hraðastaði, á Helgadalsveg hjá Túnfæti.
4365 Hrafnhólavegur: Af Þingvallavegi hjá Seljabrekku, að Selvangi.
4510 Varmadalsvegur: Af Hringvegi, að Varmadal III.
4520 Leiruvegur: Af Hringvegi, að Fitjakoti.
4530 Norðurgrafarvegur: Af Hringvegi, að Gryfju.
4540 Víðinesvegur: Af Hringvegi, að Víðinesi.
4550 Kollafjarðarvegur: Af Hringvegi í Kollafirði, að Kollafirði.
4560 Esjuvegur: Af Hringvegi við Kirkjuland, á Hringveg við Skrauthóla.
4570 Grundarhverfisvegur: Af Brautarholtsvegi um Vallargrund, að Grundarhverfi.
4580 Arnarholtsvegur: Af Brautarholtsvegi, að Arnarholti.
4619 Víðigrundarvegur: Af Reykjahlíðarvegi, að Furuvöllum.
4644 Röðulsvegur: Af Æsustaðavegi, að Skuld.
4650 Neðri-Hálsvegur: Af Hringvegi, að Neðrihálsi.
4730 Lykkjuvegur: Af Brautarholtsvegi, að Lykkju III.
4824 Þorlaksstaðavegur: Af Meðalfellsvegi, að Káranesvegi.

Vesturlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðargöngum, inn fyrir Akrafjall, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.

47 Hvalfjarðarvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni út Hvalfjarðarströnd á Hringveg sunnan Laxár í Leirársveit.

50 Borgarfjarðarbraut: Af Hringvegi hjá Seleyri, um Vatnshamra, Hest og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Hringveg hjá Haugum.

51 Akrafjallsvegur: Af Hringvegi austan við Innrihólm, út fyrir Akrafjall, skammt austan Akraneskaupstaðar, inn með Akrafjalli norðanverðu, á Hringveg hjá Urriðaá.

52 Uxahryggjavegur: Af Borgarfjarðarbraut við Götuás, um Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.

54 Snæfellsnesvegur: Af Hringvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði, þaðan til austurs um norðanvert Snæfellsnes, um Grundarfjörð, Helgafellssveit, Skógarströnd og Hörðudal, á Vestfjarðaveg við Stóraskóg.

55 Heydalsvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.

56 Vatnaleið: Af Snæfellsnesvegi við Vegamót, um Dufgusdal, austan Baulárvalla- og Selvallavatns, á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.

58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár, að ferjubryggju í Stykkishólmi.

59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.

501 Innrahólmsvegur: Af Innnesvegi hjá Miðgarði, að Kirkjubóli.

502 Svínadalsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Dragaveg gegnt Geitabergi.

503 Innnesvegur: Af Akrafjallsvegi hjá Reyni, um Ytrahólm og Esjubraut á Akranesi, á Akranesveg.

504 Leirársveitarvegur: Af Hringvegi hjá Leirárbrú, um Leirá, á Svínadalsveg vestan við Hól.

505 Melasveitarvegur: Af Hringvegi hjá Skorholti, um Melasveit, á Hringveg hjá Belgsholti.

506 Grundartangavegur: Af Hringvegi hjá Klafastöðum, að Grundartangahöfn.

507 Mófellsstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði, á Dragaveg sunnan Skorradalsvatns.

508 Skorradalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.

509 Akranesvegur: Af Akrafjallsvegi innan kaupstaðar að Akratorgi á Akranesi.

510 Hvítárvallavegur: Af Hringvegi norðan Eskiholts, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum, um Hest, á Borgarfjarðarbraut norðan Hestfjalls.

511 Hvanneyrarvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan brúar á Andakílsá að Hvanneyrarskóla.

512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum, á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.

513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk, um Bæ, að Laugarholti.

514 Hvítárbakkavegur: Af Bæjarsveitarvegi, að Hvítárbakka III.

515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar, um Múlastaði, Skóga, Brennistaði, á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut með fram flugvelli á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp, á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum, á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóraás, Húsafell og Kalmanstungu, á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal, fram hjá Giljum, á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
520 Dragavegur: Af Hvalfjarðarvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga og Hestháls á Uxahryggjaveg við Götuás.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla, um Norðtungu og Hjarðarholt, á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum, á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litluþverár, að Helgavatni.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litluþverá, um Grjót, á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland, á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum í Norðurárdal.
528 Norðurárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal, á Hringveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Hringvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarbraut: Af Hringvegi, að Egilsgötu í Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Borgar, að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn, um Krossnes og Þverholt, á Snæfellsnesveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti, að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Urriðaárbrú, að vegamótum að Valshamri.
539 Hítardalsvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Raftási, um Staðarhraun, að Hítardal.
540 Hraunhreppsvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Fíflholtum, um Stóra-Kálfalæk, Akra og Hundastapa, á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
553 Langavatnsvegur: Af Hringvegi hjá Svignaskarði, að þjónustuhúsi Iðju.
566 Hítarnesvegur: Af Snæfellsnesvegi sunnan Kaldár, að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gerðubergslækjar, að Laugagerðisskóla.
571 Ölkelduvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Ölkeldu, að Álftavatnsvegi.
573 Rifshafnarvegur: Af Útnesvegi hjá Rifi, að höfn.
574 Útnesvegur: Af Snæfellsnesvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand, Rif og Ólafsvík, á Snæfellsnesveg norðan Fróðárheiðar.
575 Tunguvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Tunguóss, að vegamótum að Hrísum.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall, að Skallabúðum.

577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár, um Kóngsbakka, á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi, að Blönduhlíð.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðuból, að vegamótum að Vífilsdal.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ, á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda, um Kolsstaði og Kringlu, á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar, um Haukadal, að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt, að vegamótum við Spágilsstaði.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi, að vegamótum að Sámsstöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða, að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs, um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd, á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu, á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá, að vegamótum við Bjarnastaði.
5040 Fellsendavegur: Af Hringvegi nálægt Klafastöðum, um Stóru-Fellsöxl, á Akrafjallsveg hjá Litlu-Fellsöxl.
5150 Auðsstaðavegur: Af Reykdælavegi hjá Steindórsstöðum, að Búrfelli.
5178 Reykholtsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Reykholti, að þorpskjarna hjá kirkju.
5219 Þorgautsstaðavegur: Af Hvítársíðuvegi, að Þorgautsstöðum.
5240 Bifrastarvegur: Af Hringvegi, að gatnamótum íbúðahverfis á bak við skólahús.
5250 Kaðalstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut, að Kaðalstöðum.
5315 Heggstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut, að Kvígsstöðum.
5317 Grímarsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi hjá Hvítárvöllum, um Grímarsstaði á Hvanneyrarveg.
5350 Stórafjallsvegur: Af Hringvegi, að Stórafjalli 1.
5630 Kolbeinsstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi, um Lindartungu, á Heydalsveg.
5710 Arnarstapavegur: Af Útnesvegi, að Arnarstapahöfn.
5714 Lýsuhólsvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Lýsuhóli.
5730 Hellnavegur: Af Útnesvegi, að bryggju.
5750 Kvíabryggjuvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Krossnesvegi.
60 Vestfjarðavegur: Af Hringvegi hjá Dalsmynni, um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfirði.
690 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Brunnár í Saurbæ um Holtahlíð að Garpsdalsvegi skammt innan Gilsfjarðarbrekku (þaðan er hann landsvegur yfir heiðina, að Steinadal).

Vestfjarðakjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Djúpveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfirði, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls,

Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði og Önundarfjörð, um jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði á Djúpveg í Skutulsfirði.

61 Djúpvegur: Af Hringvegi vestan Hrútafjarðarár út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði, ofan Hólmavíkur, um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð, um Aðalstræti og Brimbrjótsgötu í Bolungarvík, að höfn.

62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd, yfir Kleifaheiði, um Raknadalshlíð, um Þórsgötu að höfn á Patreksfirði.

63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdan til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.

64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal um Hvilftarströnd og Hafnarstræti að Túngötu við höfn á Flateyri.

65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í jarðgöngum undir Breiðadals- og Botnsheiði að ytri höfn á Suðureyri.

67 Hólmavíkurvegur: Af Djúpvegi við Hólmavík um Hólmavík, að höfn.

602 Garpsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi, um Garpsdal, að Steinadalsvegi í botni Gilsfjarðar.

605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, um Bakka og Tröllatungu á Djúpveg hjá Húsavík.

606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum, að höfn í Karlsey.

607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni, út Barmahlíð, um Reykhóla, að Hamarlandi.

608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni, yfir Þorskafjarðarheiði, á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.

610 Brjánslækjarvegur: Af Barðastrandarvegi, að ferjubryggju.

612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð, um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall, að Hvallátrum um Látravík að Bjargtöngum.

614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall, að vegamótum neðan Bjarngötudals.

615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili, um Gjögur, að Hænuvík.

616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi í Sauðlauksdal, að flugvelli á Sandodda.

617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar, um Sveinseyri, að Hrauni.

619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi við Bíldudal, út með Arnarfirði, að Feitsdal.

620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi á Hvassnesi, að flugvelli.

622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri, að Haukadal.

623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.

624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli, um Núp, að Alviðru.

625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, að Hjarðardal.

627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi, að Vífilsmýrum.

628 Hjarðardalsvegur: Af Vestfjarðavegi, að Hjarðardal í Dýrafirði.

629 Syðradalsvegur: Af Djúpvegi í Bolungarvík, að Geirastöðum.

631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði, að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal, að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð, um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð, á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur, að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd, um Melgraseyri, að Laugalandsvegi, um Kaldalón að Unaðsdalskirkju.
636 Hafnarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi um Pollgötu, Suðurgötu og Njarðarsund að Sindragötu.
639 Skutulsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Ísafjarðarflugvelli, fyrir Skutulsfjörð á Djúpveg, á Hauganesi.
640 Borðeyrarvegur: Af Djúpvegi, að Borðeyri.
641 Krossárdalsvegur: Af Djúpvegi sunnan Krossárbrúar, að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð, um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd, um Drangsnes og Kaldrananes, á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði, að flugvelli.
690 Steinadalsvegur: Frá Steinadal, á Djúpveg í Kollafirði.
6009 Króksfjarðarnesvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi, að Vogalandi.
6020 Gautsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Geiradalsár, að Tindum.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Hringvegi hjá Stóraósi, að Hvammstangahöfn.
74 Skagastrandarvegur: Af Hringvegi hjá Blönduósi, að Skagastrandarhöfn.
75 Sauðárkróksbraut: Af Hringvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg hjá Narfastöðum.
76 Siglufjarðarvegur: Af Hringvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstugrund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga, að höfn á Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár, um Hofsós, á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Hringvegi í Hrútafirði nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð, á Hringveg utan við Melstað.
703 Hálsbæjavegur: Af Hringvegi á Hrútafjarðarhálsi, um Sveðjustaði, á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Hringvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan, á Hringveg hjá Laugarbakka.
711 Vatnsnesvegur: Af Hvammstangavegi við Klapparstíg á Hvammstanga, út Vatnsnes, um Hindisvík, yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Hringveg hjá Vatnshorni.

714 Fitjavegur: Af Hringvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal, um Ásland, yfir Miðfjarðarháls, á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur: Af Hringvegi hjá Deildarhóli, um Víðdalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, út austan Víðidalsár, á Hringveg vestan Lækjamóta.
716 Síðuvegur: Af Hringvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu, á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk, um Stóruborg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
721 Þingeyravegur: Af Hringvegi vestan við Sveinsstaði, að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Hringvegi hjá Sveinsstöðum, fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Hringveg nálægt Aralæk.
724 Reykjabraut: Af Hringvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns, á Svínvetningabraut hjá Tindum.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu, á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund, að Snæringsstöðum.
731 Svínvetningabraut: Af Hringvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri, á Hringveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri, að vegamótum við Blönduvirkjun.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri, að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði, að Fossum.
740 Hafnarvegur Blönduósi: Af Hringvegi, um Húnabraut og Hafnarbraut, að höfn.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka, á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal, um Mýrar og brú á Laxá hjá Skrapatungu og Norðurá, á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð, um Eyrarveg og Strandveg á Sauðárkróki, á Sauðárkróksbraut á Borgarsandi.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu og Laxárdal, á Þverárfjallsveg hjá Skíðastöðum.
747 Hafnarvegur Hofsósi: Af Hofsósbraut, um Norðurbraut og Hafnarbraut, að höfn.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði, að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi, að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi sunnan við Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Hringvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Litluhlíð.
753 Vindheimavegur: Af Hringvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa, að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breið, að Gilhaga.
757 Villinganesvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi II, að Tunguhálsi I.

759 Kjálkavegur: Af Hringvegi hjá Skeljungshöfða, að Flatatungu.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð, að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi, á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga, á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi, á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð, á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hrolleifsár, um Skálá, austan Sléttuhlíðarvatns, á Siglufjarðarveg norðan Sléttuhlíðarvatns.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, að Sigríðarstöðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar, um Sléttu og Skeiðsfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará, að flugvelli.
7020 Reykjaskólavegur: Af Hringvegi, að Reykjaskóla.
7040 Mýravegur: Af Heggstaðanesvegi, að Mýrum III.
7060 Staðarbakkavegur: Af Miðfjarðarvegi, að Staðarbakka.
7080 Laugarbakkaskólavegur: Af Miðfjarðarvegi, að Laugarbakkaskóla.
7125 Króksvegur: Af Fitjavegi, að Valdarásvegi.
7175 Hrappsstaðavegur: Af Víðidalsvegi, að Litluhlíðarvegi.
7185 Þorkelshólsvegur: Af Hringvegi, að Þorkelshóli.
7250 Árholtsvegur: Af Hringvegi sunnan Laxár á Ásum, að Neðraholti.
7350 Steinárvegur: Af Svartárdalsvegi, að Hólsvegi.
7420 Ásholtsvegur: Frá Skagaströnd, að Ásholti.
7425 Brekknavegur: Af Skagavegi, að Örlygsstaðavegi II.
7450 Neðribyggðarvegur á Skaga: Af Skagavegi hjá félagsheimilinu Skagaseli, að Hvalnesi.
7475 Sjávarborgarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Brennigerði, að Sjávarborg III.
7515 Reykjaborgarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Varmalæk, að Ljósalandi.
7575 Merkigarðsvegur: Af Héraðsdalsvegi hjá Reykjum, að Lambeyri.
7595 Stóruakravegur: Af Hringvegi, að Stóruökrum.
7620 Húsabakkavegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Glaumbæ, að Jaðri.
7630 Geldingaholtsvegur: Af Sauðárkróksbraut sunnan við Syðra-Skörðugil, að vegamótum vestan Geldingaholts I.
7650 Djúpadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miðgrund, að Kringlumýri.
7681 Víðimýrarvegur: Af Hringvegi, að Víðiholti í Skagafirði.
7750 Sleitustaðavegur: Af Siglufjarðarvegi austan Kolku, að Sleitustöðum.
7794 Neðraásvegur: Af Ásavegi, að Neðraási.

7875 Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi hjá Sólgörðum, að Barði.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, sunnan Grímsstaða á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Hringvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Hringvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni og Höfðahverfi, að Túngötu á Grenivík.
85 Norðausturvegur: Af Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð, að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Hringvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
801 Hafnarvegur Hrísey: Frá ferjuhöfn, að Norðurvegi.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir, að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum, á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan, að Dæli.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi, að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi, að Hauganesi.
810 Hafnarvegur Dalvík: Af Ólafsfjarðarvegi, að höfn.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi, að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli, á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga, að Myrkárbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan, á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, að Brávöllum.
818 Hlíðarvegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, um Syðsta-Samtún, að Áslaksstöðum.
819 Hafnarvegur Akureyri: Af Hringvegi (Glerárgötu) skammt sunnan Glerár og niður með henni, um Tryggvagötu, Hjalteyrargötu og Laufásgötu, að höfn.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar, að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Hringvegi á Akureyri, um Hrafnagil, Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes, á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Af Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil, á Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.

824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá, á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla, á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
828 Veigastaðavegur: Af Hringvegi hjá Hallandi, um Veigastaði, á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Hringvegi á Leirum, um Laugaland, Munkaþverá og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Hringvegi, að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá, að Höfða.
833 Illugastaðavegur: Af Hringvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Hringvegi hjá Víðivöllum, að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Hringvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Hringvegi hjá Hálsi, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
837 Hlíðarfjallsvegur: Af Hringvegi (Glerárgötu) á Akureyri skammt sunnan Glerár, upp með henni og yfir hana (um Borgarbraut), suður Hlíðarbraut að vegamótum vegar að skíðasvæði í Hlíðarfjalli (þangað telst landsvegur).
838 Hafnarvegur Grenivík: Af Grenivíkurvegi við íþróttavöll, að höfn.
841 Fremstafellsvegur: Af Hringvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Hringvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts, að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum, á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Hringvegi hjá Einarsstöðum, á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Hringvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla, út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Hringvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnsvegur: Af Hringvegi hjá Arnarvatni, um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Hringvegi skammt austan Arnarvatns, að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Útkinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum, að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða, að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun, á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi, að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur í Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni, að flugvelli.
859 Hafnarvegur Húsavík: Af Norðausturvegi, að höfn.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli, að Tóvegg.

864 Hólsfjallavegur: Af Hringvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand, á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi, að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú, að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn að Sauðanesi.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi, að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Þórshöfn: Af Langanesvegi utan Þórshafnar, að flugvelli.
8005 Grímseyjarvegur: Frá ferjubryggju, að flugvelli.
8010 Hæringsstaðavegur: Af Svarfaðardalsvegi, að vegamótum við Hæringsstaði.
8110 Lækjarbakkavegur: Af Möðruvallavegi, að Möðruvöllum I.
8120 Dunhagavegur: Af Hörgárdalsvegi, að Litla-Dunhaga.
8140 Auðnavegur: Af Hringvegi, að Bakka.
8160 Eyrarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Glæsibæ.
8170 Skjaldarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Skjaldarvík.
8210 Leifsstaðavegur: Af Knarrarbergsvegi, að Leifsstöðum.
8220 Brekkuvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Svertingsstöðum.
8230 Garðsárvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Syðra-Hóli.
8240 Ytra-Laugalandsvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Laugarholti.
8243 Þelamerkurvegur: Af Hringvegi við Bægisá, á Hringveg við Fossá.
8315 Halllandsvegur: Af Veigastaðavegi, að Halllandi.
8325 Mógilsvegur: Af Hringvegi, að Mógili II.
8335 Geldingsárvegur: Af Hringvegi, að Meyjarhóli.
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi, að skógarvarðarhúsi.
8420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi, að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi, að Granastöðum.
8460 Lundarbrekkubýli: Af Lundarbrekkuvegi, að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi, að Bjarnarstöðum.
8490 Knarrarbergsvegur: Af Veigastaðavegi, um Leifsstaði, á Eyjafjarðarbraut eystri.
8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi, að Rauðuskriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi, að Hraunkoti.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi, að Núpum.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi, að Árnesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi, að skóla.
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi, að Hraungerði.
8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi, að Glaumbæ.
8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi, að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi, að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi, að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi, að Brúnahlíð.
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi, að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Hallbjarnarstöðum.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi, að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi, að Gautlöndum.

8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi, að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi, að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi, að Grímsstöðum IIb.
8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi, að Ytri-Neslöndum.
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi, að Keldunesi.
8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi, að Reistarnesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Gunnarsstöðum.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi, að Hallgilsstöðum.
8843 Laxamýrarvegur: Af Norðausturvegi, að Laxamýri 2a.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi, að Hvammi.

Austurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Víðidal og Langadal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal á Hringveg við Gestreiðarstaðaaxlir.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá, að verslunarhúsi.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum, um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð, að Skólavegi í Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði, að ferjubryggju á Seyðisfirði.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík, að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði, um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes, á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli, um Breiðdalsvík, á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi, að höfn á Djúpavogi.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn, að bryggju í Álaugarey.
912 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár, að Bakkafjarðarhöfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk, að Hámundarstöðum I.
914 Skógavegur: Af Norðausturvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá, á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún, að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár, að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni, að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði, að Aðalbóli.

924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga, yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár, á Hringveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá, á Hringveg hjá Urriðavatni.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni, um Brekku, á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni, að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar, um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Vallholti, um Skóga á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum, að býlunum.
933 Fljótsdalsvegur: Af Upphéraðsvegi hjá Hjarðarbóli, um Skriðuklaustur, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Víðivöllum ytri, um Hrafnkelsstaði, á Upphéraðsveg utan við Vallholt.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi austan Jökulsár, um brú á Kelduá, um Langhús, að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur: Af Fljótsdalsvegi austan brúar á Kelduárkvísl, að Klúku.
936 Þórdalsheiðarvegur: Frá Áreyjum, á Suðurfjarðaveg.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú, að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal, um Öxi, á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar, að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði, um Hjaltastað, að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum, um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi, á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, um brú á Fjarðará, að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum, að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi, að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Vestdalseyri, að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri, að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú, um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar, að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað, að Stóru-Breiðuvík.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár, að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði, að höfn.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi, um Hafnarbraut, að höfn.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal, um Norðurdal, að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði, á Hringveg hjá Ósi.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá, að flugvelli.
983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi, að Miðfelli.

984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar, að vegamótum við Birkifell.
986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár, að vegamótum að Rauðabergi II.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum, að Torfastöðum 2.
9130 Ytrihlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi, að Ytrihlíð I.
9160 Refstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi, að Refstað I.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi, að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri, að Mælivöllum II.
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi, að Hallfreðarstöðum II.
9340 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi hjá Végarði, að Valþjófsstað.
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi, að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Finnsstöðum II.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Borg.
9617 Tóarselsvegur: Af Norðurdalsvegi í Breiðdal, að vegamótum að Skarði.
9727 Þinganesvegur: Af Hringvegi, að Sauðanesvegi.
9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi, að Framnesi.
9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi, að Hafnarnesi.
9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi, að Hólum II.
9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi, að Miðskeri.
9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi, að Stórulág.
9811 Stórabólsvegur: Af Hringvegi, að Klettatúni.
9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi, að Lækjarhúsum I.
9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi, að Jaðri.
9860 Halavegur: Af Hringvegi, að Hala II.
9868 Fagurhólsmýrarvegur: Af Hringvegi, að vegamótum Hemruvegar.
9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi, að Hnappavöllum I.
9882 Hofsvegur: Af Hringvegi, að Hofi I.
9887 Hofskotsvegur: Af Hofsvegi, að Hofi II.
9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi, að Suðurbæ.

Flokkun stofn- og tengivega í sundurliðun eftir kjördæmum í undirflokka.

Stofnvegir.

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri–Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
359 Bræðratunguvegur.
365 Gjábakkavegur.
376 Breiðamörk:
Hringvegur–Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut–Vatnsskarð
43 Grindavíkurvegur.

44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut–Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut–Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Hvalfjarðarvegur.
49 Nesbraut.
409 Fossvogsbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur:
Reykjanesbraut–Túngata.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
423 Miðnesheiðarvegur.
424 Keflavíkurvegur.
427 Suðurstrandarvegur.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur–Hringvegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
453 Sundagarðar.
454 Holtavegur.
470 Fjarðarbraut.
50 Borgarfjarðarbraut.
51 Akrafjallsvegur.
54 Snæfellsnesvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Vatnaleið.
58 Stykkishólmsvegur.
503 Innnesvegur:
Höfði við Akranes–Akranesvegur.
509 Akranesvegur.
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur–Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur–Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur–Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur–Miðbraut.
837 Hlíðarfjallsvegur.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.
952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur–ytri vegamót Austurvegar.
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur–ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

Tengivegir.
Aðrir vegir í sundurliðun eftir kjördæmum eru tengivegir.

4.3.2 Ferjuleiðir.

1. **Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn.**
   Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur.**
   Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
3. **Ísafjörður–Æðey–Vigur.**
   Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
4. **Árskógsströnd–Hrísey.**
   Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
5. **Akureyri–Hrísey–Dalvík–Grímsey.**
   Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
6. **Neskaupstaður–Mjóifjörður.**
   Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

4.3.3 Grunnnet.
Stofnvegir í grunnneti:
Stofnvegir teljast allir til grunnnets nema Heydalsvegur.

Tengivegir í grunnneti:

25 Þykkvabæjarvegur
26 Landvegur
32 Þjórsárdalsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Hringvegur–Baldurshagi á Stokkseyri
35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatnsvegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur
44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir
52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Kaldadalsvegur
83 Grenivíkurvegur
94 Borgarfjarðarvegur
208 Skaftártunguvegur
250 Dímonarvegur
252 Landeyjavegur
Hringvegur–Gunnarshólmavegur
Hólmavegur–Gunnarshólmavegur
253 Gunnarshólmavegur
Landeyjavegur–Landeyjavegur
254 Hólmavegur
261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur
430 Úlfarsfellsvegur
431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur
518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur
606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhólaþorp
607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur á Þingeyri–flugvöllur

631 Flugvallarvegur Ísafirði
643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangsnesvegur
645 Drangsnesvegur
Strandavegur–Drangsnes
731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur
732 Kjalvegur
752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur
809 Hauganesvegur
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut–Eyjafjarðarbraut eystri
842 Bárðardalsvegur vestri
846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar
848 Mývatnsvegur
870 Kópaskersvegur
931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur

Landsvegir í grunnneti:
F26 Sprengisandsleið
F35 Kjalvegur
F208 Fjallabaksleið nyrðri
F550 Kaldadalsvegur

Ferjuleiðir í grunnneti:
Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn
Stykkishólmur–Brjánslækur
Hrísey–Árskógssandur

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Formáli.

Í 4. gr. laga um samgönguáætlun, nr. 71/2002, segir:

„Samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar sem tekur til nánari sundurliðunar hennar. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunar skulu rúmast innan ramma samgönguáætlunar. Í fjögurra ára áætlun skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins fyrir hverja stofnun samgöngumála, þ.e. Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðina. Sundurliðun fjögurra ára áætlunar skal hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar komi skýrt fram. Kaflar hennar skulu m.a. skiptast í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Í fjögurra ára áætlun skal m.a. vera sundurliðun í samræmi við uppsetningu fjárlaga.

Tillögur að fjögurra ára áætlun skulu unnar í stofnunum samgöngumála fyrir samgönguráð. Samgönguráð semur síðan endanlega tillögu og leggur fyrir samgönguráðherra.

Fjögurra ára áætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá lögð fram ný þingsályktunartillaga um hana fyrir næstu fjögur árin, sbr. 1. mgr., þannig að ávallt sé í gildi áætlun fyrir a.m.k. tvö ár.“

Hér er í fyrsta sinn lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga um fjögurra ára samgönguáætlun 2003–2006. Vísað er til formála greinargerðar samgönguáætlunar 2003–2014 (þskj. 774, 469. mál 128. löggjafarþings) til frekari skýringar á tilurð og tilgangi samgönguáætlunar bæði til tólf ára og til fjögurra ára (framkvæmdaáætlun).

Uppbygging framkvæmdaáætlunarinnar er í samræmi við tilvitnaða lagagrein hér að framan. Að frátöldum fyrsta kafla, almenn verkefni, sem fjallar um sameiginleg verkefni, skiptist áætlunin í flugmálaáætlun (2. kafli), siglingamálaáætlun (3. kafli) og vegáætlun (4. kafli). Þessi uppbygging er frábrugðin samgönguáætlun 2003–2014 sem raðast eftir verkefnasviðum og fjallar um allar samgöngugreinarnar undir hverju sviði.

1 ALMENN VERKEFNI

Í samgönguáætlun 2003–2014 er að finna stefnumótun og markmiðssetningu veigamestu sviða samgöngumála. Þar eru einnig tilgreindar ýmsar aðgerðir sem ætlaðar eru til að ná settum markmiðum. Í mörgum tilvikum þarf undirbúning í formi rannsókna eða úttekta áður en unnt er að grípa til aðgerða sem skilað geta tilætluðum árangri. Í sum verkefnin má þó ráðast án sérstaks undirbúnings.

Í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun 2003–2006 eru nokkur mikilvæg undirbúningsverkefni sem nauðsynlegt er að vinna áður en unnt er að grípa til beinna aðgerða til að ná settum markmiðum. Miðað er við að kostnaður við þessi verkefni rúmist innan fjárheimilda samgöngustofnana og því ekki gerðar tillögur um sérstakar fjárheimildir í þessu skyni.

Verkefnalistinn í tillögunni er hvergi nærri tæmandi og má reikna með að unnið verði að fjölmörgum öðrum rannsóknar- og úttektarverkefnum á áætlunartímabilinu hjá einstökum stofnunum og í samvinnu þeirra, eftir því sem við á. Tilgreindu verkefnin eru tekin út úr þar sem þau teljast mjög mikilvæg, og um leið er undirstrikuð hin brýna nauðsyn þess að stöðugt sé unnið að könnunum, úttektum og rannsóknum sem gagnast mega við stefnumótun og endurbætur á skipulagi samgöngumála og rekstri samgöngustofnana og samgöngukerfisins. Flest verkefnin sem tilgreind eru í tillögunni þarfnast ekki útskýringa, nema e.t.v. hugtakið *eignastjórnunarkerfi* sem kemur fyrir undir markmiðinu um hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu samgangna. Það snýst um að halda utan um eignir þjóðarinnar í samgöngum á skipulagðan hátt, sbr. eftirfarandi skilgreiningu OECD. „Kerfisbundið viðhald, endurbygging og rekstur eigna þar sem aðferðir verkfræði eru notaðar ásamt hagrænu mati og verklagi viðskiptaheimsins til þess að undirbúa ákvarðanir sem mæta væntingum þjóðfélagsins."

Um önnur verkefni en þau sem eru talin í tillögunni vísast til þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2003–2014 og til skýringar tillögu stýrihóps að samgönguáætlun 2003–2014, desember 2001. Á það bæði við um aðgerðir sem krefjast undirbúnings í formi rannsókna eða úttekta og aðgerðir sem ráðast má í án mikils undirbúnings. Miðað er við að þessum verkefnum verði sinnt eftir því sem kostur er á áætlunartímanum.

2 FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Fjármál.

Verðlagsgrundvöllur.

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi miðað við frumvarp til fjárlaga 2003. Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 2004–2006 verði uppfært við meðferð málsins á Alþingi til áætlaðs verðlags 2004.

2.1.1 Tekjur og framlög.

Ráðstöfunarfé Flugmálastjórnar samanstendur af mörkuðum tekjum, ríkistekjum, sértekjum og framlögum úr ríkissjóði.

Markaðar tekjur.

Markaðar tekjur Flugmálastjórnar eru flugvallagjald og afgreiðslugjöld flugöryggissviðs.

Flugvallagjald er lagt á brottfararfarþega í innanlands- og millilandaflugi. Gert er ráð fyrir að tekjur af flugvallagjaldi verði óbreyttar fram til ársins 2004 frá því sem þær voru árið

2002 en aukist síðan um u.þ.b. 5% 2005 og 2006 og verði þá þær sömu og fyrir 11. september 2001.

Ríkistekjur.

Ríkistekjur Flugmálastjórnar eru m.a. lendingargjald sem greitt er af flugrekendum, eftirlitsgjöld loftfara og flugrekenda og prófgjöld vegna bóklegra og verklegra prófa.

Sértekjur.

Sértekjur Flugmálastjórnar eru annars vegar tekjur af alþjóðaflugþjónustunni og hins vegar aðrar sértekjur stofnunarinnar. Áætlað er að kostnaður vegna þjónustu við alþjóðaflugið aukist í samræmi við áætlaða aukningu á umferð svo að notendagjöld verði óbreytt. Stuðst er við áætlun „The North Atlantic Traffic Forecasting Group" um áætlaða umferðaraukningu. Gert er ráð fyrir að hún verði 4,9% frá 2003 til 2004, 3,8% á árinu 2005 og 3,6% 2006. Tekjur af alþjóðaflugþjónustu miðast við að notendur greiði 95% af kostnaði við flugumferðarþjónustu milli landa. Ísland ber 5% kostnaðarins vegna þess hagræðis sem talið er felast í samningnum.

2.1.2 Viðskiptahreyfingar.

Afborganir lána vegna framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli hefjast árið 2004 og koma fram í áætluninni sem viðskiptahreyfingar.

2.1.3 Rekstur og þjónusta.

Kostnaði vegna rekstrar og þjónustu er í áætluninni skipt niður í átta þætti: Yfirstjórn, flugvalla- og leiðsöguþjónustu, flugumferðarþjónustu innan lands, framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu, alþjóðaflugþjónustu, eftirlit og öryggismál, rannsóknir og minjar og sögu.

Kostnaðurinn, eins og tekjurnar, er settur fram á verðlagi ársins 2003 og er ekki gert ráð fyrir að hann breytist á tímabilinu, miðað við óbreyttar forsendur. Gert er ráð fyrir að við fjárlagagerð hvers árs sé tekið tillit til breytinga á launum og verðlagi og öðrum breytingum sem helgast af laga- eða reglugerðabreytingum eða vegna breytinga á alþjóðlegum kröfum, t.d. vegna aukins öryggiseftirlits sem boðað hefur verið. Gert er ráð fyrir að slík viðbótarútgjöld verði fjármögnuð með auknu framlagi úr ríkissjóði og/eða auknum gjöldum á notendur þegar ljóst er hverjar kröfurnar verða og hvaða kostnað þær hafa í för með sér.

Yfirstjórn.

Kostnaður vegna yfirstjórnar stofnunarinnar og allur sameiginlegur rekstrarkostnaður er settur fram undir þessum lið.

Flugvalla- og leiðsöguþjónusta.

Rekstur allra innanlandsflugvalla sem ekki eru í einkaeigu fellur undir þennan lið og fer stærstur hluti framlags úr ríkissjóði í rekstur flugvalla- og flugumferðarþjónustu innan lands. Erfiðlega gengur að ná endum saman í rekstri þeirrar þjónustu og að uppfylla þá staðla sem settir hafa verið af alþjóðlegum flugmálayfirvöldum. Síauknar kröfur um öryggi og gæðamál er erfitt að uppfylla í rekstri lítilla flugvalla. Reglugerð sem væntanleg er 2003 vegna alþjóðlegra krafna um vottun flugvalla gæti haft í för með sér breytingar, bæði hvað varðar rekstur og framkvæmdir og þann hluta af starfsemi flugstjórnarmiðstöðvarinnar sem lýtur að innanlandsflugi.

Flugumferðarþjónusta innan lands.

Kostnaður vegna stjórnunar flugumferðar innan lands frá flugstjórnarmiðstöðinni er settur fram undir þessum lið.

Framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu.

Þarna er sett fram 5% hlutdeild Íslands í kostnaði við alþjóðaflugþjónustu sem Flugmálastjórn Íslands, Veðurstofa Íslands og Landssíminn veita.

Alþjóðaflugþjónusta.

Alþjóðaflugþjónustan er rekin sem ríkisfyrirtæki samkvæmt B-hluta fjárlaga og í þessari áætlun er settur fram hlutur Flugmálastjórnar í rekstri hennar. Auk þess veita Veðurstofan og Landssíminn þjónustu við alþjóðaflug í samræmi við „Joint Finance“ samninginn milli íslenska ríkisins og 23 aðildarríkja samningsins.

Daglega fljúga á bilinu 200–500 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið og greiðast 95% af kostnaði við þjónustuna af notendum en íslenska ríkið ber 5% kostnaðarins vegna þess hagræðis sem talið er felast í samningnum.

Eftirlits- og öryggismál.

Til eftirlits- og öryggismála telst flugöryggissvið Flugmálastjórnar. Hingað til hefur eftirlitshlutverk sviðsins aðallega beinst að lofthæfi flugvéla, flugrekstri og handhöfum hvers konar flugréttinda. Á næstunni verður byggt upp hliðstætt ytra eftirlit með rekstri flugumferðarþjónustu og flugvalla. Uppbygging þessa eftirlits hefur í för með sér aukin verkefni og starfslið, annars vegar hjá flugöryggissviði í ytra eftirliti og hins vegar í innra eftirliti hjá flugvalla- og leiðsögusviði og flugumferðarsviði. Uppbyggingin þarf að eiga sér stað á skömmum tíma með hliðsjón af kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um að starfsleyfi skuli gefin út fyrir flugvelli eigi síðar en 27. nóvember 2003. Virkt eftirlitskerfi er hluti af skilyrðum fyrir umræddu starfsleyfi.

Flugvernd er starfsemi sem hefur að markmiði að koma í veg fyrir að loftfari sé rænt eða öryggi þess ógnað með ofbeldi, sprengjum eða hættulegum efnum. Flugmálastjórn ber að sjá til þess að íslenskum lögum og alþjóðlegum reglum, þar á meðal kröfum Evrópusambandsins á þessu sviði, sé framfylgt af flugrekendum og þeim sem reka flugvelli, flugumferðarstjórn eða stunda starfsemi tengda flugflutningum. Hjá Flugmálastjórn setur flugöryggissvið fram kröfur og fer með eftirlit vegna flugverndar. Framkvæmd flugverndar fer í meginatriðum fram hjá aðilum er annast rekstur flugvalla og flugumferðarþjónustu og þeim er stunda atvinnuflug. Ljóst er að kröfur Evrópusambandsins munu hafa í för með sér þörf á auknum búnaði og starfsliði í flugvallarekstri vegna vopnaleitar og enn frekara starfsliði hjá flugöryggissviði. Eins og fram hefur komið hefur ekki verið tekið tillit til viðbótargjalda sem aukið eftirlit kallar á.

Ljóst er að mikil aukning verður í eftirlitsstörfum Flugmálastjórnar á áætlunartímabilinu, einkum öryggiseftirliti. Formlegt eftirlit með flugvöllum og flugumferðarþjónustu mun kalla á aukið starfslið vegna frekari eftirlitsverkefna bæði innan þessara þjónustusviða og hjá flugöryggissviði.

Rannsóknir.

Þær rannsóknir sem falla undir þennan lið eru fjármagnaðar af flugmálaáætlun og hafa beinst að ýmsum verkefnum tengdum innanlandsflugi, svo sem reiknilíkönum og áhættu-

greiningu. Einnig hafa hávaðamælingar við Reykjavíkurflugvöll verið fjármagnaðar af þessum lið.

Eins og fram kemur í samgönguáætlun til 12 ára er Flugmálastjórn virkur þátttakandi í fjölmörgum öðrum rannsóknarverkefnum sem flest tengjast flugumferð og flugumferðarþjónustu og eru kostuð af alþjóðaflugþjónustunni og færð þar til gjalda.

Minjar og saga.

Hjá Flugmálastjórn er unnið að því að skrá sögu stofnunarinnar í þau sextíu ár sem liðin eru frá stofnun hennar og er sá kostnaður færður á þennan lið.

2.1.4 Viðhald.

Yfirborð brauta og hlaða, bundið slitlag.

Stærstu þættir viðhaldsverkefna eru tengdir malbiki, klæðingu og málningu á flugbrautum. Gert er ráð fyrir að meðalendingartími malbiks sé 18 ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er góð. Á 18 ára fresti er lagt nýtt 4 sm yfirlag. Milli þess sem yfirlög eru lögð verður að fara fram eftirfarandi viðhald: Á þriggja ára fresti fer fram holufylling og sprunguviðgerð. Á þriggja ára fresti er sprautað yfir með bindiefni. Heildarmagn malbikaðs yfirborðs í lok árs 2001 var um 470.000 m^2.

Gert er ráð fyrir að meðalendingartími klæðingar sé átta ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er í lagi. Ekki er gert ráð fyrir viðhaldi milli þess sem yfirlagnir fara fram. Axlir á snúningssvæðum brautarenda skal yfirleggja á fjögurra ára fresti. Í báðum tilvikum skal yfirleggja með einföldu slitlagi. Heildarmagn klæðingar í lok árs 2001 var um 551.000 m^2.

Gert er ráð fyrir að mála skuli flugbrautir á þriggja ára fresti. Vegna yfirlagsviðhalds er lagt til að malbikaðar flugbrautir verði málaðar á þriggja ára fresti, en brautir með klæðingu á fjögurra ára fresti. Heildarmagn málaðra flata í lok árs 1999 voru um 71.000 m^2. Allir flugvellir með bundnu slitlagi eru metnir árlega og slitlag og málning endurnýjuð þar sem þörfin er mest.

Byggingar og búnaður.

Til viðhaldsframkvæmda teljast aðeins verk sem eru unnin sjaldnar en árlega. Undir þennan lið fellur allt meiri háttar viðhald bygginga og búnaðar annars en sérhæfðs rafmagns- eða fjarskiptabúnaðar eða tækja sem falla undir tækjasjóð.

Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar.

Undir þennan lið falla ýmis ófyrirséð verkefni og leiðréttingar sem upp koma á áætlanatímabilinu. Algengt er að búnaður sem ekki var ráðgert að endurnýja á tímabilinu bili og viðgerð verði ekki komið við þannig að endurnýjun reynist nauðsynleg. Reynt er að áætla endurnýjun á flugöryggisbúnaði en til að halda endurnýjunarkostnaði í lágmarki hefur Flugmálastjórn notað ýmsan búnað lengur en ráðlegt er og talsvert af búnaði er orðinn yfir 30 ára gamall. Það er því ekki óeðlilegt að hann bili meira en áður og eins getur reynst erfitt að fá varahluti í hann. Þá er ekki um annað að ræða en að endurnýja búnaðinn, enda yfirleitt um flugöryggisbúnað að ræða. Til viðbótar þarf að fjármagna kaup á kvörðunarbúnaði, mælitækjum og öðrum sameiginlegum búnaði sem notaður er fyrir alla flugvelli af þessum lið.

Tækjasjóður.

Undir þennan lið falla tækjakaup til reksturs flugvalla, svo sem vegna snjóruðnings-, björgunar- og öryggismála. Við forgangsröðun er fyrst horft til björgunar- og öryggismála.

2.1.5 Stofnkostnaður.

Þeim framkvæmdum sem hér er fjallað um má skipta í tvo flokka, annars vegar viðhaldsframkvæmdir og hins vegar nýframkvæmdir. Til viðhaldsframkvæmda teljast aðeins meiri háttar viðhaldsverkefni eins og slitlagsyfirlög á flugbrautir og hlöð, málun flugbrauta, endurbygging bygginga, endurnýjun tækjabúnaðar o.þ.h. Allur annar viðhaldskostnaður er færður á rekstur viðkomandi viðfangsefna. Endurnýjun slitlags og málun flugbrauta eru ekki tilgreind á einstaka flugvelli heldur er ráðgerð meðalnýting á malbiksslitlagi 18 ár, á klæðingarslitlagi 8 ár og málningu 3–4 ár. Síðan er ráðgert á hverju ári viðhald og endurnýjun slitlags og málningar í hlutfalli við þessa nýtingu. Allir flugvellir með slitlagi eru metnir árlega og slitlag og málning endurnýjuð þar sem mest er þörfin. Auk framkvæmda sem eru tengdar einstökum flugvöllum eru einnig áætlaðar framkvæmdir sem tengjast fjarskiptum og flugleiðsögu yfir Íslandi.

2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

2.2.1 Framkvæmdir á einstökum flugvöllum í grunnneti.

Reykjavíkurflugvöllur.

Flugbrautir og akbrautir.

Endurbyggingu flugbrauta er lokið. Gerð akbrauta er lokið nema braut með fram hlaði við skýli 1 sem verður gerð um leið og hlaðið þar verður endurbyggt, sem er ráðgert í tveimur áföngum árið 2003 og 2008.

Öryggissvæði.

Gengið hefur verið frá öryggissvæðum og öðrum hreyfðum svæðum vegna endurbyggingarinnar og eru kröfur um öryggissvæði nú uppfylltar að frátöldum byggingum sem eru hindranir og þarf því að rífa.

Hlað við skýli 1.

Eldri áætlanir um endurbætur á flugvellinum miðuðust við að flughlað við skýli 1 yrði endurbyggt á árinu 2002, en nú er ráðgert að það verði gert í tveimur áföngum, árið 2003 og árið 2008. Engar endurbætur eru að svo komnu máli ráðgerðar á flughlaði við skýli 4, enda hefur verið miðað við að fljótlega verði byggð ný flugstöð með tilheyrandi flughlaði á austanverðu flugvallarsvæðinu.

Rif gamalla bygginga.

Rífa þarf skýli 7 sem er á byggingarreit nýrrar vélageymslu sem er áætlað að byggja árið 2003. Vegna akbrautar Alfa með fram hlaði við skýli 1 þarf að rífa nokkrar byggingar sem einnig eru hindranir í öryggissvæði brautar 19-01 en þær eru: flugskýli 8, flugskýli 10, vélageymslubraggi og gamli flugturninn. Þessar byggingar þarf að rífa á næsta tímabili samgönguáætlunar.

Girðing.

Undanfarin ár hefur verið unnið við gerð mannheldrar tveggja metra hárrar girðingar umhverfis flugvöllinn. Alls er girðingin 7.200 m, þar af voru 2.100 m reistir árið 2002. Í starfsleyfi útgefnu af umhverfissviði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir völlinn er gerð krafa um að lokið verði við að girða völlinn fyrir október 2002 og koma á virkri stjórnun hliða þannig að óviðkomandi komist ekki inn á völlinn. Þetta er einnig í samræmi við hertar alþjóða-

öryggisreglur flugvalla. Á árinu 2002 var lokið við girðingu og hlið en rafræn stjórnun verður ekki komin á fyrr en vorið 2003 og er áætlaður kostnaður árið 2003 um 6 millj. kr.

Aðstaða fyrir kennsluflug við skýli 3.

Stefnt er að því að færa aðstöðu fyrir verklegt kennsluflug frá skýli 1 og 7 að skýli 3 og sameina þar allt verklegt kennsluflug. Skólarnir eru mjög aðþrengdir þar sem þeir eru nú. Einnig er töluverð slysahætta af starfseminni þar sem hún er í bland við atvinnuflug, en óæskilegt er að blanda þessum rekstri saman, auk þess sem núverandi húsnæði uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til starfsemi flugskóla. Þessar framkvæmdir felast í því að gera flughlað við væntanlegt hús sem skólarnir þurfa til verklegrar kennslu og tengja það við skýli 3 sem skólarnir munu nýta. Áætlaður kostnaður við þessa framkvæmd er 24,5 millj. kr. og verður framkvæmt á árinu 2003.

Skólaflugstöð.

Til að uppfylla JAR-kröfur um húsnæði fyrir verklega aðstöðu flugskóla er nauðsynlegt að koma upp húsnæði sem stenst þær. Húsnæði þetta yrði notað af öllum flugskólunum, nokkurs konar flugstöð fyrir skólaflug.

Tækjageymsla.

Samfara byggingu akbrautar Alfa verður að rífa nokkrar byggingar sem eru jafnframt hindranir á öryggissvæði brautar samkvæmt öryggisstöðlum. Ein þessara bygginga er gamla slökkvistöðin sem notuð hefur verið til geymslu á hluta snjóhreinsibúnaðar þótt hún sé alls ófullnægjandi og viðbragðstími við að taka tæki út sé óviðunandi. Einnig eru tæki geymd utan flugvallarsvæðisins á sumrin og á veturna standa þau úti. Gert ráð fyrir að byggt verði 1.500 m^2 hús sem yrði sambyggð tækja- og sandgeymsla. Auk geymslu á tækjum til snjóhreinsunar yrði þar geymsluaðstaða fyrir radíódeild og raftæknideild. Tækjageymslan mun uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til tækjageymslu fyrir flugvelli í flokki I. Stefnt er að alútboði árið 2003.

Sandgeymsla.

Sandgeymsla fyrir um 250 m^3 af sandi verður sambyggð tækjageymslu. Núverandi sandgeymsla sem er að hruni komin og lýti á flugvallarsvæðinu verður rifin.

Flugleiðsögubúnaður.

Reykjavíkurflugvöllur er með aðflugsstefnu- og aðflugshallasendum (ILS) inn á braut 19. Inn á braut 13 er aðflugsstefnusendir (LLZ). Inn á aðrar brautir er aðflug byggt á hringvitum (NDB). Aðflugsstefnusendirinn fyrir braut 13 er frá árinu 1981. Á árunum 2003–2004 er ráðgerð endurnýjun á aðflugsstefnusendi á braut 13 en á árinu 2002 var endurnýjaður aðflugsstefnusendirinn fyrir braut 19. DME þarf að endurnýja árið 2006 og komið verður að endurnýjun á a.m.k. 2 NDB vitum á næsta tímabili. Á næstu árum verða hönnuð og gefin út GPS-grunnaðflug inn á allar aðrar brautir.

Fjarskiptabúnaður.

Á árinu 1998 var fjarskiptastjórnbúnaður flugturnsins endurnýjaður og tengdur inn á sama stjórnkerfi og þjónar úthafsflugsstjórninni. Í ljós kom að óhentugt er að láta eitt fjarskiptastjórnkerfi þjóna báðum þessum stöðum. Á árinu 2001 var sett upp lítið fjarskiptastjórnkerfi fyrir flugturninn. Á árunum 2005–2006 er síðan ráðgert að endurnýja og tvöfalda alla senda

og móttakara fyrir turninn. Reynt hefur verið að aðskilja móttakara og senda og eru allir móttakarar núna í turninum. Sendarnir eru í radarhúsi á flugvellinum, en það hús er hindrun og þarf að fjarlægja. Með nýjum sendum þarf því að byggja nýtt hús sem er utan við hindranasvæðið. Áætlað er að reisa það ásamt mastri á árunum 2005–2006 samhliða endurnýjun á tækjunum. Með þessum breytingum ætti tækjabúnaður að uppfylla öll sett skilyrði.

Aðflugsljós.

Samhliða endurbyggingu flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli hafa flugbrautarljós verið endurnýjuð. Nú er unnið að síðasta áfanga í því verki sem er að endurnýja stjórnborð í flugturni ásamt uppsetningu á leiðbeiningar- og fjarlægðarskiltum og flugbrautarljósum á flugbraut 06/24. Á Reykjavíkurflugvelli er nákvæmnisaðflug inn á flugbraut 19. Samfara endurbyggingu flugbrautanna varð að fjarlægja þau aðflugsljós sem fyrir voru við þessa flugbraut Að flugbrautinni ætti að vera 900 m löng ljósalína með 30 m milli ljósa. Ljóst er að aðeins verður hægt að koma um 300 m ljósalínu fyrir vegna nálægðar Hringbrautar og Hljómskálagarðs. Brýnt er að koma þessum aðflugsljósum upp á ný og er það ráðgert á árinu 2004. Til þessa verkefnis eru ætlaðar 25 millj. kr. á því ári.

Akureyrarflugvöllur.

Flugbrautir.

Fyrirhuguð er yfirsprautun á malbiki árið 2004. Gera má ráð fyrir að þörf verði fyrir nýtt malbiksyfirlag um eða upp úr árinu 2007. Þessar framkvæmdir falla undir viðhaldslið sem er ekki færður sérstaklega á einstaka flugvelli.

Girðing.

Nauðsynlegt er að endurbæta girðingu við suðurenda brautar þar sem fjölfarinn göngustígur liggur fyrir endann og einnig frá suðurendanum að bílastæði við flugstöð. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði 12 millj. kr. og framkvæmd verði árið 2003.

Akbrautir.

Binda þarf yfirborð akbrauta, sem nú er með malaryfirborði, frá flugskýlum að akbraut inn á flughlað. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í þessa framkvæmd árið 2005 og 2006 og áætlaður kostnaður er um 13 millj. kr.

Bílastæði.

Bílastæði við flugvelli í flokki I skulu vera með bundnu slitlagi. Núverandi bílastæði eru aðeins að hluta með bundið yfirborð og er gert ráð fyrir að bæta úr því á árunum 2006 og 2007, samtals 19 millj. kr.

Tækja- og sandgeymsla.

Á Akureyrarflugvelli er engin eiginleg tækjageymsla. Á flugvellinum er 306 m^2 verkstæði sem þjónar tækjum á flugvöllum frá Sauðárkróki austur á Þórshöfn. Mjög brýnt er að komið verði upp tækjageymslu á flugvellinum. Núverandi sandgeymsla er orðin mjög léleg, þak og hurðir eru nánast ónýt og er líklegt að einhverjar endurbætur verði að fara fram til að tryggja að geymslan verði nothæf næsta vetur. Á undanförnum árum hefur verið gert ráð fyrir að byggja nýja tækja- og sandgeymslu en því hefur en ávallt verið frestað vegna fjárskorts. Nú verður því vart frestað lengur og er því lagt til að að keypt verði flugskýli sem er við hlið verkstæðis og mun það geta þjónað sem tækjageymsla með minni háttar breytingum og síðan

verði byggð 900 m^3 sandgeymsla við hlið þess. Þessi kostur er hagstæðari en að byggja allt nýtt auk þess sem staðsetning skýlisins er mjög ákjósanleg. Gert er ráð fyrir að kostnaður árið 2003 geti orðið 34 millj. kr. og 25 millj. kr. árið 2004. Með fyrrgreindri lausn uppfyllir flugvöllurinn kröfur til tækja- og sandgeymslna í flugvallaflokki I.

Flugleiðsögubúnaður.

Upphaf aðflugs að braut 01 byggist á hringvitum (NDB), en síðan tekur við nákvæmnisaðflug byggt á aðflugsstefnusendi (LLZ) og fjarlægðarmæli (DME) niður í 730 feta blindflugslágmark. Þaðan er veitt ratsjáraðflugsstjórn að braut 01 ef óskað er, niður í 400 feta blindflugslágmark. Inn á braut 19 er aðeins grunnaðflug sem byggist á hringvitum (NDB). Ekki er talið að hringvitarnir þarfnist endurnýjunar á árunum 2002–2005. Hins vegar þarfnast aðflugsstefnusendirinn og fjarlægðarmælirinn endurnýjunar sem ekki rúmast innan þessarar áætlunar.

Aðflugsratsjáin er á flugvellinum. Um er að ræða skiparatsjá sem var breytt í flugvallarratsjá fyrir um 15 árum. Nokkur vandi er að tryggja full gæði ratsjárinnar, sérstaklega í mikilli úrkomu. Við slíkar aðstæður er erfitt að greina endurkast frá flugvél frá endurkasti frá úrkomuskýjum. Á undanförnum tveimur árum hafa verið kannaðir möguleikar á að endurnýja ratsjána með nýrri eða notaðri aðflugsratsjá. Kostnaður við slíkt er á bilinu 100–150 millj. kr. Á árinu 2003 er ráðgert að vinna áfram að kanna mögulegar leiðir til úrlausnar. Þar á meðal er athugun á nýrri ratsjártækni, sem m.a. er notuð við svipaðar aðstæður á flugvellinum við Innsbruck. Nú er unnið að athugun á því að hanna nýtt aðflug sem byggist á stefnu- og aðflugshallasendum auk fjarlægðarmælis. Notkun GPS til blindaðflugs er einnig í athugun. Líklegt er að niðurstaða í þessum athugunum fáist á árinu 2003. Lagt er til að síðar á tímabilinu verði fjármagn lagt í að koma upp viðkomandi búnaði, enda hafi athuganir gefið jákvæða niðurstöðu.

Flugbrautarljós.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að uppbyggingu og endurbyggingu flugbrautarljósa á Akureyrarflugvelli. Á árinu 1998 var lokið við akbrautarlýsingu og endurnýjun stjórnbúnaðar flugbrautarljósa. Á árunum 2003 og 2004 er ráðgert að endurnýja þröskuldsljós, endaljós og aðflugshallaljós, auk þess sem stjórnborð ljósakerfa í flugturni verður endurnýjað. Ekki verður hægt að koma fyrir niðurfelldum þröskulds- og endaljósum í þessum áfanga þar sem lagnir eru ekki fyrir hendi í flugbrautinni. Lagt er til að þeim ljósum verði komið fyrir samhliða nýrri yfirlögn á brautina. Áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er um 17 millj. kr., sem skiptist þannig að á árinu 2003 verður framkvæmt fyrir 9 millj. kr. og 8 millj. kr. á árinu 2004. Árið 2006 er ráðgert að koma fyrir GARD-ljósum við stöðvunarlínu akbrautar, leiðbeiningarskiltum og fjarlægðarmerkjum með fram flugbraut og að endurnýja kantljós flugbrautarinnar. Áætlaður kostnaður er 8 millj. kr. Flugbrautarljós á Akureyrarflugvelli munu því í lok árs 2006 uppfylla kröfur flokks I að undanskildum frávikum vegna endaljósa.

Athuganir.

Gerð verður könnun á þörfinni fyrir lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli og fyrsta áætlun um kostnað við slíka framkvæmd, m.a. vegna nýrra krafna um endaöryggissvæði.

Egilsstaðaflugvöllur.
Flugbrautir.
Ráðgerðar eru hefðbundnar yfirsprautanir og viðhald sem eru greiddar úr viðhaldssjóði.

Girðing.
Gera þarf nokkrar endurbætur á girðingum umhverfis völlinn til að uppfylla öryggiskvæði og er gert ráð fyrir að unnið verði fyrir 2,5 millj. kr. árið 2003 og 2,5 millj. kr. árið 2004.

Tækjageymsla.
Tækjageymslur á vellinum eru góðar og uppfylla skilyrði þegar endurbótum á flugskýli sem var keypt til að nota sem tækjageymslu er lokið, en þær felast í því að steypa gólf og einangra útveggi. Einnig þarf að endurbæta starfsmannaaðstöðu að kröfu vinnueftirlits. Samtals er gert ráð fyrir að þessar endurbætur kosti 6 millj. kr. og verður unnið að þeim 2003.

Aðflugsljós.
Á Egilsstaðaflugvelli eru engin aðflugsljós. Sérstaklega er brýnt að koma fyrir ljósum fyrir aðflug inn á flugbraut 04 sem er útbúin aðflugsstefnu- og aðflugshallasendum. Á árinu 2006 er ráðgert að reisa 900 m langa aðflugsljósalínu með 30 m milli ljósastæða. Að þeirri framkvæmd lokinni uppfyllir Egilsstaðaflugvöllur kröfur flokks I um ljósabúnað að því undanskildu að niðurfelld þröskulds- og endaljós vantar.

Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki.
Flugbrautir.
Flugbrautir Vestmannaeyjaflugvallar eru tvær: 13-31 sem er 1.205 m x 45 m og 04-22 sem er 1.160 m x 45 m með bundnu slitlagi (klæðingu). Einfalt klæðingarlag var lagt yfir brautirnar árið 2000 en töluvert óvænt steinlos hefur verið úr því og var því lagt 20 m breitt Ralumac yfirlag á braut 13-31 árið 2002 og er gert ráð fyrir að slíkt lag verði einnig lagt á braut 04-22 árið 2003 og verður það fjármagnað úr viðhaldsjóði.
Á Bakka eru tvær flugbrautir, braut 12-30 sem var endurgerð 2001 og er 1.000 m x 30 m með bundið slitlag (klæðingu) og braut 03-21 sem er 800 m x 30 m grasbraut. Vegna aukinnar umferðar mun grasbrautin sennilega ekki þola aukið álag og er því gert ráð fyrir að hún verði endurgerð með bundnu slitlagi (klæðingu) á næsta tímabili ef aðstæður hafa ekki breyst þá.

Flughlað.
Á Vestmannaeyjaflugvelli er ekki gert ráð fyrir endurbótum eða stækkun flughlaðs í þessari áætlun umfram það sem tilheyrir viðhaldi.
Flughlað þarf að stækka á Bakka þegar ný flugstöð kemur, einnig vegna þess að núverandi hlað er að hluta inni á öryggissvæði brautar. Gert er ráð fyrir að flughlaðið verði stækkað árið 2006 og kostnaður verði um 12 millj. kr.

Öryggissvæði.
Öryggissvæði brautanna í Vestmannaeyjum eiga að ná 75 m út frá miðri braut til hvorrar hliðar. Þessu atriði er mjög áfátt á vellinum og á mörgum stöðum er öryggissvæði utan brautar næstum ekkert. Staðhættir eru þannig að ógerlegt er að uppfylla þessa kröfu að fullu, en víða er hægt að laga til og að því er stefnt. Ekki hefur verið gerð heildaráætlun um umfang

verksins, en gert er ráð fyrir að vinna fyrir 8 millj. kr. árið 2005 og halda síðan áfram á síðari tímabilum áætlunarinnar. Öryggissvæði á Bakka uppfylla kröfur.

Tækjageymsla.

Tækjageymslur eru fullnægjandi í Vestmannseyjum en á Bakka vantar geymslu fyrir slökkvibíl og annan björgunarbúnað. Gert er ráð fyrir að keyptur verði hluti af núverandi bílskúrum sem eru á Bakka og þeim breytt í tækjageymslu. Áætlaður kostnaður við kaup og nauðsynlegar breytingar sem þarf að gera á bílskúrunum er 8 millj. kr. og er gert ráð fyrir að í þær verði ráðist árið 2004.

Flugturn.

Árið 1999 var efsti hluti flugturnsins í Vestmannaeyjum endurnýjaður ásamt gluggum og klæðningu að utan. Turninn sjálfur er einangraður að innan í trégrind og klætt innan á með plötum. Gert er ráð fyrir að einangrun og klæðning að innan, neðan við glerturninn, verði endurnýjuð árið 2005. Kostnaður er áætlaður um 5 millj. kr. Þá mun turninn uppfylla kröfur sem gerðar eru til flugturna í flokki II.

Á Bakka er núverandi flugstöð og aðstaða flugradíómanns sambyggð í einu húsi sem samtals er um 50 m^2. Húsið var sett upp á Bakka árið 1994. Gluggar herbergis flugradíómanns eru þannig staðsettir að ekki sést yfir nema hluta af flugbrautunum. Flugvélar í aðflugi og lendingu inn á braut 21 og 12 sjást ekki úr stjórnherbergi. Vegna þessa uppfyllir aðstaða flugradíómanns ekki skilyrði flugvallar í flokki III.

Flugstöð.

Flugstöðin í Vestmannaeyjum uppfyllir öll skilyrði flugvallar í flokki II.

Flugstöð vantar á Bakka til að uppfylla skilyrði flugvallar í flokki III og skilyrði heilbrigðisyfirvalda hvað varðar rými og snyrtiaðstöðu. Þegar núverandi flugstöð var tekin í notkun var farþegafjöldi um 16 þúsund á ári en á árinu 2002 voru farþegar um 25 þúsund talsins og fer fjölgandi. Flugstöðin annar ekki þessum farþegafjölda og uppfyllir ekki heilbrigðisreglugerðir. Lagt er til að núverandi flugstöð á Patreksfirði eða Norðfirði (230 m^2), þar sem ekki er lengur þörf fyrir þær, verði flutt á Bakka árið 2004 þar sem það er töluvert ódýrara en að byggja nýja. Skilyrði um flugstöð yrðu þannig uppfyllt, auk þess sem þær eru með flugturnsrými sem leysir fullkomlega vanda flugradíómanns, en aðstaðan er ófullnægjandi nú.

Flugbrautarljós.

Á árinu 1999 voru flugbrautarljós á báðum flugbrautum flugvallarins endurnýjuð með 200 W lýsingu sem uppfyllir öll skilyrði brautarljósa í þessum flokki. Á árinu 2003 er ráðgert að endurnýja aðflugshallaljós og koma upp leifturljósum á báðum flugbrautum. Áætlaður kostnaður er 20 millj. kr.

Aðflugsljós.

Á árinu 2006 er ráðgert að hefja endurnýjun aðflugsljósa inn á flugbraut 13. Lagt er til að settur verði upp aðflugskross, 420 m langur, og frá honum um 300 m eltiljósalína. Þessi búnaður mun ná frá þröskuldi niður í flæðarmál. Markmiðið er að ná að veita flugmanni upplýsingar um staðsetningu og stefnu allt út að fráflugspunkti sem er 2,5 Nm frá þröskuldi. Áætlaður heildarkostnaður er 30 millj. kr.

Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri.
Flugbrautir.

Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Á Þingeyri er verið að athuga hvort lenging flugbrautarinnar mundi bæta nýtingu vallarins. Frumhönnun vegna lengingar er hafin til að geta metið kostnað við þessa framkvæmd. Verði talinn fýsilegur kostur að lengja brautina mun lokahönnun fara fram árið 2003 og er áætlaður kostnaður um 2,5 millj. kr. Verði um lengingu að ræða verður ekki hægt að ráðast í hana fyrr en á öðru tímabili samgönguáætlunar, þ.e. á árunum 2007–2010.

Öryggissvæði.

Núverandi sjóvarnargarður er farinn að gefa sig og á nokkrum stöðum verður að framkvæma bráðabirgðaviðgerð sumarið 2003 sem kostar um 0,7 millj. kr. Varnargarðurinn er ekki rétt byggður og því getur sjórinn skolað burt fyllingarefni innan hans og verður brautin brátt í hættu. Gert er ráð fyrir að endurgera garðinn á nyrðri hluta brautarinnar á árunum 2004 og 2005 og hljóðar kostnaðaráætlun upp á 27,0 millj. kr. Reynt verður að hafa garðinn eins utarlega og aðstæður leyfa þó að skilyrði um breidd öryggissvæðis náist ekki, en það er ógerlegt af jarðfræðilegum ástæðum. Jafnframt þarf að endurgera syðri hluta garðsins og færa hann eins langt út og mögulegt er, en þó ekki lengra en 75 m frá brautarmiðju. Í framhaldi af þessu þarf að laga öryggissvæðið fjallsmegin eins og hægt er miðað við landfræðilegar aðstæður. Þegar þessu er lokið verða öryggissvæði vallarins ásættanleg. Kostnaðaráætlun hefur ekki verið gerð en reiknað er með að vinna verkið á síðasta tímabili 12 ára áætlunarinnar.

Öryggissvæði á Þingeyri uppfylla ekki skilyrði og er gert ráð fyrir úrbótum á sama tíma og flugbrautarlenging ef af henni verður.

Flugturn.

Núverandi turn, sem er 23 ára, þarfnast gagngerðrar endurnýjunar og talið heppilegri kostur að byggja nýjan turn áfastan við tækja- og sandgeymslu. Gert er ráð fyrir að byggja turninn árið 2003. Heildarkostnaður er áætlaður 24,5 millj. kr. Gert var ráð fyrir að framkvæmt yrði fyrir 10 millj. kr. árið 2002 og 14,5 millj. kr. árið 2003.

Flugleiðsögubúnaður.

Flugleiðsaga inn til Ísafjarðarflugvallar er byggð á hringvita (NDB) í Reykjanesi, aðflugsstefnusendi (LLZ) og fjarlægðarmæli í Ögri og hringvita í Arnarnesi. Frá Arnarnesi byggist aðflugið á sjónflugi inn á Ísafjarðarflugvöll. Nauðsynlegt er að hafa hér aðflugsstefnusendi þótt flugvellir í flokki II þurfi að jafnaði ekki að hafa slíkan búnað. Aðflugsstefnusendinn og fjarlægðarmælinn er orðið nauðsynlegt að endurnýja og er endurnýjun ráðgerð á árunum 2005–2006. Áætlaður kostnaður er um 30 millj. kr.

Á árinu 2003 verða kannaðir möguleikar á að nota GPS-aðflug í stað LLZ/DME. Ef niðurstaða þessara athugana er jákvæð verður ekki ráðist í endurnýjun hefðbundins búnaðar heldur verður núverandi búnaði haldið í rekstri, t.d. næstu fjögur ár, til að gefa flugrekendum tækifæri til aðlögunar.

Flugbrautarljós.

Kant- og þröskuldsljós á flugbrautinni eru 45 W. Engin aðflugshallaljós eru til staðar. Vegna hindrana í umhverfinu eru lendingar aðeins leyfðar við sjónflugsskilyrði og því hefur ekki verið talin ástæða til uppsetningar á aðflugshallaljósum. Flugtak af flugbraut 09 er leyft í myrkri. Vegna þessa eru hindranaljós í Kirkjubólshlíð og leifturljós í Arnarnesi og í Hnífs-

dal. Mjög aðkallandi er að endurnýja allar lagnir í brautinni á Ísafirði og brautarljósin þar. Áætlað er að gera það 2005–2006.

Sauðárkróksflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Hornafjarðarflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Raforkudreifikerfi.
Á Hornafjarðarflugvelli er lokið við lagningu stofnrörakerfis fyrir raforkudreifikerfi. Búið er að undirbúa uppsetningu vararafstöðvar sem ráðgert er að setja upp á árinu 2006. Vararafstöðin verður í vélageymslu. Áætlaður kostnaður er 5 millj. kr. Að uppsetningu lokinni mun raforkudreifikerfið uppfylla öll skilyrði sem sett eru til slíks kerfis í flokki II.

Bíldudalsflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Tækjageymsla.
Tækjageymsla á flugvellinum er aðeins skúr yfir of lítinn slökkvibíl en önnur tæki standa úti. Til að uppfylla skilyrði vallarins um tækjageymslu þarf að byggja nýja og er það ráðgert árið 2006 og kostnaðaráætlun er 20,0 millj. kr.

Þórshafnarflugvöllur (Syðralón).
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Grímseyjarflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

2.2.2 Framkvæmdir á áætlunarflugvöllum utan grunnnets.
Gjögurflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

Raforkudreifikerfi.
Raforkudreifikerfi og vararafstöð er ekki til staðar. Áætlað er að kaupa og setja upp vararafstöð 2005.

Vopnafjarðarflugvöllur.
Flugbraut.
Ráðgert er hefðbundið viðhald sem er greitt úr viðhaldssjóði.

2.2.3 Framkvæmdir á öðrum flugvöllum og lendingarstöðum.

Flugbrautir og hlöð.

Nær allir vellir utan áætlunarvalla eru með malarslitlagi sem þarfnast viðhalds, en því hefur ekki verið sinnt sem skyldi á undanförnum árum vegna fjárskorts og nú er komið að því að nokkuð margir vellir hafa verulega þörf fyrir viðhald eða endurgerð, en þó verður ekki hægt að hefjast handa fyrr en árið 2007 vegna annarra brýnni verkefna. Öryggissvæði þarf víða að lagfæra. Margir vellir hafa verið teknir af skrá undanfarin ár þar sem ekki hefur verið hægt að sinna eðlilegu viðhaldi. Vegna fjárskorts og forgangsröðunar verður ekki hægt að byrja á þessum verkefnum fyrr en árið 2007.

Byggingar.

Á mörgum þessara flugvalla á að vera hús fyrir flugradíóþjónustu og á nokkrum stöðum þarf að gera gagngerar endurbætur á þessum húsum. Einnig eru lítil hús, „píramídar" sem einnig þjóna sem neyðarskýli, úr sér gengin og hafa verið tekin niður sums staðar. Þar af leiðir að nauðsynlegt er að hefja endurnýjun á þeim. Gert er ráð fyrir að þessar framkvæmdir hefjist árið 2008.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Vegna breytinga á flugsamgöngum á síðastliðnum árum eru þó nokkrir flugvellir í flokki IV–VI með aðflugsbúnað, þ.e. ljósa- og blindaðflugsbúnað, sem ekki er nauðsynlegur miðað við þann flokk sem flugvöllurinn er í. Í flestum tilvikum er þessi búnaður kominn til ára sinna og illmögulegt að gera við hann nema með miklum tilkostnaði þegar hann bilar.

Ljóst er að takmörkuðu fjármagni til flugmálaframkvæmda verður að forgangsraða og ganga þá fyrir framkvæmdir við ljósa- og blindaðflugsbúnað á áætlunarflugvöllum í grunnneti. Til að komast hjá kostnaði vegna endurnýjunar slíks búnaðar á flugvöllum í flokki IV–VI verður hann lagður niður í áföngum en þess í stað verður stefnt að notkun GPS-aðflugstækni á þeim. Þó verður tekið tillit til öryggissjónarmiða svo sem vegna sjúkra- og neyðarflugs, t.d. á Rifi.

Æfingaflug.

Unnið hefur verið að undirbúningi við flutning æfingaflugsins en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort það yrði flutt á aðra flugvelli eða nýr flugvöllur lagður. Ef ákveðið verður að gera nýjan flugvöll er heildarkostnaður áætlaður 310 millj. kr. Reiknað er með að verja 274 millj. kr. í þetta verkefni á tímabilinu 2003–2006.

2.2.4 Önnur mannvirki, búnaður og verkefni.

Flugleiðsögukerfi einstakra flugvalla eru nú flokkuð með viðeigandi flugvelli, en leiðarflugsaga, sem og þau kerfi sem eru sameiginleg öllum flugvöllum, eru flokkuð hér. Þessi verkefni eru tengd gervihnattaleiðasögu, flugprófanabúnaði og veðurupplýsingakerfum. Einnig eru hér rannsóknarverkefni, kostnaður vegna hlutdeildar Íslands í verkefnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og flugvernd og öryggismál auk liða til að koma til móts við aðkallandi verkefni sem upp geta komið.

Flugstjórnarmiðstöð.

Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í framkvæmdum Alþjóðaflugþjónustunnar.

Leiðarflug.

Til leiðarflugs telst allur búnaður sem er nauðsynlegur til leiðsögu milli einstakra flugvalla. Þessi búnaður skiptist í vita (NDB, VOR, DME) og fjarskiptabúnað. Á árinu 2003 er ráðgert að endurnýja fjarskiptabúnað í Bláfjöllum og á Vaðlaheiði. Núverandi fjarskiptabúnaður er frá því um 1970 og varahlutir eru ófáanlegir. Heildarkostnaður er áætlaður 8 millj. kr.

GNSS/AIS-upplýsingaþjónusta.

Af þessum lið greiðist kostnaður Flugmálastjórnar við þátttöku í þróun gervihnattaleiðsögu en GNSS stendur fyrir Global Navigation Satellite Systems. Gervihnattaleiðsaga er nú þegar orðin grunnkerfi til staðsetningar hér á landi og mun á komandi árum verða notuð í auknum mæli í stað hefðbundinnar leiðsögutækni. Mikilvægt er að ný kerfi eins og EGNOS og GALILEO, sem verið er að koma upp að frumkvæði Evrópusambandsins, verði notuð til hins ýtrasta til staðsetningar í lofti, á sjó og á landi. Auk vinnu við þróun tæknibúnaðar eru hönnun, mælingar, flugprófanir og útgáfa GPS-aðflugsferla einnig kostaðar af þessum lið. Einnig er hér gert ráð fyrir fjárfestingarkostnaði vegna útgáfu á AIP-flugmálahandbókinni. Alþjóðaflugmálastofnunin gerir nú kröfur um gæðakerfi í meðhöndlun flugupplýsinga og mælir með ISO-vottun á því ferli. Flugmálastjórn þarf að vinna að gæðakerfi fyrir þetta upplýsingaflæði og fá vottun á því.

Flugprófunarbúnaður.

Flugprófanadeild Flugmálastjórnar sér um flugprófanir á öllum flugleiðsögubúnaði á Íslandi sem Flugmálastjórn rekur. Auk þess sér flugprófanadeild um flugprófanir á ákveðnum búnaði á Keflavíkurflugvelli fyrir hönd bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA), í Grænlandi fyrir hönd grænlensku flugvallastjórnarinnar (GAA), á Vagar-flugvelli í Færeyjum fyrir hönd Vagar-flugvallar og á öllum ratsjám í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem eru hluti af alþjóðaflugþjónustunni sem rekin er á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Öll þjónusta fyrir þriðja aðila er veitt samkvæmt sérstökum samningi og greidd af viðkomandi aðila. Til þessara verkefna er notuð flugvél Flugmálastjórnar, TF-FMS, sem er búin sérstökum flugprófanabúnaði. Núverandi flugprófanabúnaður, sem var tekinn í notkun árið 1976, er orðinn endurnýjunar þurfi. Á árinu 2002 var kannað hvaða flugprófanabúnaður væri í boði nú. Ljóst er að um tvær leiðir er að ræða í endurnýjun, annaðhvort er að kaupa tilbúinn búnað eða láta þróa hann. Með því að þróa hugbúnaðinn innan lands en kaupa vélbúnaðinn má fá búnað sem yrði vel lagaður að þörfum flugprófanadeildar, en hins vegar er áhættan meiri en við kaup á tilbúnu kerfi. Áætlaður kostnaður við fullbúið kerfi er 150–200 millj. kr. Þar sem flugprófanabúnaðurinn er nýttur fyrir fleiri flugvelli en íslenska er eðlilegt að flugmálaáætlun greiði fyrir hann í hlutfalli við notkun. Ráðgert er að tekin verði ákvörðun um hvaða leiðir verða valdar til fjármögnunar á þessum búnaði á árinu 2003.

Veðurupplýsingakerfi.

Á tímabilinu 2003–2006 er ráðgert að vinna að því að koma upp stöðluðum búnaði sem safnar saman veðurupplýsingum frá flugvöllum. Þetta er ákaflega mikilvægt til að tryggja auðvelda dreifingu þessara upplýsinga og einnig til að tryggja að þær séu geymdar til síðari úrvinnslu. Einnig er nauðsynlegt að endurnýja veðurbúnað sem er orðinn mjög gamall og ófáanlegur. Því er gert ráð fyrir því að þessi liður fjármagni einnig nauðsynlega, ófyrirséða endurnýjun á veðurmælibúnaði á flugvöllum og minni viðbótarbúnað sem þarf til að flugvellir uppfylli kröfur til veðurbúnaðar fyrir viðkomandi flokk. Nauðsynlegt er að hafa þennan

lið um 5–10 millj. kr. framan af tímabilinu en lægri á seinni hlutanum því að veðurbúnaðurinn er orðinn mjög gamall og óáreiðanlegur og komið að endurnýjun á talsverðum búnaði.

Flugvernd og öryggismál.

Undir þennan lið falla ráðstafanir á jörðu niðri, vegna öryggis og verndunar á fólki, loftförum og mannvirkjum. Með hugtakinu „öryggi“ (e. safety) er átt við ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk geti farið sér að voða á og við flugvelli. Með hugtakinu „vernd“ (e. security) er átt við ráðstafanir til að koma í veg fyrir meint ólögmætt athæfi. Kröfur um ráðstafanir eru skilgreindar af Alþjóðaflugmálastofnuninni og í væntanlegri reglugerð Evrópusambandsins. Kröfur á þessu sviði hafa aukist til mikilla muna undanfarin ár og þá ekki síst í kjölfar árásanna á Bandaríkin 11. september 2001.

Hér undir fellur kostnaður við kaup á gegnumlýsingarbúnaði, málmleitarhliðum, handleitartækjum, eftirlitsmyndavélum og aðgangsstjórnunarkerfum og við breytingar á flugstöðvum til að koma búnaðinum fyrir og til að aðskilja tiltekin svæði innan flugstöðvar sem og frá flugstöð og út á flughlað. Þjálfun starfsmanna sem sinna öryggisskoðun sem og annarra starfsmanna flugvallarins er umfangsmikil, einkum fyrst um sinn. Þá fellur undir þennan lið kostnaður vegna fuglafælinga við flugvelli, en fuglar geta skapað mikla ógn í flugi.

Þá heyra kröfur um gerð verklagsreglna, handbóka og gæðaeftirlits til þessa málaflokks.

Leiðréttingar og brýn verkefni.

Allar kostnaðaráætlanir í flugmálaáætlun eru gerðar með +/–30% skekkjumörkum. Þá skapast stundum brýn verkefni sem verður að sinna. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að ekki er ráðlegt að hafa minna en 20 millj. kr. til leiðréttingar á ári, en þessi upphæð er aðeins 2–3% af ráðstöfunarfé til framkvæmda.

Stjórnunarkostnaður.

Undir stjórnunarkostnað fellur allur kostnaður við umsýslu verkefna, þ.m.t. áætlanagerð, bókhald og eftirlit. Reynsla undanfarinna ára sýnir að hæfilegt er að gera ráð fyrir 18 millj. kr. á ári til þessa verkliðar.

2.3 Flokkun flugvalla eftir þjónustustigi.

Til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna hefur flugvöllum verið skipt í sex flokka. Fyrir hvern flokk eru skilgreindar kröfur um eftirfarandi þætti:

a. Flugbrautir.
b. Öryggissvæði.
c. Hlöð.
d. Bílastæði.
e. Flugturn.
f. Flugstöð.
g. Tækjageymslu.
h. Sandgeymslu.
i. Slökkvi- og björgunarbúnað.
j. Flugvernd.
k. Snjóhreinsibúnað.
l. Flugleiðsögubúnað.
m. Fjarskiptabúnað.
n. Veðurmælibúnað.

o. Flugbrautarljós.
p. Hlaðlýsingu.
q. Raforkudreifikerfi.

Síðan er einstökum flugvöllum skipað í viðeigandi flokka og færð rök fyrir flokkuninni sem m.a. byggist á umferð síðustu ár, umferðarspá fyrir næstu ár, stöðu flugvallarins í byggð og landslagi umhverfis flugvöllinn.

Flokkur I.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð flugvéla á borð við Fokker 50 og ATR42. Einnig eiga flugvellir í þessum flokki að geta þjónað a.m.k. sem varaflugvellir fyrir þotuflugumferð í stærðarflokki Boeing 757 eða sambærilegum. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði og þess háttar eiga að geta þjónað a.m.k. einni fullhlaðinni þotu til viðbótar við hefðbundna umferð. Tækjabúnaður skal þannig samsettur að bilun í einu tæki valdi ekki truflun á rekstri flugvallarins. Þetta á við um raforkukerfi, rafeindakerfi og tækjabúnað. Allur búnaður á flugvellinum, bæði aðflugstæki og ljósabúnaður, skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til flugvalla með CAT I nákvæmnisaðflug. Gerð er krafa til þess að hægt sé að opna flugbraut á innan við 30 mínútum miðað við 10 sm jafnfallna snjóþekju. Þá er miðað við að snjór sé ruddur og honum sópað í garða við brautarkanta. Gerð er krafa um að hægt sé að ryðja og blása öllum snjó út fyrir flugbrautarljós á innan við fjórum klukkustundum.

Slökkvi- og björgunarbúnaður: Flugvellir í þessum flokki skulu að lágmarki uppfylla ICAO-slökkviflokk 5 hvað varðar tækjabúnað. Mannafli skal uppfylla flokk 5, auk þess sem skilyrði er að hægt sé að kalla til mannskap frá nágrannaslökkviliði til að hækka flugvöllinn í flokk 7.

Í flokki I eru þrír áætlunarflugvellir: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

Flokkur II.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á flugvélum á borð við Fokker 50 og ATR42. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði og þess háttar eiga að geta annað a.m.k. tveimur flugvélum í þessum stærðarflokki samtímis. Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu. Hins vegar er ekki gerð krafa um að allur búnaður sem er nauðsynlegur til að opna flugbraut uppfylli þetta skilyrði. Fyrir flugvelli í þessum flokki er gerð krafa um a.m.k. grunnaðflugsbúnað (Non Precision Approach). Slíkt aðflug getur byggst á hringvitum (NDB) eða GPS-leiðsögu.

Slökkvi- og björgunarbúnaður: Flugvellir í þessum flokki skulu að lágmarki uppfylla ICAO-slökkviflokk 5 hvað varðar tækjabúnað. Mannafli skal að lágmarki uppfylla flokk 5.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í flokki II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

Flokkur III.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð 19 farþega flugvéla, t.d. Dornier 228 eða sambærilegra flugvéla. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði o.þ.h. eiga að geta annað a.m.k. einni flugvél í þessum stærðarflokki. Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu. Hins vegar er ekki gerð krafa um að allur búnaður sem er nauðsynlegur til að opna flugbraut uppfylli þetta skilyrði. Fyrir flug-

velli í þessum flokki er gerð krafa um a.m.k. grunnaðflugsbúnað (Non Precision Approach). Slíkt aðflug getur byggst á hringvitum (NDB) eða GPS-leiðsögu.

Slökkvi- og björgunarbúnaður: Flugvellir í flokki III skulu að lágmarki uppfylla ICAO-slökkviflokk 3.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í flokki III: Grímseyjar-, Vopnafjarðar-, Gjögur-, Þingeyrar- og Bakkaflugvöllur.

Flokkur IV.

Í þessum flokki eru þjónustuflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Á þessa flugvelli er ekki flogið reglubundið áætlunarflug en þeir eiga að vera með flugradíóþjónustu og mannaðir þegar þeir þjóna leigu- eða áætlunarflugi.

Slökkvi- og björgunarbúnaður: Á flugvöllum í þessum flokki fer krafa um slökkvibúnað eftir stærð þeirra flugvéla sem fara um völlinn. Fyrir Dornier 228 er gerð krafa um 1.200 l af vatni og fyrir Fokker 50 er krafan 4.500 l af vatni.

Eftirfarandi þjónustuflugvellir eru í flokki IV: Húsavíkur-, Kópaskers-, Reykjahlíðar-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Rifs- og Siglufjarðarflugvöllur.

Flokkur V.

Í þessum flokki eru æfinga- og kennsluflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallarstjórnar en þá á að vera hægt að manna þegar á þarf að halda.

Slökkvi- og björgunarbúnaður: Á þessum flugvöllum er gerð krafa um slökkvibúnað. Lágmarksvatnsmagn er 250 l.

Eftirfarandi kennslu- og æfingaflugvellir eru í flokki V: Blönduóss-, Dagverðarár-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Selfoss-, Stóra-Kropps- og Stykkishólmsflugvöllur.

Flokkur VI.

Í þessum flokki eru sjúkraflugvellir og aðrir lendingarstaðir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugradíóþjónustu og ómannaðir.

Eftirfarandi flugvellir og lendingarstaðir eru í flokki VI: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Grundarfjörður, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Hveravellir, Króksstaðarmelar, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingafjöll, Kirkjubæjarklaustur, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Sandskeið, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

3 SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN

Inngangur.

Siglingamálaáætlun er hér sett fram í fyrsta skipti og nær hún til allra verkefna sem löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun Íslands að annast. Þá er bæði átt við verklegar framkvæmdir og rekstur. Siglingamálaáætlun kemur í stað þriggja þingsályktana sem Siglingastofnun Íslands hefur verið falin framkvæmd á og tekur að auki til allra annarra rekstrarverkefna sem eru á forræði stofnunarinnar.

Hinn 19. maí 2001 voru samþykktar á Alþingi þingsályktun um hafnaáætlun 2001–2004, þingsályktun um sjóvarnaáætlun 2001–2004 og þingsályktun um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda 2001–2003. Siglingamálaáætlun nú nær yfir árin 2003–2006. Hún tekur

mið af fyrri áætlunum og ákvörðunum sem þær fólu í sér. Siglingamálaáætlun verður hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun, nr. 71, 8. maí 2002.

3.1 Fjármál.

Heildarfjármagn.

Heildarfjármagn til siglingamála á árinu 2003 er 2.080 millj. kr. Af því fara 120 millj. kr. til greiðslu skulda við hafnarsjóði. Ráðstöfunarfé hjá Siglingastofnun Íslands verður þá 1.960 millj. kr. Af þeirri upphæð renna 1.169 millj. kr. til framkvæmda í höfnum í eigu sveitarfélaga. Það er 213 millj. kr. lægri upphæð en árið 2002 og munar þar mestu um tímabundin framlög til ferjuhafnar á Seyðisfirði og stóriðjuhafnar að Hrauni við Reyðarfjörð, sem voru hærri árið 2002 en árið 2003. Heildarfjármagn til ráðstöfunar hjá Siglingastofnun Íslands eykst frá árinu 2002 til 2003 og skýrist það af nýjum verkefnum sem flust hafa til stofnunarinnar. Þar er um að ræða verkefnin fjarskiptaþjónustu við skip og þjónustusamninga við slysavarnafélagið Landsbjörg. Nokkur aukning verður á heildarfjármagni árin 2004 og 2005 sem skýrist af fyrirhuguðum framkvæmdum við stóriðjuhöfn að Hrauni við Reyðarfjörð.

Verðlagsgrundvöllur.

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi frumvarps til fjárlaga 2003. Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 2004–2006 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi til áætlaðs verðlags 2004.

3.1.1 Tekjur og framlög.

Skipagjald.

Skipagjald er lagt á árlega samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993. Gjaldinu skal varið til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með skipum. Það er ákveðið í reglugerð og fer upphæðin eftir stærð skipa.

Vitagjald.

Vitagjald er sérstakur skattur, eða markaðar tekjur, sem samkvæmt vitalögum er lagt á íslensk skip og erlend skip sem taka íslenska höfn.

Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs.

Sérstakt vörugjald (markaður tekjustofn) er 25% álag á vörugjald hafnasjóða landsins annað en aflagjald, sem tekið er af lönduðum sjávarafla. Það er lagt á samkvæmt hafnalögum, nr. 23/1994, og skilgreint þar sem tekjur Hafnabótasjóðs. Í fjárlögum er ákvæði um að nota tekjur af gjaldinu til þess að standa straum af ríkisframlagi til hafnarmannvirkja.

Framlag úr ríkissjóði.

Áætlað ríkisframlag til siglingamála á áætlunartímabilinu nemur 6.609 millj. kr. eða að meðaltali 1.652 millj. kr. á ári.

Sértekjur.

Sértekjur eru frá hafnasviði, skoðunarsviði og öðrum rekstri Siglingastofnunar.

3.1.2 Viðskiptahreyfingar.

Skuldbinding ríkis við hafnarsjóði.

Óuppgerður hluti ríkissjóðs vegna framkvæmda á árinu 2000 eða fyrr, sem kemur til greiðslu af fjárveitingum 2003 og 2004, er 186 millj. kr.

3.1.3 Rekstur og þjónusta.

Yfirstjórn.

Áætluð fjárþörf er 186 millj. kr. árið 2003, 195 millj. kr. 2004, 198 millj. kr. 2005 og 202 millj. kr. árið 2006. Gert er ráð fyrir lítið eitt vaxandi umsvifum í rekstri í takt við aukningu á skipaumferð og mörkuðum tekjum. Undir þennan lið fellur stjórnsýsla og yfirstjórn þeirra verkefna sem Siglingastofnun Íslands er falin með lögum. Fyrst skal nefna gerð áætlana um hafnarframkvæmdir, sjóvarnargarða og öryggismál sjófarenda og umsjón og eftirlit með framkvæmd þessara áætlana, þar með talin stýring fjár- og tæknimála stofnunarinnar. Í öðru lagi má nefna undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu á sviði siglinga- og hafnamála og erlent samstarf sem því fylgir. Ýmis málefni er tengjast atvinnuréttindamálum, áhafnamálum, lögskráningu og fræðslu um öryggismál sjómanna tilheyra þessum lið og einnig skipaskrá. Jafnframt heyra hér til lögboðnar umsagnir um dómsmál er varða skip og skipaútgerð. Þá fellur hér undir almenn stefnumótun á verkefnasviði stofnunarinnar í samvinnu við samgönguráðuneyti og Alþingi.

Miðað er við að umfang þessarar starfsemi verði svipað og verið hefur en þó er reiknað með auknum umsvifum í tengslum við atvinnuréttinda- og áhafnamál þar sem ný verkefni á því sviði hafa verið færð til stofnunarinnar.

Vitar og leiðsögukerfi.

Áætluð fjárþörf er 105 millj. kr. árið 2003, 107 millj. kr. 2004, 108 millj. kr. 2005 og 110 millj. kr. árið 2006. Undir þennan lið fellur rekstur og viðhald landsvitakerfisins og eftirlit með rekstri hafnarvita.

Rekstur og eignarhald vitakerfisins er tvískipt. Vitar í eigu ríkisins eru til leiðbeiningar á almennum siglingaleiðum en hafnarvitar í eigu sveitarfélaga vísa leið inn til hafna. Landsvitakerfið samanstendur af ljósvitum, radarsvörum, baujum og radíóvitum sem notaðir eru til að senda út leiðréttingarmerki fyrir GPS-staðsetningarkerfið. Þá fellur rekstur og viðhald upplýsingakerfis um veður og sjólag undir þennan lið.

Miðað er við að umfang þessarar starfsemi verði svipað og verið hefur. Þó er reiknað með að meiri áhersla verði lögð á áframhaldandi þróun upplýsingakerfisins um veður og sjólag en á móti verði dregið saman í hefðbundnum vitarekstri.

Skipaskoðun.

Áætluð fjárþörf er 115 millj. kr. á ári. Öll íslensk skip, 6 m að lengd og lengri, eru skráningar- og skoðunarskyld. Skipin eru flokkuð í tvo meginflokka, opna vélbáta og þilfarsskip. Árið 2002 voru opnir vélbátar á skrá um 1.300 og þilfarsskip um 1.100. Allir opnu bátarnir eru undir eftirliti Siglingastofnunar Íslands og mikill meiri hluti þilfarsskipa. Viðurkennd flokkunarfélög annast einnig bol- og vélskoðanir á skipum. Aðalskoðun fer fram einu sinni á ári, en einnig eru gerðar skyndiskoðanir og aukaskoðanir, t.d. í tengslum við viðgerðir og breytingar. Ekki er greitt sérstaklega fyrir aðalskoðanir og skyndiskoðanir ef skipagjald hefur verið greitt en hins vegar greiðir viðkomandi útgerð stofnuninni fyrir aukaskoðanir. Nú liggur fyrir Alþingi nýtt frumvarp til laga um eftirlit með skipum. Ef þetta frumvarp verður að

lögum gæti kostnaður við skipaskoðun, tekjur af skipagjaldi og sértekjur vegna skipaskoðunar breyst.

Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með ástandi og mönnun erlendra farþega- og flutningaskipa í íslenskum höfnum samkvæmt svonefndu Parísarsamkomulagi um hafnarríkiseftirlit. Í samræmi við samkomulagið greiða útgerðirnar ekki fyrir þetta eftirlit og fellur því allur kostnaður á Siglingastofnun.

Stofnunin hefur eftirlit með nýsmíðum, breytingum á eldri skipum og innflutningi skipa og staðfestir að teikningar og tæknilegir útreikningar séu í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma. Stór hluti þessarar þjónustu er greiddur beint af viðkomandi útgerð. Í þessari áætlun er miðað við að umfang skipaskoðunar verði svipað og verið hefur.

Vaktstöð siglinga.

Áætluð fjárþörf er 158 millj. kr. árið 2003, en 182 millj. kr. á ári eftir það. Samgönguráðherra hefur nú lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um vaktstöð siglinga. Markmið frumvarpsins er að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Til að ná þessu markmiði er lagt til að Siglingastofnun Íslands setji á fót vaktstöð siglinga og er stofnuninni heimilt að bjóða út rekstur vaktstöðvarinnar. Við undirbúning frumvarpsins hefur verið lögð áhersla á það að mikilvægt sé að gefa einni strandarstöð það hlutverk að vera vaktstöð siglinga í íslenskri efnahagslögsögu. Gufunes er langstærsta strandarstöð landsins með fjölda sérhæfðra starfsmanna og hefur yfir miklum tækjabúnaði að ráða. Aðeins ein önnur strandarstöð er mönnuð í dag en það er stöðin í Vestmannaeyjum.

Verkefni vaktstöðvar eru margvísleg og ber þá fyrst að telja þau verkefni sem starfsmenn í Gufunesi sinna. Í Gufunesi er starfrækt alþjóðleg neyðar- og öryggisþjónusta (GMDSS) fyrir skip og báta sem byggist á vöktun og hlustun á neyðarskeyti frá sjófarendum og sendingum tilkynninga og viðvarana til skipa og báta. Þetta er alþjóðlegt kerfi byggt á ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Strandarstöðin í Gufunesi sinnir einnig og hefur framkvæmd með sjálfvirku tilkynningarskyldunni. Í sameiningu reka Landssíminn og Slysavarnafélagið Landsbjörg sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir öll íslensk skip sem eru 6 m að lengd og þar yfir. Þessi starfsemi er nú öll undir sama þaki í Gufunesi. Gufunes sinnir einnig vöktun á alþjóðlegum neyðarfjarskiptarásum og stýrir neyðarfjarskiptum. Enn fremur er það hlutverk Gufuness að sinna Navtex-þjónustu fyrir skip og báta, dreifingu á skeytum úr Cospas-Sarstat-gervihnattakerfinu, sinna þjónustu við Inmarsat-gervihnattakerfið, hljóðrita og vinna skýrslur um slys, senda út siglingaviðvaranir og veðurspár, og loks hefur Gufunes sjóbjörgunarhlutverki að gegna svo að eitthvað sé nefnt.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að verkefnum fjölgi og ber þar fyrst að telja nýtt upplýsingakerfi sem ber að taka í notkun í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart EES-samningnum. Um er að ræða upplýsinga- og eftirlitskerfi vegna umferðar á sjó og snýr það að tilkynningum skipa, m.a. varðandi siglingu með hættulegan farm inn í lögsögu annarra ríkja eða inn á hafnarsvæði. Ljóst er að hefja verður uppbyggingu þessa kerfis á næstu árum. Önnur verkefni sem nefna má eru skráning skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit, móttaka tilkynninga og miðlun upplýsinga um bilanir og farartálma á sjó, vöktun kerfis um veður og sjólag og flutningur skipa á hættulegum efnum. Enn fremur er reiknað með að ný vaktstöð geti tekið við og hrint í framkvæmd ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á þessu sviði og ekki hefur tekist að ljúka á undanförnum árum, eins og uppbyggingu Navtex-kerfisins.

Í gildi var samningur á milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssímans hf. um rekstur strandarstöðvanna en sá samningur rann út 1. janúar 2003. Fyrirhugað er að framlengja samninginn þar til hægt verður að hefja starfrækslu vaktstöðvarinnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Á tímabilinu 2003–2006 á að verja 75 millj. kr. til framkvæmdar áætlunarinnar, þ.e. 15 millj. kr. árið 2003, 20 millj. kr. á ári á árunum 2004, 2005 og 2006.

Undanfarin ár hefur verið unnið eftir langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003, sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 2001. Áætlunin byggði á tillögum verkefnisstjórnar sem samgönguráðherra skipaði 6. febrúar 2000 til að undirbúa gerð langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. Við það var miðað að áætlunin tæki á öllum atriðum sem heyrðu undir öryggismál sjómanna, gerði tillögur um úrbætur á hverju sviði og tillögur um ráðstöfun fjárveitinga.

Ákvörðun um að gerð skyldi áætlun í öryggismálum sjófarenda var tekin vegna þeirrar staðreyndar að slys á sjó hafa verið allt of tíð, kostnaður þjóðfélagsins af þeim hár og því nauðsynlegt að færa öryggismálin í farsælli farveg. Margir hafa unnið mikilvægt og gott starf í öryggismálum sjómanna og þurfa þessir aðilar að taka höndum saman og sameina krafta sína til að bæta öryggi á sjó enn frekar.

Samkvæmt þingsályktuninni er markmið átaksins að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Stefnt verði að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004 og að sama skapi dragi úr tjóni vegna sjóslysa.

Samgönguráðuneytið fól Siglingastofnun Íslands í maí 2001 að fara með framkvæmd áætlunarinnar og var verkefnisstjórn, sem vann að undirbúningi hennar, falið að hafa ákveðið eftirlit með framgangi hennar og stuðla að samstarfi þeirra aðila sem að málinu þurfa að koma. Fylgt er sérstakri framkvæmdaáætlun sem samgönguráðherra hefur staðfest, en hún geymir yfirlit um verkefni áætlunarinnar, markmið þeirra, stöðu mála í upphafi, ábyrgð og umsjón með framkvæmd einstakra verkefna, fjármögnun, tímaramma, forgangsröðun og framvindu hvers verkefnis. Helstu málefni sem unnið er að eru t.d. menntun og þjálfun sjómanna, öryggi farþegaskipa og farþegabáta, átak í fræðslu og áróðri ásamt gerð fræðsluefnis og leiðbeininga um öryggismál, söfnun og miðlun upplýsinga um öryggi sjómanna og forvarnir í heilbrigðismálum sjómanna. Að því er stefnt að öryggis- og gæðastjórnunarkerfi séu notuð sem víðast, öryggisfulltrúar verði í skipum, fylgst með að lög og reglur séu virt og rannsóknir á sviði öryggismála sjómanna stundaðar. Miðað er við að framkvæmd þessarar áætlunar verði með sama hætti og framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda 2001–2003, þ.e. að Siglingastofnun annist framkvæmd áætlunarinnar samkvæmt sérstakri framkvæmdaáætlun og að verkefnisstjórn komi að málinu með sama hætti og áður. Eftir er að útfæra nánar í hvaða einstök verkefni verður ráðist, en í töflu í kafla 3.3.1 eru sett fram nokkur meginverkefni og sundurliðun fjárveitinga til hvers og eins verkefnisflokks.

Hér er lagt til að öryggismál sjófarenda verði hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002, og að byggt verði áfram á þeim hugmyndum sem lágu að baki langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.

Þjónustusamningar um öryggismál.

Áætlað er að verja í öryggismál 133 millj. kr. árið 2003, en 109 millj. kr á ári eftir það. Þjónustusamningar um öryggismál eru meðal nýrra verkefna sem færð hafa verið til Siglingastofnunar síðustu missiri. Á ársfundi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem haldinn var á Akureyri í maí 2001, voru undirritaðir fimm samstarfssamningar milli félagsins og samgönguráðuneytisins. Grundvöllur samningagerðarinnar var að ráðuneytið keypti tiltekna þjónustu af félaginu og jafnframt að Siglingastofnun mundi, fyrir hönd verkkaupa, hafa umsjón með og annast almennt eftirlit með framkvæmdinni. Sama var látið gilda um öll önnur samskipti sem samningarnir gera ráð fyrir. Viðaukasamningur var gerður vegna málsins í apríl 2002 og var verkefnið formlega fært til Siglingastofnunar 10. maí 2002. Samningarnir sem um ræðir eru: Slysavarnaskóli sjómanna, samningur um sjálfvirka tilkynningarskyldu, samkomulag um Þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum og loks samningur um styrk til reksturs björgunarbáta Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Samningur um starfrækslu Slysavarnaskóla sjómanna gildir frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2004. Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og veita almenna fræðslu um slysavarnir á sjó. Um starfsemina gilda lög nr. 33/1991 og um reikningshald skólans gilda lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og um bókhald, nr. 145/1994. Á næsta ári er gert ráð fyrir að framlög til skólans nemi 48,5 millj. kr. Starfsemi skólans hefur verið endurskoðuð með tilliti til nýrra alþjóðaákvæða. Haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári og má greina þau í 14 efnisflokka. Ýmist er um grunnnámskeið að ræða eða sérhæfðara efni. Öll námskeið hafa fengið viðurkenningu stofnunar eins og krafist er. Kennslu- og æfingarými er í skipinu Sæbjörgu, en auk þess heldur skólinn úti æfingasvæði í Leirvogsdal ásamt Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Við skólann starfa sex starfsmenn í fullu starfi, en einn til viðbótar er í hlutastarfi.

Samningur um sjálfvirka tilkynningarskyldu gildir frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2004 og er um starfrækslu sjálfvirka tilkynningarkerfisins fyrir íslensk skip og báta styttri en 24 m. Um reikningshald tilkynningarskyldunnar gilda lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og um bókhald, nr. 145/1994. Um sjálfvirku tilkynningarskylduna gilda lög um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir að framlög til tilkynningarskyldukerfisins nemi 24,1 millj. kr.

Hin daglega vöktun á STK-búnaðinum um borð í skipunum er í höndum starfsmanna sjálfvirku tilkynningarskyldunnar í Gufunesi sem fylgjast með hverju einasta skipi sem er búið sjálfvirkum búnaði. Um leið og skip dettur út úr kerfinu kemur viðvörun um það fram á skjá starfsmanna. Þegar slíkt gerist fer ákveðinn verkferill í gang samkvæmt verklagsreglum sem Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur sett sér.

Siglingastofnun Íslands sér hins vegar um formlegt eftirlit með STK-búnaði um borð í skipum og bátum, en STK-búnaður er skoðaður eins og hver annar öryggisbúnaður um borð í skipum í aðalskoðun sem fer fram einu sinni á ári. Skemmtibátar eru undanþegnir því að vera með STK-búnað um borð, sem og skip og bátar sem aðeins stunda veiðar 1,5 sjómílur frá landi og þar sem aðstæður um borð eru með þeim hætti að ekki er unnt að hafa þar nauðsynlegan búnað til að senda sjálfvirkar tilkynningar. Þá eru veittar undanþágur til eins mánaðar í senn ef búnaður er bilaður eða ekki fæst nýtt skipstæki frá framleiðanda og ekki fæst lánstæki á meðan viðgerð fer fram.

Samningurinn um björgunarbátasjóð Slysavarnafélagsins Landsbjargar gildir frá 1. janúar 2001 til 1. janúar 2005 og er um rekstur björgunarbáta sem starfa eftir reglum björgunarbátasjóðs Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá 16. janúar 1999. Tilgangur með rekstri björgunarbáta er, eins og fram kemur í þjónustusamningi, að reka stóra björgunarbáta í C- og B2-flokki

í samvinnu við björgunarsveitir í öllum landshlutum. Framkvæmd hefur verið með þeim hætti að Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur gert rekstrarsamning við björgunarsveitir í viðkomandi landshluta til að tryggja sem besta nýtingu þeirra fjármuna sem til þessa eru ætlaðir.

Samkvæmt þjónustusamningi er ætlast til þess að björgunarbátarnir séu ætíð til taks í útköll á þeim svæðum sem rekstrarsamningar við einstakar björgunarsveitir segja til um. Enn fremur hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg skuldbundið sig til að þjálfa áhafnir bátanna til útkalla og viðhalds bátanna.

Bátasjóður Slysavarnafélagsins fékk á síðasta ári 18,0 millj. kr. og dreifðist sú upphæð á 8 bátasjóði sem eru starfræktir hringinn í kringum landið. Upphæðin dreifðist á björgunarbátasjóð Vestfjarða, Suðurnesja, Vestmannaeyja, Norðurlands, höfuðborgarsvæðis, Grindavíkur, Norð-Austurlands og Snæfellsness. Gert er ráð fyrir sambærilegri upphæð í fjárlagafrumvarpi næsta árs til reksturs björgunarbátanna.

Starfsemi á Gufuskálum, frá því að samningur um þjálfunar- og fræðslumiðstöð þar var undirritaður 21. maí 1998, hefur einkennst af uppbyggingu svæðisins. Samningurinn um rekstur þjálfunar- og fræðslumiðstöðvar að Gufuskálum á Snæfellsnesi gildir til fimm ára eða til 21. maí 2003. Frá því að samningurinn tók gildi á árinu 1998 hafa u.þ.b. 60 millj. kr. runnið til uppbyggingar svæðisins og viðhalds þeirra fasteigna sem þar eru. Uppbyggingu er ekki lokið á Gufuskálum og verður henni haldið áfram á næstu árum, jafnframt því sem haldin verða námskeið fyrir björgunarsveitarmenn og aðra starfsmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Fjárframlög til reksturs á Gufuskálum á árinu 2001 voru 16,9 millj. kr. en fram kemur í ársreikningi að Slysavarnafélagið hefur greitt samtals 24 millj. kr. með rekstri Gufuskála sl. fjögur ár. Samningurinn frá 21. maí 1998 rennur út á næsta ári. Unnið hefur verið að framlengingu þessa samkomulags nú um nokkurt skeið undir forustu Siglingastofnunar. Gert er ráð fyrir að gerður verði nýr samningur til fimm ára um rekstur þjálfunarbúða og að framlag ríkissjóðs verði 11,9 millj. kr. á ári miðað við verðlag ársins 2003.

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.

Árlegur kostnaður fyrsta árið er áætlaður 17,5 millj. kr. en síðar 20 millj. kr.

Með hafnarannsóknum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum.

Grunnkort af höfnum. Áhersla verður lögð á að endurnýja dýptarmælingar, staðsetja hafnarmannvirki í landskerfinu og gera hafnakort með þessum upplýsingum aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar. Grunnpunktar í landskerfinu verða endurmældir í samvinnu við Landmælingar Íslands.

Líkantilraunir. Gert er ráð fyrir að vinna við líkantilraunir af endurbótum á innsiglingunni til Rifshafnar. Stefnt er að því að gera líkantilraunir til að leysa staðbundin vandamál í höfnum, svo sem öldudempun við hafnarkanta. Hugmyndir eru um að setja upp öldurennu fyrir stöðugleikatilraunir fyrir brimvarnagarða, sem lið í þróun bermugarða.

Rannsóknir og þróun.

Kostnaður við rannsóknir og þróun árið 2003 er áætlaður 40 millj. kr., en 50 millj. kr. á ári 2004–2006.

Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Unnið verður að frumáætlunum vegna endurbóta á höfnum og innsiglingum samkvæmt verkefnum á samgönguáætlun. Enn fremur verður sinnt dýptarmælingum, botnrannsóknum og

rannsóknum á efnisflutningum, m.a. vegna brimrofs við strendur. Verði samþykkt að ráðast í rannsóknir er tengjast nýjum mannvirkjum, öðrum en hefðbundnum fiskihöfnum, verður að ætla þeim rannsóknum sérstakar fjárveitingar. Þar er átt við rannsóknir sem tengjast iðjuverum.

Nú eru uppi hugmyndir um fiskeldiskvíar í allt að 4–5 m kenniöldu og því nauðsynlegt að rannsaka öldufar og strauma á svæðum sem koma til greina fyrir slíka starfsemi. Helstu verkefnaflokkar eru eftirfarandi:

Hafnar- og strandrannsóknir. Árlegur kostnaður verði 15 millj. kr. Þessar rannsóknir tengjast höfnum en eru óháðar einstökum mannvirkjum, svo sem öldufarsreikningar, botnrannsóknir og rannsóknir á efnisflutningum og frumáætlanir.

Öldufarsrannsóknir. Unnið verður að öldufarsrannsóknum fyrir hafnirnar á Akranesi, Rifi, Ólafsvík, Bolungarvík, hafnir í Eyjafirði, Raufarhöfn, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Hornafirði.

Meiri djúprista skipa kallar á viðhaldsdýpkanir í innsiglingum og höfnum. Nauðsynlegt er að fylgjast náið með botnbreytingum, læra af þróuninni og geta sagt fyrir um hvenær þurfi að dýpka. Jafnframt er æskilegt að þróa áfram öldureikningana og bæta við hugbúnaði til að meta botnbreytingar og efnisflutninga. Þannig þarf að rannsaka fyrirhugaða innsiglingarrennu utan Hornafjarðaróss og fylgjast með botnbreytingum utan Þorlákshafnar, Sauðárkróks og við fleiri hafnir. Unnið verður að botnrannsóknum við hafnir þar sem þörf krefur.

Sífellt er verið að takast á við hærri hönnunaröldu og þróa hönnun bermugarða. Stefnt er að því að nota stærra grjót en gert hefur verið. Sett verður upp öldurenna fyrir stöðugleikatilraunir fyrir slíka brimvarnagarða. Eiginleikar grjóts verða kannaðir með tilliti til stærðar, styrks og veðrunarþols. Haldið verður áfram þátttöku í alþjóðlegri vinnu um bermugarða. Evrópsk handbók um notkun grjóts til brimvarna er í endurskoðun og taka Íslendingar þátt í þeirri vinnu með það fyrir augum að koma að reynslu okkar á Íslandi við framleiðslu og notkun á stóru grjóti.

Umhverfisrannsóknir. Árið 2003 er kostnaður við umhverfisrannsóknir áætlaður 20 millj. kr. en 2004–2006 25 millj. kr. á ári.

Lögð verður sérstök áhersla á verkefni er tengjast suðurströnd Íslands og við það miðað að framlög til rannsókna verði aukin um 10 millj. kr. á ári þess vegna. Meðal annars verður unnið að rannsóknum á sjólagi á mismunandi siglingaleiðum, landbroti og hugsanlegri nýbreytni í ferjusiglingum milli lands og Eyja. Helstu verkefni eru:

Öldufarsrannsóknir við suðurströndina. Nú er unnið að rannsóknum á öldufari og straumum og áhrifum þess á siglingaöryggi mismunandi tegunda skipa á siglingaleiðum við suðvesturland. Við rannsóknir á straumum verður stuðst við reiknilíkan Siglingastofnunar um sjávarföll og sjávarflóð. Öldu- og veðurgögn frá Evrópsku veðurstofunni sem ná yfir allt landgrunnið aftur til ársins 1979 eru aðgengileg í gagnagrunni Siglingastofnunar. Þessi gögn verða m.a. notuð til að endurskoða líkindadreifingu öldu á hafinu umhverfis Ísland. Nú er að ljúka vinnu við að koma öllum dýptarmælingum sem tiltækar eru af landgrunninu á stafrænt form. Stefnt er að því að taka í notkun nýtt öldusveigjuforrit til að reikna öldu inn að höfnum og upp að ströndum.

Siglingaleiðir. Stefnt verður að mælingum á stöðugleika skipa á siglingaleiðum. Unnin verður skýrsla um siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður við núverandi leiðir. Þessi skýrsla verður unnin í samvinnu við þá aðila sem starfað hafa með Siglingastofnun að þróun upplýsingakerfis um hættulegar öldur og stöðugleika minni fiskiskipa, auk þeirra aðila sem unnið hafa að reiknilíkani um sjávarföll. Jafnframt verður unnið að setningu reglna um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.

Unnið er að könnun á hugsanlegum ferjusiglingum milli Vestmanneyja og lands með ferjulægi við Bakkafjöru. Gerðir hafa verið öldufarsreikningar á siglingaleiðinni og samið hefur verið við Vestmannaeyjahöfn um reglulegar dýptarmælingar við Bakkafjöru til að fylgjast með botnbreytingum. Gert er ráð fyrir að mælingarnar fari fram yfir sumar, haust, vetur og á vorin á tímabilinu 2002–2006.

Vík í Mýrdal. Byggður hefur verið flóðvarnargarður og er fylgst með landbroti reglulega. Vestmannaeyjahöfn mun framkvæma dýptarmælingu með nokkurra ára bili til að geta fylgst með rofi niður á 20 m dýpi.

Breiðamerkursandur. Unnið verður að öldufarsrannsóknum og fylgst með rofi niður á um 20 m dýpi með dýptarmælingum á nokkurra ára bili. Unnið verður að tillögum að sjóvörnum við Jökulsárlón í samvinnu við Vegagerðina.

Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum. Ákvörðun um sjósókn er háð ýmsum þáttum. Veður og sjólag skiptir auðvitað miklu og þá getur aðgangur að nýjum upplýsingum skipt höfuðmáli. Til að varast að fiskiskip verði fyrir áföllum eða hvolfi er brýnt að þekkja tengslin milli stöðugleika skipsins og hæfni þess til að bregðast við áhrifum frá umhverfinu. Beiting slíkrar þekkingar gæti fallið undir áhættustjórnun. Fyrsta skrefið í slíkri áhættustjórnun er að íhuga ásættanlegt áhættustig. Að mati Siglingastofnunar ber að veita sjómönnum á fiskiskipum leiðbeiningar sem ættu að minnsta kosti að fela í sér ráðgjöf svo að halda megi áhættunni innan marka. Í leiðbeiningunum ætti einnig að benda á vænlegustu úrræðin til að draga úr hættu á að skipi hvolfi. Enn sem komið er hefur tengslunum milli stöðugleika skips og hæfni þess til að standast áhrif frá umhverfinu verið gefinn lítill gaumur. Áhersla hefur verið lögð á löggjöf um lágmarksstöðugleika án þess að taka mið af áhrifum frá umhverfinu. Þetta hefur í mörgum tilvikum leitt til þess að sjómenn treysta um of á sjóhæfni skipa sinna, stundum með hörmulegum afleiðingum. Rannsóknir Siglingastofnunar Íslands á hreyfistöðugleika skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila hafa leitt til einfaldari útfærslu á stöðugleikagögnum fyrir fiskiskip og þróuð hafa verið tengsl milli hreyfistöðugleika skipa og áhættumats á brotöldum sem fyrir liggur í upplýsingakerfi stofnunarinnar. Til að gera vinnu um borð í fiskiskipum öruggari er grundvallaratriði að draga úr veltingi eins og hægt er. Þetta er gert m.a. með andveltigeymi og í þróun er búnaður til að hámarka nýtingu andveltigeyma með samhæfingu við hleðslu- og stöðugleikaforrit og stöðugleikamæli (RT-stöðugleikavakt) sem þegar er í notkun í nokkrum skipum.

Siglingastofnun mun, í samvinnu við verkfræðistofur, gera hleðslu- og stöðugleikagögn og gögn um vöktun á stöðugleika aðgengileg og notendavæn svo að upplýsingar um stöðugleika skips liggi ljósar fyrir stjórnanda þess á hverjum tíma. Þessi búnaður mun geta hámarkað nýtingu andveltigeyma. Siglingastofnun mun halda áfram að þróa upplýsingakerfi um veður og sjólag og vinna m.a. að ölduspám fyrir hafnir, grunnsævi og rastir og viðvörunarkerfi fyrir aftakaveður og sjávarflóð.

Sjávarföll og sjávarflóð. Sjávarfallalíkan Siglingastofnunar nær yfir um 5,7 milljóna ferkílómetra svæði með 10 km x 10 km upplausn umhverfis landið. Líkan með meiri upplausn, sem nær yfir suðvesturhluta íslenska landgrunnsins, hefur einnig verið sett upp. Líkanið er byggt á 2 km x 2 km neti og nær yfir um 90.000 ferkílómetra svæði. Unnið er að uppsetningu líkans með 2 km x 2 km upplausn fyrir aðra landsfjórðunga. Nú er unnið að því að kvarða reiknuð sjávarföll sem fengin eru úr sjávarfallalíkaninu og eru niðurstöður líkansins bornar saman við mæld sjávarföll í höfnum. Reklíkani, til að spá fyrir um rek og útbreiðslu olíumengunar, hefur verið bætt við sjávarfalla- og sjávarflóðalíkanið. Líkt er eftir útbreiðslu olíunnar með því að fylgja eftir færslu tiltekins fjölda agna. Rek og útbreiðsla er reiknuð með hliðsjón af vindi og sjávarstraumum úr sjávarfallalíkaninu, auk þess sem stuðst er við

reynslulíkingar fyrir rek og útbreiðslu olíuflekks ásamt veðrun og niðurbroti olíunnar. Stefnt er að því að rek olíu og mengandi efna ásamt reki hluta verði aðgengilegt öllum í landupplýsingakerfi.

Meðal verkefna í umhverfismálum, sem unnið verður að, eru:

- Vinna að upplýsingamiðlun og fræðslu um leiðir til þess að bæta umhverfið.
- Meta losun CO_2 frá skipum og setja reglur sem stuðla að takmörkun hennar. Stefnt er að því að setja um borð í nokkur valin skip mælitæki sem mæla CO_2-magn frá vélbúnaði skipa. Mælibúnaðurinn mundi mæla afgasmagn frá vélum og yrði hafður við afgastúrbínu skipsins.
- Leita leiða til að farga úreltum skipum.
- Stefnt að gildistöku alþjóðlegra reglna sem leiða til frekari takmörkunar á mengandi efnum frá skipum.
- Stuðla að notkun umhverfisvænna orkugjafa.
- Leitast við að draga úr notkun spilliefna í skipum.

Gagnagrunnur fyrir upplýsingakerfi Siglingastofnunar. Byggður hefur verið gagnagrunnur sem heldur utan um raunmælingar og spágögn sem birt eru á heimasíðu Siglingastofnunar. Öflugur gagnagrunnur er forsenda grunnupplýsinga, mælinga og rannsókna sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Rannsóknir sem tengjast öryggi sjófarenda. Árlegur kostnaður fyrsta árið er áætlaður 5 millj. kr. en síðar 10 millj. kr á ári.

Á síðari tímabilum áætlunarinnar verður aukin áhersla lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkostað að lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna. Helstu verkefni eru:

Vatnsþéttleiki skipa. Siglingastofnun telur nauðsynlegt að rannsakað verði til hlítar hvernig loftræstingu um borð í íslenskum fiskiskipum er háttað og hvernig niðurhólfun þessara skipa er fyrir komið. Gerðar verða ráðstafanir að tryggja vatnsþéttleika skipa. Verkefnið yrði kaflaskipt á eftirfarandi hátt:

- Vatnsþétt niðurhólfun skipa.
- Loftræsting og loftskipti milli lokaðra rýma skipsins.
- Stöðugleiki skips í löskuðu ástandi – lekastöðugleiki.
- Hönnunarforsendur á lokunarbúnaði opa á vatnsþéttum þiljum.

Hleðsla og ofhleðsla smábáta. Unnið verður að könnun á leyfilegri hleðslu smábáta og ofhleðslu smábáta almennt og stefnt er að því að leyfileg hámarkshleðsla verði skráð í haffærisskírteini.

Loftflæði til aðalvéla skipa. Kannaðar verða tæknilegar forsendur á rafeindastýrðum gangráði aðalvéla, einnig loftinntök og eldsneytissíur.

Hávaðarannsóknir. Rannsökuð verði hávaðamörk um borð í skipum, þ.e. orsök hávaða, áhrif hans á hvíld og svefn skipverja, afkastagetu og sem mögulegan orsakavald slysa um borð í skipum.

Minjar og saga.

Áætluð fjárþörf er 5 millj. kr. árið 2003, 15 millj. kr. árið 2004 og 20 millj. kr. árin 2005 og 2006. Hjá Siglingastofnun er nú lokið ritun og útgáfu sögu vita á Íslandi frá upphafi vitareksturs til samtíma, en m.a. var sagnfræðingur ráðinn til stofnunarinnar til að sinna því verkefni. Næsta stóra verkefni sem ætlunin er að ráðast í er ritun sögu hafnargerðar á Íslandi og er gert ráð fyrir að því verkefni ljúki á fyrsta áætlunartímabilinu. Að því loknu þarf að takast

á við að halda til haga sögu annarra verkefna sem stofnunin fæst við, svo sem skipaskoðunar og öryggismála sjófarenda almennt.

Af öðrum verkefnum sem undir þennan lið heyra má nefna: Að koma upp upplýsingaskiltum þar sem fram komi saga merkra vita, verstöðva, lendingarstaða og hafnarmannvirkja og leggja til fé til varðveislu valinna mannvirkja (vita, siglingamerkja, lendingarstaða og hafnarmannvirkja) sem ekki eru lengur í notkun. Einnig verði hugað að varðveislu ýmissa minja sem til hafa fallið hjá stofnuninni og forvera hennar og miðlað fróðleik um sögu stofnunarinnar og viðfangsefna hennar. Fyrsta árið er áætlað að Siglingastofnun verji 5 millj. kr. til verkefna af þessu tagi en 20 millj. kr. á ári þegar fram líða stundir.

3.1.4 Stofnkostnaður.

Tæki og búnaður.

Áætlað er að verja til þessa 21 millj. kr. á ári 2003 og 2004, en 25 millj. kr. á ári 2005 og 2006. Hér er um að ræða tæki og búnað fyrir skrifstofu og sérhæfðan búnað til mælinga og rannsókna.

Vitar og leiðsögukerfi.

Áætlað er að verja til þessa 12 millj. kr. á ári 2003 og 2004, en 20 millj. kr. á ári 2005 og 2006. Miðað er við að framlög vegna stofnkostnaðar aukist heldur frá því sem verið hefur og verði 20 millj. kr. á ári í lok áætlunartímabilsins. Taka þarf á í uppbyggingu móttakara og senda fyrir sjálfvirkt upplýsingakerfi um ferðir skipa (AIS-Automatic Identification System), sem byggja þarf upp í samræmi við kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO. Þá er komið að því að endurbyggja nokkra vita frá grunni sem orðnir eru mjög dýrir í viðhaldi.

Hafnir.

Undirbúningur að gerð hafnaáætlunar fyrir árin 2003–2006 hófst með því að sent var bréf til hafnarstjórna í júní 2001. Óskað var eftir að þær gerðu grein fyrir framkvæmdaþörf og æskilegri forgangsröðun verkefna. Svör bárust frá 42 aðilum af 47 sem fengu send gögn. Lauslega áætlað var heildarkostnaður við framkvæmdir sem sveitarfélögin töldu þörf á að lokið yrði á áætlunartímabilinu um 13,2 milljarðar kr., miðað við verðlag um mitt ár 2002.

Við val verkefna nú var, eins og við gerð síðustu hafnaáætlunar, stuðst við reiknilíkan sem gefur hverri framkvæmd stig á grundvelli þarfagreiningar.

Hafnaáætlun verður nú í fyrsta sinn hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002.

Allar kostnaðartölur í áætluninni eru á áætluðu verðlagi um mitt ár 2003 samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps 2003.

Í samgönguáætlun er höfnum skipt upp í hafnir í grunnneti (33 hafnir, 29 hafnarsjóðir) og utan grunnnets (26 minni hafnir).

Samkvæmt tillögu að hafnaáætlun eru eftirfarandi framkvæmdir áformaðar í höfnum grunnnets:

Árið 2003 er áætlað að framkvæma fyrir um 2.279 millj. kr. hjá 22 hafnarsjóðum.
Árið 2004 er áætlað að framkvæma fyrir um 2.093 millj. kr. hjá 22 hafnarsjóðum.
Árið 2005 er áætlað að framkvæma fyrir um 1.941 millj. kr. hjá 19 hafnarsjóðum.
Árið 2006 er áætlað að framkvæma fyrir um 1.513 millj. kr. hjá 19 hafnarsjóðum.

Í höfnum utan grunnnets:

Árið 2003 er áætlað að framkvæma fyrir um 96 millj. kr. hjá 11 hafnarsjóðum.
Árið 2004 er áætlað að framkvæma fyrir um 68 millj. kr. hjá 8 hafnarsjóðum.

Árið 2005 er áætlað að framkvæma fyrir um 162 millj. kr. hjá 7 hafnarsjóðum.

Árið 2006 er áætlað að framkvæma fyrir um 151 millj. kr. hjá 11 hafnarsjóðum.

Samtals er kostnaður við ríkisstyrktar hafnargerðir áætlaður 8.303 millj. kr. á árunum 2003–2006. Hlutur sveitarfélaganna í þessum framkvæmdum er 3.249 millj. kr. en hlutur ríkissjóðs 5.054 millj. kr. Til er ónotuð fjárveiting frá fyrri árum 497 millj. kr. þannig að fjárveitingar til nýframkvæmda á tímabilinu verða 4.557 millj. kr. (4.272 millj. kr. í grunnneti og 285 millj. kr. utan grunnnets). Um 872 millj. kr. af þeirri upphæð koma af sérstöku vörugjaldi, sem er skattur lagður á vörugjald í höfnum.

Hinn 31. mars 2000 gaf samgönguráðuneytið út reglugerð nr. 247, um slysavarnir í höfnum. Í reglugerðinni er kveðið á um öryggisbúnað sem á að vera í höfnum, bryggjustiga, frágang bryggjukanta, lýsingu á hafnarsvæðum, björgunartæki o.fl. Við gerð þessarar áætlunar hafa verkefni sem lúta að slysavörnum fengið forgang þar sem sótt hefur verið framlög til slíks. Framlög undir liðnum: „Óskipt til slysavarna o.fl." eru áætluð 62 millj. kr. á árunum 2003–2006 (47,5 millj. kr. í höfnum grunnnets og 14,9 millj. kr. í höfnum utan grunnnets).

Nánari sundurliðun á kostnaði og kostnaðarskiptingu við einstakar hafnir er að finna í kafla 3.3.2.

Uppgjör eldri framkvæmda. Skuld við hafnarsjóði vegna framkvæmda á árunum 2001 og 2002, sem orðið hafa dýrari en áætlanir gerðu ráð fyrir, alls 17,5 millj. kr., verður gerð upp árið 2003. Nokkuð er um ónotaðar fjárveitingar frá fyrri árum vegna frestunar á verkum eða vegna þess að verkefni voru ódýrari en áætlað var. Hluti þeirrar upphæðar rennur til uppgjörs verkefna sem urðu dýrari en áætlað var. Þá standa eftir ónotaðar fjárveitingar, alls 514 millj. kr., sem endurúthlutað er til nýframkvæmda á áætlunartímabilinu hjá viðkomandi höfn.

Í töflunum hér á eftir er sýnt hvernig ónotuðum fjárveitingum verður ráðstafað á áætlunartímabilinu.

Tafla 3-1

Hafnir í grunnneti, yfirlit yfir ríkishluta í nýframkvæmdum samkvæmt töflu 2. í hafnaáætlun og ráðstöfun ónotaðra fjárveitinga frá 2002 og fyrr.
Fjárhæðir í milljónum króna.

Kjördæmi / Höfn	2003 Ríkishluti í nýframkvæmd (1)	2003 Ætl. staða í árslok 2002 Vantar (2)	2003 Ætl. staða í árslok 2002 Ónotað (3)	2003 Samtals til nýframkvæmda (1)+(2)-(3)	2003 Uppgjör eldri fjárheimilda (5)	2003 Fjárveiting alls (4) + (5)	2004 Ríkishluti í nýframkvæmd (1)	2004 Ónotaður ríkishl. áræl. (2)	2004 Samtals til nýframkvæmda (3) = (1) - (2)	2004 Uppgjör eldri fjárheimilda (4)	2004 Fjárveiting alls (3) + (4)	2005 Ríkishluti í nýframkvæmd (1)	2005 Ónotaður ríkishl. áræl. (2)	2005 Fjárveiting alls (1) - (2)	2006 Ríkishluti í nýframkvæmd (1)	2006 Ónotaður ríkishl. áræl. (2)	2006 Fjárveiting alls (1) - (2)	Samtals 2003-2006
Norðvesturkjördæmi																		
Akranes	101,3		33,2	68,1		68,1	36,2		36,2		36,2	3,0		3,0	23,7		23,7	131,0
Snæfellsbær	73,0		19,9	53,1		53,1	32,0		32,0		32,0	26,4		26,4	36,7		36,7	148,2
Grundarfjörður	8,4		1,2	7,2		7,2	6,0		6,0		6,0				4,5		4,5	17,7
Stykkishólmur	12,6		2,7	9,9		9,9	10,5		10,5		10,5				1,6		1,6	22,0
Vesturbyggð	16,1		16,1				42,7		42,7		42,7	25,8		25,8	74,4		74,4	142,9
Ísafjarðarbær	64,2		12,8	51,4		51,4	29,9		29,9		29,9	48,1		48,1	73,0		73,0	202,4
Bolungarvík	44,3		28,9	15,4		15,4	27,0		27,0		27,0	34,8		34,8	19,9		19,9	97,1
Skagaströnd												10,5	0,4	10,1				10,1
Skagafjörður	11,2		11,1	0,1		0,1									15,6		15,6	15,7
	331,1		**125,9**	**205,2**		**205,2**	**184,3**		**184,3**		**184,3**	**148,6**	**0,4**	**148,2**	**249,4**		**249,4**	**787,1**
Norðausturkjördæmi																		
Siglufjörður	19,3	1,2		20,5		20,5	5,0		5,0		5,0	43,2		43,2	25,2		25,2	93,9
Hafnasamlag Eyjafjarðar	57,1		16,6	40,5		40,5	8,3		8,3		8,3	30,7		30,7	4,7		4,7	84,2
Hafnasamlag Norðurlands	51,5		21,1	30,4		30,4	49,2		49,2		49,2	42,0		42,0	30,0		30,0	151,6
Húsavík	101,8		4,8	97,0		97,0	48,8		48,8		48,8	42,0		42,0	19,8		19,8	207,6
Raufarhöfn	39,3		39,3									4,1		4,1	6,0		6,0	10,1
Þórshöfn	154,2		37,8	116,4		116,4	69,4		69,4		69,4	27,6		27,6				213,4
Vopnafjörður	108,0		5,6	102,4		102,4	31,4		31,4		31,4	27,6		27,6				161,4
Seyðisfjörður	155,5		57,5	98,0		98,0												98,0
Fjarðabyggð	67,2		59,4	7,8		7,8	296,7		296,7		296,7	384,7		384,7	156,0		156,0	845,2
Fáskrúðsfjörður	15,0	3,7		18,7		18,7									5,4		5,4	24,1
Djúpivogur	2,3		0,3	2,0		2,0	26,0		26,0		26,0	3,0		3,0				31,0
	771,2	**4,9**	**242,4**	**533,7**		**533,7**	**534,8**		**534,8**		**534,8**	**604,9**		**604,9**	**247,1**		**247,1**	**1.920,5**
Suðurkjördæmi																		
Hornafjörður	19,9		3,5	16,4		16,4	103,0		103,0		103,0	72,4		72,4	103,1		103,1	294,9
Vestmannaeyjar	163,9		41,3	122,6	15,1	137,7	148,4		148,4		148,4	64,2		64,2	61,6		61,6	411,9
Þorlákshöfn	103,1		38,2	64,9	12,0	76,9	57,0		57,0		57,0	142,6		142,6	54,7		54,7	331,2
Grindavík		*)			93,0	93,0	145,2		145,2	65,9	211,1	115,8		115,8	177,6		177,6	597,5
Sandgerði	14,1		14,1				17,3	15,2	2,1		2,1							2,1
Reykjanesbær	45,0	5,2		50,2		50,2	15,0		15,0		15,0							65,2
	346,0	**5,2**	**97,1**	**254,1**	**120,1**	**374,2**	**485,9**	**15,2**	**470,7**	**65,9**	**536,6**	**395,0**		**395,0**	**397,0**		**397,0**	**1.702,8**
Óskipt til siglingavarna o.fl.	12,8		9,8	3,0		3,0	12,7		12,7		12,7	15,8		15,8	16,0		16,0	47,5
Alls grunnnet	**1.461,1**	**10,1**	**475,2**	**996,0**	**120,1**	**1116,1**	**1.217,7**	**15,2**	**1.202,5**	**65,9**	**1.268,4**	**1.164,3**	**0,4**	**1.163,9**	**909,5**		**909,5**	**4.457,9**

*) *Grindavík, uppgjör eldri fjárheimilda, alls 158,9 m.kr., frá árinu 2004. Ársreikningar er uppgjöri fylgdi 2003.*

Tafla 3-2.

Hafnir í grunnneti, yfirlit yfir ríkishluta í nýframkvæmdum samkvæmt töflu 2. í hafnaáætlun og ráðstöfun ónotaðra fjárveitinga frá 2002 og fyrr.

Fjárhæðir í milljónum króna.

Kjördæmi / Höfn	2003						2004					2005			2006			Samtals
	Ríkishluti í nýfram-kvæmd (1)	Ætl. staða ríkish. í árslok 2002 Vantar (2)	Ónotað (3)	Samtals til nýfram-kvæmda (4)=(1)+(2)-(3)	Uppgjör eldri fjár-heimilda (5)	Fjárveiting alls (4) + (5)	Ríkishluti í nýfram-kvæmd (1)	Ónotaður ríkishl. áræl. (2)	Samtals til nýfram-kvæmda (3) = (1) - (2)	Uppgjör eldri fjár-heimilda (4)	Fjárveiting alls (3) + (4)	Ríkishluti í nýfram-kvæmd (1)	Ónotaður ríkishl. áræl. (2)	Fjárveiting alls (1) - (2)	Ríkishluti í nýfram-kvæmd (1)	Ónotaður ríkishl. áræl. (2)	Fjárveiting alls (1) - (2)	2003-2006
Norðvesturkjördæmi																		
Borgarnes	3,6		0,1	3,5		3,5												3,5
Snæfellsbær	4,7		4,7				7,1		7,1		7,1	1,1		1,1	1,1		1,1	9,3
Dalabyggð	1,6		1,0	0,6		0,6												0,6
Reykhólar															6,8		6,8	6,8
Vesturbyggð	2,2		2,2				1,8		1,8		1,8							1,8
Tálknafjörður												49,9	0,2	49,7	29,4		29,4	79,1
Ísafjarðarbær	8,8		8,8				2,9		2,9		2,9	3,8		3,8	17,3		17,3	24,0
Súðavík		1,8		1,8		1,8						23,6		23,6	5,3		5,3	30,7
Norðurfjörður	3,1			3,1		3,1									2,0		2,0	5,1
Drangsnes	3,1	1,9		5,0		5,0												5,0
Hólmavík							3,0	2,4	0,6		0,6				18,0		18,0	18,6
Blönduós															5,2	0,9	4,3	4,3
Skagafjörður							5,6		5,6		5,6	2,2		2,2	0,3		0,3	8,1
	27,1	**3,7**	**16,8**	**14,0**		**14,0**	**20,4**	**2,4**	**18,0**		**18,0**	**80,6**	**0,2**	**80,4**	**85,4**	**0,9**	**84,5**	**196,9**
Norðausturkjördæmi																		
Hafnasamlag Eyjafjarðar							1,7		1,7		1,7							1,7
Hafnasamlag Norðurlands	0,8		0,8															
Grímsey	8,2	1,7		9,9		9,9	15,9		15,9		15,9	13,5		13,5				39,3
Tjörneshöfn																		
Kópasker							2,5	2,2	0,3		0,3							0,3
Bakkafjörður		2,0		2,0		2,0									3,4		3,4	5,4
Borgarfjörður eystri															1,9		1,9	1,9
Stöðvarfjörður	17,3			17,3		17,3						1,2		1,2				18,5
Breiðdalsvík	6,6		0,2	6,4		6,4												6,4
	32,9	**3,7**	**1,0**	**35,6**		**35,6**	**20,1**	**2,2**	**17,9**		**17,9**	**14,7**		**14,7**	**5,3**		**5,3**	**73,5**
Óskipt til slysavarna o fl.	2,9			2,9		2,9	4,0		4,0		4,0	4,0		4,0	4,0		4,0	14,9
Alls utan grunnets	**62,9**	**7,4**	**17,8**	**52,5**		**52,5**	**44,5**	**4,6**	**39,9**		**39,9**	**99,3**	**0,2**	**99,1**	**94,7**	**0,9**	**93,8**	**285,3**
Samtals hafnir	**1.524,0**	**17,5**	**493,0**	**1.048,5**	**120,1**	**1168,6**	**1.262,2**	**19,8**	**1.242,4**	**65,9**	**1.308,3**	**1.263,6**	**0,6**	**1.263,0**	**1.084,2**	**0,9**	**1.003,3**	**4.743,2**

Kostnaðarskipting milli ríkis og hafnarsjóða.

Við gerð þessarar hafnaáætlunar er fylgt sömu meginreglu við ákvörðun á greiðsluþátttöku ríkissjóðs og í fyrri áætlun. Ríkissjóður greiðir því 75% í hafnargörðum (öldubrjótum), dýpkunum og siglingamerkjum (skv. 21. gr. hafnalaga er hámarkið 90%). Ríkið greiðir enn fremur 60% í bryggjum og öðrum innri mannvirkjum hafna sem styrkhæf eru samkvæmt hafnalögum (það er hámarkið skv. 21. gr. hafnalaga). Þó verður sú breyting á frá fyrri áætlun að gert er ráð fyrir að þátttaka ríkissjóðs í upptökumannvirkjum takmarkist við 12,5% og er þar er tekið mið af reglum Evrópusambandsins.

Í samræmi við ákvæði 28. gr. hafnalaga er gert ráð fyrir að Hafnabótasjóður veiti styrk sem nemur 15% af heildarframkvæmdakostnaði til tekjulágra hafna í fámennum sveitarfélögum. Hlutur þessara minni sveitarfélaga í hafnargörðum og dýpkunum getur því áfram hækkað áður en náð er því hámarki sem kveðið er á um í hafnalögum.

Lendingarbætur.

Hér er um að ræða styrki til einstaklinga, fyrirtækja eða sveitarfélaga til framkvæmda utan skilgreindra hafnarsvæða. Styrkir þessir eru fyrst og fremst til framkvæmda þar sem útgerð og ferðaþjónusta er stunduð í atvinnuskyni.

Ferjubryggjur.

Undir þennan lið falla framlög til viðhalds og endurgerðar hafnarmannvirkja utan skilgreindra hafnarsvæða þar sem ríkið styrkir ferjusiglingar, svo sem í Breiðafjarðareyjum og við Ísafjarðardjúp.

Sjóvarnargarðar.

Lög um sjóvarnir, nr. 28/1997, gengu í gildi 1. janúar 1998 og eru fyrsta lagasetningin á þessu sviði en þetta er önnur fjögurra ára sjóvarnaáætlunin sem lögð er fram í þingsályktunartillögu. Í meginatriðum er byggt á mati á sjóvörnum hjá þeim sveitarfélögum sem sendu erindi, en einnig er stuðst við endurskoðaða yfirlitsskýrslu um sjóvarnir (Siglingastofnun Íslands/Fjarhitun hf., október 2002). Öllum sveitarfélögum, sem nefnd eru í yfirlitsskýrslunni, hefur verið sendur sá hluti hennar þar sem fjallað er um viðkomandi sveitarfélag.

Framkvæmdum var raðað í forgangsröð miðað við tiltekna forgangsflokka, A, B, og C (sjá skýringar síðar). Að auki er í yfirlitsskýrslunni fjallað um verkefni sem eru til athugunar (neðar en C).

A-framkvæmdum er lokið og flestum B-framkvæmdum. Eru því í þessari áætlun aðallega B–C-framkvæmdir og C-framkvæmdir. Heildarkostnaður við framkvæmdir í flokki C og ofar er áætlaður um 444 millj. kr. Í sjóvarnaáætlun fyrir árin 2003–2006 er miðað við að ljúka B, B–C og mestum hluta C-framkvæmda.

Leggja verður áherslu á að sjóvarnarverkefnum verður ekki lokið með þessum áætluðu framkvæmdum. Bæði er töluvert af sjóvörnum 15–20 ára og eldri er þarfnast styrkingar sem ekki eru í þessari áætlun. Svo er á hitt að líta að yfir 10 ár eru frá síðasta stórflóði suðvestanlands, en 5–6 ár á Norðurlandi og Vestfjörðum. Nýtt stórflóð mundi skapa nýja framkvæmdaþörf. Búast má við stórflóðum á 10–20 ára fresti sé tekið mið af reynslu.

Fjárveitingar til sjóvarna. Gert er ráð fyrir að unnið verði að sjóvörnum í 40 sveitarfélögum á áætlunartímabilinu fyrir samtals 428 millj. kr. Að auki er óráðstafað 39 millj. kr. sem hægt verður að grípa til ef mannvirki eru talin í hættu. Alls er því reiknað með að vinna að sjóvörnum fyrir 467 millj. kr. árin 2003–2006. Af þeirri upphæð greiðir ríkið 410 millj. kr. en sveitarfélög/landeigendur 57 millj. kr. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sjóvarnarfram-

kvæmda í nóvember 2002 er gert ráð fyrir að eftir sé af fjárveitingum ársins 2002 og fyrr samtals 24 millj. kr. Þörf fyrir fjárveitingar í ný sjóvarnarverkefni árin 2003–2006 er því alls 386 millj. kr.

Í töflunni hér á eftir er sýnt hvernig staðan er í einstökum sveitarfélögum.

Tafla 3-3. Staða fjárveitinga.

Sjóvarnir, yfirlit yfir ríkishlut í nýframkvæmd, stöðu eldri fjárveitinga og fjárveitingaþörf

Upphæðir í milljónum króna.

Kjördæmi / Sveitarfélag	2003 Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	2003 Staða fjárv. í árslok 2002 Vantar (2)	2003 Staða fjárv. í árslok 2002 Ónotað (3)	2003 Fjárveiting alls (1) + (2) - (3)	2004 Ríkishl. í nýfram-kvæmd (1)	2004 Staða fjárv. í árslok 2002 Vantar (2)	2004 Staða fjárv. í árslok 2002 Ónotað (3)	2004 Fjárveiting alls (1) + (2) - (3)	2005 Ríkishl. í nýfram-kvæmd	2006 Ríkishl. í nýfram-kvæmd	Alls fjárv. 2003 - 2006
NORÐVESTURKJÖRDÆMI											
Akraneskaupstaður					11,3		0,5	10,8		8,7	19,5
Innri-Akraneshreppur	0,9			0,9						1,6	2,5
Snæfellsbær		0,6		0,6	7,0			7,0	5,7	3,3	16,6
Eyrarsveit					6,9		0,1	6,8			6,8
Dalabyggð	1,8	0,2		2,0							2,0
Reykhólahreppur	1,5		0,6	0,9							0,9
Vesturbyggð	5,7			5,7	10,5			10,5			16,2
Ísafjarðarbær		0,9		0,9	5,4			5,4	5,1	13,1	24,5
Súðavíkurhreppur										0,4	0,4
Árneshreppur										2,1	2,1
Kaldrananeshreppur					1,7		0,1	1,6			1,6
Hólmavíkurhreppur					1,8		0,1	1,7			1,7
Broddaneshreppur					2,6			2,6			2,6
Bæjarhreppur										5,9	5,9
Húnaþing vestra					2,0			2,0		5,0	7,0
Blönduósbær	6,3		0,3	6,0					10,8	10,8	27,6
Höfðahreppur	3,1		0,1	3,0							3,0
Skagahreppur	5,5			5,5							5,5
Skagafjörður, svf.										6,9	6,9
	24,8	**1,7**	**1,0**	**25,5**	**49,2**		**0,8**	**48,4**	**21,6**	**57,8**	**153,3**
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI											
Siglufjarðarkaupstaður									7,3	1,9	9,2
Ólafsfjarðarkaupstaður									5,0		5,0
Dalvíkurbyggð	5,3		0,6	4,7	7,3			7,3			12,0
Hríseyjarhreppur										3,9	3,9
Arnarneshreppur										2,4	2,4
Svalbarðsstrandarhr.									1,4		1,4
Grýtubakkahreppur		0,6		0,6	0,9			0,9			1,5
Húsavíkurkaupstaður	5,1		0,2	4,9							4,9
Vopnafjarðarhreppur	5,0		4,8	0,2							0,2
Fjarðabyggð		0,5		0,5							0,5
	15,4	**1,1**	**5,6**	**10,9**	**8,2**			**8,2**	**13,7**	**8,2**	**41,0**
SUÐURKJÖRDÆMI											
Mýrdalshreppur										2,6	2,6
Vestmannaeyjabær	4,7		0,2	4,5							4,5
Árborg, svf.	26,5		15,2	11,3					18,5		29,8
Ölfus, svf.	4,6	0,9		5,5					0,9	4,5	10,9
Grindavíkurkaupstaður		0,5		0,5							0,5
Sandgerðisbær	0,8		0,6	0,2	6,2			6,2	3,6	4,5	14,5
Gerðahreppur	5,7		3,1	2,6	3,2			3,2		6,0	11,8
Reykjanesbær					10,4			10,4	10,4		20,8
Vatnsleysustrandarhreppur	6,7	0,1		6,8	2,5			2,5	7,5	4,5	21,3
	49,0	**1,5**	**19,1**	**31,4**	**22,3**			**22,3**	**40,9**	**22,1**	**116,7**
SUÐVESTURKJÖRDÆMI											
Hafnarfjörður	0,5		0,5								
Bessastaðahreppur	4,1			4,1	3,9		1,1	2,8	15,6	2,0	24,5
Seltjarnarneskaupstaður	5,1			5,1					11,4		16,5
	9,7		**0,5**	**9,2**	**3,9**		**1,1**	**2,8**	**27,0**	**2,0**	**41,0**
ÓSKIPT	0,1			0,1	4,0			4,0	8,4	21,3	33,8
Samtals allt landið	**99,0**	**4,3**	**26,2**	**77,1**	**87,6**		**1,9**	**85,7**	**111,6**	**111,4**	**385,8**

Vinnureglur við úthlutun. 1. gr. laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, fjallar um tilgang sjóvarna og hljóðar svo:

„Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða sjóvarnir en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra.

Framlög til sjóvarna ákvarðast af fjárlögum hverju sinni."

Ákvæði í 3. gr. laganna þar sem fjallað er um mat á nauðsyn framkvæmda og forgangsröðun er svohljóðandi:

„Umsóknir um framlag úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun. Í áætluninni skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina."

Í sjóvarnaáætlun er leitast við að uppfylla eftirfarandi atriði sem tilgreind eru í 3. gr. laga um sjóvarnir sem undirbúningur fyrir sjóvarnaáætlun:

- *Meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar.*

  Það var gert með því að leggja mat á sjávarógn. Leitast var við að meta flóðahættu og ölduorku, landhæð og fjarlægð mannvirkja frá sjávarkambi og jarðfræði strandar með tilliti til landbrotshættu. Skráð tjón vegna sjávargangs og flóða komu einnig til skoðunar í þessu sambandi.
- *Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði.*

  Lagt var mat á verðmæti sem eru ofan við sjávarkamb og gætu hugsanlega orðið fyrir tjóni. Einnig var á nokkrum stöðum tekið tillit til þess ef mikilvægt er að fyrirbyggja að sjórinn breyti verulega strandlínu eða strandlandslagi með því t.d. að brjóta niður granda eða eiði.
- *Gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð.*

  Framkvæmdum var raðað í forgangsröð með hliðsjón af sjávarógn, verðmæti ofan við sjávarkamb og enn fremur fjarlægð frá mannvirkjum, landhæð og jarðfræði strandar, sbr. þá tvo þætti sem taldir eru hér að framan.
- *Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.*

  Fyrirhuguðum sjóvörnum er lýst, lengd sjóvarnar er tilgreind og lagt mat á uppbyggingu þversniðs og magntölur á hverjum stað.
- *Áætlaður kostnaður.*

  Á grundvelli magntalna, sbr. næsta lið á undan, eru gerðar kostnaðaráætlanir fyrir allar sjóvarnaframkvæmdir. Einingaverð fer eftir aðstæðum og fjarlægð í grjótnám og getur verið mjög mismunandi. Verðlag miðast við verðlag fjárlaga 2003.

Hvaða sjóvarnir eru styrkhæfar: Sjóvarnagerð með ríkisstyrk hefur langmest verið við byggð svæði eða þar sem hús og önnur dýrmæt mannvirki hafa verið í hættu. Mun minna hefur verið um styrki til að verja land eingöngu, sérstaklega seinni árin, þótt dæmi séu um sjóvarnir við nytjaland, en kostnaður við sjóvörn verður þá oft mun hærri en verðmæti lands sem á að verja. Sjóvörn á nýjum landfyllingum og landvinningum og fyrir hús eða mannvirki

sem byggð hafa verið þar hefur yfirleitt verið án styrkja frá ríkissjóði nema að því marki sem kostað hefði að verja gömlu strandlínuna.

Sjóvarnir og skipulag: Gert er ráð fyrir að tekið verði á sjóvörnum á lágsvæðum með fyrirbyggjandi hætti í skipulagi í því augnamiði að tryggja öryggi og minnka þörf fyrir sjóvarnir. Það verði gert með skipulagsákvæðum um lágmarkslandhæð og gólfkóta og eins lágmarksfjarlægð frá fjörukambi eða sjóvörn. Reiknað er með að ríkisstyrkur til sjóvarna á landfyllingum miðist, þar sem það á við, við sjóvörn á gömlu strandlínunni. Siglingastofnun hefur í nokkrum tilvikum gert fyrirvara um skipulag byggðar á „útsettum" svæðum nálægt sjó og vakið athygli á lágmarksfjarlægð milli húsa og fjörukambs eða sjóvarnargarðs.

Sjóvarnir og hækkun sjávarborðs vegna gróðurhúsaáhrifa: Hækkun sjávarborðs vegna gróðurhúsaáhrifa hefur afleiðingar í þessu sambandi, sbr. eftirfarandi tilvitnun í nefndarálit Íslensku vísindanefndarinnar um loftslagsbreytingar (september 2000):

„Nauðsynlegt er að ákvæði séu í skipulags- og byggingarlögum og/eða reglugerðum sem setja ákveðin skilyrði varðandi mannvirki á hafnarsvæðum og öðrum lágsvæðum. Þegar skipuleggja þarf byggð á lágsvæðum og ákveða lægstu gólfhæðir húsa og lóða þá er talið rétt að miða við 100 ára tímabil eða fram til ársins 2100. Bæta verður við þá lágmarkshæð sem talin er þörf á núna, um 0,5 m, auk 0,15 m hækkunar vegna landsigs og öryggisstuðuls, eða samtals 0,65 m þar sem landsig á sér stað, en um 0,5 m þar sem landsig er ekki umtalsvert."

Um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga: Skv. 7. gr. sjóvarnalaga greiðir ríkissjóður allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmd við sjóvarnir sem gerðar eru í samræmi við lög um sjóvarnir. Í sjóvarnaáætluninni er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði ⅞ kostnaðar við sjóvarnir, en viðkomandi sveitarsjóður eða landeigendur ⅛ Þó kann að verða frá þessu vikið í nokkrum tilvikum til hækkunar á hlut sveitarfélaga eða landeigenda. Þess eru dæmi að umráðamenn lands hafi lagt mun meira en ⅛ úr eigin sjóðum til þess að auka við framkvæmdina.

Nánar um forgangsröðun framkvæmda: Í skýrslu sem Hafnamálastofnun (nú Siglingastofnun) lét vinna árið 1983 var framkvæmdum í fyrsta skipti raðað í forgangsflokka, A, B, C, D. Rúmlega áratug síðar, í „Yfirlitsskýrslu um sjóvarnir" frá 1995, urðu aðalflokkarnir þrír og til viðbótar framkvæmdir til athugunar sem ekki komust inn á áætlun.

A. Áhættukafli samkvæmt reynslu. Mikil verðmæti í húfi og öryggismál fyrir íbúana. Mjög aðkallandi framkvæmd.

B. Nokkur áhætta og töluverð verðmæti í húfi en ekki eins mikil og í A, t.d. færri hús eða minni líkur á að tjón verði mikið. Nauðsynleg framkvæmd sem kemur á eftir A-framkvæmdum.

C. Minni áhætta en í B og/eða minni verðmæti í húfi en æskileg eða nauðsynleg framkvæmd engu að síður. Gæti þurft að endurmeta flokkun síðar, t.d. ef landbrot hefur stytt vegalengd að mannvirki eða grafið hefur frá undirstöðum húss. Æskileg eða nauðsynleg framkvæmd.

Til athugunar: Verk sem eru neðar en í C-flokki en geta samt sem áður verið nauðsynleg, þótt síðar verði.

B–C-flokkur er á milli B og C, þannig að áætlunarflokkarnir eru í raun fjórir, en þar sem A-framkvæmdum er lokið, a.m.k. þar til næsta stóra sjávarflóð kemur, og B-framkvæmdum lýkur árið 2003 eru flokkarnir eftir það tveir, B–C og C.

Til þess að raða framkvæmdum í flokka var með stigagjöf lagt mat á:

a. sjávarógn, þ.e. ölduálag og flóðahættu,
b. fjarlægð frá sjávarkambi og landhæð,
c. verðmæti ofan við sjávarkamb (einkum hús og mannvirki en einnig land).

Hver þessara þátta fékk ákveðið vægi og síðan fékk hver framkvæmd stig fyrir hvern þátt sem voru svo vegin og lögð saman. Þau svæði sem fengu flest stig lentu í B-flokki, en annars í B–C eða C-flokki. Að lokum eru allmargar framkvæmdir sem lentu í flokknum til athugunar.

Í aðalatriðum er farið eftir þessari röðunaraðferð. Frávik geta þó orðið m.a. vegna þess að allmargar C-framkvæmdir voru komnar inn á áætlun 2003 og 2004 og var reynt að halda tímasetningu þeirra óbreyttri. Einnig er hagkvæmara að vinna samtímis nokkra litla áfanga í sama sveitarfélagi eða grannsveitarfélögum.

Hafnabótasjóður, framlag.

Framlag til Hafnabótasjóðs samkvæmt gildandi lögum kemur fram í þessum lið. Þar sem mjög hefur gengið á sjóðinn á síðustu árum er gert ráð fyrir að framlagið hækki er líður á áætlunartímabilið.

3.2 Um flokkun hafna.

Siglingastofnun hefur skilgreint staðalkröfur fyrir fiskihafnir. Staðalkröfurnar greinast í tvennt:

- Tæknikröfur sem lúta að skipulagi hafna og hafnasvæða, gæðum innsiglingar og kyrrð í höfninni.
- Notendakröfur sem eru reglur varðandi mat á nýtingu á bryggjuplássi, þ.e. hvort höfn annar þeim fjölda skipa sem þar leggur að og landar, enn fremur hvort aðstaða þarf að vera fyrir farmskip og viðmiðunarreglur varðandi ýmsan búnað hafna.

Þróun fiskiskipaflotans hefur síðustu áratugi verið í átt að stærri og djúpristari skipum. Siglingastofnun hefur aðlagað staðalkröfur til fiskiskipahafna að þessari þróun og er nú t.d. krafist meira dýpis í stærri höfnum en áður. Einnig hafa kröfur um burðarþol hafnarbakka (þekja) aukist mjög. Fyrir tveimur áratugum var miðað við 1–3 t/m^2 í flestum höfnum (nema þeim allra stærstu). Nú er miðað við allt að 6 t/m^2 þar sem notkun gámalyftara er leyfð. Almennt gildir að hafnarmannvirki verða að hafa a.m.k jafnmikið burðarþol og aðliggjandi þjóðvegir.

Höfnum er skipt niður í fjóra flokka og eru mismunandi staðalkröfur gerðar í hverjum þeirra. Flokkun þessi hefur verið nýtt við að forgangsraða framkvæmdum með tilliti til ríkisframlags á hafnaáætlun. Flokkunin er unnin með hjálp reiknilíkans sem tekur mið af eftirfarandi:

- Þjónustustigi sem höfn veitir.
- Aflamagni sem landað er í viðkomandi höfn.
- Verðmæti afla sem landað er.
- Magni sem unnið er í viðkomandi verstöð.
- Vöruflutningum sem fara um höfnina.
- Aðstæðum til hafnargerðar á viðkomandi stað.

Allar hafnir í flokkum I og II eru í grunnneti og auk þess iðnaðarhöfnin á Grundartanga. Utan grunnnets eru fiskihafnir í flokkum III og IV og iðnaðarhöfnin við þörungaverksmiðjuna á Reykhólum.

Tafla 3-4. Flokkun hafna.

Flokkur I, stórar fiskihafnir.

*Akraneshöfn	*Akureyrarhöfn	*Eskifjarðarhöfn
*Fáskrúðsfjarðarhöfn	*Grindavíkurhöfn	Hafnarfjarðarhöfn
*Hornafjarðarhöfn	*Höfnin Keflavík–Njarðvík	Ísafjarðarhöfn
*Neskaupstaðarhöfn	*Reykjavíkurhöfn	*Seyðisfjarðarhöfn
*Siglufjarðarhöfn	*Vestmannaeyjahöfn	*Þorlákshöfn

* Stjörnumerktar eru hafnir þar sem landað er uppsjávarfiski.

Flokkur II, meðalstórar fiskihafnir.

*Bolungarvíkurhöfn	Dalvíkurhöfn	*Djúpavogshöfn
Grundarfjarðarhöfn	Húsavíkurhöfn	*Ólafsfjarðarhöfn
Ólafsvíkurhöfn	Patreksfjarðarhöfn	*Raufarhöfn
*Reyðarfjarðarhöfn	Rifshöfn	*Sandgerðishöfn
Sauðárkrókshöfn	Stykkishólmshöfn	Skagastrandarhöfn
*Vopnafjarðarhöfn	*Þórshöfn	

*Stjörnumerktar eru hafnir þar sem landað er uppsjávarfiski.

Flokkur III, bátahafnir.

Árskógssandshöfn	Bíldudalshöfn	Blönduóshöfn
Flateyrarhöfn	Hólmavíkurhöfn	Hvammstangahöfn
Stöðvarfjarðarhöfn	Suðureyrarhöfn	Súðavíkurhöfn
Tálknafjarðarhöfn	Þingeyrarhöfn	

Flokkur IV, smábátahafnir.

Arnarstapahöfn	Bakkafjarðarhöfn	Borgarfjarðarhöfn eystri
Breiðdalsvíkurhöfn	Brjánslækjarhöfn	Drangsneshöfn
Grenivíkurhöfn	Grímseyjarhöfn	Hjalteyrarhöfn
Hofsóshöfn	Hríseyjarhöfn	Kópaskershöfn
Norðurfjarðarhöfn	Vogahöfn	

Auk þeirra 57 fiskihafna sem tilgreindar eru í framantöldum fjórum flokkum eru nokkrir minni löndunarstaðir.

Fyrir hvern flokk er miðað við hönnunarskip sem skilgreint er út frá lengd, breidd og djúpristu (sjá töflu 3-5).

Tafla 3-5. Skilgreining á hönnunarskipum eftir flokkum hafna.

	Flokkur I **Stórar fiskihafnir**	**Flokkur II** **Meðalstórar fiskihafnir**	**Flokkur III** **Bátahafnir**	**Flokkur IV** **Smábátahafnir**
Hönnunarskip	**Fiskiskip,** 70–80 m löng 12–16 m breið 7,0–8,5 m djúprista **Flutningaskip,** 100–130 m löng, 14–19 m breið 6–7 m djúprista	**Fiskiskip,** 50–60 m löng 10–12 m breið 6–7 m djúprista*) **Flutningaskip,****) 80–110 m löng, 12–16 m breið 5–6 m djúprista	**Fiskiskip,** 40–50 m löng 7–9 m breið 5–6 m djúprista*)	**Fiskiskip,** 10–15 m löng 3–4 m breið 2–3 m djúprista

*) Ef löndun á uppsjávarfiski er yfir 10.000 tonn að meðaltali miðað við þriggja ára tímabil þarf að taka mið af dálki I, stórar fiskihafnir.

**) Ekki er þörf á aðstöðu fyrir flutningaskip ef samgöngur eru greiðar allt árið við nálæga flutningahöfn.

Tafla 3-6. Helstu staðalkröfur fyrir fjóra flokka hafna.

	Flokkur I Stórar fiskihafnir	Flokkur II Meðalstórar fiskihafnir	Flokkur III Bátahafnir	Flokkur IV Smábátahafnir
Innsigling, breidd rennu	Breidd siglingarennu 2–5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2–5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2–5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum	Breidd siglingarennu 2–5 x breidd hönnunarskips, háð aðstæðum
Sæflötur hafnar	Stærri en 10 ha	Stærri en 5 ha	Hafnarkví stærri en 1 ha með öruggu skjóli fyrir báta	Hafnarkví stærri en 70 m² x fjöldi smábáta sem notar höfnina >5% tímans
Snúningssvæði	*Flutningaskip* D >1,5 x lengd hönnunarskips. Sé snúið við bryggju eða ef dráttarbátur er til aðstoðar telst það vera í lagi þótt þvermál snúnings sé 15% minna. *Fiskiskip* D >1,2 x lengd hönnunarskips	*Flutningaskip* D >1,5 x lengd hönnunarskips. Má þó vera allt að 20% minna snúningsþvermál sé snúningur við bryggju eða ef dráttarbátur er til staðar. *Fiskiskip* >1,2 x lengd hönnunarskips	D >1,2 x lengd hönnunarskips	D >1,2 x lengd hönnunarskips
Dýpi				
í innsiglingu	>9 m á smástr.fj. háð kenniöldu	>7,5 m á smástr.fj. háð kenniöldu	6,5 m á smástr.fj. háð kenniöldu	4 m á smástr.fj. háð kenniöldu
á snúningssvæði	>8,5 m á smástr.fj.	>7 m á smástr.fj.	>6 m á smástr.fj.	>3 m á smástr.fj.
við löndunarkant	>9 m á stórstr.fj.	>7,5 m á stórstr.fj.	>6,5 m á stórstr.fj.	>2,5 m á stórstr.fj.
Kyrrð, gæði viðlegukanta	A– B	A–B	A–B	A–B
Landrými við kanta	Athafnasvæði við flutninga- og löndunarkanta >30 m á breidd. Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Athafnasvæði við löndunarkanta >25 m á breidd. Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Athafnasvæði við löndunarkanta > 20 m á breidd. Ef athafnasvæði er minna og lestun/ losun krefst notkunar ökutækja skerðist nýting viðkomandi löndunarkants	Smábátar landa við krana. Akstursbreidd við krana > 12 m

4 VEGÁÆTLUN

Inngangur.

Vorið 2000 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vegáætlun 2000–2004. Sú áætlun átti að endurskoðast veturinn 2001–2002. Á því þingi voru samþykkt lög um samgönguáætlun, sem tekur bæði til tólf ára áætlunar og fjögurra ára áætlunar. Fjögurra ára áætlunin á meðal annars að innihalda vegáætlun. Með tilliti til þessa fór ekki fram hefðbundin endurskoðun vegáætlunar á síðasta þingi, heldur var hún einungis endurskoðuð til eins árs, þ.e. 2002. Til að skapa nokkra festu í fjármálum stærri verkefna, sem boðin eru út 2002 eða fyrr

og lýkur ekki fyrr en 2003 eða 2004, var birtur listi yfir skuldir og skuldbindingar með nefndar
áliti meiri hluta samgöngunefndar.

Vegáætlun nú nær yfir árin 2003–2006. Hún tekur nokkurt mið af fyrri vegáætlun, 2000–2004, og áðurnefndum skuldbindingum sem fram komu í nefndaráliti meiri hluta samgöngunefndar. Vegáætlun verður nú í fyrsta sinn hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun nr. 71, 8. maí 2002.

4.1 Fjármál.

Heildarfjármagn.

Heildarfjármagn til vegamála á árinu 2003 er 13.398 millj. kr. Af því fara 330 millj. kr. í greiðslu skulda við ríkissjóð. Ráðstöfunarfé hjá Vegagerðinni verður þá 13.068 millj. kr. Til samanburðar má nefna að heildarfjármagn til vegamála 2002 var 11.662 millj. kr. og jafngildir þetta 11–12% aukningu á föstu verðlagi.

Meiri hluti fjárins kemur frá mörkuðum tekjustofnum eða 10.485 millj. kr. Til viðbótar koma framlög úr ríkissjóði. Skipta má þeim í þrennt. Í fyrsta lagi er ríkisframlag 1.413 millj. kr., í öðru lagi framlag til jarðgangagerðar 1.200 millj. kr. og í þriðja lagi 300 millj. kr. framlag, sem tengist sölu eigna Vegagerðarinnar í Grafarvogi, samkvæmt heimild í frumvarpi til fjárlaga 2003.

Nokkur aukning verður á heildarfjármagni áranna 2004–2006. Þar kemur til að reiknað er með að markaðir tekjustofnar vaxi um 1–2% á ári út tímabilið vegna aukinna umsvifa í þjóðfélaginu. Er þá horft til þungaskattsins, bæði árgjalds og km-gjalds. Þá er miðað við að ríkisframlag hækki úr 1.413 millj. kr. í 1.513 millj. kr. árin 2004–2005 og í 1613 millj. kr. 2006. Framlag til jarðganga hækkar úr 1.200 millj. kr. í 1.500 millj. kr. árin 2004 og 2006, en verður 2.200 millj. kr. árið 2005. Á móti þessum hækkunum fellur framlag vegna eignasölu niður 2004. Gert er ráð fyrir að markaðir tekjustofnar verði hækkaðir til samræmis við verðlagshækkanir á tímabilinu, svo og ríkisframlög, þannig að áætlunin haldi verðgildi sínu.

Endurgreiðslur af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga og vegna kaupa á ferjuskipum halda áfram yfir allt tímabilið. Þessar skuldir eru við ríkissjóð.

Verðlagsgrundvöllur.

Allar tölur í tillögunni eru settar fram á verðlagi frumvarps til fjárlaga 2003 (vísitala vegagerðar 6940). Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 2004–2006 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi til áætlaðs verðlags 2004.

4.1.1 Tekjur og framlög.

Markaðar tekjur.

Vegagerðin hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Jafnan hefur verið miðað við byggingarvísitölu þegar upphæð bensíngjalds og gjaldskrár þungaskatts hafa verið ákveðnar og voru viðmiðunarmörk sett með lögum um fjáröflun til vegagerðar á árinu 1986. Bensíngjald var síðast hækkað 1. júní 1999 um 3,89%. Þungaskattur var síðast hækkaður 1. júní 1999 um 2%. Þungaskattur, km-gjald, var síðan lækkaður 11. febrúar 2001 um 10%. Dregið hefur verulega í sundur með gjaldskrám bensíngjalds og þungaskatts og byggingarvísitölu, þ.e. breytingar á gjaldskrám hafa ekki fylgt þróun byggingarvísitölu. Slaki í bensíngjaldi var í nóvember 2002 28,2% en 27,9% í þungaskatti, árgjald, og um 50% í km-gjaldi. Hækkanir á gjaldskrám markaðra tekna Vegagerðarinnar þóttu ekki vænlegar á árunum 2000 og 2001 vegna verðhækkana á bensíni og dísilolíu. Enn þykir ekki álitlegt að hækka gjald-

skrá bensíngjalds og þungaskatts og er því ekki gert ráð fyrir að gjaldskrár þeirra verði hækkaðar á árinu 2003. En gert er ráð fyrir að þess verði gætt að gjaldskrárnar fylgi verðþróun á áætlunartímabilinu.

Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða álagningu markaðra tekna á árunum 2003–2006. Allar upphæðir eru í milljónum króna á verðlagi vegáætlunar 2003.

Ár	Bensín-gjald	Þungaskattur km-gjald	Þungaskattur árgjald	Leyfisgjöld flutninga	Leyfisgjöld leigubifreiða	Alls
2003	5.434	2.549	2.539	10	6	10.538
2004	5.434	2.617	2.607	4	6	10.668
2005	5.434	2.736	2.726	4	6	10.906
2006	5.434	2.808	2.797	4	6	11.049

Bifreiðaeign.

Nokkur samdráttur var í innflutningi bifreiða á árunum 1992–1994. Árlegur innflutningur var þá á bilinu 6–8 þúsund bifreiðar og minnkaði bifreiðaeign landsmanna verulega á þessum árum. Frá og með árinu 1995 jókst innflutningur að nýju og náði hámarki á árinu 1999 þegar nýskráðar bifreiðar voru alls 18.990. Á árinu 2001 voru nýskráðar bifreiðar einungis 9.024. Í ársbyrjun 2002 áttu landsmenn 181.566 bifreiðar.

Ársbyrjun	Fólksbílar	Fólksbílar á 1.000 íbúa	Hópferðabílar	Vörubílar	Bifreiðar alls
	14.228	89	325	5.703	20.256
1970	37.304	183	555	5.727	43.586
1980	81.025	357	1.117	7.873	90.015
1990	124.273	490	1.328	12.177	137.778
1991	119.731	468	1.328	13.122	134.181
1992	120.862	466	1.389	14.623	136.874
1993	120.146	459	1.157	14.845	136.148
1994	116.195	439	1.193	14.451	131.839
1995	116.243	435	1.249	14.348	131.840
1996	119.232	445	1.295	14.757	135.284
1997	124.909	463	1.363	15.260	141.532
1998	132.468	487	1483	16.027	149.978
1999	140.372	510	1.544	16.550	158.466
2000	151.409	543	1.621	17.807	170.837
2001	158.936	562	1.673	19.432	180.041
2002	159.865	558	1.711	19.990	181.566

Tekjur af bensíni.

Bensínsala jókst um 0,6% milli áranna 2000 og 2001. Bensínsalan nam 190,4 milljónum lítra á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 2001. Tölur um bensínsölu ársins 2002 benda til að seld verði um 191 milljón lítra sem er svipuð sala og sl. ár. Ekki er gert ráð fyrir aukinni sölu bensíns, þar sem bæði hafa komið fram sparneytnari bifreiðar og eins hefur nú dregið úr innflutningi fólksbifreiða. Áætluð bensínsala árið 2003 er 190 milljónir lítra.

Bensíngjald var hækkað um 3,5% 15. júní 1998 og um 3,89% 1. júní 1999 og er bensíngjald nú 28,60 kr./l af blýlausu bensíni. Slaki í bensíngjaldi er nú 28,2%. Ekki er gert er ráð fyrir að bensíngjald verði hækkað á árinu 2003. Reiknað er með að bensíngjald hækki miðað við verðlagsþróun á vegáætlunartímabilinu.

Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum. Um er að ræða tvenns konar þungaskatt. Annars vegar árgjald, sem innheimt er af flestum smærri dísilbifreiðum og hins vegar km-gjald, en þá er greitt af akstri samkvæmt ökumæli. Allar stærri dísilbifreiðir greiða km- gjaldið, en eigendur smærri dísilbifreiða geta greitt km-gjald í stað árgjalds, ef þeir óska.

Á sl. þremur árum hafa tvisvar verið gerðar breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Fyrri breytingin var gerð með lögum nr. 31/2000, þegar 100 þús. kr. fast gjald, sem lagt var á bifreiðar 14 tonn og þyngri með lögum nr. 83/1998, var fellt úr gildi og km-gjaldið hækkað á móti eins og það hafði verið lækkað með lögunum frá 1998. Með sömu lögum, nr. 31/2000, var einnig fellt úr gildi leyfi til að velja fyrir fram að greiða fast gjald miðað við 95.000 km akstur óháð raunverulegum akstri, sem tekið hafði gildi með lögum nr. 151/1998.

Þessar tíðu breytingar á skattlagningu þungaflutninga hljóta að vera starfseminni mjög erfiðar. Seinni breytingin var gerð með lögum nr. 165/2000 er gjaldskrá km-gjalds, þungaskatts, var lækkuð um 10%.

Aukning á innheimtu þungaskatts hefur verið mikil undanfarin ár, og má rekja hana annars vegar til fjölgunar dísilbifreiða, einkum jeppa, og hins vegar til bætts eftirlits og innheimtu á þungaskatti.

Dísilbifreiðaeign landsmanna, einkum jeppaeign, hefur aukist um 80% frá ársbyrjun 1997 til ársbyrjunar 2002 og hefur því innheimta á árgjaldi þungaskatts aukist hvað mest og var aukningin um 25% milli áranna 1999 og 2000, 7% milli áranna 2000 og 2001 og stefnir í rúmlega 2% milli áranna 2001 og 2002. Innheimta á km-gjaldi þungaskatts hefur hins vegar aukist heldur hægar eða um 9% milli áranna 1999 og 2000, 5% milli áranna 2000 og 2001 og stefnir í að tekjustofninn minnki um 6% milli áranna 2001 til 2002. Aukningin á km-gjaldi þungaskatts hefur skýrst að mestu leyti af auknum akstri stærri dísilbifreiða.

Frá því í ársbyrjun 1994 hefur Vegagerðin séð um eftirlit með þungaskatti og í kjölfarið hefur eftirlitið stóraukist. Með lagabreytingu snemma á árinu 1996 voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi álagningar og innheimtu þungaskattsins, m.a. var álagningin færð yfir til ríkisskattstjóra. Einnig voru viðurlög við brotum hert. Auk þessa hafa reglulega verið gerð átök í innheimtumálum. Árangurinn hefur orðið töluverður.

Gjaldskrár þungaskatts voru síðast hækkaðar 1. janúar 1999 um 3,5% og um 2% 1. júní 1999. Ekki er gert ráð fyrir að gjaldskrár þungaskatts verði hækkaðar á árinu 2003. Reiknað er með að þungaskattur verði hækkaður í takt við verðlagsþróun á vegáætlunartímabilinu.

Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða.

Aðrar markaðar tekjur eru, annars vegar, leyfisgjöld flutninga og hins vegar, leyfisgjöld leigubifreiða. Vegagerðin sér um útgáfu leyfa til fólks- og vöruflutninga og atvinnuleyfa til leigubílstjóra og innheimtir gjald fyrir leyfin samkvæmt lögum. Ný lög um fólks-, vöru- og efnisflutninga á landi, nr. 73/2001, voru samþykkt af Alþingi vorið 2001 og lög um leigubifreiðar, nr. 134/2001, voru samþykkt í desember 2001 og var með þeim gjaldtaka leyfisveitinga ákveðin. Áætlaðar tekjur af leyfisveitingum eru 16 millj. kr. árið 2003 og 10 millj. kr. á ári 2004–2006.

Umsýslugjald.

Umsýslugjald er 0,5% af mörkuðum tekjum eins og verið hefur og rennur það í ríkissjóð.

Ríkisframlag.
Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita auknu fjármagni til nýbygginga vega á næstu árum. Á árinu 2003 verður ríkisframlag 1.413 millj. kr., 1.513 millj. kr. árin 2004–2005 og 1.613 millj. kr. árið 2006.

Framlög vegna jarðganga.
Við afgreiðslu vegáætlunar 2000–2004 á Alþingi vorið 2000 var tekin ákvörðun um að veita umtalsverðu fjármagni úr ríkissjóði til vegamála og þar á meðal til jarðgangagerðar. Fjár til jarðgangagerðar var ætlað að afla meðal annars með sölu ríkiseigna. Gert er ráð fyrir að 1.200 millj. kr. komi á árinu 2003, 1.500 millj. kr. árin 2004 og 2006 en 2.200 millj. kr. árið 2005.

Eignasala.
Á árinu 2003 er gert ráð fyrir sölu lóðar í Reykjavík í eigu Vegagerðarinnar og á að ráðstafa andvirði hennar, 300 millj. kr., til vegagerðar. Heimild til sölunnar er í frumvarpi til fjárlaga 2003.

4.1.2 Viðskiptahreyfingar.
Á árunum 2003–2008 er gert ráð fyrir að endurgreiða lán sem tekið var vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga og er sú greiðsla 40 millj. kr. á ári. Auk þess verður á árunum 2003–2007 haldið áfram að greiða afborganir af lánum vegna kaupa á ferjum. Á árinu 2003 er þessi greiðsla 290 millj. kr., rúmlega 321 millj. kr. á ári á árunum 2004–2006.

4.1.3 Rekstur og þjónusta.
Uppsetning áætlunarinnar er í samræmi við uppsetningu samgönguáætlun og annarra stofnanaáætlana og er að mestu leyti eins og í vegáætlun fyrir árið 2002.

Yfirstjórn.
Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, stjórnsýslusvið, tæknisvið og þróunarsvið. Þessi svið sjá um stjórn stofnunarinnar, fjármál hennar, bókhald og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, fjárhags- og rekstraráætlanir, kostnaðareftirlit, lögfræði og starfsmannamál, hönnun verka, stjórn verka og eftirlit með þeim, gerð áætlana, setningu staðla og ýmsar rannsóknir.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdirnar sem ráðist er í hafa stöðugt orðið stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður. Undirbúningur verkanna verður því tímafrekari og dýrari. Þá vex stöðugt þörfin fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlit með þeim. Mjög mikil vinna hefur reynst við stjórn og eftirlit nýrra verkefna varðandi fólks- og vöruflutninga og við gerð þjónustusamninga um almenningssamgöngur og eftirlit með þeim. Loks má nefna að auknar kröfur um upplýsingagjöf og þjónustu til vegfarenda auka kostnaðinn.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 300 millj. kr. árið 2003 og fari hækkandi, verði 303 millj. kr. 2004, 310 millj. kr. 2005 og 320 millj. kr. 2006.

Upplýsingaþjónusta.
Upplýsingasöfnun um ástand vegakerfisins og umferð hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Jafnframt hefur þörf á upplýsingagjöf til vegfarenda vaxið hröðum skrefum.

Lagt er til að fjárveitingar verði 74 millj. kr. 2003, 78 millj. kr. 2004, 80 millj. kr. 2005 og 81 millj. kr. 2006.

Umferðareftirlit.

Verkefnum sem falla undir þennan lið fjölgar stöðugt. Frá ársbyrjun 1994 hefur umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með þungaskatti sem áður var í höndum fjármálaráðuneytis.

Frá árinu 1996 annast umferðareftirlit eftirlit með ökuritum og að reglum um hvíldartíma ökumanna sé fylgt. Árið 2001 var bætt við leyfisveitingum og eftirliti með fólks-, vöru- og efnisflutningum og 2002 bættust við leyfisveitingar fyrir leigubifreiðar.

Gert er ráð fyrir að ýmis verkefni á sviði umferðaröryggis sem áður voru undir þessum lið séu flutt á liðinn öryggisaðgerðir sem gerð verður grein fyrir síðar.

Lagt er til að fjárveitingar verði 55 millj. kr. 2003, 59 millj. kr. 2004 og 62 millj. kr. árin 2005 og 2006.

Þjónusta.

Þjónusta tekur til þeirrar viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og vera þarf til að ná þeim markmiðum sem sett eru um greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Áætlað hefur verið að fjárþörf til almennrar þjónustu sé um 1.600–1.700 millj. kr. á ári. Meðalkostnaður við vetrarþjónustu hefur verið 900–1.000 millj. kr. á ári undanfarin fimm ár. Kröfur um aukna þjónustu fara vaxandi og þar með fjárþörf. Lagt er til að fjárveitingar verði 2.504 millj. kr. 2003, 2.715 millj. kr. 2004, 2.580 millj. kr. og 2.585 millj. kr. 2006.

Verkefnum þessum er skipt í sex meginflokka, þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til merkinga og vegbúnaðar, til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis og loks til vetrarþjónustu.

Þjónustusvæði.

Lagt er til að fjárveitingar verði 330 millj. kr. 2003 og verði varið til þess að greiða kostnað í umdæmum við stjórnun, upplýsingamiðlun og eftirlit með vegum auk margs annars sem stuðlar því að fólk komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt. Ýmis sameiginleg og ófyrirséð verkefni verða einnig greidd af þessum lið. Lagt er til að fjárveiting þessi aukist lítillega með vaxandi umferð og verði 335 millj. kr. 2004 og 340 millj. kr. 2005 og 2006.

Vegir og vegyfirborð.

Lagt er til að fjárveiting verði 420 millj. kr. árið 2003 en helstu kostnaðarliðir eru viðgerðir á bundnu slitlagi og malarvegum, vegheflun, rykbinding, lagfæring á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á vegum. Lagt er til að óbreytt upphæð verði til þessa liðar árin 2004, 2005 og 2006.

Brýr og veggöng.

Lagt er til að fjárveiting verði 70 millj. kr. árið 2003 og henni verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, ristarhliðum og undirgöngum, stærri vegræsum og jarðgöngum, svo og vegskálum og öðrum hrun- og snjóflóðavörnum. Lagt er til að fjárveitingar verði 75 millj. kr. 2004, 65 millj. kr. 2005 og 70 millj. kr. 2006.

Vegmerkingar og vegbúnaður.

Lagt er til að fjárveiting verði 430 millj. kr. á árinu 2003 og verði henni varið til þess að greiða kostnað við lýsingu með fram vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum, yfirborðsmerkingar á vegum og gerð og viðhald áningarstaða. Fjárþörf til þessara verkefna hefur aukist verulega á undanförnum árum, meðal annars vegna aukinnar lýsingar og vaxandi krafna um yfirborðsmerkingar. Lagt er til að fjárveiting þessi hækki í 450 millj. kr. árið 2004 og í 455 millj. kr. árin 2005 og 2006.

Þéttbýlisvegir.

Fjárveitingum á þessum lið er varið til að greiða kostnað við þjónustu á þjóðvegum inni í þéttbýli.

Vegagerðin hefur í flestum tilfellum samið við viðkomandi sveitarfélög um að annast þessa þjónustu og er það ástæða þess að hagkvæmt þykir að halda þessum þætti sem sérstökum lið en í eðli sínu er þjónusta á þessum vegum á engan hátt frábrugðin þjónustu á öðrum vegum.

Lagt er til að fjárveiting verði 294 millj. kr. árið 2003, 295 millj. kr. árið 2004 og 300 millj. kr. árin 2005 og 2006.

Vetrarþjónusta.

Vetrarþjónusta tekur, auk snjómoksturs og hálkuvarnar, til kostnaðar í umdæmum við eftirlit og upplýsingaþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkinga og annars er varðar öryggi vegfarenda að vetrarlagi. Kröfur til þessarar þjónustu aukast ört og þá ekki síst kröfur um auknar hálkuvarnir. Mun kostnaður því fara vaxandi.

Eins og áður kom fram hefur meðalkostnaður við vetrarþjónustu verið milli 900 og 1.000 millj. kr. á ári undanfarin fimm ár, lægstur um 760 millj. kr. 2001 en hæstur um 1.020 millj. kr. 2000.

Fjárveitingar undanfarinna ára hafa ekki nægt fyrir kostnaði nema árið 2001 og hafa safnast verulegar skuldir á þennan lið sem námu rúmlega 260 millj. kr. um áramótin 2001/2002.

Lagt er til að fjárveiting verði 960 millj. kr. árið 2003 sem er minna en æskilegt væri. Óhjákvæmilegt er að fjárveitingar hækki verulega á næstu árum, bæði til að mæta vaxandi kostnaði og til að greiða niður áðurnefnda skuld. Lagt er til að fjárveiting verði 1.140 millj. kr. 2004, og 1.000 millj. kr. árin 2005 og 2006.

Almenningssamgöngur.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 949 millj. kr. 2003, 987 millj. kr. 2004, 996 millj. kr. 2005 og 988 millj. kr. 2006.

Ferjur og flóabátar.

Af þessum lið eru greiddir rekstrarstyrkir til ferjurekstraraðila á leiðum sem falla undir ákvæði vegalaga, svo og annar kostnaður þeirra vegna, afborganir af lánum og vextir vegna nýsmíði eða kaupa á ferjunum og búnaði þeirra. Greiðslur rekstrarstyrkja eru áætlaðar 329–334 millj. kr. á ári en stofnkostnaður, þ.e. afborganir og vextir af lánum, er áætlaður 290–321 millj. kr. á ári. Á árunum 2003– 2006 er gert ráð fyrir hærri fjárframlögum til þessa liðar vegna meiri kostnaðar við yfirtöku á ferjum og ferjufélögum á árinu 2001 en séð var fyrir við gerð vegáætlunar 2000–2004, auk þess sem ferðum Herjólfs hefur verið fjölgað

verulega. Þetta hefur leitt til þess að töluverð skuld hefur safnast á þennan lið sem nauðsynlegt er að mæta.

Rekstur fimm ferjuleiða hefur verið boðinn út en um rekstur Mjóafjarðarferjunnar er í gildi þjónustusamningur, sem gerður var án útboðs.

Vestmannaeyjar hafa sérstöðu í samgöngum að því leyti að þar er einungis um almenningssamgöngur að ræða. Allir vöruflutningar og meiri hluti fólksflutninga fer fram sjóleiðis með Herjólfi. Reglubundnar flugferðir eru einnig milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar. Nýlega hefur verið tekin ákvörðun um að fjölga ferðum Herjólfs og annar hann vel bæði fólks- og vöruflutningum. Það tekur Herjólf tæplega 3 klst. að sigla milli Eyja og Þorlákshafnar. Óskir um styttingu þess tíma hafa verið ofarlega á baugi undanfarið. Tvær leiðir koma til álita ef verða á við þeim, annars vegar að kaupa stærra og hraðskreiðara skip og hins vegar að gera höfn við Landeyjasand. Báðir eru kostirnir dýrir og krefjast vandaðs undirbúnings. Höfn við Landeyjasand hefði miklu meiri breytingu í för með sér en kaup á nýju skipi og því ætti að skoða þann kost vel áður en stefnan er mörkuð. Siglingastofnun vinnur að rannsóknum á mögulegri hafnargerð við Landeyjasand. Slíkt verkefni hlýtur að taka nokkur ár, en því verður hraðað eins og unnt er.

Áætlunarflug.

Árið 2001 var ákveðið að Vegagerðin tæki við umsjón með því áætlunarflugi sem ríkið styrkir. Á árinu 2001 voru sex áætlunarleiðir styrktar og sú sjöunda bættist við á árinu, og er miðað við að þær verði styrktar áfram.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 131 millj. kr. á ári.

Sérleyfi á landi.

Af þessum lið eru greiddir styrkir til sérleyfishafa. Þeir fengu áður endurgreiddan hluta þungaskatts af akstri á sérleyfisleiðum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar. Lögunum hefur nú verið breytt, endurgreiðslur þessar aflagðar en í staðinn hefur sérleyfishöfum verið greiddur styrkur af vegáætlun.

Vegagerðin hefur gert þjónustusamninga við sérleyfishafa. Samkvæmt lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi skal útboð á öllum sérleyfum hafa farið fram eigi síðar en árið 2005. Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 160 millj. kr. á ári.

Rannsóknir.

Fjárveiting til þessa liðar er 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar í samræmi við 24. gr. vegalaga. Fram til ársins 2006 verður lögð sérstök áhersla á umferðaröryggismál og er þeim rannsóknum stýrt af Rannsóknarráði umferðaröryggismála sem Vegagerðin er í forsvari fyrir, með þátttöku 15 opinberra stofnana, félaga og samtaka. Allt að 25% af rannsóknarfé hvers árs fara í þennan þátt. Hugmyndir eru um að næsta átak, eftir árið 2006, beinist að umhverfismálum. Reiknað er með að á vegáætlunartímabilinu verði um 10% af rannsóknarfénu varið til slíkra umhverfisverkefna, um 15% til rannsókna á steinefnum, burðarlögum og slitlögum, 10–15% til rannsókna á vatnafari, snjó og jöklum, um 20% til tæknilegra rannsókna á tilgreindum viðfangsefnum varðandi upplýsingaþjónustu, tækjabúnað í vegagerð, yfirborðsmerkingar vega o.fl., 10–15% til ýmissa hagrænna rannsókna á samgöngukerfinu og 5% í önnur verkefni. Þetta er svipuð skipting og verið hefur sl. tvö ár.

Minjar og saga.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið hugað að varðveislu gamalla muna og tækja hjá Vegagerðinni og einnig gamalla mannvirkja. Gerður hefur verið sérstakur samningur við Samgönguminjasafn Íslands um sýningu á nokkru af þessum gömlu tækjum og búnaði. Töluverður kostnaður hefur verið við þessa starfsemi og hefur hann verið borinn af ýmsum liðum á vegáætlun. Heppilegra er talið að hafa sérstakan lið fyrir þessa starfsemi svo að kostnaðurinn sjáist.

Lagt er til að fjárveiting verði 15 millj. kr. árið 2005 og 20 millj. kr. árið 2006.

4.1.4 Viðhald.

Viðhald vega miðar að því að varðveita verðmæti þeirra og hæfni til að bera þann umferðarþunga, sem þeim er ætlaður.

Viðhald vega tekur til endurnýjunar bundinna slitlaga, endurnýjunar malarslitlaga, styrkinga og endurbóta vega með bundnu slitlagi og vega með malarslitlagi, viðhalds brúa og varnargarða, öryggisaðgerða, vatnaskemmda og viðhalds girðinga.

Árið 1979 voru vegir með bundnu slitlagi 270 km en þeir voru 3.966 km í árslok 2001 og hafa því að meðaltali bæst við 168 km á ári. Aukningin var mest á árunum 1985–1988 eða 266 km á ári. Gera má ráð fyrir að meðalendingartími efsta hluta burðarlags þessara vega sé um 20 ár. Um síðustu áramót var bundið slitlag á um 47% af heildarlengd stofn- og tengivega, en umferðin á þeim var um 94% af heildarumferðinni. Með hliðsjón af þeim miklu verðmætum sem liggja í vegum með bundnu slitlagi, aukinni þungaumferð og kröfum vegfarenda um betra vegyfirborð er nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á styrkingu vega með bundnu slitlagi. Slík verkefni verða að falla undir viðhald meðan ekki fæst nýbyggingafjármagn til þeirra endurbóta.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð um 2.800–3.000 millj. kr. og eykst með aukinni umferð. Hér er lagt til að fjárveiting verði 2.245 m.kr árið 2003, 2.310 millj. kr. 2004, 2.486 millj. kr. 2005 og 2.587 millj. kr. árið 2006.

Endurnýjun bundinna slitlaga.

Viðhald bundinna slitlaga er mjög þýðingarmikið vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem þar liggja. Frestun á yfirlögn getur á mjög skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu. Þar sem bundið slitlag í vegakerfinu eykst á hverju ári eykst þörf fyrir fé til viðhalds. Hér þarf því að ná mestum hluta af áætlaðri þörf. Lagt er til að fjárveiting verði 920 millj. kr. 2003. Er þá gert ráð fyrir að viðhald bundinna slitlaga á stofn- og tengivegum í þéttbýli sé innifalið í þessum lið. Árið 2004 er lagt til að fjárveiting verði 940 millj. kr., 950 millj. kr. 2005 og 960 millj. kr. 2006.

Endurnýjun malarslitlaga.

Stofn- og tengivegir með malarslitlagi eru nú um 4.350 km, en um þá fara einungis um 6% af umferðinni á stofn- og tengivegum. Mikill hluti malarvega er án raunverulegs slitlags þar sem fjármagn til endurnýjunar þeirra hefur einungis verið um 60% af áætlaðri þörf, en þar sem malarvegir styttast í takt við lengingu vega með bundnu slitlagi ætti fjárþörf til þeirra að fara minnkandi.

Hér er lagt til að fjárveiting verði 223 millj. kr. árið 2003, 215 millj. kr. árið 2004 og 212 millj. kr. árin 2005 og 2006.

Styrkingar og endurbætur.

Þessum lið er ætlað að kosta styrkingar og endurbætur á stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi og á malarvegum eða á um 8.200 km. Fyrst og fremst er um að ræða styrkingu á efsta hluta burðarlags veganna sem brotnar niður undan aukinni og sífellt þyngri umferð en einnig er um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot. Fyrir rúmlega 20 árum hófst að verulegu marki uppbygging vega með bundnu slitlagi en 20 ár eru talin eðlilegur endingartími burðarlaga. Nú þegar er komin fram veruleg þörf fyrir endurbætur á þessum vegum og mun hún fara vaxandi á næstu árum, sérstaklega þegar horft er til þeirrar miklu lengingar á vegum með bundnu slitlagi sem varð á 9. áratugnum.

Þörf fyrir fjármagn til styrkingar vega er metin á um 900 millj. kr. á ári og er þá ekki tekið tillit til annarra endurbóta. Gera má ráð fyrir að fjárþörf til styrkingar vega með bundnu slitlagi aukist á næstu árum, en fjárþörf malarveganna standi nokkuð í stað. Hér er lagt til að fjárveiting verði 600 millj. kr. árið 2003, 620 millj. kr. 2004, 720 millj. kr. 2005 og 760 millj. kr. 2006. Styrking stofn- og tengivega í þéttbýli er hér innifalin.

Brýr, varnargarðar og veggöng.

Verðmæti brúa er metið á um 28 milljarða kr. og eðlileg viðhaldsþörf um 1% á ári eða 280 millj. kr. Rúmlega helmingur brúa í þjóðvegakerfinu er byggður á árunum 1950–1970. Þessar brýr voru hvorki byggðar fyrir þann umferðarhraða sem er núna né heldur þungann sem fer eftir vegunum. Endurbyggingu þeirra miðar hægt og hafa fjárveitingar til viðhalds brúa ekki dugað til að halda í horfinu.

Auk þessa er að koma að eðlilegu viðhaldi á nokkrum stórum mannvirkjum sem byggð voru eftir 1970 og viðhald jarðganga fer vaxandi. Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 190 millj. kr. árið 2003, 210 millj. kr. 2004, 230 millj. kr. 2005 og 250 millj. kr. 2006.

Öryggisaðgerðir.

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi í umferðinni. Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á hættulegum stöðum og sérstök áhersla lögð á breikkun einbreiðra brúa. Unnið er að endurbótum á slysastöðum eftir sérstakri framkvæmdaáætlun. Einnig hefur verið samið um samstarf við lögregluna um aukið umferðareftirlit á vegum úti. Full þörf er á að auka þessa starfsemi verulega. Lagt er til að fjárveiting verði 140 millj. kr. 2003, 150 millj. kr. 2004, 180 millj. kr. árið 2005 og 190 millj. kr. árið 2006.

Vatnaskemmdir.

Fjárþörf vegna þessa liðar er eðlilega breytileg. Lagt er til að fjárveiting verði 140 millj. kr. árin 2003 og 2004, 144 millj. kr. 2005 og 155 millj. kr. 2006.

Viðhald girðinga.

Hér er um nýjan lið að ræða en mikil þörf er vegna umferðaröryggis að taka fastar á þessum málaflokki en verið hefur til þessa. Við breytingu á vegalögum árið 2000 kom inn heimild til að Vegagerðin annist og kosti viðhald girðinga með einstökum vegaköflum á þjóðvegum þar sem sumarumferð (SDU) er 300 bílar á dag eða meira, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

Mikil þörf er á að nota þessa heimild og er lagt til að fjárveiting verði 32 millj. kr. árið 2003 en fari síðan vaxandi og verði 60 millj. kr. 2006.

4.1.5 Stofnkostnaður.

Útgjöldum er skipt í samræmi við skiptingu samgönguáætlunar og vegflokka samkvæmt gildandi vegalögum. Lengd vega eftir vegflokkum er sýnd á fskj. 2.3.-01.

Grunnnet.

Til grunnnetsins teljast samkvæmt skilgreiningum samgönguáætlunar allir stofnvegir nema Heydalsvegur og tengivegir og landsvegir sem falla undir skilyrði grunnnetsins. Samtals teljast um 5.200 km vega til grunnnetsins, þar af um 4.280 km af stofnvegum.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka verði eins og sýnt er á eftirfarandi töflu.

	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
1. Almenn verkefni	535	535	425	425
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	1.520	1.393	1.510	1.563
3. Verkefni á landsbyggð	2.048	1.858	2.011	2.183
4. Orku- og iðjuvegir	200	117	100	
5. Jarðgangaáætlun	1.200	1.500	2.200	1.500
6. Landsvegir í grunnneti		40	40	40

Almenn verkefni.

Fjárveitingar á árunum 2003 og 2004 eru í samræmi við vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Þar eð nánast allir stofnvegir falla undir liðinn „verkefni á landsbyggð“ þykir eðlilegt að fjárveiting til þessa liðar lækki nokkuð á árunum 2005 og 2006.

Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Hér er miðað við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamótum Krýsuvíkurvegar) í suðri og að Hvalfjarðargöngum í norðri. Til austurs er miðað við vegamót Hringvegar og Hafravatnsvegar. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og ýmsar kostnaðarsamar aðgerðir aðkallandi. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest. Fjárveitingar til þessa liðar taka á árunum 2003 og 2004 mið af vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Verkefni á landsbyggðinni (Stórverkefni).

Þessi verkefnaflokkur er samsvarandi stórverkefnum í vegáætlun fyrir árin 2000–2004 en tekur til mun fleiri verkefna í samræmi við skilgreiningar samgönguáætlunar.

Orku- og iðjuvegir.

Þessi liður kom inn í vegáætlun 2000–2004 við samþykkt hennar árið 2000. Gert er ráð fyrir að lokið verði við vegagerð milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar í tengslum við fyrirhugaða byggingu álvers í Reyðarfirði. Þá er miðað við að nýr vegur að verksmiðjum og hafnarsvæði á Grundartanga falli undir þennan lið.

Jarðgöng.

Þegar fjallað var um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 á Alþingi var ákveðið að fella jarðgangaáætlun inn í hana og þannig var áætlunin samþykkt árið 2000.

Hér er gert ráð fyrir að sami háttur verði hafður á og er gert ráð fyrir að varið verði 1.200 m.kr. árið 2003 til jarðgangagerðar, 1.500 m.kr. árin 2004 og 2006, en 2.200 m.kr. árið 2005. Árið 2003 er tekið tillit til 300 m.kr. fjárveitingar sem er á vegáætlun 2002.

Landsvegir í grunnneti.

Samkvæmt skilgreiningum grunnnetsins falla landsvegirnir Sprengisandsleið, Kjalvegur, Fjallabaksleið nyrðri og Kaldadalsvegur undir grunnnetið. Uppbygging þessara vega krefst mikils fjármagns og er ljóst að þær fjárveitingar sem hér er gerð tillaga um nægja aðeins til örlítillar byrjunar á verkefninu.

Tengivegir.

Lagt er til að fjárveiting til tengivega verði 525 m.kr. árið 2003 og hækki í 530 m.kr. árin 2004–2006. Fjárveiting árin 2003 og 2004 er nokkurn veginn í samræmi við vegáætlun 2000–2004 fyrir þau ár. Fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið mun lægri en þær þyrftu að vera. Eins og fram hefur komið hér á undan falla nokkrir tengivegir undir skilgreiningu grunnnetsins og ætti það að létta nokkuð á þessum lið þegar fram í sækir.

Til brúargerðar.

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 288 m.kr. árið 2003 og síðan 290 m.kr. 2004–2006. Þessu til viðbótar koma fjárveitingar til brúargerðar af liðnum verkefni á landsbyggð. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin skiptist eins og áður á milli brúa 10 m og lengri og smábrúa.

Að undanförnu hefur mest áhersla verið lögð á breikkun eða endurbyggingu einbreiðra brúa og endurbyggingu brúa sem ekki þola þá þyngd ökutækja sem heimiluð hefur verið í samræmi við reglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Gert er ráð fyrir að áfram verði megináhersla lögð á þessi atriði. Fjöldi einbreiðra brúa er sýndur á fskj. 2.3.3.-01.

Ferðamannaleiðir.

Í gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004 er samnefndur liður með 86 m.kr. fjárveitingu á ári 2003–2004. Þeirri upphæð var skipt jafnt á milli kjördæma. Í sömu áætlun er 300 m.kr. á hvoru áranna 2003–2004 veitt til jaðarbyggða og ferðamannaleiða undir liðnum „Sérstök verkefni". Þessari upphæð var skipt annars vegar til ákveðinna verkefna og hins vegar fengu öll kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness jafna upphæð.

Lagt er til að þessir liðir verði sameinaðir og fjárveiting verði 300 m.kr. árið 2003 og 250 m.kr. árin 2004–2005.

Girðingar.

Eins og fram kom í umfjöllun um viðhald girðinga hér að framan er, með tilliti til umferðaröryggis, mikil þörf á að loka vegsvæðum betur en nú er gert og þyrfti að auka fjármagn til þessa liðar verulega. Lagt er til að fjárveiting verði 60 m.kr. árið 2003, 62 m.kr. 2004 og 70 m.kr. árin 2005 og 2006.

Landsvegir utan grunnnets.

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegir sem tengja saman landshluta og ekki teljast stofnvegir eða tengivegir, auk vega innan þjóðgarða og vega til nokkurra fjölsóttra ferðamannastaða.

Eins og kom fram í lið 2.3.1.6. teljast sumir þessara vega nú til grunnnetsins. Gert er ráð fyrir að viðhald og almenn þjónusta þess hluta þessara vega sem opnir eru fyrir allri almennri umferð verði greidd af liðum 2.1.4. og 2.2.

Lagt er til að fjárveiting verði 117 m.kr. 2003 en 90–95 m.kr. á árunum 2004– 2006 þegar fjárveitingar fara einnig að koma af liðnum landsvegir í grunnneti.

Safnvegir.

Safnvegir nú svara að mestu til sýsluvega áður. Lagt er til að fjárveiting verði 278 m.kr. 2003 og 300 m.kr. á árunum 2004–2006.

Styrkvegir.

Styrkvegir eru ýmsir vegir sem áður gátu verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir, sbr. 165. gr. vegalaga.

Lagt er til að fjárveiting verði 55 m.kr. árið 2003 og 60 m.kr. hvert áranna 2004–2006.

Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting verði 40 m.kr. 2003, 45 m.kr. 2004, 48 m.kr. 2005 og 50 m.kr. 2006.

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

Hér að framan er gerð tillaga um skiptingu fjárveitinga til almennra verkefna í grunnneti, til tengivega og til ferðamannaleiða á milli kjördæma. Gert er ráð fyrir að nánari skipting til einstakra verkefna á þessum vegum verði gerð við meðferð tillögunnar á Alþingi.

Einnig er gerð tillaga um sundurliðun framkvæmda við verkefni á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð í grunnneti. Tillögurnar eru í samræmi við tillögur samgönguáætlunar um fjárveitingar til einstakra verkefna á fyrsta tímabili (2003–2006).

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir tillögum þessum.

4.2.1 Framkvæmdir í grunnneti.

Almenn verkefni.

Við gerð vegáætlunar fyrir árin 2000–2004 var ákveðið að skipta fjármagni til almennra verkefna á stofnvegum jafnt á milli allra kjördæma annarra en Reykjavíkur (vegir þar fengu fjárveitingar af liðnum höfuðborgarsvæðið). Verkefnum áranna 2003 og 2004 er því í reynd skipt með þessum hætti. Hér er lagt til að sama aðferð verði notuð við skiptingu fjármagns árin 2005 og 2006 enda gert ráð fyrir að frekari skipting til einstakra verkefna verði gerð með þingmannahópum gömlu kjördæmanna.

Við næstu endurskoðun fjögurra ára áætlunar þarf að endurskoða þessa skiptireglu og er eðlilegt að ný regla taki gildi frá og með 2007.

Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Hringvegur.

Lagt er til að framkvæmdir við mislæg gatnamót við Nesbraut (gatnamót Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar) hefjist á árinu 2003 og ljúki 2004.

Hringvegurinn verði breikkaður, frá Víkurvegi að nýju hringtorgi við Skarhólabraut í Mosfellsbæ, á árunum 2003–2005 og verði meginþungi framkvæmdanna árið 2004. Loks er lagt til að árið 2006 verði byrjað á gerð mislægra gatnamóta við Hallsveg.

Hafnarfjarðarvegur.
Lagt er til að gerðar verði endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Nýbýlavegar árið 2005.

Reykjanesbraut.
Lagt er til að gerðar verði endurbætur á Sæbraut milli Laugarnesvegar og Dalbrautar árið 2005.
Árið 2003 verði gerð mislæg gatnamót við Stekkjarbakka. Þeim framkvæmdum lýkur þó ekki að fullu fyrr en 2004.
Greiða þarf 2003 eftirstöðvar kostnaðar við gerð mislægra gatnamóta við Breiðholtsbraut.
Lagt er til að hafist verði handa 2003 við breikkun vegarins frá Fífuhvammsvegi og verði lokið við breikkun að Kaplakrika 2006.
Lagt er til að vegurinn frá Kaplakrika að Lækjargötu verði lagfærður á árunum 2004 og 2005.
Loks er lagt til að árið 2003 verði vegurinn endurbyggður frá Lækjargötu að Ásbraut og gerð verði mislæg gatnamót við Kaldárselsveg. Hafa þarf í huga að til þessa vegarkafla er til 650 m.kr. innstæða frá síðustu árum.

Nesbraut.
Nafnið Nesbraut er notað sem safnheiti fyrir Vesturlandsveg, Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda.
Lagt er til að á áætlunartímabilinu verði hafist handa við gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Til þess að það takist er mikilvægt að undirbúningur hefjist sem fyrst. Þá er lagt til að Hringbraut verði færð á kaflanum frá Miklatorgi að Bjarkargötu. Þess skal getið að til þessarar framkvæmdar er til 180 m.kr. innstæða frá fyrri árum.

Hlíðarfótur.
Lagt er til að árið 2006 verði hafin gerð tengingar frá Hringbraut að nýrri flugstöð.

Arnarnesvegur.
Lagt er til að gerður verði hluti Arnarnesvegar austan Reykjanesbrautar árið 2006.

Álftanesvegur.
Lagt er til að árið 2006 verði hafin endurbygging Álftanesvegar frá Hafnarfjarðarvegi að Bessastaðavegi.

Sundabraut.
Gert er ráð fyrir að undirbúningur að gerð Sundabrautar haldi áfram og miðað við að framkvæmdir geti hafist 2006.

Göngubrýr og undirgöng.
Lagt er til að áfram verði haldið gerð göngubrúa og undirganga á mestu umferðarvegunum til að auka öryggi gangandi vegfarenda.

Umferðarstýring.
Lagt er til að komið verði á samtengdri tölvustýringu umferðarljósa á helstu umferðargötunum. Talið er að með því sé unnt að auka afköst gatnanna verulega og þar með draga úr biðtíma og loftmengun.

Smærri verk og ófyrirséð.
Samkvæmt reynslu fellur á þessu svæði til töluvert af smærri verkefnum sem erfitt er að áætla og er lagt til að haldið verði áfram að hafa ósundurliðaða upphæð til að sinna þeim verkefnum.

Verkefni á landsbyggðinni.

Djúpá.
Um er að ræða fjárveitingu til að ljúka greiðslum vegna gerðar brúa og vegar við Djúpá, Laxá og Brúará í Fljótshverfi.

Þjórsá.
Nú stendur yfir gerð nýrrar brúar á Þjórsá ásamt vegi um hana. Upphæðin er til að ljúka þeim framkvæmdum.

Þjórsárdalsvegur.
Upphæð sú sem lögð er til er til greiðslu á láni sem tekið var þegar Þjórsárdalsvegur var endurbyggður frá Stóranúpsvegi að Ásólfsstöðum.

Biskupstungnabraut.
Sú upphæð sem lagt er til að komi á árinu 2003 er til að ljúka greiðslu vegna endurbyggingar vegarins frá Geysi að Gullfossi.

Gjábakkavegur.
Lagt er til að hafin verði endurbygging vegarins yfir Lyngdalsheiði á árunum 2005 og 2006.

Bræðratunguvegur.
Lagt er til að árið 2006 hefjist framkvæmdir við nýjan veg og brú á Hvítá nálægt Flúðum.

Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík.
Fyrsti áfangi breikkunar Reykjanesbrautar hefur verið boðinn út og hefjast framkvæmdir snemma árs 2003.
Fjárveitingar þær sem lagðar eru til á árunum 2003 og 2004 miðast við að ljúka þessum áfanga (auk 200 m.kr. innstæðu frá fyrri árum). Fjárveitingar 2005 og 2006 miðast við að næsti áfangi verði boðinn út 2005.

Hvalfjarðartengingar.
Fjárveitingar þær sem lagðar eru til vegna þessa verkefnis eru til að greiða lán og aðrar skuldbindingar sem stofnað var til vegna tengingar við Hvalfjarðargöng.

Hringvegur um Stafholtstungur.
Lagt er til að hafin verði endurbygging Hringvegar frá Borgarfjarðarbraut að Hrauná á árunum 2004–2006. Vegurinn er á þessum kafla gamall og orðinn mjög lélegur.

Hálsasveitarvegur að Húsafelli.
Lagt er til að vegarkaflinn frá Stóra-Ási að Húsafelli verði endurbyggður á árunum 2004 og 2005.

Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð.
Lagt er til að gerð brúar og vegar um Kolgrafafjörð á Snæfellsnesi hefjist 2003 og ljúki að mestu 2005. Verður þá lokið gerð vegar með bundnu slitlagi á milli þéttbýlisstaðanna á norðanverðu Snæfellsnesi.

Vatnaleið.
Fjárveiting sú sem lögð er til árið 2003 er ætluð til að ljúka greiðslum vegna nýja vegarins sem lokið var við að mestu á árinu 2001.

Vestfjarðavegur, Brattabrekka, Svínadalur.
Fjárveitingar sem lagðar eru til 2003 og 2004 eru ætlaðar til að ljúka gerð nýs vegar yfir Bröttubrekku.
Lagt er til að framkvæmdir við endurbyggingu vegar um Svínadal hefjist 2006.

Gilsfjörður.
Fjárveitingar sem lagðar eru til á árunum 2003 og 2004 eru vegna rannsókna í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.

Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur.
Lagt er til að unnið verði að endurbyggingu vegar á þessari leið öll ár áætlunartímans. Fjárveitingar fyrstu tveggja áranna fara að mestu í framkvæmdir sem nú eru hafnar milli Múla og Vattarness (um Klettsháls). Næstu framkvæmdir verði ákveðnar nánar við meðferð tillögunnar á Alþingi.

Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði.
Fjárveiting sú sem lögð er til 2003 er til að ljúka greiðslum vegna framkvæmda sem lokið var við árið 2002.

Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður.
Fjárveiting sem lögð er til 2003 er til að ljúka greiðslum vegna framkvæmda sem lokið var við 2002.

Ísafjarðardjúp.
Lagt er til að áfram verði unnið að endurbyggingu vegar í Ísafjarðardjúpi öll ár áætlunartímabilsins. Reiknað er með að ljúka endurbyggingu vegarins um Skötufjörð og Hestfjörð en nánar verði fjallað um einstaka kafla við meðferð tillögunnar á Alþingi.

Djúpvegur, Súðavík – Bolungarvík.
Lagt er til að fjárveitingar komi til öryggisaðgerða á veginum um Súðavíkurhlíð og Óshlíð.

Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði.
Lagt er til að endurbygging Hringvegar um Norðurárdal í Skagafirði verði hafin á áætlunartímabilinu. Á þessum hluta vegarins eru fjórar einbreiðar brýr og nokkrar blindhæðir.

Siglufjarðarvegur.
Lagt er til að einbreið brú á Hofsá verði endurbyggð og breikkuð 2003.

Lágheiði.
Lagt er til að gerðar verði minni háttar endurbætur á veginum um Lágheiði á árunum 2004 og 2005.

Þverárfjallsvegur.
Lagt er til að 50 m.kr. fjárveiting komi til vegarins árið 2004. Fjárveiting þessi kemur til viðbótar fjárveitingum af almennum verkefnum á árunum 2003 og 2004 samkvæmt vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Nauðsynlegt er að þær fjárveitingar haldist til að viðunandi kafli náist.

Hringvegur á Mývatnsheiði.
Fjárveitingar sem lagðar eru til 2003 og 2004 eru ætlaðar til að ljúka framkvæmdum sem nú standa yfir við Hringveg á Mývatnsheiði.

Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn.
Lagt er til að fjárveitingar komi til þessa verks öll ár áætlunartímabilsins. Ljúka þarf verki því sem nú er unnið að í Auðbjargarstaðabrekku (Hafnarbrekku) en gert er ráð fyrir að fjallað verði að öðru leyti um framkvæmdaröð við meðferð tillögunnar á Alþingi.

Kísilvegur.
Lagt er til að haldið verði áfram endurbyggingu Kísilvegar á árunum 2005 og 2006.

Tenging Norðurland – Austurland.
Lagt er til að haldið verði áfram endurbyggingu Hringvegar milli Norðurlands og Austurlands á öllu vegáætlunartímabilinu. Nú er unnið að tveimur vegaköflum í Víðidal en gert er ráð fyrir að framkvæmdaröð verði að öðru leyti ákveðin við meðferð tillögunnar á Alþingi.

Hringvegur á Austurlandi.
Lagt er til að unnið verði að þessu verkefni öll ár vegáætlunartímabilsins. Nú stendur yfir endurbygging vegkafla í Álftafirði og á Jökuldal. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaröð að öðru leyti verði ákveðin við meðferð tillögunnar á Alþingi.

Hornafjarðarfljót.
Lagt er til að árið 2006 hefjist framkvæmdir við nýja brú og veg yfir Hornafjarðarfljót. Þessi nýi vegur mun stytta Hringveginn um 11 km.

Jökulsá á Breiðamerkursandi.
Lagt er til að á árunum 2003 og 2004 verði veitt fjármagni til að verja mannvirki við Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Suðurfjarðavegur.
Fjárveiting sem lögð er til á árinu 2003 fer til að ljúka greiðslum vegna verks í Kambaskriðum, sem lauk 2002.

Norðausturvegur, Hringvegur – Vopnafjörður.
Lagt er til að 2006 verði hafin gerð nýrrar vegtengingar úr Vopnafirði að Brunahvammshálsi.

Breikkun brúa á Suðurlandi.
Lagt er til að brúin yfir ána Klifanda í Mýrdal verði endurbyggð árin 2003 og 2004. Mjög aðkallandi er orðið að endurbyggja brúna þar eð núverandi brú hefur orðið fyrir skemmdum.

Breikkun brúa á Norðurlandi vestra.
Lagt er til að brýrnar á Vatnsdalsá og Síká verði breikkaðar, en vinna við breikkun Vatnsdalsárbrúar er þegar hafin.

Samgöngurannsóknir.
Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. á ári til ýmissa samgöngurannsókna svo sem verið hefur á undanförnu áætlunartímabili.

4.2.2 Framkvæmdir utan grunnnets.

Tengivegir.

Við skiptingu fjármagns til tengivega á milli kjördæma hefur verið notuð reiknilíking þar sem tekið er tillit til kostnaðar við gerð tengivega í viðkomandi kjördæmi, ástands veganna og þeirrar umferðar sem á þeim er. Er hver þessara þátta látinn vega jafnmikið í líkingunni.

Lagt er til að þessi aðferð verði notuð áfram, og fjármagni áranna 2003–2006 verði skipt milli gömlu kjördæmanna með hjálp líkingarinnar. Við næstu endurskoðun fjögurra ára áætlunarinnar verði líkingin síðan notuð til að skipta fjármagni milli nýju kjördæmanna og taki sú skipting gildi frá og með árinu 2007.

Ferðamannaleiðir.

Í gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004 er þessi liður tvískiptur, annars vegar liðurinn ferðamannaleiðir, sem skiptist jafnt á milli allra átta kjördæmanna (10–11 m.kr. á hvert kjördæmi) öll árin og hins vegar liðurinn jaðarbyggðir og ferðamannaleiðir á árunum 2002–2004 sem skiptist í fjárveitingar til Uxahryggjavegar (40 m.kr.) og Dettifossvegar (50 m.kr.) og jafnt (35 m.kr.) til sex kjördæma. Þessir tveir liðir eru nú sameinaðir en lögð til sama skipting og í eldri áætlun eftir því sem unnt er miðað við minna fjármagn til liðarins í heild.

4.3 Um flokkun vega.

Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem tengivegur endar við bæ er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst safnvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.-01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hinna ýmsu vegflokka.

4.3.1 Stofnvegir.

Lagt er til að stofnvegir verði óbreyttir frá vegáætlun 2000–2004. Þó er lagt til að nokkrir vegir skipti um nafn og vegnúmer, eins og hér kemur fram.

42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, með fram Kleifarvatni. um, Krýsuvíkurbæ á Suðurstrandarveg í Krýsuvík.
Vegur styttist. Afgangurinn er nú hluti af Suðurstrandarvegi.

427 Suðurstrandarvegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík, um Ísólfsskála og Krýsuvík og um Selvog á Þorlákshafnarveg ofan Þorlákshafnar.
Samsetningur úr 427 Ísólfsskálavegi og hluta 42 Krýsuvíkurvegar.

(427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík, um Ísólfsskála, á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.)
Vegurinn er nú hluti af 427 Suðurstrandarvegi.

50 Borgarfjarðarbraut: Af Hringvegi hjá Seleyri um Vatnshamra, Hest og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Hringveg hjá Haugum.
Breytt lega. Frá Seleyri í Andakíl fylgir hann fyrsta hluta fyrrum [53] Hvítárvallavegar. Þaðan er nýr kafli sem tengist nálægt Hesti. Sá kafli leysir að mestu af hólmi fyrrum [510] Vatnshamraveg.

(53 Hvítárvallavegur.)
Vegnúmer fellur niður. Veginum skipt milli fjögurra vega (50, 511, 5317 og 510), á 510 Hvítárvallaveg.

(56 Kerlingarskarðsvegur.)
Fellur niður sem þjóðvegur.

56 Vatnaleið: Af Snæfellsnesvegi við Vegamót um Dufgusdal, austan Baulárvalla- og Selvallavatns á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum, skammt austan Gráukúlu.
Vegurinn leysir Kerlingarskarðsvegi af hólmi.

636 Hafnarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi um Pollgötu, Suðurgötu og Njarðarsund, að Sindragötu.
Lengist lítillega.

4.3.2 Tengivegir.

222 Mýrdalsjökulsvegur: Af Hringvegi á Sólheimasandi, að Sólheimakoti.
Nýr sem tengivegur. Var áður 2180 Sólheimavegur.

239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut, um Eldfellshraun, að bílastæði ofan Viðlagafjöru.
Styttist um kaflann frá Viðlagafjöru um Páskahraun, á Fellaveg sunnan Helgafells.

(2180 Sólheimavegur: Af Hringvegi, að Sólheimum.)
Fellur niður. Er nú hluti af 222 Mýrdalsjökulsvegi.

2907 Sumarliðabæjavegur: Af Hringvegi hjá Sléttalandi, um Sumarliðabæ, á Landveg hjá Þjóðólfshaga.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3091 Ljónsstaðavegur: Af Votmúlavegi, að Ljónsstöðum.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3136 Hryggjarvegur: Af Ölvisholtsvegi, að Hrygg 1.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3312 Skarðsvegur: Af Hrunamannavegi, að Skarði 2.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3330 Knarrarholtsvegur: Af Þjórsárdalsvegi, að Brúnum.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3339 Stóra-Núpsvegur: Af Stóra-Núpsvegi, að Stóra-Núpskirkju.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3616 Tjarnarvegur: Af Tjarnarvegi, að Litlu-Tjörn.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3765 Stærribæjarvegur: Af Sólheimavegi, að Stærribæ 3.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3767 Eyvíkurvegur: Af Sólheimavegi, að Eyvík 1.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3771 Ormsstaðavegur: Af Sólheimavegi, að Ártanga.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3874 Skjálgarvegur: Af Árbæjarvegi vestri, að Hrísum.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3937 Vallavegur: Af Hringvegi austan Varmár, að Völlum.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

3973 Bjarnastaðavegur: Af Þorlákshafnarvegi vestan Hjalla, að Lækjarvegi.
Nýr sem tengivegur. Var áður safnvegur.

(4319 Blikastaðavegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells að Blikastöðum.)
Vegurinn fellur niður.

52 Uxahryggjavegur: Af Borgarfjarðarbraut við Götuás, um Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
Styttist. Sá kafli er nú hluti af 510 Hvítárvallavegi.

508 Skorradalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan, að Fitjum.
Vegur lengist. Náði áður að Hvammi.

(510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði, á Uxahryggjaveg hjá Hatti.)
Vegurinn fellur niður. Nýr kafli af Borgarfjarðarbraut kemur að hluta í stað hans.

510 Hvítárvallavegur: Af Hringvegi norðan Eskiholts, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum, um Hest, á Borgarfjarðarbraut norðan Hestfjalls.
Nýtt vegnúmer, það gamla: 53, fellur niður. Vegurinn liggur nú til austurs frá Hvítárvöllum, sem áður var hluti Uxahryggjavegar. Syðri hlutinn, frá Hvítárvöllum á Hringveg hjá Seleyri, skiptist á milli þriggja vega (50, 511 og 5317).

511 Hvanneyrarvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan brúar á Andakílsá að Hvanneyrarskóla.
Lengist, byrjar nú norðan brúar á Andakílsá og liggur um stuttan kafla af fyrrum [53] Hvítárvallavegi.

520 Dragavegur: Af Hvalfjarðarvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga og Hestháls á Uxahryggjaveg við Götuás.
Nýtt númer og vegheiti. Vegurinn er hluti af fyrrum Borgarfjarðarbraut.

539 Hítardalsvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Raftási, um Staðarhraun, að Hítardal.
Kaflinn frá Staðarhrauni að Hítardal er nú tengivegur, áður safnvegur.

553 Langavatnsvegur: Af Hringvegi hjá Svignaskarði, að þjónustuhúsi Iðju.
Vegurinn er nú tengivegur, áður landsvegur.

5150 Auðstaðavegur: Af Reykdælavegi hjá Steindórsstöðum, að Búrfelli.
Vegurinn lengist. Hét áður Rauðsgilsvegur.

5219 Þorgautsstaðavegur: Af Hvítársíðuvegi, að Þorgautsstöðum.
Nýr sem tengivegur. Var safnvegur.

5315 Heggsstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut að Kvígsstöðum.
Vegurinn kemur að hluta í stað fyrrum [510] Vatnshamravegar.

5317 Grímarsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi hjá Hvítárvöllum, um Grímarsstaði á Hvanneyrarveg norðan Andakílsár.
Nýtt vegheiti. Vegurinn var áður hluti af fyrrum [53] Hvítárvallavegi.

5350 Stórafjallsvegur: Af Hringvegi, að Stórafjalli 1.
Vegurinn lengist. Hét áður Valbjarnavallavegur.

(5660 Miðhraunsvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Miðhrauni.)
Vegurinn fellur niður sem tengivegur, verður safnvegur.

727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund, að Snæringsstöðum.
Vegurinn lengist. Náði áður að Syðri-Grund.

752 Skagafjarðarvegur: Af Hringvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Litluhlíð.
Vegurinn styttist. Náði áður Giljum.

7250 Árholtsvegur: Af Hringvegi sunnan Laxár á Ásum að Neðraholti.
Vegurinn lengist. Náði áður að Árholti.

7794 Neðraássvegur: Af Ásavegi, að Neðraási.
Nýr sem tengivegur. Var safnvegur.

8843 Laxamýrarvegur: Af Norðausturvegi, að Laxamýri 2a.
Nýr sem tengivegur. Var safnvegur.

(926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litlabakka, að Galtastöðum ytri.)
Vegurinn fellur niður sem tengivegur, verður safnvegur.

931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Vallholti, um Skóga og á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
Vegurinn styttist. Lá áður um brú á Jökulsá hjá Víðivöllum ytri.

933 Fljótsdalsvegur: Af Upphéraðsvegi hjá Hjarðarbóli, um Skriðuklaustur, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Víðivöllum ytri, um Hrafnkelsstaði, á Upphéraðsveg utan við Vallholt.
Nýtt vegheiti. Vegurinn var áður hluti af [931] Upphéraðsvegi.

9340 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi hjá Végarði, að Valþjófsstað.
Nýr sem tengivegur. Var safnvegur.

9617 Tóarselsvegur: Af Norðurdalsvegi í Breiðdal, að vegamótum að Skarði.
Nýr sem tengivegur. Var safnvegur.

9811 Stórabólsvegur: Af Hringvegi, að Klettatúni.
Nýr sem tengivegur. Var safnvegur.

9868 Fagurhólsmýrarvegur: Af Hringvegi, að vegamótum Hemruvegar.
Nýr sem tengivegur. Var safnvegur.

936 Þórdalsheiðarvegur: Frá Áreyjum, á Suðurfjarðaveg.
Nýr sem tengivegur. Var hluti af landsvegi.

4.3.3 Ferjuleiðir.

Lagt er til að ferjuleiðir verði óbreyttar frá vegáætlun 2000–2004.

Fskj. 2.3.-01

Þjóðvegir 1. janúar 2002.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	618	1.006	498	875	2.997
Reykjanes	303	174	58	50	585
Vesturland	589	740	384	175	1.888
Vestfirðir	783	387	257	119	1.546
Norðurland vestra	409	618	371	315	1.713
Norðurland eystra	674	510	371	549	2.104
Austurland	904	494	350	374	2.122
Samtals	4.280	3.929	2.289	2.457	12.955

Fskj. 2.3.3.-01

Brýr á stofnvegum,
10 m og lengri.
Breidd brúa flokkuð eftir umferð.*
(Fjöldi brúa.)

Meðalumferð á dag (ÁDU)	6 m breiðar og breiðari	Mjórri en 6 m	Alls
0–100	5	54	59
101–500	50	137	187
501–1000	31	13	44
1001–2000	15	4	19
> 2000	52	1	53
Samtals	153	209	362

* Heimild: brúaskrá Vegagerðarinnar 2002.

912. Fyrirspurn [564. mál]

til heilbrigðisráðherra um ferliverk á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve mörg ferliverk voru unnin á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur á árunum 1997–2002, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig skiptast ferliverk eftir sérfræðigreinum?
3. Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild, fyrir augnaðgerð, fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun? Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1997–2002.
4. Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir? Hafa þær greiðslur verið samræmdar?

Skriflegt svar óskast.

913. Fyrirspurn [565. mál]

til heilbrigðisráðherra um ferliverk á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve mörg ferliverk voru unnin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi á árunum 1997–2002, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig skiptast ferliverk eftir sérfræðigreinum?
3. Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild, fyrir augnaðgerð, fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun? Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1997–2002.
4. Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir? Hafa þær greiðslur verið samræmdar?
5. Hefur samræmd reglugerð um ferliverk verið sett?

Svar óskast sundurliðað á ríkisspítala og Borgarspítala fyrir sameiningu þeirra.

Skriflegt svar óskast.

914. Frumvarp til laga [566. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

2. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer í viðauka II við lögin falla brott:

4811.5109	– – – Annars	22,23 kr./kg
4811.5900	– – Annar	22,23 kr./kg
4811.5909	– – – Annars	22,23 kr./kg
4811.6009	– – Annars	22,23 kr./kg
4819.2019	– – – Annars	22,23 kr./kg
4819.2099	– – – Annars	22,23 kr./kg

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um úrvinnslugjald var lagt fram á þessu löggjafarþingi í byrjun nóvember sl. og var afgreitt sem lög frá Alþingi 13. desember sl.

Málið er flutt að beiðni fjármálaráðherra og umhverfisráðherra.

Í 5. gr. laganna er mælt fyrir um að skráður eigandi ökutækis skuli á hverju gjaldtímabili greiða 520 kr. í úrvinnslugjald fyrir hvert gjaldskylt ökutæki í hans eigu samkvæmt lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988. Gjaldið á að innheimta með bifreiðagjaldi með sömu gjalddaga og eindaga. Með 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna er kveðið á um að eigendur bifreiða sem undanþegnir eru bifreiðagjaldi skuli greiða úrvinnslugjald. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að gjaldtöku úrvinnslugjalds á þennan hóp verði frestað til 1. júlí nk. Eru ástæðurnar fyrst og fremst framkvæmdalegs eðlis þar sem embætti ríkisskattstjóra var ekki tilbúið til að hefja gjaldtöku á þennan hóp við gildistöku laganna þar sem hann er undanþeginn greiðslu bifreiðagjalds og því ekki verið gert ráð fyrir honum við útsendingu greiðsluseðla.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nokkur tollnúmer í viðauka II við lögin verði felld brott. Í viðaukanum er fjallað um samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur. Orðalag við nokkur af tollskrárnúmerunum í frumvarpi til laga um úrvinnslugjald náðu yfir fleira en slíkar pappaumbúðir. Skipta varð því hverju tollskrárnúmeri fyrir sig upp í tvö ný tollskrárnúmer, sbr. auglýsingu nr. 169/2002, þar sem fyrra númerið í hverri uppskiptingu hefur þetta orðalag „samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur“ til þess að hægt yrði að leggja á það úrvinnslugjald. Seinna númerið átti að vera án úrvinnslugjalds og er lagt til að þau númer verði felld út úr lögunum.

915. Svar [466. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar og Jóhanns Ársælsonar um úthlutun Byggðastofnunar og ráðherra á aflaheimildum.

1. *Hvaða skip hafa fengið úthlutað aflaheimildum sem falla undir 9. gr. laga um stjórn fiskveiða og ákvæði til bráðabirgða XXVI í sömu lögum og hversu mikið hefur komið í hlut hvers skips úr sérhverri úthlutun?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, samkvæmt reglugerð nr. 909/2002, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.
Tölur eru gefnar upp með fyrirvara um leiðréttingar. Miðað er við slægðan fisk.
Úthlutun samkvæmt fyrrgreindri reglugerð til einstakra skipa er ekki lokið.

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur
10	Fróði	ÁR	33	22.816	7.010	4.716	2.185
396	Sigurður Pálsson	ÓF	66	4.172	1.282	862	400
500	Gunnar Hámundarson	GK	357	13.038	4.006	2.695	1.249
978	Svanur	EA	14	53.735	19.335	13.275	5.938
1039	Gjafar	VE	600	26.727	8.212	5.525	2.560
1063	Kópur	BA	175	8.474	2.604	1.752	812
1206	Öðlingur	SF	165	6.519	2.003	1.347	624
1252	Bjarni Svein	SH	107	16.297	5.007	3.369	1.561
1337	Skafti	SK	3	32.594	10.015	6.737	3.122
1417	Breiðdælingur	SU	62	40.417	12.419	8.354	3.871
1524	Ingimar Magnússon	ÍS	650	69.530	21.370	1.437	666
1587	Hafborg	SU	4	6.519	2.003	1.347	624
1846	Kristinn Friðriksson	SH	3	16.297	5.007	3.369	1.561
1909	Unna	ÍS	77	6.953	2.137	1.437	666
1928	Halldór	NS	302	13.038	4.006	2.695	1.249
1971	Hafursey	ÍS	600	7.823	3.116	1.772	864
1998	Berti G	ÍS	161	6.953	2.137	1.437	666
2045	Guðmundur Þór	SU	121	20.860	6.410	4.312	1.998
2049	Hrönn	ÍS	303			1.437	666
2064	Gola	ÍS	103	6.953	2.137	1.437	666
2091	Egill	ÓF	27	3.976	1.222	822	381
2162	Álftin	ÍS	553	1.811	556	374	173
2166	Særún	EA	251	5.867	1.803	1.213	562
2177	Sunna	ÍS	653			1.437	666
2178	Þytur	EA	96	6.519	2.003	1.347	624
2199	Bibbi Jóns	ÍS	65	1.811	556	374	173
2225	Kristbjörg	ÍS	225	1.811	556	374	173
2243	Friðrik Steinsson	SU	254	6.519	2.003	1.347	624
2320	Blossi	ÍS	125	5.215	1.602	1.078	499
2346	Draupnir	ÍS	435			1.437	666
2349	Björg Hauks	ÍS	127	6.519	2.003	1.347	624
2357	Norðurljós	ÍS	3	3.260	890	671	384
2362	Hrefna	ÍS	267	6.953	2.137	1.437	666
2394	Birta Dís	ÍS	135	6.953	2.137	1.437	666
2414	Stekkjarvík	ÍS	313			1.437	666
2415	Siggi Gísla	EA	255	8.996	691	197	293
2438	Petra	ÍS	105	3.622	1.113	749	347
2442	Margrét	ÍS	42	3.622	1.113	749	347
2460	Síldey	NS	25	6.519	2.003	1.347	624
2482	Guðbjörg	ÍS	46			1.437	666

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur
2485	Narfi	SU	680	6.519	2.003	1.347	624
2490	Mummi	ÍS	535			1.437	666
5313	Freymundur	ÓF	6	5.215	1.602	1.078	499
5316	Siggi Árna	ÓF	10	3.976	1.222	822	381
5713	Blíðfari	ÓF	70	5.215	1.602	1.078	499
6169	Þröstur	ÓF	24	4.042	1.242	835	387
6230	Haförn	NK	15	9.778	3.004	2.021	936
6433	Þorfinnur	EA	120	1.362	4	3	12
6488	Andri	SI	10	15.645	4.807	3.234	1.498
6598	Freygerður	ÓF	18	4.042	1.242	835	387
6628	Gæfan	ÍS	403			1.437	666
6725	Anna	SI	6			1.437	666
6796	Kambanes	SU	34	6.519	2.003	1.347	624
6804	Hafþór	NK	44	6.519	2.003	1.347	624
6855	Nonni	EA	32	1.095			
6931	Smári	ÓF	20	3.976	1.222	822	381
6987	Ljón	ÓF	5	5.215	1.602	1.078	499
7104	Már	SU	145	29.987	9.214	6.198	2.872
7116	Blikanes	ÍS	51			1.437	666
7235	Arnar	ÓF	3	5.085	1.562	1.051	487
7286	Marvin	ÓF	28	3.976	1.222	822	381
7311	Kría	ÍS	803	1.811	556	374	173
7322	Kópur	EA	325	5.867	1.803	1.213	562
7352	Sól Dögg	ÍS	39	1.811	556	374	173
7394	Sigmundur	SU	56	6.519	2.003	1.347	624
7417	Jói	ÍS	10	1.956		251	
		Samtals:		**595.818**	**183.078**	**123.148**	**57.059**
		Eftirstöðvar:		**707.951**	**217.521**	**146.346**	**67.803**
		Alls:		**1.303.769**	**400.599**	**269.494**	**124.862**

Úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, samkvæmt reglugerð nr. 601/2002, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.
Tölur eru gefnar upp með fyrirvara um leiðréttingar. Miðað er við slægðan fisk.

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Bótategund	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Stein-bítur
120	Erling	KE	140	Eldeyjarrækja	27.779	8.537	5.744	2.662
182	Grettir	SH	104	Breiðafjarðarskel	20.762	6.380	4.293	1.989
245	Þórsnes	SH	108	Breiðafjarðarskel	31.830	9.782	6.581	3.050
245	Þórsnes	SH	108	Húnaflóaskel	16.135	4.958	3.336	1.546
399	Kári	GK	146	Eldeyjarrækja	9.260	2.846	1.915	887
741	Grímsey	ST	2	Húnaflóarækja	64.838	19.925	13.406	6.213
923	Röstin	GK	120	Eldeyjarrækja	9.260	2.846	1.915	887
926	Þorsteinn	GK	15	Öxarfjarðarrækja	79.534	24.441	16.445	7.621
1006	Geirfugl	GK	66	Eldeyjarrækja	27.779	8.537	5.744	2.662
1054	Sæbjörg	ST	7	Húnaflóarækja	96.491	29.652	19.951	9.246
1081	Harpa	HU	4	Húnaflóarækja	17.286	5.312	3.574	1.656
1125	Gerður	ÞH	110	Rækja í Skjálfanda	57.321	17.615	11.852	5.492
1184	Dagrún	ST	12	Húnaflóarækja	16.902	5.194	3.495	1.620
1184	Dagrún	ST	12	Húnaflóaskel	4.034	1.240	834	386
1231	Þorkell Árnason	GK	21	Eldeyjarrækja	13.889	4.268	2.872	1.331
1232	Gunnhildur	ST	29	Húnaflóarækja	14.394	4.424	2.976	1.379
1236	Ólafur Magnússon	HU	54	Húnaflóarækja	67.607	20.776	13.979	6.478
1236	Ólafur Magnússon	HU	54	Húnaflóaskel	28.235	8.677	5.838	2.705
1252	Bjarni Svein	SH	107	Breiðafjarðarskel	22.796	7.005	4.714	2.184
1354	Viðar	ÞH	17	Öxarfjarðarrækja	159.067	48.882	32.890	15.242

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Bótategund	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur
1371	Guðfinnur	KE	19	Eldeyjarrækja	23.149	7.114	4.786	2.218
1396	Gunnvör	ST	39	Húnaflóarækja	14.394	4.424	2.976	1.379
1399	Haukaberg	SH	20	Breiðafjarðarskel	11.174	3.434	2.310	1.071
1414	Haförn	ÞH	26	Rækja í Skjálfanda	57.321	17.615	11.852	5.492
1424	Þórsnes II	SH	109	Breiðafjarðarskel	33.983	10.443	7.026	3.256
1472	Klakkur	SH	510	Breiðafjarðarskel	33.548	10.309	6.937	3.214
1543	Hilmir	ST	1	Húnaflóarækja	46.075	14.159	9.527	4.415
1581	Berghildur	SK	137	Skagafjarðarrækja	80.250	24.661	16.593	7.689
1629	Farsæll	SH	30	Breiðafjarðarskel	11.174	3.434	2.310	1.071
1639	Dalaröst	ÞH	40	Rækja í Skjálfanda	57.321	17.615	11.852	5.492
1650	Þingey	ÞH	51	Öxarfjarðarrækja	79.534	24.441	16.445	7.621
1834	Neisti	HU	5	Húnaflóarækja	17.286	5.312	3.574	1.656
1846	Kristinn Friðriksson	SH	3	Breiðafjarðarskel	85.464	26.264	17.671	8.189
1846	Kristinn Friðriksson	SH	3	Húnaflóaskel	16.135	4.958	3.336	1.546
1850	Gísli Gunnarsson II	SH	85	Breiðafjarðarskel	10.030	3.082	2.074	961
1859	Sundhani	ST	3	Húnaflóarækja	24.061	7.394	4.975	2.306
1873	Askur	GK	65	Eldeyjarrækja	9.260	2.846	1.915	887
1876	Hafborg	SK	54	Skagafjarðarrækja	80.250	24.661	16.593	7.689
1907	Gunnvör	ÍS	53	Skel í Djúpi	24.446	7.513	5.055	2.342
2019	Aldan	ÍS	47	Skel í Djúpi	24.446	7.513	5.055	2.342
2102	Þórir	SK	16	Skagafjarðarrækja	80.250	24.661	16.593	7.689
2274	Sandvík	SH	53	Skagafjarðarrækja	80.250	24.661	16.593	7.689
2475	Sigurbjörg	ST	55	Húnaflóarækja	4.798	1.475	992	460
				Samtals:	**1.689.798**	**519.286**	**349.395**	**161.913**

Úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, samkvæmt ákvæði XXVI til bráðabirgða í lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Neðangreindar tölur eru gefnar upp með fyrirvara um leiðréttingar. Miðað er við slægðan fisk.

Skip nr.	Heiti	Einkst	Einknr	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur
741	Grímsey	ST	2	15.140	10.826		
1030	Páll Jónsson	GK	7	252.262	77.586	52.230	24.149
1277	Ljósafell	SU	70	61.273	18.845	12.686	5.866
1492	Hegranes	SK	2	74.310	22.855	15.385	7.114
1568	Högni	NS	10	4.563	1.403	945	437
1661	Gullver	NS	12	70.502	24.759	16.667	7.707
1848	Sæbjörg	EA	184	8.669	2.666	1.795	830
1921	Þorleifur	EA	88	17.404	5.353	3.603	1.666
1928	Halldór	NS	302	3.357	1.032	695	321
1935	Björg	SU	3	117.983	36.287	24.428	11.294
1955	Höfrungur	BA	60	133.627	41.098	27.667	12.792
1963	Emil	NS	5	4.563	1.403	945	437
1991	Mummi	ST	8	4.920			
2032	Sævar Guðjóns	ST	45	3.406			
2112	Dóri	ST	42	5.867	1.804	1.215	562
2132	Eydís	NS	32	4.563	1.403	945	437
2257	Þeysir	NS	6	10.000			
2326	Konráð	EA	90	10.429	3.208	2.159	998
2327	Hafaldan	EA	87	6.518	2.005	1.350	624
2381	Digranes	NS	124	3.357	1.032	695	321
2406	Kristbjörg	ST	6	4.920			
2508	Sædís	NS	154	4.563	1.403	945	437
6030	Baui frændi	NS	28	7.822	2.406	1.620	749
6181	Eva	NS	197	3.357	1.032	695	321

Skip nr.	Heiti	Einkst	Einknr	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur
6605	Góa	NS	8	7.822	2.406	1.620	749
6650	Díana	NS	165	3.357	1.032	695	321
6822	Unnur	ST	21	4.920			
6827	Teista	NS	57	4.563	1.403	945	437
6919	Sigrún	EA	52	6.518	2.005	1.350	624
7261	Stefnir	ST	47	1.892		7.287	3.370
7323	Kristín	NS	35	3.357	1.032	695	321
7336	Fjóla	EA	200	10.429	3.208	2.159	998
7389	Már	NS	93	3.357	1.032	695	321
			Samtals:	**879.590**	**270.524**	**182.116**	**84.203**

Úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, samkvæmt reglugerð nr. 599/2002, sbr. 9. gr. a í lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.
Tölur eru gefnar upp með fyrirvara um leiðréttingar. Miðað er við slægðan fisk.

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur
13	Gulltoppur	ÁR	321	8.400
102	Siggi Bjarna	GK	5	8.400
124	Gaukur	GK	660	8.400
133	Trausti	ÍS	111	8.400
151	María Júlía	BA	36	8.400
162	Arnar	SH	157	8.400
182	Grettir	SH	104	6.293
219	Þorsteinn	SH	145	8.400
233	Óli á Stað	GK	4	8.400
236	Haukur	EA	76	8.400
260	Sveinbjörn Jakobsson	SH	10	8.400
262	Thor	GK	951	8.400
288	Þorsteinn Gíslason	GK	2	8.400
311	Baldur	GK	97	8.400
363	Ósk	KE	5	8.400
396	Sigurður Pálsson	ÓF	66	2.359
399	Kári	GK	146	8.400
464	Þorri	VE	50	5.998
467	Sæljós	ÁR	11	8.400
483	Gústi í Papey	SF	188	8.400
500	Gunnar Hámundarson	GK	357	8.400
530	Bliki	BA	72	8.400
573	Hólmsteinn	GK	20	8.400
582	Guðmundur Jensson	SH	717	8.400
610	Jón Júlí	BA	157	8.400
616	Stefán Rögnvaldsson	EA	345	8.400
647	Reginn	HF	227	8.400
741	Grímsey	ST	2	8.400
824	Fengsæll	ÍS	83	8.400
892	Fönix	VE	21	8.400
923	Röstin	GK	120	8.400
926	Þorsteinn	GK	15	8.400
992	Jón forseti	ÓF	4	287
1013	Sólrún	EA	351	8.400
1043	Jóhanna	ÁR	206	8.400
1051	Sigurbjörn	VE	329	5.379
1054	Sæbjörg	ST	7	8.400
1068	Sæmundur	SF	85	8.400
1081	Harpa	HU	4	8.400
1102	Reginn	HF	228	8.400

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur
1109	Ásborg	BA	84	8.400
1118	Sæbjörn	ÍS	121	8.400
1142	Draupnir	ÞH	180	8.400
1143	Sæberg	BA	224	8.400
1148	Bára	ÍS	66	8.400
1149	Ingi	GK	148	4.650
1170	Klettsvík	SH	343	8.400
1178	Gæfa	VE	11	8.400
1184	Dagrún	ST	12	8.400
1188	Sæbjörg	BA	59	8.400
1189	Þorkell Björn	NK	110	8.400
1192	Fjóla	BA	150	8.400
1195	Álftafell	HF	102	8.400
1201	Gæfa	GK	114	8.171
1204	Jón Gunnlaugs	GK	444	1.443
1206	Öðlingur	SF	165	4.881
1214	Kristján S	SH	23	8.359
1222	Árni Óla	ÍS	81	8.400
1226	Hlýri	VE	172	8.400
1231	Þorkell Árnason	GK	21	8.400
1232	Gunnhildur	ST	29	8.400
1237	Una	SU	89	8.400
1244	Gunnar Bjarnason	SH	122	8.400
1246	Egill	SH	195	8.400
1252	Bjarni Svein	SH	107	8.400
1254	Arnar	RE	400	8.400
1260	Ágúst	RE	61	8.400
1291	Sæþór	EA	101	8.400
1305	Benni Sæm	GK	26	8.400
1311	Skálafell	ÁR	205	4.169
1318	Benjamín Guðmundsson	SH	208	8.400
1320	Svanborg	VE	52	1.504
1344	Gissur hvíti	ÍS	114	8.400
1350	Hafborg	SI	4	8.400
1353	Björgvin	ÍS	468	8.400
1354	Viðar	ÞH	17	8.400
1357	Níels Jónsson	EA	106	8.400
1371	Guðfinnur	KE	19	8.400
1396	Gunnvör	ST	39	8.400
1399	Haukaberg	SH	20	8.400
1403	Halldór Sigurðsson	ÍS	14	8.400
1414	Haförn	ÞH	26	8.400
1420	Keilir	SI	145	8.400
1428	Dagný	ÍS	34	8.400
1432	Von	ÞH	54	4.343
1434	Hringur	GK	18	8.400
1436	Snæbjörg	ÍS	43	8.400
1438	Njörður	KÓ	7	8.400
1440	Valur	ÍS	20	813
1452	Guðrún Jónsdóttir	SI	155	8.400
1453	Jón Björn	NK	111	7.949
1458	Egill Halldórsson	SH	2	8.400
1464	Diddó	BA	3	8.400
1489	Anný	SU	71	8.400
1500	Sindri	RE	46	8.400
1502	Páll Helgi	ÍS	142	8.400
1511	Pétursey	VE	6	8.400
1516	Brynhildur	KE	83	8.400

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur
1524	Ingimar Magnússon	ÍS	650	8.400
1527	Brimnes	BA	800	6.318
1533	Vigur	SU	60	8.400
1535	Dagný	SU	129	6.693
1538	Öxarnúpur	ÞH	162	7.876
1540	Fleygur	ÞH	301	8.400
1543	Hilmir	ST	1	8.400
1544	Viggó	SI	32	1.715
1546	Særós	RE	207	8.400
1563	Litli Jón	KE	201	42
1568	Högni	NS	10	8.400
1572	Rúna Péturs	GK	478	2.364
1575	Njáll	RE	275	8.400
1581	Berghildur	SK	137	8.400
1583	Tjaldur	ÍS	6	6.787
1590	Freyja	VE	260	4.443
1600	Sigurbjörg Ásgeirs	GK	44	2.873
1606	Mundi á Bakka	HF	62	8.400
1631	Mundi Sæm	SF	1	8.400
1636	Farsæll	GK	162	8.400
1637	Ebbi	AK	37	8.400
1639	Dalaröst	ÞH	40	8.400
1640	Hraunsvík	GK	90	8.090
1642	Sigrún	RE	303	8.400
1644	Valdimar	AK	15	8.400
1645	Þuríður Halldórsdóttir	GK	94	8.400
1671	Dísa	NK	51	8.398
1675	Emma II	SI	164	8.400
1730	Dýrfirðingur	ÍS	58	8.400
1733	Jörundur Bjarnason	BA	10	1.270
1734	Leiftur	SK	136	2.377
1744	Þytur	AK	19	4.242
1750	Vinur	ÞH	73	8.400
1755	Aðalbjörg	RE	5	8.400
1761	Goði	ÁR	22	746
1765	Aldan	NK	28	8.400
1767	Bára	SH	27	8.400
1770	Herkúles	SF	125	8.400
1774	Síldin	AK	88	8.400
1775	Ásrún	GK	266	6.066
1776	Brimrún	ÞH	15	8.400
1779	Sæþór	AK	7	8.400
1780	Sigrún	AK	71	8.400
1787	Linni	SH	303	8.400
1790	Ásgeir	ÞH	198	6.170
1791	Sædís	ÍS	67	8.400
1802	Mardís	SU	64	767
1803	Tvistur	SH	152	173
1808	Jóhanna	EA	31	7.336
1811	Mýrafell	ÍS	123	8.400
1818	Sævar	NK	18	8.400
1829	Máni	ÁR	70	8.400
1831	Hjördís	NS	92	8.400
1834	Neisti	HU	5	8.400
1841	Laxinn	NK	71	7.253
1842	Nökkvi	NK	39	8.400
1847	Smári	RE	14	8.400
1848	Sæbjörg	EA	184	7.402

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur
1851	Kristín Finnbogadóttir	BA	95	8.400
1852	Sjöfn	VE	37	8.400
1855	Hafnarberg	RE	404	8.400
1856	Rifsari	SH	70	8.400
1859	Sundhani	ST	3	8.400
1862	Hafrún II	ÍS	365	8.400
1866	Víkurberg	SK	72	8.400
1867	Nípa	NK	19	8.400
1873	Askur	GK	65	8.400
1875	Gná	NS	88	5.173
1876	Hafborg	SK	54	8.400
1881	Sigurvin	SU	380	7.290
1883	Örvar	HF	155	5.203
1887	Bresi	AK	101	8.400
1890	Brekey	BA	236	801
1893	Nóna	GK	166	8.400
1906	Haförn	NS	96	8.400
1907	Gunnvör	ÍS	53	8.400
1910	Glaður	SU	97	6.343
1913	Óli Færeyingur	SH	315	8.400
1914	Fylkir	KE	102	8.400
1915	Tjálfi	SU	63	8.400
1918	Svala Dís	KE	29	8.400
1920	Þjóðólfur	ÍS	86	8.400
1921	Þorleifur	EA	88	8.400
1922	Hafborg	EA	152	8.400
1925	Byr	GK	59	7.666
1927	Freyja	GK	364	8.400
1928	Halldór	NS	302	8.400
1930	Ívar	SH	324	8.400
1938	Gunnar Níelsson	EA	555	8.400
1943	Sigurvin	GK	61	8.400
1951	Hugborg	SH	87	8.400
1954	Bárður	SH	181	7.570
1955	Höfrungur	BA	60	8.400
1957	Hafnartindur	SH	99	8.400
1959	Hrólfur	AK	29	8.400
1963	Emil	NS	5	8.400
1964	Sæfari	ÁR	170	8.400
1968	María Pétursdóttir	VE	14	8.400
1969	Hafsvala	HF	107	8.400
1970	Öðlingur	VE	40	8.400
1979	Þorsteinn	BA	1	8.400
1984	Æskan	EA	202	6.289
1985	Björn Kristjónsson	SH	164	8.400
1986	Ísak	AK	67	8.400
1990	Þröstur	RE	21	8.400
1999	Fram	ÞH	62	6.733
2005	Birgir	RE	323	8.400
2008	Vörðufell	GK	205	8.400
2012	Grunnvíkingur	RE	163	8.400
2018	Garpur	SH	95	8.400
2019	Aldan	ÍS	47	8.400
2033	Jón Pétur	RE	411	465
2045	Guðmundur Þór	SU	121	368
2047	Máni	HF	149	8.400
2050	Sæljómi	GK	150	8.400
2068	Gullfari	HF	290	8.400

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur
2070	Jón Garðar	KE	1	8.400
2076	Keilir	AK	27	8.400
2093	Maron	GK	522	8.400
2099	Íslandsbersi	HF	13	8.400
2101	Portland	VE	97	8.400
2102	Þórir	SK	16	8.400
2125	Fengur	ÞH	207	8.400
2138	Mummi	GK	54	8.400
2150	Árni	KE	89	7.056
2171	Heiða Ósk	NS	144	6.916
2178	Þytur	EA	96	8.400
2235	Snotra	RE	165	8.400
2240	Kári	VE	47	6.326
2264	Víkingur	ÞH	264	8.400
2309	Ólöf	NS	69	8.400
2315	Gunnar afi	SH	474	2.172
2318	Hópsnes	GK	77	8.400
2323	Stapavík	AK	132	8.400
2325	Reykjaborg	RE	25	8.400
2330	Esjar	SH	75	8.400
2340	Friðrik Bergmann	SH	240	8.400
2366	Lárberg	SH	275	8.400
2379	Nanna Ósk	ÞH	333	8.400
2390	Árni í Teigi	GK	1	8.400
2395	Bríx	BA	2	8.400
2400	Valur	SH	322	8.400
2430	Sæljón	RE	19	8.400
2447	Guðný	NS	7	6.664
2450	Hrönn	ÞH	36	8.400
2454	Ýmir	BA	32	8.400
2457	Katrín	RE	375	8.400
2459	Sjöfn	NS	123	8.400
2462	Rúna	RE	150	8.400
2463	Vestri	BA	63	8.400
2465	Sæfaxi	NS	145	8.400
2468	Ársæll Sigurðsson	HF	80	8.400
2475	Sigurbjörg	BA	155	8.400
2476	Eyrún	ÁR	66	8.400
2481	Bárður	SH	81	8.400
2507	Steini Randvers	SH	147	8.400
5313	Freymundur	ÓF	6	3.620
5390	Siggi	EA	150	8.400
5416	Sæborg	EA	280	1.874
5493	Árni	ÞH	127	6.576
5607	Rán	NS	71	6.717
5655	Tjaldur	SU	179	2.216
5713	Blíðfari	ÓF	70	7.616
5889	Hrönn	HF	101	280
6005	Vonin	SU	36	15
6044	Kristján	SU	106	2.229
6048	Svala	EA	143	504
6070	Bára	AK	89	172
6075	Árni	SU	58	4.326
6077	Valþór	EA	313	272
6082	Smáaur	GK	181	7.052
6083	Óli málari	ÍS	98	8.021
6095	Hafbjörg	EA	189	1.958
6107	Rún	SU	14	110

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur
6175	Bravo	VE	160	474
6181	Eva	NS	197	118
6186	Frosti	EA	86	7.328
6208	Sif	ÞH	169	2.124
6209	Jón Kristinn	SI	52	4.667
6250	Gunnar	RE	108	3.490
6273	Sigurvin	ÍS	452	3.095
6341	Ólafur	ST	52	6.583
6380	Meta	SU	236	4.541
6391	Merkúr	KE	99	7.056
6403	Glaður	NS	115	8.400
6418	Skvísa	KÓ	234	3.881
6420	Veiðibjalla	NK	16	8.400
6421	Sindri	ÞH	72	1.645
6425	Mardís	ÞH	151	8.400
6437	Bjössi	RE	277	7.876
6438	Hafbjörg	HF	3	3.362
6461	Gauti	SH	252	457
6466	Straumur	SH	100	8.400
6474	Bjargfugl	RE	55	6.919
6487	Bæjarfell	RE	65	8.400
6517	Ólsen	NK	77	8.400
6518	Kveldúlfur	AK	25	1.616
6533	Hróðgeir hvíti	NS	89	6.408
6539	Hrönn II	SI	144	2.974
6592	Sólveig	ÞH	226	8.400
6598	Freygerður	ÓF	18	5.815
6600	María	ÁR	2	7.974
6603	Einar	EA	209	107
6610	Eyfjörð	ÞH	203	6.123
6611	Gimburey	BA	52	99
6619	Jenný	KE	32	3.709
6620	Ás	SU	192	8.400
6645	Sveinn	EA	204	4.508
6650	Díana	NS	165	755
6651	Össur	ÞH	242	6.810
6662	Litli Tindur	SU	508	8.400
6668	Krummi	RE	98	7.876
6686	Snorri	NK	59	7.608
6706	Svanur Þór	EA	318	5.914
6708	Kópur	KE	8	8.400
6711	Ísborg	EA	153	5.354
6712	Sigurpáll	ÞH	68	6.350
6726	Skíði	EA	666	7.688
6755	Skutla	SI	49	46
6757	Mímir	SF	11	8.400
6784	Sigrún	NK	6	2.066
6801	Margrét	SU	196	2.139
6821	Örk	SU	135	8.029
6829	Anna	ÞH	131	6.230
6830	Már	SK	90	168
6837	Edda	NS	113	7.711
6841	Bjarmi	SF	27	7.717
6849	Örn II	ÞH	80	3.914
6856	Ingólfur	GK	43	8.400
6876	Eyrarröst	KE	25	7.004
6902	Mónes	NK	26	8.400
6909	Drífa	NK	30	4.389

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur
6916	Vísir	EA	64	2.598
6923	Elva Dröfn	EA	103	6.129
6931	Smári	ÓF	20	3.912
6935	Máni	NS	34	8.152
6945	Gæska	ÞH	76	6.128
6952	Uggi	SI	167	8.400
6955	Ver	ÍS	90	3.608
6957	Fiskavík	ST	44	4.301
6961	Lundey	ÞH	350	6.219
6969	Rita	NS	13	8.400
6973	Hulda	SI	58	8.075
6976	Leifi	AK	2	8.400
6982	Vala	HF	5	1.275
6987	Ljón	ÓF	5	7.100
6988	Guðjón	GK	78	8.400
6996	Eldbakur	EA	7	8.400
6998	Tryllir	GK	600	385
7000	Fönix	ÞH	24	8.400
7002	Sigrún	SU	166	7.655
7007	Andri	ÞH	28	8.400
7008	Neisti	ÍS	218	3.314
7023	Silla	SU	152	8.400
7031	Ýr	NK	13	8.400
7032	Svalan	SK	37	1.655
7037	Þura II	AK	82	8.400
7038	Sverrir	SH	126	8.400
7040	Kristján	EA	378	8.400
7041	Darri	ÍS	422	3.300
7048	Gæfa	GK	102	7.721
7049	Gammur	SK	12	850
7057	Birna	SU	147	8.400
7058	Reynir Þór	SH	169	8.400
7065	Anna	SH	310	8.400
7066	Jaspis	KE	227	8.400
7096	Jón Páll	BA	133	8.400
7106	Óli	SK	115	2.041
7113	Emilía	AK	57	8.400
7120	Óskar	AK	130	1.737
7136	Frigg	RE	37	1.930
7172	Logi	ÍS	79	1.712
7178	Gróa	SF	19	8.400
7184	Sporður	VE	9	8.400
7191	Gullbrandur	NS	31	8.400
7194	Fagravík	GK	161	5.133
7205	Láki	SH	55	8.400
7243	Pegron	SH	140	8.400
7249	Svanur	VE	90	2.974
7281	Geisli	SH	155	8.400
7303	Sandvíkingur	NK	41	5.673
7336	Fjóla	EA	200	8.400
7444	Hafdís	ÞH	204	18
7466	Pétur Jacob	SH	37	8.400
7473	Eskey	SF	54	8.400
7474	Guðbjartur	SH	45	4.012

Úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, samkvæmt reglugerð nr. 600/2002, sbr. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Tölur eru gefnar upp með fyrirvara um leiðréttingar.

	Bátar sem fengu úthlutun 2002/2003	Bátar sem fengu úthlutun 2001/2002	Viðbótarúthlutun - slægður fiskur				Afli 2000/2001 (þorskígildi)			Úthlutað aflamark 2001/2002 og þorskafli 2000/2001 (þorskígildi)			Hlutfall		Hlutfall
	Nr.	Nr. Heiti báts	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Alls þorskígildi	Þorskafli	Annar afli	Heildarafli	Aflamark í öðrum teg. en þorski 2001/2002	Þorskafli 2000/2001	Samtals	úthlutunar af afla	Viðbótar-úthl. (þ.íg.)	eftir viðbótar-úthlutun
Sandgerði	2195	2195 Helgi GK 404	4.831	1.449	5.176	10.065	42.195	65.821	108.016	22.620	42.195	64.815	60,0%	10.065	69,3%
	5843	5843 Ransý GK 313	7.359	2.208	7.884	15.330	25.576	52.381	77.957	13.136	25.576	38.712	49,7%	15.330	69,3%
	6489	6489 Blossi GK 88	790	237	847	1.646	15.294	12.974	28.268	2.656	15.294	17.950	63,5%	1.646	69,3%
	7079	7079 Bjössi GK 235	1.902	571	2.038	3.963	13.861	17.281	31.142	3.765	13.861	17.626	56,6%	3.963	69,3%
Ólafsvík	1992	1992 Gægir SH 312	6.646	1.994	7.121	13.846	47.995	62.678	110.673	29.874	47.995	77.869	70,4%	13.846	82,9%
	2082	2082 Siggi Guðna SH 599	1.579	474	1.692	3.290	16.520	15.158	31.678	4.304	16.520	20.824	65,7%	3.290	76,1%
	2145	2145 Fanney SH 248	20.246	6.074	21.692	42.178	95.247	125.989	221.236	45.914	95.247	141.161	63,8%	42.178	82,9%
	2179	2179 Goði SH 62	10.926	3.278	11.706	22.761	61.198	61.637	122.835	17.834	61.198	79.032	64,3%	22.761	82,9%
	2315	2315 Gunnar afi SH 474	24.001	7.200	25.715	50.000	55.757	162.189	217.946	49.508	55.757	105.265	48,3%	50.000	71,2%
	1992	2328 Kristinn SH 112	11.601	3.480	12.430	24.168	119.715	166.864	286.579	93.605	119.715	213.320	74,4%	24.168	82,9%
	2328	6566 Ýr SH 375	6.242	1.873	6.688	13.004	34.795	47.223	82.018	20.169	34.795	54.964	67,0%	13.004	82,9%
	6825	6825 Mímir I SH 187	10.915	3.274	11.694	22.739	29.702	46.605	76.307	10.795	29.702	40.497	53,1%	22.739	82,9%
	7121	7121 Gísli SH 721	7.738	2.321	8.290	16.120	170.775	73.897	244.672	15.865	170.775	186.640	76,3%	16.120	82,9%
	7419	7419 Brynja SH 237	21.553	6.466	23.093	44.902	22.116	87.261	109.377	23.623	22.116	45.739	41,8%	44.902	82,9%
Tálknafjörður	2331	2331 Viktoría BA 45	19.029	5.709	20.389	39.644	102.076	128.996	231.072	43.850	102.076	145.926	63,2%	39.644	80,3%
	2341	2341 Gyllir BA 214	12.609	3.783	13.509	26.267	102.270	105.794	208.064	38.555	102.270	140.825	67,7%	26.267	80,3%
	2348	2348 Dagur BA 12	18.768	5.630	20.106	39.098	97.985	138.275	236.260	52.653	97.985	150.638	63,8%	39.098	80,3%
	2358	2358 Garri BA 90	17.233	5.170	18.463	35.900	135.959	139.154	275.113	49.079	135.959	185.038	67,3%	35.900	80,3%
	2367	2367 Bangsi BA 337	17.990	5.397	19.275	37.478	78.819	133.235	212.054	54.000	78.819	132.819	62,6%	37.478	80,3%
	2399	2399 Aðalbjörg Þ BA 399	21.902	6.571	23.467	45.628	64.974	148.413	213.387	80.765	64.974	125.739	58,9%	45.628	80,3%
Flateyri	2432	2432 Njörður BA 114	10.111	3.033	10.833	21.063	71.539	86.048	157.587	33.953	71.539	105.492	66,9%	21.063	80,3%
	2435	2435 Sæli BA 333	9.299	2.790	9.963	19.373	103.166	195.457	298.623	117.280	103.166	220.446	73,8%	19.373	80,3%
	7354	7354 Gyða BA 277	10.877	3.263	11.654	22.661	41.862	57.221	99.083	15.049	41.862	56.911	57,4%	22.661	80,3%
	7413	7413 Jón Þór BA 91	17.192	5.157	18.420	35.815	87.452	133.529	220.981	54.199	87.452	141.651	64,1%	35.815	80,3%
	7435	7435 Uxi BA 733	12.995	3.898	13.923	27.072	62.348	66.877	129.225	14.358	62.348	76.706	59,4%	27.072	80,3%
	7453	7453 Feraskur BA 103	24.001	7.200	25.715	50.000	45.741	123.317	169.058	25.394	45.741	71.135	42,1%	50.000	71,7%
	2225	2225 Kristbjörg ÍS 225	12.629	3.789	13.531	26.310	45.829	45.991	91.820	10.576	45.829	56.405	61,4%	26.310	90,1%
	2226	2226 Helgi Árna ÍS 61	10.686	3.206	11.449	22.262	79.687	48.536	128.223	13.559	79.687	93.246	72,7%	22.262	90,1%
	2316	2316 Auður Ósk ÍS 811	24.001	7.200	25.715	50.000	94.890	111.016	205.906	22.648	94.890	117.538	57,1%	50.000	81,4%
	2320	2320 Blossi ÍS 125	24.001	7.200	25.715	50.000	98.586	139.925	238.511	34.315	98.586	132.901	55,7%	50.000	76,7%
	2338	2338 Kristrún ÍS 72	10.400	3.120	11.142	21.665	127.321	50.895	178.216	11.557	127.321	138.878	77,9%	21.665	90,1%
	2347	2347 Popparinn ÍS 812	16.219	4.868	17.377	33.788	96.555	75.881	172.436	24.993	96.555	121.548	70,5%	33.788	90,1%
	2355	2355 Selma ÍS 200	24.001	7.200	25.715	50.000	78.569	117.209	195.778	31.686	78.569	110.255	56,3%	50.000	81,9%
	2451	2451 Svanni ÍS 117	24.001	7.200	25.715	50.000	76.692	104.410	181.102	28.887	76.692	105.579	58,3%	50.000	85,9%
	2452	2452 Gyllir ÍS 251	20.967	6.290	22.464	43.680	115.091	79.092	194.183	16.156	115.091	131.247	67,6%	43.680	90,1%
	2453	2453 Kristján ÍS 95	22.095	6.629	23.674	46.031	84.103	76.722	160.825	14.743	84.103	98.846	61,5%	46.031	90,1%

	Bátar sem fengu úthlutun 2002/2003	Bátar sem fengu úthlutun 2001/2002	Viðbótarúthlutun - slægður fiskur				Afli 2000/2001 (þorskígildi)			Úthlutað aflamark 2001/2002 og þorskafli 2000/2001 (þorskígildi)			Hlutfall úthlutunar af afla	Viðbótar-úthl. (þ.íg.)	Hlutfall eftir viðbótar-úthlutun
	Nr.	Nr. Heiti báts	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Alls þorskígildi	Þorskafli	Annar afli	Heildarafli	Aflamark í öðrum teg. en þorski 2001/2002	Þorskafli 2000/2001	Samtals			
Suðureyri	1909	7427 Ásl ÍS 106	4.576	1.373	4.903	9.533	54.881	140.860	195.741	28.572	54.881	83.453	42,6%	9.533	47,5%
Bolungarvík	2086	2086 Guðný Anna ÍS 9	24.001	7.200	25.715	50.000	105.685	153.250	258.935	32.355	105.685	138.040	53,3%	50.000	72,6%
	2505	2157 Skýjaborgin ÞH 118	5.135	1.541	5.502	10.698	172.848	136.502	309.350	85.782	172.848	258.630	83,6%	10.698	87,1%
	2207	2207 Vólusteinn ÍS 89	17.233	5.170	18.464	35.902	179.992	110.315	290.307	36.855	179.992	216.847	74,7%	35.902	87,1%
	2307	2307 Huldu Kell ÍS 333	1.326	398	1.420	2.761	151.776	138.835	290.611	98.476	151.776	250.252	88,1%	2.761	87,1%
	2547	2314 Þerna SH 350	17.280	5.184	18.514	36.000	229.918	151.831	381.749	66.443	229.918	296.361	77,6%	36.000	87,1%
	2368	2368 Jórunn ÍS 140	24.001	7.200	25.715	50.000	112.705	142.197	254.902	35.070	112.705	147.775	58,0%	50.000	77,6%
	2389	2389 Sirrý ÍS 94	24.001	7.200	25.715	50.000	107.283	219.463	326.746	83.416	107.283	190.699	58,4%	50.000	73,7%
	2436	2436 Gunnar Halldórs ÍS 195	24.001	7.200	25.715	50.000	126.326	153.089	279.415	32.653	126.326	158.979	56,9%	50.000	74,8%
	2484	2484 Hrólfur Einarsson ÍS 255	22.193	6.658	23.778	46.234	313.123	290.183	603.306	165.897	313.123	479.020	79,4%	46.234	87,1%
	2494	2494 Jakob Valgeir ÍS 84	24.001	7.200	25.715	50.000	188.592	160.521	349.113	54.172	188.592	242.764	69,5%	50.000	83,9%
	7147	7147 Sigrún ÍS 37	8.835	2.650	9.466	18.405	95.911	80.128	176.039	38.948	95.911	134.859	76,6%	18.405	87,1%
Ísafjörður	2304	2304 Skutull ÍS 16	3.331	999	3.569	6.939	123.069	85.814	208.883	45.236	123.069	168.305	80,6%	6.939	83,9%
	2482	2482 Guðbjörg ÍS 46	13.369	4.011	14.324	27.851	270.773	116.488	387.261	26.271	270.773	297.044	76,7%	27.851	83,9%
	7439	7439 Lúkas ÍS 71	5.639	1.692	6.041	11.747	85.330	40.717	126.047	8.671	85.330	94.001	74,6%	11.747	83,9%
	7447	7447 Jón Emil ÍS 19	24.001	7.200	25.715	50.000	81.461	196.166	277.627	40.539	81.461	122.000	43,9%	50.000	62,0%
Drangsnes	2112	2112 Dóri ST 42	1.887	566	2.022	3.932	30.351	7.751	38.102	1.889	30.351	32.240	84,6%	3.932	94,9%
	2406	2406 Kristbjörg ST 6	24.001	7.200	25.715	50.000	159.725	101.313	261.038	26.677	159.725	186.402	71,4%	50.000	90,6%
	6243	6243 Sæbjörn ST 68	9.796	2.939	10.495	20.407	24.809	33.555	58.364	10.191	24.809	35.000	60,0%	20.407	94,9%
	2032	6715 Díva ST 18	9.033	2.710	9.678	18.819	14.165	28.831	42.996	7.834	14.165	21.999	51,2%	18.819	94,9%
	6822	6822 Unnur ST 21	4.182	1.255	4.481	8.713	60.783	25.742	86.525	12.645	60.783	73.428	84,9%	8.713	94,9%
	2478	2478 Dodda NS 2	5.403	1.621	5.789	11.257	58.153	90.433	148.586	26.185	58.153	84.338	56,8%	11.257	64,3%
Stöðvarfjörður	2126	2126 Stína SU 400	7.657	2.297	8.204	15.952	97.681	96.858	194.539	68.571	97.681	166.252	85,5%	15.952	93,7%
	2485	2485 Narfi SU 680	3.557	1.067	3.811	7.410	58.492	104.446	162.938	86.704	58.492	145.196	89,1%	7.410	93,7%
	2502	2502 Stína II SU 401	11.491	3.447	12.312	23.940	48.357	48.727	97.084	18.631	48.357	66.988	69,0%	23.940	93,7%
Breiðdalsvík	2072	2072 Dofri SU 500	2.742	823	2.938	5.713	67.986	48.046	116.032	29.571	67.986	97.557	84,1%	5.713	89,0%
		Samtals:	840.000	252.000	900.000	1.749.960									

2. *Í hvaða byggðum sem „að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta" eru þeir bátar sem fengið hafa úthlutun skv. 3. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða og hversu mikið kom í hlut hvers byggðarlags? Hversu mikill var aflasamdrátturinn í tonnum talið sundurgreindur eftir byggðarlögum? Við hvaða skip var miðað þegar samdráttur í afla einstakra byggðarlaga var reiknaður út?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu, sbr. reglugerðir nr. 283/2002, (fskj. I) og nr. 600/2002 (fskj. II).

Úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, samkvæmt reglugerð nr. 600/2002, sbr. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Tölur eru gefnar upp með fyrirvara um leiðréttingar. Allar tölur eru í þorskígildum.

Staður	Afli fiskveiðiárið 2000/2001 (þorskígildi)	Úthlutað aflamark fiskveiðiárið 2001/2002* (þorskígildi)	Hlutfall úthlutunar af afla	Viðbótarúthlutun (þorskígildi)	Hlutfall eftir viðbótar-úthlutun
Bakkafjörður	711.236	621.745	87,4%	11.257	89,0%
Bolungarvík	4.663.701	3.694.018	79,2%	400.000	87,8%
Breiðdalsvík	116.033	97.557	84,1%	5.713	89,0%
Drangsnes	640.851	468.489	73,1%	101.870	89,0%
Flateyri	1.556.452	991.511	63,7%	393.736	89,0%
Ísafjörður	1.638.779	1.361.981	83,1%	96.537	89,0%
Ólafsvík	2.534.916	2.003.075	79,0%	253.008	89,0%
Sandgerði	1.256.623	1.087.394	86,5%	31.004	89,0%
Stöðvarfjörður	845.172	704.904	83,4%	47.302	89,0%
Suðureyri	2.546.583	2.256.934	88,6%	9.533	89,0%
Tálknafjörður	3.108.654	2.056.267	66,1%	400.000	79,0%
Samtals:	**19.619.000**	**15.343.875**		**1.749.960**	

* Í stað úthlutaðs aflamarks í þorski á fiskveiðiárinu 2001/2002 er miðað við þorskafla á fiskveiðiárinu 2000/2001

Fylgiskjal I.

Sjávarútvegsráðuneyti,
reglugerð nr. 283. 9. apríl 2002.

REGLUGERÐ
um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthluta 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, miðað við óslægðan afla, til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum, sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Að hlutur krókaaflamarksbáta í viðkomandi byggðarlagi nemi 15% eða meira af því heildaraflamarki í þorskígildum talið, þ.m.t. í loðnu, sem úthlutað hefur verið á fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskiskipa, sem skráð voru á úthlutunardegi í byggðarlaginu.
2. Að þorskaflahámarks- og krókaaflamarksbátar hafi landað a.m.k. 15% af þeim heildarafla, í þorskígildum talið, sem fiskiskip, sem skráð voru í viðkomandi byggðarlagi á löndunardegi, lönduðu á fiskveiðiárinu 2000/2001.

2. gr.

Hlutur einstakra byggðarlaga, sem til greina koma skv. 1. gr., skal miðast við að heildaraflamark krókaaflamarksbáta úr hverju byggðarlagi á fiskveiðiárinu 2001/2002 verði ekki lægra en tiltekið hlutfall af lönduðum afla þorskaflahámarks- og krókaaflamarksbáta á fiskveiðiárinu 2000/2001, sem skráðir voru í viðkomandi byggðarlagi.

3. gr.

Sá hlutur sem kemur í hlut einstakra byggðarlaga, skv. 2. gr., skal skiptast milli einstakra krókaaflamarksbáta, sem skráðir voru í viðkomandi byggðarlagi 21. desember 2001 og eru enn skráðir þar 9. apríl 2002. Skal úthlutun til krókaaflamarksbáta innan einstaks byggðarlags miðast við að heildaraflamark hvers krókaaflamarksbáts á fiskveiðiárinu 2001/2002 verði, að lokinni úthlutun samkvæmt þessari reglugerð, ekki lægra en tiltekið hlutfall af lönduðum afla viðkomandi báts á fiskveiðiárinu 2000/2001 í þorskígildum talið. Við útreikning samkvæmt þessari grein skal aflareynsla fylgja við flutning veiðileyfa milli báta.

4. gr.

Við útreikninga á afla, aflamarki og úthlutun samkvæmt reglugerð þessari skal miða við eftirfarandi forsendur:

1. Afli og aflamark í eftirgreindum tegundum skal ekki reiknast með: þorskur í Barentshafi eða afli fenginn þar, úthafskarfi, rækja á Flæmingjagrunni, síld úr norsk-íslenska síldarstofninum og kolmunni.
2. Ekkert byggðarlag fái meira en 400 þorskígildistonn í sinn hlut miðað við slægðan fisk skv. 2. gr.
3. Enginn bátur fái meira en 50 þorskígildistonn í sinn hlut miðað við slægðan fisk skv. 3. gr.
4. Í stað úthlutaðs aflamarks í þorski á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal miðað við óbreyttan þorskafla krókaaflamarksbáta á fiskveiðiárinu 2000/2001 skv. 2. og 3. gr.
5. Miða skal við almenna úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeilda á fiskveiðiárinu 2001/2002 auk úthlutunar Fiskistofu samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990, 7. gr. laga nr. 129/2001 og ákvæði til bráðbirgða XXV og XXVI við lög nr. 38/1990.
6. Miða skal við þorskígildi samkvæmt stuðlum reglugerðar nr. 631/2001 bæði varðandi úthlutun og landaðan afla.
7. Um afla og aflaúthlutanir skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

5. gr.

Fiskistofa skal við útgáfu reglugerðar þessarar úthluta hverjum báti 70% af áætluðum hlut hans. Jafnframt skulu forsendur úthlutunarinnar kynntar útgerðum bátanna og skulu þær hafa frest til 29. apríl 2002 til að koma athugasemdum sínum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa skal hafa lokið endanlegri úthlutun aflamarks eigi síðar en 13. maí 2002.

6. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli lokamálsgreinar 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal II.

Sjávarútvegsráðuneyti,
reglugerð nr. 600, 9. ágúst 2002.

REGLUGERÐ
um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2002/2003 úthluta 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, miðað við óslægðan afla, til krókaaflamarksbáta samkvæmt reikniforsendum reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, um úthlutun afaheimilda á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

2. gr.

Aðeins skal úthluta þeim bátum sem uppfylltu skilyrði reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, til úthlutunar, enda séu þeir enn skráðir frá sömu sjávarbyggð við útgáfu reglugerðar þessarar. Hafi eigandi báts, sem úthlutun hlaut á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. reglugerð nr. 283/2002, selt þann bát sinn er heimilt að úthluta öðrum báti í hans eigu, sem skráður er í sömu sjávarbyggð, þeim aflaheimildum, sem hinn seldi bátur hefði annars fengið, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar milli bátanna.

Engum báti skal úthlutað meiri aflaheimildum samkvæmt reglugerð þessari en sem nemur því magni, sem viðkomandi bátur hefur landað í hlutaðeigandi sjávarbyggð á tímabilinu 1. ágúst 2001 til 31. júlí 2002.

3. gr.

Miða skal við þorskígildi samkvæmt stuðlum reglugerðar nr. 631/2001 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002. Um afla skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli lokamálsgreinar 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

916. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Tilurð þessa frumvarps má rekja til bréfs Landssambands íslenskra útvegsmanna til samgönguráðuneytisins, dags. 29. apríl 1999, þar sem þess var farið á leit við íslensk stjórnvöld að þau leyfðu tvískráningu íslenskra fiskiskipa. Efni frumvarpsins er í samræmi við þá ósk. Tilgangurinn er sagður vera að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Lagt er til að heimilt verði að skrá fiskiskip þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá en þau séu eftir sem áður frumskráð á íslenska skipaskrá.

Íslenskar útgerðir sem hafa sóst eftir að nýta veiðiheimildir annarra ríkja hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki, jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á veiðiheimildirnar sem ætlunin er að nýta. Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi.

Ljóst er að frumvarpið er mjög umdeilt og skiptast hagsmunaaðilar algerlega í tvö horn. Samtök sjómanna hafa lýst þeirri skoðun að „útgerðarmenn séu að þrýsta á stjórnvöld um að heimila tvískráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn“. Athugasemdirnar hafa einkum snúið að tveimur atriðum, annars vegar þeim aðstæðum þegar skip kæmi aftur til Íslands með erlenda áhafnarmeðlimi að lokinni þurrleigu, hins vegar að því að útgerðir noti þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem stunda mætti undir íslenskum fána, í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar. Fram hefur komið að samtök sjómanna telja að við núverandi aðstæður sé opinberu eftirliti ábótavant, bæði varðandi það að erlendir sjómenn starfi á íslenskum skipum án atvinnuleyfis og varðandi þau laun sem erlendir sjómenn fái greidd. Sjómannasambandið óttast að við þurrleiguskráningu mundi þetta vandamál versna.

Fyrsti minni hluti telur að ekki hafi komið fram nógu sterk rök fyrir þessari breytingu en þeim mun sterkari varnaðarorð og styður því ekki frumvarpið.

Alþingi, 3. febr. 2003.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Kristján L. Möller.

917. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er endurflutt nánast óbreytt frá síðasta þingi. Frumvarpið var þá afgreitt úr nefndinni en fékk þó ekki endanlega afgreiðslu í þinginu.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er megintilgangur þess að heimila að íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá séu jafnframt skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá.

Mál þetta er rekið sem mikið hagsmunamál íslenskra útgerða, en með samþykkt þess telja útgerðirnar að möguleikar þeirra aukist til að nýta skip sín erlendis. Með svokallaðri þurrleiguskráningu er skip skráð á skipaskrá erlends ríkis en er þó jafnframt skráð á íslenska skipaskrá. Í frumvarpinu eru rakin ýmis skilyrði og takmarkanir sem þessar heimildir eru háðar. Nokkuð er skerpt á þeim takmörkunum í breytingartillögum meiri hlutans, sem allar eru til bóta, en þó fer fjarri að þar sé um grundvallarbreytingar á frumvarpinu að ræða.

Fram kom í máli fulltrúa útgerðarinnar, sem komu fyrir nefndina, að kjarasamningar íslenskra sjómanna leiddu til svo mikils launakostnaðar að trauðla væri rekstrargrundvöllur fyrir sókn á fjarlæg fiskimið undir íslenskum fána og á íslenskum kjarasamningum.

Við þurrleigu færist skipið undir lögsögu fánaríkis leigutakans og gilda þá lög þess um allan rekstur skipsins, þ.m.t. um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi. Veiðireynsla sem verður til með veiðum skipsins meðan það er undir erlendum fána á þurrleigu verður veiðireynsla þess ríkis sem flaggað er undir með þurrleiguskráningu. Þannig vinnur þurrleiguskráning gegn hagsmunum sem verið hafa grundvöllur skiptingar veiðiréttar úr fiskstofnum og má nefna dæmi þar um eins og skiptingu kvótans í úthafskarfa á Reykjaneshrygg, rækju á Flæmingjagrunni, norsk-íslenska síldarsamninginn og fyrirséða skiptingu á veiðireynslu á kolmunna. Hins vegar eru veðbönd skipsins skráð hjá hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum hér á landi. Því gilda mismunandi reglur um áhöfn og skip.

Samtök sjómanna eru mjög gagnrýnin á þessa tvöföldu skráningu skipa. Lýtur sú gagnrýni bæði að kjaramálum, öryggismálum og atvinnuréttindamálum. Erfitt verði að halda úti því skipulagi að kjara- og öryggismál breytist eftir því hvort skip er að fara út úr eða að koma inn í íslenska lögsögu. Þrýstingur muni aukast á að í áhöfn verði erlendir ríkisborgarar á allt öðrum og lélegri kjarasamningum en skylt er samkvæmt íslenskum lögum um skip undir íslenskum fána. Sjómannasambandið telur eðlilegri leið til að afla útgerðum aukinna verkefna að leita eftir samningum við önnur ríki um veiðiheimildir innan lögsögu þeirra.

Slík nálgun væri í fullu samræmi við stefnu okkar í alþjóðlegum hafréttarmálum, fiskverndar- og fiskveiðimálum. Sú stefna sem lögð er upp í frumvarpinu hefur á sér „alþjóðlegan sjóræningjablæ“ og að mati 2. minni hluta samræmist hún ekki áherslum Íslands í þessum málum á alþjóðavettvangi. Gildir það einnig um aðbúnað, öryggi og kjör sjómanna. Stefna Íslands á að vera sú að einu gildi hvort áhöfnin hafi íslenskt eða erlent ríkisfang. Íslensk lög skulu gilda á íslenskum skipum.

Meðfylgjandi eru umsagnir meiri og minni hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarpið frá síðasta þingi og frétt um löndunarbann á rússneska tvíflöggunartogara í Vestur-Evrópu. Enn fremur er vísað til umsagna samtaka sjómanna og útvegsmanna í greinargerð með frumvarpinu.

Annar minni hluti leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Alþingi, 3. febr. 2003.
Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn meiri hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, 285. mál 127. löggjafarþings.
II. Umsögn minni hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, 285. mál 127. löggjafarþings.
III. Löndunarbann sett á rússneska tvíflöggunartogara í Vestur-Evrópu frá og með áramótum? Skerpla (4. desember 2002).

Fylgiskjöl I og II eru samhljóða fylgiskjölum I og II í nefndaráliti 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar í þskj. 1398 (285. mál 127. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2001–2002, bls. 6004– 6006.

918. Frumvarp til laga [567. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal).

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

2. málsl. 198. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1992, fellur brott og ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 200. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 40/1992:

a. Í stað orðanna „6 árum“ í 1. mgr. kemur: 8 árum.
b. Í stað orðanna „10 ára“ í 1. mgr. kemur: 12 ára.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 201. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 40/1992:

a. Í stað orðanna „6 árum“ í 1. mgr. kemur: 8 árum.
b. Í stað orðanna „10 ára“ í 1. mgr. kemur: 12 ára.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 202. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott og ný málsgrein, sem verður 2. mgr., bætist við, svohljóðandi:

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 4 árum.

b. Í stað orðanna „á aldrinum 14–16 ára“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: yngra en 18 ára.

5. gr.

Á eftir 227. gr. laganna kemur ný grein, 227. gr. a, svohljóðandi:

Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi eða annarri ótilhlýðilegri aðferð.
2. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum, einkum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, sem fjallar um kynferðisbrot. Í fyrsta lagi er lögð til hækkun á refsimörkum vegna kynferðisbrota sem beinast að börnum. Í öðru lagi er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði sem leggi refsingar við svonefndu mansali. Þá er í þriðja lagi lögð til minni háttar breyting á skipun ákvæða í málsgreinar. Með frumvarpinu er stefnt að því að veita þolendum kynferðisbrota rýmri refsivernd en áður.

Á undanförnum árum hafa kynferðisbrot verið til sérstakrar athugunar hjá dómsmálaráðuneytinu og refsiréttarnefnd. Afrakstur af því starfi hafa meðal annars verið tvennar breytingar á almennum hegningarlögum annars vegar með lögum nr. 39/2000 (vitnavernd, barnaklám o.fl.) og hins vegar með lögum nr. 14/2002 (kynferðisbrot gegn börnum). Einnig hafa verið teknar saman nokkrar skýrslur og þykir rétt að rekja megindrætti þeirra.

Að beiðni þingmanna lagði dómsmálaráðherra fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi ítarlega skýrslu um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf um klám, vændi o.fl. Í skýrslunni er greinargóð umfjöllun um réttarstöðuna að þessu leyti í hverju landanna fyrir sig. Tekur umfjöllunin meðal annars til barnakláms og vændis barna og ungmenna. Í niðurstöðukafla skýrslunnar er löggjöf ríkjanna síðan borin saman og fjallað um þau álitaefni sem sá samanburður gefur tilefni til.

Í upphafi árs 2001 var jafnframt tekin saman skýrsla á vegum dómsmálaráðuneytisins um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess. Sú skýrsla var unnin af rannsóknarmiðstöðinni

Rannsóknir og greining og var byggð á rannsókn á vændi hér á landi og í hvaða myndum það birtist. Var rannsóknin framkvæmd með viðtölum við sérfræðinga sem kynnst hafa vændi í störfum sínum og einstaklinga sem kynnst hafa vændi af eigin raun. Í skýrslunni er meðal annars að finna sérstaka umfjöllun um vændi barna. Þessi skýrsla var meðal annars tilefni þess að dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp haustið 2001 um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem lagt var til að kaup á kynlífsþjónustu barna yrðu lýst refsiverð. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi og varð að lögum nr. 14/2002.

Í kjölfar skýrslunnar um vændi og félagslegt umhverfi þess skipaði dómsmálaráðherra nefnd í apríl 2001 til að koma með tillögur um viðbrögð við skýrslunni, en nefndinni var meðal annars falið að fara yfir gildandi refsilög, sem varða vændi og kynferðislega misnotkun, rannsókn og meðferð slíkra mála, þ.m.t. hjálparúrræði fyrir þolendur, og hvort unnt væri að veita börnum og unglingum ríkari refsivernd á þessu sviði. Einnig var nefndinni falið að kanna hvort ástæða væri til að setja reglur um rekstur og starfsemi nektarstaða. Nefndin skilaði ráðherra skýrslu sinni í apríl 2002 og er þar að finna ýmsar tillögur, meðal annars um breytingar á ákvæðum hegningarlaga um klám, vændi og kynferðisbrot gegn börnum. Þá lagði nefndin til að mælt yrði fyrir um refsinæmi mansals í hegningarlögum.

Skýrsla umræddrar nefndar var síðan rædd í refsiréttarnefnd og frumvarp þetta samið. Svo sem áður er getið hefur það að geyma tillögur um kynferðisbrot gegn börnum, auk þess sem lagt er til að mansal verði sérstaklega lýst refsivert. Önnur atriði verða hins vegar til frekari athugunar hjá nefndinni, þar á meðal ákvæði hegningarlaga um klám og vændi.

II.

Í 200.–202. gr. almennra hegningarlaga eru lagðar refsingar við kynferðisbrotum gegn börnum. Refsimörk ákvæðanna eru breytileg eftir brotum en þyngsta refsing, allt að 12 ára fangelsi, liggur við því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára, sbr. 1. mgr. 202. gr. laganna. Þar á eftir liggja þyngstu refsingarnar við því að hafa kynferðismök eða samræði við barn sitt eða barn eða ungmenni 18 ára eða yngra, sem er kjörbarn viðkomandi, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem viðkomandi hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Refsingar fyrir þessi brot eru fangelsi allt að 6 árum en allt að 10 árum ef barnið er yngra en 16 ára. Vægari refsingar liggja síðan við því að sýna barni kynferðislega áreitni.

Á undanförnum árum hefur sífellt orðið betur ljós sá mikli skaði sem börn geta orðið fyrir þegar þau eru misnotuð kynferðislega. Í mörgum tilvikum geta afleiðingarnar verið langvarandi og jafnvel varanlegar. Í alvarlegustu tilvikum er varla ofsagt að velferð og framtíð barns hafi verið lögð í rúst. Einnig hefur dómsmálum vegna þessara brota fjölgað mikið á síðustu 10–15 árum. Ekki er einhlítt hvernig það verður skýrt en fjölgunin getur bæði verið rakin til þess að fleiri brot séu framin eða að brot af þessu tagi hafi áður verið dulin. Rétt þykir að alvarleiki þessara brota verði virtur í þessu ljósi og er því lagt til að refsimörk vegna grófustu kynferðisbrota gegn börnum samkvæmt 200. og 201. gr. verði hækkuð. Er þá gert ráð fyrir að refsingar vegna þessara brota þyngist. Hér verður einnig að hafa í huga að ákvæðin taka til brota þar sem venjulega er mikill aldursmunur á milli barns og geranda, sem brýtur gróflega gegn trúnaði sínum við barnið.

Þessa tillögu frumvarpsins ber einnig að meta í ljósi almennra viðhorfa í þjóðfélaginu á seinni árum um nauðsyn þess að tryggja betur aðbúnað og öryggi barna. Þetta viðhorf hefur glögglega komið fram í lagasetningu og má meðal annars nefna að við endurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með lögum nr. 97/1995 var ákvæði bætt við stjórnarskrána í 3. mgr. 76. gr., en þar segir að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem vel-

ferð þeirra krefst. Þá má geta þess að ný barnaverndarlög, nr. 80/2002, tóku gildi 1. júní 2002 og á haustþingi sama ár var lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra barnalaga.

Aukin refsivernd barna gegn kynferðisbrotum tekur einnig mið af þjóðréttarlegri skuldbindingu Íslands samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá árinu 1989. Í því sambandi má nefna að samkvæmt 1. mgr. 19. gr. samningsins er sú skylda lögð á aðildarríkin að gera allar viðeigandi ráðstafanir, meðal annars á sviði löggjafar, til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni. Í 34. gr. samningsins segir síðan að aðildarríkin skuldbindi sig til að vernda börn gegn hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skulu þau einkum gera allt sem við á, bæði innan lands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir: a) Að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers kyns ólögmætri kynferðislegri háttsemi. b) Að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna. c) Að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni.

III.

Í svonefndu mansali felst hagnýting á einhverjum, oft í kynferðislegum tilgangi. Slík háttsemi getur varðað við ýmis ákvæði almennra hegningarlaga, einkum 206. gr., en í 2. mgr. hennar segir að hver sem hafi atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum. Samkvæmt 3. mgr. varðar sömu refsingu að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngri en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti. Í 4. mgr. er síðan sama refsing lögð við að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hafa viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang dvalarinnar. Í 5. mgr. segir síðan að hver sem stuðli að því með ginningum, hvatningu eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða geri sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skuli sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að einu ári ef málsbætur eru. Eftir atvikum getur mansal einnig tengst brotum gegn öðrum ákvæðum XXII. kafla laganna. Þá geta ákvæði XXIV. kafla laganna um brot gegn frjálsræði manna komið til álita, en þar eru í 225. gr. lagðar refsingar við ólögmætri nauðung og í 226. og 227. gr. við frelsissviptingu.

15. nóvember 2000 var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna samningur gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, sem nefndur hefur verið Palermó-samningurinn. Einnig voru samþykktar bókanir við samninginn, þar á meðal bókun til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Samningurinn og bókunin voru undirrituð af Íslands hálfu 13. desember 2000, en hafa ekki enn verið fullgilt. Í 2. gr. bókunarinnar kemur fram að tilgangur hennar sé í fyrsta lagi að koma í veg fyrir verslun með fólk, með sérstöku tilliti til kvenna og barna, í öðru lagi að vernda og aðstoða fólk sem fyrir slíku verður, þannig að mannréttinda þess sé gætt til fulls, og í þriðja lagi að stuðla að samvinnu aðildarríkja í því skyni að ná þessum markmiðum. Í 5. gr. bókunarinnar er sú skylda lögð á aðildarríkin að mæla fyrir um refsinæmi verslunar með fólk eins og sú háttsemi er nánar skilgreind í samningnum. Þá má geta þess að 25. maí 2000 var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna bókun við samninginn um réttindi barnsins um barnasölu, barnavændi og barnaklám. Bókunin var undirrituð af Íslands hálfu 7. september 2000 og fullgilt 9. júlí 2001.

Með hliðsjón af þessum alþjóðasamningum er lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði í hegningarlögunum um refsinæmi mansals. Þótt sú háttsemi sem lýst er í frumvarpinu sé í flestu tilliti þegar refsinæm er með þessu lögð sérstök áhersla á þessi brot og refsivernd gegn þeim aukin, en brotastarfsemin beinist gegn frjálsræði og helgustu persónuréttindum. Við lýsingu brotsins í frumvarpinu er höfð hliðsjón af 3. gr. bókunarinnar við samninginn gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi. Þess má geta að í Danmörku var þessi leið farin með lögum nr. 380/2002.

Í frumvarpinu er lagt til að refsa skuli fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi hverjum sem gerist sekur um nánar tilgreinda verknaði í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema brott líffæri. Ýmist er um að ræða tiltekin brot í tengslum við mansal eða brot sem beinist að einstaklingi 18 ára eða yngri. Við ákvörðun viðurlaga við brotum af þessu tagi reynir á ýmis sjónarmið, en í því sambandi má geta þess að virt yrði til refsiþyngingar ef brot beindist að barni eða ef brotastarfsemin væri skipulögð. Þá er brot refsivert án tillits til þess hvort fólk er flutt til landsins eða úr landi með sama hætti og þegar starfsemin fer að öllu leyti fram hér á landi. Í þessu sambandi verður að gæta þess að brotastarfsemi tengd mansali er alþjóðleg og virðir ekki landamæri.

Lagt er til að mælt verði fyrir um refsinæmi mansals í XXIV. kafla laganna, um brot gegn frjálsræði manna, en brot þessi einkennast einkum af því að brotaþoli er sviptur frelsi til að ráða sér og persónulegum högum sínum sjálfur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að 2. málsl. 198. gr. laganna falli brott og að ný málsgrein, sem er efnislega samhjóða, bætist við. Breytingin felur ekki í sér efnisbreytingu af neinu tagi heldur er hér einungis um lagatæknilegt atriði að ræða. Með því að skipa ákvæði 2. málsl. 198. gr. í sérstaka málsgrein verður vísun til ákvæðisins auðveldari í ákæruskjölum og dómum. Þá er slík framsetning ákvæðisins í samræmi aðrar greinar kaflans, sbr. 200. gr. og 201. gr.

Um 2. og 3. gr.

Með ákvæðum 2. og 3. gr. er lögð til hækkun á refsimörkum 200. og 201. gr. laganna. Lagt er til að háttsemi sem getur varðað allt að 6 ára fangelsi samkvæmt gildandi ákvæðum geti samkvæmt frumvarpinu varðað allt að 8 ára fangelsi og háttsemi sem getur nú varðað allt að 10 ára fangelsi geti varðað allt að 12 ára fangelsi. Ítarleg umfjöllun um þessar breytingar er í II. kafla almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru lagðar til nokkrar breytingar á 202. gr. laganna.

Í a-lið er lagt til að 2. málsl. ákvæðisins falli brott og ný málsgrein, sem er efnislega samhljóða, bætist við og verði 3. mgr. Hér er um að ræða breytingu lagatæknilegs eðlis sambærilega þeirri sem gerð er í 1. gr. frumvarpsins. Um nánari skýringu vísast til þess sem getið er í athugasemdum við þá grein.

Í b-lið eru lagðar til breytingar á 2. mgr. ákvæðisins, sem verður 3. mgr. Með breytingunni er lagt til að sú vernd sem börn á aldrinum 14–16 ára njóta samkvæmt núgildandi ákvæði nái einnig til 16 og 17 ára barna. Með breytingunni verður samræmi að þessu leyti milli hegningarlaga og ákvæða barnaverndarlaga.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að ný grein, 227. gr. a., bætist við hegningarlögin. Samkvæmt hinu nýja ákvæði verður mansal, eða verslun með fólk, sérstakt brot í hegningarlögum. Með því er verið að leggja sérstaka áherslu á þessi brot og auka refsivernd gegn þeim.

Lagt til að refsa skuli fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi hverjum sem í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema brott líffæri gerist sekur um nánar tilgreinda verknaði. Vísað er til nánari umfjöllunar um hið nýja ákvæði í III. kafla almennra athugasemda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal).

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum, einkum í tengslum við kynferðisbrot sem beinast gegn börnum. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo að nokkru nemi.

919. Frumvarp til laga [568. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Skilgreining á hugtakinu aðildarríki í 7. gr. laganna breytist og orðast svo: aðildarríki, ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

Á eftir 90. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (90. gr. A.)

Endurskipulagning fjárhags.

Með endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags er átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóls og er ætlað að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu vátryggingafélags og hafa áhrif á réttindi aðila annarra en vátryggingafélagsins sjálfs. Til slíkra ráðstafana teljast greiðslustöðvun og nauðasamningar.

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gilda um heimild vátryggingafélags til að leita greiðslustöðvunar og nauðasamnings enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna beiðni vátryggingafélags um heimild til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamnings. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef vátryggingafélagi er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

Úrskurður íslensks dómstóls um heimild vátryggingafélags með aðalstöðvar hér á landi til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana hefur einnig áhrif í öðrum aðildarríkjum og tekur til útibúa vátryggingafélagsins í þeim. Slíkur úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki vegna vátryggingafélags með aðalstöðvar í aðildarríki tekur til útibúa vátryggingafélagsins hér á landi.

Tilkynna skal lánardrottnum úrskurð um heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skv. 13. og 44. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í tilkynningu skv. 5 mgr. til vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem eiga kröfu á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hafi á vátryggingasamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki er heimilt að lýsa kröfu skv. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Um heimild útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um aðstoðarmenn skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmenn með nauðasamningum.

b. (90. gr. B.)

Íslensk lög skulu gilda um endurskipulagningu á fjárhag vátryggingafélags og útibúa þess erlendis nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur vátryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa eignarréttinda sem eru í öðru aðildarríki þegar heimildin er veitt. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi vátryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur heimild vátryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum sé eign í öðru aðildarríki. Heimild vátryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hefur ekki áhrif á sölu vátryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar heimildin var veitt.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda gerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi vátryggingafélag eftir að heimild hefur verið fengin til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf skráð í verðbréfamiðstöð skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif heimildar vátryggingafélags til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamnings á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem vátryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði þau sem aðstoðarmaður skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmaður með nauðasamningi geta beitt samkvæmt íslenskum lögum hafa þeir jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skulu þeir þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

3. gr.

95. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á líftryggingafélagi gilda lög um gjaldþrotaskipti sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Ákvæði 94. gr. um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins gilda og getur Fjármálaeftirlitið krafist allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Auk tilkynningar í Lögbirtingablaði skv. 2. mgr. 94. gr. skal Fjármálaeftirlitið tilkynna vátryggingatökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Slík tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar. Hafi sérstök meðferð líftryggingastofns verið ákveðin áður en beiðst er gjaldþrotaskipta hefur það ekki áhrif á framkvæmd samkvæmt þessari grein og 94. gr.

Við gjaldþrotaskipti líftryggingafélags skal hvorki telja eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni með eignum þrotabúsins né líftryggingaskuldina með skuldum þess. Hafi ekki tekist að ljúka greiðslu líftryggingakröfu með eignum þeim sem mæta eiga líftryggingaskuldinni fer um líftryggingakröfuna á hendur þrotabúi félagsins skv. 11. mgr. 96. gr.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna kröfu um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef bú líftryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurður íslensks dómstóls um að bú líftryggingafélags með aðalstöðvar hér á landi sé tekið til gjaldþrotaskipta hefur einnig áhrif í öðrum aðildarríkjum og skal hann taka til útibúa félagsins í þeim. Slíkur úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú líftryggingafélags með aðalstöðvar í aðildarríki sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur til útibúa félagsins hér á landi.

Heimild líftryggingafélags til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu.

Þegar bú líftryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal skilastjórn skv. 93. gr. birta í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um skipun skilastjórnar, innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Útdrátt tilkynningarinnar skal jafnframt birta í Stjórnartíðindum ESB.

Skilastjórn skal tilkynna lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags. Fyrirsögn tilkynningarinnar skal vera *Innköllun vegna gjaldþrotaskipta, kröfulýsingarfrestur* á öllum tungumálum aðildarríkja.

Í tilkynningu skilastjórnar skv. 8. mgr. til vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á líftryggingafélag vegna líftryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi á líftryggingasamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en líftryggingafélag skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús líftryggingafélags hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um gjaldþrotaskipti útibús líftryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um skilastjórn.

4. gr.

96. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á vátryggingafélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi gilda lög um gjaldþrotaskipti sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna kröfu um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef bú vátryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurður íslensks dómstóls um að bú vátryggingafélags með aðalstöðvar hér á landi sé tekið til gjaldþrotaskipta hefur einnig áhrif í öðrum aðildarríkjum og skal hann taka til útibúa félagsins í þeim. Slíkur úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú vátryggingafélags með aðalstöðvar í aðildarríki sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur til útibúa félagsins hér á landi.

Heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða nauðasamnings kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu.

Fjármálaeftirlitið skal jafnskjótt og búið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta meta hvort hagsmuna vátryggingataka og vátryggðra verði best gætt með því að yfirfæra vátryggingastofna að öllu leyti eða að hluta til annars eða annarra vátryggingafélaga.

Berist tilboð er Fjármálaeftirlitið metur hagkvæmt fyrir vátryggingataka og vátryggða skal það leggja fram tillögu um flutning stofnsins og tilkynna í Lögbirtingablaðinu um helstu efnisatriði slíks samkomulags. Einnig skal auglýsa eftir athugasemdum vátryggingataka og vátryggðra er berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Fjármálaeftirlitið skal jafnframt tilkynna vátryggingatökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Sú tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi hefur lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar. Að teknu tilliti til athugasemda skal Fjármálaeftirlitið að frestinum loknum taka ákvörðun um hvort unnt sé að yfirfæra vátryggingastofna á þann hátt sem lagt er til.

Þegar bú vátryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal skilastjórn skv. 93. gr. birta í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um skipun skilastjórnar, innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Útdrátt tilkynningarinnar skal jafnframt birta í Stjórnartíðindum ESB.

Skilastjórn skal tilkynna lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags. Fyrirsögn tilkynningarinnar skal vera *Innköllun vegna gjaldþrotaskipta, kröfulýsingarfrestur* á öllum tungumálum aðildarríkja.

Í tilkynningu skilastjórnar skv. 8. mgr. til vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi á vátryggingasamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en vátryggingafélag skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Vátryggingakröfur á hendur þrotabúi vátryggingafélagsins skulu ganga næst á undan kröfum skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús vátryggingafélags hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um gjaldþrotaskipti útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um skilastjórn.

5. gr.

Á eftir 96. gr. laganna kemur ný grein, 96. gr. A, svohljóðandi:

Íslensk lög skulu gilda um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags og útibúa þess erlendis nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur vátryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Úrskurður um að bú vátryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem voru í öðru aðildarríki þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi vátryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur úrskurður um að bú vátryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum sé eign í öðru aðildarríki. Gjaldþrot vátryggingafélags hefur ekki áhrif á sölu vátryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda gerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi vátryggingafélag eftir úrskurð um að bú vátryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf skráð í verðbréfamiðstöð skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif úrskurðar um að bú vátryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem vátryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði sem skilastjórn getur beitt samkvæmt íslenskum lögum hefur hún jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skal skilastjórn þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

6. gr.

Við 97. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um frjáls slit vátryggingafélags gilda ákvæði 95., 96. og 96. gr. A eftir því sem við á.

7. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verður svohljóðandi: **Sérstakar ráðstafanir. Endurskipulagning fjárhags. Brottfall starfsleyfis. Félagsslit.**

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í lagafrumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á og viðbót við ákvæði XI. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, varðandi endurskipulagningu fjárhags og slit vátryggingafélags.

Frumvarp þetta var samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði í maí 2002 en í nefndinni sátu Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Rúnar Guðmundsson, yfirlögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga, og Þóra M. Hjaltested, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sem jafnframt var starfsmaður nefndarinnar.

Tilefni frumvarpsins er innleiðing tilskipunar nr. 2001/17/EB frá 19. mars 2001 um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga. Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002 6. desember 2002.

Þá felur frumvarpið í sér í samræmi við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings, sem öðlaðist gildi 1. júní 2002, að tilskipanir um vátryggingarétt gilda einnig gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES-samningnum, þ.e. Sviss.

II. Efni tilskipunarinnar.

Megintilgangur tilskipunarinnar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélaga og slit þeirra og ákveðna lágmarkssamræmingu landsreglna sem gilda um þessi atriði. Tilskipanir um vátryggingar hafa hingað til ekki falið í sér samræmingu reglna um slit vátryggingafélags. Með endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags er í tilskipuninni átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóla, sem ætlað er að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu félagsins, með greiðslustöðvun eða nauðasamningi, en með slitum vátryggingafélags er átt við aðgerð þar sem eignum félags er komið í verð og verðmætum þess

dreift á milli lánardrottna, þ.m.t. vátryggingataka og vátryggðra, eða eigenda, hvort sem er af frjálsum vilja eða þvingað, þ.e. við gjaldþrotaskipti.

Tilskipunin felur í sér að úrskurður dómstóls um heimild vátryggingafélags á Evrópska efnahagssvæðinu til greiðslustöðvunar, til nauðasamningsumleitana eða um slit þess hefur áhrif á öllu svæðinu og skal viðurkenndur af öllum aðildarríkjum þess. Tekur slíkur úrskurður þannig til vátryggingafélagsins sjálfs og útibúa þess í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Jafnframt kveður tilskipunin á um að löggjöf heimaríkis gildi um endurskipulagninguna eða slitin, þ.e. löggjöf þess ríkis þar sem aðalstöðvar vátryggingafélags eru og þar sem starfsleyfi þess er gefið út. Sömu lög gilda því um réttindi, skuldir og skuldbindingar vátryggingafélags og útibúa þess, þó með tilteknum undanþágum. Tilskipuninni er þannig ætlað að koma í veg fyrir að lánardrottnum verði mismunað með því að mismunandi lög gildi um endurskipulagningu fjárhags eða slit vátryggingafélags og útibúa þess.

Enn fremur eru í tilskipuninni ákvæði um vernd neytenda, þ.e. vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem geta átt kröfu á vátryggingafélag vegna vátryggingasamnings. Gefur tilskipunin kost á tveimur mögulegum leiðum sem miða báðar að því að veita kröfum þeirra forgang við slit vátryggingafélags. Þá er sérstaklega tekið tillit til réttinda framangreindra aðila og lánardrottna vátryggingafélags sem eiga lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en heimaríki vátryggingafélags í tengslum við tilkynningar og kröfulýsingar.

Vakin er athygli á því að eftir upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn er gildissvið hennar allt Evrópska efnahagssvæðið og á grundvelli hins nýja stofnsamnings EFTA nær hún einnig til EFTA-ríkja sem ekki eru aðilar að EES-samningnum, þ.e. Sviss.

III. Gildandi réttur og tillögur frumvarpsins.

Tilskipunin felur í sér eins og áður hefur komið fram lágmarkssamræmingu á lögum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins en að ákvæðum hennar slepptum er gert ráð fyrir að byggt sé á þeim reglum sem þegar gilda í hverju ríki. Um gjaldþrot einstaklinga og lögaðila er fjallað í lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., og er í frumvarpinu lagt til að þær reglur gildi um greiðslustöðvun, nauðasamningsumleitanir eða gjaldþrot vátryggingafélags komi ekki annað fram í frumvarpinu og lögum um vátryggingastarfsemi. Í 90. gr. laga um vátryggingastarfsemi er gert ráð fyrir að vátryggingafélag skuli, ef lágmarkskröfur um gjaldþol eru ekki uppfylltar, gera áætlun um hvenær og hvernig markinu verði náð og metur Fjármálaeftirlitið hvort ráðstafanir þær teljist fullnægjandi. Engar sérreglur eru í gildi varðandi endurskipulag fjárhags við greiðslustöðvun eða nauðasamningsumleitanir.

Í 93.–97. gr. laga um vátryggingastarfsemi er að finna ýmis ákvæði um slit vátryggingafélags. Reglur 93.–96. gr. laganna, sem fjalla um þvinguð slit vátryggingafélags, gera ráð fyrir að við afturköllun starfsleyfis skipi ráðherra að fengnum tillögum Fjármálaeftirlits þriggja manna skilastjórn sem taki við öllum heimildum félagsstjórnar. Segja má að skilastjórn hafi við gjaldþrot vátryggingafélags sambærilegt hlutverk og skiptastjóri gegnir við gjaldþrot félaga almennt. Skilastjórn tekur í samráði við Fjármálaeftirlit ákvörðun um hvort óskað skuli gjaldþrotaskipta á vátryggingafélagi. Fjármálaeftirlitið hefur einnig töluverðu hlutverki að gegna á þessu stigi og tekur meðal annars um það ákvörðun í samráði við skilastjórn hvort hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé best komið með því að vátryggingastofninn verði fluttur til eins eða fleiri vátryggingafélaga eða hvort uppgjöri verði lokið með öðrum hætti. Þegar um líftryggingafélag er að ræða getur Fjármálaeftirlitið enn fremur tekið ákvörðun um að líftryggingastofninn skuli sæta sérstakri meðferð skv. 94. gr. laganna. Við gjaldþrot vátryggingafélags er meðferð á búi félagsins þannig í höndum tveggja aðila, Fjármálaeftirlitsins varðandi ákvörðun um meðferð vátryggingastofnsins og skilastjórnar

varðandi aðrar kröfur á hendur búinu. Reglur laga um vátryggingastarfsemi eru frábrugðnar gjaldþrotalögum m.a. að þessu leyti. Um eftirlitsskylda aðila er að ræða og því eðlilegt að Fjármálaeftirlitið eigi hlut að máli við þessar aðstæður. Um frjáls slit vátryggingafélags er fjallað í 97. gr. laga um vátryggingastarfsemi og gilda ákvæði 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins (95., 96. og 96. gr. A) um frjáls slit eftir því sem við getur átt.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir að ákvæði tilskipunarinnar gildi gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES-samningnum, þ.e. Sviss, með sama hætti og lagt er til að þau gildi um aðildarríki EES-samningsins í samræmi við ákvæði hins nýja stofnsamnings EFTA, Vaduz-samningsins.

Eins og áður hefur komið fram er lagt til að meginreglan verði sú að við endurskipulag fjárhags og slit vátryggingafélags verði farið eftir lögum heimaríkis vátryggingafélags. Á þessu eru þó undantekningar sem er að finna í frumvarpinu og er þar fyrst og fremst um að ræða lagaskilareglur varðandi tiltekna samninga, réttindi og eignir sem eru í öðru aðildarríki en heimaríki vátryggingafélags.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að við skilgreiningu á hugtakinu aðildarríki verði bætt að hún taki einnig til aðildarríkis að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, þ.e. Sviss, í samræmi við ákvæði Vaduz-samningsins. Þessi breyting er gerð til einföldunar á lagatextanum og leiðir til þess að óþarft verður að taka fram í hvert skipti að tiltekin atriði gildi bæði um aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, verður þannig nægilegt að vísa til hugtaksins aðildarríkis.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að tvær nýjar greinar, 90. gr. A og 90. gr. B, komi á eftir núverandi 90. gr. laganna. Þær eru innleiðing á II. kafla tilskipunarinnar, 4.–7. gr., 19.–27. gr. og 30. gr. Greinarnar fjalla um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags við greiðslustöðvun eða nauðasamningsumleitanir. Lagt er til að vátryggingafélag sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum og vill freista þess að koma á nýrri skipan fjármála sinna geti leitað til dómstóla um aðstoð við endurskipulagningu fjárhags félagsins með ósk um greiðslustöðvun eða heimild nauðasamningsumleitana, enda séu skilyrði laga um gjaldþrotaskipti uppfyllt.

Um a-lið (90. gr. A).

Í 1. og 2. mgr. greinarinnar er að finna skilgreiningu á hugtakinu endurskipulagning fjárhags í skilningi frumvarpsins. Jafnframt er kveðið á um að reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum, skuli gilda nema annað komi fram í lögunum. Í frumvarpinu er að finna ýmsar sérreglur varðandi endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags en lagt er til að meginreglan verði sú að reglur gjaldþrotalaganna gildi. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að dómstóll tilkynni Fjármálaeftirlitinu um framkomna beiðni um heimild til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamnings. Mikilvægt er að slík tilkynning berist Fjármálaeftirlitinu um leið og beiðni er lögð fram þar sem um eftirlitsskyldan aðila er að ræða og nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitinu sé eins fljótt og kostur er gert kunnugt um ef slíkir erfiðleikar hafa komið upp í rekstri vátryggingafélags. Jafnframt er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið tilkynni öðrum eftirlitsstjórnvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu og í Sviss þegar heimild hefur verið veitt til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana. Á sama hátt og Fjármálaeftirlitinu getur eftirlitsstjórnvöldum í öðrum ríkjum verið nauðsynlegt að fá slíkar upplýsingar, t.d. sé vátryggingafélag með starfsemi í því ríki.

Í almennu athugasemdunum hefur verið vikið að þeirri meginreglu sem kemur fram í 4. mgr. þessarar greinar frumvarpsins að úrskurður dómstóls í heimaríki vátryggingafélags um endurskipulagningu fjárhags þess hafi áhrif á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og taki þannig einnig til útibúa þess. Með þessu er tryggt að sömu reglur gildi um endurskipulagningu félagsins og útibúa þess.

Í 5. mgr. er fjallað um tilkynningar til innlendra og erlendra lánardrottna vátryggingafélags og er þar lagt til að tilkynningar fari eftir 13. og 44. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Samkvæmt 6. mgr. skal enn fremur veita vátryggingataka, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á hendur vátryggingafélagi samkvæmt vátryggingasamningi og eiga lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, upplýsingar um hver áhrif heimildin hafi á vátryggingasamninginn og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Slík tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar. Lánardrottni er skv. 7. mgr. heimilt að lýsa kröfu vegna nauðasamnings skv. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. á tungumáli þess ríkis þar sem hann hefur lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar. Þó skal koma fram í fyrirsögn á íslensku að um kröfulýsingu sé að ræða. Hugtakið lánardrottinn í skilningi þessara ákvæða tekur einnig til vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á vátryggingafélag samkvæmt vátryggingasamningi. Með ákvæðunum er réttur erlendra lánardrottna tryggður. Jafnframt er komið í veg fyrir að innlendum og erlendum lánardrottnum verði mismunað við það að heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings taki einnig til starfsemi félagsins í öðrum ríkjum, þar með talið útibúa þess. Þannig er auk þess tryggt að erlendir lánardrottnar hafi vitneskju um heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

Í 8. mgr. kemur fram að íslensk lög skuli gilda verði útibúi vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana. Tekur þessi málsgrein til vátryggingafélaga sem hafa fengið leyfi skv. 71.–72. gr. til að reka hér útibú. Enn fremur er vikið að því að hafi vátryggingafélagið útibú í fleiru en einu aðildarríki skuli litið á hvert útibú sem sérstakan lögaðila. Við greiðslustöðvun eða nauðasamningsumleitanir skulu eftirlitsstjórnvöld, aðstoðarmenn skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmenn með nauðasamningum þó samræma aðgerðir.

Um b-lið (90. gr. B).

Í þessari grein er að finna reglur um hvaða lögum skuli beitt við endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags. Meginreglan er sú að lög heimaríkis vátryggingafélags skuli gilda um endurskipulagningu fjárhags félagsins og útibúa þess, en það er það ríki þar sem aðalstöðvar vátryggingafélags eru og starfsleyfi þess er gefið út. Í 1. mgr. kemur þannig fram að íslensk lög skuli gilda um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags með aðalstöðvar hér á landi og útibúa þess erlendis nema á annan veg sé mælt í greininni. Í 2.–10. mgr. er að finna ýmsar lagaskilareglur, þ.e. reglur um lög hvaða ríkis skuli gilda við tilteknar aðstæður. Eru slík ákvæði nauðsynleg vegna meginreglunnar um að lög heimaríkis skuli gilda, en eðlilegt getur verið í tilteknum tilfellum að lögum annarra ríkja verði beitt.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að ný grein komi í stað núverandi 95. gr. sem fjallar um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags og er með henni verið að innleiða ákvæði III. kafla tilskipunarinnar, 8.–27. gr. og 30. gr. Greininni er ætlað að koma sem viðbót við ákvæði 93. og 94. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

Með sama hætti og varðandi endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags er við slit líftryggingafélags gert ráð fyrir að lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum, gildi, nema annað komi fram í lögunum.

Í 2. og 3. mgr. er að finna efni núverandi 95. gr. Í 2. málsl. 2. mgr. er nýmæli þar sem gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði gert að tilkynna vátryggingatökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Í 94. gr. er að finna ákvæði um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins sem getur átt sér stað óháð því hvort óskað er gjaldþrotaskipta á félaginu. Komi hins vegar til gjaldþrots líftryggingafélags er gert ráð fyrir að sérstakri meðferð líftryggingastofnsins skv. 94. gr. verði haldið áfram. Í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar er nauðsynlegt að kveða á um að við slíkar aðstæður skuli vátryggingatökum, vátryggðum og öðrum sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og eiga lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðrum aðildarríkjum tilkynnt sérstaklega um meðferð vátryggingastofnsins, enda miklar líkur á því að tilkynning í Lögbirtingablaði sem 2. mgr. 94. gr. gerir ráð fyrir nái ekki til erlendra aðila.

Í 3. mgr. kemur fram að eignir þær sem mæta eiga líftryggingaskuld félagsins skuli ekki teljast með eignum þrotabús líftryggingafélags, né skuli telja líftryggingaskuldina með skuldum þess. Er þetta óbreytt frá núverandi lögum. Með líftryggingaskuld í líftryggingafélagi er átt við óuppgerðar heildarskuldbindingar félagsins vegna gerðra líftryggingasamninga. Um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld vátryggingafélags er fjallað í reglugerð nr. 646/1995 og er þar meðal annars kveðið á um skrá yfir þær eignir sem mæta eiga líftryggingaskuld á hverjum tíma. Auk þess er í 3. mgr. nýmæli þar sem mælt er fyrir um stöðu líftryggingakröfu vátryggingataka, vátryggðra og annarra í skuldaröð takist ekki að ljúka greiðslu hennar með þeim eignum sem mæta eiga líftryggingaskuldinni í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Fer um slíka kröfu eftir 11. mgr. 96. gr. og vísast til umfjöllunar um þá grein. Rétt þykir að tryggja sérstaklega rétt vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem leitt geta rétt af vátryggingasamningi um líftryggingu vegna eðlis slíkra samninga, en um er að ræða langtíma samninga sem snúast oft á tíðum um verulegan hluta ævisparnaðar fólks. Þegar fjallað er um líftryggingakröfu eða vátryggingakröfu í frumvarpi þessu er átt við kröfur sem stafa af vátryggingasamningi.

Ákvæði 4. og 5. mgr. eiga samsvörun í 3. og 4. mgr. 90. gr. A, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og vísast til umfjöllunar um þær.

Í 6. mgr. kemur fram að úrskurður um að líftryggingafélagi sé veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana komi ekki í veg fyrir að hægt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu. Er þetta ákvæði í andstöðu við 2. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 40. gr. gjaldþrotalaga þar sem fram kemur að á meðan greiðslustöðvun eða nauðasamningsumleitanir standa sé óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta. Er hér um að ræða sérreglu samkvæmt nefndri tilskipun sem víkur almennum reglum gjaldþrotalaga til hliðar.

Ráðherra skipar þriggja manna skilastjórn líftryggingafélags eftir tillögu Fjármálaeftirlitsins, sbr. 93. gr., og gegnir skilastjórn sama hlutverki og skiptastjóri hefur samkvæmt gjaldþrotalögum við gjaldþrotaskipti félaga almennt eins og áður hefur komið fram. Í 7. mgr. kemur fram að þegar bú líftryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skuli skilastjórn birta í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um skipun hennar, innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Við innköllun hefur skilastjórn hliðsjón af 85. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Gert er ráð fyrir að útdráttur tilkynningarinnar verði birtur í Stjórnartíðindum ESB sem eðlilegt er þar sem úrskurður um að bú

félags sé tekið til gjaldþrotaskipta getur einnig varðað hagsmuni vegna starfsemi félagsins í öðrum aðildarríkjum.

Í 8. mgr. er gert ráð fyrir að skilastjórn tilkynni lánardrottnum sem eiga lögheimili, hafa fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki sérstaklega um úrskurð um gjaldþrotaskiptin. Við þá tilkynningu hefur skilastjórn 86. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. til hliðsjónar.

Ákvæði 9., 10. og 12. mgr. eiga samsvörun í 6.–8. mgr. 90. gr. A, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og vísast til umfjöllunar um þær málsgreinar.

Í 11. mgr. kemur fram að eftirlitsstjórnvöldum aðildarríka sé heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús hjá Fjármálaeftirlitinu. Er þetta eðlilegt vegna meginreglunnar í 5. mgr. þessarar greinar frumvarpsins, en eftirlitsstjórnvöldum í öðru aðildarríki getur verið nauðsynlegt að hafa vitneskju um stöðu málsins hafi félagið þar starfsemi.

Um 4. gr.

Greinin kemur í stað 96. gr. laganna og fjallar um gjaldþrot vátryggingafélaga sem reka aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi, oft nefnd skaðatryggingafélög. Efni greinarinnar á að miklu leyti samsvörun í 95. gr., sbr. 3. gr. frumvarpsins sem fjallar um gjaldþrot líftryggingafélaga, og vísast til þeirrar umfjöllunar þar sem við á. Í 5. og 6. mgr. er að finna efni 96. gr. óbreytt. Þó er bætt við 6. mgr., í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, að Fjármálaeftirlitið skuli tilkynna vátryggingatökum, vátryggðum og öðrum sem eiga kröfu á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og eiga lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um fyrirhugaða yfirfærslu vátryggingastofnsins. Tilkynningin skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Í 11. mgr. er fjallað um stöðu vátryggingakröfu í skuldaröð og er lagt til að þær kröfur gangi næst á undan kröfum skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Er gert ráð fyrir að vátryggingakröfur samkvæmt þessari grein séu, í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, forgangskröfur með sama hætti og kröfur skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og komi næst á eftir kröfum skv. 8. tölul. þeirrar greinar. Ekki þótti fært að tryggja rétt vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem geta leitt rétt af vátryggingasamningi með sama hætti og varðandi líftryggingakröfur þar sem ekki gildi sömu sjónarmið um þessar tegundir vátrygginga.

Um 5. gr.

Greinin tekur bæði til gjaldþrots líftryggingafélags skv. 95. gr., sbr. 3. gr. frumvarpsins, og gjaldþrots vátryggingafélaga sem reka aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi skv. 96. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins. Greinin á samsvörun í 90. gr. B, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og vísast til umfjöllunar um hana.

Um 6. gr.

Eins og vikið var að í almennu athugasemdunum gilda ákvæði 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins (95., 96. og 96. gr. A) um frjáls slit vátryggingafélags eins og við getur átt. Í þessu sambandi má nefna reglur um tilkynningar og lagaskilareglur.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins samræma reglur sem gilda um fjárhagslega endurskipulagningu eða slit vátryggingafélags og útibús þess á Evrópska efnahagssvæðinu og Sviss. Frumvarpið byggist á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/17/EB sem er ætlað að koma í veg fyrir að kröfuhöfum verði mismunað með því að mismunandi lög gildi yfir móðurfélag og útibú þess á Evrópska efnahagssvæðinu og Sviss.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

920. Fyrirspurn [569. mál]

til forsætisráðherra um þróun og horfur í atvinnumálum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða breytingar urðu á fjölda ársverka á tímabilinu 1995–2002, sundurliðað eftir atvinnugreinum og kjördæmum?
2. Hver er spá um vöxt í atvinnulífinu næstu tíu ár, sundurliðað eftir atvinnugreinum og kjördæmum:
   a. með fyrirhuguðum stóriðjuframkvæmdum,
   b. án fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda?
3. Hvað þarf að skapa mörg störf árlega næstu tíu ár með hliðsjón af mannfjöldaspá, sundurliðað eftir atvinnugreinum og kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

921. Fyrirspurn [570. mál]

til félagsmálaráðherra um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hvað hafa bændur, smábátaeigendur og vörubifreiðastjórar greitt til sérdeilda Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga árlega frá 1997, sundurgreint eftir árum og deildum?

2. Hvað hafa sömu aðilar fengið í atvinnuleysisbætur frá 1997, sundurgreint eftir árum og deildum?
3. Hvaða önnur útgjöld hafa þessar deildir, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 525/1998?
4. Hversu mikil er uppsöfnuð innstæða þessara deilda?
5. Sér ráðherra ástæðu til að breyta reglum um atvinnuleysistryggingar þessara hópa að fenginni reynslu?

Skriflegt svar óskast.

922. Fyrirspurn [571. mál]

til heilbrigðisráðherra um einkahlutafélög á sviði heilbrigðisþjónustu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hversu mörg einkahlutafélög eru starfrækt á sviði heilbrigðisþjónustu? Svarið óskast sundurliðað eftir heilbrigðisstéttum.

Skriflegt svar óskast.

923. Skýrsla [572. mál]

Sivjar Friðleifsdóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2002

1. Inngangur

Til að stofnanir á borð við Norrænu ráðherranefndina og Norðurlandaráð haldi gildi sínu í síbreytilegum heimi þarf forysta þeirra á hverjum tíma að vera framsýn og opin fyrir breytingum. Sú hefur verið raunin á norrænum vettvangi en Norðurlandaráð fagnaði 50 ára starfsafmæli árið 2002. Áherslur og umfang starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar hafa einnig í þau 28 ár, sem hún hefur starfað, tekið stakkaskiptum í takt við breytingar í þjóðfélaginu og alþjóðlegt umhverfi Norðurlanda. Því er Norræna ráðherranefndin mikilvægur þáttur í stjórnmálalífi á Norðurlöndum, gagnlegur umræðuvettvangur og grunnur samstarfs milli stofnana, samtaka og einstaklinga á nánast öllum sviðum þjóðlífs á Norðurlöndum.

Réttindi Norðurlandabúa.

Í áranna rás hefur verið unnið að því á norrænum vettvangi að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir fólksflutningum milli norrænu landanna. Mikilvæg skref hafa verið stigin með sameiginlegum norrænum vinnumarkaði, vegabréfafrelsi og samningum um félagsleg réttindi og samstarfi á sviði mennta- og heilbrigðismála svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir það er enn mikið ógert og sterkur pólitískur vilji fyrir því að ná frekari árangri. Ráðherranefndin opnaði því árið 2001 þjónustusíma í höfuðborgunum fimm þar sem almenningur á þess kost að fá upplýsingar um réttindi sín við flutning milli landanna. Þessi þjónusta sem einnig er veitt á netinu verður styrkt til muna á næsta ári. Í október var haldið í Reykjavík námskeið fyrir starfsmenn stofnana á Íslandi sem þjóna almenningi. Markmiðið var að kynna starfsfólkinu efni norrænna samninga sem snúa að réttindum almennings, réttindum sem reynslan hefur sýnt að misbrestur hefði verið á að fólk hafði notið. Námskeiðið tókst að mati þátttakenda vel og stefnt er að árlegu námskeiðahaldi.

Á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í október sl. var lögð fram ráðherranefndartillaga um aðgerðir ríkisstjórnanna og ráðherranefndarinnar til að bæta réttindi Norðurlandabúa sem flytja milli norrænu landanna. Er þar verið að bregðast við tillögum þeim sem Ole Norrback sendiherra setti fram í skýrslu, sem samstarfsráðherrar höfðu falið honum að gera. Margar þeirra eru þess eðlis að árangurs er ekki að vænta nema til komi sterkur pólitískur vilji. Í lok ársins var því Poul Schlüter fyrrv. forsætisráðherra Dana falið að vera sérstakur samræmingar- og eftirlitsaðili með fyrirhuguðum aðgerðum. Hann fær víðtækt hlutverk og mun m.a. sækja ráðherrafundi fagráðherranefndanna og hafa beint samband við flesta ráðherrana.

Norrænt samstarf við grannsvæðin.

Brennidepill norræns grannsvæðasamstarfs hefur verið að flytjast frá Eystrasaltsríkjunum og til rússneskra grannsvæða við Eystrasalt, þ.m.t. Kaliningrad, og á Barentssvæðinu. Jafnframt hefur samstarf um málefni Norðurskautssvæðanna fengið aukið vægi og hafist hefur verið handa um að móta markvissa stefnu fyrir norrænt grannsvæðasamstarf til vesturs. Við Íslendingar væntum góðs árangurs af þessu starfi sem er í samræmi við þau markmið sem sett voru fram í formennskuáætlun okkar í ráðherranefndinni 1999.

Norrænt samstarf við önnur fjölþjóðleg samtök.

Samstarf og samráð um Evrópumál á sér stað á nánast öllum sviðum samstarfsins. Frá þeim störfum er greint í sérstakri skýrslu sem gefin er út árlega.

Í lok ársins var samþykkt áætlun um aukið og markvissara samstarf milli Norrænu ráðherranefndarinnar og annarra opinberra fjölþjóðlegra samtaka á svæðinu umhverfis Norðurlönd. Áætlunin tekur til samstarfs við Evrópusambandið (ESB), Eystrasaltsráðið, Norðurskautsráðið og Barentsráðið. Ætlunin er m.a. að taka virkan þátt í framkvæmd áætlunar ESB um Norðlægu víddina.

Norðurlönd framtíðar.

Norðurlönd framtíðar var yfirskrift formennskuáætlunar Norðmanna, sem fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2002. Megináhersla var þar lögð á málefni barna og unglinga á Norðurlöndum og grannsvæðunum í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi, sjálfbæra þróun og matvælaöryggi.

Sjálfbær Norðurlönd.

Sjálfbær Norðurlönd til ársins 2020 er yfirskrift þeirrar áætlunar um sjálfbæra þróun sem gekk í gildi 2001 og Norræna ráðherranefndin starfar eftir. Samkvæmt henni ber smám saman að samþætta aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri þróun inn í öll svið samstarfsins. Framkvæmdin, sem er á hendi samstarfsráðherranna, hefur gengið vel. Að loknu fyrsta fjögurra ára tímabilinu 2001–2004 verður áætlunin metin og markmið ákveðin fyrir næsta tímabil. Áætlunin var kynnt á leiðtogafundi ESB í Barcelona í vor og á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg síðastliðið haust.

Matvælaöryggi.

Það er einkennandi fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar um þessar mundir að lausn aðkallandi samstarfsverkefna krefst samstarfs þvert á hefðbundin samstarfssvið. Glöggt dæmi þessa eru verkefni tengd matvælaframleiðslu og öryggi matvæla. Því var ný ráðherranefnd um sjávarútvegsmál, landbúnað, skógrækt og matvælamál stofnuð síðla árs 2001. Undir hennar stjórn lauk á árinu stóru þverfaglegu verkefni um aukið matvælaöryggi á Norðurlöndum. Á grundvelli þeirrar vinnu samþykkti ráðherranefndin yfirlýsingu um að Norðurlönd skuli sameiginlega á alþjóðavettvangi vinna að því að tryggja gæði matvæla.

Málefni barna og unglinga og „Fjölmenningarsamfélagið á Norðurlöndum".

Um málefni barna og unglinga, sem falla undir mörg svið samstarfsins, er fjallað í þverfaglegri áætlun, „Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund". Því voru þau mál m.a. til umræðu á þverfaglegri ráðstefnu í Ósló í vor þar sem samræða fór fram milli norrænna mennta- og menningarmálaráðherra, dómsmála- og samstarfsráðherra og fulltrúa æskulýðssamtaka á Norðurlöndum. Þar var m.a. rætt um aðkomu ungmenna að ákvarðanatöku um þjóðfélagsmál og lýðræði í skóla.

Vegna fjölgunar nýbúa alls staðar á Norðurlöndum hefur sú stefna verið mörkuð að beina norrænum kröftum að verkefnum sem snúa að fjölmenningarsamfélaginu og aðgerðum gegn útlendingaandúð. Ýmsir þættir þessa starfs, sem aðallega hefur verið á hendi menningarmálaráðherranna, snerta ungt fólk. Alls voru átta verkefni styrkt af verkefnafé menningarmálaráðherra undir formerkjunum „Fjölmenningarsamfélagið á Norðurlöndum".

Norðurlöndin sem heild.

Formennska í Norrænu ráðherranefndinni fór við áramót 2002/2003 úr hendi Norðmanna til Svía. Þeir kynntu formennskuáætlun sína fyrir árið 2003 á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október. Yfirskrift áætlunarinnar er „Integration Norden" eða Norðurlöndin sem heild. Markmið hennar er fjórþætt. Stefnt er í fyrsta lagi að aukinni þátttöku og áhrifum nýbúa á Norðurlöndum á stjórnmál, menningarlíf og þjóðfélagsumræðu. Þá er stefnt að áframhaldandi norrænum samruna í þeim skilningi að áfram verði stefnt að því að auðvelda fólki flutninga og för milli landanna, og atvinnulífi og félagasamtökum norrænt samstarf. Eins verði áfram stefnt að auknum norrænum tungumálaskilningi. Í þriðja lagi er stefnt að frekari aðlögun og þróun samstarfsins milli Norðurlanda og grannsvæðanna. Þá er í fjórða lagi stefnt að auknu norrænu samstarfi á vettvangi evrópska efnahagssvæðisins (EES) og ESB.

Eins og skýrsla þessi ber með sér er norrænt samstarf innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar afar víðfeðmt. Allir ráðherrar í ríkisstjórninni koma að því sem og öll ráðuneytin, þó formlega sé samstarf norrænu forsætis- og utanríkisráðherranna utan ráðherranefndarinnar.

Í inngangsorðum var drepið á nokkur þeirra verkefna sem unnið var að, en á eftir fara greinargerðir frá ráðuneytunum um störfin á hinum fjölmörgu sviðum samstarfsins, upplýsingar um norrænu lánastofnanirnar og sjóði og þær tvær norrænu stofnanir sem hafa aðsetur á Íslandi, Norræna húsið og Norrænu eldfjallastöðina.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda.

Forsætisráðherrarnir áttu þrjá fundi á starfsárinu, óformlegan sumarfund í maí, sem að þessu sinni var haldinn í Molde, heimabæ forsætisráðherra Noregs, fund með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna í Ríga í Lettlandi í ágúst, og fund í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki. Í tengslum við Molde-fundinn áttu forsætisráðherrarnir fund með Mbeki, forseta Suður-Afríku, auk tvíhliða funda og í Helsinki áttu þeir fund með oddvitum stjórna sjálfstjórnarsvæðanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Á fundinum í Molde, sem haldinn var í maí, gaf forsætisráðherra Dana skýrslu um stöðu mála í ESB og í samningsviðræðunum við umsóknarríkin. Þá var og áætlun ESB um Norðlægu víddina til umræðu og leiðtogafundur Eystrasaltsráðsins, sem stóð fyrir dyrum í júní.

Forsætisráðherra Norðmanna gaf skýrslu um helstu mál á dagskrá í norrænu samstarfi. Forsætisráðherrarnir lögðu áherslu á að skýrslu Ole Norrback um réttindi Norðurlandabúa yrði fylgt eftir bæði á norrænum vettvangi og í löndunum. Norræna stefnumótunin um sjálfbæra þróun, „Sjálfbær Norðurlönd", var rædd og ákveðið að hún og árangur norræns samstarfs á því sviði yrði kynnt á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg.

Forsætisráðherra Íslands hóf umræðuna um baráttuna gegn hryðjuverkum og fjallaði auk þess um þær breytingar sem gera þyrfti á EES-samningnum við fjölgun aðildarríkja ESB.

Að loknum fundi norrænu forsætisráðherranna með forseta Suður-Afríku var gefin út yfirlýsing þar sem lýst var ánægju yfir traustu samstarfi milli ríkjanna, en Molde-fundurinn var annar fundur leiðtoganna. Sá fyrri var haldinn í Skagen tveimur árum áður. Í yfirlýsingunni voru ítrekaðar áherslur Monterrey-yfirlýsingarinnar um mikilvægi samstarfs milli ríkra og fátækra þjóða í baráttunni við fátækt í heiminum og minnt á það mikla verkefni sem þjóðir Afríku stæðu frammi fyrir til að ná þeim markmiðum leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna að fækka þeim allra fátækustu í heiminum um helming fyrir árið 2015. Leiðtogarnir gáfu til kynna þá von að átak á alþjóðavettvangi m.a. innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO mundi leiða til aukinna fjárfestinga, markaðsaðgangs og jákvæðrar efnahagsþróunar þróunarríkjanna og verða þannig til þess að fátækt í heiminum minnkaði. Þá var bent á nauðsyn þess að hamla útbreiðslu alnæmis, berkla og malaríu. Þá var lýst ánægju yfir auknum viðskipta- og efnahagstengslum milli Suður-Afríku og Norðurlanda og ákveðið að framhald yrði á fundum leiðtoganna.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í Riga voru meginumræðuefnin stækkun Atlantshafsbandalagsins og ESB. Danski forsætisráðherrann gaf ítarlega skýrslu um stækkun ESB og gang aðildarsamninga. Forsætisráðherra Íslands hafði framsögu um áhrif stækkunar Atlantshafsbandalagsins á starfsemi bandalagsins í framtíðinni og fjallaði sérstaklega um þýðingu þess að Eystrasaltsríkjunum yrði væntanlega boðin aðild að því á leiðtogafundi í Prag í nóvember sl.

Á fundi forsætisráðherranna í Helsinki var auk hefðbundinna skýrslna um formennsku Norðmanna í norrænu samstarfi 2002, formennskuáætlun Svía fyrir 2003 og helstu mála á dagskrá norræns samstarfs gerð grein fyrir stöðu mála í ESB. Forsætisráðherra Íslands fylgdi úr hlaði umræðu um framtíð EES-samningsins og kröfur ESB um hækkun aðildargjalda EFTA-ríkjanna og gerði grein fyrir afstöðu Íslands og Noregs.

Þá voru nýliðin gíslataka tsjetsjneskra skæruliða í Moskvu og Íransmálin rædd.

Lýst var fyrirhuguðum leiðtogafundi Barentsráðsins í tilefni 10 ára starfsafmælis í upphafi árs 2003 og kynnt erindi frá frú Vigdísi Finnbogadóttur o.fl., „Raddir heimsins", þess efnis að forsætisráðherrarnir styddu, að í tilefni 60 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna yrðu öll tungumál heims hljóðrituð og kvikmynduð. Því máli var vísað til menningarmálaráðherra landanna.

Á fundi forsætisráðherranna með oddvitum sjálfstjórnarsvæðanna var m.a. skýrslan um réttindi Norðurlandabúa til umræðu. Þá var þar kynnt fyrirhuguð ráðstefna ESB á Grænlandi í ágúst 2002 um Norðurskautsglugga Norðlægu víddarinnar.

Í umræðum á fundinum með oddvitum sjálfstjórnarsvæðanna um stöðu Færeyja í norrænu samstarfi kom fram að sú þróun hefði orðið í samskiptum Dana við Færeyjar og Grænland að ríkisstjórn Danmerkur teldi nú æskilegt að Færeyjar og Grænland kæmu á virkari hátt en áður að þeim alþjóðlegu málefnum sem snertu þau beint. Með vísan til þess lagði forsætisráðherra Dana til að samstarfsráðherrunum yrði falið að skoða möguleika sjálfstæðrar aðildar sjálfstjórnarsvæðanna að ráðherranefndinni og var það samþykkt.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk.

Samstarfsráðherrar og forsætisráðherrar Norðurlanda setja samstarfinu pólitísk markmið og eitt mikilvægasta hlutverk samstarfsráðherranna er að stuðla að því, að starfsemin sé í samræmi við þau. Auk þessarar stefnumótunar, er norræna fjárlagagerðin og skipting fjárveitinganna milli samstarfsverkefna og samstarfssviða ríkur þáttur í starfi samstarfsráðherranna. Þeir fara og með upplýsingamálin og þau samstarfsmál, sem eru þverfagleg eða falla af öðrum ástæðum ekki að hlutverki neinnar fagráðherranefndar. Þverfaglegum verkefnum hefur fjölgað undanfarin ár en samstarfið við grannsvæði norrænu landanna er þó enn þeirra helst.

Norræna samstarfsnefndin, sem starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, er stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjárlög ársins 2002 að upphæð 787 millj. d.kr. voru að raunvirði óbreytt frá fyrra ári.

Norræna fjárlagagerðin var endurskoðuð árið 2000 í því skyni að fjárlögin nýttust betur en fyrr til að beina fjármagninu að forgangsverkefnum. Breytingarnar komu að hluta til framkvæmda við undirbúning fjárlaga ársins 2002 og að fullu við undirbúning fjárlaga ársins 2003. Þær þóttu hafa reynst vel. Fjárveitingarnar skiptust á fjárlögum ársins 2002 í stórum dráttum þannig að 74% þeirra runnu til innra samstarfs Norðurlanda, 18% til grannsvæðasamstarfsins og 8% til Evrópumála.

Þegar ákvörðun er tekin um ramma og megináherslur fjárlaganna meira en ári fyrir upphaf fjárlagaársins, eins og raunin er nú, er nauðsynlegt að samstarfsráðherrarnir hafi við upphaf fjárlagaárs til ráðstöfunar nægilega fjármuni til að hrinda í framkvæmd pólitískt mikilvægum verkefnum með skömmum fyrirvara. Því var tekinn upp nýr fjárlagaliður, „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar", og til hans veitt 10 millj. d.kr. Samtímis var liðurinn „varasjóður ráð-

herranefndarinnar" felldur niður. Þessi tilhögun er í raun forsenda þess að formennskulandið geti komið áhersluverkefnum á sviði formennskuáætlunar sinnar í framkvæmd.

Réttindi Norðurlandabúa.

Mál tengd réttindum Norðurlandabúa voru í brennidepli allt árið. Viðbrögð við skýrslu þeirri, sem samstarfsráðherrarnir höfðu falið Ole Norrback sendiherra að gera um réttindi Norðurlandabúa, voru rædd á flestum fundum samstarfsráðherranna og leiddi sú umfjöllun til þess að fyrir Norðurlandaráðsþingið í Helsinki sl. haust var lögð ráðherranefndartillaga sem mun mynda ramma um þær aðgerðir sem á næstu árum verður ráðist í til að ryðja úr vegi hindrunum fyrir flutningi milli norrænu landanna. Glögglega kom í ljós að forsenda árangurs er að fyrir hendi sé skýr pólitískur vilji bæði þjóðþinga og ríkisstjórna. Ástæðan er sú að margt af því sem gera þarf snýr ekki bara að framkvæmd og breytingum á norrænnum samningum heldur einnig að breytingum á lögum og reglugerðum sem í mörgum tilvikum snerta fjárhagsmál og að breytingum á tvíhliða samningum sem ekki hefur náðst sátt um hingað til. Áfram verður unnið að þessum málefnum, en Svíar gefa þeim forgang í formennskuáætlun sinni fyrir árið 2003.

Að frumkvæði Norrænu félaganna tóku samstarfsráðherrarnir til umræðu þau tiltölulega háu þjónustugjöld sem bankar á Norðurlöndum krefjast fyrir gjaldeyrisyfirfærslur milli landanna. Eftir að samband hafði verið haft við bankageirann endurtóku samstarfsráðherrarnir tilraun sem Norræna félögin höfðu gert og sendu sem svarar 200 n.kr. hver til annars. Þegar í ljós kom að gjöldin námu frá 35% til 80% af þeirri upphæð sem send var, ákváðu samstarfsráðherrarnir að beina því til bankanna að lækka gjöldin og veita betri upplýsingar um upphæðir gjalda og sendingartíma, sem reynst hafði langur.

„Norðurlöndin í fókus" er kynningarverkefni, sem snýr að almenningi með það að meginmarkmiði að gera norrænt samstarf sýnilegra. Á Íslandi var starfsemin nátengd starfsemi Norræna hússins. Verkefnið sem upphaflega var til tveggja ára var endurmetið á árinu og ákvörðun um framtíð þess verður tekin árið 2003.

Áhersla hefur verið lögð á það í norrænu samstarfi í áranna rás að koma á samstarfi um beinar sjónvarpssendingar milli norrænu landanna. Tilraunir í þá veru hafa þó ekki borið tilætlaðan árangur, en á vissum svæðum hefur allt að einu verið unnt að ná sendingum frá grannlöndunum. Tækniþróunin undanfarið hefur leitt til þess, að möguleikar á að ná sjónvarpssendingum, sem ekki eru ætlaðar öðrum en heimamönnum, hafa minnkað. Samtímis hefur þróunin leitt til þess að beinar sjónvarpssendingar milli landanna eru tæknilega auðveldari en áður, sé vilji fyrir því. Í ljósi þessa ákváðu samstarfsráðherrarnir í lok ársins eftir samráð við fulltrúa menningarmálaráðherranna að málið yrði kannað með það að markmiði að skapa grundvöll fyrir pólitískri ákvarðanatöku. Verkið verður unnið í samstarfi við menningargeirann.

Norrænt samstarf við grannsvæðin.

Í kjölfar ákvörðunar um aðild Eystrasaltsríkjanna að ESB standa nú fyrir dyrum breytingar á því norræna samstarfi við þau sem hófst 1990 í kjölfar falls Sovétríkjanna. Meginmarkmið þessa samstarfs hefur verið aðstoð við þjóðfélagsuppbyggingu og lýðræðisþróun á svæðinu.

Samkvæmt þeirri stefnu sem samþykkt var á árinu fyrir norrænt samstarf við grannsvæðin mun samstarfið við Eystrasaltsríkin breytast eftir inngöngu þeirra í ESB frá eins konar þróunaraðstoð yfir í samstarf þar sem báðir aðilar leggja sitt af mörkum og taka jafnframt virkan þátt í ákvörðunartöku um innihald og þungamiðju samstarfsins. Umræður um nánari

útfærslu þessarar nýju stefnu eru þegar hafnar í samráði við samstarfsráðherra Eystrasaltsríkjanna.

Samfara breytingunum á samstarfinu við Eystrasaltsríkin verður samstarfið við rússnesk grannsvæði Norðurlanda við Eystrasalt og á Barentssvæðinu styrkt.

Þegar eru starfræktar upplýsingaskrifstofur í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna og Pétursborg. Útibúum frá þeim hefur verið komið á fót bæði í Eystrasaltsríkjunum og á Barentssvæðinu. Á árinu 2001 var ákveðið að stofna upplýsingaskrifstofu í Kaliningrad. Sú ákvörðun hefur enn ekki komið til framkvæmda því ekki hefur fengist starfsleyfi fyrir hana þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir norrænna stjórnmála- og embættismanna.

Á árinu hófst starfsemi samkvæmt nýsamþykktri starfsáætlun um málefni Norðurskautssvæðanna. Með henni var starfsemin skilin frá samstarfinu við grannsvæðin og skipaður ráðgjafahópur sérfróðra fulltrúa utanríkisráðuneytanna um verkefnaval. Það gaf góða raun og áhugi af hálfu ýmissa fagsviða á að taka upp samstarf um málefni Norðurskautssvæðanna jókst til muna frá fyrri árum.

Á árinu var ákveðið að kanna möguleika þess að gefa norrænu samstarfi um málefni Vestur-Norðurlanda og samstarfinu við vestlæg grannsvæði utan Norðurlanda aukið pólitískt vægi. Í því skyni var skipaður vinnuhópur sem á að skila tillögum um úrbætur fyrir mitt ár 2003.

Norræna ráðherranefndin hélt í nóvember sl. ráðstefnu í Skotlandi um norrænt samstarf við Skotland og önnur vestlæg grannsvæði Norðurlanda. Á ráðstefnunni sem haldin var í samvinnu við skoska þingið kom í ljós mikill áhugi af hálfu Skota á óformlegu samstarfi við Norðurlönd á sviði lista og menningar- og menntamála, umhverfismála og stjórnsýslu. Hugmyndir þessar verða skoðaðar.

Samstarfið við Norðurlandaráð.

Við breytingu á skipulagi Norðurlandaráðs, sem gerð var í kjölfar skýrslunnar „Norðurlönd umleikin vindum veraldar", var grunnur lagður að auknu samráði milli ráðsins og ráðherranefndarinnar um verkefni og stefnu. Samstarfsráðherrarnir, sem telja þessar breytingar samstarfinu til bóta, fjölluðu á árinu um og mörkuðu stefnu um ramma samráðsins við ráðið. Jafnframt var fjallað um meðferð ráðherranefndarinnar á tilmælum Norðurlandaráðs. Bent var á að sá mikli fjöldi tilmæla, sem á hverjum tíma eru á dagskrá, rýrði það gildi sem þau gætu haft um stefnumótun, væru þau færri.

Norðurlandaráð hélt óvenju veglegt þing í Helsinki í tilefni 50 ára starfsafmælisins. Samkvæmt ákvörðun samstarfsráðherranna tók ráðherranefndin þátt í að kosta hátíðardagskrá í tilefni afmælisins, sem sjónvarpað var beint um öll Norðurlönd.

Evrópu- og önnur alþjóðleg mál.

Í febrúar áttu ráðherranir fund með sendiherrum Norðurlanda í Brussel. Þar gáfu sendiherrarnir munnlegar skýrslur um þau mál sem hæst bar í ESB. Minnt var á að innri markaðurinn og frjáls för yfir landamæri væri kjarninn í EES/ESB samstarfinu og því hefði það samstarf fært norrænu samstarfi nýja vídd. Norðurlöndum, sem þegar hefðu náð langt á því sviði, bæri að vera þar í forystu. Ekki mætti líta á EES/ESB sem hindrun fyrir norrænum framförum, því sambandið stæði ekki í vegi fyrir því að Norðurlönd gengju lengra en önnur EES/ESB-ríki í að ryðja úr vegi landamærahindrunum.

Norrænt samstarf við önnur fjölþjóðleg samtök.

Samstarf og samráð um Evrópumál á sér stað á nánast öllum sviðum samstarfsins. Frá þeim störfum er greint í sérstakri skýrslu sem gefin er út árlega.

Í lok ársins var samþykkt áætlun um aukið og markvissara samstarf milli Norrænu ráðherranefndarinnar og annarra opinberra fjölþjóðlegra samtaka á svæðinu umhverfis Norðurlönd. Áætlunin tekur til samstarfs við ESB, Eystrasaltsráðið, Norðurskautsráðið og Barentsráðið. Ætlunin er m.a. að taka virkan þátt í framkvæmd áætlunar ESB um Norðlægu víddina.

Staða Færeyja, Grænlands og Álandseyja í norrænu samstarfi.

Forsætisráðherrarnir fólu samstarfsráðherrunum á fundi sínum í október sl. að skoða möguleika þess að Færeyjar, Grænland og Álandseyjar fengju aukna aðild að Norrænu ráðherranefndinni. Snemma árs 2003 stendur til að skipa nefnd sérfræðinga sem skoða mun málið.

4. Norðurlandasamvinna utanríkisráðuneytisins

Samstarf og samráð við önnur Norðurlönd hefur alla tíð verið sjálfsagður og mikilvægur hluti utanríkisstefnu Íslands. Samvinna utanríkisráðherra Norðurlanda fer þó ekki fram innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar heldur á milli norrænu utanríkisráðuneytanna beint, en auk ráðherrasamstarfs hafa embættismenn utanríkisráðuneyta Norðurlanda gott og náið samstarf og samráð varðandi flesta málaflokka sem undir ráðuneytin heyra.

Þrír fundir utanríkisráðherra Norðurlanda voru haldnir á árinu, sá fyrsti í Ósló í febrúar sl. Á þeim fundi fjölluðu ráðherrarnir einkum um baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og ástandið í Afganistan, friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs og ástand og horfur á Balkanskaga. Þá ræddu þeir um öryggismál, þ.m.t. stækkun Atlantshafsbandalagsins og aukin tengsl þess við Rússland og um málefni Evrópusambandsins (ESB) og evrópska efnahagssvæðisins (EES). Ráðherrarnir lögðu sérstaka áherslu á mikilvægi alþjóðlegrar samstöðu um aðstoð við og uppbyggingu í Afganistan og gáfu út sérstaka yfirlýsingu þar að lútandi. Í umfjöllun sinni um ESB/EES-málefni ræddu ráðherrarnir einkum stækkun, þróun og framtíð ESB og aðlögun EES-samningsins að breyttum aðstæðum í Evrópu.

Annar fundur var haldinn í Tallinn í lok ágúst sl. og í tengslum við hann var haldinn sérstakur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og utanríkisráðherra Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháen. Á fundi norrænu ráðherranna var einkum rætt um samráð Norðurlanda um málefni ESB og EES, þ.m.t. stækkun sambandsins, svo og áhrif stækkunarinnar á EES-samninginn og aðkomu EFTA-landanna að nýjum stofnunum ESB, þ.e. eftirlitsstofnunum á sviði matvæla og siglinga- og flugöryggis. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna var einkum fjallað um Evrópumál, stækkun ESB og Atlantshafsbandalagsins og svæðisbundna samvinnu.

Þriðji fundur utanríkisráðherra Norðurlanda á árinu var haldinn í Helsinki í lok október sl. í tengslum við 54. þing og 50 ára afmæli Norðurlandaráðs, en þá var einnig haldinn fundur utanríkisráðherranna með forsætisnefnd ráðsins. Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra, sat fundina í fjarveru Halldórs Ásgrímssonar, utanríkisráðherra.

Á fundi utanríkisráðherranna var m.a. rætt um Evrópumál, einkum áframhaldandi samráð Norðurlanda um málefni EES í tengslum við stækkun Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins. Málefni Írak voru einnig til umfjöllunar svo og málefni Alþjóðasakamáladómstólsins og samskipti Evrópu og Bandaríkjanna almennt.

Utanríkisviðskiptaráðherrar Norðurlanda héldu einnig fund í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Helsinki, en þann fund sat Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

í fjarveru utanríkisráðherra. Á fundinum var m.a. fjallað um stækkun EES og samstarfið á innri markaðnum, hina svonefndu Doha-lotu samningaviðræðna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og þátttöku Norðurlanda í heimssýningunni, EXPO 2005.

Fundur norrænna þróunarmálaráðherra var haldinn í júní sl. og fundur norrænna varnarmálaráðherra í nóvember sl. Báðir fundirnir voru haldnir í Ósló og þá sóttu embættismenn utanríkisþjónustunnar í fjarveru ráðherra.

Eins og áður greinir hafa embættismenn utanríkisráðuneyta Norðurlanda gott og náið samstarf og samráð og haldnir eru reglulegir fundir varðandi allmarga málaflokka sem undir ráðuneytin heyra. Þá er efnt til sérstaks norræns samráðs í tengslum við ýmsar alþjóðaráðstefnur og alþjóðleg og svæðisbundin verkefni, með það fyrir augum að samræma sjónarmið og móta sameiginlega norræna stefnu.

Norrænir sendierindrekar eiga með sér gott samstarf, bæði í höfuðborgum Norðurlandanna sjálfra og annars staðar þar sem norrænar sendiskrifstofur starfa. Sendiráð skiptast á upplýsingum og hafa samráð í ýmsum málum er varða sameiginlega hagsmuni ríkjanna. Óformleg tengsl sendierindreka við embættismenn í stjórnkerfi, stjórnmálamenn og leiðandi aðila í stjórnmála-, viðskipta- og menningarlífi eru mjög mikilvæg en vegna opinna og vandalausra samskipta sín á milli geta norrænir sendierindrekar oft nýtt sér sambönd hver annars með góðum árangri. Ímynd Norðurlanda er yfirleitt mjög jákvæð á alþjóðavettvangi og ekki síst í þeim löndum þar sem Ísland er með sendiskrifstofur. Flestar dyr eru því opnar norrænum sendierindrekum, sérstaklega þegar þeir koma fram sem heild.

Óhætt er að fullyrða að staða Norðurlanda á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (S.þ.) er mun sterkari en stærð og fólksfjöldi gefa tilefni til að ætla. Vafasamt er að ríkin gætu haft eins mikil áhrif innan samtakanna og raun ber vitni ef þau stæðu ekki saman og kynntu sig sem norræna heild og málstað sinn sem norrænan. Stuðningur Norðurlanda við S.þ. og hugsjónir þær sem samtökin byggja á hefur ætið verið sterkur. Á Norðurlönd er litið sem fyrirmyndar velferðarþjóðfélög og þykir málflutningur þeirra um jafnrétti, jafnræði, frelsi, lýðræði, mannúð og mannréttindi trúverðugur, hvort sem um er að ræða einstaklinga heima fyrir eða þjóðir í samfélagi þjóðanna. Norræn samvinna, samráð og upplýsingamiðlun um málefni S.þ. er afar mikilvæg til að viðhalda og efla stöðu Norðurlanda innan S.þ. og á alþjóðavettvangi.

5. Menningarmál

Samstarf um menningarmál er umfangsmikið innan Norrænu ráðherranefndarinnar og tekur til margháttaðrar menningarstarfsemi. Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál starfa átta stofnanir, Norræna húsið í Reykjavík (sjá nánar um Norræna húsið, kafla 25.1.), Norðurlandahúsið í Færeyjum, Norræn stofnun í Grænlandi, Norræn stofnun á Álandseyjum, Norræn fjölmiðlamiðstöð, gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir, listamannasetur í Dalsåsen og stofnun fyrir samtímalist í Sveaborg. Tveir sjóðir eru starfandi, Norræni menningarsjóðurinn (sjá nánar um Norræna menningarsjóðinn, kafla 26.1.) og kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn. Stjórnar- og vinnunefndir eru níu, stjórnarnefnd um menningarverkefni erlendis, stjórnarnefnd um samstarf um fjölmiðla og menningarmál, samstarfsnefnd um Norðurlandafræðslu erlendis, stjórnarnefnd um samstarf um barna- og æskulýðsmenningu, æskulýðsnefnd, bókmennta- og bókasafnanefnd, tónlistarnefnd, leiklistar- og listdansnefnd og úthlutunarnefnd um ferðastyrki til ungs listafólks (SLEIPNIR).

Á árinu nutu verkefni um fjölmenningarsamfélagið forgangs innan ráðherranefndarinnar og fengu norrænar stofnanir og nefndir sem unnu að slíkum verkefnum sérstakan stuðning til þeirra. Á vettvangi ráðherranefndarinnar urðu hins vegar allmiklar umræður um verkefni hennar á komandi ári. Samkomulag náðist um að hluta af fé ráðherranefndarinnar verði áfram

veitt til fjölmenningarsamfélagsins og að sjónum verði sérstaklega beint að frumbyggjum Norðurlanda. Þá verður árið 2003 veitt fé til að þróa og efla verkefni á sviði stafrænnar framleiðslu.

Í tilefni af 50 ára afmæli Norðurlandaráðs voru í fyrsta sinn veitt kvikmyndaverðlaun Norðurlanda við hátíðlega athöfn. Verðlaunin hlaut Finninn Aki Kaurismäki. Stefnt er að því að verðlaunin verði árlegur viðburður. Norrænu bókmenntaverðlaunin hlaut Norðmaðurinn Lars Saabye Christensen og norrænu tónlistarverðlaunin féllu í skaut Færeyingsins Sunleif Rasmussen.

Norðmenn stóðu í ágúst sl. fyrir þverfaglegri ráðstefnu ráðherra, sem fjallaði um málefni barna og unglinga og var fyrsta ráðstefnan sinnar tegundar. Frá Íslandi mættu félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra, auk embættismanna. Norrænum æskulýðsfélögum var boðið að senda fulltrúa og taka þátt í umræðunni.

Ráðstefnan „Kunst finner sted" var haldin af norska menningarmálaráðuneytinu í tengslum við formennsku Norðmanna á þessu ári. Meginefni ráðstefnunnar var að kynna og fjalla um mikilvægi listskreytinga í opinberum byggingum og mannvirkjum.

Á árinu voru samþykktar breytingar á reglum um Norræna menningarsjóðinn, þannig að nú starfar sjóðurinn mun sjálfstæðar en áður var gagnvart Norrænu ráðherranefndinni. Þá hefur starfsemin verið flutt frá höfuðstöðvum Norrænu ráðherranefndarinnar í Store Strandstræde en verður áfram í Kaupmannahöfn. Þá færist starfsemi norrænu bókmennta- og bókasafnsstjórnarinnar (NORDBOK) frá Bibliotheksstyrelsen í Kaupmannahöfn til nýrrar stofnunar í Noregi á sviði skjalavörslu, bókasafna og safna 1. janúar 2003.

Á síðastliðnum árum hefur Norræna ráðherranefndin lagt fé til viðhalds Norræna hússins í Reykjavík, bæði að innanverðu og að utanverðu og verður því verki haldið áfram á árinu 2003. Embættismannanefndin í menningarmálum fékk til umfjöllunar tillögu Húsafriðunarnefndar ríkisins um fyrirhugaða friðun hússins og var hún samþykkt af hálfu nefndarinnar sem lét bóka í þessu sambandi mikilvægi þess að umgjörð hússins fengi áfram notið sín og eru íslensk stjórnvöld hvött til að gæta þess að ekki verði byggt of nálægt húsinu í framtíðinni. Nýr forstöðumaður Norræna hússins, Gro Kraft frá Noregi tekur við 1. janúar 2003 af Riittu Heinämaa frá Finnlandi sem verið hefur forstöðumaður í 5 ár.

Norrænu menningarstofnanirnar á Álandseyjum (NIPÅ) og í Grænlandi (NAPA) hafa báðar fengið nýja forstöðumenn í ár og starfssamningur Helgu Hjörvar hjá Norræna húsinu í Færeyjum hefur verið framlengdur til 2005.

Stjórnarnefnd norrænna menningarkynninga erlendis voru settar nýjar starfsreglur og í framhaldi af þeim hefur verið unnið að því að skýra markmið og starfsaðferðir við kynningarnar. Undirbúningur næstu stórverkefna er hafinn. Þau eru annars vegar norræn hönnunarsýning og hins vegar menningarkynning á Balkanskaganum. Hönnunarsýningin verður opnuð í Berlín haustið 2003 og fer síðan til a.m.k. tíu borga í Evrópu. Áformað er að kynningin á Balkanskaganum verði árið 2004 en ef áætlanir ganga eftir verður þó reynsluverkefni hleypt af stokkunum á næsta ári og verður þar um að ræða samstarfsverkefni norrænna listaháskóla.

Á sviði menningar og fjölmiðlunar komu út á árinu tvær skýrslur um möguleika nýrrar tækni í fjölmiðlun og hvernig standa mætti að norrænum sjóði er styrkti framleiðslu stafræns efnis fyrir hina nýju miðla. Stjórnarnefnd um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf lét gera skýrslurnar og mun vinna nánar úr þeim á næsta ári. Þá var að frumkvæði ráðherranefndarinnar og stjórnarnefndar um menningarmál og fjölmiðla haldin ráðstefna um sjónvarp og höfundarétt í Ósló. Einnig var efni skýrslunnar „Grannlands-TV" sem fjallar um sjónvarpssendingar milli norrænu landanna kynnt á Norðurlöndum á árinu.

Víkingasýningin, sem sett var upp í Washington árið 2000, var opnuð í Kanada í maí sl. og síðan í Minneapolis í Bandaríkjunum þar sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson opnaði hana. Sýningunni lýkur í maí 2003 og búist er við að a.m.k. 5 milljónir gesta hafi þá séð hana í Kanada og Bandaríkjunum.

Norræna hönnunarsýningin „Generation X" var haldin í Montreal og Ottawa í Kanada og fer síðan til Skotlands og Reykjavíkur. Sýningin hefur vakið mikla athygli og er til marks um að Norðurlönd eru enn í forystusveit á sviði hönnunar.

Innan ramma „Network North" verkefnisins voru meira en 80 viðburðir í Skotlandi, Englandi, Írlandi og á bresku eyjunum. Allar listgreinar voru kynntar í samvinnu við þarlenda aðila, auk þess sem haldin var sýningin „Veiðimenn í útnorðri". Verkefninu lýkur formlega á næsta ári en ráðgert er að sinna áfram þeim samböndum og tengslum sem það hefur alið, t.d. með því að bjóða til ráðstefnu þýðenda sem þýða af norrænum málum á ensku o.s.frv.

Til norræns íþróttasamstarfs er veitt rúmlega 1,2 millj. d.kr. Aðaltilgangur fjárveitingarinnar er að efla þátttöku barna og unglinga, kvenna og fatlaðra í íþróttastarfi, styrkja samstarfið milli landanna í útnorðri, Grænlands, Íslands og Færeyja og á milli þeirra og annarra norrænna landa. Einnig er veittur lítilsháttar styrkur til Sama og skólaíþrótta. ÍSÍ fer með umsjón þess, sem fellur í hlut Íslands, en það er um helmingur fjárveitingarinnar.

Norræna æskulýðsnefndin ber aðalábyrgð á því að fylgja eftir þverfaglegri framkvæmdaáætlun um samstarf að barna- og æskulýðsmálum, sem gildir fyrir árin 2001–2005. Áætlunin var gefin út á norsku, íslensku, finnsku og ensku. Fyrir utan styrkveitingar til barna- og unglingaverkefna og samstarfs voru helstu mál nefndarinnar að fylgja eftir framkvæmdaáætluninni. Unnið var að gerð upplýsingastefnu fyrir nefndina og átti Ísland fulltrúa í litlum vinnuhópi sem vann tillögu að henni. Í skoðun er nú vinnulag nefndarinnar og auk þess fer fram endurskoðun á starfi umsjónaraðila norrænna æskulýðsrannsókna, sem starfa fyrir nefndina, og samráðsnefndar fræðimanna tengda starfi hans. Í byrjun maí sl. skipulagði æskulýðsnefndin málþing um kynþáttahatur og nýnasisma og tók Ísland virkan þátt í því. Málþingið er hluti verkefnis, sem nefndin er að vinna fyrir samstarfsráðherrana, en auk þess hefur verið tekin saman rannsóknarskýrsla um ástand þessara mála á Norðurlöndum. Mun endanleg skýrsla koma út í byrjun árs 2003. Í samstarfi við stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu stóð æskulýðsnefndin fyrir fjölmenningarlegu móti, sem haldið var í Ósló í september sl.

Stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu lauk gerð starfsáætlunar um menningarsamstarf á sviði barna- og unglingamenningar sem ráðherranefndin hefur samþykkt. Gildir hún til ársins 2006. Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskoða upplýsingastefnu nefndarinnar og rekstur upplýsinganetsins „Valhalla", sem er mjög stór þáttur í starfi nefndarinnar. Var ný upplýsingaáætlun samþykkt í september sl. og verður unnið samkvæmt henni næstu tvö árin. Átti fulltrúi Íslands mikilvægan þátt í þessari endurskipulagningu. „Valhalla" nýtur vaxandi vinsælda og voru heimsóknir á netið um 15.000 í nóvember sl. Mikill tími nefndarstarfa hefur farið í að skoða styrkumsóknir og veita styrki, sem er mjög miður, því það er ekki aðalhlutverk hennar. Hefur því verið ákveðið að frá og með miðju ári 2003 taki nefndin ekki við styrkumsóknum lengur heldur verði mun virkari í að leita uppi góð samstarfsverkefni og fara í samstarf við ýmsa aðila, sem sinna menningarstarfi fyrir börn og unglinga á norrænum vettvangi.

Á árinu voru í fyrsta sinn veitt barna- og unglingabókmenntaverðlaun Vestnorræna ráðsins sem vestnorrænu menningarmálaráðherrarnir standa einnig að með því að veita styrk til þýðinga tilnefndra bóka. Verðlaunin hlaut Andri Snær Magnason fyrir Bláa hnöttinn.

6. Menntamál og rannsóknir

Samstarf um menntamál og rannsóknir er umfangsmikið innan Norrænu ráðherranefndarinnar og tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í starfsemi stofnana, föstum styrkjakerfum og verkefnum sem stjórnað er af föstum stjórnarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum, sem skipaðir eru tímabundið. Að jafnaði er lögð áhersla á samfellu í starfseminni og verkefnum sem mótuð hafa verið af fyrrverandi formennskulöndum fylgt eftir. Undir forystu Íslands árið 1999 var unnið að mótun heildarstefnu um Norðurlönd, sem forgangssvæði í þróun mannauðs sem nær til tímabilsins 2000–2004. Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) lagði tillöguna um stefnumótun fyrir tímabilið 2000–2004 fram á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember 1999 og var hún samþykkt á þinginu.

Meginähersla er lögð á miðlun reynslu og samvinnu um þróunarstarf á vettvangi menntunar og rannsókna, aukinn hreyfanleika nemenda, kennara og vísindamanna milli landanna auk þess sem sérstök áhersla er lögð á símenntun. Markmiðið er að stuðla að því að hið norræna samfélag í menntamálum og rannsóknum verði virkur vettvangur fyrir pólitíska úrvinnslu þeirra málefna sem á döfinni eru, vettvangur þar sem menn geta lært af reynslu hver annars og þróað samnorrænar aðgerðir. Lögð er áhersla á skýrari verkaskiptingu milli landanna og að áfram verði skilgreind betur þau verkefni sem skynsamlegra þykir að vinna að sameiginlega á norrænum vettvangi en í hverju landi fyrir sig.

Á sviði menntamála og rannsókna er áfram unnið að því að efla samstarf norrænu landanna, styrkja samstarf við önnur Evrópuríki sem og við grannsvæði Norðurlanda. Lögð er áhersla á að styrkja norræn viðhorf í alþjóðasamstarfi og sjónum var áfram beint sérstaklega að eflingu tengsla milli hinna vestlægu Norðurlanda og annarra ríkja á Norðurlöndum. Stefnt er að því að jafnauðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og innan eigin lands.

Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Frá 1998 hafa ráðherrarnir tekið tiltekin þemu til umræðu á fundum sínum. Taka þemun mið af þeim málefnum sem ráðherrarnir leggja áherslu á að vinna að á norrænum vettvangi. Hafa ráðherrar m.a. rætt um mat og gæði í skólastarfi á öllum skólastigum að háskólastigi meðtöldu, stöðu norrænna málsamfélaga í ljósi hraðfara þróunar upplýsingatækni og æðri menntun á Norðurlöndum, lagskiptingu nemenda í háskólum á Norðurlöndum, fjármögnun og þróun háskóla á Norðurlöndum, svæðisháskóla og þróunarsamvinnu.

Norrænar stofnanir.

Staða stofnana sem reknar eru af Norrænu ráðherranefndinni á sviði mennta- og vísindamála hefur verið til umræðu um nokkurt skeið. Í haust var birt sérstök úttektarskýrsla, sem unnin var að frumkvæði embættismannanefndar í mennta- og vísindamálum þar sem fjallað var um hvort ástæða væri til að breyta fjármögnun og stjórnun allra norrænna stofnana á sviði menntamála og vísinda. Þær eru níu talsins og er Norræna eldfjallastöðin ein þeirra. Nú liggur fyrir ákvörðun um að reynt verði að ná samkomulagi við stjórnvöld þeirra landa sem hýsa þessar stofnanir um samruna þeirra við stofnanir í viðkomandi landi. Er við það miðað að um leið yfirtaki stjórnvöld í hverju landi ábyrgð og skuldbindingar varðandi alla starfsemi stofnananna. Samkvæmt þessu verður framlag Norrænu ráðherranefndarinnar að hámarki 50% af grunnfjármögnun í framtíðinni, en að öðru leyti og að loknum aðlögunartíma þyrftu stofnanirnar að sækja um fé til Norrænu ráðherranefndarinnar til sérstakra verkefna eða skilgreindrar starfsemi. Stefnt er að niðurstöðu í samningum milli ráðherranefndarinnar og við-

komandi stjórnvalda um þetta fyrir apríl 2003 og að breytingarnar komi til framkvæmda í áföngum árin 2004–2006.

Fastar nefndir.

Á vegum ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir starfa, auk embættismannanefndarinnar sem m.a. undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni, þrjár stjórnarnefndir, NSS (samstarf um skólamál), HÖGUT (samstarf um æðri menntun) og FOVU (samstarf um fullorðinsfræðslu). Í stjórnarnefndunum NSS og FOVU eiga sæti einn fulltrúi frá hverju norrænu landanna en tveir í stjórnarnefndinni HÖGUT. Verksvið nefndanna spannar grunnskóla og framhaldsskóla auk skóla á háskólastigi og fullorðinsfræðslu. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum verkefnum. Á vegum stjórnarnefndanna hafa verið haldnar fjölmargar ráðstefnur á árinu um þau málefni sem undir þær heyra.

Samstarf um skólamál.

NSS-stjórnarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um skólamál á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Verksvið NSS tekur til leik-, grunn- og framhaldsskóla og er unnið eftir starfsáætlun sem tekur til áranna 2000– 2004. Áherslurnar í starfi nefndarinnar beinast að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og í því skyni tekur nefndin til umfjöllunar mál sem eru efst á baugi á hverjum tíma, ber saman lausnir og aðferðir sem beitt hefur verið í einstökum löndum og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem hlut eiga að máli.

Samkvæmt starfsáætlun byggist samstarfið á þremur meginþáttum:

- Samstarfi milli norrænu landanna.
- Samstarfi við grannsvæðin.
- Tengslum við verkefni á vettvangi ESB.

Í samræmi við áherslubreytingu sem gerð var á síðasta ári fellur starfsemi nefndarinnar innan fjögurra megin sviða, þ.e. símenntunar, gilda, sýnileika (synlighed) og gæða í skólastarfi. Öll helstu verkefni sem komið hafa upp í samstarfinu má fella undir eitthvert þessara sviða.

Helstu verkefnin sem unnið hefur verið að að undanförnu eru þessi:

- *Nord-lab*. Verkefnið gengur út á að efla og bæta kennslu í stærðfræði-, náttúrufræði- og tæknigreinum í grunn- og framhaldsskólum. Vinnuhópur sem komið var á fót til að vinna að málinu er langt kominn með sitt verkefni en það er ljóst að vinna þarf frekar að málinu eigi þau markmið að nást sem að er stefnt.
- *Lýðræði í skólastarfi*. Verkefnið hófst árið 2000 og var vinnuhópi komið á fót til að fjalla um málið. Vinnuhópurinn hefur lokið störfum og skilað athyglisverðum niðurstöðum.
  Á sl. hausti var haldin ráðstefna hér á landi um lýðræði í skólastarfi á Norðurlöndum. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Lýðræði í skólastarfi. Gildismat í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum“. Ráðstefnan var ein af fimm í röð ráðstefna sem Norræna ráðherranefndin efndi til í tilefni af 50 ára afmæli Norðurlandaráðs. Í kynningu á ráðstefnunum sagði m. a.: „Norrænn skilningur á lýðræði lýtur ekki aðeins stjórnskipan eða frelsi og réttindum einstaklingsins heldur einnig lífsháttum þar sem samskipti manna grundvallast á gagnkvæmri virðingu og jafnrétti og skoðanaskipti eru í hávegum höfð“.
  Niðurstöður þeirrar vinnu sem fram fór í tengslum við þetta verkefni geta tvímælalaust

orðið góður vegvísir fyrir þá sem vinna að uppbyggingu og skipulagningu skólastarfs í framtíðinni.

- *Símenntun (Livslang læring)*. Hér er um að ræða viðfangsefni sem hefur verið áberandi í alþjóðlegu samstarfi að undanförnu. Símenntun skiptir máli í öllu skólastarfi en þar er lagður grunnurinn að áframhaldandi menntun fólks eftir að formlegri skólagöngu lýkur. Vinnuhópur sem var skipaður til að fjalla um málið er um það bil að ljúka störfum og mun skila skýrslu um miðjan janúar nk. Skýrslan hefur að geyma lýsingu og greiningu á þeim þáttum sem hópurinn áleit að skipti mestu máli í starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla auk þess sem bent er á það helsta sem þarf að vinna að í nánustu framtíð.
- *Einelti og ofbeldi (Mobbning och våld)*. Þetta viðfangsefni hefur verið ofarlega á baugi í öllum löndunum. Því þótti ástæða til að fjalla um það sérstaklega af sjónarhóli skólafólks og með sérstöku tilliti til skólastarfs. Sérstakur vinnuhópur var skipaður til að fjalla um málið og hefur hann skilað greinargóðri skýrslu. Nokkuð var rætt um hvernig best væri að fylgja málinu eftir og eru horfur á að haldin verði ráðstefna á næsta ári þar sem farið verður yfir helstu niðurstöður sem fram koma í skýrslunni.

Af öðrum verkefnum sem NSS hefur unnið að má nefna að haldin var ráðstefna í Noregi um frumkvöðlamennt og önnur um skóla morgundagsins (Morgendagens skole) einnig í Noregi. Enn fremur var miklum tíma varið í umfjöllun um norræna skólanetið og breytt skipulag á þeirri starfsemi.

Eins og fyrr hefur samstarfið verið mjög gagnlegt fyrir Ísland og hefur gert það kleift að fylgjast með því sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndum og víðar og haft áhrif á umræður um skólamál hér á landi. Vandamál sem koma upp í skólastarfi eru yfirleitt ekki bundin við eitt einstakt land heldur eru þau flest sameiginleg með fleiri löndum og hvetur þetta til náins samstarfs á þessu sviði.

Norræn málnefnd.

Norræn málnefnd hélt þrjá fundi á árinu og fór þar yfir ýmis mál. Nefndin gaf út bók um áhrif ensku á norræn mál, en á fyrra ári lét nefndin rannsaka þau og hélt málþing um efnið í Pargas. Hliðstætt málþing var haldið í Drammen í Noregi í nóvember sl. og var þar fjallað um málstefnu í fjölþjóðlegu samfélagi.

Nefndin fjallaði á árinu um skipulagsmál tungumálasamstarfsins en „Nordisk sprogråd" hefur sýnt áhuga á að taka að sér starf nefndarinnar. Málnefndir starfa, eðli málsins samkvæmt, hver að sínu máli, en geta vitaskuld lært hver af annarri. Málnefndin hefur mun breiðari skírskotun út í fleiri anga samfélagsins. Fjórir nefndarmenn sitja einnig í „Nordisk sprogråd".

Nefndin veitir fjölmarga styrki ár hvert og þar eru í forgangi styrkir til að efla færni í norrænum málum í almennu kennaranámi og auk þess að veita brautargengi endurmenntun kennara. Einnig er styrkt útgáfa námsefnis og orðabóka, svo dæmi séu nefnd. Styrkumsóknum fjölgaði talsvert á þessu ári og er það vel. Styrkþegar gefa skýrslu um starfsemi sína.

Ísland tekur við formennsku í nefndinni 2004.

Samstarf um æðri menntun.

HÖGUT-stjórnarnefndin hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, sérstökum verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Á verksviði nefndarinnar eru meðal annars verkefni á sviði grunnmenntunar og rannsókna og auk þess hefur HÖGUT umsjón með NORDPLUS-áætluninni

sem felst í stúdenta- og kennaraskiptum. Á hverju ári taka alls um 5000 nemendur og kennarar á Norðurlöndum þátt í áætluninni. Í NORDPLUS gefst námsmönnum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, allt að eitt ár, við háskóla annars staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustörfum.

Í upphafi árs 2001 var samþykkt ný starfsáætlun HÖGUT fyrir árin 2002–2004. Forgangsverkefni eru valin með hliðsjón af eftirfarandi sviðum:

- Norðurlönd sem leiðandi á sviði aukinnar hæfni og ævilangrar menntunar.
- Auknir möguleikar upplýsingatækni.
- Aukin gæði æðri menntunar.
- Alþjóðavæðing og stuðningur við hreyfanleika.

Á grundvelli þessarar starfsáætlunar vann HÖGUT nákvæmari verkefnaáætlun er samþykkt var af embættismannanefndinni (ÄK-U) fyrri hluta árs 2001.

Gildistími samnings um aðgang að æðri menntun var framlengdur til loka ársins 2003. Meginatriði samningsins er að allir norrænir stúdentar hafi jafnan aðgang að öllum háskólum á Norðurlöndum. Í samningnum eru ákvæði um greiðslukerfi sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa tekið upp sín á milli. Samkvæmt þessu kerfi skulu þau ríki sem senda frá sér fleiri stúdenta en þau taka á móti greiða ákveðið gjald fyrir mismuninn. Ísland hefur verið undanþegið þessum ákvæðum. Þá verður jafnframt áfram í gildi samkomulag milli Noregs og Danmerkur um kvóta á fjölda námsmanna í ákveðnum greinum. Flest bendir til þess að samkomulag náist um að framlengja samninginn óbreyttan til þriggja ára, 2004–2006.

Norrænt rannsóknarsamstarf.

Á sviði MR-U starfar ráðgefandi norrænt vísindastefnuráð (Nordisk Forskningspolitisk Råd, FPR). Er það jafnframt ráðgefandi um stefnumörkun í vísinda- og tæknirannsóknum á öðrum fagsviðum ráðherranefndarinnar eftir því sem við á. Helsta hlutverk ráðsins er að leggja tillögur fyrir ráðherranefndina um norræna rannsóknarstefnu til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna, með þverfaglegt samstarf í huga þar sem tekið er tillit til áherslna einstakra aðildarlanda. Ráðið er umsagnaraðili um stuðning ráðherranefndarinnar við samstarf um rannsóknir og vísindamenntun. Ráðið heldur um fjóra fundi á ári.

Að tillögu FPR hefur verið unnið að norrænum rannsóknaáætlanum á nokkrum rannsóknarsviðum:

- Netsamstarf um þjóðfræðirannsóknir.
- Vistfræði og mannlíf á norðurslóðum.
- Kynbundið ofbeldi.
- Tungutækni.
- Velferðarþjóðfélagið.
- Varnarmál.
- Vestnorrænt hafveðurfar.

Þessum áætlunum mun ljúka á næstu árum.

Auk ofangreindra rannsóknaráætlana eru norrænar stofnanir á starfssviði ráðsins. Á sviðinu starfar Nordisk Forskeruddannelsesakademi (NorFA), sem veitir styrki til vísindalegs framhaldsnáms og til annarra erlendra vísindamanna til starfa á Norðurlöndum. Þá gegnir Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI, Nordisk Industrifond) mikilvægu hlutverki í stuðningi við rannsóknir og þróun á sviði vísinda og tækni í þágu atvinnulífisins og hefur m.a. veitt

ómetanlegan stuðning við þróun upplýsingatækni, matvælatækni og líftækni hér á landi gegnum norræn samstarfsverkefni.

Athugun á vísindalegum afköstum og fjármagni sem veitt er til rannsókna leiðir í ljós að Norðurlönd sem heild standa mjög sterk á sviði vísinda og tækni og geta sameiginlega boðið umheiminum upp á vísindasamstarf sem væri áhugavert fyrir önnur lönd. Hin nýja sýn um samstarf Norðurlanda út á við er líkleg til að opna nýja möguleika. Sérstaklega er horft er til samstarfs Norðurlanda innan Evrópusamvinnunnar, ekki síst innan 6. rammaáætlunarinnar sem ýtt var úr vör í nóvember sl. En í vaxandi mæli líta menn einnig til samstarfs við ríki Norður-Ameríku, Rússland, þróunarríkin o.fl. Í þessu samhengi ber að hafa í huga samstarfið á vegum Norðurskautsráðsins, þar sem Íslendingar fara með formennsku næstu tvö árin.

Ráðherranefndin á sviði mennta- og vísindamála hefur ákveðið að gera úttekt og drög að stefnumótun í formi „hvítbókar" um möguleika og leiðir til að efla norræna samstarfið á sviði vísinda og tækni með því að beina norrænum fjárstuðningi að beinu samstarfi þjóðlegra stofnana eins og rannsóknarráða og háskóla. Í þessum anda var lagt út í samvinnu milli ráðherranefndarinnar og rannsóknarráðannna í öllum norrænu löndunum um stofnun Norrænna öndvegissetra. Leggur ráðherranefndin fram 3 millj. d.kr. og rannsóknarráðin 7 millj. d.kr. í þessu skyni. Að auki veitir NorFA 1 millj. d.kr. í styrk til rannsóknamenntunar í tengslum við þær miðstöðvar sem styrktar yrðu. Undir lok ársins var kynnt úthlutun og lokið við samninga um Norræna öndvegisstyrki til miðstöðva (Nordic Centres of Excellence) og samstarfsneta um rannsóknir á sviði „hnattrænna breytinga". Veittir voru styrkir til fjögurra slíkra verkefna og voru íslenskir aðilar (Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Tilraunastöð Skógræktarinnar á Mógilsá) með í einu þeirra.

Markmiðið er að kanna hvort Norðurlönd geti gegnt ákveðnu forystuhlutverki á þessu sviði innan Evrópu og jafnframt virkjað þá samstarfsmöguleika sem kunna að opnast innan 6. rammaáætlunar ESB.

Ráðgjafarnefnd um upplýsingatækni.

Frá því árið 1996 hefur verið starfandi sérstök ráðgjafarnefnd um stefnumótun í upplýsingatækni fyrir ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir, IT-policygruppen. Þriggja ára rannsóknar- og þróunaráætlun sem nefnist NORDUnet2 sem nefndin samþykkti 1998 lauk á árinu. Unnið var að undirbúningi nýs verkefnis á grundvelli matsskýrslu, Nordunet3, en það hefur ekki verið fullfrágengið. Markmið áætlunarinnar er að viðhalda og efla samkeppnishæfni norrænu þjóðanna á sviði menntunar og rannsókna með því að þróa ný samvinnu- og samskiptaform byggð á aðferðum upplýsingatækninnar. Með því var stefnt að því að Norðurlönd héldu þeirri forystu í notkun háþróaðra tölvuneta (með Internettækni) sem þau höfðu í upphafi þessa áratugar þegar norræna samnetið, NORDUnet, var stofnað. Ávinningur af þátttöku í NORDUnet2 fyrir Íslendinga hefur meðal annars falist í þátttöku sérfræðinga á sviði háskóla og rannsókna í vinnuhópum um fjarlækningar, fjarkennslu, rafræn bókasöfn og tæknimál til samskipta á Netinu. Beinan ávinning hafa iðnfyrirtæki, netþjónustufyrirtæki, rannsóknabókasöfn, skólar, opinberir fjölmiðlar og fleiri vegna verkefna sem hafa verið styrkt undir hatti áætlunarinnar. Íslensk fyrirtæki, sem framarlega standa, t.d. í margmiðlun, hafa fengið tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri á álitlegu markaðssvæði og íslenskir notendur Netsins hafa fengið aðgang að nýjum nýtingarmöguleikum jafnskjótt og aðrir Norðurlandabúar. Verkefnið fór hægt af stað en samkvæmt matsskýrslunni var árangur af síðasta ári þess góður, einkum af starfsemi í fjórum vinnuhópum.

Vinnuhópurinn kom einnig að mati á norræna skólanetinu, Óðni, og samþykkti að það yrði flutt frá skrifstofu ráðherranefndarinnar og auglýst með útboði. Svíar sendu það tilboð sem

valið var og eru að undirbúa rekstur netsins á nýjum forsendum. Vinnuhópurinn beitti sér fyrir því að fjármagn til norræna skólanetsins yrði aukið eða að ýmsar nefndir verði settar undir skólanetið til að efla rekstur þess.

Samstarfsverkefni á Netinu, IdunII, lauk á árinu. Samkvæmt matsskýrslu sem vinnuhópurinn lét gera voru þátttakendur, fjórir skólar frá hverju landi, ánægðir með verkefnið en stjórnendur þess og skrifstofan ekki að sama skapi miðað við kostnað verkefnisins. Vinnuhópurinn beitti sér fyrir áframhaldi samstarfsverkefna um notkun upplýsingatækni í skólastarfi en ekki hefur verið tekin slík ákvörðun.

Háskólar á Neti hafa verið á dagskrá hópsins, þar sem unnin hefur verið stöðuskýrsla um fjarkennslu háskóla á Norðurlöndum. Í undirbúningi er vinna við norrænt samstarf um háskólakennslu á Neti.

7. Upplýsingatækni

Ráðherranefnd/embættismannanefnd.

Í samræmi við ákvörðun fundar norrænna upplýsingatækniráðherra í september 2001 hefur starfsemi ráðherranefndar um upplýsingatækni (MR-IT) og samsvarandi embættismannanefndar (ÄK-IT) verið fest í sessi með svipuðu sniði og gildir um aðrar slíkar nefndir í norrænu samstarfi. Embættismannanefndin hélt fimm fundi á árinu og undirbjó ráðherrafund.

Ráðherrafundur um upplýsingatækni.

Í október sl. var haldinn í Ósló annar fundur norrænna ráðherra er fara með upplýsingatækni. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sótti fundinn. Í tengslum við fundinn var haldið málþing er ráðherrarnir sátu ásamt um 50 leiðtogum fjarskipta- og hugbúnaðarfyrirtækja og fulltrúum sveitarfélaga og ríkisstofnana.

Málþingið var þannig skipulagt að ráðherrar fluttu inngangserindi, um breiðbandsnet og stafrænt efnisframboð (Noregur); um undirstöður upplýsingasamfélagsins (Danmörk og Svíþjóð), og um hlutverk og viðfangsefni hins opinbera (Finnland, Ísland og Áland). Einn fulltrúi frá hverju landi flutti undirbúið andsvar, en síðan urðu líflegar umræður. Samandregnar niðurstöður eru að öll eru löndin í forystu á heimsvísu hvað varðar útbreiðslu upplýsingatækninnar, en áherslur örlítið mismunandi, til dæmis hvað varðar opinber afskipti eða það að láta markaðinn ráða ferðinni. Áhugavert var talið að fá nánari upplýsingar um það hvað er í raun að gerast, til dæmis hvort upplýsingatæknin eykur í raun velferð íbúanna.

Stefnuyfirlýsing og aðgerðaáætlun.

Ráðherrarnir samþykktu stefnuyfirlýsingu og aðgerðaáætlun um samstarfið á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. Athyglinni verður beint að sameiginlegum og þverfaglegum málefnum sem ekki falla eðlilega undir aðrar ráðherranefndir. Fimm áhersluatriði eru dregin fram í stefnuyfirlýsingunni:

- Þekkingarsamfélag fyrir alla,
- tölfræðilegir mælikvarðar,
- rafræn stjórnsýsla,
- breiðband og stafrænt efnisframboð,
- öryggi og traust í upplýsingatækni og fjarskiptum.

Stefnuyfirlýsingin var lögð fram sem ráðherranefndartillaga á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í október sl. og var staðfest af ráðherrunum að fengnu jákvæðu áliti.

Önnur verkefni.

Enn fremur samþykktu ráðherrarnir áætlanir embættismannanefndarinnar um að láta kanna og gera yfirlitsskýrslu um stöðu breiðbandsmála á Norðurlöndum og um verkefni á sviði tungutækni með tilliti til þarfa atvinnulífsins á því sviði. Fyrra verkefninu á að ljúka um mitt ár 2003. Það síðara, sem verður unnið í samvinnu við embættismannanefndina um iðnaðar- og atvinnumál og Norræna iðnaðarsjóðinn, mun taka lengri tíma. Sem dæmi um viðfangsefni sem til greina koma í tungutækni er vélræn þýðing úr einu máli á annað, t.d. á vefsíðum, orðabækur á norrænum málum og ensku og norrænar leitarvélar, það er að segja sem leita samtímis að hugtökum á fleiri málum en einu.

Í desember sl. kom út ritið „Nordic Information Society statistics", gefið út í sameiningu af Norrænu ráðherranefndinni og hagstofum norrænu landanna að frumkvæði þess fyrrnefnda.

8. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda

Samstarfið við grannsvæðin á árinu hefur verið í samræmi við rammaáætlun ráðherranefndarinnar um grannsvæðasamstarfið árin 2000–2002, og tekur til eftirfarandi starfsemi: upplýsingamiðlun og samskipti, þ.m.t. rekstur norrænna upplýsingaskrifstofa á grannsvæðunum, styrkjakerfi og verkefni á ýmsum sviðum.

Á árinu var unnin ný rammaáætlun fyrir tímabilið 2003–2005 en unnið verður samkvæmt henni frá og með janúar 2003.

Verkefni.

Fjárveitingar ráðherranefndarinnar til grannsvæðasamstarfsins námu tæplega 83,7 millj. d.kr. á árinu. Auk þess runnu u.þ.b. 65 millj. d.kr. frá öðrum samstarfssviðum til starfsemi og verkefna í samstarfi við grannsvæðalöndin.

Af fjárlögum grannsvæðasamstarfsins var veitt um 3 millj. d.kr. til samstarfsins um málefni Norðurskautssvæðisins. Norðurskautssamstarfið var frá og með árinu 2002 skilið frá grannsvæðaáætluninni og verkefni innan þess varða málefni frumbyggja, lífskjör og afkomu íbúa og sjálfbæra nýtingu auðlinda á Norðurskautssvæðinu.

Upplýsingaskrifstofurnar, upplýsingamiðlun og samskipti.

Starfsemi upplýsingaskrifstofanna í Tallinn, Ríga, Vilníus og Pétursborg hefur tekið breytingum en þær koma nú í ríkari mæli að framkvæmd verkefna fyrir ráðherranefndina. Markmiðið með því er að sníða verkefnin sem best að þörfum grannsvæðalandsins.

Styrkja- og dvalarkerfi.

Norræna styrkjakerfið vegna Eystrasaltsríkjanna og Rússlands var stofnað árið 1991 og markmið þess og áherslur hafa tekið breytingum á tímabilinu. U.þ.b. 85% styrkjanna eru veitt til uppbyggingar tengslanets kennara, vísindamanna og námsmanna, með áherslu á norræn tungumál, menningu og samfélag og umhverfistækni en 15% er veitt til að byggja upp tengslanet frjálsra félagasamtaka, með áherslu á heilbrigðis- og velferðarmál, börn og ungmenni, konur og jafnrétti.

Starfsmannaskipti eru í umsjón upplýsingaskrifstofanna á grannsvæðunum, sem eykur skilvirkni við val á þátttakendum og úrvinnslu og möguleikana á að mæta breytilegum þörfum. Markmiðið með styrkveitingum til Eystrasaltsríkjanna er uppbygging tengslanets og þekkingar sem liður í undirbúningi landanna fyrir inngöngu í ESB. Við styrkveitingar til

Rússlands er leitast við að stuðla að þróun í átt að lýðræði og stöðugleika með því að styrkja þróun stjórnunartækja og stjórnkerfis í opinberri stjórnsýslu.

Þingmannaskipti: Styrkja- og skiptidvalarkerfi þingmanna er í umsjón Norðurlandaráðs. Markmiðið er að miðla reynslu af norrænu þingmannasamstarfi og fulltrúalýðræði. Styrkjakerfið var endurskoðað árið 2001 og tekin var ákvörðun um að því yrði fram haldið.

Ný stefnumótun.

Meginmarkmið hinnar nýju stefnumótunar um grannsvæðasamstarfið, „Nær Norðurlöndum", sem tekur til grannsvæðanna í austri og Norðurskautssvæðisins, voru höfð að leiðarljósi í starfsáætluninni fyrir árið 2002.

Meginmarkmiðin eru:

- Áhersla á fá, stór verkefni, sem hafa sýnileg áhrif og pólitískt vægi.
- Aukin áhersla á Norðvestur-Rússland.
- Aðgerðir skulu miðast við þarfir viðkomandi svæðis og hafa ber í huga þarfir og óskir landanna.
- Að tryggja upplýsingamiðlun milli upplýsingaskrifstofanna, stjórnvalda og norrænna sendiráða í löndunum.
- Að tryggja betri samhæfingu við aðgerðir norrænu landanna hvers um sig.

Norðurskautssamstarfið.

Norðurlandaráð samþykkti í október 2001 samstarfsáætlun fyrir Norðurskautssamstarfið. Markmið norræns samstarfs um málefni Norðurskautssvæðisins eru að þróa og bæta lífsgæði íbúanna og samgöngur á svæðinu auk efnahagslegra forsenda fyrir áframhaldandi búsetu. Sérstök áhersla verður lögð á fjárhagslega, félagslega og menningarlega stöðu frumbyggja og umhverfi þeirra.

Samstarfsáætlunin hefur einnig sem markmið að varðveita óbyggðirnar, náttúrugæði og fjölbreytileika náttúrunnar sem og að tryggja ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda á svæðinu í samræmi við hagsmuni þeirra landa sem eiga landsvæði á Norðurskautssvæðinu og í samræmi við takmarkanir vistkerfisins. Mikil áhersla er lögð á að takmarka og fjarlægja orsakir mengunar lands, sjávar, jökla og umhverfis þeirra með sameiginlegum aðgerðum. Um leið er leitast við að þróa hentugar samstarfsaðferðir og samstarfsstofnanir Norðurskautslandanna og leggja þá skyldu á löndin að þau fylgi eftir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið en það er gert með sameiginlegri fjármögnun, verkefnastjórnun o.s.frv. Samkvæmt rammaáætluninni skiptist Norðurskautssamstarfið í þrjú svið:

- Frumbyggjar, þ.e. úttekt á og upplýsingar um lífskjör þeirra og tekjumöguleika, svo og uppbygging þekkingar og afnám hindrana fyrir framleiðslu hefðbundinna afurða frá Norðurskautssvæðinu. Almenn atvinnuþróun og möguleikar á tekjuöflun í dreifðum byggðum.
- Velferð og lífsgæði íbúa Norðurskautssvæðisins, einkum ákvarðanir sem stuðla að bættu heilbrigði, nýjar leiðir í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins t.d. með fjarlækningum, og uppbygging tengslanets milli kvenna sem starfa að rannsóknum og milli hinna mismunandi samtaka kvenna.
- Sjálfbær þróun á Norðurskautssvæðinu, á grundvelli skýrslunnar „Sjálbær þróun, ný stefna fyrir Norðurlönd". Hér má m.a. nefna samstarfsáætlun um náttúru- og umhverfisvernd á Norðurskautssvæðinu, líffræðilega fjölbreytni, vistvæna ferðaþjónustu o.fl.

Norræna ráðherranefndin á frá 2001 áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Í samræmi við samstarfsáætlunina fyrir Norðurskautssamstarfið kemur sérfræðinganefnd, sem samanstendur af starfsmönnum utanríkisráðuneyta landanna sem hafa með höndum málefni Norðurskautsins, að verkefnavali og framkvæmd samstarfsáætlunarinnar.

9. Orkumál

Inngangur.

Markmiðið með samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum og grannsvæðunum. Lögð er áhersla á að orkulindir og orka séu nýtt til að efla atvinnulíf og styrkja efnahag og áhersla hefur verið lögð á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á síðustu árum eins og víðast hvar annars staðar í heiminum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlönd.

Rammaáætlun um norrænt samstarf á sviði orkumála.

Á árinu 2001 samþykktu orkuráðherrar Norðurlanda rammaáætlun um norrænt samstarf á sviði orkumála árin 2002–2005.

Á árinu var unnið að undirbúningi og framkvæmd helstu þátta rammaáætlunarinnar.

Lögð er áhersla á þrjú meginsvið:

- Opnun raforkumarkaðarins á milli norrænu landanna fjögurra sem eru samtengd.
- Samstarf á sviði loftslagsmála.
- Samstarf við grannríkin í austri, þ.e. grannsvæðin, Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, svo og ríki innan Eystrasaltsráðsins og ESB.

Áhersla á þessi meginsvið útilokar ekki að unnið er að ýmsum öðrum verkefnum. Má þar nefna athugun á þróun gasmarkaða á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Athuga skal möguleika á að þróa endurnýtanlega orkugjafa.

Einnig er lögð áhersla á að vinna að sérstökum málum, t.d. þróun vetnissamfélags á Norðurlöndum og hvernig beri að leysa orkuvandamál strjálbýlli svæða. Þá er í áætluninni fjallað um hlutverk NEFP (Nordisk energiforskningsprogram) við að styðja við rannsóknir á kjarnasviðum áætlunarinnar og raunar var gerð breyting á skipulagi starfseminnar á árinu til að styrkja samband embættismannanefndarinnar og rammaáætlunarinnar.

Tilraunasvæði um losunarheimildir.

Á fundi orkuráðherranna á Haugasundi í júní sl. var ákveðið að vinna að undirbúningi samkomulags um að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði (Testing Ground) í viðskiptum með losunarheimildir á grundvelli Kyoto-bókunarinnar.

Stefnt er að því að gera rammasamning með þátttöku þeirra landa Eystrasaltssvæðisins sem áhuga hafa á þátttöku um tilraunasvæði um sameiginleg verkefni til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

NEFCO (Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið) hefur lagt fram tillögu að samningi um skipulag og fjármögnun slíkra verkefna. Hugmyndin er að verkefnin verði ekki aðeins fjármögnuð af opinberum aðilum heldur einnig af aðilum atvinnulífsins. NEFCO kynnti íslenskum fyrirtækjum þessar hugmyndir á árinu.

Á fundinum á Haugasundi var samþykkt að:

- hefja undirbúning tilraunasvæðis á grundvelli tillagna NEFCO,

- fjármagna verkefnið í upphafi með framlagsfé frá löndunum sem óska eftir þátttöku,
- Norðurlönd leggi fram á árunum 2003 og 2004 fjárhæð að upphæð 10 milljón Evrur sem skiptist á löndin í samræmi við framlög til norrænu fjárlaganna.

Á fundi orkuráðherra Eystrasaltsríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB sem haldinn var í Vilníus í Litháen í nóvember sl. var tekið undir þessi áform og ákveðið að gera Eystrasaltssvæðið að slíku tilraunasvæði fyrir viðskipti með losunarkvóta og sameiginleg verkefni (Joint Implementation) á grundvelli Kyoto-bókunarinnar.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin (NEFP) hefur frá árinu 1987 verið skipulögð sem markáætlun til þriggja eða fjögurra ára í senn. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Núgildandi áætlun nær til áranna 1999–2002, en á fundi orkuráðherranna í Helsinki í september 2001 var samþykkt ný áætlun fyrir árin 2003–2006 og í þeirri áætlun beinast áherslur í rannsóknum að þeirri pólitísku stefnumörkun um áherslusvið, sem staðfest voru á sama fundi.

Áherslur orkurannsóknaráætlunarinnar munu beinast að fimm höfuðverkefnum, þ.e. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda.

Unnið er í sjö faghópum á ýmsum sviðum orkurannsókna. Íslendingar taka þátt í þremur faghópanna, á sviði orku- og samfélagsmála.

Á árinu var ákveðið að mynda stofnun um starfsemina og flytja hana til Ósló.

ESB, EES og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Til undirbúnings funda í ráðherraráði ESB um orkumál eru áður haldnir óformlegir fundir norrænu orkuráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi. Þessir fundir eru afar mikilvægir fyrir okkur Íslendinga, sem ekki eigum möguleika að taka af fullum þunga þátt í öllum málaflokkum, sem heyra undir orkusviðið innan ESB.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samstarfið við grannsvæðin í austri grundvallast á því starfi sem unnið hefur verið í samræmi við Bergenyfirlýsinguna og niðurstöðum funda norrænu orkuráðherranna og starfsbræðra þeirra handan Eystrasaltsins sem haldnir voru í Stafangri í desember 1998 og í Helsinki í október 1999. Slíkur fundur var eins og áður sagði haldinn í Vilníus í Litháen í nóvember sl.

Í yfirlýsingu, sem forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu í Bergen 1997 um sjálfbæra þróun á sviði orkumála umhverfis Eystrasaltið, fólu þeir orkuráðherrunum að vinna að tilteknum verkefnum.

Samstarfið við grannsvæðin felst annars vegar í samstarfi við Eystrasaltsríkin (Eistland, Lettland og Litháen) og Norðvestur-Rússland og hins vegar í samstarfi allra landa við Eystrasalt ásamt Noregi og Íslandi. Síðari samstarfsvettvangurinn fer fram á vegum BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation) á vettvangi Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea States Council, BSSC).

Framfarir á sviði orkumála eru mjög mikilvægur liður í þróun Eystrasaltssvæðisins.

Eystrasaltshópurinn hefur skipulagt einstök samstarfs- og stuðningsverkefni sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Vestur-Rússlandi. Má þar m.a. nefna þjálfun starfsmanna orkufyrirtækja í þessum löndum og hafa nokkrir þeirra verið í þjálfun hér á landi.

Samstarf innan undirnefndar um loftslagsmálin hefur komið okkur að góðu gagni á fundum með öðrum Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum hvað varðar upplýsingaöflun.

Áhersla í samstarfinu hefur verið lögð á raforkumarkað, gasmarkað, orkustefnu og loftslagsmál svo og orkusparnað. Sérstakur gaumur hefur verið gefinn að fjárfestingum á sviði orkumála. Sérstök nefnd embættismanna frá löndunum hefur unnið að framkvæmd þessa máls.

Tveir sérfræðingar hafa unnið að samstarfsverkefnum á sviði orkumála á Eystrasaltssvæðinu og hafa haft aðstöðu á skrifstofu Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea States Council, BSSC) í Stokkhólmi, og hafa þeir að verulegu leyti verið kostaðir af Norrænu ráðherranefndinni.

Opinn norrænn raforkumarkaður.

Á Norðurlöndum er löng hefð fyrir samvinnu á sviði raforkumála, bæði pólitísku samstarfi og samstarfi milli fyrirtækja. Með sérstöku samkomulagi frá árinu 1995, svokölluðu Louisianasamkomulagi, færðist samstarfið meira inn á hið pólitíska svið.

Á þessum áratug hafa átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Norðurlöndum. Norðmenn hófu fyrstir breytingar og gáfu viðskipti með rafmagn frjáls og síðan hafa bæði Svíar og Finnar og nú síðast Danir komið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku, meðal annars til þess að hrinda í framkvæmd tilskipun ESB um innri markað á sviði raforku.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að kanna forsendur fyrir aukinni samtengingu raforkumarkaðarins umhverfis Eystrasaltið og meta afleiðingar þess. Er í áætluninni bent á nauðsyn þess að raforkumarkaðurinn á Norðurlöndum tengist í auknum mæli markaði annarra Evrópuríkja og þá sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Austur-Evrópu. Sérstakur starfshópur ráðherranefndarinnar sinnir þessu verkefni.

Orka og loftslagsmál.

Framkvæmd rammaáætlunar um samstarf á sviði orku- og umhverfismála hefur einkum beinst að verkefnum sem tengjast rammasamningi S.þ. um loftslagsbreytingar. Starf hópsins hefur verið öflugt og vakið athygli. Mikilvægi samstarfsins hefur komið í ljós m.a. í tengslum við ráðstefnu S.þ. í Jóhannesarborg.

Samstarf við önnur fagsvið innan Norrænu ráðherranefndarinnar.

Undanfarin ár hefur verið formlegt samstarf á milli orkusviðs og umhverfismálasviðs á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Mest áhersla hefur verið lögð á mál er varða undirbúning loftslagssamninga og Kyoto-bókunina, eins og að ofan greinir.

Þá hefur nefndin einnig unnið að undirbúningi þess að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði, eins og getið var hér á undan.

Til athugunar hefur verið að koma á samstarfi milli orkusviðs og landbúnaðar og skógræktarsviðs innan Norrænu ráðherranefndarinnar og héldu þessir aðilar einn fund á árinu um möguleika á auknu samstarfi.

Einnig hefur verið til athugunar samstarf á milli orkusviðs og umferðar- og flutningasviðs á vettvangi ráðherranefndarinnar.

Niðurlag.

Starf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála hefur reynst gagnlegt fyrir Íslendinga. Mikilvægt er um þessar mundir að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í löndunum og læra af reynslu þeirra um skipan þessa málaflokks meðal annars vegna þeirrar víðtæku endurskoðunar á löggjöf um orkumál sem nú er unnið að hér á landi. Starf undirnefndar ráðherranefndarinnar í tengslum við rammasamning S.þ. um loftslagsbreytingar hefur komið okkur að góðu gagni í baráttunni fyrir hinu svokallaða íslenska ákvæði loftslagssamningsins. Íslendingar hafa notið góðs af orkurannsóknaráætluninni og hefur af Íslands hálfu verið lögð rík áhersla á það samstarf.

10. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-Miljö) byggist á norrænni umhverfisáætlun. Sú áætlun sem nú er unnið eftir gildir fyrir tímabilið 2001–2004 og þar er sett stefna um samstarfið bæði innan Norðurlanda, við grannsvæðin og Norðurskautssvæðið, ESB og um önnur alþjóðleg málefni. Endurskoðun áætlunarinnar hófst í lok árs og er gert ráð fyrir að sú endurskoðun haldi áfram árið 2003.

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna tekur einnig mið af áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum til ársins 2020, en ríkisstjórnir allra norrænu landanna hafa samþykkt áætlunina. Unnið var að framkvæmd norrænnar áætlunar um sjálfbæra þróun undir leiðsögn sérstakrar nefndar sem var falið það verkefni á síðasta ári. Um mitt ár kom út áfangaskýrsla um framkvæmd áætlunarinnar. Samkvæmt skýrslunni er framkvæmdin komin vel á veg bæði í einstökum ríkjum og í starfsemi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin kynnti líka fyrstu drög að vísum (indikatorer) til að gefa vísbendingar um árangur við framkvæmd áætlunarinnar. Athugasemdir við þau drög bárust frá einstökum ríkjum og nefndum innan Norrænu ráðherranefndarinnar og verður áfram haldið þeirri vinnu að þróa slíka vísa undir forystu Danmerkur. Nefndin samdi upplýsingaáætlun, sem miðar að því að kynna norrænu áætlunina um sjálfbæra þróun og framkvæmd hennar fyrir almenningi og stjórnendum á Norðurlöndum og einnig fyrir ríkjum og stofnunum utan þeirra.

Síðustu ár hafa norrænir umhverfisráðherrar allir jafnframt verið ráðherrar skipulagsmála. Ráðherrarnir samþykktu í lok ársins 2001 samstarfsáætlun fyrir árin 2001–2004 sem ber nafnið „Skipulagsáætlanir sem tæki sjálfbærrar þróunar á Norðurlöndum“ (Planläggning som instrument för hållbar utveckling i Norden). Skilgreind eru fjögur samstarfsverkefni:

1. Ný stefna fyrir Norðurlönd – skipulag og sjálfbær þróun.
2. Borgarmálefni – sjálfbær þróun borga.
3. Landamærasvæði – þróun samvinnu um skipulagsmál landamærahéraða á Norðurlöndum.
4. Aðferðafræði og rannsóknir – skipulag í þágu sjálfbærrar þróunar.

Á fundi í október sl. samþykktu umhverfisráðherrar Norðurlanda sameiginlega yfirlýsingu um borgarmálefni og samstarfsáherslur í því samhengi. Stefnt skal að því að skiptast á reynslu og auka samstarf um það hvernig skipulag og framkvæmd skipulagsáætlana geti stuðlað að lífsgæðum borga og bæja með því að móta margbreytilegt og gott borgarumhverfi.

Málefni ESB eru fastur liður á dagskrá umhverfisráðherra, þar sem rædd eru helstu mál á döfinni innan ESB og eftir atvikum mótuð sameiginleg norræn afstaða til ýmissa mála. Þá var undirbúningur fyrir leiðtogafundinn í Jóhannesarborg einnig til umræðu á ráðherrafundum og á leiðtogafundinum héldu norrænir umhverfisráðherrar og fleiri ráðamenn sérstakan fund þar sem þeir kynntu norræna áætlun um sjálfbæra þróun. Áætlunin hefur vakið nokkra

athygli þar sem hún er fyrsta svæðisbundna áætlunin um sjálfbæra þróun og þótti kynningin í Jóhannesarborg takast vel.

Árið 2001 fór fram umfangsmikið starf við að endurskipuleggja starfsemi vinnunefnda umhverfissviðs Norrænu ráðherranefndarinnar. Var þetta gert í tengslum við gildistöku nýrrar umhverfisáætlunar og áætlunar um sjálfbæra þróun. Árið 2002 var því fyrsta árið sem vinnunefndir störfuðu eftir þessu nýja skipulagi. Alls eru nú starfandi fimm fastar vinnunefndir á umhverfissviði og aðrar fimm sem teljast þverfaglegar nefndir. Nánar er gerð grein fyrir starfsemi þessara vinnunefnda hér á eftir.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir samstarfið um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 26.2.).

Fastir vinnuhópar á vegum norrænu umhverfisráðherranna:
Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Markmið vinnunefndarinnar er að efla vísindarannsóknir á Norðurlöndum og skapa grunn fyrir sameiginlegar aðgerðir gegn mengun hafsins og mengandi efnum sem berast langar leiðir með lofti. Nefndin leggur áherslu á að vinna verkefni sem skapa grunn fyrir sameiginlega norræna ákvarðanatöku í alþjóðlegri samvinnu varðandi mengun lofts og sjávar, afla þekkingar um ástand og þróun varðandi mengun lofts og sjávar á Norðurlöndum og nærliggjandi svæðum, og stuðla að norrænni samvinnu í málaflokknum. Vinnunefndin hefur skipulagt starfið þannig að þrjú svið eru í sérstökum forgangi. Þau eru eftirfarandi: Næringaefnaauðgun í sjó, súrt regn og oxandi efni, og efni sem eru hættuleg umhverfinu, þar með talin þrávirk lífræn efni og þungmálmar.

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Unnið er að öflun og úrvinnslu gagna sem leggja grunn að stefnumótun, ákvörðunum og aðgerðum heima fyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Markmið efnavörunefndarinnar er að notkun efna hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði hætt innan næstu 25 ára. Meðal verkefna má nefna þróun aðferða til að greina og mæla áhættu vegna efnanotkunar og flokkun og merkingar hættulegra efna. Þá tekur nefndin þátt í ýmsum samstarfsverkefnum með öðrum vinnunefndum eins og t.d. verkefni um díoxín í fiski sem unnið er í samvinnu við matvælageirann.

Á árinu tók efnavörunefndin þátt í útgáfu bæklings fyrir almenning sem hefur að geyma sex frásagnir af vel heppnuðu norrænu samstarfi á sviði nefndarinnar en bæklingurinn var unninn að frumkvæði upplýsingaskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Vinnunefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Nefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir samþykktum ráðherranefndarinnar um náttúruvernd, útivist og verndun menningarumhverfis en málefnum varðandi menningarminjar var bætt við í upphafi ársins 2001. Undir nefndinni starfar einnig sérstakur arktískur stýrihópur sem hefur með höndum verkefni tengd framkvæmdaáætlun um vernd náttúru- og menningarminja á Norðurskautssvæðinu (Ísland, Grænland og Svalbarði).

Vinnunefnd um vörur og úrgang.

Verkefni vinnunefndarinnar um vörur og úrgang eru á sviði framleiðsluvara, úrgangsmála, hreinni framleiðslutækni og framleiðslumiðaðrar umhverfisstefnu. Vinna í nefndinni fer að stærstum hluta fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir undirhópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að auka upplýsingastreymi milli aðila sem vinna innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar einnig mið af EES-samningum. Vinnunefndin hefur að mestu einbeitt sér að sameiginlegum málefnum norrænu landanna en á árinu hófst undirbúningur að verkefni um vöruþróun í Eystrasaltsríkjunum og er líklegt að starfsemi nefndarinnar muni í auknum mæli tengjast grannsvæðasamstarfinu á komandi árum.

Ísland hefur farið með formennsku í nefndinni undanfarin tvö ár og mun áfram leiða starf hópsins árið 2003.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Vinnunefndin skiptir verkefnum sínum í þrjá flokka. Í flokki eitt eru verkefni með norrænar áherslur. Í flokki tvö eru verkefni sem snúa að Norðurskautssvæðinu og Eystrasaltsríkjunum auk Rússlands og í flokki þrjú eru verkefni sem hafa víðari skírskotun í Evrópu. Stærsta verkefni síðustu ára var útgáfa bókar um líffræðilega fjölbreytni sem út kom á árinu. Í bókinni er ekki einungis fjallað um Norðurlönd, heldur einnig Eystrasaltsríkin, Rússland og Skotland. Önnur verkefni á vegum nefndarinnar sem Ísland tekur þátt í eru m.a. verkefni varðandi líffræðilega vöktun í fersku vatni sem tengist rammatilskipun ESB á sviði vatnsmála, verkefni sem tengist fráveitumálum og er stýrt af Náttúrustofu Vestfjarða og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, verkefni um vöktun hættulegra efna í landumhverfi, verkefni um kortlagningu búsvæða í sjó og verkefni um vöktun náttúru- og menningarminja.

Á árinu samþykkti embættismannanefndin um umhverfismál (ÄK-M) nýtt skipunarbréf fyrir vinnuhópinn sem tekur gildi í ársbyrjun 2003. Vinnuhópurinn skal vera ábyrgur fyrir samræmingu á langtíma vöktun á Norðurlöndum og styðja sambærileg verkefni á grannsvæðum Norðurlanda. Helsta nýjungin í skipunarbréfinu er að öll verkefni vinnuhópsins í framtíðinni skulu vera samstarfsverkefni með öðrum vinnuhópum ráðherranefndarinnar eða verkefni pöntuð beint af ráðherranefndinni eða embættismannanefndinni.

Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við aðra geira:
Samstarfsnefnd um loftslagsmál.

Nefndin, sem áður hét samstarfsnefnd um umhverfi og orku, er samstarfsnefnd umhverfisráðuneyta og ráðuneyta sem hafa orkumál á sinni könnu.

Græn vottun á orkumarkaði og kvótamarkaður með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda er meðal þeirra verkefna sem nefndin hefur unnið að undanfarið. Eitt umfangsmesta verkefni loftslagsnefndarinnar undanfarið ár hefur hinsvegar verið undirbúningur að því að Eystrasaltssvæðið verði notað sem tilraunasvæði vegna viðskipta með losunarkvóta og sameiginlegrar framkvæmdar innan loftslagssamningsins og verður þetta verkefni áfram í forgrunni á næsta ári, ásamt nokkrum nýjum verkefnum sem eru í undirbúningi.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál.

Sérstök vinnunefnd starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (ÄK-Finans) og umhverfismál (ÄK-Miljö). Meginverkefni nefndarinnar eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun hagrænna stjórntækja.

Meðal verkefna sem nefndin vinnur að og komin eru á útgáfustig er skýrsla um stjórnun á líffræðilegum fjölbreytileika í skógum og votlendi, skýrsla um möguleg stjórnkerfi til að

bæta endurheimt á rafhlöðum á Norðurlöndum og skýrsla um hagræn stjórntæki á sviði umhverfismála á Norðurlöndum (The Use of Economic Instruments in Nordic Environmental Policy 2001–2002). Skýrslur um síðastnefnda efnið hafa verið gefnar út áður og hlotið töluverða athygli, bæði á Norðurlöndum en ekki síður utan þeirra. Þá hefur verið hleypt af stokkunum nýju verkefni sem snýst um hvernig hægt er að koma í veg fyrir að hagvöxtur hafi í för með sér aukið álag á umhverfi, svokölluð aftenging (decoupling). Þetta verkefni er unnið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Samstarfsnefnd um fiskveiðar og umhverfismál.

Nefndin er vettvangur fyrir samráð og samstarf umhverfis- og sjávarútvegsráðuneyta Norðurlanda. Nefndin hefur m.a. haft það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmd norrænnar umhverfis- og sjávarútvegsáætlunar fyrir tímabilið 1999–2002. Umboð samstarfsnefndarinnar rann út á árinu og á haustfundum embættismannanefnda í umhverfisgeiranum og sjávarútvegsgeiranum var samþykkt nýtt skipunarbréf. Samstarfsnefndin hefur ákveðið þrjú svið sem meginviðfangsefni næstu ára:

a. sjálfbærar fiskveiðar og fiskeldi,
b. stjórnun vatnakerfa,
c. líffræðileg fjölbreytni í ferskvatni og í sjó.

Samstarfsnefnd um umhverfi, landbúnað og skógrækt.

Í þessari nefnd starfa saman fulltrúar úr umhverfis- og landbúnaðargeirum. Megináhersla er lögð á að bæta stjórnun og nýtingu auðlinda á Norðurlöndum, jafnframt því sem sjónum er beint að rannsóknum og hvernig nýta má niðurstöður rannsókna í hagnýtum tilgangi fyrir landbúnað og skógrækt. Líffræðileg fjölbreytni og erfðaauðlindir eru þemu sem verið hafa ofarlega á baugi undanfarið ár. Jarðvegseyðing er annað dæmi um málefni sem verið hefur á dagskrá og samstarfshópurinn tengist einnig alþjóðlegu starfi t.d. innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og Alþjóðamatvæla- og fiskveiðistofnunarinnar (FAO).

Samstarfsnefnd um umhverfi og neytendamál.

Þessi nefnd er samstarfsvettvangur umhverfisgeirans og þeirra sem starfa að neytenda- og efnahagsmálum. Samstarfsnefndin gengur undir skammstöfuninni NMRIPP (Nordisk Ministerråds Integrated Product Policy gruppe) og fjallar einkum um framleiðslumiðaða umhverfisstefnu. Aðalmarkmið með vinnu nefndarinnar er að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum þáttum framleiðslu og nýta auðlindir á sem bestan hátt. Samstarfsnefndin vinnur náið með vinnunefnd um vörur og úrgang.

11. Efnahags- og fjármál

Ráðherrafundir.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-Finans) héldu tvo fundi á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Ósló í júní sl. og sá seinni í Helsinki í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Eins og venja er ræddu ráðherrarnir stöðu og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Málefni Norræna fjárfestingarbankans voru til umræðu á báðum fundunum. Á hinum fyrri var tekin ákvörðun um að þrefalda lánaramma bankans til umhverfismála. Alþingi hefur nú nýverið samþykkt lög sem heimila þetta fyrir Íslands hönd. Á síðari fundinum var til umræðu beiðni bankans um aukningu á svo kölluðum verkefnislánaramma en hann hefur aðallega verið notaður til að greiða fyrir útrás norrænna fyrirtækja í þróunarlöndum, með áherslu á

grannsvæðin. Ákvörðun um að stíga frekari skref í þessum efnum bíður heildarúttektar á stöðu útistandandi lána hjá bankanum en hún stendur nú yfir. Ráðherrarnir hafa einnig rætt á fundum sínum sérstakar úttektir sem unnar hafa verið. Sú síðasta fjallar um stöðu norrænu landanna gagnvart þeirri eðlisbreytingu á efnahagslífinu sem á sínum tíma var nefnd „nýja hagkerfið". Í febrúar 2003 er fyrirhugað að halda málþing í Stokkhólmi á vegum ráðherranefndarinnar þar sem fjallað verður um niðurstöður þessarar úttektar ásamt tveimur fyrri athugunum en þar var tekið á fjármögnun velferðarkerfisins annars vegar og framleiðni og skilvirkni opinbera geirans hins vegar. Ýmis önnur mál voru einnig til umfjöllunar hjá ráðherranefndinni á árinu. Má þar nefna undirbúning að norrænum samningi um samstarf í innheimtumálum, skattamál, jafnréttismál í fjárlagagerð og ýmis önnur.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a) *Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar.* Embættismannanefndina um efnahags- og fjármál (ÄK-Finans) skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Auk þess eru málefni Norræna fjárfestingarbankans mikið til umfjöllunar. Vinnuhópar hafa verið að störfum að eftirfarandi málum á árinu:

Samstarf um innheimtu krafna. Vinnuhópur til að gera úttekt á þörfinni fyrir frekari upplýsingaskipti milli stjórnvalda á Norðurlöndum við innheimtu opinberra og einkaréttarlegra krafna skilaði skýrslu til ráðherranefndarinnar. Þeir samningar sem nú eru í gildi teljast ekki fullnægjandi heimild fyrir víðtækara samstarfi á þessu sviði og lagði vinnuhópurinn til að gerður yrði nýr samningur til að leggja grunninn að frekari norrænni samvinnu varðandi upplýsingaskipti við innheimtu. Áætlað er að ljúka samningsgerð á árinu 2003.

Nýja hagkerfið; áhrif þess á framleiðni og hagstjórn. Verkefni hópsins hefur verið í fyrsta lagi að skilgreina hugtakið „nýja hagkerfið" og hvort þær atvinnugreinar sem settar hafa verið í samband við nýja hagkerfið hafa náð að setja mark sitt á efnahagslíf Norðurlanda. Hópurinn hefur kannað framleiðniþróun í einstökum löndum og hugsanleg áhrif nýrra atvinnugreina á þá þróun. Hópurinn lauk störfum og skilaði skýrslu til ráðherranefndarinnar síðastliðið haust.

Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla. Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu EU-tilskipana á fjármálasviði og að öðru sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum. Framhaldsathugun var gerð á lagaumhverfi verðbréfamarkaða í Eystrasaltsríkjunum á árinu og var skýrsla gefin út af ráðherranefndinni. Þá var haldin ráðstefna um uppgjör og skráningu viðskipta fyrir markaðsaðila og að auki vinnufundur (workshop) með fulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum um EU-tilskipun um fjármálaveð.

Samþætting fjárlagagerðar og jafnréttis. Sumarið 2001 ákváðu fjármálaráðherrar Norðurlanda að setja á fót starfshóp sem hafði það hlutverk að koma með tillögu að sameiginlegu norrænu verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Hópurinn starfaði frá janúar til september sl., og voru í honum einn fulltrúi frá hverju fjármálaráðuneyti og einn fulltrúi jafnréttismála frá hverju landi. Fyrir liggur skýrsla starfshópsins sem hefur verið skilað til embættismannanefndar um jafnrétti (ÄK-JÄM) og embættismannanefndar um fjármál (ÄK-Finans) til frekari ákvarðanatöku. Tillögur starfshópsins felast í að unnið

verði að verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig en að stjórnun, ráðgjöf, ráðstefnuhald og kynningar fari fram í gegnum samnorrænan vinnuhóp sem í verði fulltrúar frá fjármálaráðuneytum hvers lands og fulltrúar frá jafnréttisgeira hvers lands.

b) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk þessarar nefndar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem ástæða þykir til.

c) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs.

d) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Haustið 2000 var ákveðið að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Settar voru á laggirnar tvær embættismannanefndir með þátttöku frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, norræna-baltneska fjármálanefndin, er almennt skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum, en í hinni nefndinni, norrænu-baltnesku fulltrúanefndinni, sitja yfirmenn þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð norrænum og baltneskum embættismönnum. Þessi nýskipan hefur þær meginbreytingar í för með sér að fjármálaráðuneyti landanna koma með ákveðnari og markvissari hætti inn í þetta starf en verið hefur. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænubaltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins, með milligöngu skrifstofunnar í Washington, og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

e) *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Miljø- og økonomigruppen).* Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum ÄK-Finans og ÄK-Miljö. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Þau verkefni sem nú er helst unnið að og eru komin á útgáfustig eru eftirfarandi:

- Skýrsla um hagræn stjórntæki á sviði umhverfismála á Norðurlöndum (The Use of Economic Instruments in Nordic Environmental Policy 2001-2002). Skýrslur um sama hafa verið gefnar út áður og notið töluverðrar athygli, bæði á Norðurlöndum og ekki síður utan þeirra.
- Skýrsla um stjórnun á líffræðilegum fjölbreytileika í skógum og votlendi.
- Skýrsla um möguleg stjórnkerfi til að bæta endurheimt á rafhlöðum á Norðurlöndum.

Hleypt hefur verið af stokkunum nýju verkefni sem snýst um það hvernig hægt er að koma í veg fyrir að hagvöxtur hafi í för með sér aukið álag á umhverfið, svo kölluð „aftenging". Þetta verkefni er unnið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

f) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.* Nefndin hittist á hverju ári og er farið yfir helstu skattamál sem hafa verið til umfjöllunar í hverju norrænu landanna fyrir sig. Auk þess eru til umfjöllunar í nefndinni ýmis skattamál sem eru ofarlega á baugi hverju sinni.

g) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta viðkomandi landa sitja starfsmenn frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar fundi hennar.

h) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).* Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna en nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Aðeins var haldinn einn fundur í nefndinni á árinu en nokkur mál leyst með tölvupósti. Helstu mál sem fjallað var um á árinu eru: Ákvörðun um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári. Áfram var fylgst með breytingum á ráðningarformi og launasetningu starfsmanna á skrifstofunum í Kaupmannahöfn. Nýtt samkomulag um samræmingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum og starfsmanna samnorrænna stofnana sem og skrifstofunnar í Kaupmannahöfn tók gildi í mars sl.

i) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Á árinu var fjárframlag til starfsmannaskiptanna með líkum hætti og verið hefur á undanförnum árum. Hlutdeild Íslendinga nam 119.000 d.kr. af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar eða 5,9%. Einnig fékk Ísland heimild til þess að nota ónotaða fjárveitingu frá árinu áður og var því hægt að koma til móts við fleiri umsækjendur en ella. Styrkþegar ársins voru níu talsins og hlutu þeir styrki til eins til þriggja mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Átta styrkþegar fóru til Danmerkur og einn til Finnlands. Á vorfundinum sem haldinn var í Stokkhólmi kom enn á ný upp umræða um hverjar skuli vera viðmiðanir vegna skiptingu fjárveitingarinnar til landanna því aðstæður eru mjög mismunandi. Nokkrar breytingar voru gerðar í framhaldi af því sem ekki koma til framkvæmda fyrr en á árinu 2003. Þær breytingar hafa þó ekki áhrif á framlagið til Íslands. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

j) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Samstarfið hófst 1989 að frumkvæði fjármálaráðherra Norðurlanda í þeim tilgangi að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á hinum árlegu fundum er gerð grein fyrir þeim breytingum á skattalögum, sem gerðar hafa verið í hverju landi um sig og unnið er að á hverjum tíma. Annar fastur liður er greinargerð um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa

þeirra á Norðurlönd, og er sjónarmiðum landanna utan ESB þá komið á framfæri. Í þriðja lagi eru rædd þau skattamál sem eru til umfjöllunar á vettvangi OECD og afstaða landanna til þeirra samræmd eftir atvikum. Að lokum er á fundum þessum fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.

k) Norræna skattrannsóknarráðið. Ráðið var stofnað árið 1973 með samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Á árinu 1999 ákvað ríkisstjórn Íslands að sækja um aðild að ráðinu. Í nóvember sl. var undirrituð bókun á milli aðildarríkja samningsins og Íslands um aðild Íslands að norræna skattrannsóknarráðinu frá og með janúar 2003. Markmið skattrannsóknarráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Á síðasta fundi ráðsins sem haldinn var í Helsinki var umfjöllunarefnið skattaleg meðferð á hlutabrefum sem fjárfest er í erlendis.

l) Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna. Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum hittast alla jafna tvisvar á ári. Á þessum fundum er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB).

Norræni fjárfestingarbankinn var stofnaður 1975 til að styrkja norræna samvinnu og efnahag Norðurlanda. Með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndum og stuðningi eigenda hans hefur starfsemi bankans orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veitt til verkefna á Norðurlöndum heldur einnig utan þeirra. Bankinn nýtir traust lánshæfi á alþjóðamarkaði til að veita lán á almennum bankakjörum til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila í þágu bæði Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda sem fá lán eða ábyrgðir frá bankanum. Bankinn hefur lagt aukna áherslu á lán til Eystrasaltsríkjanna og NorðvesturRússlands. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi bankans og þeirrar auknu áhættu sem því fylgir var talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu bankans. Í því skyni tók árið 1999 gildi nýtt samkomulag um bankann sem miðar að því að styrkja stöðu hans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar. (Sjá nánar um Norræna fjárfestingarbankann í kafla 26.3.)

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náin samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

12. Byggðamál

Norræna embættismannanefndin um byggðamál (NÄRP).

Nefndin er samstarfsvettvangur embættismanna þeirra ráðuneyta norrænu landanna sem fara með byggðamál. Markmið samstarfsins er að miðla upplýsingum, byggja upp þekkingu og stuðla að samstarfi innan svæðisins.

Á árinu lauk verkefninu „verksted for nordisk regionalpolitikk". Verkefnið fólst í því að bera saman byggðastefnu norrænu landanna fimm. Auk þess var tilgangur verkefnisins að miðla reynslu og þekkingu á milli embættismanna landanna um árangur af hinum ýmsu aðgerðum stjórnvalda til að efla svæði og einstök byggðalög. NÄRP hefur falið NORDREGIO að fylgja verkefninu eftir. Það verður annars vegar gert með námskeiðahaldi og hins vegar með því að viðhalda upplýsingum um byggðaaðgerðir á Norðurlöndum og árangri af þeim.

Á vegum NÄRP hefur starfað vinnuhópur sem var falið það hlutverk að fylgjast með endurskoðun á byggðastefnu ESB en henni á að ljúka eigi síðar en árið 2006. Hlutverk vinnuhópsins er að halda embættismannanefndinni upplýstri um áhrif stækkunar ESB á byggðastefnu sambandsins þar á meðal reglur um ríkisstyrki. Á árinu skipulagði vinnuhópurinn kynningarfund fyrir NÄRP í Brussel þar sem fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins gerðu grein fyrir líklegum áhrifum af stækkun ESB á byggðastefnuna.

Samstarfið sem tekið var upp við embættismannanefndina um upplýsingatækni hélt áfram á árinu. Ákveðið var að framkvæma athugun á því hver væri stefna norrænu landanna í breiðbandsmálum og hvernig henni hefur verið framfylgt. Er áætlað að skýrsla liggi fyrir á miðju árinu 2003. NÄRP hefur gert samstarfssamninga við átta svæðastofnanir á Norðurlöndum. Á árinu var af hálfu NÄRP lögð áhersla á að svæðastofnanirnar ynnu að verkefnum er miði að því að fjarlægja landamærahindranir í samræmi við þær ráðleggingar sem fram koma í Norrback-skýrslunni.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki var haldinn fundur byggðamálaráðherra Norðurlanda. Á fundinum var fjallað um skýrslu NORDREGIO um byggðaþróun á Norðurlöndum, rannsókn Umeå háskóla í Finnlandi um orsakir búferlaflutninga og pólitískt samstarf til að hafa áhrif á endurskoðun á byggðastefnu ESB.

NORDREGIO.

Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún var stofnuð árið 1997 upp úr eldra norrænu samstarfi á sviðinu. Hlutverk Nordregio er m.a. að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum hefur farið vaxandi. Þá hefur hún tekið ákveðin skref í þá átt að efla rannsóknir og rannsóknasamstarf á Vestur-Norðurlöndum; Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Vestur-Noregi. Stofnunin stundar umfangsmiklar rannsóknir á sínu sérsviði auk fræðslustarfs í formi námskeiða og rekur m.a. *URSA – Urban and Regional Studies Academy*, en þar er staðið fyrir sérhæfðum námskeiðum fyrir fagfólk. Í tengslum við rannsóknir stofnunarinnar hafa Íslendingar verið þátttakendur í auknum mæli, sem og í námskeiða- og ráðstefnuhaldi.

Á árinu 2001 var heildarvelta Nordregio alls 33 millj. s.kr. Stofnunin er staðsett í Stokkhólmi og starfar þar einn Íslendingur, en alls starfa 30 manns hjá stofnuninni (22 mannár).

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA).

Norræna Atlantsnefndin (NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og Norður- og Vestur-Noregs og heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Skrifstofa nefndar-

innar er í Þórshöfn á Færeyjum. Einnig eru starfandi fulltrúar NORA í hverju aðildarlandi. Starfsmaður hjá þróunarsviði Byggðastofnunar hefur umsjón með starfi NORA á Íslandi.

NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi á starfssvæði sínu. NORA hóf starfsemi í núverandi mynd árið 1996. Þrír fulltrúar frá hverju landi eiga sæti í Norrænu Atlantsnefndinni og eru fulltrúar Íslands skipaðir af iðnaðarráðherra. Framkvæmdaráð, þar sem hvert aðildarland á einn fulltrúa, undirbýr ákvarðanir, leggur fram tillögur og veitir framkvæmdastjóra leiðsögn í einstökum málum.

Meginmarkmið með starfi NORA er að hvetja til og efla samvinnu innan svæðisins með áherslu á sjávarútveg, umhverfismál sjávar, ferðaþjónustu, landbúnað, jarðrækt, samgöngur, upplýsingatækni, verslun og iðnað, með áherslu á atvinnuþróun og nýsköpun í atvinnulífinu. Þá leitast nefndin við að koma á samstarfi milli nefndarinnar og annarra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins. Einkum hefur verið lögð áhersla á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum. Einnig er miðluð reynsla og þekking í byggða- og atvinnumálum milli landanna og stuðlað að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum þar sem löndin geta notið góðs af reynslu hvers annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og einstaklinga.

NORA tekur jafnframt virkan þátt í NPP (Northern Periphery Programme) en það er eitt af svokölluðum Interreg-verkefnum ESB sem er ætlað að efla samvinnu yfir landamæri. Skrifstofa NORA aðstoðar Ísland, Grænland og Færeyjar við mat á umsóknum og annast ýmis sameiginleg verkefni landanna þriggja vegna þátttöku þeirra í NPP. Auk þess getur NORA tekið þátt í samfjármögnun verkefna sem hljóta styrk úr NPP áætluninni.

NORA auglýsir eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna einu sinni á ári, að jafnaði síðla vetrar og eru umsóknir afgreiddar að vori. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500.000 d.kr. á ári. Einungis er greitt fyrir hluta af kostnaði við hvert verkefni og aldrei meira en 50% af heildarkostnaði.

Á árinu bárust 30 umsóknir og voru 19 umsóknir styrkhæfar. Íslendingar eru þátttakendur í 18 af þeim 19 verkefnum sem fengu stuðning. Verkefnin eru af ýmsum toga t.d. vöruþróun, menningartengd ferðaþjónusta, rannsóknir í sjávarútvegi og verkefni tengd samgöngum og upplýsingatækni.

Fjárveiting til NORA á árinu var 5,8 millj. d.kr. Norræna ráðherranefndin leggur til 4,3 millj. d.kr. og Lánasjóður Vestur-Norðurlanda 1,5 millj. d.kr. Úthlutað var 3,6 millj. d.kr. til þróunarverkefna.

13. Samgöngumál

Norrænt samstarf um samgöngumál fer að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NÄT), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum, ásamt staðgenglum og ráðgjöfum. Nefndin hefur að jafnaði haldið tvo fundi á ári og svo var einnig á þessu ári. Samgönguráðherrar Norðurlanda héldu einn fund á árinu.

Sumarfundur samgönguráðherra Norðurlanda.

Fundurinn var haldinn í Lofoten í Noregi í júní sl. og helstu mál fundarins voru þessi:

a) *ESB og EES.* Í fyrsta lagi var rætt um formennskutímabil Dana í ESB seinni hluta ársins. Danir gerðu grein fyrir þeim málum sem þeir leggja áherslu á á tímabilinu, en þau eru m.a.:
   - sameiginleg flugumferðarstjórn í Evrópu (Single European Sky),
   - tilskipun um járnbrautarsamgöngur,

– skipulag landsamgangna (TEN-verkefnið).
Í öðru lagi var rætt um fyrirhugaða stækkun ESB en ákvörðun um við hvaða lönd verður samið var tekin á formennskutíma Dana.

b) Norðlæga víddin (Den nordliga dimensionen). Finnar lýstu ánægju með hvernig Svíar héldu á þessu máli á formennskutíma sínum í ESB og hvöttu Dani til að halda því starfi áfram. Danir greindu frá því að þeir myndu leggja til við Framkvæmdastjórnina að hún ynni að verkáætlun fyrir árin 2004–2006. Þar yrði skipulag samgangna á svæðinu sett í forgang. Finnski ráðherrann skýrði frá frumkvæði Finna varðandi lagningu hraðbrautar um Eystrasaltsríkin til Mið-Evrópu til að greiða fyrir flutningum til og frá Eystrasaltssvæðinu. Öll löndin lýstu yfir ánægju með frumkvæði Finna og sagði sænski ráðherrann m.a. að slíkar framkvæmdir myndu létta á sænska vegakerfinu, þar sem um 40.000 vöruflutningabifreiðar aka um það á hverju ári.

c) Verklag vegna samstarfs um EES/ESB-mál. Á fundinum voru samþykkt drög að verklagi við störf fulltrúa landanna að EES- og ESB-málum, er snerta samgöngur. Rætt var um að bjóða fulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum að taka þátt í þessum störfum til undirbúnings ýmissa mála á sviði EES og ESB. Þá lýsti sænski ráðherrann því yfir að hann myndi beita sér fyrir sameiginlegum fundi samgönguráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, hliðstæðum þeim sem haldinn var í Finnlandi árið 2001.

d) Farþegaskattar. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, vakti máls á afskiptum Eftirlitsstofnunarinnar (ESA) af álagningu farþegaskatta á Íslandi og spurðist fyrir um hvernig þeim málum væri háttað í hinum norrænu löndunum og lýsti eftir afstöðu þeirra til afskipta ESA, en á Íslandi litu menn þessi afskipti alvarlegum augum. Sænski ráðherrann sagði að mismunandi farþegaskattar í innanlandsflugi og í flugi milli landa væru brot á reglum ESB og að Ísland gæti ekki vænst stuðnings frá hinum norrænu löndunum í þessu máli. Finnski ráðherrann greindi frá því að Finnland hefði þurft vegna aðildar sinnar að ESB að breyta sköttunum hjá sér á líkan hátt og Ísland verður að gera. Danir fylgja þegar reglum ESB varðandi farþegaskatta.

e) Samstarf um menntun flugumferðarstjóra og lestarstjóra. Á fundinum var kynnt starf nefndar um sameiginlegt norrænt nám fyrir flugumferðarstjóra og lestarstjóra. Samþykkt var að beina því til hlutaðeigandi stofnana á Norðurlöndum að meta þörfina fyrir slíkt samstarf.

f) Skattar og gjöld fyrir afnot samgöngumannvirkja (Infrastrukturavgifter). Danir kynntu greinargerð sem þeir lögðu fram á fundinum og byggð er á hvítbók ESB varðandi þessi mál. Greint var frá stöðu þessara mála innan sambandsins. Samþykkt var að efla norrænt samstarf á þessu sviði og var rætt um að halda ráðstefnu um skatta og gjöld fyrir afnot samgöngumannvirkja á árinu 2003 og ætla Svíar að eiga frumkvæðið að henni.

g) Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi járnbrauta. Sænski samgönguráðherrann greindi frá áformum um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi járnbrauta í Svíþjóð. Þegar væri búið að skipta sænsku járnbrautunum upp í annars vegar rekstur járnbrautateinanna og hins vegar rekstur járnbrautanna sem fyrirtækis. Á fundinum voru kostir og gallar þessara breytinga almennt ræddir og greint var frá stöðu þessara mála í Noregi, Finnlandi og Danmörku.

h) Umferðaröryggismál á Norðurlöndum. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, gerði að umtalsefni skipulag umferðaröryggismála á Norðurlöndum. Hann greindi frá því að á Íslandi hefðu menn litið svo á að þau væru í þokkalegu lagi. Þó verði að segja það að á Íslandi ekki síður en í öðrum löndum væri erfitt að fækka dauðsföllum í umferðinni þegar þau hefðu náð ákveðnum fjölda. Svo virðist sem um ósýnilegan þröskuld sé að ræða sem erfitt væri að stíga yfir. Hann greindi frá því að á Íslandi heyrðu umferðaröryggismálin

undir dómsmálaráðuneyti en ekki undir samgönguráðuneyti. Hann taldi ókosti þessu samfara og spurðist fyrir um hvernig þessum málum væri háttað í hinum norrænu löndunum. Í svari samgönguráðherranna kom fram að í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi heyrðu umferðaröryggismálin undir samgönguráðuneyti landanna. Norski samgönguráðherrann upplýsti að ráðgert væri að halda norræna ráðstefnu um umferðaröryggismál á þessu ári, þar sem m.a. norrænir sérfræðingar á þessu sviði héldu fyrirlestra. Sænski samgönguráðherrann greindi frá stöðu þessara mála í Svíþjóð. Þar í landi hefði dauðsföllum ekki fækkað á síðustu árum þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda. Alvarlegast væri að ein af orsökum þessara dauðsfalla væri að bílbelti voru ekki notuð og að menn óku oft undir áhrifum áfengis. Stjórnvöld hefðu hrundið af stað upplýsingaherferð sem vonir eru bundnar við. Finnski samgönguráðherrann sagði ástandið í Finnlandi líkjast ástandinu í Svíþjóð hvað varðaði akstur undi áhrifum áfengis. Kom fram á fundinum að nýlega var gerð sú breyting í Danmörku að umferðaröryggismálin voru færð að hluta til frá samgönguráðuneyti til dómsmálaráðuneytis.

i) Tryggingar í flugi. Rætt var um ríkisábyrgð á tryggingum í flugi í kjölfar atburðanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Sænski samgönguráðherrann tók þetta mál upp og kvað sænsku ríkisstjórnina vera þeirrar skoðunar að menn yrðu að finna aðrar lausnir en að veita flugfélögum ríkisábyrgð. Málið væri á borði Framkvæmdastjórnarinnar í Brussel. Hinir ráðherrarnir lýstu viðhorfum sínum til þessa máls og lýstu almennt yfir stuðningi við hugmyndir Framkvæmdastjórnarinnar um stofnun tryggingarsjóðs sem ríkin fjármögnuðu en tryggingarfélögin rækju (Eurotime).

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.

Á ráðherrafundinum og á fundum NET kynnir hvert land það sem efst er á baugi í samgöngumálum hvers lands.

Í ár voru breytingar á rekstri járnbrautanna, fast vegasamband milli Danmerkur og Þýskalands, afnotagjöld á brúnni yfir Stórabelti, aukning umferðar á brúnni yfir Eyrarsund, fjárfestingaáætlun í samgöngumálum til ársins 2010 og breyting á rekstrarformi Post-Danmark ofarlega á blaði í Danmörku, samgönguáætlun fyrir árin 2004–2015, samkeppni í innanlandsfluginu, almenningssamgöngur, fjárfestingar í vegum og járnbrautum og umferðaröryggismál í Svíþjóð, bættar járnbrautarsamgöngur milli Helsinki og Pétursborgar, bygging hraðbrautar milli Helsinki og Åbo, siglingamál, stafrænt sjónvarp og umferðaröryggismál í Finnlandi, samkeppni á farsímamarkaðinum, breyting á norska póstinum og norsku járnbrautunum í hlutafélög, breyting á norsku flugmálastjórninni í hlutafélag í eigu ríkisins, skipulag norsku Vegagerðarinnar og umferðaröryggismál í Noregi, fjárfestingaáætlun til tíu ára, bygging jarðganga í tengslum við flugvöllinn og samkeppni á póstmarkaðinum í Færeyjum og siglingar, flugsamgöngur og umferðaröryggismál á Álandseyjum.

Ísland gerði grein fyrir samræmdri samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, flutningi stofnana og verkefna í samgöngumálum út á land, samstarfi við Færeyjar og Grænland á sviði ferðamála, stafrænu sjónvarpi og áherslum á aukið öryggi í flugi og umhverfismálum í samgöngugeiranum.

Störf vinnuhópa.

Á árinu störfuðu vinnuhópar á vegum NET að eftirtöldum verkefnum:

a) Umferðaröryggismál á Norðurlöndum. Þetta er eitt af mikilvægustu verkefnunum sem unnið er að á þessum vettvangi. Markmið þessa starfs er að löndin skiptist á upplýsingum um umferðaröryggismál, m.a. til að læra af reynslu hvers annars og til að koma í veg fyrir

tvíverknað. Þetta starf er á ábyrgð Norðmanna. Á fundi NET í mars sl. var samþykkt að gera athugun á því hversu margir ækju undir áhrifum fíkniefna á Norðurlöndum. NET samþykkti á fundi sínum í nóvember sl. vinnutilhögun starfshópsins fyrir árið 2003.

b) Upplýsingatækni í samgöngumálum. Verkefnið hefur verið unnið á ábyrgð Dana og gerði danski fulltrúinn í NET grein fyrir starfinu. Verkefni vinnuhópsins skiptist í þrennt (1) að setja upp sameiginlegt ferðaskipulagskerfi, (2) að gera úttekt á stöðu einstaklingsins í umhverfi þar sem upplýsingatækni verður nýtt til að auðvelda samgöngur og (3) að setja upp tölvukerfi sem fylgist með flutningi á hættulegum vörum. Á ráðherrafundinum 2001 var verkefnum forgangsraðað þannig að lögð var höfuðáhersla á (2) þ.e. upplýsingatæknina í þágu einstaklingsins. Finnland fór með formennsku í vinnuhópnum frá byrjun ársins.

c) Sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum. Þetta verkefni er eitt af forgangsverkefnum NET. Starfið er unnið á ábyrgð Svíþjóðar og gerði sænski fulltrúinn í NET grein fyrir því á árinu. Kom m.a. fram að starf þessa vinnuhóps styrkti pólitíska umræðu um þennan málaflokk og væri gott innlegg í umræðuna innan ESB og EES. Á fundi NET í nóvember 2001 var samþykkt að skipa vinnuhóp tímabundið með tveimur fulltrúum frá hverju landi, einn frá samgönguráðuneyti og einn frá umhverfisráðuneyti, til að styrkja samstarfið milli aðila í þessum málaflokki. Svíar greindu frá því að starfshópurinn ynni samkvæmt þeirri verkáætlun sem NET hafði samþykkt.

d) Samstarfið á Eystrasaltssvæðinu. Danmörk greindi á fundi NET í mars sl. frá starfi vinnuhópa um þetta samstarf. Meðal annars var unnið eftir tillögu um að skipulagt yrði málþing um hvítbók ESB um samgöngustefnu sambandsins. Af öðrum samstarfsverkefnum má nefna annars vegar samstarf Eystrasaltsríkjanna og Rússlands um umferðaröryggismál og hins vegar samstarf um samgöngurannsóknir.

Svíþjóð mun taka ákvörðun um það hvort efnt yrði til sérstaks ráðherrafundar ríkjanna á árinu 2003. NET samþykkti á fundinum umrætt vinnufyrirkomulag vegna þessa starfs á árinu 2003.

Samstarfið í framtíðinni – formennskuáætlun Svíþjóðar 2003.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlanda að áhugi sé fyrir og þörf á því að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og umferðarmála. Þetta samstarf getur átt sér stað annað hvort innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál samgöngugeirans, svo og upplýsingatækni í samgöngum.

Svíþjóð kynnti á fundi NET í nóvember sl. formennskuáætlun sína fyrir árið 2003. Í áætlun Svíþjóðar er lögð áhersla á eftirfarandi málefni, auk þeirra viðfangsefna sem norrænu samgönguráðherrarnir og NET hafa unnið að á undanförnum árum:

a. Umferðaröryggismál.
b. Umhverfismál samgöngukerfisins.
c. Aukið samstarf um Evrópumál í ljósi norðlægrar víddar.
d. Skattlagning samgöngukerfisins (afnotagjöld).
e. Aukið samstarf við Eystrasaltsríkin.

14. Landbúnaður og skógrækt

Norrænt samstarf á sviði landbúnaðar á sér langa sögu og byggir samstarfið innan Norrænu ráðherranefndarinnar á þeim hefðum sem skapast hafa og er í stöðugri þróun í samræmi við áherslur á hverjum tíma. Starfið á árinu hefur mótast af þeim breyttu áherslum sem nú eru að koma fram í norrænu samstarfi og skipulagsbreytingum í starfi ráðherranefndarinnar. Á árinu 2001 varð samstaða um myndun nýrrar ráðherranefndar um landbúnað, skógrækt, sjávarútveg og matvæli þannig að ekki er lengur um að ræða sérstaka ráðherranefnd fyrir landbúnað og skógrækt einvörðungu. Með þessari skipulagsbreytingu er stefnt að samþættingu samstarfsins þvert á ráðuneytaflokka enda skipan þessara málefna ólík í löndunum fimm. Þessi breyting hefur ekki áhrif á skipulag og verkefni norrænu embættismannanefndarinnar um landbúnað og skógrækt (NÄJS) og hefur því áfram verið unnið eftir samþykktri starfsáætlun nefndarinnar. Á sameiginlegum fundi NÄJS, NÄF og ÄK-LIVS í Helsinki í október sl. var hins vegar samþykkt að yfirfara verklag og leita leiða til einföldunar og meiri skilvirkni í samstarfi embættismannanefndanna þriggja.

Í samstarfsáætluninni sem unnið hefur verið eftir á sviði landbúnaðar og samþykkt var árið 2000, er megináhersla lögð á verkefni á eftirfarandi sviðum:

- Sjálfbær landbúnaður og sjálfbær skógrækt.
- Varðveisla erfðaefnis og líffræðilegs fjölbreytileika.
- Öryggi matvæla.
- Byggðaþróun á landsvæðum sem eru sérstaklega háð landbúnaði og skógrækt.

Í áætluninni er rík áhersla lögð á sjálfbærni allra þátta innan landbúnaðar og skógræktar sem áætlunin tekur til. NÄJS hefur á fundum sínum fjallað um forgangsröðun verkefna innan samstarfsáætlunarinnar.

Noregur fór með formennsku á árinu og mótuðust áherslur í útfærslu samstarfsáætlunarinnar af þeirri forgangsröðun sem Norðmenn lögðu fram í september 2001. Á sviði landbúnaðar var megináhersla Norðmanna á matvælaöryggi og aukið samstarf Norðurlanda á eftirfarandi sviðum:

- Mótun sameiginlegrar norrænnar stefnu í því skyni að auka áhrif Norðurlanda innan alþjóðastofnana og í alþjóðlegum samningum um viðskipti með matvæli.
- Aukin neytendafræðsla og umræða um matvæli með það fyrir augum að neytendur geti verið virkari í ákvarðanatöku á því sviði.
- Áætlun um rannsóknir á matvælasviðinu sem aukið gætu öryggi matvæla.
- Mat á þeirri áhættu á dreifingu sjúkdóma sem aukinn flutningur matvæla og lifandi dýra milli landa í Evrópu getur skapað.
- Rekjanlegur uppruni matvæla.

Á fundi hinnar nýju ráðherranefndar á Grænlandi í ágúst sl. samþykkti ráðherranefndin ályktun um matvælaöryggi og aukna neytendafræðslu með það fyrir augum að neytendur geti verið virkari í ákvarðanatöku á því sviði. Fól ráðherranefndin embættismannanefndunum, ÄK-Livs, NÄF og NÄJS að koma á fót samstarfsverkefnum á þessu sviði.

Þau föstu verkefni sem heyra undir NÄJS eru eftirfarandi:

- Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB) sem hefur það hlutverk að varðveita og tryggja sjálfbæra nýtingu erfðalinda í nytjajurtum sem upprunnar eru á Norðurlöndum.
- Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH) sem hefur það hlutverk að vera þekkingarmiðstöð fyrir verndun og sjálfbæra nýtingu erfðalinda í norrænu búfé.
- Norræna samstarfsráðið um landbúnaðarrannsóknir (NKJ).

- Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
- Samstarf Norrænu landbúnaðarháskólanna (NOVA).
- Norræna dýralæknasamstarfið (NKVet).
- Samstarfsnefnd um plöntusjúkdóma.
- Samstarfsráð um erfðalindir.

Á öllum þessum sviðum eru íslenskir vísindamenn virkir þátttakendur.

Rétt er að geta sérstaklega samstarfs Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði landbúnaðar og skógræktar.

Í samræmi við Kaupmannahafnaryfirlýsingu um sjálfbæra þróun dreifbýlis, sem samþykkt var í desember 2000, hefur verið unnið að auknu samstarfi milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði skógræktar og landbúnaðar, með áherslu á að efla stofnanir og stjórnsýslu á því sviði. Ákveðið var 46 að samvinna á þessum vettvangi næði einnig til sjálfstjórnarsvæðanna, Álandseyja, Færeyja og Grænlands, svo og til Norðvestur-Rússlands, þ.e. héraðanna sem liggja austan landamæra Finnlands og Noregs. Erfiðlega hefur gengið að finna samstarfsaðila í Rússlandi. Sérstök samráðsnefnd (Consultation Committee) vinnur að þróun þessa samstarfs. Nefndin hefur haldið fjóra fundi. Starf nefndarinnar til þessa hefur fyrst og fremst beinst að því að finna þessu samstarfi farveg og er niðurstaðan sú að halda verkefninu sem mest innan verkefnis Norrænu ráðherranefndarinnar um öryggi matvæla í stað þess að dreifa kröftunum of víða. Þegar rætt er um matvælaöryggi (food safety) í þessu sambandi er átt við að matvæli séu örugg/hæf til neyslu en ekki að nægt framboð sé af matvælum eða hollustu þeirra. Ljóst er að staða norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna á þessu sviði er mjög ólík. Þar til fyrir 10–15 árum voru Eystrasaltsríkin hluti af Sovétríkjunum og lifðu og störfuðu undir því skipulagi sem þar ríkti. Mikið verk er því að þróa löggjöf landanna þannig að unnt sé að takast á við þær breytingar sem gera þarf. Hlutverk norrænu landanna í samstarfinu verður því væntanlega fyrst og fremst í því fólgið að miðla reynslu og þekkingu og veita aðstoð við þjálfun og fræðslu á þessum sviðum. Þrýstingurinn á Eystrasaltsríkin að koma þessum málum í viðunandi horf er hins vegar mikill því frá og með árinu 2004 verða þau hluti af ESB, að vísu með nokkurra ára aðlögun. Eðlilegt virðist að setja verkefninu það markmið að Eystrasaltsríkin nái hliðstæðri stöðu og Norðurlönd í þessu efni. Á fundi samráðsnefndarinnar í október sl. var samþykkt að mæla með því að samstarfið á matvælasviðinu næði einnig til fiskjar. Lögð var áhersla á að það ætti við fisk sem matvæli en ekki fiskveiðistjórnun eða annað sem snerti fiskveiðar. Stefnt er að fundi norrænna og baltneskra ráðherra í október 2003 í Eistlandi. Gert er ráð fyrir að á þeim fundi verði teknar ákvarðanir um framtíð þessa samstarfs.

15. Sjávarútvegsmál

Á árlegum ráðherrafundi norrænu sjávarútvegs-, landbúnaðar- og matvælageirannna sem haldinn var í Ilulissat á Grænlandi seint í ágúst sl., samþykktu ráðherrarnir svokallaða Grænlandsyfirlýsingu um öryggi matvæla. Þar er lögð áhersla á að Norðurlönd yrðu áfram í fremstu röð við að tryggja öryggi matvæla. Því markmiði skal náð með því að norrænu löndin beiti sér á alþjóðavettvangi og með því að auka enn áhrif neytenda á matvælasviðinu. Hvað varðar hið fyrrnefnda voru ráðherrarnir sammála um að efla norrænt samstarf á sem flestum sviðum er varða matvælaöryggi og undirbyggja þannig öfluga norræna þátttöku á alþjóðavettvangi eftir því sem við verður komið. Áhrif neytenda á að auka meðal annars með

aukinni upplýsingagjöf og efldum skoðanaskiptum og samskiptum milli stjórnvalda, framleiðenda og neytenda.

Auk þessarar yfirlýsingar var samþykkt á Grænlandi yfirlýsing um sjálfbæra nýtingu auðlinda og líffræðilegan fjölbreytileika, en ráðherrarnir höfðu rætt meðal annars hverjir hefðu ákvörðunarvald hvað varðar auðlindir hafsins og hverjir hefðu þar áhrif. Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að öflugir fiskstofnar séu forsenda sjálfbærrar nýtingar og lögð er áhersla á að vísindaleg ráðgjöf um veiðar sé það besta sem menn hafi til að byggja ákvarðanir á en jafnframt sé þörf á að bæta hana. Á ráðherrafundinum var einnig samþykkt að búa til framkvæmdaáætlun um að draga úr notkun plágueyða (pesticider). Ákveðin markmið hvað þetta varðar og hvernig þeim skuli náð verða lögð fyrir næsta ráðherrafund til samþykktar. Nánar mun vikið að starfinu varðandi sjálfbæra þróun hér ögn aftar.

Önnur mál er varða sjávarútveg sérstaklega sem rædd voru í Ilulissat má nefna að matvælaráðherra Svía ræddi um nauðsyn þess að efna til nánara samstarfs um mælingar á díoxíni í fiski og Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra gerði grein fyrir nauðsyn norræns samstarfs innan CITES (Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora). Í Ilulissat voru einnig teknar ákvarðanir um vistvænan landbúnað, um skógrækt og um genaauðlindir svo nokkuð sé nefnt. Fulltrúi Noregs gerði grein fyrir því á embættismannafundi að matvælaeftirlit í Noregi sem skipst hefur í tvennt – fyrir landbúnaðarafurðir annars vegar og fyrir sjávarafurðir hins vegar – yrði sameinað undir eina stofnun í Ósló frá janúar 2004 að telja. Flyst sjávarafurðaeftirlitið frá norsku fiskistofunnni í Bergen þangað. Hægt er að kynna sér nánar niðurstöður fundarins í Ilulissat á vefsíðu norræna samstarfsins, (www.norden.org/fisk/sk/ministermoede02.asp?lang=2).

Á árinu var unnið áfram að framkvæmd norrænnar áætlunar um sjálfbæra þróun en sérstök nefnd (BU-gruppen) hafði þetta verkefni með höndum. Um mitt ár kom út áfangaskýrsla um framkvæmd áætlunarinnar. Samkvæmt skýrslunni er framkvæmdin komin vel á veg bæði í einstökum ríkjum og í starfsemi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefnum hefur verið hrint í framkvæmd innan allra þátta þess markmiðs sem sett var. Nefndin kynnti líka fyrstu drög að vísum (indikatorer) sem ætlaðir eru til að gefa vísbendingar um árangur við framkvæmd áætlunarinnar. Norræna áætlunin er fyrsta svæðisbundna áætlunin um sjálfbæra þróun og hefur sem slík vakið nokkra athygli. Hún var kynnt á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg og þótti sú kynning takast vel. Nefnd sú sem starfað hefur að verkefninu síðustu árin mun ljúka starfi sínu með ráðstefnu í janúar 2003 og ný starfsnefnd mun þar taka við og halda verkefninu áfram (Arbetsgruppen för hållbar utveckling).

Þrír fundir voru haldnir í embættismannanefnd sjávarútvegssamstarfsins (NÄF) á árinu, sá fyrsti var haldinn í apríl sl. í Ósló, sá næsti í Ilulissat þar sem lokahönd var lögð á undirbúning ráðherrafundarins þar og loks var haldinn fundur í lok október sl. í tengslum við afmælisþing Norðurlandaráðs í Helsinki. Þar lögðu Svíar fram formennskuáætlun sína fyrir næsta ár (www.norden.org/session2002/dokument/sk/integrationnorden.pdf). Einnig var haldinn sameiginlegur fundur embættismannanefndanna um sjávarútvegs-, landbúnaðar- og matvælamál (NÄF, NÄJS og ÄK-Livs). Þá var á árinu starfað í nokkrum minni hópum innan sjávarútvegssamstarfsins, meðal annars var skoðað hvar verkefni sköruðust og hvernig einfalda mætti samstarf landbúnaðar-, matvæla- og sjávarútvegssviðanna og starfslýsing vísindanefndarinnar endurskoðuð.

Norrænt fjárframlag til sjávarútvegssamstarfsins voru rétt rúmar 7 millj. d.kr. á árinu. Ein milljón danskra króna fór til verkefna sem unnin eru með umhverfisgeiranum (MiFi) en eins og áður fór stærstur hluti fjárins eða á sjöttu milljón danskra króna til rannsóknaverkefna og til að halda fundi eða ráðstefnur um tiltekin mál (t.d. brottkast). Vísindanefnd samstarfsins

leggur línur um úthlutun þess. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu vísindasamstarfsins (www.norden.org/fisk/sk/naf.asp?lang=2).

Á næsta ári hafa ráðherranefndirnar þrjár sem standa að samstarfinu um matvælamál 36 millj. d.kr. til ráðstöfunar, þar af koma 7,3 millj. d.kr. í hlut sjávarútvegshlutans. Þegar ákveðið var að slá ráðherrafundum þessara fagsviða saman var sérstaklega tekið fram að samstarfið og fjárframlög til þess ættu að öðru leyti að vera aðgreind áfram. Meginástæður voru þær að vægi fagsviðanna þriggja er mjög mismunandi milli vesturs og austurs á Norðurlöndum og full ástæða þótti til að ýta áfram undir öflugt samstarf innan hvers fagsviðs fyrir sig.

Gildi norræna sjávarútvegssamstarfsins felst í því að fólk kynnist og getur því talað saman og borið saman bækur sínar þegar á reynir. Mikilvægi þess felst einnig í að þar starfa saman stærstu útflutningsríki sjávarafurða til ESB og áhrifamikil ríki innan sambandsins, t.d. á sviði matvælaöryggis. Fiskveiðiráðgjafi Norrænu ráðherranefndarinnar sér um daglegan rekstur verkefna, samræmingu og undirbúning funda og á stóran þátt í því hvernig til tekst.

16. Norrænn vinnumarkaður og vinnuvernd

Samstarfið á vinnumálasviðinu byggir aðallega á samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði atvinnumála (MR-A).

Fjögur meginmarkmið ráðherranefndarinnar fram að árslokum 2004 eru:

- Full atvinna – jafnvægi framboðs og eftirspurnar á vinnuafli.
- Góða vinnan – öryggi á vinnustað og á vinnumarkaði.
- Afnám landamærahindrana á Norðurlöndum – þróun norræns samstarfs.
- Efling norræna velferðarþjóðfélagsins, Evrópusamstarfsins og samstarfs við grannsvæði Norðurlanda.

Eftirfarandi fagnefndir hafa með höndum stjórnun einstakra málaflokka: Vinnumarkaðsnefnd, atvinnulífs- og vinnuréttarnefnd (NAU), nefnd um málefni innflytjenda, vinnuumhverfisnefnd og vinnuumhverfisrannsóknanefnd.

Auk þess starfar á vegum embættisnefndarinnar tengiliðahópur sem aðstoðar skrifstofu ráðherranefndarinnar við lausn á ópólitískum stjórnunarverkefnum, norrænn upplýsingahópur (NIAL) sem miðlar upplýsingum um norræn vinnumál og samráðshópur um vinnumarkaðsþjónustu sem starfar undir vinnumarkaðsnefndinni.

Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfissviðið fjármagnar Norræna stofnun fyrir framhaldsmenntun innan vinnuumhverfissviðs (NIVA) sem undirbýr og heldur námskeið og námstefnur.

Einnig er Nordjobb-áætlunin styrkt með árlegum framlögum.

Á árinu varð breyting á starfi nefnda á vegum embættismannanefndarinnar á sviði atvinnumála (ÄK-A), en samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu var lagður niður og ákveðið var að sameina hann vinnumarkaðsnefndinni.

Nýr stýrihópur um vinnumiðlun á Norðurlöndum verður settur á laggirnar frá árinu 2003. Verkefni hópsins verður m.a. að kanna vinnuaflsþörf á Norðurlöndum og koma með tillögur að stefnu sem getur aukið hreyfanleika vinnuafls.

Vinnumarkaðssamstarf:

Vinnumarkaðsnefndin.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi. Nefndin fékk nýtt umboð sem tekur gildi á árinu 2003. Meðal breytinga á starfssviði eru vinnumarkaðsaðgerðir að því er varðar vinnumiðlun og atvinnuleysistryggingar, rannsóknir sem geta aukið möguleika á fullri atvinnu og aukið framboð vinnuafls í framtíðinni og þróa á þann hátt tengsl hópa sem eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaðnum í því skyni að draga úr vandkvæðum á minnkandi framboði vinnuafls auk þess að styðja við uppbyggingu á norrænu vinnumiðlunarneti á tímabilinu 2003–2004.

Verkefni undir heitinu „Nýtt norrænt skipulag", þar sem fjallað er m.a. um velferðarþáttinn, hófst á árinu með stofnun vinnuhóps um aðlögun innflytjenda að norrænum samfélögum. Meðal verkefna hópsins er að greina aðlögun innflytjenda á norrænum vinnumarkaði með samanburði milli landanna, aðstoða við öflun upplýsinga og leggja mat á gerð skýrslunnar sem er í höndum verkefnastjóra.

Nefndin styrkti ýmis verkefni á árinu m.a. útgáfu og vinnslu skýrslna um efni tengd vinnumarkaðsmálum og rannsóknum. Í samræmi við samstarfsáætlunina fyrir 2001–2004 hefur nefndin lagt áherslu á framboð vinnuafls á Norðurlöndum og í því sambandi athugað eftirfarandi:

Virkni eldra fólks á vinnumarkaði, samspil menntastefnu og vinnumarkaðsstefnu í hagkerfinu, stækkun ESB til austurs og áhrif á norrænan vinnumarkað og skipulag virkrar vinnumarkaðsstefnu.

Samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu.

Samstarfshópurinn, sem nú hefur verið lagður niður, annaðist m.a. vinnumiðlun, starfsmenntun í atvinnulífinu og veitti faglega ráðgjöf á vinnumálasviðinu gagnvart vinnumarkaðsnefndinni.

Meðal verkefna sem unnið var að á árinu voru:

- Skýrsla byggð á samanburðarrannsókn um norræna vinnumiðlun.
- Miðlun á hagnýtri reynslu til einstakra stofnana sem bera ábyrgð á stýringu og þróun vinnumiðlunar á Norðurlöndum.
- Skýrsla um kortlagningu á þjónustu vinnumiðlana einstakra landa gagnvart innflytjendum á Norðurlöndum í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir innflytjenda.
- Nýr stýrihópur um vinnumiðlun á Norðurlöndum, sem verður settur á laggirnar frá árinu 2003. Verkefni hópsins verður m.a. að kanna vinnuaflsþörf á Norðurlöndum og koma með tillögur að stefnu sem geta aukið hreyfanleika vinnuafls.

Atvinnuskipti ungs fólks.

Eitt helsta norræna samstarfsverkefnið á sviði vinnumarkaðar er NORD-JOBB, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna, en Norrænu félögin annast nú þessi samskipti á Norðurlöndum. Á árinu fóru 196 ungmenni héðan í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB og 102 norræn ungmenni komu hingað til lands til vinnu.

Á vegum NORDPRAKTIK-verkefnisins komu 19 frá Eystrasaltsríkjunum á árinu.

NIAL – Nordisk informationsgruppe om arbejdslivsspörsmål.

Nefndin starfar sem eins konar ritstjórn Arbejdsliv i Norden sem kom út þrisvar á árinu og Nordic Labor Journal kom út einu sinni.

Nefndin hefur einnig haft með höndum skipulagningu á þátttöku í Employment Week i Brussel.

Enn fremur hefur verið unnið að endurbótum á svæði NIAL á vefnum www.norden.org.

Atvinnuleysistryggingar.

Norrænt samstarf vegna atvinnuleysistrygginga hefur farið fram í tveim nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, þ.e. í norrænum samstarfshópi um atvinnuleysistryggingar og fastanefndinni vegna norræns atvinnuleysistryggingamóts sem haldið er reglulega á tveggja ára fresti í einhverju norrænu ríkjanna. Næsta mót verður í Danmörku árið 2003.

Samstarfsnefndin fjallar um samskipti norrænu ríkjanna á sviði atvinnuleysistrygginga og samræmingu á reglum, sérstaklega svonefndra E-vottorða.

Atvinnulíf og vinnuréttur (NAU).

Norrænu samstarfsnefndinni um vinnurétt og atvinnulíf er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða í málefnum á sviði vinnuréttar og atvinnulífs bæði innan og utan Norðurlanda.

Nefndin hefur lagt megináherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttar sem hafa verið til umfjöllunar hjá ESB og framkvæmd annarra sem þegar hafa verið samþykktar af sambandinu og fyrirhugað er að nái til evrópska efnahagssvæðisins. Þá hefur umfjöllun innan nefndarinnar einnig náð til annarra þátta í alþjóðlegu vinnumálasamstarfi, svo sem á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Nefndin hélt tvo fundi á árinu þar af annan í Reykjavík.

Innflytjendamál.

Hlutverk norrænu samstarfsnefndarinnar um innflytjendamál (migrasjonutvalget) er að vera vettvangur norrænna embættismanna fyrir umræðu um málefni innflytjenda á vinnumarkaðnum og skiptast á upplýsingum um málefni er varða innflytjendur og flóttafólk, svo sem um löggjöf, tölfræði, skýrslur um rannsóknir o.fl.

Norrænt samstarf á sviði vinnuverndar:

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að vinna að samstarfi stjórnvalda á Norðurlöndum á sviði vinnuverndarmála. Meðal verkefna á árinu má nefna:

- samstarf um þátttöku í starfi evrópsku staðlastofnunarinnar CEN til þess að auka þar áhrif Norðurlanda,
- verkefni um eftirlit með hættulegum vélum á markaði og þátttöku í Evrópusamstarfi á því sviði,
- samstarfsverkefni um markaðseftirlit með persónuhlífum og öryggisbúnaði ýmiss konar,
- samstarfsverkefni um efnahagsleg áhrif vinnuverndar,
- ráðstefnu um eftirlitsmálefni,
- undirbúning ráðstefnu um sjálfbæra þróun og vinnuvernd,
- þátttöku í ráðstefnu í Tallinn um markaðseftirlit með vélum og tækjum og í Ríga um framkvæmd eftirlits á vinnustöðum,
- umræðu um skipulag samstarfsins og hugsanlega sameiningu nefnda á vinnuverndarsviðinu.

Norræna samráðsnefndin um ESB-málefni.

Nefndin hefur það hlutverk að skiptast á sjónarmiðum varðandi þau mál sem til umfjöllunar eru á vettvangi ráðherraráðs ESB og samræma sjónarmið norrænu landanna. Starfssviðið nær bæði til vinnuverndar- og vinnumarkaðsmála.

Ýmis mál komu til umfjöllunar nefndarinnar á árinu sem vörðuðu vinnumarkað, jafnrétti og vinnuvernd.

Norræna rannsóknanefndin á vinnuverndarsviði og stjórn NIVA.

Stjórn NIVA og norræna nefndin um rannsóknir á vinnuverndarsviði, sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, halda fundi tvisvar á ári. Var efnt til stuttrar ráðstefnu í tengslum við vorfundina. Þar voru flutt tvö erindi sem voru vel sótt, annars vegar um áhættumat – siðferðilegt álitamál og hins vegar um öryggisstjórnun.

Á fundi stjórnar NIVA í apríl var greint frá stefnu ráðherranefndarinnar undir forystu Norðmanna og ársskýrsla og rekstraráætlun NIVA voru samþykktar. Tólf námskeið eru áætluð á árinu 2003 (sjá heimasíðu NIVA www.niva.org) og hafinn var undirbúningur að námskeiðum á árinu 2004. Rætt var um fyrirhugað mat á starfsemi NIVA sem gera skal þriðja hvert ár.

Nefndin um rannsóknir á vinnuverndarsviði úthlutar styrkjum til rannsókna á vinnuverndarsviði og til ýmissa verkefna, en þess er jafnan krafist að a.m.k. þrjú norræn lönd starfi saman að verkefnunum. Íslendingar tóku þátt í gerð norræns spurningalista um vinnutengda húðsjúkdóma sem kynntur var á vorfundinum. Rætt var um stöðu verkefna sem notið hafa styrkja og þá sérstaklega starf sérfræðinefndarinnar um mengunarmörk efna.

Á ágústfundi stjórnar NIVA var fjallað um mat á starfssemi NIVA 1999–2002 en kynnt var uppkast að skýrslu um það efni. Í heild var niðurstaðan jákvæð, þ.e. NIVA býður upp á gott fræðsluefni sem samrýmist markmiðum stofnunarinnar. Gengið var frá drögum að samningi um starfsemi NIVA við Norrænu ráðherranefndina fyrir tímabilið 2003–2005. NIVA hefur þegar gengið frá tillögum að ellefu námskeiðum fyrir árið 2004.

Á ágústfundi nefndarinnar um rannsóknir á vinnuverndarsviði var lögð fyrir vinnuáætlun ársins 2003. Gengið var frá umsóknum um verkefni fyrir árið 2003. Á grundvelli matsskýrslu utanaðkomandi sérfræðinga um störf hópsins og gagnsemi starfseminnar fór fram umræða um hvernig ætti að standa að áframhaldandi fjármögnun sérfræðinefndarinnar um mengunarmörk efna.

17. Heilbrigðis- og félagsmál

Ráðherrafundur.

Í júní sl. var árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda haldinn í Svolvær í Lofoten í Noregi. Ráðherrarnir skrifuðu undir samning um viðbúnað á heilbrigðissviði en sá samningur nær til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda landanna um að efla sameiginlega getu þeirra til að bregðast við hættuástandi og hamförum, að meðtöldum náttúruhamförum og atvikum (slysum og hryðjuverkaárásum), þar sem m.a. geislavirk efni og sýkla- og efnavopn koma við sögu. Ráðherrafundurinn fjallaði einnig um fjármögnun Norræna heilbrigðisfræðaháskólans (NHV) í Gautaborg, formennskuáætlun Norðmanna, Norrback-skýrsluna um norræna samvinnu, málefni sem tengjast ESB og alþjóðlegri samvinnu, og vottorð fyrir þá sjúklinga sem ferðast á Schengen-svæðinu og þurfa að hafa með sér lyf sín sem innihalda örvandi efni.

Meginþema fundarins var hins vegar fátækt á Norðurlöndum og gerðu ráðherrarnir grein fyrir stöðu mála í hverju landi fyrir sig. Jafnframt var skýrt frá því helsta sem fram kom á norrænni ráðstefnu um fátækt og félagslega einangrun sem haldin var í Ósló í júní sl. Ráðherrarnir töldu brýnt að skiptast reglulega á upplýsingum um rannsóknir á fátækt og efla samstarf sérfræðinga í löndunum, auk þess sem var lögð áhersla á mikilvægi þess að ríkin tækju virkan þátt í alþjóðlegum rannsóknum á sviði velferðarmála.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (ÄK-S) hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi nefndarinnar í apríl sl. í Gautaborg var m.a. fjallað um formennskuáætlun Norðmanna, málefni ESB/ESS, önnur alþjóðleg mál, fjármögnun NHV, nýja stofnskrá fyrir NIOM, nýjan samning við NOPUS, sjálfbæra þróun, norrænt samstarf á sviði lyfjamála og fjárhagsáætlun fyrir árið 2003. Á fundi embættismannanefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í júní var, auk undirbúnings fundar ráðherranna, sérstaklega fjallað um lyfjavottorð, fjármögnun NHV, samning við NOPUS, norrænt ár fatlaðra og málefni NIOM. Á dagskrá haustfundar, sem haldinn var í desember sl. í Brussel voru evrópsk málefni aðalefni fundarins. Danir gerðu þar grein fyrir formennsku sinni í ESB á síðari hluta ársins og því sem efst er á baugi hjá ESB á næstu misserum.

Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV).

Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í Gautaborg, Svíþjóð, er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir innan heilbrigðisfræði.

Sautján Íslendingar stunduðu nám við skólann á árinu og tóku þeir samtals 44 námskeið. Mikið var unnið að því að efla tengsl við aðra háskóla sem kenna heilbrigðisfræði á Norðurlöndum og gera samkomulag um að námskeið sem tekin eru við skólann geti nýst sem námseiningar í öðrum háskólum. Eins og nokkur undanfarin ár átti skólinn samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um kennslu í rekstri og stjórnun í heilbrigðisþjónustu. Var eitt slíkt námskeið haldið hér á landi á árinu.

Mikil vinna var lögð í að reyna að breyta fyrirkomulagi á skiptingu kostnaðar milli norrænu landanna og greiðslufyrirkomulagi landanna sem hefur þótt óhentugt þar sem greiðslur hafa verið innheimtar allt að tveimur árum eftir að til útgjalda hefur komið. Samkomulag um breytingar náðist ekki milli landanna.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).

Verkefnum NIOM á sviði tannlækninga er skipt í fjóra meginþætti: (1) stöðlun („standardiseringu"), (2) prófun efna, (3) rannsóknir og (4) fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaiere Internationale).

Starfsemin við NIOM gekk vel á árinu og nýlega var ráðinn starfsmaður með sérmenntun í efnafræði plastefna (polymerkjemi).

Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin var samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum í nærri þrjá áratugi en starfsemi hennar var lögð niður í lok mars sl. Í framtíðinni munu forsvarsmenn lyfjamála á Norðurlöndum þinga árlega um sín mál.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

NAD (Nordiska nämnden för alkohol- och drogforskning) hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. NAD er ætlað að auka þekkingu manna á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum. Helsta verkefni NAD er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum á þessu sviði og miðla upplýsingum. NAD á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum. NAD gefur út eigið blað (NAT) og rekur skrifstofu í Helsinki.

NAD hélt tvo reglulega stjórnarfundi á árinu; annan í Ósló og hinn í Kaupmannahöfn. Á þessum fundum var rekstur NAD ræddur, ákvarðanir teknar um styrkveitingar og þau verkefni sem fyrir hendi eru.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Helstu verkefni NSH eru að stuðla að því að markmið hinna einstöku norrænu landa um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. NSH styrkir fjölda verkefna sem hafa það að markmiði að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. NSH hefur það einnig á stefnuskrá sinni að styrkja stöðu fatlaðra gagnvart stefnumótun velferðarsamfélagsins. NSH hélt þrjá fundi á árinu.

Á fundi miðstöðvarinnar í febrúar sl. í Stokkhólmi var m.a. fjallað um skýrslu miðstöðvarinnar um hindranir sem fatlaðir verða fyrir þegar þeir ferðast á milli norrænu landanna. Stjórn stöðvarinnar lýsti sig sammála efnisatriðum skýrslunnar og mun hún vera gefin út á vegum NSH. Einnig var fjallað um skýrslu um tæknilausnir fyrir fatlaða á grannsvæðum Norðurlanda.

Á fundi í maí í Ósló var fjallað um ársskýrslu miðstöðvarinnar fyrir árið 2001, skýrslu NFTH (Norræna samstarfsráðið um tjáskiptatækni og fötlun), nýja útgáfu NSH á „Frelsi fyrir alla – hindranir í lífi fatlaðra á Norðurlöndum“, auk fundar félags- og heilbrigðisráðherra í júní sl.

Í Stokkhólmi í lok október sl. var fjallað um skýrslu um vinnuumhverfi á NSH. Einnig var fjallað um það sem væri á döfinni hjá norræna ráðinu um málefni fatlaðra (NHR), auk atburða á vettvangi NSH svo sem útgáfustarfsemi um skipulagsmál o.fl. Loks var fjallað um faglega og fjárhagslega áætlanagerð fyrir árið 2003.

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Meginmarkmið með starfsemi NUD er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. NUD á að stuðla að því að styrkja faglega þróun starfsfólks og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist. Norræna samvinnan á að auka gæðin á tilboðum til daufblindra og skapa sameiginlega norræna sjálfsmynd meðal starfsfólks á þessu sviði.

Verkefni NUD eru að:

- sjá starfsfólki, sem vinnur með daufblindum, fyrir norrænni menntun sem styður og bætir upp menntun í hverju landi,
- þjóna sem þekkingarmiðstöð á sviði daufblindu,
- vinna að söfnun og þróun þekkingar, viðhalda tengslaneti og sinna alþjóðlegu samstarfi á sviði daufblindu,
- koma á og stýra starfi við þróun og skráningu grunnþekkingar á þessu sviði.

Haldin voru þrjú grunnnámskeið, þrjú þemanámskeið, tvær ráðstefnur og tvö ráðgjafanámskeið. Samtals voru 236 þátttakendur á þessum námskeiðum, þar af 8 íslenskir. Auk fyrrgreindrar starfsemi voru haldin á NUD tvö seminör og eitt alþjóðlegt námskeið. Sex fyrirlestrar voru fluttir frá NUD í fjarkennslu (videokonferencer) til samstarfslandanna.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem frá þátttökulöndunum koma. Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Á árinu var m.a. á vegum NOSOSKO unnið að viðamiklu riti um sjálfbæra þróun, þ.e. hvernig væri hægt mæla og veita tölulegar upplýsingar um hana á sviði heilbrigðis- og félagsmála.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO)

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að samræmingu og söfnun tölfræðilegra upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum.

Starf þetta fer að töluverðu leyti fram með samræmingu skilgreininga, skráninga og afmörkunar innan einstakra þátta til þess að tryggja að um sé að ræða sem líkastar upplýsingar og til þess að þær verði sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri aðallega í gegnum meginútgáfu sína, „Health Statistics in the Nordic Countries" en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem eru birtar á heimasíðu nefndarinnar.

Samræming flokkunarkerfa hefur í auknum mæli verið unnin af Norrænu skrifstofunni fyrir flokkun á sjúkdómum í Uppsölum, en mjög náið samstarf er milli þessara stofnanna.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu hafa verið athugun á mannafla og fjármagni innan heilbrigðisþjónustunnar, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, dánarorsakaflokkun, lyfjanotkunarupplýsingar, gæðamat á flokkun aðgerða og fleira.

Undanfarin ár hefur NOMESKO unnið í miklu samstarfi við Eystrasaltsríkin og hefur m.a. unnið að bæði útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkanir (Nordiskt Center för klassifikation av sjukdomar) í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO og eru fundir stjórna oft haldnir sameiginlega.

Norræna menntamiðstöðin fyrir þróun félagsþjónustu (NOPUS).

Í byrjun árs var gengið frá samningi milli Norrænu ráðherranefndarinnar og NOPUS um framtíðarstarfsemi NOPUS og skiptingu kostnaðar á milli landanna. Í samningnum er kveðið á um aukna starfsemi NOPUS allt til loka árs 2004 en meginmarkmið starfseminnar er að bjóða upp á menntun/fræðslu fyrir fólk er starfar að félagsþjónustu. Markmiðið er að auka þátt og samstarf allra stofnanna eða skóla er gætu haft (og hafa nú þegar) upp á slíka fræðslu að bjóða.

Fyrir árið 2002 var sett það markmið að ráðnir skyldu þrír starfsmenn NOPUS, tvo til að halda utan um menntanetið (samstarf milli háskóla landanna) og einn er starfaði að markaðssetningu NOPUS. Í desember var hins vegar ákveðið að ráða ekki nema einn starfsmann

vegna menntanetsins en ráðgert er að þeir verði tveir í framtíðinni. Jafnframt kveður samningurinn á um að sérstakir „tengslafulltrúar" verði í Finnlandi og á Íslandi til að aðstoða starfsmenn NOPUS við að koma á slíku samstarfi milli landanna. Einnig var sett það markmið fyrir árið að ákveða hvar starfsemi NOPUS yrði staðsett og nú í lok árs lítur út fyrir að Malmö verði fyrir valinu.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili varðandi 19 hópa. Eftirlitsnefnd samningsins hefur ekki aðeins eftirlit með framkvæmd samningsins heldur tekur einnig saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingu eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum. Haldnir voru tveir fundir á árinu, í maí og nóvember.

18. Jafnréttismál

Ísland tekur virkan þátt í fjölda norrænna nefnda og verkefna á sviði jafnréttismála. Hér verður gerð grein fyrir því starfi sem tengist Norrænu ráðherranefndinni sérstaklega, auk samstarfs á vestnorrænum og Norðurskautsvettvangi.

Ráðherranefnd jafnréttismála (MR-JÄM).

Ráðherranefndin hélt einn fund á árinu, í Ósló í október, sem skrifstofustjóri jafnréttisskrifstofu félagsmálaráðuneytis sótti fyrir hönd Íslands. Meðal þess sem samþykkt var þar, var að athuga möguleika á að hrinda í framkvæmd tillögu karlanefndar Norrænu ráðherranefndarinnar, um þriggja ára rannsóknaáætlun um hinn norræna karl. Meginrannsóknarefni yrðu: karlar og karlmennska í fjölskyldunni; atvinnulíf og efnahagur; föðurhlutverkið og náin tengsl; uppeldi og kynjamótun; og síðast en ekki síst andstaða karla við jafnrétti kynjanna. Gert er ráð fyrir að halda undirbúningsráðstefnu 2003, en hrinda áætluninni af stað í formennskutíð Íslands 2004.

Í tengslum við ráðherrafundinn stóð norski jafnréttisráðherrann fyrir norrænum fundi um jafnrétti í fjölmenningu Norðurlanda og stöðu erlendra kvenna á Norðurlöndum. Þann fund sóttu f.h. Íslands tvær erlendar konur sem búsettar hafa verið hérlendis um nokkra hríð. Sænski ráðherrann ákvað að fylgja því máli eftir með ráðstefnu vorið 2003 í Svíþjóð.

Fyrir fundinum lá tillaga frá norska ráðinu, „Ledelse, likestilling og mangfold", um samstarfsverkefni sem legði áherslu á aukinn fjölda og áhrif kvenna í atvinnulífinu. Tillagan var samþykkt og verkefnið hefst 2003.

Þá var samþykkt tillaga Dana um rannsóknarverkefni um áhrif klámvæðingarinnar á sjálfsmynd og ímynd kynjanna.

Embættismannanefnd jafnréttismála (ÄK-JÄM).

Embættismannanefndin hélt fimm fundi á árinu þar af einn á Íslandi í apríl. Unnið var samkvæmt framkvæmdaáætlun fyrir árin 2001–2005, og voru starfandi sérstakir vinnuhópar um flest eftirtalinna verkefna. Áhersla var lögð á samþættingu og voru því flestir vinnuhópar

skipaðir fulltrúum af jafnréttissviði og viðkomandi fagsviði. Ísland á fulltrúa í öllum vinnuhópunum. ÄK-JÄM hafði á árinu forystu innan Norrænu ráðherranefndarinnar um að móta reglur varðandi hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu þeirra sem taka þátt í starfi nefndarinnar, í nefndum, vinnuhópum og daglegu starfi. Reglurnar hafa nú verið nýttar sem fyrirmyndir að reglum annarra nefnda og sviða.

Vinnuhópar:

- *Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð.*
  Norræna ráðherranefndin hefur undanfarin ár unnið að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumörkun og daglegt starf nefndarinnar. Á árinu var samþykkt sérstök áætlun um slíka samþættingu í fjárhagsáætlanagerð ráðherranefndanna og tekið upp sérstakt vinnulag til að tryggja að svo megi verða. Þessi þróun er í anda þeirrar umræðu sem m.a. fór fram á tveimur ráðstefnum sem Norræna ráðherranefndin stóð að í París árið 2000 og í Brussel árið 2001. Sumarið 2001 ákváðu ráðherranefndir fjármála- og jafnréttismála að koma á fót verkefni, með það að markmiði að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð og fjármálastefnu allra Norðurlanda. Í janúar tók til starfa norrænn vinnuhópur vegna þessa og fulltrúar Íslands í hópnum eru frá fjármálaráðuneyti og Jafnréttisstofu. Hópur þessi hefur hist reglulega, og hélt m.a. einn fund í Reykjavík. Nú liggur fyrir tillaga að verkefni sem áætlað er að hefjist 2003.
- *Verslun með konur.*
  Eitt af aðaláhersluatriðum nýju framkvæmdaáætlunarinnar er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Á árinu var unnið áfram að átakinu gegn mansali, eða verslun með konur. Norrænn-baltneskur vinnuhópur starfaði ötullega en auk þess voru skipaðir starfshópar í hverju landi. Fulltrúar Íslands í erlenda starfshópnum eru frá dómsmálaráðuneyti og Jafnréttisstofu. Ráðinn var verkefnisstjóri sem stýrir einnig sænska verkefninu. Haldnar voru þrjár ráðstefnur á vegum norræna-baltneska verkefnisins: í Tallinn, Ríga og Vilnius. Skipaður var íslenskur vinnuhópur með verkefnisstjórum frá bæði dómsmála- og félagsmálaráðuneyti. Fulltrúar úr hópnum sóttu allar þrjár ráðstefnurnar í Eystrasaltsríkjunum, og undirbjuggu upplýsingaherferð hérlendis. Norræni verkefnisstjórinn sótti Ísland heim tvisvar á árinu, sat fund með embættismannanefndinni í apríl og heimsótti íslenska vinnuhópinn í september, og hélt þá m.a. erindi á ráðstefnu Stígamóta. Mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum. Heimasíða verkefnisins er www.nordicbalticcampaign.org/
- *Karlar og jafnrétti.*
  Í tvö ár hefur verið starfandi sérstakur karlahópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og hefur hann haft það hlutverk að reyna að auka hlut karla í umræðunni um og vinnunni að auknu jafnrétti karla og kvenna. Ísland á fulltrúa í hópnum. Karlanefndin hélt þrjá fundi á árinu, þar á meðal einn í Reykjavík. Auk þess að undirbúa ofangreinda rannsóknaáætlun, vann karlanefndin m.a. að undirbúningi ráðstefnu um kynjamótun í skólum, sem haldin var í Lilleström, Noregi í desember. Nokkrir Íslendingar sóttu ráðstefnuna. Einnig var unnið að undirbúningi bókar um kynjamótun í skólum og leikskólum, þar sem sérstaklega verður miðað við sjónarhorn karla.
- *Jafnlaun.*
  Árið 2000 ákváðu norrænir ráðherrar jafnréttis- og vinnumarkaðsmála að leita nýrra leiða til að halda áfram starfinu að launajafnrétti kynjanna. Skipaður var starfshópur sérfræðinga frá annars vegar jafnréttisgeiranum og hins vegar vinnumarkaðsgeiranum í hverju landi sem hóf störf í ársbyrjun með það að markmiði að leggja fram tillögur á árinu 2003. Af Íslands hálfu hefur aðeins komið að starfinu einn aðili, sérfræðingur á Jafnréttisstofu.

Nefndin fundaði nokkrum sinnum á árinu og einstakir meðlimir fóru yfir og lögðu fram yfirlit yfir þekkingarstöðuna í hinum einstöku löndum. Málþing sérfræðinga í kynjuðum launamun var haldið í Ósló í nóvember sl. og sóttu það tveir fulltrúar frá Íslandi. Stefnt er að því að lokafundur nefndarinnar verði á Íslandi í mars 2003 og þá verði endanlega gengið frá tillögum til nýrra rannsókna og aðgerða.

– *Vefsíða um jafnréttismál.*
Á árinu var unnið að mótun upplýsingastefnu embættismannanefndarinnar. Nefndin hefur gefið út fréttabréf, en nú var ákveðið að leggja megináherslu á miðlun upplýsinga á netinu, bæði í tengslum við NIKK (sjá að neðan) og með eigin vefsíðu á heimasíðu Norræna ráðherranefndarinnar. Nokkrir fundir voru haldnir í þessu sambandi, þar af einn á Akureyri. Skipuð var ritstjórn sem fundar í gegnum síma og net. Sérfræðingur á Jafnréttisstofu er fulltrúi Íslands þar. Heimasíðan var formlega opnuð á 50 ára afmælisþingi Norðurlandaráðs í Helsinki, og voru ráðherrar Noregs, Finnlands og Svíþjóðar viðstaddar opnunina. Vefslóðin er www.norden.org/gender

– *Norrænt-baltneskt samstarf.*
Í samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna fyrir 2001–2003 er lögð áhersla á eftirfarandi þætti:
  – Samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í norræn/baltnesk verkefni og áætlanir;
  – Samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð;
  – Atvinnurekstur kvenna;
  – Ofbeldi gagnvart konum;
  – Karla og jafnrétti;
  – Ungt fólk og jafnrétti.

  Vinnuhópur um framkvæmd áætlunarinnar starfar undir forystu Eistlands. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum á árinu og kom m.a. á virkan hátt að verkefninu um verslun með konur og undirbúningi þriðju ráðstefnunnar um konur, karla og lýðræði (WoMen and Democracy). Sú verður haldin í Tallinn í febrúar 2003. Fulltrúi Íslands í samstarfshópnum er framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

NIKK – norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir.

Ný stjórn NIKK tók til starfa á árinu og á Ísland fulltrúa í stjórn. NIKK stóð fyrir mikilli ráðstefnu um kynjamótun í Stokkhólmi í febrúar: „Subjekt, politik och könskonstruktion: det jämställda Norden som framtidsverkstad“ og vann áfram að útgáfu og fjölmörgum rannsóknarverkefnum. NIKK heldur úti mjög virkum upplýsingavef á heimasíðu sinni www.nikk.uio.no/

Norræna vísindaakademían (NorFA).

Á vegum NorFA er starfrækt áætlunin „Kön och våld“, sem rannsakar umfang, eðli og leiðir til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi á Norðurlöndum. Af Íslands hálfu er sérfræðingur á Jafnréttisstofu í úthlutunarnefndinni. Í byrjun maí var í þriðja og síðasta sinn auglýst úthlutun styrkja. Þrjátíu og þrjár umsóknir bárust og fengu tuttugu einhverja úthlutun. Þar á meðal var verkefnið „Young people, gender and violence“ á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum. Íslendingar eru eða hafa verið þátttakendur í tveim öðrum verkefnum sem hlotið hafa styrk. Að auki stóð verkefnið að stórri ráðstefnu 2001, í Danmörku, og voru mörg erindanna sem þar voru flutt gefin út. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu NorFA (www.norfa.no). Einnig var ákveðið að nefndin skipulegði í samvinnu við aðra ráðstefnu um rannsóknir á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Önnur rannsóknaáætlun á vegum NorFA, „Velferðaráætlunin“, hóf göngu sína á árinu. Jafnréttisstofa tekur þátt í tveimur jafnréttisverkefnum á því sviði.

Konur fara, karlar eru um kyrrt.

Byggðarannsóknastofnun og Jafnréttisstofa eru sameiginlega þátttakendur í verkefni á vegum norræna velferðarrannsóknaverkefnisins. Verkefnið ber heitið „Kvinner reiser, menn blir“ og beinist að því að kanna orsakir og afleiðingar þess sameiginlega einkennis jaðarbyggða á norðurslóðum að konur flytja frekar en karlar. Hvað Ísland varðar hefur verið ákveðið að beina athyglinni að þrem stórum svæðum. Á árinu hófst gagnasöfnun hérlendis, bæði söfnun tölfræðilegra gagna og viðtöl við fólk sem hefur búið alla tíð á viðkomandi svæði, fólk sem hefur flutt og þá sem hafa flutt en komið aftur. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2004.

Velferð, karlar og félagsleg frumkvæði.

Hitt verkefnið sem Jafnréttisstofa er aðili að ber heitið „Velferd, maskulinitet og social innovation“ og þar er sjónum beint að áhrifum breytinga á stöðu kynjanna á stöðu og hegðun karla sérstaklega. Hvaða áhrif hefur það á stöðu karla og samspil launavinnu og fjölskyldulífs að konur eru sífellt að auka þátttöku sína í launavinnu og karlar hafa aukið þátttöku sína í heimilisstörfum og við uppeldi og umönnun barna. Hérlendis verður sjónum sérstaklega beint að áhrifum hinna nýju laga um fæðingar- og foreldraorlof. Á árinu var unnið að sameiginlegum viðtalsvísi sem síðan verður aðlagaður að hinum einstöku rannsóknarverkefnum. Verkefninu lýkur 2004.

Taking Wing – ráðstefna um konur og jafnrétti á Norðurslóðum.

Norðurskautsráðið undir formennsku Finnlands stóð fyrir mikilli ráðstefnu um konur og jafnrétti á norðurslóðum, sem haldin var í Saarisälkä í Finnlandi í ágúst sl. Að undirbúningi og þátttöku í ráðstefnunni komu konur frá öllum aðildarlöndum Norðurskautsráðsins, auk fulltrúa allra samtaka frumbyggja sem aðild eiga að ráðinu. Einnig kom Norræna ráðherranefndin að undirbúningi og eftirfylgni ráðstefnunnar. Hópur íslenskra kvenna sótti ráðstefnuna og tók þar virkan þátt.

Niðurstöður „Taking wing“ og tilmæli til ráðsins má finna á heimasíðu Norðurskautsráðsins á vefslóðinni www.arcticcouncil.org/taking_wing.html. Ísland gegnir nú formennskuhlutverki í ráðinu og þar með mikilvægu hlutverki við eftirfylgni þessara tillagna.

Vestnorrænt samstarf.

Í maí 2000 var samþykkt þingsályktun um nokkur vestnorræn samstarfsverkefni, flest á jafnréttissviði. Aðeins eitt þessara verkefna er komið í framkvæmd. Það er starfshópur um aðgerðir til að vinna gegn ofbeldi gagnvart konum. Í hópnum eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju landanna þriggja, einn frá jafnréttissviðinu og einn frá þeim aðilum sem starfa að stuðningi við konur sem beittar eru ofbeldi. Hópurinn tók til starfa í febrúar og mun skila niðurstöðum sínum í byrjun árs 2003.

19. Vímuefnamál

Fundur var haldinn í norrænu embættismannanefndinni um vímuefnamál (ÄK-Narko) í Ósló í janúar sl. Var þar farið yfir helstu atriðin, sem þóttu m.a. eiga erindi inn á fund norrænu ráðherranna um vímuefnamál í nóvember. Urðu nokkuð snarpar umræður um lyfjakort,

sem ferðamenn þurfa að hafa meðferðis eftir að Schengen-samstarfið varð að veruleika. Af Íslands hálfu var lögð áhersla á að kortið væri einfalt, en önnur lönd vildu viðamiklar skýrslur. Sprautuherbergi fyrir eiturlyfjaneytendur, sem væru þjáðir af eftirköstum, voru mjög rædd. Það úrræði hefur Ísland ekki viljað taka upp, enda meðferðarúrræði mun fleiri hér á landi en annars staðar. Enn fremur er lögð á það áhersla hér á landi að uppræta fíknina en ekki halda henni við, sé þess nokkur kostur. Málefni Eystrasaltsríkjanna voru einnig á dagskrá og fer sú umræða eðlilega vaxandi. Var þetta í flesta staði gróskumikill fundur og opin umræða sem fyrr.

Annar fundur embættismannanefndarinnar var haldinn á Holmenkollen í nóvember sl. Á fundinum voru flutt mörg yfirlitserindi og fréttir af gangi mála í hinum ýmsu starfsnefndum og rannsóknarhópum svo sem NAD, PTN o.fl. Athyglinni var mjög beint í austur á þessum fundi sem fyrr og lögð áhersla á að styrkja nærliggjandi lönd þ.e. Eystrasaltsríkin og Rússland, enda verður góðum hluta fjárveitinga til samstarfs um vímuefnamál af fjárlögum ársins 2003 varið til starfsemi á þessu svæði. Sem dæmi má nefna að 100 þús d.kr. verður veitt til Pétursborgar í baráttu við alnæmi, sem þjakar m.a. marga fíkla.

Fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um vímuefnamál var haldinn í Ósló í nóvember sl. Ráðherrafundurinn fór fram með frjóum umræðum og sat Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, fundinn fyrir Íslands hönd og fór yfir mörg mál. Hann lauk máli sínu með því að lýsa því yfir, að lögleiðing vímuefna væri ekki á dagskrá á Íslandi.

Undirbúning þessa fundar önnuðust fulltrúar dómsmála-, félagsmála- og heilbrígðis- og tryggingamálaráðuneytis með góðu fulltingi framkvæmdastjóra Áfengis- og vímuefnaráðs.

Fulltrúar Íslands í ÄK-Narko leggja áherslu á að til að sinna þessum verkefnum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt, þyrftu fleiri aðilar hérlendis að koma að málaflokknum, ekki síst vegna formennsku Íslands árið 2004.

20. Iðnaður og atvinnumál

Bætt samkeppnisstaða norrænu þjóðanna er meginviðfangsefni ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál. Starfið tekur fyrst og fremst mið af samstarfsáætluninni „Nordiskt Näringspolitiskt samarbetsprogram 2002–2005“ (ANP 2001:729) sem m.a. hefur að markmiði að afmá réttarheimildir sem standa í vegi samstarfs milli landanna og bættrar samkeppnisstöðu þeirra. Skýrslan „Ny nordisk dagsorden – opfølgning af vismandsrapporten“ (ANP 2001:731) hefur gegnt veigamiklu hlutverki við mótun starfsins, svo og ályktanir nefnda Norðurlandaráðs, t.d. atvinnumálanefndarinnar (Nordisk Råds næringsutvalg). Áherslur á árinu snerust að miklu leyti um viðfangsefnið: „Norðurlönd sem einn hindrunarlaus innri markaður“.

Eitt mikilvægasta framlagið til þessarar umræðu á árinu var skýrsla Ole Norrback „Nordboarnas rättigheter“ sem unnin var fyrir norrænu samstarfsráðherrana. Í skýrslunni er fjallað um réttarstöðu Norðurlandabúa í öðru norrænu landi en heimalandinu er varðar t.d. búsetu, atvinnumarkað, menntun, skattlagningu og atvinnurekstur. Þar koma fram ábendingar um ákvæði í lögum og reglugerðum sem hindra eðlileg samskipti milli landanna. Þrátt fyrir að skýrsla Ole Norrback fjalli aðeins að litlu leyti um atvinnupólitísk málefni er á vettvangi iðnaðar- og atvinnumálaráðherranna lögð áhersla á að efni skýrslunnar fái víðtæka umfjöllun þar sem tillögurnar eru atvinnuþróuninni ótvírætt til framdráttar.

Iðnaðarráðherrarnir hafa látið gera úttekt á samkeppnisstöðu norrænu þjóðanna „Konkurrencekraft i Norden“ (ANP 2000:537) en þar kemur fram að fyrirtæki á Norðurlöndum halda í vaxandi mæli á lofti norrænum einkennum. Fram kemur að skortur sé á upplýsingum

um lög og reglur í hinum norrænu löndunum og kvartað er yfir ósamræmi í réttarheimildum. Fyrirtækin óska eftir auknum möguleikum á samstarfi við fyrirtæki í öðrum norrænum löndum og að meira verði um sameiginlegar rannsóknir og þróunarvinnu.

Mikil áhersla hefur ávallt verið á að bæta stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja enda á stór hluti af nýsköpun atvinnulífsins sér stað innan veggja þeirra og þar verða flest störf til. Að frumkvæði Evrópunefndar Norðurlandaráðs hefur verið unnið stefnumótandi skjal um sprotafyrirtæki, frumkvöðla og uppfinningamenn („Nordisk Charter for små innovative virksomheder, iværksættere og selvstændige opfindere") sem norrænu iðnaðarráðherrarnir hafa ákveðið að fella inn í störf sín. Markmiðið er að búa þessum hópi sem best starfsskilyrði en aðgengi hans að nauðsynlegri stoðþjónustu, viðskiptaþekkingu, nýrri tækni og fjármagni er víða mjög takmarkað.

Með samþykkt sinni hafa norrænu ráðherrarnir sammælst um að leggja sitt af mörkum til þess að ytri skilyrði verði frumstigi nýsköpunarinnar hliðholl. Það verði gert t.d. með því að gera stofnun fyrirtækja auðvelda, veita leiðsögn um stofnun og rekstur lítilla fyrirtækja, hafa tiltækt fjármagn til tækniþróunar og fjármögnunar sprotafyrirtækja, gera skattakerfið hagstætt fyrir rannsóknir, þróun og stofnun nýrra fyrirtækja, sníða einkaleyfalöggjöf að þörfum þeirra, veita þeim leiðsögn og miðla til þeirra þekkingu, svo nokkuð af því helsta sé nefnt. Þessi samþykkt fellur mjög vel að stefnu iðnaðarráðuneytis um nýsköpun og atvinnuþróun og stefnu þess í byggðamálum. Ef frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins verður að lögum verður stuðningurinn við þessa aðila mun öflugri og markvissari en áður hefur verið.

Einföldun réttarheimilda og samræming þeirra á milli norrænu landanna er umfangsmikið verkefni sem þarf aðkomu margra annarra ráðherra en iðnaðarráðherranna, t.d. norrænu fjármálaráðherranna. Þetta mikilvæga mál kom nokkuð til umfjöllunar á árinu en búast má við að því verði gefin aukin áhersla á árinu 2003 undir formennsku Svía. Um þetta er fjallað í skýrslunni „Over grænsen efter Konkurrenceevne – udredning om betydningen af skatte- og selskabsretlige barrierer for virksomhedssammenlægninger og -køb over grænserne i Norden" sem unnin var fyrir ráðherranefndina.

Ferðaiðnaður og umhverfisvernd eru málaflokkar sem iðnaðarráðherrarnir láta sig varða. M.a. hefur verið starfandi vinnuhópur um ferðaiðnað frá árinu 2000 („Næringssektorens Ad hoc arbejdsgruppe for turisme"). Umhverfis- og ferðamál tvinnast saman í verkefninu „Miljø og turisme i Arktis", sem Norræni iðnaðarsjóðurinn kostaði, en því lauk á árinu. Áfram verður unnið að verkefnum er tengjast sjálfbærri ferðaþjónustu („bæredygtig turisme") og hefur Iðntæknistofnun Íslands verið virkur þátttakandi í þeim verkefnum.

Helstu verkefni iðnaðarráðherranna er tengjast sjálfbærri þróun voru kynnt á sýningu í tengslum við heimsráðstefnuna um sjálfbæra þróun („World Summit for Sustainable Development") í Jóhannesarborg í Suður-Afríku í ágúst og september sl.

Skipulag starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar kom til umfjöllunar á árinu. Borið hefur á vaxandi efasemdum um rekstrarform hinna fjölmörgu litlu stofnana sem reknar eru á vegum hennar. Sú skoðun á auknu fylgi að fagna að ná megi meiri árangri með því að samræma og sameina skylda starfsemi. Iðnaðar- og atvinnumálaráðherrarnir settu á árinu í gang mat á ávinningi þess að sameina Nordtest og Norræna iðnaðarsjóðinn sem eru þær tvær stofnanir sem undir þá falla. Sú vinna er komin vel á veg og virðist ástæða til að skoða ávinning af enn víðtækari samræmingu og sameiningu.

Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norræni iðnaðarsjóðurinn (Nordisk Industrifond – senter for innovation og næringsutvikling) er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál. (Sjá nánar um Norræna iðnaðarsjóðinn, kafla 26.5.).

Nordtest.

Á árinu var haldið áfram með breytingar í starfsemi Nordtest, sem byrjað var á árið 2000 í samræmi við úttekt Norrænu ráðherranefndarinnar árið 1999. Helsta breytingin er sú að horfið er frá megináherslu á prófanir en í staðinn kemur „conformity assessment" (CA) eða samræming krafna og prófana. Tilgangur þessarar áherslubreytingar er að gæta hagsmuna norræns iðnaðar með því að fjarlægja tæknilegar hindranir í viðskiptum, sér í lagi til hagsbóta litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Áhersla hefur verið lögð á að bæta upplýsingaflæði Nordtest, nýta upplýsingar frá markaðshópum um áherslur í verkefnavali og að útvíkka starfssvið sjóðsins með því að styrkja verkefni sem fjalla um CA í víðtækri merkingu.

Viðræður milli stjórna Nordtest og Norræna Iðnaðarsjóðsins um samvinnu hafa haldið áfram, en árið 2001 var ákveðið að þessar tvær stofnanir hafi með sér samvinnu á sviði mælitækni, pre-normatívra rannsókna og staðla og í stefnumótun iðnþróunar á Norðurlöndum 2002–2005. Stefnt er að því að á næsta ári verði gengið frá þessu samstarfi á formlegan hátt.

Helstu viðfangsefni Nordtest eru verkefnavinna – árlega er unnið að um 50 verkefnum, birtar eru fjölmargar skýrslur og samþykktar prófunaraðferðir. Þessar upplýsingar eru allar aðgengilegar á heimasíðu Nordtest, www.nordtest.org

Önnur verkefni fólust í ráðstefnuhaldi og þátttöku í alþjóðlegu starfi á sviði CA, prófana og staðla. Mikilvægur þáttur í starfi Nordtest er einmitt að hafa áhrif á þróun staðlamála og prófana þeim tengdum. Góður árangur náðist á þessu sviði á árinu.

21. Húsnæðis- og byggingarmál

Samstarfið á árinu grundvallaðist á samstarfsáætlun Norðurlanda á sviði húsnæðis- og byggingarmála fyrir tímabilið 2002–2005 sem húsnæðisráðherrarnir (MR-Bygg) samþykktu árið 2001. Samstarfsáætlunin miðast við samstarf um félagsleg húsnæðismál, sjálfbæra þróun húsnæðis- og byggingarmála auk borgarstefnu.

Á árinu var haldinn húsnæðisráðherrafundur, fjórir fundir í embættismannanefndinni (ÄK-Bygg), samráðsfundur um húsnæðismál í Tallinn með stjórnsýsluaðilum í Eystrasaltsríkjunum auk þess sem haldnar voru fjölmargar ráðstefnur um ýmis viðfangsefni. Á ráðstefnum og fundum á vegum samstarfsins var fjallað m.a. um blöndun þjóðfélagshópa í íbúðahverfum, stefnumótun í húsnæðismálum, vandamál vegna íbúða sem standa auðar og íbúðaskort. Einnig voru ræddar aðgerðir vegna húsnæðisleysingja, fjallað um húsnæðiskostnað og stöðu félagslegra húsnæðismála.

Útgáfa og rannsóknarstarf á árinu.

Í ársbyrjun kom út skýrslan „Utgifter och kostnader för boendet i Norden" (TemaNord 2002:501). Hún er afrakstur námsstefnu undir heitinu „Boendekostnader i Norden" sem haldin var árið áður. Í skýrslunni er fjallað um skilgreiningar á annars vegar hugtakinu „húsnæðisútgjöld" (bostadsutgift) og hins vegar hugtakinu „notkunarkostnaður" (brukarkostnad). Einnig er fjallað um þróun byggingarkostnaðar og leiguverðs.

Skýrsla undir heitinu „Norges bostadskonsumenter och det uthålliga boendet“ kom út á vormánuðum (TemaNord 2002:523). Verkefnið var styrkt af ÄK-Bygg í samvinnu við neytendanefndina. Mikilvægasta niðurstaða verkefnisins er samantekt um úrræði sem tiltæk eru til að draga úr mengun sem tengist húsnæðinu á einn eða annan hátt.

Húsnæðisleysi hefur verið ofarlega á dagskrá samstarfsins en árið 2001 var veittur styrkur til að koma á fót samstarfi milli aðila sem vinna að rannsóknum á húsnæðisleysi. Styrkurinn var notaður til að halda námsstefnu og setja á laggirnar tengslanet. Í kjölfarið var gefin út skýrsla með erindum og umræðu námsstefnunnar undir heitinu „Bostadslöshet som problem och politik“ (TemaNord 2002:558). Skýrslan gefur innsýn í rannsóknir á húsnæðisleysi og fjallar um húsnæðisleysingja sem einstaklinga og þjóðfélagsvandamál auk þess sem gerð er grein fyrir þeim stofnunum sem beint eða óbeint fást við það verkefni að vinna gegn húsnæðisleysi.

Veittur var styrkur til forverkefnis um aðgengi að byggingum undir heitinu „Virkemidler til fremme af tilgængelighed“. Markmið verkefnisins er að kortleggja hvaða aðferðum er beitt til að auka aðgengi að eldri og nýrri byggingum. ÄK-Bygg veitti viðbótarstyrk til að ljúka skýrslu um verkefnið sem mun liggja fyrir í upphafi ársins 2003.

Á árinu hófst vinna við verkefni sem fjallar um samanburð á norrænni byggingarlöggjöf. Endurskoðun byggingarlaga og reglugerða er víða á döfinni. Rannsóknarverkefnið heitir „Sammenligning af Nordisk bygningslovgivning“ og er áætlað að því ljúki á árinu 2003. Einnig var samþykkt að styrkja námsstefnu sem hefur það markmið að samræma tölfræðiupplýsingar á sviði húsnæðis- og byggingarmála. Verkefnið heitir „Önskemål om kartläggning av statistikproduktionen för bygg- och bostadssektorn“. Undirbúningur hófst að rannsóknarverkefni um borgarstefnu. Forkönnun var gerð með verkefninu „Erfaringer med implementering af bypolitik i de nordiske lande“. Markmiðið með verkefninu var að kortleggja og greina stöðu borgarstefnu á Norðurlöndum. Niðurstöður eiga að liggja fyrir árið 2003.

Rannsóknarverkefni um framtíðarþróun félagslega húsnæðiskerfisins er styrkt af ÄK-Bygg. Heiti verkefnisins er „Almennyttige og sociala boligers framtid i Norden“ og er það á vegum Íslands. Ráðgert er að gefa skýrsluna með niðurstöðum út í upphafi árs 2003 og hafa tillögur komið fram um að hún verði grundvöllur ráðstefnu um framtíðarþróun félagslegra húsnæðismála en sú spurning brennur mjög á stjórnvöldum bæði á Norðurlöndum og í Evrópu.

Ráðstefnur og fundir.

Embættismannanefndin ÄK-Bygg í samstarfi við norska Húsbankann stóðu fyrir ráðstefnu undir heitinu „Nordisk konference om boliglöshet“. Þar fluttu erindi fulltrúar frá öllum norrænu löndunum og kynntu stöðu mála ásamt þeim úrræðum sem notuð hafa verið til að leysa og fyrirbyggja húsnæðisleysi.

Í júní sl. var haldin ráðstefna undir heitinu „Goda bostäder for alla – kommunernas arbete med svaga hushåll“. Á ráðstefnunni var fjallað um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi félagslega þætti húsnæðismála og úrræði til einstaklinga sem þurfa aðstoð við að koma þaki yfir höfuðið. Kynnt voru félagsleg úrræði í húsnæðismálum á Norðurlöndum. Einnig var rætt um aðgerðir vegna fjölgunar eldri borgara, vegna íbúða sveitarfélaga sem standa tómar og aðgengismál.

Embættismannanefndin ÄK-Bygg veitti stuðning til kynningar á norrænum arkitektúr í Berlín á árinu í tengslum við alþjóðaþing arkitekta undir heitinu „Nordic Architecture as a

resource". Á sýningunni var kynnt verkefni um sjálfbæra þróun í byggingarlist á Norðurlöndum.

Húsnæðismál í ljósi byggðaþróunar og mismunandi aðstæðna sveitarfélaga voru í brennidepli á árinu. Ákveðið var að efna til ráðstefnu um málið árið 2003 undir heitinu „Regioner i balans" og er ráðgert að hún verði haldin á Íslandi.

Embættismannanefndin hélt samráðsfund með stjórnsýsluaðilum í Eystrasaltsríkjunum. Þar var rætt um form og fyrirkomulag samstarfs á þessum vettvangi. Umræður fóru fram um mál sem tengjast einkavæðingu húsnæðismála og fyrirkomulagi eignarhalds á húsnæði. Lög og reglur sem gilda um eignaríbúðir og samskipti íbúa í fjöleignarhúsum er í brennidepli í kjölfar breyttrar þjóðfélagsgerðar. Einnig eru viðhaldsmál knýjandi úrlausnarefni. Á fundinum var rætt um framhald og framtíð samstarfs á þessu sviði. Unnið var að mótun frekara samstarfs á árinu 2003.

Í lok október sl. var haldinn húsnæðisráðherrafundur í Helsinki í tengslum við Norðurlandaráðsþingið. Á fundinum ræddu ráðherrarnir m.a. um íbúðir fyrir ungt fólk, innflytjendur og aðra sem eru að stíga sín fyrstu spor á fasteignamarkaði. Þá var fjallað um aðgerðir til að lækka byggingarkostnað, um stöðuna á húsnæðismarkaðnum og þróun mála. Fram kom að á Norðurlöndum er mikil eftirspurn eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðum en framboð umfram eftirspurn víða í dreifðari byggðum landsins. Rætt var um hlutverk húsnæðiskerfisins í velferðarkerfum norrænu landanna. Samdóma álit var að fundirnir og samstarfið væri mjög gagnlegt og nauðsynlegt að ráðherrafundir séu haldnir a.m.k. árlega.

22. Neytendamál

Norðmenn gegndu á árinu formennsku í samstarfi Norðurlanda á sviði neytendamála. Af hálfu formennskulandsins var lögð áhersla á þrjú svið neytendamála. Áhersla var lögð á atriði sem geta stuðlað að betri vernd barna og ungmenna gegn sífellt vaxandi markaðsfærslu og þrýstingi frá viðskiptalífinu á þennan samfélagshóp. Jafnframt lögðu Norðmenn sérstaka áherslu á öryggi matvæla og sjálfbæra þróun.

Norræna ráðherranefndin á sviði neytendamála (MR-Konsument) hélt árlegan fund sinn að þessu sinni á Svalbarða í apríl sl. Jafnframt var haldinn sameiginlegur fundur þessarar ráðherranefndar og norrænu ráðherranefndarinnar á sviði atvinnu- og iðnaðarmála (MR-Näring).

Á fundi ráðherranefndarinnar á sviði neytendamála var embættismannanefndinni falið að finna leiðir til þess að efla samstarf milli stjórnsýslunnar í einstökum ríkjum Norðurlanda um mál sem varða samstarf þeirra á vettvangi ESB. Auk þess óskaði ráðherranefndin eftir því að undirbúin yrði áætlun um þátttöku neytenda við undirbúning alþjóðlegra staðla sem gilda um ýmiss konar framleiðsluvörur. Ráðherrarnir samþykktu að leggja áherslu á nánara samstarf við grannsvæði Norðurlanda. Embættismannanefndinni á sviði neytendamála var falið, í samstarfi við fulltrúa í ráðuneytum Eistlands, Lettlands og Litháen, að skilgreina nánar með hvaða hætti Norðurlönd geti aðstoðað við frekari uppbyggingu neytendaverndar í þessum ríkjum. Ráðherranefndin á sviði neytendamála ræddi einnig um nýjar leiðir til þess að tryggja fjármögnun og áframhaldandi rekstur á norræna umhverfismerkinu (svaninum) og lýstu yfir vilja sínum til þess að fjárframlög Norðurlandaráðs yrðu aukin í þessu skyni.

Á sameiginlega fundi ráðherranefndanna tveggja (MR-Konsument og MR-Näring) var rætt um upplýsingatækni og viðskipti yfir Netið. Ráðherrarnir hvöttu embættismannanefndirnar að kanna í sameiningu öll meginatriði sem varða öryggi gagna, jafnt frá sjónarmiði fyrirtækja sem og neytenda. Auk þess var þverfaglegri nefnd falið að gera tillögu um norræna stefnuáætlun um hvernig auka megi viðskipti á Netinu, til hagsbóta fyrir fyrirtæki

og neytendur. Lögð var áhersla á að jafnframt væri hugað að því með hvaða hætti Norðurlönd geti spornað við misnotkun tækninnar svo sem í auglýsingum o.s.frv. Á fundinum var undirstrikað mikilvægi þess að embættismannanefndirnar hugi áfram að þverfaglegu samstarfi og tryggi að mál sem einungis verða leyst með þeim hætti hljóti fullnægjandi meðferð á sameiginlegum fundum ef það telst nauðsynlegt.

Í lok árs 2004 rennur út sú verkefnaáætlun sem samþykkt var árið 1999 af hálfu Norðurlanda á sviði neytendamála. Af þeirri ástæðu hefur embættismannanefndin á sviði neytendamála því nú þegar samþykkt að skoða nánar starfshætti og starfsskipulag hins norræna samstarfs þannig að tryggt verði við undirbúning næstu verkefnaáætlunar að starfið sé eins skilvirkt og kostur er.

23. Matvæli

Á árinu hafa Norræna embættismannanefndin um matvælamál (ÄK-Livs) og fastanefndir á hennar vegum, sem fjalla um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu (NNT), matvælaörverufræði og áhættugreiningu (NNM), matvælaeftirlit (NNK), matvælalöggjöf (NNL) og manneldi (NKE), lagt áherslu á eftirtalin verkefni:

- Að öryggi matvæla verði haft í fyrirrúmi. Haldinn var ráðherrafundur á Grænlandi í ágúst sl. þar sem öryggi matvæla var meginviðfangsefnið;
- Að samstarf á vegum Codex Alimentarius, sem starfar á vegum aðildarríkja S.þ. og OECD verði eflt þar sem norræn sýn sameiginlegra hagsmuna verði komið á framfæri;
- Að haldið verði áfram stuðningi við faglegt fræðslustarf vegna matvælaeftirlits í Eystrasaltsríkjunum innan Nordic-Baltic verkefnisins;
- Að samstarf þeirra er vinna að matvælamálum í vesturbyggðum Norðurlanda verði styrkt enn frekar með tímabundna verkefninu í Vest-Norden Forum;
- Að þverfaglegt samstarf um matvæla- og neytendamál, milli ÄK-Livs og ÄK-Konsument verði haldið áfram og fé til þess verði tryggt;
- Að einfalda og auðvelda aðgengi almennings og fyrirtækja að lögum og reglum á sviði matvælamála;
- Að endurskoða norræna matvælalöggjöf, þar á meðal stjórnsýslu og eftirlit innan málaflokksins og birtist sú vinna í skýrslu um áhættustjórnun matvæla „Frá haga í maga". Í framhaldinu hefur orðið breyting á stjórnsýslu málaflokksins í flestum landanna;
- Að koma á tengineti til að miðla upplýsingum um eiturefnafræðilegt áhættumat fyrir bragðefni sem notuð eru í matvæli og um þróun löggjafar í ESB á þessu sviði. Haldið var málþing um „Regionalt princip" sem er að svæði eða ríki sem búa við lága tíðni vissra sýkingarvalda geti takmarkað innflutning matvæla og búfjár sem líklegur er til að raska ríkjandi ástandi.

Fjöldi vinnunefnda og verkefnahópa vann að sérgreindum verkefnum tengdum vandamálum sem upp hafa komið og öðrum mikilvægum málefnum varðandi matvæli.

Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi allra fastanefnda Norrænu ráðherranefndarinnar sem varða matvæli svo og undirnefnda þar sem unnið er að einstökum verkefnum.

Afrakstur þessara verkefna eru ýmsar útgáfur, ráðstefnur o. fl., m.a.:

- Norrænt orðasafn og íðorðasafn um matvæli.
- Skýrslur um:
  Íblöndun A-vítamíns og steinefna í matvælum og umfjöllun um áhættu samfara fæðubótarefnum.

Reynslu viðkvæmra neytenda af merkingum matvæla.
Bestu fáanlegu slátrunartækni í sláturhúsum á Norðurlöndum.
Heilsufarsfullyrðingar á umbúðamerkingum matvæla.
Ráðleggingar um útreikninga á neyslu aukefna og aðskotaefna.
Áhættumat vegna erfðabreyttra örvera.

- Framkvæmd var könnun á því hvernig neytendur nýta sér merkingar á matvælum.
- Haldnar voru ráðstefnur og gefnar út skýrslur um:
  Fisk sem matvæli.
  Áhættumat – áhættugreining vegna „kampýlóbakter“ og „koffíns“.
  Veirur í matvælum og vatni.
  Lím í umbúðum um matvæli.

24. Málefni dómsmálaráðuneytis

Samstarf um löggjafarmál.

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna byggist aðallega á samstarfsáætlun um löggjafarsamstarf.

Ný samstarfsáætlun fyrir árin 2002–2005 og framkvæmdaáætlun 2002–2003 var samþykkt á fundi dómsmálaráðherranna á Svalbarða í júní sl. Markmið samstarfsáætlunarinnar eru þau sömu og í hinni fyrri, m.a. að standa vörð um lýðræðislega ákvarðanatöku á Norðurlöndum og tryggja réttaröryggi þeirra sem búa og dveljast þar. Löggjafarsamstarfið á að miða við notagildi meðal Norðurlandaþjóða og ná til þeirra sviða réttarins þar sem það er mest. Stefnt skal að samræmingu löggjafar, en þó er sá fyrirvari gerður að útfærsla einstakra réttarreglna þurfi ekki endilega að vera sú sama í öllum löndunum. Á sviði einkamálaréttar er hefð fyrir samræmdri löggjöf, og stefnt er að áframhaldandi þróun norræns samstarfs á því. Einnig hefur verið vaxandi þörf á samræmingu á sviði refsiréttar. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki er hægt að ná samræmingu er lögð áhersla á gagn þess að miðla af reynslu og skiptast á upplýsingum. Þá er sérstaklega tekið fram að norrænt löggjafarsamstarf skuli leggja sitt af mörkum til réttarþróunar í evrópsku og alþjóðlegu samhengi.

Í framkvæmdaáætluninni 2002–2003 kemur fram að ráðherrarnir leggja í samvinnu sinni áfram áherslu á að vinna gegn afbrotum barna og ungmenna, kynferðisbrotum gegn börnum, verslun með konur, skipulagðri glæpastarfsemi og brotastarfsemi sem einkennast af nasistiskum viðhorfum og kynþáttafordómum. Sérstök verkefni sem styrkt verða af norrænum fjárlögum eru:

1. Réttarstaða brotaþola samkvæmt refsiréttarfari. Metin verður þörfin á samræmingu norrænnar löggjafar á þessu sviði.
2. Refsimörk á Norðurlöndum. Rannsakaðar verða refsingar við brotum eins og morðum, líkamsárásum, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum. Athugað verður hvort mismunandi refsing er dæmd vegna svipaðra brota og ef svo er, hver gæti verið orsök þessa.
3. Hryðjuverk. Settur hefur verið á laggirnar starfshópur undir forystu Norðmanna til að fjalla um aðgerðir gegn hryðjuverkum, sérstaklega með tilliti til mannréttinda og réttaröryggis.
4. Staða tjáningarfrelsis í sambandi við ýmis önnur grundvallarréttindi (svo sem persónuvernd og vörn gegn mismunun sökum kynþáttar). Stefnt er að norrænu málþingi.
5. Norrænn sifjaréttur. Metin verður þörfin á samræmingu norrænnar löggjafar í kjölfar ítarlegrar samantektar um þetta efni. Samantektin skiptist í þrjár bækur; um hjúskaparlöggjöf, um foreldra og börn og um erfðarétt og skipti. Samantekt á tveimur þeirra hefur

komið út í skýrslu, „Äktenskapsrätten och successionsrätten i de fem nordiska länderna – Om möjligheterna och nyttan av lagharmonisering“ (TemaNord 2002:538).

6. Löggjafarstefna. Hlutverk norræns samstarfs í löggjafarmálum verður metið í ljósi Helsingforssamningsins. Í framhaldi af málþingi um löggjafarstefnu síðsumars í Finnlandi verða frekari aðgerðir teknar til athugunar. Sérstaklega verður hugað að athafnafrelsi löggjafans, m.a. í ljósi valdsviðs alþjóðlegra dómstóla. Stefnt verður að málþingi í Noregi um þetta efni.
7. Framsalsreglur. Metin verður þörf á að endurskoða norrænar framsalsreglur í ljósi þróunar reglna í ESB.

Auk samþykktar á nýrri samstarfsáætlun og framkvæmdaáætlun ræddu hinir norrænu dómsmálaráðherrar á fundi sínum á Svalbarða ýmis mál. Fjallað var m.a. um norrænar aðgerðir í baráttunni gegn hryðjuverkum. Samþykkt var að stofna norrænan vinnuhóp sem fjalla átti um málið m.t.t. mannréttinda, réttaröryggis og alþjóðlegra ákvarðana. Þá var samþykkt að endurskoða norrænar framsalsreglur í ljósi Evrópsku handtökuskipunarinnar með það að leiðarljósi að norrænar reglur gengju jafnvel lengra í sumum atriðum. Einnig var rætt um refsiramma og refsimörk vegna kynferðisbrota (að frumkvæði íslenska dómsmálaráðherrans), nauðungarhjónabönd og um ofbeldi gegn konum.

Ýmis verkefni voru styrkt á árinu af fjármagni því sem úthlutað var norrænu löggjafarsamstarfi í norrænu fjárlögunum. Málþing og fundir ýmiss konar eru oft áberandi þáttur í norrænum verkefnunum, en gildi þess að menn komi saman og beri saman bækur sínar hefur löngum verið í hávegum haft í löggjafarsamstarfinu sem og í öðru norrænu samstarfi.

Í september sl. var haldið málþing um norræna löggjafarstefnu í Helsinki. Markmið þess var að fara í gegnum feril lagasetningar í löndunum, ræða það sem vel var gert, það sem betur mátti fara og hvort vinna ætti að þessu málefni á norrænum vettvangi. Bæði var farið í þátt framkvæmdavaldsins við undirbúning löggjafar sem og hlutverk þjóðþinganna við setningu laga. Einnig var fjallað um innihald laga með tilliti til alþjóðlegra samninga o.fl. Mun skýrsla um málþingið koma út síðar. Enn fremur var haldið sl. haust málþing í Ósló um réttarstöðu brotaþola í norrænum rétti og var markmiðið að athuga hvort þörf væri á norrænni samvinnu um þetta mál. Málþinginu var fylgt úr hlaði með skýrslu þar sem borin var saman löggjöf landanna. Loks má nefna málþing dómara frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum sem haldið var í Ósló í ágústmánuði.

Enn fremur var áberandi á árinu fyrrnefnd samantekt um löggjöf á sviði sifjaréttar á Norðurlöndum (sbr. 5. lið hér fyrir framan), en hún er mjög ítarleg og vönduð. Er úrvinnsla þeirra upplýsinga sem þar koma fram og mat á því hvort og hvernig samræma eigi norræna sifjalöggjöf á einstökum sviðum eitt af helstu verkefnum ársins 2003.

Norrænt löggjafarsamstarf fer að miklu leyti fram í sérstökum vinnuhópum, sem óformlegt samstarf ýmist milli ráðuneytanna eða einstakra embættismanna. Hið hefðbundna löggjafarsamstarf er fyrirferðarmest á sviði einkamálaréttarins, fyrst og fremst á sviði sifjaréttar, félagaréttar, skaðabótaréttar og neytendamála. Samstarf á sviði refsiréttarins hefur verið í vaxandi mæli undanfarin ár svo sem sýnt hefur sig í kjölfar hryðjuverka þeirra er hrjáð hafa heimsbyggðina undanfarið. Auk eiginlegs löggjafarsamstarfs nær norrænt samstarf einnig til annarra þátta í starfi dómsmálaráðuneytanna, þar á meðal lögreglu og ákæruvalds, forvarna og viðurlagastefnu.

Samstarf dómsmálaráðuneytanna fer einkum fram undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (ÄK-Lag) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins og sameiginleg hagsmunamál rædd. Taka má fram að á hverjum fundi er gerð grein fyrir nýrri eða væntanlegri löggjöf í löndunum. Til að vinna að forgangsverkefnum eru

starfshópar gjarnan settir á fót til tiltekins tíma og eru þeir skipaðir fulltrúum landanna. Nýr starfshópur gegn hryðjuverkum var skipaður á árinu og tekur hann til starfa í byrjun árs 2003. Ákveðið var að leggja niður starfshóp um rannsóknir á Evrópurétti frá og með 2003. Í staðinn munu einstök verkefni á þessu sviði vera styrkt af norrænum fjárlögum. Á árinu störfuðu eftirtaldir starfshópar sem hver fyrir sig hefur til ráðstöfunar tiltekna fjárveitingu af norrænu fjárlögunum:

- Starfshópur um aðgerðir til að berjast gegn brotastarfsemi sem einkennist af nasisma eða kynþáttafordómum.
- Starfshópur um rannsóknir á Evrópurétti.
- Starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Af óformlegum starfshópum ber einkum að nefna sérfræðingahóp um sifjarétt og sérfræðingahóp um refsirétt. Sá fyrrnefndi hélt fund í desember sl. og var eitt af meginefnum fundarins að ræða hver væru næstu skref í framhaldi af fyrrnefndri samantekt um norrænan sifjarétt. Hópurinn á að skila áliti sínu til embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (ÄK-Lag). Refsiréttarhópurinn hélt tvo fundi á árinu og annan þeirra á Íslandi. Á báðum fundum skipaði umræða um hina Evrópsku handtökuskipun og áhrif hennar á norrænar framsalsreglur (sbr. lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar nr. 7 14. mars 1962) stóran sess.

Á árinu var haldið áfram, ásamt jafnréttissviðinu, þátttöku í starfshópi norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna um átak gegn verslun með konur. Voru meðal annars skipulagðar þrjár ráðstefnur á árinu í Ríga, Tallinn og Vilnius. Áætlað er að starfinu ljúki árið 2003 með skýrslu frá starfshópnum þar sem árangur átaksins verður metinn.

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Fara þar einnig fram upplýsingasamskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar um málefni útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafls.

Starf nefndarinnar á árinu fólst einkum í þremur fundum. Var fyrsti fundurinn haldinn í Hróarskeldu í mars. Annar fundurinn var á Selfossi í júní. Síðasti fundurinn var haldinn í Helsingør í desember ásamt fundi ráðherra sem haldinn var í beinu framhaldi.

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu (NORDRED) frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Starf NORDRED á árinu fólst í tveimur fundum sem haldnir voru í maí og október, þar sem m.a. var fjallað um undirbúning að ráðstefnu sem verður í Kaupmannahöfn í maí árið 2003. Verður aðalþema hennar áhættugreining, stjórnunaraðgerðir og samskipti viðbragðsaðila.

25. Norrænar stofnanir á Íslandi

25.1. Norræna húsið

Norræna húsið er lifandi miðstöð norrænnar menningar og lista. Í húsinu fer fram fjölþætt menningar- og upplýsingastarfsemi sem miðar að því að auka þekkingu á tungu og menningu norrænu þjóðanna og vekja áhuga fólks á norrænu samstarfi á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins.

Árið hefur verið viðburðaríkt ekki síst vegna 50 ára afmælis Norðurlandaráðs. Þetta ár var einnig merkisár vegna þess að bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs voru nú veitt í fertugasta sinn og í tilefni þess var öllum þeim höfundum sem tilnefndir voru boðið að heimsækja norrænu löndin og lesa upp úr verkum sínum. Hingað til lands komu þau Kari Aronpuro (FIN), Ole Korneliussen (GR) og Eva Runefelt (SE). Upplestrarkvöldið fór fram í kaffistofu hússins í byrjun febrúar sl.

Norrænu sendikennararnir við Háskóla Íslands skipulögðu dagskrá í samstarfi við Norræna húsið og íslenskan bókmenntafræðing í tengslum við fund dómnefndar bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í Reykjavík. Dagskráin fór fram í febrúar sl. og þar greindu meðlimir dómnefndarinnar frá því sem efst var á baugi í bókmenntum landanna. Daginn eftir kvað dómnefndin upp úrskurð sinn og tilkynnti að norski rithöfundurinn Lars Saabye Christensen hefði hlotið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2002. Svo skemmtilega vildi til að Norræna húsið var á þessum tímapunkti búið að skipuleggja menningardagskrá í mars sl. frá Vesturáli í Noregi. Til landsins komu rúmlega 30 manns, bæði sveitarstjórnarfólk og listamenn frá Andøy, Bø, Hadsel, Sortland og Øksnes og var Lars Saabye Christensen þeirra á meðal. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá; ljósmyndasýningu, þjóðlagatónleika, bókmenntakvöld o.fl. Tilgangur ferðarinnar var að efla gagnkvæm menningartengsl og mynda tengslanet á sem flestum sviðum.

Fyrsta myndlistarsýningin í sýningarsal á vormisseri kom frá Nordiska Akvarellmuseet í Svíþjóð en þar var sýnt úrval verka úr eigu safnsins. Í apríl sl. var sett upp sýning ungra finnskra samtímalistamanna, sem nefndist „Púslusving", með innsetningum, ljósmyndum og vídeóverkum. Sýningin vakti verðskuldaða athygli ekki síst á meðal ungra upprennandi listamanna. Í anddyri hússins mátti sjá verk dönsku listakonunnar Anette Holdensen en hún hefur notað bátsformið sem viðfangsefni og nýtir til þess efnivið af ýmsum toga. Tattóveraðir Álendingar prýddu veggi anddyrisins í marsmánuði en um var að ræða heimildarljósmyndir frá Þjóðminjasafni Álandseyja um hina lifandi alþýðulist, húðflúrið. Til að heiðra minningu Halldórs Laxness var opnuð sýning á afmælisdegi hans 23. apríl á teikningum sænsku listakonunnar Siri Derkerts við smásöguna Ungfrúna góðu og húsið.

Boðið var upp á þrenna tónleika á vormisseri. Í samstarfi við Vetrarhátíðina í Reykjavík var boðið upp á slagverkstónleika með sænska slagverksleikaranum Jonas Larsson þar sem hann flutti m.a. verk eftir Áskel Másson.

Þremenningarnir sem mynda GRISFO tríóið, Edvard Nyholm Debess (Fær), Jim Milne (USA/GR) ásamt Sigurði Flosasyni, héldu jazztónleika í mars sl. og mun þetta vera í fyrsta sinn sem tónlistarsamvinna þessara þriggja landa fæðir af sér jasstríó. Norska þjóðlagasöng-

konan Sigrid Randers-Pehrson hélt síðan tónleika í tengslum við menningardagskrána frá Vesturáli.

Fulltrúar „Norðurlandanna í fókus“ og norrænu upplýsingaskrifstofanna héldu sinn árlega fund í Reykjavík í apríl sl. í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um lýðræði. Meðal dagskrárliða var fyrirlestur Ole Norrbacks, sendiherra Finnlands í Ósló, um réttindi Norðurlandabúa. Fyrirlesturinn var opinn almenningi.

Í maímánuði var haldið málþing um menningarstefnu á Norðurlöndum í samstarfi við Bandalag íslenskra listamanna og Stofnun Sigurðar Nordals. Meðal fyrirlesara var danski menningarfræðingurinn Peter Duelund.

Ýmislegt var í boði fyrir yngri kynslóðina en auk hefðbundinna kvikmyndasýninga var opnuð alþjóðleg vefsíða fyrir börn sem hlotið hefur nafnið „Sagnaarfur Evrópu“ (www.europeoftales.net) og er samstarfsverkefni fimm Evrópulanda. Á vefnum er að finna fræðandi og skemmtilegar sögur sem tilheyra sagnaarfi Íslendinga, Finna, íbúa Bretagneskaga, Skota og Ítala. Framlag Íslands er Eddukvæðið Þrymskviða sem miðlað er með texta, teiknimyndum, ljósmyndum og leik íslenskra leikara. Vefurinn er á átta mismunandi tungumálum og er einkum ætlaður til kennslu í efri bekkjum grunnskóla. Íslenski hlutinn er samstarfsverkefni Norræna hússins, Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar, Kennaraháskóla Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

Í febrúar sl. var 10–16 ára börnum boðið að taka þátt í teiknimyndaverkstæði og var afraksturinn sýndur á kvikmyndatjaldi Norræna hússins og einnig var fjallað um það í Stundinni okkar.

Kennsluráðgjafinn í Norræna húsinu bauð að venju upp á fjölbreytta dagskrá fyrir kennara og nemendur sem ætlað er að auka þekkingu íslenskra skólabarna á norrænum tungumálum og menningu. Kennsluráðgjafinn skipulagði jafnframt menningarkvöld fyrir menntaskólanemendur í samstarfi við norrænu sendikennarana.

Matar- og tónlistarmenning var fyrirferðarmikil í sumar. Sýningin „LiST með LyST – Yndi fyrir augað og borðið“ vakti verðskuldaða athygli. Um var að ræða verk allt frá 16. öld til okkar tíma, sem bera vitni um mat og máltíðir að fornu og nýju, og eru í eigu Nationalmuseet og Moderna Museet í Svíþjóð. Camerarctica hélt þrenna sumartónleika á norrænum nótum í júní sl. en kammertónlistarhópurinn á tíu ára afmæli í ár. Danska parið DuoDenum flutti frumsamda nútímatónlist fyrir saxafón og slagverk í lok júní og hinir ungu og upprennandi tónlistarmenn Nikolaj Wolf (DAN), Karoline Skriver (DAN) og Grímur Helgason (ÍSL), sem mynda tríóið MARR, héldu tónleika í lok ágúst sl.

Í sumar var einnig boðið upp á fyrirlestra um íslenska sögu, tungu og menningu í tengslum við námskeið í íslensku og íslenskri menningu sem er orðinn fastur liður í dagskrá hússins. Sænski rúnasérfræðingurinn Marit Åhlen hélt fyrirlestur um konur á víkingatímum, eins og þeim bregður fyrir í textum rúnasteinanna.

Auk þess að skipuleggja íslenskunámskeið bauð kennsluráðgjafinn níu og tíu ára börnum upp á vikunámskeið í dönsku þar sem hlustun, tal og lestur er þjálfaður með hjálp spila, leikja og tónlistar.

Framlag Norræna hússins til Menningarnætur Reykjavíkur var listaverkstæði fyrir börn. Dansk-bangladesski listamaðurinn Ra Kajol hefur þróað listrænt konsept sem hann kallar umferðarlist, litskrúðug listaverk sem gjarnan eru máluð á opinber svæði, götur, húsveggi o.s.frv. Hann fékk fjölda barna og unglinga til liðs við sig til að mála litríkar myndir á bílastæðið framan við Norræna húsið. Verkinu lauk síðan á menningarnótt en haldið var upp á það með gjörningi og magadansi.

Listaverkstæðið var eitt af mörgum verkefnum „Norðurlandanna í fókus“ sem er tilraunaverkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í höfuðborgunum, Reykjavík, Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi og Helsinki. Verkefnið mun halda áfram á næsta ári en síðan verður tekin ákvörðun um hvort það er komið til að vera eður ei. „Norðurlöndin í fókus“ hafa í ár lagt mikla áherslu á innbyrðis samstarf. NIF skrifstofurnar fengu myndarlegan styrk til að framkvæma samstarfsverkefnið „Norrænt lýðræði í brennidepli“, þar sem 23 norrænum framhaldsskólanemum var boðið í námsferð um lýðræði til Óslóar, Stokkhólms og Helsinki í lok október sl. Hópurinn heimsótti þingin, ýmsar stofnanir og fjölmiðla sem eiga að standa vörð um lýðræðið, hlustuðu á fyrirlestra og tóku þátt í umræðum. Hluti hópsins myndaði ritstjórn í Helsinki og birti fréttir, greinar og viðtöl í greina- og myndaformi á vefnum www.odin.dk undir stjórn verkefnisstjóra. Eftir heimkomuna miðluðu nemendurnir af reynslu sinni til annarra framhaldsskólanema með ýmsum hætti.

Í haust voru norrænu barnakvikmyndirnar á sínum stað en jafnframt var boðið upp á norræna tónleikaröð fyrir börn sem hlaut nafnið „Töfratónar“. Meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar riðu á vaðið með verkinu „Ferðin til skýjanna“ þar sem sagan af Stellu og afa hennar var sögð í leik og tónum. Frá Ríkistónleikunum í Noregi komu tónlistarmennirnir Raymond og Kossa sem ættaðir eru frá Vestur-Afríku og heilluðu börn og unglinga með kraftmiklum söng og trumbuslætti. Að síðustu var börnum boðið að kynnast töfrum óperunnar sem liðsmenn danska tónlistarleikhússins Undergrunden miðluðu til þeirra í brúðuleikhúsverkinu „Hans og Grétu“.

Á síðasta degi ágústmánaðar opnaði sýningin „CLOCKWISE“ þar sem sýnd voru verk níu norrænna samtímalistamanna sem starfa á ólíkum vettvangi með innsetningar, ljósmyndir, teikningar og myndbönd en eiga það sameiginlegt að velta fyrir sér hnattvæðingunni og afleiðingum hennar.

Farandsýningin „Veiðimenn í útnorðri“ sem er samstarfsverkefni Norræna hússins, Norðurlandahússins í Færeyjum og NAPA, Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi, var opnuð í nóvember sl. og er ætlað að lýsa veiðimannamenningu þjóðanna þriggja. Færeyski listamaðurinn Edward Fuglø á heiður af hönnun sýningarinnar. Sýningin, sem unnin var að frumkvæði Vestnorræna ráðsins, hefur vakið mikla athygli hvarvetna og á eflaust eftir að ferðast víða.

Í haust var haldin alþjóðleg ráðstefna um Tolkien, Laxness og Undset í samstarfi við Stofnun Sigurðar Nordals með mörgum merkum fyrirlesurum, bæði íslenskum og erlendum, á sviði bókmenntanna. Haldnir voru fyrirlestrar af ýmsu tagi; sænski prófessorinn Sture Allen hélt fyrirlestur um bókmenntaverðlaun Nóbels og Knud Enggaard, fyrrverandi orkumálaráðherra Danmerkur og ritstjóri afmælisrits Norðurlandaráðs, hélt fyrirlestur í tengslum við útgáfuna. Haldið var námskeið í norrænum gagndönsum í samstarfi við Íslenska dansfræðafélagið en norrænu dansnámskeiðin hafa jafnan verið vinsæl og vel sótt. Í tilefni norrænu bókasafnavikunnar voru haldnir mjög óhefðbundnir tónleikar en þar kom fram norski hópurinn AKKU sem hefur vakið athygli fyrir að líkja eftir manna- og dýrahljóðum í tónlistarflutningi sínum.

Bókasafnið hefur haldið uppi reglubundinni starfsemi í ár en þess ber að geta að nýverið var samþykkt tillaga í Riksdagen í Svíþjóð að norrænu húsin skyldu fá sænskar bækur endurgjaldsfrítt og njóta þar með sömu fríðinda og sænsku almenningsbókasöfnin en þetta mun taka gildi um næstu áramót. Það hefur einnig komið safninu mjög vel að aðflutningsgjöld af bókum lækkuðu úr 24,5% í 14% um mitt ár, enda eru nánast allar bækur, sem keyptar eru til safnsins, frá Norðurlöndum.

Bæði bókasafnið og upplýsingafulltrúi hússins veita almenna upplýsingaþjónustu um ýmislegt sem viðkemur Norðurlöndum og íbúum þeirra. Til hússins berast ýmiss konar fyrirspurnir og beiðnir sem reynt er að sinna eftir fremsta megni. Hluti af miðlum „Norðurlandanna í fókus“ er ætlað til að styrkja þennan þátt í starfseminni. Á heimasíðu Norræna hússins er að finna ýmsar nytsamlegar upplýsingar og tengla er varða norræn málefni og þar er jafnframt að finna ítarlegar upplýsingar um dagskrá hússins á hverju misseri.

Eins og áður hefur komið fram, fer fram gróskumikil starfsemi á vegum kennsluráðgjafans allt árið um kring. Hannað hefur verið sérstakt námsefni fyrir öll skólastig grunnskólans í tengslum við starfsemi Norræna hússins, samstarf, tungu og menningu norrænu þjóðanna. Þess má geta að fjöldi heimsókna skólabarna hefur aukist verulega á síðustu misserum og í desember sl. hefur, svo dæmi sé tekið, verið tekið á móti rúmlega 4000 börnum á dagskrá um norræna jólasiði.

Kaffistofan fékk styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til að endurnýja eldhúsið sem komið var til ára sinna. Þetta var orðið mjög brýnt enda komin krafa frá heilbrigðisyfirvöldum um aðgerðir. Kaffistofan hefur því fengið upplyftingu og gestir og starfsfólk hefur lýst yfir ánægju með breytingarnar.

Norræna húsið er mjög vinsælt til tónleika- og ráðstefnuhalds enda einstaklega góður hljómburður í salnum. Margir nýta sér einnig 16 manna fundaraðstöðu og semja þá gjarnan við kaffistofuna um veitingar. Viðskiptavinir halda tryggð við húsið en þar má nefna Sagnfræðingafélag Íslands, Kalak, Garðyrkjufélag Íslands, Vísindafélag Íslendinga og Leikskóla Reykjavíkur og eins og á undanförnum árum hafa verið haldnir háskólatónleikar hálfsmánaðarlega á vor- og haustmisseri.

Norrænu sendikennararnir hafa eftir sem áður skrifstofu- og kennslurými í Norræna húsinu og hefur samstarf þeirra og hússins gengið vel að vanda.

25.2. Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)

Á árinu rann út þriggja ára rammasamningur milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norrænu eldfjallastöðvarinnar um starfsemi stofnunarinnar. Samningur um óbreytta starfsemi hefur verið framlengdur til ársloka 2003. Rammasamningurinn segir til um umfang reksturs af föstum fjárframlögum. Stofnunin er norrænt öndvegissetur í jarðfræði með áherslu á rannsóknir á eldvirkni og jarðskorpuhreyfingum. Við stofnunina störfuðu átján manns í árslok, þar af tíu Íslendingar. Þar af eru fimm einsárs stöður fyrir unga vísindamenn frá Norðurlöndum sem auglýstar eru árlega. Þjálfun ungra vísindamanna frá öðrum norrænum löndum er einn mikilvægasti þátturinn í starfseminni og grundvöllurinn að norrænni vídd. Heildarfjárveitingar á árinu námu 119 millj. ísl. kr. Þar af var heildarframlag Norrænu ráðherranefndarinnar 83 millj. ísl. kr. og framlag íslenska menntamálaráðuneytisins 17,4 millj. ísl. kr. Styrkir og aðrar tekjur námu 18,6 millj. ísl. kr.

Árið einkenndist af umræðu um starf og stöðu samnorrænna rannsóknastofnana, en níu stofnanir Norrænu ráðherranefndarinnar eru á sviði menntaog vísindamála. Sérstök úttekt var unnin að frumkvæði embættismannanefndar í mennta- og vísindamálum þar sem fjallað var um hvort ástæða væri til að breyta fjármögnun og stjórnun þessara stofnana. Höfundur úttektarskýrslunnar leggur m.a. til að fjármögnun Norrænu eldfjallastöðvarinnar og annarra sambærilegra stofnana verði í auknum mæli frá þeim löndum sem þær hýsa. Í framhaldi af skýrslunni hefur embættismannanefndin um mennta- og vísindamál ákveðið að kanna hug stjórnvalda til að yfirtaka starfsemi stofnananna a.m.k. að hluta. Áætlað er að fyrri hluti árs 2003 verði nýttur til viðræðna og ákvarðanatöku um málið. Ef af breytingum yrði er áætlað að þær komi til framkvæmda í áföngum árin 2004–2006.

Rannsóknir á stofnuninni miða að auknum skilningi á myndun og mótun jarðskorpunnar. Mikið er lagt upp úr að rannsóknirnar hafi alþjóðlegt gildi, en flest rannsóknaviðfangsefnin er þó að finna í náttúru Íslands. Þannig hafa núverandi rannsóknir ótvírætt mikið gildi fyrir Íslendinga, þótt stofnunin hafi engar lagalegar skyldur gagnvart íslenska ríkinu umfram önnur Norðurlönd. Lögð hefur verið áhersla á rannsóknir á myndun og tilfærslu bergkviku í jarðskorpunni, ásamt rannsóknum á umhverfisáhrifum eldgosa, eins og kveðið er á um í rammasamningnum um starfsemina. Rannsóknaniðurstöður birtust í fimmtán greinum í alþjóðlegum vísindatímaritum á árinu (sjá www.norvol.hi.is) og unnið var ötullega að kynningu rannsóknaniðurstaðna á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Árið hófst með norrænu vetrarmóti jarðvísindamanna í Reykjavík í janúar sl., en það er ein stærsta alþjóðlega jarðvísindaráðstefna sem haldin hefur verið hér á landi. Jarðfræðafélag Íslands stóð fyrir ráðstefnunni en forstöðumaður Norrænu eldfjallastöðvarinnar var formaður undirbúningsnefndar. Stofnunin stóð þar fyrir öflugri kynningu á rannsóknarniðurstöðum, sem og í árslok þegar stofnunin kynnti rannsóknarniðurstöður á haustráðstefnu Bandaríska jarðeðlisfræðifélagsins, en það er ein stærsta alþjóðlega ráðstefna sem haldin er í jarðvísindum.

Norræn verkefni og samstarf.

Sex vísindamenn frá öðrum norrænum löndum starfa á Eldfjallastöðinni og norræn samstarfsverkefni snúast að miklu leyti um rannsóknir þeirra. Einn ungur danskur vísindamaður lauk tveggja ára starfi við stofnunina á árinu og hóf störf við háskólann í Álaborg í Danmörku. Nýr starfsmaður frá Noregi var ráðinn í hans stað, og nú starfa tveir Norðmenn, tveir Danir, einn Finni og einn Svíi við stofnunina.

Eitt af norrænu samstarfsverkefnunum sem nú er unnið að á Eldfjallastöðinni eru rannsóknir á öskulögum í ískjörnum úr Grænlandsjökli. Verkefnið er unnið í samvinnu við Niels Bohr stofnunina í Kaupmannahöfn. Sýni úr nýjasta ískjarnanum frá Grænlandsjökli sem spanna tímabilið fyrir 10–15 þúsundum ára síðan eru nú til athugunar. Leitað er að öskulögum í ískjarnanum og þau notuð til að meta eldgosatíðni við lok ísaldar þegar loftlagsbreytingar á jörðinni voru gríðarlegar. Markmiðið er m.a. að varpa skýrara ljósi á samspil eldvirkni og veðurfars.

Stofnunin fékk styrk á árinu frá NorFA (Nordisk Forskerutdanningsakademi) til að standa fyrir sumarskóla um umhverfisáhrif stórra eldgosa á norðurhveli jarðar. Sumarskólinn var haldinn í lok ágúst og byrjun september í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og var sóttur af 25 þátttakendum sem komu flestir frá öðrum norrænum löndum. Norræna eldfjallastöðin hefur staðið fyrir sumarskólum um valin efni í jarðvísindum síðan 1995 og eru þeir mikilvægur liðir í starfsemi stofnunarinnar, vegna þess að þar er stuðlað að menntun stórs hóps ungra vísindamanna frá Norðurlöndum.

Alþjóðleg verkefni og samstarf.

Í febrúarbyrjun hófst evrópska rannsóknaverkefnið RETINA (Realistic Evaluation of Interaction of Natural Hazards). Verkefnið fjallar um samspil jarðskjálfta, eldgosa og skriðufalla og markmiðið er að skilja betur tengsl mismunandi náttúruvár. Norræna eldfjallastöðin leiðir þann hluta verkefnisins sem unnin er hér á landi, en auk hennar koma Veðurstofan, Raunvísindastofnun Háskólans, Orkustofnun og Almannavarnir ríkisins að verkefninu. Verkefnið fær 116 millj. ísl. kr. styrk frá ESB á árabilinu 2002–2005. Átján stofnanir frá Íslandi, Frakklandi, Portúgal og Bretlandi koma að verkefninu. Hlutur Eldfjallastöðvarinnar árið 2002 nam 6,7 millj. ísl. kr. Þrjú landssvæði í Evrópu verða notuð sem sérstök áherslusvæði, Ísland til að rannsaka tengsl jarðskjálfta og kvikuhreyfinga, Azoreyjar til að rannsaka

tengsl eldvirkni og skriðufalla, og Alparnir í SuðurFrakklandi, til að rannsaka tengsl skriðufalla og jarðskjálfta.

Norræna eldfjallastöðin efldi einnig tengsl við rannsóknahópa í Evrópu á árinu vegna undirbúnings styrkumsókna í sjöttu rannsóknaáætlun ESB. Þannig átti eldfjallastöðin aðild að sex forumsóknum um styrki sem sendar voru inn fyrri hluta ársins. Rannsóknaáætlunin hófst í desember sl. með fyrstu auglýsingu eftir styrkjum úr áætluninni. Endanleg skilgreining fyrri hluta sjöttu rannsóknaáætlunarinnar (2003 og 2004) gefur hins vegar takmarkaða möguleika á styrkjum til eldfjallafræði. Árið 2004 verður þó hægt að sækja til ESB um hefðbundin verkefni tengd eldfjallavá. Norræna eldfjallastöðin tekur þátt í undirbúningi umsókna um stór verkefni og netsamstarf í seinni hluta áætlunarinnar þar sem vonast er eftir að eldfjallarannsóknir verði ofar í forgangsröðinni.

Á árinu hefur verið unnið að því að efla tengsl við vísindamenn í Bandaríkjunum. Tveir vísindamenn þaðan luku dvöl við stofnunina á árinu, annar hafði dvalið hér á landi með styrk frá Fulbright stofnuninni, og hinn var í eins árs rannsóknarleyfi frá háskóla í Texas. Bandaríska vísindastofnunin, National Science Foundation, hefur lýst yfir áhuga á auknu samstarfi milli bandarískra vísindamanna og Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Íslenskt verkefni og samstarf.

Stofnunin kemur að margvíslegum mælingum á eldfjöllum Íslands og jarðskjálftasvæðum, sem eru mikilvægur þáttur í heildarrannsóknum á náttúru landsins. Hluti rannsóknanna nýtist sem hlekkur í vöktun eldfjalla, án þess að það sé að jafnaði megintilgangur þeirra. Á undanförnum árum hefur komið til sérstök fjárveiting til verkefna er tengjast vöktun jarðhræringa og eldsumbrotum, en svo var þó ekki á þessu starfsári. Mælingar sem þá voru unnar voru hluti af öðrum verkefnum. Gerðar voru nákvæmar GPS-landmælingar á stórum hluta Suðurlands til að rannsaka breytingar sem nú eiga sér stað eftir jarðskjálftana þar árið 2000. Einnig voru mælingar gerðar á mörgum virkustu eldstöðvum landsins til að meta innstreymi kviku undir þessum fjöllum. Rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum eru unnar í náinni samvinnu við Raunvísindastofnun Háskólans og Jarðeðlissvið Veðurstofu Íslands. Niðurstöður sýna landris og þennslu í Grímsvötnum og við Kötlu, sem bendir til þess að þar sé bergkvika að safnast fyrir grunnt í jarðskorpunni.

Norræna eldfjallastöðin kemur að handleiðslu doktorsnema í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands en tveir fyrstu doktorsnemendurnir eru hluti af rannsóknahópi Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Annar þeirra er einn hinna ungu vísindamanna á stofnuninni, hinn er sameiginlegur starfsmaður Raunvísindastofnunar Háskólans og Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Báðir nemendurnir vinna verkefni um jarðskorpuhreyfingar á Íslandi þar sem beitt er nýjustu aðferðum, m.a. nákvæmum samanburði á gervitunglamyndum sem sýna hvernig jarðskorpan hreyfist með um 5–10 millimetra nákvæmni.

26. Norrænir sjóðir og peningastofnanir

26.1. Norræni menningarsjóðurinn

Norræni menningarsjóðurinn var stofnaður árið 1966 og hlutverk hans er að efla menningarsamstarf norrænu landanna. Sjóðurinn styrkir verkefni af ýmsum toga á sviði rannsókna, menntunar og menningar í víðri merkingu. Fjárveitingar til sjóðsins á árinu námu 26,5 millj. d.kr. og stjórnarfundir á árinu voru fjórir.

Skrifstofa sjóðsins er í Kaupmannnahöfn og starfsmanna- og fjármál voru í umsjón Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við samstarfssamning við stjórn sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins hafa verið tveir fulltrúar frá hverju norrænu landanna og einn fulltrúi fyrir sjálfstjórnarsvæðin þrjú. Árið 2003 tekur sú breyting gildi að hvert sjálfstjórnarsvæðanna fær sinn fulltrúa.

Sjóðurinn úthlutar aðallega styrkjum til verkefna á menningarsviði, sem einstaklingar, samtök og stofnanir geta sótt um. Umsóknarfrestur er tvisvar á ári. Alls bárust sjóðnum 850 umsóknir en af þeim voru 192 óstyrkhæfar af ýmsum ástæðum. Veittir voru styrkir til 239 verkefna. Styrkhæfar umsóknir voru að upphæð u.þ.b. 140 millj. d.kr. en til úthlutunar voru 26 millj. d.kr.

Á árinu bárust 21 styrkhæf umsókn frá Íslandi. Styrkveitingar til íslenskra verkefna voru 11, að upphæð alls 1,2 millj. d.kr. Hér eru ekki talin með norræn verkefni sem styrkt eru af menningarsjóðnum og fela í sér samstarf við eða heimsókn til Íslands.

Á árinu átti sjóðurinn samstarf við bæði norrænu svæðisupplýsingaskrifstofurnar sem eru átta talsins og tvíhliða norræna sjóði, sem eru alls 12 talsins. Ein upplýsingaskrifstofanna er staðsett á Akureyri og Ísland á aðild að fjórum tvíhliða sjóðum, þ.e. Sjóðnum fyrir danskt-íslenskt samstarf, Danskíslenska sjóðnum, Menningarsjóði Íslands og Finnlands og Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum.

Í lok ársins lauk rannsóknarverkefninu „Nordisk kulturpolitik under förandring" sem hefur að megninu til verið fjármagnað af menningarsjóðnum. Gefin var út skýrsla um verkefnið auk fimm skýrslna um afmarkað efni. Í framhaldinu verður haldin röð ráðstefna, alls sex talsins, þar af ein á Íslandi í maí 2003.

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda undirrituðu í apríl sl. breyttar starfsreglur sjóðsins með því markmiði að skýra stöðu sjóðsins sem sjálfstæðs lögaðila. Í framhaldi af því ákvaðu samstarfsráðherrar Norðurlanda breytingar á gildandi samningi um réttarstöðu Norðurlandaráðs og ráðherranefndarskrifstofunnar og sá samningur nær nú einnig yfir skrifstofu Norræna menningarsjóðsins. Breytingarnar verða staðfestar í löndunum á árinu 2003.

Frekari upplýsingar um norræna menningarsjóðinn er að finna á vefsíðu www.nordisk-kulturfond.dk

26.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Árið 2002 var tólfta starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Megintilgangur félagsins samkvæmt stofnsamningi norrænu landanna er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. Núverandi stofnfé félagsins er 93 millj. ekna. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og efnahagslegra forsenda þeirra. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meiru en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði.

Í árslok hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í alls 65 verkefnum með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 77 millj. ekna en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 912 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 12, Slóvakía 2, Eistland 11, Lettland 19, Litháen 9, Tékkland 2 og Rússland 10. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 14, Finnland 13, Noregur 16 og Svíþjóð 20. Verkefnin með íslenskri aðild eru bæði á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarfyrirtæki á því sviði, Slovgeoterm, þar sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint er

eignaraðili, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðeigandi auk Slovgeoterm.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Með hliðsjón af því, að allmörg viðfangsefni sem við blasa, einkum austast í Austur-Evrópu, verða ekki leyst við óbreyttar aðstæður með markaðslausnum, var ákveðið að stofna styrktarsjóð við NEFCO og starfrækja hann til reynslu næstu þrjú ár. Árið 1998 var ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram næstu 5 árin með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði af starfsemi sjóðsins. Því þarf að ákveða á árinu 2003 hvort starfseminni verður haldið áfram eftir 2003 með nýju fjármagni. Á starfsárinu námu framlög til sjóðsins 38 millj. d.kr., 26 millj. d.kr. frá norrænu löndunum og 12 millj. d.kr af norrænum fjárlögum. Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni til umhverfisbóta á sama landsvæði og hefðbundin starfsemi NEFCO, en fyrst og fremst verkefni sem ekki hafa sömu fjárhagslegar forsendur og NEFCO gerir kröfu til. Þátttaka sjóðsins í verkefnum er annars vegar í formi styrkja en hins vegar í formi lána á hagstæðum kjörum. Stjórn NEFCO, sem er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins, hafði í árslok samþykkt þátttöku í 48 verkefnum, sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 7, Lettland 10, Litháen 2, Pólland 1 og Rússland 29.

26.3. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Starfsemi og afkoma.

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans hefur verið góð á undanförnum árum og á fyrstu átta mánuðum ársins 2002 var afkoman góð. Hreinar vaxtatekjur námu EUR 100 milljónum, en fyrir sama tímabil í fyrra EUR 98 milljónum. Hagnaður á tímabilinu nam EUR 97 milljónum í samanburði við EUR 83 milljónir á sama tímabili í fyrra. Efnahagsreikningur bankans nam EUR 14,9 milljörðum í lok tímabilsins, í samanburði við EUR 15 milljarða í árslok 2001. Lausafé í lok tímabilsins nam EUR 2.287 milljónum í samanburði við EUR 2.641 milljónir í árslok 2001.

Á árinu var greiddur arður til eigenda bankans vegna hagnaðar á árinu 2001 sem nemur EUR 39 milljónum.

Á fyrstu átta mánuðum ársins greiddi NIB út lán eða veitti ábyrgðir að fjárhæð EUR 937 milljónir samanborið við EUR 927 á sama tímabili árið 2001. Útistandandi lán bankans hinn 31. ágúst 2002 námu EUR 9.929 milljónum í samanburði við EUR 10.067 milljónir við árslok 2001.

Orkugeirinn í brennidepli.

Norrænn iðnaður er fyrirferðarmestur í útlánastarfsemi NIB á Norðurlöndum. Bankinn tók þátt í fjármögnun fyrirtækjakaupa í pappírsiðnaði og verkefna sem fela í sér umhverfisbætur í greininni. Í orkugeiranum fjármagnaði NIB fjárfestingar í finnskum orkuverum sem knúin eru með lífrænum orkugjöfum, vindmyllur í Danmörku og fjárfestingu í raforkuflutningskerfum í Danmörku, Noregi og á Íslandi.

Fjármögnun innviðaframkvæmda er mjög stór þáttur í útlánastarfseminni utan Norðurlanda. Þar eru fyrirferðamestar fjárfestingar í vegasamgöngum, fjarskiptum og orkumálum. Bankinn hefur lagt sitt lóð á vogarskálarnar til þess að gera orkufyrirtækjum í Eystrasaltsríkjunum kleift að fjárfesta í framleiðslu, flutningi og dreifingu orku. NIB skrifaði undir nýja lánssamninga við orkufyrirtæki Eistlands og Lettlands, sem bæði eru í ríkiseigu. Bankinn er nú stærsti einstaki fjármögnunaraðili orkugeirans í Eystrasaltsríkjunum. Lánið til eistneska orkufyrirtækisins verður nýtt til fjármögnunar endurbóta á orkuveri í Narva ásamt

fjárfestingu í raforkuflutningskerfi og dreifingu. Þessar fjárfestingar munu leiða til umtalsverðrar minnkunar á útsleppi brennisteinsmengunar og koltvísýring frá orkuverunum þannig að þau munu uppfylla mengunarkröfur ESB.

Aukin umhverfislán.

Umhverfislán eru einn af hornsteinum útlána bankans. Í júní sl. samþykkti Norræna ráðherranefndin hækkun á umhverfislánaramma bankans vegna lána til verkefna í nágrenni Norðurlanda úr EUR 100 milljónum í EUR 300 milljónir. Þessi aukning er mikilvæg forsenda þess að bankinn geti tekið af krafti þátt í NDEP (Northern Dimension Environmental Partnership), sem hefur að markmiði að samþætta og efla fjármögnun brýnna umhverfisverkefna m.a. í norðvesturhéruðum Rússlands og Kalíníngrað.

NIB hafði forystu í NDEP samstarfinu á fyrsta starfsári þess og fram til júlímánaðar á þessu starfsári.

Hágæði útlána- og eignasafns.

Á tímabilinu tók NIB lán sem samsvöruðu EUR 1.679 milljónum í samanburði við EUR 1.889 milljónum á sama tímabili í fyrra. Japönsk jen, bandarískir dollarar, nýir tævanskir dollarar, Hongkong dollarar og evrur voru mikilvægustu lántökumyntir bankans. Á tímabilinu stóð NIB að lántöku í íslenskum krónum með útgáfu skuldabréfa á íslenska markaðnum. Er þessi útgáfa sú fyrsta sinnar tegundar sem fjölþjóðleg stofnun stendur að í íslenskum krónum.

Útlána- og eignasafn bankans er í jafnháum gæðaflokki og fyrr. Á tímabilinu lagði NIB í afskriftarsjóð útlána fjárhæð sem samsvarar EUR 1,2 milljónum vegna tveggja lána.

Góð afkoma NIB fyrstu átta mánuði ársins gefur til kynna að vænta megi hagstæðrar framvindu fyrir árið í heild.

Reikningsskil NIB eru í samræmi við alþjóðlega reikningsstaðalinn International Accounting Standards (IAS).

NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lántakenda námu ríflega EUR 580 milljónum í lok ársins. Þetta samsvarar nærri 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum.

Útborguð lán til Íslands námu um EUR 79 milljónum en námu um EUR 76 milljónum árið á undan. Samþykkt ný en óútborguð lán á árinu námu EUR 3 milljónum. Útborguð eða samþykkt voru ný lán til 12 verkefna á árinu. Nær öll verkefni sem NIB lánar til í einkageiranum eru í samstarfi við innlenda banka.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar var veitt lán að upphæð um 2 milljarðar íslenskra króna vegna stækkunar flugstöðvarinnar.

Sem fyrr voru verkefni á vegum sveitarfélaga fyrirferðarmikil í lánastarfsemi NIB á Íslandi.

Á árinu var Norðurorku á Akureyri veitt lán að upphæð 300 milljónum króna m.a. til borana á Hjalteyri og Þeistareykjum. Reykjavíkurhöfn var veitt lán að upphæð 1,2 milljarðar króna til uppbyggingar í Sundahöfn. Þá var Orkuveitu Reykjavíkur veitt lán að upphæð 500 milljónir króna vegna Nesjavalla. Loks var Lánasjóði sveitarfélaga veitt lán að upphæð 600 milljónir til endurlána til 22 sveitarfélaga. Lánað var m.a. til frárennslismála hjá 13 þeirra, þar á meðal Akureyrar, Árborgar, Garðabæjar, Hornafjarðar og Hveragerðis.

NIB tók þátt í fjármögnun nýrra höfuðstöðva Marels í Garðabæ og lánaði bankinn sem nemur um 280 milljónum íslenskra króna til verkefnisins. Þá var greitt út lán til Skeljungs

hf. að upphæð 100 milljónir króna vegna uppbyggingar fyrirtækisins á vetnisstöð í Reykjavík.

Lán til byggðamála nema um 9% af útlánum bankans til Íslands og á árinu var veitt eins milljarðs króna lán til Byggðastofnunar til endurlána í ýmis verkefni á landsbyggðinni.

NIB fjármagnaði helming kostnaðar fyrir ný húsakynni Viðskiptaháskólans á Bifröst á árinu eða sem nemur um 100 milljónum íslenskra króna.

Á árinu hélt NIB fund í Reykjavík um umhverfismál þar sem kynnt var umhverfismat bankans. Tilgangur fundarins var að vekja áhuga íslenskra fjármálastofnana á umhverfismati í lánastarfsemi.

26.4. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og EU-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í þátttöku í kostnaði við for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð m.m. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggi fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Í þeim tilfellum þar sem alþjóðavæðingunni er hrundið í framkvæmd er hægt að sækja um viðbótarstyrk upp á 20% af undirbúningskostnaðinum. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 50% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins og eru 84 lánin vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn leggur áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Svipuð tilhögun gildir gagnvart grannsvæðum í Norðvestur-Rússlandi.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:
- Verkefnið verður að vera vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni.
- Verkefnið verður að tengjast löndum utan ESB og EFTA.
- Norrænir hagsmunir þurfa að liggja að baki verkefninu.
- Raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins þarf að liggja fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsinki í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að vinna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu eins og venjulega. Á milli stjórnarfunda voru haldnir tólf verkefnafundir á árinu. Á verkefnafundum taka starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest af stjórn Nopef á næsta stjórnarfundi. Vinnureglan er hugsuð til að bæta þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina.

Verkefni.

Nopef bárust 269 umsóknir á árinu en þær voru 235 árið 2001. Samþykktar umsóknir voru samtals 165 (141 árið 2001). Fjórar íslenskar umsóknir voru samþykktar á árinu en tvær árið 2001. Verkefnin sem samþykkt voru hjá Nopef í ár fara fram í Rússlandi (33), Litháen (30), Eistlandi (17), Lettlandi (11), Kína (12), Póllandi (16), Úkraínu (14), Baltikum (12), Austur-Evrópu (9) og 11 verkefni voru í öðrum löndum.

Hlutfallsleg skipting verkefna sjóðsins milli aðildarlanda hans hefur verið sem hér segir:

	Árið 2002	1998–2002
Danmörk	36,0%	35,5%
Finnland	21,0%	21,5%
Ísland	3,0%	2,0%
Noregur	17,0%	17,0%
Svíþjóð	23,0%	24,0%

Á árinu lagði Ísland fram 1,1% af heildarframlagi til Nopef. Á sama tíma var framlag Nopef til íslenskra verkefna um 4% af heildarfjárframlagi til verkefna á vegum Nopef.

Á árinu var gert sérstakt átak í því að koma Nopef á framfæri við íslensk fyrirtæki. Átakið var gert í samráði við Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins (VUR). Tveir kynningarfundir voru haldnir í Reykjavík og einn á Akureyri og í tengslum við þá gátu fulltrúar íslenskra fyrirtækja átt einkafundi með fulltrúum Nopef. Kynningarátak þetta skilaði sér í fleiri umsóknum en áður. Ætlunin að formleg kynning á Nopef hér á landi verði árleg héðan í frá.

26.5. Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI)

Norræni iðnaðarsjóðurinn (Nordisk Industrifond – senter for innovation og næringsutvikling, www.nordicinnovation.net) hefur tekið allmiklum breytingum hin síðari ár. Hlutverk hans sem hefðbundins iðnaðarsjóðs hefur farið minnkandi í réttu hlutfalli við minna ráðstöfunarfé. Hann hefur á móti fengið mun meira hlutverk við að koma hinum atvinnupólitísku áherslum ráðherranna í framkvæmd, t.d. með beinni þátttöku í verkefnum og með því að veita nefndum á vegum ráðherranna faglega þjónustu. Norræni iðnaðarsjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki við að hrinda í framkvæmd samstarfsáætlun norrænu iðnaðarráðherrana „Nordiskt Näringspolitiskt samarbetsprogram 2002–2005".

Fjárveitingar til einstakra rannsókna- og nýsköpunarverkefna hafa minnkað en aukin áhersla verið lögð á að styrkja rannsókna- og nýsköpunarsamstarf þjóðanna, samstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og rannsóknastofnana. Sjóðurinn tekur þátt í fjármögnun verkefna sem eru til þess fallin að efla mannauð þjóðanna og sem stuðla að uppbyggingu nýrra fyrirtækja sem tengjast þekkingariðnaði. Sérstök áhersla er lögð á miðlun þekkingar og að niðurstöður allra verkefna sem sjóðurinn kemur að fái sem víðtækasta útbreiðslu meðal þeirra sem hag kunna að hafa af þeim.

Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur unnið að verkefnum sem eru til þess fallin að afmá hindranir á landamærum norrænu ríkjanna. Iðnaðarsjóðurinn stóð fyrir úttekt á fyrirtækjum sem mynda samstæða klasa („Kartlägging av kluster och rekommendasjoner som kan stödja gränsoverskridande klustersamarbete i Norden"). Á grundvelli þessarar skýrslu er unnið að því að koma á nánara samstarfi milli fyrirtækjaklasa á Norðurlöndum. Þar á meðal er sam-

starf fyrirtækja á sviði heilbrigðistækni sem fer fram að frumkvæði og undir forystu Íslands. Verkefnið nefnist „Kartlägging av kluster inom hälso- och bioteknologisektorn". Einnig er unnið að verkefni í líftækni með Eystrasaltsríkjunum („Scan-Balt in Biotechnology").

Iðnaðarsjóðurinn hefur markvisst sinnt verkefnum er tengjast nauðsynlegum umbreytingum fyrirtækja að breyttum þjóðfélags- og markaðsaðstæðum. Eitt mikilvægasta verkefnið á þessu sviði nefnist Nordika þar sem unnið er að þróun viðmiða til að meta þekkingarverðmæti og mannauð fyrirtækja. Nordika verkefnið hófst á árinu 1999 og lauk á árinu. Það hefur verið unnið í nánu samstafi við OECD og eru bundnar vonir við að niðurstöður verkefnisins geti orðið upphaf að samræmdum bókhaldsviðmiðum til að meta óhlutbundin verðmæti fyrirtækja, en stór hluti verðmæta í t.d. hugbúnaðarfyritækjum er óhlutbundinn.

Samstarfið við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland hefur heldur farið vaxandi á síðustu árum. Enn sem komið er virðist ávinningur norrænu ríkjanna ekki vera mikill. Gerðar hafa verið tvær kannanir á samstarfsmöguleikum tæknigarða og frumkvöðlasetra, „Internationalisation in Nordic and Baltic Science Parks" og „Recommendations for Nordic Industrial Fund for the development of Baltic and Northwest-Russian Technology Centers". Þessar skýrslur liggja til grundvallar mats á frekara samstarfi Norræna iðnaðarsjóðsins og iðnaðarráðherranna við þessi nágrannasvæði í austri.

Sjóðurinn leggur mikla áherslu á hvers konar stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki og hefur sérstaka verkefnisstjórn til að sinna þeim (SMB-forum). Markmið þess er að vera vettvangur samstarfsverkefna lítilla og vaxandi fyrirtækja er starfa á framsæknum tæknisviðum. „SMB-forum" hefur reynst mjög hentugur vettvangur fyrir íslensk fyrirtæki, enda eru þau almennt minni en fyrirtæki annars staðar á Norðurlöndum. Lögð er áhersla á að styrkja starfsemi frumkvöðla, miðla tækniþekkingu til lítilla fyrirtækja sem ekki hafa getu til að stunda eigin rannsóknir og að hvetja til nýsköpunarverkefna í starfandi fyrirtækjum.

Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur náið samstarf við ráðherranefndina (Nordisk Ministerråd – MR-Näring) og annast framkvæmd verkefna fyrir hönd þess og í samstarfi við embættismannanefndina (ÄK-Näring). Meðal þessara verkefna má nefna þátttöku og skipulagningu sýningar um sjálfbæra þróun í atvinnulífinu í tengslum við heimsráðstefnuna um sjálfbæra þróun („World Summit for Sustainable Development") í Jóhannesarborg í Suður-Afríku í ágúst og september sl.

Alþjóðleg ráðstefna um sprotafyrirtæki og frumkvöðla („Små innovative foretak og entreprenørskap i Norden") sem haldin var í Ósló í október sl. er annað dæmi um þetta samstarf. Við skipulagningu ráðstefnunnar og val á fyrirlesurum var tekið mið af áherslum ráðherranna og nýju stefnumótandi skjali um sprotafyrirtæki, frumkvöðla og uppfinningamenn („Nordisk Charter for små innovative virksomheder, iværksættere og selvstændige opfindere") sem unnið var að frumkvæði Evrópunefndar Norðurlandaráðs.

Hugmyndir hafa komið fram um nánara samstarf og jafnvel sameiningu stofnana Norrænu ráðherranefndarinnar í þeim tilgangi að ná fram hagræðingu í rekstri og meiri faglegum árangri. Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur sýnt þessum hugmyndum áhuga enda eru þær í anda þeirra verkefna sem sjóðurinn vinnur að til hagsbóta fyrir atvinnulífið.

26.6. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa árið 1989 og er í eigu norrænu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. NDF hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans (NIB) í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í Helsinki að mörgu leyti.

Markmið NDF er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru að öðru jöfnu veitt til ríkissjóða viðkomandi landa en til afmarkaðra vekefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar NDF eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 milljón SDR og 330 milljón EUR, eða alls um 1 milljarður EUR (um 85 milljarðar ísl. kr.). NDF tók Evruna (EUR) sem mynteiningu 1. janúar 2001. Á árinu undirritaði NDF 9 lánasamninga að fjárhæð 60 milljón EUR (um 5,1 milljarðar ísl. kr.). Frá stofnun hefur sjóðurinn þar með veitt lán að fjárhæð 773 milljón EUR (um 66 milljarðar ísl. kr.) til 156 verkefna í 33 þróunarlöndum. Um 45% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 36% til Asíu og 14% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við Bandaríkjadali (USD) á ári. Um 43% lána NDF hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 USD/ári), 43% til lágtekjulanda (LIC, <760 USD/ári), og 14% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761-3030 USD/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum NDF frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán sjóðsins næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Senegal, Mósambík, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 24,5 milljón EUR (rúmlega 2 milljarðar króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum NDF árið 2001 þannig að nú getur sjóðurinn veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum sínum án ríkisábyrgðar. Slík lán verða þó aðeins lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin verða veitt á þrenna vegu: (a) beint til fjárfestingarverkefna; (b) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; (c) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja til samstarfs við fyrirtæki í þróunarlöndunum. NDF starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þar á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF hefur nýlega hafið samstarf við áhættulánasjóði í Afríku (African Infrastructure Fund og Development Bank of South Africa), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu), og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þar á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við ÞSSÍ. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 milljón SDR (tæpir 2 milljarðar ísl. kr.). Íslensk fyrirtæki hafa unnið samninga sem nema um 1,2% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er aðeins lægri (1,1%). Auk

þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til verkefnaundirbúnings og eftirlits.

Í stjórn NDF sitja fulltrúar Norðurlandanna fimm. Fulltrúi Íslands er stjórnarformaður 1. maí 2002 til 30. apríl 2003. Starfsmenn sjóðsins eru 15, þar á meðal tveir Íslendingar.

26.7. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Útlán.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur á árinu greitt út átta lán, tvö til Færeyja og sex til Grænlands.

Rekstur.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2001/2002 119,2 MDKK og á sama tíma námu útlán samtals 73,1 MDKK.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli styrkja NORA um allt að 1,5 MDKK á ári.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

Nánari upplýsingar má finna á slóð: www.vestnorden.is

II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2003

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2003 tengja þau samstarfsverkefni sem nú er unnið að við framkvæmd nýrra forgangsverkefna. Þannig er áhersla lögð á að tengja verkefni sem ráðist var í vegna formennsku Norðmanna árið 2002 við fyrirhuguð verkefni formennsku Svía árið 2003. Segja má því að reynt sé að skapa samfellu milli markmiða til lengri tíma og daglegs samstarfs norrænu landanna. Endurskoðun fjárlagagerðarinnar með það að markmiði að gera þau að pólitísku stjórnunartæki gengur samkvæmt áætlun en þar eru lykilhugtökin gagnsæi og sveigjanleiki höfð að leiðarljósi. Framkvæmd þessara breytinga á fjárlagaferlinu er tímafrek. Til að auka gæði og samræmi milli yfirgripandi þverfaglegra markmiða og framkvæmdaáætlana fagráðherranefndanna og þess sem efst er á baugi á hverjum tíma, þurfa bæði ráðherranefndir og embættismannanefndir að taka virkari þátt í fjárlagaferlinu en áður. Jafnframt er haft samráð við Norðurlandaráð um grundvallarforsendur og fjárlagarammann fyrr í ferlinu en áður hefur tíðkast.

Á grundvelli skýrslunnar „Ný norræn dagskrá – Ný stefnumótun“ frá árinu 2001 veitir Norræna ráðherranefndin fimm samstarfssviðum forgang næstu ár.

Þau eru:

- Tækniþróun, sérstaklega hvað varðar upplýsingasamfélagið og rannsóknasvið þar sem Norðurlöndin skara fram úr.
- Velferðarkerfi, þar með talin réttindi íbúa Norðurlanda og möguleikar þeirra til að búa, starfa og stunda nám í norrænu nágrannaríki, ásamt málefnum sem tengjast lýðþróun og fólksflutningum.
- Innri markaður á Norðurlöndum, að meðtöldu samstarfi sem beinist að afnámi landamærahindrana.

- Samstarf við nágrannalönd og -svæði.
- Umhverfismál og sjálfbær þróun.

Þessar áherslur endurspegla áhrif hnattvæðingarinnar í átt að nánara samstarfi, bæði norrænu landanna á milli og alþjóðlega. Þó margt sé sameiginlegt með norrænu löndunum fimm er margt sem skilur þau að. Þörfin á norrænu samstarfi hvílir ekki síður á því en hinu sem þau eiga sameiginlegt. Evrópskt samstarf innan ramma ESB mun jafnframt í auknum mæli hafa áhrif á norrænt samstarf. Fyrirhuguð aðild Eystrasaltsríkjanna og ríkja Austur-Evrópu að ESB er mikilvægur þáttur sem Norræna ráðherranefndin nálgast með nýrri stefnumótun í grannsvæðamálum eins og kemur fram í skýrslunni „Nær Norðurlöndum" (Närmare Norden). Samfara því að þrjú norræn lönd hafa farið með formennsku í ESB hefur aukin athygli beinst að innbyrðis samstarfi norrænu landanna og möguleikum þeirra á að gæta sameiginlegra hagsmuna, bæði í evrópsku og hnattrænu tilliti. Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa því ákveðið að hafa reglubundið samráð í tengslum við það samstarf sem fer fram innan vébanda ESB. Þó nokkrar fagráðherranefndir hafa þegar þróað svipað fyrirkomulag.

Norrænt samstarf tekur til margra sviða og endurspeglast það í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar. Með ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar er unnt að marka stefnu samstarfsins til framtíðar. Markvisst norrænt samstarf er ekki síður hagkvæmt fyrir Norðurlönd en fyrir ESB með auknum fjölda ríkja.

Í starfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir starfsárið 2003 er fjallað um hvert ofangreindra fimm samstarfssviða og forgangsröðun markmiða og viðfangsefna ásamt dæmum um verkefni á hverju sviði. Auk þess verður lögð áhersla á eftirgreinda þrjá málaflokka:

- Starf að málefnum barna og unglinga.
- Norrænt samstarf um málefni frjálsra félagasamtaka.
- Kynja- og jafnréttissjónarmið.

Fjárlög fyrir 2003

Í fjárlögum fyrir árið 2003 er fjárhagsramminn, 811,263 millj. d.kr. að teknu tilliti til verðlagsþróunar og gjaldeyrisbreytinga, óbreyttur frá síðasta ári. Á greiðslugrunni eru fjárlögin 801,263 millj. d.kr., sem er 10 millj. d.kr. lægra en fjárhagsramminn. Ráðherranefndin á þannig kröfu á hendur löndunum sem þeirri upphæð nemur.

Fjárlög ráðherranefndarinnar byggja á „nettóreglu" á þann veg að þau taka einungis til þess hluta starfsemi stofnana og annarrar starfsemi sem ráðherranefndin fjármagnar. Stofnanir og önnur starfsemi geta með annarri fjáröflun aukið umsvif starfsemi sinnar en það kemur ekki fram á fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í þeim áherslum sem koma fram í fjárlögunum er tekið mið af tilmælum Norðurlandaráðs, áherslum í „Nýrri norrænni dagskrá", ásamt þeirri forgangsröðun sem formennskuáætlanir landanna hafa í för með sér.

Nýr fjárlagaliður sem stofnaður var á fjárlögum fyrir árið 2002, ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer) sem áður var varasjóður ráðherranefndarinnar, er áfram á fjárlögum fyrir 2003. Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar er hugsað til einstakra aðgerða fremur en langtímaverkefna. Ef veitt er fé af þeim lið til langtímaverkefna skal í upphafi fjallað um hvernig staðið skuli að framtíðarfjármögnun.

Að beiðni samstarfsráðherranna gerði framkvæmdastjórn ráðherranefndarskrifstofunnar úttekt á fjárlögum ráðherranefndarinnar eins og fram kemur í skýrslunni „Úttekt á fjárlögum 2000 – Norræn fjárlög". Tilgangur úttektarinnar var að meta norrænu fjárlögin sem stjórnunartæki og verkfæri í fjárlagaferlinu. Í úttektinni er að finna tillögur sem varða fjárlagaferlið, samnorrænar

stofnanir og aðgerðir í því skyni að auka gagnsæi fjárlaganna í tæknilegu tilliti. Tæknilegu tillögurnar komu til framkvæmda við gerð fjárlaga fyrir árið 2002. Til að fylgja úttektinni enn frekar eftir, hafa samstarfsráðherrarnir tekið ákvörðun um nýtt fjárlagaferli fyrir norrænu ráðherranefndina sem fylgt var við gerð fjárlaga fyrir árið 2003.

Breytingar á fjárlagaferlinu eiga að uppfylla eftirfarandi markmið:

- Þróa samstarf við Norðurlandaráð til að tryggja því möguleika á áhrifum á fjárlagavinnuna.
- Samþætta pólitískar ákvarðanir fagsviðanna að fjárlagaferlinu.
- Efla tengsl stefnumörkunar og framkvæmdaáætlana fagsviðanna við fjárlögin.
- Nýta fjármagnið betur sem tæki til yfirgrípandi forgangsröðunar.
- Auka samhengi milli markmiða/árangurs og fjárveitinga.

Þetta nýja fjárlagaferli hefur aðallega haft í för með sér markvissari ákvörðun um áherslur fjárlaganna þar sem fjármagnsrammar fagsviðanna eru ákveðnir samtímis áherslunum, aukin þátttaka fagsviðanna í fjárlagavinnunni, nánara samráð við Norðurlandaráð um fjárlögin, ásamt smávægilegum breytingum á uppsetningu miðað við fyrri ár.

Í því skyni að auka sýnileika og gefa til kynna hvaða svigrúm fyrir nýjar aðgerðir er fyrir hendi, er í fjárlögunum fyrir árið 2003 lagður fram skipulagsrammi til lengri tíma á sama hátt og áður. Þar koma fram þær kröfur sem liggja fyrir um breytingar á forgangsröðun á næstu árum. Skipulagsramminn endurspeglar þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og hvaða starfsemi heldur áfram á óbreyttu stigi.

Í fjárlögunum er einnig sérstakt yfirlit yfir samstarf við frjáls félagasamtök, starf að málefnum barna og unglinga, starf ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna og yfir fjárveitingar til upplýsingamiðlunar um norrænt samstarf. Þetta er gert vegna þeirrar athygli sem beinst hefur að þessum sviðum sökum þverfaglegs eðlis þeirra. Þar að auki er birt yfirlit yfir áætlaða þróun rannsóknarverkefna vegna þess að þau binda verulegan hluta fjárlaganna til lengri tíma.

Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 1999-2001



Óráðstafað fjármagn við árslok 1999, 2000 og 2001 (verðlag hvers tíma)

Fagsvið (þús. d.kr.)	1999	2000	Breyting 99-00	2001	Breyting 00-01
Menningarsamstarf (NMR)	9.322	7.689	-1.633	1.649	-6.040
Norræni menningarsjóðurinn	2.760	5.599	2.839	2.148	-3.451
Menntun og rannsóknir	12.601	2.920	-9.681	1.437	-1.483
Ráðherranefnd um upplýsingatækni		1.020	1.020	89	-931
Grannsvæðin	4.417	2.900	-1.517	2.396	-504
Orkumál	202	610	408	107	-503
Umhverfismál	2.874	559	-2.315	1.051	492
Efnahagsmál	472	36	-436	170	134
Byggðamál	5.613	2.035	-3.578	2.283	248
Samgöngumál	166	206	40	42	-164
Landbúnaður og skógrækt	3.151	164	-2.987	346	182
Sjávarútvegsmál	102	41	-61	116	75
Matvæli	0	478	478	317	-161
Vinnumarkaður og -umhverfi	1.365	1.432	67	760	-672
Félags- og heilbrigðismál	541	447	-94	310	-137
Jafnréttismál	37	284	247	806	522
Samstarf í vímuefnamálum	403	46	-357	157	111
Aðgerðir í velferðarmálum	2.075	718	-1.357	582	-136
Atvinnumál	732	152	-580	475	323
Bygginga- og húsnæðismál	0	282	282	24	-258
Neytendamál	1.131	868	-263	851	-17
Löggjafarmál	757	851	94	164	-687
Önnur starfsemi	4.989	2.109	-2.880	2.931	822
SAMTALS	**53.710**	**31.446**	**-22.264**	**19.211**	**-12.235**

Vegna verkefna og styrkja sem nema samtals 55% af fjárlögum ráðherranefndarinnar, eru á hverju ári yfirfærðir einhverjir óráðstafaðir fjármunir. Óráðstafaðir fjármunir eru skilgreindir sem fjármunir sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Á árunum 2000–2001 hafa óráðstafaðir fjármunir ráðherranefndarinnar lækkað um 34,5 millj. d.kr., eða 64%.

Yfirlit yfir alla fjárlagaliði

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2003	FJÁRLÖG 2002	MISMUNUR +/-	%
	Menningarsamstarf	**151.397**	**147.330**	4.067	2,8%
	Almennt framlag til menningarmála	**35.722**	**33.395**	**2.327**	**7,0%**
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	6.621	6.840	-219	-3,2%
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	29.101	26.555	2.546	9,6%
	Börn og unglingar	**13.341**	**13.054**	**287**	**2,2%**
	Verkefni og almennir styrkir	*13.341*	*13.054*	*287*	*2,2%*
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.229	1.203	26	2,2%
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	6.086	5.955	131	2,2%
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	6.026	5.896	130	2,2%
	Kvikmyndir og fjölmiðlar	**31.783**	**31.108**	**675**	**2,2%**
	Verkefni og almennir styrkir	*26.887*	*26.308*	*579*	*2,2%*
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	6.117	5.985	132	2,2%
1-2222-2	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	20.770	20.323	447	2,2%
1-2224-1	Annað framlag til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs á Norðurlöndum	0	0	0	-
	Stofnanir	*4.896*	*4.800*	*96*	*2,0%*
1-2228-3	NORDICOM	1.609	1.577	32	2,0%
1-2229-3	Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC)	3.287	3.223	64	2,0%
	Listasvið	**34.933**	**34.891**	**42**	**0,1%**
	Verkefni og almennir styrkir	*18.593*	*18.193*	*400*	*2,2%*
1-2230-1	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	7.578	7.415	163	2,2%
1-2238-2	Sleipnir	2.669	2.612	57	2,2%
1-2239-1	Norræn menningararfleifð (Musékomitéen)	1.186	1.160	26	2,2%
1-2246-4	Norræna listamannaheimilið í Róm	827	809	18	2,2%
1-2256-1	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	6.333	6.197	136	2,2%
	Stofnanir	*16.340*	*16.698*	*-358*	*-2,1%*
1-2255-3	Leiklist og dans á Norðurlöndum	6.953	6.817	136	2,0%
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.652	1.517	135	8,9%
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist	7.735	8.364	-629	-7,5%
	Norræn menningarhús (stofnanir)	**23.590**	**23.114**	**476**	**2,1%**
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	6.382	6.239	143	2,3%
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	9.946	9.751	195	2,0%
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	1.753	1.725	28	1,6%
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.397	4.311	86	2,0%
1-2279-1	Viðhald menningarhúsa	1.112	1.088	24	2,2%

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2003	FJÁRLÖG 2002	MISMUNUR +/-	%
	Annað menningarsamstarf	***12.028***	***11.768***	***260***	***2,2%***
	Verkefni og almennir styrkir	12.028	11.768	260	2,2%
1-2234-4	Samískt samstarf	4.071	3.983	88	2,2%
1-2296-1	Norræn menningarverkefni erlendis	6.947	6.797	150	2,2%
1-2545-2	Kennsla um Norðurlönd erlendis	1.010	988	22	2,2%
Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni		**204.945**	**198.183**	**6.762**	**3,4%**
	Menntun og rannsóknir	**204.238**	**197.845**	**6.393**	**3,2%**
	Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi	**1.736**	**2.023**	**-287**	**-14,2%**
2-2505-1	Ráðstöfunarfé - menntun og rannsóknir	1.736	2.023	-287	-14,2%
	Menntunarsamstarf	**92.279**	**90.722**	**1.557**	**1,7%**
	Skólasamstarf	**22.735**	**22.374**	**361**	**1,6%**
	Verkefni og almennir styrkir	*22.735*	*22.374*	*361*	*1,6%*
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	4.599	5.061	-462	-9,1%
2-2512-2	NORDPLUS-junior	10.220	9.783	437	4,5%
2-2514-2	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	1.784	1.744	40	2,3%
2-2516-2	NORDPLUS-mini (tilraunaverkefni)	6.132	5.786	346	6,0%
	Alþýðumenntun og fullorðinsfræðsla	**17.201**	**16.935**	**266**	**1,6%**
	Verkefni og almennir styrkir	*10.971*	*10.745*	*226*	*2,1%*
2-2520-1	Stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu	2.203	2.156	47	2,2%
2-2522-2	Styrkjakerfi vegna norrænnar alþýðumenntunar	8.768	8.589	179	2,1%
	Stofnanir	*6.230*	*6.190*	*40*	*0,6%*
2-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	6.230	6.190	40	0,6%
	Æðri menntun	**35.403**	**34.820**	**583**	**1,7%**
	Verkefni og almennir styrkir	*35.403*	*34.820*	*583*	*1,7%*
2-2530-1	Stjórnarnefndin um æðri menntun - HÖGUT	2.609	2.553	56	2,2%
2-2532-2	NORDPLUS	31.682	31.179	503	1,6%
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.112	1.088	24	2,2%
	Tungumálasamstarf	**15.896**	**15.572**	**324**	**2,1%**
	Verkefni og almennir styrkir	*10.680*	*10.437*	*243*	*2,3%*
2-2540-1	Norræn málnefnd	2.026	1.982	44	2,2%
2-2542-1	Norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	2.095	2.037	58	2,8%
2-2543-1	Tungumálasamstarf á Norðurlöndum (NORDMÁL)	6.559	6.418	141	2,2%

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2003	FJÁRLÖG 2002	MISMUNUR +/-	%
	Stofnanir	*5.216*	*5.135*	*81*	*1,6%*
2-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	5.216	5.135	81	1,6%
	Almennar áætlanir öll stig upplýsingatækni	**1.044**	**1.021**	**23**	**2,3%**
2-2550-1	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni	544	532	12	2,3%
2-2552-1	Upplýsingatækni og tölvukennslufræði í kennslu – IDUN II	0	0	0	-
2-2554-1	Þróunarverkefnið NORDUnet2	500	489	11	2,2%
	Samstarf um rannsóknir og vísindi	**110.223**	**105.100**	**5.123**	**4,9%**
	Verkefni og almennir styrkir	*23.977*	*21.648*	*2.329*	*10,8%*
2-3110-1	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	1.866	2.326	-460	-19,8%
2-3111-1	Norræn öndvegissetur, tilraunaverkefni	3.130	3.063	67	2,2%
2-3125-1	Norrænt tengslanet um þjóðhætti	0	0	0	-
2-3130-1	Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin	6.132	6.386	-254	-4,0%
2-3131-1	Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	3.808	3.726	82	2,2%
2-3132-1	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	5.086	4.977	109	2,2%
2-3133-1	Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	3.066	0	3.066	-
2-3140-1	Norræna lífsiðfræðinefndin	889	1.170	-281	-24,0%
	Stofnanir	*86.246*	*83.452*	*2.794*	*3,3%*
2-3115-3	Norræna vísindaakademían (NorFA)	37.368	36.021	1.347	3,7%
2-3180-3	Norræna kjarnfræðistofnunin (NORDITA)	18.757	18.463	294	1,6%
2-3181-3	Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS)	2.965	2.723	242	8,9%
2-3182-3	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	7.018	6.908	110	1,6%
2-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	5.462	5.377	85	1,6%
2-3184-3	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.629	7.487	142	1,9%
2-3185-3	Norræna samíska stofnunin (NSI)	7.047	6.473	574	8,9%
	Ráðherranefnd um upplýsingatækni	**707**	**338**	**369**	**109,2%**
2-3410-1	Norrænt samstarf um upplýsingatækni á vegum MR-IT	707	338	369	109,2%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin		**198.994**	**194.552**	**4.442**	**2,3%**
	Grannsvæðin og Norðurskautssvæðið	**85.951**	**83.695**	**2.256**	**2,7%**
3-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti	14.000	12.725	1.275	10,0%
3-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	17.651	15.822	1.829	11,6%
3-0820-2	Styrkjakerfi	18.356	15.561	2.795	18,0%
3-0825-1	Nýjar aðgerðir á grannsvæðunum	0	0	0	-
	Verkefni	*35.944*	*39.587*	*-3.643*	*-9,2%*
3-0830-1	Lýðræði og málefni þegnanna	18.495	16.327	2.168	13,3%
3-0840-1	Menningarmiðlun	2.830	4.081	-1.251	-30,7%
3-0850-1	Markaðsbúskapur	0	5.644	-5.644	-100,0%
3-0860-1	Sjálfbær auðlindabúskapur	11.042	10.454	588	5,6%
3-0870-1	Samstarf á Norðurskautssvæðinu	3.577	3.081	496	16,1%

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2003	FJÁRLÖG 2002	MISMUNUR +/-	%
	Orkumál	**6.160**	**6.135**	**25**	**0,4%**
3-3210-1	Verkefni - Orkumál	5.071	5.105	-34	-0,7%
3-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (Nefp)	1.089	1.030	59	5,7%
	Umhverfismál	**39.469**	**38.405**	**1.064**	**2,8%**
3-3310-1	Verkefni - Umhverfismál	33.795	32.853	942	2,9%
3-3320-2	Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	5.674	5.552	122	2,2%
	Byggðamál	**29.212**	**29.116**	**96**	**0,3%**
3-6110-1	Verkefni - Byggðamál	19.292	19.300	-8	0,0%
	Stofnanir	9.920	9.816	104	1,1%
3-6180-3	Norræn miðstöð um rannsóknir og þróun í byggðamálum (NORDREGIO)	9.920	9.816	104	1,1%
	Samgöngumál	**1.043**	**1.021**	**22**	**2,2%**
3-6210-1	Verkefni - Samgöngumál	1.043	1.021	22	2,2%
	Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	**37.159**	**36.180**	**979**	**2,7%**
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	1.087	1.064	23	2,2%
	Landbúnaður og skógrækt	**22.808**	**22.407**	**401**	**1,8%**
	Verkefni	*14.111*	*14.152*	*-41*	*-0,3%*
3-6510-1	Verkefni - Landbúnaður og skógrækt	4.308	4.363	-55	-1,3%
3-6520-1	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.089	1.088	1	0,1%
3-6540-1	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.134	3.130	4	0,1%
3-6581-1	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.580	5.571	9	0,2%
	Stofnanir	*8.697*	*8.255*	*442*	*5,4%*
3-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	8.697	8.255	442	5,4%
	Sjávarútvegsmál	**7.439**	**7.272**	**167**	**2,3%**
3-6610-1	Verkefni - Sjávarútvegsmál	7.439	7.272	167	2,3%
	Matvæli	**5.825**	**5.437**	**388**	**7,1%**
3-6810-1	Verkefni - Matvæli	5.825	5.437	388	7,1%
Velferðar- og atvinnumál		**149.639**	**142.224**	**7.415**	**5,2%**
	Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	**12.966**	**12.814**	**152**	**1,2%**
	Verkefni	*10.216*	*10.108*	*108*	*1,1%*
4-4110-1	Verkefni – Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	7.022	6.327	695	11,0%
4-4120-2	Nordjobb	1.840	2.529	-689	-27,2%
4-4130-1	Upplýsingaverkefnið	1.354	1.252	102	8,1%
	Stofnanir	*2.750*	*2.706*	*44*	*1,6%*
4-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.750	2.706	44	1,6%

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2003	FJÁRLÖG 2002	MISMUNUR +/-	%
	Félags- og heilbrigðismál	**41.422**	**38.858**	**2.564**	**6,6%**
	Verkefni	*12.731*	*9.512*	*3.219*	*33,8%*
4-4310-1	Verkefnisfé - Félags- og heilbrigðismál	4.505	4.253	252	5,9%
4-4320-1	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.226	958	268	28,0%
4-4340-1	Nomesko og Nososko	1.686	0	1.686	-
4-4620-1	Velferðarrannsóknir	5.314	4.301	1.013	23,6%
	Stofnanir	*28.691*	*29.346*	*-655*	*-2,2%*
4-4380-3	Norræna lyfjanefndin (NLN)	0	2.034	-2.034	-100,0%
4-4381-3	Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV)*	32.694	32.354	340	1,1%
4-4382-3	Stofnun fyrir prófun tannviðgerðarefna (NIOM)	10.009	9.194	815	8,9%
4-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.674	2.633	41	1,6%
4-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra (NSH)	7.264	7.188	76	1,1%
4-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	7.127	6.987	140	2,0%
4-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.617	1.310	307	23,4%
	Jafnréttismál	**8.427**	**7.983**	**444**	**5,6%**
4-4410-1	Verkefni - Jafnréttismál	2.954	2.956	-2	-0,1%
	Stofnanir	*5.473*	*5.027*	*446*	*8,9%*
4-4480-1	Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og kynjafræðum (NIKK)	5.473	5.027	446	8,9%
	Samstarf í vímuefnamálum	**1.431**	**1.185**	**246**	**20,8%**
4-4510-1	Verkefni - Samstarf í vímuefnamálum	1.431	1.185	246	20,8%
	Atvinnumál	**72.723**	**69.598**	**3.125**	**4,5%**
4-5110-1	Verkefni - Atvinnumál	1.134	1.370	-236	-17,2%
	Stofnanir	*71.589*	*68.228*	*3.361*	*4,9%*
4-5180-3	Norræni iðnaðarsjóðurinn	60.011	56.539	3.472	6,1%
4-5181-3	Nordtest	11.578	11.689	-111	-0,9%
	Efnahags- og fjármál	**1.635**	**1.536**	**99**	**6,4%**
3-5210-1	Verkefni - Efnahags- og fjármál	1.635	1.536	99	6,4%
	Bygginga- og húsnæðismál	**873**	**768**	**105**	**13,7%**
3-5310-2	Verkefni – Bygginga- og húsnæðismál	873	768	105	13,7%
	Neytendamál	**8.915**	**8.462**	**453**	**5,4%**
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	6.739	6.240	499	8,0%
4-6720-4	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.176	2.222	-46	-2,1%
	Löggjafarmál	**1.247**	**1.020**	**227**	**22,3%**
4-7110-1	Verkefni - Löggjafarmál	1.247	1.020	227	22,3%

* Starfsemi NHV er fjármögnuð beint frá löndunum og er því ekki hluti af fjárlögum fyrir félags- og heilbrigðismál.

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2003	FJÁRLÖG 2002	MISMUNUR +/-	%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi		**106.288**	**104.931**	**1.357**	**1,3%**
5-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	61.544	62.257	-713	-1,1%
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	2.943	2.880	63	2,2%
5-0425-4	Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.670	2.613	57	2,2%
5-0430-1	Norrænt tölfræðisamstarf	1.721	1.654	67	4,1%
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	577	565	12	2,1%
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske satsninger)	10.325	9.700	625	6,4%
5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.199	973	226	23,2%
5-0460-1	Sjálfbær Norðurlönd	4.445	4.174	271	6,5%
5-0461-1	Norræn vísindaáætlun um öryggismál	1.599	1.565	34	2,2%
5-0462-1	Norræn vísindaáætlun um haffræði	2.666	2.609	57	2,2%
5-1010-1	Upplýsingamiðlun	3.753	3.672	81	2,2%
5-1020-1	Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda	961	940	21	2,2%
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggarnir)	4.800	4.697	103	2,2%
5-1030-1	Halló Norðurlönd	3.641	3.063	578	18,9%
5-1040-1	Þýðingar og túlkun	1.066	1.043	23	2,2%
5-1050-2	Starfsmannaskipti	1.883	2.042	-159	-7,8%
5-8030-1	Útgáfustarfsemi	495	484	11	2,3%
Samtals		**811.263**	**787.220**	**24.043**	**3,1%**

Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2003 og 2002

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2003	*Hlut-deild*	Fjárlög 2002	*Hlut-deild*	Mismunur 02-03 +/-	%
Menningar-, menntamál og rannsóknir	**356.342**	***43,9%***	**345.513**	***43,9%***	**10.829**	**3,1%**
Menningarsamstarf	151.397	*18,7%*	147.330	*18,7%*	**4.067**	**2,8%**
Menntun og rannsóknir	204.238	*25,2%*	197.845	*25,1%*	**6.393**	**3,2%**
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	707	*0,1%*	338	*0,0%*	**369**	**109,2%**
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**198.994**	***24,5%***	**194.552**	***24,7%***	**4.442**	**2,3%**
Grannsvæðin og Norðurskautið	85.951	*10,6%*	83.695	*10,6%*	**2.256**	**2,7%**
Orkumál	6.160	*0,8%*	6.135	*0,8%*	**25**	**0,4%**
Umhverfismál	39.469	*4,9%*	38.405	*4,9%*	**1.064**	**2,8%**
Byggðamál	29.212	*3,6%*	29.116	*3,7%*	**96**	**0,3%**
Samgöngumál	1.043	*0,1%*	1.021	*0,1%*	**22**	**2,2%**
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	37.159	*4,6%*	36.180	*4,6%*	**979**	**2,7%**
Velferðar- og atvinnumál	**149.639**	***18,4%***	**142.224**	***18,1%***	**7.415**	**5,2%**
Vinnumarkaður og -umhverfi	12.966	*1,6%*	12.814	*1,6%*	**152**	**1,2%**
Félags- og heilbrigðismál	41.422	*5,1%*	38.858	*4,9%*	**2.564**	**6,6%**
Jafnréttismál	8.427	*1,0%*	7.983	*1,0%*	**444**	**5,6%**
Samstarf í vímuefnamálum	1.431	*0,2%*	1.185	*0,2%*	**246**	**20,8%**
Atvinnumál	72.723	*9,0%*	69.598	*8,8%*	**3.125**	**4,5%**
Efnahags- og fjármál	1.635	*0,2%*	1.536	*0,2%*	**99**	**6,4%**
Bygginga- og húsnæðismál	873	*0,1%*	768	*0,1%*	**105**	**13,7%**
Neytendamál	8.915	*1,1%*	8.462	*1,1%*	**453**	**5,4%**
Löggjafarmál	1.247	*0,2%*	1.020	*0,1%*	**227**	**22,3%**
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**106.288**	***13,1%***	**104.931**	***13,3%***	**1.357**	**1,3%**
Samtals	**811.263**	***100,0%***	**787.220**	***100,0%***	**24.043**	**3,1%**

Skipting fjárlaganna á ýmsa þætti fjárlagaliðanna 2003 og 2002

Flokkun fjárlagaliðanna í *verkefni, styrki, stofnanir og félagasamtök,* byggir á þeirri úttekt sem gerð var á fjárlögunum árið 2000. Vakin er athygli á því að margir fjárlagaliðir fela í sér fleiri flokka fjárveitinga og ræður þungvægasti flokkurinn því undir hvaða flokk fjárveitinga fjárlagaliðurinn fellur. Stofnanirnar eru skilgreindar út frá skipulagi þeirra en ekki faglegu inntaki. Því flokkast Norræna vísindaakademían, Norræni iðnaðarsjóðurinn og Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) með stofnununum. Fjárveitingar til skrifstofu ráðherranefndarinnar og upplýsingaskrifstofanna (sem eru hluti skrifstofunnar) í Pétursborg og Eystrasaltsríkjunum eru einnig skilgreindar sem stofnanarekstur en koma fram sem sérstakur flokkur á eftirfarandi myndum. Á yfirlitinu á næstu blaðsíðu er skrifstofa ráðherranefndarinnar hluti af fjárlagaliðnum *Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi,* en upplýsingaskrifstofurnar aftur á móti hluti af fjárlagaliðnum *Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin,* og flokkast með stofnunum.

Flokkun fjárlagaliða 2002



Flokkun fjárlagaliða 2003



Yfirlit: Flokkun fjárlagaliða

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	2003 þús. d.kr.	Hlutdeild %	2002 þús. d.kr.	Hlutdeild %
Menningarmál	**151.397**	**18,7%**	**147.330**	**18,7%**
Verkefni	49.235	32,5%	48.536	32,9%
Styrkir	53.550	35,4%	50.478	34,3%
Stofnanir	43.714	28,9%	43.524	29,5%
Félagasamtök	4.898	3,2%	4.792	3,3%
Menntun, rannsóknir og UT	**204.945**	**25,3%**	**198.183**	**25,2%**
Verkefni	47.555	23,2%	45.237	22,8%
Styrkir	58.586	28,6%	57.081	28,8%
Stofnanir	97.692	47,7%	94.777	47,8%
Félagasamtök	1.112	0,5%	1.088	0,5%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**198.994**	**24,5%**	**194.552**	**24,7%**
Verkefni	105.956	53,2%	109.969	56,5%
Styrkir	41.681	20,9%	36.935	19,0%
Stofnanir	51.357	25,8%	47.648	24,5%
Félagasamtök	0	0,0%	0	0,0%
Velferðar- og atvinnumál	**149.639**	**18,4%**	**142.224**	**18,1%**
Verkefni	37.120	24,8%	32.166	22,6%
Styrkir	1.840	1,2%	2.529	1,8%
Stofnanir	108.503	72,5%	105.307	74,0%
Félagasamtök	2.176	1,5%	2.222	1,6%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**106.288**	**13,1%**	**104.931**	**13,3%**
Verkefni	36.049	33,9%	34.166	32,6%
Styrkir	3.082	2,9%	3.015	2,9%
Stofnanir	61.544	57,9%	62.257	59,3%
Félagasamtök	5.613	5,3%	5.493	5,2%
Samtals	**811.263**	**100,0%**	**787.220**	**100,0%**
Verkefni	275.915	34,0%	270.074	34,3%
Styrkir	158.739	19,6%	150.038	19,1%
Stofnanir	362.810	44,7%	353.513	44,9%
Félagasamtök	13.799	1,7%	13.595	1,7%

Yfirfærsla og samruni fjárlagaliða

Miðað við fjárlög fyrir árið 2002 hefur einn fjárlagaliður verið lagður niður og honum skipt á aðra fjárlagaliði. Þetta á við um fjárlagalið 3-0850-1, Markaðsbúskapur sem hefur verið skipt á fjárlagaliðina 3-0820-2, Styrkir, 3-0830-1, Lýðræði og málefni þegnanna og 3-0860-1, Sjálfbær nýting auðlindanna. Nettóáhrif þessara breytinga, miðað við fjárlög fyrir árið 2002, eru 1.124 þús. d.kr.

Þróun fjárlaganna á tímabilinu 1993–2003



Tekjuliðir fjárlaganna

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum, og er skipting þeirra ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu. Skiptireglan byggir á hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, þ.e. árin 1999 og 2000. Allar upphæðir eru samkvæmt verðlagi hvers tíma.

TEKJUR þús. d.kr.	UPPGJÖR 2001	SKIPTIREGLA 2001	FJÁRLÖG 2002	SKIPTIREGLA 2002	FJÁRLÖG 2003	SKIPTIREGLA 2003
Gjöld af tekjum starfsmanna (sem renna til skrifstofu NMR)	8.912		7.000		7.000	
Vaxtatekjur	13.306		9.120		7.680	
Aðrar tekjur / (e.t.v. tap)	1.024		800		800	
Framlög landanna			***770.300		***795.783	
- Danmörk	184.339	24,3 %	189.494	24,6%	189.396	23,8%
- Finnland	138.823	18,3 %	142.505	18,5%	139.262	17,5%
- Ísland	8.344	1,1 %	8.473	1,1%	8.754	1,1%
- Noregur	166.891	22,0 %	166.385	21,6%	186.213	23,4%
- Svíþjóð	260.198	34,3 %	263.443	34,2%	272.158	34,2%
Samtals:	781.836	100,0%	787.220	100,0%	811.263	100,00%
afgangur	**6.529					

** Endurgreiðist til landanna samkvæmt skiptireglu á næstkomandi ári.

*** Á árunum 2002 og 2003 innheimtir ráðherranefndin upphæð sem er 10 millj. d.kr. lægri en eiginlegt framlag frá löndunum. Þetta er gert til að lækka handbært fé ráðherranefndarinnar. Að öðru leyti er vísað til yfirlits á næstu síðu.

Athugasemdir:
Gjöld af tekjum starfsmanna: Byggja á gjaldskyldri launafjárhæð starfsmanna á skrifstofunni.
Vaxtatekjur: Í fjárlögunum er gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 7,68 millj. d.kr., sem eru áætlaðar á grundvelli þess að væntanlegir meðalvextir fjárfestinga nemi 3,2% árið 2003 og að meðallausafjárstaða á því ári nemi 240 millj. d.kr.
Aðrar tekjur: Þessi tekjuliður felur í sér væntanlegar endurgreiðslur óráðstafaðra verkefnafjármuna frá ýmsum stjórnsýslustofnunum.

Kröfur gagnvart löndunum

Vegna þeirrar fjárstreymisskerðingar sem ákveðin hefur verið fyrir 2001, 2002 og 2003 verða til kröfur gagnvart löndunum. Skiptingin milli landanna ræðst af skiptireglunni vegna viðkomandi fjárlagaárs. Þetta felur í sér að löndin koma til með að standa í skuld við Norrænu ráðherranefndina sem ber enga vexti og ekki er tiltekinn endurgreiðslutími. Kröfurnar dreifast á löndin eins og segir í eftirfarandi töflu. Einnig er tiltekið hve miklar heildarkröfur verða við árslok 2003.

Kröfur miðað við einstök lönd og fjárlagaár (verðlag hvers tíma í þús. d.kr.)	**Kröfur 2001**	**Kröfur 2002**	**Kröfur 2003**	**Samtals 31.12.2003**
Danmörk	2.430	2.460	2.380	7.270
Finnland	1.830	1.850	1.750	5.430
Ísland	110	110	110	330
Noregur	2.200	2.160	2.340	6.700
Svíþjóð	3.430	3.420	3.420	10.270
Skerðing fjárstreymis	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**30.000**

Meiri háttar breytingar á tilteknum fjárlagaliðum

Í fjárlögunum nemur hækkun á tilteknum fjárlagaliðum samtals 20,129 þús. d.kr. á verðlagi ársins 2002. Til að auðvelda samanburð yfirlitsins við fjárlög 2002 er miðað við verðlag ársins 2002 (án tillits til væntanlegra verðhækkana). Af töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig helstu hækkanir skiptast á tiltekna fjárlagaliði á verðlagi ársins 2002. Þar kemur einnig fram hvar niðurskurður á fjárlagaliðum er mestur. Til samanburðar námu breytingar á fjárlögum fyrir 2002 24,402 þús. d.kr.

Meiri háttar hækkanir (verðlag 2002 í þús. d.kr.)		Fjárlög 2003	Fjárlög 2002	Breyting
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	28.475	26.555	1.920
2-3133-1	Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	3.000	0	3.000
3-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti	13.725	12.725	1.000
3-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	17.375	15.822	1.553
3-0820-2	Styrkjaáætlun fyrir Eystrasaltsríkin og Rússland	17.961	15.561	2.400
3-0830-1	Lýðræði og málefni þegnanna	18.097	16.327	1.770
4-4110-1	Verkefni – Vinnumarkaður og -umhverfi	6.871	6.327	544
3-4620-1	Velferðarrannsóknir	5.200	4.301	899
4-4340-1	Nomesko og Nososko	1.650	0	1.650
	Aðrar minni háttar hækkanir			5.393
Hækkanir samtals				**20.129**

Meiri háttar lækkanir (verðlag 2002 þús. d.kr.)		Fjárlög 2003	Fjárlög 2002	Breyting
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist	7.614	8.364	-750
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	4.500	5.061	-561
2-3115-3	Norræna vísindaakademían (NorFA)	34.325	36.021	-1.696
3-0840-1	Menningarmiðlun	2.769	4.081	-1.312
3-0850-1	Markaðsbúskapur	0	5.644	-5.644
4-4120-2	Nordjobb	1.800	2.529	-729
3-4380-3	Norræna lyfjanefndin (NLN)	0	2.034	-2.034
3-5180-3	Norræni iðnaðarsjóðurinn	55.125	56.539	-1.414
4-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	60.337	62.257	-1.920
	Aðrar minni háttar lækkanir			-4.069
Lækkanir samtals				**-20.129**

Skipulagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar til lengri tíma

Skipulagsramminn til lengri tíma sýnir þróun fjárlaganna, miðað við þriggja ára tímabil, að óbreyttum fjárhagsramma frá fjárlögum fyrir 2003 á því tímabili sem fjárlagaspáin nær til.

Varðandi einstaka fjárlagaliði eru forsendur skipulagsrammans til lengri tíma sem hér segir:

- Ef annað er ekki ákveðið eða áætlað, er áætluðu umfangi starfseminnar í fjárlögum fyrir 2003 haldið óbreyttu á spátímabilinu, þ.e. árin 2004 og 2005.
- Fjármögnun starfsemi sem samkvæmt áætlun fellur niður er ekki reiknuð með inn í spátímabilið.

Líta ber á upplýsingar um spátímabilið sem leiðbeinandi en þær sýna þá þróun sem búast má við miðað við óbreytt fjárlög næstu tvö árin, að teknu tilliti til ákveðinna og fyrirhugaðra breytinga. Hér er því ekki um að ræða fjárlög til fleiri ára þar sem upphæðir á spátímabilinu eru þekktar. Þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar eru líkt og áður einungis árlegar fjárveitingar eins og þær koma fram á samþykktum fjárlögum. Heildarrammi fjárlaganna er ákveðinn á ári hverju og er ekki þekktur fyrir spátímabilið. Í yfirlitinu er gert ráð fyrir að rammar fyrir spátímabilið séu þeir sömu og fyrir fjárlagaárið 2003.

Yfirlit í töflu er samantekt fjárlagaliða hinna einstöku fagsviða.

Með hugtakinu „Frávik frá fjárlögum 2003“ – er átt við muninn á upphæðum hvers árs á spátímabilinu og þeim upphæðum sem koma fram á samþykktum fjárlögum fyrir 2003. Ef frávikið er neikvætt, merkir það ófullnægða fjármögnunarþörf á því ári spátímabilsins. Jákvætt frávik merkir að það er fjármagn til ráðstöfunar miðað við árið 2003.

Að óbreyttum heildarramma að fjárhæð 811,263 millj. d.kr. á spátímabilinu verða 9,5 millj. d.kr. samtals til ráðstöfunar fyrir árið 2004 og 18,4 millj. d.kr. fyrir árið 2005 hjá ráðherranefndinni, að gefnum ofangreindum forsendum.

Yfirlitið er samantekt yfir meginsamstarfssviðin fjögur, að því gefnu að fjárlagarammi hinna einstöku sviða sé óbreyttur.

Fyrir „Menningar-, menntamál og rannsóknir“ verða 5,88 millj. d.kr. til ráðstöfunar fyrir árið 2004 og 14,78 millj. d.kr. fyrir 2005. Þetta er vegna þess að rannsóknaráætlun um Norðurskautssvæðið er að ljúka (fjárlagaliður 2-3130-1) en lokafjárveiting vegna hennar er áætluð fyrir árið 2003. Sama á við um rannsóknarverkefni um kyn og ofbeldi sem og tungutækni, en áætlaðar lokafjárveitingar vegna þessara verkefna eru á árinu 2004 (fjárlagaliðir 2-3131-1 og 2-3132-1).

Á samstarfssviðinu „Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin“ nemur ófullnægð fjármögnunarþörf 1,6 millj. d.kr. fyrir hvort árið 2004 og 2005. Þetta er vegna samnings milli landanna frá árinu 2002 um fjárveitingar til NOPEF (fjárlagaliður 3-5280-3). Samþykkt hefur verið að fjárveiting ráðherranefndarinnar til NOPEF verði aukin um 1,6 millj. d.kr. á árinu 2004.

Á sviðinu „Velferðar- og atvinnumál“ nemur ófullnægð fjármögnunarþörf 1,19 millj. d.kr. fyrir hvort árið 2004 og 2005. Þetta er vegna fyrirhugaðrar þróunar á velferðarrannsóknarverkefninu (fjárlagaliður 4-4620-1).

Þær 6,4 millj. d.kr. sem eru til ráðstöfunar undir liðnum „Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi“ hvort árið 2004 og 2005 eru vegna upplýsingaverkefnanna, Norðurlöndin í fókus (fjárlagaliður 4-1025-2). Norðurlöndin í fókus er tilraunaverkefni til þriggja ára og lýkur árið 2003. Fyrir þann tíma verður verkefnið metið og ákvörðun tekin um framhaldið að reynslutímabili loknu. Hvað varðar rannsóknarverkefnið um öryggismál (fjárlagaliður 5-0461-1) er lokafjárveiting fyrirhuguð árið 2003.

Skipulagsrammi í heild til lengri tíma eftir sviðum (þús. d.kr.), á verðlagi hvers tíma fyrir 2002 og 2003, og verðlagi 2003 fyrir árin 2004 og 2005

	FJÁRLÖG 2002	FJÁRLÖG 2003	Fjárlagaspá 2004	Fjárlagaspá 2005
Menningar-, menntamál og rannsóknir	**345.513**	**356.342**	**356.342**	**356.342**
Menningarsamstarf	147.330	151.397	151.647	151.647
Menntun og rannsóknir	197.845	204.238	198.106	189.212
Upplýsingatækni	338	707	707	707
Frávik frá fjárlögum 2003			5.882	14.776
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**194.552**	**198.994**	**198.994**	**198.994**
Grannsvæðin	83.695	85.951	87.551	87.551
Orkumál	6.135	6.160	6.160	6.160
Umhverfismál	38.405	39.469	39.469	39.469
Byggðamál	29.116	29.212	29.212	29.212
Samgöngumál	1.021	1.043	1.043	1.043
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	36.180	37.159	37.159	37.159
Frávik frá fjárlögum 2003			-1.600	-1.600
Velferðar- og atvinnumál	**142.224**	**149.639**	**149.639**	**149.639**
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	12.814	12.966	12.966	12.966
Félags- og heilbrigðismál	38.858	41.422	42.608	42.608
Jafnréttismál	7.983	8.427	8.427	8.427
Samstarf í vímuefnamálum	1.185	1.431	1.431	1.431
Atvinnumál	69.598	72.723	72.723	72.723
Efnahags- og fjármál	1.536	1.635	1.635	1.635
Bygginga- og húsnæðismál	768	873	873	873
Neytendamál	8.462	8.915	8.915	8.915
Löggjöf á dómsmálasviði	1.020	1.247	1.247	1.247
Frávik frá fjárlögum 2003			-1.186	-1.186
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**104.931**	**106.288**	**106.288**	**106.288**
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi samtals	104.931	106.288	99.889	99.889
Frávik frá fjárlögum 2003			6.399	6.399
Samtals	**787.220**	**811.263**	**811.263**	**811.263**
Frávik frá fjárlögum 2003			**9.495**	**18.389**

Samstarf við frjáls félagasamtök og aðra aðila sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir

Í fjárlögum fyrir 2003 er lagt fram sérstakt yfirlit yfir fjárveitingar til frjálsra félagasamtaka, en þar er gerður skýr greinarmunur á þremur flokkum og tekið mið af inntaki samstarfsins við samtök sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir, og falla frjáls félagasamtök þar undir. Samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök markast af að sam ræmdar kröfur um starfsemina eru ekki forsenda þess að viðkomandi samtök falli undir hug-

takið frjáls félagasamtök. Því eru styrkir sem einstaklingar/óformlegir hópar jafnt sem frjáls félagasamtök geta sótt um, hluti af yfirlitinu. Það sem greinir á milli er hvort styrkþegi sé opinber aðili eða einkaaðili. Því er ekki hægt að bera þetta yfirlit saman við þau yfirlit sem lögð hafa verið fram á fyrri árum um samstarfið við frjáls félagasamtök.

Það eru því þrír eftirgreindir flokkar sem liggja til grundvallar yfirlitinu.

1) Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka.
2) Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd ráðherranefndarinnar.
3) Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um.

Á yfirlitinu sem hér fer á eftir má sjá hvaða fjárlagaliðir fela í sér fjárveitingar og hversu háar upphæðirnar eru, samkvæmt ofangreindri flokkun. Það skal tekið fram að upphæðirnar á hverjum lið fyrir sig eru byggðar á mati og því ekki bindandi fyrir einstaka fjárlagaliði. Matið endurspeglar væntingar og byggir á reynslu fyrri ára og þeim áætlunum sem liggja fyrir um hin ýmsu fagsvið fyrir árið 2003.

Fjárlagaliður (verðlag hvers tíma)	**Fjárlög 200**	**Fjárlög 2002**	**Ráðstafað 2001**
Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka			
1-2203-1 Framlag til sérstakra menningarmála	1.000	1.000	1.000
1-2210-1 Norrænt íþróttasamstarf	1.229	1.203	1.378
1-2212-1 Norræna æskulýðsnefndin	1.500	1.500	1.500
1-2214-1 Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	-	-	300
1-2220-2 Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	1.200	1.000	200
1-2224-1 Annað framlag til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs á Norðurlöndum	-	-	1.000
1-2255-3 Leiklist og dans á Norðurlöndum		774	760
1-2256-1 NOMUS	789	400	405
1-2270-3 Norræna húsið í Reykjavík	410	200	200
1-2272-3 Norðurlandahúsið í Færeyjum	200	300	300
1-2274-3 Norræna stofnunin á Álandseyjum	300	200	200
1-2277-3 Norræna stofnunin á Grænlandi	200	200	200
1-2296-1 Menningarverkefni á erlendri grund	200	50	-
1-2296-1 Samískt samstarf	4.071	3.983	3.901
2-2534-4 Norræni sumarháskólinn	1.112	1.088	1.066
3-3310-1 Verkefni - Umhverfismál	1.500	1.500	1.500
3-6530-1 Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	200	-	250

Fjárlagaliður (verðlag hvers tíma)		Fjárlög 2003	Fjárlög 2002	Ráðstafað 2001
Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka				
3-6610-1	Verkefni - Sjávarútvegsmál	0	210	250
4-4310-1	Verkefni - Félags- og heilbrigðismál	450	450	250
4-4410-1	Verkefni - Jafnréttismál	200	200	200
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	163	0	0
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	2.943	2.880	2.821
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	175	175	175
SAMTALS		***17.842***	***17.313***	***17.856***
Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd NMR				
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	3.000	3.000	2.500
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	2.500	2.500	2.500
2-2514-2	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	178	174	171
2-2526-2	NORDPLUS-mini	613	579	537
4-4120-2	Nordjobb	1.800	2.529	2.200
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	450	410	450
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.000	4.000	4.000
5-1030-1	Halló Norðurlönd	2.000	2.000	2.000
SAMTALS		***14.541***	***15.192***	***14.358***
Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um				
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	13.450	14.000	13.250
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	3.000	2.500	2.500
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	2.500	2.500	2.500
1-2231-2	Sleipnir	2.669	2.612	2.558
1-2246-2	Norræna listamannaheimilið í Róm	809	809	792
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	800	700	800
1-2258-3	NIFCA	900	700	1.000
1-2520-2	FOVU	1.400	1.300	1.700
1-2522-2	FOVU styrkjakerfi - verkefni	5.600	5.600	4.900
2-2522-2	FOVU styrkjakerfi - nemendaskipti	2.200	2.200	2.000
1-2524-3	NFA	2.500	2.500	2.500
3-0820-2	Styrkjakerfi	13.000	14.000	12.700
4-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra	1.700	1.700	1.614
5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.173	973	953
SAMTALS		***51.701***	***52.094***	***49.767***
SAMTALS		**84.084**	**84.549**	**81.981**

Starfsemi í þágu barna og unglinga

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvaða fjárlagaliðir fela í sér samstarf í þágu barna og unglinga. Það skal tekið fram að upphæðir á hverjum fjárlagalið fyrir sig eru byggðar á mati, og því ekki bindandi fyrir fjárlagaliðina. Matið endurspeglar væntingar og reynslu fyrri ára og áætlanir fagsviðanna fyrir árið 2003.

Fjárlagaliður (verðlag hvers tíma)		Fjárlög 2003	Fjárlög 2002	Ráðstafað 2001
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	2.000	2.000	2.736
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	6.200	5.000	7.260
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.229	1.203	1.378
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	6.086	5.955	5.533
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu (BUK)	6.026	5.896	5.775
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf (KM-gruppen)	500	1.600	360
1-2230-1	NORDBOK	500	500	475
1-2239-1	Norræn menningararfleifð (Musékomitéen)	150	0	300
1-2255-3	Leiklist og dans á Norðurlöndum	400	400	420
1-2256-3	NOMUS	1.500	1.500	1.500
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	500	500	500
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	700	400	700
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	100	350	60
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	500	500	500
1-2296-2	Menningarverkefni á erlendri grund	500	2.000	2.000
	Menningarmál samtals	**26.891**	**27.804**	**29.497**
2-2510-1	NSS	4.500	5.061	5.428
2-2512-2	NORDPLUS-junior	10.220	9.783	9.382
2-2514-2	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	1.784	1.744	1.708
2-2516-2	NORDPLUS-mini	6.132	5.786	5.367
2-2542-2	NORDKURS	1.950	2.037	1.995
2-2543-1	NORDMÁL	2.500	2.500	3.500
2-2548-3	NIFIN	2.000	2.000	2.000
2-2552-1	IDUN II	-	0	900
	Menntamál og rannsóknir samtals	**29.086**	**28.911**	**30.280**
2-3310-2	Verkefni - Umhverfismál	1.000	0	1.000
	Umhverfismál samtals	**1.000**	**0**	**1.000**
2-6110-2	Verkefni - Byggðamál	-	0	1.000
	Byggðamál samtals	**-**	**0**	**1.000**
2-6530-2	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	600	450	300
	Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli samtals	**600**	**450**	**300**
2-6610-2	Verkefni - Sjávarútvegsmál	-	450	0
	Sjávarútvegur samtals	**-**	**450**	**0**

Fjárlagaliður (verðlag hvers tíma)		Fjárlög 2003	Fjárlög 2002	Ráðstafað 2001
3-4310-2	Verkefni – Heilbrigðis- og félagsmál	1.500	500	600
3-4620-2	Velferðarrannsóknir	2.000	2.000	0
3-4384-3	NSH	1.500	1.500	1.500
3-4385-3	NUD	2.500	2.500	2.500
3-4386-3	NOPUS	-	300	0
	Heilbrigðis- og félagsmál samtals	**7.500**	**6.800**	**4.600**
2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	3.300	2.500	3.100
	Grannsvæðaáætlun samtals	**3.300**	**2.500**	**3.100**
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	600	0	600
	Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi samtals	**600**	**0**	**600**
BÖRN OG UNGLINGAR SAMTALS		**68.977**	**66.915**	**70.377**

Heildaryfirlit yfir starfsemi ráðherranefndarinnar að málefnumgrannsvæðanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna er fjármögnuð bæði af fjárveitingum fagsviðanna og af grannsvæðaáætluninni. Hlutdeild einstakra fagsviða fyrir árin 2003 og 2002 er byggð á mati á því hve stór hluti fjárhagsramma þeirra rennur til grannsvæðasamstarfsins. Smávægileg aukning frá 2002 til 2003 kemur fram í heildarframlagi til grannsvæðasamstarfs. Hvað varðar niðurstöður fyrir 2001, byggja þær á skráningu verkefnis þegar fjárveitingin var veitt og á ársskýrslum fyrir starfsárið 2001 frá stofnunum, samstarfsaðilum og styrkjakerfum.

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2003		Fjárlög 2002		Uppgjör 2001	
	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð
Menningarsamstarf	8%	11.851	8%	11.786	7%	10.023
Menntun og rannsóknir	6%	11.643	6%	11.871	5%	9.676
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	0%	-	5%	17	5%	22
Grannsvæðin	100%	85.951	100%	83.695	100%	79.106
Orkumál	60%	3.696	60%	3.681	38%	2.348
Umhverfismál	40%	15.788	30%	11.522	28%	10.402
Byggðamál	10%	2.921	10%	2.912	4%	1.084
Samgöngumál	20%	209	20%	204	9%	88
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	8%	2.973	10%	3.618	10%	3.423
Vinnumarkaður og -umhverfi	5%	648	9%	1.153	5%	605
Félags- og heilbrigðismál	0%	-	0%	-	3%	1.169
Jafnréttismál	6%	506	2%	160	6%	412
Samstarf í vímuefnamálum	35%	501	5%	59	17%	171
Atvinnumál	5%	3.636	5%	3.480	1%	673
Efnahagsmál	15%	245	15%	230	9%	124
Bygginga- og húsnæðismál	10%	87	5%	38	3%	25
Neytendamál	10%	892	10%	846	7%	549
Löggjafarmál	20%	249	20%	204	4%	37
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	8%	8.503	8%	8.394	7%	6.600
Samtals	**19,2%**	**151.171**	**18,3%**	**143.871**	**16,8%**	**126.536**

Aðgerðir á sviði vísinda og rannsókna

Á sviði vísinda og rannsókna einkennist þróun á alþjóðavettvangi af auknum fjárfestingum í rannsóknum, sem ætlað er að tryggja áframhaldandi þróun þekkingarsamfélaga. Því fylgir aukin samkeppni háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á rannsóknum. Þessir aðilar keppa um fjármagn, besta námsfólkið, vísindamenn og annað starfsfólk. Á evrópskum vettvangi er verið að kanna möguleikana á að byggja upp evrópskt rannsóknarsvæði (European Research Area) og Norðurlönd standa andspænis sama úrlausnarefni, þ.e. að þróa möguleika svæðisins á vísindalegri framþróun.

Til að styrkja stöðu norrænna vísindamanna á alþjóðlegum vettvangi þarf norrænt samstarf um rannsóknir og menntun vísindafólks því að beinast út á við. Uppbygging alþjóðlega viðurkenndra miðstöðva fyrir afburða rannsóknir (Centres of Excellence) með þátttöku vísindamanna úr alþjóðlegu rannsóknarumhverfi gæti styrkt samkeppnisstöðu Norðurlanda til framtíðar. Sem tilraun í þessa átt hefur Norræna samstarfsnefndin á sviði náttúruvísinda (NOS-N) í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina hafið tilraunaverkefni um norræn öndvegissetur á tímabilinu 2002–2005.

Norrænu fjárlögin.

Á norrænu fjárlögunum nema fjárframlög til vísinda- og þróunarsamstarfs (FoU) u.þ.b. 200 millj. d.kr. en það er minna en 1% af því heildarfjármagni sem varið er til rannsókna á Norðurlöndum. Áherslur ráðherranefndarinnar stuðla því einkum að því að prófa nýjar hugmyndir og örva sérstaka norræna starfsemi. Hana þarf að samræma svo hún falli að áherslum og forgangsröðun landanna.

Aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði FoU skiptast á þrenns konar starfsemi:
- Samnorrænar rannsóknarstofnanir.
- Sjóði og styrki (Norræna vísindaakademían, NorFA).
- Tímabundnar rannsóknaráætlanir.

Hlutverk Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) er að vera til ráðgjafar og brydda upp á nýjum hugmyndum um rannsóknarsamstarf. Viðmiðunarreglur fyrir starfið koma fram í Norrænu vísindastefnuáætluninni sem samþykkt var árið 1999. Auk þess hefur FPR lagt fram skýrsluna: „Norðurlönd – vettvangur fyrir afburða rannsóknir, 2000“ sem hefur að geyma greiningu á þeim úrlausnarefnum sem vænta má í framtíðinni.

Rannsóknaráætlanir á tímabilinu 2000 – 2007 í þús. d.kr.

Rannsóknaráætlanir	2000	2001	2002	*2003*	2004	2005	2006	2007
Norðurlönd og Evrópa	5.936							
Tengslanet um þjóðhætti	1.067	1.090						
Norðurskautsrannsóknir	6.120	6.255	6.386	***6.132***				
Velferðarrannsóknir	4.476	4.063	4.301	***5.314***	6.500	6500	3000	
Kyn og ofbeldi	3.570	3.649	3.726	***3.808***	3.808			
Tungutækni	3.570	4.875	4.977	***5.086***	5.086			
Faraldsfræði			1.500	***3.066***	3.066	3.066	3.066	3.066
Rannsóknir á sviði öryggismála		1.533	1.565	***1.599***				
Vestnorrænt hafveðurfar		2.555	2.609	***2.666***	2.666	2.666		
Norræn öndvegissetur, tilraunaverkefni			3.063	***3.130***	3.130	3.130		
Ný starfsemi					5.744	14.638	23.934	26.934
Samtals	24.739	24.020	28.127	***30.801***	30.000	30.000	30.000	30.000

Yfirlit yfir rannsóknaráætlanir sem eru komnar til framkvæmda eða eru áformaðar á tímabilinu 2000–2007 í þús. d.kr. á verði hvers tíma fyrir árin 2000–2003 og á verðlagi 2003 fyrir tímabilið 2004–2007. Við gerð skipulagsramma fyrir tímabilið 2004–2007 er gert ráð fyrir að fjárlagarammi Norrænu ráðherranefndarinnar verði óbreyttur á komandi árum.

Samnorrænar rannsóknarstofnanir.

Samnorrænar rannsóknarstofnanir eru stofnanir sem búa yfir einstakri sérfræðiþekkingu á sviðum þar sem Norðurlönd telja samstarf vera hagkvæmt. Af 33 stofnunum ráðherranefndarinnar verja 14 þeirra meira en 50% fjárveitinga til rannsókna og nýsköpunar, og 6 stofnanir verja á milli 10 og 50% fjárveitinga til rannsókna. Sem dæmi um hreinar rannsóknarstofnanir má nefna Norrænu stofnunina um Asíurannsóknir (NIAS), Norrænu sjóréttarstofnunina (NifS) og Norrænu kjarnfræðistofnunina (NORDITA).

Norræna vísindaakademían (NorFA).

Norræna vísindaakademían (NorFA) sér um þróun og skipulagningu samstarfsverkefna og styrkjafyrirkomulags þar sem megináherslan liggur á menntun og hreyfanleika vísindamanna.

Rannsóknaráætlanir.

Samnorrænum rannsóknaráætlunum er hrint í framkvæmd á forgangssviðum þar sem Norðurlöndin búa yfir sérþekkingu og hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Norrænum rannsóknaráætlunum er meðal annars ætlað að stuðla að því að:

- Efla myndun tengslaneta og menntun og hreyfanleika vísindamanna.
- Tryggja skilvirka nýtingu norræns fjármagns.
- Stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu á Norðurlöndum.
- Efla norræna þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar (FoU).

Heildarfjárlög vegna þátttöku í fjármögnun rannsóknaráætlana nema 30,8 millj. d.kr. árið 2003, samanber yfirlit hér að framan.

Markmið með áætlun um norræn öndvegissetur (Centres of Excellence) er að efla rannsóknir og menntun vísindamanna á tilteknum sviðum og stuðla þannig að sýnileika norrænna rannsókna á alþjóðlegum vettvangi. Meginhluti heildarfjármögnunar þessa tilraunaverkefnis sem nemur 10 millj. d.kr. á ári kemur frá NOS-N og árlegt framlag Norrænu ráðherranefndarinnar nemur 3,1 millj. d.kr.

Fjárlagaliðir þar sem sameiginleg upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur

Verulegur hluti fjárveitinga ráðherranefndarinnar fer til upplýsingamiðlunar af ýmsum toga. Þar er um að ræða útgáfu tímarita og skýrslna, málþing og ráðstefnur, fréttamannafundi og rekstur heimasíðu með daglegum fréttum. Markmið þessarar starfsemi er margþætt. Bæði eru þar veittar upplýsingar um verkefni og niðurstöður norrænna samstarfsverkefna og almennar upplýsingar um norrænt samstarf.

Skrifstofa ráðherranefndarinnar og skrifstofa Norðurlandaráðs reka sameiginlega upplýsingadeild. Norræna ráðherranefndin stendur undir 60% af útgjöldum við rekstur deildarinnar og Norðurlandaráð 40%.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þá þætti upplýsingastarfseminnar sem eru sérstakir fjárlagaliðir á fjárlögum fyrir árið 2003. Hér er fyrst og fremst um að ræða starfsemi sem er sameiginleg fyrir ráðherranefndina í heild sinni. Það skal þó tekið fram að veigamikill hluti upplýsingastarfseminnar er fjármagnaður beint af fjárveitingum fagsviðanna og norrænu stofnananna. Fjármagn til upplýsinga er og oft samofið almennri starfsemi og kemur því ekki fram á þessu yfirliti.

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.		Fjárlög 2003	Fjárlög 2002	Mismunur +/-	Mismunur %
3-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti[1]	14.000	12.725	1.000	7,9%
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna[2]	2.943	2.880	0	0,0%
5-1010-1	Upplýsingastarfsemi[3]	3.753	3.672	0	0,0%
5-1020-1	Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda	961	940	0	0,0%
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.800	4.697	0	0,0%
5-1030-1	Halló Norðurlönd[4]	3.641	3.063	0	0,0%
5-8030-1	Útgáfustarfsemi[5]	495	484	0	0,0%
Samtals		**30.593**	**28.461**	**1.000**	**3,5%**

1) Norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum og Pétursborg sjá einnig um verkefnisstjórn fyrir hönd skrifstofunnar í Kaupmannahöfn. Aukning á árinu 2003 er til komin vegna áætlunar um að koma á fót upplýsingamiðstöð í Kaliningrad.
2) Framlag til reksturs Sambands Norrænu félaganna og svæðisbundinna upplýsingamiðstöðva í norrænu löndunum ásamt upplýsingamiðstöðinni í Suður-Slésvík.
3) Þessi fjárlagaliður sýnir hlut Norrænu ráðherranefndarinnar í fjármögnun upplýsingadeildarinnar, en launagjöld ráðherranefndarinnar koma fram á fjárlagalið 5-0180-3, Skrifstofa ráðherranefndarinnar. Í fjárlögum skrifstofunnar fyrir 2002 eru þessi útgjöld áætluð 5,96 millj. d.kr.
4) Halló Norðurlönd er upplýsingaþjónusta þar sem norrænir þegnar geta fengið upplýsingar um lög og reglur og réttindi m.a. í tengslum við búferlaflutninga milli norrænu landanna. Þetta byggir á samningum milli landanna og snertir ýmsa þætti samfélagsins.
5) Útgáfustarfsemin er að meginhluta fjármögnuð af fagsviðunum, sem greiða fyrir þjónustu, ásamt sölu útgefinna skýrslna sem og beinum framlögum frá ráðherranefndinni og Norðurlandaráði. Heildartekjur útgáfudeildarinnar voru árið 2001 6,53 millj. d.kr. (framlag Norðurlandaráðs er þá ekki meðtalið).

924. Fyrirspurn [573. mál]

til heilbrigðisráðherra um fíkniefnameðferð.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Hefur ráðherra ákveðið að fara að tillögum Læknafélags Íslands í bréfi, dags. 24. apríl 2002, um málefni sjúklinga sem nota sterk verkjalyf til vímugjafar þar sem lagt er til að

a. komið verði á fót miðstöð fyrir neytendur ópíata þar sem þeir fái skyld lyf eða önnur lyf til að mæta fíkninni og venjast af henni,
b. miðlæg verkjameðferð verði styrkt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þannig að starfandi læknar eigi auðveldara með að vísa þangað sjúklingum sem þurfa flókna verkjameðferð og þeir treysta sér ekki til að meðhöndla sjálfir,
c. embætti landlæknis verði falið til að fylgjast með útgáfu lyfseðla á eftirritunarskyld lyf og nauðsynlegum tæknilegum útfærslum mætt í þeim tilgangi með endurskoðun á lögum og reglum sé þess þörf?

925. Fyrirspurn [574. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er skilningur ráðherra á ákvæði 2. mgr. 14. gr. laganna að því er varðar ávinnslu orlofsréttinda, þ.m.t. réttar til orlofslauna við orlofstöku, og hver er skoðun ráðherra á framkvæmdinni?
2. Er munur á framkvæmd 2. mgr. 14. gr. laganna eftir því hvort um er að ræða launþega hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði? Sé svo, telur ráðherra það eðlilegt og hvað þarf til að tryggja öllum sambærileg réttindi?
3. Hvernig hefur verið brugðist við þeirri kjaraskerðingu sem reikniregla 13. gr. laganna um greiðslur úr fæðingarorlofssjóði getur haft í för með sér samanborið við eldri lög, annars vegar hvað varðar starfsmenn hins opinbera og hins vegar starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum?
4. Má að öðru leyti finna einhvern mismun á réttindum launþega samkvæmt efni laganna eða framkvæmd þeirra eftir því hvort þeir starfa hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði?
5. Sé um einhvern mismun að ræða samkvæmt framangreindu, hversu mikið fé má þá telja að þurfi til að eyða honum, sundurliðað eftir einstökum aðgerðum sem grípa þarf til, og hyggst ráðherra beita sér fyrir því að svo verði gert?
6. Hversu margir hafa tekið fæðingarorlof frá því að lögin tóku gildi, skipt eftir kynjum og milli opinbera vinnumarkaðarins annars vegar og almenna markaðarins hins vegar?
7. Hversu langt fæðingarorlof hafa feður að meðaltali tekið á grundvelli laganna og er einhver munur á lengd fæðingarorlofs eftir því hvort í hlut eiga feður á almennum vinnumarkaði eða starfsmenn hins opinbera?
8. Hve margir foreldra utan vinnumarkaðar og í námi hafa fengið fæðingarstyrk árlega frá gildistöku laganna?

Skriflegt svar óskast.

926. Fyrirspurn [575. mál]

til heilbrigðisráðherra um átraskanir.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Hefur ráðherra beitt sér fyrir því í samræmi við samþykkta þingsályktun vorið 2002 að sérhæfðri meðferð fyrir átröskunarsjúklinga verði komið á fót?

927. Svar [222. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingvarsdóttur um notkun þunglyndislyfja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er árleg notkun þunglyndislyfja eða geðlyfja hér á landi, sundurliðað eftir kyni og aldri notenda?

Á undanförnum árum hafa tölur um notkun lyfja byggst á upplýsingum um sölu lyfja í heildsölu. Með tilkomu gagnagrunns Tryggingastofnunar ríkisins, TR, er unnt að svara spurningum eins og þeirri sem hér um ræðir og er hann eitt þeirra tækja sem nota má til að fylgjast með þróun lyfjakostnaðar hér á landi.

Eins og staðan er núna nýtist gagnagrunnur TR ekki sem skyldi, því að einungis er unnt að greina afgreiðslu lyfja eftir kyni og aldri, en ekki raunverulegan fjölda einstaklinga því að kennitölur þeirra eru dulkóðaðar tilviljanakennt við hverja afgreiðslu, en ekki eins hverju sinni. Þess vegna er ekki unnt að greina hversu margir einstaklingar eru á hverju aldursbili, heldur einungis hversu oft einstaklingar á viðkomandi aldri hafa fengið afgreidd lyf, því að sami einstaklingur getur fengið afgreiðslu oftar en einu sinni á ári. Lagt verður fram frumvarp til breytinga á lyfjalögum þar sem TR verður heimilað að dulkóða kennitölur einstaklinga eins hverju sinni.

Af eftirfarandi línuriti má sjá notkun geðdeyfðarlyfja, þ.e. fjölda skilgreindra dagsskammta (DDD) á hverja 1.000 íbúa skipt eftir aldri og kyni fyrir árið 2001. Línuritið er þeim annmörkunum háð að það tekur einungis til um 94% lyfjanotkunar í umræddum flokki, en um 6% lyfjanna eru notuð á sjúkrahúsum.

Á línuritinu kemur fram að 0,9% af heildarnotkun þessara lyfja er notuð við ofvirkniröskun í börnum níu ára og yngri. Í Læknablaðinu 2000; 86: 337–342 er greint frá greiningu og meðferðarúrræðum 102 barna sem komu á barna- og unglingageðdeild Landspítalans vegna ofvirknieinkenna frá 1. júní 1998 til 31. maí 1999. Í inngangi greinarinnar segir að greining og meðferð við ofvirkniröskun hafi aukist mjög á undanförnum árum, en lítið sé vitað um meðferðarheföir hér á landi og er í greininni reynt að varpa ljósi á þær og þau úrræði, sem notuð eru hér og erlendis. Í niðurstöðu greinarinnar segir síðan: „Alls greindust 72 börn með ofvirkniröskun. Algengasta fylgiröskunin var mótþróa-þrjóskuröskun bæði í þeim hópi barna sem greindust með ofvirkniröskun og þeim sem fengu aðra fyrstu greiningu. Hjá umtalsverðum hluta hópsins greindust einnig tilfinningaraskanir. Algengast var að lyfjameðferð væri hafin milli fjögurra og átta ára aldurs. Amitryptilin og methylphenidat voru oftast valin sem fyrsta meðferð, en önnur lyf voru mun sjaldnar notuð og hjá 35% barnanna hafði lyfjameðferð ekki verið reynd. Við komu voru 56 börn á lyfjameðferð og 11 þeirra fengu fleiri en eitt lyf. Algengasta sálfélagslega meðferðarúrræðið var að bjóða foreldrum upp á sérstök ráðgjafarviðtöl. Næstalgengast var að meðferðartilboð um þjálfunarnámskeið og fræðslunámskeið."

Þess skal getið að notkun geðdeyfðarlyfja gegn ofvirkni hefur minnkað jafnhliða aukinni notkun örvandi lyfja.

Árið 2001 afgreiddu lyfjaverslanir sem svarar 73,7 af skilgreindum dagskömmtum af geðdeyfðarlyfjum fyrir hverja 1000 íbúa, eða tæplega 94% af skráðri sölu. Tæplega ⅔ hlutar (63,4%) lyfjaávísana voru til kvenna. Línuritið sýnir skiptingu ávísaðra skammta milli kynja í fimm ára aldursbilum.



Konur fengu 74% fleiri dagskammta en karlar í heild, mismunandi eftir aldri. Fleiri ungir drengir en stúlkur fengu geðdeyfðarlyf, en við kynþroskaaldur verða konur í vaxandi meiri hluta fram undir áttrætt er munurinn minnkar aftur. Kyn- og aldursdreifingin er svipuð og í rannsóknum frá 1984, 1989 og 1993 að því frátöldu að ávísanir til barna undir 15 ára aldri voru þá hverfandi (Tómas Helgason, Júlíus K. Björnsson, Haraldur S. Þorsteinsson og Helgi Tómasson: Psychopharmacoepidemiology in Iceland; effects of regulations and new medications. Eur Arch Psychiatry Clin Neusosci 1997; 247: 93–99). Hins vegar hefur ávísað magn aukist meira en fram kom í áliti nefndar sem heilbrigðisráðherra skipaði 1999 til að fjalla um notkun geðdeyfðarlyfja og þunglyndisraskanir (Læknablaðið 1999; 85. árg. Fylgirit 38).

Algengi þunglyndisraskana og þunglyndiseinkenna er tvisvar sinnum meira hjá konum en körlum. Því kemur ekki á óvart að fleiri konum sé ávísað geðdeyfðarlyfjum. Algengi þunglyndis eykst ekki með hækkandi aldri. Hins vegar koma konur og eldra fólk oftar til lækna og kann það að valda nokkru um hve margt fólk yfir sextugt fær geðdeyfðarlyf. Hámark notkunar geðdeyfðarlyfjanna hjá konum er á aldrinum 55–59 ára en hjá körlum 80–84 ára. Samkvæmt erlendum rannsóknum er algengi þunglyndiseinkenna um 10% hjá körlum og 20% hjá konum. Við rannsókn hér á landi á árinu 1984 fundust einkenni sem bentu til þunglyndis- og/eða kvíðaraskana hjá 14% karla og 17% kvenna á aldrinum 20–59 ára. Algengi geðraskana er meira hjá drengjum undir 15 ára aldri en hjá stúlkum.

Geðdeyfðarlyf eru fyrst og fremst notuð við þunglyndisröskunum og -einkennum, en á síðari árum hafa þau verið notuð við öðrum geðkvillum og einkennum í vaxandi mæli, m.a. hjá börnum undir 15 ára aldri. Má þar nefna að ákveðin tegund geðdeyfðarlyfja hefur reynst gagnleg við athyglisbresti og skyldum geðröskunum meðal barna. Skýrir það að einhverju leyti notkunina í yngstu aldurshópunum.

Hér á eftir fylgja einnig línurit sem sýna lyfjanotkun skyldra lyfja eða róandi og kvíðastillandi lyfja (anxiolytica, ATC flokkur N05B) og svefnlyfja og róandi lyfja (hypnotica og sedativa, ATC flokkur B05C). Á línuritunum sést, að notkunin eykst með hækkandi aldri, nær hámarki og fer síðan lækkandi. Notkun róandi og kvíðastillandi lyfja hefst á aldrinum 75–79 ára, en seinna í flokknum svefnlyf og róandi lyf eða við 80–84 ára aldur. Þá nota konur meira af þessum lyfjum en karlar. Þessi lyf eru ekki greidd af almannatryggingum, nema fyrir sjúklinga með sjúkdóm á lokastigi.



Heildarnotkun róandi og kvíðastillandi lyfja síðustu 6 mán. ársins 2001 mæld í skilgreindum dagskömmtum (DDD) eftir kyni og aldri

	Fjöldi DDD			Hlutfall		
Aldursbil	Karlar	Konur	Bæði kyn	Karlar	Konur	Bæði kyn
0-4	551	398	948	58,1%	41,9%	0,1%
5-9	381	336	718	53,1%	46,9%	0,1%
10-14	394	558	952	41,4%	58,6%	0,1%
15-19	589	1.587	2.176	27,1%	72,9%	0,2%
20-24	4.131	5.861	9.992	41,3%	58,7%	1,1%
25-29	7.766	10.165	17.931	43,3%	56,7%	2,0%
30-34	10.788	15.882	26.671	40,4%	59,6%	3,0%
35-39	18.314	28.175	46.489	39,4%	60,6%	5,2%
40-44	32.539	42.114	74.653	43,6%	56,4%	8,3%
45-49	34.622	60.402	95.025	36,4%	63,6%	10,6%
50-54	38.375	71.185	109.560	35,0%	65,0%	12,2%
55-59	46.991	67.653	114.644	41,0%	59,0%	12,8%
60-64	37.487	51.952	89.439	41,9%	58,1%	10,0%
65-69	35.928	57.944	93.872	38,3%	61,7%	10,5%
70-74	34.785	57.402	92.187	37,7%	62,3%	10,3%
75-79	21.893	40.619	62.512	35,0%	65,0%	7,0%
80-84	13.005	26.353	39.358	33,0%	67,0%	4,4%
85 og eldri	5.864	13.735	19.599	29,9%	70,1%	2,2%
Samtals	344.402	552.321	896.724	38,4%	61,6%	100,0%

Kostnaður almannatrygginga og sjúklinga vegna róandi og kvíðastillandi lyfja

Róandi og kvíðastillandi lyf eru skv. reglugerð nr. 948/2000 ekki greidd af almannatryggingum, nema fyrir sjúklinga með sjúkdóm á lokastigi (sjúklingar með Q-kort).



928. Tillaga til þingsályktunar [576. mál]

um vaxtabætur vegna affalla húsbréfa.

Flm.: Páll Magnússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn að skipa starfshóp sem kanni hvort mögulegt sé að við greiðslu vaxtabóta verði heimilt að reikna hærra hlutfall affalla húsbréfa til stofns vaxtabóta en nú er. Starfshópurinn geri og tillögur um að hækka hámark vaxtabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Greinargerð.

Afföll geta myndað stofn til vaxtabóta við kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði og hjá þeim sem byggja íbúðarhúsnæði til eigin nota. Afföll reiknast sem stofn til vaxtabóta með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma bréfsins. Sem dæmi má nefna 40 ára skuldabréf sem gefið er út og selt með afföllum sem nema 500.000 kr. og getur viðkomandi þá fært árlega 1/40 affallanna sem vaxtakostnað, eða 12.500 kr.

Þegar einstaklingur ræðst í íbúðakaup eða byggingu er í flestum tilfellum afar þungbært þegar afföll eru af húsbréfum. Afföll myndast þegar ávöxtunarkrafa markaðarins er hærri en vextir sem skuldabréfin bera. Því lendir það á seljanda bréfanna, í þessu tilviki lántakandanum, að greiða í einu lagi það sem ber á milli. Á meðfylgjandi mynd kemur fram að afföll húsbréfa hafa sveiflast verulega síðastliðin fjögur ár. Náðu þau hámarki um mitt ár 2000 þegar afföll af 40 ára bréfum fóru yfir 15%. Árin 2000–2002 voru afföll um 10% miðað við sölu húsbréfa á Verðbréfaþingi Íslands (Kauphöll). Einstaklingur sem þá tók hámarkshúsbréfalán til nýbyggingar, 9 millj. kr., hafði um 1 millj. kr. minna til ráðstöfunar vegna húsbyggingarinnar en ella. Það gefur augaleið að í langflestum tilfellum bitnar þetta hart á íbúðakaupendum og húsbyggjendum og leiðir oftast til skuldaaukningar heimilanna sem þessum upphæðum nemur. Nú síðustu vikurnar hafa afföll húsbréfa minnkað verulega og eru

nánast horfin. Er það rakið til aðstæðna á mörkuðum og er líklegt að afföll myndist á nýjan leik þegar ávöxtun hlutabréfa hækkar.

Í VI. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, segir að afföll af verðbréfum reiknist hlutfallslega miðað við afborganir af lánstímanum. Með þessari tillögu er lagt til að skoðað verði hvort ekki sé hægt að veita lántakendum heimild til að færa hærra hlutfall af afföllunum sem vaxtakostnað við skattlagningu þess árs sem húsbréf er selt. Þannig komi ríkissjóður til móts við lántakandann. Samkvæmt gildandi lögum getur lántakandi fært afföllin sem vaxtakostnað út lánstímann og fengið afföllin þannig greidd í formi vaxtabóta frá ríkissjóði á allt að 40 árum. Það er hins vegar oft íþyngjandi fyrir lántakandann að bíða í 40 ár eftir að fá þennan kostnað greiddan. Reyndar fæst kostnaðurinn aldrei að fullu greiddur þar sem vaxtabætur falla niður vegna eignarhlutans talsvert fyrr. Því getur talist sanngjarnt að ríkissjóður greiði hærri hlut af afföllunum strax í formi vaxtabóta og mætti skoða hvort ekki væri hægt að bæta afföllin að fullu fimm árum eftir sölu skuldabréfanna. Líklegt er að með þessari aðgerð þurfi að hækka hámarksfjárhæð vaxtabóta, sem nú nemur 258.459 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk, samkvæmt reglugerð nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta. Starfshópnum verði einnig falið að gera tillögur í þeim efnum.



929. Svar [297. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um ferðaþjónustu og stóriðju.

1. *Hver er hlutdeild og hlutur ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar í landsframleiðslu? Með ferðaþjónustu er átt við alla þjónustu sem snýr að erlendum og innlendum ferðamönnum í víðasta skilningi, t.d. flug, akstur og siglingu, gistingu, veitingar, verslun og skemmtanir. Með stóriðju er átt við allt sem þarf til framleiðslu áls og járnblendis, t.d. virkjanir, spennistöðvar, raflínur, verksmiðjur og flutninga.*

Ferðaþjónusta er ekki einstök atvinnugrein í skilningi þjóðhagsreikninga heldur samsett úr mörgum atvinnugreinum sem tengjast ferðaþjónustu. Samkvæmt núgildandi skilgreiningu þjóðhagsreikninganna er ferðaþjónustan samansett þannig að ákveðið hlutfall tekna tiltekinna atvinnugreina telst til ferðaþjónustu. Hlutföllin má sjá í eftirfarandi töflu:

Atvinnugrein	**Hlutfall tekna**
Ferðaskrifstofur	100%
Gististaðir	90%
Flugsamgöngur	80%
Samgöngur á landi	58%
Veitingastaðir	30%
Sala sport- og minjagripa	18%
Menning og afþreying	12%
Blönduð verslun	9%
Samgöngur á sjó	4,5%

Að þessum forsendum gefnum var framlag ferðaþjónustu til vergrar landsframleiðslu 4,0% árið 1996 og 4,5% árið 1999. Ætla má að þetta hlutfall hafi haldið áfram að vaxa og verið um 5% í árslok 2001.

Hafa ber í huga að við þessa útreikninga á framlagi ferðaþjónustu til landsframleiðslu er einungis litið til beinna áhrifa viðkomandi atvinnugreina en horft fram hjá óbeinum áhrifum. Til að mynda er litið fram hjá viðskiptum sem eiga sér stað milli atvinnugreina. Nær ómögulegt er að meta þessi óbeinu áhrif miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja.

Árið 2001 var hlutfall ál- og kísiljárnframleiðslu 1,5% af landsframleiðslu. Er þá litið til hlutfalls vinnsluvirðis af heildarvinnsluvirði allra atvinnugreina.

Óbein áhrif stóriðju á landsframleiðslu eru ekki eins óljós. Vitað er að raforkusala til stóriðju nam um 5 milljörðum kr. árið 2001, en hún er ekki hluti af vinnsluvirði stóriðju.

Framkvæmdir við virkjanir og í tengslum við þær, svo sem lagning raflína, bygging spennistöðva o.fl., teljast óbein áhrif stóriðju, en slíkar framkvæmdir eru mjög sveiflukenndar. Sama gildir um vegaframkvæmdir vegna virkjana á hálendinu.

Við mat á óbeinum áhrifum stóriðju þarf einnig að líta til þess að hluti framkvæmda í tengslum við hana nýtist öðrum aðilum. Einnig verður að hafa í huga að framkvæmdir við virkjanir eru oft og tíðum það stórar í sniðum að þær vega þungt í landsframleiðslunni meðan á þeim stendur og því skiptir miklu hvaða viðmiðunartímabil er tekið.

2. *Hverjar eru útflutningstekjur af ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?*

Árið 2001 nam útflutningsverðmæti afurða orkufreks iðnaðar rúmum 44,4 milljörðum kr. Gjaldeyristekjur af ferðamönnum voru 37,7 milljarðar kr. það sama ár.

3. *Hver er afkoma fyrirtækja í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar í milljörðum króna og sem hlutfall af fjárfestingu?*

Árið 2000 var hlutfall hagnaðar af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum var sem hér segir:

Stóriðja	8,8%
Hótel og veitingarekstur	-3,5%
Flugsamgöngur	-3,6%
Flutningar, ferðaskrifstofur o.fl.	-2,2%

Ekki fást tölur yfir fjárfestingu í mikilvægum greinum ferðaþjónustunnar þannig að slíkur samanburður er ómögulegur.

Vert er að taka fram að bæði í ferðaþjónustu og stóriðju eru miklar sveiflur í tekjum og gjöldum milli ára og því verður að taka þessum tölum með varúð.

4. *Hvað eru mörg ársverk í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?*

Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjum í stóriðju voru ársverk þar á árinu 2001 um 920. Árið 1999 voru ársverk í ferðaþjónustu áætluð 5.400 en nýrri upplýsingar liggja ekki fyrir.

5. *Hver eru mánaðarlaun starfsmanna í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar að meðaltali?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um mánaðarlaun starfsmanna í ferðaþjónustu en mikill munur er á hæstu og lægstu launum þeirra sem starfa í þeim greinum sem hér um ræðir.

Meðallaun í stóriðju eru á bilinu 270.000 kr. til 305.000 kr. á mánuði.

6. *Hversu miklar árstíðasveiflur eru í rekstri ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?*

Árstíðasveiflur í ferðaþjónustu eru miklar, ekki síst í komum erlendra ferðamanna og nýtingu á gistirými. Ef litið er til nýtingar herbergja fyrir allt landið árið 2001 var hún 32,5% á tímabilinu frá janúar til apríl, 60% frá maí til ágúst og 34,3% frá september til desember. Sé litið til fjölda erlendra ferðamanna sem fóru um Keflavíkurflugvöll voru þeir að meðaltali 70.388 á mánuði frá júní til ágúst árið 2001 en að meðaltali 24.807 á mánuði í desember, janúar og febrúar það sama ár.

Árstíðasveiflur í stóriðju eru hverfandi. Verðið fer nokkuð eftir framboði á heimsmarkaði og eru litlar árstíðasveiflur í því.

7. *Hvaða mengun og umhverfisröskun valda ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar beint og óbeint? Spurt er um efnamengun (útblástur verksmiðja, bíla og flugvéla, skolp og sorp), umhverfisröskun (vegagerð, uppistöðulón, mannvirki, átroðslu), sjónmengun (verksmiðjur, hótel, bifreiðar, mannfjölda) og hávaðamengun (flugvélar, bíla).*

Alcan.

Árið 2001 var útblástur koltvísýrings frá fyrirtækinu 284.723 tonn, brennisteinsdíoxíðs 2.490 tonn og ryks 177 tonn.

Sama ár var fastur úrgangur, álgjall, brotamálmur og skautleifar samanlagt tæp 19.000 tonn og var það allt endurunnið. Kerbrot námu rúmum 7.000 tonnum og voru þau urðuð við sjóinn. Í urðuninni er skeljasandi blandað saman við úrgangsefnin og að lokum er tyrft yfir gryfjurnar. Rannsóknir hafa ekki sýnt skaðleg áhrif þessa á lífríkið. Hávaðamengun verður helst við löndun og í þurrhreinsistöðvum. Mælingar sýna að hávaði við lóðamörk eru innan viðmiðunarmarka (70 dB) eða frá 52 dB til 66 dB.

Flúormagn í umhverfi verksmiðjunnar er undir viðmiðunarmörkum.

Frárennslisvatn er hreinsað áður en það er leitt í sjó. Styrkur olíu í frárennsli árið 2000 var undir viðmiðunarmörkum, sem eru 15 mg/l.

Norðurál.

Árið 2001 var útblástur koltvíoxíðs 130.500 tonn, flúorkolefnis 39.600 tonn og brennisteinsdíoxíðs um 756.000 tonn. Ryk var um 75.600 tonn. Fastur úrgangur við framleiðsluna er aðallega kerbrot, eða 1.800 tonn á ári, og er þeim fargað á urðunarstað á Grundartanga. Allur annar úrgangur er endurunninn.

Járnblendið.

Árið 2001 var útblástur koltvísýrings frá verksmiðjunni um 390.000 tonn. Útblástur af brennisteinstvísýringi var 1.950 tonn það sama ár. Annar úrgangur var aðallega 440 tonn af hráefnaafgöngum og uppsóp af gólfum, 420 tonn af steypubrotum, ónýtum fóðringum o.fl. og 1.470 tonn af forskiljuryki. Vatn notað til kælingar á útsteyptum málmi (fer út sem vatnsgufa) er áætlað 15–20.000 tonn á ári.

Fyrirtækið endurvinnur málmleifar eða selur þær úr landi. Steypujárnsskálar eru seldar úr landi til endurbræðslu. Brotamálmur sem til fellur á verksmiðjusvæðinu fer til endurvinnslu. Annað sorp er flutt á sorpmóttökustað á Akranesi, t.d. steypujárnsskálar, sori (slagg) og málmleif sem fellur til við framleiðsluna. Íslenska járnblendifélagið notaði árið 2001 rúm 10.000 tonn af timburkurli frá Sorpu en það er unnið úr úrgangstimbri sem berst til þess fyrirtækis.

Hávaðamengun verður aðallega við uppskipun og framleiðsluna sjálfa en veldur ekki teljandi óþægindum utan verksmiðjusvæðisins.

Annars konar umhverfisröskun og mengun tengd stóriðjunni eru vegaframkvæmdir, háspennulínur og virkjanaframkvæmdir, sem að stórum hluta tengjast starfseminni. Slíkum hlutum eru gerð skil í mati á umhverfisáhrifum vegna nýrra virkjana. Ekki hefur verið gerð úttekt á umhverfisröskun eldri mannvirkja.

Ekki hafa farið fram rannsóknir á þeirri mengun og umhverfisröskun sem ferðaþjónusta kann að valda hér á landi. Þó má nefna skýrsluna *Þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Skaftafelli* sem Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Ferðamálaráð Íslands gáfu út. Þar kemur fram að þrátt fyrir að þjóðgarðurinn geti tekið á móti þeim fjölda ferðamanna sem sækir hann ár hvert megi sjá merki um slæm áhrif af völdum ferðamennsku, t.d. að gróður hafi orðið fyrir hnjaski vegna átroðslu.

8. *Hvaða opinberu styrkja nýtur ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar? Átt er við beina og óbeina styrki ríkis og sveitarfélaga, t.d. bein framlög, stofnstyrki, niðurgreiðslur á aðföngum, niðurgreiðslu vaxta, ábyrgðir og skattalækkanir, enn fremur sértækar framkvæmdir í vegagerð, hafnargerð og flugi.*

Stuðningur við ferðaþjónustu getur verið ýmiss konar svo sem niðurfelling gjalda, umbreyting á skuldum í hlutafé, ábyrgð á lán og veiting aðstöðu. Einnig flækir það myndina nokkuð að fé sem veitt er til markaðs- og kynningarmála er ekki beinn styrkur til ferðamála heldur einnig til uppbyggingar annarra atvinnugreina.

Þess má geta að bílaleigur hafa notið lægri vörugjalda af bifreiðum. Sama gildir um hópferðabifreiðar og ýmsar aðrar bifreiðar sem notaðar eru í atvinnuskyni. Einnig geta kaupendur hópferðabifreiða sem taka meira en 18 manns fengið endurgreidda ⅔ hluta virðisaukaskatts.

Árið 2001 nam endurgreiðsla ⅔ hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu á hópferðabifreiðum ríflega 31 millj. kr. Sama ár nam endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna sölu hópferðabifreiða úr landi 3,3 millj. kr.

Árið 2001 voru felld niður vörugjöld af hópferðabifreiðum fyrir rúmar 4,6 millj. kr. og fyrir rúmar 14,6 millj. kr. á fyrstu 11 mánuðum ársins 2002, að meðtöldum virðisaukaskatti sem hefði verið lagður á vörugjöldin.

Erfitt er að meta beina og óbeina styrki ríkis og sveitarfélaga til ferðaþjónustu þar sem slík framlög nýtast í flestum tilvikum fleiri atvinnugreinum. Sem dæmi má þó nefna að í nýsamþykktum fjárlögum fyrir árið 2003 er m.a. gert ráð fyrir eftirtöldum útgjöldum til málaflokka sem tengjast ferðaþjónustu:

Menntamálaráðuneyti: Framlag til safna af ýmsu tagi, 230 millj. kr.

Samgönguráðuneyti: Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda 1,0 millj. kr., gestastofur, söfn og markaðsstarf 14,0 millj. kr., markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu 300 millj. kr., söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu, 7,5 millj. kr. og markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku 66,5 millj. kr. Heildarútgjöld Ferðamálaráðs eru áætlaðar 244,5 millj. kr., sértekjur ráðsins eru áætlaðar 3,2 millj. kr. þannig að áætlað er að greiða 241,3 millj. kr. úr ríkissjóði til málaflokksins.

Nánast ómögulegt er að leggja mat á stuðning einstakra sveitarfélaga við ferðaþjónustu. Þó má nefna að Hafnarfjarðarbær hefur gert þjónustusamning um ferðamál sem nemur 13,5 millj. kr. á árinu 2002. Reykjavíkurborg rekur upplýsingamiðstöð ferðamála, sem og Akureyrarbær. Reykjavíkurborg varði árið 2001 rúmum 37 millj. kr. til ýmissa liða sem tengjast ferðaþjónustu. Þar af fóru 15 millj. kr. til Ferðamálaráðs, rúmar 7 millj. kr. til Upplýsingamiðstöðvar ferðamála og tæpar 4 millj. kr. til Ráðstefnuskrifstofu Íslands. Kaupstaðir við Eyjafjörð verja samanlagt um 25 millj. kr. til ferðamála. Fleiri sveitarfélög hafa ráðið ferðamálafulltrúa.

Ef litið er til stóriðju er gert ráð fyrir að iðnaðarráðuneytið verji 14,4 millj. kr. til iðnaðarrannsókna og stóriðju á árinu 2003. Þá hafa fyrirtæki í stóriðju gert samninga um sérstaka skattlagningu en erfitt er að fullyrða um hvort í þeim felast sérstakar ívilnanir eða álögur.

9. *Bera ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar sérstaka skatta og aðrar opinberar álögur? Ef svo er, hverjar og hve miklar?*

Ekki er vitað til þess að ferðaþjónusta og stóriðja beri sérstakar álögur.

10. *Er talið að stóriðja hafi áhrif á ferðaþjónustu og öfugt?*

Í greinargerð sem Rögnvaldur Guðmundsson vann fyrir Orkustofnun sumarið 2000, *Ferðamenn á hálendi Íslands*, er birt niðurstaða spurningakönnunar um viðhorf ferðamanna til mannvirkja á hálendinu. Nokkur áherslumunur var á viðhorfum Íslendinga og útlendinga en almennt má segja að mest andstaða hafi verið við virkjanir, þvínæst slitlagða vegi, háspennu- og símalínur o.s.frv. Um 66% íslenskra svarenda töldu að virkjanir og ferðaþjónusta ættu ekki saman en 81% útlendinga voru þessarar skoðunar.

Einnig má nefna að vegaframkvæmdir vegna virkjana hafa auðveldað aðgengi ferðamanna að hálendinu.

Þá skrifaði Anna Dóra Sæþórsdóttir skýrslu, að frumkvæði samstarfsnefndar iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO), um áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku.

Viðamikil norsk rannsókn á áhrifum vatnsaflsvirkjunar á ferðamennsku í Aurlandsdal í suðurhluta Noregs leiddi í ljós að ferðamennska á svæðinu breyttist nokkuð eftir framkvæmdir. (J.Teigland 1994. *Konsekvenser av naturinngrep for fritidsbruken av natur, metoder og resultater fra undersøkelser i Aurlandsdalen.* Telemarksforskning, Rapport nr. 3-94. Teigland, 1994). Framkvæmdirnar leiddu til þess að fyrir suma ferðamenn missti svæð-

ið aðdráttarafl sitt en fyrir aðra leiddu vegaframkvæmdir og aukin þjónusta til þess að fleiri gátu nýtt sér svæðið en áður. Í reynd jókst fjöldi ferðamanna mjög á svæðinu.

Óhætt er að segja að virkjunarframkvæmdir tengdar stóriðju hafi áhrif á ferðamenn sem eru í leit að ósnortinni náttúru. Hins vegar er erfitt að fullyrða nokkuð um heildaráhrif þar sem aðgengi og þjónusta á svæðinu batnar vanalega í kjölfar slíkra framkvæmda.

Hér á landi hefur ekki verið rannsakað sérstaklega hvort ferðaþjónusta hafi áhrif á stóriðju.

930. Svar [278. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

Ráðuneytið leitaði til Fjársýslu ríkisins svör við fyrirspurn þessari.

Árið 1991 voru samtals 831,4 stöðugildi á vegum félagsmálaráðuneytis á öllu landinu, þar af samtals 476,7 á landsbyggðinni, þ.e. í sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar. Árið 2000 nam fjöldi stöðugilda á landinu öllu samtals 1.480,0 þar af 819,1 á landsbyggðinni.

	1991	2000	Mismunur
Höfuðborg	354,7	661,0	306,2
Landsbyggð	476,7	819,1	342,3
Samtals	**831,4**	**1.480,0**	**648,6**

Ítarlegar er gerð grein fyrir þróun stöðugilda á vegum ráðuneytisins í fylgiskjali I.

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*
3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Tvær nýjar stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni, þ.e. Jafnréttisstofa á Akureyri og Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum í Ísafjarðarbæ.

Nýjar stofnanir vistaðar á landsbyggðinni.

Stofnun	Staður	1991–99	2000	2001	2002
Jafnréttisstofa,	Akureyrarkaupstaður		4,0	5,0	5,5
Fjölmenningarsetrið á Vestfjörðum	Ísafjarðarbær		1,0	1,0	2,0
Samtals		**0,0**	**5,0**	**6,0**	**7,5**

Nánar er gerð grein fyrir starfsemi þessara stofnana í fylgiskjali II.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*

5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Ýmis störf hafa skapast á landsbyggðinni á vegum ráðuneytisins, ýmist við flutning starfsemi frá höfuðborgarsvæðinu eða beinlínis með uppsetningu nýrra starfsstöðva starfandi stofnana, eins og fram kemur í töflunni.

Störf sem skapast hafa á landsbyggðinni, ýmist með flutningi frá höfuðborg eða með uppsetningu nýrra starfsstöðva.

Starfsemi	Flutt til	Ný störf eða flutningur starfa á síðustu árum eða væntanleg. Stöðugildi	Samtals starfandi á landsbyggðinni. Stöðugildi	Viðbætur og athugasemdir
Íbúðalánasjóður	Sveitarfélagið Skagafjörður	11	11	13 starfsmenn í 11 stöðugildum. Enn fremur frekari aukning atvinnutækifæra.
Vinnueftirlitið	Í öllum umdæmum		21	Starfsemi á sviði endurnýjunar vinnuvélaréttinda o.fl. hefur nýlega verið flutt frá aðalskrifstofu til umdæmisskrifstofa.
Ný sambýli fatlaðra	Í öllum umdæmum	128	417,3	
Barnaverndarstofa	Sjá greinargerð	40	60	
Svæðisvinnumiðlanir	Í öllum landshlutum	6	19	
Móttaka flóttamanna	Sjá greinargerð	14 ársverk		Með hverjum samningi sem gerður hefur verið við viðkomandi sveitarfélag um móttöku flóttamanna má gera ráð fyrir að skapast hafi störf sem nemur tveimur ársverkum, eða samtals 14 ársverk.
Samningar við ýmsa	Sjá greinargerð	6 ársverk		
Samtals		**185**	**528,3**	

Samtals hafa skapast 185 störf á landsbyggðinni á vegum ráðuneytisins á undanförnum árum við flutning starfa eða með uppsetningu nýrra starfsstöðva.

Á það skal bent að hjá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra utan höfuborgarsvæðisins fjölgaði stöðugildum, þar af voru um 128 vegna nýrra sambýla og annarra úrræða fyrir fatlaða árin 1991–2000.

Í fylgiskjali III er ítarlegar gerð grein fyrir fjölgun starfa á landsbyggðinni fyrir hvern starfsemisþátt fyrir sig.

Fylgiskjal I.

Stofnun	Heiti stofnunar	Núverandi heiti sveitarfélags		1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Höfuðborg / Reykjavíkurborg:														
07101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	Reykjavíkurborg		18,7	18,8	19,5	20,0	21,3	20,0	20,9	21,6	23,7	24,9	23,9
07302	Ríkissáttasemjari			3,7	4,1	3,7	3,7	3,9	3,6	3,0	3,6	3,6	3,7	4,3
07311	Jafnréttisráð			3,9	5,1	6,4	5,6	5,4	5,6	5,8	6,2	6,0	6,3	6,6
07321	Brunamálastofnun ríkisins			8,6	9,2	9,5	9,3	9,8	9,7	10,0	10,6			
07331	Vinnueftirlit ríkisins		1)	30,6	31,6	32,0	35,7	37,2	37,3	37,7	38,6	40,2	40,6	43,2
07400	Barnaverndarstofa			0,0	0,0	0,0	57,0	59,4	52,9	36,8	36,0	37,6	41,5	31,9
07700	Málefni fatlaðra			0,7	4,5	10,2	13,0	16,9	18,8	21,8	18,0	15,4	28,4	28,6
07701	Málefni fatlaðra Reykjavík			81,7	100,4	120,4	131,7	149,8	153,5	175,0	192,8	211,2	236,6	255,8
07711	Styrktarfélag vangefinna			123,6	127,3	124,5	124,5	125,3	130,7	130,9	132,8	136,1	134,3	136,7
07795	Framkvæmdasjóður fatlaðra			0,2	0,3		0,7	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
07980	Vinnumálastofnun						2,9	10,3	16,9	19,9	21,1	18,4	23,4	50,4
07981	Félagsmálaráðuneyti, vinnumál			0,2	0,4				0,5	0,3	1,2	1,0	0,2	
07999	Félagsmálaráðuneyti, ýmis starfsemi			0,6		0,1	0,1			2,4	3,9	6,1	6,6	6,4
27271	Húsnæðisstofnun ríkisins			62,3	68,7	62,6	63,1	53,8	57,3	59,5	57,0	52,1		
47201	Íbúðalánasjóður												64,0	52,2
	Starfsemi í málefnum fatlaðra, ótalin annars staðar			20,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0
	Höfuðborg samtals			*354,7*	*390,3*	*408,9*	*487,3*	*514,1*	*527,7*	*544,9*	*564,2*	*572,3*	*631,4*	*661,0*
Landsbyggð / Sveitarfélög utan Reykjavíkurborgar:														
07702	Málefni fatlaðra Reykjanesi	Kópavogsbær		35,1	36,1	41,4	47,5	39,9	45,7	49,7	43,5	43,7	48,2	70,2
07750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			31,9	31,1	30,7	29,4	29,8	29,4	29,8	29,0	31,3	30,9	30,2
	Starfsemi í málefnum fatlaðra, ótalin annars staðar													2,5
	Kópavogsbær samtals			*67,0*	*67,2*	*72,1*	*76,8*	*69,7*	*75,1*	*79,5*	*72,5*	*75,0*	*79,0*	*102,9*
07702	Málefni fatlaðra Reykjanesi	Seltjarnarneskaupstaður		0,0	0,0	0,0	0,0	1,3	5,7	5,2	5,1	5,4	4,6	3,5
07702	Málefni fatlaðra Reykjanesi	Garðabær		5,1	4,5	4,7	4,3	4,5	4,8	10,9	25,2	29,4	29,2	32,1
07702	Málefni fatlaðra Reykjanesi	Hafnarfjarðarkaupstaður		19,7	20,5	19,7	21,1	36,9	40,2	41,6	42,1	48,9	57,4	48,9
07719	Tjaldanesheimilið Mosfellsbæ			0,0	0,0	0,0	0,0	24,0	23,6	21,1	27,0	31,2	33,0	32,1
07720	Skálatúnsheimilið Mosfellsbæ			64,1	63,3	65,6	65,6	64,0	65,5	65,1	61,9	61,6	60,0	56,8
	Mosfellsbær samtals			*64,1*	*63,3*	*65,6*	*65,6*	*87,9*	*89,1*	*86,2*	*88,9*	*92,8*	*93,0*	*88,9*

Stofn-un	Heiti stofnunar	Núverandi heiti sveitarfélags		1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
07702	Málefni fatlaðra Reykjanesi	Reykjanesbær		7,5	13,5	13,5	17,3	19,6	18,5	18,1	20,4	19,7	19,2	21,7
07702	Málefni fatlaðra Reykjanesi	Sandgerðisbær		0,0	0,0	0,0	0,0	5,3	4,7	3,9	3,8	5,6	6,0	7,6
07703	Málefni fatlaðra Vesturlandi	Akraneskaupstaður		17,0	19,0	18,9	18,2	19,2	20,9	12,5	12,3	14,0	2,4	1,7
07703	Málefni fatlaðra Vesturlandi	Snæfellsbær		0,5	0,5	0,4	0,6							
07703	Málefni fatlaðra Vesturlandi	Borgarbyggð		3,3	3,1	7,6	10,6	12,1	13,1	23,0	24,5	26,9	40,9	48,8
07703	Málefni fatlaðra Vesturlandi	Stykkishólmsbær		0,0	0,0	0,0	0,0	0,9	0,9	0,9	0,9	0,9	1,0	1,2
07704	Málefni fatlaðra Vestfjörðum	Ísafjarðarbær		21,1	21,2	21,3	22,6	25,2	24,7	25,3	24,0	23,8	28,8	32,7
07704	Málefni fatlaðra Vestfjörðum	Reykhólahreppur					0,1	0,2	0,4					
07704	Málefni fatlaðra Vestfjörðum	Vesturbyggð					0,3	0,6	0,6					
07704	Málefni fatlaðra Vestfjörðum	Hólmavíkurhreppur		0,0	0,0	0,0	0,4	0,3	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
07705	Málefni fatlaðra Norðurlandi vestra	Siglufjarðarkaupstaður	2)	6,8	7,6	9,0	9,9	14,4	16,8	19,6	21,5	21,3	21,5	21,5
07400	Barnaverndarstofa	Sveitarfélagið Skagafjörður											1,6	10,1
07400	Málefni barna og ungmenna		2)						4,0	10,0	11,8	12,5	12,5	12,5
07705	Málefni fatlaðra Norðurlandi vestra		2)	8,6	7,7	9,1	13,0	13,2	19,3	18,0	17,1	17,0	17,1	17,1
47201	Íbúðalánasjóður												6,8	9,1
Sveitarfélagið Skagafjörður samtals				*8,6*	*7,7*	*9,1*	*13,0*	*13,2*	*23,3*	*28,0*	*28,9*	*29,5*	*38,0*	*48,7*
07705	Málefni fatlaðra Norðurlandi vestra	Húnaþing vestra	2)	1,0	5,5	5,5	5,4	6,3	6,4	7,6	7,0	10,5	10,5	10,5
07705	Málefni fatlaðra Norðurlandi vestra	Blönduósbær	2)	0,0	0,3	0,9	0,9	3,0	10,4	11,3	8,2	8,0	8,0	8,0
07705	Málefni fatlaðra Norðurlandi vestra	Akrahreppur		0,5	0,7	0,5	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
07706	Málefni fatlaðra Norðurlandi eystra	Akureyrarkaupstaður	2)	115,3	117,0	127,0	129,4	138,4	131,3	131,3	131,3	131,3	131,3	131,3
07706	Málefni fatlaðra Norðurlandi eystra	Húsavíkurbær	2)	0,0	0,0	3,1	3,1	3,3	7,6	7,6	7,6	7,6	7,6	7,6
07706	Málefni fatlaðra Norðurlandi eystra	Eyjafjarðarsveit		2,6	2,6	1,4	1,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
07707	Málefni fatlaðra Austurlandi	Austur-Hérað	2)	34,4	34,1	35,5	37,2	38,6	38,3	39,0	39,0	39,0	39,0	39,0
07708	Málefni fatlaðra Suðurlandi	Vestmannaeyjabær	2)	4,7	7,6	8,8	8,7	8,6	9,2	8,7	9,0	9,0	9,0	9,0
07708	Málefni fatlaðra Suðurlandi	Sveitarfélagið Árborg	2)	28,5	31,0	32,7	34,6	41,9	44,1	45,4	45,4	45,4	45,4	50,9
07722	Sólheimar, Grímsnesi	Grímsnes- og Grafningshreppur	3)	37,5	38,1	38,0	38,0	38,0	38,0	38,0	38,0	38,0	38,0	38,0
07708	Málefni fatlaðra Suðurlandi	Sveitarfélagið Ölfus		7,5	7,7	7,6	7,3	5,8	5,6	5,2	5,2	5,3	5,3	0,0
Umdæmisskrifstofur Vinnueftirlits ríkisins				15,1	15,6	15,7	17,6	18,3	18,4	18,6	19,0	19,8	20,0	20,3
Svæðisvinnumiðlanir Vinnumálastofnunar												18,5	21,0	25,5

Stofnun	Heiti stofnunar	Núverandi heiti sveitarfélags	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Starfsemi í málefnum fatlaðra, ótalin annars staðar:													
	Skeiða- og Gnúpverjahreppur		9,0	9,0	9,0	9,0	9,0	9,0	9,0	9,0	9,0	9,0	9,0
	Sveitarfélagið Hornafjörður											5,0	5,0
	Mýrdalshreppur											5,0	5,0
Samtals			*9,0*	*9,0*	*9,0*	*9,0*	*9,0*	*9,0*	*9,0*	*9,0*	*9,0*	*19,0*	*19,0*
Landsbyggð samtals			*476,7*	*497,2*	*527,5*	*554,1*	*622,4*	*657,4*	*676,4*	*688,7*	*734,5*	*775,2*	*819,1*
Höfuðborg og landsbyggð samtals			**831,4**	**887,5**	**936,4**	**1.041,3**	**1.136,5**	**1.185,2**	**1.221,3**	**1.252,8**	**1.306,8**	**1.406,6**	**1.480,0**

1) Stöðugildi Vinnueftirlits ríkisins á landsbyggðinni voru 19,8 árið 1999 og 20,25 árið 2000 eins og fram kemur í töflunni. Upplýsingar um stöðugildi á landsbyggðinni fyrir 1999 liggja ekki fyrir með skýrum hætti og er sá fjöldi áætlaður í töflunni.

2) Með samningi milli ráðuneytisins og tiltekinna sveitarfélaga eða samlaga þeirra hefur starfsemi á sviði málefna fatlaðra flust frá ríki til viðkomandi sveitarfélaga. Til að skekkja ekki samanburð milli ára er gert ráð fyrir sama stöðugildafjölda á vegum sveitarfélaganna vegna verkefnisins og hafði verið hjá ríkinu fyrir flutning þess.

3) Árið 1991 fluttust starfsmenn Sólheima í Grímsnesi frá ráðuneytinu til samnefndrar sjálfseignarstofnunar.

Fylgiskjal II.

Félagsmálaráðuneyti.

Greinargerð um nýjar stofnanir vistaðar á landsbyggðinni 1991–2000.

1. Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum.

Hinn 9. maí 2000 samþykkti Alþingi þingsályktun um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum. Með samþykkt hennar fól Alþingi félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Miðstöðinni er ætlað að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnum að því að efla þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.

Fjölmenningarsetrið tók til starfa árið 2001.

2. Jafnréttisstofa á Akureyri.

Með gildistöku nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, féll niður umboð þáverandi Jafnréttisráðs og skrifstofa þess, Skrifstofa jafnréttismála, var lögð niður. Frá og með sama tíma var skapaður lagagrunnur fyrir nýja stofnun, Jafnréttisstofu, sem ætlað var að annast margvísleg verkefni á sviði jafnréttismála en hlutverk hennar er á ýmsum sviðum víðtækara en hinnar eldri skrifstofu.

Samkvæmt ákvæðum 2. gr. framangreindra laga er það í ákvarðanavaldi félagsmálaráðherra að ákveða staðsetningu Jafnréttisstofu. Í samræmi við ákvæði laganna tók hann ákvörðun um að Jafnréttisstofa yrði á Akureyri. Stofnunin tók til starfa 1. september 2000 en formleg opnun hennar fór fram 15. september sama ár.

Á Jafnréttisstofu störfuðu árið 2001 samtals fimm starfsmenn. Fulltrúi, framkvæmdastýra, tveir sérfræðingar í föstu starfi og einn með tímabundna verkefnatengda ráðningu. Árið 2002 bættist við lögfræðingur í 50% starfi. Samtals er því hér um að ræða 5,5 stöðugildi.

3. Varasjóður húsnæðismála.

Með lögum nr. 86/2002, um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum, var lagður grunnur að starfrækslu nýs sjóðs, varasjóðs húsnæðismála. Hinum nýja sjóði er ætlað að veita framlög til sveitarfélaga og félaga á þess vegum vegna félagslegra íbúða, sbr. nánari ákvæði þar að lútandi, og tekur hann jafnframt við öllum réttindum og skyldum varasjóðs viðbótarlána sem lagður verður niður samhliða.

Setning fyrrgreindra laga um varasjóð húsnæðismála og reglugerðar hans, nr. 656/2002, byggist á samkomulagi félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. apríl 2002.

Varasjóður húsnæðismála tók formlega til starfa 1. ágúst 2002 og lagðist starfsemi varasjóðs viðbótarlána því niður frá og með sama tíma.

Ákveðið var að starfsemi varasjóðsins flyttist til Sauðárkróks frá og með 1. nóvember 2002 og hefur Sigurður Árnason, stjórnmálafræðingur, verið ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins frá og með þeim tíma. Flutningur varasjóðsins til Sauðárkróks fellur vel að stefnu Alþingis í byggðamálum en með honum skapast nýtt starf á landsbyggðinni.

4. Samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis og Byggðastofnunar um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa.

Þriggja ára tilraunaverkefni um jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra var hrint af stað af hálfu ráðuneytisins þann 26. mars 1998. Meginverkefni ráðgjafans var að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Enn fremur átti hann að vinna í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur í kjördæminu.

Með samningi milli ráðuneytisins og Byggðastofnunar hefur verið tekin ákvörðun um að færa verkefnið út og framlengja það. Um er að ræða samstarfsverkefni um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa á landsbyggðinni. Samstarfið stendur til ársins 2005 og munu ráðgjafarnir verða á Blönduósi, í Norðausturkjördæmi og í Suðurkjördæmi. Verður byggt á starfi jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra og mun því nýtast öðrum héruðum landsins til sóknar fyrir konur í dreifbýli á vinnumarkaðinn. Verkefnið er sérstaklega brýnt því að talið er að staða kvenna á vinnumarkaði hafi versnað hlutfallslega miðað við karla á landsbyggðinni.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir:

- framhaldi á núverandi starfi jafnréttisráðgjafa á Blönduósi, sem verður atvinnu- og jafnréttisráðgjafi hins nýja Norðvesturkjördæmis til 31. júlí 2003,
- að frá og með 1. ágúst 2002 til ársloka 2004 verði ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Norðausturkjördæmi,
- að frá og með 1. ágúst 2003 til ársloka 2005 verði ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Suðurkjördæmi.

Fylgiskjal III.

Félagsmálaráðuneyti.

Greinargerð
um flutning starfa frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000.

1. Umsýsla Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki.

Innheimtuþjónusta og varsla skuldabréfa.

Árið 1998 hófst undirbúningur að flutningi hluta af starfsemi Íbúðalánasjóðs til Sauðárkróks. Hér er um að ræða starfsemi á sviði innheimtu, vörslu skuldabréfa og almennrar ráðgjafar til viðskiptavina stofnunarinnar varðandi stöðu lána og innheimtu.

Hinn 1. janúar 1999 hófst starfsemin á Sauðárkróki með formlegum hætti. Upphaflega voru starfsmenn skrifstofunnar sjö talsins í sex stöðugildum en síðan þá hefur þjónustan verið bætt, sér í lagi á sviði ráðgjafar til viðskiptavina, svo að starfsmennirnir eru orðnir 13 talsins í u.þ.b. 11 stöðugildum.

Greiðslumiðlun og uppsetning og þjónusta upplýsingakerfis.

Fyrir hönd Íbúðalánasjóðs bauð Ríkiskaup árið 1999 út þjónustu á sviði greiðslumiðlunar, ásamt þróun, uppsetningu og þjónustu nýs innheimtu-, skuldabréfa- og bókhaldskerfis. Í kjölfar þess útboðs var gerður samningur við Fjárvaka, fyrirtæki á Sauðárkróki, sem gerði tilboð í þjónustuna í samstarfi við Element á Sauðárkróki, Sparisjóð Norðlendinga, Sparisjóð Hólahrepps og Opin kerfi. Samningurinn tók gildi 15. mars 2000.

Útboðslýsingin kvað á engan hátt á um starfsemi tilboðsgjafa á landsbyggðinni enda mikilvægt að fyrirtæki byðu fram sínar ódýrustu lausnir á þjónustunni í samræmi við kröfur um umfang og gæði hennar. Ljóst er þó að með tilkomu samningsins við Fjárvaka hafa ný atvinnutækifæri skapast, sér í lagi í Skagafirði enda eru þrír af þeim fimm aðilum sem stóðu að tilboðinu í Skagafirði en hinir tveir á Akureyri og í Reykjavík.

2. Vinnueftirlit ríkisins.

Í gegnum tíðina hefur það verið stefna Vinnueftirlits ríkisins að starfsemi þess fari fram eins nálægt vettvangi og kostur er. Í samræmi við þá stefnu hefur starfsstöðvum verið komið upp í öllum landshlutum. Enn fremur hefur undanfarið verið unnið að undirbúningi að flutningi verkefna til þessara starfsstöðva sem í nokkrum tilfellum hefur nú þegar skilað árangri.

Nýlega var starfsemi á sviði endurnýjunar vinnuvélaréttinda og skráning tilkynntra vinnuslysa flutt frá aðalskrifstofunni til umdæmisskrifstofanna.

Hjá Vinnueftirliti ríkisins hefur verið til skoðunar að koma upp nýrri deild sem rekin yrði í tengslum við eina af umdæmisskrifstofunum á landsbyggðinni sem hefði m.a. umsjón með gagnagrunni stofnunarinnar og sæi um umsýslu á vinnuslysaskrá og nýrri skrá yfir tilkynnta atvinnusjúkdóma. Frekari athugun á málinu á sér nú stað en þessum flutningi verkefna fylgir aukinn kostnaður.

Bent skal á að af 63,5 stöðugildum hjá stofnuninni árið 2000 voru samtals um 21 í umdæmum hennar utan höfuðborgarsvæðisins.

3. Barnaverndarstofa.

Allt frá því að Barnaverndarstofa var sett á laggirnar um mitt ár 1995 hefur verið unnið að því að efla starfsemi á hennar vegum á landsbyggðinni. Eftirfarandi sýnir hversu mikið hefur áunnist í þeim efnum:

Öll langtímameðferð fyrir börn og unglinga hefur nú verið flutt frá höfuðborgarsvæðinu út á land.

- Fjórum stofnunum í Reykjavík og nágrenni var lokað, það voru meðferðarheimilin að Tindum á Kjalarnesi, í Efstasundi 86, Sólheimum 7 og Sólheimum 17 í Reykjavík.
- Frá sama tíma hafa eftirtaldar stofnanir tekið til starfa á landsbyggðinni: Hvítárbakki í Borgarfirði, Háholt í Skagafirði, Varpholt í Eyjafirði og Skjöldólfsstaðir á Héraði.
- Að auki hefur meðferðarheimilið að Árbót í Aðaldal verið stækkað með sérstakri rekstrareiningu að Bergi í Aðaldal.

Einnig skal á það bent að þjónustusamningur er í gildi um starfsemi að Torfastöðum og Geldingalæk á Suðurlandi.

Framangreind breyting hefur falið í sér flutning um 40 starfa frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar en alls starfa nú ríflega 60 manns að meðferð á vegum stofunnar á landsbyggðinni. Nú starfa u.þ.b. tveir af hverjum þremur starfsmönnum á vegum stofunnar utan höfuðborgarsvæðisins.

3. Móttaka flóttamanna.

Á árunum 1995–2001 hefur ráðuneytið gert samtals sjö samninga við jafnmörg sveitarfélög um móttöku flóttamanna en hvert verkefni stendur yfir í eitt ár. Hér er um að ræða 168 flóttamenn frá Júgóslavíu fyrrverandi, bæði Serba og Kosovo-Albana. Að meðaltali er tekið á móti 20–25 flóttamönnum árlega en árið 1999 var neyðarástand í Kosovo og ákvað ríkisstjórnin að taka á móti 75 flóttamönnum, sem fóru til þriggja sveitarfélaga. Rúmlega 30 flóttamenn hafa snúið aftur til heimalands síns. Í hverjum samningi er talin upp sú þjónusta

sem sveitarfélagið skuldbindur sig að veita flóttamönnunum á þeim tíma sem verkefnið stendur yfir en gengið er út frá því að flóttamennirnir njóti sams konar félags- og heilbrigðisþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins. Kostnaðaráætlun fylgir hverjum samningi en ráðuneytið skuldbindur sig að greiða samkvæmt reikningi fyrir umrædda þjónustu í samræmi við áætlunina. Hver samningur hefur að meðaltali verið að fjárhæð 25 millj. kr. Samhliða samningnum við hvert sveitarfélag fyrir sig hefur ráðuneytið gert samning við Rauða kross Íslands vegna þáttar þeirra í verkefnunum en starfsmenn Rauða krossins eru sveitarfélögum innan handar við skipulagningu verkefnanna. Framlag Rauða krossinn vegna hvers samning hefur að meðaltali verið um 10 millj. kr. að auki.

Ráðuneytið hefur gert samninga um móttöku flóttamanna við eftirfarandi sveitarfélög:
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður,
4200 Ísafjarðarbær,
5000 Siglufjarðarkaupstaður,
5604 Blönduósbær,
6300 Dalvíkurbyggð,
7300 Fjarðabyggð og
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður.

Framlög ráðuneytisins til þeirra sjö sveitarfélaga sem hér um ræðir nema samtals í kringum 175 millj. kr. á grundvelli framangreindra samninga. Að auki nema framlög Rauða kross Íslands samtals kr. 70 millj. kr. til þessara sömu sveitarfélaga.

4. Samningar við ýmsa aðila.

Ráðuneytið hefur í gegnum tíðina gert samninga á ýmsum sviðum með það að markmiði að efla atvinnulíf og treysta búsetu á landsbyggðinni.

Eftirfarandi eru upplýsingar um þá samninga sem ráðuneytið telur eðlilegt að geta um í tengslum við fyrirspurnina:

Líkt og aðrir rekstraraðilar í þjóðfélaginu hefur ráðuneytið haft þörf fyrir ýmsa utanaðkomandi sérfræðiþjónustu á liðnum árum vegna verkefna sem ekki hefur gefist tóm til að sinna af starfsmönnum þess. Í ljósi þeirrar miklu sérfræðiþekkingar sem byggst hefur upp á landsbyggðinni á undanförnum árum og þeirri þjónustu sem þar er nú í boði hefur ráðuneytið leitað í æ ríkari mæli eftir sérfræðiráðgjöf sem í boði er á landsbyggðinni.

Dæmi um samninga sem ráðuneytið hefur gert við ráðgjafarfyrirtæki sem starfrækt eru á landsbyggðinni að hluta eða að öllu leyti:

i. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Um er að ræða rannsókn á áhrifum og afleiðingum sameiningu sveitarfélaga sem rannsóknarstofnunin hefur tekið að sér að gera. Hér er um að ræða viðamikið verkefni sem gert er ráð fyrir að taki 15 mánuði í vinnslu. Samningur þar að lútandi var undirritaður á Akureyri 20. september 2000.

ii. KPMG.

Ráðuneytið á aðild að bókhaldsnefnd sveitarfélaga sem unnið hefur undanfarið að endurskoðun handbókar um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga í ljósi nýrra sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Sú vinna hefur gagnast ráðuneytinu í vinnu við endurskoðun á reglugerð um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga sem nauðsynleg er í ljósi framangreindra laga.

Samið hefur verið við endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið KPMG til að vinna að þessari endurskoðun fyrir bókhaldsnefndina en starfsmenn fyrirtækisins á Selfossi hafa að mestu leyti unnið að þessu verkefni enda fer fram öflug starfsemi fram þar á sviði endurskoðunar og ráðgjafar.

iii. Prentun.

Gerður hefur verið samningur við fyrirtæki á Sauðárkróki um alla prentun bréfsefnis fyrir ráðuneytið.

5. Svæðisvinnumiðlanir.

Með gildistöku laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, voru verkefni á sviði vinnumiðlunar flutt frá sveitarfélögunum til ríkissjóðs. Flutningurinn átti sér formlega stað hinn 1. júlí 1997 en fyrst um sinn höfðu sveitarfélögin umsjón með verkefninu á grundvelli þjónustusamninga milli þeirra og Vinnumálastofnunar. Við gildistöku laganna féllu niður lög um vinnumiðlanir, nr. 18/1985, og IX. kafli laga um stjórn efnahagsmála ofl., nr. 13/1979.

Hin nýju lög kveða á um að reknar verði svæðisvinnumiðlanir á ýmsum stöðum landsins en ráðherra ákveður staðsetningu þeirra og umdæmi að fengnum tillögum stjórnar Vinnumálastofnunar. Hlutverk svæðisvinnumiðlananna samkvæmt lögunum er mun viðtækara en vinnumiðlananna gömlu enda hafa þær ekki einungis umsjón með atvinnuleysisskráningu heldur einnig ráðgjöf við atvinnulausa sem hefur verið verulegur hluti af starfsemi þeirra.

Svæðisvinnumiðlanir eru samtals átta talsins á eftirtöldum stöðum á landinu: Í Reykjavík, á Akranesi, Ísafirði, Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og í Reykjanesbæ.

Gengið hefur verið út frá því að við hverja svæðisvinnumiðlun starfi venjulega þrír starfsmenn, forstöðumaður, ráðgjafi og fulltrúi. Við svæðisvinnumiðlanirnar í Reykjavík og á Akureyri starfa þó fleiri.

Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem undirrituð var 7. desember 1997, kom fram að aðilarnir væru sammála m.a. um að verkefni á sviði vinnumiðlunar skyldi færast til ríkissjóðs og fjárhagsleg áhrif þess jöfnuð samhliða öðrum fjárhagslegum aðgerðum milli aðila.

Í samkomulaginu var gert var ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga af starfsemi vinnumiðlana næmi samtals 120 millj. kr. á ársgrundvelli miðað við verðlag 1997. Til samanburðar voru útgjöld við starfsemi hinna nýju svæðisvinnumiðlana árið 1999 samtals um 195 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til greiðslu kostnaðar við skráningu á öðrum stöðum en þar sem þær eru.

Aukning útgjalda á sviði vinnumiðlunar um 53% að raungildi milli áranna 1997 og 1999 skýrist af auknu lögbundnu hlutverki svæðisvinnumiðlana í kjölfar lagasetningarinnar 1997, sem fyrr hefur verið vikið að. Í samræmi við lögin hefur verið sett upp öflug ráðgjafarstarfsemi á þessu sviði og atvinnuleysisskráning og hvers kyns upplýsingagjöf verið bætt. Þessi aukna þjónusta á sviði vinnumiðlunar hefur annars vegar haft í för með sér þörf fyrir fleiri starfsmenn á sviði vinnumiðlunar, sér í lagi á landsbyggðinni, og hins vegar betri aðstöðu fyrir starfsemina.

931. Tillaga til þingsályktunar [577. mál]

um milliliðalaust lýðræði.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson, Karl V. Matthíasson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að setja á stofn nefnd sem kanni möguleika á að þróa milliliðalaust lýðræði og kosti rafrænna aðferða við framkvæmd þess. Nefndin kanni einnig hvernig hægt er að nota netið til að þróa milliliðalaust lýðræði og hafi þar að leiðarljósi öfluga persónuvernd við framkvæmd kosninga og þjóðaratkvæðagreiðslna á netinu.

Nefndin skal skipuð fulltrúa Háskóla Íslands, Neytendasamtakanna, háskólaráðs Háskóla Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stúdentaráðs Háskóla Íslands, Alþingis Íslendinga og fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Nefndin kanni jafnframt hvaða áhrif milliliðalaust lýðræði hefði á samfélagið, efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega, sérstaklega með tilliti til sveitarstjórna og sveitarfélaganna þar sem auðvelt og byltingarkennt gæti verið að nota milliliðalaust lýðræði í miklum mæli. Nefndin skili greinargerð eigi síðar en eftir sex mánuði.

Greinargerð.

Markmiðið með þessari tillögu er að þróa lýðræðið áfram í ljósi aukinnar menntunar og betra aðgangs að upplýsingum. Markmiðið er að Ísland verði tilraunastofa við þróun lýðræðisins og fánaberi framþróunar lýðræðislegra stjórnarhátta þar sem hinn almenni borgari kemur í sem mestum mæli að meginákvörðunum samfélagsins. Þær miklu breytingar sem orðið hafa á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum á Vesturlöndum síðustu áratugi kalla á breytingar á lýðræðisfyrirkomulaginu. Almenn og góð menntun, mikil tölvueign, meiri frítími en nokkurn tíma áður kallar á að almenningur hafi miklu meira um hagi sína að segja en áður. Sá tími á að vera liðinn að fulltrúar almennings taki allar ákvarðanir og tímabært að færa valdið í ríkari mæli til fólksins. Fulltrúalýðræðið í óbreyttri mynd er fyrirbæri fortíðar og mikilvægt framfaramál fyrir almenning að milliliðalaust lýðræði verði eflt og það tekið upp hvort heldur er á sveitarstjórnarstiginu eða í landsmálunum.

Lýðræði 21. aldarinnar.

Það er brýnt að hafa það að leiðarljósi við stefnumörkun um beint lýðræði að hlutverk sveitarfélaganna verður æ mikilvægara eftir því sem þau stækka og verkefnum þeirra fjölgar. Valddreifingunni frá ríki til sveitarfélaga á að fylgja aukið milliliðalaust lýðræði þar sem valdið er um leið fært frá Alþingi til nærþjónustunnar í sveitarfélögunum.

Við innleiðingu netsins í lýðræðisferil okkar er einnig komið á samræðu borgaranna við stjórnvöld, þar sem borgarar landsins geta lagt inn hugmyndir og verið virkir þátttakendur í stjórnun lands síns. Með sama hætti eflist og styrkist stjórnmálasamræða í millum borgaranna um kjör sín.

Nýjar leiðir.

Það fyrirkomulag sem viðgengist hefur síðustu tvær aldirnar í formi fulltrúalýðræðisins hefur að mörgu leyti runnið sitt skeið. Það er tímabært að kanna nýjar leiðir til að íbúar geti haft áhrif á stjórn samfélagsins með beinum og milliliðalausum hætti. Heimurinn hefur

gjörbreyst frá þeim tíma þegar verjandi var að óskir fólksins þyrftu að fara í gegnum fulltrúa þess að einu eða öllu leyti, fulltrúa sem höfðu tíma og aðstæður til að sinna mikilvægri ákvarðanatöku en almenningur ekki. Nú hefur þorri almennings aðstæður og upplýsingu til að taka sjálfur stærri ákvarðanir um hagi sína og líf. Milliliðalaust lýðræði leiðir til heilbrigðari og opnari stjórnarhátta þar sem tryggt er að almannahagsmunir ráði för en ekki sérhagsmunir einstakra valdablokka sem geta keypt sér áhrif í krafti fjármagnsins og aukinna áhrifa viðskiptalífsins í samfélaginu. Beint lýðræði er góð leið til þess að búa svo um hnúta að ýtrustu hagsmunir hins almenna borgara ráði ákvarðanatöku um stærstu hagsmunamál þjóðarinnar.

Þjóðaratkvæðagreiðslur.

Milliliðalaust lýðræði er sú framþróun sem þarf að eiga sér stað í stjórnmálalífinu í formi þjóðaratkvæðagreiðslna eða atkvæðagreiðslna innan einstakra sveitarfélaga. Þjóðaratkvæðagreiðslu eða allsherjaratkvæðagreiðslu atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags um ákveðin mál á að vera hægt að krefjast af tilteknum hluta atkvæðisbærra borgara, ákveðins hlutfalls Alþingismanna eða sveitarstjórnarmanna viðkomandi sveitarfélaga, sbr. frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur um þjóðaratkvæðagreiðslur. Sveitarstjórnarstigið er sá vettvangur samfélagsins sem best er til þess fallinn að stuðla að jöfnuði og félagslegu réttlæti í samfélaginu. Þar sem við greiðum eftir getu og fáum þjónustu eftir þörfum. Sveitarfélögin eru vettvangur nærþjónustunnar og innan þeirra er hvað auðveldast að hafa yfirsýn yfir kjör fólks.

Hlutverk sveitarstjórna.

Breytt hlutverk sveitarstjórna kallar á nýjar reglur við alla stóra ákvarðanatöku innan þeirra. Íbúalýðræði felur í sér lausn á því. Þar eru íbúar sveitarfélagsins kallaðir til leiks, fengnir til samráðs um lausnir og skipulag. Enginn veit betur en fólkið sjálft hverjar þarfirnar eru og hvernig íbúar hvers sveitarfélags vilja forgangsraða fjármunum þess í eigin þágu. Samráðsvettvangur íbúalýðræðisins felur það einnig sjálfkrafa í sér að deilur og átök minnka til muna og stjórnmálin verða heilbrigðari fyrir vikið. Samræður um sameiginleg mál í stað hatrammra deilna.

Sveitarfélögin eiga að koma sér upp formlegum farvegi fyrir íbúana, íbúaþingi, um öll meginmál samfélagsins. Þannig stjórnum við með fólkinu og í þess þágu þar sem þeirra viðhorf og skoðanir eru höfð til hliðsjónar allt ákvarðanatökuferlið. Með þessu móti köllum við fram þann félagslega auð sem í fólkinu býr og sköpum traust á milli stjórnvalda og íbúa. Hlutverk sveitarstjórna hefur breyst verulega á liðnum missirum, en kerfið hefur staðið í stað. Verkefnum hefur fjölgað mikið og samstarf sveitarfélaganna við einkageirann hefur að sama skapi aukist, í formi ýmiss konar þjónustusamninga. Á næstu árum er fyrirsjáanlegt að þetta hlutverk breytist enn frekar eftir því sem valddreifing eykst í samfélaginu og fleiri hlutverk eru færð frá ríki til sveitarfélaga. Ákvarðanirnar á að taka sem næst fólkinu og með fólkinu. Til nánari upplýsinga er vísað í frumvarp Margrétar Frímannsdóttur um íbúalýðræði (þskj. 15, 15. mál).

Frá Aþenu til alnetsins.

Kominn er tími til að lýðræðið leiti upprunans, en í stað handauppréttinganna á Agora í Aþenu á gullöld Grikkja er að myndast möguleiki á að rétta upp hönd á netinu þess í stað. Netið býður upp á möguleika og mun gera það í auknum mæli eftir því sem persónuvernd upplýsinga á netinu þróast, til að auka stórum milliliðalaust lýðræði og gera það að veruleika án þeirra galla sem fylgja tíðum þjóðaratkvæðagreiðslum, þar sem kjósendur þurfa að fara

á kjörstað til að greiða atkvæði. Reynslan frá Sviss segir að kjörsókn minnki þar sem of mikið umstang fylgi því að fara oft á ári á kjörstað. Þessu breytir netið, líkt og dæmi frá Bandaríkjunum sýnir.

Kosningar á netinu í kjölfar upplýsinga- og tæknibyltinganna eru að verða að veruleika og brýnt að kanna þegar í stað kosti þeirra og galla í samhengi við þróun milliliðalauss lýðræðis.

Persónuvernd.

Hættan er sú að tíðar atkvæðagreiðslur valdi því að fólk verði leitt á því að taka þátt í þeim, nenni ekki að ómaka sig á kjörstað oft eða nokkrum sinnum á ári. Lausnin á þeim vanda og fram hjá þeirri hættu er lýðræði á netinu. Við þróun og notkun netsins við atkvæðagreiðslur er brýnt að gæta fyllsta öryggis við persónuvernd og kanna til hlítar allar leiðir til að tryggja það í rafrænum kosningum. Gæta skal þess að áfram verði viðhafðar hefðbundnar atkvæðagreiðslur til hliðar við netkosningar til að tryggja að fólk sem sökum fátæktar, elli eða annarra aðstæðna getur ekki nýtt sér netið hafi fulla aðkomu að kosningunum. Stefna skal að því að allar þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram á netinu, samhliða hefðbundnum kosningum eða póstkosningum, og síðar meir kosningar til Alþingis og sveitarstjórna.

Gætt að minnihlutahópum.

Mesta áhyggjuefnið er hvernig minnihlutahópum reiðir af við beint lýðræði, og sérstaklega beint lýðræði á netinu. Tryggja þarf að engir hópar verði út undan í þessari þróun enda er tilgangurinn stóri að gera fólk að betri og ábyrgari borgurum. Tölur sýna að þátttaka fólks sem er fátækt og lítið menntað er minni en annarra í þjóðaratkvæðagreiðslum, svo dæmi sé tekið. Skoða þarf sérstaklega hvernig tryggja má að kjör og aðgengi tiltekinna minnihlutahópa að samfélaginu og ákvarðanatöku innan þess versni ekki í milliliðalausu lýðræði, heldur batni.

Óhófleg áhrif fjármagnsins.

Meginviðfangsefni stjórnmálastarfsins er að komast að því hvaða lausnir flestir telja bestar og séu til mestra hagsbóta. Einfaldast er að spyrja fólkið að því beint í stað þess að fela það nokkrum fulltrúum þess. Beint lýðræði upprætir óhófleg áhrif fjársterkra og háværra hagsmunaafla sem oft hafa mikil áhrif á kjörna fulltrúa stjórnmálaflokkanna, ekki síst þegar litið er til Íslands þar sem bókhald flokkanna er lokað og fjárreiður þeirra leyndarmál. Í því efni vísa flutningsmenn í frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns um fjárreiður flokkanna. Miklu erfiðara er að hafa áhrif á kosningu heillar þjóðar enda erfitt að múta þjóð og erlendar rannsóknir frá Bandaríkjunum og Sviss sýna fram á að fjársterk hagsmunasamtök mega sín mun minna í þjóðaratkvæðagreiðslum en í beinum áhrifum á kjörna fulltrúa. Fjölmiðlar og borgarar landsins eiga skýlausa kröfu á að vita hvaða stórfyrirtæki hafa styrkt flokkanna og sjá þannig svart á hvítu hver ítök þeirra eru í viðkomandi flokki.

Leynd og pukur með fjármál flokkanna grafa undan tiltrú almennings á stjórnmálum og stjórnmálamönnum og þar með lýðræðinu. Það er ekki hægt að byggja upp öflugt samfélag nema við búum við öflugt lýðræði. Ríki leynd yfir fjárreiðum stjórnmálaflokka er líklegt að dragi úr trausti almennings gagnvart lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðþinga og ekki síður gagnvart stofnunum samfélagsins, sem hafa umboð löggjafarvaldsins til að sinna eftirliti með leikreglum samfélagsins. Milliliðalaust lýðræði er leiðin til að minnka verulega áhrif fjármagnseigenda í samfélaginu og færa valdið til fólksins milliliðalaust. Vald peninganna í pólitíkinni hefur aldrei verið meira en nú og er mikilvægt að minnka það og tryggja heilbrigða

og eðlilega stjórnarhætti þar sem almannahagsmunir ráða för en ekki hagsmunir valdamikilla sérhagsmunahópa.

Ísland tilraunastofa.

Þegar litið er til framþróunar lýðræðisins er gagnlegt að vitna til orða Jóns Baldvins Hannibalssonar sendiherra og fyrrum alþingismanns jafnaðarmanna: „Íslendingar ættu að geta hugsað sér að verða tilraunastofa í frekari þróun lýðræðislegra stjórnarhátta vegna lýðræðisheiðar okkar, menntunarstigs og fámennis þjóðarinnar sem ætti að auðvelda að láta tilraunina heppnast. Lýðræði okkar er í grundvallaratriðum vanburðugt og ófullkomið vegna þess að við höfum aldrei í lýðveldissögunni notið þeirra grundvallarmannréttinda sem felast í jöfnum atkvæðisrétti, einn maður eitt atkvæði, né heldur notið þess að geta ráðið persónuvali í kosningum. Af þessum sökum er vafalaust kominn tími til að endurmeta reynsluna og hugsa stærra. Hugmyndir um að nýta upplýsingatækni og miðlun í tilraunum með þjóðaratkvæðagreiðslur og beina þátttöku almennings, með minna vægi fulltrúalýðræðisins, eru fyllilega tímabærar og mjög áhugaverðar. Tilgangurinn er auðvitað að auka ábyrgð og sjálfsaga kjósenda, þeir yrðu að taka beina ábyrgð á afleiðingum gerða sinna með slíku vali. Það væri verið að styrkja þá sem stoð lýðræðisins sem byggist ekki aðeins á réttindum heldur líka skyldum.“ Jón Baldvin Hannibalsson, Mbl. 25. 4. 1997.

Jafn atkvæðaréttur.

Um leið og við eflum beint lýðræði er nauðsynlegt að jafna atkvæðaréttinn til fulls og gera Ísland að einu kjördæmi. Fyrir því eru engin rök að atkvæði allra Íslendinga séu ekki jafngild. Misjafnt vægi atkvæða er ekkert annað en skýlaust mannréttindabrot og svartur blettur á stjórnmálum landsins. Jafn atkvæðisréttur er þó fyrst og fremst spurning um mannréttindi og með því að gera landið að einu kjördæmi þá væri tryggt að allir í landinu hefðu nákvæmlega sömu möguleika á að hafa áhrif á stjórn landsins, því að öll atkvæði væru jafnþung.

Stefna ætti að því um leið og stigin eru fyrstu skref í átt til milliliðalauss lýðræðis að atkvæðavægi verði jafnt með því að landið verði gert að einu kjördæmi.

Lýðræðisform framtíðarinnar.

Ef lýðræði er skilgreint þannig að fólkið skuli ráða, þá er milliliðalaust lýðræði mun nær upprunanum en það lýðræðisfyrirkomulag sem tíðkast hefur víðast hvar og felur í sér kosningar til löggjafar- eða framkvæmdarvalds á nokkurra ára fresti. Til að taka nýlegt íslenskt dæmi um raunverulegt lýðræði má nefna atkvæðagreiðsluna sem átti sér stað í Reykjavík fyrir tveimur árum um framtíðarstað flugvallarins í Vatnsmýrinni. Sú atkvæðagreiðsla var merkileg tilraun í milliliðalausu lýðræði og líklegt er að hún gefi tóninn fyrir innleiðingu beins lýðræðis á sveitarstjórnarstiginu, þar sem það á allra best við og líklegast til að taka út sinn þroska sem lýðræðisform framtíðarinnar.

Tæknin hefur breytt eðli og inntaki lýðræðisins. Nú er einstaklingurinn hjá jafn vel upplýstri þjóð og Íslendingar eru þess umkominn að veita álit sitt og umsögn nánast hvenær sem er í krafti þekkingar sinnar og hæfni. Menntabyltingin og aðgengi að upplýsingum gerir þetta að veruleika og eiga að fleyta okkur frá fulltrúalýðræði síðustu alda til milliliðalausrar þátttöku borgaranna sjálfra við stjórn samfélagsins.

932. Fyrirspurn [578. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda bifreiðastyrkja til fatlaðra og lánskjör þeirra við bifreiðakaup.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á árlegum fjölda bifreiðastyrkja fyrir fatlaða frá 1995?
2. Hvernig hafa lánskjör bifreiðakaupalána til fatlaðra breyst frá 1995?

Skriflegt svar óskast.

933. Fyrirspurn [579. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyfjaverð og lyfjakostnað.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði í hinum ýmsu greiðsluflokkum frá árinu 1995?
2. Hvaða lyf við algengum sjúkdómum hafa verið flutt milli greiðsluflokka og hvaða áhrif hefur það haft á lyfjakostnað sjúklinga?
3. Hversu mikið hefur lyfjakostnaður sjúklinga aukist á tímabilinu 1995–2003?
4. Hvernig hafa reglur um endurgreiðslur til sjúklinga breyst frá 1995?
5. Hversu margir hafa fengið endurgreiðslu vegna mikils lyfjakostnaðar á hverju ári frá 1995?
6. Hversu margir hafa á sama tímabili sótt um slíka endurgreiðslu en ekki fengið?

Allar upplýsingar óskast tilgreindar eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

934. Fyrirspurn [580. mál]

til dómsmálaráðherra um umfang happdrættismarkaðarins.

Frá Sverri Hermannssyni.

1. Hverjar voru heildartekjur, rekstrargjöld og hagnaður þeirra happdrætta sem störfuðu eða efnt var til samkvæmt lögum árin 2000 og 2001?
2. Hver var heildarupphæð útborgaðra vinninga sömu ár?

3. Eru uppi hugmyndir af hálfu ráðuneytisins um breytt skipulag happdrættismála og ef svo er, í hverju felast þær hugmyndir?

Skriflegt svar óskast.

935. Fyrirspurn [581. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað við rannsóknir í heilbrigðisþjónustunni.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða breytingar hafa verið gerðar á hlutdeild sjúklinga í kostnaði við rannsóknir, þar á meðal röntgenrannsóknir, í heilbrigðisþjónustunni frá 1995? Upplýsingar óskast um hvenær hver breyting var gerð og hvað fólst í henni.

Skriflegt svar óskast.

936. Fyrirspurn [582. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir unnar af sérfræðilæknum á stofum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvaða aðgerðir eru unnar af sérfræðilæknum á stofum, hver er kostnaðarþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í þessum aðgerðum og hvað greiða sjúklingar fyrir þær?
Svarið óskast sundurliðað eftir tegund aðgerða og á árin 1997–2002.

Skriflegt svar óskast.

937. Fyrirspurn [583. mál]

til heilbrigðisráðherra um áfengis- og vímuefnameðferð fyrir fanga.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Telur ráðherra að bæta þurfi áfengis- og vímuefnameðferð þá sem afplánunarföngum stendur til boða?

2. Hvernig er samstarfi háttað milli heilbrigðisþjónustu og fangelsisyfirvalda hvað slíka meðferð áhrærir?
3. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða aðkomu heilbrigðisþjónustunnar að þessum málaflokki, og þá hvernig?

938. Fyrirspurn [584. mál]

til félagsmálaráðherra um eftirlit með þjálfun fjölfatlaðra barna.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig er háttað eftirlitsskyldu ráðuneytisins með fjölfötluðum börnum til sex ára aldurs með sérstakri skírskotun til almennrar þjálfunar, talkennslu, iðju- og sjúkraþjálfunar?
2. Er aðhald og eftirlit samræmt þegar um marga þjónustuaðila er að ræða?

939. Fyrirspurn [585. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um leikskóla.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig hefur verið háttað eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd laga um leikskóla, nr. 78/1994, með sérstöku tilliti til 15. gr. laganna þar sem kveðið er á um rétt fatlaðra barna til aðstoðar og þjálfunar innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga?
2. Hefur þessu lagaákvæði verið fullnægt?

940. Svar [499. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um tjónaskuldir (bótasjóði) vátryggingafélaga.

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir umbeðnum upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu þar sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með vátryggingafélögum og þar á meðal vátryggingaskuldinni, sbr. lög um vátryggingastarfsemi og lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Svör Fjármálaeftirlitsins koma hér á eftir.

1. *Hver var staða tjónaskuldar (bótasjóða) vátryggingafélaganna árin 2000, 2001 og 2002 og hvernig hefur tjónaskuldin samsvarað óuppgerðum heildarskuldbindingum félaganna árlega frá 1995?*

Svarið við fyrri hluta þessa liðar fyrirspurnarinnar byggist á gögnum frá öllum starfandi vátryggingafélögum. Á þessum árstíma eru vátryggingafélög almennt ekki búin að gera upp tjónaskuld sína við síðustu áramót, og því er tjónaskuldin 2002 miðuð við níu mánaða uppgjör stóru hlutafélaganna þriggja sem skráð eru á verðbréfamarkaði (Sjóvár – Almennra trygginga hf., Vátryggingafélags Íslands hf. og Tryggingamiðstöðvarinnar hf.), auk þess að gert er ráð fyrir að tjónaskuld minni vátryggingafélaganna haldist óbreytt.

Samtals tjónaskuld vátryggingafélaga er eftirfarandi í árslok 2000 og 2001 og miðað við áætlun 2002 í millj. kr.

	Tjónaskuld	**Eigin tjónaskuld**
2000	33.291	28.673
2001	35.683	32.290
2002	37.382	34.010

Svar við síðari hluta þessa liðar fyrirspurnarinnar byggist á gögnum frá nefndum félögum auk gagna frá Tryggingu hf., sem var fyrir sameiningu við Tryggingamiðstöðina árið 1999 fjórða stærsta vátryggingafélagið. Að mati Fjármálaeftirlitsins var ekki ástæða til að aldursgreina tjón minni félaganna, þar sem þau hefðu haft lítil áhrif á niðurstöðuna.

Í töflunni hér að neðan sést hvernig mat á óuppgerðum tjónum hefur þróast árlega frá 1995. Til nánari skýringar má til dæmis nefna árið 1995. Tjónaskuldin 20,2 milljarðar kr. í lok þess árs lýsir mati vátryggingafélaga á heildarskuldbindingum vegna óuppgerðra tjóna sem áttu sér stað árið 1995 eða fyrr. Í dálkinum fyrir 1996 sést hvernig matið á sömu tjónum hefur þróast á milli áranna 1995 og 1996. Greitt hefur verið vegna sumra þessara tjóna, en það sem er enn talið óuppgert vegna þessa tímabils er áfram í tjónaskuld. Í árslok 2001 hafa samtals verið greiddir 10,8 milljarðar kr. vegna tjóna sem áttu sér stað fyrir árslok 1995, en tjónaskuldin er 2,3 milljarðar kr. vegna sömu tjóna. Samtals hefur því matið lækkað niður í 13,1 milljarða kr.

Reikningsár	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**
Tjón fyrir árslok:							
1995	20.249	17.578	16.665	15.239	13.686	13.141	13.096
1996		21.964	20.314	18.132	16.558	15.333	15.354
1997			24.281	19.927	18.148	16.896	16.347
1998				25.162	21.820	20.986	20.490
1999					26.793	24.193	24.236
2000						31.388	29.814
2001							32.586

Í næstu töflu er sama niðurstaða sýnd í hlutfalli af upphaflegu mati.

Reikningsár	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Tjón fyrir árslok:							
1995	100%	87%	82%	75%	68%	65%	65%
1996		100%	92%	83%	75%	70%	70%
1997			100%	82%	75%	70%	67%
1998				100%	87%	83%	81%
1999					100%	90%	90%
2000						100%	95%
2001							100%

2. *Telur Fjármálaeftirlitið að tilefni sé til lækkunar á lögboðnum bifreiðatryggingum í ljósi afkomu tryggingafélaganna og stöðu bótasjóða?*

Hingað til hefur Fjármálaeftirlitið ekki haft forsendur til að gera kröfu um að iðgjöld verði lækkuð í ljósi afkomu eða stöðu vátryggingaskuldar. Iðgjaldaákvarðanir í vátryggingum eru á ábyrgð viðkomandi vátryggingafélaga. Á þeim hvílir skylda til að taka forsendur iðgjaldaákvarðana sinna reglulega til endurskoðunar, til lækkunar eða hækkunar, í ljósi fenginnar reynslu. Jafnframt gerir Fjármálaeftirlitið kröfu til þess að hvert vátryggingafélag rökstyðji verulegar iðgjaldahækkanir fyrir viðskiptamönnum eða almenningi, með vísan til fyrri reynslu af iðgjöldum og tjónakostnaði, auk almennrar fjárhagsstöðu félaganna.

Iðgjaldagrundvöllur og vátryggingaskuld einstakra vátryggingafélaga í lögboðnum ökutækjatryggingum er til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu og verða niðurstöður þeirra athugana kynntar hverju félagi fyrir sig á næstu vikum og mánuðum.

3. *Er það mat Fjármálaeftirlitsins að framlög hafi verið eðlileg í bótasjóðina með tilliti til áætlaðra tjónaskuldbindinga?*

Eðlilegt er að vátryggingafélög meti tjónaskuld af varfærni þannig að mat tjóna lækki heldur en hækki frá upphaflegu mati í ljósi reynslunnar. Þess má geta að í greinargerð sinni vegna athugunar á iðgjaldahækkunum í lögboðnum ökutækjatryggingum frá 31. ágúst 1999 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að búast mætti við að rúmlega 2 milljarðar kr. mundu losna úr tjónaskuld vegna tjóna frá 1996 og eldri þegar öll kurl yrðu komin til grafar. Hins vegar mun Fjármálaeftirlitið ekki tjá sig um hvort tjón hafi almennt verið of- eða vanmetin við mat á óuppgerðum tjónafjárhæðum.

Vátryggingaskuld einstakra vátryggingafélaga í lögboðnum ökutækjatryggingum og eignatryggingum er til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu og verða niðurstöður þeirra athugana kynntar þeim á næstu vikum og mánuðum.

4. *Hve mikil framlög í sjóðina hafa losnað úr tjónaskuld árlega sl. fimm ár?*

Hér er upphæðin sem losnar úr tjónaskuld reiknuð þannig að greidd tjón ársins og tjónaskuld í lok ársins, að frádregnum upphæðum vegna tjóna sem áttu sér stað á reikningsárinu, eru dregnar frá tjónaskuld í upphafi ársins. Þannig sést um hve háa upphæð hægt var að lækka tjónaskuld frá árinu áður, í ljósi reynslu reikningsársins af þeim tjónum sem þá voru óuppgerð. Niðurstöður fyrir samtölur Sjóvár – Almennra trygginga hf., Vátryggingafélags Íslands hf., Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Tryggingar hf. má sjá í eftirfarandi töflu í millj. kr.

Reikningsár	Lækkun mats frá árinu áður
1997	2.766
1998	4.139
1999	4.553
2000	2.560
2001	584

5. *Telur Fjármálaeftirlitið að eðlilega sé staðið að ávöxtun og áhættudreifingu bótasjóðanna? Er ástæða til að breyta þeim reglum sem unnið er eftir um ákvörðun tjónaskuldar, ávöxtun eða áhættudreifingu?*

Í gildi er reglugerð nr. 646 frá árinu 1995 um jöfnun eigna móti vátryggingaskuld vátryggingafélaga og Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að reglugerðinni sé framfylgt. Að mati Fjármálaeftirlitsins gefur reynslan ekki ástæðu til endurskoðunar á henni.

Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, getur Fjármálaeftirlitið sett almennar reglur um mat á vátryggingaskuldinni. Í gildi eru reglur nr. 85/1999 um hámark útjöfnunarskuldar vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga og útreikning þess. Fjármálaeftirlitið vinnur nú að því að setja sambærilegar reglur um hámark og lágmark tjónaskuldar.

941. Nefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (rafræn stjórnsýsla).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund höfunda frumvarpsins Pál Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Skúla Magnússon, lektor við lagadeild sama háskóla, og Kristján Andra Stefánsson, deildarstjóra í forsætisráðuneytinu. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Magnús Jónsson og Skúli Eggert Þórðarson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana. Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á stjórnsýslulögum sem miðar að því að gera rafræna stjórnsýsluhætti jafngilda hefðbundnum starfsháttum stjórnvalda við meðferð stjórnsýslumála. Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði hinn 7. nóvember 2000 til að fara með skipulegum hætti yfir hvaða hindranir kynnu að standa rafrænum stjórnsýsluháttum í vegi og hvaða lagalega umhverfi væri almennt æskilegt að búa rafrænni stjórnsýslu til frambúðar.

Með frumvarpinu er lagt til að við stjórnsýslulögin verði bætt sérstökum kafla þar sem lýst er þeim lágmarkskröfum sem þykir verða að gera til rafrænnar málsmeðferðar í stjórnsýslunni. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að með þessum breytingum sé rutt úr vegi þeim lagalegu hindrunum sem almennt kunna að standa upptöku rafrænna stjórnsýsluhátta í vegi en frekari breytingar kunni þó jafnframt að vera nauðsynlegar á einstökum sviðum stjórnsýslunnar. Þá er vakin athygli á því að upptaka slíkra stjórnsýsluhátta krefst þess jafnframt að áður sé leyst úr ýmsum tæknilegum og skipulagslegum álitaefnum. Á það m.a. við um þann vél- og hugbúnað sem stjórnvöld munu nota við rafræna meðferð mála sem og

um ýmis álitamál tengd varðveislu rafrænna gagna. Nefndin leggur ríka áherslu á að stjórnvöld nálgist framkvæmd þessara úrlausnarefna á skipulegan og agaðan hátt þannig að hagkvæmni sé gætt og að sem flestir geti notið þess hagræðis sem í rafrænni málsmeðferð getur falist, jafnt almenningur sem stjórnvöld.

Nefndin leggur áherslu á að frumvarpið miðar eingöngu að því að gera stjórnvöldum kleift að nýta rafræna upplýsingatækni við meðferð stjórnsýslumála en gerir þeim það ekki skylt. Auk þessa verður þeim stjórnvöldum sem taka upp slíka stjórnsýsluhætti skylt að bjóða jafnframt upp á hefðbundna meðferð máls. Í frumvarpinu er fylgt sömu löggjafarstefnu og mörkuð var með lögum nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir, og þannig lagt til grundvallar að fullgild rafræn undirskrift fullnægi ávallt kröfum um eiginhandarundirritun. Frumvarpið gerir þó jafnframt ráð fyrir að heimilt verði að nota aðrar rafrænar staðfestingar þegar lög krefjast þess ekki sérstaklega að gögn séu undirrituð. Við umræður í nefndinni var þó talið líklegt að stjórnvöld geri fremur ríkar kröfur til rafrænna staðfestinga og að rafræn stjórnsýsla verði því vart tekin upp í stórum stíl fyrr en notkun fullgildra rafrænna undirskrifta verði almenn og á færi alls þorra almennings að gera grein fyrir sér á þann hátt.

Með sama hætti og við aðra lagasetningu er snertir stjórnsýsluna í heild leggur nefndin áherslu á að stjórnvöld fylgi henni eftir með öflugu kynningarstarfi, bæði innan stjórnsýslunnar og meðal almennings.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Lúðvík Bergvinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kjartan Ólafsson og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. febr. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Jónína Bjartmarz.		Ásta Möller.

942. Svar [529. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá.

1. *Hafa ráðherra borist mótmæli frá náttúruverndarsamtökum eða annars konar samtökum erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hvaða samtökum? Komi fram í mótmælunum hversu margir einstaklingar standi að baki viðkomandi samtökum er óskað eftir að það sé tilgreint í svarinu.*

Umhverfisráðuneytinu hafa borist mótmæli frá tvennum erlendum samtökum, annars vegar frá The British Association for Shooting and Conservation (BASC), og hins vegar frá Föreningen Natur och Samhälle i Norden (FNSiN). Einnig hafa borist afrit af mótmælum frá BirdLife International, The Wildfowl & Wetlands Trust (WWT), Northumberland Wildlife Trust og The Royal Society for the Protection of Birds (RSPB) sem send voru öðrum aðilum.

Northumberland Wildlife Trust er með yfir fjögur hundruð þúsund aðila innan samtakanna og The Royal Society for the Protection of Birds með yfir milljón aðila.

2. *Hafa ráðherra borist mótmæli frá einstaklingum erlendis frá gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hversu mörgum og hverrar þjóðar hafa mótmælendur verið?*

31. janúar sl. höfðu ráðuneytinu borist alls 1.958 mótmælasendingar frá erlendum einstaklingum, þar af bárust 1.890 með tölvupósti og ekki er hægt að greina hverrar þjóðar þeir sendendur eru. Þær 68 mótmælasendingar sem eftir standa skiptast svo: Frá Þýskalandi 11, Bretlandi 9, Bandaríkjunum 8, Kanada 8, Belgíu 3, Finnlandi 3, Ástralíu 2, Frakklandi 2, Hollandi 2, Malasíu 2, Noregi 2, Portúgal 2, Spáni 2, Austurríki 1, Danmörku 1, Grikklandi 1, Indónesíu 1, Írlandi 1, Ísrael 1, Kína 1, Skotlandi 1, Sviss 1, Svíþjóð 1 og í tveimur tilvikum var þjóðerni ótilgreint.

943. Fyrirspurn [586. mál]

til sjávarútvegsráðherra um úthlutun byggðakvóta.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hverjir sóttu um byggðakvóta samkvæmt auglýsingu ráðherra frá 6. desember sl., sundurliðað eftir þeim landsvæðum sem ráðuneytið úthlutaði til?
2. Hverjir fengu byggðakvóta úthlutað (nafn og skipaskrárnúmer) og hvað fékk hver í sinn hlut, skipt eftir tegundum í tonnum og hlutfallslega, og hvernig skiptist úthlutunin eftir landsvæðum?
3. Eftir hvaða reglum var farið við úthlutunina?

Skriflegt svar óskast.

944. Fyrirspurn [587. mál]

til iðnaðarráðherra um háspennulínur yfir miðhálendið.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Er áformað að tengja væntanlega Kárahnjúkavirkjun og þær línur sem liggja til álvers í Reyðarfirði við meginflutningskerfi Landsvirkjunar á Suðurlandi með línu yfir miðhálendið? Ef svo er, hversu langt eru slíkar áætlanir á veg komnar og hver gæti kostnaður við línulagnirnar orðið?

Skriflegt svar óskast.

945. Fyrirspurn [588. mál]

til iðnaðarráðherra um rekstraröryggi væntanlegrar Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði og bilanatíðni virkjana.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Verði fyrirvaralaus bilun í Kárahnjúkavirkjun gæti byggðalína þá flutt það rafmagn sem á vantaði fyrir væntanlegt álver í Reyðarfirði?
2. Hvernig er fyrirhugað að tryggja rekstraröryggi álvers í Reyðarfirði án tengingar yfir hálendið við meginflutningskerfi Landsvirkjunar á Suðurlandi?
3. Hefur það einhvern tíma gerst að tæma hafi þurft virkjanalón, t.d. vegna viðgerða? Ef tæma þyrfti fyrirhugað Hálslón, hverjar yrðu þá afleiðingarnar fyrir rekstur álvers í Reyðarfirði?
4. Hefur það gerst að einhver af stærri virkjunum Landsvirkjunar hafi stöðvast tímabundið eða að þurft hafi að hægja verulega á framleiðslu vegna þess að klæðning hafi losnað innan úr göngum? Er gert ráð fyrir að aðrennslisgöng væntanlegrar Kárahnjúkavirkjunar verði fóðruð og fallgöng hennar klædd?
5. Eru dæmi um að einhverjar af stærri virkjunum Landsvirkjunar hafi stöðvast tímabundið eða að þurft hafi að hægja verulega á framleiðslu vegna
   a. vatnsskorts,
   b. viðhalds og viðgerða, annarra en á klæðningu í göngum, sbr. 4. lið?
   Hverjar eru líkur þess að Kárahnjúkavirkjun stöðvist eða að draga þurfi úr framleiðslu af slíkum orsökum?
6. Hver hefur bilanatíðni vatnsaflsvirkjana Landsvirkjunar og eininga þeim tilheyrandi verið undanfarin 30 ár? Hversu oft hefur starfsemi virkjana legið niðri á þessu tímabili að hálfu eða öllu leyti vegna fyrirvaralausra bilana og hversu lengi, í klst., hafa þessar bilanir staðið yfir?
7. Hverjar gætu afleiðingar bilunar í Kárahnjúkavirkjun orðið ef hún stöðvast að hálfu eða öllu leyti í meira en 4 klst. og hver bæri ábyrgð á því tjóni sem af hlytist, t.d. í álveri í Reyðarfirði?

Skriflegt svar óskast.

946. Fyrirspurn [589. mál]

til landbúnaðarráðherra um úthlutun sérstaks greiðslumarks í sauðfjárrækt.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður ákvörðun ráðherra um að úthluta 7.500 ærgilda greiðslumarki til svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt, sbr. yfirlýsingu ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þar að lútandi á Alþingi 9. maí árið 2000?
2. Hyggst ráðherra auglýsa eftir umsóknum um hlut í þessu greiðslumarki áður en til úthlutunar kemur?
3. Hafa verið mótaðar vinnureglur um hvernig staðið skuli að úthlutuninni og hvaða forsendur eru eða verða lagðar til grundvallar:
   a. landgæði,
   b. tekjur umsækjenda,
   c. almennt atvinnuástand á viðkomandi svæði,
   d. annað?

Skriflegt svar óskast.

947. Fyrirspurn [590. mál]

til dómsmálaráðherra um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kosningar.

Frá Páli Magnússyni.

1. Telur ráðherra að eðlilegt sé að takmarka gerð eða banna opinbera birtingu skoðanakannana um fylgi stjórnmálaflokka og framboða í aðdraganda kosninga til Alþingis?
2. Hvernig er þeim málum háttað í nágrannalöndum okkar, þ.e. annars staðar á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu?
3. Hvaða forsendur liggja að baki ákvörðun í löndum þar sem birting eða gerð skoðanakannana síðustu daga fyrir kosningar er bönnuð?
4. Hvernig er framkvæmd háttað þar sem í gildi er slíkt bann við gerð eða birtingu skoðanakannana?

Skriflegt svar óskast.

948. Fyrirspurn [591. mál]

til félagsmálaráðherra um átaksverkefni til að sporna við atvinnuleysi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hyggst ríkisstjórnin stuðla að samstarfi um átaksverkefni til að sporna við vaxandi atvinnuleysi sambærileg þeim sem voru við lýði um miðjan síðasta áratug?

949. Fyrirspurn [592. mál]

til heilbrigðisráðherra um vinnu nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

Er nefnd sem Alþingi fól heilbrigðisráðherra að skipa til að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga tekin til starfa? Ef svo er, hvernig miðar vinnu nefndarinnar og hvenær er áætlað að henni ljúki?

950. Fyrirspurn [593. mál]

til forsætisráðherra um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla, hvað það varðar að auka rétt foreldra til að sinna langveiku barni heima?

Skriflegt svar óskast.

951. Fyrirspurn [594. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla á sviði heilbrigðis- og tryggingamála,

a. í þjónustu fyrir langveik börn og aðstandendur þeirra á sjúkrahúsum, þ.e.
   – að stuðla að eflingu þverfaglegrar teymisvinnu til að auka fjölskylduráðgjöf o.fl.,
   – að efla búnað til fjarkennslu og fjarfunda,
   – að stofna hjúkrunarheimili fyrir langveik og langveik fötluð börn, og
   – að undirbúa opnun deildar fyrir langtímameðferð á vegum Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans fyrir unglinga;
b. í skólaheilsugæslu og heilsugæslu, þ.e.
   – að auka samstarf heilbrigðis- og menntakerfisins til að tryggja samfellu og gæði í umönnun langveikra barna í skólum,
   – að auka sálfræðiþjónustu hvað varðar greiningu, meðferð og stuðning,
   – að stofna fagráð um skólaheilsugæslu og gefa út handbók um skólaheilsugæslu,
   – að koma á heilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum sem taki mið af þörfum langveikra ungmenna, og
   – að efla sérfræðiþjónustu (sálfræðinga, iðjuþjálfa eða félagsráðgjafa) vegna greiningar og meðferðar barna með geðraskanir á þremur heilsugæslustöðvum?

Skriflegt svar óskast.

952. Fyrirspurn [595. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla á sviði félagsmála,

a. innan félagsþjónustu sveitarfélaga;
b. hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þ.e.
   – að greiða sérstök framlög vegna sérþarfa langveikra barna í grunnskólum;
c. á sviði vinnuréttar, þ.e.
   – að leggja bann við uppsögnum starfsmanns vegna fjölskylduábyrgðar, og
   – að kveða á um rétt foreldra til foreldraorlofs;
d. í málefnum barna, þ.e.
   – að efla bráðamóttöku á vegum Barnaverndarstofu, og
   – að stofna samstarfsráð félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um meðferð vegna vímuefnavanda og hegðunar- og geðraskana barna og unglinga?

Skriflegt svar óskast.

953. Fyrirspurn [596. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla á sviði menntamála,

a. varðandi leikskólavist langveikra barna og aðstöðu, gjaldtöku og forgang systkina,
b. að fella reglugerð um leikskóla að þörfum langveikra barna,
c. að langveik börn fái kennslu við hæfi, sbr. grunnskólalög,
d. að efla fræðslu fyrir kennara um langveik börn,
e. að efla nemendaverndarráð,
f. að gera ráð fyrir langveikum unglingum í framhaldsskólum, og
g. að auka samvinna sérfræðiþjónustu skóla og heilsugæslu?

Skriflegt svar óskast.

954. Lög [242. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952 (tvöfaldur ríkisborgararéttur).

(Afgreidd frá Alþingi 10. febr.)

Samhljóða þskj. 246.

955. Svar [506. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um verðtryggða skuldabréfavexti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hafa óverðtryggðir skuldabréfavextir og óverðtryggðir útlánsvextir banka þróast í framhaldi af vaxtalækkunum Seðlabanka á sl. ári?*
2. *Hvaða áhrif hafa vaxtalækkanir Seðlabankans haft á verðtryggða skuldabréfavexti?*
3. *Hafa verðtryggðir útlánsvextir bankanna fylgt lækkun verðtryggðra skuldabréfavaxta? Ef ekki, hvaða skýringar eru taldar vera á því?*
4. *Hver eru viðbrögð ráðherra við því mati Seðlabankans að frekara svigrúm sé til að lækka verðtryggða vexti? Telur ráðherra rétt að beina tilmælum til bankanna um frekari lækkun á verðtryggðum skuldabréfavöxtum?*

Viðskiptaráðuneytið leitaði til Seðlabanka Íslands um svör við fyrstu þremur liðum fyrirspurnarinnar. Valin var ávöxtun fimm ára skuldabréfa ríkissjóðs á markaði til þess að lýsa þróun óverðtryggðra skuldabréfavaxta en ávöxtun 25 ára húsbréfa til þess að lýsa þróun verðtryggðra skuldabréfavaxta. Hvað útlánsvexti varðar voru valdir skuldabréfavextir banka og sparisjóða til þess að lýsa þróun útlánsvaxta banka en það er álit Seðlabankans að aðrir útlánsvextir banka og sparisjóða hafi þróast líkt og skuldabréfavextirnir.

Óverðtryggðir skuldabréfavextir og óverðtryggðir vextir banka og sparisjóða hafa breyst í góðu samræmi við vaxtalækkanir Seðlabankans að undanförnu, eins og sést á töflunni.

Óverðtryggðir vextir og stýrivextir Seðlabankans.

	Meðalvextir óverðtryggðra skuldabréfalána viðskipta-banka og sparisjóða	Ávöxtunarkrafa 5 ára ríkisbréfa	Stýrivextir SÍ
3. jan. 2002	17,40	9,06	10,10
1. feb. 2002	17,40	9,26	10,10
1. mars 2002	17,40	9,02	10,10
1. apríl 2002	16,70	9,00	10,10
1. maí 2002	16,60	8,42	9,60
3. júní 2002	15,80	8,39	8,80
1. júlí 2002	15,20	8,31	8,50
1. ágúst 2002	15,10	8,19	8,50
2. sept. 2002	14,50	7,63	7,90
1. okt. 2002	13,80	7,40	7,10
1. nóv. 2002	13,50	7,05	6,80
2. des. 2002	13,00	6,84	6,30
1. jan. 2003	12,48	6,94	5,80
28. jan. 2003	12,48	7,15	5,80

Áhrif vaxtabreytinga Seðlabankans á langtímavexti eru ekki eins ljós og á skammtímavexti og þau geta verið mismunandi. Ávöxtun verðtryggðra skuldabréfa á markaði ræðst af framboði og eftirspurn hverju sinni og væntingum fjárfesta. Fjallað hefur verið um áhrif vaxtabreytinga Seðlabankans í ársfjórðungsriti bankans Peningamálum (sjá t.d. grein Þórarins G. Péturssonar um miðlunarkerfi peningastefnunnar í Peningamálum 2001/4). Ávöxtun 25 ára húsbréfa hefur lækkað undanfarna mánuði, úr nálega 6% fyrir ári í tæp 5% nú. Á sama tíma lækkuðu verðtryggðir vextir skuldabréfalána banka og sparisjóða úr um 10,2% í um 9,45% eða um 0,75 prósentur (sjá eftirfarandi töflu). Verðtryggðir skuldabréfavextir hafa lækkað annars vegar vegna lækkunar raunstýrivaxta Seðlabankans og hins vegar af því að þeir höfðu haldist óeðlilega háir m.a. vegna sérstakra aðstæðna á húsnæðismarkaði.

Eins og fram kemur hér á undan hafa meðalvextir verðtryggðra lána banka og sparisjóða og ávöxtun 25 ára húsbréfa lækkað að undanförnu, bankavextir þó heldur minna. Frá árslokum 2001 hefur munur meðalvaxta verðtryggðra lána banka og sparisjóða annars vegar og ávöxtunar 25 ára húsbréfa hins vegar verið á bilinu frá liðlega 4 prósentum upp í u.þ.b. 4,8 prósentur. Hann hefur heldur aukist undanfarnar vikur og er nú liðlega 4,6 prósentur. Ýmislegt getur valdið því að breytingar fylgjast ekki nákvæmleg að til skamms tíma litið en yfir lengri tíma er eðlilegt að samhengi sé á milli þessara vaxta.

Verðtryggðir vextir og stýrivextir Seðlabankans.

	Meðalkjör-vextir verð-tryggðra skulda-bréfalána	Meðalvextir verðtryggðra skuldabréfa-lána	Stýrivextir SÍ	Ávöxtunar-krafa 25 ára húsbréfa	Mismunur á stýrivöxtum SÍ og ávöxtun 25 ára húsbréfa	Mismunur á meðalvöxtum verðtryggðra skuldabréfalána og ávöxtun 25 ára húsbréfa
3. jan. 2002	7,70	10,20	10,10	5,87	4,23	4,33
1. feb. 2002	7,70	10,20	10,10	5,93	4,17	4,27
1. mars 2002	7,70	10,20	10,10	6,05	4,05	4,15
1. apríl 2002	7,70	10,20	10,10	6,00	4,10	4,20
1. maí 2002	7,70	10,20	9,60	5,97	3,63	4,23
3. júní 2002	7,70	10,10	8,80	5,84	2,96	4,26
1. júlí 2002	7,70	10,10	8,50	5,83	2,67	4,27
1. ágúst 2002	7,70	10,10	8,50	5,69	2,81	4,41
2. sept. 2002	7,70	10,10	7,90	5,55	2,35	4,55
1. okt. 2002	7,70	10,10	7,10	5,47	1,63	4,63
1. nóv. 2002	7,40	10,00	6,80	5,34	1,46	4,66
2. des. 2002	7,20	9,70	6,30	5,31	0,99	4,39
1. jan. 2003	7,00	9,55	5,80	5,18	0,62	4,37
28. jan. 2003	6,92	9,45	5,80	4,89	0,91	4,55

Seðlabankinn hefur bent á að mikið framboð húsbréfa hefur haldið aftur af vaxtalækkunum verðtryggðra skuldabréfa. Verðtryggðir vextir hafa lækkað nokkuð að undanförnu en búast má við að það sé að skapast frekara svigrúm til lækkunar verðtryggðra vaxta. Fylgst verður grannt með því að verðtryggðir vextir banka og sparisjóða fylgi eftir lækkun verðtryggðra skuldabréfavaxta. Hvað óverðtryggða vexti varðar hafa bankar og sparisjóðir fylgt eftir vaxtalækkunum Seðlabankans sl. 12 mánuði en engu að síður hefur mismunur óverðtryggðra vaxta banka og sparisjóða og stýrivaxta Seðlabankans aukist umtalsvert ef litið er til lengri tíma.

956. Frumvarp til laga [157. mál]

um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. febr.)

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, svohljóðandi:

Siglingastofnun Íslands getur heimilað að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá sé skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Þurrleiguskráning er tímabundin skráning skips, sem leigt hefur verið án áhafnar, á erlenda skipaskrá án þess að það sé afmáð af íslenskri skipaskrá. Siglingastofnun Íslands getur ákveðið að heimild til þurrleiguskráningar takmarkist við skipaskrár tiltekinna ríkja. Heimilt er að skrá skip með þessum hætti til allt að fimm ára og framlengja þurrleiguskráningu í framhaldi af því um allt að eitt ár í senn. Með umsókn um heimild til þurrleiguskráningar skulu fylgja:

a. upplýsingar um leigutaka skipsins,
b. upplýsingar um hvar óskað er að skrá skipið þurrleiguskráningu,
c. upplýsingar um hvar skipi er ætlað að stunda veiðar og á hvaða tegundum,
d. afrit þurrleigusamnings, auk löggiltrar þýðingar á samningnum ef hann er á öðru tungumáli en íslensku eða ensku,
e. staðfesting erlendrar skipaskrár á því að heimilt sé að skrá skipið þurrleiguskráningu þar,
f. staðfesting erlendrar skipaskrár á því að skipið verði tafarlaust afmáð af skipaskránni ef íslensk stjórnvöld fara fram á það,
g. skriflegt samþykki veðhafa fyrir þurrleiguskráningunni,
h. aðrar upplýsingar sem samgönguráðherra getur kveðið á um í reglugerð.

Áður en Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting sjávarútvegsráðuneytisins á því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
b. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur grafa ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við reglur þjóðaréttar,
c. verndunarsjónarmið mæla ekki gegn þeim veiðum sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
d. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur eru í samræmi við þær reglur sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um,
e. sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki,
f. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga,
g. önnur skilyrði sem sjávarútvegsráðherra getur kveðið á um í reglugerð.

Skip, sem skráð er á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá, siglir undir þjóðfána erlenda ríkisins og skal fylgja ákvæðum laga og reglna þess ríkis, þ.m.t. ákvæðum um eftirlit með skipum, búnað skipa og mönnun þeirra, meðan á þurrleiguskráningu stendur. Veðbönd skips, sem skráð er með þessum hætti, skulu skráð hjá hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra hér á landi.

Heimild til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður þegar:

a. þurrleigusamningur fellur úr gildi,
b. forsendur heimildar til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. eru brostnar að mati Siglingastofnunar Íslands,
c. skilyrði fyrir heimild til þurrleiguskráningar skv. 2. mgr. er ekki lengur uppfyllt að mati sjávarútvegsráðuneytisins,
d. leigutaki skipsins óskar þess,
e. 1. mgr. 15. gr. á við um skipið.

Þegar heimild skips til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður skal Siglingastofnun Íslands fara fram á það við erlendu skipaskrána að skipið verði tafarlaust afmáð af henni. Uppfylli skipið ekki skilyrði íslenskra laga ber forráðamönnum þess að sjá til þess að úr því sé bætt innan þriggja sólarhringa frá því að tilkynning berst um að það hafi verið afmáð af

hinni erlendu skipaskrá. Þegar skilyrði hafa verið uppfyllt skal tilkynna það til Siglingastofnunar.

Þurrleiguskráningu skips telst lokið þegar tilkynning berst frá erlendu skipaskránni um að það hafi verið afmáð af henni.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skip sem er skráð á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá telst þó ekki vera íslenskt skip og hefur ekki rétt til að sigla undir þjóðfána Íslendinga meðan á þurrleiguskráningunni stendur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

957. Lög [566. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

(Afgreidd frá Alþingi 11. febr.)

Samhljóða þskj. 914.

958. Frumvarp til laga [597. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 133/1993, bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir orðunum „að Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 138/1996, kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í a-lið 1. mgr. 133. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1999, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 3. mgr. 17. gr. laganna bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/2001:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. 2. mgr. orðast svo:

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

6. gr.

Við 13. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2001, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.

II. KAFLI
Félagsmálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

8. gr.

Á eftir orðunum „til annars EES-ríkis“ í 4. málsl. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 47/1998, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

9. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu að greiða ríkisborgara í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

Breyting á lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, með síðari breytingum.

10. gr.

Á eftir orðunum „til annars EES-ríkis“ í 4. málsl. 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1998, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

11. gr.

Á eftir orðunum „í öðrum EES-ríkjum“ í 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

12. gr.

Við 6. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

13. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

III. KAFLI

Fjármálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

14. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 8. tölul. 11. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 143/1997, kemur: eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

15. gr.

Á eftir orðunum „ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum.

16. gr.

Við 1. tölul. 5. mgr. 6. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

17. gr.

2. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „ríki Evrópska efnahagssvæðisins“ í skilgreiningu hugtaksins *evrópskt tæknisamþykki* kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í skilgreiningu hugtaksins *sameiginleg tækniforskrift* kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

19. gr.

Á eftir orðunum „ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í c-lið 7. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

20. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

IV. KAFLI
Landbúnaðarráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, með síðari breytingum.

21. gr.

6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 150/2001, orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM), skuldbindingar Íslands skv. I. og II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og skuldbindingar Íslands samkvæmt viðauka F við stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

22. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi landbúnaðarráðherra, fengið viðurkenningu til að starfa sem sérfræðingur í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Umsóknir um sérfræðingsleyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt.

23. gr.

Á eftir orðunum „að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

24. gr.

Fyrri málsliður 24. gr. laganna orðast svo: Hafi yrkishafi hvorki búsetu eða aðsetur hér á landi, í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu er unnt að beina erindum til umboðsmanns hans.

V. KAFLI

Menntamálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.

25. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1997, 1. gr. laga nr. 49/2001 og 1. gr. laga nr. 127/2002, orðast svo:

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipanir 89/48/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, 92/51/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, eða 1999/42/EB, sem viðauka við þær svo sem þeir eru á hverjum tíma, sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu ná til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

26. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 76/1994, kemur: og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

27. gr.

Á eftir orðunum „annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

28. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal menntamálaráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari með sömu skilyrðum enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

VI. KAFLI

Samgönguráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

29. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1995, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

30. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 60/1995 og 14. gr. laga nr. 7/1996, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

31. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1995, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.

32. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. 127. gr laganna kemur: eða aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

33. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Fólks-, vöru- og efnisflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins og milli aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Þeir sem hafa almennt leyfi skv. 4. gr. geta sótt um leyfi til Vegagerðarinnar til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga á milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða innan lands í þeim ríkjum. Vegagerðin veitir slík leyfi á grundvelli reglna sem um slík leyfi gilda. Sama gildir um leyfi sem veitt eru á grundvelli samninga við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

34. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum, EES-samningnum, sbr. tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB frá 22. nóvember 1994, um lágmarksþjálfun sjómanna, sbr. tilskipun ráðsins nr. 98/35/EB frá 25. maí 1998, og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

35. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í síðari málslið 5. mgr. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

36. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um umsóknir frá ríkisborgurum aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VII. KAFLI
Gildistaka.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur að geyma breytingar á ýmsum lögum sem rekja má til nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Vaduz-samningsins. Ljóst var að hinn nýi stofnsamningur, sem tók gildi 1. júní á sl. ári og var til meðferðar á Alþingi á 127. löggjafarþingi, sbr. þingskjal 864, mundi kalla á ýmsar lagabreytingar. Var það að hluta til gert með lögum nr. 76/2002, um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem einnig voru samþykkt á 127. löggjafarþingi, sbr. þingskjöl 1088 og 1392.

Eftir að þau lög voru samþykkt var hins vegar ljóst að breyta þyrfti nokkrum lögum til viðbótar til að Ísland gæti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt hinum nýja stofnsamningi. Með frumvarpi þessu er úr því bætt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Vaduz-samningsins. Samningur, sem tók gildi 1. júní 2002, var til meðferðar á Alþingi á 127. löggjafarþingi og þá var breytt nokkrum lögum til að Ísland gæti staðið við skuldbindingar sínar vegna samningsins. Ljóst er að breyta þarf fleiri lögum til að svo megi verða og er það gert með frumvarpi þessu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

959. Frumvarp til laga [598. mál]

um breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97 10. maí 2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

7. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: *Búsetuleyfi*: Leyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar skv. 15. gr. laga um útlendinga.

2. gr.

Í stað a- og b-liðar 14. gr. laganna kemur nýr liður sem orðast svo: Ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðrir útlendingar sem falla undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, með þeim takmörkunum sem þar greinir og nánar skal kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér tvær breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97 10. maí 2002. Annars vegar er lögð til breyting á orðskýringu í 7. tölul. 3. gr. laganna og hins vegar breyting á 14. gr. laganna til samræmis við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings. Á síðasta þingi var samþykkt heimild til að fullgilda þennan nýja stofnsamning EFTA og hefur hann þegar öðlast gildi.

Í 1. gr. er lögð til einföld breyting á skilgreiningu orðsins búsetuleyfi. Í núgildandi lögum er hún sú að um sé að ræða leyfi sem gefið sé út með varanlega dvöl í huga samkvæmt lögum um útlendinga. Í greinargerð með 15. gr. laga um útlendinga er skilgreiningin sú að búsetuleyfi feli í sér rétt til ótímabundinnar dvalar og það megi veita útlendingi sem dvalist hefur í landinu samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum, þ.e. leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga. Leyfið sem skilgreint er í lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem búsetuleyfi er því dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur búsetuleyfis og því villandi að nota hugtakið búsetuleyfi í þessu sambandi.

Með hinum nýja stofnsamningi EFTA var ákveðið að reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga giltu einnig um EFTA-ríki sem ekki eru aðilar að EES. Skulu reglur þessar þannig einnig gilda um Sviss, en önnur EFTA-ríki, Ísland, Liechtenstein og Noregur, eru aðilar að EES. Í EFTA-samningnum er eitt ákvæði víðtækara en EES-reglur, en það er ákvæði 20. gr. samningsins, sbr. og viðauka K, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbætis. Varðar það einstaklinga, óháð þjóðerni, sem starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og er hluti af almennum vinnumarkaði EFTA-ríkis. Þessum einstaklingum skal vera heimilt að koma til annars aðildarríkis og veita þjónustu á yfirráðasvæði þess í allt að 90 raunverulega starfsdaga á almanaksári. Er skilyrði að útlendingurinn hafi verið á vinnumarkaði aðildarríkisins og hafi leyfi sem jafngildi óbundnu atvinnuleyfi, sbr. 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Lagt er til að undanþáguákvæði frá kröfu um atvinnuleyfi í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, verði gert skýrara og a- og b-liður sameinaðir þar sem um sömu ríkisborgara er að ræða, fyrir utan Svisslendinga.

Bætt er við ákvæðið heimild til að kveða nánar í reglugerð á um stöðu þeirra útlendinga sem hvorki eru ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið né Sviss. Reglugerðarákvæðið um þetta efni yrði byggt á 20. gr. EFTA-samningsins, sbr. viðauka K, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbætis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

Frumvarpið felur annars vegar í sér breytingu á skilgreiningu á búsetuleyfi til samræmis við 15. gr. laga nr. 96/2002, um útlendinga, og hins vegar breytingu á undanþáguákvæðum a- og b-liðar 14. gr. laganna til samræmis við hinn nýja stofnsamning EFTA. Í honum er kveðið á um að reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjunum, sem ekki eru aðilar að EES.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

960. Frumvarp til laga [599. mál]

um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið. Stjórn fjarskiptamála.

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Lög þessi gilda um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet.

Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Fjarskipti sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Lög þessi gilda ekki um efni sem sent er á fjarskiptanetum.

2. gr.
Stjórn fjarskiptamála.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fjarskipta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI
Orðskýringar.
3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Aðgangur*: Að veita öðru fjarskiptafyrirtæki aðgang að fjarskiptaneti, aðstöðu eða fjarskiptaþjónustu samkvæmt fastsettum skilmálum í þeim tilgangi að veita fjarskiptaþjónustu.
2. *Almenn talsímaþjónusta*: Þjónusta opin almenningi sem miðlar innlendum og alþjóðlegum símtölum um notendabúnað sem er tengdur föstum nettengipunkti.
3. *Almenningssími*: Sími sem er opinn almenningi til notkunar gegn greiðslu.
4. *Almennt talsímanet*: Fjarskiptanet sem er notað til að bjóða almenna talsímaþjónustu. Netið gerir flutning milli nettengipunkta mögulegan, bæði á tali og öðrum tegundum boðskipta, svo sem faxi og gögnum.
5. *Almennt fjarskiptanet*: Fjarskiptanet sem er notað að öllu eða mestu leyti til að bjóða almenna fjarskiptaþjónustu.
6. *Alþjónusta*: Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
7. *Áskrifandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.
8. *Breiðskjársjónvarpsþjónusta*: Sjónvarpsþjónusta sem samanstendur að öllu leyti eða hluta til af dagskrárefni sem er framleitt til þess að sýna í breiðskjárformi með mynd í fullri hæð.
9. *Fast forval*: Möguleiki sem áskrifendum í talsímaþjónustu er boðinn og gefur þeim kost á að velja að ákveðnum flokkum símtala sé beint til ákveðins þjónustuveitanda, sem valinn er fyrir fram, án þess að nota þurfi forskeyti viðkomandi þjónustuveitanda.
10. *Fjarskiptafyrirtæki*: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.
11. *Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild*: Fjarskiptafyrirtæki sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint með umtalsverða markaðshlutdeild.
12. *Fjarskiptanet*: Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.
13. *Fjarskiptavirki*: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.
14. *Fjarskiptaþjónusta*: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.
15. *Fjarskipti*: Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.
16. *Forritatengsl*: Hugbúnaðartengsl milli forrita, sem eru gerð aðgengileg af útvarpsstöðvum eða þjónustuveitendum, og úrræða í þróuðum stafrænum sjónvarpsbúnaði fyrir stafræna sjón- og hljóðvarpsþjónustu.
17. *Forskeyti*: Númer sem notandi verður að velja á undan símanúmeri til að fá aðgang að þjónustuaðila.

18. *Heimtaug*: Koparlína sem tengir nettengipunkt í húsnæði áskrifanda við tengigrind eða samsvarandi aðstöðu í hinu almenna talsímaneti.
19. *Nettengipunktur*: Efnislegur tengipunktur þar sem áskrifanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti.
20. *Notandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu.
21. *Númer og vistföng*: Röð tákna sem eru notuð til að auðkenna einstaka áskrifendur í fjarskiptavirkjum.
22. *Samhýsing*: Aðgangur að rými og tækniþjónustu sem er nauðsynlegur til að koma viðeigandi búnaði rétthafa fyrir með góðu móti og tengja hann.
23. *Samruni*: Um skilgreiningu á samruna fer eftir samkeppnislögum.
24. *Samtenging*: Efnisleg og rökvís tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem er veitt af öðru fjarskiptafyrirtæki. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.
25. *Skaðleg truflun*: Truflun sem setur í hættu, rýrir alvarlega, hindrar eða truflar endurtekið þráðlausa fjarskiptaþjónustu.
26. *Skilyrt aðgangskerfi*: Sérhver tæknileg ráðstöfun eða fyrirkomulag sem veitir aðgang að lokaðri hljóð- eða sjónvarpsþjónustu.
27. *Virðisaukandi þjónusta*: Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.
28. *Yfirgjald*: Gjald fyrir virðisaukandi þjónustu sem er hærra en almennt símtalagjald.
29. *Þröaður stafrænn sjónvarpsbúnaður*: Aðgangskassi sem tengist sjónvarpstæki eða stafrænt sjónvarpstæki sem getur tekið á móti stafrænni gagnvirkri sjónvarpsþjónustu.

III. KAFLI
Heimild til fjarskiptastarfsemi.

4. gr.
Heimildir.

Fjarskiptafyrirtæki hafa almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Heimild þessi nær til einstaklinga og lögaðila sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og enn fremur í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

Fjarskiptafyrirtæki sem býður fjarskiptanet, fjarskiptaþjónustu eða aðstöðu sem tengist fjarskiptanetum og þjónustu skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun áður en starfsemi hefst og veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna skráningar á viðkomandi fjarskiptafyrirtæki og starfsemi þess.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa á grundvelli almennrar heimildar. Að beiðni fjarskiptafyrirtækis skal Póst- og fjarskiptastofnun innan viku frá því að beiðni barst stofnuninni gefa út staðfestingu þess að fyrirtækið hafi tilkynnt sig til skráningar.

5. gr.
Lágmarksréttindi sem fylgja almennri heimild.

Fjarskiptafyrirtæki sem hafa almenna heimild skv. 4. gr. eiga rétt á að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu og að leggja fram umsóknir um heimild til að koma upp aðstöðu skv. 69. gr.

Almenn heimild veitir fyrirtækjum sem bjóða eða hyggjast bjóða almenna fjarskiptaþjónustu og almenn fjarskiptanet rétt til að semja um samtengingu og þar sem það á við að fá aðgang að eða samtengingu við önnur fjarskiptafyrirtæki.

Almenn heimild veitir sömuleiðis rétt til þess að koma til greina sem alþjónustuveitandi.

6. gr.

Skilyrði almennrar heimildar.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um almennar heimildir. Skilyrði skulu vera hlutlæg og skýr og jafnræðis gætt við veitingu heimilda.

Skilyrði geta verið eitt eða fleiri af eftirtöldum:

a. að greitt verði í jöfnunarsjóð alþjónustu skv. 22. gr.,
b. að tryggð verði gagnkvæm starfræksla þjónustu og samtenging neta í samræmi við 24. gr.,
c. að áskrifendum fjarskiptafyrirtækja verði tryggður aðgangur að númerum,
d. kröfur varðandi umhverfisvernd og skipulag, kröfur tengdar aðgangi að almenningum eða eignarlöndum, skilyrði tengd samhýsingu og samnýtingu aðstöðu, fjárhagslegar eða tæknilegar ábyrgðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja rétta útfærslu framkvæmda,
e. um skyldur um dreifingu útvarpsdagskrár, sbr. 55. gr.,
f. um verndun persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs,
g. um neytendavernd á sviði fjarskiptastarfsemi,
h. um takmarkanir að því er varðar sendingu á ólöglegu innihaldi og takmarkanir á skaðlegu innihaldi sjónvarpsefnis,
i. að veittar verði nauðsynlegar upplýsingar vegna skráningar og eftirlits,
j. að heimila þar til bærum yfirvöldum að hafa afskipti af fjarskiptanetum í samræmi við ákvæði um úrvinnslu og meðferð persónuupplýsinga,
k. að tryggja fjarskipti milli björgunarsveita og yfirvalda og útvarpssendingar til almennings þegar stórslys og hamfarir verða,
l. um ráðstafanir til að takmarka áhættu almennings af rafsegulsviðum sem stafar frá fjarskiptanetum,
m. um aðgangsskyldur aðrar en greint er frá í VII. kafla,
n. um að viðhalda heildstæði almennra fjarskiptaneta, þ.m.t. skilyrði um að koma í veg fyrir rafsegultruflanir milli fjarskiptaneta eða þjónustu,
o. um öryggi almennra neta gagnvart ólöglegum aðgangi,
p. um notkun tíðna þegar slík notkun er ekki háð einstakri úthlutun réttinda til að nota tíðnir,
q. um ráðstafanir gerðar til að tryggja að fylgt verði stöðlum eða kröfum skv. 59. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur að auki sett skilyrði sem varða rekstraröryggi neta, tryggingu um samstæði neta og samhæfni mismunandi þjónustu. Til þess að tryggja öryggi fjarskipta landsins við umheiminn getur Póst- og fjarskiptastofnun gert að skilyrði að fjarskiptafyrirtæki sem reka talsíma- eða gagnaflutningssambönd til útlanda noti til þess fleiri en eina leið og að fyrirtækin geri ráðstafanir til þess að flytja talsíma- og gagnaflutningsþjónustu við útlönd af bilaðri eða rofinni leið yfir á aðra nothæfa leið innan tímamarka sem stofnunin setur.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett það skilyrði að eigendur fjarskiptafyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild ryri ekki efnahag fyrirtækisins eða geri aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum fyrirtækisins til að uppfylla skyldur samkvæmt þessum lögum.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja sérstakar kvaðir á fyrirtæki sem reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu, í samræmi við ákvæði laga þessara um aðgang, samtengingu og alþjónustu.

IV. KAFLI
Úthlutun tíðna og númera.

7. gr.
Réttindi til að nota tíðnir og númer.

Þegar réttindi til notkunar ákveðinna tíðna og númera falla ekki undir p-lið 2. mgr. 6. gr. skal Póst- og fjarskiptastofnun að fenginni umsókn úthluta slíkum réttindum til fjarskiptafyrirtækja sem reka eða nota fjarskiptanet eða þjónustu samkvæmt almennri heimild. Einnig má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til útvarpsstöðva að lokinni opinni og gegnsærri málsmeðferð án mismununar, enda þjóni slík úthlutun markmiðum stjórnvalda. Að auki má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til aðila sem starfrækja þráðlausan fjarskiptabúnað til eigin nota. Réttindi samkvæmt þessari grein eru bundin við nafn og er framsal óheimilt.

8. gr.
Samruni og skipting fyrirtækja.

Ef fjarskiptafyrirtæki sem hefur réttindi til tíðninotkunar tekur þátt í samruna getur Póst- og fjarskiptastofnun fellt réttindi þess til tíðninotkunar úr gildi að fullu eða að hluta til eða breytt skilyrðum réttinda ef hætta er á því að samkeppni eða hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins verði hamlað eða forsendur fyrir veitingu tíðniréttinda eru að öðru leyti verulega breyttar eða brostnar.

Tilkynna skal Póst- og fjarskiptastofnun um samruna skv. 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna viðkomandi fyrirtækjum innan þrjátíu daga frá því að fullnægjandi tilkynning berst ef hún telur ástæðu til að taka málið til athugunar. Ákvörðun um niðurfellingu eða breytingu á réttindum skal taka eigi síðar en þremur mánuðum eftir tilkynningu Póst- og fjarskiptastofnunar. Vanræki fyrirtæki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun tekið málið til athugunar og ákvörðunar þegar stofnunin fær vitneskju um viðkomandi samruna. Um málsmeðferð fer samkvæmt þessari málsgrein.

Ef fyrirtæki sem hefur réttindi til tíðninotkunar er skipt í tvö eða fleiri fyrirtæki getur Póst- og fjarskiptastofnun heimilað að réttindi til tíðninotkunar eða hluti þeirra verði yfirfærð til fyrirtækis sem til verður við skiptinguna. Slík heimild er háð því að ekki sé hætta á því að samkeppni eða hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins verði hamlað og að hið nýja fyrirtæki teljist hafa getu til þess að standa við þau skilyrði sem réttindunum fylgja.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um réttindi til notkunar á númerum eftir því sem við á.

9. gr.
Takmarkanir á úthlutun réttinda.

Póst- og fjarskiptastofnun getur takmarkað fjölda úthlutana á réttindum til að nota ákveðnar tíðnir þegar það er nauðsynlegt til að tryggja skilvirka notkun tíðna. Leggja skal áherslu á hagsmuni notenda og að örva samkeppni. Öllum hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, skal gefið tækifæri til þess að tjá sig um takmarkanir á réttindum áður en Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun sína sem skal birt ásamt rökstuðningi. Kynna skal aðferðina sem notuð verður við úthlutun réttinda og auglýsa eftir umsóknum. Póst- og fjarskiptastofnun skal með

reglulegu millibili endurskoða takmarkanir sem settar hafa verið m.a. að beiðni fjarskiptafyrirtækja sem hlut eiga að máli. Ef hægt er að veita frekari réttindi til notkunar tíðna skal auglýst eftir umsóknum.

10. gr.

Skilyrði um notkun tíðna og númera.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett eftirfarandi skilyrði fyrir notkun tíðna:

a. að úthlutun tíðna taki aðeins til ákveðinnar þjónustu eða tegundar nets eða tækni, þ.m.t., þegar við á, úthlutun einkaréttinda fyrir sendingar með sérstöku innihaldi eða fyrir ákveðna mynd- eða hljóðþjónustu,
b. að notkun tíðna sé skilvirk,
c. að búnaður og rekstur fjarskiptafyrirtækis geri skaðlegar truflanir og rafsegulgeislun sem almenningur getur orðið fyrir sem minnstar,
d. að gildistími skuli takmarkaður með tilliti til þjónustu sem um er að ræða; gildistíminn skal vera með fyrirvara um breytingar á tíðniplani,
e. að afnotagjöld skuli ákvörðuð að því marki sem nauðsynlegt er til þess að tryggja hagkvæmustu notkun tíðna,
f. að efndar séu skuldbindingar sem gengist er undir í útboði,
g. að tekið sé mið af kvöðum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum um notkun tíðna.

Póst- og fjarskiptastofnun getur enn fremur sett eftirfarandi skilyrði við úthlutun númera:

a. að úthlutun réttinda til að nota númer gildi aðeins fyrir ákveðna þjónustu,
b. um framboð þjónustunnar,
c. að notkun númeranna sé skilvirk og nýtin,
d. að boðið sé upp á númeraflutning,
e. að veittar séu almennar símaskráruppl ýsingar,
f. að gildistími réttindanna sé takmarkaður; gildistíminn skal vera með fyrirvara um breytingar á númeraplani,
g. að leyfishafi greiði afnotagjöld,
h. að efndar séu skuldbindingar sem gengist er undir í útboði,
i. að tekið sé mið af kvöðum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum um notkun númera.

11. gr.

Málsmeðferð við veitingu réttinda til að nota tíðnir og númer.

Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun um réttindi til þess að nota tíðnir og númer. Slíka ákvörðun skal taka, tilkynna og birta opinberlega eins fljótt og unnt er eftir móttöku umsóknar. Ákvörðun skal liggja fyrir innan þriggja vikna ef taka á númer frá í númeraplaninu til ákveðinnar notkunar og innan sex vikna ef tíðnir eru ætlaðar til ákveðinnar notkunar í tíðniplaninu.

Krefjast má þess af umsækjendum um takmörkuð réttindi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknir þeirra. Viðhafa má útboð við úthlutun réttinda til að nota númer og tíðnir. Útboð skal að jafnaði vera opið og skal í útboðsskilmálum, þegar um er að ræða tíðnir, m.a. kveðið á um lágmarksþjónustusvæði.

Samgönguráðherra getur ákveðið að úthlutun fari fram að loknu uppboði þegar sérstaklega stendur á.

Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð við úthlutun númera er heimilt að framlengja málsmeðferðarfrestinn skv. 1. mgr. um þrjár vikur. Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð

við úthlutun tíðna er heimilt að framlengja málsmeðferðarfrestinn skv. 1. mgr., þó ekki lengur en um átta mánuði.

12. gr.

Breytingar á réttindum.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf, er Póst- og fjarskiptastofnun í undantekningartilvikum heimilt að breyta skilyrðum í almennum heimildum og skilyrðum fyrir úthlutun réttinda.

Breytingar skulu kynntar hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera styttri en einn mánuður.

13. gr.

Upplýsingar um heimildir og réttindi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gefa út nauðsynlegar upplýsingar um réttindi, skilyrði, málsmeðferð, gjöld og ákvarðanir um almennar heimildir. Ef hluti þessara upplýsinga er í vörslu annars stjórnvalds skal Póst- og fjarskiptastofnun birta yfirlit yfir slíkar upplýsingar og hvar þær er að finna.

14. gr.

Notkun tíðnirófsins.

Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið, semja tíðniplan í samræmi við skipulagið og veita upplýsingar um tíðniplanið eftir þörfum.

Samgönguráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um skipulagningu og úthlutun tíðna, jafnt til fjarskiptafyrirtækja sem notenda.

15. gr.

Skipulag númera og vistfanga.

Póst- og fjarskiptastofnun skal viðhalda skipulagi númera sem nota má fyrir hvers konar fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. númerakóða fyrir net. Upplýsingar um númeraskipulag og allar breytingar á því skulu birtar opinberlega.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um númer, númeraraðir og vistföng.

Samgönguráðherra getur sett reglugerð um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar við útgáfu vistfanga.

V. KAFLI

Markaðir.

16. gr.

Skilgreining markaða.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Haft skal samráð við Samkeppnisstofnun þegar við á.

17. gr.

Framkvæmd markaðsgreiningar.

Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af 16. gr. greina viðkomandi markaði með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar við á skal gera greininguna í samstarfi við Samkeppnisstofnun.

Markaðsgreiningin skal vera grundvöllur ákvörðunar um hvort Póst- og fjarskiptastofnun skuli leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skv. 18. gr. Ef samkeppni telst virk skulu ekki lagðar kvaðir á fyrirtæki á þeim mörkuðum. Ef virk samkeppni ríkir ekki á viðkomandi markaði skal útnefna fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á þeim markaði í samræmi við 18. gr. Leggja má á þau kvaðir samkvæmt lögum þessum eða viðhalda eða breyta kvöðum sem þegar hafa verið lagðar á.

18. gr.

Umtalsverð markaðshlutdeild.

Fyrirtæki telst hafa umtalsverða markaðshlutdeild ef það eitt sér eða með öðrum hefur þann efnahagslega styrkleika á ákveðnum markaði að geta hindrað virka samkeppni og það getur að verulega leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Þegar fyrirtæki eitt sér eða með öðrum hefur umtalsverða hlutdeild á tilteknum markaði getur það einnig talist hafa umtalsverða hlutdeild á tengdum markaði ef tengsl milli markaðanna eru slík að fyrirtæki getur beitt markaðsstyrk sínum á öðrum markaðinum til að auka markaðsstyrk sinn á hinum.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari sundurliðun markaða skv. 16. gr., um greiningu á stöðu markaða og um mælikvarða sem nota skal við mat á því hvort fyrirtæki eitt eða fleiri saman hafi umtalsverða markaðshlutdeild samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI

Um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu.

19. gr.

Réttur til alþjónustu.

Allir notendur skulu eiga rétt á alþjónustu, óháð staðsetningu, með þeim undantekningum sem greinir í 2. og 4. mgr.

Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt svo fyrir að fjarskiptafyrirtæki sem rekur almennt fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilfellum veitt þjónustuveitanda undanþágu frá þessu ákvæði.

Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, handvirk þjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu. Póst- og fjarskiptastofnun skal enn fremur tryggja að notendur hafi aðgang að a.m.k. einni símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónustu um öll símanúmer. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um að setja upp og starfrækja almenningssíma og getur ákveðið staðsetningu þeirra.

Sjái fjarskiptafyrirtæki sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til ákvörðunar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið lágmarksgæði alþjónustu.

20. gr.

Skylda til að veita alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur falið einu eða fleiri fjarskiptafyrirtækjum að bjóða alþjónustu, sbr. 19. gr., á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með gjaldskrá fyrir alþjónustu og getur ákveðið hámarksverð. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir alþjónustu alls staðar á landinu.

Samgönguráðherra setur reglugerð um alþjónustu.

21. gr.

Fjárframlög til alþjónustu.

Telji fjarskiptafyrirtæki að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær getur það sótt um að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Skal slík beiðni send Póst- og fjarskiptastofnun. Reglur um mat á kostnaði við alþjónustu skal birta í reglugerð um alþjónustu, sbr. 20. gr.

Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun beiðni um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti en jafnframt talið að þjónustan sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, og skal stofnunin þá ákvarða kostnað vegna alþjónustukvaða.

Skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að hið útnefnda fjarskiptafyrirtæki upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi fjarskiptafyrirtækisins við mat á kostnaði við alþjónustu.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðila að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu á gildistíma þess.

Nú er hluti af starfsemi fjarskiptafyrirtækis háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu, og skal sá þáttur starfseminnar þá vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækisins.

22. gr.

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,12% af bókfærðri veltu skv. 2. mgr. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra. Verði útgjöld hærri en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda hærri en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breyt-

ingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft.

Samgönguráðherra setur í reglugerð um alþjónustu nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og um útreikning rekstrartaps.

23. gr.

Sértæk fjarskiptaþjónusta.

Nú óskar samgönguráðherra eftir því að lagt sé í framkvæmdir, rekstur eða þjónustu sem er til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal Póst- og fjarskiptastofnun þá falið að gera um slíkt samning við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

VII. KAFLI

Samtenging neta og þjónustu og aðgangur að þeim.

24. gr.

Samtenging neta.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt á og þeim ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leitast við að tryggja aðgang og samtengingu og gagnvirkni þjónustu á fullnægjandi og hagkvæman hátt.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir takmarkanir sem hindra fyrirtæki í að gera samtengisamninga sín á milli.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun að samtenging geti valdið hættu á rekstrartruflunum í hinum samtengdu netum getur stofnunin mælt svo fyrir að netin skuli ekki samtengd.

Póst- og fjarskiptastofnun skal birta opinberlega upplýsingar um kvaðir sem lagðar eru á fjarskiptafyrirtæki samkvæmt þessum kafla ásamt upplýsingum um viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði og landfræðilega markaði. Þær upplýsingar skulu vera aðgengilegar öllum sem hagsmuna eiga að gæta, enda teljist þær ekki trúnaðarmál.

Samninga um samtengingu og aðgang skal senda Póst- og fjarskiptastofnun þegar í stað en eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra.

25. gr.

Aðgangur að aðstöðu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur skyldað fjarskiptafyrirtæki til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtingu, þ.m.t. á kapalrennum eða rörum, byggingum eða möstrum, eftir því sem segir í 2.–4. mgr.

Þegar fjarskiptafyrirtæki hefur rétt á að setja upp eða grafa niður fjarskiptavirki á afréttum, almenningum eða eignarlöndum, eða getur tekið land eignarnámi, sbr. 70. gr., skal Póst- og fjarskiptastofnun hvetja til samnýtingar á aðstöðu eða landareign, þ.m.t. samhýsingar. Eigi önnur fjarskiptafyrirtæki ekki aðgang að sambærilegri aðstöðu vegna umhverfis-, heilbrigðis-

eða öryggissjónarmiða getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um samnýtingu aðstöðu eða lands. Slíkar ákvarðanir skal aðeins taka eftir almenna kynningu og að fenginni umsögn hagsmunaaðila.

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar getur falið í sér fyrirmæli um skiptingu kostnaðar við aðstöðu eða land.

Í sérstökum tilfellum, þegar um er að ræða sérstaka landfræðilega aðstöðu eða þegar umhverfissjónarmið réttlæta samnýtingu getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um hana þótt ákvæði 2. mgr. eigi ekki við.

26. gr.

Samskipti fjarskiptafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki sem öðlast upplýsingar frá öðru fyrirtæki við gerð samninga um aðgang eða samtengingu eða að loknum samningum skulu eingöngu nota upplýsingarnar í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skulu á öllum stigum halda trúnað. Óheimilt er að afhenda upplýsingarnar öðrum, þar á meðal öðrum deildum fyrirtækis, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

27. gr.

Kvaðir á fjarskiptafyrirtæki.

Þegar fjarskiptafyrirtæki er talið hafa umtalsverða markaðshlutdeild er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja á það kvaðir um gagnsæi, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað, opinn aðgang að sérstakri netaðstöðu, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald eins og með þarf í þeim tilgangi að efla virka samkeppni.

28. gr.

Aðgangur að netum og þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild verði við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um opinn aðgang að almennum fjarskiptanetum, nethlutum og tengdri aðstöðu með ákveðnum skilmálum sem stofnunin setur, sbr. þó 3. mgr.

Meðal annars má krefjast af fjarskiptafyrirtækjum að þau:

a. veiti aðgang að einstökum hlutum neta eða aðstöðu, þ.m.t. aðgreindan aðgang að heimtaugum,
b. bjóði ákveðna þjónustu í heildsölu sem þriðji aðili endurselur,
c. heimili opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum eða annarri tækni sem er nauðsynleg til að tryggja gagnvirka þjónustu eða sýndarnetþjónustu,
d. bjóði samhýsingu eða samnýtingu, þ.m.t. samnýtingu kapalstokka, bygginga eða mastra,
e. bjóði þjónustu sem tryggir samvirkni þjónustu við notendur, þar á meðal greindarnetsþjónustu eða reiki í farsímanetum,
f. bjóði aðgang að rekstrarkerfum eða hliðstæðum hugbúnaði til þess að tryggja samkeppni í framboði þjónustu,
g. samtengi net eða netaðstöðu,
h. veiti aðgang fyrir sýndarnet,
i. veiti aðgang að annarri ómissandi aðstöðu.

Við ákvörðun um að leggja á skyldur skv. 1. mgr. skal Póst- og fjarskiptastofnun taka mið af því hvort það sé:

a. tæknilega og fjárhagslega raunhæft að nota eða setja upp eigin aðstöðu í samkeppni með hliðsjón af markaðsþróun og eðli og gerð samtengingar og aðgangs sem um ræðir,
b. framkvæmanlegt að veita þann aðgang sem tillaga er um,
c. forsvaranlegt með hliðsjón af upphaflegri fjárfestingu eiganda aðstöðunnar og áhættu sem tekin var með fjárfestingunni,
d. í þágu samkeppni til lengri tíma litið,
e. óheppilegt með hliðsjón af vernd hugverkaréttinda,
f. til þess fallið að auka framboð þjónustu.

29. gr.
Gagnsæi.

Til þess að auka gagnsæi samtengingar eða aðgangs að aðstöðu fjarskiptafyrirtækis getur Póst- og fjarskiptastofnun skyldað fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild til að birta opinberlega ákveðnar upplýsingar, t.d. bókhaldsupplýsingar, tæknilýsingar, upplýsingar um einkenni neta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og verðskrá. Heimilt er að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að fari leynt.

Þegar fjarskiptafyrirtæki er gert að gæta jafnræðis getur Póst- og fjarskiptastofnun skyldað það til að gefa út viðmiðunartilboð sem innihaldi sundurliðaða lýsingu á samtengingu eða aðgangi, ásamt skilmálum og skilyrðum, þar á meðal gjaldskrám. Stofnunin getur mælt fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni samtengingarsamninga og viðmiðunartilboða.

30. gr.
Jafnræði.

Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt þær kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild að það gæti jafnræðis þegar það samþykkir samtengingu eða aðgang. Slíkar kvaðir skulu einkum tryggja að fjarskiptafyrirtæki setji öðrum félögum sem veita fjarskiptaþjónustu sömu skilmála í sams konar viðskiptum og veiti þjónustu og upplýsingar með sömu skilmálum og sömu gæðum og það veitir eigin þjónustudeildum, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

31. gr.
Bókhaldslegur aðskilnaður.

Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt skyldur á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild um bókhaldslegan aðskilnað milli starfsemi sem tengist samtengingu eða aðgangi og annarrar starfsemi þannig að hægt verði að skipta öllum tekjum og kostnaði niður á rekstrareiningar sem tengja má mismunandi þjónustu. Að auki getur stofnunin krafist þess af fyrirtæki sem rekur bæði fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu að heildsöluverð þess og verð innan fyrirtækisins sé gagnsætt, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið hvaða bókhaldsaðferðir nota skal.

Til að tryggja gagnsæi og jafnræði getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að fá afhent bókhaldsgögn, þ.m.t. upplýsingar um tekjur frá þriðja aðila.

32. gr.

Eftirlit með gjaldskrá.

Þegar markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni hafi í för með sér að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild krefjist of hárra gjalda eða að óeðlilega lítill munur sé á heildsölu- og smásöluverði getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tegundum samtengingar eða aðgangs. Taka skal tillit til fjárfestinga fjarskiptafyrirtækisins og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestinguna.

Þegar lögð er kvöð á fjarskiptafyrirtæki um að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvílir sönnunarbyrðin á fyrirtækinu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmlega rekin, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um útfærslu bókhaldslegs aðskilnaðar í rekstri fjarskiptafyrirtækja skv. 31. gr., þ.m.t. skiptingu eftir netum og þjónustu, og um nánara fyrirkomulag kostnaðargreiningar samkvæmt þessari grein, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana.

33. gr.

Aðgangur að leigulínum.

Ríki ekki virk samkeppni á markaði fyrir leigulínur eða ákveðnar tegundir þeirra skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild bjóði fram leigulínur í heildsölu eða smásölu af þeirri tegund sem stofnunin telur að þörf sé fyrir á fjarskiptamarkaði.

34. gr.

Aðgangur að heimtaugum.

Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild í almennum fjarskiptanetum og talsímaþjónustu skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Gjöld fyrir aðgang og aðstöðu skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skulu birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboðs.

Beiðnum um aðgang að heimtaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um sundurgreindan aðgang að heimtaugum.

35. gr.

Reikisamningar.

Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðva eða farsímanets, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðva og farsímanets eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, eða þegar nauðsynlegt er að stuðla að virkri samkeppni, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs.

Náist ekki samkomulag skal Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvort reikisamningur skuli gerður og skilmála hans á milli þess aðila er ræður farsímanetinu skv. 1. mgr. og annarra fjarskiptafyrirtækja, enda hafi þau þegar yfir að ráða eigin almennum farsímanetum þar sem þeim verður við komið að mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

36. gr.

Aðskilnaður sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi.

Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.

Ákvæði þetta gildir án tillits til markaðshlutdeildar fyrirtækis.

VIII. KAFLI
Skilmálar og gjaldskrár.

37. gr.

Viðskiptaskilmálar.

Áskrifendur fjarskiptaþjónustu á einstaklingsmarkaði skulu eiga rétt á að fjarskiptafyrirtæki geri við þá samning sem skal a.m.k. innihalda eftirfarandi atriði:

a. nafn og heimilisfang þjónustuveitanda,
b. þjónustu sem veita skal, gæðaflokk þjónustu og tímann sem upphafleg tenging mun taka,
c. viðhaldsþjónustu sem boðin er,
d. nákvæmar upplýsingar um verð og gjaldskrá og hvernig hægt er að nálgast nýjustu upplýsingar um viðeigandi gjöld og viðhaldsgjöld,
e. gildistíma samningsins, skilmála fyrir endurnýjun hans og uppsögn,
f. skaðabætur og fyrirkomulag endurgreiðslu ef þjónusta er ekki í samræmi við samning,
g. hvernig hefja skuli mál til lausnar á deilum milli áskrifenda og fjarskiptafyrirtækis.

Áskrifendur á einstaklingsmarkaði skulu eiga rétt á því að segja samningum fyrirvaralaust upp án greiðslu skaðabóta þegar þeir fá tilkynningu um fyrirhugaða breytingu á samningsskilmálum. Áskrifendum á einstaklingsmarkaði skal veittur a.m.k. eins mánaðar uppsagnarfrestur áður en breytingar taka gildi og skulu þeir jafnframt upplýstir um rétt sinn til að segja upp samningi að skaðlausu vilji þeir ekki samþykkja hina nýju skilmála.

Fjarskiptafyrirtæki skal fyrir gildistöku nýrra eða breyttra skilmála eða gjaldskrár senda Póst- og fjarskiptastofnun skilmála eða gjaldskrá til upplýsingar á því formi sem stofnunin ákveður. Stofnuninni er heimilt að krefjast breytinga á skilmálum eða gjaldskrá fyrirtækis ef efni þeirra þykir brjóta í bága við lög þessi.

Fjarskiptafyrirtæki skulu birta viðskiptaskilmála og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sína á aðgengilegan hátt.

38. gr.

Reikningar áskrifenda o.fl.

Áskrifendur talsímaþjónustu eiga rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða eftir þjónustu og skulu áskrifendur alþjónustu eiga rétt á slíkum reikningum án þess að greiðsla komi fyrir.

Fjarskiptafyrirtækjum er heimilt að bjóða áskrifendum ítarlegri reikninga gegn hæfilegu gjaldi.

Símtöl sem eru gjaldfrjáls, þ.m.t. símtöl vegna ráðgjafar á vegum félagslegrar þjónustu, mega ekki vera sundurliðuð á reikningi, enda hafi þeir sem veita slíka ráðgjöf tilkynnt fjarskiptafyrirtækjum um starfsemi sína fyrir fram. Við gerð sundurliðaðra reikninga skal hafa hliðsjón af löggjöf um persónuvernd.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um meðferð upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir gerð reikninga, sundurliðun þeirra og málsmeðferð vegna kvartana.

Ef símtöl bera yfirgjald skal þjónustuaðili ávallt geta þess í upphafi símtals hver fjárhæð gjaldsins sé. Áskrifandi skal eiga þess kost að læsa fyrir símtöl í númer þar sem tekið er yfirgjald. Nánar skal kveðið á um símtöl og aðra virðisaukandi þjónustu í talsímanetum með yfirgjaldi í reglugerð.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita undanþágu frá upplýsingaskyldu um yfirgjald skv. 5. mgr.

39. gr.

Vanskil áskrifenda.

Heimilt er að loka fyrir talsímaþjónustu vegna vanskila fyrir símtöl önnur en þau sem bera yfirgjald, enda hafi áskrifanda verið gefin skrifleg aðvörun a.m.k. mánuði fyrir lokun. Fyrsta mánuð eftir lokun skal þó vera mögulegt að hringja í áskrifandann. Einnig skal áskrifandi geta haft samband við neyðarnúmerið 112 í jafnlangan tíma. Ef gerð hefur verið tilraun til að komast hjá gjaldtöku á ólögmætan hátt eða reynt að koma gjaldskyldu yfir á óskyldan aðila er fjarskiptafyrirtæki heimilt að loka viðkomandi þjónustu án viðvörunar.

40. gr.

Ábyrgðartakmarkanir.

Fjarskiptafyrirtækjum er heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna. Ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna fyrirtækisins.

41. gr.

Gæði þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gefið út reglur um gæði fjarskiptaþjónustu og framsetningu upplýsinga sem birtar eru svo að notendur hafi aðgang að ítarlegum, samanburðarhæfum og auðskiljanlegum upplýsingum.

IX. KAFLI
Vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.

42. gr.
Gögn um fjarskipti.

Gögnum um fjarskiptaumferð notenda sem geymd eru og fjarskiptafyrirtæki vinnur úr skal eyða eða gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptasendingar.

Gögn um fjarskiptanotkun sem nauðsynleg eru til reikningsgerðar fyrir áskrifendur og uppgjörs fyrir samtengingu má geyma þar til ekki er lengur hægt að vefengja reikning eða hann fyrnist.

Með samþykki áskrifanda er fjarskiptafyrirtæki heimilt að vinna úr gögnum skv. 1. mgr. vegna markaðssetningar fjarskiptaþjónustu eða framboðs á virðisaukandi þjónustu að því leyti sem nauðsynlegt er fyrir slíka þjónustu eða markaðssetningu. Samþykki má afturkalla hvenær sem er.

Þjónustuveitandi skal upplýsa áskrifendur fyrir fram um hvaða gögn um fjarskiptanotkun eru tekin til úrvinnslu og hversu lengi úrvinnsla mun standa.

Úrvinnslu gagna samkvæmt þessari grein skulu þeir einir sinna sem eru undir stjórn fjarskiptafyrirtækja og sjá um gerð reikninga eða stjórnun fjarskiptaumferðar, fyrirspurnir notenda, uppljóstrun misferlis, markaðssetningu fjarskiptaþjónustu eða virðisaukandi þjónustu og skal úrvinnslan einskorðast við það sem er nauðsynlegt í þágu slíkrar starfsemi.

43. gr.
Upplýsingar um staðsetningu búnaðar.

Því aðeins má vinna úr upplýsingum um staðsetningu búnaðar í almennum fjarskiptanetum eða almennri fjarskiptaþjónustu að ekki sé hægt að tengja þær við einstaka notendur eða að fengnu samþykki þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er fjarskiptafyrirtækjum heimilt án samþykkis notanda að senda upplýsingar samkvæmt þessari grein til félaga og stofnana sem annast neyðarþjónustu og eru opinberlega viðurkennd sem slík, þ.m.t. löggæslu-, sjúkraflutninga- og slökkvilið.

Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um veitingu upplýsinga og vinnslu þeirra.

44. gr.
Sjálfvirkur hringiflutningur.

Allir áskrifendur fjarskiptaþjónustu skulu eiga þess kost, á einfaldan hátt og án þess að greiðsla komi fyrir, að stöðva sjálfvirkan hringiflutning frá þriðja aðila í búnað þeirra.

45. gr.
Skrár yfir áskrifendur.

Áskrifendur í fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt á að vera skráðir í opinberum númera- og vistfangaskrám og skoða upplýsingar sem skráðar eru um þá. Áskrifendur eiga kröfu á að vera óskráðir í gagnagrunni símaskrár og er óheimilt að krefja þá um gjald fyrir það.

Áður en persónulegar upplýsingar um áskrifendur eru skráðar í prentuðum eða rafrænum skrám yfir áskrifendur skulu þeir eiga aðgang að upplýsingunum. Persónuupplýsingar sem skráðar eru í prentuðum og rafrænum skrám og í upplýsingaþjónustu um símanúmer skulu takmarkast við þær upplýsingar sem þarf til að bera kennsl á áskrifanda nema áskrifandinn hafi veitt ótvíræða heimild til annars. Fjarskiptafyrirtæki ber að verða við kröfu áskrifanda

um að gefið sé til kynna í skrá að upplýsingar skráðar um hann megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar eða að heimilisfangi sé sleppt að einhverju eða öllu leyti.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að öllum notendum sé opin a.m.k. ein símaskrá sem hefur upplýsingar um öll símanúmer. Einnig skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að a.m.k. ein símaupplýsingaþjónusta sé opin öllum notendum með upplýsingum um öll símanúmer með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun getur í þessu skyni lagt viðeigandi kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild.

Póst- og fjarskiptastofnun getur skyldað öll fjarskiptafyrirtæki sem úthluta áskrifendum símanúmerum til að verða við beiðnum um að láta í té viðkomandi upplýsingar í formi sem aðilar koma sér saman um, þ.m.t. tölvutæku formi, og með skilmálum sem eru sanngjarnir og byggðir á kostnaði ásamt hæfilegri álagningu. Óheimilt er að nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi en að gefa út símaskrár eða fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer.

46. gr.

Óumbeðin fjarskipti.

Notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa eða tölvupósts fyrir beina markaðssetningu er einungis heimil þegar áskrifandi hefur veitt samþykki sitt fyrir fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu ef viðskiptavinum er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun tölvupóstfanga þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send hafi viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun.

Að öðru leyti en mælt er fyrir í 1. og 2. mgr. eru óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar óheimil til þeirra áskrifenda sem óska ekki eftir að taka á móti þeim.

Óheimilt er að senda tölvupóst sem þátt í beinni markaðssetningu þar sem nafn og heimilisfang þess sem stendur að markaðssetningu kemur ekki skýrt fram.

Notendur sem nota almenna talsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar hringingar í símanúmer sitt.

47. gr.

Öryggi og þagnarskylda.

Fjarskiptafyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þjónustunnar í samráði við rekstraraðila fjarskiptaneta ef við á. Ef sérstök hætta er á að leynd fjarskipta á tilteknu neti verði rofin skal þjónustuveitandinn upplýsa áskrifendur um hættuna.

Öllum sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eða aðra, er skylt, bæði meðan þeir gegna starfi og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og á milli hverra.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

48. gr.

Hljóðritun símtala.

Sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtal skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína.

Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku símtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.

Þrátt fyrir 1. mgr. er opinberum stofnunum eða fyrirtækjum sem stofnanirnar fela slíkt heimilt að hljóðrita samtöl er þeim berast þegar slík hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis.

Um fyrirkomulag hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skal fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja.

Úrvinnsla hljóðritana samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

X. KAFLI

Talsímaþjónusta.

49. gr.

Neyðarhringingar.

Stuttnúmerið 112 skal vera frátekið fyrir neyðar- og öryggisþjónustu og er óheimilt að nota það í öðrum tilgangi. Óheimilt er að gjaldfæra símtöl í neyðarnúmerið 112.

50. gr.

Læsingar á aðgangi.

Fjarskiptafyrirtæki sem falin hefur verið alþjónusta skulu að beiðni áskrifanda læsa fyrir ákveðnar tegundir símtala eða fyrir símtöl í ákveðnar númeraraðir, honum að kostnaðarlausu.

51. gr.

Númerabirting.

Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenna talsímaþjónustu skulu bjóða notendum númerabirtingu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um fyrirkomulag númerabirtingar.

52. gr.

Númeraflutningur.

Notendum almennrar talsímaþjónustu, að meðtalinni farsímaþjónustu, skal vera unnt að halda símanúmerum sínum óháð því hvaða fjarskiptafyrirtæki veitir þjónustuna. Þetta gildir þó ekki um númeraflutning milli fastaneta og farsímaneta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að gjöld fyrir númeraflutning taki mið af kostnaði ásamt hæfilegri álagningu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um númeraflutning og tímasetningar í því sambandi og sker úr ágreiningi um framkvæmd hans.

53. gr.

Forval og fast forval.

Fyrirtæki sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild í tengingum við almenna fasta talsímanetið skulu gera áskrifendum sínum mögulegt að fá aðgang að þjónustu allra samtengdra fyrirtækja sem veita almenna talsímaþjónustu. Fyrirkomulag þessa aðgangs getur verið annaðhvort þannig að notandi velji forskeyti á undan hverju símtali eða með föstu forvali sem hægt er að fara fram hjá í einstökum símtölum með því að velja forskeyti.

Þörf notenda fyrir forval eða fast forval í öðrum netum eða á annan hátt en skv. 1. mgr. skal Póst- og fjarskiptastofnun meta á grundvelli markaðsgreiningar. Ef niðurstaða markaðsgreiningar er sú að samkeppni sé ekki virk getur stofnunin lagt á kvaðir í samræmi við 27. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að gjöld fyrir aðgang og samtengingu sem tengjast framboði á forvali og föstu forvali taki mið af kostnaði ásamt hæfilegri álagningu.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um forval og fast forval.

54. gr.

Verndun talsímanetsins.

Fyrirtæki sem bjóða almenna talsímaþjónustu skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem miða að því að almenna talsímanetið og almenna talsímaþjónustan, þ.m.t. neyðarþjónusta, rofni ekki.

Óheimilt er notendum að valda truflunum eða ónæði í talsímanetinu.

XI. KAFLI

Stafrænt útvarp.

55. gr.

Skylda til að flytja útvarpsdagskrá.

Leggja má á aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, skyldur til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér netin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Slíkar skyldur skulu einungis lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því.

56. gr.

Skilyrt aðgangskerfi.

Skilyrtur aðgangur að stafrænni hljóð- og sjónvarpsþjónustu skal fullnægja reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur á grundvelli skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þær kveði m.a. á um tæknilega eiginleika og skyldur til þess að veita aðgang.

57. gr.

Staðlar í gagnvirkri sjónvarpsþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal beina því til fyrirtækja sem starfrækja stafræna gagnvirka sjónvarpsþjónustu fyrir almenning eða selja þróaðan stafrænan sjónvarpsbúnað að þau noti opna staðla fyrir forritatengsl í samræmi við skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

58. gr.

Kröfur vegna stafræns útvarps í almennum fjarskiptanetum.

Almenn fjarskiptanet sem sett eru upp til þess að dreifa stafrænni sjónvarpsþjónustu skulu vera fær um að dreifa breiðskjársjónvarpsþjónustu og dagskrám. Fjarskiptafyrirtæki sem taka við og dreifa breiðskjárþjónustu eða dagskrám skulu viðhalda breiðskjárforminu.

XII. KAFLI
Fjarskiptabúnaður.

59. gr.

Búnaður fjarskiptaneta.

Tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skal að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um notkun annarra staðla, svo og tilmæla frá Alþjóðafjarskiptasambandinu. Tæknilegir eiginleikar í nettengipunktum skulu ávallt vera í samræmi við staðla. Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet skulu birta upplýsingar um tæknilega eiginleika í nettengipunktum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um nánari útfærslu þessara ákvæða. Þráðlaus fjarskiptanet má einungis setja upp og nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnuninni er þó heimilt að gefa út almennt leyfi fyrir þráðlaus fjarskiptanet í ákveðnum tíðnisviðum þegar geislað afl senda er undir hámarki sem stofnunin setur.

60. gr.

Innanhússfjarskiptalagnir.

Fjarskiptalagnir í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir í byggingu skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni sem byggingareftirlit hefur samþykkt. Í fjöleignarhúsum skulu húskassar vera innsiglaðir eða læstir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Þegar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

61. gr.

Notendabúnaður og tæki fyrir þráðlaus fjarskipti.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með sölu notendabúnaðar fyrir fjarskipti og tækja fyrir þráðlaus fjarskipti. Eftirfarandi grunnkröfur eiga við um öll slík tæki:

1. Um verndun heilsu og öryggis notanda jafnt og annarra manna.
2. Um að tæki í notkun hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulumhverfið.

Að auki skal þráðlaus búnaður gerður með tilliti til þess að nýta á sem skilvirkastan hátt tíðnisvið sem ætlað er þráðlausum fjarskiptum á jörðu og í geimnum og stöðu sem þeim er úthlutað á baugum umhverfis jörðu án þess að valda skaðlegum truflunum.

Setja má skilyrði um að ákveðnir flokkar tækja eða einstök tæki séu þannig gerð að þau:

a. megi starfrækja með öðrum tækjum með milligöngu neta og að hægt sé að tengja þau við rétta skilpunkta hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins,
b. valdi ekki tjóni á netum, starfsemi þeirra eða virkni og orsaki þannig óviðunandi rýrnun þjónustu,

c. hafi innbyggðar varnir til verndar persónuupplýsingum og friðhelgi einkalífs áskrifenda og notenda,
d. hafi möguleika á útfærslu sem hindrar svik,
e. hafi möguleika á útfærslu sem tryggir aðgang að neyðarþjónustu,
f. hafi möguleika sem auðvelda fötluðum notkun þeirra.

Notendabúnaður fyrir stafrænt sjónvarp skal uppfylla kröfur um samvirkni í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur um:

a. sameiginlegt brenglunaralgrími og gjaldfrjálsa viðtöku,
b. samvirkni hliðrænna og stafrænna sjónvarpstækja.

62. gr.

Þráðlaus sendibúnaður.

Sendibúnað fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Þó má starfrækja þráðlausan búnað án sérstaks leyfis þegar hann er eingöngu notaður við almenna fjarskiptaþjónustu í tilteknu tíðnisviði. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf fyrir notkun þráðlauss sendibúnaðar og skal leyfisbréfið vera tímabundið. Binda má leyfið skilyrðum, svo sem um sendiafl, staðsetningu, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingu við almenn fjarskiptanet. Leyfisbréf skulu gefin út á nafn eiganda búnaðarins og eru þau ekki framseljanleg. Leyfishafi sem selur þráðlausan búnað, sem hann hefur fengið leyfisbréf fyrir, eða afhendir hann öðrum varanlega ber ábyrgð á því að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um nýjan eiganda. Póst- og fjarskiptastofnun skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda, þ.m.t. útvarpssenda, sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfisskyldu. Óheimilt er að hindra eftirlitsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar í slíkum aðgerðum, enda hafi þeir framvísað starfsskírteini sínu. Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt undanþágur frá ákvæðum um leyfisbréf fyrir ákveðnar tegundir sendibúnaðar. Ekki þarf leyfisbréf fyrir sendibúnað með útgeislun sem er að hámarki 50 milliwött.

63. gr.

Fjarskiptabúnaður í farartækjum.

Íslensk skip, loftför og önnur farartæki skulu búin fjarskiptabúnaði í samræmi við alþjóðasamþykktir og reglugerðir sem samgönguráðherra setur.

Fjarskiptabúnað í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir.

Póst- og fjarskiptastofnun getur bannað notkun fjarskiptabúnaðar í erlendum farartækjum í íslenskri lögsögu ef notkunin telst andstæð íslenskum reglum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun heimilað notkun búnaðar sem viðurkenndur er til notkunar á alþjóðavettvangi.

64. gr.

Takmörkun fjarskipta vegna truflana.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

65. gr.

Viðurkenning búnaðar.

Óheimilt er að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur skv. 61. gr. og ber CE-merkingu því til staðfestingar.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans hér á landi skal tryggja að öllum búnaði sem settur er á markað hér á landi fylgi upplýsingar fyrir notendur á íslensku um tilætlaða notkun, helstu eiginleika búnaðarins og skyldu kaupenda til að sækja um leyfisbréf fyrir þráðlausan búnað.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Einnig skal senda stofnuninni upplýsingar um eiginleika búnaðarins, þ.m.t. tíðnisvið hans, bil milli rása, mótunaraðferð og hátíðniafl. Telji Póst- og fjarskiptastofnun hættu á því að búnaðurinn geti truflað aðra þjónustu í viðkomandi tíðnisviði getur stofnunin bannað sölu og notkun hans.

66. gr.

Markaðseftirlit.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur markaðseftirlit með búnaði skv. 61. gr. Í því skyni skal stofnunin hafa ótakmarkaðan aðgang að sölustöðum slíks búnaðar. Ef búnaður sem uppfyllir ekki grunnkröfur samkvæmt lögum þessum er settur á markað getur stofnunin krafist að sala hans og notkun verði þegar í stað stöðvuð og búnaðurinn kyrrsettur.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfu um að framleiðandi eða umboðsmaður hans afhendi stofnuninni sundurliðaðar upplýsingar og teikningar um búnað sem ráðgert er að setja á markað. Með slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

Samgönguráðherra setur reglugerð um markaðseftirlit með notendabúnaði og þráðlausum búnaði.

XIII. KAFLI

Réttindi til að starfa við fjarskiptavirki.

67. gr.

Kröfur til starfsmanna fyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald fjarskiptavirkja hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Fjarskiptafyrirtæki skulu upplýsa starfsmenn sína um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um hæfniskröfur til þeirra sem starfa við almenn fjarskiptavirki.

68. gr.

Heimildir til starfrækslu þráðlauss búnaðar.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út skírteini sem heimila einstaklingum að starfrækja ákveðnar tegundir þráðlauss búnaðar.

Ekki er gerð krafa um sérstaka þjálfun þeirra sem starfrækja þráðlausan búnað nema í þeim tilfellum að búnaður gegni öryggishlutverki eða þegar sendiafl er umfram 100 wött. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út skírteini talstöðvavarðar sem heimilar handhafa að starfrækja fjarskiptabúnað í skipum og flugvélum. Skírteinin veita alþjóðleg réttindi og skulu vera í samræmi við alþjóðasamþykktir. Í skírteininu sem skal vera tímabundið skal kveða á um hvaða búnað handhafa er heimilt að starfrækja. Umsækjandi skírteinis skal leggja fram gögn sem sýna fram á að hann hafi fengið þjálfun í notkun þráðlauss búnaðar í viðurkenndum skóla.

Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt útlendingum sem hér dvelja í takmarkaðan tíma undanþágu til að starfrækja fjarskiptabúnað, enda hafi þeir til þess réttindi í sínu heimalandi.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um heimildir einstaklinga til að starfrækja fjarskiptabúnað.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfi til radíóáhugamanna að fengnum umsóknum þeirra og umsögn hagsmunasamtaka áhugamanna. Erlendir ríkisborgarar geta sótt um leyfi til bráðabirgða eða til lengri tíma. Samgönguráðherra setur reglugerð um starfsemi radíóáhugamanna.

XIV. KAFLI
Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.

69. gr.
Aðgangur að landi.

Nú er fjarskiptafyrirtæki nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land annars manns, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim, og er eiganda viðkomandi fasteignar þá skylt að heimila slíkt, enda komi fullar bætur fyrir. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eigandans. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.

Nú verður tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, og skal eigandi fjarskiptavirkis þá bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.

70. gr.
Eignarnám.

Ef fjarskiptafyrirtæki er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningum um kaup verður ekki við komið má samgönguráðherra heimila, að fenginni umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar, að eign eða hluti hennar sé tekinn eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra.

71. gr.
Vernd fjarskiptavirkja.

Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.

Nú reynist nauðsynlegt vegna verklegra framkvæmda að flytja til eða breyta legu fjarskiptavirkja, og ber þá sá sem slíka framkvæmd annast allan kostnað sem af því kann að leiða, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskipta-

virkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt.

Nú liggur fyrir að tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda truflun á rekstri fjarskiptavirkis og er fjarskiptafyrirtæki þá heimilt að krefjast úrbóta frá eiganda án tafar, en ella er fjarskiptafyrirtæki heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir truflun þá sem af þessu hlýst. Nú má truflun að þessu leyti rekja til gáleysis eiganda viðkomandi búnaðar, og ber eiganda þá að greiða allan kostnað sem af úrbótum leiðir.

Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú verður tjón á fjarskiptastreng, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa það til kynna skulu önnur skip sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa tólf stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem liggja í sjó.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng og skulu skip þá halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi á það kröfu um skaðabætur frá eiganda strengjanna, enda hafi stjórnendur skipsins ekki stofnað til hættunnar af gáleysi.

Ef unnt er skulu skipverjar þegar færa til bókar skýrslu um tjónið sem staðfest skal af stjórnanda skipsins. Að auki skal eiganda sæstrengsins eða forsvarsmanni eiganda tilkynnt um atburðinn eins fljótt og kostur er.

XV. KAFLI
Fjarskipti á hættutímum.

72. gr.
Stöðvun fjarskipta.

Á ófriðartímum getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

Í neyðartilvikum, svo sem við eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni almannavarnaráðs mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

XVI. KAFLI
Viðurlög o.fl.

73. gr.
Heimild til rekstrarstöðvunar.

Fjarskiptafyrirtæki sem reka fjarskiptanet eða þjónustu samkvæmt almennri heimild eða hafa réttindi til að nota tíðnir og númer skulu að beiðni Póst- og fjarskiptastofnunar veita stofnuninni upplýsingar samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir skilyrðum almennra heimilda eða sérstakra kvaða, sbr. 5. mgr. 6. gr.

Komist Póst- og fjarskiptastofnun að þeirri niðurstöðu að fjarskiptafyrirtæki fari ekki að skilmálum almennra heimilda, skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum skal stofnunin tilkynna fjarskiptafyrirtækinu um þessa niðurstöðu og gefa fyrirtækinu tækifæri að koma skoðun sinni á framfæri eða lagfæra brot sitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar, skemmri tíma sem fyrirtækið samþykkir eða Póst- og fjarskiptastofnun kveður á um þegar um endurtekið brot er að ræða eða lengri tíma sem Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir.

Láti fjarskiptafyrirtæki ekki af broti sínu innan settra tímamarka skal Póst- og fjarskiptastofnun grípa til viðeigandi ráðstafana. Stofnuninni er í þessu sambandi heimilt að beita dagsektum, sbr. 74. gr. Tilkynna skal fjarskiptafyrirtæki um ákvörðun stofnunarinnar ásamt rökstuðningi við hana og skal veita því hæfilegan frest til þess að verða við ákvörðun.

Til viðbótar heimildum 2. og 3. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að beita fjarskiptafyrirtæki dagsektum fyrir að veita ekki upplýsingar sem þeim er skylt að afhenda innan hæfilegs tíma sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður.

Við alvarleg og endurtekin brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum þegar ráðstafanir til að tryggja að farið verði að lögum hafa mistekist getur Póst- og fjarskiptastofnun stöðvað netrekstur eða þjónustu fjarskiptafyrirtækis eða afturkallað réttindi tímabundið eða varanlega.

Póst- og fjarskiptastofnun getur, ef sannanir liggja fyrir um brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum sem leiðir til yfirvofandi hættu fyrir öryggi og heilsu almennings eða getur skapað alvarleg fjárhagsleg eða rekstrarleg vandamál fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki eða notendur fjarskiptaneta eða þjónustu, tekið bráðabirgðaákvarðanir til að bæta úr ástandinu áður en endanleg ákvörðun er tekin. Fjarskiptafyrirtækinu sem í hlut á skal að lokinni bráðabirgðaákvörðun veitt tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og leggja til úrbætur. Þegar við á getur Póst- og fjarskiptastofnun staðfest bráðabirgðaákvörðun sína.

74. gr.

Viðurlög.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð.

Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

Brot gegn IX. kafla laganna um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé slíkt brot framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Fjarskiptabúnað sem hefur verið starfræktur í heimildarleysi má gera upptækan, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið í samræmi við ákvæði 73. gr. að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi, bæta við skilyrðum eða beita dagsektum sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið.

XVII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

75. gr.
Almenn reglugerðarheimild.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála.

76. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 25. júlí 2003. Ákvæði 22. gr. tekur gildi 1. janúar 2004 og kemur fyrst til framkvæmda á árinu 2005 vegna bókfærðrar veltu á árinu 2004. Jafnframt falla úr gildi lög um fjarskipti, nr. 107/1999, utan þess að ákvæði 15. gr. þeirra laga heldur gildi til 1. janúar 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Breyta skal fjarskiptaleyfum og almennum heimildum sem í gildi eru við setningu laga þessara eigi síðar en 25. júlí 2003 til samræmis við lög þessi. Eftir það skulu reglur um almennar heimildir gilda fyrir öll fjarskiptafyrirtæki ásamt skilyrðum sem sett verða um sérstök réttindi til notkunar á tíðnum og númerum þar sem við á.

Þegar framkvæmd 1. mgr. hefur í för með sér minni réttindi eða auknar kvaðir samanborið við gildandi heimildir getur Póst- og fjarskiptastofnun framlengt gildistíma réttindanna og kvaðanna í allt að níu mánuði frá 25. júlí 2003 með fyrirvara um að réttindi annarra fjarskiptafyrirtækja skerðist ekki við það. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna um slíka frestun til Eftirlitsstofnunar EFTA.

II.

Öllum kvöðum sem í gildi eru á fjarskiptafyrirtæki, sem bjóða almenn fjarskiptanet eða þjónustu, varðandi aðgang og samtengingu skal viðhaldið þangað til endurskoðun kvaðanna hefur farið fram að lokinni markaðsgreiningu. Kvaðir sem þetta á við um eru um réttindi og skyldur til að semja um samtengingu neta og þjónustu, um að bjóða fyrirtækjum samtengingu án mismununar og um upplýsingagjöf í því sambandi, stofn samtengingargjalda og kostnaðarbókhald, aðgreiningu kostnaðar í bókhaldi og fjárhagsskýrslur, samhýsingu og samnýtingu aðstöðu, númeramál, birtingu upplýsinga og aðgang að þeim, sérstakan netaðgang sem er annar en boðinn er í venjulegum nettengipunktum, lágmarksframboð leigulína og eftirlit með leigulínuseljanda. Enn fremur skulu kvaðir er varða smásöluverð fyrir aðgang og notkun á almennu talsímaneti, forval og fast forval halda gildi sínu þar til Póst- og fjarskiptastofnun hefur lokið markaðsgreiningu og tekið ákvörðun um álagningu, niðurfellingu eða áframhaldandi gildi slíkra kvaða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Miklar breytingar hafa orðið í fjarskiptum í heiminum á undanförnum árum. Tímamót urðu hér á landi er lögbundinn einkaréttur ríkisins til þess að reka almenna talsímaþjónustu og eiga og reka almennt fjarskiptanet var afnuminn 1. janúar 1998 með lögum nr. 143/1996. Samhliða þeim lögum voru sett lög nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, sem var ætlað almennt stjórnsýsluhlutverk á sviði póst- og fjarskiptamála.

Gildandi fjarskiptalög, nr. 107/1999, tóku gildi hinn 1. janúar 2000 ásamt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 110/1999. Með þeirri löggjöf voru gerðar grundvallarbreytingar sem stuðla áttu að aukinni samkeppni í fjarskiptum auk þess sem tryggja átti aðgang allra landsmanna að ákveðinni lágmarksþjónustu, svokallaðri alþjónustu. Opnað var fyrir númeraflutning og notendum gert mögulegt að halda símanúmeri sínu ef þeir vilja skipta um fyrirtæki sem verslað er við, ákvæði um reikisamninga þegar uppbygging eigin nets er talin óraunhæf var innleitt, fjarskiptafyrirtækjum var heimilaður aðgangur að heimtaug fyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild, stigið var skref í að afnema aðgangshindranir nýrra fjarskiptafyrirtækja inn á markaðinn með því að afnema rekstrarleyfi fyrir ákveðnar tegundir af fjarskiptaþjónustu auk þess sem mælt var fyrir um opinn aðgang að fjarskiptanetum og skyldu til samtengingar fjarskiptaneta. Þrátt fyrir að stutt sé síðan gildandi fjarskiptalög voru lögfest leiða skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum til þess að nauðsynlegt er að endurskoða fjarskiptalöggjöfina.

Fjarskipta- og upplýsingamál skipta Íslendinga höfuðmáli. Markmiðið er að Ísland verði í fremstu röð tæknivæddra ríkja með ódýra og góða fjarskiptaþjónustu. Alþingi og stjórnvöld bera ábyrgð á því að tryggja réttlátar leikreglur í fjarskiptamálum, leikreglur sem stuðlað geta að aukinni velferð og hagsæld í þjóðfélaginu. Leikreglur fjarskiptanna eru um margt frábrugðnar leikreglum annarrar atvinnustarfsemi, m.a. vegna þeirrar sérstöðu fjarskipta í Evrópu að þau hafa fyrst fyrir fáum árum verið leyst undan vernd einkaréttar og því hefur ekki verið talið tímabært að fella ákveðna þætti fjarskiptaþjónustu, svo sem samtengingu, kostnaðargreiningu fjarskiptafyrirtækja, reglur um opinn aðgang að netum og alþjónustu undir samkeppnislöggjöf. Fleiri dæmi mætti telja, svo sem umsjón með tíðnimálum og úthlutun númera.

Póst- og fjarskiptastofnun er eftirlitsaðili sem hefur það hlutverk að móta samkeppnismarkað á markaði þar sem ríkisreknar símastjórnir hafa um áratuga skeið átt og rekið eina fullkomna fjarskiptanetið sem til var þar til einkaréttur var afnuminn með lögum. Breytt lagaumhverfi og starfsemi faglegs eftirlitsaðila hefur gert nýjum fyrirtækjum kleift að hefja starfsemi á markaðinum. Langtímamarkmið er að á fjarskiptamarkaðinum gildi almennar leikreglur og að ekki þurfi sértækar aðgerðir og stofnanir til eftirlits með markaðinum.

II. Þróun fjarskiptamála.

Nokkuð hefur hægt á þeirri hröðu þróun sem varð í fjarskiptum á síðasta áratug. Þegar opnað var fyrir frelsi í fjarskiptum hinn 1. janúar 1998 jókst fjöldi fjarskiptafyrirtækja umtalsvert og neytendum bauðst aukið úrval þjónustu á lægra verði, einkum á útlandasímtölum. Þegar Póst- og fjarskiptastofnun auglýsti eftir umsóknum um leyfi til að reka GSM-farsímaþjónustu í 1800 MHz tíðnisviðinu í byrjun árs 2000 reyndist mikill áhugi og var öllum fjórum umsækjendum úthlutað tíðnisviði og rekstrarleyfum. Þessi gróska ásamt fjölda farsímanotenda hérlendis vakti athygli erlendis. Farsímanotkun jókst víða mjög mikið og fjarskiptafyrirtæki fjárfestu í farsímakerfum og búnaði. Þar að auki var talið að notkun farsíma ætti enn eftir að aukast með tilkomu þriðju kynslóðar farsíma sem bjóða upp á aukinn gagnaflutningshraða og ýmsa nýja notkunarmöguleika sem ekki væru mögulegir með GSM-tækni. Á árunum 2000 og 2001 voru í Evrópu og víðar haldin útboð á tíðnum fyrir þriðju kynslóðar farsíma. Mikil bjartsýni ríkti og greiddu fjarskiptafyrirtæki í mörgum tilvikum verulegar fjárhæðir fyrir tíðniúthlutunina. En í kjölfarið komu erfiðleikar í ljós, mörg fjarskiptafyrirtæki höfðu skuldsett sig um of og tæknileg þróun þriðju kynslóðar farsímatækja og kerfa hefur ekki gengið eins og væntingar stóðu til. Fjárfestar hafa í kjölfar þessa haldið nokkuð að sér höndum við fjárfestingar í fjarskiptastarfsemi og lánastofnanir verið varfærnari.

Hin neikvæða þróun hefur sett mark sitt á íslensk fjarskiptafyrirtæki sem sum hver hafa orðið að draga saman seglin. Þannig hafa tvö þeirra fyrirtækja sem á árinu 2000 fengu leyfi til að reka GSM-farsímaþjónustu í 1800 MHz tíðnisviðinu ekki hafið slíka starfsemi og önnur fyrirtæki dregið úr fjárfestingum sínum í fjarskiptaþjónustu. Viðhorf til fjarskipta og ávinnings fjárfestinga í þeirri atvinnugrein er orðið raunsærra en áður. Ein afleiðing þessa er fækkun fjarskiptafyrirtækja. Ber þar hæst að nokkrir helstu keppinautar Landssíma Íslands hf., þ.e. Íslandssími hf., Halló – frjáls fjarskipti hf. og Tal hf., hafa sameinast og eru því aðeins tvö fjarskiptafyrirtæki hér á landi sem bjóða alhliða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja en fjöldi fjarskiptafyrirtækja býður sérhæfðari þjónustu. Því er nauðsynlegt að regluverk fjarskipta sé þannig úr garði gert að möguleikar séu fyrir nýja aðila að koma inn á fjarskiptamarkaðinn og keppa við þá sem fyrir eru.

Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika frá lögfestingu gildandi laga hefur ýmislegt áunnist og aukinnar bjartsýni er farið að gæta. Mikill vöxtur hefur orðið í háhraða internetnotkun. Reglur sem skylda fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á talsímamarkaði til að leigja fjarskiptafyrirtækjum heimtaugar hafa komið af stað framboði á bandbreiðum tengingum fyrir fyrirtæki og heimili sem byggjast á DSL (Digital Subscriber Line) tækni. Með notkun DSL er hægt að hraða internet-samskiptum og notendur geta betur nýtt sér nýja þjónustu á netinu, svo sem hljóm- og myndflutning. Þá gera reglur um númeraflutning og fast forval notendum auðveldara fyrir að skipta um þjónustuveitanda. Frumkvæði löggjafans á þessu sviði hefur haft í för með sér breytta markaðsstöðu þar sem ný fjarskiptafyrirtæki eiga aukna möguleika á að láta að sér kveða í samkeppninni. Auk þess eru vonir bundnar við stafrænt gagnvirkt sjónvarp og innleiðingu þriðju kynslóðar farsíma.

III. Hin nýja fjarskiptalöggjöf ESB.

Hin nýja fjarskiptalöggjöf ESB sem er innleidd með þessu frumvarpi er sett fram sem pakki með nokkrum tilskipunum og ákvörðun sem eiga að taka við af flestum fyrri tilskipunum um fjarskipti. Markmiðið var að draga úr flóknu regluverki fjarskipta og færa það jafnframt í átt til samkeppnisréttar. Samtímis er ætlunin að fækka gerðum með því að sameina efni þeirra. Gerðirnar sem um ræðir eru eftirfarandi:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að, og samtengingu við, fjarskiptanet og aðstöðu sem þeim tengist (Aðgangs- og samtengingartilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (Heimildatilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan ramma stjórnsýslu um fjarskiptanet og þjónustu (Rammatilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (Alþjónustutilskipun).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum (Persónuverndartilskipun).

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 676/2002 frá 7. mars 2002 um afmörkun stjórnsýslu í stefnuramma tíðnirófsmála í Evrópusambandinu (Ákvörðun um tíðnimál).

Tilskipanirnar fimm falla undir 95. gr. Rómarsáttmálans en að auki hefur framkvæmdastjórn ESB með tilvísun til 86. gr. sáttmálans gefið út tilskipun, 2002/77/EB frá 16. september 2002, um samkeppni á mörkuðum fjarskiptaneta og þjónustu. Þessar gerðir verða hluti af EES-samningnum.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um búnað fyrir þráðlaus fjarskipti og fjarskiptanotendabúnað og gagnkvæma viðurkenningu þeirra mun gilda áfram. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000/EB um aðgang að heimtauginni verða einnig áfram í gildi en á að endurskoðast sem fyrst með hliðsjón af markaðsaðstæðum.

Eins og nafnið gefur til kynna er *rammatilskipuninni* ætlað að móta sameiginlegan ramma utan um fjarskiptalöggjöfina. Með henni er markmiðið að koma á samræmdri stjórnsýslu á sviði fjarskipta á öllu EES-svæðinu og lagðar eru línur um framkvæmd annarra gerða. Jafnframt eru settar fram meginreglur sem eftirlitsstofnanir ríkjanna eiga að fara eftir og meginreglur sem gilda á fjarskiptamarkaðinum eins og um skilgreiningu á umtalsverðri markaðshlutdeild.

Rammatilskipunin gerir ráð fyrir að það verði áfram hlutverk eftirlitsstofnana að framfylgja hinni nýju löggjöf og er þeim veitt aukið frjálsræði til þess að velja þær aðgerðir sem best henta hverju sinni. Á móti verður eftirlitsstofnunum gert að skyldu að hafa meira samráð sín á milli og við framkvæmdastjórn ESB og Eftirlitsstofnun EFTA við lausn deilumála og til að ná markmiðum um einsleitni á innri markaðinum.

Með *heimildatilskipuninni* er fellt úr gildi núverandi leyfisveitingakerfi. Fyrirtæki sem veita talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og starfrækja fjarskiptanet þurfa ekki lengur sérstakt rekstrarleyfi. Tilskipunin gildir einnig um útvarpsnet og úthlutun tíðna og rása fyrir útvarp sem er nýmæli. Samræma á reglur í ríkjum ESB og EFTA sem gilda um heimildir fyrir hvers konar almenn fjarskiptanet og þjónustu og eiga almennar heimildir að nægja óháð því um hvaða tegund neta og þjónustu er að ræða en óheimilt verður að gera kröfu til þess að fyrirtæki sæki um rekstrarleyfi. Hverju ríki verður heimilt að setja skilyrði fyrir almennum heimildum sem og skilyrði fyrir notkun fjarskiptafyrirtækja á tíðnum og númerum. Þegar nauðsynlegt er að takmarka fjölda réttinda sem fjarskiptafyrirtækjum eru veitt fyrir notkun tíðna ber að velja úr hópi umsækjenda eftir hlutlægum reglum.

Alþjónustutilskipunin staðfestir gildandi ákvæði alþjónustutilskipunar nr. 98/10/EB um rétt almennings til lágmarksfjarskiptaþjónustu auk nýmæla sem lúta að hag notenda og réttindum þeirra. Í tilskipuninni er jafnframt nýmæli sem veitir heimild til að setja reglur sem skylda aðila sem reka fjarskiptanet til þess að flytja ákveðna útvarpsdagskrá, eina eða fleiri samkvæmt ákvörðun stjórnvalda. Slíka skyldu má aðeins leggja á þegar sérstakar ástæður eiga við, t.d. markmið um dreifingu til allra landsmanna.

Aðgangs- og samtengingartilskipunin fjallar heildsöluviðskipti, þ.e. samband milli þeirra sem selja net og þjónustu. Almenna reglan sem sett er fram í tilskipuninni er að fjarskiptafyrirtækjum ber að semja sín á milli um aðgang en ef samkeppni er ekki virk á ákveðnum markaði hafa eftirlitsstofnanir úrræði sem hægt er að grípa til gagnvart fyrirtækjum sem eru með umtalsverða markaðshlutdeild. Framkvæmdastjórn ESB er falið að birta lista yfir mismunandi fjarskiptamarkaði. Eftirlitsstofnanir geta nýtt sér heimildir þessarar tilskipunar til þess að skylda fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild til að verða við sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að og notkun ýmissa nethluta og tengdrar aðstöðu, t.d. ef talið er að höfnun á aðgangi eða ósanngjarnir skilmálar eða skilyrði gætu komið í veg fyrir að samkeppni myndaðist til frambúðar í smásölu eða að hagsmunum notenda væri ekki þjónað. Ný ákvæði er að finna í tilskipuninni um aðgang að skilyrtum aðgangskerfum fyrir stafrænt útvarp og er þar að hluta til um að ræða ákvæði sem áður var að finna í tilskipun 95/47/EB um notkun staðla í sjónvarpi. Ákvæði um skilyrt aðgangskerfi eiga að tryggja að þeir sem reka slík kerfi veiti öðrum útvarpsstöðvum þjónustu með sanngjörnum

skilmálum og hvílir þessi skylda á öllum þjónustuaðilum. Einnig er í tilskipuninni tekið á ákveðnum atriðum sem tengjast gagnvirku sjónvarpi.

Markmiðið með *persónuverndartilskipuninni* er að samræma lög í aðildarríkjum EES til að tryggja sömu vernd alls staðar á grunnréttindum og frelsi, einkum rétt til friðhelgi einkalífsins, að því varðar vinnslu persónuupplýsinga í fjarskiptafyrirtækjum og til að tryggja frjálst flæði slíkra upplýsinga og flutning búnaðar og þjónustu um öll aðildarríkin. Meðal þess sem tekið er fyrir í tilskipuninni er öryggi fjarskiptaþjónustu, leynd fjarskipta, meðferð upplýsinga um leiðaval í fjarskiptakerfinu, sundurliðun reikninga, númerabirting, upplýsingar um staðsetningu notenda, símaskrár og óumbeðnar fjarskiptasendingar.

Ákvörðun um tíðnimál er ætlað að tryggja samræmingu stefnumótunar og þar sem við á samræmd skilyrði um aðgang að tíðnirófinu og skilvirka notkun þess.

IV. Markmið laganna og helstu breytingar á gildandi lögum.

Frá því að lögbundinn einkaréttur ríkisins til fjarskiptastarfsemi var afnuminn hafa höfuðmarkmið fjarskiptalaga einkum verið tvenns konar, annars vegar að efla virka samkeppni og hins vegar að tryggja að allir landsmenn eigi kost á ákveðinni lágmarksfjarskiptaþjónustu. Sérstök fjarskiptalöggjöf er talin nauðsynleg til að þeim markmiðum verði náð. Til að stuðla að því að fjarskiptamarkaðurinn þróist í átt til almenns samkeppnismarkaðar og tryggja fjarskiptaþjónustu fyrir alla landsmenn eru eftirfarandi breytingar m.a. lagðar til á gildandi lögum:

1. Ekki er lengur krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskiptastarfsemi en í staðinn munu fjarskiptafyrirtæki starfa eftir almennum heimildum.
2. Við mat á því hvort fyrirtæki hafi umtalsverða markaðshlutdeild er beitt reglum samkeppnisréttarins um mat á markaðsráðandi stöðu í stað þess að miða við 25% markaðshlutdeild eins og gert er í núgildandi lögum.
3. Staðfestur er formlegur samruni fjarskipta og útvarps sem leiðir til þess að reglur um dreifingu útvarps er að finna í frumvarpinu.
4. Heimild er veitt til þess að gera dreifingu ákveðinna útvarpsdagskráa að skyldu.
5. Ítarlegri ákvæði en áður eru um vernd notenda fjarskiptaþjónustu.
6. Tryggður er réttur notenda til lágmarksþjónustu í talsíma- og gagnaflutningi í alþjónustu auk þess sem stefnt er að því að bæta fyrirkomulag jöfnunarsjóðs sem annast greiðslur fyrir alþjónustu sem ekki stendur undir sér.
7. Skilmálar um aðgang að netum og þjónustu eru endurskoðaðir.
8. Settar eru markvissari reglur um samnýtingu á aðstöðu.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Fyrsti kafli er almenns eðlis og skilgreinir markmið laganna, gildissvið þeirra og hvernig stjórn fjarskiptamála skuli vera háttað. Markmið laganna um að tryggja hagkvæma og örugga fjarskiptaþjónustu á Íslandi og efla virka samkeppni eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 1. gr.

Í fyrstu grein er mörkuð almenn stefna laganna og hvert er gildissvið þeirra. Tekið er fram að lögin gildi ekki um efni sem sent er á fjarskiptanetum en greinin er að öðru leyti nær óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um II. kafla.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um orðskýringar. Það er brýnt að orðskýringar séu í samræmi við hina nýju fjarskiptalöggjöf ESB til að ná markmiðum EES-samningsins um einsleitni.

Um 3. gr.

Talsverðar breytingar eru gerðar á greininni frá gildandi lögum. Innihald hinna nýju tilskipana ESB gefur tilefni til ýmissa breytinga og auk þess er um að ræða nokkur ný hugtök. Sum þeirra tengjast útvarpsþjónustu, einkum stafrænu sjónvarpi, en eins og komið hefur fram hér að framan er ekki lengur gerður greinarmunur á fjarskiptanetum og þjónustu eftir því hvort um er að ræða útvarpsþjónustu eða aðra fjarskiptaþjónustu.

Um III. kafla.

Sú grundvallarbreyting er gerð á reglum um heimildir til fjarskiptastarfsemi að ekki er lengur krafist rekstrarleyfis til afmarkaðra þátta fjarskiptastarfsemi heldur er öllum fjarskiptafyrirtækjum heimilt að hefja starfsemi að undangenginni tilkynningu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt gildandi lögum eiga fjarskiptafyrirtæki sem óska eftir númerum eða tíðnum fyrir starfsemi sína eða krefjast t.d. aðgangs að almenningum, afréttum og eignarlöndum fyrir fjarskiptavirki sín að sækja um rekstrarleyfi áður en þau hefja starfsemi. Það sama gildir um fyrirtæki sem leggja þarf á alþjónustukvaðir og fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild sem leggja þarf á skyldur til eflingar samkeppni. Önnur fjarskiptafyrirtæki geta skráð sig og starfað eftir almennum heimildum.

Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrarleyfi ekki gefin út en öllum fyrirtækjum mun nægja að skrá sig hjá Póst- og fjarskiptastofnun og starfa eftir almennri heimild. Almennum heimildum fylgja ákveðin lágmarksréttindi og skilyrði sem Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja. Þær breytingar sem hér eru nefndar þjóna þeim tilgangi að einfalda tilkomu nýrra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði og einfalda stjórnsýslu á þessu sviði.

Ákvæði þessa kafla eru samin með hliðsjón af heimildatilskipuninni.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að einstaklingar og fyrirtæki með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hafi almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og þjónustu. Ákvæðið getur einnig átt við fjarskiptafyrirtæki í öðrum aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptaskrifstofunnar samkvæmt nánari ákvörðun samgönguráðherra. Almenn heimild til fjarskiptastarfsemi verður lögbundin og ekki háð sérstakri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Ákvæðið er efnislega samsvarandi 1. mgr. 5. gr., sbr. síðari málslið 1. mgr. 4. gr. gildandi laga, en verður nú undantekningarlaus regla.

Áður en fyrirtæki hefur fjarskiptastarfsemi skal það tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um áform sín og veita upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar til þess að geta skráð fyrirtækið og veitt því tilskilið eftirlit. Tilkynningarskylda er í gildandi lögum, en þar er kveðið á um að tilkynnt sé með fjögurra vikna fyrirvara. Samkvæmt ákvæðinu geta fyrirtæki hafið starfsemi um leið og tilkynning hefur borist Póst- og fjarskiptastofnun.

Samkvæmt 3. mgr. mun Póst- og fjarskiptastofnun hér eftir sem hingað til halda skrá yfir fjarskiptafyrirtæki. Fjarskiptafyrirtæki sem skrá sig hjá Póst- og fjarskiptastofnun geta óskað eftir að fá skriflega staðfestingu á skráningu. Staðfest skráning getur m.a. verið fyrirtækjum til hægðarauka er þau sækjast eftir viðræðum við önnur fjarskiptafyrirtæki um aðgang að aðstöðu.

Ákvæði 4. gr. eru byggð á 3. gr. heimildatilskipunarinnar.

Um 5. gr.

Lágmarksréttindi sem fylgja almennri heimild eru talin upp í þessari grein sem byggð er á 4. gr. heimildatilskipunarinnar. Í 1. mgr. segir að fyrirtæki sem njóta almennrar heimildar eigi rétt til að bjóða fram fjarskiptanet og þjónustu. Sömuleiðis fylgir almennri heimild réttur til þess að fá aðgang að landi til þess að setja upp fjarskiptavirki sem nauðsynleg eru til þess að geta boðið fram net og þjónustu, sbr. 69. gr.

Í 2. mgr. er ákvæði um að almenn heimild veiti rétt til þess að semja um samtengingu og þegar við á rétt til þess að fá aðgang að eða samtengingu við önnur net eða þjónustu. Þetta er lykilatriði laganna vegna þess að það tryggir ekki eingöngu rétt nýrra fyrirtækja heldur einnig möguleika notenda á að ná sambandi sín á milli. Þessi réttur er þó háður því að um sé að ræða fyrirtæki sem veitir fjarskiptaþjónustu sem stendur almenningi til boða og því geta fyrirtæki sem eingöngu starfrækja fjarskiptanet til eigin nota ekki byggt rétt á ákvæðinu.

Samkvæmt 3. mgr. geta fjarskiptafyrirtæki sem skráð hafa starfsemi samkvæmt almennri heimild komið til greina sem alþjónustuveitandi þegar Póst- og fjarskiptastofnun útnefnir einn eða fleiri slíka aðila til þess að tryggja landsmönnum lágmarksfjarskiptaþjónustu, sbr. ákvæði VI. kafla.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. eru byggð á 6. gr. og viðauka heimildatilskipunarinnar. Póst- og fjarskiptastofnun er falið að setja reglur um almennar heimildir og setja skilyrði þar að lútandi. Í 1. mgr. eru talin atriði sem skilyrðin mega lúta að. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hver þessara skilyrða skuli setja og kveður nánar á um innihald þeirra í reglunum. Ekki er þörf á að útskýra hvern staflið, en þó er rétt að taka fram að b-liður undirstrikar nauðsyn þess að net og þjónusta fjarskiptafyrirtækja séu aðgengileg öðrum fjarskiptafyrirtækjum og notendum og að net verði samtengd til þess að allir notendur megi án hindrana nálgast þjónustu sem veitt er og geti haft samband hver við annan. Skv. e-lið má setja skilyrði um að dagskrá útvarps sé flutt um ákveðin net til notenda. Þetta er nýmæli og er nánar fjallað um skilyrðið í 55. gr. Skilyrði sem vísað er til í p-lið eiga við um tíðnisvið sem öllum er heimilt að nota án úthlutunar og eru t.d. notuð fyrir ákveðin staðbundin þráðlaus notendanet.

Í 3. mgr. er fjallað um skilyrði sem setja má til að tryggja rekstraröryggi neta, að samtenging neta raski ekki eðlilegri starfsemi þeirra og að þjónusta sem veitt er á netum samræmist annarri þjónustu. Sérstakt ákvæði er um öryggi fjarskiptaleiða við umheiminn og veitir það Póst- og fjarskiptastofnun heimild til að leggja kvaðir á fyrirtæki sem reka sambönd til útlanda að þau noti til þess fleiri en eina leið og flytji talsíma- og gagnaflutningsþjónustu af bilaðri leið á aðra nothæfa innan ákveðinna tímamarka. Ákvæði þetta er sett með hliðsjón af afdrifaríkum afleiðingum þess að samband landsins við umheiminn rofni um lengri tíma en taki að flytja þjónustu yfir á aðra leið með eðlilegum hætti. Það er því nauðsynlegt til að tryggja heildstæði netsins. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt en ekki skylt að beita þessu ákvæði og ef sýnt þykir að öryggi fjarskiptatenginga við umheiminn er komið í viðunandi ástand og ástæða er til að ætla að samkeppni veiti fjarskiptafyrirtækjum nægilegt aðhald til þess að svo verði til frambúðar getur verið að ekki sé þörf á að leggja á sérstakar kvaðir í þessu sambandi.

Ákvæði 4. mgr. á sér hliðstæðu í l-lið 8. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 72/2001. Skilyrðið mun framvegis koma fram í reglum um almennar heimildir, en ekki í rekstrarleyfi eins og verið hefur.

Í 5. mgr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti lagt sérstakar kvaðir á fjarskiptafyrirtæki í samræmi við ákvæði um aðgang, samtengingu og alþjónustu. Þær skulu vera skýrt að-

greindar frá skilyrðum 1. mgr. enda annars eðlis og lagðar á með stjórnvaldsákvörðun en ekki í almennum reglum.

Um IV. kafla.

Fjarskiptafyrirtæki sem nota tíðnir og númer vegna starfsemi sinnar geta sótt um réttindi til slíkrar notkunar. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar réttindum til einstakra fyrirtækja og setur skilyrði fyrir slíkri notkun. Í IV. kafla er að finna ákvæði um númera- og tíðniskipulag og úthlutun réttinda. Að auki er þar að finna tvö ákvæði um breytingar á skilyrðum og birtingu upplýsinga sem eiga bæði við um almennar heimildir skv. III. kafla og sérstök réttindi skv. IV. kafla. Fyrirmynd ákvæða þessa kafla er að finna í heimildatilskipuninni og rammatilskipuninni.

Um 7. gr.

Samkvæmt gildandi lögum þurfa fjarskiptafyrirtæki að sækja um rekstrarleyfi til þess að öðlast rétt til úthlutunar númera og tíðna. Með þessu frumvarpi er horfið frá útgáfu rekstrarleyfa en eftir sem áður er nauðsynlegt að fjarskiptafyrirtæki geti fengið heimildir til þess að nota númer og tíðnir eftir því sem þörf er á vegna starfsemi þeirra. Tíðnir eru takmörkuð auðlind og þess vegna kann að vera takmörkum háð hversu margir geta boðið fram ákveðna þjónustu. Fjöldi númera sem hægt er að úthluta getur einnig verið takmarkaður, a.m.k. tímabundið. Samkvæmt ákvæðinu, sem byggt er á 1. og 2. mgr. 5. gr. heimildatilskipunarinnar, er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun úthluti númerum og tíðnum að fengnum umsóknum. Ef Póst- og fjarskiptastofnun telur að eftirspurn eftir sambærilegum númera- eða tíðniréttindum verði ekki annað getur komið til þess að beita verði ákvæðum 9. og 11. gr. um takmörkun á fjölda réttinda og útboð eða uppboð. Tíðnum er einnig úthlutað fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingar. Það ber að gera með gagnsæjum hætti og þannig að jafnræðis sé gætt. Úthlutun skal vera í samræmi við markmið stjórnvalda í útvarpsmálum. Í því getur t.d. falist að útvarpsrásir verði boðnar út með skilmálum sem stjórnvöld skilgreina varðandi útbreiðslu o.fl. Skilin milli útvarps og fjarskiptaþjónustu eru að verða óskýrari en verið hefur. Sendikerfi fyrir útvarp eru í frumvarpi þessu talin til fjarskiptaneta og fyrirsjáanlegt er að hægt verði að bjóða fjarskiptaþjónustu og útvarp á sama netinu. Það er ekki sjálfgefið að útvarpsstöð í skilningi útvarpslaga sjái sjálf um að senda út sína dagskrá. Allt eins getur verið að tíðnum til útvarpsdreifingar verði úthlutað til fjarskiptafyrirtækis sem eingöngu sér um útsendingu.

Þriðji hópurinn sem getur þurft á tíðniúthlutun að halda eru einstaklingar eða lögaðilar sem starfrækja þráðlausan fjarskiptabúnað eða -net til eigin nota. T.d. má nefna fyrirtæki sem tengja starfsstöðvar sínar saman með þráðlausum fastasamböndum og bifreiðastöðvar sem starfrækja eigin farstöðvanet.

Framsal tíðniheimilda verður áfram óheimilt en í 8. gr. eru ákvæði sem leitt geta til þess að tíðniheimildir færist milli aðila í ákveðnum tilvikum.

Um 8. gr.

Ákvæði núgildandi laga varðandi tíðniheimildir hafa verið túlkuð þannig að öll yfirfærsla á heimildum með hvaða hætti sem er sé bönnuð. Þar með hefur það þótt útilokað að tíðniheimild fylgi með félagi sem er sameinað öðru félagi. Á fjarskiptamarkaðinum er staðan sú að ný fyrirtæki keppa við fyrirtæki sem hefur yfirburðastöðu á flestum sviðum. Ný fyrirtæki geta talið það hagkvæman kost að sameinast og skapa þannig stærri rekstrareiningar sem eru færari um að veita raunhæfa samkeppni. Nú þegar hafa nokkrar sameiningar átt sér stað. Það

getur staðið í vegi fyrir sameiningu fyrirtækja ef þau eru í óvissu um áframhaldandi rétt til þess að nýta tíðniheimildir og þurfa e.t.v. að keppa við aðra um réttindin í almennu útboði eftir sameininguna. Þrátt fyrir að almennt sé æskilegt að standa ekki í vegi fyrir sameiningu smærri fyrirtækja á markaðinum þarf að tryggja að með samruna opnist ekki leið til þess að fara í kringum framsalsbann og eins þarf að koma í veg fyrir að tíðniheimildir safnist á fárra hendur. Því er lagt til að yfirfærsla réttinda við samruna komi ekki til framkvæmda nema með sérstöku samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar sem verður veitt ef stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé hætta á að samkeppni eða hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins verði hamlað. Útvarpsstöðvar geta fallið undir þetta ákvæði ef þær reka sjálfar dreifikerfi og hafa tíðniheimild enda telst slíkt kerfi nú til fjarskiptaneta. Samkvæmt orðskýringu í 3. gr. nær ákvæðið til þeirra tilvika sem falla undir samrunahugtakið eins og það er skilgreint í samkeppnislögum.

Samkvæmt 2. mgr. ber fyrirtækjum að að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan samruna og skal stofnunin tilkynna innan 30 daga ef hún telur ástæðu til að taka málið til athugunar. Málsmeðferð er hliðstæð meðferð sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. 18. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með áorðnum breytingum. Ef Póst- og fjarskiptastofnun tekur ekki ákvörðun um niðurfellingu eða breytingu réttinda fylgja þau með við samruna í samræmi við almennar reglur félagaréttar.

Það er ekki einhlítt að hagkvæmasti kosturinn í rekstri fyrirtækja sé að stækka þau. Til eru þeir sem vilja fara hina leiðina og það þekkist að fjarskiptafyrirtækjum sé skipt niður í smærri fyrirtæki sem hvert um sig sér um ákveðinn þátt starfseminnar. Lagt er til í 3. mgr. að Póst- og fjarskiptastofnun geti einnig í þessum tilvikum samþykkt yfirfærslu réttinda að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Meðal þeirra skilyrða er að fyrirtæki sem verður til við skiptingu hafi getu, þ.m.t. efnahagslegan styrkleika, til þess að standa sjálfstætt að nýtingu tíðniheimilda í samræmi við skilyrði sem þeim fylgja. Þannig á ekki að vera hægt að fara í kringum framsalsbann með því að skipta fyrirtæki þannig að tíðniheimild sé eina eign hins nýja félags. Ákvæði 1.–3. mgr. skulu einnig gilda um réttindi til að nota númer eftir því sem við getur átt. Það gæti einkum verið ástæða til afskipta af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar ef samruni leiddi til þess að stuttnúmer eða netkóðar sem skortur væri á söfnuðust á eina hendi og heftu þannig samkeppnismöguleika á markaðinum.

Um 9. gr.

Samkvæmt alþjóðasamþykktum er tíðnirófinu skipt í tíðnisvið sem hvert fyrir sig er ætlað fyrir tiltekna fjarskiptaþjónustu. Ef skipta þarf viðkomandi tíðnisviði í margar smáar einingar vegna fjölda fjarskiptafyrirtækja sem vilja veita þjónustu verður notkun viðkomandi tíðnisviðs óskilvirk og getur farið svo að hlutur hvers fyrirtækis verði of lítill til þess að það geti rekið þjónustuna. Til þess að koma í veg fyrir slíkt er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til þess að takmarka fjölda úthlutana í ákveðnu tíðnisviði. Þegar stofnunin setur slíkar takmarkanir skal hafa hliðsjón af högum notenda og mikilvægi þess að örva samkeppni. Samsvarandi ákvæði er nú að finna í 10. gr. gildandi laga. Nýmæli er þó að skuldbinda Póst- og fjarskiptastofnun til að kynna hagsmunaaðilum tillögur sínar um takmarkanir áður en stofnunin tekur endanlega ákvörðun. Slík kynning og álitsumleitan gæti farið fram á vefsíðu stofnunarinnar. Hér er einnig lögð skylda á Póst- og fjarskiptastofnun að kynna fyrir fram aðferðir sem stofnunin hyggst nota við úthlutun réttinda og að auglýst sé eftir umsóknum svo að hver og einn eigi þess kost að sækja um réttindin. Ákvarðanir sínar skal Póst- og fjarskiptastofnun endurskoða reglulega en einnig geta fjarskiptafyrirtæki óskað eftir endurskoðun. Niðurstaðan

getur verið að auglýsa á ný eftir umsóknum. Ákvæði 9. gr. á stoð í 1.–3. mgr. 7. gr. heimildatilskipunarinnar.

Um 10. gr.

Þegar veitt eru réttindi til þess að nota tíðnir er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að setja skilyrði þar að lútandi, eitt eða fleiri af þeim sem talin eru upp í stafliðum a–g í 1. mgr. Samkvæmt gildandi lögum hafa verið sett skilyrði fyrir tíðninotkun en þau hafa að mestu verið innifalin í rekstrarleyfi viðkomandi fjarskiptafyrirtækis.

Það leiðir af eðli rafsegulbylgna að ekki er hægt að blanda saman mismunandi útsendingartækni í ákveðnu tíðnisviði ef forðast á skaðlegar truflanir. Þess vegna má setja það skilyrði að úthlutaðar tíðnir séu aðeins notaðar í ákveðnum tilgangi sem skilgreindur er fyrir fram fyrir hvert tíðnisvið. Setja má skilyrði sem talin eru nauðsynleg um tæknilega og rekstrarlega eiginleika útsendinga til þess að koma í veg fyrir skaðlegar truflanir á öðrum sendingum. Slík skilyrði leiðir oft af alþjóðlegum samþykktum um tíðnimál.

Önnur skilyrði, sem setja má, lúta m.a. að gildistíma réttinda sem er með fyrirvara um breytingar á tíðniplani sem orsakast af breyttri tækni og nýjum alþjóðasamþykktum, greiðslu afnotagjalda og skuldbindingum sem rétthafi hefur undirgengist, t.d. varðandi útbreiðslu og gæði þjónustu, þegar val milli umsækjenda um tíðnir hefur farið fram með útboði.

Í stafliðum a–i í 2. mgr. eru talin upp skilyrði sem setja má fyrir úthlutun númeraréttinda en reglur um notkun númera eru að talsverðu leyti alþjóðlegar og miða að því að samræma notkun númera fyrir ákveðna þjónustu. Dæmi um slíkt er neyðarnúmerið 112. Setja má skilyrði um að notkun númera sé skilvirk, þ.e. að fjarskiptafyrirtæki sæki ekki um númeraraðir langt umfram raunþarfir. Afleiðing lélegrar nýtingar geta verið að fjölga verði tölustöfum í símanúmerum en slíkt er mjög kostnaðarsamt fyrir fjarskiptafyrirtæki og notendur. Heimilt er að setja skilyrði um númeraflutning, þ.e. að notendur geti tekið með sér númer þegar þeir skipta um þjónustuveitanda. Krafa laganna um að allir notendur hafi aðgang að a.m.k. einni símaskrá með öllum símanúmerum verður ekki uppfyllt nema öll talsímafyrirtæki sem fengið hafa númer veiti upplýsingar um það hvaða númerum þau hafa úthlutað notendum. Skilyrði má setja um hámarksgildistíma úthlutunar, greiðslu gjalda fyrir númer, skuldbindingar sem rétthafi hefur undirgengist þegar númerum er úthlutað eftir útboð og kvaðir sem hljótast af alþjóðlegum samþykktum. Ákvæðið byggist á 6. gr. heimildatilskipunarinnar ásamt viðauka.

Um 11. gr.

Grein þessi er byggð á 5. og 7. gr. heimildatilskipunarinnar. Meginregla um afgreiðslutíma Póst- og fjarskiptastofnunar við veitingu réttinda til fjarskiptafyrirtækja til að nota númer og tíðnir er efni 1. mgr. Undir venjulegum kringumstæðum þegar ekki er þörf á að takmarka fjölda úthlutana skal Póst- og fjarskiptastofnun afgreiða umsóknir um númer innan þriggja vikna og um tíðnir innan sex vikna enda séu umsóknir í samræmi við tíðni- eða númeraplan stofnunarinnar. Ef umsóknir eru ekki í samræmi við fyrirliggjandi skipulag og fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að gera breytingar í þá átt að koma til móts við óskir umsækjanda innan settra tímamarka er stofnuninni rétt að hafna umsókn að svo stöddu.

Í 2. mgr. er gerð grein fyrir málsmeðferð þegar takmarka verður fjölda númera eða tíðna sem hægt er að úthluta. Krefja má umsækjendur um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að Póst- og fjarskiptastofnun geti lagt mat á umsóknir þeirra, þ.m.t. hvort þeir hafi fjárhagslegt og rekstrarlegt bolmagn til þess að geta tekið viðkomandi númer eða tíðnir í notkun. Telji Póst- og fjarskiptastofnun líkur á að eftirspurn geti orðið meiri en framboð á ákveðnum númerum eða tíðnum getur stofnunin ákveðið að halda útboð sem skal að jafnaði vera opið

og skal birta útboðsskilmála opinberlega. Í vissum tilfellum getur uppboð verið besta aðferðin til að úthluta réttindum en ákvörðun um uppboð getur samgönguráðherra einn tekið.

Verði ákveðið að viðhafa útboð eða uppboð um úthlutun réttinda til að nota númer er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að lengja málsmeðferð um þrjár vikur. Ef hins vegar haldið er útboð eða uppboð um réttindi til að nota tíðnir er stofnuninni heimilt að lengja málsmeðferðarfrestinn eins og talið er nauðsynlegt til þess að umfjöllun um umsóknir geti verið hnökralaus, þó ekki lengur en um átta mánuði.

Um 12. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta hafa breytingar á lögum um fjarskipti verið tíðar á undanförnum árum og fjarskiptamarkaður og tækni í miklum framgangi. Það þykir þess vegna nauðsynlegt að hægt sé að breyta skilyrðum sem fylgja almennum heimildum og úthlutuðum réttindum þegar svo ber undir og réttmætar ástæður eru fyrir hendi. Í einstaka tilfellum kann að vera nauðsynlegt að endurskoða skilyrði vegna verulegra breytinga á forsendum þó að ekki verði gerðar breytingar á lagarammanum. Þetta gæti t.d. komið til ef rannsóknir sýndu fram á nauðsyn þess að gera auknar kröfur varðandi varnir gegn rafsegulgeislun, ef breytingar eru gerðar á skipulagi tíðnirófsins og vegna samruna eða skiptingar fyrirtækja, sbr. 8. gr. Þar sem breytingar á skilyrðum varða atvinnuréttindi verða breytingar sem eru íþyngjandi ekki gerðar nema í algerum undantekningartilvikum þegar mjög ríkar ástæður krefjast. Gerð er krafa um að allar fyrirhugaðar breytingar séu kynntar hagsmunaaðilum með fyrirvara sem skal vera minnst einn mánuður nema í sérstökum tilfellum, með það fyrir augum að þeir geti komið fram með athugasemdir áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Greinin er byggð á 14. gr. heimildatilskipunarinnar.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein sem byggist á 15. gr. heimildatilskipunarinnar skal Póst- og fjarskiptastofnun gefa út og viðhalda upplýsingum um réttindi, skilyrði, málsmeðferð, gjöld og ákvarðanir um almennar heimildir og notkunarréttindi svo að allir sem áhuga hafa geti nálgast þær. Stofnuninni er eftirlátið að ákveða með hvaða hætti útgáfa upplýsinga fer fram en það getur t.d. verið birting á vefsíðu. Tilgangur ákvæðisins er m.a. sá að aðilar sem skoða vilja aðgengi að fjarskiptamarkaði geti nálgast helstu upplýsingar þar að lútandi á einum stað.

Um 14. gr.

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi skipulag tíðnirófsins verður það sama og samkvæmt gildandi lögum. Sérstök áhersla er þó lögð á það nú að lágmarka skaðlegar truflanir.

Í 2. mgr. er heimild til að setja reglugerð um skipulag og úthlutun tíðna líkt og í gildandi lögum.

Um 15. gr.

Greinin kemur í stað 32. gr. gildandi laga en er nokkru styttri og einfaldari. Aðalákvæði greinarinnar leggur skyldu á Póst- og fjarskiptastofnun að viðhalda skipulagi númera fyrir fjarskiptaþjónustu. Stofnunin úthlutar fjarskiptafyrirtækjum hvers kyns númerum fyrir notendur og sérstaklega er tekið fram að númerakóðar fyrir auðkenningu stöðva og neta falli undir ákvæðið.

Í 2. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til þess að setja reglur um númer, númeraraðir og vistföng. Þar yrði m.a. kveðið á um skiptingu númeraraða eftir þjónustuteg-

undum, málsmeðferð við úthlutun og afturköllun númeraréttinda vegna breytinga á númeraplani. Póst- og fjarskiptastofnun hefur sett slíkar reglur og endurskoðað þær reglulega. Gildandi reglur eru nr. 832/2000.

Þar sem hlutverk stofnunarinnar í sambandi við vistföng í tölvusamskiptum hefur ekki verið skilgreint fram að þessu er samgönguráðherra í 3. mgr. veitt heimild til þess að setja reglugerð um það. Samsvarandi ákvæði er í 4. mgr. 32. gr. gildandi laga.

Um V. kafla.

Í gildandi lögum er fjallað um fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild í 24. gr. og er þar að finna almenna reglu um að 25% markaðshlutdeild teljist umtalsverð og fyrirtæki sem staðfest er að hafi þá stöðu bera tilteknar skyldur samkvæmt ýmsum ákvæðum laganna. Í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í hinum nýju gerðum EES inniheldur V. kafli endurskoðaða skilgreiningu á hugtakinu umtalsverð markaðshlutdeild. Auk þess hafa komið til ný ákvæði um skilgreiningu markaða og framkvæmd markaðsgreiningar. Af þessum ástæðum er nú ákvæðum um fjarskiptamarkaði safnað á einn stað í þessum kafla. Með þessum kafla eru innleidd ákvæði 14.–16. gr. rammatilskipunarinnar.

Um 16. gr.

Með greininni er Póst- og fjarskiptastofnun falið að skilgreina ákveðna fjarskiptamarkaði eftir þjónustutegundum og landsvæðum eftir því sem við á. Um er að ræða markaði þar sem réttlætanlegt gæti talist að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki. Póst- og fjarskiptastofnun skal við þessa vinnu styðjast við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum en hinar síðarnefndu kveða á um nánari ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB og Eftirlitsstofnunar EFTA. Framkvæmdastjórn ESB hefur þegar lagt grunn að tilmælum þar sem skilgreindir eru þeir þjónustumarkaðir þar sem ástæða gæti verið til þess að hafa afskipti til eflingar samkeppni. Að öllu jöfnu verða ekki höfð afskipti af nýjum mörkuðum í örri þróun, nema í sérstökum tilvikum ef mjög sterk rök liggja að baki. Skv. 16. gr. er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra geti sett reglugerð um nánari sundurliðun markaða sem um er að ræða.

Um 17. gr.

Þegar skilgreining og skipting markaða liggur fyrir í samræmi við 16. gr. þarf að gera greiningu á stöðunni á hverjum markaði fyrir sig. Við þá greiningu skal hafa hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum, en í þeim felst m.a. að taka skal mið af leiðbeiningum sem framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út um markaðsgreiningu og mat á umtalsverðri markaðshlutdeild. Þegar við á skal framkvæma greininguna í samráði við innlend samkeppnisyfirvöld.

Tilgangur markaðsgreiningar er að skera úr um hvort samkeppni sé virk á þeim mörkuðum sem skilgreindir hafa verið og að taka ákvörðun um að leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild. Þegar samkeppni telst vera virk skal ekki leggja kvaðir á fyrirtæki á þeim markaði sem um ræðir. Sé samkeppni á markaði hins vegar ekki virk skal Póst- og fjarskiptastofnun útnefna fyrirtæki sem hafa umtalsverða hlutdeild á viðkomandi markaði og leggja á þau kvaðir, viðhalda þeim eða breyta í samræmi við lög þessi.

Markaðsgreiningu ber að endurskoða með hæfilegu millibili og verður það metið með hliðsjón af aðstæðum innan lands sem og tilmælum sem gefin verða út og endurskoðuð af framkvæmdastjórn ESB og Eftirlitsstofnun EFTA.

Um 18. gr.

Lýst er þeim aðstæðum á markaði sem geta leitt til þess að fjarskiptafyrirtæki teljist hafa umtalsverða markaðshlutdeild. Ekki er lengur gengið út frá 25% hlutdeild eins og í gildandi lögum heldur er hugtakið umtalsverð markaðshlutdeild skilgreint á nánast sama hátt og markaðsráðandi staða í samkeppnisrétti. Fyrrnefndar leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um markaðsgreiningu og mat á umtalsverðri markaðshlutdeild byggjast á dómaframkvæmd EB-dómstólsins í samkeppnismálum. Fram kemur í ákvæðinu að fleiri en eitt fyrirtæki geta haft sameiginlega umtalsverða markaðshlutdeild og á það rætur að rekja til samkeppnisréttar (e. collective dominance). Aðra reglu af sama meiði er að finna í 2. mgr. en hún felur í sér að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á ákveðnum markaði getur í vissum tilfellum talist hafa umtalsverða markaðshlutdeild á nátengdum markaði.

Í 3. mgr. er samgönguráðherra veitt heimild til þess að setja reglugerð um nánari sundurliðun markaða en kveðið er á um í 17. gr., um greiningu á stöðu markaða og um reglur sem nota skal við mat á því hvort fyrirtæki eitt eða fleiri saman hafi umtalsverða markaðshlutdeild.

Um VI. kafla.

Kafli þessi um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu er nokkuð breyttur frá IV. kafla gildandi laga þó að meginákvæði og gildissvið séu efnislega hin sömu. Að vísu er fastar kveðið á en áður um rétt allra landsmanna til þess að njóta alþjónustu og um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að tryggja að a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki verði við öllum sanngjörnum beiðnum um fastatengingu við almenna talsímanetið. Tegundir þjónustu sem falla undir alþjónustu eru hinar sömu og áður. Kaflinn er saminn með hliðsjón af alþjónustutilskipuninni.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. kemur fram meginregla um rétt allra notenda til þess að njóta alþjónustu óháð staðsetningu þeirra. Stefnt er að því áfram sem hingað til að öllum landsmönnum verði tryggður jafn aðgangur að ákveðnum grunnþáttum fjarskipta. Þessu verður þó ekki við komið í öllum tilvikum og getur réttur þessi sætt takmörkunum samkvæmt síðari málsgreinum ef aðstæður eru sérstaklega erfiðar.

Póst- og fjarskiptastofnun er veitt heimild til þess að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki eitt eða fleiri um að veita alþjónustu á starfssvæði sínu ef ástæða þykir til að deila kvöðunum milli fyrirtækja. Við val á alþjónustuveitanda yrði litið til þess hvaða fyrirtæki væri best í stakk búið til þess að veita þjónustuna m.a. með tilliti til útbreiðslu fjarskiptaneta fyrirtækisins og hversu hagkvæm og ódýr þjónusta þess væri. Ef samkeppni er talin tryggja nægilegt framboð á fjarskiptaþjónustu til allra getur verið óþarfi að leggja á sérstakar kvaðir um framboð þjónustu, en slíkt samkeppnisumhverfi mundi að líkindum aldrei ná til allra landsvæða. Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt fyrirtækjum undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á. Slík undanþága yrði ávallt bundin við sérstök afmörkuð tilvik þar sem alþjónustukvöð væri talin fyrirtækinu sérstaklega íþyngjandi.

Upptalning á þjónustu sem fellur undir alþjónustu er í 3. mgr. og felur ekki í sér auknar kvaðir frá gildandi lögum hvað varðar umfang alþjónustu. Ákvæði um símaskrár og upplýsingaþjónustu um símanúmer eru í 3. mgr. en var að hluta til að finna í 35. gr. gildandi laga og í reglugerð um alþjónustu. Líkt og í gildandi lögum geta kvaðir vegna fatlaðra notenda talist til alþjónustu. Kvaðir um almenningssíma eru nú í reglugerð um alþjónustu en eru nú settar í lög vegna þess að þær geta verið íþyngjandi fyrir fjarskiptafyrirtæki sem hefur alþjónustuskyldur og er það jafnframt í samræmi við alþjónustutilskipunina.

Gert er ráð fyrir því í 4. mgr. að Póst- og fjarskiptastofnun taki ákvörðun um fastatengingu notanda ef alþjónustuveitandi hafnar því að leggja síma til hans og er ákvæðið efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Í reglugerð hafa verið útfærð ákveðin viðmið varðandi það hvenær réttlætanlegt er að hafna beiðni um alþjónustu.

Heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að ákveða lágmarksgæði alþjónustu er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 20. gr.

Í greininni er tekið fram að alþjónustukvaðir geta verið lagðar á fleiri en eitt fyrirtæki. Það þarf að meta fyrir hverja tegund þjónustu og hvert landsvæði hvaða fyrirtæki er best til þess fallið að veita þjónustuna. Í dag hvíla allar alþjónustuskyldur á Landssíma Íslands, fyrir utan neyðarsímsvörun. Líklegt er að svo verði áfram í nánustu framtíð en opnað er fyrir þá leið að skipta skyldunum milli fyrirtækja ef aðstæður gefa tilefni til. Í 2. mgr. er lögð sú skylda á Póst- og fjarskiptastofnun að hafa eftirlit með gjaldskrám í alþjónustu. Eftirlitið lýtur aðallega að því að tryggja að þjónustan sé veitt á eðlilegu og viðráðanlegu verði. Fylgjast ber með verðþróun alþjónustu með tilliti til almenns verðlags og kaupmáttar launa innan lands, auk þess sem hafa má hliðsjón af verðlagningu í helstu viðmiðunarríkjum. Einnig þarf að hafa eftirlit með því að uppsetning gjaldskrár sé skýr og eðlileg og að öllum landsmönnum sé boðið sama verð fyrir sömu þjónustu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sett skuli reglugerð um alþjónustu.

Um 21. gr.

Efnislega er 1. mgr. samhljóða 1. mgr. 14. gr. gildandi laga en við málsgreinina hefur verið bætt ákvæði úr 5. mgr. 15. gr. gildandi laga. Jafnframt hefur 2. mgr. 14. gr. gildandi laga verið felld niður en þar var lagt fyrir að beita sömu aðferðum við kostnaðarmat fyrir alþjónustu og til þess að finna kostnað við samtengingu neta og þjónustu. Nú er ætlast til að aðferðir við mat á kostnaði verði skilgreindar í reglugerð sem mundi m.a. taka mið af IV. viðauka við alþjónustutilskipunina. Í 2. mgr. er að finna breytt ákvæði 3. mgr. 14. gr. gildandi laga og er fellt niður að Póst- og fjarskiptastofnun skuli tryggja endurgjald fyrir alþjónustu. Í stað þess er skylda stofnunarinnar takmörkuð við að reikna út kostnað vegna alþjónustuskyldu. Um endurgjaldið er fjallað í 22. gr. frumvarpsins. 3. og 4. mgr. eru efnislega samhljóða gildandi lögum.

5. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum nema hvað tekinn er allur vafi af um það að með endurskoðun er átt við endurskoðun á meðan á gildistímanum stendur.

6. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Gert er áfram ráð fyrir innheimtu jöfnunargjalds til þess að standa straum af fjárframlögum samkvæmt þessum kafla en gerðar eru veigamiklar breytingar frá 15. gr. gildandi laga um framkvæmdina. Í stað þess að jöfnunargjald sem innheimt er til þess að standa undir framlögum til alþjónustu renni til Póst- og fjarskiptastofnunar sem annist greiðslu þeirra til alþjónustuveitenda er gert ráð fyrir að greiðslurnar fari um sérstakan jöfnunarsjóð í vörslu stofnunarinnar. Með þessu er fjárhagur Póst- og fjarskiptastofnunar aðskilinn frá fjármögnun alþjónustu. Í 1. mgr. segir að jöfnunargjald skuli lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet og/eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu en samkvæmt gildandi lögum hvílir gjaldskylda á fyrirtækjum sem starfa í talsíma eða gagnaflutningi eingöngu.

Samkvæmt 3. mgr. skal jöfnunargjald nema 0,12% af bókfærðri veltu sem er sama hlutfall og í gildandi lögum en Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega endurskoða fjárþörfina vegna alþjónustu og leggja tillögu um breytt hlutfall ef nauðsynlegt er fyrir samgönguráðherra. Gjaldhlutfallinu yrði þó ekki breytt nema með lögum. Í samræmi við tillöguna um jöfnunarsjóð hefur verið bætt við ákvæðum um flutning vangoldinna skuldbindinga eða afgangs til næsta árs.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum en í 6. mgr. er nýtt ákvæði um birtingu upplýsinga um kostnað við alþjónustu, greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og ávinning þann sem alþjónustuveitandi er talinn hafa haft af stöðu sinni sem alþjónustuveitandi. Tilgangur þessa ákvæðis er að gera fjármögnun alþjónustu gagnsæja. Skv. 7. mgr. skulu nánari reglur um útreikning kostnaðar, fjárframlög og jöfnunargjald vera hluti af alþjónustureglugerð, sbr. 20. gr.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru sameinuð ákvæði um opinn aðgang og samtengingu neta og þjónustu sem eru í V. og VI. kafla gildandi laga og er þessi tilhögun í samræmi við nýja tilskipun um aðgang og samtengingu. Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar bæði varðandi uppbyggingu og innihald ákvæðanna. Kaflinn skiptist þannig að fyrstu þrjár greinarnar, 24.–26. gr., fjalla um skyldur sem hvíla jafnt á öllum fyrirtækjum án tillits til markaðshlutdeildar, í 27. gr. er almennt ákvæði um kvaðir sem leggja má á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild í kjölfar markaðsgreiningar, 28.–32. gr. fjalla um tilteknar tegundir kvaða sem leggja má á, sbr. 27. gr., 33.–35. gr. eru sérreglur um ákveðnar tegundir aðgangs og 36. gr. gildir um fyrirtæki sem njóta sérleyfis eða verndar.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er grundvallarregla um að fjarskiptafyrirtæki skulu bæði eiga rétt á að semja um samtengingu við net og þjónustu annarra fjarskiptafyrirtækja og bera skyldu til að verða við sams konar beiðnum annarra fyrirtækja. Þetta ákvæði gildir um öll fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet eða -þjónustu. Samkvæmt EES-skuldbindingum mun þessi skylda einnig gilda gagnvart fjarskiptafyrirtæki sem er staðsett erlendis og veitir ekki þjónustu hér á landi ef það vill t.d. samtengjast fjarskiptanetum hér á landi til þess að geta sent símaumferð til landsins. Almennt er verðlagning samtenginga samkomulagsatriði aðila, en heimildir eru til þess í öðrum ákvæðum kaflans að Póst- og fjarskiptastofnun leggi kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild um að þau bjóði verð sem byggist á kostnaði.

Skyldur Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi samtengingu eru tíundaðar í 2.–4. mgr. Í 5. mgr. er kveðið á um skyldu Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að birta yfirlit yfir allar kvaðir sem lagðar eru á fyrirtæki samkvæmt kaflanum í heild sinni ásamt upplýsingum um forsendur kvaðanna, þ.e. markaðsskiptingu og greiningu markaðsstöðu. Ákvæði 6. mgr. fjallar um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að senda Póst- og fjarskiptastofnun samninga um aðgang og samtengingu þegar í stað en eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra og er með þessu orðalagi hert nokkuð á orðalagi 6. mgr. 23. gr. gildandi laga að gefnu tilefni.

Um 25. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun er í 1. mgr. veitt heimild til þess að skylda rekstraraðila að verða við sanngjörnum beiðnum um samhýsingu eða annars konar samnýtingu á aðstöðu og eru sérstaklega nefnd til sögunnar kapalstokkar eða rör, byggingar og möstur. Um skilyrði fyrir slíkri ákvörðun er fjallað í 2.–4. mgr. Mögulegt er að mæla fyrir um aðgang í öðrum tilvikum en nefnd eru í þessari grein samkvæmt ákvæðum 27. gr. en það á einungis við um fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild. Ákvæði 25. gr. á við um öll fjarskiptafyrirtæki.

Skilyrði fyrir aðgangi skv. 25. gr. er að fyrirtæki sem býr yfir aðstöðu hafi fengið réttindi varðandi aðgang að landi og að aðstæður hindri önnur fyrirtæki í að koma sér upp samsvarandi aðstöðu.

Samkvæmt 3. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið skiptingu kostnaðar milli aðila.

Í 4. mgr. er heimild til þess að kveðið sé á um samnýtingu þó að eigandi aðstöðu njóti ekki sérréttinda varðandi aðgang að landi ef mikilsverð sjónarmið réttlæta slíkt. Það geta verið umhverfissjónarmið, t.d. varðandi sjónmengun eða geislunarhættu frá möstrum eða ef sérstaklega erfiðar aðstæður eru til uppsetningar fjarskiptavirkja.

Um 26. gr.

Með greininni eru settar takmarkanir á meðferð upplýsinga sem fjarskiptafyrirtæki skiptast á þegar samið er um aðgang eða samtengingu. Óumflýjanlegt er í mörgum tilfellum að fyrirtæki þurfi að gefa viðsemjanda sínum einhverjar upplýsingar sem þau mundu að öllu jöfnu kjósa að halda leyndum vegna viðskiptahagsmuna. Sérstaklega er gert ráð fyrir að þessar upplýsingar berist ekki til annarra deilda fjarskiptafyrirtækis en þeirra sem á þeim þurfa að halda í þeim tilgangi að koma á samningi eða efna gerðan samning. Hliðstætt ákvæði er að finna í 2. mgr. 25. gr. gildandi laga en það er einskorðað við samtengisamninga.

Um 27. gr.

Þegar ljóst er af markaðsgreiningu að fjarskiptafyrirtæki, eitt eða fleiri, hafa umtalsverða markaðshlutdeild, getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á fyrirtækin um að þau veiti aðgang að tiltekinni aðstöðu og kvaðir sem stuðla að því að eðlilega sé staðið að veitingu aðgangs, svo sem skyldur varðandi jafnræði, gagnsæi, bókhaldsaðgreiningu og verðlagningu. Stofnunin getur lagt á eina eða fleiri kvaðir eftir því sem talin er þörf á til þess að efla samkeppni. Áður en ákvarðanir eru teknar sem geta haft veruleg áhrif á markaðinn er ætlast til þess að hagsmunaaðilum verði gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Þetta fyrirkomulag felur í sér verulega breytingu frá gildandi lögum varðandi skyldur sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild þurfa að bera. Gildandi ákvæði um aðgang fela í sér að fyrir fram ákveðnar skyldur leggjast á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að skyldur verði lagðar á fyrirtæki eða felldar niður með sérstakri ákvörðun í kjölfar markaðsgreiningar. Skyldurnar verða því sniðnar að þörfum markaðarins hverju sinni. Þær verða ekki lengur bundnar við ákveðin form aðgangs og mun Póst- og fjarskiptastofnun hafa meira svigrúm til þess að kveða á um aðgang að ýmiss konar aðstöðu eftir því sem þörf er á til þess að koma á virkri samkeppni. Gert er ráð fyrir að markaðsgreining skv. V. kafla verði endurskoðuð með hæfilegu millibili. Ef niðurstöður slíkrar endurskoðunar gefa tilefni til geta kvaðir á fjarskiptafyrirtækjum einnig verið endurskoðaðar.

Ákvæðið er byggt á 8. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar.

Um 28. gr.

Aðgangur að netum og þjónustu er lykilatriði fyrir ný fjarskiptafyrirtæki á markaðinum, enda er í mörgum tilvikum óframkvæmanlegt fyrir ný fyrirtæki að koma sér upp aðstöðu í líkingu við þá sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild hefur komið sér upp á löngum tíma. Þörf getur verið á aðgangi að margs konar netum og þjónustu eða annarri tengdri aðstöðu. Skv. 28. gr. sem byggð er á 12. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild til þess að stuðla að eðlilegri samkeppnisstöðu. Í stafliðum a–i í 2. mgr. eru nefnd dæmi um kvaðir sem leggja má á fjarskiptafyrirtæki í þessum tilgangi þótt ekki sé um tæmandi talningu að ræða. Skv. a-lið má krefjast þess að fjarskiptafyrirtæki veiti hvers konar aðgang að netum eða hluta þeirra og/eða aðstöðu og er aðgangur að heimtaugum nefndur sem dæmi. Um leigu á hefðbundnum heimtaugum fer almennt skv. 34. gr. en mögulegt væri að leggja á sérstakar skyldur varðandi heimtaugar og aðstöðu sem þeim tengdist skv. 28. gr. Í b-lið er gert að skyldu að bjóða ákveðna þjónustu í heildsölu sem mun gera það mögulegt fyrir annað fjarskiptafyrirtæki að endurselja þjónustu. Þetta getur m.a. átt við þegar fyrirtæki sem getur ekki boðið alhliða þjónustu í gegnum sitt eigið net vill bjóða viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir í fjarskiptaþjónustu. Þá getur verið réttlætanlegt í þágu virkrar samkeppni að skylda fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild til þess að selja ákveðna þjónustu í heildsölu, t.d. að selja tengingu við talsímanetið í heildsölu til fyrirtækis sem er með viðskiptavini í föstu forvali. Í c-lið eru ákvæði sem tengjast gagnvirkri þjónustu eða sýndarnetþjónustu og eiga t.d. að greiða fyrir stafrænu sjónvarpi. D-liður fjallar um samnýtingu húsnæðis fyrir fjarskiptavirki eða annars konar samnýtingu á byggingum, möstrum og kapalstokkum. 25. gr. fjallar um aðgang að aðstöðu en skv. 27. gr. er hægt að veita aðgang á grundvelli samkeppnissjónarmiða án tillits til landfræði- eða umhverfisaðstæðna. E-liður nær til þjónustu sem þarf til þess að endanlegir notendur geti fengið samband sín á milli en dæmi um slíkt eru greindarnetsþjónusta sem m.a. hefur þýðingu í sambandi við símtöl í númer sem hafa verið flutt milli fjarskiptafyrirtækja og reiki milli farsímaneta sem gerir notendum kleift að fá símtöl afgreidd þó að þeir séu komnir út fyrir þjónustusvæði netsins sem þeir tengjast. Skv. f-lið má krefjast þess að boðinn sé aðgangur að ýmsum rekstrarkerfum og hugbúnaði þegar slíkur aðgangur telst vera nauðsynlegur í þágu samkeppni milli fjarskiptafyrirtækja. Skv. g-lið má gera kröfur um samtengingu neta eða netaðstöðu umfram það sem leiðir af almennum ákvæðum um samtengingu í 24. gr. Í h-lið er ákvæði um aðgang fyrir sýndarnet en það felur í sér að þjónustuveitandi veitir alla þjónustu gegnum net annars fyrirtækis, en stjórnar samt samskiptum við notendur líkt og þeir væru tengdir hans eigin neti. Á síðustu árum hefur áhugi á því að reka sýndarfarsímanet aukist. Ekki ríkir alls staðar samræmi í skilgreiningu á sýndarfarsímanetum en sameiginlegt þeim er að sýndarnet innihalda ekki þráðlausar móðurstöðvar. Þjónustuveitandi sem rekur sýndarnet þarf þess vegna alltaf að fá aðgang að móðurstöðvum í farsímaneti annars aðila og oftar en ekki að miðlægri símstöð hans. Að lokum er i-liður sem felur í sér að veita megi aðgang að annarri aðstöðu en greinir í fyrri stafliðum ef hún er talin ómissandi fyrir viðkomandi starfsemi og ekki er raunhæft fyrir nýtt fyrirtæki að koma sér upp sambærilegri aðstöðu. Við beitingu ákvæða 1.–2. mgr. ber Póst- og fjarskiptastofnun að taka mið af atriðum sem talin eru upp í stafliðum a–f í 3. mgr. Er þar fyrst að geta a-liðar um tæknilega og fjárhagslega möguleika umsækjanda til að nota eigin aðstöðu eða koma henni upp. Skv. b-lið ber að taka mið af möguleikum fjarskiptafyrirtækis á að veita þann aðgang sem beðið er um en ýmsar ástæður geta verið fyrir því að ekki er hægt að veita ákveðna tegund aðgangs. Þá skal skv. c-lið hafa mið af upphaflegri fjárfestingu eiganda aðstöðunnar og áhættu sem tekin var með henni. D-liður tekur til nauðsynjar þess að vernda

samkeppni á fjarskiptamarkaði til framtíðar. Hugverkaréttur er annað atriði sem taka skal tillit til skv. e-lið og að lokum skal Póst- og fjarskiptastofnun taka mið af framboði þjónustu. Öll þessi atriði ber Póst- og fjarskiptastofnun að miða við þegar tekin er ákvörðun varðandi skyldu til að veita aðgang. Þetta eru sjónarmið varðandi meðalhóf og vægi hagsmuna þeirra aðila sem málið varðar.

Um 29. gr.

Skilmálar sem gilda fyrir samtengingu og/eða aðgang að netum og þjónustu skipta nær öll ný fjarskiptafyrirtæki miklu máli því að skilmálarnir geta haft úrslitaáhrif á möguleika þeirra á að skapa sér fótfestu á markaðinum. Það má vera ljóst að samkeppnisstaða þessara fyrirtækja er í hættu ef þau búa við mismunandi skilmála. Það auðveldar fyrirtækjum að koma inn á markað ef fyrirsegjanlegt er hvaða kjör eru í boði varðandi aðgang og þjónustu sem þau þurfa að kaupa af öðrum fyrirtækjum og hver er grundvöllur verðlagningar og annarra skilmála. Þess vegna er Póst- og fjarskiptastofnun í þessari grein, sem byggð er á 9. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar, veitt heimild til þess að leggja á kvaðir um gagnsæi og skylda fjarskiptafyrirtæki til þess að birta opinberlega ýmsar upplýsingar um bókhald, tæknilausnir, einkenni neta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu, svo og um notkun og verð. Ef sýnt þykir að birting upplýsinga geti skaðað mikilsverða fjárhagslega hagsmuni fyrirtækis og sanngjarnt og eðlilegt er að upplýsingar fari leynt getur Póst- og fjarskiptastofnun veitt undanþágu frá birtingu þeirra.

Þegar fjarskiptafyrirtæki er gert að gæta jafnræðis, sbr. 30. gr., getur Póst- og fjarskiptastofnun skv. 2. mgr. lagt skyldur á fyrirtækið að gefa út sundurliðað viðmiðunartilboð. Viðmiðunartilboðið á að gefa öllum markaðsaðilum kost á því að sjá hvað er í boði í sambandi við aðgang og samtengingu og tryggja að önnur fjarskiptafyrirtæki verði ekki krafin um greiðslu fyrir þjónustu og aðstöðu sem er þeim ekki nauðsynleg. Póst- og fjarskiptastofnun er veitt heimild til þess að krefjast breytinga á viðmiðunartilboðum og sömuleiðis að setja reglur um hvað skuli vera efni samntengingarsamninga og viðmiðunartilboða. Samkvæmt gildandi lögum er fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skylt að birta viðmiðunartilboð varðandi samtengingu talsímaneta og heimtaugaleigu. Samkvæmt þessari grein getur sú skylda einnig verið lögð á varðandi aðgang að annarri aðstöðu.

Um 30. gr.

Hliðstæð rök liggja að baki þessari grein og 29. gr. Póst- og fjarskiptastofnun er hér heimilað að leggja á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skyldur sem koma eiga í veg fyrir mismunun í sambandi við kjör, þ.m.t. gjöld og skilmála, sem boðin eru öðrum fyrirtækjum í sambandi við aðgang og samtengingu. Hið sama á að gilda fyrir þjónustu sem veitt er innan fjarskiptafyrirtækisins eða dótturfyrirtækjum og samstarfsaðilum. Greinin byggist á 10. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar.

Um 31. gr.

Í 1. mgr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti lagt á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skyldur um aðskilnað í bókhaldi að því er snertir starfsemi sem varðar samtengingu og/eða aðgang að netum og þjónustu. Krefjast má þess einnig af fyrirtæki sem rekur bæði net og þjónustu að heildsöluverð og millifært verð milli deilda sé gagnsætt svo að óréttmætar niðurgreiðslur eigi sér ekki stað með ákveðinni þjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið form bókhalds og aðferðir sem nota á við aðskilnað mismunandi starfsemi í bókhaldinu.

Samkvæmt 2. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun veitt vald til þess að krefjast afhendingar bókhaldsgagna til þess að ganga úr skugga um að fylgt sé reglum um jafnræði og gagnsæi. Fyrirmynd ákvæðis um bókhaldslegan aðskilnað er 11. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar.

Um 32. gr.

Þessi grein er byggð á 13. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar.

Það er einn af grundvallarþáttunum sem stuðlað geta að virkri samkeppni að heildsöluverð fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild sé sanngjarnt og eðlilegt. Þegar markaðsgreining hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að skortur á samkeppni leiði til þess að fjarskiptafyrirtæki krefjist of hárra gjalda eða að mismunur á heildsölu- og smásöluverði fyrirtækis sé óeðlilega lítill getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt á fyrirtækið ýmsar kvaðir varðandi verðlagningu. Setja má kröfu um að gjaldskrá miðist við kostnað og að haldið verði kostnaðarbókhald.

Sönnunarbyrði þess að gjaldskrá byggist í raun á kostnaði skal skv. 2. mgr. liggja hjá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki.

Krefjast má þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á ákveðnum gjöldum. Nánar verður kveðið á um gerð slíkra líkana í reglugerð, sbr. 5. mgr., með hliðsjón af því hvað teljast viðurkenndar aðferðir meðal EES-ríkja.

Samkvæmt 4. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun við útreikninga á kostnaði tekið mið af kostnaði við sams konar þjónustu hjá fyrirtæki sem telst rekið á hagkvæman hátt og sömuleiðis notað bókhaldsaðferðir sem eru frábrugðnar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins. Enda getur verið þörf á að koma í veg fyrir að fyrirtæki sem kaupa þurfa þjónustuna beri hallann af óhagkvæmni í rekstri og bókhaldsaðferðum sem þjóna einhliða hagsmunum seljandans.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að samgönguráðherra setji reglugerð um nánari útfærslu kostnaðargreiningar og aðskilnaðar í bókhaldi fjarskiptafyrirtækja og eru tilgreind nokkur atriði sem þar skal gera skil.

Um 33. gr.

Í 19. gr. gildandi laga er sú skylda lögð á Póst- og fjarskiptastofnun að tryggja að a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki bjóði fram nauðsynlegar leigulínur. Í 33. gr. frumvarpsins segir að ríki ekki virk samkeppni á leigulínumarkaði skuli útnefna fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á þessu sviði alls staðar á landinu eða á ákveðnum landsvæðum. Þessi fyrirtæki skulu bjóða þær tegundir og fjölda leigulína sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður. Ákvæðið er aðallega hugsað til að tryggja aðgang annarra fjarskiptafyrirtækja að leigulínum í heildsölu, en í samræmi við 18. gr. alþjónustutilskipunarinnar nær ákvæðið nú einnig til leigulína í smásölu eftir því sem við á.

Um 34. gr.

Ákvæði um heimtaugaleigu sem er að finna í 20. gr. gildandi laga, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 145/2001, er efnislega óbreytt.

Um 35. gr.

Ákvæði um reiki milli farsímaneta innan lands er nokkuð breytt frá gildandi lögum. Nú er gert ráð fyrir að ekki þurfi í öllum tilvikum að meta þörf fyrir reiki út frá rekstrarforsendum einstakra farsímastöðva heldur geti matið verið miðað við ákveðin svæði og skuli þá veita aðgang að farsímaneti í heild sinni á ákveðnum svæðum ef skilyrði ákvæðisins eru fyrir

hendi. Eins er gert ráð fyrir að meta megi þörfina fyrir reikisamning út frá sjónarmiðum um eflingu samkeppni.

Samkvæmt 2. mgr. skulu fyrirtæki leitast við að semja sín á milli, en ef ekki semst getur Póst- og fjarskiptastofnun tekið ákvörðun um kröfur um aðgang, skilmála og gjöld. Það er skilyrði fyrir reikiaðgangi að fyrirtæki sem krefst reikis hafi sjálft yfir að ráða farsímaneti þar sem því verður við komið. Hafi fyrirtæki sem krefst aðgangs að farsímaneti ekki yfir neinum farsímastöðvum að ráða fellur slík krafa undir almenna aðgangsákvæðið í 27. gr.

Ákvæði 4. mgr. 20. gr. gildandi laga, sem fastsetur verð fyrir reikiaðgang við gjaldskrá að frádregnum þjónustuliðum sem ekki er þörf á, er fellt niður. Meginreglan verður að aðilar semji um verð. Ef hins vegar er talið að gjöld sem farið er fram á séu samkeppnishamlandi getur Póst- og fjarskiptastofnun beitt almennum reglum 32. gr. um verðlagningu gagnvart fyrirtækjum með umtalsverða markaðshlutdeild.

Um 36. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður sérleyfisstarfsemi og fjarskiptastarfsemi er efni greinarinnar. Fjarskiptafyrirtæki sem njóta einka- eða sérréttinda á öðrum sviðum en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni aðskilinni frá annarri starfsemi svo að útiloka megi að tekjur af starfsemi sem nýtur einkaréttar eða verndar verði notaðar til að styrkja fjarskiptastarfsemi fyrirtækisins og rýra með því samkeppnisaðstöðu annarra fyrirtækja. Gæta skal þess sérstaklega að fjarskiptarekstur í samkeppni verði ekki niðurgreiddur af tekjum af starfsemi sem vernduð er af einkaleyfi eða á annan hátt. Ákvæði greinarinnar sem byggjast á 13. gr. rammatilskipunarinnar eiga við um öll fyrirtæki sem njóta einkaréttar eða verndar án tillits til markaðshlutdeildar þeirra. Þau eiga jafnt við hvort sem fjarskiptareksturinn fer fram innan hins verndaða fyrirtækis eða í fyrirtæki sem það hefur yfirráð yfir.

Um VIII. kafla.

Kafla um viðskiptaskilmála og gjaldskrá er að finna í gildandi lögum. VIII. kafli er að nokkru samsvarandi þeim kafla en þónokkrar breytingar hafa verið gerðar. Nokkru ítarlegra ákvæði er nú um viðskiptaskilmála, ákvæði um bókhald fyrirtækja er ekki lengur að finna í kaflanum, komið er inn nýtt ákvæði um gæði þjónustu og ákvæði um ábyrgðartakmarkanir sem er sjálfstæður kafli í gildandi lögum er nú hluti af þessum kafla.

Um 37. gr.

Grein þessi er að mestu byggð á 20. gr. alþjónustutilskipunarinnar og mikið breytt frá gildandi lögum. 1. og 2. mgr. ákvæðisins eiga aðeins við um notendur á einstaklingsmarkaði enda er ekki talið að notendur á fyrirtækjamarkaði þarfnist jafnríkrar verndar, m.a. vegna þess að á þeim markaði tíðkast að gera sérsniðna samninga um fjarskiptaþjónustu. Í 1. mgr. er kveðið á um rétt áskrifenda að fjarskiptaþjónustu til þess að fá samning við fjarskiptafyrirtæki sem veitir slíka þjónustu og skulu samningar að lágmarki innihalda þau atriði sem talin eru upp í stafliðum a–g og skýra sig að mestu sjálf. Í 2. mgr. er kveðið á um rétt áskrifenda til þess að segja samningi upp fyrirvaralaust þegar fjarskiptafyrirtæki tilkynnir þeim um breytingu á gildandi skilmálum og skal áskrifendum veittur eigi styttri frestur en einn mánuður áður en breytingar á samningsskilmálum taka gildi. Samtímis því að breytingar eru kynntar skal upplýsa áskrifendur um rétt þeirra til þess segja upp fyrirvaralaust samningi án skaðabótaskyldu ef þeir vilja ekki samþykkja hina nýju skilmála.

Fjarskiptafyrirtæki skulu skv. 3. mgr. senda Póst- og fjarskiptastofnun nýja og breytta skilmála og/eða gjaldskrá til upplýsingar áður en þeir taka gildi. Þessi upplýsingaskylda nær

samkvæmt gildandi lögum aðeins til fyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild. Ákvæðið er nú látið ná til allra fyrirtækja en framkvæmdin er einfölduð. Ekki þarf nú að senda breytingar inn með fyrirvara og þess er ekki krafist að Póst- og fjarskiptastofnun gefi umsögn áður en breytingar taka gildi. Póst- og fjarskiptastofnun mun einungis taka gjaldskrár og skilmála til athugunar ef sérstök ástæða er til að ætla að efni þeirra samrýmist ekki lögum og reglum. Að auki getur Póst- og fjarskiptastofnun þjónað notendum með því að gera samanburð á verði og auka þannig gagnsæi á markaðinum sem ætti að skila sér í virkari samkeppni. Fjarskiptaeftirlitsstofnanir í EES-ríkjum hafa sumar miðlað slíkum upplýsingum til notenda um nokkurra ára skeið.

4. mgr. er nær óbreytt frá gildandi lögum.

Um 38. gr.

Gerð hefur verið breyting á 1. mgr. frá gildandi lögum. Ákvæðið um að áskrifendur skuli eiga rétt á reikningum fyrir fjarskiptaþjónustu sundurliðuðum eftir tegund þjónustu þeim að kostnaðarlausu gildir nú eingöngu um alþjónustu, enda byggist ákvæðið á 10. gr. og I. viðauka alþjónustutilskipunarinnar. Í ákvæðinu felst að óheimilt er að innheimta sérstakt gjald fyrir reikningagerðina sem slíka, en það útilokar ekki að innheimtur sé kostnaður við útsendingu reikninga. Skv. 2. mgr. er heimilt að bjóða áskrifendum nánari sundurliðun á reikningi fyrir hæfilega greiðslu og gildir þetta t.d. þegar sundurliðuð eru mismunandi símtöl á reikningstímabilinu. Slíkir reikningar verða ekki gefnir út nema áskrifandi óski þess og uppfyllt séu skilyrði um vernd persónuupplýsinga. Áskrifandi á alltaf heimtingu á að fá ósundurliðaðan reikning óski hann þess.

Í 3. mgr. er tekið fram að símtöl sem eru gjaldfrjáls megi ekki koma fram á sundurliðuðum reikningi, enda geta upplýsingar um slík símtöl falið í sér viðkvæmar persónuupplýsingar.

Samkvæmt 4. mgr. er samgönguráðherra heimilt að setja reglugerð um meðferð upplýsinga sem nauðsynlegar eru í sambandi við reikningagerð, sundurliðun reikninga og málsmeðferð vegna kvartana.

Ákvæði 5. mgr. eru nær óbreytt frá gildandi lögum, en í 6. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilað að veita undanþágu frá 5. mgr. í tilvikum þar sem ekki er talin þörf á sérstakri tilkynningu um yfirgjald. Þetta gæti t.d. átt við um ýmiss konar upplýsingaþjónustu sem veitt er í stuttnúmerum ef gjaldtaka er ekki úr hófi.

Um 39. gr.

Grein þessi er aðskilin frá grein um reikninga notenda í gildandi lögum því að betur þótti fara á því að hafa ákvæðið í sérstakri grein en það er að mestu óbreytt.

Um 40 gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 55. gr. gildandi laga. Með hliðsjón af öðru efni þessa kafla í frumvarpinu þykir ákvæðið eiga heima hér.

Um 41. gr.

Gæðum þjónustu eru lítil skil gerð í gildandi lögum. Það er hins vegar vaxandi áhersla innan EES á gæði þjónustu við notendur, svo sem stuttan biðtíma eftir þjónustu, viðgerðartíma o.fl., sbr. 11. gr. alþjónustutilskipunarinnar.

Samkvæmt ákvæðinu getur Póst- og fjarskiptastofnun gefið út reglur um gæði fjarskiptaþjónustu og um framsetningu upplýsinga um gæðin svo að notendur hafi aðgang að þeim.

Líta ber á þessi ákvæði sem fyrsta áfanga í að veita notendum betri upplýsingar um gæði þjónustu hjá mismunandi þjónustuveitendum og auðvelda þeim samanburð.

Um IX. kafla.

Kafli þessi um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum og friðhelgi einkalífsins er nýr og er aðeins hluta af efni hans að finna í gildandi lögum. Kaflinn er saminn með hliðsjón af nýrri tilskipun ESB um sama efni nr. 2002/58/EB. Fyrsti hluti kaflans fjallar um meðhöndlun gagna sem verða til um notkun fjarskiptaþjónustu, til að byrja með í þeim tilgangi að stýra fjarskiptaboðum milli stöðva og notenda og síðar sem undirbúningur fyrir reikningagerð. Um sjálfa reikningagerðina vísast til VIII. kafla.

Sérstök grein er um ákvörðun á staðsetningu fjarskiptabúnaðar. Með nútímatækni má ekki einungis veita upplýsingar um staðsetningu í fastanetum, það er einnig hægt með nokkurri nákvæmni í farsímakerfum. Vegna augljósrar hættu á misnotkun upplýsinga er talið nauðsynlegt að setja ákvæði um þær í lögin.

Skráningu áskrifenda í fjarskiptaþjónustu í símaskrá og upplýsingaþjónustu um númer eru gerð skil í ítarlegri grein en sams konar ákvæði eru í VIII. kafla gildandi laga um númer og vistföng.

Kaflinn inniheldur einnig grein um óumbeðin fjarskipti, þ.e. markaðssetningu í gegnum fjarskiptaleiðir. Ákvæði um leynd og vernd fjarskipta sem eru í sérstökum kafla í gildandi lögum eru nú sameinuð þessum nýja kafla.

Um 42. gr.

Greinin er byggð á 6. gr. persónuverndartilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er gerð krafa um eyðingu gagna um fjarskiptaumferð áskrifenda og notenda eftir að þeirra er ekki lengur þörf við stýringu og afgreiðslu fjarskiptanna. Við sendingu hvers konar fjarskipta verða til í netum og stoðkerfum ýmsar upplýsingar, t.d. um leiðir sem valdar voru fyrir sambandið hverju sinni, lengd fjarskipta, tímasetningu og magn. Ekki er nauðsynlegt að geyma öll þessi gögn eftir að sambandið hefur verið rofið. Í 2. mgr. er heimild til þess að geyma þann hluta þessara gagna sem nauðsynlegur er fyrir gerð reikninga og gildir heimildin til þess tíma þegar reikningur verður ekki lengur vefengdur eða hann fyrnist. Hið sama gildir um upplýsingar er varða uppgjör fyrir samtengingu neta og þjónustu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er rekstraraðila heimilt að vinna úr gögnum um fjarskiptaumferð í þeim tilgangi að markaðssetja fjarskiptaþjónustu eða vegna framboðs á virðisaukandi þjónustu. Sem dæmi má nefna leiðbeiningar um ódýrustu kosti í þjónustunni, upplýsingar um leiðir, upplýsingar um götu- og vegaumferð, veðurspár og ferðamannaupplýsingar, ef áskrifandi eða notandi sem gögnin eru um hefur veitt samþykki sitt fyrir fram. Samþykkið má afturkalla hvenær sem er.

Krafa er gerð um það að þjónustuveitandi upplýsi áskrifendur eða notendur fyrir fram um hvaða gögn hann ætlar að taka til vinnslu og hversu lengi unnið verður úr gögnunum í þeim tilgangi sem heimilaður hefur verið.

Í 5. mgr. eru taldir upp þeir hópar meðal starfsmanna rekstraraðila sem hafa ákveðin verkefni með höndum og mega vinna við úrvinnslu upplýsinga samkvæmt þessari grein. Nauðsynlegt er til að tryggja öryggi gagna að þau fari aðeins um hendur þeirra sem nauðsynlega þurfa að taka þátt í löglegri vinnslu þeirra.

Um 43. gr.

Greinin er byggð á 9. og 10. gr persónuverndartilskipunarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. eru settar takmarkanir á úrvinnslu upplýsinga um staðsetningu búnaðar í fjarskiptanetum eða þjónustu. Annað hvort verður að afla samþykkis viðkomandi áskrifenda eða notenda eða úrvinnsla verður að vera með þeim hætti að ekki er hægt að tengja upplýsingar við einstaka áskrifendur eða notendur. Notendur geta í sumum tilvikum haft gagn af þjónustu sem staðsetur fjarskiptabúnað og þar með notanda í flestum tilvikum. Fyrirtæki geta sum hver haft þörf fyrir að staðsetja fjarskiptabúnað í farartækjum sem eru á ferðinni á þeirra vegum. Slíkt er samkvæmt ákvæðinu ekki heimilt nema til komi samþykki vinnuveitanda og starfsmanns. Í 2. mgr. er veitt undanþága frá ákvæði 1. mgr. og er fjarskiptafyrirtækjum heimilt án samþykkis og þrátt fyrir tímabundna höfnun eða án samþykkis áskrifenda eða notenda að setja reglur um vinnslu staðsetningarupplýsinga hjá félögum sem annast almenna neyðarþjónustu á sviði löggæslu, sjúkraflutninga eða slökkvistarfa í þeim tilgangi að bregðast við neyðarköllum, sbr. neyðarþjónustu í síma 112. Það getur haft úrslitaáhrif varðandi björgun mannslífa að hægt sé að staðsetja þann sem hringir í neyðarþjónustu hratt og örugglega, en þeir sem hringja eru ekki alltaf færir um að upplýsa hvar þeir eru staddir. Því er æskilegt að neyðarþjónustuaðilar geti fengið viðkomandi upplýsingar frá fjarskiptafyrirtækjum, en setja þarf skýrar reglur um meðferð þeirra til þess að tryggja að notkun sé eingöngu í samræmi við tilganginn og að öryggi gagna sé tryggt.

Um 44. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýtt en er í samræmi við 11. gr. persónuverndartilskipunarinnar. Sjálfvirkur hringiflutningur er þjónusta sem beinir símtölum í símanúmer í annað númer þar sem áskrifandinn er staddur þá stundina. Möguleikar á misnotkun eru greinilega fyrir hendi og ákvæði greinarinnar er ætlað að gera áskrifanda sem fær símtöl með þessum hætti kleift að stöðva slíkar hringingar.

Um 45. gr.

Ákvæði 45. gr. eru byggð á 12. gr. persónuverndartilskipunarinnar og 5. gr. alþjónustutilskipunarinnar.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 34. gr. í gildandi lögum.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði um rétt áskrifenda til að fá aðgang að upplýsingum sem til stendur að birta um þá í númeraskrám. Áskrifendur fá þá færi á að leiðrétta upplýsingar eða óska eftir að verða teknir úr skránni ef þeir kjósa svo.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 34. gr. gildandi laga.

4. og 5. mgr. eru að mestu efnislega samhljóða 2. mgr. 34. gr. og 35. gr. gildandi laga. Nú er þó sérstaklega tekið fram að Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt viðeigandi kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild til þess að tryggja markmið ákvæðisins um heildarsímaskrá yfir alla notendur.

Um 46. gr.

Greinin er að mestu leyti nýmæli en hún er í samræmi við 13. gr. persónuverndartilskipunarinnar. Tilgangur hennar er að takmarka það ónæði sem notendur fjarskiptaþjónustu geta orðið fyrir vegna beinnar markaðssetningar með hjálp fjarskiptatækni. Í 1. mgr. segir að notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, faxtækja og tölvupósts fyrir beina markaðssetningu sé því einungis heimil að viðkomandi áskrifandi hafi veitt leyfi sitt. Sú undantekning er gerð í 2. mgr. að heimilað er að nota tölvupóstfang viðskiptavinar, sem viðkomandi fær upplýsingar um í sambandi við sölu á afurðum eða þjónustu, til þess að markaðssetja eigin afurðir eða þjónustu en það skilyrði er sett að viðskiptavinir hafi tækifæri til að andmæla slíkri notkun

á auðveldan hátt og þeim að kostnaðarlausu. Möguleikar til andmæla skulu vera fyrir hendi bæði þegar skráning tölvupóstfangs fer fram og í hvert sinn sem tölvupóstur er sendur, þ.e. hafi áskrifandinn ekki neitað um samþykki þegar tölvupóstfang hans var skráð.

Samkvæmt 3. mgr. er óheimilt að senda óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar til áskrifenda sem óska ekki eftir að taka á móti slíkum sendingum.

Í 4. mgr. er tekið fram að óheimilt sé að senda tölvupóst sem hluta af beinni markaðssetningu nema nafn og heimilisfang sendanda komi greinilega fram.

5. mgr. er óbreytt frá 4. mgr. 34. gr. í gildandi lögum.

Um 47. gr.

Í 1. mgr., sem byggð er á 4. gr. persónuverndartilskipunarinnar, er fjarskiptafyrirtækjum gert að skyldu að tryggja á viðeigandi hátt öryggi almennrar fjarskiptaþjónustu og hafa samráð við þá aðila sem annast rekstur fjarskiptaneta. Þjónustuveitendur skulu upplýsa áskrifendur þegar hætta er á því að leynd fjarskipta verði rofin. Bætt upplýsingaflæði um öryggi þjónustu og neta kann að verða lykilatriði í sambandi við innleiðingu á rafrænum viðskiptum.

2.–5. mgr. samsvara 43. gr. og 1. og 2. mgr. 44. gr. gildandi laga og eru ákvæðin óbreytt.

Um 48. gr.

Greinin er óbreytt frá 3.–6. mgr. 44. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að fyrirtæki sem opinber stofnun felur öryggishlutverk geti hljóðritað símtöl í samræmi við ákvæðið.

Um X. kafla.

Hér er lagt til að lögfestur verði sérkafli um talsímaþjónustu. Í kaflanum er annars vegar um að ræða ýmis ákvæði um talsímaþjónustu sem eru á við og dreif í gildandi lögum en hins vegar nýmæli sem er að mestu að finna stoð í alþjónustutilskipuninni auk þess sem ákvæði um númerabirtingu er að finna í 8. gr. persónuverndartilskipunarinnar. Grein um neyðarhringingar er tekin úr kafla gildandi laga um númer og vistföng. Kvartað hefur verið yfir því að engar reglur séu til um læsingar í talsímaþjónustu og er bætt úr því í þessum kafla auk þess sem lagt er til að lögfest verði ákvæði um númerabirtingu. Ákvæði um númeraflutning byggist á 1. mgr. 33. gr. gildandi laga og grein um forval og fast forval á 2. mgr. sömu greinar. Í lok kaflans er síðan ákvæði um verndun talsímanetsins sem snýr bæði að fjarskiptafyrirtækjum og notendum.

Um 49. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 5. mgr. 32. gr. gildandi laga.

Um 50. gr.

Í greininni er áskrifanda veitt heimild til að læsa fyrir símtöl í ákveðin númer. Hér er um nýmæli að ræða en það þykir eðlileg krafa að áskrifandi geti læst fyrir fram fyrir hringingar í símanúmer með yfirgjaldi. Í gildandi lögum er ekki ljóst hverjir skulu veita læsingarþjónustu, t.d. þegar áskrifandi hefur valið að nota fast forval. Hér er lagt til að það skuli vera fjarskiptafyrirtæki sem falin hefur verið alþjónusta. Ákvæðið byggist á 10. gr. alþjónustutilskipunarinnar og I. viðauka við þá tilskipun.

Um 51. gr.

Í greininni er nýmæli sem byggist á 8. gr. persónuverndartilskipunarinnar, um að fjarskiptafyrirtæki sem reka almenna talsímaþjónustu skuli bjóða notendum númerabirtingu. Hér er um nýmæli að ræða en ekki verður séð að greinin hafi mikil áhrif á starfsemi fjarskiptafyrirtækja þar sem þessi þjónusta stendur notendum þegar til boða. Póst- og fjarskiptastofnun er falið að setja reglur um fyrirkomulag númerabirtingar sem skal vera í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

Um 52. gr.

Í gildandi fjarskiptalögum er ákvæði um númeraflutning að finna í 1. mgr. 33. gr. Í frumvarpsgreininni er orðalaginu breytt til samræmis við 30. gr. alþjónustutilskipunarinnar en ekki er um eiginlega efnisbreytingu að ræða.

Um 53. gr.

Ákvæði um forskeyti og forval sem eru í 2. mgr. 33. gr. gildandi laga hafa verið endurskoðuð með hliðsjón af fenginni reynslu og ákvæði 19. gr. alþjónustutilskipunarinnar. Skylda til þess að bjóða áskrifendum aðgang að þjónustu allra samtengdra fjarskiptafyrirtækja hvílir samkvæmt frumvarpinu eingöngu á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild en hvílir samkvæmt gildandi lögum á öllum fjarskiptafyrirtækjum. Póst- og fjarskiptastofnun er hins vegar falið að meta samkeppnisstöðuna á markaðinum og getur í samræmi við 26. gr. lagt skyldur um forval og fast forval á önnur fjarskiptafyrirtæki ef samkeppni telst ekki virk.

Samkvæmt 3. mgr. skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að gjöld fyrir aðgang og samtengingu sem tengjast framboði á forvali og föstu forvali miðist við kostnað.

Póst- og fjarskiptastofnun er með 4. mgr. veitt heimild til að setja reglur um forval og fast forval og framkvæmd þessarar þjónustu.

Um 54. gr.

Ákvæði 54. gr. er samið með hliðsjón af 23. gr. alþjónustutilskipunarinnar. Þar sem viðvarandi örugg fjarskipti skipta miklu máli í nútímasamfélagi þykir sjálfsagt að hafa ákvæði um það að fjarskiptafyrirtæki lágmarki eins og kostur er hættuna á því að fjarskiptasamband í almennri talsímaþjónustu rofni.

Í 2. mgr. er hins vegar lagt bann við því að notendur viðhafi háttsemi sem er til þess fallin að raska talsímanetinu.

Um XI. kafla.

Í XI. kafla frumvarpsins er fjallað um stafrænt útvarp sem nær bæði til dreifingar á hljóðvarpi og sjónvarpi. Eins og fram hefur komið hefur sú breyting orðið að ekki er lengur gerður greinarmunur á fjarskiptanetum og þjónustu eftir því hvort um er að ræða útvarpsþjónustu eða aðra fjarskiptaþjónustu. Ákveðið var að setja þau ákvæði sem fjalla um stafrænt útvarp í sérstakan kafla þótt stoð fyrir einstökum ákvæðum sé að finna á víð og dreif í tilskipunum ESB.

Um 55. gr.

Ákvæði um skyldu til að flytja útvarpsdagskrá byggist annars vegar á 12. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar, sem kveður á um aðgang að fjarskiptanetum, og hins vegar á 31. gr. alþjónustutilskipunarinnar, sem fjallar um skyldu til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá. Skylda til að flytja útvarpsdagskrá er nýmæli í lögum um fjarskipti en slíkar skyldur hafa viðgengist í sumum löndum, einkum í sambandi við kapalkerfi sjónvarps. Hér er gert ráð fyrir möguleika þess að leggja slíkar skyldur á aðila sem bjóða fjarskiptanet fyrir dreifingu útvarpsdagskrár þegar umtalsverður fjöldi notenda notfærir sér netið sem helsta möguleika sinn til þess að taka á móti útvarpi. Sú takmörkun er sett á framkvæmd þessa ákvæðis að slíkar skyldur verða einungis lagðar á þegar sérstaklega stendur á, t.d. til að ná markmiðum um útvarpsdreifingu til allra landsmanna. Við beitingu þessa ákvæðis verður haft samráð við menntamálayfirvöld.

Um 56. gr.

Ákvæði 55. gr. byggist á 6. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar. Í þessari grein eru ákvæði sem snerta stafræna hljóð- og sjónvarpsþjónustu en fram hefur komið áður að vegna samruna útvarpsþjónustu og annarrar fjarskiptaþjónustu inniheldur frumvarpið ýmis nýmæli um útvarpsnet. Samkvæmt ákvæðinu skal Póst- og fjarskiptastofnun setja reglur um skilyrtan aðgang þar sem m.a. skal kveða á um tæknilega eiginleika skilyrtra aðgangskerfa og skyldur fjarskiptafyrirtækja að veita öðrum aðgang að slíkum kerfum.

Aðgangskerfi fyrir einátta stafræna sjónvarpsþjónustu má skipta í fjóra meginþætti:

1. SMS (Subscriber Management System): Gagnagrunnur yfir viðskiptavini og áskriftarleiðir þeirra.
2. SAS (Subscriber Authorization System): Grunneining aðgangskerfisins, sem býr til aðgangslykil sem ruglar sjónvarpsmerkið.
3. Læsieiningin (Scrambler) sem yfirleitt er staðsett í fjölflettibúnaði móðurstöðvar.
4. Myndlykill og aðgangskort viðskiptavinar.

Um 57. gr.

Greinin fjallar um gagnvirka stafræna sjónvarpsþjónustu og notkun opinna staðla og er byggð á 18. gr. rammatilskipunarinnar. Póst- og fjarskiptastofnun er falið að hvetja til þess að þeir sem annast sölu á þróuðum stafrænum sjónvarpsbúnaði fylgi opnum staðli fyrir forritunartengsl en slík tengsl eru talin munu skipta miklu máli þegar stafrænt sjónvarp verður gert gagnvirkt.

Um 58. gr.

Um er að ræða nýtt ákvæði um að almenn fjarskiptanet sem hafa að hlutverki að dreifa stafrænu sjónvarpi skuli geta flutt sjónvarpsmerki og dagskrá fyrir breiðskjá. Ef merkið er fært úr einu neti í annað skal viðhalda breiðskjárforminu, eins og fjallað er um í 2. tölul. 4. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar.

Um XII. kafla.

Kaflinn um fjarskiptabúnað hefur tekið nokkrum breytingum frá gildandi lögum að því er varðar niðurröðun greina. Stuðst er við tilskipun nr. 1999/5/EB um notendabúnað í fjarskiptum auk 17. gr. rammatilskipunarinnar. Ákvæði um tækjabúnað almennra fjarskiptaneta nær nú til fjarskiptabúnaðar í öllum netum, ákvæði um notendabúnað nær nú einnig yfir þráðlausan búnað og ákvæði um þráðlausan sendibúnað hefur verið fært undir þennan kafla

en er í gildandi lögum í sérstökum kafla um þráðlaus fjarskipti. Ákvæði um takmörkun fjarskipta vegna truflana hefur verið flutt úr kaflanum um uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja í gildandi lögum. Greinar um viðurkenningu búnaðar og markaðseftirlit eru á sínum stað.

Um 59. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 36. gr. gildandi laga.

Um 60. gr.

Tvær breytingar eru lagðar til á 38. gr. gildandi laga. Gefinn er kostur á því að húskassi geti verið annaðhvort innsiglaður eins og gilt hefur eða læstur. Talið er að læsing geti verið auðveldari í framkvæmd en innsiglun. Bætt hefur verið við ákvæði sem tryggir fjarskiptafyrirtækjum aðgang að húskassa þegar þeim berst umsókn um þjónustu frá íbúa eða fyrirtæki í viðkomandi byggingu.

Um 61. gr.

Í fyrirsögn hefur verið bætt við tilvísun í tæki fyrir þráðlaus fjarskipti þar eð greinin fjallar einnig um slíkan búnað. Efni greinarinnar er óbreytt miðað við 37. gr. gildandi laga.

Um 62. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvarar efnislega 46. gr. og 2. og 3. mgr. 47. gr. núgildandi laga.

Um 63. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá 47. gr. gildandi laga.

Um 64. gr.

Greinin er óbreytt frá 50. gr. gildandi laga.

Um 65. gr.

Greinin er óbreytt frá 39. gr. gildandi laga að því undanskildu að í 2. mgr. hefur verið bætt við að upplýsa eigi kaupendur þráðlauss búnaðar um skyldu þeirra að sækja um leyfisbréf.

Um 66. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 40. gr. gildandi laga en lítils háttar breytingar eru gerðar á orðalagi.

Um XIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um réttindi til að starfa við fjarskiptavirki. Röð greina hefur verið víxlað frá gildandi lögum og seinni greininni um heimildir til starfrækslu þráðlauss búnaðar hefur verið breytt nokkuð.

Um 67. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 42. gr. gildandi laga.

Um 68. gr.

Gerðar hafa verið nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Í 1. mgr. er orðalagið almennara en áður en ekki tengt eingöngu búnaði í farartækjum. Skv. 2. mgr. verður ekki gerð krafa um að þeir sem starfrækja þráðlausan búnað hafi fengið sérstaka þjálfun nema að búnaðurinn

gegni öryggishlutverki eða hafi sendiafl meira en 100 vött. Þeir sem ætla að nota fjarskiptabúnað skipa og flugvéla verða að hafa fengið hjá Póst- og fjarskiptastofnun skírteini talstöðvavarðar sem veita alþjóðleg réttindi og skulu þess vegna fylgja alþjóðasamþykktum. Umsækjanda um skírteini ber að leggja fram gögn til sönnunar því að hann hafi fengið þjálfun í notkun þráðlauss búnaðar í skóla sem Póst- og fjarskiptastofnun viðurkennir.

Í 3. mgr. er nýmæli um að veita megi útlendingum sem hér dvelja um stundarsakir undanþágu til þess að starfrækja fjarskiptabúnað en tilskilið er að þeir hafi réttindi til slíks í heimalandi sínu.

Í 4. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til þess að setja nánari reglur um starfrækslu fjarskiptabúnaðar í höndum einstaklinga.

Í 5. mgr. hafa verið gerðar þær breytingar að gert er ráð fyrir umsögn hagsmunasamtaka áhugamanna áður en leyfi til radíóáhugamanna eru veitt en ekki áskilið hvert heiti samtakanna skuli vera hverju sinni. Rýmkað er um rétt erlendra ríkisborgara til þess að fá leyfi radíóáhugamanna hér á landi.

Um XIV. kafla.

Kaflinn fjallar um uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja og er efnislega nær óbreyttur miðað við XIII. kafla í gildandi lögum. Sú breyting hefur verið gerð að 50. og 51. gr. gildandi laga eru færðar í aðra kafla frumvarpsins og 48. gr. í gildandi lögum hefur verið skipt í tvær greinar í frumvarpinu, 69. og 70. gr.

Um 69. gr.

Ákvæði 69. gr. samsvarar efnislega 1. og 2. mgr. 48. gr. gildandi laga og hefur heiti ákvæðisins verið breytt. Með þessum breytingum verður að telja framsetningu reglna um aðgang að landi og eignarnám vera skýrari en samkvæmt núgildandi lögum.

Um 70. gr.

Greinin er óbreytt frá 3. mgr. 48. gr. gildandi laga.

Um 71. gr.

Í þessari grein eru sameinaðar 49., 52. og 53. gr. gildandi laga án þess að gerðar séu breytingar á efni eða texta. Það er talið rökrétt að fjalla um vernd fjarskiptastrengja í sjó í beinu framhaldi af umfjöllun um vernd fjarskiptavirkja á landi.

Um 72. gr.

Greinin er óbreytt frá 54. gr. í gildandi lögum nema að lagt er til að komi til endurgjalds, sbr. 2. mgr., skuli það vera samkvæmt mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

Um XVI. kafla.

Í kaflanum er gerð grein fyrir úrræðum Póst- og fjarskiptastofnunar þegar brotið er gegn reglum um almennar heimildir og réttindi fjarskiptafyrirtækja eða gegn ákvæðum laga og reglugerða um fjarskipti. Gerðar eru ýmsar breytingar á efni kaflans í samræmi við breytingar sem orðið hafa á reglum um heimildir fjarskiptafyrirtækja.

Um 73. gr.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir skyldum fjarskiptafyrirtækja að veita Póst- og fjarskiptastofn-

un upplýsingar til þess að stofnunin geti gengið úr skugga um að fyrirtækin virði skilyrði almennra heimilda eða sérstakar kvaðir sem á þau eru lagðar.

Í 2. mgr. segir frá skyldu Póst- og fjarskiptastofnunar til að gefa fyrirtækjum sem talin eru brotleg kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða að lagfæra brot sín innan ákveðinna tímamarka sem að jafnaði eru einn mánuður.

Í 3. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun fengin heimild til aðgerða ef ekki er látið af broti en þær geta m.a. falist í dagsektum. Allar ákvarðanir stofnunarinnar verður að rökstyðja og tilkynna fjarskiptafyrirtækinu sem í hlut á og veita því frest til þess að verða við ákvörðuninni.

Samkvæmt 4. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun beitt fjarskiptafyrirtæki dagsektum ef umbeðnar upplýsingar sem skylt er að veita lögum samkvæmt eru ekki veittar innan hæfilegs tíma.

Í 5. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til að stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis eða afturkalla réttindi tímabundið eða varanlega ef um er að ræða alvarlegt og endurtekið brot.

Í sérstökum alvarlegum tilfellum, þegar sannanir liggja fyrir um brot á skilmálum og skilyrðum almennra heimilda og réttinda sem geta leitt til yfirvofandi hættu fyrir öryggi og heilsu almennings eða til vandamála í rekstri annarra fjarskiptafyrirtækja eða fyrir notendur neta og þjónustu, getur Póst- og fjarskiptastofnun skv. 6. mgr. tekið bráðabirgðaákvarðanir til þess að bæta sem fyrst úr ástandinu. Áður en stofnunin tekur endanlega ákvörðun sem getur verið í formi staðfestingar á bráðabirgðaákvörðun skal viðkomandi fyrirtæki gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hugsanlega leggja til úrbætur.

Um 74. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru óbreytt frá 1.–3. mgr. 57. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er gerð breyting frá 4. mgr. 57. gr. gildandi laga sem takmarkar gildi ákvæðisins við fjarskiptabúnað og starfrækslu hans en tilvísanir í tæki og hluti og innflutning og smíði eru felldar niður.

Í 5. mgr. er texti færður til samræmis við breytingar á III. kafla frumvarpsins.

Um 75. og 76. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti.

Tilgangur frumvarpsins er m.a. að innleiða í íslensk lög breytingar sem hafa orðið á fjarskiptalöggjöf ESB og EFTA og hafa verið birtar í nýjum tilskipunum ESB. Skv. 22. gr. frumvarpsins er lagt til að jöfnunargjald skuli lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskipta-

net og/eða fjarskiptaþjónustu, en skv. 15. gr. gildandi laga hvílir gjaldskyldan eingöngu á fyrirtækjum sem starfrækja talsímaþjónustu eða gagnaflutningi. Lagt er til að þessi grein frumvarpsins öðlist gildi 1. janúar 2004 og komi fyrst til framkvæmda árið 2005. Einnig er í frumvarpinu lagt til að jöfnunargjald verði sett í sérstakan jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar sem verði með því móti aðskilinn fjárhag stofnunarinnar. Jöfnunargjaldið skal standa undir greiðslum til fjarskiptafyrirtækja fyrir alþjónustu. Þegar 22. gr. frumvarpsins tekur gildi 1. janúar 2004 er áætlað að stofn til álagningar jöfnunargjalds verði u.þ.b. 26 milljarðar kr. Samkvæmt því eru áætlaðar tekjur af jöfnunargjaldinu u.þ.b. 31 m.kr. árið 2005. Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 107/1999, um fjarskipti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir tekjum á móti gjöldum.

961. Frumvarp til laga [600. mál]

um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Forstjóri og starfsmenn.

Samgönguráðherra skipar forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru:

1. Að annast framkvæmd laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu og hafa eftirlit með fjarskiptum og póstþjónustu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Stofnunin skal framfylgja lögunum og stuðla að því að markmið þeirra náist.
2. Að stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að:
   a. vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta og póstþjónustu,
   b. hvetja til skilvirkra fjárfestinga í innviðum fjarskipta og stuðla að nýbreytni,

c. ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða.

3. Að taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og póstþjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að:
   a. vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist og fjarskipta- og póstþjónustu,
   b. hvetja til uppsetningar og þróunar fjarskiptaneta og gagnvirkni þjónustu sem nær til allra ríkja innan EES,
   c. stuðla að því að gætt sé jafnræðis við meðhöndlun fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda sem búa við sömu aðstæður,
   d. eiga samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir í EES og Eftirlitsstofnun EFTA í þeim tilgangi að koma á samræmdum eftirlitsháttum og samræmdri túlkun löggjafar,
   e. stuðla að samruna fjarskiptatækni og upplýsingatækni,
   f. stuðla að þróun upplýsingasamfélagsins með markvissri innleiðingu nýrrar tækni og vinnubragða.
4. Að gæta hagsmuna almennings með því m.a. að:
   a. vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu,
   b. stuðla að vernd neytenda í viðskiptum þeirra við fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur,
   c. vinna að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs,
   d. stuðla að birtingu skýrra upplýsinga fyrir notendur og krefjast gagnsæi gjaldskráa og skilmála fyrir notkun almennrar fjarskipta- og póstþjónustu,
   e. tryggja hag notenda, þ.m.t. einstakra þjóðfélagshópa, svo sem öryrkja, sem best að því er varðar val, verð og gæði,
   f. tryggja að heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta sé viðhaldið.
5. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála. Skal stofnunin beina tilmælum um breytingar á lögum og reglugerðum til samgönguráðherra ef þess gerist þörf.
6. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála.
7. Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun skulu setja sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga. Skulu reglur þessar birtar.

Forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar sem framkvæmd er með heimild í lögum þessum.

4. gr.

Eftirlit með fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda, þar með talið fjárhagsstöðu þeirra, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

5. gr.

Eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafið þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög um fjarskipti- og póstþjónustu um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafið fjarskiptafyrirtæki um upplýsingar í sambandi við almenna heimild, réttindi eða sérstakar kvaðir, m.a.:

a. vegna kerfisbundinnar eða tilfallandi könnunar á því að hlítt sé skilyrðum um greiðslu í jöfnunarsjóð alþjónustu, um gagnkvæma starfrækslu þjónustu og samtengingu neta og um starfrækslugjöld fyrir tíðni og númer,
b. vegna könnunar þess að farið sé eftir skilyrðum almennra heimilda og réttinda að fenginni kvörtun eða þegar stofnunin hefur aðrar ástæður til að ætla að skilyrði sé ekki virt eða þegar stofnunin hefur að eigin frumkvæði hafið rannsókn,
c. í samræmi við reglur um málsmeðferð við veitingu réttinda til notkunar tíðna og númera og mat á umsóknum þar að lútandi,
d. vegna útgáfu upplýsinga um samanburð á gæðum og verði þjónustu í þágu notenda,
e. í afmörkuðum tölfræðilegum tilgangi,
f. vegna markaðsgreiningar.

Að undanteknum upplýsingum skv. c-lið má ekki krefjast upplýsinga samkvæmt þessari grein áður en veittur er aðgangur að markaði né gera þær að skilyrði fyrir slíkum aðgangi. Þegar Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir þessum upplýsingum frá fjarskiptafyrirtækjum skal stofnunin gera grein fyrir því í hvaða tilgangi á að nota upplýsingarnar.

Sem hluta af eftirliti er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að krefjast þess að henni séu m.a. látnir í té ársreikningar, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun getur með sömu skilyrðum og í 4. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða fjarskiptafyrirtækja eða póstrekenda sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða rekstrarleyfum getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fjarskiptafyrirtækja sem úthlutað hefur verið réttindum eða hjá rekstrarleyfishafa í póstþjónustu og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum, lögum um fjarskipti, lögum um póstþjónustu eða reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Vanræki fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi skyldur sínar eða uppfylli ekki kröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun gerir um úrbætur innan hæfilegs frests getur stofnunin svipt viðkomandi réttindum til tíðna og númera eða rekstrarleyfi fyrir póstþjónustu eða tilkynnt fjarskiptafyrirtæki eða póstrekanda að hann njóti ekki lengur almennrar heimildar, að undangenginni skriflegri viðvörun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis eða póstrekanda sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um slíka starfsemi. Er heimilt að leggja á dagsektir í þessu skyni, sbr. 12. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.

6. gr.

Umsögn hagsmunaaðila.

Áður en Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun sem hefur veruleg áhrif á viðkomandi fjarskiptamarkað skal stofnunin veita hagsmunaaðilum rétt til umsagnar. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um meðferð upplýsinga samkvæmt þessari grein og birtingu þeirra.

7. gr.

Samskipti við eftirlitsstjórnvöld Evrópska efnahagssvæðisins.

Áður en Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun, sem hefur áhrif á viðskipti milli ríkja, um skilgreiningu fjarskiptamarkaða og greiningu þeirra, um kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild eða um aðgang og samtengingu og breytingar á skyldum á smásölumarkaði skal stofnunin hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnanir í einstökum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á og skal þá tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnunum í einstökum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins tafarlaust um ákvörðunina.

Póst- og fjarskiptastofnun skal veita Eftirlitsstofnun EFTA almennar upplýsingar sem skylt er að veita með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo sem varðandi fjarskiptamarkaði, alþjónustu og kvaðir sem lagðar eru á fyrirtæki.

8. gr.

Þagnarskylda og samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um endurskoðendur og aðra sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við eftirlit eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að birta tölfræðilegar upplýsingar um magn fjarskipta og pósts og skulu fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur láta stofnuninni í té slíkar upplýsingar.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má veita eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og Alþjóðaviðskiptastofnuninni upplýsingar sé það liður annaðhvort í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða við úrlausn einstakra mála og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi. Póst- og fjarskiptastofnun er því aðeins heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein að sá sem upplýsingarnar fær sé háður sams konar þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt lögum þessum skal ekki vera því til fyrirstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun gefi fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA sem fjalla um póst- og fjarskiptamál

allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að skiptast á upplýsingum við sambærilegar stofnanir innan Evrópska efnahagssvæðisins og samningsríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að því marki að ekki sé um trúnaðarupplýsingar að ræða.

Póst- og fjarskiptastofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

9. gr.

Lausn deilumála fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda.

Komi upp deilur milli fyrirtækja sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu eða milli póstrekenda um skyldur sem leiðir af lögum um fjarskipti eða lögum um póstþjónustu getur deiluaðili beint málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Póst- og fjarskiptastofnun skal leita sátta með aðilum. Náist ekki samkomulag skal skorið úr ágreiningi með ákvörðun eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en innan fjögurra mánaða nema sérstaklega standi á.

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar skal birta opinberlega með fyrirvara um kröfu um viðskiptaleynd.

Þegar deiluaðilar eru hvor frá sínu landi innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu fjarskiptaeftirlitsstofnanir landanna tveggja eiga samstarf um lausn deilunnar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur í ákveðnum tilfellum gripið inn í deilur aðila að eigin frumkvæði til þess að ná markmiðum laga um fjarskipti, laga um póstþjónustu eða laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um málsmeðferð samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Kvartanir.

Telji neytendur fjarskipta- eða póstþjónustu, eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, að fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um póstþjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis eða póstrekanda á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila á skjótan hátt. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með ákvörðun.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um lausn slíkra ágreiningsmála.

11. gr.

Heimild til bráðabirgðaákvörðunar.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum án tafar, enda sé hætta á því að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni, er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka málið til umfjöllunar skv. 9. eða 10. gr. innan sjö daga frá því að bráðabirgðaákvörðunin var tekin, ella fellur hún úr gildi.

12. gr.

Dagsektir og innheimta.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja á og innheimta dagsektir af fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum, uppfylli þeir ekki skilyrði sem þeim hafa verið sett eða aðrar kvaðir sem á þá hafa verið lagðar samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Dagsektir nemi 50.000 til 500.000 kr. á dag. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför. Málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

13. gr.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara, allir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Nefndinni er heimilt að kveðja til sérfræðinga.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnsýslustigi. Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála liggur fyrir.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð.

14. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Fyrir útgáfu rekstrarleyfa fyrir póstþjónustu greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Við veitingu réttinda fyrir notkun tíðna þar sem takmarka þarf fjölda rétthafa, t.d. vegna takmarkaðs tíðnisviðs fyrir viðkomandi þjónustu og úthlutun tíðna fer fram eftir birtingu auglýsingar um fyrirhugaða úthlutun eða útboð, eða þegar tíðni er úthlutað á grundvelli útboðs til annarra nota en fjarskiptaþjónustu, skal innheimta sérstakt gjald fyrir tíðnirnar. Gjaldið ákvarðast af kostnaði við úthlutunina.

Fyrir úthlutun símanúmera til fjarskiptafyrirtækja skal innheimt fyrir hvert úthlutað símanúmer árlegt gjald að upphæð 10 kr. fyrir hvert númer. Til viðbótar skal innheimt 200.000 kr. árlegt gjald fyrir fjögurra stafa númer, þ.m.t. forskeyti og alþjóðlegir netkóðar, óháð fjölda tölustafa í kóðanum. Innheimta skal 1.000.000 kr. árlegt gjald fyrir þriggja stafa númer.

Fjarskiptafyrirtæki skulu árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemur 0,20% af bókfærðri veltu og sömuleiðis skulu póstrekendur greiða 0,25% af árlegri veltu til stofnunarinnar. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af fjarskipta- og póststarfsemi sinni hér á landi. Rekstrargjald skal miða við næsta almanaksár á undan ákvörðun gjaldsins. Tekjur skal telja til bókfærðrar veltu á því ári sem þær verða til.

Fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur skulu skila Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingum um gjaldskylda veltu eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Berist Póst- og fjarskiptastofnun ekki upplýsingar innan tilskilins tíma er stofnuninni heimilt að áætla veltu viðkomandi aðila.

Álagning rekstrargjalds skv. 4. mgr. skal fara fram eigi síðar en 15. maí ár hvert. Póst- og fjarskiptastofnun skal gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi.

Rekstrargjald greiðist með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. júní og eindagi 15. júní, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. desember og eindagi 15. desember.

Sé rekstrargjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu.

Vanræki fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi greiðslu rekstrargjalds er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að fella niður starfsheimild viðkomandi fyrirtækis.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert fjarskiptafyrirtæki eða póstrekanda að greiða samkvæmt reikningi útlagðan kostnað, svo sem vegna sérfræðivinnu, við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og rekja má sérstakan kostnaðarauka til atvika er varða fyrirtækið.

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið að veita samkvæmt lögum þessum, lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Heimilt er að taka gjald, sem miðast við kostnað, fyrir eftirfarandi þætti: skráningu fyrirtækja, útgáfu leyfisbréfa og skírteina, mælingar, innsiglanir, skoðanir og umsýslu með þráðlausum sendibúnaði.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein, að undanteknu leyfisgjaldi skv. 1. mgr., skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar sem annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Skýrsla.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal m.a. birtur listi yfir fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur og upplýsingar um kostnað við alþjónustu, einstök framlög til jöfnunarsjóðs og hvaða hag fyrirtæki sem settar hafa verið alþjónustuskyldur hafa haft af því á fjarskiptamarkaðinum.

16. gr.

Reglugerðir.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

17. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 25. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi lög um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 110/1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Póst- og fjarskiptastofnun tók til starfa 1. apríl 1997 á grundvelli laga nr. 147/1996. Stofnuninni er falið almennt stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta og póstþjónustu og sér í lagi eftirlit með framkvæmd laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu. Í samræmi við tilskipun

90/388/EB sem fellur undir viðauka EES-samningsins var í lögunum lögð áhersla á sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart fyrrverandi einkaréttarhafa sem hafði tekið þátt í stjórnsýslu fjarskipta og póstmála um árabil. Við lagasetningu um Póst- og fjarskiptastofnun árið 1996 þurfti að marka verksvið stofnunarinnar, gera grein fyrir verkefnum hennar og setja starfsreglur um ýmis mál sem ekki hafði reynt á áður hér á landi. Við niðurfellingu einkaréttar á fjarskiptarekstri sem ákveðin var í lögum um fjarskipti sem samþykkt voru á Alþingi sama dag og lögin um Póst- og fjarskiptastofnun var fyrirséð að upp mundu koma mál sem snertu samkeppni og samvinnu nýrra fjarskiptafyrirtækja og má þar nefna samtengingu neta sem er nauðsynleg ef notendur fjarskiptanets eiga að geta haft samband við notendur annarra fjarskiptaneta. Sömuleiðis voru í lögum nr. 147/1996 troðnar nýjar slóðir við að skilgreina skyldur Póst- og fjarskiptastofnunar í sambandi við póstþjónustu því að fram að því hafði lítill greinarmunur verið gerður á rekstri þjónustunnar og stjórnsýslu sem tengist henni.

Innan EES voru síðustu leifar einkaréttar á fjarskiptamarkaðinum felldar úr gildi 1. janúar 1998 en að vísu fengu nokkur lönd frest til þess að undirbúa heimamarkað sinn betur fyrir frjálsræðið. Í kjölfar afnáms einkaréttar á fjarskiptum urðu til allmörg ný fjarskiptafyrirtæki hér á landi og leið ekki á löngu áður en reyna fór á hina nýju stofnun og lögin um hana. Á fyrstu árum Póst- og fjarskiptastofnunar var mikil gróska í fjarskiptastarfsemi víða um lönd, einkum í farsímaþjónustu en notkun á netinu jókst einnig hröðum skrefum. Fjölgun farsíma- og netnotenda og aukning meðaltalsnotkunar var síst minni á Íslandi en annars staðar og var Ísland ofarlega á blaði hvað þetta varðar miðað við höfðatölu. Staðan var hins vegar önnur í póstþjónustu þar sem enn ríkti einkaréttur á mikilvægasta hluta þjónustunnar, þ.e. bréfum undir 250 g þyngd, og takmörkuð samkeppni var á póstmarkaðinum.

Í lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun, sem samþykkt voru á Alþingi í lok desember 1999 var samkeppnishlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar skilgreint og mælt fyrir um að stofnunin og Samkeppnisstofnun skyldu sameiginlega setja reglur um samskipti sín og afgreiðslu mála. Reglur þar að lútandi hafa verið settar. Jafnframt fékk Póst- og fjarskiptastofnun með lögunum heimild til að taka bráðabirgðaákvörðun í einstökum deilumálum.

Íslensk löggjöf um fjarskipta- og póstmál byggist að miklu leyti á þeim gerðum ESB sem skylt er að innleiða í íslensk lög samkvæmt EES-samningnum. Fyrstu tilskipanir ESB á þessum sviðum birtust árið 1990 en síðan kom röð tilskipana, einkum um fjarskipti, þar sem grunnurinn var lagður að fullu frjálsræði á fjarskiptamarkaðinum sem skyldi taka gildi eigi síðar en 1. janúar 1998. Æðstu stofnanir ESB gerðu sér grein fyrir því að ýmislegt gæti breyst á átta ára tímabili og ákváðu snemma á tímabilinu að endurskoðun fjarskiptalöggjafar skyldi eiga sér stað á árinu 1999. Endurskoðunin stóð fram á árið 2002 og leiddi til nýrra tilskipana og ákvarðana sem framkvæmdastjórn ESB telur færa fjarskiptalöggjöfina í einfaldari búning. Tilskipununum fækkar talsvert og er meginefni löggjafarinnar nú í fjórum tilskipunum og einni ákvörðun.

Ein þessara tilskipana, svonefnd rammatilskipun, inniheldur fjölmörg ákvæði sem lúta að starfsemi fjarskiptastofnana en auk þess er í öllum gerðunum að finna tilvísun í verkefni sem stofnunum eru falin. Á undanförnum árum hefur framkvæmdastjórn ESB oft látið í ljós ósk um að stofna evrópska fjarskiptastofnun sem ætti að hafa það hlutverk að samræma reglur og framkvæmd eftirlits í ríkjum ESB. Þessu hefur framkvæmdastjórnin ekki fengið framgengt og hvert ríki stjórnar eigin fjarskiptaeftirliti eins og áður. Hins vegar eru í nýju tilskipununum ákvæði sem skylda fjarskiptastofnanirnar annars vegar til að hafa meira samráð en áður sín á milli til þess að stuðla að samræmingu og hins vegar að ráðfæra sig við framkvæmdastjórn ESB eða Eftirlitsstofnun EFTA áður en ákvarðanir sem varða skilgreiningu

markaða eru teknar. Talsverð samvinna hefur nú þegar komist á milli fjarskiptastofnana innan EES.

Mikil áhersla verður lögð á að skilgreina markaði fyrir fjarskiptanet og þjónustu. Í nýju löggjöfinni er skilgreining á umtalsverðri markaðshlutdeild breytt nokkuð. Í stað þess að miða við 25% markaðshlutdeild verða notaðar aðferðir samkeppnisréttar við skilgreiningu á markaðsráðandi stöðu. Þetta hefur í för með sér ný verkefni fyrir Póst- og fjarskiptastofnun. Niðurstaðan getur leitt til breytinga á stöðu fyrirtækja og kvöðum sem lagðar eru á þau.

Fyrir utan aukið samráð við aðrar fjarskiptastofnanir innan EES eru gerðar kröfur til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafi meira samráð við hagsmunaaðila áður en ákvarðanir eru teknar sem hafa umtalsverð áhrif á viðkomandi markað og gefi aðilum kost á að gefa umsögn um fyrirhugaðar ákvarðanir. Á hinn bóginn er kveðið á um aukna möguleika notenda til þess að fá skorið úr kvörtunum yfir þjónustu og er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað stærra hlutverk en áður í því sambandi.

Enda þótt breytingar á póstþjónustu séu ekki eins stórfelldar og á fjarskiptasviðinu hafa verið gerðar breytingar á gildandi tilskipun um póstþjónustu þar sem kveðið er á um frekari opnun markaðarins. Einkaréttur ríkisins fyrir bréf hefur í verið skorinn niður úr 350 g í 100 g og einkaréttur hér á landi mun væntanlega miðast við 100 g í stað gildandi 250 g. Deilur hafa verið innan ESB um einkaréttinn og hvenær hann skuli afnuminn. Áðurnefnd lækkun á þyngdarmörkum var málamiðlun og þeir sem á móti lækkuninni stóðu, fengu því framgengt að eftirlitsstofnunum innan EES verður falið að fylgjast betur með því en áður að einkarétturinn sé virtur.

Breytingar á löggjöf fjarskipta- og póstmála sem hér hafa verið raktar hafa í för með sér að nauðsynlegt er að breyta á ný lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Helstu nýmæli og breytingar eru eftirfarandi:

1. Verkefnalisti Póst- og fjarskiptastofnunar hefur verið endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af samruna fjarskipta- og upplýsingatækni.
2. Nánar er kveðið á en áður um upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda gagnvart Póst- og fjarskiptastofnun.
3. Lagt er til að Póst- og fjarskiptastofnun veiti hagsmunaaðilum rétt til umsagnar áður en teknar eru ákvarðanir sem munu hafa veruleg áhrif á fjarskiptamarkaðinn.
4. Ef Póst- og fjarskiptastofnun hyggst taka ákvörðun sem getur haft áhrif á viðskipti milli ríkja EES verður stofnuninni gert að skyldu að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnanir í öðrum ríkjum EES.
5. Í stað einnar greinar í gildandi lögum um kvartanir til stofnunarinnar koma tvær ítarlegri greinar. Önnur fjallar um deilumál fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda og hin fjallar um kvartanir neytenda.
6. Lagt er til að breyta ákveðnum lögbundnum gjöldum sem fjarskiptafyrirtækjum er gert að greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar. Helsta breytingin er að ákveðið er gjald fyrir úthlutuð númer og á móti kemur lækkun á veltutengdu rekstrargjaldi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á verkefnalista Póst- og fjarskiptastofnunar frá 3. gr. gildandi laga. Meginverkefni stofnunarinnar er að framfylgja lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Helstu áherslum í því starfi er lýst í ákvæðum sem eru að verulegu leyti sótt í 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan ramma stjórnsýslu um fjarskiptanet og þjónustu (*Rammatilskipun*). Að auki eru talin upp hlutverk sem stofnunin hefur haft með höndum og ekki eru sérstaklega nefnd í lögum um fjarskipti eða lögum um póstþjónustu og ný hlutverk sem snúa að framþróun í tengslum við samruna fjarskipta- og upplýsingatækni.

Í 1. tölul. 1. mgr. segir að stofnunin skuli annast framkvæmd laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu og hafa eftirlit með starfsemi á þessu sviði. Í þessu felast fjölmörg verkefni sem sérstaklega eru tilgreind í viðkomandi lögum, auk almennrar umsjónar með framkvæmd laganna.

Í 2. tölul. er fjallað um samkeppnisþáttinn og segir að Póst- og fjarskiptastofnun eigi að stuðla að samkeppni í framboði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. Í a–c-lið er nánar kveðið á um það hvernig stofnunin útfærir þetta verkefni, en það skal gert m.a. með því að vinna gegn röskun á samkeppni eða takmörkun hennar, ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á skipulagi og notkun tíðna og númera. Mikilvægt er að skýr verkaskipting sé milli Póst og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar á þessu sviði og er áfram gert ráð fyrir setningu reglna um þá skiptingu og um samstarf stofnananna.

Í 3. tölul. er kveðið á um þátttöku Póst- og fjarskiptastofnunar í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og póstþjónustu með því að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs aðila á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem netunum tengist og fjarskipta- og póstþjónustu, hvetja til uppsetningar og þróunar fjarskiptaneta sem ná til allra ríkja EES, ásamt því að hvetja til þess að þjónusta sem nær til allra ríkja EES sé gagnvirk, stuðla að því að gætt sé jafnræðis og eiga samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir í EES og Eftirlitsstofnun EFTA í þeim tilgangi að samræma framkvæmd eftirlits og túlkun löggjafar. Lögð er rík áhersla á samræmingu í hinum nýju tilskipunum ESB. Undir 3. tölul. falla einnig ný hlutverk sem tengjast þeirri þróun að fjarskiptatækni er í auknum mæli að tengjast annarri tækni, svo sem upplýsingatækni og útvarpsþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að stuðla að frekari samruna þessarar tækni og taka þátt í þróun upplýsingasamfélagsins.

Í 4. tölul. er getið verkefna sem snerta hagsmuni almennings. Póst- og fjarskiptastofnun skal gæta hagsmuna almennings með því að vinna að því að allir landsmenn sem þess óska fái aðgang að alþjónustu, stuðla að vernd neytenda gagnvart fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum, leggja lið ráðstöfunum sem gerðar eru til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífsins, stuðla að birtingu greinargóðra upplýsinga fyrir notendur og að krefjast þess að gjaldskrár og skilmálar séu gagnsæ, taka til umfjöllunar þarfir sérstakra þjóðfélagshópa, svo sem öryrkja, og tryggja heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta þannig að notendur eigi eftir því sem kostur er á vísan aðgang að netum.

5. tölul. er óbreyttur frá 6. tölul. 3. gr. gildandi laga.

6. tölul. er óbreyttur frá 18. tölul., 3. gr. gildandi laga.

7. tölul. er óbreyttur frá 22. tölul. 3. gr. gildandi laga.

2. mgr. er óbreytt frá 4. málsl. 2. mgr. 3. gr. gildandi laga.

3. mgr. er óbreytt frá 3. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Heiti þessarar greinar hefur verið breytt með hliðsjón af því að hugtakið leyfishafi fellur nú niður samkvæmt frumvarpi til fjarskiptalaga, en í staðinn er talað um fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur. Það hafa hins vegar ekki verið gerðar efnislegar breytingar á textanum frá 4. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Fyrsta málsgrein er óbreytt frá 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. gildandi laga.

Nýtt ákvæði sem byggt er á 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (*Heimildatilskipun*), er að finna í 2. mgr. og inniheldur það upptalningu í sex liðum um það hvenær Póst- og fjarskiptastofnun getur krafið fjarskiptafyrirtæki um upplýsingar í sambandi við almennar heimildir, réttindi eða sérstakar kvaðir, sbr. frumvarp til laga um fjarskipti. Upptalningin er ekki tæmandi. A-liður fjallar um kerfisbundna eða tilfallandi könnun á því hvort greitt sé í jöfnunarsjóð, um gagnkvæma starfrækslu þjónustu, þ.e. um þjónustu sem notendur í mismunandi netum eiga að hafa aðgang að, samtengingu neta í sama tilgangi og um starfrækslugjöld fyrir tíðnir og númer. B-liður nær til könnunar þess að fenginni kvörtun hvort farið sé eftir almennum heimildum og réttindum. Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig kallað eftir slíkum upplýsingum ef stofnunin hefur einhverjar aðrar ástæður til þess að ætla að skilyrði séu ekki virt eða hefur hafið könnun að eigin frumkvæði. C-liður tengist veitingu réttinda til að nota tíðnir og númer en kveðið er á um málsmeðferð við veitingu í frumvarpi til laga um fjarskipti. D-liður tekur til útgáfu Póst- og fjarskiptastofnunar á samanburði á gæðum og verði fyrir þjónustu og aðgang að netum sem fjarskiptafyrirtæki veita notendum. E-liður er aftur á móti um tölfræðilegar upplýsingar sem Póst- og fjarskiptastofnun safnar til þess að stjórnvöld geti haft heildarsýn yfir markaðinn. F-liður tengist markaðsgreiningu sem Póst- og fjarskiptastofnun er gert að framkvæma til þess að ganga úr skugga um hvort réttlætanlegt er að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með markaðsráðandi stöðu.

Samkvæmt 3. mgr. er ekki heimilt að krefja fjarskiptafyrirtæki um upplýsingar skv. 2. mgr. áður en því er veittur aðgangur að fjarskiptamarkaði né gera slíkar upplýsingar að skilyrði fyrir aðgangi. Upplýsingar skv. c-lið eru undantekning en þær eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að skrá viðkomandi fyrirtæki. Póst- og fjarskiptastofnun ber að upplýsa í hvaða tilgangi á að nota umbeðnar upplýsingar.

4.–10. mgr. eru efnislega samhljóða gildandi lögum.

Ákvæði um upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja sækir stoð í 5. gr. rammatilskipunarinnar og áður nefnda grein heimildatilskipunarinnar.

Um 6. gr.

Hér er um að ræða ný ákvæði sem skuldbinda Póst-og fjarskiptastofnun til að leita umsagnar hagsmunaaðila áður en teknar eru ákvarðanir sem líklegar eru til að hafa veruleg áhrif á fjarskiptamarkaðinn. Stofnuninni er í sjálfsvald sett að ákveða hæfilega fresti en henni er falið að setja reglur um meðferð upplýsinga sem verða til við umsagnarferlið og birtingu þeirra. Ákvæðið byggir á 6. gr. rammatilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Þetta er ný grein sem tekur mið af innri fjarskiptamarkaði EES. Ef Póst- og fjarskiptastofnun hyggst taka ákvörðun sem búast má við að muni hafa áhrif á viðskipti milli ríkja og ákvörðunin er um skilgreiningu fjarskiptamarkaða og nánari greiningu þeirra, um kvaðir sem

lagðar eru á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild eða um aðgang og samtengingu og skyldur á smásölumarkaði skal stofnunin hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnanir í einstökum ríkjum EES í samræmi við skuldbindingar sem EES-samningurinn leggur aðildarríkjunum á herðar. Þegar sérstaklega stendur á er þó heimilt að víkja frá þessari skyldu en engu að síður ber að tilkynna ákvörðunina þegar í stað til fyrrtalinna aðila.

Ákvæði þetta byggist á 7. gr. rammatilskipunarinnar.

Í nýjum EES-gerðum varðandi fjarskipti er á allnokkrum stöðum kveðið á um að ríki skuli senda Eftirlitsstofnun EFTA almennar upplýsingar, m.a. um niðurstöður markaðsgreininga, kvaðir sem lagðar eru á fyrirtæki og alþjónustukvaðir og um fyrirtæki sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild. Þetta stuðlar m.a. að betri heildaryfirsýn yfir stöðuna á innri markaði EES á sviði fjarskipta. Póst- og fjarskiptastofnun er falið í 3. mgr. að annast tilskilda upplýsingagjöf.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt frá 6. gr. gildandi laga nema að bætt hefur verið við nýrri 7. mgr. Samkvæmt henni getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist upplýsinga sem henni eru nauðsynlegar vegna starfsemi stofnunarinnar frá skatt- og tollyfirvöldum. Þagnarskylda viðkomandi stjórnvalda kemur ekki í veg fyrir veitingu upplýsinga, enda er Póst- og fjarskiptastofnun háð þagnarskyldu skv. 1. mgr. Ákvæðið á hliðstæðu í samkeppnislögum. Upplýsingar frá öðrum stjórnvöldum geta komið að miklu gagni við framkvæmd lögbundins eftirlits, einkum í tilfellum þar sem skortir á upplýsingagjöf frá eftirlitsskyldum aðila eða þegar sannreyna þarf veittar upplýsingar með samanburði.

Um 9. gr.

Í 7. gr. gildandi laga er fjallað um kvartanir fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda og notenda. Vegna aukinnar áherslu tilskipana ESB á neytendavernd á fjarskiptasviðinu og vegna þess að meðferð mála er ólík eftir því hvort eingöngu fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur eiga hlut að máli eða hvort kvörtun berst frá notendum hefur greininni verið skipt í tvær greinar í frumvarpinu. Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um deilumál fyrirtækja með hliðsjón af 20. gr. og 21. gr. rammatilskipunarinnar og 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/19/ EB frá 7. mars 2002 um aðgang að, og samtengingu við, fjarskiptanet og aðstöðu sem þeim tengist (*Aðgangs- og samtengingartilskipun*).

Í 1. mgr. er lýst málsmeðferð komi upp deilur milli fyrirtækja sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu eða milli póstrekenda um skyldur sem kveðið er á um og leiða má af lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Deiluaðili eða aðilar geta beint málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem hefja skal sáttaumleitanir. Beri þær ekki árangur skal stofnunin skera úr ágreiningi aðila eins fljótt og við verður komið en aldrei síðar en innan fjögurra mánaða frá því að málið barst stofnuninni, nema sérstaklega standi á, t.d. ef málshefjandi óskar eftir frestun málsmeðferðar eða ef mál er sérstaklega erfitt úrlausnar.

Samkvæmt 2. mgr. skal birta ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar opinberlega en stofnuninn getur tekið til greina óskir aðila um viðskiptaleynd á ákveðnum upplýsingum.

Þegar deiluaðilar eru sinn frá hvoru landinu innan EES skulu fjarskiptaeftirlitsstofnanir viðkomandi landa vinna saman að lausn deilunnar.

Í 4. mgr. er heimild Póst og fjarskiptastofnunar til að setja reglur um málsmeðferð.

Um 10. gr.

Yfirskrift þessarar greinar er kvartanir og segir greinin til um málsmeðferð þegar neytendur eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta telja að fjarskiptafyrirtæki eða póstrekendur brjóti gegn skyldum sínum eða skilmálum sem mælt er fyrir um. Hlutaðeigandi getur beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar sem skal hefja málsmeðferð með því að leita álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis eða póstrekanda. Stofnunin skal reyna að leysa ágreining á skjótan hátt en takist það ekki skal skera úr ágreiningi með ákvörðun stofnunarinnar. Ákvæði þetta er byggt á 34. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (*Alþjónustutilskipun*).

Í 3. mgr. er heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að setja reglur um málsmeðferð.

Um 11. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæði um bráðabirgðaákvarðanir í gildandi lögum. Þó eru skilyrði þess að bráðabirgðaákvörðun sé tekin hert nokkuð þannig að verulegir hagsmunir þurfi að vera í húfi svo beita megi ákvæðinu.

Um 12. gr.

Ein breyting er gerð á gildandi dagsektarákvæði. Í stað leyfishafa koma fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur. Breytingin er eðlileg afleiðing af breytingum á lögum um fjarskipti þar sem hugtakið leyfishafi kemur ekki lengur fyrir. Það er rétt að benda á að með breytingunni nær ákvæðið til allra fjarskiptafyrirtækja sem skrá sig og sömuleiðis til allra póstrekenda en ekki einungis þeirra sem veita alþjónustu.

Um 13. gr.

Greinin er að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum. Bætt hefur verið við heimild fyrir úrskurðarnefndar til að kveðja til sérfræðinga, enda er nú kveðið á um það í 4. gr. rammatilskipunarinnar. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar eru ekki lengur nefndar úrskurðir og er ákvæðinu breytt í samræmi við það.

Um 14. gr.

Greinin er talsvert breytt frá gildandi lögum, m.a. vegna þess að leyfisbréf fyrir fjarskiptaþjónustu og rekstur neta eru ekki lengur gefin út. Rekstrarleyfi eru hins vegar gefin út í sambandi við alþjónustu pósts. Þetta kemur fram í 1. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. er áfram gert ráð fyrir að kostnaður við úthlutun tíðniréttinda sé greiddur af þeim sem réttindin hlýtur.

Samkvæmt 3. mgr. skal Póst- og fjarskiptastofnun innheimta fast árlegt gjald af fjarskiptafyrirtækjum fyrir hvert símanúmer sem fyrirtækin fá til ráðstöfunar en í gildandi lögum er miðað við að gjald fyrir venjulegt númer byggist á tilkostnaði. Eins og áður skal innheimt hærra gjald fyrir þriggja og fjögurra tölustafa númer en bætt hefur verið við skýringu um að gjald fyrir fjögurra stafa númer gildi einnig fyrir forskeyti og alþjóðlega netkóða sem eru eins konar númer sem einkenna net og er ráðstafað til einstakra ríkja af Alþjóðafjarskiptasambandinu ITU.

Í 4. mgr. hefur álagningarhlutfall rekstrargjalds á fjarskiptafyrirtæki verið lækkað úr 0,25% í 0,20% og stafar lækkunin af því að tekið er upp almennt númeragjald sem vegur upp á móti þessari lækkun. Póstrekendur munu hins vegar greiða áfram óbreytt hlutfall. Tekið er fram við hvaða ár eigi að miða varðandi veltu og álagningu.

Ákvæði 5. mgr. er nýtt og skyldar fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur til að skila Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingum um gjaldskylda veltu á hverju ári og eigi síðar en 30. apríl árið eftir. Berist upplýsingar ekki á tilskildum tíma er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að áætla veltu.

Samkvæmt 6. mgr. skal álagning rekstrargjalds fara fram eigi síðar en 15. maí ár hvert en samkvæmt gildandi lögum átti álagning að fara fram fyrir 15. janúar sem er vart framkvæmanlegt þar sem fyrirtækin hafa ekki lokað bókhaldi sínu á þeim tíma.

Í 7. mgr. er sagt til um gjalddaga rekstrargjaldsins og er þeim breytt til samræmis við 6. mgr.

8.–10. mgr. eru efnislega óbreyttar frá gildandi lögum.

Ákvæði um greiðslu kostnaðar af sérstökum könnunum er að finna í 5. mgr. 11. gr. gildandi laga. Í 11. mgr. 14. gr. frumvarpsins er skilgreint nánar í hvaða tilvikum er heimilt að beita ákvæðinu.

Um gjaldskrá fyrir þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar er fjallað í 12. mgr. Hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum og er ráðgert að gjaldtaka verði með sama eða svipuðum hætti og verið hefur. Hins vegar eru nú í ákvæðinu frekari skýringar á því hvaða þættir í starfsemi stofnunarinnar falla undir ákvæðið.

Lokaákvæði greinarinnar,13. mgr., er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 12. gr. gildandi laga en bætt hefur verið ákvæði um alþjónustu vegna ákvæðis 2. mgr. 14. gr. alþjónustutilskipunarinnar. Póst- og fjarskiptastofnun skal í árlegri skýrslu birta upplýsingar um kostnað við alþjónustu, lista yfir einstök framlög til jöfnunarsjóðs og enn fremur hvaða hag reikna megi því fyrirtæki til góða sem hefur skyldur til að veita alþjónustu.

Um 16. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að breytt verði í nokkru löggjöf um fjarskipti og póstmál. Samkvæmt 14. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögbundnum gjöldum sem fjarskiptafyrirtækjum er gert að greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar. Lagt er til að fyrir hvert úthlutað símanúmer til fjarskiptafyrirtækja verði greitt 10 kr. árlegt gjald. Áætlaðar tekjur vegna þessarar gjaldtöku eru 15 m.kr. á ári. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki greiði 0,20% rekstrargjald af árlegri veltu og póstrekendur greiði 0,25% af árlegri veltu til Póst- og fjarskiptastofnunar, en gjaldið er samkvæmt gildandi lögum 0,25%

af bókfærðri veltu fyrirtækjanna. Samkvæmt frumvarpinu er því gert ráð fyrir að rekstrargjaldið lækki um 15 m.kr. til móts við hækkunina sem verður á gjaldtöku vegna númeragjaldsins. Verði frumvarpið að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

962. Frumvarp til laga [601. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem orðast svo:

Ákvæði þetta tekur til manna sem eiga hlutabréf í hlutafélagi um sameiginlega fjárfestingu sem fullnægir skilyrðum 5. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna og fá við slit þess á árunum 2003–2007 í stað hlutabréfs í hlutafélaginu afhent hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði, sem hefur verið stofnaður samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, og tekur við verðbréfaeign félagsins, eftir því sem nánar er kveðið á um í ákvæði þessu.

Við slit skv. 1. mgr. telst afhending hlutdeildarskírteinanna ekki til skattskylds arðs skv. 4. mgr. 9. gr. laganna. Stofnverð hlutdeildarskírteinis sem afhent er skv. 1. mgr. skal vera jafnt upphaflegu kaupverði bréfanna, að teknu tilliti til 4. mgr. 17. gr. laganna, sbr. þó 3. mgr. ákvæðis þessa.

Tekjur við sölu eða innlausn hlutdeildarskírteinis sem afhent var skv. 1. mgr. í stað hlutabréfs sem keypt var á árunum 1990–1996 skulu ekki skattlagðar nema að því marki sem þær eru umfram fjárhæð er getur í 6. mgr. 17. gr. laganna, enda hafi hlutdeildarskírteini vegna þessara hlutabréfa verið sérgreind. Um ákvörðun stofnverðs að öðru leyti fer eftir 2. mgr.

Afhending hlutabréfa skv. 1. mgr. telst ekki hafa í för með sér rof á eignarhaldi, sbr. 4. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna. Verði hlutdeildarskírteinið selt eða það innleyst áður en eignarhaldstími þess eða þeirra bréfa sem það kom í staðinn fyrir er liðinn gilda ákvæði um kaup í nýjum bréfum eða eftir atvikum tekjufærslu nýtts frádráttar, sbr. 3.–5. málsl. 4. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003 og koma til framkvæmda í álagningu 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu sem lagt er fram í tengslum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði er gerð tillaga um að þeir menn sem keypt hafi hlutabréf í hlutafélagi um sameiginlega fjárfestingu (hlutabréfasjóði) og fengið frádrátt á móti tekjum vegna þeirra hlutabréfakaupa með vísan til 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna geti við slit á félaginu fengið sem endurgjald fyrir hlutabréf sín hlutdeildarskírteini í þeim verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði sem tekur við verðbréfaeign hlutafélagsins án þess að missa þær skattalegu ívilnanir sem eru við hlutabréfin tengd. Með frumvarpi til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði er m.a. verið að bregðast við þeirri gagnrýni að hlutabréfasjóðir sem selji hlutabréf til almennings heyri ekki undir lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og þar af leið-

andi sé neytendavernd að vissu leyti fyrir borð borin þar sem verðbréfasjóðum sé gert að uppfylla ströng skilyrði til að fá starfsleyfi stjórnvalda en hlutabréfasjóðir þurfi þess ekki. Að óbreyttum lögum mundu skattareglur í reynd standa því í vegi að markmið nefnds frumvarps viðskiptaráðherra næðu fram. Það helgast fyrst og fremst af því að afhending á hlutdeildarskírteinum í stað hlutabréfa yrði skattlögð sem tekjur hjá viðkomandi einstaklingi og væri því mikið óhagræði af því að þurfa að innleysa skattkvöðina áður en til raunverulegrar sölu eða innlausnar kæmi.

Hlutafélag er skattlagt af hagnaði ársins og hluthafinn síðan af arði og eftir atvikum söluhagnaði. Verðbréfasjóður, sem er hlutdeildarskírteinissjóður, er hins vegar ekki skattlagður af hagnaði, heldur kemur þá fyrst til skattlagningar er eigendur innleysa bréfið eða eftir atvikum selja það og teljast þær tekjur í báðum tilvikum vera vextir samkvæmt skattalögum.

Með frumvarpi til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði er fjárfestingarstefna laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, rýmkuð verulega. Sú staðreynd ásamt því að hlutabréfafrádrátturinn rann sitt skeið á enda í árslok 2002 og því að skattaleg staða sjóða sem stofnaðir eru og reknir af rekstrarfélagi og gefa út hlutdeildarskírteini sé talin betri ávöxtunarmöguleiki fyrir einstaklinga en sjóðir sem reknir eru í formi hlutafélaga mun verða hvati til að breyta hlutabréfasjóði í hlutdeildarskírteinissjóð. Til að gæta samræmis við markmið frumvarps til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði er lögð fram fyrrnefnd tillaga í frumvarpi þessu. Almenningi verður þannig unnt án skattalegra afleiðinga af þessu tilefni að færa fjármagn sitt úr hlutabréfasjóði yfir í hlutdeildarskírteinissjóð sem háðir eru eftirliti stjórnvalda, þegar hlutabréfasjóðnum hefur verið slitið og hann hefur úthlutað eignum félagsins, þ.e. hlutdeildarskírteinum í viðkomandi verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði, til hluthafa í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra í viðkomandi hlutabréfasjóði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að ekki komi til skattlagningar þegar einstaklingur sem er hluthafi fær við slit á hlutafélagi um sameiginlega fjárfestingu (hlutabréfasjóði) afhent hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði sem tekur við verðbréfaeign hlutafélagsins og félagið sem slitið er uppfyllti skilyrði 5. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna. Tímamörkin eru miðuð við það að á árinu 2007 eru skilyrði um eignarhaldstíma vegna hlutabréfafrádráttar fallin niður. Í reynd er hér aðeins um skattfrestun að ræða. Í öðru lagi er lagt til að stofnverð hlutdeildarskírteinis verði jafnt upphaflegu kaupverði hlutabréfanna, að teknu tilliti til ákvæða 4. mgr. 17. gr. Í þriðja lagi er lagt til að tekjur við sölu eða innlausn hlutdeildarskírteinis sem er afhent í stað hlutabréfa í félaginu sem slitið er og keypt voru á árunum 1990–1996 skuli ekki skattlagðar nema að því marki sem þær eru umfram fjárhæðarmörk skattfrjáls söluhagnaðar, sbr. 6. mgr. 17. gr. laganna. Í fjórða lagi er lagt til að ekki komi til tekjufærslu skv. 3. málsl. 4. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. á nýttum frádrætti vegna kaupa á hlutabréfum þrátt fyrir að í reynd séu skilyrði um eignarhaldstíma ekki uppfyllt þegar hluthafi fær hlutdeildarskírteini í stað hlutabréfs í hlutdeildarskírteinissjóði við slit á hlutafélaginu. Í fimmta lagi er lagt til að 3.–5. málsl. 4. mgr. 1. tölul. B-liðar l. mgr. 30. gr. eigi við um sölu og innlausn hlutdeildarskírteinis líkt og um hlutabréf væri að ræða.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að þeir sem fengið hafa lækkun á tekjuskatti vegna kaupa á hlut í hlutabréfasjóðum geti fært eignarhlut sinn yfir í svonefnda hlutdeildarskírteinissjóði án þess að skattalegar ívilnanir skerðist. Tilgangur frumvarpsins sem er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði er að greiða fyrir yfirfærslu á eignarhlutum úr hlutabréfasjóðum í hlutdeildarskírteinissjóði þegar hlutabréfasjóðnum er slitið þar sem síðarnefndu sjóðirnir eru undir strangara eftirliti stjórnvalda og þykja stuðla að betri neytendavernd. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

963. Frumvarp til laga [602. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Í stað orðanna „og á fiskveiðiárinu 2002/2003“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: á fiskveiðiárunum 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, var lögfest að hverju fiskiskipi væri heimilt að koma með að landi allt að 5% af heildarafla í botnfiski sem ekki reiknaðist til aflamarks skipsins. Ákvæði þetta tekur til afla sem veiddur er á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og fiskveiðiárinu 2002/2003. Heimild þessi er bundin því skilyrði að aflinn sé seldur á opinberum fiskmarkaði og að andvirði hins selda afla renni til Hafrannsóknastofnunarinnar. Þó skulu 20% af andvirði aflans skiptast milli útgerðar og áhafnar.

Tilgangur þessa ákvæðis var fyrst og fremst að koma í veg fyrir brottkast með því að opna leið fyrir útgerðir til koma með fisk að landi sem að öðrum kosti hefði getað farið í sjóinn aftur, annaðhvort vegna þess að fiskurinn væri verðlítill eða skip hefði ekki aflamark í viðkomandi tegund. Í athugasemd með frumvarpi til laga nr. 129/2001 kom fram að óvíst væri að hve miklu marki þessi heimild yrði nýtt og þætti því rétt að hafa hana tímabundna. Niður-

staða umræðu á Alþingi var að heimildin gilti til loka fiskveiðiársins 2002/2003, eða til 31. ágúst 2003.

Nú liggur fyrir að á tímabilinu 1. febrúar 2002 til loka fiskveiðiársins 2001/2002, eða á sjö mánaða tímabili nýttu um það bil 250 fiskiskip þessa heimild og komu þau samtals með tæpar 800 lestir að landi sem ekki reiknuðust til aflamarks. Má ætla að þannig hafi um það bil 70 millj. kr. runnið til Hafrannsóknastofnunarinnar. Eðli málsins samkvæmt er heimild þessi því meir nýtt sem á fiskveiðiárið líður og því er nú ekki unnt að segja til um hvernig hún nýtist á yfirstandandi fiskveiðiári en hún fellur úr gildi í lok þess, eða í byrjun september 2003, nema til lagabreytingar komi. Er hér lagt til að gildistími ákvæðisins verði framlengdur um tvö fiskveiðiár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að framlengja ákvæði til bráðabirgða XXIX um tvö fiskveiðiár. Tilgangur ákvæðisins var að koma í veg fyrir brottkast með því að heimila hverju fiskiskipi að koma með að landi allt að 5% af heildarafla botnfisks, sem ekki reiknast til aflamarks skipsins. Um er að ræða fisk sem er verðlítill eða utan aflaheimildar útgerðar og slæðst hefur með veiðum á öðrum fisktegundum. Aflinn skal seldur á fiskmörkuðum og skiptast þannig að 4 hlutar fari til Hafrannsóknastofnunarinnar og 1 hluti skiptist á milli áhafnar og útgerðar. Miðað við reynslu síðustu 7 mánaða er gert ráð fyrir að sértekjur Hafrannsóknastofnunarinnar verði um 100 m.kr. árlega en hlutur útgerðar og áhafnar um 25 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

964. Fyrirspurn [603. mál]

til menntamálaráðherra um úrræði fyrir fullorðna sem eiga við læsisvanda að etja.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hverjar voru niðurstöður starfshóps sem skipaður var 8. mars 2002 og falið var að gera tillögur um úrræði fyrir fullorðna sem eiga við læsisvanda að etja og hvernig er ráðgert að fara að tillögum hópsins?

965. Fyrirspurn [604. mál]

til fjármálaráðherra um frádrátt gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hve hár var frádráttur frá tekjum lögaðila og tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skv. 2. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem fjallar um frádrátt einstakra gjafa og framlaga til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa frá tekjuskattsstofni, við álagningu árin 1999–2002?

Svar óskast sundurliðað eftir árum, starfsemi gefenda og þiggjenda, sbr. framangreint, eftir því sem unnt er. Enn fremur er óskað eftir mati á því hvert hafi verið tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga vegna þessarar frádráttarheimildar á sama tímabili.

Skriflegt svar óskast.

966. Skýrsla [605. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2002.

1. Inngangur.

Þrennt einkenndi einkum starf Norðurlandaráðs árið 2002: Í upphafi árs var nýtt nefndaskipulag innleitt þar sem horfið var frá þremur svæðisnefndum og þess í stað tekið upp skipulag með fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Á árinu fagnaði Norðurlandaráð 50 ára afmæli sínu m.a. með veglegri þemaráðstefnu í Reykjavík og sérstöku hátíðarþingi í Helsinki. Þá voru vandamál er varða landamærahindranir á Norðurlöndum í brennidepli á starfsárinu.

Forsaga breytinganna á nefndaskipulagi Norðurlandaráðs er að á þingi ráðsins í Reykjavík árið 1995 var norrænu samstarfi beint að þremur meginsviðum; samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda og Evrópu (ESB/EES), og samvinnu Norðurlanda og nærsvæða þeirra. Stofnaðar voru þrjár stórar nefndir um þessi meginsvið, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs var stækkuð og auk þess stofnuð sérstök eftirlitsnefnd. Ákveðið var að halda eitt árlegt þing að hausti í stað tveggja áður, auk þemaráðstefnu um afmörkuð mál sem snerta meginviðfangsefni norrænnar samvinnu. Vaxandi áhersla var lögð á flokkahópa og hafa þeir hlotið aukið vægi í frumkvæði, undirbúningi og meðferð mála í ráðinu. Nefndaskipulagið frá 1995 þótti reynast sérlega vel í sambandi við samstarf við grannsvæði Norðurlanda í Eystrasaltslöndunum og norðvesturhluta Rússlands en var síður árangursríkt varðandi Evrópusamstarfið. Megingagnrýnin á skipulagið frá 1995 fólst hins vegar í því sjónarmiði, að án málefnanefnda næðist hvorki æskileg samræming við fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar né nefndir hinna norrænu þjóðþinga og alþjóðastofnana.

Árið 1999 setti Norræna ráðherranefndin á fót hina svokölluðu aldamótanefnd til að fara ofan í saumana á skipulagi norræns samstarfs og framtíð þess. Skýrsla nefndarinnar, „Norð-

urlönd 2000 – umleikin vindum veraldar", var tekin til umræðu á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í byrjun nóvember árið 2000. Á grundvelli skýrslunnar unnu Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin að mótun nýrrar stefnu um framtíðardagskrá og fyrirkomulag norræns samstarfs. Niðurstöðurnar voru birtar í sameiginlegri skýrslu þessara aðila, „Ný norræn dagskrá – svar við skýrslu aldamótanefndar", sem lögð var fyrir 53. þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í lok október 2001. Á þinginu var samþykkt að hverfa frá þremur svæðisnefndum og taka þess í stað upp skipulag með fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Markmið hins nýja nefndakerfis er að tryggja betra samspil við Norrænu ráðherranefndina, þjóðþingin og alþjóðastofnanir. Þetta gerist með því að vista einstök málefnasvið með þeim hætti, að samskiptin við t.d. nefndir þjóðþinga verði gagnsærri. Þrátt fyrir að vikið sé frá svæðisbundnum nefndum er lögð áhersla á að svæðisbundnu stoðirnar verði áfram þáttur í starfi hinna nýju fagnefnda en þeim ber að fjalla um mál frá sjónarhóli Norðurlanda, Evrópu og nærsvæða.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í upphafi árs skipuðu Íslandsdeildina þau Ísólfur Gylfi Pálmason formaður, Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður, Sigríður A. Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Varamenn voru Ásta Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason, Kjartan Ólafsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Fjeldsted og Þuríður Backman. Hinn 1. október 2002 voru þingmennirnir endurkjörnir til setu í Norðurlandaráði. Á fyrsta fundi Íslandsdeildar hinn 4. október var Ísólfur Gylfi Pálmason endurkjörinn formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

Á 53. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 29.–31. október 2001 var kosið í fyrsta skipti samkvæmt nýju nefndaskipulagi ráðsins en eins og fyrr sagði tók hin nýja skipan gildi 1. janúar 2002. Rannveig Guðmundsdóttir var kjörin til setu í forsætisnefnd, Sigríður Jóhannesdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason í menningar- og menntamálanefnd en Ísólfur Gylfi var jafnframt kjörinn varaformaður nefndarinnar. Sigríður A. Þórðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon voru kjörin formaður og varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar. Drífa Hjartardóttir var kjörin í velferðarnefnd og Arnbjörg Sveinsdóttir í borgara- og neytendanefnd. Í lok janúar 2002 flutti Arnbjörg sig um set yfir í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd. Arnbjörg tók jafnframt sæti í eftirlitsnefnd og Sigríður A. Þórðardóttir sæti í kjörnefnd.

Auk nefndarsetu sátu meðlimir Íslandsdeildar í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs, auk þess sem þeir sátu í stjórnum stofnana og ráða tilnefndir af Norðurlandaráði. Ísólfur Gylfi Pálmason var formaður vinnuhóps menningar- og menntamálanefndar um Vestur-Norðurlönd og Arnbjörg Sveinsdóttir sat í vinnuhópi um hvalamál á vegum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Steingrímur J. Sigfússon gegndi stöðu áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs hjá þingmannanefnd um norðurskautsmál í upphafi starfsársins en Rannveig Guðmundsdóttir tók við því starfi í lok janúar. Steingrímur J. Sigfússon sat í stjórn norrænnar samstarfsmiðstöðvar um málefni fatlaðra, Ísólfur Gylfi Pálmason átti sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og Rannveig Guðmundsdóttir í stjórn Norræna menningarsjóðsins.

2.2. Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar fjórum sinnum á árinu. Að venju var þátttaka í fundum, þemaráðstefnu og þingi Norðurlandaráðs undirbúin en þar að auki voru

fjöldamörg mál á dagskrá. Ítarlega var rætt um skipulag þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um lýðræði sem fram fór í Reykjavík dagana 14.–16. apríl 2002 (sjá nánar umfjöllun í kafla 5 um þemaráðstefna Norðurlandaráðs).

Í tilefni afmælisárs Norðurlandaráðs stóð Íslandsdeildin hinn 8. nóvember fyrir hátíðardagskrá, í samvinnu við Norræna húsið. Kynnt var nýútkomið afmælisrit Norðurlandaráðs en það lýsir sögu norræns samstarfs undanfarin aldarfjórðung, þótt þar sé einnig vitnað til fyrsta aldarfjórðungs Norðurlandasamstarfsins. Í ritinu er að finna langt meginmál um sögu norræns samstarfs og tíu persónuleg minningarbrot þingmanna, ráðherra og embættismanna sem komið hafa að starfinu. Lögð er áhersla á að það eru manneskjur af holdi og blóði sem taka ákvarðanir á norrænum samstarfsvettvangi en ekki sjálfvirkar, ópersónulegar stofnanir. Fundarstjóri í Norræna húsinu var Ísólfur Gylfi Pálmason en framsögumenn voru Knud Enggaard, fyrrum forseti Norðurlandaráðs og ráðherra í dönsku ríkisstjórninni, sem ritstýrði bókinni, og Eiður Guðnason, sendiherra og fyrrum ráðherra, sem skrifaði kafla um þátttöku sína í ráðinu.

Tveir blaðamannafundir voru haldnir á árinu, sá fyrri í aðdraganda þemaráðstefnunnar í Reykjavík en sá síðari skömmu fyrir hátíðarþing Norðurlandaráðs í Helsinki. Fundirnir voru haldnir til að vekja athygli á þessum viðburðum en mikið var um þá fjallað í fjölmiðlum. Þá skrifuðu nokkrir meðlimir Íslandsdeildar blaða- og tímaritsgreinar í tilefni þemaráðstefnu og 50 ára afmælis Norðurlandaráðs.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar 25. júní en samanlagt var styrkupphæðin sem kom í hlut Íslendinga 90 þúsund danskar krónur. Alls bárust níu umsóknir og ákvað Íslandsdeildin að veita fimm umsækjendum, Bergþóru Jónsdóttur, Guðrúnu Hálfdánardóttur, Kára Jónassyni, Kristjáni Róberti Kristjánssyni og Pétri Gunnarssyni, styrki að upphæð 18.000 danskar krónur hverjum.

Stígur Stefánsson alþjóðaritari gegndi starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á starfsárinu 2002. Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs, sinnti málefnum forsætisnefndar að hluta.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1. Forsætisnefnd.

Af hálfu Íslandsdeildar sat Rannveig Guðmundsdóttir í forsætisnefnd. Í lok árs 2001 tók finnski þingmaðurinn Outi Ojala við embætti forseta Norðurlandaráðs af Dananum Svend Erik Hovmand og gegndi hún starfinu allt árið 2002. Ojala er fyrsti forseti Norðurlandaráðs úr flokkahópi vinstrisósíalista og grænna.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir Norðurlandanna og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni, og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur vinnuhópur á vegum nefndarinnar tók þá fjárlagavinnu sérstaklega að sér árið 2002, líkt og áður hafði verið gert. Eftir breytingarnar á nefndakerfi Norðurlandaráðs er aukin áhersla lögð á utanríkis- og öryggismál í starfi forsætisnefndar, þar á meðal friðargæslu og málefni hinnar norðlægu víddar ESB. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB/EES, ÖSE, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri stofnanir. Forsætisnefnd fjallar einnig um þær tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi málefnanefnda. Hún hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd hélt átta fundi á árinu en auk þess fóru fram sameiginlegir fundir forsætisnefndar og ýmissa aðila. Af helstu málum sem forsætisnefnd fjallaði um, fyrir utan hefðbundin störf, má nefna landamæralaus Norðurlönd en málefni þeirra voru í brennidepli í starfi Norðurlandaráðs á afmælisárinu. Landamæralaus Norðurlönd komust á dagskrá með rannsókn Ole Norrbacks á réttarstöðu Norðurlandabúa þegar þeir flytjast á milli Norðurlanda en rannsóknin var pöntuð af Norrænu ráðherranefndinni. Alls búa um 300.000 Norðurlandabúar annars staðar á Norðurlöndum en í heimalandi sínu. Áfangaskýrsla Norrbacks var lögð fram á janúarfundum Norðurlandaráðs í Ósló 28. janúar og lokaskýrslan á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs í Reykjavík 16. apríl. Rannsókn Norrbacks sýndi að stórum landamærahindrunum hefur enn ekki verið rutt úr vegi. Í henni kom fram að víða er pottur brotinn varðandi það að farið sé eftir norrænum samningum um réttindi Norðurlandabúa og að hluti vandans er vanþekking embættismannakerfisins. Dæmi um þetta eru skattavandamál fólks sem sækir vinnu sína yfir landamæri, sköttun lífeyrisgreiðslna sem greiddar eru yfir landamæri, tregða við að viðurkenna gagnkvæm starfsréttindi o.fl. Norræna ráðherranefndin boðaði snemma árs að hún mundi leggja úrbótatillögur fyrir Norðurlandaráðsþing í Helsinki í lok október en jafnframt tóku nefndir Norðurlandaráðs til við að skoða hvernig málefni landamæralausra Norðurlanda snerti þeirra málefnasvið. Til þess að samræma aðgerðir og tillöguvinnslu nefnda Norðurlandaráðs á þessu sviði kom forsætisnefnd á fót sérstökum stýrihópi. Stýrihópurinn var undir forustu Ole Stavad en auk hans áttu sæti í honum Arne Lyngstad, Kristen Touborg og Ola Karlsson. Einstakar nefndir skiluðu inn greinargerðum sínum til stýrihópsins sem á grunni þeirra samdi nefndarálit um úrbótatillögu ráðherranefndarinnar þegar hún kom fram. Var tillagan m.a. gagnrýnd fyrir að vera ekki nógu markviss og að í hana skorti að setja ákveðin tímamörk til þess að afnema landamærahindranir á ákveðnum sviðum (sjá nánar kafla 6 í þessari skýrslu um 54. Norðurlandaráðsþing).

Af öðrum málum sem komu til kasta forsætisnefndar má nefna friðargæslu, málefni hinnar norrænu víddar og norðurskautsmál. Rannveig Guðmundsdóttir var áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs í þingmannanefnd um norðurskautsmál og skilaði skýrslum og tillögum til forsætisnefndar um aukna aðkomu að þeim málaflokki.

Forsætisnefnd fór í fræðslu- og fundaferð til Strassborgar í maí. Markmið ferðarinnar var að styrkja tengsl Norðurlandaráðs og Evrópuþingsins. Sótti nefndin Evrópuþingið heim og tók Charlotte Cederschiöld, varaforseti þingsins, á móti henni og kynnti starfsemina. Í þinginu hélt nefndin m.a. fundi með Cecilia Malmström og Per Gahrton, sem sitja í utanríkis-, varnarmála- og mannréttindanefnd þingsins, þar sem annars vegar var rætt um stækkunarferli ESB og hins vegar borgaralega hættuástandsstjórnun. Þá var haldinn fundur um byggðastefnu með Ewa Hedkvist Petersen sem situr í byggða-, samgöngu- og ferðamálanefnd þingsins. Þá var haldinn fundur með Margot Wallström sem fer með umhverfismál í framkvæmdastjórn ESB.

3.2. Menningar- og menntamálanefnd.

Ísland átti tvo fulltrúa í menningar- og menntamálanefnd á árinu 2002 en það voru Sigríður Jóhannesdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason sem jafnframt var varaformaður nefndarinnar. Nefndin hélt fimm fundi á árinu. Auk þess hittust vinnuhópur nefndarinnar og formenn nokkrum sinnum.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Á starfsárinu beindi nefndin m.a. sjónum sínum að málstefnu á Norðurlöndum og málefnum Vestur-Norðurlanda og voru málþing um þessi efni haldin í tengslum við fundi nefndarinnar. Íslandsdeild Norðurlandaráðs skipulagði málþing um Vestur-Norðurlönd þegar nefndin kom saman í Reykjavík 15. apríl. Þar hélt Jógvan Djurhus, varaformaður Vestnorræna ráðsins, erindi um vestnorrænt samstarf og sérstaklega hvað þar væri gert á menningar- og menntamálasviðinu. Sölvi Sveinsson, rektor og fulltrúi í Norrænni málnefnd, hélt fyrirlestur um stöðu vestnorrænu tungumálanna á tímum hnattvæðingar og gerði m.a. grein fyrir málstefnu stjórnvalda á Vestur-Norðurlöndum og í hvaða mæli önnur norræn tungumál væru kennd á svæðinu. Jón Yngvi Jóhannsson, bókmenntafræðingur og meðlimur í ritstjórn tímaritsins Nordisk Litteratur, hélt erindi um vestnorrænar bókmenntir og velti því m.a. fyrir sér hvað þær ættu sameiginlegt og hvernig þær stæðu gagnvart bókmenntum annars staðar á Norðurlöndum. Benedikte Þorsteinsson, forstöðumaður vestnorræna menningarhússins í Hafnarfirði, ræddi um vestnorrænt menningarsamstarf á grasrótarstigi.

Í kjölfar málþingsins kom menningar- og menntamálanefnd á fót sérstökum starfshópi til að taka saman áherslur nefndarinnar varðandi þingmannatillögu um Vestur-Norðurlönd. Tillagan var lögð fram af flokkahópi miðjumanna í september 2001 en í henni fólust margvísleg tilmæli er varða menningu, tungumál, umhverfi, ferðaþjónustu og samgöngur á Vestur-Norðurlöndum. Vegna umfangs tillögunnar var hún tekin fyrir í forsætisnefnd sem bað einstakar nefndir ráðsins að skila inn áliti um efnisatriði á málefnasviði sínu. Ísólfur Gylfi Pálmason veitti starfshópnum forstöðu en hópurinn skilað af sér nefndaráliti um tillöguna þar sem m.a. var hvatt til þess að ríkisstjórnir Norðurlanda staðfestu þegar þá breytingu á norræna tungumálasáttmálanum að láta hann einnig ná til færeysku, grænlensku og samísku, auk ríkismálanna fimm. Einnig var lögð áhersla á tungumálaskilning og hvatt til aukinnar kynningar á vestnorrænu málunum í skólakerfum Norðurlanda. Auk þess varaði starfshópurinn við því að stöðum sérstakra háskólalektora í norrænum málum yrði fækkað og hvatti til þess að tilteknar stöður yrðu helgaðar vestnorrænu málunum.

3.3. Efnahags- og viðskiptanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd voru Sigríður A. Þórðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon sem jafnframt gegndu störfum formanns og varaformanns nefndarinnar.

Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Á árinu 2002 voru málefni varðandi landamærahindranir á Norðurlöndum ofarlega á baugi í starfi nefndarinnar líkt og í forsætisnefnd, en mörg vandamál varðandi landamærahindranir liggja á málefnasviði efnahags- og viðskiptanefndar. Í formennskuræðu sinni á fyrsta fundi nefndarinnar lagði Sigríður A. Þórðardóttir áherslu á að hindranir þrengdu enn að atvinnulífi á Norðurlöndum og þróun þess. Norðurlandaráð ynni að því að afnema hindranir gegn frjálsu flæði vinnuafls, fjármagns, vöru og þjónustu á milli Norðurlanda enda væri markmiðið að Norðurlönd yrðu eitt sameiginlegt efnahagssvæði. Landamæralaus Norðurlönd í efnahagslegu tilliti tryggði stærri og sveigjanlegri heimamarkaði fyrir norræn fyrirtæki og það mundi auka vöxt þeirra innan Norðurlanda og auka samkeppnishæfni þeirra gagnvart umheiminum.

Efnahags- og viðskiptanefnd skilaði nefndaráliti varðandi úrbótatillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um afnám landamærahindrana. Gagnrýndi nefndin það að þó að úrbótaáætlunin tæki til margra sviða væri á fæstum þeirra skilgreind nákvæm markmið til að vinna

að, og að ekki væri lögð fram tímaáætlun fyrir afnám hindrananna. Án nákvæmrar áætlunar væri hætta á að lausn þessara mála drægist á langinn. Af þessum sökum lagði efnahags- og viðskiptanefnd fram tillögu að tímaáætlun fyrir afnám hindrana á vinnumarkaðs- og skattasviðinu í nefndaráliti sínu.

Önnur mál á dagskrá nefndarinnar voru t.d. vinnumarkaðssamstarf við Eystrasaltsríkin. Þau mál eru ofarlega á baugi nú því að ríkin þrjú munu ganga í ESB árið 2004 og þar með eykst flæði á milli vinnumarkaða landanna og Norðurlanda verulega. Nefndin átti fundi með aðilum vinnumarkaðarins og kynnti sér hvernig samningamálum er háttað í Eistlandi og hvaða áhrif talið er að ESB-aðildin hafi á vinnumarkaðsmál.

Þá skilaði vinnuhópur nefndarinnar um neikvæða skattasamkeppni af sér skýrslu á starfsárinu. Skýrslan var lögð fyrir Norðurlandaráðsþing auk tillögu um aukið samráð og samræmingu á milli Norðurlanda við vinnslu löggjafar á sviði skattheimtu til að koma í veg fyrir neikvæða samkeppni á þessu sviði.

3.4. Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Fulltrúi Íslands í nefndinni var Arnbjörg Sveinsdóttir. Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd annast málefni sem varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Af málum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar má nefna Sellafield-kjarnorkuverið á austurströnd Englands en nefndin hefur lýst áhyggjum af mengunarhættu og átt í viðræðum við Bresk-írsku þingmannasamkunduna um kjarnorkuverið. Þá var eftirlit og stjórn á ránd ýrastofnum á dagskrá nefndarinnar, málþing var haldið um díoxín í matvörum og var tillaga lögð fram um aukið eftirlit til að tryggja öryggi matvæla. Þá sóttu fulltrúar nefndarinnar þingmannaráðstefnu í Vilníus um orkuframleiðslu og framboð á Eystrasaltssvæðinu.

Á starfsárinu lagði nefndin m.a. áherslu á stjórn fiskveiða og hélt málþing með fulltrúum vísindasamfélagsins, stjórnvalda og sjómanna um fiskveiðikerfi og hvernig hægt er að tryggja sjálfbærar veiðar. Meðal annars var rætt um að styrkja þyrfti alþjóðahafrannsóknastofnunina í Kaupmannahöfn og hafrannsóknastofnanir Norðurlandanna. Enn fremur var rætt um að vinna bæri að því að skapa fiskveiðikerfi þar sem eftirlit og efnahagslegur ávinningur mundi vinna á móti brottkasti.

Arnbjörg Sveinsdóttir tók hvalamálin upp á fundi umhverfis- og náttúruauðlindanefndar í september og lagði áherslu á að þótt Norðurlöndin væru deildrar meiningar þá væri þetta svo hápólitískt mál að nefndinni væri ekki stætt á öðru en að taka það á dagskrá. Lagði Arnbjörg til að haldið yrði málþing þar sem reynt yrði að greina orsakir þess að umræður um hvalamál hafa orðið svo tilfinningaþrungnar sem raun ber vitni og fengið jafnhápólitískt gildi í alþjóðastjórnmálum. Var vinnuhópur skipaður til að skipuleggja dagskrá og efnistök málþingsins. Arnbjörg tók sæti í vinnuhópnum og var málþingið haldið í febrúar 2003.

3.5. Velferðarnefnd.

Fulltrúi Íslands í velferðarnefnd var Drífa Hjartardóttir. Velferðarnefnd sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, bygginga- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, börnum og unglingum, og baráttu gegn misnotkun vímuefna.

Umfjöllun um landamæralaus Norðurlönd var ofarlega á baugi hjá velferðarnefnd og fjallaði nefndin einkum um vandamál á sviði félags- og heilbrigðismála við flutninga á milli Norðurlanda. Í athugasemdum nefndarinnar við úrbótatillögu Norrænu ráðherranefndarinnar var m.a. lagt til að reglur um lífeyrisgreiðslur yfir landamæri yrðu samræmdar og að endur-

skoða yrði norrænan sáttmála um félagslegt öryggi með það fyrir augum að ryðja hindrunum úr vegi.

Á starfsárinu fjallaði velferðarnefnd m.a. um tillögur um samræmingu reglna á Norðurlöndum um fjarlækningar til þess að gera þær mögulegar á milli Norðurlanda. Fjarlækningar fara einkum fram símleiðis og eru mikilvægur hluti heilbrigðisþjónustu í nyrstu og strjálbýlustu byggðum Norðurlandanna. Þá afgreiddi nefndin tillögu um hjálp til barna og ungmenna sem alist hafa upp í einangruðum trúfélögum. Kjarni tillögunnar voru tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar um að kortleggja umfang einangraðra trúfélaga á Norðurlöndum og samræma og dreifa upplýsingum um hjálparþörf barna og ungmenna sem alist hafa upp innan þeirra.

Velferðarnefnd kom á fót vinnuhópi um málefni barna og ungmenna sem fylgjast á með norrænu samstarfi á þessu sviði. Nánar tiltekið á hópurinn að fylgjast með stöðu barna og ungmenna á Norðurlöndum, í Eystrasaltslöndunum og í Norðvestur-Rússlandi, gefa velferðarnefnd mynd af aðgerðum norrænna stjórnvalda og þjóðþinga á þessu sviði, og koma með tillögur að því hvernig Norðurlandaráð getur unnið að því að ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði virk og virt í Eystrasaltslöndunum og Norðvestur-Rússlandi.

3.6. Borgara- og neytendanefnd.

Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Enginn fulltrúi Íslandsdeildar sat í nefndinni starfsárið 2002. Helstu áhersluatriði í starfi nefndarinnar voru norrænt samstarf á sviði löggjafar, barátta gegn skipulagðri glæpastarfsemi og öryggi matvæla. Nefndin hélt málþing um löggjöf Norðurlanda á hryðjuverkasviðinu, og fundi um stefnu í málefnum flóttamanna í Evrópu og áherslur Dana í þessum efnum í formennskuáætlun sinni í ESB. Þá var barátta gegn mansali og kynlífsþrælkun á dagskrá nefndarinnar.

3.7. Eftirlitsnefnd.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fulltrúi Íslands í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 2002. Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins.

Eftirlitsnefnd lauk á árinu við úttekt á norrænum styrkjum til rannsókna sem veittir eru í gegnum fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar. Meðal niðurstaðna var að um 80% styrkjanna eru bundin stofnunum, Norðurlandaráð hefur ekki frumkvæði að rannsóknarverkefnum og kemur seint inn í ákvarðanatökuferlið um rannsóknarstyrkina, ráðið hefur litlar upplýsingar til þess að taka afstöðu til þeirra. Af þessu tilefni lagði eftirlitsnefnd fram tillögu að tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um úrbætur á þessu sviði, m.a. um aukið hlutverk menningar- og menntamálanefndar Norðurlandaráðs við ákvarðanir um áherslusvið rannsóknarstyrkja.

Eftirlitsnefnd tók tvö málefni til sérstakrar skoðunar á árinu. Annars vegar úttekt á því hvernig hið nýja skipulag Norðurlandaráðs virkar og hins vegar heildarúttekt á upplýsinga-

starfi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Báðum verkefnum verður lokið á árinu 2003.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru þrenn, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun. Auk þess voru sérstök kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs veitt í fyrsta skipti á árinu. Vegna afmælis Norðurlandaráðs var brugðið út af þeirri venju að dreifa afhendingu verðlaunanna yfir árið og ákveðið að veita þau öll við eina verðlaunaafhendingu á 54. þingi Norðurlandaráðs. Athöfnin fór fram á sérstakri hátíðarsýningu í finnsku þjóðaróperunni að kvöldi þingsetningardags.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk á norrænu tungumáli. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Norski rithöfundurinn Lars Saabye Christensen hlaut bókmenntaverðlaun ráðsins 2002 fyrir skáldsöguna Hálfbróðirinn.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt á ári hverju, annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda. Færeyingurinn Sunleif Rasmussen hlaut tónlistarverðlaunin 2002 fyrir sinfóníu sína nr. 1 – Dagar hafsins og er það jafnframt í fyrsta skipti sem tónlistarverðlaunin fara til Færeyja.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð veitti árlega náttúru- og umhverfisverðlaun. Verðlaunin á að veita einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða hópi fólks, samtökum, fjölmiðlum, fyrirtækjum eða stofnunum sem hefur í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni tillitssemi. Norðmaðurinn Arne Näss hlaut náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2002 fyrir viðhorf sín til náttúruverndar sem vakið hafa marga til vitundar um viðkvæmt samspil manns og náttúru.

Auk þessara þriggja föstu verðlauna Norðurlandaráðs voru sérstök kvikmyndaverðlaun ráðsins veitt í tilefni afmælisins og hlaut finnski leikstjórinn Aki Kaurismäki þau fyrir kvikmyndina Minnislausi maðurinn. Ekki hefur verið ákveðið hvort framhald verður á veitingu kvikmyndaverðlaunanna en forsætisnefnd Norðurlandaráðs mun gera úttekt á stöðu norrænna verðlauna á starfsárinu 2003 og ákveða því næst hvernig framtíðarskipan þeirra verður háttað.

Framangreind verðlaun Norðurlandaráðs nema 350 þúsund dönskum krónum.

5. Þemaráðstefna Norðurlandaráðs: Norrænt lýðræði 2020.

Þemaráðstefna Norðurlandaráðs, Norrænt lýðræði 2020, var haldin í Reykjavík dagana 14.–15. apríl 2002 og markaði hún upphaf hátíðarhaldanna vegna 50 ára afmælis ráðsins. Þemaráðstefnur eru haldnar einu sinni á ári og fjalla um afmarkað svið norrænnar samvinnu. Þetta var í fyrsta skipti sem þemaráðstefna Norðurlandaráðs er haldin hérlendis.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs og alþjóðasvið Alþingis höfðu veg og vanda af skipulagningu ráðstefnunnar í samvinnu við starfsfólk skrifstofu Norðurlandaráðs og fleiri aðila. Hófst undirbúningur að fullu kappi í desember 2001 og stóð óslitið fram að setningu þemaráðstefnunnar á Grand Hótel hinn 14. apríl 2002. Verkaskipting milli Íslandsdeildar og skrifstofu Norðurlandaráðs við skipulagningu ráðstefnunnar var í grófum dráttum sú að Íslandsdeild sá um allan ytri ramma ráðstefnunnar og yfirbragð, fundaraðstöðu, tæknilega útfærslu og verklega framkvæmd en skrifstofa Norðurlandaráðs sá um efnislega dagskrá og stjórnun ráðstefnunnar. Í tengslum við nefndarfund efnahags- og viðskiptanefndar skipulagði

Íslandsdeild heimsókn í höfuðstöðvar Íslenskrar erfðagreiningar, auk þess sem deildin hafði umsjón með málþingi um málstefnu og menningu á Vestur-Norðurlöndum fyrir hönd menningar- og menntamálanefndar. Skemmst er frá því að segja að allt skipulag og framkvæmd þemaráðstefnunnar var með ágætum.

Ráðstefnan fór fram á Grand Hótel, en þar var að jafnframt fréttamannaaðstaða og fundarherbergi nefnda auk skrifstofa landsdeilda og Norðurlandaráðs. Að auki var fundaraðstaða fyrir eina nefnd á Hótel Íslandi. Um 350 þátttakendur sóttu ráðstefnuna, þar af 130 þingmenn frá Norðurlöndum auk fjölda annarra erlendra gesta. Þar ber fyrst að telja fulltrúa frá alþjóðlegum þingmannasamtökum eins og Evrópuráðinu, Eystrasaltsþinginu, Bresk-írsku þingmannasamkundunni og Vestnorræna ráðinu, auk þingmanna frá rússneska þinginu, Dúmunni.

Yfirskrift þemaráðstefnunnar var Norrænt lýðræði 2020 og var á ráðstefnunni einkum reynt að varpa ljósi á framtíð norrænnar lýðræðisþróunar. Meðal þeirra málefna sem fjallað var um á ráðstefnunni voru norræna velferðarríkið og lýðræði, norræn lýðræðisgildi í hnattvæddum heimi, áhrif fjölmenningar á lýðræðið og hvernig aðkomu nýbúa að stjórnkerfi og stjórnsýslu á Norðurlöndum er háttað.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hélt opnunarerindi ráðstefnunnar og fjallaði um framtíð norrænnar lýðræðisþróunar í ljósi hnattvæðingar og örrar tækniþróunar. Taldi Ólafur Ragnar að þróun síðustu áratuga hefði þrengt að þeirri lýðræðisskipan sem við búum við. Nefndi hann m.a. hvernig æ fleiri svið hins daglega lífs ráðast af alþjóðlegum straumum frekar en lýðræðislegum ákvörðunum innan landamæra þjóðríkjanna. Hluti af valdi þjóðríkjanna hefði auk þess verið framseldur alþjóðastofnunum eins og ESB/EES sem ekki hefðu beint lýðræðislegt umboð frá almennum borgurum. Hnattvæðingin hefði enn fremur grafið undan þríhliða samstarfi ríkisvalds, atvinnurekenda og launþega. Hin hefðbundnu flokkakerfi lýðræðisríkjanna væru á undanhaldi vegna þess að önnur frístundaiðja freistar borgaranna meira en flokkspólitískt starf og stórfyrirtæki, hagsmunasamtök og embættismannakerfið hefðu yfirhöndina yfir stjórnmálin í samkeppninni um hæfustu einstaklingana. Ýmis jákvæð teikn væru þó á lofti, með aukinni hnattvæðingu kæmi aukin útbreiðsla lýðræðislegra hugmynda og framfarir í upplýsingatækni tryggðu aðgengi borgaranna að upplýsingum um þau mál sem þá varða og veitir möguleika á milliliðalausu rafrænu lýðræði í formi beinna atkvæðagreiðslna um einstök mál. Ólafur Ragnar sagði að þrýsting á núverandi lýðræðiskerfi yrði að taka alvarlega, viðurkenna þyrfti þau vandamál sem eru fyrir hendi og leita lausna til að aðlaga lýðræðisfyrirkomulagið nýjum tímum og aðstæðum.

Meðal annarra sérlegra gesta sem héldu erindi á þemaráðstefnunni voru Gudmund Hernes, yfirmaður menntamálastofnunar UNESCO og fyrrum ráðherra í ríkisstjórn Noregs, sem ræddi um lýðræði og þróun velferðarríkisins. Benti hann á að minnkandi kosningaþátttaka og áhugaleysi almennings um stjórnmál mætti rekja til þess að velferðarríkið hefði á síðari hluta 20. aldar dregið úr vægi þeirra þátta sem áður skipuðu mönnum í flokka, t.d. búsetu, stéttarstöðu og trúarbrögðum. Auk þessa stæðu stjórnmálamennirnir frammi fyrir því að hafa æ minni áhrif á markaðsskipulagið og virkni þess í gegnum pólitískar stofnanir þjóðríkjanna, og stjórnmálastarfið fælist í auknum mæli í því að búa íbúum og fyrirtækjum almenn skilyrði í stað þess að vera vettvangur til að leysa ágreiningsmál. Auglýsti Hernes eftir nýrri hugsun og framtíðarsýn stjórnmálamannanna og taldi að hugmyndafræðilega umræðu yrði að endurlífga í stjórnmálalífinu. Áherslan á nýja hugsun í pólitík var áberandi hjá ýmsum öðrum ræðumönnum og lýstu Marianne Jelved, fyrrum efnahagsmálaráðherra Danmerkur, og Carl Bildt, fyrrum forsætisráðherra Svía, m.a. eftir forustu og frumkvæði stjórnmálamannanna um að móta stefnu til framtíðar í stað þess að vera í vörn og eltast við almenningsálitið hverju sinni. Mikið var rætt um vanda lýðræðiskerfanna á Norðurlöndum og margir ræðumenn

nefndu minnkandi kosningaþátttöku, fækkun félaga í stjórnmálaflokkum, óöryggi varðandi framtíðarhlutverk þjóðríkisins o.s.frv. Suvi-Anne Siimes, ráðherra í ríkisstjórn Finnlands, ræddi m.a. um þá þverstæðu að minnkandi kosningaþátttaka gerist samfara aukinni þátttöku almennings í pólitískum samtökum utan hins hefðbundna flokkakerfis sem einkum fjalla um alþjóðavæðingu. Finna yrði farveg fyrir slík grasrótarsamtök inn í hið lýðræðislega ferli.

Þjóðaratkvæðagreiðslur voru oft nefndar til sögunnar á ráðstefnunni og nefndu áhangendur þeirra hugmynda að útbreiðsla netsins á Norðurlöndum væri slík að nýir möguleikar væru á að halda slíkar atkvæðagreiðslur með rafrænum hætti. Aðrir vöruðu við þeirri hugmynd að notkun á netinu gæti komið í stað hins hefðbundna lýðræðisferlis. Lord Russell-Johnston, frá Alþjóðastofnuninni um lýðræði, lýsti ásamt Gudmund Hernes yfir áhyggjum af því að beint lýðræði fæli í sér brotthvarf frá þeirri yfirvegun og yfirlegu sem einkenndi ákvarðanatöku í fulltrúalýðræðiskerfunum. Carl Bildt taldi að nota mætti þjóðaratkvæðagreiðslur í takmörkuðum mæli, fyrst og fremst sem vítamínsprautu fyrir stjórnmálalífið til þess að koma á umræðu milli stjórnmálakerfisins og kjósenda.

Í lok þemaráðstefnunnar fóru fram pallborðsumræður þar sem einn fulltrúi hvers flokkahóps í Norðurlandaráði hélt framsöguerindi. Steingrímur J. Sigfússon var talsmaður flokkahóps vinstrisósíalista og grænna og lagði áherslu á þá skoðun hópsins að lýðræði ætti að vera víðtækt og djúpt, og í því fælist m.a. jafnrétti, jöfnuður, friður og tillit til komandi kynslóða. Lýðræði væri allt í senn lífsmáti, stjórnarform og efnahagslegt samfélagsform. Óheft markaðshyggja og óheft rányrkja á náttúrunni væru óvinir lýðræðisins sem halda yrði í skefjum. Steingrímur sagði að hnattvæðing fæli í sér þætti sem bæri að berjast gegn og koma undir lýðræðislega stjórn og nefndi alþjóðlega gjaldeyrismarkaði og samþjöppun valds hjá alþjóðlegum stórfyrirtækjum og hernaðarlegum stórveldum sem dæmi um skuggahliðar hnattvæðingar. Hluti af lausn vandans gæti í fyrsta lagi falist í vinnustaðalýðræði sem næði til alþjóðafyrirtækjanna og í öðru lagi í því að þjóðríkin næðu valdi til að hemja þær sveiflur og áhrif sem alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir geta haft á hagkerfi þeirra. Í þriðja lagi væri mikilvægt að útvíkka lýðræðið þannig að það næði út fyrir landamæri þjóðríkjanna, hemja óheft gjaldeyrisflæði, auka gagnsæi í alþjóðlegum efnahagsstofnunum eins og Alþjóðaviðskiptastofnuninni, Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og vernda staðbundna framleiðslu og náttúruauðlindir með grænum gjöldum sem nýtt yrðu til umhverfis- og þróunarmála.

6. 54. þing Norðurlandaráðs.

Dagana 29.–31. október sl. var 54. þing Norðurlandaráðs haldið í Helsinki. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið Ísólfur Gylfi Pálmason formaður, Sigríður A. Þórðardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, auk Belindu Theriault, forstöðumanns alþjóðasviðs, og Stígs Stefánssonar, ritara Íslandsdeildar.

Þing Norðurlandaráðs í Helsinki var jafnframt 50 ára afmælisþing ráðsins og settu hátíðarhöld vegna þessara tímamóta mark sitt á þingið. Hátíðleg setning þingsins fór fram í finnska þinghúsinu að viðstöddum öllum þjóðhöfðingjum og þingforsetum Norðurlanda. Hátíðarávörp fluttu m.a. Outi Ojala, forseti Norðurlandaráðs, Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, sem jafnframt var í forsæti fyrir Norrænu ráðherranefndinni, Margot Wallström, sem fer með umhverfismál í framkvæmdastjórn ESB, og Vigdís Finnbogadóttir, sem farið hefur fyrir ráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um lýðræði í skólastarfi sem haldin hefur verið á Norðurlöndum í tilefni afmælisársins. Í hátíðarávörpunum var m.a. lögð áhersla á hinn mikla árangur norræns samstarf, sameiginlega sögu, menningararf, gildi

og lýðræðishefð. Hver þjóð væri sérstök og færi sína eigin leið en ræturnar sem binda þjóðirnar saman væru þó sameiginlegar. Að kvöldi þingsetningardags var sérstök hátíðarsýning í finnsku þjóðaróperunni þar sem listamenn frá öllum Norðurlöndum komu fram.

Málefni er varða landamæralaus Norðurlönd voru sérstaklega í brennidepli á þinginu en þau hafa verið helsta áhersluefnið í starfi Norðurlandaráðs á yfirstandandi afmælisári. Afnám landamærahindrana komst á dagskrá í vetur sem leið með Norrback-rannsókninni á réttarstöðu Norðurlandabúa þegar þeir flytjast milli Norðurlanda. Um 300.000 Norðurlandabúar búa annars staðar á Norðurlöndum en í heimalandi sínu. Lokaskýrsla Norrbacks, sem lögð var fram á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs í Reykjavík 16. apríl sl., sýndi að stórum landamærahindrunum hefur enn hefur ekki verið rutt úr vegi. Í henni kom fram að víða er pottur brotinn varðandi það að farið sé eftir norrænum samningum um réttindi Norðurlandabúa og að hluti vandans er vanþekking embættismannakerfisins. Norræna ráðherranefndin lagði úrbótatillögur fyrir þingið en sérstakur stýrihópur á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs samræmdi aðgerðir einstakra nefnda ráðsins í þessu sambandi. Sigríður A. Þórðardóttir, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, mælti fyrir nefndaráliti um tillögu ráðherranna en landamærahindranir eru á málefnasviði nefndarinnar. Í ræðu sinni lagði Sigríður áherslu á að vinna yrði skjótt og markvisst að afnámi landamærahindrana. Taldi hún að þótt tillaga ráðherranna væri skref í rétta átt þá yrði að sýna enn meiri metnað og nákvæmni í úrbótaáætlun þeirra. Benti Sigríður á að þó að úrbótaáætlunin tæki til margra sviða væri á fæstum þeirra skilgreind nákvæm markmið til að vinna að né væri lögð fram tímaáætlun fyrir afnám hindrananna. Án nákvæmrar áætlunar væri sú hætta fyrir hendi að menn stæðu enn og ræddu þessi vandamál á Norðurlandaráðsþingum á komandi árum í stað þess að leysa þau í eitt skipti fyrir öll. Í þessu sambandi vakti Sigríður athygli á því að efnahags- og viðskiptanefnd hefði í nefndaráliti sínu lagt fram tillögu að tímaáætlun fyrir afnám hindrana á vinnumarkaðs- og skattasviðinu.

Steingrímur J. Sigfússon var talsmaður flokkahóps vinstrisósíalista og grænna í upphafi almennra umræðna á þinginu. Í ræðu sinni sagði Steingrímur m.a. að norrænt samstarf hefði verið mikilvægt fyrir öll Norðurlönd en ef til vill mikilvægast fyrir Ísland vegna smæðarinnar. Á sama hátt yrði norrænt samstarf afar mikilvægt fyrir sjálfstjórnarsvæðin sem væru að fá aukið sjálfræði og yrðu ef til vill sjálfstæð í náinni framtíð. Þá lýsti Steingrímur framtíðarsýn flokkahópsins um norrænt samstarf lýðræðislegra velferðarríkja þar sem jöfnuður ríkti, og menntastig væri hátt. Hið norræna velferðarsamfélag framtíðarinnar yrði sterkt því að það byggðist á réttlæti og jafnvægi í samspili manns og náttúru en ekki útlendingaandúð og misskiptingu. Liður í þessari þróun og mikilvægt verkefni fyrir Norðurlandaráð væri að beita sér fyrir víðtækum norrænum velferðarsáttmála þar sem félagsleg grunnréttindi væru tryggð. Slíkur sáttmáli gæti orðið umheiminum fyrirmynd.

Í almennum umræðum á þinginu þakkaði Rannveig Guðmundsdóttir Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni, fyrir hönd stjórnar Norræna menningarsjóðsins, það starf sem unnið hafði verið frá síðasta þingi til að skýra réttarstöðu sjóðsins. Benti Rannveig á að breytingartillögur stjórnar sjóðsins hefðu verið samþykktar samhljóða í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og lýsti hún þeirri von sinni að norrænu samstarfsráðherrarnir staðfestu nýja samninginn um réttarstöðu sjóðsins sem fyrst og ræku þar með endahnútinn á ferlið. Að auki greindi Rannveig almennt frá starfi sjóðsins á árinu, m.a. þeirri breytingu að fjölga umsóknarfrestum og auka þannig sveigjanleika gagnvart umsækjendum.

Arnbjörg Sveinsdóttir tók einnig til máls í almennum umræðum á þinginu og greindi frá því að umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Norðurlanda hefur sett hvalamálin á dagskrá og áætlar að halda málstofu um nýtingu sjávarspendýra í tengslum við fund nefndarinnar í

febrúar næstkomandi. Arnbjörg sagði vandamálin varðandi hvalveiðar flókin en ef reynt væri að einfalda málið eins og frekast er unnt þá stæði eftir spurningin um það hvort ekki ættu að gilda sömu reglur um nýtingu auðlinda sjávar og um nýtingu annarra auðlinda. Fyrir þjóðir sem eru háðar nýtingu sjávarauðlinda er það óþolandi að aðrar kröfur séu gerðar til veiða í hafi en veiða á landi. Í báðum tilfellum hlýtur grundvallarreglan að vera sú að maðurinn hefur rétt til nýtingar á villtum dýrastofnum svo lengi sem það er gert á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Þetta hlýtur að vera grunnkrafa gagnvart öllum veiðum hvort sem um er að ræða hvalveiðar í Norður-Atlantshafi eða veiðar á elg og dádýrum á landi í Skandinavíu.

Í umræðum um byggðastefnu ESB var Steingrímur J. Sigfússon framsögumaður efnahags- og viðskiptanefndar og kynnti skýrslu um þetta efni. Steingrímur tiltók tvær gildar ástæður fyrir því að ræða byggðastefnu á vettvangi Norðurlandaráðs. Í fyrsta lagi væru byggðavandamál um margt lík á Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þessi lönd ættu sameiginlegt kalt loftslag, tilhneigingu til búferlaflutninga frá sveitum til bæja og víðlent strjálbýli þar sem samgöngur væru erfiðar og þjónusta og tengsl við velferðarkerfið léleg. Í öðru lagi eiga löndin, sem annaðhvort eru aðilar að ESB eða EES, það sameiginlegt að reglur ESB, sér í lagi samkeppnislöggjöfin, hefur takmarkað mjög það svigrúm sem ríkisstjórnirnar hafa til að móta byggðastefnu. Niðurstaða skýrslunnar, sem Norðurlandaráð samþykkti sem tilmæli til norrænu ríkisstjórnanna, er að þær beiti sér fyrir því að sérstaða landsvæða á norðurslóðum verði viðurkennd og að samkeppnisreglum ESB verði breytt þannig að einstökum löndum gefist svigrúm til að móta markvissa og frjálsa byggðastefnu á jaðarsvæðum sínum.

Sigríður Jóhannesdóttir var annar tveggja talsmanna menningar- og menntamálanefndar um tillögu um að upplýsingaherferð verði hleypt af stokkunum til þess að kynna þá möguleika á nemendaskiptum á framhaldsskólastigi sem tryggðir eru í norrænum samningi um menntamál frá árinu 1992. Þessir möguleikar eru að mestu ónýttir vegna þess að nemendur og skólar þekkja ekki til þessarar hliðar menntasamningsins. Úr því þyrfti að bæta með kröftugri upplýsingaherferð. Norræn ungmenni gætu styrkt og bætt menntun sína með þessu móti auk þess að takast á við lærdómsrík verkefni sem því fylgja að flytjast tímabundið búferlum til annars lands. Sagði Sigríður að með því að láta þessa hlið menntasamningsins liggja í gleymsku væru Norðurlönd að fara á mis við að ala upp nýja kynslóð „nordista". Ungt fólk sem dveldist í öðru norrænu landi en heimalandinu og lærði blæbrigðamuninn á tungumálum, menningu og þjóðfélagsgerð væru bestu sendiherrar sem norrænt samstarf gæti fengið.

Í utanríkismálaumræðu þingsins var Rannveig Guðmundsdóttir framsögumaður forsætisnefndar um friðargæslu og aðgerðir til að fyrirbyggja átök. Hún minnti á skýrslu ráðsins um þessi mál sem lögð var fram á síðasta þingi og tilmæli sem samþykkt voru til ráðherranna um að auka norrænt samstarf á þessu sviði. Rannveig sagði að ráðherrarnir hefðu að ýmsu leyti komið til móts við ráðið en þó hefðu þeir því miður ekki stofnað fastan samráðshóp um þessi mál né viljað kanna möguleika á að setja sameiginlegt norrænt hraðlið á stofn. Á átakasvæðum kæmist varanlegur friður ekki á nema með öflugri borgaralegri uppbyggingarstarfsemi og í því starfi gætu Norðurlönd verið öðrum fyrirmynd. Hvatti Rannveig varnarmálaráðherranna til þess að auka formlegt samstarf á þessum vettvangi.

Steingrímur J. Sigfússon var talsmaður flokkahóps vinstrisósíalista og grænna í utanríkismálaumræðunni. Hann gerði grein fyrir áherslu flokkahópsins á að Norðurlandaþjóðirnar beittu sér fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum áður en átök brjótast út á óróasvæðum, friðargæslu og borgaralegu uppbyggingarstarfi. Steingrímur lýsti áhyggjum af ástandinu í Afganistan og taldi að alþjóðasamfélagið hefði gengið á bak orða sinna um myndarlega styrki til uppbyggingarstarfs þegar stjórn Talibana væri farin frá völdum. Varðandi baráttuna gegn hryðju-

verkum sagði Steingrímur að tvenns bæri að gæta. Í fyrsta lagi mætti baráttan ekki fara fram á kostnað mannréttinda og verndar viðkvæmra persónuupplýsinga. Í öðru lagi væri fátækt, óréttlæti og misskipting sá óvinur sem gæti af sér hryðjuverk og að þessi óvinur yrði ekki lagður að velli með vopnavaldi. Einungis með því að taka á vanda misskiptingar og óréttlætis yrði komist fyrir rót hryðjuverkavandans.

Sigríður A. Þórðardóttir tók einnig þátt í utanríkisumræðunni og gerði hún stækkun ESB og NATO að umræðuefni. Í þessu sambandi væri það sérstakt að þrátt fyrir að sum Norðurlanda væri í NATO og önnur ekki, sum landanna væru í ESB og önnur aðilar að EES, þá hefði það ekki varpað skugga á norræna samvinnu. Þrátt fyrir þennan mun ynnu Norðurlönd ágætlega saman jafnt á sviði Evrópu- og öryggismála. Sigríður sagði að ekki væri á dagskrá að Ísland sækti um aðild að ESB en gat þess jafnframt að Íslendingar treystu á samstarf norrænna frændþjóða í Evrópumálum þó að þjóðirnar sætu ekki alltaf sömu megin borðsins. Sigríður greindi einnig frá starfi Norðurskautsráðsins þar sem Ísland er með formennsku og starfinu við yfirgripsmikla samanburðarskýrslu um lífsskilyrði á norðurskautsslóðum sem nú er unnið að á vegum ráðsins.

Í umræðu um tillögu forsætisnefndar um úttekt á hlut Vestur-Norðurlanda innan norræns samstarfs tók Ísólfur Gylfi Pálmason til máls og gerði grein fyrir áherslum menningar- og menntamálanefndar í þessu sambandi. Fagnaði Ísólfur því að aukinn skilningur virtist vera á sérstöðu Vestur-Norðurlanda innan norræns samstarfs og tiltók sérstaklega þá breytingu á norræna tungumálasáttmálanum að láta hann einnig ná til færeysku, grænlensku og samísku auk ríkismálanna fimm. Lýsti Ísólfur þeirri von sinni að þessi breyting yrði staðfest skjótt af ríkisstjórnunum. Menningar- og menntamálanefnd leggur áherslu á tungumálaskilning og hvetur til þess að þekking á vestnorrænu málunum verði aukin í almenna skólakerfinu. Auk þess varar nefndin við því að stöðum sérstakra háskólalektora í norrænum málum verði fækkað og hvetur til þess að tilteknar stöður verði helgaðar vestnorrænu málunum. Enn fremur leggur nefndin áherslu á að auka þekkingu á vestnorrænni menningu á Norðurlöndum svo og alþjóðlega auk þess sem skiptiáætlanir ungmenna eins og Nordjobb, Nordplus o.s.frv. verði styrktar.

Drífa Hjartardóttir tók þátt í umræðum þingsins um glæpastarfsemi og vímuefnavandann og sagði það gleðilegt að velferðarnefnd Norðurlandaráðs mun setja baráttu gegn vímuefnum á oddinn í starfi sínu á næsta ári. Það væru greinilegir kostir við að vinna sameiginlega gegn þessum vágesti og deila t.d. upplýsingum á milli landanna um hvaða aðferðir virka best í baráttunni við vímuefnavandann. Þegar fíkniefni eru annars vegar væri enn fremur mjög mikilvægt að einblína ekki um of á borgir og stærri byggðakjarna eins og fjölmiðlar hafa tilhneigingu til, væntanlega vegna fleiri sýnilegra misnotenda og alvarlegri ofbeldisverka. Mikilvægt væri að muna eftir landsbyggðinni og skiptast ekki síður á upplýsingum um tilraunaverkefni sem gefa góða raun í smærri bæjum. Nefndi Drífa sem dæmi tilraunaverkefni í Vestmannaeyjum þar sem saman hefðu farið forvarnaaðgerðir og aukin löggæsla sem hefðu gefið góða raun.

Fimmtudaginn 31. október fóru fram kosningar í nefndir og kjör forseta Norðurlandaráðs. Forseti var kjörinn norski þingmaðurinn Inge Lønning sem er í flokkahópi hægrimanna. Eftir kosningarnar er nefndarseta Íslandsdeildar sem hér segir: Rannveig Guðmundsdóttir heldur sæti sínu í forsætisnefnd en auk þess taka Ísólfur Gylfi Pálmason og Sigríður A. Þórðardóttir sæti í nefndinni að nýju eftir tveggja ára hlé. Í efnahags- og viðskiptanefnd situr Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Drífa Hjartardóttir situr í velferðarnefnd og Sigríður Jóhannesdóttir í menningar- og menntamálanefnd. Arnbjörg Sveinsdóttir situr í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd sem varaformaður og var jafnframt kosin varaformaður eftirlitsnefndar.

Auk setu í fastanefndum Norðurlandaráðs voru eftirtaldir þingmenn kosnir sem fulltrúar ráðsins á öðrum vettvangi: Rannveig Guðmundsdóttir var kosin í stjórn Norræna menningarsjóðsins og er jafnframt áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs hjá þingmannanefnd um norðurskautsmál. Ísólfur Gylfi Pálmason var kosinn í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og Þuríður Backman, varamaður í Íslandsdeild Norðurlandaráðs, var valin í stjórn Norrænnar samstarfsmiðstöðvar um málefni fatlaðra.

Næsta þing Norðurlandaráðs verður haldið í Ósló 27.–29. október 2003.

Alþingi, 11. febr. 2003.

Ísólfur Gylfi Pálmason, form.	Sigríður Jóhannesdóttir, varaform.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Drífa Hjartardóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal.

Tilmæli, ummæli og ákvarðanir um innri málefni samþykkt á 54. þingi Norðurlandaráðs.
(Helsinki, 29.–31. október 2002.)

1. Tilmæli nr. 3/2002, um réttindi Norðurlandabúa (B 215/p).
2. Tilmæli nr. 4/2002, um upplýsingagjöf til landsdeilda Norðurlandaráðs um framkvæmd tilmæla ráðsins (B 215/p).
3. Tilmæli nr. 5/2002, um frelsi til hreyfingar fyrir alla (B 214/v).
4. Tilmæli nr. 6/2002, um flutning hunda og katta á milli Norðurlanda (A 1265/m).
5. Tilmæli nr. 7/2002, um baráttu gegn kynþáttahatri og útlendingaandúð og stuðning við aðlögun á sviði vinnumarkaðar og menntamála (A 1299/m).
6. Tilmæli nr. 8/2002, um áætlun til að berjast gegn kynþáttahatri og útlendingaandúð og styðja aðlögun (A 1299/m).
7. Tilmæli nr. 9/2002, um skaðlega skattasamkeppni (A 1300/n).
8. Tilmæli nr. 10/2002, um aðgerðir gegn skaðlegri skattasamkeppni (A 1300/n).
9. Tilmæli nr. 11/2002, um aukið öryggi matvæla á Norðurlöndum (B 216/m).
10. Tilmæli nr. 12/2002, um ákvörðun ESB um díoxín (A 1287/miljö).
11. Tilmæli nr. 13/2002, um stuðning við lýðræðisþróun í Kalíningrad (A 1307/p).
12. Tilmæli nr. 14/2002, um vatnsból og heilsu í Karelíska lýðveldi Rússlands (A 1293/miljö).
13. Tilmæli nr. 15/2002, um finnsk verkefni í Karelíska lýðveldi Rússlands (A 1293/miljö).
14. Tilmæli nr. 16/2002, um Vestur-Norðurlönd innan norrænnar samvinnu (A 1275/p).
15. Tilmæli nr. 17/2002, um norrænt samstarf á sviði löggjafar (B 217/m).
16. Tilmæli nr. 18/2002, um upplýsingar og tilvísanir til löggjafar norrænu landanna í löggjafarstarfi einstakra Norðurlanda (B 217/m).
17. Tilmæli nr. 19/2002, um mansal (A 1302/m).

18. Tilmæli nr. 20/2002, um dvalarrétt fyrir fórnarlömb mansals (A 1302/m).
19. Tilmæli nr. 21/2002, um baráttu gegn spillingu og peningaþvætti (A 1310/m).
20. Tilmæli nr. 22/2002, um hlutverk lögreglu og sérmenntun lögreglunnar (A 1311/m).
21. Tilmæli nr. 23/2002, um sjúklingafélög sjaldgæfra sjúkdóma (A 1278/v).
22. Tilmæli nr. 24/2002, um fjarskiptalækningar á milli Norðurlanda (A 1283/v).
23. Tilmæli nr. 25/2002, um heilbrigðiskerfin á Norðurlöndum (A 1308/v).
24. Tilmæli nr. 26/2002, um hjálp til barna og ungmenna sem hafa alist upp innan einangraðra trúfélaga (A 1285/v).
25. Tilmæli nr. 27/2002, um norræna menningarstefnu og menningartölfræði (A 1304/k).
26. Tilmæli nr. 28/2002, um alþjóðlega aðlögun að samningsgjalda-módelinu á menningarsviðinu (A 1304/k).
27. Tilmæli nr. 29/2002, um úttekt á stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf við frjáls félagasamtök (A 1306/k).
28. Tilmæli nr. 30/2002, um norræna hönnun (A 1280/k).
29. Tilmæli nr. 31/2002, um stefnu og áætlun fyrir ráðherranefnd á sviði upplýsingatækni (MR-IT) 2002-2004 (B 218/n).
30. Tilmæli nr. 32/2002, um almannaþjónustusjónvarp og stafræna væðingu (A 1244/k).
31. Tilmæli nr. 33/2002, um norrænt málsamfélag (A 1279/k).
32. Tilmæli nr. 34/2002, um þekkingu á norrænu málsamfélagi (A 1279/k).
33. Tilmæli nr. 35/2002, um rafræn fræðirit fyrir sjóndapra (A 1292/v).
34. Tilmæli nr. 36/2002, um skipti- og styrktaráætlanir á menntamálasviðinu (B 211/k).
35. Tilmæli nr. 37/2002, um menntun fyrir ungmenni á Norðurlöndum (A 1289/k).
36. Tilmæli nr. 38/2002, um stúdenta skipti og gildi prófa á háskólastigi (A 1305/k).
37. Tilmæli nr. 39/2002, um hvítbók um þróun Norðurlanda sem forustusvæðis á sviði rannsókna og nýsköpunar (B 212/k).
38. Tilmæli nr. 40/2002, um fjárlög fyrir norrænt samstarf árið 2003 (C 2; B 213/p).
39. Tilmæli nr. 41/2002, um norræna rannsóknarstyrki og innri fjárlagagerð Norðurlandaráðs (A 1303/kk).
40. Ummæli nr. 1/2002, um skýrslu ríkisendurskoðunar til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um endurskoðun starfsemi Norræna menningarsjóðsins 2001 (C 5/kk).
41. Ákvörðun nr. 1/2002, um hnattræna gerendur (A 1248/euro).
42. Ákvörðun nr. 2/2002, um þema fyrir fréttamannastyrki Norðurlandaráðs 2003 (A 1299/m).
43. Ákvörðun nr. 3/2002, um lýðræðisþróun í Kalíningrad (A 1307/p).
44. Ákvörðun nr. 4/2002, um fjárlagagerð (A 1303/kk).

967. Svar [526. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um kostnað við viðgerðir á varðskipum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert var tilboðsverð skipasmíðastöðvarinnar sem samið var við um viðgerðir á varðskipunum Týr og Ægi í ársbyrjun 2001?*
2. *Hver var heildarkostnaður þessarar framkvæmdar þegar verkið var gert upp við hina pólsku skipasmíðastöð?*

Eftirfarandi er yfirlit um tilboðsverð og heildarkostnað fyrir hvort skip um sig:

	Þýsk mörk	Gengi	Kr.
Varðskipið Týr:			
Tilboðsupphæð	*750.898*	*40,86*	*30.681.692*
Greitt	112.635	43,122	4.857.071
Greitt	638.263	46,831	29.890.956
Gengismunur			4.066.335
Samtals greitt	*750.898*		*34.748.027*
Viðbótarverk samkvæmt kröfum Lloyd's:			
Greitt	76.908		3.498.739
Aukaverk: Upptekt á stjórnb. aðalvél, sandblástur, hreinsun tanka, breytingar á stjórnborði í brú, viðgerðir á dráttarspili o.fl.	232.824		10.591.751
Samtals viðbótar- og aukaverk			*14.090.490*
Heildargreiðsla vegna Týs			**48.838.517**
Varðskipið Ægir:			
Tilboðsupphæð	*743.071*	*40,86*	*30.361.881*
Greitt	111.611	43,064	4.806.405
Greitt	631.460	46,119	29.122.583
Gengismunur			3.567.107
Samtals greitt	*743.071*		*33.928.988*
Viðbótarverk samkvæmt kröfum Lloyd's:			
Greitt	196.316		9.318.335
Aukaverk: Ferskvatnsdæla aðalvéla, sandblástur, hreinsun tanka, breytingar á stjórnborði í brú, ný rafgeymageymsla o.fl.	308.442		14.387.368
Samtals viðbótar- og aukaverk			*23.705.703*
Heildargreiðsla vegna Ægis			**57.634.691**

968. Fyrirspurn [606. mál]

til menntamálaráðherra um rekstur framhaldsskóla.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hefur þeim fjármunum verið ráðstafað sem samkvæmt fjárlögum fyrir þetta ár eru til ráðstöfunar hjá menntamálaráðuneytinu til að styrkja rekstur framhaldsskólanna?
2. Hvaða skólar hafa fengið fjármuni til styrktar rekstri, hve háa upphæð hefur hver skóli fengið og hvaða vinnureglur eru lagðar til grundvallar við úthlutun umræddra fjármuna?
3. Hvaða framhaldsskólar voru reknir með halla sl. fimm ár? Hve mikinn rekstrarhalla var hver skóli með árlega þessi ár?
4. Í hvaða framhaldsskólum er kennd rafeindavirkjun í vetur, skólaárið 2002–2003, og í hvaða framhaldsskólum hefur hún verið kennd sl. fimm ár?
5. Hve margir nemendur eru við nám í bifvélavirkjun í vetur og hversu margir í vélvirkjun?
6. Hve margir nemendur voru við nám í bifvélavirkjun og hversu margir í vélvirkjun, árin 1997–2001, sundurliðað eftir skólum og skólaárum?
7. Hve margir nemendur eru við nám í bakaraiðn í vetur og hve margir voru í slíku námi 1997–2001, sundurliðað eftir skólum og skólaárum?

Skriflegt svar óskast.

969. Svar [515. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um ISDN-tengingu í dreifbýli.

Landssími Íslands hf. er alþjónustuveitandi í gagnaflutningsþjónustu með allt að 128 kb/s bitahraða og veitir slíka þjónustu með ISDN-tækni. Þar sem önnur fyrirtæki en Landssími Íslands bjóða ekki upp á gagnaflutningsþjónustu í dreifbýli var eingöngu leitað svara hjá því félagi við fyrirspurninni.

Svör Landssímans eru eftirfarandi:

1. Hversu mörg sveitabýli hafa aðgang að ISDN-tengingu, sundurliðað eftir landshlutum?

Vesturland	630
Vestfirðir	120
Norðurland	1.740
Austurland	430
Suðurland	1.520
Samtals	4.440

2. *Hversu mörg sveitabýli eru komin með ISDN-tengingu?*

Vesturland	240
Vestfirðir	55
Norðurland	400
Austurland	110
Suðurland	520
Samtals	1.325

3. *Hversu mörg sveitabýli hafa ekki aðgang að ISDN-tengingu?*

Vesturland	280
Vestfirðir	110
Norðurland	210
Austurland	60
Suðurland	60
Samtals	720

4. *Hversu margar umsóknir um ISDN liggja nú fyrir hjá Landssímanum, sundurliðað eftir landshlutum?*

Vesturland	31
Vestfirðir	20
Norðurland	20
Austurland	20
Suðurland	21
Samtals	112

Annars vegar er um að ræða umsóknir sem verða afgreiddar á næstu vikum og hins vegar umsóknir sem verða að bíða þar til breytingar hafa verið gerðar á fjarskiptakerfi á svæðinu.

5. *Hversu langur tími líður að jafnaði þar til umsókn er svarað?*

Yfirleitt er umsóknum svarað fljótlega en afgreiðslutími er mjög misjafn eftir umfangi lausnar. Eins og fram kemur í svari við 4. tölulið líður lengri tími þegar gera þarf breytingar á fjarskiptakerfi svo ISDN-tenging sé möguleg.

970. Skýrsla [607. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2002.

1. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið (IPU) var stofnað árið 1889 og er hlutverk þess að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning á milli þjóða. Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga nú 144 þing en auka-aðilar að sambandinu eru fimm svæðisbundin þingmannasamtök. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf en það hefur jafnframt skrifstofu í New York. IPU fjallar um alþjóðamál og vinnur að framgangi mannréttindamála sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. Á síðasta ári gerðust þau tíðindi að IPU fékk áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum og rétt

til að dreifa skjölum sambandsins á allsherjarþinginu. Þá flutti IPU í desember í nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar í Genf.

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins er fjármögnuð með framlögum frá aðildarþingum þess. Þing IPU taka pólitískar ákvarðanir og ályktа um alþjóðamál. Ráð IPU, sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá hverri landsdeild, markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Tólf manna framkvæmdastjórn hefur m.a. umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess.

Fjórar fastanefndir eru starfandi innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

I. nefnd um stjórnmál, öryggis- og afvopnunarmál,
II. nefnd um lagaleg málefni og mannréttindamál,
III. nefnd um efnahags- og félagsmál,
IV. nefnd um mennta-, vísinda-, menningar- og umhverfismál.

Til viðbótar eru nú starfandi eftirfarandi nefndir og vinnuhópar: nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um sjálfbæra þróun, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhópur um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, samhæfingarnefnd um öryggismál og samstarf á Miðjarðarhafssvæðinu, undirbúningsnefnd kvennafundar IPU, vinnuhópur um samstarf kynjanna og stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna IPU.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oft um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis. Alþjóðaþingmannasambandið gefur reglulega út bækur, tímarit, handbækur og skýrslur sem nálgast má á skrifstofu Íslandsdeildarinnar og á vefsíðu IPU, www.ipu.org.

2. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

Íslandsdeildin var skipuð þeim Einari K. Guðfinnssyni, þingflokki sjálfstæðismanna, formanni, Jóhönnu Sigurðardóttur, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformanni, og Ástu Möller, þingflokki sjálfstæðismanna. Varamenn Íslandsdeildar voru Guðjón Guðmundsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigríður Ingvarsdóttir, þingflokki sjálfstæðismanna. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

3. Störf og ályktanir 107. þings IPU.

Einungis eitt þing var haldið á árinu. IPU er að þreifa sig áfram með skipulagsbreytingar þar sem haldið er eitt stórt þing á ári í einhverju aðildarríkja sambandsins í stað tveggja áður. Haustfundur sem er minni í sniðum er síðan haldinn í Genf. Er þetta gert í sparnaðarskyni. Árið 2002 var 107. þing IPU haldið í Marrakesh í Marokkó.

Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson, formaður Íslandsdeildar, Gísli S. Einarsson og Ásta Möller, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar.

Við setningu þingsins fluttu eftirtaldir ávörp: M. Abdelwahed Radi, forseti neðri deildar marokkóska þingsins, Ruud Lubbers, sérlegur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttamanna, Najima Heptulla, forseti IPU-ráðsins, og hans hátign Mohammed sjötti, konungur Marokkó.

Að venju voru á þingfundinum almennar umræður um „stjórnmálalegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum“. Einar K. Guðfinnsson tók til máls í almennum umræðum. Hann ræddi annars vegar um viðskiptafrelsi og hins vegar um umhverfismál, þar sem hann

kom inn á sjálfbæra nýtingu auðlinda, nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og um nauðsyn þess að vinna á alþjóðavettvangi gegn mengun hafsins.

Þingið afgreiddi ályktanir um fjögur mál. Tvö sérstök málefni höfðu að venju verið undirbúin til umræðu á þinginu og voru þau fyrst rædd í nefndum. Í I. nefnd þingsins, nefnd um stjórnmál, öryggis- og afvopnunarmál, var umræðuefnið hlutverk þjóðþinga á tímum alþjóðavæðingar, alþjóðastofnana og alþjóðlegra viðskiptasamninga. Gísli S. Einarsson flutti ræðu á fundi nefndarinnar þar sem hann benti á að alþjóðavæðingin hefði margar jákvæðar hliðar, t.d. gæti hún leitt til aukins hagvaxtar og frelsis, glætt lýðræðisþróun og virðingu fyrir mannréttindum. Vissulega hefði alþjóðavæðingin jafnframt neikvæðar hliðar, en það væri hlutverk ríkisstjórna og þjóðþinga að setja viðeigandi lagaramma til að vernda borgarana og gera þeim kleift að nýta alþjóðavæðinguna. Hann taldi brýnt að nýta alþjóðavæðinguna til að ná m.a. fram eftirfarandi markmiðum: jafnrétti kynjanna, útrýmingu fátæktar og aukinni grunnmenntun sem gerði öllum kleift að læra að lesa og skrifa.

Þegar ályktun um þetta mál kom til afgreiðslu á þinginu gerði Einar K. Guðfinnsson fyrirvara þar sem hann taldi að tónninn í ályktuninni væri of neikvæður og á móti frjálsum viðskiptum. Dregin væri upp mjög neikvæð mynd af alþjóðavæðingu og áhrifum hennar, en ekkert getið um jákvæðar hliðar hennar og hvernig hana mætti nýta.

Í IV. nefnd þingsins, nefnd um mennta-, vísinda-, menningar og umhverfismál, var fjallað um umhverfismál og stuðning við Kýótó-bókunina. Ásta Möller hélt ræðu á þeim nefndarfundi og sagði frá notkun Íslendinga á endurnýjanlegum orkugjöfum. Hún lagði áherslu á aukna nýtingu jarðvarma, en slíkt gæti komið sér sérstaklega vel fyrir þróunarlönd. Í þessu sambandi fjallaði hún um Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Ásta sagði frá tilraunum á Íslandi með vetni og metangas. Hún útskýrði að ríkisstjórn Íslands væri búin að leggja fram þingsályktunartillögu til staðfestingar á Kýótó-bókuninni og gert væri ráð fyrir að hún yrði samþykkt á Alþingi á yfirstandandi þingi. Hún lagði áherslu á að næsta stórverkefni á sviði umhverfisverndar ætti að fjalla um hafið. Gera þyrfti nákvæma úttekt á ástandi hafsins, lífríki þess og mengun. Jafnframt þyrfti að fjalla um sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.

Þau atriði sem Íslandsdeildin lagði áherslu á komust öll til skila í ályktuninni. Einar K. Guðfinnsson lagði fram breytingartillögu í nefndinni þar sem ríki heims voru hvött til að reisa skorður gegn losun kjarnorkuúrgangs í hafið og var hún samþykkt. Hann lagði jafnframt fram breytingartillögu í nefndinni þess efnis að ekki yrði minnst á Bandaríkin sérstaklega þegar ríki væru hvött til að staðfesta Kýótó-bókunina, þar sem ekki væri venja að nefna eitt ríki sérstaklega, en sú tillaga var felld. Kanadískur þingmaður bar tillöguna aftur upp þegar ályktunin kom til afgreiðslu á þinginu, en hún var aftur felld. Fulltrúar Alþingis greiddu atkvæði með breytingartillögunni.

Samþykkt var á fyrsta degi þingsins að hafa utandagskrárumræðu í stjórnmálanefndinni um hryðjuverkastarfsemi og var síðan ályktun um málið samþykkt á þinginu. Þar eru m.a. öll þjóðþing hvött til þess að vinna að samþykkt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um hryðjuverk. Þá var samþykkt að leggja fram neyðarályktun um stuðning við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1397. Vinnunefnd var sett á laggirnar til að koma saman ályktunartexta og fékk Einar K. Guðfinnsson það vandasama verk að stýra starfi nefndarinnar. Fulltrúar allra pólitískra svæðishópa áttu fulltrúa í nefndinni og jafnframt fulltrúar Palestínumanna og Ísraela. Fundur nefndarinnar var ekki átakalaus, en undir stjórn Einars tókst að setja fram texta sem allir aðilar voru sáttir við. Ályktunin var lögð fyrir þingið og samþykkt óbreytt. Í ályktuninni er lýst stuðningi við framkvæmd ályktunar 1397 og sérstaklega við þá framtíðarsýn að tvö ríki, Ísrael og Palestína, standi hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra. Ísraelar og Palestínumenn eru m.a. hvattir til að taka aftur upp pólitískar

viðræður um sameiginlega framtíð þannig að rökfræði friðar komi í stað rökfræði stríðs, ofbeldis og hryðjuverka. Þeir eru jafnframt hvattir til að styðja störf sendifulltrúa Bandaríkjanna, Rússlands og Evrópusambandsins, til að virða vopnahlé, virða alþjóðleg mannúðarlög og binda enda á ófriðinn með það fyrir augum að tryggja öryggi Ísraela og Palestínumanna, gera stofnunum Palestínumanna kleift að starfa með frjálsum hætti og tryggja óheftar og öruggar ferðir Ísraela og Palestínumanna.

4. Störf og ályktanir haustfundar 2002.

Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu fundi Einar K. Guðfinnsson, formaður Íslandsdeildar, Jóhanna Sigurðardóttir varaformaður, Ásta Möller og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar.

Eins og sagt var frá í síðasta kafla var ákveðið á síðasta ári að draga úr kostnaði árið 2002 og prófa nýtt fundarform. Í stað haustþings var nú haldinn sérstakur ráðsfundur *(special session of the IPU Council)*. Þessi fundur var mun fámennari en þing og í stað þess að standa í kostnaðarsömum flutningi skrifstofu IPU til fjarlægs lands var fundurinn haldinn í Genf. Þá var breytt nokkuð um starfsaðferðir þannig að tilnefndir voru sérstakir skýrsluhöfundar til að undirbúa umræðurnar með skýrslu og ályktanadrögum. Hingað til hafa allir haft rétt til að senda inn minnisblöð og ályktanadrög fyrir fundinn og síðan hafa menn lesið upp tilbúnar ræður á fundinum. Reynt var að gera fundinn meira lifandi og voru þingmenn hvattir til að flytja ekki tilbúnar ræður, heldur eiga virk skoðanaskipti, bregðast við skýrslunni og ályktanadrögunum sem og ummælum annarra þingmanna. Viðbrögð við þessari tilraun voru almennt jákvæð. Fundurinn þótti takast nokkuð vel, þó að sumir hafi haldið í gamla stílinn. Áfram verður haldið að þróa þetta nýja fundarform.

Fulltrúar 122 aðildarríkja IPU sóttu ráðsfundinn í Genf, auk aukaaðila og áheyrnarfulltrúa. Eitt málefni var tekið fyrir á hinum sérstaka ráðsfundi, þ.e. fjármögnun þróunaraðstoðar. Þrír skýrsluhöfundar unnu skýrslu um málið fyrir fundinn og lögðu jafnframt fram drög að ályktun. Einar K. Guðfinnsson var einn skýrsluhöfunda, en samstarfsmenn hans voru frá Tælandi og Suður-Afríku. Einar kynnti skýrsluna fyrir hönd þeirra þriggja í upphafi ráðsfundar, en síðan fóru fram almennar umræður á grundvelli hennar. Skýrslunni var mjög vel tekið og þótti þessi tilraun með ný vinnubrögð innan IPU takast vel. Ernest Zedillo, fyrrverandi forseti Mexíkó og formaður sérfræðinganefndar sem hafði undirbúið skýrslu fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fjármögnun þróunaraðstoðar sem haldin var í mars sl., hélt jafnframt erindi og svaraði fyrirspurnum. Ýmsar breytingartillögur komu fram við ályktanadrögin, en Einar og meðhöfundur hans frá Suður-Afríku unnu ötullega að því að finna málamiðlanir í viðkvæmum málum, þannig að lokaályktun var samþykkt samhljóða. Í ályktuninni eru þjóðþingin m.a. hvött til að styrkja eftirlit sitt með framkvæmd skuldbindinga Monterrey-samþykktarinnar og tryggja að í þróunarmálum setji stjórnvöld jafnréttismál á oddinn. Jafnframt eru þingin hvött til að setja lög sem stuðli að frjálsum og réttlátum viðskiptum, betri markaðsaðgangi fyrir þróunarríki og lækkun niðurgreiðslna og annarrar ríkisaðstoðar, sérstaklega á sviði landbúnaðar.

171. ráðsfundur IPU, sem er í raun æðsta stjórn samtakanna, afgreiddi fjölda mála. Í IPU-ráðinu sitja tveir þingmenn frá hverju aðildarríki IPU og afgreiðir það m.a. starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna, tekur ákvarðanir um inngöngu nýrra ríkja o.s.frv. Stærstu mál ráðsins að þessu sinni voru breytingar á starfi IPU, fjárhagsáætlun fyrir 2003, lagabreytingar og kjör nýs formanns IPU-ráðsins. Tvö ríki voru tekin á ný inn í IPU, þ.e. Mið-Afríkulýðveldið og Fídji-eyjar.

Við umfjöllun um fjárhagsáætlun fyrir 2003 var 7% hækkun á framlögum aðildarríkja til IPU samþykkt. Lagabreytingar sem miðuðu að því að auka þátttöku kvenna voru samþykktar af ráðinu og verða lagðar fyrir næsta þing IPU. Þá fóru fram mjög spennandi kosningar um formann IPU-ráðsins til næstu þriggja ára. Tveir frambjóðendur, Paez Verdugo frá Chile og Tjitendero frá Namibíu, börðust um embættið og hafði sá fyrrnefndi betur, en það munaði aðeins sex atkvæðum á frambjóðendum.

Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Ekvador, Gambía, Gínea, Hondúras, Indónesía, Madagaskar, Malasía, Mongólía, Burma, Pakistan, Rúanda, Tyrkland og Zimbabwe.

5. Kvennanefnd IPU.

Á þinginu í Marrakesh var Ásta Möller kjörin annar varaformaður kvennanefndar Alþjóðaþingmannasambandsins f.h. Vesturlanda. Forseti kvennanefndarinnar er frá Suður-Afríku og fyrsti varaforseti frá Japan. Kvennanefndin undirbýr m.a. kvennafundi sem haldnir eru í upphafi hvers IPU-þings. Kvennanefndin berst fyrir réttindum kvenna um heim allan og fyrir auknum hlut kvenna í stjórnmálum og veitir kvenkyns þingmönnum stuðning og aðstoð.

Kvennanefnd IPU hélt fund í Genf og sótti Ásta Möller fundinn. Fundurinn fjallaði m.a. um tillögur til breytingar á lögum IPU til að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í störfum samtakanna og ákvað kvennanefndin að ljá þeim stuðning. Í tillögunum er gert ráð fyrir að sendinefnd sem þrisvar í röð samanstendur af einungis öðru kyninu missi viss réttindi, þ.e. að leyfilegum fjölda þingmanna í sendinefndinni fækki um einn og að hún missi hluta atkvæða sinna á þinginu. Jafnframt að ríki þar sem konur hafa ekki kosningarétt og rétt til að bjóða sig fram til þings geti ekki átt sæti í framkvæmdastjórn IPU. Eins og sagt er frá í umfjöllun um fund ráðs IPU í Genf, voru tillögur kvennanefndar samþykktar þar og verða lagðar fyrir 108. þing IPU í apríl 2003.

6. Svæðisbundið samstarf innan IPU.

6.1. Tólfplús-hópurinn.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings eða ráðsfundar hittist svokallaður Tólfplús-hópur, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þing eða sérstakur ráðsfundur stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum.

Beiðni um inngöngu í Tólfplús-hópinn frá Ísrael var tekin fyrir og samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta á þinginu í Marrakesh. Íslenska sendinefndin studdi inngöngu Ísraels. Í greinargerð frá stjórnarnefnd hópsins var m.a. tekið fram að öll aðildarríki IPU ættu rétt á að tilheyra svæðishópi innan sambandsins, en þar sem Ísrael gæti því miður ekki orðið aðili að sínum eðlilega landfræðilega hópi á þessum tíma, þá væri einungis um Tólfplús-hópinn að ræða þar til aðstæður breyttust. Auðveldara yrði að ræða við Ísraela um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs ef þeir væru innan Tólfplús-hópsins en ef þeir væru í einangrun. Ákvörðun Tólfplús-hópsins mætti ekki túlka sem samþykki varðandi núverandi stefnu Ísraela gagnvart Palestínumönnum, en væri merki um stuðning við friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs. Það fæli í sér að hvorki ísraelsk né palestínsk stjórnvöld mættu hindra frjáls samskipti ísraelskra og palestínskra þingmanna við kollega sína.

6.2. Norrænt samstarf.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og ráðsfundar og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Ísland fór með forustu í Norðurlandahópnum á árinu og voru samráðsfundirnir því haldnir hér á landi, sá fyrri í febrúar í Reykjavík en sá síðari á Ísafirði í ágúst. Formaður og ritari Íslandsdeildar sitja að öllu jöfnu þessa fundi, en þar sem þeir voru haldnir á Íslandi tók öll Íslandsdeildin þátt í fundunum að þessu sinni. Vegna fyrirhugaðra breytinga á starfi IPU og vinnunnar í kringum þær var talin ástæða til að halda aukafund í norræna hópnum á árinu til þess að tryggja áhrif Norðurlanda á útkomuna. Sá fundur var haldinn í maí á Kastrupflugvelli. Formaður og ritari Íslandsdeildar sóttu hann. Einar K. Guðfinnsson stýrði fundunum þremur. Íslandsdeildin hafði forustu um umfjöllun Norðurlanda um tillögur framkvæmdastjórnar IPU um breytingar á starfi samtakanna og vann m.a. sameiginlega yfirlýsingu Norðurlanda um málið sem send var framkvæmdastjórninni. Íslandsdeildin bauð öllum fulltrúum Norðurlanda til hádegisverðar á þinginu í Marrakesh þar sem þeir höfðu tækifæri til að bera saman bækur sínar og ræða framgang mála á þinginu.

7. Breytingar á starfi IPU.

Umræður um breytingar á starfi IPU voru fyrirferðarmiklar á árinu, bæði á þinginu, á ráðsfundum og í svæðisbundnu samstarfi. Hugsanlegar breytingar hafa verið til umfjöllunar undanfarin ár og hefur þróun umræðunnar og afstöðu Íslandsdeildar verið gerð skil í fyrri ársskýrslum. Fjármál samtakanna hafa jafnframt verið stór hluti af þessari umræðu. Fyrir þingið í Marrakesh lagði Íslandsdeildin fram nýja greinargerð um málið sem svar við nýjustu tillögum framkvæmdastjórnar IPU. Einar K. Guðfinnsson kynnti helstu áherslur Íslandsdeildar í sérstökum umræðum sem fóru fram á þinginu. Ákveðið var að framkvæmdastjórn IPU útfærði tillögur sínar frekar með tilliti til umræðunnar á þinginu.

Framkvæmdastjórnin lagði síðar um vorið fram endurbætta tillögu sem grundvöll ákvarðana á ráðsfundinum í Genf. Norðurlönd hafa í ferlinu öllu tekið virkan þátt í þróun tillagnanna og þar sem ráðsfundurinn átti að vera viss endapunktur umræðunnar ákváðu þau að senda framkvæmdastjórninni sameiginlega yfirlýsingu þar sem farið var efnislega yfir allar tillögurnar.

Í Genf var loks samþykkt tillaga framkvæmdastjórnar um breytingar á starfi IPU. M.a. er gert ráð fyrir einu þingi á ári, en haustfundur verður með svipuðu sniði og nú, þ.e. haldinn sérstakur ráðsfundur í stað haustþings. Umræður á þinginu verða jafnframt með breyttu sniði og nefndir IPU verða þrjár en voru fjórar. Þá á að styrkja hlutverk svæðishópanna. Nauðsynlegar lagabreytingar verða afgreiddar á næsta þingi IPU, en stefnt er að því að byrja að starfa eftir nýju reglunum um mitt næsta ár ef þær hljóta samþykki.

8. Starf IPU árið 2003.

Næsta þing sambandsins verður í Santíagó í apríl 2003. Þar eru á dagskrá annars vegar hlutverk þinga við að styrkja lýðræðislegar stofnanir og þróun mannsins í sundruðum heimi og hins vegar alþjóðlegt samstarf vegna náttúruhamfara sem virða ekki landamæri og áhrif þeirra á viðkomandi svæði. Jafnframt verða teknar fyrir viðamiklar lagabreytingar, bæði til breytingar á almennri starfsemi IPU og til að efla hlut kvenna í starfi samtakanna.

Haustfundur verður haldinn í Genf, en dagskrá hans verður ákveðinn í Santíagó. Að venju stendur IPU fyrir ráðstefnum og minni fundum um ákveðin málefni. Sem dæmi má nefna að

haldin verður ráðstefna í febrúar um starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og í maí verður námsstefna fyrir þingmenn og embættismenn þinga frá Suðvestur-Asíu um fjárlagagerð.

9. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2002.

9.1. Ályktanir 107. þings IPU.

- Hlutverk þjóðþinga við mótun stefnu á tímum hnattvæðingar, alþjóðastofnana og alþjóðlegra viðskiptasamninga.
- Tíu árum eftir Ríó: náttúruspjöll á heimsvísu og stuðningur þingmanna við Kýótóbókunina.
- Hryðjuverk – ógn við lýðræði, mannréttindi og borgaralegt samfélag: hlutverk þjóðþinga í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og framlag þeirra til að takast á við orsakir hryðjuverka svo að tryggja megi frið og öryggi í heiminum.
- Framlag þjóðþinga til stuðnings ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1397 frá 12. mars 2002, sérstaklega málsgreininni þar sem lýst er stuðningi við það markmið að tvö ríki, Ísrael og Palestína, standi hlið við hlið innan öruggra og viðurkenndra landamæra.

9.2. Ályktun sérstaks ráðsfundar IPU.

- Fjármögnun þróunaraðstoðar.

Alþingi, 1. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, varaform.	Ásta Möller.

971. Tillaga til þingsályktunar [608. mál]

um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Örn Haraldsson, Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd til að undirbúa stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri í samstarfi við sveitarfélagið Árborg, héraðsnefnd Árnessýslu og Byggðasafn Árnessýslu.

Greinargerð.

Með gildum rökum má segja að vagga tónlistarlífs á Íslandi í þeirri mynd sem nú er sé í þorpunum við suðurströndina, Stokkseyri og Eyrarbakka. Frá þessum þorpum koma þeir menn sem stóðu í fremstu víglínu á sviði tónsköpunar, kennslu og uppbyggingar tónlistarlífsins á fyrri hluta 20. aldar. Nægir að nefna aðeins fáa menn, tónskáldin og tónlistarmennina Sigfús Einarsson, Pál Ísólfsson og Friðrik Bjarnason og athafnamanninn og menningarfröm-

uðinn óþreytandi, Ragnar Jónsson, sem kenndur var við Smára. Þessir menn áttu sér einnig forfeður sem stóðu fyrir blómlegu tónlistarstarfi og öðru menningarlífi í þessum þorpum og lögðu þar grunninn með starfi sínu. Má þar nefna Selsbræður, Bjarna, Jón, Ísólf og Gísla Pálssyni á Stokkseyri.

Tónmenningu Íslands hefur verið illa sinnt, lítið verið skráð og fjallað um starf íslenskra tónlistarmanna og sama og ekkert gefið út af texta um þá. Þá er hvergi til sértækt safn um menningu og sögu tónlistarinnar í takt við aðrar list- og menningargreinar. Hvergi er til einn staður þar sem finna má upplýsingar um menningu og sögu tónlistarinnar, hvorki í formi muna né ritaðra upplýsinga um þróunina.

Hlutverk tónminjasafns verður að safna, varðveita og sýna hvers kyns gömul verðmæti er tengjast tónlist á Íslandi frá upphafi, svo sem hljóðfæri, hljómtæki, hljóðupptökur, nótur, bækur og myndir, svo og heimildir um íslenska tónmenningu í formi frásagna, bréfa, viðtala, blaða- og tímaritsgreina, ævisagna og kvikmynda sem endurspegla íslenska tónlistarflóru, hverju nafni sem hún nefnist.

Vitað er að víða um land liggja hjá einkaaðilum munir og gögn sem tengjast tónlistarlífi þjóðarinnar allt frá lokum 19. aldar. Þá fer þeim fækkandi sem muna einstaka tónlistarviðburði í héruðum landsins sem aldrei var sagt frá á prenti eða í bréfum en hafa gildi í þessu sambandi. Tónminjasafn á að hafa frumkvæði að söfnun slíkra upplýsinga og kalla til samstarfs þá aðila sem fram að þessu hafa sýnt frumkvæði og áhuga á að safna slíkum gögnum. Þá skal leitast við að hafa samstarf við önnur söfn er nú þegar varðveita upplýsingar um íslenska tónlist, bæði í Reykjavík svo og héraðssöfn um land allt.

Enginn skal efast um mikinn áhuga á að slíku safni verði komið á fót því að tónlistaráhugi hefur engin landamæri. Má í því sambandi nefna fjölmarga aðila, stofnanir, fyrirtæki, félög, skóla, kóra, kirkjur, hljómsveitir, leikfélög, einstaklinga, menningarsjóði og sveitarfélög, sem líklegir væru til að veita slíku safni lið.

Á Stokkseyri er nú þegar fyrir hendi stór, lítið nýtt en vönduð bygging sem vel er haldið við, hraðfrystihúsið, sem með nauðsynlegum breytingum mætti gera að fyrirmyndartónminja- og menningarsetri við ströndina með glæsilegu útsýni yfir eina af fegurstu ströndum landsins og hafið sem mótað hefur tónmál Íslands meira en flest annað. Í þessu húsi mætti kortleggja tónlistarsögu landsins og miðla í formi fyrirlestra og námskeiðahalds auk upplýsinga til hins almenna safngests, gera sögu íslenskrar tónlistar lifandi í glæsilegu menningarumhverfi. Safnið mundi ekki aðeins hýsa söguna heldur yrði það um leið upplýsingamiðstöð íslenskrar tónlistarsögu sem sinnt gæti fyrirspurnum um hana á netinu.

Stokkseyri er steinsnar frá þéttbýlustu svæðum landsins og með væntanlegum suðurstrandarvegi yrði safn þetta hornsteinn í nýjum menningarhring út frá suðvesturhorni landsins og mundi henta vel skólanemendum sem almenningi. Með stofnun og starfrækslu þessa safns yrði tónlistinni í fyrsta sinn gert jafnhátt undir höfði og öðrum menningargreinum þjóðarinnar og minningu þeirra sem ruddu brautina reistur veglegur minnisvarði. Eins má hugsa sér möguleika á Eyrarbakka í tengslum við Húsið og þær byggingar sem Byggðasafn Árnesinga hefur yfir að ráða.

Segja má að á tuttugustu öldinni sé fyrst hægt að tala um hljóðfæratónlist á Íslandi. Fram að því var tónlistariðkun á Íslandi aðallega bundin söng og væri leikið á hljóðfæri var það til að styðja við eða leika með söng. Á fyrstu áratugum tuttugustu aldar var einnig oft talað um söngsali þar sem tónleikahald fór fram og var það aðallega bundið einsöngs- og kórtónlist. Það var einnig fyrst upp úr aldamótunum að íslensk tónskáld fóru að gefa út sönglög sín á nótum að einhverju ráði. Breiddust þau skjótt um landið og voru þessi nýju íslensku lög sungin af allri þjóðinni, mörg þeirra eru það enn.

Fyrir kom að hingað slæddist „einstaka söngfugl“, þ.e. hingað komu erlendir söngvarar og hljóðfæraleikarar og héldu tónleika í upphafi aldarinnar, en vart var hægt að tala um að meðal Íslendinga væri að finna hljóðfæraleikara framan af, að undanskildum Sveinbirni Sveinbjörnssyni og Haraldi Sigurðssyni, en þeir bjuggu báðir erlendis. Þó höfðu nokkrar konur lært að leika á píanó og komu þær aðallega fram sem undirleikarar á söngtónleikum. Þegar leið á annan og þriðja áratuginn fór að bera á menntuðum íslenskum píanó- og fiðluleikurum.

Þegar Sigfús Einarsson og Páll Ísólfsson fluttust til Íslands fóru að heyrast raddir þess efnis, bæði á fundum og í blaðaskrifum, að gera yrði átak til uppbyggingar tónlistarlífinu; bæta yrði söngkennslu í skólum og stofna yrði tónlistarskóla og hljómsveit. Þórarinn Guðmundsson gerði tilraun til stofnunar Hljómsveitar Reykjavíkur árið 1921 en starfsgrundvöllur slíkrar hljómsveitar var þá ekki fyrir hendi. Árið 1925 er stofnuð hljómsveit að nýju, undir sama heiti, og nú undir stjórn Sigfúsar Einarssonar. Þessar hljómsveitir, en í þeim voru að mestu sömu mennirnir, voru upptaktur að stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands um miðja öldina.

Alþingishátíðin árið 1930 var viðburðarík og áhrifamikil hvað varðar tónlistarlífið. Sú áhersla sem lögð var á að hér léki hljómsveit að mestu skipuð Íslendingum varð til þess að hingað voru ráðnir hæfir erlendir stjórnendur. Fyrstur var ráðinn Johannes Velden (1929) til að kenna hljómsveitarmeðlimum, en stærsta skrefið var stigið þegar Franz Mixa var ráðinn til að stjórna hljómsveitinni á sjálfri hátíðinni. Hann samþykkti að koma hingað til lands að nýju um haustið ef stofnaður yrði tónlistarskóli og nýttu menn til þess hinn mikla félagsanda sem skapast hafði í kringum Alþingishátíðina. Það má til sanns vegar færa að meðlimir Hljómsveitar Reykjavíkur hafi stofnað Tónlistarskólann í Reykjavík haustið 1930. Er rekstur skólans var kominn í þrot 1932 var stofnað styrktarfélag um rekstur hans sem fékk heitið Tónlistarfélagið. Tónlistarskólinn átti síðar eftir að skila farsælu starfi á öldinni, ekki síst fyrir tilstilli frábærra kennara sem að honum völdust, bæði innlendra og erlendra.

Við stofnun Ríkisútvarpsins haustið 1930 jókst aðgangur almennings að klassískri tónlist og varð útvarpið eins konar óbein uppeldisstofnun landsmanna í tónlist, sem og á öðrum sviðum. Hefur „gufan“ alla tíð frá stofnun átt sér stóran hóp velvildarmanna, þó svo að samtímis hafi heyrst raddir er kvörtuðu sífellt undan „sinfóníugauli“ og vildu heyra harmonikkutónlist í staðinn.

Tónlistarfélagið varð ekki aðeins styrktarfélag um rekstur Tónlistarskólans heldur sá félagið, með tímanum, um umfangsmikið tónleikahald næstu 50 árin. Voru á vegum þess settar upp óperettur og óperur, hingað komu erlendir tónlistarflytjendur, einstaklingar og hópar, og má segja að tónleikahald Tónlistarfélagsins hafi opnað félögum þess tónlistarglugga inn í tónbókmenntir klassíska og rómantíska tímans með bestu fáanlegu flytjendum hverju sinni.

Annað félag hefur staðið reglulega að tónlistarflutningi frá því eftir miðja öldina, en það er Kammermúsíkklúbburinn. Fyrsti klúbburinn með því heiti var stofnaður 1945 og stóð að tónleikahaldi um hríð. Nýr klúbbur með sama heiti var svo stofnaður 1957 og hefur staðið myndarlega að flutningi á kammertónlist æ síðan.

Framan af voru réttindamál tónlistarmanna í ólestri. Þó fengu kennarar sem kenndu við Tónlistarskólann, og voru um leið Tónlistarfélagsmenn, laun fyrir sína vinnu, einnig fyrir leik sinn í Hljómsveit Reykjavíkur eftir að Tónlistarfélagið tók við henni við stofnun þess. Utanfélagsmenn börðust fyrir tilveru sinni, ekki aðeins í hljómsveitinni heldur einnig á dans- og kaffihúsum því að finna þótti að kynna erlend nöfn á slíkum stöðum. Þetta ástand varð til þess að hagsmunafélag hljóðfæraleikara, Félag íslenskra hljómlistarmanna – FÍH – var stofnað árið 1932. Hefur það æ síðan barist fyrir réttindum félagsmanna sinna. Síðar kom annað slíkt félag, Félag íslenskra tónlistarmanna, en innan þess félags voru hljóðfæraleikarar sem

flestir höfðu sótt framhaldsnám erlendis. Fæstir þeirra komust inn í FÍH því að inntökuskilyrðin voru m.a. þau að geta leikið dægurtónlist eftir eyranu, en það gátu þeir fæstir, eða vildu a.m.k. ekki segja frá því.

Þegar leið á fimmta áratuginn vænkaðist hagur tónskáldanna hvað varðar réttindamál þeirra því að árið 1945 var stofnað Tónskáldafélag Íslands og þremur árum síðar Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar – STEF. Hafa þessi félög æ síðan unnið að réttindamálum tónskálda í landinu og barist fyrir auknum flutningi á tónlist félagsmanna, auk þess að gæta hagsmuna þeirra.

Árið 1950 var sögulegt, einnig á sviði tónlistar. Það ár var Þjóðleikhúsið tekið í notkun sem um leið opnaði leið til umfangsmeira tónleikahalds en áður hafði verið. Strax frá upphafi var ráðist í óperettu- og óperusýningar og voru þær fluttar nokkuð reglulega fram yfir 1960, en eftir það voru slíkar sýningar mjög stopular.

Árið 1950 er einnig sögulegt því að þá var stofnuð sinfóníuhljómsveit. Hljómsveit Reykjavíkur lagði smám saman upp laupana og hélt hún sína síðustu tónleika undir því heiti árið 1949. Tónlistarfélagið hafði ekki lengur fjárhagslegt bolmagn til að standa eitt að rekstri slíkrar hljómsveitar og varð að hætta honum. Varð Ríkisútvarpið helsti rekstraraðili hinnar nýju hljómsveitar og hefur æ síðan verið sterkur bakhjarl hennar. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur vaxið jafnt og þétt með árunum og er nú þekkt víða um heim fyrir vandaðan flutning sinn, bæði á tónleikum og útgefnum hljóðritunum.

Segja má að hin svokallaða nútímatónlist, þ.e. tónlist sem samin er á tuttugustu öldinni, hafi fyrst af alvöru farið að heyrast hér á landi árið 1960 er félagsskapurinn Musica Nova hóf reglulegt tónleikahald sitt. Félag þetta var stofnað af skapandi og túlkandi listamönnum, þ.e. ungum tónskáldum og hljóðfæraleikurum sem verið höfðu við framhaldsnám erlendis í greinum sínum en fengu hvergi inni með tónlist sína – og alls ekki hjá Tónlistarfélaginu. Félag þetta var grasrótarhreyfing og starfaði til ársins 1973. Það var aldrei lagt niður, en síðar var stofnað annað félag með sama nafni sem vann að sömu markmiðum. Vegna breyttra aðstæðna í tónlistarheiminum hefur hvorugt þessara félaga verið virkt um hríð.

Íslensk tónskáld áttu lengi framan af í örðugleikum með að fá verk sín útgefin og kynnt í hinum stóra heimi. Tónskáldin voru misdugleg að fá verk sín prentuð og er það m.a. ástæðan fyrir því að enn eru mörg íslensk tónverk aðeins til í handriti.

Árið 1968 stofnuðu íslensk tónskáld útgáfufélag sem fékk heitið Íslensk tónverkamiðstöð og var hún stofnuð að fyrirmynd slíkra félaga erlendis. Má segja að miðstöðin hafi vaxið hægt en örugglega og vinnur hún nú að blómlegri útgáfu á íslenskri tónlist, bæði á nótum og í hljóðritunum eftir því sem rekstrarrammi hennar leyfir.

Tónleikahald hefur verið öflugt allt frá því að Tónlistarfélagið hóf reglulegt tónleikahald sitt árið 1937. Árið 1970 hófst svo nýr þáttur í íslensku tónleikahaldi þegar listahátíðum var hrundið af stað. Þá voru skapaðar aðstæður til hátíðarhalda á „heimsvísu“ með því að ekki aðeins komu helstu tónlistarflytjendur heimsins hingað og héldu tónleika heldur komu listamenn úr öðrum listgreinum og sýndu og fluttu okkur list sína. Listahátíð í Reykjavík hefur verið haldin annað hvert ár æ síðan.

Svo ríkt hefur tónlistarlífið verið á seinasta fjórðungi aldarinnar að fátt eitt af því verður talið upp hér. Þó mætti draga saman hluti eins og tónlistarflutning Kammersveitar Reykjavíkur og margra annarra samspilshópa, stofnun og starfsemi íslenskrar óperu, tónlistarhátíðir, t.d. á Kirkjubæjarklaustri, í Reykholti, á Egilsstöðum og víðar um land, stofnun sinfóníuhljómsveitar á Akureyri, tónleikahald á vegum Tónskáldafélagsins, Myrka músíkdaga, ErkiTíð og tónleikahald í kirkjum eins og Hallgrímskirkju, Dómkirkjunni, Langholtskirkju og víðar. Einnig má nefna öflugt kórstarf, bæði blandaðra kóra og karla-, kvenna- og barna-

kóra, öflugt starf tónlistarskóla og lúðrasveita og stóraukna útgáfu á hljóðritunum á verkum tónskáldanna, svo og með leik flytjenda.

Hér hefur aðeins verið minnst á nokkra þætti í hinni almennu þróun tónlistarmálanna hér á landi á þessari öld. Að lokum má benda á fyrirsögn sem birtist í tímaritinu Þjóðólfi 23. september árið 1881 en hún hljóðar svo: „Um hús til sönglegra skemmtana, gleðileika o.fl. handa bæjarbúum.“ Er það ekki þetta hús sem við erum enn þá að berjast fyrir?

972. Fyrirspurn [609. mál]

til heilbrigðisráðherra um komugjöld á heilsugæslustöðvum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve há eru komugjöld á heilsugæslustöðvum?
2. Hve háar hafa heildargreiðslur komugjalda verið árlega sl. þrjú ár?
3. Hvernig skiptast greiðslur þessara gjalda í krónum, sbr. 2. tölul., á milli:
   a. aldraðra,
   b. barna,
   c. öryrkja og
   d. annarra?
4. Hver er stefna ráðherra varðandi slík gjöld?

973. Frumvarp til laga [610. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo:
   3. 13% vörugjald:
   a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
   b. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
   c. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
   d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
   e. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
   f. Ökutæki, sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

b. 4. tölul. fellur brott.

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

8. Vörugjald af bifreiðum sem eru sérstaklega útbúnar og notaðar til líkflutninga skal vera:

Flokkur	**Sprengirými aflvélar**	**Gjald í %**
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lögð til lækkun vörugjalds af nokkrum flokkum ökutækja vegna samræmissjónarmiða. Þá er lögð til lækkun vörugjalds af bifreiðum sem eru sérútbúnar og notaðar til líkflutninga til samræmis við lækkun vörugjalds af leigubifreiðum, bílaleigubifreiðum og bifreiðum til ökukennslu að uppfylltum tilteknum skilyrðum laga og reglugerða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til lækkun vörugjalds af ökutækjum til vöruflutninga að heildarþyngd 5 tonn eða minna í 13% sem er til þess fallin að draga úr hvata til innflutnings þyngri bifreiða sem bera ekkert vörugjald, en nokkuð hefur borið á því að ökutækjum sem ekki ná 5 tonnum er breytt til þess að þau nái þeirri þyngd fyrir álagningu vörugjalds. Þá þykir rétt að lækka vörugjald af þessum flokki ökutækja til samræmis við sérreglur laganna um leigubifreiðar, bifreiðar bílaleiga og bifreiðar til ökukennslu með vélar stærri en 2.000 rúmsentímetrar. Til einföldunar og til þess að gæta samræmis á milli flokka sem tilgreindir eru í 3. og 4. tölul. 4. gr. laganna er lögð til sameining þeirra í einn tölulið sem ber 13% vörugjald.

Um 2. gr.

Lagt er til að við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður þar sem kveðið sé á um lækkun vörugjalds af bifreiðum sem eru sérútbúnar og notaðar til líkflutninga. Þá er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um lækkun vörugjalds skv. 3. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Með frumvarpinu er lagt til að vörugjald af ökutækjum til vöruflutninga sem eru allt að 5 tonn verði 13% en það er nú 20% af flestum tegundum slíkra ökutækja. Ef tekið er mið af aðflutningsgjöldum ökutækja af þessum toga árið 2001 má ætla að ríkissjóður verði af um 60 m.kr. tekjum á ári verði frumvarpið að lögum. Frumvarpið snýr eingöngu að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld svo að nokkru nemi.

974. Frumvarp til laga [611. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
21. Kópavogur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil uppbygging í Kópavogshöfn og aðstaða skapast þar til afgreiðslu stórra skipa í millilandasiglingum. Nú þegar hefur eitt skipafélag boðað fastar ferðir frá Evrópuríkjum og Ameríku til Kópavogshafnar og hefur félagið komið sér upp aðstöðu til að geyma þar ótollafgreiddar vörur. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera Kópavogshöfn að aðaltollhöfn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að Kópavogshöfn verði aðaltollhöfn svo að skip í förum til og frá landinu geti fengið fyrstu og síðustu tollafgreiðslu hér á landi við höfnina án sérstaks leyfis tollyfirvalda.

Úttekt á höfninni, skv. 5. mgr. 28. gr. tollalaga, hefur farið fram og er niðurstaða þeirrar úttektar að Kópavogshöfn fullnægi skilyrðum 64. gr. laganna um tolleftirlit og vörslu á ótollafgreiddum vörum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að Kópavogshöfn verði aðaltollhöfn. Ekki er ástæða til þess að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

975. Frumvarp til laga [612. mál]

um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi fjalla um réttindi og skyldur þeirra sem hlotið hafa réttindi til að flytja mál fyrir opinberum dómstólum og veita réttaraðstoð og lögfræðiþjónustu undir heitinu lögmaður. Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður. Lögin taka einnig, eftir því sem við á, til erlendra lögmanna sem starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skráningu, skyldur, réttindi og störf slíkra lögmanna hér á landi, þ.m.t. um þátttöku í félagi um rekstur lögmannsþjónustu.

2. gr.

2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Í tengslum við Lögmannafélag Íslands skal starfa sjálfstæð úrskurðarnefnd lögmanna sem leysir úr málum eftir ákvæðum þessara laga og á það einnig við um mál er varða erlenda lögmenn sem heimild hafa til að veita þjónustu hér á landi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi frá lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Erlendum lögmönnum sem skráðir eru hér á landi í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. og starfað hafa reglubundið hér á landi í þrjú ár undir lögmannsheiti heimalands síns

má veita héraðsdómslögmannsréttindi, sbr. 10. gr. tilskipunar 98/5/EB. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um veitingu réttindanna.

5. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Það varðar sektum að nota starfsheiti erlendra lögmanna sem greind eru í reglum sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 1. gr. án þess að hafa hlotið tilskilið starfsleyfi í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þær breytingar sem í frumvarpinu felast taka fyrst og fremst til breytinga sem nauðsynlegar teljast vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn um að fella inn í hann tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/5 frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi. Var ákvörðun nefndarinnar tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu Íslands, Noregs og Liechtenstein en þeim fyrirvara hefur nú verið aflétt í öllum löndunum og tekur tilskipunin gildi 1. mars nk. Tilgangur þessarar tilskipunar er að gera lögmönnum kleift að starfa í öðru aðildarríki en þar sem þeir fengu starfsréttindi sín undir starfsheiti heimalands síns og einnig að auðvelda þeim að fá starfsheiti gistiríkisins. Þessum lögmönnum er skylt að skrá sig í gistiríkinu auk þess að vera áfram skráðir í heimalandi sínu og þeir skulu lúta lögum, siðareglum og viðurlögum sem í gistiríkinu gilda. Þær breytingar sem nauðsynlegt þykir að gera á lögum um lögmenn vegna upptöku þessarar tilskipunar í EES-samninginn snúa fyrst og fremst að því að hafa ákvæði í lögum um lögmenn um að lögin taki einnig til þeirra lögmanna sem hér hafa rétt til að starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins og að veita dómsmálaráðherra heimild til að setja reglur um skráningu, skyldur, réttindi og störf þessara lögmanna í samræmi við þessar tilskipanir.

Að öðru leyti snúa breytingar þær sem í frumvarpinu felast að þeim skilyrðum sem þeir þurfa að uppfylla sem óska eftir réttindum til að vera héraðsdómslögmaður. Er lagt til að það sé ekki lengur skilyrði að viðkomandi hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands heldur skuli viðkomandi hafa lokið embættis- eða meistaraprófi í lögfræði frá lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tekið er upp það nýmæli í 1. mgr. 1. gr. að skilgreina gildissvið laganna og því lýst að þau fjalli um rétt og skyldur lögmanna, bæði þegar þeir starfa fyrir dómstólum og þegar þeir veita skjólstæðingum sínum, vinnuveitanda eða félagsmönnum, réttaraðstoð og almenna lögfræðiþjónustu sem héraðsdómslögmenn eða hæstaréttarlögmenn. Þá er lagt til að tekið verði fram í lögunum að þau taki einnig, eftir því sem við á, til erlendra lögmanna sem starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins og að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur um störf þeirra. Er hér einkum um að ræða tilskipun 98/5 um staðfesturétt lögmanna og tilskipun 77/249 um rétt lögmanna til

að veita tímabundna þjónustu en báðar þessar tilskipanir hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Um 2. gr.

Lagt er til að 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna falli brott þar sem heimild fyrir dómsmálaráðherra til að setja reglugerð um starfsemi þeirra lögmanna er hér starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins er í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Lögð til sú breyting að tekið verði fram í lögunum að úrskurðarnefnd lögmanna geti einnig leyst úr málum er varða erlenda lögmenn sem heimild hafa til að starfa hér á landi. Er hér átt við þá lögmenn sem hér starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins.

Um 4. gr.

Samkvæmt núgildandi 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna er það skilyrði sett að sá sem sækir um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður skuli hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Háskóli Íslands er ekki lengur eini háskólinn á Íslandi þar sem kennd er lögfræði og þykir því rétt að leggja til þá breytingu á framangreindum 4. tölul. að þeir sem lokið hafa fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi frá lagadeild háskóla sem viðurkenndur er af menntamálaráðuneytinu samkvæmt lögum um háskóla uppfylli skilyrðið. Með orðunum fullnaðarnám í lögfræði er vísað til þess að viðkomandi hafi lokið heildstæðu laganámi, bæði grunn- og framhaldsgráðu eða embættisprófi, og því ekki nægilegt til þess að uppfylla skilyrðið að hafa lokið grunnnámi í annarri grein en lögfræði þótt viðkomandi hafi lokið meistaraprófi í lögfræði. Er litið til þess að eðlilegt er að gera þá kröfu að lögmenn hafi öðlast þekkingu á helstu grunngreinum lögfræðinnar, svo sem réttarheimildafræði og lögskýringum, kröfurétti, skaðabótarétti, refsirétti og réttarfari. Að sjálfsögðu er æskilegt að lögmenn hafi þekkingu á ýmsum öðrum sviðum lögfræðinnar, en hér eru hins vegar nefnd dæmi um greinar lögfræðinnar sem gera verður kröfu um að lögmenn hafi tileinkað sér í námi og iðulega reynir á í störfum þeirra, enda hefur þeim jafnan verið gerð skil í laganámi hérlendis sem erlendis.

Þá er lögð til sú breyting á 6. gr. að við bætist ný málsgrein þar sem tekið verði fram að þeim lögmönnum sem skráðir eru hér á landi í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins 98/5 megi veita héraðsdómslögmannsréttindi þegar þeir hafa starfað hér reglubundið í þrjú ár í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar og jafnframt að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um veitingu réttindanna.

Um 5. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum varðar það sektum að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður nema hafa til þess fullgild starfsréttindi. Rétt þykir að það sama gildi noti aðrir en þeir sem hlotið hafa til þess leyfi starfsheiti þeirra erlendu lögmanna sem hér starfa samkvæmt heimild í reglum sem dómsmálaráðherra setur, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 77/1998, um lögmenn.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um lögmenn sem leiðir af ákvæðum sem tekin hafa verið upp í viðauka við EES-samninginn. Ákvæðunum er ætlað að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu menntun sína og starfshæfi. Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lög um lögmenn taki einnig til lögmanna sem hafa rétt til að starfa hér á landi á grundvelli tilskipana ESB í samræmi við reglur sem dómsmálaráðherra setur. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að skilyrði fyrir veitingu héraðsdómslögmannsréttinda verði að viðkomandi hafi lokið prófi í lögfræði við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er af menntamálaráðuneytinu í stað þess að það sé bundið við embættispróf frá Háskóla Íslands eins og gert er í gildandi lögum. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

976. Frumvarp til laga [613. mál]

um heimild til að afsala tilteknum vatnsréttindum til virkjunar í Þjórsá ásamt landi sem til þarf í því skyni.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að afsala til sameignarfyrirtækisins Landsvirkjunar þeim réttindum sem vísað er til í 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965 að því marki sem nær til lands og vatnsréttinda vestan Þjórsár, sbr. hnit á landabréfi í viðauka við lög þessi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.



Eignarréttindi Landsvirkjunar í Árnessýslu vegna Búrfellsvirkjunar

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, var ríkið lýst eigandi alls lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki væru háð einkaeignarrétti. Jafnframt var komið á fót sérstöku stjórnvaldi, óbyggðanefnd, til að fara á skipulegan hátt yfir hvaða land telst til þjóðlendna og skera úr um mörk þeirra og eignarlanda. Samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í málinu nr. 7/2000, um Gnúpverjaafrétt, Þjórsárdal og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi, var Gnúpverjaafréttur allur, þar á meðal upprunalegur syðsti hluti hans, svokallað Búrfells- og Skeljafellsland, úrskurðaður þjóðlenda. Þar sem eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun hefur ásamt öðru miðast við framsal hluta þessa svæðis, ásamt tilteknum vatnsréttindum í Þjórsá til fyrirtækisins, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 1. júlí 1965, er það niðurstaða eigenda fyrirtækisins að nauðsyn beri til að flytja frumvarp þetta og leita með því eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar beinum eignarrétti að þessum réttindum. Með því móti er tryggt að fyrirtækið verður að gengnum úrskurði óbyggðanefndar eins sett og til var stofnað með nefndum samningi að því marki sem hann náði til ráðstöfunar þess lands og vatnsréttinda á nefndu svæði, vestan Þjórsár, sem ríkið taldi sig eiganda að við gerð sameignarsamningsins frá 1965. Sambærileg staða kann að vera austan árinnar en niðurstaða óbyggðanefndar um eignarhald á landi þar liggur ekki fyrir.

Í greinargerð þeirri er hér fer á eftir verður fyrst vikið að setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og stofnun óbyggðanefndar. Þá verður fjallað um stofnun Landsvirkjunar, samninga og lög sem um fyrirtækið hafa gilt og gerð ítarleg grein fyrir áðurnefndum úrskurði óbyggða-

nefndar og þeim forsendum sem hún lagði niðurstöðu sinni til grundvallar. Loks verða skýrðar forsendur eigenda fyrir þeim ráðstöfunum sem frumvarp þetta felur í sér.

Þjóðlendulög og hlutverk óbyggðanefndar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er þjóðlenda skilgreind sem landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar og lögaðilar geti átt þar takmörkuð eignarréttindi. Með 2. gr. sömu laga var ríkið lýst eigandi þjóðlendna, sem og hvers konar landsréttinda og hlunninda innan þeirra sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Lög þessi réðu því þó ekki til hlítar hvaða svæði þetta væru, enda ógerningur að skera með lögum úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda og eftir atvikum um önnur réttindi innan þjóðlendna. Með sömu lögum var því komið á fót sérstakri nefnd í þessu skyni, óbyggðanefnd, og henni falið að leysa á skipulegan hátt úr þeim álitaefnum sem uppi eru um þetta hvar sem er á landinu.

Í 7. gr. laga nr. 58/1998 er hlutverki óbyggðanefndar lýst á svofelldan hátt:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd tók norðanverða Árnessýslu fyrst til meðferðar og skipti umfjöllun um svæðið í sjö mál. Um virkjanasvæði Landsvirkjunar á Gnúpverjaafrétti var fjallað í máli nr. 7/2000 og lokið á það úrskurði 21. mars 2002.

Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að Gnúpverjahreppur hafi verið einn þeirra hreppa í Árnessýslu sem ráðstafaði vatnsréttindum í afrétti sínum í byrjun 20. aldar til fossafélagsins Titan. Auk þess hafi hreppurinn selt Einari Benediktssyni Búrfell og Skeljafell syðst á Gnúpverjaafrétti árið 1916 en Einar síðar framselt Titan þau réttindi sem hann komst yfir með þeim samningi. Öll þessi réttindi afsalaði Titan h/f síðan til ríkisins árið 1952, en hluta þeirra lagði ríkið til Landsvirkjunar við stofnun fyrirtækisins árið 1965.

Um stofnun Landsvirkjunar og framlög eigenda.

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Stofnendur fyrirtækisins voru skv. 1. gr. laganna ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur og skyldi hvor aðili um sig eiga helming fyrirtækisins. Skv. 1. mgr. 5. gr. skyldu ríkið og Reykjavíkurborg leggja Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir og réttindi sem tiltekin voru í 4. gr. laganna, en auk þess skyldu aðilar gera nánar grein fyrir þessum framlögum í sameignarsamningi um fyrirtækið. Í 4. gr. laganna sagði svo:

„Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvílandi skuldum og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell."

Í 6. gr. laganna sagði síðan:

„Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp."

Loks sagði í 18. gr. laganna að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg væru til framkvæmda samkvæmt lögunum.

Í samræmi við 5. gr. laga nr. 59/1965 gerðu ríki og Reykjavíkurborg sameignarsamning um Landsvirkjun sem undirritaður var hinn 1. júlí 1965. Í 2. gr. samningsins var gerð nánari grein fyrir þeim eignarréttindum sem 4. og 6. gr. laganna gerðu ráð fyrir að hvor aðili um sig legði til fyrirtækisins. Þar sagði m.a.:

„Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:

A. Ríkissjóður:

1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnsafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi."

Í 5. tölul. A-liðar var fjallað um peningagreiðslur sem ríkissjóður lagði fyrirtækinu til og í B-lið 2. gr. samningsins var framlag Reykjavíkurborgar útlistað. Byggðist sá helmingseignarhlutur sem mælt var fyrir um í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965, að hvor aðili um sig skyldi eiga í fyrirtækinu, á þessum framlögum.

Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Hinar helstu voru þær að skv. 2. gr. var bætt við 4. gr. laganna svohljóðandi málsgrein:

„Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr."

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði hún svo:

„Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp."

Í 2. gr. breytingalaganna er 4. gr. eldri laganna breytt þannig að kveðið er á um að Landsvirkjun taki enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss og síðan vísað nánar þar um til 6. gr. laganna í breyttri mynd. Engar breytingar urðu þó á eignarhlut aðila, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965.

Hinn 27. febrúar 1981 var gerður nýr sameignarsamningur vegna samkomulags eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Með samningnum gerðist Akureyrarbær sameigandi ásamt ríkisstjórn og Reykjavíkurborg.

Við samninginn lagði ríkissjóður fram 35% eignarhlut sinn í Laxárvirkjun og Akureyrarbær lagði fram 65% eignarhlut sinn í virkjuninni. Eftir þessa breytingu voru eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar þannig að ríkissjóður átti 48,40%, Reykjavíkurborg 45,95% og Akureyrarbær 5,65%. Þá var í þessum nýja sameignarsamningi ákvæði sem heimilaði ríkissjóði að auka eignarhluta sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð 70.137.000 nýkr. Fjárhæð þessi skyldi leiðrétt í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 42/1983 öðlaðist samningur þessi gildi 1. júlí 1983 og féll sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 þá úr gildi.

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 42/1983 kemur fram að frumvarpið hafi verið samið af nefnd skipaðri af eigendum Landsvirkjunar og að þar hafi verið samkomulag um framangreind eignarhlutföll. Í athugasemdum við 1. gr. sagði:

„Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965."

Hinn 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Skv. 1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesjavirkjun. Jafnframt yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Skv. 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbýli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærilegt því sem almennt væri greitt fyrir slík réttindi. Mætti endurgjaldið samkvæmt sama ákvæði vera eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbyndu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Eignarhlutur eigenda Landsvirkjunar breyttist ekkert með samningnum.

Hinn 28. október 1996 var gerður samningur milli eignaraðila Landsvirkjunar um breytingu á sameignarsamningnum frá 1981. Í þeim samningi er í 1. gr. svohljóðandi ákvæði um eignarhluti aðila í fyrirtækinu:

„1. gr. samningsins orðist svo: Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

1. Ríkissjóður Íslands	50,000%
2. Reykjavíkurborg	44,525%
3. Akureyrarbær	5,475%"

Um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Gnúpverjaafrétti – úrskurður óbyggðanefndar.
Um samninga Gnúpverjahrepps og framsal þeirra.

Réttindi þau sem vísað er til í 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965 voru m.a. réttur til lands á fyrrnefndu Búrfells- og Skeljafellssvæði sem ríkið taldi sig eiganda að samkvæmt afsali skilanefndar a/s Titan og svo vatnsréttindi í Þjórsá að því leyti sem

þau fylgdu landi vestan Þjórsár, bæði Búrfells- og Skeljafellslandi, og vatnsréttindi ofar og fyrir afréttinum sjálfum og aðliggjandi vatnsföllum að því leyti sem ríkið taldi sig eiga þau fyrir framsal frá Titan. Auk þess vísar samningsákvæðið til þeirra vatnsréttinda í Þjórsá sem fylgdu landi austan ár, en óbyggðanefnd hefur það svæði nú til meðferðar og hefur ekki gengið um það úrskurður.

Í úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 7/2000 er ítarlega fjallað um ráðstöfun réttinda á Gnúpverjaafrétti á framanverðri 19. öld. Þar segir m.a.:

„Gnúpverjahreppur var einn þeirra hreppa í Árnessýslu sem ráðstafaði vatnsréttindum á afrétti sínum í upphafi 20. aldar. Þetta kom m.a. fram í því að 20. febrúar 1909 veitti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps Gesti Einarssyni á Hæli „fullt og ótakmarkað einkaumboð til þess að selja, leigja eða á annan hátt koma í verð eign hreppsins: fossunum Þjófafossi, Tröllkonufossi og Gljúfurleitarfossi, öllum í Þjórsá, Hávafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingaárfossi í Geldingaá ásamt vatninu í nefndum ám og árfarvegum“. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aðalfundi sýslunefndar Árnessýslu 26.–30. apríl sama ár. Á fundi hreppsnefndar Gnúpverjahrepps 9. mars 1911 var samþykkt að hverjum þeim, sem keypti eða leigði fossa þá er nefndir væru í umboði Gests Einarssonar, „[væri] heimilt land eptir þörfum til útbyggingar hvers foss fyrir sig endurgjaldslaust, þar með talinn rjettur til að gjöra nauðsynlega skurði til vatnsleiðslu, land undir nauðsynleg hús og aðrar byggingar, er notaðar kunna að verða til starfrækslu fossanna sjerstaklega“. Einnig var tekið fram að væntanlegum kaupendum eða leigjendum fossanna væru heimil án endurgjalds hvers kyns byggingarefni, sem kynnu að finnast í löndum hreppsins, til bygginga í sambandi við fossana.

Umboð þetta framseldi Gestur Einarsson Þorleifi Guðmundssyni 24. febrúar 1911. Það komst síðar í hendur Sturlu Jónssonar og 19. febrúar 1914 seldi hann, í umboði Gnúpverjahrepps, fossafélaginu Titan réttindi sem hreppurinn taldi sig eiga í fyrrnefndum fossum. Í fyrstu grein samnings er tilgreint nákvæmlega hvað selt var:

„Hið selda er:

a. Eignarhluti seljanda í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 400 – fjögur hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins meðfram ánni er sje á lengd 200 – tvö hundruð – faðmar upp með ánni frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðmar niður með ánni frá fossinum.
b. Eignarhluti seljanda í Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá ásamt öllu vatninu og árfarvegi í báðum þessum fossum og alla leið á milli þeirra og ennfremur 500 – fimm hundruð – faðma upp ána frá Tröllkonufossi og 500 – fimm hundruð – faðma niður ána frá Þjófafossi, svo og með 200 – tvö hundruð – faðma breiðri landsspildu meðfram ánni alla leið milli ofangreindra enditakmarka 500 föðmum fyrir ofan Tröllkonufoss og 500 föðmum fyrir neðan Þjófafoss.
c. Eignarhluti seljanda í Hávafossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 1000 – eitt þúsund – faðma upp ána frá fossinum og 1000 – eitt þúsund – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu úr landi hreppsins milli tjeðra enditakmarka fyrir ofan og neðan fossinn.
d. Eignarhluti seljanda í Hjálparfossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins milli tjeðra endimarka fyrir ofan og neðan fossinn.
e. Geldingaárfoss í Geldingaá ásamt öllu vatni og árfarvegi. Kaupinu eru undanskilinn allur námarjettur hvers kyns sem er í ofannefndum landssvæðum hreppsins.“

Samningi þessum var þinglýst án athugasemda þann 19. júní 1914. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps gaf síðan út fullt afsal 16. júlí sama ár, þegar gerð höfðu verið öll skil fyrir umsömdu kaupverði, og var það fyrirfram innritað 1. október 1914 til þinglýsingar í Gnúpverjahreppi 1915."

Hér skal þess getið að Flóa- og Skeiðamenn og Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur seldu Einari Benediktssyni og a/s Titan vatnsréttindi í Háafossi og Hjálparfossi annars vegar og í Þjórsá og aðliggjandi vatnsföllum að austanverðu hins vegar á sams konar hátt og Gnúpverjahreppur. Óbyggðanefnd hefur eignarhald á afréttum í Rangárvallasýslu austan Þjórsár nú til meðferðar, sbr. tilkynningu nefndarinnar frá 28. maí 2001, en hefur ekki lokið á það úrskurði.

Sumarið 1916 var Gesti Einarssyni fengið formlegt umboð frá hreppsnefnd Gnúpverjahrepps til að selja Búrfell og Skeljafell, syðst í Gnúpverjaafrétti, að svo miklu leyti sem réttindi á því svæði höfðu ekki þegar verið seld, sbr. það sem að framan greinir um Tröllkonufoss og Þjófafoss. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aukafundi sýslunefndar Árnessýslu 17. júlí sama ár. Hinn 28. júlí 1916 seldi Gestur Einari Benediktssyni Búrfell og Skeljafell með þessum landamerkjum: „Úr Þjórsá ræður merkjum Fossá að Rauðá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri), þaðan ræður bein lína í Þjórsá neðan við graslendi Sandafells, en þaðan ræður Þjórsá merkjum niður að Fossá." Undanskilið sölunni var það land, fossar, vatnsafl og réttindi sem Sturla Jónsson hafði, í umboði Gnúpverjahrepps, áður selt með fyrrgreindu afsali, 16. júlí 1916. Í 3. gr. samningsins segir á þessa leið:

„Hreppurinn áskilur sjer rjett sinn til skógarhöggs í Búrfellshálsi óskertan og endurgjaldslaust. Þó skal þetta skilyrði ekki mega koma í bága við starfrækslu eða afnot kaupandans af því selda, en gjalda skal hann fullar bætur eftir mati dómkvaddra óvilhallra manna fyrir tjón það sem þá kann að verða á skógarhögginu.

Sömuleiðs áskilur hreppurinn sjer rjett til uppreksturs og afrjettarnotkunar á hinni seldu landsspildu endurgjaldslaust svo lengi sem það kemur ekki í bága við starfrækslu kaupanda eða þeirra, sem hann framselur rjett sinn á landinu."

Samningnum var þinglýst 12. júní 1918 með athugasemdinni „Seljanda brestur þingl. eignarheimild". Síðar hefur verið bætt við, án dagsetningar, „en verður að teljast notariskur eigandi að hinu selda".

Hinn 11. febrúar 1917 framseldi Einar Benediktsson réttindi sín samkvæmt framangreindum kaupsamningi til fossafélagsins Titans. Samningi Einars og Titans var þinglýst athugasemdalaust 27. júní 1919. Afsal þessara réttinda til fyrirtækisins var gefið út 2. september 1923 og fyrir fram innfært í afsals- og veðmálabók 27. nóvember sama ár. Því afsali var þinglýst athugasemdalaust 11. júlí 1924.

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

„Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta, sem hreppsfjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn."

Hinn 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur milli landbúnaðarráðuneytisins og a/s Titans þar sem þau réttindi sem rakin hafa verið hér að framan voru, ásamt fleiri eignum, seld

landbúnaðarráðuneytinu og var kaupsamningurinn síðan áritaður um afsal til landbúnaðarráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins af skilanefnd a/s Titans 16. janúar 1952. Því afsali var að sama skapi þinglýst athugasemdalaust 29. janúar 1952.

Í samningi þessum sagði:

„Islands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værneting i Reykjavík på den anden side har indgået sådan kontrakt:

A/S Titan overdrager herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og söer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som selskabet har erhvervet i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi i Villingaholtssogn.

De rettigheder, som ifölge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter:

- [Hér er sleppt úr skjölum nr. 1–24 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]
- 25. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Háifoss og Hjálparfoss i Fossá (Skeiðahreppurs andel).
- 26. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Gljúfurleitarfoss, Tröllkonufoss og Þjófafoss i Þjórsá, Háifoss og Hjálparfoss i Fossá og Geldingaárfoss i Geldingaá (Gnúpverjahreppurs andel).
- 27. Sköde, dateret d. 2. september 1923, angående Búrfell og Skeljafell i Gnúpverjahreppsafréttur.
- [Hér er sleppt úr skjölum nr. 28–35 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

Disse dokumenter har köberen gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köberen sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.“

Við stofnun Landsvirkjunar lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi, þar með talin á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Er þar um að ræða hluta þeirra réttinda sem ríkið taldi sig komið að með framangreindum samningi við a/s Titan.

Niðurstaða óbyggðanefndar um einkaeignarréttarlega ráðstöfun réttinda á Gnúpverjaafrétti.

Um þýðingu framangreindra samninga sagði m.a. svo í niðurstöðu óbyggðanefndar:

„Óbyggðanefnd [telur] að beinn eignarréttur jarðeigenda í Gnúpverjahreppi eða eftir atvikum Gnúpverjahrepps hafi ekki verið fyrir hendi frá öndverðu og að þau takmörkuðu not sem sýnt hefur verið fram á að höfð hafi verið af landinu, þ.e. fyrst og fremst beitarafnot, geti ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir [...]. Samningar og afsöl hreppsnefndar á vatnsréttindum ásamt fleiru til Titan h/f árið 1914, kaupsamningur sama aðila við Einar Benediktsson um Búrfell og Skeljafell í afréttinum árið 1916 eða afsal réttinda samkvæmt þeim samningi til Titan h/f árið 1923, fá ekki breytt þeirri eignarréttarlegu stöðu eða stöðu þeirra sem leiða rétt sinn frá afsalsgjöfum.

Í því sambandi ræður ekki úrslitum þótt gerningum þessum hafi verið þinglýst og réttindi Titan seinna orðið hluti af kaupum íslenska ríkisins á vatnsréttindum á stærra svæði, enda gat ekki falist í þeim víðtækari eignarréttur afsalshafa til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Verður ekki talið, að íslenska ríkið hafi með þeim kaupum viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppsins yfir afréttarlandinu. Hefur og komið fram að af hálfu ríkisvaldsins

var þinglýsingu skjala um viðskipti þessi mótmælt við þinglýsingardómara á þeim grundvelli að vatnsréttindi á landsvæðum í óbyggðum, þar sem bændur eiga sumarbeit, væru almenningseign.“

Síðan sagði:

„Af hálfu Gnúpverjahrepps og eigenda jarða í hreppnum hefur því ekki verið sannað að sá hluti Gnúpverjaafréttar sem hér er til úrlausnar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.“ Á sömu forsendum taldi nefndin að Búrfells- og Skeljafellssvæðið, sem selt var undan afréttinum með kaupsamningi, dags. 28. júlí 1916, hefði þá verið utan eignarlanda.

Í samræmi við þessa niðurstöðu taldi nefndin að Gnúpverjahrepp hefði skort eignarheimildir til að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúpverjaafrétti. Fossafélagið a/s Titan hefði því ekki verið réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði hinn 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt sinn á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.

Réttindi Landsvirkjunar samkvæmt lögum.

Loks tók óbyggðanefnd til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun hafa verið fengin að lögum eða í samræmi við lög. Um þetta sagði m.a. svo í niðurstöðu nefndarinnar:

„Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.“

Þá kemur fram að óbyggðanefnd hafi gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn, lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Síðan segir: „Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt, sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fólgið í fullveldisrétti,

yfirráða- eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögunum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar frá 29. mars 2001 í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreiningu eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim

landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.“

Niðurstöður óbyggðanefndar í samandregnu máli.

Í úrskurði óbyggðanefndar er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir sölu Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum í afrétti hreppsins í upphafi síðustu aldar. Gerð er grein fyrir framsali þessara réttinda með einkaréttarlegum samningum allt til þess tíma er ríkið lagði hluta þeirra fram sem framlag sitt við stofnun Landsvirkjunar árið 1965.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjahreppur hefði ekki átt afréttinn og því hvorki verið bær til þess að afsala landi né vatnsréttindum. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning. Afrétturinn er því þjóðlenda í eigu ríkisins sem og þau landsréttindi og hlunnindi sem henni tilheyra. Óbyggðanefnd taldi enn fremur að lögbundin heimild til að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar, þar á meðal vatnsréttindin, hefði verið gerð með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins þar sem afhent voru að hluta þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan. Þar sem hinir einkaréttarlegu samningar, sem raktir verða til sölu Gnúpverjahrepps á lands- og vatnsréttindunum, voru ólögmætir sökum vanheimildar hreppsins var hvorki með einkaréttarlegu framsali né lögum hægt að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar. Það er því niðurstaða nefndarinnar að með löggjöf um Landsvirkjun og öðrum lögum sem fyrirtækið sækir rétt sinn til hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi Landsvirkjun til handa.

Breytt réttarskipan á Gnúpverjaafrétti.

Ljóst er af því sem rakið hefur verið hér að framan að grundvallarbreyting hefur orðið á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar við gildistöku laga nr. 58/1998 og að gengnum úrskurði óbyggðanefndar í málinu nr. 7/2000. Eftir gildistöku laganna telst ríkið eigandi þeirra fasteignarréttinda, lands- og vatnsréttinda, sem fram að því voru eigendalaus, en Landsvirkjun hafði áður að hluta talið til réttinda yfir á grundvelli þeirra heimilda sem einnig eru raktar hér að framan og óumdeilt er að ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins. Ágreiningslaust er einnig að eignarhald ríkisins í Landsvirkjun hefur m.a. byggst á þessu framlagi þess við stofnun fyrirtækisins og ásamt öðru tryggt ríkinu helmingseignarhlut í því.

Að undanförnu hefur í samráði við meðeigendur ríkisins að fyrirtækinu verið fjallað um hvernig óbreytt réttarstaða þess verði tryggð að breyttri réttarskipan á svæðinu. Hafa eigendurnir sammælst um að réttarstaða fyrirtækisins verði ekki að fullu tryggð nema ríkinu verði með lögum heimilað að framselja því þau réttindi sem samningurinn frá 1965 tók til, enda hafi framsal þeirra í ljósi niðurstöðu óbyggðanefndar byggst á vanheimild sem ekki verði bætt úr á annan hátt. Hafa bæði borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri staðfest þá afstöðu bréflega og beint því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir lagasetningu í þá veru sem frumvarp þetta felur í sér.

Þar eð ríkinu er í samræmi við 40. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, óheimilt að selja neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum er í samræmi við þessa niðurstöðu eigendanna leitað eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar þeim hluta þeirra réttinda, sem ætlunin var að framselja til fyrirtækisins á grundvelli 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965, sem nú telst tilheyra þjóðlendu í eigu ríkisins. Í því felst að Landsvirkjun verður að eignarrétti eigandi að þeim hluta þjóðlendunnar og réttinda innan hennar sem samningsákvæði þetta tók til. Þar er annars vegar um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem

tilheyra því svæði vestan árinnar sem ríkið taldi sig komið að með afsalinu frá Titan 1952 að því marki sem þarf til að reka 210 MW virkjun og hins vegar með sama áskilnaði viðeigandi landskiki í Búrfells- og Skeljafellslandi. Þar eð ákvæði samningsins dró því ekki skýr landfræðileg mörk hvaða land þyrfti til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt efni þess er því nánar lýst í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þessa til hvaða landsvæðis það tekur, auk þess sem landamerkin eru nákvæmlega útfærð með hnitum á landabréfi því sem fylgir frumvarpinu sem viðauki. Aðrir hlutar svæðisins verða eftir sem áður þjóðlenda í eigu ríkisins í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar frá 21. mars 2002. Innan þeirra nýtur Landsvirkjun áfram þeirra sérstöku réttinda sem fyrirtækinu hafa á hverjum tíma verið veitt að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heimild þessi er byggð á 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 1. júlí 1965 en tekur þó einvörðungu til þess hluta þeirra réttinda, sem það ákvæði vísar til, sem skilanefnd a/s Titan afsalaði til ríkisins 16. janúar 1952. Þar er annars vegar um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem tilheyra því svæði vestan árinnar sem ríkið taldi sig komið að með þessu afsali að því marki sem þarf til að virkja allt að 210 MW afl og hins vegar landskika á þjóðlendunni á Búrfells- og Skeljafellslandi. Jafnframt tekur heimildin eingöngu til þess að afsala þeim hluta þessa lands með tilheyrandi réttindum sem nauðsynlegur er til að virkja allt að 210 MW afl í Þjórsá við Búrfell. Að þessu athuguðu eru landamerki svæðisins sem afsalsheimildin tekur til dregin sem hér segir, sbr. jafnframt viðauka sem fylgir frumvarpinu (tölur innan sviga vísa til tölusettra punkta á landabréfinu):

Frá mörkum frárennslisskurðar Búrfellsvirkjunar og Fossár liggja mörkin upp með Fossá að hornpunkti (16) um 1200 m ofan brúar á Fossá, þaðan liggja mörkin um 800 m til suðausturs að hornpunkti (17) sunnan í Skeljafelli. Þaðan eru mörkin um 3,5 km til austurs að hornpunkti (18) 400 m vestan við inntaksmannvirki virkjunarinnar. Þaðan liggja mörkin um 2 km til norðausturs að punkti (19) um 400 m vestan Klofaeyjar, á Sprengisandsvegi og markalínan fylgir veginum að punkti (20) við rætur Sandafells og þaðan að punkti (21) sem er í miðjum farvegi Þjórsár. Frá þeim punkti liggur markalínan eftir miðjum farvegi árinnar (27) um 1,5 km neðan við inntaksmannvirki og yfirfall virkjunarinnar. Frá þeim punkti liggur línan um 1,4 km til vesturs að hornpunkti (28) um 400 m sunnan við botnrás Bjarnalækjarstíflu við norðurenda Skálarfells og þaðan að hornpunkti (29) við ósa Fossár við Þjórsárfarveg og þaðan liggur markalínan upp eftir farvegi Fossár að útrennsli frárennslisskurðar virkjunarinnar

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala tilteknum vatnsréttindum til virkjunar í Þjórsá ásamt landi sem til þarf í því skyni.

Tilgangur frumvarpsins er öflun lagaheimildar fyrir forsætisráðherra til að afsala tilteknum réttindum til Landsvirkjunar sem ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins við stofnun þess árið 1965, en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um eignarréttindi á Gnúpverjaafrétti var framsal þessara réttinda þá byggt á vanheimild.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á kostnað eða tekjur ríkissjóðs.

977. Svar [513. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um ættleiðingar frá útlöndum.

1. *Eiga foreldrar kost á ferðastyrkjum í tengslum við ættleiðingar barna frá útlöndum?*

Samkvæmt upplýsingum frá félaginu Íslensk ættleiðing eiga kjörforeldrar sem fá börn til ættleiðingar frá öðrum löndum ekki kost á styrkjum vegna ættleiðingarinnar úr ríkissjóði.

2. *Hvaða reglur gilda um slíka styrki annars staðar á Norðurlöndum?*

Samkvæmt upplýsingum sem gefnar eru á heimasíðum ættleiðingarfélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, svo og samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu, fá kjörforeldrar barna sem ættleidd eru frá öðrum ríkjum fjárstyrki vegna ættleiðinganna fyrir hvert barn sem hér segir:

Danmörk: Árið 2001: 36.154 danskar kr.
Árið 2003: 38.138 danskar kr.

Finnland: Árið 2003: 1.900–4.500 evrur eftir því frá hvaða landi barnið er ættleitt.

Noregur: Árið 2002: 22.500 norskar kr.
Árið 2003: 23.400 norskar kr.

Svíþjóð: Árið 2002: 40.000 sænskar kr. (í október).

3. *Eru veittar skattaívilnanir vegna kostnaðar við ættleiðingar frá útlöndum?*
4. *Er veittur skattafrádráttur annars staðar á Norðurlöndum vegna slíks kostnaðar?*

Til að veita sem gleggst svör við þessum liðum var óskað eftir upplýsingum um þau atriði sem spurt er um hjá embætti ríkisskattstjóra.

Í svari ríkisskattstjóra kemur eftirfarandi fram:

„1. Í skattalöggjöf og skattframkvæmd er réttarstaða ættleiddra barna öldungis sú sama og barna sem fæðast inn í fjölskyldu.

Þannig eru greiddar barnabætur til kjörforeldra frá og með því ári þegar ættleiðing á sér stað og til fulls 16 ára aldurs barnsins.

Reglur um ívilnun í skatti á grundvelli þeirra ákvæða 66. gr. laga nr. 75/1981 er varða börn taka til ættleiddra barna á sama hátt og annarra barna, þ.e. ef barn er háð langvinnum sjúkdómi eða fötlun eða foreldri ber kostnað vegna náms þess eftir að það nær 16 ára aldri.

Ekki er nein heimild í lögum til að taka tillit til kostnaðar vegna ættleiðingar barns erlendis frá.

Gerð var sérstök athugun á viðhorfum skattyfirvalda til slíkra mála og á skattframkvæmd þeirra fyrir nokkrum árum. Liggur fyrir álit umboðsmanns Alþingis vegna þessa. Var það niðurstaðan að skattaívilnun væri ekki veitt á grundvelli þess að foreldrar bæru kostnað við ættleiðingu. Slíkt samrýmdist ekki lögum. Fram kom við umrædda athugun að til voru dæmi úr skattframkvæmd um hið gagnstæða þannig að skattstjóri virtist hafa ívilnað í skattstofnum vegna ættleiðingar en talið var að þar hefði ekki rétt verið staðið að málum.

2. Lausleg athugun af hálfu ríkisskattstjóra á lögum og reglum í nágrannaríkjunum sem varða skattaleg viðhorf til ættleiðingar leiðir í ljós að þar virðast ekki vera fyrir hendi heimildir til að taka tillit til kostnaðar vegna ættleiðingar við ákvörðun skatta. Uppbygging skattkerfanna á Norðurlöndunum er nokkuð svipuð frá landi til lands og virtust skattaleg viðhorf keimlík því sem áður greinir um reglur á Íslandi. Á það er að líta í þessu samhengi að félagsleg kerfi í öðrum norrænum ríkjum eru nokkuð frábrugðin hinu íslenska að því er varðar tilvik sem snerta félagslegar greiðslur, bætur, styrki, niðurgreiðslu og þátttöku í kostnaði. Hugsanlegt er að í einhverjum tilvikum taki hið opinbera þátt í að hliðra til fyrir ættleiðingum í formi slíkrar fyrirgreiðslu. Skattlagning þannig tekna og tekjuígildis frá félagslegum aðilum til fjölskyldna er síðan með ýmsu móti í þessum ríkjum. Í fljótu bragði var þó ekki fundið að gert væri ráð fyrir sérmeðferð einhverra bóta er tengdust ættleiðingum.“

978. Nefndarálit [377. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson og Þóru Hjaltested frá viðskiptaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum banka- og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er lagt til að reglur EES-réttar, sem kveða á um lágmarkssamræmingu að því er varðar gjaldþol vátryggingafélaga, verði lögfestar. Fram kom á fundum nefndarinnar að ekki væri ástæða til að ætla að breytingarnar leiddu til hækkunar iðgjalda.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingarnar taki þegar gildi, en samkvæmt EES-reglunum er ekki gerð krafa um að gjaldþol sé reiknað með þeim hætti sem í frumvarpinu greinir fyrr en á reikningsárinu 2004. Nefndin telur ekki efni til að ganga lengra en krafa er gerð um og leggur því til að þær greinar frumvarpsins sem varða útreikning gjaldþols komi fyrst til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vegna reikningsársins 2004. Þá leggur nefndin til smávægilega orðalagsbreytingu á 2. tölul. 1. efnismgr. 2. gr. Breytingin hefur ekki efnisbreytingu í för með sér.

Nefndin telur rétt samkvæmt ábendingu Fjármálaeftirlitsins að benda sérstaklega á misskilning sem fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins. Þar segir: „Kveðið verði

á um að nota skuli þá fjárhæð sem hærri er af iðgjöldum ársins og bókfærðum iðgjöldum til þess að reikna lágmarksgjaldþol. Breyting þessi verður til þess að lágmarksgjaldþol vátryggingafélags með vaxandi umsvif getur orðið hærra en eftir eldri reglum, en þá eru bókfærð iðgjöld hærri en iðgjöld ársins, vegna þess að iðgjöld eru greidd fyrir fram.“ Hið rétta er að frumvarpið mun hafa í för með sér að lágmarksgjaldþol vátryggingafélags með minnkandi umsvif, ekki vaxandi, geti orðið hærra en eftir eldri reglum, en þá eru iðgjöld ársins hærri en bókfærð iðgjöld þar sem vátryggingartakar sem ekki endurnýja vátryggingar eru fleiri en nýir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Orðin „í ferðamannaaðstoð“ í 2. tölul. 1. efnismgr. 2. gr. falli brott.
2. Við 9. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Greinar laga þessara sem varða útreikning gjaldþols koma þó fyrst til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vegna reikningsársins 2004.

Alþingi, 13. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Guðjón Guðmundsson.
Páll Magnússon.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

979. Nefndarálit [427. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneytinu og Guðmund Guðbjarnason viðskiptafræðing.

Umsagnir bárust nefndinni frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum banka- og verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Verslunarráði Íslands, reikningsskilaráði, Kauphöll Íslands hf. og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á íslenskum reikningskilareglum sem miða að því að mæta þeirri þróun sem orðið hefur hér á landi og annars staðar, m.a. á vettvangi ESB.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að skýringarorðin „hlutafé“ og „hlutir“ í a-lið 1. gr. falli brott þar sem þau þykja óþörf.
2. Lagt er til að hugtakið félagsaðili verði notað stað orðsins „aðili“ í c-lið 1. gr. Hugtakið „félagsaðili“ er skilgreint í 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna. Sú skilgreining er í samræmi

við þá merkingu sem leggja ber í hugtakið „aðili“ í þessari grein frumvarpsins og því eðlilegt að það sé notað. Auk þess er hnykkt á orðalagi ákvæðis c-liðar sama liðar þar sem um er að ræða félagsaðila sem hefur rétt til ákvörðunarvalds á grundvelli samþykkta félagsins eða samninga við það en í e-lið er fjallað um ákvörðunarvald vegna eignarhluta.

3. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á a- og b-liðum e-liðar 1. gr. Breytingarnar eru ekki efnislegar.
4. Lögð er til breyting á 2. efnismgr. 6. gr. þess efnis að skýrt sé að aðeins megi í undantekningartilvikum víkja frá ákvæðum laga um samningu ársreikninga ef það leiðir til þess að ársreikningur gefi glögga mynd sem hann ella hefði ekki gert ef farið væri eftir lögum og góðri reikningsskilavenju. Ströng skilyrði eru í greininni um að greina skuli frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og hvaða áhrif þau hafa á afkomu og efnahag.
5. Lögð er til breyting á 11. gr. þess efnis að það verði skýrt nánar hvenær færa skuli tekjur eða gjöld sem varða fyrri ár til breytinga á óráðstöfuðu eigið fé í stað þess að færa fjárhæðirnar á rekstrarreikning og er tillagan í samræmi við reglu nr. 5 sem reikningsskilaráð hefur gefið út, sbr. auglýsingu nr. 349/2000.
6. Lagt er til að í c-lið 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins, verði vísað til 24. gr. laganna sem fjallar um frávik frá kostnaðarverðsreglunni, til frekari skýringar.
7. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein þess efnis að skylt verði að leysa upp endurmatsreikning sem myndaður er með sérstöku endurmati þegar raunvirði fastafjármuna er talið verulega hærra en kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar. Samkvæmt greininni skal fjárhæð árlegrar afskriftar af mismun á endurmetnu verði og kostnaðarverði færð af endurmatsreikningi á eigið fé. Einnig skal leysa upp endurmatsreikning að því marki sem eftir stendur af endurmatinu við sölu eignarinnar eða förgun og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.
8. Lagt er til að við 21. gr. bætist nýr stafliður þess efnis að gera skuli grein fyrir skattinneign með sama hætti og frestaðri skattskuldbindingu.
9. Lagt er til að 43. gr. frumvarpsins falli brott. Með breytingunni mun bráðabirgðaákvæði laganna um frestun afnáms verðleiðréttra reikningsskila halda sér í tvö ár eins og nú er gert ráð fyrir.

Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram frekari breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 13. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Guðjón Guðmundsson.
Páll Magnússon.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

980. Breytingartillögur [427. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin „(hlutafé)“ og „(hlutir)“ í a-lið falli brott.
   b. Í stað orðsins „aðili“ í b-lið efnisliðar c-liðar komi: félagsaðili.
   c. Í stað orðanna „aðili að öðru félagi og hefur ákvörðunarvald“ í c-lið efnisliðar c-liðar komi: félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til ákvörðunarvalds.
   d. Í stað orðsins „aðili“ í d-lið efnisliðar c-liðar komi: félagsaðili.
   e. Í stað orðsins „félögum“ í a-lið efnisliðar e-liðar komi: félagi.
   f. B-liður efnisliðar e-liðar orðist svo: draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélaga þess og.
2. Við 6. gr. Á eftir orðunum „frá þeim“ í 2. efnismgr. komi: í undantekningartilvikum.
3. Við 11. gr. Í stað orðanna „nema um óverulega fjárhæð sé að ræða“ komi: þegar um er að ræða skekkju eða breytingu á reikningsskilaaðferð. Samanburðarfjárhæðum skal þá breytt til samræmis nema það sé bundið sérstökum vandkvæðum og skal það þá upplýst í skýringum.
4. Við 12. gr. Á eftir orðunum „einstakra eigna“ komi: sbr. 24. gr.
5. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   3. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:
   Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. 2. mgr., skal leysa upp til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar af mismun á endurmetnu verði og kostnaðarverði. Einnig skal leysa upp endurmatsreikning ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða full-afskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.
6. Við 21. gr. bætist við nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo: Á eftir orðunum „frest-aða skattskuldbindingu“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: eða skattinneign.
7. Á eftir 38. gr., sem verður 39. gr., komi ný grein er orðist svo:
   Í stað tilvísunarinnar „4. gr.“ í 2. mgr. 76. gr. laganna kemur: 2. gr.
8. 43. gr. falli brott.
9. Við 44. gr.
   a. Í stað orðanna „1. janúar 2003“ í 1. mgr. komi: nú þegar.
   b. Í stað tilvísunarinnar „36.–38. gr.“ í 2. mgr. komi: 37.–39. gr.

981. Fyrirspurn [614. mál]

til fjármálaráðherra um ferðakostnað ráðherra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var árlegur ferðakostnaður ráðherra erlendis, sundurliðað eftir ráðuneytum, heildarkostnaði, dagpeningum, risnu og öðrum kostnaði, árin 1999–2002?
2. Hver er skoðun ráðherra á því að upplýsingar um risnu- og ferðakostnað ráðuneyta og stofnana þeirra séu sundurliðaðar og aðgengilegar í ríkisreikningi?
3. Telur ráðherra rétt að neita þeim sem sinna upplýsingaskyldu til almennings, eins og fjölmiðlum og Alþingi, um upplýsingar um kostnað tengdan starfi æðstu embættismanna og stjórnvaldshafa?
4. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða reglur um ferða- og dagpeningagreiðslur hjá ráðuneytum og stofnunum?

Skriflegt svar óskast.

982. Fyrirspurn [615. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðningu sjúkrahúsprests við Barnaspítala Hringsins.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvert er viðhorf ráðherra til þess að ráðinn verði sérstakur sjúkrahúsprestur við nýja barnaspítalann til að bæta þjónustu við foreldra langveikra og fatlaðra barna?

983. Fyrirspurn [616. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur Tryggingastofnunar fyrir sjúkranudd.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru áform uppi um að Tryggingastofnun (almannatryggingarnar) taki þátt í að greiða hluta kostnaðar sjúklinga við sjúkranudd?

984. Fyrirspurn [617. mál]

til iðnaðarráðherra um þriggja fasa rafmagn.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margir fengu aðgang að þriggja fasa rafmagni á orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða árin 2001 og 2002, sundurgreint eftir landsvæðum?
2. Hver var kostnaðurinn við aðgang að þriggja fasa rafmagni á þessum svæðum sömu ár?
3. Hve miklu fjármagni er ætlað að verja í framkvæmdir við þriggja fasa rafmagn á árinu 2003?
4. Hefur verið boðið upp á tímabundna úrlausn, t.d. með uppsetningu á tíðnibreytum sem breyta eins fasa rafmagni í þriggja fasa, og ef svo er, hversu margir hafa fengið slíka úrlausn?
5. Er spenna óstöðug á einhverjum hlutum þessara svæða?
6. Verður breyting á aðgengi að þriggja fasa rafmagni samkvæmt frumvarpi til raforkulaga sem er til umfjöllunar á Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

985. Nefndarálit [509. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti, Garðar Ingvarsson frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, Jón Sveinsson hrl., Guðmund Bjarnason frá Fjarðabyggð, Þorvald Jóhannsson frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Sigfús Jónsson frá Nýsi hf., Helga Jensson frá Umhverfisstofnun, Gunnar Guðna Tómasson frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., Gunnar Jónsson hrl., Axel Val Birgisson frá Hönnun og Friðrik Sophusson, Agnar Olsen, Bjarna Bjarnason og Stefán Pétursson frá Landsvirkjun.

Leitað var álits efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um þá þætti frumvarpsins er lúta að skatta- og efnahagsmálum. Þá var leitað eftir áliti umhverfisnefndar Alþingis vegna umhverfisþátta málsins. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Fjarðabyggð, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Byggðarannsóknastofnun Íslands, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., Byggðastofnun, Landvernd og Alcan á Íslandi hf.

Í frumvarpinu er iðnaðarráðherra heimilað að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Alcoa Incorporated, Fjarðaál sf. og stofnendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf.

um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi og til að framleiða allt að 322.000 tonn af áli árlega í verksmiðju við Reyðarfjörð.

Meiri hlutinn iðnaðarnefndar styður skoðun meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um jákvæð efnahagsleg áhrif framleiðslunnar fyrir íslenskt efnahagslíf sem og byggðaáhrifin er af henni munu hljótast. Áætlað er að starfsemi Fjarðaáls muni skapa um 500 bein störf í fjölbreytilegum starfshópum. Við bætast fjölmörg afleidd störf. Þar að auki má gera ráð fyrir margs konar nýsköpun í tengslum við rekstur álversins, sbr. fjölmörg ný sprotafyrirtæki er sprottið hafa upp í samstarfi við álverin í Straumsvík og á Grundartanga. Talið er að um 1.500 ný störf þurfi árlega á næstu árum til að atvinnuleysi haldist niðri. Þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að fjölga slíkum tækifærum virðist fátt í augsýn er svarað geti slíkri þörf. Starfsemi Fjarðaáls fellur hins vegar vel að atvinnuuppbyggingu. Útflutningsverðmæti eru áætluð um 40 milljarðar króna árlega og styrkja efnahagsstoðir þjóðfélagsins til muna. Til langframa er talið að útflutningsverðmæti álversins auki landsframleiðslu um allt að 1% og renni stoðum undir stöðugleika í efnahagslífi. Slíkur stöðugleiki er m.a. talinn grundvöllur vaxtalækkunar og festu í gengisþróun. Brýnt er að á framkvæmdatíma grípi stjórnvöld hugsanlega til mótvægisaðgerða í efnahagslífi þegar framkvæmdir ná hámarki á árunum 2005 og 2006. Ákvörðun um þær ræðst hins vegar af öðrum þáttum efnahagslífsins á þeim tíma.

Nefndin telur þó mikilvægt að fyrirtækið skipuleggi í samstarfi við sveitarfélög og samtök í atvinnulífi ýmislegt það er snertir félagslegt umhverfi starfsfólks. Með því má betur laga starfsemi fyrirtækisins að þáttum á við búsetu, kyn og ferðalög starfsfólks. Nefndin telur mikilvægt að í samstarfi við Fjarðaál verði unnið skipulega að samfélagslegum áhrifum hinnar miklu uppbyggingar er fylgir starfsemi fyrirtækisins.

Í umsögn meiri hluta umhverfisnefndar kemur fram að við umhverfismat á starfsemi álversins hafi verið farið eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum. Meiri hlutinn gerir sér fulla grein fyrir því að verkið muni hafa einhver skaðleg umhverfisáhrif en í ljósi hinna sterku efnahags-, atvinnu- og byggðaraka sé sá fórnarkostnaður réttlætanlegur.

Samningurinn um byggingu álvers við Reyðarfjörð er sá þriðji í röðinni vegna slíkrar starfsemi hérlendis. Eldri samningar eru ólíkir innbyrðis og gagnvart Fjarðaáli. Nefndin telur mikilvægt að hið bráðasta verði mótuð sú stefna um álver að fyrirtæki í sambærilegum rekstri búi við sem líkust rekstrarskilyrði. Hvetur því nefndin til að í tengslum við fyrirhugaða stækkun Alcan og Norðuráls verði teknar upp viðræður við fyrirtækin um endurskoðun á samningum þeirra við hið opinbera, ekki síst í skattamálum og varðandi orkuverð.

Árni R. Árnason og Jóhann Ársælsson voru fjarverandi við afgreiðslu frumvarpsins.

Að framansögðu mælir meiri hlutinn með því að frumvarpið verði **samþykkt** með smávægilegum breytingum, m.a. vegna rangrar tilvitnunar, sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. febr. 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Kjartan Ólafsson.		Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur að beiðni iðnaðarnefndar fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Bolla Þór Bollason, Benedikt Þór Valsson og Erlu Pétursdóttur frá fjármálaráðuneytinu, Friðrik Má Baldursson fyrir hönd eigendanefndar, Stefán Pétursson, Agnar Olsen, Garðar Ingvarsson og Jón Sveinsson frá Landsvirkjun, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggva Þór Herbertsson frá Hagfræðistofnun HÍ, Eirík B. Björgvinsson, sveitarstjóra Austur-Héraðs, Jónas Þ. Jóhannsson, sveitarstjóra Norður-Héraðs, Bjarna Björgvinsson hdl., Guðmund Bjarnason, sveitarstjóra Fjarðabyggðar, Kristin Bjarnason fyrir hönd Fljótsdalshrepps, Svein Aðalsteinsson viðskiptafræðing, Þorstein Siglaugsson hagfræðing, Sigurð Jóhannesson hagfræðing, Indriða Þorláksson ríkisskattstjóra, Ingimund Friðriksson, Má Guðmundsson og Þórarin G. Pétursson frá Seðlabanka Íslands, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins.

Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Alþýðusambandi Íslands, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Landsvirkjun.

Fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir eru mjög umfangsmiklar. Fjárfestingin er að öllum líkindum sú mesta í sögu þjóðarinnar, en sé hún hins vegar skoðuð sem hlutfall af landsframleiðslu er hún svipuð og bygging Búrfellsvirkjunar og álversins í Straumsvík var á sjöunda áratug síðustu aldar. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur í umfjöllun sinni einkum reynt að leggja mat á tvo þætti fyrirhugaðra álversframkvæmda, í fyrsta lagi efnahagsleg áhrif til lengri og skemmri tíma og í annan stað þá skattalegu umgjörð sem fjárfestingunni er búin. Varðandi hin efnahagslegu áhrif er nauðsynlegt að gera greinarmun á skammtímaáhrifum sem verða á framkvæmdatímanum og hins vegar langtímaáhrifum sem skila sér inn í efnahagskerfið eftir að framkvæmdunum lýkur.

Skammtímaáhrif.

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur lagt mat á þjóðhagsleg áhrif fjárfestinga í virkjun og byggingu álvers í Reyðarfirði. Í matinu kemur fram að áætlaður stofnkostnaður fjárfestingar í Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju Alcoa í Reyðarfirði nemi um 165 milljörðum kr. Er áætlað að byggingu verksmiðjunnar ljúki árið 2007 en full afköst náist árið 2008. Fjárfesting vegna þessara framkvæmda nær hámarki árin 2005 og 2006 og þá fellur til meira en helmingur heildarstofnkostnaðar. Sé þessi fjárfesting borin saman við aðstæður sem yrðu á þessum tíma án álvers – og virkjanaframkvæmda (grunndæmi) kemur í ljós að heildarfjárfesting í þjóðarbúskapnum verður rúmlega 30% meiri á framkvæmdatímanum 2003–2006 og nálægt 50% meiri 2005–2006.

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur einnig metið árlega mannaflaþörf vegna framkvæmdanna. Nemur hún 1.250 ársverkum að jafnaði á tímabilinu 2003–2006 sem er um 0,8% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði. Auk þess verða óbein áhrif á vinnumarkaðinn, en talið er að framkvæmdirnar leiði til fjölgunar starfa sem nemur 800–900 manns umfram grunndæmið á þessu tímabili. Ljóst er að vinnuaflsþörfin verður langmest á árunum 2005 og 2006 og áætlar t.d. Seðlabankinn að þá komi til ⅔ heildarvinnuaflsþarfar. Mest verður vinnuaflsþörfin á fyrri hluta ársins 2006 ef áætlanir ganga eftir. Strax árið þar á eftir mun draga

mjög hratt úr henni og hún mun hverfa í ársbyrjun 2008. Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins áætlar að um fjórðungur vinnuafls á framkvæmdatíma komi frá útlöndum og að um 85% tekna þeirra starfsmanna sé varið erlendis.

Enginn vafi er á því að á framkvæmdatímanum mun reyna á hagstjórn hér á landi. Kosturinn er hins vegar sá að þetta ástand er fyrirsjáanlegt og því hægt að undirbúa eðlilegar mótvægisaðgerðir. Þær aðgerðir munu koma fram á sviði ríkisfjármála, peningamála og gengismála.

Það skal undirstrikað að ávallt er mikil óvissa um efnahagsframvindu þegar horft er jafnlangt fram í tímann og hér. Að sama skapi ríkir óvissa um til hvaða hagstjórnarviðbragða rétt sé að grípa á hverjum tíma. Því er óráðlegt að nefna hlutfallstölur um vaxtastig eða gengisstig. Það mun ráðast af þeirri framvindu sem verður og stöðu sem þjóðarbúið er í að öðru leyti.

Ljóst er hins vegar að hlutfallsleg hækkun raungengis, líkt og sú sem nú hefur orðið, dregur mjög úr þörf á því að beita peningamálaaðgerðum eða aðgerðum til þess að draga úr opinberri fjárfestingu. Það verður ráðið af mati efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans að unnt sé að bregðast við þessum áhrifum á fullnægjandi hátt með því að beita hefðbundnum hagstjórnaraðgerðum. Hér ber líka að hafa í huga að talsverður slaki hefur nú myndast í þjóðarbúskapnum og atvinnuleysi aukist. Eftirspurnarspennan sem fjárfestingin mun valda verður fyrir þess hluta sakir minni.

Langtímaáhrif.

Áætluð framleiðslugeta hins nýja álvers er 322 þús. tonn eins og áður hefur komið fram. Þegar það hefur verið tekið í notkun eykst álframleiðsla á Íslandi um ríflega 120% frá því sem hún var í fyrra. Mikilvægi áls sem útflutningsvöru eykst því verulega. Seðlabankinn bendir á að í fyrra var álútflutningur um 19% af heildarvöruútflutningi okkar, en útflutningur sjávarafurða til samanburðar um 62%. Þegar framleiðsla í álveri Alcoa verður hafin að fullu undir lok ársins 2007 eða á árinu 2008, og til grundvallar er lagt óbreytt álverð eins og það var í fyrra, verður hlutfall áls í vöruútflutningi um 30%, en vægi sjávarafurða verður þá komið niður fyrir helming. Gert er ráð fyrir að rúmlega 500 störf skapist í álveri Alcoa í Reyðarfirði eftir að það hefur rekstur.

Undanfarin ár hefur útflutningur áls numið 5% af vergri landsframleiðslu. Þegar álver Alcoa í Reyðarfirði tekur að fullu til starfa er áætlað að álútflutningur verði orðinn rúmlega 10% af landsframleiðslu eða helmingi hærra hlutfall en nú er.

Þótt erlend staða þjóðarbúsins verði um 15% lakari sem hlutfall af landsframleiðslu við lok framkvæmda bendir efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins á að aukinn álútflutningur skapar forsendur til þess að erlendar skuldir lækki. Aukinn útflutningur áls mun þannig hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð við útlönd, enda verður útflutningur þjóðarbúsins 10–14% meiri næstu tvo áratugina eftir að framkvæmdum lýkur.

Hagvöxtur mun aukast verulega á framkvæmdatíma en jafnframt er gert ráð fyrir meiri hagvexti að framkvæmdum loknum en orðið hefði án framkvæmda.

Skattamál.

Í umfjöllun nefndarinnar var farið ítarlega yfir skattalegt umhverfi álversins í Reyðarfirði. Í öllum meginatriðum svipar skattaákvæðum frumvarpsins til skattareglna sem gilda og lögfestar eru um Norðurál á Grundartanga. Hjálagt fylgir með minnisblað sem tekið hefur verið saman af viðskiptaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu þar sem getur að líta samanburð á skattalegu umhverfi. Er hér vísað til þess um hina efnislegu umfjöllun.

Lokaorð.

Fjárfesting vegna álversins í Reyðarfirði og uppbygging Kárahnjúkavirkjunar er afrakstur af löngu ferli. Það er ljóst að hér er um að ræða gríðarlega fjárfestingu sem hefur áhrif til skamms tíma þegar litið er á hið efnahagslega umhverfi og við því þarf að bregðast. Ljóst er hins vegar að það er vel gerlegt með þeim hagstjórnartækjum sem við höfum. Langtímaáhrifin munu fyrst og fremst koma fram í meiri útflutningi, aukinni landsframleiðslu og arðsemi af fjárfestingu í virkjunum, auk áhrifa á byggðaþróun á Austurlandi. Að öllu samanlögðu er augljóst að fjárfestingar þessar eru efnahagslífi okkar mjög til framdráttar, jafnt til lengri tíma sem skemmri.

Alþingi 13. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.
Páll Magnússon.
Pétur H. Blöndal.
Guðjón Guðmundsson.

Fskj.

Fjármálaráðuneyti,
iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti:

Minnisblað.
Samanburður ákvæða frumvarps vegna samninga við Alcoa við lög nr. 62/1997 og almennar skattareglur.

I. Inngangur.
Að beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar hafa ráðuneytin gert samanburð á ákvæðum heimildarlagafrumvarps vegna samninga við Alcoa annars vegar og ákvæðum heimildarlaga nr. 62/1997, vegna samninga við Norðurál. Í II. kafla minnisblaðsins er að finna upptalningu á ákvæðum frumvarpsins sem eru efnislega frábrugðin ákvæðum laga nr. 62/1997 vegna Norðuráls, en í III. kafla eru talin upp ákvæði síðarnefndu laganna sem ekki er að finna í umræddu frumvarpi vegna samninga við Alcoa. Í IV. kafla minnisblaðs þessa er gerð stutt grein fyrir helstu frávikum frumvarpsins frá almennum reglum skattalaga.

II. Frávik ákvæða frumvarps frá lögum nr. 62/1997. (Norðurál)
1. Framleiðslugeta, 2. gr.
Í frumvarpinu er kveðið á um að álverksmiðjan verði hönnuð til framleiðslu á allt að 322.000 tonnum af áli á ári. Í 2. gr. laga 62/1997 er kveðið á um að álverið skuli í upphafi hannað til framleiðslu á u.þ.b. 60.000 tonnum af áli á ári með möguleikum á aukinni framleiðslugetu. Í mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfi Norðuráls var gert ráð fyrir að framleiðslugeta álversins yrði allt að 180.000 tonn.

2. Ábyrgð á efndum sveitarfélaga og hafnarsjóða, 3. gr.
Í frumvarpinu er kveðið á um að ríkisstjórninni sé heimilt að tryggja efndir Fjarðabyggðar eins og þær eru ákveðnar í fjárfestingarsamningi auk efnda hafnarsjóðs Fjarðabyggðar skv. hafnarsamningi. Í 4. gr. laga nr. 62/1997 er kveðið á um að ríkisstjórninni sé heimilt að tryggja efndir af hálfu hreppsnefnda Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppa eins og þær eru ákveðnar í samningi auk efnda hafnarsjóðs Grundartangahafnar skv. hafnarsamningi.

3. Niðurfelling jöfnunar flutningskostnaðar á sementi, 4. mgr. 4. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að ekki verði lagt flutningsjöfnunargjald á sement sem flutt er til landsins eða framleitt innan lands og notað er til byggingarframkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju í Reyðarfirði. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir því ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota. Í lögum nr. 62/1997 er ekki að finna slíkt ákvæði en í lögum nr. 62/1973 um jöfnun flutningskostnaðar á sementi var áður að finna ákvæði sem heimilaði viðskiptaráðherra að fella niður flutningsjöfnun á sementi.

4. Heimild til að semja um fyrirtækjafyrirkomulag, 5. gr.
Í frumvarpinu er kveðið á um að heimilt sé að semja um fyrirtækjafyrirkomulag dótturfélaga Alcoa og tilteknar takmarkanir í því efni. Jafnframt er heimilt að semja um tilteknar skyldur og kvaðir varðandi starfsemi, eignarhald og framsal eignarréttar og hluta. Í lögum nr. 62/1997 er

ekki að finna slíka heimild en í 1. mgr. 1. gr. laganna er kveðið á um að Norðuráli sé heimilt að taka þátt í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja að fjárfesta í öðrum greinum atvinnurekstrar.

5. Tekjuskattur, 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að tekjuskattur verði 18% líkt og gildir gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Tekjuskatthlutfallið geti þó tekið breytingum í samræmi við breytingar á almenna skatthlutfallinu en skatthlutfallið fyrir félagið verði þó aldrei hærra en 18% þó svo að íslenskum fyrirtækjum verði gert að greiða skatt skv. hærra skatthlutfalli. Í lögum nr. 62/1997 er kveðið á um að tekjuskattur skuli vera 33%, en í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna er að finna ákvæði um endurskoðun. Á þeim tíma þegar lögin fyrir Norðurál voru samþykkt þá var tekjuskattsprósenta á fyrirtæki 38% en ekki 33%. Hins vegar þarf við samanburð á þeim hlutföllum einnig að horfa til annarra ákvæða laganna vegna samningsins við Norðurál, s.s. ákvæðanna í töluliðum 2 og 3 í III. kafla hér á eftir.

6. Rekstrartap, b-liður 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að félaginu verði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum, en geti tekið breytingum í samræmi við breytingar á almennum ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í frumvarpinu er félaginu tryggt að það geti ávallt dregið frá tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá a.m.k. síðustu níu almanaksárum, en muni einnig njóta þess ef árunum verður fjölgað, eins og raunar þegar hefur verið gert. Í lögum nr. 62/1997 er kveðið á um að Norðuráli sé heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu átta almanaksárum, en í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. er að finna ákvæði um endurskoðun.

7. Fasteignaskattur, 5. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að félagið greiði fasteignaskatt sem nemur 1% af 255 milljónum Bandaríkjadala sem svarar til 1% af 19,6 milljörðum króna m.v. gengi dagsins í dag. Í lögum nr. 62/1997 er kveðið á um að Norðurál greiði fasteignaskatt sem nemur 0,75% af 3,2 milljörðum íslenskra króna.

8. Undanþága frá greiðslu rafmagnseftirlitsgjalda, 9. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að félagið og eigendurnir verði undanþegnir tilteknum ákvæðum laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Slíkt ákvæði er ekki að finna í lögum nr. 62/1997 en í umræddum ákvæðum laga nr. 146/1996 eru ISAL og Íslenska járnblendifélagið undanþegin þessu gjaldi.

9. Afdráttarskattur, 10. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að 5% tekjuskattur verði lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögum eigendanna að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1997 er kveðið á um að enginn slíkur skattur skuli greiddur. Í tvísköttunarsamningnum sem Ísland hefur gert er algengt að samið sé um 5% afdráttarskatt í stað 15% þegar móttakandi arðsins er erlendur og á meira en 25% hlut í fyrirtækinu sem greiðir arðinn. Þó hefur verið samið við ýmis ríki um 0% afdráttarskatt svo sem eins og Norðurlöndin og Holland. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1997 er að finna undanþágu frá tekjuskatti á arð.
10. Frádráttur vaxtakostnaðar, 11. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um frádrátt vaxtakostnaðar skuli haldast óbreytt á upphaflegum gildistíma samningsins frá því sem þau eru við undirritun samninga. Ekkert sambærilegt ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997.

11. Heimild til að semja um vörugjöld, 12. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að hafnarsjóði Fjarðabyggðar verði heimilt að gera sérstakan samning um vörugjöld með öðrum hætti en fram kemur í hafnalögum. Ekkert sambærilegt ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 en svo sem fram kemur í greinargerð Alcoa-frumvarpsins felur ákvæðið ekki í sér efnisbreytingu frá framkvæmd hafnarsamnings við Norðurál.

12. Rafmagns- og umhverfisskattur, 2. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um að rafmagns- og umhverfiskattur verði ekki lagður á félagið nema slíkir skattar séu almennt lagðir með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki. Ekkert sambærilegt ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997.

13. Reglur um viðskipti milli skyldra aðila, 3. mgr. 6. gr.
Í frumvarpinu er lagt til að í fjárfestingarsamningi verði heimilt með tilliti til skattlagningar að semja um reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum félagsins og eigendanna við Alcoa og fyrirtæki í eignatengslum við Alcoa og að í því efni sé m.a. heimilt að byggja á meginreglum verðlagningar óskyldra aðila samkvæmt reglum OECD. Ekkert sambærilegt ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997. Ákvæðið í frumvarpinu er til að tryggja að það verð sem lagt er til grundvallar í viðskiptum milli fyrirtækja innan Alcoa samsteypunnar sé eðlilegt gangverð, sambærilegt því sem almennt gildir í viðskiptum milli ótengra aðila.

III. Ákvæði í lögum nr. 62/1997 sem ekki er að finna í frumvarpi.
1. Heimild til að taka þátt í öðrum félögum, 1. mgr. 1. gr.
Í lögunum, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 75/2002, er kveðið á um að Norðuráli sé heimilt að taka þátt í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja að fjárfesta í öðrum greinum atvinnurekstrar. Ekkert sambærilegt ákvæði er í frumvarpinu heldur er heimild til að semja um takmarkanir slíkri þátttöku, sbr. II.3 hér að ofan.

2. Undanþága frá heimild til frádráttar skattskyldum tekjum, a-liður 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í lögunum er kveðið á um að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt sem heimilaði frádrátt er nemur 7% af nafnverði hlutafjár frá skattskyldum tekjum skuli ekki eiga við, þrátt fyrir að sú heimild væri hluti af almennu skattumhverfi íslenskra fyrirtækja þegar fjárfestingarsamningurinn var gerður við Norðurál. Í staðinn var samið um lægra skatthlutfall, eða 33% í 38%, eins og áður hefur verið bent á. Ekkert sambærilegt ákvæði er í frumvarpinu sem hér um ræðir, enda hefur umrætt ákvæði verið fellt úr gildi.

3. Innri fjárfestingarsjóður, e-liður 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í lögunum er kveðið á um að Norðuráli sé heimilt að draga árlega frá skattskyldum tekjum og leggja í sérstakan innri fjárfestingasjóð fjárhæð sem svarar til 4% af nafnverði hlutafjár. Ekkert sambærilegt ákvæði er í frumvarpinu. Þetta ákvæði tengist eins og var komið fram samningi um skatthlutfall Norðuráls.

4. Heimild til endurskoðunar, 9. tölul. 1. mgr. 6. gr.
Í lögunum er kveðið á um að samningar sem gerðir eru samkvæmt lögunum megi kveða á um meginreglur um endurskoðun skattlagningar Norðuráls þannig að heildarskattbyrði þess á Íslandi haldist óbreytt. Ekkert sambærilegt ákvæði er í frumvarpinu.

IV. Samanburður á ákvæðum frumvarpsins við almennar skattareglur

1. Tekjuskattur, 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að tekjuskattur verði 18% líkt og gildir gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Tekjuskatthlutfallið geti þó tekið breytingum í samræmi við breytingar á almenna skatthlutfallinu en skatthlutfallið fyrir félagið verði þó aldrei hærra en 18% þrátt fyrir að íslenskum fyrirtækjum mundi verða gert að greiða skatt skv. hærra skatthlutfalli. Með öðrum orðum, sett er 18% þak á skatthlutfallið í frumvarpinu.

2. Rekstrartap, b-liður 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.,

Í frumvarpinu er lagt til að félaginu verði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum, en geti tekið breytingum í samræmi við breytingar á almennum ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Íslensk fyrirtæki hafa heimild til að draga frá eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu 10 árum frá og með tekjuárinu 2004 en á tekjuárinu 2003 er þeim heimilt að draga frá eftirstöðvar rekstrartapa síðastliðinna 9 ára.

3. Undanþága frá eignarskatti, sbr. 1. mgr. 84. gr.

Skv. gildandi lögum er eignarskattur á atvinnurekstur hér á landi 0,6%, en í frumvarpinu er kveðið á um undanþágu umræddra fyrirtækja frá þessum skatti. Sambærilega undanþágu er að finna í lögunum um Norðurál.

4. Iðnaðarmálagjald og markaðsgjald.

Í lögum um iðnaðarmálagjald er kveðið á um iðnaðarmálagjald 0,008% skuli lagt á allan iðnað í landinu, en í frumvarpinu er kveðið á um undanþágu umræddra fyrirtækja frá þessum skatti. Sambærilega undanþágu er að finna í lögunum um Norðurál. Í lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002 er kveðið á um að 0,05% markaðsgjald skuli lagt á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Í frumvarpinu er kveðið á um undanþágu frá markaðsgjaldi með sama hætti og í lögunum um Norðurál.

5. Hlutfallsleg fyrning á kaupári og niðurlagsverð.

Í frumvarpinu er lagt til að félaginu verði heimilað að fyrna eignir á kaupári þeirra í hlutfalli við notkun á árinu. Samkvæmt 33. gr. laga nr. 75/1981 er reglan sú fyrir íslensk félög að þau fyrni eigna á kaupári miðað við heilt ár óháð því hvenær eignin var keypt á árinu. Þá er lagt til í frumvarpinu að félaginu verði heimilað að fyrna eignir sínar að fullu á söluári en íslensk félög mega ekki fyrna eignir á söluári, sbr. 34. gr. Þá er lagt til í frumvarpinu að félaginu verði heimilað að fyrna eignir sínar að fullu en íslenskum félögum er einungis heimilað að fyrna þangað til eftir stendur 10% af fyrningargrunni hennar. Að lokum er samið um fyrirframákveðna skiptingu á fyrningargrunni verksmiðjunnar, þ.e. í fasteignir, vélar og tæki o.s.frv., m.a. í ljósi þess hversu sértæka fjárfestingu um er að ræða. Sambærileg ákvæði er að finna í lögunum um Norðurál.

6. Stimpilgjöld

Í frumvarpinu er samið um að stimpilgjald af kaup- eða leigusamningum og fjárfestingarlánum verði 0,15, en almennt stimpilgjald af slíkum skjölum er 1,5%. Þá eru lán til endurfjármögnunar undanþegin stimpilgjaldi og hlutabréf í félögum eigendanna einnig. Almennt stimpilgjald af hlutabréfum er 0,5%. Sambærileg ákvæði er að finna í lögunum um Norðurál.

Fylgiskjal II.

Umsögn 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með bréfi dagsettu 29. janúar sl. óskað iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Fyrsti minni hluti skilar meðfylgjandi séráliti um efnahags- og skattaþátt frumvarpsins:

Áhrif álvers í Reyðarfirði í tengslum við virkjun við Kárahnjúka munu til langs tíma styrkja hagkerfið. Þau munu birtast í auknum hagvexti, styrkingu útflutnings og bættu atvinnustigi, ekki síst á Austurlandi. Til skamms tíma getur verkefnið þó haft neikvæð áhrif á efnahagslífið, sem birtist í hærra raungengi og hærri vöxtum en ella. Verði ekki gripið til styrkra mótvægisaðgerða til að skapa verkefninu rými í hagkerfinu getur það rutt burt störfum í þeim greinum útflutnings sem næmastar eru fyrir hækkun raungengis. Gegn slíkum skammtímaáhrifum er hægt að sporna með réttum mótvægisaðgerðum. Verkefnið er hins vegar svo stórt á íslenskan mælikvarða að forsenda þess að takist að sporna gegn ofhitnun og óhóflegri þenslu hagkerfisins meðan framkvæmdir verða í hámarki er farsæl samvinna við stjórn peninga- og ríkisfjármála. Seðlabanki hefur bent á að meðal mögulegra leiða til að draga úr þörf fyrir hækkun raungengis og vaxta er að fresta opinberum framkvæmdum meðan bygging álvers og orkuvirkja er í hámarki. Mikilvægt er, til að koma í veg fyrir kollsteypu í viðkvæmum greinum útflutnings, að stjórnvöld hafi náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um tegund og tímasetningu nauðsynlegra mótvægisaðgerða.

Það er stefna Samfylkingarinnar að jafnræði og gegnsæi sé í skattlagningu fyrirtækja. Séu undanþágur frá almennum skattalögum taldar nauðsynlegar til að laða að erlenda fjárfestingu er mikilvægt að um það gildi almennar reglur og skattalegt jafnræði ríki milli aðila sem starfa á sama sviði eins og í stóriðju. Afar fróðlegur samanburður kemur fram í fylgiskjali sem fylgir þessu áliti á skattaumhverfi samkvæmt aðalsamningi ISAL, Alcoa-frumvarpi, lögum um Norðurál hf. og almennum íslenskum lögum, sem ISAL hefur látið taka saman. Þar kemur fram að veruleg frávik og undanþágur er á skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja annars vegar og stóriðjufyrirtækjanna hins vegar. Þetta yfirlit sýnir líka að verulegt innbyrðis ósamræmi er milli þessara þriggja stóriðjufyrirtækja. Alvarlegast er misræmið þó varðandi tekjuskattsgreiðslurnar. Þar kemur fram að Alcoa á að njóta þess ef tekjuskattur verður lægri en 18% á þeim degi sem afhending raforku fer fram að fullu, en tekjuskattshlutfallið skal þó aldrei vera hærra en 18%. Aftur á móti er skattákvæði varðandi ISAL þess efnis að þeir greiða 33% tekjuskatt. Óski þeir endurskoðunar á skattareglunum munu almennar skattareglur gilda um fyrirtækið og falla þá niður allar sérskattareglur sem nú eru í samningi þeirra. Hjá Norðuráli getur skatthlutfallið aldrei orðið hærra en 33% en þeir geta krafist lagfæringar ef breytingar verða á tekju- og eignarskattslögum. Ljóst er því að verulegt misræmi er í skattgreiðslum þessara þriggja stóriðjufyrirtækja.

Frávikin sem fram koma í greiðslu stimpilgjalda á stóriðjufyrirtækin annars vegar og íslensk fyrirtæki hins vegar eru líka óásættanleg. Það eru líka alvarleg mistök hjá ríkisstjórninni að hafa fallið frá lækkun stimpilgjalds á íslensk fyrirtæki sem koma áttu til framkvæmda um sl. áramót á sama tíma og ríkisstjórnin er að bjóða Alcoa verulega lækkun á stimpilgjöldum.

Samfylkingin telur einnig fráleitt á þessu stigi að útiloka, eins og gert er í frumvarpinu, að sett verði sérstakt gjald á útblástur skaðlegra lofttegunda eða aðra losun úrgangs frá álver-

inu. Alþjóðleg þróun stefnir í að markaðslausnum, svo sem viðskiptum með losunarkvóta, verði beitt til að takmarka mengun af þessu tagi í framtíðinni. Um leið verða losunarkvótar að takmarkaðri auðlind. Samfylkingin telur grundvallaratriði að greiða beri fyrir réttinn til að nýta slíkar auðlindir. Samfylkingin er því mótfallin þessu skattaákvæði.

Þótt Samfylkingin gagnrýni að alvarlegir annmarkar séu á skattalegum þáttum í samningnum og að tímabundin neikvæð skammtímaáhrif á peningastefnu og ríkisfjármál geti orðið nokkur, þá vega þar upp hin jákvæðu efnahagsáhrif til langs tíma, sem tryggja aukinn hagvöxt og bætt atvinnuástand. Í ljós þess styður Samfylkingin frumvarpið, en afstaða hennar til einstakra þátta skattamálanna mun koma fram í atkvæðagreiðslu um málið.

Efnahagsáhrif framkvæmdanna.

Bygging álvers í Reyðarfirði og virkjun við Kárahnjúka eru meðal mestu framkvæmda Íslandssögunnar. Séu framkvæmdirnar skoðaðar af sjónarhóli hreinna efnahagsáhrifa bendir flest til að framkvæmdirnar muni hafa jákvæð áhrif á hagkerfið til langs tíma. Þegar starfræksla álversins hefst eykst framleiðslugeta þjóðarbúsins og framleiðsla til útflutnings eykst. Reynslan sýnir að til langs tíma er allajafna sterk, jákvæð fylgni milli útflutningstekna og þjóðartekna. Aukning á útflutningi af völdum álversins mun því efla þjóðartekjur. Fjármálaráðuneytið hefur metið þessi áhrif þannig að framkvæmdir vegna álversins og virkjunar við Kárahnjúka muni auka þjóðarframleiðslu til lengdar um 0,75%. Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd telja því öll rök hníga að því að langtímaáhrif framkvæmdanna fyrir efnahag þjóðarbúsins verði jákvæð.

Fram hjá hinu er þó ekki hægt að horfa, að til skamms tíma geta efnahagsleg áhrif framkvæmdanna haft verulega neikvæð áhrif á fyrirtæki í útflutningi, sem eru næm fyrir hækkun gengis og vaxta. Í umhverfi, þar sem raungengi er hátt og fer hækkandi samfara háum vöxtum, eru sprettumöguleikar nýgræðings í atvinnulífinu litlir. Þetta verður að hafa í huga þegar heildaráhrif framkvæmdarinnar eru metin. Þungbær skammtímaáhrif gætu hugsanlega vegið upp ávinning af framkvæmdunum til langs tíma. Í aðdraganda þeirra er því mjög brýnt að hugað sé að réttum mótvægisaðgerðum, sem skapa framkvæmdunum heppilegt rými, þannig að þær ryðji ekki í úr vegi of miklu af starfsemi sem ekki er eins framleiðin og stóriðjan.

Gríðarlegt innstreymi mun verða á framkvæmdatíma á erlendum gjaldeyri inn til landsins. Erlent fjármagn verður notað til að standa straum af notkun innlends vinnuafls, og öðrum framleiðsluþáttum, sem framkvæmdirnar krefjast. Innstreymið mun að óbreyttu auka spennu á innlendum vöru- og vinnumarkaði, og stuðla að hærra gengi krónunnar. Hin aukna spenna á vinnumarkaði mun brjótast fram í þrýstingi á verðbólgu. Þessi þróun mun óhjákvæmilega ýta undir hækkun á gengi og vöxtum, sem bregðast verður við. Hækkun á þessum þáttum getur kallað fram hin svokölluðu ruðningsáhrif, þ.e.a.s. þegar starfsemi, sem ræður ekki við ýkt skammtímaáhrif framkvæmdanna eða er ekki eins framleiðin og stóriðjan og tengd starfsemi, lætur undan síga af völdum hás gengis og hárra vaxta. Sjávarútvegur er besta dæmið, ekki síst greinar þar sem framlegð er lítil, og hækkun á gengi gæti riðið baggamun um framtíð þeirra. Dæmi má taka af rækjuvinnslu, en í umfjöllun nefndarinnar var fullyrt að frekari gengishækkun gæti leitt til kollsteypu innan hennar.

Í þessu samhengi er óhjákvæmilegt að reyna að greina hvernig þróun krónunnar er líkleg til að verða, í ljósi sterkra áhrifa hennar á tekjur og framlegð útflutningsfyrirtækjanna. Almennt gildir, að hækkun á gengi þrengir að útflutnings- og samkeppnisgreinum, og eyðir því slaka í hagkerfinu. Þannig má segja að gengishækkun skapi rými fyrir framkvæmdir, sem líklegar eru til að valda þenslu í hagkerfinu að öðru jöfnu. Framkvæmdirnar á Austfjörðum, sem hér eru reifaðar, falla að sjálfsögðu í þann flokk. Lækkun á stýrivöxtum Seðlabankans hefur

að öðru óbreyttu áhrif til lækkunar á genginu. Nú hafa stýrivextir lækkað jafnt og þétt, og hafa ekki verið lægri síðan 1994, þegar slaki í hagkerfinu var töluvert minni en nú. Þrátt fyrir þetta hefur gengið hækkað stöðugt að undanförnu, og er nú yfir tíu ára meðaltali. Fyrir vikið er nú þegar töluvert þrengt að útflutningsgreinum, og innan þeirra óar mönnum við frekari gengishækkunum. Ljóst er einnig að vaxtalækkanir bankanna, sérstaklega verðtryggðir vextir, hafa ekki fylgt mikilli lækkun stýrivaxta og svigrúm er því til lækkunar á vöxtum sem styrkt gæti stoðir atvinnulífsins.

Hækkun á gengi undanfarið hefur fyrst og fremst verið rakin til væntinga markaðarins um innstreymi gjaldeyris í tengslum við álvers- og virkjunarframkvæmdir eystra. Reynslan sýnir að markaðurinn getur brugðist við væntanlegum tilefnum löngu áður en þeim er hrint í framkvæmd. Gengið getur því hækkað töluvert fyrr en innstreymi gjaldeyris vegna fyrirhugaðra framkvæmda er hafið. Ekki má þó gleyma því, að fyrir núverandi hækkunarlotu leiddi hagstætt gengi á síðustu missirum til verulegs innstreymis á gjaldeyri, ekki síst í sjávarútvegi. Án nokkurs vafa hefur það átt sinn þátt í að styrkja gengi krónunnar. Spár sérfræðinga um afkomu í sjávarútvegi eru enn mjög jákvæðar, og skapa því frekari væntingar um innstreymi gjaldeyristekna úr greininni. Þannig er gert ráð fyrir að framlegð í greininni á þessu ári verði meiri en nokkru sinni, ef frá eru talin tvö síðustu árin. Óneitanlega hlýtur það að styrkja gengið og ýta fremur undir hækkun en hitt. Nýleg aukning aflaheimilda, sem að nokkru leyti voru án fiskifræðilegra raka og því óvæntar, hafa sömuleiðis átt sinn þátt í að tosa genginu upp. Samanlagt hafa þessir þættir leitt til mun meiri gengishækkana en markaðurinn átti von á með tilheyrandi þrengingu á aðstæðum í útflutningi. Þrátt fyrir það blasir nú við, að leiðandi aðilar í fjármálaheiminum telja enn líkur á frekari gengishækkunum vegna væntinga um stóriðjuframkvæmdir. Greinargerð Seðlabankans um efnahagsleg áhrif stóriðjuframkvæmda er a.m.k. ekki hægt að skilja öðru vísi (sjá t.d. bls. 19, 20).

Við þessar aðstæður skiptir því mjög miklu máli fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinarnar að stjórnvöld peninga- og ríkisfjármála neyti allra ráða sem hægt er til að deyfa ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja mesta áherslu á að sem best samvinna takist við stjórn peninga- og ríkisfjármála. Einstakt umfang framkvæmdanna kallar á slíkt samstarf. Hækkun á vöxtum, styrking gengisins samfara því og niðurskurður opinberra framkvæmda eru aðferðir sem stjórnvöld fjármála og peningamála hafa nefnt til að skapa rými fyrir framkvæmdirnar. Ljóst er að slíkar aðgerðir munu taka í víða í samfélaginu. Mikilvægt er að það fjármagn sem nú á að nýta til opinberra framkvæmda fari í arðsamar og brýnar framkvæmdir, sem greiði fyrir því að hægt sé að hafa verklegar framkvæmdir í lágmarki á aðalframkvæmdatíma álversframkvæmdanna. Seðlabankinn hefur líka leitt rök að því að tilfærsla á framkvæmdum árin 2005–2006, þegar framkvæmdir eystra verða í hámarki, geti dregið töluvert úr vaxtahækkunum sem bankinn þyrfti ella að grípa til. Seðlabankinn hefur til dæmis reifað þá hugmynd að þessi ár verði 20% fjárfestinga ríkisins skotið á frest og síðan bætt ofan á framkvæmdir ríkisins næstu tvö ár á eftir. Heildarmagn framkvæmda minnkar því ekki, heldur er meginþunga þeirra einungis hnikað til.

Aðgerðir af þessu tagi, í réttum takti við ákvarðanir Seðlabanka í peningamálum, eru líklegar til að draga úr þörf fyrir vaxtabreytingar bankans sem hann hefði ella gripið til í því skyni að ná verðbólgumarkmiðum sínum. Þær kalla hins vegar á mjög sterka ríkisstjórn, sem er reiðubúin til að taka á sig tímabundin óþægindi með frestun framkvæmda. Undir öllum kringumstæðum þarf sterkt og náið samráð við aðila vinnumarkaðarins. Fulltrúar Samfylkingarinnar telja litlar líkur á að núverandi stjórn hafi burði til að takast á við aðgerðir sem þessar, en benda á að sterkar vísbendingar eru um að tími hennar sé á þrotum.

Þegar allt er skoðað telja fulltrúar Samfylkingarinnar að samvinna stjórnvalda peningamála og ríkisfjármála geti leitt til mótvægisaðgerða sem takmarka ruðningsáhrif stórframkvæmdanna eystra, þannig að afleiðingarnar verði viðunandi en ávinningur sem mestur.

Skattaákvæði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar gera alvarlega athugasemd við það að Alcoa er ívilnað sérstaklega og með óásættanlegum hætti varðandi óhjákvæmilega umhverfisskatta framtíðarinnar. Umrætt ákvæði er að finna í 2. mgr. 6. gr. Þar er efnislega lagt til að heimilt sé að kveða á um í samningnum við Alcoa að ekki skuli lagðir skattar eða gjöld á útblástur lofttegunda, raforkunotkun eða aðra losun úrgangsefna af hálfu fyrirtækisins, nema því aðeins að slík gjöld séu lögð með almennum hætti á alla aðra starfsemi í landinu. Hér eru mikil mistök á ferðinni af hálfu stjórnvalda, sem bera vott um einstaka skammsýni hvað varðar þróun umhverfismála. Ákvæðið er með engu móti hægt að skilja öðruvísi en svo, að síðar á öldinni verði aldrei hægt að leggja sérstakan umhverfisskatt á orkufreka stóriðju hér á landi. Þessi skilningur var staðfestur í efnahags- og viðskiptanefnd í munnlegu svari iðnaðarráðuneytisins við spurningu fulltrúa Samfylkingarinnar.

Hér er brotin grundvallarregla að mati Samfylkingarinnar. Það er óásættanlegt að í framtíðinni verði ekki hægt að koma við sérstökum gjöldum á losun skaðlegra lofttegunda frá stóriðju. Þessi ákvörðun stjórnvalda er hápólitísk, og gengur harkalega gegn þeirri þróun sem er í gangi á alþjóðlega vísu. Síðasta áratug hefur myndast almenn samstaða meðal þjóða heimsins um að lífríki heimsins stafi veruleg vá af hlýnun andrúmsloftsins. Öll vísindaleg rök hníga að því að hlýnunina megi rekja til losunar lofttegunda, sem meðal annars falla til í stórum stíl við stóriðju. Nú þegar eru í gangi athyglisverðar hugmyndir um að beita markaðslausnum til að takmarka losun þessa úrgangs, með því að heimila sölu á losunarkvótum. Um leið breytast þeir í takmarkaða markaðsvöru sem verður eftirsótt á alþjóðlega vísu. Í markaðsumhverfi er því óhjákvæmilegt að skilgreina losunarkvóta sem takmarkaða auðlind, þar sem heimildir til að losa úrgang út í umhverfið munu ganga kaupum og sölum. Losunarkvótar hljóta þá að skilgreinast sem sameign þjóðarinnar, engu síður en fjarskiptarásir í lofti, fiskistofnar í sjó, og fallvötn á landi. Tæpast er hægt að búast við að stóriðja, sem þegar er tekin til starfa þegar slíkar aðstæður skapast, keppi á markaði um slíkan losunarkvóta innan lands. Það er því sanngjarnt þegar að þessum tímamótum kemur að stóriðja á Íslandi greiði sérstakt umhverfisgjald.

Stórnotendur slíkra kvóta, eins og stóriðja, hljóta að búast við því að síðar á þessari öld verði slík gjöld tekin upp. Ljóst er að Alcoa er mun framsýnna en íslensk stjórnvöld hvað þetta varðar, þar sem ákvæðið staðfestir ljóslega að fyrirtækið hefur séð þessa þróun fyrir, og því sótt umrædda heimild í samningum við ríkið. Einstök skammsýni stjórnvalda í umhverfismálum birtist í samþykkt þessa ákvæðis. Að mati Samfylkingarinnar er þetta ótækt. Hún leggur áherslu á að síðar á öldinni verði umhverfisgjöld tekin upp í stað hefðbundinna skatta sem hagræn stjórntæki. Samfylkingin leggst því eindregið gegn þessu ákvæði.

Í frumvarpinu er lagt til að félaginu verði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum. Í lok síðasta árs samþykkti Alþingi að lengja þann tíma sem fyrirtækjum almennt er heimilt að nýta rekstrartöp úr átta árum í tíu ár. Samfylkingin lagðist gegn þeirri breytingu, en í ljósi þess að tíu ára reglan er nú almenn regla, þá leggst Samfylkingin ekki gegn samsvarandi lengingu fyrir Alcoa.

Stimpilgjöld eru samkvæmt frumvarpinu lækkuð verulega fyrir Alcoa í tengslum við fjárfestingar í álverinu. Af því tilefni vill Samfylkingin að skýrt komi fram að flokkurinn er á móti stimpilgjöldum. Margrét Frímannsdóttir, varaformaður, hefur ítrekað lagt fram frum-

varp þess efnis, og eitt liggur nú fyrir þinginu. Samfylkingin telur jafnsjálfsagt að lækka stimpilgjöld á einstaklinga og smáfyrirtæki og á stóriðjufyrirtæki í erlendri eigu og brýnir af þessu tilefni þingið til að samþykkja tillögu Margrétar. Ástæða er líka til að nefna að stjórnarflokkarnir felldu tillögu frá Samfylkingunni í desember 2001 í tengslum við skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar um að stíga fyrsta áfanga í lækkun á stimpilgjöldum og lækka þau um þriðjung.

Fulltrúar Samfylkingarinnar vekja enn athygli á þeim mismun sem verður á tekjuskattsgreiðslum stóriðjufyrirtækjanna þriggja og árétta þá afstöðu sína að jafnræði ríki í skattgreiðslum fyrirtækja ef veita þarf undanþágu frá íslenskum skattalögum til að laða að erlenda fjárfestingu, enda gildi um það almennar reglur sem séu öllum fyrir fram kunnar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar vilja að lokum vekja athygli á því að þótt gerð tvísköttunarsamnings milli Ítalíu og Íslands sé lokið þá hefur hann enn ekki verið birtur, og því ekki tekið gildi. Ítalska verktakafyrirtækið Impregilo mun ef að líkum lætur starfa á Íslandi meira en tólf mánuði. Vöntun á fullgildingu tvísköttunarsamningsins kann því að skapa réttaróvissu um skattgreiðslur, bæði fyrirtækisins og erlendra starfsmanna þess, og hugsanlega að baka ríkinu bótaábyrgð. Samfylkingin leggur því áherslu á, að stjórnvöld beiti sér fyrir fullgildingu samningsins hið fyrsta. Af þessu tilefni vilja fulltrúar Samfylkingarinnar vekja athygli á því að fleiri dæmi eru um að fullgerðir tvísköttunarsamningar milli Íslands og annarra ríkja séu enn óbirtir, og þar af leiðandi ekki búnir að taka gildi.

Alþingi 16. febr. 2003.

Össur Skarphéðinsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.

Fskj. 1.

Umsögn umhverfisráðuneytis.
(11. febrúar 2003.)

Á fundi fulltrúa ráðuneytisins með efnahags- og viðskiptanefnd 3. febrúar sl. um frumvarp til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði kom fram beiðni um skriflega afstöðu ráðuneytisins til 2. málsgr. 6. gr. frumvarpsins en þar segir: „Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki."

Í fyrsta lagi vill ráðuneytið árétta að umhverfiskröfur til fyrirtækisins verða skilgreindar í starfsleyfi og að umrædd grein í frumvarpinu mun ekki hafa nein áhrif á þær umhverfiskröfur sem gerðar verða til starfseminnar. Það sem hér um ræðir lýtur að hugsanlegri notkun hagrænna stjórntækja í þeim tilgangi að hafa áhrif á útstreymi lofttegunda eða annarra úrgangsefna. Í þessu ákvæði kemur fram að ef til beitingar slíkra stjórntækja kemur munu stjórnvöld taka mið af jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar við útfærslu þeirra.

Ríkisstjórn Íslands markaði á síðasta ári stefnu í loftslagsmálum á grundvelli rammasamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar. Í þeirri stefnumörkun er ekki gert ráð fyrir því að skattar eða gjöld verði lögð á gróðurhúsalofttegundir að svo komnu máli. Stefnan

verður endurskoðuð í ljósi reynslunnar árið 2005. Í nágrannalöndunum er losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju almennt ekki skattlögð. Nokkur þeirra hafa þó í undirbúningi kröfur um að fyrirtæki hafi framseljanlegar losunarheimildir vegna losunar sinnar. Fyrirhugað kvótakerfi ESB vegna losunar gróðurhúsalofttegunda mun hins vegar ekki ná til losunar frá áliðnaði.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.
Halldór Þorgeirsson.

Fskj. 2.

ISAL:

Samanburður á skattaumhverfi.

(6. febrúar 2003.)

Tekju- og eignaskattar

Samanburður á skattaumhverfi skv. Aðalsamningi ISAL, Alcoa frumvarpi (jan. 2003), lögum um Norðurál hf. nr. 62/1997 og almennu tekju- og eignarskattslögunum nr. 75/1981 með breytingum frá 1. jan. 2002.

	ISAL	**ALCOA frumvarp**	**Norðurál**	**Tekju- og eignask.**
TEKJU-SKATTUR				
Meginreglur skattlagningar	Skattlagning skv. sérákvæðum í Aðalsamningi.	Skattlagning skv. tekju- og eignarsk. lögum nema annað sé sérstaklega tekið fram í frumvarpi	Skattlagning skv. tekju- og eignarsk. lögum nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum um Norðurál	
Fellur undir alm. skatta-eftirlit og ísl. dómsstóla	Nei	Já	Já	
Grunn-álagning	US 10$ á tonn af áli sem lágmarks-skattur. Dregst frá tekjuskatti fram til 2005	Engin grunn-álagning aðeins fyrirfram gr. skattur sem hlutfall af álagningu síðasta árs	Engin grunn-álagning aðeins fyrirfram gr. skattur sem hlutfall af álagningu síðasta árs	Engin grunn-álagning aðeins fyrirfram gr. skattur sem hlutfall af álagningu síðasta árs
Skattskyldar tekjur:				
Almennt	GAAP	Allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað.	Allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað.	Allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað.
Undanþegnar tekjur	Engar	Arðgreiðslur	Arðgreiðslur	Arðgreiðslur
Milli-verðlagning	Sérstakar reglur um umreikning	Engar sérstakar reglur	Engar sérstakar reglur	Engar sérstakar reglur
Tekjuskatts hlutfall:	**33%**	**18%** Aldrei hærra en 18% en lægra ef breytingar verða á tekju- og eignarskatts lögum	**18-33%** Aldrei hærra en 33% en geta krafist lagfæringar ef breytingar verða á tekju- og eignarskatts lögum	**18%**

Aðrir skattar (sjá annað skjal um Tekju- og eignaskatt)

Samanburður á skattaumhverfi skv. Aðalsamningi ISAL, Alcoa frumvarpi (jan. 2003), lögum um Norðurál hf. nr. 62/1997 og almennum ísl. lögum sem við eiga í hverju tilfelli.

	ISAL	ALCOA frumvarp	Norðurál	Almenn ísl. lög
AÐRIR SKATTAR				
Iðnaðarmála-gjald	Undanþegið	Undanþegið, og einnig ef sambærileg gjöld verða lögð á í framtíðinni	Undanþegið, og einnig ef sambærileg gjöld verða lögð á í framtíðinni	0,08%
Markaðs-gjald	Undanþegið	Undanþegið	Undanþegið og sambærilegum gjöldum í framtíðinni	0,015%
Fasteigna-gjöld	Undanþegið, sjá grein 30.07 í Aðalsamningi	1% af fastri upphæð frá 2007 (USD 255 millj.)	0,75% af fastri upphæð sem uppfærist miðað við byggingar-vísitölu	1,32%
Gatnagerðar-gjöld:	Sjá Aðalsamning grein 31.01	Undanþegið miðað við 322.000 tonna framleiðslu á ári	Samningsatriði	Lagt á allar byggingar, lóðir og aðstöðu við gerð þeirra.
Byggingar-leyfi:	Sjá Aðalsamning grein 31.01	Samningsatriði	Samningsatriði	Lagt á við útgáfu leyfis.
Skipulags-gjald:	Sjá Aðalsamning grein 31.01	Samningsatriði	Samningsatriði	**0,3%**
Stimpilgjöld:	0,24% - 1,6% Sjá Aðalsamning grein 31.01	0,15% Hlutabréf í félögum eigenda eru undanskilin	0,15% Hlutabréf í félögum eigenda eru undanskilin	0,4% - 2,0% (Útgáfa hlutabréfa 0,5%)
Gjald vegna öryggis raforkuvirkja:	Undanþegið með lögum	Undanþegið	0,2-0,6%	0,2-0,6%
Hafnargjöld:	Hafnarsamningur (í raun lagt á hvert innflutt tonn)	Samningsatriði		Lagt á hvert innflutt tonn.
ANNAÐ				
Ýmsar tryggingar	Ekki undanþegið	Undanþegið	Undanþegið	Lög 48/1994 og Lög 55/1992

	ISAL	ALCOA frumvarp	Norðurál	Tekju- og eignask.
Frádráttur:				
Afskriftir:				
Skrifstofu-byggingar	2%	1-3%	1-3%	1-3%
Iðnaðar-húsnæði	4%	3-6%	3-6%	3-6%
Tankar og borholur	6%	6-10%	6-10%	6-10%
Skip og flugvélar	10%	5-10%	5-10%	5-10%
Búnaðar	15%	5-15%	5-15%	5-15%
Vélar og fartæki	20%	10-20%	10-20%	20-35%
Endurmat	Mögulegt	Nei	Nei	Nei
Takmörkun á afskrift	Nei	Nei	Nei	10% lágm. verðmæti
Eftirstöðvar rekstrartapa	5 ár	Lágmark 9 ár og mögulega lengur ef breytingar verða á tekju- og eignarskatts lögum	8 ár	10 ár
Varasjóður:				
Tapaðar kröfur	Nei	5% af útistandandi viðskiptakröfum	5% af útistandandi viðskiptakröfum	5% af útistandandi viðskiptakröfum
Fjárfestinga-sjóður	Nei	Nei	4% af nafnverði hlutafjár	Nei
Aðilar heimilisfastir erlendis				
Arður	0 %	15% eða samningur en 5% hjá OECD íbúum	15% eða samningur en 0% hjá OECD íbúum	15% eða samningur
Leyfisgjöld	0 %	18-38% eða samningur	18-38% eða samningur	18-38% eða samningur
Söluhagnaður	0 %	10-18% eða samningur	10-18% eða samningur	10-18% eða samningur
EIGNA-SKATTUR	0 %	0 %	0 %	0,6 %

Fylgiskjal III.

Umsögn 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Á fund nefndarinnar komu sérfræðingar í efnahags- og skattamálum og einnig aðilar sem gaumgæft hafa fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi sérstaklega. Í þessari umsögn verður fyrst fjallað um skattaþátt frumvarpsins og síðan almennar efnahagslegar forsendur framkvæmdanna.

Skattaívilnanir.

Gagnvart hinum erlenda eiganda álverksmiðjunnar er að finna undantekningar frá íslenskum skattalögum. Þannig er kveðið á um það að fyrirtækið greiði 18% tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki í landinu og verði þetta tekjuskattshlutfall *lækkað þá skuli fyrirtækið njóta góðs af því.* Verði tekjuskattshlutfallið hins vegar *hækkað skal þetta tiltekna fyrirtæki undanþegið* því tekjuskattshlutfallið skal „aldrei vera hærra en 18%".

Varðandi heimild til að draga *eftirstöðvar rekstrartapa* frá skattskyldum tekjum skal hið sama gilda um þetta erlenda álfyrirtæki og um íslensk fyrirtæki, „þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu níu almanaksára." Ef árum verður fækkað, sem heimildin tekur til, mun það ekki gilda um Alcoa. Varðandi heimildir til skattafrádráttar eru þannig einnig *ívilnandi ákvæði.*

Hinn erlendi eignaraðili kemur til með að greiða 5% skatt af þeim hagnaði sem rennur úr landi. Er það í samræmi við flesta tvísköttunarsamninga sem Ísland á aðild að. Þess má geta að skattlagning á hagnað félaga í Bandaríkjunum er mun hærri en hér á landi eða 35%. Þannig er ljóst að hagnaðurinn af stóriðjufyrirtækinu verður fyrst og fremst skattlagður í móðurlandinu. Fram kom að ekki hefur farið fram á því könnun hvernig skattlagningu almennt er háttað í frumframleiðsluríkjum bandarískra auðhringa.

Álfélaginu og eigendum þess er heimilaður skattafrádráttur í samræmi við 31. gr. laga nr.75/1981, „eins og sú grein hljóðar á samningsdegi, á upphafstímabili samningsins". Aftur hér fær fyrirtækið skuldbindingu um að það verði *undanþegið hvers kyns íþyngjandi ákvæðum sem kynnu að verða sett í lög síðar.* Það sem hins vegar er umhugsunarvert í þessu efni er *sá háttur sem fjölþjóðleg fyrirtæki eru sögð tíðka að skjóta sér undan sköttum með því að skilgreina arðinn sem vaxtagreiðslur af eigin fjárfestingu. Flókið samspil dótturfyrirtækja sem kaupa og selja hvert af öðru og veita lánafyrirgreiðslu er vel þekkt leið til undanskots frá sköttum.* Strangar fyrirbyggjandi reglur hvað þetta snertir hafa sums staðar fælt fjölþjóðleg fyrirtæki frá fjárfestingum. Ekkert virðist hafa komið upp á hér á landi sem Alcoa teldi líklegt til að spilla samningsferlinu að þessu leyti.

Að ýmsu leyti er skattlagningu á álfyrirtækinu öðruvísi háttað en hjá íslenskum fyrirtækjum og hefði verið æskilegt að fyrir lægi nákvæmt mat á þessum mismun. Stuðningur við erlend stóriðjufyrirtæki með skattaívilnunum hefur verið verulegur í tímans rás og má nefna að Eftirlitsstofnun EFTA hefur metið skattaívilnanir til Norðuráls sem beina styrki, samanber eftirfarandi: „In total, the Authority estimated the aid elements to amount to a grant equivalent of USD 6 million, corresponding to 3,6% of eligible investment costs." (PR(98)13: EFTA Surveillance Authority authorities aid to aluminium smelter in Iceland).

Takmarkanir settar á umhverfisskatta.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að skattar eða gjöld verði lögð á raforkunotkun félagsins eða losun á lofttegundum eða öðrum úrgangsefnum. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. um þetta efni: „Hvað varðar skatta og gjöld vegna losunar lofttegunda eða annarra úrgangsefna þá gerir fyrirliggjandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum ekki ráð fyrir því að slíkir skattar eða gjöld verði lögð á gróðurhúsalofttegundir.“ Síðan er klykkt út:

„Af hálfu viðsemjenda ríkisstjórnarinnar er talið mikilvægt að jafnræðis sé gætt við álagningu slíkra skatta eða gjalda ef til þess kemur.“ Við þessum tilmælum varð ríkisstjórnin því að í sjálfum lagatextanum segir „að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki.“

Víða erlendis fer fram umræða þess efnis að leggja beri sérstakan skatt á mengandi stóriðjufyrirtæki en með þessu lagaákvæði yrði Alcoa undanþegið slíkri skattlagningu. Þá aðeins yrði heimilt að skattleggja þetta fyrirtæki í samræmi við þá umhverfisstefnu sem kynni að verða ofan á í framtíðinni að *öll önnur fyrirtæki hér á landi* yrðu látin greiða samsvarandi skatt.

Álit ríkisskattstjóra og almennar ábendingar.

Ríkisskattstjóri gerir athugasemdir við ónákvæmni í textagerð frumvarpsins (sjá fylgigagn). Að öðru leyti er rétt að staðnæmast við þá ábendingu skattyfirvalda að þau frávik sem gerð eru frá almennum skattalögum eru talin óæskileg. Um þetta segir í bréfi ríkisskattstjóra til efnahags- og viðskiptanefndar: „Frá sjónarhóli skattframkvæmdar má almennt segja að óæskilegt sé að láta sérreglur gilda um tiltekna skattaðila, en með hliðsjón af því hvernig þetta mál er vaxið þykir ekki ástæða til að gera það að sérstöku umfjöllunarefni að öðru leyti.“ Samningurinn við Alcoa byggist á þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að veita frávik frá almennum skattalögum. Annar minni hluti vekur hins vegar athygli á að skattyfirvöld telja þessi frávik óæskileg. Í ljósi þessa er rétt að leggja áherslu á eftirfarandi:

- Vantar *heildstætt mat* á frávikum frá venjulegum skattareglum.
- Ákvæði um að ekki megi hækka tekjuskatt er vafasamt og setur slæmt fordæmi.
- Takmarkanir á umhverfisskatta eru mjög vafasamar. Mjög erfitt að setja CO_2-skatt á alla notendur. Hins vegar mun myndast markaður með CO_2-kvóta ef hann verður almennur. Hér er um verulega ívilnun að ræða. Fráleitt að samþykkja að ekki megi setja mengunargjald á stórnotendur á CO_2-kvóta.

Ófullnægjandi áhættumat.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar mánudaginn 10. febrúar sl. komu fram mjög miklar efasemdir um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar arðsemismati virkjanaframkvæmdanna. Greindi Þorsteinn Siglaugsson hagfræðingur frá ítarlegri skýrslu um samanburð á kostnaðaráætlunum og endanlegum niðurstöðum í sambærilegum framkvæmdum erlendis. Meðfylgjandi töflu lagði Þorsteinn fyrir nefndina og gesti hennar, þar á meðal fulltrúa Landsvirkjunar.

Samanburður á forsendum Landsvirkjunar og rannsókn Flyvbjergs:

	LV	Flyvbjerg	Mismunur
Hverjar eru niðurstöður líkindareikningsins			
Líkur á að stofnkostnaður verði yfir 120% af áætlun	4–5%	48%	43–44 prósentustig
Líkur á að stofnkostnaður verði yfir 140% af áætlun	0%	21%	21 prósentustig
Líkur á að kostnaður sé ofmetinn (skv. rannsókn)	ekki gefið upp	16%	
Líkur á að kostnaður sé vanmetinn (skv. rannsókn)	ekki gefið upp	84%	
Hversu traustar eru forsendur líkindareikningsins?			
Meðalfrávik	–18% (ekki vegið)	+28%	
Fjöldi verkefna sem líkindareikningur byggir á	5	258	253 verkefni 98%
Leyfð frávik upp	41%	280%	
Leyfð frávik niður	25%	80%	
Viðmiðunartímabil	5 ár	90 ár	85 ár 95%
Meðalstærð viðmiðunarverkefna	5,7 milljarðar króna	29 milljarðar króna	23 milljarðar 80%
Meðalstærð sem hlutfall af stærð Kárahnjúkavirkjunar	6%	30%	80%

Heimildir:
Bent Flyvbjerg et.al.: Underestimating Costs in Public Works Projects, APA Journal 2002.
Svör Landsvirkjunar og borgarhagfræðings við fyrirspurnum.

Óháðu áhættumati hafnað.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar hinn 13. febrúar sl. bar undirritaður upp þá tillögu að fenginn yrði óháður aðili til að gera sjálfstæða rannsókn á þeirri áhættu sem fylgdi þessum stóriðjuáformum; slíkur aðili skyldi meta líkur á mögulegum umframkostnaði við Kárahnjúkavirkjun. Í því sambandi var vísað í framangreindar kannanir og röksemdafærslu sem

meðal annars hafði komið fram hjá Sveini Aðalsteinssyni viðskiptafræðingi (sjá fylgigagn) og mjög misvísandi upplýsingar sem fram höfðu komið frá framkvæmdaaðilum auk þess sem ýmsum spurningum hefur ekki verið svarað. Tillaga um óháða könnun var borin undir atkvæði og var fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs einn um að styðja hana.

Í kjölfarið sendi þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs út fréttatilkynningu þar sem segir meðal annars:

„Á fundum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi hefur komið fram að mat Landsvirkjunar á líkum á umframkostnaði við Kárahnjúkavirkjun er grundvallað á afar veikum forsendum. Ekkert tillit er tekið til reynslu af alþjóðlegum verkefnum af sambærilegri stærð.

Samkvæmt alþjóðlegri rannsókn á 258 stórverkefnum af svipuðum toga og Kárahnjúkavirkjun er, fara jarðganga- og brúarverkefni að meðaltali um 33% fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun. Samkvæmt annarri alþjóðlegri rannsókn á stíflugerðarverkefnum fara þau að meðaltali 56% fram úr áætlun. Samkvæmt þessu væri eðlilegast gera ráð fyrir að endanlegur kostnaður við Kárahnjúkavirkjun gæti orðið að minnsta kosti 130 milljarðar króna í stað tæplega 100 milljarða eins og nú er ráð fyrir gert. Þetta hefði það í för með sér að tekjur af virkjuninni stæðu ekki undir vaxtagreiðslum, heldur þyrftu eigendur að greiða beint með henni, eða ná tapinu til baka með hærra orkuverði til almennings og fyrirtækja. Slíkt stæðist ekki lög.

Landsvirkjun gerir hins vegar ráð fyrir að afar litlar líkur séu á að verkefnið fari fram úr kostnaðaráætlun. Sú forsenda byggist á reynslu af fimm litlum verkefnum á tímabilinu 1996–2001. Í matsskýrslu Sumitomo Mitsui sem lögð er til grundvallar því áliti að verkefnið sé arðbært segir hins vegar um þetta efni að áhættumatið *sé byggt á öllum fyrri verkefnum Landsvirkjunar,* „...the previous construction projects of Landsvirkjun". Að meðaltali eru þessi verkefni aðeins 6% af stærð Kárahnjúkavirkjunar og mun einfaldari. Ekkert tillit er tekið til reynslunnar af stórvirkjunum á borð við Búrfell, Sigöldu, Kröflu eða Blönduvirkjun og engin athugun hefur farið fram á sambærilegum verkefnum erlendis.

Því er ljóst, að áhættumat Landsvirkjunar er byggt á afar veikum grunni. Það hlýtur að vera grundvallarforsenda fyrir því að ráðist verði í verkefnið, að trúverðug athugun á reynslu af sambærilegum verkefnum fari fram."

Það vekur sérstaka athygli, að svo virðist sem Sumitomo gangi út frá því, að listi yfir fimm tiltölulega smáar framkvæmdir sé tæmandi yfir allar framkvæmdir Landsvirkjunar.

Í þessu samhengi er jafnframt rétt að vekja athygli á svörum Landsvirkjunar varðandi misræmi í kostnaðartölum á milli umræddrar skýrslu og ársskýrslu Landsvirkjunar fyrir 2001. Í svari við fyrirspurn borgarfulltrúa um þetta misræmi er einu svarað um viðmiðunargengi varðandi þessar tölur, en öðru þegar undirritaður spyr (sjá fylgigagn til samanburðar). Í svarinu til borgarfulltrúa sem birt er 14. janúar sl. segir: „Nokkur umræða hefur verið um meint ósamræmi á milli framsetningar á stofnkostnaði í ársskýrslu Landsvirkjunar 2001 annars vegar og skýrslu Sumitomo Mitsui Banking Corporation hins vegar. Hefur því verið haldið fram að í ársskýrslunni sé stofnkostnaður framkvæmda vegna sölu til Reyðaráls áætlaður 118 milljarðar króna á meðan sami kostnaður sé talinn 102 milljarðar króna í skýrslu Sumitomo. Hér er um misskilning að ræða. Það er rétt sem segir í ársskýrslunni að stofnkostnaður vegna sölu til Reyðaráls var áætlaður 118 milljarðar króna á verðlagi í janúar 2002. Sumitomo reiknaði þennan kostnað yfir í USD á þáverandi gengi sem var 100 og notaði því stofnkostnað að fjárhæð um 1.200 milljónir dollara í sínu líkani sem var í USD. Sumitomo sýndi aldrei stofnkostnað í krónum og því er ekki hægt að tala um villandi framsetningu. Það sem gerðist síðan er að aðilar fóru að reikna stofnkostnað út frá skýrslu

Sumitomo, þ.e. 1.200 milljónum dollara, og miðuðu nú við nýtt gengi 85 og fengu út að stofnkostnaður væri um 102 milljarðar króna sem er rangt.“

Jafnvel þótt menn gæfu sér að litlar líkur væru á því að lánin féllu á ábyrgðaraðila er hins vegar langur vegur frá því að sýnt hafi verið fram á að virkjunin skili öruggri arðsemi sem hlýtur að vera lágmarkskrafa þegar á að fórna miklum náttúruverðmætum. Skýlaus sönnunarbyrði hlýtur að hvíla á Landsvirkjun og stjórnvöldum en því fer fjarri að þeirri sönnunarbyrði hafi verið fullnægt.

Niðurgreiddar framkvæmdir.

Á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er einkavæðing almannaþjónustunnar og þar með stoðkerfa samfélagsins. Á öllum sviðum er verið að búa í haginn fyrir einkavæðingu. Í lok síðasta árs var veitt lagaheimild til að hlutafélagavæða Norðurorku og fyrir þinginu liggur frumvarp um heimildir til sveitarfélaga að breyta vatnsveitum í hlutafélög. Í þessu ljósi hafa menn metið fyrirhugaðar framkvæmdir og aðkomu Landsvirkjunar og borið saman aðkomu fyrirtækis í almannaeign og hins vegar ef um engan stuðning væri að ræða af hálfu hins opinbera.

- Landsvirkjun greiðir ekki skatta og nýtur ríkisábyrgðar af lánum, og getur því boðið upp á ódýrari raforku en ella.
- Rask á landi er ekki metið til fjár og landið er látið stóriðjuverkefninu ókeypis í té, sem telja verður fráleitt í ljósi sívaxandi gildis óspjallaðrar náttúru sem framtíðarauðlindar. Hér er ekki vísað til lands sem fasteignar í hefðbundnum skilningi heldur öllu fremur landslags sem ekki er á fasteignamarkaði, en er verðmætt í augum margra. Enginn vafi leikur á að aðrir landnýtingarmöguleikar en virkjun í þágu stóriðju eru fyrir hendi sem lúta að ferðaþjónustu. Óspjallað land verður sífellt verðmætara og sjaldgæfara í Evrópu, fáir staðir eru aðgengilegri frá meginlandi Evrópu fyrir ferðamenn sem vilja sjá óbyggðir en Ísland.
- Að engu leyti er hugað að umhverfiskostnaði, losunarsköttum eða kostnaði við landið. Varðandi aðra landnýtingarmöguleika má m.a. benda á að athugun Nele Lienhoops, nema í umhverfisfræðum í Skotlandi, sýnir að Íslendingar væru tilbúnir að greiða um 400 millj. kr. á ári í auknum sköttum fyrir að eiga svæðið norðan Vatnajökuls sem þjóðgarð. Hún beitti spurningakönnun, skilyrtu verðmætamati. Þetta var hluti af meistaraprófsverkefni hennar (sbr. Morgunblaðið 14. júní 2001).

Hvorki Landsvirkjun né stjórnvöld hafa gert neina athugun á raunverulegu virði þess ríkisstyrks sem felst í niðurgreiddum vöxtum. Samkvæmt leiðbeiningum norska fjármálaráðuneytisins ber að gera kröfu um 4,5 prósentustiga álag á ríkistryggða vexti þegar um virkjanaframkvæmdir er að ræða þar í landi. Tæpast þarf um það að deila, að áhætta við byggingu og rekstur Kárahnjúkavirkjunar er að minnsta kosti jafnmikil og við byggingu og rekstur álvers. „Í áhættunni [við virkjun] felst kostnaður sem taka verður með í reikninginn. Samningar um raforkuverð til stóriðju tengja t.d. yfirleitt raforkuverðið hlutfallslega við markaðsverð á áli. Það þýðir að tekjuáhætta í *virkjun* fyrir álver er ákaflega svipuð og í álverinu sjálfu.“ (Friðrik Már Baldursson: Náttúran, stóriðja og nýskipan raforkumála, erindi á ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar, október 2001, sjá fylgiskjöl).

Sá helmingsmunur sem er á ávöxtunarkröfu til álvera og kröfu Landsvirkjunar til fjárfestingar í Kárahnjúkavirkjun hlýtur að túlkast sem beinn ríkisstyrkur. Sá styrkur nemur að minnsta kosti um 3–4 milljörðum króna á ári.

Skattfrelsi, ókeypis land og lánsábyrgð er ekki metið til fjár né heldur tap annarrar nýtingar vegna ferðamanna. Þessi sérstaða skekkir samkeppnisstöðu Landsvirkjunar gagnvart öðrum atvinnurekstri og gefur villandi upplýsingar um arðsemi (fórnarkostnað) framkvæmda Landsvirkjunar.

Styrkinn sem felst í lánsábyrgðum má meta sem muninn á vaxtagreiðslum af lánum vegna virkjunarinnar með og án ábyrgða. Fram kom í máli fjármálastjóra Landsvirkjunar á Orkuþingi Samorku haustið 2001 að fyrirtækið hefði kannað hvaða vexti þyrfti að greiða af lánum vegna Kárahnjúkavirkjunar, ef hún nyti ekki opinberra ábyrgða. Fram kom að vextirnir mundu hækka mikið frá því sem nú er, en engin tala hefur þó heyrst í því sambandi.

Stjórnvöld hafa ekki lagt fram yfirlit um fjárhæð skattastyrkja vegna Kárahnjúkavirkjunar og Fjarðaáls. Þau hafa ekki lagt fram fjárhagslegt mat á stuðningnum sem felst í opinberum lánsábyrgðum á Kárahnjúkavirkjun. Þau hafa ekki heldur metið landið sem spillist við virkjunina til fjár. Meðan þær liggja ekki fyrir geta landsmenn ekki tekið upplýsta afstöðu til þessarar mestu framkvæmdar í sögu sinni.

Efnahagsumræðan.

Seðlabanki, fjármálaráðuneyti og greiningardeildir fjármálafyrirtækja, háskólakennarar og ýmsir sérfræðingar hafa sent frá sér ýmis gögn um efnahagslegar afleiðingar og hliðarverkanir áformaðra framkvæmda. Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar lýsti fulltrúi Seðlabankans því yfir að verkefnið væri viðráðanlegt en þegar eftir var leitað kom í ljós að af hálfu bankans voru miklir fyrirvarar.

Í fyrsta lagi að framkvæmdin væri af slíkri stærðargráðu að efnahagssérfræðingar væru komnir „út fyrir sinn reynsluheim". Í þessari framkvæmd byggðu efnahagssérfræðingar þess vegna að verulegu leyti á ágiskunum.

Í öðru lagi kom í ljós að bankinn hefði ekki tekið afstöðu til þeirra miklu deilna sem risið hafa í þjóðfélaginu um arðsemi framkvæmdanna. Hvort heppilegt væri að ráðast í þessar framkvæmdir með tilliti til annarra valkosta í þróun atvinnulífsins væri einfaldlega nokkuð sem bankinn hefði hvorki skoðað né tekið afstöðu til.

Í þriðja lagi kom fram að hvorki Seðlabanki né fjármálaráðuneyti treystu sér til að meta hvaða langtímaáhrif breytt samsetning efnahagslífsins – þar sem þungaiðnaður í erlendri eign vegur sífellt meira í efnahagsstarfseminni – hefði á efnahagslífið í heild og þá sérstaklega á tekjustreymi til ríkis og sveitarfélaga. Þá hafa rannsóknir sýnt að áliðnaður er líklegur til að ýta undir sveiflur í efnahagslífinu. (Sjá grein í Viðskiptablaði eftir Ásgeir Jónsson og Axel Hall, sbr. fylgigögn.)

Í fjórða lagi kom fram bæði hjá fulltrúum Seðlabanka og fjármálaráðuneytis að á þeirra vegum hefði ekkert mat verið lagt á vinnsluvirði framkvæmdanna. Engir útreikningar hefðu farið fram á því hvað ætla mætti að yrði ávinningurinn fyrir íslenskt efnahagslíf, hve mikið af væntanlegum arði af rekstri stóriðjunnar sæti eftir í landinu eftir að vaxtakostnaður og arður hefði verið færður úr landi.

Enginn af þessum grundvallarþáttum hefur verið gaumgæfður af hálfu efnahagssérfræðinga ríkisstjórnarinnar. Eins og bent var á hér að framan hefur heldur engin samanburður verið gerður á skattlagningu stóriðjufyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum þrátt fyrir að eftir hafi verið leitað.

Efnahagssérfræðingar hafa bent á að verði ekki gripið til neinna hliðarráðstafana megi ætla að hagkerfið ofhitni með óðaverðbólgu og óstöðugleika í kjölfarið. Til að koma í veg fyrir þetta hefur einkum verið bent á þrennt: Tímabundinn niðurskurð opinberra framkvæmda, vaxtahækkun og opnun landsins fyrir erlendu vinnuafli.

Niðurskurður opinberra framkvæmda.

Í greinargerð fjármálaráðuneytisins frá 8. janúar sl. segir um álver Alcoa og stækkun Norðuráls m.a.: „...2% hækkun raunvaxta (mun) draga úr verðbólgu sem nemur ¾% að jafnaði 2003–2006. Sé dregið úr fjárfestingu hins opinbera í sama mæli, þ.e. um 10%, verður verðbólga 1¼% lægri að jafnaði á sama tímabili. Samkvæmt þessum útreikningum myndu aðgerðirnar ekki duga einar sér til að halda verðbólgu innan þolmarka."

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 10. febrúar sl. sögðu fulltrúar Seðlabanka Íslands að til álita kæmi að draga tímabundið úr opinberum fjárfestingum um 20%. Ekki vildu þeir tilgreina hvar niðurskurðarhnífnum skyldi beitt enda væri það ekki á verksviði bankans. Fulltrúi ASÍ var heldur ekki reiðubúinn til þess, þótt hann tæki undir nauðsyn þess að draga úr opinberum framkvæmdum.

Vaxtahækkanir.

Ítrekað hefur verið fullyrt af hálfu fulltrúa Seðlabanka Íslands að raunvextir þurfi að verða a.m.k. 2% hærri en ella vegna fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda. Enginn vafi leikur á að þetta mun hafa veruleg áhrif í efnahagslífinu, þrengja kost fyrirtækja í vexti og hag heimilanna.

Vinnuafl.

Atvinnusköpunarsjónarmið eru umdeild á meðal hagfræðinga sem leiðarvísir fyrir fjárfestingar. Hitt er augljóst að virkjanaframkvæmdin er mjög fjármagnsfrek og fyrir þessa fjármuni (100 milljarða) væri hægt að skapa margfalt fleiri arðsöm framtíðarstörf víðs vegar um landið en þau sem myndast í álverinu.

Fram hefur komið að íslensk stéttarfélög hafa áhyggjur af því að í tengslum við áformaðar stóriðjuframkvæmdir verði flutt inn vinnuafl, sem hugsanlega undirbjóði Íslendinga.

Í ályktun Félags járniðnaðarmanna frá 14. janúar 2003 segir m.a. eftirfarandi: „verktakar hafa ítrekað flutt inn erlent vinnuafl á fölskum forsendum og verið staðnir að svikum við launagreiðslur." Þess er krafist: „...að Landsvirkjun og stjórnvöld tryggi fulla atvinnuþátttöku Íslendinga í virkjana- og álversframkvæmdum, ásamt því að ganga ríkt eftir því að erlendir launþegar njóti sömu kjara." Íslensk stjórnvöld líta hins vegar á innflutning erlends vinnuafls í öðru ljósi. Í greinargerð fjármálaráðuneytisins frá 8. janúar sl. er einvörðungu spurt um hugsanlega aðkomu erlendra verkamanna með tilliti til hagstærða. Þannig segir: „ Sé gert ráð fyrir að helmingur þess vinnuafl, sem starfar tímabundið við framkvæmdirnar verði erlent í stað fjórðungs samkvæmt þessum útreikningum, myndi það leiða að jafnaði til ¼% lægri verðbólgu en ella á tímabilinu 2003–2006."

Almennt um efnahagsáhrifin.

Þegar arðsemin er metin hefur annars vegar verið rætt um það hvort hugsanlega verði bókhaldslegt tap á verkefninu og hins vegar hvort bókhaldslegur ávinningur ef á annað borð verður um hann að ræða væri virði þeirrar áhættu sem þjóðin tekst á hendur. Í þessu sambandi hefur einnig verið rætt um ruðningsáhrif í efnahagslífinu. Hagfræðingar hafa varað við því að fyrirtækjum sem standa veikt að vígi, eins og við á um mörg sprotafyrirtæki, yrði hreinlega rutt úr vegi og hafa þeir bent á að skattastyrkir til Landsvirkjunar og opinber ábyrgð á lánum geri það að verkum að líklegt megi heita að þau fyrirtæki, sem rutt verður burt, séu í raun arðsamari en virkjun og álver.

Jákvæð þjóðhagsleg áhrif af álveri Alcoa og virkjun vegna þess eru á annan veg en stjórnvöld vilja vera láta. Samkvæmt athugun Þjóðhagsstofnunar, sem miðaðist við rekstur Reyðar-

áls, hefði þjóðarframleiðsla aukist um aðeins 0,7% vegna reksturs álvers. Samkvæmt lauslegri athugun Þorsteins Siglaugssonar hagfræðings mundu áhrifin af álveri Alcoa líklega ekki nema meiru en 2,3 milljörðum króna, eða um 0,6% af þjóðartekjum árið 2001. Þetta samsvarar árshagnaði tveggja stórra fyrirtækja í góðu árferði. Lítið má út af bera til að þessi jákvæðu áhrif hverfi og verði jafnvel neikvæð. Sem dæmi má nefna að fari stofnkostnaður virkjunar 30% fram úr áætlun, sem athuganir benda til að gætu orðið, helmingast þessi áhrif og hreint núvirði fjárfestingar í Kárahnjúkavirkjun yrði –27,2 milljarðar króna. Áhrif virkjunar á ferðaþjónustu geta vel orðið neikvæð og hugsanlega mjög neikvæð. Þriggja milljarða samdráttur í vinnsluvirði frá ferðaþjónustunni mundi gera þjóðhagsleg áhrif virkjunar og álvers neikvæð um 700 milljónir árlega.

Væntingar þær, sem stjórnvöld hafa markvisst byggt upp og viðhaldið, um verulega innspýtingu í efnahagslífið vegna væntanlegra framkvæmda, hafa haldið uppi vaxtastigi og gengi sem efnahagslegur veruleiki um þessar mundir gefur ekkert tilefni til. Þannig hafa stjórnvöld með aðgerðum sínum skaðað atvinnulíf í landinu, bæði útflutningsgreinar, en einnig framleiðslugreinar sem eiga í samkeppni við erlendar iðnaðar- og neysluvörur, með því að pressa í gegn ríkisstyrktar stórframkvæmdir sem hafa sáralítil þjóðhagsleg áhrif, auk þess að vera augljóslega svo óhagkvæmar að einkaaðilar mundu ekki sjá sér hag í að fjárfesta í þeim. Sterk rök má færa að því, að hátt gengi geti skaðað markaðsstöðu á útflutningsmörkuðum til langframa.

Það er ámælisvert þegar stjórnvöld láta langtímahagsmuni lönd og leið, en vinna þess í stað spjöll á mikilvægustu atvinnugreinum landsmanna til þess eins að vinna að eigin pólitísku skammtímahagsmunum.

Ruðningsáhrif er mjög erfitt að meta. Vegna væntinga markaðarins sem koma fram núna (en ekki árið 2005) gæti gengið (og vextir) haldist uppi eða sveiflast meira en ella og það valdið erfiðleikum í útflutningsgreinum og dregið úr fjárfestingu þar.

Ekki er metið hvaða hagur væri af því ef Landsvirkjun gæti lækkað skuldir og raforkuverð til almennings og smárra eða meðalstórra iðnfyrirtækja.

Samantekt.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar varðar heimild til að reisa álver í Reyðarfirði. Sú heimild verður ekki aðskilin heimild til að reisa virkjun við Kárahnjúka. Það eru tvær ástæður fyrir því að þessar framkvæmdir verða ekki aðskildar. Í fyrsta lagi má líta á virkjunina sem hluta af álverinu. Það er reist einvörðungu til þess að knýja þessa einu verksmiðju. Að þessu leyti er Kárahnjúkavirkjun ekki sambærileg við neina aðra virkjun í landinu. Kárahnjúkavirkjun er orkuvinnslan fyrir álverksmiðju Alcoa-fyrirtækisins og stendur og fellur með því fyrirtæki. Í þessu felst áhætta sem ekki hefur verið nægilega gaumgæfð. Hin ástæðan fyrir því að Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðjan eru óaðskiljanlegar framkvæmdir er sú að þær byggjast á fjárfestingum sem saman hafa í för með sér mjög miklar og að öllum líkindum afdrifaríkar efnahagslegar afleiðingar.

Deilur efnahagssérfræðinga um sjálfa virkjunina hafa verið af tvennum toga:

Annars vegar, hvort fjárfestingin sé arðvænleg í þeim skilningi að hún skili jafnmiklum arði og aðrir fjárfestingarkostir mundu gera, þar sem sambærileg áhætta er tekin. Hér vísa ég til hagfræðinga sem hafa gagnrýnt þessa risavöxnu miðstýrðu framkvæmd og telja hana ekki arðsama í þessum skilningi. Stjórnarformaður Landsvirkjunar hefur staðfest þetta með því að viðurkenna að einkafyrirtæki mundu ekki virkja við Kárahnjúka, einkafjárfestar teldu fé sínu betur varið í aðrar fjárfestingar (Kastljós RÚV desember 2002). Það sem verra er, hagfræðingar telja að framkvæmdin verði beinlínis þrándur í götu annars atvinnureksturs –

sérstaklega smárra og meðalstórra fyrirtækja sem munu þurfa að taka lán með hærri vöxtum en ella, til að vaxa áfram eða hreinlega bara til að brúa bilið milli útgjalda- og tekjuinnstreymis.

Hitt deilumálið á meðal efnahagssérfræðinga er enn alvarlegra og er hér vísað til þeirra sérfræðinga sem staðhæfa í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir og þess sem ætla má um framkvæmdina að beinlínis verði bókhaldslegt tap á henni. Íslendingar muni með öðrum orðum hreinlega tapa á því að reisa orkuverið fyrir Alcoa. Því miður hefur margt komið fram sem bendir til að þessir aðilar hafi rétt fyrir sér.

Enginn deilir um að Kárahnjúkavirkjun muni valda miklum náttúruspjöllum en því er haldið fram að þrátt fyrir þessi náttúruspjöll sé hinn efnahagslegi ávinningur svo mikill að réttlætanlegt sé að fórna náttúrunni. Þetta hefur verið röksemd ríkisstjórnarinnar.

Þeir sem svona tala verða að geta stutt mál sitt mjög gildum rökum. Það hefur málsvörum stóriðjuframkvæmdanna ekki tekist.

Með þessari framkvæmd er boðað stríð gegn náttúru þess lands sem við höfum aðeins að láni frá komandi kynslóðum. Stórfelld óafturkræf náttúruspjöll verða ekki réttlætt með skírskotun til mikillar arðsemi eða nauðsynjar vegna atvinnuuppbyggingar. Jafnframt er þetta aðeins fyrsta skrefið í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að byggja hér upp þungaiðnað á kostnað náttúru landsins. Þegar þessari uppbyggingu lýkur með stækkun Ísal og Grundartanga auk Reyðaráls verður 80–90% af raforkuframleiðslu seldur á einingarverði, sem er langt undir því verði sem gildir á vestrænum mörkuðum og að auki tengdur álverði sem óhjákvæmilega lækkar til framtíðar litið. Þótt álframleiðsla skili mikilli útflutningsaukningu að nafni til er það sem eftir situr í landinu tiltölulega lítið, mest í formi launagreiðslna til starfsfólks en litlar sem engar nettógjaldeyristekjur verða af raforkusölunni í áratugi og skuldabyrði landsmanna vex gífurlega. Jafnframt er verið að festa landið enn kyrfilegar í viðjum frumframleiðslu.

Þessi mikla fjárfesting í raforkuverum mun ekki skila sér í neinum hagvexti umfram föst störf í álverinu. Íslendingum standa til boða miklu betri valkostir á öðrum sviðum atvinnuuppbyggingar.

Alþingi 17. febr. 2003.

Ögmundur Jónasson.

Fskj. 1.

Umsögn ríkisskattstjóra til efnahags- og viðskiptanefndar.
(6. febrúar 2003.)

Vísað er til bréfs hv. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 3. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar embættisins um ofangreint frumvarp. Í bréfin nefndarinnar kemur fram að sérstaklega sé óskað umsagnar um efnahagsleg og skattaleg áhrif frumvarpsins.

Embættið hefur sérstaklega skoðað efni 6. gr. frumvarpsins, en ákvæði þess lýtur að skattlagningu. Er þar gert ráð fyrir nokkrum frávikum frá almennum reglum skattalaga. Frá sjónarhóli skattframkvæmdar má almennt segja að óæskilegt sé að láta sérreglur gilda um tiltekna skattaðila, en með hliðsjón af því hvernig mál þetta er vaxið þykir ekki ástæða til að gera það að sérstöku umfjöllunarefni að öðru leyti. Ríkisskattstjóri vill leyfa sér að minnast á smávægilega ónákvæmni í texta 6. gr. út frá reglum skattaréttar. Af frumvarpinu má ráða að "félagið" þ.e. Fjarðarál sf. muni ekki bera sjálfstæða skattaðild. Í því felst að hin objektíva skattskylda hvílir á sameigendunum. Í skattalegu tilliti ber því sameignarfélagið ekki skyldurnar eða á réttindin heldur eru það eigendurnir sem eins og fyrr segir bera hina objektívu skattskyldu. Því hefði verið réttara í b-lið ákvæðisins að kveða á um að "Heimilt er að draga frá ..." í stað þess að segja "Félaginu skal heimilt..." eins og segir í ákvæðinu. "Félagið" eins og fyrr segir ber ekki objektíva skattskyldu og það eru því eigendur þess sem gera upp til skatts, það er þeirra að gefa upp hreinan hagnað sameignarfélagsins til skatts. Þá vill ríkisskattstjóri jafnframt benda á að hugtakið "Fastafjármunir" sem nefnt er í c-lið 6. gr. er ekki notað í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þau lög nota hugtakið "varanlegir rekstrarfjármunir" við skilgreiningu á fyrnanlegum eignum sbr. ákvæði 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þá er í nefndum c-lið nefndir "fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á álverksmiðju, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981". Í þessu sambandi myndi það tæpast geta talist rétt hugtakanotkun í þessu samhengi að tala um eignir sem aflað er vegna viðhalds, því kostnaður vegna viðhalds er ávallt færður til gjalda, nema um sé að ræða kostnað sem telja verði sem endurbætur, en þær eru þá færðar til eignar. Viðhald er þannig ekki eignfært og því ekki fyrnanleg eign samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Að lokum vill ríkisskattstjóri benda á að ekki hefði verið óeðlilegt í 10. tölul. 6. gr. að vísa jafnframt í A-lið 2. gr., 6. tölul. 5. gr., sbr. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, en skattur af arðgreiðslum til aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi er innt af hendi samkvæmt síðastnefndum lögum og telst sú staðgreiðsla fullnaðargreiðsla skatta af þeim tekjum án þess að til frekari ákvörðunar eða álagningar þurfi að koma.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóir ekki ástæðu til frekari umfjöllunar um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Bragi Gunnarsson *Indriði H. Þorláksson*

Fskj. 2.

Umsögn Landsvirkjunar og svör við spurningum Ögmundar Jónassonar.
(7. febrúar 2003.)

Vísað er til bréfs, dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Landsvirkjunar um frumvarp til laga um álverksmiðju á Reyðarfirði, 509 mál. Sérstaklega er óskað umsagnar um efnahagsleg og skattaleg áhrif frumvarpsins.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Með ofangreindu bréfi fylgja jafnframt spurningar í sex liðum frá Ögmundi Jónassyni, alþingismanni sem lúta fremur að þegar samþykktum heimildarlögum um Kárahnjúkavirkjun en frumvarpi því sem óskað er umsagnar um. Landsvirkjun er engu að síður ljúft að svara þessum spurningum að svo miklu leyti sem það er hægt.

Spurning 1

Landsvirkjun [metur] 10-18% líkur á að byggingarkostnaður Kárahnjúkavirkjunar fari allt að 10% fram úr áætlun og 4-5% líkur á að hann fari 10-20% fram úr áætlun. Spurt er:

Hver er líkindadreifingin í heild, þ.e. hverjar eru líkurnar á frávikum +/- 100% upp og niður? Í svarinu séu líkindi tilgreind í bilum, þ.e. líkur allt að 10% fráviki o.s.frv.

Á hvaða reynslutölum byggir þessi líkindadreifing? Í svarinu séu talin upp þau verkefni sem dreifingin miðast við.

Hversu stór eru þessi verkefni samanborið við Kárahnjúkavirkjun? Í svarinu sé stærð tilgreind í krónum á verðlagi 2002, sem hlutfall af stærð Kárahnjúkavirkjunar.

Á hvaða öðrum þáttum en reynslutölum byggir líkindadreifingin?

Landsvirkjun hefur notið aðstoðar fyrirtækisins Ráðgjöf og efnahagsspár til þess að gera líkindafræðilega útreikninga á ýmsum þáttum er lúta að mati á arðemi orkusölu til Fjarðaáls á Reyðarfirði. Í umræðum í borgarstjórn Reykjavíkur var fjallað um stofnkostnað og er líklegt að þingmaðurinn sé að vísa í umræður á þeim vettvangi, enda hefur Landsvirkjun ekki gefið yfirlýsingar opinberlega um líkindadreifingu á stofnkostnaði.

Fullyrðing þingmannsins er röng að nokkru leyti enda er eingöngu vísað í Kárahnjúkavirkjun. Það er hins vegar nauðsynlegt að hafa í huga að stofnkostnaður Landsvirkjunar felst í meiru en byggingarkostnaði Kárahnjúkavirkjunar. Einnig er um að ræða flutningslínur og spennuvirki. Það er þessi heildarkostnaður sem skiptir máli í arðsemisreikningum Landsvirkjunar. Hér eftir er vísað til þessa heildarkostnaðar sem stofnkostnaðar vegna Kárahnjúkavirkjunar og tengdra mannvirkja eða einfaldlega stofnkostnaðar.

Í stofnkostnaðaráætlunum og þar með útreikningum Landsvirkjunar er varúðarálag sem nemur 14% af áætluðum stofnkostnaði vegna Kárahnjúkavirkjunar og tengdra mannvirkja. Hermireikningar Landsvirkjunar í þessu tilliti varða líkindi á því að stofnkostnaður að viðbættu viðkomandi varúðarálagi verði tilteknu hlutfalli meiri en gert er ráð fyrir í grunnforsendum. Þegar sagt er að tilteknar líkur séu á að áætlaður stofnkostnaður fari a.m.k. 10% fram úr áætlun þá þýðir það í raun 10% að viðbættum 14% eða u.þ.b. 24%. Á þetta einnig við svörin hér að neðan.

Varðandi umræddda fullyrðingu er því hið rétta að metnar hafa verið 15-18% líkur á að stofnkostnaður vegna Kárahnjúkavirkjunar og tengdra mannvirkja fari að minnsta kosti 10% fram úr áætlun. Þá hafa verið metnar 4-5% líkur á að stofnkostnaður fari a.m.k. 20% fram úr áætlun.

Landvirkjun hefur mjög góða reynslu af virkjunarframkvæmdum hérlendis og hefur tekist að ljúka virkjunarframkvæmdum á síðustu árum á áætlun hvað varðar bæði stofnkostnað og tíma. Þessi verkefni eru að sönnu nokkuð minni en Káranhjúkavirkjun. Aðferðafræði Landsvirkjunar varðandi hönnun, útboð og eftirlit er traust og fyrirtækið hefur aflað sér ráðgjafar frá hæfustu aðilum, bæði innlendum og erlendum. Undirbúningur Kárahnjúkavirkjunar hefur verið sérlega vandaður og því er engin ástæða til að gera ráð fyrir að Kárahnjúkavirkjun sé líklegri til að fara fram úr áætlun en þær virkjanir sem Landsvirkjun hefur þegar reist.

Hvað áhrærir líkur á +/-100% frávikum, þ.e. að stofnkostnaður verði allt frá því að vera enginn í það að tvöfaldast frá áætlun þá er spurt um óeðlilega vítt bil. Miklar líkur eru á tiltölulega litlum frávikum en auga leið gefur að engar líkur eru á því að stofnkostnaður verði enginn. Þannig er t.d. forsenda í hermireikningum að magnþáttur stofnkostnaðar verði aldrei minni en sem svarar til áætlaðs stofnkostnaðar án ofangreinds varúðarálags.

Við hermireikningana eru notuð tvö hermilíkön sem m.a. eru byggð á hagmælingum fyrir tímabilið 1966-1998 og 1963-2001. Fyrra líkanið hefur verið notað við samskonar útreikninga um nokkurra ára skeið en hið síðara hefur nýverið verið smíðað í þeim tilgangi að bera niðurstöður þess saman við niðurstöður eldra líkansins. Ástæðan er einkum hugmyndir um að samhengi álverðs og gengis gjaldmiðla kunni að hafa breyst sl. áratug. Skýringa slíkra breytinga gæti verið að leita í auknu framboði áls frá fyrrum Sovétríkjunum. Samanburður á niðurstöðum líkananna leiðir í ljós að nýrra líkanið metur mun minni líkur á stórum verðbreytingum áls. Vegna innbyrðis samhengis hagstærða endurspeglast sá munur einnig að takmörkuðu leiti í breytileika annarra hagstærða svo sem raungengis. Við framsetningu á niðurstöðum hermireikninganna hefur verið farin sú að birta niðurstöður beggja líkananna í formi líkindabils. Þau atriði sem hafa áhrif á stofnkostnað eru frávik í magni fjárfestingar og frávik raungengis. Samkvæmt líkindadreifingu ráðgjafa Landsvirkjunar eru mestu mögulegu frávik frá áætluðum stofnkostnaði rösklega 48% hækkun og tæplega 27% lækkun samkvæmt eldra líkani en bilið

þrengist nokkuð við notkun á nýrra líkaninu og verður tæplega 41% hækkun og tæplega 25% lækkun.

Spurning 2

Áætlað er að álverð sé 1564 USD/tonn við upphaf orkusölu. Hver er líkindadreifingin í heild, greint með sama hætti og í (1) [spurningu 1]?

Spurt er um líkindadreifingu álverðs fyrir eitt tiltekið ár en slíkt hefur ekki meginþýðingu í arðsemisathugunum Landsvirkjunar. Fyrirtækið reiknar arðsemi út frá langtímasjónarmiðum og er vel meðvitað um sveiflur sem geta verið á verði áls frá ári til árs. Fyrirtækið notar nú þegar tæki á fjármálamarkaði til að verja sig gagnvart álverðsáhættu til skemmri tíma og mun auka þá starfsemi ef af samningum við Alcoa verður. Það er augljóst að mun meiri óvissa ríkir um álverð eins tiltekins árs í framtíðinni en meðaltalverð tiltekins framtíðartímabils.

Mestu frávik frá álverðsforsendu árið 2007 eru um 158% hækkun og tæplega 64% lækkun samkvæmt eldra líkani. Ef litið er til nýrra líkansins þá sýnir niðurstaðan að mestu frávik eru tæplega 82% hækkun og tæplega 54% lækkun. Rétt er einnig að nefna að taldar eru um 14,5-21,2% líkur á að álverð árið 2007 verði allt að 10% lægra en samkvæmt grunnforsendu en um 10-16,9% líkur á því að það verði 10% hærra.

Spurning 3

Hvaða fjármunum hefur þegar verið varið til undirbúnings og framkvæmda vegna Kárahnjúkavirkjunar? Í svarinu séu tölur tilgreindar uppreiknaðar miðað við þá ávöxtunarkröfu sem Landsvirkjun notar. Tölur séu sundurliðaðar eftir verkþáttum.

Landsvirkjun hefur þegar varið um 2.700 m.kr. til undirbúnings og framkvæmda vegna Kárahnjúkavirkunar á verðlagi í árslok 2002. Þar af eru um 400 m.kr. vegna undirbúningsframkvæmda við vegalagnir og brúargerð sem ráðist var í á haustmánuðum 2002. Ekki verður séð ástæða þess að farið er fram á að þessar fjárhæðir verði hækkaðar með ávöxtunarkröfu Landsvirkjunar enda er það til þess eins fallið að flækja umræðuna. Undirbúningskostnaður er innifalinn í stofnkostnaðaráætlunum fyrirtækisins og kemur með þeim hætti inn í arðsemisathuganir.

Spurning 4

Samkvæmt matsskýrslu Sumitomo Mitsui Banking Corporation, sem kom út í september 2001 er stofnkostnaður Kárahnjúkavirkjunar og tengdra virkjana áætlaður 1.200 milljónir USD. Í skýrslunni er tiltekið að miðað sé við gengið 85 ISK/USD. Í ársskýrslu Landsvirkjunar fyrir árið 2001, er kostnaður áætlaður 118 milljarðar króna. Borgarhagfræðingur hefur svarað fyrirspurn borgarfulltrúa um þetta mál og verður að gera ráð fyrir að hann hafi leitað upplýsinga hjá Landsvirkjun vegna þess. Í svarinu er því haldið fram að Sumitomo Mitsui hafi miðað við gengið 100 ISK/USD, en ekki 85, eins og bankinn þó tiltekur, og þetta skýri mismuninn. Þessi skýring virðist ekki trúverðug. Hver er raunveruleg skýring á þessum mismun og hver hefði verið arðsemi verkefnisins hefði bankinn notast við rétta kostnaðartölu?

Landsvirkjun harmar viðvarandi misskilning varðandi þetta atriði. Það er rétt sem segir í ársskýrslu fyrir árið 2001 að stofnkostnaður við virkjunarframkvæmdir í tengslum við 390 þús. tonna álver Reyðaráls var áætlaður 118 milljarðar króna. Í þeim stofnkostnaðaráætlunum var

miðað við að kostnaður vegna erlendra aðfanga væri á genginu 85 ISK/USD eins og Sumitomo getur réttilega um í sinni skýrslu. Sumitomo flutti þennan kostað yfir í USD á þáverandi gengi sem var tæplega 100 kr. og notaði því stofnkostað að fjárhæð um 1.200 milljónir dollara í sínu líkani sem var í USD. Sumitomo sýndi aldrei stofnkostnað í krónum og því er ekki hægt að tala um villandi framsetningu. Á sama hátt er ástæðulaust að ræða um arðsemi verkefnisins "hefði bankinn notast við rétta kostnaðartölu". Bankinn hafði allar upplýsingar og vann að mati Landsvikjunar mikið og gott starf í þágu fyrirtæksins.

Spurning 5

Komi til einkavæðingar Landsvirkjunar er ljóst að ófullnægjandi arðsemi Kárahnjúkavirkjunar getur haft veruleg neikvæð áhrif á söluandvirði fyrirtækisins. Samkvæmt upplýsingum Stefáns Péturssonar, fjármálastjóra Landsvirkjunar, sem fram komu á Orkuþingi 2001, hefur fyrirtækið látið meta líklega vexti á lánsfé til Kárahnjúkavirkjunar ef ekki væri um bakábyrgð eiganda að ræða. Fram kom í máli Stefáns við þetta tækifæri, að án ábyrgða yrðu vextir svo háir að hann þyrði ekki að nefna töluna. Hver yrði vaxtaprósentan á lánum til Kárahnjúkavirkjunar án ábyrgða Landsvirkjunar sjálfrar eða eiganda fyrirtækisins? (Með svari fylgi þær athuganir sem stuðst er við). Hvert er núvirði framkvæmdarinnar miðað við þessa vaxtaprósentu? Ef Kárahnjúkavirkjun yrði seld árið 2013, hver væri þá arður af framkvæmdinni á núvirði í dag, þ.e. núvirt söluverð að frádregnum byggingarkostnaði, en viðbættum tekjum?

Á Orkuþingi 2001 flutti Stefán Pétursson ræðu um verkefnafjármögnun virkjana. Það er skýr greinarmunur á verkefnafjármögnun stakrar virkjunar annars vegar og hins vegar einkavæðingu Landsvirkjunar sem á og rekur fjölda virkjana, á og rekur meginflutningskerfi landsmanna og hefur auki þess mjög sterka stöðu á framleiðsluhlið raforkumarkaðarins. Erindi Stefáns gekk út á hið fyrrnefnda. Fram kom í máli hans og raunar einnig fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans á fundinum að engin vatnsaflsvirkjun hefur verið verkefnafjármögnuð á vesturlöndum án einhvers konar ábyrgðar eigenda. Ástæðan er sú að vatnaflsvirkjanir henta fremur illa fyrir fjármögnun af þessu tagi af ýmsum sökum.

Landsvirkjun treystir sér ekki til að leggja mat á hver verður ávöxtunarkrafa hugsanlegra fjárfesta sem kunna að vilja fjárfesta í Kárahnjúkavirkjun á árinu 2013. Fyrirtækið tekur sínar fjárfestingarákvarðanir á grundvelli þeirra laga og reglna sem eigendur búa fyrirtækinu. Eigendur hafa þegar samþykkt að í Kárahnjúkavirkjun verði ráðist með þeirri eigendaábyrgð sem kveðið er á um í lögum um fyrirtækið.

Virðingarfyllst,

Örn Marinósson,
staðgengill forstjóra.

Fskj. 3.

Greinargerð Sveins Aðalsteinssonar
lögð fram á fundi efnahags- og viðskiptanefndar.
(10. febrúar 2003.)

Kárahnjúkavirkjun

Kárahnjúkavirkjun er ekki einungis stærðarlega, heldur ekki síður útfærslulega einstök framkvæmd, samanborið við fyrri virkjanir sem byggðar hafa verið á Íslandi. Þar af leiðandi er mjög villandi að bera stærð verkefnisins saman við þjóðartekjur eða Landsframleiðslu á mismunandi tíma og komast þannig að þeirri niðurstöðu að Kárahnjúkavirkjun sé hlutfallslega minni framkvæmd en Búrfellsvirkjun á sínum tíma.

Það sem gerir Kárahnjúkavirkjun einstaka, fyrir utan að valda fyrirsjáanlega mestu náttúruspjöllum sem um getur af manna völdum á Íslandi, eru 13,7 milljón m3 risastíflur og nær 70 km. löng jarðgöng, auk mikilla neðanjarðahvelfinga vegna væntanlegs stöðvarhúss. Þar af leiðandi er óvissa um endanlegan framkvæmdakostnað ólíkt meiri að því er varðar stóran hluta heildarframkvæmdanna við Kárahnjúkavirkjun en í þeim hefðbundnu vatnsaflsvirkjunum á Þjórsár/Tungnársvæðinu, sem Landsvirkjun hefur áratuga reynslu af uppbyggingu á.

Lækkun áætlaðs stofnkostnaðar Kárahnjúkavirkjunar

Landsvirkjun hefur birt eftirfarandi kostnaðaráætlanir vegna fyrirhugaðra farmkvæmda :

Kárahnjúkavirkjun og flutningsvirki. Áætlaður stofnkostnaður án vaxta og vsk.:

Verkþættir	Áætlun 6.12.2002 m.kr.	Endursk.áætlun 2) 12.12.2002 m.kr.	Tilboð Impregilo 6.12.2002 m.kr.
Kárahnjúkastífla	21.033	18.894	15.743
Aðrennslisgöng	23.496	21.889	19.679
Aðrar stíflur	4.256	4.256	
Stöðvarhús og frárennsli	6.655	6.655	
Hraunaveita	9.449	9.449	
Vélar, rafbún. og lokur	10.475	10.475	
Stálfóðringar	3.122	3.122	
Annað	1.586	1.586	
Alls	80.072	76.416	
Annar verkkaupakostn.	12.011	10.955	
Kárahnjúkavirkjun	92.083	87.371	
Flutningsvirki (raflínur)	9.657	9.657	
Samtals :	101.740	97.028	

2) Endurskoðuð áætlun byggð á tilb. Impegilo

Í greinargerð til eigenda Landsvirkjunar, var enn búið að lækka áætlaðan stofnkostnað, án frekari skýringa niður í 95.181 m.kr.
Í öllum tilvikum er miðað við gengi í nóv. 2002 USD/ISK 87,5.

Tilboð í Kárahnjúkastíflu og aðrennslisgöng

Þrjú tilboð bárust í ofangreindar framkvæmdir :

	Áætlun ráðgjafa	Impregilo	Eurohydro ÍAV	Pil&Sön ÍSTAK
	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr	millj.kr.
Kárahnjúkastífla	19,1	15,7	27,7	21,6
Aðrennslisgöng	21,0	19,7	29,0	37,2
Samtals :	40,1	35,4	56,7	58,8
Ef báðum teki 3% afsl.:		-1,1		
Samtals :		34,3		

Sá einstæði atburður gerðist að bæði Morgunblaðið og DV birtu fréttir af því sama dag og tilboð voru opnuð, hvaða tilboðsupphæða mætti vænta! Þetta hefur, að því er best er vitað aldrei áður gerst í sögu tilboða Landsvirkjunar, enda eins og vænta má við alvöru tilboðsopnanir, mikil áhersla lögð á að áætlanir verkkaupa fréttist ekki fyrr en tilboð eru formlega opnuð eftir lok tilboðsfrestar. Dagana áður bárust fréttir af því að Skanska og NCC, sem hvort um sig eru með stærstu verktakafyrirtækjum Svíþjóðar hefðu bæði ákveðið að falla frá að gera tilboð, eftir nær 12 mánaða undirbúning við tilboðsgerð. NCC gaf þá skýringu, að þeir teldu verkið fyrirsjáanlega of áhættusamt!

Í aðdraganda tilboðsopnunar ákvað Landsvirkjun í tvígang að lengja tilboðsfrest. Fyrst frá 15. nóv. til 29. nóv. og loks til 6. des. Í báðum tilvikum var ástæðan sögð beiðni Impregilo um framlengingu tilboðsfrestar.

Mikla athygli vekur gífurlegur munur tilboðs Impregilo annars vegar og hinsvegar tilboðanna tveggja, sem liggja þétt saman. Í ljósi þessa er með miklum ólíkindum að Landsvirkjun í tvígang lækki kostnaðaráætlun í væntanlegar virkjanaframkvæmdir um samtals 6.6 milljarða kr. á grundvelli tilboðs, sem augljóslega tekur mið af óskum verkkaupa um tilboðsupphæð. Í verkefnum sem þessum er ljóst, að einungis hluti endanlegs verðs kemur fram í framsettri tilboðsupphæð. Samkvæmt upphaflegri kostnaðaráætlun ráðgjafa Landsvirkjunar eru verkefnin talin nokkuð áþekk að umfangi (stífla ca. 47%, jarðgöng ca. 53%). Í báðum tilvikum er um að ræða mjög flókin verk. Aldrei áður hefur stífla af þessari gerð verið reist á Íslandi. Hvað stærð snertir telst hún mjög stór á heimsmælikvarða stífla, eða 8,4 milljónir m3. Jarðgöngin teljast einnig mjög viðamikil framkvæmd í alþjóðlegum samanburði jarðgangaframkvæmda. Um er að ræða 39,8 km aðrennslisgöng, 6,9 km aðkomuganga, auk tveggja hella, samtals 13.425 m3. Af sjálfu leiðir, að þar sem mjög takmarkaðar forrannsóknir liggja fyrir um jarðlög og þéttleika þeirra m.t.t. yfirborðs-

vatns og neðanjarðarvatnsæða, að mikil óvissa ríkir um endanlegt kostnaðarverð tugkílómetra gangagerða. Af framansögðu telst það því með öllu óskiljanlegt, hvað ráðamönnum Landsvirkjunar gengur til að lækka áætlaðan stofnkostnað Kárahnjúkavirkjunar um milljarða króna fyrir upphaf framkvæmda. Vakin er athygli á kostnaðaráætlun Landsvirkjunar, sem birt var við opnun tilboða 6.12.2002, sbr. ofanskráð. Uppgefnar áætlaðar kostnaðartölur við opnun tilboða var eins og framan greinir varðandi stífluna 19,1 milljarðar kr. Til samanburðar er heildarkostnaðaráætlun Landsvirkjunar, dags. 6.12.2002 vegna Kárahnjúkastíflu áætluð 21,0 milljarður kr. Á þessum uppgefnu áætlunum munar ca. 10%, sem telja verður eðlilegan lágmarksmun að því er annarsvegar áætlað kostnaðarverð verkefnis verktaka lýtur annars vegar og áætlaðan heildarkostnað verkkaupa hinsvegar. Mjög eðlilegt er talið að þessi verðmunur, þ.e. heildarverðs verktaka og endanlegs verðs, þar sem til viðbótar fellur til ýmiss kostnaður, s.s. eftirlit, umsýsla o.fl. sé 10-15%. Í tilfelli jafn viðamikilla verkefna og hér um ræðir, er samkvæmt alþjóðlegri reynslu af verkefnum þessarar gerðar, þar sem óvissa um einstaka þætti er mikil, er algengt að framkvæmdakostnaður fari 30-50% fram úr áætlun. Í svari Landsvirkjunar til nefndarsviðs Alþingis dags. 07.02.2003 eru hinsvegar einungis taldar vera 15-18% líkur á að stofnkostnaður fari 24% fram úr áætlun og 4-5% líkur á að hann fari 34% fram úr áætlun.
Rök Landsvirkjunar fyrir þessu lága áhættumati í alþjóðlegum samanburði eru þessi :

"Landsvirkjun hefur mjög góða reynslu af virkjanaframkvæmdum hérlendis og hefur tekist að ljúka virkjanaframkvæmdum á síðustu árum á áætlun hvað varðar bæði stofnkostnað og tíma. Þessi verkefni eru að sönnu nokkuð minni en Kárahnjúkavirkjun. Aðferðarfræði Landsvirkjunar varðandi hönnun, útboð og eftirlit er traust og fyrirtækið hefur aflað sér ráðgjafa frá hæfustu aðilum, bæði innlendum og erlendum. Undirbúningur Kárahjnúkavirkjunar hefur verið sérlega vandaður og því engin ástæða til að gera ráð fyrir að Kárahnjúkavirkjun sé líklegri til að fara fram úr áætlun en þær virkjanir sem Landsvirkjun hefur reist."

Í þessum orðum leynist að öllum líkindum mergurinn málsins, að því er mat á líkindum þess að framkvæmdin reynist kostnaðarsamari, en ráð er fyrir gert. Mat fulltrúa Landsvirkjunar er ljóst : ...,"engin ástæða til að gera ráð fyrir að Kárahjnúkavirkjun sé líklegri til að fara fram úr áætlun en þær virkjanir sem Landsvirkjun hefur reist." Með þessari yfirlýsingu er fullyrt að Kárahnjúkavirkjun sé einungis að umfangi stærri (orðalagið mjög "varfærnislegt : "Þessi verkefni eru að sönnu nokkru minni en Kárahnjúkavirkjun.") en í eðli sínu hliðstæðar framkvæmdir.

Útboðsgögn vegna aðrennslisganga Kárahnjúkavirkjunar (KAR – 14)

Með sönnu má segja að útboðsgögn þessi eru mjög hefðbundin útboðsgögnum þeim sem Landsvirkjun hefur gefið út vegna virkjanaframkvæmda á undanförnum áratugum. Hinsvegar leynist engum, sem áður hefur farið höndum um fyrri útboð vegna virkjana Landsvirkjunar, að ekki einungis umfangið er gerólíkt, heldur hlýtur vegna allra þeirra fjölmörgu eininga sem verkefnið er brotið upp í. Um er að ræða 1100 einingarþátta, sem áætla verður. Óvissa þeim tengd og umfang er mjög mismunandi.

Óvissan um lagskiptingu jarðlaga, bæði að því er móberg, hraunlög og jarðlög milli þeirra og þar með þörf á sérstakri styrkingu í formi steypugrautunar eða heilföðrunar af mjög mismunandi styrkleika, þar með talið lekavandamála og umfangi þeirra er mjög mikilli óvissu háð. Landsvirkjun hefur einungis við að styðjast rannsóknarboranir, sem að meðaltali hafa verið framkvæmdar með rúmlega 2 km. millibili. (0,47 hola/km). Af sjálfu leiðir að mikil frávik hljóta óhjákvæmilega að koma fram frá áætlun útboðsgagna. Í mun fleiri tilfella má ætla að slík frávik leiði til kostnaðarauka en hins gagnstæða. Þegar verk verða svo flókin og óviss, sem hér um ræðir, sérhæfa sum verktakafyrirtæki sig í að bjóða mjög lágt samkvæmt útboðsgögnum í vissu þess að um mjög umfangsmikil aukaverk verði að ræða, sem þeir sérhæfa sig í að rukka "stíft" fyrir.

Þegar umhverfisráðherra felldi úrskurð Skipulagsstofnunar úr gildi og féllst á hina fyrirhugaðuðu framkvæmd, Kárahnjúkavirkjun, var það gert að uppfylltum 20 skilyrðum.

Skilyrði nr. 14 :

"Framkvæmdaraðili skal tryggja að göng séu vöktuð meðan á byggingu þeirra stendur til að finna og stöðva leka um sprungur, sem leiða umtalsvert vatn. Slíkar sprungur skal einangra til að koma í veg fyrir lekann, svo framkvæmdirnar valdi ekki marktækum áhrifum á núverandi grunnvatnsstöðu."

Mikla athygli vekur í þessu sambandi að þeir aðilar sem mesta reynslu hafa af gangagerð á Íslandi (Phil & Sön A/S og ÍSTAK), buðu 37,2 milljarða kr. í gangagerðina á móti 19,1 milljarða kr. (19,7 m.kr. – 3%) tilboði Impregilo. Um er að ræða hvorki meira né minna en 94% mun!

Útboðsgögn vegna Kárahnjúkastíflu (KAR – 11)

Kárahnjúkastífla, sem er af gerðinni CRFD (concrete faced rockfill dam), uppbyggð sem grjót og jarðvegsstífla með steyptu ytralagi(Hálslónsmegin), 8,4 milljónir m3, 730 m. löng og allt að 190 m. há á sér hvorki að stærð né gerð neina hliðstæðu á Íslandi og þó mjög víða væri leitað.

Samkvæmd framanskráðum tilboðum bjóðenda, reyndist munur á lægsta og næstlægsta tilboði ca. 42%.

Undirritaður hefur engar forsendur til að leggja mat á þá óvissu sem stíflugerð af þessari tegund fylgir. Þó að um vel þekkta tækni sé að ræða, er nú í fyrsta sinn fyrirhugað að byggja risastíflu þessarar gerðar á Íslandi.

Í því sambandi er vert að vekja athygli á að Guðmundur E. Sigvaldason, jarðfræðingur hefur bent á sprungusveipa sem fram hafa komið við tilraunaboranir undir stíflustæðinu. Jafnframt bent á veikleika móbergsins á þessum stað.
Einnig að vegna hraðrar þynningar íshellu Vatnajökuls rísi landið um ca 1 cm/ári á þessu svæði. Þetta ásamt með gífurlegum vatnsþrýstingi við Kárahnjúkastíflu samfara ca 160 m. vatnshæð gæti orðið til þess að vatn þrýstist niður í sprungurnar

nálægt stíflustæðinu sem aftur gæti leitt til "manngerðra" jarðskjálfta með ófyrirséðum afleiðingum. Einnig að samfara hraðri léttingu á eldstöðvum undir Vatnajökli aukist líkur á jarðeldum á því svæði með tilsvarandi hættu á jökulhlaupi í Jökulsá á Dal.

Til viðbótar þessari risastíflu er áætlað að byggja eftirtaldar stíflur :

Desjárstíflu	2,9	milljónir	m3,	900 m.	löng,	hæst 60 m.
Sauðárdalsstíflu	1,2	"	",	1100 "	"	" 25 "
Ufsastíflu	0,52	"	",	675 "	"	" 32 "
Kelduárstíflu	0,6	"	",	1450 "	"	" 25 "
Grjótárstífla	0,065	"	",	500 "	"	" 15 "

Ofangreindar stíflur eru grjót og jarðvegsstíflur, auk mjög verulegra steypuvirkja, Mörg óvissuatriði hljóta að vera samfara jafn umfangsmiklum mannvirkjum og hér um ræðir.

Orkuvinnslugeta fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar

Í upplýsingum Landsvirkjunar – Kárahnjúkavirkjun í tölum, er uppsett afl tilgreint 6 hverflar x 105 MW/hverfil = 630 MW og tilsvarandi orkuvinnslugeta 4.450 GWh/ári.

Í greinargerð til eigenda Landsvirkjunar er hinsvegar talað um sölu á allt að 4.704 GWh/ári! Hinsvegar miðað í arðsemisútreikningum við 4.657 GWh/ári!
Síðan einnig talað um trygga sölu til Alcoa á 85% af samningsbundnu rafmagni til allt að 40 ára (eða 3.998 GWh/ári). Þannig er slegið úr og í um hvaða orkumagn verði að ræða, en ljóst er að ef virkjunin á að getað framleitt til sölu allt að 4.700 GWh/ári þyrfti að stækka hverflana úr 105 MW í 115 MW. Þó að um stóra fjárfestingu sé ekki að ræða í tilfelli virkjanaframkvæmda á borð við Kárahnjúkavirkjun, verður í það minnsta að teljast heldur "hallærislegt" að á sama tíma og forsvarsmenn Landsvirkjunar streða við að færa áætlaðan stofnkosntað niður um 6,6 milljarða kr. skuli í reynd í arðsemisútreikningum vera við það miðað að virkjunin skili orkusölu umfram tæknilegar forsendur á framleiðslu! Að öðru leyti vísast um þetta efni í greinagerð til eigenda Landsvirkjunar dags. 7. janúar 2003. Upplýsingar og hugleiðingar um rafmagnsþáttinn verða að teljast einstakar.

Í títtnefndri greinargerð til eigenda Landsvirkjunar kemur glöggt fram, að engu má muna skv. uppgefnum forsendum að fyrirhuguð Kárahnjúkavirkjun skili neikvæðu nettó núvirði, þótt að því er virðist öllum ráðum sé beitt til að færa áætlaðan stofnkostnað niður, sem verða má og væntanlega orkusölu upp. Í ofanskráðum stofnkostnaðartölum er t.d. ekki reiknað með vaxtakostnaði vegna greiðslu stofnkostnaðar á undirbúnings og framkvæmdatíma. Þessi þáttur er að öðru jöfnu ævinlega sértilgreindur í framkvæmd-um af þessu tagi, undir liðnum IDC (interest during construction). Ætla má að þessi liður geti numið um 8 – 12 % á 4 – 5 ára undirbúnings og framkvæmdatíma.

Hvar áætlar Landsvirkjun að fá orku ef orkuafhending bregst frá Kárahnjúkavirkjun ?

Ekki hefur verið minnst einu orði á þennan veigamikla þátt. Hvað ef tekur fyrir raforku frá Kárahnjúkavirkjun. Tvennt getur gerst. Einhver alvarlegur atburður í virkjuninni sjálfri eða raflínur bresti. Í fyrra tilvikinu gæti af neyðarástæðu þurft að stöðva virkjunina að hluta eða öllu leyti. Varðandi flutningsvirki er gert ráð fyrir tveimur raflínum. En þær geta brugðist eins og önnur mannanna verk. Ekkert hefur komið fram um að þar sem raflínurnar munu væntanlega liggja um Hallormsstaðaháls (ca. 7 km.), getur við vissar aðstæður ísing orðið með því mesta sem þekkist á Íslandi. Línurnar munu liggja um tvo samsíða dali til Reyðarfjarðar, Hallsteinsdal og Þórudal. Þar er við vissar aðstæður mikil snjóflóðahætta og illt að komast til viðgerða, þegar þannig viðrar. En hvernig sem á það er litið er óhjákvæmilegt að byggð verði vara-aflstöð, væntanlega gasaflsstöð, sem grípa má til í neyðartilvikum. Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir henni í áætlunum Landsvirkjunar.

Sveinn Aðalsteinsson.

Fskj. 4.

Þorsteinn Siglaugsson:

„Gríðarleg jákvæð langtímaáhrif?“
(Morgunblaðið 27. janúar 2003.)

Eftir yfirferð eigendanefndar ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar liggur loks ljóst fyrir að Kárahnjúkavirkjun er fjarri því að skila arði í samræmi við áhættu. Jafnframt liggur fyrir að veruleg hætta er á þenslu á framkvæmdatíma sem mæta þarf með vaxtahækkunum og niðurskurði í opinberum framkvæmdum.

Hvernig ætlar atvinnulífið að bregðast við?

Tveimur prósentustigum hærri stýrivextir en ella gætu valdið 10–15% lægri hagnaði atvinnulífsins, sem kæmi harðast niður á vaxtarbroddunum (sjá þjóðhagsreikninga). Gengishækkun á framkvæmdatíma gæti hæglega spillt til langframa markaðsstöðu íslenskra sjávarafurða. Framkvæmdin skaðar ímynd Íslands sem ferðamannalands og stefnir í hættu því uppbyggingarstarfi sem Flugleiðir og fleiri hafa unnið um langa hríð.



**Tekjur og kostnaður miðast við að meðalverð áls á tímabilinu verði 1234 $/tonn að raungildi mv. framleiðendavísitölu, en upphafsorkuverð 17,4 mills mv. 1550 $/tonn í samræmi við forsendur LV.*
***Kostnaðartölur byggja á gögnum frá CRU, RSI og ACIL Consulting. Ath. að til launaliðar teljast aðeins jaðaráhrif, en heildarlaunakostnaður er áætlaður 1,5 milljarðar.*
****Reiknað er með að meirihluti starfsmanna færist úr öðrum störfum, en hluti komi erlendis frá, sem veldur jákvæðum nettóáhrifum.*

Hvar er þjóðhagslegi ávinningurinn?

En hvað þá um langtímaáhrifin? Eins og fram kemur á skýringarmynd má gera ráð fyrir að tekjur Alcoa af sölu áls verði verulegar. Þessar tekjur eru hins vegar engin vísbending um áhrif á íslenskt efnahagskerfi. Það fé sem telja má þjóðinni til tekna er annars vegar í formi tekna af orkusölu, sem ætla má að nemi 5 milljörðum króna árlega yfir 60 ára endingu miðað við forsendur Landsvirkjunar um orkumagn og orkuverð. Launagreiðslur til starfsmanna ál-

versins gætu numið um 1,5 milljörðum króna. Gert er ráð fyrir að fjórðungur starfsmanna sé nýr á vinnumarkaði og að þar sem um er að ræða tilflutning milli starfa sé til staðar talsverður jákvæður mismunur fyrri launa og launa í álverinu. Sé reiknað með hálfum milljarði í viðbót yrði innstreymi samtals 6 milljarðar króna. Á móti koma vaxtagreiðslur af lánum. Nettóáhrifin nema því 2,3 milljörðum króna, eða um 0,6% af þjóðartekjum árið 2001.

Lítið má út af bera til að áhrif verði léttvæg eða neikvæð

Frávik	Árleg nettóáhrif á hagkerfið	Arðsemi virkjunar***
Engin frávik	2,3 milljarðar	-24 milljarðar
Stofnkostnaður 30% yfir áætlun*	1,2 milljarðar	-46 milljarðar
Álverð 20% undir viðmiðunarverði**	0,3 milljarðar	-35 milljarðar
Tekjur ferðaþjónustu minnka um 3 milljarða	- 0,7 milljarðar	

*Meðaltal fyrir sambærilegar framkvæmdir (Sjá Flyvbjerg: Underestimating Costs in Public Works Projects, APA Journal 2002)
**Álverð nú er um 20% undir viðmiðun Landsvirkjunar
***Núvirt heildartala. Miðast við þá 8% raunarðsemiskröfu sem norska fjármálaráðuneytið gerir til sambærilegra framkvæmda.

Vafasamar kostnaðar- og tekjuforsendur

Veruleg óvissa ríkir um helstu áhrifaþætti sem varða afkomu Kárahnjúkavirkjunar. Samkvæmt mati Landsvirkjunar virðist sá möguleiki hafa verið útilokaður fyrirfram, að verkefnið geti farið fram úr áætlun svo neinu nemi. Slíkt er algerlega óraunhæft í ljósi þess að almenn reynsla af risaverkefnum af þessum toga er sú, að þau fari að meðaltali um 30–40% fram úr kostnaðaráætlun, oft miklu meira. Einnig virðist ólíklegt að forsendur um álverð standist, ekki síst í ljósi þess að í svari borgarhagfræðings við spurningu borgarfulltrúa um málið kemur fram að jafnvel framkvæmdaraðilinn sjálfur telji meiri líkur á því en minni, að álverð verði nokkuð undir viðmiðunarmörkum. Ef rétt væri, að aðeins væru 1% líkur á að ábyrgðir féllu á eigendur, þyrfti auðvitað engar ábyrgðir.

100 milljarða fjárfesting í 450 störfum er ekki skynsamleg fjárfesting þegar ljóst er að hún stendur ekki undir eðlilegri arðsemiskröfu. Það kemur hins vegar ekki á óvart að Alcoa hafi mikinn áhuga á að framkvæmdin verði að veruleika. Líklegt er að fyrirtækið hafi góðan arð af rekstri álversins, ólíkt eigendum Landsvirkjunar og íslensku atvinnulífi.

Fskj. 5.

Sigurður Jóhannesson:

Látum markaðinn meta Kárahnjúkavirkjun.
(Vísbending, 49. tbl., desember 2001.)

Orku- og álversframkvæmdir eiga snaran þátt í góðærinu undanfarin ár, miklum kauphækkunum og vaxandi verðbólgu. Það er mat Þjóðhagsstofnunar, að verðbólgan aukist að öðru jöfnu um 2½–3% á árunum 2002–2009 ef Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál koma til og Norðurál stækkar. Seðlabankinn hlýtur að bregðast við með háum vöxtum, til þess að halda aftur af fjárfestingu og hagvexti í einkageiranum meðan á framkvæmdunum stendur. Eins og rakið verður hér á eftir fær Kárahnjúkavirkjun þrenns konar meðgjöf: ríki og bæir ábyrgjast lán vegna hennar, ekki er greiddur tekju- eða eignarskattur af henni og landið undir hana er ókeypis. Fyrirtækin sem víkja fyrir stóriðju og virkjunum á næstu árum njóta engra slíkra fríðinda. Hér er því ekki keppt á jöfnum forsendum. Þess vegna kemur á óvart að margir forystumenn í viðskiptalífinu sæki málið fast.

Flestir hagfræðingar geta líklega tekið undir með Þráni Eggertssyni prófessor, sem segir að stjórnmálamenn (og prófessorar) geri fátt óskynsamlegra en að hlutast til um hvaða tilraunir séu gerðar í atvinnulífinu. Víða um heim eru ríki og sveitarfélög að draga sig út úr atvinnurekstri. Hér á landi hafa nokkur opinber fyrirtæki verið seld á liðnum árum og ætlunin er að selja fleiri. En í skýrslu *Samkeppnisstofnunar* um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi, sem kynnt var í vor, kom fram að á árunum 1993–1999 jókst hlutur ríkisins í atvinnulífinu um *þriðjung*, meðan atvinnulífið allt stækkaði um *fjórðung*. Mest stækkuðu ríkisfyrirtæki á sviði fjármála, fjarskipta og orkumála. Í skýrslunni segir að hlutur ríkisins hafi heldur minnkað síðan 1999. En ráðagerðir um Kárahnjúkavirkjun og Reyðarál eru til marks um að íslenskir stjórnmálamenn hafa enn tröllatrú á opinberum atvinnurekstri. Sumir fara meira að segja fram á að andstæðingar framkvæmdanna bendi á hvað eigi að koma í staðinn fyrir þær. Á þeim er að skilja að fátt geti gerst í atvinnulífinu án opinberrar leiðsagnar.

Þau rök fyrir virkjunum og stóriðju sem oftast heyrast eru að hingað þurfi að fá erlent fé og að efla þurfi hagvöxt. Í skýrslu Sumitomo Mitsui-banka um arðsemi Kárahnjúkavirkjunar segir að þetta sé meðal þess sem valdi áhuga *Landsvirkjunar* á henni, en efst á blaði er þó að virkjunin nýti *hreina vatnsorku landsins*. Með Kyoto-samkomulaginu er stefnt að því að úthluta *koltvísýringskvótum*. Víðast hvar verða olíu- og gasaflsstöðvar þá látnar borga fyrir mengunina sem þær valda. Nú þegar hefur koltvísýringsgjald verið lagt á eldsneyti í Danmörku og búast má við að það verði gert í fleiri Evrópulöndum á næstunni. Rafmagnsverð í heiminum hækkar við þetta og vatnsaflsvirkjanir öðlast forskot á mengandi keppinauta. Áhrif á umhverfið endurspeglast þannig í rekstrarreikningi orkuframleiðenda. Þess vegna eiga áhyggjur af gróðurhúsaáhrifum ekki að breyta neinu um það hvort virkjað verður – nóg er að ganga úr skugga um að framkvæmdin borgi sig. *Gróðasjónarmið* er ekki nefnt í upptalningu Sumitomo, sem vitnað var í hér að framan (tekið er fram að listinn sé ekki tæmandi), en bankinn kemst að þeirri niðurstöðu að Landsvirkjun fái þann arð af verkinu sem hún stefni að.

14% arðsemi

Áætlað er að 14% arður fáist af eigin fé í virkjuninni. Miðað er við að eigið fé sé fjórðungur af fjárfestingunni, en ekki er ljóst hvernig hlutfallið er fengið. Núna er eiginfjárhlutfall

Landsvirkjunar rúm 30%, en eftir að virkjað hefur verið við Kárahnjúka lækkar það í um 15%. Eigendur Landsvirkjunar setja ekki nýja peninga í Kárahnjúkavirkjun. Það auðveldar þeim eflaust að fara út í framkvæmdina – engu er líkara en að ekkert sé lagt undir. Borgarstjóri og fleiri borgarfulltrúar myndu varla láta að því liggja að fjárhagshlið virkjunarinnar sé ekki á þeirra könnu ef borgin þyrfti að snara út meira en 10 milljörðum króna í stofnfé.

Mikil óvissa er um afkomuna. Fyrirtækinu *Ráðgjöf og efnahagsspám* telst til að 78% líkur séu á að sú lágmarksávöxtun fáist sem krafist er, 5,3% af heildarfé í virkjuninni.

Samanburður á Kárahnjúkavirkjun og Reyðaráli

Fróðlegt er að bera saman áætlanir um ávöxtun af Kárahnjúkavirkjun og Reyðaráli. Reyðarál er um margt svipað fyrirtæki og virkjunin, en mun nær því að vera á frjálsum markaði. Eins og sést í 1. töflu er gert ráð fyrir að heildarfé ávaxtist miklu betur í álverinu.

Orkuverð til álvera hér á landi sveiflast með álverði. *Friðrik Már Baldursson* prófessor sagði á ráðstefnu Viðskipta- og hagfræðideildar 31. október síðastliðinn að þetta þýddi að tekjuáhætta í virkjun væri ákaflega svipuð og í álverinu sjálfu. Ef það er rétt verður að fara fram á svipaða ávöxtun af hvoru tveggja.

Fyrir skömmu var gerð 10½–15½% ávöxtunarkrafa til hlutafjár í íslenskum fyrirtækjum. Hér er giskað á að Reyðarál lendi nálægt miðjunni og að þar verði krafist 13% ávöxtunar. Af gögnum sem Geir Gunnlaugsson framkvæmdastjóri Reyðaráls lagði fram á kynningarfundi í júní má ráða að við þessa ávöxtun eigin fjár yrðu vextir af lánum fyrirtækisins um 8% að meðaltali. Heildarávöxtunarkrafan til Reyðaráls yrði þá tæp 10%. Í 2. töflu má sjá afkomu Kárahnjúkavirkjunar þegar farið er fram á sömu ávöxtun þar.

1. tafla: Samanburður á Kárahnjúkavirkjun (samkvæmt forsendum Landsvirkjunar) og Reyðaráli

	Virkjun	Reyðarál
Eiginfjárhlutfall	25%	34%
Raunvextir á ríkjandi lánum	3,7%	5,5%
Heildarraunvextir á lánsfé	3,7%	7–10%*
Raunávöxtun heildarfjár fyrir skatta:	5,9%	15,0%
Raunávöxtun heildarfjár eftir skatta:	5,9%	12,5%
Heildarávöxtunarkrafa	5,3%	9,7%**

* Hluti er víkjandi lán, með breytilegum vöxtum.
** Áætlað, með hliðsjón af gögnum sem lögð voru fram á kynningarfundi um Reyðarál í júní.
Ráðgert er að skattar lækki á nýju ári, en hér er miðað við gömlu skatthlutföllin.

Heimildir: Skýrsla Sumitomo og fyrirlestur Geirs Gunnlaugssonar, júní 2001. Vextir á lánsfé eru að hluta til áætlaðir.

Þrenns konar meðgjöf

Ríki og bæir leggja þrenns konar meðgjöf til Kárahnjúkavirkjunar:

- Þau ábyrgjast lán vegna hennar. Þess vegna eru vextir af lánunum mjög lágir (eins og sjá má í 1. töflu). En ábyrgðin er ekki ókeypis, því að hún setur þá í hættu sem veita hana. Hún léttir kostnaði af virkjuninni og flytur hann yfir á ríki og bæi. Ef skapa mætti verðmæti með ríkisábyrgðum ætti ríkið að baktryggja miklu fleiri fyrirtæki en virkjanir.
- Ekki er greiddur tekju- og eignarskattur af virkjuninni eins og öðrum fyrirtækjum hér á landi.

- Þriðja meðgjöfin, og sú sem erfiðast er að meta til fjár, er land undir virkjunina. Hér er stuðst við ritgerð Nele Lienhoop sem skoðaði hvað Íslendingar vildu greiða mikið fyrir þjóðgarð norðan Vatnajökuls.

Samkvæmt 2. töflu nemur meðgjöfin með Kárahnjúkarafmagninu alls um 160 aurum á kílówattstundina í upphafi (miðað við að rúmar 2 krónur fáist fyrir kílówattstundina í upphafi, eins og Landsvirkjun virðist reikna með). Hver fjögurra manna fjölskylda í Reykjavík borgar ríflega 900.000 krónur með virkjuninni ef rétt er reiknað. Þess má geta að til greina kom að stofna sérstakt hlutafélag um virkjunina. Niðurstaðan var sú að það yrði „of dýrt“ vegna þess að hlutafélag þyrfti að greiða hærri vexti en sameignarfélag, með ríki og bæjarfélög að bakhjarli. Í þessu sambandi er rétt að huga að því að í *samningi um Evrópskt efnahagssvæði* eru hvers konar ívilnanir til einstakra fyrirtækja bannaðar ef þær hafa áhrif á viðskipti samningsaðila. Skilgreining á opinberum styrkjum í samningnum nær yfir bein fjárframlög, ábyrgðir og skattaívilnanir, auk trygginga og niðurgreiðslu lánskjara frá markaðskjörum, og á jafnt við um styrki veitta af ríki og sveitarfélögum, og fyrirtækjum þeirra og sjóðum.

2. tafla: Afkoma Kárahnjúkavirkjunar m.v. mismunandi forsendur	
Forsendur Landsvirkjunar: 10% ávöxtunarkrafa til eiginfjár, 3,7% til lánsfjár, 25% eiginfjárhlutfall, stofnkostnaður 120 milljarðar, rekstrarkostnaður 1,2 milljarðar á ári, framleiðsla er 5.563 gwst á ári, virkjunin endist í 50 ár, álverð lækkar um 1,1% á ári að raungildi (heimildir: minnisblöð Lands-virkjunar og Sumitomo, sbr. neðanmálsgreinar).	
Heildarávöxtunarkrafa:	5,30%
Afkoma m.v. 210 aura/kwst í byrjun	10 milljarðar
Verð í byrjun til að koma slétt út:	195 aurar/kwst
Sama ávöxtunarkrafa og í Reyðaráli: 13% ávöxtunarkrafa til eiginfjár, 8% til lánsfjár (þ.á m. víkjandi lána), 34% eiginfjárhlutfall.	
Heildarávöxtunarkrafa:	9,7%
Afkoma m.v. 210 aura/kwst í byrjun	-32 milljarðar
Orkuverð til að koma slétt út:	320 aurar/kwst
Skattar greiddir af virkjuninni: 18% af hagnaði og 0,6% af hreinni eign.	
Heildarávöxtunarkrafa	9,7%
Afkoma m.v. 210 aura/kwst í byrjun	-38 milljarðar
Orkuverð til að koma slétt út:	360 aurar/kwst
Afgjald greitt fyrir land undir virkjunina: 400 milljónir á ári.	
Heildarávöxtunarkrafa	9,7%
Afkoma m.v. 210 aura/kwst í byrjun	-41 milljarður
Orkuverð til að koma slétt út:	370 aurar/kwst
Heimildir: Sjá 1. töflu. *Stuðst er við reiknilíkan Þorsteins Siglaugssonar rekstrarhagfræðings af Kárahnjúkavirkjun, sjá: http://notendur.centrum.is/ardsemi/* *Miðað er við að gengi bandaríkjadals sé 100 krónur. Tölurnar eru ónákvæmar.*	

Í töflunum er gengið út frá áætlunum Landsvirkjunar um tekjur og virkjunarkostnað. Hver verður svo að leggja sitt mat á þær. Hlutabréf í Landssímanum runnu ekki út, þó að þau væru verðlögð af reyndum sérfræðingum. *Þorsteinn Siglaugsson* rekstrarhagfræðingur hefur deilt

á þá forsendu Landsvirkjunar að álverð haldist að meðaltali 1.550 dollarar á tonnið á komandi áratugum. Afstaða hlutabréfamarkaðsins til Kárahnjúkavirkjunar hf. myndi eflaust ráðast að miklu leyti af reynslunni af orkusölu til stóriðju. Af skýrslu sem *Páll Harðarson* hagfræðingur samdi fyrir Landsvirkjun fyrir nokkrum árum má ráða að heildarávöxtun af virkjunum fyrir stóriðju á árunum 1966-1997 hafi verið 4-5%. Það er minna en ávöxtunarkrafa fyrirtækisins núna (5,3%), svo að ekki sé talað um það sem frjáls markaður myndi fara fram á. Á hinn bóginn gera lágt gengi krónunnar og hár dollari það að verkum að öll vinna hér á landi er óvenjuódýr núna í dollurum talið. Krónan hafði lækkað nokkuð þegar Sumitomo samdi skýrslu sína. Þá var gengi bandaríkjadals 85 krónur, en þegar hann hækkar í 100 krónur lækkar virkjunarkostnaður í dollurum í svipinn um 10–15% (tekjur af virkjuninni verða í dollurum og því er eðlilegt að skoða kostnað í sama gjaldmiðli). Lækkun krónunnar fer út í verðlag á nokkrum árum. En líkast til nýtur verkið óvenjulágs kostnaðar fyrstu árin (ráðgert er að það standi með hléum í rúman áratug).

Því miður eru ekki horfur á að álit hlutabréfamarkaðsins á þessu fyrirtæki komi í ljós alveg á næstunni. Engin áform eru um að bera málið undir hann.

Þátttaka Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg ábyrgist um 50 milljarða króna lántökur vegna Kárahnjúkavirkjunar, áhættuframkvæmdar, sem ekki verður séð að komi borginni að öðru leyti neitt við. Furðu lítil umræða hefur verið í borgarstjórn um fjárhagshlið málsins.

Þátttaka lífeyrissjóðanna í Reyðaráli

Rekstraráætlun fyrir álverið lítur ekki illa út (sjá 1. töflu). Að vísu kann að vera að þar sé reiknað með lægra orkuverði en nú er miðað við (áætlunin er frá í júní). Það vekur líka tortryggni að þarna á að nota peninga hálfopinberra lífeyrissjóða. Skylduaðild er að sjóðunum og stjórnir þeirra eru ekki kosnar af sjóðfélögum, heldur samtökum launamanna og atvinnurekenda. Af hverju er ekki leitað til fjárfesta sem yrðu að leggja eigin peninga undir? Í lögum um lífeyrissjóði segir að þeir megi ekki eiga meira en 15% hlutafjár í fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Fyrirtækin sem fjárfest er í verða að hafa þann gæðastimpil, að frjáls markaður hafi lagt fram 85% hlutafjár. Þannig er reynt að sporna við því að peningarnir fari í gæluverkefni. Ekki verður annað séð en að með samlagi lífeyrissjóða, sem rætt er um í Reyðaráli, sé reynt að komast fram hjá þessari reglu.

Miklu minna er um óráðsíu í rekstri lífeyrissjóða en var fyrir nokkrum árum. Forystumenn þeirra hafa sagt að ávöxtunin sé nú í höndum sérfræðinga og að stjórnarmenn skipti sér ekki af einstökum fjárfestingum. Í þessu máli eru hinir pólitísku leiðtogar hins vegar í forystu. Alþýðusambandið og Starfsgreinasambandið hafa lýst eindregnum stuðningi við álver og virkjanir og þannig lagt línurnar fyrir fulltrúa sína í stjórnum sjóðanna.

Leið til sátta?

Að mínum dómi benda þær tölur sem Landsvirkjun hefur sett fram um arðsemi Kárahnjúkavirkjunar til þess að hún sé slæm fjárfesting. Líklegt er að hörð andstaða rísi gegn henni – og það á efnahagslegum forsendum en ekki bara af náttúruverndarástæðum. Hitt er ljóst, að margir vilja virkja. En til er einföld leið til að ná sáttum um efnahagshlið málsins: Að þeir sem hafa trú á verkinu setji fé í það (og hinir ekki). Þannig er fjár yfirleitt aflað til fyrirtækja og engin augljós ástæða er til að meðhöndla virkjanir öðruvísi. Ekki má gleyma því að það voru einkafyrirtæki sem fyrst ætluðu að virkja Þjórsá við Búrfell. Tíminn vinnur á móti ríkisrekstri í atvinnulífinu. Ef Kárahnjúkavirkjun verður slegið á frest í nokkur ár – til dæmis vegna

óvissu um álverð – fer vart hjá því að frjáls markaður verði á endanum látinn skera úr um hvort af henni verður.

Heimildaleit:
Tilvísanir í flestar heimildir sem nefndar eru í greininni má finna á slóðinni: http:// notendur.centrum.is/ardsemi/

Fskj. 6.

Friðrik Már Baldursson,
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands:

Náttúran, stóriðja og nýskipan raforkumála.
Erindi flutt á ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.
(31. október 2001.)

Yfirskriftin á erindi mínu gefur til kynna að hér skuli mikið færst í fang: náttúran, stóriðjan og nýskipan raforkumála – allt afgreitt á 12 mínútum. Þetta er auðvitað ómerkilegt auglýsingabragð. Ætlan mín er aðeins að brydda upp á því hvað hagfræðin getur lagt af mörkum til umræðunnar um þessi mál, enda ekkert annað gerlegt. Málsefnið er aðkallandi í ljósi umræðu og átaka undanfarinna mánaða um virkjanir fyrir stóriðju og umhverfisáhrif þeirra. Markaðsvæðing raforkukerfisins getur einnig haft veruleg áhrif á ákvarðanir um stórvirkjanir í framtíðinni.

Margt hefur gerst í orkumálum landsins undanfarin 5–6 ár. Stórfjárfestingar hjá ÍSAL, Norðuráli og Íslenska járnblendifélaginu og tengdar orkuframkvæmdir eru öllum kunnar. Sömuleiðis þekkja allir undirbúning að stóriðju á Reyðarfirði. Önnur stóriðjuverkefni eru einnig á döfinni þó að þau séu ekki komin eins langt og álverið á Reyðarfirði. Það er því von á miklum umsvifum og vexti orkuframleiðslu og stóriðju næstu ár hér á Íslandi.

Nýtt skipulag á orkumarkaði hefur átt sér töluverðan aðdraganda þótt minna hafi farið fyrir opinberri umræðu um þau mál. Það er að vissu leyti einkennilegt því miklir hagsmunir eru í húfi: eignir orkufyrirtækja eru um 200 milljarðar króna og velta þeirra var um 36 milljarðar á síðasta ári. Undirbúningur nýrra raforkulaga hófst fyrir 5 árum með starfi svokallaðrar orkunefndar og um svipað leyti, eða í árslok 1996, var gefin út tilskipun um innri markað fyrir raforku í Evrópusambandinu sem við Íslendingar erum bundnir af. Iðnaðarráðherra lagði nýlega fram frumvarp til nýrra raforkulaga og með samþykkt þess verða ákvæði tilskipunarinnar fest í íslensk lög.

Með nýjum lögum gerbreytist umhverfi raforkumála hér á landi. Vinnsla og sala raforku verður gefin frjáls, en flutningur og dreifing, sem eru náttúruleg einkaréttarsvið verða aðskilin frá samkeppnisrekstri og fá hlutverk nokkurs konar þjóðbrauta milli vinnslu og notenda. Einkaréttur sá sem Landsvirkjun hefur í raun notið á vinnslu raforku verður afnuminn. Í stað hans koma skýrar, almennar reglur um veitingu virkjanaleyfa. Staðbundinn einkaréttur héraðsbundinna bæjarveitna til sölu hverfur einnig. Landsvirkjun mun þannig búa við samkeppni á heildsölumarkaði fyrir raforku, en mun einnig geta keppt um sölu til endanlegra notenda.

Það verður því bylting í rekstrarumhverfi orkufyrirtækja og þau munu fá aðhald, en jafnframt tækifæri, til jafns við fyrirtæki á öðrum samkeppnismörkuðum. Þróunin verður senni-

lega í þá átt að fyrirtækin verði að hlutafélögum þannig að þau geti nýtt sér alla möguleika nútíma viðskiptaumhverfis. Í kjölfarið hlýtur að verða freistandi fyrir ríki og sveitarfélög að losa fjármuni úr þessum félögum til uppbyggingar á öðrum sviðum. Þannig verður einkavæðing orkufyrirtækja líklega einnig til umræðu í náinni framtíð. Það er áhugavert að velta fyrir sér áhrifum þessara breytinga á hinn almenna markað, heimili og fyrirtæki, en það er ekki megin umræðuefni mitt hér. Þess í stað ætla ég að fara nokkrum orðum um breytingarnar á þeim hluta orkumarkaðarins sem vex hraðast, þ.e.a.s. raforkusölu til stóriðju.

Augljósasta breytingin verður sú sem áður var minnst á, þ.e.a.s. að í stað þess að Landsvirkjun hafi einkarétt á raforkusölu til stóriðju þá verður öllum aðilum sem uppfylla ákveðin skilyrði heimilt að sækja um virkjanaleyfi. Leyfin verða veitt eða þeim hafnað samkvæmt reglum þar um, sem verða hlutlægar og skýrar. Aðilar á EES svæðinu munu sitja við sama borð, þegar kemur að veitingu virkjunarleyfa, aðgangi að flutnings- og dreifikerfum og málsmeðferð allri. Þótt telja verði ólíklegt að erlendir fjárfestar fari út í raforkuvinnslu hér nema í fullri sátt við íslensk stjórnvöld, verður um grundvallarbreytingu að ræða hvað varðar aðgang erlendra aðila að náttúruauðlindum landsins.

Ein af þeim breytingum sem þetta nýja umhverfi hlýtur að kalla á varðar fjármögnun á orkuframkvæmdum fyrirtækja í opinberri eigu. Hingað til hefur t.a.m. Landsvirkjun notið ríkisábyrgðar á lánum sínum. Það er erfitt að sjá fyrir sér að veiting slíkra ábyrgða til eins fyrirtækis umfram önnur samræmist samkeppni í viðskiptum með raforku. Hið sama gildir um ábyrgðir ríkis og sveitarfélaga á lánum til annarra orkufyrirtækja. Þær raddir hafa heyrst að þetta sé óæskileg þróun sem verði Þrándur í Götu fyrir stefnu stjórnvalda um nýtingu orkulindanna, en lánskjör verða óhjákvæmilega lakari þegar ríkisábyrgðin hverfur og samtímis hverfur hin óbeina tekjutrygging sem einkaréttur Landsvirkjunar til sölu á almennum markaði hefur veitt.

Opinber umræða um stóriðju síðustu misserin hefur einkennst af deilum, m.a. um umhverfisáhrif virkjana og iðjuvera og ekki síður um arðsemi virkjana, rekstrarlega og þjóðhagslega. Hingað til hefur samt sem áður verið ljóst að hagnaður af virkjunum, hvort heldur er fyrir stóriðju eða almennan markað, hefur runnið til hins opinbera. Nú verður það ekki sjálfgefið.

Það vakna fjölmargar spurningar þegar þessum málum er velt upp. Sumar þeirra eru það tæknilegar að of langt mál yrði að fjalla um þær hér. Aðrar eru einfaldar, en jafnframt nokkuð strembnar. Tökum nokkur dæmi:

Þýða nýju raforkulögin og nýtt viðskiptaumhverfi að frekari uppbygging stóriðju stöðvast? Eiga stjórnvöld að setja sérstök lög um fjárfestingar í stóriðju sem tryggja að hægt verði að halda í núverandi fyrirkomulag, þ.e.a.s. að Landsvirkjun sjái alfarið um þennan geira?

Er þessu kannski þveröfugt farið? Munu innlend og erlend stórfyrirtæki keppast um að fjárfesta í orkugeiranum hér? Hvernig á þá að úthluta takmörkuðum virkjunarkostum? Hvernig á að taka tillit til fórnar náttúrugæða?

Ég ætla ekki að reyna að svara öllum þessum spurningum, en mitt mat á væntanlegum breytingum og efnahagslegum afleiðingum þeirra er að ef skynsamlega er haldið á málum verði þær til bóta.

Frá mínu sjónarhorni er ákvörðun um virkjun fyrir tiltekið stóriðjuverkefni fyrst og fremst viðskiptaleg. Hún snýst um það hvort verja eigi fjármunum, vinnuafli og landi til framleiðslu á raforku, t.d. fyrir álfyrirtæki, fremur en til annarra góðra verka. Metin arðsemi fjárfestingarinnar skiptir að sjálfsögðu sköpum, en verkefni af þessu tagi býr einnig við áhættu af margvíslegum toga. Í áhættunni felst kostnaður sem taka verður með í reikninginn. Samningar um raforkuverð til stóriðju tengja t.d. yfirleitt raforkuverðið hlutfallslega við markaðsverð á áli. Það þýðir að tekjuáhætta *í virkjun* fyrir álver er ákaflega svipuð og í álverinu sjálfu. Afnám ríkis-

ábyrgðar á lánum vegna slíks verkefnis og þeirrar baktryggingar sem felst í einkarétti til sölu á almennum markaði þýðir einfaldlega að fjárfestingin í allri sinni nekt er lögð undir dóm fjármögnunaraðila. Þeir meta hvort væntanleg arðsemi verkefnisins sé nægjanlega mikil til að réttlæta fjármögnun í ljósi áhættunnar sem því fylgir og ganga þá út frá því hvernig markaðurinn verðleggur áhættu þess. Að mínu mati er þetta skref í rétta átt: ef verkefnið stenst þennan dóm markaðarins þarf ekki að hafa áhyggjur af arðseminni.

Ég tel raunar að ganga eigi enn lengra og stofna sérstök hlutafélög um ný stórverkefni á vegum Landsvirkjunar og annarra fyrirtækja í opinberri eigu þar sem virkjað er fyrir stóriðju. Heppilegast er að fjármögnun slíkra framkvæmda sé verkefnabundin. Með því er tryggt að verkefnið skilar arði í samræmi við áhættu. Þessi tillaga er ekki ný, hún var t.d. sett fram og studd ágætum rökum af orkunefndinni 1996. Því hefur engu að síður verið fleygt að verkefnafjármögnun á vatnsorkuverum ásamt afnámi ríkisábyrgða sé óframkvæmanleg vegna þess að samkeppnisstaða þeirra komi til með að versna sökum hærri vaxta. Ég fæ hins vegar ekki betur séð en að með sama móti væri hægt að færa rök fyrir því að ríkið ætti einnig að lækka vaxtakostnað þeirra sem fjárfesta í stóriðju með veitingu ábyrgða. Augljóslega er hægt að teygja þessi rök út í hið fáránlega. Mergurinn málsins er sá að áhætta felur í sér kostnað sem hægt er að meta til fjár og hagkvæm niðurstaða fæst aðeins með því að taka þetta verð, þennan kostnað, með í reikninginn.

Þessi leið, að afmarka ný verkefni í sérstökum félögum og helst að verkefnafjármagna þau, gefur einnig kost á að raunveruleg samkeppni skapist á hinum almenna raforkumarkaði. Því hefur oft verið haldið fram að engin samkeppni sé hugsanleg á þeim markaði nema að vinnsluhluta Landsvirkjunar verði skipt í tvo eða fleiri hluta. Á hinn bóginn má benda á að líkt og nánast öll önnur íslensk stórfyrirtæki þá er Landsvirkjun smá á alþjóðamarkaði þrátt fyrir að starfa í geira sem býr við hagkvæmni stórrekstrar. Það eru því gild hagkvæmnisrök gegn skiptingu hennar í tvö eða fleiri fyrirtæki. Með afmörkun nýrra fjárfestinga í sérstökum hlutafélögum eru hins vegar mun meiri líkur á virkri samkeppni á raforkumarkaðnum. Þar kemur hvort tveggja til að haldið er opnum þeim möguleika að þessi félög starfi sjálfstætt þótt þau séu í eigu Landsvirkjunar og að reksturinn verður gegnsær og eftirlitsaðilar hafa betri tækifæri til að fylgjast með málum en ella.

Mér hefur orðið tíðrætt um Landsvirkjun. Ekki ber að skilja orð mín sem gagnrýni á þetta leiðandi fyrirtæki á íslenska orkumarkaðnum. Engu að síður verður að gæta þess að ákvarðanir um risafjárfestingar á borð við þær sem Landsvirkjun ræðst væntanlega í á næstu árum fái eðlilegt aðhald markaðsaflanna, hvorki fyrirtækið né íslenskt efnahagslíf hefur gott af öðru.

Hvernig getum við komið náttúrunni að í þessari orðræðu um hagkvæmni og arðsemi? Ef til væri markaðsverð á umhverfisgæðum væri lausnin ósköp einföld: fjárfestar í nýjum raforkuverum myndu greiða markaðsverð fyrir ráðstöfun þessara gæða til virkjana nákvæmlega eins og fyrir fjármagn og vinnuafl. Vandinn er auðvitað sá að gæði á borð við ósnortin víðerni eru ekki markaðsvara, nema að takmörkuðu leyti. Hagfræðingar hafa hins vegar lengi unnið að þróun aðferða þar sem reynt er að meta verðmæti gæða sem ekki eru á markaði með ýmsu móti. Ef sæmilega öruggt mat af þessu tagi liggur fyrir má nota það í stað markaðsverðs. Algengasta aðferðin sem notuð er í þessu skyni er svokallað skilyrt verðmætamat þar sem beitt er viðtalskönnunum til að komast að verðmæti, segjum tiltekins ósnortins landsvæðis: hópur fólks er upplýstur rækilega um framkvæmd á borð við virkjun og kannað í vandlega hannaðri röð spurninga hver viljinn er til að greiða fyrir náttúruröskun af völdum verkefnisins. Augljós hætta er á skekkjum í slíkri könnun því þátttakendur reiða ekki af hendi raunverulegar greiðslur, en engu að síður virðist orðin nokkur sátt meðal hagfræðinga um að með vandaðri útfærslu og prófunum niðurstaðna gefi aðferðin marktækar niðurstöður. Í kjölfar tillagna sem hópur

virtra bandarískra hagfræðinga setti fram fyrir nokkrum árum hefur myndast samstaða um bestu venjur við skilyrt verðmætamat. Þessari aðferð er beitt í miklum mæli í Bandaríkjunum og hún er óðum að ryðja sér til rúms í Evrópu.

Með þessu er ég ekki að segja að þegar kemur að ákvörðunum um veitingu virkjanaleyfa eigi stjórnvöld ekki að taka tillit til annarra sjónarmiða en mats á náttúrunni í krónum talið og þess hvort fjárfestar eru til í að reiða fram gjald sem svarar a.m.k. til þess mats, en þannig tel ég eðlilegast að beita verðmætamatinu. Fjölmörg atriði önnur koma þar til og mat á umhverfisáhrifum verður t.d. örugglega ávallt mikilvægur þáttur í ákvörðunum. Not á hagrænu mati á verðmætum náttúrunnar við ákvarðanir stuðlar hins vegar að aukinni þjóðhagslegri hagkvæmni og því að ekki séu aðeins valdar öfgalausnir, þ.e.a.s. að náttúran sé einskis metin eða að hún sé ávallt metin óendanlega hátt.

„Ég hef bara eina teóríu Mundi minn ...“ segir séra Jón Prímus í Kristnihaldinu: „...Ég hef þá teóríu að vatn sé gott.“ Mín teória er næstum eins einföld og hjá séra Jóni: markaðurinn er besti dómarinn þegar kemur að ákvörðunum um fjárfestingar sem eru hreinnar viðskiptalegrar náttúru. Ef ekki er tiltækt markaðsverð, eins og gildir um umhverfið og önnur almannagæði, er rétt að beita bestu aðferðum til að meta verðmæti þessara gæða og tryggja að fjárfestar taki það með í reikninginn. Þetta eru grundvallaratriðin í því sem hagfræðin hefur fram að færa í þessu máli og ég held að við færumst í rétta átt ef við tökum tillit til þeirra.

Fskj. 7.

Ásgeir Jónsson og Axel Hall:

Áhættan við álið.

(Viðskiptablaðið, vikan 21.–27. mars 2001.)

Axel Hall og
Ásgeir Jónsson

Það hefur gjarnan verið haft á orði að Íslendingar búi í veiðimannasamfélagi. Sjávarútvegur og vinnsla hafa um nokkurt skeið staðið undir útflutningi frá landinu og þjóðin hefur þurft að glíma við ýmiss konar áföll vegna aflabrests eða verðfalls á erlendum mörkuðum. Þessi einsleitni útflutnings og sveiflur í sjávarútvegi hafa af mörgum verið talin helsta uppspretta óstöðugleika í efnahagslífinu. Þess vegna hefur það verið yfirlýst forgangsverkefni stjórnvalda að auka fjölbreytni í útflutningi. Stóriðja hefur verið nefnd sem ein leið til þess, og þá einna helst álbræðsla. Álframleiðsla var um 18% af vöruútflutningi á síðasta ári og ef fyrirhugaðar áætlanir ná fram að ganga um nýtt álver á Austfjörðum og stækkun þeirra fyrirtækja sem fyrir eru mun þetta hlutfall vaxa upp í 35%.

Hins vegar má velta því fyrir sér hvort aukin stóriðja muni ávallt skila þessum tilætlaða árangri, sérstaklega ef allt ber þar að sama brunni og hún býr við rekstraróvissu sem jafnvel er meiri en þekkist í sjávarútvegi. Sú spurning blasir því við hvort Íslendingar séu að endurtaka leik fortíðar með því að leggja of mikið undir í eina atvinnugrein. Þetta er áhættan við álið.

Veiðimannasamfélagið

Þrátt fyrir að sjávarútvegur eigi sér stormasama sögu hérlendis þá dylst fáum að aukinn stöðugleiki hefur færst yfir í útflutning sjávarafurða á seinni árum. Það er hvort tveggja að markvissari veiðistjórnun hefur minnkað sveiflur í afla á milli ára og einnig er ljóst að verðmæti sjávarafurða er nú borið uppi af meira fjölda tegunda en áður. Landsmann eru ekki lengur jafnháðir einum fiskistofni, eins og var með síld á sjöunda áratugnum og þorsk á þeim áttunda. Ólíkar verkunaraðferðir og margar fisktegundir gera það einnig að verkum að fiskútflutningur frá Íslandi er fjarri því að vera einsleitur. Því til viðbótar hefur verið unnið mjög öflugt markaðsstarf erlendis og fisksalan er ekki lengur jafn viðkvæm fyrir verðsveiflum á einstaka sérmörkuðum. Þegar allt þetta leggst saman er útkoman sú að sveiflur hafa minnkað í útflutningstekjum sjávarútvegsins, hvort sem litið er til verðs eða magns.

Álið er aftur á móti núlægt því að vera einsleit vara og er selt á heimsmarkaði. Jafnframt er reynslan sú að verðsveiflur eru miklar á þessum eina stóra markaði þótt aðeins hafi dregið úr þeim í seinni tíð. Álið er notað í neytendavörur og salan veltur mjög á efnahagsástandi hverju sinni í heiminum. Þessi þróun sést vel á mynd 1 þar sem álverðsvísitala og útflutningsverðvísitala annarra vara frá Íslandi eru dregnar upp.*

Hér sést að þrátt fyrir að sveiflur í útflutningsverðlagi og viðskiptakjörum landsmanna séu töluverðar þá eru breytingar í álverði mun meiri. Myndin sýnir krappar sveiflur á frá 1980—1990 og síðan verðhrun eftir að Sovétríkin gömlu liðu undir lok og álmarkaðir voru yfirmettaðir með framleiðslu frá fyrrum sovétlýðveldum.

Áhrif álsins

Frá 1980 hefur ál verið um 11% af vöruútflutningi og þetta hlutfall hefur nú vaxið í 18% vegna stækkunar álversins í Straumsvík og tilkomu nýrrar álbræðslu á Grundartanga. Hins vegar er stefnt að því að þetta hlutfall verði rúm 35% eftir að fyrirhuguð álbræðsla á Reyðarfirði kemst í gagnið, auk fyrirhugaðra stækkana á þeim álverum sem fyrir eru. Lítil sem engin tengsl eru á milli sveiflna í sjávarútvegi og álframleiðslu og aukinn útflutningur mun upp að ákveðnu marki draga úr þeim sveiflum sem sjávarútvegur veldur. Þetta breytist þó ef hlutfallið verður of hátt og álframleiðslan fer að hreyfa útflutning eftir sínum eigin forsendum. Þessi niðurstaða er vel þekkt í áhættugreiningu vegna verðbréfakaupa. Þegar álið hefur náð svo miklu vægi sem stefnt er að er líklegt að það geti farið skapa sveiflur í útflutningi sem verulega kveður að.

Til að átta sig betur á þessu getur verið gagnlegt að endurreikna sveiflur í útflutningstekjum miðað við hið nýja og aukna vægi álútflutnings sem er gert á mynd 2.

Hér kemur glögglega í ljós að aukið vægi áls hefði ekki skapað mótvægi við sveiflur í öðrum útflutningi heldur í flestum tilvikum magnað upp þann óstöðugleika sem var fyrir hendi. Þetta á t.d. við um uppsveiflurnar 1985—88 en samanlögð aukning vöruútflutningstekna á þessum tímabili hefði verið mun meiri ef ál hefði haft meira vægi. Aftur móti hefði niðursveiflan 1990—94 orðið ' mun kröppari af völdum áls en samdráttur útflutningstekna á því tímabili hefði orðið meiri en ella. Þetta sést m.a. með því að skoða árið 1990 sérstaklega, en þá hefði vöruútflutningurinn minnkað sem svarar til 9% þegar álið er endurreiknað í stað 2% lækkunar sem varð raunin. Samdráttur vöruútflutnings fyrir tímabilið 1989—1993 hefði orðið í kringum 20% en varð í rauninni 11%.

Eignarhald skiptir máli

Samspil þessara vöruflokka er líklega tilviljunum háð og sú staða gæti hæglega komið upp að álútflutningur myndi vega á móti breytingum annarra þátta. Að meðaltali yrði óstöðugleikinn þó meiri ef hlutfall áls fer yfir ákveðið mark, bæði hvað varðar útflutning og íslenskt efnahagslíf. Hér verður þó að gera ákveðna fyrirvara. Hráefni sem flutt er inn til álframleiðslu verður fyrir áhrifum af heimsmarkaðsverði á áli og þess vegna eru verðsveiflur í álútflutningi að einhverju leyti jafnaðar með mótverkandi breytingum í innflutningi. Eignarhald álbræðslnanna skiptir einnig máli. Reynslan sýnir að erlend álfyrirtæki flytja inn fjármagn til þess að mæta tímabundnum taprekstri og jafna þannig sveiflur. Ef álverið á Austfjörðum verður að mestu í eigu innlendra aðila, eins og nú er haft á orði, myndi þessi sveiflujöfnun hins vegar ekki vera til staðar með sama hætti og þekkist hjá þeim tveim álverum í erlendri eigu sem fyrir eru á landinu.

Viðeigandi arðsemiskrafa

Hingað til hefur umræðan um fyrirhugað álver á Austurlandi einkum snúist um náttúruverndarsjónarmið annars vegar og byggðasjónarmið hins vegar. Álitaefnin eru þó mun fleiri. Hér hefur aðeins verið drepið á eitt atriði sem er aukinn óstöðugleiki í útflutningi og áhætta fyrir íslenskt efnahagslíf. Einnig væri hægt að velta fyrir sér þeirri áhættu sem landsmenn taka með svo mikilli orkusölu til einnar atvinnugreinar og þeirrar venju að tengja raforkuverð að hluta til við álverð þegar rafmagn er selt til álbræðslu. En þannig er nokkur óvissa til staðar um tekjustreymi til raforkusalans.

Aukin áhætta táknar þó ekki að nýtt álver á Austurlandi eða annars staðar á landinu sé óheppileg fjárfesting. Sérhæfing er æskileg ef henni fylgir aukinn ábati. Það er algild regla að kröfur um arðsemi hljóta að vaxa með aukinni áhættu. Áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir af þessum toga þurfa Íslendingar að meta þá stigvaxandi áhættu sem felst í aukinni álframleiðslu og gera viðeigandi arðsemiskröfur til allra þeirra fjárfestinga sem álveri fylgja.





Breytingar á verðmæti vöruútflutnings á milli ára á föstu verðlagi, endurreiknað miðað við 35% vægi áls að meðaltali yfir tímabilið. Raunverulegt vægi áls á þessum tíma var 11%.

***Eftirfarandi viðtölur er fengnar frá Hagstofunni og Þjóðhagsstofnun. Vísitala innflutningsverðlags er notuð til þess að leiðrétta fyrir áhrifum verðlags og gengisbreytinga.**

Höfundar eru hagfræðingar.

Fylgiskjal IV.

Umsögn 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur borist bréf iðnaðarnefndar dags. 29. janúar sl. þar sem óskað er álits nefndarinnar á því hvort farið hafi verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna frumvarps til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Stefán Thors frá Skipulagsstofnun.

Fyrir liggur að fyrri eigandi Reyðaráls hf. lagði fram skýrslu um mat á umhverfisáhrifum byggingar allt að 420 þús. tonna álvers í tveimur áföngum fyrir Skipulagsstofnun í maí 2001. Í lok ágúst sama ár féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með tilteknum skilyrðum. Úrskurðurinn var kærður til umhverfisráðherra sem síðar staðfesti hann. Í framhaldi af kaupum Alcoa á Reyðaráli hf. voru gerðar nokkrar breytingar á fyrirhugaðri framkvæmd. Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. grein 13 a í viðauka 2, lét framkvæmdaraðili vinna skýrslu sem lögð var fram hjá Skipulagsstofnun þar sem borin eru saman umhverfisáhrif 420 þús. tonna álverksmiðju og 322 þús. tonna verksmiðju sem nú er fyrirhuguð. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að umræddar breytingar væru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Fyrsti minni hluti telur meðferð málsins vera í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Alþingi, 10. febr. 2003.

Magnús Stefánsson.
Kristján Pálsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Jóhann Ársælsson.

Fylgiskjal V.

Umsögn 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um bréf iðnaðarnefndar dags. 29. janúar sl. þar sem þess er óskað að umhverfisnefnd láti í ljós álit sitt á því hvort farið hafi verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna frumvarps til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Er það mat 2. minni hluta að ósk iðnaðarnefndar sé óeðlilega þröng miðað við eðli máls. Einungis er óskað álits nefndarinnar á því hvort farið hafi verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum og hafði nefndin því mjög lítið svigrúm til að fjalla um umhverfisþætti frumvarpsins almennt. Þetta gagnrýndi 2. minni hluti við meðferð málsins og gagnrýnir það að einungis skipulagsstjóri hafi verið kallaður til nefndarinnar.

Þegar umfjöllun iðnaðarnefndarinnar sjálfrar er svo skoðuð kemur í ljós að umhverfisþáttur málsins hefur ekki einu sinni verið sendur út til umsagnar. Þannig hafa umhverfis- og náttúru-

verndarsamtök alls ekki komið að umfjöllun málsins og náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar hefur ekki fengið tækifæri til að segja sitt álit á málinu. Þannig hefur umfjöllunin verið skammarlega þröng og eðlilegt að hreyfa þeirri spurningu við iðnaðarnefnd hvort ekki megi gera bragarbót og gefa stofnunum og félagasamtökum sem starfa á umhverfis- og náttúruverndarsviði tækifæri til að gefa umsögn um málið eða fá að tjá sig fyrir nefndinni.

Annar minni hluti bendir á að úrskurður Skipulagsstofnunar vegna álversins hefur verið kærður til umhverfisráðherra og umhverfisnefnd hefur ekki kynnt sér kæruefnin, en þau ganga m.a. út á það að Skipulagsstofnun hafi verið óheimilt að skjóta sér á bak við lið 13 a í viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum, þar sem álver Alcoa sé allt önnur og óskyld framkvæmd hvað varðar tækni við framleiðslu og mengunarvarnir. Þá er úrskurðurinn einnig kærður á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laganna en þar er kveðið á um að ef um sé að ræða fleiri en eina matsskylda framkvæmd á sama svæði skuli meta hverja þeirra sérstaklega. Og að lokum má nefna kæruatriði er varða SO_2-mengun. Öll þessi kæruatriði eru alvarlegs eðlis og staðfesta það að umfjöllun um málið í kerfinu er langt í frá lokið og því alls ekki ljóst enn sem komið er hvort farið hafi verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum við afgreiðslu þess.

Annar minni hluti vill að fram komi að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið, hefði það í för með sér að gera þyrfti heildaráætlun um þungaiðnað á landsvísu, auk áætlunar um orkuframleiðslu og orkudreifingu, en samkvæmt tilskipuninni hefðu allar slíkar áætlanir þurft að lúta mati á umhverfisáhrifum. Nú er innleiðing þessarar tilskipunar skammt undan og því gagnrýnisvert að svo stórar ákvarðanir skuli teknar án þess að slíkar áætlanir liggi fyrir.

Þá vill 2. minni hluti vekja athygli iðnaðarnefndar á því að Kárahnjúkavirkjun virðist lögbundin forsenda fyrir álverinu þar sem hún er beinlínis nefnd í frumvarpstextanum (sbr. 4. gr. frumvarpsins). Það er mat 2. minni hluta að það stríði gegn góðum venjum að binda slík tengsl í lagatexta. Vegna andstöðu 2. minni hluta við byggingu Kárahnjúkavirkjunar þá er rétt að halda til haga formsatriðum á borð við þetta.

Loks vill 2. minni hluti gagnrýna það að umhverfisnefnd skyldi ekki falið að skoða skilyrði í þegar auglýstu starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna álvers í Reyðarfirði, en eftir að umfjöllun nefndarinnar lauk hefur 2. minni hluti kynnt sér málið og í ljós kemur að samkvæmt starfsleyfistillögum Umhverfisstofnunar mun væntanlegt álver Alcoa ekki hafa í för með sér bætt loftgæði frá því sem áætlað var út frá verksmiðju Reyðaráls. Þar er um að kenna minni hreinsun á útblæstri, en útlit er fyrir að verksmiðja Alcoa muni blása út fjórum sinnum meira magni af SO_2 en gert hafði verið ráð fyrir frá verksmiðju Reyðaráls. Til að halda mengun innan við gefin mörk er svo brugðið á það ráð að reisa nærri 80 metra háa skorsteina, en slík lausn er bönnuð í nokkrum nágrannalöndum okkar vegna hættu sem slíkt skapar á súru regni. Þá má einnig gagnrýna harðlega skort á aðkomu almennings þar sem álverið fór ekki í mat á umhverfisáhrifum.

Af framansögðu má ráða að margt er enn óljóst um það hvort farið hafi verið að lögum um mat á umhverfisáhrifum og það er mat 2. minni hluta umhverfisnefndar að ekki sé hægt að ljúka skoðun málsins fyrr en endanlegur úrskurður liggur fyrir í kærumálum þeim sem eru yfirstandandi.

Alþingi, 10. febr. 2003.

Kolbrún Halldórsdóttir.

986. Breytingartillögur [509. mál]

við frv. til l. um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, GuðjG, PHB, KÓ, ÍGP).

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „meiri hluti“ í 1. mgr. komi: minnst helmingur.
2. Við 6. gr.
   a. Orðið „umsömdum“ í c-lið 1. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „sköttum eða gjöldum“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: skatta eða gjalda.
   c. Í stað orðanna „annarra skatta eða gjalda“ í 6. tölul. 1. mgr. komi: öðrum sköttum eða gjöldum.

987. Svar [472. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Engin störf eða verkefni ráðuneytisins voru flutt út á land á árinu 2002. Þess má hins vegar geta að starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heldur námskeið fyrir fiskvinnslufólk út um allt land og koma flestir leiðbeinendur á námskeiðunum frá landsbyggðinni.

Flutningur stofnana ráðuneytisins og/eða fjarverkefni voru eftirtalin:

Hafrannsóknastofnunin: Engin störf eða fjarvinnsluverkefni á vegum stofnunarinnar voru flutt út á land á árinu 2002.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins: Engin störf eða fjarvinnsluverkefni á vegum stofnunarinnar voru flutt út á land á árinu 2002. Hins vegar er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með rannsóknadeild á Akureyri og flytjast verkefni þannig til Akureyrar þótt ekki sé um eiginleg fjarvinnsluverkefni að ræða. Á árinu 2003 var starf gæðastjóra flutt til Ísafjarðar.

Fiskistofa: Á árinu 2002 fluttist einn starfsmaður tölvudeildar Fiskistofu í Neskaupstað og sinnir hann forritunarverkefnum fyrir stofuna. Nú standa yfir ráðningar í tvær stöður veiðieftirlitsmanna á Ísafirði og Akureyri en þau störf hafa hingað til verið unnin frá Reykjavík.

Verðlagsstofa skiptaverðs: Stofnunin er á Akureyri og þar eru þrír starfsmenn í fullu starfi.

988. Svar [528. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá.

1. *Hafa ráðherra borist mótmæli frá náttúruverndarsamtökum eða annars konar samtökum erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hvaða samtökum? Komi fram í mótmælunum hversu margir einstaklingar standi að baki viðkomandi samtökum er óskað eftir að það sé tilgreint í svarinu.*

Forsætisráðherra hafa borist mótmæli gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun frá eftirfarandi samtökum:

BirdLife International, European Division Office,
Droevendaalsesteeg 3, PO Box 127, NL–6700 AC Wageningen.
Canan Orhun, Head of European Division.
Fjöldi félagsmanna er ekki tilgreindur.

Bridge House,
Dalqueich, Kinross, KY13 0RG.
Mrs. L.P. Willsher.
Fjöldi félagsmanna er ekki tilgreindur.

The British Association for Shooting and Conservation – BASC,
Marford Mill, Rossett, Wrexham LL12 0HL.
Dr. Colin Shedden, Director BASC Scotland.
Fjöldi félagsmanna er ekki tilgreindur.

Föreningen Natur och Samhälle i Norden – FNSiN,
Illerstigen 28, SE – 170 71 Solna.
Erik Elvers.
Fjöldi félagsmanna er ekki tilgreindur.

Northumberland Wildlife Trust,
Garden House st. Nicholas Park, NE3 3XT Gosforth Newcastle upon Tyne.
David Knight, Chief Executive.
Rúmlega 400.000 félagsmenn.

The Royal Society for the Protection of Birds – RSPB,
The Lodge, Sandy, Bedfordshire SG19 2DL.
Gramham Wynne, Chief Executive.
Fjöldi félagsmanna er ekki tilgreindur.

Sierra Club,
85 Second Street, Second Floor, San Francisco CA 94105–3441.
Michele Perrault, International Vice President.
Rúmlega 750.000 félagsmenn.

Vogelbescherming Nederland (BirdLife),
Driebergseweg 16c, Postbus 925, 3700 AX Zeist.
Drs. E.A.J. Wanders, Director.
Félagsmenn eru 125.000.

The Wildfowl & Wetlands Trust – WWT,
Slimbridge, Gloucestershire GL2 7BT.
Tony Richardson, Managing Director.
Fjöldi félagsmanna er ekki tilgreindur.

2. *Hafa ráðherra borist mótmæli frá einstaklingum erlendis frá gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hversu mörgum og hverrar þjóðar hafa mótmælendur verið?*

Ráðuneytinu hafa borist mótmæli gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun frá rúmlega 380 einstaklingum. Mótmælin hafa verið send með tölvupósti, bæði innlendum og erlendum. Ógerningur er að greina á milli en í nánast öllum tilvikum er innihald sendinganna það sama. Um er að ræða fyrir fram sniðið mótmælabréf (sjá hér á eftir).

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um hverrar þjóðar mótmælendur hafi verið. Ekki reyndist unnt að greina það svo fullnægjandi geti talist þar sem mikill meiri hluti mótmælenda undirritar bréf sín eingöngu með nafni og netfangi.

Sýnishorn af mótmælabréfi.

Dear Sir,

Stop your plans to build a dam in the eastern icelandic highlands.

I have learned with regret that the icelandic government is set to build a dam in the east of Iceland, endangering a unique wilderness area.

If this project goes ahead, with the construction of a 700 mW hydropower plant that will flood or permanently change a vast wilderness in Iceland's central highlands region. If built, the hydro plant would severely impact one of the largest wilderness areas remaining in western Europe due to the construction of a number of dams, channels, diversions, reservoirs and roads. In total, about 1,000 km^2 in the central highlands north of the Vatnajökull Glacier will be directly affected although the impact area is much larger.

Up until now it's been my understanding that Iceland is among the most unspoiled countries in the world. Your plans, however, and your politics are about to severly damage that image of your country. You can not have it both ways.

In conclusion, I urge you to drop you plans for building a dam in this unique area.

989. Tillaga til þingsályktunar [618. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002, um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna póstþjónustu bandalagsins enn frekar fyrir samkeppni.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002, um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna póstþjónustu bandalagsins enn frekar fyrir samkeppni.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-

nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002, um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna póstþjónustu bandalagsins enn frekar fyrir samkeppni.

Tilskipunin breytir eldri tilskipun, nr. 97/67/EB og opnar póstmarkaðinn í Evrópu enn frekar fyrir samkeppni. Helsta breytingin lýtur að mörkum einkaréttar. Þar segir að aðildarríkin geti veitt rekstrarleyfishöfum með alþjónustuskyldur áfram einkarétt til þess að tryggja þá þjónustu að því marki sem talið er nauðsynlegt. Þjónusta innan einkaréttar skal takmörkuð við móttöku eða söfnun, flokkun, flutning og skil á póstsendingum innan lands og póstsendingum sem berast til landsins, hvort sem um er að ræða hraðsendingar eða ekki, innan eftirfarandi þyngdar- og verðtakmarkana:

Þyngdarmörkin skulu vera 100 g frá og með 1. janúar 2003 og 50 g frá og með 1. janúar 2006. Þessi þyngdarmörk gilda ekki ef póstsendingar bera burðargjald sem er frá 1. janúar 2003 jafnt og eða hærra en þrisvar sinnum burðargjald bréfasendinga í fyrsta (lægsta) þyngdarflokki og frá 1. janúar 2006 ef burðargjaldið er jafnt og eða hærra en 2,5 sinnum þetta gjald.

Jafnframt er í þessari nýju tilskipun skerpt á nokkrum atriðum til bóta fyrir viðskiptavini póstsins. Tekin eru inn skýrari ákvæði um sérstakar gjaldskrár rekstrarleyfishafa vegna þjónustu þeirra við þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu og taka slíkar gjaldskrár fyrst og fremst mið af þörfum atvinnufyrirtækja og annarra stórnotenda eða fyrirtækja sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Enn fremur eru í tilskipuninni ákvæði sem banna rekstrarleyfishöfum að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu utan einkaréttar með tekjum af einkaréttarþjónustu, nema sýnt sé fram á nauðsyn

þess til að hægt sé að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem á eru lagðar á samkeppnissviði. Að lokum eru í tilskipuninni ákvæði um að rekstrarleyfishafar gefi út skýrar reglur um meðferð kvartana frá notendum póstsins og skulu eftirlitsstofnanir tryggja það.

Um áhrif þessarar tilskipunar hér á landi er það að segja að samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti hf. eru 94% póstlagðra bréfa 100 g eða léttari og 86% bréfa eru 50 g eða léttari.

Þar sem ákvæði tilskipunarinnar kváðu á um breytingar frá 1. janúar 2003 hefur samgönguráðherra þegar lagt fram frumvarp til innleiðingar á ákvæðum þessarar tilskipunar á þessu löggjafarþingi og varð frumvarpið að lögum í desember sl.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 168/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2002 frá 12. júlí 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002 um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna póstþjónustu bandalagsins enn frekar fyrir samkeppni ([2]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. EB L 298, 31.10.2002, bls. 21 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 16.
([2]) Stjtíð. EB L 176, 5.7.2002, bls. 21.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„ eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0039:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002 (Stjtíð. EB L 176, 5.7.2002, bls. 21).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/39/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/39/EB

frá 10. júní 2002

um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna póstþjónustu bandalagsins enn frekar fyrir samkeppni

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ályktun sinni frá 7. febrúar 1994 um þróun póstþjónustu bandalagsins ([5]) benti ráðið á að samræming þess að auka frelsi á póstmarkaðnum, undir eftirliti, og að ábyrgjast varanlega framboð alþjónustu væri eitt af meginmarkmiðunum í stefnu bandalagsins í póstmálum.

2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu ([6]) er settur lagarammi fyrir póstgeirann innan bandalagsins, þ.m.t. ráðstafanir til að tryggja alþjónustu og setja hámarksmörk fyrir þá póstþjónustu, sem aðildarríkin geta veitt einkarétt á, til þess eða þeirra aðila sem veita alþjónustuna, með það fyrir augum að viðhalda henni, og tímaáætlun fyrir þær ákvarðanir sem þarf að taka til að opna markaðinn enn frekar fyrir samkeppni með það fyrir augum að mynda einn markað fyrir póstþjónustu.

3) Í 16. gr. sáttmálans er lögð áhersla á þá þýðingu sem þjónusta, sem hefur almennt efnahagslegt gildi, hefur að því er varðar sameiginleg gildi Evrópusambandsins, svo og hlutverk hennar með tilliti til þess að stuðla að félagslegri og svæðisbundinni samheldni. Þar er einnig tekið fram að gæta þurfi þess að slík þjónusta sé starfrækt á grundvelli meginreglna og skilyrða sem gera þeim kleift að vinna ætlunarverk sitt.

4) Í ályktunum Evrópuþingsins frá 14. janúar 1999 ([7]) og 18. febrúar 2000 ([8]) um evrópska póstþjónustu er lögð áhersla á félagslegt og efnahagslegt mikilvægi póstþjónustu og þörfina á að viðhalda miklum gæðum í alþjónustu.

5) Ráðstafanir á þessu sviði skulu vera sniðnar að því að markmið bandalagsins varðandi félagsleg málefni, skv. 2. gr. sáttmálans, náist einnig, þ.e. mikið atvinnuframboð og mikil félagsleg vernd.

6) Póstkerfið í dreifbýli, m.a. í fjalllendi og á eyjum, gegnir mikilvægu hlutverki með tilliti til þess að fyrirtæki geti orðið hluti af innlendu eða alþjóðlegu efnahagslífi og til að viðhalda samheldni í félags- og atvinnulegu tilliti í dreifbýli í fjalllendi og á eyjum. Enn fremur geta pósthús í fjalllendi og á eyjum myndað mikilvæg net grunnvirkja fyrir almennan aðgang að nýrri fjarskiptatækni.

([1]) Stjtíð. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 220 og Stjtíð. EB C 180 E, 26.6.2001, bls. 291.
([2]) Stjtíð. EB C 116, 20.4.2001, bls. 99.
([3]) Stjtíð. EB C 144, 16.5.2001, bls. 20.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 14. desember 2000 (Stjtíð. EB C 232, 17.8.2001, bls. 287), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. desember 2001 (Stjtíð. EB C 110 E, 7.5.2002, bls. 37) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 7. maí 2002.
([5]) Stjtíð. EB C 48, 16.2.1994, bls. 3.
([6]) Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14.
([7]) Stjtíð. EB C 104, 14.4.1999, bls. 134.
([8]) Stjtíð. EB C 339, 29.11.2000, bls. 297.

7) Leiðtogaráðið, sem kom saman í Lissabon 23. og 24. mars 2000, setti fram sem niðurstöður fundarins tvær ákvarðanir varðandi póstþjónustu þar sem aðgerða var krafist af framkvæmdastjórninni, ráðinu og aðildarríkjunum í samræmi við valdsvið hvers um sig. Umbeðnar aðgerðir eru: í fyrsta lagi að gera áætlun fyrir lok ársins 2000 um að afnema hömlur á póstþjónustu og í öðru lagi að auka frelsi hið fyrsta á sviðum eins og póstþjónustu með það að markmiði að markaður fyrir slíka þjónustu verði að fullu starfræktur.

8) Á fundi sínum í Lissabon taldi leiðtogaráðið það einnig nauðsynlegt að á innri markaðnum, og í hagkerfi sem grundvallast á þekkingu, væri fullt tillit tekið til ákvæða sáttmálans varðandi þjónustu sem hefur almennt efnahagslegt gildi og til fyrirtækja sem væri falið að veita slíka þjónustu.

9) Framkvæmdastjórnin hefur gert nákvæma athugun á póstgeiranum innan bandalagsins, þ.m.t. skoðun á efnahagslegri, félagslegri og tæknilegri þróun innan greinarinnar, og hefur haft víðtækt samráð við þá aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

10) Þörf er á nútímalegri rammaákvæðum fyrir póstgeirann innan bandalagsins sem miða einkum að því að efla innri markaðinn fyrir póstþjónustu. Aukin samkeppni ætti að verða til þess að samþætta póstþjónustuna við aðrar aðferðir í samskiptum og hafa í för með sér aukin gæði þjónustunnar sem er veitt notendum sem gera sífellt meiri kröfur.

11) Hægt er að ná því *meginmarkmiði* að tryggja varanlegt framboð alþjónustu í öllu bandalaginu sem uppfyllir gæðastaðalinn sem aðildarríkin skilgreindu í samræmi við 3. gr. tilskipunar 97/67/EB ef þeim möguleika er viðhaldið á þessu svæði að veita einkarétt og jafnframt tryggt að skilyrði séu fyrir mikilli skilvirkni með því að frelsi til að veita þjónustu sé nægjanlegt.

12) Aukin eftirspurn á sviði póstþjónustunnar í heild, sem vænst er til meðallangs tíma, gæti vegið upp á móti því tapi á markaðshlutdeild sem veitendur alþjónustu geta orðið fyrir í kjölfar frekari opnunar markaðarins og myndi á þann hátt tryggja alþjónustuna.

13) Á meðal þeirra breytingaþátta, sem hafa áhrif á atvinnuástand í póstgeiranum, eru tækniþróun og krafa markaðarins um aukna skilvirkni mikilvægastir; aðrir þættir, t.d. opnun markaðarins, skipta minna máli. Markaðsopnun mun stuðla að því að auka heildarstærð póstþjónustumarkaðarins og líklegt er að sú fækkun, sem kann að verða á starfsmönnum í alþjónustu vegna slíkra ráðstafana (eða vegna þess að ráðstafana er vænst), verði bætt upp með fjölgun starfa hjá einkareknum fyrirtækjum og nýjum rekstraraðilum á markaðnum.

14) Rétt er að gera tímaáætlun á vettvangi bandalagsins um að opna fyrir samkeppni, í áföngum og undir eftirliti, markað fyrir bréfasendingar sem veitir öllum veitendum alþjónustu nægan tíma til að gera frekari ráðstafanir til nauðsynlegrar nútímavæðingar og endurskipulagningar til að tryggja lífvænleika þeirra til langs tíma við nýjar markaðsaðstæður. Aðildarríkin þurfa einnig hæfilegan tíma til að laga eftirlitskerfi sín að opnara umhverfi. Þess vegna er rétt að opnun markaðarins verði skipt í áfanga með milliáföngum þar sem verður umtalsverð opnun markaðarins, undir eftirliti, og því verði fylgt eftir með endurskoðun og tillögugerð þar sem staðfest er, ef við á, að árið 2009 skuli verða búið að opna innri markaðinn fyrir póstþjónustu að fullu eða ákveða annan, viðeigandi áfanga að því marki í ljósi niðurstaðna endurskoðunarinnar.

15) Tryggja þarf að næstu áfangar í opnun markaðarins verði í eðli sínu umfangsmiklir og þannig háttað að aðildarríkin geti náð þeim í reynd og jafnframt sé tryggð áframhaldandi alþjónusta.

16) Almennar lækkanir þyngdarmarka í 100 g árið 2003 og 50 g árið 2006 vegna þjónustu, sem veitendur alþjónustu hafa einkarétt á, ásamt því að búið verði að opna markað fyrir útfarandi millilandapóst að fullu fyrir samkeppni, hugsanlega með undantekningum að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að alþjónusta sé veitt, eru enn frekari áfangar, tiltölulega einfaldir og undir eftirliti, en engu að síður mikilvægir.

17) Í bandalaginu standa venjulegar bréfasendingar, sem vega 50 til 350 g, að meðaltali undir um það bil 16% af heildarpósttekjum veitenda alþjónustu og þar af eru 9% vegna venjulegra bréfasendinga sem vega 100 til 350 g en útfarandi millilandapóstur undir 50 g þyngdarmörk-

um stendur að meðaltali undir um það bil 3% til viðbótar af heildarpósttekjum þeirra sem veita alþjónustu.

18) Hæfileg verðmörk að því er varðar þjónustu, sem veita má einkarétt á í tengslum við 100 og 150 g þyngdarmörk, eru á árinu 2003 þrefalt verð í almennri gjaldskrá fyrir bréfasendingu í lægsta þyngdarflokki með skjótasta útburði og á árinu 2006 tvisvar og hálfu sinni almennt gjaldskrárverð.

19) Markpóstur er nú þegar í flestum aðildarríkjum öflugur og vaxandi markaður með verulega vaxtarmöguleika í augsýn en í öðrum aðildarríkjum eru talsverðir möguleikar á vexti. Samkeppni ríkir nú þegar að mestu leyti í markpósti í sex aðildarríkjum. Aukinn sveigjanleiki þjónustu og í verðlagningu, sem leiddi af samkeppni, myndi bæta stöðu markpósts gagnvart öðrum samskiptamiðlum sem aftur er líklegt að leiði til nýrra tegunda póstsendinga og bæti stöðu póstþjónustunnar í heild. Engu að síður skal gera ráð fyrir því að viðhalda megi einkarétti á markpósti innan framangreindra þyngdar- og verðmarka að því marki sem það er nauðsynlegt til að tryggja framboð alþjónustu.

20) Útfarandi millilandapóstur stendur að meðaltali undir 3% af heildarpósttekjum. Opnun þessa hluta markaðarins í öllum aðildarríkjum, með nauðsynlegum undantekningum til að tryggja veitingu alþjónustu, myndi gera mismunandi póstrekendum kleift að safna, flokka og flytja allan útfarandi millilandapóst.

21) Opnun innkomandi millilandapósts fyrir samkeppni myndi valda því að unnt væri að fara í kringum 100 g mörkin árið 2003 og 50 g mörkin árið 2006 með því að afhenda hluta innlends magnpósts á öðrum stað en það myndi hafa ófyrirsjáanleg áhrif. Greining á uppruna bréfasendinga gæti valdið enn frekari erfiðleikum við eftirlit. Þyngdarmörkin 100 og 50 g fyrir venjuleg innkomandi bréf og markpóst, og einnig venjulegan innanlandspóst, eru hentug þar eð þau bjóða ekki heim hættunni á að farið sé í kringum reglur annaðhvort á þennan hátt eða með tilbúinni þyngdaraukningu einstakra póstsendinga.

22) Mikilvægt er að gera nú þegar tímaáætlun um frekari skref til fullrar framkvæmdar innri markaðarins fyrir póstþjónustu bæði vegna lífvænleika alþjónustu til langs tíma og áframhaldandi þróunar nútímalegrar og skilvirkrar póstþjónustu.

23) Rétt er að aðildarríkin hafi áfram þann möguleika að úthluta veitendum alþjónustu einkarétti á tiltekinni póstþjónustu. Þetta gerir veitendum alþjónustu kleift að ljúka því ferli að laga starfsemi sína og mannafla að aukinni samkeppni án þess að það raski fjárhagslegu jafnvægi þeirra og stefni þar með vernd alþjónustu í hættu.

24) Rétt er að ákveða bæði ný þyngdar- og verðmörk og hvaða þjónustu þau eiga að gilda um og kveða á um frekari endurskoðun og ákvörðun um að staðfesta, ef við á, tímasetninguna 2009 fyrir fulla opnun inni markaðar fyrir póstþjónustu eða ákveða að tekið verði annað, viðeigandi skref að því marki í ljósi niðurstaðna endurskoðunarinnar.

25) Ráðstafanir, sem aðildarríkin samþykkja, þ.m.t. stofnun jöfnunarsjóðs eða hvers konar breytingar á honum eða greiðslur úr honum, geta falið í sér aðstoð aðildarríkis í einhverju formi í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans sem, samkvæmt 3. mgr. 88. gr. sáttmálans, skal tilkynna um fyrir fram til framkvæmdastjórnarinnar.

26) Hægt er að binda leyfi samkeppnisaðila á sviði alþjónustu þeirri kröfu að leyfishafar bjóði fram alþjónustu.

27) Í tilskipun 97/67/EB var ákveðið að aðildarríki skyldu tilnefna eitt eða fleiri innlend eftirlitsyfirvöld fyrir póstþjónustusviðið sem skyldu vera lagalega aðskilin og rekstrarlega óháð póstrekendum. Í ljósi þess hve virkir evrópskir póstmarkaðir eru þarf að viðurkenna og styrkja hið mikilvæga hlutverk innlendra eftirlitsyfirvalda, einkum að því er varðar það verkefni að tryggja að einkaréttur á þjónustu sé virtur nema í aðildarríkjum þar sem engin einkaréttarþjónusta er. Í 9. gr. tilskipunar 97/67/EB er aðildarríkjunum veitt heimild til að ganga lengra en gert er ráð fyrir í markmiðum þeirrar tilskipunar.

28) Það kann að vera viðeigandi að innlend eftirlitsyfirvöld tengi upphaf leyfisveitinga þeirri kröfu að notendur þjónustu leyfishafa hafi aðgang að gagnsærri, einfaldri og ódýrri málsmeðferð þar sem tekið er á kvörtunum án tillits til þess hvort þær eru vegna þjónustu veitanda alþjónustunnar eða þjónustu annarra póstrek-

enda, þ.m.t. þjónustu rekstrarleyfishafa. Einnig getur verið heppilegt að sú málsmeðferð sé tiltæk notendum allrar póstþjónustu, hvort sem um er að ræða alþjónustu eða ekki. Í þeirri málsmeðferð skal felast málsmeðferð til að ákvarða um ábyrgð þegar um það er að ræða að póstsendingar tapist eða skemmist.

29) Viðskiptamenn í atvinnulífinu, fyrirtæki, sem safna pósti frá ólíkum viðskiptamönnum, og aðilar, sem afhenda mikið póstmagn, fá að jafnaði þjónustu hjá þeim er veita alþjónustu sem veitir þeim möguleika á að komast inn í póstkeðjuna á ólíkum stöðum og við ólík skilyrði, borið saman við venjulegar bréfasendingar. Veitendur alþjónustunnar skulu, er þeir veita þessa þjónustu, fara að meginreglunum um gagnsæi og bann við mismunun, bæði milli ólíkra þriðju aðila og milli þriðju aðila og þeirra sem veita sambærilega, alþjónustu. Þegar hafðar eru í huga reglurnar um bann við mismunun er einnig nauðsynlegt að slík þjónusta sé tiltæk fyrir einkaviðskiptavini sem senda póst við svipuð skilyrði.

30) Framkvæmdastjórninni ber að skila skýrslu reglulega til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þessarar tilskipunar svo að þessar stofnanir hafi jafnan upplýsingar um þróun innri markaðarins fyrir póstþjónustu.

31) Rétt er að fresta því til 31. desember 2008 að tilskipun 97/67/EB falli úr gildi. Þessi dagsetning hefur ekki áhrif á málsmeðferð um leyfisveitingu sem var ákveðin í aðildarríkjunum í samræmi við tilskipun 97/67/EB.

32) Breyta ber tilskipun 97/67/EB í samræmi við þetta.

33) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu reglna sáttmálans um samkeppni og frelsi til að veita þjónustu sem sérstaklega er fjallað um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna á sviði póstþjónustu og um mat á ráðstöfunum tiltekinna ríkja varðandi póstþjónustu ([9]).

([9]) Stjtíð. EB C 39, 6.2.1998, bls. 2.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 97/67/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„*7. gr.*

1. Aðildarríkin geta haldið áfram að úthluta veitendum alþjónustu einkarétti að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að alþjónusta haldist. Þjónustan skal takmarkast við söfnun, flokkun, flutning og afhendingu bréfa innanlands og innkomandi millilandabréfa, með eða án hraðsendinga, innan eftirfarandi þyngdar- og verðmarka.

Þyngdarmörkin skulu vera 100 g frá 1. janúar 2003 og 50 g frá 1. janúar 2006. Þessi þyngdarmörk skulu ekki gilda frá 1. janúar 2003 ef verðið er jafnt og eða hærra en þrefalt, almennt gjaldskrárverð fyrir bréfasendingu í lægsta þyngdarþrepi flokksins með skjótasta útburð og skulu ekki gilda frá 1. janúar 2006 ef verðið er jafnt og eða tvisvar og hálfu sinni hærra en það gjaldskrárverð.

Þegar um er að ræða ókeypis póstþjónustu fyrir blinda og sjónskerta er heimilt að veita undanþágur frá þyngdar- og verðtakmörkununum.

Að því marki sem slíkt er nauðsynlegt til að tryggja framboð alþjónustu má viðhalda einkarétti á markpósti innan framangreindra þyngdar- og verðmarka.

Að því marki sem slíkt er nauðsynlegt til að tryggja framboð alþjónustu, t.d. þegar frelsi hefur þegar verið aukið á tilteknum sviðum póstþjónustu eða vegna sérstakra eiginleika póstþjónustunnar í tilteknu aðildarríki, er heimilt að viðhalda einkarétti á útfarandi millilandapósti innan framangreindra þyngdar- og verðmarka.

2. Ekki er heimilt að binda skjalaskipti einkarétti.

3. Framkvæmdastjórnin skal ljúka könnun á framtíðarhorfum þar sem mat er lagt á það fyrir hvert aðildarríki hvaða áhrif það hefur á alþjónustu ef búið verður að opna innri póstmarkaðinn að fullu árið 2009. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 31. desember 2006, sem byggist á niður-

stöðum könnunarinnar, ásamt tillögu um að staðfesta, ef við á, tímasetninguna 2009 fyrir fulla opnun inni markaðarins fyrir póstþjónustu eða til að ákveða önnur skref að því marki í ljósi niðurstaðna endurskoðunarinnar.“

2. Við 12. gr. bætist eftirfarandi undirgreinar:

„— Þegar veitendur alþjónustu nota sérstakar gjaldskrár, t.d. fyrir þjónustu við fyrirtæki, þá sem afhenda mikið póstmagn í einu eða þá sem safna saman pósti frá ólíkum viðskiptamönnum, skulu þeir beita meginreglunum um gagnsæi og bann við mismunun bæði að því er varðar gjaldskrár og skilyrði sem tengjast þeim. Í gjaldskránum skal taka tillit til þess kostnaðar sem sparast, borið saman við staðalþjónustu, sem nær yfir allar þjónustuaðgerðir sem eru í boði, söfnun, flutning, flokkun og afhendingu einstakra póstsendinga, og skulu þær gilda jafnt, ásamt viðkomandi skilyrðum, bæði milli mismunandi þriðju aðila og milli þriðju aðila og veitenda alþjónustu sem veita sambærilega þjónustu. Allar slíkar gjaldskrár skulu einnig vera í boði fyrir almenna viðskiptamenn sem senda póst við svipuð skilyrði,

„— víxlniðurgreiðslur í þjónustu utan einkaréttarsviðsins með tekjum fyrir þjónustu á einkaréttarsviðinu skulu bannaðar nema sýna megi fram á að þær séu algerlega nauðsynlegar til að uppfylla sérstakar alþjónustuskyldur sem á eru lagðar á samkeppnissviðinu; í aðildarríkjum þar sem engin alþjónusta er skulu innlend eftirlitsyfirvöld samþykkja reglur í þessu skyni og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir.“

3. Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 19. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu sjá til þess að komið sé á gagnsærri, einfaldri og ódýrri málsmeðferð til að fjalla um kvartanir notenda, einkum þegar um er að ræða tap, þjófnað, skemmdir eða það að stöðlum um gæði þjónustu er ekki fylgt (þ.m.t. málsmeðferð til að ákveða hver ber ábyrgðina þar sem fleiri en einn póstrekandi á hlut að máli).

Aðildarríkin geta kveðið á um að þessi meginregla gildi einnig um þá sem njóta þjónustunnar sem eru:

— utan sviðs alþjónustu eins og skilgreint er í 3. gr., og

— innan sviðs alþjónustu eins og skilgreint er í 3. gr. en þjónustan er ekki í boði af hálfu veitanda alþjónustunnar.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að málsmeðferðin, sem um getur í fyrstu undirgrein, geri það kleift að leysa deilumál á sanngjarnan og skjótvirkan hátt þannig að gert sé ráð fyrir endurgreiðslu- og/eða bótakerfi þar sem slíkt er heimilað.“

4. Í stað þriðju undirgreinar 22. gr. komi eftirfarandi:

„Innlend eftirlitsyfirvöld skulu hafa það sérstaka verkefni að tryggja að þær skuldbindingar, sem þessi tilskipun hefur í för með sér, séu uppfylltar og skulu, ef við á, koma á fót eftirliti og sérstakri málsmeðferð til að tryggja að einkaréttur á þjónustu sé virtur. Einnig er heimilt að fela þeim að tryggja að farið sé að samkeppnisreglum á sviði póstþjónustu.“

5. Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

Með fyrirvara um 7. gr. skal framkvæmdastjórnin, annað hvert ár, í fyrsta skipti eigi síðar en 31. desember 2004, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar ásamt viðeigandi upplýsingum um þróun á þessu sviði, einkum að því er varðar efnahagslega, félagslega, atvinnulega og tæknilega þætti, svo og um þjónustugæði. Ef við á, skulu fylgja skýrslunni tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins.“

6. Í stað 27. gr. komi eftirfarandi:

„27. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar, þó ekki ákvæði 26. gr., falla úr gildi 31. desember 2008 nema annað sé ákveðið í samræmi við 3. mgr. 7. gr. Þessi dagsetning hefur ekki áhrif á málsmeðferð um veitingu heimilda, sem lýst er í 9. gr.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 10. júní 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	J. PIQUÉ I CAMPS
forseti.	*forseti.*

990. Tillaga til þingsályktunar [619. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins; sameiginlega yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um fyrirsvar starfsmanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins; sameiginlega yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um fyrirsvar starfsmanna.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari

grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að

haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins; sameiginlega yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um fyrirsvar starfsmanna.

Markmið tilskipunar nr. 2002/14/EB er að setja fram lágmarksskilyrði um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs innan fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin skilgreini hvernig staðið skuli að upplýsingum og samráði í samræmi við lög og þær venjur er gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í hverju landi. Í tilskipuninni eru settar fram reglur um hvað upplýsingar og samráð skuli fela í sér og veittar leiðbeiningar um hvenær samráð skuli eiga sér stað.

Aðildarríkin geta valið fyrir hversu stór fyrirtæki tilskipunin skuli gilda, þ.e. hvort hún gildi um fyrirtæki sem hafa a.m.k. 50 starfsmenn í vinnu eða fyrirtæki með a.m.k. 20 starfsmenn. Er ríkjunum sjálfum falið að ákvarða aðferðina við að reikna út fjölda starfsmanna. Heimilt er að setja sérákvæði um þær tegundir fyrirtækja sem sérstaklega eru tilgreindar í tilskipuninni. Sem dæmi má nefna að heimilt er að láta sérreglur gilda um fyrirtæki sem hafa trúarlegan tilgang eða hafa markmið tengd stjórnmálum, vísindum eða listum. Þá er enn fremur heimilt að setja sérákvæði um áhafnir skipa sem sigla á úthöfum.

Gert er ráð fyrir að aðildarríkin mæli fyrir um þagnarskyldu fulltrúa launamanna og sérfræðinga sem eru þeim til aðstoðar í þágu lögmætra hagsmuna hlutaðeigandi fyrirtækja. Er þeim þá ekki heimilt að láta launamönnum eða þriðja aðila umræddar upplýsingar í té. Í sérstökum tilvikum skulu ríkin enn fremur kveða á um heimild vinnuveitenda til að neita launamönnum um upplýsingar og samráð þegar talið er að það geti valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækis. Þegar áhættan er metin skal höfð hliðsjón af hlutlægum viðmiðum en aðildarríkin skulu sjá til þess að skýrt sé kveðið á um hvert menn geti leitað komi upp ágreiningur um þagnarskyldu aðila eða neitun vinnuveitanda um að afhenda upplýsingar.

Innleiða skal efni tilskipunarinnar fyrir 23. mars 2005 en heimilt er að innleiða hana með kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Er enn fremur gert ráð fyrir samningum aðilanna sem ná til takmarkaðri hópa, t.d. starfsfólks fyrirtækis. Þar er heimilt að semja um hvernig staðið skuli að upplýsingum og samráði innan hlutaðeigandi fyrirtækis en unnt er að víkja frá þeim reglum sem settar eru fram í tilskipuninni um tilhögun upplýsinga og samráðs að teknu tilliti til meginreglna er gilda í þessu efni. Þau ríki þar sem upplýsingar og samráð við starfsmenn innan fyrirtækja hafa ekki fest sig í sessi geta nýtt sér sérstaka aðlögunarheimild vegna innleiðingar á efni tilskipunarinnar í áföngum. Þar er gert ráð fyrir að innleiðingin eigi sér stað í þrepum eftir stærð fyrirtækja fram til 23. mars 2008.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 172/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002 frá 25. júní 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32e (tilskipun ráðsins 2001/86/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32f. **32002 L 0014:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 29).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/14/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. EB L 266, 3.10.2002, bls. 61 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 46.
([2]) Stjtíð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 29.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/14/EB

frá 11. mars 2002

um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. ([4]) og á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 23. janúar 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 136. gr. sáttmálans er það sérstakt markmið bandalagsins og aðildarríkjanna að stuðla að skoðanaskiptum aðila vinnumarkaðarins.

2) Í 17. lið stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er m.a. kveðið á um að þróa verði miðlun upplýsinga til starfsmanna, samráð við þá og þátttöku þeirra á heppilegan hátt með tilliti til gildandi venju í hinum ýmsu aðildarríkjum.

3) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við aðila vinnumarkaðarins innan bandalagsins um það hvort beina ætti bandalagsaðgerð að miðlun upplýsinga og samráði við launafólk í fyrirtækjum innan bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, að loknu þessu samráði, að bandalagsaðgerð væri æskileg og hafði á ný samráð við aðila vinnumarkaðarins um efni fyrirhugaðrar tillögu og hafa aðilar vinnumarkaðarins skilað áliti sínu til framkvæmdastjórnarinnar.

5) Að loknu þessu síðara þrepi samráðsins hafa aðilar vinnumarkaðarins ekki greint framkvæmdastjórninni frá því að þeir óski að hefja vinnuferli sem leitt gæti til samkomulags.

6) Þeir lagarammar, innlendir og á vettvangi bandalagsins, sem er ætlað að tryggja að launafólk eigi hlut að málefnum fyrirtækisins, sem það starfar hjá, og ákvörðunum, sem snerta það, hafa ekki alltaf komið í veg fyrir að mikilvægar ákvarðanir, sem hafa áhrif á launafólk, séu teknar og gerðar opinberar án þess að tilhlýðileg málsmeðferð hafi áður farið fram til að miðla upplýsingum til launafólks og hafa samráð við það.

7) Þörf er á því að efla skoðanaskipti og stuðla að gagnkvæmu trausti innan fyrirtækja til að vera betur viðbúinn áföllum, auka sveigjanleika í skipulagi vinnunnar og auðvelda launamönnum aðgang að starfsþjálfun innan fyrirtækisins við tryggar aðstæður, gera þá meðvitaðri um þörfina á aðlögun, auðvelda þeim að taka þátt í ráðstöfunum og aðgerðum sem auka ráðningarhæfi þeirra, stuðla að auknum áhrifum þeirra á rekstur og framtíð fyrirtækisins og auka um leið samkeppnishæfni þess.

8) Einkum er þörf á því að styðja við og auka miðlun upplýsinga og samráð um stöðu og líklega þróun atvinnuástands innan fyrirtækisins

---

([1]) Stjtíð. EB C 2, 5.1.1999, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB C 258, 10.9.1999, bls. 24.
([3]) Stjtíð. EB C 144, 16.5.2001, bls. 58.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 14. apríl 1999 (Stjtíð. EB C 219, 30.7.1999, bls. 223), staðfest 16. september 1999 (Stjtíð. EB C 54, 25.2.2000, bls. 55), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júlí 2001 (Stjtíð. EB C 307, 31.10.2001, bls. 16) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 23. október 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2002 og ákvörðun ráðsins frá 18. febrúar 2002.

og, þegar vinnuveitandi metur það svo að atvinnuöryggi sé ógnað innan fyrirtækisins, um mögulegan, fyrirhugaðan viðbúnað, einkum með tilliti til starfsþjálfunar og aukinnar færni launafólks, með það fyrir augum að vega á móti neikvæðri þróun eða afleiðingum hennar og auka ráðningarhæfi og aðlögunarhæfni launafólks sem líklegt er að þetta hafi áhrif á.

9) Upplýsingamiðlun og samráð í tæka tíð er forsendan fyrir því að árangur náist við endurskipulagningu og aðlögun fyrirtækja að nýjum aðstæðum, sem skapast vegna hnattvæðingar efnahagslífsins, einkum með þróun nýrra aðferða við skipulagningu vinnunnar.

10) Í bandalaginu hefur verið unnin og tekin til framkvæmdar atvinnumálaáætlun, sem byggist á hugtökunum „viðbúnaður“, „forvarnir“ og „ráðningarhæfi“, sem ætlunin er að taka upp sem lykilatriði í allri opinberri stefnu sem líklegt er að komi að gagni í atvinnumálum, einnig stefnu einstakra fyrirtækja, með því að efla skoðanaskipti aðila vinnumarkaðarins með það fyrir augum að stuðla að breytingum sem samrýmast því markmiði að atvinnumálin skuli áfram hafa forgang.

11) Hæfilegt jafnvægi verður að haldast í þróun innri markaðarins og viðhalda verður þeim grundvallargildum sem samfélag okkar byggist á og tryggja að allir íbúar njóti góðs af efnahagsþróuninni.

12) Þriðji áfangi Efnahags- og myntbandalagsins hefur haft það í för með sér að samkeppni á evrópskum vettvangi hefur aukist og eflst. Þetta hefur í för með sér aukna þörf á stuðningsráðstöfunum í einstökum löndum.

13) Núverandi lagarammar bandalagsins og einstakra ríkja fyrir upplýsingar til launafólks og samráð við það miðast í of miklum mæli við að brugðist sé við breytingaferli eftir á, litið er fram hjá fjárhagslegum hliðum ákvarðana sem eru teknar og stuðla hvorki að raunverulegum viðbúnaði vegna þróunar atvinnumála innan fyrirtækisins né því að koma í veg fyrir áhættu.

14) Öll þessi pólitíska, efnahagslega, félagslega og lagalega þróun kallar á breytingar á núverandi lagaramma sem ná til bæði lagagerninga og framkvæmdaratriða og gera kleift að nýta réttinn til upplýsinga og samráðs.

15) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á innlend kerfi með tilliti til nýtingar þessa réttar í raun þegar þess er krafist að þeir sem hafa heimild til þess setji fram óskir sínar sameiginlega.

16) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á kerfi sem fela í sér beina þátttöku launafólks svo fremi að það geti alltaf nýtt rétt sinn til upplýsinga og samráðs gegnum fulltrúa sína.

17) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð nægilega vel markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar, sem rakin eru hér að framan, þ.e. að setja lagaramma um upplýsingar til launafólks og samráð við það, sem er lagaður að hinu nýja, evrópska samhengi, og þessi markmið nást þess vegna betur á vettvangi bandalagsins vegna umfangs og áhrifa fyrirhugaðrar aðgerðar, er bandalaginu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna í umræddri grein er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

18) Tilgangurinn með þessum almenna lagaramma er að setja lágmarkskröfur sem gilda í öllu bandalaginu en hindra þó ekki aðildarríkin í að mæla fyrir um ákvæði sem eru hagstæðari launafólki.

19) Tilgangurinn með þessum almenna lagaramma er einnig að forðast allar hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þess vegna ætti að takmarka gildissvið þessarar tilskipunar, að vali aðildarríkja, við fyrirtæki með a.m.k. 50 starfsmenn eða starfsstöðvar þar sem a.m.k. 20 manns vinna.

20) Með þessu er tekið tillit til og þetta hefur ekki áhrif á aðrar innlendar ráðstafanir og venjur sem miða að því að hvetja til skoðanaskipta aðila vinnumarkaðarins innan fyrirtækja sem falla ekki undir þessa tilskipun og í opinberri stjórnsýslu.

21) Þó skulu aðildarríki, þar sem ekki hefur verið komið á lögboðnu upplýsinga- og samráðskerfi fyrir launafólk eða fulltrúa þeirra, hafa þann möguleika til bráðabirgða að takmarka enn frekar gildissvið tilskipunarinnar að því er varðar fjölda launafólks.

22) Bandalagsrammi fyrir upplýsingar til launafólks og samráð við það ætti að halda fyrirhöfn fyrirtækja eða starfsstöðva í lágmarki og tryggja um leið að þau réttindi, sem eru veitt, séu nýtt á skilvirkan hátt.

23) Ætlunin er að ná markmiðinu með þessari tilskipun með því að setja almennan lagaramma um meginreglur, skilgreiningar og tilhögun við miðlun upplýsinga og samráð sem aðildarríkin þurfa að fara að og laga að aðstæðum í eigin löndum og tryggja, ef við á, leiðandi hlutverk aðila vinnumarkaðarins með því að heimila þeim að skilgreina frjálst, með samningum, þá tilhögun við upplýsingar og samráð sem þeir telja að samrýmist best þörfum þeirra og óskum.

24) Forðast skal að hafa áhrif á tilteknar sérreglur á sviði upplýsingamiðlunar til launafólks og samráðs við það sem eru í lögum sumra landa og beinast að fyrirtækjum eða starfsstöðvum sem hafa pólitísk markmið, fagleg og skipulagsleg markmið, trúarleg markmið, góðgerða-, menntunar-, vísinda- eða listræn markmið eða hafa það að markmiði að veita upplýsingar og tjá skoðanir.

25) Fyrirtæki og starfsstöðvar skulu vernduð gegn því að afhentar séu tilteknar, sérlega viðkvæmar upplýsingar.

26) Vinnuveitandanum er heimilt að veita ekki upplýsingar og hafa ekki samráð ef það gæti skaðað fyrirtækið eða starfsstöðina verulega eða ef honum er gert að hlýða án tafar skipun frá stjórnsýslu- eða eftirlitsaðila.

27) Upplýsingar og samráð felur í sér bæði réttindi og skyldur aðila vinnumarkaðarins í fyrirtækjum og starfsstöðvum.

28) Beita má stjórnarfarslegri eða réttarfarslegri málsmeðferð og einnig viðurlögum, sem eru skilvirk, letjandi og í réttu hlutfalli við það hve alvarlegt brotið er, þegar skyldur, sem leiðir af þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.

29) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á ákvæði sem eru nákvæmari í tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir ([1]) og tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar ([2]).

30) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á annan rétt til upplýsinga og samráðs, þ.m.t. rétt sem leiðir af tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn ([3]).

31) Framkvæmd þessarar tilskipunar telst ekki gefa næga ástæðu til þess að draga úr almennri vernd starfsmanna á þeim sviðum sem hún nær til.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið og meginreglur

1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að setja almennan ramma þar sem settar eru fram lágmarkskröfur um rétt launafólks til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum eða starfsstöðvum innan bandalagsins.

2. Tilhögun við upplýsingar og samráð skal skilgreind og framkvæmd í samræmi við innlend lög og samskipti aðila vinnumarkaðarins í einstökum aðildarríkjum á þann hátt að skilvirkni sé tryggð.

3. Vinnuveitandinn og fulltrúi starfsmannsins skulu vinna í anda samvinnu að skilgreiningu á tilhögun og framkvæmd upplýsinga og samráðs og taka tilhlýðilegt tillit til gagnkvæmra réttinda og skyldna að teknu tilliti til hagsmuna bæði fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar og launafólks.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „fyrirtæki“: opinbert fyrirtæki eða einkafyrirtæki sem stundar atvinnustarfsemi, hvort sem er í

([1]) Stjtíð. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16.

([2]) Stjtíð. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16.

([3]) Stjtíð. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/74/EB (Stjtíð. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22).

hagnaðarskyni eða ekki, og er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkjanna;

b) „starfsstöð“: rekstrareining, skilgreind í samræmi við innlend lög og venjur, og staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem fram fer stöðugur atvinnurekstur með mannafla og búnaði;

c) „vinnuveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur gert ráðningarsamning eða hefur ráðningarsamband við launamenn í samræmi við innlend lög og venjur;

d) „launamaður“: einstaklingur sem nýtur verndar sem launamaður í viðkomandi aðildarríki samkvæmt innlendri vinnulöggjöf og í samræmi við innlendar starfsvenjur;

e) „fulltrúar launamanna“: fulltrúar launamanna samkvæmt landslögum og/eða venju;

f) „upplýsingar“: gögn sem vinnuveitandi sendir til fulltrúa launamanna til að gera þeim kleift að kynna sér efni málsins sem um er að ræða og athuga það;

g) „samráð“: skoðanaskipti og viðræður sem hafnar eru milli fulltrúa launamanna og vinnuveitanda.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun skal, að vali aðildarríkja, gilda um:

a) fyrirtæki sem hafa a.m.k. 50 launamenn í vinnu í einhverju aðildarríki, eða

b) fyrirtæki sem hafa a.m.k. 20 launamenn í vinnu í einhverju aðildarríki.

Aðildarríkin skulu ákvarða aðferðina við að reikna út mörk um mannafla.

2. Aðildarríkin geta, í samræmi við meginreglur og markmið þessarar tilskipunar, sett sérákvæði sem skulu gilda um fyrirtæki eða starfsstöðvar sem starfa beinlínis og aðallega að stjórnmálum, málefnum fagfélaga, trúmálum, góðgerðamálum, málefnum sem varða menntun, vísindi eða listir eða veita upplýsingar um og koma skoðunum á framfæri, að því tilskildu að á gildistökudegi þessarar tilskipunar séu ákvæði þess efnis þegar til í innlendum lögum.

3. Aðildarríkin geta vikið frá ákvæðum þessarar tilskipunar með því að setja sérákvæði um áhafnir skipa sem sigla á úthöfum.

4. gr.

Tilhögun við upplýsingar og samráð

1. Í samræmi við meginreglurnar, sem eru settar fram í 1. gr., og með fyrirvara um gildandi ákvæði og/eða venju sem er hagstæðari launamönnum, skulu aðildarríkin ákvarða með hvaða hætti launamenn geti nýtt sér rétt sinn til upplýsinga og samráðs á viðeigandi vettvangi í samræmi við þessa grein.

2. Upplýsingar og samráð skal ná til:

a) upplýsinga um nýlega þróun og líklega þróun í starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar;

b) upplýsinga og samráðs um stöðu, skipulag og líklega þróun atvinnumála innan fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar og um allar ráðstafanir sem fyrirsjáanlegt er að þurfi að gera, einkum þegar atvinnuöryggi er ógnað;

c) upplýsinga og samráðs um ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum, þ.m.t. þær sem eru byggðar á ákvæðum bandalagsins sem um getur í 1. mgr. 9. gr.

3. Veita skal upplýsingar á þeim tíma, á þann hátt og þess efnis sem heppilegast er til að gera það kleift, einkum fyrir fulltrúa launamanna, að hefja viðeigandi athugun og undirbúa samráð ef þess gerist þörf.

4. Samráð skal eiga sér stað:

a) þannig að tryggt sé að tímasetning, aðferð og innihald sé eins og við á;

b) á viðeigandi stjórnunarstigi og með viðeigandi fyrirsvari eftir því hvaða efni er til umræðu;

c) á grundvelli upplýsinga frá vinnuveitanda í samræmi við f lið 2. gr. og álitsins sem fulltrúum launamanna er heimilt að setja fram;

d) á þann hátt að fulltrúum launamanna sé kleift að hitta vinnuveitandann og fá viðbrögð, og ástæðurnar fyrir þeim, við hverju því áliti sem þeir kunna að setja fram;

e) með það fyrir augum að ná samkomulagi um ákvarðanir sem eru innan valdsviðs vinnuveitandans og um getur í c-lið 2. mgr.

5. gr.

Upplýsingar og samráð í kjölfar samkomulags

Aðildarríkin geta veitt aðilum vinnumarkaðarins á viðkomandi stigi, einnig í fyrirtækjum og starfsstöðvum, heimild til að skilgreina í samningum, frjálst og hvenær sem er, tilhögun upplýsinga til launamanna og samráðs við þá. Í þessum samningum og samningum, sem eru í gildi á þeim degi sem um getur í 11. gr., svo og síðari breytingum á þeim samningum, er heimilt, með fyrirvara um skilyrði og takmarkanir sem mælt er fyrir um í aðildarríkjunum, að setja ákvæði sem víkja frá ákvæðunum sem um getur í 4. gr., en virða um leið meginreglurnar sem eru settar fram í 1. gr.

6. gr.

Trúnaðarupplýsingar

1. Aðildarríkin skulu kveða á um, að teknu tilliti til skilyrða og takmarkana sem mælt er fyrir um í innlendri löggjöf, að fulltrúum launamanna og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, sé óheimilt að láta launamönnum eða þriðju aðilum í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í fyllsta trúnaði í þágu lögmætra hagsmuna fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar. Þessi kvöð fylgir fyrrnefndum fulltrúum launamanna og sérfræðingum hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að starfstími þeirra er á enda. Aðildarríkin geta þó heimilað fulltrúum launamanna og þeim sem eru þeim til aðstoðar að veita launamönnum og þriðju aðilum trúnaðarupplýsingar sem falla undir þagnarskyldu.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um, í sérstökum tilvikum og með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í landslögum, að vinnuveitanda beri ekki skylda til að veita upplýsingar eða hafa samráð þegar slíkar upplýsingar eða samráð eru þess eðlis, samkvæmt hlutlægum viðmiðunum, að það geti valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar.

3. Með fyrirvara um gildandi, innlenda málsmeðferð skulu aðildarríkin kveða á um stjórnsýslueða réttarfarslega málsmeðferð að því er varðar þau tilvik þegar vinnuveitandi krefst þagnarskyldu eða veitir ekki upplýsingar í samræmi við 1. og 2. mgr. Þau geta einnig kveðið á um málsmeðferð til að tryggja að þagnarskylda á viðkomandi upplýsingum sé virt.

7. gr.

Verndun fulltrúa launamanna

Aðildarríkin skulu tryggja að fulltrúar launamanna njóti viðeigandi verndar og trygginga við störf sín til að þeir geti innt skyldustörf sín vel af hendi.

8. gr.

Verndun réttar

1. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef vinnuveitandi eða fulltrúar launamanna fara ekki að þessari tilskipun. Einkum skulu þau tryggja að til sé viðeigandi stjórnarfarsleg eða réttarfarsleg málsmeðferð svo að unnt sé að framfylgja þeim skyldum sem leiðir af þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að hægt sé að beita hæfilegum viðurlögum ef vinnuveitandi eða fulltrúar launamanna brjóta gegn ákvæðum þessarar tilskipunar. Viðurlögin verða að vera áhrifarík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

9. gr.

Tengsl þessarar tilskipunar og annarra innlendra ákvæða og bandalagsákvæða

1. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á þá sérstöku málsmeðferð við upplýsingar og samráð sem um getur í 2. gr. tilskipunar 98/59/EB og 7. gr. tilskipunar 2001/23/EB.

2. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði sem eru samþykkt í samræmi við tilskipanir 94/45/EB og 97/74/EB.

3. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á annan rétt til upplýsinga, samráðs og þátttöku samkvæmt innlendum lögum.

4. Ekki má líta svo á að framkvæmd þessarar tilskipunar á þeim sviðum, sem hún nær til, réttlæti afturför frá því sem nú tíðkast í hverju aðildarríki og frá almennu verndarstigi launamanna.

10. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þrátt fyrir 3. gr. getur aðildarríki, þar sem ekkert almennt, fast og lögboðið kerfi er til fyrir miðlun upplýsinga og samráð við launamenn á gildistökudegi þessarar tilskipunar né heldur almennt, fast og lögboðið kerfi fyrir fulltrúa launamanna á vinnustað, sem geta verið í fyrirsvari fyrir þá, takmarkað beit-

ingu innlendra ákvæða til framkvæmdar þessari tilskipun við:

a) fyrirtæki sem hafa a.m.k. 150 launamenn í vinnu eða starfsstöðvar þar sem a.m.k. 100 launamenn vinna, fram til 23. mars 2007, og

b) fyrirtæki sem hafa a.m.k. 100 launamenn í vinnu eða starfsstöðvar þar sem a.m.k. 50 launamenn vinna á því ári sem er næst á eftir þeim degi sem um getur í a-lið.

11. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. mars 2005 eða tryggja að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði eigi síðar en þann dag með samkomulagi sín í milli og eru aðildarríkin þá skuldbundin til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þeim ætíð kleift að tryggja þær niðurstöður sem krafist er með þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

12. gr.

Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar

Eigi síðar en 23. mars 2007 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins í bandalaginu, endurskoða beitingu þessarar tilskipunar með það í huga að leggja til þær breytingar sem þörf er á.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. mars 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	J. PIQUÉ I CAMPS
forseti.	*forseti.*

991. Skýrsla [620. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2002.

I. Inngangur.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en takmörkuð samvinna norðurskautsríkja hafði hafist nokkru áður þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi, Finnlandi, árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar, þ.e. stjórnarnefndar þingmannaráðstefnunnar, er að fylgja eftir samþykktum þessarar ráðstefnu. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada,

Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

Fram til ársins 2002 skipaði forsætisnefnd fulltrúa Alþingis í þingmannanefnd um norðurskautsmál en fulltrúar á þingmannaráðstefnuna voru valdir sérstaklega hverju sinni. Vegna örrar þróunar í þessum málaflokki var hins vegar ákveðið að stofna sérstaka Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál þar eð vægi norðurskautssamstarfsins á alþjóðlegum vettvangi fer mjög vaxandi. Ákveðið var að Íslandsdeild yrði skipuð þremur þingmönnum (og þremur til vara) og mundi Íslandsdeildin sækja ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildarinnar í stjórnarnefnd ráðstefnunnar, þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Íslandsdeild fundar eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi stjórnarnefndarinnar og hún fær jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins.

Árið 2002 skipuðu Íslandsdeildina Sigríður A. Þórðardóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Magnús Stefánsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Katrín Fjeldsted, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Þuríður Backman, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks.

Ritari Íslandsdeildar var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari.

III. Almennt um norðurskautssamstarf.

Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og nýtingu náttúruauðlinda norðurskautsríkjanna jafnhliða umhverfis- og náttúruvernd. Sérstök áhersla er einnig lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum er við komu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja á norðurslóðum eiga einnig fasta fulltrúa í ráðinu og auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu.

Á síðari missirum hefur þingmannanefndin lagt sérstakan metnað sinn í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir.

Þar mætti fyrst telja Háskóla norðurslóða sem var stofnaður við hátíðlega athöfn í Rovaniemi 12. júní 2001, en stofnun skólans hafði þá verið fjögur ár í undirbúningi í aðildarlöndunum. Háskólanum er fyrst og fremst ætlað að vera tengiliður á milli annarra háskóla, rannsóknastofnana og samtaka sem sérhæfa sig í rannsóknum á löndum við norðurskaut. Háskólinn býður nú upp á formlega B.S.-gráðu í heimskautsfræðum og undirbúningur fyrir frekari námsáætlanir er í fullum gangi, en námið fer að miklu leyti fram með fjarkennslu í gegnum aðrar háskólastofnanir á norðurslóðum.

Líkt og Háskóla norðurslóða er Rannsóknaþingi norðursins ætlað að auka samráð á milli vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Annað hvert ár er efnt til formlegs rannsóknaþings og var fyrsta þingið haldið í Háskólanum á Akureyri 4.–6. nóvember árið 2000. Þátttakendur á rannsóknaþinginu koma víða að og eru þar m.a. vísindamenn, kennarar,

stjórnmálamenn, embættismenn, stjórnendur fyrirtækja og athafnamenn í auðlindanýtingu. Meginmarkmið þingsins er að styrkja samskiptanet, flæði upplýsinga og samstarf á milli ólíkra hópa sem vinna að málefnum norðursins, og gera þannig vísindamönnum kleift að tengjast betur aðilum utan háskólasamfélagsins, svo sem stjórnmálamönnum og fólki í atvinnurekstri. Í framhaldi af síðasta þingi voru stofnuð samtök doktorsnema sem starfa í tengslum við Háskóla norðurslóða.

Auk háskólans og rannsóknaþingsins mætti benda á ýmis mikilvæg rannsóknaverkefni og vinnuhópa vísindamanna sem heyra beint undir Norðurskautsráðið. Þar á meðal eru CAFF („Conservation of Arctic Flora and Fauna"), sem stuðlar að rannsóknum á verndun plantna og gróðurs á norðurskautssvæðum og PAME („Protection of the Arctic Marine Environment") sem vinnur að rannsóknum á verndun sjávar gegn mengun og ofnýtingu. Bæði CAFF og PAME hafa aðsetur sín og skrifstofur á Akureyri.

Ísland gegnir formennsku í Norðurskautsráðinu árin 2002–2004 og utanríkisráðuneytið hefur nú umsjón með skrifstofurekstri þess.

IV. Starfsemi þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2002.

Þingmannanefndin hélt fjóra fundi á árinu, fyrst í Helsinki dagana 13.–15. febrúar, Strassborg dagana 27.–28. júní, Tromsö 12. ágúst og Ottawa dagana 19.–20. nóvember 2002. Dagana 11.–13. ágúst var einnig haldin þingmannaráðstefna í Tromsö, Noregi.

Helstu mál í brennidepli fyrri hluta árs var undirbúningur við þingmannaráðstefnuna í Tromsö, en mikill metnaður var lagður í vandaða dagskrá. Fleiri sóttu ráðstefnuna en nokkru sinni fyrr og þótti hún sérlega vel heppnuð.

Önnur forgangsverkefni nefndarinnar á árinu voru umræður og eftirfylgni við gerð fyrirhugaðrar þróunarskýrslu norðurskautssvæða („Arctic Human Development Report"). Skýrslan mun fjalla um félagslega, menningarlega og efnahagslega velferð íbúa við norðurskautið en hingað til hafa ekki verið gerðar rannsóknir sem beinast eingöngu að íbúum norðurskautssvæða og sjálfbærri þróun. Mikilvægt er að tekið sé heildstætt á málefnum norðursins og að byggt sé á hinni sérstæðu reynslu og þekkingu sem íbúar við norðurhjara veraldar búa yfir. Úttekt á félagslegri, menningarlegri og efnahagslegri þróun fólks sem byggir þessi svæði væri því afar gagnlegt innlegg í alla umræðu og stefnumótun.

Þingmannanefndin átti upprunalega frumkvæði að gerð skýrslunnar og vann mikla undirbúningsvinnu á frumstigi málsins. Við undirbúning og ákvörðun á umfangi og innihaldi skýrslunnar naut þingmannanefndin góðrar leiðsagnar og aðstoðar dr. Níelsar Einarssonar, forstöðumanns Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, og Oran Young, prófessors við Kaliforníuháskóla í Bandaríkjunum, sem skrifuðu greinargerðir um málið. Þingmannanefndin kynnti málið fyrir Norðurskautsráðinu og mæltist til þess að ráðið tæki framkvæmd skýrslunnar og skipulagningu í sínar hendur. Gerð slíkrar skýrslu var, undir forustu Íslands, formlega gerð að forgangsverkefni Norðurskautsráðsins á fundi þess í Inari, Finnlandi, dagana 4.–6. nóvember sl. Sérstökum stýrihópi sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar hefur verið komið á laggirnar undir forustu Níelsar Einarssonar og Oran Young. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar mun hafa yfirumsjón með verkefninu og vonir standa til að hægt verði að kynna helstu drög og niðurstöður skýrslunnar undir lok formennsku Íslands haustið 2004. Formaður Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál, Sigríður A. Þórðardóttir, var formlega skipuð fulltrúi þingmannanefndarinnar í stýrihópi skýrslunnar og mun reglulega segja þingmannanefndinni frá gangi mála. Þingmannanefndin hefur á fundum sínum lagt sérstaka áherslu á að þingmenn sýni vilja sinn í verki í þjóðþingum sínum heima fyrir og greiði fyrir framkvæmd skýrslunnar. Að mati Íslandsdeildar ætti Alþingi að taka þá ábyrgð sérstaklega alvarlega,

ekki einungis þar sem þetta verkefni er helsta framgöngumál Íslands í forustu norðurskautsmála næstu tvö árin, heldur ekki síður vegna þess að íslenskir fulltrúar þingmannanefndar um norðurskautsmál hafa frá upphafi haft frumkvæði að gerð skýrslunnar og farið fyrir umræðum um hana.

Annað helsta mál þingmannanefndarinnar sem hefur verið í brennidepli á árinu eru tölvu- og tæknimál, svo sem fjarkennsla og fjarlækningar. Það er ljóst að bætt tölvunotkun og fjarkennsla getur orðið íbúum norðursins mjög til framdráttar þegar fram í sækir, ekki síst þegar litið er til þess hversu strjálbýl þessi svæði eru og samgöngur erfiðar. Svíar buðust til að taka forustu í undirbúningsvinnu þingmannanefndarinnar í þessum málaflokki og héldu m.a. vinnuhópafund um áframhaldandi uppbyggingu tölvuvæðingar á norðurskautssvæðum. Þingmannanefndin lagði í framhaldinu töluverða vinnu í að undirbúa gerð sérstakrar skýrslu um þessi mál sem kynnt var á ráðstefnunni í Tromsö í ágúst sl. Ráðstefnan samþykkti í lokaályktun sinni að beina sérstökum tilmælum til ríkisstjórna á norðurskautssvæðum um að styrkja sérstaklega þennan málaflokk. Auk þess var samþykkt að tölvu- og tæknimál yrðu forgangsverkefni þingmannanefndarinnar árin 2002–2004. Það var því sérstakt gleðiefni nefndarinnar að á fundi Norðurskautsráðsins í nóvember sl. var því lýst yfir að næstu tvö árin yrðu tölvu- og tæknimál eitt af þremur forgangsverkefnum ráðsins. Í október 2003 mun ráðið standa fyrir stórri ráðstefnu um þessi mál hér á landi. Þingmannanefndin hefur fullan hug á að koma að ráðstefnunni með einum eða öðrum hætti og leggja sitt af mörkum.

Þingmannanefndin hefur einnig fylgst grannt með rannsóknum á loftslagsbreytingum á norðurskautssvæðum. Loftslagsbreytingar hafa áhrif á nær alla þætti samfélags í norðri, ekki einungis umhverfi, dýralíf og gróðurfar, heldur einnig félags-, menningar- og efnahagslega þætti mannlífs. Nú þegar má greina margvísleg áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem koma skal annars staðar í heiminum. Meðalhitastig á norðurskautssvæðum er nú að mati vísindamanna það hæsta í þúsund ár og fer hækkandi. Þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað á 10 ára tímabili á norðurskautsslóðum má ætla að gerist á 25 ára tímabili annars staðar í heiminum. Vísindalegar rannsóknir á loftslagsbreytingum eru eitt helsta viðfangsefni eins vinnuhóps Norðurskautsráðsins og gert er ráð fyrir að hópurinn leggi fram umfangsmikla skýrslu síðla árs 2004. Áætlað er að helstu niðurstöður skýrslunnar feli ekki eingöngu í sér vísindalegt mat á stöðu mála heldur og skýra stefnumótun og tilmæli um aðgerðir stjórnvalda.

Ýmis önnur mál hafa verið rædd á fundum þingmannanefndarinnar, svo sem samgöngumál og Norðurhafaleiðin („Northern Sea Route"). Stærsta vandamálið er að koma á fót og fylgja eftir reglum sem tryggja örugga flutninga á varningi. Auk þess þarf að vinna mikla vinnu við að byggja upp efnahag og byggð við strendur leiðarinnar, en Rússar glíma við alvarleg vandamál í þessum efnum. Hitt er ljóst að ef tækist að treysta þessa siglingaleið gæti hún orðið mikilvæg og markað ákveðin kaflaskil í samgöngumálum norðursins.

V. Störf Íslandsdeildar árið 2002.

Íslandsdeild hélt þrjá fundi á árinu. Íslandsdeild hefur í störfum sínum fylgst með öllum þeim málaflokkum sem greint hefur verið frá að framan. Íslandsdeild vann auk þess umtalsverða undirbúningsvinnu vegna lokaályktunar ráðstefnunnar í Tromsö og allir fulltrúar Íslandsdeildar tóku virkan þátt í ráðstefnunni og fluttu erindi. Íslandsdeild fékk Þóri Ibsen frá utanríkisráðuneytinu til fundar vegna vinnu við drög lokaályktunarinnar, og leitaði auk þess til Snorra Baldurssonar og Soffíu Guðmundsdóttur, sérfræðinga hjá CAFF og PAME. Allar þær breytingartillögur sem Íslandsdeild lagði til við lokaályktunina voru samþykktar í Tromsö. Á fundi þingmannanefndarinnar í Tromsö 13. ágúst var einnig samþykkt að Al-

þingi tæki að sér skrifstofurekstur og stöðu ritara þingmannanefndarinnar, en finnska þingið gaf skrifstofuna frá sér um síðustu áramót. Þótt önnur þing hefðu sýnt því áhuga að taka þetta verkefni að sér fyrir þingmannanefndina taldi formaður nefndarinnar, Clifford Lincoln, heillavænlegast að Alþingi tæki verkefnið að sér og fór þess á leit við alþjóðasvið Alþingis og fulltrúa Íslandsdeildar. Erindinu var vel tekið og frá og með áramótum 2003 færist allur skrifstofurekstur þingmannanefndar um norðurskautsmál til alþjóðasviðs Alþingis.

VI. Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál í Tromsö, 11.–13. ágúst 2002.

Rúmlega sextíu þingmenn frá norðurskautssvæðum sóttu ráðstefnuna, auk fjölda fulltrúa stjórnvalda og ólíkra samtaka er vinna að málefnum norðurskautsins. Í lokaályktun ráðstefnunnar í Tromsö voru eftirfarandi fimm atriði samþykkt sem helstu forgangsverkefni þingmannanefndarinnar árin 2002–2004:

- Að hvetja og styðja Norðurskautsráðið til að láta vinna þróunarskýrslu norðurskautssvæða.
- Að þróa í samráði við Norðurskautsráðið, Evrópusambandið og önnur alþjóðleg samtök átaksverkefni í tölvu- og tæknimálum norðurskautssvæða.
- Að fylgjast náið með rannsóknum vísindamanna á loftslagsbreytingum og þeim margvíslegu áhrifum sem slíkt getur haft fyrir stefnumótun stjórnmálamanna á norðurskautssvæðum.
- Að gera skýrari sameiginleg stefnumið er varða fiskveiðar og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda á norðurskautssvæðum.
- Að fylgja á eftir samþykktum ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldin var í Jóhannesarborg í ágúst 2002.

Alþingi, 18. febr. 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.	Magnús Stefánsson, varaform.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

992. Skýrsla [621. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2002.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

VES-þingið kom fyrst saman árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman þjóðkjörnir þingmenn frá aðildarríkjum sambandsins, en þau eru nú tíu talsins, þ.e. öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Loks hafa sjö ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES. Eftirfarandi ríki eiga aðild að þinginu: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Aukaaðildarríkin eru: Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild hafa: Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð. Þá eru samstarfsríkin sjö talsins: Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (e. Presidential Committee) og stjórnarnefnd (e. Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

2. Íslandsdeild VES-þingsins árið 2002.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Aðalmenn Íslandsdeildar VES-þingsins á árinu voru eftirtaldir: Kristján Pálsson formaður og Katrín Fjeldsted varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Þá voru varamenn: Einar Oddur Kristjánsson og Sigríður Ingvarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2002 var eftirfarandi:

Forsætisnefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Katrín Fjeldsted.
Stjórnarnefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Katrín Fjeldsted.
Stjórnmálanefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Einar Oddur Kristjánsson.
Varnarmálanefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Sigríður Ingvarsdóttir.
Nefnd um almannatengsl:	Lúðvík Bergvinsson.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Tækni- og geimvísindanefnd:	Lúðvík Bergvinsson.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Fjármála- og stjórnsýslunefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Sigríður Ingvarsdóttir.
Þingskapanefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Sigríður Ingvarsdóttir.

3. Breytt staða VES og áhrif þess á VES-þingið.

Árið 2002 voru framtíðarhorfur VES-þingsins ofarlega á baugi í umræðum auk þess sem þær snerust að töluverðu leyti um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en síðustu ár hafa miklar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu. Forsögu þessa má rekja til leiðtogafundar Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember 1998 er öryggismálum álfunnar var beint inn á ótroðnar slóðir. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtogafundum ESB í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000. Á fundi leiðtoga aðildarríkja ESB í Helsinki síðar sama ár urðu leiðtogarnir sammála um að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar“ ESB og auk þess hefur hernaðarlegum markmiðum sambandsins þegar verið ýtt úr vör en stefnt er að því að það hafi á að skipa 50–60.000 manna evrópsku herliði sem brugðist geti skjótt við er hættuástand skapast. Ákvarðanir nokkurra leiðtogafunda ESB og yfirlýsing leiðtogafundar NATO í Washington lágu til grundvallar beinu sambandi milli NATO og ESB í þessum málum og hefur þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB í kjölfarið gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar er nokkru minna en áður í ljósi þess að stofnanir öryggis- og varnarmála álfunnar hafa færst á ábyrgð ESB. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO. Því er ljóst að nauðsynlegt er að Ísland tengist VES nánari böndum og gæti þannig að stöðu landsins í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

VES-þingið hefur verið mikilvægur þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að

komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Þá hefur verið lagt til að nýja þingið yrði grundvallað á ESB-sáttmálanum og að þingmenn þjóðþinga ESB-ríkjanna 15 tækju þar sæti, auk þjóðkjörinna þingmanna evrópsku aðildarríkja NATO sem eru ekki aðilar að ESB. Þá var ákveðið að VES-þingið tæki upp viðbótarheitið: Tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu (e. The Interim European Security and Defence Assembly).

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Á næstu missirum mun Framtíðarráðstefna Evrópusambandsins (e. European Convention) leggja til svör við því hvernig haga beri þátttöku þjóðkjörinna þingmanna í störfum ESB. Á þetta ekki síst við um tilhögun áframhaldandi þátttöku þjóðkjörinna þingmanna í mikilvægum verkefnum í öryggis- og varnarmálum, svo sem umfjöllun um útgjöld til varnarmála og beitingu herafla í hættuástandsstjórnun. VES-þingið á áheyrnarfulltrúa á Framtíðarráðstefnunni og hefur þannig tekið virkan þátt í störfum hennar.

Íslandsdeildin hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að núverandi aukaaðildarríki VES geti tekið þátt í þróun öryggis- og varnarmálasamstarfs álfunnar, sem og framkvæmd þeirrar stefnu sem á endanum verður mótuð. Þá hefur Íslandsdeildin lagt áherslu á mikilvægi lýðræðislegs eftirlits þjóðkjörinnar þingmannasamkundu eins og VES-þingsins.

4. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í starfsemi VES-þingsins á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

a. Fyrri hluti 48. fundar VES-þingsins.

Dagana 3.–5. júní var fyrri hluti 48. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson formaður, Katrín Fjeldsted varaformaður og Lúðvík Bergvinsson, auk Andra Lútherssonar ritara. Sem fyrr bar skipan Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) síðustu missiri hátt á fundi þingsins og þá sérstaklega hlutverk þjóðþinga VES-ríkja í þessu tilliti, hlutverk Evrópuríkja í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi, afleiðingar stríðsins í Afganistan og stöðu mála í Miðausturlöndum. Þá var rætt um búnað herja Evrópuríkja og samvinnu hernaðaryfirvalda Evrópuríkja í meðhöndlun trúnaðarupplýsinga.

Í upphafi þingfundar hélt Klaus Bühler, forseti VES-þingsins, ávarp þar sem fram kom að öryggis- og varnarsamstarf Evrópuríkja yrði að taka mið af þremur málefnum sem bæri hátt á alþjóðavettvangi nú um stundir. Í fyrsta lagi nefndi hann stöðu mála í Miðausturlöndum og samskipti Indverja og Pakistana vegna Kasmír-héraðs. Taldi hann að Evrópa yrði að taka aukið tillit til þeirra átakalína sem myndast hefðu á þessum svæðum. Í öðru lagi nefndi Bühler hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi. Sagði Bühler að Vesturlönd stæðu frammi fyrir viðvarandi ógnum þegar alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi væri annars vegar og að sú starfsemi hefði skotið rótum víða og tæki á sig ýmsar myndir. Lagði hann sérlega áherslu á að Evrópuríki yrðu að leggja sitt af mörkum til að uppræta það sem nefna mætti ríkisstyrkta hryðjuverkastarfsemi og sókn eftir gereyðingarvopnum. Í þriðja lagi nefndi hann að Evrópusambandið stæði frammi fyrir afar umfangsmiklum eðlisbreytingum með hliðsjón af stækkunarferlinu. Mörg pólitísk álitamál væru enn óútkljáð og ESB yrði að hraða úrlausn mála ef vel ætti að takast með næstu lotu stækkunar ESB. Þá ræddi Bühler um samstarf

Bandaríkjanna og Evrópuríkja í baráttunni gegn hryðjuverkum og lýsti yfir nokkrum áhyggjum af því að Bandaríkjastjórn væri að einangrast í afstöðu sinni til einhliða aðgerða. Lagði hann áherslu á að koma yrði í veg fyrir að rof yrði í samskiptum Bandaríkjanna og Evrópu hvað þetta varðar og ítrekaði að Evrópuríki yrðu að koma til móts við kröfur Bandaríkjanna um aukin útgjöld til varnarmála. Um þessar mundir væri ekkert einstakt Evrópuríki reiðubúið að hækka útgjöld sín til þessa málaflokks og er fyrirséð að það muni leiða til aukins vanda. Taldi hann því afar óljóst hvenær ESB mundi verða reiðubúið að axla þá ábyrgð sem það hefði undirgengist samkvæmt forsendum hinnar sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnu sambandsins. Þá ræddi forseti þingsins um samskipti ESB og VES en hið fyrrnefnda hefur yfirtekið skuldbindingar Vestur-Evrópusambandsins í samræmi við Petersberg-verkefnin svonefndu. Í máli Bühlers kom fram að vissulega væri VES-þingið í erfiðri aðstöðu á þessu tímabili umskipta í öryggis- og varnarmálum álfunnar og þingmenn gætu vart vænst þess að fá sértæk svör við ítrekuðum spurningum sínum um þingræðislega vídd öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins. Sagði hann að ráðherraráð VES hefði nánast horfið sem samstarfsaðili VES-þingsins í þeirri umræðu sem fram hefði farið um málaflokkinn og að ESB starfi í raun án skýrt skilgreinds lagalegs ramma þar eð Nice- sáttmálanum hefði ekki verið hrundið í framkvæmd og að ekkert þingræðislegt aðhald væri með málaflokknum. Þrátt fyrir auknar og háværar kröfur frá fulltrúum VES-þingsins um að fá að axla þessa ábyrgð þá taldi Bühler það vera með öllu óljóst hvort ríkisstjórnir aðildarríkja VES muni verða við þeim óskum. Sagði hann að ef millibilsástand þetta yrði lengra en góðu hófi gegndi mundu áleitnar spurningar vakna. Fyrr eða síðar mundu skattgreiðendur Evrópuríkja krefjast þess að úr þessum vandamálum yrði leyst.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Federico Trillo-Figueroa, varnarmálaráðherra Spánar sem fer með formennsku í ráðherraráði VES og ESB, Antonio Martins da Cruz, utanríkisráðherra Portúgals, Nikolai Svinarov, varnarmálaráðherra Búlgaríu, og Filippo Berselli, varnarmálaráðherra Ítalíu, fulltrúi formennskuríkis WEAG. Javier Solana, framkvæmdastjóri VES og yfirmaður utanríkis- og öryggismála framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem hugðist mæta á fundinn gat það ekki sökum anna.

Kristján Pálsson, formaður Íslandsdeildar VES-þingsins, hélt ræðu í umræðum um þingræðislega vídd evrópsks öryggis- og varnarsamstarfs þar sem fram kom að Ísland hefði ávallt stutt fyrirætlanir ESB um að takast á hendur Petersberg-verkefnin og skuldbundið sig til þátttöku í friðargæsluverkefnum bandalagsins á komandi missirum. Lagði hann áherslu á nauðsyn þess að viðunandi niðurstaða finnist skjótt á málefnum er varða þátttöku NATO-ríkjanna sex sem standa utan Evrópusambandsins í sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB og minnti menn á yfirlýsingu leiðtogafundar NATO í Washington máli sínu til stuðnings. Tryggja bæri þessum sex ríkjum sem ríkasta hlutdeild í ákvarðanatökuferli ESB líkt og verið hefði um þegar Vestur-Evrópusambandið hafði öryggis- og varnarmálastefnu álfunnar í sínum verkahring.

b. Síðari hluti 48. fundar VES-þingsins.

Dagana 2.–4. desember var seinni hluti 48. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson formaður, Katrín Fjeldsted varaformaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi, líkindin fyrir stríði Bandaríkjanna og bandamanna þeirra gegn Íraksstjórn og Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á fundinum að þessu sinni. Hvað síðastnefnda atriðið varðaði þá fjölluðu umræður að miklu leyti um niðurstöður fundar ráðherraráðs ESB í Lissa-

bon fyrr um árið og áhrif fundarins á öryggis- og varnarmálavídd ESB. Þá var rætt um Framtíðarráðstefnu ESB (e. Convention on the Future of Europe) og afstöðu hennar til öryggis- og varnarmála í álfunni og málefni stækkunar NATO og ESB voru enn fremur í deiglunni og þá sérstaklega áætlanir Atlantshafsbandalagsins um að koma á fót um 20 þúsund manna hraðliði sem beita mætti í hernaðarátökum.

Klaus Bühler, forseti VES-þingsins, lét af embætti sínu á desemberfundinum í lok þriggja ára kjörtímabils. Hollendingurinn Jan Dirk Blaauw var einróma kjörinn næsti forseti VES-þingsins og tók hann við embættinu 1. janúar 2003.

Í upphafi þingfundar hélt Klaus Bühler lokaávarp sitt í embætti. Í ávarpi sínu lýsti Bühler yfir miklum vonbrigðum með áfangaskýrslu vinnuhóps um varnarmál sem starfaði undir væng Framtíðarráðstefnu ESB. Sagði hann að niðurstöður skýrslunnar bentu til að hin þingræðislega vídd Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum ætti undir högg að sækja og að ekki virtist ríkja mikill vilji að bæta úr þeim lýðræðishalla sem einkennt hefði þann málaflokk allt frá því að ESB tók við verkefnum Vestur-Evrópusambandsins, þrátt fyrir ítrekuð varnaðarorð VES-þingsins. Sagði Bühler t.a.m. að þrátt fyrir að Framtíðarráðstefnan legði til ákvæði um „einingu" aðildarríkja ESB ef ráðist yrði á eitt þeirra af hryðjuverkaöflum, þá væri ekki gert ráð fyrir að ESB í heild sinni áliti að á sig hefði verið ráðist og þar af leiðandi væri sameiginlegum vörnum ekki beitt. Sagðist hann vissulega vona að tillögur Þjóðverja og Frakka um að þróa Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum (ESDP) í átt að eiginlegu öryggis- og varnarsambandi Evrópu hlytu hljómgrunn á Framtíðarráðstefnu ESB. Í þessu samhengi tók hann sérstaklega mið af þeim ákvæðum endurskoðaða Brussel-samningsins sem fælu aðildarríkjum VES þær skuldbindingar að leggja störf sín fyrir þingmannasamkundu þjóðkjörinna þingmanna. Sagði hann að ummæli sumra fulltrúa á Framtíðarráðstefnunni um þingræðislegu vídd ESDP vektu miklar áhyggjur. Þar á meðal væru skoðanir í þá veru að ekki mætti breyta stofnanaskipan ESB í þá veru að gefa færi á þátttöku þjóðkjörinna þingmanna allra aðildarríkja VES í umræðum um öryggis- og varnarmál ESB. Þá hefði hugmyndum um nýjar stofnanir sem hefðu þennan málaflokk til umræðu verið ítrekað hafnað. Setti þetta þjóðþing aðildarríkja og aukaaðildarríkja VES í afar erfiða stöðu. Sagði Bühler að nokkuð hefði verið rætt á Framtíðarráðstefnunni um hlutverk þjóðþinga í sameiginlegri löggjöf ESB og hvernig unnt væri að útvíkka COSAC-samstarfið í þá veru. Á hinn bóginn hefði ekkert verið enn minnst á umræðu, þjóðþinga í milli, um ESDP, sem í eðli sínu væri milliríkjasamstarf. Það eina sem fram hefði komið væri að á vegum ESB væri efnt til milliríkjaráðstefna (þjóðþinga) um tiltekin, afmörkuð málefni en það gæfi auga leið að slíkt hefði að sama skapi ekki ýtrustu hagsmuni þjóðþinganna að leiðarljósi. Sagði forsetinn að fulltrúar þjóðþinganna á Framtíðarráðstefnunni væru í afar erfiðri stöðu þar sem svo virtist vera að bandalag væri milli fulltrúa Evrópuþingsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja ESB um að koma í veg fyrir aukið hlutverk þjóðþinganna í þessum málaflokki. Þessu til stuðnings benti Bühler á að ítrekað hefði verið litið fram hjá ályktunum og tilmælum VES-þingsins sem öll væru á einn veg. Sagði Bühler að þrátt fyrir að árangur af starfi VES-þingsins í þessu tilliti væri ekki eins sýnilegur og vonir stæðu til þá hefðu fulltrúar þess náð þeim árangri að vekja máls á þeirri stöðu sem þingræðisleg vídd öryggis- og varnarsamstarfs Evrópu hefði um þessar mundir og náð eyrum valdhafa í aðildarríkjum VES. Markmiðið fram undan væri að beita áhrifum á fulltrúa Framtíðarráðstefnunnar sem fjölluðu um þennan málaflokk og skila mundu tillögum sínum árið 2003.

Á fundi mánudaginn 2. desember var til umfjöllunar skýrsla stjórnmálanefndarinnar um markmið sameiginlegrar stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum og sagði Mark Eyskens, framsögumaður nefndarinnar, í ræðu sinni að nú um stundir væri það afar mikilvægt að

Evrópuríkin byndu enda á óvissu um hvort stefnt væri að sameiginlegu varnarsamstarfi undir væng ESB eða ekki. Sagði hann að ný aðildarríki ESB ættu heimtingu á að vita að hvernig sambandi þau gengju með tilliti til öryggis- og varnarsamstarfs og sagðist vona að á næstu missirum yrði komið í veg fyrir þau mistök sem gerð hefðu verið í Maastricht-sáttmálanum þar sem gert var ráð fyrir að ný aðildarríki yrðu ekki að gerast fullir aðilar að VES. Taldi hann jafnframt mikilvægt að sameiginlegar öryggisskuldbindingar þær sem birtust í V. gr. endurskoðaða Brussel-samningsins héldist utan vébanda ESB og að öll ný aðildarríki ESB og Evrópuríkin í NATO fullgiltu þau ákvæði. Þá vék hann að nauðsyn þess að tryggja þeim Evrópuríkjum í NATO sem einnig ættu aukaaðild að VES rétt til samsvarandi aukaaðildar að hugsanlegri stjórnarskrá ESB. Nokkrar umræður urðu um skýrsludrögin og sagði t.a.m. Finn Kristian Marthinsen, formaður norsku sendinefndarinnar, að þrátt fyrir að aukaaðildarríkin sex hefðu stutt það að ESB axlaði auknar byrðar í öryggis- og varnarsamstarfi vestrænna þjóða með stefnu sinni mættu menn ekki gleyma því að sameiginlegar varnarskuldbindingar hvíldu á styrkri stoð Atlantshafsbandalagsins. Þar hefði farsælt varnarsamstarf farið fram og allar skuldbindingar til sameiginlegra varna álfunnar ættu að hvíla hjá NATO áfram sem endranær.

Á þingfundi þriðjudaginn 3. desember var fjallað um skýrslu stjórnmálanefndarinnar um aukna samvinnu milli ESB og NATO á tímum stækkunar. Sagði skýrsluhöfundur, Ítalinn Marco Zacchera, að nú, sem aldrei fyrr, væri afar mikilvægt að ESB og NATO kæmust að samkomulagi um tvíhliða samstarf og deildu með sér verkefnum. Væri þetta afar brýnt nú um stundir þar sem raddar VES sem málamiðlara nyti ekki lengur við og gagnrýni Evrópumanna á stefnu Bandaríkjanna færi hátt um þessar mundir. Í ályktun stjórnmálanefndarinnar kom fram að VES-þingið færi fram á að framtíðarhlutverk NATO í Evrópu yrði tekið til gagngerrar endurskoðunar, ekki síst í ljósi stækkunar ESB.

Miðvikudaginn 4. desember fór fram umræða um þingræðislega vídd öryggis- og varnarsamstarfs Evrópuríkja og í umræðunum tók þátt breski þingmaðurinn Gisela Stuart, annar tveggja fulltrúa þjóðþinga ESB-ríkja í stjórnarnefnd Framtíðarráðstefnu ESB, sem Valéry Giscard d'Estaing veitir forstöðu. Hafði Stuart verið sérlega boðið af forseta VES-þingsins til fundarins. Í ræðu sinni sagði Stuart að Bühler forseti hefði réttilega bent á að lítið hefði farið fyrir umræðum um hlutverk þjóðþinga á öryggis- og varnarmálastefnu ESB á fundum Framtíðarráðstefnunnar á undangengnum mánuðum. Sagði hún vinnuálag ráðstefnunnar hafa ráðið mestu um þetta og að á fyrstu mánuðum nýs árs yrðu þessi málefni tekin til skoðunar. Sagði hún að VES-þingið hefði enn færi á að koma fram með sjónarmið sín áður en sú umfjöllun færi fram og fagnaði framlagi þingsins fram til þessa. Stuart sagði að þingræðislegt eftirlit með öryggis- og varnarmálum væri eitt af stóru málunum sem enn ætti eftir að taka á innan ráðstefnunnar. Taldi hún fullsýnt að Evrópuþingið hefði stóru hlutverki að gegna hvað það varðaði en lagði jafnframt áherslu á að nokkur hætta væri á því að ráðherraráðið liti fram hjá hlutverki þjóðþinganna ef ekkert yrði að gert. Þá lagði Stuart út af orðum Bühlers um að fulltrúar þjóðþinganna á Framtíðarráðstefnunni væru í erfiðri stöðu. Sagði hún ljóst að Evrópuþingið hefði hlutverki að gegna hvað varðaði eftirlit með framkvæmdastjórn ESB og þjóðþingin hefðu að sama skapi hlutverki að gegna við þingræðislegt eftirlit með ríkisstjórnum sínum. Menn mættu ekki líta svo á að um ógn væri að ræða, leggja ætti áherslu á skilvirkt samstarf og verkefnaskiptingu. Ef hið þingræðislega eftirlit yrði t.a.m. alfarið í höndum þjóðþinganna mundi stefnan verða máttlausari. Í þessu samhengi ræddi Stuart um COSAC og umræður um að efla þá stofnun. Sagðist Stuart vera vongóð um að unnt væri að efla COSAC svo að fulltrúar gætu talað þar einu máli. Jafnframt því sagðist Stuart vilja að það kæmi skýrt fram að hún hefði engin áform um stofnun nokkurs konar efri deildar Evr-

ópuþingsins eða annarra nýrra stofnana. En fyrir lægi að brýnt væri að finna vettvang þar sem fulltrúar þjóðþinganna gætu rætt um milliríkjamálefni líkt og öryggis- og varnarsamstarfið og halda þannig áfram störfum þeim sem fram hefðu farið á VES-þinginu.

Þriðjudaginn 3. desember var Hollendingurinn Jan Dirk Blaauw kjörinn forseti VES-þingsins og hélt hann ræðu af því tilefni. Í ræðu sinni sagði Blaauw að stefnumið sín væru ekki að viðhalda VES-þinginu í eiginlegu formi sínu heldur mun fremur að leiða málefni hinnar þingræðislegu víddar öryggis- og varnarmálastefnu ESB til farsælla lykta. Sagði hann að stefnumið sín snerust í grófum dráttum um fjögur atriði. Í fyrsta lagi sagði hann það afar brýnt að þingræðislegt eftirlit yrði í framtíðinni síst veikara en það hefði verið hjá VES-þinginu. Í öðru lagi sagði Blaauw að grunnurinn að öryggissáttmála VES væri V. gr. hans sem kvæði á um að ef ráðist yrði á eitt aðildarríki kæmu hin ríkin því til aðstoðar og að rík nauðsyn væri á því að viðhalda þessu ákvæði. Þá yrði þriðja áherslumál hans að tryggja þátttöku þeirra fimm aukaaðila VES sem ekki mundu gerast aðilar að ESB árið 2004 (Íslands, Noregs, Búlgaríu, Rúmeníu og Tyrklands) í þeim stofnunum Evrópuþingsins sem hafa munu öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. Sagði hann að aukaaðildarríki VES ættu að hafa sama rétt og þau hefðu notið innan VES (t.d. atkvæðisrétt í nefndum). Í fjórða lagi nefndi Blaauw aukin samskipti við Rússland.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Antonio Martins da Cruz, utanríkisráðherra Portúgals sem fer með formennsku í ráðherraráði VES, Michelle Alliot-Marie, varnarmálaráðherra Frakklands, Joao Mota Amaral, forseti portúgalska þingsins, Günther Altenburg, aðstoðarframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, og Yannos Papantoniou, varnarmálaráðherra Grikklands sem fer með formennsku í ráðherraráði ESB og VES fyrri helming ársins 2003.

Alþingi, 3. febr. 2003.

Kristján Pálsson, form., frsm.	Katrín Fjeldsted, varaform.	Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir, tilmæli og fyrirmæli VES-þingsins árið 2002.

Fyrri hluti 48. þingfundar, 3.–5. júní:

1. tilmæli nr. 706, um herbúnað Evrópuríkja í ljósi hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi,
2. ályktun nr. 109, um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sérstaklega með tilliti til sameiginlegrar stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum,
3. tilmæli nr. 707, um evrópskar njósnastofnanir,
4. tilmæli nr. 708, um Evrópuríki utan ESB og öryggis- og varnarsamstarf Evrópusambandsins – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins,
5. tilmæli nr. 709, um öryggis- og varnarsamstarf Evró-Atlantshafsríkja,
6. tilmæli nr. 710, um álit Evrópuþjóða á sameiginlegum öryggis- og varnarmálum eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september,
7. tilmæli nr. 711, um fjárhagsáætlun ráðherraráðs VES fyrir fjárhagsárið 2002,

8. tilmæli nr. 712, um herbúnað Evrópuríkja: markmið og forsendur – svör við ársskýrslu ráðherraráðs VES,
9. tilmæli nr. 713, um þróun búnaðar Evrópsku geimvísindastofnunarinnar,
10. fyrirmæli nr. 117, um eftirlit með alþjóðlegum afvopnunarviðræðum,
11. ályktun nr. 110, um þingræðislega vídd evrópsks öryggis- og varnarsamstarfs, og
12. tilmæli nr. 714, um eftirlit með alþjóðlegum afvopnunarviðræðum.

Síðari hluti 48. þingfundar, 2.–4. desember:

1. ályktun nr. 111, um hlutverk Evrópu í nýrri heimsskipan,
2. tilmæli nr. 715, um stækkunarferli NATO og ESB – svör við ársskýrslu ráðherraráðs VES,
3. ályktun nr. 112, um Evrópustefnu í varnarmálum: framlag til Framtíðarráðstefnu ESB,
4. tilmæli nr. 716, um evrópskan fjölþjóðaher,
5. tilmæli nr. 717, um þátttöku Evrópuherja í hættuástandsstjórnun,
6. ályktun nr. 113, um þingræðislegt eftirlit með njósnastofnunum,
7. tilmæli nr. 719, um hergagnasamvinnu í Evrópu: hlutverk WEAG og ESB,
8. ályktun nr. 114, um þingræðislega vídd nýrrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB – svör við ársskýrslu ráðherraráðs VES,
9. tilmæli nr. 718, um samskipti Evrópu og suðurhluta Miðjarðarhafssvæðisins – niðurstöður Lissabon-ráðstefnunnar, og
10. tilmæli nr. 720, um stöðu mála í Írak.

993. Svar [516. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um kostnað við glasafrjóvganir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er hægt að sækja um styrki vegna kostnaðar við glasafrjóvganir og ef svo er, hvaða reglur gilda þar um?

Engar reglur eru um endurgreiðslu kostnaðar sjúkratryggðra vegna glasafrjóvgunar eða um styrki vegna glasafrjóvgana. Rétt er þó að vekja athygli á því að eins og fram kom í svari við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur og Guðrúnar Ögmundsdóttur um sértekjur glasafrjóvgunardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss (þskj. 682 í 188. máli þessa löggjafarþings) greiddu sjúklingar á síðustu þremur árum að meðaltali um 30% meðferðarkostnaðar að meðtöldum lyfjakostnaði. Þátttaka ríkisins í kostnaði við glasafrjóvgun er því að meðaltali um 70%.

994. Lög [157. mál]

um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. febr.)

Samhljóða þskj. 956.

995. Frumvarp til laga [622. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

44. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. þessara laga, að fela nefnd, ráði eða stjórn sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 2. mgr. er sveitarstjórn heimilt að fela öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 3. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 2. mgr., getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Þegar sveitarstjórn neytir heimildar skv. 2. eða 3. mgr. skal jafnframt kveðið á um það í samþykkt sveitarfélagsins hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

2. gr.

Við 57. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmenn sveitarfélaga eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins.
b. Við 5. mgr. bætist: og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru skv. 4. mgr. 67. gr. um fjárhagsáætlanir.

4. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef sveitarstjórn tekur ákvörðun um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáætlun, þ.m.t. langtímaskuldbindingar samkvæmt leigusamningum, samningum um rekstur fasteigna eða þjónustu við íbúa eða sambærilegum samningum, skal hún tilkynna þá ákvörðun til eftirlitsnefndar, sbr. 74. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eins mánaðar“ kemur: tveggja mánaða.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Form þriggja ára áætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru skv. 4. mgr. 67. gr. um þriggja ára áætlanir.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar í meðferð fjármuna sveitarfélagsins og tryggja örugga ávöxtun þeirra.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Útgjöld úr sveitarsjóði og ávöxtun fjármuna.*

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Á sama hátt skal afla álits sérfróðs aðila áður en sveitarstjórn staðfestir samninga um framkvæmdir eða þjónustu við íbúa sveitarfélagsins sem gilda eiga til langs tíma og hafa í för með sér verulegar skuldbindingar fyrir sveitarsjóð. Þetta gildir einnig um samninga um sölu og endurleigu fasteigna sem falla undir 2. mgr. 73. gr.

Ákveði sveitarstjórn að selja fasteignir sveitarfélags sem falla undir 2. mgr. 73. gr. skal hún tilkynna þá ákvörðun til eftirlitsnefndar. Eftirlitsnefnd skal kanna hvaða fjárhagslegu áhrif salan hefur á rekstur sveitarfélagsins. Ef ráðstöfun er líkleg til að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma litið getur eftirlitsnefnd lagt til að ráðherra setji sveitarstjórn skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess. Ráðherra getur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sett í reglugerð nánari fyrirmæli um form tilkynninga, viðmiðanir við athugun eftirlitsnefndar og önnur atriði er varða framkvæmd ákvæðisins.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Miklar fjárfestingar og sala fasteigna.*

8. gr.

Á undan 74. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: VII. KAFLI, **Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga,** og breytast númer kafla samkvæmt því.

9. gr.

2. mgr. 74. gr. laganna orðast svo:

Nefndin skal fylgjast með reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, bera saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar og hafa eftirlit með að fjárstjórn sveitarfélaga sé í samræmi við 3. mgr. 61. gr. Leiði athugun eftirlitsnefndar í ljós að afkoma sveitarsjóðs er ekki í samræmi við 3. mgr. 61. gr. eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum. Samhliða skal nefndin upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig hún hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu en við gerð þess var haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og reikningsskila- og upplýsinganefnd.

Á undanförnum árum hafa orðið ýmsar breytingar í rekstrarumhverfi sveitarfélaga sem meðal annars hafa leitt í ljós að reglur VI. kafla gildandi sveitarstjórnarlaga, sem fjallar um fjármál sveitarfélaga, eru ekki í öllum tilvikum nægilega ítarlegar. Þetta á meðal annars við um þátttöku sveitarstjórna á hlutabréfamarkaði, en þess eru dæmi að við ávöxtun fjármuna sveitarfélags hafi þess ekki verið nægilega gætt að dreifa áhættu og hefur þetta í einstaka tilvikum leitt til þess að umtalsverðir fjármunir hafi tapast. Einnig hafa sveitarstjórnir á undanförnum árum leitað nýrra leiða við fjármögnun framkvæmda og má þar nefna svonefndar einkaframkvæmdir, þar sem sveitarfélag semur við utanaðkomandi aðila um að eiga og reka mannvirki, svo sem húsnæði grunnskóla. Hefur þetta m.a. skapað álitamál um samanburð á skuldastöðu sveitarfélaga. Þá hafa nokkur sveitarfélög nýlega kynnt áform um að stofna sérstakt fasteignafélag, í samvinnu við fjármálastofnanir. Tilgangur þessa félags er að eiga og reka fasteignir þeirra aðila sem að félaginu standa. Þetta þýðir að viðkomandi sveitarfélög fá greiddar háar fjárhæðir í söluandvirði fyrir þær fasteignir sem þau afhenda félaginu en á móti er gerður leigusamningur þar sem sveitarfélögin skuldbinda sig til að greiða húsaleigu til langs tíma. Af reynslu annarra þjóða má draga þann lærdóm að ef ekki er sýnd fyllsta aðgæsla við meðferð þeirra fjármuna sem sveitarfélögin fá í sinn hlut við þessar aðstæður getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhag viðkomandi sveitarfélaga þegar til lengri tíma er litið.

Við gerð frumvarpsins hefur verið leitað leiða til þess að finna lausnir á þeim margvíslegu vandamálum sem að framan hafa verið rakin og hefur þar einkum verið litið til reynslu annars staðar á Norðurlöndum. Fjárhagsstaða og starfsumhverfi sveitarfélaga hér á landi og fjárhagsleg samskipti þeirra við ríkissjóð eru þó ekki að öllu leyti sambærileg við það sem gerist í öðrum löndum. Jafnframt þótti sérstök ástæða til að gæta sjónarmiða um sjálfsforræði sveitarfélaga, sbr. 78. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga. Þær leiðir sem lagðar eru til í frumvarpinu miða því ekki að því að banna sveitarstjórnum að velja tilteknar leiðir við fjármálastjórn sveitarfélags heldur er lögð áhersla á að sveitarstjórn verður ávallt að gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og tryggja örugga ávöxtun þeirra. Jafnframt er kveðið á um að sveitarstjórn verði ekki aðeins að afla álits sérfróðs aðila áður en ráðist er í meiri háttar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins heldur gildi sú regla

einnig um ýmsar aðrar ákvarðanir sem geta haft áhrif á fjárhag sveitarfélagsins á komandi árum og áratugum.

Þá er í frumvarpinu lögð aukin áhersla á það hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að fylgjast með þróun fjármála sveitarfélaga og er lagt til að ákvæði VI. kafla um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga verði gerð að sérstökum kafla í lögunum til að undirstrika mikilvægi þeirra. Frumvarpið mælir fyrir um að eftirlitsnefndinni beri að kalla eftir skýringum ef hún telur að rekstur sveitarsjóðs stefni í að verða neikvæður, og að áminna sveitarstjórn ef hún telur skýringar eða viðbrögð sveitarstjórnar við athugasemdum nefndarinnar vera ófullnægjandi. Við starf sitt styðst eftirlitsnefnd einkum við fjárhagsáætlanir, þriggja ára áætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Til þess að tryggja að eftirlitsnefnd fái allar upplýsingar sem máli skipta er kveðið á um það í frumvarpinu að sveitarstjórnum beri að tilkynna nefndinni um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáætlun, þ.m.t. samninga af ýmsum toga sem gilda eiga til langs tíma.

Einnig er kveðið á um það í frumvarpinu að sveitarstjórn beri að tilkynna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um ákvarðanir um sölu fasteigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga. Skal eftirlitsnefnd þá kanna fjárhagsleg áhrif sölunnar á fjárhag sveitarfélagsins. Ef ráðstöfun er líkleg til að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma litið getur eftirlitsnefnd lagt til að ráðherra setji sveitarstjórn skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á VI. kafla sveitarstjórnarlaga eru þær að lagt er til að skylt verði að afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir lok desembermánaðar, þ.e. áður en fjárhagsár hefst, en samkvæmt gildandi lögum er ekki skylt að afgreiða fjárhagsáætlun fyrr en í lok janúarmánaðar. Þá er lagt til að tekin verði af tvímæli um að form þriggja ára áætlunar skuli vera á formi ársreiknings.

Að auki er að finna í frumvarpinu nýmæli sem kveður á um þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði í 32. gr. laganna, að því er varðar þagnarskyldu kjörinna fulltrúa.

Loks er lögð til í frumvarpinu breyting á 44. gr. gildandi laga sem miðar að því að taka af vafa um heimildir sveitarstjórna til að fela nefndum, ráðum, stjórnum og öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins fullnaðarákvörðun mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins enda leiði slíkt til hagræðingar, skilvirkni og hraðari málsmeðferðar. Skilyrði eru að kveðið verði á um slíkt fyrirkomulag í samþykktum sveitarstjórnar, að mál varði ekki verulega fjárhag sveitarfélagsins og að ákvæði laga eða eðli máls mæli ekki sérstaklega gegn þeirri ákvörðun.

Rétt er að geta þess að auk þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu stendur yfir í ráðuneytinu vinna við endurskoðun reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga þar sem meðal annars verður kveðið á um það hvernig sala eigna og endurleiga þeirra og aðrir langtímasamningar um leigu og rekstur fasteigna eða þjónustu sveitarfélaga við íbúa skuli færast í reikningsskilum sveitarfélaga. Lögð er áhersla á að sú vinna haldist sem næst í hendur við gildistöku frumvarps þessa.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 44. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga er sveitarstjórnum heimilað að fela nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg. Jafnframt er sveitarstjórnum heimilað í 3. mgr. sömu greinar að ákveða í samþykkt sveitarfélagsins að fela öðrum aðilum

en nefndum afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að slíkri afgreiðslu megi ætíð skjóta til viðkomandi nefndar, byggðarráðs eða sveitarstjórnar.

Nýlega reyndi á ákvæði 2. mgr. 44. gr. í máli sem var til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Í úrskurði nefndarinnar, sem var kveðinn upp 12. september 2002, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, með vísan til ákvæðisins, að ákvæði skipulags- og byggingarlaga stæðu því í vegi að borgarstjórn Reykjavíkurborgar gæti falið skipulags- og byggingarnefnd borgarinnar að taka fullnaðarákvörðun um óverulegar breytingar á deiliskipulagi. Skorti því lagastoð fyrir þeim ákvæðum í samþykkt fyrir skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkurborgar frá 21. mars 2002 sem færu í bága við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, um lögbundið hlutverk skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar við meðferð skipulags- og byggingarmála.

Telja verður að niðurstaða úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eigi sér ákveðna stoð í orðalagi 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og forsögu ákvæðisins, sem er samhljóða 61. gr. eldri sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga segir einungis að greinin veiti sveitarstjórn „heimild til að ákveða valdsvið nefnda, ráða og stjórna, sem hún skipar, nema slíkt sé ákveðið í lögum, og einnig að fela nefndum, ráðum og stjórnum fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg".

Úrskurður nefndarinnar hefur vakið þau viðbrögð að Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að félagsmálaráðherra beiti sér fyrir lagabreytingu til að gera skýrari heimildir sveitarstjórna til að fela öðrum en sveitarstjórn fullnaðarafgreiðslu mála. Í bréfi Reykjavíkurborgar til félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. október 2002, er meðal annars bent á að umrætt ákvæði sveitarstjórnarlaga þjóni takmörkuðum tilgangi ef það er túlkað á þann þrönga hátt sem úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála lagði til grundvallar í úrskurði sínum. Einnig er vakin athygli á því að úrskurðurinn setji í uppnám þá þróun til dreifstýringar sem átt hefur sér stað hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum á undanförnum árum, og að Reykjavíkurborg hafi í fleiri tilvikum beitt heimild 2. mgr. 44. gr. til framsals verkefna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að valdframsal sveitarstjórna til nefnda, ráða og stjórna skuli hafa það markmið að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð. Ef mál varðar ekki verulega fjárhag sveitarfélagsins er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að framsal sé heimilt nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Þar sem gera verður ráð fyrir því að ekki geti ávallt verið samstaða um afgreiðslu máls er gerður sá fyrirvari í 4. mgr. að þriðjungur fulltrúa í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn geti krafist þess að sveitarstjórn eða byggðarráð taki ákvörðun í máli, í samræmi við samþykktir sveitarfélags. Einnig er gert ráð fyrir því í sömu málsgrein að aðrir aðilar innan stjórnsýslu sveitarfélags, sem hefur verið falin fullnaðarafgreiðsla mála, geti óskað eftir því að viðkomandi nefnd afgreiði mál. Þessari heimild getur embættismaður sveitarfélags t.d. beitt ef fyrirsjáanlegt er að ágreiningur muni verða um niðurstöðu hans, en við þær aðstæður má ætla að markmið valdframsalsins, þ.e. að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð, muni ekki ná tilgangi sínum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að framsal ákvörðunarvalds til embættismanna eða annarra aðila á vegum sveitarfélags skuli háð sömu skilyrðum og formkröfum og framsal til nefnda, ráða eða stjórna en í 3. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd skuli hafa eftirlit með afgreiðslu mála og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru af embættismönnum eða öðrum aðilum sem falla undir ákvæðið. Ekki þykir tilefni til að kveða á um sambærilegt eftirlit varðandi fullnaðarafgreiðslur nefnda, ráða eða stjórna, sbr. 2. mgr., enda fær byggðarráð og/eða sveitarstjórn ávallt fundargerðir nefnda til kynningar eða staðfestingar, sbr. 49. gr. laganna.

Í 3. mgr. 44. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að afgreiðslum annarra aðila en nefnda megi ætíð skjóta til viðkomandi nefndar, byggðarráðs eða sveitarstjórnar. Í frumvarpi þessu er gengið út frá því sem meginreglu að ákvarðanir þessar sæti ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heldur geti aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Af þessari ástæðu er í 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli í samþykkt sveitarfélagsins kveða á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu skv. 2.–3. mgr.

Samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn senda félagsmálaráðuneytinu samþykktir sínar um stjórn sveitarfélagsins og fundarsköp sveitarstjórnar til staðfestingar. Ákvarðanir sveitarstjórna um valdframsal á grundvelli 44. gr. laganna verða því að hljóta samþykki ráðuneytisins áður en þær geta öðlast gildi.

Um 2. gr.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum er ekki að finna almennt ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga en í 32. gr. laganna er hins vegar ákvæði um þagnarskyldu kjörinna fulltrúa. Í sérlögum er víða kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna, sbr. t.d. 60. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 8. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, en eðlilegt þykir að almennt ákvæði verði einnig að finna í sveitarstjórnarlögum. Greinin er að mestu efnislega samhljóða 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um 3. gr.

Í a-lið greinarinnar er kveðið á um að skylt verði að afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir lok desembermánaðar en samkvæmt gildandi lögum er ekki skylt að afgreiða fjárhagsáætlun fyrr en í lok janúarmánaðar. Núverandi fyrirkomulag þykir óheppilegt í ljósi þess að fjárhagsárið er í mörgum tilvikum hafið áður en fjárhagsáætlun hefur verið afgreidd. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður gerð fjárhagsáætlunar lokið á svipuðum tíma og annars staðar á Norðurlöndum. Verður að ætla að allar forsendur séu fyrir hendi til að ljúka afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir áramót, meðal annars í ljósi þess að frumvarp til fjárlaga er nú ávallt lagt fram strax í þingbyrjun.

Í b-lið greinarinnar er ákvæði sem ætlað er að taka af hugsanleg tvímæli um að sveitarstjórnum sé skylt við gerð fjárhagsáætlunar að fara að reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og reglum sem settar kunna að vera á grundvelli 4. mgr. 67. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í 66. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að senda ráðuneytinu fjárhagsáætlanir sínar að lokinni afgreiðslu þeirra í sveitarstjórn. Upplýsingar sem fram koma í þessum gögnum ásamt ársreikningum sveitarfélaga eru lagðar til grundvallar við árlegt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, sbr. 74. gr. laganna og 6. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, nr. 374/2001. Til að tryggja að eftirlitsnefndin búi yfir nýjustu upplýsingum um fjárhagsstöðu sveitarfélags þegar málefni þess koma til athugunar hjá nefndinni þykir rétt að kveða á um að skylt verði að senda nefndinni tilkynningar um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáætlun. Minni háttar skuldbindingar, sem ekki eru líklegar til að hafa áhrif á mat nefndarinnar á fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélags, þarf ekki að tilkynna sérstaklega. Allar breytingar á fjárhagsáætlun skal hins vegar tilkynna til ráðuneytisins, sbr. 66. gr.

Um 5. gr.

Greininni er ætlað að veita sveitarstjórnum rýmri tíma til að ljúka gerð þriggja ára áætlunar, og að heimilt verði að ljúka henni innan tveggja mánaða frá gerð fjárhagsáætlunar í stað eins mánaðar, eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Hefur sá tími í mörgum tilvikum þótt knappur.

Í b-lið greinarinnar er mælt fyrir um að form þriggja ára áætlunar skuli vera í samræmi við form ársreiknings og reglur sem settar kunna að vera um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í gildandi lögum eru ekki gerðar formkröfur til þessara áætlana og eru þess dæmi að ekki sé staðið nægilega vel að gerð þeirra. Þjónar áætlunin þá ekki því hlutverki að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins á komandi árum. Auknar formkröfur við gerð þriggja ára áætlana eru liður í því markmiði frumvarpsins að undirstrika ábyrgð sveitarstjórna við stjórn fjármála sveitarfélaga.

Um 6. gr.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði sem skylda sveitarstjórnir til að takmarka áhættu við meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Í dönskum, norskum og sænskum sveitarstjórnarlögum hafa hins vegar verið sett ákvæði sem miða að því að tryggja örugga varðveislu og ávöxtun fjármuna. Í ljósi fenginnar reynslu þykir nauðsynlegt að setja slíka reglu hér á landi og hefur verið valin sú leið að orða ákvæðið sem almenna meginreglu. Í greininni er því gert ráð fyrir því að val ávöxtunarleiða sé á ábyrgð sveitarstjórnar en orðalag ákvæðisins tekur af tvímæli um að fjárfestingar sem fela í sér mikla áhættu séu almennt óheimilar.

Rétt er að taka fram að ákvæðinu er ekki ætlað að takmarka heimildir sveitarfélaga til að efla atvinnulíf í byggðarlaginu, t.d. með kaupum á hlutafé eða sambærilegum ráðstöfunum. Við þær aðstæður verður þó ávallt að gera þá kröfu að sveitarstjórn gæti ábyrgðar við meðferð almannafjár, vandi málsmeðferð og afli gagna um rekstrargrundvöll hlutaðeigandi fyrirtækja með það fyrir augum að fjárfestingin muni bæta varanlega úr atvinnuástandi á staðnum, sbr. t.d. álit félagsmálaráðuneytisins frá 21. febrúar 2001 varðandi Raufarhafnarhrepp (ÚFS 2001:15).

Um 7. gr.

Í 65. gr. gildandi laga er sú skylda lögð á herðar sveitarstjórnar að afla álits sérfróðs aðila áður en ráðist er í fjárfestingu ef áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í henni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi árs. Í umsögn skulu koma fram upplýsingar um væntanleg áhrif fjárfestingarinnar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða, auk þess sem grein skal gerð fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

Í a-lið 7. gr. frumvarpsins er lagt til að gildissvið ákvæðisins verði rýmkað og að skylt verði að afla á sama hátt umsagnar áður en sveitarstjórn staðfestir samninga um framkvæmdir eða þjónustu við íbúa sem hafa í för með sér langtímaskuldbindingar fyrir sveitarsjóð, svo og um sölu og endurleigu fasteigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. Þótt slíkir samningar færi sveitarfélögum fjármuni fyrst í stað geta þeir haft áhrif á fjárhagsstöðu sveitarsjóðs til langs tíma og er því ekki síður nauðsynlegt að þeir hljóti vandaða umfjöllun en samningar um verklegar framkvæmdir sem sveitarfélagið stendur sjálft fyrir.

Í síðari málsgreininni er að finna nýmæli og er það að nokkru leyti samið í anda danskra lagareglna þar sem sett eru skilyrði fyrir sölu og endurleigu fasteigna sveitarfélaga. Ákvæði frumvarpsins hefur þó víðtækara gildissvið en dönsku reglurnar og er það ekki einskorðað við endurleigu hinna seldu mannvirkja. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að skylt verði að

tilkynna til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um sölu eigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. Markmið ákvæðisins er að tryggja að þeim fjármunum sem sveitarstjórn fær í hendur við sölu fasteigna sveitarfélagsins verði ekki ráðstafað á óábyrgan hátt. Oftast er um að ræða verðmæti sem sveitarfélag hefur eignast á löngum tíma og getur ekki talist eðlilegt að sitjandi sveitarstjórn geti leyst inn andvirði þeirra og ráðstafað því án tillits til framtíðarfjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Í tilkynningu mun viðkomandi sveitarstjórn m.a. gefast kostur á því að gera eftirlitsnefnd grein fyrir því hvernig hún hyggst fara með þá fjármuni sem sveitarfélagið öðlast við söluna.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að athugun eftirlitsnefndar á ákvörðunum sveitarstjórna um sölu fasteigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. verði tvíþætt. Annars vegar skal nefndin kanna hvaða áhrif salan hefur á rekstur sveitarfélagsins. Hins vegar er kveðið á um að ef ráðstöfun er líkleg til að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma, t.d. af þeirri ástæðu að sveitarstjórn gerir samning til langs tíma um endurleigu húsnæðisins, getur eftirlitsnefnd lagt til að ráðherra setji sveitarstjórn skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra geti, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sett reglugerð þar sem nánar verður kveðið á um framkvæmd ákvæðisins, svo sem um form tilkynningar og gögn sem sveitarstjórn ber að senda eftirlitsnefnd, viðmiðanir sem eftirlitsnefnd ber að nota við athugun sína, og skilyrði sem eftirlitsnefnd getur lagt til að ráðherra setji um ráðstöfun eða ávöxtun söluandvirðis.

Um 8. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga mikilvægu hlutverki að gegna við að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Skal nefndin aðvara sveitarstjórn ef athugun hennar leiðir í ljós að fjármál sveitarfélagsins stefna í óefni og samhliða upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Reynist þess þörf er nefndinni heimilt að láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests. Einnig getur nefndin lagt til frekari aðgerðir við ráðherra, þar á meðal að svipta sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitshlutverk nefndarinnar verði aukið nokkuð frá því sem verið hefur. Meðal annars af þeim sökum þykir tilhlýðilegt að ákvæði 74.–80. gr. laganna, er fjalla um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, verði gerð að sérstökum kafla er fái heitið „Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga“, til að undirstrika mikilvægi þessara ákvæða.

Um 9. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 2. mgr. 74. gr. gildandi laga en þó er lagt til að orðað verði með skýrari hætti það hlutverk eftirlitsnefndar að hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gæti þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags fari ekki fram úr heildartekjum þess. Rétt er að taka fram að sú regla er ekki afdráttarlaus og er við athugun eftirlitsnefndar m.a. tekið tillit til þjónustustigs og framkvæmdaþarfar í sveitarfélaginu.

Einnig er gert ráð fyrir því í ákvæðinu að eftirlitsnefnd starfi að eftirliti árið um kring, en samkvæmt gildandi lögum er einungis um árlegt eftirlit að ræða.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnarmála:

Mat á áhrifum frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum, á fjárhag sveitarfélaga.
(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 4. desember 2002.)

Stærstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varða fjármál sveitarfélaga en að auki er að finna í frumvarpinu nýmæli sem kveður á um þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga og breyting á 44. gr. laganna, sem miðar að því að taka af vafa um heimildir sveitarstjórna til að fela nefndum og öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélags fullnaðarákvörðun mála.

Markmið 1. gr. frumvarpsins er að einfalda stjórnsýslu sveitarfélaga en jafnframt að gera hana markvissari. Þannig má búast við að stjórnsýslan verði framkvæmd á hagkvæmari hátt en nú er.

Þriðja grein frumvarpsins hefur ekki áhrif á þau sveitarfélög sem ljúka gerð fjárhagsáætlunar ársins fyrir upphaf hvers fjárhagsárs. Hjá öðrum sveitarfélögum er á hinn bóginn líklegt að ákvæði 3. og 5. gr. feli í sér hentugri dreifingu vinnuálags þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem að bókhaldi og fjárhagsáætlanagerð koma. Þannig er líklegt að vinna við uppgjör bókhalds næstliðins árs, fjárhagsáætlanagerð ársins og gerð þriggja ára áætlunar dreifist yfir lengra tímabil en hingað til hefur verið.

Til að tryggja að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga búi yfir nýjustu upplýsingum um fjárhagsstöðu sveitarfélags er í 4. gr. gert ráð fyrir að sveitarfélag sendi nefndinni tilkynningar um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáætlun. Ákvæðið felur í sér óverulegan kostnað sveitarfélaga við slíka upplýsingagjöf.

Ákvæði 5. gr. felur í sér ríkari skyldu sveitarfélaga um form þriggja ára áætlana og er gerð krafa um að þær verði settar fram á sama formi og ársreikningur. Þrátt fyrir hinar auknu kröfur er ekki gert ráð fyrir að ákvæðið leiði til verulegs útgjaldaauka sveitarfélaga. Þær þriggja ára áætlanir sveitarfélaga fyrir árin 2003–2005 sem borist hafa ráðuneytinu eru allar á sambærilegu formi og ársreikningur þeirra utan ein. Markmið ákvæðisins er fyrst og fremst að tryggja samræmt form ársreiknings, fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar er uppfyllir jafnframt nýjar reglur um framsetningu ársreiknings og fjárhagsáætlunar. Sé við það miðað að ákvæðið hafi áhrif á samtals 2–4 sveitarfélög má reikna með að útgjöld sveitarfélaga aukist samtals um 0,1–0,2 millj. kr. á ársgrundvelli.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sveitarstjórn afli álits sérfróðs aðila áður en hún staðfestir samninga um framkvæmdir og/eða þjónustu við íbúa sem hafa í för með sér verulegar skuldbindingar svo og um sölu og endurleigu fasteigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga. Í þessu felst rýmkun á núverandi ákvæði 65. gr. sveitarstjórnarlaganna, sem gildir einungis um fjárfestingar sem nema meira en fjórðungi skatttekna sveitarfélags á viðkomandi ári. Breytingin varðar þó einvörðungu samninga sem fela í sér verulegar skuldbindingar fyrir sveitarfélagið, svo sem langtímarekstrar- eða eignarleigusamningar um afnot af húsnæði og/eða tiltekna þjónustu. Dæmi eru um að sveitarfélög sem gert hafa slíka samninga hafi leitað umsagnar sérfróðs aðila án þess að lög hafi mælt fyrir um slíkt. Á undanförnum fimm árum hafa sveitarfélög gert að meðaltali u.þ.b. 1–2 rekstrarleigusamninga á ári, svonefnda einkaframkvæmdarsamninga. Til viðbótar má gera

ráð fyrir að sveitarfélög hafi gert ýmsa samninga um þjónustu við íbúana er fallið gætu undir ákvæðið. Sé gert ráð fyrir samtals 2–3 samningum árlega er fallið gætu undir ákvæðið má áætla að útgjöld sveitarfélaga aukist um 0,5–1,0 millj kr. á ársgrundvelli ef frumvarpið verður að lögum enda sé við það miðað, að í helmingi tilfella hefðu sveitarfélög leitað álits sérfróðra aðila, óháð því hvort slíkt sé lagaskylda.

Að teknu tilliti til aukinnar hagkvæmni í rekstri sveitarfélaga, sbr. 1. og 3. gr., má gera ráð fyrir að frumvarpið leiði til 0,0–0,5 millj. útgjaldaauka sveitarfélaga á ársgrundvelli miðað við núverandi verðlag.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á sveitarstjórnarlögum, meðal annars til að mæta þeim breytingum sem orðið hafa í rekstrarumhverfi sveitarfélaga. Í frumvarpinu er m.a. skýrar kveðið á um valdframsal sveitarstjórnar, þagnarskyldu starfsmanna og ráðstafanir til að takmarka áhættu við meðferð fjármuna. Þá er nánar kveðið á um skyldur sveitarstjórna til að afla álits sérfróðs aðila áður en ráðist er í tiltekna fjárfestingu eða staðfestir samningar um framkvæmdir eða þjónustu við íbúa sem hafa í för með sér langtímaskuldbindingu fyrir sveitarsjóð. Gildir þetta einnig um samninga um sölu og endurleigu tiltekinna eigna og skal í þeim tilvikum gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart um áformin. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

996. Fyrirspurn [623. mál]

til umhverfisráðherra um mengun frá álverum.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvað sparast mikil
   a. CO_2-mengun,
   b. önnur mengun
   við að framleiða ál með orku frá Kárahnjúkavirkjun í stað orku frá kolakyntu raforkuveri? Hver er sparnaðurinn í hlutfalli við heildarmengun þessara efna á landinu?
2. Er verið að reisa álver í heiminum sem nota raforku sem framleidd er með kolum? Ef svo er, hvar og af hvaða stærð? Hvaða áhrif mun það hafa á hitnun jarðar?

Skriflegt svar óskast.

997. Svar [578. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um fjölda bifreiðastyrkja til fatlaðra og lánskjör þeirra við bifreiðakaup.

Fyrirspurnin hjóðar svo:

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á árlegum fjölda bifreiðastyrkja fyrir fatlaða frá 1995?*
2. *Hvernig hafa lánskjör bifreiðakaupalána til fatlaðra breyst frá 1995?*

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins voru styrkir sem veittir voru til bifreiðakaupa á árunum 1995–2002 eins og sést í eftirfarandi töflum.

Bifreiðakaupastyrkir.

	Tegund	Fjöldi	Kr.	Fjöldi	Kr.
1995	Lægri styrkur	600	235.000		
1996	Lægri styrkur	335	235.000		
1997	Lægri styrkur	335	235.000		
1998	Lægri styrkur	335	235.000		
1999	Lægri styrkur	375	235.000		
2000	Lægri styrkur	375	250.000	20	500.000
2001	Lægri styrkur	375	250.000	20	500.000
2002	Lægri styrkur	375	250.000	20	500.000

	Tegund	Fjöldi	Kr.
1995	Hærri styrkur	50	700.000
1996	Hærri styrkur	50	700.000
1997	Hærri styrkur	50	700.000
1998	Hærri styrkur	50	700.000
1999	Hærri styrkur	60	700.000
2000	Hærri styrkur	60	1.000.000
2001	Hærri styrkur	60	1.000.000
2002	Hærri styrkur	60	1.000.000

Tryggingastofnun ríkisins hefur veitt lán til bifreiðakaupa á grundvelli heimilda frá tryggingaráði. Hvíla lánveitingarnar á gamalli venju þar sem ekki er kveðið á um heimild til slíkra lánveitinga í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Núverandi lánveitingar byggjast á reglum tryggingaráðs sem settar voru 5. nóvember 1999. Upplýsingar um lánskjör tímabilið 1995–2002 sem fram koma í töflunni eru frá Tryggingastofnun ríkisins.

Bifreiðakaupalán.

	Lánstími	Vextir	
1995	4 ár	1%	
1996	4 ár	4%	
1997	4 ár	4%	
1998	3 ár	9,20%	kjörvextir
1999	3 ár	8,2–9,2%	kjörvextir
2000	3 ár	13,10%	kjörvextir
2001	3 ár		kjörvextir
2002	3 ár	12,20%	kjörvextir

998. Nefndarálit [360. mál]

um frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneytinu, Hermann Guðjónsson og Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun Íslands, Friðrik Arngrímsson og Guðfinn G. Johnsen frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Ólaf Briem frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Hafstein Hafsteinsson og Gylfa Geirsson frá Landhelgisgæslu Íslands.

Þá bárust umsagnir um málið frá Siglingastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, Vélskóla Íslands, Olíufélaginu hf, Almannavörnum ríkisins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Póst- og fjarskiptastofnun, Samtökum iðnaðarins, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Slysavarnaskóla sjómanna, Vélstjórafélagi Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Sjómannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Umhverfisstofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lagareglum um skoðunarferli skipa. Breytingarnar eiga rót sína að rekja til nýrra EES-gerða samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og alþjóðasamþykkta á þessu sviði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í stað þess að vísa til orðalagsins „mengun sjávar“ í 1., 3. og 11. gr. skuli vísað til mengunar frá skipum. Breytingin felur í sér að við eftirlit með skipum skuli gætt að hvers konar mengun frá skipum, þ.m.t. loftmengun. Jafnframt eru lagðar til breytingar á 12. og 18. gr. frumvarpsins sem eru í þessum anda.
2. Lögð er til breyting á 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. þess efnis að skipstjóra verði einum gert skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Samkvæmt frumvarpinu er þessi ábyrgð jafnframt lögð á útgerðarmann. Ýmis vandkvæði fylgja því og má benda á að engan veginn er öruggt að útgerðarmaður hafi þá kunnáttu eða menntun sem þarf til að leggja mat á haffæri skips, auk þess sem útgerðarmenn eru alls ekki alltaf til staðar þegar skip leggur úr höfn sem er forsenda fyrir því að þeim sé unnt að rækja skyldur sínar samkvæmt ákvæðinu.
3. Lagt er til að skýrar verði kveðið á um rétt Landhelgisgæslunnar til að framkvæma skyndiskoðanir samkvæmt lögunum. Í núgildandi lögum er réttur til skyndiskoðana jafnt í höndum Siglingastofnunar og Landhelgisgæslunnar og gera þessar stofnanir með sér samstarfssamning um framkvæmd þeirra. Lagt er til að sú skipan mála verði óbreytt, enda hefur hún reynst vel samkvæmt upplýsingum nefndarinnar.
4. Samkvæmt 4. tölul. 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að hver sem er geti sett fram kröfu um að aukaskoðun fari fram á skipi. Aukaskoðanir hafa í för með sér mikinn kostnað fyrir útgerð og því má telja varhugavert að veita aðilum sem engra hagsmuna eiga að gæta heimild til að setja fram slíka kröfu. Nefndin leggur af þessum ástæðum til að þessi heimild verði bundin við tiltekna aðila, eins og að öðru leyti er gert í greininni, en jafnframt verði stjórn stéttarfélags veitt slík heimild. Þessi breyting er í samræmi við núgildandi lög um eftirlit með skipum. Þá er jafnframt lögð til breyting á síðari

málslið 4. tölul. greinarinnar þannig að almennt verði óheimilt að veita upplýsingar um það hver hafi lagt fram kröfu um aukaskoðun, en þó með þeirri undantekningu að útgerð eigi rétt á þeim upplýsingum hafi krafa eða kvörtun reynst ástæðulaus. Breytingin er í samræmi við ákvæði núgildandi laga um eftirlit með skipum.

5. Lögð er til breyting á ákvæði 1. mgr. 25. gr. sem fjallar um verkefni farbannsnefndar. Lagt er til að 2. tölul. greinarinnar falli brott, enda hefur hann ekki þýðingu eftir að efnisákvæði 14. gr. gildandi laga hefur verið fellt úr gildi. Þá liggur fyrir að verkefni farbannsnefndar eru eingöngu að úrskurða um gildi farbanns sem þegar hefur verið lagt á og því er lagt til að miða orðalag 1. mgr. við það.
6. Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2004. Heppilegt þykir að miða gildistökuna við áramót vegna framkvæmdar laganna.

Kristján L. Möller og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 2003.

Hjálmar Árnason, varaform., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Sigríður Ingvardóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

Jón Bjarnason.

999. Nefndarálit [390. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneytinu og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Siglingastofnun Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hafnasambandi sveitarfélaga, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Landssambandi íslenkra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Vélstjórafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á sjómannalögum og lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa vegna innleiðingar tiltekinna EES-gerða sem varða vinnutíma sjómanna.

Breytingarnar rúmast innan gildandi kjarasamninga milli útgerða og stéttarfélaga.

Nefndin leggur til tvær efnisbreytingar á frumvarpinu. Í annan stað er lagt til að aldurslágmark 1. efnismgr. 1. gr. verði lækkað úr 16 árum í 15, sem er sama aldurslágmark og nú gildir. Að mati nefndarinnar standa ekki rök til breytinga hvað þetta varðar. Þá er lagt til að 4. mgr. 8. gr. laganna falli brott en ákvæðið er þýðingarlaust með þeirri breytingu sem gerð

er á 3. mgr. Loks leggur nefndin til orðalagsbreytingu í 2. og 3. gr. frumvarpsins. Er það gert til að koma í veg fyrir misskilning á efni ákvæðanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
   a. 2. og 3. mgr. orðast svo:
      Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 15 ára við vinnu á skipi nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Samgönguráðherra getur sett reglur um hærra aldurslágmark skipverja við tiltekin störf allt upp að 18 ára aldri.
      Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 18 ára við vinnu á farþegaskipum og flutningaskipum að nóttu til, þ.e. tímabil sem varir í a.m.k. níu samfelldar klukkustundir, þ.m.t. tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða menntun og þjálfun ungra sjómanna 16–18 ára að því er varðar fyrirframákveðin verkefni og áætlanir.
   b. 4. mgr. fellur brott.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar“ í 2. tölul. 2. efnismgr. komi: og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar“ í 2. tölul. 1. mgr. a-liðar komi: og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.
   b. Orðin „og 2.“ í 2. mgr. a-liðar falli brott.

Kristján L. Möller og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 2003.

Hjálmar Árnason, varaform., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Sigríður Ingvardóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

Jón Bjarnason.

1000. Breytingartillögur [360. mál]

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. Í stað orðanna „mengun sjávar“ í 6. mgr. 1. gr. komi: mengun frá skipum.

2. Í stað orðanna „mengun sjávar“ í 2. mgr. 3. gr. komi: mengun frá skipum.
3. Orðin „Útgerðarmanni og“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. falli brott.
4. Í stað orðanna „mengun sjávar og stranda“ í lok 1. mgr. 11. gr. komi: mengun frá skipum.
5. Á eftir orðunum „öryggi skipa“ í 1. mgr. 12. gr. komi: og varnir gegn mengun frá skipum.
6. Við 13. gr.
   a. Í stað orðsins „einstaklingur“ í 1. málsl. 4. tölul. komi: stjórn stéttarfélags.
   b. Í stað síðari málsliðar 4. tölul. komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Siglingastofnun er óheimilt að veita upplýsingar um það hver hafi lagt fram slíka kröfu eða kvörtun. Útgerðarmaður á þó rétt á þessum upplýsingum hafi krafa eða kvörtun reynst ástæðulaus.
7. Við 15. gr.
   a. Á eftir orðunum „Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. komi: eða Landhelgisgæslu Íslands.
   b. Á eftir orðunum „Siglingastofnun Íslands“ í 2. mgr. komi: og Landhelgisgæslu Íslands.
   c. 3. mgr. orðist svo:
      Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit skv. 1. mgr. og gera með sér samstarfssamning um hvernig því skuli hagað.
8. Í stað orðanna „og þeirra manna sem skipinu fylgja“ í 2. mgr. 18. gr. komi: þeirra manna sem skipinu fylgja og mengunarhættu frá skipinu.
9. 1. mgr. 25. gr. orðist svo:
   Verkefni farbannsnefndar er að úrskurða um gildi farbanns.
10. 1. málsl. 35. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

1001. Svar [542. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa verið gerðir starfslokasamningar við fyrrverandi forstjóra Byggðastofnunar? Ef svo er, hvað fólst í þeim samningum, sundurliðað í fjárhæðir og önnur hlunnindi?

Gerður var starfslokasamningur við forstjóra Byggðastofnunar í júní 2002. Forstjórinn var skipaður til fimm ára frá ársbyrjun 2001 til loka árs 2005. Vegna sérstakra ástæðna var talið óhjákvæmilegt að semja um starfslok. Var það gert með undirritun samnings 13. júní 2002 þegar 3,5 ár voru eftir af skipunartíma forstjórans. Forstjórinn heldur fullum launum, samkvæmt ákvörðun kjaranefndar, til 30. júní 2004 eða í tvö ár frá því að starfsskyldum hans lauk hjá Byggðastofnun. Um var að ræða þáverandi heildarlaun metin til 650.000 kr. á mánuði. Einnig fékk forstjórinn greiddar 1.000.000 kr. til að bæta honum hluta af þeim kostnaði og röskun sem hann hafði af því að hafa flust búferlum frá Danmörku til Íslands til að taka við starfi forstjóra Byggðastofnunar ásamt því að lögmannskostnaður hans vegna starfslokanna var greiddur. Afnot af ferðatölvu og farsíma í eigu stofnunarinnar fékk forstjórinn

til loka júní 2004 þó þannig að hann ber allan kostnað af notkun frá lausnardegi. Bifreið, sem stofnunin hafði lagt honum til, hafði hann svo til afnota frá lausnardegi til loka ágúst 2002 eða í um tvo mánuði.

Einnig var gerður starfslokasamningur við annan forstjóra Byggðastofnunar í september 2000. Samningurinn fól í sér að viðkomandi héldi fullum launum og hlunnindum í eitt ár frá því að hann lét af störfum í árslok 2000. Launin námu um 590.000 kr. á mánuði en auk þess var 13. mánuðurinn greiddur. Þá hafði hann afnot af bifreið til loka árs 2001. Á móti kom að fyrrverandi forstjóri starfaði að ýmsum verkefnum fyrir Byggðastofnun, m.a. vegna flutnings og yfirfærslu starfsemi Byggðastofnunar frá Reykjavík til Sauðárkróks. Í starfslokasamningnum eru einnig ákvæði um ákveðna tilfærslu á lífeyrisréttindum. Um var að ræða að 40% af útreiknuðum eftirlaunaréttindum eftir 65 ára aldur færu í viðurkenndan séreignalífeyrissjóð. Á móti lækkuðu samningsbundin eftirlaun um 40% frá 65 ára aldri.

1002. Tillaga til þingsályktunar [624. mál]

um svæðisbundið átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni.

Flm.: Þuríður Backman, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera á næstu árum svæðisbundið átak til að efla byggð um land allt og stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og mannlífs. Í því skyni verði veittar 600 millj. kr. árlega í sex ár af fjárlögum íslenska ríkisins frá og með árinu 2003. Fjármunum þessum verði skipt milli atvinnuþróunarfélaga um allt land í samræmi við reglur sem taki mið af byggðaþróun og atvinnuástandi á einstökum svæðum. Árangur og framvinda verkefnisins á svæði hvers atvinnuþróunarfélags verði metin áður en tímabilið er hálfnað og ákvarðanir um framhaldið teknar með hliðsjón af því mati, m.a. lífskjarakönnun á viðkomandi svæðum. Við val verkefna verði annars vegar lögð áhersla á fjölbreytni í atvinnusköpun og hins vegar á stuðning við hvers kyns nýsköpun og þróun.

Greinargerð.

Tillaga áþekk þeirri sem hér er flutt var lögð fram á síðasta löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Sú tillaga laut sérstaklega að atvinnumálum Austurlands. Hér er lagt til að verulegum fjármunum verði varið til að efla nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni næstu sex árin. Atvinnuþróunarfélögin gegna lykilhlutverki þegar um er að ræða byggðatengdar aðgerðir og eru því best til þess fallin hvert á sínu svæði að greina þarfir samfélagsins og veita þá sérfræðiþjónustu sem við á hverju sinni svo líklegra sé að árangur náist í nýsköpun eða styrkingu þess atvinnulífs sem fyrir er. Því gerir tillaga þessi ráð fyrir að fjármunum þessum verði skipt milli atvinnuþróunarfélaganna og í samræmi við reglur sem taki mið af byggðaþróun og atvinnuástandi á einstökum svæðum.

Um nokkurra ára skeið hafa átt sér stað stórfelldir búferlaflutningar hér á landi. Mikil fólksfjölgun hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu en víðast hvar á landsbyggðinni hefur fólki fækkað að sama skapi. Þannig hefur t.d. ársstörfum fækkað gífurlega undanfarið í mörgum sjávarplássum með sölu og/eða flutningi aflaheimilda og aukinni tæknivæðingu í útgerð og fiskvinnslu. Á sama tíma hefur orðið mikill samdráttur í hefðbundnum búskap. Þjónusta við

þessar undirstöðuatvinnugreinar hefur því einnig dregist saman. Einnig hefur dregið úr opinberri þjónustu á mörgum sviðum. Þegar búferlaflutningar verða umfram eðlilega þróun og fækkun íbúa fer að segja til sín í samfélaginu hefst flókið ferli sem ekki er einfalt að skilgreina. Við ákveðnar aðstæður flytur jafnvel það fólk sig um set sem hefur góða vinnu og húsnæði. Brýnt er að bregðast við þessari þróun og að mati flutningsmanna er eðlilegt að til þess verði varið fjármagni úr sameiginlegum sjóði landsmanna en nýting þess verði alfarið á hendi heimaaðila, einnig rannsókna- og undirbúningsstarf eftir því sem því verður við komið. Með tilkomu nýsköpunarmiðstöðvarinnar IMPRU ættu að vera enn frekari möguleikar á að styðja við slíka tilhögun. Tekið skal fram að með þessari tillögu er ætlunin að stíga fyrsta skrefið af mörgum nauðsynlegum til að rétta hag landsbyggðarinnar.

Áríðandi er að grípa til aðgerða nú þegar. Í tillögu þessari til þingsályktunar er gert ráð fyrir að verulegum fjármunum verði varið til að efla atvinnulíf á landsbyggðinni og athygli sérstaklega beint að verkefnum á sviði þróunar-, byggða-, viðskipta- og menningarmála með það að markmiði að efla byggðina og auka fjölbreytni mannlífsins.

Jöfnuður og jafnræði.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram fjölmargar tillögur í byggða- og atvinnumálum frá því að flokkurinn fékk fulltrúa á Alþingi. Þær tillögur byggjast á sjónarmiðum um jöfnuð og jafnræði og taka mið af því grundvallarsjónarmiði hreyfingarinnar að íbúar þessa lands eigi rétt á að búa við svipuð kjör óháð búsetu. Mikið vantar á að fólk sem býr utan stærstu þéttbýlisstaða njóti sömu kjara og þeir sem búa í nánd við þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu. Sem dæmi má nefna að lánakjör í bönkum virðast önnur þegar óskað er lána til starfsemi í dreifbýli ef taka á mið af aukinni ásókn í lán frá Byggðastofnun og gildir þá einu hvort um er að ræða skammtíma- eða langtímalán. Auk þessa virðist sem bankarnir reyni að komast hjá því að veita há lán til langs tíma til fyrirtækja á smærri stöðum. Þá vill brenna við að viðhorf til frumkvöðla í hinum dreifðari byggðum séu neikvæð og skilningur á mikilvægi þess að styrkja nýsköpun virðist takmarkaður. Að mati flutningsmanna þessarar tillögu væri aukinn stuðningur við frumkvöðla í fámennari byggðarlögum mikil lyftistöng. Þannig yrði fleiri og fjölbreyttari stoðum skotið undir samfélagið. Sérhæfð þjónusta við fyrirtæki og frumkvöðla er afar takmörkuð í fámennum byggðarlögum og því eru möguleikar til að hrinda hugmyndum í framkvæmd ekki margir.

Aðgerð til jöfnunar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur það mikilvæga grundvallarforsendu í hverju velferðarsamfélagi að tryggja fulla atvinnu og störf við hæfi. Jafnframt er næg og fjölbreytt atvinna ásamt öflugri velferðarþjónustu, traustu menningarlífi og öruggu umhverfi grundvöllur hverrar lífvænlegrar byggðar og forsenda farsællar byggðaþróunar.

Í samræmi við þá afstöðu að jafna beri aðstöðu fólks og auka sem kostur er jöfnuð og jafnrétti í landinu, þ.m.t. aðstöðu manna óháð búsetu, beitir Vinstri hreyfingin – grænt framboð sér fyrir róttækum aðgerðum til að stöðva búseturöskunina og snúa þróuninni við með margháttuðum aðgerðum sem ná til landsins alls. Þær sérstöku aðstæður sem nú eru á Austurlandi kalla á tafarlausar aðgerðir af hálfu hins opinbera. Átaksverkefni til sex ára getur skilað miklu inn í austfirskt samfélag og nauðsynlegt er að slíkt verkefni sé sett fram og framkvæmt á forsendum íbúanna sjálfra. Átaksverkefnið þarf að vera hnitmiðað og jafnframt þarf það að treysta þá fjölmörgu þætti sem sterkt samfélag byggist á. Rétt er að endurskoða árangur og framvindu verkefnisins áður en tímabilið er hálfnað.

Styrkir og önnur fjárframlög til atvinnuþróunar í fámennari byggðarlögum eru af skornum skammti og mest af þeirri fyrirgreiðslu og þjónustu sem er til reiðu þarf að sækja til höfuðborgarinnar. Slíkt getur verið tímafrekt og kostnaðarsamt. Stuðningurinn er oftast bundinn lágum fjárhæðum og einungis hluta þess kostnaðar sem um er að ræða. Slíkir styrkir veita hvorki hugmyndum brautargengi né eru þeir líklegir til að stuðla að þróun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Þótt sveitarfélögin, Byggðastofnun og fleiri aðilar hafi sinnt margvíslegum verkefnum sem hafa það að markmiði að styrkja atvinnu og búsetu og þrátt fyrir að margt gott hafi verið unnið að tilstuðlan þessara aðila á liðnum árum einkennast mörg þessara verkefna frekar af því að bjarga rekstri tiltekinna fyrirtækja og atvinnuöryggi á viðkomandi stað en því að stuðla að nýsköpun eða framþróun fyrirtækja í rekstri.

Atvinnuþróunarfélögin sem þegar hafa áunnið sér fastan sess á nokkrum stöðum á landinu gegna lykilhlutverki þegar um er að ræða byggðatengdar aðgerðir og stuðning stjórnvalda við verkefni á landsbyggðinni.

1003. Nefndarálit [350. mál]

um frv. til l. um breyt. á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Skúla Jónsson frá Hagstofu Íslands og Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá embætti ríkisskattstjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Persónuvernd, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði Íslands og ríkisskattstjóra.

Meginmarkmið frumvarpsins er að færa skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra. Samhliða er flutt frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá en þar er lagt til að ríkisskattstjóri annist framvegis færslu fyrirtækjaskrár og útgáfu kennitalna til fyrirtækja, stofnana og annarra aðila samkvæmt nánari ákvæðum þar að lútandi. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé liður í framkvæmd þeirrar stefnu sem lýst var í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun og felst í því að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja um leið hagskýrslugerð með því að endurskipuleggja Hagstofu Íslands og flytja frá henni verkefni sem tilheyra ekki lengur þeirri starfsemi.

Samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur fer ráðherra Hagstofu Íslands með mál er varða skráningu þessara félaga og stofnana en viðskiptaráðherra fer með málefni þeirra að öðru leyti. Í frumvarpinu er lagt til að hlutaðeigandi lagaákvæðum verði breytt á þann hátt að fjármálaráðherra fari hér eftir með mál sem varða þessa skráningu í stað ráðherra Hagstofu Íslands. Jafnframt er lagt til að núverandi reglugerðarheimildir ráðherra Hagstofu Íslands samkvæmt fyrrgreindum lögum færist til fjármálaráðherra í samræmi við flutning þessara verkefna.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur þau eðlileg í þeim tilgangi að efla hagskýrsluhlutverk Hagstofunnar.

Bent hefur verið á nauðsyn þess að breyta gildistökuákvæði laganna þannig að yfirfærsla umræddra verkefna verði hnökralaus. Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2003“ í 10. gr. komi: 1. júlí 2003.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Jónína Bjartmarz.	Lúðvík Bergvinsson.	Ásta Möller.
Pétur Bjarnason.	Kjartan Ólafsson.	Ólafur Örn Haraldsson.

1004. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá félagsmálaráðuneytinu, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, til samræmis við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings. Með þeim samningi var ákveðið að reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES. Reglurnar gilda þannig einnig um Sviss, en önnur EFTA-ríki, Ísland, Liechtenstein og Noregur, eru þegar aðilar að EES.

Í EFTA-samningnum er eitt ákvæði víðtækara en EES-reglur og varðar það einstaklinga, óháð þjóðerni, sem starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og hefur staðfestu eða starfsemi í EES- eða EFTA-ríki og eru því jafnframt gerðar breytingar á lögum um útlendinga til samræmis við það. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að betra væri að taka efnislega upp þann viðauka sem hér um ræðir (viðauka K við stofnsamning EFTA, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbætis) í stað þess að vísa einungis til hans. Þykir það enn fremur samræmast betur íslenskri lagahefð. Nefndin leggur því til breytingu á orðalagi frumvarpsins hvað þetta atriði varðar. Þannig komi skýrt fram hverjir eigi rétt á dvelja hér í ákveðinn tíma án dvalarleyfis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Efnismálsgrein b-liðar 2. gr. verði svohljóðandi:

Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári, hafi hann leyfi sem jafngildir óbundnu atvinnuleyfi í EES- eða EFTA-ríki og er ráðinn hjá aðila sem veitir þjónustu og hefur staðfestu eða starfsemi þar.

2. 6. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Jónína Bjartmarz.	Lúðvík Bergvinsson.	Ásta Möller.
Pétur Bjarnason.	Kjartan Ólafsson.	Ólafur Örn Haraldsson.

1005. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um fyrirtækjaskrá.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Skúla Jónsson frá Hagstofu Íslands og Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá embætti ríkisskattstjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Persónuvernd, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði Íslands, ríkisskattstjóra og Samtökum iðnaðarins.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um fyrirtækjaskrá, nr. 62/1969, og er það flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana. Þar er lagt til að skrár samkvæmt þessum lögum verði færðar frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að fyrirtækjaskrá verði flutt frá Hagstofu Íslands til ríkisskattstjóra sem annist framvegis færslu fyrirtækjaskrár og útgáfu kennitalna til fyrirtækja, stofnana og annarra aðila samkvæmt nánari ákvæðum þar að lútandi. Þá mun fjármálaráðherra fara með mál sem varða fyrirtækjaskrá. Að öðru leyti er ekki um að ræða miklar breytingar á efnisatriðum frá gildandi lögum um fyrirtækjaskrá heldur felast þær einkum í uppstokkun og framsetningu ákvæða þannig að einstök efnisatriði eru dregin fram með þeim hætti að betri yfirsýn fáist yfir áhersluatriði.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé liður í framkvæmd þeirrar stefnu sem lýst var í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun og felst í því að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja um leið hagskýrslugerð með því að endurskipuleggja Hagstofu Íslands og flytja frá henni verkefni sem tilheyra ekki lengur þeirri starfsemi. Þá hefur jafnframt verið litið til þess að hagskýrslugerð og rekstur stjórn-

valdsskráa í einni stofnun hefur á síðari árum ekki þótt jafnheppileg og var þegar skrárnar voru stofnaðar. Þetta stafar ekki síst af þeirri þróun sem orðið hefur á viðhorfum og reglum um meðferð persónubundinna gagna, sbr. grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um opinbera hagskýrslugerð frá árunum 1992 og 1994 sem Ísland hefur staðfest.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur brýnt að stjórnvöld á ýmsum sviðum geti unnið með eina samhæfða skrá sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Þá telur nefndin yfirfærsluna til embættis ríkisskattstjóra eðlilega og samrýmast meginverkefni þeirrar stofnunar.

Bent hefur verið á nauðsyn þess að breyta gildistökuákvæði laganna þannig að yfirfærsla umræddra verkefna verði hnökralaus. Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2003“ í 12. gr. komi: 1. júlí 2003.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Jónína Bjartmarz.	Lúðvík Bergvinsson.	Ásta Möller.
Pétur Bjarnason.	Kjartan Ólafsson.	Ólafur Örn Haraldsson.

1006. Svar [580. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sverris Hermannssonar um umfang happdrættismarkaðarins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru heildartekjur, rekstrargjöld og hagnaður þeirra happdrætta sem störfuðu eða efnt var til samkvæmt lögum árin 2000 og 2001?*
2. *Hver var heildarupphæð útborgaðra vinninga sömu ár?*
3. *Eru uppi hugmyndir af hálfu ráðuneytisins um breytt skipulag happdrættismála og ef svo er, í hverju felast þær hugmyndir?*

Eftirfarandi tafla, sem skipt er eftir happdrættum, sýnir í millj. kr. rekstrartekjur, rekstrargjöld, hagnað og útborgaða vinninga þeirra aðila sem störfuðu samkvæmt lögum árin 2000 og 2001.

Happdrætti Háskóla Íslands	**2001**	**2000**
Rekstrartekjur	2.456,3	2.178,8
Rekstrargjöld	1.875,0	1.639,6
Hagnaður	467,1	435,3
Vinningar*	1.117,6	979,6

*Vinningar í gullnámu, sem nema um 86% af veltu, eru hvorki tekju- né gjaldfærðir, utan vinninga í gullpotti.

Vöruhappdrætti SÍBS	**2001**	**2000**
Rekstrartekjur	280,6	290,7
Rekstrargjöld	248,9	240,7
Hagnaður	31,7	50,0
Vinningar	169,6	164,3

Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna – DAS	**2000–2001**	**1999–2000**
Rekstrartekjur	174,6	163,5
Rekstrargjöld	136,1	142,4
Hagnaður	46,2	26,0
Vinningar	67,2	62,8

Íslenskar getraunir	**2001**	**2001, 1. júlí – 31. desember**
Rekstrartekjur	385,8	184,4
Rekstrargjöld	311,7	153,5
Hagnaður	76,2	31,4
Vinningar	223,8	102,1

Íslensk getspá	**2001**	**2001, 1. júlí – 31. desember**
Rekstrartekjur	1.198,1	565,5
Rekstrargjöld	820,1	393,2
Hagnaður	385,7	173,8
Vinningar	479,1	226,1

Íslenskir söfnunarkassar	**2001**	**2000**
Rekstrartekjur	1.098,4	1.083,4
Rekstrargjöld	181,2	155,9
Hagnaður	923,5	932,4

Vinningar, sem nema um 90% af veltu, eru hvorki tekju- né gjaldfærðir.

Ráðuneytið hefur haft endurskoðun á lögum um happdrætti á dagskránni og hófst það verk með gerð skýrslu um stöðu happdrættismála sem lokið var við árið 1999. Síðan hefur verið unnið áfram að málinu, m.a. með það í huga að tryggja að tekjur af happdrættisrekstri fari áfram til þjóðþrifamála hér á landi en streymi ekki úr landi. Tilkoma internets og fjölbreytt framboð af happdrættum, sem eru rekin þar, hefur skapað alþjóðlegan happdrættismarkað og að nokkru leyti ógn við innlendan happdrættisrekstur. Ráðuneytið hefur haft náið samráð við yfirvöld happdrættismála annars staðar á Norðurlöndum og eru nú haldnir reglulegir fundir þessara aðila, en happdrættisreglur eru þar einnig til endurskoðunar. Unnið er að frumvarpi að lögum sem ætlað er að leysa lögin frá 1926 um happdrætti af hólmi.

1007. Svar [571. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um einkahlutafélög á sviði heilbrigðisþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hversu mörg einkahlutafélög eru starfrækt á sviði heilbrigðisþjónustu? Svarið óskast sundurliðað eftir heilbrigðisstéttum.

Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands var fjöldi einkahlutafélaga í heilbrigðisþjónustu 12. febrúar 2003 sem hér greinir:

Fjöldi einkahlutafélaga í heilbrigðisþjónustu (ÍSAT 85).*

Ísat	Heiti atvinnugreinar	Fjöldi
85113	Endurhæfing	1
85115	Áfengismeðferð	1
85121	Heilsugæsla	7
85122	Sérfræðiþjónusta lækna	194
85131	Tannlækningar	116
85132	Tannsmíðar	20
85141	Starfsemi sjúkraþjálfara	41
85142	Starfsemi sálfræðinga	7
85149	Önnur heilbrigðisþjónusta	26
85313	Dvalarheimili fyrir aldraða	2
	Samtals	**415**

*Staða í fyrirtækjaskrá 12. febrúar.

1008. Nefndarálit [509. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers við Reyðarfjörð, svo og starfræksla álversins, munu, auk hinna þjóðhagslegu áhrifa, hafa mikil áhrif á samfélags-, byggða- og atvinnuþróun á áhrifasvæði framkvæmdanna. Mest munu áhrifin væntanlega verða á Miðausturlandi. Þessum framkvæmdum er líka ætlað að hafa áhrif í þá veru að efla og styrkja byggð á Austurlandi og jafnvel víðar.

Til að glöggva sig á áhrifum álversframkvæmdanna sérstaklega og af starfrækslu álversins í framtíðinni hafa verið samdar nokkrar skýrslur sem hafa verið hluti af mati á umhverfisáhrifum, bæði um áhrif á umhverfi og hugsanleg samfélagsleg áhrif og síðan einnig um efnahagsleg áhrif, bæði til skemmri og lengri tíma. Í ljósi niðurstaðna þeirra styður Samfylkingin þessar framkvæmdir. Það er þó ljóst að ýmsum hliðarráðstöfunum þarf að beita til að ávinningur verði sem mestur af framkvæmdinni. Einnig telja fulltrúar Samfylkingarinnar mikil-

vægt að reynt verði að draga sem mesta lærdóma af framkvæmdinni og því sem henni fylgir, bæði í efnahagslegu og samfélagslegu tilliti. Víkjum fyrst að hinum samfélagslegu áhrifum:

Um það hefur ríkt nokkuð almenn samstaða á Íslandi að byggja þurfi landið til að nýta sem best gögn þess og gæði. Byggðarannsóknir og byggðaáætlanir eiga sér þó ekki langa sögu hér. Stjórnvöld á hverjum tíma hafa verið gagnrýnd fyrir andvaraleysi og aðgerðaleysi í byggðamálum og sýnst sitt hverjum. Það er þó öllum ljóst að gangi þær framkvæmdir eftir sem nú eru fyrirhugaðar á Austurlandi munu þær hafa mikil samfélagsleg áhrif á helsta áhrifasvæði framkvæmdanna og á byggða- og atvinnuþróun langt út fyrir það. Nú gefst einstætt tækifæri til að rannsaka og meta þessi áhrif og nýta niðurstöður þeirra rannsókna til inngripa ef stjórnvöld meta slíkt nauðsynlegt. Það væri til vansa að ráðast í svo gríðarlegar framkvæmdir sem hér um ræðir án þess að kanna afdrif mannfólksins, rétt eins og náttúrunnar, en fylgst verður náið með henni á tilteknum svæðum svo að unnt verði að bregðast við ef þurfa þykir. Auk þess sem rannsókn af þessu tagi gæti leitt til skynsamlegra mótvægisaðgerða gefst hér einstakt tækifæri til byggðarannsókna, til þess m.a. að átta sig á hvaða kraftar kunna að vera að verki þegar fólk tekur ákvörðun um búsetu og fjárfestingu og til hvaða aðgerða stjórnvöld geta gripið vilji þau hafa bein áhrif á byggðaþróun. Rannsóknarniðurstöður gætu því nýst fleirum en Íslendingum ef vel væri að verki staðið.

Afar mikilvægt er að safna upplýsingunum jafnóðum og framkvæmdir eru í gangi því að í mörgum tilfellum er ógerlegt eða til muna erfiðara að nálgast þær eftir á. Þá tryggir eftirlit sem þetta betri möguleika á viðbrögðum ef eitthvað virðist ætla að ganga í aðra átt en vænst var eða æskilegt þykir. Fulltrúar Samfylkingarinnar vísa í þessu sambandi til þingsályktunartillögu um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi, 511. mál.

Varðandi hin efnahagslegu áhrif vísast til minnihlutaálits fulltrúa Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd, sbr. fylgiskjal I, en meginniðurstöður þess eru að áhrif álvers í Reyðarfirði í tengslum við virkjun við Kárahnjúka muni til lengri tíma styrkja hagkerfið. Reynslan sýnir að til lengri tíma eru alla jafna sterk jákvæð fylgni milli útflutningstekna og þjóðartekna. Aukinn útflutningur álafurða mun því efla þjóðartekjur.

Þá er jafnframt bent á að til skamms tíma geti verkefnið haft neikvæð áhrif á efnahagslífið sem birtist í hærra raungengi og hærri vöxtum en ella. Gríðarlegt gjaldeyrisinnstreymi mun verða á framkvæmdatímanum sem mun að óbreyttu auka spennu á vinnumarkaði og stuðla að hærra gengi krónunnar. Hin aukna spenna mun einnig setja þrýsting á verðbólgu. Þessi áhrif framkalla svokölluð ruðningsáhrif, þ.e. starfsemi sem ræður ekki við ýkt skammtímaáhrif framkvæmdanna eða er ekki eins framleiðin og stóriðjan lætur undan síga af völdum hás gengis og/eða hárra vaxta. Það mun því reyna mjög á hagstjórnina. Fullrúar Samfylkingarinnar leggja höfuðáherslu á að sem best samvinna takist við stjórn peninga- og ríkisfjármála svo að sem mestur ávinningur verði af framkvæmdunum fyrir þjóðarbúið allt.

Varðandi langtímaáhrifin hefur Seðlabankinn bent á að í fyrra var álútflutningur um 19% af heildarvöruútflutningi okkar en til samanburðar var útflutningur sjávarafurða um 62% af heildarvöruútflutningi. Á árinu 2008 má hins vegar ætla að hlutfall áls í vöruútflutningi verði komið upp í 30% en vægi sjávarafurða komið niður fyrir helming. Að sama skapi mun útflutningur áls af vergri landsframleiðslu vaxa úr 5% í 10% á sama tíma.

Fulltrúar Samfylkingarinnar telja óeðlilegt og óæskilegt að þegar erlend fyrirtæki svo sem stóriðjufyrirtækin hafa verið sett niður á Íslandi skuli samið við hvert þeirra fyrir sig um afslætti frá þeim reglum, þ.m.t. skattareglum, sem íslenskum fyrirtækjum er ætlað að búa við. Það er fullkomlega óeðlilegt að fyrirtæki sem starfa á sama sviði og að sams konar starfsemi skuli búa hvert við sitt skattaumhverfið, allt eftir því hvernig aðstæður voru þegar samið var.

Eðlilegra væri að öll fyrirtæki sem t.d. starfa á vettvangi stóriðju byggju við sams konar skattareglur og auðvitað hlýtur markmiðið að vera það að öllum fyrirtækjum í landinu sé boðið upp á ásættanlegt skattaumhverfi þannig að ekki þurfi að semja sérstaklega um frávik þegar laða á erlenda atvinnustarfsemi inn í landið.

Samfylkingin telur að frávikin sem gerð hafa verið fyrir erlend fyrirtæki sem hefja starfsemi hér á landi sýni hvers fyrirtækin þurfi við og ætti þá að verða til þess að stjórnvöld litu til slíkra breytinga fyrir öll fyrirtæki sem starfa á Íslandi. Þar vill Samfylkingin sérstaklega benda á lækkun og afnám stimpilgjalda og bendir á frumvarp Margrétar Frímannsdóttur, varaformanns Samfylkingarinnar, þar að lútandi en það hefur hún ítrekað flutt ásamt þingmönnum úr þingflokki Samfylkingarinnar.

Þá bendir Samfylkingin á mikilvægi þess að ef talið er að styrkja þurfi fyrirtæki eða beita sérstökum aðgerðum til að ná erlendri fjárfestingu inn í landið eigi að gilda um það almennar, gegnsæjar reglur sem byggist á jafnræði þar sem hið sama gildi fyrir alla sem eins er ástatt um. Í því sambandi benda fulltrúar Samfylkingarinnar á margflutta tillögu sína um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs þar sem hvatt er til þess að skoðaðir verði möguleikar þess að stofna sjóð sem veitt geti stofnstyrki ef talin er nauðsyn á stuðningi við fyrirtæki til að hafa áhrif á þróun atvinnulífsins eða til að ná tiltekinni starfsemi inn í landið. Evrópusambandið er með öfluga uppbyggingarsjóði sem það notar til að ná markmiðum sínum í byggðamálum og til að endurskipuleggja atvinnulífið. Norðmenn hafa einnig, á þeim grundvelli að þeir ákváðu að hafna aðild að ESB, byggt upp öflugan sjóð, SND, sem veitir stofnstyrki við uppbyggingu atvinnulífsins. Fyrirmynd hans er evrópski byggðaþróunarsjóðurinn. Mikilvægt er að gegnsæjar reglur gildi og að fagleg vinnubrögð verði viðhöfð til að þessi aðferð virki með tilætluðum hætti.

Vegna þess hvernig staðið hefur verið að þessum málum hér eru dæmi um að fyrirtæki sem von var um að stofnsett yrðu hérlendis hafi endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að sætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi en höfum ekki tekið upp sjálf. Við sitjum hins vegar uppi með mismunandi reglur fyrir stóriðjufyrirtækin í landinu, sbr. það sem fram kemur hér að framan og í fylgiskjölum, handahófskenndan stuðning við atvinnulífið og sífelldar ásakanir um spillingu við meðferð opinbers fjár ef það er nýtt til að stuðla að atvinnuuppbyggingu.

Þá leggja fulltrúar Samfylkingarinnar áherslu á alvöru þess að íslensk stjórnvöld skuli gera samninga og síðan lögfesta ákvæði, sbr. 6. gr. frumvarpsins, sem sníða því stakk með hvaða hætti unnt verður að beita hagrænum stjórntækjum varðandi útblástur og mengun. Vísast þar einnig til þess sem fram kemur í áliti fulltrúa Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd um það efni.

Þá vísa fulltrúar Samfylkingarinnar til umsagnar 1. minni hluta umhverfisnefndar þar sem það liggur fyrir að meðferð málsins hafi verið í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sbr. fylgiskjal II.

Ljóst er að frumvarpið byggist á samningum sem gerðir hafa verið við Alcoa um starfsumhverfi væntanlegs álvers og því er ekki mikið svigrúm til breytinga. Hér hafa eigi að síður verið sett fram þau atriði sem fulltrúum Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd hefur þótt ástæða til að nefna til sögu, ýmist vegna mikilvægis eða vegna þess að um er að ræða atriði þar sem breyta þyrfti verklagsreglum eða umgjörð. Viðbrögð þingmanna Samfylkingarinnar við ein

stökum greinum frumvarpsins munu einnig kom fram við atkvæðagreiðslu um málið. Sú heildarniðurstaða liggur þó fyrir að það er stuðningur við að málið verði samþykkt.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar ásamt fskj. 1, umsögn umhverfisráðuneytis (11. febrúar 2003) og fskj. 2, ISAL: Samanburður á skattaumhverfi (6. febrúar 2003). Sjá samhljóða fylgiskjal í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar, þskj. 985, bls. 4277–4285.

II. Umsögn 1. minni hluta umhverfisnefndar.

1009. Skýrsla [625. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2002.

I. Inngangur.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi hinn 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna landanna og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Vestnorræna ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis-, auðlinda- og samgöngumál, aukið menningarsamstarf og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir og getur auk þess skipað vinnunefndir um tiltekin mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

II. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í upphafi árs 2002 skipuðu Íslandsdeildina eftirtaldir þingmenn: Einar Oddur Kristjánsson formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason varaformaður, þingflokki Fram-

sóknarflokks, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Svanfríður Jónasdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Einar K. Guðfinnsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson, þingflokki Framsóknarflokks, Guðjón A. Kristjánsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Hinn 1. október 2002 voru þingmennirnir endurkjörnir til setu í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins. Á fyrsta fundi Íslandsdeildar hinn 4. október var Einar Oddur Kristjánsson endurkjörinn formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir gegndi starfi ritara Íslandsdeildar.

III. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fimm fundi á árinu. Í lok árs 2001 var athygli Íslandsdeildar vakin á bágbornu ástandi bæjar Eiríks rauða og Þjóðhildarkirkju í Brattahlíð á Grænlandi, en Vestnorræna ráðið hafði á sínum tíma frumkvæði að því að byggingarnar voru reistar og gefnar Grænlendingum. Formaður Íslandsdeildar kallaði í byrjun árs 2002 nokkra sérfræðinga á sinn fund til að fara yfir stöðu mála og gera tillögur að úrbótum. Íslandsdeild vakti athygli stjórnvalda á málinu og benti á álit sérfræðinga í málinu. Málið er nú í farsælum farvegi og byggingarnar í mun betra ástandi en upphaflega var talið.

Íslandsdeild fjallaði einnig um nauðsyn þess að betrumbæta reglurnar um barnabókaverðlaun ráðsins, gera þær skýrari og markvissari, og útbjó tillögur þar að lútandi. Bent var á nauðsyn þess að dómnefndarmenn fengju borgað fyrir störf sín en upphaflega hafði ekki verið gert ráð fyrir slíku, lagt var til að dómnefnd lyki störfum fyrr og að úrslit samkeppninnar lægju fyrir a.m.k. mánuði fyrir ársfund. Einnig var borin upp sú tillaga að tilkynna ætti um úrslit þónokkru áður en verðlaunaafhending fer fram, líkt og gert er með bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild lagði áherslu á undirbúning heima fyrir fyrir þemaráðstefnu ráðsins um samgöngumál sem haldin var í Þórshöfn um miðjan júní sl. Efnt var til sérstaks fundar með fulltrúum samgönguráðuneytis, Ferðamálaráðs, Flugleiða og Flugfélags Íslands til að vinna að tillögum til úrbóta sem hægt væri að kynna á þemaráðstefnunni. Líflegar umræður sköpuðust um stöðu samgangna á Vestur-Norðurlöndum, helstu sóknarfæri og hindranir og Íslandsdeild ítrekaði mikilvægi þess að allir aðilar kæmu með tillögur til úrbóta.

Íslandsdeild fagnaði formlegri undirskrift vestnorrænu samstarfsráðherranna undir sérstaka samstarfsyfirlýsingu í Reykjavík í apríl sl. Eins og Íslandsdeild gerði grein fyrir í skýrslu ársins 2001 hefur það verið sérstakt metnaðarmál deildarinnar að kannað yrði hvernig staðið hefur verið að framkvæmd ályktana ráðsins frá fyrri árum. Með samstarfsyfirlýsingunni skuldbundu samstarfsráðherrar sig til að gefa árlega skýrslu um stöðu ályktana ráðsins. Íslandsdeild hefur á fundum sínum einnig fjallað nokkuð um fjárhag ráðsins og er skemmst frá því að segja að það var mat Íslandsdeildar að of miklu fjármagni ráðsins væri eytt í utanlandsferðir á alþjóðlega fundi á kostnað innra samstarfs vestnorrænu landanna. Íslandsdeild útbjó því tillögur um meiri sparnað innan ráðsins og áherslubreytingar í fjárhagsáætlunum, sem samþykktar voru á ársfundi.

IV. Barnabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins.

Afhending Barna- og unglingabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins fór fram í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn hinn 17. ágúst á Stykkishólmi í tengslum við ársfund ráðsins. Verðlaunin hlaut Andri Snær Magnason fyrir bók sína *Sagan af bláa hnettinum.* Markmiðið með verð-

launum er að styðja við bókmenntahefð Vestur-Norðurlanda og hvetja barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu. Þær bækur sem hljóta tilnefningu eru á vegum menntamálaráðuneyta landanna þýddar á vestnorrænu málin og skandinavísku og gert er ráð fyrir því að bækurnar komi að gagni í fræðslustarfi landanna. Verðlaunin eru að upphæð 60.000 danskar krónur og verða veitt annað hvert ár.

V. Vestnorræna veiðimenningarsýningin.

Í Norræna húsinu í Þórshöfn 15. júní sl. opnaði Hjálmar Árnason sem formaður Vestnorræna ráðsins sérstaka farandsýningu um veiðimenningu vestnorrænu landanna. Þingmenn Vestnorræna ráðsins áttu frumkvæði að sýningunni þegar ákveðið var að þemaráðstefna ársins 2001 skyldi fjalla um vestnorræna veiðimenningu fyrr og nú. Sýningin var unnin af samtökum norrænu húsanna en forstöðumenn þeirra höfðu náið samráð við Vestnorræna ráðið á meðan á undirbúningi sýningarinnar stóð. Hlaut veiðimenningarsýningin myndarlega fjárstyrki frá vestnorrænu þjóðþingunum þremur og Norræna menningarsjóðnum.

Sýningin þótti afar glæsileg og bera einstæðri veiðimannahefð landanna þriggja vitni. Frá opnun sýningarinnar í Þórshöfn hefur hún verið sett upp á Hjaltlandseyjum, í Dyflinni og í Reykjavík og nú síðast á Akureyri. Áformað er að sýningin verði enn fremur sett upp í Stokkhólmi, Nuuk, Nýfundnalandi og Kaupmannahöfn og ef til vill fleiri stöðum.

VI. Þemaráðstefna um samgöngur.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um samgöngur var haldin í Þórshöfn í Færeyjum dagana 13.–14. júní. Á ráðstefnunni var sjónum beint að mismunandi þáttum í samgöngumálum Vestur-Norðurlanda og leitað var leiða til bættra tengsla landanna á millum. Samhliða ráðstefnunni var vestnorræna veiðimenningarsýningin sem greint er frá að framan opnuð í Norræna húsinu í Þórshöfn. Fyrir hönd Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sátu ráðstefnuna Einar Oddur Kristjánsson formaður Íslandsdeildar, Hjálmar Árnason varaformaður, Kjartan Ólafsson, Svanfríður Jónasdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Gísli S. Einarsson, auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur ritara.

Hjálmar Árnason, formaður Vestnorræna ráðsins, setti ráðstefnuna og vakti athygli á hversu náið og mikið samstarf löndin þrjú eiga á ólíkum sviðum. Grundvallarforsenda þess að samstarf landanna styrktist enn frekar væri hins vegar sú að samgöngur landanna á millum væru tíðar, áreiðanlegar og ódýrar. Þegnar ríkjanna ættu að geta ferðast auðveldlega til sinna nánustu nágranna enda vegalengdirnar stuttar, auk þess sem sameiginleg ferðaþjónusta ríkjanna ætti að geta styrkt stöðu þeirra sem alþjóðlegs áfangastaðar. Vandamálið væri hins vegar að það er erfitt að byggja upp samgangnakerfi á jafndreifbýlu og stóru svæði. Um 400.000 manns byggju á vestnorræna svæðinu sem samsvarar næstum því meginlandi Evrópu að stærð.

Samgönguráðherra Færeyja, Bjarni Djurholm, og fulltrúar grænlenska og íslenska samgönguráðuneytisins ítrekuðu stuðning sinn við frekari úrbætur og sögðu yfirvöld tilbúin að hlúa að betra samstarfi landanna þriggja á þessu sviði. Mikla vinnu þyrfti hins vegar að leggja í þennan málaflokk og þar þyrftu margir aðilar, bæði frá hinu opinbera og úr einkageiranum, að koma til. Djurholm tók þó skýrt fram að færeyska landsstjórnin gæti aðeins komið að því að bæta almennar rekstraraðstæður með lagabreytingum o.s.frv. Niðurgreiðslur eða beinir fjárstyrkir til farþegaflugs kæmu ekki til greina. Djurholm sagðist viss um að samkeppni á milli flugfélaga sem fljúga til og frá Færeyjum hefði gagnast færeyskum flug-

farþegum, tíðni flugferða væri meiri en áður, farmiðaverð lægra og þjónusta betri. Jens K. Lyberth frá grænlenska samgönguráðuneytinu tók undir það að flugsamgöngur á vestnorræna svæðinu yrðu að bera sig rekstrarlega og að í framtíðinni mundi ráðuneytið íhuga mögu-leikann á að bjóða út flugrekstrarleyfi svo að fleiri en einn rekstraraðili gæti boðið í leyfin. Hann lýsti hins vegar efasemdum um að opin samkeppni mundi leysa nokkur vandamál.

Forstöðumenn flugfélaga á Vestur-Norðurlöndum, Magni Arge, Jón Karl Ólafsson og Hans Peter Hansen, lýstu bæði árangri og erfiðleikum við flugsamgöngur í svo dreifbýlum löndum. Í máli þeirra kom fram að mikið hefur áunnist í samgöngum milli Færeyja og Íslands og er þjónusta nú betri og meiri en nokkru sinni áður. Eftirspurn eftir flugi á milli Færeyja og Íslands hefur einnig aukist og fer vaxandi. Arge og Jón Karl sögðu þetta fyrst og fremst vera nánu og góðu samstarfi flugfélaganna að þakka, en slíkt væri ófrávíkjanlegur grundvöllur þess að tíðar flugsamgöngur gætu borið sig á Vestur-Norðurlöndum. Flugsam-göngur til Grænlands væru hins vegar mun erfiðari viðfangs í núverandi starfsumhverfi, og þar kæmi ýmislegt til, m.a. minna og stopulla samstarf og úrelt lagaumhverfi sem einkenndist af viðskiptalegum höftum. Þeir ítrekuðu að ákveðinna breytinga væri þörf í lagalegu og pólitísku umhverfi vestnorrænu landanna til að tryggja betri flugsamgöngur, og lýstu sig jafnframt tilbúna til að vinna að tillögum til úrbóta. Jón Karl hvatti til þess að yfirvöld tryggðu fullt frelsi í flugsamgöngum á Vestur-Norðurlöndum, það mundi gera allan rekstur léttari og vera hvatning til aukinna flugsamgangna á svæðinu.

Í máli Jóns Karls og Magni Arge kom fram að greinarmun yrði að gera á óskum um eftir-spurn og raunverulegum rekstrargrundvelli fyrir flugsamgöngur á milli Vestur-Norðurlanda. Oft væri það þannig að stjórnmálamenn og aðrir aðilar þrýstu mjög á opnun samgönguleiða sem síðan reyndist ekki næg eftirspurn eftir á meðal farþega. Ýmislegt væri þó hægt að gera til að skapa eftirspurn og miðaverð væri mikilvægt í því sambandi. Stjórnvöldum væri í lófa lagið að treysta flug á erfiðum flugleiðum á vestnorræna svæðinu án beinna styrkja eða niðurgreiðslna. Það væri til dæmis hægt með lægri flugvallarsköttum og lendingargjöldum sem strax mundi skila sér í lægra farmiðaverði.

Í lok ráðstefnunnar var svo komið að skipasamgöngum, en sem kunnugt er hefur farþega-skipið Norræna í mörg ár verið mikilvægur tengiliður Færeyja og Íslands. Thomas Arabo, einn stofnenda Norrænu og stjórnarformaður í Smyrli, lýsti sögu og uppgangi skipasam-gangna landanna á milli. Hann sagði einkar ánægjulegt að á næsta ári kæmist í gagnið langtum stærri og betri Norræna, sem mundi þjóna þegnum Vestur-Norðurlanda enn betur en hingað til. Fyrirspurn kom um hvort ekki væri hægt að nýta Norrænu í að sigla lengra til vesturs og ná þannig til ferðamanna í Kanada og Bandaríkjunum. Arabo sagði slíkt ekki vera á döfinni en hugmyndin væri verð umhugsunar. Í lok ráðstefnunnar var borið lof á góð og efnismikil erindi, og var því sérstaklega fagnað að forstöðumenn flugfélaganna buðust til að vinna að frekari tillögum á næstu vikum. Forstöðumaður NORA sagði sjóðinn vera tilbúinn til að leggja sitt af mörkum fjárhagslega við slík verkefni, enda væri fátt mikilvægara fyrir Vestur-Norðurlönd heldur en kröftugri samgöngur við umheiminn.

VII. Ársfundur Vestnorræna ráðsins.

Ársfundur Vestnorræna ráðsins fór fram í Stykkishólmi dagana 17.–18. ágúst 2002. Fund-inn sátu fyrir hönd Íslandsdeildar þau Einar Oddur Kristjánsson formaður, Hjálmar Árnason varaformaður, Guðmundur Hallvarðsson, Svanfríður Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson, Gísli S. Einarsson og Gunnar Birgisson, auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, ritara Íslandsdeildar, og Stígs Stefánssonar alþjóðaritara.

Í upphafi var haldinn fundur í forsætisnefnd sem Hjálmar Árnason, fráfarandi formaður Vestnorræna ráðsins, sótti ásamt ritara. Auk þess að ganga frá atriðum eins og endanlegri fundardagskrá, fundarsköpum og þátttökulista ársfundar var rætt um fjárhagsáætlun ráðsins fyrir árið 2003 sem og aðrar tillögur sem lágu fyrir ársfundinum. Í umræðu um fjárhagsáætlun lagði Hjálmar Árnason áherslu á þá skoðun Íslandsdeildar að ná mætti fram sparnaði í rekstri ráðsins, og þá sérstaklega á ferðakostnaði til að sækja ráðstefnur og fundi utan vestnorræna svæðisins. Samþykkti forsætisnefnd að draga úr slíkum ferðum og lækka tillögu að fjárhagsáætlun um 80.000 danskar krónur.

Í umræðu forsætisnefndar um tillögur sem lágu fyrir ársfundinum lagði Hjálmar fram fjórar tillögur fyrir hönd Íslandsdeildar. Sú fyrsta var tillaga að innri ákvörðun ráðsins um að forsætisnefnd yrði falið að gera úttekt á starfsemi ráðsins og skila skýrslu á næsta ársfundi sem fram færi í Færeyjum 14.–16. ágúst 2003. Í greinargerð með tillögunni kom fram að ýmsu væri ábótavant í starfsreglum og starfsháttum ráðsins og því væri þörf á því að taka reglurnar til endurskoðunar. Enn fremur væri rík nauðsyn á að meta að hversu miklu leyti bæri að leggja áherslu á tímafrekt og dýrt alþjóðastarf á kostnað kjarnastarfsemi ráðsins, þ.e. samstarfs innan vestnorræna svæðisins. Önnur tillaga að innri ákvörðun var sú að hver landsdeild Vestnorræna ráðsins skyldi árlega halda fund með viðkomandi þingforseta og veita þar upplýsingar um starfsemi ráðsins og tilmæli síðasta ársfundar. Þriðja tillagan að innri ákvörðun fól í sér að forsætisnefnd skyldi kanna hvort grundvöllur væri fyrir tilmælum varðandi skipulag sjóða á vestnorræna sviðinu með það fyrir augum hvort hagræðing næðist fram við sameiningu þeirra og hvernig mætti kynna þá betur. Fjórða tillaga Íslandsdeildar voru tilmæli til NORA um að láta gera hagkvæmnisathugun á mögulegum ferjusiglingum á milli Norður-Ameríku og vestnorrænu landanna. Fimmta tillagan var beiðni til NORA um að kanna möguleika á að koma á vestnorrænni tónlistarhátíð og stofna miðstöð fyrir útflutning á vestnorrænni tónlist þar sem Íslendingar gætu miðlað reynslu sinni til Færeyinga og Grænlendinga. Ekki komu fram neinar tillögur frá landsdeildum Færeyja og Grænlands og samþykkti forsætisnefnd að gera allar tillögur Íslandsdeildar að sínum og leggja fyrir ársfundinn.

Ársfundur Vestnorræna ráðsins hófst á því að Hjálmar Árnason, fráfarandi formaður ráðsins, flutti skýrslu sína um starfsemi ársins. Fagnaði hann sérstaklega opnun vestnorrænnar veiðimenningarsýningar sem Norrænu húsin skipulögðu og settu upp að frumkvæði Vestnorræna ráðsins. Enn fremur lýsti Hjálmar ánægju sinni með þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um samgöngumál sem haldin var í Þórshöfn í Færeyjum 13.–14. júlí. Þá ræddi Hjálmar tengsl Vestnorræna ráðsins við Norðurlandaráð og nefndi að á sameiginlegum fundi forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs í Reykjavík í apríl hefði Norðurlandaráði verið boðin þátttaka í þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um heilbrigðismál sem fram færi á Grænlandi árið 2003. Í apríl var einnig undirrituð samstarfsyfirlýsing samstarfsráðherra Vestur-Norðurlanda og Vestnorræna ráðsins sem meðal annars fól í sér að samstarfsráðherrarnir legðu árlega fram skýrslu um framkvæmd tilmæla ráðsins. Hjálmar kynnti lauslega tillögurnar sem lágu fyrir ársfundinum og lagði áherslu á að ráðið yrði að reyna að bæta skilyrði fyrir grasrótarsamstarfi á milli landanna, til að mynda íþrótta- og menningarsamstarfi og vinabæjatengslum. Í því sambandi yrði að kanna hvort ekki ætti að beina meira af takmörkuðum fjárráðum Vestnorræna ráðsins í innra samstarf á vestnorræna svæðinu í stað alþjóðastarfs sem hefur aukist mikið í starfi ráðsins.

Formenn landsdeildanna fluttu því næst skýrslur sínar og greindi Einar Oddur Kristjánsson frá starfi Íslandsdeildar. Einar Oddur gerði tillöguna um úttekt á starfsemi Vestnorræna ráðsins að sérstöku umræðuefni og sagði það geta styrkt ráðið til muna að endurskoða

starfsreglur og starfshætti þess. Aukin forgangsröðun og skilgreining á markmiðum ráðsins mundi enn fremur gera starf þess markvissara enda hefði ráðið úr takmörkuðum fjárráðum að spila.

Í kjöri til forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins var Færeyingurinn Jógvan á Lakjuni kosinn formaður, Daniel Skifte frá Grænlandi varaformaður og Hjálmar Árnason annar varaformaður. Í ræðu nýs formanns kom m.a. fram að Vestnorræna ráðið mun sérstaklega láta heilbrigðismálin til sín taka á nýju starfsári og að í þeim málaflokki yrði samstarfs m.a. leitað við þingmannanefnd um norðurskautsmál og Norðurlandaráð. Þá yrði dreginn lærdómur af framkvæmd og veitingu fyrstu barna- og unglingabókaverðlauna ráðsins og þau styrkt í sessi og átak yrði gert í upplýsingamálum ráðsins. Sagði hann jafnframt að í alþjóðastarfi bæri að vinna með þeim alþjóðasamtökum og stofnunum á norðurslóðum þar sem hagsmunir fara saman við hagsmuni Vestnorræna ráðsins. Í lok fundarins hélt dr. Grétar Þór Eyþórsson, framkvæmdastjóri Byggðarannsóknastofnunar Íslands, Háskólanum á Akureyri, erindi um byggðaþróun á Vestur-Norðurlöndum. Miklar umræður spunnust um byggðamál að erindinu loknu og svaraði Grétar Þór fyrirspurnum fundarmanna.

Allar tillögur ársfundarins sem getið var um hér að framan voru samþykktar samhljóða á ársfundinum. Ákveðið var að þema starfsársins 2004 yrði orka og mun þá haldin þemaráðstefna um orkumál á Íslandi.

VIII. Fundir forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í tengslum við Norðurlandaráðsþing.

Auk þess að halda fundi í tengslum við þemaráðstefnu og ársfund Vestnorræna ráðsins hélt forsætisnefnd fund hinn 29. október í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Helsinki. Forsætisnefnd hélt einnig fundi með vestnorrænu samstarfsráðherrunum og forstöðumönnum Norrænu húsanna 29. og 30. október.

Á fundi forsætisnefndar var m.a. rætt um fyrirhugaða þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um heilbrigðismál og kom fram að hún verður haldin í Ilulissat um miðjan júní 2003. Hjálmar Árnason lagði til að fundinn yrði einn tengiliður í heilbrigðisráðuneyti hvers lands til að tryggja að faglegt innihald ráðstefnunnar yrði í takt við þær þarfir sem eru í löndunum. Á fundinum voru fjarlækningar, starfsmannamál, almennt samstarf og menntun heilbrigðisstétta nefnd sem hugsanleg umfjöllunarefni á ráðstefnunni og ákveðið var að ráðstefnan myndi fjalla um fá og vel afmörkuð málefni. Þá var á fundinum rætt um Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin og mælti forsætisnefnd með breytingum á reglum verðlaunanna og að sérstakt merki yrði hannað fyrir þau. Enn fremur var rætt um úttektina á starfsemi ráðsins samkvæmt samþykkt ársfundar og var ákveðið að hver landsdeild mundi skila inn athugasemdum til forsætisnefndar. Þá tilkynntu Færeyingar að ársfundurinn 2003 færi fram á Eiði í ágúst.

Á fundi forsætisnefndar með samstarfsráðherrunum Siv Friðleifsdóttur og Høgni Hoydal lögðu ráðherrarnir m.a. til að ársfundir Vestnorræna ráðsins tækju skýrslu ráðherranna um eftirfylgni tilmæla til umræðu. Siv greindi frá því að Norræna ráðherranefndin hefði komið á fót embættisnefnd til að gera úttekt á Vestur-Norðurlöndum innan norræna samstarfsins. Þá greindi forsætisnefnd ráðherrunum frá starfsemi og áherslum Vestnorræna ráðsins. Ráðherrarnir báðu ráðið að gæta að hvernig starfsemi ráðsins færi saman við starfsemi annarra stofnana til þess að forðast tvíverknað.

Helsta umræðuefnið á fundi forsætisnefndar og forstöðumanna Norrænu húsanna var vestnorræna veiðimenningarsýningin. Fram kom að áhugi á sýningunni væri mikill og að verið væri að kanna hvort senda mætti hana víðar en áætlað var í fyrstu. Sýningin gæti aukið

þekkingu og skilning á vestnorrænum aðstæðum utan svæðisins og töldu forstöðumennirnir mikilvægt að nýta þann möguleika. Forsætisnefnd benti forstöðumönnunum á að sækja um styrki til sjávarútvegsfyrirtækja og að ef til vill gæti NORA hjálpað til við markaðssetningu sýningarinnar.

IX. Yfirlit yfir ákvarðanir sem Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi sínum í Stykkishólmi 17.–18. ágúst 2002.

Innri ákvarðanir ráðsins:

- Að forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins geri úttekt á starfsemi ráðsins sem m.a. feli í sér endurmat á starfsreglum, efnahagsreglum og alþjóðastarfi.
- Að landsdeildir Vestnorræna ráðsins haldi árlega fundi með þingforsetum sínum um starfsemi ráðsins og ályktanir síðasta ársfundar.
- Að forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins kanni hvort grundvöllur sé fyrir því að ráðið sendi frá sér ályktun varðandi skipulag vestnorrænna sjóða með það fyrir augum hvort mögulegt sé að sameina sjóðina og/eða gera upplýsingar um þá aðgengilegri og gegnsærri.

Tilmæli ráðsins til NORA:

- Að hvetja NORA til þess að kanna hvort grundvöllur sé fyrir ferjusiglingum milli Bandaríkjanna/Kanada og Grænlands/Íslands/Færeyja.
- Að hvetja NORA til þess að kanna möguleika á því að koma á fót vestnorrænni tónlistarhátíð og grundvöll þess að koma á vestnorrænni tónlistarmiðstöð, „hit fabrik“, í Reykjavík.

Alþingi, 19. febr. 2003.

Einar Oddur Kristjánsson, form.	Hjálmar Árnason, varaform.	Guðmundur Hallvarðsson.
Gísli S. Einarsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Kjartan Ólafsson.

1010. Skýrsla [626. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2002.

Inngangur.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE), eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Undanfarin ár og missiri hefur framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu, friðargæsluverkefni í Kosovo-héraði, uppbyggingarverkefni í Serbíu og Svartfjallalandi og verkefni í Mið-Asíulýðveldunum verið langveigamestu verkefni ÖSE, en á þessum stöðum hefur stofnuninni verið falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum, byggja upp réttarkerfi og frjálsa fjölmiðla og aðstoða við

gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Þá hefur ÖSE tekið virkan þátt í framkvæmd stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu sem tók gildi 10. júní 1999 og ÖSE á aðild að, einkum þeim hluta framkvæmdar sáttmálans er snýr að mannréttindum og lýðræðisþróun en jafnframt í öryggismálahlutanum. Umsvif ÖSE í Kosovo- héraði eru afar fyrirferðarmikil í starfi stofnunarinnar en hlutverk ÖSE þar hefur aðallega miðast að lýðræðisþróun, góðri stjórnsýslu, framkvæmd kosninga og kosningaeftirliti, og stuðningi við frjálsa fjölmiðla. Af öðrum verkefnum bar kosningaeftirlit að venju hæst í starfi ÖSE-þingsins á árinu.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu hefur beitt sér af fullum þunga í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september 2001. Á níunda ráðherrafundi ÖSE sem efnt var til í Búkarest í desember 2001 samþykkti ráðherraráðið víðfeðma áætlun um baráttu gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi sem nefnd er Búkarest-áætlunin. Í Búkarest-áætluninni er hryðjuverkastarfsemi skilgreind sem ógn við alþjóðlegan frið og öryggi, jafnt á ÖSE-svæðinu sem annars staðar í veröldinni. Er því lýst yfir að ÖSE sé reiðubúið að leggja sitt af mörkum í hinni alþjóðlegu baráttu, í náinni samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir. ÖSE hefur starfað ötullega að þessum málum á síðasta starfsári og hefur ÖSE-þingið lagt sín lóð á þær vogarskálar í störfum sínu. Þema ársfundarins sem haldinn var í Berlín í júlí var hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi og hlutverk ÖSE. Þessi mál voru rædd í öllum málefnanefndum þingsins og ályktað um þau í lokayfirlýsingu ársfundarins, Berlínar-yfirlýsingunni. Þá hefur hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum borið hátt í öðrum störfum þingsins.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir árið 2002: Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformaður, og Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ísólfur Gylfi Pálmason, þingflokki Framsóknarflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Starfsemi á árinu 2002.

a. Fundur stjórnarnefndar og málefnanefnda í Vínarborg.

Dagana 21.–22. febrúar funduðu málefnanefndir ÖSE-þingsins og stjórnarnefnd þess í Vínarborg. Var það í fyrsta sinn sem fundir voru haldnir í öllum nefndum þingsins í Vínarborg en árið 2001 var ákveðið af stjórnarnefndinni að auka umfang hinna árlegu funda sem haldnir höfðu verið í febrúarmánuði og gefa öllum fulltrúum ÖSE-þingsins sem sæti ættu í málefnanefndum þingsins færi á að auka samskiptin við embættismenn ÖSE. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar Magnús Stefánsson formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður og Guðjón Guðmundsson, auk Andra Lútherssonar ritara.

Fund stjórnarnefndarinnar, sem haldinn var 21. febrúar, ávörpuðu þeir Heinz Fischler, forseti austurríska þingsins, og Adrian Severin, forseti ÖSE-þingsins, sem sagði fundarmönnum frá störfum ÖSE-þingsins frá síðasta ársfundi þess í París. Sagði hann að eftir aukastjórnarnefndarfund í Portúgal á haustmánuðum 2001 hafi hann haldið í opinberar heimsóknir til Georgíu, Aserbaídsjan, Armeníu, Tadsjikistan, Úsbekistan, Túrkmenistan, Makedóníu, Búlgaríu og Noregs. Þá ræddi hann um fyrirhugaða ráðstefnu um baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi sem fara ætti fram í Pétursborg í mars og sagði mikilvægt að aðildarríki ÖSE sendu fulltrúa sína á ráðstefnuna. Eftir erindi Severins sagði gjaldkeri þingsins, Banda-

ríkjamaðurinn Jerry Grafstein, fulltrúum frá fjárhagsstöðu skrifstofu ÖSE-þingsins sem væri í afar góðu lagi. Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, sagði fundarmönnum frá undirbúningi ársfundarins sem færi mundi fram í Berlín í júlí og enn fremur undirbúningsferli að opnun tengslaskrifstofu ÖSE-þingsins í Vínarborg sem ætlað væri að efla tengsl þingsins og stofnunarinnar. Þá héldu þrír formenn undirnefnda ÖSE-þingsins framsögur. Bandaríkjamaðurinn Steny Hoyer, formaður sérlegrar nefndar um skilvirkni og gagnsæi, sagði fundarmönnum frá fundum nefndarinnar með embættismönnum í Búkarest og Washington og fyrirhuguðum fundi í Salzburg. Meginverkefni nefndarinnar er að auka vægi ályktana ÖSE-þingsins hjá ráðherraráðinu og að auka gagnsæi ákvörðunartöku þess. Sagði hann að nefndin hefði skilað frá sér vinnuskýrslu sem dreift hefði verið til landsdeilda og innihéldi þau meginatriði sem leysa beri úr á komandi missirum. Vonaðist Hoyer til þess að opnun tengslaskrifstofu ÖSE-þingsins í Vínarborg á þessu eða næsta ári mundi skila góðum árangri. Þá sagði þýski þingmaðurinn Uta Zapf frá störfum sérlegrar nefndar í málefnum Hvíta-Rússlands en nefndin hafði haldið á fund hvít-rússneskra valdhafa í Minsk stuttu áður. Að lokum tilkynnti Bruce George, formaður bresku landsdeildarinnar, að Bretar hygðust halda ársfund ÖSE-þingsins árið 2004 og var það samþykkt. Stjórnarnefndin samþykkti þrjár breytingar á þingsköpum ÖSE-þingsins. Breytingarnar tóku til framlagnar viðbótarbreytingartillagna og vinnulags við framlögn hefðbundinna breytingartillagna.

Eftir stjórnarnefndarfundinn var efnt til sameiginlegs fundar allra málefnanefndanna. Fundinn ávörpuðu þeir Adrian Severin, forseti ÖSE-þingsins, Thomas Klestil, forseti Austurríkis, og Jaime Gama, utanríkisráðherra Portúgals sem fór með formennsku í ráðherraráði ÖSE. Severin sagði í ávarpi sínu að meginhlutverk vetrarfundanna í Vínarborg væri að auka skoðanaskipti þingmanna við embættismenn ÖSE og spyrja þá um eftirfylgni við ályktanir þingsins. Þá ræddi Severin um baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi og lagði áherslu á að sú barátta sem fram færi mætti ekki undir nokkrum kringumstæðum verða til þess að lýðréttindi yrðu skert. Sagði hann að hlutverk þingmanna á ÖSE-þinginu væri ekki aðeins að beita sér fyrir hertari löggjöf á þjóðþingum sínum til að stemma stigu við hryðjuverkum heldur einnig að efla tengslin við mismunandi menningar- og trúarhópa. Klestil ræddi einnig um baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi og komu fram svipaðar áherslur í máli hans. Þá sagði hann að í takt við aukið umfang starfsemi ÖSE væri nauðsynlegt að efla lagalega stöðu stofnunarinnar svo að hún stæði jafnfætis alþjóðastofnunum. Jaime Gama, utanríkisráðherra Portúgals, sagði í ávarpi sínu að Portúgal hefði ákveðið að setja baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi á oddinn í formennskutíð sinni og vísaði til Búkarest-áætlunar ráðherraráðsins og Bishkek-áætlunarinnar máli sínu til stuðnings. Þá upplýsti hann að Jan Trojborg, fyrrverandi varnarmálaráðherra Danmerkur, hefði verið skipaður sérlegur fulltrúi formanns ráðherraráðsins í baráttunni gegn hryðjuverkum. Gama ræddi um að eitt helsta hlutverk ÖSE á komandi tíð yrði að efla tengsl við mismunandi menningarsvæði sem væru í eða við jaðra álfunnar og að þingmannasamkundan gegndi afar mikilvægu hlutverki í því tilliti. Þá sagði Gama frá áhyggjum sínum vegna stöðu fjárlaga ÖSE, en síðustu vikur fyrir fundinn höfðu spurnir borist af því að Rússar kæmu í veg fyrir að fjárlögin væru afgreidd með því að hóta að beita neitunarvaldi. Ástæðan var sú að þeir töldu stofnunina beina sjónum sínum óþarflega mikið að verkefnum á hefðbundnu umráðasvæði Rússa. Taldi Gama að frekari tafir á afgreiðslunni kynnu að tefla starfsemi sendinefnda ÖSE víðs vegar um álfuna í tvísýnu. Þá áréttaði ráðherrann að málefni Balkanskaga yrðu áfram mikilvæg í starfsemi stofnunarinnar. Í umræðum sem á eftir fóru var m.a. rætt um fjárlög ÖSE þar sem fram kom að þingmenn töldu rétt að ÖSE-þingið yrði haft meira í ráðum við ákvörðun þeirra. Þá sögðu nokkrir þingmenn að ÖSE ætti að forðast að einskorða viðfangsefni sín um of við fyrrverandi ríki Sovétríkjanna.

Efnt var til funda í einstökum málefnanefndum þingsins seinni part dags þess 21. febrúar. Í fyrstu nefnd (um stjórnmál og öryggismál) var farið yfir undirbúning fyrir ársfundinn í Berlín í júlí og sagði formaður nefndarinnar, Ungverjinn András Bársony, stuttlega frá því hvernig skýrsluhöfundar hygðust fjalla um þema ársfundarins, hlutverk ÖSE í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Tveir gestir héldu erindi á fundinum, þeir Joao de Lima Pimentel, fastafulltrúi Portúgals við ÖSE, og Pavel Vacek, formaður Ráðstefnu um öryggissamvinnu (FSU). Pimentel sagði nefndarmönnum stuttlega frá helstu verkefnum ÖSE á komandi starfsári og ræddi einnig um stöðuna sem upp hefði komið hvað fjárlög stofnunarinnar varðaði. Þá ræddi hann um hvað stofnunin tækist á hendur hvað baráttuna gegn hryðjuverkum varðaði og nefndi í fyrsta lagi að afar mikilvægt væri að aðildarríki ÖSE færu eftir samþykktum ráðherraráðsins sem fram kæmu í Búkarest-yfirlýsingunni frá desember 2001. Í öðru lagi áréttaði sendiherrann mikilvægi þess að ÖSE ætti samstarf við aðrar alþjóðastofnanir, í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og nefndi fyrirhugaðan fund framkvæmdastjóra alþjóðastofnana sem störfuðu á þessum vettvangi máli sínu til stuðnings. Pavel Vacek, sem er fyrsti formaður Ráðstefnu um öryggissamvinnu (FSU), sagði í erindi sínu að tildrög ráðstefnunnar væru atburðirnir 11. september og áherslan á að samhæfa aðgerðir þjóða til að stemma stigu við hryðjuverkastarfsemi. Ræddi hann um vinnu stofnunarinnar í málefnum útbreiðslu smávopna og hvernig hún leitaðist við að efla löggjöf í aðildarríkjum ÖSE til að sporna við slíku. Sagði Vacek að stofnunin væri í raun einn framkvæmdaraðila Búkarest-yfirlýsingarinnar. Theo van den Doel, skýrsluhöfundur fyrstu nefndar, sagði fundarmönnum frá helstu áhersluatriðum sem fram kæmu í skýrslu nefndarinnar á ársfundinum í Berlín. Í umræðum sem á eftir fylgdu var nokkuð rætt um ákvörðunartökuferli ráðherraráðs ÖSE og hversu mikilvægt það væri að auka gagnsæi. Eins og staðan væri nú væri unnt að þæfa mál með síendurteknum hætti sem leiddi til þess að starfsemi stofnunarinnar væri nær lömuð og væri það ótækt með öllu.

Í annarri nefnd (um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál) beindist umræðan að mestu leyti, eins og í öðrum nefndum, að hryðjuverkum og baráttu alþjóðasamfélagsins gegn þeim. Oleg Bilorus, formaður nefndarinnar, sagði í inngangsorðum sínum að öryggismál, og þá einkanlega hryðjuverk, yrði að ræða með mun skipulegri hætti en hingað til hefði þekkst. Sagði hann að nokkuð vantaði upp á að menn ræddu um efnahagslegar og félagslegar rætur hryðjuverkastarfsemi og væri það eitt meginhlutverka ÖSE-þingsins að breyta þessu. Marc Baltes, aðstoðarframkvæmdastjóri stofnunar ÖSE sem fer með efnahags- og umhverfismál, hélt erindi á fundinum og ræddi þar efnahagslega vídd baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi. Rakti hann stofnun undirnefndar ráðherraráðsins um efnahags- og umhverfismál á leiðtogafundinum í Búkarest og fagnaði þeim áfanga sem mundi nýtast einkar vel við að byggja samstarfsgrundvöll milli aðildarríkja ÖSE. Þá ræddi hann um verkefni stofnunar sinnar í Mið-Asíulýðveldunum og á Balkanskaga. Því næst tók Gantcho Gantchev, yfirmaður miðstöðvar ÖSE í Tashkent í Úsbekistan, til máls. Ræddi hún um störf miðstöðvarinnar á sviði uppbyggingar efnahags og umhverfisverndar sem beindist einkum að styrkingu löggjafar landsins. Sagði hún að árangurinn af starfi miðstöðvarinnar sýndi glögglega fram á mikilvægi þess að ÖSE beini sjónum sínum í auknum mæli að Mið- Asíuríkjunum. Að síðustu hélt Barbara Haering, skýrsluhöfundur annarrar nefndar, erindi um efnistök í skýrslu nefndarinnar sem lögð yrði fyrir á ársfundinum í Berlín. Í umræðum sem á eftir fylgdu var sjónum beint að efnahagslegum sem umhverfislegum þáttum hryðjuverkastarfsemi og hvort ÖSE ætti að beita sér fyrir aðstoð við ríki sem féllu utan hefðbundins umráðasvæðis stofnunarinnar.

Þeir Gerard Stoudmann, yfirmaður mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE (ODIHR), og Freimut Duve, sérlegur fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla, ávörpuðu þriðju nefnd (um lýðræði og mannréttindamál). Í erindi sínu sagðist Stoudmann hafa af því nokkrar áhyggjur að sum aðildarríki ÖSE virtu að vettugi alþjóðlegar skuldbindingar sínar í kjölfar atburðanna 11. september. Sagði hann að menn yrðu að gera sér grein fyrir því að jafnvel þótt stjórnvöld beittu hörðum öryggisákvæðum í baráttu sinni gegn hryðjuverkastarfsemi þá yrði að tryggja grundvallarmannréttindi. Sagði hann að það væri útbreiddur misskilningur að öryggi annars vegar og mannréttindi hins vegar væru ekki af sama meiði og hvatti aðildarríki til þess að virða Genfarsáttmálana í hvívetna. Sagði hann að á þeim tíma sem liðið hefði frá hryðjuverkaárásunum hefðu fjórtán ríki beitt sér fyrir hertri löggjöf á sviði öryggismála. Þessi sömu fjórtán ríki hefðu sýnt bága frammistöðu hvað almenn mannréttindi varðaði og væri það mikið áhyggjuefni. Sagði hann að ef menn héldu áfram að horfa í gegnum fingur sér með slíkt mundi það skaða víðtækt net alþjóðalaga til lengri tíma litið. Freimut Duve tók undir orð Stoudmanns og sagði að þróun þessi ætti sér ekki aðeins stað í nýfrjálsum ríkjum heldur einnig í þeim sem eldri væru. Ef svo færi fram sem horfði mundi það óneitanlega lækka mannréttindastuðla ÖSE í heild sinni. Sagði hann að á sviði fjölmiðla horfði þetta þannig við að á hættutímum væri stjórn upplýsinga stjórnvöldum mikilvæg. Skapaði þetta ekki sérstaka hættu þar sem fjölmiðlaflóran væri auðug og upplýsingar kæmu úr mörgum áttum en í samfélögum þar sem væri t.d. aðeins einn ríkisfjölmiðill skapaði þetta mikla hættu. Auk þeirra Stoudmanns og Duves héldu þau Paula Kokkonen, sérlegur jafnréttisfulltrúi ÖSE- þingsins, og Svend Robinson, skýrsluhöfundur þriðju nefndar, erindi um starfsemi nefndarinnar á næstu missirum.

Vetrarfundunum í Vínarborg lauk með sameiginlegum fundi allra málefnanefnda. Fundinn ávarpaði Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, sem fagnaði auknu umfangi vetrarfundanna sem gæfi þingmönnum færi á að ræða við embættismenn ÖSE og formann ráðherraráðsins. Sagði hann að baráttan gegn hryðjuverkum væri það sem einkenndi starf ÖSE, sem og annarra alþjóðastofnana, um þessar mundir og hefði mikil áhersla verið lögð á skilvirkt samstarf alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana. Þá ræddi Kubis um málefni fjárlaga ÖSE, endurskipulagningu skrifstofu ÖSE og starfsemi undirstofnana. Að lokum beindi Kubis máli sínu að sendinefndum ÖSE og sagði að þar færi fram eitt mikilvægasta starf stofnunarinnar sem greindi ÖSE frá öðrum alþjóðastofnunum.

Í lok fundarins skýrðu formenn málefnanefndanna frá niðurstöðum nefndafunda.

b. 11. ársfundur ÖSE-þingsins.

Dagana 6.–10. júlí var ellefti ársfundur ÖSE-þingsins haldinn í Berlín. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Magnús Stefánsson formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður og Guðjón Guðmundsson, auk Andra Lútherssonar ritara. Efni Berlínarfundarins var viðbrögð við hryðjuverkastarfsemi og hin nýju verkefni sem baráttunni gegn slíkri starfsemi fylgja. Tóku skýrslur og ályktanir málefnanefndanna þriggja mið af meginefninu, þar sem fjallað var m.a. um hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í baráttunni gegn hryðjuverkum, efnahagslega hlið baráttunnar gegn hryðjuverkum og mikilvægi þess að ráðast að samfélagslegum rótum alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Þátttaka Íslandsdeildarinnar var sem hér segir:

1 nefnd um stjórnmál og öryggismál:	Magnús Stefánsson.
2 nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál:	Guðjón Guðmundsson.
3 nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Yfir þrjú hundruð fulltrúar 55 aðildarríkja ÖSE-þingsins sátu setningarfund ársfundarins og hlýddu á setningarávarp Adrians Severins, fráfarandi forseta ÖSE-þingsins, og ávörp Joschka Fischers, utanríkisráðherra Þýskalands, Wolfgangs Thierses, forseta þýska þingsins, Antonio Martins da Cruz, formanns ráðherraráðs ÖSE, og Jans Kubis, framkvæmdastjóra ÖSE. Þá ávörpuðu fjórir forstöðumenn stofnana ÖSE þingheim og svöruðu spurningum þingmanna, þ.e. Gerard Stoudmann, forstöðumaður mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE (ODIHR), Freimut Duve, forstöðumaður stofnunar ÖSE sem hefur eftirlit með frelsi fjölmiðla (RFOM), Rolf Ekeus, forstöðumaður stofnunar ÖSE sem fylgist með réttindum minnihlutahópa (HCNM), og Marcin Swiecicki, forstöðumaður efnahags- og umhverfisdeildar ÖSE.

Ályktanir Berlínarfundarins voru sameinaðar í eina stóra ályktun, Berlínar-yfirlýsingu ÖSE-þingsins, sem samþykkt var á þingfundi lokadag þinghaldsins hinn 10. júlí. Auk ályktana málefnanefndanna þriggja innihélt Berlínar-yfirlýsingin viðbótarályktanir um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi, stöðu mála í Moldavíu, uppbyggingu í suðausturhluta Evrópu, mansal, ofbeldisverk gegn gyðingum, mannréttindi og baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi, og menntunarmál Róma (sígauna).

Stjórnarnefnd ÖSE-þingsins kom saman til fundar laugardaginn 6. júlí áður en setningarfundur ársfundarins var haldinn. Á fundinum lagði kanadíski þingmaðurinn Jerry Grafstein, gjaldkeri ÖSE-þingsins, fram drög að fjárlögum þingsins fyrir árið 2002–2003. Þá var ákveðið á fundinum að fresta ákvörðun um lögmæti kjörbréfs hvít-rússnesku sendinefndarinnar til vetrarfundarins sem haldinn yrði í Vínarborg í febrúar 2003. Forseti þingsins gaf fulltrúum stjórnarnefndarinnar skýrslu um starfsemi þingsins á undanförnum mánuðum, þ.m.t. kosningaeftirlit í Úkraínu og störf eftirlitsnefndar þingsins í Abkhasíu. Þá var fulltrúum greint frá stjórnarnefndarfundi sem halda átti í Madríd í byrjun október, samhliða ráðstefnu um málefni Miðjarðarhafsins. Formaður georgísku landsdeildarinnar fór þess á leit að efnt yrði til brýnnar umræðu um málefni Abkhasíu og var ákveðið að efna til slíkrar umræðu á þingfundi. Þá var og ákveðið að þingfundur mundi einnig ræða málefni kynjanna. Jafnframt var ákveðið að á vetrarfundum ÖSE-þingsins ár hvert yrðu framkvæmdastjóri ÖSE og formaður ráðherraráðsins spurðir um eftirfylgni við yfirlýsingar ársfunda þingsins.

Í fyrstu nefnd (nefnd um stjórnmál og öryggismál) var fjallað um skýrslu hollenska þingmannsins Theo van den Doel um hlutverk ÖSE í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Í ræðu þeirri sem van den Doel hélt til að fylgja skýrslu sinni úr hlaði komu fram varnaðarorð til þingmanna um að nauðsyn væri á að færast ekki of mikið í fang. Sagði hann að flestar alþjóðastofnanir hefðu þennan málaflokk efst á stefnuskránni nú um stundir og að ÖSE yrði að einblína á þau svið þar sem stofnunin hefði mest fram að færa í stað þess að fjalla um allar hugsanlegar víddir baráttunnar gegn hryðjuverkum. Sagði hann að umfjöllun um málaflokkinn væri nokkrum vandkvæðum bundin þar eð engin einhlít sátt ríkti um skilgreiningu á hryðjuverkastarfsemi og bæru ályktunardrögin þess merki. Líflegar umræður urðu á fundinum um skýrsluna og ályktunardrögin og voru alls 30 breytingartillögur lagðar fyrir fundinn. Í ályktuninni kom fram að aðildarríkjum ÖSE bæri að styrkja löggjöf sína hvað baráttu gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi varðaði og hvatt var til aukins sam-

ráðs ríkja í milli um upplýsingagjöf. Í ályktuninni var alþjóðleg glæpastarfsemi sögð tengjast hryðjuverkastarfsemi sterkum böndum og ríki því hvött til að auka mjög við hefðbundinn öryggisviðbúnað sinn, t.a.m. löggæslu og landamæraeftirlit. Þá var enn fremur hvatt til þess að þjóðþing aðildarríkja ÖSE efldu tengsl sín við þingmenn aðildarríkja Ráðstefnu íslamskra ríkja (OIC) og að þau stofnuðu sjóði til að greiða fyrir skilvirkari baráttu gegn hryðjuverkum. Miklar umræður urðu á fundinum um viðbótarályktunardrög Hollendinga um Hvíta-Rússland þar sem þess var krafist að stjórnvöld í Minsk framfylgdu skuldbindingum sínum á vettvangi ÖSE. Fulltrúi Hvíta-Rússlands hafði málfrelsi á fundinum og mótmælti ályktuninni harðlega. Auk viðbótarályktunardraga um Hvíta-Rússland var ákveðið að vísa viðbótarályktun um ástand mála í Moldavíu til þingfundarins. Farið hafði verið fram á það að ályktunardrög um ástand mála í Miðausturlöndum væru tekin fyrir á fundinum og vísað til þingfundar en í ljósi þess hve mikið bar í milli fylgjenda og andstæðinga draganna var málinu frestað. Í upphafi fundarins ávarpaði Brigitte Schulte, aðstoðarvarnarmálaráðherra Þýskalands, þingmenn og ræddi hlutverk ÖSE í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og hlut Þýskalands í þeim málaflokki. Kosið var til embætta nefndarinnar í lok nefndarfundarins og fóru atkvæði á þann veg að sænski þingmaðurinn Göran Lennmarker var kjörinn formaður nefndarinnar og gríski þingmaðurinn Panyiotis Kammenos varaformaður. Kanadíski þingmaðurinn Clifford Lincoln var kjörinn í embætti skýrsluhöfundar fyrstu nefndar.

Í annarri nefnd (nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál) var fjallað um skýrslu svissneska þingmannsins Barböru Haering um efnahagslegar rætur alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi. Í ræðu sem Haering hélt á fundi nefndarinnar sagðist hún hafa byggt skilgreiningu sína á hryðjuverkum á þremur meginþáttum; viðvarandi ógn af skipulegri ofbeldisstarfsemi, skipulagi og áætlanagerð hryðjuverkamanna, og félagslegum, pólitískum og efnahagslegum markmiðum hryðjuverkaafla. Í ræðu sinni sagðist Haering hafa afar miklar áhyggjur af því að hryðjuverkaöfl kynnu senn að beina sjónum sínum að samfélagslegum innviðum ríkja, svo sem rafmagns- og samgöngumannvirkjum, og lagði áherslu á að aðildarríki ÖSE yrðu að leggja meira fjármagn í að vernda nauðsynlega innviði sína. Þá beindi hún sjónum að rótum hryðjuverkavandans sem ÖSE-ríkjunum öllum stafar svo mikil hætta af og sagði að misskipting gæðanna vægi þar þungt. Lagði hún áherslu á að alþjóðastofnanir á borð við ÖSE yrðu að leggja aukna áherslu á að jafna félagslegt og efnahagslegt jafnræði. Haering sagði enn fremur að efnaleg fátækt gæti aldrei réttlætt hryðjuverk heldur væri fátækt miklu fremur eitt þeirra mála sem taka yrði á til að koma í veg fyrir frekari hryðjuverk og af þeim sökum bæri ÖSE að efla efnahagslega vídd sína. Í almennum umræðum um skýrslu- og ályktunardrögin var almenn samstaða um að aðildarríkjum ÖSE bæri að leggja meira fjármagn til baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi, og þá aðallega til að sporna við alþjóðlegu fjárþvætti. Fyrir nefndinni lá tillaga bandarískra þingmannsins George V. Voinovich um að vísa viðbótarályktunardrögum um ástand mála í suðausturhluta Evrópu til þingfundarins. Í ályktuninni er sjónum beint að skipulegri glæpastarfsemi á Balkanskaga sem legði stein í götu friðarumleitana og stöðugleika á svæðinu. Eru aðildarríki ÖSE og hlutaðeigandi aðilar hvattir til hrinda í framkvæmd aðgerðum til að hindra mansal og aðra glæpastarfsemi og leita allra leiða til að vernda fórnarlömb slíkra glæpa. Þá voru stjórnvöld á svæðinu, sérstaklega ríkisstjórn Bosníu og Hersegóvínu og yfirvöld í Kosovo-héraði, hvött til að auka gagnsæi opinberrar stjórnsýslu. Á fundinum var kosið í embætti nefndarinnar. Úkraínumaðurinn Oleg Bilorus var kjörinn formaður annarrar nefndar og Þjóðverjinn Monika Griefahn varaformaður. Þá var rússneski þingmaðurinn Leoníd Ívatsjénkó kjörinn skýrsluhöfundur nefndarinnar.

Í þriðju nefnd (nefnd um lýðræði og mannréttindamál) var fjallað um skýrslu kanadíska þingmannsins Svend Robinsons um samfélagslegar rætur alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi. Robinson sagði á fundinum að skilgreining á hryðjuverkum ætti ekki eingöngu að taka mið af markmiðum hryðjuverkaaflanna heldur einnig af aðferðum þeirra. Vísaði hann til orða hryðjuverkasérfræðingsins Alex Schmidts sem jafnaði hryðjuverkastarfsemi á friðartímum við stríðsglæpi. Þá varaði hann eindregið við því að stjórnvöld hrintu í framkvæmd íþyngjandi aðgerðum fyrir almenning í skjóli baráttunnar gegn þessum vágesti sem svo mjög hefði látið á sér kræla að undanförnu. Sagði Robinson að leita yrði jafnvægis milli skilvirkrar baráttu gegn hryðjuverkum og grundvallarmannréttinda og lagði áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir. Í ályktun nefndarinnar voru aðildarríki ÖSE hvött til að staðfesta alþjóðasáttmála á sviði mannréttinda og afvopnunar. Í ályktuninni er enn fremur lögð áhersla á að aðildarríkjum ÖSE bæri að jafna rétt kynjanna og efla samstarf og tengsl við hinn íslamska heim. Á fundinum voru einnig teknar fyrir viðbótarályktunartillögur um mansal, sem sænsku og bandarísku landsdeildirnar lögðu fram, ofbeldisverk gegn gyðingum, sem bandaríska landsdeildin lagði fram, mannréttindi og baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi, sem bandarískí þingmaðurinn Christopher H. Smith lagði fram, og menntunarmál Róma (sígauna), sem Smith lagði einnig fram. Þessum viðbótarályktunartillögum var vísað til þingfundarins. Richard von Weizsäcker, fyrrverandi forseti Þýskalands, ávarpaði nefndarfundinn og lagði út af meginefni hans, þ.e. nauðsyn þess að ráðast að samfélagslegum rótum hryðjuverkastarfsemi. Taldi hann starf ÖSE-þingsins afar mikilvægt í þessu tilliti og sagðist vona að ályktunum þingsins yrði hrint í framkvæmd af ráðherraráðinu. Eins og í öðrum málefnanefndum fór fram kosning í embætti þriðju nefndar. Rússneski þingmaðurinn Elena Mizulina var kjörinn formaður og Kanadamaðurinn Svend Robinson varaformaður. Hollenski þingmaðurinn Nebahat Albayrak var kjörinn skýrsluhöfundur nefndarinnar.

Á lokafundi ársfundarins lagði Jerry Grafstein, gjaldkeri ÖSE-þingsins, fram skýrslu sína um fjárhagsárið 2001–2002 og drög að fjárhagsáætlun þingsins fyrir árið 2002–2003. Upplýsti gjaldkerinn þingheim um að stjórnarnefnd þingsins hefði ákveðið að hækka fjárlög þingsins um 9,79% en mesti hluti þeirrar hækkunar stafar af auknu umfangi vetrarfundanna í Vínarborg. Þá flutti framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, Spencer Oliver, áfangaskýrslu sína um störf þingsins á liðnu ári. Þar upplýsti hann að náðst hefði samkomulag við þýska þingið um kostun á starfsmanni sem starfa mundi á tengslaskrifstofu ÖSE-þingsins hjá skrifstofu ÖSE í Vínarborg. Eftir ávarp framkvæmdastjórans hófust almennar umræður um Berlínaryfirlýsinguna. Síðustu fimmtán mínútum hins almenna umræðutíma var varið í að ræða versnandi ástand mála í Abkhasíu að beiðni georgísku landsdeildarinnar. Upphófust þá miklar deilur milli landsdeilda Georgíu og Rússlands og gengu ásakanir á víxl og varð Adrian Severin að slíta umræðunum eftir varnaðarorð. Eftir að Berlínar-yfirlýsingin hafði verið samþykkt af þingheimi var kosið um tvenn viðbótarályktunardrög sem ekki höfðu verið tekin fyrir í málefnanefndum. Fjölluðu þau annars vegar um bann við framleiðslu jarðsprengna og hins vegar um áhrif hryðjuverkastarfsemi á stöðu kvenna.

Í lok þingfundarins var tilkynnt um úrslit í kjöri til nýs forseta ÖSE-þingsins. Þrír þingmenn voru í kjöri og flest atkvæði hlaut Bruce George, formaður bresku landsdeildarinnar. Tók hann við forsetaembættinu á þingfundinum og þakkaði Rúmenanum Adrian Severin fyrir farsæl störf undanfarin tvö ár. Þá var einnig kosið í embætti þriggja varaforseta þingsins og hlutu þingmennirnir Barbara Haering, frá Sviss, Ihor Ostash, frá Úkraínu, og Gert Weisskirchen, frá Þýskalandi, flest atkvæði.

Á þingfundinum voru blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins veitt í sjöunda sinn. Að þessu sinni var ákveðið að veita austurríska blaðamanninum Friedrich Orter og hvít-rússneska blaðamanninum Pavel Sheremet verðlaunin.

Loks héldu þingkonur sérstakan fund þar sem m.a. var fjallað um stöðu kvenna innan þingsins. Tók Ásta R. Jóhannesdóttir þátt í fundinum. Fram kom að konur hefðu einungis verið í um helmingi landsdeildanna um árabil og lítil breyting hefði orðið þar á. Voru konur sérstaklega hvattar til að gefa kost á sér í laus embætti innan þingsins. Kvennafundinn ávörpuðu Paula Kokkonen, sérlegur jafnréttisfulltrúi ÖSE-þingsins, Beatrix Attinger Colijn, jafnréttisfulltrúi ÖSE, Sonja Zimmermann, jafnréttisfulltrúi hjá mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE (ODIHR), og gestafyrirlesarinn Citha Maass, sérfræðingur hjá þýsku alþjóðamálastofnuninni.

c. Aukastjórnarnefndarfundur.

Stjórnarnefnd ÖSE-þingsins kom saman til fundar í Madríd 2. október í tengslum við ráðstefnu um málefni Miðjarðarhafsins sem haldin var á vegum spænska þingsins dagana 3.–4. október. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Magnús Stefánsson formaður, auk Andra Lútherssonar ritara. Meginefni fundarins var samskipti ÖSE-þingsins við Miðjarðarhafsríkin en mikill áhugi hefur verið fyrir því að efla þau tengsl, ekki síst í ljósi hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum. Stjórnarnefndarfundurinn tengdist því beint ráðstefnu sem ÖSE-þingið og spænska þingið stóðu að dagana 3.–4. október þar sem fjallað var á gagngeran hátt um stöðu Miðjarðarhafsríkjanna og hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í eflingu samskipta við ríki norðanverðrar Afríku, einkanlega samskipti þjóðþinga í milli.

Þetta var í fyrsta sinn sem Bruce George, nýkjörinn forseti ÖSE-þingsins, stýrði fundi stjórnarnefndarinnar. Í ræðu sinni vék hann að því að Madríd væri í raun fæðingarstaður ÖSE-þingsins, þá RÖSE-þingsins, og væri því afar viðeigandi að fundurinn væri haldinn í borginni. Vék George að verkefnum ÖSE-þingsins á sviði kosningaeftirlits og sagði að þingið hefði skapað sér nokkra sérstöðu í þeim málaflokki sem bæri að hlúa betur að og auka í framtíðinni. George ræddi enn fremur um samskiptin við ráðherraráðið og sagði að sér fyndist sem þau samskipti hefðu batnað mikið á undanförnum missirum og þakkaði fyrirrennara sínum í starfi, Rúmenanum Adrian Severin, einkanlega fyrir það. Í störfum sínum hefði Severin sýnt ákveðið frumkvæði hvað ráðherraráðið varðaði og væri árangur þess nú að koma í ljós. Þá sagði hann að í þessu tilliti væri vert að nefna farsæla lausn mála í sambandi við skipan tengslafulltrúa ÖSE-þingsins hjá skrifstofu ÖSE í Vínarborg. Þjóðverjinn Andreas Nothelle, ritari þýsku landsdeildarinnar hjá ÖSE-þinginu, var skipaður í það starf í september og stendur þýska þingið straum af öllum kostnaði við það starf. Sagði George að ráðherraráð ÖSE hefði sýnt kosningaeftirliti mun meiri áhuga að undanförnu og endurspeglaði ÖSE-þingið afar vel þá áherslu. Að endingu ræddi forsetinn um að Finninn Paula Kokkonen hefði verið skipuð sem talsmaður ÖSE-þingsins í jafnréttismálum og Frakkinn Michel Voisin sem talsmaður ÖSE-þingsins í málefnum Miðjarðarhafsins. Eftir ræðu forsetans hélt formaður spænsku landsdeildarinnar erindi þar sem vikið var að mikilvægi Miðjarðarhafsins í störfum ÖSE. Framkvæmdastjóri þingsins, Spencer Oliver, ræddi um fyrirhugaðar breytingar á blaðamannaverðlaunum ÖSE-þingsins með það að markmiði að auka vægi þeirra. Var lögð fram tillaga um að afhending blaðamannaverðlaunanna yrði færð fram til vetrarfundarins í Vínarborg. Var tillagan samþykkt. Þá tóku embættismenn þingsins til máls og fóru yfir stöðu hinna fjölmörgu málaflokka sem koma til kasta ÖSE-þingsins. Nokkur umræða varð um kosningaeftirlit og þá sérstaklega eftirfylgni kosningaeftirlits og

voru fulltrúar á einu máli um að efla bæri eftirfylgnina og að ÖSE-þingið væri hinn rétti vettvangur til slíks.

Í lok umræðnanna tók formaður þýsku landsdeildarinnar til máls og vék að hlutverki tengslafulltrúa ÖSE-þingsins í Vínarborg. Sagði hann að betur færi á því að tengslafulltrúinn hefði stöðu sendiherra þar eð flestir sem einhvers væru megnugir hjá ÖSE í Vínarborg bæru þann titil. Þýska utanríkisráðuneytið hefði samþykkt þetta og veitt Andreas Nothelle sendiherratign og bað formaður landsdeildarinnar stjórnarnefndina að leggja blessun sína yfir þá tilhögun, sem og hún gerði.

Nokkrar umræður urðu um fjárlög ÖSE og aukið hlutverk ÖSE-þingsins að hafa eftirlit með fjárhagsáætlunum stofnunarinnar. Var samþykkt tillaga Bruce George um að fulltrúar stjórnarnefndarinnar samræmdu athugasemdir sínar við fjárhagsáætlanir ÖSE og að tengslafulltrúinn í Vínarborg mundi svo fylgja þeim athugasemdum eftir. Þá yrði málið tekið upp á árlegum fundi stjórnarnefndarinnar og málefnanefndanna með embættismönnum ÖSE á vetrarfundinum sem haldinn er ár hvert í Vínarborg.

Á fundinum var umræðum einnig beint að því hvert yrði meginefni ársfundarins í Rotterdam í júlí 2003. Fulltrúi Rússlands ræddi um átökin í Ngorno-Karabak og taldi að átök minnihlutahópa ættu að vera meginefnið á ársfundinum. Fulltrúi ítalska þingsins gerði framtíð ÖSE að umtalsefni og ræddi um að farsæl framtíð ÖSE-þingsins væri nátengd því hvernig öðrum alþjóðaþingmannasamkundum reiddi af á næstu missirum, t.a.m. NATO-þinginu, VES-þinginu og Evrópuráðsþinginu. Taldi hann að forsendur væru fyrir því að ræða íhlutun í málefni ríkja á ársfundinum, hvort sem um hernaðarlega eða borgaralega íhlutun væri að ræða. Þá taldi hann einnig rétt að ræða framtíðarhlutverk alþjóðlegs erindreksturs líkt og ÖSE hefði beitt sér fyrir. Rita Sussmuth, fulltrúi þýska þingsins, tók undir þessi orð og sagði að málefni framtíðarhlutverks ESB og NATO muni bera hátt á næstunni og að ÖSE mætti ekki vera eftirbátur annarra stofnana í þeirri umræðu. ÖSE bæri að nýta forskot sitt þar sem þar væri ekki um flókið stofnanakerfi að ræða. Nokkrar umræður urðu um þetta. Bruce George taldi að rauði þráðurinn í umræðunum væri breytt hlutverk ÖSE á nýrri öld sem héldist í hendur við þróun annarra samevrópskra stofnana. Lagði hann til að fastanefnd ÖSE-þingsins gerði tillögur um slíkt efni sem síðar yrðu lagðar fyrir á vetrarfundinum í Vínarborg í febrúar 2003.

Því næst hélt Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, erindi þar sem hann fjallaði um fjármál ÖSE. Í ræðu sinni þakkaði hann stjórnarnefndinni fyrir að fá tækifæri til að fara yfir fjárhagsáætlun ÖSE og útskýra helstu niðurskurðartillögur. Fjárhagsáætluninni var dreift á fundinum og sagði Kubis að stjórnarnefndin fengi tillögurnar á sama tíma og fulltrúar ráðherraráðsins sem væri nýbreytni. Sagði hann stuttlega frá helstu breytingum á starfi ÖSE og hvernig þær endurspegluðust í fjárhagsáætluninni fyrir árið 2003, sem í heild nemur 179,8 milljónum evra. Þar af falla 23% til rekstrar skrifstofu ÖSE í Vínarborg, 9% til reksturs smærri sendinefnda ÖSE og 68% til reksturs stærri sendinefnda líkt og í Kosovo-héraði og Bosníu og Hersegóvínu. Þá ræddi Kubis einnig um nýjar starfsreglur ÖSE sem ættu að skila skilvirkari fjárstjórnun stofnunarinnar.

Fyrir fundinum lá tillaga Frakkans Michel Voisin um stofnun sérlegrar nefndar ÖSE-þingsins um málefni Miðjarðarhafsins (e. OSCE ad hoc Committee on the Mediterranean). Í tillögunum kom fram að nefndinni bæri að auka tengsl ÖSE-þingsins við þjóðþing Norður-Afríkuríkja og ríkja fyrir botni Miðjarðarhafs og að hún mundi starfa í samvinnu við sams konar nefndir sem væru á vegum NATO-þingsins, Evrópuráðsþingsins, Alþjóðaþingmannasambandsins og Evró-Arabíusamstarfsráðsins. Mundi nefndin efna til funda við tilgreinda aðila og skila skýrslu sinni til stjórnarnefndar fyrir vetrarfund ár hvert. Í nefndinni áttu að

sitja 12 fulltrúar sem stjórnarnefndin skipaði. Átta þeirra yrðu frá ÖSE-ríkjum sem lægju að Miðjarðarhafinu og fjórir frá öðrum ríkjum. Er málið var tekið fyrir dró til tíðinda á fundinum. Bruce George, forseti þingsins, sagði að hann væri algerlega mótfallinn því að efnt væri til stofnunar slíkrar nefndar. Væri það afar óheppilegt að slíkar nefndir störfuðu utan við hið hefðbundna nefndakerfi ÖSE-þingsins. Jafnframt þessu tók George fram að með andstöðu sinni væri hann ekki að setja málefni Miðjarðarhafsins á hliðarlínuna, þvert á móti hefði hann mikinn áhuga á að efla tengsl við umrædd ríki en sagði að það yrði að fara fram innan hinnar hefðbundnu verkaskiptingar ÖSE-þingsins. Aðalstuðningsmenn tillögunnar, fulltrúar Kýpur og Ítalíu, sögðust vera afar hissa á viðbrögðum forsetans og að með andstöðu sinni væri hann vissulega að setja málefni Miðjarðarhafsins á hliðarlínuna. Sagði Kýpurbúinn að ÖSE hefði aldrei tekið þennan málaflokk fyrir á fundum sínum og að fleiri en 20 ríki hefðu stutt tillögur Voisins. Ekki væri verið að fara fram á svæðisbundna nefnd í sjálfu sér. Nefndin yrði ekki lokuð fyrir öðrum en fulltrúum Miðjarðarhafsríkja heldur þvert á móti, opin öllum. Þá væri þetta ekki heldur spurning um kostnað heldur pólitísk spurning, þ.e. hvort pólitískur vilji væri fyrir því að setja málefni Miðjarðarhafsins á oddinn. Fulltrúi Bandaríkjanna benti á að engin af öðrum sérlegum starfsnefndum ÖSE-þingsins væri byggð upp á sama hátt og tillögurnar gerðu ráð fyrir og að tillagan skapaði því mikinn rugling. Tók hann undir fyrirvara forsetans um að þessi tilhögun mundi svæðisbinda nefndina um of.

Miklar og heitar umræður urðu um málið þar sem bæði Adrian Severin, fyrrverandi forseti ÖSE-þingsins, og Spencer Oliver, framkvæmdastjóri, beittu sér. Í ljós kom að á fundi stjórnarnefndarinnar í Berlín í júlí hefði Severin, sem þá stýrði sínum síðasta fundi, tekið vel í tillögur þessa efnis og úrskurðað á þann veg að eining ríkti um þetta á fundinum, sem þá var afar þunnskipaður. Sagði hann jafnframt að starfsfólk ÖSE-þingsins, þá sérstaklega framkvæmdastjórinn, hefði reynt að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að koma í veg fyrir að þetta næði fram að ganga og beitt óheiðarlegum vinnubrögðum. Oliver svaraði þessu með þeim hætti að Severin hefði farið út fyrir valdsvið sitt á fundinum í Berlín og tekið ákvörðun fyrir hönd stjórnarnefndarinnar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli sín um ólögmæti slíkrar ákvörðunar. Ljóst var á fundinum í Madríd að mikil illindi voru milli Severins og Olivers sem greinilega hefðu litað málefni Miðjarðarhafsnefndarinnar. Eftir afar heitar umræður varð niðurstaða fundarins sú að Voisin dró tillögu sína til baka og forsetinn bað hann um að halda áfram góðu starfi sínu sem talsmaður ÖSE-þingsins í málefnum Miðjarðarhafsins og veita forstöðu óformlegum vinnuhópi þeim sem til þessa hefði starfað að þeim málefnum. Þá mæltist hann til þess, á grundvelli tillögu ítölsku sendinefndarinnar, að haldinn yrði sérleg ráðstefna um þennan málaflokk í Róm árið 2003 og hét því jafnframt að beita sér sérstaklega í málefnum Miðjarðarhafsins.

Alþingi, 3. febr. 2003.

Magnús Stefánsson, form.	Ásta R. Jóhannesdóttir, varaform.	Guðjón Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er því ætlað að:

1. meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu,
2. ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna,
3. þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr ágreiningi,
4. stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum,
5. leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er miðað við að þau ríki sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 eigi aðild að þinginu og að þau taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Nú eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglur ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Þá er gert ráð fyrir að málefnanefndir komi saman í Vínarborg ár hvert og hlýði þar á framlag embættismanna ÖSE. Auk þingfundar er miðað við að innan þingsins starfi þrjár fastanefndir sem fjalli um mál á afmörkuðu sviði. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok þingfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár í samráði við formann og varaformann. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar eru nefnd um stjórnmál og öryggismál (1. nefnd), nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál (2. nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (3. nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetunum níu, gjaldkera, formönnum málefnanefndanna þriggja og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Samkvæmt þingsköpum ÖSE-þingsins skal þingið og framkvæmdastjórnin taka ákvarðanir með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skulu teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri samstöðureglu (consensus rule) sem gildir á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins lýtur svokallaðri consensus minus two reglu sem felur í sér að þrjú eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á ársfundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem unnið er að hjá stofnuninni. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans sem mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins. Opinber tungumál þingsins eru sex, enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er túlkað jafnharðan.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litháen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgistan, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K. Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
Samtals		**317**

Vatíkanið getur sent allt að tveimur áheyrnarfulltrúum á fundi ÖSE-þingsins.

1011. Skýrsla [627. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2002.

1. Inngangur.

Málefni Atlantshafsbandalagsins (NATO) voru ofarlega á baugi í alþjóðamálum á árinu 2002. Segja má að þrjú meginmálefni hafi sett mark sitt á bandalagið, stækkun þess til austurs, breytingar á bandalaginu svo að það verði færara um að mæta hryðjuverkaógninni og nýr samstarfsvettvangur Atlantshafsbandalagsríkjanna og Rússlands. Efnt var til sögulegs leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Prag í nóvember þar sem m.a. var ákveðið að bjóða sjö Mið- og Austur-Evrópuríkjum, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Slóveníu, Slóvakíu, Rúmeníu og Búlgaríu til aðildarviðræðna við NATO. Markar ákvörðun leiðtoga NATO mikil tímamót, ekki síst fyrir Eystrasaltsþjóðirnar sem íslensk stjórnvöld hafa stutt eindregið í málflutningi sínum og lagt hafa mikið á sig til að ná fram leiðréttingu á því sögulega ranglæti sem þær voru beittar undir járnhæl Sovétríkjanna í kalda stríðinu.

Í 54 ára sögu Atlantshafsbandalagsins hefur aðeins verið efnt til 16 leiðtogafunda og hefur tíðni þeirra aukist mjög eftir lok kalda stríðsins og er það til marks um örar breytingar alþjóðamála og ríka þörf á ákvörðunartöku á æðsta vettvangi stjórnmála. Ekki er efnt til slíkra funda nema mikilvæg ákvörðunarefni liggi fyrir og átti það við um leiðtogafundinn í Prag líkt og fyrri fundi. Helstu niðurstöðum leiðtogafundarins má skipta í fimm hluta. Í fyrsta lagi var það hin sögulega ákvörðun að bjóða ríkjunum sjö til aðildarviðræðna. Fyrirhugað er að af formlegri aðild ríkjanna geti orðið vorið 2004 og með því mun Evrópa færast nær því marki að vera eitt og ósundrað öryggissvæði. Jafnhliða ákvörðun um stækkun nú liggur fyrir ríkur vilji til aðildar annarra Evrópuríkja sem sótt hafa um aðild, í fyllingu tímans. Í öðru lagi létu leiðtogar aðildarríkja NATO skýrt í ljós að nauðsynlegt væri að lagfæra það misræmi sem ríkir í hernaðargetu Bandaríkjanna og Evrópuríkjanna í NATO. Bandalagsríkin skuldbundu sig til þess að bæta veigamikla hernaðarþætti eins og loft- og sjóflutninga, eldsneytistöku í lofti og leysistýrð skotfæri. Þá studdu leiðtogar aðildarríkjanna 19 tillögur Bandaríkjastjórnar um að koma á fót sérstöku hraðliði NATO sem beita mætti í hernaðaraðgerðum með afar skömmum fyrirvara. Í þriðja lagi voru teknar ákvarðanir um ákveðnar aðgerðir til að gera NATO færara um að kljást við hryðjuverkaógnina. Hefur bandalagið skilgreint hryðjuverkaógnina hernaðarlega með þeim hætti að yfirherstjórn NATO verði unnt að beita skilvirkum varnaraðgerðum gegn hryðjuverkaárásum. Milliríkjasamstarf á sviði trúnaðarupplýsinga mun aukast og þróaðar verða leiðir til að hrinda árásum hryðjuverkamanna. Þá var ákveðið að finna baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi vettvang meðal allra samstarfsríkja NATO. Í fjórða lagi var ákveðið að auka varnir gegn gereyðingarvopnum. Útbreiðsla gereyðingarvopna er einn brýnasti vandi sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir um þessar mundir og hefur Atlantshafsbandalagið ákveðið að bæta tæknilega getu sameiginlegs herafla síns til að bregðast við ef gereyðingarvopnum er beitt í hernaði og mun sá viðbúnaður einnig nýtast til almannavarna í aðildarríkjunum, en í aðildarríkjunum er fyrir hendi mikil þekking og sérhæfing í þessum málaflokki. Þá munu bandalagsríkin beita sér fyrir bættum gagneldflaugavörnum. Í fimmta lagi ákváðu leiðtogar bandalagsins að auka vægi tengslanna við samstarfsríki NATO í Mið-Asíu og á Miðjarðarhafssvæðinu. Atlantshafsbandalagið hefur um árabil átt farsæla samvinnu við samstarfsríkin í gegnum Samstarf í þágu friðar (PfP), Evró-Atlantshafssamstarfsráðið (EAPC) og Miðjarðarhafssamstarfið. Á Prag-fundinum var því ákveðið að auka samstarf þetta til muna. Þá er ónefndur sá sögulegi áfangi er gengið var frá samningi um nýjan samstarfsvettvang NATO-ríkjanna og Rússlands á fundi utanríkisráðherra bandalagsins í Reykjavík í maí. Með undirritun samningsins urðu Rússar þar með sérlegir bandamenn Atlantshafsbandalagsins.

Starfsemi NATO-þingsins og umræður á þess vegum á árinu tóku einnig mið af þessum veigamiklu breytingum á starfi Atlantshafsbandalagsins. Málefni stækkunar NATO hafa verið fyrirferðarmikil í störfum þingsins á undanförnum árum og hafa fulltrúar þess verið einarðir stuðningsmenn metnaðarfullrar stækkunar bandalagsins. Stjórnarnefnd þingsins birti efnismikla yfirlýsingu þess efnis fyrir leiðtogafundinn í Prag sem tók enn fremur til flestra þeirra efnisþátta sem um var rætt á fundinum. Þá hélt NATO-þingið og málefnanefndir þess áfram gagngerri umfjöllun sinni um allar hliðar hryðjuverkastarfsemi og baráttu alþjóðasamfélagsins til mæta hryðjuverkaógninni. Þá stofnaði NATO-þingið til sérlegrar samstarfsnefndar stjórnarnefndarinnar og rússneska þingsins til samræmis við samstarfsvettvang NATO og Rússlands. Af öðrum málefnum sem hátt bar á dagskrá NATO-þingsins má nefna umfjöllun um stofnanalegar breytingar NATO og öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins, hömlur gegn útbreiðslu gereyðingarvopna, stöðu mála í Írak og Miðausturlöndum og öryggissamstarf á Evró-Atlantshafssvæðinu.

2. Íslandsdeild NATO-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar NATO-þingsins í upphafi ársins 2002 voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformaður, og Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Í kjölfar þess að Tómas Ingi Olrich tók við menntamálaráðuneytinu 1. mars tók Árni R. Árnason sæti hans sem formaður Íslandsdeildar 8. mars. Gunnar Birgisson tók þá sæti sem varamaður.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þess. Smæð Íslands takmarkar atkvæðisrétt ríkisins við þrjár nefndir, auk stjórnarnefndar. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2001 var þannig:

Stjórnarnefnd:	Árni R. Árnason.
Til vara:	Jónína Bjartmarz.
Stjórnmálanefnd:	Árni R. Árnason.
Til vara:	Gunnar Birgisson.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Jónína Bjartmarz.
Til vara:	Magnús Stefánsson.
Félagsmálanefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Efnahagsnefnd:	Jónína Bjartmarz.
Til vara:	Magnús Stefánsson.
Vísinda- og tæknineínd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Miðjarðarhafshópur:	Árni R. Árnason og Guðmundur Árni Stefánsson.

3. Fundir sem Íslandsdeildin sótti á árinu.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Auk þess fundar stjórnarnefnd sérstaklega ár hvert, ýmist í lok mars eða byrjun apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður- Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur varnar- og öryggismálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Á árinu voru haldnar tvær Rose-Roth námsstefnur (sjá fskj. II, b-lið).

Árið 2002 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel og fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í Granada, vor- og ársfundum þingsins í Sofíu og Istanbúl, auk sjö nefndafunda utan þingfunda. Utan reglulegra funda var efnt til sérlegs stjórnarnefndarfundar í Brussel í október.

a. Febrúarfundir.

Dagana 17.–18. febrúar voru febrúarfundir NATO-þingsins haldnir í Brussel. Að venju var um að ræða sameiginlegan fund stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar annars vegar, og fund stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu og

framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins hins vegar. Auk funda með fulltrúum NATO áttu fulltrúar NATO-þingsins fundi með fulltrúum ráðherraráðs Evrópusambandsins, tímabundinnar herstjórnar Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Aukaaðilar NATO-þingsins hafa ekki seturétt á fundum og hefur mikilvægi þeirra aukist mjög á undanförnum árum, ekki síst í ljósi þess að þar gefst fulltrúum aðildarríkja bandalagsins færi til að ræða einir saman. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Tómas Ingi Olrich formaður og Jónína Bjartmarz fundina, auk ritara. Helstu umræðuefni voru hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi, stríðið í Afganistan, þróun Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum og ástand mála á Balkanskaga. Þess utan var rætt um samskipti Evrópu og Bandaríkjanna á fundi með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB.

Fund stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins ávarpaði einn yfirmanna stjórnmáladeildar Atlantshafsbandalagsins, Michael Rühle. Þá héldu erindi dr. Edgar Buckley, aðstoðarforstöðumaður varnarmáladeildarinnar, Chris Donnely, sérlegur ráðgjafi framkvæmdastjóra NATO í málefnum Mið- og Austur-Evrópuríkja, Christoph Heusgen, yfirmaður stefnumótunardeildar ráðherraráðs ESB, og Gustav Hägglund, formaður varnarmálanefndar ESB. Svöruðu þeir og spurningum fundarmanna. Þriðjudaginn 19. febrúar var efnt til funda í húsakynnum ESB þar sem erindi héldu Mogens Peter Carl, yfirmaður skrifstofu viðskiptamála hjá framkvæmdastjórn ESB, Chris Patten, sem fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn ESB, og Günther Verheugen, sem fer með stækkunarmál ESB í framkvæmdastjórninni.

Rafael Estrella, forseti NATO-þingsins, hóf almennar umræður og lagði áherslu á að tryggja samvinnu og samstöðu innan NATO þegar hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi og Evrópusamstarfið í öryggis- og varnarmálum bæri á góma. Michael Rühle rakti í máli sínu hvernig samskiptum Bandaríkjanna og Evrópuríkjanna væri háttað um þessar mundir og hvernig hann sæi fyrir sér Atlantshafsbandalagið eftir 10–15 ár. Sagði Rühle að þrátt fyrir að aukins vilja gætti hjá Bandaríkjamönnum til einhliða aðgerða yrðu menn að gæta sín á að festast ekki um of í viðfangsefnum dagsins í dag. NATO stæði á afar sterkum grunni og menn mundu átta sig á að hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi tæki tíma og útheimti fjármuni og ríkan pólitískan vilja. ESB væri að þróast hratt um þessar mundir og væri það farsælt með tilliti til framtíðar NATO. Sagðist hann jafnframt sjá fyrir sér að skilningur manna á stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins mundi breytast og taka aukið mið af tilkomu baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi.

Dr. Edgar Buckley vék að hryðjuverkamálum í erindi sínu og rakti hversu litla athygli þau mál hefðu fengið fyrir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin þrátt fyrir varnaðarorð ýmissa sérfræðinga. Sagði hann að NATO hefði brugðist afar skjótt við og tekið mikilvægar ákvarðanir sem hefðu áhrif til framtíðar. Mikil endurskoðun ætti sér nú stað innan NATO, bæði á tæknilegum málum sem og hvað stefnumótun varðaði og sagðist Buckley sjá fyrir sér að viðlíka breyting yrði á starfsemi NATO nú í nánustu framtíð og varð strax eftir lok kalda stríðsins. Sagðist hann auk þess sjá fyrir sér að hömlur gegn útbreiðslu gereyðingarvopna og samstarf á sviði trúnaðarupplýsinga mundi bera hærra á vettvangi NATO í nánustu framtíð. Buckley ræddi einnig um stækkunarferli NATO og sagði að enn væri óljóst hve mörgum ríkjum yrði boðið til aðildarviðræðna á leiðtogafundinum í Prag sem haldinn yrði í nóvember. Sagði hann að mikill munur væri á milli umsóknarríkjanna hvernig undirbúningi samkvæmt aðildaráætluninni miðaði. Þá vék Buckley að samskiptum NATO og Rússlands og greindi fundarmönnum stuttlega frá fyrirætlunum um að efna til nánara samstarfsráðs NATO og Rússlands þar sem ríkin 20 kæmu saman á jafningjagrundvelli. Sagði hann að áætlunum

í þessa veru yrði komið á legg á fundi utanríkisráðherra NATO sem haldinn yrði í Reykjavík í maí.

Chris Donnely, sérlegur ráðgjafi framkvæmdastjóra NATO í málefnum Mið- og Austur-Evrópuríkja, hélt áhugavert erindi á fundinum þar sem hann vék að framtíð Atlantshafsbandalagsins og alþjóðamálum í víðu samhengi. Sagði hann að heimsbyggðin stæði á miklum tímamótum um þessar mundir og að það gerði NATO einnig. NATO mundi að öllum líkindum takast það viðfangsefni að endurskilgreina hlutverk sitt til lengri tíma en ef það tækist ekki þá mundi hlutverk bandalagsins að engu verða innan skamms. Taldi hann fjóra meginþætti varða veginn til nánustu framtíðar. Í fyrsta lagi ræddi Donnely um útbreiðslu gereyðingarvopna og tækni þeim tengda og sagði tilkomu þeirra og það hversu auðvelt er að nálgast búnað til smíði þeirra gerði það að verkum að stríð og ógnanir framtíðarinnar væru mun hættulegri en ella. Í öðru lagi rakti Donnely aukna skiptingu heimsbyggðarinnar samkvæmt trúar- og menningarlínum. Sagði hann að varnaðarorð um árekstur menningarheima væru fráleitt hjóm eitt og að rétttrúnaðarstefna Íslam væri í eðli sínu gegn vestrænu samfélagi. Sagði hann að þetta kynni að móta mjög alþjóðasamskipti á næstunni. Í þriðja lagi ræddi Donnely um upplýsingasamfélagið og hversu örðugt væri að stjórna upplýsingum í nútímanum og hversu mikinn aðgang almenningur hefur að viðkvæmum upplýsingum sem skapaði ákveðin vandræði fyrir samtök og stofnanir. Og í fjórða lagi nefndi Donnely endalok tvípóla alþjóðakerfis sem hefðu gert það að verkum að hugtök líkt og varnir og öryggi – sem á tímum kalda stríðsins voru eitt og hið sama – hefðu gerbreyst. NATO hefði verið að þróast úr varnarbandalagi yfir í öryggisbandalag og afleiðingar þessa væru fjárfestingar í öryggi en ekki vörnum. Í auknum mæli hefur ábyrgðin færst frá varnarmálaráðuneytum aðildarríkja NATO til utanríkis-, innanríkis- og fjármálaráðuneytanna. Spurningin sem kviknaði væri hvað NATO mundi gera til að koma til móts við þessa þróun því enn sem komið væri miðaðist stofnanaskipulag bandalagsins að stærstum hluta við varnir samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu þess hugtaks. Í umræðum sem á eftir fóru sagði Tómas Ingi Olrich að ljóst væri að grundvallarbreytinga væri þörf og að þær yrði að gera í ríkjunum sjálfum, stofnanir líkt og ESB gætu ekki gert slíkar breytingar. Þá vék hann að samskiptum Bandaríkjanna og Evrópuríkjanna og varaði við skaðanum af þeirri orðræðu sem ætti sér stað í höfuðborgum Evrópuríkja um einangrunarstefnu Bandaríkjastjórnar. Sagði Tómas Ingi að menn yrðu að horfa á hluti í sögulega ljósi. Bandaríkin hefðu t.a.m. ekki beitt sér í heimsstyrjöldinni síðari fyrr en eftir að miklar hörmungar hefðu orðið í Evrópu. Að sama skapi ættu Bandaríkjamenn, sem nú ættu um sárt að binda, að geta gengið að stuðningi Evrópubúa vísum. Þá ræddi hann um að menn yrðu að forðast að breyta eðli Atlantshafsbandalagsins um of og ætla sér hlutverk í öllum viðsjám sem upp kynnu að koma. Leggja beri líka áherslu á að nýta allar þær stofnanir sem fyrir hendi væru.

Á fundi fulltrúa NATO-þingsins með Christoph Heusgen, yfirmanni stefnumótunardeildar ráðherraráðs ESB, var rætt um helstu forsendur Evrópusamstarfsins í öryggis- og varnarmálum og vék hann að þeim öru stofnanalegu breytingum sem nú hefðu átt sér stað innan ESB, og þá sérstaklega stjórnmála- og öryggismálanefndinni. Ræddi hann um verkefni friðargæslusveita á Balkanskaga og hlutverk ESB hvað það varðaði. Þá gerði Heusgen samskiptin við NATO að umtalsefni og lagði áherslu á að öryggis- og varnarmálastefna ESB hefði það að meginforsendu að grípa eingöngu til aðgerða þegar fyrirséð væri að aðgerð yrði ekki í verkahring NATO. Sagði hann mikilvægt að menn gerðu sér grein fyrir að ESB hygðist ekki byggja upp aðskildan hernaðarmátt.

Á fundi stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu var að mestu fjallað um þátt NATO í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi, samskiptin við Rússland, hernaðaraðgerðir í Afganistan og fyrirhugaða stækkun NATO.

Mogens Peter Carl, yfirmaður skrifstofu viðskiptamála hjá framkvæmdastjórn ESB, ræddi við fundarmenn um stöðu viðskipta Bandaríkjanna og Evrópusambandsríkjanna, einkum með tilliti til viðskipta með stál, réttar á sýningu kvikmynda og annarra mála sem deilur hafa staðið um milli Bandaríkjastjórnar og ESB. Sagði Carl að í ljósi þess hve mikil viðskipti væru yfir hafið þá væri öllu öðru mikilvægara að finna lausnir á viðkvæmum deilumálum í stað þess að efna til viðskiptastríða með tiltekna vöruflokka. Með tilkomu gerðardóms Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar væri áherslan lögð á að leysa mál áður en þau væru komin í hnút og sagði Carl að úrræðum hefði fjölgað mikið að undanförnu og hvatti Bandaríkjamenn til að sýna meiri samningsvilja.

Chris Patten, sem fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn ESB, ræddi um stöðu ESB í alþjóðakerfinu nú um stundir og í sögulegu ljósi. Greindi hann fundarmönnum frá því að hvað öryggis- og varnarmálastefnu sambandsins varðaði hafi stríðið í Bosníu og Hersegóvínu gert mönnum ljóst að Evrópumenn þyrftu að hafa aukna getu til að leysa hættuástand sem upp kæmi innan álfunnar og að í kjölfar þess stríðs hefði þróunin orðið afar hröð. Sagðist hann vera þeirrar skoðunar að ESB hefði ekki beitt sér nægilega mikið í þessum málaflokki. Að lokum vék Patten að stækkunarferli ESB og samskiptunum við Rússland.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Laugardaginn 6. apríl kom stjórnarnefnd NATO-þingsins saman til fundar í Granada. Fundinn sat af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður, auk Andra Lútherssonar ritara. Á fundinum var m.a. rætt um skipulag starfsemi þingsins, samskiptin við aukaaðildarríki og aðdraganda leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins síðar á árinu. Þá var nokkrum tíma varið í að ræða málefni Ísraels og Palestínu auk þess sem samþykkt var yfirlýsing stjórnarnefndar um stöðu mála í Miðausturlöndum.

Fyrsta málefni fundarins var umfjöllun um skýrslu framkvæmdastjóra þingsins, Simons Lunn, sem sagði í framsögu sinni að NATO-þingið hefði á undangengnum missirum tekist á hendur fjölmörg ný verkefni í takt við þau nýju málefni sem Atlantshafsbandalagið sjálft hefði beitt sér í að undanförnu. Nefndi hann þar samráðsvettvang NATO-þingsins við Rússland og Úkraínu, auk nokkurra undirnefnda sem beita sér í tilteknum efnum. Sagði Lunn að nú væri svo komið að kraftar skrifstofu NATO-þingsins nægðu ekki til þess að bæta við fleiri verkefnum að sinni og lagði áherslu á að NATO-þingið einbeitti sér að þeim verkefnum sem þegar væru í gangi. Í almennum umræðum um skýrslu framkvæmdastjórans var nokkrum tíma varið í að ræða aðdraganda leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins sem ráðgert var að halda í Prag í nóvember og hlutverk NATO-þingsins, og þá sér í lagi hvernig þingið beitti pólitískum þunga sínum hvað næstu lotu stækkunar bandalagsins varðaði. Fram kom að leiðtogafundurinn væri afar mikilvægur áfangi í þróun NATO, ekki aðeins með tilliti til stækkunarferlisins heldur einnig með tilliti til starfsemi bandalagsins á næstunni. Auk stækkunar NATO nefndi framkvæmdastjórinn sérstaklega þau málefni sem yrðu efst á baugi á starfsárinu og á fyrrgreindum leiðtogafundi NATO í Prag, þ.e. samskiptin við Rússland, hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi, endurskipulagningu herstjórnar NATO, umræðuna um útgjöld til varnarmála, samskiptin við Evrópusambandið og samskiptin við Miðjarðarhafsríkin. Greindi Lunn frá því að allar málefnanefndir NATO-þingsins tækju alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi til gagngerrar og heildrænnar skoðunar í störfum sínum á yfirstandandi ári líkt og boðað hefði verið á síðasta ársfundi í Ottawa.

Í almennum umræðum um skýrslu framkvæmdastjórans kom fram að ríkur vilji væri til þess að fjalla um stækkunarmál NATO á vorfundinum í Sofíu og ársfundinum sem haldinn yrði í Istanbúl í nóvember. Douglas Bereuter, formaður bandarísku sendinefndarinnar, vék í máli sínu að stækkunarferlinu og framlagi NATO-þingsins og spurði hvort gerlegt yrði fyrir þingið að ályktа um næstu lotu stækkunar NATO fyrir leiðtogafundinn í Prag þar eð aðeins nokkrir dagar liðu á milli ársfundar þingsins í Istanbúl og leiðtogafundarins. Rafael Estrella, forseti NATO-þingsins, sagði að ákveðið hefði verið að efna til sérlegs stjórnarnefndarfundar í Brussel snemma hausts, að öllum líkindum í byrjun október, þar sem fjallað yrði um ályktunardrög um stækkun NATO sem unnið yrði að um sumarið. Áður en að stjórnarfundinum kæmi hefði landsdeildum NATO-þingsins verið gefinn kostur á að leggja fram breytingartillögur sem afstaða yrði tekin til á fundinum. Með þessu móti væri unnt að hraða afgreiðslu ályktunar NATO-þingsins á ársfundinum með það fyrir augum að hún yrði birt fyrir leiðtogafundinn. Jafnframt þessu yrðu stækkunarmál tekin fyrir á vorfundinum í Sofíu í maílok. Var þessi skipan mála samþykkt af stjórnarnefndinni. Þá varð nokkur umræða um hvort NATO-þinginu bæri að nefna í yfirlýsingunni heiti þeirra umsóknarríkja sem veita ætti aðild. Markus Meckel, formaður þýsku landsdeildarinnar, sagðist vera afar fylgjandi því að í yfirlýsingunni yrðu þau sjö ríki sem fremst stæðu nefnd á nafn. Afar misjafnar skoðanir voru uppi um þetta og sagði t.a.m. Jan Hoekema, formaður varnar- og öryggismálanefndar, að það væri alls ekki hlutverk stjórnarnefndar NATO-þingsins að taka ákvarðanir um jafnveigamikil atriði og þetta. Þá var vikið að samskiptum NATO og Rússlands, og þá sérstaklega samskiptum NATO-þingsins og rússnesku landsdeildarinnar. Ljóst væri að NATO stefndi að því á fundi utanríkisráðherra í Reykjavík í maí að formfesta fastaráð NATO-ríkja og Rússlands í skýrt skilgreindum málaflokkum, svo sem varðandi útbreiðslu gereyðingarvopna og alþjóðleg friðargæsluverkefni. Fram kom að rússneska landsdeildin hefði farið fram á, í samræmi við aukið formlegt tvíhliða samstarf Atlantshafsbandalagsins og Rússlands, að hún fengi fullan atkvæðisrétt á vettvangi NATO-þingsins. Rafael Estrella sagði að á fundi sínum með formanni rússnesku landsdeildarinnar hefði hann hafnað þessari ósk en jafnframt sagt að eðlilegt yrði, eftir fund utanríkisráðherranna í Reykjavík, að rússneska Dúman og NATO-þingið hefðu nánara samstarf en hingað til. Estrella sagðist hafa haft samráð við Robertson lávarð, framkvæmdastjóra NATO, um þetta málefni og sagði jafnframt að allar líkur væru á að fyrir fund stjórnarnefndarinnar í Sofíu í maí yrði lögð tillaga um að koma á sérlegum vettvangi stjórnarnefndar NATO-þingsins og rússnesku Dúmunnar sem fjalla mundi um áþekk málefni og NATO-Rússlandsráðið hjá Atlantshafsbandalaginu. Færi þetta þó eftir niðurstöðum fundarins í Reykjavík. Ef stjórnarnefndin samþykkti fyrirhugaðar tillögur mundi fyrsti fundur slíkrar „stjórnarnefndar tuttugu ríkja“ verða haldinn á ársfundinum í Istanbúl.

Fyrir stjórnarnefndarfundinum lá skýrsla forseta NATO-þingsins um samskipti þingsins og Aserbaídsjan og Armeníu. Rafael Estrella hafði nokkru fyrir stjórnarnefndarfundinn haldið í opinbera heimsókn til Aserbaídsjan, m.a. til að meta aukaaðildarumsókn þings Aserbaídsjan. Aserbaídsjan sótti um aukaaðild að NATO-þinginu árið 1999 en umsókninni var hafnað af stjórnarnefnd. Þingi landsins var hins vegar veitt áheyrnaraðild. Umsókn Aserbaídsjan var yfirfarin aftur árið 2000 en hafnað vegna afar hægfara lýðræðisumbóta í landinu og þess að þingkosningar sama ár höfðu brotið í bága við alþjóðlega staðla um frjálsar og lýðræðislegar kosningar. Aukaaðildarumsóknin kom aftur til kasta stjórnarnefndarinnar á vorfundinum í Vilníus 2001 þar sem fulltrúar lýstu almennt yfir efasemdum um ágæti þess að fallast á aukaaðild landsins. Var þó ákveðið að fresta ákvörðun þar til forseti þingsins hefði þekkst heimboð þings Aserbaídsjan. Í skýrslu forsetans var bent á að Armenía hafði enn ekki sótt um aukaaðild að NATO-þinginu og jafnframt bent á að Georgíu hefði

verið veitt aukaaðild árið 1999. Færði forsetinn fyrir því rök að hagsmunir NATO á Kákasus-svæðinu hefðu aukist stórlega á undanförnum missirum, ekki síst í ljósi hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin, og jafnframt benti hann á að bæði Aserbaídsjan og Armenía væru aðilar að Evrópuráðinu. Sagðist forsetinn hafa sannfærst um það í ferð sinni til landsins að það uppfyllti skilyrði fyrir aukaaðild og lagði því til að stjórnarnefndin samþykkti aukaaðildarumsókn Aserbaídsjan og að Armeníu yrði veitt áheyrnaraðild hið fyrsta. Miklar umræður urðu um málið á fundinum þar sem ýmis sjónarmið voru höfð uppi. Nokkrir fulltrúar, þar á meðal formaður bandarísku landsdeildarinnar, sögðu að vissulega væru mörg brýn vandamál í lýðræðisþróun landsins en hins vegar styddu þeir tillögur forsetans. Aðrir voru á þeirri skoðun að NATO-þingið færi of geyst ef aukaaðildarumsóknin væri samþykkt miðað við gefnar forsendur og bentu á stöðu pólitískra fanga, framkvæmd kosninga og reynslu Evrópuráðsins af aðild Aserbaídsjan máli sínu til stuðnings. Breið samstaða var þó við að auka samskiptin við Aserbaídsjan og Armeníu. Guðmundur Árni Stefánsson tók til máls og sagðist vera fullur efasemda um aukaaðild landsins en á hinn bóginn hefði forseti NATO-þingsins með yfirlýsingum í heimsókn sinni til landsins þrengt verulega kosti stjórnarnefndarinnar. Carolyn Parrish, formaður kanadísku landsdeildarinnar, tók undir orð Guðmundar Árna og sagði að stjórnarnefndinni væri nokkuð þröngur stakkur skorinn hvað ákvarðanatöku varðar. Simon Lunn, framkvæmdastjóri þingsins, sagði í innleggi sínu að þessi umræða vaknaði iðulega þegar kæmi að því að fallast á aukaaðildarumsóknir ríkja og erfitt væri að leggja til heildrænar forsendur fyrir veitingu aukaaðildar. Oftlega væri um ófullkomið stjórnarfar í viðkomandi ríkjum að ræða og yrði pólitísk ákvörðun því að liggja til grundvallar þegar dæmt væri um aðildarhæfni hvers nýs umsóknarríkis. Niðurstaða fundarins varð því sú að í ljósi þess að tilskilinn fjöldi atkvæða til stuðnings aukaaðild Aserbaídsjan lægi ekki fyrir yrði ákvörðun um málið frestað þar til á vorfundinum í Sofíu. Jafnframt var samþykkt að veita bæri Armeníu áheyrnaraðild ef farið yrði fram á það.

Á fundinum lagði þýski þingmaðurinn Lothar Ibrügger, gjaldkeri þingsins, fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2001 og áætlun ársins 2002. Í máli Ibrüggers kom fram að fjárhagsstaða NATO-þingsins væri í afar góðu horfi og að afgangur hefði orðið á fjárhagsáætlun liðins árs. Samþykkti stjórnarfundurinn að afgangi liðins árs og fyrirsjáanlegum afgangi næsta árs yrði veitt í að endurbæta húsakynni skrifstofu NATO-þingsins en nokkur kostnaður mun hljótast af nauðsynlegum endurbótum á öryggiskerfi hússins í kjölfar aukins viðbúnaðar vegna hryðjuverka. Þá voru tekin til umræðu málefni er vörðuðu stjórnarnefndarfundi, vorfundi og ársfundi NATO-þingsins á næstu árum. Fyrir fundinum lá boð Alþingis um að halda stjórnarnefndarfund NATO-þingsins snemma árs árið 2005 og var því fagnað á fundinum.

Lokamál fundarins voru drög að ályktun stjórnarnefndar um stöðu mála í Miðausturlöndum sem þeir Tahir Köse, formaður tyrknesku landsdeildarinnar og formaður Miðjarðarhóps NATO-þingsins, og Douglas Bereuter, formaður bandarísku sendinefndarinnar, höfðu undirbúið. Nokkrar umræður urðu um ástand mála fyrir botni Miðjarðarhafs og hlutverk Evrópusambandsins og Bandaríkjanna við úrlausn deilumála Ísraelsstjórnar og heimastjórnar Palestínu. Var það almennt álit fundarmanna að í yfirlýsingardrögunum gætti nauðsynlegs jafnvægis þótt nokkrum fulltrúum þætti nauðsyn á að skerpa orðalag. Guðmundur Árni Stefánsson tók til máls í umræðunum og sagðist styðja yfirlýsingardrög tvímenninganna þótt hann teldi að auka mætti þunga orðalagsins. Þá gerði hann athugasemd þess efnis að hvergi væri minnst á þátt Atlantshafsbandalagsins sjálfs í yfirlýsingunni og vekti það fleiri spurningar en svör. Lagðar voru fram nokkrar munnlegar breytingartillögur hvað orðalag varðaði

og voru þær allar samþykktar. Yfirlýsing stjórnarnefndarinnar um stöðu mála í Miðausturlöndum var samþykkt samhljóða.

c. Vorfundur.

Dagana 23.–27. maí sl. var vorfundur NATO-þingsins haldinn í Sofíu. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Jónína Bjartmarz, auk Andra Lútherssonar ritara. Að vanda var vorfundurinn skipulagður sem eins konar undirbúningsfundur fyrir ársfund þingsins sem haldinn verður í Istanbúl dagana 15.–19. nóvember nk. Í málefnanefndum voru til umræðu skýrslu- og ályktunardrög sem samþykkja á í Istanbúl, auk þess sem ýmsir gestir ávörpuðu fundi nefndanna og svöruðu spurningum þingmanna. Það sem hæst bar á fundinum í Sofíu var næsta lota stækkunar Atlantshafsbandalagsins (NATO) í austurátt, hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi og samband Evrópusambandsins við NATO.

Á fundi stjórnmálanefndar voru til umræðu skýrslur um viðsjár eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001 og áhrif þeirra á öryggis- og varnarsamstarf NATO-ríkja, stækkunarferli Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríki bandalagsins, og afvopnunarsamninga og tengsl Evrópu og Bandaríkjanna eftir 11. september 2001. Fund nefndarinnar ávarpaði Bruce P. Jackson, formaður bandarísku NATO-nefndarinnar, og fjallaði hann um hið nýja NATO, Janusz Onyszkiewicz, fulltrúi pólsku alþjóðamálastofnunarinnar, sem fjallaði um hlutverk Evrópu í samskiptum Atlantshafsríkja, og Jan Petersen, utanríkisráðherra Noregs og fyrrum formaður norsku sendinefndarinnar við NATO-þingið, sem fjallaði um bætt samskipti NATO og Rússlands. Í ávarpi Jacksons var megináherslan lögð á að eftirmál hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin mundu, í sögulegu samhengi, verða til þess að samstaða Evrópu og Bandaríkjanna yrði ríkari en ella. Þá ræddi hann talsvert um pólitíska ólgu þá er einkenndi svæðið við Miðjarðarhaf, hvort sem litið væri til Miðausturlanda eða norðurhluta Afríku, og sagðist telja að staða öryggismála í Evrópu væri afar háð aðstæðum á þessu svæði. Þá vék hann máli sínu að samhliða stækkunarferli NATO og Evrópusambandsins og lýsti yfir áhyggjum sínum af því ef sumum Mið- og Austur-Evrópuríkjanna sem eru í hópi umsækjenda skyldi verða hafnað af báðum stofnunum. Hvatti hann jafnframt til þess að ESB og NATO hefðu aukið samráð sín í milli hvað stækkunarferlin varðar. Taldi hann að á næstu 20 árum mundu pólitískar áherslur og hernaðarlegur viðbúnaður Atlantshafsbandalagsríkja í auknum mæli beinast að Suður-Evrópu og Svartahafssvæðinu. Lagði hann ríka áherslu á að bandalagsríkin yrðu að móta öryggisstefnu í málefnum síðarnefnda svæðisins sem væri ríkt af náttúruauðlindum en hefði jafnframt verið gróðrarstía skipulegrar alþjóðlegrar glæpastarfsemi. Onyszkiewicz ræddi í ávarpi sínu um nánara samband NATO og Rússlands sem staðfest hefði verið á fundi utanríkisráðherra NATO-ríkja í Reykjavík fyrr í mánuðinum. Fagnaði hann formfestingu þess samstarfs og sagðist vænta mikils af því á komandi árum. Í kjölfar ávarps Onyszkiewicz varð nokkur umræða um baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og var ræðumaður spurður hvert hann teldi hlutverk NATO vera á þeim vettvangi. Taldi hann að NATO yrði að breyta hernaðarstjórnskipulagi sínu með hliðsjón af hinum nýju vám sem skapast höfðu á undanförnum mánuðum og endurskipuleggja herstjórn með það að markmiði að koma sér upp smáum sveitum sem unnt væri að beita með afar skömmum fyrirvara áður en hættuástand kynni að verða. Þá taldi hann afar mikilvægt að innan NATO færi fram umræða um V. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans, sem þarfnaðist endurskilgreiningar nú eftir að samstarfsráð Rússlands og NATO-ríkja hefði verið sett á laggirnar. Í ávarpi sínu vék Jan Petersen máli sínu að samstarfsráði NATO og Rússlands og sagði að í Reykjavík hefði sögulegt skref verið stigið og hvatti aðila ráðsins til að halda um-

ræðu um sameiginleg hagsmunamál á breiðum grundvelli. Nefndi hann fimm grunnmálefni sem einkenna mundu samstarfsráðið: aukna samvinnu í baráttunni við alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, hættuástandsstjórnun og friðargæsluverkefni, aukið samráð til að hamla útbreiðslu gereyðingarvopna, afvopnunarmál og traustvekjandi aðgerðir, og tvíhliða samstarf herja. Taldi Petersen að prófsteinn á skilvirkni samstarfsráðsins yrði hvernig daglegu samstarfi Rússlands og NATO yrði háttað á næstu missirum.

Í umræðum um viðsjár eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001 og áhrif þeirra á öryggis- og varnarsamstarf NATO-ríkja sagði Markus Meckel, almennur skýrsluhöfundur stjórnmálanefndarinnar, að nýjar hættur hefðu skapast með nýrri aðferðafræði hryðjuverkahópa á borð við al Qaeda samtökin. Þessi nýja aðferðafræði öfgahópa kallaði á breyttar starfsaðferðir Atlantshafsbandalagsins sem fælust m.a. í nýjum aðferðum í landvörnum, samstarfi á sviði trúnaðarupplýsinga og samstarfi lögreglu og dómsmálayfirvalda. Þá lagði Meckel áherslu á að er hugað væri að upprætingu alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi mætti ekki líta fram hjá þeim jarðvegi sem slík starfsemi sprytti úr – fátækt og þekkingarskorti. Í umræðum um skýrslu hollenska þingmannsins Bert Koenders, um stækkun NATO og samstarfsríki bandalagsins, kom fram að áhyggjur manna af því að NATO færðist á hliðarlínuna í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi hefðu reynst óþarfar. Bandalagsríkin og samstarfsríki NATO hefðu heitið miklum stuðningi við baráttuna og hefði það oftar en ekki verið gert á vettvangi NATO, sbr. hernaðarlegan og pólitískan stuðning samstarfsríkja við aðgerðir bandamanna í Asíu að ógleymdu samstarfi á sviði trúnaðarupplýsinga. Koenders sagði að í þessu ljósi væri afar mikilvægt að næsta lota stækkunar NATO mundi verða umfangsmikil. Þá lagði Koenders áherslu á að mikilvægt væri að NATO gerði allt sem í þess valdi stæði til að forða því að þau ríki sem ekki yrði boðin aðild á leiðtogafundi NATO í Prag litu á það sem höfnun. Ef sú yrði raunin kynni það að hafa slæmar afleiðingar bæði hvað varðar almenningsálit í ríkjunum og svo hernaðarlegt aðlögunarferli. Nokkur umræða varð um skýrsludrög Koenders og lögðu fulltrúar aukaaðildarríkja fram gögn um þróun mála í löndum sínum á síðustu missirum. Þá var rætt um hvort NATO-þinginu bæri í ályktunum og yfirlýsingum sínum að nefna nöfn þeirra ríkja sem hefja ætti aðildarviðræður við og sagðist Koenders vera á þeirri skoðun að þinginu bæri að forðast að nefna nöfn jafnvel þótt sjö ríkjanna níu uppfylltu skilyrði aðildarviðræðna. Í umræðum um afvopnunarmál og samskipti Atlantshafsríkja komu fram miklar áhyggjur þingmanna af útbreiðslu gereyðingarvopna og aðgengi hryðjuverkasamtaka að slíkum vopn. Fyrir lægi að meðlimir al Qaeda hefðu ásælst gereyðingarvopn, einkum efna- og lífefnavopn, og að hætta væri á að nokkur útlagaríki sæju sér hag í að aðstoða hryðjuverkaöflin við að verða sér úti um slíkan búnað. Skýrsluhöfundurinn, Karl Lamers, sagðist hafa nokkrar áhyggjur af mismunandi stefnumiðum Bandaríkjanna og Evrópuríkja NATO hvað þennan málaflokk varðar, þar sem ljóst væri að Bandaríkin hefðu hug á fyrirvaralausum hernaðaraðgerðum til að sporna við útbreiðslu slíkra vopna en Evrópuríkin væru hallari undir að beita diplómatískum leiðum.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur um hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi, hernaðarlegt samræmingarferli þeirra ríkja sem óska aðildar að Atlantshafsbandalaginu, varnarsamstarf Atlantshafsríkja eftir 11. september, og að lokum skýrsla nefndarinnar um landvarnir, hömlur gegn útbreiðslu gereyðingarvopna og öryggi Evró-Atlantshafssvæðisins. Fundi nefndarinnar ávörpuðu þeir Nikolay Svinarov, varnarmálaráðherra Búlgaríu, Sabi Sabev, hershöfðingi og yfirmaður áætlanagerðar búlgarska heraflans, og Jens Rotböll, forseti Euromil-samtakanna. Þeir Svinarov og Sabev fjölluðu að mestu um árangur Búlgaríu við samræmingaraðgerðir herafla landsins samkvæmt aðildaráætlun NATO

og almenningsálitið í Búlgaríu hvað aðild að NATO varðar. Taldi Sabev að Búlgaría mundi hafa náð markmiðum aðildaráætlunarinnar árið 2004.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um horfur í innanríkismálum Rússlands, hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi, og áhrif atburðanna 11. september á stöðugleika og sættir í ríkjum Balkanskaga og Austur-Evrópu. Nefndina ávörpuðu þeir Jean-Louis Bruguiére, fyrsti varaforseti hæstaréttar Frakklands, sem ræddi um úrkosti í baráttunni gegn hryðjuverkum, dr. Ognyan Minchev, framkvæmdastjóri búlgörsku alþjóðamálastofnunarinnar, sem ræddi um samskipti og sáttaumleitanir milli þjóðarbrota í Búlgaríu, og að lokum Georgi Petkanov, innanríkisráðherra Búlgaríu, sem hélt erindi um viðbúnað og aðgerðir búlgarskra löggæsluyfirvalda til að sporna við skipulegri glæpastarfsemi.

Í efnahagsnefnd voru til umræðu skýrslur nefndarinnar um efnahagslegar afleiðingar hryðjuverkaárásanna 11. september og efnahagslega hlið baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi, um stöðu mála í fríverslunarviðræðum Evrópu og Bandaríkjanna, og um efnahagslegt og pólitískt umrót í Mið-Asíu. Fund efnahagsnefndarinnar ávörpuðu þeir Nikolay Vassilev, varaforsætisráðherra og efnahagsmálaráðherra búlgörsku ríkisstjórnarinnar, og Patrick Hardouin, yfirmaður efnahagsmáladeildar Atlantshafsbandalagsins.

Í vísinda- og tækninefnd voru til umræðu skýrslur um álitamál milli Evrópuríkja og Bandaríkjanna vegna Kyoto-bókunar loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna, og samspil vísinda og tækni við alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi. Fundi nefndarinnar ávörpuðu þeir Milko Kovachev, orkumálaráðherra Búlgaríu, og Axel Angely, aðstoðaryfirmaður stjórnmáladeildar Atlantshafsbandalagsins, sem ræddi um hættuna af því ef gereyðingarvopn lentu í höndum öfgahópa á borð við al Qaeda.

Meginmál stjórnarnefndarfundarins að þessu sinni voru ályktunardrög stjórnmálanefndar NATO-þingsins um stækkun bandalagsins sem ákveðin yrði á leiðtogafundinum í Prag í nóvember. Fyrir stjórnarnefndarfundinn hafði Peter Viggers, formaður stjórnmálanefndar, gert drög að ályktun NATO-þingsins um stækkunarferli bandalagsins, sem ráðgert var að kæmi til samþykktar á þingfundinum sem haldinn var lokadaginn. Alls höfðu 19 breytingartillögur verið lagðar fram fyrir fundinn og varð nokkur umræða um þær enda höfðu forseti NATO-þingsins, Rafael Estrella, og formaður stjórnmálanefndarinnar, Peter Viggers, mælst til þess í aðdraganda vorfundarins að breytingartillögum yrði stillt í hóf og þannig tryggt að yfirlýsingin endurspeglaði samstöðu NATO-ríkja í aðdraganda leiðtogafundarins í Prag. Viggers sagði í upphafi fundar að hann legðist gegn því að þau aðildarríki sem lengst væru komin í aðlögunarferlinu yrðu nefnd á nafn í ályktuninni. Máli sínu til stuðnings nefndi hann sérstaklega að nokkur áhöld væru um lýðræðisþróunina í einu umsóknarríkjanna, Slóvakíu, þrátt fyrir ágætan árangur á hernaðarsviðinu. Lagði hann og ofuráherslu á að reyna yrði að koma í veg fyrir að kosið yrði um ályktunina á þingfundinum. Ljóst var á fundinum að fulltrúar aðildarríkjanna 19 skiptust í þrjá hópa með tilliti til þess hvort nefna bæri ríki á nafn eða ekki, hvort nefna bæri fjölda fyrirsjáanlegra aðildarríkja eða hvorugt. Í ljósi þessa fór Jan Tore Sanner, formaður norsku sendinefndarinnar, fram á það að fulltrúar stjórnarnefndar gæfu til kynna á fundinum hverjar áherslur þeirra voru og skiptust fulltrúar nokkurn veginn í þrjá jafnstóra hópa hvað þetta varðar. Að endingu var ákveðið að formaður stjórnmálanefndar fengi það vandasama verkefni að breyta ályktunardrögunum þannig að sættir tækjust um þau.

Þá var tekin til umræðu tillaga forseta NATO-þingsins um að stofnuð yrði sérleg samstarfsnefnd NATO-þingsins og rússnesku Dúmunnar, í samræmi við nýstofnað samstarfsráð Norður-Atlantshafsráðsins og Rússlandsstjórnar. Fram kom í máli forsetans að rússneska sendinefndin hefði farið fram á að hljóta fullan atkvæðisrétt í öllum nefndum NATO-

þingsins en að Rússum hefði verið tjáð að af því gæti ekki orðið. Tillagan kvað því á um að árlega, í tengslum við ársfund NATO-þingsins að hausti, yrði haldinn fundur í fyrrgreindri samstarfsnefnd sem samanstæði af stjórnarnefndinni, sem í eiga sæti fulltrúar þjóðþinga hinna 19 NATO-ríkja, og fulltrúi rússneska þingsins og að allir 20 fulltrúar hefðu atkvæðisrétt. Að öðru leyti mundi nefndin lúta almennum fundarsköpum NATO-þingsins. Nokkur umræða varð um efni og eðli fyrirhugaðrar nefndar. Tillaga forsetans var samþykkt og mun fyrsti fundur samstarfsnefndarinnar fara fram á ársfundinum í Istanbúl í nóvember.

Á fundinum varð áframhald á umræðu um óskir Aserbaídsjan um að hljóta aukaaðild að NATO-þinginu. Forsetinn tjáði nefndarmönnum að Armenía hefði þekkst boð um að gerast áheyrnaraðili að þinginu og væri því komið jafnræði með ríkjunum tveimur hvað stöðu innan NATO-þingsins varðaði. Nokkrir nefndarmenn mæltu gegn því að Aserbaídsjan yrði veitt aukaaðild á meðan lýðræðisþróun þar í landi væri jafnskammt á veg komin og raun bæri vitni og nefndu reynslu Evrópuráðsins af aðild ríkjanna tveggja máli sínu til stuðnings. Nokkrir þingmenn, þar á meðal Douglas Bereuter, lýstu því yfir að ankannalegt væri að styðjast við forsendur Evrópuráðsins í málefnum NATO, þar sem hlutverk og landfræðileg skilgreining stofnananna væru ólík. Var ákvörðun um aukaaðildarumsókn Aserbaídsjan frestað til ársfundarins í nóvember en jafnframt var Simon Lunn, framkvæmdastjóra NATO-þingsins, falið að leggja drög að skilmálum sem gilda skyldu ef stjórnarnefnd tæki þá ákvörðun að víkja aukaaðildarríki úr NATO-þinginu.

Þá skýrði forseti þingsins frá því að samskipti Atlantshafsbandalagsins og Júgóslavíu hefðu tekið afar miklum framförum á liðnum missirum og væri nú svo komið að Júgóslavía hefði sótt um að gerast samstarfsríki NATO í Samstarfi í þágu friðar (PfP) og að júgóslavneska þingið hefði sótt um áheyrnaraðild að NATO-þinginu. Forsetinn sagði jafnframt að sér hefði borist staðfesting þess efnis að stjórnvöld í Svartfjallalandi væru ekki andvíg áheyrnaraðildarumsókninni og lagði hann því til að stjórnarnefnd veitti samþykki sitt, sem og var gert.

Fyrir þingfundinn voru lögð ályktunardrög Peters Viggers, formanns stjórnmálanefndar, um stækkun Atlantshafsbandalagsins. Alls höfðu 20 breytingartillögur verið lagðar fram. Markus Meckel, formaður þýsku sendinefndarinnar, var höfundur einnar þeirra sem í stóð m.a. að umsóknarríkin sjö, Eistland, Lettland, Litháen, Búlgaría, Rúmenía, Slóvenía og Slóvakía, hefðu sýnt fram á árangur sinn hvað NATO aðild varðar. Var breytingartillagan samþykkt með 67 atkvæðum gegn 13. Bandaríska sendinefndin tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu um ályktunina. Þingfundinn ávörpuðu þeir Rafael Estrella, forseti NATO-þingsins, Ognian Gherzhikov, forseti búlgarska þingsins, Georgi Parvanov, forseti Búlgaríu, Simeon de Saxe-Coburg-Gotha, forsætisráðherra Búlgaríu, Solomon Passy, utanríkisráðherra Búlgaríu. Svöruðu þeir allir spurningum þingmanna. Þar sem leiðtogafundur NATO var samdægurs í Rómaborg var ávarp Georges Robertsons lávarðar, framkvæmdastjóra NATO og formanns Norður-Atlantshafsráðsins, sjónvarpað en það hafði verið tekið upp á myndband fyrir fundinn.

d. Sérlegur stjórnarnefndarfundur.

Laugardaginn 6. október var efnt til sérlegs stjórnarnefndarfundar NATO-þingsins í Brussel. Fundinn sat af hálfu Íslandsdeildar Jónína Bjartmarz, auk Andra Lútherssonar ritara. Efnt var til fundarins í þeim tilgangi að afgreiða framkomnar breytingartillögur við yfirlýsingu NATO-þingsins um stækkun og breytingar Atlantshafsbandalagsins. Á fundi stjórnarnefndar í Granada í apríl var boðað að vilji væri til þess að NATO-þingið sendi frá sér efnismikla yfirlýsingu um þær veigamiklu breytingar sem bandalagið stæði frammi fyrir og að sú yfirlýsing yrði gerð opinber áður en að ársfundi NATO-þingsins í Istanbúl kæmi.

Formenn málefnanefnda NATO-þingsins og forseti þess vörpuðu hugmyndum um efnistök yfirlýsingarinnar sín á milli sumarið 2002 og í septembermánuði voru landsdeildum send drög að yfirlýsingum og þær beðnar um að leggja fram breytingartillögur. Íslandsdeild NATO- þingsins hélt fund þar sem fjallað var um yfirlýsingardrögin og varð niðurstaða þess fundar að Árni R. Árnason formaður lagði fram sex breytingartillögur við textann í umboði Íslandsdeildarinnar.

Alls voru 68 breytingartillögur lagðar fram við yfirlýsingardrögin og tóku flestar þeirra til annars, þriðja og fjórða kafla sem fjölluðu um breytingar á hlutverki og verkefnum NATO og breytingar á herstjórn bandalagsins. Talsverðar umræður urðu um breytingartillögurnar. Málefni Íraks og hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum bar hátt á fundinum og skarst nokkuð í odda með fulltrúum Bandaríkjanna annars vegar og Frakklands og Þýskalands hins vegar, er þau mál voru til umfjöllunar. Höfðu fulltrúar þó gert ráð fyrir mun meiri óeiningu en raun varð á og eftir innihaldsríkar efnislegar umræður um hin brýnu málefni ríkti mikil sátt um afgreiðslu breytingartillagnanna. Í yfirlýsingunni var fast kveðið að orði um ríkin sjö sem bjóða bæri aðild, þ.e. Eistland, Lettland, Litháen, Slóveníu, Slóvakíu, Búlgaríu og Rúmeníu. Fram að fundinum í Brussel hafa ávallt verið nokkur áhöld um hvernig NATO-þinginu bæri að afgreiða þá texta sem innihéldu stækkunaráform NATO og þá sérstaklega hvort nefna bæri þau ríki sem veita ætti aðild eða ekki. Yfirlýsingar og ályktanir NATO-þingsins í þessa veru höfðu því verið mun varfærnari en sú yfirlýsing sem samþykkt var einróma á fundinum í Brussel í október. Um orðalagið ríkti fullkominn einhugur á fundinum enda höfðu aðstæður í alþjóðamálum með tilliti til stækkunar NATO breyst mikið frá því t.a.m. á vorfundinum í Sofíu í maí. Nokkrum vikum fyrir stjórnarnefndarfundinn í Brussel höfðu margir þjóðarleiðtogar aðildarríkja NATO gefið frá sér yfirlýsingar þar sem litlum vafa var undirorpið að NATO mundi bjóða ríkjunum sjö til aðildarviðræðna á leiðtogafundinum í Prag. Þá var og athyglisvert að fulltrúar Bandaríkjaþings og franska þingsins náðu, eftir talsverða orðræðu, samstöðu um orðalag er varðaði rétt Atlantshafsbandalagsins og einstakra ríkja þess til að grípa til aðgerða einhliða eða í bandalagi við önnur viljug ríki. Í þessu samhengi er einnig vert að benda á að allir fulltrúar stjórnarnefndarinnar voru samstíga í því að til slíkra aðgerða yrði ekki gripið nema ef brotið hefði verið á stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

Af sex breytingartillögum Íslandsdeildarinnar voru þrjár samþykktar athugasemdalaust. Tvær tillagnanna voru sameinaðar breytingartillögum annarra landsdeilda og einni var hafnað.

Meginniðurstöður fundarins er unnt að draga saman í eftirfarandi: Stjórnarnefnd NATO-þingsins samþykkti einróma yfirlýsingu þar sem m.a. var mælst til þess að á leiðtogafundi bandalagsins í Prag í nóvember byði NATO þeim sjö ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem fremst stæðu í aðlögunarferli bandalagsins til formlegra aðildarviðræðna. Í yfirlýsingunni segir að næsta lota stækkunar bandalagsins verði hreyfiafl til umbreytingar NATO á nýrri öld og að aðild nýrra ríkja í Mið- og Austur-Evrópu – þ.e. Eistlands, Lettlands, Litháen, Slóvakíu, Slóveníu, Búlgaríu og Rúmeníu – mundi efla bandalagið, auka öryggi og stöðugleika í Evrópu og auka frumkvæði að frekari endurskipulagningu Atlantshafsbandalagsins. Þá kom og fram í yfirlýsingunni að NATO bæri að halda dyrum sínum opnum fyrir öðrum Evrópuríkjum sem óskuðu aðildar og að búist yrði við því að þau ríki sem ekki yrði boðin aðild á leiðtogafundinum í Prag gerðust aðildarríki í náinni framtíð.

Í yfirlýsingu stjórnarnefndarinnar, sem er yfirgripsmikil og nær til allra þeirra þátta sem hæst ber í starfsemi bandalagsins á þessum tímamótum, var enn fremur vikið að hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi og hlutverki bandalagsins í þeirri baráttu. Þar

kom fram að bandalagið hefði þegar sýnt pólitíska og hernaðarlegan vilja sinn í verki er Norður-Atlantshafsráðið beitti V. gr. stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins í fyrsta sinn í farsælli sögu NATO og með samstarfi aðildarríkja NATO og bandamanna þeirra í hernaðaraðgerðunum í Afganistan. Mæltist stjórnarnefndin til þess að NATO hlúði frekar að þessu samstarfi í þeim aðgerðum sem fram undan kunni að vera. Í yfirlýsingunni kemur enn fremur fram að NATO væri einstakur vettvangur til samstarfs á sviði hinna fjölmörgu félagslegu, efnahagslegu, pólitísku og hernaðarlegu þátta er lúta að hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi – hinni nýju ógn sem svo mjög mundi móta starfsemi bandalagsins til framtíðar. Hinar nýju vár mundu hafa áhrif á hlutverk, verkefni og getu herja aðildarríkja NATO og vegna þessa yrðu þeir að vera í stakk búnir að grípa til aðgerða hvenær sem öryggi aðildarríkjanna væri ógnað, á grundvelli stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í yfirlýsingunni kom jafnframt fram að yfirlýstur vilji bandalagsríkja til að grípa til aðgerða mundi styrkja fælingarmátt NATO, þar sem bæði þeim sem ógnuðu vestrænum samfélögum og þeim sem skytu skjólshúsi yfir hryðjuverkamenn væri gert það ljóst að þeir gætu hvergi leitað skjóls. Þá sagði að þörfin á hernaðaraðgerðum bandalagsins yrði ákveðin hér eftir sem hingað til með samstöðu Norður-Atlantshafsráðsins, á grundvelli ótvíræðra sannana, og að þegar aðgerðir væru ekki á vegum Atlantshafsbandalagsins sjálfs, þá yrði þeim aðildarríkjum sem fyrir aðgerðunum standa gert kleift að nýta búnað bandalagsins.

Yfirlýsing stjórnarnefndar NATO-þingsins skiptist í tólf kafla sem tóku til: grundvallarmarkmiða NATO, þarfarinnar fyrir aðlögun bandalagsins, stækkunar NATO, endurskilgreiningar á hlutverki og verkefnum NATO, úrbóta á hernaðarskipulagi NATO, samskipta við Evrópusambandið, íhlutunar bandalagsins, samstarfs NATO og Rússlands, samstarfs NATO og Úkraínu, samstarfsvettvangs NATO, innra skipulags NATO, og samstarfs NATO og NATO-þingsins.

e. Ársfundur.

Dagana 15.–19. nóvember var vorfundur NATO-þingsins haldinn í Istanbúl. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Árni R. Árnason formaður, Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Jónína Bjartmarz, auk Andra Lútherssonar ritara. Tvennt setti mark sitt á ársfundinn að þessu sinni. Annars vegar var fundurinn haldinn einungis nokkrum dögum áður en efnt var til sextánda leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Prag þar sem sjö ríkjum Mið- og Austur-Evrópu var boðið til aðildarviðræðna við bandalagið. Hins vegar höfðu almennar þingkosningar farið fram í Tyrklandi tveimur vikum fyrir fundinn og stjórnmálalíf í landinu því í nokkru uppnámi í ljósi mikils og óvænts kosningasigurs fylkingar stjórnmálaafla sem kenna sig við kennisetningu Íslam og yfirburðastöðu þeirra á tyrkneska þinginu. Þá bar hugsanlegar hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra gegn Írak og alþjóðlegar hömlur á útbreiðslu gereyðingarvopna afar hátt á fundinum. Í málefnanefndum voru til umræðu skýrslu- og ályktunardrög sem samþykkt voru á þingfundi, auk þess sem ýmsir gestir ávörpuðu fundi nefndanna og svöruðu spurningum þingmanna. Bandaríkjamaðurinn Douglas Bereuter tók við embætti forseta NATO-þingsins á fundinum úr hendi Spánverjans Rafaels Estrella sem gegnt hafði embættinu í tvö ár.

Á fundi stjórnmálanefndar voru til umræðu skýrslur og ályktanir um viðsjár eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001 og áhrif þeirra á öryggis- og varnarsamstarf NATO-ríkja; stækkunarferli Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríki bandalagsins; aukið öryggissamstarf Atlantshafsríkja og afvopnunarsamningar og tengsl Evrópu og Bandaríkjanna eftir 11. september 2001. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Turan Moralý, skrifstofustjóri alþjóðadeildar tyrkneska utanríkisráðuneytisins, Mehmet Ali Birand, yfirmaður CNN

TURK, Klaus Naumann, hershöfðingi og fyrrverandi formaður hermálanefndar NATO, og Stephen Szabo, prófessor í Evrópufræðum við John Hopkins háskólann í Bandaríkjunum.

Turan Moralý, sem tók fram í upphafi fundar að erindi hans væri byggt á persónulegum skoðunum, greindi fundarmönnum frá því í hversu mikilvægri stöðu Tyrkir væru með tilliti til þeirrar óvissu sem nú væri í alþjóðamálum og stöðu mála á vettvangi tyrkneskra stjórnmála eftir þingkosningarnar í nóvember. Sagði hann að þrátt fyrir að úrslit kosninganna gætu bent til annars þá væri tyrkneska þjóðin afar samstíga um næstu skref. Grundvallarsátt væri í samfélaginu um lýðræðisleg gildi og hvergi yrði hvikað frá þeim umbótaáætlunum á sviði efnahags, lýðræðis og réttarríkis sem fyrri valdhafar höfðu lagt fyrir þingið og þegar hrint í framkvæmd. Hefðu þær hrundið af stað afar jákvæðum breytingum sem fullkomin sátt ríkti um. Fyrir nokkrum árum hefðu róttæk öfl vissulega verið að verki í tyrkneskum stjórnmálum en þeir dagar væru að baki. Hvatti hann menn jafnframt til að breyta afstöðu sinni til nýrra valdhafa, þar væru á ferðinni hófsamir aðilar og nefndi máli sínu til stuðnings að á meginlandi Evrópu væri rík hefð fyrir kristilegum demókrataflokkum. Að sama skapi væru sigurvegarar þingkosninganna íslamskir demókrataflokkar sem væru hófsamir í eðli sínu. Þá nefndi Moralý að jákvæð þróun hefði enn fremur orðið í baráttunni gegn hryðjuverkasveitum Kúrda sem nú nytu ekki lengur stuðnings Sýrlendinga og Írana. Sagði hann að flest deiluefni Tyrkja við Grikki yrðu til lykta leidd á næstu árum og að samskipti ríkjanna væru nú með þeim hætti að milliríkjaátök, sem áður vofðu yfir, væru nú óhugsandi með öllu. Þá vék Moralý að grannríkjum Tyrklands og einkum þeim sem mest hætta stafaði af. Sagði hann að af 23 hugsanlegum átakasvæðum sem höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins hefðu auðkennt sem hættusvæði í eða á jöðrum Evrópu lægju 19 innan seilingar Tyrklands. Sagði hann mestu hættuna stafa af viðvarandi vígvæðingu einræðisríkja þeirra sem liggja að landamærum Tyrklands og að valdhafar í Írak sköpuðu þar mesta ógn. Taldi hann nokkrar líkur á að hernaður bandamanna gegn Írak mundi valda svæðisbundnum óstöðugleika og lagði áherslu á mikilvægi þess að alþjóðasamfélagið skuldbyndi sig til að stuðla að uppbyggingu í Írak eftir að valdhafaskipti ættu sér stað. Að endingu vék Moralý að stöðu mála í Íran og varaði menn við að fjalla um valdhafa þar í landi með of mikilli einföldun þegar ógnir frá því ríki væru til umræðu. Valdaskipting væri virk þar í landi og hverfandi líkur á því að her eða pólitískir valdhafar gripu til bráðræðisaðgerða. Nokkrar umræður urðu eftir erindi Moralýs og beindust þær einkum að hugsanlegum hernaði gegn Írak og hlutverki Tyrklands. Svaraði Moralý því til að mestar líkur væru á því að Tyrkir mundu, ef til stríðs kæmi, veita bandamönnum rétt til að nýta herflugvelli í suðurhluta landsins og aðra óbeina aðstoð en afar ólíklegt væri að þeir mundu beita sér með beinni hætti.

Mehmet Ali Birand, yfirmaður CNN TURK, hélt afar áhugavert erindi þar sem hann velti upp ýmsum afleiðingum þess ef stjórnvöldum í Bagdað yrði komið frá völdum með hernaðaraðgerðum. Sagði hann að Tyrkir mundu vissulega horfa fram á bjartari tíð ef svo kynni að fara en jafnframt bæri að hafa í huga að til skamms tíma mundi mikið óvissuástand skapast í Kúrdabyggðum í suðurhluta landsins þar sem íbúar væru enn mjög áfram um að stofna sjálfstætt ríki Kúrda. Sagði hann að það kynni jafnframt að hafa afar neikvæðar afleiðingar ef hernaður drægist á langinn og ef bandamenn mundu mæta nokkurri mótspyrnu. Tyrkneskur almenningur hefði miklar áhyggjur af neikvæðum skammtímaáhrifum hernaðar á efnahagslífið í Tyrklandi, sem væri hægt og bítandi að ná sér eftir afar mikla kreppu. Í erindi Klaus Naumanns hershöfðingja var vikið að leiðtogafundinum í Prag og þeirri stefnu sem þar yrði mörkuð. Taldi hann að ein mikilvægasta niðurstaða leiðtogafundarins yrði að þar yrðu auðkenndar nýjar leiðir til að sporna við útbreiðslu gereyðingarvopna. Sagði hann að í hinu nýja öryggisumhverfi Atlantshafsbandalagsins yrði að taka mið af því að hugs-

anlega þyrfti að beita hernaðaraðgerðum til að koma í veg fyrir meira hættuástand síðar meir, án þess þó að hvika frá grundvallarforsendum NATO um skilvirkt varnarsamstarf. Slíkar forvarnaaðgerðir yrðu þó aldrei meginstefnan heldur fremur einn valkostur sem unnt væri að grípa til ef allt annað þrýtur. Stephen Szabo, prófessor við John Hopkins háskólann, lagði út af mismunandi áhersluatriðum í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi beggja vegna Atlantsála. Sagði hann að Bandaríkin mætu hættuna á annan hátt en Evrópuríkin og að sú barátta sem Bandaríkjastjórn ætti nú í gegn hryðjuverkastarfsemi væri mun víðtækari og sveigjanlegri en barátta Evrópuríkjanna í NATO. Bandaríkin legðu mun meiri áherslu á hernaðarlausnir en Evrópuríkin og Bandaríkjastjórn mundi nýta mátt NATO ef það þjónaði hagsmunum þeirra betur en að hrinda einhliða aðgerðum í framkvæmd. Þrátt fyrir þetta sagði Szabo að Bandaríkjamenn mætu NATO-samstarfið mikils um þessar mundir og að áætlanir um stofnun hraðliðs NATO, sem upp hefðu komið fyrr um haustið og mundu verða að veruleika eftir Prag-fundinn, væru sönnun þess.

Í umræðum um viðsjár eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001 og áhrif þeirra á öryggis- og varnarsamstarf NATO-ríkja sagði Markus Meckel, almennur skýrsluhöfundur stjórnmálanefndarinnar, að atburðirnir örlagaríku 11. september hefðu markað upphaf að nýjum tímum í alþjóðasamskiptum sem kölluðu á breytt vinnubrögð. Aukið samstarf í upplýsingagjöf og á sviði löggæslu og dómsmálayfirvalda væru atriði sem ekki mætti líta fram hjá við nýtt hættumat. Ræddi Meckel jafnframt um hlutverk NATO í hinu nýja öryggisumhverfi, þ.m.t. hraðlið bandalagsins og afstöðu aðildarríkja NATO til fyrirvaralausra hernaðaraðgerða. Þá sagði hann það vera afar mikilvægt að styrkja alþjóðasáttmála með tilliti til baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi. Þýski þingmaðurinn Karl A. Lamers fylgdi skýrslu sinni um afvopnunarsamninga og samskipti Evrópu og Bandaríkjanna eftir 11. september 2001 úr hlaði og sagði í ávarpi sínu að í umræðum um hættuna af útbreiðslu gereyðingarvopna mættu menn ekki einskorða sig við Írak, mikil hætta stafaði af öðrum ríkjum sem væru fjandsamleg vestrænu gildismati, svo sem Norður-Kóreu. Þá nefndi hann að sú stefna Bandaríkjastjórnar að falla frá ABM-gagnflaugasáttmálanum hefði ekki valdið aukinni vígvæðingu, þrátt fyrir spár margra evrópskra stjórnmálamanna um hið gagnstæða. Lamers gerði einnig alþjóðasáttmála um bann við framleiðslu efnavopna og líf-efnavopna að umtalsefni og sagði ríka þörf á því að styrkja þá sáttmála og eftirlitsstofnanir þeirra. Kanadíski þingmaðurinn Raynell Andreychuk fylgdi skýrslu hollenska þingmannsins Bert Koenders úr hlaði í fjarveru hans síðarnefnda og sagði í ávarpi sínu mikið hafa breyst á undanförnum missirum hvað stækkun NATO varðaði. Leiðtogafundurinn í Prag væri á næsta leiti og nær tryggt væri að sjö nýjum aðildarríkjum yrðu boðnar aðildarviðræður. Væri það í anda vilja NATO-þingsins og því mikið fagnaðarefni. Þá ítrekaði hún að aðildarríkin nýju, sem senn mundu gerast fullir aðilar, mættu ekki slá slöku við í úrbótum á herafla sínum í takt við aðgerðaráætlun NATO (e. Membership Action Plan) og að þau þrjú ríki sem sóst hafa eftir aðild en yrði ekki boðið að þessu sinni mættu ekki örvænta, stækkun NATO væri stöðugt ferli.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur og ályktanir um hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi, Írak, hernaðarlegt samræmingarferli þeirra ríkja sem óska aðildar að Atlantshafsbandalaginu, varnarsamstarf Atlantshafsríkja eftir 11. september, landvarnir, hömlur á útbreiðslu gereyðingarvopna og öryggi Evró-Atlantshafssvæðisins, og skipulagsbreytingar NATO og Evrópustefna í öryggis- og varnarmálum. Fundi nefndarinnar ávörpuðu þeir Sabahattin Cakmakoglu, varnarmálaráðherra Tyrklands, Cihangir Dumanli, yfirmaður áætlanagerðar í tyrkneska varnarmálaráðuneytinu, og ræddu þeir um framlag Tyrklands til Atlantshafsbandalagsins og stöðu landsins í hinu nýja öryggisumhverfi. Þá hélt

Paul Latawski, fræðimaður við Royal Military Academy í Sandhurst á Bretlandi, erindi um stækkun NATO og framtíðarhlutverk bandalagsins og Terence Taylor, yfirmaður International Institute for Strategic Studies, hélt erindi um gereyðingarvopnaáætlun Íraksstjórnar og eftirlitshlutverk Sameinuðu þjóðanna.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur og ályktanir um horfur í innanríkismálum Rússlands, hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi, áhrif atburðanna 11. september á stöðugleika og sættir í ríkjum Balkanskaga og Austur-Evrópu, og stöðu mála í Kalíníngrad-héraði. Nefndina ávörpuðu eftirfarandi: Peter Herby, yfirmaður lögfræðisviðs Alþjóðaráðs Rauða krossins, sem ræddi um áhrif jarðsprengna á stríðshrjáð samfélög, Marie Cécile Barthet, læknir og yfirmaður heilbrigðismála hjá almannavörnum í Toulouse í Frakklandi, sem ræddi um stjórn og framkvæmd almannavarna við mannskæðar hörmungar eða árásir með óhefðbundnum vopnum, Mithat Rende, skrifstofustjóri hjá tyrkneska utanríkisráðuneytinu, sem ræddi um aðgang að vatni í Miðausturlöndum, og Claude Jorda, forseti alþjóðastríðsglæpadómstólsins í ríkjum fyrrum Júgóslavíu, sem ræddi um þróun og framtíðarhorfur alþjóðlegrar löggjafar sem beitt yrði gegn stríðsglæpum. Guðmundur Árni Stefánsson tók þátt í umræðum eftir erindi Marie-Cécile Barthet og sagði meðal annars frá virkum viðbúnaði almannavarna á Íslandi.

Í efnahagsnefnd voru til umræðu skýrslur og ályktanir nefndarinnar um efnahagslegar afleiðingar hryðjuverkaárásanna 11. september og efnahagslega hlið baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi, stöðu mála í fríverslunarviðræðum Evrópu og Bandaríkjanna, efnahagslegt og pólitískt umrót í Mið-Asíu, og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Ersen Ekren, deildarstjóri utanlandsviðskipta hjá tyrkneska fjármálaráðuneytinu, sem ræddi um viðsnúning tyrknesks efnahagslífs eftir þrengingar undanfarinna ára, Maja Wessels, formaður Evrópusambandsdeildar bandarískra verslunarráðsins, sem ræddi um horfur í viðskiptum Bandaríkjanna og Evrópuríkja, og dr. Bhavna Dave, sérfræðingur í málefnum Mið-Asíu við SOAS-háskólann í Lundúnum, sem ræddi stöðu innanríkismála í ríkjum Mið-Asíu og svæðisbundna baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Í vísinda- og tækninefnd voru til umræðu skýrslur um samspil vísinda og tækni við alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, hryðjuverkastarfsemi sem háð væri með kjarna-, efna- og lífefnavopnum, og álitamál milli Evrópuríkja og Bandaríkjanna vegna Kyoto-bókunar loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fundi nefndarinnar ávörpuðu þeir Dursun Ali Ercan, aðstoðarvarnarmálaráðherra Tyrklands, sem ræddi um tyrkneska hergagnaiðnaðinn og þátttöku Tyrkja í fjölþjóðlegum hergagnaverkefnum, dr. Malcolm Dando, prófessor í alþjóðasamskiptum við háskólann í Bradford á Bretlandi, sem ræddi um líkur og viðbrögð við lífefnavopnahryðjuverkum, og Mehmet Tomak, yfirmaður kjarnorkumálastofnunar Tyrklands, sem ræddi um leiðir til að sporna við smygli á kjarnakleyfum efnum og búnaði til vinnslu þeirra.

Á Istanbúl-fundinum var í fyrsta sinn efnt til fundar nýstofnaðrar samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins. Ákvörðun um stofnun nefndarinnar hafði verið tekin á fundi stjórnarnefndar í Sofíu fyrr um árið og var þar ákveðið að nýja samstarfsnefndin, þar sem sæti áttu fulltrúar þjóðþinga aðildarríkjanna nítján og rússnesku Dúmunnar, mundi endurspegla náinn samstarfsvettvang NATO-ríkjanna og Rússlands sem lagður var grunnur að á utanríkisráðherrafundi NATO í Reykjavík í maí og átti sinn fyrsta fund í Róm stuttu síðar. Formenn landsdeilda áttu sæti í samstarfsnefndinni og á fundinum var því fagnað að þessum sögulega áfanga í samskiptum NATO og Rússlands hefði verið náð. Fulltrúar ríkjanna sem fundi þessa sátu mundu ræða sín í milli á jafningjagrundvelli um helstu sameiginlegu málefni NATO og Rússlands og hvert ríki hefði eitt atkvæði. Fundurinn var á almennum

nótum og rætt var um hver yrðu helstu umfjöllunarefni nefndarinnar á næstunni. Almenn samstaða var um að baráttan gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, hættuástandsstjórnun og endurbætur í varnarmálum yrðu ofarlega á baugi í störfum nefndarinnar.

Mánudaginn 18. nóvember fór fram fundur stjórnarnefndarinnar. Helstu dagskráratriði voru skýrsla framkvæmdastjóra NATO-þingsins, staða aukaaðildarríkja og aðildarferli nýrra ríkja. Simon Lunn, framkvæmdastjóri NATO-þingsins, sagði í erindi sínu á fundinum að augljóst væri að starfsemi þingsins hefði aukist afar mikið á síðustu tíu árum og þótt það væri vísir að farsælu starfi þingsins þá hefði þessi þróun valdið þrenns konar áþreifanlegum erfiðleikum. Í fyrsta lagi væru nokkur brögð að því að þingmenn mættu illa á nefndarfundi. Þá skapaði þéttskipuð dagskrá nefndanna mikið álag á skrifstofu þingsins og í þriðja lagi hefði orðið mikill kostnaðarauki af starfinu, sérstaklega hvað túlkunarkostnað varðaði. Sagði Lunn að vissulega væri engin töfralausn á ástandi þessu en mæltist þó til þess að formenn nefnda takmörkuðu starfsemi þeirra við t.a.m. fimm atburði á ári fyrir stærri nefndir og einn til þrjá fyrir smærri nefndir og undirnefndir. Þónokkrar umræður urðu um þetta og voru nefndarmenn almennt andsnúnir því að setja svo miklar takmarkanir á starfsemi nefndanna. Gjaldkeri þingsins, Þjóðverjinn Lothar Ibrügger, vakti athygli á því að stjórnarnefndin sjálf hefði ákveðið að hækka ekki árgjöld aðildarríkjanna og að á sama tíma hefði kostnaður við túlkun aukist um 30%. Var samþykkt að fulltrúar stjórnarnefndar færu nánar yfir þessi mál á næsta fundi sínum. Því næst voru málefni aukaaðildarríkja tekin til umræðu en Aserbaídsjan hafði sótt það fast að fá aukaaðild að NATO-þinginu og hafði stjórnarnefndin haft málið til umræðu um allnokkurt skeið án niðurstöðu. Eðlilegt hafði þótt að fengi Aserbaídsjan aukaaðild þá gilti hið sama um Armeníu. Fulltrúar stjórnarnefndar voru almennt á því máli að auka bæri aðstoð við lýðræðisumbætur í Aserbaídsjan og Armeníu en sem fyrr greindi menn mjög á um hvort rétt væri að veita aukaaðild að NATO-þinginu á þessu stigi. Greinilegt var að Rafael Estrella, forseti þingsins, var mjög áfram um að stjórnarnefndin veitti ríkjunum aukaaðild og hélt langt erindi um efnislegan mun á aukaaðild og áheyrnaraðild þeirri sem Aserar og Armenar nutu. Sagði hann t.a.m. að aukaaðild Georgíumanna, sem veitt hefði verið árið 1999, styddi þá viðleitni að veita ríkjunum slíka aðild. Fór svo að flestir fulltrúa í stjórnarnefndinni gerðu grein fyrir því hvernig þeir mundu greiða atkvæði um umsóknina ef til atkvæðagreiðslu kæmi. Var ljóst að eftir umræðurnar höfðu margir þeirra sem kosið höfðu að stíga varlega til jarðar snúist á sveif með forsetanum og þeim sem litu aukaaðild Asera og Armena jákvæðum augum. Enn aðrir hugðust sitja hjá ef til atkvæðagreiðslu kæmi. Estrella áréttaði að til að veita aukaaðild þyrftu þrír fjórðu hlutar þeirra fulltrúa sem stjórnarfundinn sætu að greiða tillögunni atkvæði sitt. Þótti sýnt að miðað við þann fjölda fulltrúa sem væri á fundinum og þann fjölda sem hygðist sitja hjá við atkvæðagreiðsluna þá mundi tillagan niður falla. Í þessari stöðu mála lagði Carolyn Parrish, formaður kanadísku landsdeildarinnar, fram þá fordæmalausu tillögu að þeir fulltrúar sem hygðust sitja hjá við atkvæðagreiðsluna vikju af fundi. Að lokum fór svo að fimm fulltrúar viku af fundinum á meðan á atkvæðagreiðslunni stóð. Fulltrúi Alþingis var einn þeirra. Armeníu og Aserbaídsjan var veitt aukaaðild að NATO-þinginu með þrettán samhljóða atkvæðum. Fá þjóðþing ríkjanna formlega aukaaðild á vorfundi NATO-þingsins 2003.

Douglas Bereuter, formaður bandarísku landsdeildarinnar, vakti athygli á stöðu sendinefndar Evrópuþingsins og rifjaði upp að hann hefði verið einn þeirra sem hefðu verið andsnúnir því að veita sendinefndinni rétt til að leggja fram breytingartillögur. Sagði hann að flestir í sendinefnd Evrópuþingsins væru vandaðir einstaklingar en þó hefðu verið brögð að því á fundum málefnanefnda að afar róttækir og illa upplýstir fulltrúar Evrópuþingsins tækju til máls og að það skaðaði NATO-þingið sem heild því áhorfendur gerðu ekki greinarmun

á því hvaðan fulltrúar kæmu. Sagði hann þetta afar bagalegt og samsinnti forsetinn því og sagðist mundu ræða þessi mál við formann sendinefndar Evrópuþingsins á febrúar-fundunum í Brussel. Þá var vikið að aðildarferli nýrra ríkja í NATO. Estrella sagði að þegar síðustu stækkun NATO bar að hefðu fulltrúar Póllands, Tékklands og Ungverjalands orðið áheyrnarfulltrúar að stjórnarnefndinni um leið og þeim hefði verið boðið formlega til aðildarviðræðna. Sýnt þætti því að fulltrúar nýju ríkjanna sjö fengju áheyrnaraðild að fyrsta stjórnarnefndarfundi NATO-þingsins á árinu 2003, en hann færi fram í París í apríl. Ríkin fengju svo fullan rétt er aðildarríkin 19 hefðu staðfest aðild umsóknarríkjanna sjö. Fyrirséð væri að það yrði vorið 2004.

Í lok fundarins fjallaði gjaldkeri NATO-þingsins um fjárhagsstöðu þingsins. Þá var vikið að dagskrá funda á árinu 2003 og kjöri í embætti málefnanefnda.

Þau nýmæli urðu við ársfund NATO-þingsins í Istanbúl að efnt var til tveggja þingfunda. Opnunarfundurinn var haldinn föstudaginn 15. nóvember til þess að gefa Robertson lávarði, framkvæmdastjóra NATO, færi á að ávarpa þingheim fyrir leiðtogafundinn í Prag. Auk Robertsons héldu þeir Rafael Estrella, forseti NATO-þingsins, Sukru Elekdag, bráðabirgðaforseti tyrkneska þingsins, og Ahmet Necdet Sezer, forseti Tyrklands, ávörp á opnunarfundinum. Í ávarpi sínu lagði Robertson lávarður megináherslu á þá stækkun sem Atlantshafsbandalagið stæði frammi fyrir og þær umfangsmiklu breytingar á öryggis- og varnarmálum álfunnar sem aðildarríkin hefðu sammælst um að takast á hendur. Sagði hann að atburðirnir 11. september 2001 hefðu breytt öryggisumhverfi vestrænna ríkja í öllum grundvallaratriðum. Þetta hefði kallað á gagngerar breytingar á NATO með það fyrir augum að unnt yrði að bregðast við þeim ógnum sem að Vesturlöndum steðjuðu. Sagði hann að atburðirnir hefðu valdið því að NATO mundi ekki einskorða athafnasvæði sitt við landfræðileg mörk Evró-Atlantshafssvæðisins eins og fyrr, og nefndi yfirlýsinguna frá Reykjavíkurfundinum máli sínu til stuðnings. Þá nefndi framkvæmdastjórinn mikilvægi hins nýja samráðsvettvangs NATO og Rússlands og mikilvægi þess að Evrópuríkin í NATO öxluðu auknar byrðar hvað herbúnað varðaði. Sagði hann að þessi málefni auk baráttunnar gegn útbreiðslu gereyðingarvopna mundu varða veginn að hinu nýja NATO sem væri við sjóndeildarhringinn. Þá fagnaði hann framlagi NATO-þingsins til umræðunnar um hið breytta öryggisumhverfi og sagði að það gegndi einkar mikilvægu hlutverki í orðræðunni við almenna kjósendur.

Þriðjudaginn 19. nóvember fór síðari hluti þingfundarins fram. Fundinn ávörpuðu þeir Klaus Bühler, forseti VES-þingsins, Bruce George, forseti ÖSE-þingsins, og Abdullah Gül, nýskipaður forsætisráðherra Tyrklands. Í ávarpi forsætisráðherrans, sem til skamms tíma var í landsdeild Tyrklands við NATO-þingið, kom fram að hann fagnaði þeim breytingum sem væru fram undan hjá NATO. Lagði hann áherslu á að ESB og NATO kæmu í veg fyrir tvíverknað á öryggis- og varnarmálasviðinu sem yrði kostnaðarsamur. Þá ræddi hann um stöðu Tyrklands í hinu breytta öryggisumhverfi og benti á þær hættur sem væru í Miðausturlöndum. Sagði hann að Tyrkland hefði afar mikilvægu hlutverki að gegna á svæðinu og taldi það eina ástæðu þess að ESB yrði að finna skjóta lausn á stöðu þeirra Evrópuríkja í NATO sem stæðu utan ESB hvað öryggis- og varnarmálastefnu ESB varðaði. Eftir umræður um erindi forsætisráðherrans staðfesti þingheimur ákvörðun stjórnarnefndarinnar um aukaaðild Armeníu og Aserbaídsjan. Árni R. Árnason tók til máls undir liðnum almennar umræður og sagðist fagna þeim tímamótum sem NATO stæði frammi fyrir með stækkun sinni. Sagði hann að Ísland hefði veitt Eystrasaltsríkjunum hvað ríkastan stuðning að aðild að NATO og að ákvörðun sú sem leiðtogar NATO-ríkjanna mundu taka í Prag leiðrétti það sögulega ranglæti sem Eistar, Lettar og Litháar og aðrar þjóðir Mið- og Austur-Evrópu hefðu verið

beittar. Þá ræddi hann um baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi og árangurinn sem hefði náðst. Að vestrænum lýðræðisríkjum steðjuðu nýjar ógnir og margt væri enn óleyst í því tilliti, einkanlega þó sókn vissra ríkja í gereyðingarvopn. Fagnaði Árni Ragnar því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna væri við stjórnvölinn í viðbrögðum alþjóðasamfélagsins við ráðagerðum stjórnvalda í Írak. Þá ræddi Árni Ragnar um þá gjá sem á stundum mátti greina milli viðhorfa Bandaríkjanna og Evrópuríkjanna í NATO. Brýndi hann fyrir þingmönnum að þjóðir Atlantshafsbandalagsins mættu ekki missa sjónar á því mikilvæga verki sem þær hefðu hafið, að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi, og sagði að þingmenn NATO-þingsins hefðu einkar mikilvægu hlutverki að gegna í þeirri baráttu.

Douglas Bereuter, formaður bandarísku landsdeildarinnar, var einróma kjörinn forseti NATO-þingsins og í kjöri til embætta varaforseta þingsins hlutu þingmennirnir John Tanner, Longin Pastusiak, Mario Palombo og Pierre Lellouche flest atkvæði. Alls voru fimm í kjöri. Síðasti dagskrárliðurinn var afgreiðsla ályktana forseta og málefnanefnda NATO-þingsins. Alls voru sjö eftirfarandi ályktanir samþykktar: stækkun og breyting Atlantshafsbandalagsins; hryðjuverkastarfsemi sem háð væri með kjarna-, efna- og lífefnavopnum; staða mála í Kalíníngrad-héraði; fjármögnun hryðjuverkastarfsemi; Írak; aukið öryggissamstarf Atlantshafsríkja; og skipulagsbreytingar NATO og öryggis- og varnarmálastefna Evrópusambandsins.

f. Nefndafundir.

Alls tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar þátt í sjö nefndafundum utan venjubundinna þingfunda NATO-þingsins og febrúarfundanna svonefndu. Jónína Bjartmarz hélt á fund efnahagsnefndarinnar í París í kjölfar febrúarfundanna í Brussel en þar átti nefndin fundi með embættismönnum OECD. Þá héldu Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz og Gunnar Birgisson, í fjarveru formanns, á sameiginlegan nefndarfund stjórnmálanefndar, varnar- og öryggismálanefndar og félagsmálanefndar í Moskvu í mars. Í kjölfar þess fundar fór Guðmundur Árni Stefánsson í ferð félagsmálanefndarinnar til Kalíníngrad-héraðs. Þá hélt Guðmundur Árni Stefánsson á fund Miðjarðarhafshópsins sem haldinn var í Túnis í júní og tók þátt í ferð félagsmálanefndarinnar til Aserbaídsjan um miðjan september. Þá tók Jónína Bjartmarz þátt í ársferð NATO-þingsins í byrjun september en að þessu sinni var haldið til Slóveníu, Bosníu og Hersegóvínu og Kosovo-héraðs. Að lokum héldu Árni R. Árnason og Guðmundur Árni Stefánsson, auk Andra Lútherssonar ritara Íslandsdeildar, á árlega ráðstefnu NATO-þingsins og Atlantshafsráðs Bandaríkjanna (Transatlantic Forum) í Washington D.C. í byrjun desember.

Alþingi, 3. febr. 2003.

Árni R. Árnason, form.	Guðmundur Árni Stefánsson, varaform.	Jónína Bjartmarz.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsingar og ályktanir NATO-þingsins árið 2002.

Stjórnarnefndarfundur í Granada, 6. apríl:
- yfirlýsing um stöðu mála í Miðausturlöndum samþykkt.

Vorfundur í Sofíu, 23.–27. maí:
- yfirlýsing um stækkun Atlantshafsbandalagsins samþykkt.

Sérlegur stjórnarnefndarfundur í Brussel, 6. október:
- yfirlýsing um stækkun og breytingar Atlantshafsbandalagsins samþykkt.

Ársfundur í Istanbúl, 15.–19. nóvember:
1. yfirlýsing um stækkun og breytingar Atlantshafsbandalagsins samþykkt,
2. ályktun nr. 316, um stöðu mála í Kalíníngrad-héraði,
3. ályktun nr. 317, um stofnanalegar breytingar NATO og öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins,
4. ályktun nr. 318, um stöðu mála í Írak,
5. ályktun nr. 319, um fjármögnun hryðjuverkastarfsemi,
6. ályktun nr. 320, um aukið öryggissamstarf Atlantshafsríkja, og
7. ályktun nr. 321, um hryðjuverkastarfsemi sem háð er með kjarna-, efna- og lífefnavopnum.

Fylgiskjal II.

Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Undanfarin ár hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum fjölgað á þinginu og starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Fjórtán ný lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna þriggja, Austurríkis, Sviss og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá nánar í b-lið).

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið

hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að upplýsa þingmenn og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins, og nú einnig þingmönnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu, kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á viðhorfum í ýmsum löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum með aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Þar endurspeglast því afar breitt svið pólitiskra skoðana. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, félagsmálanefnd, efnahagsnefnd, og vísinda- og tækninefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli getur hún kosið undirnefnd eða komið á fót vinnuhópi til að afla um það upplýsinga. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið, sem fyrr segir, smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra bandalagsins á vorfundum og ársfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert, til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe C, æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og einnig Evrópusambandsins og loks fundi forustumanna í þinginu og Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Samskiptin við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantsála er þörf breytinga til aðlögunar að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. NATO- þingið (þá Norður-Atlantshafsþingið) hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékklands og Slóvakíu), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú Rússlands) fengu aukaaðild að þinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Georgíu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Moldavíu, Rúmeníu, Slóveníu, Sviss, Úkraínu, Króatíu, Armeníu og Aserbaídsjan fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum nýju lýðræðisríkjanna tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins.

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum er varða Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum og nú fyrrverandi forsetum Norður-Atlantshafsþingsins, þeim Charlie Rose og William V. Roth Jr., beinir NATO-þingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu. Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráð-

stefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt mikið af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölþjóðlegur umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og taka ákvörðun um fjárveitingar til varnarmála og herafla. NATO-þingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttrar rannsóknardvalar (í þrjá til sex mánuði) á skrifstofu þingsins í Brussel. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til að starfslið þjóðþinganna geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi NATO-þingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd við hefðbundið hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum.

c. Fulltrúar á NATO-þinginu og embættismenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 214 þingmenn frá aðildarríkjunum 19. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandarísku þingsins. Sendinefndir Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands eru skipaðar 18 þingmönnum hver. Kanada, Pólland, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert ríki. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi, Portúgal, Tékklandi og Ungverjalandi koma sjö frá hverju ríki. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort ríki og Ísland og Lúxemborg þrjá. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 73 þingmenn frá aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndafundum, utan stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Hafa þeir þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi (forseti og fjórir varaforsetar). Sjötti embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra landsdeilda aðildarríkja NATO, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig framlag til þingsins ár hvert.

Fylgiskjal III.

<table>
<tr><td colspan="3">NATO-ÞINGIÐ

Kemur saman á þingfundi tvisvar á ári, á vorfundi og ársfundi</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja

19 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
214 þingmenn

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli
við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar

Frá Albaníu, Austurríki, Búlgaríu, Króatíu, Eistlandi, Finnlandi, Makedóníu, Georgíu, Lettlandi, Litháen, Moldavíu, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Sviss og Úkraínu

Hafa ekki atkvæðisrétt

(Hvíta-Rússland var svipt aukaaðild eftir að forseti landsins vék lýðræðislega kjörnu þingi Hvíta-Rússlands frá árið 1997)</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn

Kosin árlega

Forseti, fjórir varaforsetar,
gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda
Formenn nefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman þrisvar á ári</td><td>Samstarfsnefnd NATO-þingsins og rússneska þingsins

Formenn sendinefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman tvisvar á ári</td></tr>
<tr><td>Nefndafundir

Fimm nefndir:
Félagsmálanefnd
Varnar- og öryggismálanefnd
Efnahagsnefnd
Stjórnmálanefnd
Vísinda- og tækninefnd

Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir

Mynda undirnefndir
til að rannsaka afmörkuð mál
og afla upplýsinga</td><td>Þingfundir

Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og um fjárhagsáætlun

Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi

Hlýða á ávörp gesta

Með þátttöku auka- og áheyrnaraðila</td><td>Önnur starfsemi

Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað

Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar</td></tr>
</table>

1012. Fyrirspurn [628. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver hefur þróun mála verið að undanförnu hvað varðar bið eftir almennri þjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss?
2. Hve mikil brögð eru að því að vista hafi þurft börn eða unglinga á geðdeildum fyrir fullorðna?
3. Hversu löng bið er eftir meðferðarúrræðum fyrir unga fíkniefnaneytendur sem eiga jafnframt við geðræn vandamál að stríða?
4. Hvað líður fyrirhugaðri uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri?

1013. Fyrirspurn [629. mál]

til félagsmálaráðherra um langtímameðferðarheimili og neyðarvistun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hve margir eru á biðlistum eftir vistun á langtímameðferðarheimilum á vegum ráðuneytisins og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar í því sambandi?
2. Hvenær verður ráðist í fyrirhugaða stækkun neyðarvistunaraðstöðu á Stuðlum?

1014. Fyrirspurn [630. mál]

til samgönguráðherra um sérstaka slysastaði í vegakerfinu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað er gert til að lagfæra sérstaka slysastaði, eða svokallaða „svarta bletti“, í vegakerfinu, þ.e. í
   a. dreifbýli og
   b. þéttbýli?
2. Hversu mikið fé rennur árlega til lagfæringa á slysastöðum og hversu hátt hlutfall er það af öllum nýframkvæmdum í vegamálum?
3. Gerir samgönguáætlun til 2006 ráð fyrir að unnið sé að slíkum lagfæringum?
4. Hefur verið lagt mat á arðsemi þess að lagfæra „svarta bletti“?

5. Kæmi til greina að verja ákveðnum hundraðshluta þeirrar upphæðar sem ríkisstjórnin ákvað nýverið að setja í framkvæmdir í vegamálum til lagfæringa á „svörtum blettum“ eða annarra aðgerða til að auka umferðaröryggi?

Skriflegt svar óskast.

1015. Fyrirspurn [631. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um umferðarsektir.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hversu miklar umferðarsektir hafa verið lagðar á árlega frá árinu 1995 og hvað hefur mikið af þeim verið innheimt, sundurliðað eftir lögregluumdæmum?
2. Hversu hátt hlutfall af sektum hvers lögregluumdæmis hefur runnið til viðkomandi lögregluumdæmis á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

1016. Fyrirspurn [632. mál]

til samgönguráðherra um sérleyfi til fólksflutninga innan lands.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvaða sérleyfi til fólksflutninga voru endurnýjuð á síðasta ári og til hversu langs tíma?
2. Hvaða sérleyfi voru ekki endurnýjuð og hvers vegna?
3. Hvaða fjárstyrkir voru veittir til sérleyfishafa 2001 og 2002, hversu háir voru þeir og til aksturs hvaða sérleiða voru þeir veittir?

Skriflegt svar óskast.

1017. Fyrirspurn [633. mál]

til sjávarútvegsráðherra um styrkveitingar til eldis sjávardýra.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hverjir hafa fengið úthlutað styrkjum til eldis sjávardýra frá því að styrkveitingar hófust?

Skriflegt svar óskast.

1018. Skýrsla [634. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2002.

1. Inngangur.

Evrópuráðsþingið er þingræðislegur vettvangur 44 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess, enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 612 fulltrúar sem skiptast til helminga, í aðalmenn og varamenn. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu málefnanefndum. Þá sitja formenn landsdeilda í stjórnarnefnd og í sameiginlegri nefnd með ráðherranefndinni, auk þess sem tuttugu þingmenn sitja í forsætisnefnd þingsins. Loks starfa á þinginu fimm flokkahópar. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, í lok janúar, apríl, júní og september. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

- eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
- hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og
- vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál, og eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins, þar sem menn starfa saman á jafnræðisgrundvelli, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum, eru því afar mikil-

vægir. Hefur þetta farsæla samstarf hraðað mjög þeirri öru lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu á undangengnum árum. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni, ekki síst í ljósi þess að Evrópuráðið og þingmannasamkunda þess er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem Ísland nýtur fullrar aðildar.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildarinnar á árinu voru Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Kristján L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar.

Ritari Íslandsdeildarinnar var Andri Lúthersson.

3. Helstu málefni Evrópuráðsins og Evrópuráðsþingsins árið 2002.

Um þessar mundir gegnir Evrópuráðið m.a. því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, meðal annars með efnahags-, laga- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört og urðu þau alls fjörutíu og fjögur talsins árinu með formlegri aðild Bosníu og Hersegóvínu. Óhætt er því að segja að pólitískt vægi ráðsins hefur því aukist verulega undanfarin ár. Á vettvangi ráðherranefndar Evrópuráðsins var nokkuð rætt um hugmyndir þess efnis að efna til þriðja leiðtogafundar ráðsins. Þá beindust umræður og störf ráðherranefndarinnar og Evrópuráðsþingsins að endurskipulagningu Mannréttindadómstóls Evrópu og samningsins um afnám dauðarefsinga í Evrópu. Þá var nokkuð rætt um samskipti Evrópusambandsins og Evrópuráðsins með tilliti til stækkunar ESB, Framtíðarráðstefnu ESB og vinnu við svokallaða réttindaskrá Evrópusambandsins. Af öðrum pólitískum málum má nefna inngöngu Serbíu og Svartfjallalands í Evrópuráðið og ástandið í Hvíta-Rússlandi.

Átökin í Tsjetsjeníu bar hátt á dagskrá Evrópuráðsþingsins árið 2002 líkt og undangengin ár. Evrópuráðsþingið er nær eina alþjóðastofnunin sem hafði aðgang að Tsjetsjeníu á árinu og voru kraftar Evrópuráðsins því nýttir til hins ýtrasta til að ná fram friðsamlegri lausn á deilum og átökum Tsjetsjena og Rússlandsstjórnar. Skipaður var sérlegur, fámennur starfshópur Evrópuráðsþingsins og rússnesku Dúmunnar á fyrra ári, undir formennsku Judds lávarðar og Dimítrý Rogosíns, formanns rússnesku sendinefndarinnar við Evrópuráðsþingið, og starfaði sá hópur ötullega að lausn mála og ferðaðist til Tsjetsjeníu í þrígang í þeim tilgangi. Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, á sæti í starfshópnum. Í lok ársins harðnaði deilan til muna í kjölfar gíslatökunnar í Moskvu. Þá beitti Evrópuráðsþingið sér fyrir lausn mála í deilum Evrópusambandsins og Rússlandsstjórnar vegna málefna Kalíníngrad-héraðs. Þess má geta að Lára Margrét Ragnarsdóttir var sérlega útnefnd af stjórnmálanefnd þingsins til að fjalla um málið. Af lýðræðis- og réttarfarsmálum má nefna að staðan í Moldavíu, Georgíu, Aserbaídsjan og Armeníu var ofarlega á baugi í þinginu og samkundan hvatti ráðherraráð Evrópuráðsins til að nýta allar færar leiðir til að leysa úr þeim vanda sem skapast hefði í þessum ríkjum á undanförnum árum.

Fyrri hluta árs bar mikið á umfjöllun um stöðu átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs á Evrópuráðsþinginu sem og á öðrum þingmannasamkundum. Þingheimur Evrópuráðsins hlýddi á ávörp Palestínumanna og Ísraela og ályktaði um ástandið. Þegar leið á árið beindust

sjónir að ástandi mála í Írak. Framhald varð á umfjöllun Evrópuráðsþingsins um afleiðingar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í septembermánuði og framlag Evrópuráðsins til hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Hér á eftir fara ítarlegri upplýsingar um starfsemi Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins á árinu 2002.

4. Þingfundur Evrópuráðsþingsins 2002.

a. Fyrsti hluti þingsins.

Dagana 21.–25. janúar var fyrsti hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2002 haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Á fundinum beindist athyglin í miklum mæli að málefnum Miðausturlanda en Evrópuráðsþingið bauð tveimur framámönnum úr röðum Palestínumanna og Ísraela, þeim Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, og Saeb Erekat, ráðherra í heimastjórn Palestínu, til að ávarpa þingfundinn. Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs bar hátt í heimsfréttum í byrjun janúarmánaðar og degi áður en gestirnir fluttu erindi sín höfðu herskáir Palestínumenn staðið fyrir mannskæðum sjálfsvígsárásum og hafði ísraelski herinn svarað fyrir sig með árásum á eignir heimastjórnar Palestínumanna. Athygli vakti hve mikill samhljómur var í málflutningi þeirra Peres og Erekats á þingfundinum en báðir lögðu þeir ofuráherslu á að stríðandi aðilar yrðu að setjast aftur að samningaborði. Sögðu þeir báðir að atburðir undangenginna missira hefðu grafið undan trausti milli ráðamanna í Palestínu og Ísrael og að ekki mætti draga lengur að efla það traust. Í málflutningi beggja komu fram sterk hvatningarorð í garð Evrópubúa, Rússa og Bandaríkjamanna um að sameinast í afstöðu sinni til átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs þar eð slíkt væri eina leiðin til varanlegs friðar.

Á upphafsdegi þingsins var tekin fyrir skýrsla jafnréttisnefndarinnar um baráttuna gegn mansali. Á undanförnum árum hefur skipuleg glæpastarfsemi aukist gífurlega í álfunni og er nú svo komið að fjárhagslegt umfang mansals er litlu minna en eiturlyfjasmygl og vopnasmygl að mati sérfræðinga. Í skýrslu jafnréttisnefndarinnar var hvatt til þess að Evrópuráðið yrði í fararbroddi baráttunnar gegn mansali og mæltist nefndin til þess að ráðherraráðið beitti sér fyrir aukinni samvinnu milli stofnana til að sporna við þessum vanda og auknum úrbótum í aðildarríkjum Evrópuráðsins, t.a.m. með ákvæðum sem vernduðu þolendur mansals og tryggðu þeim tímabundið landvistarleyfi af mannúðarástæðum. Þá hvatti þingheimur ráðherraráðið til að beita sér fyrir stofnun evrópskrar stofnunar sem hefði eftirlit með þessum málaflokki og jafnframt að gerð yrðu drög að Evrópusáttmála þar sem lagst yrði gegn mansali. Á fundinum var mælt með því að Bosníu og Hersegóvínu yrði veitt aðild að Evrópuráðinu í ljósi þess að þar væru mannréttindi virt, forsendum réttarríkisins væri fullnægt og að stjórnvöld hefðu sýnt ríkan vilja til að ráðast í umfangsmiklar lýðræðisumbætur með það að markmiði að færa löggjöf landsins fram til samræmis við alþjóðlega staðla. Stjórnmálanefnd þingsins lagði fram skýrslu um stöðu mála á Kýpur. Í umræðum um skýrsluna kom fram einarður stuðningur þingmanna við friðarvilja leiðtoga þjóðarbrotanna sem eyjuna byggja en í sömu viku og efnt var til janúarfundar Evrópuráðsþingsins áttu sér stað viðræður milli ráðamanna Kýpur-Tyrkja og Kýpur-Grikkja. Í ályktun þingheims voru báðir aðilar hvattir til að leysa úr pólitískum ágreiningsefnum sínum áður en kæmi til aðildar Kýpur að Evrópusambandinu, þ.m.t. að varpa ljósi á örlög fólks sem varð viðskilja við fjölskyldur sínar í Kýpurstríðinu og að losa um hömlur á ferðafrelsi fólks og búseturétti þess svo unnt yrði að sameina fjölskyldur og ástvini. Þá var á þingfundinum vikið að afleiðingum hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum þegar skýrsla laga- og mannréttindanefndarinnar var tekin til

umræðu. Í ályktun nefndarinnar var lýst yfir áhyggjum af stöðu mannréttindamála eftir atburðina 11. september á síðasta ári og voru stjórnvöld hlutaðeigandi ríkja hvött til að kasta ekki mannréttindum fyrir róða og gæta þess að aðgerðir gegn hugsanlegum hryðjuverkamönnum brytu ekki í bága við innlend og alþjóðleg mannréttindaákvæði. Þá hvatti þingheimur aðildarríki Evrópuráðsins til að hafna framsalsbeiðni fanga ef hugsanlegt væri að þeir ættu yfir höfði sér dauðadóm. Þá var staða mála í Tsjetsjeníu tekin til umræðu á þinginu. Í umræðum kom fram var samdóma álit að enn væri langt í land með að ástand mála í hinu stríðshrjáða héraði væri ásættanlegt og væri neyð íbúanna slík að alþjóðasamfélagið gæti ekki staðið aðgerðarlaust hjá. Þá væru enn afar róttæk öfl á kreiki meðal tjsetsjenskra skæruliða og notfærðu þau sér ástandið til eigin framdráttar. Hvatti þingið jafnframt rússneska herinn til að virða mannréttindi íbúa Tsjetsjeníu. Í umræðum var vikið að hinum sérlega starfshópi Evrópuráðsþingsins í málefnum héraðsins og hvatt til þess að hann héldi áfram störfum sínum á árinu enda hefði mikill árangur náðst að undanförnu við að leiða fulltrúa ólíkra hópa saman til viðræðna fyrir tilstuðlan starfshópsins.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Nino Burdjanadze, forseti georgíska þingsins, Arturas Paulauskas, forseti litháíska þingsins, Antanas Valionis, utanríkisráðherra Litháen og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Adrian Severin, forseti þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, Mike Moore, framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), og Saeb Erekat, ráðherra sveitarstjórnarmála í heimastjórn Palestínu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók þátt í umræðum um stöðu mála í Tsjetsjeníu og hvatti í ræðu sinni Vesturlönd til að gera sitt ýtrasta til að leysa strax úr neyð þeirra þúsunda íbúa héraðsins sem enn byggju við mikið harðræði. Sagði hún að að mörgu leyti hefðu Vesturlönd þegar misst af lestinni enda örðugt að snúa við þróun sem markaði djúp spor á ríkjandi og komandi kynslóðir í héraðinu. Vék hún máli sínu að fulltrúum þeirra hópa í Tsjetsjeníu sem enn hefðu ekki nýtt tækifærið til að ávarpa þær fjölmörgu ráðstefnur sem hinn sérlegi starfshópur Evrópuráðsþingsins hefði efnt til á undanförnum missirum. Sagði hún í ræðu sinni að augljóst væri að hluti af afleiðingum hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september væru þær að kastljós fjölmiðla hefðu færst frá átökunum í Tsjetsjeníu og væri það miður. Þá gagnrýndi hún harðlega þau skæruliðaöfl í Tsjetsjeníu sem ættu ekkert skylt við frelsisbaráttu heldur mun fremur skipulega glæpastarfsemi. Nýttu þessir aðilar sér frelsisbaráttu annarra afla sem skálkaskjól og áréttaði að slíkt yrði ekki liðið.

Á þinginu var skýrsla félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsþingsins, sem Lára Margrét veitir forstöðu, um eiturlyfjavandann og félagslegar afleiðingar hans tekin til umfjöllunar. Skýrsla þessi hefur vakið mikla athygli í ljósi þess að þar eru boðaðar nýjar leiðir til að takast á við þennan afar útbreidda vanda. Í skýrslunni var bent á að engin tengsl hefðu komið í ljós á milli tíðni eiturlyfjaneyslu í ákveðnu landi og þess hversu hörð viðurlög eru þar við fíkniefnabrotum. Því væri æskilegt að aðildarríkin endurskoðuðu stefnu sína í fíkniefnamálum. Þegar kom að atkvæðagreiðslu um skýrsluna var ljóst að mikill ágreiningur var uppi um innihald hennar og höfðu þar fulltrúar sænsku og ítölsku landsdeildanna sig einna mest í frammi. Tuttugu breytingartillögur höfðu verið lagðar fram af andstæðingum tilmælanna fyrir þingfundinn og svo fór að flestar þeirra voru samþykktar á fundinum. Fóru mál á þann veg að eftir að breytingartillögurnar voru samþykktar fór skýrsluhöfundurinn, Bretinn Paul Flynn, ásamt meðlimum nefndarinnar, fram á að skýrslunni yrði hafnað, þar sem ekki væri lengur um að ræða sömu skýrslu og nefndin hefði samþykkt. Var það samþykkt af þingheimi.

b. Annar hluti þingsins.

Dagana 22.–26. apríl var annar hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2002 haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Kristján L. Möller, auk Andra Lútherssonar ritara.

Miðvikudaginn 24. apríl gerðist Bosnía og Hersegóvína 44. aðildarríki Evrópuráðsins við hátíðlega athöfn þegar fáni ríkisins var dreginn að húni fyrir utan Evrópuráðshöllina í Strassborg. Með aðild Bosníu og Hersegóvínu má segja að mikilvægum áfanga í sameiningu Evrópu hafi verið náð en utan Júgóslavíu var Bosnía og Hersegóvína eina Mið- og Austur-Evrópuríkið sem enn stóð utan ráðsins. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Walter Schwimmer, sagði í ræðu sem hann hélt í tilefni tímamótanna að aðildin markaði ekki aðeins miklar breytingar í þróun Bosníu og Hersegóvínu frá hörmungum Balkanstríðanna í átt að stöðugu evrópsku fjölmenningarsamfélagi heldur einnig í sameiningu álfunnar allrar.

Staða mála í Miðausturlöndum var rædd á þingfundi fimmtudaginn 25. apríl og í ályktun þingsins voru ísraelsk stjórnvöld og heimastjórn Palestínu vöruð eindregið við afleiðingum óbreyttrar stefnu sinnar og voru minnt á skuldbindingar sínar gagnvart alþjóðalögum. Gagnrýndi þingheimur sjálfsmorðsárásir palestínskra einstaklinga og afstöðuleysi heimastjórnar Palestínu til þeirra. Þá var herför ísraelska hersins gegn palestínskum almenningi harðlega gagnrýnd sem og kerfisbundin eyðilegging hersins á innviðum heimastjórnarsvæðanna og aðgerðir hersins í Jenín-flóttamannabúðunum. Í umræðunum sem fram fóru tóku þátt þeir Haim Ramon, fulltrúi forseta ísraelska þingsins, og Ziad Abu Zayyad, fulltrúi forseta palestínska löggjafarþingsins. Málefni Rússlands bar einnig hátt í þingstörfunum að þessu sinni. Tvær skýrslur um Rússland voru teknar fyrir, annars vegar skýrsla eftirlitsnefndar þingsins um skuldbindingar Rússlands á vettvangi Evrópuráðsins og hins vegar skýrsla laga- og mannréttindanefndarinnar um trúfrelsi í Rússlandi. Í fyrri skýrslunni voru rússnesk stjórnvöld m.a. harðlega gagnrýnd fyrir að hrinda banni við dauðadómum ekki í framkvæmd og gagnrýndi jafnframt rússneska þingið fyrir fyrirætlanir sínar að aflétta forsetaúrskurði um bann við fullnustu dauðadóma. Höfundar skýrslu laga- og mannréttindanefndarinnar sögðu að mikið hefði áunnist í seinni tíð hvað varðaði trúfrelsi í Rússlandi en þó væri alvarlega vegið að frelsi ýmissa lítilla trúarhópa, svo sem Votta Jehóva, til þess að iðka trú sína.

Carla del Ponte, aðalsaksóknari Alþjóðastríðsglæpadómstólsins í málefnum Júgóslavíu fyrrverandi, ávarpaði þingheim miðvikudaginn 24. apríl og sagði hún í ræðu sinni að stríðsglæpadómstóllinn væri á afar mikilvægum tímamótum. Alls væru sex réttarhöld í gangi í Haag, þ.m.t. réttarhöldin yfir Slobodan Milosevic, fyrrverandi Júgóslavíuforseta, og taldi hún þetta til marks um hve langt alþjóðasamfélagið hefði náð að ganga á skömmum tíma. Taldi hún þetta afar farsæla þróun sem væri þó háð því að ríkisstjórnir sýndu dómstólnum fullan samstarfsvilja. Átaldi hún stjórnvöld í Belgrad og í serbneska lýðveldinu fyrir að draga lappirnar við að handtaka þá sem ákæra hefði verið gefin út á. Þá fagnaði hún hve hratt og vel það hefði gengið að staðfesta Rómarsáttmálann sem kveður á um stofnun alþjóðlegs sakamannadómstóls sem hún taldi vera einhvern mikilvægasta áfanga í alþjóðlegri réttarsögu.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Jakob Kellenberger, formaður Alþjóðaráðs Rauða krossins, Ion Iliescu, forseti Rúmeníu, Serguei Mironov, forseti sambandsþings rússneska þingsins, Antanas Valionis, utanríkisráðherra Litháen og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, og Carla del Ponte, aðalsaksóknari Alþjóðastríðsglæpadómstólsins í málefnum Júgóslavíu fyrrverandi.

Í umræðum um stöðu mála í Miðausturlöndum sagði Lára Margrét Ragnarsdóttir að alþjóðasamfélaginu stæði mikil hætta af stigmagnandi átökum Ísraelsmanna og Palestínumanna og að hatrið sem birtist í þeim átökum hefði náð því marki að Evrópuráðið yrði að

leggja sín lóð á vogarskálar þeirra sem ljá friði röddu sína. Sagði hún að Ísraelsmenn lifðu við viðvarandi ótta við sjálfsmorðsárásir sem engu eirðu og að hjálparstofnunum væri gert ókleift að koma nauðstöddum til aðstoðar. Að sama skapi gagnrýndi hún Ísraelsmenn fyrir að beita her sínum á svo óvæginn hátt gegn saklausum palestínskum borgurum. Lára Margrét sagði að Ísland hefði ávallt stutt Ísraelsríki með ráðum og dáð og að milli ríkjanna hefði ávallt verið gott samband. Þess vegna væri það skylda sín að segja að nóg væri komið, staða mála ætti fremur skylt við fáránleikann og að valdhafar beggja vegna borðs yrðu að semja um frið. Slík væri ábyrgð þeirra. Gagnrýndi hún sérstaklega að hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi væri notuð sem skálkaskjól í aðgerðum Ísraelshers gegn Palestínumönnum og sagði að á tímum breiðrar, alþjóðlegrar samstöðu gegn hryðjuverkum væri rík þörf á að skapa samsvarandi samstöðu með friði. Lára Margrét mælti jafnframt fyrir nokkrum breytingartillögum við ályktun þingsins um stöðu mála í Miðausturlöndum.

Lára Margrét tók einnig til máls í umræðum um stjórn og vernd fiskstofna og sagði að skýrsludrög drægju upp afar slæma mynd af ástandi fiskstofna. Taldi Lára Margrét rétt að nefna að á sama tíma og ástandið væri svo bágborið sökum mikillar ofveiði þá hefðu sumar Evrópuráðsþjóðir gert grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnunarkerfum sínum og stunduðu nú afar ábyrgar fiskveiðar. Rakti hún stuttlega sögu fiskveiða við Ísland og tilurð fiskveiðistjórnarkerfisins og sagði að menn yrðu að gera skýran greinarmun á þeim þjóðum Evrópu sem ættu allt undir fiskveiðum og öðrum þjóðum. Þá sagði Lára Margrét að þar eð Ísland ætti ekki aðild að ESB gæti hún ekki tjáð sig beint um sameiginlega fiskveiðistefnu sambandsins, en þó vildi hún gagnrýna niðurgreiðslur ESB til fiskveiða. Sagðist hún vera algerlega á móti markaðshamlandi aðgerðum sem tæki til fiskveiðistjórnar.

c. Þriðji hluti þingsins.

Dagana 24.–28. júní fór þriðji hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2002 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Af þeim málum sem hæst bar á júnífundi Evrópuráðsþingsins má nefna málefni þingræðislegs eftirlits með alþjóðastofnunum, samstarf samevrópskra stofnana og stöðu flóttamanna í Sambandsríkinu Júgóslavíu. Á júnífundinum var kosið til embættis aðstoðarframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og voru þrír í framboði, Maud de Boer-Buquicchio frá Hollandi, Guy De Vel frá Belgíu og Len Davies frá Bretlandi. Maud de Boer-Buquicchio var kjörinn af þingheimi í stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til fimm ára með 147 atkvæðum. De Vel hlaut 81 atkvæði og Bretinn Davis hlaut alls 9 atkvæði. Tók Boer-Buquicchio við starfinu af Hans Christian Krüger sem gegnt hafði stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra frá 1997.

Í upphafsræðu sinni vék Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, að niðurstöðum leiðtogafundar Evrópusambandsins í Sevilla sem haldinn hafði verið stuttu áður. Gagnrýndi Schieder aðildarríki Evrópusambandsins fyrir að hafa náð afar litlum árangri með fundi sínum og sagði það bagalegt í ljósi þess að stærsta stækkun ESB væri á næsta leiti án þess að aðildarríkin hefðu komist að niðurstöðu um jafnveigamikil mál og niðurgreiðslur til landbúnaðar. Þá sagði hann að fundurinn hefði í öllum aðalatriðum snúist um hvernig stemma mætti stigu við auknum fjölda ólöglegra innflytjenda í Evrópu og að niðurstaðan hefði verið lítt vönduð málamiðlun milli þeirra sem grípa vilja til harðari aðgerða og þeirra sem hallast að mannúðlegri aðgerðum. Sagði forsetinn að að nokkru leyti mætti fagna niðurstöðunni þar sem ESB hefði ákveðið að beita ekki heimaríki ólöglegra innflytjenda refsiaðgerðum. Samhæfð framkvæmdaáætlun Evrópusambandsríkja væri af hinu góða, t.a.m. samræming á með-

höndlun hælisumsókna. En þegar öllu væri á botninn hvolft fælist vandinn ekki í innihaldi ákvarðana sem teknar væru á þessum vettvangi heldur miklu fremur því hvernig leiðtogar Evrópusambandsríkja miðla málefnum innflytjenda til almennings og sagði Schieder að á Sevilla-fundinum hefðu þjóðarleiðtogarnir misst af góðu tækifæri til að hafa slík áhrif á almenningsálitið. Lagði Schieder áherslu á það að þótt samhæfð stefna Evrópusambandsins í þessum málaflokki væri vissulega fagnaðarefni þá væri þörf að samhæfa stefnu allra ríkja álfunnar, ekki aðeins ESB-ríkja, því að hættan væri sú að vandinn sem stafar af ólöglegum innflytjendum mundi þá færast til annarra ríkja álfunnar. Þá sagði forsetinn að sem fulltrúi Evrópuráðsins, sem stæði vörð um mannréttindi, yrði hann að vekja athygli á því að stefna Evrópuríkja í þessum málaflokki virtist vera að harðna mjög um þessar mundir og að grundvallarmannréttindi væri oftar en ekki hunsuð. Sagði Schieder að Evrópuríki hefðu ekki efni á að varpa Genfarsáttmálunum fyrir róða í skiptum fyrir skjótfengin atkvæði. Sagði forsetinn að viðfangsefni Sevilla-fundarins væri einkennandi fyrir þróunina í Evrópu þar sem borið hefði mikið á baráttunni gegn ólöglegum innflytjendum og óöryggi yfirleitt í aðdraganda kosninga í mörgum Evrópuríkjum að undanförnu. Minnti hann þingmenn á að þeir yrðu að spyrja sig áleitinna spurninga hvað þetta varðar.

Fimmtudaginn 27. júní samþykkti Evrópuráðsþingið ályktun um stöðu flóttamanna í Sambandsríkinu Júgóslavíu þar sem lögð var áhersla á að leysa yrði hið snarasta úr vanda þessa fólks en talið er að um hálf milljón flóttamanna búi í Serbíu, Svartfjallalandi og Kosovo-héraði eftir stríðsátök undangenginna ára á svæðinu. Býr fólk þetta við afar þröngan kost enda stjórnvöld oft illa búin til að leysa úr brýnasta vandanum. Átaldi þingið alþjóðasamfélagið fyrir að draga úr fjárframlögum sínum til alþjóðlegs hjálparstarfs á Balkanskaga. Mæltist Evrópuráðsþingið m.a. til þess við ráðherranefndina að hún hvetti til erlendra fjárfestinga í Sambandsríkinu Júgóslavíu og styddi við efnahagsþróun í landinu í samræmi við stöðugleikasáttmálann fyrir suðausturhluta Evrópu.

Evrópuráðsþingið fjallaði um þingræðislegt eftirlit með alþjóðastofnunum á fundi sínum þriðjudaginn 25. júní og mæltist til þess við ráðherraráðið að það leyfði aukinn aðgang þingsins að fjárlagaferli Evrópuráðsins, einkum hvað snerti heildarfjárlög þess. Þá mæltist þingið enn fremur til þess að það fengi aukið hlutverk í ákvarðanatöku í aðdraganda sáttmála Evrópuráðsins og að forseti þingsins fengi sæti á fundum ráðherraráðsins. Þá var mælst til þess að ráðherraráðið beitti sér fyrir auknu gagnsæi hvað varðar framkvæmd ályktana og tilmæla þingsins.

Á fundi þingsins fimmtudaginn 27. júní var efnt til brýnnar umræðu um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Í ályktun stjórnmálanefndar Evrópuráðsþingsins sem samþykkt var á fundinum kom fram að grundvallarmannréttindi bæði Ísraela og Palestínumanna væru brotin með kerfisbundnum hætti og að ástandið hefði afgerandi áhrif á daglegt líf almennra borgara af báðum þjóðernum. Í ályktuninni var landtaka Ísraela á sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna fordæmd og minnt á ólögmæti slíkra aðgerða samkvæmt alþjóðalögum, þar á meðal ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Voru stjórnvöld í Ísrael hvött til þess að koma í veg fyrir frekari landtöku. Þá var heimastjórn Palestínu hvött til þess að fordæma hvers kyns hryðjuverkastarfsemi og beita áhrifum sínum til að koma í veg fyrir frekari hryðjuverk. Í ályktuninni var Evrópusambandið enn fremur hvatt til þess að hafa skilvirkt eftirlit með fjármunum þeim sem heimastjórn Palestínumanna væru látnir í té og koma þannig í veg fyrir að þeir nýttust í þágu hryðjuverkaafla.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Beatrix Hollandsdrottning, Jean Lemierre, yfirmaður Evrópska uppbyggingar- og framþróunarbankans (EBRD), Jean-Claude Juncker, forsætisráð-

herra Lúxemborgar sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins, og Borís Traíkovskí, forseti fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu.

Í umræðum um áfangaskýrslu Evrópuráðsþingsins, sem fram fóru á fyrsta fundi þingsins mánudaginn 23. júní, ræddi Lára Margrét Ragnarsdóttir um nýútkomna skýrslu félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsþingsins um skaðsemi reykinga. Fagnaði Lára Margrét því að ráðist hefði verið í gerð skýrslunnar enda hefðu rannsóknir sýnt fram á að beinar og óbeinar reykingar væru einar og sér eitt mesta heilsuböl í álfunni um þessar mundir. Hvatti hún aðildarríki Evrópuráðsins til að beita sér fyrir hertum lögum og reglugerðum til að sporna við beinum og óbeinum reykingum.

Lára Margrét hélt ræðu um þingræðislegt eftirlit með alþjóðastofnunum og lagði til grundvallar umræðuna um lýðræðishallann innan Evrópusambandsins sem svo hátt hefur borið á undangengnum árum. Taldi Lára Margrét það vera hryggilegt að svo virtist vera sem flestar hinna samevrópsku stofnana einkenndust af lýðræðishallanum svonefnda og því væri afar mikilvægt að það væri í verkahring þjóðkjörinna fulltrúa, eins og þeirra sem sæti ættu á Evrópuráðsþinginu, að koma að ákvarðanatökuferlinu. Sagði hún að alþjóðastofnanir fjölluðu í sífellt meira mæli um málefni er snertu hagsmuni borgaranna og eðli málsins samkvæmt yrðu þjóðkjörnir þingmenn að koma þar nærri. Sagði Lára Margrét að Evrópuráðið væri þó í sérflokki hvað þetta varðaði því að á þingi þess væri saman kominn mikill fjöldi atorkumikilla þjóðkjörinna þingmanna sem hefðu skilvirkt eftirlit með ákvörðunum ráðherraráðsins og framkvæmdum á þess vegum. Lagði hún jafnframt á það áherslu í ræðu sinni að alþjóðastofnunum bæri að forðast að starfa að sömu málefnum án samráðs eins og nokkur brögð hefðu verið að á undanförnum árum.

Þá hélt Lára Margrét ræðu á þingfundi miðvikudaginn 25. júní um framtíðarsamstarf evrópskra stofnana. Þar ræddi hún í meginatriðum um fyrirhugaða réttindaskrá Evrópusambandsins og hættuna af því að sú réttindaskrá og mannréttindasáttmáli Evrópu sköruðust. Varaði Lára Margrét við því að öllu mannréttindastarfi Evrópuráðsins yrði teflt í tvísýnu með þessu og sagði mikla hættu af því ef til væru tveir evrópskir sáttmálar er tækju til grunnréttinda þegna Evrópuríkja. Fordæmi þessa væri ekki farsælt. Þá hvatti hún þingmenn Evrópuráðsríkja sem jafnframt væru aðildarríki Evrópusambandsins að slá skjaldborg um mannréttindasáttmála Evrópu.

d. Fjórði hluti þingsins.

Dagana 23.–27. september fór fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2002 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Af þeim málum sem hæst bar á þinginu má nefna aðildarumsókn Sambandsríkisins Júgóslavíu að Evrópuráðinu, ástand mála í Tsjetsjeníu-héraði, framtíðarhorfur Kalíníngradhéraðs og utandagskrárumræðu um hugsanleg stríðsátök í Írak. Þingfundur Evrópuráðsþingsins var í sömu viku og Evrópuþingið kom saman í Strassborg. Var þetta í fyrsta sinn sem þingmannasamkundurnar tvær funduðu á sama tíma í borginni og af því tilefni var efnt til sérstaks hátíðarfundar Evrópuráðsþingsins og Evrópuþingsins í Evrópuráðshöllinni þriðjudaginn 24. september. Var fundinum stjórnað sameiginlega af Peter Schieder, forseta Evrópuráðsþingsins, og Pat Cox, forseta Evrópuþingsins, og var umræðunni beint að þróunarferlinu innan Evrópu á sviði mannréttinda, öryggismála og réttarríkisins.

Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, vék í upphafsávarpi sínu fyrsta þingdag Evrópuráðsþingsins að náttúruhörmungunum sem riðu yfir Mið-Evrópu í ágústmánuði er mikil vatnsflóð ollu gríðarlegri eyðileggingu í Tékklandi, Slóvakíu, Austurríki og Ungverja-

landi auk Þýskalands. Sagði Schieder að hamfarirnar væru okkur áminning um að mannshöndin mætti sín lítils þegar náttúruöflin væru annars vegar og minnti jafnframt á að þegar slíkar hörmungar ríða yfir hefðu manngerð landamæri milli ríkja litla þýðingu. Sagði hann að Evrópusambandið hefði brugðist skjótt og vel við ákalli þessara ríkja um neyðarhjálp og veitt stjórnvöldum þar ríkulega fjárhagsaðstoð til að bregðast við mestu neyðinni. Evrópuráðið hefði hins vegar ekki úr miklum fjármunum að moða en á hinn bóginn taldi Schieder það vera farsælt ef Evrópuráðið, sem nánast öll Evrópuríki ættu aðild að, gegndi því hlutverki að efla evrópskt samstarf á sviði umhverfisverndar sem hugsanlega gæti komið í veg fyrir náttúruhamfarir á borð við þær sem nýlega hefðu leikið íbúa álfunnar grátt. Mæltist forseti þingsins til þess að þingmenn beittu sér fyrir því að umhverfismálin nytu meiri athygli ráðherraráðsins á næstu missirum. Aðildarumsókn Sambandsríkisins Júgóslavíu að Evrópuráðinu hafði verið allmikið í deiglunni í aðdraganda fjórða þingfundar Evrópuráðsþingsins, ekki síst í ljósi óvæginnar kosningabaráttu fyrir forsetakosningarnar í Serbíu í september. Evrópuráðið hafði lagt hart að stjórnvöldum í Júgóslavíu, og þ.m.t. yfirvöldum í sambandsríkjunum Serbíu og Svartfjallalandi, að leysa úr ágreiningsefnum sínum hvað varðar nýja stjórnarskrá landsins, þ.e. stjórnskipulega stöðu sambandsríkjanna innan nýs sameiginlegs sambandsríkis Serbíu og Svartfjallalands. Þá hafði Evrópuráðið mælst til þess að júgóslavnesk stjórnvöld bættu úr samskiptum sínum við Alþjóðastríðsglæpadómstólinn í málefnum Júgóslavíu fyrrverandi í Haag og framseldu þá sem ákærðir hefðu verið fyrir stríðsglæpi eða glæpi gegn mannkyninu og enn hefðust við í Júgóslavíu. Í áliti Evrópuráðsþingsins um aðildarumsókn Júgóslavíu var því fagnað að ríkur vilji væri til þess bæði innan Serbíu og Svartfjallalands að endurskilgreina ríkjasamband sitt og varpa fyrir róða þeim stofnunum og stjórnskipunarákvæðum er tækju enn mið af stjórnskipun hinnar gömlu Júgóslavíu. Þá var því fagnað að stjórnvöld Sambandsríkisins Júgóslavíu hefðu hrint í framkvæmd viðamiklum lýðræðisumbótum og umbótum á réttarkerfi. Eftir líflegar umræður mæltust þingmenn Evrópuráðsþingsins til þess við ráðherranefndina að bjóða Sambandsríkinu Júgóslavíu aðild að Evrópuráðinu, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, og að þingi sambandsríkisins yrðu veitt sjö þingsæti á Evrópuráðsþinginu.

Málefni Kalíníngrad-héraðs voru ofarlega á baugi í dagskrá þinghaldsins en Rússlandsstjórn og Evrópusambandið höfðu, undangengin missiri, leitað leiða til að leysa úr ágreiningsefnum er varða frjálsa för rússneskra þegna til og frá Kalíníngrad-héraði, sem í raun er landlukt eyja með strandlengju að Eystrasalti, þegar grannríkin Litháen og Pólland gerast fullir aðilar að Evrópusambandinu og Schengen-vegabréfasamstarfinu. Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður Íslandsdeildarinnar, hafði verið skipuð sem skýrsluhöfundur stjórnmálanefndar Evrópuráðsþingsins í málefnum Kalíníngrad-héraðs stuttu áður en þinghald hófst og ferðaðist gagngert til Kalíníngrad, Póllands, Litháen og Brussel til fundar við ráðamenn um málefni héraðsins. Skýrsla Láru Margrétar, sem samþykkt hafði verið á aukaþingi sem efnt var til í september, var tekin fyrir á þingfundi miðvikudaginn 25. september og urðu miklar umræður um efni hennar. Í ræðu sem Lára Margrét flutti til að fylgja skýrslunni úr hlaði kom fram að þegar af aðild Póllands og Litháen í ESB yrði mundu öll landamæri héraðsins liggja að ESB og þar með umráðasvæði Schengen-samstarfsins. Með aðild yrðu ríkin tvö að sýna fram á að þau gætu tryggt ytri landamæri Schengen-svæðisins gagnvart ólöglegum flóttamönnum og alþjóðlegri skipulegri glæpastarfsemi. Í annan stað yrðu ríkin að samhæfa vegabréfaáritunarkerfi til samræmis við Schengen-samstarfið. Því lægi fyrir að litháensk og pólsk stjórnvöld mundu taka upp nýtt áritunarkerfi gagnvart rússneskum þegnum. Vegna sérstakrar legu Kalíníngrad væri fyrirséð að ferðafrelsi rússneskra þegna til og frá héraðinu væru þröngar skorður settar ef ekki kæmi til vilji til samninga milli ESB og

Rússlands. Nefndi Lára Margrét í ræðu sinni að samkvæmt Schengen- sáttmálanum væri unnt að efna til tvíhliða vegabréfasamstarfs ríkja í milli. Ræddi Lára Margrét um að Rússlandsstjórn vildi hefja samningaviðræður um tvö atriði, annars vegar hefur hún farið fram á að efnt yrði til áritunarfrelsis milli Rússlands og ESB og hins vegar að komið yrði á beinum hraðlestarsamgöngum milli Rússlands og Kalíníngrad þar sem rússneskir þegnar gætu ferðast hindrunarlaust í innsigluðum vögnum. Sagði Lára Margrét að hún styddi fyrra atriðið en hið síðara mundi vekja upp spurningar um umráðarétt Litháens sem og mannréttindi þeirra sem ætlað er að ferðast í vögnum þessum. Lagt var til í skýrslunni að deiluaðilar kæmu sér saman um sérlegt ferðafrelsi milli Kalíníngrad og Rússlands, með útgáfu ferðaskilríkja til handa íbúum Kalíníngrad og að rússnesk stjórnvöld beittu sér fyrir því að leysa úr ýmsum tæknilegum örðugleikum sem á slíku samstarfi yrðu, að öllu óbreyttu. Tilmæli stjórnmálanefndarinnar voru samþykkt eftir miklar umræður.

Fimmtudaginn 26. september var efnt til brýnnar umræðu um hugsanleg stríðsátök í Írak. Í ályktun Evrópuráðsþingsins sem samþykkt var á þingfundi kom fram að samstarfsvilja Íraksstjórnar vegna vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna væri fagnað og sagt að áhrifaríkt eftirlit með hugsanlegri framleiðslu Íraka á gereyðingarvopnum væri grundvöllur fyrir friðsamlegri lausn mála. Þá ályktaði þingið í þá veru að Íraksstjórn bæri að fordæma öll hryðjuverk og hætta allri þeirri starfsemi sem túlka mætti sem stuðning hennar við hryðjuverk. Í ályktuninni kom jafnframt fram að Evrópuráðsþingið gyldi varhug við þeirri viðleitni Bandaríkjastjórnar að ráðast á Írak án umboðs öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þá var mælst til þess að Evrópuríki stæðu hjá ef efnt yrði til stríðsaðgerða án umboðs öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Antonio Lazzaro Volpinari, forsætisráðherra San Marínó, Lydie Polfer, aðstoðarforsætisráðherra og utanríkisráðherra Lúxemborgar sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins, Outi Ojala, forseti Norðurlandaráðs, og Richard E. Hecklinger, aðstoðarframkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Á þinginu var efnt til umræðna um stöðu mála í Tsjetsjeníu-héraði. Lára Margrét Ragnarsdóttir, sem sæti á í sérlegri samstarfsnefnd Evrópuráðsþingsins og rússnesku Dúmunnar í málefnum héraðsins, hélt ræðu þar sem hún lagði áherslu á að umheimurinn mætti ekki gleyma ástandinu í hinu stríðshrjáða héraði, þrátt fyrir að kastljós fjölmiðlanna hefðu á undanförnum missirum einkum beinst að eftirleik hinna hörmulegu atburða sem áttu sér stað í Bandaríkjunum 11. september 2001. Minnti hún og á að spennan milli Georgíu og Rússlands tengdist mjög ástandi mála í Tsjetsjeníu og gagnrýndi að þau málefni væru ekki rædd samtímis því sem áfangaskýrsla samstarfsnefndar Evrópuráðsþingsins og rússnesku Dúmunnar væri tekin til umræðu. Í ræðunni ræddi Lára Margrét um ferð þá sem hún hafði farið í ásamt öðrum fulltrúum hinnar sérlegu sendinefndar Evrópuráðsþingsins til Tsjetsjeníu fyrr í septembermánuði og sagði að þrátt fyrir öflugt starf Evrópuráðsins væru enn allt of mörg pólitísk álitaefni óleyst. Sagði hún að aðbúnaður venjulegra borgara væri oft hrikalegur og oftlega væri lagt hart að flóttamönnum að snúa til baka til héraðsins þrátt fyrir öryggisástandið þar. Þá sagðist Lára Margrét bera kvíðboga fyrir afleiðingum stríðsátakanna á kynslóð ungra Tsjetsjena sem byggja eigi héraðið upp þegar pólitískri lausn mála væri náð.

Í umræðum um áfangaskýrslu Evrópuráðsþingsins tók Lára Margrét til máls sem formaður félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsins og ræddi um flóðin miklu sem riðu yfir Mið-Evrópu, og þá sérstaklega Tékkland, í ágústmánuði 2002. Í ræðu sinni hvatti Lára Margrét Evrópuráðsríkin til að láta fé af hendi rakna til uppbyggingar flóðasvæðanna og vísaði til neyðarkalls formanns tékknesku landsdeildarinnar við Evrópuráðsþingið frá því fyrr um haustið. Hvatti hún jafnframt til þess að Evrópuráðið, í samstarfi við önnur al-

þjóðasamtök, hefði með höndum skipulag fjármögnunar hjálparstarfs og lagði áherslu á að þótt mikið væri gert til að aðstoða þá sem misst hefðu sitt, væri unnt að gera mun meira. Í framhaldi af umræðunum innti Lára Margrét formann ráðherraráðsins eftir því til hvaða ráða Evrópuráðið hefði gripið í þessu tilliti.

5. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Til vara:	Ólafur Örn Haraldsson.
Stjórnarnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Til vara:	Ólafur Örn Haraldsson.
Stjórnmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Til vara:	Kjartan Ólafsson.
Laga- og mannréttindanefnd:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Kristján L. Möller.
Jafnréttisnefnd:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Kristján L. Möller.
Efnahagsnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Til vara:	Kjartan Ólafsson.
Umhverfis- og landbúnaðarnefnd:	Ólafur Örn Haraldsson.
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson.
Þingskapanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Til vara:	Kjartan Ólafsson.
Mennta- og vísindanefnd:	Ólafur Örn Haraldsson.
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson.
Félags- og heilbrigðismálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Til vara:	Kjartan Ólafsson.
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Kristján L. Möller.

b. Þátttaka í nefndafundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg eða París eða einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls tók Íslandsdeildin þátt í nær tveimur tugum slíkra funda á árinu 2002 og var það einungis lítið brot af þeim fundum sem haldnir voru. Alls stjórnaði Lára Margrét Ragnarsdóttir sex fundum félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndarinnar á árinu. Þrír fundanna voru haldnir í salarkynnum Evrópuráðsins í París. Utan Parísar var einn fundur haldinn í Ottawa í febrúar, einn fundur var haldinn í Búkarest í maí og að lokum var efnt til sameiginlegs fundar félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsþingsins og embættismanna Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í Genf í desember. Þá sótti Lára Margrét tvo fundi stjórnmálanefndarinnar,

annar var haldinn í París í september en hinn í Luzern samhliða fundi stjórnarnefndar í maí. Lára Margrét hélt í tvígang til Moskvu og Tsjetsjeníu á vegum sérlegs starfshóps Evrópuráðsþingsins og rússnesku Dúmunnar, í mars og september. Þá sótti hún ráðstefnu um hryðjuverkastarfsemi sem efnt var til í Pétursborg í mars. Á fundi stjórnmálanefndarinnar í París í september var Lára Margrét skipuð skýrsluhöfundur nefndarinnar í málefnum Kalíníngradhéraðs og ferðaðist því í þeim mánuði til Litháen, Kalíníngrad, Póllands og Brussel til að afla gagna fyrir skýrsluna sem lögð var fyrir á þriðja fundi þingsins í september. Þá sótti Lára Margrét ráðstefnu í Bratislava fyrir hönd forseta Evrópuráðsþingsins þar sem hún ávarpaði nær alla félagsmálaráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins. Auk þess sótti hún undirbúningsfund fyrir loftslagsráðstefnuna í Jóhannesarborg, fyrir hönd Evrópuráðsþingsins.

Ólafur Örn Haraldsson sótti þrjá fundi í eftirlitsnefnd Evrópuráðsþingsins á árinu. Tveir þeirra voru í París, í apríl og september, en einn var haldinn í Búdapest í mars. Þá sótti Ólafur Örn fund umhverfis- og landbúnaðarnefndarinnar sem haldinn var í París í febrúar.

Margrét Frímannsdóttir sótti einn fund í laga- og mannréttindanefnd Evrópuráðsþingsins sem fram fór í París í marsmánuði. Þá tók hún þátt í fundi jafnréttisnefndarinnar sem haldinn var í Lúxemborg í septembermánuði.

Alþingi, 3. febr. 2003.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Ólafur Örn Haraldsson, varaform.	Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2002.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum Evrópuráðsþingsins árið 2002.

Fyrsti hluti þingfundar 21.–25. janúar:

1. álit nr. 233, um viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um afnám dauðadóma hvort sem er á friðar- eða stríðstímum,
2. tilmæli nr. 1545, um baráttuna gegn mansali,
3. ályktun nr. 1268, um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu,
4. álit nr. 234, um aðildarumsókn Bosníu og Hersegóvínu til Evrópuráðsins,
5. ályktun nr. 1267, um stöðu mála á Kýpur,
6. tilskipun nr. 579, um framkvæmd brottvísunar úr landi og ákvæði í mannréttindasáttmálum,
7. tilmæli nr. 1546, um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu,
8. tilmæli nr. 1547, um framkvæmd brottvísunar úr landi og ákvæði í mannréttindasáttmálum,
9. ályktun nr. 1270, um stöðu mála í Tsjetsjeníu,
10. tilmæli nr. 1549, um öryggiskröfur og loftferðir,
11. ályktun nr. 1269, um hnattvæðinguna og hlutverk Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO),

12. tilmæli nr. 1548, um stöðu mála í Tsjetsjeníu,
13. tilmæli nr. 1550, um baráttuna gegn hryðjuverkum og mannréttindi,
14. ályktun nr. 1271, um baráttuna gegn hryðjuverkum og mannréttindi,
15. ályktun nr. 1272, um pólitíska fanga í Aserbaídsjan, og
16. ályktun nr. 1273, um vísindasamfélagið.

Stjórnarnefndarfundur í mars:

1. álit nr. 235, um drög að Evrópusáttmála um stöðu barna,
2. tilskipun nr. 580, um starfsþjálfun ungra hælisleitenda,
3. tilmæli nr. 1551, um þróun 21. aldar samfélags með og fyrir börn,
4. tilmæli nr. 1552, um starfsþjálfun ungra hælisleitenda,
5. ályktun nr. 1274, um foreldraorlof, og
6. ályktun nr. 1275, um drög að sáttmálum um skuldbindingar og breytingartillögur við þá.

Annar hluti þingfundar 22.–26. apríl:

1. tilmæli nr. 1559, um starfsþjálfun og nýja tækni,
2. tilmæli nr. 1560, um meðferð og lækningu mænuskaðaðra,
3. ályktun nr. 1281, um stöðu mála í Miðausturlöndum,
4. tilmæli nr. 1557, um lagalega stöðu Róma í Evrópu,
5. tilmæli nr. 1558, um fiskveiðar í innsjó,
6. ályktun nr. 1282, um skógarhögg í Kanada og samstarf við Evrópu,
7. ályktun nr. 1283, um stjórnun og vernd fiskstofna,
8. tilmæli nr. 1554, um lýðræðislegar stofnanir í Moldavíu,
9. ályktun nr. 1280, um lýðræðislegar stofnanir í Moldavíu,
10. tilmæli nr. 1555, um ímynd kvenna í fjölmiðlum,
11. tilmæli nr. 1556, um trú og þjóðfélagsbreytingar í Mið- og Austur-Evrópu,
12. tilmæli nr. 1553, um skuldbindingar Rússlands á vettvangi Evrópuráðsins,
13. ályktun nr. 1277, um skuldbindingar Rússlands á vettvangi Evrópuráðsins,
14. ályktun nr. 1278, um trúarlög í Rússlandi,
15. ályktun nr. 1279, um „nýja hagkerfið“ og Evrópu,
16. álit nr. 236, um fjárlög Evrópuráðsins fyrir fjárhagsárið 2003,
17. álit nr. 237, um útgjöld Evrópuráðsins fyrir fjárhagsárið 2003, og
18. ályktun nr. 1276, um starfsemi Alþjóðaráðs Rauða krossins.

Stjórnarnefndarfundur í maí:

1. álit nr. 238, um drög að viðbótarsáttmála um varnir gegn eiturlyfjaneyslu,
2. tilmæli nr. 1561, um félagslegar aðgerðir til aðstoðar stríðshrjáðum börnum í suðausturhluta Evrópu,
3. tilmæli nr. 1562, um stjórnun greiningar og meðferðar á ofvirkum börnum í Evrópu,
4. tilmæli nr. 1563, um aðstæður kúrdíska minni hlutans í Tyrklandi,
5. tilmæli nr. 1564, um mannfjölgun,
6. tilmæli nr. 1565, um Evrópusamstarf á sviði íþróttamála,
7. tilskipun nr. 581, um mannfjölgun,
8. ályktun nr. 1284, um aðild að Evrópuráðsþinginu, og
9. ályktun nr. 1285, um evrópska ferðamannaiðnaðinn.

Þriðji hluti þingfundar 24.–28. júní:

1. tilmæli nr. 1571, um að draga úr umhverfisvá með því að eyða efnavopnum,
2. ályktun nr. 1295, um ástand umhverfismála í Eystrasalti,
3. tilmæli nr. 1570, um stöðu flóttamanna í Armeníu, Aserbaídsjan og Georgíu,
4. tilmæli nr. 1569, um stöðu flóttamanna í Sambandsríkinu Júgóslavíu,
5. ályktun nr. 1294, um ástand mála í Miðausturlöndum,
6. ályktun nr. 1293, um stöðu kvenna í ríkjum Norður-Afríku,
7. ályktun nr. 1292, um leiðtogafundinn í Jóhannesarborg,
8. tilmæli nr. 1568, um framtíð samvinnu milli samevrópskra stofnana,
9. ályktun nr. 1291, um brottnám barna,
10. ályktun nr. 1290, um framtíð samvinnu milli samevrópskra stofnana,
11. tilskipun nr. 582, um þingræðislegt eftirlit með alþjóðastofnunum,
12. ályktun nr. 1288, um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann,
13. ályktun nr. 1289, um þingræðislegt eftirlit með alþjóðastofnunum,
14. tilmæli nr. 1567, um þingræðislegt eftirlit með alþjóðastofnunum,
15. ályktun nr. 1287, um framlag Evrópska uppbyggingar- og framþróunarbankans (EBRD) til efnahagsuppbyggingar í Mið- og Austur-Evrópu,
16. tilmæli nr. 1566, um evrópskt menningarsamstarf og framtíðarhlutverk Evrópuráðsþingsins, og
17. ályktun nr. 1286, um baráttu gegn beinum og óbeinum reykingum.

Fjórði hluti þingfundar 23.–27. september:

1. tilmæli nr. 1582, um heimilisofbeldi gegn konum,
2. ályktun nr. 1307, um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum,
3. ályktun nr. 1306, um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi,
4. álit nr. 240, um drög að viðauka Evrópusáttmála um tölvutengda glæpi,
5. ályktun nr. 1302, um hugsanlegar hernaðaraðgerðir í Írak,
6. ályktun nr. 1305, um skuldbindingar Aserbaídsjan á vettvangi Evrópuráðsins,
7. ályktun nr. 1304, um skuldbindingar Armeníu á vettvangi Evrópuráðsins,
8. ályktun nr. 1303, um skilvirkni lýðræðislegra stofnana í Moldavíu,
9. tilskipun nr. 583, um vernd minnihlutahópa í Belgíu,
10. ályktun nr. 1301, um vernd minnihlutahópa í Belgíu,
11. tilmæli nr. 1579, um stækkun Evrópusambandsins og Kalíníngrad-héraðs,
12. ályktun nr. 1298, um framtíðarhorfur í Kalíníngrad-héraði og þörfina á evrópskri samheldni,
13. tilmæli nr. 1580, um stöðu mála í Georgíu og stöðugleika í Norður-Kákasus,
14. ályktun nr. 1299, um Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) og hið hnattræna hagkerfi,
15. tilmæli nr. 1581, um Alþjóðasakamannadómstólinn,
16. ályktun nr. 1300, um Alþjóðasakamannadómstólinn,
17. tilmæli nr. 1578, um Evrópuráðið og ný viðfangsefni í þróunarstarfi álfunnar,
18. álit nr. 239, um aðildarumsókn Sambandsríkisins Júgóslavíu að Evrópuráðinu,
19. tilmæli nr. 1576, um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í Tyrklandi,
20. ályktun nr. 1297, um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í Tyrklandi, og
21. tilmæli nr. 1577, um sáttmála um leynda fólksflutninga.

Stjórnarnefndarfundur í nóvember:

1. álit nr. 241, um drög að viðbótarsáttmála um spillingu,
2. tilmæli nr. 1583, um varnir gegn glæpum gegn ungmennum,
3. tilmæli nr. 1584, um þörf á aukinni alþjóðlegri samvinnu til að uppræta sjóði sem nýttir eru til hryðjuverka,
4. tilmæli nr. 1585, um stefnu í málefnum ungmenna í ríkjum Evrópuráðsins,
5. tilmæli nr. 1586, um menntun og tækninýjungar,
6. tilmæli nr. 1587, um búsetuskilyrði, flutningsfrelsi og tilfærslu vinnuafls í Evrópu: lærdómar frá Portúgal,
7. ályktun nr. 1308, um skorður við starfsemi stjórnmálaflokka í Evrópuráðsríkjum,
8. ályktun nr. 1309, um trúfrelsi og trúarhópa í Frakklandi,
9. ályktun nr. 1310, um úrbætur í félagslegum aðstæðum og heilsufari mæðra, og
10. ályktun nr. 1311, um matvælamarkaðinn og neytendur.

1019. Svar [587. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um háspennulínur yfir miðhálendið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er áformað að tengja væntanlega Kárahnjúkavirkjun og þær línur sem liggja til álvers í Reyðarfirði við meginflutningskerfi Landsvirkjunar á Suðurlandi með línu yfir miðhálendið? Ef svo er, hversu langt eru slíkar áætlanir á veg komnar og hver gæti kostnaður við línulagnirnar orðið?

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Landsvirkjun um svar við fyrirspurninni og er meðfylgjandi svar byggt á þeim upplýsingum.

Við hönnun Kárahnjúkavirkjunar hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir því að virkjunin sjái álverinu fyrir rafmagni og að ekki komi til sérstakra línuframkvæmda í byggðalínukerfinu vegna virkjunarinnar. Þó verður núverandi byggðalína í Fljótsdal tengd við virkjunina og gert hefur verið ráð fyrir því að byggt verði sérstakt þéttavirki í aðveitustöðinni á Hryggstekk. Við það eykst flutningsgeta byggðalínunnar til Austurlands, en það er nauðsynlegt til að jafna árstíðabundnar sveiflur í orkuframleiðslu. Að hámarki er reiknað með því að byggðalína geti flutt um 100 MW til Austurlands, enda er eingöngu reiknað með því að línan hafi það hlutverk vegna reksturs álversins að flytja takmarkaða orku frá Norður- og Suðurlandi í þurrum vatnsárum fyrir austan eftir því sem flutningsgeta hennar leyfir. Á sama hátt mundi línan flytja álíka raforku til Norður- og Suðurlands ef vatnsstaða á Austurlandi gæfi tilefni til slíks.

Rekstraröryggi virkjunarinnar og flutningskerfisins hefur verið ítarlega rætt af sérfræðingum ALCOA og Landsvirkjunar og telja báðir aðilar að það fyrirkomulag sem hér um ræðir og samið hefur verið um sé viðunandi. Því er ekki ráðgert að leggja línu milli Suður- og Austurlands vegna ALCOA, en ef af því yrði síðar kæmi sú tenging öllum framleiðendum og notendum raforku á Norður- og Austurlandi til góða.

Allt frá 1980 hefur verið til skoðunar lagning svokallaðrar Sprengisandslínu sem tengir saman raforkukerfið norðan og sunnan lands, en endanleg tímasetning framkvæmda hefur ekki verið ákveðin. Við bilanir á vesturvæng byggðalínunnar getur rekstur hennar orðið

óstöðugur og getur það haft í för með sér óþægindi og jafnvel straumleysi fyrir raforkunotendur á Norður- og Austurlandi. Sprengisandslína mundi hins vegar leysa þetta vandamál til frambúðar. Kárahnjúkavirkjun styrkir byggðalínukerfið og gæti því jafnvel frestað lagningu Sprengisandslínu. Ekki er þó ólíklegt að talið verði nauðsynlegt að hefja lagningu línunnar innan 10 ára.

Tenging Kárahnjúkavirkjunar við raforkukerfið sunnan lands krefðist þess að auk Sprengisandslínu yrði lögð lína milli Norður- og Austurlands. Engin áform eru hins vegar uppi um lagningu slíkra háspennulína þar sem samningurinn um orkuöflun og flutninga til álvers ALCOA krefst þess ekki, eins og fyrr segir. Ef gerður yrði samningur um stækkun álversins eða ef veruleg aukning yrði á álagi á Austurlandi gæti þó komið til lagningar línu milli Norður- og Austurlands og þá einkum ef virkjanir yrðu staðsettar utan fjórðungsins. Engar ráðagerðir eru hins vegar um slíkt á þessari stundu.

Á undanförnum árum hafa áform um frekari orkuvinnslu á austanverðu Norðurlandi breyst mikið. Nú er gert ráð fyrir að mun meiri orku megi framleiða á Kröflu- og Bjarnarflagssvæðinu, auk Þeistareykja, en áður var talið. Hins vegar er ekki hægt að virkja frekar á þessum svæðum og flytja orkuna til annars landssvæðis nema með því að styrkja flutningskerfið verulega. Það væri hægt að gera með Sprengisandslínu sem tengdi virkjanir á Suðurlandi við Kröflusvæðið. Landsvirkjun hefur stöðugt unnið að frekari rannsóknum og athugunum á línuleið yfir miðhálendið til að geta uppfyllt þessi markmið þegar þörf verður á.

Lauslega áætlaður kostnaður við lagningu Sprengisandslínu ásamt spennistöðvum í báða enda gæti numið allt að 7 milljörðum króna.

1020. Svar [588. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um rekstraröryggi væntanlegrar Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði og bilanatíðni virkjana.

Iðnaðarráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Landsvirkjun varðandi fyrirspurn þessa. Að auki fengust upplýsingar frá Rafmagnsveitum ríkisins varðandi svar við 3. lið. Byggjast svör ráðuneytisins á upplýsingum þessara aðila.

1. *Verði fyrirvaralaus bilun í Kárahnjúkavirkjun gæti byggðalína þá flutt það rafmagn sem á vantaði fyrir væntanlegt álver í Reyðarfirði?*

Við hönnun Kárahnjúkavirkjunar hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir því að virkjunin sjái álverinu fyrir rafmagni og að ekki komi til sérstakra línuframkvæmda í byggðalínukerfinu vegna virkjunarinnar. Alcoa hefur samþykkt þetta rekstrarfyrirkomulag og telur það viðunandi. Í framkvæmdaáætlun vegna Kárahnjúkavirkjunar er hins vegar reiknað með sérstöku þéttavirki á Austurlandi sem eykur flutningsgetu byggðalínunnar inn á Austurland. Að hámarki er reiknað með því að byggðalína geti flutt rúm 100 MW inn á Austurland sem gæti að hluta komið álverinu til góða, enda er eingöngu reiknað með því að byggðalína hafi það hlutverk gagnvart Kárahnjúkavirkjun að flytja takmarkaða orku frá Norður- og Suðurlandi í þurrum vatnsárum fyrir austan eftir því sem flutningsgeta hennar leyfir. Á sama hátt mundi línan flytja álíka raforku til Norður- og Suðurlands ef vatnsstaða á Austurlandi gæfi tilefni til slíks.

2. *Hvernig er fyrirhugað að tryggja rekstraröryggi álvers í Reyðarfirði án tengingar yfir hálendið við meginflutningskerfi Landsvirkjunar á Suðurlandi?*

Allt frá 1980 hefur verið reiknað með gerð svokallaðrar Sprengisandslínu sem tengir saman raforkukerfið fyrir norðan og sunnan, en endanleg tímasetning hefur ekki verið ákveðin. Við bilanir á vesturvæng byggðalínunnar getur rekstur hennar orðið óstöðugur, en það getur haft í för með sér óþægindi og jafnvel straumleysi á Norður- og Austurlandi. Sprengisandslína mundi leysa þetta vandamál til frambúðar. Kárahnjúkavirkjun styrkir heildarraforkukerfið og gæti því jafnvel frestað lagningu línunnar. Ekki er þó ólíklegt að talið verði nauðsynlegt að hefja lagningu línunnar innan næstu 10 ára.

Rekstraröryggi hefur verið ítarlega rætt af sérfræðingum Alcoa og Landsvirkjunar og telja aðilar að það fyrirkomulag sem samið hefur verið um sé viðunandi. Því er ekki ráðgert að leggja línu milli Suður- og Austurlands vegna Alcoa, en ef af því yrði einhvern tímann síðar kæmi sú tenging öllum framleiðendum og notendum raforku á Norður- og Austurlandi til góða.

3. *Hefur það einhvern tíma gerst að tæma hafi þurft virkjanalón, t.d. vegna viðgerða? Ef tæma þyrfti fyrirhugað Hálslón, hverjar yrðu þá afleiðingarnar fyrir rekstur álvers í Reyðarfirði?*

Dregið hefur verið niður í Krókslóni ofan Sigöldu tvisvar sinnum, í því skyni að gera við skemmdir á asfaltkápu stíflunnar. Jafnframt var tækifærið notað til að þétta lónbotninn á hraunum sunnan megin. Í eitt skiptið var einnig dyttað að inntaksristum stöðvarinnar. Bjarnalón ofan Búrfellsstöðvar hefur verið tæmt tvisvar, í fyrra skiptið til þess að skoða göngin (sem reyndust vera eins og ný), og í seinna skiptið til þess að gera við steypuföls inntaksrista og ristareiningarnar. Í öllum framangreindum tilvikum var nægur fyrirvari og verkin skipulögð löngu áður en í þau var ráðist, m.a. með hliðsjón af stöðu á orkumarkaði.

Skola þarf aur fram í rennslisvirkjunum Rafmagnsveitna ríkisins á eins til tveggja ára fresti. Slík tæming lóna er almennt ekki vegna viðgerða eða viðhalds virkjunarmannvirkja.

Ef tæma þyrfti Hálslón vegna óvæntra tæknilegra ástæðna yrði að stöðva rekstur álversins, a.m.k. kosti að mestu leyti. Því eru gerðar ráðstafanir við hönnun Kárahnjúkastíflu til að draga úr líkum á slíku, m.a. með vandaðri hönnun og með gerð sérstakra jarðganga undir Kárahnjúkastíflu til hugsanlegra þéttiaðgerða þar síðar.

4. *Hefur það gerst að einhver af stærri virkjunum Landsvirkjunar hafi stöðvast tímabundið eða að þurft hafi að hægja verulega á framleiðslu vegna þess að klæðning hafi losnað innan úr göngum? Er gert ráð fyrir að aðrennslisgöng væntanlegrar Kárahnjúkavirkjunar verði fóðruð og fallgöng hennar klædd?*

Aldrei hefur þurft að stöðva virkjun hjá Landsvirkjun vegna þess að klæðning hafi losnað úr jarðgöngum. Þrjár vélar Búrfellsvirkjunar hafa verið stöðvaðar einu sinni nú nýlega vegna þess að stálplata í greiningu þrýstivatnspípu losnaði.

Aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar verða styrkt með bergboltum og sprautusteypu í samræmi við sérstakt matskerfi sem tekur mið af ýmsum bergfræðilegum eiginleikum bergsins sem göngin liggja um. Fallgöng verða stálfóðruð.

5. *Eru dæmi um að einhverjar af stærri virkjunum Landsvirkjunar hafi stöðvast tímabundið eða að þurft hafi að hægja verulega á framleiðslu vegna*
   a. *vatnsskorts,*
   b. *viðhalds og viðgerða, annarra en á klæðningu í göngum, sbr. 4. lið?*

Hverjar eru líkur þess að Kárahnjúkavirkjun stöðvist eða að draga þurfi úr framleiðslu af slíkum orsökum?

Nokkur dæmi eru til um að draga hafi þurft úr framleiðslu stærri virkjana Landsvirkjunar vegna vatnsskorts. Aðallega er þá vísað til þess ástands sem ríkti við Búrfellsstöð á fyrstu rekstrarárum hennar á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar, þegar framburður af ís úr farvegi Efri-Þjórsár truflaði af og til vatnsrennsli um farveg Þjórsár. Eftir að miðlun við Sultartanga fyrir ofan Búrfell var tekin í rekstur árið 1984 var vatnsskortur við Búrfell vegna ísframburðar úr sögunni. Einnig hefur komið fyrir að þurft hefur að draga úr framleiðslu á afgangsrafmagni í virkjunum Landsvirkjunar vegna vatnsskorts. Síðast gerðist það á árunum 1998–1999 og var þá gripið til skerðinga á afhendingu afgangsrafmagns og ótryggðu rafmagni til viðskiptavina í samræmi við rafmagnssamninga þar að lútandi. Engin dæmi eru um að dregið hafi verulega úr framleiðslu stórra virkjana Landsvirkjunar né heldur að þær hafi stöðvast vegna vatnsskorts.

Eins og fram kom hér áður hefur Búrfellsstöð verið stöðvuð einu sinni vegna viðgerða á steypufölsum inntaksrista og þrjár vélar af sex vegna viðgerða á þrýstivatnspípu. Segja má að aldrei þurfi að draga úr framleiðslu allra véla, eða stöðva allar vélar virkjunar vegna viðhalds eða viðgerða heldur einungis þeirra sem tengjast sameiginlegum vatnsvegum.

Nokkrum sinnum hefur komið fyrir að hægt hafi verið á framleiðslu eða framleiðsla stöðvuð í virkjun skamman tíma vegna umfangsmikilla viðbóta eða endurbóta. Um er þá að ræða virkjanir sem komnar eru til ára sinna. Nefna má aflaukningu Búrfellsstöðvar og endurbyggingu Sogsstöðva.

Við hönnun Kárahnjúkavirkjunar er lögð mikil áhersla á að tryggja rekstraröryggi hennar og voru þau mál rædd sérstaklega á fundum tækninefnda Landsvirkjunar og Alcoa. Tækninefnd Alcoa var mjög ánægð með hönnun virkjunarinnar og vel upplýst um þá þætti sem leitt gætu til stöðvunar framleiðslu. Í Kárahnjúkavirkjun verða sex vélar hver um sig 115 MW. Frá enda aðrennslisganga á Teigsbjargi liggja tvenn stálfóðruð fallgöng sem síðan greinast í þrennt, þ.e. ein grein inn á hverja vél. Líkur á að Kárahnjúkavirkjun stöðvist vegna viðhalds eða viðgerða eru taldar mjög litlar.

Að lokum má geta þess að finna má mörg dæmi um álver sem eru algerlega háð raforku frá einu raforkuveri. Nefna má til dæmis álver Alcan í Kittimat á vesturströnd Kanada. Álverið, sem er 272.000 tonn, er algerlega háð orku frá einni vatnsaflsstöð, Kemano (896 MW). Sjá vefsíðu: http://www.sno.net/alcan/kemano.htm.

6. *Hver hefur bilanatíðni vatnsaflsvirkjana Landsvirkjunar og eininga þeim tilheyrandi verið undanfarin 30 ár? Hversu oft hefur starfsemi virkjana legið niðri á þessu tímabili að hálfu eða öllu leyti vegna fyrirvaralausra bilana og hversu lengi, í klst., hafa þessar bilanir staðið yfir?*

Frá því að tölvuvædd skráning á bilunum í vatnsaflsvirkjunum Landsvirkjunar hófst árið 1984 hefur meðalbilanatíðni einstakra vatnsaflsvéla Landsvirkjunar verið 1,5 bilun á ári. Meðaltími sem einstakar vatnsaflsvélar í kerfi Landsvirkjunar hafa verið úti vegna bilana eru 22 klst. á ári og vatnsaflsvélar því aðgengilegar og tilbúnar til rekstrar 99,75% tímans. Í stærstu vatnsaflsvirkjunum Landsvirkjunar hefur á tímabilinu 1984–2001 orðið ein fyrirvaralaus bilun í hverri af stöðvunum við Búrfell, í Blöndu og við Sigöldu þar sem öll stöðin hefur stöðvast en engin slík bilun hefur orðið í Hrauneyjafossstöð. Engin dæmi eru um að fyrirvaralausar bilanir hafi leitt til hálfra afkasta vatnsaflsvirkjana í kerfi Landsvirkjunar.

7. *Hverjar gætu afleiðingar bilunar í Kárahnjúkavirkjun orðið ef hún stöðvast að hálfu eða öllu leyti í meira en 4 klst. og hver bæri ábyrgð á því tjóni sem af hlytist, t.d. í álveri í Reyðarfirði?*

Stöðvist rekstur Kárahnjúkavirkjunar að hálfu leyti má gera ráð fyrir að á meðan á slíkri stöðvun stendur þurfi að skerða afhendingu á rafmagni til álvers Fjarðaáls í Reyðarfirði um nálægt 20% af fullri afhendingu. Standi rekstrarstöðvunin yfir í meira en 4 klst. má gera ráð fyrir að framleiðslutap álversins verði samsvarandi þeirri skerðingu, meðan hún stendur yfir. Ekki er þó líklegt að mikið tjón verði á búnaði álversins, en þó má gera ráð fyrir að líftími álkera styttist eitthvað og rekstur álversins verði erfiður meðan á slíkri skerðingu stendur og fyrst eftir að full afhending á rafmagni hefst á ný. Stöðvist rekstur Kárahnjúkavirkjunar alveg í meira en 4 klst. má gera ráð fyrir að skerða þurfi afhendingu á rafmagni til álvers Fjarðaáls í Reyðarfirði um rúmlega 80%. Líklegt er að svo langvarandi skerðing á svo stórum hluta raforkunotkunar álversins leiði til verulegs tjóns í álverinu.

Um ábyrgð á tjóni fyrir álverið vegna truflunar eða stöðvunar á rekstri Kárahnjúkavirkjunar eru það einkum ákvæði væntanlegs rafmagnssamnings um ábyrgð milli aðila annars vegar og um óviðráðanleg öfl (force majeure) hins vegar sem máli skipta. Um hið síðara er svo á kveðið að misbrestur á efndum samningsskyldna teljist ekki vera vanefnd ef hann er af völdum óviðráðanlegra afla, en til þeirra teljast sprengingar og eldsvoði ásamt náttúrufyrirbrigðum eins og jarðskjálfta, eldgosi, stormi, flóði, alvarlegri ísingu og afbrigðilegum þurrki, auk ófriðar og uppþota og einnig vinnudeilna, sem ekki er unnt að afstýra. Ef orsakir tjónsins eru þessa eðlis ber Landsvirkjun þannig ekki ábyrgð á því.

Um hið fyrra verður í fyrsta lagi svo á kveðið að báðir aðilar skuli undanþegnir ábyrgð á tjóni, sem verður hjá öðrum vegna misfellna eða mistaka í rekstri hjá hinum, nema misfellan verði rakin til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis. Felst í því mikilvæg takmörkun á ábyrgð Landsvirkjunar gagnvart álverinu. Jafnframt verður svo á kveðið að bótaábyrgð, sem til greina geti komið, skuli ekki ná yfir óbeint tjón eins og rekstrartap eða tapaðan hagnað, nema stórkostlegu gáleysi eða ásetningsbroti megi um kenna. Samkvæmt því mundi Landsvirkjun ekki bera ábyrgð á tjóni af rekstrarstöðvun í álverinu sem til kæmi vegna annars en misfellna í rekstri á mannvirkjum Landsvirkjunar eða óviðráðanlegra afla, heldur aðeins á beinu tjóni vegna kostnaðar af viðgerð og úrbótum eða greiðslu sem honum svarar. Til þess kostnaðar bæri m.a. að telja viðgerð á kerum ef ál storknar í þeim án þess að við verði ráðið, en ekki tap vegna tímans sem viðgerðin tekur.

Við hönnun Kárahnjúkavirkjunar og háspennulína milli virkjunarinnar og álvers Fjarðaáls hefur verið tekið fullt tillit til mikilvægis virkjunarinnar fyrir rekstraröryggi álversins. Hönnun og mat á rekstraröryggi raforkukerfisins, sem fór fram vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar og álvers Fjarðaáls, var kynnt Alcoa, eiganda álversins. Sú kynning og mat Alcoa á niðurstöðum þessarar hönnunar var ein af meginforsendum þess að unnt reyndist að ná samningum um rafmagnssölu.

1021. Svar [530. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá.

1. *Hafa ráðherra borist mótmæli frá náttúruverndarsamtökum eða annars konar samtökum erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hvaða samtökum? Komi fram í mótmælunum hversu margir einstaklingar standi að baki viðkomandi samtökum er óskað eftir að það sé tilgreint í svarinu.*

Iðnaðarráðherra hafa borist mótmæli frá einum erlendum samtökum. Er það frá The British Association for Shooting and Conservation (BASC). Ekki kemur fram í bréfi samtakanna hversu margir aðilar standa að samtökunum en á heimasíðu samtakanna má sjá að þeir eru um 120.000.

2. *Hafa ráðherra borist mótmæli frá einstaklingum erlendis frá gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hversu mörgum og hverrar þjóðar hafa mótmælendur verið?*

Ráðuneytinu hafa borist vel á annað þúsund mótmælasendingar á undanförnum mánuðum. Þar af eru langflest í formi tölvupósts, fjöldasendingar sem einnig hafa borist öðrum ráðuneytum. Ekki er hægt að greina frá hvaða löndum þær koma. Aðrar mótmælasendingar eru samtals átta og skiptast þannig að ein er frá Bretlandi, fjórar frá Þýskalandi, tvær frá Bandaríkjunum og ein frá Hollandi.

3. *Hafa Landsvirkjun borist mótmæli erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun frá samtökum eða einstaklingum? Sé svo, er óskað eftir sömu upplýsingum og í 1. og 2. lið.*

Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun hafa fyrirtækinu á undanförnum tveimur árum borist eftirtalin mótmælabréf erlendis frá vegna Kárahnjúkavirkjunar:

Frá tvennum samtökum, þ.e. The British Association for Shooting and Conservation, sem ekki tiltekur fjölda félagsmanna, og Eurobirder – Proact Team sem hefur sent tvö bréf, hið fyrra með nöfnum 95 einstaklinga, hið síðara með 232 nöfnum.

Frá 33 einstaklingum. Landsvirkjun hefur svarað þessum bréfum og gefið viðkomandi nánari upplýsingar um málavexti og að mati fyrirtækisins hafa viðbrögð, sem borist hafa frá andmælendum, verið jákvæð.

1022. Svar [527. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um framkvæmdaleyfi og samráð vegna Kárahnjúkavirkjunar.

1. *Hvaða leyfi hafa verið gefin út til undirbúningsframkvæmda sem nú standa yfir við Kárahnjúkavirkjun og hvernig hefur Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) komið að þeim leyfisveitingum?*

Iðnaðarráðherra veitti Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Kárahnjúkavirkjun 2. september 2002 með vísan til laga nr. 38/2002, um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, og

laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Virkjunarleyfið nær til byggingar allt að 750 MW virkjunar ásamt aðalorkuveitum með þeim skilyrðum er fram koma í úrskurði umhverfisráðherra, dags. 20. desember 2001, um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar, og ábendingum Orkustofnunar varðandi vöktun og skráningu rennslis og vatnshæðar vatnsfalla á áhrifasvæði virkjunarinnar í samræmi við ákvæði vatnalaga. Á grundvelli virkjunarleyfisins hófust framkvæmdir við fyrstu virkjunarmannvirkin í haust.

Iðnaðarráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Landsvirkjun um svar við þessum lið fyrirspurnarinnar að öðru leyti og fer svar Landsvirkjunar efnislega hér á eftir.

Framkvæmdaleyfi þau sem sveitarstjórnir Norður-Héraðs og Fljótsdalshrepps gáfu út fyrir undirbúningsframkvæmdum byggjast á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun sem samþykkt var af umhverfisráðherra 2. ágúst 2002. Í greinargerð sérstaka svæðisskipulagsins er rakið hvaða leyfi þurfa að liggja fyrir við veitingu framkvæmdaleyfis sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin hafa gefið út eftirfarandi framkvæmdaleyfi:

Fljótsdalshreppur – framkvæmdaleyfi 16. ágúst 2002.

1. Kárahnjúkavegur frá Fljótsdalsheiðarvegi vestur að sveitarmörkum við Norður-Hérað í samræmi við legu vegarins eins og henni var lýst í útboðsgögnum.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps veitti Landsvirkjun framkvæmdaleyfi, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til lagningar Kárahnjúkavegar frá Fljótsdalsheiði vestur að sveitarmörkum við Norður-Hérað.

Í framkvæmdaleyfi Fljótsdalshrepps segir: „Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili í samráði við Náttúruvernd ríkisins vinna nákvæma áætlun um námur, haugsvæði, og vega- og slóðagerð og með hliðsjón af þeim breytingum sem felast í þessum úrskurði leitast við að lágmarka enn frekar umhverfisáhrif framkvæmdanna. Í áætluninni skal gerð grein fyrir staðsetningu, umfangi, fyrirkomulagi, nýtingu og frágangi efnistökustaða og haugsvæða og allra vega og vegslóða. Efnistöku- og notkunarstaðir og magn efnis skal tilgreint."

Landsvirkjun vann með Náttúruvernd ríkisins skýrslu sem ber heitið *Kárahnjúkavirkjun, fyrri áfangi. Vegir, aðstaða verktaka, námur og haugsvæði.*

Í bréfi frá Náttúruvernd ríkisins til Landsvirkjunar, dags. 12. ágúst 2002, segir: „Vísa til bréfs dags. 24. júlí og skýrslu LV-2002/054 um ofangreint. Skýrsla gefur gott yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir vegna vegagerðar, aðstöðu verktaka, námur og haugsvæði. Náttúruvernd ríkisins þakkar ánægjulegt samstarf og samráð vegna skýrslugerðarinnar."

2. Strengjalögn (33 kV rafstrengur og ljósleiðarastrengur) frá væntanlegu tengivirki á Bessastaðamelum í Fljótsdal vestur að sveitarmörkum við Norður-Hérað á Fljótsdalsheiði, eins og henni var lýst í útboðsgögnum.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps veitti Landsvirkjun framkvæmdaleyfi á grundvelli sömu laga til að leggja 33 kV rafstreng og ljósleiðarastreng frá væntanlegu tengivirki á Bessastaðamelum í Fljótsdal vestur að sveitarmörkum við Norður-Hérað á Fljótsdalsheiði.

Fljótsdalshreppur – framkvæmdaleyfi 16. september 2002.

Framkvæmdaleyfi þetta lýtur að framkvæmdum við aðkomugöng nr. 1 sem eru á Bjarghæðum og aðkomugöng nr. 2 sem eru við Axará. Þessar framkvæmdir felast í því að gera vegslóða áleiðis að gangamunna aðkomuganga og grafa geil frá slóðanum inn að bergstáli þar sem gangamunninn verður. Gera hluta af vinnubúðaplönum sem áformuð eru við að-

komugöngin. Þegar að sjálfum gangaframkvæmdunum kemur mun sá verktaki leggja veg á vegstæði vegslóðans og nota til þess efni sem kemur úr göngunum.

Umsagnar Náttúruverndar ríkisins var aflað og var athafnasvæðið skoðað af fulltrúa hennar.

Í umsókn Landsvirkjunar kom fram að fyrirtækið muni að venju taka tillit til þeirra ábendinga sem fram kynnu að koma um verkið frá Náttúruvernd ríkisins og var það gert í samráði við framkvæmdaraðila.

Í bréfi frá Náttúruvernd ríkisins til Landsvirkjunar, dags. 18. október 2002, kemur fram skoðun stofnunarinnar á vinnu framkvæmdaraðila vegna undirbúningsframkvæmda við aðgöng 1 og 2. Eftirlitsmaður Náttúruverndar ríkisins skoðaði aðstæður og skilaði skýrslu þar um til stofnunarinnar, sem hún samþykkti, en þar kom fram að eftirlitsmaður þeirra var samþykkur þeim efnistökum sem verktaki viðhafði.

Norður-Hérað – bréf 22. ágúst 2002.

Framkvæmdaleyfi vegna lagningar Kárahnjúkavegar, strenglagnar og bráðabirgðabrúar á Jökulsá á Dal ofan Kárahnjúka.

Landsvirkjun óskaði eftir framkvæmdaleyfi vegna áðurnefndra framkvæmda og var það veitt 22. ágúst 2002. Kárahnjúkavegur liggur frá sveitarfélagsmörkum við Fljótsdalshrepp á Fljótsdalsheiði að Desjarárstíflu. 33 kV rafstrengur og ljósleiðarastrengur ná frá sveitarmörkum við Fljótsdalshrepp á Fljótsdalsheiði að vinnusvæðum við aðgöng nr. 3 og að vinnusvæði við Kárahnjúka.

Í framkvæmdaleyfinu segir: „Ákvarðanir um nákvæma staðsetningu vega og efnistökusvæða skal taka í samráði sveitarstjórn, Náttúruvernd ríkisins, landeigendur og ábúendur."

Landsvirkjun óskaði eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um efnistökusvæði og bárust ábendingar frá henni í bréfi dags. 12. september 2002. Voru námur unnar í samræmi við ábendingar Náttúruverndar ríkisins.

Norður-Hérað – bréf 13. september 2002.

1. Framkvæmdaleyfi vegna lagningar vegar frá Kárahnjúkavegi við Desjarárstíflu að bráðabirgðabrú yfir Jökulsá á Dal og vegar vestan ár frá brúnni að Brúardalaleið.
2. Framkvæmdaleyfi vegna vegslóða á vesturbakka Jökulsár á Dal og skábrautar í gljúfurvegg að hjáveitugöngum í væntanlegri Kárahnjúkastíflu.

Með bréfi, dags. 13. september 2002, veitti sveitarstjórn Norður-Héraðs Landsvirkjun framkvæmdaleyfi fyrir 1. lið.

Í sama bréfi segir um 2. lið: „Skilyrði Sveitarstjórnar Norður-Héraðs fyrir veitingu framkvæmdaleyfis er að Náttúruvernd ríkisins veiti samþykki sitt fyrir framkvæmdinni og að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en það leyfi liggur fyrir."

Í bréfi Náttúruverndar ríkisins, dags. 23. september 2002, um þetta mál segir: „Náttúruvernd ríkisins telur vegna umfangs skábrautarinnar og í ljósi þess að ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun sé ekki tímabært að taka ákvörðun um skábrautina út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Ákvörðun um skábrautina verður því að byggja alfarið á öðrum hagsmunum."

Yfirstjórn Landsvirkjunar ákvað að bíða með þessa framkvæmd uns ljóst væri að ráðist yrði í virkjunarframkvæmdirnar.

Norður-Hérað – framkvæmdaleyfi 11. október 2002.

Framkvæmdaleyfi vegna gerðar aðkomuganga að hjáveitugöngum í Kárahnjúkastíflu, auk gerðar vegslóða frá borplani ofar í hlíðinni, graftrar geilar að stafni aðkomuganga, uppsetningar og starfrækslu steypustöðvar á vinnusvæðinu og almennrar vinnuaðstöðu.

Framkvæmdaleyfið var veitt af hálfu sveitarstjórnar með því skilyrði að verði ekki af virkjunarframkvæmdum samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum um Kárahnjúkavirkjun skal Landsvirkjun ganga frá landinu í sem líkastri mynd og það var í fyrir upphaf framkvæmda samkvæmt nánari fyrirsögn sveitarstjórnar, landeigenda og Náttúruverndar ríkisins.

Norður-Hérað – framkvæmdaleyfi með bréfi 22. nóvember 2002.

Framkvæmdaleyfi þetta lýtur að byggingu vinnubúða, vinnusvæði sem notað verður fyrir viðgerðaraðstöðu, breikkun vegar næst gangamunna og uppsetningu gáms til geymslu sprengiefnis.

Á fundi sveitarstjórnar Norður-Héraðs, sem haldinn var 21. nóvember 2002, voru þessar framkvæmdir samþykktar og framkvæmdaleyfi útgefið með áðurnefndu bréfi.

2. *Hvernig hefur Landsvirkjun brugðist við skilyrðum í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar? Óskað er upplýsinga m.a. um breytta hönnun í samræmi við sett skilyrði svo og útfærslu á mótvægisaðgerðum.*

Iðnaðarráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Landsvirkjun um svör við 2., 3. og 4. lið fyrirspurnarinnar og eftirfarandi byggist á upplýsingum fyrirtækisins.

Landsvirkjun mun uppfylla öll skilyrði sem umhverfisráðherra hefur sett. Breytt hönnun er meðal annars fólgin í að fella niður veitur, sbr. skilyrði umhverfisráðherra nr. 1 og 2, flytja efnisnámur (skilyrði nr. 7) og flutningi yfirfalls Hálslóns frá Desjarárstíflu í Kárahnjúkastíflu (skilyrði nr. 3).

Útfærsla mótvægisaðgerða verður í samræmi við þær lýsingar sem gefnar hafa verið, m.a. í stjórnsýsluákæru Landsvirkjunar vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 1. ágúst 2001.

Varðandi stjórnsýslulega meðferð málsins vísast til greinargerðar með sérstöku svæðisskipulagi vegna Kárahnjúkavirkjunar sem staðfest var af umhverfisráðherra 2. ágúst 2002. Að ósk Fljótsdalshrepps og Norður-Héraðs hefur verið komið á laggirnar samstarfsnefnd sveitarfélaganna, Landsvirkjunar, iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis um nánari útfærslu á eftirliti með framkvæmdum í samræmi við þau leyfi sem hafa verið gefin út.

3. *Hvaða áhrif hafa skilyrði umhverfisráðherra í fyrrnefndum úrskurði haft á áður áætlaðan stofnkostnað virkjunarinnar:*
   a. *heildarkostnað,*
   b. *kostnað á orkueiningu?*

Orkuvinnsla Kárahnjúkavirkjunar minnkaði um 230 GWst/ári. Viðbótarkostnaður við færslu yfirfalls, umframkostnaður við orkuöflun vegna niðurfellingar veitna og kostnaður við ýmsar umhverfisaðgerðir er áætlaður 2.000–2.500 millj. kr., eða um 3% af kostnaði við virkjunina. Kostnaður á orkueiningu eykst því um 3% vegna þessara þátta í úrskurði umhverfisráðherra.

Kostnaður við aðgerðir til þess að hindra jarðvegsrof og áfok í Hálslóni var innifalinn í kostnaðaráætlunum Landsvirkjunar.

4. *Hvernig er háttað samráði við Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðsluna og eftir atvikum aðra aðila um uppfyllingu nefndra skilyrða og eftirlit með framkvæmdum?*

Samráði við Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, er hagað eins og gert er ráð fyrir samkvæmt lögum, hvað varðar eftirlitsskyldu stofnunarinnar með framkvæmdum og með sams konar verklagi og tíðkast hefur við aðrar framkvæmdir Landsvirkjunar. Eitt skilyrða í úrskurði umhverfisráðherra er að haft sé samráð við Náttúruvernd ríkisins um námur, haugsvæði og vega- og slóðagerð. Þetta samráð er í eðlilegum farvegi.

Þá er kveðið sérstaklega á um samráð við lækkun klapparhafts ofan Lagarfossvirkjunar, en sú framkvæmd er áætluð seint á framkvæmdatímanum.

Í skilyrðum í úrskurði umhverfisráðherra er gert ráð fyrir samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands um lúkningu tiltekinna náttúrufarsrannsókna á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur staðfest að samkomulag hafi orðið um rannsóknaáætlun um þessa þætti, sem unnin verði í samstarfi Náttúrufræðistofnunar og Orkustofnunar.

Landgræðsla ríkisins er ásamt sveitarfélaginu Norður-Héraði og Landsvirkjun aðili að sérstakri samráðsnefnd um uppgræðslu- og landbótaaðgerðir á áhrifasvæði virkjunarinnar.

1023. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um einkahlutafélög sem miða að því að einfalda og minnka kostnað við slit einkahlutafélaga. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðum sem snerta ársreikninga vegna þróunar í löggjöf um þá.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.		Ögmundur Jónasson.

1024. Nefndarálit [522. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga, vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga, en auk þess er lagt til að ákvæði um samlagshlutafélög verði færð úr lögum um einkahlutafélög í lög um hlutafélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.	

1025. Nefndarálit [519. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga, vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga. Einnig er í frumvarpinu gerð tillaga um möguleika á einfaldri afskráningu samvinnufélaga að frumkvæði samvinnufélagaskrár og þá til samræmis við ákvæði í hlutafélagalöggjöf um einfalda afskráningu hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.	

1026. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.	

1027. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands og Samtökum verslunarinnar.

Með frumvarpinu er lagt til að lögleiddar verði reglur um efni ábyrgðaryfirlýsinga sem algengt er að seljendur vöru og þjónustu leggi fram í tengslum við kaup. Reglurnar eiga rót að rekja til tilskipunar Evrópusambandsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.	

1028. Nefndarálit [548. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Hjaltested frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Kauphöll Íslands, Seðlabankanum, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Fjármálaeftirlitinu, Félagi löggiltra endurskoðenda og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórnvöldum verði veitt heimild til að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning fyrir nafngreinda einstaklinga og lögaðila sem taldir eru upp í alþjóðlegum samþykktum sem Ísland er aðili að. Tilkynningar um skuldbindingar Íslands í þessu sambandi berast utanríkisráðuneytinu reglulega. Eðlilegt þykir að utanríkisráðuneytið taki afstöðu til þess hvaða skuldbindingar hvíli á Íslandi að þessu leyti og komi því á framfæri við Fjármálaeftirlitið að hve miklu leyti er skylt að birta slíkar tilkynningar á Íslandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.	

1029. Skýrsla [635. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2002.

I. Inngangur.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) var stofnuð árið 1977 og hafði það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefndinni. Umsvif og starfsemi nefndarinnar jukust til muna þegar viðræður hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989 og mikilvægi hennar jókst enn þegar EES- samningurinn tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem heyra undir EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða eingöngu EES-hluta nefndarinnar eru tekin fyrir. Í frásögnum hér á eftir verður fjallað um þessar tvær hliðar þingmannanefndar EFTA sem eina heild.

Eins og önnur aðildarríki á Alþingi fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi þrisvar til fimm sinnum á ári auk þess sem hún á fund tvisvar á ári með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar um starfsemi EFTA, málefni EES og Evrópusambandsins (ESB), gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og efnahags- og viðskiptamál almennt. Nefndin á einnig samstarf við ríki sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar hittist fyrir hvern fund og undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Í samvinnu við Evrópuþingið vann þingmannanefnd EFTA ötullega að því á sínum tíma að í EES-samningnum væri gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd EES (95. gr. samningsins). Í sameiginlegu þingmannanefnd EES eru nú 24 þingmenn, tólf frá Evrópu-

þinginu og tólf frá hinum þremur EES-aðildarríkjum EFTA (EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin á að fylgjast með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Sameiginlega þingmannanefnd EES hefur frumkvæði að því að semja skýrslur um málefni sem hún vill skoða sérstaklega. Fyrir hverja skýrslugerð eru tilnefndir tveir framsögumenn, einn úr hópi EFTA-þingmanna og einn úr hópi Evrópuþingsmanna. Á grundvelli þessara skýrslna leggja þingmennirnir jafnframt fram drög að ályktunum sem bornar eru undir atkvæði. Ályktanirnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Bæði ráðherraráðið og sameiginlega EES-nefndin gera athugasemdir við ályktanir þingmannanefndarinnar. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Við gagnaöflun og undirbúningsvinnu leitar þingmannanefndin upplýsinga hjá ráðherraráði EFTA og embættismönnum stofnana EFTA og ESB og koma skoðunum og áherslum þingmanna á framfæri við þessa aðila.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Árið 2002 skipuðu Íslandsdeildina Vilhjálmur Egilsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Ögmundur Jónasson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Katrín Fjeldsted, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson. Fulltrúi Íslandsdeildar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES var Vilhjálmur Egilsson. Ritari Íslandsdeildar var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari.

III. Starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES árið 2002.

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu 2002. Þingmannanefnd EES hélt tvo fundi og þingmannanefnd EFTA þrjá auk tveggja funda með ráðherraráði og ráðgjafarnefnd EFTA. Í heild var Íslandsdeildin virk í störfum beggja nefnda, fulltrúar Íslandsdeildar báru upp margar fyrirspurnir innan nefndanna og knúðu á um ítarlega umræðu um ýmis mál.

Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Skýrslurnar fjölluðu um framkvæmd EES-samningsins á árinu 2001, einkavæðingu á orkumarkaði EES, fjármálaþjónustu og mótun ákvarðana innan EES. Össur Skarphéðinsson var annar framsögumanna skýrslu um framkvæmd EES-samningsins og hélt erindi um þau mál auk þess að svara fyrirspurnum.

Venja er að Íslandsdeildin haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB, en nýtt forusturíki tekur við á sex mánaða fresti. Á þessum fundum kynnir Íslandsdeildin helstu þætti EFTA/EES. Sérstök áhersla er lögð á stöðu Íslands

og þær skuldbindingar sem ESB hefur gagnvart EFTA/EES-ríkjunum, auk þess sem rætt er um helstu áhersluatriði viðkomandi ríkis í væntanlegri forsætistíð. Á fyrri hluta árs hélt Íslandsdeild fund með fulltrúum Evrópunefndar danska þingsins og á síðari hluta árs hélt deildin fund með fulltrúum Evrópunefndar gríska þingsins, en Grikkir tóku við forsæti í ráðherraráði ESB í ársbyrjun 2003.

IV. Nokkur málefni í EFTA- og EES-samstarfi sem Íslandsdeildin vekur athygli á.

ESB hefur tekið miklum breytingum síðan EES-samningurinn var undirritaður og í hverjum mánuði bætast við nýjar ákvarðanir sem hafa bein áhrif á EES-löndin. Ör þróun hefur orðið á Rómarsamningnum (stofnsáttmála ESB) með ríkjaráðstefnunni í Maastricht og Amsterdam og nú síðast í Nice. Margar þessara breytinga verða ekki hluti af EES-samningnum en hafa þrátt fyrir það mikil áhrif á framkvæmd hans. Þetta getur leitt til ósamræmis í túlkun reglna innan ESB annars vegar og EFTA/EES hins vegar.

a. Stækkun ESB og krafan um aukin fjárframlög EFTA/EES-ríkjanna.

Stækkun ESB kallar á gífurlegar breytingar í evrópsku samstarfi. Tíu umsóknarríki hafa formlega lokið samningum um aðild og ef áætlanir ganga eftir verður sérhvert nýtt ESB-ríki einnig aðili að EES-samningnum. Ljóst þykir að möguleikar EFTA-ríkjanna til þátttöku í ákvarðanaferlinu og stefnumótun á EES-svæðinu minnka enn við stækkun ESB. Kerfið verður þyngra í vöfum en áður og tilkall EFTA-ríkjanna til sérstöðu minnkar í samræmi við það. Embættismenn EFTA segja að innan ESB sé sífellt minni áhersla lögð á samskipti við EFTA/EES-ríkin og að svo virðist sem þekking á EES-samningnum og grundvallarforsendum hans fari þverrandi.

Í tengslum við stækkun ESB og EES hefur ESB nú krafist stóraukinna framlaga EFTA/EES-ríkjanna í þróunarsjóði sambandsins, en krafan er talin hljóða upp á tuttugu- til þrjátíuföldun núverandi framlaga. Að mati EFTA/EES-ríkjanna hefur ESB stillt þeim upp við vegg og krafist greiðslna á svipuðum grundvelli og ef ríkin væru aðildarríki. Þessum kröfum hafa EFTA/EES-ríkin vísað á bug. Deilan stendur m.a. um það við hvaða styrktarsjóði hafi verið miðað þegar samið var um EES á sínum tíma, en þá lýstu EFTA-ríkin sig tímabundið reiðubúin að styrkja fátæku ríkin (Írland, Spán, Portúgal og Grikkland). Tekist er á um þessa deilu í yfirstandandi samningaviðræðum ESB og EFTA/EES-ríkjanna.

Í þessu samhengi er ekki úr vegi að minna á þau áhrif sem stækkun ESB hefur á fríverslun EFTA við önnur ríki. Tvíhliða fríverslunarsamningar EFTA við hin nýju aðildarríki falla úr gildi um leið og ríkin ganga formlega í ESB, nema takist að semja um annað. Við munu taka samningsskilyrði sem kalla á tolla fyrir sjávarafurðir frá EFTA vegna viðskipta við nýju aðildarríkin. Fulltrúar Íslandsdeildar hafa bent á að EFTA eigi að fara fram á bætur fyrir þetta. Auk þess hefur verið bent á að slíkar bætur ætti að reikna með hliðsjón af mikilvægi þeirra markaða og viðskipta sem EFTA verður af í framtíðinni með niðurfellingu núgildandi samninga, en þessir markaðir búa yfir miklum vaxtarmöguleikum til framtíðar. Þessu hefur ESB hafnað algjörlega og sett það skilyrði að Íslendingar verði að heimila erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi vilji þeir fá fríverslun með sjávarafurðir.

b. Þátttaka EFTA/EES-ríkja í ákvarðanatöku og nefndavinnu.

Ísland lögleiðir nú um 80% af gerðum ESB um innri markaðinn. Vald Evrópuþingsins hefur aukist mjög síðan skrifað var undir EES-samninginn og fara framkvæmdastjórn ESB og Evrópuþingið nú með sameiginlegt löggjafarvald í flestum málum. Þar eð EFTA/EES-ríkin hafa samkvæmt samningnum engan formlegan aðgang að Evrópuþinginu hefur áhrifa-

vald EFTA við mótun ákvarðana minnkað enn frekar. Á fundum þingmannanefnda EFTA og EES hefur verið bent á mikilvægi þess að lagagerðir og ákvæði sem eru í deiglunni innan ESB fái pólitíska umræðu í EFTA-ríkjunum áður en ákvarðanir eru endanlega teknar. Einnig hefur verið bent á mikilvægi þess að sérfræðingar EFTA fái meiri aðgang að nefndum og geti aflað sér upplýsinga um þau mál sem eru í deiglunni, ekki síst svo að hægt sé að verja hagsmuni EFTA/EES-ríkjanna í málum sem eru enn í mótun. Þá hefur líka verið bent á að EFTA/EES-ríkin virðist ekki nýta sér til fulls þau tækifæri til nefndasetu sem gefast samkvæmt EES-samningnum og á það sér í lagi við um Ísland. Á fundum þingmannanefnda EFTA og EES hefur einnig verið rætt að hvetja eigi þegna EFTA/EES-landanna til að draga þingmenn til ábyrgðar fyrir þau margþættu áhrif sem þróun EES-samningsins hefur á þjóðlíf og lýðræði heima fyrir.

c. Endurskoðun EES-samningsins.

Miklar umræður spunnust á fundum þingmannanefndanna um hugsanlega endurskoðun og uppfærslu EES-samningsins og möguleika EFTA-ríkjanna til að tryggja betur hlut sinn í ákvarðanaferli innan ESB. Mikið var rætt um hversu langt slík endurskoðun ætti að ganga og fulltrúar þingmannanefndar EFTA báðu um svör við því hjá ráðherraráði EFTA hvenær skýr skilgreining á slíku ferli gæti legið fyrir. Á fundi þingmannanefndar EES í maí sl. var samþykkt að skora á ríkisstjórnir landanna að móta sameiginlega afstöðu til endurskoðunar EES-samningsins og leggja inn formlega beiðni til ESB um uppfærslu samningsins samhliða stækkun. Fulltrúar þingmannanefndarinnar lögðu áherslu á mikilvægi þess að EFTA/EES-ríkin væru samstiga í kröfum sínum og viðræðum við ESB varðandi endurskoðun samningsins þar eð ESB gæti nýtt sér til hins ýtrasta hvers kyns misræmi í afstöðu ríkjanna. Svo fór að sameiginleg beiðni EFTA-ríkjanna um uppfærslu á samningnum var aldrei lögð fyrir þar sem talið var ljóst að ESB mundi ekki taka slíka beiðni til greina.

Innan þingmannanefndarinnar hefur nokkuð borið á áhyggjum af því að EES-samningurinn sé að veikjast þar eð ESB haldi ekki lengur í heiðri sumar af grundvallarforsendum hans. Á miðju ári var í þessu samhengi mikið rætt um nýtilkomna tolla á innflutning stáls til ESB-ríkja, en EFTA/EES-ríkin voru ekki undanskilin þessum aðgerðum af hálfu ESB þrátt fyrir að vera fullgildir meðlimir innri markaðarins. Nokkrir fulltrúar þingmannanefndarinnar sögðu að með þessu væri ESB að vega að EES-samningnum á dýpri og alvarlegri hátt en áður hefði sést. Farið væri með EFTA/EES-ríkin eins og hver önnur þriðju ríki og litið fram hjá því að EFTA/EES-ríkin væru fullgildir meðlimir og þátttakendur í innri markaði ESB.

d. Þriðju ríki – þróun fríverslunarsamninga.

Samskipti við þriðju ríki eru ekki hluti af EES-samningnum. Hins vegar hefur stefna EFTA verið sú að gera fríverslunarsamninga við sömu ríki og ESB hefur samið við og koma þannig í veg fyrir mismunun af hálfu þessara ríkja gagnvart fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum. Í byrjun gerði EFTA fjölda samninga við Mið- og Austur-Evrópuríki og Miðjarðarhafsríki. Á síðustu árum hefur EFTA verið að færa út kvíarnar til annarra heimsálfa og lauk m.a. samningi við Mexíkó árið 2000. Árið 2001 lauk EFTA svo viðræðum um samning við Singapúr og var hann undirritaður á ráðherrafundi EFTA á Egilsstöðum í júní sl. Þetta er fyrsti fríverslunarsamningur sem EFTA gerir við ríki í Austur-Asíu og víðtækasti samningur EFTA til þessa. Viðræður standa yfir við Chile og fleiri ríki, en fyrirhugaður fríverslunarsamningur við Kanada strandar enn á deilum Kanadamanna og Norðmanna um skipasmíðar. Íslandsdeild hefur hvatt til lausnar á deilunni við Kanadamenn, enda sé þar sérlega mikilvægur samningur í húfi. Íslandsdeildin hefur einnig bent á nauðsyn þess að uppfæra og tryggja

viðhald fríverslunarsamninga sem þegar eru í gildi, enda sé slíkt nánast jafnmikilvægt og að gera nýja samninga.

V. Frásagnir af fundum þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu.

Hér verður gerð stutt grein fyrir helstu málum sem komu til umræðu á fundum þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu.

65./33. fundur þingmannanefndar EFTA og 36. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA í Brussel 19. mars 2002.

Á fundi þingmannanefndar EFTA voru framtíð EES-samningsins, stjórnarskrárþing ESB og formennskuáætlun Dana í ESB á síðari árshelmingi 2002 einkum til umræðu. William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA, fór yfir stöðu mála varðandi uppfærslu EES-samningsins og lagði áherslu á að einungis hefðu verið reifaðar takmarkaðar tæknilegar breytingar á samningnum. Tæknileg uppfærsla ætti að tryggja lagalegt samræmi innan EES með því að aðlaga EES-samninginn þeim breytingum sem átt hafa sér stað á ESB með Maastricht- og Amsterdam-sáttmálunum. Formleg beiðni um viðræður um uppfærslu EES-samningsins hefði ekki verið lögð fram af EFTA-ríkjunum en ESB hefði lýst yfir vilja til að ganga til slíkra viðræðna eftir að lokið væri við aðildarsamninga umsóknarlandanna. Í umræðum sem fylgdu í kjölfarið lýsti Vilhjálmur Egilsson m.a. efasemdum um áhuga og vilja ESB til að ganga skjótt til samninga þar eð þeir sæju sér engan sérstakan hag í að tryggja stöðu EES-samningsins. Vilhjálmur sagði jafnframt að uppfærsla á EES-samningnum væri EFTA-ríkjunum nauðsynleg en þeim mundi reynast erfitt að sannfæra ESB um slíkt. Össur Skarphéðinsson benti á að ráðherraráð EFTA hefði enn ekki náð að móta sameiginlega afstöðu til þess hversu víðtæka uppfærslu ætti að fara fram á og ítrekaði ósk sína um að ráðherrar tækju af skarið í þessum efnum. Hann sagði EFTA-ríkin sárvanta heilsteypta áætlun gagnvart ESB í þessu máli og það veikti stöðu EFTA og EES með hverjum degi sem liði. Össur lýsti eftir pólitískri forustu og framtíðarsýn ráðherraráðs EFTA og harmaði að enn væri ekki komin fram formleg tillaga til ESB um uppfærslu og endurskoðun EES-samningsins. Ögmundur Jónasson minnti á að öll þessi umræða um EES-samninginn og endurskoðun hans væri í eðli sínu ekki einungis „tæknileg" heldur í raun hápólitísk. Það væri pólitísk ákvörðun að tryggja enn frekara lagalegt samræmi og einsleitni á EES-svæðinu og á tíðum væru EFTA-ríkin ekki nógu dugleg við að sporna gegn slíkri einsleitni sem kæmi beint frá Brussel. Hann sagði þá sem væru fylgjandi aðild að ESB reyna að draga úr gildi EES-samningsins og velti upp þeirri spurningu hvort það væri ESB í hag að veikja samninginn. Rossier benti á að ef EFTA-ríkin gætu mótað sameiginlega afstöðu til uppfærslunnar væri æskilegt að slík afstaða kæmi fram sem fyrst þar sem stefnt væri að því að stækkun ESB kæmi til framkvæmda 1. janúar 2004. Breytingu á EES-samningnum yrði að samþykkja í þjóðþingum allra aðildarlanda samningsins og því væri það hagsmunamál EFTA-ríkjanna að ljúka uppfærslu samningsins áður en stækkun ESB gengur formlega í gildi.

Timothy Kirkhope, þingmaður á Evrópuþinginu, greindi frá starfi stjórnarskrárþings ESB sem kom saman í fyrsta skipti í febrúar 2002. Stjórnarskrárþingið er samansett af framkvæmdastjórn ESB, fulltrúum Evrópuþingsins, fulltrúum þjóðþinga aðildarríkja og umsóknarríkja ESB, auk áheyrnarfulltrúa aðila vinnumarkaðarins og fleiri hagsmunaaðila. Kirkhope kynnti verksvið þingsins sem er að móta framtíðarsýn ESB. Í því starfi felst m.a. að fjalla um markmið ESB í framtíðinni, stöðu ESB í alþjóðasamfélaginu, hvernig auka megi lýðræðislegt lögmæti ESB, stjórnun ESB í framtíðinni, verkaskiptingu á milli stofnana ESB og loks hvernig auka megi tengsl ESB og almennra borgara. Ögmundur Jónasson spurði

hvernig Kirkhope sæi fyrir sér valdahlutföll mismunandi stofnana innan ESB í framtíðinni. Í því samhengi sagðist Ögmundur telja afar mikilvægt að lýðræðisöfl innan ESB væru styrkt og hlutur þjóðþinga aukinn. Ef velja þyrfti á milli aukinna áhrifa lýðræðislega kjörinna fulltrúa annars vegar og sjálfskipaðra valdhafa hins vegar hlyti að liggja í augum uppi hvora leiðina ætti að fara. Hlutur Evrópuþingsins hlyti því að eiga að styrkjast á kostnað framkvæmdastjórnar ESB. Ögmundur sagði að einungis með því að styrkja hið lýðræðislega vald væri hægt að virkja almenning og ungt fólk í Evrópu til meiri afskipta og áhuga á mikilvægum málum. Lýðræðishalli innan ESB væri því alvarlegt vandamál. Vilhjálmur Egilsson spurði í framhaldinu hvaða gildi möguleg stjórnarskrá ESB hefði í samanburði við ríkjandi sáttmála ESB. Kirkhope áleit ólíklegt að tillaga um stjórnarskrá ESB yrði lögð fram, fremur yrði um sameiginlega yfirlýsingu frá stjórnarskrárþinginu að ræða. Enn fremur lagði Kirkhope áherslu á að stjórnarskrárþinginu fylgdi nýtt og gott vinnulag. Mun breiðari hópur stofnana, þjóðþinga og frjálsra félagasamtaka kæmi að vinnu þingsins en venja væri til þegar unnið er að gerð hefðbundinna sáttmála ESB. Þetta væri mikilvægt lýðræðislegt skref í vinnuferlinu.

Niels Junker Jacobsen, frá sendinefnd Danmerkur við ESB, greindi frá formennskuáætlun Dana í ESB á síðari árshelmingi 2002. Auk þess að ljúka samningum um stækkun sambandsins væru helstu áherslumál m.a. þróun hinnar norðlægu víddar og undirbúningur ESB fyrir næstu samningahrinu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Össur Skarphéðinsson spurði af hverju uppfærsla EES-samningsins væri ekki á meðal forgangsmála Dana. Össur spurði jafnframt út í niðurgreiðslur ríkisins í umsóknarlöndunum og endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar. Össur hvatti til gagngerra breytinga í sjávarútvegsstefnu ESB og sagði slíkt mundu gera Íslendingum mun auðveldara fyrir að ákveða að sækja um aðild að sambandinu. Hann innti eftir svörum varðandi áherslur Dana í þessum efnum. Jacobsen sagði erfitt að ræða uppfærslu eða endurskoðun EES-samningsins án þess að formlegt erindi þess efnis hefði borist frá EFTA-öndunum. Þangað til mundi ESB ekki hreyfa við málinu. Hann sagði auk þess ljóst að nokkur áherslumunur væri í málinu á milli EFTA-landanna sem gerði aðilum erfiðara fyrir með að ákvarða hvers konar endurskoðun ætti að eiga sér stað. Jacobsen sagði Dani leggja ríka áherslu á endurmat á sjávarútvegsstefnu ESB og gagngerra breytinga væri að vænta í þeim málaflokki. Þorgerður K. Gunnarsdóttir vakti athygli á viðsjárverðu ástandi í Mið-Austurlöndum og spurði hvernig Danir sæju fyrir sér að leiða utanríkisstefnu ESB í þeim málum. Hún spurði hvernig ESB hygðist taka á margþættum vandamálum nýrra aðildarríkja, svo sem mannréttindabrotum, mansali, kynlífsþrælkun o.fl.. Jacobsen sagði þetta afar mikilvæg mál og mikil vinna færi nú fram í þessum málaflokkum innan ESB til að reyna að bæta ástandið.

29. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES og 18. fundur þingmannanefndar EES í Reykjavík dagana 26.–27. maí 2002.

Á fundi þingmannanefndar EES snerust helstu umræður um mögulega uppfærslu og endurskoðun EES-samningsins, sem og tolladeilu Bandaríkjanna og ESB um stálútflutning. Að venju voru lagðar fyrir fundinn tvær skýrslur og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Annars vegar var tekin til umfjöllunar ársskýrsla um framkvæmd EES-samningsins á árinu 2001, en framsögumenn hennar voru Össur Skarphéðinsson og Markus Ferber. Hins vegar var rætt um skýrslu Marjo Matikainen-Kallström og Vidar Björnstad um frjálsræði og einkavæðingu á orkumarkaði EES-svæðisins. Þá var enn fremur rætt um vinnuskýrslur EFTA um afleiðingar Myntbandalags Evrópu fyrir EFTA/EES-ríkin annars vegar og ríkisstyrki á Evrópska efnahagssvæðinu hins vegar.

Í upphafi lýsti Eduardo Garrigues, fulltrúi formanns ráðherranefndarinnar, almennri ánægju með samstarf ESB og EFTA/EES-ríkjanna á grundvelli EES-samningsins. Percy Westerlund tók í sama streng og sagði árangurinn af EES-samstarfinu góðan þótt óþarfa tafir væru á stundum á innleiðingu gerða og samhæfingu tilskipana. Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra benti á að samkvæmt nýjasta frammistöðumati Eftirlitsstofnunar EFTA væru ásakanir um tafir á innleiðingu gerða ekki á rökum reistar. Noregur, Ísland og Liechtenstein hefðu bætt frammistöðu sína til muna og væru nú í efstu sætum EES-landa hvað varðaði upptöku gerða. Gunnar Snorri gerði einnig deilurnar um tolla á stáli að umræðuefni og sagði ESB sniðganga EES-samninginn með því að setja tolla á innflutning stáls frá EFTA/EES-ríkjunum. Slíkt brot á samningnum gæfi hættulegt fordæmi. Þá vék Gunnar Snorri að tæknilegri uppfærslu EES-samningsins og sagði takmarkaðan áhuga ESB á málinu gera EFTA/EES-ríkjunum erfitt fyrir.

Í almennum umræðum benti Morten Höglund á að tafir á uppfærslu EES gætu skapað ýmis vandamál fyrir EFTA/EES-ríkin. Hann tók undir þá skoðun Gunnars Snorra að ESB hefði komið fram við EFTA/EES-ríkin á ólögmætan hátt í ståldeilunni, farið væri með EFTA/EES-ríkin sem hver önnur þriðju ríki en ekki fullgilda aðila að innri markaðnum og slíkt væri ólíðandi. Percy Westerlund svaraði því til að menn yrðu að gera skýran greinarmun á tæknilegri uppfærslu á EES-samningnum og frekari útvíkkun og endurskoðun samningsins þar sem hið síðarnefnda krefðist mun meiri vinnu og lengri tíma. Hann sagði framkvæmdastjórnina telja EES-samstarfið farsælt og að hugað yrði að uppfærslunni þegar samningaviðræðum um stækkun ESB væri lokið og staðfestingarferlið væri hafið. Gunnar Snorri Gunnarsson vék aftur að stálmálinu og sagði að túlkun framkvæmdastjórnar ESB á 19 gr. GATT-samningsins um tolla væri ekki í samræmi við túlkun EFTA-ríkjanna og að samanburðurinn við aðildarumsóknarríkin væri efnislega rangur þar eð þau væru ekki hluti af EES-samningnum. Össur Skarphéðinsson vék að því hvenær unnt væri að huga að uppfærslu og endurskoðun EES-samningsins og sagðist vera ósáttur við þær upplýsingar sem þingmönnum væri látnar í té í þessu sambandi. Grunnspurningin væri hvenær menn væru reiðubúnir til að setjast að samningaborðinu og slíkt þyrfti að gerast sem fyrst. Diana Wallis tók undir orð Össurar og sagði nóg svigrúm innan ESB til að sinna uppfærslu EES-samningsins en áhugi á slíku þyrfti augljóslega að vera fyrir hendi. Vilhjálmur Egilsson lagði í máli sínu áherslu á að umræður um uppfærslu EES-samningsins yrðu að taka mið af grunnforsendum hans og markmiðum. EFTA/EES-ríkin yrðu að gera sér grein fyrir því að ef ESB sæi sér engan hag í að uppfæra EES-samninginn væri slíkt borin von. Einungis áhugi og hagur beggja aðila gæti tryggt áframhaldandi virkni og styrk samningsins. Hann sagðist auk þess telja að þeir tollar sem ESB hefði lagt á stál innan EFTA/EES-svæðisins væri alvarlegasta aðför að EES-samningnum til þessa.

Í kynningu sinni á greinargerð um ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins sagðist Össur Skarphéðinsson telja EES-samninginn verða æ veikburðari. Össur sagði að í ljósi hinna gríðarlegu breytinga sem átt hefðu sér stað á þeim tíu árum frá því að samningurinn var undirritaður væru sumar forsendur hans einfaldlega brostnar. EES-samningurinn hefði í upphafi átt að tryggja jafnræði á milli samningsaðilanna og það hefði verið grundvallarforsenda hans af hálfu EFTA-ríkjanna að þau hefðu aðkomu að ákvarðanaferlinu innan ESB. Raunin væri hins vegar sú að EFTA-ríkin þyrftu oft að horfa upp á ákvarðanir sem hefðu gífurleg áhrif á daglegt líf sinna eigin þegna. Þar eð EES-samningurinn endurspeglaði ekki þær margþættu breytingar sem átt hefðu sér stað með Maastricht- og Amsterdam-sáttmálunum væri alvarlegur lýðræðishalli nokkuð sem EFTA/EES-ríkin yrðu að lifa við. Hann benti einnig á að upp á síðkastið hefði ESB dregið úrskurði ESA í vafa og gæfi þar með

undan tveggja stoða kerfi EES. Hann hvatti til þess að EFTA/EES-ríkin neyttu allra leiða til að komast betur að ákvarðanaferli innan ESB og tækju virkari þátt í starfinu öllu. Ef slíkt væri ekki hægt takmarkaði það ekki einungis lýðræðislegan hlut EFTA/EES-ríkjanna heldur gæti það hugsanlega haft í för með sér alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar, t.d. fyrir sveitarfélög. Því næst var skýrsla um frjálsræði og einkavæðingu á orkumarkaði EES-svæðisins tekin til umfjöllunar. Ögmundur Jónasson taldi Evrópuríki vera á hættulegri braut með svo róttækum breytingum til einkavæðingar, lagalegrar einsleitni og aukinnar miðstýringar á orkumörkuðum. Hann sagði skiptar skoðanir vera um þessi mál á Íslandi og margir mundu vilja sjá undanþágu frá þessum nýju reglum, enda gætu þau komið harkalega niður á neytendum. Ögmundur sagði það auk þess skjóta skökku við að með þessum nýju áformum á orkumarkaði gengi Evrópa jafnvel enn lengra í einkavæðingu og miðstýringu en Bandaríkin því að þar gætu einstök ríki a.m.k. eitthvað haft um eigin lög og reglugerðir í þessum málum að segja. Ögmundur gerði auk þess GATS-samninga um markaðsvæðingu þjónustustarfsemi að umtalsefni. Hann sagði það forkastanlegt hversu ólýðræðisleg vinnubrögð einkenndu bæði Alþjóðaviðskiptastofnunina og framkvæmdastjórn ESB. Stofnanirnar ynnu meira og minna fyrir luktum dyrum og sendu út álit og ákvarðanir án þess að nokkurt þjóðþing eða önnur lýðræðisleg öfl kæmu þar að. Hann beindi þeirri spurningu til Evrópusambandsins hvort þeim þætti þetta samræmast lýðræðislegum vinnubrögðum. Fátt varð um svör á meðal fundarmanna við þessari fyrirspurn.

37. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 2. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðgjafarnefnd EFTA, 26. fundur þingmannanefndar EFTA og 66./34. fundur þingmannanefndar EFTA, á Egilsstöðum, dagana 26.–27. júní 2002.

Á fundi þingmannanefndar EFTA og ráðgjafarnefndar var mikið rætt um nýtilkomna tolla á innflutning stáls til ESB-ríkja, en EFTA/EES-ríkin eru ekki undanskilin þessum aðgerðum af hálfu ESB þrátt fyrir að vera fullgildir meðlimir innri markaðarins. Vilhjálmur Egilsson sagði að með þessu væri ESB að vega alvarlegar að EES-samningnum en áður hefði sést. Hann minnti á að gildi EES-samningsins væri undir því komið að báðir aðilar legðu sitt af mörkum til að halda leikreglur hans í heiðri. Vilhjálmur hvatti til þess að menn legðu áherslu á þetta mál bæði á fundum með EFTA-ráðherrum og fulltrúum ESB. Formaður ráðgjafarnefndarinnar, Pierre Weiss, tók í sama streng og Vilhjálmur og sagði stáliðnaðarmálið sýna hversu veikur EES-samningurinn væri í raun orðinn. Það væri óviðunandi að ESB bæri fyrir sig reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) til að geta klekkt á EFTA/EES-ríkjunum og sagði slíkt draga úr trú viðskiptaaðila á gildi samningsins. Hann minnti um leið á að eftir því sem samningaviðræður við væntanleg ný aðildarríki ESB drægjust því minni tíma og áhuga hefði ESB á EFTA. Um leið og nýju ríkin fengju aðild minnkaði takmarkaður áhugi ESB á EFTA enn. Veikleikar EES-samningsins væru því viðvarandi og vart hægt að búast við því að ástandið mundi batna í nánustu framtíð.

Katarina Sætersdal hélt erindi um Lissabon-ferlið og hvatti til meiri þátttöku EFTA-ríkjanna og aukinnar pólitískrar umræðu. Hún sagði það varasamt ef EFTA-ríkin drægjust aftur úr á þessu sviði og leggja þyrfti fram yfirgripsmikla áætlun í efnahags- og viðskiptamálum í samræmi við Lissabon-ferlið. Vilhjálmur Egilsson benti á að þetta væri mál sem þingmannanefndin hefði oft rætt og brýnt væri að EFTA/EES-ríkin tækju sjálf frumkvæði að því að innleiða Lissabon-ferlið. EFTA-ríkin gætu auðveldlega komið í veg fyrir að þeim væri ýtt til hliðar í þessu máli og að þau þyrftu ekki á ESB að halda til að innleiða helstu þætti Lissabon-ferlisins. Til þess að svo mætti verða þyrftu EFTA-ríkin hins vegar að taka á sig auknar skuldbindingar og sýna málinu meiri skilning. Össur Skarphéðinsson benti á að með

stækkun Evrópusambandsins minnkaði sú tilhneiging að gera ESB að pólitísku sambandsríki og sú þróun gæti á ýmsan veg verið góð fyrir EFTA-ríkin. Slíkt bæri þeim að færa sér í nyt. Fundur þingmannanefndar með ráðherrum snerist í meginatriðum um hugsanlega uppfærslu á EES-samningnum, viðbrögð EFTA við stáliðnaðarmálinu og áhrif stækkunar ESB á fríverslun með fisk. Formaður þingmannanefndarinnar, Morten Höglund, lofaði frammistöðu EFTA-ríkjanna hvað varðaði innleiðingu ESB-gerða og sagði þróunina góða. Hann minnti um leið á að þingmannanefndin hefði fyrir nokkrum vikum skorað á EFTA-ríkin að leggja fram tillögur og óskir um uppfærslu samningsins og innti eftir þróun málsins hjá ráðherrum. Hann hvatti ráðherra enn fremur til að bregðast hart við framkomu ESB í stálmálinu og sagði brýnt að gera það að alvarlegu pólitísku máli. Halldór Ásgrímsson, formaður ráðherraráðs EFTA, sagði að EFTA-ríkin hefðu við fjölmörg tækifæri rætt um hugsanlega uppfærslu EES-samningsins. ESB hefði hins vegar ítrekað gefið til kynna að það væri enginn áhugi á að ræða slíkt fyrr en stækkun sambandsins væri um garð gengin. Hann sagði því ljóst að EFTA-ríkin gætu ekki veitt þessu máli frekara brautargengi að svo stöddu. Ráðherra sagði um leið að stækkunarferlið ætti í raun ekki að hafa í för með sér nein sérstök vandamál fyrir EFTA-ríkin, nema hvað varðaði fríverslun með fisk. Þetta væri mikilvægt mál sem fengi forgang af hálfu EFTA. Að öðru leyti sagði hann að stækkunarferli ESB og EES-svæðisins ætti að ganga nokkuð snurðulaust og vera samhliða ferli. Össur Skarphéðinsson lýsti yfir vonbrigðum sínum með að EFTA/EES-ríkjunum hefði mistekist að standa saman að uppfærslu EES-samningsins. Hann sagði að þrátt fyrir að ESB hefði sýnt neikvæð viðbrögð hefði það verið skylda EFTA-ríkjanna að ná saman í þessu máli og leggja fram tillögur sínar til framkvæmdastjórnar ESB. Slíkt hefði ekki verið gert og nú væri tækifærið gengið mönnum úr greipum. Össur sagði þessar málalyktir sýna hversu mikið EFTA hefði veikst og að brýnt væri að ráðherrar svöruðu þeirri spurningu hvort EFTA ætti sér raunverulega framtíð. Hann kallaði jafnframt á kraftmeiri aðgerðir af hálfu EFTA til að tryggja áframhaldandi fríverslun með fisk við væntanleg aðildarríki ESB. Vilhjálmur Egilsson lýsti áhyggjum sínum varðandi stáliðnaðarmálið og sagði greinilegt að ESB liti ekki á EFTA/EES-ríkin sem fullgilda þátttakendur í innri markaðnum. Hann lagði áherslu á að veikleikar EES-samningsins yrðu grandskoðaðir og metnir svo að komast mætti hjá svipuðum árekstrum síðar. Hann benti og á að mjög líklega yrðu EFTA-ríkin beðin um að greiða áfram gjöld til þróunarsjóða ESB og án efa mundu þessi gjöld hækka talsvert. Hann knúði á um svör um hvað mundi gerast þegar slíkar kröfur kæmu fram af hálfu ESB og hvatti til að EFTA ræddi þessi mál ítarlega fyrir fram svo að viðbrögð yrðu skýr þegar að þessum tímapunkti kæmi.

Að lokum var rætt um stöðu fríverslunarsamninga EFTA við þriðju ríki. Halldór Ásgrímsson kynnti stöðu mála og lýsti velgengni EFTA á þessu sviði. Hann sagði EFTA-ríkin í sumum tilfellum búa við betri kjör í fríverslunarsamningum sínum en ESB og fagnaði sérstaklega nýjum fríverslunarsamningi við Singapúr sem undirritaður var á ráðherrafundinum á Egilsstöðum. Þetta væri víðtækasti samningur EFTA til þessa og sá fyrsti á milli Evrópuríkja og ríkja í Austur-Asíu. Ráðherrann sagði að í nánustu framtíð mundu viðræður við Chile hafa forgang, sem og Túnis, Egyptaland og líklega Suður-Afríku. Vilhjálmur Egilsson vakti í þessu sambandi athygli á upprunareglum fríverslunarsamninga og sagði þær ekki tryggja frjálst vöruflæði í núverandi mynd. Hann sagði reglurnar í ýmsum tilfellum vera þannig að tollar væru eingöngu felldir niður ef vörur væru fluttar beint á milli aðila fríverslunarsamnings, en ef þriðja ríki kæmi að flutningi vörunnar væru tollar hins vegar lagðir á hana. Þetta kæmi illa niður á öllum viðskiptaaðilum, og þá sérstaklega fátækari þróunarríkjum. Össur Skarphéðinsson innti í framhaldinu eftir svörum varðandi fríverslunarsamning við Kanada, en stefnt hafði verið að því að undirrita slíkan samning fyrir nokkru. Halldór Ásgrímsson

sagðist telja spurningar varðandi upprunareglur af fremur tæknilegum toga en málið yrði kannski tekið upp aftur á næsta sameiginlega fundi. Hann sagði jafnframt að óljóst væri enn um fríverslunarsamning við Kanada, Kanadamenn hefðu á sínum tíma orðið fyrri til að óska eftir fríverslunarviðræðum við EFTA en málið væri enn í vinnslu og óljóst um niðurstöðu sem stendur.

38. fundur framkvæmdastjórnar EFTA og 67./35. fundur þingmannanefndar EFTA í Brussel, 15.–16. október 2002.

Líkt og venja er á haustfundi þingmannanefndar EFTA héldu sérfræðingar EFTA-skrifstofunnar í Brussel erindi um ýmis mál er varða EES.

Per Mannes lagði í inngangserindi sínu áherslu á áhrif stækkunar ESB á samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins. EFTA-ríkin mundu enn sem fyrr vera næststærsti viðskiptaaðili ESB og sem slík viðhalda áhrifum sínum. Hins vegar væri ljóst að af hálfu ráðherraráðsins kæmu stórauknar kröfur um fjárframlög EFTA-ríkjanna í tengslum við stækkun ESB. Mannes taldi mikilvægt að vekja athygli ráðherraráðsins á bótum fyrir skertan markaðsaðgang með fiskafurðir og rýmri heimildum til innflutnings unninna landbúnaðarvara. Þá vék Mannes að Lissabon-áætluninni sem hann sagði vera beintengda innri markaðnum og þar af leiðandi Evrópska efnahagssvæðinu. Mannes taldi mikilvægt að EFTA-ríkin legðu sig fram við að fylgja áætluninni eftir og þótti miður að svo virtist sem skortur væri á viðeigandi stofnanaskipulagi innan EFTA-ríkjanna til jafns við það sem væri hjá ESB-ríkjunum. Þegar fram í sækti gæti þetta haft alvarlegar afleiðingar fyrir EFTA/EES-ríkin. Össur Skarphéðinsson spurði hvort undirbúningurinn fyrir aðild nýrra ríkja að ESB gæfi færi á tæknilegri endurskoðun EES-samningsins. Þá spurði hann hvort EFTA/EES-ríkin hefðu sameiginleg stefnumið og hvort þau hygðust fara fram á bætur frá ESB fyrir minna markaðsaðgengi fyrir fiskafurðir eftir stækkun ESB. Mannes sagði að engar tilraunir til róttækrar endurskoðunar eða aðlögunar á EES-samningnum með hliðsjón af Maastricht- og Amsterdam-sáttmálunum mundi fara fram. Einungis yrði um að ræða minni háttar tæknilega aðlögun samningstextanna til samræmis við nýju aðildarríkin.

Þá hélt Þórunn Hafstein erindi um þróun fjármálaþjónustu innan EES. Hún greindi frá helstu þáttum nýrrar fjármálaáætlunar (FSAP), nýrra Evrópustofnana og sjöttu rammaáætlunar um rannsóknar- og þróunarstarf. Hún sagði vonir standa til að FSAP yki til muna samkeppni í álfunni. Þá vakti Þórunn athygli á endurskoðaðri tilskipun ESB um peningaþvætti og sagði ESB þrýsta mjög á EFTA/EES-ríkin að taka tilskipunina til greina. Ögmundur Jónasson innti Þórunni nánar eftir því hvers konar þrýstingi ESB beitti í þessu máli og nákvæmlega hvað fælist í þessari nýju tilskipun. Þórunn svaraði því til að skilgreina þyrfti betur hvað fælist í peningaþvætti en að tilskipunin gæfi lögreglu og yfirvöldum meira svigrúm til aðgerða og aukinn aðgang að upplýsingum. Sonja Hurlimann sagði fundarmönnum frá þróun tilskipana á sviði fjarskiptamála og auknu frjálsræði í þeim efnum sem koma ættu til framkvæmda í júlí árið 2003. Ögmundur Jónasson sagði mikilvægt að standa vörð um hag almennings í þessum málum og að reynslan sýndi að aukin einkavæðing hefði oftar en ekki í för með sér mun verri þjónustu fyrir landsmenn. Það væri því mikilvægt að verja rétt þjóðríkja til að ákvarða þjónustustig við landsmenn. Þá kynnti Katrín Sverrisdóttir fundarmönnum nýja tilskipun um rétt ESB-borgara til breytinga á búsetu innan aðildarríkjanna og taldi að tilskipunin yki mjög möguleika fólks í þessum efnum.

Geir Bekkevold hélt því næst erindi um stöðu mála í vöruviðskiptadeild. Í umræðum sem á eftir fylgdu benti Össur Skarphéðinsson á nokkur óafgreidd mál hvað varðaði bókun 9 í tengslum við fisk og aðrar sjávarafurðir og spurðist fyrir um hvort vöruviðskiptadeild hefði

tekið til umfjöllunar nýjustu hugmyndir um breytta sjávarútvegsstefnu ESB. Að lokum hélt Jenny Hansen erindi um markmið og verkefni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) sem komið hefur verið á fót sem sjálfstæðri stofnun utan valdsviðs ráðherraráðsins. Hún sagði meginmarkmið stofnunarinnar vera að efla heilbrigðisöryggi neytenda og EFTA/EES-ríkin hygðust taka virkan þátt í störfum hennar og eiga sæti í vísindaráðum og nefndum henni tengdri.

30. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES og 19. fundur þingmannanefndar EES, í Brussel, dagana 25.–26. nóvember 2002 og fundur með Evrópunefnd gríska þingsins, 27. nóvember í Aþenu.

Fundinn ávörpuðu Kjartan Jóhannsson sendiherra, forseti hinnar sameiginlegu EES-nefndar og fulltrúi formanns ráðherraráðs EES, Sten Lilholt sendiherra, fulltrúi formanns ESB í ráðherraráði EES, Percy Westerlund, fulltrúi ESB í hinni sameiginlegu EES-nefnd, og Einar Bull, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Stækkunaráform ESB og áhrif þeirra á EES voru fyrirferðarmesta umræðuefnið á fundinum. Kjartan lagði áherslu á að stækkun ESB og EES yrði að fara saman. Hann sagði að koma þyrfti í veg fyrir að stækkun leiddi til nýrra viðskiptahindrana og vísaði þar til fríverslunar með fisk. Kjartan sagði núverandi samning um fjárframlög EFTA/EES-ríkja til fátækra svæða ESB renna út í lok 2003. Engin lagaleg skylda hvíldi á EFTA/EES-ríkjum til að halda greiðslum áfram, en þau væru hugsanlega reiðubúin til umræðu um málið á sanngjörnum nótum. Fulltrúar ESB lögðu áherslu á að fríverslun með fisk væri ekki hluti af EES-samningnum. Þeir sögðu að slíkt yrði að afgreiða á grundvelli bókunar 9 við EES-samninginn og heimila yrði fjárfestingar í sjávarútvegi EFTA/EES- ríkjanna ef hreyfa ætti við þessum málum. Þeir töldu að samkvæmt reglum WTO væri ESB ekki skylt að bæta EFTA/EES-ríkjum þann markaðsmissi sem hlytist af stækkun ESB. Varðandi fjárframlög til að minnka efnahagslegan og félagslegan mun milli aðildarríkja vildi Westerlund orða það þannig að EFTA/EES-ríkjum væri boðið að „bæta“ framlög sín. Efnahagsleg og félagsleg samþætting væri hluti af innri markaðnum og þar sem EFTA/ EES-ríkin væru fullir þátttakendur í innri markaðnum ættu þau að taka óskoraðan þátt í fjármögnun þessa kerfis. Össur Skarphéðinsson taldi nálgun ESB að stækkun EES með ólíkindum og ekki greiða fyrir farsælli lausn málsins. Alltaf hefði legið ljóst fyrir að Ísland gæti ekki samþykkt erlendar fjárfestingar í höfuðatvinnuvegi landsins. Fríverslunarsamningar EFTA við umsóknarríkin væru í gildi og næðu til fríverslunar með fisk. Ekki væri nema eðlilegt að taka tillit til núverandi aðstæðna, það væri mikil afturför ef stækkun ESB leiddi til nýrra viðskiptahindrana. Þá reyndi ESB að nýta sér stækkunina til að fá tuttugu til þrjátíu sinnum hærra fjárframlag frá EFTA/EES-ríkjum. Þessi ríki greiddu nú þegar umtalsverðar fjárhæðir til ESB, beint og óbeint, en nú ætti að þvinga þau til að greiða meira en ESB-ríkin greiða sjálf. EFTA/EES-ríkin væru jafnvel krafin greiðslna í uppbyggingarsjóði ESB, sem hefðu ekkert með EES að gera. Össur sagði þetta ósvífni og að tal um að „bjóða“ EFTA/ EES-ríkjum að „bæta“ framlög sín væri móðgandi. Per Mannes, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, benti á að samkvæmt útreikningum EFTA væru EFTA/EES-ríkin þá að greiða þrisvar sinnum hærra framlag í sjóði sambandsins en ESB-ríkin sjálf. Westerlund ítrekaði að sjávarafurðir væru utan EES-samningsins að beiðni EFTA/EES-ríkjanna og ef ræða ætti fríverslun með fisk í tengslum við stækkun EES yrði jafnframt að ræða samsvarandi heimild til fjárfestinga í sjávarútvegi. Hann taldi EFTA/EES-ríkin vera í forréttindastöðu hvað varðar greiðslur til að minnka efnahagslegan og félagslegan mun í Evrópu og sagði augljóst samband á milli innri markaðarins og félagslegrar samþættingar. Nákvæmlega hvernig greiðslurnar yrðu inntar af hendi og hve háar þær yrðu væri samningsatriði.

Tvær skýrslur voru teknar til umfjöllunar og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Í fyrsta lagi var tekin til umræðu skýrsla um fjármálaþjónustu þar sem meðal annars er fjallað um aðgerðaáætlun ESB á sviði fjármálaþjónustu og farið yfir stöðu EFTA/EES-ríkja á sviði lagasetningar í þessum málaflokki. Í ályktun um málið sem samþykkt var samhljóða er m.a. lögð áhersla á mikilvægi aðgerðaáætlunarinnar fyrir samþættingu evrópska fjármálamarkaðarins og hvatt til þess að lausn verði fundin á innleiðingu lagasetningar ESB um peningaþvætti í EES-samninginn.

Í öðru lagi var tekin fyrir skýrsla um mótun ákvarðana innan EES. Fjallað var um þau vandkvæði sem EFTA/EES-ríkin standa frammi fyrir á þessu sviði og hvernig megi auka áhrif ríkjanna. Ályktun var samþykkt samhljóða, en í henni eru EFTA/EES-ríkin m.a. hvött til að tryggja þátttöku í nefndastarfi ESB, góða þjálfun þeirra fulltrúa sem sitja í nefndum og betri samhæfingu á sjónarmiðum innan ráðuneyta og á milli þeirra.

Að lokum voru kynntar tvær vinnuskýrslur sem höfðu verið unnar á vegum nefndarinnar. Annars vegar var um að ræða skýrslu um þróunarsjóð EFTA/EES- ríkjanna sem formaður norsku sendinefndarinnar hafði unnið og var kynnt sem innlegg í umræðuna um framtíðargreiðslur til ESB. Hins vegar var tekin til umfjöllunar skýrsla um framtíð Evrópu sem varaformaður sendinefndar Evrópuþingsins hafði skrifað. Ákveðið var í framhaldi af umræðunum að undirbúa fyrir næsta fund þingmannanefndar EES skýrslur um framtíð Evrópu og áhrif á EES, stækkun EES og ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar. Jafnframt var ákveðið að skrifa vinnuskýrslu um Lissabon-áætlunina.

Grikkland tekur um áramót við forustu í ESB til sex mánaða og því fór Íslandsdeildin til fundar við Evrópunefnd gríska þingsins sem tók vel á móti íslenskum kollegum sínum. Kristinn H. Gunnarsson fór í upphafi fundar yfir þau málefni sem Íslandsdeildin hafði hug á að ræða, sérstaklega stækkun EES, og í því sambandi stöðu fríverslunarsamninga EFTA/EES-ríkja gagnvart umsóknarríkjunum og fjárframlög EFTA/EES-ríkja. Össur Skarphéðinsson útskýrði nánar sín sjónarmið í þessum málum og spurði jafnframt um væntanlegar áherslur í formennskutíð Grikkja. Grísku þingmennirnir voru nokkuð kunnugir EES-samningnum og höfðu augljóslega kynnt sér málin fyrir fundinn. Málefni Kýpur voru auk þess ofarlega á baugi. Nefndarmenn lögðu áherslu á að lausn þeirra mála væri forsenda fyrir stækkun ESB. Einn þingmaður jafnaðarmanna hvatti Íslendinga til að ganga í ESB, en þingmaður úr röðum kommúnista taldi ásælni ESB í íslenskan sjávarútveg dæmi um það hvernig valdaöflin í Evrópu reyndu að komast yfir öll verðmæti aðildarríkjanna til að auka eigin völd. Fulltrúi hægri manna tók fram að hans flokkur væri sammála jafnaðarmönnum í málefnum ESB og að 90% kjósenda í síðustu þingkosningum í Grikklandi hefðu kosið flokka sem væru hlynntir ESB-aðild. Össur Skarphéðinsson sagði Íslendinga vissulega vel setta fjárhagslega og að þeir væru til viðræðna um sanngjarnar greiðslur til að minnka efnahagslegan og félagslegan mun innan Evrópu. Hann bað um aðstoð grískra kollega sinna til að berjast gegn kröfu ESB um fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi. Ögmundur Jónasson greindi nánar frá stöðu Evrópumála á Íslandi og sagði meiri hluta íslensks almennings ekki vera fylgjandi inngöngu í ESB. Hvar sem menn stæðu í flokki væru hins vegar allir sammála um að ekki væri hægt að leyfa erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi. Kristinn H. Gunnarsson minnti á að Ísland hefði lotið erlendum konungum í nær 700 ár. Íslendingar hefðu verið mjög fátækir framan af, en hefðu náð að rífa sig upp á síðustu 50 árum og því væri sterk tenging á milli hagsældar og sjálfstæðis í hugum landsmanna. Vrettos sagði Grikki meðvitaða um nauðsyn þess að stækka EES um leið og ESB og að málið yrði skoðað. Þingmenn hefðu fengið upplýsingar frá utanríkisráðuneytinu um þau vandamál sem þyrfti að leysa, þ.e. varðandi fiskveiðar og fjármögnun stækkunar. Hann sagðist sannfærður um að gríska utanríkisráðuneytið mundi

sýna vilja í verki til að fá viðunandi niðurstöðu í málinu. Hlutverk gríska þingsins væri einungis ráðgefandi, en mikilvægt væri að þingin héldu sambandi og skiptust á upplýsingum á meðan málið væri í vinnslu. Kristinn tók undir orð formanns Evrópunefndarinnar og lýsti ánægju sinni með hversu vel upplýstir gríska kollegar væru um þessi mál.

40. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 68./36. fundur þingmannanefndar EFTA og 27. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherrum í Interlaken 12. desember 2002.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var farið yfir fjárhagsáætlun ESA og fyrirhugaða fjárveitingu. Einar Bull, forseti ESA, kynnti fjárhagsáætlun stofnunarinnar og Kjartan Jóhannsson kynnti sjónarmið EFTA-ríkjanna og fyrirhugaðar fjárveitingar. Að loknum umræðum samþykkti framkvæmdastjórn þingmannanefndar ályktun um málið sem send var til ESA-nefndarinnar.

Þingmannanefnd EFTA fékk á fundi sínum yfirlit yfir reynslu Sviss af tvíhliða samningum sínum við ESB. Þá komu Pétur Thorsteinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, og Jon Vea, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í Noregi, á fundinn til að ræða við þingmenn um möguleika EFTA-ríkjanna á frekari þróun viðskiptasambands við Rússland og hugsanlegan fríverslunarsamning.

Tvö meginmálefni voru til umfjöllunar á fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherraráðinu. Fyrst var rætt um samskipti við þriðju ríki. Vonast er til að fríverslunarsamningum við Chile ljúki á fyrri helmingi ársins 2003 og jafnframt að hægt verði að koma viðræðum við Kanada aftur í gang á árinu. Vilhjálmur Egilsson ræddi um upprunareglur og nauðsyn þess að rýmka þær til að auka gildi fríverslunarsamninga. Össur Skarphéðinsson lýsti ánægju sinni með starf EFTA hvað varðaði fríverslunarsamninga og lagði að ráðherrunum að skoða möguleikana á samningi við Rússland. Þá gerði hann samninga við Kanada að umtalsefni. Hann velti upp þeirri spurningu hvort ekki mætti sleppa því að nefna skipasmíðar þar eð þær væru eina málið sem kæmi í veg fyrir að hægt væri að ljúka fríverslunarsamningi. Norski ráðherrann Ansgar Gabrielsen svaraði því til að EFTA-ríkin yrðu að standa saman þegar svo mikilvægir hagsmunir eins ríkis væru í húfi og því væri ekki til að tala um að taka skipasmíðar út úr samningnum. Þegar stækkun ESB og EES var tekin til umræðu fór Gunnar Snorri Gunnarsson ráðuneytisstjóri yfir síðustu atburði, en hann sat fundinn í fjarveru utanríkisráðherra. Hann sagði kröfur um tuttugu- til þrjátíuföldun fjárframlags EFTA-ríkjanna algjörlega óviðunandi. Þá væri mjög sanngjarnri beiðni EFTA/EES- ríkjanna um að tekið yrði tillit til fríverslunarsamninga þeirra við umsóknarríkin svarað með óaðgengilegri kröfu um erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi. Hann sagði mjög erfiðar samningaviðræður fram undan en taldi þó að hægt yrði að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Beita yrði öllum ráðum til að hafa áhrif á aðildarríki ESB, sem sum hver skildu sjónarmið EFTA. Ef ekki tækist að ljúka samningum í tæka tíð skapaðist mikið lagalegt óvissuástand sem ekki stæðist til lengri tíma. Össur Skarphéðinsson rifjaði þá upp orð Gabrielsens um að EFTA-ríkin ættu að standa saman eins og fjölskylda þegar mikilvægir hagsmunir eins aðildarríkis væru í húfi og taldi að um mikilvæga pólitíska yfirlýsingu væri að ræða. Hann sagði EFTA-ríkin skorta sameiginlega stefnu gagnvart ESB í stækkunarmálinu og sá skortur hefði nýst ESB til að veikja EFTA og EES. Kröfur ESB væru óaðgengilegar, en þó mun óaðgengilegri fyrir Ísland en Noreg. Lítið færi fyrir fjölskylduhug norsku ríkisstjórnarinnar og samheldni með Íslandi í þessu máli, en fjölmiðlar í Noregi hefðu t.d. upplýst að Norðmenn væru tilbúnir að auka greiðslur sínar til muna.

VI. Helstu verkefni þingmannanefndar EFTA á árinu 2003.

Þingmannanefndin mun fylgjast vel með áframhaldandi þróun ESB, sérstaklega stækkunarferlinu, þróun EES-samningsins og samningaviðræðum við ESB. Nefndin mun einnig fylgjast grannt með framkvæmd Lissabon-áætlunar ESB og aðgerðum EFTA/EES-ríkjanna til að tengjast henni. Þá mun nefndin einnig knýja á um að EES-samningurinn verði sem best kynntur fyrir fulltrúum hinna nýju aðildarríkja ESB.

Alþingi, 24. febr. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form.	Kristinn H. Gunnarsson, varaform.	Össur Skarphéðinsson.
Gunnar Birgisson.		Ögmundur Jónasson.

1030. Nefndarálit [509. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti, Garðar Ingvarsson frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, Jón Sveinsson hrl., Guðmund Bjarnason frá Fjarðabyggð, Þorvald Jóhannsson frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Sigfús Jónsson frá Nýsi hf., Helga Jensson frá Umhverfisstofnun, Gunnar Guðna Tómasson frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., Gunnar Jónsson hrl., Axel Val Birgisson frá Hönnun og Friðrik Sophusson, Agnar Olsen, Bjarna Bjarnason og Stefán Pétursson frá Landsvirkjun.

Leitað var álits efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um þá þætti frumvarpsins er lúta að skatta- og efnahagsmálum og vísast um það efni til álits 2. minni hluta nefndarinnar, Ögmundar Jónassonar, sem birt er sem fylgiskjal með áliti meiri hluta iðnaðarnefndar. Þá var leitað til umhverfisnefndar varðandi umhverfisþætti málsins og vísast um það efni til álits 2. minni hluta umhverfisnefndar, Kolbrúnar Halldórsdóttur, sem birt er sem fylgiskjal með áliti meiri hluta iðnaðarnefndar. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Fjarðabyggð, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Byggðarannsóknastofnun Íslands, Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen hf., Byggðastofnun, Landvernd og Alcan á Íslandi hf.

Í frumvarpinu er iðnaðarráðherra heimilað að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Alcoa Incorporated, Fjarðaál sf. og stofnendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi og til að framleiða allt að 322.000 tonn af áli árlega í verksmiðju við Reyðarfjörð.

Annar minni hluti iðnaðarnefndar er andvígur áformum um byggingu álvers við Reyðarfjörð. Á grundvelli stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telur 2. minni hluti að

stuðla eigi að annars konar uppbyggingu atvinnulífsins í landinu með aukna fjölbreytni og nýtingu umhverfisvænnar tækni að leiðarljósi. Koma verður í veg fyrir óhæfilega gróðasöfnun í skjóli einokunar- eða fákeppnisaðstöðu einstakra fyrirtækja og skattleggja sérstaklega gróða sem sprettur af nýtingarrétti atvinnurekenda á sameiginlegum auðlindum. Atvinnufyrirtæki eiga að greiða eðlilega hlutdeild af hagnaði sínum í sameiginlega sjóði ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að hefðbundnir atvinnuvegir við sjávarsíðuna og í sveitum landsins þróist í sátt við samfélagið og verði til styrktar byggð í landinu öllu. Nýta ber sérstöðu Íslands og íslenskar auðlindir ásamt tækni og þekkingu til að skapa landsmönnum störf í fjölbreyttu og þróuðu atvinnulífi en varast að einblína á allsherjarlausnir og einstaka stóriðjukosti.

Forsenda þess að hægt sé að ganga til samninga um byggingu álvers við Reyðarfjörð er bygging Kárahnjúkavirkjunar sem mun leiða af sér gríðarleg óafturkræf náttúruspjöll á landsvæðinu norðan Vatnajökuls og í Fljótsdal. Hugsanlegur efnahagslegur ávinningur réttlætir ekki þau hrikalegu náttúruspjöll sem auk þess mundu eyðileggja möguleikana á nýtingu þessa landsvæðis undir þjóðgarð á heimsmælikvarða. Undirbúningsvinnu varðandi nýtingu vatnsafls og jarðvarma er ekki enn lokið og er að mati 2. minni hluta forkastanlegt að fara út í svo gríðarlegar framkvæmdir án þess að heildarstefna til langs tíma hafi verið mótuð.

Mengun er umtalsverð frá verksmiðju af því tagi sem ætlunin er að leyfa samkvæmt frumvarpi þessu og mun hún hafa umtalsverð áhrif á gæði lofts, lands og sjávar í umhverfi verksmiðjunnar. 2. minni hluti gagnrýnir að ekki skyldi krafist nýs umhverfismats á verksmiðjunni þar sem augljóst er að hér er að mörgu leyti um að ræða aðra framkvæmd en metin var þegar Norsk Hydro var inni í dæminu. Um þetta efni vísast til greinar eftir Berg Sigurðsson umhverfisefnafræðing sem birt er sem fylgiskjal með álitinu.

Þá er til þess að líta að gangi áform ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu stóriðju í landinu eftir mun það leiða til þess að um 80% af rafmagnsframleiðslu landsins verða notuð í þessa einu atvinnugrein. Í ljósi þess að samningar um rafmagnssölu eru bundnir við heimsmarkaðsverð á áli er hér um gríðarlega áhættu að ræða fyrir Landsvirkjun, og má lítið út af bera til þess að heimilin í landinu og hinn almenni iðnaður landsmanna hljóti skaða af í hækkuðu orkuverði. Án stórvirkjana- og stóriðjuframkvæmda gæti Landsvirkjun orðið skuldlítið fyrirtæki á næstu 15 árum sem gæti skapað fyrirtækinu möguleika á að stórlækka orkuverð til heimilanna og til iðnaðar í landinu. Þar með yrðu efldir möguleikar til atvinnuuppbyggingar og sóknar á grunni hugsunar um fjölbreytileika í atvinnulífinu.

Annar minni hluti telur að rökstuðningur meiri hlutans fyrir því að hér sé um stórkostlega byggðaaðgerð að ræða sé mjög tvíbentur. Stórframkvæmd af því tagi sem hér er áformuð leiðir af sér styrkingu á gengi íslensku krónunnar og tímabundna vaxtahækkun til þess að sporna við þenslu í efnahagskerfinu. Slíkt ástand leiðir til ruðningsáhrifa annars staðar í landinu með stórkostlegum erfiðleikum, sérstaklega í sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Þær væntingar sem nú þegar eru bundnar við verkefnið hafa orðið til þess að styrkja gengi krónunnar og áhrifanna er þegar farið að gæta. Þetta mun í fyrstu koma harðast niður á smærri sjávarútvegsfyrirtækjum sem sum hver munu ekki standast það efnahagslega umhverfi sem er að skapast. Ruðningsáhrifin munu þannig leiða til fækkunar fyrirtækja og starfa, sérstaklega á landsbyggðinni.

Annar minni hluti bendir einnig á að væntingar varðandi áhrif framkvæmdanna á Mið-Austurlandi til lengri tíma litið eru að öllum líkindum stórlega ofmetnar. Í áliti meiri hlutans kemur fram að um 500 störf muni skapast fyrir austan auk afleiddra starfa. Sigfús Jónsson hjá Nýsi lýsti því yfir á fundi iðnaðarnefndar að vænta mætti þess að aðeins væri hægt að manna um 200 störf með heimamönnum, aðra starfsmenn þyrfti að sækja til annarra staða

á landinu. Aðkomnir starfsmenn munu ekki endilega setjast að á Austurlandi eins og reynslan sýnir annars staðar.

Með vísan til framangreinds leggur 2. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í ljósi þess að bygging Kárahnjúkavirkjunar, sem er forsenda samninga um byggingu álvers við Reyðarfjörð, mun leiða af sér gríðarleg óafturkræf náttúruspjöll og að mengun af álverinu yrði umtalsverð, og í ljósi áhættunnar fyrir Landsvirkjun og þar með landsmenn, ruðningsáhrifa af framkvæmdunum og of mikilla væntinga til þeirra, leggur 2. minni hluti til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. febr. 2003.

Árni Steinar Jóhannsson.

Fylgiskjal.

Bergur Sigurðsson,
umhverfisefnafræðingur:

ALCOA – Stórir strompar og 6.000 tonn af brennisteinssýru.

Miklar umræður hafa farið fram um fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á Austurlandi. Íslendingum er landið kært og deilur hafa verið uppi um hvort Kárahnjúkavirkun sé réttlætanleg. Bæði hefur verið deilt um efnahagslegan ávinning og umhverfislegan fórnarkostnað. Svo umdeild eru virkjunaráformin að það er engu líkara en menn hafi gleymt því að einnig stendur til að byggja eitt af stærri álverum í Evrópu með tilheyrandi mengun.

Flestir halda eflaust að umhverfisyfirvöld reyni að tryggja það að fyrirtæki haldi mengun sinni í lágmarki. Því miður er það ekki algilt. Hollustuvernd ríkisins lagði til að Hydro fengi hærri losunarheimild en greint var frá í mati á umhverfisáhrifum. Menn geta spurt sig hvort slíkt samræmist markmiði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem er „að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi". Einnig má velta því fyrir sér hvort einu af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum, „að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar", verði náð þegar leyfisveitendur taka ekki mið af því sem fram kemur í matsskýrslum.

Forsagan.

Í fyrstu stóð til að Norsk Hydro mundi byggja 420.000 tonna álver í tveim áföngum. Þegar umhverfismat Hydro var langt á veg komið ákváðu menn að bæta við rafskautaverksmiðju. Rafskautaverksmiðjan kom frekar seint inn í myndina og var umfjöllun um hana í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum ábótavant. Eins og fram kom á bls. 111 í úrskurði Skipulagsstofnunar:

„Skipulagsstofnun telur hins vegar að umfjöllun um rafskautaverksmiðju og áhrif hennar í matsskýrslu Reyðaráls hf. hefði mátt vera ítarlegri ..."

Þrátt fyrir hæpna umfjöllun Reyðaráls um rafskautaverksmiðju var fallist á byggingu hennar. En það varð þó til þess að úrskurðurinn var skilyrtur þannig:

„Ekki verði búseta innan skilgreinds þynningarsvæðis álvers og rafskautaverksmiðju eftir að rekstur hefst."

Þess má geta að rafskautaverksmiðja Hydro hefði verið sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Rafskautaverksmiðjan hefði valdið mun meiri loftmengun en sjálft álverið eða eins og sagði á bls. 111 í úrskurði Skipulagsstofnunar:

„Athugun Skipulagsstofnunar hefur leitt í ljós að starfsemi rafskautaverksmiðju muni valda allt að fjórum sinnum meiri útblæstri brennisteinsdíoxíðs og tæplega 100 sinnum meiri útblæstri PAH-efna en starfsemi álvers ein og sér."

Þegar fram kom að Alcoa mundi ekki byggja rafskautaverksmiðju glöddust margir enda fyrirsjáanlegt að verulega mundi draga úr loftmengun. En þegar starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins fyrir álver Alcoa lágu fyrir gátu hinir sömu hætt að gleðjast. Menn, sem höfðu gert sér vonir um að með minna álveri og án rafskautaverksmiðju mundu loftgæði batna til muna, höfðu rangt fyrir sér.

Minna álver – sambærileg skerðing loftgæða.

Í samanburðarskýrslu Alcoa, þar sem álver þeirra var borið saman við álver Hydro, var í raun lítið fjallað um mengunarvarnir. Rauði þráðurinn í umfjöllun um loftmengun var á þessa leið: Við lofum að menga ekki meira en búið var að samþykkja að Hydro mætti menga. Á grundvelli þessa loforðs ákvað Skipulagsstofnun að ekki þyrfti að fara fram sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir álverið. Skipulagsstofnun var búin að úrskurða að álver Hydro mundi ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þar með getur Alcoa samkvæmt loforði sínu ekki heldur valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Vonbrigðin felast í því að samkvæmt starfsleyfistillögum Hollustuverndar ríkisins mun fjórðungi minna álver og fráfall rafskautaverksmiðju ekki hafa í för með sér verulega bætt loftgæði, eins og ætla mætti. Komið verður í veg fyrir slíkan munað með minni hreinsun á útblæstri. Útlit er fyrir að Alcoa muni blása út 4 sinnum meira af SO_2 en ráðgert var að Hydro mundi gera. Til þess að þau tæplega 6 þúsund tonn af brennisteinssýru (3.900 tonn af SO_2) sem Alcoa mun færa Austfirðingum skerði loftgæði ekki meira en góðu hófi gegnir er áætlað að reisa tvo 78 metra háa skorsteina. Í Noregi og Svíþjóð er álverum ekki heimilað að nota „Alcoa lausnir" þar sem ár þeirra og vötn eru viðkvæm fyrir súru regni. Þar þurfa menn að nota vothreinsibúnað til þess að tryggja góð loftgæði og koma í veg fyrir súrt regn. Hér á landi virðast stórir strompar fullnægja kröfum umhverfisyfirvalda.



Á myndinni sést að samkvæmt tillögu Hollustuverndar ríkisins átti starfsleyfi fyrir Hydro að heimila 17% meiri losun á SO_2 en gefið var upp í matsskýrslu. Leyfileg losun á SO_2 fyrir álver Alcoa verður fjórum sinnum meiri en leyfileg losun frá Hydro-álverinu átti að vera. Þessari aukningu verður mætt með 78 metra háum strompum.

Í tillögu Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir Hydro álverið var lagt til að fyrirtækinu yrði heimilt að losa 966 tonn af SO_2. Í matsskýrslu var talað um losun á 828 tonnum. Hvorki voru færð rök fyrir þessum liðlegheitum stofnunarinnar í tillögunni né heldur í greinargerð sem henni fylgdi. Þar sem álver Alcoa fór ekki í mat á umhverfisáhrifum eru upplýsingar um tæknilega getu þess til mengunarvarna ekki jafnaðgengilegar almenningi og æskilegt væri. Af þessum sökum verður því ekki svarað hér hvort Alcoa þurfi að gera sitt besta til þess að fara ekki yfir sett losunarmörk eða hvort þeim hafi verið veitt sambærilegt svigrúm og lagt var til fyrir Hydro álverið á sínum tíma.

Ekkert er svo með öllu illt ...

Það er ekki svo að yfirtaka Alcoa boði bara slæmar fréttir. Rétt er að benda á að þar sem Alcoa mun ekki byggja rafskautaverksmiðju losna Reyðfirðingar við u.þ.b. 2 tonn af PAH-efnum (tjöruefni) sem Hydro hugðist blása út í loftið. Ársframleiðsla Alcoa-álversins verður um fjórðungi minni en framleiðsla áður fyrirhugaðs álvers og dregur úr útblæstri koldíoxíðs sem því nemur. Þá mun Alcoa ekki urða kerbrot við álverið heldur flytja þau til endurvinnslu erlendis. Þennan möguleika ættu hin álverin í landinu að kanna í stað þess að urða úrgang sinn í flæðigryfjum eins og gert hefur verið til þessa.

Á heimasíðu sinni telur Alcoa sér til tekna að án vothreinsibúnaðar verði engin fráveita til sjávar. Um hvort þetta sé jákvætt eða neikvætt má þó deila. Brennisteinssýra getur ekki mengað sjóinn frekar en súrefni getur mengað andrúmsloftið. Því væri mun skárri kostur að veita 6.000 tonnum af brennisteinssýru í sjóinn en að blása henni út í loftið. Ætla má að með uppsetningu vothreinsivirkis mundu tæplega 20 kg af PAH-efnum fara til sjávar með hreinsivatninu. Afar ólíklegt er að slíkt mundi valda umtalsverðri mengun enda stóð til að Hydro mundi veita 25 kg af PAH-i í sjóinn. Slíkt var ekki talið hafa í för með sér „umtalsverð umhverfisáhrif", sbr. úrskurð Skipulagsstofnunar.

1031. Frumvarp til laga [636. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir 85. gr. laganna kemur ný grein, 85. gr. A, svohljóðandi:

Til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra vara við útflutning er landbúnaðarráðherra heimilt að greiða verðjöfnun við útflutning fullunninna vara sem innihalda innlend landbúnaðarhráefni. Verðjöfnun skal vera jöfn mismun á innlendu viðmiðunarverði og erlendu viðmiðunarverði hverrar tegundar hráefnis sem notað er við framleiðslu vörunnar. Greiðslur miðast við heimildir fjárlaga hverju sinni.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð þar sem tilgreind skulu þau tollskrárnúmer sem heimilt er að greiða verðjöfnun fyrir, þær hráefnistegundir sem heimilt er að verðjafna, viðmiðunarverð innlendra landbúnaðarhráefna, erlend viðmiðunarverð sömu hráefna og nánari skilyrði verðjöfnunar. Í henni skal jafnframt kveðið á um tilhögun greiðslu og heimild ráðherra til að fresta greiðslum sem kunna að vera umfram fjárveitingar Alþingis hverju sinni.

Sækja skal um verðjöfnun til landbúnaðarráðuneytis. Tollstjórinn í Reykjavík annast greiðslu verðjöfnunar að uppfylltum skilyrðum reglugerðar skv. 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld heimilað greiðslu verðjöfnunargjalda við útflutning fullunninna vara sem innihalda landbúnaðarhráefni. Fyrst í stað var þessi heimild veitt af fjármálaráðuneytinu en með lögum nr. 87/1995, um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, fluttust þessi verkefni til landbúnaðarráðuneytisins. Reglugerð nr. 259/1996 var sett um þessa framkvæmd og hefur verið unnið eftir henni fram að þessu. Við umræddа lagabreytingu fóru hins vegar ekki fram nákvæm skil á milli verksviðs fjármála- og landbúnaðarráðuneytis um það hvort ráðuneytið færi með framkvæmd tolla á vörum sem bera magntoll (A1-toll). Það var hins vegar gert með lögum nr. 104/2000, sem breyttu m.a. tollalögum, nr. 55/1987, og heyra því vörur sem bera magntoll alfarið undir landbúnaðarráðherra.

Verðjöfnun á sér eingöngu stað við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda innlend landbúnaðarhráefni og falla undir sama vörusvið og vörur sem bera magntoll við innflutning. Hins vegar er ekki um endurgreiðslu á tollum að ræða.

Lagastoð fyrir verðjöfnun við útflutning þykir ekki nægilega skýr í 85. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og er frumvarp þetta því lagt fram.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild ráðherra, til að jafna samkeppnisstöðu innlendra vara við útflutning, til að greiða verðjöfnun við útflutning fullunninna vara sem innihalda innlend landbúnaðarhráefni. Við það er miðað að verðjöfnun verði jöfn mismun á innlendu viðmiðunarverði og erlendu viðmiðunarverði hverrar tegundar hráefnis sem notað er við framleiðslu vörunnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að gefa út reglugerð þar sem tilgreind eru þau tollskrárnúmer sem heimilt er að greiða verðjöfnun fyrir. Þá skulu tilgreind í reglugerðinni þau landbúnaðarhráefni sem heimilt er að verðjafna, viðmiðunarverð þeirra og erlend viðmiðunarverð sömu hráefna. Einnig skulu nánar tiltekin skilyrði verðjöfnunar og kveðið á um tilhögun greiðslu, þ.m.t. um hugsanlega frestun hennar. Slíkt er nauðsynlegt til að taka af öll tvímæli um að ráðherra sé heimilt að færa endurgreiðslur á milli ára komi til þess að endurgreiðslur verði umfram heimildir í fjárlögum. Í fjárlögum fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir heimild fjármálaráðherra til þess að greiða verðjöfnun við útflutning (fjárlagaliður 09-999-1.81) að fjárhæð 5 millj. kr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sækja skuli um heimild til verðjöfnunar til landbúnaðarráðuneytis sem mun meta hvort settum skilyrðum er fullnægt. Þá er lagt til að tollstjóranum í Reykjavík verði falið að annast greiðslu verðjöfnunar að uppfylltum skilyrðum reglugerðar skv. 2. mgr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að styrkja lagaheimildir landbúnaðarráðherra til að gefa út reglugerð til greiðslu verðjöfnunar fyrir mismun á verði innlendrar og erlendrar landbúnaðarvöru sem notuð er sem hráefni í fullunna vöru til útflutnings, þ.m.t. sala í fríhöfn. Vara sem nýtir hérlenda landbúnaðarframleiðslu er ekki talin samkeppnishæf erlendis vegna hlutfallslega hærra verðs á landbúnaðarvöru hér á landi. Slík verðjöfnun hefur verið greidd frá árinu 1995 og kostnaður síðustu tvö ár hefur verið 1,5 m.kr. á ári. Að öðru óbreyttu má gera ráð fyrir að sú upphæð komi einnig til greiðslu í ár. Samkvæmt fyrirhugaðri reglugerð landbúnaðarráðherra er ætlunin að fjölga þeim tollnúmerum sem til greina koma við greiðslu og við það gæti kostnaður hækkað nokkuð. Fjárheimildir, sem eru sú hámarksupphæð sem nýta má til greiðslnanna, eru 5 m.kr. fyrir árið 2003 og hafa ekki breyst frá árinu 1995. Ekki er gert ráð fyrir að hækka fjárheimildir fyrir árið 2004.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld gætu numið 1,5–5 m.kr. á ári sem rúmast innan fjárheimilda.

1032. Frumvarp til laga [637. mál]

um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

2. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólmum og kvíslum, allt að ósi árinnar við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lög þessi til eftirtalinna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir, sbr. kort í fylgiskjali I með lögum þessum.

Þá taka lögin enn fremur til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár, sbr. kort í fylgiskjali II með lögum þessum.

II. KAFLI
Verndun Mývatns- og Laxársvæðisins.

3. gr.
Verndun Mývatns og Laxár.

Óheimilt er að valda spjöllum eða raska á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir búskap á lögbýlum, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár, þar á meðal takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.

4. gr.

Verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár.

Forðast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinnar samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórna, nánari ákvæði um varnir gegn hvers konar mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár, þar á meðal á grunnvatnskerfi. Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja sem kunna að valda mengun á vatnasviðinu.

III. KAFLI
Umsjón verndarsvæðisins og gerð verndaráætlunar.

5. gr.

Umsjón.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með náttúruvernd á landsvæði því sem um getur í lögum þessum. Umhverfisstofnun er þó heimilt að fela öðrum umsjón svæðisins, í heild eða að hluta, í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

6. gr.

Verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á því að gerð sé verndaráætlun fyrir vatnasvið Mývatns og Laxár. Skal þar m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja á svæðinu, landnýtingu, umferðarrétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Verndaráætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, hagsmunaaðila á svæðinu og þær stofnanir sem bera ábyrgð á náttúruverndarmálefnum og vatnsverndarmálum lögum samkvæmt. Verndaráætlun skal endurskoða á fimm ára fresti. Tillögu að verndaráætlun skal auglýsa opinberlega og skulu athugasemdir hafa borist innan sex vikna frá birtingu auglýsingarinnar. Áætlunina skal birta sem auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þegar hún hefur hlotið staðfestingu umhverfisráðherra.

IV. KAFLI
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

7. gr.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

Við Mývatn er starfrækt Náttúrurannsóknastöð. Stöðin er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Hlutverk stöðvarinnar er að stunda rannsóknir á náttúru og lífríki Mývatns og Laxár. Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og hlutverk Náttúrurannsóknastöðvarinnar.

8. gr.

Forstöðumaður og fagráð.

Umhverfisráðherra skipar forstöðumann Náttúrurannsóknastöðvarinnar til fimm ára í senn. Forstöðumaður fer með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun í náttúrufræðum sem nýtist honum í starfi. Skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um starfssvið og starfsskyldur forstöðumanns.

Umhverfisráðherra skal skipa fagráð Náttúrurannsóknastöðvarinnar. Skal fagráð vera forstöðumanni Náttúrurannsóknastöðvarinnar til ráðgjafar um vísindastarf stofnunarinnar, rannsóknastefnu og fagleg tengsl við aðrar stofnanir sem stunda rannsóknir á vatnasviði Mývatns og Laxár í samræmi við lög. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipan og hlutverk fagráðsins.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr

Kostnaður við framkvæmd laganna.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

10. gr.

Refsiábyrgð og dagsektir.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50.000 kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2003. Á sama tíma falla úr gildi lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vinnu við verndaráætlun skv. 6. gr. skal lokið fyrir 1. janúar 2005.

II.

Umhverfisstofnun skal þegar hefjast hefjast handa við undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga þessara en eigi að síður er mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða.

Umhverfisráðherra skal við gildistöku laga þessara tilkynna landeigendum, viðkomandi sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum um hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa samkvæmt framangreindu.

Að öðru leyti skal um friðlýsingu þessara svæða fara eftir ákvæðum náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Skal friðlýsingu samkvæmt ákvæði þessu vera lokið fyrir 1. janúar 2007.

Fylgiskjal I.

Mörk votlendissvæða umhverfis Mývatn skv. 1. mgr. 2. gr.



Fylgiskjal II.

Vatnasvið Mývatns og Laxár.



Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Hinn 25. september 2001 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum á stjórnsýslu náttúruverndarmála, m.a. með nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Einnig var nefndinni falið að gera tillögur um framtíðarstarfsemi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Í nefndina voru skipaðir Finnur Þór Birgisson lögfræðingur, formaður, Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, Gísli Már Gíslason prófessor, formaður stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, og Jón Helgi Björnsson líffræðingur. Ritari nefndarinnar var Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu. Hinn 6. febrúar 2002 skilaði nefndin ráðherra drögum að frumvarpi til nýrra laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nefndin var samhljóða í niðurstöðu sinni að öðru leyti en því að Árni Bragason og Gísli Már Gíslason skiluðu minnihlutaáliti um 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II.

Frumvarpið var sent til valinna aðila 15. febrúar 2002 og bárust umsagnir frá 20, þ.e. Náttúruvernd ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Skipulagsstofnun, veiðistjóra, Landgræðslu ríkisins, Veiðimálastjóra, Veiðimálastofnun, Landeigendafélagi Laxár og Mývatns, Kísiliðjunni, Orkustofnun, Landsvirkjun, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Umhverfissamtökum Mývatns, Samtökum aðila í ferðaþjónustu, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, Landvernd, Aðaldælahreppi, Reykdælahreppi, og Skútustaðahreppi.

Efnislega er frumvarp þetta í meginatriðum byggt á frumvarpi nefndarinnar en gerðar voru nokkrar breytingar á orðalagi í samræmi við ábendingar umsagnaraðila.

Sérstaða Mývatns og alþjóðlegar skuldbindingar.

Mývatn hefur mikla sérstöðu og er raunar einstætt ef litið er til hnattstöðu þess. Vatnið býr yfir óvenjuauðugu gróður- og dýralífi. Vatnasvið þess nær jafnframt til Laxár, einnar víðfrægustu laxveiðiár landsins, og er vistkerfi og lífríki árinnar og vatnsins í raun órjúfanleg heild. Fegurð Mývatns og náttúru þess er einnig einstök. Er verndargildi svæðisins því afar mikið og má geta þess að Mývatn var fyrsta svæðið sem Ísland tilkynnti til alþjóðlegrar skrár um verndun votlendis sem komið var á fót á grundvelli Ramsar-sáttmálans. En náttúrufegurð Mývatnssvæðisins er ekki aðeins einstök heldur er jafnframt fagurt mannlíf við Mývatn. Við vernd svæðisins verður því að taka tillit til þarfa og hagsmuna íbúa svæðisins. Nauðsynlegt er að taka tillit til margra ólíka sjónarmiða við náttúruvernd á þessu svæði.

Á þeim tæpu 29 árum sem liðin eru frá því að lög nr. 36/1974 voru sett hafa orðið gagngerar breytingar á lögum er varða umhverfis- og náttúruvernd. Meðal nýlegrar löggjafar á þessu sviði má nefna skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt hefur íslenska ríkið samþykkt ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar sem varða náttúruvernd á Íslandi. Þar má m.a. nefna samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1978, samning um líffræðilega fjölbreytni, sbr. auglýsingu nr. 11/1995, og samning um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernar-samninginn), sbr. auglýsingu nr. 17/1993.

Með skráningu Mývatns- og Laxársvæðisins á Ramsar-listann ábyrgist íslenska ríkið að stjórn og nýting votlendisins sé skynsamleg (6. mgr. 2. gr.), að unnin verði verndaráætlun fyrir svæðið (1. mgr. 3. gr.) og að Ramsar-skrifstofunni verði skýrt frá því ef breytingar verða á vistfræðilegum eiginleikum vatnsins af mannavöldum eða ef búast má við breyt-

ingum (2. mgr. 3 gr). Með samningnum um líffræðilega fjölbreytni og Bernar-samningnum skuldbatt íslenska ríkið sig til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í Mývatni sem og annars staðar innan sinnar lögsögu og að vernda sérstaklega lífsvæði, plöntur og dýr á svæðum sem gegna miklu hlutverki í fari dýra.

Núgildandi lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974.

Í samningi stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands, sem undirritaður var hinn 16. maí 1973 af hálfu forsætisráðherra og hinn 19. maí 1973 af hálfu annarra samningsaðila, var mælt fyrir um að ríkisstjórnin léti semja frumvarp til laga um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins og legði það fyrir Alþingi. Samningur þessi markaði endalok hinnar svokölluðu Laxárdeilu sem staðið hafði um nokkurra ára skeið vegna fyrirhugaðrar virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Var Náttúruverndarráði falið að semja frumvarpið að fengnum umsögnum ýmissa aðila er málið varðaði en endanleg gerð þess var unnin í samráði við menntamálaráðuneytið sem þá fór með náttúruverndarmál innan Stjórnarráðsins. Varð frumvarpið að lögum nr. 36/1974, um vernd Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í greinargerð Náttúruverndarráðs með frumvarpinu sagði m.a.:

„Hið sérstæða vistkerfi Mývatns og Laxár hlýtur að vera mjög næmt fyrir hvers konar utanaðkomandi truflunum. Það verður aldrei sterkara en veikasti hlekkur þess, og ber því að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við hvers konar mannvirkjagerð og atvinnurekstur, sem ætla má að geti haft neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Sérstök lagasetning um takmarkaða náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu virðist ekki aðeins réttlætanleg heldur beinlínis nauðsynleg til þess að auðvelda náttúruverndaraðgerðir á svæðinu. Hér verður hvorki um þjóðgarð né friðland í anda náttúruverndarlaganna að ræða. Beiting ákvæða náttúruverndarlaga um náttúruverndaraðgerðir á svæðinu mundu því verða mjög í molum og án nokkurs samhengis. Með setningu sérstakra laga um þetta efni og reglugerða gefnum út samkvæmt þeim, mundi hins vegar vera hægt að sameina í eina heild öll þau ákvæði, sem lúta að náttúruvernd á þessu viðkvæma svæði.“

Áratugareynsla er nú komin á framkvæmd laganna. Síðustu ár hafa þau sætt talsverðri gagnrýni af hálfu sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Beinist sú gagnrýni helst að tveimur þáttum. Í fyrsta lagi telur sveitarstjórnin að með núgildandi lögum sé tekið frá henni vald sem almennt er í höndum sveitarstjórna í landinu og þá fyrst og fremst í skipulags- og byggingarmálum. Í öðru lagi hefur stjórnsýslan í tengslum við lögin talist of þung í vöfum.

Niðurstaða nefndarinnar og efni frumvarpsins.

Í starfi nefndarinnar var einkum litið til tveggja kosta um hvernig haga mætti vernd náttúru Mývatns og Laxár. Er fyrri kosturinn sá að friðlýsa svæðið á grundvelli laga nr. 44/1999 og fella að því búnu lög nr. 36/1974 úr gildi. Meginröksemdin fyrir þeirri leið er sú að þá færi um friðun þessa svæðis líkt og um friðun annarra svæða sem friðlýst hafa verið á grundvelli náttúruverndarlaga. Hafa verður í huga að allt lagaumhverfi á sviði náttúruverndar- og umhverfismála er breytt frá því að lög nr. 36/1974 voru sett og má því færa rök fyrir því að ekki sé lengur þörf fyrir sérlög um vernd Mývatns og Laxár. Þá má með friðlýsingu einstakra landsvæða á Mývatns- og Laxársvæðinu skilgreina nánar hvaða náttúruminjar beri að friða á viðkomandi landsvæði. Síðari kosturinn er sá að gera breytingar á núgildandi lögum. Má þannig færa lögin til samræmis við ákvæði núgildandi náttúruverndarlaga jafnframt því að gera aðrar breytingar á þeim með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur. Meginröksemdirnar fyrir þessari leið eru í fyrsta lagi að sérstaða svæðisins sé slík að hentugra sé að

vernda svæðið með sérlögum fremur en friðlýsa það á grundvelli heimildar í náttúruverndarlögum. Sérstaða svæðisins er ekki aðeins fólgin í háu verndargildi þess, og fá svæði á Íslandi eru jafnverðmæt frá sjónarhóli náttúruverndar en einmitt Mývatns- og Laxársvæðið, heldur einnig í því að á svæðinu er nokkur byggð og mikil umferð ferðamanna. Verða allar náttúruverndaraðgerðir við Mývatn og Laxá að taka mið af þessu, en sjaldgæft er að reyni á þetta samspil byggðar og náttúruverndar með jafnafgerandi hætti á friðlýstum náttúruverndarsvæðum. Í öðru lagi ber að líta til þess að friðun svæðisins á grundvelli náttúruverndarlaga gæti orðið afar tímafrekt og flókið ferli. Líta má á vatnasvæði Mývatns og Laxár sem eina heild og æskilegt að sömu meginreglur gildi um vernd svæðisins alls. Þá hafa ýmsar náttúruminjar í grennd við Mývatn afar hátt verndargildi, en þær teljast órjúfanlegur hluti svæðisins og færi betur á að um vernd þeirra náttúruminja færi með sama hætti og vatnasvæðisins sjálfs. Í þriðja lagi verður að líta til þess að nú þegar eru í gildi lög um vernd svæðisins. Er bæði einfaldara og fljótlegra að breyta núgildandi lögum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra og þeim breytingum sem orðið hafa á lagaumhverfi náttúruverndarmála á undanförnum árum.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að gera málamiðlun milli framangreindra valkosta, þ.e. friðlýsingar svæðisins á grundvelli náttúruverndarlaga eða verndunar svæðisins með sérlögum. Lagði nefndin til að verndun Mývatns og Laxár yrði áfram bundin í sérlögum. Efni verndarákvæðis laganna yrði skýrt frekar og gildissvið þess ákvæðis bundið við Mývatn og Laxá ásamt 200 m breiðu belti meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Enn fremur féllu undir ákvæðið nánar tilgreind votlendissvæði við bakka vatnsins og árinnar. Er hér um að ræða votlendissvæði sem eru m. a. mikilvæg varplönd fugla, fuglabúsvæði og því órjúfanlegur hlekkur í lífkeðju vatnsins. Þá verði lögfest sérstakt ákvæði um verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár. Vatnasvið Mývatns og Laxár er geysistórt og ljóst að rask innan þess getur haft bein áhrif á lífríki vatnsins og árinnar.

Í Skútustaðahreppi er fjöldi annarra náttúruminja sem hafa afar mikið verndargildi vegna mikilvægis þeirra fyrir lífríki vatnsins eða vegna sérstæðra jarðmyndana og landslags. Er hér fyrst og fremst um að ræða þær náttúruminjar sem felldar hafa verið í verndarflokk I og II á náttúruverndarkorti fyrir Mývatnssveit. Taldi nefndin nauðsynlegt að breyting á lögunum leiddi ekki til minni verndar þessara svæða. Lagði nefndin því til að þau landsvæði yrðu friðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga og er í ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu að finna sérákvæði um hvernig standa eigi að þeirri friðlýsingu. Með því að friðlýsa þessar náttúruminjar á grundvelli náttúruverndarlaganna má frekar taka tillit til sérstöðu einstakra náttúruminja við gerð friðlýsingarskilmála. Er með þessari breytingu leitast við að tryggja áframhaldandi vernd Mývatns og Laxár og verndun þess hluta Mývatns- og Laxársvæðisins sem óneitanlega hefur mest verndargildi en um leið að ekki verði þrengt um of að sjálfsstjórn sveitarfélagsins og hagsmunum landeigenda og annarra hagsmunaaðila á svæðinu. Minni hluti nefndarinnar, þeir Árni Bragason og Gísli Már Gíslason, taldi nauðsynlegt að í ákvæði til bráðabirgða II væri kveðið á um að skylt væri að leita leyfis Náttúruverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar, áður en veitt væri framkvæmda- eða byggingarleyfi á landsvæðum sem umhverfisráðherra hefur tilkynnt að áformað sé að friðlýsa samkvæmt ákvæðinu.

Í verndun Mývatns og Laxár felst hvorki að svæðið sé þjóðgarður né friðland á grundvelli náttúruverndarlaga. Verndun svæðisins er sérstaks eðlis og byggist á sérstöðu þess. Meginatriði þeirrar verndunar er að settar eru takmarkanir á framkvæmdir. Í eldri lögum var lagt bann við framkvæmdum nema með leyfi Náttúruverndar ríkisins. Í frumvarpinu er leitast við að skýra nánar og skilgreina hvað felst í verndun svæðisins og setja nánari ákvæði um takmarkanir á framkvæmdum. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að réttlæta þarf verndun ein-

stakra landsvæða með sérlögum þar sem meginreglan í íslenskri umhverfislöggjöf er að um verndun og friðlýsingu náttúruverndarsvæða fari samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Er þar að finna ítarleg ákvæði um málsmeðferð við friðlýsingu náttúruminja, m.a. hvernig eigi að leysa úr ágreiningi er rísa kann um friðlýsingarskilmála, sem og hugsanlegar bótakröfur á hendur ríkinu, sbr. 59. gr. náttúruverndarlaga. Fram að þessu hefur lítið reynt á ákvæði 59. gr. en ljóst er að friðlýsing náttúruminja við Mývatn er ekki einfalt ferli og kann því að reyna meira á framkvæmd þess ákvæðis en fram að þessu. Til að gæta samræmis í löggjöf er eðlilegt að um friðun einstakra náttúruminja við Mývatn fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 44/1999 þó að enn verði mælt fyrir um verndun vatnsins og árinnar í sérlögum, eins og hér er mælt fyrir um.

Nefndin var sammála um að efla þyrfti starf Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Mývatns- og Laxársvæðið er mikill fjársjóður fyrir náttúrufræðinga og má segja að hvergi á Íslandi hafi farið fram jafnmiklar rannsóknir í náttúrufræði eins og við Mývatn. Þar hefur hlutur Náttúrurannsóknastöðvarinnar verið drjúgur. Hefur stöðin m.a. staðið fyrir vöktun á Mývatni í um aldarfjórðung og eru þær rannsóknir einstakar í veröldinni. Er af þessum ástæðum afar brýnt að samfella verði í rannsóknastarfi stöðvarinnar og að það mikilvæga vísinda- og fræðastarf sem þar fer fram verði styrkt enn frekar, ekki aðeins til eflingar vísindastarfa heldur jafnframt til eflingar byggðar í Mývatnssveit. Mikilvægt er að Íslendingar efli enn frekar vatnarannsóknir sínar á komandi árum, m.a. vegna fyrirmæla hinnar svonefndu vatnatilskipunar Evrópusambandsins (2000/60/EB), og er af þeim sökum ástæða til að efla enn frekar einu stofnunina hér á landi sem hefur sérhæft sig á þessu sviði.

Nefndin var enn fremur sammála um að óheppilegt væri að stjórn stöðvarinnar væri lögbundinn umsagnaraðili um allt er lýtur að framkvæmd laganna um vernd Mývatns. Er í sjálfu sér engin þörf á því að stöðin gegni slíku hlutverki, enda er hlutverk hennar fyrst og fremst að stunda rannsóknir á náttúru og lífríki Mývatnssvæðisins. Líklegra er að friður skapist um starf Náttúrurannsóknastöðvarinnar ef hún gegnir ekki lögbundnu hlutverki við framkvæmd laganna. Engu að síður mun stjórnvöldum og öðrum aðilum vera heimilt, eftir sem áður, að óska eftir umsögnum og álitsgerðum frá stöðinni og starfsmönnum hennar um hvaðeina sem fellur undir fræðasvið hennar. Þá telur nefndin, með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á stjórnsýslu þeirra stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið, að leggja megi niður stjórn stofnunarinnar. Í stað þess leggur nefndin til að sett verið á laggirnar sérstakt fagráð sem sé faglegur umfjöllunaraðili fyrir vísinda- og rannsóknastarf stöðvarinnar. Rekstrarstjórn stöðvarinnar verði hins vegar alfarið í höndum forstöðumanns hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um markmið laganna sem er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við svonefnda meginreglu um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu vegna framkvæmda, mannvirkjagerðar eða annarra mannlegra gerða. Þá eiga lögin að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár, ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd þar sem tekið er tillit til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er leitast við að þrengja gildissvið laganna frá lögum nr. 36/1974. Þar segir að ákvæðin taki til Skútustaðahrepps alls, auk Laxár með hólmum og kvíslum, allt að

ósi árinnar við Skjálfanda, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 36/1974 segir að rétt hafi þótt að miða við Skútustaðahrepp, þótt víðáttumikill sé, þar sem landsvæðið sem þá fellur undir hin sérstöku verndarákvæði frumvarpsins er að mörgu leyti órofin heild. Sagði í athugasemdum að auðveldara væri, ef nauðsyn þykir til, að undanskilja einstök atriði ákvæðum frumvarpsins, en að draga aðrar markalínur en hreppsmörkin.

Hér er hins vegar lagt til að gildissvið frumvarpsins sé tvenns konar. Skv. 1. mgr. tekur það til Mývatns og Laxár ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Enn fremur er gert ráð fyrir að falli undir ákvæðið votlendissvæði í nágrenni Mývatns sem nánar eru afmörkuð á korti í fylgiskjali I. Á kortinu hefur verið dregin lína umhverfis framangreind votlendissvæði þannig að þau myndi eina heild og nær ákvæðið til þess svæðis. Mörk votlendissvæðanna eru á kortinu dregin á eftirfarandi hátt: Frá mörkum Laxár og Pollalækjar liggja mörkin 200 m norðan við farveg Pollalækjar að þjóðvegi, meðfram þjóðvegi að punkti 200 m vestan Sortulækjar, til norðurs 200 m vestan Sortulækjar að Sandvatni ytra, meðfram norðurbökkum þess, ásamt 200 m breiðum bakka, að Randarvegi, meðfram Randarvegi að þjóðvegi og eftir honum að Kísilvegi, norðan Kísilvegar liggja mörkin meðfram 300 m hæðarlínu umhverfis Slýin, að þjóðvegi við Reykjahlíð, þaðan til suðurs meðfram Mývatni ásamt 200 m breiðum bakka, að Grænavatnsafleggjara og meðfram honum að Kráká á móts við Strengjabrekku, þaðan beina línu í vestur yfir Kráká í 300 m hæðarlínu og eftir henni í norður að vegi við Baldursheim, meðfram Baldursheimsvegi í norður að heimreið Gautlanda, meðfram henni í vestur að Gautlandabænum, þaðan til norðurs meðfram og 200 m frá vesturbakka Arnarvatns og Helluvaðsár, að Laxá.

Hér er um að ræða votlendissvæði sem liggja meðfram bakka vatnsins og árinnar og eru mikilvægur hluti af vistkerfi og lífkeðju vatnsins. Er með þessu dregin markalína um það svæði sem óneitanlega hefur mest verndargildi og er um leið torveldast að friðlýsa í heild sinni á grundvelli ákvæða náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Mývatn og Laxá mynda í raun eina órjúfanlega heild og er af þeim sökum afar mikilvægt að um vernd þess svæðis gildi sömu reglur.

Þá segir í 2. mgr. að frumvarpið taki jafnframt til vatnsverndar á vatnasviði yfirborðsvatns Mývatns og Laxár. Vatnasvið Mývatns og Laxár er að sönnu torvelt að skilgreina en byggt er á að um sé að ræða vatnasvið grunnvatns og fylgir kort með frumvarpi þessu þar sem mörk þess vatnasviðs eru dregin.

Um. 3. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að óheimilt sé að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem getur um í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar þær framkvæmdir sem eru nauðsynlegar og eðlilegar fyrir búskap lögbýla á svæðinu, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar. Enn fremur er mælt fyrir um að breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna séu óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Með þessu ákvæði er leitast við að skilgreina nánar hvað felist í vernd Mývatns- og Laxársvæðisins samkvæmt frumvarpi þessu. Ekki er þó gert ráð fyrir að um efnisbreytingu sé að ræða á vernd svæðisins. Markmið greinarinnar er að tryggja Laxá, Mývatni og nálægum votlendissvæðum sömu vernd og samkvæmt eldri lögum. Ákvæði 2. og 3. málsl. 1. mgr. eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga um vernd Mývatns og Laxár, nr. 36/1974.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi til hvers konar framkvæmda sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem getur um í 1. mgr.

2. gr. Til einföldunar er kveðið á um að leita skuli leyfis fyrir öllum framkvæmdum á svæðinu sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir eða landslag. Þar sem svæðið sem fjallað er um í 1. mgr. 2. gr. er mun minna en svæðið sem verndað er með núgildandi lögum, nr. 36/1974, er ekki við því að búast að margar framkvæmdir falli undir ákvæðið. Með þessu móti er tryggt að Umhverfisstofnun geti tekið afstöðu til allra framkvæmda á svæðinu og metið hvort þær séu líklegar til að fara í bága við ákvæði 1. mgr. 3. gr. Í 2. málsl. 2. mgr. er tekið fram að heimilar séu án sérstaks leyfis framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða. Sams konar ákvæði er í 4. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skuli í reglugerð setja nánari ákvæði um vernd þess svæðis sem fellur undir ákvæði greinarinnar.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er hér lagt til að sérstakt ákvæði verði í lögunum um verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár. Með ákvæðinu á að koma í veg fyrir að spjöll verði unnin innan vatnasviðs Mývatns og Laxár. Er þar sérstaklega litið til rennslis grunnvatns, en grunnvatnsrennsli er afar þýðingarmikill þáttur í vatnabúskap Mývatns.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skuli setja í reglugerð nánari ákvæði um varnir gegn mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár. Skal ráðherra leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórna. Í reglugerð skal m.a. kveða á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja sem kunna að valda mengun á vatnasviðinu.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun skuli hafa umsjón með landsvæði því sem getur um í 2. gr. Umhverfisstofnun skal þó heimilt að fela öðrum umsjón svæðisins, í heild sinni eða að hluta, í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli en þar er mælt fyrir um gerð verndaráætlunar fyrir Mývatns- og Laxársvæðið. Verndaráætlunin yrði stefnumótandi fyrir náttúru- og umhverfisvernd á svæðinu. Er lagt til að Umhverfisstofnun hafi yfirumsjón með gerð verndaráætlunarinnar en vinni hana í samvinnu við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, stofnanir og landeigendur á svæðinu. Megintilgangur slíkrar verndaráætlunar er að marka skýra stefnu á sviði náttúru- og umhverfisverndar á svæðinu með þátttöku allra hagsmunaaðila, koma í veg fyrir að framkvæmd náttúruverndar á svæðinu verði brotakennd og tryggja þannig samhengi í öllum verndar- og friðunaraðgerðum á Mývatns- og Laxársvæðinu. Skal auglýsa verndaráætlunina og gefa kost á athugasemdum, en með því móti er stefnt að þátttöku sem flestra í stefnumótun á þessu sviði. Að því loknu skal verndaráætlunin lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hlutverk og starfssvið Náttúrurannsóknastöðvarinnar, sem er að stunda rannsóknir á náttúru og lífríki Mývatns og Laxár.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skipun forstöðumanns Náttúrurannsóknastöðvarinnar. Almennt skilyrði til skipunar er að forstöðumaður hafi hlotið háskólamenntun í náttúrufræðum sem

nýtist honum í starfi. Skal ráðherra setja nánari fyrirmæli um starfssvið og starfsskyldur forstöðumanns í reglugerð.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skipun fagráðs Náttúrurannsóknastöðvarinnar. Er meginhlutverk fagráðs að vera forstöðumanni Náttúrurannsóknastöðvarinnar til ráðuneytis um mótun vísinda- og rannsóknastefnu stöðvarinnar sem og fagleg tengsl hennar við aðrar stofnanir sem stunda rannsóknir á vatnasviði Mývatns og Laxár í samræmi við lög. Skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig fagráðið skal skipað, sem og um hlutverk þess.

Um 9.–11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ljóst er að margar mikilvægar náttúruminjar sem líta má á sem órjúfanlegan hluta Mývatnssvæðisins falla utan þess svæðis sem tilgreint er í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að friða margar þessara náttúruminja. Rétt er að taka fram að á vegum Náttúruverndarráðs, og síðar Náttúruverndar ríksins, hefur verið skilgreint hvaða landsvæði á Mývatnssvæðinu hafa mest verndargildi. Liggur því til grundvallar mat á vísinda-, fræðslu-, útivistar- og hlunnindagildi þessara svæða. Í ákvæði þessu er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun hefjist þegar handa við að vinna að friðlýsingu þessara svæða. Ljóst er að það starf er tímafrekt og er þess vegna mælt fyrir um að því skuli lokið eigi síðar en 1. janúar 2007. Til þess að koma í veg fyrir að þessum náttúruminjum verði spillt áður en lokið verður við gerð friðlýsingar er hér mælt fyrir um að umhverfisráðherra tilkynni við gildistöku laganna landeigendum, sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa. Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í framkvæmdir á þeim svæðum og því er nauðsynlegt að sveitarstjórn hafi fullt samráð við umhverfisráðuneytið áður en veitt er framkvæmdar- eða byggingarleyfi skv. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum sem fyrirhugað er að friðlýsa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi lög sama efnis, nr. 36/1974. Lögð er til nokkur þrenging á gildissviði laganna en að þau taki jafnframt til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár. Einnig er lögð til breyting á stjórnskipulagi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

Þær greinar frumvarpsins sem leitt geta til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð eru 6. gr. og ákvæði II til bráðabirgða. Samkvæmt 6. gr. skal gera verndaráætlun fyrir vatnasvið Mývatns og Laxár. Áætlaður kostnaður við gerð áætlunarinnar er 5 m.kr. Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða skal hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falla undir ákvæði 3. gr. en er mikilvægt að vernda eigi að síður. Áætlaður kostnaður við þá vinnu er 1 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs aukist um 6 m.kr. og er þar um einsskiptis kostnað að ræða.

1033. Svar [537. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um mannshvörf.

1. *Hvert er hlutfall óupplýstra mannshvarfa á Íslandi frá 1945, fyrir utan þá sem farist hafa við störf á sjó, samanborið við óupplýst mannshvörf annars staðar á Norðurlöndunum á sama tímabili, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn um mannshvörf á 125. löggjafarþingi (þskj. 286, 142. mál) þar sem fram kemur að samkvæmt bráðabirgðasamantekt séu 42 mannshvörf frá árunum 1945–99 óupplýst?*

Til að fá svör við spurningunni um óupplýst mannshvörf annars staðar á Norðurlöndunum frá 1945, annarra en þeirra sem farist hafa á sjó, var leitað til Interpol-skrifstofa í hverju landanna með milligöngu ríkislögreglustjóra og hafa svör borist frá Danmörku og Svíþjóð.

- Í svari frá Danmörku kemur fram að 292 einstaklingar hafi horfið frá árinu 1945 til 31. desember 2002. Hins vegar hafi 80 manns horfið á síðustu fjórum árum, eða frá 1999 til 31. desember 2002. Ekki er sundurgreint hvort í þessum upplýsingum sé einnig getið um þá er horfið hafa á sjó og það er ekki útskýrt í hverju mikil fjölgun mála frá 1999 liggur.
- Í svari frá Svíþjóð segir að ekki sé unnt að veita áreiðanlegar upplýsingar um horfna menn frá árinu 1945 til 1989. Frá 1990 liggi þessar upplýsingar fyrir samkvæmt tilkynningum til sænskra lögregluyfirvalda um mannshvörf og þar sé einnig getið þeirra sem horfið hafa utan Svíþjóðar. Í svarinu er sagt frá fjölda þeirra sem horfið hafa á sjó og vötnum, en skipting þar á milli er ekki sundurgreind. Með þessum fyrirvara er svar sænskra lögregluyfirvalda það að frá árinu 1990 til 2002 hafi borist 462 tilkynningar um horfna menn.
- Í tölum sem teknar voru saman af embætti ríkislögreglustjóra í tilefni af fyrirspurn til dómsmálaráðherra á 125. löggjafarþingi, þingskjal 286, 142. mál, um óupplýst mannshvörf hér á landi síðan 1944, „ef frá eru talin sjómanna“ eins og það er orðað, var getið um þá sem horfið hafa í vötn, ár og fossa. Óupplýst mannshvörf hér á landi frá 1945 til ársins 2002, annarra en þeirra sem farist hafa við störf á sjó, eru talin vera 47.

Eins og sjá má hér að framan er skráning málanna ekki með sama hætti í Danmörku og Svíþjóð. Upplýsingar frá Finnlandi og Noregi liggja ekki fyrir. Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra, hefur lagt mat á þær upplýsingar sem borist hafa og er það hennar mat að fjöldatölur sem byggt er á þyki ekki samanburðarhæfar.

2. *Er ráðgert að skipa sérstaka rannsóknarnefnd sem vinni að því að upplýsa mannshvörf?*

Í 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga er kveðið á um að lögreglustjórar fari með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Í 3. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er tekið fram að rannsókn skuli fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannshvörfum, þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert athæfi. Í öllum tilvikum fer fram rannsókn af hálfu lögreglu þegar grunur leikur á að maður hafi horfið og lögreglu berst tilkynning um hvarf hans.

Í lögreglulögum og reglugerð um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála, nr. 396/1997, eru ákvæði sem heimila lögreglustjórum að hafa með sér samstarf og ákveða hvernig það skuli vera. Ríkislögreglustjóri veitir lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum og við rannsókn máls getur hann sent staðarlögreglu aðstoðarlið, að höfðu samráði við lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi.

Sérstök rannsóknarnefnd sem hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn heyrir stjórnsýslulega undir ríkislögreglustjóra og starfar samkvæmt reglugerð nr. 401/1997. Dómsmálaráðherra skipar nefndarmenn til þriggja ára og var ný nefnd skipuð í júní á síðasta ári. Í tilefni af skipan þessarar nefndar hefur ríkissaksóknari gefið út leiðbeiningar og fyrirmæli til lögreglustjóra um skyldur þeirra, og samskipti við nefndina, og á síðasta ári setti ríkislögreglustjóri nefndarmönnum sérstaka starfslýsingu og verklagsreglur.

Af þessu leiðir að lagaumhverfi og stjórnsýslulegu skipulagi, sem snýr að leit að týndu fólki og rannsókn mannshvarfa, er vel fyrir komið með gildandi löggjöf og fyrirmælum sem sett hafa verið. Með því að setja á fót sérstaka rannsóknarnefnd sem færi með rannsókn mála, þegar grunur leikur á að maður hafi horfið, er hætt við því að samstarf nefndarinnar við lögregluna verði ekki þjált með sama hætti og milli lögregluliða og einstakra deilda innan lögreglunnar sem fara með rannsókn brota. Því er vandséð að skipun sérstakra rannsóknarnefnda mundi þjóna þeim tilgangi að efla rannsóknir mannshvarfa.

1034. Tillaga til þingsályktunar [638. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002 frá 8. nóvember 2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002, um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002 frá 8. nóvember 2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002, um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því

að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002, um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Reglugerðin fjallar um breytingu á eldri reglugerð ráðsins nr. 2027/97, um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa, sem var innleidd í íslenskan rétt með lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Reglugerðarbreytingin er nauðsynleg þar sem samþykktur var á alþjóðavettvangi nýr sáttmáli um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa, svokallaður Montreal-samningur, í maí 1999. Honum verður beitt samhliða Varsjársáttmálanum frá 1929,

sbr. viðauka við þann sáttmála sem gerður var í Haag 1955, sbr. lög nr. 41/1949 með síðari breytingum.

Tilgangur reglugerðar nr. 889/2002 er að laga eldri reglugerðina nr. 2027/97, um sama efni, að Montreal-samningnum. Reglugerðin miðar að samræmingu alls regluverks um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa. Gildistaka reglugerðarinnar er háð því að öll ríki Evrópusambandsins hafi fullgilt Montreal-samninginn, en taki Montreal-samningurinn fyrr gildi að þjóðarrétti tekur reglugerðin jafnframt gildi á sama tíma. Montreal-samningurinn mun taka gildi þegar hann hefur verið fullgiltur af 30 þjóðum og nú hafa um 13 þjóðir fullgilt hann. Stefnt er að því að þingsályktunartillaga til fullgildingar hans af hálfu Íslands verði lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi.

Samgönguráðuneyti vinnur að frumvarpi til breytinga á loftferðalögum, sem ætlað er að laga íslenskan rétt að Montreal-samningnum og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002, auk þess sem unnið verður að endurskoðun á íslenskum reglugerðum sem byggjast á lögunum. Stefnt er að framlagningu frumvarpsins á 130. löggjafarþingi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 142/2002

frá 8. nóvember 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2002 frá 27. september 2002 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa ([2]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. EB L ..., ... 2002, bls. ... og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. ..., bls. ...
([2]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 2.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 68aa (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32002 R 0889:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002 (Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 2).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 889/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 889/2002

frá 13. maí 2002

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa

(Texti sem varðar EE)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mikilvægt er að tryggja farþegum, sem lenda í flugslysum, hæfilegar bætur innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum.

2) Nýr samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa var samþykktur í Montreal 28. maí 1999 en í honum eru settar nýjar víðtækar reglur um bótaábyrgð ef slys ber að höndum við millilandaflutninga í lofti og koma þær í stað reglnanna í Varsjársamningnum frá 1929 og síðari breytinga á honum ([4]).

3) Varsjársamningurinn mun gilda áfram við hlið Montreal-samningsins um óákveðinn tíma.

4) Montreal-samningurinn kveður á um fyrirkomulag ótakmarkaðrar bótaábyrgðar ef flugfarþegar láta lífið eða verða fyrir líkamstjóni.

5) Bandalagið hefur undirritað Montreal-samninginn og þar með gefið í skyn þá ætlun sína að verða aðili að samningnum með því að fullgilda hann.

6) Nauðsynlegt er að breyta reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 frá 9. október 1997 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa ([5]) í því skyni samræma hana ákvæðum Montreal-samningsins þannig að til verði samræmt kerfi varðandi bótaábyrgð að því er varðar millilandaflutninga í lofti.

7) Þessi reglugerð og Montreal-samningurinn auka vernd farþega og vandamanna þeirra og ekki skal vera hægt að túlka hann svo að vernd þeirra rýrni miðað við gildandi löggjöf þann dag sem þessi reglugerð er samþykkt.

8) Á innri loftflutningamarkaði er ekki lengur greint á milli innanlandsflugs og millilandaflugs og því er við hæfi að umfang og eðli bótaábyrgðar sé hið sama í innanlandsflugi og millilandaflugi í bandalaginu.

9) Í samræmi við dreifræðisregluna er æskilegt að grípa til aðgerða á vettvangi bandalagsins til að setja fram samræmdar reglur fyrir öll flugfélög í bandalaginu.

10) Kerfi ótakmarkaðrar bótaábyrgðar ef flugfarþegar láta lífið eða verða fyrir líkamstjóni er viðeigandi innan öruggra og nútímalegra loftflutningakerfa.

11) Flugfélög í bandalaginu ættu ekki að geta borið fyrir sig 2. mgr. 21. gr. Montreal-samningsins nema þau geti sannað að tjónið hafi ekki orðið

([1]) Stjtíð. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 68 og Stjtíð. EB C 213 E, 31.7.2001, bls. 298.
([2]) Stjtíð. EB C 123, 25.4.2001, bls. 47.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 5. apríl 2001 (Stjtíð. EB C 21, 24.1.2002, bls. 256), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. desember 2001 (Stjtíð. EB C 58 E, 5.3.2002, bls. 8) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 2002.
([4]) Stjtíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 38.
([5]) Stjtíð. EB L 285, 17.10.1997, bls. 1.

vegna gáleysis, óréttmætra aðgerða eða vanrækslu flugfélagsins, starfsmanna þess eða fulltrúa.

12) Samræmd bótaábyrgð vegna taps á, skemmda á eða eyðileggingar á farangri og vegna skemmda sem verða vegna tafa, sem gildir um öll ferðalög með flugfélögum í bandalaginu, mun tryggja einfaldar og skýrar reglur bæði fyrir farþega og flugfélög og gera farþegum kleift að ákveða hvenær þörf er á aukatryggingu.

13) Mismunandi fyrirkomulag bótaskyldu á mismunandi flugleiðum væri óhagkvæmt fyrir flugfélög í bandalaginu og ruglingslegt fyrir farþega þeirra.

14) Æskilegt er að létta af þeim sem verða fyrir slysi og vandamönnum þeirra skammtímafjárhagsáhyggjum á tímabilinu sem fylgir strax í kjölfar slyssins.

15) Í 50. gr. Montreal-samningsins er gerð sú krafa að aðilar sjái til þess að flugfélög hafi nægjanlegar tryggingar og að nauðsynlegt sé að taka mið af 7. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ([1]) þegar farið er að þessu ákvæði.

16) Æskilegt er að allir farþegar fái grunnupplýsingar um gildandi bótaskyldureglur þannig að þeir geti, gerist þess þörf, keypt viðbótartryggingar áður en ferð hefst.

17) Nauðsynlegt mun reynast að endurskoða fjárhæðir í þessari reglugerð í því skyni að taka tillit til verðbólgu og endurskoðunar á takmörkunum bótaábyrgðar í Montreal-samningnum.

18) Að svo miklu leyti sem frekari reglna er þörf við framkvæmd Montreal-samningsins á þeim sviðum sem ekki falla undir reglugerð (EB) nr. 2027/97 er það á ábyrgð aðildarríkjanna að gera slíkar ráðstafanir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 2027/97:

1. Eftirfarandi komi í stað titils reglugerðarinnar:

„Reglugerð (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga að því er varðar flutninga í lofti á farþegum og farangri þeirra."

2. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Með þessari reglugerð er hrint í framkvæmd viðeigandi ákvæðum Montreal-samningsins að því er varðar flutninga í lofti á farþegum og farangri þeirra og mælt fyrir um viðbótarákvæði. Með reglugerðinni er gildissvið þessara ákvæða víkkað þannig að þau taki til flutninga í lofti innan eins aðildarríkis."

3. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„*2. gr.*

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „flugfélag": fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi;

b) „flugfélag í bandalaginu": flugfélag sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem gefið er út af einu aðildarríkjanna í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2407/92;

c) „bótakröfuhafi": farþegi eða hver sá sem samkvæmt gildandi lögum getur krafist bóta vegna farþega;

d) „farangur": bæði skráður og óskráður farangur í skilningi 4. mgr. 17. gr. Montreal-samningsins nema annað sé tilgreint;

e) „SDR": sérstök dráttarréttindi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilgreinir;

f) „Varsjársamningurinn": samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirritaður í Varsjá 12. október 1929 eða Varsjársamningurinn eins og honum var breytt í Haag 28. september 1955, enn fremur viðbótarsamningur við

([1]) Stjtíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

Varsjársamninginn sem gerður var í Guadalajara 18. september 1961;

g) „Montreal-samningurinn“: samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirritaður í Montreal 28. maí 1999.

2. Þau hugtök í þessari reglugerð, sem ekki eru skilgreind í 1. mgr., hafa sömu merkingu og í Varsjársamningnum.“

4. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

1. Bótaábyrgð flugfélags í bandalaginu, að því er varðar farþega og farangur þeirra, skal ráðast af öllum ákvæðum Montreal-samningsins um bótaábyrgð.

2. Líta skal svo á að tryggingaskyldan, sem sett er fram í 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92, að svo miklu leyti sem hún varðar bótaábyrgð vegna farþega, þýði að flugfélag í bandalaginu skuli hafa tryggingu að því marki að tryggt sé að allir einstaklingar, sem eiga rétt á bótum, fái alla upphæðina sem þeir eiga rétt á í samræmi við þessa reglugerð.“

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

Viðbótarfjárhæðin, sem flugfélög í bandalaginu geta krafist í samræmi við 2. mgr. 22. gr. Montreal-samningsins, þegar farþegi gefur sérstaka yfirlýsingu um mikilvægi þess að fá farangur sinn afhentan á áfangastað, skal ákvörðuð samkvæmt gjaldskrá sem miðuð er við þann aukakostnað sem hlýst af því að flytja og tryggja viðkomandi farangur umfram farangur sem metinn er til jafns við eða undir marki bótaábyrgðarinnar. Gjaldskráin skal vera aðgengileg farþegum samkvæmt beiðni.“

6. Ákvæði 4. gr. falli niður.

7. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

1. Flugfélag í bandalaginu skal tafarlaust, og eigi síðar en fimmtán dögum eftir að ljóst er orðið hvaða einstaklingur á rétt til bóta, inna af hendi fyrirframgreiðslu sem nægir til þess að standa straum af brýnustu fjárþörf og stendur í réttu hlutfalli við orðinn skaða.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal fyrirframgreiðsla ekki vera lægri upphæð en sem nemur jafngildi 16 000 SDR í evrum á hvern farþega ef um dauðsfall er að ræða.

3. Fyrirframgreiðsla felur ekki í sér viðurkenningu á bótaábyrgð og getur komið til frádráttar bótum sem kunna að verða greiddar síðar samkvæmt bótaábyrgð flugfélags í bandalaginu en hins vegar er hún óafturkræf nema í þeim tilvikum sem um getur í 20. gr. Montreal-samningsins eða ef sá sem fékk bæturnar átti ekki tilkall til bóta.“

8. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Öll flugfélög skulu, við sölu loftflutninga í bandalaginu, tryggja að farþegar hafi aðgang að samantekt helstu ákvæða sem gilda um bótaábyrgð vegna farþega og farangurs þeirra, þ.m.t. upplýsingar um stefnufrest til að gera kröfur um bætur og um möguleikann á því að setja fram sérstaka yfirlýsingu varðandi farangur á öllum sölustöðum, þ.m.t. símasölu og á Netinu. Til að uppfylla þessa upplýsingakröfu skulu flugfélög í bandalaginu nota kynningarauglýsinguna sem fylgir í viðaukanum. Slíka samantekt eða kynningarauglýsingu er ekki hægt að nota sem grundvöll bótakröfu né til túlkunar á ákvæðum þessarar reglugerðar eða Montreal-samningsins.

2. Til viðbótar við kröfur um upplýsingar sem settar eru fram í 1. mgr. skulu öll flugfélög, að því er varðar loftflutninga sem veittir eru eða keyptir í bandalaginu, láta hverjum farþega í té skriflegar upplýsingar um:

— mörk bótaábyrgðar flugfélagsins í viðkomandi flugi að því er varðar dauðsfall eða líkamstjón, sé um slík mörk að ræða,

— mörk bótaábyrgðar flugfélagsins í viðkomandi flugferð að því er varðar eyðileggingu, tap eða skemmdir á farangri, og viðvörun um að flugfélaginu skuli tilkynnt við innskráningu ef verðgildi farangurs er yfir þeirri fjárhæð eða hann sé fulltryggður af farþega áður en ferð hefst,

— mörk bótaábyrgðar flugfélagsins í viðkomandi flugi vegna skemmda sem verða vegna tafar.

3. Í öllum flutningum með flugfélögum í bandalaginu skulu mörkin, sem sett eru í samræmi við upplýsingakröfurnar í 1. og 2. mgr., vera þau sem ákveðin eru í þessari reglugerð nema flugfélag í bandalaginu setji að eigin frumkvæði hærri mörk. Að því er varðar flutninga með flugfélögum utan bandalagsins skulu 1. og 2. mgr. einungis gilda um flutninga til eða frá bandalaginu eða innan þess.“

9. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„*7. gr.*

Eigi síðar en þremur árum eftir að reglugerð (EB) nr. 889/2002 (*) kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal einkum kanna nauðsyn þess að endurskoða fjárhæðirnar, sem um getur í viðeigandi greinum Montreal-samningsins, í ljósi hagþróunar og tilkynninga frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

(*) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 2.“

10. Eftirfarandi viðauki bætist við:

„*VIÐAUKI*

Bótaábyrgð flugfélaga vegna farþega og farangurs þeirra

Með þessari kynningarauglýsingu eru teknar saman reglur um bótaábyrgð sem flugfélög í bandalaginu fara að samkvæmt löggjöf bandalagsins og Montreal-samningnum.

Bætur vegna dauðsfalls eða líkamstjóns

Engar fjárhagslegar takmarkanir gilda um bótaábyrgð vegna líkamstjóns farþega eða dauðsfalls. Flugfélag getur ekki andæft bótakröfum vegna tjóna að hámarki 100 000 SDR (upphæð námunduð í gjaldmiðli viðkomandi lands). Ef um hærri fjárhæð er að ræða getur flugfélagið varið sig gegn bótakröfu með því að sanna að það hafi ekki valdið skaðanum af gáleysi eða af öðrum orsökum.

Fyrirframgreiðslur

Láti farþegi lífið eða verði fyrir líkamstjóni skal flugfélag inna af hendi fyrirframgreiðslu til að standa straum af brýnustu fjárþörf innan fimmtán daga frá því ljóst er orðið hvaða einstaklingur á rétt til bóta. Fyrirframgreiðsla skal ekki vera lægri upphæð en sem nemur 16 000 SDR í evrum (upphæð námunduð í gjaldmiðli viðkomandi lands) ef um dauðsfall er að ræða.

Seinkun á flutningi farþega

Ef flutningi farþega seinkar ber flugfélag bótaábyrgð nema að það hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónið eða ógerlegt hafi verið að gera slíkar ráðstafanir. Bótaábyrgð vegna seinkunar á flutningi farþega er takmörkuð við 4 150 SDR (upphæð námunduð í gjaldmiðli viðkomandi lands).

Seinkun á flutningi farangurs

Ef flutningi farangurs seinkar ber flugfélag bótaábyrgð nema að það hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónið eða ógerlegt hafi verið að gera slíkar ráðstafanir. Bótaábyrgð vegna seinkunar á flutningi farangurs er takmörkuð við 1000 SDR (upphæð nálguð í gjaldmiðli viðkomandi lands).

Eyðilegging, tap eða skemmdir á farangri

Flugfélagið er bótaskylt vegna eyðileggingar, hvarfs eða tjóns á farangri að hámarki 1000 SDR (upphæð námunduð í gjaldmiðli hlutaðeigandi lands). Ef um skráðan farangur er að ræða er flugfélagið bótaskylt jafnvel þó að það hafi ekki valdið skaðanum nema farangurinn hafi verið gallaður. Ef um óskráðan farangur er að ræða er flugfélagið einungis bótaskylt ef það hefur valdið skaðanum.

Hærri mörk vegna farangurs

Farþegi getur notið góðs af hærri bótaábyrgð með því að gefa sérstaka yfirlýsingu, í síðasta lagi við innritun, og gegn greiðslu viðbótargjalds.

Kvartanir vegna farangurs

Ef farangur hefur skemmst, týnst eða eyðilagst skal farþeginn senda flugfélaginu skriflega kvörtun eins fljótt og auðið er. Þegar um skemmdir á skráðum farangri er að ræða skal farþeginn senda

skriflega kvörtun innan sjö daga og innan 21 dags ef um seinkun er að ræða, í báðum tilvikum frá og með þeim degi að farþeginn fékk farangurinn í heldur.

Bótaábyrgð flugfélags sem gerði flutningssamning og flytjanda í reynd

Ef flytjandi í reynd og flugfélagið, sem gerir flugsamninginn, eru ekki einn og sami aðili á farþeginn rétt á að senda kvörtun til eða gera bótakröfu á hvorn aðila sem er. Ef heiti eða kóði flugfélags er á farseðli er viðkomandi flugfélag það flugfélag sem gerði flutningssamninginn.

Frestur til málshöfðunar

Öll málshöfðun fyrir dómstólum vegna bótakrafna skal hafin innan tveggja ára frá komu loftfars eða frá þeim degi þegar loftfar hefði átt að koma.

Grundvöllur upplýsinganna

Montreal-samningurinn frá 28. maí 1999, sem kemur til framkvæmda í bandalaginu með reglugerð (EB) nr. 2027/97 (eins og henni er breytt með reglugerð (EB) nr. 889/2002) og með innlendri löggjöf aðildarríkjanna, er lagður til grundvallar þeim reglum sem lýst er hér að framan."

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Hún skal koma til framkvæmda frá og með þeim degi þegar hún tekur gildi eða frá og með degi gildistöku Montreal-samningsins, hvort sem síðar verður.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	J. PIQUÉ I CAMPS
forseti.	*forseti.*

1035. Tillaga til þingsályktunar [639. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB frá 5. mars 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 79/267/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol líftryggingafyrirtækja, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB frá 5. mars 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 73/239/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol skaðatryggingafyrirtækja.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB frá 5. mars 2002, um

breytingu á tilskipun ráðsins 79/267/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol líftryggingafyrirtækja, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB frá 5. mars 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 73/239/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol skaðatryggingafyrirtækja.

Ákvarðanir þessar kalla á lagabreytingar hér á landi og voru teknar af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra tilskipana sem hér um ræðir. Gerðir þessar fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentaðar sem fylgiskjöl með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð

þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB frá 5. mars 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 79/267/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol líftryggingafyrirtækja.

Í evrópurétti eru sérstakar tilskipanir um líftryggingar og aðrar um skaðatryggingar þó að mörg ákvæði séu sameiginleg með flokkunum. Sú skipting á sér ekki hefð í íslenskri löggjöf og gilda lög um vátryggingastarfsemi um allar vátryggingar. Er því leitað eftir staðfestingu tveggja ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar í þessari þingsályktunartillögu þar sem um innleiðingu þeirra og áhrif á íslenskan rétt gilda sömu sjónarmið.

Í tilskipunum 2002/12/EB og 2002/13/EB um gjaldþol skaðatrygginga- og líftryggingafélaga eru gerðar breytingar á gjaldþolsreglum vátryggingafélaga. Með gjaldþoli vátryggingafélags er átt við eign þess að frádregnum fyrirsjáanlegum skuldum og skuldbindingum, þar á meðal vátryggingaskuld, og er gjaldþol þannig mælikvarði á fjárhagslegan styrk vátryggingafélags.

Helstu breytingar sem tilskipunin hefur í för með sér eru þrenns konar:

1. Lágmarksfjárhæðir eru hækkaðar. Lágmarksgjaldþol vátryggingafélags sem stundar almenna vátryggingastarfsemi má aldrei verða lægra en 255 milljónir króna samkvæmt tilskipuninni. Samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi er fjárhæð þessi nú um 34 milljónir króna og er meginástæða hækkunar verðlagsbreyting frá því að fjárhæðir voru fyrst ákveðnar upp úr 1970.
2. Tekin verða inn bein ákvæði um matsheimildir eftirlitsstjórnvalda og skyldu þeirra til afskipta af málum telji þau réttindum vátryggingartaka stefnt í hættu.
3. Kröfur verða auknar vegna tiltekinna skilgreindra aðstæðna. Meðal annars er gert ráð fyrir að krafist verði aukins gjaldþols vegna ýmissa ábyrgðartrygginga þar sem uppgjör tekur hvað lengstan tíma.

Viðskiptaráðherra hefur þegar mælt fyrir frumvarpi til innleiðingar ákvæða tilskipananna á 128. löggjafarþingi (377. mál).

Samkvæmt efni tilskipananna er þeim ætlað að koma til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 20. september 2003.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 165/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002 frá 12. júlí 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB frá 5. mars 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 79/267/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol líftryggingafyrirtækja ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á IX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 79/267/EBE):

„- **32002 L 0012:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB frá 5. mars 2002 (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 11).“

2. Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á aðlögunarliðunum í 11. lið (tilskipun ráðsins 79/267EBE):

a) Texti aðlögunarliðar a) og fyrsti, annar og sjötti undirliður aðlögunarliðar b) falli brott.

b) Eftirfarandi aðlögunarliður komi á eftir aðlögunarlið f):

([1]) Stjtíð. EB L 298, 31.10.2002, bls. 19 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 15.
([2]) Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 11.

„g) Í 20. gr. a komi orðin „EES-vísitala neysluverðs sem tekur til allra samningsaðila“ í stað orðanna „evrópsk vísitala neysluverð sem tekur til allra aðildarríkja“.“

3. Texti aðlögunarliða a) og b) í lið 12a (tilskipun ráðsins 92/96/EBE) skal felldur brott.

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/12/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 164/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002 frá 12. júlí 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB frá 5. mars 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 73/239/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol skaðatryggingafyrirtækja ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á IX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 73/239/EBE):

„- **32002 L 0013:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB frá 5. mars 2002 (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).“

2. Eftirfarandi aðlögunarliður komi á eftir aðlögunarlið b):

„ba) Í 17. gr. a komi orðin „EES-vísitala neysluverðs sem tekur til allra samningsaðila“ í stað orðanna „evrópsk vísitala neysluverð sem tekur til allra aðildarríkja“.“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/13/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. EB L 298, 31.10.2002, bls. 19 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 15.
([2]) Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal III.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/12/EB

frá 5. mars 2002

um breytingu á tilskipun ráðsins 79/267/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol líftryggingafyrirtækja

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í aðgerðaáætluninni um fjármálaþjónustu, sem leiðtogaráðið studdi á fundum sínum í Köln 3. og 4. júní 1999 og í Lissabon 23. og 24. mars 2000, er viðurkennt mikilvægi gjaldþols vátryggingafélaga til verndar vátryggingatökum á innri markaðnum með því að tryggja að þær eiginfjárkröfur, sem gerðar eru til vátryggingafélaga, séu í samræmi við eðli þeirrar áhættu sem þau tryggja.

2) Fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftryggingastarfsemi í frumtryggingu ([4]) gerir kröfu um að vátryggingafélög hafi gjaldþol.

3) Krafan um að vátryggingafélög, til viðbótar vátryggingaskuld, sem þau mynda til að standa straum af vátryggingaskuldbindingum sínum, komi sér upp gjaldþoli til að verjast niðursveiflum í starfseminni er mikilvægur þáttur í varfærniseftirlitskerfi til verndar vátryggðum og vátryggingatökum.

4) Núgildandi reglur um gjaldþol, sem komið var á með tilskipun 79/267/EBE, hafa í meginatriðum haldist óbreyttar í löggjöf bandalagsins sem fylgdi í kjölfarið, og í tilskipun ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga (þriðja tilskipun um líftryggingar) ([5]) er þess krafist að framkvæmdastjórnin gefi vátrygginganefndinni, sem komið var á fót samkvæmt tilskipun ráðsins 91/675/EB ([6]) um nauðsyn frekari samhæfingar á gjaldþoli, skýrslu.

5) Framkvæmdastjórnin hefur samið skýrsluna í ljósi tilmælanna í skýrslu um gjaldhæfi vátryggingafélaga sem samin var á ráðstefnu yfirvalda sem annast vátryggingaeftirlit í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

6) Niðurstaða skýrslunnar var sú að þrátt fyrir að gildandi kerfi sé einfalt og traust, hafi reynst fullnægjandi, sé byggt á traustum meginreglum og sé mjög gagnsætt, hafi í einstaka tilfellum komið í ljós ákveðnir veikleikar.

7) Þörf er á að auka núverandi lágmarksábyrgðarsjóð, einkum vegna áhrifa verðbólgu á tjón og rekstrarkostnað frá því að krafan var upphaflega samþykkt.

8) Til að bæta gjaldþolið skal möguleikinn á að

([1]) Stjtíð. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 123.
([2]) Stjtíð. EB C 193, 10.7.2001, bls. 21.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 4. júlí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 14. febrúar 2002.
([4]) Stjtíð. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).
([5]) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).
([6]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 32.

reikna framtíðarhagnað inn í gjaldþol takmarkaður og háður skilyrðum og skal með öllu aflagður eftir 2009.

9) Í því skyni að koma í veg fyrir skyndilegar og meiri háttar hækkanir á lágmarki ábyrgðarsjóðsins í framtíðinni skal koma á fót kerfi sem sér til þess að hækkanir séu í samræmi við evrópska vísitölu neysluverðs.

10) Við sérstakar aðstæður, þar sem réttindum vátryggingataka er ógnað, er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld hafi vald til íhlutunar nægilega snemma en ef til slíkrar íhlutunar kemur skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við meginreglur um góða stjórnsýsluhætti og tilhlýðilega málsmeðferð, gera viðkomandi vátryggingafélögum grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki slíkum eftirlitsaðgerðum. Svo lengi sem slíkar aðstæður eru til staðar skal komið í veg fyrir að lögbær yfirvöld votti um fullnægjandi gjaldþol vátryggingafélags.

11) Í ljósi markaðsþróunar varðandi eðli endurtrygginga, sem keyptar eru af frumtryggjendum, er þörf á því að lögbær yfirvöld hafi heimild til að lækka niðurfærslu lágmarksgjaldþols við ákveðnar aðstæður.

12) Í þessari tilskipun skal mælt fyrir um lágmarksstaðla að því er varðar lágmarksgjaldþol og heimaaðildarríkjum skal heimilt að mæla fyrir um strangari reglur fyrir vátryggingafélög sem lögbær yfirvöld þeirra hafa veitt starfsleyfi.

13) Breyta skal tilskipun 79/267/EBE til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 79/267/EBE

Tilskipun 79/267/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í 2. lið 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. gagnkvæm félög þar sem:

— samþykktir mæla fyrir um að fara megi fram á viðbótarframlög, lækka bætur eða óska aðstoðar frá öðrum sem samþykkt hafa að láta hana í té og

— þegar árlegar tekjur af framlögum vegna starfsemi, sem tilskipun þessi nær til, fara ekki yfir 5 milljón evrur þrjú ár í röð. Hafi verið farið fram úr fjárhæðinni þrjú ár í röð skal tilskipun þessi eiga við frá fjórða ári.

Engu að síður skulu ákvæði þessarar greinar ekki koma í veg fyrir að gagnkvæm líftryggingafélög sæki um starfsleyfi eða viðhaldi starfsleyfi sínu samkvæmt þessari tilskipun".

2. Í stað 18., 19. og 20. gr. komi eftirfarandi:

„18. gr.

1. Aðildarríki skal gera kröfu um að þau líftryggingafélög sem eru með aðalskrifstofu innan yfirráðasvæðis þess, hafi ætíð gjaldþol vegna starfseminnar í heild sem sé fullnægjandi og a.m.k. í samræmi við kröfur í þessari tilskipun.

2. Gjaldþol skal samanstanda af hreinum eignum tryggingafélagsins sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum, að frádregnum öllum óefnislegum eignum, þ.m.t.:

a) innborgað hlutafé eða, ef um er að ræða gagnkvæmt líftryggingafélag, innborgað stofnfé að viðbættum reikningum félagsaðila, sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

i) í stofnsamningi og -samþykktum skal kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða félagsaðilum af þessum reikningum hafi það í för með sér að gjaldþol fari niður fyrir tilskilið lágmark eða, ef um er að ræða félagsslit, þá skuli fyrst gera upp allar aðrar skuldir félagsins;

ii) í stofnsamningi og -samþykktum skal kveðið á um að, að því er varðar greiðslur sem um getur í tölulið i) af öðrum ástæðum en við útgöngu einstakra félagsaðila, skuli lögbærum yfirvöldum tilkynnt um það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og geta þau þar til sá frestur er liðinn bannað greiðslu;

iii) eingöngu er heimilt að breyta viðkomandi ákvæðum í stofnsamningi og -samþykktum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi engum andmælum við breytingunni, sbr. þó skilyrðin sem kveðið er á um í i- og ii-lið;

b) varasjóðir (bundnir og frjálsir) sem ekki tengjast vátryggingaskuldbindingum;

c) óráðstafaður hagnaður eða tap að frádregnu ójöfnuðu tapi og arðgreiðslum;

d) enn fremur, að því marki sem landslög heimila, ágóðasjóðir sem nota má til að mæta tapi af hvaða orsökum sem það stafar, hafi ekki þegar verið tekin ákvörðun um ráðstöfun þeirra til skírteinishafa.

Gjaldþol skal lækkað um fjárhæð sem nemur eign líftryggingafélagsins í eigin hlutabréfum.

3. Til gjaldþols má einnig telja:

a) samanlagða fjárhæð forgangshlutafjár og víkjandi lán sem ekki mega fara yfir 50% af gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli, hvort sem lægra reynist, og þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma eða heildarfjárhæð forgangshlutafjár með fastan lánstíma ekki fara yfir 25%, að því tilskildu að ef um er að ræða gjaldþrot eða slit líftryggingafélags verði að vera til bindandi samkomulag um að víkjandi lánum eða forgangshlutabréfum sé skipað aftar kröfum allra annarra lánadrottna og verði ekki endurgreidd fyrr en allar aðrar útistandandi skuldir hafa verið greiddar.

Víkjandi lán verður einnig að uppfylla eftirtalin skilyrði:

i) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir;

ii) upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal líftryggingafélagið leggja fyrir lögbær yfirvöld áætlun um hvernig gjaldþoli skuli haldið eða það aukið þannig að það nái tilskildu marki á gjalddaga, nema vægi lánsins sem hluta af gjaldþoli lækki í áföngum á eigi skemmri tíma en síðustu fimm árin fyrir endurgreiðslu. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána svo fremi líftryggingafélagið sæki um það og að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark;

iii) lán, sem eru ekki með föstum lánstíma, skulu vera með fimm ára uppsagnarfresti nema lánið teljist ekki lengur hluti af gjaldþoli eða samþykki yfirvalda þurfi til að það fáist greitt fyrr. Í síðara tilvikinu verður líftryggingafélagið að senda lögbærum yfirvöldum tilkynningu a.m.k. sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag þar sem það tilgreinir gjaldþol og lágmarksgjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðsluna. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu heimila endurgreiðslu fari gjaldþol líftryggingafélagsins ekki niður fyrir tilskilið lágmark;

iv) lánasamningurinn má ekki fela í sér nein þau ákvæði, sem gera ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrr en á gjalddaga nema við slit tryggingafélagsins;

v) eingöngu er heimilt að breyta lánssamningnum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi ekki andmælum við breytingunni;

b) verðbréf án tiltekins lánstíma og önnur skjöl, þ.m.t. forgangshlutabréf, önnur en sem um getur í a-lið, en þau ásamt víkjandi lánum, sem um getur í a-lið mega vera allt að 50% af gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli, hvort sem lægra reynist, að því tilskildu að þau uppfylli eftirtalin skilyrði:

i) óheimilt sé að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án samþykkis lögbærs yfirvalds;

ii) útgáfusamningurinn verður að gera líftryggingafélaginu kleift að fresta greiðslu á vöxtum af láninu;

iii) skipa skal kröfum lánveitanda á hendur líftryggingafélaginu aftar öllum kröfum lánardrottna sem ekki eru víkjandi;

iv) í skjölunum, sem gilda um útgáfu verðbréfanna, skal kveðið á um að nota megi eftirstöðvar og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan líftryggingafélaginu er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni;

v) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

4. Samkvæmt rökstuddri umsókn fyrirtækis til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis og að fengnu

samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds má einnig telja til gjaldþols:

a) til 31. desember 2009, upphæð sem nemur 50% af framtíðarhagnaði félagsins en þó aldrei meira en 25% af gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli hvort sem lægra reynist. Fjárhæð framtíðarhagnaðar fæst með því að margfalda áætlaðan árshagnað með þeim meðalárafjölda sem skírteini eiga eftir að vera í gildi. Meðalárafjöldinn má þó aldrei vera hærri en sex. Áætlaður árshagnaður skal ekki fara yfir meðalhagnað næstliðinna fimm fjárhagsára í þeim greinaflokkum sem skráðir eru í 1. lið 1. gr.

Lögbær yfirvöld geta einungis samþykkt að slík fjárhæð sé hluti af gjaldþoli:

i) þegar lögð hefur verið fyrir lögbær yfirvöld tryggingafræðileg skýrsla sem rennir stoðum undir líkindi þess að slíkur hagnaður verði í framtíðinni; og

ii) að svo miklu leyti sem sá hluti framtíðarhagnaðar, sem verður fyrir tilstilli dulinna sjóða sem um getur í c-lið, hefur ekki enn verið tekinn til greina;

b) þar sem ekki er beitt Zillmer-aðferð, eða þar sem henni er beitt en miðað er við álag vegna kostnaðar við öflun líftrygginga sem er lægra en samsvarandi álag fólgið í iðgjöldum, mismuninum á líftryggingaskuld sem ekki er reiknuð samkvæmt Zillmer-aðferðinni eða líftryggingaskuld, sem reiknuð er að hluta samkvæmt Zillmer-aðferð, annars vegar og líftryggingaskuld samkvæmt Zillmer-aðferð þar sem gengið er út frá álagi á iðgjöld, sem samsvarar kostnaðinum við öflun líftryggingaanna, hins vegar. Upphæðin má þó ekki fara yfir 3,5% af samanlögðum mismun á líftryggingafjárhæðum og líftryggingaskuld vegna allra skírteina þar sem unnt er að nota Zillmer-aðferð. Frá þeim mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan öflunarkostnað;

c) duldum sjóðum sem stafa af mati á eignum, að svo miklu leyti sem slíkir duldir sjóðir eru varanlegs eðlis;

d) helming óinnborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, enda nemi hlutinn, sem greiddur hefur verið, a.m.k. 25% hlutafjár eða stofnfjár, og þessi liður verði í mesta lagi 50% af gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli, hvort sem lægra reynist.

5. Breytingar á 2., 3., og 4. mgr. til að taka tillit til þróunar sem réttlætir tæknilega aðlögun þeirra liða sem mynda mega gjaldþol, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 91/675/EBE (*).

(*) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 32.

19. gr.

1. Með fyrirvara um 20. gr. skal lágmarksgjaldþol ákveðið eins og greinir í 2.–7. gr. í samræmi við þá greinaflokka sem fyrirtækið rekur.

2. Þegar um er að ræða vátryggingastarfsemi þá sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 1. gr., aðra en líftryggingar tengdar fjárfestingarsjóðum og starfsemi sem um getur í 3. mgr. 1. gr., skal lágmarksgjaldþol nema samtölu eftirfarandi tveggja niðurstöðutalna:

a) fyrri niðurstaða:

margfalda skal 4% af líftryggingaskuld, í frumtyggingarstarfsemi án frádráttar á hlut endurtryggjenda að viðbættri líftryggingaskuld vegna móttekinna endurtrygginga, með hlutfallinu eins og það var á næstliðnu reikningsári milli líftryggingaskuldar, að frádregnum hlut endurtryggjenda, og líftryggingaskuldar án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 85%;

b) seinni niðurstaða:

margfalda skal 0,3% af áhættufjárhæð skírteina, þar sem áhættufjárhæðin er ekki neikvæð, með hlutfallinu milli samanlagðrar áhættufjárhæðar í eigin áhættu fyrirtækisins eftir endurtryggingu og áhættufjárhæðarinnar án tillits til endurtrygginga eins og það var á seinasta reikningsári; hlutfall þetta má þó aldrei vera lægra en 50%.

Þegar um er að ræða tímabundnar dánaráhættulíftryggingar, að hámarki til þriggja ára, skal reikna 0,1% af fjárhæðinni. Séu líftryggingarnar til lengri tíma en þriggja ára en skemmri en fimm ára skal reikna 0,15% af fjárhæðinni.

3. Þegar um er að ræða viðbótartryggingar þær sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. skal lágmarksgjaldþol nema lágmarksgjaldþoli vátryggingafélaga sem mælt er fyrir um í 16. gr. a í tilskipun 73/239/EBE, án tillits til ákvæða 17. gr. þeirrar tilskipunar.

4. Þegar um er að ræða sjúkratryggingar án uppsagnarréttar sem getið er í d-lið 1. mgr. 1. gr. skal tilskilið gjaldþol vera jafnt:

a) 4% af líftryggingaskuld, reiknaðri í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. þessarar greinar; að viðbættu

b) lágmarksgjaldþoli fyrir vátryggingafélög sem mælt er fyrir um í 16. gr. a í tilskipun 73/239/EBE án tillits til ákvæða 17. gr. þeirrar tilskipunar. Þó getur krafa um að skírteini séu gefin út á grundvelli hóptryggingar komið í stað kröfunnar í b-lið 6. mgr. 16. gr. a um að komið sé upp sjóði vegna hækkandi aldurs.

5. Þegar um er að ræða fjármögnunarstarfsemi (fjárfestingarsjóði) sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. skal lágmarksgjaldþol vera jafnt 4% af líftryggingaskuld, reiknað í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. þessarar greinar.

6. Þegar um er að ræða erfðalífrentusjóði í a-lið 2. mgr. 1. gr. skal lágmarksgjaldþol vera jafnt 1% af eignum þeirra.

7. Þegar um er að ræða vátryggingar skv. a- og b-lið 1. mgr. 1. gr. sem tengjast fjárfestingarsjóðum og vátryggingastarfsemi sem um getur í c-, d- og e-lið 2. mgr. 1. gr. skal lágmarksgjaldþol vera jafnt og summa eftirfarandi liða:

a) 4% af líftryggingaskuld reiknað í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. þessarar greinar, beri líftryggingafélagið áhættu af fjárfestingu;

b) 1% af líftryggingaskuld, reiknað í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. þessarar greinar, beri líftryggingafélagið enga áhættu af fjárfestingu og rekstrarkostnaði sem kveðið er á um í líftryggingasamningnum, sé dreift á lengri tíma en fimm ár;

c) 25% af nettó skrifstofu- og stjórnunarkostnaði næstliðins fjárhagsárs er lýtur að slíkri starfsemi beri líftryggingafélagið enga áhættu af fjárfestingu og ef rekstrarkostnaði er ekki dreift á lengri tíma en fimm ár;

d) 0,3% af áhættufjárhæð sem reiknuð er í samræmi við skilyrði, sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. þessarar greinar, að því marki sem starfsemi tryggingafélagsins nær til dánaráhættulíftrygginga.

20. gr.

1. Ábyrgðarsjóður skal nema þriðjungi lágmarksgjaldþols eins og það er tilgreint í 19. gr. Þessi sjóður skal myndaður af gjaldþolsliðum sem tilgreindir eru í 2. og 3. mgr. 18. gr. og, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis, í c-lið 4. mgr.

2. Ábyrgðarsjóður má þó ekki vera lægri en 3 milljónir evra.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um lækkun um einn fjórða á lágmarki ábyrgðarsjóðs þegar um er að ræða gagnkvæm félög, hliðstæð félagsform eða erfðalífrentusjóði“.

3. Eftirfarandi grein bætist við:

„20. gr. a

1. Fjárhæðin í evrum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr., skal endurskoðuð árlega frá og með 20. september 2003 með hliðsjón af breytingum á evrópskri vísitölu neysluverðs sem öll aðildarríkin falla undir eins og hún er gefin út af Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat).

Fjárhæðin skal aðlöguð sjálfkrafa með því að hækka grunnfjárhæðina í evrum í hlutfalli við breytingu á vísitölunni frá gildistöku þessarar tilskipunar til dagsetningar endurskoðunar og hækkuð upp í margfeldi af 100 000 evrum. Ef breytingin frá síðustu aðlögun er undir 5% fer engin aðlögun fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um endurskoðunina og aðlöguðu fjárhæðina sem um getur í 1. mgr.“

4. Eftirfarandi grein bætist við:

„*24. gr. a*

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að krefjast áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir vátryggingafélög þar sem lögbær yfirvöld telja að réttindum vátryggingataka sé ógnað. Áætlunin um fjárhagslega endurreisn skal að lágmarki innihalda, fyrir næstu þrjú fjárhagsár, upplýsingar eða sannanir varðandi:

a) áætlaðan stjórnunarkostnað, og sérstaklega almennan kostnað vegna daglegs reksturs og umboðslaun;

b) áætlun með nákvæmri spá um tekjur og kostnað vegna frumtryggingastarfsemi, móttöku endurtrygginga (inn-endurtrygginga) og keyptrar endurtryggingaverndar (út-endurtrygginga);

c) áætlaðan efnahagsreikning;

d) áætlaðar fjármögnunarleiðir til að mæta vátryggingaskuldbindingum og lágmarksgjaldþoli;

e) heildarstefnu varðandi endurtryggingar.

2. Þegar réttindum tryggingataka er ógnað vegna versnandi fjárhagslegrar stöðu vátryggingafélags skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að skylda vátryggingafélög til þess að hafa hærra lágmarksgjaldþol í því skyni að tryggja að vátryggingafélagið sé í stakk búið til þess að uppfylla kröfur um gjaldþol í nánustu framtíð. Það skal byggt á áætluninni um fjárhagslega endurreisn, sem um getur í 1. mgr., hversu hátt þetta lágmarksgjaldþol skal vera.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að endurmeta til lækkunar alla þætti sem falla undir gjaldþol, einkum í þeim tilfellum þegar veruleg breyting hefur orðið á markaðsvirði þessara þátta frá lokum síðasta fjárhagsárs.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að lækka niðurfærslu, byggða á endurtryggingu, á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 19. gr. þegar:

a) veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga frá síðasta fjárhagsári;

b) engin eða lítil yfirfærsla vátryggingaráhættu felst í endurtryggingasamningunum.

5. Hafi lögbær yfirvöld krafist áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir vátryggingafélag í samræmi við 1. mgr. skulu þau hvorki gefa út vottorð skv. 2. undirl. 3. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar, a-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunar ráðsins 90/619/EBE (*) (önnur tilskipun um líftryggingar) né 2. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins 92/96/EBE (**) (þriðja tilskipun um líftryggingar) svo lengi sem þau telja að réttindum vátryggingataka sé ógnað í skilningi 1. mgr.

(*) Stjtíð. EB L 330, 29.11.1990, bls. 50. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/96/EBE (Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1).

(**) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).“

2. gr.

Aðlögunartímabil

1. Aðildarríkjum er heimilt að veita líftryggingafélögum sem, við gildistöku þessarar tilskipunar annast vátryggingar á yfirráðasvæði þeirra í einum eða fleiri greinaflokkum sem getið er í viðaukanum við tilskipun 79/267/EBE, fimm ára frest, sem hefst daginn sem tilskipun þessi öðlast gildi, til að fullnægja kröfunum sem settar eru fram í 1. gr. þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að veita líftryggingafélögum, sem um getur í 1. mgr., er hafa ekki að fullu uppfyllt kröfur um lágmarksgjaldþol innan fimm ára, frekari frest, þó ekki lengri en til tveggja ára, til að gera svo, að því tilskildu að fyrirtækin hafi skv. 24. gr. tilskipunar 79/267/EBE lagt fyrir lögbær yfirvöld til staðfestingar tillögur um þær ráðstafanir sem þau hyggjast gera í því skyni.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja fyrir 20. september 2003 nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin sjá til þess að ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skuli fyrst gilda um eftirlit byggt á ársreikningum fyrir fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2004 eða á því almanaksári.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2007, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar og, ef nauðsyn krefur, um þörfina fyrir frekari samræmingu. Skýrslan skal sýna á hvern hátt aðildarríkin hafa nýtt sér möguleika þessarar tilskipunar og sérstaklega það hvort sá ákvörðunarréttur, sem innlendum eftirlitsyfirvöldum er veittur, hafi stuðlað að meiri háttar mismun milli aðildarríkja á eftirliti á innri markaðnum.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. mars 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	R. DE RATO Y FIGAREDO
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal IV.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/13/EB

frá 5. mars 2002

um breytingu á tilskipun ráðsins 73/239/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol skaðatryggingafyrirtækja

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í aðgerðaáætluninni um fjármálaþjónustu, sem leiðtogaráðið studdi á fundum sínum í Köln 3. og 4. júní 1999 og í Lissabon 23. og 24. mars 2000, er viðurkennt mikilvægi gjaldþols vátryggingafélaga til verndar vátryggingatökum á innri markaðnum með því að tryggja að þær eiginfjárkröfur, sem gerðar eru til vátryggingafélaganna, séu í samræmi við eðli þeirrar áhættu sem þau tryggja.

2) Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga

([1]) Stjtíð. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 129.
([2]) Stjtíð. EB C 193, 10.7.2001, bls. 16.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 4. júlí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 14. febrúar 2002.

([1]), gerir kröfu um að vátryggingafélög hafi gjaldþol.

3) Krafan um að vátryggingafélög, til viðbótar vátryggingaskuld, sem þau mynda til að standa straum af vátryggingaskuldbindingum sínum, komi sér upp gjaldþoli er, til að verjast niðursveiflum í starfseminni, mikilvægur þáttur í varfærniseftirlitskerfi til verndar vátryggðum og vátryggingatökum.

4) Núgildandi reglur um gjaldþol, sem komið var á með tilskipun 73/239/EBE, hafa í meginatriðum haldist óbreyttar í löggjöf bandalagsins sem fylgdi í kjölfarið, og í tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) ([2]) er þess krafist að framkvæmdastjórnin gefi vátrygginganefndinni, sem komið var á fót samkvæmt tilskipun ráðsins 91/675/EBE ([3]) um nauðsyn frekari samhæfingar á gjaldþoli, skýrslu.

5) Framkvæmdastjórnin hefur samið skýrsluna í ljósi tilmælanna í skýrslu um gjaldhæfi vátryggingafélaga sem samin var á ráðstefnu yfirvalda sem annast vátryggingaeftirlit í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

6) Niðurstaða skýrslunnar var sú að þrátt fyrir að gildandi kerfi sé einfalt og traust, hafi reynst fullnægjandi og sé byggt á traustum meginreglum og sé mjög gagnsætt hafi í einstaka tilfellum komið í ljós ákveðnir veikleikar, einkum að því er varðar viðkvæma samsetningu áhættu.

7) Þörf er á að einfalda og auka núverandi lágmarksábyrgðarsjóð, einkum vegna áhrifa verðbólgu á tjón og rekstrarkostnað, frá því að þeir voru upphaflega samþykktir. Viðmiðunarmörkin um það hvenær beita megi lægra hlutfallinu um ákvörðun gjaldþolskröfu á grundvelli iðgjalda og tjóna skulu hækkuð til samræmis við þetta.

8) Í því skyni að koma í veg fyrir skyndilegar og meiri háttar hækkanir á lágmarki ábyrgðarsjóðsins og viðmiðunarmörkum í framtíðinni skal koma á fót kerfi sem sér til þess að hækkanir séu í samræmi við evrópska vísitölu neysluverðs.

9) Við sérstakar aðstæður, þar sem réttindum vátryggingataka er ógnað, er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld hafi vald til íhlutunar nægilega snemma en ef til slíkrar íhlutunar kemur skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við meginreglur um góða stjórnsýsluhætti og tilhlýðilega málsmeðferð, gera vátryggingafélögunum grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki slíkum eftirlitsaðgerðum. Svo lengi sem slíkar aðstæður eru til staðar skal komið í veg fyrir að lögbær yfirvöld votti um nægjanlegt gjaldþol vátryggingafélags.

10) Í ljósi markaðsþróunar varðandi eðli endurtrygginga, sem keyptar eru af frumtryggjendum, er þörf á því að lögbær yfirvöld hafi umboð til að lækka niðurfærslu gjaldþols við ákveðnar aðstæður.

11) Ef vátryggingafélag minnkar verulega eða hættir alveg nýtryggingum er nauðsynlegt að það hafi nægjanlegt gjaldþol vegna óuppgerðra vátryggingaskuldbindinga sem metnar eru með vátryggingaskuld.

12) Að því er varðar sérstaka flokka skaðatrygginga og þar sem áhætta er sérlega óstöðug skal núverandi gjaldþolskrafa aukin verulega þannig að lágmarksgjaldþol sé í betra samræmi við raunverulega áhættuþætti vátrygginganna.

13) Vegna áhrifa mismunandi bókhaldslegra og tryggingafræðilegra aðferða er við hæfi að aðlaga á samsvarandi hátt aðferðir við útreikning á lágmarksgjaldþoli þannig að útreikningarnir séu gerðir á samsvarandi og samræmdan hátt og vátryggingafélögum þannig gert jafnhátt undir höfði.

14) Í þessari tilskipun skal mælt fyrir um lágmarksstaðla að því er varðar gjaldþolskröfur og heimaaðildarríkjum skal heimilt að mæla fyrir um strangari reglur fyrir vátryggingafélög sem lögbær yfirvöld þeirra hafa veitt starfsleyfi.

([1]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB (Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).

([2]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

([3]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 32.

15) Breyta skal tilskipun 73/239/EBE til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 73/239/EBE

Tilskipun 73/239/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Tilskipunin nær ekki til gagnkvæmra félaga sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) samþykktir þeirra hafi að geyma ákvæði er heimili að krefjast megi sérstakra viðbótarframlaga eða að skerða bætur,

b) starfsemi þeirra taki hvorki til ábyrgðartrygginga — nema þegar um er að ræða hliðaráhættu sbr. C-lið í viðauka — né til greiðslu- og efndavátrygginga,

c) árlegar tekjur vegna starfsemi, sem tilskipunin tekur til, nemi minna en fimm milljón evrum, og

d) minnst helmingur tekna af framlögum vegna starfsemi, sem tilskipunin tekur til, komi frá félagsaðilum.

Tilskipun þessi gildir ekki um fyrirtæki sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

— fyrirtækið rekur ekki aðra starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar en þá sem lýst er í 18. greinaflokki, lið A í viðauka,

— starfsemin er einungis staðbundin og bætur aðeins greiddar í fríðu, og

— heildarárstekjur vegna veittrar aðstoðar við aðila, sem lenda í erfiðleikum, fara ekki fram úr 200 000 evrum.

Engu að síður skulu ákvæði þessarar greinar ekki koma í veg fyrir að gagnkvæm vátryggingafélög sæki um starfsleyfi eða viðhaldi starfsleyfi sínu samkvæmt þessari tilskipun."

2. Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„*16. gr.*

1. Aðildarríki skal gera kröfu um að þau vátryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu innan yfirráðasvæðis þess, hafi ætíð gjaldþol vegna starfseminnar í heild sem sé fullnægjandi og a.m.k. í samræmi við kröfur í þessari tilskipun.

2. Gjaldþol skal samanstanda af hreinum eignum vátryggingafélags sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum, að frádregnum öllum óefnislegum eignum, þ.m.t.:

a) innborgað hlutafé eða, ef um er að ræða gagnkvæmt vátryggingafélag, innborgað stofnfé, að viðbættum reikningum félagsaðila, sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

i) í stofnsamningi og -samþykktum skal kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða félagsaðilum af þessum reikningum hafi það í för með sér að gjaldþol fari niður fyrir tilskilið lágmark eða, ef um er að ræða félagsslit, þá skuli fyrst gera upp allar aðrar skuldir félagsins;

ii) í stofnsamningi og -samþykktum skal kveðið á um að, að því er varðar greiðslur sem um getur í tölulið i) af öðrum ástæðum en við útgöngu einstakra félagsaðila, skuli lögbærum yfirvöldum tilkynnt um það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og geta þau, þar til sá frestur er liðinn, bannað greiðslu;

iii) eingöngu er heimilt að breyta viðkomandi ákvæðum í stofnsamningi og -samþykktum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi engum andmælum við breytingunni, sbr. þó skilyrðin sem kveðið er á um í i) og ii) lið;

b) varasjóðir (bundnir og frjálsir) sem ekki tengjast vátryggingaskuldbindingum;

c) óráðstafaður hagnaður eða tap, að frádregnu ójöfnuðu tapi og arðgreiðslum.

Gjaldþol skal lækkað um fjárhæð sem nemur eign vátryggingafélagsins í eigin hlutabréfum.

Að því er þau vátryggingafélög varðar, sem núvirða eða lækka tjónaskuld til að taka mið af fjárfestingartekjum, eins og leyfilegt er skv. g-lið 1. mgr. 60. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE frá

19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga (*), skal gjaldþol lækkað um mismuninn milli óafvaxtaðrar vátryggingaskuldar eða vátryggingaskuldar fyrir frádrátt, sem tilgreind er í skýringum í ársreikningi, og vátryggingaskuldar eftir núvirðingu eða lækkun. Þessi lækkun skal gerð fyrir allar tegundir áhættu, sem tilgreindar eru í A-lið viðaukans, að undanskildum þeim sem 1. og 2. greinaflokkur tekur til. Í öðrum greinaflokkum en 1. og 2. þarf ekki að gera neina aðlögun vegna afvöxtunar lífeyris sem er hluti af vátryggingaskuld.

3. Til gjaldþols má einnig telja:

a) samanlagða fjárhæð forgangshlutafjár og víkjandi lán sem ekki mega fara yfir 50% af gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli, hvort sem lægra reynist, og þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma eða heildarfjárhæð forgangshlutafjár með fastan lánstíma ekki fara yfir 25%, að því tilskildu að ef um er að ræða gjaldþrot eða slit vátryggingafélags verði að vera til bindandi samkomulag um að víkjandi lánum eða forgangshlutabréfum sé skipað aftar kröfum allra annarra lánardrottna og verði ekki endurgreidd fyrr en allar aðrar útistandandi skuldir hafa verið greiddar.

   Víkjandi lán verður einnig að uppfylla eftirtalin skilyrði:

   i) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir;

   ii) upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslufresti skal vátryggingafélagið leggja fyrir lögbær yfirvöld áætlun um hvernig gjaldþoli skuli haldið eða það aukið þannig að það nái tilskildu marki á gjalddaga, nema vægi lánsins sem hluta af gjaldþoli lækki í áföngum á eigi skemmri tíma en síðustu fimm árin fyrir endurgreiðslu. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána svo fremi vátryggingafélagið sæki um það og að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark;

   iii) lán, sem eru ekki með föstum lánstíma, skulu vera með fimm ára uppsagnarfresti nema lánið teljist ekki lengur hluti af gjaldþoli eða að samþykki yfirvalda þurfi til að það fáist greitt fyrr. Í síðara tilvikinu verður vátryggingafélagið að senda lögbærum yfirvöldum tilkynningu a.m.k. sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag þar sem það tilgreinir gjaldþol og lágmarksgjaldþol, bæði fyrir og eftir endurgreiðsluna. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu heimila endurgreiðslu fari gjaldþol líftryggingafélagsins ekki niður fyrir tilskilið lágmark;

   iv) lánasamningurinn má ekki fela í sér nein þau ákvæði sem gera ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrr en á gjalddaga, nema við slit vátryggingafélagsins;

   v) eingöngu er heimilt að breyta lánssamningnum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi ekki andmælum við breytingunni;

b) verðbréf án tiltekins lánstíma og önnur skjöl þ.m.t. forgangshlutabréf, önnur en sem um getur í a-lið, en þau ásamt víkjandi lánum, sem um getur í a-lið mega vera allt að 50% af gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli, hvort sem lægra reynist, að því tilskildu að þau uppfylli eftirtalin skilyrði:

   i) óheimilt sé að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án samþykkis lögbærs yfirvalds;

   ii) útgáfusamningurinn verður að gera vátryggingafélaginu kleift að fresta greiðslu á vöxtum af láninu;

   iii) skipa skal kröfum lánveitanda á hendur vátryggingafélaginu aftar öllum öðrum kröfum lánardrottna sem ekki eru víkjandi;

   iv) í skjölunum, sem gilda um útgáfu verðbréfanna, skal kveðið á um að nota megi eftirstöðvar og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan vátryggingafélaginu er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni;

   v) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

4. Samkvæmt rökstuddri umsókn fyrirtækis til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu

samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds má einnig telja til gjaldþols:

a) helming óinnborgaðs hlutafjár eða stofnfjár enda nemi hlutinn sem greiddur hefur verið a.m.k. 25% hlutafjár eða stofnfjár, og þessi liður verði í mesta lagi 50% af gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli, hvort sem lægra reynist;

b) kröfum um viðbótarframlög sem gagnkvæm félög eða félög hliðstæðrar gerðar með breytileg framlög geta gert á hendur félögum sínum á fjárhagsárinu og sem mega nema allt að helmingi mismunarins milli hámarksframlaga og þeirra framlaga sem í raun er krafist; þó getur þessi liður ekki numið meira en 50% af gjaldþoli lágmarksgjaldþoli, hvort sem lægra reynist. Lögbær, innlend yfirvöld skulu setja viðmiðunarreglur um við hvaða aðstæður heimilt er að reikna viðbótarframlög með í gjaldþoli;

c) duldum sjóðum sem stafa af mati á eignum, að svo miklu leyti sem slíkir duldir sjóðir eru varanlegs eðlis;

5. Breytingar á 2., 3., og 4. mgr. til að taka tillit til þróunar sem réttlætir tæknilega aðlögun þeirra liða sem mynda mega gjaldþol, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/675/EBE (**).“

(*) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.
(**) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 32.“

3. Eftirfarandi grein bætist við:

„16. gr. a

1. Tilskilið gjaldþol skal annaðhvort ákveðið á grundvelli árlegs iðgjaldamagns og framlaga eða á grundvelli meðaltjónakostnaðar þriggja næstliðinna reikningsára.

Þegar um er að ræða vátryggingafélög, sem aðallega hafa með höndum eina eða fleiri tegundir áhættu sem falla undir greiðslu-, óveðurs-, hagl-, eða frostvátryggingar, skal þó miðað við sjö síðastliðin reikningsár til að finna meðaltjónakostnað.

2. Með fyrirvara um 17. gr. skal tilskilið gjaldþol eigi vera lægra en sú niðurstöðutala sem hærri er þeirra tveggja sem koma út úr 3. og 4. mgr.

3. Niðurstöðutala á grundvelli iðgjalda skal reiknuð út með því að nota bókfærð iðgjöld og framlög eða brúttóiðgjöld ársins, hvort sem hærra reynist, eins og þau eru umreiknuð hér á eftir.

Iðgjöld eða framlög í 11., 12. og 13. greinaflokki, sem taldir eru upp í A-lið viðaukans, skulu hækkuð um 50%.

Iðgjöld og framlög (þar með talin viðbótargjöld eða viðbótarframlög) sem féllu í gjalddaga á næstliðnu reikningsári vegna frumtryggingastarfsemi skulu reiknuð.

Þar við bætast iðgjöld fyrir allar mótteknar endurtryggingar á næstliðnu reikningsári.

Frá þessari samtölu skal draga niðurfelld iðgjöld eða framlög á síðastliðnu reikningssári, sem og heildarfjárhæð skatta og álagðra gjalda sem innifalin eru í iðgjöldum eða framlögum og heildarfjárhæðinni.

Fjárhæðinni, sem þannig fæst, er skipt í tvo hluta, annan, sem nemur 50 milljón evrum eða allri fjárhæðinni sé hún lægri, og hinn því sem umfram er. Reiknuð eru 18% af fyrri fjárhæðinni og 16% af þeirri síðari og þær fjárhæðir lagðar saman.

Fjárhæðin sem þannig fæst skal margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna þriggja síðustu ára, og samanlagðra brúttótjóna. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%.

Að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda er heimilt að nota tölfræðilegar aðferðir til að áætla þau iðgjöld eða framlög sem teljast til flokka 11, 12 og 13.

4. Niðurstöðutala á grundvelli tjóna skal reiknuð á eftirfarandi hátt, með tjón, vátryggingaskuld og endurheimtanlegar fjárhæðir í 11., 12. og 13. greinaflokki sem taldir eru upp í A-lið viðaukans, hækkuð um 50%.

Bókfærð tjón í frumtryggingum (án frádráttar á hlut endurtryggjenda) á því tímabili, sem tiltekið er í 1. mgr., skulu lögð saman.

Þar við er bætt bókfærðum tjónum í mótteknum endurtryggingum á sama tímabili og tjónaskuld í lok næstliðins reikningsárs, bæði vegna frumtryggingastarfsemi og móttekinna endurtrygginga.

Frá þeirri samtölu skal draga upphæðir endurheimtar á þeim tímabilum sem um getur í 1. mgr.

Frá upphæðinni, er þá stendur eftir, dregst tjónaskuld í upphafi annars reikningsárs á undan síðasta reikningsári sem reikningar eru til fyrir, bæði í frumtryggingastarfsemi og mótteknum endurtryggingum. Ef viðmiðunartímabilið, sem tilgreint í 1. mgr., er sjö ár skal draga frá tjónaskuld í upphafi sjötta reikningsárs á undan síðasta reikningssári sem reikningar eru til fyrir.

Einum þriðja eða einum sjöunda af þeirri fjárhæð, sem þannig fæst, en það fer eftir því tímabili sem miðað er við skv. 1. mgr., er skipt í tvo hluta, annan, sem nemur 35 milljónum evra eða allri fjárhæðinni sé hún lægri, en hinn því sem umfram er; reiknuð eru 26% af fyrri fjárhæðinni og 23% af þeirri síðari og þær lagðar saman.

Fjárhæðin, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna þriggja síðustu ára, og samanlagðra brúttótjóna; þetta hlutfall má aldrei vera lægra en 50%.

Að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda er heimilt að nota tölfræðilegar aðferðir til að áætla tjón, vátryggingaskuld og endurheimtanlegar fjárhæðir sem teljast til 11., 12. og 13. greinaflokks. Hvað varðar áhættu í 18. greinaflokki í A-lið í viðauka skal fjárhæð greiddra tjóna teljast kostnaður fyrirtækisins vegna veittrar aðstoðar þegar niðurstöðutala á grundvelli tjóna er er reiknuð út. Sá kostnaður skal reiknaður samkvæmt gildandi reglum í heimaaðildarríkinu.

5. Ef lágmarksgjaldþol, eins og það er reiknað út í 2., 3. og 4. mgr., er lægra en lágmarksgjaldþol fyrra árs skal lágmarksgjaldþol nema a.m.k. lágmarksgjaldþoli fyrra árs, margfölduðu með hlutfalli tjónaskuldar í lok síðasta reikningsárs og tjónaskulda í byrjun síðasta reikningsárs. Í þessum útreikningum skal nota tjónaskuld að frádregnum hluta endurtryggjenda en hlutfallið skal aldrei vera hærra en 1.

6. Hlutföllin, sem margfaldað er með í sjöttu undirgrein 3. mgr. og sjöttu undirgrein 4. mgr., lækki í ⅓ ef um sjúkratryggingar er að ræða sem reknar eru á hliðstæðum tæknilegum grundvelli og líftryggingar, ef

a) iðgjöld eru reist á tryggingarstærðfræðilegum grunni út frá sjúkratöflum;

b) komið er upp sjóði vegna hækkandi aldurs;

c) viðbótariðgjöld eru innheimt til að koma upp hæfilegu öryggisálagi;

d) vátryggingafélagið getur sagt upp samningnum í síðasta lagi fyrir lok þriðja vátryggingaárs;

e) samningurinn gerir ráð fyrir því að hækka megi iðgjöld eða lækka bætur jafnvel þegar um er að ræða samninga sem þegar eru í gildi.“

4. Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

„*17. gr.*

1. Ábyrgðarsjóður skal nema þriðjungi lágmarksgjaldþols eins og það er tilgreint í 16. gr. a. Þessi sjóður skal myndaður af gjaldþolsliðum sem tilgreindir eru í 2. og 3. mgr. 16. gr. og, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis, í c-lið 4. mgr.

2. Ábyrgðarsjóðurinn má þó ekki vera lægri en 2 milljónir evra. Hann skal þó vera 3 milljónir evra þegar starfsemin nær til einhverrar eða allra tegunda áhættu sem 10.–15. greinaflokkur í A-lið viðaukans taka til.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um lækkun um einn fjórða á lágmarki ábyrgðarsjóðs þegar um er að ræða gagnkvæm félög og hliðstæð félagsform.“

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„*17. gr. a*

1. Fjárhæðirnar í evrum, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 16. gr. a og 2. mgr. 17. gr., skal endurskoða árlega frá og með 20. september 2003 með hliðsjón af breytingum á evrópskri vísitölu neysluverðs sem öll aðildarríkin falla undir eins og hún er gefin út af Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat).

Fjárhæðirnar skal aðlaga sjálfkrafa með því að hækka grunnfjárhæðina í evrum í hlutfalli við breytingu á vísitölunni frá gildistöku þessarar tilskipunar til dagsetningar endurskoðunar og hækkuð upp í margfeldi af 100 000 evrum. Ef breytingin frá síðustu aðlögun er undir 5% fer engin aðlögun fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um endurskoðunina og aðlöguðu fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr.“

6. Í 2. mgr. 20. gr. kemur „16. gr. a“ í stað „3. mgr. 16. gr.“

7. Eftirfarandi grein bætist við:

„*20. gr. a*

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að krefjast áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir vátryggingafélög þar sem lögbær yfirvöld telja að réttindum vátryggingataka sé ógnað. Áætlunin um fjárhagslega endurreisn skal að lágmarki innihalda, fyrir næstu þrjú fjárhagsár, upplýsingar eða sannanir varðandi:

a) áætlaðan stjórnunarkostnað, og sérstaklega almennan kostnað vegna daglegs reksturs og umboðslaun;

b) áætlun með nákvæmri spá um tekjur og kostnað vegna frumtryggingastarfsemi, móttöku endurtrygginga (inn-endurtrygginga) og keyptrar endurtryggingaverndar (út-endurtrygginga);

c) áætlaðan efnahagsreikning;

d) áætlaðar fjármögnunarleiðir til að mæta vátryggingaskuldbindingum og lágmarksgjaldþoli;

e) heildarstefnu varðandi endurtryggingar.

2. Þegar réttindum vátryggingataka er ógnað vegna versnandi fjárhagslegrar stöðu tryggingafélags skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að skylda vátryggingafélög til þess að hafa hærra lágmarksgjaldþol í því skyni að tryggja að vátryggingafélagið sé í stakk búið til þess að uppfylla kröfur um gjaldþol í nánustu framtíð. Það skal byggt á áætluninni um fjárhagslega endurreisn, sem um getur í 1. mgr., hversu hátt þetta lágmarksgjaldþol skal vera.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að endurmeta til lækkunar alla þætti sem falla undir gjaldþol, einkum í þeim tilfellum þegar veruleg breyting hefur orðið á markaðsvirði þessara þátta frá lokum síðasta fjárhagsárs.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að lækka niðurfærslu, byggða á endurtryggingu, á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 16. gr. a, þegar:

a) veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga frá síðasta fjárhagsári;

b) engin eða lítil yfirfærsla vátryggingaráhættu felst í endurtryggingasamningunum.

5. Hafi lögbær yfirvöld krafist áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir vátryggingafélag í samræmi við 1. mgr. skulu þau hvorki gefa út vottorð skv. 2. undirl. 3. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar, a-lið 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 88/357/EBE (önnur tilskipun um skaðatryggingar) (*) né 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (**) svo lengi sem þau telja að réttindum tryggingataka sé ógnað í skilningi 1. mgr.

(*) Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB (Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).

(**) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).“

2. gr.

Aðlögunartímabil

1. Aðildarríkjum er heimilt að veita vátryggingafélögum, sem við gildistöku þessarar tilskipunar annast vátryggingar á yfirráðasvæði þeirra í einum eða fleiri greinaflokkum sem getið er í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE, fimm ára aðlögunartíma, sem hefst daginn sem tilskipun þessi öðlast gildi, til að fullnægja kröfunum sem settar eru fram í 1. gr. þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að veita vátryggingafélögum, sem um getur í 1. mgr., er hafa ekki að fullu uppfyllt kröfur um lágmarksgjaldþol innan fimm ára, frekari frest, þó ekki lengri en til tveggja ára, til að gera svo, að því tilskildu að fyrirtækin hafi skv. 20. gr. tilskipunar 73/239/EBE lagt fyrir lögbær yfirvöld til staðfestingar tillögur um þær ráðstafanir sem þau hyggjast gera í því skyni.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja í síðasta lagi 20. september 2003 nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin sjá til þes að ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skuli fyrst gilda um eftirlit byggt á ársreikningum fyrir fjárhagsár sem hefjast 1. janúar 2004 eða á því almanaksári.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2007, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar og, ef nauðsyn krefur, um þörfina fyrir frekari samræmingu. Skýrslan skal sýna á hvern hátt aðildarríkin hafa nýtt sér möguleika þessarar tilskipunar og einkum það hvort sá ákvörðunarréttur, sem innlendum eftirlitsyfirvöldum er veittur, hafi haft áhrif í átt að meiri háttar mismun milli aðildarríkja á eftirliti á innri markaðnum.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. mars 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	R. DE RATO Y FIGAREDO
forseti.	*forseti.*

1036. Svar [557. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga.

1. *Hvert er umfang geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga til 18 ára aldurs hérlendis miðað við það sem tíðkast í nágrannalöndum?*

Þessi samanburður liggur ekki fyrir. Engar rannsóknir hafa verið gerðar um langt árabil á umfangi þjónustunnar milli landa svo vitað sé. Ekki er heldur auðvelt að fá upplýsingar um umfang þessarar þjónustu í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Í skýrslu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem skilað var í október 1998 kemur fram að BUGL sinnti þá um 0,4–0,5% barna, en samkvæmt norskum tölum væri eðlilegt að sinna um 2% barna. Þessar tölur eru frá árinu 1997 eða fyrr og gefa ekki rétta mynd af þjónustunni nú hér á landi.

Skilgreiningar á hvað telja skal til geðheilbrigðisþjónustu í þessu sambandi eru nokkuð á reiki, og þyrfti að hafa þær sambærilegar ef gera á alþjóðlegan samanburð.

Geðheilbrigðisþjónusta við börn sem veitt er af hálfu BUGL nær nú til mun stærri hóps en að framan greinir, og samkvæmt upplýsingum frá yfirlækni deildarinnar tekur deildin á móti um 300 nýjum tilvikum ár hvert. Bent skal á að sjálfræðisaldur hefur hækkað á þessum árum, og því er ekki hægt að ályktа beint um hlutfallslega aukningu án mun nákvæmari tölulegra upplýsinga og úrvinnslu en hér gefst kostur á. Þá veitir BUGL nú geðheilbrigðisþjón-

ustu á stofnunum Barnaverndarstofu samkvæmt sérstökum samningi og þjónar þannig fjölmörgum einstaklingum sem ekki sækja beinlínis þjónustu á deildina.

Fjölgun barna- og unglingageðlækna hér á landi hefur haft í för með sér að nú má sækja þjónustu á stofur sérfræðilækna, og möguleikar til að veita þessa þjónustu voru auknir verulega á síðasta ári. Þá sinna sálfræðingar nú þessum börnum og unglingum á stofum.

Fyrir fáum missirum var opnuð sérstök deild á Vogi á vegum SÁÁ til þess að sinna börnum og unglingum í vímuefnavanda sem vilja takast á við hann. Deildin rúmar 11 einstaklinga, en auk þess er veitt ráðgjafar- og göngudeildarþjónusta á sjúkrahúsinu fyrir þennan hóp.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hefur verið mótuð sú stefna að sinna fyrst og fremst göngudeildarþjónustu með þverfaglegu teymi en að börn með geðrænan vanda leggist aðeins inn á stofnun í algerum undantekningartilvikum. Barna- og unglingageðdeild, sem áformað var að reka á FSA þar til stefna hefði verið mótuð, mundi aðeins hafa tvö til þrjú rúm að staðaldri. Því er nú gert ráð fyrir að þetta verði eingöngu göngudeild, en börn sem þarf að leggja inn verði lögð inn á barnadeild. Nú er stefnt að ráðningu sérmenntaðs og sérhæfðs starfsfólks til að sinna þjónustunni.

Tilraunaverkefni með sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum hafa þótt gefa góða raun. Þverfagleg greiningarteymi í heilsugæslunni hafa einnig sannað gildi sitt. Á miðstöð barna í Heilsugæslunni í Reykjavík er börnum á forskólaaldri sinnt, og hefur sú þjónusta reynst mjög góð viðbót við aðra heilbrigðisþjónustu fyrir þennan aldurshóp.

Heilsugæslulæknar, skólahjúkrunarfræðingar, barnalæknar og margir fleiri koma í störfum sínum að tilfellum þar sem um er að ræða vægari veikindi barna á geðsviði. Þetta eru tilvik sem jafnvel má leysa án frekari íhlutunar, en ella er þeim vísað áfram.

Nú í mars verður byrjað að vinna rannsókn á heilsu, hegðun og þroska 5 ára barna. Um 300 börn verða í rannsóknarúrtakinu, og verður m.a. skimað fyrir geð- og þroskaröskunum. Þannig verður varpað ljósi á heilsufar þessa hóps, og væntanlega gefa niðurstöðurnar miklar vísbendingar.

Ljóst er af framansögðu að þjónusta við þennan hóp er veitt nokkuð víða. Það þarf því töluvert umfangsmikla rannsókn til að svara þessari mikilvægu spurningu sem hér er lögð fram.

2. *Hvert er hlutfall stofnanaþjónustu annars vegar og þjónustu utan sjúkrahúsa hins vegar á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga?*

Til þess að svara þessari spurningu þarf að safna miklum gögnum sem ekki liggja fyrir nú, sbr. svar hér að framan. Slík gagnasöfnun tekur langan tíma. Ekki liggja fyrir skráðar upplýsingar um þennan þátt geðheilbrigðisþjónustunnar. Hér á eftir verður reynt að nálgast svar með stuttri lýsingu á hluta stofnanaþjónustunnar, en þar eru upplýsingar aðgengilegri.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum eru legurými á BUGL eftirfarandi: níu á unglingageðdeild, sex á fimm sólarhringa barnadeild og fimm á Kleifarvegi sem ætluð eru minna veikum börnum. Legur á deildunum þremur eru 156 samtals á ári og meðallegutími er um 33 dagar. Innlögnum hefur fjölgað um tugi prósenta á fáum árum, en legurnar eru nú almennt styttri en áður. Sem dæmi má nefna að á unglingadeildinni hefur þróunin verið þannig að árið 1997 voru innlagnir 33, en árið 2002 voru þær orðnar 91. Þessi skipulagsbreyting hefur haft í för með sér að fleiri fá nú þjónustu þótt enn þurfi að gera betur. Algengt hefur verið nú síðustu mánuðina að 11–13 unglingar hafi verið á unglingadeildinni, þ.e. 2–4 til viðbótar við skilgreind legurými, og brýnt er að fjölga rýmum á deildinni.

Unglingar sem leggjast inn á BUGL eru með geðraskanir eða alvarleg geðræn einkenni, svo sem geðrof, kvíða, persónuleikaraskanir, alvarlegt þunglyndi, áfallastreitu, átraskanir og sjálfsvígshugmyndir. Þeir sem eiga í vímuefnavanda eða glíma við félagsleg vandamál eða hegðunarvandamál leggjast inn á Stuðla eða á Vog. Biðlisti hefur verið á unglingageðdeildina nú í janúar og hafa 13 unglingar beðið, þar af þrír töluvert veikir í heimahúsum. Unglingar hafa í nokkrum tilvikum verið lagðir inn á geðdeildir fyrir fullorðið fólk þegar svona ástand hefur skapast.

Komur á göngudeild BUGL árið 2002 voru nálægt því að vera um 3000. Mikil aukning hefur einnig orðið á þeirri starfsemi, m.a. með fjölgun starfsfólks.

Á Vogi liggja að jafnaði um 11 börn og unglingar sem eru tilbúin að fara í meðferð. Talið hefur verið mjög mikilvægt að hafa sérstaka deild fyrir þennan hóp og er í tengslum við deildina og þjónustuna haldið saman miklum tölulegum upplýsingum sem sjá má á heimasíðu samtakanna.

Mikil aukning hefur orðið hér á landi á þörf fyrir þessa þjónustu. Er það í samræmi við þróunina í nágrannalöndunum og eru ástæður taldar fjölþættar og ekki hefur tekist að varpa með rannsóknum skýru ljósi á hvar orsaka sé helst að leita. Hins vegar er ljóst að bregðast þarf við aukningunni og tryggja að þörfinni sé mætt með enn frekari aðgerðum.

3. *Hvernig er háttað samvinnu félagsmála- og heilbrigðisyfirvalda um þjónustu við ungmenni með hegðunartruflanir?*

Samvinna á þessu sviði er fjölþætt og vinna ráðuneyti félagsmála og heilbrigðis- og tryggingamála að ýmsum verkefnum sameiginlega. Fyrst og fremst byggist samvinna stofnananna sem heyra undir ráðuneytin á samstarfssamningi sem gerður var vorið 2000, en þá höfðu fengist 70 millj. kr. til þessa samstarfs.

Samningurinn tekur til margs konar þjónustu, en honum var sagt upp vorið 2002 vegna ágreinings um framkvæmdina. Samningurinn er nú til umfjöllunar í ráðuneytum heilbrigðismála og félagsmála, og er þess vænst að tillögur liggi fyrir um framhaldið á næstunni. Skýrt skal tekið fram að stofnanirnar sem samningurinn tekur til, þ.e. BUGL, Barnaverndarstofa og stofnanir á hennar vegum og SÁÁ, starfa eins og samningurinn sé enn í gildi. Fram hefur komið hjá öllum þeim sem aðild eiga að samningnum að hann hafi haft mjög góð áhrif á þetta samstarf og allir hvetja til þess að það verði tryggt og eflt í framtíðinni. Það er ekki rétt sem haldið hefur verið fram að fé það sem rann til Landspítala samkvæmt samningnum hafi runnið í annað en gert var ráð fyrir eins og fram hefur komið opinberlega hjá sviðsstjóra á geðsviði Landspítalans þar sem ásökunum af þessu tagi var mótmælt harðlega.

Vegna stöðugrar aukningar á þörf fyrir þjónustu allra þeirra stofnana sem sinna börnum og unglingum á þessu sviði er ljóst að veita þarf meira fjármagn til slíkrar samvinnu á næstunni. Í mjög mörgum tilvikum eiga þeir ungu sjúklingar sem eru í þörf fyrir þjónustu við margþætt vandamál að etja sem þarf í raun að sinna á fleiri en einni stofnun. Þá er algengt að í ljós komi í meðferð á einni stofnun að þörf er fyrir framhaldsþjónustu á annarri og er nauðsynlegt að samskipti stofnana séu greið og tilfærsla sjúklinga geti gengið snurðulaust fyrir sig.

4. *Er vitað hve stór sá hópur ungmenna er sem á í vanda en fær enga aðstoð?*

Á biðlista eftir þjónustu BUGL voru nú í janúar 43, en 59 í janúar 2002. Þar af bíða 25 eftir mati á ofvirkni. Í janúar biðu 8–10 unglingar eftir innlögn á unglingageðdeildina en það ástand hefur ekki verið til staðar áður. Unglingadeildin á Vogi hefur getað mætt þörfinni að mestu, en þörfin er að sjálfsögðu sveiflukennd. Aðstoðin er, eins og fram hefur komið, veitt

með margvíslegum hætti og ráðuneytinu er ekki kunnugt um neitt veikt barn eða ungling sem ekki fær neina aðstoð.

Óskað var upplýsinga frá landlæknisembættinu um þetta atriði, en það embætti tekur á móti kvörtunum og kærum eins og kunnugt er. Þar lágu ekki fyrir kvartanir vegna þess að einstaklingar fengju enga þjónustu, en ábendingar um bið og ófullnægjandi þjónustu á þessu sviði hafa borist embættinu.

5. *Hvaða áform eru um að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga?*

Geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga þarf að efla verulega á næstu árum.

Framlögin til rekstrar BUGL eru nú um 15% af framlögunum til reksturs geðsviðs LSH, og hefur þetta hlutfall verið breytilegt undanfarin ár, oft um 11%. Við hagræðingaraðgerðir á Landspítalanum hefur geðsviðið lækkað rekstrarkostnað en BUGL hefur verið haldið utan við þær aðgerðir. Árleg framlög eru um 300 millj. kr. Árin 1998 og 1999 fengust aukafjárveitingar til að stytta biðlistana. Árið 2000 kom samningur sá sem getið er um hér að framan til framkvæmda en þá fengust 40 millj. kr. til tilgreindra þjónustuþátta.

Það liggur fyrir að geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga hefur verið aukin mikið á undanförnum árum, á stofnunum og utan þeirra. Hitt er þó ljóst að nauðsynlegt er að halda stöðugt áfram uppbyggingu á þessu sviði.

Nýlega var sett á laggirnar nefnd til að skoða hvernig LSH geti mætt þeim vanda sem BUGL glímir við. Nefndin mun gera tillögur til forstjóra innan fárra vikna.

Að ósk félags barna- og unglingageðlækna mun ráðherra næstu daga setja á laggirnar stofna starfshóp einstaklinga sem þekkja vel til málsins frá mörgum sjónarhornum. Er ætlunin að fá fram raunhæfar tillögur um næstu skref við þróun málaflokksins.

Gagnrýnt hefur verið að ekki hafi verið farið að tillögum um þetta efni sem kynntar voru ráðherra með skýrslu í október 1998. Minnt er á að tillögur sem skilað er til ráðherra eru ekki þar með stefna hans. Ráðherrar meta hvaða leiðir skuli fara til að leysa ákveðinn vanda að fengnum tillögum, og byggist sú ákvörðun að sjálfsögðu m.a. á möguleikum til fjármögnunar. Þáverandi heilbrigðisráðherra gerði margar af tillögum nefndarinnar að sínum. En þær fimm tillögur sem kynntar voru um uppbyggingu þjónustu fyrir börn og unglinga urðu ekki óbreyttar hluti af stefnu ráðherrans og hafa ekki verið framkvæmdar bókstaflega eins og þær eru settar fram. Hins vegar hefur mjög margt verið gert í málaflokknum á þessum árum, og má þar t.d. nefna opnun barna- og unglingadeildarinnar á Vogi og samstarfssamninginn sem áður er vitnað til. Áherslur breytast stöðugt og reynt er að bregðast við í samræmi við það.

Margar hugmyndir hafa verið ræddar í ráðuneytinu sem koma mega að gagni. Verið er að skoða hugmyndir um uppbyggingu BUGL, skipulag geðheilbrigðisþjónustu við landsbyggðina, möguleika sérfræðilækna til að stunda þessa sjúklinga á stofu, húsnæðismál FSA með tilliti til aukningar á starfsemi á sviði geðrænna vandamála og eflingu skólaheilsugæslunnar, svo fátt eitt sé nefnt.

Mun því beint til starfshóps ráðherra að hann skili tillögum hið fyrsta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur lagt á það áherslu að nauðsynlegt sé að vinna að framgangi þessa málaflokks af einhug allra þeirra sem að málinu koma. Viðfangsefnið er viðkvæmt og mikilvægt að þeir sem fjalla um þetta mál taki mið af því í umræðum.

6. *Verður geðdeildarþjónusta veitt á nýjum barnaspítala?*

Væntanlega verður margvísleg þjónusta veitt þeim börnum sem liggja á barnaspítalanum, þar með talin þjónusta vegna geðrænna vandamála sem oft geta fylgt erfiðu sjúkdómsástandi.

Hinn nýi barnaspítali mun þó ekki hýsa BUGL, og var sú ákvörðun tekin að vel athuguðu máli um 1994 eða fyrr, en þá hófst undirbúningur að byggingu barnaspítalans. Er vísað til fyrri svara við fyrirspurnum þingmanna um þetta efni.

Geðdeildarþjónusta verður áfram veitt þessum hópi sjúklinga innan Landspítala – háskólasjúkrahúss, en staðsetning deildarinnar og staðsetning í stjórnskipuriti fer eftir ákvörðun stjórnenda spítalans sem taka tillit til margvíslegra sjónarmiða. Þetta verður að sjálfsögðu gert í samráði við ráðherra.

1037. Fyrirspurn [640. mál]

til umhverfisráðherra um innihaldslýsingar á matvælum.

Frá Þuríði Backman.

Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa svo að sambærilegur árangur náist hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi innihaldslýsingar á matvælum?

1038. Fyrirspurn [641. mál]

til menntamálaráðherra um leyfi til heimakennslu á grunnskólastigi.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hefur einhver sveitarstjórn sótt um heimild til að leyfa heimakennslu á grunnskólastigi? Ef svo er, hvaða ástæður voru þá fyrir slíkri beiðni? Hvaða ástæður gætu helst réttlætt slíka heimild að mati ráðherra?

1039. Fyrirspurn [642. mál]

til menntamálaráðherra um álagningu STEF-gjalda á óskrifaða geisladiska.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Telur ráðherra að sú staðreynd að sífellt hærra hlutfall af tónlist er gefið út á læstum geisladiskum gefi tilefni til að endurskoða álagningu STEF-gjalda á óskrifaða diska?

1040. Fyrirspurn [643. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurhæfingu krabbameinssjúklinga.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir eflingu endurhæfingardeildar krabbameinssjúklinga í Kópavogi?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir rekstri dagdeildar fyrir krabbameinssjúklinga á sama stað og ef svo er, hvenær má búast við að rekstur slíkrar deildar geti hafist?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að sálfræðiþjónusta, sjúkraþjálfun og endurhæfing verði ávallt samþætt læknisfræðilegri meðferð og hjúkrun krabbameinssjúklinga?

1041. Fyrirspurn [644. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu rafmagnseftirlits og ástand raflagna á sveitabýlum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við upplýsingum sem fram koma í skýrslum Löggildingarstofu – rafmagnsöryggisdeildar, nú síðast í desember 2002, um alvarlegt ástand raflagna á sveitabýlum?
2. Hyggst ráðherra endurskoða framkvæmd rafmagnseftirlits í landinu með tilliti til þess hve öryggisþáttum raflagna og rafbúnaði er ábótavant?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir að rafmagnseftirlitsmenn starfi svæðisbundið eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, þ.e. að rafskoðunarstofur séu starfandi úti um land?

Skriflegt svar óskast.

1042. Fyrirspurn [645. mál]

til landbúnaðarráðherra um stöðu nautakjötsframleiðslu.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær er ráðgert að vinnuhópur um stöðu nautakjötsframleiðslunnar skili áliti?
2. Hvernig mun ráðherra bregðast við þeirri þróun sem orðið hefur á smásöluverði nautakjöts og verði til bænda frá 1998?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir uppruna- og flokkunarmerkingum á nautakjöti?
4. Hvernig er hægt að tryggja neytendum að saman fari verð og flokkun, þ.e. að í hæstu verðflokkum smásölunnar sé eingöngu gæðakjöt í flokki UNI Ú A og UNI Ú B?

5. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir að landbúnaðarvörur séu seldar undir framleiðslukostnaðarverði?
6. Hverjar telur ráðherra vera framtíðarhorfur þeirra bænda sem stunda nautgriparækt eingöngu til kjötframleiðslu?
7. Hvenær mega nautakjötsframleiðendur búast við aðgerðum af hálfu ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

1043. Fyrirspurn [646. mál]

til iðnaðarráðherra um úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Löggildingarstofu.

Frá Þuríði Backman.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum úttektar Ríkisendurskoðunar á starfsemi Löggildingarstofu?

1044. Nefndarálit [543. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Halldórsdóttur og Þórð Ólafsson frá umhverfisráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Reykjavíkurborg, Endurvinnslunni, tollstjóranum í Reykjavík, Samtökum verslunarinnar, ÁTVR og Verslunarráði.

Í frumvarpinu er lagt til að umsýsluþóknun Endurvinnslunnar af umbúðum úr stáli, gleri og plastefni verði hækkuð í samræmi við breytingu sem orðið hefur á vísitölu neysluverðs frá árinu 2000. Fjárhæð umsýsluþóknunar var þá lögfest en vísitalan hefur hækkað um 13% frá þeim tíma.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Gunnar Birgisson og Jóhann Ársælsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Ásta Möller.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

1045. Svar [561. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um opinber gjöld á handfrjálsan búnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Eru lagðir tollar, vörugjöld eða önnur opinber gjöld á handfrjálsan búnað sem Alþingi hefur lögbundið við notkun farsíma við akstur? Ef svo er, hver og hve há eru þessi gjöld?

Á handfrjálsan búnað sem tengdur er farsíma við akstur er lagður 7,5% tollur ef varan er upprunnin í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins en enginn tollur er lagður á vöruna ef hún er upprunnin í löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá ber handfrjáls búnaður 25% vörugjald.

1046. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Guðna Guðbergsson frá Veiðimálastofnun, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Andrés Arnalds frá Landgræðslu ríkisins, Áslaugu Helgadóttur og Emmu Eyþórsdóttur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Ólaf R. Dýrmundsson frá Forystufjárræktarfélagi Íslands og Kesara A. Jónsson frá Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt. Umsagnir um málið bárust þá frá Búnaðarsambandi Suðurlands, Vottunarstofunni Túni ehf., Búnaðarsamtökum Vesturlands, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Forystufjárræktarfélagi Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Bændasamtökum Íslands og frá tilnefndum fulltrúa Veiðimálastofnunar í erfðanefnd búfjár.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á hlutverki og skipan erfðanefndar búfjár. Hlutverk nefndarinnar er aukið þannig að hún fjalli ekki einungis um helstu búfjárstofna og ferskvatnsfiska heldur um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði á breiðum grunni, þ.e. um húsdýr, nytjajurtir og tré, og fjölgað er í nefndinni til samræmis við það úr fimm mönnum í sjö.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum að í stað fulltrúa sem tilnefndur er af umhverfisráðuneyti verði áfram fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands eins og í núgildandi lögum. Náttúrufræðistofnun annast að hluta til framkvæmd Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni fyrir hönd umhverfisráðuneytis. Stofnunin sinnir aðild Íslands að vísindasiðanefnd samningsins og á sæti í framkvæmdanefnd hans hér á landi og sinnir þannig margvíslegum verkefnum sem lúta að framkvæmd, þar á meðal verndun þess erfðaefnis sem fólgið er í flóru landsins. Sérstaða Íslands er veruleg í þessu efni þar sem stór hluti þess plöntuerfðaefnis sem hér er notað í ræktun er af útlendum uppruna. Búfjárræktin byggist hins vegar að miklu leyti á gömlum búfjárkynjum sem eru sérstæð í hópi

framleiðslukynja og telur nefndin því mikilvægt að unnið sé skipulega að verndunarmati og verndunaráætlun þeirra á grundvelli Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Þá var einnig rætt í nefndinni um mikilvægi þess að erfðanefnd tæki einnig til umfjöllunar siðferðileg sjónarmið, en þau eru sérstaklega mikilvæg í umfjöllun um erfðaræktun, hvort sem um ræktun plantna eða dýra er að ræða.

Loks leggur nefndin til að orðið erfðaauðlind verði notað í frumvarpinu í stað erfðalindar í merkingunni verðmætt erfðaefni, sbr. orðið náttúruauðlind, enda hafa borist fjölmargar ábendingar frá umsagnaraðilum um það.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Á undan 1. efnismgr. komi fyrirsögn, svohljóðandi: *Erfðanefnd landbúnaðarins.*
b. Í stað orðsins „umhverfisráðuneyti“ í 1. efnismgr. komi: Náttúrufræðistofnun Íslands.
c. Í stað orðsins „erfðalinda“ í a-, b- og d-lið 2. efnismgr. komi: erfðaauðlinda, og í stað orðsins „erfðalindir“ í c-lið sömu málsgreinar komi: erfðaauðlindir.

Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Pétur Bjarnason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 25. febr. 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Guðjón Guðmundsson.	Karl V. Matthíasson.	Þuríður Backman.

Sigríður Ingvarsdóttir.

1047. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti (stjórnsýsla almannavarna).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Harald Johannessen ríkislögreglustjóra og Þóri Oddsson og Jón Friðrik Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra, Hafstein Hafsteinsson frá Landhelgisgæslunni, Helga Hallgrímsson vegamálastjóra, Magnús Jónsson veðurstofustjóra, Sólveigu Þorvaldsdóttur frá Almannavörnum ríkisins, Bergþór Halldórsson frá Landssíma Íslands, Sigurð Guðmundsson landlækni ásamt Hauki Valdimarssyni og Vilborgu Ingólfsdóttur frá embætti landlæknis, Guðjón Petersen, fyrrverandi framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins, Kristbjörn Óla Guðmunds-

son og Jón Gunnarsson frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Jón Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigrúnu Árnadóttur frá Rauða krossi Íslands, Þórhall Ólafsson frá Neyðarlínunni og Hrólf Jónsson slökkviliðsstjóra frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Jón Birgi Jónsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins, Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, og Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Siglingastofnun Íslands, sýslumanninum á Hvolsvelli, sýslumanninum á Ólafsfirði, Vegagerðinni, Almannavörnum ríkisins, landlæknisembættinu, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Veðurstofu Íslands, Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, sýslumanninum á Ísafirði, sýslumanninum í Vestmannaeyjum, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Landhelgisgæslu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Geislavörnum ríkisins, ríkislögreglustjóra, Reykjavíkurborg, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Neyðarlínunni.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á stjórnskipulagi almannavarna. Verkefni sem hafa verið á hendi almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins eru færð til embættis ríkislögreglustjóra. Gert er ráð fyrir að stofnuð verði sérstök deild við embættið í þessu skyni sem annist heildarskipulagningu og samhæfingu almannavarna. Þá er lagt til að sérstök ráðgjafarnefnd verði ríkislögreglustjóra til ráðuneytis um stefnumörkun og skipulag. Ekki eru lagðar til breytingar á stjórnskipulagi almannavarna í héraði nema gert er ráð fyrir að sveitarfélögum verði heimilt að koma á fót sameiginlegum almannavarnanefndum yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi. Slíkt er ekki heimilt nú.

Meginsjónarmiðið að baki þessum breytingum er að ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra og samkvæmt gildandi lögum fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Því er talið eðlilegt að ríkislögreglustjóri fari með yfirstjórn þessara mála á landsvísu, sér í lagi með það í huga að almannavarnaástand getur náð yfir fleira en eitt lögsagnarumdæmi. Með þessu muni jafnframt m.a. boðleiðir í almannavarnaástandi styttast, stjórnskipulag verða einfaldara og sparnaður nást í opinberum rekstri vegna samlegðaráhrifa.

Nefndin ræddi málið ítarlega á fundum sínum. Helstu athugasemdir sem fram komu hjá gestum lutu að nauðsyn heildarendurskoðunar á lögunum en jafnframt var á það bent að hlutverk hinnar svokölluðu samstarfsnefndar um almannavarnir væri ekki nógu skýrt.

Meiri hlutinn leggur til breytingar sem lúta að verksviði ríkislögreglustjóra annars vegar og svokallaðrar samstarfsnefndar um almannavarnir hins vegar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn leggur til að í stað samstarfsnefndarinnar verði áfram starfandi almannavarnaráð skipað lykilmönnum frá nánar tilgreindum stofnunum og aðilum á sviði almannavarna. Talið er nauðsynlegt að í almannavarnaástandi liggi skýrt fyrir hverjir eigi sæti í því og sé upptalningin því til þess fallin að spara tíma og vangaveltur við slíkar aðstæður. Meiri hlutinn leggur jafnframt til það nýmæli að dómsmálaráðherra skipi óháðan formann ráðsins án tilnefningar í þeim tilgangi að tryggja jafnræði aðila innan þess. Þá leggur meiri hlutinn til að dómsmálaráðherra hafi heimild til þess að kalla fleiri aðila til starfa í almannavarnaráði ef nauðsyn ber til. Lagt er til að almannavarnaráð verði ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir. Auk þess verði það hlutverk ráðsins að stuðla að samhæfingu í almannavarnaaðgerðum og fjalla um áhersluatriði í almannavörnum á hverjum tíma og vera auk þess ríkislögreglustjóra til ráðgjafar þegar almannavarnaástand skapast.

Meiri hlutinn leggur til að ríkislögreglustjóri hafi mun nánara samstarf við almannavarnaráð en frumvarpið gerði ráð fyrir og beri öll helstu atriði tengd almannavörnum undir það.

Í breyttu stjórnskipulagi ber ríkislögreglustjóri hins vegar stjórnsýslulega ábyrgð á málaflokknum gagnvart dómsmálaráðherra. Með því að lagt er til að meðal verkefna ríkislögreglustjóra sé vöktun og mat á hættu, viðbúnaður og upplýsingaöflun í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir, auk annarra verkefna sem tekin eru fram í 2. gr. frumvarpsins, er ekki gert ráð fyrir að hann annist mælingar, spár eða nokkra vísindalega vinnu heldur sé embættið upplýst um stöðu mála hverju sinni.

Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að tímabært er að endurskoða lögin í heild og gera úttekt á stöðu almannavarna í landinu, ekki síst með hliðsjón af aukinni samvinnu við leit og björgun og samhæfingu viðbragða gegn vá.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Meiri hlutinn leggur til að ríkislögreglustjóri hafi mjög náið samstarf við almannavarnaráð og beri öll helstu atriði tengd almannavörnum undir ráðið, sbr. breytingartillögur við 1., 2., 5., 9., 11., 12. og 13. gr. frumvarpsins. Ríkislögreglustjóri ber hins vegar stjórnsýslulega ábyrgð á málaflokknun gagnvart dómsmálaráðherra.
2. Lögð er til nauðsynleg breyting á 5. gr. laganna í samræmi við ákvæði sóttvarnalaga, nr. 19/1997, og annarrar löggjafar á þessu sviði.
3. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. frumvarpsins, er verður 3. gr., til samræmis við það sem nefnt er hér að framan og skýrar kveðið á um samráðsskyldu ríkislögreglustjóra við ýmsa aðila. Lögð er til orðalagsbreyting á b-lið um vöktun og mat á hættu til að skýrt sé hvað átt er við og að hér sé um að ræða samvinnu ríkislögreglustjóra við hlutaðeigandi stofnanir en ekki einungis við vísindastofnanir. Þá er lögð til breyting á c-lið ákvæðisins um geislavarnir. Viðmið í geislunarviðbúnaði hafa breyst mikið á undanförnum árum og reynslan hefur sýnt að jafnvel grunur um smávægilega aukningu geislunar getur haft veruleg efnahagsleg og félagsleg áhrif. Þannig miða nú flest lönd geislunarviðbúnað sinn við að geta brugðist við minnstu breytingu frá venjulegu ástandi og sama gildir um Geislavarnir ríkisins. Nauðsynlegt þykir að skipulag viðbúnaðar sé það sveigjanlegt að það geti tekið á smávægilegum frávikum jafnt sem alvarlegum slysum og atvikum. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til mun ríkislögreglustjóri hafa skýra lagaheimild til víðtækari samvinnu við Geislavarnir ríkisins um viðbúnað vegna geisla- og kjarnorkuvár með svipuðum hætti og tíðkast í grannlöndum okkar. Þá er lagt til að við bætist tveir nýir stafliðir þar sem kveðið er á um samráðsskyldu ríkislögreglustjóra við Umhverfisstofnun, landlæknisembættið og yfirdýralækni við nánar tilgreindar aðstæður. Loks er lagt til að áfram verði stuðst við nákvæma upptalningu í lögum á því hverjir eigi sæti í almannavarnaráði. Talið er nauðsynlegt að slíkt liggi skýrt fyrir í almannavarnaástandi. Upptalningin er til þess fallin að spara tíma og vangaveltur við slíkar aðstæður. Meiri hlutinn leggur þó til að ráðherra hafi heimild til þess að kalla fleiri aðila til starfa í almannavarnaráði ef nauðsyn ber til. Meiri hlutinn leggur til að nokkrir aðilar bætist í grunnhóp ráðsins. Nauðsynlegt þykir að veðurstofustjóri eigi þar sæti þar sem Veðurstofa Íslands er orðin helsta vöktunarstofnun landsins og fylgist með nánast allri náttúruvá, annaðhvort ein eða í samstarfi við aðrar stofnanir. Í núgildandi lögum um almannavarnir er gert ráð fyrir að póst- og símamálastjóri sitji í almannavarnaráði. Með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa í löggjöf leggur meiri hlutinn til að þess í stað eigi þar sæti forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar ásamt forstjóra Landssíma Íslands til þess að tryggja eðlileg fjarskipti og síma- og netsamband frá landinu í almannavarnaástandi. Þá þykir jafnframt nauðsynlegt að hafa æðstu yfirmenn frá Rauða krossinum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga

í ráðinu ásamt flugmálastjóra þar sem þessir aðilar þurfa í ljósi reynslunnar að koma að málum ef almannavarnaástand skapast.
4. Lögð er til orðalagsbreyting í 6. gr.
5. Þá er lögð til nauðsynleg breyting á gildistöku frumvarpsins.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Jónína Bjartmarz.
Ásta Möller.		Kjartan Ólafsson.

1048. Nefndarálit [549. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Kauphöll Íslands, Seðlabankanum, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Fjármálaeftirlitinu, Félagi löggiltra endurskoðenda, Alþýðusambandi Íslands og ríkislögreglustjóra.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eiga rót sína að rekja til tilmæla FATF-ríkjahópsins sem eru samtök ýmissa ríkja innan OECD um aðgerðir gegn peningaþvætti. Íslendingar hafa verið þátttakendur í starfi ríkjahópsins frá upphafi. Evrópusambandið hefur jafnframt samþykkt tilskipun á grundvelli þessara tilmæla sem verður hluti EES-samningsins.

Til fróðleiks aflaði nefndin sér upplýsinga um þróun á fjölda tilkynninga um grunsamleg viðskipti frá setningu laganna. Samkvæmt upplýsingum frá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur fjöldi tilkynninga verið eftirfarandi:

1994:	2
1995:	9
1996:	2
1997:	11
1998:	12
1999:	55
2000:	113
2001:	125
2002:	163

Eins og sjá má hefur tilkynningum fjölgað hröðum skrefum. Með breytingalögum nr. 38/1999 voru gerðar veigamiklar breytingar á lögunum sem stjórnvöld fylgdu eftir með

kynningarátaki með fulltrúum fyrirtækja. Ef skoðuð er fjölgun tilkynninga á milli áranna 1999 og 2000 virðist sem átakið hafi skilað sér í meiri árvekni aðila á markaðnum.

Nefndin leggur til breytingu á 5. og 6. gr. Breytingin er tæknilegs eðlis og felur í sér að tilvísun til 1. gr. laganna er lagfærð, enda ekki ætlunin að undanskilja þá aðila sem nefndir eru í g-lið 1. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað tilvísunarinnar „1.–14. tölul. 1. mgr. 1. gr.“ í 2. efnismgr. 5. gr. og 2. efnismgr. 6. gr. komi: 1. mgr. 1. gr.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.	

1049. Nefndarálit [391. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá dómsmálaráðuneyti Rögnu Árnadóttur, Hjalta Zóphóníasson og Önnu Sigríði Arnardóttur. Þá bárust umsagnir frá Hagstofu Íslands, Reykjavíkurborg, yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Megintilgangur frumvarpsins er að heimila talningu atkvæða á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi. Sum kjördæmi hafa stækkað svo mjög að nauðsynlegt þykir að hafa þann möguleika að hægt sé að telja atkvæði á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi. Sérstaklega er hér haft í huga ef kosning fer fram að vetrarlagi. Einnig er lögð til nauðsynleg orðalagsbreyting í upptalningu sveitarfélaga í samræmi við sameiningu þeirra eða af öðrum ástæðum. Þá er lagt til að kjörseðlar verði útbúnir með ferningi fyrir framan listabókstafina sem kjósendur setja krossinn í. Með þeim breytingum er vonast til að eyða óvissu kjósanda um það hvar á kjörseðlinum hann á að merkja með krossi og draga þannig úr hættu á að atkvæði verði talið til vafaatkvæða. Að lokum er lagt til að ákvæði laganna um afsal kosningarréttar í kjördeild til þess að geta kosið í annarri kjördeild innan kjördæmis, t.d. vegna fötlunar, verði gerð skýrari. Í þessu felst þó ekki efnisleg breyting frá fyrri framkvæmd.

Við kynningu ráðuneytisins á frumvarpinu kom í ljós að gera þyrfti frekari breytingar á frumvarpinu og núgildandi lögum um kosningar til Alþingis þar sem láðst hafði á nokkrum stöðum að taka tillit til breytinga frumvarpsins varðandi umdæmiskjörstjórnir. Jafnframt var bent á að bæta þyrfti við ákvæðum um umdæmi umdæmiskjörstjórna og verklag þeirra. Umdæmi þeirra verður að ákveða tímanlega og geta umdæmismörk skipt miklu, t.d. varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Nefndin gerir því tillögur til breytinga til samræmis við framangreint.

Þá leggur nefndin til að við sérstakar aðstæður geti ráðherra heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir í hverju kjördæmi. Heimild þessi yrði aðeins veitt í undantekningartilvikum og sérstaklega er haft í huga ef kosningar fara fram að vetri til og erfitt er um samgöngur.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Í 1.–6. tölul. er lagt til að nánar verði kveðið á um umdæmiskjörstjórnir, þ.e. þar sem láðist að geta þeirra í upphaflegu frumvarpi. Í 2. tölul. er jafnframt kveðið á um að yfirkjörstjórn ákveði umdæmi umdæmiskjörstjórna. Nauðsynlegt er að ákvörðun um umdæmi umdæmiskjörstjórna verði tekin tímanlega. Hvert umdæmi þeirra verður skiptir m.a. máli vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Umrædda ákvörðun þyrfti því að tilkynna með lengri fyrirvara en kveðið er á um í almenna ákvæðinu í 1. mgr. 97. gr. laganna. Jafnframt er lagt til að við sérstakar aðstæður geti ráðherra heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir sem kosnar skulu á sama hátt. Það er mat nefndarinnar að túlka beri þessa heimild þröngt og aðeins ef atvik gætu hamlað því að atkvæðasendingar bærust með góðu móti á milli staða, t.d. ef til kosninga kæmi að vetri til. Þá skal tekið fram varðandi 5. tölul. að gert er ráð fyrir að umdæmiskjörstjórn geti úrskurðað um ágreining sem upp kemur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt. Komi hins vegar upp ágreiningur innan umdæmiskjörstjórnar eða á milli umdæmiskjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, sbr. 103. gr. laganna, þá skal yfirkjörstjórn úrskurða um gildi hans.
2. Lögð er til breyting á 15. gr. sem felur í sér að 103. gr. laganna er sett upp á ný svo að efnisinnihald hennar falli betur að framkvæmd mála. Þá er jafnframt lagt til að við greinina bætist ný málsgrein sem áður var 16. gr. frumvarpsins en ákvæðið þykir eiga betur við þar.
3. Þá er lögð til breyting á 17. gr. sem eingöngu er tæknilegs eðlis.

Ólafur Örn Haraldsson og Pétur Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi var samþykk afgreiðslu þess.

Alþingi, 25. febr. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Jónína Bjartmarz.	Lúðvík Bergvinsson.	Ásta Möller.

Kjartan Ólafsson.

1050. Breytingartillögur [391. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við b-lið 11. gr. laganna bætist: og umdæmiskjörstjórnir, sbr. 3. mgr. 13. gr.
2. Við 2. gr. er verði 3. gr.
   a. Við 1. málsl. efnismálsgreinar bætist: og ákveður umdæmi hennar.
   b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við sérstakar aðstæður getur ráðherra heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir í hverju kjördæmi sem kosnar skulu á sama hátt.
3. Við 4. gr., er verði 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „Undirkjörstjórnir“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: og eftir atvikum umdæmiskjörstjórnir.
   b. Í stað orðanna „og yfirkjörstjórna“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: yfirkjörstjórna og eftir atvikum umdæmiskjörstjórna.
4. Á eftir 6. gr., er verði 7. gr., komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnarinnar“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar.
   b. Á eftir orðunum „utanáskrift sinni“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Yfirkjörstjórn skal einnig senda umdæmiskjörstjórn viðeigandi umslög, sbr. 2. og 3. mgr., eftir því sem við á.
5. Á eftir 8. gr., er verði 10. gr., komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (11. gr.)
      Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 4. mgr. 90. gr. laganna kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.
   b. (12. gr.)
      Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 92. gr. laganna kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.
6. Við 13. gr., er verði 17. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: eða umdæmiskjörstjórn.
7. Við 15. gr., er verði 19. gr. Greinin orðist svo:
   103. gr. laganna orðast svo:
   Nú kemur yfirkjörstjórn, eftir atvikum umdæmiskjörstjórn, og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur um gildi kjörseðils skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.
   Nú verður ágreiningur innan umdæmiskjörstjórnar eða á milli umdæmiskjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill er gildur eða ógildur og skal þá umdæmiskjörstjórnin senda hann til yfirkjörstjórnar sem úrskurðar um gildi hans.
   Nú verður ágreiningur meðal yfirkjörstjórnar um gildi kjörseðils og skal afl atkvæða ráða úrslitum. Verði ágreiningur milli yfirkjörstjórnar og einhvers umboðsmanna um

það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur skal leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórnin hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna kynnir umdæmiskjörstjórn niðurstöðu talningar sinnar yfirkjörstjórn sem færir niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Hafi talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn skal hún, eftir að starfi hennar er lokið, senda alla notaða kjörseðla undir innsigli til yfirkjörstjórnar og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum. Auk þess sendir hún yfirkjörstjórn undir innsigli utankjörfundaratkvæði sem fara eiga í kjördeild sem tilheyrir yfirkjörstjórn, sbr. 4. mgr. 90. gr., allar kjörskrár í innsigluðum umbúðum, kjörbækur undirkjörstjórna sem hún hefur móttekið og einnig gerðabók sína. Yfirkjörstjórn skal fara með þessi gögn á sama hátt og þau sem eru í hennar vörslu.

8. Við 16. gr. Greinin falli brott.
9. Við 17. gr., er verði 20. gr. Í stað orðanna „skal yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn“ komi: skal kjörstjórnin.

1051. Fyrirspurn [647. mál]

til dómsmálaráðherra um flutning hættulegra efna um jarðgöng.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um flutning hættulegra efna um jarðgöng sem samþykkt var á Alþingi 15. desember 2000?

1052. Breytingartillögur [464. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti (stjórnsýsla almannavarna).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (ÞKG, KF, JBjart, ÁMöl, KÓ).

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „dómsmálaráðherra“ í efnismálsgreininni komi: að höfðu samráði við almannavarnaráð, sbr. 6. gr.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   5. gr. laganna orðast svo:

   Landlæknir fer í umboði heilbrigðisráðherra með stjórn þeirra þátta almannavarna er varða málefni heilbrigðisstofnana, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum. Stjórn sóttvarna er í höndum sóttvarnalæknis.

Landlæknisembættið hefur með höndum forvarnir, leiðbeiningar og almannafræðslu er varða málefni sem ógna heilsu manna.

Forráðamönnum heilbrigðisstofnana ber samkvæmt tilmælum landlæknis að undirbúa og framkvæma ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

3. Við 2. gr.
   a. Við fyrri málslið 1. efnismgr. bætist: að höfðu samráði við almannavarnaráð, sbr. 4. mgr.
   b. Eftirfarandi breytingar verði á 2. efnismgr.:
      1. B-liður orðist svo: Vöktun og mat á hættu ásamt öflun upplýsinga í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
      2. C-liður orðist svo: Viðbúnaður vegna geisla- og kjarnorkuvár í samvinnu við Geislavarnir ríkisins.
      3. Á eftir c-lið komi tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
         d. Viðbúnaður vegna mengunaróhappa í samvinnu við Umhverfisstofnun og landlæknisembættið.
         e. Að hafa samvinnu við yfirdýralækni og landlæknisembættið um viðbrögð og varnaraðgerðir gegn dýrasjúkdómum sem ógnað geta almannaheill.
      4. Við d-lið bætist: í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
      5. Við e-lið bætist: í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
   c. 4. efnismgr. orðist svo:

      Sérstakt ráð, almannavarnaráð, skal vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir. Ráðið skal starfa með ríkislögreglustjóra þegar almannavarnaástand skapast. Í ráðinu eiga sæti forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, ríkislögreglustjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, forstjóri Landssíma Íslands, vegamálastjóri, veðurstofustjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjörg og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar óháðan formann ráðsins án tilnefningar. Ráðherra getur sett nánari reglur um aðild að ráðinu og starf þess.
4. Við 5. gr. Við 2. málsl. 1. efnismgr. bætist: og almannavarnaráð.
5. Við 6. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:

   Á hættutíma hefur ríkislögreglustjóri ákvörðunarvald um flutning hjálparliðs á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra og almannavarnaráð.
6. Við 9. gr. Við a-lið bætist: að höfðu samráði við almannavarnaráð.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

   1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

   Ríkislögreglustjóri skal undir yfirstjórn dómsmálaráðherra og að höfðu samráði við almannavarnaráð annast gerð neyðaráætlana, svo og sjá um leiðbeiningar og almannafræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofu Íslands.
8. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

   3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir ríkislögreglustjóra, almannavarnaráði og hlutaðeigandi almannavarnanefndum.
9. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

   1. málsl. 2. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Í neyðartilvikum, svo sem þegar um er

að ræða eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni ríkislögreglustjóra, að höfðu samráði við almannavarnaráð, mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti.

10. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

1053. Frumvarp til laga [648. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:
Iðnaðarráðherra er heimilt að selja allan eignarhlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að iðnaðarráðherra fái heimild til sölu alls hlutafjár ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. Ríkið á allt hlutafé verksmiðjunnar en hlutafélag var stofnað um rekstur Sementsverksmiðju ríkisins árið 1993. Fjárhagsstaða Sementsverksmiðjunnar hf. er nú afar erfið vegna minni sementssölu en áður og harðari samkeppni eftir að innflutningur var hafinn á árinu 2000. Fyrirsjáanlegt er að verksmiðjan geti ekki haldið áfram starfsemi við óbreyttar aðstæður. Verksmiðjan þarf á auknu rekstrarfé að halda til að geta nýtt þau tækifæri sem bjóðast á sementsmarkaði. Með frumvarpinu og fyrirhugaðri sölu er leitast við að finna fjárfesta sem munu tryggja samkeppnisstöðu verksmiðjunnar og tryggja samkeppni á sementsmarkaði.

Iðnaðarráðherra hyggst auglýsa eftir áhugasömum fjárfestum til að taka við rekstri Sementsverksmiðjunnar hf. Ráðgert er að velja að því loknu einn eða fleiri fjárfesta til frekari viðræðna um kaup á hlutafé verksmiðjunnar.

Saga verksmiðjunnar.

Sementsverksmiðjan hf. er gamalgróið fyrirtæki í íslenskum iðnaði. Bygging verksmiðjunnar hófst árið 1955. Árið 1958 var ofn verksmiðjunnar gangsettur og framleiðsla hófst á sementi. Fyrirtækið hefur því framleitt íslenskt sement í 45 ár.

Sementsverksmiðjan hf. notar nær eingöngu íslenskt vinnuafl, hráefni og orku ef frá er dregin notkun á kolum og olíu. Óhætt er að fullyrða að verksmiðjan hafi þjónað íslenskum byggingariðnaði vel í öll þessi ár og gegnt mikilvægu hlutverki. Fyrirtækið hefur verið í nánu samstarfi við steypustöðvar og byggingaraðila ásamt Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Mikil þróun hefur átt sér stað við framleiðslu á sementi hjá Sementsverksmiðjunni hf. Afköst hafa verið aukin, steypugæði bætt og vöruúrval aukið. Sjálfvirkni í framleiðsluferlinu hefur einnig verið aukin. Þannig hefur framleiðni verið aukin hjá fyrirtækinu jafnt og þétt og

til marks um það má nefna að upp úr 1980 voru 185 starfsmenn hjá fyrirtækinu en í dag eru þeir um 70. Nú er hægt að framleiða meira sement sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur með færra fólki en áður.

Framleiðslutæki verksmiðjunnar eru í góðu ástandi. Verksmiðjunni hefur verið vel við haldið og metnaður verið lagður í að tæknivæða framleiðsluferlið. Árið 2000 gerði F.L. Smith úttekt á ástandi framleiðslutækja verksmiðjunnar en F.L. Smith hannaði verksmiðjuna upphaflega. Niðurstaðan var sú að framleiðslutæki væru í góðu ástandi. Árið 2001 ákváðu stjórnendur fyrirtækisins að taka þátt í samanburðarathugun á sementsfyrirtækjum í Evrópu. Útkoma fyrirtækisins var mjög góð í þeirri könnun. Það er því ljóst að verksmiðjan uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur og hefur á að skipa góðu starfsfólki.

Á síðustu árum hefur Sementsverksmiðjan hf. tekið að sér að eyða og þar með endurnýta nær allan olíuúrgang sem fellur til í landinu. Jafnframt hefur verið farið út í að eyða ýmsum öðrum efnum, svo sem leysiefnum og framköllunarvökva. Hægt er að hita ofn verksmiðjunnar í 1.450°C sem veldur því að efnin brotna niður og valda ekki mengun eða hættu fyrir umhverfið. Flestar sementsverksmiðjur á Vesturlöndum taka nú að sér eyðingu og endurnýtingu úrgangs. Við áframhaldandi framleiðslu sements hér á landi má því búast við að hlutverk verksmiðjunnar við endurvinnslu úrgangsefna verði æ mikilvægara. Má í því sambandi nefna að ekki verður leyft í nánustu framtíð að farga með urðun t.d. hjólbörðum og baggaplasti eins og nú er gert. Í þessu eru fólgin tækifæri fyrir verksmiðjuna.

Rekstur Sementsverksmiðjunnar hf. hefur oft verið erfiður. Hlutafélag var síðan stofnað um rekstur hennar árið 1993. Markmiðið var að setja verksmiðjunni sama almenna starfsramma og flestum öðrum atvinnufyrirtækjum í landinu. Afkoma verksmiðjunnar batnaði verulega á síðari hluta tíunda áratugarins vegna meiri sementssölu og hagræðingar í rekstri. Á þessum árum var talsverð umræða um að selja verksmiðjuna og fékkst m.a. heimild í fjárlögum til að selja 25% hlutafjárins. Sú heimild var aldrei nýtt.

Samkeppni á sementsmarkaði.

Allt frá því að Íslendingar gengu í EFTA árið 1970 hefur innflutningur á sementi verið frjáls. Þrátt fyrir það hófst innflutningur ekki fyrr en árið 2000 þegar Aalborg Portland hóf að selja sement á Íslandi. Það kom strax í ljós að samkeppnin yrði mjög hörð. Sementsverð lækkaði um 25% í kjölfarið og hefur haldist þar. Sementsverksmiðjan hf. hefur reynt að mæta samkeppninni með aukinni hagræðingu. Má þar nefna enn frekari fækkun starfsmanna, endurnýjun samninga við birgja og aukna verktöku svo að dæmi séu tekin. Þótt þessar aðgerðir hafi skilað umtalsverðri hagræðingu hafa þær ekki dugað til og hefur fyrirtækið verið rekið með tapi frá árinu 2000.

Áætlað er að markaðshlutdeild Aalborg Portland sé nú um 25%. Fyrirtækið hefur nú reist tvö 5.000 tonna síló í Helguvík og gæti fyrirtækið annað öllum íslenska markaðinum miðað við núverandi aðstæður. Lækkun sementsverðs hefur haft í för með sér erfiðleika í rekstri Sementsverksmiðjunnar hf. auk þess sem sala á sementi hefur almennt dregist saman um 30–40% á síðustu missirum.

Ágreiningur hefur verið á milli Sementsverksmiðjunnar hf. og Aalborg Portland. Sementsverksmiðjan hf. hefur haldið því fram að samkeppnin á markaðinum sé óeðlileg og að Aalborg Portland stundi undirboð. Rökin eru þau að verð á sementi á Íslandi sé nú sambærilegt við það sem gerist víðast hvar í Evrópu, m.a. í Danmörku. Fjarlægðarvernd Sementsverksmiðjunnar hf. í formi flutningskostnaðar sem fram til ársins 2000 hafði komið í veg fyrir innflutning virðist því ekki vera til staðar lengur. Þetta telur Sementsverksmiðjan hf. að stangist á við samkeppnislög þar sem keppinauturinn hefði ekki bolmagn til að halda úti

slíkri samkeppni nema í krafti stærðar og mikillar arðsemi á heimamarkaði. Aalborg Portland neitar þessu hins vegar og bendir á að verð frá Danmörku sé það sama til Íslands og til annarra útflutningslanda.

Sementsverksmiðjan hf. og Aalborg Portland Ísland hafa sent samkeppnisyfirvöldum nokkrar kærur á undanförnum missirum:

- Haustið 2001 óskaði Sementsverksmiðjan hf. eftir því að samkeppnisráð kannaði hvort Aalborg Portland Ísland hefði brotið gegn góðum viðskiptaháttum. Málinu lauk með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála 23. júlí 2002 og var ekki talin ástæða til aðgerða. Hins vegar kom það álit fram hjá áfrýjunarnefndinni að undirverðlagning væri eðlileg hjá fyrirtækjum sem væru að koma ný inn á markað. Sá tími sem slík verðlagning ætti rétt á sér væri hins vegar ekki langur vegna sérstöðu markaðarins. Jafnframt var bent á að Sementsverksmiðjan hf. ætti kost á að bera undir samkeppnisyfirvöld hvort ákvæði 11. gr. samkeppnislaga kynnu að hafa verið brotin í máli þessu.
- Í kjölfar úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála ákvað Sementsverksmiðjan hf. að senda kæru til samkeppnisyfirvalda vegna grunar um að Aalborg Portland Ísland hafi brotið gegn bannákvæðum 11. gr. samkeppnislaga um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þessi kæra liggur enn inni í Samkeppnisstofnun og hefur Sementsverksmiðjunni hf. borist bréf frá stofnuninni um að málið verði ekki tekið til umfjöllunar að sinni þar sem sambærilegt mál sé í meðferð hjá Eftirlitsstofnun EFTA.
- Í ársbyrjun 2002 óskaði Aalborg Portland Ísland eftir því að samkeppnisráð kannaði hvort Sementsverksmiðjan hf. hefði brotið gegn góðum viðskiptaháttum. Málinu lauk með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnisráðs og var ekki talin ástæða til aðgerða. Sú ákvörðun byggðist m.a. á því að Sementsverksmiðjan hf. var ekki talin vera markaðsráðandi þrátt fyrir 75–80% markaðshlutdeild þar sem markaðurinn væri skilgreindur sem kaupendamarkaður.
- Í október 2001 sendi Sementsverksmiðjan hf. Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun vegna viðskiptahátta Aalborg Portland. Í forúrskurði Eftirlitsstofnunar EFTA sem barst Sementsverksmiðjunni hf. seinni hlutann í desember 2002 kom fram það álit að Sementsverksmiðjan hf. væri markaðsráðandi á Íslandi. Samkvæmt samkeppnislögum mætti Aalborg Portland ekki selja sement undir breytilegum kostnaði. Þar sem könnun Eftirlitsstofnunar EFTA hefði leitt í ljós að ekki væri verið að selja undir breytilegum kostnaði þá væri ekkert tilefni til aðgerða. Sementsverksmiðjan hf. hefur mótmælt þessu áliti Eftirlitsstofnunar EFTA í ítarlegu bréfi. Óvíst er hvenær vænta má að stofnunin felli úrskurð í málinu en þó er ljóst að það mun taka marga mánuði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Með frumvarpinu er iðnaðarráðherra veitt heimild til að selja allan eignarhlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. Verði frumvarpið að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1054. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sólveigu Guðmundsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ásgeir Johansen frá Rolf Johansen & Company ehf. Málið var sent til umsagnar og bárust svör frá Krabbameinsfélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, tóbaksvarnanefnd, Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, landlæknisembættinu, Rolf Johansen & Company ehf. og Landssamtökum hjartasjúklinga.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tóbaksvarnir til samræmis við reglur tilskipunar 2001/37/EB um framleiðslu, kynningu og sölu tóbaksvarnings. Meðal nýmæla í frumvarpinu er að merkja skuli hvern sígarettupakka með upplýsingum um hve mikinn kolsýring hver sígaretta gefur frá sér til viðbótar við slíkar upplýsingar um tjöru og nikótín. Einnig er lagt til að bannað verði að merkja tóbak þannig að gefið sé til kynna að það sé hættuminna en annað tóbak. Þá eru lagðar ýmsar skyldur á tóbaksframleiðendur og tóbaksinnflytjendur, t.d. að leggja fram sýnishorn af vörunni ef leitað er eftir því, veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um efnainnihald tóbaks, gera ákveðnar rannsóknir ef krafa er gerð um það og standa straum af kostnaði við slíka upplýsingagjöf og rannsóknir á því.

Við umfjöllun málsins voru lögð fram drög að reglugerð um viðvörunarmerkingar á tóbaki sem setja á með stoð í lögunum í samræmi við þær reglur sem koma fram í áðurnefndri tilskipun.

Að mati nefndarinnar er sjálfsagt að skaðsemi reykinga sé komið skýrt á framfæri við neytendur tóbaks og er hún samþykk þeirri neytendavernd sem kemur fram í þeirri viðleitni. Minnir nefndin þó á að meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins sé jafnan gætt á öllum sviðum, þar á meðal um þær skyldur sem lagðar eru á innflytjendur tóbaks í frumvarpinu. Nefndin leggur til að í stað þess að heilbrigðisyfirvöld geti krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks geri rannsóknir á vörunni verði yfirvöldum heimilað að láta þá gera prófanir. Að mati nefndarinnar er of íþyngjandi að leggja rannsóknarskyldu á þessa aðila. Nægilegt er að hægt sé að krefja þá um prófanir.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað orðsins „rannsóknir“ í 2. efnismgr. a-liðar og í b-lið komi: prófanir.

Einar Oddur Kristjánsson, Katrín Fjeldsted og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. febr. 2003.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Ásta Möller.	Ólafur Örn Haraldsson.	Björgvin G. Sigurðsson.

1055. Frumvarp til laga [649. mál]

um Ábyrgðasjóð launa.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja launamönnum og lífeyrissjóðum greiðslur vegna vangoldinna krafna þeirra við gjaldþrot vinnuveitanda eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar ábyrgjast ekki skuldbindingar.

2. gr.
Ábyrgðasjóður launa.

Starfrækja skal Ábyrgðasjóð launa sem ábyrgist greiðslu á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrisiðgjöld í bú vinnuveitanda sem hefur staðfestu og rekur starfsemi hér á landi. Í þeim tilvikum sem vinnuveitandi hefur staðfestu í fleiri en einu ríki veita lögin ábyrgð á kröfum vegna þeirra launamanna sem að öllu leyti eða að jafnaði inna af hendi starfsskyldur sínar hér á landi, enda njóti kröfur þeirra ekki ábyrgðar í öðru ríki.

Ábyrgð sjóðsins er háð því skilyrði að kröfur skv. 1. mgr. hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með fyrirvara um takmarkanir og frávik sem kveðið er á um í II.–IV. kafla laga þessara.

Fari um skipti á búi vinnuveitanda samkvæmt lögum annars ríkis gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við á um meðferð krafna sem njóta ábyrgðar skv. 1. mgr.

3. gr.
Stjórnsýsla.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

Ábyrgðasjóður launa lýtur þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Um hlutverk stjórnar Ábyrgðasjóðs launa og fjármögnun sjóðsins fer að öðru leyti skv. VIII. kafla.

II. KAFLI
Ábyrgðartímabil og kröfur.

4. gr.
Ábyrgðartímabil.

Ábyrgð sjóðsins tekur til krafna sem taldar eru upp í 5. gr. og fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag eða réttur hefur unnist til á því tímabili. Þó er heimilt að miða ábyrgðartímabil við frestdag ef sú niðurstaða er hagstæðari fyrir kröfuhafa.

Í sérstökum undantekningartilvikum er sjóðnum heimilt að ábyrgjast kröfur sem gjaldfallið hafa utan ábyrgðartímabils 1. mgr., að því tilskildu að eðlilega hafi verið staðið að

innheimtu þeirra. Beiting þessarar heimildar skal þó ekki hafa í för með sér að ábyrgðartímabil verði lengra en 18 mánuðir.

5. gr.

Kröfur sem njóta ábyrgðar sjóðsins.

Ábyrgð sjóðsins tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda:

a. Kröfu launamanns um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda.
b. Kröfu um bætur vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi að því tilskildu að kröfuhafi sýni fram á með ótvíræðum hætti, svo sem með skráningu hjá opinberri vinnumiðlun, að hann hafi verið á vinnumarkaði og ástundað virka atvinnuleit í uppsagnarfresti.
c. Kröfu um orlofslaun sem réttur hefur unnist til á ábyrgðartímabili, sbr. 4. gr.
d. Kröfu lífeyrissjóðs um lífeyrisiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabili, sbr. 4. gr. Ábyrgðin takmarkast við 10% lágmarksiðgjald og allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd, sbr. 2. og 9. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og ákvæði í kjarasamningum. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á iðgjöldum, þar á meðal um eftirlit með skilum og innheimtu þeirra.
e. Kröfu launamanns um bætur vegna tjóns af völdum vinnuslyss og kröfu þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launamanns, enda taki tryggingar vinnuveitanda ekki til bótakröfunnar.

6. gr.

Hámark ábyrgðar.

Hámarksábyrgð á kröfum launamanna skv. a- og b-lið 5. gr. skal vera 250.000 kr. miðað við hvern mánuð. Hámarksábyrgð á kröfum skv. c-lið 5. gr. skal vera 400.000 kr. Fjárhæðir þessar skulu endurskoðaðar árlega með reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa.

Greiðslur vinnuveitanda upp í kröfur skv. 5. gr. sem hann innir af hendi fyrir uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti skulu koma til frádráttar hámarksábyrgð sjóðsins eða þeirri fjárhæð sem nýtur ábyrgðar sé hún lægri. Með sama hætti skulu atvinnuleysisbætur og atvinnutekjur í uppsagnarfresti koma til frádráttar kröfum skv. b-lið 5. gr. Skal greiðsla sjóðsins til launamanns nema þeirri fjárhæð sem eftir stendur.

Við afgreiðslu sjóðsins á kröfum skv. a- og b-lið 5. gr. skal hver mánuður gerður upp sérstaklega samkvæmt hámarksfjárhæð sem kveðið er á um í 1. mgr. Nái krafa launamanns yfir skemmra tímabil en einn mánuð skal hámarksábyrgð reiknuð í hlutfalli við það tímabil.

7. gr.

Ábyrgð án gjaldþrotaskipta.

Sjóðstjórn er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að ábyrgjast kröfur skv. 5. gr. án undangenginna gjaldþrotaskipta á búi vinnuveitanda, enda liggi fyrir að vinnuveitandi hafi sannanlega hætt rekstri og tilraunir kröfuhafa til að koma fram gjaldþrotaskiptum á búi hans hafi ekki borið árangur eða kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

III. KAFLI
Vextir og kostnaður.

8. gr.
Vextir.

Kröfur skv. a–d-liðum 5. gr. skulu bera vexti skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá gjalddaga þeirra til þess dags er krafan fæst greidd úr Ábyrgðasjóði launa.

Um vexti á bótakröfur skv. e-lið 5. gr. fer samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um þær kröfur.

9. gr.
Kostnaður og skiptatrygging.

Njóti krafa ábyrgðar skv. 5. gr. á kröfuhafi rétt á greiðslu eðlilegs kostnaðar vegna innheimtu hennar, þ.m.t. dæmds málskostnaðar.

Auk kostnaðar skv. 1. mgr. ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu skiptatryggingar sem launamaður eða lífeyrissjóður hefur greitt.

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa skal setja reglur sem ráðherra staðfestir um hámark á greiðslu kostnaðar og önnur skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á kröfum skv. 1. og 2. mgr.

IV. KAFLI
Undanþágur frá ábyrgð.

10. gr.
Undanþágur.

Kröfur framkvæmdastjóra og stjórnarmanna hins gjaldþrota fyrirtækis njóta ekki ábyrgðar samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um kröfur launamanns sem var eigandi, einn eða ásamt maka sínum eða öðrum nákomnum, að verulegum hlut í hinu gjaldþrota fyrirtæki og hafði umtalsverð áhrif á rekstur þess.

Ábyrgðasjóði launa er heimilt að hafna kröfum maka þeirra einstaklinga sem taldir eru upp í 1. mgr., annarra skyldmenna eða þeirra sem nákomnir eru þeim að öðru leyti ef sýnt er fram á að kröfur þeirra séu óréttmætar með tilliti til framangreindra tengsla.

Heimilt er að lækka greiðslu úr sjóðnum miðað við gerða kröfu ef krafan telst óeðlilega há miðað við það starf sem kröfuhafi gegndi, starfstíma hans og þau launakjör sem tíðkast í viðkomandi starfsgrein eða eftir atvikum í hinu gjaldþrota fyrirtæki.

Ákvæði 1.–3. mgr. taka ekki til bótakrafna skv. e-lið 5. gr.

11. gr.
Upplýsingar.

Kröfuhafi skal greina frá því í kröfugerð sinni til sjóðsins hvort þau atvik sem greinir í 10. gr. hafi átt við um hann á þeim tíma sem krafa hans á hendur vinnuveitanda stofnaðist.

V. KAFLI
Kröfugerð og umsögn skiptastjóra.

12. gr.
Frestur til að gera kröfu.

Krafa á hendur Ábyrgðasjóði launa verður því aðeins tekin til greina að hún berist sjóðnum innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í bú vinnuveitanda í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að taka til greina

kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Kveðið skal á um form og efni kröfu til Ábyrgðasjóðs launa í reglugerð.

13. gr.

Umsögn skiptastjóra.

Skiptastjóri í búi vinnuveitanda skal svo fljótt sem auðið er láta Ábyrgðasjóði launa í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í búið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar sjóðsins samkvæmt lögum þessum. Umsögn skiptastjóra skal fela í sér afstöðu hans til réttmætis kröfu og forgangsréttar hennar án tillits til eignastöðu búsins.

Hafi skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitanda til þess að taka afstöðu til lýstra krafna, en skiptastjóri lýsir því yfir að hann hafi viðurkennt forgangsrétt greiðslukröfunnar að einhverju leyti eða öllu, er Ábyrgðasjóði launa heimilt að fara með greiðslukröfu eins og fullnægt væri skilyrðum 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr sjóðnum á grundvelli slíkrar yfirlýsingar, en síðar kemur fram að hafnað er viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið, verður sú fjárhæð sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum ekki endurkrafin.

Ábyrgðasjóður launa getur óskað eftir frekari skýringum skiptastjóra á umsögn hans ef nauðsyn krefur.

Kveðið skal á um form og efni umsagnar skiptastjóra í reglugerð.

VI. KAFLI
Stjórnsýsla.

14. gr.

Ákvörðun um greiðslu.

Ábyrgðasjóður launa skal að jafnaði taka afstöðu til framkominnar kröfu innan fjögurra vikna frá því að umsögn skiptastjóra skv. 13. gr. berst sjóðnum. Ef ekki er unnt að taka afstöðu til kröfu innan frests, svo sem vegna frekari gagnaöflunar, skal tilkynna það kröfuhafa eða umboðsmanni hans og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við sjóðinn og leggja fram frekari gögn. Sjóðurinn getur óskað eftir skýringum kröfuhafa um einstaka þætti kröfu hans ef nauðsyn krefur.

Komi fram í umsögn skiptastjóra að ágreiningur sé um réttmæti kröfu hefst frestur skv. 1. mgr. þann dag sem sjóðnum berst tilkynning um lyktir ágreiningsins.

15. gr.

Tilkynningar.

Ábyrgðasjóður launa skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim er kröfu gerir og skiptastjóra í búi vinnuveitandans niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins. Í tilkynningu skal sundurliða þá fjárhæð sem ábyrgðar nýtur skv. II. og III. kafla.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr Ábyrgðasjóði launa skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr sjóðnum eftir þeim reglum sem kveðið er á um í 6. gr.

16. gr.

Málskot.

Afgreiðslu Ábyrgðasjóðs launa má skjóta til stjórnar sjóðsins innan mánaðar frá móttöku tilkynningar skv. 15. gr.

Stjórnin skal að jafnaði taka afstöðu til framkominnar kæru innan tveggja mánaða frá því að kæra berst. Skorti gögn eða nánari skýringar til að unnt sé að taka afstöðu til kröfu skal miða upphaf frests við þann dag sem þessar upplýsingar berast.

Heimilt er að kæra ákvarðanir stjórnar samkvæmt lögum þessum til félagsmálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá því að aðila barst tilkynning um ákvörðunina. Þetta skerðir þó ekki rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

17. gr.

Innlausn kröfu og fyrirsvar.

Frá því að skiptastjóra berst tilkynning Ábyrgðasjóðs launa skv. 15. gr. fer sjóðurinn með fyrirsvar fyrir kröfunni gagnvart búi vinnuveitanda að því leyti sem hann leysir kröfuna til sín. Nýtur krafa sjóðsins sömu stöðu í skuldaröð í búinu og hún hefði ella notið.

Sá sem gerir kröfu á hendur Ábyrgðasjóði launa á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt sjóðsins á hendur búi vinnuveitanda. Er honum óheimilt að samþykkja, án sérstaks leyfis stjórnar sjóðsins, að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti kröfuhafi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð samkvæmt lögum þessum fellur niður.

18. gr.

Staðgreiðsla opinberra gjalda.

Ábyrgðasjóði launa ber að reikna staðgreiðslu launamanns á kröfur sem samþykktar hafa verið samkvæmt lögum þessum og skila til innheimtuaðila í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

VII. KAFLI
Orlof vegna greiðsluerfiðleika.

19. gr.

Almenn skilyrði.

Standi vinnuveitandi ekki í skilum með greiðslu orlofslauna skv. 7. eða 8. gr. laga um orlof, nr. 30/1987, án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, getur launamaður eða hlutaðeigandi stéttarfélag í umboði hans snúið sér til Ábyrgðasjóðs launa með orlofslaunakröfuna. Krafa skal studd fullnægjandi gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum og vottorði viðkomandi vinnuveitanda eða löggilts endurskoðanda hans.

20. gr.

Áskorun til vinnuveitanda og innlausn.

Ef krafa launamanns uppfyllir skilyrði 19. gr. skal Ábyrgðasjóður launa þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna eigi síðar en þremur vikum frá dagsetningu áskorunar.

Komi fram andmæli af hálfu vinnuveitanda sem sjóðurinn telur réttmæt, svo sem um að krafan hafi þegar verið greidd eða hún niður fallin af öðrum ástæðum, skal sjóðurinn vísa kröfunni frá. Kröfu launamanns skal einnig vísað frá ef fram er komin beiðni um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda.

Standi ákvæði 2. mgr. ekki í vegi fyrir því að greiða megi kröfu launamannsins skal Ábyrgðasjóður launa innleysa kröfuna eigi síðar en fimm vikum frá dagsetningu áskorunar, sbr. 1. mgr. Um ábyrgð sjóðsins fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum c-liðar 5. gr., 6. gr. og IV. kafla, eftir því sem við á.

21. gr.

Aðfararhæfi og innheimta.

Krafa Ábyrgðasjóðs launa vegna innleystrar orlofslaunakröfu er aðfararhæf gagnvart vinnuveitanda. Þá skal innleyst krafa njóta sömu stöðu gagnvart þrotabúi vinnuveitanda og krafa launamanns hefði ella notið.

Á kröfu sem innleyst hefur verið samkvæmt reglum þessum reiknast dráttarvextir samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, fyrst 15 dögum eftir innlausn.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. VI. kafla, eftir því sem við á.

VIII. KAFLI

Hlutverk stjórnar, dagleg umsýsla og fjármögnun.

22. gr.

Hlutverk stjórnar Ábyrgðasjóðs launa.

Varsla Ábyrgðasjóðs launa, dagleg umsýsla og reikningshald eru á ábyrgð stjórnar sjóðsins í umboði félagsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Auk þeirra verkefna sem lúta að stjórnsýslulegri meðferð þeirra mála sem berast sjóðnum skal stjórn Ábyrgðasjóðs launa annast fyrirsvar fyrir sjóðinn og sinna öðrum þeim verkefnum sem lúta að framkvæmd laga þessara.

Stjórn sjóðsins skal fyrir lok september ár hvert gera tillögu til ráðherra um hlutfall ábyrgðargjalds, sbr. 23. gr. Tillaga stjórnar skal byggð á greinargerð hennar um fjárhagsstöðu sjóðsins og áætlun um þróun útgjalda. Jafnframt skal stjórnin fyrir sama tíma gera tillögu til ráðherra um hámarksfjárhæðir skv. 1. mgr. 6. gr.

23. gr.

Fjármögnun.

Ábyrgðasjóður launa skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi, hvaða nafni sem nefnist, sem skattskylt er. Ákvæði laga um tryggingagjald eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu ábyrgðargjalds.

Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa, sbr. 3. mgr. 22. gr.

Skorti sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal þá leggja sjóðnum til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka. Sé uppsöfnuð skuld Ábyrgðasjóðs launa við ríkissjóð í árslok hærri fjárhæð en svarar til helmings áætlaðra árstekna af ábyrgðargjaldi er félagsmálaráðherra heimilt með reglugerð, að fenginni umsögn sjóðstjórnar, að hækka gjaldið tímabundið í allt að 0,3% af gjaldstofni þar til jafnvægi er náð.

Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Kostnaður af rekstri Ábyrgðasjóðs launa greiðist af tekjum hans.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.
Framsal.

Hafi launamaður framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitanda var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar samkvæmt lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launamannsins, né heldur ef krafan hefur að fullu eða að hluta verið framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 7. gr. og VII. kafla.

25. gr.
Upplýsingar.

Stjórnvöldum, vinnuveitendum og öðrum hlutaðeigandi aðilum er skylt að láta Ábyrgðasjóði launa í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna afgreiðslu sjóðsins á einstökum kröfum.

26. gr.
Endurkrafa.

Hafi greiðslu verið aflað úr Ábyrgðasjóði launa með því að gefa rangar upplýsingar eða leyna atriðum sem leitt hefðu til synjunar eða lækkunar á greiðslu úr sjóðnum samkvæmt lögum þessum ber þeim er greiðsluna fékk að endurgreiða þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Krafa um endurgreiðslu skv. 1. mgr. fellur úr gildi fyrir fyrningu þegar tvö ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað.

Telji stjórn Ábyrgðasjóðs launa að greiðslu hafi verið aflað eða reynt hafi verið að afla greiðslu úr sjóðnum með saknæmum hætti skal málinu vísað til opinberrar rannsóknar.

X. KAFLI
Reglugerðarheimild og gildistaka.

27. gr.
Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

28. gr.
Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af tilskipun ráðsins frá 20. október 1980 nr. 80/987/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota, öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, með síðari breytingum. Frá sama tíma fellur úr gildi 11. gr. orlofslaga, nr. 30/1987, með síðari breytingum.

Kröfur í bú vinnuveitanda sem úrskurðuð eru gjaldþrota fyrir gildistöku þessara laga njóta ábyrgðar samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, nr. 53/1993. Ákvæði 10. gr. laga þessara taka þó strax gildi vegna krafna í bú vinnuveitanda sem úrskurðuð eru gjaldþrota fyrir gildistöku þessara laga leiði þau til hagstæðari niðurstöðu fyrir kröfuhafa.

Ákvæði d-liðar 5. gr. tekur gildi 1. janúar 2004 varðandi ábyrgð á iðgjöldum samkvæmt samningum um viðbótartryggingavernd og ákvæðum kjarasamninga sem falla í gjalddaga

eftir gildistöku laga þessara, sbr. 1. mgr., enda hafi bú vinnuveitanda verið úrskurðað gjaldþrota eftir 1. janúar 2004.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. um hámarksábyrgð á kröfum launamanna skv. a- og b-lið 5. gr. öðlast gildi 1. apríl 2003 vegna krafna sem gjaldfalla eftir það tímamark. Fram til þess dags gildir 2. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1993.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. um hámark ábyrgðar vegna krafna skv. c-lið 5. gr. öðlast þegar gildi gagnvart kröfum sem stofnast hafa en hafa ekki náð hámarki ábyrgðar fyrir gildistöku laganna. Kröfur umfram hámarksábyrgð skulu ekki skerðast að því leyti sem þær stofnast fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem felur í sér heildarendurskoðun á lögum nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, er samið í félagsmálaráðuneytinu, og er það að mestu byggt á tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa til félagsmálaráðherra.

Helstu nýmæli sem frumvarpið hefur að geyma eru eftirfarandi:

Lagt er til að Ábyrgðasjóður launa taki á sig ábyrgð á vangreiddum iðgjöldum sem nemur allt að 4% af iðgjaldsstofni á grundvelli samnings um viðbótartryggingavernd umfram lágmarksiðgjald samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra hefur fjöldi slíkra samninga farið stigvaxandi frá gildistöku laganna árið 1998 en samið hefur verið um slíkan sparnað í almennum kjarasamningum. Þykir eðlilegt í ljósi þeirrar þróunar að Ábyrgðasjóður launa stuðli að vernd þessara réttinda.

Lögð er til hækkun á hámarksábyrgð sjóðsins vegna krafna launamanna. Samkvæmt gildandi lögum er hámarksábyrgð á mánuði miðuð við þrefaldar hámarksatvinnuleysisbætur á mánuði, eins og þær eru ákveðnar á hverjum tíma án tillits til barnafjölda. Í frumvarpinu er lagt til að miðað verði við fasta fjárhæð sem félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð til eins árs í senn, að fengnum tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa. Samkvæmt gildandi lögum er hámarksábyrgð á launakröfum á mánuði 232.347 kr. en lagt er til að sú fjárhæð verði hækkuð í 250.000 kr. Þessari hækkun verður að hluta til mætt með ákvæði um að ábyrgð sjóðsins á orlofslaunakröfum verði bundin hámarki sem ákveðið verður á sama hátt í reglugerð og að í upphafi miðist hámarksábyrgð við 400.000 kr.

Þá eru lagðar til breytingar að því er varðar skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á því skilyrði fyrir ábyrgð á bótum vegna slita á ráðningarsamningi að starfsmaður skrái sig reglulega hjá opinberri vinnumiðlun. Lagt er til að kröfuhafi hafi ákveðið val um þær aðferðir sem hann notar við atvinnuleit sína og að regluleg skráning hjá opinberri vinnumiðlun verði þannig lögð að jöfnu við aðrar aðferðir við atvinnuleit þegar mat er lagt á hvort launamaður uppfyllir kröfur um virka atvinnuleit. Í öðru lagi er lagt til að tekin verði af tvímæli um að ábyrgð á bótum vegna líkamstjóns sem starfsmenn verða fyrir í vinnu sinni komi einungis til álita í þeim tilvikum þegar tryggingar vinnuveitanda taka ekki til bótakröfu starfsmanns. Í þriðja lagi er lögð til breyting á reglum um ábyrgð á orlofslaunakröfum starfsmanna og þær færðar til samræmis við forgangsréttarákvæði gjaldþrotaskiptalaga. Er lagt til að ákvæði orlofslaga um ábyrgð á orlofi vegna greiðsluerfiðleika vinnuveitanda verði færð í sérstakan kafla í lögum þessum og að þær kröfur lúti í meginatriðum sömu reglum og gilda um ábyrgð á orlofskröfum við gjaldþrot vinnuveitanda. Í fjórða lagi er lagt til nýmæli um 18 mánaða ábyrgðartímabil krafna á hendur Ábyrgðasjóði launa sem að jafnaði reiknast frá þeim degi er gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp. Verða kröfur á hendur sjóðnum að falla í gjalddaga eða ávinnast innan þessa tímabils

ef til álita á að koma að sjóðurinn ábyrgist þær samkvæmt þeim reglum sem fjallað er um í frumvarpi þessu. Heimilt er þó að miða fremur við frestdag samkvæmt ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga ef það leiðir til hagstæðari niðurstöðu fyrir kröfuhafa. Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar á reglum er lúta að undanþágum frá ábyrgð sjóðsins vegna tengsla kröfuhafa við eigendur eða forsvarsmenn hins gjaldþrota vinnuveitanda.

Ýmsar breytingar eru lagðar til varðandi stjórnsýslu Ábyrgðasjóðs launa, m.a. að því er varðar kröfugerð á hendur sjóðnum og afgreiðslu hans. Þá er lagt til að heiti sjóðsins verði breytt úr ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota í Ábyrgðasjóður launa og kemur sú breyting jafnframt fram í fyrirsögn frumvarpsins.

Í gildandi lögum er kveðið á um að hafi greiðslu verið aflað úr sjóðnum með því að veita af ásetningi rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum geti það varðað sektum er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði þetta falli brott enda varðar sú háttsemi sem lýst er í ákvæðinu að jafnaði þyngri refsingum á grundvelli almennra hegningarlaga.

Loks er í frumvarpinu kveðið á um gildissvið laganna í þeim tilvikum þegar vinnuveitandi hefur starfsemi í fleiri en einu ríki en sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Var meðal annars höfð hliðsjón af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2002/74/ESB um breytingu á tilskipun nr. 80/987/EBE að því er varðar ábyrgð á kröfum launamanna þegar vinnuveitandi hefur starfsstöð í fleiri en einu aðildarríkja EES-samningsins. Er meginreglan samkvæmt tilskipuninni sú að ábyrgðasjóður þess ríkis þar sem starfsmenn starfa að jafnaði skuli bera ábyrgðina, óháð því hvar aðalskrifstofa vinnuveitanda er skráð eða gjaldþrotaúrskurður hefur verið kveðinn upp.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Þar sem í mörgum tilvikum er um það að ræða að kröfur á hendur Ábyrgðasjóði launa myndast á löngum tíma er þó nauðsynlegt að setja lagaskilaákvæði um ýmis atriði. Ber þar fyrst að telja að kveðið er á um að um kröfur í þrotabú vinnuveitanda sem úrskurðuð hafa verið gjaldþrota áður en frumvarpið öðlast gildi skuli fara samkvæmt ákvæðum gildandi laga, með þeirri undantekningu að ákvæði 10. gr. frumvarpsins um undanþágur frá ábyrgð taki strax gildi að því leyti sem þau leiða til hagstæðari niðurstöðu fyrir kröfuhafa. Þá er kveðið á um að ábyrgð sjóðsins á viðbótarlífeyrissparnaði taki gildi frá og með 1. janúar 2004. Loks er kveðið á um reglur um að hækkun hámarksábyrgðar á kröfum um vangoldin laun og bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti miðist við 1. apríl 2003. Jafnframt er kveðið á um að nýmæli um hámarksábyrgð á orlofskröfum taki gildi um leið og frumvarpið verður að lögum, svo fremi að það leiði ekki til skerðingar þegar áunninna réttinda.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með einstökum greinum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Kaflinn hefur að geyma almenna lýsingu á markmiði og gildissviði frumvarpsins, sbr. 1. gr., upptalningu á þeim kröfum sem notið geta ábyrgðar sjóðsins ásamt vísan til annarra kafla frumvarpsins er hafa að geyma nánari lýsingu á skilyrðum fyrir ábyrgð sjóðsins í einstökum tilvikum, sbr. 2. gr., og að síðustu ákvæði um það hver fari með framkvæmd laganna, sbr. 3. gr.

Helstu breytingar miðað við gildandi lög eru að í 1. gr. bætast ákvæði sem varða gildissvið laganna. Er lagt til í frumvarpinu að lögin gildi um kröfur í bú vinnuveitenda sem hefur skráða starfsemi hér á landi. Í þeim tilvikum er vinnuveitandi hefur starfsemi í fleiri en einu

aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er lagt til að lögin gildi um kröfur starfsmanna sem inna af hendi starfsskyldur sínar hér á landi.

Þá er í frumvarpinu að finna ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að komið geti til ábyrgðar samkvæmt lögum þessum þótt lög annars aðildarríkis samningsins um Evrópska efnahagssvæðið gildi um skipti á búi vinnuveitanda.

Rétt er að geta þess að lagt er til að 4. gr. gildandi laga falli brott. Greinin hefur að geyma ýmsar skilgreiningar, m.a. á hugtakinu launþegi, sem þykja að ýmsu leyti úr sér gengnar. Í frumvarpi þessu eru notuð hugtökin vinnuveitandi og launamaður og vísast um túlkun þeirra til almennra reglna vinnuréttar.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lýst markmiði frumvarpsins. Ákvæðið er að mestu samhljóða 1. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að notað verði hugtakið „launamaður“ í stað hugtaksins „launþegi“, sbr. 1. gr. gildandi laga. Þá er lagt til að orðið „viðurkennds“ á undan orðinu „lífeyrissjóðs“ falli brott, en ítarleg ákvæði um starfsemi lífeyrissjóða er nú að finna í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um tilvist Ábyrgðasjóðs launa og taldir upp þeir kröfuflokkar sem sjóðurinn ábyrgist greiðslu á. Ákvæðið felur í sér breytt heiti sjóðsins en samkvæmt gildandi lögum nefnist sjóðurinn ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Var sjóðurinn stofnaður á grundvelli laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, en áður bar ríkissjóður ábyrgð á kröfum launamanna vegna gjaldþrots vinnuveitanda. Fyrstu lög um ríkisábyrgð á launum eru nr. 31/1974.

Í 1. mgr. er einnig að finna afmörkun á gildissviði laganna og er ákvæðið meðal annars samið með hliðsjón af ákvæðum tilskipunar nr. 2002/74/ESB, um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 80/987/EBE um samræmingu laga aðildarríkja Evrópusambandsins til verndar réttindum starfsmanna við gjaldþrot vinnuveitanda. Ákvæðið felur í sér að lögin gilda um ábyrgð á kröfum vegna allra launamanna sem að öllu leyti eða að jafnaði inna af hendi starfsskyldur sínar hér á landi, jafnvel þótt vinnuveitandi reki starfsemi í fleiri en einu ríki. Í ákvæðinu er gerð krafa um að vinnuveitandi hafi staðfestu og reki starfsemi hér á landi en sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um það meginskilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins að kröfur launamanna annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar hafi verið samþykktar sem forgangskröfur skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Þar sem ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum endurspeglar ekki í einu og öllu ákvæði 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga er tekið fram að áskilnaður um viðurkenningu kröfu sem forgangskröfu er með fyrirvara um þau takmörk og frávik sem kveðið er nánar á um í II.–IV. kafla frumvarpsins. Er með þessu undirstrikuð sérstaða þeirra reglna sem hér um ræðir bæði að því er varðar sjálft gildissvið þeirra og nánari skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum.

Áskilnaðurinn um viðurkenningu skiptastjóra á forgangsrétti kröfu gefur kröfunni, í þeim tilvikum þegar það á við, engu að síður ákveðið vægi við mat Ábyrgðasjóðs launa á því hvort skilyrði séu til greiðslu hennar. Viðurkenning skiptastjóra á kröfu skv. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga bindur hins vegar ekki hendur sjóðsins enda ráð fyrir því gert að sjóðurinn taki ávallt sjálfstæða afstöðu til þess hvort krafa njóti ábyrgðar samkvæmt þeim sérstöku reglum sem hér er kveðið á um.

Til nánari skýringar skal tekið fram að með orðinu „takmörkun“ í 2. mgr. 2. gr. er í fyrsta lagi vísað til þess að ábyrgðartímabil skv. 4. gr. frumvarpsins fellur ekki nákvæmlega að því tímabili sem forgangsréttur skv. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga er miðaður við. Í öðru lagi er kveðið á um hámark ábyrgðar á einstökum launakröfum, sbr. 6. gr. frumvarpsins, en slíkar takmarkanir er ekki að finna í 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Í þriðja lagi er ábyrgð sjóðsins takmörkuð hvað varðar fjölda starfsmánaða. Samkvæmt a-lið 5. gr. njóta síðustu þrír starfsmánuðir ábyrgðar en skv. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga geta vangreiddar launakröfur í allt að 18 mánuði notið forgangsréttar við úthlutun úr þrotabúi vinnuveitanda. Um aðrar takmarkanir að þessu leyti vísast til einstakra greina frumvarpsins.

Orðið „frávik“ vísar fyrst og fremst til þess að kröfur sem ekki njóta forgangsréttar skv. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga geta notið ábyrgðar samkvæmt reglum frumvarpsins. Hér er í fyrsta lagi um að ræða reglur um ábyrgð sjóðsins á viðbótarlífeyrissparnaði, sbr. d-lið 5. gr. Í öðru lagi má nefna ákvæði 9. gr. frumvarpsins um ábyrgð sjóðsins á málskostnaði og skiptatryggingu. Í þriðja lagi er í 10. gr. frumvarpsins kveðið á um ýmsar undanþágur frá ábyrgð sjóðsins vegna tengsla kröfuhafa og vinnuveitanda en þessar reglur byggjast að hluta til á öðrum lagasjónarmiðum en hin sérstöku undanþáguákvæði 3. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Loks má nefna 7. gr. frumvarpsins um heimild sjóðsins til að greiða kröfur launamanna og lífeyrissjóða án undangenginna gjaldþrotaskipta á búi vinnuveitanda.

Um skýringar á þessum ákvæðum og öðrum er hafa að geyma sambærileg frávik vísast að öðru leyti til einstakra ákvæða frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. felur í sér nýmæli og hefur það í för með sér að ákvæði laganna gilda eftir því sem við á þótt um skipti á búi vinnuveitanda fari samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum annars ríkis í þeim tilvikum sem krafa nýtur ábyrgðar samkvæmt lögum þessum. Þykir eðlilegt að kveða á um þennan möguleika í frumvarpinu í ljósi þess að mjög hefur færst í vöxt að fyrirtæki hér á landi reki einnig starfsemi í öðrum ríkjum.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að félagsmálaráðherra fari með framkvæmd laganna.

Í 2. mgr., sem er efnislega samhljóða 1. mgr. 2. gr. gildandi laga, er kveðið á um að Ábyrgðasjóður launa lúti þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og einn án tilnefningar sem skal vera formaður stjórnar. Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði um skipan varamanna.

Í 3. mgr. er vísað til VIII. kafla frumvarpsins er hefur að geyma nánari ákvæði um hlutverk stjórnar sjóðsins og fjármögnun hans. Samkvæmt ákvæði þessu og ákvæðum VIII. kafla er framkvæmd laganna á sameiginlegri ábyrgð félagsmálaráðherra og stjórnar sjóðsins.

Um II. kafla.

Í kaflanum er að finna þau ákvæði er fjalla um ábyrgð sjóðsins á einstökum kröfum launamanna og lífeyrissjóða. Lagt er til það nýmæli að kröfur um iðgjöld á grundvelli samnings um viðbótarlífeyrissparnað njóti framvegis ábyrgðar sjóðsins, þó að hámarki 4% af heildarlaunum fyrir hvern mánuð. Jafnframt er lagt til að afnumin verði tenging hámarksábyrgðar af kröfum um laun og bætur í uppsagnarfresti við ákvæði laga um atvinnuleysisbætur og að þess í stað miðist hámarksábyrgð við fasta fjárhæð sem ráðherra ákveður með reglugerð. Einnig er lagt til það nýmæli að tekin verði upp hámarksábyrgð á kröfum um vangoldið orlof en engin slík takmörkun er í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Greinin hefur að geyma ítarlegri reglur um ábyrgðartíma krafna á hendur Ábyrgðasjóði launa en ákvæði gildandi laga. Í 1. málsl. 1. mgr. er lagt til það nýmæli að þær kröfur sem gerð er krafa um greiðslu á úr Ábyrgðasjóði launa hafi fallið í gjalddaga eða að réttur hafi unnist til þeirra á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag. Í 1. tölul. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti er hins vegar kveðið á um að kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamannsins sem hafa fallið í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag njóti forgangsréttar við úthlutun úr þrotabúi.

Þessi breyting er lögð til þar sem ávallt eru dæmi um það að fyrirtæki haldi áfram starfsemi þó að fram sé komin beiðni um gjaldþrotaskipti. Ef beiðni um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda nær fram að ganga telst sá dagur þegar beiðnin var lögð fram fyrir héraðsdómi frestdagur í skilningi 2. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Eins og áður segir njóta laun sem starfsmenn vinna fyrir eftir frestdag ekki forgangsréttar skv. 1. tölul. 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga né ábyrgðar samkvæmt gildandi lögum um Ábyrgðasjóð launa. Í mörgum tilvikum hafa skiptastjórar þrotabúa þó samþykkt slíkar launakröfur sem forgangskröfur og Ábyrgðasjóður launa því ekki talið fært að hafna greiðsluábyrgð. Ætla má að rökin fyrir afstöðu skiptastjóra í þessum málum séu þau að kröfur launamanna standi í beinum tengslum við vangoldnar launakröfur sömu aðila sem fallið hafa í gjalddaga fyrir frestdag og því ekki ástæða til að greina þar sérstaklega á milli. Sú breyting sem lögð er til með 4. gr. þessa frumvarps felur því fyrst og fremst í sér aðlögun að framangreindri lagaframkvæmd og er launamönnum til hagsbóta.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að við sérstakar aðstæður sé sjóðnum heimilt að miða fyrrgreint ábyrgðartímabil við frestdag í stað úrskurðardags ef sú niðurstaða er hagstæðari fyrir kröfuhafa. Er hér einkum haft í huga að ábyrgð sjóðsins á iðgjöldum lífeyrissjóða skv. d-lið 5. gr. þessa frumvarps getur í sumum tilvikum spannað allt 18 mánaða ábyrgðartímabilið miðað við frestdag. Ef rekstur fyrirtækis hefur í raun stöðvast á frestdegi og nokkur tími líður fram að úrskurðardegi getur sú regla sem kveðið er á um í 1. málsl. 1. mgr. leitt til skerðingar á þeirri vernd sem reglum þessa frumvarps er ætlað að veita iðgjöldum starfsmanna. Ef þessari sérreglu er beitt færist 18 mánaða ábyrgðartímabilið aftar í tíma án þess að það hafi í för með sér fjölgun þeirra iðgjaldamánaða sem notið geta ábyrgðar skv. d-lið 5. gr.

Í 1. mgr. eru orðin „fallið í gjalddaga“ og „réttur unnist til“ notuð án frekari skýringa. Með orðunum „fallið í gjalddaga“ er einfaldlega verið að vísa til þeirra reglna sem gilda um gjalddaga kröfu samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Með orðunum „réttur unnist til“ er hins vegar verið að vísa til þess að launatengdar kröfur, svo sem orlof og lífeyrisréttindi, geta áunnist á löngu tímabili.

Samkvæmt 99. gr. gjaldþrotaskiptalaga falla kröfur á hendur þrotabúi, þ.m.t. launakröfur, sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda án tillits til þess sem kann áður að hafa verið umsamið eða ákveðið með öðrum hætti. Úrskurðurinn hefur jafnframt þau áhrif að ráðningarsamningum starfsmanna er rift og þeir öðlast bótakröfu vegna ráðningarslitanna sem samsvarar launum í uppsagnarfresti og nýtur krafan ábyrgðar skv. b-lið 5. gr. Sjóðurinn ber einnig ábyrgð á iðgjaldahluta kröfunnar þótt hluti hennar hefði fallið í gjalddaga eftir þennan dag ef ekki hefði komið til þess að vinnuveitandi hefði verið úrskurðaður gjaldþrota. Verða lífeyrissjóðir að taka tillit til þessa atriðis í kröfugerð sinni á hendur sjóðnum þar sem síðasti mánuður 18 mánaða ábyrgðartímabils á kröfum, sbr. 4. gr. frumvarpsins, er ávallt síðasti mánuður í uppsagnarfresti hvort sem hann er fyrir eða eftir úrskurðardag.

Í 2. mgr. er kveðið á um að við sérstakar aðstæður geti ábyrgð sjóðsins tekið til krafna skv. 5. gr. sem falla í gjalddaga fyrir upphaf ábyrgðartímabilsins eins og það er skilgreint í 1. mgr. Það skilyrði er sett fyrir beitingu þessa heimildarákvæðis að eðlilega hafi verið staðið að innheimtu krafnanna. Í ákvæði þessu er einkum höfð í huga sú staðreynd að gjalddagi bótakrafna skv. e-lið 5. gr. reynist mjög oft falla utan við 18 mánaða forgangsréttartímabil skv. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga og e-lið 5. gr. gildandi laga. Samkvæmt ströngustu lagatúlkun ber að hafna forgangsrétti slíkra krafna. Ábyrgðasjóður launa hefur í fáeinum tilvikum fallist á að greiða slíkar kröfur að því tilskildu að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi í kjölfar hins bótaskylda atviks fengið tjón sitt staðreynt og staðið eðlilega að innheimtu kröfu sinnar. Ákvæðið heimilar ekki að öðru leyti frávik frá fjölda þeirra mánaða sem mynda 18 mánaða hámarksábyrgðartímabil, sbr. 1. mgr. Komið getur til álita að beita þessari heimild vegna tiltekinnar kröfu launamanns, til að mynda bótakröfu hans vegna líkamstjóns sem sérstök rök mæla með að njóti ábyrgðar sjóðsins þó að hún falli utan ábyrgðartímabils, sbr. 1. mgr. Slík ákvörðun þarf ekki að hafa áhrif á mat sjóðsins á því hvort aðrar kröfur sama launamanns eða annarra kröfuhafa falli innan ábyrgðartímabils eins og það er skilgreint í 1. mgr.

Eftir að bú vinnuveitanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta ber skiptastjóra skv. 98. gr. gjaldþrotaskiptalaga að taka afstöðu til þess hvort þrotabúið taki við réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningum þeirra manna sem starfa við atvinnurekstur þrotamannsins. Í sama ákvæði segir að starfsmenn eigi rétt til launa frá því að úrskurður var kveðinn upp og til þess tíma sem þrotabúið tekur afstöðu sína. Um rétthæð slíkra launakrafna gagnvart þrotabúi vinnuveitanda fer skv. 3. tölul. 110. gr. laganna. Þessar launakröfur, sem og aðrar kröfur á hendur vinnuveitanda, falla utan ábyrgðar sjóðsins samkvæmt gildandi lögum og er ekki lögð til breyting á því með frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

Í greininni eru taldar upp þær kröfur sem njóta ábyrgðar sjóðsins og er þar nánar kveðið á um skilyrði fyrir ábyrgð á þeim kröfum. Framsetning og orðalag ábyrgðarreglna er með nokkuð öðrum hætti en í gildandi lögum en ekki er um grundvallarbreytingar að ræða ef frá er talið það nýmæli að lagt er til að viðbótarlífeyrissparnaður njóti ábyrgðar sjóðsins.

Um a-lið.

Ákvæðið er efnislega samhljóða a-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga.

Með orðinu „vinnulaun“ í skilningi ákvæðisins er fyrst og fremst átt við samningsbundin laun eins og þau eru skilgreind í kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Undir þetta falla almenn vinnulaun og ýmsar uppbætur á laun sem tengdar eru vinnuframlagi kröfuhafa. Hins vegar á hugtakið „vinnulaun“ ekki við um ýmsar kröfur sem raktar verða til ráðningarsambands launamanns og vinnuveitanda, til að mynda kröfur um greiðslu á kostnaði sem launamaður hefur sjálfur lagt út fyrir enda flokkast slíkar kröfur ekki sem endurgjald fyrir vinnu í þjónustu vinnuveitanda. Má þar nefna kröfu launamanns um greiðslu ferðareiknings vegna ferðar á vegum vinnuveitanda, kröfu um greiðslu eldsneytiskostnaðar og annars sambærilegs kostnaðar.

Rétt er að taka fram að við úrskurð um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda falla kröfur um desemberuppbót sem kveðið er á um í kjarasamningi í gjalddaga eins og aðrar launakröfur og njóta hlutfallslegrar ábyrgðar sem hluti af heildarlaunakröfu starfsmanns skv. a-lið 5. gr. frumvarpsins. Sama á við um kröfur launamanna vegna orlofsuppbótar. Njóta slíkar kröfur ábyrgðar sjóðsins sem hluti af launakröfu starfsmanns skv. a- og b-lið 5. gr. frumvarpsins.

Ábyrgðarreglur sjóðsins byggjast á þeirri grundvallarreglu að einungis kröfur launamanna geta notið ábyrgðar sjóðsins. Kröfur verktaka í bú vinnuveitanda falla því utan ábyrgðar sjóðsins. Ef vafi leikur á stöðu kröfuhafa að þessu leyti verður að meta samningssamband hans og vinnuveitanda heildstætt samkvæmt almennum reglum við ákvörðun um hvort hann skuli teljast launamaður eða verktaki.

Um b-lið.

Ákvæði b-liðar 5. gr. frumvarpsins fjallar um ábyrgð sjóðsins á bótum vegna slita á ráðningarsamningi og er að mestu efnislega samhljóða d-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga. Með orðunum „slit á ráðningarsamningi“ er vísað til þess að krafa launamanns um bætur getur verið byggð á uppsögn ráðningarsamnings með venjulegum hætti eða riftun ráðningarsamnings. Rétt er að taka fram að krafa samkvæmt þessum lið getur notið ábyrgðar samkvæmt lögum þessum hvort sem ráðningarslit verða fyrir gjaldþrot eða sama dag og úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp.

Lagt er til í ákvæðinu að skilyrði um skráningu hjá opinberri vinnumiðlun verði rýmkað og að kröfuhöfum gefist kostur á fleiri aðferðum til að sýna fram á að þeir hafi gert reka að því að leita sér að nýju starfi í kjölfar slita á ráðningarsamningi. Þess eru mörg dæmi að t.d. einstaklingar með sérfræðimenntun njóti aðstoðar sérhæfðra ráðningarstofa hér á landi og erlendis og þykja sanngirnisrök eiga að leiða til þess að kröfur þeirra í bú gjaldþrota vinnuveitanda njóti ábyrgðar samkvæmt lögum þessum ef þeir geta lagt fram gögn um að þeir hafi stundað virka atvinnuleit í uppsagnarfresti. Kröfuhafi getur uppfyllt þetta skilyrði með ýmsu móti, svo sem með því að leggja fram afrit af atvinnuumsóknum, staðfestingu á skráningu frá vinnumiðlun hvort sem í hlut á einkarekin vinnumiðlun eða opinber eða, ef því er að skipta, upplýsingar um milligöngu fagfélags eða stéttarfélags vegna atvinnuleitar hans. Gera verður kröfu um að atvinnuleit kröfuhafa hafi verið reglubundin og staðið allt það tímabil sem krafa hans nær til. Að öðrum kosti kann að koma til þess að ábyrgð á kröfu hans falli að hluta eða öllu leyti niður.

Við framkvæmd gildandi laga hefur ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna uppsagnar ráðningarsamnings verið miðuð við föst laun samkvæmt ráðningarsamningi eða kjarasamningi og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Hafi vinnuveitandi óskað eftir vinnuframlagi launamanns í uppsagnarfresti mæla sanngirnisrök með því að krafa launamannsins falli undir b-lið 5. gr. frumvarpsins en ekki a-lið sömu greinar sem krafa um vangoldin starfslaun. Skilyrði er þó að ráðningarsamningi hafi verið sagt upp með formlegum hætti og vinnuveitandi hafi óskað eftir vinnuframlagi starfsmanns í uppsagnarfresti. Ef launamaður á jafnframt inni vangoldin laun vegna allt að þriggja undangenginna starfsmánaða fellur sú krafa undir a-lið 5. gr.

Um áhrif tekna sem kröfuhafi aflar í uppsagnarfresti er fjallað í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um c-lið.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga tekur ábyrgð sjóðsins til kröfu launþega um orlofslaun sem koma áttu til útborgunar á síðustu þremur starfsmánuðum hans hjá vinnuveitanda. Í c-lið 5. gr. frumvarps þessa er lögð til sú breyting að ábyrgð sjóðsins taki til kröfu um orlofslaun sem réttur hefur unnist til á ábyrgðartímabili, sbr. 4. gr., þ.e. á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag. Þessi breyting felur jafnframt í sér að orðalag ákvæðisins er fært til samræmis við 3. tölul. 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga þar sem fjallað er um forgangsrétt orlofslaunakrafna. Tillagan mun ekki hafa áhrif á fjárhag sjóðsins þar sem kröfur um áunnin orlofslaun falla ávallt í gjalddaga við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Til

frekari skýringar skal það tekið fram að uppsafnað en ógreitt orlof launamanns utan 18 mánaða ábyrgðartímabils nýtur ekki ábyrgðar samkvæmt þessu ákvæði.

Í kjarasamningum er kveðið á um að orlofslaun skuli vera að lágmarki 10,17% af launum, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu. Ekki eru í frumvarpinu gerðar neinar takmarkanir á ábyrgð sjóðsins að því er varðar hlutfallstölu orlofslauna. Hins vegar er í 1. mgr. 6. gr. þessa frumvarps lagt til að ábyrgð sjóðsins á orlofslaunakröfu starfsmanns takmarkist við ákveðna hámarksfjárhæð.

Um d-lið.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga tekur ábyrgð sjóðsins til kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag að uppfylltum skilyrðum III. kafla laganna um innheimtuaðgerðir.

Í d-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til að ábyrgðartímabil krafna verði hið sama og í 4. gr. frumvarpsins. Það felur m.a. í sér þá breytingu að Ábyrgðasjóði launa verður gert að greiða iðgjöld lífeyrissjóða sem fallið hafa í gjalddaga eftir frestdag. Um rök fyrir þessari breytingu vísast til athugasemda með 4. gr. og a-lið 5. gr. en eðlilegt þykir að ábyrgð sjóðsins á vangoldnum iðgjöldum falli að því ábyrgðartímabili sem gildir um sjálfar launakröfurnar.

Þá er í ákvæðinu vísað til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Skv. 2. gr. þeirra laga skal iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda ákveðið í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða á annan sambærilegan hátt. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni.

Ábyrgð sjóðsins skv. d-lið 5. gr. tekur einungis til krafna lífeyrissjóða sem hlotið hafa starfsleyfi fjármálaráðherra skv. V. kafla laga nr. 129/1997 og þeirra aðila sem heimild hafa skv. 3. mgr. 8. gr. sömu laga til að taka við iðgjaldi á grundvelli samnings um viðbótartryggingavernd.

Í gildandi lögum er kveðið á um að ábyrgð sjóðsins miðist við lágmarkstryggingavernd skv. 4. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980. Það þýðir að samningar launamanna og vinnuveitanda um viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum nr. 129/1997 njóta nú ekki ábyrgðar sjóðsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kröfur launamanna á grundvelli slíkra samninga geti notið ábyrgðar sjóðsins. Í reglugerð um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd, nr. 698/1998, er viðbótartryggingavernd skilgreind sem sú tryggingavernd sem er umfram þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með greiðslu iðgjalds samkvæmt sérstökum samningi við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.–4. tölul. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt þessum reglum er launamönnum heimilt að gera samning um tryggingavernd á grundvelli iðgjalda sem þeir hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. 5. gr. laganna. Er launagreiðanda skylt, að beiðni launamanns, að draga umsamið iðgjald af launum og skila því til viðkomandi vörsluaðila.

Svo dæmi sé tekið er í kjarasamningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var í maí 2000 kveðið á um að í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð skuli vinnuveitandi greiða framlag á móti. Segir í ákvæði þessu að frá 1. maí 2000 skuli mótframlag vinnuveitanda vera 1% gegn 2% framlagi starfsmanns en frá 1. janúar 2002 skuli mótframlagið nema 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Jafnframt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ábyrgð sjóðsins taki til viðbótarlífeyrisskuldbindinga sem samið hefur verið um í almennum kjarasamningum. Samhliða ákvæðum um frjálsan viðbótarsparnað er nú í kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins kveðið á um 1% framlag vinnuveitanda vegna viðbótarsparnaðar í þeim tilvikum þegar

launamaður hefur ekki gert samning við vörsluaðila um viðbótarlífeyrissparnað á grundvelli 9. gr. laga nr. 129/1997. Er í frumvarpinu lagt til að ábyrgð sjóðsins á vangoldnum iðgjöldum vegna viðbótarlífeyrissparnaðar geti numið allt að 4% af iðgjaldsstofni, að meðtöldu mótframlagi vinnuveitanda.

Lagt er til að ákvæði III. kafla gildandi laga verði felld brott. Kaflinn hefur að geyma ítarlegar reglur um eftirlit og innheimtuaðgerðir lífeyrissjóða sem skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á iðgjöldum. Þegar lög nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, tóku gildi voru ekki til samræmdar vinnureglur fyrir lífeyrissjóðina um eftirlit með skilum iðgjalda og innheimtu þeirra. Var því talið eðlilegt að skylda sjóðina til að fylgja ákveðnum vinnureglum við innheimtu iðgjalda og skerða greiðslur úr Ábyrgðasjóði launa ef ekki væri farið að þeim reglum. Á þessu hefur nú orðið breyting þar sem í lögum nr. 129/1997 er nú kveðið sérstaklega á um slíkar reglur, sbr. m.a. 18. gr. þeirra laga.

Að því er varðar samninga um viðbótarlífeyrissparnað eru vörsluaðilar slíks sparnaðar, svo sem fjármálastofnanir, ekki skuldbundnir samkvæmt lögum nr. 127/1997 til að hafa sérstakt eftirlit með því að vinnuveitandi standi skil á framlagi sínu og launamannsins. Af þeim sökum er lagt til að ráðherra verða heimilað að setja í reglugerð skilyrði um ábyrgð sjóðsins á viðbótarlífeyrissparnaði, þar á meðal um eftirlit vörsluaðila með skilum og innheimtu iðgjalda. Gert er ráð fyrir því að ákvæði reglugerðarinnar taki eftir atvikum einnig til iðgjalda skv. 2. gr. laga nr. 129/1997.

Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um að vörsluaðili verði að sýna fram á að hann hafi gert sams konar ráðstafanir varðandi eftirlit og upplýsingagjöf gagnvart launamanni og kveðið er á um í 18. gr. laga nr. 127/1997. Þessi breyting mun væntanlega ekki hafa nein veruleg áhrif á þá lífeyrissjóði sem bæði annast vörslu hins lögbundna lífeyrissparnaðar og viðbótarlífeyrissparnaðarins. Það verða því fyrst og fremst þær fjármálastofnanir sem heimild hafa til að taka að sér vörslu viðbótarlífeyrissparnaðar sem munu þurfa að endurskoða framkvæmd sína á þessu sviði. Jafnframt má vænta þess að gerð verði krafa um að greiðslukröfu skuli fylgja afrit samnings milli launamanns og vinnuveitanda um viðbótarlífeyrissparnað og að launaseðill beri það með sér að samið hafi verið um slíkan viðbótarlífeyrissparnað. Að síðustu skal það áréttað að vörsluaðili viðbótarlífeyrissparnaðar samkvæmt samningi þar um telst aðili að kröfugerð á hendur Ábyrgðasjóði launa en ekki launamaðurinn sjálfur.

Í gildistökuákvæðinu er lagt til að ákvæði um ábyrgð sjóðsins á kröfum um iðgjöld samkvæmt samningum um viðbótartryggingavernd taki gildi 1. janúar 2004. Vísað er til athugasemda með því ákvæði um ástæður fyrir frestuninni.

Um e-lið.

Samkvæmt e-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga ber sjóðurinn ábyrgð á því tjóni sem rakið verður til vinnuslyss sem vinnuveitandi ber skaðabótaábyrgð á gagnvart launamanni eða eftir atvikum dánarbúi hans. Getur ábyrgð sjóðsins hvort tveggja tekið til bótakrafna vegna vinnuslysa á grundvelli skaðabótalaga og slysatryggingaákvæða kjarasamninga.

Í frumvarpinu er gerður sá fyrirvari að í þeim tilvikum þegar tryggingar vinnuveitanda bæta kröfu samkvæmt þessum e-lið kemur ekki til ábyrgðar sjóðsins. Ábyrgð sjóðsins er því í raun byggð á því að vinnuveitandi hafi ekki keypt ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna sinna eða að hún sé sannanlega niður fallin.

Rétt er að geta þess að í þeim tilvikum þegar ekki hefur fallið dómur um réttmæti kröfu samkvæmt þessum staflið á Ábyrgðasjóður launa allar sömu varnir og vinnuveitandi óháð því hvort skiptastjóri hafi viðurkennt kröfu sem forgangskröfu í þrotabú vinnuveitanda.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga segir að ábyrgð sjóðsins skv. a- og d-lið 1. mgr. sömu greinar skuli ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði án tillits til barnafjölda. Samkvæmt gildandi lögum er hámark á ábyrgð á launakröfum á mánuði 232.347 kr. eða sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum á mánuði, þ.e. þrisvar sinnum 77.449 kr. Að tillögu stjórnar Ábyrgðasjóðs launa er lagt til að afnumin verði tenging við fjárhæð atvinnuleysisbóta og að þess í stað verði miðað við fasta fjárhæð sem endurskoðuð verði árlega. Jafnframt er lagt til að tekin verði upp hámarksábyrgð á orlofskröfum skv. c-lið 5. gr. sem einnig mun gilda um kröfur skv. VII. kafla frumvarpsins. Þykir eðlilegt að mæla fyrir um einhver takmörk að þessu leyti á sama hátt og gildir um þær kröfur sem falla undir a- og b-lið 5. gr. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra gefi út reglugerð sem gildir fyrir eitt ár í senn og að stjórn sjóðsins geri tillögur til ráðherra um hámarksfjárhæðir.

Í 2. mgr. er fjallað um áhrif þess þegar kröfuhafi hefur fengið greiðslur frá vinnuveitanda upp í kröfu sína. Skulu þessar greiðslur koma til frádráttar kröfu hans á hendur sjóðnum. Svo dæmi sé tekið af launamanni sem á kröfu á hendur vinnuveitanda skv. a-lið 5. gr. að upphæð 270.000 kr. en fær 25.000 kr. greiðslu frá honum verður sú fjárhæð dregin frá hámarksábyrgðinni skv. 1. mgr. þannig að eftir stendur 225.000 kr. krafa. Sama máli gegnir um atvinnutekjur, þ.m.t. verktakalaun, og atvinnuleysisbætur sem kröfuhafi fær greiddar í uppsagnarfresti. Ákvæði þetta er í samræmi við framkvæmd gildandi laga og almenn sjónarmið í vinnurétti. Enn fremur vísast til 11. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hver kröfumánuður skv. a- og b-lið 5. gr. skuli gerður upp sérstaklega með vísan til hámarksábyrgðarinnar, sbr. 1. mgr. Þá er kveðið á um að ef krafa launamanns nær yfir skemmra tímabil en mánuð skuli hámarksábyrgð reiknuð út í hlutfalli við það tímabil. Gildir þetta m.a. um þá sem fá greidd laun sín vikulega. Samspili þessa ákvæðis við 2. mgr. má lýsa með einföldu dæmi. Bótakrafa skv. b-lið 5. gr. tekur til þriggja mánaða og krafa vegna hvers mánaðar er 220.000 kr. Kröfuhafi fær nýtt starf í byrjun síðasta mánaðar í uppsagnarfresti og vinnur sér inn 300.000 kr. Sú fjárhæð kemur ekki til lækkunar heildarkröfu hans skv. b-lið 5. gr. heldur einungis til lækkunar á kröfu hans vegna síðasta mánaðarins. Í þessu tilviki fellur krafa vegna þriðja mánaðar í uppsagnarfresti niður en sjóðurinn greiðir fyrstu tvo kröfumánuðina óskerta.

Nái krafa launamanns yfir skemmra tímabil en mánuð skal krafan reiknuð út í hlutfalli við það tímabil. Þessu ákvæði verður m.a. beitt í því tilviki þegar launamaður setur fram bótakröfu að fjárhæð 300.000 kr. skv. b-lið 5. gr. fyrir einn mánuð en hefur síðan störf um miðjan mánuðinn hjá nýjum vinnuveitanda og vinnur sér inn 100.000 kr. frá þeim tíma fram að mánaðamótum. Í þessu tilviki er hámarksábyrgðin, sbr. 1. mgr., að teknu tilliti til 2. málsl. 3. mgr., 125.000 kr. og verða laun frá nýjum vinnuveitanda dregin frá þeirri fjárhæð. Kröfuhafi fengi samkvæmt þessu 25.000 kr. greiddar úr Ábyrgðasjóði launa vegna síðari hluta mánaðarins en 125.000 kr. vegna fyrri hluta mánaðarins eða alls 150.000 kr. Ef kröfuhafi hefði hins vegar verið í þessu nýja starfi allan mánuðinn hefðu laun hans væntanlega verið tvöfalt hærri eða 200.000 kr. Frádráttur vegna þessara launa hefði því verið miðaður við hámarksábyrgðina eða 250.000 kr. og greiðsla Ábyrgðasjóðs launa vegna alls mánaðarins því 50.000 kr.

Ef upphafleg krafa er undir hámarksábyrgðinni, t.d. 180.000 kr., og kröfuhafi aflar 120.000 kr. hjá nýjum vinnuveitanda frá miðjum mánuði fram að mánaðarlokum verður að skipta kröfunni í tvo jafna hluta. Þar sem laun kröfuhafa eru hærri síðari hluta mánaðarins

en sú fjárhæð sem nýtur ábyrgðar sjóðsins fyrir sama tímabil fellur sá hluti kröfunnar niður. Kröfuhafi fengi hins vegar 90.000 kr. vegna fyrra tímabilsins óskertar.

Varðandi bótakröfur vegna slita á ráðningarsamningi skv. b-lið 5. gr. gildir hámark sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. um þá kröfufjárhæð sem nýtur ábyrgðar. Það þýðir að kröfuhafi sem setur fram kröfu um 300.000 kr. bætur á mánuði vegna slita á ráðningarsamningi, en fær 150.000 kr. í laun frá nýjum vinnuveitanda á sama tíma verður að sæta því að sú fjárhæð komi til lækkunar miðað við hámarksábyrgðina, þ.e. 250.000 kr. Af því leiðir að kröfuhafi fengi 100.000 kr. greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa. Þessari uppgjörsaðferð hefur verið beitt við framkvæmd 2. mgr. 5. gr. gildandi laga og felur frumvarpið því ekki í sér breytingu frá gildandi réttarframkvæmd. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir að laun fyrir starf sem kröfuhafi var í meðfram því starfi sem hann gegndi hjá hinu gjaldþrota fyrirtæki komi til frádráttar kröfu hans á grundvelli 2. mgr. 6. gr. enda ekki um að ræða nýjan vinnuveitanda.

Mikilvægt er að kröfuhafar eða umboðsmenn þeirra hagi kröfugerð sinni á hendur sjóðnum í samræmi við framangreindar reglur. Ávallt skal lýsa heildarkröfu launamanns en gera jafnframt grein fyrir þeim greiðslum sem hugsanlega geta komið til frádráttar samkvæmt þeim reglum sem hér er kveðið á um. Ella getur reynt á endurkröfurétt sjóðsins, sbr. 26. gr.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er að efni til samhljóða 4. mgr. 5. gr. gildandi laga. Þar sem um heimildarákvæði er að ræða ber kröfuhafi sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði fyrir beitingu þessarar undanþágu séu fyrir hendi.

Um III. kafla.

Kaflinn hefur að geyma reglur um greiðslu vaxta á þær kröfur sem njóta ábyrgðar sjóðsins og reglur um ábyrgð sjóðsins á kostnaði sem hlýst af innheimtuaðgerðum kröfuhafa og kröfugerð hans á hendur sjóðnum.

Um 8. gr.

Samkvæmt f-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga bera kröfur skv. a–d-lið vexti skv. 5. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá gjalddaga þeirra til þess dags er krafan fæst greidd úr Ábyrgðasjóði launa. Ný lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, hafa tekið gildi, og er lagatilvísun breytt því til samræmis. Í 4. gr. þeirra laga segir að þegar greiða beri vexti skv. 3. gr. laganna en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun að öðru leyti ekki tiltekin skuli vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. Lagt er til að þessi regla taki til krafna sem falla undir a–d-lið 5. gr. frumvarpsins.

Til skýringar skal þess getið að gjalddagi krafna skv. a- og b-lið 5. gr. er fyrsti dagur næsta mánaðar fyrir hvern mánuð eða skemmra tímabil sem nýtur ábyrgðar sjóðsins. Stofn til útreiknings vaxta er sú fjárhæð sem eftir stendur þegar tekið hefur verið tillit til 6. gr. þessara laga. Gjalddagi orlofslaunakröfu skv. c-lið 5. gr. miðast við úrskurðardag nema starfslok kröfuhafa eða síðasta gjalddaga kröfu sem nýtur ábyrgðar skv. a- eða b-lið 5. gr. beri upp á dag fyrir úrskurðardag og skal krafan þá bera vexti frá þeim degi. Vextir skulu reiknaðir af heildarlaunakröfu starfsmanns á ábyrgðartímabili, sbr. 4. gr., að teknu tilliti til niðurstöðu sjóðsins um greiðsluskyldu skv. a- og b-lið 5. gr. og 6. gr. Gjalddagi kröfu um lífeyrisiðgjöld skv. d-lið 5. gr. skal vera tíunda dag næsta mánaðar á eftir hverju iðgjaldagreiðslutímabili og miðast við kröfu launamanns á ábyrgðartímabili, sbr. 4. gr., að teknu tilliti til niðurstöðu sjóðsins um greiðsluskyldu skv. a- og b-lið 5. gr. og 6. gr.

Um vexti á bótakröfur skv. e-lið 5. gr. fer hins vegar samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um þær kröfur, þ.e. ákvæðum skaðabótalaga, nr. 50/1993, og kjarasamninga, eftir því sem við á.

Kröfur um greiðslu skiptatryggingar, kostnaður við kröfugerð á hendur sjóðnum og annar innheimtukostnaður sem ákvarðaður er skv. 9. gr. bera ekki vexti. Kröfur um greiðslu orlofs vegna greiðsluerfiðleika skv. VII. kafla þessa frumvarps bera ekki vexti frekar en verið hefur.

Um 9. gr.

Samkvæmt g-lið 1. mgr. 5. gr. laganna ber sjóðurinn ábyrgð á greiðslu skiptatryggingar sem launamaður eða lífeyrissjóður hafa greitt vegna úrskurðar um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda. Sama gildir um óhjákvæmilegan kostnað sem launamaður eða sá sem krefst bóta skv. e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, þó að hámarki samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa samþykkti árið 1998 viðmiðunarreglur um greiðslu innheimtukostnaðar samkvæmt ákvæði þessu. Með reglum þessum voru staðfestar ýmsar vinnureglur á þessu sviði og um leið mótaðar nýjar reglur. Nauðsynlegt þykir að endurskoða þessar reglur í því skyni að gera þær einfaldari og skýrari án þess að dregið sé úr ábyrgð sjóðsins á þeim kostnaði sem til fellur vegna innheimtuaðgerða kröfuhafa.

Í ákvæði þessu er kveðið á um að njóti krafa ábyrgðar skv. 5. gr. frumvarpsins eigi kröfuhafi rétt á greiðslu eðlilegs kostnaðar vegna innheimtu kröfu sinnar. Undir þetta getur til dæmis fallið kostnaður vegna almennra innheimtuaðgerða lögmanns, þar á meðal vegna höfðunar dómsmáls, svo og útlagður kostnaður. Þá er lagt til að stjórn Ábyrgðasjóðs launa ákveði nánari útfærslu þessarar ábyrgðar, m.a. hámark á greiðslu kostnaðar, með reglum sem ráðherra staðfestir.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um heimildir Ábyrgðasjóðs launa til að hafna kröfum sem uppfylla að öðru leyti ákvæði þessa frumvarps. Felur frumvarpið í sér verulegar breytingar frá gildandi lögum þótt í meginatriðum varði ákvæði kaflans sömu einstaklinga og ekki njóta ábyrgðar samkvæmt gildandi lögum. Vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til ýmsar efnisbreytingar miðað við gildandi lög að teknu tilliti til dómaframkvæmdar og nýlegra breytinga á 10. gr. tilskipunar 80/987/EBE. Breytingarnar hafa það í för með sér að í mörgum tilvikum mun afstaða til þess hvort krafa þeirra sem tengjast eigendum eða stjórnendum hins gjaldþrota fyrirtækis ráðast af huglægu mati. Í gildandi lögum er að mestu byggt á hlutlægum reglum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 53/1993 geta eftirtaldir launamenn ekki krafið sjóðinn um greiðslu krafna skv. a–d-lið 1. mgr. 5. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.
b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki

dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaunum.

d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a–c-lið, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati sjóðstjórnar getur stjórnin ákveðið að heimila greiðslu til þessara launamanna úr ríkissjóði á grundvelli laganna, enda þótt launakrafa hafi ekki verið viðurkennd sem forgangskrafa, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga, nr. 21/1991.

Í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að kröfur framkvæmdastjóra og stjórnarmanna njóti ekki ábyrgðar samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um kröfur þeirra sem eiga, einir eða ásamt maka eða öðrum nákomnum, verulegan hlut í hinu gjaldþrota fyrirtæki ásamt því að hafa umtalsverð áhrif á rekstur þess. Hin rekstrarlega ábyrgð hvílir á stjórnendum hins gjaldþrota fyrirtækis auk þess sem þeir eiga að hafa yfirsýn yfir fjárhagsstöðu félagsins. Um hlutverk og ábyrgð félagsstjórnar og framkvæmdastjórnar er m.a. fjallað í 68. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Segir í ákvæði þessu að félagsstjórn fari með málefni félagsins og skuli annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Skal stjórnin annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Sambærileg ákvæði er að finna í lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Í 64. gr. gjaldþrotaskiptalaga er einnig kveðið á um að skuldara sem er bókhaldsskyldur sé skylt að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar svo er ástatt að hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms.

Í ljósi þessa er ekki talið eðlilegt að sjóðurinn ábyrgist kröfur framangreindra aðila um laun, launatengd réttindi og bætur vegna missis launa í uppsagnarfresti. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt þeir verði eftir atvikum taldir launamenn í skilningi skattalaga. Lagt er til að orðið „forstjóri“, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga, verði ekki notað í frumvarpi þessu enda ekki slíkur merkingarmunur á því orði og orðinu „framkvæmdastjóri“. Jafnframt er lagt til að ákvæði gildandi laga um varamenn í stjórn falli brott. Taki varamaður sæti í stjórn á þeim tíma sem krafa stofnast á hendur Ábyrgðasjóði launa fer um ábyrgð sjóðsins skv. 1. mgr. 10. gr.

Að því er varðar stjórnarmenn sérstaklega má gera ráð fyrir að sjóðnum verði þrátt fyrir orðalag 1. mgr. heimilt að greiða kröfur slíkra aðila í undantekningartilvikum. Má sem dæmi gera ráð fyrir að kröfuhafi geti í einhverjum tilvikum sýnt fram á að skipan sín í stjórn félags hafi verið til málamynda og í raun aldrei ætlast til þess að hann skipti sér af störfum stjórnar. Tilkynning til hlutafélagaskrár um skipan í stjórn mundi í slíkum tilvikum ekki ein og sér koma í veg fyrir að vangoldnar launakröfur hans nytu ábyrgðar sjóðsins. Jafnframt yrði í mörgum tilvikum litið svo á að kröfur fulltrúa starfsmanna sem hlotið hafa kosningu í stjórn fyrirtækis skuli njóta ábyrgðar sjóðsins.

Samkvæmt b-lið 6. gr. gildandi laga er miðað við að 5% eignarhluti launamanns í gjaldþrota fyrirtæki útiloki sjálfkrafa að krafa hans um vangoldin laun njóti ábyrgðar sjóðsins. Það viðmið þykir allt of lágt og má sem dæmi nefna að í norskri löggjöf er miðað við að kröfur eigenda allt að 20% eignarhlutar njóti ábyrgðar. Í þessu frumvarpi er farin sú leið að miða ekki við ákveðið eignarhlutfall og þykir eðlilegra að miða við að einungis verulegur eignarhlutur launamanns í hinu gjaldþrota fyrirtæki geti valdið því að hann glati rétti sínum gagnvart sjóðnum. Við mat á því hvað telst verulegur eignarhlutur verður meðal annars að líta til þess hvort kröfuhafi getur beitt áhrifum sínum á rekstur félagsins í skjóli eignarhluta síns en ekki er gert að skilyrði að um ráðandi hlut sé að ræða. Þá getur skipt máli hvort kröfuhafi hefur vegna eignarhluta síns notið einhverra sérkjara umfram aðra starfsmenn.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Ábyrgðasjóði launa sé heimilt að hafna kröfum vegna sérstakra tengsla kröfuhafa og vinnuveitanda og sameiginlegra hagsmuna þeirra, svo sem kröfum maka þeirra einstaklinga sem taldir eru upp í 1. mgr., annarra skyldmenna eða þeirra sem nákomnir eru þeim að öðru leyti.

Ákvæðinu er ætlað að endurspegla betur reglur 10. gr. tilskipunar nr. 80/987/EBE en gert er í 6. gr. gildandi laga. Ákvæði tilskipunarinnar er svohljóðandi, eftir að því var breytt með tilskipun nr. 2002/74/ESB:

„Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja:

a. til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun;
b. til að hafna þeirri greiðsluábyrgð, sem getið er um í 3. gr. eða þeirri greiðsluskyldu, sem getið er um í 7. gr., eða lækka hana komi í ljós að skuldbindingin sé óréttmæt vegna sérstakra tengsla milli launþegans og vinnuveitandans og sameiginlegra hagsmuna sem leiðir til þess að þeir gera með sér leynilegt samkomulag;
c. til þess að hafna eða lækka greiðsluábyrgð, sem getið er um í 3. gr. eða þeirri greiðsluskyldu, sem getið er um í 7. gr., þegar launamaður, einn eða ásamt nánum ættingjum, var eigandi að verulegum hluta í hinu gjaldþrota fyrirtæki og hafði veruleg áhrif á starfsemi þess.“

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Ábyrgðasjóður launa geti verið undanþeginn ábyrgð á kröfum maka einhvers þeirra sem nefndir er í 1. mgr. en með orðinu maki er í skilningi þessa ákvæðis bæði átt við fólk í hjúskap og sambúðarfólk. Í öðru lagi getur undanþágan tekið til annarra skyldmenna þeirra sem getið er í 1. mgr. en hér er einkum átt við börn, systkini eða foreldri. Í þriðja lagi eru þeir nefndir sem nákomnir eru þeim aðilum að öðru leyti sem taldir eru upp í 1. mgr. en hér eru m.a. hafðir í huga starfsmenn sem hafa náin fjárhagsleg eða persónuleg tengsl við þá einstaklinga sem taldir eru upp í 1. mgr. Við mat á því hvort skilyrði séu fyrir synjun á greiðsluábyrgð getur meðal annars skipt máli hvort umræddir einstaklingar eiga einhverra fjárhagslegra hagsmuna að gæta, til að mynda í formi eignarhluta í félaginu, hvort sem þeir eiga þann eignarhlut einir eða í sameign með þeim aðilum sem nefndir eru í 1. eða 2. mgr.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild sjóðsins til að lækka greiðslu í stað synjunar á ábyrgð ef krafa telst óeðlilega há miðað við það starf sem kröfuhafi gegndi, starfstíma hans og þau launakjör sem tíðkast í viðkomandi starfsgrein eða innan fyrirtækisins. Er ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir málamyndagerninga og hindra misnotkun á ábyrgð sjóðsins. Búast má við því að í mörgum tilvikum muni koma til álita að beita lækkunarheimild þessari um aðila sem taldir eru upp í 2. mgr. fremur en að synja þeim algerlega um ábyrgð.

Í lokamálsgrein 10. gr. er tekið fram að undanþágan eigi ekki við kröfur um bætur vegna vinnuslyss eða andláts launamanns, sbr. e-lið 5. gr. Samsvarandi reglu er að finna í 6. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu kröfuhafa til að upplýsa sérstaklega um það hvort þau atvik sem nefnd eru í 10. gr. frumvarpsins séu kröfu hans til fyrirstöðu. Skorti á þessar upplýsingar af hálfu kröfuhafa getur það leitt til þess að sönnunarbyrðin falli á hann en meginreglan skv. 2. mgr. 10. gr. er að sjóðurinn beri sönnunarbyrðina fyrir því að heimilt sé að hafna ábyrgð.

Um V. kafla.

Í kaflanum eru saman komin þau ákvæði er lúta að kröfugerð launamanns og lífeyrissjóðs á hendur Ábyrgðasjóði launa. Frumvarpið hefur að geyma helstu meginreglur hvað þessi atriði varðar en lagt er til að nánari ákvæðum verði skipað í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa.

Með umsögn skiptastjóra er hvort tveggja átt við umsögn skiptastjóra í þrotabúi vinnuveitanda og umsögn skiptastjóra vegna opinberra skipta á dánarbúi hans, sbr. 1. gr. þessa frumvarps.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með einstökum greinum.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um frest til að gera kröfu á hendur sjóðnum og er ákvæðið efnislega samhljóða 10. og 12. gr. gildandi laga. Þá er lagt til að kveðið skuli nánar á um form og efni kröfugerðar á hendur sjóðnum í reglugerð.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um umsögn skiptastjóra til Ábyrgðasjóðs launa og er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Við afgreiðslu þeirra mála sem berast Ábyrgðasjóði launa er í meiri hluta tilvika byggt á mati skiptastjóra þrotabús um réttmæti kröfu og forgangsrétt hennar skv. 1. tölul. 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Ábyrgðasjóður launa er engu síður ekki bundinn af umsögn skiptastjóra enda hefur stjórn sjóðsins sjálfstætt úrskurðarvald á grundvelli þeirra laga sem hann starfar eftir. Eru þess allmörg dæmi að sjóðurinn hafni ábyrgð á kröfu þótt skiptastjóri hafi viðurkennt forgangsrétt hennar en einnig hefur stjórn sjóðsins samþykkt að krafa njóti ábyrgðar þegar kröfuhafi hefur getað lagt fram gögn sem sýna fram á að lagaskilyrðum sé fullnægt enda þótt fyrir liggi neikvæð afstaða skiptastjóra.

Í 2. mgr. er kveðið á um bráðabirgðaumsögn skiptastjóra og er ákvæðið efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði um upplýsingaskyldu skiptastjóra gagnvart Ábyrgðasjóði launa í þeim tilvikum þegar umsögn skv. 1. eða 2. mgr. reynist ekki fullnægjandi. Þá er lagt til að kveðið skuli nánar á um form og efni umsagnar skiptastjóra í reglugerð.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur er varða afgreiðslu og stjórnsýslu Ábyrgðasjóðs launa og stjórnar sjóðsins. Fjallað er m.a. um frest sjóðsins til að taka afstöðu til framkominna krafna, tilkynningar til kröfuhafa og fyrirsvar sjóðsins gagnvart þrotabúi eftir innlausn kröfu. Lagt er til að lögfest verði kæruheimild til félagsmálaráðuneytis og er það í samræmi við túlkun gildandi laga. Um málsmeðferð hjá sjóðnum og stjórn hans fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga nema annað sé tekið fram.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um frest Ábyrgðasjóðs launa til að taka afstöðu til krafna á hendur sjóðnum. Lagt er til að sjóðurinn hafi að jafnaði fjórar vikur til að taka afstöðu til framkominnar kröfu frá því að umsögn skiptastjóra skv. 13. gr. berst sjóðnum. Þessi regla gildir að því tilskildu að krafan og umsögn skiptastjóra uppfylli þær kröfur sem kveðið er á um í frumvarpi þessu. Ef á skortir að þessu leyti skal Ábyrgðasjóður launa gefa kröfuhafa eða

umboðsmanni hans kost á að koma skýringum sínum á framfæri við sjóðinn og leggja eftir atvikum fram frekari gögn.

Þá segir í 2. mgr. að komi fram í umsögn skiptastjóra að ágreiningur sé um réttmæti kröfu skuli sá frestur sem kveðið er á um í 1. mgr. hefjast þann dag sem sjóðnum berst tilkynning um lyktir ágreiningsins.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sjóðurinn skuli með sannanlegum hætti tilkynna þeim er kröfu gerir og skiptastjóra í búi vinnuveitandans niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins ásamt sundurliðun þeirra fjárhæða sem njóta ábyrgðar skv. II. og III. kafla þessa frumvarps.

Í þessu sambandi skal bent á að sjóðurinn greiðir í fæstum tilvikum kröfur launamanna óbreyttar, sbr. ákvæði um hámarksábyrgð, frádrátt vegna launa í uppsagnarfresti o.s.frv. Gerð er grein fyrir útreikningi kröfufjárhæðar í tilkynningu til kröfuhafa skv. 15. gr. og þarfnast sá útreikningur almennt ekki frekari skýringa. Kröfuhafi getur þó ávallt krafist frekari rökstuðnings á ákvörðun sjóðsins að þessu leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að sjóðurinn skuli staðreyna, áður en greiðsla er innt af hendi, hvort krafan hafi að einhverju eða öllu leyti fengist greidd úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa eftir þeim reglum sem kveðið er á um í 6. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um stjórnsýslumeðferð krafna og málskotsrétt.

Samkvæmt 1. mgr. er unnt að bera afgreiðslu Ábyrgðasjóðs launa undir stjórn sjóðsins innan mánaðar frá móttöku tilkynningar skv. 15. gr.

Þá segir í 2. mgr. að stjórn sjóðsins skuli að jafnaði taka afstöðu til framkominnar kæru innan tveggja mánaða frá því að kæra skv. 2. mgr. berst stjórninni. Er hér um að ræða nokkuð lengri frest en stjórnin hefur skv. 1. mgr. 14. gr. gildandi laga og ræðst breytingin af því að stjórnin heldur að jafnaði ekki fundi oftar en mánaðarlega. Ef óskað hefur verið gagna eða nánari skýringa kæranda skal miða upphaf frests við þann dag sem þessar upplýsingar berast stjórn.

Um rökstuðning fyrir ákvörðun stjórnar fer skv. 21. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Stjórn sjóðsins þarf með öðrum orðum ekki að rökstyðja ákvörðun um synjun á greiðsluskyldu nema fram komi ósk um það frá kröfuhafa eða umboðsmanni hans.

Þá er í 3. mgr. tekið fram að skjóta megi ákvörðun stjórnar til félagsmálaráðherra til úrskurðar innan tveggja mánaða frá því að aðila barst tilkynning um ákvörðun stjórnar. Málskotsheimild er ekki að finna í gildandi lögum en umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að kæruheimild til félagsmálaráðuneytis sé fyrir hendi á grundvelli 26. gr. stjórnsýslulaga.

Um 17. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 16. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um að stjórn sjóðsins fari með fyrirsvar fyrir kröfu frá því að skiptastjóra í búi vinnuveitandans berst tilkynning Ábyrgðasjóðs launa um greiðslu kröfunnar úr sjóðnum. Þá er kveðið á um að krafa Ábyrgðasjóðs launa njóti sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú sem hann hefur leyst til sín hefði ella notið.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 10. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Ekki hefur reynt á ákvæði þetta við framkvæmd gildandi laga.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um að sjóðnum beri að tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Af ákvæði þessu verður dregin sú ályktun að krafa launamanns á hendur sjóðnum skuli vera heildarlaunakrafa hans, þ.m.t. skattahluti hennar. Er þetta tekið fram þar sem dæmi eru um að einungis kröfum um greiðslu nettólauna hafi verið lýst í þrotabú vinnuveitanda og þær kröfur síðar sendar sjóðnum til afgreiðslu. Það athugast að vextir sem sjóðurinn greiðir skv. 8. gr. frumvarpsins teljast til fjármagnstekna og ber launamanni að gera grein fyrir þessum tekjum á skattframtali sínu.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru tekin upp ákvæði 11. gr. laga um orlof, nr. 30/1987, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um ábyrgð sjóðsins þegar launagreiðandi stendur ekki í skilum með útborgun orlofslauna vegna greiðsluerfiðleika án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Getur launamaður, eða hlutaðeigandi stéttarfélag í umboði hans, snúið sér til Ábyrgðasjóðs launa með orlofslaunakröfuna studda gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum, vottorði viðkomandi launagreiðanda eða löggilts endurskoðanda hans.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn skori á vinnuveitanda að greiða kröfuna og gefi honum jafnframt færi á að andmæla kröfu launamannsins. Verði launagreiðandi ekki við þessari áskorun sjóðsins og engin andmæli liggja fyrir leysir sjóðurinn kröfuna til sín.

Í frumvarpinu eru ekki gerðar efnisbreytingar á 11. gr. orlofslaga að öðru leyti en því að lagt er til að ákvæði 3. mgr., um álagningu 7,5% viðurlaga á innleysta orlofskröfu, falli brott.

Sú breyting að fella ákvæði 11. gr. orlofslaga undir lög um Ábyrgðasjóð launa mun leiða til þess að ákvæði laga um Ábyrgðasjóð launa, svo sem um undanþágur frá ábyrgð, sbr. 10. gr., og hámark ábyrgðar, sbr. 1. mgr. 6. gr., gilda einnig um þessar kröfur en svo er ekki samkvæmt gildandi lögum.

Um 19. gr.

Í greininni, sem er efnislega samhljóða 1. mgr. 11. gr. orlofslaga, er kveðið á um heimild launamanna til að gera kröfu um greiðslu vangoldins orlofs án þess að bú vinnuveitanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Þessi réttur er fyrir hendi þegar ráðningarsamband launamanns og vinnuveitanda er enn í gildi, sbr. 7. gr. orlofslaga, og þegar því hefur verið slitið, sbr. 8. gr. þeirra laga.

Þá er í ákvæðinu fjallað um þau gögn sem launamaður verður að leggja fram kröfu sinni til stuðnings, svo sem launaseðla þar sem fram komi upplýsingar um vangoldin orlofslaun hans.

Um 20. gr.

Uppfylli krafa launamanns þau skilyrði sem kveðið er á um í 19. gr. ber sjóðnum að skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna. Er í þessu ákvæði lagt til að vinnuveitandi hafi þrjár vikur frá dagsetningu greiðsluáskorunar til að greiða kröfuna. Ekki er kveðið á um slíkan frest í 11. gr. orlofslaga en rétt þykir að tilgreina hann sérstaklega.

Í 2. mgr., sem er nýmæli, er fjallað um viðbrögð sjóðsins við andmælum vinnuveitanda. Segir í ákvæðinu að komi fram andmæli af hans hálfu sem sjóðurinn telur réttmæt, svo sem að krafan hafi þegar verið greidd eða hún niður fallin af öðrum ástæðum, skuli sjóðurinn vísa kröfunni frá. Ákvæði þetta er í samræmi við framkvæmd gildandi reglna. Þá segir í ákvæðinu

að kröfu launamanns skuli einnig vísað frá ef fram er komin beiðni um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda. Sama gildir ef krafa launamanns er fram komin en óafgreidd hjá sjóðnum þegar beiðni um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda er lögð fram. Ef sú er raunin má vænta þess að orlofslaunakröfunni verði lýst af hálfu launamanns í þrotabú vinnuveitanda og hún síðan eftir atvikum greidd af sjóðnum á grundvelli c-liðar 5. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sjóðurinn skuli greiða orlofslaunakröfu eigi síðar en fimm vikum eftir dagsetningu greiðsluáskorunar, sbr. 1. mgr. Ákvæði 2. málsl. 3. mgr., sem er nýmæli, hefur að geyma takmörkun á ábyrgð sjóðsins, með vísan til c-liðar 5. gr., 6. gr. og IV. kafla frumvarpsins. Tilvísun til c-liðar 5. gr. felur í sér nánari afmörkun á ábyrgð sjóðsins á orlofslaunakröfum og færir ábyrgðina til samræmis við þær reglur sem gilda þegar bú vinnuveitanda hefur verið úrskurðað gjaldþrota. Tilvísun til 6. gr. frumvarpsins felur á hinn bóginn í sér að ákvæði frumvarpsins um hámarksábyrgð á orlofslaunakröfum gildir einnig í því tilviki sem hér um ræðir. Þá skal sjóðurinn við afgreiðslu orlofslaunakrafna beita undanþáguákvæði 10. gr. frumvarpsins, ef við á, en gildandi lög hafa ekki að geyma hliðstætt ákvæði.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. 21. gr. er kveðið á um að krafa sjóðsins vegna innleystrar orlofslaunakröfu sé aðfararhæf gagnvart vinnuveitanda. Þá er kveðið á um að krafa sjóðsins njóti sama réttar og krafa launamanns hefði notið ella gagnvart þrotabúi vinnuveitanda komi til gjaldþrots.

Í 2. mgr. er kveðið á um að á innleysta kröfu sjóðsins skuli reikna dráttarvexti samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, fyrst 15 dögum eftir innlausn. Um útreikning dráttarvaxta fer skv. III. kafla þeirra laga.

Um VIII. kafla.

Kaflinn hefur að geyma ákvæði um hlutverk stjórnar Ábyrgðasjóðs launa ásamt því sem fjallað er um fyrirkomulag daglegrar umsýslu og fjármögnun sjóðsins.

Um 22. gr.

Í greininni er vísað til 3. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skipan stjórnar Ábyrgðasjóðs launa.

Ákvæði 2. mgr. hefur að geyma almenna lýsingu á verkefnum stjórnar. Segir í ákvæðinu að stjórn sjóðsins skuli, til viðbótar þeim verkefnum sem lúta að stjórnsýslulegri meðferð þeirra mála sem berast sjóðnum, annast fyrirsvar fyrir sjóðinn og sinna öðrum þeim verkefnum sem lúta að framkvæmd laganna.

Í 3. mgr. er kveðið á um að varsla sjóðsins, dagleg umsýsla og reikningshald sé á ábyrgð stjórnar Ábyrgðasjóðs launa í umboði félagsmálaráðherra. Ákvæðinu svipar til 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Vinnumálastofnun var árið 2000 falinn sá þáttur sem lýtur að daglegri umsýslu fyrir Ábyrgðasjóð launa á grundvelli samnings sem gerður var milli þessara aðila og félagsmálaráðuneytis. Ekki er lögð til breyting á því fyrirkomulagi með frumvarpi þessu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að stjórn sjóðsins skuli fyrir lok september ár hvert gera tillögu til félagsmálaráðherra um hlutfall ábyrgðargjalds, sbr. 23. gr., auk þess sem þar er að finna nýmæli um að stjórn sjóðsins geri tillögu um hámarksfjárhæðir skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er nokkuð breytt frá gildandi lögum og er nú kveðið sérstaklega á um að tillaga stjórnar um hlutfall ábyrgðargjalds skuli byggjast á greinargerð hennar um fjárhagsstöðu sjóðsins og áætlun um þróun útgjalda. Gert er ráð fyrir að tillögur stjórnar berist nægilega snemma til að unnt verði að taka mið af þeim við gerð fjárlaga næsta árs.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um fjármögnun sjóðsins. Ákvæðið er að mestu samhljóða 3. gr. gildandi laga. Samkvæmt ákvæði þessu er sjóðurinn fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi, hvaða nafni sem nefnist, sem skattskylt er. Ákvæði laga um tryggingagjald eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu.

Samkvæmt 2. mgr. getur ábyrgðargjaldið verið allt að 0,2% af gjaldstofni en félagsmálaráðherra tekur ákvörðun um hlutfall þess með reglugerð að fenginni tillögu stjórnar Ábyrgðasjóðs launa.

Um IX. kafla.

Níundi kafli frumvarpsins hefur að geyma ákvæði er varða framsal kröfu, skyldu stjórnvalda til að láta Ábyrgðasjóði launa í té upplýsingar og áhrif þess að greiðslu hefur verið aflað úr sjóðnum á grundvelli rangra upplýsinga. Í 2. mgr. 17. gr. gildandi laga kemur fram að hafi greiðslu verið aflað úr sjóðnum með því að veita af ásetningi rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum geti það varðað sektum er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði þetta falli brott enda varðar sú háttsemi sem lýst er í ákvæðinu að jafnaði þyngri refsingum á grundvelli 248. gr. almennra hegningarlaga.

Um 24. gr.

Ákvæðið fjallar um áhrif þess þegar krafa sem fellur undir gildissvið frumvarpsins er framseld þriðja aðila. Ákvæðið er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga. Meginreglan er sú að hafi launamaður framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar samkvæmt reglum þessum. Frá þessu er þó vikið hafi launamaður framselt stéttarfélagi eða Atvinnuleysistryggingasjóði kröfu sína. Á þessa undanþágu kann að reyna þegar dráttur verður á því að bú vinnuveitanda sé tekið til gjaldþrotaskipta þótt allar forsendur séu fyrir slíkri ákvörðun. Í slíkum tilvikum eru dæmi þess að stéttarfélög komi félagsmönnum sínum til aðstoðar og leysi til sín kröfur þeirra á hendur vinnuveitanda.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sama regla gildi í þeim tilvikum sem fjallað er um í 7. gr. og VII. kafla þessara laga.

Um 25. gr.

Ákvæðið er nýmæli en eðlilegt þykir að frumvarpið hafi að geyma almennt ákvæði um upplýsingaskyldu. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi talað um stjórnvöld án þess að það sé tiltekið sérstaklega um hvaða aðila geti verið að ræða. Í framkvæmd reynir fyrst og fremst á upplýsingagjöf skattyfirvalda en sjóðnum er nauðsynlegt að hafa aðgang að upplýsingum um tekjur sem kröfuhafi kann að hafa aflað sér í uppsagnarfresti, sbr. b-lið 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Upplýsingagjöf vinnuveitanda getur m.a. komið til vegna reglna VII. kafla um greiðslu orlofs vegna greiðsluerfiðleika. Aðrir hlutaðeigandi aðilar eru einkum lífeyrissjóðir og aðrar fjármálastofnanir.

Upplýsingaréttur Ábyrgðasjóðs launa sætir þeirri takmörkun að umbeðnar upplýsingar verða að vera nauðsynlegar vegna afgreiðslu sjóðsins á einstökum kröfum.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 17. gr. gildandi laga og fjallar um skyldu þess sem fengið hefur greiðslu úr sjóðnum á grundvelli rangra upplýsinga eða vegna þess að upplýsingum hefur verið haldið leyndum til að endurgreiða sjóðnum þá fjárhæð sem þannig er fengin. Ábyrgðasjóður launa ber sönnunarbyrði fyrir því að greiðslan hafi verið innt af hendi vegna hinna röngu eða leyndu upplýsinga. Ekki er gerð krafa um ásetning eða gáleysi af hálfu viðtakanda greiðslunnar sem skilyrði fyrir endurgreiðslukröfu sjóðsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli og fjallar um fyrningu á endurgreiðslukröfu sjóðsins skv. 1. mgr. Er lagt til að slíkar kröfur falli niður fyrir fyrningu að liðnum tveimur árum frá því að greiðsla var innt af hendi.

Í 3. mgr. er lagt til að fellt verði brott refsiákvæði 2. mgr. 17. gr. gildandi laga. Er í ákvæðinu mælt fyrir um skyldu stjórnar Ábyrgðasjóðs launa til að vísa málum til opinberrar rannsóknar telji hún að greiðslu hafi verið aflað eða reynt hafi verið að afla greiðslu úr sjóðnum með saknæmum hætti. Mundi í þessum tilvikum fyrst og fremst vera um að ræða hátt-semi sem varðað getur við 248. gr. almennra hegningarlaga og eftir atvikum einnig XVII. kafla sömu laga.

Um X. kafla.

Lokakafli frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um reglugerðarheimild ráðherra ásamt ákvæði um gildistöku og lagaskil.

Um 27. gr.

Í greininni er kveðið á um að félagsmálaráðherra skuli að fengnum tillögum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna. Mun reglu-gerðin meðal annars hafa að geyma nánari fyrirmæli um kröfugerð launamanna og lífeyris-sjóða á hendur sjóðnum, umsögn skiptastjóra, skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins á kröfum án gjaldþrotaskipta, ábyrgð á málskostnaði og ábyrgð sjóðsins á kröfum við skipti á dánarbúi vinnuveitanda.

Um 28. gr.

Í ákvæði þessu kemur fram að frumvarpið er lagt fram með hliðsjón af tilskipun ráðsins frá 20. október 1980 nr. 80/987/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota en tilskipun þessi var innleidd hér á landi á grundvelli EES-samningsins.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi með eftirfarandi fyrirvörum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að kröfur í bú vinnuveitanda, sem úrskurðuð eru gjaldþrota fyrir gildistöku þessara laga, skuli njóta ábyrgðar samkvæmt lögum nr. 53/1993. Í ákvæðinu er þó kveðið á um að 10. gr. þessa frumvarps skuli taka strax gildi leiði hún til hagstæðari niðurstöðu fyrir kröfuhafa en 6. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að nýmæli d-liðar 5. gr. um ábyrgð á viðbótarlífeyrissparnaði taki gildi 1. janúar 2004 vegna þeirra iðgjalda sem falla í gjalddaga eftir gildistöku þessa frumvarps, sbr. 1. mgr. Enn fremur er lagt til að ákvæðinu verði einungis beitt vegna þeirra fyrirtækja sem tekin eru til gjaldþrotaskipta eftir 1. janúar 2004. Frestun á gildistöku ræðst meðal annars af því að ábyrgð sjóðsins er háð skilyrðum um eftirlit og innheimtu vörsluaðila við-bótarlífeyrissparnaðar. Vörsluaðilum viðbótarlífeyrissparnaðar er með þessu móti gefinn

kostur á að aðlaga starfsemi sína að þeim kröfum sem settar verða í reglugerð um eftirlit og innheimtu.

Í 4. mgr. er lagt til að gildistaka 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, að því er varðar hækkun á hámarksábyrgð sjóðsins á kröfur launamanna skv. a- og b-lið 5. gr., miðist við 1. apríl 2003. Kemur ákvæðið til framkvæmda vegna þeirra krafna sem gjaldfalla eftir 1. apríl 2003 án tillits til þess hvenær bú vinnuveitanda var tekið til gjaldþrotaskipta. Fram til þess dags gildir hámarksábyrgð skv. 2. mgr. 5. gr. gildandi laga.

Minnt skal á að við afgreiðslu sjóðsins á kröfum skv. a- og b-lið 5. gr. skal hver mánuður gerður upp sérstaklega samkvæmt þeim hámörkum sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Óhjákvæmilegt er að ályktað að við meðferð krafna um bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti skuli miða við þá hámarksfjárhæð sem í gildi er í hverjum mánuði uppsagnarfrests. Til skýringar skal tekið dæmi um launamann sem hættir störfum við gjaldþrot vinnuveitanda í lok febrúar 2003. Miðað við að hann eigi þriggja mánaða uppsagnarfrest á hann rétt á launum í uppsagnarfresti í mars til maí sama ár. Hámarksábyrgð sjóðsins mun samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu miðast við þrefaldar atvinnuleysisbætur vegna marsmánaðar en 250.000 kr. vegna apríl og maí.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði 1. mgr. 6. gr. um hámark á ábyrgð sjóðsins á orlofslaunakröfum, sbr. c-lið 5. gr., taki gildi strax í samræmi við 28. gr. þessa frumvarps varðandi þær orlofskröfur sem stofnast hafa en hafa ekki náð hámarki ábyrgðar. Vegna banns við afturvirkni íþyngjandi lagaákvæða er tekið fram í ákvæðinu að kröfur umfram hámarksábyrgð skuli ekki skerðast að því leyti sem þær stofnast fyrir gildistöku laganna. Ákvæðið felur hins vegar í sér að haldi þessar kröfur áfram að hækka eftir að frumvarpið verður að lögum mun sá hluti kröfunnar ekki njóta ábyrgðar sjóðsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Ábyrgðasjóð launa.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Það er samið af félagsmálaráðuneyti að fengnum tillögum stjórnar ábyrgðasjóðs launa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fjármögnun sjóðsins verði óbreytt en sjóðurinn er fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknunum og af reiknuðu endurgjaldi. Samkvæmt gildandi lögum skal ábyrgðargjald vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Það hefur verið 0,04% hin síðari ár og námu markaðar tekjur sjóðsins 170 m.kr. árið 2002.

Helstu nýmæli frumvarpsins sem leiða til kostnaðarauka fyrir ábyrgðasjóðinn eru:

1. Lagt er til að ábyrgðasjóður launa taki á sig ábyrgð af vangreiddum iðgjöldum samkvæmt samningum launþega og vinnuveitanda um viðbótartryggingavernd að hámarki 4%.

2. Lögð er til hækkun á hámarksábyrgð sjóðsins vegna krafna launþega og verði hún 250.000 kr. á mánuði í stað þrefaldra atvinnuleysisbóta eins og nú er. Fjárhæðin verði endurskoðuð árlega með reglugerð sem ráðherra setur.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hámarksábyrgð sjóðsins á orlofskröfum sem áunnist hafa verði 400.000 kr. en í gildandi lögum er ekkert hámark á ábyrgð sjóðsins varðandi orlofskröfur. Gert er ráð fyrir að fjárhæðin verði endurskoðuð árlega með reglugerð ráðherra. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að reglur um ábyrgð á orlofslaunakröfum starfsmanna verði færðar til samræmis við forgangsréttarákvæði gjaldþrotaskiptalaga og að ákvæði orlofslaga um ábyrgð á orlofi vegna greiðsluörðugleika vinnuveitenda verði færð undir sérstakan kafla í lögum um ábyrgðasjóð launa. Munu framkvæmdastjórar og stjórnarmenn og launamenn sem eiga verulegan eignarhlut ekki njóta ábyrgðar sjóðsins vegna launakrafna og geta því ekki heldur krafið sjóðinn um greiðslur vegna svonefnds vanskilaorlofs. Á hinn bóginn gerir frumvarpið ráð fyrir meiri sveigjanleika í túlkun bótaréttar skyldmenna og eigenda hlutafjár en gert er í gildandi lögum og er það í samræmi við afgreiðslu stjórnar sjóðsins eftir að ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli E–9/97 gegn íslenska ríkinu lá fyrir. Áhrifin eru því hverfandi miðað við gildandi réttarástand og er áætlað að fjölgun þeirra sem njóta ábyrgðar sjóðsins frá því sem nú er verði innan við 0,5%.

Við mat á áhrifum frumvarpsins á útgjöld sjóðsins var m.a. tekið mið af upplýsingum sjóðsins um kröfur og bótagreiðslur undanfarin ár varðandi meðalbótafjárhæð á mánuði og meðaltímalengd greiddra bótamánaða.

Nokkur óvissa er um áhrif frumvarpsins á útgjöld sjóðsins vegna nýmæla um ábyrgð hans á vangreiddum iðgjöldum samkvæmt samningi um viðbótarlífeyrissparnað. Ætla má að tæp 40% launafólks á almennum launamarkaði hafi nú þegar gert slíkan samning og ljóst er að þeim sem gera slíka samninga fer fjölgandi ár frá ári. Ef miðað er við meðalfjölda þeirra sem notið hafa ábyrgðar sjóðsins undanfarin þrjú ár, að 40% þeirra taki þátt í viðbótarlífeyrissparnaði og að 4% hámarksviðbótariðgjald sé í vanskilum í 6–7 mánuði má ætla að útgjöld sjóðsins aukist um 15–20 m.kr. á ári en auk þess koma til 4–6 m.kr. vegna 1% samningsbundins framlags atvinnurekenda til velflestra launamanna ASÍ þótt þeir taki ekki þátt í viðbótarlífeyrissparnaði. Vakin er hins vegar athygli á að hámarksviðmiðunartími er 18 mánuðir.

Þá er gert ráð fyrir að hækkun á hámarksábyrgð sjóðsins vegna krafna launþega auki launakröfur um rúm 10–11% og þar með útgjöld sjóðsins um 3,6 m.kr. á ári ef miðað er við svipaðar forsendur og ráðið hafa útgjöldum sjóðsins 1999–2001.

Loks er í frumvarpinu lagt til að aukið verði svigrúm til að túlka bótarétt skyldmenna. Á móti er gert ráð fyrir að sett verði hámark á ábyrgð sjóðsins varðandi orlofskröfur og takmarkaður réttur til greiðslu orlofs vegna greiðsluörðugleika fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að áhrif þessara tillagna lækki útgjöld sjóðsins um 2 m.kr. á ári miðað við bótakröfur síðustu ára.

Miðað við sömu forsendur og ríkt hafa undanfarin þrjú ár koma útgjöld sjóðsins til með að aukast um það bil 20–30 m.kr. á ári verði frumvarpið óbreytt að lögum. Rétt er hins vegar að benda á að það aukna svigrúm sem frumvarpið heimilar getur leitt til mun hærri útgjalda komi til með að reyna á ýtrustu skuldbindingar sjóðsins. Útgjöld sjóðsins aukast eftir því sem þátttaka launafólks á almennum vinnumarkaði í viðbótarlífeyrissparnaði verður almennari og eftir fjölda mánaða sem iðgjöld eru í vanskilum. Þá er rétt að vekja athygli á að sjóðurinn er eftir sem áður fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknunum og af reiknuðu endurgjaldi auk vaxtatekna af fjármunum sjóðsins.

1056. Svar [540. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um Suðurstrandarveg.

1. *Ætlar ráðherra að beita sér fyrir því að staðið verði við fyrirheit sem gefin voru við myndun Suðurkjördæmis um að gerð Suðurstrandarvegar árið 2003 væri forsenda kjördæmabreytinganna og samgönguáætlun breytt í þá veru?*

Í umræðum sem urðu um Suðurstrandarveg í tengslum við síðustu kjördæmabreytingu komu fram ýmis rök sem mæltu með endurbótum á þessari leið. Í þeim umræðum komu þó hvergi fram beinar ákvarðanir um tímasetningu framkvæmda. Endurbætur á þessari leið eru því í sömu stöðu og fjölmargar aðrar nauðsynlegar vegaframkvæmdir um land allt að því leyti að framkvæmdatími og framkvæmdahraði verður að fara eftir fjárveitingum hverju sinni.

Á það skal jafnframt bent að 12. febrúar sl. var kynnt sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja til viðbótar 4,6 milljarða kr. sérstaklega til samgöngumála. Inni í þeirri ákvörðun er 500 millj. kr. viðbótarframlag til Suðurstrandarvegar. Fyrir átti Suðurstrandarvegur inneign að upphæð 100 millj. kr., á öðru tímabili samgönguáætlunar 100 millj. kr. framlag og því þriðja 500 millj. kr.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður við Suðurstrandarveg?*

Samkvæmt mati Vegagerðarinnar stendur áætlun um kostnað við Suðurstrandarveg í 1,5 milljörðum kr.

3. *Hver er ástæða þess að fallið var frá áætlunum um að hefja gerð Suðurstrandarvegar árið 2003 eins og samgöngunefnd Alþingis hafði áður samþykkt að veita fé til?*

Við gerð vegáætlunar árið 2000 var áætlað að töluvert fjármagn rynni til vegagerðar umfram markaða tekjustofna til vegagerðar og átti að verja þessu fé til nokkurra tilgreindra verkefna, m.a. 400 millj. kr. til Suðurstrandarvegar 2003–2004. Við gerð fjárlaga fyrir árin 2001 og 2002 lækkaði fjárveiting til vegagerðar til þess að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálum og varð því að draga úr eða fresta ýmsum framkvæmdum frá því sem áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Þrátt fyrir þetta hefur verið stefnt að því að hefja gerð vegarins á þessu ári. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem áður er vísað til í svari við 1. lið verður unnt að stækka fyrsta áfanga til mikilla muna frá því sem ella hefði verið.

1057. Svar [595. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla á sviði félagsmála,

a. innan félagsþjónustu sveitarfélaga;

b. hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þ.e.
– að greiða sérstök framlög vegna sérþarfa langveikra barna í grunnskólum;
c. á sviði vinnuréttar, þ.e.
– að leggja bann við uppsögnum starfsmanns vegna fjölskylduábyrgðar, og
– að kveða á um rétt foreldra til foreldraorlofs;
d. í málefnum barna, þ.e.
– að efla bráðamóttöku á vegum Barnaverndarstofu, og
– að stofna samstarfsráð félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um meðferð vegna vímuefnavanda og hegðunar- og geðraskana barna og unglinga?

a. Félagsþjónusta sveitarfélaga.

Vorið 2001 var fallið frá því að flytja frumvarp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem samið var vegna væntanlegrar yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Hafði undirbúningur að því frumvarpi staðið yfir í nokkur ár. Í frumvarpinu var félagsþjónustu við langveik börn sérstakur gaumur gefinn, sbr. ákvæði frumvarpsins um rétt langveikra barna til skammtímavistunar og stuðningsfjölskyldu. Ástæða þess að fallið var frá því frumvarpi voru fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og að sveitarfélögin töldu að þau fengju ekki nægilega fjármuni með verkefnaflutningnum. (Sjá frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þskj. 267, 242. mál 126. löggjafarþings 2000–2001.)

Haustið 2001 var í félagsmálaráðuneyti unnið að frumvarpsdrögum til breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, eingöngu með hagsmuni langveikra barna í huga. Þar var lagt til að fjölskyldur langveikra barna skyldu eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu, að börnin ættu rétt á sumardvöl, aðgangi að ráðgjöf, þjálfun og leikmeðferð og að börnunum yrði gefinn kostur á liðveislu. Frumvarpsdrögin voru send Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar í byrjun nóvember 2001. Í umsögn sambandsins, dags. 7. desember 2001, var eindregið lagst gegn því að verkefni þetta yrði á vegum sveitarfélaga með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í frumvarpsdrögunum. Málið var því lagt til hliðar.

Enda þótt ekki hafi orðið af því, að sinni a.m.k., að framangreind þjónusta við langveik börn yrði felld inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga skal tekið fram að fjölskyldur langveikra barna eiga, eins og aðrar fjölskyldur, rétt á margvíslegri aðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Má þar einkum nefna félagslega ráðgjöf, heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð. Um mat á þörf á fjárhagsaðstoð til heimila langveikra barna skal sérstaklega tekið fram að umönnunarbætur teljast ekki til tekna. Um þetta mun hafa ríkt misskilningur hjá sumum sveitarfélögum og þau talið umönnunarbætur til tekna við mat á fjárhagsaðstoð. Félagsmálaráðuneytið sendi því, í október 1999, öllum sveitarfélögum umburðarbréf til að leiðrétta þann misskilning.

b. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Í 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003, er kveðið á um heimild Jöfnunarsjóðs til að greiða framlög úr sjóðnum til sérstakra verkefna. Í b-lið 1. mgr. sömu greinar segir að aðstoðin eigi við um sveitarfélög sem orðið hafa fyrir verulega íþyngjandi og ófyrirséðum útgjöldum vegna lögákveðinna verkefna eða af öðrum ástæðum sem ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs metur gildar.

Í 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, segir að greidd skuli framlög til sveitarfélaga á grundvelli umsóknar þeirra

vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskóla sem leiða til mikilla útgjalda umfram tekjur og kostnaðurinn sé verulega íþyngjandi.

Með hliðsjón af framansögðu getur sveitarfélag, sem verður fyrir verulegum útgjöldum vegna langveiks barns í grunnskóla, sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði samkvæmt báðum framangreindum reglugerðarheimildum, og útilokar ein þar ekki aðra. Sækja þarf um sérstaklega vegna hvers einstaks máls. Tekið skal fram að þessi framlög eru fyrst og fremst ætluð fámennum sveitarfélögum, því að kostnaður, t.d. vegna eins máls, þar sem þjónustuþörf er mikil, getur verið verulega íþyngjandi fyrir sveitarfélagið.

Í nóvember 1999 var gerður samningur milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar um að Reykjavíkurborg tæki að sér að sjá um kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkur, en dvelja á sjúkrahúsum í Reykjavík. Í samningnum felst að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Reykjavíkurborg ákveðna fjárhæð árlega fyrir að annast kennslu barnanna meðan þau dveljast á sjúkrahúsum borgarinnar. Markmiðið með samningnum er að tryggja að langveik börn, sem búa utan Reykjavíkur, fái notið eðlilegrar kennslu á meðan þau dveljast á sjúkrahúsi í Reykjavík, eftir því sem aðstæður þeirra leyfa hverju sinni.

c. Vinnuréttur.

Lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, nr. 27/2000, voru samþykkt á Alþingi í maí 2000. Samkvæmt lögunum er óheimilt að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

Til að um fjölskylduábyrgð starfsmanns geti verið að ræða verða þrjú meginskilyrði að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða skyldur gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum starfsmannsins sjálfs. Í öðru lagi þarf viðkomandi að búa á heimili starfsmannsins og loks er þriðja skilyrðið að viðkomandi þarfnist umönnunar starfsmannsins sjálfs eða forsjár, svo sem vegna veikinda, fötlunar eða sambærilegra aðstæðna. Allir þessir þrír þættir þurfa að vera fyrir hendi til að starfsmaður teljist bera fjölskylduábyrgð gagnvart viðkomandi einstaklingi í skilningi laganna.

Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, voru einnig samþykkt í maí 2000. Hvort foreldri um sig á rétt til 13 vikna foreldraorlofs til að annast barn sitt eftir að hafa starfað samfellt í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda. Réttur þessi er óframseljanlegur milli foreldra og er foreldrum heimilt að taka foreldraorlofið í einu lagi eða með öðrum hætti, t.d. í nokkrum skemmri tímabilum eða með lækkuðu starfshlutfalli. Réttur til foreldraorlofs fellur niður þegar barn verður 8 ára. Foreldraorlof er ólaunað.

Ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda helst óbreytt í foreldraorlofi og skal starfsmaður eiga rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu orlofinu. Sé þess ekki kostur skal hann eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning. Þau réttindi sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi foreldraorlofs skulu haldast óbreytt til loka orlofsins. Starfsmaður nýtur einnig verndar gegn uppsögnum vegna foreldraorlofs samkvæmt lögunum. Brjóti vinnuveitandi gegn ákvæðum laga þessara varðar það skaðabótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

d. Málefni barna.

Fram undan er að byggja við Stuðla og stækka neyðarmóttökuna með þeim hætti og efla þar með starfsemi hennar. Teikningar hafa legið fyrir síðan sumarið 2000. Það skilyrði er sett af hálfu félagsmálaráðuneytis að Barnaverndarstofa leggi fram fé fyrir stofnkostnaði sem er áætlaður 65 millj. kr. Þá fjármuni mun Barnaverndarstofa leggja fram af þeim 70 millj. kr.

sem Barnaverndarstofa fær árlega samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 24. júní 1999. Rúmlega 40 millj. kr. af þeirri fjárhæð hefur farið til Landspítala – háskólasjúkrahúss, samkvæmt samningi milli Landspítala og Barnaverndarstofu frá 26. apríl 2000. Reynt hefur verið að halda til haga þeim u.þ.b. 28 millj. kr. árlega sem eftir standa, en þar sem álag á neyðarmóttökuna hefur verið mikið hefur reynst nauðsynlegt að verja hluta af þeirri fjárhæð til að mæta þeirri eftirspurn. Barnaverndarstofa á nú tæplega 40 m.kr. upp í verkefnið, en þarf að bæta við 25 millj. kr. til að ná því markmiði að fjármagna stofnkostnað bráðamóttökunnar.

Með bréfi, dags. 4. janúar 2000, skipaði félagsmálaráðherra samstarfsráð um meðferð barna og unglinga í vímuefnavanda og með hegðunar- og geðraskanir. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, barna- og unglingageðdeild Landspítala, SÁÁ, heilbrigðisráðuneyti, Stuðlum og Barnaverndarstofu.

Samstarfsráðið var skipað með vísan til samkomulags félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra, dags. 26. nóvember 1999, vegna ákvörðunar ríkisstjórnar frá 24. júní 1999 um meðferð barna og unglinga með hegðunar- og geðraskanir, svo sem vegna vímuefnaneyslu og afbrotahneigðar.

Í samstarfsráðinu er skipst á upplýsingum og unnið að því að samhæfa sjónarmið. Framkvæmd áðurnefnds samnings frá 26. apríl 2000 er kynnt reglulega. Neyðarmóttakan á Stuðlum hefur oft verið þar til umræðu, svo og sérstaða barnaverndaryfirvalda sem felst í skyldu þeirra til að útvega börnum þvingaða innlögn.

Samstarfsráðið er enn að störfum.

1058. Nefndarálit [461. mál]

um frv. til l. um staðla og Staðlaráð Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Þorgrímsson frá iðnaðarráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands og Frumherja.

Með frumvarpinu er hlutverk Staðlaráðs Íslands fest í sessi og skýrt kveðið á um ótvírætt umboð þess til að staðfesta alþjóðlega og evrópska staðla sem íslenska, og til að annast gerð séríslenskra staðla og starfrækja fagstaðlaráð.

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Nefndin er sammála um að rýmka aðildina að ráðinu þannig að hún sé öllum heimil en ekki einungis hagsmunaaðilum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „heimil öllum hagsmunaaðilum“ í 1. mgr. komi: öllum heimil.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „öðlast gildi 1. janúar 2003“ í 1. málsl. komi: öðlast þegar gildi.

Árni R. Árnason og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Svanfríður Jónasdóttir.
Árni Steinar Jóhannsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Jóhann Ársælsson.
	Ólafur Örn Haraldsson.	

1059. Frumvarp til laga [650. mál]

um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður í Blesugróf skulu ákvarðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

Nr.	X-hnit	Y-hnit			
1	17998.943	14005.547			
2	17984.4430	14053.7315			
3	17972.4296	14106.6154			
4	17961.4190	14170.0095			
5	17958.6840	14200.3755			
6	17955.9717	14231.2488			
7	17948.1854	14283.4299			
8	17935.5891	14374.6924			
9	17931.8499	14411.4676			
10	18009.8346	14428.3951			
11	18044.1202	14427.0108			
12	18065.6808	14454.6513			
13	18060.8429	14498.8431			
14	18019.8879	14556.7109			
15	18043.7634	14598.5325			
16	18058.5269	14590.1042			
17	18116.7817	14692.1465			
18	17979.921	14077.254			
19	18111.7770	14426.8750			
20	17947.99	14658.30			
21	18641.9220	14225.3170	miðja hrings	R=676.50,	bogi milli 1 og 2
22	18806.8965	14268.3712	miðja hrings	R=850.00,	bogi milli 2 og 3
23	19592.2772	14420.6120	miðja hrings	R=1650.00,	bogi milli 3 og 4
24	18202.0941	14206.9923	miðja hrings	R=243.50,	bogi milli 4 og 5
25	17702.2787	14193.4055	miðja hrings	R=256.50,	bogi milli 5 og 6
26	22102.1939	14903.2795	miðja hrings	R=4200.00,	bogi milli 7 og 8
27	18673.1773	14468.2649	miðja hrings	R=743.50,	bogi milli 8 og 9
28	18500.456	14176.964	miðja hrings	R=530.00,	bogi milli 1 og 18
29	18420.033	14110.945	miðja hrings	R=441.40,	bogi milli 18 og 19

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45 3. júní 1998, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 25. febrúar 2003 breytt mörkum Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarfélaganna um breytt mörk.

Samkvæmt því breytast mörk milli sveitarfélaganna þannig að hluti Blesugrófar, sem er innan marka Kópavogs, verður innan marka Reykjavíkur, svo sem sýnt er á meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti, sem er jafnframt fylgiskjal 1 með samkomulaginu.

Á þessu landsvæði búa um tíu manns, sem nú eiga kosningarrétt í Suðvesturkjördæmi. Eftir breytingar á mörkum sveitarfélaganna munu íbúar svæðisins tilheyra Reykjavíkurkjördæmi suður.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000, segir að verði mörkum sveitarfélaga breytt og varði slík breyting mörk kjördæma skuli þau mörk haldast óbreytt. Skv. 2. mgr. 129. gr. laganna verður ákvæðum um kjördæmamörk ekki breytt nema með samþykki ⅔ atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. 1. gr. laga nr. 77/1999.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður til samræmis við samkomulag sveitarfélaganna. Breytingarnar öðlast eigi gildi nema Alþingi samþykki þær með ⅔ atkvæða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður til samræmis við samkomulag milli Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

1060. Frumvarp til ábúðarlaga. [651. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og yfirstjórn.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um ábúð á jörðum og jarðahlutum en ekki um leigu á landi nema sérstaklega sé samið um það.

2. gr.
Skilgreiningar.

Ábúandi merkir í lögum þessum einstakling eða lögaðila sem hefur afnotarétt af jörð með réttindum og skyldum samkvæmt lögum þessum.

Ábúð merkir í lögum þessum afnotarétt af jörð eða jarðahluta til búrekstrar eða annars atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt lögum þessum.

Erfðaábúð merkir í lögum þessum ábúð sem gengur í erfðir.

Fardagar eru í lögum þessum fjórir og hefjast þegar sex vikur eru af sumri. Fimmtudagur í sjöundu viku sumars er fyrstur þeirra en sunnudagur seinastur.

Greiðslumark merkir í lögum þessum tiltekinn fjölda ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslna úr ríkissjóði.

Jarðefni merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Jörð merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Það gildir þó ekki um lóðir fyrir sumarbústaði án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og heldur ekki landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.

Landbúnaður merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, meðferð, ræktun og nytjun lands og annarra jarðargæða og búfjár til framleiðslu matvæla og hráefna til iðnaðarframleiðslu eða annarrar verðmætasköpunar og markaðssetningu þeirra afurða, svo og verndun lands og endurheimt landkosta, akuryrkju, landgræðslu, garðyrkju, skógrækt, veiði í ám og vötnum, nýtingu annarra hlunninda, fiskeldi og ferðaþjónustu.

Lífstíðarábúð merkir í lögum þessum ævilanga ábúð.

Mannvirki merkja í lögum þessum hvers konar byggingar og fylgifé þeirra sem er varanlega skeytt við land.

Ræktun eða *ræktað land* merkir í lögum þessum land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

Vatnsréttindi merkja í lögum þessum rétt til að nytja grunnvatn, vatnsfall eða stöðuvatn.

Rísi ágreiningur um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt lögum þessum sker landbúnaðarráðherra úr.

3. gr.
Yfirstjórn.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Bygging jarða.

4. gr.
Ábúendur.

Ábúendur samkvæmt lögum þessum geta verið einstaklingar.

5. gr.
Ábúðartími.

Jörð skal byggja frá fardögum til fardaga sé ekki um annað samið til fimm ára í senn hið skemmsta.

6. gr.
Jarðarafgjöld.

Jarðareiganda og ábúanda er heimilt að semja um fjárhæð jarðarafgjalds, gjalddaga, greiðslustað og hvort og hvaða tryggingu ábúandi skuli setja fyrir greiðslu þess, svo og aðra skilmála að því leyti sem ekki er ákveðið á annan hátt með lögum.

7. gr.
Ástand jarðar, mannvirkja o.fl.

Jörð með ræktun og mannvirkjum skal afhent ábúanda í því ástandi sem hún er við upphaf ábúðar og skal þess getið í byggingarbréfi, sbr. 8. gr.

Við upphaf ábúðar skal liggja fyrir úttekt úttektarmanna skv. 35. gr. um ástand jarðar, ræktunar, mannvirkja og annarra atriða gerð á síðustu sex mánuðum. Jarðareigandi greiðir kostnað af slíkri úttekt nema um sé að ræða úttekt vegna ábúðarloka en þá skiptist kostnaður skv. 39. gr.

8. gr.
Byggingarbréf.

Jarðareigandi og ábúandi skulu gera skriflegan samning um ábúð sem nefnist byggingarbréf. Í byggingarbréfi skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila, ræktun, mannvirki, hlunnindi, greiðslumark, ábúðartíma, upphaf og lok ábúðar, fjárhæð, gjalddaga og greiðslustað jarðarafgjalds, hvort ábúandi skuli setja tryggingu fyrir greiðslu jarðarafgjalds og í hvaða formi, aðra ábúðarskilmála, landamerki jarðar, ítök sem jörðin kann að eiga í öðru landi og á afréttum, kvaðir sem kunna að hvíla á jörð svo og upplýsingar um starfsemi ábúanda á jörðinni. Einnig skulu koma fram í byggingarbréfi upplýsingar um ástand ræktunar og mannvirkja eða tilvísun til slíkra upplýsinga í úttekt. Gera skal þrjú samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er jarðareigandi og ábúandi rita nöfn sín undir í viðurvist tveggja vitundarvotta. Heldur jarðareigandi einu eintaki, ábúandi einu en hið þriðja skal afhent sýslumanni til þinglýsingar.

9. gr.

Vanræksla á gerð byggingarbréfs.

Hafi aðilar vanrækt að gera byggingarbréf teljast þeir hafa gert ótímabundinn samning um ábúð og gilda öll ákvæði þessara laga um réttarsamband þeirra. Fjárhæð jarðarafgjalds skal miða við þá fjárhæð sem jarðareigandi getur sýnt fram á að ábúandi hafi samþykkt að greiða.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur ábúanda og jarðareiganda.

10. gr.

Leiguliðaafnot ábúanda.

Ábúandi skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar en það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, sem jörðin sjálf gefur af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyðileggist við notkunina. Til leiguliðaafnota telst ræktun og öll mannvirki svo og greiðslumark og hlunnindi er jörðinni fylgja, sbr. þó 11. gr.

11. gr.

Réttindi undanskilin leiguliðaafnotum.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatns- og jarðhitaréttindi, þ.m.t. jarðhiti, námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni sem ekki geta talist til venjulegra leiguliðaafnota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga, til þess að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Ábúandi á þó rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á mannvirkjum jarðar, þ.m.t. gróðurhúsum til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsþarfa. Ábúandi sem verður fyrir tjóni á eignum sínum vegna hagnýtingar annarra aðila á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning sem leiðir af virkjun vatns eða annarra framkvæmda.

Jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari afnot af réttindum skv. 1. mgr. enda séu slíkir samningar í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.

12. gr.

Lögheimili ábúanda, landbúnaðarstarfsemi o.fl.

Skylt er ábúanda að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni og stunda þar landbúnaðarstarfsemi nema sveitarstjórn og jarðareigandi samþykki annað.

13. gr.

Breytingar eða lok landbúnaðarstarfsemi ábúanda.

Ef ábúandi óskar eftir að gera breytingar á landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni skal hann leita eftir skriflegu leyfi jarðareiganda. Sama gildir ef ábúandi óskar eftir að hætta landbúnaðarstarfsemi sinni.

14. gr.

Endurbætur ábúanda á mannvirkjum o.fl.

Ef ábúandi óskar eftir að gera endurbætur á mannvirkjum ábúðarjarðar eða byggja ný mannvirki skal hann leita skriflegs leyfis jarðareiganda og skal þar tekið fram hvort jarðareigandi samþykki að kaupa þær framkvæmdir af ábúanda við ábúðarlok. Ef mannvirki á ábúðarjörð fullnægja ekki kröfum laga og stjórnvaldsreglna um landbúnaðarstarfsemi ábúanda samkvæmt byggingarbréfi aðila er jarðareiganda skylt að veita leyfi til framkvæmda og samþykkja kaupskyldu við ábúðarlok.

15. gr.

Veðsetning.

Ábúanda er heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar lánum sem hann tekur vegna varanlegra framkvæmda og annarra endurbóta á jörðinni. Einnig er ábúanda heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar lánum sem hann tekur hjá Lánasjóði landbúnaðarins vegna kaupa á bústofni og búvélum.

Heimildir ábúanda til veðsetningar á ábýlisjörð sinni eru bundnar því skilyrði að heildarskuldir ábúanda sem tryggðar eru með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í ræktun og mannvirkjum á jörðinni.

16. gr.

Greiðsla jarðarafgjalda.

Ábúandi skal greiða jarðarafgjöld á gjalddaga. Hafi ábúandi ekki gert skil á jarðarafgjaldi innan 30 sólarhringa frá gjalddaga er jarðareiganda heimilt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af fjárhæð jarðarafgjaldsins til greiðsludags. Vangoldin jarðarafgjöld er heimilt að innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

17. gr.

Viðhaldsskylda.

Ábúanda er skylt að halda við húsum, öðrum mannvirkjum, ræktun og hlunnindum þannig að þau rýrni ekki umfram eðlilega fyrningu að mati úttektarmanna, sbr. 35. gr., eða yfirmatsnefndar, sbr. 40. gr.

18. gr.

Skattar o.fl.

Ábúandi skal greiða skatta og skyldur sem lög ákveða og tengjast notum hans af jörðinni jarðareiganda að kostnaðarlausu nema um annað sé samið.

19. gr.

Brunatryggingar.

Öll mannvirki á jörðum í ábúð skulu vátryggð lögboðinni brunatryggingu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma og skal ábúandi greiða af því kostnað nema um annað sé samið.

20. gr.

Framsal eða veðsetning ábúðarréttar.

Ábúanda er óheimilt að framselja, veðsetja eða láta af hendi ábúðarrétt sinn á annan hátt að öllu leyti eða að hluta, né leyfa not landsnytja eða hlunninda nema með skriflegu leyfi jarðareiganda sem skal þinglýsa.

21. gr.

Opinber framlög og styrkir.

Framlög og styrkir sem greiddir eru af opinberum aðilum til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörð sem er í ábúð tilheyra jörðinni og verða eign jarðareiganda.

22. gr.

Skylda ábúanda til að láta af hendi land undir skipulag o.fl.

Ábúanda er skylt að láta af hendi land vegna skipulags, undir opinberar byggingar og atvinnurekstur eða framkvæmdir sem nauðsynlegt þykir að gera í landi jarðarinnar án annars endurgjalds en hlutfallslegrar lækkunar á jarðarafgjaldi. Náist ekki samkomulag um lækkun jarðarafgjalds skulu dómkvaddir matsmenn skera úr. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi eða þeir aðilar sem öðlast rétt yfir landinu á grundvelli þessa ákvæðis greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna. Kostnað við undirmat greiðir jarðareigandi en kostnað við yfirmat greiða aðilar að jöfnu.

23. gr.

Heimild jarðareiganda til að taka úr ábúð landspildur, lóðir o.fl.

Jarðareiganda er heimilt að taka úr ábúð landspildur eða lóðir til eigin þarfa og vegna þarfa niðja sinna, þ.m.t. kjörbarna og fósturbarna, nema jarðareigandi hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Einnig er jarðareiganda heimilt að taka úr ábúð og leigja lóðir undir hús, land til atvinnustarfsemi og spildur til ræktunar í landi jarðar sem er í ábúð enda valdi það ábúanda ekki verulegu tjóni og takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar eða búrekstrar með öðrum hætti á jörðinni að mati dómkvaddra matsmanna. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna. Kostnað við undirmat greiðir jarðareigandi en kostnað við yfirmat greiða aðilar að jöfnu.

24. gr.

Aðgangur jarðareiganda að jörð, mannvirkjum o.fl.

Jarðareigandi skal eiga aðgang að jörð sem er í ábúð og mannvirkjum hennar með hæfilegum fyrirvara í samráði við ábúanda til að framkvæma úrbætur og til eftirlits með ástandi og meðferð jarðarinnar. Jarðareiganda er þó aldrei heimill aðgangur að jörðinni og mannvirkjum hennar þegar ábúandi er þar ekki viðstaddur, nema að fengnu samþykki ábúanda.

25. gr.

Réttur maka við andlát ábúanda.

Falli ábúandi frá á ábúðartímanum heldur maki hans ábúðarréttinum.

26. gr.

Réttur til ábúðar við skilnað hjóna.

Ef hjón, annað eða bæði, hafa ábúðarrétt á jörð og hjúskap þeirra lýkur skal fara um ábúðarréttindin í samræmi við ákvæði hjúskaparlaga, nr. 31/1993, ef hjónin koma sér ekki saman um hvort þeirra skuli hljóta ábúðarréttindin. Það hjóna sem aðallega hefur atvinnu sína af landbúnaðarstarfsemi eða annarri starfsemi á jörðinni skal hafa forgang til áframhaldandi ábúðar á jörðinni án tillits til þess hvort þeirra undirritaði byggingarbréf.

27. gr.

Réttur sambúðarfólks.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk ef það á sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur varað í a.m.k. tvö ár eða ef það hefur átt barn saman eða á von á barni.

28. gr.

Tilkynningar.

Ef jarðareigandi eða ábúandi þarf að senda skriflegar tilkynningar, hverju nafni sem nefnast í lögum þessum, sem koma þarf til viðtakanda innan ákveðins frests eða tímamarka teljast tilkynningarnar komnar til viðtakanda ef þær eru sendar af stað með sannanlegum hætti innan þeirra tímamarka.

29. gr.

Önnur atriði.

Óheimilt er að semja um að ábúandi taki á sig meiri skyldur eða öðlist minni réttindi en lög þessi mæla fyrir um nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstaka heimild þess efnis.

Um réttindi og skyldur ábúanda og jarðareiganda fer að öðru leyti eftir gildandi lögum og stjórnvaldsreglum á hverjum tíma, svo og byggingarbréfi aðila.

IV. KAFLI
Ábúðarlok.

30. gr.

Tímabundinn ábúðarsamningur.

Tímabundnum samningi um ábúð lýkur á umsömdum tíma án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila. Heimilt er jarðareiganda og ábúanda að semja um að segja megi slíkum samningi upp án sérstakra aðstæðna, atvika eða forsendna. Slík uppsögn skal vera skrifleg og rökstudd og fara fram fyrir áramót miðað við næstu fardaga nema jarðareigandi og ábúandi hafi samið um annað tímamark.

Ef ábúandi deyr áður en tímabundnum ábúðarsamningi lýkur skal dánarbú hans segja upp ábúðarsamningnum. Slík uppsögn skal fara fram fyrir áramót og taka gildi í næstu fardögum nema um annað sé samið.

31. gr.

Ótímabundinn ábúðarsamningur.

Ótímabundinn samningur um ábúð er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsögn skal fara fram fyrir áramót og taka gildi í næstu fardögum nema um annað sé samið.

32. gr.

Lífstíðarábúð.

Ábúanda er heimilt að segja upp samningi um lífstíðarábúð.

Ábúandi sem óskar eftir að segja upp samningi um ábúð skv. 1. mgr. skal gera það með sannanlegum hætti fyrir áramót miðað við næstu fardaga nema jarðareigandi og ábúandi hafi samið um annað tímamark.

33. gr.

Vanefndir ábúanda.

Ef ábúandi vanefnir verulega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samningi um tímabundna ábúð, lífstíðarábúð eða erfðaábúð er jarðareiganda heimilt að segja upp samningi um ábúð.

Uppsögn jarðareiganda á ábúðarsamningi vegna vanefnda á skyldum ábúanda skal fara fram með sex mánaða fyrirvara nema um annað hafi verið samið. Uppsögn skal vera skrifleg og skulu þar tilgreindar ástæður uppsagnar.

Ábúandi skal bæta jarðareiganda það tjón sem leiðir af vanefndum hans.

34. gr.

Kaupskylda jarðareiganda á eignum og endurbótum ábúanda.

Jarðareiganda er skylt að kaupa af ábúanda við ábúðarlok ræktun, mannvirki og aðrar framkvæmdir eða umbætur á jörð sem jarðareigandi hefur heimilað ábúanda að reisa og samþykkt skriflega að kaupa við ábúðarlok. Náist ekki samkomulag skal kaupverð ákveðið af úttektarmönnum, sbr. 35. gr., eða yfirmatsnefnd, sbr. 40. gr.

35. gr.

Úttektarmenn.

Landbúnaðarráðherra skipar tvo úttektarmenn fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Skipa skal annan úttektarmanninn án tilnefningar en hinn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

36. gr.

Framkvæmd úttektar.

Úttektarmenn skulu byrja úttekt eigi síðar en fjórum vikum eftir að beiðni um úttekt berst nema sérstakar aðstæður standi í vegi fyrir því.

Úttektarmenn skulu tilkynna jarðareiganda og fráfarandi ábúanda skriflega með nægum fyrirvara um hvenær úttekt fer fram og gefa þeim kost á að vera viðstaddir og gæta réttar síns að öðru leyti. Einnig skulu úttektarmenn gefa jarðareiganda og ábúanda kost á að skila skriflegum greinargerðum.

Úttektarmenn skulu framkvæma ítarlega skoðun á vettvangi og rita lýsingu á ástandi jarðar, ræktunar og mannvirkja jarðareiganda og fráfarandi ábúanda. Í ástandslýsingu skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um stærð ræktunar og mannvirkja jarðareiganda og fráfarandi ábúanda, skemmdir á mannvirkjum sem kunna að hafa orðið af völdum ábúanda, hvernig húsum hefur verið viðhaldið og annað eftir því sem þurfa þykir. Einnig skulu úttektarmenn rita allar upplýsingar um kosti jarðarinnar, nýtingu, nýtingarmöguleika hennar og hvernig jörð hefur verið setin. Úttektarmenn skulu undirrita lýsinguna.

37. gr.

Mat á eignum og endurbótum ábúanda.

Úttektarmenn skulu framkvæma mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda sem háðar eru kaupskyldu jarðareiganda, sbr. 34. gr.

Við mat á eignum og endurbótum skulu úttektarmenn leggja til grundvallar efnisleg verðmæti eigna. Mat skal vera nýviði eigna að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Nýviði er kostnaður sem því mundi fylgja á matsdegi að reisa nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Afskriftir eru verðrýrnun eigna sem rekja má til aldurs, hrörnunar, slits, úreldingar og minnkaðs notagildis.

Við mat á eignum og endurbótum skal leggja til grundvallar ástand og viðhald eigna að teknu tilliti til aldurs þeirra og eðlilegs slits af notkun.

Úttektarmenn skulu leggja mat á afleiðingar þess að viðhaldi eigna hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti eða að gallar eða slit hafi orðið vegna óeðlilegrar notkunar eigna. Einnig skulu úttektarmenn leggja mat á kostnað við hreinsun og annan frágang ef viðskilnaður ábúanda er ekki í samræmi við 42. gr.

38. gr.

Niðurstöður úttektar.

Úttektarmenn skulu skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og staðfesta úttektir með undirritun sinni eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

39. gr.

Kostnaður.

Kostnaður við úttektir við ábúðarlok greiðist að jöfnu af jarðareiganda og fráfarandi ábúanda. Ef óskað er eftir úttekt af öðrum ástæðum skal sá sem óskar eftir úttekt greiða af því kostnað.

Kostnað við úttektir má innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

40. gr.

Yfirmat.

Jarðareigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan 15 daga frá dagsetningu úttektar skv. 38. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í yfirmatsnefnd fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Um störf yfirmatsnefndar gilda ákvæði 36.–37. gr.

Yfirmatsnefnd skal að lokinni vettvangsskoðun komast að niðurstöðu á fundum. Ef ágreiningur verður ræður afl atkvæða úrslitum.

Yfirmatsnefnd skal skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og skulu allir nefndarmenn staðfesta matsgerðir með undirritun sinni. Yfirmatsnefnd skal skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

Yfirmatsnefnd úrskurðar um hvernig kostnaður við yfirmat greiðist en þó skal kærandi alltaf greiða að lágmarki helming þess kostnaðar. Kostnað við yfirmat má innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

41. gr.

Greiðsla kaupverðs, greiðsluskilmálar o.fl.

Ef jarðareigandi og ábúandi ná ekki samkomulagi um greiðsluskilmála kaupverðs skal jarðareigandi greiða helming kaupverðsins á næstu níu mánuðum eftir ábúðarlok. Eftirstöðvar kaupverðsins skal jarðareigandi greiða með skuldabréfi til að hámarki tveggja ára. Fjárhæð skuldabréfsins skal verðtryggð samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu við ábúðarlok til greiðsludags og bera meðaltalsvexti verðtryggðra útlána almennra banka og sparisjóða á hverjum tíma.

42. gr.

Frágangur og skil ábúðarjarðar, mannvirkja o.fl.

Ábúandi skal skila ábúðarjörð sinni ásamt öllum mannvirkjum og tilheyrandi fylgifé í ekki lakara ástandi og hann tók við því að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar og viðhalds, á umsömdum tíma við ábúðarlok. Ábúandi skal hafa rýmt og hreinsað öll mannvirki og flutt bústofn sinn, vélar, tæki og allt sem er í hans eign á jörðinni í burtu og gert aðrar viðeigandi ráðstafanir til að rýma og skila jörðinni.

43. gr.

Aflýsing byggingarbréfs.

Ábúandi skal aflýsa þinglýstu byggingarbréfi innan viku frá ábúðarlokum. Eftir þann tíma skal byggingarbréfi aflýst að kröfu jarðareiganda á kostnað ábúanda.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

44. gr.

Reglugerðir o.fl.

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum.

45. gr.

Refsingar.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt heimild í þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

46. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samningar um ábúð sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga skulu halda gildi sínu en að öðru leyti fer um réttarsamband jarðeigenda og ábúenda samkvæmt þessum lögum eftir 1. júlí 2003.

Um kaupskyldu jarðareiganda á ræktun, mannvirkjum og öðrum endurbótum eða framkvæmdum fráfarandi ábúanda sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga fer eftir 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Ábúendur sem öðlast hafa erfðaábúð fyrir gildistöku þessara laga svo og síðari rétthafar skulu halda þeim réttindum en um réttarstöðu þeirra fer áfram eftir V. kafla ábúðarlaga, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Ábúendur sem hafa öðlast lífstíðarábúð á grundvelli 6. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, með síðari breytingum, skulu halda þeim réttindum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra og er því ætlað að leysa af hólmi núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra jarðalaga sem ætlað er að leysa af

hólmi núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og hefur verið reynt að samræma ákvæði þessara lagafrumvarpa eins og kostur er. Ljóst er að núgildandi ábúðarlög eru í fjölmörgum atriðum orðin úrelt og eiga engan veginn lengur við aðstæður hér á landi. Núgildandi ábúðarlög voru sett á árinu 1976 en frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði sem og á öðrum sviðum í íslensku þjóðfélagi. Í raun má segja að allar forsendur fyrir landbúnaðarstarfsemi séu gjörbreyttar frá því sem var þegar ábúðarlög nr. 64/1976 voru sett. Þá voru enn fremur ýmis ákvæði laganna að stofni til byggð á enn eldri löggjöf.

Fyrstu heildstæðu lögin um ábúð hér á landi voru lög nr. 1/1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, með síðari breytingum. Ábúðarlög nr. 87/1933 leystu þau af hólmi en þá tóku við ábúðarlög nr. 8/1951. Ábúðarlög nr. 36/1961 leystu þau lög af hólmi og giltu þar til ábúðarlög nr. 64/1976 tóku gildi. Einnig eru ýmis ákvæði laga nr. 64/1976 að stofni til komin úr eldri lögum um erfðaábúð og óðalsrétt en fyrstu lögin um það efni voru lög nr. 8/1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, með síðari breytingum. Lög nr. 116/1943, um ættaróðul og erfðaábúð, leystu þau lög af hólmi en þá tóku við lög nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, með síðari breytingum, sem giltu þar til ábúðarlög nr. 64/1976 tóku gildi. Ábúðarlög nr. 64/1976 hafa nokkrum sinnum tekið breytingum, þ.e. með lögum nr. 38/1982, lögum nr. 93/1984, lögum nr. 64/1988, lögum nr. 108/1988 og lögum nr. 21/2000.

Í greinargerð með frumvarpi til nýrra jarðalaga sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er gerð grein fyrir ýmsum takmörkunum sem jarðalög, nr. 65/1976, leggja á jarðeigendur. Í ábúðarlögum, nr. 64/1976, eru enn fremur ýmis ákvæði sem fela í sér verulegar takmarkanir á eignarrétti og ráðstöfunarheimildum jarðeigenda.

Hér má nefna m.a. að skv. 2. gr. núgildandi ábúðarlaga geta sveitarstjórnir knúið jarðeigendur til að ráðstafa jörðum sínum með tilteknum hætti en þar kemur fram að hver sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur sé skyldur til að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi jarðanefndar. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti knúið jarðeigendur til að fara að þessu ákvæði. Einnig er í 2. gr. laganna ákvæði þess efnis að ef eigandi jarðar hefur nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni en hvorki hann, fjölskylda hans né umsjónarmaður á hans vegum hefur þar lögheimili geti sveitarfélag ef jörð rýrnar að ákveðnu marki krafist þess að jarðareigandi bæti rýrnunina en að öðrum kosti getur sveitarstjórn ráðstafað jörðinni. Enn fremur getur sveitarstjórn ef þörf er á landi til búskapar tekið land leigunámi ef það er fallið úr tölu lögbýla eða hefur skipst úr jörð án þess að verða nýbýli að því tilskildu að það sé ekki nytjað af eiganda né leigt íbúum sveitarfélags. Ef jörð er ráðstafað til ábúðar í skemmri tíma en lífstíð er jarðareiganda samkvæmt gildandi lögum skylt að láta jörð fylgja íbúðarhús og útihús í nothæfu ástandi. Jarðareigandi hefur kaupskyldu á öllum eignum og endurbótum ábúanda sem er haganlega fyrir komið og nauðsynlegar eru til búskapar, sbr. 16. gr., og gildir það hvort sem jörð hefur verið ráðstafað til ábúðar af jarðareiganda sjálfum eða af sveitarfélagi samkvæmt framansögðu.

Þá er í núgildandi ábúðarlögum ákvæði þess efnis að ef jarðareigandi segir upp ábúð en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar sé sú uppsögn ógild en samkvæmt því á ábúandi rétt á að fá jörðina aftur ef henn krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni auk þess sem jarðareiganda ber að bæta honum allan skaða sem af því hefur hlotist.

Loks eru í núgildandi ábúðarlögum ákvæði um hvernig jarðarafgjöld skuli ákvörðuð og ef ágreiningur verður sker jarðanefnd úr en jarðareigandi og ábúandi hafa ekki frelsi til að semja um fjárhæð jarðarafgjalds. Ákvæði laganna um erfðaábúð eru einnig mjög íþyngjandi fyrir jarðeigendur og jörð sem háð er samningi um erfðaábúð er verðlítil eða nánast verðlaus

fyrir jarðeigendur. Í lögunum er jafnframt ákvæði um að á meðan sama ætt hefur erfðaábúð á jörð megi jarðarafgjald ekki hækka sem veldur því að víða er leiga fyrir jarðir í erfðaábúð ekki í samræmi við verðlagsþróun í landinu og aðrar forsendur. Þá er í 20. gr. núgildandi laga ákvæði þess efnis að ef jarðareigandi telur sér ekki fært að fullnægja skyldum sínum samkvæmt lögunum geti hann boðið ábúanda jörðina til kaups fyrir það verð sem úttektarmenn meta og á þá ábúandi rétt á að fá gjaldfrest á helmingi kaupverðsins sem er umfram veðskuldir. Ef ábúandi vill ekki kaupa á sveitarstjórn rétt á að leysa jörðina til sín með sömu skilmálum og boðnir voru ábúanda. Hér er í raun um nokkurs konar nauðungarsölu að ræða og rétt ábúanda ef jarðareiganda er ekki fært, t.d. af fjárhagsástæðum, að fullnægja öllum skyldum sínum samkvæmt lögunum en í þeirri skyldu getur t.d. falist að byggja íbúðarhús og útihús fyrir ábúanda þegar um tímabundna ábúð er að ræða, kaupa allar eignir ábúanda við ábúðarlok o.s.frv.

Frumvarp þetta felur í sér miklar breytingar frá þeim ákvæðum sem fram koma í ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum, en með þeim er stefnt að því að færa löggjöf um ábúð á jörðum í átt til nútímans og að samræma eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Núgildandi löggjöf um ábúð felur í sér verulegar takmarkanir á eignarrétti jarðeigenda. Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta úr þessum annmörkum en þó er leitast við að tryggja að við þær breytingar sem lagðar eru til séu sjónarmið bæði jarðeigenda og ábúenda höfð að leiðarljósi.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Í stað orðanna landsdrottinn og leiguliði eru í frumvarpinu notuð hugtökin jarðareigandi og ábúandi.
2. Í 2. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem talin eru upp í ákvæðinu en það eru hugtök eins og ábúð, erfðaábúð, fardagar, greiðslumark, jarðefni, jarðhiti, jörð, landbúnaður, lífstíðarábúð, mannvirki, ræktun og vatnsréttindi. Nauðsynlegt þykir að skilgreina þessi hugtök eins og gert er hér til þess að taka eins og unnt er af vafa um hver sé þýðing þeirra. Ef ágreiningur rís um skilgreiningu einstakra hugtaka sker landbúnaðarráðherra úr.
3. Felld eru úr gildi ákvæði í 2. gr. núgildandi ábúðarlaga um heimildir sveitarstjórnar til að knýja jarðeigendur til að ráðstafa jörðum sínum með tilteknum hætti í þágu sveitarfélags eða íbúa þess. M.a. er þar fellt úr gildi ákvæði um að hverjum þeim sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur sé skylt að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi jarðanefndar en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti knúið eiganda jarðar til að fara að þessu ákvæði. Einnig er fellt úr gildi ákvæði um að ef eigandi jarðar hefur nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni, og hvorki hann, fjölskylda hans né umsjónarmaður á hans vegum hefur þar lögheimili og jörðin rýrnar svo að sveitarfélagið bíður hnekki af skuli sveitarstjórn krefjast þess að jarðareigandi bæti það sem áfátt er eða byggi jörðina en að öðrum kosti getur sveitarstjórn ráðstafað jörðinni. Þá er fellt úr gildi ákvæði um að sveitarstjórn geti tekið land leigunámi ef það er fallið úr tölu lögbýla eða hefur skipst úr jörð án þess að verða nýbýli og er ekki nytjað af eiganda né leigt hreppsbúum ef þess er þörf vegna búskapar í sveitarfélaginu.
4. Fellt er niður ákvæði í núgildandi ábúðarlögum þess efnis að ef jarðareigandi hefur vanrækt að gera byggingarbréf skuli litið svo á að ábúandi hafi öðlast lífstíðarábúð á jörðinni. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að við þær aðstæður hafi stofnast ótímabundinn ábúðarsamningur sem hægt er að segja upp fyrir áramót og tekur uppsögnin gildi í fardögum næst á eftir, sbr. 9. og 31. gr.

5. Nýmæli er að kostnað við úttektir og yfirmat má innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar, sbr. 39. og 40. gr.
6. Felld eru niður ákvæði V. kafla núgildandi ábúðarlaga um erfðaábúð þar sem ekki þykir raunhæft að ætla að jörðum verði ráðstafað með þeim hætti eftir gildistöku þessara laga. Erfðaábúð er ábúð sem erfist til ættingja ábúanda með nánar tilgreindum hætti sem lýst er í 37. gr. núgildandi ábúðarlaga og getur falið í sér mjög langa eða jafnvel ævarandi skerðingu á afnota- og ráðstöfunarrétti eiganda jarðar. Ekki þykir ástæða til að hafa slík ákvæði lengur í lögum. Í ákvæði til bráðabirgða er þó gert ráð fyrir að þeir samningar sem nú eru í gildi um erfðaábúð haldi gildi sínu og að ákvæði V. kafla núgildandi laga gildi áfram um slíka samninga.
7. Fellt er úr gildi ákvæði í 5. gr. núgildandi ábúðarlaga um að jarðir í eigu ríkis, sveitarfélaga og opinberra sjóða og stofnana skuli byggja til lífstíðar og gert ráð fyrir að opinberir aðilar geti samið um ábúðartíma eins og aðrir.
8. Fellt er úr gildi ákvæði 4. mgr. 5. gr. núgildandi ábúðarlaga um að ef jarðareigandi segir upp ábúð en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar sé sú uppsögn ógild. Samkvæmt þessu ákvæði á ábúandi rétt á að fá jörðina aftur ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni auk þess sem jarðareigandi þarf að bæta honum allan skaða sem af því hlýst.
9. Sérstakt ákvæði er um gerð og efni byggingarbréfs í 8. gr.
10. Nýmæli er um að jörð skuli byggð í því ástandi sem hún er og ekki lagðar sérstakar skyldur á jarðareiganda í því efni eins og er samkvæmt núgildandi ábúðarlögum.
11. Breytt er ákvæði um að ekkja leiguliða skuli halda ábúðarrétti hans á þann veg að það tekur til maka, sbr. 25. gr.
12. Meginreglan er áfram sú að undanskilin afnotum ábúanda eru vatns- og jarðhitaréttindi, þ.m.t. námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni, einnig land til nauðsynlegra bygginga til þess að jarðareigandi geti hagnýtt þessi efni. Einnig á ábúandi áfram rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar. Þá er í frumvarpinu nýmæli um að jarðareigandi og ábúandi geti samið um víðtækari afnot þessara réttinda, sbr. 11. gr.
13. Fellt er úr gildi ákvæði um að jarðarafgjald skuli miðað við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda sem jörðinni fylgja o.s.frv. en samkvæmt ákvæðinu skyldi jarðanefnd skera úr ef ágreiningur yrði um fjárhæð jarðarafgjalds. Samkvæmt frumvarpi þessu er jarðareiganda og ábúanda veitt frelsi til að semja um fjárhæð jarðarafgjalds, gjalddaga þess og greiðslustað, svo og hvort ábúandi skuli setja tryggingu fyrir greiðslu jarðarafgjalds og í hvaða formi slík trygging á að vera, sbr. 6. gr. Þá er þar ákvæði um að ef ábúandi greiðir ekki jarðarafgjöld á tilsettum tíma eða gjalddaga reiknist af þeim hæstu lögleyfðu dráttarvextir þegar 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga.
14. Verulegar breytingar eru gerðar á ákvæðum núgildandi ábúðarlaga sem fjalla um skyldu jarðareiganda til að láta ábúðarjörð fylgja ákveðinn húsakost, sbr. 10. og 11. gr. þeirra laga. Samkvæmt gildandi lögum er jarðareiganda sem byggir ábúanda jörð í takmarkaðan tíma skylt að láta fylgja jörðinni íbúðarhús og útihús og gert ráð fyrir að unnt sé að knýja jarðareiganda til að sinna þessari skyldu. Í frumvarpi þessu er hins vegar gert ráð fyrir að jörð sé byggð í því ástandi sem hún er hvort sem um er að ræða ábúð í takmarkaðan tíma eða til lífstíðar og skal getið um ástand jarðarinnar og mannvirki í byggingarbréfi, sbr. 8. gr.

15. Verulegar breytingar eru einnig gerðar á ákvæðum 16. gr. núgildandi ábúðarlaga um heimild ábúanda til að framkvæma endurbætur á mannvirkjum jarðarinnar og til að byggja ný mannvirki. Samkvæmt gildandi lögum á ábúandi rétt á að auka við ræktun og mannvirki eða byggja ný mannvirki ef ljóst þykir að hann þurfi þess og er jarðareiganda skylt að kaupa þessar framkvæmdir af honum við ábúðarlok. Í 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ábúanda séu einungis heimilar þær endurbætur og framkvæmdir sem jarðareigandi hefur samþykkt skriflega. Í greinargerð kemur fram að hér er átt við allar endurbætur og framkvæmdir hverju nafni sem nefnast ef ábúandi ætlast til að þær verði háðar kaupskyldu jarðareiganda við ábúðarlok. M.a. er hér átt við ræktun, öll mannvirki, þ.m.t. girðingar, plön, vegi, garðrækt, veitulagnir, skjólbelti o.s.frv. Þá er það nýmæli að ef mannvirki á ábúðarjörð fullnægja ekki kröfum laga og stjórnvaldsreglna um þá starfsemi sem þar fer fram af hálfu ábúanda sé jarðareiganda skylt að veita leyfi og samþykkja kaupskyldu á framkvæmdum við ábúðarlok.
16. Verulegar breytingar eru gerðar á kaupskyldu jarðareiganda á eignum og endurbótum ábúanda, sbr. 34. gr. Skv. 16. gr. núgildandi ábúðarlaga er jarðareiganda skylt að kaupa af fráfarandi ábúanda allar eignir og endurbætur hans sem er „haganlega fyrirkomið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna ... enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að mati úttektarmanna.“ Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að jarðareigandi hafi einungis kaupskyldu á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda ef hann hefur samþykkt þær skriflega og jafnframt skuldbundið sig til að kaupa þær af fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Í ákvæði til bráðabirgða er þó sett sérákvæði um þau mannvirki sem hafa verið reist fyrir gildistöku laganna en um kaupskyldu á þeim mun áfram fara eftir ákvæði 16. gr. núgildandi ábúðarlaga.
17. Breytt er ákvæði 3. mgr. 5. gr. núgildandi ábúðarlaga þar sem jarðareiganda er áskilinn réttur til að taka jörð úr ábúð vegna þarfa sinna eða tiltekinna ættingja sinna. Hér er þrengdur sá hópur ættingja sem undir ákvæðið getur fallið og það takmarkað við niðja jarðareiganda. Ekki er hins vegar gerður munur á niðjum með tilliti til þess hvort þeir eru börn jarðareiganda, kjörbörn eða fósturbörn. Gilda sömu reglur um fjarskyldari niðja í beinan legg. Enn fremur eru heimildir jarðareiganda til að taka land úr ábúð samkvæmt frumvarpinu takmarkaðar við landspildur og lóðir úr jörðinni. Jarðareigandi getur hins vegar ekki tekið alla jörðina eða meirihluta hennar úr ábúð.
18. Nýmæli er að skylt er að við upphaf ábúðar liggi alltaf fyrir úttekt úttektarmanna um ástand jarðar, ræktunar, mannvirkja o.fl. er ekki sé eldri en sex mánaða, sbr. 2. mgr. 7. gr.
19. Nánari skilyrði eru sett fyrir heimildum ábúenda til að veðsetja ábúðarjarðir sínar en samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að ábúendur verði sjálfir að eiga mannvirki á ábúðarjörðum sínum sem séu a.m.k. jafnvirði heildarskulda þeirra sem tryggðar eru með veði í jörðunum. Jarðareigandi getur að sjálfsögðu veitt ábúanda rýmri heimildir en þar koma fram, sbr. 15. gr.
20. Fellt er úr gildi ákvæði í 20. gr. núgildandi ábúðarlaga um að ef jarðareigandi telur sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum sem á hann eru lagðar samkvæmt lögunum geti hann boðið ábúanda jörðina til kaups fyrir það verð er úttektarmenn meta enda fái leiguliði gjaldfrest á helmingi þess kaupverðs er kann að vera umfram veðskuldir. Ef ábúandi vill ekki kaupa jörðina eftir núgildandi lögum hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum og hefur þá sveitarstjórn rétt til að ganga inn í kaupin með þeim skilmálum sem jörðin var boðin ábúanda.

21. Felld eru úr gildi ákvæði 22. og að hluta til 23. gr. núgildandi ábúðarlaga um hvenær ábúandi skuli taka við jörð, flytja bú sitt á jörðina og hvenær fráfarandi skuli hafa flutt bú sitt o.s.frv. Gert er ráð fyrir að aðilar semji um þessi atriði í byggingarbréfi, sbr. 8. gr.
22. Fellt er úr gildi ákvæði í núgildandi ábúðarlögum um að ábúandi skuli hirða reka sem til fellur á jörð en í frumvarpinu eru almenn ákvæði um að ábúandi skuli hafa öll hlunnindi jarðar, sbr. þó 11. gr.
23. Fellt er úr gildi ákvæði um gjalddaga jarðarafgjalds og gert ráð fyrir að það verði samkomulagsatriði í byggingarbréfi, sbr. 8. gr.
24. Nýmæli er um að ef ábúandi óskar eftir að hætta landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni skuli hann leita skriflegs leyfis jarðareiganda. Sama gildir ef ábúandi vill gera verulegar breytingar á landbúnaðarstarfsemi sinni, sbr. 13. gr.
25. Nýmæli er um að framlög og styrkir sem greiddir eru af opinberum aðilum til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörð sem er í ábúð tilheyri jörðinni og verði eign jarðareiganda, sbr. 21. gr.
26. Nýmæli er um að ábúanda sé skylt að láta af hendi land undir skipulag, opinberar byggingar og atvinnurekstur eða framkvæmdir er nauðsynlegt þykir að gera í landi jarðarinnar án annars endurgjalds en hlutfallslegrar lækkunar á jarðarafgjaldi, sbr. 22. gr. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi eða sá sem öðlast rétt yfir landinu greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.
27. Nýmæli er um aðgang jarðareiganda að jörð sem er í ábúð til að framkvæma úrbætur og til eftirlits með ástandi og meðferð jarðarinnar, sbr. 24. gr. Jarðareiganda er þó aldrei heimill aðgangur að jörðinni og mannvirkjum hennar þegar ábúandi er þar ekki viðstaddur nema að fengnu samþykki ábúanda. Er það í samræmi við almennar reglur íslensks réttar um friðhelgi einkalífs.
28. Nýmæli er um að jarðareiganda er heimilt að taka úr ábúð og leigja lóðir undir hús, land til atvinnustarfsemi og spildur til ræktunar í landi jarðar sem er í ábúð, enda valdi það ábúanda ekki verulegu tjóni og takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar eða búrekstrar með öðrum hætti á jörðinni að mati dómkvaddra matsmanna. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, sbr. 23. gr.
29. Nýmæli er um að ábúanda sé heimilt að segja upp lífstíðarábúð en bein ákvæði eru ekki um það í núgildandi lögum þótt það hafi verið talið gilda í framkvæmd, sbr. 32. gr.
30. Nýmæli er í frumvarpinu um gildistöku skriflegra tilkynninga sem sendar eru í samræmi við ákvæði laganna en samkvæmt því ber að telja þær komnar til viðtakanda ef þær eru sendar af stað með sannanlegum hætti innan lögbundinna tímamarka, sbr. 28. gr.
31. Nýmæli er um að ábúanda sé skylt að aflýsa þinglýstu byggingarbréfi innan viku frá ábúðarlokum. Sé það ekki gert getur jarðareigandi látið aflýsa því á kostnað ábúanda, sbr. 43. gr.
32. Nýmæli er í frumvarpinu um að óheimilt sé að ábúandi taki á sig meiri skyldur eða öðlist minni réttindi en frumvarp þetta mælir fyrir um nema það hafi að geyma sérstök ákvæði þess efnis. Þetta hefur reyndar verið talin gildandi regla í framkvæmd við skýringu núgildandi ábúðarlaga, en hún hefur ekki fyrr verið færð í lagatexta, sbr. 29. gr.
33. Nýmæli er í 2. málsl. 4. mgr. 37. gr. að úttektarmenn skuli við úttektir leggja mat á kostnað við hreinsun og annan frágang ef viðskilnaður ábúanda er ekki í samræmi við 42. gr.
34. Nýtt ákvæði er í frumvarpinu að ef hjón hafa ábúðarrétt á jörð, annað eða bæði, og hjúskap þeirra lýkur án þess að þau komi sér saman um hvort þeirra skuli hljóta ábúðarrétt-

inn skuli farið með slíkan ágreining að hætti hjúskaparlaga. Það hjóna sem hefur aðallega atvinnu sína af landbúnaðarstarfsemi á jörðinni skal hafa forgang að áframhaldandi ábúð á jörðinni án tillits til þess hvort þeirra hefur undirritað ábúðarsamning, sbr. 26. gr.

35. Nýtt ákvæði er í frumvarpinu um að þar sem fjallað er um hjón eða maka skuli með ákveðnum skilyrðum gilda sömu reglur um sambúðarfólk, sbr. 27. gr.

Frumvarpið var sent til umsagnar hjá ýmsum aðilum og hefur í því verið tekið tillit til athugasemda sem fram komu frá þessum aðilum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna ákvæði um gildissvið laganna en samkvæmt því gilda þau um ábúð á jörðum og jarðahlutum. Lögin gilda hins vegar ekki um leigu á landi nema sérstaklega sé um það samið að einstök ákvæði þeirra skuli hafa gildi um réttarsamband leigusala og leigutaka jarðar.

Um 2. gr.

Hér er að finna ákvæði sem hefur að geyma skilgreiningar á ýmsum hugtökum. Nauðsynlegt þykir að lögfesta þessar skilgreiningar til að ekki fari milli mála hvað átt er við með einstökum hugtökum og orðasamböndum í lögunum. Nokkur þessara hugtaka eru skilgreind í öðrum lögum. Ef ágreiningur verður um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt þessum lögum sker landbúnaðarráðherra úr.

Um 3. gr.

Sambærilegt ákvæði er ekki í eldri lögum en efnislega felur þetta ákvæði ekki í sér breytingu frá eldri framkvæmd og því sem talið hefur verið gildandi réttur hér á landi.

Um 4. gr.

Hér er að finna ákvæði um hverjir geti verið ábúendur samkvæmt frumvarpinu og tekið af skarið um að einungis einstaklingar geti verið ábúendur. Það er í samræmi við þann skilning sem lagður hefur verið í gildandi ábúðarlög. Félög eða aðrir lögaðilar geta ekki verið ábúendur samkvæmt lögunum.

Um 5. gr.

Ákvæðið felur það í sér að ef ekki er samið um upphafs- og lokatímamark ábúðar skuli miða við að ábúð hefjist og ljúki í fardögum. Jarðareigandi og ábúandi geta þó samið um annað. Einnig felur ákvæðið í sér að samning um ábúð er unnt að gera tímabundið, þó ekki skemur en til fimm ára í senn, en einnig er heimilt að gera samning um ábúð til lífstíðar. Reglan um fimm ára lágmarksábúðartíma er sambærileg við ákvæði 5. gr. núgildandi ábúðarlaga.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði felur í sér grundvallarbreytingu frá eldri lögum og reyndar gildandi ábúðarlögum, en skv. 7. gr. laganna er lögákveðið hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar við ákvörðun jarðarafgjalds. Skal það miðað við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda sem jörðinni fylgja og greiðast í peningum eftir verðlagsgrundvelli þeirra afurða sem við er miðað ár hvert, eða söluverð, sé um að ræða afurðir sem verðlagsgrundvöllur nær ekki til. Ef ekki næst samkomulag skal jarðanefnd úrskurða hvað sé hæfilegt jarðarafgjald. Ekki hefur verið farið eftir þessu ákvæði í framkvæmd á síðustu áratugum

nema að mjög litlu leyti. Samkvæmt frumvarpi því sem hér liggur fyrir er í 6. gr. gert ráð fyrir að jarðareigandi og ábúandi hafi fullt samningsfrelsi til að ákveða jarðarafgjald og einnig til að ákveða hvort og þá hvaða tryggingu ábúandi skuli setja fyrir greiðslu jarðarafgjalds.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða grundvallarbreytingar frá því sem er eftir gildandi ábúðarlögum. Þegar jörð er byggð til lífstíðarábúðar samkvæmt gildandi ábúðarlögum er jarðareiganda ekki skylt að láta fylgja jörðinni önnur hús en þau sem þar eru við upphaf ábúðar, sbr. 10. gr. núgildandi ábúðarlaga. Ef jörð er hins vegar byggð til ákveðins árabils samkvæmt gildandi ábúðarlögum er jarðareiganda skylt að láta fylgja henni íbúðarhús og útihús í nothæfu ástandi að dómi úttektarmanna, sbr. 11. gr. sömu laga. Ef tilskilinn húsakostur er ekki til staðar þegar viðtaka fer fram skal í byggingarbréfi ákveðinn frestur sem jarðareigandi hefur til að bæta úr og tilgreint með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta ef ekki má ætla að hann sé nothæfur í tíu ár með eðlilegu viðhaldi. Fáar undantekningar eru frá þessari reglu. Í frumvarpi þessu er hins vegar gert ráð fyrir að jörð sé afhent ábúanda í því ástandi sem hún er við upphaf ábúðar og skal þess getið í byggingarbréfi. Jarðareiganda er samkvæmt þessu ákvæði óskylt að láta jörð sem ráðstafað er til ábúðar fylgja önnur hús en þau sem á henni eru við upphaf ábúðar. Nýmæli er að við upphaf ábúðar er alltaf skylt að fyrir liggi úttekt úttektarmanna eigi eldri en sex mánaða. Jarðareigandi greiðir kostnað af slíkri úttekt, sbr. þó 39. gr. þar sem gert er ráð fyrir að úttekt vegna ábúðarloka sé greidd að jöfnu af jarðareiganda og fráfarandi ábúanda. Ef jörð er ráðstafað til ábúðar innan sex mánaða frá því að slík úttekt er gerð er nægilegt að hún liggi fyrir.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta kemur að hluta til í stað 6. gr. núgildandi ábúðarlaga sem fjallar um að þegar jarðareigandi hefur vanrækt að gera byggingarbréf skuli litið svo á að jörð hafi verið byggð í lífstíðarábúð. Samkvæmt því ákvæði 9. gr. sem hér er fjallað um er gert ráð fyrir að ef ekki hefur verið gert byggingarbréf milli jarðareiganda og ábúanda skuli litið svo á að stofnast hafi ótímabundinn samningur um ábúð sem er uppsegjanlegur og skal uppsögn fara fram fyrir áramót og taka gildi í fardögum næst á eftir, sbr. 31. gr.

Um 10. gr.

Þetta ákvæði er að nokkru leyti sambærilegt við ákvæði 24. gr. núgildandi ábúðarlaga og skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Ekki er gert ráð fyrir að aðilar geti samið um minni leiguliðanot en þarna kemur fram, sbr. 29. gr.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði 2. mgr. 4. gr. núgildandi ábúðarlaga.

Í 2. mgr. er það nýmæli að jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari afnot þeirra réttinda sem samkvæmt meginreglunni eru undanskilin afnotum ábúanda í 1. mgr.

Um 12. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 21. gr. núgildandi ábúðarlaga.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er að finna nýmæli en þar er gert ráð fyrir að ef ábúandi vill hætta landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni skuli hann leita skriflegs samþykkis jarðareiganda. Sama gildir ef ábúandi vill gera verulegar breytingar á landbúnaðarstarfsemi sinni.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða grundvallarbreytingar frá núgildandi ábúðarlögum um heimildir ábúanda til að framkvæma endurbætur á eignum jarðareiganda eða til að byggja ný mannvirki. Samkvæmt ákvæðum núgildandi ábúðarlaga er ábúanda jafnan heimilt að framkvæma endurbætur á eignum jarðareiganda og byggja ný mannvirki ef sýnt er fram á að þeirra sé þörf til búrekstrar ábúanda. Jarðareigandi á þess kost að framkvæma endurbætur eða byggja ný mannvirki sjálfur en kjósi hann það ekki er ábúanda jafnan heimilt að gera það á eigin kostnað og er jarðareiganda að jafnaði skylt að kaupa þessar endurbætur af ábúanda við ábúðarlok, sbr. 12. og 16. gr. Í þessu ákvæði 14. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að ábúandi geti ekki framkvæmt endurbætur á ræktun eða mannvirkjum ábúðarjarðar sinnar eða byggt ný nema með skriflegu samþykki jarðareiganda. Í samþykki skal jarðareigandi jafnframt tilgreina hvort hann samþykkir að kaupa þessar endurbætur eða nýju byggingar af ábúanda við ábúðarlok. Ef mannvirki á jörð sem er í ábúð fullnægja ekki kröfum laga og stjórnvaldsreglna um landbúnaðarstarfsemi ábúanda er jarðareiganda skylt að veita leyfi til framkvæmda og að samþykkja kaupskyldu á framkvæmdunum við ábúðarlok. Ákvæði núgildandi ábúðarlaga geta augljóslega verið mjög íþyngjandi fyrir jarðareiganda og falið í sér veruleg höft á eignarrétti hans. Kaupskylda samkvæmt 16. gr. núgildandi ábúðarlaga er m.a. ekki alltaf raunhæft ákvæði ef gert er ráð fyrir að jarðareigandi búi við venjulegan fjárhag. Hins vegar getur synjun jarðareiganda á leyfi ábúanda til endurbóta komið mjög illa við ábúanda, t.d. geta komið upp þau tilvik að ábúandi hafi lífstíðarábúð á jörð eða erfðaábúð og hafi helgað allt sitt lífsstarf landbúnaðarstarfsemi á jörðinni. Mannvirki og ræktun ganga úr sér og verða ónothæf með tímanum, t.d. með tilliti til heilbrigðissjónarmiða ef litið er til mjólkurframleiðslu. Sú staða getur komið upp að mannvirki sem ábúandi hefur notað til mjólkurframleiðslu fullnægi ekki lengur kröfum laga og stjórnvaldsreglna til þeirrar starfsemi út frá heilbrigðissjónarmiðum. Ef ábúandi fær ekki leyfi til að endurbæta eða byggja ný mannvirki til starfsemi sinnar getur það auðveldlega leitt til þess að hann hrökklist af jörðinni og verði að hætta búskap. Þannig geta samningsákvæði um lífstíðarábúð orðið óvirk ef ekki er slíkur fyrirvari í lögunum. Hins vegar þykir ljóst að það ákvæði sem hér er lagt til að verði lögfest samrýmist betur nútímalöggjöf og aðstæðum en eldra ákvæðið.

Um 15. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 15. gr. núgildandi ábúðarlaga og 3. mgr. 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Þó eru hér sett sérstök ákvæði um skilyrði sem ábúendur verða að fullnægja til að geta öðlast veðsetningarheimild í ábúðarjörðum sínum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að slíkar heimildir geti eingöngu stofnast vegna lána sem tekin eru til framkvæmda á ábúðarjörð, þ.e. til byggingar eða endurnýjunar á mannvirkjum, til bústofnskaupa og til búvélakaupa. Í öðru lagi er hér sett það skilyrði að ábúendur sem vilja fá veðsetningarheimild í ábúðarjörð sinni verði sjálfir að eiga fasteignir á jörðinni til tryggingar þeim skuldum sem veðsetningarheimildinni er ætlað að tryggja, þ.e. ætlast er til að ábúendur eigi sjálfir fyrir heildarskuldum sínum sem tryggðar eru með veði í ábúðarjörðinni. Þetta þýðir í raun að samkvæmt þessu er verið að heimila ábúendum að veðsetja sínar eigin fasteignir á jörðunum. Þar sem jörðin verður hins vegar óhjákvæmilega veðandlag um leið þykir nauðsyn-

legt að tryggja rétt jarðareiganda með þeim hætti að ábúandi verði að eiga mannvirki á jörðinni til tryggingar skuldum sínum sem tryggðar eru með veði í jörðinni ef svo fer að ábúandi stendur ekki í skilum með skuldir sínar.

Um 16. gr.

Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í núgildandi ábúðarlögum, en verður að telja sjálfsagt og eðlilegt og þarfnast það ekki skýringa. Sérstakt nýmæli er í ákvæðinu um að vangoldin jarðarafgjöld megi innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Nauðsynlegt þykir að auðvelda innheimtu vanskila á slíkum gjöldum.

Um 17. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. núgildandi ábúðarlaga og þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 18. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 28. gr. núgildandi ábúðarlaga en þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 19. gr. núgildandi ábúðarlaga en þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 26. gr. núgildandi ábúðarlaga en þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 21. gr.

Sambærilegt ákvæði er ekki í núgildandi ábúðarlögum en ákvæðið er í samræmi við gildandi framkvæmd og þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæðið er nýmæli og felur það í sér að ábúandi sem verður að láta af hendi land samkvæmt þessu ákvæði á ekki rétt á bótum fyrir missi ábúðarréttar. Enn fremur á ábúandi við þessar aðstæður ekki rétt til hlutdeildar í kaupverði sem greitt er fyrir land samkvæmt þessu ákvæði og heldur ekki rétt til hlutdeildar í eignarnámsbótum. Ábúandi á hins vegar rétt til lækkunar jarðarafgjalds og skulu dómkvaddir matsmenn skera úr um lækkun jarðarafgjalds ef ágreiningur verður. Ef tjón verður á eignum ábúanda ber jarðareiganda eða þeim sem öðlast rétt yfir landinu að greiða ábúanda bætur fyrir það eftir mati dómkvaddra matsmanna eða eftir atvikum yfirmatsmanna. Kostnað af undirmati greiðir jarðareigandi eða sá sem öðlast rétt yfir landinu en kostnað af yfirmati greiða aðilar að jöfnu og gildir það bæði um mat á lækkun jarðarafgjalds og tjón á eignum ábúanda.

Um 23. gr.

Ákvæði 1. málsl. er skylt ákvæði 3. mgr. 5. gr. núgildandi ábúðarlaga en hefur að geyma meiri takmarkanir en þar er gert ráð fyrir, þ.e. samkvæmt ákvæðinu er einungis gert ráð fyrir að jarðareigandi geti tekið úr ábúð landspildur og lóðir vegna eigin þarfa og vegna þarfa niðja sinna. Ekki er gert ráð fyrir að jarðareigandi geti tekið alla jörðina úr ábúð. Einnig eru meiri

takmarkanir en áður á því hvaða ættingjar jarðareiganda geta fallið hér undir ákvæðið en það nær einungis til niðja. Hins vegar falla ekki lengur undir ákvæðið foreldrar og systkini. Með niðjum er átt við börn, kjörbörn, fósturbörn og barnabörn. Barnabörn falla hér undir án tillits til þess hvort þau eru ættleidd eða fósturbörn foreldra sinna. Þá nær ákvæðið til fjarskyldari niðja eftir sömu reglum. Ákvæði 2. málsl. er nýmæli og er í samræmi við framkvæmd sem tíðkast hefur um ríkisjarðir og einnig víða annars staðar. Meginreglan er sú að ákvæðið getur því aðeins átt við ef þær ráðstafanir sem þar er kveðið á um valda ábúanda ekki verulegu tjóni eða takmarka ekki aðstöðu hans til búrekstrar. Það þýðir hins vegar ekki að þetta ákvæði geti ekki átt við þótt eitthvert tjón verði á eignum ábúanda ef það telst ekki verulegt og verður að meta það hverju sinni. Ef tjón verður á eignum ábúanda ber jarðareiganda að greiða ábúanda bætur fyrir það eftir mati dómkvaddra matsmanna eða eftir atvikum yfirmatsmanna. Jarðareigandi skal greiða kostnað af undirmati en kostnað af yfirmati greiða aðilar að jöfnu.

Um 24. gr.

Hér er um að ræða nýmæli sem ekki er í gildandi ábúðarlögum en hefur viðgengist í framkvæmd og hlýtur að teljast eðlileg regla. Þær takmarkanir sem settar eru í ákvæðinu um samráð við ábúanda og viðveru hans eru í samræmi við gildandi rétt hér á landi um friðhelgi einkalífs.

Um 25. gr.

Ákvæði þetta er nánast samhljóða 2. mgr. 5. gr. núgildandi ábúðarlaga en þó þannig að maki tekur við ábúðarrétti látins maka, hvort sem um er að ræða ekkju eða ekkil.

Um 26. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringa en það á sér hliðstæðu í húsaleigulögum, nr. 36/1994, og í því er einnig vísað til ákvæða hjúskaparlaga sem eru nú nr. 31/1993.

Um 27. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa en sambærilegt ákvæði er víða í íslenskri löggjöf.

Um 28. gr.

Sambærilegt ákvæði er ekki í núgildandi ábúðarlögum en slíkt ákvæði er hins vegar að finna í 13. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 29.–32. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Hér er ekki að finna skilgreiningu á því hvað teljast verulegar vanefndir í skilningi ákvæðisins en það hlýtur að fara nokkuð eftir atvikum og aðstæðum hverju sinni, og einnig eftir byggingarbréfi aðila. Ákvæðið er að öðru leyti sambærilegt við 30. gr. núgildandi ábúðarlaga. Verulegar vanefndir í skilningi ákvæðisins geta m.a. verið fólgnar í því að ábúandi býr ekki lengur á jörðinni eða rekur þar ekki landbúnaðarstarfsemi, greiðir ekki jarðarafgjöld fyrir eitt eða fleiri fardagaár eða að ábúandi sinnir ekki skyldum sínum að greiða lögboðna brunatryggingu af mannvirkjum jarðar, fasteignagjöld og aðra skatta og skyldur sem ábúanda ber að greiða. Einnig getur fallið undir þetta ákvæði slæm umgengni ábúenda um ábúðarjörð, t.d. ef hún er þess eðlis að hún feli í sér rýrnun landgæða, húsakosts o.s.frv. Hér

verður að leggja mat á vanefndir ábúenda í hverju einstöku tilviki. Ákvæði þetta gildir án tillits til tímalengdar ábúðar og án tillits til þess hvort fimm ára lágmarksábúðartími er liðinn eða ekki.

Um 34. gr.

Hér er um að ræða grundvallarbreytingar frá ákvæðum núgildandi ábúðarlaga. Meginreglan skv. 16. gr. þeirra er að jarðareiganda sé skylt að kaupa af ábúanda við ábúðarlok eignir og endurbætur hans sem til frambúðar er haganlega fyrirkomið og nauðsynlegar eru til búrekstrar á jörðinni að dómi úttektarmanna á því verði sem úttektarmenn eða eftir atvikum yfirmatsnefnd metur, enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald að mati úttektarmanna. Í þessu ákvæði frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að kaupskylda jarðareiganda á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda takmarkist við þær eignir og endurbætur sem jarðareigandi hefur samþykkt skriflega að kaupa af ábúanda. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði 38. gr. núgildandi ábúðarlaga varðandi heimild ábúanda og jarðareiganda til að semja um kaupverð mannvirkja og ræktunar og annarra framkvæmda fráfarandi ábúanda. Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir að tryggður sé réttur þeirra ábúenda sem byggt hafa mannvirki og framkvæmt endurbætur fyrir gildistöku laganna á grundvelli 16. gr. núgildandi ábúðarlaga en gert er ráð fyrir að um réttarstöðu þeirra fari eftir því ákvæði þrátt fyrir gildistöku þessara laga.

Um 35. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 39. gr. núgildandi ábúðarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 36. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 40. gr. núgildandi ábúðarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 37. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 41. gr. núgildandi ábúðarlaga. Hér er að finna sérstakar reglur um matsaðferðir úttektarmanna og yfirmatsnefndar en samkvæmt þeim skal miða mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við nýviðri að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Hugtakið nýviðri hefur verið skilgreint með þeim hætti að þar sé átt við kostnað sem því mundi fylgja á matsdegi að reisa eða smíða nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Frá því ber að draga eðlilegar afskriftir. Ekki er í frumvarpinu að finna umfjöllun um hvað séu eðlilegar afskriftir en gera má ráð fyrir að þær miðist við sömu sjónarmið og lánastofnanir miða við mat á veðhæfni eigna í tengslum við afgreiðslu lánsumsókna. Hér má t.d. benda á matstölur Lánasjóðs landbúnaðarins og matsaðferðir Íbúðalánasjóðs eftir því sem við getur átt.

Um 38. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 42. gr. núgildandi ábúðarlaga.

Um 39. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 43. gr. núgildandi ábúðarlaga. Nýmæli er í ákvæðinu um að kostnað við úttektir megi innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar en nauðsynlegt þykir að auðvelda innheimtu á slíkum gjöldum.

Um 40. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 44. gr. núgildandi ábúðarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 41. gr.

Ákvæðið er nýmæli og felur í sér vinnureglu við frágang ábúðarloka. Í ákvæðinu er greint hvernig fara skuli með ef ekki næst samkomulag um greiðsluskilmála kaupverðs en undanfari þessa ákvæðis er nú í 16. gr. gildandi ábúðarlaga. Ákvæðið er nokkuð breytt frá þeirri reglu sem fram kemur í 16. gr. gildandi ábúðarlaga og miðast við að færa ákvæðið nær þeim reglum sem nú gilda um önnur fasteignaviðskipti. Fráfarandi ábúendur eru oftast að kaupa aðrar fasteignir um leið og þessi viðskipti eiga sér stað, t.d. íbúðarhús, og þurfa því að fá sambærilega greiðsluskilmála og þeim er sjálfum gert að sæta við fasteignakaup á hinum almenna markaði.

Um 42. gr.

Ákvæðið er að nokkru leyti í samræmi við ákvæði 23. gr. núgildandi ábúðarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 43. gr.

Ákvæðið er nýmæli en þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 44.–46. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að lögin í heild öðlist gildi 1. júlí 2003. Nokkur ákvæði laganna fela hins vegar í sér miklar breytingar á réttarstöðu þeirra sem eiga að hlíta þeim, t.d. ákvæði um kaupskyldu jarðareiganda á ræktun, mannvirkjum og öðrum endurbótum og framkvæmdum fráfarandi ábúanda. Ljóst er að fjölmargir ábúendur hafa lagt fjármuni í endurbætur, framkvæmdir og nýjar byggingar á ábúðartíma sínum og byggt heimildir sínar til þess á ákvæði 16. gr. núgildandi ábúðarlaga. Skilyrði fyrir heimild ábúanda til endurbóta, framkvæmda eða nýbygginga eru þar að meginstefnu þau að þeirra sé þörf til búreksturs ábúanda án tillits til þess hvort jarðareigandi hefur samþykkt þessar endurbætur, framkvæmdir eða nýbyggingar. Samkvæmt frumvarpi þessu eru heimildir ábúanda til endurbóta, framkvæmda og nýbygginga mun takmarkaðri og bundnar við að jarðareigandi hafi samþykkt þær skriflega og skuldbundið sig í samþykki sínu til að kaupa þær af ábúanda við ábúðarlok. Ekki þykir því unnt að þessu ákvæði laganna verði beitt með afturvirkum hætti þar sem það getur verið mjög íþyngjandi fyrir ábúendur. Um skyldu jarðareiganda til að kaupa endurbætur, framkvæmdir og nýbyggingar sem gerðar hafa verið í gildistíð eldri laga fer því eftir 16. gr. núgildandi ábúðarlaga. Einnig er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að jarðeigendur og ábúendur kunni að hafa gert samninga með ýmsum hætti sem ekki samrýmast ákvæðum þessara laga. Gert er ráð fyrir að slík samningsákvæði standi óhögguð eftir gildistöku þessara laga án tillits til efnis þeirra eða hvort þau séu ívilnandi eða íþyngjandi. Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að ábúendur sem öðlast hafa erfðaábúð haldi þeim réttindum þrátt fyrir að lögin geri ekki ráð fyrir að jörðum verði ráðstafað með þeim hætti eftir gildistöku þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til ábúðarlaga.

Tilgangur frumvarpsins er að setja ný lög í stað gildandi ábúðarlaga, nr. 64/1976. Með ákvæðum frumvarpsins er stefnt að því að færa löggjöf um ábúð á jörðum í átt til nútímans og samræma eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1061. Frumvarp til laga [509. mál]

um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

(Eftir 2. umr., 3. mars.)

1. gr.
Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við Alcoa Incorporated, Fjarðaál sf. (félagið) og stofnendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. (eigendurnir), um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi (verkefnið).

Samningarnir skulu kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, Alcoa Inc., félagsins og eigenda þess sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið, eigendurna og starfsemina, þ.m.t. framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningum skal ákveðið hversu lengi ákvæði þeirra skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá stofnun Fjarðaáls sf.

Fjárfestingarsamningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum um meginatriði verkefnisins skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Starfsemi félagsins og eigendanna skal vera í samræmi við íslensk lög og reglugerðir eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Verkefnið.

Verkefnið, sem lög þessi taka til, felur í sér að félagið byggir álverksmiðju í Reyðarfirði í Fjarðabyggð til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi, þ.m.t. bygging hafnarmannvirkja eins og nánar verður um samið í fjárfestingarsamningi sem gerður verður innan ramma þessara laga milli iðnaðarráðherra og félagsins og hafnarsamningi milli hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og félagsins. Álverksmiðjan er hönnuð til framleiðslu á allt að 322.000 tonnum af áli á ári.

3. gr.

Ábyrgðir ríkisstjórnarinnar.

Í tengslum við framkvæmd verkefnisins skv. 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að tryggja efndir af hálfu Fjarðabyggðar eins og þær eru ákveðnar í fjárfestingarsamningi, auk efnda hafnarsjóðs Fjarðabyggðar eins og kveðið er á um í hafnarsamningi.

4. gr.

Undanþágur frá lögum.

Eigendurnir skulu undanþegnir ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, um að minnst helmingur stjórnarmanna skuli vera búsettur hér á landi.

Félagið og eigendurnir skulu undanþegnir ákvæðum 2. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setja þau skilyrði að eigendur sameignarfélags skuli allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda tryggi félagið eignir sínar með öðrum hætti sem telst venjulegur og viðtekinn er í álframleiðslu. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, skulu ekki eiga við félagið. Félagið skal viðhalda viðlagatryggingu sem er venjuleg og viðtekin í álframleiðslu.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, skal ekki leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem flutt er til landsins eða framleitt innan lands og notað er til byggingarframkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju í Reyðarfirði. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

5. gr.

Fyrirtækjafyrirkomulag og eignarhald.

Í fjárfestingarsamningi er heimilt að semja um fyrirtækjafyrirkomulag dótturfélaga Alcoa Inc. á Íslandi og tilteknar takmarkanir í því efni. Jafnframt er heimilt að semja um tilteknar skyldur og kvaðir hvað varðar starfsemina og eignarhald á félaginu og félögum eigendanna, svo og framsal eignarréttar og hluta.

6. gr.

Skattlagning.

Félagið og eigendurnir skulu greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar, sem síðar kunna að verða á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skulu eigendurnir greiða 18% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, er lægra en 18% á þeim degi sem afhending raforku fer fram að fullu skal það hlutfall gilda um eigendurna. Verði tekjuskattshlutfallið hækkað að nýju skal það gilda um eigendurna en skal þó aldrei vera hærra en 18%.
   b. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum með þeim skilyrðum sem fram koma í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa fleiri ára frá skattskyldum tekjum þar til afhending

raforku fer fram að fullu skal það sama gilda um félagið. Verði árunum fækkað síðar skal það sama gilda um félagið, þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu níu almanaksára.

c. Fastafjármunir vegna byggingar álverksmiðjunnar skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á álverksmiðjunni, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Fyrningu skal hagað í samræmi við 4. tölul. þessarar greinar.

2. Eigendurnir skulu undanþegnir eignarskatti skv. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981.
3. Félagið skal undanþegið iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með áorðnum breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald.
4. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 33. gr. laga nr. 75/1981. Þrátt fyrir ákvæði 34. og 45. gr. laga nr. 75/1981 skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.
5. Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, sem og skatta eða gjalda sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir fasteignaskatt, skal félagið greiða Fjarðabyggð fasteignaskatt sem skal vera 1% af 255 milljónum bandaríkjadala á meðalgengi fyrstu sex mánaða ársins 2007, sem er áætlað verðmæti lóðar, bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja innan lóðar og hafnarsvæðis sem þarf vegna framleiðslugetu sem nemur allt að 322.000 tonna álframleiðslu á ári, sem breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu og tilteknar aðrar viðmiðanir sem nánar skal fjallað um í fjárfestingarsamningi.
6. Félagið skal undanþegið gatnagerðargjaldi samkvæmt lögum nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, vegna framleiðslugetu sem nemur allt að 322.000 tonnum á ári eða öðrum sköttum eða gjöldum í stað gatnagerðargjalds.
7. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má ákveða að Fjarðaál sf. skuli greiða umsamda fjárhæð til Fjarðabyggðar í stað byggingarleyfisgjalds samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og umsamda fjárhæð til ríkissjóðs í stað skipulagsgjalds samkvæmt lögum nr. 73/1997.
8. Stimpilgjöld, sbr. lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera 0,15% af kaup- eða leigusamningum sem útgefnir eru eða gerðir af hálfu félagsins og eigenda þess og af fjárfestingarlánum sem félagið og eigendurnir kunna að taka í sambandi við byggingu álverksmiðjunnar og hafnarbúnaðar, sem og af öllum stimpilskyldum skjölum sem nauðsynleg eru í sambandi við stofnun félagsins. Lán, sem tekin eru til endurfjármögnunar fjárfestingarlána, sem og hlutabréf í félögum eigendanna, skulu undanþegin stimpilgjaldi.
9. Félagið og eigendurnir skulu undanþegnir ákvæðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
10. Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 71. gr. laga nr. 75/1981 skal 5% tekjuskattur lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögum eigendanna að því tilskildu að þeir séu búsettir í OECD-ríki og að 25% af hlutafé í félaginu séu í eigu hluthafans á skattári fyrir greiðslu arðs.

11. Ákvæði laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, um frádrátt vaxtakostnaðar, svo sem þau eru við undirritun samninganna, skulu haldast óbreytt á upphaflegum gildistíma samningsins.
12. Hafnarsjóði Fjarðabyggðar er heimilt að gera sérstakan samning um vörugjöld með öðrum hætti en fram kemur í hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum, sbr. hafnareglugerð og hafnagjaldskrá sem settar eru á grundvelli þeirra.

Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þ.m.t. álfyrirtæki.

Í fjárfestingarsamningi er heimilt með tilliti til skattlagningar að semja um reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum félagsins og eigendanna við Alcoa Inc. og fyrirtæki í eignatengslum við Alcoa Inc. Í því efni er m.a. heimilt að byggja á meginreglum verðlagningar óskyldra aðila samkvæmt reglum OECD.

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félagið og eigendurna.

Á samningstímanum geta félagið og eigendurnir valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní árið áður en breytingarnar eiga að taka gildi.

7. gr.

Reikningsskilareglur.

Með samningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið og eigendurna sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og breytingum sem taldar eru viðeigandi. Í þessum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félaginu er heimilað að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum í samræmi við almennt viðurkenndar reikningsskilareglur sem gefnar eru út af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Slíkt fyrirkomulag má fela í sér undanþágur frá ákvæðum laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

8. gr.

Lögsaga og lausn deilumála.

Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga, sem gerðir verða innan ramma þessara laga, skulu lúta lögsögu íslenskra laga. Heimilt er þó að vísa ágreiningi til gerðardóms.

9. gr.

Innflutningur og útflutningur.

Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir álverksmiðjuna og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álverksmiðjunnar.

10. gr.
Framsal.

Heimilt er að semja um framsal félagsins og eigendanna á samningunum með tilteknum skilyrðum sem fram skulu koma í samningunum.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1062. Frumvarp til jarðalaga. [652. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Markmið, skilgreiningar, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.
Markmið.

Markmið þessara laga er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það, stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti og fjölþætt hlutverk landbúnaðar og að tryggja svo sem kostur er að það land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

2. gr.
Skilgreiningar.

Afréttur merkir í lögum þessum landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

Almenningur merkir í lögum þessum landsvæði sem enginn aðili getur talið til einkaeignarréttar yfir.

Ábúandi merkir í lögum þessum einstakling eða lögaðila sem hefur afnotarétt af jörð eða jarðahluta með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.

Ábúð merkir í lögum þessum afnotarétt af jörðum eða jarðahlutum til búrekstrar eða annars atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.

Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Eyðijörð merkir í lögum þessum jörð sem ekki hefur verið setin í tvö ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki nema sveitarstjórn og jarðareigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð.

Fasteign merkir í lögum þessum afmarkaðan hluta lands ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt.

Félagsbú merkir í lögum þessum bú þar sem tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning um að standa sameiginlega að búrekstri á einu eða fleiri lögbýlum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af rekstri félagsbúsins og séu allir búsettir á viðkomandi lögbýli/lögbýlum.

Greiðslumark merkir í lögum þessum tiltekinn fjölda ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslna úr ríkissjóði.

Ítak merkir í lögum þessum takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.

Jarðefni merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Jörð merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Það gildir þó ekki um lóðir undir sumarbústaði án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og heldur ekki landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.

Landbúnaður merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, meðferð, ræktun og nytjun lands, annarra jarðargæða og búfjár til framleiðslu matvæla og hráefna til iðnaðarframleiðslu eða annarrar verðmætasköpunar og markaðssetningu þeirra afurða, svo og verndun lands og endurheimt landkosta, akuryrkju, landgræðslu, garðyrkju, skógrækt, veiði í ám og vötnum, nýtingu annarra hlunninda, fiskeldi og ferðaþjónustu.

Lögbýli merkir í lögum þessum sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða búrekstraraðstöðu að unnt sé að stunda þar búrekstur eða aðra atvinnustarfsemi og hefur hlotið viðurkenningu sem lögbýli fyrir gildistöku þessara laga. Lögbýli teljast enn fremur jarðir sem hljóta leyfi landbúnaðarráðuneytisins sem ný lögbýli, sbr. 22.–26. gr.

Mannvirki merkja í lögum þessum hvers konar byggingar og fylgifé þeirra sem er varanlega skeytt við land.

Netlög merkja í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Ríkisjarðir eru jarðir í eigu ríkis, opinberra stofnana og opinberra sjóða.

Ræktun eða ræktað land merkir í lögum þessum land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

Skipulagt land merkir í lögum þessum land sem skipulag staðfest af skipulagsyfirvöldum gildir um í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Vatnsréttindi merkja í lögum þessum rétt til að nytja grunnvatn, vatnsfall eða stöðuvatn.

Þjóðlendur merkja í lögum þessum landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Rísi ágreiningur um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt lögum þessum sker landbúnaðarráðherra úr.

3. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til jarða, jarðahluta, afrétta, almenninga, þjóðlendna og hvers konar lands, þ.m.t. eyðijarða, landspildna, lóða, mannvirkja, skóga, vatnsréttinda, veiðiréttinda, námuréttinda, jarðhitaréttinda og annarra náttúruauðlinda, svo og til hvers konar annarra fasteigna, fasteignatengdra réttinda, ítaka og hlunninda á landi og innan netlaga, hvort sem þau hafa verið skilin frá jörð eða ekki, sbr. þó 2. mgr.

Land sem hefur verið skipulagt fyrir aðra starfsemi en landbúnað með skipulagi staðfestu af skipulagsyfirvöldum í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er undanskilið ákvæðum þessara laga. Sama gildir um land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum, sbr. 6. gr.

4. gr.
Yfirstjórn.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Landnotkun.

5. gr.
Land í landbúnaðarnotum.

Land sem við gildistöku þessara laga er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar, þ.m.t. afréttir, almenningar, þjóðlendur, eyðijarðir, landspildur og lóðir má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum, sbr. þó 6. og 7. gr.

6. gr.
Leyfi til lausnar úr landbúnaðarnotum.

Landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að land sem er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar verði leyst úr landbúnaðarnotum.

Beiðni skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og send landbúnaðarráðuneytinu ásamt hnitasettum uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum af því landi sem beiðni lýtur að og veðbókarvottorði. Landbúnaðarráðherra skal leita umsagnar Bændasamtaka Íslands, Skipulagsstofnunar og sveitarstjórnar.

Heimilt er að binda leyfi til lausnar úr landbúnaðarnotum skilyrði um að ef landi er ekki ráðstafað til þeirra nota sem beiðni er byggð á innan þriggja ára falli leyfið úr gildi.

Leyfi landbúnaðarráðherra ásamt hnitasettum uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast það þá fyrst gildi.

7. gr.
Skipulag.

Óheimilt er að gera staðfest skipulag á landi sem nýtt eða nýtanlegt er til landbúnaðar nema fyrir liggi leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum, sbr. 6. gr.

Ef skipulag staðfest af skipulagsyfirvöldum hefur verið gert á landi fyrir aðra starfsemi en landbúnað í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, eða eldri laga um sama efni gilda ákvæði 5. gr. ekki um nýtingu landsins. Sama gildir ef land hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 6. gr.

8. gr.
Eignarnám.

Ef meðferð lands eða annarra fasteigna, sbr. 1. mgr. 3. gr., er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og þörf er á þeim til bættrar aðstöðu viðkomandi byggðarlags getur landbúnaðarráðherra heimilað sveitarstjórn eignarnám á slíkum fasteignum, enda hafi Bændasamtök Íslands og Skipulagsstofnun mælt með eignarnámi.

Um eignarnám skv. 1. mgr. skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, með síðari breytingum.

9. gr.

Landbúnaðarnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi skal skipa sérstaka landbúnaðarnefnd sem í eiga sæti þrír menn og skal einn þeirra vera formaður samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Um kjörgengi nefndarmanna fer eftir sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Sveitarstjórn er heimilt að sameina verkefni landbúnaðarnefndar og annarra nefnda á vegum sveitarfélagsins.

Landbúnaðarnefndir sveitarfélaga skulu vera ráðgefandi um landnotkun, hafa eftirlit með að meðferð og nýting lands og annarra fasteigna sé í samræmi við ákvæði þessara laga, fylgjast með að búseta á jörðum sé í samræmi við ákvæði ábúðarlaga og stuðla að góðri umgengni um land og mannvirki. Þá skulu landbúnaðarnefndir sveitarfélaga fjalla um öll mál sem sveitarstjórnum eru falin samkvæmt lögum þessum og sinna öðrum verkefnum sem þeim eru falin með lögum.

Kostnaður við störf landbúnaðarnefnda sveitarfélaga greiðist af sveitarfélögum.

III. KAFLI

Eignarréttur og aðilaskipti að landi, öðrum fasteignum o.fl.

10. gr.

Eignarréttur að landi o.fl.

Eignarréttur að landi og öðrum fasteignum sem lög þessi taka til, sbr. 1. mgr. 3. gr., þ.m.t. afréttum, getur verið hjá einstaklingum, lögaðilum, íslenska ríkinu og einstökum stofnunum þess.

Um rétt erlendra aðila til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt að landi eða öðrum fasteignum sem lög þessi taka til fer eftir ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum, nema undantekningar frá því séu gerðar með lögum.

Um landamerki, nýtingu auðlinda og hlunninda, skipulag, gerð og nýtingu mannvirkja, búfjárhald, atvinnustarfsemi og takmarkanir á nýtingu lands fer eftir ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma.

11. gr.

Hlunnindi.

Hlunnindi sem fylgja jörð eru eign jarðareiganda, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum.

Óheimilt er að skilja hlunnindi frá jörð, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu í lögum.

12. gr.

Greiðslumark.

Um eignarhald, meðferð, nýtingu og heimild til framsals á greiðslumarki lögbýla fer eftir ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og annarra gildandi laga á hverjum tíma.

13. gr.

Félög um eignarhald og rekstur lands og annarra fasteigna.

Ef eigendur lands eða annarra fasteigna sem lög þessi taka til eru fleiri en einn er þeim skylt að hafa með sér félag um eignarhald og rekstur fasteignarinnar. Skulu þeir tilnefna fyrirsvarsmann sem hafi umboð til að bera ábyrgð og koma fram fyrir hönd annarra eigenda

fasteignarinnar við úrlausn mála sem lúta að hvers konar réttindum og skyldum eigenda. Félagið og fyrirsvarsmann þess skal skrá í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands. Slík skráning er skilyrði fyrir þinglýsingu eignarheimildar fyrir landi eða eignarhluta í landi þegar svo stendur á sem í 1. málsl. segir.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki ef eigendur lands eru hjón eða foreldrar og ófjárráða börn þeirra. Sama gildir um sambúðarfólk ef það á sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár eða ef það hefur átt barn saman eða á von á barni.

14. gr.

Samþykki sveitarfélaga fyrir aðilaskiptum að landi o.fl.

Ef fyrirhuguð eru aðilaskipti að réttindum yfir landi eða öðrum fasteignum sem lög þessi taka til eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, kaupleigu, leigu, ábúð o.fl., er skylt að tilkynna það sveitarstjórn og afla samþykkis hennar til ráðstöfunarinnar.

Nú telur sveitarstjórn að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins, og er þá sveitarfélagi rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.

Samþykkis þarf ekki að afla:

1. Ef eigandi ráðstafar fasteign til einhvers þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölul. 35. gr. laga þessara.
2. Þegar ríkissjóður eða ríkisstofnanir kaupa eða selja.
3. Þegar banki eða önnur opinber lánastofnun, sem á veð í fasteign, lögveðshafar eða fjárnámshafar vegna opinberra gjalda, kaupa eign við nauðungarsölu.
4. Þegar veiðifélög ráðstafa veiðiréttindum.
5. Þegar leigð eru eða heimiluð með öðrum hætti afnot af slægjum, beit, námum, veiðiréttindum, vatnsréttindum, einstökum húsum og íbúðum, þar með töldum sumarbústöðum, og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri.
6. Þegar landið hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum með leyfi landbúnaðarráðherra skv. 6. gr., enda hafi slíku leyfi verið þinglýst.
7. Þegar aðilaskipti verða að sumarbústað í sumarbústaðahverfi, enda sé bústaðurinn reistur í samræmi við skipulag staðfest af skipulagsyfirvöldum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, eða eldri lögum um sama efni. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samliggjandi lóðum.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til aðilaskipta að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við fjárslit milli hjóna, en tilkynna skal þó sveitarstjórn um breytingar á eignaraðild sem verða með þessum hætti og skal þeirri tilkynningu þinglýst.

Sveitarstjórn er heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina.

Nú fullnægir aðili ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið skv. 5. mgr. og getur sveitarstjórn þá með samþykki landbúnaðarráðherra sett honum frest til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir þeim. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt innan þess frests getur sveitarstjórn að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra leyst eignina til sín. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

15. gr.

Frestur til að samþykkja aðilaskipti.

Þegar samþykkis sveitarstjórnar til ráðstöfunar á fasteign er leitað ber henni að afgreiða erindið innan 30 daga frá því að það barst. Hafi svar þá ekki borist er hin áformaða ráðstöfun heimil næstu sex mánuði.

16. gr.

Kaupskylda ef samþykkis er synjað.

Ef sveitarstjórn neitar að samþykkja áformaða sölu fasteignar, sbr. 14. gr., og landbúnaðarráðherra staðfestir þá ákvörðun, sbr. 46. gr., getur eigandi eignarinnar gert kröfu til þess, að sveitarsjóður og/eða ríkissjóður kaupi eign þá sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

17. gr.

Skilyrði fyrir aðilaskiptum að landi til landbúnaðarnota.

Ef það er ætlun þess sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 14. gr. að nýta hana til landbúnaðar skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar skv. 1. mgr., til hvaða fasteigna ákvæðið tekur og hvaða aðilar þurfa að uppfylla skilyrði 1. mgr. þegar félög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar fleiri saman öðlast réttindi yfir fasteign.

Ef aðilar skv. 1. mgr. njóta réttar hér á landi samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu teljast þeir uppfylla skilyrði 1. mgr. ef þeir hafa starfað í tvö ár við landbúnað í aðildarríkjum þess samnings sem þeir byggja rétt sinn á.

18. gr.

Jarðaskrá.

Landbúnaðarráðuneytið skal 31. desember ár hvert gefa út jarðaskrá á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna yfir allar jarðir, jarðahluta, landspildur, lóðir og annað land samkvæmt þessum kafla en er heimilt að fela öðrum aðilum að annast gerð jarðaskrár í umboði ráðuneytisins. Í jarðahluta Landskrár fasteigna, sem Fasteignamat ríkisins heldur skv. 1. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, skulu koma fram upplýsingar um nöfn jarða og annars lands, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að jörð, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu og önnur atriði sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð. Fasteignamat ríkisins skal í þessum tilgangi leggja til skráningarsvæði fyrir framangreindar upplýsingar án sérstaks kostnaðar fyrir ráðuneytið.

Bændasamtökum Íslands, Fasteignamati ríkisins, Hagstofu Íslands, sveitarstjórnum, sýslumönnum og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta landbúnaðarráðuneytinu í té endurgjaldslaust allar upplýsingar sem það óskar eftir við skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna. Sama gildir um aðra aðila sem annast skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna í umboði ráðuneytisins.

Um afhendingu og sölu upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna fer eftir lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum.

IV. KAFLI
Landskipti, sameining lands o.fl.

19. gr.
Landskipti o.fl.

Um skipti á landi sem lög þessi taka til fer eftir ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma.

Ákvæði þessa kafla gilda um skipti á landi sem tilheyrir einni jörð, svo og um skipti á landi milli tveggja eða fleiri jarða. Einnig gilda ákvæði þessa kafla um sameiningu á landi tveggja eða fleiri jarða eða jarðahluta.

Við stofnun nýrra jarða og lóða skv. 2. mgr. skal gæta ákvæða III. kafla laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

20. gr.
Staðfesting landskipta.

Skipti á landi sem tilheyrir einni jörð og sameiginlegu landi tveggja eða fleiri jarða skulu staðfest af landbúnaðarráðherra. Beiðni um staðfestingu landskipta skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem eru eigendur landsins og aðilar að landskiptunum, svo og lýsing á landskiptunum. Beiðninni skal fylgja samningur um landskipti eða landskiptagerð ásamt stofnskjali ef við á, hnitasettur uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum, veðbókarvottorð og önnur gögn sem kunna að liggja til grundvallar landskiptum og landbúnaðarráðherra óskar eftir að lögð verði fram.

Við meðferð beiðni skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðherra leita umsagnar Bændasamtaka Íslands og sveitarstjórnar.

Staðfestingu landbúnaðarráðherra ásamt hnitasettum uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

21. gr.
Sameining jarða.

Sameining á landi tveggja eða fleiri jarða eða jarðahluta skal staðfest af landbúnaðarráðherra. Beiðni um staðfestingu skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng eigenda jarða eða lands sem óskað er eftir að sameina eða leggja til afrétta, svo og lýsing á legu jarða og landamerkjum þeirra. Beiðninni skal fylgja hnitasettur uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum, veðbókarvottorð og önnur gögn sem landbúnaðarráðherra óskar eftir að lögð verði fram.

Óheimilt er að sameina land jarða eða jarðahluta sem ekki eru samliggjandi og tilheyra sama sveitarfélagi.

Við meðferð beiðni skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðherra leita umsagnar Bændasamtaka Íslands og sveitarstjórnar.

Staðfestingu landbúnaðarráðherra ásamt hnitasettum uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

V. KAFLI
Lögbýli, félagsbú o.fl.

22. gr.
Leyfi til stofnunar lögbýlis.

Landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að stofna ný lögbýli til búvöruframleiðslu, ferðaþjónustu og skógræktar, svo og til iðnaðar og þjónustu sem tengd er landbúnaði.

23. gr.

Umsókn um stofnun nýs lögbýlis.

Umsókn um stofnun nýs lögbýlis skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem óska eftir að stofna lögbýli, nafn jarðar eða fasteignar, sveitarfélag, stærð, ræktun og mannvirki, svo og upplýsingar um hvers konar búrekstur eða aðra atvinnustarfsemi er fyrirhugað að stunda á lögbýlinu. Umsókn skulu fylgja gögn er sýni að umsækjandi hafi með þinglýstum kaupsamningi/afsali eða samningi um ábúð/leigu til a.m.k. 20 ára tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu, veðbókarvottorð, umsögn sveitarstjórnar og umsögn héraðsráðunautar búnaðarsambands um búrekstrarskilyrði á lögbýlinu eða annars aðila með sérþekkingu á þeim atvinnurekstri sem fyrirhugað er að stunda á lögbýlinu.

24. gr.

Skipulag og nálægð annarra jarða.

Við stofnun nýs lögbýlis skal þess gætt að það sé í samræmi við staðfest skipulag og að ekki sé raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða.

Landbúnaðarráðuneytið skal leita umsagnar Bændasamtaka Íslands um hverja umsókn um stofnun nýs lögbýlis.

25. gr.

Landstærð, mannvirki o.fl.

Við meðferð umsóknar um stofnun nýs lögbýlis skal landbúnaðarráðuneytið leggja mat á stærð ræktanlegs lands, mannvirki og búrekstraraðstöðu að öðru leyti og hvort unnt sé að stunda þá atvinnustarfsemi sem umsókn um stofnun lögbýlis er byggð á.

26. gr.

Þinglýsing.

Leyfi til að stofna lögbýli skal þinglýst og öðlast það þá fyrst gildi.

27. gr.

Niðurfelling lögbýlisréttar.

Landbúnaðarráðherra getur fellt niður lögbýlisrétt ef lögbýli fullnægir ekki lengur skilyrðum til að vera lögbýli.

Einnig getur landbúnaðarráðherra fellt niður lögbýlisrétt ef eigandi lögbýlis óskar þess. Beiðni skulu fylgja sömu upplýsingar og gögn og kveðið er á um í 23. gr.

Leita skal umsagnar sveitarstjórnar og Bændasamtaka Íslands um niðurfellingu lögbýlisréttar skv. 1. og 2. mgr.

Ákvörðun landbúnaðarráðherra um niðurfellingu lögbýlisréttar skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

28. gr.

Félagsbú.

Heimilt er að stofna félagsbú á lögbýlum um starfsemi skv. 22. gr.

Hjón ein sér eða með ófjárráða barni eða börnum geta þó ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og á barn saman eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Tilkynna skal landbúnaðarráðuneytinu og Hagstofu Íslands stofnun og slit félagsbús. Félagsbússamningur skal fylgja tilkynningu um stofnun félagsbús en tilkynningu um slit félagsbús skal fylgja samningur eða yfirlýsing um slit undirrituð af öllum aðilum félagsbús.

29. gr.

Lögbýlaskrá.

Landbúnaðarráðuneytið skal 31. desember ár hvert gefa út lögbýlaskrá fyrir allt landið á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna. Í jarðahluta Landskrár fasteigna, sem Fasteignamat ríkisins heldur skv. 1. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, skulu koma fram upplýsingar um nöfn allra lögbýla, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að lögbýli, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu og hvort þar sé rekið félagsbú, svo og aðrar upplýsingar sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytinu er heimilt að fela öðrum aðila að annast gerð lögbýlaskrár í umboði ráðuneytisins.

Bændasamtökum Íslands, Fasteignamati ríkisins, Hagstofu Íslands, sveitarstjórnum, sýslumönnum og öðrum aðilum er skylt að láta landbúnaðarráðuneytinu í té upplýsingar við skráningu lögbýla í Landskrá fasteigna. Sömu reglur gilda um upplýsingaskyldu gagnvart öðrum aðilum sem annast skráningu lögbýla í Landskrá fasteigna í umboði ráðuneytisins.

Ef ágreiningur rís um skráningu jarðar á lögbýlaskrá sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og sveitarstjórnar.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um gerð og útgáfu lögbýlaskrár, öflun gagna og varðveislu í jarðahluta Landskrár fasteigna.

Um afhendingu og sölu upplýsinga um skráð lögbýli úr jarðahluta Landskrár fasteigna fer eftir lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum.

VI. KAFLI
Forkaupsréttur.

30. gr.

Forkaupsréttur sveitarfélaga og Jarðasjóðs ríkisins.

Sveitarstjórn á forkaupsrétt að landi og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins sem lög þessi taka til og fyrirhugað er að selja eða ráðstafa varanlega með öðrum hætti ef sveitarfélagi er þörf á að fá umráð yfir slíkum fasteignum til nota fyrir opinbera starfsemi sveitarfélags eða sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélags.

Sveitarstjórn sem á forkaupsrétt skv. 1. mgr. er heimilt að framselja rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins, enda sé það gert innan 30 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn. Sveitarstjórn skal þegar senda tilkynningu um slíka ákvörðun til landbúnaðarráðherra f.h. Jarðasjóðs ríkisins og kaupanda og seljanda þeirrar eignar sem forkaupsrétturinn tekur til. Jarðasjóður hefur þá 60 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst sveitarstjórn til að svara forkaupsréttartilboði skriflega. Hafi Jarðasjóður ríkisins ekki svarað innan þess tíma hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til að kaupa eignina. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins eftir því sem við á.

31. gr.

Forkaupsréttur ábúenda.

Ábúendur sem hafa haft ábúðarrétt í sjö ár eða lengri tíma eiga forkaupsrétt að ábúðarjörðum sínum á undan sveitarstjórn enda taki þeir jarðirnar til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi.

Falli ábúandi frá heldur maki hans forkaupsrétti að jörð.

Forkaupsréttur ábúanda fellur niður ef hann hefur sagt upp samningi sínum um ábúð eða ef honum hefur verið sagt löglega upp ábúð vegna vanefnda.

32. gr.

Nauðungarsala.

Ef fasteignir sem lög þessi taka til eru seldar við nauðungarsölu geta forkaupsréttarhafar skv. 30. og 31 gr. gengið inn í hæsta boð, enda tilkynni þeir það áður en lokið er að leita boða í eignina við nauðungarsölu eða innan fimm sólarhringa frá því að þeim er kynnt kauptilboð sem aflað er við nauðungarsölu á almennum markaði.

33. gr.

Forkaupsréttartilboð.

Forkaupsréttur skal boðinn forkaupsréttarhöfum skv. 30. og 31. gr. skriflega með sannanlegum hætti. Í forkaupsréttartilboði skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng seljanda og kaupanda, greinargóð lýsing á þeirri fasteign sem verið er að selja, kaupverð, greiðsluskilmálar, afhendingartími og aðrir söluskilmálar sem skilgreindir skulu á tæmandi hátt. Ef um makaskipti er að ræða skal seljandi tilgreina hversu hátt hin framboðna fasteign er metin til peningaverðs. Ef ábúendur á jörð eru fleiri en einn skal bjóða hverjum þeirra um sig forkaupsrétt að jörðinni. Forkaupsréttarhafar skulu svara skriflega og afdráttarlaust innan 30 daga eftir að forkaupsréttartilboð berst hvort þeir hyggist neyta forkaupsréttar.

Vanræki forkaupsréttarhafi að svara forkaupsréttartilboði innan tilskilins frests hefur hann glatað forkaupsrétti í það sinn.

Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar fellur úr gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá dagsetningu hennar.

34. gr.

Kaupverð.

Ef kaupverð fasteignar sem forkaupsréttur skv. 30. og 31. gr. tekur til er bersýnilega ósanngjarnt geta forkaupsréttarhafar krafist þess að það verði metið af dómkvöddum matsmönnum eða yfirmatsmönnum og gildir það þá sem söluverð.

Forkaupsréttarhafi skal taka ákvörðun um að krefjast mats innan 15 daga frá því að forkaupsréttartilboð berst honum.

Forkaupsréttarhafi skal innan viku frá því að matsgerð skv. 1. mgr. berst honum ákveða hvort hann neytir forkaupsréttar samkvæmt matsgerðinni. Matsgerð skal lokið innan fjögurra vikna frá þeim tíma sem fresti skv. 2. mgr. lýkur.

Matsmenn ákveða matskostnað og hvernig hann greiðist.

35. gr.

Undanþágur frá forkaupsrétti.

Ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt gilda ekki þegar:

1. Eigandi lands eða annarrar fasteignar sem lög þessi taka til selur eða afhendir fasteignina maka sínum, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, öðrum niðjum, systkini eða foreldri. Sama gildir ef jörð fellur í erfðir til sömu aðila.
2. Ríkissjóður ráðstafar landi eða öðrum fasteignum sem lög þessi taka til.
3. Þegar ráðstafað er fasteignum sem 6. og 7. tölul. 3. mgr. 14. gr. gilda um.

Falli land eða aðrar fasteignir sem lög þessi taka til í erfðir til annarra en þeirra sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. skulu ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt koma til framkvæmda. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat á kaupverði fara eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

36. gr.

Málshöfðunarfrestur.

Ef seljandi lands eða annarrar fasteignar vanrækir að bjóða forkaupsrétt í samræmi við ákvæði þessa kafla geta forkaupsréttarhafar borið þá ákvörðun undir dómstóla til ógildingar. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að forkaupsréttarhöfum verður kunnugt um ráðstöfun.

VII. KAFLI
Ríkisjarðir.

37. gr.

Forræði ríkisjarða.

Landbúnaðarráðuneytið fer með forræði allra ríkisjarða nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum.

38. gr.

Ábúð, leiga o.fl.

Ríkisjarðir sem ekki eru byggðar samkvæmt ábúðarlögum eða ráðstafað til skógræktar samkvæmt lögum nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, svo og jarðir sem ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu íslenska ríkisins eða einstakra stofnana þess, er heimilt að leigja lengst til tíu ára í senn.

Leigusamninga um lóðir úr ríkisjörðum er heimilt að gera til allt að 50 ára enda séu þeir gerðir í samræmi við ákvæði annarra laga, svo sem skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Um stofnun slíkra lóða fer eftir III. kafla laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

39. gr.

Sala til sveitarfélaga.

Heimilt er að selja ríkisjarðir eða hluta þeirra þeim sveitarfélögum sem jarðirnar eru í.

40. gr.

Sala til ábúenda.

Heimilt er að selja ríkisjarðir ábúendum þeirra með eftirtöldum skilyrðum:

1. Að ábúandi hafi haft ábúð á jörðinni í a.m.k. sjö ár.
2. Að ábúandi leggi fram yfirlýsingu hlutaðeigandi sveitarstjórnar um að hann hafi setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að hann fái jörðina keypta. Í yfirlýsingu sveitarstjórnar skulu koma fram upplýsingar um hvort ábúandi hafi lögheimili og búi á

jörðinni, hvaða starfsemi sé á jörðinni, hvert sé ástand mannvirkja, hvernig jörðin hefur verið setin og önnur atriði sem sveitarfélög óska eftir að taka fram.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um ríkisjarðir sem ekki eru nýttar til landbúnaðarstarfsemi og heldur ekki jarðir sem 43. gr. gildir um.

41. gr.

Söluverð.

Söluverð ríkisjarða sem seldar eru skv. 39. og 40. gr. skal metið af matsaðilum sem landbúnaðarráðuneytið kveður til og greiðir ráðuneytið af því kostnað. Kaupanda er einnig heimilt að óska eftir að söluverðið verði metið af dómkvöddum matsmönnum og skal kostnaður við undirmat og yfirmat skiptast að jöfnu milli kaupanda og ráðuneytisins. Mat á söluverði ríkisjarða skal ná til jarðar, hlunninda, mannvirkja, ræktunar og greiðslumarks. Greiðslumark ríkisjarða sem seldar eru ábúendum skv. 40. gr. skal þó ekki metið sérstaklega til verðs. Ef jörðum sem ábúendur hafa keypt er ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða ef greiðslumark er selt frá jörðunum innan tíu ára frá sölu skulu kaupendur endurgreiða ríkissjóði andvirði greiðslumarksins á verði sem skal miðað við markaðsverð greiðslumarks á þeim tíma þegar endurgreiðsla fer fram en að teknu tilliti til jafnra, árlegra fyrninga sem skulu vera 10% ári. Þessari kvöð skal þinglýst á jörðina.

42. gr.

Auglýsingaskylda við sölu ríkisjarða.

Ríkisjarðir sem fyrirhugað er að selja aðrar en fram koma í 39. og 40. gr. skal auglýsa til sölu með opinberri auglýsingu og skal leitað eftir kauptilboðum í þær í samræmi við gildandi löggjöf og stjórnvaldsreglur um sölu á eignum ríkisins á hverjum tíma. Kaupverð skal að jafnaði vera hagkvæmasta tilboð með tilliti til verðs og greiðsluskilmála en alltaf er heimilt að hafna öllum innsendum tilboðum.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um sölu á ríkisjörðum eða jarðahlutum til aðila sem reka þar starfsemi á sviði landbúnaðar eða aðra atvinnustarfsemi ef hagsmunir sveitarfélags krefjast þess að viðkomandi jarðir eða jarðahlutar verði seldir þeim aðilum.

43. gr.

Ríkisjarðir sem óheimilt er að selja.

Ríkisjarðir sem þörf er á að ráðstafa til opinberra nota skal ekki selja og heldur ekki jarðir sem nauðsynlegt þykir með tilliti til almannahagsmuna að séu eign íslenska ríkisins eða einstakra stofnana þess.

Við ákvörðun um sölu ríkisjarða skal landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu skila skriflegri umsögn innan 30 daga frá því að beiðni um umsögn berst. Ef umsögn hefur ekki borist innan þess frests er ráðstöfun jarðar heimil næstu sex mánuði.

44. gr.

Réttindi undanskilin sölu.

Við sölu ríkisjarða skulu öll jarðefni og réttur til efnistöku undanskilin sölu og einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Óheimilt er að nýta réttindi skv. 1. mgr. nema samkvæmt sérstökum samningi við landbúnaðarráðuneytið og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt gildandi lögum.

45. gr.

Forkaupsréttur við endursölu.

Sé áformuð sala jarðar eða hluta jarðar sem seld hefur verið ábúanda eða sveitarfélagi, sbr. 39. og 40. gr., skal ríkissjóður eiga forkaupsrétt að jörðinni á undan sveitarstjórn fyrir hlutfallslega sama verð og hún var seld á að teknu tilliti til verðhækkunar miðað við vísitölu byggingarkostnaðar og eðlilegra afskrifta af mannvirkjum, svo og að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina. Mannvirki og ræktun sem ábúandi átti þegar hann keypti jörðina skv. 40. gr. skal meta til verðs af matsnefnd eignarnámsbóta.

Forkaupsréttur skv. 1. mgr. skal boðinn landbúnaðarráðherra skriflega. Ráðherra skal svara forkaupsréttartilboði innan 30 daga frá því að það barst. Ákvörðun ráðherra um að neyta forkaupsréttar samkvæmt þessu ákvæði verður ekki tekin til endurskoðunar á stjórnsýslustigi.

Forkaupsréttur skv. 1. mgr. fellur niður þegar tíu ár eru liðin frá sölu.

VIII. KAFLI

Málskot.

46. gr.

Málskot.

Ákvörðunum sveitarstjórna samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta til landbúnaðarráðuneytisins. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda verður kunnugt um ákvörðun og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan átta vikna frá því að kæra berst.

IX. KAFLI

Lokaákvæði.

47. gr.

Þinglýsing.

Óheimilt er að þinglýsa skjölum um aðilaskipti að fasteignum sem lög þessi taka til nema fyrir liggi að gætt hafi verið ákvæða laganna.

48. gr.

Reglugerðir o.fl.

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

49. gr.

Refsingar.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum með heimild í þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

50. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Þá falla jafnframt úr gildi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Óheimilt er að stofna ný ættaróðul eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði VII. kafla jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um ættaróðul skulu halda gildi eftir því sem við á um einstök ættaróðul fram að andláti óðalseiganda eða maka hans. Ættaróðalið skal þá falla úr óðalsböndum og jörðin erfast í samræmi við ákvæði erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum.

Ef óðalseigandi deyr tekur maki hans við réttindum og skyldum hans sem óðalseigandi ef hann óskar þess en við andlát makans erfist ættaróðalið, sbr. 2. mgr.

II.

Um félagsbú sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga skulu gilda ákvæði 28. gr. þessara laga eftir því sem við á.

III.

Frestur landbúnaðarráðherra til að ljúka við gerð fyrstu jarðaskrár á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna skv. 18. gr. er til 31. desember 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra og er því ætlað að leysa af hólmi núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra ábúðarlaga sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum, og hefur verið reynt að samræma ákvæði þessara lagafrumvarpa eins og kostur er. Ljóst er að núgildandi jarðalög eru í fjölmörgum atriðum orðin úrelt og eiga ekki lengur við aðstæður hér á Íslandi í dag. Núgildandi jarðalög voru sett á árinu 1976 en frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði eins og á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Má í raun segja að allar forsendur í landbúnaði séu verulega breyttar frá þeim tíma.

Í núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, voru ýmis nýmæli en einnig voru þar fjölmörg ákvæði úr eldri lögum, m.a. lögum nr. 40/1948, um kauprétt á jörðum, og lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, en sum ákvæðin eru að stofni til úr enn eldri lögum. Eldri lög um sama efni eru m.a. lög nr. 40/1919, um forkaupsrétt að jörðum, lög nr. 55/1926, um sama efni, en síðar tóku við lög nr. 40/1948, um kauprétt að jörðum, sem giltu þar til jarðalög, nr. 65/1976, tóku gildi. Fyrstu lögin um erfðaábúð og óðalsrétt voru lög nr. 8/1936 en síðan tóku við lög nr. 116/1943, um ættaróðul og erfðaábúð. Á árinu 1946 voru sett lög um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, nr. 4/1946, sem leystu af hólmi a-lið 47. gr. laga nr. 116/1943. Við setningu laga nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, voru felld úr gildi bæði lög nr. 4/1946 og lög nr. 116/1943 og giltu þau þar til sett voru jarðalög, nr. 65/1976. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, en það er með lögum nr. 37/1982, lögum nr. 90/1984, lögum nr. 108/1988, lögum nr. 20/1991, lögum nr. 90/1991, lögum nr. 28/1995 og lögum nr. 54/1999, svo og með lögum nr. 34/1992, um Jarðasjóð.

Löggjöf þessi fjallar eins og heiti hennar gefur til kynna um meðferð og nýtingu jarða og annars lands auk annarra fasteigna og fasteignatengdra réttinda á svæðum sem ekki hafa verið skipulögð fyrir aðra starfsemi en landbúnað.

Jarðir á Íslandi eru fjölmargar eða flestar í eigu einstaklinga eða lögaðila en einnig eru nokkur hundruð jarðir í eigu ríkisins sem er stærsti jarðeigandi á Íslandi. Ríkisjörðum hefur verið skipt í þjóðjarðir og kirkjujarðir en meðal þeirra eru enn fremur starfandi prestssetur. Landbúnaðarráðherra fer með málefni allra jarða í ríkiseign nema sérstakar undantekningar séu gerðar frá því með lögum, sbr. 36. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Sem dæmi um undantekn-

ingar frá þeirri meginreglu má nefna að sérstakur sjóður, Prestssetrasjóður, fer með fyrirsvar jarða sem eru prestssetur en um það gilda lög nr. 137/1993, um prestssetur. Jarðir á Íslandi eru að öðru leyti ýmist bújarðir í ábúð eða eyðijarðir. Einnig hafa nokkrar jarðir verið friðaðar, t.d. jarðir sem hafa verið lagðar undir þjóðgarða samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, og eldri lögum um sama efni. Þá eru u.þ.b. 100 jarðir á Íslandi ættaróðul samkvæmt gildandi jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, sbr. VII. kafla laganna.

Helstu lög sem gilda um meðferð og ráðstöfun jarða á Íslandi eru jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum. Einnig reynir á ýmis atriði um meðferð og nýtingu jarða í öðrum lögum, t.d. lögum nr. 34/1992, um Jarðasjóð, landskiptalögum, nr. 46/1941, lögum nr. 41/1919, um landamerki o.fl., lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, vatnalögum, nr. 15/1923, girðingarlögum, nr. 135/2001, lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., orkulögum, nr. 58/1967, lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lögum nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, lögum nr. 46/1905, um hefð, lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, lögum nr. 3/1955, um skógrækt, lögum nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, lögum nr. 75/1997, um samningsveð, lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, þinglýsingalögum, nr. 39/1978, lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, þjóðminjalögum, nr. 107/2001, o.fl.

Í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, eru ýmis ákvæði sem fela í sér umtalsverðar takmarkanir á rétti jarðeigenda til meðferðar og ráðstöfunar á jörðum sínum. Hér má t.d. nefna að land sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976 er óheimilt að taka til annarra nota nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sbr. 12. gr. laganna. Sveitarstjórnir og jarðanefndir sem eiga að hafa eftirlit með meðferð og ráðstöfun jarða og starfa fyrir hverja sýslu þurfa að samþykkja hvers konar aðilaskipti að jörðum, hvort heldur er fyrir kaup, gjöf, skipti, sameiningu, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, leigu, ábúð, stofnun nýbýla, félagsbúa o.fl. Enn fremur eiga sveitarfélög forkaupsrétt að næstum öllum jörðum sem seldar eru í sveitarfélaginu. Örfáar undantekningar eru frá þessu íhlutunarvaldi sveitarstjórna og jarðanefnda sem gilda einkum um ríkisjarðir og jarðir sem ráðstafað er til náinna ættingja jarðareiganda, sbr. 6. gr., 30. gr. og 35. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Einnig má nefna að ef einn sameigandi jarðar sem er í óskiptri sameign fleiri aðila rekur bú á jörðinni getur hann með vissum skilyrðum fengið leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa til sín eignarhluta sameigenda sinna í jörðinni án tillits til þess hvort sameigendur hans eru því samþykkir eða andvígir. Fyrir eignarhlutann greiðir hann matsverð sem ákveðið er af matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Sömu heimildir hefur aðili sem rekur bú á jörð til að leysa til sín jarðarpart sem skipt hefur verið út úr jörðinni, sbr. 13. og 14. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

Framangreindar takmarkanir á eignarráðum jarðareiganda hafa verið skýrðar með hliðsjón af 1. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, en þar kemur fram að tilgangur laganna sé að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda. Með framangreindum ákvæðum hefur verið reynt að tryggja að byggð haldist í sveitarfélögum á landsbyggðinni og að jarðir sem eru hæfar til búskapar séu nýttar til landbúnaðarstarfsemi. Í greinargerð með frumvarpi til eldri laga sem voru und-

anfari jarðalaga, nr. 65/1976, og ábúðarlaga, nr. 64/1976, þar sem þessi ákvæði voru fyrst sett kemur fram að tilgangur ákvæðanna sé að sporna við því að bújarðir lendi í höndum svokallaðra jarðabraskara sem ekki hyggjast nýta þær til landbúnaðarstarfsemi.

Þá eru í jarðalögum, nr. 65/1976, ákvæði um ættaróðul en um eignarhald, erfðir, meðferð og ráðstöfun þeirra jarða gilda sérstakar reglur sem fela í sér verulegar takmarkanir.

Í íslenskri löggjöf eru víðar ákvæði um ýmsar takmarkanir á eignarrétti og nýtingu á jörðum, m.a. heimildir til eignarnáms í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, o.fl.

Ljóst er að ekki er hægt að bæta úr öllum annmörkum á meðferð og umsýslu jarða með nýrri löggjöf. M.a. eru engar opinberar upplýsingar til um stærðir jarða á Íslandi heldur eru einungis til landamerkjalýsingar hjá sýslumannsembættum í hverri sýslu en stundum eru reyndar engar slíkar lýsingar til. Jarðir og einstakir matshlutar þeirra eru skráð í Landskrá fasteigna sem Fasteignamat ríkisins heldur á grundvelli laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og er það eina heildstæða opinbera skráningin sem til er á jörðum. Sú skrá er enn í mótun en gera má ráð fyrir að með tímanum muni hún leiða til bættrar skráningar á fasteignum landsins. Landbúnaðarráðuneytið, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins og Bændasamtök Íslands hafa reyndar komið á fót samstarfsverkefninu Nytjalandi sem ætlað er að ráða bót á þeirri vöntun sem er á skráningu upplýsinga um jarðir hér á landi en það er í vinnslu og ekki liggur enn fyrir hvenær því lýkur.

Landamerki jarða á Íslandi eru víða óljós gagnvart aðliggjandi jörðum og nokkuð er um að landi tveggja eða fleiri jarða eða lögbýla hafi aldrei verið skipt formlegum skiptum.

Í sambærilegri löggjöf á öðrum Norðurlöndum eru enn víðtækar takmarkanir á reglum um eignarhald, meðferð og nýtingu jarða sem eru nýttar eða nýtanlegar til landbúnaðarstarfsemi.

Ljóst er að allt umhverfi í landbúnaði er mjög breytt frá því sem áður var en hefðbundinn landbúnaður hefur dregist saman á undanförnum árum og ættliðaskipti ekki orðið með sama hætti og áður. Jarðir sem nýttar voru til landbúnaðar hafa verið teknar til annarra nota, t.d. fyrir sumarhúsabyggð, aðra frístundastarfsemi o.fl. Þegar litið er til þeirra breytinga sem orðið hafa í landbúnaði síðan jarðalög, nr. 65/1976, voru sett og þess að forsendur í landbúnaði sem voru fyrir hendi á þeim tíma eru í raun mjög breyttar þykir kominn tími til að gera breytingar á íslenskri löggjöf að þessu leyti og slaka að nokkru leyti á þeim takmörkunum á ráðstöfunarrétti jarðareiganda sem fram koma í jarðalögum, nr. 65/1976.

Frumvarp þetta felur í sér nokkrar breytingar á þeim ákvæðum sem fram koma í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Með ákvæðum þessa frumvarps er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í átt til nútímans og að samræma eins og unnt er eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir eru í núgildandi löggjöf verulegar takmarkanir á ráðstöfunarrétti jarðeigenda og ýmsar kvaðir lagðar á þá sem geta verið mjög íþyngjandi og hafa oft í framkvæmd reynst ósanngjarnar. Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta að nokkru leyti úr þessum annmörkum.

Í frumvarpi þessu eru einnig nokkrar breytingar sem eiga rætur að rekja til þess að Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority) hefur gert ýmsar athugasemdir við nokkur ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, og telur þau brjóta gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningnum, en hann hefur lagagildi hér á landi að stofni til, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Hafa athugasemdirnar einkum beinst að 6. gr. laganna um að samþykki bæði sveitarstjórna og jarðanefnda þurfi til að heimilt sé að ráðstafa jörðum og öðrum fasteignum sem lögin taka til, að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt tilteknum skilyrðum um búsetu, sbr. sama ákvæði, 11. gr. laganna um að aðilar sem kaupa vilja jarðir

á Íslandi og nýta til landbúnaðar þurfi að hafa starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi nema landbúnaðarráðherra veiti sérstaka undanþágu og 30. gr. laganna um forkaupsrétt sveitarfélaga og Jarðasjóðs ríkisins. Í bréfi stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda (letter of formal notice), dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að framangreind ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, brjóti gegn 40. gr. EES-samningsins. Jafnframt er ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um tvöfalt samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar talið brjóta í bága við 31. gr. samningsins. Með frumvarpi þessu er að nokkru leyti reynt að koma til móts við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA um lögbundna nauðsyn á að afla tvöfalds samþykkis sveitarstjórna og jarðanefnda þegar ætlunin er að ráðstafa fasteignum sem lögin taka til. Jafnframt hafa ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga og Jarðasjóðs ríkisins verið takmörkuð verulega. Þá hefur ákvæði 11. gr. laganna verið breytt á þann veg að ef aðilar sem hyggjast kaupa fasteignir í þeim tilgangi að nýta þær til landbúnaðarstarfsemi njóta réttar hér á landi samkvæmt reglum EES-samningsins eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu teljast þeir uppfylla skilyrði 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins sem er sambærilegt við 11. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, ef þeir hafa starfað í tvö ár við landbúnað í aðildarríkjum þess samnings sem þeir byggja rétt sinn á. Enn fremur hefur verið fellt niður ákvæði sem nú er í 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt tilteknum skilyrðum um búsetu á eigninni eða innan ákveðinnar fjarlægðar frá eigninni til að nýta hana. Ekki hefur hins vegar verið farin sú leið að fella úr gildi ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna um að samþykki sveitarstjórnar þurfi til að ráðstafa fasteign sem lögin taka til og heldur ekki ákvæði 6. gr. um að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki en slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina. Hafa síðastgreind ákvæði verið tekin í frumvarpið en skilyrði um samþykki jarðanefndar fyrir aðilaskiptum að jörðum og öðrum fasteignum fellur niður eðli málsins samkvæmt þar sem jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu.

Hér þykir rétt að vekja sérstaka athygli á því að með lögum nr. 28/1995, um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, voru lögfest ýmis ákvæði sem var ætlað að draga úr þeim áhrifum sem EES-samningurinn hafði á eignarhald og viðskipti með jarðir og annað land hér á landi en þau gengu undir nafninu „girðingalögin“. Hér var m.a. um að ræða ákvæði 11. gr., sem áður er nefnt, og ákvæði 6. og 7. mgr. 6. gr. laganna um að sveitarstjórn sé heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt ákvæðinu sérstökum skilyrðum um fasta búsetu eða að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að flestar þessar takmarkanir („girðingar“) verði áfram í lögunum, sbr. þó þá breytingu sem gerð er á 11. gr. laganna með frumvarpinu og að fellt hefur verið niður ákvæði sem nú er í 6. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt skilyrði um að sá sem vill öðlast réttindi yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laganna hafi í tvö ár búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá eigninni til að geta nýtt hana. Í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins eru enn víðtækar takmarkanir á meðferð og ráðstöfun lands í landbúnaðarnotum og hefur því að svo stöddu enn ekki verið farin sú leið að fella niður allar þessar takmarkanir hér á landi.

Frumvarpið var sent til umsagnar hjá Bændasamtökum Íslands, Fasteignamati ríkisins, Hagþjónustu landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Lánasjóði landbúnaðarins, Náttúruvernd ríkisins, óbyggðanefnd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins og utanríkisráðuneytinu. Í frumvarpi þessu hefur verið tekið tillit til ýmissa athugasemda sem fram komu frá þessum aðilum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Markmiðum eða tilgangi laganna er hér breytt verulega í ljósi breytinga sem orðið hafa á aðstæðum, atvinnuháttum og nýtingu jarða í íslensku þjóðfélagi. Núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, leggja of einhliða áherslu á landbúnaðarnot miðað við breytta atvinnuhætti og er reynt að breyta ákvæðinu í samræmi við það en jafnframt að tryggja þá veigamiklu hagsmuni sem fólgnir eru í þeim landkostum sem til eru hér á landi, sbr. 1. gr.
2. Í 2. gr. laganna koma fram skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem koma fram í lögunum. Hér er um að ræða hugtök eins og afréttur, almenningur, ábúandi, ábúð, eignarland, eyðijörð, fasteign, félagsbú, greiðslumark, ítök, jarðefni, jarðhiti, jörð, landbúnaður, lögbýli, mannvirki, netlög, ríkisjarðir, ræktun, skipulagt land, vatnsréttindi og þjóðlendur. Ef ágreiningur rís um skilgreiningu einstakra hugtaka sker landbúnaðarráðherra úr. Í núgildandi lögum er ekki að finna sambærilegt ákvæði en nokkur þessara hugtaka eru skilgreind í öðrum lögum.
3. Gildissviði laganna er nokkuð breytt og nær það einungis til landsvæða sem ekki hafa verið skipulögð fyrir aðra starfsemi en landbúnað án þess að slík svæði séu bundin við þéttbýli eins og er samkvæmt núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, sbr. 1. og 3. gr. laganna. Jafnframt er áréttað að alltaf verður skylt að leita leyfis landbúnaðarráðherra til að leysa land úr landbúnaðarnotum og gildir það bæði um skipulagsyfirvöld sem vilja skipuleggja landið fyrir aðra starfsemi en landbúnað og aðra aðila. Sá fyrirvari er í lögunum að ef gert hefur verið skipulag staðfest af skipulagsyfirvöldum í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, fyrir aðra starfsemi en landbúnað um tiltekið land fyrir eða eftir gildistöku þessara laga er það land undanskilið ákvæðum laganna. Sama gildir um land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum, sbr. 2. mgr. 3. gr.
4. Jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu. Í stað þess er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum sé skylt að hafa starfandi sérstakar landbúnaðarnefndir sem hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir. Jafnframt er gert ráð fyrir að skylt sé að leggja fyrir þær öll mál sem sveitarstjórn fær til meðferðar samkvæmt lögunum, sbr. 9. gr. Sveitarstjórn er þó heimilt að sameina verkefni landbúnaðarnefndar og annarrar nefndar á vegum sveitarfélagsins en það er í samræmi við ákvæði 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
5. Felld eru niður ákvæði um innlausnarrétt ábúenda og sameigenda að eignarhluta í jörðum sem eru í óskiptri sameign, sbr. 13. gr. núgildandi jarðalaga,. nr. 65/1976, með síðari breytingum, og landspildum sem skipt hefur verið út úr jörðum, sbr. 14. gr. laganna.
6. Breytt er verulega ákvæðum núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum, sbr. 30. gr. frumvarpsins. Farin er sú leið að takmarka heimildir sveitarfélaga til að neyta forkaupsréttar á þann veg að skilyrði fyrir því að sveitarfélög geti neytt forkaupsréttar séu að sveitarfélagi sé þörf á jörð, jarðahluta, öðru landi, fasteignum eða fasteignatengdum réttindum sem á að selja til nota fyrir starfsemi sveitarfélagsins eða til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélagsins. Með sameiginlegum notum íbúa sveitarfélagsins er hér átt við hagsmuni stærri hópa íbúa sveitarfélagsins eða jafnvel meiri hluta, t.d. gæti fallið undir þá skilgreiningu ef sveitarfélag neytir forkaupsréttar að jörð í þeim tilgangi að nýta jörðina undir afrétt fyrir íbúa sveitarfélagsins. Ekki er hins vegar lengur heimilt að sveitarfélag neyti forkaupsréttar að jörð í þeim tilgangi að selja hana tilteknum íbúum sveitarfélags eða öðrum eða afhenda hana einstaklingum til nota með öðrum hætti. Þá er ákvæði um forkaupsrétt Jarðasjóðs ríkisins sama efnis og er nú í 3. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Ákvörðun sveitarstjórnar um að neyta forkaupsréttar að jörð er heimilt að kæra til landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 46. gr. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru m.a. gerðar vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun

EFTA hefur gert við forkaupsréttarákvæði 30. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en í bréfi stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda dags. 4. júlí 2001 kemur fram það álit að ákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, brjóti gegn ákvæði 40. gr. EES-samningsins.

7. Ákvæði um að samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar þurfi til stofnunar réttinda yfir og aðilaskiptum að réttindum yfir fasteignum sem lögin taka til hefur verið breytt og leiðir það af eðli máls þar sem jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu. Í stað þess er einungis skylt að afla samþykkis sveitarstjórnar fyrir slíkum aðilaskiptum. Þessi breyting er m.a. tilkomin vegna athugasemda sem ráðuneytinu hafa borist frá Eftirlitsstofnun EFTA en í bréfi stofnunarinnar, dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að núgildandi ákvæði 1. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, brjóti gegn 40. gr. EES-samningsins. Einnig er fellt niður ákvæði sem nú er í 6. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að sveitarstjórn sé heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt ákvæðinu því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að tvö ár fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Þessi breyting er gerð vegna framangreindra athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA sem taldi þetta ákvæði fela í sér mismunun gagnvart aðilum búsettum í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins. Ákvæði 15. gr. er að öðru leyti sama efnis og 6. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, m.a. um undanþágur frá því að skylt sé að afla samþykkis sveitarstjórnar og að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt tilteknum skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki en slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir að afla þurfi samþykkis sveitarfélaga fyrir eigendaskiptum að eignarhlutum í félögum sem eiga jarðir eða annað land sem lög þessi taka til enda samrýmist það ekki breytingum og þróun sem orðið hefur á hlutabréfamarkaði hér á landi og viðskiptum með eignarhluti í félögum og fyrirtækjum.
8. Samkvæmt frumvarpinu er óheimilt að stofna ný ættaróðul eftir gildistöku laganna. Í ákvæði til bráðabirgða kemur hins vegar fram að ákvæði VII. kafla núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um ættaróðul skuli þó halda gildi eftir því sem við getur átt fram að andláti óðalseiganda. Ættaróðalið skal þá falla úr óðalsböndum og jörðin erfast í samræmi við ákvæði erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum. Þá kemur þar fram að ef óðalseigandi deyr tekur maki hans við réttindum og skyldum hans sem óðalseigandi ef hann óskar þess en eftir andlát makans erfist ættaróðalið samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.
9. Breytt er nokkrum ákvæðum í núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, um aðkomu sveitarstjórnar að ýmsum málum en með frumvarpinu fær sveitarstjórn umsagnarrétt í stað þess að í núgildandi lögum þarf oft samþykki sveitarstjórnar fyrir tilteknum ráðstöfunum, t.d. við landskipti, sameiningu jarða, lausn úr landbúnaðarnotum o.fl. Umsagnir sveitarstjórnar binda ekki landbúnaðarráðuneytið við ákvarðanatöku en hafa að sjálfsögðu mikið leiðbeinandi gildi.
10. Nýmæli er í frumvarpinu að Skipulagsstofnun þarf einnig að mæla með eignarnámi sem framkvæmt er á grundvelli 8. gr. frumvarpsins ef meðferð jarða, lands og landsnytja er ekki í samræmi við ákvæði frumvarpsins og þörf er á landinu til bættrar aðstöðu viðkomandi byggðarlags. Samkvæmt gildandi lögum er einungis krafist umsagnar Bændasamtaka Íslands og verða þau jafnframt umsagnaraðili samkvæmt frumvarpinu.
11. Felld eru niður ákvæði í 2. málsl. 2. mgr. 37. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, þess efnis að ef sótt er um ríkisjörð til fastrar ábúðar, sem er leigð með leigusamningi sé

heimilt að segja slíkum leigusamningi upp. Um gildi slíkra samninga fer því eftir meginreglunni um skuldbindingargildi samninga.

12. Nýmæli er almennt ákvæði um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörðum nema sérstakar undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu í lögum, sbr. 11. gr. Þetta er meginregla sem hefur verið talin gilda í framkvæmd og kemur fram í sérlögum um einstakar tegundir hlunninda, sbr. t.d. í lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, o.fl.
13. Ef fleiri eigendur eru að jörðum eða jarðahlutum er þeim skylt að hafa með sér félag um eignarhald og rekstur jarðarinnar eða jarðarhlutans. Jafnframt er þeim skylt að tilnefna sérstakan fyrirsvarsmann félagsins sem kemur fram fyrir hönd þess gagnvart sveitarstjórn og öðrum aðilum við úrlausn mála er lúta að réttindum og skyldum jarðeigenda. Félagið og fyrirsvarsmann þess skal skrá í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands og er slík skráning skilyrði fyrir þinglýsingu eignarheimildar að jörð eða öðru landi. Ákvæðið gildir þó ekki ef eigendur félags eru einungis hjón eða foreldrar og ófjárráða börn þeirra. Þá gilda ákvæði greinarinnar um hjón einnig um sambúðarfólk með ákveðnum skilyrðum, sbr. 13. gr. frumvarpsins.
14. Breytt er ákvæði 11. gr. gildandi laga á þann veg að ef aðilar sem óska eftir samþykki til að kaupa fasteign hér á landi og nýta hana til landbúnaðar njóta réttar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu teljast þeir uppfylla skilyrði ákvæðisins ef þeir hafa starfað við landbúnað í tvö ár í aðildarríkjum þess samnings sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 17. gr. frumvarpsins.
15. Nýmæli er í 18. gr. en þar er sú skylda lögð á landbúnaðarráðuneytið að gefa út 31. desember ár hvert skrá á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna yfir allar jarðir, jarðahluta, landspildur, lóðir og annað land en ráðuneytinu er þó heimilt að fela öðrum aðilum að annast gerð slíkrar jarðaskrár í umboði ráðuneytisins. Er við það miðað að skráin verði hluti af Landskrá fasteigna sem Fasteignamat ríkisins heldur samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, en landbúnaðarráðherra hefur þó ákveðnar heimildir varðandi gerð hennar og notkun. Gert er ráð fyrir að þessi skrá verði eins konar ný jarðabók fyrir Ísland. Enn fremur er annars staðar í frumvarpinu gert ráð fyrir að landbúnaðarráðuneytinu sé skylt að gefa út 31. desember ár hvert sams konar skrá yfir lögbýli í landinu m.a. með upplýsingum um félagsbú á grundvelli sömu upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna. Sömu reglur gilda um heimild landbúnaðarráðuneytisins til að fela öðrum aðilum að annast gerð lögbýlaskrár, sbr. 29. gr.
16. Nýmæli er að leyfi landbúnaðarráðherra til landskipta, sameiningar jarða og til að leysa land úr landbúnaðarnotum öðlist fyrst gildi þegar leyfisbréfunum ásamt hnitasettum uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum hefur verið þinglýst, sbr. 6. gr. og 20. og 21. gr.
17. Heimilt verður að binda leyfi til lausnar úr landbúnaðarnotum því skilyrði að ef landi er ekki ráðstafað til þeirra nota sem beiðni er byggð á innan þriggja ára falli leyfið úr gildi, sbr. 3. mgr. 6. gr.
18. Nýmæli er að óheimilt verður að sameina jarðir sem ekki liggja saman og einnig jarðir sem ekki tilheyra sama sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 21. gr.
19. Breytt er lítils háttar ákvæðum um að landbúnaðarráðherra geti veitt leyfi til að stofna ný lögbýli og bætt við atvinnugreinum á sviði ferðaþjónustu og skógræktar. Jafnframt er miðað við að ný lögbýli verði ekki stofnuð nema fyrirhuguð sé virk atvinnustarfsemi á lögbýlinu, sbr. 22. gr.

20. Breytt er ákvæði um upplýsingar og gögn sem leggja þarf fram með umsókn um stofnun lögbýlis og er hér um að ræða mun ítarlegra ákvæði er í núgildandi lögum, sbr. 23. gr. Enn fremur er þar ákvæði um að umsækjandi þurfi að hafa tryggt sér eignarrétt yfir landi sem stofna á lögbýli á eða umráðarétt í a.m.k. 20 ár. Slík tímaskilyrði eru ekki í núgildandi lögum.
21. Fellt er niður ákvæði um að til að stofna lögbýli til sauðfjárræktar, nautgriparæktar og/eða hrossaræktar skuli að jafnaði miða við að ræktanlegt land sé ekki minna en 100 hektarar. Þess í stað er lagt fyrir landbúnaðarráðuneytið að leggja mat á stærð ræktanlegs lands, húsakost og búrekstraraðstöðu að öðru leyti og hvort aðstaða sé til að stunda þá atvinnustarfsemi sem umsókn um stofnun lögbýlis er byggð á, sbr. 25. gr.
22. Nýmæli er í frumvarpinu í 27. gr. um að landbúnaðarráðherra geti fellt niður lögbýlisrétt. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti tekið slíkar ákvarðanir samkvæmt umsókn eigenda lögbýlis og einnig að eigin frumkvæði ef skilyrði fyrir því að jörð sé lögbýli eru ekki lengur fyrir hendi.
23. Felld eru niður ákvæði í III. kafla núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, um að leyfi landbúnaðarráðherra þurfi til stofnunar félagsbús. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að menn geti sjálfir stofnað félagsbú og gert með sér samninga þar að lútandi og að einungis sé skylt að tilkynna stofnun félagsbús til landbúnaðarráðuneytisins. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að leyfi eða samþykki landbúnaðarráðherra þurfi til stofnunar slíks félagsbús. Landbúnaðarráðherra heldur skrá yfir félagsbú í landinu og er einnig gert ráð fyrir að tilkynna þurfi landbúnaðarráðherra og Hagstofu Íslands um slit félagsbús, sbr. 28. gr.
24. Breytt er ákvæði um forkaupsrétt ábúanda og hann miðaður við sjö ára ábúðartíma. Samkvæmt gildandi lögum er miðað við tíu ára ábúðartíma. Sérstakt ákvæði er um að ef ábúandi fellur frá haldi maki hans forkaupsrétti en það er í samræmi við gildandi framkvæmd. Einnig er sérstakt ákvæði um að forkaupsréttur ábúanda falli niður ef hann hefur sagt upp samningi sínum um ábúð eða ef honum hefur verið sagt löglega upp ábúðarsamningi vegna vanefnda. Sömu skilyrði eru í frumvarpinu og í núgildandi lögum um að ábúandi sem neytir forkaupsréttar verði að taka jörðina til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi, sbr. 31. gr.
25. Breytt er ákvæði núgildandi 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um kauprétt ábúenda á ríkisjörðum, sbr. 40. gr. frumvarpsins. Samkvæmt gildandi lögum eiga ábúendur ríkisjarða rétt á að kaupa ábúðarjarðir ef þeir hafa búið á þeim í tíu ár eða lengur og leggja fram yfirlýsingu sveitarstjórnar um að ábúandi hafi setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að hann fái hana keypta, svo og meðmæli jarðanefndar viðkomandi sýslu með kaupunum. Í frumvarpinu er ákvæðinu breytt á þann veg að í stað kaupréttar ábúenda kemur að heimilt verður að selja ábúendum ríkisjarða ábúðarjarðir sínar ef þeir hafa búið í sjö ár eða lengur en sá tími kemur í stað tíu ára í gildandi lögum. Ábúendur þurfa eingöngu að leggja fram meðmæli sveitarstjórnar þar sem í frumvarpinu er lagt til að jarðanefndir verði aflagðar en að sérstakar landbúnaðarnefndir sveitarfélaga fjalli um slíkar umsóknir. Nokkrar undantekningar eru frá núgildandi kauprétti ábúandans sem eru tilgreindar í 2. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Í frumvarpinu eru svipaðar reglur en ekki alveg sama efnis en gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi ekki um jarðir sem ekki eru nýttar til landbúnaðarstarfsemi og heldur ekki um jarðir sem þörf er á til opinberra nota eða ef almannahagsmunir standa gegn því að jörð verði seld.
26. Sérstakt ákvæði er um mat á söluverði ríkisjarða sem seldar eru ábúendum og sveitarfélögum skv. 39. og 40. gr. frumvarpsins, sbr. 41. gr. Kaupandi getur einnig óskað eftir

að kaupverðið verði metið af dómkvöddum matsmönnum. Lögfest er þar að söluverðið skuli ákvarðað af aðilum utan ráðuneytisins og einnig hvaða matshlutar skuli metnir. Hér er gert ráð fyrir að meta skuli jörðina sjálfa, mannvirki, ræktun og hlunnindi, t.d. veiði, æðarvarp og önnur hlunnindi sem ekki eru undanskilin sölu skv. 44. gr., svo og greiðslumark jarðarinnar. Þó er gert ráð fyrir að greiðslumark mjólkur og sauðfjár sem áunnið er á jörðina og fylgir lögbýli samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og eldri lögum um sama efni fylgi með við sölu á ríkisjörðum sem seldar eru ábúendum en að það verði ekki verðlagt sérstaklega. Ef jörðinni verður hins vegar ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða ef kaupandi selur greiðslumarkið frá henni innan tíu ára frá sölu ber honum að endurgreiða ríkissjóði andvirði greiðslumarksins á verði sem miða skal við markaðsverð á þeim tíma sem jörð er ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða greiðslumark er selt frá jörð en að frádregnum jöfnum, árlegum 10% fyrningum. Þessari kvöð skal þinglýst á jörðina.

27. Nýmæli er að við sölu ríkisjarða verður alltaf skylt að undanskilja jarðefni og rétt til efnistöku, og einnig vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi, sbr. 44. gr. Samkvæmt núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, gildir þetta eingöngu þegar ríkisjarðir eru seldar ábúendum en að öðrum kosti þarf samkvæmt núgildandi lögum leyfi iðnaðarráðherra til að skilja slík réttindi frá jörð, sbr. lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í þessu sambandi skal bent á að í frumvarpinu er sérstök skilgreining á hugtakinu vatnsréttindi, sbr. 2. gr. Þá er áréttað í ákvæðinu að óheimilt sé að nýta slík réttindi nema samkvæmt sérstökum samningi við landbúnaðarráðuneytið og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.
28. Nýmæli er að ríkisjarðir sem fyrirhugað er að selja, aðrar en þær sem seldar eru sveitarstjórnum og ábúendum, skal auglýsa til sölu með opinberri auglýsingu og leita eftir kauptilboðum í þær í samræmi við gildandi löggjöf og stjórnvaldsreglur um sölu á eignum ríkisins á hverjum tíma. Undantekningar eru þó gerðar samkvæmt þessu ákvæði um einstakar jarðir ef þar er starfrækt atvinnustarfsemi á sviði landbúnaðar eða önnur starfsemi og hagsmunir sveitarfélags krefjast þess, sbr. 42. gr. Alltaf verður heimilt að hafna öllum innsendum tilboðum.
29. Í 43. gr. frumvarpsins er sérstakt ákvæði um ríkisjarðir sem er óheimilt að selja en það eru jarðir sem þörf er á að ráðstafa til opinberra nota eða nauðsynlegt þykir með tilliti til almannahagsmuna að séu eign íslenska ríkisins. Jafnframt er gert ráð fyrir að leita skuli umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins eftir því sem við á þegar reynir á ákvæðið.
30. Þá er það nýmæli í frumvarpinu að landbúnaðarráðherra eigi alltaf forkaupsrétt að jörðum, jarðahlutum eða landi sem ríkið hefur selt ábúendum eða sveitarfélögum og að forkaupsrétturinn haldist í tíu ár frá sölu. Þá er þar sérstakt ákvæði um hvernig beri að meta eignir sem ábúandi átti við kaup á jörðinni þegar ríkið neytir aftur forkaupsréttar að henni, sbr. 45. gr.
31. Frestur landbúnaðarráðuneytis til að úrskurða í kærumálum á grundvelli laganna er lengdur úr sex vikum í átta, sbr. 46. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna ákvæði um markmið eða tilgang laganna en það er verulega breytt miðað við núgildandi ákvæði 1. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa í landbúnaði og þjóðfélaginu í heild, m.a. breytinga á atvinnuháttum og nýtingu jarða. Núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, leggja of einhliða áherslu á landbúnaðarnot miðað við breytta atvinnuhætti og er reynt að breyta ákvæðinu í samræmi við það en jafnframt að tryggja þá veigamiklu hagsmuni sem fólgnir eru í þeim landkostum sem til eru hér á landi. Ekki liggur fyrir í dag hverjar þarfir verða á þessu sviði þegar til framtíðar er litið og eðlilegt að löggjöfin tryggi að meðferð og nýting landkosta sé með þeim hætti sem best verður á kosið, m.a. miðað við hið fjölþætta hlutverk landbúnaðar. Jafnframt þykir eðlilegt að tryggja að land sem best eða vel er fallið til búvöruframleiðslu varðveitist eins og unnt er til slíkra nota.

Um 2. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er hér að finna skilgreiningu á ýmsum hugtökum sem koma fram í lögunum, þ.e. afréttur, almenningur, ábúandi, ábúð, eignarland, eyðijörð, fasteign, félagsbú, greiðslumark, ítak, jarðefni, jarðhiti, jörð, landbúnaður, lögbýli, mannvirki, netlög, ríkisjarðir, ræktun, skipulagt land, vatnsréttindi og þjóðlendur. Nauðsynlegt þykir að lögfesta þessar skilgreiningar til að eyða vafa um hvaða þýðingu þær hafi í einstökum ákvæðum laganna. Nokkur þessara hugtaka eru þegar skilgreind í öðrum lögum og verður reynt að samræma skýringu á þeim í þessum lögum. Ef ágreiningur rís um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt þessum lögum sker landbúnaðarráðherra úr. Rétt þykir að taka fram að hugtakið almenningur er að hverfa úr íslensku lagamáli og gert ráð fyrir að allir almenningar hér á landi falli undir þjóðlendur, sbr. athugasemdir við 1. gr. í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, með síðari breytingum. Hugtakið er þrátt fyrir það enn til staðar í þessu frumvarpi og einnig hugtakið þjóðlendur þar sem enn liggur ekki fyrir með endanlegri vissu hvaða landsvæði hér á landi verða þjóðlendur. Vinnu óbyggðanefndar lýkur ekki fyrr en á árinu 2007. Fram að þeim tíma er ekki útilokað að hugtakið almenningur geti haft tiltekna þýðingu í lagalegum skilningi og þótti því rétt að það yrði haft með í frumvarpinu og lögum sem kunna að verða samþykkt á grundvelli þess þar til þessu tímabili er lokið.

Um 3. gr.

Hér koma fram breytingar á gildissviði laganna en samkvæmt frumvarpinu gildir það einungis um land sem ekki hefur verið skipulagt fyrir aðra starfsemi en landbúnað og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum með leyfi landbúnaðarráðherra. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að lögin gildi um allt land sem ekki er skipulagt fyrir aðra starfsemi en landbúnað og skiptir í því sambandi ekki máli hvort það land er innan eða utan þéttbýlis, bæjarfélaga að kaupstaða. Landsvæði sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað falla utan gildissviðs laganna. Miðað er við að alltaf þurfi leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa land úr landbúnaðarnotum ef fyrirhugað er að ráðstafa því til annarrar starfsemi eða nota en til landbúnaðar og gildir það án tillits til þess hver eru fyrirhuguð not landsins. Það gildir bæði um skipulagsyfirvöld sem skipuleggja vilja landsvæði fyrir aðra starfsemi en landbúnað og einnig aðra aðila. Sjá einnig fyrirvara í 7. gr. og athugasemdir við það ákvæði.

Um 4. gr.

Ákvæðið er að mestu sama efnis og 2. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. og 6. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 1. mgr. 12. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa. Þetta ákvæði hefur þá þýðingu að allt land sem nú er í landbúnaðarnotum eða er nýtanlegt til landbúnaðar verður það áfram. Nýmæli er í ákvæðinu um að leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa land úr landbúnaðarnotum öðlist fyrst gildi þegar því hefur verið þinglýst. Sjá einnig athugasemdir um 6. gr. frumvarps til laga nr. 28/1995, um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 118. löggjafarþingi, 1994–1995, þskj. 109, 106. mál. Þá er það nýmæli í ákvæðinu að heimilt verður að binda leyfi til lausnar úr landbúnaðarnotum skilyrði um að ef landi er ekki ráðstafað til þeirra nota sem beiðni er byggð á innan þriggja ára falli leyfið úr gildi.

Um 7. gr.

Þetta ákvæði felur í sér að alltaf þarf samþykki landbúnaðarráðherra til að taka land sem nýtt eða nýtanlegt er til landbúnaðar til annarrar starfsemi. Samkvæmt því þurfa skipulagsyfirvöld að leita eftir samþykki landbúnaðarráðherra ef þau vilja skipuleggja landsvæði fyrir aðra starfsemi en landbúnað. Sama gildir um aðra aðila sem vilja ráðstafa landi sem er í landbúnaðarnotum til annarrar starfsemi eða annarra þarfa. Ef skipulag staðfest af skipulagsyfirvöldum hefur hins vegar verið gert fyrir tiltekið landsvæði fyrir eða eftir gildistöku þessara laga gilda ákvæði laganna ekki um það landsvæði ef skipulagið er fyrir aðra starfsemi en landbúnað. Slíkt skipulag eða lausn úr landbúnaðarnotum getur hins vegar ekki farið fram nema með samþykki landbúnaðarráðherra. Hafi tiltekin jörð eða jarðahluti verið leystur úr landbúnaðarnotum gilda sömu reglur. Sú breyting felst þó í frumvarpinu að ekki skiptir lengur máli hvort staðfest skipulag er í þéttbýli eða ekki en núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, gilda um allt land utan skipulagðs þéttbýlis.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 15. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Skipulagsstofnun bætist hér við sem umsagnaraðili og þarf að mæla með eignarnámi auk Bændasamtaka Íslands sem nefnd voru í eldri lögum. Gert er ráð fyrir að ósk sveitarstjórnar um eignarnám verði byggð á faglegri umsögn landbúnaðarnefndar sveitarfélags sem skylt er að setja á fót í hverju sveitarfélagi, sbr. 9. gr.

Um 9. gr.

Ákvæðið er nýmæli en gert er ráð fyrir að með lögunum verði aflagðar jarðanefndir sem nú starfa á grundvelli jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Þess í stað er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum sé skylt að koma á fót sérstökum ráðgefandi landbúnaðarnefndum innan sveitarfélagsins sem hafi svipað hlutverk og jarðanefndir hafa samkvæmt gildandi lögum. Hlutverk þeirra er ekki alveg sambærilegt en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að jarðanefndir starfi við hlið sveitarstjórna í mörgum tilvikum og þurfi að samþykkja ýmsar ráðstafanir eða gefa sjálfstæðar umsagnir um þær. Samkvæmt frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að landbúnaðarnefndir veiti sveitarstjórnum ráðgjöf og umsagnir um mál sem sveitarstjórnirnar fjalla um samkvæmt lögunum. Ekki er gert ráð fyrir að landbúnaðarnefndirnar láti utanaðkomandi aðilum í té sjálfstæð álit eða umsagnir um einstök álitaefni eða mál nema

sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Sveitarstjórnum verður skylt að leggja öll mál sem þær fjalla um eftir lögunum fyrir landbúnaðarnefndirnar en með því er reynt að tryggja að þessi mál fái faglega umfjöllun staðkunnugra manna með svipuðum hætti og núgildandi lög gera ráð fyrir að jarðanefndir fjalli um mál. Þó er gert ráð fyrir að landbúnaðarnefndum kunni að vera falin verkefni samkvæmt öðrum lögum. Einnig er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum sé heimilt að sameina verkefni landbúnaðarnefnda og verkefni annarra nefnda á vegum sveitarfélaganna og er það í samræmi við ákvæði 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru m.a. tilkomnar vegna athugasemda sem íslenskum stjórnvöldum hafa borist frá Eftirlitsstofnun EFTA en í áðurnefndu bréfi stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda, dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að ákvæði 6. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, um tvöfalt samþykki fyrir tilteknum ráðstöfunum, þ.e. bæði samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar og heimild sveitarstjórnar til að binda samþykki sitt tilteknum skilyrðum samkvæmt sama ákvæði, brjóti gegn 31. og 40. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Með því fyrirkomulagi sem lagt er til í 9. gr. frumvarpsins er leitast við að koma til móts við þau sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA sem fram koma í framangreindu bréfi stofnunarinnar, dags. 4. júlí 2001, um að tvöfalt samþykki sveitarstjórna og jarðanefnda til að ráðstafa jörðum, öðru landi eða mannvirkjum brjóti gegn EES-samningnum.

Um 10. gr.

Hér er að finna ákvæði sem ekki er í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en hefur eðli málsins samkvæmt verið talið gildandi réttur hér á landi.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. er að finna nýmæli sem hefur verið með sama hætti í framkvæmd en þar kemur fram að hlunnindi skuli fylgja jörð og vera hluti hennar og eign jarðareiganda.

Í 2. mgr. 11. gr. er að finna nýmæli sem er almennt ákvæði um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörð. Í íslenskri löggjöf er ekki að finna almennt ákvæði um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörð en ákvæði þess efnis er hins vegar að finna í sérlögum um einstök hlunnindi, sbr. t.d. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, þar sem fram kemur að óheimilt er að skilja veiðihlunnindi frá jörð. Einnig eru slík ákvæði í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 1. mgr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 og 9. og 12. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum á jörðu. Sú regla sem hér er lögfest hefur almennt verið talin gilda í framkvæmd.

Um 12. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er til komið vegna þess að oft eru eigendur jarðar margir og hefur dreifð eignaraðild valdið erfiðleikum í framkvæmd við að framfylgja lögum og reglum, svo sem um afréttamálefni, veggirðingar o.fl. og eins ýmsar ráðstafanir eða framkvæmdir á vegum sveitarfélaga, m.a. ef jarðir eru ekki lengur í ábúð. Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði um að í slíkum tilvikum sé jarðeigendum skylt að hafa með sér félag og að tilnefna fyrirsvarsmann/ábyrgðaraðila sem fái skilgreint umboð til að koma fram fyrir hönd jarðeigenda gagnvart nágrönnum og sveitarstjórn við úrlausn mála er lúta að hvers konar skyldum jarð-

eigenda. Þá er lagt til að nafn félagsins og fyrirsvarsmannsins verði skylt að skrá í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands til þess að auðvelt verði að afla upplýsinga um þessa þætti og að slík skráning verði skilyrði fyrir þinglýsingu eignarheimildar fyrir jörð eða eignarhluta í jörð. Undantekning er þó gerð og ekki gert ráð fyrir að þetta ákvæði gildi þegar eigendur jarðar eru einungis hjón eða foreldrar og ófjárráða börn þeirra en ákvæðið yrði töluvert þungt í framkvæmd ef þessi undantekning yrði ekki gerð. Þá gildir undantekning samkvæmt ákvæði greinarinnar um hjón einnig um sambúðarfólk með ákveðnum skilyrðum en sambærileg ákvæði eru víða í íslenskri löggjöf um sambúðarfólk.

Um 14. gr.

Þetta ákvæði felur í sér nokkrar breytingar frá ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Samkvæmt gildandi löggjöf þarf samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar til að ráðstafa jörðum og öðru landi sem lögin taka til með þeim hætti sem nú greinir í 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, m.a. við kaup, sölu, skipti, leigu, ábúð o.fl. Ákvæðið er ekki tæmandi og hafa ýmsar aðrar ráðstafanir verið taldar falla undir það. Nokkrar undantekningar eru frá þeirri reglu og gildir hún m.a. ekki um erfðir eða ráðstöfun fasteigna til náinna ættingja og heldur ekki um ríkisjarðir. Sveitarstjórnir og jarðanefndir hafa heimild til að binda samþykki sitt skilyrðum og eru ákvarðanir þeirra kæranlegar til landbúnaðarráðuneytisins. Þá er ekki gert ráð fyrir að ákvæðið gildi ef eigendaskipti verða að eignarhlutum í félögum sem eiga jarðir. Ljóst er að slíkt ákvæði er ekki í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á hlutabréfamarkaði hér á landi og viðskiptum með eignarhluti í félögum og fyrirtækjum. Í 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er gert ráð fyrir að afla þurfi samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar við sölu á eignarhlutum í félögum en ekki hefur verið farið eftir því í framkvæmd. Ef sveitarstjórn og jarðanefnd verða ekki sammála samkvæmt gildandi lögum sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi. Ef sveitarstjórn og jarðanefnd neita samkvæmt jarðalögum, nr. 65/1976, að samþykkja áformaða sölu fasteignar og landbúnaðarráðherra staðfestir slíka ákvörðun getur eigandi eða umráðamaður hennar krafist þess að sveitarsjóður eða ríkissjóður kaupi jörðina á verði sem ákveðið er af matsnefnd eignarnámsbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, sbr. 16. gr. frumvarpsins sem geymir ákvæði um sömu skipan. Í frumvarpinu er miðað við að einungis þurfi samþykki sveitarstjórnar til aðilaskipta á landi og öðrum fasteignum sem lögin taka til en það leiðir af eðli máls þar sem jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu. Sveitarstjórn ber að leita umsagnar um slík erindi hjá landbúnaðarnefnd sem skylt verður að koma á fót í hverju sveitarfélagi, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Sú breyting sem hér er lögð til og felst í að einungis þurfi samþykki sveitarstjórnar til aðilaskipta á fasteignum er m.a. til komin vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Í bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA til íslenskra stjórnvalda, dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að ákvæði 6. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um tvöfalt samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar og einnig heimild sveitarstjórnar til að binda samþykki sitt tilteknum skilyrðum brjóti gegn 31. og 40. gr. EES-samningsins, sbr. og tilskipun nr. 88/ 361/EEC. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er að nokkru leyti leitast við að koma til móts við þau sjónarmið sem fram koma í framangreindu bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA en þó ekki farin sú leið að afnema rétt sveitarstjórnar til að binda samþykki sitt skilyrðum. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn geti áfram bundið samþykki sitt tilteknum skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki en slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina. Hins vegar er fellt niður ákvæði sem nú er í 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að sveitarstjórn sé heimilt að

binda samþykki sitt samkvæmt ákvæðinu því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að tvö ár fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Þessi breyting er einnig gerð vegna framangreindra athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA sem taldi þetta ákvæði fela í sér mismunun gagnvart aðilum búsettum í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins. Með ákvæði 14. gr. frumvarpsins eins og það er úr garði gert hefur verið reynt að koma til móts við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA eins og unnt er án þess þó að gengið sé lengra en þörf krefur en samkvæmt frumvarpinu eru enn töluverðar takmarkanir á aðilaskiptum með land og aðrar fasteignir sem falla undir ákvæði laganna. Ljóst er að í löggjöf annarra aðildarríkja EES-samningsins eru einnig enn víðtækar takmarkanir á því að aðilaskipti að landi geti farið fram og þykir rétt að láta reyna á hvort ákvæði 14. gr. eins og það er úr garði gert í frumvarpinu standist ákvæði EES-samningsins. Að öðru leyti er ákvæðið sama efnis og 6. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, m.a. um undanþágur frá því að afla þurfi samþykkis fyrir nánar tilgreindum ráðstöfunum jarða.

Um 15. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 7. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 8. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 11. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki skýringa. Ekki þykir ástæða til að afnema þetta ákvæði úr frumvarpinu þrátt fyrir athugasemdir sem fram hafa komið frá Eftirlitsstofnun EFTA sem telur það brjóta gegn 40. gr. EES-samningsins. Hér hefur hins vegar verið reynt að koma til móts við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA en með frumvarpinu hefur ákvæði 11. gr. laganna verið breytt á þann veg að ef aðilar sem hyggjast kaupa fasteignir í þeim tilgangi að nýta þær til landbúnaðarstarfsemi njóta réttar hér á landi samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu teljast þeir uppfylla skilyrði ákvæðisins ef þeir hafa starfað í tvö ár við landbúnað í aðildarríkjum þess samnings sem þeir byggja rétt sinn á.

Um 18. gr.

Hér er um að ræða nýmæli þar sem landbúnaðarráðuneytinu er gert skylt að gefa út jarðaskrá á grundvelli upplýsinga úr Landskrá fasteigna sem Fasteignamat ríkisins heldur samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, yfir allar jarðir, jarðahluta, landspildur og annað land sem lögin taka til. Landbúnaðarráðuneytinu en er hins vegar heimilt að fela gerð hennar öðrum aðila, t.d. Hagþjónustu landbúnaðarins. Er miðað við að jarðaskráin verði hluti af jarðahluta Landskrár fasteigna enda þótt landbúnaðarráðuneytið fari með ákveðnar heimildir varðandi gerð hennar og notkun. Í 2. mgr. er ákvæði um skyldu ýmissa aðila til að láta ráðuneytinu eða þeim sem annast gerð jarðaskrár í umboði þess í té ýmsar upplýsingar sem það óskar eftir við gerð jarðaskrárinnar og í 3. mgr. ákvæði um sölu og afhendingu upplýsinga úr Landskrá fasteigna gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá settri samkvæmt lögum nr. 6/2001. Gert er ráð fyrir að þessi jarðaskrá verði eins konar ný jarðabók fyrir

Ísland. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft. Sjá einnig ákvæði til bráðabirgða III um frest til að gefa út fyrstu jarðaskrána.

Um 19. gr.

Ákvæði IV. kafla gilda um landskipti án tillits til þess með hvaða hætti þau eru framkvæmd, m.a. gilda ákvæðin um staðfestingu landbúnaðarráðherra á landskiptum á landi tveggja eða fleiri jarða sem hafa verið framkvæmd með formlegum hætti samkvæmt landskiptalögum, nr. 46/1941, þegar skipti hafa verið gerð með samningi eða landskiptagerð á einni jörð og einnig þegar seldar eru landspildur eða lóðir úr jörðum. Að öðru leyti eru ákvæði kaflans í samræmi við gildandi framkvæmd og löggjöf og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 12. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um landskipti en sérstakt ákvæði er í 21. gr. frumvarpsins um leyfi til sameiningar jarða. Ítarlegri ákvæði eru í frumvarpinu um upplýsingar og gögn sem gert er ráð fyrir að fylgi beiðni um staðfestingu landskipta. Landbúnaðarráðherra skal leita umsagnar sveitarstjórnar og Bændasamtaka Íslands eins og núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir. Ljóst er að þetta ákvæði á við um allar athafnir, samninga og aðrar gjörðir sem hafa í för með sér að landi, landspildu eða lóð er skipt út úr jörð og skiptir ekki máli í því efni hversu stór sú landspilda eða lóð er. Landskiptin geta átt sér stað með landskiptagerð eða annars konar samningi en einnig með kaupsamningi og/eða afsali, t.d. þegar seld er lóð samkvæmt kaupsamningi og/eða afsali. Ekki þarf hins vegar að leita samþykkis landbúnaðarráðherra samkvæmt ákvæðinu þegar gerðir eru leigusamningar, t.d. lóðarleigusamningar, um landspildur eða lóðir þrátt fyrir að slíkir samningar hafi í för með sér að lóðirnar ásamt þeim mannvirkjum sem á þeim standa verði sjálfstæðar fasteignir í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna. Ákvæðið á einungis við þegar um er að ræða varanleg skipti lands úr jörðum eða öðru landi. Nýmæli er í ákvæðinu um að leyfi landbúnaðarráðherra til að skipta landi öðlist fyrst gildi þegar því hefur verið þinglýst.

Um 21. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 12. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um sameiningu jarða og leyfi til að leggja jarðir og annað land til afrétta. Ítarlegri ákvæði eru um upplýsingar og gögn sem leggja þarf fram með beiðni um leyfi til sameiningar o.fl. Landbúnaðarráðherra skal leita umsagnar sveitarstjórnar og Bændasamtaka Íslands. Nýmæli eru um að óheimilt er að sameina jarðir sem ekki liggja saman eða jarðir sem ekki tilheyra sömu sýslu eða lögsagnarumdæmi, svo og um að leyfi landbúnaðarráðherra til sameiningar öðlist fyrst gildi þegar því hefur verið þinglýst.

Um 22. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 22. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, að því undanskildu að hér hefur verið bætt við atvinnugreinum á sviði ferðaþjónustu og skógræktar. Gert er ráð fyrir að ekki skuli veita leyfi til að stofna ný lögbýli nema fyrir liggi að virk atvinnustarfsemi verði á lögbýlinu allt árið.

Um 23. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 22. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en er nokkuð ítarlegra um hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn um stofnun lögbýlis. Nýmæli er að umsækjandi skuli hafa með þinglýstum kaupsamningi eða samningi um ábúð/leigu til a.m.k. 20 ára tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu. Eðlilegt þykir að binda umráðarétt við lágmarkstímamörk eins og hér er gert þar sem gert er ráð fyrir að lögbýli sé ætlað að standa til frambúðar.

Um 24. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 22. gr. og 3. mgr. 23. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 25. gr.

Í þessu ákvæði felst að það er lagt í vald landbúnaðarráðuneytisins að meta hvort lagaskilyrði, búrekstrarskilyrði eða skilyrði til annars atvinnureksturs séu fyrir hendi til að stofna lögbýli. Fellt hefur verið niður ákvæði 1. mgr. 23. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um að til að stofna lögbýli til sauðfjárræktar, nautgriparæktar eða hrossaræktar skuli ræktanlegt land að jafnaði ekki vera minna en 100 hektarar. Í stað þess er landbúnaðarráðuneytinu hér fengið vald til að meta nauðsynlega landstærð.

Um 26. gr.

Hér er það nýmæli að leyfi landbúnaðarráðherra til að stofna lögbýli öðlist fyrst gildi þegar því hefur verið þinglýst.

Um 27. gr.

Nýmæli er hér að landbúnaðarráðherra getur fellt niður lögbýlisrétt af jörð. Gildir það samkvæmt umsókn eiganda en einnig getur ráðherra gert það að eigin frumkvæði ef býli fullnægir ekki lengur skilyrðum til að vera lögbýli. Nauðsynlegt þykir að lögfesta ákvæði sem þetta. Ljóst er að fjölmörg lögbýli sem nú eru skráð fullnægja ekki lengur skilyrðum til að vera lögbýli og má gera ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geri sérstakt átak til að koma þessum málum í lag þannig að einungis þau býli sem fullnægja skilyrðum til að vera lögbýli njóti þeirra réttinda áfram.

Um 28. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á núverandi lögum um stofnun félagsbúa á þann veg að fellt er úr gildi ákvæði um að leyfi landbúnaðarráðherra þurfi til stofnunar félagsbús. Þess í stað er gert ráð fyrir að aðilar geti sjálfir stofnað félagsbú og gert með sér samninga þess efnis án atbeina landbúnaðarráðherra. Hins vegar verður skylt að tilkynna stofnun og slit félagsbúa til landbúnaðarráðuneytisins og ber landbúnaðarráðherra að halda skrá um félagsbú í landinu á hverjum tíma sem hluta af lögbýlaskrá, sbr. 29. gr.

Um 29. gr.

Hér er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra gefi út sérstaka skrá 31. desember ár hvert yfir öll lögbýli í landinu með svipuðum hætti og lýst er í 29. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Hér er þó það nýmæli að lögbýlaskrána skal gera á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna og er miðað við að hún verði hluti af þeirri skrá þótt landbúnaðarráðuneytið fari með ákveðnar heimildir við gerð hennar og notkun.

Þessi skrá kemur til viðbótar við jarðaskrá þá sem kveðið er á um í 18. gr. og nær eingöngu yfir þær jarðir sem hafa lögbýlisrétt. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að þessi skrá innihaldi svipaðar upplýsingar og jarðaskráin. Um afhendingu og sölu upplýsinga úr lögbýlaskrá fer eftir ákvæðum laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum með sama hætti og gildir um upplýsingar úr jarðaskrá, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 30. gr.

Ákvæðið er nýmæli en með frumvarpi þessu er breytt verulega ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum. Ákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um forkaupsrétt sveitarfélaga eru að stofni til komin úr enn eldri lögum. Ákvæði um forkaupsrétt hafa verið í íslenskum lögum frá árinu 1723, sbr. tilskipun frá 18. júní 1723, en þar voru ákvæði um forkaupsrétt ábúenda sem höfðu lífstíðarábúð á jörðum. Samkvæmt lögum nr. 30/1905, um forkaupsrétt ábúenda, náðu þessi ákvæði hins vegar til allra ábúenda án tillits til þess hvort þeir höfðu lífstíðarábúð eða ekki. Reglurnar um forkaupsrétt náðu einnig til ábúenda sem höfðu sagt upp ábúðarsamningum sínum og ábúenda sem löglega hafði verið sagt upp ábúð ef henni var ekki lokið. Með lögum nr. 30/1905 fengu sveitarfélög einnig forkaupsrétt að afréttum og óbyggðum svæðum sem unnt var að nýta til sumarhúsabyggðar. Með lögum nr. 40/1919 fengu sveitarfélög forkaupsrétt að jörðum á eftir ábúendum sem héldu forkaupsrétti sínum með sömu skilyrðum og áður. Með lögum nr. 16/1926, um breyting á lögum nr. 40/1919, voru lögfestar undantekningar frá ákvæðum laganna um forkaupsrétt en samkvæmt þeim giltu ákvæðin ekki ef jarðareigandi seldi jörð barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, bróður, systur eða foreldri. Lög nr. 40/1919 voru síðan endurútgefin svo breytt sem lög nr. 55/1926. Með lögum nr. 40/1948, um kauprétt að jörðum, voru gerðar þær breytingar á ákvæðum laganna um forkaupsrétt að ábúandi átti aðeins forkaupsrétt á undan sveitarfélagi ef hann hafði haft ábúð í þrjú ár eða lengri tíma áður en söluumleitanir hófust en að öðrum kosti átti ábúandi forkaupsrétt á eftir sveitarfélagi. Sömu undantekningar giltu áfram um sölu til náinna ættingja. Með lögum nr. 65/1976 var lögfest að ábúendur áttu forkaupsrétt á undan sveitarfélagi ef þeir höfðu haft ábúð á jörð í tíu ár eða lengur og sömu undantekningar og áður gerðar um sölu til náinna ættingja en bætt við að þau ákvæði giltu einnig um maka og barnabörn. Enn fremur voru þau skilyrði sett að ábúandi yrði að taka jörðina til ábúðar og fullra nytja. Ákvæðin um forkaupsrétt sveitarfélaga eru í þingskjölum með framangreindum lögum rökstudd með því að verið sé að sporna gegn því að jarðir sem hæfar séu til búreksturs falli í hendur svokölluðum jarðabröskurum eða öðrum aðilum sem ekki hyggjast taka þær til búreksturs og landbúnaðarnytja að öðru leyti án tillits til þess hvort og hvaða röskun það kunni að hafa í för með sér fyrir byggðarlagið. Á síðari árum hafa þær raddir hins vegar orðið háværari að þessi rök séu ekki nægilega rétthá andspænis eignarrétti jarðeigenda og rétti þeirra til að ráðstafa eignum sínum á þann veg sem þeir sjálfir kjósa, svo og rétti annarra til að kaupa slíkar jarðir og nýta án afskipta sveitarfélagsins. Ljóst er að þessar reglur geta verið afar íþyngjandi og eiga oft ekki vel við hér á Íslandi, auk þess sem ekki er fullljóst hvort þær samrýmast nútímalöggjöf og samningum sem Ísland hefur gert á alþjóðavettvangi. Hér er því farin sú leið að takmarka heimildir sveitarfélaga til að neyta forkaupsréttar á þann veg að skilyrði fyrir því að sveitarfélög geti neytt forkaupsréttar eru þau að sveitarfélagi sé þörf á að fá umráðarétt yfir jörð, jarðahluta eða öðru landi sem á að selja til að nýta fyrir starfsemi sveitarfélagsins eða til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélagsins. Með sameiginlegum hagsmunum íbúa sveitarfélags er hér átt við hagsmuni margra og jafnvel meiri hluta íbúa sveitarfélags, t.d. gæti þetta átt við ef þörf er á landi í sveitarfélaginu

undir afrétt sem gert er ráð fyrir að nokkur fjöldi íbúa sveitarfélagsins nýti. Ekki er hins vegar heimilt lengur að sveitarfélag neyti forkaupsréttar að jörð í þeim tilgangi að selja hana tilteknum íbúum sveitarfélags eða öðrum eða afhenda einstaklingum hana til nota með öðrum hætti. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að neyta forkaupsréttar samkvæmt þessu ákvæði í þeim tilgangi að afhenda viðkomandi jörð tilteknum einstaklingum eða þröngum hópi einstaklinga til afnota. Þá verður áfram gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti framselt forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins og vísast um skýringar á því til athugasemda við 8. gr. frumvarps til laga nr. 28/1995, um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976. Þær breytingar sem lagðar eru til í 30. gr. frumvarpsins eru m.a. gerðar vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við ákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um forkaupsrétt sveitarfélaga og Jarðasjóðs ríkisins, sbr. bréf stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda, dags. 4. júlí 2001, en þar kemur fram það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að ákvæði 30. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, brjóti gegn ákvæði 40. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Með þessu ákvæði 30. gr. frumvarpsins er leitast við að koma að nokkru leyti til móts við þau sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA sem fram koma í bréfi stofnunarinnar, dags. 4. júlí 2001, og reynt að sníða að hluta til af gildandi lögum þá vankanta sem stofnunin telur vera á þeim án þess þó að gengið sé lengra en þörf krefur. Þykir rétt að láta reyna á hvort ákvæðið eins og það er úr garði gert með frumvarpi þessu standist ákvæði EES-samningsins.

Um 31. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, að því undanskildu að samkvæmt hinu nýja ákvæði öðlast ábúandi forkaupsrétt að jörð eftir sjö ára búsetu í stað tíu ára. Gert er ráð fyrir að ábúandi þurfi að fullnægja sömu skilyrðum og áður til að neyta forkaupsréttar, m.a. þarf ábúandi að taka jörðina áfram til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi. Nýmæli er hér, sem reyndar hefur verið talið gilda í framkvæmd, að falli ábúandi frá haldi maki hans forkaupsrétti. Einnig er hér nýmæli um að forkaupsréttur ábúanda falli niður ef hann hefur sagt upp ábúðarsamningi sínum eða ef honum hefur verið sagt löglega upp vegna vanefnda. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 32. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 31. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Ítarleg ákvæði eru hér sett um hvernig beri að standa að því að bjóða forkaupsréttarhöfum skv. 30.–31. gr. forkaupsrétt og eru þau að mestu sambærileg við 32. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Ákvæðið felur í sér frávik frá ákvæði 9. gr. laga nr. 40/2002, um fasteignakaup, en samkvæmt síðastgreindu ákvæði þarf forkaupsréttarhafi að svara forkaupsréttartilboði innan 15 daga. Frestur til að svara forkaupsréttartilboði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er 30 dagar.

Um 34. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 34. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Í dómi Hæstaréttar frá 1993, bls. 108, reyndi enn fremur á þetta ákvæði og var þessi réttur ábúanda til að krefjast mats þar viðurkenndur.

Um 35. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti efnislega samhljóða 35. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 36. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 33. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 37. gr.

Í ákvæðinu gert ráð fyrir að landbúnaðarráðuneytið fari með forræði allra ríkisjarða nema sérstakar undantekningar frá því séu gerðar með lögum. Ákvæðið er sama efnis og 36. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Um skilgreiningu á hugtakinu ríkisjarðir er vísað til 2. gr. frumvarpsins en ýmis réttaráhrif geta verið bundin við það, t.d. heimild til að selja ábúanda ríkisjörð eftir sjö ára búsetu samkvæmt frumvarpinu. Skilgreiningin er í samræmi við framkvæmd og skýringu á ákvæði 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Ágreiningur hefur nokkrum sinnum komið upp í framkvæmd um hvort jarðir í eigu sveitarfélaga falli undir jarðir í eigu opinberra aðila samkvæmt greindu ákvæði en ákvæðið hefur ekki verið skýrt með þeim hætti. Í 2. gr. er tekinn af allur vafi um þetta atriði.

Um 38. gr.

Ákvæðið er efnislega að verulegu leyti samhljóða 2. mgr. 37. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa. Sú undantekning er þó gerð hér frá meginreglunni um tíu ára leigutíma þegar jörðum er ráðstafað til skógræktar samkvæmt lögum nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, en í þeim tilvikum er heimilt að leigutíminn verði lengri. Þá er fellt niður ákvæði um að sé sótt um jörð eða jarðahluta til fastrar ábúðar sem leigð er lausri leigu sé heimilt að segja slíkum samningi upp fyrir jól miðað við næstu fardaga á eftir. Ákvæði þetta er ekki í samræmi við meginreglu íslenskrar löggjafar um skuldbindingargildi samninga né heldur meginviðhorf í samningarétti og þykir nauðsynlegt að breyta því.

Um 39. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 40. gr.

Ákvæðið er að nokkru leyti samhljóða 1. og 2. mgr. 38. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Sú breyting er þó gerð hér að samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að ábúandi jarðar eigi með nokkrum undantekningum kauprétt að ábúðarjörð sinni eftir tíu ára ábúð ef hann leggur fram yfirlýsingu sveitarstjórnar um að hann hafi setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að hann fái jörðina keypta, svo og meðmæli jarðanefndar viðkomandi sýslu með kaupunum. Samkvæmt þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að um verði að ræða kauprétt ábúanda heldur miðað við að ríkinu sé heimilt að selja ábúanda ríkisjarðar ábúðarjörð hans án þess að hún sé auglýst til sölu eins og skylt er í öðrum tilvikum. Ljóst er að þessu ákvæði verður að beita í framkvæmd eftir samræmdum reglum og þannig að jafnræði ábúenda verði tryggt að þessu leyti. Einnig er hér gerð sú breyting að samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að ábúandi geti sótt um að kaupa ábúðarjörð sína á grundvelli framangreinds kaupréttarákvæðis eftir tíu ára ábúð ef hann leggur fram

meðmæli hlutaðeigandi sveitarstjórnar og jarðanefndar með kaupunum. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að ábúendur geti lagt inn slíkar umsóknir ef þeir hafa haft ábúðarrétt í sjö ár eða lengur og leggja fram meðmæli sveitarstjórnar um að þeir hafi setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að þeir fái viðkomandi jörð keypta. Hér nægja meðmæli sveitarstjórnar þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að jarðanefndir verði aflagðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarstjórn beri að leggja slík erindi fyrir landbúnaðarnefnd sveitarfélags, sbr. 9. gr. Sett eru ítarleg ákvæði um hvað beri að taka fram í meðmælum sveitarstjórnar. Ákvæðið um heimild til að selja ábúanda ríkisjarðar ábúðarjörð sínar gildir ekki ef jörðin er ekki nýtt til landbúnaðarstarfsemi og ekki heldur ef þörf er á jörðinni til opinberra nota eða ef almannahagsmunir mæla gegn því að jörðin verði seld, sbr. 43. gr.

Um 41. gr.

Ákvæðið er nýmæli og fjallar um hvernig skuli staðið að ákvörðun söluverðs við sölu á ríkisjörðum til ábúenda og sveitarstjórna, sbr. 39. og 40. gr. frumvarpsins. Í samræmi við starfsreglur sem hafa gilt í landbúnaðarráðuneytinu um nokkurra ára skeið er hér lagt til að við sölu ríkisjarða til ábúenda og sveitarfélaga verði skylt að afla mats aðila utan ráðuneytisins. Þessi regla á sér stoð í því að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun á jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins sem kom út í október 1998 var fundið að því að starfsmenn ráðuneytisins höfðu annast mat á söluverði ríkisjarða sem seldar höfðu verið og lagt til að framvegis yrðu fengnir sérfróðir aðilar utan ráðuneytisins til að annast þau verkefni. Hefur þeirri reglu verið fylgt í framkvæmd að mestu síðan sú skýrsla kom út en þó með nokkrum undantekningum við sölu á jörðum sem var að mestu lokið þegar framangreind skýrsla kom út. Ríkiskaup og matsmenn þeirra hafa annast flestar matsgerðir á söluverði ríkisjarða til ábúenda og sveitarfélaga síðan þessi regla var tekin upp. Samkvæmt frumvarpinu er miðað við að landbúnaðarráðuneytið greiði kostnað af slíku mati en það er í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur. Kaupendur geta einnig óskað eftir mati dómkvaddra matsmanna en þá skiptist kostnaður við undirmat og yfirmat að jöfnu milli kaupanda og landbúnaðarráðuneytisins. Í þessu ákvæði frumvarpsins eru einnig taldir upp þeir matshlutar ríkisjarða sem ber að meta til söluverðs, þ.e. ræktun, mannvirki og hlunnindi, en með hlunnindum er hér átt við veiði, æðarvarp o.fl. en ekki þau réttindi sem tilgreind eru í 44. gr. og skulu undanskilin sölu. Í ákvæðinu er m.a. lagt til að greiðslumark verði hér ekki metið til verðs við sölu til ábúenda en gert ráð fyrir að það fylgi með við söluna. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslumark skuli metið til verðs við sölu til annarra aðila, m.a. til sveitarfélaga. Við sölu á ríkisjörðum til ábúenda hefur sú framkvæmd verið viðhöfð að greiðslumark jarða hefur ekki verið metið til verðs en það hefur eigi að síður fylgt með við sölu. Þessi regla hefur að meginstefnu verið byggð á því að greiðslumarkið hefur oft orðið til fyrir framleiðslu og vinnu ábúendanna sjálfra á jörðunum, svo og því að þegar búmarki og síðar fullvirðisrétti, sem er undanfari greiðslumarks, var úthlutað við upphaf framleiðslustjórnarkerfis búvara hér á landi var það gert án þess að nokkurt endurgjald kæmi á móti frá þeim sem fengu slíka úthlutun. Það hefur því ekki verið talið óeðlilegt að þeir ábúendur sem þá sátu ríkisjarðir og myndað höfðu grundvöll að úthlutun búmarks og síðar fullvirðisréttar með framleiðslu sinni fengju að njóta þess þegar þeir keyptu ábúðarjarðir sínar. Hafa þeir því ekki verið látnir greiða sérstaklega fyrir það. Hins vegar hefur því ekki alltaf verið þannig farið að greiðslumark ríkisjarðar hafi orðið til fyrir vinnu þess ábúanda sem óskað hefur eftir að fá keypta ábúðarjörð sína heldur hefur það stundum átt rætur að rekja til framleiðslu og vinnu ábúenda frá eldra tímabili sem látið hafa af ábúð en erfitt hefur verið í framkvæmd að réttlæta mismunun að þessu leyti við sölu á ríkisjörðum til einstakra ábúenda. Hefur þessi regla því verið

látin gilda um alla ábúendur sem keypt hafa ábúðarjarðir sínar. Ljóst er hins vegar að þessi vinnuregla er ekki óumdeild og er því nauðsynlegt að löggjafinn taki af skarið um hvernig skuli farið með greiðslumark við sölu ríkisjarða til ábúenda. Sú regla sem hér er lagt til að verði lögfest hefur í för með sér að ábúendur greiða ekki fyrir greiðslumark þegar þeir kaupa ábúðarjarðir sínar en verða eigendur þess með ákveðnum fyrirvara. Ef jörð sem seld hefur verið ábúanda skv. 40. gr. er ráðstafað til annarrar starfsemi eða ef greiðslumarkið er selt frá jörðinni innan tíu ára frá sölu skulu kaupendur, þ.e. ábúandi sem keypti jörðina eða erfingjar hans, endurgreiða ríkissjóði andvirði greiðslumarksins á verði sem skal miða við markaðsverð greiðslumarks á þeim tíma þegar endurgreiðsla fer fram en að teknu tilliti til jafnra, árlegra fyrninga sem skulu vera 10% á ári. Þessi regla hefur ekki í för með sér röskun á högum ábúenda þar sem þeir halda greiðslumarkinu sem fylgt hefur jörðinni og geta haldið áfram að nýta það til innleggs og beinna greiðslna eftir kaup á jörðunum og alltaf á meðan landbúnaðarstarfsemi er stunduð á jörðinni að uppfylltum skilyrðum í öðrum lögum, t.d. að sambærilegt framleiðslustjórnarkerfi verði áfram í íslenskri löggjöf. Sama gildir um þá sem kunna að taka við réttindum og skyldum ábúenda samkvæmt samningum eða fyrir erfðir allt þar til jörðinni verður ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðarstarfsemi eða þar til greiðslumarkið verður selt frá henni. Þessari kvöð skal þinglýsa á jörðina sem á að tryggja að viðsemjendum kaupenda sé kunnugt um hana en hún fellur niður að liðnum tíu árum frá sölu.

Um 42. gr.

Ákvæðið er nýmæli en samrýmist þeim viðhorfum sem gilda nú um sölu ríkisjarða, svo og lögum og stjórnvaldsreglum um sölu á eignum ríkisins. Einnig byggist ákvæðið á jafnræðisreglu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. og 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en því hefur verið haldið fram að þegar seldar eru ríkisjarðir skuli allir landsmenn eiga jafnan rétt á að gera tilboð í og kaupa þessar eignir.

Um 43. gr.

Undir þetta ákvæði geta t.d. fallið tilvik þegar þörf er á jörð til atvinnu- eða verðmætasköpunar, t.d. stóriðju, jarðir á friðuðum svæðum eða jarðir sem hafa sögulegt gildi eða geyma merkar fornminjar. Slík tilvik þurfa þó ekki alltaf að falla undir þetta ákvæði. Það hlýtur að vera að verulegu leyti háð mati hverju sinni hvort og að hvaða marki einstök tilvik falla undir ákvæðið. Leiðbeinandi sjónarmið eru hvort fyrirætlanir hins opinbera um nýtingu jarðarinnar eða landsins feli í sér að þjóðfélagslegum hagsmunum sé betur borgið með slíkri nýtingu. Hagsmunir fárra einstaklinga geta ekki legið þar til grundvallar. Skylt er að leita umsagnar viðkomandi fagstofnunar ríkisins við ákvörðun um sölu, t.d. Landgræðslu ríkisins ef um er að ræða jarðir sem hætta er á að undirorpnar séu foki, uppblæstri, landbroti o.fl., Umhverfisstofnunar ef um er að ræða jarðir sem eru á náttúruminjaskrá, Orkustofnunar eða iðnaðarráðuneytis ef um að ræða jarðir sem jarðhiti, vatnsréttindi eða aðrar auðlindir fylgja, Þjóðminjasafns Íslands ef um er að ræða jarðir sem hafa sögulegt gildi eða geyma merkar fornminjar o.s.frv. Umsagnaraðilum er settur sérstakur frestur til að svara og er það gert til að tryggja skilvirkni við afgreiðslu slíkra mála. Ef umsögn hefur ekki borist innan frestsins er ráðstöfun heimil án þess að umsögn liggi fyrir næstu sex mánuði.

Um 44. gr.

Ákvæði þetta gildir í dag einungis við sölu ríkisjarða til ábúenda, sbr. 38. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Eðlilegt þykir að þessi regla gildi um sölu allra ríkisjarða án tillits til þess hvort þær eru seldar ábúendum eða öðrum með opinberri

auglýsingu. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði gildi án tillits til ákvæða laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og annarra laga sem kunna að hafa að geyma almenn ákvæði um annað. Þá er að gefnu tilefni áréttað að óheimilt er að nýta slík réttindi nema samkvæmt sérstökum samningi við landbúnaðarráðuneytið og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Um 45. gr.

Ákvæði þetta gildir í dag einungis við sölu ríkisjarða til ábúenda, sbr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, en eðlilegt þykir að það gildi einnig þegar jarðir eru seldar sveitarfélögum. Ákvæðið gildir þegar ábúendur og sveitarfélög endurselja jarðir sem þessir aðilar hafa keypt af ríkissjóði og þarfnast ekki frekari skýringa. Forkaupsréttur fellur niður að liðnum tíu árum frá sölu og er það breyting miðað við núgildandi ákvæði 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um sölu ríkisjarða til ábúenda. Ekki þykir ástæða til að þessi forkaupsréttur gildi í ótakmarkaðan tíma og því er lagt til að hann falli niður þegar tíu ár eru liðin frá sölu.

Um 46. gr.

Ákvæðið er samhljóða 17. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að frestur landbúnaðarráðuneytisins til að úrskurða um kærur er lengdur úr sex vikum í átta vikur. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 47. gr.

Ákvæðið er að nokkru leyti efnislega samhljóða 9. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 48. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 72. gr. núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 49. og 50. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að stofna ný ættaróðul eftir að frumvarpið verður að lögum. Ákvæðið er að öðru leyti nokkurs konar sólarlagsákvæði fyrir VII. kafla núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, sem gert er ráð fyrir að gildi tímabundið áfram eftir gildistöku þessara laga eða fram að andláti óðalseiganda eða maka hans nema jarðirnar verði leystar úr óðalsböndum fyrr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að ættaróðalið falli úr óðalsböndum við andlát óðalseiganda og að óðalseigandi geti ekki ráðstafað ættaróðali til næstu kynslóðar lengur í samræmi við ákvæði VII. kafla núgildandi jarðalaga, nr. 65/1976. Eftirlifandi maki látins óðalseiganda á þó rétt á að sitja ættaróðalið til æviloka en að þeim tíma loknum fellur það úr óðalsböndum og erfist jörðin í samræmi við ákvæði erfðalaga, nr. 8/1962.

Núgildandi ákvæði VII. kafla jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, eru úrelt og samrýmast ekki núgildandi viðhorfum til eignarréttar í þjóðfélaginu. Eignarhaldi og umsýslu óðalsjarða eru enn fremur settar þröngar skorður sem oft hafa valdið erfiðleikum í framkvæmd, t.d. varðandi þörf óðalsbænda fyrir lánafyrirgreiðslu og þar með til að veðsetja jarðirnar. Þá er til þess að líta að í fjöldamörgum tilvikum hefur ekki verið farið með ættaróðul

í samræmi við ákvæði VII. kafla jarðalaga, nr. 65/1976, og er því ekki ástæða til að ákvæði laganna gildi áfram í þeim tilvikum.

Samkvæmt framanrituðu er gert ráð fyrir að öll ættaróðul verði leyst úr óðalsböndum á næstu árum eða áratugum. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ljóst er að gerð fyrstu jarðaskrár á grundvelli jarðahluta Landskrár fasteigna skv. 18. gr. frumvarpsins tekur töluverðan tíma í vinnslu en mikil söfnun upplýsinga þarf að fara fram áður en unnt verður að fullgera skrána þar sem töluvert vantar á að núgildandi opinberar skrár geymi fullnægjandi upplýsingar um þau atriði sem eiga að koma fram í skránni. Hér er um að ræða mikið verk þar sem sambærileg skrá er ekki til hér á landi. Enn fremur er ljóst að nokkuð vantar á að fullnægjandi upplýsingar séu til um einstakar jarðir eða að erfitt getur verið að nálgast þær. Þegar skráin hefur fyrst verið unnin í heild er auðveldara að halda henni við. Í ákvæði til bráðabirgða III er því lagt til að veittur verði frestur til 31. desember 2007 til að ljúka gerð hennar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til jarðalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að setja ný lög í stað gildandi jarðalaga, nr. 65/1976. Með ákvæðum frumvarpsins er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í átt til nútímans og samræma eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1063. Frumvarp til fjáraukalaga [653. mál]

fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**0,0**	**0,0**
Sala eigna	2.600,0	2.600,0
Tekjur samtals	**2.600,0**	**2.600,0**
Menntamálaráðuneyti	1.000,0	1.000,0
Samgönguráðuneyti	3.000,0	3.000,0
Iðnaðarráðuneyti	700,0	700,0
Gjöld samtals	**4.700,0**	**4.700,0**
Tekjujöfnuður	**-2.100,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs
2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2003:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-2.100,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-2.600,0
Handbært fé frá rekstri	**-4.700,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-3.500,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	4.200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**700,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-4.000,0**

Fjármögnun

Tekin löng lán	2.500,0
Fjármögnun samtals	**2.500,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.500,0**

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	2.600,0	2.600,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**2.600,0**	**2.600,0**
	Sala eigna samtals	**2.600,0**	**2.600,0**
	Heildartekjur samtals	**2.600,0**	**2.600,0**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

02 Menntamálaráðuneyti

		m.kr.
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Stofnkostnaður:	
	6.95 Menningarhús	1.000,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.000,0
02	**Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur**	**1.000,0**
	Greitt úr ríkissjóði	**1.000,0**
	Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
	Viðskiptahreyfingar	**0,0**

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Vegagerðin

Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	3.000,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.000,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.000,0**
Greitt úr ríkissjóði	**3.000,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

11 Iðnaðarráðuneyti

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.13 Atvinnuþróunarátak	700,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	700,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**700,0**
Greitt úr ríkissjóði	**700,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi tillögur að breytingum á tekjum og gjöldum í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um átak í atvinnu- og byggðamálum frá 11. febrúar sl. Samkvæmt samþykktinni aukast framlög til vegaframkvæmda um 4.600 m.kr. á næstu 18 mánuðum og vinnu við verkefni sem þegar hafa verið ákveðin verður flýtt innan ársins. Er markmiðið að efla atvinnutækifæri fram til þess tíma er áhrifa stóriðjuframkvæmda fer að gæta til fulls. Jafnframt er með samþykktinni hrint í framkvæmd áætlun um menningarhús og fé til atvinnuþróunar er aukið. Er gert ráð fyrir að selja það sem eftir er af hlut ríkissjóðs í Búnaðarbanka Íslands og í Landsbanka Íslands, svo og eignarhlut ríkissjóðs í

Íslenskum aðalverktökum til að fjármagna framlög til vegaframkvæmda og til atvinnuþróunar, en að framlög til menningarhúsa verði fjármögnuð með tekjum af þegar seldum eignum.

Áhrif á afkomu árið 2003. Alls er gert ráð fyrir að útgjöld árið 2003 aukist um 4.700 m.kr. og verði samtals 264,8 milljarðar króna. Samþykkt ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir 6.300 m.kr. útgjöldum á næstu 18 mánuðum og er því gert ráð fyrir að 1.600 m.kr. komi til gjalda árið 2004. Hagnaður af sölu eigna aukist um 2.600 m.kr. og heildartekjur verði því 274,2 milljarðar króna. Afkoma ríkissjóðs rýrnar því um 2.100 m.kr. og tekjuafgangur á ríkissjóði verður 9.358 m.kr í stað 11.458 m.kr. Áætlað er að heildartekjur af sölu hlutabréfa og eignarhluta verði 16.870 m.kr. en þær eru áætlaðar 12.670 m.kr í fjárlögum. Á móti kemur að söluhagnaður frá fyrra ári lækkar um 3.500 m.kr. og lækka viðskiptareikningar samsvarandi. Fjármunahreyfingar aukast því um 700 m.kr. en þar sem handbært fé frá rekstri lækkar um 4.700 m.kr. vegna aukinna útgjalda lækkar lánsfjárafgangur samtals um 4.000 m.kr. Til að mæta því er gert ráð fyrir að niðurgreiðsla skulda verði 11.100 m.kr. í stað 13.600 m.kr. Þá er gert ráð fyrir því að handbært fé í árslok verði 1.500 m.kr. minna en í fjárlögum. Söluverðmæti eignarhluta er miðað við gengi gjaldmiðla við undirskrift. Breytingar á gengi hafa bæði áhrif á tekjur af sölu eigna og afborganir erlendra lána. Breytingar á gengisforsendum hafa því minni háttar áhrif á fjármögnun ríkissjóðs.

1 Tekjur A-hluta.

Áætlun um tekjur af sölu eigna er miðuð við að hagnaður af söluverðmæti Landsbanka Íslands verði færður á árið 2002 og hagnaður af sölu Búnaðarbanka Íslands færist á árið 2003. Jafnframt er gert ráð fyrir að sá hlutur sem ríkissjóður á enn eftir í viðskiptabönkunum verði seldur á þessu ári, þ.e. 2,5% eignarhlutur í Landsbanka og 9,11% hlutur í Búnaðarbanka. Loks er gert ráð fyrir að tæplega 40% hlutur ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum verði seldur. Samtals er söluhagnaður eigna árið 2003 áætlaður 12.400 m.kr. en er 9.800 m.kr í fjárlögum og hækkar því um 2.600 m.kr. Heildarsöluandvirði er áætlað um 4.200 m.kr. meira en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

2 Gjöld A-hluta.

Samtals er í frumvarpinu lagt til að gjöld A-hluta hækki um 4.700 m.kr. árið 2003, eins og fram hefur komið. Þar af er gert ráð fyrir að 3.000 m.kr. fari til vegagerðar, 700 m.kr. til atvinnuþróunarátaks hjá Byggðastofnun og 1.000 m.kr. til menningarbygginga. Gert er ráð fyrir að það sem á vantar til vegagerðar, eða 1.600 m.kr., falli til á næsta ári og samtals verði því varið 6.300 m.kr. til atvinnu- og byggðamála á næstu 18 mánuðum. Nánari grein er gerð fyrir útgjöldum hér á eftir.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.000 m.kr.

969 Menningarstofnanir, viðhald og **stofnkostnaður.**

6.95 Menningarhús. Lagt er til að stofnað verði nýtt viðfangsefni, 6.95 Menningarhús, og að framlag til þess verði 1.000 m.kr. Er framlagið ætlað sem stofnstyrkur til sveitarfélaga til byggingar á menningarhúsum í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá

árinu 1999. Er stefnt að því að veita sérstaka stofnstyrki til menningarhúsa sem skapi aðstöðu til að stunda menningarstarf, svo sem tónlist og leiklist miðað við breyttar kröfur. Er markmiðið að bæta aðstöðu til menningar og listastarfs á landsbyggðinni og er miðað við að húsin verði starfrækt í þéttbýli. Í samræmi við átak ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum er hér lagt til að veitt verði 1.000 m.kr. óskipt framlag til menningarhúsa á Akureyri og í Vestmannaeyjum.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 3.000 m.kr.

211 Vegagerðin.

6.21 Nýframkvæmdir. Lagt er til að framlag til nýframkvæmda hækki um 3.000 m.kr. í samræmi við átak ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 11. febrúar sl. hækka framlög til vegamála um samtals 4.600 m.kr. til að efla atvinnu á næstu 18 mánuðum. Er hér gert ráð fyrir að um 3.000 m.kr. falli á yfirstandandi ár en 1.600 m.kr. á árið 2004. Undirbúningur framkvæmda er kominn mismunandi langt á veg og því ekki á þessari stundu ljóst hve mikið af verkefnum fellur á þetta ár. Því er gert ráð fyrir að afgangur fjárveitingar eða halli á liðnum færist yfir á næsta ár eftir stöðu verkefna. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að 1.000 m.kr. fari til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu, 1.000 m.kr. til vegagerðar á norð – austursvæðinu, 500 m.kr. til Suðurstrandarvegar, 200 m.kr. í Hellisheiði og 200 m.kr. í Gjábakkaleið. Þá er gert ráð fyrir að 1.000 m.kr. fari til vegagerðar á Vestfjörðum og 200 m.kr. í Þverárfjallsveg. Loks er gert ráð fyrir 500 m.kr. framlagi til jarðgangagerðar um Almannaskarð.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 700 m.kr.

411 Byggðastofnun.

1.13 Atvinnuþróunarátak. Lagt er til að stofnað verði nýtt viðfangsefni, 1.13 Atvinnuþróunarátak, með 700 m.kr. framlagi. Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun ráðstafi fjármagninu til verkefna á sviði atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Við ráðstöfun fjárins verði tekið mið af þeim áherslum sem fram koma í byggðaáætlun 2002–2005 og haft samráð við aðra sem vinna að atvinnuþróunarverkefnum.

1064. Frumvarp til laga [654. mál]

um eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Matvælaeftirlit.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja virkt og heildstætt eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra í þágu neytendaverndar, hagkvæmni, bætts starfsumhverfis og útflutningshagsmuna á þessu sviði.

2. gr.
Matvælastofnun.

Matvælastofnun fer undir yfirstjórn ráðherra með umsýslu og framkvæmd alls matvælaeftirlits á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum og öðrum lögum sem fjalla um matvælaeftirlit, heilbrigði dýra og öryggi matvæla. Matvælastofnun skal vinna að samhæfingu og eflingu matvælaeftirlits.

Forstjóri, sem ráðherra skipar til fimm ára í senn, fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

Heimilt er með sérstökum samningum að fela öðrum tiltekna þætti starfsemi Matvælastofnunar, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Starfsmenn Matvælastofnunar og aðrir þeir sem starfa samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari fyrirmæli um skipulag matvælaeftirlits, þar á meðal um skiptingu landsins í eftirlitssvæði, sbr. 3. gr., um skipulag Matvælastofnunar og skiptingu hennar í starfsdeildir. Þó skal starfrækt sérstök starfsdeild til að fjalla um heilbrigði dýra og skal yfirdýralæknir veita henni forstöðu.

3. gr.
Starfssvæði.

Ráðherra skiptir landinu í eftirlitssvæði og skal ein svæðisskrifstofa vera í hverju umdæmi. Umdæmi aðalskrifstofu telst eitt starfssvæði.

Á hverri svæðisskrifstofu skal starfa a.m.k. einn dýralæknir.

4. gr.
Verkefni Matvælastofnunar.

Matvælastofnun fer með stjórnsýslu og verkefni sem áður voru í umsjá matvælasviðs og rannsóknar- og prófunarstofu Hollustuverndar ríkisins, embættis yfirdýralæknis, gæðaeftirlits Fiskistofu, rannsóknar- og prófunarstofu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Aðfangaeftirlits, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (plöntueftirlits) og matvælaeftirlits heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, sbr. II. og III. kafla.

II. KAFLI
Breytingar á ýmsum lögum er varða eftirlit með matvælum.

5. gr.

Lög um matvæli.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn allra mála sem umhverfisráðherra og landbúnaðarráðherra eru falin samkvæmt lögum nr. 93/1995, með síðari breytingum, og önnur þau verkefni sem þeim ráðherrum eru falin í lögunum.

Matvælastofnun fer með verkefni sem Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralækni, Fiskistofu og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga (heilbrigðiseftirliti) eru falin samkvæmt lögum um nr. 93/1995, með síðari breytingum, sem og verkefni sem samstarfsráði eru falin samkvæmt sömu lögum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 93/1995, með síðari breytingum:

1. 2. og 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna falla brott.
2. 21. gr. laganna fellur brott.
3. 25. gr. laganna orðast svo:

   Matvælastofnun er heimilt að taka gjald vegna kostnaðar við undirbúning, ferðir, skoðun, frágang, sýnatöku og rannsókn sýna vegna matvælaeftirlits, sbr. 22. gr., og opinberra matvælarannsókna. Gjald samkvæmt þessum ákvæðum má taka lögtaki og setur ráðherra reglugerð með nánari ákvæðum um upphæð þess, gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að innheimtu gjaldsins.
4. 30. gr. laganna orðast svo:

   Um þvingunarúrræði eftirlitsaðila gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.
5. Síðari málsliður 31. gr. laganna orðast svo: Um viðurlög gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Orðið „matvælum“ í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 98/2002, fellur brott.

Starfsemi rannsóknar- og prófunarstofu Hollustuverndar ríkisins, sem rekin er með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 7/1998, færist til Matvælastofnunar.

7. gr.

Sóttvarnalög.

Í stað embættis yfirdýralæknis hvarvetna í sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum, kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Matvælastofnun.

Tilkynningarskylda um smithættu skv. 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, sbr. 18. gr. laga nr. 93/2002, gildir einnig um Matvælastofnun.

8. gr.

Lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Aðgreina skal eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknisþjónustu.

Eftirlitsstörf og staða yfirdýralæknis skulu lúta yfirstjórn þess ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum en almenn dýralæknisþjónusta yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Eftirlit og framkvæmd laga sem falin eru yfirdýralækni og héraðsdýralæknum í lögum nr. 66/1998 skulu falin Matvælastofnun.

9. gr.

Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Aðgreina skal eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknisþjónustu.

Eftirlitsstörf skulu lúta yfirstjórn þess ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum en almenn dýralæknisþjónusta yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Eftirlit og framkvæmd laga sem falin eru yfirdýralækni og héraðsdýralæknum í lögum nr. 25/1993, með síðari breytingum, skulu falin Matvælastofnun.

10. gr.

Lög um innflutning dýra.

Aðgreina skal leyfisveitingu og eftirlit með innflutningi dýra annars vegar og hins vegar mótun stefnu í kynbótum, rannsóknum, fræðslumálum og þróunarstarf búgreina samkvæmt lögum nr. 54/1990, með síðari breytingum, sbr. og ákvæði búnaðarlaga, nr. 70/1998.

Verkefni sóttvarnardýralæknis og umsjónardýralækna samkvæmt lögum nr. 54/1990, með síðari breytingum, færast til Matvælastofnunar og lúta yfirstjórn þess ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum. Verkefni fagráðs samkvæmt sömu lögum, sbr. og búnaðarlög, lúta yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

11. gr.

Lög um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn allra mála sem landbúnaðarráðherra eru falin samkvæmt lögum nr. 96/1997, með síðari breytingum, og þau verkefni sem landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneyti eru falin í lögunum að því undanskildu að landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn gæðamats, flokkunar og merkingar á kjöti, sbr. V. kafla laganna um störf kjötmatsmanna og gæðamat sláturafurða.

Matvælastofnun fer með verkefni sem yfirdýralækni og kjötskoðunarlækni eru falin samkvæmt lögum nr. 96/1997, með síðari breytingum.

12. gr.

Lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Sá ráðherra sem falið er fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn allra mála sem landbúnaðarráðherra eru falin samkvæmt lögum nr. 22/1994, með síðari breytingum, og þau verkefni sem landbúnaðarráðherra eru falin í lögunum.

Matvælastofnun fer með verkefni sem yfirdýralækni og Aðfangaeftirlitinu eru falin samkvæmt lögum nr. 22/1994, með síðari breytingum.

13. gr.

Lög um lax- og silungsveiði.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála skv. X. kafla laga nr. 76/1970, með síðari breytingum. Matvælastofnun annast framkvæmd þeirra verkefna sem yfirdýralækni eru falin samkvæmt sama kafla laganna.

14. gr.

Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 8. og 9. gr. laga nr. 50/1986 kemur: ráðherra.

15. gr.

Lög um erfðabreyttar lífverur.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn allra mála og þær valdheimildir og verkefni sem umhverfisráðherra eru falin í lögum nr. 18/1996, með síðari breytingum.

Matvælastofnun fer með þau verkefni sem Hollustuvernd ríkisins eru falin samkvæmt lögum nr. 18/1996, með síðari breytingum.

16. gr.

Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Matvælastofnun fer með þau verkefni sem rannsóknar- og prófunarstofa Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hefur haft með höndum, sbr. og 1. og 4. tölul. 26. gr. laga nr. 64/1965.

17. gr.

Lög um útflutning hrossa.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn allra mála og þær valdheimildir og verkefni sem landbúnaðarráðherra eru falin með lögum nr. 55/2002.

Matvælastofnun fer með þau verkefni sem embættisdýralækni og yfirdýralækni eru falin samkvæmt lögum nr. 55/2002.

18. gr.

Lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn allra mála og þær valdheimildir og verkefni sem landbúnaðarráðherra eru falin með lögum nr. 162/1994, með síðari breytingum.

19. gr.

Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn allra mála og þær valdheimildir og verkefni sem landbúnaðarráðherra eru fengin með lögum nr. 51/1981, með síðari breytingum.

20. gr.

Lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum fer með yfirstjórn allra mála sem sjávarútvegsráðherra eru falin samkvæmt lögum nr. 55/1998, með síðari breytingum, og önnur þau verkefni sem ráðherra eru falin í lögunum.

Matvælastofnun skal annast framkvæmd laga nr. 55/1998, með síðari breytingum, og reglna settra með stoð í þeim í stað Fiskistofu og hafa með höndum öll verkefni sem Fiskistofu eru falin samkvæmt lögunum.

21. gr.

Lög um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um atriði er tryggja að fullnægt sé áskilnaði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1992, sbr. 2. gr. laga nr. 58/1996, um aðstöðu til móttöku, geymslu, vinnslu og frágangs aflans um borð í fullvinnsluskipi þannig að gæði framleiðslunnar verði tryggð.

Matvælastofnun skal annast verkefni Fiskistofu skv. 5. gr. laga nr. 54/1992, sbr. 3. gr. laga nr. 58/1996.

22. gr.

Önnur lög sem kveða á um verkefni yfirdýralæknis og héraðsdýralækna.

Yfirdýralæknir, sbr. 2. gr., annast þau verkefni sem honum eru falin í lögum sem ekki heyra undir málefnasvið þess ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum.

Matvælastofnun annast þau verkefni sem héraðsdýralæknum eru falin í lögum sem ekki heyra undir verksvið þess ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum.

III. KAFLI
Gildistaka, lagaskil o.fl.

23. gr.

Gildistaka.

Forsætisráðherra ákveður hvenær lög þessi eða einstakar greinar þess öðlast gildi.

24. gr.

Endurskoðun reglugerða.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum skal í samræmingarskyni endurskoða ákvæði reglugerða er snerta matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, heilbrigði dýra og störf yfirdýralæknis, sbr. tilgang laga þessara og markmið þeirra.

25. gr.

Ný löggjöf um matvælaeftirlit.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum skal skipa nefnd til að endurskoða og gera tillögu að nýrri heildarlöggjöf um matvælaeftirlit.

26. gr.

Almenn dýralæknisþjónusta.

Landbúnaðarráðherra skal endurskoða skipulag almennrar dýralæknisþjónustu, sbr. ákvæði 9. gr. laga þessara.

27. gr.

Framkvæmdaáætlun um yfirfærslu verkefna.

Sá ráðherra sem falið er að fara með eftirlit með matvælum skal semja framkvæmdaáætlun um flutning verkefna til Matvælastofnunar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Forsætisráðherra sker úr ágreiningi um flutning verkefna, sbr. 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969.

28. gr.

Starfsmenn Matvælastofnunar.

Starfsmenn stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem til Matvælastofnunar falla samkvæmt lögum þessum eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar. Sama gildir um heilbrigðisfulltrúa sem starfað hafa á vegum sveitarfélaga.

Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildir ekki um þau störf sem ráðið er í skv. 1. mgr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar á yfirstandandi þingi.

1. Aðdragandi.

Hreinleiki og hollusta matvæla eru mikilvæg heilbrigði manna og hafa stjórnvöld viðamiklu hlutverki að gegna á því sviði. Ítarlegar reglur hafa gilt um fyrirkomulag við framleiðslu og meðferð matvæla til að tryggja hollustu og heilbrigði. Á síðustu árum hafa komið upp hérlendis og víða í Evrópu vandamál sem tengjast dýrasjúkdómum og sýktum matvælum og hefur umræða í kjölfar þessa kallað á viðbrögð af hálfu stjórnvalda. Hefur þessi umræða m.a. flýtt fyrir endurskoðun opinberra reglna á þessu sviði innan Evrópusambandsins og þannig haft viðamikil áhrif hér á landi. Unnið hefur verið að því að gera reglur um eftirlit með heilbrigði dýra og matvæla skilvirkari og markvissari þannig að þær leiði til meira öryggis í matvælamálum en jafnframt nauðsynlegrar hagkvæmni. Hér á landi hefur framkvæmd þessara mála verið á hendi margra aðila en ljóst er að þróunin í viðskiptalöndum okkar er að sameina á einni hendi eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra. Þarf þróunin hér á landi að verða með sama hætti til að kröfur sem gerðar eru til íslenskrar framleiðslu standist kröfur í þeim löndum sem matvara héðan er flutt til. Ísland er matvælaframleiðsluþjóð og því mikilvægt að standast þær alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru á þessu sviði til að ekki komi upp vandkvæði við útflutning. Þá er ekki síður mikilvægt að innlendir neytendur geti á hverjum tíma treyst því að hreinleiki og heilbrigði matvæla sé með allra besta móti.

Í kjölfar kampýlóbaktersýkinga hér á landi haustið 1999 lagði umhverfisráðherra til við ríkisstjórnina að ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem starfar á vegum forsætisráðuneytisins fengi það verkefni að skoða fyrirkomulag matvælaeftirlits hér á landi. Nefndin skyldi hafa samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti og gera tillögur um framtíðarskipan matvælaeftirlits hér á landi sem miðaði að því að einfalda og bæta núverandi fyrirkomulag. Ríkisstjórnin féllst á tillöguna.

Eftirlitsnefndin átti samstarf við umhverfisráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti vegna þessa verkefnis. Þá áttu fulltrúar nefndarinnar fundi með ráðherrum, ráðuneytisstjórum, sérfræðingum ráðuneytanna og helstu eftirlitsstofnunum á þessu sviði og stjórnendum þeirra. Starfshópurinn kynnti sér fyrirkomulag eftirlits með matvælum í nálægum löndum, m.a. með kynnisferðum til Bretlands, Danmerkur og Noregs, auk þess sem hópurinn kynnti sér stöðu þessara mála innan Evrópusambandsins (ESB), Bandaríkjanna og Kanada. Þá kynnti nefndin sér alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að. Formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa verið kynntar helstu niðurstöður nefndarinnar.

Nefndin skilaði greinargerð og tillögum um framtíðarskipan opinbers matvælaeftirlits í febrúar 2001. Þar er að finna lýsingu á fyrirkomulagi matvælaeftirlits á Íslandi, greiningu á helstu göllum þess og tillögur til úrbóta. Greinargerðin er birt sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu. Frumvarp þetta er í samræmi við tillögur ráðgjafarnefndarinnar.

Matvælaeftirlit samkvæmt núverandi fyrirkomulagi fellur undir tvö stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélög. Þrjú ráðuneyti og stofnanir þeirra hafa með matvælaeftirlit að gera auk sveitarstjórna og heilbrigðisnefnda þeirra. Þetta fyrirkomulag hefur oft í för með sér ósamræmi í verklagi og eftirlitsaðferðum, ómarkvissa verkaskiptingu, óljósa ábyrgð og flókna stjórnsýslu.

Núverandi fyrirkomulag matvælaeftirlits samræmist ekki kröfum sem gera verður um skilvirka og hagkvæma stjórnsýslu til að tryggja mikilvæga hagsmuni þjóðarinnar. Matvælaeftirlit hér á landi tekur ekki að fullu tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefur á undanförnum árum

í tækniþróun við framleiðslu matvæla, aukinna krafna neytenda um gæði matvæla og stöðu Íslands sem matvælaframleiðslulands á alþjóðamarkaði. Um helmingur útflutningstekna þjóðarinnar kemur frá sjávarútvegi.

2. Áhrif EES-samningsins.

Við gildistöku EES-samningsins tók Ísland upp mikinn fjölda gerða sem gilda innan ESB um matvæli og er nú svo komið að langstærstur hluti laga og reglugerða sem fjalla um málaflokkinn hér á landi eiga uppruna sinn innan ramma EES-samningsins. Ráðuneyti og stofnanir sem fjalla um matvæli hafa því á undanförnum árum lagað sig að kröfum í tilskipunum ESB um lagasetningar og framkvæmd laganna. Eftirlit með matvælum hefur tekið miklum breytingum hér á landi frá því að EES-samningurinn tók gildi. Nýjum stofnunum hefur verið komið á fót og öðrum breytt. Nauðsynlegt er að halda áfram aðlögun að fyrirkomulagi ESB við lagasetningu og framkvæmd á matvælasviði eftir því sem breytingar eiga sér stað innan ESB.

Á undanförnum missirum hefur verið unnið að gagngerum breytingum á skipulagi stjórnsýslu matvælamála innan ESB. Ástæður þessa eru að eldra fyrirkomulag hefur ekki gefið fullnægjandi árangur við að tryggja þegnum bandalagsins örugga fæðu. Dæmin um kúariðu og díoxín í fóðri og fjölgun salmonellu- og kampýlóbaktersýkinga hafa sýnt að breytinga er þörf.

ESB hefur sett sér ný markmið um aukna neytendavernd með áherslu á áhættumat sem byggt er á vöktun matvæla á markaði og neyslukönnunum, skilvirkara matvælaeftirliti, gagnsærri stjórnsýslu með aukinni upplýsingagjöf til neytenda, rekjanleika matvæla og samræmdri og markvissari matvælalöggjöf. Sambandið ætlar að ná fram þessum markmiðum með að gera öryggi matvæla að forgangsverkefni á komandi árum. Búið er að marka stefnu með útgáfu hvítbókar um öryggi matvæla (White Paper on Food Safety, 12. janúar 2000) og koma þar fram 84 tímasett verkefni sem flest eiga að vera komin í framkvæmd eigi síðar en árið 2003. Sum þessara verkefna eru þegar komin vel af stað og munu áður en langt um líður hafa áhrif á matvælalöggjöf og matvælaeftirlit hér á landi.

ESB leggur áherslu á að samræma löggjöf og eftirlit með matvælum „frá hafi og haga til maga". Sömu reglur eiga að gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Þá verður löggjöf og eftirlit með fóðri og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á öryggi matvæla endurskoðað.

Löggjafarvald innan ESB mun eftir sem áður verða í höndum stofnana ESB. Allt framkvæmdarvald vegna matvælaeftirlits verður í höndum aðildarríkjanna sjálfra undir yfirumsjón *Food and Veterinary Office* sem verður sjálfstæð stofnun, óháð framkvæmdastjórn ESB. Þó er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin setji reglur um eftirlitið til að tryggja samræmdar aðferðir innan aðildarríkjanna við framkvæmd og má búast við að gerðar verði skilgreindar gæðakröfur til þeirra sem annast eftirlitið.

Evrópusambandið hefur sett reglugerð um Matvælastofnun Evrópu og helstu grunnreglur um setningu laga um matvæli og fóðurvörur. Hér er um að ræða reglugerð Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB nr. 2002/178/EB frá 28. janúar 2002, um matvælaöryggisstofnun Evrópu og matvælalög varðandi öryggi matvæla. (Regulation (EC) NO 178/2002 of the European Parliament and of the Council of 28. January 2002, laying down procedures in matters of food safety.)

Um þessar mundir er Matvælastofnun Evrópu að hefja starfsemi sína. Stofnunin mun ekki fá löggjafar- eða framkvæmdarvald, heldur verður hún ráðgefandi sérfræðistofnun óháð framkvæmdastjórn ESB. Yfir stofnuninni verður stjórn með fulltrúum tilnefndum af aðildar-

ríkjunum, neytendasamtökum og matvælaiðnaði, en starfsmenn verða sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum sem varða öryggi matvæla. Þá er ráðgert að sérfræðinganefndir sem nú eru starfandi verði hluti af þessari stofnun.

Þær breytingar sem orðið hafa innan ESB munu hafa bein áhrif hér á landi vegna aðildar Íslands að EES-samningnum. Það er því mikilvægt að væntanlegar breytingar á matvælaeftirliti hér á landi verði í samræmi við aðferðafræði ESB til þess að tryggja óhindraðan útflutning á matvælum héðan til ríkja sambandsins og að íslenskir neytendur njóti sömu réttinda og aðrir neytendur á EES-svæðinu.

3. Tillögur til úrbóta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að eftirlit með matvælum verði sameinað undir yfirstjórn eins ráðuneytis og dagleg framkvæmd og umsýsla falin einni stofnun sem heyri undir það ráðuneyti. Með því móti verði brugðist við framangreindum annmörkum á núverandi skipan.

Gert er ráð fyrir að verkefni gæðasviðs Fiskistofu, matvælasviðs Hollustuverndar, yfirdýralæknis og Aðfangaeftirlitins og plöntueftirlit ásamt því eftirliti með matvælum sem nú er framkvæmt af heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga verði sameinað í einni stofnun, Matvælastofnun. Með þessu er stjórnsýsla málaflokksins færð á eitt stjórnsýslustig, kraftar allra þeirra sem vinna við matvælaeftirlit verða sameinaðir undir einni stjórn í sterkara faglegu umhverfi. Þannig er talið að ná megi fram heildstæðara eftirliti, markvissari vinnubrögðum og aukinni skilvirkni. Einnig má benda á að Matvælastofnun mun hafa alla burði til öflugra samstarfs við erlendar eftirlitsstofnanir á þessu sviði en núverandi fyrirkomulag gefur færi á.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að landinu verði skipt upp í eftirlitssvæði og að Matvælastofnun hafi starfsstöð, svæðisskrifstofu, innan hvers svæðis. Jafnframt verður ein þeirra höfuðstöðvar stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn sem nú vinna að þessum verkefnum innan málaflokksins færist til Matvælastofnunar og að skipulag á landsbyggðinni verði þannig að fyrst um sinn haldi núverandi starfsmenn sama starfsstað. Reiknað er með að heildarfjöldi starfsmanna Matvælastofnunar verði sambærilegur við það sem er í dag hjá þeim stofnunum sem vinna við matvælaeftirlit og má því ætla að kostnaður verði svipaður því sem hann er nú.

Sú leið er farin í þessu frumvarpi að sameina framkvæmd fjölmargra gildandi lagaákvæða undir eina stofnun og eitt ráðuneyti. Gert er ráð fyrir að síðar komi til þess að sett verði ein heildstæð matvælalöggjöf hér á landi en því verkefni þarf að gefa lengri tíma. Þá þarf slík löggjöf að falla vel að matvælareglum ESB sem enn eru í mótun.

Í frumvarpi þessu er ekki tekin afstaða til þess undir hvaða ráðuneyti sameinað matvælaeftirlit skuli heyra, enda er það ekki löggjafarmálefni í sjálfu sér. Til greina kemur að fela það einhverju þeirra ráðuneyta sem nú fara með þau málefni sem sameinuð verða undir nýrri skipan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á undanförnum áratug hefur mikilvægi eftirlits með matvælum og heilbrigði dýra aukist stórum og reglum þar að lútandi fjölgað mikið á hinum ýmsu sviðum. Aðild Íslands að EES-samningnum og innganga í Alþjóðaviðskiptastofnunina ráða hér miklu um. Þetta aukna eftirlit hefur jafnframt kallað á einföldun og samhæfingu opinbers eftirlits, til þess að tryggja að kostnaður, skilvirkni og árangur haldist í hendur. Á undanförnum árum hefur verið leitast við að samræma og einfalda eftirlit, sbr. t.d. lög um matvæli, en þrátt fyrir það hafa íslensk stjórnvöld átt í erfiðleikum með að uppfylla kröfur í alþjóðasamningum, t.d. þeim sem að

framan eru nefndir. Evrópusambandið hefur gert víðtæka endurskipulagningu á eftirliti með öryggi matvæla og heilbrigði dýra, m.a. vegna alvarlegra sjúkdóma sem upp hafa komið á svæðinu. Ljóst er að framundan er mikil endurskoðun íslenskra laga og reglna er taka verður mið af nýjum reglum ESB.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum fellur stjórnsýsla matvælamála og heilbrigði dýra nú undir bæði ríki og sveitarfélög. Þrjú ráðuneyti og fjórtán sjálfstæðar stofnanir og nefndir annast eftirlit með matvælum í landinu. Leiðir þetta fyrirkomulag til þess að hætta er á að túlkun og framkvæmd laga og eftirlits verði mismunandi eftir málaflokkum og eftirlitssvæðum.

Samkvæmt 5. gr. laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999, skal forsætisráðuneytið hafa yfirsýn yfir eftirlitsreglur og annast heildarmat á áhrifum þeirra og eftirlits á vegum hins opinbera. Ráðuneytið skal jafnframt leitast við að tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirliti á vegum hins opinbera og móta aðferðir við mat á opinberu eftirliti. Markmið þessara laga er í samræmi við þessa skyldu stjórnvalda og tryggir auk þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar á alþjóðlegum vettvangi, bæði hvað varðar innflutning og útflutning matvæla og dýra.

Um 2. gr.

Lagt er til að ný stofnun, Matvælastofnun, fari með stjórnsýslu og framkvæmd laga er snúa að matvælaeftirliti, öryggi matvæla og heilbrigði dýra, með þeim breytingum sem leiðir af lögum þessum. Í því efni er fyrst og fremst um að ræða lög nr. 93/1995, um matvæli og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbriðgisþjónustu við dýr, og lög nr 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Breytingin felur í sér að verkefnum yfirdýralæknis, Aðfangaeftirlits, plöntueftirlits RALA, matvælasviðs Hollustuverndar ríkisins og gæðaeftirlits Fiskistofu, ásamt verkefnum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og heilbrigðisfulltrúa á þessu sviði, verði framvegis sinnt af hinni nýju stofnun. Jafnframt er gert ráð fyrir að starfsemi rannsóknar- og prófunarstofa Hollustuverndar ríkisins og Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins færist til Matvælastofnunar.

Í 2. mgr. er í samræmi við meginreglu starfsmannalaga lagt til að forstjóri Matavælastofnunar sé skipaður til fimm ára í senn. Hann ráði starfsfólk stofnunarinnar, þar á meðal yfirdýralækni sem veita mun einni starfsdeild stofnunarinnar forstöðu.

Minnt er á að unnt er með sérstökum samningi að fela öðrum ákveðna þætti í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við ákvæði 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

Ráðherra er fengið vald til að ákveða í reglugerð nánar hvernig skipulagi og innra starfi Matvælastofnunar er háttað. Í greinargerð og tillögum ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur um framtíðarskipan opinbers matvælaeftirlits, frá febrúar 2001, eru gerðar tillögur þar að lútandi. Jafnframt er mikilvægt að reglugerðin kveði á um stöðu yfirdýralæknis og taki til annarra atriða sem nú er kveðið á um í reglugerð nr. 782/1999. Starfi yfirdýralæknis verði gengt af starfsmanni Matvælastofnunar, skipuðum af forstjóra hennar. Yfirdýralækni er ætlað að gegna áfram lykilhlutverki í eftirliti með heilbrigði dýra og staðfestingu á að öryggiskröfur séu uppfylltar, t.d. við útflutning dýra. Á ensku er starfsheiti yfirdýralæknis *Chief Veterinary Officer* og mjög mikilvægt er að engum vafa sé undirorpið að Matvælastofnun gegni því hlutverki.

Við skipulag matvælaeftirlits ber að fylgja ákvæðum laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og reglugerðar nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að starfssvæði eða eftirlitssvæði Matvælastofnunar verði nokkur, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Á hverju starfssvæði verði rekin svæðisskrifstofa sem stjórni eftirliti á sínu svæði. Ljóst er að stofnunin mun hafa umsvifamikla starfsemi um allt land. Lagt er til að kveðið verði sérstaklega á um að hjá hverri svæðisskrifstofu skuli starfa a.m.k. einn dýralæknir er fari með þau störf sem héraðsdýralæknum eru falin í gildandi lögum, sbr. nánar athugasemdir við 9. gr. Mikilvægt er m.a. við útflutning á kjöti að það hafi verið skoðað af héraðsdýralækni (á ensku *District Veterinary Officer*) og munu dýralæknar á svæðisskrifstofum Matvælastofnunar gegna þessu hlutverki.

Um 4. gr.

Í athugasemdum við 2. gr. þessa frumvarps er gerð grein fyrir flutningi verkefna til Matvælastofnunar. Verkefni tveggja stofnana færast í heild til Matvælastofnunar, þ.e. embætti yfirdýralæknis og Aðfangaeftirlitið. Þá færast til hennar verkefni matvælasviðs Hollustuverndar og gæðasvið Fiskistofu, svo og plöntueftirlitið sem verið hefur í höndum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þá er sú breyting gerð að þau verkefni er varða matvælaeftirlit, sem verið hafa í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og starfsmanna þeirra (heilbrigðisfulltrúa), verða flutt til Matvælastofnunar. Að lokum er gert ráð fyrir að starfsemi tveggja rannsóknastofa flytjist yfir til Matvælastofnunar, sbr. nánar athugasemdir við 2. gr.

Í II. kafla laganna eru ákvæði um nánari tilfærslu verkefna.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru tilgreindar nauðsynlegar lagabreytingar vegna yfirfærslu verkefna til Matvælastofnunar. Um leið er öll yfirstjórn málaflokksins, sem verið hefur í höndum þriggja ráðherra, færð til eins ráðherra. Í kaflanum er fyrst og fremst verið að færa verkefni og framkvæmd laga frá einum aðila til annars. Ákvæði frumvarpsins taka aðeins til flutnings verkefna eins og þau eru skilgreind í hverjum lögum fyrir sig en ekki er hreyft við efnisþáttum og halda lögin því gildi sínu að breyttu breytanda, þar á meðal málsmeðferðarreglur, þvingunarúrræði og viðurlög. Í því sambandi er rétt að minna á að stjórnsýslulög eru ávallt til stuðnings og fyllingar málsmeðferðarreglum stjórnsýsluaðila samkvæmt sérlögum og gilda óskorað ef ekki er til að dreifa slíkum reglum.

Í frumvarpinu er einnig sett fram markmið um nýja og heildstæða löggjöf um matvæli og Matvælastofnun. Sú vinna verður tímafrek og er ekki tímabær nú sökum breytinga, fyrst og fremst á löggjöf ESB sem hafa mun áhrif á réttarreglur EES. Rétt þykir hins vegar að taka nú þegar það skref að færa öll þau verkefni sem hér um ræðir á eina hendi og hefja þar með aðlögun og undirbúning að komandi breytingu. Sá háttur sem hér er hafður á tryggir jafnframt að þeir sérfræðingar sem með málin fara innan Matvælastofnunar komi með einum eða öðrum hætti að mótun hins nýja lagaramma.

Ljóst er að breytingar þær sem hér eru lagðar til munu hafa í för með sér verulegar breytingar á starfssviði heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Nauðsynlegt verður að endurskoða starfsemi nefndanna og skilgreina framtíðarverksvið þeirra og samvinnu nefndanna og Matvælastofnunar. Hér er t.d. átt við umfang eftirlits heilbrigðisnefnda sveitarfélaga með umhverfisáhrifum matvælaframleiðenda, svo sem vegna frárennslis.

Um 5. gr.

Sjá athugasemdir við II. kafla um tilfærslu yfirstjórnar og verkefna.

Í 3. mgr. er í fyrsta lagi lagt til að 2. og 3. málsl. 8. gr. laga nr. 93/1995 falli brott en þar er fjallað um skipun í samstarfsráð sem hefur þann tilgang að efla samstarf ráðuneyta og stofnana sem fara með eftirlitshlutverk samkvæmt lögunum. Í ljósi þeirra breytinga sem felst í 1. og 2. mgr. verður ekki þörf fyrir slíkan samráðsvettvang.

Í öðru lagi er lagt til að 21. gr. laga um matvæli falli brott. Greinin fjallar um heimild ráðherra til að gera sín á milli samkomulag um að einn og sami aðili annist leyfisveitingar og eftirlit vegna tiltekinnar starfsemi. Þar sem þeim markmiðum sem stefnt er að með greininni er náð verði þetta frumvarp að lögum hefur hún ekki þýðingu.

Í þriðja lagi er gjaldtökuheimild 25. gr. endurorðuð en engar efnislegar breytingar er þar að finna að öðru leyti en því sem leiðir af ákvæðum 1. og 2. mgr. Því fellur heimild sveitarfélaga til gjaldtöku vegna matvælaeftirlits niður.

Í fjórða lagi er lagt til að 30. gr. verði endurorðuð og vísi beint til VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, um þvingunarúrræði. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 93/1995 var lögð áhersla á það nýmæli að öllum eftirlitsaðilum væri ætlað að starfa eftir sömu ákvæðum hvað varðaði valdsvið og þvingunarúrræði (þskj. 15, 15. mál 119. löggjafarþings). Til að samræma málsmeðferð var m.a. um þvingunarúrræði og viðurlög vísað til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þá lög nr. 81/1988. Með lögum nr. 7/1998 voru lög nr. 81/1988 felld úr gildi. Ekki var þó gerð breyting á því fyrirkomulagi að vísa til meginreglna þeirra laga um málsmeðferð, komi til þess að beita þurfi þvingunarúrræðum eða viðurlögum af hálfu aðila sem fara með matvælaeftirlit á grundvelli laga nr. 93/1995. Með þessu frumvarpi er ekki lögð til nein breyting á því fyrirkomulagi. Rétt þykir þó að taka skýrt fram að VII. kafli laga nr. 7/1998, um málsmeðferð og úrskurði, hefur ekki verið talin gilda um málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 93/1995. Ágreiningur um aðgerðir eftirlitsaðila sætir almennum reglum um stjórnsýslukærur eftir því sem við á. Það sama gildir um ágreining um framkvæmd laga nr. 93/1995.

Að lokum er í 5. tölul. 3. mgr. lagt til að í síðari málslið 31. gr. laga nr. 93/1995 verði vísað beint til viðurlagakafla laga nr. 7/1998, þ.e. VIII. kafla. Eiga hér sömu rök við og áður er getið í skýringum við 4. tölul. 3. mgr.

Um 6. gr.

Lagt er til að orðið matvæli verði fellt brott úr skilgreiningu á hollustuvernd og þar með er matvælaeftirlit ekki lengur verkefni Hollustuverndar ríkisins. Verkefni matvælasviðs og rannsóknar- og prófunarstofu þeirrar stofnunar munu flytjast til Matvælastofnunar. Þannig munu Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga ekki lengur sinna matvælaeftirliti. Valdheimildir á því sviði færast til Matvælastofnunar, sbr. nánar skýringar við 5. gr. frumvarpsins, en náin tengsl eru milli laga nr. 93/1995 og laga nr. 7/1998, þar sem þau síðarnefndu hafa að geyma meginreglur um málsmeðferð að því er varðar þvingunarúrræði og viðurlög. Sem dæmi um breytt hlutverk má nefna að Matvælastofnun mun sjá um samhæfingu aðgerða komi upp bráð eða alvarleg matarsýking í stað Hollustuverndar áður, sbr. 29. gr. laga nr. 7/1998. Þrátt fyrir að eftirlit með matvælum sé fært frá Hollustuvernd og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er ekki hreyft við heilbrigðiseftirliti að öðru leyti og í engu er hreyft við mengunarvarnaeftirliti.

Um 7. gr.

Sjá athugasemdir við II. kafla um tilfærslu verkefna. Í 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga er gert ráð fyrir gagnkvæmri tilkynningarskyldu um hugsanlega smithættu, m.a. heilbrigðisfulltrúa og dýralækna annars vegar og sóttvarnalæknis hins vegar. Rétt þykir að ítreka að þessi ákvæði gilda einnig um starfsmenn Matvælastofnunar.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að öll verkefni sem gildandi lög fela yfirdýralækni verði flutt til Matvælastofnunar og undir yfirstjórn ráðherra. Undanskilin eru þó þau verkefni sem snúa að starfsemi sjálfstætt starfandi dýralækna sem annast munu almenna dýralæknaþjónustu. Þau verkefni ásamt núgildandi vaktakerfi og veitingu leyfa til dýralækninga munu áfram lúta yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Verkefni héraðsdýralækna munu færast til svæðisskrifstofa Matvælastofnunar, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Þar af leiðir að umdæmi héraðsdýralækna skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 66/1998 leggjast af. Þá leiðir það af lagabreytingunni að embætti héraðsdýralækna verða lögð niður en héraðsdýralæknar munu eiga forgangsrétt til starfa hjá Matvælastofnun, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Um réttaráhrif niðurlagningu embættis vísast til 34. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með þessari lagabreytingu er markmiði laga nr. 66/1998, sbr. 3. mgr. 11. gr., um fullan aðskilnað eftirlits og þjónustu náð. Í 5. mgr. 11. gr. laga nr. 66/1998 er yfirdýralækni heimilt að ráða sjálfstætt starfandi dýralækna í sína þjónustu á álagstímum og heldur sú heimild gildi sínu. Nánar er gerð grein fyrir áhrifum þessa aðskilnaðar á almenna dýralæknaþjónustu í athugasemdum við 26. gr.

Um 9. gr.

Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim fjalla að meginstefnu til um matvælaeftirlit og heilbrigði dýra. Meðal annars mun Matvælastofnun fjalla um undanþágur frá ákvæðum 10. gr. laga nr. 25/1993, sem fjalla um bann við innflutningi á ýmiss konar vörum sem gætu borið með sér dýrasjúkdóma eða skapað hættu fyrir menn. Sjá einnig athugasemdir við 8. gr.

Um 10. gr.

Lög um innflutning dýra fjalla að meginstefnu til um heilbrigði dýra. Sú starfsemi flyst til Matvælastofnunar og yfirstjórn til ráðherra. Sá þáttur laganna sem fjallar um verkefni fagráðs samkvæmt lögunum og einnig búnaðarlögum, þ.e. mótun stefnu í kynbótum, þróunarstarf búgreina o.fl. verður hins vegar áfram undir stjórn landbúnaðarráðherra.

Um 11. gr.

Lög um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum fjalla að meginstefnu til um matvælaeftirlit og heilbrigði dýra og flytjast þau verkefni öll til Matvælastofnunar og lúta yfirstjórn ráðherra. Störf kjötmatsmanna og gæðamat heyra hins vegar áfram undir landbúnaðarráðherra.

Um 12. gr.

Sjá athugasemdir við II. kafla um tilfærslu yfirstjórnar og verkefna.

Það er nú almennt viðurkennt að líta verður á dýrafóður sem hluta af matvælakeðjunni. Þetta á rætur að rekja til vandamála hér á landi og erlendis. Hér hefur verið óstaðfestur grunur um að salmonella í fóðri svína og kjúklinga hafi valdið sýkingum í þessum dýrum. Eftirlit með sjúkdómsvaldandi örverum í fóðri, þ.m.t. kúariðusmitefninu, er því nátengt eftirliti yfir-

dýralæknis með sláturdýrum. Erlendis ber helst á vandamálum vegna kúariðu sem rakin er til kjöt- og beinamjöls í fóðri og einnig díoxínmengunar fóðurs í Belgíu. Evrópusambandið er nú að slá saman mörgum fastanefndum á vegum framkvæmdastjórnarinnar, svo sem um fóður, matvæli og dýralæknamál. Einnig tengist fóðrið og hugsanleg mengun þess með eiturefninu aflatoxín matvælakeðjunni. Efni þetta getur myndast í fóðri við sveppamengun. Efnið getur borist upp fæðukeðjuna með mjólk og er með þekktustu krabbameinsvöldunum.

Nauðsynlegt er að litið sé á tilbúinn áburð og eftirlit með honum sem hluta af matvælaeftirliti. Í þessum áburði er að finna blöndu af mörgum áburðarefnum, svo sem steinefnum, og gæta þarf þess að magn ýmissa þungmálma og mengunarefna í þeim sé ekki yfir leyfilegu hámarki. Sem dæmi um slíkt er cadmíum sem getur borist upp alla fæðukeðjuna til mannsins.

Eftirlit með sáðvöru er hluti af núverandi Aðfangaeftirliti en hefur ekki áhrif á heilbrigði matvæla. Þó getur það tengst umræðunni um erfðabreytt matvæli.

Um 13. og 14. gr.

Sjá athugasemdir við II. kafla um tilfærslu yfirstjórnar og verkefna. Þar sem ráðherra mun fara með yfirstjórn mála um fisksjúkdóma ef frumvarp verður að lögum þykir eðlilegt að hann setji jafnframt starfsreglur um rannsóknadeild fisksjúkdóma í stað menntamálaráðherra.

Um 15. gr.

Eftirlit með erfðabreyttum lífverum tengist óhjákvæmilega öryggi matvæla. Matvælasvið Hollustuverndar ríkisins hefur annast framkvæmd laganna og er því lagt til að verkefni sem snúa að þessum málaflokki færist til Matvælastofnunar. Að öðru leyti vísast til athugasemda um II. kafla um tilfærslu yfirstjórnar og verkefna.

Um 16. gr.

Líkt og rannsóknarstofa Hollustuverndar ríkisins færist yfir til Matvælastofnunar er hér lagt til að sú þjónusta sem veitt hefur verið af rannsókna- og prófunarstofu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins færist til Matvælastofnunar.

Um 17. gr.

Við útflutning dýra er mikilvægt að fyrir liggi samþykki yfirdýralæknis eða *Chief Veterinary Officer* eins og starfsheitið er á ensku. Það embætti mun verða við Matvælastofnun verði þetta frumvarp að lögum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við II. kafla um tilfærslu yfirstjórnar og verkefna.

Um 18. gr.

Eftirlit með lífrænni landbúnaðarframleiðslu er í eðli sínu ekki frábrugðið eftirliti með hefðbundinni framleiðslu og því er lagt til að yfirstjórn samkvæmt lögum um nr. 162/1994 færist til ráðherra frá landbúnaðarráðherra.

Um 19. gr.

Með heimild í lögum nr. 51/1981 hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins verið falin framkvæmd eftirlits með sjúkdómum og meindýrum á plöntum, svonefnt plöntueftirlit. Lagt er til að ráðherra fari með yfirstjórn þessara mála og jafnframt gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um að plöntueftirlit verði hjá Matvælastofnunar.

Um 20. og 21. gr.

Um færslu verkefna frá gæðasviði Fiskistofu til Matvælastofnunar vísast til athugasemda við II. kafla frumvarpsins.

Um 22. gr.

Í ýmsum lögum er kveðið á um verkefni yfirdýralæknis við framkvæmd laga og ráðgjöf til opinberra aðila. Í þessu frumvarpi er á engan hátt verið að hrófla við þeim verkefnum eða yfirstjórn þeirra. Ekki er ástæða til að telja öll þau lög upp því embætti yfirdýralæknis mun verða við Matvælastofnun og því um beina tilvísun að ræða. Sama gildir um ýmis verkefni héraðsdýralækna, enda tryggir frumvarpið, ef að lögum verður, að dýralæknir muni starfa við hverja og eina svæðisskrifstofu Matvælastofnunar. Í þessu sambandi má nefna lög um búfjárhald o.fl., lög um dýravernd, lög um ávana- og fíkniefni, lyfjalög, lyfsölulög, lög um náttúruvernd o.fl.

Um 23. gr.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér veigamikla skipulagsbreytingu sem þó snýr fyrst og fremst að innra skipulagi stjórnsýslunnar þykir eðlilegt að stjórnvöld ákveði sjálf hvenær lögin eða einstakir hlutar þeirra taka gildi. Þannig gæti t.d. verið heppilegt að ákvæði 27. gr. öðlaðist gildi á undan öðrum ákvæðum laganna til að undirbúa gildistöku þeirra breytinga sem lögin fela í sér að öðru leyti.

Í samræmi við stjórnarskrárbundnar valdheimildir ríkisstjórnarinnar, sbr. síðari málslið 15. gr. stjórnarskrárinnar, er jafnframt eðlilegt að ríkisstjórnin taki sjálf um það ákvörðun undir hvaða ráðuneyti sameinað matvælaeftirlit skuli heyra, sbr. jafnframt 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

Um 24. gr.

Nauðsynlegt er að endurskoða mikilvægustu reglugerðir á sviði matvælaeftirlits og heilbrigðis dýra með tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af þessu frumvarpi þótt heildarendurskoðun stjórnvaldsfyrirmæla fylgi heildarendurskoðun laga á þessu sviði. Eðlilegt er að ráðherra hafi samráð við landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra um þau mál sem þeir hafa farið með til að tryggja samræmi og samfellu í framkvæmd og að ekki verði um skörun verkefna að ræða.

Um 25. gr.

Vísað er til almennra athugasemda og athugasemda við II. kafla.

Um 26. gr.

Sökum aðskilnaðar á eftirlitsstörfum dýralækna og almennri dýralæknisþjónustu sem lagður er til í 8. og 9. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að landbúnaðarráðherra endurskoði skipulag almennrar dýralæknisþjónustu. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja þjónustu sjálfstætt starfandi dýralækna við dýraeigendur um land allt.

Um 27. gr.

Samruni fjölda stofnana er viðamikið ferli sem nauðsynlegt er að undirbúa og skipuleggja vel, ekki síst vegna hagsmuna neytenda og þeirra starfsgreina sem í hlut eiga. Er því lagt til að ráðherra geri þegar framkvæmdaáætlun um tilfærslu verkefna.

Um 28. gr.

Sjálfsagt þykir að gefa þeim sem hafa fram til þessa unnið að þeim verkefnum sem lagt er til að færist til Matvælastofnunar kost á sinna þeim áfram í þjónustu hinnar nýju stofnunar. Er því lagt til að lögin kveði á um forgangsrétt þeirra til starfa hjá Matvælastofnun á fyrsta starfsári hennar. Jafnframt er lagt til að í tilvikum sem hér um ræðir megi víkja frá ákvæðum laga um auglýsingu opinberra starfa sem laus eru til umsóknar.

Fylgiskjal I.

Greinargerð ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur um framtíðarskipan opinbers matvælaeftirlits.

Inngangur.

Með minnisblaði, dags. 26. nóvember 1999, um rannsóknir á kampýlóbakter lagði umhverfisráðherra til við ríkisstjórnina að nefnd forsætisráðuneytisins um opinbera eftirlitsstarfsemi fengi það verkefni að skoða fyrirkomulag matvælaeftirlits í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og gera tillögu um framtíðarskipan matvælaeftirlits hér á landi sem miði að því að einfalda og bæta núverandi fyrirkomulag. Ríkisstjórnin féllst á tillöguna.

Í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar hóf eftirlitsnefndin störf að þessu viðfangsefni og fól það sérstökum starfshópi. Í honum voru Orri Hauksson og síðar Skarphéðinn B. Steinarsson, formenn hennar, Ágúst Þór Jónsson verkfræðingur, nefndarmaður, og Haukur Ingibergsson, ritari nefndarinnar. Starfshópurinn kynnti sér fyrirkomulag eftirlits með matvælum í nálægum löndum, m.a. með kynnisferðum til Bretlands, Danmerkur og Noregs, auk þess sem hópurinn kynnti sér stöðu þessara mála innan Evrópusambandsins (ESB), Bandaríkjanna og Kanada. Þá kynnti nefndin sér alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að.

Nefndin átti samstarf við umhverfisráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti. Þá átti starfshópur nefndarinnar fundi með ráðherrum, ráðuneytisstjórum og sérfræðingum ráðuneytanna ásamt fundum og sameiginlegri upplýsingaöflun með helstu eftirlitsstofnunum á þessu sviði og stjórnendum þeirra. Einnig átti starfshópurinn fundi með formönnum stjórnarflokkanna um málið. Starfshópurinn ræddi framgang verkefnisins í eftirlitsnefndinni eftir því sem verkinu miðaði. Formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa verið kynntar helstu niðurstöður nefndarinnar.

Í greinargerðinni er að finna stutta lýsingu á framangreindu fyrirkomulagi matvælaeftirlits á Íslandi, greiningu á helstu göllum þess og tillögur til úrbóta.

Helstu niðurstöður.

Nefndin hefur í starfi sínu kannað núverandi fyrirkomulag stjórnsýslu matvælamála hérlendis og erlendis og framkvæmd eftirlits með öryggi matvæla.

Matvælaeftirlit fellur undir tvö stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélög. Þrjú ráðuneyti og stofnanir þeirra hafa með matvælaeftirlit að gera auk sveitarstjórna og heilbrigðisnefnda þeirra. Þetta fyrirkomulag hefur oft í för með sér ósamræmi í verklagi og eftirlitsaðferðum, ómarkvissa verkaskiptingu, óljósa ábyrgð og flókna stjórnsýslu.

Það er meginniðurstaða nefndarinnar að núverandi fyrirkomulag sé óviðunandi. Það samræmist ekki kröfum sem gera verður um skilvirka og hagkvæma stjórnsýslu til að tryggja mikilvæga hagsmuni þjóðarinnar. Matvælaeftirlit hér á landi tekur ekki að fullu tillit til

þeirrar þróunar sem orðið hefur á undanförnum árum í tækni við framleiðslu matvæla, aukinna krafna neytenda um gæði matvæla og stöðu Íslands sem matvælaframleiðslulands á alþjóðamarkaði, enda er um helmingur útflutningstekna þjóðarinnar frá sjávarútvegi.

Tillaga nefndarinnar er að sameina stjórnsýslu eftirlits með matvælum innan eins ráðuneytis og einnar matvælaeftirlitsstofnunar sem undir það ráðuneyti fellur. Með því móti verði brugðist við þeim göllum sem eru á núverandi kerfi.

Lagt er til að verkefni gæðasviðs Fiskistofu, matvælasviðs Hollustuverndar, yfirdýralæknis og Aðfangaeftirlits, plöntueftirlit og kjötskoðun ásamt því eftirliti með matvælum sem nú er framkvæmt af heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga verði sameinuð í einni stofnun, Matvælastofu. Með þessu er stjórnsýsla málaflokksins færð á eitt stjórnsýslustig, kraftar allra þeirra sem vinna við matvælaeftirlit verða sameinaðir undir einni stjórn í sterkara faglegu umhverfi. Þannig ætti að fást heildstæðara eftirlit, markvissari vinnubrögð og aukin skilvirkni. Matvælastofa væri einnig með meiri burði til samstarfs við erlendar eftirlitsstofnanir á þessu sviði en núverandi fyrirkomulag gefur færi á.

Nefndin leggur einnig til að við skipulag alls eftirlits á vegum stofnunarinnar verði farið að lögum nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera.

Lagt er til að Matvælastofa hafi höfuðstöðvar í Reykjavík en stofnunin hafi starfsstöðvar á sex stöðum utan höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn sem nú vinna innan málaflokksins færist til Matvælastofunnar og að skipulag á landsbyggðinni verði þannig að fyrst um sinn haldi núverandi starfsmenn sama starfsstað. Reiknað er með að heildarfjöldi starfsmanna Matvælastofu verði sambærilegur við það sem er nú hjá þeim stofnunum sem vinna við matvælaeftirlit og má því ætla að kostnaður verði svipaður því sem hann er nú. Ekki er tekin afstaða til þess undir hvaða ráðuneyti Matvælastofa skuli heyra.

Núverandi fyrirkomulag matvælaeftirlits.

Stjórnsýsla matvælamála fellur nú undir bæði ríki og sveitarfélög. Þrjú ráðuneyti bera ábyrgð á málaflokknum, landbúnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti, en stofnanir ráðuneytanna annast framkvæmd laga og reglugerða sem um málaflokkinn fjalla. Þessar stofnanir eru Hollustuvernd sem heyrir undir umhverfisráðuneytið, Fiskistofa sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið og embætti yfirdýralæknis og Aðfangaeftirlitið sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Á vegum sveitarfélaga annast nú tíu heilbrigðisnefndir eftirlit með matvælum. Það eru því þrjú ráðuneyti og fjórtán sjálfstæðar stofnanir og nefndir sem annast eftirlit með matvælum í landinu.

Málaflokknum er í reynd skipt í þrjú aðskilin ábyrgðarsvið í samræmi við verkaskiptingu milli ráðuneytanna. Formleg samskipti eru á vettvangi Matvælaráðs auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnanir vinni saman þegar það á við. Athygli vekur að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga eru ekki undir beinu boðvaldi Hollustuverndar eða umhverfisráðuneytis. Í raun er því hægt að segja að landinu sé skipt í tíu svæði þar sem túlkun og framkvæmd laga og eftirlits getur verið mismunandi. Landinu er þannig í raun skipt í tíu mismunandi viðskiptasvæði hvað matvæli varðar þar sem einstakar heilbrigðisnefndir geta bannað markaðssetningu einstakra matvæla á sínu svæði án samráðs við aðra eftir að varan er komin í verslanir. Hollustuvernd hefur það hlutverk að samræma starfsaðferðir og túlkun á lögum og reglugerðum milli heilbrigðiseftirlitssvæða en getur aðeins beitt fræðslu og þjálfun til handa heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum í þeim tilgangi. Skipulag þetta hefur í för með sér að íslensk stjórnvöld eiga í erfiðleikum með að uppfylla kröfur í al-

þjóðasamningum, svo sem samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir starfsemi þeirra meginstofnana sem koma að eftirliti með matvælum.

Hollustuvernd ríkisins.

Á matvælasviði Hollustuverndar ríkisins starfa sjö sérfræðingar á sviði matvælafræði. Um helmingur af starfsemi matvælasviðs er tengdur framkvæmd EES-samningsins varðandi framleiðslu og dreifingu matvæla. Önnur starfsemi felst í að hafa yfirumsjón og samræma eftirlit á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga án þess að um beint boðvald yfir þeim sé að ræða. Sú starfsemi felst m.a. í að samræma kröfur sem gerðar eru til framleiðenda og seljenda matvæla og samræma aðgerðir þegar upp koma matarsýkingar. Hollustuvernd samræmir vinnu heilbrigðisnefnda eftir viðbragðsáætlun sem gerð er af stofnuninni í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Þegar um er að ræða innköllun vöru er það hlutverk Hollustuverndar að samhæfa aðgerðir en það nær þó ekki lengra en að beina tilmælum til heilbrigðisnefnda.

Önnur verkefni Hollustuverndar eru:

- Innflutningseftirlit matvæla. Felst það m.a. í að fylgjast með tilkynningarvef (RASFF, Rapid alert system for food) þar sem aðilar innan Evrópu tilkynna vitneskju um hættuleg matvæli. Varnarefnismælingar á grænmeti eru einnig framkvæmdar samkvæmt reglugerð um aðskotaefni.
- Mjólkureftirlit í mjólkurbúum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.
- Vöktun á sjúkdómsvaldandi örverum í matvælum, erfðabreyttum matvælum o.fl.
- Eftirlitsverkefni, svo sem könnun á endurmerkingum matvæla.
- Fræðsla til heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og almennings.
- Viðbragðsaðgerðir þegar upp kemur sýking eða umræða um sýkingu í matvælum, sbr. umræðu um kúariðu undanfarið.
- Að fylgjast með þróun mála erlendis.
- Að kanna hvort umbúðir og umbúðamerkingar matvæla uppfylli kröfur.
- Að heimila notkun fullyrðinga um efnisinnihald matvæla.
- Að kanna efnisinnihald í tengslum við áhrif vöru á ofnæmi eða óþol neytenda.
- Að kanna hvort efnainnihald matvöru uppfylli kröfur.

Rannsóknarstofa Hollustuverndar annast örveru- og efnafræðirannsóknir matvæla. Matvælasvið nýtur þjónustu rannsóknarstofunnar þegar upp koma matarsýkingar, við rannsóknir á varnarefnum í grænmeti og ávöxtum og við sýnatöku og samantekt á niðurstöðum.

Verkefni matvælasviðs Hollustuverndar hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Stofnunin hefur þó ekki haft tök á að sinna öllum þeim verkefnum sem henni hafa verið falin.

Eins og sjá má af upptalningunni hér að framan kemur starfsemi Hollustuverndar inn á mörg svið matvælaeftirlits. Segja má að helstu kostir þess fyrirkomulags sem ríkir við eftirlit hjá stofnuninni sé að reglusetning og framkvæmd eftirlits er að mestu aðskilin og fagleg tengsl eru á milli þeirra sem vinna við eftirlit og öflugrar rannsóknastofu. Skýr skil eru á milli verksviðs Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Hins vegar eru tengslin óljós og Hollustuvernd sem samræmingaraðili hefur ekkert boðvald yfir heilbrigðisnefndunum. Þannig geta einstakar nefndir í raun ákveðið hvernig þær haga málum við framkvæmd eftirlitsins. Þá hefur verið vandamál að nokkur skörun er á milli verkefna Hollustuverndar og embættis yfirdýralæknis. Í umfjöllun um kúariðu að undanförnu hefur það t.d. komið fram að innflutningur kjöts fellur almennt undir yfirdýralækni en ef efnisinnihald kjöts

er allt að 20% af vöru þá er það Hollustuvernd sem á að hafa eftirlit. Enginn hefur hins vegar með höndum að fylgjast með hversu stór hluti innihalds vöru er kjöt.

Lög sem matvælasvið Hollustuverndar starfar eftir eru:

- Lög nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum.
- Lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.
- Lög nr. 19/1997, sóttvarnalög.
- Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Lög nr. 75/1998, áfengislög.

Fiskistofa.

Fiskistofa er hið lögboðna yfirvald sem fer með eftirlit með meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem ætlaðar eru til útflutnings. Fiskistofa hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmd eftirlitsins og veitir skoðunarstofum starfsleyfi. Einkareknum skoðunarstofum er falið það hlutverk að annast hið daglega eftirlit á vettvangi í umboði Fiskistofu. Til þess að hljóta umboð til þess er krafist faggildingar samkvæmt ÍST EN 45004 staðlinum auk krafna, sbr. reglugerð nr. 450/1997. Löggildingarstofa annast faggildingu stofanna í samvinnu við SWEDAC og Fiskistofu.

Allar vinnslustöðvar (þ.m.t. vinnsluskip) skulu hafa vinnsluleyfi. Uppbygging leyfisnúmers endurspeglar þá vinnslugrein sem vinnslustöðin er í og margar vinnslustöðvar hafa fleiri en eitt leyfi. Fiskmarkaðir, -geymslur og veiðiskip hafa á hinn bóginn starfsleyfi. Með starfsleyfi er farið á sambærilegan hátt og með vinnsluleyfi.

Þegar vinnslustöð sækir um leyfi til vinnslu er í fyrstu gerður samningur um skoðunarþjónustu við faggilta skoðunarstofu. Skoðunarstofan kemur upplýsingum um viðkomandi til Fiskistofu og jafnframt er lögð inn beiðni um upphafsskoðun. Fiskistofa annast upphafsskoðun og þegar umsækjandinn hefur uppfyllt sett skilyrði er honum veitt vinnsluleyfi. Jafnframt er skoðunarstofu tilkynnt um leyfisveitinguna og skoðanir af hennar hálfu hefjast. Frávik frá þessu verklagi er að upphafsskoðun veiðiskipa vegna starfsleyfis er gerð af skoðunarstofu.

Skoðunarstofur skulu samkvæmt fyrirmælum Fiskistofu skoða hvert vinnsluleyfi fjórum sinnum á ári eða þriðja hvern mánuð. Leyfi sem eru starfrækt hluta úr ári eru skoðuð hlutfallslega eftir lengd starfstíma. Veiðiskip með starfsleyfi eru skoðuð einu sinni á ári.

Vinnsluleyfishafa er skylt að hafa virkt innra eftirlit með framleiðslu sinni sem byggist á HACCP-aðferðum (GÁMES). Skoðun skoðunarstofunnar er því fyrst og fremst eftirlit með því að byggingar og búnaður vinnslunnar uppfylli kröfur sem og að innra eftirlit vinnsluleyfishafa sé virkt. Fiskistofa hefur gefið út skoðunarhandbækur þar sem allar kröfur, sem finna má í lögum og reglugerðum til viðkomandi vinnslugreinar eru tíundaðar, túlkaðar og yfirfærðar í skoðunaratriði, mælanleg, ef unnt er. Fiskistofa hefur ákveðið hvaða vægi hverju skoðunaratriði er gefið, en þar er um tvö stig að ræða, F, „frávik“, og A, „alvarleg frávik“. Vinnsluleyfishafa ber síðan að lagfæra viðkomandi frávik án tafar. Komi fram eitt eða fleiri A-frávik eða ítrekað F-frávik við skoðun er máli vinnsluleyfishafans strax vísað til Fiskistofu.

Þegar máli hefur verið vísað til Fiskistofu er viðkomandi leyfishafa skrifað bréf eða hann heimsóttur af eftirlitsmönnum Fiskistofu. Vinnsluleyfishafa er þá að jafnaði gefinn stuttur frestur (sjö dagar) til úrbóta. Möguleiki er á að hann geti sótt um lengri frest ef frávikið er þess eðlis að ekki reynist unnt að lagfæra það strax og það veldur ekki mengun afurðarinnar. Valdi frávikið hins vegar yfirvofandi hættu á heilnæmi afurðarinnar er vinnsla stöðvuð uns lagfæring hefur átt sér stað. Ef vinnsluleyfishafi sinnir ekki úrbótum innan tilskilins frests er starfsemi hans stöðvuð þar til þær hafa farið fram.

Allar skoðanir eru skrásettar og gefin eru út skoðunarvottorð. Þessi vottorð eru vistuð í viðkomandi vinnslustöðvum og hjá skoðunarstofu sem jafnframt sendir Fiskistofu afrit á rafrænu formi. Fiskistofa hefur því aðgang að öllum skoðunarvottorðum frá því að þetta fyrirkomulag komst á árið 1998. Öll bein samskipti Fiskistofu við vinnsluleyfishafa vegna eftirlits eru vistuð í skjalasafni stofnunarinnar.

Fiskistofu er ætlað það hlutverk að samræma störf þeirra sem annast skoðanir og eftirlit hjá vinnsluleyfishöfum svo tryggt sé að þeir sitji við sama borð, þó svo að fleiri en einn aðili sjái um skoðunarþjónustu. Skoðunarhandbækur eru mikilvæg tæki til tryggingar samræmdum skoðunum og skoðunaraðferðum. Þá hefur Fiskistofa sett upp verklag sem ætlað er annars vegar að koma til skila skilningi Fiskistofu á því hvernig skoðun eigi að fara fram og í öðru lagi til að auka samræmi milli einstakra skoðunarstofa og skoðunarmanna. Það er í stuttu máli eftirfarandi:

- Eftirlitsmenn Fiskistofu koma að gerð skoðunarhandbóka og eru upplýstir af stjórnendum eftirlitssviðs Fiskistofu um ástæður og tilgang einstakra skoðunaratriða.
- Störf eftirlitsmanna Fiskistofu eru samræmd innbyrðis, m.a. með því að þeir vinna hver með öðrum.
- Samanburðarskoðanir. – Eftirlitsmenn Fiskistofu skoða sömu vinnslustöð og skoðunarmenn skoðunarstofanna hafa áður nýlega gert skoðun hjá. Skoðunarstofur eru upplýstar um misræmi.
- Tvenndarskoðanir. – Eftirlitsmaður Fiskistofu og skoðunarmaður skoðunarstofu fara saman í úttekt í vinnslustöð. Þessar skoðanir eru gerðar tvisvar sinnum á ári með hverjum skoðunarmanni.
- Tölfræðisamanburður á niðurstöðum skoðunarvottorða.
- Samráðsfundir með skoðunarstofum – þar sem niðurstöður í framangreindum samræmingaraðgerðum eru yfirfarnar.

Eftirlit þetta byggist á lögum nr. 55/1998 og er framkvæmt samkvæmt reglugerð nr. 849/1999.

Innflutning frá ríkjum innan EES þarf aðeins að tilkynna Fiskistofu, en þær vörur eru í frjálsu flæði á EES-markaðinum. Fiskistofu er þó heimilt að láta fram fara, án mismununar, skyndiskoðun og sýnatöku til rannsóknar á vörum. Innflutningur frá ríkjum utan EES er aðeins heimill frá framleiðendum og vinnsluskipum sem EB hefur viðurkennt. Innfluttar vörur skulu fara um landamærastöðvar, en þær eru sex talsins. Eftirlit á landamærastöðvum er þríþætt og fer fram þegar við komu sendingar til landsins. Haft er eftirlit með skjölum, auðkenningu og með heilnæmi. Fer það eftir því hvaðan vörur koma og hvort um innflutning eða umflutning er að ræða hvort heilnæmisskoðun er framkvæmd. Skjalaskoðun og auðkennaskoðun er alltaf gerð.

Í lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, er kveðið á um það fyrirkomulag sem fylgt er hér á landi. Nánari skilgreining á kröfum sem uppfylla þarf er að finna í lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Eftirlitskerfi Fiskistofu er vel skilgreint og ábyrgðarsvið þeirra sem að eftirlitinu koma skýr. Eftirlitsreglur eru settar fram í skoðunarhandbókum þar sem fram koma allar kröfur, túlkun og skoðunaraðferðir stjórnvalda ásamt matskerfi. Eftirlitsþegar hafa gegnsæjan aðgang að kröfum og túlkunum stjórnvalda. Strangar hæfniskröfur eru gerðar til allra eftirlitsmanna og er tryggt með faggildingu að hæfninni er við haldið. Áfrýjunarleiðir eru skýrar.

Skörun er á verksviðum Fiskistofu og Hollustuverndar þegar framleidd eru matvæli sem innihalda fisk og aðra matvöru. Skörun er einnig á verksviðum Fiskistofu og yfirdýralæknisins. Skipting verksviða milli Fiskistofu og yfirdýralæknis veldur því að í mörgum tilfellum

þurfa báðar stofnanirnar að taka þátt í starfi sömu nefnda og ráða á vettvangi EES-samningsins. Ekki er því tryggt að sjónarmið séu samhæfð gagnvart ESB. Fiskistofa hefur ekki yfir að ráða prófunaraðstöðu.

Embætti yfirdýralæknis.

Yfirdýralæknir hefur með höndum yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og annarra dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar. Þá annast hann yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra; hann skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur. Embættið annast yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs, einnig umsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur, auk yfirumsjónar með heilbrigði annars búfjár og afurða þess. Önnur verkefni yfirdýralæknis eru:

- Skipulagning, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur, svo og árleg útgáfu heilbrigðisskýrslna.
- Umsjón með að öll embætti héraðsdýralækna séu að jafnaði setin, eftir því sem dýralæknar fást til starfa.
- Yfirumsjón með gerð fjárlagatillagna og framkvæmd fjárhagsáætlana og eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar.
- Erlend samskipti við alþjóðastofnanir og yfirdýralæknisembætti um allt sem snýr að verkefnasviði embættisins.

Á vegum yfirdýralæknisembættisins starfa 40 starfsmenn en af þeim tengjast um 30 starfsmenn matvælaeftirliti með einum eða öðrum hætti, svo sem kjötskoðun, eftirliti með mjólkurframleiðslu, svína- og alifuglabúum og fiskeldi. Embættið hefur starfsstöðvar á 12 stöðum utan Reykjavíkur. Á eftirfarandi skipuriti er fyrirkomulag starfsemi yfirdýralæknisembættisins sýnt:



Engin landamærastöð er rekin, en héraðsdýralæknirinn í Reykjavík fer til Keflavíkur ef þörf er á vegna innflutnings á lifandi fiski. Innflutningseftirlit er á aðalskrifstofu þar sem innflytjendur verða að koma með öll vottorð áður en innflutningur er heimilaður. Útflutningseftirlit er með búfjárafurðum og lifandi dýrum, aðallega í Reykjavík.

Lög sem embætti yfirdýralæknis starfar eftir eða fer með framkvæmd á eru:

- Lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.
- Lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.
- Lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.
- Lög nr. 161/1994, um útflutning hrossa.
- Lög nr. 19/1997, sóttvarnalög.
- Lög nr. 15/1994, um dýravernd.
- Lög nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.
- Lög nr. 93/1995, um matvæli.
- Lög nr. 70/1998, búnaðarlög.
- Lög nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum.
- Lög nr. 54/1990, um innflutning dýra.
- Lög nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.
- Lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.
- Lög nr. 50/1998, um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði.
- Lög nr. 26/1949, um hvalveiðar.
- Reglugerð nr. 105/1949, um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti.
- Reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar.

- Lög nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.
- Lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

Eftirlitskerfi á vegum yfirdýralæknis er miðstýrt og allir sem að því koma eru starfsmenn embættisins. Það er hagkvæmt og skilvirkt á sínu sviði. Þá má geta þess að nær allir starfsmenn embættisins eru með háskólamenntun og er það styrkur.

Að útflutningi mjólkurafurða þurfa að koma heilbrigðisfulltrúi viðkomandi sveitarfélags og fulltrúar matvælasviðs Hollustuverndar auk embættis yfirdýralæknis. Framkvæmdastjórn ESB gerði athugasemdir við þetta fyrirkomulag í skoðunarskýrslu sinni 1999/2000 vegna mjólkurútflutnings. Taldi stofnunin hér um óskýra stjórnsýslu að ræða sem ekki tryggði að fullu heilbrigði mjólkurafurða. Komi upp matarsýking vegna búfjárafurða þurfa margar stofnanir að koma að málinu og oft fylgir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga ekki Hollustuvernd og yfirdýralækni að málum. Þá skortir skýr lagafyrirmæli um innflutning matvæla sem innihalda kjöt, hvort þau eigi að falla undir Hollustuvernd eða embætti yfirdýralæknis. Fiskistofa, Hollustuvernd og embætti yfirdýralæknis eru þátttakendur í CODEX-samstarfinu, en samhæfingu vantar.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er skipt upp í tíu svæði. Á hverju svæði er heilbrigðisnefnd sem ber ábyrgð á að skipuleggja og samhæfa eftirlit með matvælum á sínu svæði. Heilbrigðisnefndir fara einnig með eftirlit með mengun og hættulegum efnum og er eftirlit á þessum sviðum einnig framkvæmt af heilbrigðisfulltrúum.

Aðkoma heilbrigðiseftirlits að matvælaeftirliti er skilgreind í matvælareglugerð, nr. 522/1994. Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar gefur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga út starfsleyfi fyrir dreifingu og framleiðslu matvæla á sínu svæði og á að sjá til þess að öll matvælafyrirtæki uppfylli settar kröfur, þ.m.t. að framleiðendur og seljendur matvæla hafi innra eftirlitskerfi. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga skipuleggur matvælaeftirlit á hverju eftirlitssvæði og grípur til aðgerða sé þess þörf, t.d. í sambandi við matarsjúkdóma.

Lög sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfa eftir eru:

- Lög nr. 93/1995, um matvæli.
- Lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.
- Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Lög nr. 75/1998, áfengislög.

Kostir við matvælaeftirlit á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga eru að eftirlitið er framkvæmt af starfsmönnum í héraði. Þess vegna eru takmörkuð tengsl þeirra sem setja reglurnar og þeirra sem hafa eftirlit með þeim. Á hinn bóginn eru helstu ókostir þeir að eftirlitsaðgerðir og vinnureglur eru illa samræmdar milli svæða og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eru óháð og ekki undir beinu boðvaldi Hollustuverndar. Tengsl heilbrigðisnefnda við Hollustuvernd eru illa skilgreind og faglegt umhverfi einstakra heilbrigðisfulltrúa er takmarkað.

Áhrif EES-samningsins.

Við gildistöku EES-samningsins yfirtók Ísland mikinn fjölda gerða sem gilda innan ESB um matvæli og er nú svo komið að langstærstur hluti laga og reglugerða sem um málaflokkinn fjalla hér á landi eiga uppruna sinn innan ramma EES-samningsins. Ráðuneyti og stofnanir sem um matvæli fjalla hafa því á undanförnum árum aðlagað sig að kröfum í tilskipunum ESB um lagasetningar og framkvæmd laganna. Eftirlit með matvælum hefur tekið miklum breytingum hér á landi frá því er EES-samningurinn tók gildi. Nýjum stofnunum hefur verið komið á fót og öðrum breytt. Nauðsynlegt er að halda áfram aðlögun að fyrirkomulagi

ESB við lagasetningu og framkvæmd á matvælasviði eftir því sem breytingar eiga sér stað innan ESB.

Á undanförnum missirum hefur verið unnið að gagngerum breytingum á skipulagi stjórnsýslu matvælamála innan ESB. Ástæður þessa eru að eldra fyrirkomulag hefur ekki gefið fullnægjandi árangur við að tryggja þegnum bandalagsins örugga fæðu. Dæmin um kúariðu og díoxín í fóðri og fjölgun salmonellu- og kampýlóbaktersýkinga hafa sýnt að breytinga er þörf.

ESB hefur sett sér ný markmið um aukna neytendavernd, betra matvælaeftirlit og samræmda og markvissari matvælalöggjöf. Sambandið ætlar að ná fram þessum markmiðum með því að gera öryggi matvæla að forgangsverkefni á komandi árum. Búið er að marka stefnu með útgáfu hvítbókar um öryggi matvæla (White Paper on Food Safety, 12. janúar 2000) og koma þar fram 84 tímasett verkefni sem flest eiga að vera komin í framkvæmd eigi síðar en árið 2003. Sum af þessum verkefnum eru þegar komin vel af stað og munu áður en langt um líður hafa áhrif á matvælalöggjöf og matvælaeftirlit hér á landi.

ESB leggur áherslu á að samræma löggjöf og eftirlit með matvælum „frá hafi og haga til maga". Sömu reglur eiga að gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Strangari kröfur verða gerðar til matvælafyrirtækja en þeirra sem starfa við frumframleiðslu. Þá verða löggjöf og eftirlit með fóðri og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á öryggi matvæla endurskoðuð.

Löggjafarvald innan ESB mun eftir sem áður verða í höndum stofnana ESB. Allt framkvæmdarvald vegna matvælaeftirlits verður í höndum aðildarríkjanna sjálfra undir yfirumsjón Food and Veterinary Office sem verður sjálfstæð stofnun óháð framkvæmdastjórn ESB. Þó er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin setji reglur um eftirlitið til að tryggja samræmdar aðferðir innan aðildarríkjanna við framkvæmd og má búast við að gerðar verði skilgreindar gæðakröfur til þeirra sem annast eftirlitið.

Á næsta ári er fyrirhugað að komið verði á fót Matvælastofnun Evrópu. Stofnunin mun ekki fá löggjafar- eða framkvæmdarvald, heldur verður hún ráðgefandi sérfræðistofnun óháð framkvæmdastjórn ESB. Yfir stofnuninni verður væntanlega stjórn með fulltrúum tilnefndum af aðildarríkjunum, neytendasamtökum og matvælaiðnaði, en starfsmenn verða sérfræðingar á ýmsum sviðum sem varða öryggi matvæla. Þá er ráðgert að sérfræðinganefndir sem nú eru starfandi verði hluti af þessari stofnun.

Þar sem Matvælastofnun Evrópu mun ekki hafa framkvæmdarvald verður mikill munur á henni og Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna, hvað sem síðar kann að verða. Framkvæmdastjórn ESB mun leita ráða hjá matvælastofnuninni um matarsjúkdóma, aðskotaefni, öryggi efnisþátta sem bætt er í matvæli og annað sem kann að varða öryggi matvæla. Þá er ljóst að stofnuninni er ætlað að vera ráðgefandi þegar upp koma alvarleg mál eins og kúariðan í Bretlandi og díoxínmálið í Belgíu. Jafnframt má gera ráð fyrir að matvælastofnanir í aðildarríkjunum leiti þar ráða.

Af því sem að framan er sagt er ljóst að breytingar þær sem nú eiga sér stað innan ESB byggjast á skiptingu valdsins þannig að tryggt sé að löggjafarvald og framkvæmdarvald verði aðskilið.

Þær breytingar sem nú verða innan ESB munu hafa bein áhrif hér á landi vegna aðildar Íslands að EES-samningnum. Sambandið hefur í undirbúningi að setja reglugerð um Matvælastofnun Evrópu og helstu grunnreglur er gilda eiga við setningu laga um matvæli og fóðurvörur. Það er því mikilvægt að væntanlegar breytingar á matvælaeftirliti hér á landi verði í samræmi við aðferðafræði ESB til þess að tryggja óhindraðan útflutning á matvælum héðan til ríkja sambandsins.

Tillögur til breytinga.

Megintillögur.

Á grundvelli greiningar á núverandi kerfi og með tilliti til þróunar matvælaeftirlits innan EES-svæðisins leggur nefndin til eftirfarandi heildarskipulag:

- Matvælaeftirlit verði sameinað undir einu ráðuneyti.
- Komið verði á fót Matvælastofu sem taki við umsýslu og framkvæmd alls matvælaeftirlits. Matvælastofa taki við öllum verkefnum yfirdýralæknis, matvælasviðs Hollustuverndar og gæðaeftirlits fiskistofu og verkefnum Aðfangaeftirlits, plöntueftirlits og kjötskoðunar. Að auki er gert ráð fyrir að rannsóknarstofa Hollustuverndar og Rannsóknastofa Fiskiðnaðarins falli undir stofnunina. Þá er lagt til að stofnunin taki við öllum verkefnum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem tengjast matvælaeftirliti.
- Við skipulag alls eftirlits á vegum stofnunarinnar verði farið að lögum nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera.

Skil í matvælaeftirliti eftir því hvort uppruni matvæla er á landi eða sjó, innan lands eða utan er órökrétt. Matvæli blandast og tengjast með ýmsum hætti í framleiðslu og framreiðslu.

Ísland er matvælaframleiðsluland. Öryggi íslenskra matvæla er ein af meginforsendum þess að íslenskar afurðir eigi greiðan aðgang að erlendum mörkuðum. Slys á þessu sviði gætu valdið efnahagslegum áföllum og samdrætti í þjóðartekjum. Alþjóðleg viðskipti með matvæli aukast stöðugt. Íslendingar eru hluti af hinu alþjóðlega hagkerfi hvað þetta varðar. Til að geta tekið þátt í þessu umhverfi er nauðsynlegt að hafa virkt og heildstætt eftirlitskerfi sem nýtur trausts innlendra og erlendra kaupenda matvæla.

Heppilegt er að stjórnsýslu matvælamála hér á landi sé skipað með svipuðum hætti og í helstu viðskiptalöndum okkar. Þar hefur þróunin á síðustu árum verið í þá átt sem hér er lögð til. Nægir að nefna yfirstandandi breytingar innan ESB, Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna sem starfað hefur um langan aldur og nýja stofnun í Kanada. Í Danmörku hefur matvælaeftirlit verið sameinað innan einnar stofnunar óháð uppruna matvælanna.

Eftirlit með matvælum krefst menntaðs starfsfólks, mikillar þekkingar og sérhæfingar. Þær stofnanir sem sinna matvælaeftirliti hér á landi eru flestar fámennar og þess vegna ekki í stakk búnar til að sinna öllum þáttum eftirlits á fullnægjandi hátt. Fullyrða má að með því að sameina matvælaeftirlit verði mögulegt að efla sérþekkingu, faglega getu og hæfni eftirlitsins þannig að um allt land fari fram samræmt eftirlit sem uppfyllir væntingar stjórnvalda, fyrirtækja og almennings í landinu. Heildaryfirsýn yfir málaflokkinn hefur í för með sér meiri möguleika á því að bregðast við áföllum sem upp kunna að koma á réttan hátt þar sem unnt er að taka tillit til allra aðstæðna frá upphafi. Gera má ráð fyrir að slík stofnun verði eftirsóknarverður starfsvettvangur fyrir vel menntað starfsfólk. Innan stofnunarinnar verði vettvangur fyrir starfsmenn til að sinna þróunarverkefnum erlendis á verksviði stofnunarinnar.

Nefndin leggur til að farið verði að lögum nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera, við skipulag alls eftirlits á vegum Matvælastofu. Það felur í sér að öll framkvæmd eftirlits á vegum stofnunarinnar verði gerð samkvæmt gæðakerfum í samræmi við ákvæði í alþjóðastaðlaröðinni ÍST EN 45 000. Nauðsynlegt verður að gera ítarlegar skoðunarhandbækur yfir öll svið matvælaeftirlits ásamt skilgreindri kerfissetningu. Þetta mun hafa í för með sér opnara kerfi þar sem eftirlitsþegar hafa betri skilning á kröfum og þeim aðferðum sem beita þarf til að uppfylla settar kröfur. Þessi kerfisuppbygging hefur það í för með sér að unnt verður í framtíðinni að fela sjálfstætt starfandi skoðunarstofum hluta eftirlitsins.

Reiknað er með að heildarfjöldi starfsmanna Matvælastofu verði sambærilegur við það sem er í dag hjá þeim stofnunum sem vinna við matvælaeftirlit eða á bilinu 75 til 85 starfsmenn og má því ætla að kostnaður verði svipaður því sem hann er nú. Þá er gert ráð fyrir að höfuðstöðvar matvælaeftirlitsins verði í Reykjavík en að landinu verði skipt í sex eftirlitssvæði og að í hverju þeirra verði útibú. Ekki er tekin afstaða til þess undir hvaða ráðuneyti Matvælastofa skuli heyra.

Útfærsla.

Lagt er til að sett verði á fót ný A-hluta ríkisstofnun undir einu ráðuneyti sem sinni matvælamálum. Lagt er til að stofnunin fái heitið Matvælastofa.

Tillaga um stofnun Matvælastofu felur í sér að verkefnum yfirdýralæknis, Aðfangaeftirlits, plöntueftirlits, kjötskoðunar, matvælasviðs Hollustuverndar og gæðaeftirlits Fiskistofu ásamt verkefnum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem tengjast matvælaeftirliti verði framvegis sinnt hjá hinni nýju stofnun. Lagt er til að samhliða færslu verkefna til hinnar nýju stofnunar verði verkefni og verkferlar yfirfarnir og lagt mat á hvort framkvæma megi eftirlitið á hagkvæmari eða betri hátt hjá hinni nýju stofnun með samþættingu og samnýtingu aðfanga. Þá er nauðsynlegt að kanna umfang verkefnanna svo að lögbundið eftirlit verði ekki vanrækt eða framkvæmt eftirlit sem ekki er lagastoð fyrir.

Nefndin leggur til að:

- Matvælastofu verði skipt upp í fimm starfsdeildir; lögfræðisvið, heilbrigði dýra og aðfangaeftirlit, matvæla- og plöntusvið, eftirlit með sjávarafurðum og eftirlits- og stjórnunarsvið.
- Forstjóra til aðstoðar verði almenn skrifstofa og gæðastjóri ásamt upplýsinga- og þjálfunardeild.
- Skipurit stofnunarinnar byggt á þessum tillögum nefndarinnar má sjá á mynd hér á eftir.

Matvælastofa Íslands



Verkefnum stofnunarinnar og einstakra deilda er nánar lýst hér á eftir.

Lögfræðisvið.

Lögfræðisvið skal annast alla almenna lögfræðilega ráðgjöf innan stofnunarinnar ásamt því að taka þátt í þvingunaraðgerðum þegar þess gerist þörf. Þá er reiknað með að lögfræðisvið annist erlend samskipti og veiti ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf við setningu laga og reglugerða.

Heilbrigði dýra, aðfangaeftirlit.

Heilbrigði dýra og aðfangaeftirlits skal annast eftirfarandi verkefni:

- Smitsjúkdómavarnir, skrá sjúkdóma, viðbragðsáætlanir, sýnatökur, úrvinnsla sýna, rekstur varnargirðinga, eldi nytjadýra, þ.m.t. eldisfiskur.
- Eftirlit með aðstöðu og heilbrigði dýra, lyfjanotkun, aðskotaefnum í búfjárafurðum, innflutningi dýra, þ.m.t. sóttkvíar.
- Dýraverndarmál.
- Útflutningseftirlit, eftirlit með afurðum og dýrum.
- Innflutningseftirlit, eftirlit með afurðum og dýrum.
- Skipulag eftirlits með heilbrigði dýra og aðfangaeftirlit, gerð leiðbeininga og handbóka, eftirlitsverkefni og átaksverkefni, vöktun og gagnasöfnun.
- Aðfangaeftirlit, fóður, fræ og áburður.
- Meðferð kærumála í samráði við lögfræðisvið.
- Ráðgjöf við ráðuneyti.
- Erlend samskipti.

Deildin ber ábyrgð á faglegum þáttum verkefnanna og vinnur leiðbeiningar og fyrirmæli um á hvern hátt eftirliti skuli fyrir komið. Deildin túlkar lög og reglur og tekur þátt í úrlausnum faglegra vafaatriða. Dagleg framkvæmd eftirlitsins er hins vegar í höndum eftirlits- og stjórnunardeildar og verður það framkvæmt af starfsmönnum stofnunarinnar eða af sjálfstætt starfandi faggiltum skoðunarstofum.

Matvæla- og plöntusvið.

Matvæla- og plöntusvið skal annast eftirfarandi verkefni:

- Eftirlit með unnum matvörum á markaði, m.a. sjúkdómar, matvælaörverufræði, skráning á sótthreinsiefnum, neysluvatnseftirlit, efnainnihald matvæla (aukefni, aðskotaefni, bragðefni, bætiefni), efni og hlutir (plastumbúðir o.fl.), nýfæði (t.d. erfðabreytt matvæli), geislun matvæla, sérfæði (t.d. barnamatur), umbúðamerkingar, mjólk og mjólkurvörur, kjöt og kjötvörur, heilsu- og náttúruvörur og erfðabreyttar lífverur.
- Skipulag eftirlits á matvæla- og plöntusviði, gerð leiðbeininga og handbóka, eftirlitsverkefni og átaksverkefni, vöktun, gagnasöfnun.
- Innflutningseftirlit á unnum matvælum og grænmeti og ávöxtum.
- Kjötskoðun, kjötmat.
- Plöntusjúkdómar, notkun varnarefna.
- Eftirlit með lífrænum og vistvænum vörum.
- Ráðgjöf við ráðuneyti.
- Erlend samskipti.

Deildin ber ábyrgð á faglegum þáttum verkefnanna og vinnur leiðbeiningar og fyrirmæli um á hvern hátt eftirliti skuli fyrir komið. Deildin túlkar lög og reglur og tekur þátt í úrlausnum faglegra vafaatriða. Dagleg framkvæmd eftirlitsins er hins vegar í höndum eftirlits- og

stjórnunardeildar og verður það framkvæmt af starfsmönnum stofnunarinnar eða af sjálfstætt starfandi faggiltum skoðunarstofum.

Eftirlit með sjávarafurðum.

Deildin mun annast alla faglega þætti eftirlits varðandi meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem ætlaðar eru til útflutnings. Verkefni deildarinnar ná til eftirfarandi þátta:

- Útgáfa vinnsluleyfa og starfsleyfa.
- Skipulag eftirlits með sjávarafurðum, gerð leiðbeininga og handbóka, eftirlit og átaksverkefni, vöktun og gagnasöfnun.
- Yfirumsjón eftirlits með vinnsluleyfishöfum.
- Útgáfa heilbrigðisvottorða.
- Eftirlit með starfsemi skoðunarstofa.
- Eftirlit með fiskiskipum.
- Landamæraeftirlit.
- Sýnatökur og prófun á afurðum.
- Eftirlit með ílátum og flytjendum.
- Erlend samskipti.
- Ráðgjöf við ráðuneyti.

Deildin ber ábyrgð á faglegum þáttum verkefnanna og vinnur leiðbeiningar og fyrirmæli um á hvern hátt eftirliti skuli fyrir komið. Deildin túlkar lög og reglur og tekur þátt í úrlausnum faglegra vafaatriða. Dagleg framkvæmd eftirlitsins er hins vegar í höndum eftirlits- og stjórnunardeildar og verður það framkvæmt af sjálfstætt starfandi faggiltum skoðunarstofum.

Eftirlits- og stjórnunarsvið.

Allt eftirlit á vegum stofnunarinnar mun verða framkvæmt undir stjórn eftirlits- og stjórnunarsviðs. Eftirlitið verði framkvæmt í samræmi við skoðunarhandbækur og leiðbeiningar fagdeildanna þriggja. Samþætta skal framkvæmd eftirlitsins þannig að sami skoðunarmaður geti í sem flestum tilfellum framkvæmt allt eftirlit sem framkvæma þarf hjá hverjum eftirlitsþega.

Í upphafi er gert ráð fyrir að skipulag eftirlits á vegum stofnunarinnar verði tvenns konar. Allt eftirlit með sjávarafurðum, vinnsluskipum og bátum verður framkvæmt af faggiltum óháðum skoðunarstofum en annað eftirlit verður í fyrstu framkvæmt af starfsmönnum stofnunarinnar. Þess er vænst að aðrir hlutar eftirlitsstarfseminnar verði smám saman færðir til faggiltra skoðunarstofa eftir því sem aðstæður leyfa.

Á sex stöðum á landinu er gert ráð fyrir að starfrækt verði útibú frá stofnuninni og að öllu eftirliti á svæðinu verði stjórnað frá útibúinu þannig að starfsmenn útibúsins framkvæmi allt eftirlit á svæðinu fyrir hönd fagdeildanna þriggja nema eftirlit með sjávarafurðum, vinnsluskipum og bátum. Skoðunarstofurnar skulu skila skýrslum sínum til viðkomandi útibús. Allar upplýsingar er tengjast framkvæmd eftirlitsins skulu skráðar í miðlægan gagnagrunn.

Nefndin leggur til að landinu verði skipt í eftirfarandi starfssvæði:

- Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes.
- Vesturland.
- Vestfirðir.
- Norðurland.
- Austurland.
- Suðurland.

Þá annist eftirlits- og stjórnunarsvið tölvumál stofnunarinnar.

Prófunarstofa.

Lagt er til að stofnunin hafi yfir að ráða fullkominni prófunarstofu sem hlotið hefur faggildingu. Gert er ráð fyrir að prófunarstofan verði rekin sem sjálfstæð eining bæði rekstrarlega og faglega enda augljóst að prófunarstofan mun veita öðrum þjónustu með því að framkvæma prófanir fyrir matvælaframleiðendur og önnur stjórnvöld. Hlutverk prófunarstofunnar eru eftirfarandi:

- Sýnataka.
- Prófun og úrvinnsla sýna á sviði örverufræði og efnafræði.
- Skráning sýna og niðurstaðna í gagnagrunn.
- Þjónustuprófanir.
- Þátttaka í samráði vegna matarsjúkdóma á vettvangi aðgerðanefndar um sóttvarnir.

Stofnunin skal einnig nýta sér þjónustu annarra prófunarstofa eftir því sem kostur er. Þótt hér sé lagt til að prófunarstofan verði hluti af stofnuninni vill nefndin minna á að rétt getur verið að einkavæða starfsemi prófunarstofunnar þegar samruni prófunarstofu Hollustuverndar og Rannsóknarstofu fiskiðnaðarins hefur átt sér stað og faggilding hefur fengist.

Upplýsinga- og þjálfunarsvið.

Matvælastofa þarf að halda uppi stöðugu streymi upplýsinga til framleiðenda og neytenda í gegnum fjölmiðla og eftir öðrum tiltækum leiðum. Upplýsinga- og þjálfunarsvið mun því annast og hafa forgöngu um útgáfu upplýsingarita, símenntun starfsmanna, fræðslumál og samskipti við fjölmiðla.

Gæðasvið.

Nefndin telur nauðsynlegt að stjórnkerfi nýrrar stofnunar verði byggt á hugmyndum um gæðastjórnun, einkum þar sem skoðunarstarfsemin og prófunarstarfsemin verður faggilt. Hlutverk gæðasviðsins er að byggja upp og halda við gæðakerfum stofnunarinnar og að annast innri úttektir.

Matvælaráð.

Matvælaráð verður samráðsvettvangur stofnunarinnar og markaðarins með fulltrúum frá bændum, neytendum, iðnaði, sjávarútvegi o.s.frv. Auk þess skal matvælaráð vera vísindalegur vettvangur þar sem fjallað er um málefni er tengjast þróun og framkvæmd matvælaeftirlits, áhættumati o.fl.

Aðgerðanefnd um sóttvarnir.

Þegar bregðast þarf við vá er nauðsynlegt að tiltæk sé aðgerðaáætlun þar sem allir ábyrgðaraðilar koma saman til að bregðast við ástandinu. Stofnunin þarf þess vegna að hafa yfir að ráða sérstöku innra skipulagi sem nær til allra sérfræðinga stofnunarinnar í þeim tilgangi að taka þátt í greiningu á uppkomnum vanda, tillögugerð um ráðstafanir og þátttöku í aðgerðum. Stofnunin mun bera ábyrgð á ráðstöfunum sem gera þarf en ljóst er að náin samvinna við sóttvarnaráð og sóttvarnalækna er nauðsynleg og skylda. Aðgerðanefnd um sóttvarnir er vettvangur stofnunarinnar þar sem sérfræðingar stofnunarinnar vinna með sóttvarnalæknum og sóttvarnaráði.

Framangreint skipulag stofnunarinnar er gert með það í huga að sem einfaldast verði að sameina stofnanirnar og prófunarstofurnar. Gert er ráð fyrir að allir dýralæknar sem nú vinna innan yfirdýralæknisembættisins, Aðfangaeftirlits, plöntueftirlits og kjötskoðunar flytjist til stofnunarinnar ásamt öllum starfsmönnum matvælasviðs Hollustuverndar og þeim starfs-

mönnum eftirlitsdeildar Fiskistofu sem vinna að gæðaeftirliti með sjávarafurðum. Þá er gert ráð fyrir að starfsmenn heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem þess óska flytjist til stofnunarinnar.

Við gerð fyrrgreindrar tillögu er einnig tekið tillit til þess að þeir starfsmenn sem nú starfa úti á landi og flytjast til stofnunarinnar haldi áfram störfum sínum á þeim stöðum sem þeir nú starfa á en að yfirstjórn eftirlitsins á svæðinu verði færð til útibúsins. Á þennan hátt er tryggt að sem minnst röskun verði á högum þeirra sem að matvælaeftirliti vinna og því eru miklar líkur til þess að sú þekking og reynsla sem fyrir er glatist ekki.

Nauðsynlegar lagabreytingar.

Ef ákveðið verður að fara að tillögum nefndarinnar þarf að gera nokkrar breytingar á lagaumhverfi matvælamála. Eðlilegast er að sett verði ein heildarlög um matvæli og önnur heildarlög um Matvælastofu og starfsemi hennar.

Rétt er hins vegar að minna á að nú er unnið að endurskipulagningu alls lagaumhverfis málaflokksins innan ESB og verður Ísland að taka upp þessar nýju gerðir innan skamms vegna aðildar að EES-samningnum.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram drög að reglugerð sem fjallar um grunnreglur sem skulu gilda við lagasetningu á matvælasviði og stofnun matvælastofnunar Evrópu Þar er lögð áhersla á að það eru framleiðendur og dreifendur matvæla sem bera ábyrgð á öryggi þeirra, ákvæði verða um rekjanleika vöru og jafnframt um matvælaeftirlit og framkvæmd þess. Um eftirlitsþáttinn verður nánar fjallað í sérstakri reglugerð. Gera má ráð fyrir að „matvælalög" ESB og ný reglugerð um opinbert eftirlit með matvælum og fóðri geti tekið gildi árið 2002.

Þessar breytingar munu leiða til mikillar einföldunar á löggjöf ESB um hollustu matvæla. Markmiðið er að fjórar reglugerðir, tvær um hollustuhætti, ein um eftirlit með afurðum dýra og ein um heilbrigði dýra, komi í stað sautján núgildandi tilskipana. Um leið verða reglur samræmdar þannig að sömu grunnkröfur munu gilda um kjöt, fisk, matjurtir og önnur matvæli. Til viðbótar verða síðan sérkröfur fyrir tiltekna matvælaflokka.

Af því sem að framan er sagt er ljóst að nauðsynlegt verður að gera heildarendurskoðun á lagaramma matvælamála hér á landi óháð þeim breytingum sem hér eru lagðar til um Matvælastofu. Breytingarnar munu leiða til breytinga á framkvæmd laganna þannig að nauðsynlegt verður að vista stjórnsýslu málaflokksins á einum stað.

Af þessum ástæðum telur nefndin óráðlegt að setja nú af stað viðamikla vinnu við samningu heildarlaga um matvæli og um Matvælastofu. Það mundi bjóða heim hættu á tvíverknaði, enda væri ljóst að frekari lagabreytinga yrði fljótlega þörf vegna breytinga á regluverki ESB á þessu sviði. Engu að síður er þörf löggjafar til að setja á fót A-hluta stofnun af þessum toga.

Tillaga nefndarinnar er því sú að sett verði stutt lög sem felli undir eina stofnun stjórnsýslu yfirdýralæknis, Aðfangaeftirlits, plöntueftirlits, kjötskoðunar, matvælasviðs Hollustuverndar og gæðaeftirlits Fiskistofu ásamt verkefnum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem tengjast matvælaeftirliti. Gildandi lög verði ekki felld úr gildi en Matvælastofu falin verkefni þeirra stofnana eða hluta stofnana sem til hennar falla eins og þau eru skilgreind í hverjum lögum fyrir sig. Jafnframt verði í þeim lögum forsætisráðherra eða þeim fagráðherra sem stofnunin mun falla undir heimilað að setja reglugerð um innra starf stofnunarinnar, að frágenginni framkvæmdaáætlun um samrunann. Jafnframt verði sett fram markmið um ný heildarlög um matvæli og lög um Matvælastofu innan hæfilegs tíma. Samning frumvarpa þar að lútandi verði unnin í nánu samráði við þá sérfræðinga sem með málin fara innan hinnar nýju stofnunar.

Með þessu fyrirkomulagi er komist hjá tímafrekri löggjafarvinnu sem er ekki tímabær nú í ljósi þeirrar þróunar sem er innan ESB. Jafnframt er tryggð fagleg þátttaka sérfræðinga hinnar nýju stofnunar í samningu hins nýja lagaramma.

Framkvæmdaáætlun.

Samruni fjölda stofnana er viðamikið ferli sem nauðsynlegt er að undirbúa og skipuleggja vel. Nefndin telur ekki að rétt sé að gerð verði framkvæmdaáætlun að svo komnu máli enda nauðsynlegt að áður hafi verið tekin ákvörðun um á hvern hátt stjórnsýslu málaflokksins verður komið fyrir. Nauðsynlegt er að ná samstöðu með sveitarfélögunum um framkvæmd málsins.

Nefndin er reiðubúin til að aðstoða frekar við framgang málsins.

Lokaorð.

Tillögur þær sem hér eru settar fram miða að því að tryggja hagsmuni neytenda og matvælaframleiðenda í landinu. Beitt verði bestu fáanlegri þekkingu og tækjum við framkvæmd eftirlits með matvælum. Tillögurnar taka mið af þeirri þróun sem nú á sér stað innan EES-svæðisins og í öðrum löndum sem Íslendingar eiga viðskipti við með matvæli. Þá er ljóst að Ísland verður innan skamms að tileinka sér þá nýju aðferðafræði sem nú hefur verið ákveðið að taka upp innan ESB. Það verður best tryggt með því að koma á fót einni matvælastofnun.

Atburðir þeir sem hafa orðið að undanförnu hér á landi tengdir framleiðslu, innflutningi og neyslu matvæla leiða í ljós að nauðsynlegt er að koma á heildstæðri stjórnsýslu sem nær til allrar matvælaframleiðslu. Það er hlutverk ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur að stuðla að hagkvæmri framkvæmd eftirlits hér á landi og í því ljósi er tillögurnar lagðar fram.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórnsýsla og framkvæmd laga sem snúa að matvælaeftirliti, öryggi matvæla og heilbrigði dýra verði sameinuð innan eins ráðuneytis og einnar Matvælastofnunar undir því ráðuneyti.

Niðurstaða kostnaðarmats er sú að frumvarpið geti haft í för með sér 60–85 m.kr. upphafskostnað fyrir ríkissjóð verði það að lögum. Þar af eru 10–15 m.kr. kostnaður við skipulagsvinnu og endurskoðun laga og reglugerða umfram það sem venjulegt er, 10–20 m.kr. kostnaður vegna hugsanlegra biðlauna og 40–50 m.kr. kostnaður vegna kerfa og búnaðar í nýju húsnæði sem að hluta til mun falla til óháð frumvarpinu. Þá er áætlað að árlegur rekstrarkostnaður við eftirlit aukist að öðru óbreyttu samanlagt um 46–75 m.kr., þar af um 25–30 m.kr. vegna húsnæðis sem að hluta til mun falla til óháð frumvarpinu og 21 m.kr. vegna matvælaeftirlits sem færist frá heilbrigðisnefndum en sá kostnaður gæti orðið allt að 45 m.kr. sé tekinn með hugsanlegur kostnaðarauki heilbrigðisnefnda verði rekstur þeirra ekki lagaður að breyttu umfangi verkefna. Ekki er forsenda til að meta aukinn ferðakostnað vegna breytinga á dýralæknaþjónustu.

Á móti kemur að nýtt skipulag mun auka samlegð og bæta samræmingu í starfsemi og ætti því að öðru óbreyttu að skapa forsendur fyrir lækkun heildarkostnaðar við opinbert matvælaeftirlit þegar fram í sækir. Ekki eru forsendur til að meta hversu mikill sparnaður gæti orðið vegna þessa þar sem nákvæm útfærsla á nýju skipulagi liggur ekki fyrir. Breytingar á matvælalöggjöf og matvælaeftirliti innan Evrópusambandsins munu líklega leiða til aukins kostnaðar hér á landi á næstu árum. Þess er vænst að skipulagsbreytingar samkvæmt frumvarpinu auðveldi að hamla á móti auknum kostnaði af þeim sökum.

Forsendur skortir til að meta til fjár margt af því sem í frumvarpinu er og mun kostnaður ráðast af útfærslu þeirra breytinga sem þar eru boðaðar. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þáttum sem taldir eru hafa áhrif á kostnað.

Undirbúningur og endurskoðun laga og reglugerða.

Í frumvarpinu er lagt til að samin verði sérstök framkvæmdaáætlun um yfirfærslu verkefna og að fram fari endurskoðun á fyrirkomulagi almennrar dýralæknaþjónustu og á lögum og reglugerðum um matvælaeftirlit, meðal annars til að tryggja samræmi og samfellu í framkvæmd og koma í veg fyrir skörun verkefna. Vegna þess hversu breytingarnar sem boðaðar eru í frumvarpinu eru víðtækar og flóknar er rétt að gera ráð fyrir að undirbúningur og innleiðing þeirra hafi í för með sér meiri kostnað en venjulegt er. Ekki eru forsendur til að meta umframkostnað nákvæmlega en hann gæti orðið 10–15 m.kr.

Biðlaun.

Gert er ráð fyrir að í allt flytjist 104–106 störf til Matvælastofnunar, en nákvæmur listi liggur ekki fyrir og því er talan ekki nákvæm. Hér er miðað við að störfin skiptist þannig að 20 færist frá matvælasviði, rannsóknastofu og almennri skrifstofu Hollustuverndar ríkisins; 29 frá embætti yfirdýralæknis; 17 frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga; 17 frá gæðastjórnunarsviði Fiskistofu vegna eftirlits með innflutningi, eftirlits með fiskeldi í sjó og vegna skrifstofustarfa; 17 við efna- og örverumælingar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og á skrifstofu, þar af 8 störf í útibúum; 3 störf færist frá Aðfangaeftirliti og 1–2 störf færist frá plöntueftirliti Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þá tengjast væntanlega 3–4 störf í ráðuneytum matvælamálefnum. Áætlað er að staðsetning á landinu sé nú þannig að á höfuðborgarsvæðinu séu 56–57 manns við stjórnsýslu og eftirlit og 18 við rannsóknir en utan svæðisins séu 22–23 við eftirlit og 8 við rannsóknir.

Samkvæmt frumvarpinu verða lögð niður tæplega 90 störf hjá ríkisstofnunum og ráðuneytum og stofnuð jafnmörg ný störf hjá Matvælastofnun og matvælaráðuneyti. Í 9. gr. frumvarpsins er beinlínis tekið fram að embætti 17 héraðsdýralækna verði lögð niður. Gert er ráð fyrir að starfsmenn þeirra stofnana sem sinnt hafa verkefnum sem færast til Matvælastofnunar eigi forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári og að þeir sem ekki taka starf hjá stofnuninni fari flestir í aðra vinnu. Eigi að síður er viðbúið að greiða þurfi einhver biðlaun. Þrátt fyrir að í rauninni sé ógerningur að áætla líklegan biðlaunakostnað verður slegið á að hann nemi 10–20 m.kr.

Eftirlitsstörf dýralækna skilin frá almennri dýralæknaþjónustu.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að eftirlitsstörf dýralækna og almenn dýralæknaþjónusta verði aðgreind. Héraðsdýralæknar í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum sinna eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralæknar í öðrum dýralæknisumdæmum annast jafnframt eftirlitsstörfum almenna dýralæknisþjónustu í umdæminu, þar með talda vaktþjónustu. Áætlað er að um það bil 11 störfum við almenna dýralæknaþjón-

ustu sé nú sinnt af starfsmönnum embættis yfirdýralæknis. Búast má við því að skipulagsbreytingin leiði til þess að kostnaður við almenna dýralæknaþjónustu aukist að öðru óbreyttu. Ástæðan er sú að á sumum svæðum munu dýralæknar að öðru óbreyttu taka meira gjald fyrir þjónustu sína við bændur eða þurfa að sinna stærra svæði. Ríkinu er skylt samkvæmt lögum að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu. Áætlað er að ferðakostnaður vegna dýralæknaþjónustu nemi alls 15 m.kr. í ár og að ríkið greiði meiri hlutann. Á sama hátt er áætlað að ferðakostnaður dýralækna sem sinna eftirliti muni aukast vegna meiri fjarlægða, en á móti kemur að gera verður ráð fyrir samnýtingu eftirlitsferða. Ekki eru forsendur til að meta hversu mikil breyting yrði á ferðakostnaði dýralækna við þetta. Að auki greiðir ríki fyrir vaktþjónustu samkvæmt samningum Dýralæknafélags Íslands við landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti. Gert er ráð fyrir að þær greiðslur breytist ekki.

Húsnæði og búnaður.

Starfsemi sú sem flyst til Matvælastofnunar er dreifð um landið, en gert er ráð fyrir aðalskrifstofu og nokkrum svæðisskrifstofum. Í kostnaðarumsögninni er miðað við að aðalskrifstofan verði á höfuðborgarsvæðinu og að reknar verði 6 svæðisskrifstofur í þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að sú aðstaða sem er fyrir hendi hjá þeim stofnunum sem sameinast verði nýtt eins og kostur er. Sumar stofnananna sem lagt er til að myndi Matvælastofnun búa við ófullnægjandi húsnæði sem þarf að bæta úr hvort sem Matvælastofnun verður sett á laggirnar eða ekki. Sumar þessara stofnana bera sjálfar aðeins hluta þess kostnaðar sem er við núverandi húsnæði þeirra vegna þess hvernig húsnæðismálum ríkisins er háttað. Heimild er í fjárlögum yfirstandandi árs til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir bæði Hollustuvernd ríkisins og embætti yfirdýralæknis. Af þessum sökum verður fyrirsjáanlegur kostnaður við húsnæðisbreytingar ekki einvörðungu rakinn til lagafrumvarpsins heldur til þess að núverandi húsnæði er ófullnægjandi. Yfirstjórn embættis yfirdýralæknis er til húsa í aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins sem leigir hjá Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga við Arnarhvál, starfsmenn héraðsdýralæknis Gullbringu- og Kjósarsýslu og flestir sérgreinadýralæknar eru með leiguaðstöðu í húsnæði Tilraunastöðvar HÍ að Keldum við Vesturlandsveg en aðrir héraðs- og sérgreinadýralæknar eru með vinnuaðstöðu á sautján stöðum á landinu. Ýmist er um að ræða aðstöðu í embættisbústöðum sem ríkið á eða skrifstofuherbergi sem eru leigð af öðrum. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga reka skrifstofur á tíu stöðum á landinu. Aðfangaeftirlitið og plöntueftirlit er með aðstöðu hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti. Hollustuvernd ríkisins leigir hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Ármúla 1a, í Reykjavík en flytur um áramótin í nýtt húsnæði að undanskilinni rannsóknastofu. Gæðaeftirlit Fiskistofu flutti nýlega í Tollstöðvarhúsið við Tryggvagötu sem er í eigu ríkisins. Þjónustusvið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er til húsa ásamt öðrum hlutum þeirrar stofnunar í byggingu rannsóknastofnana sjávarútvegsins við Skúlagötu 4 í Reykjavík en að auki eru rekin útibú á Ísafirði, Akureyri, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum.

Ekki er unnt að meta húsnæðiskostnað nákvæmlega þar sem forsendur liggja ekki fyrir. Þó má gera ráð fyrir að meðalkostnaður á ári við leigu húsnæðis á markaðskjörum og rekstur á því sé liðlega 600 þús. kr. á starfsmann þegar um er að ræða skrifstofuhúsnæði. Miðað við 80 manns yrði árlegur kostnaður nálægt 50 m.kr. Lauslega áætlað er það 50–60% meira en hlutaðeigandi stofnanir greiða nú og nemur aukakostnaður samkvæmt því 25–30 m.kr. á ári.

Gert er ráð fyrir að bæði vegna sameiningar og flutnings í nýtt húsnæði þurfi að fjárfesta í kerfum, aðstöðu og ýmsum búnaði. Ekki liggur fyrir hvað af því sem nú þegar er til hjá þeim stofnunum sem sameinast verður hægt að nýta áfram, þannig að hér verður slegið á 400–500 þús. kr. á mann sem gerir 40–50 m.kr. í stofnkostnað miðað við 100 starfsmenn.

Ekki eru forsendur til að meta kostnað við að sameina starfsemi rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins og þjónustusviðs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á einum stað. Lausleg athugun bendir til þess að flytja mætti hluta af rannsóknum saman án mikils tilkostnaðar en flutningur rannsóknastofa í nýtt húsnæði gæti kostað nokkra tugi milljóna króna.

Matvælaeftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að matvælaeftirlit á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga færist til Matvælastofnunar. Haft var samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um mat á fjárhagslegum áhrifum þessa. Í fyrsta lagi voru upplýsingar sóttar í ársreikninga heilbrigðisnefnda 2000 og 2001. Í öðru lagi voru viðbótarupplýsingar sóttar í sveitarfélagareikninga Hagstofu Íslands fyrir árið 2000. Í þriðja lagi var byggt á upplýsingum sem Samband íslenskra sveitarfélaga safnaði í desember 2001 um umfang og helstu breytingar á starfssviði heilbrigðisnefnda á undanförnum árum. Í fjórða lagi var aflað upplýsinga hjá Hollustuvernd ríkisins og af vefsíðum heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Í fimmta og síðasta lagi var byggt á áætlun sérstaks vinnuhóps sérfræðinga ríkis og sveitarfélaga um matvælaeftirlit.

Ársreikningar heilbrigðisnefnda sveitarfélaga eru mismikið sundurliðaðir og mismunandi hvort tekjur af eftirliti eru bókfærðar í reikningum nefndanna eða reikningum sveitarfélaganna. Auk þess eru kostnaður og tekjur af matvælaeftirliti ekki aðgreind frá öðrum rekstri í bókhaldi heilbrigðisnefnda.

Við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga voru unnin um það bil 48 ársverk í dagvinnu árið 2000 og 50 árið 2001. Þar af er áætlað að um það bil 14 heilbrigðisfulltrúar hafi sinnt matvælaeftirliti. Sú tala er ekki nákvæm og er jafnvel talin of lág, því sumir heilbrigðisfulltrúar sinna jöfnum höndum eftirliti með matvælum, hollustuháttum og mengun. Til viðbótar kemur áætluð hlutdeild í stjórnunar- og stoðstörfum, þannig að alls er miðað við í þessari kostnaðarumsögn að 17 af 50 ársverkum í dagvinnu hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna tengist matvælaeftirliti. Þetta er þriðjungur af fjölda. Rekstur hundaeftirlits er ekki meðtalinn í þeim tilvikum sem eftirlitið er aðgreint í bókhaldi. Áætlað er að útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits hafi numið 265 m.kr. árið 2000 en 312 m.kr. á árinu 2001. Framreiknuð samsvara útgjöld ársins 2001 nálægt 320 m.kr. á verðlagi 2002. Sé þessum útgjöldum skipt jafnt á starfsmenn heilbrigðisnefnda nema meðalútgjöld á starfsmann um það bil 6,4 m.kr. árið 2002. Miðað við að 17 starfsmenn tengist matvælaeftirliti nemur kostnaður við það eftirlit samtals 109 m.kr. á árinu 2002.

Tölur úr ársreikningum benda til þess að um 57% útgjalda á árinu 2001 eða 177 m.kr. hafi verið borin af tekjum af eftirlits- og leyfisgjöldum, 129 m.kr. af framlögum sveitarfélaga og 15 m.kr. af öðrum tekjum. Gjaldskrár vegna heilbrigðiseftirlits byggjast á þeirri forsendu að ekki skuli innheimta hærra gjald en sem nemur sannanlegum kostnaði við eftirlitið. Samkvæmt könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga sem helmingur heilbrigðisnefnda svaraði skiptast útgjöld nefndanna nokkurn veginn þannig að 50% eru vegna þjónustu við fyrirtækin og 50% vegna fólks á svæðinu. Framangreind áætlun um tekjur af eftirlits- og leyfisgjöldum er í ágætu samræmi við áætlun sérstaks vinnuhóps sérfræðinga ríkis og sveitarfélaga sem áætlar á grundvelli talna frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra að samtals verði innheimtar 171,2 m.kr. vegna heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna á árinu 2002. Samkvæmt áætlun vinnuhópsins falla 8.400 fyrirtæki undir eftirlit heilbrigðisnefnda og er meðalkostnaður á eftirlitsskyldan aðila samkvæmt því nálægt 20 þús. kr. á árinu 2002. Þar af er áætlað að 2.445 matvælafyrirtæki, sem eru 29% af fjölda, greiði 77,8 m.kr. vegna eftirlits á árinu 2002. Það eru 45% af áætluðum eftirlitstekjum vegna heilbrigðiseftirlits. Meðalgjald á matvælafyrirtæki er samkvæmt þessu 31,8 þús. kr.

Áðurnefndur vinnuhópur lagði mat á það hagræði sem núverandi samþætting eftirlits með matvælum, hollustuháttum og mengun hefur í för með sér. Byggt var á upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og þær framreiknaðar. Niðurstaða hópsins er sú að samþættingin spari 21,2 m.kr. útgjöld á árinu 2002 vegna matvælafyrirtækja sem eru 27% af áætluðum tekjum af eftirliti vegna þeirra. Verði matvælaeftirlit flutt til ríkisins mun eftirlitskostnaður aukast að öðru óbreyttu sem þessu nemur.

Samband íslenskra sveitarfélaga kallaði eftir sjálfstæðu mati þriggja heilbrigðisnefnda á áhrifum breytinganna og framreiknaði síðan fjárhæðir. Niðurstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga er sú að kostnaðarauki nemi 35–45 m.kr. vegna þess að starfsmönnum heilbrigðisnefnda muni ekki fækka í samræmi við minni verkefni, fastur kostnaður muni ekki breytast og að gjöld vegna eftirlits með matvælafyrirtækjum innheimtist mun betur en gjöld sem önnur fyrirtæki eru krafin um.

Ljóst er að aðgreining á matvælaeftirliti frá öðrum eftirlitsverkefnum heilbrigðisnefnda leiðir að öðru óbreyttu til aukins kostnaðar við eftirlit þegar á heildina er litið. Útgjaldaaukinn kæmi bæði fram hjá ríki og sveitarfélögum þar sem reiknað er með að starfskraftar og aðstaða heilbrigðisnefnda muni nýtast verr verði ekki gerðar sérstakar ráðstafanir til að endurskipuleggja eftirlitið. Gera verður ráð fyrir að við endurskipulagningu verði reynt að hagræða í rekstri til að nýta betur eftirlitsferðir, upplýsingar og fastan kostnað, svo sem af húsnæði og stoðþjónustu. Ekki eru forsendur til að meta hversu langan tíma það muni taka að laga reksturinn að breyttum aðstæðum og hversu miklum sparnaði er hægt að ná fram.

Venjan er sú að þegar verkefni færast milli ríkis og sveitarfélaga þá flytjist með allur búnaður og eignir sem hafa verið notaðar við úrlausn verkefnisins. Gera verður ráð fyrir að sami háttur verði hafður á verði af flutningi matvælaeftirlits frá heilbrigðisnefndum til ríkisins.

Jafnframt hefur sú venja skapast að bjóða starfsmönnum, sem annast hafa verkefni sem færast, að flytjast með verkefninu til nýs vinnuveitanda og að sá aðili sem leggur niður störf vegna slíkra breytinga greiði biðlaun ef starfsmenn eiga rétt á slíku. Ekki eru forsendur til að meta kostnað sem af þessu gæti leitt.

Samanlagt nemur áætlaður kostnaður við matvælaeftirlit á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 109 m.kr. árið 2002 eins og áður er komið fram. Áætlað er að tekjur af eftirliti með fyrirtækjum standi undir nálægt 78 m.kr. Þær 31 m.kr. sem á vantar verða fjármagnaðar með framlögum sveitarfélaga og öðrum tekjum. Áætlað er að við matvælaeftirlit starfi um það bil 14 heilbrigðisfulltrúar auk fólks á skrifstofu og við stjórnun, samtals um það bil 17 manns. Einhver hluti þeirra gæti átt rétt á biðlaunum, en ekki eru forsendur til að meta hugsanlegan kostað vegna þeirra. Heilbrigðisfulltrúar sem annast matvælaeftirlit sinna að hluta til einnig eftirliti með mengunarvörnum og hollustuháttum. Verði þetta fyrirkomulag lagt af er eins og áður hefur komið fram áætlað að kostnaður við opinbert eftirlit aukist ef ekkert verður gert til að hagræða í rekstri. Tveimur aðferðum hefur verið beitt til að áætla kostnað eins og áður er komið fram. Önnur bendir til 21 m.kr. kostnaðarauka á ári og að sveitarfélögin spari sér ef til vill 10 m.kr. útgjöld. Hin aðferðin bendir til 35–45 m.kr. árlegs kostnaðarauka vegna eftirlits.

1065. Nefndarálit [518. mál]

um frv. til l. um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneytinu, Pál Gunnar Pálsson og Elínu Jónsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Ólaf A. Sigurðsson frá Kauphöll Íslands hf., Sigfús Gauta Þórðarson frá Seðlabanka Íslands og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Umsagnir um málið bárust frá Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands hf., ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Alþýðusambandi Íslands og Samtökum banka- og verðbréfafyrirtækja.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Núgildandi lög um verðbréfasjóði frá 1993 taka aðeins til verðbréfasjóða eins og þeir eru nánar skilgreindir í lögunum. Ýmis önnur form sjóða sem veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar hafa fest sig í sessi á íslenskum fjármálamarkaði. Þessir sjóðir hafa ekki starfsleyfi stjórnvalda og lúta ekki opinberu eftirliti. Eitt meginmarkmið þessa frumvarps er að teygja lagarammann til þessara sjóða þannig að lögin nái til allra sjóða sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Önnur markmið frumvarpsins eru að auka samkeppnishæfni íslenskra sjóða með því að útvíkka fjárfestingarheimildir þeirra og bjóða upp á einfaldari og ódýrari rekstrarform, gera neytendavernd skilvirkari, jafna skattalega stöðu sjóða um sameiginlega fjárfestingu og að tryggja innleiðingu tveggja tilskipana um sameiginlega fjárfestingu í íslenskan rétt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að skilyrðið um að hlutur hljóði á nafn í 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. falli brott. Þetta er lagt til með hliðsjón af 5. mgr. 23. gr., sbr. 24. gr., en þar er gert ráð fyrir að möguleiki sé á að hlutdeildarskírteini séu ekki skráð á nafn.
2. Lagt er til að við 2. mgr. 25. gr. verði bætt tilvísun til 4. mgr. 23. gr. Óbreytt orðalag getur valdið vandkvæðum ef hlutdeildarskírteini eru gefin út sem rafbréf.
3. Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu á 2. mgr. 35. gr. Með breytingunni er það skýrt að ákvæðið á aðeins við um mótaðilaáhættu af samningnum, en ekki aðra þætti.
4. Lagt er til að við 54. gr. bætist nýr töluliður sem kveði á um að fjárfestingarsjóðum verði heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða án tillits til 3. tölul. 30. gr. Þó megi heildarfjárfesting fjárfestingarsjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs. Tilgangur þessa er að gera fjárfestingarsjóðum kleift að dreifa áhættu sinni með því að fjárfesta í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.
5. Lagt er til að hnykkt verði á neytendavernd í 62. gr. með því að kveða á um að hlutabréfasjóði sé skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðsins.

6. Til að eyða hugsanlegri óvissu um hvort reglur um flagganir, yfirtökutilboð og meðferð innherjaupplýsinga eigi við um hlutabréfasjóði er lagt til að í 63. gr. verði vísað til V.–IX. kafla laga um verðbréfaviðskipti.

Hjálmar Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Adolf H. Berndsen.	Ögmundur Jónasson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

1066. Breytingartillögur [518. mál]

við frv. til l. um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Í stað orðanna „að sjóði“ í 6. tölul. 2. gr. komi: í sjóði.
2. Orðin „og hljóði á nafn“ í 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. falli brott.
3. Við síðari málslið 2. mgr. 25. gr. bætist: sbr. þó 4. mgr. 23. gr.
4. Í stað orðanna „skal ekki koma“ í 26. gr. komi: kemur ekki.
5. Í stað orðanna „tap af samningnum getur numið meira en 5% af eignum sjóðsins“ í 1. málsl. 2. mgr. 35. gr. komi: mótaðilaáhætta af samningnum nemur meira en 5% af eignum sjóðsins.
6. Í stað orðanna „að fjárfestingarsjóði“ í 1. málsl. 1. mgr. 52. gr. komi: í fjárfestingarsjóði.
7. Við 54. gr. bætist nýr töluliður er verði 1. tölul. og orðist svo: Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða án tillits til 3. tölul. 30. gr. Þó má heildarfjárfesting fjárfestingarsjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.
8. Við 62. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Hlutabréfasjóði er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðsins.
9. Við 63. gr.
   a. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Ákvæði V.–IX. kafla laga um verðbréfaviðskipti gilda um hlutabréfasjóði.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Tilvísanir í lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfaviðskipti.*
10. 6. tölul. 1. mgr. 69. gr. orðist svo: markaðssetningu verðbréfasjóða hér á landi með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (1. mgr. 43. gr.).

11. Í stað orðanna „um sameiginlega fjárfestingu til almennings sem“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III komi: sem veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar og.

1067. Breytingartillaga [509. mál]

við frv. til l. um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

11. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 2003, enda hafi bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði í tengslum við hana áður verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu, þjóðaratkvæðagreiðslu, sem fer fram samhliða alþingiskosningum 10. maí 2003.

Dómsmálaráðherra setur, að höfðu samráði við allsherjarnefnd Alþingis, nánari reglur um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

1068. Fyrirspurn [655. mál]

til forsætisráðherra um útgáfu ritverksins Saga Íslands.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvað líður útgáfu ritverksins Saga Íslands sem samið er að tilhlutan þjóðhátíðarnefndar 1974?
2. Hver hefur framvinda verksins verið?
3. Hvenær er gert ráð fyrir að næsta bindi Sögu Íslands komi út og hver eru áætluð verklok útgáfunnar?
4. Hverjir sitja nú í ritstjórn verksins, hversu lengi hafa þeir setið þar og hvað hefur valdið þeirri töf sem orðið hefur á útgáfu Sögu Íslands?

Skriflegt svar óskast.

1069. Fyrirspurn [656. mál]

til menntamálaráðherra um meistaranám iðngreina.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur yfir eða stendur til að hefja endurskoðun á námskrá meistaranáms iðngreina til samræmis við það sem víðast gerist í Evrópu og á Norðurlöndunum, bæði hvað varðar lengd námsins og áherslu á rekstrarnám?

1070. Fyrirspurn [657. mál]

til viðskiptaráðherra um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvað þýðir það ákvæði sem vitnað er til í svari ráðherra á þskj. 1001 um starfslokasamning sem gerður var við annan forstjóra Byggðastofnunar, þ.e.: „Í starfslokasamningnum eru einnig ákvæði um ákveðna tilfærslu á lífeyrisréttindum. Um var að ræða að 40% af útreiknuðum eftirlaunaréttindum eftir 65 ára aldur færu í viðurkenndan séreignalífeyrissjóð“?
2. Hversu háar greiðslur er hér um að ræða?
3. Hverjar eru forsendurnar fyrir útreikningi á þessum greiðslum og hver voru verðmæti samningsbundinna eftirlauna forstjórans?
4. Voru þær greiddar út í peningum og hvenær eru þær til ráðstöfunar fyrir forstjórann fyrrverandi?
5. Í hvaða lífeyrissjóði er viðkomandi?
6. Samkvæmt hvaða lögum eru slíkar tilfærslur heimilar?
7. Eru fordæmi fyrir slíkum tilfærslum á lífeyrisréttindum og hver eru þau?
8. Hver var kostnaður ríkissjóðs við þetta ákvæði í starfslokasamningnum?
9. Hver var kostnaður ríkissjóðs af starfslokasamningnum í heild og á hvaða fjárlagalið er gert ráð fyrir þeim kostnaði?
10. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við þá starfslokasamninga sem gerðir hafa verið við forstjóra Byggðastofnunar sem getið er um í svari ráðherra á þskj. 1001?
11. Má gera ráð fyrir frekari útgjöldum ríkissjóðs vegna þessara starfslokasamninga?
12. Var ákvörðun um þessa starfslokasamninga tekin af stjórn Byggðastofnunar, í samráði við hana eða var hún alfarið á ábyrgð iðnaðar- og viðskiptaráðherra?

Skriflegt svar óskast.

1071. Fyrirspurn [658. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útflutning á óunnum fiski.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hve mikið var flutt út af óunnum fiski á síðasta fiskveiðiári og hvernig skiptist sá afli eftir fisktegundum og verstöðvum?
2. Hve mikið var flutt út af óunnum fiski frá 1. september sl. til 1. mars sl. og hvernig skiptist sá afli eftir fisktegundum og verstöðvum?

Skriflegt svar óskast.

1072. Frumvarp til laga [659. mál]

um þriðju kynslóð farsíma.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi.

Lög þessi taka til úthlutunar tíðna til starfrækslu farsímaneta á tíðnisviðunum 1900–1980 MHz, 2020–2025 MHz, 2110–2170 MHz og 2170–2200 MHz.

Í lögum þessum merkir þriðja kynslóð farsíma þráðlaust farsímakerfi samkvæmt IMT-2000 stöðlum Alþjóðafjarskiptasambandsins, þar með talið UMTS-stöðlum.

Í lögum þessum merkir UMTS-farsímanet þráðlaust farsímakerfi sem býður upp á breiðbands- og margmiðlunarþjónustu með meiri hraða en fyrsta og önnur kynslóð farsímaneta.

2. gr.

Úthlutun tíðna.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar tíðnum skv. 1. gr.

Úthlutun tíðna skal fara fram að undangengnu almennu útboði í samræmi við ákvæði 5. gr.

Heimilt er að áskilja að tíðnir skuli teknar í notkun innan hæfilegs tíma ella falli heimildin niður. Tíðniúthlutun skal bundin við nafn og er framsal óheimilt.

Gildistími tíðniúthlutunar er 15 ár.

3. gr.

Útbreiðsla.

Lágmarkskrafa til hvers rétthafa er að UMTS/IMT-2000 farsímanet nái til 60% íbúa eftirfarandi svæða:

a. höfuðborgarsvæðis,
b. Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra,
c. Norðurlands eystra og Austurlands,
d. Suðurlands og Suðurnesja.

Nánari ákvæði um áfanga og hraða uppbyggingar og kröfur um sendistyrk munu skilgreind við útboð á tíðnum.

4. gr.
Tíðnigjald.

Fyrir hverja tíðniúthlutun skv. 2. gr. skal greiða 190 millj. kr. tíðnigjald. Þar af skal rétthafi greiða 5 millj. kr. þegar tíðni hefur verið úthlutað, en eftirstöðvar tíðnigjalds greiðast ríkissjóði með fjórum jöfnum greiðslum frá því að tíðniúthlutun fer fram þar til tvö ár eru liðin frá úthlutun.

Fyrir uppbyggingu fjarskiptanets umfram lágmarkskröfu skv. 3. gr. skal veittur afsláttur af tíðnigjaldi. Afsláttur nemur 10 millj. kr. fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Tíðnigjald skal þó aldrei verða lægra en 40 millj. kr.

5. gr.
Útboð.

Póst- og fjarskiptastofnun skal með almennu útboði gefa þeim sem vilja fá úthlutað tíðnum skv. 2. gr. kost á að gera tilboð í tíðnir til reksturs UMTS/IMT-2000 farsímanets hér á landi. Með útboði verður allt að fjórum bjóðendum úthlutað tíðnum.

Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hvaða hlutar tíðnisviða sem tilgreind eru í 1. gr. fylgja hverri úthlutun fyrir sig.

Póst- og fjarskiptastofnun skal semja ítarlega útboðslýsingu þar sem skilmálar útboðsins eru settir fram á hlutlægan og skýran hátt, þar á meðal allir þættir sem lagðir verða til grundvallar við val á rétthöfum í samræmi við markmið laga þessara og jafnframt vægi einstakra atriða við mat á tilboðum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett lágmarksskilyrði varðandi fjárhagsstöðu og tæknilega getu sem fullnægja þarf til þess að eiga rétt á þátttöku í útboðinu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur hafnað tilboði ef það er ekki í samræmi við útboðslýsingu eða ef bjóðandi leggur ekki fram upplýsingar eða gögn sem Póst- og fjarskiptastofnun telur nauðsynleg til þess að leggja mat á tilboðið.

Meðal atriða sem koma skulu fram í tilboðum er ítarleg viðskiptaáætlun sem miðast við að bjóðandi byggi upp net sitt að fullu sjálfur, áætlun um útbreiðslu farsímanetsins og þjónustu bæði eftir mannfjölda og svæðum, áætlun um hraða við uppbyggingu nets og áætlun um frágang mannvirkja.

Hver bjóðandi má aðeins senda inn eitt tilboð. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að hafna tilboðum frá bjóðendum sem eiga ráðandi eignarhlut í öðrum bjóðendum.

Komi engin tilboð í tíðniúthlutun samkvæmt UMTS-staðli verður að hámarki þremur bjóðendum úthlutað tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma.

6. gr.
Lög um útboð.

Lög um framkvæmd útboða gilda um útboð Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

7. gr.

Ákvæði fjarskiptalaga og eftirlit.

Ákvæði fjarskiptalaga gilda um þriðju kynslóð farsíma eftir því sem við á.

Við úthlutun tíðna skal Póst- og fjarskiptastofnun setja skilyrði í samræmi við lög þessi, lög um fjarskipti og tilboð hvers rétthafa fyrir sig.

8. gr.

Reiki, samnýting o.fl.

Rétthafi samkvæmt lögum þessum á rétt á innlendum reikisamningum gagnvart fjarskiptafyrirtækjum sem reka GSM 900 og DCS 1800 farsímaþjónustu.

Um reiki milli IMT-2000 og UMTS neta fer samkvæmt ákvæðum fjarskiptalaga.

Rétthafar skulu byggja upp eigið fjarskiptanet þannig að útbreiðsla sé að lágmarki 30% innan hvers svæðis, sbr. 3. gr. laga þessara. Útbreiðslukröfur umfram það lágmark er heimilt að uppfylla með reiki.

Rétthafar skulu verða við öllum framkvæmanlegum beiðnum annarra rétthafa um aðgengi og afnot af grunnneti, möstrum, búnaði og aðstöðu vegna uppbyggingar netkerfa. Aðilar skulu gera með sér samkomulag um aðgang. Náist samkomulag ekki innan tveggja mánaða má krefjast úrskurðar Póst- og fjarskiptastofnunar.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 25. júlí 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Almennt.

Meginmarkmið stjórnvalda í fjarskipta- og upplýsingamálum er að Ísland verði í fremstu röð tæknivæddra ríkja með ódýra, góða og aðgengilega fjarskiptaþjónustu. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að stuðla að raunverulegri samkeppni og jafnframt að tryggja aðgang landsmanna að ákveðinni lágmarksþjónustu á sanngjörnum kjörum. Þetta markmið er haft að leiðarljósi við val aðferðar við úthlutun á tíðnum í fjarskiptaþjónustu. Við úthlutun takmarkaðs tíðnisviðs er mikilvægt að stýra aðgangi að tíðnirófinu eftir hlutlægum mælikvarða.

Til að ná þessu markmiði er í frumvarpi þessu lagt til að tíðnum verði úthlutað að loknu útboði þar sem bjóðendum gefst kostur á að skila inn tillögum m.a. varðandi útbreiðslu farsímanetsins og þjónustu, hraða við uppbyggingu nets og móttökustyrk sendinga. Þar sem tíðnirófið er takmörkuð auðlind er mikilvægt að beita hlutlægum mælikvarða þegar umsóknir eru metnar og að skilyrði sem fullnægja þarf verði ákveðin fyrir fram með skýrum hætti í útboðslýsingu.

Ýmis önnur rök hnigu að því að útboðsleiðin varð fyrir valinu og má þar nefna:

1. Mikil reynsla er af þessari aðferð hér á landi.
2. Með því að ákveða fyrir fram skilyrði og aðferðir við mat á tilboðum má tryggja hlutlægni við val á bjóðendum.
3. Það er ekki skilyrði fyrir árangri að bjóðendur séu fleiri en úthlutaðar tíðnir.
4. Með því að heimila reikisamninga er hagkvæmni aukin og unnt að komast hjá óarðbærum fjárfestingum þrátt fyrir mikla útbreiðslu.

II.
Þriðja kynslóð farsíma.

Á undanförnum árum hefur farsímanotendum í heiminum fjölgað gífurlega. Tvö farsímakerfi eru nú rekin sem veita talsímaþjónustu og í einhverjum mæli lághraðaþjónustu. Það eru annars vegar hliðræn kerfi (NMT) og hins vegar stafræn kerfi (GSM 900 og DCS 1800). Hliðræn kerfi eru skilgreind sem fyrsta kynslóð en stafræn kerfi sem önnur kynslóð.

Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið hefur kannað internetnotkun Íslendinga með reglulegu millibili. Í könnun sem kynnt var 11. maí 2001 kemur fram að 76,9% landsmanna hafa aðgang að tölvu með internettengingu og rúm 87% þeirra sem hafa nettengingu hafa tölvupóstfang. Rúmlega helmingur þeirra sem hafa aðgang að interneti, 57,5%, nota það fimm sinnum í viku eða oftar, þar af nota ríflega 49% netið oft á dag eða daglega. Aukin notkun hefur orðið á þann veg að nú segjast fleiri nota netið oft á dag en í september 2000. Þegar kemur að útbreiðslu ýmissa samskiptatækja kemur í ljós að mikill meiri hluti landsmanna nýtir sér GSM-síma eða ríflega átta af hverjum tíu. Notkun á fartölvum eykst frá ári til árs og sama gildir um lághraðagagnaflutningsþjónustu um farsíma. Þessar tölur eru meðal þess hæsta sem þekkist enda má segja að næstum því allir Íslendingar nýti sér farsíma og tölvutækni. Framtíðin mun því líklega ekki leiða til verulegrar fjölgunar notenda heldur mun notkunin breytast samfara þróun í fjarskiptaþjónustu.

Nýir tímar eru fram undan í fjarskipta- og upplýsingatækni. Notendur gera kröfu um fjölbreytta og ódýra þjónustu sem unnt er að veita óháð tíma og rúmi, þráðlausa háhraðaþjónustu.

Með nýrri kynslóð farsíma, þriðju kynslóðinni, er aukin áhersla lögð á gagnaflutning og nýjar leiðir opnast fyrir samskipti með háum bitahraða. Þriðja kynslóð farsíma er ekki bundin ákveðinni tækni, en Evrópusambandið og aðildarríki þess hafa ákveðið að nota UMTS-farsímakerfið (Universal Mobile Telecommunications System).

Til þess að teljast UMTS þarf farsímakerfi að geta veitt margvíslega þjónustu. Auk hefðbundinnar grunnþjónustu eins og hágæðatalsíma, faxsendinga, myndsíma og gagnaflutnings með miklum hraða þarf UMTS að geta:

1. ráðið við margmiðlun, þjónustu í mismunandi umhverfi umfram það sem önnur kynslóð farsímakerfa eins og GSM er fær um, hvort sem hún er veitt í tækjum sem hreyfast hægt eða hratt,
2. veitt virkan aðgang að internetinu, staðarnetum og annarri IP-staðlaðri þjónustu,
3. ráðið við þjónustu í mismunandi UMTS-umhverfi.

Notendabúnaður fyrir þriðju kynslóð farsíma er kominn á markað. Hann er fullkomnari en núverandi GSM-búnaður og er lögð áhersla á stóran skjá vegna aukins gagnaflutnings. Líkt og gilti fyrir GSM-farsíma munu evrópskir staðlar liggja til grundvallar framleiðslu þriðju kynslóðar farsímanna og þeir verða því notaðir í öllum löndum sem byggja upp UMTS-farsímakerfi en jafnframt má búast við að farsímar verði framleiddir sem nota má í öllum IMT-2000 farsímakerfum.

Taflan hér á eftir sýnir muninn á 1., 2., 2,5. og 3. kynslóð farsíma.

Kynslóð	Eiginleikar
1	NMT-langdræga farsímakerfið, ca. 10 Kb/s hliðrænt.
2	GSM, DCS 1800 9,6 Kb/s stafrænt.
2,5	GPRS, EDGE á GSM-kerfum 12-384 Kb/s stafrænt.
3	IMT-2000, UMTS 64 Kb/s-2Mb/s stafrænt.

Í Evrópu verða þriðju kynslóðar kerfi almennt sett upp í tengslum við annarrar kynslóðar kerfi. Ef þriðju kynslóðar rétthafi hefur ekki annarrar kynslóðar kerfi er æskilegt að hafa reikisamning við fyrirtæki á því svæði sem hann ætlar að starfa á. Samspil þriðju kynslóðar við fyrirliggjandi farsímakerfi er mikilvægt vegna þess að með því að flytja umferð sem ekki þarf mikla bandbreidd yfir í fyrirliggjandi kerfi er hægt að létta á þriðju kynslóðar kerfinu og auka þannig afkastagetu þess fyrir umferð sem þarf mikla bandbreidd. Þriðju kynslóðar kerfi verða helst sett upp á þéttbýlisstöðum þar sem mikilla gagnaflutninga og samtímanotkunar er að vænta. Þörf er á reikisamningum á svæðum sem UMTS nær ekki til svo að búnaðurinn nýtist sem GSM-sími þar sem önnur þjónusta er ekki í boði. Í þessu sambandi er þó rétt að nefna að Alþjóðafjarskiptasambandið samþykkti nýjan staðal um hágæðatalfjarskipti 31. janúar 2002. Hinn nýi staðall, tilmæli G.722.2, mun auka mjög samhæfni fjarskiptabúnaðar hvort heldur sem um er að ræða GSM, ISDN, talsímaþjónustu í fastanetinu eða gagnaflutninga á IP-umferðarstjórnunarkerfum. Staðallinn mun því færa öll fjarskipti nær þeirri tækni sem internetið byggist á.

Áætlað er að verð búnaðar fyrir þriðju kynslóðar kerfi muni falla hratt á næstu árum. Búnaðurinn er ekki kominn í almenna framleiðslu og er líklegt að eftirspurn fari fram úr framboði næstu árin. Af þeim sökum hefur uppbygging kerfa tafist.

III.
Staðan í aðildarríkjum EES.

Samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 128/1999/EB um samræmda innleiðingu þriðju kynslóðar farsímakerfa innan bandalagsins og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/1999 frá 24. september 1999 hvílir sú skylda á íslenskum stjórnvöldum að innleiða löggjöf um þriðju kynslóð farsíma. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ítrekað við íslensk stjórnvöld að hraða lögfestingu ákvæða um úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Í júnímánuði 2002 gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út stöðuskýrslu um þriðju kynslóð farsíma í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í skýrslunni kemur fram að framkvæmdastjórnin bindur miklar vonir við þriðju kynslóð farsíma við þróun upplýsingasamfélagsins og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Þrátt fyrir þá óvissu sem ríkir nú um markaði fyrir þriðju kynslóðina er vonast til þess að tilkoma þeirrar tækni muni skapa grunninn að þráðlausum breiðbandstengingum sem veita notendum fjölbreytta þráðlausa þjónustu. Í öllum 15 aðildarríkjum ESB hefur tíðnum verið úthlutað.

Skilyrði fyrir tíðniúthlutun eru breytileg, eins og tafla á fylgiskjali nr. 1 ber með sér, og mismunandi aðferðum hefur verið beitt, uppboði, útboði eða þriðju leiðinni. Fjöldi tíðniúthlutana í aðildarríkjum eru fjórar til sex og tíðnigjöld frá 0–53.000 kr. á hvern íbúa. Heildarfjárhæðin sem greidd hefur verið fyrir tíðnir í þessum 15 ríkjum er rúmlega 10.000 milljarðar króna og má búast við svipuðum kostnaði vegna fjárfestinga. Til að fjármagna þennan kostnað hafa fjarskiptafyrirtæki leitað til fjármagnsmarkaðarins sem hefur skert lánstraust þeirra. Gildistími tíðniúthlutana, útbreiðslukröfur og heimild til reikisamninga er breytilegt frá einu landi til annars.

Velgengni þriðju kynslóðarinnar er undir því komin hvernig markaðurinn sjálfur bregst við. Kerfið er mjög lítið komið í notkun og lítið er vitað um væntanlega þjónustu. Tíminn mun leiða þetta í ljós. Innleiðing UMTS-kerfa í Evrópu hefur gengið hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir, en tilraunakerfi hafa verið sett upp á nokkrum afmörkuðum svæðum. Breska farsímafyrirtækið Hutchison hyggst taka þriðju kynslóðar tækni í notkun í mars á þessu ári. Japönsk farsímafyrirtæki hófu starfrækslu um mitt ár 2001 og hafa átt við nokkra byrjunarörðugleika að etja.

IV.
Lög og reglur.

1. Fjarskiptalög.

Frumvarp til laga um fjarskipti hefur verið lagt fram á Alþingi sem mun leysa gildandi fjarskiptalög af hólmi verði þau samþykkt sem lög frá Alþingi. Í því frumvarpi er að finna almennar reglur um úthlutun tíðniréttinda til fjarskiptafyrirtækja, þ.m.t. fyrir farsímaþjónustu. Reglur þessar gilda eftir því sem við á einnig um tíðniúthlutanir fyrir farsíma af þriðju kynslóð. Samt sem áður er þörf á að setja sérstök lög um úthlutun þessara tíðniréttinda, til nánari útfærslu á ýmsum atriðum og til að tryggja heimildir til að leggja viðeigandi skyldur á rétthafa, m.a. varðandi útbreiðslu þjónustunnar og til innheimtu sérstaks gjalds fyrir afnotaréttinn. Þá þykir einnig rétt að tryggja hér enn frekar en gert er í fjarskiptalögum að við val á rétthöfum verði í sem minnstum mæli byggt á huglægum ákvörðunum yfirvalda.

Í III. kafla frumvarps til fjarskiptalaga er fjallað um heimildir til fjarskiptastarfsemi. Ákvæði þessa kafla eru byggð á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (heimildatilskipun). Með þessari nýju tilskipun er afnumin með öllu sú regla að fjarskiptafyrirtæki þurfi að sækja um rekstrarleyfi. Framvegis dugir einföld skráning til þess að mega bjóða fjarskiptaþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki skulu haga starfsemi sinni í samræmi við almenn skilyrði sem Póst- og fjarskiptastofnun setur. Ef fjarskiptafyrirtæki þurfa á tíðnum eða númerum að halda sækja þau um slík réttindi til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við ákvæði IV. kafla frumvarps til fjarskiptalaga. Stofnunin úthlutar tíðnum og setur sérstök skilyrði, í hverju tilfelli fyrir sig, varðandi afnot af þeim. Skilyrði sem setja má eru talin í 10. gr. frumvarpsins. Samkvæmt heimildatilskipuninni er einungis heimilt að takmarka fjölda tíðniréttinda fyrir hverja tegund þjónustu eða fjarskiptaneta að því leyti sem nauðsynlegt er til að tryggja hagkvæma nýtingu. Við ákvörðun um takmörkun á fjölda rétthafa skal leggja áherslu á hagsmuni notenda og örvun virkrar samkeppni. Tíðnisvið sem ætlað hefur verið til notkunar fyrir þriðju kynslóð farsíma er takmarkað og því er heimilt og í raun nauðsynlegt að takmarka fjölda rétthafa.

Á grundvelli ákvæða fjarskiptalaga hefur Póst- og fjarskiptastofnun efnt til útboða við úthlutun leyfa til reksturs TETRA, DCS 1800, GSM 900 fjarskiptakerfa og notendakerfa á örbylgjusviði (FWA). Auglýst hefur verið eftir umsóknum og birt hafa verið fyrir fram þau atriði sem ráða vali á milli bjóðenda, svo sem fyrirhuguð útbreiðsla þjónustunnar, hraði uppbyggingar, gæði, reynsla af fjarskiptarekstri og fleira. Varðandi þriðju kynslóð farsíma er talin þörf á að setja sérreglur um framkvæmd útboðs. Til þess að tryggja almennt aðgengi landsmanna að þessari mikilvægu þjónustu verður að setja ákveðin skilyrði um lágmarksútbreiðslu og jafnframt að setja skilmála sem hvetja fyrirtæki til þess að þjóna sem stærstum hluta landsins umfram það lágmark sem sett er.

Í 7. gr. frumvarps þessa segir að ákvæði fjarskiptalaga skuli gilda um þriðju kynslóð farsíma, eftir því sem við á. Því gilda ákvæði laganna um afturköllun og endurúthlutun tíðna

og viðurlög vegna vanefnda og enn fremur ákvæði um aðgang að netum og þjónustu, um samtengingu og ákvæði um aðgang að aðstöðu í umráðum fjarskiptafyrirtækja. Ákvæði fjarskiptalaga munu því gilda um starfsemi þriðju kynslóðar farsímafyrirtækja jafnt og aðra farsímarekendur að því leyti sem ekki er annað tekið fram í frumvarpi þessu. Fyrirtækin munu og lúta eftirliti í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun. Nauðsynlegt þykir þó að setja sérstakar reglur um réttindi og skyldur í ákveðnum tilvikum, svo sem varðandi innlenda reikisamninga. Þegar ráðist verður í uppbyggingu þriðju kynslóðar farsímaneta er aðstaðan sú að allir hefja uppbyggingu á sama tíma en núgildandi reglur um reikisamninga taka mið af því að við uppbyggingu annarrar kynslóðar farsímaneta voru einkaleyfishafar búnir að byggja upp kerfi sín áður en nýjum aðilum var hleypt inn á markaðinn. Því þarf að sníða reglur um reiki þriðju kynslóðar farsíma að nýjum aðstæðum og leitast við að tryggja skynsamlega uppbyggingu farsímanetanna. T.d. verður kveðið á um reiki úr einni tegund farsímaneta í aðra. Þannig geta notendur þriðju kynslóðar farsíma reikað inn á GSM-net.

Við fyrri leyfisveitingar hefur reynt á ákvæði um afturköllun og endurúthlutun tíðniheimilda. Þegar þriðji rekstrarleyfishafinn í GSM 900 þjónustu fékk rekstrarleyfi var þeim tveimur sem fyrir voru gert að skila hluta tíðni sem talið var að þeir hefðu ekki full not fyrir. Hugsanlegt er að á síðari stigum uppbyggingar þriðju kynslóðar farsímaneta og farsímaþjónustu muni enn á ný reyna á þessi ákvæði. Hitt er einnig mjög líklegt að vegna eðliseiginleika þráðlausra fjarskipta á svo háu tíðnibandi þurfi netuppbygging að vera mjög þétt. Þar af leiðandi er líklegt að reyna muni í auknum mæli á samstarf rétthafa við uppbyggingu neta og reglur fjarskiptalaga um aðgang að netum og aðstöðu fjarskiptafyrirtækja.

2. EES-samningurinn.

Þegar kemur að því að úthluta tíðnum til reksturs þriðju kynslóðar farsíma þarf ekki aðeins að taka mið af ákvæðum fjarskiptalaga heldur þarf einnig að líta til skuldbindinga Íslands vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þær réttarheimildir sem skipta mestu í því sambandi eru, annars vegar fyrrnefnd heimildatilskipun nr. 2002/20/EB og hins vegar ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 128/1999/EB um samræmda innleiðingu þriðju kynslóðar farsímakerfa innan bandalagsins.

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmda innleiðingu þriðju kynslóðar farsímakerfa (UMTS-ákvörðunin) er nú orðinn hluti EES-réttar með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/1999 frá 24. september 1999. Ákvörðuninni er ætlað að auðvelda hraða og samhæfða innleiðingu UMTS-farsímaneta og -þjónustu innan bandalagsins á viðskiptaforsendum í samræmi við fjórfrelsisákvæði EES. Aðildarríki áttu að gera ráðstafanir sem tryggja samhæft og framsækið framboð UMTS-þjónustu á þeirra yfirráðasvæði eigi síðar en 1. janúar 2002. Reglur um úthlutunaraðferðir hvers ríkis áttu að liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2000. Í raun hafa mörg aðildarríki farið fram yfir tímafresti til að innleiða úthlutunarreglur enda var nauðsynlegur tækjabúnaður ekki tilbúinn fyrir 1. janúar 2002 þegar áætlað var að þjónustan færi af stað. Eins og áður er rakið hvílir sú skylda á íslenska ríkinu samkvæmt EES-samningnum að innleiða reglur um úthlutun réttinda fyrir þriðju kynslóð farsíma enda mikilvægt að lagaumhverfi sé tilbúið þegar markaðurinn kallar á úthlutun.

UMTS-ákvörðunin kveður á um að úthluta skuli tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma í samræmi við ákvarðanir Samtaka póst- og fjarskiptastjórna Evrópu, CEPT, og að notaðir verði staðlar frá Staðlastofnun Evrópu, ETSI. Ákvörðunin mælir fyrir um að ríki skuli stuðla að því að leyfishafar semji um reiki við leyfishafa í öðrum aðildarríkjum til að stuðla að samfelldri þjónustu á efnahagssvæðinu auk þess sem þeim er heimilað að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja útbreiðslu þjónustunnar á strjálbýlum landsvæðum.

Heimildatilskipunin nr. 2002/20/EB mun gilda á EES-svæðinu frá 25. júlí 2003. Hin nýja tilskipun mun auðvelda aðgengi fyrirtækja að fjarskiptamörkuðum. Eins og áður segir þarf ekki frá og með gildistöku tilskipunarinnar að sækja um sérstakt rekstrarleyfi til þess að veita fjarskiptaþjónustu heldur nægir að tilkynna stjórnvöldum um fyrirhugaða starfsemi. Tíðnum fyrir farsímaþjónustu verður þó áfram úthlutað með sérstökum ákvörðunum. Áfram verður heimilt að taka gjald fyrir úthlutun tíðnisviðs og úthlutunum munu áfram fylgja sérstök skilyrði sett af eftirlitsstofnun.

Þó að réttarheimildir EES hafi frá 1997 sett leyfisveitingum ákveðinn ramma hefur fyrirkomulag á Evrópska efnahagssvæðinu verið nokkuð breytilegt milli landa. Þetta á sérstaklega við í þeim tilvikum þar sem nauðsynlegt er að takmarka fjölda rétthafa. Mörg ríki nota samanburð umsókna til þess að ákveða úthlutun rekstrarleyfa á takmörkuðu tíðnisviði en önnur hafa farið uppboðsleiðina og úthlutað leyfum til hæstbjóðenda. Báðar leiðir rúmast í raun innan rammans. Meginreglur um hlutlæga, gagnsæja úthlutunaraðferð sem hámarki not tíðnisviðsins gera ekki formlegan mun á aðferðum svo lengi sem framangreind markmið nást.

Meginregla heimildatilskipunarinnar nr. 2002/20/EB varðandi gjöld sem innheimt eru af fjarskiptafyrirtækjum er sú að gjöldin eigi aðeins að standa straum af nauðsynlegum stjórnsýslukostnaði sem tengist almennum heimildum og sérstökum réttindum fjarskiptafyrirtækja. Undantekning er heimiluð þegar um er að ræða takmarkaðar auðlindir og er þá heimilt að taka sérstakt gjald fyrir afnot af tíðnum. Við gjaldtöku skal gæta jafnræðis milli rétthafa og taka tillit til sjónarmiða varðandi samkeppni og þróun þjónustu. Í frumvarpi þessu felst að bjóðendur muni, auk þess að greiða gjald í upphafi, keppa um útbreiðslu þjónustunnar sem felur í sér eitt form endurgjalds fyrir tíðni.

3. Alþjóðlegt samstarf.

a. Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).

Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur um árabil unnið að undirbúningi fyrir þriðju kynslóð farsíma. Sambandið hefur bæði unnið að samræmingu staðla og tíðnimála. ITU stendur reglulega fyrir alheimstíðniráðstefnum þar sem teknar eru ákvarðanir um tíðninotkun á heimsvísu. Alheimstíðniráðstefnan sem haldin var árið 1992, WARC '92, setti til hliðar ákveðin tíðnisvið fyrir framtíðarnot í alheimsfjarskiptakerfi fyrir landfarþjónustu sem undanfarin ár hefur gengið undir heitinu IMT-2000. Á WARC '92 voru valin tíðnisviðin 1885–2025 MHz og 2110–2200 MHz (þessi tíðnisvið verður að hluta til að nota hvort í sína áttina í samskiptum) fyrir IMT-2000. Til samanburðar skal þess getið að í GSM 900 farsímakerfinu eru notuð tíðnisviðin 890–915 MHz/935–960 MHz og í DCS 1800 (einnig nefnt GSM 1800) tíðnisviðin 1725–1800/1805–1880 MHz. Tíðnisviðin sem valin voru fyrir IMT-2000 eru í mörgum löndum í annarri notkun, t.d. fyrir örbylgjuleiðir eða hernaðarfjarskipti og gera verður ráðstafanir til þess að flytja slíka notkun yfir í önnur tíðnisvið. Út af þessu geta orðið hagsmunaárekstrar og er t.d. ljóst að ekki verður auðvelt að losa IMT-2000 tíðnisviðin í Bandaríkjunum þrátt fyrir vaxandi áhuga þar í landi á þriðju kynslóðar farsímum.

Á þeim tíðnisviðum, sem verða tekin frá fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi eru nokkur fastaörbylgjusambönd í notkun. Í gildi eru um 20 leyfi í tíðnisviðinu 1900–1980 MHz og rúmlega 30 í sviðinu 2110–2170 MHz auk 3 leyfa í sviðinu 2010–2025 MHz. Póst- og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt leyfishöfum að þeir megi vænta þess að þurfa að flytja þessi sambönd yfir í önnur tíðnisvið. Á alheimstíðniráðstefnunni 2000 var ákveðið að taka frá eftirfarandi viðbótartíðnisvið fyrir þriðju kynslóð farsíma: 806–960 MHz, 1710–1885 MHz

og 2500–2690 MHz. Þessi tíðnisvið eru í annarri notkun í dag og því er það langtímamarkmið að nota þau fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Upphaflegt markmið ITU var að koma á alþjóðlegum staðli fyrir þriðju kynslóð farsíma. Samstaða hefur hins vegar ekki myndast um einn staðal og verða því drög ITU að staðli fyrir þriðju kynslóð farsíma IMT-2000 yfirheiti sem rúmar fjölskyldu mismunandi þriðju kynslóðar staðla í stað þess að verða alheimsstaðall.

Innan IMT-2000 rúmast nokkur kerfisafbrigði:

IMT-DS sem byggist á W-CDMA mótunaraðferð og staðlinum UTRA FDD.

IMT-MC sem byggist á CDMA2000 mótunaraðferð.

IMT-TC sem nýtir TD-SCDMA og byggist á staðlinum UTRA TDD.

IMT-SC sem einnig nefnist UWC-136.

IMT-FT, einnig þekkt undir heitinu DECT (Digital European Cordless Telephone).

Hugtakið UMTS (Universal Mobile Telecommunications System) nær yfir IMT-DS og IMT-TC og er fyrri aðferðin notuð þegar flutningsgeta þarf að vera jafnmikil í báðar áttir en hin seinni þegar hún er misjöfn. UTRA stendur fyrir UMTS Terrestrial Radio Access og er heiti staðla sem skilgreina þráðlausan aðgang að farsímakerfinu.

b. Staðlastofnun Evrópu (ETSI).

Staðlar fyrir GSM 900 og DCS 1800 hafa verið gerðir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, ETSI, í samvinnu við samtök framleiðenda farsíma og rekstraraðila neta. ETSI hefur einnig unnið að gerð staðla fyrir UMTS-farsíma. Hörð keppni hefur verið milli framleiðenda fjarskiptabúnaðar um að fá tillögur sínar um tæknilega útfærslu samþykktar. Náðst hefur málamiðlun um tæknina sem á að vera grundvöllur UMTS. Enda þótt flestir hafi gert ráð fyrir að UMTS yrði sá staðall sem mundi verða notaður í Evrópu og í mörgum löndum utan Evrópu, hefur verið vakin athygli á því að samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, um fjarskipti felur í sér að óheimilt er að áskilja við útboð að einungis megi nota einn staðal. Þannig megi ekki útiloka notkun annarra IMT-2000 staðla.

V.
Útboð – uppboð.

Við úthlutun réttinda til að reka þriðju kynslóðar farsímakerfi í öðrum löndum hefur einkum verið beitt tveimur aðferðum, þ.e. útboðsaðferð eða uppboði. Báðum aðferðum fylgja kostir og gallar. Helstu útboðsaðferðirnar og þær sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 65/1993, um framkvæmd útboða, eru annars vegar almennt útboð og hins vegar lokað útboð að undangengnu forvali. Það sem aðgreinir þessar útboðsaðferðir eru fyrst og fremst möguleikar bjóðenda til þátttöku.

Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð er kallað almennt útboð. Þessi aðferð er algengust útboðsaðferða. Öllum er heimil þátttaka og getur verkkaupi tekið hvaða tilboði sem er eða hafnað þeim öllum. Opinberir aðilar hafa þó ekki frjálsar hendur við val á tilboði og ber þeim að taka hagkvæmasta tilboði samkvæmt útboðsreglum.

Í lokuðu útboði er tilteknum völdum aðilum gefinn kostur á þátttöku og er þessi háttur hafður á þegar mikil vinna og kostnaður felst í gerð tilboða eða tilboð eru tæknilega erfið og flókin. Þátttakendur í lokuðu útboði eru valdir í forvali, sem sérstaklega er auglýst. Í forvalsgögnum kemur fram hvaða skilyrði væntanlegir bjóðendur þurfa að uppfylla og hvaða þættir ráða vali á þátttakendum. Þeir sem valdir eru til þátttöku í útboðinu fá síðan útboðsgögn. Lög

og reglur um opinber innkaup gera þá kröfu að nota skuli forval við val þátttakenda í lokuðu útboði.

Við útboð stendur valið á milli almenns útboðs og lokaðs útboðs með forvali. Til að útboð skili tilætluðum árangri þarf að tryggja að samkeppni ríki meðal bjóðenda og að þeir hafi hvatningu til að skila inn sínu besta tilboði. Óvissa ríkir um fjölda áhugasamra bjóðenda og vera kann að þeir séu færri en fjöldi farsímaleyfanna og gæti slíkt haft veruleg áhrif á gæði tilboða þar sem engin þörf væri á að yfirbjóða aðra bjóðendur. Þar af leiðandi er opið útboð æskilegra en lokað útboð til að tryggja að bjóðendur viti ekki hverjir af öðrum og skapa þá samkeppni sem nauðsynleg er til að tryggja hámarksárangur útboðsins.

Ýmsar þjóðir hafa valið þá leið að hafa uppboð á farsímaleyfum. Í uppboði er keppt um verð eingöngu. Bjóðendur sem teljast hæfir skila inn tilboðum samtímis í nokkrum umferðum.

Að framansögðu er almennt útboð talin heppilegasta aðferðin til að ná fram yfirlýstum markmiðum um hámarksútbreiðslu hagkvæmrar farsímaþjónustu. Það er sú leið sem farin er í þessu frumvarpi. Í útboðslýsingunni verða settar fram nákvæmar kröfur um hæfi bjóðenda, þ.e. bæði fjárhagslegar og tæknilegar, kröfur um tíðnigjald, útbreiðslu og útbreiðsluhraða og fleira sem tryggir góða þjónustu við notendur um allt land. Enn fremur mun koma skýrt fram í útboðsgögnum hvaða forsendur liggja til grundvallar við mat á tilboðum.

VI.
Úrvinnsla tilboða.

Í frumvarpinu er lagt til að allt að fjórum bjóðendum verði úthlutað tíðnum að undangengnu útboði. Með því að velja útboðsleiðina og hafa öll skilyrði og matsaðferð opinbera fyrir fram er leitast við að tryggja hlutlæga úthlutun tíðnanna.

Við úthlutun tíðna til reksturs þriðju kynslóðar farsíma verður beitt málsmeðferð sem hefst frá sjónarhóli bjóðenda á því að útboð verður auglýst. Í útboðslýsingu verða gerðar nákvæmar kröfur til þess hvaða upplýsingar eiga að koma fram í tilboði. Tilboð í tíðnir verða metin eftir þeirri aðferðafræði sem fram kemur í frumvarpi þessu og útboðslýsingu.

Til að auka hlutlægni við mat umsækjenda verður úrvinnslu á umsóknum skipt í tvennt. Fyrst fer fram könnun þar sem metið er hvort bjóðandi hafi fjárhagslega og tæknilega burði til að framkvæma þau áform sem lagt er upp með í umsókninni án þess að gert verði upp á milli umsækjenda á einhvern hátt. Þegar þessum þætti er lokið og bjóðendum hefur verið kynnt hvort þeir uppfylli lágmarkskröfur útboðsins fer fram mat á útbreiðslu og hraða uppbyggingar í tilboðum.

Verði bjóðendur fjórir eða færri mun þeim verða úthlutað tíðnum ef þeir uppfylla lágmarkskröfur útboðslýsingar. Verði bjóðendur fleiri en fjórir fer fram mat þar sem þeir sem bjóða mesta uppbyggingu á sem stystum tíma fá tíðnir. Við mat á tilboðum skal einkum taka mið af eftirgreindum atriðum:

Útbreiðslu UMTS-þjónustu til landsmanna með eigin fjarskiptaneti sem byggist á UMTS/IMT-2000 staðlinum. Mat á útbreiðslunni skal taka mið af dreifingu íbúa á landi. Hvenær áskrifendur umsækjanda muni njóta aðgangs að UMTS-neti hans.

Við mat á tilboðum verða veitt stig fyrir áætlaða útbreiðslu og útbreiðsluhraða eftir ákveðnum reglum og er miðað við að bjóðendur geti reiknað út stig sín áður en tilboðum er skilað inn. Matið gengur út frá þremur mismunandi tímapunktum miðað við áfangaskiptingu sem tilgreind verður í útboðslýsingu.

Mat á útbreiðslu til lands og íbúa er sambærilegt á öllum tímapunktum. Veitt eru stig í hverjum áfanga fyrir uppbyggingu. Þeim sem fá flest stig verður úthlutað tíðnum. Stigagjöfin mun byggjast á upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Útbreiðsla.

Langdrægi UMTS-þjónustu frá sendi er minna en þekkist í eldri farsímakerfum. Þá minnkar bandvídd þjónustunnar almennt eftir því sem fjær sendi dregur auk þess sem mjög dregur úr sendistyrk. Af þessari ástæðu verður gerð lágmarkskrafa um að sendistyrkur frá sendi utan húss sé í 1,7 metra hæð a.m.k. 58 dB:V/m/5MHz til að svæði teljist njóta UMTS-þjónustu.

Rétthöfum verður heimilt að hafa samstarf um það hvernig þeir uppfylli útbreiðslukröfur samkvæmt tilboðum sínum, þannig að ekki þurfi að byggja upp samhliða fjarskiptanet þar sem markaðsaðstæður standa ekki undir slíkri uppbyggingu. Rétthafar verða skuldbundnir til að byggja sjálfir upp dreifikerfi samkvæmt lágmarkskröfum ef þeir ná ekki samningum um reiki og munu þeir skuldbinda sig til þess við gerð tilboðs.

Stefnt er að því að byggt sé upp öflugt fjarskiptakerfi um allt land. Til að stuðla að víðtækri útbreiðslu þriðju kynslóðar farsímaþjónustu er lagt til að gerð verði lágmarkskrafa um útbreiðslu á tilgreindum svæðum. Skipting í svæði miðar að því að ná sambærilegri útbreiðslu á farsímaþjónustunni um allt land.

Eftir því sem auknar kröfur eru gerðar um útbreiðslu á strjálbýlum svæðum hækkar kostnaður á hvern notanda þar sem færri notendur verða um hvern sendi. Gera má ráð fyrir að markaðurinn kalli á útbreiðslu á þéttbýlisstöðum með fleiri en 2.000 íbúa sem samsvarar almennt 40–60% útbreiðslu í landshlutum. Við 10% aukningu á útbreiðslukröfum umfram þetta eykst kostnaður við uppbyggingu UMTS-þjónustu um 150–200 millj. kr. og er þá miðað við að aðeins einn rétthafi annist uppbyggingu þjónustunnar, þ.e. 100% reiki. Ef gerðar eru meiri kröfur en um 70% útbreiðslu í landshlutum eykst kostnaður enn meira þar sem þá þarf að byggja upp þjónustu að hluta í strjálbýli.

Mynd nr. 1. Kostnaður við kerfisuppbyggingu UMTS-þjónustu á íbúa.



Lagt er til að lágmarkskrafa um útbreiðslu verði 60% á hverju svæði. Ef gerðar eru enn meiri kröfur til útbreiðslu verður lítið svigrúm fyrir bjóðendur að veita viðbótarþjónustu umfram lágmarkskröfur og verður þá erfitt að gera upp á milli bjóðenda.

Miðað við framangreindar kröfur um útbreiðslu má áætla að heildarkostnaður við uppbyggingu þriðju kynslóðar farsímakerfis verði á bilinu 10–15 milljarðar króna. Í frumvarpinu eru rétthöfum veittar víðtækar heimildir til að gera reikisamninga. Með reikisamningum geta rétthafar því lækkað kostnað við uppbyggingu umtalsvert. Ef gert er ráð fyrir því að fjórum bjóðendum verði úthlutað tíðnum og þeir fullnýti heimildir til að gera reikisamninga gæti áætlaður kostnaður við uppbyggingu kerfis fyrir hvern og einn því numið um 2,5–3,7 milljörðum króna. Ef miðað er við að heildarkostnaður við uppbyggingu sé 13 milljarðar króna samsvarar það um 45 þús. kr. á íbúa sem er sambærilegur kostnaður og við uppbyggingu kerfa í Mið-Evrópu, en talsvert lægri en kostnaður á Norðurlöndum þar sem útbreiðsla þjónustunnar mun verða mjög víðtæk og/eða litlir möguleikar á reiki sem eykur kostnað við kerfisuppbyggingu umtalsvert.

VII.
Mat á efnahagslegum áhrifum laganna.

Eins og áður hefur komið fram mun allt að fjórum bjóðendum verða úthlutað tíðnum til reksturs þriðju kynslóðar farsímaneta að undangengnu almennu útboði. Gildistími tíðniúthlutunar verður 15 ár og er tíðnigjald ákveðið 190 millj. kr. Tíðnigjaldið mun þannig skila umtalsverðum tekjum í ríkissjóð, sem líta má á sem gjald fyrir afnot af þeim takmörkuðu gæðum sem til úthlutunar eru. Gjaldið er þó mun lægra en þekkist víðast annars staðar eins og sýnt er á mynd nr. 2. Rétt er þó að hafa í huga í þessu samhengi að það er ekki útboðið sem slíkt sem mun skila tekjum og að þau tíðnisvið, sem eru til úthlutunar samkvæmt lögum þessum, eru í raun ekki verðmæti í sjálfu sér. Þau verða hins vegar verðmæt á grundvelli viðskipta- og markaðssjónarmiða þar sem þau eru takmörkuð, en gera má ráð fyrir að eftirspurn eftir tíðnum til reksturs fjarskiptaþjónustu verði meiri en framboð þeirra. Þetta er háð ýmsum atriðum, fyrst og fremst tíðnigjaldinu og útbreiðslukröfu. Verðmæti þeirra tíðnisviða sem eru til úthlutunar eru síðan endanlega leyst úr læðingi í skjóli þeirrar aðferðar sem yfirvöld ákveða að viðhafa við úthlutun þeirra. Þar sem aðstæður eru ólíkar hér á landi og í öðrum ríkjum innan EES-svæðisins, m.a. þar sem markaður hér er minni og landfræðilegar aðstæður um margt ólíkar, ber að fara varlega í allan samanburð á þeim tekjum sem tíðnigjald skilar í ríkissjóð. Á endanum greiða neytendur fyrir tíðnigjaldið. Þannig má telja öruggt að þar sem tíðnigjald verður mjög hátt munu gjöld fyrir fjarskiptanotkun endurspegla þá staðreynd, auk þess sem það gæti hugsanlega tafið framþróun fyrir þriðju kynslóð farsíma, ef farsímafyrirtæki færu að skuldsetja sig verulega til að greiða fyrir tíðnir. Slík niðurstaða er ekki í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnar Íslands að hlúa beri að upplýsingaþjóðfélaginu og örva alla tækniþróun í landinu.

Við ákvörðun þeirrar aðferðar sem viðhöfð verður við úthlutun tíðna var framangreint haft í huga og reynt að fara bil beggja, þ.e. að tryggja að ríkið fái hæfilegt endurgjald fyrir að veita afnot af þeim takmörkuðu gæðum sem eru til úthlutunar, en jafnframt að koma í veg fyrir að gjaldtakan hafi óæskileg áhrif á framþróun þriðju kynslóðar farsímakerfa.

Með þriðju kynslóð farsíma verður til nýr þjónustumarkaður þar sem beitt verður nýrri tækni og nýjum aðferðum til samskipta í viðskiptum sem ætla má að hafi almennt jákvæð áhrif á efnahagslífið. Gera má ráð fyrir að réttindi til reksturs þriðju kynslóðar farsíma og útbreiðsla kerfisins muni einnig hafa í för með sér aukna samkeppni á farsímamarkaði.

VIII.
Álitsumleitan.

Stærstu þátttakendur á markaði farsímakerfa annarrar kynslóðar eru fjarskiptafyrirtækin sem hafa fengið leyfi til að reka kerfin. Reynsla annarra þjóða af úthlutun tíðna til að reka þriðju kynslóðar farsímakerfi hefur sýnt fram á að mun fleiri aðilar en þeir sem veita hefðbundna talsímaþjónustu hafa sýnt málinu áhuga.

Mikil gróska hefur verið á íslenskum fjarskiptamarkaði undanfarin ár. Á farsímamarkaði hafa fjölmörg fyrirtæki fengið rekstrarleyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun. Veitt hafa verið þrjú GSM 900-leyfi, sex DCS 1800-leyfi, tvö TETRA-leyfi og eitt NMT-leyfi. Miðað við reynslu annarra landa er ekki ólíklegt að núverandi GSM-leyfishafar muni hafa áhuga á að reka UMTS-net eða UMTS-þjónustu.

Við undirbúning frumvarps þessa leitaði samgönguráðuneytið álits rekstrarleyfishafa á nokkrum atriðum. Álitsumleitanin var jafnframt birt á heimasíðu ráðuneytisins, þar sem almenningi var gefinn kostur á að veita umsagnir.

Svör við álitsumleitan samgönguráðuneytis um þriðju kynslóðar farsíma.

Umsagnaraðili	1. Eiga allir að fá jafnstórt tíðnisvið eða mismunandi eftir þörfum?	2. Hver á gildistími tíðniúthlutnar að vera?	3. Á að leyfa eftirmarkað með tíðni?	4. Hvaða kröfur á að gera um útbreiðslu?
Íslandssími	Eftir þörfum.	A.m.k. 12 ár.	Eðlilegra að ónotaðar tíðnir verði innkallaðar heldur en að leyft verði að selja þær.	Kröfur mega ekki vera óraunhæfar. Leyfishafar geti haft samstarf um uppbyggingu neta. Ekki þurfi allir að byggja eigin net á óhagkvæmum svæðum.
Ríkisútvarpið	–	–	–	–
Hringiðan	Heppilegra að halda tíðnisviðum leyfishafa aðskildum.	Mikill stofnkostnaður => 20 ár í byrjun, síðan endurnýjað 10 ár í senn.	Óæskilegt að hægt sé að versla með tíðnisvið. Heimila ætti að kaupa rekstrarleyfishafa eða sameinast.	A.m.k. tveir veiti þjónustu á landsvísu. Tveir á suðvesturhorni. Tilraunaþjónusta á takmörkuðum svæðum.
Tal	Rétt að úthluta öllum jafnmiklu. Annars er hvatt til yfirboða sem byggð væru á óraunhæfum væntingum. Aðeins er úthlutað 4 leyfum þó rými sé fyrir 6.	Hvað tekur við að leyfistíma loknum? E.t.v. rétt að úthluta ótímabundið en hafa skilmála um lágmarksnýtingu og tæknilega burði.	Ekki fyrirséð að skortur verði á tíðnum og þá verður ekki eftirspurn á markaði.	Sem minnstar. Kröfur markaðarins munu knýja á um útbreiðslu, sbr. reynslu á Íslandi. Hægt að framkvæma útboð á ákveðnum svæðum ef útbreiðsla þykir of lítil.
Landssími Íslands	Allir jafnt í upphafi, 2 burðarbylgjur og viðbót úthlutað skv. sannanlegum viðbótarþörfum leyfishafa.	A.m.k. 15 ár.	Nei, myndi draga úr gildi útboðsaðferðarinnar.	Hóflegar, sérstaklega utan höfuðborgarsvæðis. Brýnt að heimila sem mesta samnýtingu leyfishafa.

Umsagnaraðili	5. Útbreiðsluhraði þjónustunnar	6. Kröfur um tæknilega eiginleika	7. Kröfur um þjónustuframboð	8. Samanburður á þráðlausum staðarnetum, GSM og UMTS.
Íslandssími	Erfitt að spá hvenær búnaður verður tilbúinn. Skipta má uppbyggingu upp í áfanga. Uppbyggingu ljúki á þéttbýlisstöðum 2005 og strjálbýlli stöðum 2008.	Eðlilegt að hægt sé að afturkalla tíðnir ef fyrirsjáanlegt er að leyfishafi noti þær ekki.	Óljóst hvaða þjónustu verður hægt að bjóða. Því er erfitt að svara spurningum um lágmarkskröfur.	Erfitt að spá um þróun. GSM-kerfi mun væntanlega þróast með aukinni flutningsgetu með tilkomu EDGE. Óvíst hvort EDGE muni njóta vinsælda.
Ríkisútvarpið	–	–	Þó óljóst sé hvaða þjónusta verður veitt þarf að tryggja efnisveitum aðgang með sanngjörnum hætti, tæknilega og kostnaðarlega.	–
Hringiðan	24–36 mánuðir. Lækka mætti leyfisgjald gegn auknum hraða.	PFS þarf að geta afturkallað ónotaðar tíðnir og úthlutað þeim til annars leyfishafa. Gefa ætti svigrúm til að nota tíðnir með öðrum hætti ef tækni breytist.	Þjónusta verður svo margbreytileg að ómögulegt verður að fylgjast með henni. Ekki álitleg leið að setja lágmarkskröfur.	IPV6 mun hafa áhrif á gæði og þjónustumöguleika í UMTS- og GPRS-kerfum. Líklegt að UMTS taki við af GSM á 60 mán.
Tal	Uppbygging GPRS er rökrétt skref í átt að 3. kynslóð. Engar kvaðir hafa þrýst á þær fjárfestingar. 2,5 kynslóð nýtist að stórum hluta í UMTS. Útbreiðslukröfur óþarfar. Markaðurinn drífur útbreiðslu áfram á 3–4 árum.	Tíðnirnar eru fráteknar fyrir 3. kynslóð farsíma.	Þjónustuframboð er ekki þekkt. Óraunhæft að setja fram kröfur um þjónustuframboð. Markaðurinn mun hvetja til aukins framboðs.	Varhugavert að krefjast umtalsverðs gjalds þar sem núverandi kerfi geta uppfyllt stóran hluta þarfa. UMTS verður í samkeppni við GSM, GPRS, EDGE og þráðlaus staðarnet.
Landssími Íslands	Í samræmi við arðbærni þar sem uppbygging er kostnaðarsöm.	Ekki að öðru leyti en búnaður uppfylli staðla.	Hugsanlega varðandi neyðarsímtöl í 112. Samkeppni í þjónustu sér um breytileika í gerð þjónustu og verðlagningu.	Þráðlaus staðarnet skortir hreyfanleika UMTS. UMTS, GPRS og GSM ein heild sem hver styður aðra. Margar þjónustutegundir UMTS verða fyrst veittar í GPRS og veittar samhliða. GSM sem ber GPRS langdrægara en UMTS.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er rakið markmið frumvarpsins sem er að tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi. Efnislega er samhljómur í markmiði frumvarps þessa og heildarmarkmiði gildandi fjarskiptalaga, nr. 107/1999, sbr. 1. gr. þeirra. Þar sem útboðsskilmálar munu fela í sér skorður við atvinnufrelsi fjarskiptafyrirtækja sem fá úthlutað tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma vegna takmarkaðs tíðnisviðs er mikilvægt að markmið laganna komi skýrt fram í upphafi þeirra. Markmið íslenskrar fjarskiptalöggjafar tekur mið af tilskipunum Evrópubandalagsins sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig koma heildarmarkmið um tíðniúthlutanir í fjarskiptum fram í inngangsorðum heimildatilskipunarinnar nr. 2002/20/EB. Markmið frumvarpsins koma fram í inngangsorðum UMTS-ákvörðunar Evrópubandalagsins 128/1999/EB. Markmið 1. gr. UMTS-ákvörðunarinnar eru hins vegar af öðrum meiði, því að ákvörðuninni er ætlað að örva hraða og samræmda innleiðingu samhæfðra UMTS-neta og þjónustu innan bandalagsins, samkvæmt grundvallarreglum innri markaðarins og í samræmi við þarfir.

Í 2. mgr. segir að frumvarpið taki til úthlutunar tíðna til starfrækslu farsímaneta á tíðnisviðunum 1900–1980 MHz, 2020–2025 MHz 2110–2170 MHz og 2170–2200 MHz. Eins og áður sagði er ætlast til þess að UMTS-símar verði samhæfðir innan Evrópu og stefnt er að því að þá megi nota um allan heim. Tíðnisvið hafa verið tekin frá fyrir tæknina á alþjóðlegum vettvangi. Á tíðniráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins, ITU, árið 2000 var ákveðið að bæta aukinni bandvídd við tíðniskipulag það sem ætlað er þriðju kynslóð farsíma. Þessi tíðnisvið eru ekki rakin í ákvæði 2. mgr. enda hefur ekki verið tekin ákvörðun alþjóðlega um hvenær þau verða til ráðstöfunar fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Í 3. mgr. er hugtakið þriðja kynslóð farsíma skilgreint sem þráðlaust farsímakerfi samkvæmt IMT-2000 stöðlum Alþjóðafjarskiptasambandsins, þar með talið UMTS-stöðlum.

Í 4. mgr. ákvæðisins er merking hugtaksins UMTS-farsímanet skilgreind sem þráðlaust farsímakerfi sem býður upp á breiðbands- og margmiðlunarþjónustu á meiri hraða en önnur kynslóð farsíma, GSM og GPRS.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. fær Póst- og fjarskiptastofnun það hlutverk að úthluta tíðnum skv. 1. gr. frumvarpsins með útboði.

Í 2. mgr. segir að úthlutun tíðna skuli fara fram að undangengnu almennu útboði skv. 5. gr. frumvarpsins. Um inntak hugtaksins í skilningi frumvarps þessa vísast til athugasemda við tilvitnað ákvæði. Ef ekki er úthlutað öllum tíðnum við útboð, eða réttindi til tíðninotkunar eru lögð inn, er heimilt að bjóða út tíðni að nýju samkvæmt lögum þessum.

Í 3. mgr. segir að heimilt sé að fella niður úthlutun ef tíðni er ekki tekin í notkun innan hæfilegs tíma. Markmiðið er að koma í veg fyrir að aðilar haldi tíðnum ónotuðum sem aðrir sækjast eftir. Þá segir enn fremur að réttindi til að nota tíðnir skuli bundin við nöfn og að framsal þeirra sé óheimilt. Í þessu felst að úthlutun tíðna og framsalsheimild er með sama hætti og verið hefur samkvæmt gildandi fjarskiptalögum en í þeim er samhljóða ákvæði í 2. mgr. 45. gr. Í frumvarpi til fjarskiptalaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi er ekki gert ráð fyrir breytingu á framsalsbanni tíðna.

Í 4. mgr. segir að gildistími tíðniúthlutunar fyrir UMTS-þjónustu sé 15 ár. Hér er lagt til að tíðniúthlutun verði tímabundin eins og í öðrum löndum. Gildistíminn er mislangur í öðrum Evrópuríkjum. Gildistími almennra fjarskiptaleyfa á Íslandi er 10 ár. Við ákvörðun á gildistíma ber jafnframt á það að líta að verulegur kostnaður verður því samfara að byggja

upp net fyrir UMTS-þjónustu. Því er eðlilegt að gildistími rekstrarleyfis sé í lengra lagi til að auka líkur á að fjárfesting í uppbyggingu UMTS-farsímanets beri sig.

Um 3. gr.

Við ákvörðun á aðferð við úthlutun á tíðnum samkvæmt frumvarpi þessu er sérstök áhersla lögð á að UMTS-kerfi fái sem víðtækasta útbreiðslu. Ósennilegt er að uppbygging UMTS-þjónustu á smærri þéttbýlisstöðum sé fjárhagslega hagkvæm, en til að stuðla að víðtækri uppbyggingu þjónustunnar er gerð nokkuð rík krafa um uppbyggingu kerfisins á landsvísu. Tíðnigjald og heimild til reikis taka mið af kröfum um útbreiðslu.

Í lagaákvæði þessu er lagt til að útbreiðslan skuli ná til 60% íbúa þeirra svæða sem skilgreind eru. Ef gert er ráð fyrir að markaðslegar ástæður leiði til 95% útbreiðslu á höfuðborgarsvæðinu leiðir krafa um útbreiðslu á öðrum svæðum til 82% útbreiðslu á landsvísu. Með þessu móti er tryggt að útbreiðsla verði almenn um landið og að háhraðafarsímaþjónusta verði aðgengileg um allt land.

Í greininni eru eftirfarandi svæði tilgreind:

a. Höfuðborgarsvæðið.
b. Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra.
c. Norðurland eystra og Austurland.
d. Suðurland og Suðurnes.

Að öðru leyti er vísað til VI. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 4. gr.

Lagt er til að tíðnigjald verði 190 millj. kr. sem verður að teljast mjög hófleg gjaldtaka í samanburði við það sem tíðkast í öðrum ríkjum Evrópu, sjá myndir 2 og 3, en gjaldið er mjög breytilegt eftir löndum. Gert er ráð fyrir að bjóðendur greiði staðfestingargjald að fjárhæð 5 millj. króna þegar úthlutun tíðna liggur fyrir en eftirstöðvar tíðnigjalds greiðast ríkissjóði með fjórum jöfnum greiðslum frá því að tíðniúthlutun fer fram þar til tvö ár eru liðin frá úthlutun. Auk þessa gjalds greiða fjarskiptafyrirtæki sérstakan skatt, svokallað númeragjald, fyrir hvert úthlutað símanúmer og rekstrargjald, sem nemur 0,20% af bókfærðri veltu samkvæmt frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Mynd 2. UMTS-leyfisgjöld á íbúa.



Mynd 3. UMTS-leyfisgjöld á GSM-notanda.



Samanburður leyfisgjalda í Evrópu.

Land	Íbúafjöldi (millj. íbúa)	Leyfisgjald milljónir ISK	Leyfisgjald/ íbúa	Hlutfall GSM-áskrifenda (% af mannfjölda)	Leyfiskostnaður á GSM-áskrifanda
Austurríki	8,1	68.060	8.361	72,0%	11.613
Belgía	10,3	36.916	3.587	47,0%	7.632
Bretland	60,1	3.154.950	52.517	60,0%	87.528
Danmörk	5,4	41.910	7.808	63,0%	12.394
Finnland	5,2	0	0	76,0%	0
Frakkland	59,3	803.600	13.541	46,0%	29.438
Holland	16,1	219.760	13.649	64,0%	21.326
Írland	3,9	20.418	5.271	68,0%	7.752
Ísland	0,3	760	2.655	73,0%	3.637
Ítalía	58,0	1.200.480	20.692	70,0%	29.559
Noregur	4,5	4.408	973	71,0%	1.371
Portúgal	10,3	32.800	3.184	61,0%	5.219
Spánn	40,4	42.640	1.055	59,0%	1.788
Sviss	7,3	11.136	1.534	62,0%	2.475
Svíþjóð	8,9	4	0	70,0%	1
Þýskaland	82,4	4.165.600	50.578	52,0%	97.265
Samtals	380,5	9.803.442			
Meðaltal			**25.766**		**19.937**

Miðað við reynsluna af uppboði tíðnirása er ljóst að verðlagning tekur mjög mið af almennu viðhorfi á hlutabréfamarkaði. Einnig er ljóst að útboðsskilmálar, fjöldi bjóðenda og stærð markaðar ræður úrslitum um markaðsverðmæti tíðninnar. Athygli vekur að uppboð á Ítalíu leiðir til lægri tekna ríkissjóðs en úthlutun á grundvelli mats í Frakklandi. Af því verður að ætla að annaðhvort sé aðgangur að tíðnirófinu verðmætari í Frakklandi en Ítalíu, sem þó eru ekki ósvipaðir markaðir, eða að stjórnvöld í Frakklandi hafi ofmetið verðmæti tíðninnar eftir uppboðið í Bretlandi. Á sama tíma og Frakkar tóku ákvörðun um fjárhæð tíðnigjalds var UMTS-tíðnum úthlutað í Hollandi á grundvelli uppboðs. Þrátt fyrir að ætla mætti að Holland væri heppilegra til uppbyggingar farsímaneta en Frakkland var aðgangurinn verðlagður á svipuðu róli af markaðinum sem er vísbending um of háa verðlagningu í Frakklandi. Af þessu má sjá að verðlagning UMTS-leyfa í Evrópu er mjög breytileg. Af þeim sökum er ekki unnt að byggja tíðnigjald á meðaltali tíðnigjalda í öðrum löndum.

Auk þess gjalds sem tekið verður samkvæmt ákvæðinu er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að innheimta ýmiss konar gjöld sem mælt er fyrir um í almennri löggjöf. Póst- og fjarskiptastofnun innheimtir nú samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, 20.000 kr. fyrir leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets og 80.000 kr. fyrir leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu eða póstþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur greiða árlega 0,25% af bókfærðri veltu í rekstrargjald skv. 11. gr. laga nr. 110/1999. Rekstrarleyfishafar sem fá úthlutað númerum greiða gjöld skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 110/1999. Auk þess geta komið til ýmis gjöld samkvæmt gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar, nr. 313/2002. Í frumvarpi til nýrra laga um Póst- og fjarskiptastofnun er rekstrarleyfisgjald fjarskiptafyrirtækja afnumið þar sem rekstrarleyfum verður ekki til að dreifa ef fjarskiptalagafrumvarp verður að lögum, tekið er upp númeragjald og rekstrargjald lækkað úr 0,25% af bókfærði veltu í 0,20%.

Til að stuðla að víðtækri útbreiðslu á landsvísu er gert ráð fyrir að rétthafar fái afslátt af tíðnigjaldi ef þeir skuldbinda sig til víðtækari útbreiðslu en tilgreind er sem lágmarkskrafa.

Afsláttur nemur 10 millj. kr. fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Afsláttur miðast við útbreiðslu í lok þriðja áfanga, en er veittur strax.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er þeim sem vilja fá úthlutað tíðnum gefinn kostur á að gera tilboð í rekstur UMTS/IMT-2000 farsímaneta á grundvelli útboðslýsingar sem samin verður af Póst- og fjarskiptastofnun. Allt að fjórum bjóðendum verður úthlutað tíðnum.

Samkvæmt 2. mgr. mun Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvernig tíðnisviðinu verður skipt niður á einstaka rétthafa. Ekki er sjálfgefið að allir rétthafar þurfi jafnstórt tíðnisvið en það ræðst af ýmsum atriðum, svo sem uppbyggingu fjarskiptanets og tegundum þjónustu sem rétthafi hyggst bjóða. Það er grundvallarregla í fjarskiptalögum að stuðla á að hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins og því ætti tíðniheimild hvers rétthafa að takmarkast við þær þarfir sem hann getur sýnt fram á. Eftir atvikum er mögulegt að auka við tíðniheimildir einstakra rétthafa síðar ef tíðniþörf þeirra eykst og einhverjar tíðnir eru lausar til ráðstöfunar.

Í 3. mgr. er kveðið á um samningu útboðslýsingar. Gert er ráð fyrir ítarlegri lýsingu á skilmálum útboðs og lögð áhersla á hlutlægni og skýrleika. Í útboðslýsingu verða settir fram þeir þættir sem ráða munu vali á milli bjóðenda og vægi þeirra skilgreint. Þessir þættir verða ákveðnir með markmið frumvarpsins að leiðarljósi og ganga m.a. út á það að tryggð verði sem best þjónusta á sem flestum stöðum á landinu.

Með 4. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til þess að ákveða lágmarksskilyrði sem bjóðendur þurfa að uppfylla til þess að fá að taka þátt í útboðinu. Nauðsynlegt er að setja slík skilyrði því að liggja þarf ljóst fyrir að bjóðandi hafi fjárhagslega og tæknilega getu til þess að uppfylla þau loforð sem hann setur fram í tilboði sínu. Heppilegra er að velja hæfa bjóðendur úr strax í byrjun í stað þess að leggja vinnu í að meta ófullnægjandi tilboð.

Ákvæði 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 6. mgr. eru talin nokkur atriði sem ófrávíkjanlega skulu koma fram í tilboðum. Um er að ræða ítarlegar áætlanir um uppbyggingu fjarskiptaneta bjóðanda. Bjóðandi þarf að sýna fram á að hann hafi ákveðnar áætlanir um uppbyggingu og hafi bolmagn til þess að hrinda þeim í framkvæmd. Talning 6. mgr. á þessum liðum tilboða er á engan hátt tæmandi, enda er nauðsynlegt að gera kröfur varðandi mörg önnur atriði í útboðslýsingu sem samin verður í samræmi við 3. mgr.

Til þess að tryggja virka samkeppni er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að eitt fyrirtæki nái til sín fleiri en einni tíðniúthlutun. Því er í 7. mgr. tekið fram að ekki verði tekið við fleiri en einni umsókn frá sama bjóðanda eða frá bjóðanda sem á ráðandi hlut í öðrum bjóðanda.

Í 8. mgr. er sleginn varnagli sem koma á í veg fyrir að öllu tíðnisviðinu verði úthlutað til bjóðenda sem hyggjast nota aðra staðla en UMTS. UMTS er undirflokkur staðla í IMT-2000. Ekki er heimilt að einskorða útboðið við UMTS staðla en það eru þeir staðlar sem koma á í notkun á EES-svæðinu samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun 128/1999/EB. Ef svo ólíklega vildi til að allir bjóðendur myndu kjósa að byggja á öðrum stöðlum en UMTS, væri hægt að halda eftir einni tíðniúthlutun til þess að freista þess að hrinda ákvörðun 128/1999/EB í framkvæmd síðar. Ekki er líklegt að nokkur bjóðandi sæi sér hag í því að bjóða fram aðra staðla en UMTS en vissara þykir að hafa varann á.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. segir að ákvæði fjarskiptalaga gildi um þriðju kynslóð farsíma. Eins og að framan er rakið hafa frumvarp til laga um fjarskipti og frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun verið lögð fram á Alþingi. Verði þau lög samþykkt leysa þau af hólmi gildandi lög um sama efni og munu þau gilda um þriðju kynslóð farsíma eftir því sem við á. Þar á meðal eru ákvæði um afturköllun og endurúthlutun leyfa og viðurlög vegna vanefnda og enn fremur ákvæði um aðgang að netum og þjónustu, um samtengingu og ákvæði um aðstöðu í umráðum fjarskiptafyrirtækja svo að það helsta sé nefnt.

Samkvæmt 2. mgr. skal Póst- og fjarskiptastofnun setja skilyrði við úthlutun tíðna í samræmi við frumvarpið, fjarskiptalög og tilboð hvers rétthafa fyrir sig. Þessi skilyrði lúta m.a. að útbreiðslukröfum sem gerðar eru í frumvarpinu og skilyrðum fjarskiptalaga um skilvirka notkun tíðna og að dregið sé úr skaðlegum truflunum og rafsegulgeislun.

Um 8. gr.

Við gildistöku 21. gr. fjarskiptalaga var rekstrarleyfishöfum gert kleift að krefjast innlendra reikisamninga. Í ákvæðinu felst að þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og reksturs farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja. Reikisamningar skulu gerðir á viðskiptalegum grunni og án mismununar. Í UMTS-ákvörðuninni 128/1999/EB er aðildarríkjum bandalagsins heimilað að grípa til aðgerða til að auka landfræðilega útbreiðslu UMTS-þjónustu en lögleiðing innlendra reikisamninga er álitin ein leið til þess. Í 1. mgr. 8. gr. er staðfest að rétthafar tíðna til reksturs þriðju kynslóðar farsímaneta eiga rétt á reikisamningum við fjarskiptafyrirtæki sem reka GSM-farsímanet. Rétt þykir að taka af vafa um þennan rétt til reikis. GSM-farsímanet hafa náð mikilli útbreiðslu en töluverður tími getur liðið þar til þriðju kynslóðar net ná viðlíka útbreiðslu. Til þess að tryggja að notendur þriðju kynslóðar farsíma geti notið samfelldrar þjónustu a.m.k. fyrir talflutning er nauðsynlegt að hægt sé að reika inn á hin útbreiddu GSM-net. Um reiki milli þriðju kynslóðar neta fer eftir almennum ákvæðum fjarskiptalaga.

Í lögum eru ekki reglur um alþjóðlegt reiki. Í GSM 900 eða DCS 1800 er aðgangur að alþjóðlegu reiki tryggður með aðild fjarskiptafyrirtækjanna að Alþjóðasamtökum GSM-rekenda, GSM-MoU, en það er skilyrði fyrir aðild að meðlimirnir verði við beiðnum um innbyrðis reikisamninga.

Á undanförnum missirum hafa rétthafar UMTS-tíðna í Evrópu haft vaxandi tilhneigingu til samstarfs þar sem fyrri áætlanir þeirra um netuppbyggingu og skilmálar stjórnvalda um aðskilnað netanna reyndust óraunhæfar. Þessar breyttu forsendur hafa valdið því að afstaða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er orðin mun jákvæðari í garð samstarfs rétthafa en áður var. Greinilegt er að litið er til útfærslu sænskra stjórnvalda við skilgreiningu landfræðilegrar útbreiðslu, þ.e. að meta umsóknir miðað við að rétthafarnir byggi frá grunni en heimila þeim þó samstarf þegar tíðnum hefur verið úthlutað.

Til að tryggja samkeppni er talið nauðsynlegt að fleiri en einn aðili byggi upp fjarskiptanet í þéttbýli. Vegna mikils kostnaðar við uppbyggingu fjarskiptanets í dreifbýli er þó talið æskilegt að rétthafar samnýti fjárfestingar. Líklegt má telja að rétthafar byggi upp eigið fjarskiptanet á stærstu þéttbýlisstöðum, en að þeir muni samnýta net á smærri þéttbýlisstöðum og dreifðari byggð. Ekki er talið óeðlilegt þótt rétthafar hafi samráð um uppbyggingu fjarskiptanets til að lágmarka fjárfestingu, en jafnframt að uppfylla skilyrði um lágmarksút-

breiðslu. Því er lagt til í 3. mgr. að bjóðendur verði einungis skyldaðir til að byggja upp fjarskiptanet sem svarar til 30% útbreiðslu innan hvers svæðis, sbr. 3. gr. laganna, en að útbreiðslukröfur umfram það lágmark verði heimilt að uppfylla með reiki.

Vegna umhverfis- og hagkvæmnissjónarmiða er óeðlilegt að hver og einn rétthafi setji upp senda með tilheyrandi möstrum, búnaði og mannvirkjum. Því er í 4. mgr. gerð krafa til rétthafa að veita óheft aðgengi og afnot af þessum búnaði. Gert er ráð fyrir að greitt sé fyrir þessi afnot samkvæmt tilkostnaði og eðlilegri þóknun. Krafa þessi nær til mastra, loftneta, straumgjafa, fasteigna í tengslum við sendibúnað og grunnnet og stjórnstöðvar („Radio Network Controllers"). Ekki er þó gert ráð fyrir samnýtingu á stjórnbúnaði, þ.e. þeim hluta kerfisins sem stjórnar símtölum.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Fylgiskjal I.

Leyfisveitingar í nokkrum Evrópulöndum.

Land	Leyfisveitingar aðferð	Heildarverð fyrir leyfin (evrur)	Íbúafjöld í viðkomandi landi	Gjald per íbúa í evrum	Gjald per íbúa ISK	Heildar leyfisgjald framreiknað m.v. íbúafjölda á Íslandi (ISK)	Gjald per leyfi á Íslandi (m.v.4 leyfi)
Austurríki	Uppboð	830.000.000	8.139.900	102	8.361	2.393.626.027	598.406.507
Belgía	Uppboð	450.200.000	10.292.100	44	3.587	1.026.830.521	256.707.630
Bretland	Uppboð	38.475.000.000	60.075.300	640	52.517	15.034.187.282	3.758.546.821
Danmörk	Lokað útboð	511.093.544	5.367.200	95	7.808	2.235.372.439	558.843.110
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
Holland	Uppboð	2.680.000.000	16.101.200	166	13.649	3.907.273.619	976.818.405
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
Ítalía	Uppboð	14.640.000.000	58.017.900	252	20.692	5.923.472.101	1.480.868.025
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
Sviss	Uppboð	135.800.000	7.257.600	19	1.534	439.242.159	109.810.540
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
Þýskaland	Uppboð	50.800.000.000	82.360.000	617	50.578	14.479.202.768	3.619.800.692
			Meðaltal	314	25.784	7.381.178.585	1.845.294.646

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma.

Tilgangur frumvarpsins er að veita Póst- og fjarskiptastofnun heimild til að úthluta tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi. Úthlutunin fer fram að undangengnu almennu útboði og er gildistími tíðniúthlutunar 20 ár. Í frumvarpinu er lögð til sú lág-markskrafa að útbreiðsla farsímakerfisins nái til 60% íbúa á eftirtöldum fjórum svæðum: 1. Höfuðborgarsvæðinu, 2. Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, 3. Norður-landi eystra og Austurlandi, 4. Suðurlandi og Suðurnesjum. Fyrir hverja tíðniúthlutun skal greiða 190 m.kr.

gjald til ríkissjóðs og eftir að tíðnum hefur verið úthlutað skal rétthafi greiða 5 m.kr. staðfestingargjald í ríkissjóð. Fyrir uppbyggingu fjarskiptanets umfram lágmarkskröfuna er veittur afsláttur af tíðnigjaldinu. Afslátturinn er 10 m.kr. fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Tíðnigjaldið skal þó aldrei vera lægra en 40 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum geta tekjur ríkissjóðs því orðið frá 40 m.kr. til 760 m.kr. fyrir tíðnirnar. Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu er gert ráð fyrir að kostnaður vegna útboðsins verði 10 m.kr.

1073. Fyrirspurn [660. mál]

til forsætisráðherra um stöðu íslenska táknmálsins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi íslenska táknmálið? Er þess að vænta að táknmálið verði viðurkennt með lögum þar sem tekið verður á rétti heyrnarlausra til menntunar á öllum skólastigum, fullorðinsfræðslu og réttinum til túlkaþjónustu?

1074. Svar [604. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um frádrátt gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve hár var frádráttur frá tekjum lögaðila og tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skv. 2. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem fjallar um frádrátt einstakra gjafa og framlaga til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa frá tekjuskattsstofni, við álagningu árin 1999–2002?

Svar óskast sundurliðað eftir árum, starfsemi gefenda og þiggjenda, sbr. framangreint, eftir því sem unnt er. Enn fremur er óskað eftir mati á því hvert hafi verið tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga vegna þessarar frádráttarheimildar á sama tímabili.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið frá embætti ríkisskattstjóra þá eru þær upplýsingar sem fyrir liggja fengnar úr skattframtali rekstraraðila, sem er stöðluð sundurliðun tekna og gjalda, eigna og skulda og fleiri atriða er snerta álagningu opinberra gjalda. Á skattframtali rekstraraðila er sérstakur reitur (3110) fyrir gjafir til menningarmála, líknarstarfsemi o.fl. Fram kemur í upplýsingum ríkisskattstjóra að í einhverjum tilvikum hafi meira verið fært í þann reit en frádráttarbært var til skatts og frádrátturinn bakfærður á skattframtali. Leiðréttingin sé færð í reit yfir ófrádráttarbæran kostnað en í þann reit geta farið ýmsar aðrar leiðréttingar þannig að ekki sé hægt að sjá sérstaklega hversu miklar leiðréttingar séu gerðar á gjaldfærðum gjöfum og framlögum. Einnig bendir ríkisskattstjóri á að nokkur af stærri félögunum hafi fengið heimild til að skila með svokallaðri takmarkaðri útfyllingu, en þá sé m.a. ekki fyllt út í sundurliðun gjaldaliða. Engar upplýsingar sé því að fá úr skattframtali rekstraraðila um gjafir og styrki til menningarmála hjá þessum félögum. Þá segir í bréfi ríkisskattstjóra að skattframtal rekstraraðila sé framtal fyrir félög og einstaklinga með tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi yfir 20 millj. kr. Mjög fáir einstaklingar noti þetta eyðublað í framtalsskilum sínum og því takmarkaðar upplýsingar sem liggja fyrir um frádrátt skv. 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hjá mönnum með atvinnurekstur. Aðeins framtöl félaga sem skilað var í tölvutæku formi séu því inni í tölunum.

Að lokum kemur fram í svari ríkisskattstjóra til ráðuneytisins að erfitt sé að áætla tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga vegna þessarar frádráttarheimildar. Þar sem upplýsingar liggi ekki fyrir um hve hár þessi frádráttur er frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi liggi engar upplýsingar fyrir um tekjutap sveitarfélaga.

Í töflu 1 eru sýndar greiðslur félaga til menningar- og líknarmála samkvæmt ársreikningum sundurliðaðar eftir árum og atvinnugreinum gefenda. Í töflu 2 kemur fram áætlað tekjutap ríkissjóðs. Til að áætla beint tekjutap ríkissjóðs hefur verið athugað hver væri heildarfrádráttur hjá félögum sem rekin voru með hagnaði og það margfaldað með skatthlutfalli ársins. Útreiknuð skattalækkun sýnir lækkun sem orðið hefði á tekjuskatti félaganna ef öll gjaldfærslan hefði komið til lækkunar á tekjuskattsstofni. Áréttað skal að miðað er við gildandi skatthlutfall hvers árs í þessum útreikningum.

Tafla 1. Gjafir og framlög samkvæmt rafrænum framtölum lögaðila eftir yfirflokkum íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar.

		Fjöldi rafrænna framtala				Fjöldi félaga með gjafir og framlög				Gjafir og framlög, þús. kr.			
	Tekjuár	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	158	191	243	251	12	14	18	24	660	776	750	798
B	Fiskveiðar	509	552	666	709	82	99	100	139	24.918	16.682	17.070	32.665
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	1.024	1.263	1.496	1.534	121	167	214	281	22.579	20.456	22.474	33.270
C	Námagröftur og vinnsla hráefna úr jörðu	22	21	17	16	1	2	1	2	113	137	119	225
D	Iðnaður	1.424	1.496	1.591	1.541	275	321	346	381	55.364	74.539	70.524	94.803
DA	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður; tóbaksiðnaður	393	447	450	438	91	117	120	139	24.695	42.075	43.739	57.506
DB	Textíl- og fataiðnaður	68	64	79	74	12	15	15	13	1.467	791	1.160	890
DD	Trjáiðnaður	58				9				645			
DE	Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi	222	252	275	253	34	40	45	44	2.883	5.767	4.060	5.996
DH	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	64	58	59	54	11	15	12	15	1.816	1.844	2.282	2.165
DI	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður	67	63	71	71	13	11	17	20	1.955	1.642	2.512	3.283
DJ	Málmiðnaður	194	218	237	234	42	51	58	58	5.401	7.483	5.831	6.897
DK	Vélsmíði og vélaviðgerðir	83	98	96	93	15	17	22	18	4.155	5.227	2.729	4.005
DL	Rafmagns- og rafeindaiðnaður	65	65	74	77	20	14	15	19	2.609	1.408	1.873	4.202
DM	Framleiðsla samgöngutækja	56	68	77	75	11	14	13	17	3.244	1.254	1.047	3.053
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður	113	121	129	124	10	18	17	27	2.208	1.946	1.346	3.613
E	Veitur	17	27	27	33	0	0	0	0		0	0	0
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	2.142	2.355	2.479	2.438	390	422	456	505	108.831	140.264	132.535	128.632
I	Samgöngur og flutningar	366	429	506	485	54	61	76	79	15.429	16.591	28.115	33.361
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	366	431	488	482	60	63	104	106	7.513	8.543	27.164	11.280
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	170	223	252	269	20	28	33	34	36.498	45.246	53.498	63.929
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	2.302	2.756	3.348	3.487	200	254	305	394	24.903	35.848	45.924	59.650
M	Fræðslustarfsemi	44	61	75	65	5	7	5	7	187	187	155	872
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	154	216	289	343	32	40	60	77	1.211	1.653	2.175	3.434
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	440	543	638	595	52	71	75	87	1.797	3.297	5.078	6.613
Q	Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt	1	81	86	80	0	14	19	24		3.547	2.007	3.706
	Annað, ótilgreint	884	994	1.171	1.103	12	10	5	10	1.441	1.778	249	5.842
	Samtals	**10.025**	**11.642**	**13.379**	**13.436**	**1.316**	**1.573**	**1.817**	**2.151**	**301.444**	**369.542**	**407.839**	**479.114**

Upplýsingar byggjast á rafrænum skattframtölum lögaðila og miðast við stöðu gagna 18. febrúar 2003.

Tafla 2. Frádráttarbær framlög til líknar- og menningarmála og áætluð skattaáhrif 1998 til 2001.

		Lækkun tekjuskattsstofns			Áætluð lækkun tekjuskatts		
Tekjuár	Félagsform	Félög með tekjuskattsstofn stærri eða jafnt og núll	Félög með yfirfæranlegt tap	Samtals	Félög með tekjuskattsstofn stærri eða jafnt og núll	Félög með yfirfæranlegt tap	Samtals
1998	Sameignarfélög	6.633.690	1.692.747	8.326.437	2.520.802	643.244	3.164.046
1998	Önnur skattskyld félög	158.671.773	133.617.554	292.289.327	47.601.532	40.085.266	87.686.798
1998	Óskattskyld félög	690.257	138.388	828.645			
	Samtals	**165.995.720**	**135.448.689**	**301.444.409**	**50.122.334**	**40.728.510**	**90.850.844**
1999	Sameignarfélög	7.758.187	1.866.304	9.624.491	2.948.111	709.196	3.657.307
1999	Önnur skattskyld félög	176.443.740	180.025.476	356.469.216	52.933.122	54.007.643	106.940.765
1999	Óskattskyld félög	3.179.076	269.301	3.448.377			
	Samtals	**187.381.003**	**182.161.081**	**369.542.084**	**55.881.233**	**54.716.838**	**110.598.071**
2000	Sameignarfélög	7.146.756	2.696.513	9.843.269	2.715.767	1.024.675	3.740.442
2000	Önnur skattskyld félög	169.481.259	226.479.442	395.960.701	50.844.378	67.943.833	118.788.210
2000	Óskattskyld félög	1.359.684	675.400	2.035.084			
	Samtals	**177.987.699**	**229.851.355**	**407.839.054**	**53.560.145**	**68.968.508**	**122.528.653**
2001	Sameignarfélög	16.463.378	23.716.676	40.180.054	6.256.084	9.012.337	15.268.421
2001	Önnur skattskyld félög	145.879.766	285.985.417	431.865.183	43.763.930	85.795.625	129.559.555
2001	Óskattskyld félög	3.511.936	3.556.650	7.068.586			
	Samtals	**165.855.080**	**313.258.743**	**479.113.823**	**50.020.013**	**94.807.962**	**144.827.975**

1075. Frumvarp til hafnalaga. [661. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til allra hafna sem notaðar eru til afgreiðslu og þjónustu skipa, afgreiðslu á vörum, ökutækjum og farþegum og við löndun á fiski.

2. gr.
Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Siglingastofnun Íslands annast þátt ríkisins samkvæmt lögunum og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.

3. gr.
Orðskýringar.

1. *Höfn* táknar í lögum þessum svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega.
2. *Hafnarmannvirki* eru í lögum þessum varnargarðar, viðlegumannvirki og innsiglingar, leiðarmerki og skipalægi.
3. *Skjólgarðar* eru í lögum þessum varnarmannvirki sem ætlað er að veita viðlegumannvirkjum og innsiglingum skjól fyrir öldum, straumum og sandburði.
4. *Viðlegumannvirki* eru í lögum þessum bryggjur og önnur mannvirki innan hafnar sem ætluð eru til viðlegu fyrir fljótandi för.
5. *Rekstur hafnar* í lögum þessum táknar að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki sem og rekstur hafntengdrar atvinnuaðstöðu, þ.e. leigu á landi, vöruhúsum, tækjum og þess háttar, upptökumannvirkjum hvers konar í því skyni að þjóna skipum eða fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega og farm, og jafnframt rekstur hafntengdrar þjónustu, þ.e. hafnsöguþjónustu, festarþjónustu, vigtarþjónustu, sorphirðu, sölu vatns og rafmagns og sambærilega þjónustu er lýtur að skipum. Undir rekstur hafna fellur einnig rekstur vöruhúsa og þjónustumiðstöðva á hafnarsvæðum.
6. *Hafnarstjórn* merkir í lögum þessum að sveitarfélög eða aðrir eigendur hafnar kjósi sérstaka hafnarstjórn og feli henni stjórnunarlega ábyrgð á höfninni.
7. *Málaflokkur* merkir í lögum þessum afmarkaða rekstrareiningu í bókhaldi sveitarfélags þar sem tekjum og gjöldum er haldið aðskildum frá öðrum rekstri þess.

4. gr.
Hafnarreglugerð.

Öllum höfnum sem falla undir lög þessi skv. 1. gr. skal sett reglugerð er tilgreinir mörk hafnar auk annarra nauðsynlegra ákvæða er varða öryggi og stjórnun hennar. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda hafna og umsögn Siglingastofnunar Íslands, reglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Starfsheimildir, starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
3. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
4. Viðurlög við brotum.
5. Kosningu og starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Siglingastofnun hefur eftirlit með því að höfn uppfylli skyldur sínar samkvæmt hafnarreglugerð.

II. KAFLI
Skipulag hafnarsvæða og hafnarmannvirki.

5. gr.
Skipulag hafnarsvæðis og leyfi til mannvirkjagerðar.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Ef leyfi til mannvirkjagerðar er eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

6. gr.
Lágmarkskröfur um hafnarmannvirki, slysavarnir og staðfesting á fjármögnun.

Öll mannvirkjagerð í höfnum skal vera í samræmi við gildandi skipulag fyrir viðkomandi sveitarfélag. Siglingastofnun Íslands skal fylgjast með að við hönnun og byggingu hafnarmannvirkja sé fylgt að minnsta kosti lágmarkskröfum um styrkleika mannvirkja og öryggi notenda hafnanna. Hafnir skulu tilkynna Siglingastofnun Íslands um fyrirhugaðar framkvæmdir og leggja fyrir stofnunina gögn um gerð mannvirkjanna til samþykktar áður en framkvæmdir eru hafnar. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita einstökum höfnum undanþágu frá þessu byggingareftirliti, enda geti þær sýnt fram á að starfsmenn þeirra hafi yfir nægri tækniþekkingu að ráða og fyrir hendi sé vel skilgreint innra eftirlit. Hafnir sem njóta opinberra framlaga til framkvæmda skulu að auki leggja fram staðfesta fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda til samþykktar Siglingastofnunar Íslands. Samgönguráðherra getur sett reglugerð er kveður á um lágmarkskröfur um hafnarmannvirki að fenginni tillögu Siglingastofnunar Íslands.

Ráðherra skal setja reglur um slysavarnir í höfnum.

7. gr.
Ábyrgð eiganda hafnarmannvirkja.

Eigandi hafnar er ábyrgur fyrir því að mannvirki, búnaður og rekstur hafnarinnar sé ætíð í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Hafnarstjórn er heimilt að nema brott á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af ef eigandi sinnir ekki tilmælum um úrbætur innan eðlilegs tímafrests.

III. KAFLI
Rekstrarform og upplýsingaskylda hafna.

8. gr.
Rekstrarform hafna.

Höfn má reka sem:
1. Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.
2. Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.
3. Hlutafélag, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélag, sameignarfélag eða sem einkaaðila í sjálfstæðum rekstri. Hafnir sem reknar eru samkvæmt þessum tölulið teljast ekki til opinbers rekstrar.

9. gr.
Upplýsingar um hafnir.

Hafnir skulu á hverjum tíma miðla upplýsingum um lengd, breidd og djúpristu þeirra skipa sem þær geta tekið á móti. Siglingastofnun Íslands skal starfrækja gagnagrunn á heimasíðu sinni þar sem þessar upplýsingar koma fram.

Höfn sem nýtur ríkisstyrks er skylt að senda endurskoðaða ársreikninga sína árlega til Siglingastofnunar sem og aðrar upplýsingar sem Siglingastofnun kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar. Öðrum höfnum er skylt að veita Siglingastofnun þær upplýsingar sem hún óskar eftir og snerta rekstur hafnanna, enda séu þær nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks Siglingastofnunar samkvæmt lögunum. Þá er höfn skylt að veita Siglingastofnun upplýsingar um farþega og vörumagn sem um höfnina fer.

IV. KAFLI
Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.

10. gr.
Stjórnun, rekstur og starfsheimildir.

Höfn samkvæmt kafla þessum skal rekin sem sérstakur málaflokkur undir stjórn sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem höfnin er. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka hafnarnefnd.

Hafnir samkvæmt þessum kafla hafa starfsheimildir í samræmi við 5. tölul. 3. gr.

11. gr.
Gjöld.

Höfn samkvæmt kafla þessum er heimilt að innheimta gjöld skv. 17. gr. Notendur hafna geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað við þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.

12. gr.
Breyting á rekstrarformi.

Sveitarstjórn getur ákveðið að breyta skuli rekstrarformi hafnar í höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags, sbr. 2. tölul. 8. gr., eða í félag, sbr. 3. tölul. 8. gr., og skal þá taka mið af hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja, sbr. 1. mgr. 18. gr.

V. KAFLI

Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

13. gr.

Stjórnun og rekstur.

Höfn samkvæmt kafla þessum skal rekin sem opinbert fyrirtæki með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Sérstakar hafnarstjórnir, sem kosnar eru af sveitarstjórnum, skulu hafa á hendi stjórn hafna og hafnarsjóða í samræmi við reglugerð skv. 4. gr. Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnar. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

Hafnarstjórn skal innan valdsviðs síns gæta hagsmuna hafnar. Hafnarstjórn ber ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á rekstri og viðhaldi hafnar.

14. gr.

Hafnasamlög.

Eigendur hafna geta myndað hafnasamlög um rekstur þeirra. Leggja skal fyrir ráðherra tillögur að stofnsamningi, skipulagi og nýtingu landsvæða og mannvirkja og rökstuðning fyrir að hafnasamlagið hafi rekstrarhagræði í för með sér. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda þeirra hafna sem vilja mynda hafnasamlag, reglugerð fyrir það, sbr. ákvæði 4. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um hafnasamlög þar sem við á. Smærri hafnir á byggðasvæðum sem rétt eiga á ríkisstyrk samkvæmt viðmiðunum 24. gr. halda þeim rétti sínum í fimm ár frá því að sameining tekur gildi þrátt fyrir að hafnirnar falli undir hafnasamlag sem er yfir þessum sömu viðmiðunarmörkum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um þetta atriði.

15. gr.

Starfsheimildir.

Höfn samkvæmt kafla þessum hefur starfsheimildir í samræmi við 5. tölul. 3. gr.

16. gr.

Skattskylda, rekstur og endurskoðun.

Tekjum og eignum hafnar sem rekin er skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum. Eigendur hafnar bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

17. gr.

Gjöld.

Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld fyrir rekstur hafna samkvæmt kafla þessum:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn; bryggjugjöld og lestargjöld sem eru miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við að reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu. Gjald þetta skal standa undir kostnaði af aðstöðu við bryggju og á hafnarbakka.
3. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju til þess að standa straum af kostnaði við aðstöðu og búnað fyrir farþega og bíla.
4. Leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru.

5. Gjald fyrir geymslu vöru á hafnarsvæði til að standa straum af kostnaði við rekstur vöruaðstöðu.
6. Leigugjöld fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þ.m.t. upptökumannvirkjum og löndunarkrönum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun mannvirkjanna.
7. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 5. gr. Gjaldið skal standa straum af undirbúningskostnaði veittra leyfa.
8. Lóðargjöld og lóðarleigu.
9. Hafnsögugjöld sem skulu standa straum af kostnaði við hafnsöguþjónustu.
10. Gjöld fyrir þjónustu dráttarbáta sem skulu standa straum af kostnaði við rekstur dráttarbáta.
11. Festargjöld sem nota skal til að greiða kostnað við festarþjónustu sem höfnin veitir.
12. Gjöld fyrir sölu á vatni og rafmagni.
13. Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði.
14. Vigtargjald sem standa skal straum af kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun hafnarvogar.
15. Umsýslugjald til þess að standa straum af kostnaði vegna umsýslu og yfirstjórnar, t.d. launum og skrifstofukostnaði.

Gjaldtaka hafnar skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er. Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað við þjónustu og sundurliðun gjalda.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður viðlegumannvirki innan hafnarsvæðis og skal þá semja um hversu hátt gjald skal greiða til hafnar til þess að standa straum af sameiginlegum rekstri hennar.

Höfn er heimilt að gera langtímasamning við notendur um gjöld skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. fyrir afnot af bryggjum.

18. gr.

Breyting á rekstrarformi.

Sveitarstjórn getur ákveðið að breyta skuli rekstrarformi hafnar í félag skv. 3. tölul. 8. gr. og skal þá taka mið af hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja við eignfærslu þeirra í efnahagsreikning félagsins. Hafi viðkomandi mannvirki notið ríkisframlags skal leita samþykkis ráðherra fyrir framsali þeirra.

Höfn getur samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar orðið að höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags, sbr. 1. tölul. 8. gr.

Rekstrarformi hafnar skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir. Sveitarstjórn er þó heimilt með samþykki samgönguráðherra að veita aukið fjármagn til hafnar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar.

VI. KAFLI
Höfn sem telst ekki til opinbers reksturs.

19. gr.

Stjórn og rekstur.

Rekstrarform hafnar samkvæmt þessum kafla fer eftir ákvæðum 3. tölul. 8. gr. Stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga fara með valdsvið hafnarstjórna. Höfn sem rekin er skv. 3.

tölul. 8. gr. er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda sinna eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar sem sett er skv. 4. gr.

20. gr.

Starfsheimildir og gjöld vegna reksturs hafnar.

Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 8. gr. hefur starfsheimildir án takmarkana.

Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar. Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað við þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.

VII. KAFLI
Móttökuskylda hafnar.

21. gr.

Móttökuskylda og ábyrgð eigenda skipa.

Skylt er að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Höfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda og fyrir förgunarkostnaði skips séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar. Höfn er heimilt að láta fjarlægja skip á kostnað eiganda þegar rými hafnarinnar er takmarkað. Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði eða hættu getur hafnarstjóri fyrirskipað úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt er heimilt að láta fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda.

VIII. KAFLI
Framlög ríkisins til hafnamála og framkvæmdir í höfnum.

22. gr.

Frumrannsóknir.

Ríkissjóður greiðir allt að fullu kostnað við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Siglingastofnun Íslands skal hafa umsjón með frumrannsóknum sem kostaðar eru af ríkissjóði og hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn þar sem við á.

23. gr.

Samgönguáætlun.

Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög nr. 71/2002, um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Við tillögugerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat er taki mið af hagkvæmni framkvæmdar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið.

24. gr.

Ríkisstyrktar framkvæmdir.

Heimilt er að veita framlög úr ríkissjóði til eftirfarandi verkefna á sviði hafnargerðar á vegum hafnarsjóða, þegar um er að ræða hafnir sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr.

Ríkissjóði er heimilt að styrkja:

a. Endurbyggingu, endurbætur og lagfæringar á skjólgörðum í höfnum þar sem erfiðar náttúrulegar aðstæður valda því að lítið skjól er fyrir úthafsöldu og dýpkun í innsiglingu þar sem reglulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf á minnst fimm ára fresti. Stofnkostnað við hafnsögubáta á stöðum þar sem aðstæður í höfn og nágrenni hennar kalla á slíkt öryggistæki. Greiðsluþátttaka ríkisins getur þó aldrei orðið hærri en 75% og er ákvörðuð hverju sinni í samgönguáætlun.
b. Framkvæmdir á vegum lítils hafnarsjóðs innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA með tekjur undir 15 millj. kr. og þar sem verðmæti meðalafla síðustu þriggja ára er undir 600 millj. kr. Ríkissjóði er heimilt að víkja frá þessum viðmiðunarmörkum við sérstakar aðstæður, enda liggi fyrir staðfesting frá Samkeppnisstofnun um að styrkurinn skekki ekki samkeppnisstöðu hafna. Ríkisstyrktar framkvæmdir skulu takmarkast við merkingu innsiglingar, dýpi, varnarmannvirki og viðlegu. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt þessum lið skal vera allt að 90% og er ákvörðuð hverju sinni í samgönguáætlun sem samþykkt er af Alþingi.
c. Framkvæmdir á vegum hafnarsjóðs innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA með heildartekjur undir 30 millj. kr. og þar sem verðmæti meðalafla síðustu þriggja ára er undir 1.500 millj. kr. og völuflutningar sem um höfnina fara eru undir 50 þús. tonnum. Ríkissjóði er heimilt að víkja frá þessum viðmiðunarmörkum við sérstakar aðstæður, enda liggi fyrir staðfesting frá Samkeppnisstofnun um að styrkurinn skekki ekki samkeppnisstöðu hafna. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt þessum lið getur aldrei orðið meiri en 60% vegna dýpkana og 40% vegna viðlegumannvirkja sem unnið er við árið 2007 eða síðar.

Samgönguráðherra er heimilt í stað þess að veita styrki skv. a–c-lið 2. mgr. að stofna þróunardeild Hafnabótasjóðs, sbr. 26. gr., sem yrði fjármögnuð með framlagi af fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis. Þróunardeild Hafnabótasjóðs er heimilt að veita styrki til hafnarsjóða óháð rekstrarformi vegna framkvæmda við dýpkanir, skjólgarða, viðlegumannvirki og merkingu innsiglingar sem nema allt að 50% kostnaðar. Þó geta litlar byggðahafnir, sbr. b-lið 2. mgr., sótt um styrk sem nemur allt að 90% kostnaðar við framkvæmdir. Hafnir skulu senda inn umsóknir um styrki þar sem lögð er fram viðskiptaáætlun hafnar, upplýsingar um viðkomandi framkvæmdir, fjármögnun framkvæmda og aðrar þær upplýsingar sem stjórn sjóðsins ákveður að leggja skuli fram. Ákveði ráðherra að nýta þetta ákvæði er ekki skylt að sundurliða framkvæmdir í samgönguáætlun.

25. gr.

Umsóknir um ríkisframlög.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði skulu sendar Siglingastofnun Íslands. Stofnunin vinnur úr umsóknum og tekur þær fyrir við endurskoðun samgönguáætlunar, sbr. 23. gr.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ávallt tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 24. gr. Staðfesting Siglingastofnunar skal liggja fyrir um að höfn hafi nýtt alla kosti sína til tekjuöflunar áður en umsókn um

ríkisstyrk er tekin fyrir svo að framlagið raski ekki samkeppni við aðrar hafnir. Staðfesting þessi skal m.a. byggjast á samanburði við gjaldtöku annarra sambærilegra hafna.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru sett á samgönguáætlun og tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti við endurskoðun samgönguáætlunar, sbr. 23. gr.

26. gr.

Hafnabótasjóður.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Hlutverk A-deildar sjóðsins er að fjármagna hlut ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum en B-deildar að fjármagna tjónaviðgerðir, sbr. 3. tölul. 3. mgr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru tekjur af starfsemi sjóðsins og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán vegna starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Hafnaráð ráðstafar fé Hafnabótasjóðs að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands með samþykki ráðherra á eftirgreindan hátt:

1. Fjármagnar framkvæmdir ríkisins samkvæmt samgönguáætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.
2. Hafnabótasjóði er heimilt að starfrækja þróunardeild hafna samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnu sérstöku fjárframlagi samkvæmt samþykkt Alþingis. Markmið þróunardeildarinnar er að styðja minni hafnir á landsbyggðinni sem eru mikilvægar fyrir byggðarlagið og atvinnuuppbyggingu þess.
3. Hafnabótasjóði er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem eru styrkhæf skv. a-lið og b-lið 2. mgr. 24. gr., þ.m.t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

Siglingastofnun Íslands annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

Heimilt er með samþykki ráðherra að fela lánastofnun umsýslu lána sjóðsins.

IX. KAFLI

Kæruheimild.

27. gr.

Kæruheimild.

Notendum hafna er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórna samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands.

Ákvörðunum Siglingastofnunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

X. KAFLI

Viðurlög, gildistaka o.fl.

28. gr.

Refsingar.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

29. gr.

Breytingar á verðlagi.

Allar verðmætaviðmiðanir samkvæmt lögum þessum skulu taka sömu breytingum á milli ára og vísitala neysluverðs frá gildistíma laganna.

30. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Ákvæði til bráðabirgða I öðlast þegar gildi.

Allar hafnir skulu leitast við að taka ákvörðun um rekstrarform fyrir 1. júlí 2003, en þá taka ný rekstrarform hafna samkvæmt lögum þessum gildi.

Sé engin ákvörðun tekin um rekstrarform hafnar fyrir 1. júlí 2003 skal rekstrarform hennar vera höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Við breytingu núverandi hafnarforms frá höfn með hafnarstjórn í höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags skal sveitarstjórn taka við stjórn hafnarinnar og ábyrgð á rekstri hennar.

B-deild Hafnabótasjóðs skv. 26. gr. skal yfirtaka núverandi eignir sjóðsins við gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gjaldskrá.

Við gildistöku ákvæðisins setur samgönguráðherra gjaldskrá fyrir allar hafnir til 12 mánaða fyrir lestar- og bryggjugjöld, farþegagjald og vörugjöld, þ.m.t. aflagjald. Heimilt er einstökum höfnum að hækka eða lækka þessi gjöld um 20%. Skal gjaldskráin við það miðuð að hafnir landsins geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri miðað við forsendur þessara laga. Þó er óheimilt að hækka gjöld einstakra hafna umfram það sem þörf krefur til þess að standa undir rekstri hafnar, sbr. skilgreiningu 3. gr. Samgönguráðherra er heimilt að gefa út sérstaka gjaldskrá til 12 mánaða fyrir hverja höfn sem undir þetta getur fallið. Í lok þessa 12 mánaða tímabils flytjast gjaldtökuákvarðanir til hafna.

II.

Ríkisstyrkir.

Þrátt fyrir 24. gr. þessara laga er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum samkvæmt samþykktri hafnaáætlun 2001–2004, sbr. eldri hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Jafnframt er heimilt að styrkja framkvæmdir í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2003–2014 til og með árinu 2006 á grundvelli eldri hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Áður skal þó liggja fyrir áætlun Siglingastofnunar Íslands um hvernig nýta megi fjármuni best við að gera hafnir jafnsettar í framkvæmdalegu tilliti á aðlögunartímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. er Hafnabótasjóði heimilt að veita lán eða styrk skv. 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1994 fram til 1. janúar 2007.

III.

Sérstakt vörugjald.

Innheimt skal sérstakt vörugjald fram til júníloka 2004 sem renna skal í ríkissjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjöld, eins og þau verða ákveðin í gjaldskrá samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I.

IV.

Endurskoðunarnefnd.

Ráðherra skal í síðasta lagi að þremur árum liðnum frá gildistöku laganna, en fyrr ef nauðsyn krefur, skipa sérstaka endurskoðunarnefnd sem hafi það hlutverk að meta hvernig til hafi tekist við framkvæmd laganna og gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar breytingar ef við á. Nefndin skal sérstaklega kanna hvort töluleg viðmið 24. gr. þurfi breytinga við í ljósi reynslunnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í meginatriðum samhljóða frumvarpi sem samgönguráðherra lagði fyrir Alþingi á sl. vorþingi. Frumvarpið fékk mikla umfjöllun í samgöngunefnd, en ekki náðist að afgreiða það úr nefndinni. Í sumar setti samgönguráðherra á stofn vinnuhóp til þess að fara yfir frumvarpið eins og það lá þá fyrir. Í vinnuhópnum voru, auk fulltrúa ráðuneytisins, Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar Alþingis, Magnús Stefánsson alþingismaður, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Árni Þór Sigurðsson, formaður Hafnasambands sveitarfélaga, og Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi. Ekki varð formleg niðurstaða af starfi hópsins, en sú skoðun kom greinilega fram að endurskoða þyrfti 24. gr. frumvarpsins svo að sveitarfélögin gætu sætt sig við það. Á 33. ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga var hafnalagafrumvarpið tekið til umræðu og má fullyrða að það hafi verið langmikilvægasta mál fundarins. Ársfundurinn samþykkti frumvarpsdrögin fyrir sitt leyti með nokkrum breytingum. Eftirfarandi er samþykkt ársfundarins um hafnalagafrumvarpið í heild sinni:

„33. ársfundur Hafnasambands sveitarfélaga tekur undir skýrslu stjórnar fyrir árið 2001–2002 þar sem fjallað er um frumvarp til nýrra hafnalaga. Einnig tekur fundurinn undir framsögu formanns hafnasambandsins um frumvarpið og þær tillögur til breytinga sem þar koma fram.

Ársfundurinn lýsir yfir ánægju með að samgönguráðuneytið hefur tekið undir ályktanir og tillögur sem hafnasambandið hefur gert við þau frumvarpsdrög sem fyrir þinginu lágu.

Ársfundurinn leggur sérstaka áherslu á:

- mikilvægi endurskoðunarákvæðis í frumvarpinu þar sem ekki liggur ljóst fyrir hvaða áhrif ný lög munu hafa á rekstur og framkvæmdagetu hafna í landinu,
- að tekið verði sérstakt tillit til hafna sem samsettar eru úr mörgum einingum (hafnasamlög og sameinuð sveitarfélög) og að lögin verði frekar hvetjandi fyrir sameiningu hafna en hamlandi,
- að sú gríðarlega sundurliðun á gjaldtöku sem skilgreind er í 17. gr. virðist stangast á við markmið nýrra hafnalaga sem lýtur að aukinni sjálfstjórn hafna,
- að útreikningar varðandi stöðu einstakra hafnarsjóða miðað við áhrif 24. gr. frumvarpsins verði kynntir höfnum landsins nú þegar. Þeir útreikningar munu gera höfnum frekar ljóst hver samkeppnishæfni þeirra er að breyttum lögum,
- að útfærsla 24. gr. sé með þeim hætti að höfnum landsins verði tryggt eðlilegt starfsumhverfi,
- að þar sem aðlögunartími nýrra hafnalaga verður lengdur til ársins 2006 er mikilvægt að hann sé nýttur til að tryggja að hafnir landsins séu jafnsettar varðandi framkvæmdaþörf og rekstur. Stefna hafnaáætlunar 2003–2006 þarf að vera sú að nægt fjármagn sé til slíkrar aðlögunar,
- að á aðlögunartímabilinu verði töluleg viðmið er fram koma í 24. gr. frumvarpsins tekin til endurskoðunar,

- að endurskoðað frumvarp verði sent höfnum landsins til yfirlestrar að nýju,
- að við endurskoðun frumvarpsins verði tekið til skoðunar að breyta 24. gr. frumvarpsins þannig að framlög úr ríkissjóði komi í gegnum framkvæmdasjóð hafna sem virki með svipuðum hætti og þekkist í samskiptum ríkis og sveitarfélaga í gegnum jöfnunarsjóð."

Í frumvarpi þessu hefur verið tekið tillit til þeirra atriða sem fram komu á ársfundinum. Má benda á að víkkaður hefur verið út styrktarflokkur svokallaðra byggðahafna. Þannig er tekið á vanda þeirra hafna sem töldu hlut sinn mjög skertan í upphaflega frumvarpinu. Um þetta og fleiri atriði mun verða fjallað nánar í athugasemdum við hverja grein.

Málefni hafna hafa undanfarið verið í brennidepli og hafa komið fram kröfur um breytingar á rekstrarformi og fjármögnun framkvæmda. Nokkur dæmi má nefna hér. Fjallað var um málið á ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga árið 1997 og hefur það síðan verið tekið fyrir á hverjum ársfundi. Samtök iðnaðarins sendu beiðni haustið 1998 til Samkeppnisstofnunar um athugun á því hvort ákvæði hafnalaga stríddu gegn markmiðum samkeppnislaga. Einnig hafa komið fram ábendingar vegna endurskoðunar á gjaldaákvæðum laga í kjölfar hertra formkrafna til lagaheimilda fyrir sköttum og þjónustugjöldum. Töluverð umræða hefur verið innan ESB eftir útkomu grænbókar um hafnir og að lokum má nefna að verulegar breytingar hafa orðið í sumum nágrannalöndum okkar á málefnum hafna. Þessi atriði og fleiri hafa kallað á umræðu hér á landi. Til að bregðast við því ákvað þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, að skipa tvær nefndir 1. febrúar 1999 til þess að fjalla um málefni hafna. Önnur nefndin hafði það hlutverk að fjalla um framtíðarfyrirkomulag hafnamála. Hin hafði það hlutverk að gera tillögur um gjaldskrá hafna með hliðsjón af breyttum lögum og veita umsögn um undanþáguákvæði núgildandi hafnalaga. Fljótlega komu upp þau sjónarmið að tillögur gjaldskrárnefndar og nefndar um framtíðarskipulag hafnamála yrðu að fara saman. Nefndunum var því falið af núverandi samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni, að skila sameiginlegu áliti. Hér á eftir verður því vísað til þessara nefnda sem nefndar um framtíðarskipan hafnamála. Áliti var skilað sem áfangaskýrslu til samgönguráðherra í september 1999.

Í kjölfar framangreinds álits skipaði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra 9. desember 1999 nýja nefnd sem hér eftir er nefnd hafnalaganefnd. Í skipunarbréfi hennar segir að hún skuli „undirbúa og semja frumvarp til nýrra hafnalaga. Verkefni þessarar nefndar verður að útfæra þær hugmyndir sem fram komu í skýrslunni frá því í september. Nefndinni er því ætlað að skila af sér frumvarpi til laga með greinargerð sem leggja megi fram til kynningar á Alþingi, helst á vorþingi 2000 ef mögulegt er. Nefndin skal leitast við í vinnu sinni að hafa náið samráð og samstarf við sem flesta hagsmunaaðila er hafnamál snerta þannig að sjónarmið þeirra komi skýrt fram."

Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í hafnalaganefndina: Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, formaður, Árni Þór Sigurðsson, formaður Hafnasambands sveitarfélaga, Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, Hörður Blöndal, hafnarstjóri Hafnasamlags Norðurlands, og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar.

Með nefndinni störfuðu Hermann Guðjónsson, forstjóri Siglingastofnunar Íslands, og Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu. Ritari hennar var Sigurbergur Björnsson, forstöðumaður hjá Siglingastofnun Íslands.

Nefndin hóf starf sitt með því að fara yfir fyrirliggjandi áfangaskýrslu um framtíðarskipan hafnamála. Því næst kallaði hún á fulltrúa úr ýmsum áttum. Á fund nefndarinnar komu:

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Hjörleifur Pálsson endurskoðandi, Deloitte & Touche, Árni Harðarson lögfræðingur, Deloitte & Touche, Ragnheiður Snorradóttir lögfræðingur, fjármálaráðuneyti, Kristján Andri Stefánsson lögfræðingur, for-

sætisráðuneyti, Guðmundur Sigurðsson forstöðumaður, Samkeppnisstofnun, Lárus Ögmundsson lögfræðingur, Ríkisendurskoðun, Höskuldur H. Ólafsson, framkvæmdastjóri hjá Eimskipum, Kristinn Þór Geirsson, framkvæmdastjóri hjá Samskipum, Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, Arthur Bogason formaður og Örn Pálsson framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, Haukur Þór Hauksson, formaður Samtaka verslunarinnar, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Grétar Mar Jónsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sævar Gunnarsson formaður og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands, Sigríður Andersen og Guðjón Rúnarsson frá Verslunarráði Íslands, Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, og Ólafur J. Briem, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða.

Nefndin náði samkomulagi um drög að frumvarpi og er þetta frumvarp í mörgum atriðum í samræmi það. Þó skal tekið fram að Friðrik Arngrímsson, sameiginlegur fulltrúi Landssambands íslenskra útgerðarmanna, Landssamtaka smábátaeigenda og Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara (sjá fylgiskjal IV).

Í frumvarpi þessu eru mörg nýmæli sé tekið mið af núgildandi hafnalögum. Þau helstu eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra.
2. Leyft verður að reka hafnir undir fleiri rekstrarformum, þ.m.t. undir hlutafélagaforminu.
3. Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra hafna landsins.
4. Móttökuskylda hafna er skilgreind.
5. Ríkisafskipti af höfnum eru minnkuð en áfram er gert ráð fyrir að viðhaldsdýpkanir, lagfæringar og viðhald á skjólgörðum sé greitt að hluta til úr ríkissjóði.
6. Framtíð smærri fiskihafna er betur tryggð en í núgildandi lögum.
7. Önnur stjórnvaldsafskipti af höfnum eru betur skilgreind.

Ein af forsendum frumvarpsins er að rekstur hafna verði virðisaukaskattsskyldur. Þetta nái eingöngu til reksturs hafna eins og hann er skilgreindur í 3. gr. Því gilda núverandi sjónarmið um hafnarþjónustu, lóðaumsýslu og rekstur fasteigna. Fram að þessu hafa hafnir ekki innheimt virðisaukaskatt af hafnargjöldum og ekki fengið frádreginn eða endurgreiddan innskatt vegna framkvæmda og aðkeyptra rekstrarvara og þjónustu nema að mjög litlu leyti. Virðisaukaskattur af sérfræðiþjónustu fæst þó endurgreiddur. Ljóst er að við það að færa gjaldskrárákvarðanir til hafna og leyfa fleiri rekstrarform en tíðkast í dag færast hafnir nær umhverfi annars atvinnurekstrar. Flestir viðskiptaaðilar hafna eru virðisaukaskattsskyldir sem mælir með að hafnir verði það líka. Ef ein höfn uppfyllir skilyrði um virðisaukaskattsskyldu falla aðrar á sama atvinnusvæði óhjákvæmilega undir sama hatt óháð rekstrarformi. Því verður flókið fyrir viðskiptavini hafnarinnar að greiða hafnargjöld með virðisaukaskatti í höfnum á einu atvinnusvæði en ekki í höfnum á öðru atvinnusvæði. Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli í þessu efni og allar hafnir sem undir lögin falla verði virðisaukaskattsskyldar. Því munu hafnir m.a. innheimta virðisaukaskatt af viðskiptavinum sínum við gerð reikninga fyrir skipagjöld og vörugjöld. Þær geta dregið allan innskatt frá útskatti. Þá hverfa uppsöfnunaráhrif vegna virðisaukaskatts sem hefur miklar fjárhagslegar afleiðingar fyrir bæði hafnirnar og ríkissjóð.

Það er á verksviði fjármálaráðuneytis að breyta lögum eða reglugerðum á þessu sviði og vísast til þess ráðuneytis um það.

Að lokum skal það tekið fram og ítrekað hér í hinum almennu athugasemdum að skoðun samgönguráðuneytisins er óbreytt, þ.e. að núgildandi hafnalög séu orðin úrelt og ekki lengur í takt við þarfir nútímans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin segir til um gildissvið laganna. Lögin taka til allra hafna. Þau ná til hafnarsjóða sem hingað til hafa verið reknir af sveitarsjóðum samkvæmt núgildandi lögum. Lögin munu einnig gilda um hafnir sem eru í eigu einkafyrirtækis og þjóna því eingöngu. Þetta þýðir að sérhæfðar hafnir sem starfræktar eru af fyrirtækjum, eins og t.d. innst í Hvalfirði, þurfa reglugerðir skv. 4. gr. sem skilgreina hafnarsvæði og skyldur um t.d. öryggismál og mengunarmál. Undir lögin falla einnig hafnir sem hingað til hafa verið reknar af sveitarfélagi án þess að um þær hafi verið stofnaðir hafnarsjóðir. Dæmi um þetta er t.d. skemmtibátahöfnin á Seltjarnarnesi. Frumvarpið gerir kröfur um að sett verði hafnarreglugerð fyrir slíkar hafnir.

Um 2. gr.

Í 1. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, segir að samgönguráðherra fari með yfirstjórn siglinga-, hafna- og vitamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Í 2. gr. sömu laga segir að Siglingastofnun Íslands fari með framkvæmd siglinga-, hafna- og vitamála. Þetta þýðir að stofnunin fer með framkvæmd þessara laga í umboði samgönguráðherra nema í sérstökum tilfellum, t.d. er lýtur að olíuhöfninni í Helguvík sem fellur undir varnarsamninginn. Gerðar eru nokkrar breytingar sem miða að því að skýra og styrkja hlutverk Siglingastofnunar sem eftirlitsaðila samkvæmt lögunum. Í þessu sambandi er lagt til að tiltekið verði sérstaklega í 2. gr. frumvarpsins að stofnunin skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Um 3. gr.

Rétt þykir að vekja athygli á að skilgreining á höfn er útfærð með hliðsjón af skilgreiningu Evrópusambandsins á hugtakinu höfn, t.d. í tillögu að tilskipun þess, „Market access to port services“. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein segir að samgönguráðherra skuli setja reglugerð um hverja höfn. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld setji reglur um mengunarmál, öryggismál, skipulagsmál og hafi eftirlit með að farið sé eftir reglum. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að stjórnvöld setji reglugerð um hverja höfn. Þetta er sama fyrirkomulag og í núgildandi lögum, nema hafnir í eigu einkaaðila falla nú einnig undir þetta ákvæði. Hafnarstjórn ber ábyrgð á að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt. Leigi hún öðrum athafnasvæði á hafnarsvæðinu ber hún engu að síður ábyrgð.

Lagt er til að hafnarreglugerðir skuli segja til um kosningu og starfs- og valdsvið hafnarstjórnar. Gagnvart einkafyrirtækjum eða hlutafélögum gilda lög um hlutafélög eða viðkomandi annað félagaform. Ekkert mælir þó á móti því að ákvæði þessa efnis sé sett í reglugerð fyrir viðkomandi höfn.

Ef höfn telst ekki uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum getur komið til álita fyrir ráðherra að fella hafnarreglugerðina úr gildi. Við það falla niður allar starfsheimildir hafnarinnar og ber að loka henni fyrir umferð á sjó og landi. Þetta er m.a. gert svo að hægt verði að grípa inn í þegar hætta stafar af lélegum mannvirkjum og viðkomandi höfn hefur ekki sinnt aðvörunum. Þá er lagt til að áður en hafnarreglugerðir samkvæmt þessari grein eru gefnar út skuli leita umsagnar Siglingastofnunar. Jafnframt er lagt til að tiltekið verði í greininni að stofnunin skuli hafa eftirlit með því að hafnir uppfylli skyldur sínar samkvæmt hafnarreglugerð.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði má einnig finna í núgildandi hafnalögum. Það hefur þó meira vægi hér þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að einkaaðilar geti átt og rekið höfn.

Kveðið er á um að sveitarstjórn skuli veita framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum. Er það í samræmi við 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, en þar segir:

„Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar."

Í 36. gr. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga segir einnig:

„Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan.

Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdar á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir."

Enn fremur segir í 3. mgr. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga: „Mannvirki, sem undanþegin eru byggingarleyfi, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara."

Um 6. gr.

Frumvarpið gerir eins og áður sagði ráð fyrir að skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, gildi um skipulag hafnarsvæða. Það tiltekur þó að leggja þurfi fyrir Siglingastofnun Íslands gögn um gerð mannvirkja til samþykktar áður en byrjað er á framkvæmdum. Þetta er gert til þess að Siglingastofnun Íslands geti sinnt hlutverki sínu við að fylgjast með hönnun hafnarmannvirkja og sjá til þess að þau uppfylli að minnsta kosti lágmarkskröfur um styrkleika. Einnig að tekið sé tillit til öryggissjónarmiða við hönnun og horft til þess að tryggja öryggi notenda hafnarinnar strax á hönnunarstigi. Þetta er nokkur breyting frá núgildandi hafnalögum sem gera ekki ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands hafi þetta hlutverk þegar um er að ræða framkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar. Núgildandi hafnalög gera kröfu um að eigendur hafna séu opinberir aðilar og koma því stjórnvöld að hafnarframkvæmdum óhjákvæmilega á öllum stigum. Hér er lagt til að þetta sé ótvírætt hlutverk stjórnvalda óháð rekstrarformi.

Frumvarpið heimilar þó að undanþága sé gefin frá þessu ákvæði sé tækniþekking og innra eftirlit fyrir hendi hjá viðkomandi höfn sem að mati Siglingastofnunar Íslands tryggir að fullt tillit sé tekið til öryggissjónarmiða við hönnun hafnarmannvirkja. Þannig hefur til að mynda Reykjavíkurhöfn sinnt þessum þætti sjálf vegna sinna framkvæmda.

Loks er í frumvarpinu gerð krafa um að þær hafnir sem njóta opinberra framlaga til framkvæmda skuli leggja fram staðfestingar á fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda. Þetta er gert til þess að tryggja að nauðsynlegt fjármagn sé fyrir hendi áður en ráðist er í framkvæmdir sem ríkið stendur að.

Ráðherra skal setja reglur um slysavarnir í höfnum og er þetta ákvæði hliðstætt ákvæðum gildandi hafnalaga.

Um 7. gr.

Þessi grein segir að eigandi hafnar sé ábyrgur fyrir mannvirkjum, búnaði og rekstri hafnarinnar. Til þess að geta rækt þetta hlutverk gefur frumvarpið hafnarstjórn eða sveitarfélagi þegar að það á við vald til þess að fjarlægja mannvirki í sjó fram ef hætta stafar af þeim.

Um 8. gr.

Frumvarpið kveður á um að auk rekstrarforms gildandi hafnalaga, þ.e. hafnar með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags, verði hægt að reka höfn sem höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags og sem félag skv. 3. tölul. þessarar greinar. Hafnarstjórn ber mikla ábyrgð er varðar öryggi hafnarinnar og umhverfi hennar. Því er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um hafnarstjórn fyrir hvert rekstrarform. Það er gert í 10., 13. og 19. gr.

Frumvarpið heimilar að reka höfn án sérstakrar hafnarstjórnar sem málaflokk í sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir að rekstur slíkra hafna sé í samkeppni við aðrar hafnir þó svo að það sé ekki andstætt frumvarpi þessu og gilda reglur um gjaldtöku opinberra fyrirtækja um þær. Eigandi hafnar, þ.e. viðkomandi sveitarstjórn, setur höfninni gjaldskrá. Þetta rekstrarform er einkum ætlað fyrir litlar hafnir, t.d. smábátahafnir eða jafnvel skemmtibátahafnir. Greinin heimilar að reka höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Þetta er það eina rekstrarform í raun sem núverandi hafnalög leyfa. Vísað er til fylgiskjals III frá Samkeppnisstofnun um samkeppni hafna. Frumvarpið heimilar að starfsheimildir slíkra hafna séu í samræmi við 5. tölul. 3. gr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að einkum stærri hafnarsjóðir landsins velji núverandi form eða stofni félag skv. 3. tölul. þessarar greinar sem yfirtekur reksturinn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að einkafyrirtæki geti rekið hafnir. Slíkar hafnir geta verið einkafyrirtækjum nauðsynlegar vegna annarrar starfsemi, svo sem olíudreifingar eða stóriðju. Einnig gæti einkafyrirtæki haft hafnarrekstur sem aðalverkefni. Frumvarpið gerir engar kröfur um stærð slíkra fyrirtækja í veltu talið og takmarkar ekki starfsheimildir slíkra hafna. Samkeppnislög gilda um verðlagningu á þjónustu þeirra.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að til séu á einum stað aðgengilegar upplýsingar um getu hafna til þess að taka á móti skipum. Siglingastofnun Íslands er ætlað að halda utan um slíkar upplýsingar. Lagt er til að skylda til þess að senda inn ársreikninga verði einskorðuð við hafnir sem njóta ríkisstyrks samkvæmt lögunum. Höfnum sem ekki njóta ríkisstyrks er þó skylt að senda Siglingastofnun þær upplýsingar sem hún óskar eftir, enda séu þær henni nauðsynlegar til að rækja eftirlitshlutverk sitt samkvæmt lögunum. Jafnframt er lagt til að höfnum verði skylt að miðla Siglingastofnun upplýsingum um farþega og vöruflæði í höfn.

Um 10. gr.

Fjallað er um almenn atriði er varða þetta rekstrarform hafna í athugasemdum við 8. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa. Sveitarstjórn getur kosið hafnarnefnd sem hefur sömu stöðu og málaflokkanefndir hafa almennt í sveitarfélögum.

Um 11. gr.

Vísað er til umfjöllunar um 17. gr.

Um 12. gr.

Sveitarstjórn getur breytt rekstrarformi hafnar telji hún það hyggilegt. Þá er komið til móts við auknar þarfir sem fylgja vexti hafna um leið og gerðar eru kröfur um fjárhagslegt sjálfstæði. Við það gæti viðkomandi höfn í eigu sveitarfélags ef til vill tekið þátt í nýrri samkeppni á svæðinu notendum til hagsbóta.

Um 13. gr.

Greinin kveður á um að stjórn hafnar með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags skuli kosin af sveitarstjórn og segi í viðkomandi hafnarreglugerð nánar til um það fyrirkomulag. Gert er ráð fyrir að kosnar séu sérstakar hafnarstjórnir sem hafa þá svipaða stöðu og stjórnir fyrirtækja. Ákvæði er um að hafnarstjórnin skuli fyrst og fremst gæta hagsmuna hafnarinnar og er tilgangur þess m.a. sá að taka af öll tvímæli um tengsl sveitarsjóðs og hafnarsjóðs. Það er hlutverk hafnarstjórnar samkvæmt frumvarpi þessu að ráða hafnarstjóra og ákveða verksvið hans. Fyrirkomulag stjórnar hafnarinnar skal nánar ákveðið í reglugerð sem samgönguráðherra setur skv. 4. gr.

Um 14. gr.

Núgildandi lög gera ráð fyrir að hægt sé að sameina hafnir í eigu tveggja eða fleiri sveitarfélaga og stofna um þær hafnasamlög með heimild ráðherra. Reynslan af núverandi hafnasamlögum er nokkuð mismunandi. Sum þeirra hafa náð fram hagræðingu en önnur rekið einstakar hafnir með nánast óbreyttu sniði. Frumvarpið gerir áfram ráð fyrir hafnasamlögum, en þó með áherslubreytingu. Gerð er krafa um að við stofnun hafnasamlags séu hafnarsvæðin skipulögð á nýjan leik og lögð fram gögn sem sýna fram á að hagræðing náist með sameiningunni. Með þessu móti er reynt að stuðla að þeirri hagræðingu sem upphaflega var stefnt að með stofnun hafnasamlaga. Ákvæði samkeppnislaga gilda þó um sameiningu hafna sem teljast í samkeppni og gæti því komið til kasta samkeppnisyfirvalda ef sýnt þykir að sameiningin komi niður á þjónustu við neytendur. Stjórn hafnasamlags ber að horfa á hagsmuni heildarinnar og gæta þess að fjármunum sé varið á sem hagkvæmastan hátt hverju sinni. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum á högum eldri hafnasamlaga, en gera má þó ráð fyrir að skipulag þeirra styrkist í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í grein þessari. Gert er ráð fyrir að fyrstu fimm árin eftir að hafnir hafa gengið í hafnasamlag haldi þær réttindum sínum gagnvart ríkisstyrkjum skv. 24. gr. eins og þær stæðu áfram einar enda er það stefna þessa frumvarps að stuðla beri að hagkvæmri samvinnu og sameiningu hafna.

Um 15. gr.

Fjallað er um starfsheimildir hafnar með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags í umfjöllun um 8. gr. Tekið skal fram að ekkert mælir gegn því í frumvarpi þessu að hafnir í þessum kafla geti átt í félagi sem rekur hafntengda atvinnuaðstöðu eða hafntengda þjónustu.

Um 16. gr.

Ákvæði núgildandi laga um að hafnarsjóðir skuli undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum halda sér. Væntanleg lög um virðisaukaskattsskyldu hafna munu þó ná til þeirra. Ákvæði núgildandi hafnalaga um að tekjum og eignum hafnarsjóðs megi einungis verja í þágu hafnarinnar eru einnig látin halda sér. Það þýðir að þessum höfnum er óheimilt að greiða arð til eigenda sinna. Þetta gildir þó aðeins um hafnir með eða án hafnarstjórnar í eigu sveitarfélaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lög um bókhald gildi um þessar hafnir og þær fylgi almennri reikningsskilavenju. Eigandi hafnar skal velja endurskoðanda sem er í samræmi við lög og reglur og venjur þar um.

Um 17. gr.

Veitt er heimild til að innheimta aflagjald, vörugjald, lestargjald og bryggjugjald til þess að standa straum af kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki. Þetta þýðir m.a. að höfnin má ekki greiða arð í sveitarsjóð.

Sveitarsjóðir bera ábyrgð á að gjöld séu í samræmi við reglur um gjöld opinberra fyrirtækja samkvæmt þessu frumvarpi. Líftíma og slit margra hafnarmannvirkja er í meginatriðum fremur hægt að rekja til veðurfarslegra eða náttúrulegra ástæðna en notkunar. Hafnargjöld eru endurgjald fyrir veitt afnot á sama hátt og leiga er endurgjald fyrir afnot af húsnæði. Stærsti einstaki kostnaðarþáttur leigugjalds er stofnkostnaður sem er mismunandi fyrir hvert mannvirki sem leigt er. Algengast er að miða leigugjald á húsnæði við fermetra, heilt hús eða hluta úr húsi eftir aðstæðum og að því sé deilt á leigjendur eftir tíma, svo sem klukkustundum, dagpörtum, vikum eða mánuðum. Stofnkostnaðurinn vegur þyngst í hafnargjöldunum. Stærri skip leigja meiri aðstöðu en lítil skip, þ.e. lengri viðlegu, meira dýpi og fleiri fermetra af hafnarbakka. Aðstæður eru mismunandi í hverri höfn sem hefur áhrif á viðmið og form gjaldtöku. Lestargjaldinu er einkum ætlað að mæta kostnaði við ytri mannvirki hafnarinnar. Bryggjugjaldi er einkum ætlað að mæta kostnaði við viðlegumannvirki. Vörugjöldum er einkum ætlað að mæta kostnaði við bryggju og þekju.

Það er eiganda hafnar, þ.e. sveitarfélagsins, að sjá til þess að gjaldskrá fyrir þjónustu hafnar uppfylli þær kröfur sem réttarreglur um tekjuöflun hins opinbera setja gjaldtöku af þessu tagi og gæti þess að álögð gjöld séu í samræmi við þær heimildir.

Gert er ráð fyrir að á aðlögunartíma, sbr. ákvæði til bráðabirgða, muni hafnarsjóðir fá auknar tekjur til þess að standa á eigin fótum. Það er eigenda hafna að sjá til þess að hafnir uppfylli formkröfur og að gjöldin hrökkvi fyrir kostnaði að loknum aðlögunartíma.

Nýmæli í frumvarpinu er farþegagjald. Ljóst er að hafnarsjóðir hafa lagt í töluverðan kostnað til þess að taka á móti farþegum af skemmtiferðaskipum, ferjum og skemmtiferðaeða útsýnisbátum ýmiss konar sem þjónusta ferðamenn. Þessi kostnaður felst í umsýslu skipanna, sérbúnaði, svo sem flotbryggjum og landgöngum, svo og aðstöðu fyrir þau sem ekki nýtist í annað. Rökrétt er að heimila gjaldtöku fyrir þessa þjónustu hafna. Gjaldtökuheimildir kaflans ná til sömu rekstrarþátta og starfsheimildir hafnarinnar.

Í frumvarpinu er heimild fyrir tveimur nýjum gjöldum, þ.e. lestunar- og losunargjaldi, sem er einkum hugsað vegna notkunar á aðstöðu fyrir afgreiðslu á vörum út af hafnarsvæði á vöruflutningabíl og ætla má að sé innifalið í vörugjaldi í þeim tilfellum þegar varan fer þess í stað um borð í skip. Geymslugjald er vegna geymslu gáma eða varnings á hafnarsvæði í lengri tíma. Það á einkum við í þeim tilfellum þegar hafnarsjóður leigir aðstöðu fyrir einstaka gáma eða vöru í stað þess að leigja heilt athafnasvæði til lengri tíma. Geymslugjaldið getur átt við geymslu vöru á sérstöku geymslusvæði eða á athafnasvæði sjálfra viðlegumannvirkjanna í lengri tíma en eðlilegan athafnatíma við uppskipun eða útskipun. Í 13. tölul. 1. mgr. er getið um sorpgjöld í stað sorphirðugjalds í núverandi lögum. Ástæðan er sú að gert er ráð fyrir að hægt sé að taka gjald annars vegar fyrir sorphirðu og hins vegar fyrir sorpeyðingu.

Heimild til töku umsýslugjalds er ætluð til þess að standa straum af sameiginlegum kostnaði í rekstri hafnarinnar sem ekki er hægt að heimfæra á einstakar gjaldheimildir, sbr. 1.–14. tölul. Hér gæti verið um að ræða skrifstofukostnað, laun yfirstjórnar og fleira þess háttar.

Almennt gerir frumvarpið ráð fyrir að gjöld verði miðuð við að gjaldtaka fyrir viðkomandi þjónustu standi straum af kostnaði við hana. Þetta sjónarmið verði haft til hliðsjónar við ákvörðun gjalda. Lagt er til að tiltekið verði sérstaklega að gjaldskrárákvarðanir allra hafna samkvæmt lögunum skuli miðaðar við að gjaldtaka fyrir viðkomandi þjónustu standi straum af kostnaði við hana. Í þessu felst að þetta sjónarmið verði haft til hliðsjónar við ákvörðun gjalda. Þessi krafa er líka gerð á hafnir sem reknar eru sem félag skv. 3. tölul. 8. gr. frumvarpsins. Krafan er eðlileg þegar horft er til þess að hafnir eru fyrst og fremst hluti af almenningssamgöngu- og þjónustukerfi landsins, þótt vissulega séu undantekningar þar á.

Gert er ráð fyrir að einkaaðili geti átt bryggju innan hafnarsvæðis, sbr. 5. gr. Nauðsynlegt er fyrir höfn að hafa tekjur af umferð vegna eiganda slíkrar bryggju til þess að standa straum af kostnaði við innsiglingarmerki og sameiginleg hafnarmannvirki. Þessi kostnaður hlýtur að vera mismunandi eftir höfnum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að kostnaður sé metinn út frá umferð sem myndast við notkun á viðkomandi bryggju í hlutfalli við heildarumferð í höfninni.

Um 18. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélög geti framselt rekstur hafna til annars rekstrarforms skv. 3. tölul. 8. gr. Gert er almennt ráð fyrir að slíkt félag verði áfram í eigu viðkomandi sveitarfélags en þó eru í frumvarpinu engar takmarkanir settar á að sveitarfélög geti síðar selt hlut sinn öðrum aðilum. Engar stærðartakmarkanir eru settar varðandi önnur rekstrarform skv. 3. tölul. 8. gr.

Frumvarpið gerir kröfu um að stuðst sé við hagrænt verðmæti hafnarmannvirkja við mat á verðmæti þeirra. Með hagrænu mati er átt við að núvirða fjárstreymi hafnarinnar út frá gefnum forsendum um arðsemi og áhættu. Frumvarpið gerir einungis kröfu um að verðmæti hafnarmannvirkja sé metið og þarf að reikna frá fjárstreymi vegna taps eða hagnaðar af hafntengdri þjónustu eða hafntengdri atvinnuaðstöðu við þetta verðmætamat og meta það sérstaklega. Sömuleiðis ef landsvæði sem hefur sértækt verðmæti er framselt til félags skv. 3. tölul. 8. gr. skal það metið á markaðsverði. Frumvarpið tekur ekki fyrir að aðrar matsaðferðir séu einnig notaðar, en í öllum tilfellum skal útkoman sannreynd með aðferðum hagræns mats.

Ástæða er til þess að endurskoða afskriftaheimildir skattalaga fyrir hafnarmannvirki þar sem ætla má að afskriftatími þeirra sé lengri en gert er ráð fyrir í skattalögum.

Í þessari grein er að finna ákvæði sem er hliðstætt ákvæði gildandi hafnalaga um að samþykki ráðherra þurfi til að veðsetja eða ráðstafa hafnarmannvirki sem hefur notið ríkisstyrks. Hér er krafist samþykkis ráðherra fyrir framsali hafnarmannvirkja til félags skv. 3. tölul. 8. gr. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti fengið og lagt mat á verðmætamat hafnarmannvirkja út frá forsendum ríkissjóðs um arðsemiskröfu og áhættu. Sú staða gæti komið upp að mat á hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja sé hærra en reiknað framlag hafnarsjóðs til þeirra. Við þessar aðstæður má álykta að hlutur ríkissjóðs hafi borið arð. Það er matsatriði hvort rétt sé að ráðherra fari fram á að ríkissjóður eignist hlut í slíku félagi. Heimild þessi er því höfð hér inni af sömu ástæðu og samhljóða heimild núgildandi hafnalaga.

Kjósi höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags að taka upp rekstrarformið höfn án hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags getur hún það. Gert er ráð fyrir að sveitarfélagahafnir í samkeppni við einkafyrirtæki fylgi reglum fjármálaráðuneytisins um opinberan rekstur í samkeppni.

Ef höfn er rekin í samkeppni en hún hefur neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár eftir fjármagnskostnað en fyrir afskriftir verður hún að láta af samkeppnisrekstri og taka upp rekstrarform hafnar án hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags. Í þessu tilviki hrökkva tekjur hafnarinnar ekki fyrir útgjöldum. Sveitarsjóður þarf að leggja fé með höfninni en slíkt gengur ekki til lengdar í samkeppnisrekstri. Því er eðlilegra að kosnir fulltrúar beri ábyrgð á rekstrinum með beinni hætti, þ.e. að höfnin verði rekin sem höfn í eigu sveitarfélags án sjálfsstjórnar. Í því tilfelli að hér sé um að ræða hafnasamlag verður að leysa það upp og fella hafnir þess undir viðkomandi sveitarsjóði. Því er gert ráð fyrir að í stofnsamningi hafnasamlags verði ákvæði sem segi til um hvernig beri að fara með eignir þess og skuldir ef því er slitið.

Ef hallareksturinn er vegna óreglulegrar skuldasöfnunar eða tímabundins aflabrests gefst eigendum hafnarinnar með samþykki ráðherra tækifæri til að leggja fram fé til þess að

grynnka á skuldum þannig að rekstrargrundvöllur skapist. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessari heimild verði aðeins beitt í undantekningartilfellum.

Um 19. gr.

Frumvarpið tiltekur að höfn skv. 3. tölul. 8. gr. sé í öllum tilvikum óheimilt að greiða arð til eigenda sinna nema áður hafi verið lagt til fé í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar. Siglingastofnun mun hafa eftirlit með þessu og getur kallað eftir nauðsynlegum upplýsingum varðandi slíkt. Þetta ákvæði á að tryggja að ekki sé gengið á fjárhagslega getu hafnar til þess að sinna hlutverki sínu í samgöngukerfi þjóðarinnar með óhóflegum arðgreiðslum til eigenda. Frumvarpið miðar við að í reglugerð skv. 4. gr. verði ákvæði sem útfærir nánar þessa kvöð.

Um 20. gr.

Engar takmarkanir eru á starfsheimildum þessara hafna.

Samkeppnislög gilda um verðlagningu hafna samkvæmt þessum kafla. Almennt gerir frumvarpið ráð fyrir að gjöld verði miðuð við að gjaldtaka fyrir viðkomandi þjónustu standi straum af kostnaði við hana ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnar. Þetta sjónarmið verði haft til hliðsjónar við ákvörðun gjalda.

Um 21. gr.

Í frumvarpinu segir að um allar hafnir sem falla undir 1. gr. gildi móttökuskylda á meðan rými og aðstaða leyfir. Hægt er að neita skipi um aðgang að höfn ef ekki er laust rými. Móttökuskylda í sérhæfðum höfnum eins og t.d. stóriðjuhöfnum getur ekki orðið til þess að teppa nauðsynlegan aðgang skipa sem flytja hráefni eða fullunna vöru til eða frá viðkomandi stóriðjuhöfn. Sama gildir um einstakar sérhæfðar bryggjur, t.d. loðnubryggjur eða bryggjur fyrir framan farmstöð. Einnig er hægt að neita skipi um aðgang að höfn ef engin aðstaða er til þess að taka á móti því með vísan til reglugerðar hafnarinnar skv. 4. gr. Í henni eiga t.d. að vera ákvæði um mengunarvarnir og öryggi sem hér geta skipt máli.

Í greininni er einnig að finna ákvæði um að hafnarstjórn sé heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess í höfn. Hér er einkum átt við tímabundna synjun svo að svigrúm gefist til þess að undirbúa komu skips í höfn eða grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana. Við eðlilegar aðstæður á tilkynning um komu skips með hættulegan farm að hafa borist höfninni með góðum fyrirvara.

Margar hafnarstjórnir hafa átt í vandræðum með skip sem liggja langtímum saman í höfn. Þau eru oft gömul, jafnvel ónýt, en taka viðlegurými frá öðrum skipum sem koma með afla eða vörur að landi. Í slíkum tilfellum verða oft vanskil á hafnargjöldum. Frumvarpið heimilar höfnum að fjarlægja slík skip ef rými hafnarinnar er takmarkað og þau farin að hamla annarri starfsemi hennar. Frumvarpið heimilar einnig höfnum að krefjast trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda þannig að þær geti varist vanskilum af hálfu eigenda skipa sem ekki eru í notkun. Lagt er til að sambærilegt lögveðsákvæði og er í gildandi lögum verði í þessari grein. Telja má réttlætanlegt að veita höfnum slíka tryggingarvernd með lögum með hliðsjón af móttökuskyldu hafna.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að hafnir geti krafist tryggingar fyrir förgunarkostnaði séu sterkar líkur á að skip lendi í reiðileysi. Skip í reiðileysi er skip sem enginn hirðir um, liggur undir skemmdum og af því stafar hætta, þ.m.t. mengunarhætta. Samkvæmt nýlegri könnun Hafnasambands sveitarfélaga hafa 158 skip legið verkefnalaus í höfnum um langan tíma. Þar af voru 14 togarar, 88 fiskibátar, 38 trillur og 20 önnur skip. Samtals var lengd

þeirra 5,1 km og brúttótonnatala þeirra um 37 þús. tonn. Ljóst er að veruleg fjárfesting í höfnum er teppt með þessu. Til viðmiðunar má nefna að stofnkostnaður við 1 km af stálþili er 1 milljarður kr. Mögulegt er að beita stighækkandi gjaldskrá miðað við tíma þar sem ekki fást eðlilegar tekjur, t.d. vörugjöld, af viðkomandi kanti.

Um 22. gr.

Ákvæði núgildandi hafnalaga um þátttöku ríkissjóðs í frumrannsóknum eru látin halda sér. Frumrannsóknir þurfa ekki að leiða til hafnargerðar, þær geta verið tímafrekar og dýrar og oft er nauðsynlegt að niðurstöður þeirra liggi fyrir þegar ráðast þarf í framkvæmdir með skömmum fyrirvara. Eðlilegt er því talið að ríkið kosti frumrannsóknir á sviði hafnamála en kostnaðarþátttaka viðkomandi hafnarsjóðs hefjist ekki fyrr en með rannsóknum sem telja má beinan undanfara hafnarframkvæmda. Með frumrannsóknum er m.a. átt við gerð grunnkorta af hafnarsvæðum, dýptarmælingar, jarðvegsathuganir, straumfræðirannsóknir, sjávarborðsmælingar, undirstöðurannsóknir á sjólagi, sjávarflóðum og strandbreytingum, líkantilraunir og hagkvæmniathuganir.

Um 23. gr.

Samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun, nær m.a. til hafnarmannvirkja sem ríkið styrkir. Greiðsluþátttaka ríkisins er ákveðin í samgönguáætlun.

Gert er ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands vinni tillögu að siglingamálakafla sem hún leggur síðan fyrir samgönguráð, sbr. lög um samgönguáætlun. Við undirbúning tillögugerðarinnar ber Siglingastofnun Íslands að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands leggi til grundvallar samgönguáætlun mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild. Við mat þetta skal m.a. taka mið af hagkvæmni framkvæmdar, þörf fyrir framkvæmd og þýðingu fyrir byggðarlagið.

Um 24. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir verulegri breytingu á hlutverki ríkisins vegna framkvæmda í höfnum. Ekki er gert ráð fyrir að ríkið komi að framkvæmdum í höfnum með tekjur yfir 30 millj. kr., sbr. þó a-lið 2. mgr. Í því tilfelli takmarkast þátttaka ríkisins við skjól í höfnum þar sem ekki er náttúrulegt skjól fyrir úthafsöldu. Þátttaka ríkisins í slíkum framkvæmdum takmarkast við skjólgarða sem stækka ekki höfnina og er því einkum átt við endurbyggingar á þeim mannvirkjum sem fyrir eru eða nauðsynlegar lagfæringar á þeim. Jafnframt takmarkast heimild þessi við hafnir á byggðasvæðum samkvæmt skilgreiningu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Ríkissjóði er einnig heimilt samkvæmt frumvarpinu að taka þátt í dýpkun í höfnum þar sem verulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf og dýpka þarf höfn á minnst fimm ára fresti. Framkvæmdir við dýpkun í innsiglingu þar sem reglulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf á minnst fimm ára fresti falla hér undir. Ríkissjóði er leyfilegt samkvæmt þessu frumvarpi að styrkja garða sem hafa þann tilgang að hefta sandburð í innsiglingu eða höfn og draga úr þörf fyrir viðhaldsdýpkun. Ekki er gert ráð fyrir að höfn stækki við þessar ríkisstyrktu framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir að sérstakar ráðstafanir verði gerðar í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2003–2006. Samkvæmt henni mun ríkissjóður taka þátt í framkvæmdum í höfnum og innsiglingum sem miða að því að jafna aðstöðu hafna fram að þeim tíma er kerfisbreyting þessi er um garð gengin, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. II.

Það sjónarmið er gilt að erfiðar náttúrulegar aðstæður séu teygjanlegt hugtak. Til eru hafnir sem búa við mjög góð náttúruleg skilyrði með tilliti til skjóls, efnisflutninga og dýpis. Nokkru lengri siglingatími er til þeirra en kannski annarrar sem er styttra frá siglingaleið en býr við mjög erfið náttúruleg skilyrði með tilliti til dýpis. Þessar hafnir gætu unnið saman þar sem landsamgöngur hafa farið mjög batnandi. Ákvæði b-liðar 2. mgr. er ætlað að skilgreina aðstoð ríkisins við hafnir þar sem höfnin er lífæð byggðarlags. Hér er einkum átt við litlar hafnir á landsbyggðinni sem þjónusta smábáta. Aðstoðin takmarkast við hafnir á byggðasvæðum með heildartekjur undir 15 millj. kr. og aflaverðmæti undir 600 millj. kr. á ári. Ekki er ætlun frumvarpsins að slíkir styrkir komi til hafna á samkeppnissvæðum. Frumvarpið heimilar ríkinu að fjármagna þessar framkvæmdir allt að 90%. Ekki er gert ráð fyrir að ríkið taki þátt í kostnaði við uppfyllingar eða önnur mannvirki á hafnarsvæðinu.

Ákvæði c-liðar skýra sig að mestu sjálf, en þar sem samgönguáætlun 2003–2006 verður samkvæmt eldri lögum er ekki gert ráð fyrir að nýta þessar greiðsluheimildir fyrr en árið 2007. C-liður heimilar að styrkja hafnir sem hafa tekjur undir 30 millj. kr. ef verðmæti meðalafla er undir 1.500 millj. kr. og ef völuflutningur sem um höfnina fer er minni en 50 þús. tonn.

Við útreikning á aflaverðmæti eru tölur frá Fiskistofu notaðar um landaðan afla í hverri höfn og nær til alls afla (íslenskra skipa bæði innan landhelgi og af úthafi og landanir erlendra skipa) ásamt tölum Hagstofu um heildarafla og heildarverðmæti upp úr sjó. Aflaverðmæti er fundið með því að margfalda verð á tonn fyrir hverja tegund upp úr sjó með aflatölum Fiskistofu.

Í 3. mgr. er heimild fyrir samgönguráðherra að færa styrkúthlutun frá samgönguáætlun til Hafnabótasjóðs. Gert er ráð fyrir að þeir fjármunir renni til sjóðsins sem annars eru ætlaðir fyrir greiðsluþátttöku ríkisins í a–c-lið 2. mgr. Ákveði ráðherra að nýta þessa heimild þurfa hafnarsjóðir að senda inn umsóknir beint til Siglingastofnunar Íslands ásamt fylgigögnum. Sjóðurinn metur hverja umsókn fyrir sig og hefur meiri sveigjanleika til ákvörðunartöku um styrki en hin almenna leið laganna. Um leið eru gerðar meiri kröfur til umsókna sem ætti að auðvelda ákvarðanatöku. Markmiðið með þessu er að stuðla að betri áætlanagerð af hálfu hafnarsjóðanna og hvetja þá til þess að horfa lengra fram í tímann. Um leið getur sjóðurinn stutt við slíkar áætlanir og brugðist skjótar við ef t.d. sóknarfæri í atvinnulífi skapast við hafnir á landsbyggðinni. Ekki er gert ráð fyrir að heimild þessi verði nýtt á aðlögunartíma, sbr. bráðabirgðaákvæði II.

Um 25. gr.

Frumvarpið gerir kröfu um að hafnir sem uppfylla skilyrði fyrir aðstoð frá ríkinu fullnýti tekjustofna sína. Gert er ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands kanni gögn með tilliti til hvort tekjustofnar séu fullnýttir miðað við hliðstæðar hafnir á landinu og meti styrkrétt í framhaldi af því. Með þessu móti er komið í veg fyrir að hafnir sem eru ríkisstyrktar séu með óeðlilega lág hafnargjöld samanborið við hafnir sem sjá alfarið um sig sjálfar og taki þannig til sín viðskipti sem annars færu annað.

Það er sjálfgefið að síðasta málsgreinin á ekki lengur við nýti ráðherra heimild 3. mgr. 24. gr.

Að öðru leyti er greinin nær samhljóða 1. mgr. 22. gr. núgildandi hafnalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hlutverki Hafnabótasjóðs verði breytt verulega. Hætt verði að veita lán úr sjóðnum. Það er mat nefndarinnar að það hlutverk sjóðsins sé óþarft í ljósi þróunar á íslenskum lánsfjármarkaði. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að hafnaráð sem skilgreint er í lögum um Siglingastofnun Íslands fari með stjórn Hafnabótasjóðs í umboði samgönguráðherra.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að hætt verði að veita styrki úr sjóðnum á móti framlagi á fjárlögum. Breytt fyrirkomulag framlags ríkisins til hafnamála samkvæmt frumvarpi þessu gerir þetta hlutverk óþarft.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tjón verði áfram bætt úr sjóðnum nema nú takmarkast tjónabætur við mannvirki sem eru styrkhæf skv. a-, b- og c-lið 2. mgr. 24. gr. Gert er ráð fyrir að núverandi eigur Hafnabótasjóðs renni í B-deild sjóðsins og verði varið til þess að bæta tjón. Búast má við að sjóðurinn gangi á þessar eignir sínar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkissjóður leggi honum til fé af fjárlögum svo að hann hafi nægilegt fé til ráðstöfunar til þess að bregðast við tjónum þegar þau verða. Gert er ráð fyrir að hafnir sjái um tryggingamál sín að öðru leyti.

Frumvarpið mælir fyrir um að Hafnabótasjóður taki upp nýtt hlutverk sem verði svipað hlutverki vegasjóðs, þ.e. að fjármagna framkvæmdir á samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir að af fjárlögum verði veitt fé til sjóðsins í samræmi við sundurliðun samgönguáætlunar. Í framhaldi af því fjármagni Hafnabótasjóður framkvæmdir á samgönguáætlun. Með þessu verður bókhald og uppgjör ríkisstyrktra hafnarframkvæmda aðskilið frá rekstri í bókhaldi Siglingastofnunar Íslands. Enn fremur er nauðsynlegt að skapa svigrúm til þess að bregðast við ef einstakar framkvæmdir fara lítillega yfir kostnaðaráætlun en aðrar eru undir kostnaðaráætlun. Svigrúmið er lítið sem ekkert í núgildandi framkvæmd hafnalaga þar sem fjárveiting er sundurliðuð á einstakar hafnir og óheimilt að færa hana á milli staða nema með samþykki Alþingis. Með þessu svigrúmi nýtast fjárveitingar ríkisins betur og tefja ekki nauðsynlegar framkvæmdir.

Loks er í 3. mgr. 24. gr. heimildarákvæði fyrir ráðherra að hætta sundurliðun framkvæmda í samgönguáætlun og fela Hafnabótasjóði að leggja mat á styrkhæfni framkvæmda í hverju tilviki fyrir sig. Við það breytist hlutverk Hafnabótasjóðs frá því að greiða eingöngu út styrki í að taka við umsóknum um styrki, leggja mat á þær og greiða út styrki til þeirra framkvæmda sem hann samþykkir. Auk þeirra skilyrða sem sett eru í 24. gr. gera lögin kröfu um að ráðherra gefi út reglugerð sem útfæri breytt hlutverk nánar.

Um 27. gr.

Í greininni segir að notendum hafna sé heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórna samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar. Ákvarðanir Siglingastofnunar samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru síðan kæranlegar til samgönguráðherra. Það er mat ráðuneytisins að með þessu sé stjórnsýsluþætti laganna skipaður traustur grunnur. Ágreiningur vegna gjaldskrárákvarðana hafna heyrir undir Samkeppnisstofnun.

Um 28.–30. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Frumvarpið leggur þær skyldur á herðar ráðherra, verði frumvarp þetta að lögum, að setja strax nýja gjaldskrá fyrir allar hafnir til 12 mánaða fyrir lestar- og bryggjugjöld, farþegagjald og vörugjöld, þ.m.t. aflagjald. Skal gjaldskráin við það miðuð að hún gefi höfnum landsins möguleika á nægum tekjum til þess að standa undir rekstri miðað við forsendur þessara laga. Einstökum höfnum er heimilt að hækka eða lækka gjöldin allt að 20% frá viðmiðun hinnar samræmdu gjaldskrár. Markmiðið með þessu ákvæði er að tryggja höfnum grunn til þess að standa undir rekstri við breytta fjármögnun ríkissjóðs og frjálsa gjaldskrá þegar til lengri tíma er litið. Að loknu 12 mánaða aðlögunartímabili skal afnema samræmda gjaldskrá hafna. Hámark er sett á gjaldtöku einstakra hafna sem miðast við að ekki verði innheimt hærri gjöld en nemur kostnaði við að reka höfn. Hér er um að ræða undanþáguákvæði frá meginreglunni um samræmda gjaldskrá og skal viðkomandi höfn sækja um heimild til þessa til samgönguráðherra. Þetta ákvæði er í samræmi við gildandi reglur um þjónustugjöld og þarf skattaheimild til þess að innheimta hærri gjöld en nemur kostnaði við þjónustuna.

Um afkomu hafna er fjallað í almennum athugasemdum. Ljóst er að hún er mjög misjöfn og líka breytileg á milli ára, sérstaklega hjá fiskihöfnum. Rakið hefur verið að miklar breytingar hafa orðið í útgerð og fiskvinnslu. Sú þróun mun halda áfram og það mun óhjákvæmilega leiða til breytts hlutverks einhverra hafna. Það er eitt af grundvallaratriðum þessa frumvarps að notendur greiði allan kostnað vegna notkunar þeirra á viðkomandi höfn, nema um sé að ræða sérstakar aðstæður skv. 24. gr. Við lækkun ríkisstyrkja til hafna munu fjárfestingar þeirra minnka og verða hagkvæmari. Augljóst er þó að þessi tvö atriði, þ.e. léleg afkoma sumra hafna og lækkun ríkisstyrkja, munu verða til þess að gjaldtaka margra hafna mun a.m.k. tímabundið hækka til þess að þær afli fjár fyrir kostnaði. Líta verður þó til þess að frumvarp þetta gerir ráð fyrir góðri fjárhagslegri aðlögun fyrir hafnir þar sem gert er ráð fyrir að á aðlögunartímanum hefjist endurgreiðsla virðisaukaskatts, gjaldskrá hækki, sérstakt vörugjald hverfi og framlög samkvæmt núgildandi hafnalögum haldist út árið 2004. Hins vegar er einn megintilgangur þessa frumvarps að aukið frjálsræði hafna og sveigjanlegt rekstrarform auki hagkvæmni í rekstri.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að farið verði eftir ákvæðum eldri hafnalaga varðandi ríkisstyrktar framkvæmdir á gildistíma hafnaáætlunar 2001–2004. Einnig er heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum á grundvelli eldri hafnalaga, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Ein af forsendum frumvarpsins er eins og áður sagði að í núverandi hafnaáætlun verði teknar fyrir framkvæmdir sem jafna stöðu hafna áður en þær þurfa að sjá um fjármögnun framkvæmda sinna sjálfar.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Lagt er til að sérstakt vörugjald, sbr. 4. mgr. 7. gr. núgildandi laga, falli niður 1. júlí 2004 sem er lok gildistíma sérstakrar gjaldskrár eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæði I.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Stutt greinargerð samgönguráðuneytisins um breytt fjárstreymi.

Í frumvarpi til nýrra hafnalaga er gert ráð fyrir breyttu fjárstreymi í höfnum. Þessar breytingar eru sýndar í töflu 1 auk þess sem nánari skýringar gagnvart ríkissjóði koma fram í töflu 2. Áhrif þeirra fyrir hvern einstakan hafnarsjóð eru sýnd í töflum 3 og 4.

Breytt fjárstreymi.

Tafla 1 sýnir dæmi um hvernig fjárstreymi gæti breyst hjá höfnum, notendum hafna og ríkissjóði verði frumvarpið að lögum. Annars vegar er miðað við meðaltalsframlag fjárlaga 1991–2000 og hins vegar miðað við meðaltal hafnaáætlunar 2001–2004. Eins og fram kemur í töflunni skiptir máli við hvað er miðað.

Tafla 1.

Breytt fjárstreymi m.v. tvær mismunandi forsendur *Miðað er við verðlag 2001	Miðað við meðaltal* 1991–2000	Miðað við hafnaáætlun 2001–2004
Breytt fjárstreymi hafna	m.kr.	m.kr.
Ríkisstyrkir m.v. núverandi hafnalög	-830	-1.310
Endurgreiddur virðisaukaskattur af framkvæmdum	270	370
Endurgreiddur virðisaukaskattur af rekstri hsj.	80	80
Ríkisstyrkir skv. frumvarpi	310	310
Hækkun hafnagjalda	450	450
samtals	**280**	**-20**
Breytt fjárstreymi ríkissjóðs		
Ríkisstyrkir núverandi laga falla niður, meðaltal '01-'04	830	1310
Breyttir ríkisstyrkir skv. frumvarpi	-310	-310
Tekjur af sérstaka vörugjaldinu falla niður	-200	-200
Minni tekjur af virðisaukaskatti	-350	-450
samtals	**-30**	**350**
Breytt fjárstreymi notenda		
Sérstakt vörugjald fellur niður	200	200
Hækkun hafnagjalda	-450	-450
samtals	**-250**	**-250**

Ein aðalforsenda frumvarpsins er að notendur hafna taki á sig stærri hlut af rekstrarkostnaði hafna með hækkuðum gjöldum. Á það skal þó bent að gjöld á notendur eru lækkuð um 200 m.kr. á móti þar sem skattheimta sérstaks vörugjalds er felld niður. Gert er ráð fyrir að aflagjald er hækkað úr 1,03% +-,02% í 1,6%, bryggjugjald hækki um 110 m.kr. auk bætts fjárstreymis vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af rekstri.

Aukning tekna hjá hafnarsjóðum.

Eftirfarandi dæmi sýnir tekjuaukningu hjá hafnarsjóðum ef bryggjugjöld eru hækkuð að hluta í stað aflagjalds.

Önnur áhrif og hækkanir tekna hafnarsjóða en aflagjald

• Tekjuáhrif virðisaukaskatts af rekstri (allra hsj.)	80 m.kr.
• Hækkun lesta- og bryggjugjalda 40% (15% afföll)	110 m.kr.
Samtals	190 m.kr.
Áætluð hækkun tekna (sbr. töflu 4)	530 m.kr.
– önnur áhrif og hækkanir	–190 m.kr.
Hækkun aflagjalds	340 m.kr.

Hækkun aflagjalds (reiknað m.v. 2001)

Aflagjald fari í ca. 1,6% ef bryggjugjöld hækkuðu um 110 m.kr.

Fjárstreymisáhrif fyrir hafnir sem njóta framlags á hafnaáætlun.

Hér að framan hafa tekjuáhrif fyrir hafnarsjóði verið skýrð og eykst ráðstöfunarfé samtals um 530 m.kr. Þ.e. hækkun aflagjalds í 1,6% sem gefur 340 m.kr. í auknar tekjur, hækkun bryggjugjalds um 40% sem gefur 110 m.kr. í auknar tekjur og endurgreiðsla vsk. sem eykur ráðstöfunarfé um 80 m.kr. Ef horft er eingöngu til hafna sem hafa fengið framlag á hafnaáætlun þá má draga frá þessum 530 m.kr. 40 m.kr. frá vegna vsk. af rekstri og 80 m.kr. vegna hækkunar aflagjalds og fjárstreymið lagast þá um 410 m.kr. fyrir þær. Til viðbótar batnar fjárstreymið vegna framkvæmda á hafnaáætlun um 180–280 m.kr. Samtals batnar því fjárstreymi um 590–690 m.kr. í þessum höfnum miðað við þessar forsendur. Á móti falla niður nettó ríkisstyrkir á bilinu 480–960 m.kr. eftir framkvæmdastigi, sbr. töflu 1, auk þess sem ekki fæst lengur framlag úr Hafnabótasjóði. Miðað við hugmyndir um aðgerðir, þ.e. hækkun aflagjalds og bryggjugjalds, dreifast þeir þannig að flestar þeirra standa í svipaðri stöðu en áður sem er í samræmi við niðurstöðuna hér á undan. Þó vekur athygli að að öllu öðru óbreyttu mun virðisaukaskattsskyldan færa höfnunum sem ekki eru á hafnaáætlun, aðallega Hafnarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn, um 130–150 m.kr. í bætt fjárstreymi. Leiðrétta má fyrir þessu með breytingum á vörugjöldum, t.d. með sameiningu vörugjaldaflokks 3 og 4.

Þrátt fyrir að dreifing tekjuaukningarinnar virðist eðlileg í töflu 4 er ljóst að ávallt er einhver munur frá einni höfn til annarrar. Gert er ráð fyrir að í gjaldskrá aðlögunartímabilsins verði höfnum gefið svigrúm til þess að fínstilla gjaldtöku t.d. +– 20% sem ætti að leysa það vandamál.

Að lokum má nefna að rekstrargrunnur minnstu hafnanna í fámennustu byggðarlögunum er betur tryggður en áður, sérstaklega þeirra sem hafa litlar sem engar tekjur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að styrkir geti numið allt að 90% fyrir öll mannvirki í stað 60% fyrir innri mannvirki og 90% fyrir ytri mannvirki í núgildandi lögum.

Tafla 2.

Áhrif nýrra hafnalaga á útgjöld ríkissjóðs.

	Meðaltal 1991–2000*	2002	2003	2004	2007 og síðar
Breytt hlutverk Hafnabótasjóðs		16,6	30,0	30,0	30,0
Þátttaka ríkisins vegna framkvæmda					310,0
Framkvæmdir skv. hafnaáætlun 2001–2004	830,0	1.283	1.454,5	1.309	
Sérstakt vörugjald fellur niður 1. janúar 2003		-210,0			
Samtals	**830,0**	**1.089,6**	**1.484,5**	**133,9**	**340,0**
Samtals endurgreiddur vsk., sbr. útreikning hér að neðan			**557,2**	**457,8**	**448,5**
Heildaráhrif frumvarpsins	**830,0**	**1.089,6**	**2.041,7**	**1.796,8**	**788,5**

	Meðaltal 1991–2000*	2002	2003	2004	2007 og síðar
Áhrif af endurgreiðslu virðisaukaskatts					
Framkvæmdakostnaður skv. hafnaáætlun (skuldauppgj. frádr.)	1.057,8	1.635,2	2.228,0	1.654,1	1.600,0
Tækni- og eftirlitskostnaður	126,9	196,2	267,4	198,5	192,0
Verktakakostnaður	930,9	1.439,0	1.960,6	1.455,6	1.408,0
Virðisaukaskattur af framkvæmdum hafnaáætlunar	183,2	283,2	385,8	286,4	277,1
Virðisaukask. af rekstri hafnarsjóða (m.v. 25% gjalda bera upps. vsk.)	84,8	84,8	84,8	84,8	84,8
Virðisaukaskattur af framkvæmdum utan hafnaáætlunar	86,6	86,6	86,6	86,6	86,6
Samtals endurgreiddur vsk.	**354,6**	**454,6**	**557,2**	**457,8**	**448,5**
Forsendur					
Hlutfall framkvæmdakostnaðar sem ber ekki vsk.	12%				
Hlutfall rekstrarkostnaðar sem ber vsk.	25%				
Rekstrargjöld allra hafnarsjóða 2000 fyrir vexti og afskriftir m.kr.	1.724,0				
Árlegar framkvæmdir utan hafnaáætlunar	500,0				
Árlegt framkvæmdastig eftir hafnaáætlun	1.400,0				

* *Sérstakt vörugjald var fyrst lagt á 1992.*
Framkvæmdakostnaður 1986–2000 er metinn hlutfallslega út frá framkvæmdakostnaði/ríkishluta hafnaáætlunar 2001–4.
Rannsóknar-, hönnunar-, eftirlits- og annar tæknikostnaður er metinn á bilinu 10–14%.

Líkan af rekstri hafnarsjóða.

Sett var upp líkan af rekstri hafnarsjóða fyrir framtíðarnefnd, sem sýnir rekstur hafnarsjóða á samanburðarhæfan hátt eins og unnt er. Upplýsingar í þessu líkani hafa verið uppfærðar auk þess sem stuðst er við nýjar forsendur sem frumvarp til nýrra hafnalaga gerir ráð fyrir. Líkanið byggist á eftirfarandi upplýsingum:

- Framlegð hafnarsjóða, þ.e. hagnaður fyrir afskriftir og vexti. Vegið meðaltal áranna 1999–2001 þar sem síðustu upplýsingar hafa viktina 50%, 30% og 20%. Upplýsingar uppfærðar til verðlags 2002 m.v. neysluverðsvísitölu.
- Aflagjald hafnarsjóða, vegið meðaltal á sama hátt og framlegð. Upplýsingar uppfærðar til verðlags á sama hátt og framlegð.
- Peningaleg staða 2000, þ.e. nettóskuldir, fundin (langtímaskuldir + skammtímaskuldir – langtímakröfur – veltufé og skammtímakröfur). Vaxtabyrði reiknuð miðað við að nettóskuldir bæru 7% vexti.
- Í líkaninu er stuðst við mat á innri mannvirkjum hafnanna, þ.e. viðlegumannvirkjum o.þ.h. Notað er mat Viðlagatryggingar eins og það var í líkani framtíðarnefndar 1999 og það uppfært til verðlags 2002. Þar sem tryggingarmat skorti sums staðar var lauslegt endurstofnverð fundið og notað í staðinn.
- Í líkaninu var endurstofnverð varnargarða einnig gróflega metið. Hins vegar var ekki lagt mat á fjárfestingu í dýpkunum. Ástæðan er m.a. sú að tekin er sú afstaða að fjármagna stækkanir hafna af sjálfsaflafé auk þess sem verðlækkanir hafa orðið á dýpkanaframkvæmdum og nýjar upplýsingar ekki tiltækar um þær.
- Reiknað er með 40 ára líftíma innri mannvirkja og einnig varnargarða.
- Hagnaður var fundinn eftirfarandi: Framlegð – vaxtabyrði nettóskulda – afskriftir heimahluta hafnarmannvirkja.

Nokkrar ályktanir líkansins.

- Stækkanir og aukna afkastagetu verður hafnarsjóðurinn að mestu að fjármagna sjálfur í samvinnu við viðskiptavini sína af auknum tekjum sem slíkar framkvæmdir eiga að leiða af sér. Aðstoð er veitt við að halda við núverandi ytri mannvirkjum 75%.
- Núverandi nettóskuldir gefi til kynna dæmigerða lánabyrði.
- Viðhald mannvirkja er hluti af rekstrarkostnaði hafna.
- Ekki var gert ráð fyrir aðstoð Hafnabótasjóðs í útreikningum á afskriftum.
- Aflagjald var hækkað um 1,87% sem inniheldur
  - gjaldskrárhækkanir,
  - áhrif virðisaukaskattsskyldunnar á fjárstreymi rekstrar.
  - Hlutfallið (1,87%) er sýnt á eftirfarandi hátt:

Hækkun aflagjalds	340	m.kr.
Hækkun bryggjugjalda	110	m.kr.
Bætt fjárstreymi v/vsk.	80	m.kr.
Samtals	530	m.kr.

Samsvörun í aflagjaldi (m.v. 2001) eða ca. 1,87%.

Hafnarsjóðir - núverandi kerfi og reiknuð vaxtabyrði nettóskulda (drög 28-10-2002)

Tafla 3.

Endurnýjanir núverandi mannvirkja - stofndýpkanir ekki meðtaldar né ný mannvirki s.s. viðlega eða garðar

Flokkur	Heildartekjur 2001	Áfallgjald 1999-2001 Veginn meðaltal		Framlegð 1999-2001 veginn meðaltal		*4)Reiknuð vaxtabyrði lána m.v. 15 ár og 7%	Lauslegt mat hafnarmannvirkja: Viðlegustr. hafnarmannvirkja	Styrk hlutf.	Verðbættur heimahl. hafnarmv.	Skjólgarðar	Styrk hlutf.	Verðbættur heimahl. varnarmv.	1 Framlegð fluti	Hagnaður eftir fjárm. og afskriftir viðlegumannv.	Ávöxtun viðlegu mannv.	Hagnaður eftir fjárm. og afskriftir viðl.+skjól	Ávöxtun hafnarmannv
Reykjavík*2)	1.017.178	63.537	1.080.715	317.266	1.153	81	4.851.980	0	5.694.909	1.500.000	0	1.760.593	317.266	179.312	3,1%	130.797	1,8%
Hafnarfjörður*3)	190.866	40.911	231.797	76.999	1.033.189	72.323	2.231.000	0	2.618.589	120.000	0	140.847	76.999	50.780	0,4%	44.910	0,3%
Vestmannaeyjar*3)	146.735	45.982	192.717	42.427	320.737	22.452	1.627.000	60%	763.863	60.000	75%	17.606	42.427	679	3,1%	499	2,9%
Hafnasamlag Norðurlands	126.146	31.531	157.677	50.418	324.144	22.690	2.171.400	60%	1.019.454	180.000	75%	52.818	50.418	3.341	2,4%	921	2,2%
Fjarðabyggð	117.230	36.509	153.739	46.203	15.948	1.116	1.450.850	60%	681.068	25.000	75%	7.336	46.203	28.660	4,3%	27.677	4,2%
Grindavík*3)	79.194	48.305	127.499	29.931	270.535	18.937	857.000	60%	402.354	300.000	75%	88.030	29.931	935	4,9%	-1.269	3,6%
Snæfellsbær *3)	79.131	41.868	120.999	27.375	14.657	1.026	838.000	60%	393.434	260.000	75%	76.292	27.375	16.613	4,5%	14.606	3,3%
Akranes*1)	88.993	21.429	110.422	13.417	39.085	2.736	624.000	60%	292.963	520.000	75%	152.585	13.417	9.357	2,1%	4.957	0,5%
Ísafjörður	70.392	28.420	98.812	17.148	119.580	8.369	2.529.340	60%	1.187.504	220.000	75%	64.555	17.148	20.000	-1,1%	-22.625	-1,1%
Þorlákshöfn *3)	67.863	26.019	93.882	17.757	-30.530	-2.137	1.164.000	60%	546.488	1.000.000	75%	293.432	17.757	8.431	0,7%	-1.137	-0,4%
Hafnasamlag Suðurnesja *3)	77.466	11.622	89.090	9.235	920.464	64.432	1.606.000	60%	754.003	530.000	75%	155.519	9.235	-74.348	-1,3%	-77.698	-1,5%
Sandgerði*3)	55.173	29.764	84.937	9.268	254.129	17.789	561.000	60%	263.385	220.000	75%	64.555	9.268	-16.705	1,0%	-16.715	0,3%
Grundartangi*1)	79.158	0	79.158	43.643	130.568	9.140	768.600	0%	902.128	0	0%	0	43.643	11.860	2,3%	11.860	2,3%
Hafnasamlag Eyjafjarðar	51.388	25.548	76.936	9.438	18.984	1.329	1.376.340	60%	646.180	460.000	75%	134.979	9.438	-9.046	-1,0%	-11.480	-1,3%
Hornafjörður	58.186	17.065	75.251	9.237	4.928	345	465.900	60%	218.736	150.000	75%	44.015	9.237	9.424	1,7%	2.333	1,0%
Seyðisfjörður	35.162	12.805	47.967	10.552	31.132	2.179	353.600	60%	166.012	15.000	75%	4.401	10.552	4.222	3,9%	4.112	3,7%
Siglufjörður	34.051	9.543	43.594	10.447	-36.888	-2.582	679.800	60%	319.160	20.000	75%	5.869	10.447	9.051	0,8%	6.904	0,7%
Grundarfjörður/Eyrarsveit *3)	26.371	16.055	42.426	8.812	10.365	726	268.000	60%	134.275	100.000	75%	29.343	8.812	4.729	4,1%	3.986	2,9%
Bolungarvík	26.952	13.076	40.028	9.444	61.642	4.315	440.600	60%	206.858	420.000	75%	123.242	9.444	-42	2,1%	-5.133	0,4%
Vesturbyggð	26.263	9.619	35.882	-2.931	62.302	4.361	711.140	60%	333.874	100.000	75%	29.343	-2.931	-18.439	-3,4%	-18.375	-3,3%
Húsavík	27.780	4.666	32.426	3.222	178.920	12.524	440.900	60%	206.999	650.000	75%	190.731	3.222	-34.477	-0,9%	-19.246	-1,7%
Skagafjörður	22.690	8.573	31.263	6.048	14.164	991	752.000	60%	353.058	150.000	75%	44.015	6.048	-9.770	-0,8%	-4.870	-1,0%
Vopnafjörður	22.030	8.278	30.308	11.119	12.410	869	351.700	60%	165.120	850.000	75%	249.417	11.119	8.122	4,2%	-114	0,2%
Þórshöfn	20.491	9.316	29.807	1.171	4.352	305	317.200	60%	148.923	150.000	75%	44.015	1.171	-2.997	-1,7%	-3.957	-1,9%
Fáskrúðsfjörður/Búðahreppur	19.306	8.892	28.198	7.767	-2.800	-196	466.700	60%	219.112	20.000	75%	5.869	7.767	2.485	1,0%	2.398	1,0%
Stykkishólmsbær *3)	19.471	7.778	27.249	5.344	57.593	4.032	412.000	60%	193.431	50.000	75%	14.672	5.344	1.625	0,3%	-3.880	0,1%
Djúpivogur	16.287	7.435	23.722	8.039	26.313	1.842	213.400	60%	100.189	100.000	75%	29.343	8.039	3.893	5,5%	2.959	3,7%
Skagaströnd/Höfðahreppur	11.401	7.263	18.664	3.850	12.055	844	350.700	60%	164.651	100.000	75%	29.343	3.850	-3.110	-0,2%	-4.844	-0,5%
Tálknafjörður	8.026	4.139	12.165	-2.449	25.334	1.773	177.200	60%	83.194	0	75%	0	-2.449	-8.308	-5,4%	-8.292	-5,4%
Raufarhöfn	6.584	2.360	8.924	-3.049	-2.484	-174	307.200	60%	144.228	50.000	75%	14.672	-3.049	-6.481	-4,6%	-6.846	-4,4%
Stöðvarhreppur	4.859	2.000	6.859	-817	15.915	1.114	254.700	60%	119.579	0	75%	0	-817	-4.661	-3,2%	-4.621	-3,2%
Kópavogur	5.240	0	5.240	3.034	206.081	14.426		0%	0	0	0%	0	3.034	-11.392	0,0%	-11.392	0,0%
Súðavík	3.144	1.615	4.759	-1.266	3.451	242	134.900	60%	63.334	0	75%	0	-1.266	-6.111	-4,5%	-6.111	-4,5%
Hólmavík	2.959	1.738	4.697	-1.548	17.745	1.242	249.950	60%	117.349	0	75%	0	-1.548	-5.724	-3,8%	-5.784	-3,8%
Bakkafjörður/Skeggjastaðahreppur	3.502	1.001	4.503	-2.950	0	0	93.800	60%	44.038	0	75%	0	-2.950	-4.061	-9,2%	-4.061	-9,2%
Blönduós	2.443	1.365	3.808	-89	50.415	3.529	133.500	60%	62.677	0	75%	0	-89	-4.104	-2,6%	-5.195	-2,6%
Grímsey	1.850	1.580	3.430	551	0	0		60%	0	0	75%	0	551	551	0,0%	551	0,0%
Drangsnes/Kaldrananeshreppur	2.027	1.176	3.203	543	0	0	79.800	60%	37.465	0	75%	0	543	-394	-1,1%	-394	-1,1%
Borgarfjörður eystri	1.771	624	2.395	69	0	0	147.550	60%	69.273	0	75%	0	69	-1.883	-2,4%	-1.883	-2,4%
Hvammstangi	1.736	462	2.197	-1.023	20.211	1.415	185.560	60%	87.119	0	75%	0	-1.023	-4.616	-3,7%	-4.616	-3,7%
Kópasker/Öxarfjarðarhreppur	1.283	460	1.743	216	0	0	89.300	60%	41.926	0	75%	0	216	-559	-2,0%	-559	-2,0%
Breiðdalsvík	1.302	320	1.622	-745	17.414	1.219	189.000	60%	88.734	0	75%	0	-745	-4.189	-3,3%	-4.189	-3,3%
Reykhólahreppur	1.501	0	1.501	279	-2.822	-198		60%	0	0	75%	0	279	476	0,0%	476	0,0%
Stokkseyri	646	0	646	171	0	0		60%	0	0	75%	0	171	171	0,0%	171	0,0%
Árneshreppur/Norðurfjörður, Gjögur	456	180	636	129	0	0		60%	0	0	75%	0	129	129	0,0%	129	0,0%
Garðabær	119	0	119	-191	0	0		0%	0	0	0%	0	-191	-191	0,0%	-191	0,0%
Tjörnes	52		52	3	0	0		60%	0	0	75%	0	3	3	0,0%	3	0,0%
Borgarbyggð			0	-58	0	0		60%	0	0	75%	0	-58	-58	0,0%	-58	0,0%
Meðaltal allra hafna n. Rvík	56.656	610.828		16.530	87.924		773.510			173.333			16.530	-71	-0	-2.085	-0

Forsendur

Vísitölur	224,1	Vextir	7%	Byggingarvísitala 1999:	236	
Vigt		Lánstími	15	Byggingarvísitala febr. 2002:	277	
Áfallgjald		Nr. greiðslu	1			2

Tölur um áfallgjald, tekjur, greiðslubyrði lána og framlegð eru fengnar frá skýrslum Hafnasambands sveitarfélaga

*1) Mat SÍ janúar 1998, dýpkanir, skjól og hús ekki innifalið

*2) Tölur aðrar en viðlegumannv. eru endurstofnverð eins og fram sett í ársreikningi að frádregnu viðlagatryggingarmati. *3) Tölur frá SÍ lauslegt mat

*4) Vaxtagreiðslur 1. greiðslu á 15 ára láni með jöfnum afborgunum. Þær eru reiknaðar á nettóskuldir og þar með m.v. að hlutfall sjóður+ skammtímakröfur/skammtímaskuldir sé 1

Hafnarsjóðir - flokkun m.v. hækkun aflagjalds í 1,87% og reiknaða vaxtabyrði nettóskulda (drög 28-10-2002)

Tafla 4.

Endurnýjun núverandi mannvirkja - stofndýpkanir ekki meðtaldar né ný mannvirki s.s. viðlega eða garðar

Flokk ur	Tekjur 2001	Aflagjald 1999-2001 veglð meðaltal	Framlegð 1999-2001 veglð meðaltal	Þen.staða (Nettó-skuldir)	*5)Reiknuð vaxtabyrði lána m.v. 15 ár og 7%	*1) Lauslegt mat hafnarmannvirkja: Viðlegastr. hafnar-mannvirkja	Styrk-hf.	Verðbættur heimahl. hafnarmv.	Skjól-garðar	Styrk-hf.	Endurbygg. Verðbættur heimahl. varnarmv.	1,87 Framlegð m.v. x aflagjald	Hagnaður eftir fjárml. og afskriftir	Ávöxtun viðlegu mannv.	Hagnaður eftir fjárml. og afskriftir	Ávöxt-un hafnar-mannv.
Reykjavík*4)	1.017.178	63.537	317.266	1.153	81	4.851.980	0	4.847.663	1.500.000	0	1.498.665	375.588	254.815	5,2%	216.849	3,4%
Hafnarfjörður*3)	190.886	40.911	76.999	1.033.189	72.323	2.231.000	0	2.229.015	120.000	0	119.893	114.552	-13.497	2,6%	-16.494	2,4%
Grundartangi*2)	79.158	0	43.643	130.568	9.140	768.600	0	767.916	0	0%	0	43.643	15.305	3,2%	15.305	3,2%
Vestmannaeyjar*3)	146.735	45.982	42.427	320.737	22.452	1.627.000	0	1.625.552	60.000	75%	14.987	84.635	21.544	2,7%	21.170	2,7%
Hafnasamlag Norðurlands	126.146	31.531	50.418	324.144	22.690	2.171.400	0	2.169.468	180.000	75%	44.960	79.361	2.494	1,2%	1.310	1,1%
Fjarðabyggð	117.230	36.509	46.203	15.948	1.116	1.450.650	0	1.449.359	25.000	75%	6.244	79.716	42.395	3,0%	42.209	3,0%
Grindavík*3)	79.194	48.305	29.931	270.535	18.937	857.000	0	856.237	300.000	75%	74.933	74.272	38.988	6,2%	32.056	5,5%
Akranes*2)	88.993	21.429	13.417	39.085	2.736	624.000	0	623.445	520.000	75%	129.884	33.087	14.765	2,8%	11.519	1,9%
Hornafjörður	58.186	17.065	9.237	4.928	345	465.900	0	465.485	150.000	75%	37.467	24.901	12.919	2,8%	11.983	2,5%
Siglufjörður	34.051	9.543	10.447	-36.888	-2.582	679.800	0	679.195	20.000	75%	4.996	19.207	4.809	0,3%	4.664	0,3%
Seyðisfjörður	35.162	12.805	10.552	31.132	2.179	353.600	0	353.285	15.000	75%	3.747	22.305	11.294	3,8%	11.200	3,7%
Fáskrúðsfjörður/Búðahreppur	19.306	8.892	7.767	-2.800	-196	466.700	0	466.285	20.000	75%	4.996	15.929	4.468	0,9%	4.343	0,9%
Snæfellsbær *3)	79.131	41.868	27.375	14.657	1.026	838.000	0	837.254	260.000	75%	64.942	65.806	43.949	5,4%	42.225	4,8%
Sandgerði*3)	55.173	29.764	9.268	254.129	17.789	561.000	0	560.501	220.000	75%	54.951	36.589	4.788	4,0%	3.414	3,4%
Þorlákshöfn *3)	67.863	26.019	17.757	-30.530	-2.137	1.164.000	0	1.162.964	1.000.000	75%	249.778	41.640	14.703	1,1%	8.469	0,4%
Bolungarvík	26.952	13.078	9.444	61.642	4.315	440.600	0	440.208	420.000	75%	104.907	21.447	6.127	2,4%	3.504	1,4%
Hafnasamlag Suðurnesja *3)	77.466	11.622	9.235	920.464	64.432	1.606.000	0	1.604.571	530.000	75%	132.382	19.903	-94.644	-1,3%	-97.953	-1,4%
Hafnasamlag Eyjafjarðar	51.398	25.548	9.438	18.984	1.329	1.376.340	0	1.375.115	460.000	75%	114.898	32.889	-2.618	-0,1%	-5.890	-0,3%
Ísafjörður	70.392	28.420	17.148	119.560	8.369	2.529.340	0	2.527.089	220.000	75%	54.951	43.235	-26.311	-0,8%	-29.685	-0,8%
Húsavík	27.760	4.666	3.222	178.920	12.524	440.900	0	440.508	650.000	75%	162.355	7.505	-16.032	-0,8%	-20.091	-1,3%
Vopnafjörður	22.030	8.278	11.119	12.410	869	351.700	40%	210.832	850.000	75%	212.311	18.717	12.577	6,4%	7.270	1,9%
Þórshöfn	20.491	9.316	1.171	4.352	305	317.200	40%	190.151	150.000	75%	37.467	9.722	4.663	2,6%	3.727	1,8%
Raufarhöfn	6.564	2.360	-3.049	-2.484	-174	307.200	40%	184.156	50.000	75%	12.489	-883	-5.313	-3,0%	-5.625	-2,9%
Grundarfjörður/Eyrarsveit *3)	26.371	16.055	8.812	10.365	726	286.000	0	285.746	100.000	75%	24.978	23.549	15.880	5,7%	15.058	5,1%
Skagaströnd/Höfðahreppur	11.401	7.263	3.850	12.055	844	350.700	40%	210.233	100.000	75%	24.978	10.517	4.417	2,5%	3.792	2,0%
Skagafjörður	22.690	8.573	6.048	14.164	991	752.000	40%	450.799	150.000	75%	37.467	13.917	1.656	0,6%	719	0,4%
Vesturbyggð	26.263	9.619	-2.931	62.302	4.361	711.140	0	710.507	100.000	75%	24.978	5.896	-18.226	-1,7%	-18.850	-1,7%
Stykkishólmsbær *3)	19.471	7.778	5.344	57.593	4.032	412.000	40%	246.980	50.000	75%	12.489	12.483	2.277	2,6%	1.965	2,3%
Djúpivogur	16.287	7.435	8.039	26.313	1.842	213.400	40%	127.926	100.000	75%	24.978	14.864	9.624	9,1%	9.199	7,2%
Tálknafjörður	8.026	4.139	-2.449	25.334	1.773	177.200	90%	17.704	0	90%	0	1.350	-866	5,1%	-866	5,1%
Stöðvarhreppur	4.859	2.000	-817	15.915	1.114	254.700	90%	25.447	0	90%	0	1.019	-731	1,5%	-731	1,5%
Hólmavík	2.959	1.738	-1.548	17.745	1.242	249.950	90%	24.973	0	90%	0	48	-1.819	-2,3%	-1.819	-2,3%
Hvammstangi	1.735	462	-1.023	20.211	1.415	185.560	90%	18.539	0	90%	0	-599	-2.478	-5,7%	-2.478	-5,7%
Kópasker/Öxarfjarðarhreppur	1.283	460	216	0	0	89.300	90%	8.922	0	90%	0	638	415	4,6%	415	4,6%
Súðavík	3.144	1.615	-1.286	3.451	242	134.900	90%	13.478	0	90%	0	196	-382	-1,0%	-382	-1,0%
Blönduós	2.443	1.365	-89	50.415	3.529	133.500	90%	13.338	0	90%	0	1.164	-2.698	6,2%	-2.698	6,2%
Bakkafjörður/Skeggjastaðahreppur	3.502	1.001	-2.950	0	0	93.800	90%	9.372	0	90%	0	-2.031	-2.265	-24,2%	-2.265	-24,2%
Reykhólahreppur	1.501	0	279	-2.822	-198		90%	0	0	90%	0	279	476	0,0%	476	0,0%
Drangsnes/Kaldrananeshreppur	2.027	1.176	543	0	0	79.800	90%	7.973	0	90%	0	1.622	1.423	17,8%	1.423	17,8%
Grímsey	1.850	1.580	551	0	0		90%	0	0	90%	0	2.001	2.001	0,0%	2.001	0,0%
Borgarfjörður eystri	1.771	624	69	0	0	147.550	90%	14.742	0	90%	0	642	273	1,9%	279	1,9%
Breiðdalsvík	1.302	320	-745	17.414	1.219	189.000	90%	18.883	0	90%	0	-452	-2.143	-4,9%	-2.143	-4,9%
Árneshreppur/Norðurfjörður, Gjögur	456	180	129	0	0		90%	0	0	90%	0	294	294	0,0%	294	0,0%
Tjörnes	52		3	0	0		90%	0	0	90%	0	3	3	0,0%	3	0,0%
Borgarbyggð	646	0	171	0	0		0%	0	0	0%	0	171	171	0,0%	171	0,0%
Stokkseyri			-58	0	0		0%	0	0	0%	0	-58	-58	0,0%	-58	0,0%
Garðabær	119	0	-191	0	0		0%	0	0	0%	0	-191	-191	0,0%	-191	0,0%
Kópavogur	5.240	0	3.034	206.081	14.426		0%	0	0	0%	0	3.034	-11.392	0,0%	-11.392	0,0%
Meðaltal allra hafna n. Rvík	56.656	610.828	16.530	87.924		773.510			173.333			28.211	7.331	0	5.617	0

Forsendur

Vísitölur	224,1	Vextir	7%	Byggingarvísitala 1999:	236	
Vigt		Lánstími	15	Byggingarvísitala okt. 2002:	277	
Aflagjald		Nr. greiðslu	1			2

Tölur um aflagjald, tekjur, greiðslubyrði lána og framlegð eru fengnar frá skýrslum Hafnasambands sveitarfélaga

*1) Ath. Uppreiknaður framkvæmdakostnaður er lagfærður m.t.t. virðisaukaskattsskyldu

*2) Mat SÍ janúar 1998, dýpkanir, skjól og hús ekki innifalið *3) Tölur frá SÍ lauslegt mat

*4) Tölur aðrar en viðlegumannv. eru endurstofnverð eins og fram sett í ársreikningi að frádregnu viðlagatrygginarmati

*5) Vaxtagreiðslur 1. greiðslu á 20 ára láni með jöfnum afborgunum. Þær eru reiknaðar á nettóskuldir og þar með m.v. að hlutfall sjóður+ skammtímakröfur/skammtímaskuldir sé 1

*6) Skilyrði fyrir 1 fl. er a.m.k. 1 milljarður í aflaverðmæti eða 0,5 m. tonn af vörum. Þær hafnir sem uppfylla þessi skilyrði en skila ekki hagnaði fyrir afskr. en eftir fjármkostn. fara í 3 fl. Skilyrði fyrir 2 fl. er velta 15 m.kr. eða meira

Fylgiskjal II.

Samgönguráðuneytið:

Ýmsar upplýsingar um hafnir.

	Vöruflutningar þús. tonn			Aflaverðmæti millj. kr.			Meðal-afla-verðm.	Tekjur 1998 þús. kr.	Fl. ha.	Íbúafj. sveitar-fél.	Tekjur sveitarfél. 1998 millj. kr.
	1997	1998	1999	1997	1998	1999					
Dalabyggð	0	0	0		0		0	133		746	86
Reykhólahreppur	0	0	0	0	0		0	1.558			41
Tjörnes	0	0	0		0		0	41		79	7
Árneshreppur / Norðurfjörður, Gjögur	0	0	0	30	23	17	23	356		74	8
Breiðdalsvík	2	0	0	33	60	47	47	796	B	300	36
Borgarfjörður eystri	0	0	0	49	59	91	66	1.181	SB	153	18
Drangsnes / Kaldrananeshreppur	0	0	0	70	91	90	84	1.409	SB	142	21
Bakkafjörður / Skeggjastaðahreppur	1	1	1	73	117	144	111	2.297	SB	151	22
Húnaþing vestra (Hvammstangi)	3	3	3	209	131	46	129	2.490	B	1.318	86
Blönduós	2	2	2	230	170	124	175	2.510	B	977	136
Grímsey	2	2	2	130	171	245	182	1.720	SB	99	14
Súðavík	1	1	0	216	134	206	185	1.496	B	277	41
Kópasker / Öxarfjarðarhreppur	0	0	0	220	189	172	194	3.573	SB	395	50
Hólmavík	2	3	3	362	303	245	303	4.057	B	498	67
Stöðvarhreppur	5	5	4	242	378	380	333	5.343	B	295	41
Tálknafjörður	1	2	2	297	346	414	352	6.913	S	327	43
Grundartangi	343	369	535	0	0		0	35.578		6.050	988
Kópavogur	0			0	0		0	7.072		19.826	2.799
Borgarbyggð	0	0	0	0	0		0	570		2.382	263
Garðabær	0	0	0	0	0		0	116		7.840	1.114
Stykkishólmsbær	3	3	3	489	532	551	524	15.899	S	1.268	187
Djúpivogur	15	8	13	379	446	814	546	9.531	B	538	67
Raufarhöfn	39	23	21	645	614	461	573	13.047	S	379	64
Þórshöfn	31	31	16	720	673	362	585	19.251	S	485	77
Vopnafjörður	34	29	28	741	783	571	698	17.719	S	846	118
Skagaströnd / Höfðahreppur	5	6	2	792	718	801	770	9.849	S	631	92
Húsavík	59	66	62	879	506	979	788	26.556	S	2.495	370
Grundarfjörður / Eyrarsveit	4	4	9	692	786	1.092	857	16.171	S	925	116
Fáskrúðsfjörður / Búðahreppur	44	26	30	1.019	998	728	915	20.170	S	632	100
Skagafjörður	25	35	44	806	1.072	1.179	1.019	24.562	S	4.317	403
Vesturbyggð	15	16	15	856	1.066	1.180	1.034	21.521	S	1.252	173
Bolungarvík	19	11	10	1.099	1.069	1.179	1.116	19.554	S	1.094	160
Seyðisfjörður	59	52	65	1.219	1.450	878	1.182	38.734	S	799	121
Hafnasamlag Suðurnesja	59	56	68	1.395	1.321	1.120	1.279	65.717	SS	12.240	1.666
Siglufjörður	62	40	51	1.782	1.346	1.040	1.389	34.846	SS	1.632	228

	Vöruflutningar þús. tonn			Aflaverðmæti millj. kr.			Meðal-afla-verðm.	Tekjur 1998 þús. kr.	Fl. ha.	Íbúafj. sveitar-fél.	Tekjur sveitarfél. 1998 millj. kr.
	1997	1998	1999	1997	1998	1999					
Hornafjörður	48	47	40	1.615	1.596	1.524	1.578	40.065	SS	2.188	293
Akranes	124	142	148	1.882	2.387	1.908	2.059	57.799	SS	5.127	717
Þorlákshöfn	161	132	98	2.216	1.941	2.211	2.123	54.927	SS	1.524	204
Snæfellsbær	16	23	9	1.872	2.149	2.664	2.228	39.386	S	1.730	246
Hafnasamlag Eyjafjarðar	51	49	52	2.482	2.580	2.763	2.608	45.813	S	3.180	450
Sandgerði	10	24	22	2.564	2.740	2.722	2.675	50.849	S	1.312	227
Hafnarfjörður	812	840	900	3.053	3.488	2.994	3.178	162.077	SS	18.209	2.504
Vestmannaeyjar	106	108	92	3.281	3.317	2.946	3.181	123.512	SS	4.645	682
Grindavík	28	31	30	2.650	3.429	3.934	3.338	54.965	SS	2.216	324
Fjarðabyggð	215	172	172	3.769	4.245	2.756	3.590	108.267	SS	3.331	506
Ísafjörður	67	85	66	3.250	4.163	4.133	3.849	70.830	SS	4.403	669
Hafnasamlag Norðurlands	173	173	200	3.579	4.196	4.098	3.958	120.233	SS	15.883	2.095
Reykjavík	2.094	2.112	2.226	5.601	5.688	6.181	5.823	842.477	SS	106.567	15.015
Meðaltal allra hafna nema Reykjavíkur	99										

Ath.: Núverandi flokkar hafna eru smábátahafnir, bátahafnir, meðalstórar fiskihafnir og stórar fiskihafnir. Hér er vísað til meðalstórra fiskihafna sem skipahafna og stórra fiskihafna sem stórskipahafna. Flokkun hafna: SB = smábátahöfn, B = bátahöfn, S = skipahöfn, SS = stórskipahöfn.

Fylgiskjal III.

Samkeppnisstofnun:

Minnisblað til nefndar um ný hafnalög.
(29. september 2000.)

Eftirfarandi punktar eru settir fram með hliðsjón af atriðum sem fram koma í tölvubréfi til undirritaðs, dags. 2. ágúst sl., frá Sigurbergi Björnssyni, starfsmanni nefndarinnar. Ber því hvorki að skoða þá sem almenna né ítarlega umfjöllun um þau drög að frumvarpi til nýrra hafnalaga sem Samkeppnisstofnun voru send í ágústmánuði.

Þau atriði sem óskað hefur verið eftir að fjallað verði sérstaklega um eru í tölusettum liðum í áðurnefndu tölvubréfi. Er miðað við þá töluliði í eftirfarandi punktum:

1. Þau úrræði sem felast í samkeppnislögum til að bregðast við því ef hafnir misnota stöðu sína og hækka gjöld á þjónustu sinni koma einkum fram í 17. gr. gildandi laga og 11. og 17. gr. laganna eftir að breytingar á þeim taka gildi í byrjun desember nk. Þá verður hvers konar misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð, en misnotkun getur m.a. falið í sér að beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir. Hvað áhrærir a-lið 1. töluliðar skal bent á samrunaákvæði 18. gr. samkeppnislaga sem unnt er að beita til að koma í veg fyrir samruna eða ógilda samruna þegar markaðsráðandi staða verður til við samrunann eða hún eflist. Eftir að lagabreytingin frá sl. vori tekur gildi verða íslensk samkeppnisyfirvöld, að mati Samkeppnisstofnunar, eins vel í stakk búin að takast á við samkeppnis-

hindranir, þ.m.t. misnotkun á markaðsyfirráðum, og samkeppnisyfirvöld þeirra ríkja sem hafa hvað skörpust samkeppnislög.

2. Ef viðskiptavinur er í markaðsráðandi stöðu sem kaupandi þjónustu og misbeitir þeirri stöðu að mati samkeppnisráðs til að ná óeðlilega hagstæðum kjörum hjá seljanda þjónustunnar, sbr. a-lið í 2. tölulið tölvubréfsins, getur ráðið eða mun það geta beitt úrræðum sömu lagaákvæða og vísað er til í 1. tölulið hér að framan. Ef útgerðir bindast samtökum um tilteknar aðgerðir, sbr. b-lið í 2. tölulið tölvubréfsins, t.d. í því skyni að lækka verð, munu þær hugsanlega brjóta gegn ákvæðum 10. eða 11. gr. samkeppnislaga eins og þær verða eftir gildistöku lagabreytingarinnar sem áður er vitnað til. Í 10. gr. verður lagt bann við öllum samningum og samþykktum fyrirtækja og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða hún takmörkuð ef samningar o.s.frv. hafa m.a. áhrif á verð, afslætti eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti. Bannákvæði 10. og 11. gr. eins og þau verða frá des. nk. taka til mun fleiri þátta en verðs og viðskiptakjara en vísað er í lagatextann í því sambandi (lög nr. 107/2000, um breytingar á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum).
3. Samkeppnislögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum, sbr. 2. gr. laganna. Þetta á við nema annað sé ákveðið í sérlögum eins og t.d. hafnalögum. Frá sjónarhóli Samkeppnisstofnunar er ekki ljóst hvers vegna tillaga er gerð um sérstaka skilgreiningu á því í hafnalögum hvaða hafnir teljist vera í samkeppni og hverjar ekki miðað við rekstrarform og umsvif, sbr. drög að frumvarpi sem send hafa verið Samkeppnisstofnun. Að mati Samkeppnisstofnunar gengur sú hugmynd þvert gegn markmiði samkeppnislaga og nýsamþykktum breytingum á lögunum sem fela í sér eflingu þeirra og aukið yfirgrip. Að mati stofnunarinnar mætti ætla að eðli þeirrar þjónustu sem veitt er, eftirspurn eftir þjónustunni og landfræðilegar forsendur hefðu helst áhrif á það hvort hafnir væru í samkeppni eða ekki og hversu mikil samkeppnin á milli þeirra væri. Rekstrarform getur vissulega haft áhrif á samkeppnisaðstæður hafna, einkum hvað skattskyldu varðar. Á því mætti hins vegar taka með beitingu samkeppnislaga. Má í því sambandi vekja sérstaka athygli á 2. mgr. 14. gr. laganna þar sem er að finna heimild til handa samkeppnisráði að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri fyrirtækja eða stofnana sem annars vegar njóta opinberrar verndar eða einkaleyfis en hins vegar stunda rekstur í samkeppni við aðra. Að lítt athuguðu máli virðist sem til yrði nýtt samkeppnislegt vandamál ef sumar hafnir yrðu undanþegnar samkeppnislögum en aðrar ekki, algerlega óháð því hvort þær ættu í raunverulegri samkeppni eða ekki. Væri þá á vissan hátt verið að færa mál til verri vegar en þau nú eru í.

Að mati Samkeppnisstofnunar hefur ekkert komið fram sem gefur til kynna að samkeppnislög dugi ekki til að koma í veg fyrir eða stöðva misbeitingu fyrirtækja á markaðsaðstæðum eða uppræta aðra samkeppnishindrandi hegðun fyrirtækja á þeim vettvangi sem hafnir starfa á eða helstu viðskiptavinir þeirra. Á sama hátt telur Samkeppnisstofnun að samkeppnisyfirvöld séu vel í stakk búin að beita þeim úrræðum sem lögin gera ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
Samkeppnisstofnun,

Guðmundur Sigurðsson.

Fylgiskjal IV.

Fyrirvarar Friðriks Arngrímssonar, fulltrúa Landssambands smábátaeigenda, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, við skýrslu hafnalaganefndar.

Ég tel að í frumvarpinu sé ekki nægjanlega gætt að hagsmunum neytenda hafnanna og á það sérstaklega við um aðila sem hafa byggt upp umfangsmikla og dýra aðstöðu við hafnir og eiga ekki raunverulegan kost á öðru en kaupa þjónustu viðkomandi hafnar. Þar verður ekki um raunverulega samkeppni að ræða heldur einokun hafnanna. Ég legg til að í frumvarpið verði tekið upp ákvæði sem skyldi sveitarfélög til að bjóða hafnarmannvirki sem hafa verið nýtt af einum eða fáum aðilum þeim til kaups. Jafnframt verði kveðið á um hvernig þeim sem kaupa slík mannvirki verði, gegn gjaldi, skylt að veita öðrum aðilum aðgang að þeim eins og aðstæður leyfa. Þá verði ákvörðun um verðlagningu þessara mannvirkja mörkuð í lögum og í því sambandi verði m.a. litið fram hjá ríkisframlagi til þeirra. Að auki verði þátttaka kaupendanna í sameiginlegum kostnaði skilgreind.

Ég get ekki fallist á að ráðherra skuli ætlað að hækka gjöld hafnanna áður en gjaldtakan verður gefin frjáls. Ég tel að þar sem ákveðið hefur verið að falla frá samræmdri gjaldskrá beri að gera það strax við gildistöku laganna og að ekki verði um lögþvingaðar hækkanir að ræða. Verði það hins vegar gert er mikilvægt að þar sem ekki er þörf hækkunar verði skýrt ákveðið að gjöld verði ekki hækkuð og að þar sem gjöldin eru of há verði þau lækkuð strax við gildistöku laganna.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til hafnalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að færa stjórn hafna og ábyrgð á rekstri þeirra til sveitarstjórnar. Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á síðasta vorþingi en er nú lagt fram aftur með nokkrum breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarfyrirkomulag hafna geti verið með þrenns konar hætti. Þær megi reka sem hafnir án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags og sem hafnir með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags, en einnig er leyfilegt annað rekstrarform sem ekki fellur undir opinberan rekstur og er þá átt við hlutafélög hvort sem þau eru í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélög, sameignarfélög eða einkaaðila með sjálfstæðan rekstur. Frumvarpið gerir ráð fyrir minni greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum, en heimiluð er innheimta hafnargjalda sem renni til viðkomandi hafna. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hægt sé að styrkja hafnarframkvæmdir á vegum hafnarsjóða þegar um er að ræða hafnir sem eru í eigu sveitarfélaga, með eða án sérstakrar hafnarstjórnar. Gert er ráð fyrir að styrkir til þessara framkvæmda geti verið 310–350 m.kr. á ári og komi fyrst til framkvæmda á árinu 2007. Fram að þeim tíma er gert ráð fyrir samkvæmt bráðabirgðaákvæði frumvarpsins að heimilt verði að styrkja framkvæmdir samkvæmt siglingamálakafla samgönguáætlunar 2003–2014 til og með árinu 2006 á grundvelli eldri hafnalaga. Í frumvarpinu

er lagt til að Hafnabótasjóði verði skipt upp í tvær deildir, A- og B-deild. Hlutverk A-deildar verður að fjármagna hluta ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum og hlutverk B-deildar verður að fjármagna tjónaviðgerðir. Gert er ráð fyrir að framlag til Hafnabótasjóðs í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 verði 16,6 m.kr. Samkvæmt upplýsingum úr samgönguráðuneytinu er gert ráð fyrir að það framlag aukist í 30 m.kr. á ári til að fjármagna B-hluta sjóðsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður styrki áfram framkvæmdir í höfnum samkvæmt samþykktri hafnaáætlun 2001–2004, sbr. gildandi hafnalög, nr. 23/1994. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir að framlag til nýframkvæmda í höfnum verði 1.202,8 m.kr. og samkvæmt hafnaáætlun 2001–2004 er gert ráð fyrir að fjárveitingar til nýframkvæmda verði 1.132 m.kr. á árinu 2004.

Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Einnig fellur niður sérstakt vörugjald sem hefur verið innheimt samkvæmt hafnalögum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir að gjaldið skili 213 m.kr. í tekjur til ríkissjóðs. Samkvæmt frumvarpinu er fyrirhugað að fella gjaldið niður 1. júlí 2004.

Heildaráhrifin af frumvarpinu eru að útgjöld ríkissjóðs miðað við núverandi hafnaáætlun lækka um 1.000 m.kr. miðað við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003. Tekjur vegna niðurfellingar á sérstaka vörugjaldinu lækka um 213 m.kr. miðað við frumvarp til fjárlaga 2003.

Breytingar á hafnalögum	2003	2004	2007
Breytt hlutverk Hafnabótasjóðs	16,6	30,0	30,0
Þátttaka ríkisins í framkvæmdum hafnarsjóða	-	-	350,0
Framkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun 2001-2004	1.202,2	1.132,0	-
Sérstakt vörugjald fellur niður 1. júlí 2004	213,2	-106,6	
Samtals	**1.432,0**	**1.055,4**	**380,0**

1076. Nefndarálit [453. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands, Herdísi Sveinsdóttur og Erlínu Óskarsdóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Einar Oddsson frá starfsmannaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Guðjón Brjánsson frá Sjúkrahúsinu á Akranesi, Guðmund Einarsson frá Heilsugæslunni í Reykjavík, Árna Sverrisson frá St. Jósepsspítala, Jóhann Árnason frá Sunnuhlíð og Guðríði Þorsteinsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Málið var sent til umsagnar og bárust svör frá Heilsugæslustöð Grundarfjarðar, Sjálfstæðisflokknum í Hafnarfirði, Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki, Heilsugæslustöð Hveragerðis, Heilsugæslustöðinni Sólvangi, Hafnarfirði, Sunnuhlíð, Læknafélagi Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, framkvæmdastjóra Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi, Félagi íslenskra hjúkr-

unarfræðinga, stjórn Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Heilbrigðisstofnuninni á Selfossi.

Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af samkomulagi ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Samkomulagið felur í sér að ríkið yfirtekur 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiri háttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deildarsjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa. Sveitarfélögin munu áfram láta í té lóðir undir slíkar heilbrigðisstofnanir ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalds í samræmi við gildandi lög um heilbrigðisþjónustu.

Í samkomulaginu afsala sveitarfélögin sér lögbundnum rétti til tilnefningar í stjórnir umræddra stofnana um leið og þátttaka þeirra í stofnkostnaði og viðhaldi fellur niður. Í frumvarpinu er lagt til að stjórnir heilsugæslustöðva og umræddra sjúkrahúsa verði lagðar niður. Gildandi lög gera ráð fyrir fimm manna stjórnum, þar af eru þrír fulltrúar tilnefndir af viðkomandi sveitarstjórn, einn tilnefndur af starfsmönnum og einn án tilnefningar. Eftir að valdsvið forstöðumanna stofnana var aukið með setningu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hefur valdsvið stjórna verið minnkað að sama skapi og er hlutverk þeirra fyrst og fremst að sinna eftirliti og ráðgjöf við stjórnun viðkomandi stofnunar. Nefndin fellst á að stjórnir umræddra stofnana verði lagðar niður en telur að koma eigi til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram við meðferð málsins um að starfsmenn taki þátt í stjórnun og stefnumótun viðkomandi heilbrigðisstofnana. Leggur hún til að gerðar verði breytingar á 4., 7. og 8. gr. frumvarpsins á þann veg að hjúkrunarforstjóri og yfirlæknir (lækningaforstjóri) skuli sitja í framkvæmdastjórn með og undir stjórn framkvæmdastjóra. Einnig er lagt til að gerðar verði breytingar á 4. og 7. gr. sem fela það í sér að framkvæmdastjóri skuli halda upplýsinga- og samráðsfund með starfsmannaráði á heilbrigðisstofnun a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Gagnrýnt hefur verið að með því að fulltrúar sveitarstjórna eigi ekki lengur aðild að stjórnun framangreindra heilbrigðisstofnana geti sjónarmið íbúa á svæðinu ekki haft jafnmikil áhrif og áður. Leggur nefndin til að komið verði á því fyrirkomulagi að framkvæmdastjóri og fulltrúar sveitarstjórnar, eða sveitarstjórna þar sem sjúkrahús sinnir stærra svæði, hittist á upplýsinga- og samráðsfundum að minnsta kosti tvisvar á ári. Lítur nefndin svo á að með því móti verði sjónarmiðum íbúanna komið á framfæri við stjórnendur sjúkrahússins. Gert er ráð fyrir að aðilar hittist að lágmarki tvisvar á ári en ef litið er svo á að þörfin sé meiri er ekkert því til fyrirstöðu að þeir hittist oftar.

Að síðustu eru lagðar til breytingar á skipun nefndar sem meta skal hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Bent hefur verið á að tilnefning sveitarstjórna í nefndina gæti reynst flókin þar sem starfssvæði heilbrigðisstofnunar nær yfir mörg sveitarfélög, t.d. á Austurlandi. Jafnframt hefur verið bent á að betur verði hægt að tryggja sérfræðiþekkingu í nefndina með því að fela ekki sérstökum aðilum að tilnefna í nefndina heldur fela ráðherra að skipa nefndina í samræmi við lögbundið skilyrði um að fulltrúar hennar skuli hafa sérþekkingu á sviði rekstrar, starfsmannamála og stjórnsýslu. Leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á c-lið 8. gr. frumvarpsins í samræmi við framangreint.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir og Björgvin G. Sigurðsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Einar Oddur Kristjánsson, Katrín Fjeldsted og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. febr. 2003.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Ásta Möller.	Ólafur Örn Haraldsson.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.

1077. Breytingartillögur [453. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:
   Þar sem aðstæður leyfa skulu heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein heilbrigðisstofnun.
2. Við 4. gr.
   a. Á undan orðinu „læknaráð“ í b-lið komi: framkvæmdastjórn.
   b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Á heilsugæslustöðvum skal starfa framkvæmdastjórn undir yfirstjórn framkvæmdastjóra. Auk hans skulu yfirlæknir (lækningaforstjóri) og hjúkrunarforstjóri skipa framkvæmdastjórn. Heimilt er að fjölga fulltrúum í framkvæmdastjórn sé gert ráð fyrir því í skipuriti stofnunar. Framkvæmdastjórn skal vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um rekstur heilsugæslustöðvar og skal hann hafa samráð við hana um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu og rekstur stöðvarinnar.
   Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með starfsmannaráði stofnunar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári.
   Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með sveitarstjórn eða sveitarstjórnum á starfssvæði stöðvarinnar að minnsta kosti tvisvar á ári.
3. Við 7. gr. Á undan a-lið komi nýr liður, svohljóðandi: Á eftir 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Á sjúkrahúsum skv. 24. gr. og heilbrigðisstofnun skv. 2. mgr. 12. gr. skal starfa framkvæmdastjórn undir yfirstjórn framkvæmdastjóra. Auk hans skulu yfirlæknir (lækningaforstjóri) og hjúkrunarforstjóri skipa framkvæmdastjórn. Heimilt er að fjölga fulltrúum í framkvæmdastjórn sé gert ráð fyrir því í skipuriti stofnunar. Framkvæmdastjórn skal vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar og skal hann hafa samráð við hana um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu og rekstur sjúkrahússins eða heilbrigðisstofnunarinnar.

Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með starfsmannaráði stofnunar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári.

Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með sveitarstjórn eða sveitarstjórnum á starfssvæði stofnunarinnar að minnsta kosti tvisvar á ári.

4. Við 8. gr.
   a. 1. efnismgr. c-liðar orðist svo:

      Stefnt skal að því að framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 8. mgr. 29. gr. og forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss skv. 1. mgr. þessarar greinar hafi sérþekkingu á rekstri sjúkrahúsa. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa sérþekkingu á sviði rekstrar, starfsmannamála og stjórnsýslu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ríkisins eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn.
   b. Á undan orðunum „forstöðumenn deilda“ í 2. efnismgr. c-liðar komi: framkvæmdastjórn.
5. Á eftir a-lið 9. gr. komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „5. mgr. 29. gr.“ í 1. málsl 2. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. kemur: 8. mgr. 29. gr.

1078. Frumvarp til laga [662. mál]

um fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Karl V. Matthíasson, Sverrir Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson.

I. KAFLI
Fjárframlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar. Skulu stjórnmálasamtök skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

Til frambjóðenda samkvæmt lögum þessum teljast einstaklingar sem eru í kjöri til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands.

2. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og ber þeim að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi. Samþykktir reikningar skulu sendir dómsmálaráðuneyti, sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

3. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, þ.e. einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum, þó þannig að fari heildarframlög frá einstökum aðilum yfir 500.000 kr. á reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Með orðunum fjárframlagi eða ígildi þess er átt við peninga, vörur, þjónustu og önnur samsvarandi framlög og stuðning sem veittur er án gagngreiðslu, þó ekki venjubundið ókeypis vinnuframlag í kosningabaráttu og við kosningar.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess skv. 1. mgr. ef um nafnlaust fjárframlag er að ræða eða að öðru leyti óljóst hver stendur að því. Berist stjórnmálasamtökum fjárframlag eða ígildi þess samkvæmt þessari málsgrein skal fela dómsmálaráðuneyti vörslu og skráningu þess.

4. gr.

Frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands sem náð hafa kjöri skulu fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir persónulegum útgjöldum sínum vegna kosningarbaráttu, þ.m.t. prókjörsbaráttu, og fjármögnun þeirra og útbúa yfirlit yfir tekjur og gjöld framboðsins ásamt yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að reikningar framboðsins hafi verið endurskoðaðir í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Gera skal annars vegar grein fyrir eigin fjármunum frambjóðanda sem notaðir eru í kosningabaráttu og hins vegar utanaðkomandi fjárframlögum eða ígildi þeirra sem frambjóðandi veitir viðtöku. Jafnframt skal gera grein fyrir ef stuðningshópur, eða annar félagsskapur sem myndaður hefur verið til stuðnings frambjóðandanum, hefur veitt fjárframlögum viðtöku fyrir hans hönd. Sundurliða skal framlög eftir því hvort um er að ræða stuðning frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum. Andvirði fjárframlags og nafn stuðningsaðila skal sérstaklega tekið fram ef heildarfjárframlag eða ígildi þess, sbr. 2. mgr. 3. gr., nemur meira en 170.000 kr.

Frambjóðanda er óheimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess ef um nafnlaust fjárframlag er að ræða eða að öðru leyti óljóst hver stendur að því. Berist frambjóðanda fjárframlag eða ígildi þess samkvæmt þessari málsgrein skal fela dómsmálaráðuneyti vörslu og skráningu þess.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka og þingflokka.

5. gr.

Stjórnmálasamtök sem bjóða fram til Alþingis skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. til almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti eiga rétt á framlagi sem svarar til eins þingsætis í eitt ár. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

6. gr.

Greiða skal þingflokkum tiltekna lágmarksfjárhæð úr ríkissjóði og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn

hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórnmálasamtaka, sem hafa komið á fót landssamtökum.

7. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem veitt er hverju sinni til aðstoðar þingflokkum.

8. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár sem þeir veita móttöku samkvæmt þessum kafla eftir nánari reglum sem forseti Alþingis setur. Sama gildir um þingmenn utan flokka.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum eftir því sem við á.

10. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem móti samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám og aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka hefur verið flutt á sjö síðustu þingum en ekki hlotið afgreiðslu. Frumvarpið er nú flutt efnislega óbreytt frá síðasta þingi að því frátöldu að upphæðir fjárframlaga þar sem tilgreina verður nafn styrktaraðila hafa verið hækkaðar. Hækkanirnar taka mið af hækkun verðlags annars vegar frá því að frumvarpið var lagt fyrst fram á árinu 1995 að því er varðar 3. gr. og hins vegar frá árinu 2001 að því er varðar 4. gr., en ákvæði þess efnis kom þá fyrst inn í frumvarpið.

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem þótt hefur vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Í frumvarpinu er ekki fjallað um starfsemi stjórnmálasamtaka en ítarlega er fjallað um fjár-

reiður stjórnmálasamtaka og jafnframt um fjárreiður frambjóðenda í kosningum til Alþingis, sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þau stjórnmálasamtök sem þeir styðja. Það getur skapað tortryggni að leynd hvíli yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er það óeðlilegt. Einnig getur verið hætta á hagsmunaárekstrum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálasamtaka hér á landi, enda eru þau hvorki framtalsskyld né skattskyld. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda opin og sýnileg, enda er leynd einungis til þess fallin að auka tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka og einstakra frambjóðenda. Í umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka frá fyrri þingum kom fram að ríkisskattstjóri teldi það mjög til bóta að settar yrðu réttarreglur um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi árlega fram endurskoðaða reikninga í dómsmálaráðuneytinu. Jafnframt er lagt til að fari fjárframlag eða ígildi þess frá einstökum aðilum, þ.e. einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum, yfir 500 þús. kr. skuli birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi og iðulega miðað við, eins og hér er gert, að birta nöfn styrktaraðila opinberlega fari framlög yfir tiltekna fjárhæð. Má t.d. nefna að nýlega voru lögfestar í Noregi og Finnlandi reglur þar að lútandi og taka ákvæði þessa frumvarps mið af þeim. Jafnframt má geta þess að í Bretlandi hafa verið settar mjög ítarlegar reglur um takmarkanir á fjárstuðningi við stjórnmálasamtök og tilkynningar um fjárstuðning. Í frumvarpinu þykir ekki ástæða til að ganga jafnlangt og þar en þess í stað er stuðst við framangreindar norrænar fyrirmyndir.

Í frumvarpinu eru þau nýmæli að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands, sem náð hafa kjöri, skulu fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttunnar og fjármögnun hennar. Þessi ákvæði frumvarpsins styðjast við finnsk lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum. Til að komast hjá hagsmunaárekstrum og óeðlilegum fyrirgreiðslum er mikilvægt, líkt og lagt er til um framlög til stjórnmálasamtaka, að uppi á borðum sé hverjir styrki frambjóðendur með verulegum fjárframlögum. Ef til vill væri ástæða til að skoða hvort framlög til frambjóðenda í kosningabaráttu skyldu vera frádráttarbær frá skatti líkt og nú gildir um framlög til stjórnmálasamtaka.

Þess ber að geta að skv. 7. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum, sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni telji hún ástæðu til.

Árið 1993 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjárframlög til stjórnmálasamtaka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var gerð breyting á reglugerð, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Þetta frumvarp fjallar ekki um slík fjárframlög þannig að framkvæmd skattyfirvalda á fyrrnefndu reglugerðarákvæði breytist ekki verði frumvarpið að lögum.

Auk frjálsra framlaga eru íslensk stjórnmálasamtök fjármögnuð af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað

sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum. Í flestum OECD-löndunum hefur opinber fjárstuðningur við stjórnmálasamtök aukist á undanförnum árum. Í lýðræðisþjóðfélögum gegna stjórnmálasamtök veigamiklu hlutverki. Fjárhagsstuðningur hins opinbera er mikilvægur til að samtök geti sinnt nauðsynlegri stjórnmálastarfsemi og til að nokkurt jafnræði geti ríkt milli stjórnmálasamtaka. Auk þess er það grundvallaratriði að stjórnmálasamtök verði ekki fjárhagslega háð neinum styrktaraðila.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekningalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálasamtök geri grein fyrir fjárreiðum sínum, hvort sem um er að ræða ráðstöfun opinberra fjármuna eða framlaga frá fyrirtækjum og einstaklingum. Lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem öll stjórnmálasamtök geti gengið að. Enn fremur þykir rétt að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir slíka aðstoð eingöngu ætlaðar til aðstoðar þingflokkum eins og nafnið bendir til. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrkjanna verður virkari.

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálasamtök sem ekki náði fram að ganga. Þar var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis. Frá árinu 1995 hefur á hverju ári verið flutt frumvarp til laga um að lögfesta ákvæði um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1995 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálasamtök og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Þessi nefnd var skipuð fulltrúum stjórnmálasamtakanna. Hún starfaði í mörg ár, eða allt fram á árið 1999.

Niðurstaða nefndarinnar var að gera ekki neitt nema lögfesta gildandi framkvæmd á fjárhagsstuðningi ríkisins við stjórnmálasamtök og að leggja til fjárframlög úr ríkissjóði til forsetaframbjóðenda, ásamt því að slík framlög væru undanþegin lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki náðist samstaða í nefndinni um að skylda flokkana til að birta upplýsingar um fjárhagsmálefni sín eða að birta nöfn þeirra styrktaraðila sem gefa framlög yfir tiltekinni fjárhæð. Vekur furðu að eftir fimm ára starf nefndar forsætisráðherra skuli ekki einu sinni hafa náðst samstaða um að stjórnmálasamtök birti ársreikninga sína opinberlega. Rökin fyrir þeirri niðurstöðu eru líka fráleit.

Í skýrslu nefndarinnar þar sem hún gerir grein fyrir niðurstöðu sinni kemur fram að nefndin telur að hið nýja félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar frá 1995 innihaldi frekari löghelgun og vernd fyrir stofnun og starfsemi stjórnmálasamtaka en áður gilti og fortakslausa vernd innri málefna þeirra, sem ekki verði hróflað við af Alþingi. Fram kemur einnig orðrétt: „Með breytingunni var þessi skilningur staðfestur, en telja verður þó að Alþingi verði eftir breytinguna að gæta meiri varfærni í hugsanlegri lagasetningu er tengist starfsemi stjórnmálaflokka en áður. Stafar það af því, að nú er komin afdráttarlaus löghelgun á stjórnmálaflokkum í stjórnarskránni og afskipti af starfsemi stjórnmálaflokka verði því ekki undirorpin

teygjanlegri lagatúlkun eða lagasetningu á sama hátt og áður hefði e.t.v. verið hugsanlegt.“

Svona rökleysa og kattarþvottur er til þess fallinn að magna enn frekar tortryggni gagnvart fjármálum stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru orðin langt á eftir í þeirri þróun sem orðið hefur með kröfum um opnari stjórnsýslu, en leynd og pukur með fjármál stjórnmálasamtaka er ógn við lýðræði og heilbrigða stjórnarhætti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sett fram skilgreining á stjórnmálasamtökum til að afmarka hvaða samtök falla undir frumvarpið. Skilyrði fyrir því að samtök teljist stjórnmálasamtök samkvæmt frumvarpinu er að þau bjóði fram fulltrúa við kosningu til sveitarstjórna eða Alþingis. Jafnframt er kveðið á um að stjórnmálasamtök skuli skráð hjá dómsmálaráðuneytinu. Einnig er í þessari grein skilgreining á frambjóðendum samkvæmt frumvarpinu, en það eru þeir sem eru í kjöri til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að öll stjórnmálasamtök sem falla undir skilgreiningu 1. gr. séu bókhaldsskyld. Er það í samræmi við gildandi rétt. Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru stjórnmálasamtök undanþegin framtals- og skattskyldu. Eftirlit skattyfirvalda með stjórnmálasamtökum er því mjög lítið. Til að tryggja nauðsynlegt aðhald gerir frumvarpið ráð fyrir að stjórnmálasamtökum verði gert að skila skattframtali og að reikningar þeirra verði árlega endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og þeir lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða á öðrum sambærilegum vettvangi. Jafnframt er kveðið á um að ársreikningar stjórnmálasamtaka skuli sendir dómsmálaráðuneyti sem hlutast til um birtingu þeirra í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

Um 3. gr.

Með ákvæði þessu er reynt að stemma stigu við óeðlilegum hagsmunatengslum stjórnmálasamtaka við einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sjóði. Reynt er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með því að gera kröfu um opinbera birtingu á nöfnum þeirra einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka eða sjóða sem veita stjórnmálasamtökum háa styrki. Í 2. mgr. er, að fyrirmynd úr finnskum lögum frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum, skilgreint hvað felst í fjárframlagi eða ígildi þess. Átt er við gjafafé, vörur, þjónustu og önnur samsvarandi framlög og stuðning sem hægt er að meta til fjár án þess að gagngreiðsla sé veitt. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi. Undanskilið er þó venjubundið ókeypis vinnuframlag í kosningabaráttu og við kosningar. Í 3. mgr. er enn fremur lagt bann við því að stjórnmálasamtök taki við fjárframlagi eða ígildi þess ef ekki er ljóst hver stendur að baki því. Telja verður þá reglu eðlilega þar sem að öðrum kosti væri auðvelt að komast hjá þeim mörkum sem tiltekin eru í 1. mgr. Ef stjórnmálasamtökum berst nafnlaust fjárframlag ber að fela það dómsmálaráðuneytinu til vörslu og skráningar.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er að finnskri fyrirmynd, sbr. lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum, kveðið á um að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands, sem hafa náð kjöri, skuli fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttu og hvernig hún var fjármögnuð og skulu þeir birta yfirlit

yfir tekjur og gjöld framboðsins ásamt yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um endurskoðun reikninga framboðsins. Með heildarútgjöldum er átt við allan kostnað sem hlýst af kosningabaráttu frambjóðanda, þ.m.t. kostnað sem hlýst af þátttöku í undanfarandi prófkjöri eða annan kostnað í aðdraganda framboðs, svo sem við uppröðun á lista flokks. Jafnframt skal annars vegar gerð grein fyrir eigin fjármunum frambjóðanda sem notaðir eru í kosningabaráttu og hins vegar utanaðkomandi fjárframlögum. Skulu slík fjárframlög sundurliðuð eftir því hvort þau berast frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum. Til að koma í veg fyrir hættu á hagsmunaárekstrum og óeðlilegum fyrirgreiðslum er mikilvægt að það sé uppi á borðum hverjir styrki frambjóðendur með verulegum framlögum. Því er kveðið á um að tiltaka skuli sérstaklega andvirði fjárframlags eða ígildis þess og hver standi að því ef það nemur meira en 170.000 kr. Með sömu rökum og í 3. gr. er lagt bann við því að frambjóðendur taki við nafnlausum framlögum.

Um 5. gr.

Til þess að vega upp á móti hertum reglum um styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum gerir frumvarpið ráð fyrir að framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka verði lögbundin og verði framlag til stjórnmálasamtaka sérstakur liður í fjárlögum. Slíkt framlag skal í engu skerða rétt þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi samkvæmt gildandi lögum um sérfræðiaðstoð við þingflokka.

Um 6.–8. gr.

Ákvæði laga um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, nr. 56/1971, eru hér tekin efnislega óbreytt í frumvarpið þar sem eðlilegra þykir að hafa öll lagaákvæði sem snúa að stjórnmálasamtökum á einum stað.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að brot gegn ákvæðum laganna varði sektum. Komi hins vegar til brota á öðrum lögum, svo sem bókhaldslögum, geta legið við þyngri refsingar.

Um 10.–11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Engar samræmdar reglur gilda um afslætti og ýmiss konar ókeypis þjónustu sem stjórnmálasamtökum er látin í té í tengslum við kosningar, svo sem hjá Hagstofu Íslands eða undirstofnunum ráðuneyta. Stjórnmálasamtök hafa t.d. iðulega fengið afslátt af gjöldum Pósts og síma, en þó hefur þurft að sækja um það í hvert tiltekið skipti og ekki er ljóst hvort hið sama á við um alla í því efni. Eðlilegt er að settar verði skýrar samræmdar reglur um þetta sem stjórnmálasamtök geta gengið að vísum.

1079. Tillaga til þingsályktunar [663. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001, um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001, um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn

kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001, um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga.

Í tilskipun 2001/17/EB er fjallað um endurskipulagningu fjárhags og slit vátryggingafélaga. Með endurskipulagningu í tilskipuninni er átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóla og er ætlað að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu vátryggingafélags, svo sem greiðslustöðvun eða nauðasamninga, en með slitum vátryggingafélags er átt við sameiginlega aðgerð þar sem eignum vátryggingafélags er komið í verð og verðmætum þess dreift á milli lánardrottna, hluthafa eða eigenda, hvort sem er af frjálsum vilja eða þvingað, svo sem gjaldþrotaskipti.

Tilskipunin felur í sér að úrskurður dómstóls um heimild vátryggingafélags sem rekur útibú á Evrópska efnahagssvæðinu til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða um slit þess hefur áhrif á öllu efnahagssvæðinu, þ.e. tekur bæði til vátryggingafélagsins og útibúa þess. Jafnframt er gert ráð fyrir að löggjöf heimaríkis gildi um endurskipulagninguna eða slitin, þ.e. löggjöf þess ríkis þar sem aðalstöðvar vátryggingafélags eru og þar sem starfsleyfi þess er gefið út. Tilskipuninni er þannig ætlað að koma í veg fyrir að kröfuhöfum verði mismunað með því að mismunandi lög gildi um endurskipulagningu eða slit vátryggingafélags og útibúa þess.

Enn fremur eru í tilskipuninni ákvæði um vernd neytenda, þ.e. vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem geta átt kröfu á vátryggingafélag vegna slyss, þar sem kröfum þeirra er tryggður forgangur komi til slita vátryggingafélags. Gefur tilskipunin kost á tveimur mögulegum leiðum til þess sem miða báðar að því að veita kröfum þeirra forgang við slit vátryggingafélags.

Megintilgangur tilskipunarinnar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum ríkja efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags og slit vátryggingafélaga og vissa lágmarkssamræmingu landsregla sem gilda um þessi atriði.

Viðskiptaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum, 568. mál, sem ætlað er að innleiða í íslenska löggjöf efnisákvæði tilskipunarinnar.

Samkvæmt efni tilskipunarinnar er henni ætlað að koma til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 20. apríl 2003.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 166/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002 frá 12. júlí 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001 um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 13. lið (tilskipun ráðsins 77/92/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„13a.- **32001 L 0017:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001 um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga (Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28).“

([1]) Stjtíð. EB L 298, 31.10.2002, bls. 19 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 15.
([2]) Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/17/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/17/EB

frá 19. mars 2001

um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([4]), eins og bætt var við hana með tilskipun 92/49/EBE ([5]), og fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftryggingastarfsemi í frumtryggingu ([6]), eins og bætt var við hana með tilskipun 92/96/EBE ([7]), kveða á um eitt starfsleyfi fyrir vátryggingafélögin sem eftirlitsyfirvald í heimaaðildarríki veitir. Þetta eina starfsleyfi gerir vátryggingafélaginu kleift að stunda starfsemi sína í bandalaginu með því að koma á fót þjónustu eða veita hana endurgjaldslaust án frekara leyfis frá gistiaðildarríki og einungis undir eftirlitskerfi eftirlitsyfirvalda í heimaaðildarríkinu.

2) Þær tilskipanir um vátryggingar, sem kveða á um eitt starfsleyfi í öllu bandalaginu fyrir vátryggingafélög, fela ekki í sér reglur um samræmingu komi til slitameðferðar. Vátryggingafélög sem og aðrar fjármálstofnanir eru sérstaklega undanskildar gildissviði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1346/2000 frá 29. maí 2000 um gjaldþrotaskipti ([8]). Í þágu eðlilegrar starfsemi innri markaðarins og til verndar lánardrottnum er rétt að setja samræmdar reglur í bandalaginu um slitameðferð vátryggingafélaga.

3) Einnig er rétt að setja reglur um samræmingu til þess að tryggja endurskipulagningarráðstafanir, sem lögbært yfirvald í aðildarríki samþykkir, hafi full áhrif í öllu bandalaginu, í þeim tilgangi að viðhalda traustri fjárhagsstöðu vátryggingafélags eða færa hana aftur í eðlilegt horf, og koma, að svo miklu leyti sem unnt er, í veg fyrir slitameðferð. Endurskipulagningarráðstafanirnar, sem falla undir þessa tilskipun, eru þær sem hafa áhrif á áður fengin réttindi annarra aðila en vátryggingafélagsins sjálfs. Fella skal ráðstafanir, sem kveðið er á um 20. gr. tilskipunar 73/239/EBE og 24. gr. tilskipunar 79/267/EBE, undir gildissvið þessarar tilskipunar að því tilskildu að þær uppfylli skil-

([1]) Stjtíð. EB C 71, 19.3.1987, bls. 5 og Stjtíð. EB C 253, 6.10.1989, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB C 319, 30.11.1987, bls. 10.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 15. mars 1989 (Stjtíð. EB C 96, 17.4.1989, bls. 99), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. október 2000 (Stjtíð. EB C 344, 1.12.2000, bls. 23) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. febrúar 2001.
([4]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).
([5]) Tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, og um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1).
([6]) Stjtíð. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.
([7]) Tilskipun ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga og um breytingu á tilskipunum 79/267/EBE og 90/619/EBE (þriðja tilskipun um líftryggingar) (Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1).
([8]) Stjtíð. EB L 160, 30.6.2000, bls. 1.

yrðin sem koma fram í skilgreiningunni á endurskipulagningarráðstöfunum.

4) Gildissvið þessarar tilskipunar tekur til alls bandalagsins og hefur áhrif á vátryggingafélög, eins og skilgreint er í tilskipunum 73/239/EBE og 79/267/EBE, með aðalskrifstofu í bandalaginu, útibú vátryggingafélaga í bandalaginu með aðalskrifstofu í þriðju löndum og lánardrottna með búsetu í bandalaginu. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð gagnvart þriðju löndum.

5) Þessi tilskipun skal fjalla um slitameðferð hvort heldur hún byggist á gjaldþroti eða ekki og hvort heldur hún er af frjálsum vilja eða þvinguð. Hún skal gilda um sameiginlega málsmeðferð, eins og skilgreint er í löggjöf heimaaðildarríkjanna, í samræmi við 9. gr. sem tekur til sölu eigna vátryggingafélags og skiptingar á afrakstri af þeim. Slitameðferð, sem ekki byggist á gjaldþroti en felur í sér forgangsröðun að því er varðar greiðslu á vátryggingakröfum í samræmi við 10. gr., skal einnig fella undir gildissvið þessarar tilskipunar. Kröfur starfsmanna vátryggingafélags, sem eru til komnar vegna ráðningarsamninga og ráðningarsambanda, skal mögulegt að framselja innlendum launaábyrgðarsjóði. Slíkar framseldar kröfur skulu hafa hag af þeirri meðferð sem ákvarðast af löggjöf heimaaðildarríkisins (*lex concursus*) í samræmi við meginreglur þessarar tilskipunar. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda, eftir því sem við á, um mismunandi tilvik slitameðferðar.

6) Samþykkt endurskipulagningarráðstafana kemur ekki í veg fyrir að slitameðferð hefjist. Hefja má slitameðferð þrátt fyrir að samþykktar hafi verið endurskipulagningarráðstafanir eða í kjölfar samþykktar þeirra og þeim má ljúka með nauðungarsamningum eða öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, þar á meðal endurskipulagningarráðstöfunum.

7) Skilgreining á útibúi, í samræmi við þær meginreglur um gjaldþrot sem eru fyrir hendi, skal taka tillit til þess að vátryggingafélagið hefur sérstaka lögformlega stöðu. Löggjöf heimaaðildarríkisins skal ákvarða með hvaða hætti skal fara með eignir og skuldir sem eru í höndum óháðra aðila sem hafa ótímabundna heimild til að koma fram sem fulltrúar vátryggingafélags þegar til slita vátryggingafélagsins kemur.

8) Gera skal greinarmun á annars vegar lögbærum yfirvöldum að því er varðar endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð og hins vegar eftirlitsyfirvöldum vátryggingafélaga. Löggjöf aðildarríkis stjórnar því hvort lögbær yfirvöld eru stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld. Þessi tilskipun felur ekki í sér samræmingu á innlendri löggjöf eða hvernig valdssviði slíkra yfirvalda er skipt.

9) Þessi tilskipun miðar ekki að því að samræma innlenda löggjöf um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð heldur stefnir hún að því að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á endurskipulagningarráðstöfunum og löggjöf um slit vátryggingafélaga í aðildarríkjunum sem og nauðsynlegt samstarf. Slíkri gagnkvæmri viðurkenningu er komið á í þessari tilskipun með meginreglunum um einingu (principle of unity), algildi (principle of universality), samræmingu, birtingu, sambærilega meðferð og verndun vátryggingalánardrottna.

10) Einungis lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki skal veitt vald til þess að taka ákvarðanir um slitameðferð vátryggingafélaga (meginreglan um einingu). Áhrifa af þess konar málsmeðferð skal gæta í öllu bandalaginu og skal hún viðurkennd af öllum aðildarríkjum. Að jafnaði skal tekið tillit til allra eigna og skulda vátryggingafélags við slitameðferð (meginregla um algildi).

11) Löggjöf heimaaðildarríkisins skal gilda um ákvörðun um slit vátryggingafélags, sjálfa slitameðferðina og áhrif hennar á aðila og lagaleg tengsl sem um ræðir, bæði efnisleg og að því er varðar málsmeðferð, nema sé kveðið á um annað í þessari tilskipun. Því skulu öll skilyrði fyrir því að hefja slitameðferð, framkvæma hana og ljúka falla almennt undir löggjöf heimaaðildarríkis. Í því skyni að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar skal vera í henni skrá, sem er ekki tæmandi, yfir þá þætti sem einkum heyra undir almennu regluna í löggjöf heimaaðildarríkisins.

12) Eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríkinu og allra annarra aðildarríkja skal, svo skjótt sem kostur er, tilkynnt um upphaf slitameðferðar (meginregla um samræmingu).

13) Afar brýnt er að vátryggðir, vátryggingahafar, rétthafar og aðrir sem eiga beina kröfu á vátryggingafélag á grundvelli vátryggingasamn-

ings njóti verndar við slitameðferð. Slík vernd á ekki við um þær kröfur sem ekki eru til komnar vegna skuldbindinga samkvæmt vátryggingasamningum eða -starfsemi heldur vegna einkaréttarlegrar ábyrgðar vegna starfa umboðsmanns sem hann sjálfur, í samræmi við gildandi lög um vátryggingasamninga eða -starfsemi, er ekki ábyrgur fyrir samkvæmt skilmálum vátryggingasamningsins eða -starfseminnar sem um ræðir. Til að ná megi þessu markmiði skulu aðildarríki tryggja sérstaka meðferð vátryggingalánardrottna í samræmi við aðra af tveimur aðferðum sem velja má um og kveðið er á um í þessari tilskipun. Aðildarríki geta valið að veita vátryggingakröfum algeran forgang fram yfir aðrar kröfur að því er varðar eignir sem eru til jöfnunar vátryggingaskuldinni eða að ætla vátryggingakröfum sérstöðu þannig að einungis laun eða launatengdar kröfur, skattar og kröfur, sem njóta veðréttar (rights *in rem*), hafi forgang um fram þær. Hvorug aðferðanna í þessari tilskipun kemur í veg fyrir að aðildarríki forgangsraði mismunandi flokkum vátryggingakrafna eftir vægi.

14) Þessi tilskipun skal tryggja að hæfilegt jafnvægi sé milli verndar sem vátryggingalánardrottnar njóta og annarra lánardrottna sem njóta forgangsréttar og fá vernd í gegnum löggjöf aðildarríkisins en ekki samræma ólík kerfi lánardrottna sem njóta verndar og eru til staðar í aðildarríkjunum.

15) Aðferðirnar tvær sem velja má um til að meðhöndla vátryggingakröfur eru lagðar að jöfnu í megindráttum. Fyrri aðferðin tryggir að notaðar séu eignir til jöfnunar á móti vátryggingaskuldinni til að mæta vátryggingakröfum, síðari aðferðin tryggir að vátryggingakröfur njóti forgangs gagnvart lánardrottnum þannig að það eru ekki eingöngu eignir sem koma til jöfnunar á móti vátryggingaskuldinni sem greiða þær heldur allar eignir vátryggingafélagsins.

16) Aðildarríki, sem velja þá aðferð að vátryggingakröfur hafi algeran forgang með tilliti til eigna sem koma til jöfnunar á móti vátryggingaskuldinni til þess að vernda vátryggingalánardrottna, skulu krefjast þess af vátryggingafélögum sínum að setja saman og uppfæra reglulega sérstaka skrá yfir slíkar eignir. Slík skrá er gagnlegt tæki til að greina þær eignir sem notaðar eru til greiðslu á slíkum kröfum.

17) Til að auka jafnvægið milli aðferðanna tveggja við meðferð vátryggingakrafna skal þessi tilskipun skylda þau aðildarríki sem beita aðferðinni, sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 10. gr., til að krefjast þess að öll vátryggingafélög, hvenær sem er og óháð hugsanlegum slitum, geti mætt kröfum sem kunna að hafa forgang fram yfir vátryggingakröfur samkvæmt þessari aðferð og eru skráðar í reikninga vátryggingafélagsins með eignum sem heimilað er, samkvæmt vátryggingatilskipunum sem í gildi eru, að nota til að mæta vátryggingaskuld.

18) Heimaaðildarríkið skal geta kveðið á um að ef réttindi vátryggingalánardrottna hafa verið framseld ábyrgðarsjóði, sem komið hefur verið á fót í heimaaðildarríkinu, njóti kröfur úr þeim sjóði ekki góðs af meðferð vátryggingakrafna samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

19) Þegar slitameðferð er hafin skal það hafa í för með sér afturköllun starfsleyfis sem vátryggingafélaginu var veitt, nema slíkt leyfi hafi áður verið afturkallað.

20) Ákvörðun um að hefja slitameðferð, sem getur haft áhrif í öllu bandalaginu í samræmi við meginregluna um algildi, skal birta opinberlega með viðeigandi hætti innan bandalagsins. Til að vernda þá aðila, sem hlut eiga að máli, skal birta ákvörðunina í samræmi við málsmeðferð í heimaaðildarríki og í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og auk þess með hverjum þeim hætti sem eftirlitsyfirvöld annarra aðildarríkja ákveða innan yfirráðasvæða sinna. Til viðbótar við að birta ákvörðunina skal þeim lánardrottnum sem þekktir eru og eru búsettir í bandalaginu tilkynnt um ákvörðunina, hverjum fyrir sig, og í þessari tilkynningu skulu veittar upplýsingar, a.m.k. um þá meginþætti sem tilgreindir eru í þessari tilskipun. Einnig skulu skiptastjórar reglulega veita lánardrottnum upplýsingar um framvindu slitameðferðar.

21) Lánardrottnar skulu hafa rétt til að lýsa kröfu eða leggja fram skriflegar athugasemdir þegar slitameðferð stendur yfir. Farið skal með kröfur lánardrottna, sem búsettir eru í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki, á sama hátt og samsvarandi kröfur í heimaaðildarríki án nokkurrar mismununar vegna þjóðernis eða búsetu (meginreglan um sambærilega meðferð).

22) Að því er varðar endurskipulagningarráðstafanir sem lögbært yfirvald í aðildarríki hefur samþykkt skal þessi tilskipun beita meginreglum

sem eru, að breyttu breytanda, áþekkar þeim sem kveðið er á um við slitameðferð. Takmarka skal birtingu slíkra endurskipulagningarráðstafana við þau tilvik þegar aðrir aðilar en sjálft vátryggingafélagið geta krafist málskots í heimaaðildarríkinu. Ef endurskipulagningarráðstafanir hafa einungis áhrif á rétt hluthafa, félaga eða starfsmanna í vátryggingafélaginu, í þeirri stöðu sem þeir eru sem slíkri, skulu lögbær yfirvöld ákvarða með hvaða hætti skal upplýsa þá aðila er málið varðar samkvæmt viðeigandi löggjöf.

23) Í þessari tilskipun er kveðið á um samræmdar reglur svo að ákvarða megi hvaða löggjöf gildir um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð vátryggingafélaga. Þessi tilskipun miðar ekki að því að setja reglur í alþjóðlegum einkamálarétti til að ákvarða hvaða löggjöf á við um samninga og önnur lagaleg tengsl. Einkum miðar þessi tilskipun ekki að því að stýra þeim reglum sem við eiga um tilvist samnings, réttindi og skyldur aðila og mat á skuldum.

24) Í þessari tilskipun er almenna reglan sú að um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð gildi lög heimaaðildarríkisins og frá henni ættu að finnast nokkrar undantekningar svo að vernda megi lögmætar væntingar til og áreiðanleika tiltekinna aðgerða í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríkinu. Þessar undantekningar skulu eiga við um áhrif slíkra endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar á tiltekna samninga og rétt, veðréttindi þriðju aðila, eignarréttarfyrirvara, skuldajöfnun, markaði sem falla undir opinbert eftirlit, skaðandi aðgerðir, kaupendur, sem eru þriðju aðilar, og yfirstandandi málaferli.

25) Undantekningin varðandi áhrif endurskipulagningarráðstafana og slitameðferðar á tiltekna samninga og réttindi, sem kveðið er á um 19. gr., skal takmarkast við þau áhrif sem þar eru tilgreind og tekur ekki til annarra atriða sem tengjast endurskipulagningarráðstöfunum og slitameðferð, t.d. kröfulýsing, sannprófun, skráning og forgangsröðun krafna vegna þessara samninga og réttinda en þetta skal falla undir lög heimaaðildarríkisins.

26) Áhrif endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar á yfirstandandi málaferli skulu ráðast af löggjöf aðildarríkjanna þar sem fram fara málaferlin, sem varða eign eða réttindi sem vátryggingafélagið hefur látið af hendi en það er undantekning frá beitingu laga í heimaaðildarríkinu. Áhrif slíkra ráðstafana og málsmeðferðar á einstakar aðfararaðgerðir sem af slíkum málaferlum leiða skulu ráðast af löggjöf heimaaðildarríkisins í samræmi við þá almennu reglu sem komið er á með þessari tilskipun.

27) Allir, sem þurfa að taka við eða veita upplýsingar í tengslum við málsmeðferð við boðskipti sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu bundnir þagnarskyldu sbr. 16. gr. tilskipunar 92/49/EBE og 15. gr. tilskipunar 92/96/EBE að undanskildum dómsmálayfirvöldum sem sérstök innlend löggjöf gildir um.

28) Einungis að því er varðar beitingu ákvæða þessarar reglugerðar á endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð er taka til útibúa í bandalaginu þegar höfuðstöðvar vátryggingafélagsins eru í þriðja landi, skal skilgreina „heimaaðildarríki“ sem aðildarríkið þar sem útibúið er, og eftirlitsyfirvöld og lögbær yfirvöld sem yfirvöld í því aðildarríki.

29) Þegar vátryggingafélag sem er með aðalskrifstofu utan bandalagsins hefur útibú í fleiri en einu aðildarríki skal hvert útibú njóta sérstakrar meðferðar óháð hinum að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar. Þegar svo er skulu lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld, stjórnendur og skiptastjórar leitast við að samræma aðgerðir sínar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð sem tengjast vátryggingafélögum.

2. Þessi tilskipun gildir einnig um, að því marki sem kveðið er á um í 30. gr., endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð sem varða útibú vátryggingafélaga á yfirráðasvæði bandalagsins með aðalskrifstofu utan bandalagsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking hugtaka sem hér segir:

a) „vátryggingafélag“: félag sem fengið hefur starfsleyfi yfirvalda í samræmi við 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE;

b) „útibú“: hvers kyns fast aðsetur vátryggingafélags á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem ekki er heimaaðildarríki, sem stundar vátryggingastarfsemi;

c) „endurskipulagningarráðstafanir“: ráðstafanir sem fela í sér hvers kyns íhlutun af hálfu stjórnvalda eða dómsmálayfirvalda í þeim tilgangi að viðhalda fjárhagsstöðu vátryggingafélags eða koma henni í eðlilegt horf og hafa áhrif á þau réttindi þriðju aðila, annarra en vátryggingafélagsins sjálfs, sem þegar eru til, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum;

d) „slitameðferð“: sameiginleg málsmeðferð sem felur í sér sölu eigna vátryggingafélags og skiptingu afrakstursins milli lánardrottna, hluthafa eða félaga, eftir því sem við á, og felur óhjákvæmilega í sér hvers konar íhlutun stjórnvalda eða dómsmálayfirvalda í aðildarríkinu, þ.m.t. í tilvikum þegar sameiginlegri málsmeðferð lýkur með nauðungarsamningum eða öðrum hliðstæðum ráðstöfunum hvort heldur þær koma til vegna gjaldþrots eða gerðar af frjálsum vilja eða þvingaðar;

e) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem vátryggingafélag hefur fengið starfsleyfi í samræmi við 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE;

f) „gistiaðildarríki“: annað aðildarríki en heimaaðildarríkið þar sem vátryggingafélag hefur útibú;

g) „lögbær yfirvöld“: stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í aðildarríkjunum sem eru til þess bær að sjá um endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferð;

h) „eftirlitsyfirvöld“: lögbær yfirvöld í merkingu k-liðar 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE og l-liðar 1. gr. tilskipunar 92/96/EBE;

i) „stjórnandi“: hver sá einstaklingur eða aðili sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi til að hafa umsjón með endurskipulagningarráðstöfunum;

j) „skiptastjóri“: hver sá einstaklingur eða aðili sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi eða stjórn vátryggingafélags, eftir því sem við á, til að hafa umsjón með slitameðferð;

k) „vátryggingakröfur“: hver sú upphæð sem vátryggingafélag skuldar vátryggðum, vátryggingatökum, rétthöfum eða öðrum sem eiga beina kröfu á vátryggingafélagið og er til komin á grundvelli vátryggingasamnings eða hverrar annarrar aðgerðar sem er, eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 1. gr. í tilskipun 79/267/EBE, í frumtryggingastarfsemi, þ.m.t. upphæðir sem lagðar hafa verið til hliðar fyrir framangreinda aðila, þegar ekki er vitað um suma þætti skuldarinnar. Einnig skulu iðgjöld, sem vátryggingafélag skuldar og eru til komin vegna þess að þessum vátryggingasamningum hefur ekki verið komið á eða ekki verið lokið eða vátryggingastarfsemin hefur ekki hafist eða henni hefur verið hætt, í samræmi við lög um slíka samninga eða starfsemi áður en slitameðferð hefst, talin til vátryggingakrafna.

II. BÁLKUR

ENDURSKIPULAGNINGARRÁÐSTAFANIR

3. gr.

Gildissvið

Þessi bálkur gildir um endurskipulagningarráðstafanir sem skilgreindar eru í c-lið 2. gr.

4. gr.

Samþykkt endurskipulagningarráðstafana — gildandi lög

1. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa heimild til þess að ákveða endurskipulagningarráðstafanir sem snerta vátryggingafélagið, þ.m.t. útibú þess í öðrum aðildarríkjum. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu ekki koma í veg fyrir að heimaaðildarríki hefji slitameðferð.

2. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu lúta lögum, reglum og málsmeðferð, sem í gildi eru í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í 19. til 26. gr.

3. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu hafa fullt gildi í öllu bandalaginu í samræmi við löggjöf

heimaaðildarríkisins, án frekari formsatriða, þ.m.t. gagnvart þriðju aðilum í öðrum aðildarríkjum, jafnvel þótt löggjöf þessara aðildarríkja kveði ekki á um slíkar endurskipulagningarráðstafanir eða ef þau binda framkvæmd þeirra skilyrðum sem ekki eru uppfyllt.

4. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu gilda í öllu bandalaginu þegar þær taka gildi í aðildarríkinu þar sem þær voru gerðar.

5. gr.

Upplýsingar til eftirlitsyfirvalda

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum heimaaðildarríkisins, svo skjótt sem kostur er, um úrskurð sinn um sérhverja endurskipulagningarráðstöfun, helst áður en ráðstöfunin er samþykkt og, ef það bregst, strax að því loknu. Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum allra hinna aðildarríkjanna, svo skjótt sem kostur er, að þau hafi samþykkt endurskipulagningarráðstafanir og þar með einnig um áþreifanleg áhrif slíkra ráðstafana.

6. gr.

Birting

1. Ef unnt er, í heimaaðildarríki, að krefjast málskots ákvörðunar um endurskipulagningarráðstöfun skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu, stjórnandi eða hver sá aðili, sem til þess hefur heimild, í heimaaðildarríkinu birta opinberlega ákvörðun sína um endurskipulagningarráðstöfun í samræmi við málsmeðferð við birtingu sem kveðið er á um í heimaaðildarríkinu og enn fremur að birta við fyrsta tækifæri í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* útdrátt úr skjalinu þar sem endurskipulagningarráðstafanirnar eru ákvarðaðar. Eftirlitsyfirvöld allra hinna aðildarríkjanna, sem tilkynnt hefur verið um úrskurðinn um endurskipulagningarráðstöfunina, skv. 5. gr., geta tryggt birtingu slíks úrskurðar á yfirráðasvæði sínu með þeim hætti sem þau telja viðeigandi.

2. Í þeim upplýsingum, sem birtar eru og kveðið er á um í 1. mgr., skal tilgreina lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins, gildandi lög, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., og stjórnanda sem tilnefndur er, ef nokkur. Þær skulu birtar á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem upplýsingarnar eru birtar.

3. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu gilda þrátt fyrir ákvæðin um birtingu í 1. og 2. mgr. og gilda að fullu gagnvart lánardrottnum, nema lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis eða lög þess ríkis kveði á um annað.

4. Ef endurskipulagningarráðstafanir hafa einungis áhrif á rétt hluthafa, félaga eða starfsmanna í vátryggingafélaginu, í þeirri stöðu sem þeir gegna sem slíkri, skal þessi grein ekki gilda nema að kveðið sé um annað í lögum um endurskipulagningarráðstafanir. Lögbær yfirvöld skulu ákveða með hvaða hætti tilkynning skal send, í samræmi við þá löggjöf sem við á, þeim aðilum sem hlut eiga að máli.

7. gr.

Upplýsingar til þekktra lánardrottna — rétturinn til að lýsa kröfum

1. Þegar þess er krafist samkvæmt löggjöf heimaaðildarríkis að kröfum sé lýst eigi að taka þær gildar eða að kveðið er á um að lögboðið sé að tilkynna lánardrottnum sem eru með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu sína í því ríki um endurskipulagningaráðstöfunina skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins eða stjórnandi einnig tilkynna það þekktum lánardrottnum sem eru með fasta búsetu, lögheimili sitt eða aðalskrifstofu sína í öðrum aðildarríkjum, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 15. gr. og 1. mgr. 17. gr.

2. Þegar löggjöf heimaaðildarríkis kveður á um réttindi lánardrottna, sem eru með fasta búsetu, lögheimili sitt eða aðalskrifstofu í því ríki, til að lýsa kröfum eða leggja fram athugasemdir varðandi kröfur sínar skulu lánardrottnar með fasta búsetu, lögheimili sitt eða aðalskrifstofu í öðru aðildarríki hafa sama rétt til að lýsa kröfum eða leggja fram athugasemdir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. og 2. mgr. 17. gr.

III. BÁLKUR

SLITAMEÐFERÐ

8. gr.

Upphaf slitameðferðar — upplýsingar til eftirlitsyfirvalda

1. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa heimild til þess að taka ákvörðun um að hefja slitameðferð vátryggingafélags, þ.m.t. útibúa þess í öðrum aðildarríkjum. Þessa ákvörðun má taka þó ekki hafi verið gerðar endurskipulagningarráðstafanir eða í kjölfar þess að þær eru samþykktar.

2. Ákvörðun sem samþykkt er í samræmi við löggjöf heimaaðildarríkis um að hefja slitameðferð vá-

tryggingafélags, þ.m.t. útibúa þess í öðrum aðildarríkjum, skal viðurkennd, án frekari formsatriða, á yfirráðasvæði allra annarra aðildarríkja og skal taka gildi þar um leið og ákvörðunin hefur tekið gildi í aðildarríkinu þar sem málsmeðferðin hefst.

3. Eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríkinu skal tilkynnt, eins skjótt og kostur er, um þá ákvörðun að hefja slitameðferð, áður en málsmeðferðin hefst ef unnt er, en ef það bregst, um leið og hún er hafin. Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum allra hinna aðildarríkjanna, svo skjótt sem kostur er, um þá ákvörðun að hefja slitameðferð og einnig um áþreifanleg áhrif slíkra ráðstafana.

9. gr.

Gildandi lög

1. Ákvörðun um að hefja slitameðferð vátryggingafélags, slitameðferðin og áhrif hennar skulu lúta þeim lögum, reglum og málsmeðferð sem í gildi eru í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í 19. til 26. gr.

2. Lög heimaaðildarríkis skulu einkum ákvarða:

a) hvaða eignir mynda hluta af búinu og meðferð eigna sem vátryggingafélagið hefur aflað eða hafa runnið til þess eftir að slitameðferð hefst;

b) heimild vátryggingafélags og skiptastjóra hvors um sig;

c) þær aðstæður þar sem beita má skuldajöfnun;

d) áhrif slitameðferðar á gildandi samninga sem vátryggingafélagið er aðili að;

e) áhrif slitameðferðar á málsmeðferð sem einstakir lánardrottnar hefja, að undanskildum yfirstandandi málaferlum, eins og kveðið er á um í 26. gr.;

f) þær kröfur sem er lýst á hendur búi vátryggingafélagsins og meðferð krafna sem lýst er eftir að slitameðferð hefst;

g) reglur sem gilda um lýsingu, sannprófun og skráningu krafna;

h) reglur sem gilda um skiptingu afraksturs af sölu eigna, forgangsröðun krafna og réttindi lánardrottna sem hafa fengið skuldakröfum sínum fullnægt að hluta eftir að slitameðferð hófst, með skírskotun til veðréttinda eða með skuldajöfnun;

i) skilyrðin og áhrif þess að slitameðferð sé lokið, einkum með nauðungarsamningum;

j) réttindi lánardrottna eftir að slitameðferð er lokið;

k) hver skuli bera kostnað og útgjöld sem til falla við slitameðferð;

l) reglur er varða það hvort lögmætar aðgerðir, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegar, séu ógildar, ógildanlegar eða skorti réttarvernd.

10. gr.

Meðferð vátryggingakrafna

1. Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingakröfur fái forgang fram yfir aðrar kröfur í vátryggingafélagið í samræmi við aðra eða báðar eftirfarandi aðferðir:

a) vátryggingakröfur skulu, að því er varðar eignir sem ætlað er að mæta vátryggingaskuld, hafa algeran forgang fram yfir allar aðrar kröfur á hendur vátryggingafélaginu;

b) vátryggingakröfur skulu, að því er varðar heildareignir vátryggingafélagsins, hafa forgang fram yfir allar aðrar kröfur á hendur vátryggingafélaginu með möguleika á eftirfarandi undantekningum eingöngu;

   i) kröfur frá starfsmönnum sem til eru komnar vegna ráðningarsamninga eða -sambanda,

   ii) skattakröfur opinberra aðila,

   iii) kröfur vegna launa og launatengdra gjalda,

   iv) kröfur í eignir sem njóta veðréttar.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. geta aðildarríki kveðið á um að öll útgjöld eða hluti þeirra sem hljótast af slitameðferð, samkvæmt skilgreiningu í innlendri löggjöf þeirra, skuli hafa forgang fram yfir vátryggingakröfur.

3. Aðildarríki, sem hafa kosið að beita aðferðinni sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr., skulu krefjast þess að vátryggingafélög taki saman sérstaka skrá og uppfæri hana reglulega í samræmi við ákvæði viðaukans.

11. gr.

Framsal kröfu til ábyrgðasjóðs

Heimaaðildarríkið getur kveðið á um að ef réttur vátryggingalánardrottna hefur verið framseldur til ábyrgðarsjóðs, sem komið hefur verið á fót í heimaaðildarríkinu, skuli kröfur úr þessum sjóði ekki njóta góðs af ákvæðum 1. mgr. 10. gr.

12. gr.

Jöfnun eigna á móti kröfum sem hafa forgang

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. tilskipunar 73/239/EBE og 21. gr. tilskipunar 79/267/EBE skulu aðildarríki, sem beita aðferðinni sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar, krefjast þess af sérhverju vátryggingafélagi, hvenær sem er og óháð hugsanlegum slitum, að kröfur sem kunna að hafa forgang fram yfir vátryggingakröfur skv. b-lið 1. mgr. 10. gr og sem skráðar eru í reikninga vátryggingafélagsins, skuli jafnaðar með eignum sem tilgreindar eru í 21. gr. tilskipunar 92/49/EBE og 21. gr. tilskipunar 92/96/EBE.

13. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Ef tekin er ákvörðun um að hefja slitameðferð í tengslum við vátryggingafélag skal afturkalla starfsleyfi fyrir vátryggingafélagið, nema að því leyti sem nauðsynlegt er vegna ákvæða 2. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 22. gr. tilskipunar 73/239/EBE og 26. gr. tilskipunar 79/267/EBE ef starfsleyfið hefur ekki verið afturkallað áður.

2. Afturköllun starfsleyfis skv. 1. mgr. skal ekki hindra skiptastjóra eða aðra aðila, sem lögbær yfirvöld fela framkvæmd slitanna, í því að halda áfram starfsemi vátryggingafélagsins að hluta til að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt eða viðeigandi vegna slitanna. Heimaaðildarríki getur kveðið á um að slík starfsemi fari fram með samþykki og undir eftirliti eftirlitsyfirvalda þess heimaaðildarríkis.

14. gr.

Birting

1. Lögbært yfirvald, skiptastjóri eða annar aðili sem lögbæra yfirvaldið tilnefnir í þessu skyni skal birta ákvörðunina um að hefja slitameðferð í samræmi við málsmeðferð við birtingu, sem kveðið er á um í heimaaðildarríkinu, og skal einnig birta útdrátt úr ákvörðuninni um slit í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.* Eftirlitsyfirvöld allra hinna aðildarríkjanna, sem tilkynnt hefur verið um ákvörðunina um slitameðferð í samræmi við 3. mgr. 8. gr., geta tryggt birtingu slíkrar ákvörðunar á yfirráðasvæði sínu með þeim hætti sem þau telja viðeigandi.

2. Þegar ákvörðunin um að hefja slitameðferð er birt, eins og kveðið er á um 1. mgr., skal þar einnig tilgreina hvert lögbæra yfirvaldið er í heimaaðildarríkinu, gildandi lög og þann skiptastjóra sem tilnefndur hefur verið. Hún skal birt á opinberu tungumáli eða einu þeirra opinberu tungumála í því aðildarríki þar sem upplýsingarnar eru birtar.

15. gr.

Upplýsingar til þekktra lánardrottna

1. Þegar slitameðferð hefst skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, skiptastjórinn eða hver sá aðili, sem lögbær yfirvöld hafa tilnefnt í því skyni, tafarlaust senda skriflega tilkynningu þess efnis til allra þekktra lánardrottna sem eru með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu í öðru aðildarríki.

2. Tilkynningin, sem um getur í 1. mgr., skal einkum innihalda upplýsingar um tímamörk og viðurlög varðandi þau, hvaða aðili eða yfirvald hefur umboð til að viðurkenna kröfur sem lýst er eða athugasemdir varðandi kröfur og aðrar ráðstafanir sem mælt er fyrir um. Í auglýsingunni skal einnig koma fram hvort lánardrottnar sem eiga kröfur sem hafa forgang eða njóta veðréttar þurfi að lýsa kröfum sínum. Þegar um vátryggingakröfur er að ræða skal enn fremur koma fram í tilkynningunni almenn áhrif slitameðferðarinnar á vátryggingasamninga, einkum dagsetningin þegar vátryggingasamningar eða starfsemin hætta að hafa áhrif og réttindi og skyldur vátryggðra að því er varðar samninginn eða starfsemina.

16. gr.

Réttur til að lýsa kröfum

1. Allir lánardrottnar með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu, þ.m.t. opinber yfirvöld aðildarríkja, skulu hafa rétt til að lýsa kröfum eða leggja fram athugasemdir er varða kröfur.

2. Kröfur lánardrottna með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofur í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu, einnig fyrrnefnd yfirvöld, skal meðhöndla og forgangsraða þeim á sama hátt og samsvarandi kröfur sem lánardrottnar með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu í heimaaðildarríkinu geta lýst.

3. Í tilvikum öðrum en þeim þegar lög heimaaðildarríkis heimila annað skulu lánardrottnar senda afrit af fylgiskjölum, ef til eru, og geta um eðli kröfunnar, hvenær hún varð til og fjárhæð hennar auk upplýsinga um hvort þeir skírskoti til forgangs, veðréttinda eða eignarréttarfyrirvara að því er varðar kröfuna og hvaða eignir falla undir tryggginguna. Ekki er nauðsynlegt að tilgreina þann forgang sem vátryggingakröfur hafa skv. 10. gr.

17. gr.

Tungumál og eyðublöð

1. Upplýsingarnar í tilkynningunni, sem um getur í 15. gr., skulu vera á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins. Nota skal eyðublað sem á er letruð, á öllum opinberum tungumálum Evrópusambandsins, fyrirsögnin „Innköllun krafna; tímamörk sem skulu virt“ eða, ef lög heimaaðildarríkisins kveða á um að athugasemdir varðandi kröfuna séu lagðar fram, fyrirsögnin „Boð um að leggja fram athugasemdir varðandi kröfu; tímamörk sem skulu virt“.

Sé þekktur lánardrottinn, hins vegar, kröfuhafi vátryggingarkröfu skal veita upplýsingarnar í tilkynningunni, sem getið er um í 15. gr., á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum í því aðildarríki þar sem lánardrottinn er með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu.

2. Allir lánardrottnar með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu geta lýst kröfu eða lagt fram athugasemdir varðandi kröfuna á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis. Ef svo ber undir skal krafan sem hann lýsir eða athugasemdirnar sem hann leggur fram við kröfuna, eftir því sem við á, bera fyrirsögnina „Kröfulýsing“ eða „Afhending athugasemda er varða kröfu“, eftir því sem við á, á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins.

18. gr.

Reglubundnar upplýsingar til lánardrottna

1. Skiptastjórar skulu reglulega veita lánardrottnum upplýsingar, með þeim hætti sem við á, einkum um framvindu slitanna.

2. Eftirlitsyfirvöld í aðildarríkinu geta farið fram á upplýsingar um framvindu slitameðferðar frá eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríkinu.

IV. BÁLKUR

ÁKVÆÐI SEM ERU SAMEIGINLEG ENDURSKIPULAGNINGARRÁÐSTÖFUNUM OG SLITAMEÐFERÐ

19. gr.

Áhrif á tiltekna samninga og réttindi

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 9. gr. skulu áhrif þess á samninga og réttindi, sem tilgreind eru hér á eftir, að hafnar eru endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferð lúta eftirfarandi reglum:

a) ráðningarsamningar og -sambönd skulu lúta einvörðungu lögum þess aðildarríkis sem gilda um ráðningarsamninginn eða -sambandið;

b) samningur sem veitir réttindi til að nýta eða eignast fasteign skal lúta einvörðungu lögum þess aðildarríkis þar sem fasteignin er;

c) réttindi vátryggingafélagsins er varða fasteignir, skip eða loftfar háð skráningu í opinbera skrá skulu lúta einvörðungu lögum þess aðildarríkis þar sem skráin er færð.

20. gr.

Veðréttindi þriðju aðila

1. Innleiðing endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar skal ekki hafa áhrif á veðréttindi lánardrottna eða þriðju aðila að því er varðar efnislegar eða óefnislegar eignir, lausafé eða fasteignir — bæði sérstakar eignir og söfn ótiltekinna eigna sem heildar, og sem breytast öðru hvoru — sem tilheyra vátryggingafélaginu sem er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis þegar slíkar ráðstafanir eða málsmeðferð er innleidd.

2. Réttindin, sem um getur í 1. mgr., eru einkum:

a) rétturinn til að selja eða láta selja eignir og njóta góðs af afrakstrinum eða tekjunum af þessum eignum, einkum með veði eða fasteignaveði;

b) einkaréttur á því að fallist sé á kröfu, einkum réttur sem tryggður er með veði í kröfunni eða með framsali kröfunnar með ábyrgð;

c) rétturinn til að krefjast eignanna frá, og/eða til að krefjast skila frá, hverjum þeim sem hefur yfirráð yfir þeim eða not af þeim í trássi við óskir aðilans sem til þess hefur rétt;

d) veðréttindi til að njóta afraksturs af eignunum.

3. Rétturinn, sem skráður er í opinbera skrá og nýtur réttarverndar gagnvart þriðja aðila, og sem á þann hátt veita veðréttindi í skilningi 1. mgr., skulu teljast veðréttindi.

4. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á réttarvernd, sem um getur í l-lið 2. mgr. 9. gr.

21. gr.

Eignarréttarfyrirvari

1. Innleiðing endurskipulagningarráðstafana eða það að slitameðferð er hafin gagnvart vátryggingafélagi sem kaupir eignir skal ekki hafa áhrif á réttindi seljandans sem eru byggð á eignarréttarfyrirvara í þeim tilvikum þegar eignin er á yfirráðasvæði aðildarríkis annars en aðildarríkisins þar sem ráðstafanirnar voru innleiddar eða málsmeðferðin hófst.

2. Innleiðing endurskipulagningarráðstafana eða það að slitameðferð er hafin gagnvart vátryggingafélagi, sem selur eign eftir að afhending á eigninni hefur farið fram, skal ekki vera ástæða riftunar eða ógildingar sölunnar og eða hindra kaupandann í að öðlast eignarrétt í þeim tilvikum þegar eignin, sem seld er, er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkis annars en aðildarríkisins þar sem ráðstafanirnar eða málsmeðferðin hófst á þeim tíma þegar slíkar ráðstafanir voru innleiddar eða málsmeðferð hófst.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á réttarvernd, sem um getur í l-lið 2. mgr. 9. gr.

22. gr.

Skuldajöfnun

1. Innleiðing endurskipulagningarráðstafana eða það að slitameðferð er hafin skal ekki hafa áhrif á rétt lánardrottna til að krefjast skuldajöfnunar krafna sinna gegn kröfum vátryggingafélagsins þegar slík skuldajöfnun er heimiluð í lögum sem gilda um kröfu vátryggingafélagsins.

2. Ákvæði 1. mgr. skal ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á réttarvernd sem getið er um í l-lið 2. mgr. 9. gr.

23. gr.

Markaðir sem falla undir opinbert eftirlit

1. Með fyrirvara um ákvæði 20. gr. skulu áhrif endurskipulagningarráðstöfunar eða þess að slitameðferð hefst á réttindi og skyldur aðila, sem lúta opinberu eftirliti, einvörðungu falla undir lög sem gilda um þann markað.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir hvers konar aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á réttarvernd sem kann að eiga sér stað í þeim tilgangi að leggja til hliðar greiðslur eða færslur í samræmi við þau lög sem gilda um þann markað.

24. gr.

Aðgerðir sem eru lánardrottnum skaðlegar

Ákvæði l-liðar 2. mgr. 9. gr. skal ekki gilda ef aðili, sem hefur haft hag af lögmætri aðgerð sem er skaðleg öllum lánardrottnum, leggur fram sannanir um að:

a) aðgerðin falli undir lög annars aðildarríkis en heimaaðildarríkisins, og

b) þau hin sömu lög feli ekki í sér nein úrræði til að véfengja þá aðgerð sem um ræðir.

25. gr.

Vernd kaupenda sem eru þriðju aðilar

Ef vátryggingafélag ráðstafar gegn endurgjaldi með aðgerð, sem er gerð eftir samþykkt endurskipulagningarráðstöfunar eða eftir að slitameðferð hófst:

a) fasteign,

b) skipi eða loftfari sem háð er opinberri skráningu, eða

c) framseljanlegum verðbréfum eða öðrum verðbréfum, en forsenda fyrir því að þau séu til eða hægt að framselja þau er að þau séu færð í skrá eða reikning sem mælt er fyrir um í lögum eða að þau eru skráð í verðbréfamiðstöð sem lýtur lögum aðildarríkisins,

skal lögmæti aðgerðarinnar ráðast af lögum aðildarríkisins þar sem fasteignin er staðsett eða þar sem skráin eða reikningurinn er færður eða skráð er í verðbréfamiðstöð.

26. gr.

Yfirstandandi málaferli

Áhrif endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar á yfirstandandi málaferli er varða eign eða réttindi sem vátryggingafélag hefur látið af hendi skulu falla einvörðungu undir lög aðildarríkisins þar sem málaferlin fara fram.

27. gr.

Stjórnendur og skiptastjórar

1. Færa skal sönnur á tilnefningu stjórnanda eða skiptastjóra með staðfestu endurriti af upprunalegri ákvörðun um tilnefningu hans eða með annarri staðfestingu sem gefin er út af lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins.

Heimilt er að krefjast þýðingar yfir á opinbert tungumál eða eitt af opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem stjórnandinn eða skiptastjórinn hyggst starfa. Ekki er krafist löggildingar eða annarra slíkra formsatriða.

2. Stjórnendum og skiptastjórum skal veitt umboð til að beita því valdi sem þeim er heimilt að beita innan yfirráðasvæðis heimaaðildarríkisins á yfirráðasvæði allra aðildarríkja. Einnig má, í samræmi við löggjöf heimaaðildarríkisins, tilnefna aðila til aðstoðar eða, þegar það á við, sem fulltrúa stjórnenda og skiptastjóra á meðan á endurskipulagningarráðstöfun eða slitameðferð stendur, einkum í gistiaðildarríkjum og sérstaklega í því skyni að aðstoða lánardrottna við að yfirstíga erfiðleika sem þeir standa frammi fyrir í gistiaðildarríkinu.

3. Við beitingu valds síns í samræmi við löggjöf heimaaðildarríkis skal stjórnandi eða skiptastjóri fara að lögum þess aðildarríkis þar sem hann hyggst starfa, einkum að því er varðar verklagsreglur um sölu eigna og upplýsingamiðlun til starfsmanna. Þetta vald má ekki fela í sér þvingunaraðgerðir eða rétt til að úrskurða í málarekstri eða deilumálum.

28. gr.

Skráning í opinbera skrá

1. Stjórnandi, skiptastjóri eða hvaða annað yfirvald eða aðili sem hefur tilskilið umboð í heimaaðildarríkinu getur óskað eftir því að endurskipulagningarráðstöfun eða ákvörðun um að hefja slitameðferð sé skráð í þinglýsingarbók, verslunarskrá og hverja aðra opinbera skrá sem færð er í öðrum aðildarríkjum.

Ef aðildarríki mælir fyrir um lögboðna skráningu skal yfirvaldið eða aðilinn, sem um getur í 1. undirgrein, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja slíka skráningu.

2. Líta ber á kostnaðinn við skráninguna sem kostnað og útgjöld í tengslum við málsmeðferðina.

29. gr.

Þagnarskylda

Allir aðilar sem þurfa að taka við eða skýra frá upplýsingum í tengslum við málsmeðferð við boðskipti, sem mælt er fyrir um 5., 8. og 30. gr., skulu bundnir þagnarskyldu á sama hátt og mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 92/49/EBE og 15. gr. tilskipunar 92/96/EBE að undanskildum þeim dómsmálayfirvöldum sem innlend ákvæði gilda um.

30. gr.

Útibú vátryggingafélaga þriðju landa

1. Þrátt fyrir skilgreiningarnar, sem mælt er fyrir um í e-, f- og g-lið 2. gr., og að því er varðar beitingu ákvæða þessarar tilskipunar gagnvart endurskipulagningarráðstöfunum og slitameðferð útibús vátryggingafélags sem staðsett er í aðildarríki en vátryggingafélagið sjálft er með aðalskrifstofu er utan bandalagsins merkir:

a) „heimaaðildarríki“ það aðildarríki þar sem útibú hefur fengið starfsleyfi í samræmi við 23. gr. tilskipunar 73/239/EBE og 27. gr. tilskipunar 79/267/EBE og;

b) „eftirlitsyfirvöld“ og „lögbær yfirvöld“ þau yfirvöld í aðildarríkinu þar sem útibúið fékk starfsleyfi.

2. Þegar vátryggingafélag, sem er með aðalskrifstofu utan bandalagsins, er með útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæða einingu að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar. Lögbær yfirvöld og eftirlitsyfirvöld í þessum aðildarríkjum skulu leggja sig fram um að samræma aðgerðir sínar. Stjórnendur og skiptastjórar skulu einnig leitast við að samræma aðgerðir sínar.

31. gr.

Framkvæmd þessarar tilskipunar

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 20. apríl 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Ákvæði landslaga sem samþykkt eru til beitingar þessari tilskipun skulu fyrst einungis gilda um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð sem samþykktar eru eða hefjast eftir daginn sem um getur í fyrstu undirgrein. Endurskipulagningarráðstafanir sem eru samþykktar eða slitameðferð sem hefst fyrir þann dag skulu falla undir þau lög sem giltu um þær þegar þær voru samþykktar eða hófust.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

32. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

33. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	A. LINDH
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

SÉRSTÖK SKRÁ SEM UM GETUR Í 3. MGR. 10. GR.

1. Sérhvert vátryggingafélag skal halda, í aðalskrifstofu sinni, sérstaka skrá yfir þær eignir sem notaðar eru til að mæta þeirri vátryggingaskuld sem reiknuð er og ávöxtuð í samræmi við reglur heimaaðildarríkisins.

2. Ef vátryggingafélag stundar bæði rekstur skaðatrygginga og líftrygginga skal það halda aðskildar skrár fyrir hvorn reksturinn um sig í aðalskrifstofu sinni. Ef, hins vegar, aðildarríki heimilar vátryggingafélögum að reka bæði líftryggingar og mæta áhættunni, sem skráð er í 1. og 2. lið A-viðauka við tilskipun 73/239/EBE, má kveða á um að þessi vátryggingafélög skuli halda eina skrá um alla starfsemi sína.

3. Heildarverðgildi eigna, sem skráðar eru og metnar eru í samræmi við gildandi reglur í heimaaðildarríkinu, skal aldrei vera lægra en verðgildi vátryggingarskuldarinnar.

4. Ef eign, sem færð er í skrána er háð veðréttindum sem eru í hag lánardrottni eða þriðja aðila, og af því hlýst að sá hluti verðgildis eignarinnar er ekki tiltækur til að mæta skuldbindingum, er sú staðreynd færð í skrána og fjárhæðin, sem ekki er tiltæk, er ekki reiknuð með í heildarverðgildinu, sem um getur í 3. lið.

5. Ef eign, sem notuð er til að mæta vátryggingaskuld, er háð veðréttindum sem eru í hag lánardrottni eða þriðja aðila, en uppfyllir ekki skilyrði 4. liðar, eða ef slík eign er háð eignarréttarfyrirvara sem er lánardrottni eða þriðja aðila í hag, eða ef lánardrottinn á rétt á að krefjast skuldajöfnunar kröfu sinnar gagnvart kröfu vátryggingafélagsins, skal meðferð slíkrar eignar við slitameðferð vátryggingafélags, að teknu tilliti til aðferðarinnar sem kveðið er á um a-lið 1. mgr. 10. gr., lúta löggjöf heimaaðildarríkisins, nema ef ákvæði 20., 21. og 22. gr. gilda um þessa eign.

6. Samsetningu þeirra eigna, sem færð eru í skrána í samræmi við 1. og 5. lið, þegar slitameðferð hefst, skal ekki breytt eftir það og engar breytingar má færa í skrárnar þó því aðeins að eingöngu um sé að ræða leiðréttingar á augljósum ritvillum, nema með leyfi lögbærs yfirvalds.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. liðar skulu skiptastjórar leggja ávöxtun téðra eigna við þær sem og virði hreinna iðgjalda sem móttekin eru í tengslum við þá tilteknu tegund reksturs, milli þess sem slitameðferð hefst og vátryggingakröfur eru greiddar eða þar til vátryggingastofn hefur verið fluttur.

8. Ef afraksturinn af sölu eigna er minni en virði þeirra, eins og það er metið í skránum, skulu skiptastjórar færa sönnur á að svo sé gagnvart lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu.

9. Eftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að vátryggingafélög beiti ákvæðum þessa viðauka til fulls.

1080. Tillaga til þingsályktunar [664. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks

samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Í tilskipun 2001/24/EB er fjallað um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana. Með endurskipulagningu í tilskipuninni er átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóla og er ætlað að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu lánastofnunar, svo sem greiðslustöðvun eða nauðasamninga, en með slitum lánastofnunar er átt við sameiginlega aðgerð þar sem eignum stofnunarinnar er komið í verð og verðmætum hennar dreift á milli lánardrottna, hluthafa eða eigenda, hvort sem er af frjálsum vilja eða þvingað, svo sem gjaldþrotaskipti.

Tilskipunin felur í sér að úrskurður dómstóls um heimild lánastofnunar, sem rekur útibú á Evrópska efnahagssvæðinu, til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða um slit hennar hefur áhrif á öllu svæðinu, þ.e. tekur bæði til lánastofnunarinnar og útibúa hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að löggjöf heimaríkis gildi um endurskipulagninguna eða slitin, þ.e. löggjöf þess ríkis þar sem aðalstöðvar lánastofnunarinnar eru og þar sem starfsleyfi hennar er gefið út. Tilskipuninni er þannig ætlað að koma í veg fyrir að kröfuhöfum verði

mismunað með því að mismunandi lög gildi um endurskipulagningu eða slit lánastofnunar annars vegar og útibúa hennar hins vegar.

Megintilgangur tilskipunarinnar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana og vissa lágmarkssamræmingu landsregla um þessi atriði. Ekki er þó búist við að gera þurfi verulegar breytingar á íslenskri löggjöf vegna þessa. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til nauðsynlegra lagabreytinga á 130. löggjafarþingi, en undirbúningur að innleiðingu tilskipunarinnar er nýlega hafinn.

Samkvæmt efni tilskipunarinnar er henni ætlað að koma til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 5. maí 2004.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 167/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2002 frá 12. júlí 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við lið 16b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB) í IX. viðauka við samninginn:

([1]) Stjtíð. EB L 198, 31.10.2002, bls. 19 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 15.
([2]) Stjtíð. EB L 125, 5.5.2001, bls. 15.

„16c. **32001 L 0024:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana (Stjtíð. EB L 125, 5.5.2001, bls. 15).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/24/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/24/EB

frá 4. apríl 2001

um endurskipulagningu og slit lánastofnana

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Peningamálastofnunar Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við markmið sáttmálans er rétt að stuðla að samræmdri þróun og jafnvægi í atvinnulífi alls staðar í bandalaginu með því að afnema allar hömlur á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu í bandalaginu.

2) Um leið og þessar hömlur eru afnumdar skal tekið tillit til þeirrar stöðu sem kynni að koma upp ef lánastofnun lendir í erfiðleikum, einkum ef viðkomandi lánastofnun hefur útibú í öðrum aðildarríkjum.

3) Þessi tilskipun er hluti af lagaramma bandalagsins sem sniðinn var með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20 mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([5]). Af þessu leiðir að á meðan þau eru í rekstri mynda lánastofnun og útibú hennar eina stofnun sem er háð eftirliti lögbærra yfirvalda þess ríkis þar sem starfsleyfi, sem gildir alls staðar í bandalaginu, var gefið út.

4) Það væri afar óæskilegt að hafna slíkri einingu stofnunar og útibúa hennar þegar nauðsynlegt er að gera endurskipulagningarráðstafanir eða slíta starfseminni.

5) Samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi ([6]), þar sem innleidd er meginreglan um skylduaðild lánastofnana að lánatryggingakerfi í heimaaðildarríki sínu gerir enn ljósari en áður þörfina fyrir gagnkvæma viðurkenningu á endurskipulagningarráðstöfunum og slitameðferð.

6) Stjórnvöld og dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa vald til þess að ákveða og framkvæma endurskipulagningarráðstafanir sem kveðið er á um í gildandi lögum og venjum í því aðildarríki. Vegna erfiðleikanna samfara því að samræma lög og venjur aðildarríkjanna er nauðsynlegt að koma á gagnkvæmri viðurkenningu aðildarríkjanna á ráðstöfunum sem þau gera hvert og eitt til að koma lánastofnunum, sem það hefur veitt starfsleyfi, aftur í starfshæft ástand.

7) Nauðsynlegt er að ábyrgjast að endurskipulagningarráðstafanirnar, sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis samþykkja, og ráðstafanir samþykktar af aðilum eða stofnunum sem þessi yfirvöld tilnefna til

([1]) Stjtíð. EB C 356, 31.12.1985, bls. 55 og Stjtíð. EB C 36, 8.2.1988, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 263, 20.10.1986, bls. 13.
([3]) Stjtíð. EB C 332, 30.10.1998, bls. 13.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 13. mars 1987 (Stjtíð. EB C 99, 13.4.1987, bls. 211), staðfest 2. desember 1993 (Stjtíð. EB C 342, 20.12.1993, bls. 30), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. júlí 2000 (Stjtíð. EB C 300, 20.10.2000, bls. 13) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. janúar 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 12. mars 2001.

([5]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).
([6]) Stjtíð. EB L 135, 31.5.1994, bls. 5.

að annast framkvæmd þessara endurskipulagningarráðstafana, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér möguleika á greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum og hverjar aðrar ráðstafanir sem gætu haft áhrif á gildandi réttindi þriðju aðila, séu í gildi í öllum aðildarríkjum.

8) Ekki er nauðsynlegt að þessi tilskipun fjalli um tilteknar ráðstafanir, einkum þær er hafa áhrif á starfsemi innra skipulags lánastofnana eða á réttindi stjórnenda eða hluthafa, til að þær öðlist gildi í aðildarríkjunum að svo miklu leyti sem gildandi lög eru lög heimaríkisins samkvæmt reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

9) Tilteknar ráðstafanir, einkum þær sem tengjast áframhaldandi uppfyllingu skilyrða fyrir starfsleyfum, eru nú þegar háðar gagnkvæmri viðurkenningu samkvæmt tilskipun 2000/12/EB að svo miklu leyti sem þær hafa ekki áhrif á réttindi þriðju aðila sem voru fyrir hendi áður en þær voru samþykktar.

10) Aðilar, sem taka þátt í rekstri innra skipulags lánastofnana sem og stjórnendur og hluthafar í slíkum stofnunum, í þeirri stöðu sem þeir gegna sem slíkri, teljast ekki vera þriðju aðilar hvað þessa tilskipun varðar.

11) Nauðsynlegt er að tilkynna þriðju aðilum um framkvæmd endurskipulagningarráðstafana í aðildarríkjum þar sem útibú eru staðsett þegar slíkar ráðstafanir gætu komið í veg fyrir að þeir neyti einhverra réttinda sinna.

12) Meginreglan um jafna meðferð lánardrottna að því er varðar möguleika þeirra á að grípa til aðgerða krefst þess að stjórnvöld og dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis samþykki þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að lánardrottnar í gistiaðildarríkinu geti neytt réttinda sinna og gripið til aðgerða innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um.

13) Ákveðið samræmi verður að vera á milli hlutverks stjórnvalda og dómsmálayfirvalda að því er varðar endurskipulagningarráðstafanir og slit útibúa lánastofnana með aðalskrifstofur utan bandalagsins og aðsetur í mismunandi aðildarríkjum.

14) Séu endurskipulagningarráðstafanir ekki gerðar eða ef þær reynast ófullnægjandi skal lánastofnuninni slitið. Í slíkum tilvikum skal setja ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu slitameðferðar og viðurkenningu á réttaráhrifum hennar í bandalaginu.

15) Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis gegna mikilvægu hlutverki áður en slitameðferð hefst og geta haldið því áfram á meðan á slitunum stendur þannig að málsmeðferð geti farið fram með réttum hætti.

16) Jöfn meðferð allra lánardrottna krefst þess að lánastofnun sé slitið í samræmi við meginreglurnar um einingu (principle of unity) og algildi (principle of universality), en þess er krafist samkvæmt þeim að stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis hafi einkalögsögu og að ákvarðanir þeirra séu virtar og geti haft þau áhrif sem þeim er ætlað að hafa samkvæmt lögum heimaðildarríkis, án formsatriða nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

17) Undanþágan er varðar áhrif endurskipulagningarráðstafana og slitameðferðar á tiltekna samninga og réttindi takmarkast við þau áhrif og tekur ekki til annarra atriða varðandi endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð, t.d. kröfulýsingar, sannprófunar, skráningar og forgangsröðunar krafna vegna þessara samninga og réttinda, og reglna sem gilda um skiptingu afraksturs af sölu eigna, sem fellur undir lög heimaaðildarríkisins.

18) Slit, af frjálsum vilja, geta farið fram þegar lánastofnun er gjaldhæf. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis geta þó, þegar það á við, tekið ákvörðun um endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferð, jafnvel eftir að slit af frjálsum vilja eru hafin.

19) Afturköllun starfsleyfis til að stunda bankaþjónustu er ein þeirra afleiðinga sem slit lánastofnunar hefur nauðsynlega í för með sér. Afturköllun á þó ekki að hindra að tiltekin starfsemi stofnunarinnar geti haldið áfram að því marki sem það er nauðsynlegt eða viðeigandi að því er varðar slitin. Þó er heimaaðildarríki heimilt að gera áframhald starfsemi af þessu tagi háða samþykki og eftirliti lögbærra yfirvalda sinna.

20) Upplýsingamiðlun til þekktra lánardrottna, hvers þeirra um sig, er jafnmikilvæg og birting til að gera þeim kleift, þegar það á við, að lýsa kröfum eða gera athugasemdir varðandi kröfur sínar innan tilskilinna tímamarka. Þetta ætti að

fara fram án mismununar gagnvart lánardrottnum með lögheimili í aðildarríki öðru en heimaaðildarríkinu, eftir því hvar þeir hafa búsetu eða hvers eðlis kröfur þeirra eru. Lánardrottnum skulu reglulega, og á viðeigandi hátt, gefnar upplýsingar á meðan á slitameðferð stendur.

21) Í þeim tilgangi einum að beita ákvæðum þessarar reglugerðar að því er varðar endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð á útibúi lánastofnana í bandalaginu, sem hafa höfuðstöðvar í þriðja landi, skulu skilgreiningar á hugtökunum „heimaaðildarríki," „lögbær yfirvöld" og „stjórnvald eða dómsmálayfirvald" vera skilgreiningar aðildarríkisins þar sem útibúið er.

22) Þegar lánastofnun sem er með aðalskrifstofu utan bandalagsins hefur útibú í fleiri en einu aðildarríki skal hvert útibú njóta sérstakrar meðferðar að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar. Í því tilviki skulu stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld og lögbær yfirvöld, ásamt stjórnendum og skiptastjórum, leitast við að samræma aðgerðir sínar.

23) Þó að mikilvægt sé að fylgja meginreglunni um að lög heimaaðildarríkis gildi um endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferð, bæði hvað varðar málsmeðferð og efnislega, er einnig nauðsynlegt að hafa í huga að þetta getur verið ósamrýmanlegt þeim reglum sem almennt gilda varðandi efnahagslega og fjárhagslega starfsemi lánastofnunarinnar sem um ræðir og útibúa hennar í öðrum aðildarríkjum. Í sumum tilvikum er tilvísun í lög annars aðildarríkis óhjákvæmilegt frávik frá þeirri meginreglu að lög heimaaðildarríkis skuli gilda.

24) Þessi forsenda er einkum nauðsynleg til verndar starfsmönnum með ráðningarsamning við lánastofnunina, til að tryggja öryggi viðskipta að því er varðar tilteknar tegundir eigna og vernda heilleika markaða, sem falla undir opinbert eftirlit og starfa í samræmi við lög aðildarríkis, þar sem viðskipti eru með fjármálaskjöl.

25) Viðskipti, sem fara fram sem liður í greiðsluuppgjörskerfi, falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf ([1]).

26) Samþykkt þessarar tilskipunar hefur ekki áhrif á ákvæði tilskipunar 98/26/EB en samkvæmt þeim skulu gjaldþrotaskipti ekki hafa nein áhrif á framfylgd ákvarðana sem færðar hafa verið á fullnægjandi hátt í kerfi, eða á tryggingu sem veitt er fyrir kerfi.

27) Sumar endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferðir fela í sér tilnefningu aðila til að sjá um rekstur þeirra. Því er mjög mikilvægt, að því er varðar framkvæmd ákvarðana sem teknar eru í heimaaðildarríkinu, að öll önnur aðildarríki viðurkenni tilnefningu þessa aðila og valdsvið hans. Þó skal skilgreina þau mörk sem valdi hans eru sett utan heimaaðildarríkisins.

28) Lánardrottnar, sem hafa gert samninga við lánastofnun áður en endurskipulagningarráðstafanir voru samþykktar eða slitameðferð hófst, skulu njóta verndar gagnvart ákvæðum er varða ógildingu, ógildanleika eða skort á réttarvernd, sem mælt er fyrir um í lögum heimaaðildarríkis, ef sá sem hefur hag af viðskiptunum færir rök fyrir því að engin leið sé til andæfa þeirri aðgerð sem um ræðir í viðkomandi máli.

29) Viðhalda skal tiltrú utanaðkomandi kaupenda á innihaldi skráa eða reikninga yfir tilteknar eignir, sem færðar eru í þessar skrár eða reikninga, og einnig kaupenda fasteigna, jafnvel eftir að slitameðferð er hafin eða endurskipulagningarráðstöfun samþykkt. Eina leiðin til að viðhalda þessari tiltrú er að lög þess staðar, þar sem fasteignin er, eða ríkisins þar sem skráin eða reikningurinn er haldinn, skeri úr um hvort kaupin séu gild.

30) Áhrif endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar á yfirstandandi málaferli ráðast af lögum aðildarríkisins þar sem málaferlin fara fram, en það er undantekning frá beitingu *lex concursus*. Áhrif slíkra ráðstafana og málsmeðferðar á einstakar aðfararaðgerðir, sem af slíkum málaferlum leiða, ráðast af löggjöf heimaaðildarríkisins í samræmi við þá almennu reglu sem komið er á með þessari tilskipun.

([1]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

31) Setja skal ákvæði um að stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis tilkynni þegar í stað lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis um samþykkt endurskipulagningarráðstöfunar eða að slitameðferð sé hafin, áður en ráðstöfun er samþykkt eða meðferðin hafin, ef unnt er, eða, ef það bregst, strax að því loknu.

32) Þagnarskylda, eins og hún er skilgreind í 30. gr. tilskipunar 2000/12/EB, er mjög mikilvægur þáttur í allri tilhögun upplýsingaskipta og samráðs. Af þeirri ástæðu skal hún virt af öllum stjórnvöldum sem þátt eiga í slíkri málsmeðferð en hinsvegar eru dómsmálayfirvöld, í þessu tilliti, háð viðkomandi ákvæðum landslaga sem um þau gilda.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun skal gilda um lánastofnanir og útibú þeirra sem stofnuð eru í aðildarríkjum öðrum en þeim þar sem aðalskrifstofa þeirra er, samkvæmt skilgreiningum í 1. og 3. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, með fyrirvara um þau skilyrði og undanþágur sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar um útibú lánastofnunar með aðalskrifstofur utan bandalagsins skulu einungis gilda þegar viðkomandi stofnun hefur útibú í a.m.k. tveimur aðildarríkjum bandalagsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „heimaaðildarríki“: upprunaaðildarríki í merkingu 6. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB;

— „gistiaðildarríki“: gistiaðildarríki í merkingu 7. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB;

— „útibú“: útibú í merkingu 3. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB;

— „lögbær yfirvöld“: lögbær yfirvöld í merkingu 4. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB;

— „stjórnandi“: hver sá einstaklingur eða aðili, tilnefndur af stjórnvaldi eða dómsmálayfirvaldi, sem stjórnar endurskipulagningarráðstöfunum;

— „stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld“: þau stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í aðildarríkjunum sem eru til þess bær að sjá um endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferð;

— „endurskipulagningarráðstafanir“: ráðstafanir sem ætlað er að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt horf og gætu haft áhrif á áður fengin réttindi þriðja aðila, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum;

— „skiptastjóri“: hver sá einstaklingur eða aðili, sem er tilnefndur af stjórnvaldi eða dómsmálayfirvaldi til að hafa umsjón með slitameðferð;

— „slitameðferð“: sameiginleg málsmeðferð sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld aðildarríkis hefja og hafa eftirlit með og sem hefur það markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara yfirvaldi, þ.m.t. þegar málsmeðferðin er stöðvuð með nauðungarsamningum eða annarri viðlíka ráðstöfun;

— „markaður undir opinberu eftirliti“: markaður undir opinberu eftirliti í merkingu 13. tölul. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE;

— „skjöl“: öll skjöl sem getið er í B-þætti í viðauka við tilskipun 93/22/EBE.

II. BÁLKUR

ENDURSKIPULAGNINGARRÁÐSTAFANIR

A. *Lánastofnanir með aðalskrifstofu í bandalaginu*

3. gr.

Samþykkt endurskipulagningarráðstafana — gildandi lög

1. Stjórnvöld og dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa vald til þess að ákveða framkvæmd einnar eða fleiri endurskipulagningarráðstafana í lánastofnun, þ.m.t. útibú með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

2. Endurskipulagningarráðstöfunum skal beitt í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð sem í gildi

eru í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

Þær skulu hafa fullt gildi, án frekari formsatriða, í öllu bandalaginu í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis, þ.m.t. gagnvart þriðju aðilum í öðrum aðildarríkjum og einnig þegar reglur gistiaðildarríkja, sem um þær gilda, kveða ekki á um slíkar ráðstafanir eða gera framkvæmd þeirra háða skilyrðum sem ekki eru uppfyllt.

Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu gilda alls staðar í bandalaginu þegar þær taka gildi í aðildarríkinu þar sem þær hafa verið gerðar.

4. gr.

Upplýsingar til lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins

Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis skulu, án tafar og með öllum tiltækum ráðum, gera lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis kunnugt um þá ákvörðun sína að samþykkja endurskipulagningarráðstöfun, þ.m.t. um bein áhrif sem slík ráðstöfun getur haft, áður en ráðstöfunin er samþykkt, ef unnt er, en að öðrum kosti strax að því loknu. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu senda slíkar upplýsingar.

5. gr.

Upplýsingar til eftirlitsstofnana heimaaðildarríkisins

Þegar stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld gistiaðildarríkis telja þörf á framkvæmd einnar eða fleiri endurskipulagningarráðstafana innan yfirráðasvæðis síns skulu þau tilkynna það lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu senda slíkar upplýsingar.

6. gr.

Birting

1. Þegar framkvæmd endurskipulagningarráðstafana, sem ákveðnar eru skv. 1. og 2. mgr. 3. gr., gæti haft áhrif á réttindi þriðju aðila í gistiaðildarríki og þegar málskot er hugsanlegt í heimaaðildarríki vegna ákvörðunarinnar, sem ráðstöfunin er byggð á, skulu stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkisins, stjórnandi eða hver sá aðila, sem til þess hefur heimild, í heimaaðildarríkinu birta útdrátt úr ákvörðuninni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og í tveimur innlendum dagblöðum í hverju gistiaðildarríki, einkum til þess að hægt sé að nýta málskotsréttinn í tíma.

2. Útdrátturinn úr ákvörðuninni, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal við fyrsta tækifæri og eftir viðeigandi leiðum framsendur skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna og tveggja innlendra dagblaða í hverju gistiaðildarríki.

3. Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna skal birta útdráttinn í síðasta lagi tólf dögum eftir sendingu hans.

4. Í útdrættinum úr ákvörðuninni, sem á að birta, skal koma fram, á opinberu tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi aðildarríkja, einkum tilgangur og lagagrundvöllur ákvörðunarinnar sem tekin hefur verið, hver málskotsfresturinn er, einkum skal vera auðskiljanlegt hvernær sá frestur rennur út, og fullt heimilisfang stjórnvalda eða dómsmálayfirvalda sem eru til þess bær að taka málið upp.

5. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu koma til framkvæmda þrátt fyrir ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í 1.–3. mgr. og skulu gilda að fullu gagnvart lánardrottnum, nema stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis eða lög þess ríkis, er varða slíkar ráðstafanir, kveði á um annað.

7. gr.

Skyldan til að veita þekktum lánardrottnum upplýsingar og rétturinn til að lýsa kröfum

1. Þegar krafist er samkvæmt löggjöf heimaaðildarríkis að kröfum sé lýst eigi að taka þær gildar eða kveðið er á um að lögboðið sé að tilkynna lánardrottnum, sem hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu sína í því ríki, um ráðstöfunina skulu stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkisins eða stjórnandi einnig tilkynna það þekktum lánardrottnum, sem hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu sína í öðrum aðildarríkjum, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 14. gr. og 1. mgr. 17. gr.

2. Þegar löggjöf heimaaðildarríkis kveður á um réttindi lánardrottna, sem hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu sína í því ríki, til að lýsa kröfum sínum eða leggja fram athugasemdir varðandi þær skulu lánardrottnar, sem hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu sína í öðrum aðildarríkjum, einnig hafa þann rétt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. og 2. mgr. 17. gr.

B. *Lánastofnanir með aðalskrifstofu utan bandalagsins*

8. gr.

Útibú lánastofnana í þriðju löndum

1. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld gistiaðildarríkis, þar sem útibú lánastofnunar með aðalskrifstofu utan bandalagsins er, skal tafarlaust og með öllum tiltækum ráðum tilkynna lögbærum yfirvöldum annarra gistiaðildarríkja, þar sem stofnunin hefur útibú sem talin eru upp í skránni, sem getið er í 11. gr. tilskipunar 2000/12/EB og birt ár hvert í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna,* um þá ákvörðun sína að samþykkja endurskipulagningarráðstöfun, þ.m.t. um bein áhrif sem slíkar ráðstafanir geta haft, ef unnt er áður en hún er samþykkt en að öðrum kosti strax að því loknu. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, þar sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld ákveða að beita ráðstöfuninni, skulu senda slíkar upplýsingar.

2. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld, sem um getur í 1. mgr., skulu leitast við að samræma aðgerðir sínar.

III. BÁLKUR

SLITAMEÐFERÐ

A. *Lánastofnanir með aðalskrifstofu í bandalaginu*

9. gr.

Upphaf slitameðferðar — upplýsingar til annarra lögbærra yfirvalda

1. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis, sem bera ábyrgð á slitum, skulu ein hafa vald til þess að ákveða að slitameðferð lánastofnunar skuli hefjast, þ.m.t. fyrir útibú með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

Ákvörðun um að hefja slitameðferð, sem tekin er af stjórnvöldum eða dómsmálayfirvöldum heimaaðildarríkis, skal viðurkennd, án frekari formsatriða, á yfirráðasvæði allra annarra aðildarríkja og gilda þar á meðan ákvörðunin gildir í aðildarríkinu þar sem málsmeðferðin hefst.

2. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis skulu, tafarlaust og með öllum tiltækum ráðum, gera lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis kunnugt um þá ákvörðun sína að hefja slitameðferð, þ.m.t. um bein áhrif sem slík málsmeðferð getur haft, ef unnt er áður en hún hefst en að öðrum kosti strax að því loknu. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu senda slíkar upplýsingar.

10. gr.

Gildandi lög

1. Lánastofnun skal slitið í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð sem í gildi er í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

2. Lög heimaaðildarríkis skulu einkum ákvarða:

a) hvaða eignir tilheyra búinu og meðferð eigna sem lánastofnunin hefur aflað eftir að slitameðferð hefst;

b) heimild lánastofnunar og skiptastjóra hvors um sig;

c) þær aðstæður þar sem beita má skuldajöfnun;

d) áhrif slitameðferðar á gildandi samninga sem lánastofnunin er aðili að;

e) áhrif slitameðferðar á málsmeðferð sem einstakir lánardrottnar hefja, að undanskildum yfirstandandi málaferlum, eins og kveðið er á um í 32. gr.;

f) kröfur á hendur lánastofnuninni og meðferð þeirra krafna sem lýst er eftir að slitameðferð hefst;

g) reglur sem gilda um kröfulýsingu, sannprófun og skráningu krafna;

h) reglur sem gilda um skiptingu afraksturs af sölu eigna, forgangsröðun fjárkrafna og réttindi lánardrottna sem hafa fengið skuldakröfum sínum fullnægt að hluta eftir að gjaldþrotaskipti hófust, með skírskotun til hlutaréttinda eða með skuldajöfnun;

i) skilyrði og áhrif þess að gjaldþrotaskiptum sé lokið, einkum með nauðungarsamningum;

j) réttindi lánardrottna eftir að slitameðferð er lokið;

k) hver skuli bera kostnað og útgjöld sem til falla við slitameðferð;

l) reglur er varða það hvort lögmætar aðgerðir, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegar, séu ógildar, ógildanlegar eða skorti réttarvernd.

11. gr.

Samráð við lögbær yfirvöld á undan slitum af frjálsum vilja

1. Samráð skal haft við lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis áður en stjórn lánastofnunar ákveður að hefja slit af frjálsum vilja.

2. Slit lánastofnunar af frjálsum vilja skulu ekki koma í veg fyrir samþykkt endurskipulagningarráðstöfunar eða að slitameðferð hefjist.

12. gr.

Afturköllun á starfsleyfi lánastofnunar

1. Ef tekin er ákvörðun um að hefja slitameðferð lánastofnunar án þess að gripið hafi verið til endurskipulagningarráðstafana eða ef þær hafa mistekist skal starfsleyfi stofnunarinnar afturkallað í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. mgr. 22. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

2. Afturköllun starfsleyfis, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal ekki hindra einn eða fleiri aðila, sem bera ábyrgð á framkvæmd slitanna, í því að halda áfram starfsemi lánastofnunarinnar að hluta til, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt eða viðeigandi fyrir markmið slitanna.

Heimaaðildarríki getur kveðið á um að slík starfsemi sé stunduð með samþykki og undir eftirliti lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis.

13. gr.

Birting

Skiptastjórar eða stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld skulu tilkynna um þá ákvörðun að hefja slitameðferð með birtingu útdráttar úr slitaákvörðuninni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og í a.m.k. tveimur innlendum dagblöðum í hverju gistiaðildarríki.

14. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar til þekktra lánardrottna

1. Þegar slitameðferð hefst skulu stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaðildarríkisins eða skiptastjórinn upplýsa án tafar alla lánardrottna, sem hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu í öðrum aðildarríkjum, um það nema í tilvikum þegar í löggjöf heimaaðildarríkis þess er ekki krafist að kröfunni sé lýst til að hún fáist viðurkennd.

2. Þessar upplýsingar skulu gefnar í formi auglýsingar þar sem fram koma tímamörk og viðurlög ef þau eru ekki virt, hvaða aðili hefur vald til að taka við kröfum sem lýst er eða athugasemdum sem eru lagðar fram varðandi kröfur og aðrar ráðstafanir sem mælt er fyrir um. Í auglýsingunni skal einnig koma fram hvort þeir sem eiga forgangskröfur eða kröfur sem eru tryggðar samkvæmt hlutarétti þurfi að lýsa þeim.

15. gr.

Efndir skuldbindinga

Þegar skuldbinding hefur verið efnd gangvart lánastofnun, sem er ekki lögaðili og sem gengst undir slitameðferð í öðru aðildarríki, sem hefði átt að efna gagnvart skiptastjóranum telst sá aðili, sem efndi skuldbindinguna, hreinsaður af ákæru hafi honum verið ókunnugt um að málsmeðferðin væri hafin. Þegar slík skuldbinding er efnd áður en birtingin, sem kveðið er á um í 13. gr., hefur farið fram skal litið svo á, ef ekki eru sannanir um annað, að aðilanum sem efndi skuldbindinguna hafi verið ókunnugt um að slitameðferð væri hafin. Þegar slík skuldbinding er efnd eftir að birtingin, sem kveðið er á um í 13. gr., hefur farið fram skal litið svo á, ef ekki eru sannanir um annað, að aðilanum, sem efndi skuldbindinguna, hafi verið kunnugt um að slitameðferð væri hafin.

16. gr.

Réttur til að lýsa kröfum

1. Allir lánardrottnar með lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu í aðildarríki öðru en heimaaðildarríkinu, þ.m.t. opinber yfirvöld aðildarríkja, skulu hafa rétt til þess að lýsa kröfum eða leggja fram athugasemdir er þær varðar.

2. Kröfur lánardrottna með lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofur í aðildarríkjum öðrum en heimaaðildarríkinu skal meðhöndla og forgangsraða á sama hátt og sams konar kröfur sem lýst er af lánardrottnum með lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu í heimaaðildarríkinu.

3. Í tilvikum öðrum en þeim þegar lög heimaaðildarríkis kveða á um að lagðar séu fram athugasemdir varðandi kröfur skulu lánardrottnar senda afrit af fylgiskjölum, ef til eru, geta um eðli kröfunnar, hvenær hún varð til og fjárhæð hennar, auk upplýsinga um hvort skírskotað er til forgangs, hlutaréttinda eða eignarréttarfyrirvara að því er varðar kröfuna og hvaða eignir falla undir trygginguna.

17. gr.

Tungumál

1. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 13. og 14. gr., skulu vera á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins. Nota skal eyðublað sem á er letruð, á öllum opinberum tungumálum Evrópusambandsins, fyrirsögnin „Innköllun krafna; tímamörk sem skulu virt“ eða, ef lög heimaaðildarríkisins kveða á um að athugasemdir varðandi kröfuna séu lagðar fram, fyrirsögnin „Boð um að leggja fram athugasemdir varðandi kröfu; tímamörk sem skulu virt“.

2. Allir lánardrottnar með lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu í aðildarríki öðru en heimaaðildarríkinu geta lýst kröfu eða lagt fram athugasemdir varðandi kröfuna á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess ríkis. Ef svo ber undir skal krafan sem hann lýsir eða athugasemdirnar sem hann leggur fram varðandi kröfuna bera fyrirsögnina „Kröfulýsing“ eða „Afhending athugasemda er varða kröfu“ á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkis. Þar að auki er heimilt að krefja lánardrottna um þýðingu yfir á það tungumál sem er á kröfu sem er lýst eða athugasemdum sem eru lagðar fram varðandi kröfur.

18. gr.

Reglubundin miðlun upplýsinga til lánardrottna

Skiptastjórar skulu miðla upplýsingum reglulega og á viðeigandi hátt til lánardrottna, einkum um framvindu slitanna.

B. ***Lánastofnanir með aðalskrifstofu utan bandalagsins***

19. gr.

Útibú lánastofnana þriðju landa

1. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld gistiaðildarríkis þar sem útibú lánastofnunar með aðalskrifstofu utan bandalagsins er skal, tafarlaust og með öllum tiltækum ráðum, tilkynna lögbærum yfirvöldum annarra gistiaðildarríkja þar sem stofnunin hefur útibú, sem talin eru upp í skránni sem getið er í 11. gr. tilskipunar 2000/12/EB og birt ár hvert í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna,* um þá ákvörðun sína að hefja slitameðferð, þ.m.t. um bein áhrif sem slík málsmeðferð getur haft, ef unnt er áður en málsmeðferðin hefst en að öðrum kosti strax að því loknu. Lögbær yfirvöld fyrsta framangreinda heimaaðildarríkis skulu senda slíkar upplýsingar.

2. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld sem ákveða að hefja málsmeðferð til að slíta útibúi lánastofnunar með aðalskrifstofu utan bandalagsins skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum hins aðildarríkisins að slitameðferð sé hafin og starfsleyfi afturkallað.

Lögbær yfirvöld þess gistiaðildarríkis, sem hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina, skulu senda upplýsingarnar.

3. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld, sem um getur í 1. mgr., skulu leitast við að samræma aðgerðir sínar.

Skiptastjórar skulu einnig leitast við að samræma aðgerðir sínar.

IV. BÁLKUR

ÁKVÆÐI SEM ERU SAMEIGINLEG ENDURSKIPULAGNINGARRÁÐSTÖFUNUM OG SLITAMEÐFERÐ

20. gr.

Áhrif á tiltekna samninga og réttindi

Áhrif endurskipulagningarráðstöfunar, eða þess að slitameðferð hefst, á:

a) ráðningarsamninga og -sambönd skulu falla einvörðungu undir þau lög aðildarríkisins sem gilda um ráðningarsamninginn;

b) samning, sem veitir réttindi til að nýta eða eignast fasteign skulu falla einvörðungu undir lög þess aðildarríkis þar sem fasteignin er; Þau lög skulu ákvarða hvort eignin teljist lausafé eða fasteign;

c) réttindi er varða fasteignir, skip eða loftfar háð skráningu í opinbera skrá skulu falla einvörðungu undir lög þess aðildarríkis þar sem skráin er færð.

21. gr.

Hlutaréttindi þriðju aðila

1. Samþykkt endurskipulagningarráðstafana eða það að slitameðferð hefjist skal ekki hafa áhrif á hlutaréttindi (rights *in re*) lánardrottna eða þriðju aðila að því er varðar efnislegar eða óefnislegar eignir, lausafé eða fasteignir — bæði sérstakar eignir og söfn ótiltekinna eigna sem heildar, og sem breytast öðru hvoru — sem tilheyra lánastofnuninni sem er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis þegar slíkar ráðstafanir eru samþykktar eða slitameðferð hafin.

2. Réttindin, sem um getur í 1. mgr., eru einkum:

a) rétturinn til að selja eða láta selja eignir og njóta góðs af afrakstrinum eða af tekjunum af þessum eignum, einkum með veði eða fasteignaveði;

b) einkaréttur á því að fallist sé á kröfu, einkum réttur sem tryggður er með veði í kröfunni eða með framsali kröfunnar með ábyrgð;

c) rétturinn til að krefjast eignanna frá og/eða til að krefjast skila frá hverjum þeim sem hefur yfirráð yfir þeim eða not af þeim í trássi við óskir aðilans sem til þess hefur rétt;

d) hlutaréttindi til að njóta afraksturs af eignunum.

3. Rétturinn, sem eru skráður í opinbera skrá og nýtur réttarverndar gagnvart þriðja aðila, og sem á þann hátt veita hlutaréttindi í skilningi 1. mgr., skulu teljast hlutaréttindi.

4. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á réttarvernd sem mælt er fyrir um í l-lið 2. mgr. 10. gr.

22. gr.

Eignarréttarfyrirvari

1. Samþykkt endurskipulagningarráðstafana eða það að slitameðferð er hafin gagnvart lánastofnun sem kaupir eignir skal ekki hafa áhrif á réttindi seljandans sem eru byggð á eignarréttarfyrirvara í þeim tilvikum ef eignin er á yfirráðasvæði aðildarríkis annars en aðildarríkisins þar sem ráðstafanirnar voru samþykktar eða málsmeðferðin hófst, þegar slíkar ráðstafanir voru samþykktar eða slík málsmeðferð hófst.

2. Samþykkt endurskipulagningarráðstafana eða að slitameðferð er hafin gagnvart lánastofnun, sem selur eign eftir að afhending eignarinnar hefur farið fram, skal ekki vera ástæða riftunar eða ógildingar söl-unnar eða hindra kaupandann í að öðlast eignarrétt í þeim tilvikum þegar eignin, sem seld er, er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkis annars en aðildarríkisins þar sem ráðstafanirnar voru samþykktar eða málsmeðferðin hófst á þeim tíma þegar slíkar ráðstafanir voru samþykktar eða málsmeðferð hófst.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á réttarvernd sem mælt er fyrir um í l-lið 2. mgr. 10. gr.

23. gr.

Skuldajöfnun

1. Samþykkt endurskipulagningarráðstafana eða það að slitameðferð hefur hafist skal ekki hafa áhrif á rétt lánardrottna til að krefjast skuldajöfnunar krafna sinna gegn kröfum lánastofnunarinnar þegar slík skuldajöfnun er heimiluð í lögum sem gilda um kröfu lánastofnunarinnar.

2. Ákvæði 1. mgr. skal ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á réttarvernd sem mælt er fyrir um í l-lið 2. mgr. 10. gr.

24. gr.

Lex rei sitae

Fullnusta eignarréttar yfir gerningum eða annarra réttinda yfir slíkum gerningum sem þarf að færa í skrá, reikning eða verðbréfamiðstöð til að þeir öðlist gildi eða hægt sé að yfirfæra þá skal háð lögum aðildarríkisins þar sem skráin, reikningurinn eða verðbréfamiðstöðin, sem þessi réttindi eru skráð í, er fært eða staðsett.

25. gr.

Greiðslujöfnunarsamningar

Greiðslujöfnunarsamningar skulu falla einvörðungu undir lög sem gilda um slíka samninga.

26. gr.

Endurkaupasamningar

Með fyrirvara um 24. gr. skulu endurkaupasamningar falla einvörðungu undir lög sem gilda um slíka samninga.

27. gr.

Markaðir undir opinberu eftirliti

Með fyrirvara um 24. gr. skulu viðskipti á markaði, sem er undir opinberu eftirliti, stjórnast einvörðungu af lögum um samninginn sem gildir um slík viðskipti.

28. gr.

Sönnun um tilnefningu skiptastjóra

1. Færa skal sönnur á tilnefningu stjórnanda eða skiptastjóra með staðfestu endurriti af upprunalegri ákvörðun um tilnefningu hans eða með annarri staðfestingu sem gefin er út af stjórnvaldi eða dómsmálayfirvaldi heimaaðildarríkisins.

Heimilt er að krefjast þýðingar yfir á opinbert tungumál eða eitt af opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem stjórnandinn eða skiptastjórinn hyggst starfa. Ekki er krafist löggildingar eða annarra slíkra formsatriða.

2. Stjórnendum og skiptastjórum er heimilt að beita því valdi, sem þeim er heimilt að beita á yfirráðasvæði heimaaðildarríkisins, á yfirráðasvæði allra aðildarríkja. Þeir mega einnig tilnefna aðila sér til aðstoðar eða, þegar það á við, vera með fulltrúa sína á meðan á endurskipulagningarráðstöfun eða slitameðferð stendur, einkum í gistiaðildarríkjum og sérstaklega í því skyni að aðstoða lánardrottna við að yfirstíga erfiðleika sem þeir verða fyrir í gistiaðildarríkinu.

3. Við beitingu valds síns skal stjórnandi eða skiptastjóri fara að lögum þess aðildarríkis þar sem hann hyggst starfa, einkum að því er varðar verklagsreglur um sölu eigna og upplýsingamiðlun til starfsmanna. Þetta vald má ekki fela í sér þvingunaraðgerðir eða rétt til að úrskurða í málarekstri eða deilumálum.

29. gr.

Skráning í opinbera skrá

1. Stjórnandi, skiptastjóri eða stjórnvald eða dómsmálayfirvald heimaaðildarríkis getur óskað eftir því að endurskipulagningarráðstöfun eða ákvörðun um að hefja slitameðferð sé skráð í þinglýsingarbók, verslunarskrá og hverja aðra opinbera skrá sem færð er í öðrum aðildarríkjum.

Aðildarríki getur þó mælt fyrir um lögboðna skráningu. Í því tilviki skal aðilinn eða yfirvaldið, sem um getur í framangreindri undirgrein, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja slíka skráningu.

2. Líta ber á kostnaðinn við skráninguna sem kostnað og útgjöld í tengslum við málsmeðferðina.

30. gr.

Aðgerðir sem eru skaðlegar lánardrottnum

1. Ákvæði 10. gr. skal ekki gilda um reglur er varða það hvort lögmætar aðgerðir, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegar, séu ógildar, ógildanlegar eða skorti réttarvernd, í þeim tilfellum þegar sá sem hefur hag af þessum aðgerðum leggur fram sannanir um að:

— aðgerðin, sem er skaðleg öllum lánardrottnum, fellur undir lög aðildarríkis annars en heimaaðildarríkisins, og

— lögin bjóða engin úrræði til að véfengja aðgerðina sem um ræðir.

2. Ef endurskipulagningarráðstöfun, sem dómsmálayfirvöld taka ákvörðun um, gerir ráð fyrir reglum um ógildingu, ógildanleika eða skort á réttarvernd aðgerða, sem eru skaðlegar öllum lánardrottnum og voru gerðar áður en ráðstöfunin var samþykkt, skulu ákvæði 2. mgr. 3. gr. ekki gilda í þeim tilvikum sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar.

31. gr.

Vernd þriðju aðila

Ef lánastofnun ráðstafar gegn endurgjaldi, með aðgerð sem er gerð eftir samþykkt endurskipulagningarráðstöfunar eða eftir að slitameðferð hófst:

— fasteign,

— skipi eða loftfari sem háð er opinberri skráningu, eða

— fjármálaskjölum eða réttindum er varða slík skjöl, en forsenda þess að þau séu til eða hægt að framselja þau er að þau séu færð í skrá, reikning eða verðbréfamiðstöð sem er fært eða staðsett í aðildarríki,

skal lögmæti aðgerðarinnar ráðast af lögum aðildarríkisins þar sem fasteignin er staðsett eða þar sem skráin eða reikningurinn er færður eða skráð er í verðbréfamiðstöð.

32. gr.

Yfirstandandi málaferli

Áhrif endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar á yfirstandandi málaferli er varða eignir eða réttindi sem lánastofnunin hefur látið af hendi skulu falla einvörðungu undir lög aðildarríkisins þar sem málaferlin fara fram.

33. gr.

Þagnarskylda

Allir aðilar sem þurfa að taka við eða skýra frá upplýsingum í sambandi við reglur um upplýsingamiðlun og samráð, sem mælt er fyrir um í 4., 5., 8., 9., 11., og 19. gr., skulu bundnir þagnarskyldu í samræmi við reglurnar og skilyrðin sem mælt er fyrir um í 30. gr. tilskipunar 2000/12/EB, að undanskildum þeim dómsmálayfirvöldum sem innlend ákvæði gilda um.

V. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari 5. maí 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Ákvæði landslaga sem samþykkt eru til beitingar þessari tilskipun skulu fyrst einungis gilda um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð sem samþykktar eru eða hefjast eftir daginn sem um getur í fyrstu undirgrein. Samþykktar ráðstafanir eða málsmeðferð sem hefst fyrir þann dag skulu áfram falla undir þau lög sem giltu um þær þegar þær voru samþykktar eða hófust.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

35. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi við birtingu hennar.

36. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 4. apríl 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	B. ROSENGREN
forseti.	*forseti.*

1081. Tillaga til þingsályktunar [665. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð

grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

Við lögleiðingu tilskipunarinnar verður breyting á efni 25. gr. b í höfundalögum, nr. 73/1972, og 6. mgr. 23. gr. laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu. Fyrrgreinda lagaákvæðið mælir sérstaklega fyrir um að við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni skuli leggja 10% gjald á söluverð verkanna sem renni til höfundar listaverks. Síðargreinda ákvæðið tekur sérstaklega til sölu á listmunauppboðum, en þar segir að á málverk, myndir og listmuni sem seldir eru á listmunauppboðum skuli leggja 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Ákvæði tilskipunarinnar gera ekki greinarmun á sölu listaverka á listmunauppboðum og hjá listaverkasölum að öðru leyti. Tilskipunin gildir ekki um sölu manna á milli frekar en gildandi íslensk lög gera nú.

Meginþýðing tilskipunarinnar hér á landi er sú að endursölugjaldið mun lækka. Ríkjunum er heimilt, en ekki skylt, að undanþiggja gjaldinu verk sem ekki ná tiltekinni söluupphæð sem þó má ekki fara yfir 3.000 evrur (u.þ.b. 267.000 kr.). Síðan skal gjaldið ákveðið í fimm þrepum: 4% (má vera 5%) upp í 50.000 evrur, 3% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur, 1% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur, 0,5% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur og loks 0,25% af þeim hluta söluverðsins sem er umfram 500.000 evrur. Endursölugjaldið má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 12.500 evrum. Miðað við listaverkamarkað hér á landi nú mun endursölugjaldið trúlega oftast fara í hæsta þrepið, 4% eða 5%, þar sem það gjaldstig gildir allt upp í 50.000 evrur (u.þ.b. 4.450.000 kr.).

Aðlögunartími að fyrirkomulagi tilskipunarinnar er óvenjulega langur þar sem ákvæði hennar þurfa ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 2006. Samtök íslenskra myndhöfunda á sviði höfundarréttar, Myndstef, leggja áherslu á að aðlögunartíminn verði nýttur þannig að hundraðshluti gjaldsins verði óbreyttur (10%) til 1. janúar 2006, en breytist þá til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar. Þá leggur Myndstef til að gjaldið við endursölu listaverka undir 3.000 evrum verði áfram 10% eftir 1. janúar 2006 og að gjaldið við endursölu listaverka á verðbilinu 3.000–50.000 evrur verði 5% eftir 1. janúar 2006. Við samningu lagafrumvarps þarf að taka afstöðu til óska Myndstefs.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 171/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2000 frá 25. febrúar 2000 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 9b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„9c. **32001 L 0084:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt) (Stjtíð. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

„EFTA-ríkjunum er boðið að senda fulltrúa á fundi samskiptanefndarinnar.““

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar 2001/84/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

([1]) Stjtíð. EB L 103, 12.4.2001, bls. 44 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. ..., 12.4.2001, bls. ...
([2]) Stjtíð. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS2001/84/EB

frá 27. september 2001

um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 6. júní 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á sviði höfundarréttar er fylgiréttur óframseljanlegur og óafsalanlegur réttur höfundar frumgerðar myndverks (tví- eða þrívíðs verks) til að njóta fjárhagslegs ávinnings af endurtekinni sölu viðkomandi listaverks.

2) Fylgirétturinn er ábatasamur og gerir höfundinum eða listamanninum kleift að njóta endurgjalds við endurtekin eigendaskipti á verkinu. Efnið, sem fylgirétturinn tekur til, er hin efnislega birtingarmynd verksins, þ.e.a.s. miðillinn sem verkið, sem nýtur verndar, er unnið í.

3) Fylgiréttinum er ætlað að tryggja höfundum myndverka hlut í þeirri fjárhagslegu velgengni sem frumgerðir verka þeirra njóta. Slíkur réttur stuðlar að því að unnt sé að jafna, í fjárhagslegu tilliti, hlut höfunda myndverka og annarra höfunda sem njóta þóknunar fyrir endurtekna nýtingu verka sinna.

4) Fylgirétturinn er óaðskiljanlegur hluti höfundarréttar og grundvallarforréttindi höfunda. Með því að koma slíkum rétti á í öllum aðildarríkjunum er þeirri þörf fullnægt að veita höfundum fullnægjandi og viðtekna vernd.

5) Samkvæmt 4. mgr. 151. gr. sáttmálans skal bandalagið, í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálans, taka tillit til menningarlegra þátta.

([1]) Stjtíð. EB C 178, 21.6.1996, bls. 16 og Stjtíð. EB C 125, 23.4.1998, bls. 8.
([2]) Stjtíð. EB C 75, 10.3.1997, bls. 17.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 9. apríl 1997 (Stjtíð. EB C 132, 28.4.1997, bls. 88), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. júní 2000 (Stjtíð. EB C 300, 20.10.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2000 (Stjtíð. EB C 232, 17.8.2001, bls. 173). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. júlí 2001 og ákvörðun ráðsins frá 19. júlí 2001.

6) Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum kveður á um að fylgiréttur sé því aðeins fyrir hendi að löggjöf heimalands höfundar leyfi slíkt. Rétturinn er því valkvæður og háður reglunni um gagnkvæmni. Af dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna varðandi beitingu meginreglunnar um bann við mismunun, sem mælt er fyrir um í 12. gr. sáttmálans, leiðir það sem sýnt er fram á í dómsúrskurði frá 20. október 1993 í sameinuðum málum C-92/92 og C-326/92, Phil Collins ofl. ([1]), að ekki er unnt að styðjast við innlend ákvæði, sem fela í sér gagnkvæmniskilmála, í því skyni að neita ríkisborgurum annarra aðildarríkja um réttindi sem veitt eru innlendum höfundum. Beiting slíkra skilmála í bandalaginu stríðir gegn meginreglunni um jafna meðferð sem leiðir af banni við hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs.

7) Alþjóðavæðing markaðar bandalagsins á sviði nútíma- og samtímalistar, sem færist nú mjög í aukana fyrir áhrif hins nýja hagkerfis, og sú lagalega staða að fá ríki utan Evrópusambandsins viðurkenna fylgirétt gerir það að verkum að nauðsynlegt er fyrir Evrópubandalagið að hefja samningaviðræður út á við með það fyrir augum að gera ákvæði 14. gr. b í Bernarsáttmálanum skyldubundin.

8) Sjálf tilvist þessa alþjóðlega markaðar, ásamt því að fylgiréttur er ekki fyrir hendi í sumum aðildarríkjum og að misræmi ríkir, eins og sakir standa, milli innlendra kerfa þar sem rétturinn er þó viðurkenndur, gerir það að verkum að nauðsynlegt er að mæla fyrir um bráðabirgðaákvæði að því er varðar hvorttveggja, gildistöku réttarins og setningu efnislegra reglna um hann, sem viðhalda munu samkeppnishæfni evrópska markaðarins.

9) Eins og sakir standa er kveðið á um fylgiréttinn í löggjöf meirihluta aðildarríkjanna. Nokkur munur er á slíkum lögum þar sem þau eru til á annað borð, einkum að því er varðar þau verk sem lögin taka til, rétthafa fylgiréttargjalds, gjaldskrá, fyrir hvaða viðskipti ber að greiða og á hvaða grundvelli slíkar greiðslur eru reiknaðar. Það hefur veruleg áhrif á samkeppniskilyrði á hinum innri markaði hvort slíkur réttur er fyrir hendi eða ekki þar eð hver sá sem vill selja listaverk verður að taka tillit til þess hvort skylt sé að greiða þóknun á grundvelli fylgiréttar. Þessi réttur stuðlar því fyrir sitt leyti að röskun á samkeppni auk tilfærslu á sölustarfsemi innan bandalagsins.

10) Slíkt misræmi, eftir því hvort fylgirétturinn er fyrir hendi eða ekki og eftir því hvernig aðildarríkin framfylgja honum þar sem hann er til, hefur bein og óæskileg áhrif á starfsemi innri markaðarins að því er tekur til listaverka eins og kveðið er á um í 14. gr. sáttmálans. Við slíkar aðstæður er 95. gr. sáttmálans viðeigandi lagagrunnur.

11) Meðal markmiða bandalagsins, eins og þau eru sett fram í sáttmálanum, er að leggja grunn að nánari einingu meðal þjóða Evrópu, að stuðla að nánari tengslum milli aðildarríkja bandalagsins og að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir þeirra með því að taka höndum saman um að ryðja úr vegi þeim tálmum sem aðskilja lönd Evrópu. Í því skyni kveður sáttmálinn á um stofnun innri markaðar, þar sem gengið er út frá afnámi hindrana á frjálsum vöruflutningum, frelsi til að veita þjónustu og staðfesturétti, og um innleiðingu kerfis sem tryggir að samkeppni á hinum sameiginlega markaði raskist ekki. Samræming laga aðildarríkjanna um fylgirétt stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.

12) Með sjöttu tilskipun ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt — sameiginlegt virðisaukaskattskerfi: samræmdur matsgrunnur ([2]) er innleitt í áföngum skattakerfi sem á m.a. við um listaverk. Ráðstafanir, sem eingöngu taka til skattamála, nægja ekki til að tryggja snurðulausa starfsemi listmarkaðarins. Þessu markmiði verður ekki náð án samræmingar á sviði fylgiréttarins.

13) Binda ber enda á núverandi ósamræmi milli laga sem veldur röskun á starfsemi innri markaðarins og koma skal í veg fyrir að slíkt ósamræmi geri vart við sig á ný. Ekki er þörf á að útrýma eða koma í veg fyrir að til verði ósamræmi sem ástæðulaust er að ætla að valdi röskun á starfsemi innri markaðarins.

([1]) Dómasafn EB (ECR) 1993, I-5145.

([2]) Stjtíð. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/85/EB (Stjtíð. EB L 277, 28.10.1999, bls. 34).

14) Það er forsenda fyrir snurðulausri starfsemi innri markaðarins að samkeppnisskilyrðum sé ekki raskað. Mismunandi innlend ákvæði um fylgirétt hafa í för með sér röskun á samkeppni auk tilfærslu á sölustarfsemi innan bandalagsins og leiða til þess að listamenn njóta mismunandi kjara eftir því hvar verk þeirra eru seld. Í þessu málefni koma því við sögu fjölþjóðlegir þættir sem ekki verður stjórnað á fullnægjandi hátt með aðgerðum af hálfu aðildarríkjanna. Aðgerðaleysi bandalagsins myndi stríða gegn kröfum sáttmálans um að leiðrétta skuli samkeppnisraskanir og ójafna meðferð.

15) Því er nauðsynlegt, með tilliti til þess hversu ólík ákvæði landslaga eru, að samþykkja samræmingarráðstafanir til að bregðast við því misræmi sem er milli laga aðildarríkjanna á sviðum þar sem ætla má að slíkt misræmi geti af sér eða viðhaldi röskunum á samkeppnisskilyrðum. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að samræma sérhvert ákvæði í lögum aðildarríkjanna um fylgirétt og nægir, til að gefa aðildarríkjum eins mikið svigrúm til ákvarðana og unnt er, að einskorða samræminguna við þau innlendu ákvæði sem hafa hvað beinust áhrif á starfsemi innri markaðarins.

16) Þessi tilskipun er því í heild sinni í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna eins og mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans.

17) Samkvæmt tilskipun ráðsins 93/98/EBE frá 29. október 1993 um samhæfingu á hugtakinu um verndun höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda ([1]) er verndartími höfundarréttar 70 ár frá dauða höfundar. Mæla ber fyrir um jafnlangt tímabil að því er varðar fylgirétt. Af þessum sökum geta einungis frumgerðir nútíma- og samtímalistaverka fallið innan gildissviðs fylgiréttarins. Til að aðildarríkjum, sem ekki beita fylgiréttinum í þágu listamanna við samþykkt þessarar tilskipunar, sé kleift að taka slíkan rétt upp hvert í sínu réttarkerfi og enn fremur til að rekstraraðilum í þessum aðildarríkjum sé gert kleift að laga sig smám saman að áðurnefndum rétti en halda jafnframt áfram lífvænlegum rekstri, ber þó að gefa hlutaðeigandi aðildarríkjum kost á því í takmarkaðan aðlögunartíma að beita ekki fylgiréttinum í þágu þeirra sem eru rétthafar listamannsins eftir lát hans.

18) Rýmka ber gildissvið fylgiréttarins þannig að hann taki til hvers konar endursölu, að undanskilinni þeirri sem á sér stað milli einstaklinga í eigin nafni, án milligöngu aðila sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni. Þessi réttur skal ekki ná til endursölu sem einstaklingar takast á hendur í eigin nafni til safna sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og eru opin almenningi. Að því er varðar sérstöðu listhúsa sem eignast hafa verk milliliðalaust frá höfundi skal aðildarríkjum gefinn kostur á að undanþiggja verkið fylgiréttargjaldi við endursölu sem á sér stað innan þriggja ára eftir að listasafnið eignast umrætt verk. Enn fremur ber að taka tillit til hagsmuna listamannsins með því að einskorða slíkar undanþágur við endursölu þar sem endursöluverðið er ekki hærra en 10 000 evrur.

19) Það skal tekið fram að samræming sú, sem af þessari tilskipun leiðir, gildir ekki um frumhandrit rithöfunda og tónskálda.

20) Mæla ber fyrir um skilvirkar reglur á grundvelli reynslu sem fengist hefur af fylgiréttinum á landsvísu. Rétt er að reikna fylgiréttargjaldið sem hundraðshluta söluverðs en ekki verðmætisaukningar verka sem hafa aukist að verðgildi.

21) Samræma ber flokka listaverka sem fylgiréttur-inn gildir um.

22) Undanþágur frá innheimtu fylgiréttargjalds af söluupphæðum, sem ekki ná tilteknu lágmarki, kunna að draga úr líkum á óeðlilega háum innheimtu- og stjórnsýslukostnaði, samanborið við hagnað listamannsins. Í samræmi við dreifræðisregluna skal aðildarríkjunum hins vegar heimilt að setja innlend mörk, sem eru lægri en lágmarksviðmiðun bandalagsins, í því skyni að efla hag nýliða í listum. Þegar þess er gætt hversu litlar fjárhæðir er um að ræða er ekki líklegt að þessi undanþága hafi veruleg áhrif á starfsemi innri markaðarins.

23) Eins og sakir standa er gjaldskráin, sem aðildarríkin ákveða fyrir álagningu fylgiréttargjalds, verulega mismunandi. Skilvirk starfsemi innri markaðarins fyrir nútíma- og samtímalistaverk krefst þess að gjaldskrárákvörðun sé samræmd eins og framast er unnt.

24) Í því skyni að sætta hagsmuni hinna ýmsu aðila markaðarins þar sem stunduð eru viðskipti með frumgerðir listaverka, er æskilegt að komið

([1]) Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9.

verði á gjaldskrárkerfi þar sem álagningarhlutfall fer stiglækkandi eftir gjaldþrepum. Mikils er um vert að draga úr hættu á tilflutningi sölustarfseminnar og að reglur bandalagsins um fylgirétt séu sniðgengnar.

25) Það á jafnan að koma í hlut seljanda að greiða fylgiréttargjaldið. Gefa ber aðildarríkjunum kost á því að kveða á um undanþágur frá þessari meginreglu að því er varðar ábyrgð á greiðslum. Fari sala fram í umboði einstaklings eða fyrirtækis telst sá einstaklingur eða fyrirtæki vera seljandinn.

26) Gera ber ráð fyrir því að unnt sé að leiðrétta lágmarksviðmiðunina og gjaldskrána reglulega. Í þessu skyni er við hæfi að fela bandalaginu það verkefni að semja með reglulegu millibili skýrslur um það hvernig fylgiréttinum er framfylgt í reynd í aðildarríkjunum og um áhrif hans á listmarkaðinn í bandalaginu og, þar sem við á, að gera tillögur að breytingum á þessari tilskipun.

27) Skylt er að tilgreina rétthafa fylgiréttargjalda og taka jafnframt tilhlýðilegt tillit til dreifræðisreglunnar. Ekki er viðeigandi að grípa til aðgerða með tilliti til erfðaréttar aðildarríkjanna í krafti þessarar tilskipunar. Hins vegar skulu rétthafar höfundar njóta að fullu fylgiréttarins að honum látnum, a.m.k. eftir að framangreindu aðlögunartímabili lýkur.

28) Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að setja reglur um framkvæmd fylgiréttarins, einkum að því er varðar það hvernig honum er stjórnað. Í þessu tilliti kemur til greina að fela innheimtusamtökum umsjón með þessu. Aðildarríkin skulu tryggja að starfshættir innheimtusamtaka séu gagnsæir og skilvirkir. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að fjárhæðir, sem ætlaðar eru höfundum sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja, séu í reynd innheimtar og þeim úthlutað. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á fyrirkomulag innheimtu og úthlutunar í aðildarríkjunum.

29) Fylgiréttarins skulu þeir einir njóta sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum bandalagsins auk erlendra höfunda frá löndum sem veita höfundum, sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjunum, slíka vernd. Aðildarríki skal eiga þess kost að veita erlendum höfundum, sem hafa fasta búsetu í því aðildarríki, þennan rétt.

30) Til að unnt sé að tryggja með raunhæfum hætti að aðildarríkin beiti fylgiréttinum í reynd skal koma á viðeigandi málsmeðferð við eftirlit með viðskiptum. Í þessu felst einnig að höfundur eða viðurkenndur fulltrúi hans á rétt á að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá þeim einstaklingi eða lögaðila sem er ábyrgur fyrir greiðslu fylgiréttargjalda. Aðildarríki, sem kveða á um sameiginlega umsýslu fylgiréttarins, geta enn fremur kveðið á um að þeir aðilar, sem ábyrgð bera á þeirri sameiginlegu umsýslu, skuli einir eiga rétt á upplýsingum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Inntak fylgiréttarins

1. Aðildarríki skulu, í þágu höfundar frumgerðar listaverks, kveða á um fylgirétt sem skilgreina skal á þann veg að hann sé óafsalanlegur réttur, sem ekki verður fallið frá, jafnvel ekki fyrir fram, til fylgiréttargjalda sem eru ákvörðuð út frá söluverðinu sem fæst við hverja endursölu verksins eftir að höfundur lætur það af hendi við nýjan eiganda í fyrsta sinn.

2. Réttur sá, sem um getur í 1. mgr., skal gilda um hverja endursölu þar sem í hlut eiga seljendur, kaupendur eða milliliðir, þeir aðilar, sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni svo sem uppboðshaldarar, listhús og yfirleitt hvers kyns listaverkasalar.

3. Aðildarríki geta kveðið á um það að rétturinn, sem um getur í 1. mgr., gildi ekki við endursölu þegar seljandi hefur fengið verkið beint frá höfundi þess innan við þremur árum fyrr og þar sem söluverðið er ekki hærra en 10 000 evrur.

4. Seljanda ber að greiða fylgiréttargjaldið. Aðildarríki geta kveðið á um það að einhver þeirra einstaklinga eða lögaðila, sem um getur í 2. mgr., annar en seljandi, skuli annaðhvort bera ábyrgð á greiðslu fylgiréttargjalda einn eða deila þeirri ábyrgð með seljanda.

2. gr.

Listaverk sem fylgirétturinn nær yfir

1. Í þessari tilskipun merkir „frumgerð listaverks“ myndverk, svo sem myndir, samklippur, málverk, teikningar, stungur, þrykk, litógrafíur (steinprent), höggmyndir, listvefnað, keramík (steinleir), gler-

muni og ljósmyndir, svo fremi að um sé að ræða verk gerð af listamanninum sjálfum eða eintök sem teljast vera frumgerðir listaverka.

2. Eintök listaverka, sem þessi tilskipun tekur til og eru gerð í takmörkuðu upplagi af listamanninum sjálfum eða með hans leyfi, skulu teljast frumgerðir listaverka í skilningi þessarar tilskipunar. Þess er jafnan vænst að slík eintök hafi verið tölusett, merkt eða á annan viðeigandi hátt viðurkennd af listamanninum.

II. KAFLI

SÉRSTÖK ÁKVÆÐI

3. gr.

Lágmarksfjárhæð

1. Það kemur í hlut aðildarríkjanna að ákveða það lágmarkssöluverð sem þarf til að sala sem um getur í 1. gr. falli undir ákvæði um fylgirétt.

2. Þetta lágmarkssöluverð má ekki í neinum tilvikum fara yfir 3 000 evrur.

4. gr.

Gjaldskrá

1. Fylgiréttargjaldið, sem kveðið er á um í 1. gr., skal ákveðið í samræmi við eftirfarandi gjaldskrá:

a) 4% af söluverðinu upp að 50 000 evrum;

b) 3% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 50 000,01 evrum upp í 200 000 evrur;

c) 1% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 200 000,01 evrum upp í 350 000 evrur;

d) 0,5% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 350 000,01 evrum upp í 500 000 evrur;

e) 0,25% af þeim hluta söluverðsins sem fer yfir 500 000 evrur.

Fylgiréttargjaldið má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 12 500 evrum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að leggja á gjald sem nemur 5% af þeim hluta söluverðsins sem um getur í a-lið 1. mgr.

3. Ef lágmarkssöluverðið er lægra en 3 000 evrur skal aðildarríkið einnig ákveða þá álagningu sem á við þann hluta söluverðsins sem er 3 000 evrur eða lægri; þetta gjald má ekki vera lægra en 4%.

5. gr.

Grundvöllur útreikninga

Söluverðið, sem um getur í 3. og 4. gr., er söluverðið án skatts.

6. gr.

Rétthafar fylgiréttargjalda

1. Greiða ber höfundi verksins fylgiréttargjaldið sem kveðið er á um í 1. gr. en rétthöfum hans að honum látnum, sbr. þó 2. mgr. 8. gr.

2. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um, skyldubundna eða valkvæða, sameiginlega umsýslu fylgiréttarins sem kveðið er á um í 1. gr.

7. gr.

Ríkisborgarar þriðju landa sem eru rétthafar fylgiréttargjalda

1. Aðildarríki skulu kveða á um að höfundar, sem eru ríkisborgarar þriðju landa og, með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr., síðari handhafar réttinda þeirra, skuli njóta fylgiréttarins í samræmi við þessa tilskipun og í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkis en því aðeins að landið, þar sem höfundurinn eða síðari handhafi réttinda hans er með ríkisfang, heimili að veita höfundum frá aðildarríkjunum og síðari handhöfum réttinda þeirra vernd fylgiréttar í því landi.

2. Á grundvelli upplýsinga, sem aðildarríkin veita, skal framkvæmdastjórnin, eins fljótt og auðið er, gefa út leiðbeinandi skrá yfir þau þriðju lönd sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. Þessi skrá skal uppfærð í samræmi við nýjustu upplýsingar.

3. Sérhverju aðildarríki er heimilt, að því er varðar vernd fylgiréttar, að veita höfundum sem ekki eru ríkisborgarar í því aðildarríki, en hafa þar fasta búsetu, sömu kjör og innlendum höfundum.

8. gr.

Verndartími fylgiréttarins

1. Verndartími fylgiréttarins skal svara til þess tíma sem mælt er fyrir um í 1. gr. tilskipunar 93/98/EBE.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum, sem ekki beita fylgiréttinum [við gildistökuna sem um getur í 13. gr.], ekki skylt, á tímabili sem rennur út eigi síð-

ar en 1. janúar 2010, að beita fylgiréttinum í þágu rétthafa listamannsins að honum látnum.

3. Til að rekstraraðilum gefist færi á að laga sig smám saman að fyrirkomulagi fylgiréttarins en halda jafnframt áfram lífvænlegum rekstri getur aðildarríki, sem 2. mgr. gildir um, fengið aðlögunartíma ef nauðsyn krefur, allt að tveimur árum í viðbót, áður en þess verður krafist að það beiti fylgiréttinum í þágu þeirra sem eru rétthafar listamannsins eftir lát hans. Eigi síðar en 12 mánuðum fyrir lok þess tímabils, sem um getur í 2. mgr., skal hlutaðeigandi aðildarríki láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um framangreind atriði ásamt rökstuðningi þannig að framkvæmdastjórnin geti skilað áliti, að undangengnu viðeigandi samráði, innan þriggja mánaða eftir að henni berast þessar upplýsingar. Ef aðildarríki ákveður að fara ekki eftir áliti framkvæmdastjórnarinnar skal það gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því og rökstyðja ákvörðun sína innan eins mánaðar. Tilkynning aðildarríkisins og rökstuðningurinn með henni, svo og álit framkvæmdastjórnarinnar, skulu birtast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og send Evrópuþinginu.

4. Séu alþjóðlegar samningaviðræður, sem miða að því að víkka út fylgiréttinn á alþjóðavettvangi, farsællega til lykta leiddar innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. og 3. mgr. 8. gr. skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur.

9. gr.

Réttur til upplýsinga

Aðildarríkin skulu setja ákvæði þess efnis að rétthafar skv. 6. gr. geti í þrjú ár eftir að endursalan fer fram krafið þá aðila sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni og um getur í 2. mgr. 1. gr. um hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að reynast til að tryggja greiðslu fylgiréttargjalds að því er varðar endursöluna.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

10. gr.

Tímamörk

Þessi tilskipun gildir að því er varðar allar frumgerðir listaverka samkvæmt skilgreiningu 2. gr. sem njóta enn verndar 1. janúar 2006 samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna á sviði höfundaréttar eða sem fullnægja viðmiðunum fyrir vernd samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar á þeim degi.

11. gr.

Endurskoðunarákvæði

1. Eigi síðar en 1. janúar 2009 og á fjögurra ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd og áhrif þessarar tilskipunar með sérstöku tilliti til samkeppnishæfni markaðar bandalagsins á sviði nútíma- og samtímalistar, einkum með tilliti til stöðu bandalagsins samanborið við hliðstæða markaði, þar sem fylgiréttinum er ekki beitt, og eflingar listrænnar sköpunar og stjórnunaraðferða í aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin skal einkum rannsaka áhrif tilskipunarinnar á innri markaðinn og afleiðingar tilkomu fylgiréttarins í þeim aðildarríkjum þar sem hann var ekki í gildi samkvæmt landslögum fyrir gildistöku þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja fram tillögur um að laga lágmarksfjárhæðina og fylgiréttargjaldið að breytingum á þessu sviði, tillögur varðandi hámarksfjárhæðina, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr., og hverjar þær tillögur sem hún kann að telja nauðsynlegar til að efla skilvirkni þessarar tilskipunar.

2. Tengslanefnd er hér með komið á fót. Hún skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í nefndinni og skal nefndin funda að frumkvæði formanns hennar eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis.

3. Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

— að skipuleggja samráð um öll álitamál sem rísa vegna beitingar þessarar tilskipunar;

— að greiða fyrir skiptum á upplýsingum milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna um þá framvindu sem máli skiptir á vettvangi listmarkaðarins í bandalaginu.

12. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á birtingardegi hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. september 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	C. PICQUÉ
forseti.	*forseti.*

1082. Tillaga til þingsályktunar [666. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002, um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002, um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um

leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002, um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE.

Í tilskipun 2002/59/EB er mælt fyrir um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Evrópusambandsins fyrir umferð á sjó, jafnframt því sem felld er úr gildi tilskipun 93/75/EBE um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins. Tilskipunin gerir ráð fyrir að yfirvöld hvers aðildarríkis haldi utan um upplýsingar um skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning. Skulu ríkin reka fjarskiptastöðvar í landi sem stjórna umferð skipa og bera ábyrgð á rekstri tilkynningarskyldukerfis sem sam-

þykkt er af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO). Hlutverk fjarskiptastöðvanna er jafnframt að samræma leitar- og björgunaraðgerðir og aðgerðir til að fást við mengun. Skal kerfið einnig vera upplýsingakerfi um öll mengunarslys og -óhöpp á sjó.

Markmið slíks eftirlits- og upplýsingakerfis með umferð skipa er að draga úr hættu á mengunarslysum og -óhöppum og draga jafnframt úr áhrifum slíkra slysa eða óhappa á umhverfi sjávar og á heilsu manna. Er í tilskipuninni stuðst við leiðbeinandi reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um hvaða upplýsingar skuli skráðar í kerfið, svo og með hvaða hætti stjórna skuli umferð skipa um hafið. Er í tilskipuninni lagt til að komið verði upp sjálfvirku alþjóðlegu auðkenningarkerfi skipa (e. Automatic Identification System – AIS) til að fylgjast með ferðum skipa. Einnig verði komið á fót ferðaskráningarkerfi (e. Voyage Data Recording – VDR) sem skráir á segulband öll fjarskipti skipa, líkt og hinn svonefndi „svarti kassi“ í flugvélum.

Í tilskipuninni er jafnframt að finna ákvæði um ráðstafanir yfirvalda til að draga úr hættu á slysum eða óhöppum vegna slæms veðurs og sjólags. Enn fremur eru í tilskipuninni ákvæði þess efnis að aðildarríkin skulu gera áætlun um hvernig liðsinna megi nauðstöddum skipum á hafsvæðum innan lögsögu þeirra.

Þá er í tilskipuninni lögð áhersla á samstarf aðildarríkjanna, m.a. í því skyni að koma á fót eftirliti og stjórnun með umferð á sjó. Er lögð áhersla á að efla tilkynningarskyldu þar sem henni kann að vera ábótavatn. Auk þess er stefnt að því að koma á fót stjórnstöðvum vegna gagnasöfnunar og úrvinnslu upplýsinga og mun það m.a. verða hlutverk nýrrar stofnunar, Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA).

Samgönguráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp um vaktstöð siglinga sem ætlað er að innleiða í íslenska löggjöf efnisákvæði tilskipunarinnar, 392. mál.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 13/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2002 frá 6. desember 2002 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XIII. viðauka við samninginn:

1. Liður 55a verði liður 55aa.

2. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54a (texti liðar 54a (tilskipun ráðsins 94/58/EB) falli brott):

„55a. **32002 L 0059:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).“

3. Liður 55aa (tilskipun ráðsins 93/75/EBE) falli brott með gildistöku frá 5. febrúar 2004.

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/59/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

([1]) Stjtíð. EB L ..., bls. ... og EES-viðbætir við Stjtíð. EB ... bls. ..
([2]) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/59/EB

frá 27. júní 2002

um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í orðsendingu sinni frá 24. febrúar 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti benti framkvæmdastjórnin á að á vettvangi bandalagsins væri markmiðið að koma á lögboðnu upplýsingakerfi til að gera aðildarríkjunum kleift að fá skjótan aðgang að hvers kyns mikilvægum upplýsingum um ferðir skipa sem flytja hættuleg eða mengandi efni og ítarlegar upplýsingar um hvers eðlis farmurinn er.

2) Með tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins ([5]) var komið á kerfi sem felur í sér að lögbær yfirvöld fá upplýsingar um skip á leið til eða frá höfn innan bandalagsins sem flytja hættulegar eða mengandi vörur og um atvik á sjó. Í tilskipuninni er þess krafist að framkvæmdastjórnin geri nýjar tillögur um að taka upp ítarlegra tilkynn-

([1]) Stjtíð. EB C 120 E, 24.4.2001, bls. 67 og Stjtíð. EB C 362 E, 18.12.2001, bls. 255.
([2]) Stjtíð. EB C 221, 7.8.2001, bls. 54.
([3]) Stjtíð. EB C 357, 14.12.2001, bls. 1.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 14. júní 2001 (Stjtíð. EB C 53 E, 28.2.2002, bls. 304), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. desember 2001 (Stjtíð. EB C 58 E, 5.3.2002, bls. 14) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 10. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2002.

([5]) Stjtíð. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB (Stjtíð. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7).

ingakerfi fyrir bandalagið sem nái hugsanlega til skipa sem sigla meðfram ströndum aðildarríkjanna.

3) Samkvæmt ályktun ráðsins frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti ([1]) var samþykkt að á meðal helstu markmiða aðgerðar bandalagsins væri innleiðing nákvæmara tilkynningakerfis.

4) Stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó myndi stuðla að því að fyrirbyggja slys og mengun á sjó og draga úr áhrifum þeirra á umhverfi sjávar og stranda, efnahagslífið og heilbrigði íbúanna. Skilvirkni umferðar á sjó, einkum stjórnun á ferðum skipa til hafna, veltur einnig á því að skip tilkynni um komur sínar með nægilegum fyrirvara.

5) Nokkur tilkynningarskyldukerfi skipa hafa verið sett upp á strandlengju Evrópuríkja í samræmi við viðeigandi reglur samþykktar af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO). Tryggja ber að skip gegni upplýsingaskyldu samkvæmt þessum kerfum.

6) Skipaumferðarþjónusta og leiðarstjórnunarkerfi skipa hafa einnig verið innleidd og gegna mikilvægu hlutverki við slysa- og mengunarvarnir á tilteknum siglingaleiðum þar sem mikil skipaumferð er eða siglingahætta. Nauðsynlegt er að skip nýti sér skipaumferðarþjónustu og að þau fylgi reglum sem gilda um leiðarstjórnunarkerfi skipa sem eru viðurkennd af Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

7) Miklar tækniframfarir hafa orðið á sviði búnaðar um borð í skipum sem gerir kleift að veita upplýsingar um skip með sjálfvirkum hætti (sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS-kerfi)) svo auðveldara verði að fylgjast með þeim, auk siglingarita (VDR-kerfa eða „svartra kassa“) til að auðvelda rannsókn í kjölfar slysa. Með hliðsjón af því hve mikilvægt er að móta stefnu sem ætlað er að koma í veg fyrir sjóslys ætti að gera skylt að slíkur búnaður sé um borð í skipum sem sigla innanlands eða milli landa og koma til hafna í bandalaginu. Bæði má nota upplýsingar sem fást með hjálp siglingarita í kjölfar slyss til að rannsaka orsakir þess og í forvarnarskyni til að draga af því nauðsynlegan lærdóm. Aðildarríki skulu hvetja til þess að slíkar upplýsingar séu nýttar í þessum tilgangi.

8) Aðildarríkin skulu tryggja að strandstöðvar lögbærra yfirvalda hafi yfir nægum fjölda hæfra starfsmanna að ráða auk viðeigandi tæknibúnaðar.

9) Mikilvægt er að hafa nákvæma vitneskju um hættulegar eða mengandi vörur sem fluttar eru með skipum og aðrar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, svo sem upplýsingar tengdar siglingafræðilegum atvikum, með tilliti til undirbúnings og skilvirkni aðgerða gegn mengun eða hættu á mengun á hafinu. Skip sem fara frá eða koma til hafna í aðildarríkjum skulu senda þessar upplýsingar til lögbærra yfirvalda eða hafnaryfirvalda í þessum aðildarríkjum.

10) Í því skyni að auka afköst og flýta sendingum og nýtingu mikils magns upplýsinga sem kann að berast um farm ætti, þegar því verður við komið, að senda slíkar upplýsingar með rafrænum hætti til lögbærs yfirvalds eða viðkomandi hafnaryfirvalds. Af sömu ástæðu ættu upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum að fara fram með rafrænum hætti.

11) Hafi félög, sem í hlut eiga, innleitt innri starfsreglur með fullnægjandi hætti að mati aðildarríkjanna til að tryggja að upplýsingar, sem krafist er í tilskipuninni, séu sendar tafarlaust til lögbærs yfirvalds þarf að vera mögulegt að veita áætlunarsiglingum milli hafna í tveimur eða fleiri ríkjum, þar sem a.m.k. eitt er aðildarríki, undanþágu frá upplýsingaskyldu um hverja ferð.

12) Sum skip geta verið hættuleg siglingaöryggi og umhverfinu sökum slæmrar sjóhæfni eða ástands. Aðildarríki skulu fylgjast náið með slíkum skipum, grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir aukna hættu af þeirra völdum og senda viðeigandi upplýsingar, sem þau búa yfir, um þessi skip til annarra aðildarríkja sem málið varðar. Slíkar ráðstafanir geta verið ráðstafanir sem gripið er til í tengslum við hafnarríkiseftirlit.

13) Aðildarríkin þurfa að verjast hættum sem ógna öryggi á hafinu, öryggi einstaklinga og umhverfi sjávar og stranda sem kunna að skapast þegar tiltekin atvik, slys eða aðrir atburðir eiga stað á hafi úti og af völdum mengandi brákar

([1]) Stjtíð. EB C 271, 7.10.1993, bls. 1.

eða pakka á reki í sjónum. Í þessu skyni ættu skipstjórar á skipum sem sigla um leitar- og björgunarsvæði aðildarríkja, efnahagslögsögu eða jafngildi þess tilkynna slík tilvik til strandyfirvalda og veita allar viðeigandi upplýsingar. Aðildarríkin skulu njóta ákveðins sveigjanleika, með hliðsjón af sérstöðu sinni, varðandi það hver af framangreindum svæðum skuli falla undir tilkynningaskyldu.

14) Eigi atvik eða slys sér stað á sjó verða aðgerðir lögbærra yfirvalda mun skilvirkari ef allir aðilar, sem eiga hlut að máli við flutninginn, vinna saman í einu og öllu.

15) Telji lögbært yfirvald, tilnefnt af hálfu aðildarríkis, að óvenjuslæmt veður eða sjólag, samkvæmt veður- og sjólagsspá faglegrar veðurupplýsingaþjónustu, skapi alvarlega hættu fyrir öryggi mannslífa eða mengunarhættu ber því að upplýsa skipstjóra skips, sem hyggst sigla inn í eða út úr höfn, um ástandið og má það einnig gera aðrar viðeigandi ráðstafanir. Með fyrirvara um þá skyldu að aðstoða nauðstödd skip gæti slíkt falið í sér bann við komu til eða brottför frá höfn þar til ástandið er komið í eðlilegt horf. Ef öryggi er í húfi eða mengunarhætta fyrir hendi má lögbært yfirvald leggja til að skip haldi ekki úr höfn, að teknu tilliti til aðstæðna í viðkomandi höfn. Kjósi skipstjóri að halda úr höfn gerir hann það alltaf á eigin ábyrgð og ber honum að tilgreina ástæðu ákvörðunarinnar.

16) Verði sjóslys kann það að hafa alvarlegar afleiðingar ef skipaafdrep er ekki fyrir hendi. Aðildarríki ættu því að gera áætlanir um að veita megi nauðstöddum skipum, ef aðstæður krefjast, afdrep í höfnum þeirra eða á öðrum skýldum hafsvæðum með þeim hætti sem best verður á kosið. Eftir því sem nauðsyn krefur og tök eru á ættu þessar áætlanir að fela í sér ákvæði um að fyrir hendi skuli vera nægilegur búnaður og aðstaða til hjálpar, björgunar og að bregðast við mengun. Hafnir, sem taka á móti nauðstöddu skipi, eiga að geta treyst á skjóta endurgreiðslu hvers kyns kostnaðar og tjóns sem kann að leiða af slíkri aðgerð. Framkvæmdastjórnin ætti því að kanna möguleika á að taka upp viðunandi bótakerfi fyrir hafnir í bandalaginu sem taka á móti nauðstöddu skipi og á því að geta krafist þess að skip, sem leitar hafnar í bandalaginu, sé nægilega vel tryggt.

17) Setja þarf ramma um samstarf milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að styrkja framkvæmd eftirlits- og upplýsingakerfis fyrir umferð á sjó með því að koma á fót viðeigandi boðleiðum milli lögbærra yfirvalda og hafna í aðildarríkjunum. Enn fremur þarf að auka útbreiðslu auðkennis- og eftirlitskerfis skipa á þeim siglingaleiðum í bandalaginu þar sem hún er ófullnægjandi. Koma þarf á laggirnar upplýsingastjórnunarmiðstöðvum á svæðum í bandalaginu, sem liggja að sjó, til að auðvelda skipti eða miðlun gagnlegra upplýsinga í tengslum við umferðareftirlit og framkvæmd tilskipunarinnar. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu einnig að leita eftir samstarfi við þriðju lönd til að ná þessum markmiðum.

18) Skilvirkni tilskipunarinnar veltur að miklu leyti á því að aðildarríkin hrindi ákvæðum hennar í framkvæmd í einu og öllu. Í þessu skyni þurfa aðildarríkin að framkvæma reglulega viðeigandi eftirlit eða aðrar aðgerðir til að tryggt sé að boðleiðir þær sem komið er upp til að uppfylla skilyrði tilskipunarinnar starfi sem skyldi. Einnig skal tekið upp kerfi viðurlaga til að tryggja að aðilar sem málið varðar hlíti upplýsingaskyldu og reglum um að hafa tilskilinn búnað svo sem kveðið er á um í tilskipuninni.

19) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

20) Breyta má tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar samkvæmt þeim reglum þannig að tekið sé tillit til breytinga á gerningum bandalagsins og alþjóðasamningum og reynslu af beitingu þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þær breytingar rýmki ekki gildissvið tilskipunarinnar. Fullnægjandi tilkynningar aðildarríkjanna um slíka framkvæmd er gagnlegt tæki fyrir framkvæmdastjórnina til að meta reynslu af beitingu þessarar tilskipunar.

21) Ákvæði tilskipunar 93/75/EBE eru til muna styrkt, rýmkuð og þeim breytt með þessari tilskipun. Þar af leiðandi ber að fella tilskipun 93/75/EBE úr gildi.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

22) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð þeim markmiðum sem fyrirhuguð aðgerð felur í sér svo vel sé, þ.e. að auka öryggi og skilvirkni umferðar á sjó, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif, getur bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að koma á fót eftirlits- og upplýsingakerfi innan bandalagsins fyrir umferð á sjó með það í huga að auka öryggi og skilvirkni slíkrar umferðar og bæta viðbrögð yfirvalda við atvikum, slysum eða hættum sem kunna að skapast á sjó, þar með taldar leitar- og björgunaraðgerðir, og stuðla þannig betur að því að koma í veg fyrir eða greina mengun af völdum skipa.

Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skipstjórar, rekstraraðilar eða umboðsaðilar skipa, sem og farmsendendur eða eigendur hættulegra eða mengandi vara sem fluttar eru um borð í slíkum skipum, uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um flutningaskip sem eru 300 brúttótonn að stærð eða stærri, nema annað sé tekið fram.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um:

a) herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í eigu eða rekstri aðildarríkis sem eru starfrækt af hinu opinbera og ekki í viðskiptaskyni;

b) fiskiskip, skip af hefðbundinni gerð og skemmtibátar styttri en 45 metrar;

c) eldsneyti undir 5 000 tonnum, vistir fyrir skip og búnað til notkunar um borð í skipum.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „viðeigandi alþjóðagerningar“: eftirtaldir gerningar:

— MARPOL-samningurinn: alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, og bókunin við hann frá 1978;

— SOLAS-samningurinn: alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu, ásamt bókunum við hann og breytingum á honum;

— alþjóðasamningur um mælingar skipa frá 1969;

— alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda, eða geta valdið, olíumengun, frá 1969, ásamt bókun við hann frá 1973 um íhlutun á úthafinu ef mengun á sér stað af völdum annarra efna en olíu;

— SAR-samningurinn: alþjóðasamningur um leit og björgun á sjó, 1979;

— ISM-alþjóðareglurnar: alþjóðareglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggisstjórnun;

— IMDG-alþjóðareglurnar: alþjóðareglur um flutning hættulegra vara á sjó;

— IBC-alþjóðareglurnar (alþjóðareglur um efnaflutningaskip): alþjóðareglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um smíði og búnað skipa sem flytja búlkafarma af hættulegum efnum;

— IGC-alþjóðareglurnar (alþjóðareglur um gasflutningaskip): alþjóðareglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um smíði og búnað skipa sem flytja búlkafarma af fljótandi gastegundum;

— BC-reglurnar: reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um örugga meðhöndlun búlkafarma í föstu formi;

— INF-reglurnar: reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi í flutningi á geislúðu, kjarnakleyfu eldsneyti, plútóni og úr-

gangi með mikla geislavirkni í geymum um borð í skipum;

— ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.851(20): ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.851(20) undir yfirskriftinni „grundvallarreglur um tilkynningaskyldukerfi skipa og upplýsingaskyldu skipa, þar með taldar leiðbeiningar um tilkynningu atvika þar sem hættulegar vörur, skaðleg efni og/eða sjávarmengunarvaldar eiga í hlut“;

b) „rekstraraðili“: eigandi eða útgerðaraðili skips;

c) „umboðsaðili“: einstaklingur með umboð eða heimild til að veita upplýsingar fyrir hönd rekstraraðila skips;

d) „farmsendandi“: einstaklingur sem gerir samning, eða samningur er gerður í hans nafni eða fyrir hans hönd, við flutningafyrirtæki um flutning á vörum;

e) „félag“: félag í skilningi 2. mgr. 1. reglu í XI. kafla SOLAS-samningsins;

f) „skip“: hvers kyns skip eða far sem siglir á opnu hafi;

g) „hættulegar vörur“:

— vörur sem eru flokkaðar samkvæmt IMDG-alþjóðareglunum,

— hættuleg, fljótandi efni sem talin eru upp í 17. kafla alþjóðareglnanna um efnaflutningaskip,

— fljótandi gastegundir sem taldar eru upp í 19. kafla IGC-alþjóðareglnanna,

— föst efni sem um getur í viðbæti B í BC-reglunum.

Einnig eru innifaldar vörur sem eru háðar viðeigandi forsendum um flutning í samræmi við málsgrein 1.1.3 í alþjóðareglunum um efnaflutningaskip eða málsgrein 1.1.6 í IGC-alþjóðareglunum;

h) „mengandi vörur“:

— olíur samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka við MARPOL-samninginn,

— fljótandi eiturefni samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við MARPOL-samninginn,

— skaðleg efni samkvæmt skilgreiningu í III. viðauka við MARPOL-samninginn;

i) „farmflutningseining“: ökutæki til flutninga á vegum, vagn til að flytja farm með járnbrautum, flutningagámur, tankbifreið, járnbrautartankvagn eða færanlegur geymir;

j) „póstfang“: nafn og boðleiðir sem nota má, ef nauðsyn krefur, til að ná sambandi við rekstraraðila, umboðsaðila, hafnaryfirvald, lögbært yfirvald eða annan viðurkenndan einstakling eða aðila sem býr yfir nákvæmum upplýsingum um farm skipsins;

k) „lögbær yfirvöld“: yfirvöld og stofnanir sem aðildarríkin hafa tilnefnt til að taka á móti og senda upplýsingar sem gefnar eru samkvæmt tilskipun þessari;

l) „hafnaryfirvald“: lögbært yfirvald eða aðili sem aðildarríki hafa tilnefnt fyrir hverja höfn til að taka á móti og framsenda upplýsingar sem gefnar eru samkvæmt tilskipun þessari;

m) „skipaafdrep“: höfn, hluti hafnar eða annars öruggs skipalægis eða akkerislægis eða annað skýlt svæði sem aðildarríki auðkennir til að taka á móti nauðstöddum skipum;

n) „strandstöð“: hvað sem er af eftirtöldu sem tilnefnt er af hálfu aðildarríkjanna í samræmi við tilskipun þessa: skipaumferðarþjónusta; stöð á landi sem ber ábyrgð á rekstri tilkynningarskyldukerfis sem samþykkt er af Alþjóðasiglingamálastofnuninni; eða aðili sem ber ábyrgð á að samræma leitar- og björgunaraðgerðir eða aðgerðir til að fást við mengun á sjó;

o) „skipaumferðarþjónusta“: þjónusta sem ætlað er að efla öryggi og skilvirkni skipaumferðar og vernda umhverfið, sem hefur möguleika á gagnvirkum samskiptum við skipin og getur brugðist við umferðaraðstæðum sem skapast á skipaumferðarþjónustusvæðinu;

p) „leiðarstjórnunarkerfi skipa“: hvers konar kerfi einnar eða fleiri siglingaleiða eða ráðstafana til leiðarstjórnunar sem ætlað er að draga úr hættu á slysum. Það tekur til aðskildra siglingaleiða, tvístefnuleiða, leiða sem mælt er með, svæða sem forðast ber, grunnleiða, umferðarhringja, varúðarsvæða og djúpleiða;

q) „skip af hefðbundinni gerð“: allar tegundir sögulegra skipa og eftirlíkinga þeirra, þar með talin skip hönnuð til að hvetja til þess að hefðbundið verklag og sjómennska fari ekki forgörðum, standi sem lifandi menningarverðmæti og sé innt af hendi samkvæmt hefðbundnum grundvallarreglum sjómennsku og tækni;

r) „slys“: slys í merkingu reglna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um rannsóknir sjóslysa og atvika á sjó.

I. BÁLKUR

TILKYNNINGAR FRÁ SKIPUM OG EFTIRLIT MEÐ ÞEIM

4. gr.

Tilkynning áður en komið er til hafnar í aðildarríkjum

1. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skips sem er á leið til hafnar í aðildarríki skal senda þær upplýsingar, sem koma fram í 1. mgr. I viðauka, til hafnaryfirvalds:

a) með að minnsta kosti tuttugu og fjögurra klukkustunda fyrirvara; eða

b) eigi síðar en þegar skip heldur frá fyrri höfn ef siglingartíminn er undir tuttugu og fjórum klukkustundum, eða

c) ef ekki er vitað hver viðkomuhöfnin er eða ef henni er breytt meðan á siglingu stendur, eins fljótt og upplýsingar þess efnis liggja fyrir.

2. Skip sem koma frá höfn utan bandalagsins og eru á leið til hafnar í aðildarríki með hættulegar eða mengandi vörur skulu uppfylla tilkynningaskyldu skv. 13. gr.

5. gr.

Eftirlit með skipum sem sigla inn á svæði sem heyra undir tilkynningarskyldu

1. Aðildarríkið sem í hlut á skal hafa eftirlit með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að öll skip, sem sigla inn á svæði þar sem tekið hefur verið upp tilkynningarskyldukerfi, viðurkennt af Alþjóðasiglingamálastofnuninni í samræmi við 11. reglu í V. kafla SOLAS-samningsins og starfrækt af einu eða fleiri ríkjum, þar af skal að minnsta kosti eitt vera aðildarríki, í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar og viðmiðanir sem unnar eru á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, uppfylli reglur kerfisins um að gefa þær upplýsingar sem krafist er, með fyrirvara um viðbótarupplýsingar sem aðildarríki kann að krefjast í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.851(20).

2. Þegar tillögur um ný tilkynningaskyldukerfi eða um breytingar á gildandi tilkynningarskyldukerfi eru lagðar fram til samþykktar hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni skal aðildarríkið láta a.m.k. upplýsingarnar, sem vísað er til í 4. mgr. I. viðauka, fylgja með.

6. gr.

Notkun sjálfvirkra auðkenniskerfa

1. Hvert það skip sem kemur til hafnar í aðildarríki skal, í samræmi við tímaáætlunina sem tilgreind er í 1. mgr. II. viðauka, vera búið sjálfvirku auðkenniskerfi (AIS) sem uppfyllir afkastaviðmiðanir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

2. Skip sem búin eru sjálfvirku auðkenniskerfi skulu ætíð hafa kerfið í gangi nema ef alþjóðasamningar, reglur eða viðmiðanir kveða á um vernd siglingafræðilegra upplýsinga.

7. gr.

Notkun leiðarstjórnunarkerfa fyrir skip

1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að öll skip sem sigla inn á svæði skyldubundins leiðarstjórnunarkerfis skipa, sem viðurkennt er af Alþjóðasiglingamálastofnuninni í samræmi við 10. reglu í V. kafla SOLAS-samningsins og starfrækt af einu eða fleiri ríkjum, þar af skal að minnsta kosti eitt vera aðildarríki, noti kerfið í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar og viðmiðanir sem unnar eru á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

2. Aðildarríkin skulu þegar þess er kostur við framkvæmd leiðarstjórnunarkerfis, sem þau bera ábyrgð á og hefur ekki verið samþykkt af hálfu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, taka mið af leiðbeiningum og viðmiðunarreglum sem unnar eru á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og koma öllum nauðsynlegum upplýsingum á framfæri svo að leiðarstjórnunarkerfið verði öruggt og skilvirkt í notkun.

8. gr.

Eftirlit með því að skip hlíti reglum skipaumferðarþjónustu

Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

a) skip sem sigla inn á svæði sem heyrir undir skipaumferðarþjónustu, sem starfrækt er af hálfu eins eða fleiri ríkja, þar af skal að minnsta kosti eitt vera aðildarríki, innan landhelgi þeirra og byggð er á leiðbeiningum sem unnar eru á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, taki þátt í og hlíti reglum þeirrar skipaumferðarþjónustu;

b) skip sem sigla undir fána aðildarríkis eða skip sem eru á leið til hafnar í aðildarríki og sigla inn á svæði sem heyrir undir slíka skipaumferðarþjónustu utan landhelgi aðildarríkis, sem byggð er á leiðbeiningum sem unnar eru á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, hlíti reglum þeirrar skipaumferðarþjónustu;

c) skip sem sigla undir fána þriðja ríkis og eru ekki á leið til hafnar í aðildarríki en sigla inn á skipaumferðarþjónustusvæði utan landhelgi aðildarríkis fylgi reglum þeirrar skipaumferðarþjónustu hvenær sem því verður við komið. Aðildarríkin skulu tilkynna fánaríki um hvers kyns augljós og alvarleg brot á þeim reglum inni á skipaumferðarþjónustusvæði.

9. gr.

Skipulag tilkynningarskyldukerfa, leiðastjórnunarkerfa skipa og skipaumferðarþjónustu

1. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að koma sér smám saman upp viðeigandi búnaði og stöðvum í landi, í samræmi við tímaáætlunina sem tilgreind er í I. lið II. viðauka, til að taka á móti og nýta upplýsingar frá sjálfvirka auðkenniskerfinu að teknu tilliti til nauðsynlegs sendingarsviðs tilkynninganna.

2. Lokið skal við að koma upp öllum nauðsynlegum búnaði og stöðvum í landi til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd eigi síðar en í árslok 2007. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi búnaður til að senda upplýsingarnar áfram og miðla til innanlandskerfa aðildarríkja verði starfhæfur innan eins árs þaðan í frá.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að strandstöðvar, sem sjá um eftirlit með því hvort reglum skipaumferðarþjónustu og leiðastjórnunarkerfa skipa sé fylgt, hafi yfir að ráða nægu og hæfu starfsliði og viðeigandi búnaði til samskipta og eftirlits skipa og að þau séu starfrækt í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

10. gr.

Siglingaritakerfi

1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með og gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skip sem koma til hafnar í aðildarríki séu búin siglingaritakerfi í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í II. lið í II. viðauka. Undanþágur veittar ekjuferjum eða háhraðafarþegaförum skv. d-lið 1. mgr. 4. gr. í tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum ([1]) skulu falla úr gildi 5. ágúst 2002.

2. Upplýsingar, sem safnað er úr siglingaritakerfi, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkinu, sem í hlut á, ef rannsókn verður gerð í kjölfar slyss á hafsvæði innan lögsögu aðildarríkis. Aðildarríki skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu notaðar í þágu rannsóknarinnar og þær greindar á viðeigandi hátt. Aðildarríkin skulu tryggja að niðurstöður rannsóknarinnar séu birtar eins fljótt og unnt er eftir að þær liggja fyrir.

11. gr.

Slysarannsókn

Með fyrirvara um ákvæði 12. gr. tilskipunar 1999/35/EB skulu aðildarríki hlíta ákvæðum reglna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um rannsóknir sjóslysa og atvika á sjó þegar þau rannsaka sjóslys eða atvik á sjó í tengslum við skip sem um getur í þessari tilskipun. Aðildarríki skulu eiga samvinnu við rannsókn sjóslysa og atvika þar sem skip, sem sigla undir þeirra fána, eiga í hlut.

II. BÁLKUR

TILKYNNING UM HÆTTULEGAR EÐA MENGANDI VÖRUR UM BORÐ Í SKIPUM (HAZMAT)

12. gr.

Skyldur farmsendanda

Ekki má bjóða til flutnings hættulegar eða mengandi vörur eða taka þær um borð í skip, óháð stærð þess, í höfn í aðildarríki nema yfirlýsing með upplýsingunum, sem tilgreindar eru í 2. lið I. viðauka, hafi verið afhent skipstjóra eða rekstraraðila.

([1]) Stjtíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 1.

Farmsendandi ber ábyrgð á að afhenda skipstjóra eða rekstraraðila slíka yfirlýsingu og að tryggja að sendingin, sem boðin er til flutnings, sé raunverulega sú sem lýst er yfir í samræmi við fyrstu undirgrein.

13. gr.

Tilkynning um hættulegar eða mengandi vörur um borð í skipum

1. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skips, óháð stærð þess, sem flytur hættulegar eða mengandi vörur og lætur úr höfn í aðildarríki skal eigi síðar en við brottför senda inn upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. lið I. viðauka til lögbærra yfirvalda sem það aðildarríki tilgreinir.

2. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skips, óháð stærð þess, sem flytur hættulegar eða mengandi vörur sem koma frá höfn utan bandalagsins og eru á leið til hafnar í aðildarríki eða til akkerislægis í landhelgi aðildarríkis skal hið síðasta við brottför frá lestunarhöfn, eða eins fljótt og auðið er eftir að vitað er hver ákvörðunarhöfn eða staðsetning akkerislægis er, séu þessar upplýsingar ekki tiltækar við brottför, senda inn upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 3. lið I. viðauka, til lögbærs yfirvalds í aðildarríki þar sem fyrstu ákvörðunarhöfn eða akkerislægi er að finna.

3. Aðildarríki mega taka upp málsmeðferð til að heimila rekstraraðila, umboðsaðila eða skipstjóra skips, sem um getur í 1. og 2. mgr., að senda inn upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. lið I. viðauka til hafnaryfirvalds í brottfarar- eða ákvörðunarhöfn í bandalaginu, eftir því sem við á.

Málsmeðferðin, sem tekin er upp, verður að tryggja að lögbært yfirvald hafi ætíð aðgang að upplýsingunum sem tilgreindar eru í 3. lið I. viðauka, ef þörf krefur. Í þessu skyni skal lögbært hafnaryfirvald, sem í hlut á, geyma upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 3. lið I. viðauka, nógu lengi til að þær megi nota ef atvik eða slys á sjó ber að höndum. Hafnaryfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að geta útvegað lögbæru yfirvaldi þessar upplýsingar á rafrænu formi allan sólarhringinn sé þess óskað.

4. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skipsins þarf að senda inn farmupplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. lið I. viðauka til hafnaryfirvalds eða lögbærs yfirvalds.

Upplýsingarnar skulu sendar með rafrænum hætti þegar því verður við komið. Í rafrænum boðskiptum ber að nota þá málskipan og tilhögun sem tilgreind er í III. viðauka.

14. gr.

Rafrænir gagnaflutningar milli aðildarríkja

Aðildarríki skulu vinna saman til að tryggja samtengingu og rekstrarsamhæfi innanlandskerfanna, sem notuð eru, til að meðhöndla upplýsingarnar sem tilgreindar eru í I. viðauka. Samskiptakerfi, sem sett eru upp samkvæmt fyrstu undirgrein, skulu uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) gagnaflutningar skulu vera rafrænir og unnt skal vera að taka á móti og meðhöndla skeyti sem tilkynnt eru í samræmi við 13. gr.;

b) kerfið skal vera þannig úr garði gert að hægt sé að senda upplýsingar allan sólarhringinn;

c) hvert aðildarríki þarf, sé þess óskað, að geta sent upplýsingar um skipið og hættulegar eða mengandi vörur um borð án tafar til lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki.

15. gr.

Undanþágur

1. Aðildarríki mega veita þeim sem stunda áætlunarsiglingar innanlands milli hafna á þeirra landsvæði undanþágu frá kröfunum, sem kveðið er á um í 13. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a) að félagið sem sinnir áætlunarsiglingunum, sem um getur hér að framan, haldi og uppfæri skrána yfir skip sem um ræðir og sendi hana til hlutaðeigandi lögbærs yfirvalds,

b) að beiðni lögbærs yfirvalds skulu upplýsingarnar, sem taldar eru upp í 3. lið I. viðauka og varða sérhverja farna sjóferð, vera til reiðu. Félagið skal koma upp innra kerfi til að tryggja að unnt sé, ef þess er óskað, að senda umræddar upplýsingar til lögbærs yfirvalds með rafrænum hætti, allan sólarhringinn og án tafar, í samræmi við 4. mgr. 13. gr.

2. Ef alþjóðlegar áætlunarsiglingar eru stundaðar milli tveggja eða fleiri ríkja þar sem að minnsta kosti eitt er aðildarríki má hvert aðildarríkjanna, sem í hlut á, fara fram á að undanþága verði veitt fyrir þessa þjónustu af hálfu hinna aðildarríkjanna. Öll aðildarríkin sem í hlut eiga, þar með talin viðkomandi strandríki, skulu hafa samstarf um að veita þjónustunni, sem í hlut á, undanþágu í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu reglulega ganga úr skugga um að skilyrðin sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. séu uppfyllt. Ef einu af þessum skilyrðum er ekki lengur fullnægt skulu aðildarríkin tafarlaust fella úr gildi sérréttindi þau sem felast í undanþágu hlutaðeigandi félags.

4. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir félög og skip sem fengið hafa undanþágu samkvæmt þessari grein sem og alla uppfærslu á þeirri skrá.

III. BÁLKUR

EFTIRLIT MEÐ HÆTTULEGUM SKIPUM OG ÍHLUTUN VERÐI ATVIK EÐA SLYS Á SJÓ

16. gr.

Miðlun upplýsinga um tiltekin skip

1. Skip sem falla innan ramma viðmiðananna, sem getið er hér á eftir, teljast vera skip sem kunna að ógna skipaumferð, siglingaöryggi, öryggi einstaklinga eða umhverfinu:

a) skip sem í sjóferð sinni:

— hafa tengst atvikum eða slysum á sjó sem um getur 17. gr.; eða

— skip sem uppfylla ekki tilkynninga- og upplýsingaskyldu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun; eða

— skip sem hafa ekki uppfyllt gildandi reglur leiðarstjórnunarkerfa skipa og skipaumferðarþjónustu sem eru á ábyrgð aðildarríkis;

b) skip sem sannað þykir eða miklar líkur eru á að hafi vísvitandi losað olíu eða brotið ákvæði MARPOL-samningsins með öðrum hætti á hafsvæðum innan lögsögu aðildarríkis;

c) skip sem synjað hefur verið um aðgang að höfnum aðildarríkjanna eða hefur sætt skýrslugjöf eða tilkynningu frá öðru aðildarríki í samræmi við 1. lið I. viðauka við tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hafnarríkiseftirlit skipa ([1]).

2. Strandstöðvar með viðeigandi upplýsingar um skipin, sem um getur í 1. mgr., skulu koma þeim á framfæri við hlutaðeigandi strandstöðvar í öðrum aðildarríkjum sem er að finna meðfram fyrirhugaðri siglingaleið skipsins.

3. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingunum, sem þeim eru sendar samkvæmt 2. mgr., sé miðlað til hlutaðeigandi hafnaryfirvalda og/eða annarra yfirvalda sem aðildarríkið tilnefnir. Innan þeirra takmarka sem aðildarríkjum er sett með tilliti til fjölda starfsmanna skulu þau framkvæma hvers kyns viðeigandi skoðanir og sannprófanir í höfnum sínum, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni annars aðildarríkis, án þess að brjóta í bága við skyldur þeirra hvað varðar hafnarríkiseftirlit. Þau skulu upplýsa öll hlutaðeigandi aðildarríki um niðurstöður þeirra aðgerða sem þau grípa til.

17. gr.

Tilkynningar um atvik og slys á sjó

1. Án þess að brjóta í bága við þjóðarétt og með það að markmiði að fyrirbyggja eða draga úr hvers kyns hættum sem ógna siglingaöryggi, öryggi einstaklinga eða umhverfinu skulu aðildarríkin hafa eftirlit með og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skipstjóri skips sem siglir á leitar- og björgunarsvæði þeirra eða innan efnahagslögsögu eða annars sambærilegs, tilkynni tafarlaust til strandstöðvar hlutaðeigandi landsvæðis um eftirfarandi:

a) sérhvert atvik eða slys sem hefur áhrif á öryggi skipsins, svo sem árekstur, strand, skemmdir, löskun eða bilun, innflæði vatns eða tilfærsla á farmi, skemmdir á bol eða bilun í burðarvirki;

b) sérhvert atvik eða slys sem ógnar öryggi í siglingum svo sem bilanir sem líkur eru á að hafi áhrif á stjórnhæfni skipsins eða haffæri þess eða gallar sem kunna að hafa áhrif á aðalvélbúnaðinn eða stýrisbúnaðinn, raforkuframleiðslubúnað, siglingatæki eða fjarskiptabúnað;

c) hverjar þær aðstæður sem kunna að valda mengun sjávar eða stranda í aðildarríki, svo sem losun eða hætta á losun mengandi vara í hafið;

d) hvers kyns brák af mengandi efnum og ílát eða pakkar sem sjást fljóta á sjónum.

2. Skeytið, sem sent er til beitingar á 1. mgr., skal a.m.k. innihalda auðkenni skipsins, staðarákvörðun þess, brottfararhöfn, ákvörðunarhöfn, póstfang þar sem unnt er að afla upplýsinga um hættulegar og mengandi vörur um borð, fjölda einstaklinga um

([1]) Stjtíð. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB (Stjtíð. EB L 19, 22.1.2002, bls. 17).

borð, upplýsingar um atvikið og hvers kyns viðeigandi upplýsingar sem um getur í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.851(20).

18. gr.

Ráðstafanir sem gripið er til í óvenjuslæmu veðri

1. Telji lögbær yfirvöld, tilnefnd af hálfu aðildarríkja, að alvarleg hætta sé, í óvenjuslæmu veðri og sjólagi, á mengun á siglingaleiðum þess eða strandsvæðum eða á siglingaleiðum eða strandsvæðum annarra ríkja, eða ef öryggi mannslífa er í hættu:

a) ættu þau, þegar þess er kostur, að upplýsa skipstjóra skips sem er statt innan hlutaðeigandi hafnarsvæðis og fyrirhugað er að sigla til þeirrar hafnar eða úr þeirri höfn um sjólag og veður og, ef við á og unnt er, um hættur sem steðja kann að skipi hans, farmi, áhöfn og farþegum;

b) mega þau, með fyrirvara um þá skyldu að aðstoða nauðstödd skip og í samræmi við 20. gr., grípa til annarra viðeigandi ráðstafana sem geta falið í sér tilmæli eða bann, sem beint er annaðhvort til tiltekins skips eða skipa almennt, við því að koma til hafnar eða halda úr höfn innan útsettra svæða þar til sannreynt hefur verið að hættan, sem ógnaði mannslífum og umhverfinu, sé liðin hjá;

c) skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eins og unnt er eða banna, ef nauðsyn krefur, töku eldsneytis um borð í skip í landhelgi þeirra.

2. Skipstjóri skal greina félaginu frá viðeigandi ráðstöfunum eða tilmælum sem vísað er til í 1. mgr. Þau skulu þó ekki brjóta í bága við ákvörðun skipstjórans á grunni faglegrar ákvörðunar hans í samræmi við SOLAS-samninginn. Ef ákvörðun skipstjórans er ekki í samræmi við þær ráðstafanir sem vísað er til í 1. mgr. skal hann upplýsa lögbær yfirvöld um ástæðuna sem liggur að baki ákvörðuninni.

3. Viðeigandi ráðstafanir eða tilmæli sem vísað er til í 1. mgr. skulu byggð á spám um sjólag og veður sem fengnar eru hjá faglegri veðurupplýsingaþjónustu sem er viðurkennd af aðildarríkinu.

19. gr.

Ráðstafanir sem tengjast atvikum eða slysum á sjó

1. Verði þau atvik eða slys á sjó sem um getur 17. gr. skulu aðildarríki grípa til allra viðeigandi ráðstafana, í samræmi við þjóðarétt, ef nauðsyn krefur, til að tryggja öryggi siglinga og einstaklinga og til verndar umhverfi sjávar og stranda.

Í IV. viðauka er að finna skrá, sem er ekki tæmandi, yfir ráðstafanir sem eru tiltækar aðildarríkjunum, samkvæmt þessari grein.

2. Rekstraraðili, skipstjóri skipsins og eigandi hættulegra eða mengandi vara sem eru um borð skulu, í samræmi við innlend lög og þjóðarétt, starfa náið með lögbærum, innlendum yfirvöldum, að beiðni hinna síðarnefndu, með það að markmiði að draga úr afleiðingum atviksins eða sjóslyssins.

3. Skipstjóri skips sem ákvæði ISM-alþjóðareglnanna gilda um skulu, samkvæmt þeim reglum, tilkynna félaginu um öll atvik eða slys sem verða á sjó, eins og um getur í 1. mgr. 17. gr. Jafnskjótt og félagið hefur fengið upplýsingar um slíkt óhapp skal það hafa samband við lögbæra strandstöð og bjóða fram aðstoð sína eftir þörfum.

20. gr.

Skipaafdrep

Að höfðu samráði við aðilana sem málið varðar skulu aðildarríkin gera áætlanir, með hliðsjón af viðeigandi leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í þeirra lögsögu. Slíkar áætlanir skulu fela í sér nauðsynlega tilhögun og málsmeðferð, með hliðsjón af takmörkunum tengdum rekstri og umhverfi, til að tryggja að skip í sjávarháska geti tafarlaust leitað skipaafdreps með fyrirvara um að heimild fáist hjá lögbæru yfirvaldi. Telji aðildarríkið það nauðsynlegt og gerlegt þurfa áætlanirnar að fela í sér tilhögun um að séð sé fyrir nægilegum úrræðum og aðstöðu til hjálpar, björgunar og viðbragða við mengun.

Áætlanir um liðsinni nauðstaddra skipa skulu vera aðgengilegar sé þess óskað. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanirnar sem gerðar eru til beitingar fyrstu málsgrein eigi síðar en 5. febrúar 2004.

21. gr.

Upplýsingar hlutaðeigandi aðila

1. Lögbær strandstöð í hlutaðeigandi aðildarríki skal, eftir þörfum, útvarpa á viðkomandi svæðum upplýsingum um öll atvik eða slys, sem tilkynnt hefur verið um samkvæmt 1. mgr. 17. gr., svo og upp-

lýsingum um skip sem ógna siglingaöryggi, öryggi einstaklinga eða umhverfinu.

2. Lögbær yfirvöld, sem hafa upplýsingarnar sem tilkynnt er um í samræmi við 13. og 17. gr., skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að geta veitt slíkar upplýsingar hvenær sem er ef lögbært yfirvald annars aðildarríkis fer fram á það af öryggisástæðum.

3. Aðildarríki þar sem lögbærum yfirvöldum hefur, samkvæmt þessari tilskipun eða á annan hátt, verið tilkynnt um ástand sem hefur í för með sér hættu eða eykur líkur á því að hætta skapist fyrir annað aðildarríki á tilteknum siglingaleiðum eða strandsvæðum skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að láta aðildarríki, sem á í hlut, vita af því eins fljótt og auðið er og hafa samráð við það um fyrirhugaðar aðgerðir. Ef við á, skulu aðildarríkin vinna saman með það að markmiði að samnýta ráðstafanirnar til sameiginlegra aðgerða.

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hagnýta sér að fullu þær tilkynningar sem skipum ber að senda þeim samkvæmt 17. gr.

IV. BÁLKUR

HLIÐARRÁÐSTAFANIR

22. gr.

Tilnefning lögbærra aðila og birting skrár yfir þá

1. Aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld, hafnaryfirvöld og strandstöðvar sem taka eiga á móti tilkynningum samkvæmt þessari tilskipun.

2. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að hagsmunaaðilum í siglingum berist viðeigandi og reglulega uppfærðar upplýsingar, einkum í siglingahandbókum, um yfirvöld og stöðvar sem tilnefndar hafa verið samkvæmt 1. mgr., þar með talið, eftir því sem við á, landsvæðið sem þau hafa lögsögu yfir og málsmeðferð þá sem kveðið hefur verið á um til að senda inn upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun.

3. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir þau stjórnvöld og stöðvar sem þau tilnefna samkvæmt 1. mgr. og allar uppfærslur á henni.

23. gr.

Samstarf milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu starfa saman að því að ná eftirtöldum markmiðum:

a) nýta með sem bestum hætti þær upplýsingar sem tilkynnt er um samkvæmt þessari tilskipun, einkum með því að koma upp viðeigandi gagnaskiptatengingum milli strandstöðva og hafnaryfirvalda með það að markmiði skiptast á gögnum sem tengjast ferðum skipa, áætluðum komutíma þeirra til hafna og farmi þeirra;

b) þróa og efla virkni gagnaskiptatenginga milli strandstöðva aðildarríkjanna með það að markmiði að fá betri heildarmynd af umferð, bæta eftirlit með skipum sem eiga leið um svæðið og samræma og, eftir föngum, hagræða skýrslugerð sem krafist er af hálfu skipa á leið þar um;

c) færa út svið og/eða uppfæra eftirlits- og upplýsingakerfi bandalagsins fyrir umferð á sjó með það í huga að efla auðkenningu og eftirlit með skipum. Í þessu skyni skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin vinna saman að því að koma á fót, ef nauðsyn krefur, tilkynningaskyldukerfum, skyldubundinni skipaumferðarþjónustu og viðeigandi leiðarstjórnunarkerfum skipa með það að markmiði að leggja þau fyrir Alþjóðasiglingamálastofnunina til samþykkis;

d) gera, ef við á, samræmdar áætlanir um að liðsinna nauðstöddum skipum.

24. gr.

Trúnaður við meðferð upplýsinga

Aðildarríki skulu, í samræmi við innlenda löggjöf sína gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja trúnað við meðferð upplýsinga sem þau fá í hendur samkvæmt þessari tilskipun.

25. gr.

Eftirlit með framkvæmd þessar tilskipunar og viðurlög

1. Aðildarríki skulu annast reglulegar skoðanir og aðrar nauðsynlegar aðgerðir til að kanna virkni gagnaskiptakerfa á landi sem sett hafa verið upp til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og einkum getu þeirra til að uppfylla kröfur um að taka á móti og senda tafarlaust allan sólarhringinn upplýsingar sem tilkynnt er um samkvæmt 13. og 15. gr.

2. Aðildarríki skulu koma sér upp kerfi viðurlaga vegna brota á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

3. Aðildarríki skulu tafarlaust skýra fánaríki og öðru hlutaðeigandi ríki frá ráðstöfunum sem gripið er til vegna skipa sem sigla ekki undir fána þeirra samkvæmt 16. og 19. gr. og samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

4. Ef aðildarríki kemst að því, við atvik eða slys á sjó sem um getur í 19. gr., að félag hefur ekki getað náð og haldið sambandi við skipið eða við hlutaðeigandi strandstöðvar skal það tilkynna það ríkinu sem gaf út ISM-skírteinið og tengt öryggisstjórnunarskírteini eða þeim sem það var gefið út fyrir.

Ef alvarleiki bilunarinnar sýnir að um er að ræða stórfelldar vanefndir á starfrækslu öryggisstjórnunarkerfis félagsins sem er með staðfestu í aðildarríki skal aðildarríkið, sem gaf út öryggisskírteinið eða öryggisstjórnunarskírteinið í nafni skipsins, þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn hlutaðeigandi félagi með það í huga að afturkalla öryggisskírteinið og tengt öryggisstjórnunarskírteini.

26. gr.

Mat

1. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 5. febrúar 2007, skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og einkum ákvæðanna í 9., 10., 18., 20., 22., 23. og 25. gr. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu, eigi síðar en 31. desember 2009, um fulla framkvæmd tilskipunarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli skýrslnanna sem um getur í 1. mgr., gefa Evrópuþinginu og ráðinu sex mánuðum síðar skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal í skýrslum sínum meta hvort og að hve miklu leyti ákvæði þessarar tilskipunar, eins og þeim er hrint í framkvæmd af aðildarríkjunum, stuðla að því að auka öryggi og skilvirkni sjóflutninga og koma í veg fyrir mengun af völdum skipa.

3. Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort þörf sé á og gerlegt að grípa til ráðstafana á vettvangi bandalagsins sem beinast að því að auðvelda endurheimtu eða endurgreiðslu hvers kyns kostnaðar og tjóns sem kann að hljótast af því að taka við nauðstöddum skipum, þar með taldar viðeigandi kröfur um vátryggingar eða aðra fjárhagslega tryggingu.

Framkvæmdastjórnin leggur skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöðu slíkrar könnunar eigi síðar en 5. febrúar 2007.

LOKAÁKVÆÐI

27. gr.

Málsmeðferð við breytingar

1. Breyta má skilgreiningunum í 3. gr., tilvísunum í gerninga bandalagsins og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og viðaukunum í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr., í því skyni að færa þær til samræmis við löggjöf bandalagsins og þjóðarétt sem samþykktur hefur verið, breytt eða öðlast gildi, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar færa ekki út gildissvið þessarar tilskipunar.

2. Enn fremur má breyta I., III. og IV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr. í ljósi þeirrar reynslu sem fæst með þessari tilskipun, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar færa ekki út gildissvið þessarar tilskipunar.

28. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

29. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. febrúar 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um helstu ákvæði í innlendri löggjöf þeirra sem

þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

30. gr.

Tilskipun ráðsins 93/75/EBE falli hér með úr gildi frá og með 5. febrúar 2004.

31. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á birtingardegi hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

32. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	M. ARIAS CAÑETE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR UPPLÝSINGAR SEM TILKYNNA ÞARF

1. **Upplýsingar sem tilkynna þarf í samræmi við 4. gr. – Almennar upplýsingar:**

   a) auðkenni skips (nafn, kallmerki, IMO-auðkennisnúmer eða MMSI-númer),

   b) ákvörðunarhöfn,

   c) áætlaður komutími til ákvörðunarhafnar eða hafnsögustöðvar, eftir því sem lögbært yfirvald krefst og áætlaður brottfarartími frá þeirri höfn,

   d) heildarfjöldi einstaklinga um borð.

2. **Upplýsingar sem tilkynna þarf í samræmi við 12. gr. – Upplýsingar um farm:**

   a) rétt tækniheiti hættulegu eða mengandi varanna, númer Sameinuðu þjóðanna (Sþ) ef þau eru fyrir hendi, IMO-hættuflokkar í samræmi við IMDG-, IBC- og IGC-alþjóðareglurnar, og ef við á, flokkur skipsins sem þörf er á fyrir INF-farmana samkvæmt skilgreiningu í reglu VII/14.2, magn slíkra vara og, ef hann er fluttur í farmflutningseiningum öðrum en tönkum, auðkenni þeirra,

   b) póstfang þar sem fá má nákvæmar upplýsingar um farminn.

3. **Upplýsingar sem tilkynna þarf í samræmi við 13. gr.:**

   A. Almennar upplýsingar:

      a) auðkenni skips (nafn, kallmerki, IMO-auðkennisnúmer eða MMSI-númer),

      b) ákvörðunarhöfn,

      c) fyrir skip sem heldur úr höfn í aðildarríki: áætlaður brottfarartími frá brottfararhöfn eða hafnsögustöð, eftir því sem lögbært yfirvald krefst, og áætlaður komutími til ákvörðunarhafnar,

      d) fyrir skip á leið frá höfn utan bandalagsins og til hafnar í aðildarríki: áætlaður komutími til ákvörðunarhafnar eða hafnsögustöðvar, eftir því sem lögbært yfirvald krefst,

      e) heildarfjöldi einstaklinga um borð.

   B. Upplýsingar um farm:

      a) rétt tækniheiti hættulegu eða mengandi varanna, númer Sameinuðu þjóðanna (Sþ) ef þau eru fyrir hendi, IMO-hættuflokkar í samræmi við IMDG-, IBC- og IGC-alþjóðareglurnar, og, þar sem við

á, flokkur skipsins samkvæmt skilgreiningu í INF-reglunum, magn slíkra vara og staðsetning þeirra um borð og, ef þær eru fluttar í farmflutningseiningum öðrum en tönkum, auðkennisnúmer þeirra,

b) staðfesting á að í skrá, farmskrá eða viðkomandi lestunaráætlun séu nákvæmar upplýsingar um hættulegar eða mengandi vörur um borð í skipinu og um staðsetningu þeirra,

c) póstfang þar sem fá má nákvæmar upplýsingar um farminn.

4. **Upplýsingar sem um getur í 5. gr.:**

— A. auðkenni skips (nafn, kallmerki, IMO-auðkennisnúmer eða MMSI-númer),

— B. dagsetning og tími,

— C eða D. staða samkvæmt breiddar- og lengdargráðu eða réttvísandi miðun og fjarlægð í sjómílum frá þekktu kennileiti,

— E. stefna,

— F. hraði,

— I. ákvörðunarhöfn og áætlaður komutími,

— P. farmur og, ef hættulegar vörur eru um borð, magn og IMO-flokkur,

— T. póstfang þangað sem senda skal farmtilkynningar,

— W. heildarfjöldi einstaklinga um borð,

— X. ýmsar upplýsingar:

— einkenni og áætlað rúmmál eldsneytis, fyrir skip sem flytja meira en 5 000 tonn af eldsneyti,

— siglingafræðileg staða.

5. Skipstjóri skipsins skal þegar í stað upplýsa hlutaðeigandi lögbært yfirvald eða hafnaryfirvald um breytingar á upplýsingum sem tilkynntar eru samkvæmt þessum viðauka.

II. VIÐAUKI

FORSKRIFTIR SEM GILDA FYRIR BÚNAÐ UM BORÐ Í SKIPUM

I. **Sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS)**

1. Skip smíðuð 1. júlí 2002 eða síðar

Farþegaskip, óháð stærð, og öll skip 300 brúttótonn að stærð eða stærri smíðuð 1. júlí 2002 eða síðar sem koma til hafnar í aðildarríki í bandalaginu skulu hafa þann búnað um borð sem kveðið er á um í 6. gr.

2. Skip smíðuð fyrir 1. júlí 2002

Farþegaskip, óháð stærð, og öll skip 300 brúttótonn að stærð og stærri smíðuð fyrir 1. júlí 2002 sem koma til hafnar í aðildarríki í bandalaginu skulu hafa þann búnað um borð sem kveðið er á um í 6. gr. í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) farþegaskip: eigi síðar en 1. júlí 2003;

b) tankskip: eigi síðar en við fyrstu skoðun öryggisbúnaðar eftir 1. júlí 2003;

c) skip önnur en farþegaskip og tankskip, 50 000 brúttótonn að stærð og stærri: eigi síðar en 1. júlí 2004;

d) skip, önnur en farþegaskip og tankskip, 10 000 brúttótonn að stærð og stærri en minni en 50 000 brúttótonn: eigi síðar en 1. júlí 2005 eða, hvað varðar skip í millilandasiglingum, fyrr, á degi sem ákveðinn er innan ramma Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar;

e) skip, önnur en farþegaskip og tankskip, 3 000 brúttótonn að stærð og stærri en minni en minni en 10 000 brúttótonn: eigi síðar en 1. júlí 2006 eða, hvað varðar skip í millilandasiglingum, fyrr, á degi sem ákveðinn er innan ramma Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar;

f) skip, önnur en farþegaskip og tankskip, 300 brúttótonn að stærð og stærri en minni en 3 000 brúttótonn: eigi síðar en 1. júlí 2007 eða, hvað varðar skip í millilandasiglingum, fyrr, á degi sem ákveðinn er innan ramma Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Aðildarríki mega veita farþegaskipum undir 300 brúttótonnum í innanlandssiglingum undanþágu frá því að beita kröfunum um sjálfvirka auðkenniskerfið (AIS) sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

II. **Siglingaritakerfi (VDR)**

1. Skip í eftirfarandi flokkum skulu, ef þau hafa viðkomu í höfn í aðildarríki bandalagsins, vera búin siglingaritakerfi sem uppfyllir afkastaviðmiðanirnar í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.861(20) og prófunarstaðla sem Alþjóðaraftækninefndin (IEC) hefur sett með staðli nr. 61996:

   a) farþegaskip smíðuð 1. júlí 2002 eða síðar: eigi síðar en 1. júlí 2002;

   b) ekjufarþegaskip smíðuð fyrir 1. júlí 2002: eigi síðar en við fyrstu skoðun þann 1. júlí 2002 eða síðar;

   c) farþegaskip, önnur en ekjufarþegaskip, smíðuð fyrir 1. júlí 2002: eigi síðar en 1. janúar 2004;

   d) skip, önnur en farþegaskip, sem eru 3 000 brúttótonn eða stærri, smíðuð 1. júlí 2002 eða síðar: eigi síðar en 5. ágúst 2002.

2. Skip í eftirfarandi flokkum, og skip sem eru smíðuð fyrir 1. júlí 2002, skulu, ef þau hafa viðkomu í höfn í aðildarríki bandalagsins, vera búin kerfi siglingarita sem uppfyllir viðeigandi staðla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar:

   a) vöruflutningaskip sem eru 20 000 brúttótonn eða stærri, eigi síðar en þann dag sem Alþjóðasiglingamálastofnunin ákveður eða, ef sú ákvörðun liggur ekki fyrir, eigi síðar en 1. janúar 2007;

   b) vöruflutningaskip sem eru 3 000 brúttótonn eða stærri en minni en 20 000 brúttótonn, eigi síðar en þann dag sem Alþjóðasiglingamálastofnunin ákveður eða, ef sú ákvörðun liggur ekki fyrir, eigi síðar en 1. janúar 2008.

3. Aðildarríki mega veita farþegaskipum, sem eru einungis í innanlandssiglingum á hafsvæðum öðrum en þeim sem falla undir A-flokk, eins og getið er um í 4. gr. tilskipunar ráðsins 98/18/EB frá 17. mars

1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ([1]), undanþágu frá kröfunum um siglingarita sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

III. VIÐAUKI

SKILABOÐ Á RAFRÆNU FORMI

1. Aðildarríkin skulu þróa og viðhalda nauðsynlegu grunnvirki til sendingar, móttöku og umbreytingar gagna milli kerfa sem nota XML- eða EDIFACT-málskipan, byggt á Internets- eða X.400-fjarskiptavirkjum.

2. Framkvæmdastjórnin skal þróa og viðhalda, í samráði við aðildarríkin, „stýriskjali fyrir skil" (Interface Control Document) þar sem kerfisvirkinu er lýst með tilliti til atburðarásar skilaboða, virkni skilaboða og tengsla milli skilaboða. Tilgreina skal tímasetningu skilaboða og virkni auk gagnasamskiptareglna og færibreyta. Í stýriskjali fyrir skil skal enn fremur tilgreina gagnainnihald tilskilinnar virkni skilaboðanna og lýsa þessum skilaboðum.

3. Þessi málsmeðferð og grunnvirki skulu, þegar því verður við komið, fela í sér skyldur um skýrslugjöf og upplýsingaskipti sem leiða af öðrum tilskipunum, til að mynda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum ([2]).

IV. VIÐAUKI

Ráðstafanir tiltækar aðildarríkjunum ef öryggi á sjó og verndun umhverfisins er ógnað

(skv. 1. mgr. 19. gr.)

Ef lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis telja, innan ramma þjóðaréttar, í kjölfar atviks eða aðstæðna, sem lýst er í 17. gr., sem tengjast skipi, að nauðsynlegt sé að afstýra, draga úr eða koma í veg fyrir hættu sem vofir yfir strandlengju þess eða ríkis eða tengdum hagsmunum, vegna öryggis annarra skipa, áhafna þeirra og farþega eða fólks í landi eða til að vernda umhverfi sjávar, getur þetta yfirvald meðal annars:

a) takmarkað ferðir skipsins eða gefið því leiðbeiningar um að fylgja tiltekinni stefnu. Þessi krafa hnekkir ekki ábyrgð skipstjóra á öruggri stjórn skips síns;

b) tilkynnt skipstjóra skipsins formlega að honum beri að afstýra þeirri ógn sem steðjar að umhverfinu eða öryggi á sjó;

c) sent matshóp um borð í skipið í því skyni að meta hættuna, aðstoða skipstjórann við að finna úrræði og upplýsa lögbæra strandstöð um gang mála;

d) fyrirskipað skipstjóranum að leita skipaafdreps ef um yfirvofandi hættu er að ræða, fá hafnsögumann um borð eða láta taka skipið í tog.

([1]) Stjtíð. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81.

1083. Tillaga til þingsályktunar [667. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið

fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum.

Með tilskipun 2001/37/EB frá Evrópuþinginu og ráði Evrópusambandsins frá 5. júní 2001, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum, voru felldar úr gildi tilskipanir 89/622/EBE og 90/239/EBE. Báðar voru þær um slíka samræmingu, hin fyrri varðandi merkingu tóbaksvarnings, hin síðari um leyfilegt hámark tjöru sem sígarettur mega gefa frá sér.

Í forsendum tilskipunarinnar er bent á nauðsyn þess að ryðja úr vegi viðskiptahindunum á innri markaði sambandsins vegna mismunandi ákvæða í aðildarríkjunum varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum. Með það að markmiði þurfi að setja um þessi mál sameiginlegar reglur þar sem aðildarríkin geti, við sérstakar aðstæður, gert þær kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja heilsuvernd. Orðrétt segir: „Gera skal kröfu um vernd á háu stigi að því er varðar heilbrigði, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd, í samræmi við 3. mgr. 95. gr. sáttmálans þar sem sérstaklega er tekið tillit til nýrra framfara sem byggjast á vísindalegum staðreyndum. Þar sem áhrif tóbaks eru sérstaklega skaðleg skal heilsuvernd hafa forgang í þessu samhengi.“

Nýja tilskipunin sameinar svið beggja fyrrgreindra tilskipana og felur í sér verulegar breytingar og nýmæli. Ákvæði hennar lúta einkum að þrennu:

Í fyrsta lagi eru ný ákvæði um viðvaranir um skaðsemi tóbaks og aðrar upplýsingar á tóbaksvörupökkum. Fela þau m.a. í sér að reitir fyrir viðvaranir stækka mikið frá því sem nú

er krafist og skýr fyrirmæli um hönnun og útlit þessara merkinga. Einnig er kveðið á um bann við að hafa tiltekin heiti og tákn á umbúðum tóbaksvöru sem gefa í skyn að tiltekinn tóbaksvarningur sé skaðminni en annað tóbak.

Í öðru lagi eru nú gerðar veigamiklar kröfur varðandi upplýsingar um efni í tóbaksvöru (innihaldsefni) og lýsingar á vörunni. Má krefja framleiðendur eða innflytjendur um að gera ýmsar prófanir sem lögbær innlend yfirvöld kveða á um til þess að meta magn efna sem tóbaksvörur gefa frá sér og til að meta áhrif þeirra á heilsuna. Gert er skylt að krefja þessa aðila um skrár yfir öll innihaldsefni sem notuð eru við framleiðslu tóbaksvara þeirra og því ítarlega lýst hvernig sú skrá skuli úr garði gerð. Heilbrigðisyfirvöldum er heimilað að krefjast upplýsinga og rannsókna samkvæmt framansögðu.

Í þriðja lagi er sett hámark, ekki aðeins á tjöru (10 mg) heldur einnig nikótín (1 mg) og kolsýring (10 mg) sem sígarettur mega gefa frá sér.

Tilskipunin í heild og lögleiðing hennar hér horfir til þess að efla tóbaksvarnir á Íslandi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 10/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ([2]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

3) Tilskipun 2001/37/EB fellir úr gildi tilskipanir 89/622/EBE ([1]) og 90/239/EBE ([2]) sem eru hluti af samningnum og ber því að fella þær brott úr honum.

4) Noregur skal viðhalda aðlögunarlið sínum við tilskipun 89/622/EBE.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XXV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 2. lið (tilskipun ráðsins 90/239/EBE):

„3. **32001 L 0037:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum (Stjtíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Bannið í 8. gr. tilskipunarinnar gildir ekki um markaðssetningu í Noregi á framleiðsluvörunni sem er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. Þessi undanþága gildir þó ekki um bann við sölu „snúss“ í formi sem svipar til matvæla. Þá skal Noregur banna útflutning á framleiðsluvörunni sem er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. til allra aðilanna að þessum samningi, að Svíþjóð undanskilinni.“

2. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/622/EBE) og 2. liðar (tilskipun ráðsins 90/239/EBE) falli brott.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/37/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

([1]) Stjtíð. EB L 359, 8.12.1989, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 137, 30.5.1990, bls. 36.
(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/37/EB

frá 5. júní 2001

um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr. og 133. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 5. apríl 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 89/622/EBE frá 13. nóvember 1989 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi merkingar á tóbaksvörum og bann við markaðssetningu tiltekinna tegunda munntóbaks ([5]) var breytt verulega með tilskipun 92/41/EBE ([6]). Þar sem gera á frekari breytingar á þessari tilskipun og einnig á tilskipun ráðsins 90/239/EBE frá 17. maí 1990 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi hámarksmagn tjöru sem vindlingar mega innihalda ([7]) skal til glöggvunar endursemja þessar tilskipanir.

2) Enn er töluverður mismunur á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum sem hindrar að hinn innri markaður starfi sem skyldi.

([1]) Stjtíð. EB C 150 E, 30.5.2000, bls. 43 og Stjtíð. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 177.
([2]) Stjtíð. EB C 140, 18.5.2000, bls. 24.
([3]) Stjtíð. EB C 226, 8.8.2000, bls. 5.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 14. júní 2000 (Stjtíð. EB C 67, 1.3.2001, bls. 150). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 31. júlí 2000 (Stjtíð. EB C 300, 20.10.2000, bls. 49.) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. maí 2001 og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2001.
([5]) Stjtíð. EB L 359, 8.12.1989, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 158, 11.6.1992, bls. 30.
([7]) Stjtíð. EB L 137, 30.5.1990, bls. 36.

3) Ryðja skal þessum hindrunum úr vegi og með það að markmiði skal setja sameiginlegar reglur um framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum þar sem aðildarríkin geta, við sérstakar aðstæður, gert þær kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja heilsuvernd einstaklinga.

4) Gera skal kröfu um vernd á háu stigi að því er varðar heilbrigði, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd, í samræmi við 3. mgr. 95. gr. sáttmálans þar sem sérstaklega er tekið tillit til nýrra framfara sem byggjast á vísindalegum staðreyndum. Þar sem áhrif tóbaks eru sérstaklega skaðleg skal heilsuvernd hafa forgang í þessu samhengi.

5) Í tilskipun 90/239/EBE var sett ákvæði um það hve mikla tjöru vindlingar, sem eru markaðssettir í aðildarríkjunum, mega gefa frá sér og gildir það frá og með 31. desember 1992. Nauðsynlegt er að minnka enn frekar magn tjöru í vindlingum vegna krabbameinsvaldandi áhrifa hennar.

6) Í tilskipun 89/622/EBE voru sett ákvæði um almenna viðvörun sem einingarpakkar fyrir hvers kyns tóbaksvörur skulu bera svo og um viðbótarviðvaranir einungis fyrir vindlinga og frá 1992 var krafan um viðbótarviðvaranir látin ná til annarra tóbaksvara.

7) Nokkur aðildarríki hafa bent á að ef bandalagið samþykkir ekki ráðstafanir til að ákvarða hámarksmagn kolsýrings sem vindlingar mega gefa frá sér muni þau samþykkja slíkar ráðstafanir á landsvísu. Mismunur á reglum um kolsýring getur leitt til viðskiptahindrana og hindrað að hinn innri markaður starfi sem skyldi. Þar að auki hefur verið sýnt fram á að vindlingar gefa frá sér svo mikinn kolsýring að það veldur heilsufarshættu og getur stuðlað að hjartasjúkdómum og öðrum kvillum.

8) Við endurskoðun rammaákvæða er nauðsynlegt að meta staðhæfingar sem byggjast á þeim rökum að tóbaksvörur séu framleiddar og/eða markaðssettar með það að markmiði „að draga úr áhættu“ eða þeirri staðhæfingu framleiðenda að dregið hafi verið úr þeim skaða sem þær geta valdið.

9) Mismunur er á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um hámarksmagn nikótíns sem vindlingar mega gefa frá sér. Þessi mismunur getur leitt til viðskiptahindrana og hamlað því að hinn innri markaður starfi sem skyldi. Nokkur aðildarríki og yfirvöld á sviði vísinda hafa bent á sérstök vandamál á sviði almannaheilbrigðis þar sem samræming hefur þegar átt sér stað og framkvæmdastjórnin hefur skoðað.

10) Þessum hindrunum skal þar af leiðandi ryðja úr vegi og með það að markmiði skal setja sameiginlegar reglur um merkingar vegna frjálsra flutninga, markaðssetningar og framleiðslu vindlinga, ekki einungis varðandi tjöru heldur einnig varðandi hámarksmagn nikótíns og kolsýrings.

11) Þessi tilskipun mun einnig hafa afleiðingar fyrir tóbaksvörur sem eru fluttar út frá Evrópubandalaginu. Fyrirkomulag útflutningsins er hluti af sameiginlegu verslunarstefnunni. Kröfur um heilsuvernd eiga, samkvæmt 1. mgr. 152. gr. sáttmálans, og ásamt dómafordæmum dómstóls Evrópubandalaganna, að mynda sameiginlegan hluta af annarri stefnu bandalagsins. Samþykkja skal reglur til að tryggja að ekki verði grafið undan ákvæðum um hinn innri markað.

12) Ákvæði þessarar tilskipunar eru með fyrirvara um löggjöf bandalagsins um notkun og merkingar erfðabreyttra örvera.

13) Alþjóðlegir staðlar sem gilda um tóbaksvörur eru eitt viðfangsefnanna í samningaviðræðum um drög að rammasamningi Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir.

14) Þegar mæla á hve mikla tjöru, nikótín og kolsýring vindlingar gefa frá sér skal vísa til ISO-staðla 4387, 10315 og 8454 sem eru einu viðurkenndu alþjóðlegu staðlarnir þar að lútandi, en þar kemur fram að síðari rannsóknir og tækniþróun ættu að gera kleift að þróa og nota nákvæmari og áreiðanlegri aðferðir við að mæla innihald vindlinga og að þróa mæliaðferðir fyrir aðrar tóbaksvörur.

15) Ekki liggja fyrir neinir alþjóðlega samþykktir staðlar eða prófanir til að mæla og meta magn annarra efnisþátta í vindlingareyk en tjöru, nikótíns og kolsýrings. Því er þörf á málsmeðferð til að semja slíka staðla í samráði við Alþjóðlegu staðlasamtökin.

16) Af sérstökum félagslegum og efnahagslegum ástæðum var Grikklandi, með tilskipun 90/239/

EBE, veitt undanþága frá tímamörkunum til að framfylgja ákvæðum um hámarksmagn tjöru. Sú undantekning skal gilda eins og tilskilið var.

17) Beiting ákvæða um hámarksmagn tjöru, nikótíns og kolsýrings í vindlingum sem fluttir eru út skal heyra undir bráðabirgðafyrirkomulag svo að lengri tími vinnist til að breyta vöruforskriftum og semja alþjóðlega viðurkennda staðla.

18) Kveða skal á um aðlögunartímabil í tengslum við önnur ákvæði þessarar tilskipunar til að hægt sé að gera nauðsynlegar breytingar á framleiðslu og ráðstafa vörubirgðum, einkum að því er varðar aðrar vörur en vindlinga. Leyfa skal notkun merkimiða sem ekki er hægt að fjarlægja til að auðvelda framkvæmd krafna um merkingu í þessari tilskipun.

19) Framsetning viðvarana og innihaldsupplýsinga er enn breytileg í mismunandi aðildarríkjum. Neytendur í einu aðildarríki gætu þar af leiðandi verið betur upplýstir um áhættu tengda tóbaksvörum en neytendur í öðru aðildarríki. Slíkur mismunur er óviðunandi og getur leitt til viðskiptahindrana og hindrað að hinn innri markaður með tóbaksvörur starfi sem skyldi og því skal hann afnuminn. Í því skyni er nauðsynlegt að herða gildandi löggjöf og gera hana skýrari og tryggja með því heilsuvernd á háu stigi.

20) Kveða skal á um að merkja skuli allar lotur af tóbaksvörum þannig að hægt sé að rekja slóð þeirra og hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

21) Meta skal beinan og óbeinan félagshagfræðilegan kostnað af beinum og óbeinum reykingum með reglulegu millibili og þeim upplýsingum skal komið á framfæri við almenning innan ramma viðeigandi bandalagsáætlana.

22) Aðstæður í aðildarríkjunum eru mismunandi að því er varðar innihaldsefni og aukefni sem eru notuð við framleiðslu á tóbaksvörum. Í allmörgum aðildarríkjum er hvorki til löggjöf né frjálsir samningar um þessi efni. Allmörg aðildarríki þar sem slík löggjöf eða frjálsir samningar eru fyrir hendi fá engar upplýsingar frá tóbaksframleiðendum um það magn innihaldsefna og aukefna sem eru til staðar í tilteknum tóbaksvörum eftir vöruheitum. Nauðsynlegt er að samræma ráðstafanirnar sem er beitt á þessu sviði svo það leiði til aukins gagnsæis.

23) Ónógar upplýsingar og skortur á eiturefnafræðilegum gögnum kemur í veg fyrir að viðkomandi yfirvöld í aðildarríkjunum geti metið á markvissan hátt eiturhrif tóbaksvara og heilsufarshættuna sem neytendum stafar af þeim. Þetta samræmist ekki þeirri skyldu bandalagsins að tryggja heilsuvernd á háu stigi.

24) Aðildarríkjunum skal vera mögulegt að samþykkja strangari reglur varðandi tóbaksvörur sem þau telja nauðsynlegar til að vernda almannaheilbrigði, að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bág við reglurnar í tilskipuninni og samræmast ákvæðum sáttmálans.

25) Uns lokið er við að setja saman sameiginlega skrá yfir innihaldsefni sem um getur í 12. gr. mega aðildarríki kveða á um bann við notkun innihaldsefna sem auka áhrif ávanabindandi eiginleika tóbaksvara þar sem notkun slíkra innihaldsefna getur grafið undan ákvæði þessarar tilskipunar um hámarksmagn nikótíns.

26) Sýnt hefur verið fram á að þegar tóbaksvörur brenna innihalda þær og gefa frá sér mörg skaðvænleg efni og þekkta krabbameinsvalda sem eru hættuleg heilsu manna. Á síðari árum hefur einnig verið sýnt fram á að óbeinar reykingar eru hættulegar, einkum fyrir fóstur og ungbörn, og að þær geta valdið öndunarfærasjúkdómum eða orðið til þess að þeir ágerast hjá þeim sem anda að sér reyk. Þar að auki eru 80% af þeim sem byrja að reykja í bandalaginu yngri en 18 ára. Tryggja skal að vöruupplýsingar séu eins gagnsæjar og unnt er en samtímis skal sjá til þess að viðeigandi tillit sé tekið til viðskiptahagsmuna og hugverkaréttinda tóbaksframleiðanda.

27) Notkun tiltekinna áletrana á umbúðum tóbaksvara, eins og „lítil tjara“, „veikar“, „mjög veikar“, „mildar“, heita, mynda, skýringamynda eða annarra tákna, getur blekkt neytandann og fengið hann til að halda að slíkar vörur séu ekki eins hættulegar og þar með breytt neysluvenjum hans. Reykingavenjur og fíkn, en ekki einungis það hve mikið er af tilteknum efnum í vörunni fyrir neyslu, ákvarða einnig það magn efna sem andað er að sér. Þessi staðreynd endurspeglast ekki í notkun áðurnefndra áletrana og getur þannig grafið undan kröfum um

merkingar sem gerðar eru í þessari tilskipun. Til að tryggja að hinn innri markaður starfi sem skyldi og að teknu tilliti til þróunar alþjóðlegra reglna sem fyrirhugað er að setja að þessu lútandi, skal kveða á um bann við notkun slíkra áletrana í bandalaginu og veita nægilegan tíma til að innleiða þessar reglur.

28) Með tilskipun 89/622/EBE er bannað að selja tilteknar tegundir munntóbaks í aðildarríkjunum. Konungsríkinu Svíþjóð er veitt undanþága frá ákvæðum þessarar tilskipunar þar að lútandi samkvæmt 151. gr. í lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar.

29) Framfarir í tækni og vísindum að því er varðar tóbaksvörur kalla á að ákvæði þessarar reglugerðar og beiting þeirra í aðildarríkjunum sé endurskoðuð með reglubundnum hætti. Í þessu skyni er rétt að kveða á um málsmeðferð þar sem framkvæmdastjórnin semur skýrslur með reglulegu millibili studdar vísindalegum og tæknilegum gögnum. Í þessu samhengi skal skoða tiltekin gögn af sérstakri athygli.

30) Í tengslum við ákvörðun hámarksmagns er þörf á að skoða annars vegar hvort ráðlegt sé síðar meir að lækka þetta hámark, og einkum hvort tengsl séu á milli mismunandi magns og þá hver þau eru, og hins vegar hvort rétt væri að semja staðla um aðrar vörur en vindlinga, einkum vafningstóbak.

31) Nauðsynlegt er að þróa aðferðir við staðlasetningu og mælingar í bandalaginu að því er varðar aðrar tóbaksvörur en vindlinga og fara skal fram á það við framkvæmdastjórnina að hún leggi fram viðeigandi tillögur þar að lútandi.

32) Að því er varðar önnur innihaldsefni, þar með talin aukefni, ber að skoða þann möguleika að setja saman sameiginlega skrá í því skyni að vinna að samræmingu síðar.

33) Stærð hins innri markaðar fyrir tóbaksvörur og aukin tilhneiging tóbaksframleiðenda til að safna framleiðslu alls bandalagsins í einungis fáar framleiðslustöðvar í aðildarríkjunum krefst lagasetningar í bandalaginu fremur en á landsvísu til að hinn innri markaður fyrir tóbaksvörur geti starfað sem skyldi.

34) Árið 2002 ([1]) leggur framkvæmdastjórnin skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig sameiginlegri skipulagningu markaðarins fyrir hrátóbak skuli háttað. Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt að í þeirri skýrslu verði fjallað um hvernig fella megi almannaheilbrigðissjónarmið, þ.m.t. staðla sem settir eru í þessari tilskipun, að öðrum stefnumálum bandalagsins, í samræmi við 152. gr. sáttmálans.

35) Við framkvæmd þessarar tilskipunar skal kveða á um að fastsetja tímamörk sem gera kleift annars vegar að ljúka að fullu við þá breytingu sem hófst með tilskipun 90/239/EBE og hins vegar að neytendur og framleiðendur lagi sig að vörum sem innihalda minna af tjöru, nikótíni og kolsýringi.

36) Samþykkja skal ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að framkvæma þessa tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð þess framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

37) Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á tímamörkin sem aðildarríkjunum eru ætluð til að lögleiða og framkvæma tilskipanirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um hámarksmagn tjöru, nikótíns og kolsýrings sem vindlingar mega gefa frá sér og viðvaranir er varða heilsufarsleg atriði og aðrar upplýsingar á einingarpökkum sem innihalda tóbaksvörur svo og tilteknar ráðstafanir sem varða innihaldsefni og lýsingu á tóbaksvörum þar sem tekið er mið af heilsuvernd á háu stigi.

([1]) Ákvæði 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2075/92 frá 30. júní 1992 um sameiginlega skipulagningu markaðar fyrir hrátóbak (Stjtíð. EB L 215, 30.7.1992, bls. 70), eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1636/98 frá 20. júlí 1998 (Stjtíð. EB L 210, 28.7.1998, bls. 23).

([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „tóbaksvörur“: vörur sem á að reykja, soga að sér, sjúga eða tyggja svo framarlega sem þær eru úr tóbaki, jafnvel að hluta til, hvort sem tóbakinu hefur verið erfðabreytt eða ekki;

2) „tjara“: hrá þétting tóbaksreyks, vatnsfirrt og nikótínlaus;

3) „nikótín“: nikótínbeyskjuefni;

4) „munntóbak“: allar vörur til töku í munn, gerðar að öllu leyti eða hluta til úr tóbaki, í formi dufts eða fíngerðra agna eða samsettar úr þessum formum, einkum þær sem eru í smápokum eða grópbréfum eða í formi sem minnir á matvæli, nema þær vörur sem ætlaðar eru til reykinga eða eru tuggðar;

5) „innihaldsefni“: öll efni eða efnisþættir, nema tóbakslauf og aðrir náttúrulegir eða óunnir hlutar tóbaksplöntunnar, sem eru notaðir við framleiðslu eða tilreiðslu á tóbaksvöru og er enn að finna í fullunnu vörunni, jafnvel þó í breyttu formi sé, þar með talið pappír, síur, blek og lím.

3. gr.

Vindlingar: hámarksmagn tjöru, níkótíns og kolsýrings

1. Frá og með 1. janúar 2004 skulu vindlingar sem eru markaðssettir í aðildarríkjunum ekki gefa frá sér meira en:

— 10 mg af tjöru á hvern vindling,

— 1 mg af nikótíni á hvern vindling,

— 10 mg af kolsýringi á hvern vindling.

2. Þrátt fyrir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr., geta aðildarríkin, að því er varðar vindlinga sem eru framleiddir í Evrópubandlaginu en fluttir út þaðan, beitt ákvæðunum um hámarksmagn sem mælt er fyrir um í þessari grein frá 1. janúar 2005 en skulu í síðasta lagi gera það 1. janúar 2007.

3. Að því er varðar Grikkland, sem hefur fengið tímabundna undanþágu, skal gildistökudagur hámarksmagns tjöru í vindlingum sem eru framleiddir og markaðssettir innanlands, sem um getur í 1. mgr., vera 1. janúar 2007.

4. gr.

Mæliaðferðir

1. Mæla skal magn tjöru, niktótíns og kolsýrings sem vindlingar gefa frá sér samkvæmt ISO-stöðlum 4387 fyrir tjöru, 10315 fyrir nikótín og 8454 fyrir kolsýring.

Sannprófa skal nákvæmni upplýsinga á pökkum um tjöru og nikótín í samræmi við ISO-staðal 8243.

2. Prófanir sem um getur í 1. mgr. skulu framkvæmdar eða sannreyndar á prófunarstofum sem eru samþykktar og undir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir samþykktar rannsóknarstofur í síðasta lagi 30. september 2002 þar sem greint er nákvæmlega frá viðmiðunum sem eru notaðar fyrir samþykki og aðferðum sem eru notaðar við eftirlit.

3. Aðildarríkin geta einnig krafist þess af tóbaksframleiðendum eða innflytjendum að þeir framkvæmi ýmsar aðrar prófanir sem lögbær innlend yfirvöld kveða á um til þess að meta magn annarra efna sem tóbaksvörur gefa frá sér eftir vörumerki og tegund og til að meta áhrif þessara efna á heilsuna, m.a. að teknu tilliti til ávanabindandi áhrifa þeirra. Aðildarríkin geta einnig krafist þess að slíkar prófanir verði framkvæmdar eða sannreyndar í viðurkenndum prófunarstofum eins og mælt er fyrir um í 2. mgr.

4. Niðurstöður prófana, sem eru framkvæmdar í samræmi við 3. mgr., skulu sendar árlega til viðkomandi innlendra yfirvalda. Aðildarríkin geta kveðið á um að lengri tími líði á milli birtinga á niðurstöðum prófana ef vörulýsingu hefur ekki verið breytt. Tilkynna skal aðildarríkjunum um breytingar á slíkum vörulýsingum. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingum, sem lagðar eru fram í samræmi við þessa grein, skuli dreift á viðhlítandi hátt í því skyni að upplýsa neytendur og, þar sem við á, skal tekið tillit til allra upplýsinga sem eru viðskiptaleyndarmál.

5. Aðildarríkin skulu árlega senda framkvæmdastjórninni öll gögn og upplýsingar sem lagðar eru fram samkvæmt þessari grein og skal tekið tillit til þeirra við gerð skýrslunnar sem um getur í 11. gr.

5. gr.

Vörumerking

1. Magn tjöru, nikótíns og kolsýrings sem vindlingar gefa frá sér, mælt samkvæmt 4. gr., skal prentað á eina hlið vindlingapakkans á opinberu tungumáli eða tungumálum í aðildarríkinu þar sem varan er markaðssett og þekja að minnsta kosti 10% af hliðarfletinum.

Hækka skal hlutfallið upp í 12% í aðildarríkjum þar sem eru tvö opinber tungumál og upp í 15% í aðildarríkjum þar sem eru þrjú opinber tungumál.

2. Á sérhverjum einingarpakka sem inniheldur tóbaksvörur, nema munntóbak og aðrar reyklausar tóbaksvörur, skulu vera eftirfarandi viðvaranir:

a) almennar viðvaranir:

1. „Reykingar valda dauða/Reykingar geta valdið dauða," eða

2. „Reykingar eru mjög skaðlegar fyrir þig og þá sem eru nálægt þér."

Almennu viðvaranirnar, sem um getur hér að framan, skulu notaðar til skiptis og þannig að þær birtist með reglubundnum hætti. Viðvörunin skal prentuð á þann flöt einingarpakkans sem er mest áberandi og á allar ytri umbúðir að undanskildum gagnsæjum umbúðum sem eru notaðar í smásölu á vörunni; og

b) viðbótarviðvörun úr skránni í I. viðauka.

Viðbótarviðvaranirnar, sem um getur hér að framan, skulu notaðar til skiptis og þannig að tryggt sé að þær birtist með reglubundnum hætti.

Viðvörunin skal prentuð á hinn flöt einingarpakkans sem er mest áberandi og á allar ytri umbúðir að undanskildum gagnsæjum umbúðum sem eru notaðar í smásölu á vörunni. Aðildarríkin geta ákvarðað hvar á þessa fleti pakkans viðvaranirnar skuli prentaðar til að laga sig að kröfum tungumáls.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 31. desember 2002, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr., samþykkja reglur um notkun litmynda eða annarra skýringamynda til að lýsa og skýra frá hvaða afleiðingar reykingar hafa fyrir heilsuna í því skyni að tryggja að ekki sé grafið undan ákvæðum um hinn innri markað.

Ef aðildarríki fara fram á að notaðar verði viðbótarviðvaranir í formi litmynda eða annarra skýringamynda skulu þær vera í samræmi við framangreindar reglur.

4. Munntóbak, þar sem markaðssetning þess er leyfð samkvæmt 8. gr., svo og reyklaust tóbak skal bera eftirfarandi viðvörun.

„Þessi tóbaksvara getur skaðað heilsuna og er ávanabindandi."

Þessi viðvörun skal prentuð á þann flöt einingarpakkans sem er mest áberandi og á allar ytri umbúðir að undanskildum gagnsæjum umbúðum sem eru notaðar í smásölu á vörunni.

Aðildarríkin geta ákvarðað hvar á þennan flöt pakkans viðvaranirnar skuli prentaðar til að laga sig að kröfum tungumáls.

5. Hin almenna viðvörun sem krafist er samkvæmt a-lið 2. mgr. og viðvörun á reyklausu tóbaki og munntóbaki, sem um getur í 4. mgr., skal þekja að minnsta kosti 30% af yfirborði þess flatar tóbakspakkans sem hún er prentuð á. Hækka skal hlutfallið upp í 32% í aðildarríkjum þar sem eru tvö opinber tungumál og upp í 35% í aðildarríkjum þar sem eru þrjú opinber tungumál. Viðbótarviðvörunin, sem krafist er samkvæmt b-lið 2. mgr., skal þekja að minnsta kosti 40% af yfirborði þess flatar tóbakspakkans sem hún er prentuð á. Hækka skal hlutfallið upp í 45% í aðildarríkjum þar sem eru tvö opinber tungumál og upp í 50% í aðildarríkjum þar sem eru þrjú opinber tungumál.

Þegar um er að ræða einingarpakka sem innihalda aðrar vörur en vindlinga og sá flötur pakkans sem er mest áberandi er stærri en 75 cm2 skulu viðvaranirnar, sem um getur í 2. mgr., þekja að minnsta kosti 22,5 cm2 af hvorum fleti. Hækka skal hlutfallið upp í 24 cm2 í aðildarríkjum þar sem eru tvö opinber tungumál og í 26,25 cm2 í aðildarríkjum þar sem eru þrjú opinber tungumál.

6. Viðvörunartexti og upplýsingar um innihald sem krafist er samkvæmt þessari grein skulu vera:

a) prentaðar með svörtu Helvetica-feitletri á hvítum grunni. Aðildarríkin skulu hafa rétt á að fara að þörfum tungumálsins og ákveða sjálf punktastærð letursins, að því tilskildu að leturstærðin

sem tilgreind er í löggjöf þeirra sé þannig að hún fylli út í eins stóran hluta flatarins og mögulegt er sem ætlaður er fyrir tilskilinn texta;

b) með lágstöfum nema upphafsstafur textans og þar sem stafsetningarreglur mæla fyrir um annað;

c) í miðju flatarins þar sem á að prenta textann, samsíða efstu brún pakkans;

d) fyrir aðrar vörur en þær sem um getur í 4. mgr., umkringd svartri rönd sem skal minnst vera 3 mm og mest 4 mm á breidd og ekki trufla á neinn hátt viðvörunartextann eða upplýsingarnar;

e) á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem varan er markaðssett.

7. Bannað er að prenta textann, sem um getur í þessari grein, á tollborða einingarpakkanna. Textarnir skulu prentaðir þannig að ekki sé hægt að fjarlægja þá eða afmá og óheimilt er að hylja þá, skyggja á þá eða brengla með öðru rituðu eða myndrænu efni eða með því að opna pakkann. Þegar um er að ræða aðrar tóbaksvörur en vindlinga er heimilt að setja textann á með límmiðum að því tilskildu að ekki sé hægt að losa þá af pökkunum.

8. Aðildarríkin geta mælt fyrir um að viðvörunum, sem um getur í 2. mgr. og 4. mgr., skuli fylgja tilvísun fyrir utan viðvörunarrammann sem upplýsir frá hvaða yfirvaldi viðvaranirnar eru komnar.

9. Til að hægt sé að staðfesta uppruna vörunnar og rekja slóð hennar skal hún merkt á viðhlítandi hátt með lotunúmeri eða öðru sambærilegu á einingarpakkanum sem gerir kleift að ákvarða hvar og hvenær varan var framleidd.

Samþykkja skal tækniráðstafanir til að beita þessu ákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr.

6. gr.

Frekari vöruupplýsingar

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara leggi fram skrá yfir öll innihaldsefni, ásamt magni þeirra, sem eru notuð við framleiðslu á þessum tóbaksvörum, eftir vöruheiti og tegund. Þessari skrá skal fylgja yfirlýsing þar sem greint er frá ástæðum fyrir því að viðkomandi innihaldsefnum er bætt í þessar tóbaksvörur. Þar skal tilgreind virkni innihaldsefnanna og flokkun þeirra. Skránni skulu einnig fylgja eiturefnafræðilegar upplýsingar sem framleiðandinn eða innflytjandinn hefur aðgang að um innihaldsefnin, í brunni eða óbrunnu formi, eftir því sem við á, einkum að því er varðar áhrif þeirra á heilsu, að teknu tilliti m.a. til allra ávanabindandi áhrifa þeirra. Í skránni er innihaldsefnum vörunnar raðað eftir þyngd.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgreininni skulu lagðar fram árlega, í fyrsta sinn eigi síðar en 31. desember 2002.

2. Aðildarríkin skulu tryggja á viðhlítandi hátt miðlun þeirra upplýsinga sem veittar eru í samræmi við þessa grein í því skyni að fræða neytendur. Samt sem áður skal tekið viðeigandi tillit til verndunar upplýsinga um sérstakar framleiðsluaðferðir sem eru viðskiptaleyndarmál.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að almenningur hafi aðgang að skránni yfir innihaldsefni hverrar vöru, þar sem fram kemur hve mikla tjöru, nikótín og kolsýring hún gefur frá sér.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni árlega öll gögn og upplýsingar sem lagðar eru fram samkvæmt þessari grein og tekur hún mið af þeim við gerð skýrslunnar sem um getur í 11. gr.

7. gr.

Vörulýsingar

Frá og með 30. september 2003 og þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. skulu textar, heiti, vörumerki, myndir og myndræn eða annars konar tákn, sem gefa í skyn að tilteknar tóbaksvörur séu ekki eins skaðlegar og aðrar, ekki notaðar á umbúðir tóbaksvara.

8. gr.

Munntóbak

Aðildarríkin skulu banna markaðssetningu munntóbaks, þrátt fyrir 151. gr. í lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar.

9. gr.

Aðlögun

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr., laga eftirfarandi atriði að vísinda- og tækniframförum:

a) mæliaðferðir, sem mælt er fyrir um í 4. gr., og skilgreiningar þar að lútandi;

b) viðvaranir sem birta skal á einingarpökkum fyrir tóbaksvörur, eins og fram kemur í I. viðauka, og hversu oft á að skipta um þær;

c) merkingar tóbaksvara til að bera kennsl á þær og rekja slóð þeirra.

10. gr.

Stjórnsýsluaðgerð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar greinar skulu 5. gr. og 7. gr ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

11. gr.

Skýrsla

Eigi síðar en 31. desember 2004 og síðan á tveggja ára fresti skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar.

Þegar gerð eru drög að skýrslunni, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal nefndin njóta aðstoðar sérfræðinga á sviði tækni og vísinda til að hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum.

Þegar fyrsta skýrslan er lögð fram skal framkvæmdastjórnin sérstaklega benda á þætti sem ber að endurskoða eða þróa í ljósi framfara á sviði tækni og vísinda, þar með talið þróun á alþjóðlega viðurkenndum reglum og stöðlum um vörur þar sem sérstaklega er gefinn gaumur að:

— þeim möguleika að draga úr hámarksmagninu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr.,

— hugsanlegum tengslum milli magns þeirra efna sem þar um ræðir,

— endurbótum á viðvörunum að því er varðar stærð, staðsetningu og orðalag,

— nýjum vísinda- og tækniupplýsingum varðandi merkingar og prentun ljósmynda eða annarra skýringamynda á vindlingapakka til að lýsa og skýra frá hvaða aðleiðingar reykingar hafa fyrir heilsuna,

— aðferðum við raunhæfara mat og eftirlit með eiturhrifum og skaða,

— mat á ávanabindandi áhrifum þeirra innihaldsefna sem auka fíkn,

— mat á tóbaksvörum sem kunna að geta dregið úr skaðanum,

— þróun staðlaðra prófunaraðferða til að mæla magn annarra efnisþátta í vindlingareyk en tjöru, nikótíns og kolsýrings,

— eiturefnafræðilegum gögnum sem framleiðendum ber láta af hendi um innihaldsefnin og með hvaða hætti þau skuli mæld til þess að opinber yfirvöld heilbrigðismála geti metið notkun þeirra,

— þróun staðla varðandi aðrar vörur en vindlinga, einkum vafningstóbak.

Í skýrslunni skulu einnig skoðuð tengslin á milli krafna um merkingar, sem mælt er fyrir um í 5. gr., og hegðunar neytenda. Þessari skýrslu skulu fylgja allar tillögur um breytingar á þessari tilskipun sem framkvæmdastjórnin álítur nauðsynlegar til að laga hana að þróun á sviði tóbaksvara að því marki sem nauðsynlegt er við stofnun og starfsemi hins innri markaðar og að teknu tilliti til nýjustu framfara sem byggjast á vísindalegum staðreyndum og þróunar alþjóðlegra viðurkenndra staðla um framleiðsluvörur.

12. gr.

Sameiginleg skrá yfir innihaldsefni

Innan ramma fyrstu skýrslunnar, sem um getur í 11. gr., og eigi síðar en 31. desember 2004 og með það fyrir augum að innri markaðurinn starfi sem skyldi er óskað eftir að framkvæmdastjórnin leggi fram tillögu á grundvelli upplýsinga sem kveðið er á um í 6. gr. þar sem kveðið er á um sameiginlega skrá yfir innihaldsefni sem heimilt er að nota í tóbaksvörur, að teknu tilliti m.a. til ávanabindandi áhrifa þeirra.

13. gr.

Innflutningur, sala og neysla tóbaksvara

1. Aðildarríkin mega ekki, af ástæðum sem varða hámarkmagn tjöru, nikótíns eða kolsýrings sem vindlingar mega gefa frá sér, viðvaranir og aðrar ábendingar eða aðrar kröfur þessarar tilskipunar banna eða takmarka innflutning, sölu eða neyslu tóbaksvara sem eru í samræmi við þessa tilskipun, að undanskildum ráðstöfunum sem gerðar eru í því

skyni að sannprófa upplýsingarnar sem kveðið er á um í 4. gr.

2. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til setja eða taka upp, í samræmi við sáttmálann, strangari reglur varðandi framleiðslu, innflutning, sölu og neyslu á tóbaksvörum sem þau álíta nauðsynlegar til að vernda almannaheilbrigði, að því tilskildu að reglurnar stangist ekki á við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

3. Uns lokið er við að setja saman almenna skrá yfir innihaldsefni sem um getur í 12. gr. mega aðildarríki kveða á um bann við notkun innihaldsefna sem auka áhrif ávanabindandi eiginleika tóbaksvara.

14. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um fyrstu málsgrein 15. gr., samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Halda má áfram að markaðssetja vörur sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar í eitt ár eftir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. má halda áfram að markaðssetja vörur, aðrar en vindlinga, sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar í tvö ár eftir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau hafa samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 89/622/EBE og 90/239/EBE eru hér með felldar úr gildi, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest um lögleiðingu og framkvæmd tilskipananna í II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í III. viðauka.

16. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi þann dag sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

17. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 5. júní 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	L. ENGQVIST
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Skrá yfir viðbótarviðvörunarmerkingar

(sem um getur í b-lið 2. mgr. 5. gr.)

1. Þeir sem reykja deyja fyrir aldur fram.
2. Reykingar stífla slagæðar og valda kransæðastíflu og heilablóðfalli.
3. Reykingar valda banvænu krabbameini í lungum.
4. Reykingar á meðgöngu skaða barnið þitt.
5. Verndaðu börnin — láttu þau ekki anda að sér tóbaksreyk.
6. Læknirinn þinn eða lyfjafræðingur geta hjálpað þér að hætta að reykja.
7. Reykingar eru mjög ávanabindandi, byrjaðu ekki að reykja.
8. Ef þú hættir að reykja dregur það úr líkum á banvænum hjarta- og lungnasjúkdómum.
9. Reykingar geta valdið hægfara og kvalafullum dauða.
10. Fáðu hjálp við að hætta að reykja (símanúmer/póstfang/netfang/ráðfærðu þig við lækni/lyfsala).
11. Reykingar geta dregið úr blóðflæði og valda getuleysi.

12. Reykingar flýta fyrir öldrun húðarinnar.
13. Reykingar geta skaðað sæði og draga úr frjósemi.
14. Tóbaksreykur inniheldur bensen, nítrósamín, formaldehýð og blásýru.

II. VIÐAUKI

Frestur til að lögleiða og framkvæma niðurfelldu tilskipanirnar

(sem um getur í 15. gr.)

Tilskipun	Frestir til lögleiðingar	Frestir til framkvæmdar
89/622/EBE (Stjtíð. EB L 359, 8.12.1989, bls. 1)	1. júlí 1990	31. desember 1991 31. desember 1992 31. desember 1993
90/239/EBE (Stjtíð. EB L 137, 30.5.1990, bls. 36)	18. nóvember 1991	31. desember 1992 (1) 31. desember 1997 (1) 31. desember 1992 (2) 31. desember 1998 (2) 31. desember 2000 (2) 31. desember 2006 (2)
92/41/EBE (Stjtíð. EB L 158, 11.6.1992, bls. 30)	1. júlí 1992	1. júlí 1992 1. janúar 1994 31. desember 1994

(1) Gildir um öll aðildarríki nema Grikkland.
(2) Undanþágan gildir aðeins um Grikkland.

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Þessi tilskipun	Tilskipuninni 89/622/EBE, var breytt með tilskipun 92/41/EBE	Tilskipun 90/239/EBE
1. gr.	1. gr.	1. gr.
1., 2. og 3. mgr. 2. gr.	1., 2. og 3. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
4. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.	
5. mgr. 2. gr.		
1. mgr. 3. gr.		2. mgr. 2. gr.
3. mgr. 3. gr.		3. mgr. 2. gr.
fyrsta undirgrein 1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 3. gr.	3. gr. og 4. gr.
önnur undirgrein 1. mgr. 4. gr.	2. mgr. 3. gr.	
2. til 5. mgr. 4. gr.		
1. mgr. 5. gr.	3. mgr. 3. gr.	
fyrsta undirgrein 2. mgr. 5. gr.	1. mgr. 4. gr.	
a-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr 5. gr.	I. viðauki	
b-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr.	a-liður 2a. mgr. 4. gr.	
önnur undirgrein 2. mgr. 5. gr.		
4. mgr. 5. gr.		
fyrsta undirgrein 5. mgr. 5. gr.	4. mgr. 4. gr.	
önnur undirgrein 5. mgr. 5. gr.	4. mgr. 4. gr.	
6. mgr. 5. gr.		
7. mgr 5. gr.	5. mgr. 4. gr.	
8. mgr. 5. gr.		
9. mgr. 5. gr.		
6. gr.		

Þessi tilskipun	Tilskipuninni 89/622/EBE, var breytt með tilskipun 92/41/EBE	Tilskipun 90/239/EBE
7. gr.		
8. gr.	a-liður 8. gr.	
9. gr.		
10. gr.		
11. gr.		
12. gr.		
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 7. gr.
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 7.gr.
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 14. gr.	1. mgr. 9. gr.	3. mgr. 8. gr.
15. gr.		
16. gr.		
17. gr.	10. gr.	9. gr.
I. viðauki	I. viðauki	
II. viðauki		
III. viðauki		

1084. Tillaga til þingsályktunar [668. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni, samræmir ákvæði um einkaleyfishæfi uppfinninga á þessu sviði. Með ákvæðum tilskipunarinnar

er skýrt nánar fyrir hverju er hægt að fá einkarétt á sviði líftækni. Með líftækni er átt við starfsemi þar sem notaðar eru örverur, dýra- eða plöntufrumur eða frumuhlutar (sérstaklega gen) til að framleiða afurðir eða umbreyta þeim, kynbæta plöntur eða dýr eða breyta örverum í hagnýtum tilgangi.

Til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar þarf að gera breytingar á ákvæðum í I. kafla einkaleyfalaganna. Í þeim ákvæðum er kveðið á um hvað geti fallið undir einkaleyfisvernd, hvað er undanskilið vernd, umfang verndarinnar og efni. Meðal annars er kveðið á um rétt bænda til að nýta einkaleyfaverndaðar uppfinningar (e. farmer's privilege), en uppfinningar á sviði líftækni hafa mikla sérstöðu því að þeim má oft fjölga með einföldum hætti.

Breytingarnar munu fela í sér mun skýrari ákvæði um hvað sé unnt að vernda á sviði líftækni. Þó er í raun ekki um breytingu á framkvæmd við veitingu einkaleyfa að ræða. Hin nýju ákvæði munu að mestu leyti vera í samræmi við framkvæmdina eins og hún er nú bæði hér og annars staðar á Norðurlöndum. Þá eru í tilskipuninni skýr ákvæði um að ekki megi veita einkaleyfi á aðferðum við að klóna menn eða breyta erfðaeiginleikum kynfrumna manna og einnig er bannað að veita einkaleyfi á notkun fósturvísa í hagnaðarskyni eða á öðrum uppfinningum sem stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði.

Einkaleyfalögin eru frá árinu 1991. Til grundvallar lögunum lágu einkaleyfalög annarra Norðurlanda sem eru frá 6. áratugnum. Eðli málsins samkvæmt er því ekki kveðið sérstaklega á um vernd uppfinninga á sviði líftækni í lögunum, enda hefur mikil þróun átt sér stað á þessu sviði síðustu ár.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002 frá 6. desember 2002 ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L .., .2003, bls. og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. ...2003, bls. .....

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni ([1]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun 98/44/EB byggir á skilgreiningu og tilvísun í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 ([2]) sem hefur ekki verið felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 9c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„9d. **398 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni (Stjtíð. EB L 213, 30.7.1998, bls. 13).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Með hliðsjón af einkaleyfasambandinu milli Liechtenstein og Sviss, skal Liechtenstein ekki tilkynna nein einkaleyfi samkvæmt þessari tilskipun.“

2. gr.

Texti tilskipunar 98/44/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

([1]) Stjtíð. EB L 213, 30.7.1998, bls. 13.
([2]) Stjtíð. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/44/EB

frá 6. júlí 1998

um lögvernd uppfinninga í líftækni

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Líftækni og erfðatækni gegna sífellt mikilvægara hlutverki í fjölda atvinnugreina og ekki leikur vafi á að vernd uppfinninga í líftækni mun hafa grundvallarþýðingu fyrir iðnþróun í bandalaginu.

2) Á sviði erfðatækni, rannsókna og þróunar verður einkum þörf fyrir umtalsverða áhættufjárfestingu en hún getur ekki orðið ábatasöm nema með viðunandi lögvernd.

3) Skilvirk og samræmd vernd í öllu bandalaginu er forsenda þess að unnt sé að viðhalda og stuðla að fjárfestingu í líftækni.

4) Í kjölfar þess að Evrópuþingið hafnaði sameiginlegum drögum sáttanefndarinnar að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögvernd uppfinninga í líftækni ([4]) hafa Evrópuþingið og ráðið ákveðið að nauðsynlegt sé að kveða skýrar á um lögvernd uppfinninga í líftækni.

5) Vernd uppfinninga í líftækni samkvæmt lögum og venjum er mismunandi eftir aðildarríkjum. Slíkur munur getur leitt til viðskiptahindrana og heft þannig eðlilega starfsemi innri markaðarins.

([1]) Stjtíð. EB C 296, 8.10.1996, bls. 4 og Stjtíð. EB C 311, 11.10.1997, bls. 12.
([2]) Stjtíð. EB C 295, 7.10.1996, bls. 11.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 16. júlí 1997 (Stjtíð. EB C 286, 22.9.1997, bls. 87). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. febrúar 1998 (Stjtíð. EB C 110, 8.4.1998, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. maí 1998 (Stjtíð. EB C 167, 1.6.1998). Ákvörðun ráðsins frá 16. júní 1998.

([4]) Stjtíð. EB C 68, 20.3.1995, bls. 26.

6) Þessi munur getur hæglega aukist eftir því sem aðildarríkin samþykkja ný og breytt lög, stjórnsýsluvenjur þeirra breytast eða túlkun dómstóla þeirra á slíkum lögum þróast á mismunandi hátt.

7) Ef lög aðildarríkjanna um vernd uppfinninga í líftækni í bandalaginu fá að þróast á ósamræmdan hátt getur það dregið enn frekar úr viðskiptum og haft skaðleg áhrif á þróun slíkra uppfinninga í iðnaði og hindrað snurðulausra starfsemi innri markaðarins.

8) Lögvernd uppfinninga í líftækni útheimtir ekki að sett verði sérstök lög sem komi í stað innlendra einkaleyfislaga. Ákvæði innlendra einkaleyfalaga verða áfram helsti grundvöllurinn fyrir lögvernd uppfinninga í líftækni að því gefnu að þeim verði breytt eða að bætt verði við þau ákveðnum atriðum til að taka nægilegt mið af þróun tækninnar á þeim sviðum þar sem líffræðilegt efni er notað en þó þannig að kröfum um einkaleyfishæfi sé fullnægt.

9) Í ákveðnum tilvikum, t.d. þegar plöntuyrki eða afbrigði dýra og aðferðir, sem eru aðallega líffræðilegar og notaðar til framleiðslu plantna eða dýra, teljast ekki einkaleyfishæf hafa tiltekin hugtök í innlendum lögum, sem byggjast á alþjóðasamningum um einkaleyfi og plöntuyrki, leitt til óvissu að því er varðar vernd líftæknilegra uppfinninga og tiltekinna, örverufræðilegra uppfinninga. Þörf er á samræmingu til að eyða þessari óvissu.

10) Taka ber tillit til þeirra möguleika, sem þróun líftækninnar felur í sér fyrir umhverfið, og einkum til nytsemi þessarar tækni við þróun hagkvæmari ræktunaraðferða sem hafa minni mengun og betri landnýtingu í för með sér. Nota ber einkaleyfakerfið til að hvetja til rannsókna og notkunar á slíkum aðferðum.

11) Þróun líftækninnar er mikilvæg fyrir þróunarlöndin, jafnt í heilbrigðismálum og baráttunni gegn alvarlegum farsóttum og landlægum sjúkdómum sem í baráttunni gegn hungri í heiminum. Einnig ber að nota einkaleyfakerfið til að hvetja til rannsókna á þessum sviðum. Stuðla ber að því að komið verði á alþjóðlegu fyrirkomulagi til útbreiðslu slíkrar tækni í þriðja heiminum sem komi íbúum þar til góða.

12) Samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPs-samningurinn) ([1]), sem Evrópubandalagið og aðildarríkin hafa undirritað, hefur öðlast gildi en þar er kveðið á um að tryggja skuli einkaleyfisvernd fyrir vörur og aðferðir á öllum tæknisviðum.

13) Takmarka má lagaramma bandalagsins um vernd uppfinninga í líftækni við setningu ákveðinna meginreglna um einkaleyfishæfi sjálfs líffræðilega efnisins enda sé markmiðið með meginreglunum einkum að ákveða muninn milli uppfinninga og uppgötvana í tengslum við einkaleyfishæfi tiltekinna hluta mannslíkamans. Enn fremur má takmarka gildissvið þeirrar verndar, sem fylgir einkaleyfi fyrir líftæknilegri uppfinningu, við réttinn til að nota varðveislukerfi auk skriflegra lýsinga og að lokum við möguleikann á að fá almennt nauðungarleyfi á þeirri forsendu að tiltekið plöntuyrki sé háð tiltekinni uppfinningu og öfugt.

14) Einkaleyfi fyrir uppfinningu veitir einkaleyfishafa ekki rétt til að hagnýta uppgötvunina heldur einungis rétt til að banna þriðju aðilum að hagnýta hana í iðnaði og viðskiptum. Þar af leiðandi geta efnisleg einkaleyfalög ekki komið í staðinn fyrir né vikið til hliðar innlendum, evrópskum eða alþjóðlegum lögum sem kunna að kveða á um takmarkanir eða bann eða taka til vöktunar á rannsóknum og notkun eða markaðssetningu niðurstaðna úr þeim, einkum með hliðsjón af kröfum vegna heilsuverndar, öryggis, umhverfisverndar, velferðar dýra, varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni og samræmis við tilteknar siðareglur.

15) Hvorki innlend né evrópsk einkaleyfalög (Münchenar-samningurinn) innihalda ákvæði um bann eða útilokun sem felur í sér að líffræðilegt efni sé fyrirfram ekki einkaleyfishæft.

16) Beita verður einkaleyfalögum þannig að fylgt sé grundvallarreglum um vernd mannlegrar reisnar og friðhelgi. Mikilvægt er að standa fast á meginreglunni um að veita ekki einkaleyfi fyrir mannslíkamanum á neinu þroskunarstigi hans, þ.m.t. kímfrumur, né fyrir það eitt að uppgötva einn hluta hans eða afurð, þ.m.t. kirnaröð eða hluta af kirnaröð gens. Þessar meginreglur eru í samræmi við viðmiðanir um

([1]) Stjtíð. EB L 336, 23.12.1994, bls. 213.

einkaleyfishæfi sem kveðið er á um í einkaleyfalögum en samkvæmt þeim er ekki hægt að veita einkaleyfi fyrir uppgötvunum einum.

17) Verulegar framfarir hafa orðið í meðferð sjúkdóma, þökk sé tilkomu lyfja sem unnin eru úr hlutum mannslíkamans sem eru einangraðir frá honum og/eða framleiddir á annan hátt enda eru þessi lyf fengin með tæknilegum aðferðum sem miðast við að fá fram og einangra hluta sem eru svipaðir að formgerð og þeir sem mannslíkaminn hefur frá náttúrunnar hendi. Því ber að beita einkaleyfakerfinu til að ýta undir rannsóknir sem beinast að því að fá fram þessa hluta og einangra þá.

18) Þar eð einkaleyfakerfið er ekki næg hvatning til að ýta undir rannsóknir og framleiðslu á líftæknilyfjum sem eru nauðsynleg til að vinna bug á fátíðum sjúkdómum er það skylda bandalagsins og aðildarríkjanna að finna fullnægjandi lausn á þessu vandamáli.

19) Tekið hefur verið tillit til álitsgerðar nr. 8 frá ráðgjafanefnd framkvæmdastjórnar EB um siðfræði í líftækni.

20) Það skal því koma skýrt fram að uppfinning, sem byggist á hluta mannslíkamans sem er einangraður frá honum eða framleiddur á annan hátt með tæknilegri aðferð og sem unnt er að hagnýta í iðnaði, telst einkaleyfishæf þótt formgerð hlutans sé sú sama og náttúrlega hlutans, að því gefnu að rétturinn, sem einkaleyfið veitir, nái ekki til mannslíkamans og hluta hans í náttúrlegu umhverfi sínu.

21) Slíkur hluti mannslíkamans, sem er einangraður frá honum eða framleiddur á annan hátt, er einkaleyfishæfur af því að hann er t.d. fenginn með tæknilegum aðferðum sem eru notaðar til að sanngreina hann, hreinsa og flokka og fjölfalda hann utan mannslíkamans, en allt er þetta tækni sem einungis menn geta beitt en ekki náttúran sjálf.

22) Deilt er um hvort veita eigi einkaleyfi fyrir kirnaröð eða hluta kirnaraðar gens. Samkvæmt þessari tilskipun skal veiting einkaleyfa fyrir uppfinningum sem varða slíkar kirnaraðir eða hluta kirnaraða háð sömu viðmiðunum um einkaleyfishæfi og gilda á öllum öðrum tæknisviðum, þ.e. viðmiðunum um nýnæmi, framlag til uppfinninga og hagnýtingu í iðnaði. Í einkaleyfisumsókninni skal tilgreina hvernig unnt er að hagnýta kirnaröð eða hluta kirnaraðar gens í iðnaði.

23) DNA-röð ein og sér, án upplýsinga um hvaða hlutverki hún á að gegna, inniheldur ekki tæknilegar upplýsingar og er því ekki einkaleyfishæf uppfinning.

24) Til að standast viðmiðunina um hagnýtingu í iðnaði, þegar notuð er kirnaröð eða hluti kirnaraðar gens til að framleiða prótín eða hluta prótíns, er nauðsynlegt að tilgreina hvaða prótín eða hluti prótíns er framleiddur eða hvaða hlutverki hann gegnir.

25) Þegar túlka á réttindin sem fylgja einkaleyfi fyrir kirnaröðum sem skarast einungis á þeim stöðum sem eru ekki mikilvægir fyrir uppgötvunina telst hver kirnaröð sjálfstæð röð samkvæmt einkaleyfalögum.

26) Ef uppfinning byggist á líffræðilegu efni og uppruni þess er mannslíkaminn eða ef slíkt efni er notað í uppfinningunni skal sá sem efnið er tekið úr hafa fengið tækifæri til að veita frjálst og óháð samþykki sitt fyrir því, í samræmi við innlend lög.

27) Ef uppfinning byggist á líffræðilegu efni úr plöntu- eða dýraríkinu eða ef slíkt efni er notað í uppfinningunni skal veita upplýsingar í einkaleyfisumsókninni um landfræðilegan uppruna efnisins, ef hann er þekktur. Þetta hefur ekki áhrif á afgreiðslu einkaleyfisumsókna né á gildi réttinda sem fylgja veittum einkaleyfum.

28) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á meginreglur núverandi einkaleyfalaga sem eru þær að veita megi einkaleyfi fyrir alla nýja notkun einkaleyfisverndaðrar vöru.

29) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á það að ekki má veita einkaleyfi fyrir plöntuyrkjum og dýraafbrigðum. Þó er heimilt er að veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem varða plöntur eða dýr ef tæknileg útfærsla uppfinningarinnar takmarkast ekki við ákveðið plöntuyrki eða dýraafbrigði.

30) Hugtakið „plöntuyrki“ er skilgreint í löggjöf um vernd nýrra yrkja en samkvæmt henni er yrki skilgreint út frá öllu genamengi sínu og hefur því sérkenni og er skýrt aðgreinanlegt frá öðrum yrkjum.

31) Plöntuhópur, sem einkennist af tilteknu geni (en ekki öllu genamengi sínu), fellur ekki undir vernd nýrra yrkja og er því einkaleyfishæfur þótt hann innihaldi ný plöntuyrki.

32) Ef uppfinning felst eingöngu í breytingu á erfðaefni tiltekins plöntuyrkis og ef nýtt plöntuyrki verður til er það samt ekki einkaleyfishæft þótt erfðabreytingin sé ekki fengin með aðferð, sem er aðallega líffræðileg, heldur með líftæknilegri aðferð.

33) Að því er varðar þessa tilskipun er nauðsynlegt að skilgreina hvenær aðferð til að framleiða plöntur og dýr er aðallega líffræðileg.

34) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á hugtökin uppfinning og uppgötvun eins og þau hafa þróast í innlendum, evrópskum eða alþjóðlegum lögum um einkaleyfi.

35) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði í innlendum einkaleyfalögum þess efnis að aðferðir við handlækningar, meðferð og sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum séu ekki einkaleyfishæfar.

36) Í samningnum um hugverkarétt í viðskiptum er gert ráð fyrir þeim möguleika að aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni geti synjað um einkaleyfi fyrir uppfinningum ef nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hagnýtingu þeirra í atvinnuskyni á yfirráðasvæði þeirra til að verja siðgæði og allsherjarreglu, þ.m.t. að vernda líf og heilbrigði manna, dýra og plantna eða koma í veg fyrir alvarleg áhrif á umhverfið, að því tilskildu að ekki sé synjað á þeirri forsendu einni að hagnýting sé bönnuð samkvæmt lögum þeirra.

37) Í þessari tilskipun skal enn fremur lögð áhersla á þá meginreglu að ekki skuli veita einkaleyfi fyrir uppfinningum ef hagnýting þeirra í atvinnuskyni stríðir gegn siðgæði eða allsherjarreglu.

38) Nauðsynlegt er að í ákvæðum þessarar tilskipunar sé leiðbeinandi skrá yfir uppfinningar til að gefa innlendum dómstólum og einkaleyfastofum almennar leiðbeiningar um hvernig beri að túlka tilvísunina í allsherjarreglu og siðgæði. Ljóst er að slík skrá getur aldrei verið tæmandi. Að sjálfsögðu er ekki veitt einkaleyfi fyrir aðferðum ef notkun þeirra stríðir gegn mannlegri reisn, svo sem aðferðum til að búa til blendinga úr kímfrumum eða alhæfum frumum manna og dýra.

39) Allsherjarregla og siðgæði svara einkum til siðareglna og siðgæðisreglna sem viðurkenndar eru í aðildarríki en einkum er mikilvægt að virða þær á sviði líftækni með hliðsjón af þeim víðtæku afleiðingum sem uppfinningar á þessu sviði geta haft og náttúrlegum tengslum þeirra við lifandi efni. Þessar siða- og siðgæðisreglur koma til viðbótar hefðbundinni, lagalegri umfjöllun á grundvelli einkaleyfalaga án tillits til tæknisviðs uppfinningarinnar.

40) Samstaða er um það innan bandalagsins að inngrip í kímlínu mannsins og klónun manna stríði gegn allsherjarreglu og siðgæði. Því er mikilvægt að kveða skýrt á um að ekki megi veita einkaleyfi fyrir aðferðum til að breyta erfðaauðkennum kímlínu manna né aðferðum til að klóna menn.

41) Skilgreina má aðferð til að klóna menn sem sérhverja aðferð til að skapa mann með sömu erfðaupplýsingar og annar lifandi eða látinn maður, þ.m.t. aðferðir til að aðskilja fósturfrumur.

42) Ekki skal heldur veita einkaleyfi fyrir notkun fósturvísa í iðnaði eða viðskiptum. Slíkt synjun á einkaleyfi hefur ekki áhrif á uppfinningar til meðferðar eða sjúkdómsgreiningar sem beitt er með gagnlegum hætti á fósturvísi mannsins.

43) Í 2. mgr. greinar F í sáttmálanum um Evrópusambandið segir að Evrópusambandið skuli virða grundvallarréttindi sem tryggð eru með Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950, svo og þau er leiðir af sameiginlegum stjórnarskrárhefðum aðildarríkjanna sem væru þau almennar meginreglur í lögum bandalagsins.

44) Evrópuhópur framkvæmdastjórnarinnar um siðareglur vísinda og nýrrar tækni metur alla siðferðislega þætti líftækninnar. Rétt er í þessu sambandi að benda á að eingöngu skal hafa samráð við þennan hóp, þ.m.t. varðandi einkaleyfalög, ef meta á líftækni út frá siðferðislegum meginreglum.

45) Ekki skal veita einkaleyfi fyrir aðferðum til að breyta erfðaauðkennum dýra sem geta valdið þeim þjáningu en sem ekki er verulegur

læknisfræðilegur ávinningur að fyrir menn eða dýr að því er varðar rannsóknir, forvarnir, sjúkdómsgreiningu eða meðferð, né einkaleyfi fyrir dýrum sem verða til með þessum aðferðum.

46) Í ljósi þess að markmiðið með einkaleyfum er að umbuna uppfinningamanninum fyrir sköpunarstarf sitt með því að veita tímabundinn einkarétt og hvetja þannig til starfsemi á sviði uppfinninga skal einkaleyfishafinn eiga rétt á að banna notkun einkaleyfðs efnis, sem fjölgar sér sjálfkrafa, í tilvikum sem eru samsvarandi þeim þar sem leyft er að banna notkun einkaleyfðs efnis sem fjölgar sér ekki, þ.e.a.s. framleiðslu einkaleyfðu vörunnar sjálfrar.

47) Nauðsynlegt er að kveða á um fyrstu undantekninguna frá rétti einkaleyfishafa þegar hann selur bónda fjölgunarefnið, sem verndaða uppfinningin er hluti af, til nota í landbúnaði eða það er selt með hans samþykki. Þessi fyrsta undantekning skal heimila bóndanum að nota uppskeru sína til frekari fjölföldunar eða fjölgunar á sínu eigin býli. Takmarka skal umfang og skilyrði fyrir þessari undantekningu í samræmi við umfang og skilyrði samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 frá 27. júlí 1994 um plöntuyrkisrétt í bandalaginu ([1]).

48) Einungis er hægt að krefja bóndann um greiðslu þess gjalds sem sett er sem skilyrði í lögum bandalagsins um plöntuyrkisrétt fyrir beitingu undantekningar frá plöntuyrkisrétti í bandalaginu.

49) Einkaleyfishafinn getur þó varið rétt sinn gagnvart bónda sem misnotar undantekninguna eða gegn ræktanda sem hefur þróað fram plöntuyrki, sem verndaða uppfinningin er hluti af, ef sá síðarnefndi stendur ekki við skuldbindingar sínar.

50) Önnur undantekning frá rétti einkaleyfishafa skal heimila bónda að nota verndað búfé í landbúnaði.

51) Umfang og skilyrði fyrir þessari annarri undantekningu skal ákvarða með innlendum lögum og stjórnsýslufyrirmælum þar eð engin lög hafa verið sett í bandalaginu um rétt sem varðar dýraafbrigði.

52) Tryggja skal aðgang, í formi nauðungarleyfis og gegn greiðslu tiltekins gjalds, að hagnýtingu nýrra plöntueinkenna sem fengin eru með erfðatækni ef plöntuyrkið markar mikilvægt, tæknilegt framfaraskref, með tilliti til viðkomandi ættkvíslar eða tegundar, sem hefur verulega efnahagslega þýðingu í samanburði við uppfinninguna sem gert er tilkall til í einkaleyfinu.

53) Tryggja skal aðgang í erfðatækni, í formi nauðungarleyfis og gegn greiðslu tiltekins gjalds, að notkun nýrra plöntueinkenna sem fengin eru úr nýjum plöntuyrkjum ef uppfinningin markar mikilvægt, tæknilegt framfaraskref sem hefur verulega efnahagslega þýðingu.

54) Í 34. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum eru ítarleg ákvæði um sönnunarbyrði sem eru bindandi fyrir öll aðildarríkin. Því er ekki þörf á slíkum ákvæðum í þessari tilskipun.

55) Í framhaldi af ákvörðun 93/626/EBE ([2]) gerðist bandalagið aðili að samningnum um líffræðilega fjölbreytni þann 5. júní 1992. Í þessu tilliti skulu aðildarríkin leggja sérstaka áherslu á 3. gr., 8. gr. (j-lið), 16. gr. (annan málslið 2. mgr.) og 16. gr. (5. mgr.) samningsins þegar þau samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari.

56) Í ákvörðun III/17 frá þriðju ráðstefna aðila að samningnum um líffræðilega fjölbreytni, sem fór fram í nóvember 1996, var bent á að þörf væri á frekari átaki til að stuðla að þróun sameiginlegs skilnings á sambandinu milli hugverkaréttar og tilsvarandi ákvæða samningsins um hugverkarétt í viðskiptum og ákvæða samningsins um líffræðilega fjölbreytni, einkum að því er varðar miðlun tækni og vernd og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni og sanngjarna og réttláta skiptingu þess hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda, þ.m.t. að vernda þekkingu, nýsköpun og venjur rótgróinna og staðbundinna samfélaga með hefðbundinn lífsmáta sem skiptir máli fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu hennar.

([1]) Stjtíð. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2506/95 (Stjtíð. EB L 258, 28.10.1995, bls. 3).

([2]) Stjtíð. EB L 309, 31.12.1993, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Einkaleyfishæfi

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu vernda uppfinningar í líftækni samkvæmt lögum sínum um einkaleyfi. Þau skulu laga lög sín um einkaleyfi að ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt alþjóðasamningum, einkum samningnum um hugverkarétt í viðskiptum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „líffræðilegt efni“: efni sem inniheldur erfðaupplýsingar og getur fjölgað sér eða sem unnt er að fjölga í líffræðilegu kerfi;

b) „örverufræðileg aðferð“: aðferð þar sem örverufræðilegt efni er notað eða sem beitt er á örverufræðilegt efni eða sem er notuð til að búa til örverufræðilegt efni.

2. Aðferð við að framleiða plöntur eða dýr telst aðallega líffræðileg ef hún felst eingöngu í náttúrlegum fyrirbærum, svo sem víxlum eða vali.

3. Hugtakið „plöntuyrki“ er skilgreint í 5. gr. tilskipunar (EB) nr. 2100/94.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari tilskipun eru uppfinningar einkaleyfishæfar ef þær fela í sér eitthvað nýtt sem er framlag til uppfinninga og sem unnt er að hagnýta í iðnaði þótt þær varði vöru, sem er úr líffræðilegu efni eða inniheldur það, eða aðferð til að framleiða, vinna eða nota líffræðilegt efni.

2. Líffræðilegt efni, sem er einangrað frá náttúrlegu umhverfi sínu eða framleitt með tæknilegum aðferðum, getur verið efni uppfinningar þótt það sé til í náttúrunni.

4. gr.

1. Einkaleyfi má ekki veita fyrir:

a) plöntuyrkjum eða dýraafbrigðum;

b) aðferðum sem eru aðallega líffræðilegar og notaðar til að framleiða plöntur eða dýr.

2. Heimilt er að veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem varða plöntur eða dýr ef tæknileg útfærsla uppfinningarinnar takmarkast ekki við ákveðið plöntuyrki eða dýraafbrigði.

3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. hefur ekki áhrif á einkaleyfishæfi uppfinninga sem varða örverufræðilega aðferð eða aðra tæknilega aðferð eða afurðir slíkra aðferða.

5. gr.

1. Ekki er unnt að öðlast einkaleyfi fyrir mannslíkamanum á neinu myndunar- eða þroskunarstigi hans né fyrir uppgötvun á einhverjum hluta hans, svo sem kirnaröð eða hluta kirnaraðar gens.

2. Hluti mannslíkama, sem er einangraður frá honum eða framleiddur á annan hátt með tæknilegri aðferð, þ.m.t. kirnaröð eða hluti kirnaraðar gens, getur talist einkaleyfishæf uppfinning þótt bygging þessa hluta sé sú sama og bygging náttúrlegs hluta líkamans.

3. Í einkaleyfisumsókninni skal tilgreina hvernig unnt er að hagnýta kirnaröð eða hluta kirnaraðar gens í iðnaði.

6. gr.

1. Ekki má veita einkaleyfi fyrir uppfinningu ef hagnýting hennar í atvinnuskyni stríðir gegn allsherjarreglu eða siðgæði. Hagnýting skal þó ekki teljast stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði af þeirri ástæðu einni að hún er bönnuð samkvæmt lögum og reglum.

2. Af 1. mgr. leiðir að ekki er t.d. hægt að veita einkaleyfi fyrir:

a) aðferðum til að klóna menn;

b) aðferðum til að breyta erfðaauðkennum kímlínu manna;

c) notkun fósturvísa í iðnaði eða viðskiptum;

d) aðferðum til að breyta erfðaauðkennum dýra sem geta valdið þeim þjáningu en sem ekki er verulegur ávinningur að, í læknisfræðilegu tilliti, fyrir menn eða dýr, né einkaleyfi fyrir dýrum sem verða til með þessum aðferðum.

7. gr.

Evrópuhópur framkvæmdastjórnarinnar um siðareglur vísinda og nýrrar tækni metur alla siðferðislega þætti líftækninnar.

II. KAFLI

Gildissvið verndar

8. gr.

1. Vernd einkaleyfis á líffræðilegu efni, sem uppfinningin hefur gætt tilteknum eiginleikum, nær yfir sérhvert líffræðilegt efni sem leitt er af þessu líffræðilega efni með fjölgun eða fjölföldun í sams konar eða ólíku formi og sem gætt er sömu eiginleikum.

2. Vernd einkaleyfis á aðferð, sem gerir það kleift að framleiða líffræðilegt efni sem uppfinningin hefur gætt tilteknum eiginleikum, nær yfir sérhvert líffræðilegt efni, sem er framleitt beint með aðferðinni, og yfir annað líffræðilegt efni sem leitt er af líffræðilega efninu, sem var framleitt beint, með fjölgun eða fjölföldun í sams konar eða ólíku formi og er gætt sömu eiginleikum.

9. gr.

Vernd einkaleyfis á vöru, sem er eða inniheldur erfðafræðilegar upplýsingar, nær yfir sérhvert efni sem varan er hluti af og inniheldur erfðafræðilegu upplýsingarnar sem gegna þar hlutverki sínu, sbr. þó 1. mgr. 5. gr.

10. gr.

Verndin, sem um getur í 8. og 9. gr., skal þó ekki ná yfir líffræðilegt efni sem er fengið með fjölgun eða fjölföldun líffræðilegs efnis, sem hefur verið markaðssett á yfirráðasvæði aðildarríkis af einkaleyfishafa eða með hans samþykki, ef fjölgunin eða fjölföldunin er nauðsynlegur liður í þeirri notkun sem líffræðilega efnið var markaðssett fyrir, að því tilskildu að efnið, sem fæst, verði ekki notað til frekari fjölgunar eða fjölföldunar.

11. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 9. gr. hefur sala eða önnur viðskipti við bónda, af hálfu einkaleyfishafa eða með hans samþykki, með plöntufjölgunarefni til nota í landbúnaði í för með sér að bóndinn hefur leyfi til að nota sjálfur uppskeru sína til fjölgunar eða fjölföldunar á býli sínu enda svari umfang og skilyrði fyrir þessari undanþágu til ákvæða 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94.

2. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 9. gr. hefur sala eða önnur viðskipti við bónda, af hálfu einkaleyfishafa eða með hans samþykki, með búfé til undaneldis eða annað efni til fjölgunar dýra í för með sér að bóndinn hefur leyfi til að nota verndaða búféð í landbúnaði. Þetta felur m.a. í sér að bóndinn hefur yfirráð yfir dýrinu eða öðru efni til fjölgunar dýra í landbúnaðarstarfsemi sinni en ekki til að selja það sem lið í fjölgunarstarfsemi í atvinnuskyni eða með slíkt að markmiði.

3. Umfang og skilyrði fyrir undanþágunni, sem kveðið er á um í 2. mgr., skal vera í samræmi við innlend lög, reglugerðir og venjur.

III. KAFLI

Víxlnauðungarleyfi

12. gr.

1. Geti ræktandi ekki öðlast eða hagnýtt rétt til plöntuyrkis án þess að brjóta annan einkaleyfisrétt getur hann sótt um almennt nauðungarleyfi fyrir einkaleyfisvernduðu uppfinningunni ef slíkt leyfi er nauðsynlegt til að hagnýta plöntuyrkið, sem vernda á, og að því tilskildu að hann greiði viðeigandi þóknun. Aðildarríkin skulu kveða á um að þegar slíkt leyfi er veitt skuli einkaleyfishafi eiga rétt á víxlleyfi fyrir verndaða plöntuyrkinu með sanngjörnum kjörum.

2. Geti handhafi einkaleyfis fyrir uppfinningu í líftækni ekki hagnýtt uppfinninguna án þess að brjóta plöntuyrkisrétt sem annar á getur hann sótt um almennt nauðungarleyfi fyrir plöntuyrkinu sem er verndað með þessum rétti, að því tilskildu að hann greiði viðeigandi þóknun. Aðildarríkin skulu kveða á um að þegar slíkt leyfi er veitt skuli handhafi yrkisréttarins eiga rétt á víxlleyfi fyrir vernduðu uppfinningunni með sanngjörnum kjörum.

3. Umsækjendur um leyfin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu sýna fram á:

a) að þeir hafi sótt án árangurs til handhafa einkaleyfisins eða plöntuyrkisréttarins um samningsbundið leyfi;

b) að plöntuyrkið eða uppfinningin marki mikilvægt, tæknilegt framfaraskref sem hefur verulega efnahagslega þýðingu í samanburði við uppfinninguna, sem tilkall er gert til í einkaleyfinu, eða í samanburði við verndaða plöntuyrkið.

4. Hvert aðildarríki skal tilnefna yfirvald eða yfirvöld sem bera ábyrgð á veitingu leyfisins. Ef einung-

is skrifstofa bandalagsins fyrir plöntuyrki getur veitt leyfi fyrir plöntuyrki skal 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 2100/94 gilda.

IV. KAFLI

Varðveisla líffræðilegs efnis, aðgangur að því og ný varðveisla þess

13. gr.

1. Ef uppgötvun felur í sér notkun líffræðilegs efnis eða varðar líffræðilegt efni sem er ekki aðgengilegt almenningi og sem ekki er unnt að lýsa í umsókn um einkaleyfi á þann hátt að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna telst lýsingin ekki nægja til að unnt sé að beita lögum um einkaleyfi:

a) nema líffræðilega efnið hafi verið lagt inn til varðveislu eigi síðar en sama dag og umsóknin um einkaleyfi var skráð hjá viðurkenndri varðveislustofnun. Alþjóðlegu varðveislustofnanirnar, sem öðluðust stöðu sína í krafti 7. gr. Búdapestsáttmálans frá 28. apríl 1977 um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfa, hér á eftir nefndur Búdapestsáttmálinn, skulu a.m.k. njóta viðurkenningar;

b) nema einkaleyfisumsóknin hafi að geyma allar upplýsingar um eiginleika varðveitta, líffræðilega efnisins sem máli skipta og umsækjanda er kunnugt um;

c) nema heiti varðveislustofnunarinnar og varðveislunúmer sé tilgreint í einkaleyfisumsókninni.

2. Varðveitta, líffræðilega efnið er gert tiltækt með því að afhenda sýni af því:

a) fram að þeim tíma sem einkaleyfisumsóknin er fyrst birt, aðeins þeim sem hafa leyfi til þess samkvæmt innlendum einkaleyfalögum;

b) milli fyrstu birtingar á umsókninni og veitingu einkaleyfisins, öllum sem fara þess á leit eða, ef umsækjandi fer þess á leit, aðeins óháðum sérfræðingi;

c) eftir að einkaleyfið hefur verið veitt og þrátt fyrir afturköllun eða ógildingu einkaleyfisins, öllum sem fara þess á leit.

3. Sýnið skal ekki afhent nema sá sem fer þess á leit skuldbindi sig, í þann tíma sem einkaleyfið gildir, til þess:

a) að afhenda þriðju aðilum hvorki sýni af varðveitta, líffræðilega efninu né nokkru efni sem leitt er af því; og

b) að nota hvorki sýnið af varðveitta, líffræðilega efninu né nokkuð efni, sem leitt er af því, til annars en tilrauna nema umsækjandi um einkaleyfið eða eigandi einkaleyfisins, eftir því sem við á, veiti ótvíræða undanþágu frá slíkri skuldbindingu.

4. Ef umsókn er hafnað eða hún dregin til baka skal aðgangur að varðveitta efninu takmarkaður, að beiðni umsækjanda, við óháðan sérfræðing í 20 ár frá þeim degi sem umsóknin var skráð. Í því tilviki gilda ákvæði 3. mgr.

5. Umsækjandi getur aðeins lagt fram beiðni, skv. b-lið 2. mgr. og 4. mgr., fram til þess dags sem tæknilegum undirbúningi fyrir birtingu einkaleyfisumsóknarinnar telst lokið.

14. gr.

1. Ef líffræðilegt efni, sem lagt er inn til varðveislu í samræmi við 13. gr., er ekki lengur tiltækt hjá viðurkenndu varðveislustofnuninni skal heimila nýja innlagningu efnisins til varðveislu með sömu skilmálum og mælt er fyrir um í Búdapestsáttmálanum.

2. Nýrri varðveislu skal fylgja yfirlýsing sem undirrituð er af innleggjanda og staðfestir að líffræðilega efnið, sem lagt er inn til varðveislu, sé það sama og upprunalega var lagt inn.

V. KAFLI

Lokaákvæði

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júlí 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

16. gr.

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu:

a) á fimm ára fresti frá þeim degi sem tilgreindur er í 1. mgr. 15. gr., skýrslu um hvert það vandamál sem upp hefur komið með hliðsjón af venslunum milli þessarar tilskipunar og alþjóðasamninga, sem aðildarríkin hafa gengist undir, um vernd mannréttinda;

b) innan tveggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar, skýrslu þar sem metið er hvaða áhrif það hefur á grunnrannsóknir í erfðatækni að greinar um efni, sem gætu verið einkaleyfishæf, séu ekki birtar eða birtar seint;

c) árlega frá þeim degi sem er tilgreindur í 1. mgr. 15. gr., skýrslu um þróun og áhrif einkaleyfislaga á sviði líftækni og erfðatækni.

17. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júlí 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. M. GIL-ROBLES	R. EDLINGER
forseti.	*forseti.*

1085. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti (stjórnsýsla almannavarna).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Markmið frumvarpsins er að leggja niður Almannavarnir ríkisins sem sérstaka stofnun og færa starfsemina til deildar sem heyrir undir embætti ríkislögreglustjóra. Þessar hugmyndir ganga þvert á áætlanir Almannavarna ríkisins um uppbyggingu almannavarna í landinu. Þar sem frumvarpið hvorki eflir né eykur öryggi almennings í landinu, en er líklegt til að hafa gagnstæð áhrif, er mikilvægt að Alþingi hafni því.

Komið hefur fram að ekkert samráð var haft við framkvæmdastjóra Almannavarna áður en frumvarpið var samið og á meðan það var í smíðum. Einnig kom fram á fundi allsherjarnefndar að upphafið að því að leggja stofnunina niður var leit ráðuneytisins að leið til að spara í rekstrinum. Minni hlutinn gagnrýnir ekki þann vilja dómsmálaráðherra að spara í ríkisrekstrinum en svo virðist sem í óðagotinu við undirbúning fjárlaga hafi þessi ákvörðun verið tekin án þess að skoðað hafi verið hvaða áhrif það kynni að hafa á almannavarnir í landinu.

Almannavarnir hafa það hlutverk fyrst og fremst að samhæfa aðgerðir viðbragðsaðila þegar áföll verða. Þar koma við sögu ríkisstofnanir, sveitarfélög, sjúkrastofnanir, björgunarsveitir, vísindamenn, fjölmiðlar, einkaaðilar og aðrir þeir sem hönd geta lagt á plóg þegar hætta steðjar að. Almannavarnir eru því fyrst og fremst vettvangur aðila sem koma saman og samhæfa björgunaraðgerðir.

Í athugasemdum við frumvarpið er nefnt að það feli í sér aukið öryggi og eflingu almannavarna. Telja verður harla ólíklegt að verði sérhæfðum starfsmönnum á þessu sviði fækkað um þriðjung og framlög til málflokksins dregin saman um helming muni það leiða til aukins öryggis og eflingar almannavarna.

Þá er nefnt að breytingin feli í sér styttingu boðleiða í almannavarnaástandi og einföldun á stjórnskipulagi almannavarna. Hvað varðar styttingu á boðleiðum er aðeins eitt um það að segja, en samkvæmt núverandi skipulagi geta boðleiðir ekki verið styttri af því að allir sem koma að almannavarnaástandi eiga sæti í almannavarnaráði.

Því verður að halda til haga að almannavarnir snúast ekki fyrst og fremst um lögreglu og löggæslumál. Það er aðeins einn þáttur starfseminnar. Aðrir sem koma að henni eru t.d. slökkvilið, læknar, hjúkrunarfólk o.fl.

Því er mat minni hlutans að frumvarpið, verði það að lögum, muni ekki leiða til aukins öryggis landsmanna ef og þegar til almannavarnaástands kemur. Minni hlutinn óttast að málið sé ekki nægilega undirbúið og því skynsamlegt að fresta því og vinna frekar hafi menn raunverulegan áhuga á því að efla almannavarnir í landinu.

Margir sem komu fyrir nefndina gerðu athugasemdir við það fyrirkomulag sem stefnt er að með frumvarpinu. Mat minni hlutans er að breytingartillögur meiri hluta allsherjarnefndar við frumvarpið séu til bóta en það breyti ekki þeirri staðreynd, út frá almannavarnasjónarmiðum, að ekki sé hægt að bjarga frumvarpinu vegna þess hversu illa ígrundað það er í upphafi.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. mars 2003.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Guðrún Ögmundsdóttir.

1086. Frumvarp til laga [669. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2003“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum kemur: 31. desember 2005.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, er lagt fram í tengslum við frumvarp til hafnalaga sem lagt var fram á 127. löggjafarþingi og er nú til meðferðar að nýju fyrir Alþingi.

Í 8. gr. frumvarps til hafnalaga er gert ráð fyrir þrenns konar rekstrarfyrirkomulagi hafna. Samkvæmt því frumvarpi má reka höfn sem:

1. Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.
2. Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.
3. Hlutafélag, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélag, sameignarfélag eða sem einkaaðila í sjálfstæðum rekstri.

Í athugasemdum við umrætt ákvæði 8. gr. í frumvarpi til hafnalaga segir um 1. tölul. að það rekstrarform sé ætlað fyrir hafnir sem koma ekki til með að taka þátt í samkeppni og gilda reglur um gjaldtöku opinberra fyrirtækja um þær. Rekstri þessara hafna er ekki ætlað að vera í atvinnuskyni. Þessar hafnir uppfylla því ekki skilyrði 5. mgr. 5. gr. virðisaukaskattslaga, nr. 50/1988. Því er talið rétt að halda þeim utan skattskyldu.

Um 2. tölul. segir í greinargerð með frumvarpi til hafnalaga að heimilt sé að reka höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Þetta er það rekstrarform í raun sem núverandi hafnalög leyfa. Með frumvarpi til nýrra hafnalaga kemur skýrt fram að vilji stendur til að gera hafnir skv. 2. tölul. virðisaukaskattsskyldar. Er því lagt til í frumvarpi þessu að á sama hátt og með opinber orku- og veitufyrirtæki verði hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga virðisaukaskattsskyldar að því leyti sem þær selja skattskyldar vörur og þjónustu. Er höfnum með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga því bætt við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Um 3. tölul. 8. gr. frumvarps til hafnalaga er það að segja að hafnir þær sem þar eru tilgreindar verða virðisaukaskattsskyldar skv. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. virðisaukaskattslaga eins og önnur atvinnufyrirtæki. Því þarf ekkert að aðhafast varðandi þær.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gildandi heimild samkvæmt ákvæði til bráðabirgða X í lögum um virðisaukaskatt, sem fjallar um heimild til endurgreiðslu ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003, verði framlengd til 31. desember 2005.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er höfnum með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga bætt í þá upptalningu sem fyrir er í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þannig er kveðið á um að skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvíli á höfnum með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga, að því leyti sem þær selja skattskylda vöru og þjónustu. Um nánari skýringu er vísað er til almennra athugasemda við frumvarp þetta. Við þessa breytingu geta umræddar hafnir einnig nýtt sér innskattsreglur virðisaukaskattskerfisins.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á eða leigu hópbifreiða verði framlengd til 31. desember 2005, en samkvæmt gildandi ákvæði til bráðabirgða hefði fresturinn runnið út í árslok 2003.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Fyrri breytingin tengist frumvarpi til hafnalaga sem er til meðferðar á Alþingi. Samkvæmt því frumvarpi er gert ráð fyrir að hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga verði virðisaukaskattsskyldar. Það kallar á breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Er því lagt til í þessu frumvarpi að á sama hátt og á við um opinber orku- og veitufyrirtæki verði hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélaga virðisaukaskattsskyldar að því leyti sem þær selja skattskyldar vörur og þjónustu. Vísað er til kostnaðarumsagnar um fyrirliggjandi frumvarp til hafnalaga varðandi umfjöllun um málið að öðru leyti. Síðari breytingin snýr að bráðabirgðaákvæði við virðisaukaskattslögin. Þar er kveðið á um að heimilt sé að endurgreiða ⅔ hluta virðisaukaskatts af kaup- eða leiguverði hópbifreiða af tiltekinni gerð sem nýskráðar eru á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2003. Í þessu frumvarpi er lagt til að bráðabirgðaákvæðið verði framlengt til 31. desember 2005. Hvorug breytingin ætti að leiða til teljandi útgjalda fyrir ríkissjóð verði frumvarpið að lögum.

1087. Nefndarálit [392. mál]

um frv. til l. um vaktstöð siglinga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneytinu, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hafstein Hafsteinsson og Gylfa Geirsson frá Landhelgisgæslu Íslands og Kristján Vigfússon og Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Siglingastofnun Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Vélskóla Íslands, Olíufélaginu hf., Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Póst- og fjarskiptastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Slysavarnaskóla sjómanna, Landhelgisgæslu Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélstjórafélagi Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sjómannasambandi Íslands, Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót vaktstöð siglinga. Í vaktstöðinni er ætlunin að sameina undir einn hatt þau verkefni sem eru á ábyrgð samgönguráðuneytisins og lúta að eftirliti, umsjón og vöktun skipaumferðar við Ísland og talin eru upp í 2. gr. frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu tekið mið af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis fyrir umferð á sjó.

Þau verkefni sem vaktstöð siglinga er ætlað að sinna samkvæmt frumvarpinu eru nú unnin af Landsímanum hf. í Gufunesi og Siglingastofnun Íslands og eru öll á verksviði samgönguráðuneytisins.

Nefndin lítur svo á að vaktstöð siglinga, verði frumvarpið samþykkt, hljóti þegar þar að kemur að starfa náið með eða verða hluti af sameiginlegri stjórnstöð leitar og björgunar sem samhljómur hefur verið um að nauðsynlegt sé að koma á fót, enda er það hlutverk vaktstöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu að tryggja skjót viðbrögð við eftirgrennslan, leit og björgun ef skip lendir í sjávarháska.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 3. og 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. Breytingarnar eru ekki efnislegar.
2. Lagt er til að einstakir aðilar verði ekki taldir upp í 2. mgr. 5. gr. Þess í stað verði vísað almennt til þess að heimilt sé að nota upplýsingarnar til fiskveiðieftirlits, skipaeftirlits og eftirlits með mengun sjávar. Þannig sé ljóst að Fiskistofa, Landhelgisgæsla Íslands og Umhverfisstofnun eigi rétt til aðgangs að gögnum vaktstöðvarinnar.
3. Lagt er til að við 5. gr. bætist ný málsgrein um að eigendur skipa skuli greiða árgjald fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu sem renni til rekstrar sjálfvirka tilkynningarkerfisins. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, en ekki stóð til að fella þá gjaldtöku niður með frumvarpinu.
4. Lagt er til að við 1. mgr. 13. gr. bætist nýtt ákvæði þess efnis að ráðherra geti með reglugerð falið vaktstöð siglinga að fara með leiðarstjórnun skipa um tiltekin svæði eða við tilteknar aðstæður. Hér er átt við leiðarstjórnun frá vaktstöð án þess að leiðsögumaður sé um borð í skipi. Heimildin byggist á því að síðar verði teknar ákvarðanir um afmörkun eða aðgreiningu siglingaleiða.
5. Lagðar eru til breytingar á 16. gr. þess efnis að undanþága samkvæmt ákvæðinu er þrengd þannig að ákvæði laganna um tilkynningarskyldu falli ekki þar undir og jafnframt að einungis alvarlegur sjúkleiki eða alvarlegt slys manna um borð geti orðið til þess að undanþágan verði virk.
6. Í 20. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932, falli úr gildi við gildistöku laganna. Þar sem ýmis ákvæði þeirra laga eiga sér ekki hliðstæðu í frumvarpinu og ekki er sýnileg ástæða til að fella þau niður gerir nefndin það að tillögu sinni að lögin verði ekki felld úr gildi.

Magnús Stefánsson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.		Sigríður Ingvarsdóttir.

1088. Breytingartillögur [392. mál]

við frv. til l. um vaktstöð siglinga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „nota leiðsögumann“ í 3. tölul. komi: hafa um borð leiðsögumann.
   b. Í stað orðanna „nota hafnsögumann“ í 5. tölul. komi: hafa um borð hafnsögumann.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „eftirlit Landhelgisgæslu Íslands“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: eftirlit með mengun sjávar.
   b. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
      Fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu skal eigandi hvers skips greiða árgjald sem rennur til að mæta kostnaði af rekstri sjálfvirka tilkynningarkerfisins.
3. Í stað orðanna „höfn í aðildarríki“ í 1. mgr. 9. gr. komi: íslenskri höfn.
4. Í stað orðanna „nota hafnsögumann“ í 1. mgr. 12. gr. komi: hafa um borð hafnsögumann.
5. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „nota leiðsögumann“ í 1. mgr. komi: hafa um borð leiðsögumann.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ráðherra getur jafnframt með reglugerð falið vaktstöð siglinga að fara með leiðarstjórnun skipa um tiltekin svæði eða við tilteknar aðstæður.
6. 16. gr. orðist svo:
   Undanskilin ákvæðum laga þessara um hafnsögu, leiðsögu og umboðsmann eru skip sem leita hafnar vegna bráðrar hættu eða til að setja á land alvarlega sjúka menn eða slasaða.
7. Orðin „lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932“ í 2. mgr. 20. gr. falli brott.

1089. Nefndarálit [539. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Siglingastofnun Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Sjómannasambandi Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Vélskóla Íslands.

Markmið frumvarpsins er tvíþætt. Annars vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands verði falið að annast framkvæmd vaktstöðvar siglinga, sbr. frumvarp

til laga um vaktstöð siglinga sem liggur fyrir þinginu. Hins vegar veitir frumvarpið íslenskum yfirvöldum lagaheimild til að gerast aðilar að væntanlegri Siglingaöryggisstofnun Evrópu og innleiða reglugerðir Evrópusambandsins sem því tengjast.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Magnús Stefánsson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Sigríður Ingvarsdóttir.	

1090. Frumvarp til laga [670. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Landsvirkjun er enn fremur heimilt að fengnu leyfi iðnaðarráðherra að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003.
b. Í stað 3. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:
   Iðnaðarráðherra er heimilt að veita sameignarfyrirtækinu Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 120 MW afli.
   Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Suðurnesja hf. leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Reykjanesi með allt að 80 MW afli, enda liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, og stækka jarðvarmavirkjun félagsins í Svartsengi um 16 MW.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er flutt til þess að afla iðnaðarráðherra heimilda til að leyfa gerð Norðlingaölduveitu, stækkun Nesjavallavirkjunar og byggingu nýrrar jarðvarmavirkjunar til raforkuframleiðslu á Reykjanesi.

Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður milli stjórnvalda, Landsvirkjunar og Norðuráls hf. um stækkun álvers fyrirtækisins á Grundartanga. Í viðræðunum hefur verið gert ráð

fyrir að stækkunin komi til framkvæmda í tveimur áföngum, 90.000 tonna ársafkastagetu sem tekin verði í notkun snemma árs 2006 og 60.000 tonna ársafkastagetu sem tekin verði í notkun á árinu 2009. Fyrir liggur samkomulag milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. um orkuafhendingu til fyrri áfanga stækkunarinnar. Í áætlunum Norðuráls er gert ráð fyrir að framleiðslugeta álversins kunni síðar að aukast í allt að 300.000 tonna ársframleiðslu.

Ekki er unnt að hefjast handa við undirbúning fjármögnunar á verkefninu nema fyrir liggi í hvaða framkvæmdir verður ráðist vegna orkuöflunar og að leyfi hafi verið veitt fyrir þeim framkvæmdum. Fyrir liggur að ákvörðun um stækkun álversins verður að taka mjög fljótt ef unnt á að vera að ljúka framkvæmdum við fyrri hluta stækkunarinnar áður en framkvæmdir vegna álvers í Reyðarfirði ná hámarki. Frá upphafi hefur legið fyrir að ekki næðist að afla orku til stækkunarinnar innan þeirra tímamarka sem um er að ræða ef ekki fengist leyfi fyrir gerð Norðlingaölduveitu. Af þeim sökum var ekki unnt að taka ákvörðun um framhald málsins fyrr en niðurstaða setts umhverfisráðherra í kæru vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu lá fyrir.

II. Gildandi löggjöf og frumvarp til raforkulaga.

Í II. kafla orkulaga, nr. 58/1967, er kveðið á um hvernig afla skuli leyfa til vinnslu raforku. Í 10. gr. laganna segir að til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kW þurfi leyfi Alþingis en leyfi ráðherra raforkumála þurfi til að reisa og reka raforkuver á bilinu 200–2.000 kW. Í 11. gr. sömu laga segir að umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka skuli sendar ráðherra raforkumála sem sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar áður en hann afgreiðir málið endanlega eða fær það Alþingi til meðferðar. Í samræmi við ákvæði 11. gr. orkulaga leitaði iðnaðarráðherra umsagnar Orkustofnunar um umsóknir Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og eru þær fylgiskjöl með frumvarpi þessu.

Iðnaðarráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til raforkulaga. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skipulagi raforkumála, m.a. varðandi veitingu virkjunarleyfa, en í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að iðnaðarráðherra verði falið að veita leyfi fyrir virkjunum stærri en 1 MW.

Þar sem þörf er skjótra ákvarðana um orkuöflun til fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun álversins á Grundartanga er frumvarp þetta lagt fram. Þar sem í heimildarákvæðum frumvarpsins er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að veita virkjunarleyfi er í raun um sama fyrirkomulag að ræða og gert er ráð fyrir í frumvarpi til raforkulaga.

III. Orkuöflunarframkvæmdir.

Í ágúst 2002 undirrituðu Landsvirkjun og Norðurál samkomulag um afhendingu orku til fyrri áfanga stækkunar álversins. Orkuþörf fyrri áfanga stækkunarinnar er um 1.300 GWst. á ári, eða sem jafngildir meðalaflþörf upp á 150 MW. Í samkomulaginu er miðað við að Landsvirkjun afli orku til stækkunarinnar m.a. með orkuframkvæmdum á Þjórsársvæðinu og jarðgufuvirkjunum Hitaveitu Suðurnesja hf. og Orkuveitu Reykjavíkur. Mun Landsvirkjun kaupa 340 GWst. á ári frá hvoru fyrirtæki um sig og flytja um flutningskerfi sitt til Norðuráls. Hitaveita Suðurnesja hf. mun afla orkunnar með byggingu nýrrar virkjunar á Reykjanesi auk þess sem hugsanlegt er að nýting í Svartsengi verði bætt en Orkuveita Reykjavíkur mun stækka Nesjavallavirkjun um 30 MW.

Þar sem orkugeta Norðlingaölduveitu er minni en gert var ráð fyrir á síðasta ári þegar viðræður þessara aðila fóru fram mun þurfa að afla viðbótarrafmagns sem nemur ríflega 100 GWst. á ári til að anna að fullu orkusölu til stækkunar Norðuráls um 90.000 tonn. Verið er að kanna með hvaða hætti það verði gert á sem hagkvæmastan hátt.

1. Orkuframkvæmdir á Þjórsársvæðinu.

Með Norðlingaölduveitu er vatni veitt úr Þjórsá við Norðlingaöldu í Þórisvatnsmiðlun. Tilgangur veitunnar er að auka rennsli í gegnum Þórisvatn og núverandi virkjanir við Vatnsfell, Sigöldu, Hrauneyjafoss, Sultartanga og Búrfell og auka þar með orkugetu þeirra.

Í 68. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli til orkunýtingar eða í öðrum tilgangi. Í 1. mgr. 69. gr. sömu laga segir að ráðherra geti veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir, til þess að gætt sé hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna. Í 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, er á hinn bóginn kveðið á um að Landsvirkjun sé heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga. Í ljósi þessa ákvæðis er eðlilegt að lögð sé til breyting á lögum um raforkuver sem heimili ráðherra að veita Landsvirkjun leyfi til ráðast í gerð Norðlingaölduveitu.

Settur umhverfisráðherra kvað 30. janúar 2003 upp úrskurð vegna kæru á úrskurði Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi að því er varðar ákvörðun um að fallast á lónhæð Norðlingaöldulóns 578 m y.s. Að öðru leyti var fallist á úrskurð Skipulagsstofnunar með nokkrum viðbótarskilyrðum. Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá úrskurðinum hefur ekki verið unnt að fullmóta breytta framkvæmdatilhögun en Landsvirkjun vinnur nú í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög að athugun á nánari útfærslu veitunnar er taki mið af skilyrðum í úrskurði ráðherra. Í fylgiskjali III er að finna yfirlit um framkvæmd Norðlingaölduveitu ásamt uppdrætti er sýnir þær útfærslur sem nú eru til athugunar. Í fylgiskjalinu er jafnframt gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem hafa mest áhrif á fyrirkomulag mannvirkja og hagkvæmni veitunnar. Í frumvarpinu er lagt til að heimild iðnaðarráðherra til að veita leyfi til framkvæmdarinnar verði bundin þeim skilyrðum sem fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra.

2. Stækkun jarðvarmavirkjunar á Nesjavöllum í 120 MW.

Á Nesjavöllum eru nú þrjár vélasamstæður með 30 MW afli hver eða 90 MW alls. Tvær vélasamstæður voru teknar í notkun 1998 en iðnaðarráðherra veitti Hitaveitu Reykjavíkur 16. júní 1997 leyfi til að reisa og reka allt að 60 MW virkjun á grundvelli heimildar í lögum um raforkuver. Þriðja vélasamstæðan var tekin í notkun 2001 samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra, dags. 29. júní 2001. Rekstur virkjunarinnar hefur gengið mjög vel en náið hefur verið fylgst með jarðhitasvæðinu og áhrif vinnslunnar metin. Rannsóknasvið Orkustofnunar hefur, í samvinnu við sérfræðinga Orkuveitu Reykjavíkur, lagt mat á jarðhitasvæðið á Nesjavöllum. Í greinargerð Orkustofnunar, dags. 25. júní 2002, segir m.a.: „Áframhaldandi rekstur 90 MW virkjunar veldur hægfara lækkun á þrýstingi í jarðhitakerfinu og í vermi og rennsli vinnsluholna. Stækkun virkjunarinnar í 120 MW breytir þar litlu. Stækkunin krefst borunar 2–3 holna strax í upphafi, en síðan er tíðni nýborana nánast sú sama samkvæmt reiknilíkaninu hvort heldur sem gufuvinnsla næstu 30 ára samsvarar 90 eða 120 MW raforkuframleiðslu.“

Verulegur hluti þeirra mannvirkja sem þörf er á vegna stækkunarinnar er þegar til staðar. Ekki þarf að byggja nýja háspennulínu og breytingar á gufuveitu og vélasal eru óverulegar. Hér er því um mjög hagkvæman virkjunarkost að ræða.

Orkuveita Reykjavíkur tilkynnti Skipulagsstofnun um fyrirhugaða stækkun Nesjavallavirkjunar úr 90 í 120 MW 15. júlí 2002. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 2. september 2002, kemur fram að í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum,

hafi Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna sé það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun Nesjavallavirkjunar úr 90 MW í 120 MW sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

3. Jarðvarmavirkjun á Reykjanesi og stækkun virkjunar í Svartsengi.

Hitaveita Suðurnesja hefur á undanförnum árum undirbúið aukna nýtingu jarðvarma á Reykjanesskaga. Einkum hefur verið horft til tveggja svæða, Reykjanessvæðisins og svo Svartsengis-Eldvarpasvæðisins. Hefur fyrirtækið stundað umfangsmiklar rannsóknir á báðum þessum svæðum, rannsóknir á jarðfræði, jarðeðlisfræði, jarðefnafræði og vinnslutækni.

Á Reykjanessvæðinu, umhverfis saltverksmiðjuna, hafa verið boraðar tólf háhitaholur en háhitavinnsla á svæðinu hefur staðið í tvo áratugi. Niðurstöður áralangra rannsókna og sú reynsla sem fengin er gefur fulla ástæðu til að unnt sé nú þegar með fullu öryggi að reisa 80 MW virkjun. Svæðið er væntanlega mun gjöfulla en sem nemur 80 MW raforkuframleiðslu. Að undangengnum rekstri fyrsta virkjanaáfanga í nokkur ár fæst frekari vitneskja um raunverulega afkastagetu svæðisins og þá næstu virkjanaáfanga.

Í Svartsengi er gert ráð fyrir að nýta þær borholur betur sem nú eru til staðar en ganga ekki frekar á jarðhitageyminn. Gert er ráð fyrir að auka enn frekar við niðurdælingu sem nú er um 40% af því sem upp er tekið. Háþrýstigufa, sem nú er nýtt frá gufusvæðinu við Grindavíkurveg, er við mun hærri þrýsting en gufuveita orkuversins og því er stjórnlokum komið fyrir á háhitaholum gufusvæðisins. Í stað stjórnlokanna má koma jarðgufuhverfli fyrir, svokölluðum toppþrýstihverfli, og nýta þar með þá orku sem nú er sóað og ekki er nýtt. Afl toppþrýstihverfils er áætlað 16 MW og er um hreina grunnaflsframleiðslu að ræða með um 8.000 stunda nýtingu á ári.

Fylgiskjal I.

Orkustofnun:

Stækkun Nesjavallavirkjunar úr 90 í 120 MW.

Orkustofnun hefur borist bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins dagsett 11. nóvember 2002 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um þá ósk Orkuveitu Reykjavíkur að farið verði fram á heimild Alþingis um stækkun Nesjavallavirkjunar úr 90 í 120 MW. Nánar tiltekið er ósk Orkuveitu Reykjavíkur þannig: *Því fer Orkuveita Reykjavíkur þess á leit við yður að þér beitið yður fyrir breytingu á lögum nr. 60/1981 (með síðari breytingum) þannig að OR verði heimilt að reisa og reka jarðvarmavirkjun á Nesjavöllum með allt að 120 MW afli. Fallist Alþingi á ofangreinda breytingu á lögum er þess óskað að gefið verði út virkjunarleyfi fyrir stækkun virkjunarinnar.* Orkuveitan óskar þannig bæði eftir heimild Alþingis og í kjölfarið eftir virkjunarleyfi úr hendi ráðherra.

Orkustofnun hefur kynnt sér þau gögn sem fylgja með erindi Orkuveitunnar auk annarra gagna sem eru í vörslu Orkustofnunnar. Þann 13. febrúar 2003 hélt stofnunin auk þess fund um málið með fulltrúum Orkuveitunnar, þeim Ingólfi Hrólfssyni og Einari Gunnlaugssyni. Á þessum fundi kom fram að Orkuveitan reiknar með að það geti þurft að bora allt að 20 viðbótarholur á 30 ára rekstrartíma 120 MW virkjunar á Nesjavöllum. Verið er að kanna þetta atriði nánar og áður en kemur að veitingu virkjunarleyfis fyrir stækkun á Nesjavöllum mun Orkuveitan leggja fram niðurstöður hermireikninga þar sem sérstaklega verður fjallað um hvað þurfi að bora margar viðbótarholur á rekstrartíma virkjunarinnar og hvernig þessar viðbótarholur munu dreifast í tíma og rúmi.

Miðað við þessa stöðu mála sér Orkustofnun ekkert því til fyrirstöðu að óskað verði eftir heimild Alþingis um stækkun Nesjavallavirkjunar úr 90 í 120 MW.

Sérstaklega verður fjallað um virkjunarleyfi fyrir þessari stækkun þegar heimild Alþingis og viðbótargögn frá Orkuveitu Reykjavíkur liggja fyrir.

Virðingarfyllst

Valgarður Stefánsson

Fylgiskjal II.

Orkustofnun:

Umsögn Orkustofnunar um erindi Hitaveitu Suðurnesja.
Frekari raforkuvirkjanir á Reykjanesi og Svartsengis/Eldvarpasvæðinu.

Orkustofnun hefur haft til umfjöllunar bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, dagsett 4. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um erindi Hitaveitu Suðurnesja hf. að fengin verði heimild Alþingis til frekari raforkuvinnslu í Svartsengi og Eldvörpum og á Reykjanesi. Endurgerð umsókn hitaveitunnar er dagsett 21. febrúar 2003. Er þess nú óskað að ráðuneytið hlutist til um að Alþingi veiti lagaheimild fyrir 80 MW raforkuvinnslu á Reykjanesi og 16 MW viðbótarheimild fyrir Svartsengi.

Orkustofnun hefur kynnt sér þau gögn sem fylgja með erindi Hitaveitu Suðurnesja hf. auk annarra gagna í vörslu Orkustofnunar og er umsögn hennar eftirfarandi:

Þótt lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, fjalli um stýringu á nýtingu auðlinda í jörðu fer um nýtingu á jarðhita til raforkuvinnslu samkvæmt ákvæðum orkulaga, sbr. 10. gr. laga nr. 57/1998. Í athugasemd með þeirri lagagrein er þó tekið fram að sömu sjónarmið gildi um vernd og meðferð jarðhitasvæða. Er við það miðað í umsögn þessari.

Þeir virkjunarkostir sem raktir eru í erindi Hitaveitu Suðurnesja hf. eru ólíkir. Sumir eru þess eðlis að hægt væri að ráðast í virkjun með skömmum fyrirvara en aðrir kostir sem félagið telur upp þurfa nánari umfjöllun.

Verður nú fjallað um einstök jarðhitasvæði:

Svartsengi
Í Svartsengi er nú unnið hitaveituvatn sem hitar upp alla byggð á Suðurnesjum. Engar varastöðvar eru fyrir hendi í þessum landshluta til varmavinnslu. Mikilvægt er því að tryggja rekstraröryggi hitaveitunnar og haga vinnslunni þannig að sem minnst röskun verði á auðlindinni sem stendur undir hitaveiturekstrinum. Á langri vinnslusögu hitaveitunnar hefur nokkrum sinnum orðið vart við innspýtingu af köldu vatni í jarðhitageyminn. Þessar uppákomur hafa verið tiltölulega skammvinnar svo það hefur verið tiltölulega auðvelt að ráða við þessar truflanir og almennt séð má segja að þessar innspýtingar hafa ekki haft merkjanleg áhrif á framleiðslugetu hitaveitunnar. Hins vegar eru innspýtingarnar merki um einhverjar aðstæður í jörðinni sem valda því að skyndilega getur kalt vatn farið að flæða inn í jarðhitageyminn. Ekki liggur fyrir einhlít skýring á þessum eiginleikum jarðhitakerfisins. Um nokkurt skeið hefur reksturinn í Svartsengi því miðast við að auka ekki massatöku úr jarðhitageyminum og telur Orkustofnun mikilvægt að svo verði áfram. Með þessari vinnsluaðferð virðist vera hægt að halda jarðhitageyminum í sæmilegu jafnvægi þannig að niðurdráttur eykst mjög óverulega með tíma.

Hitaveita Suðurnesja hf. tekur sjálf fram í umsókn sinni að ekki sé ráðgert að ganga frekar á

jarðhitageyminn en nú er gert heldur eigi að nýta betur það sem kemur úr fyrirliggjandi borholum. Í því ljósi telur Orkustofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við umsóknina að þessu leyti. Gengið er út frá að umbeðið leyfi verði skilyrt um að massataka úr jarðhitageyminum aukist ekki, þegar kemur að útgáfu þess.

Það skal tekið fram að Orkustofnun tekur ekki afstöðu til þess í umsögn þessari, hvort tæknileg útfærsla ráðgerðra breytinga sé möguleg eða skili tilætluðu viðbótarafli.

Reykjanes

Umsækjandi óskar eftir að leitað verði eftir heimild Alþingis fyrir allt að 80 MW raforkuvinnslu á Reykjanesi. Búast má við slík virkjun kalli á að massataka úr jarðhitageymi verði nálægt 700 kg/s. Meðalvinnsla úr jarðhitakerfinu á liðnum áratugum hefur numið 50 kg/s og hefur hún ekki haft mikil áhrif á jarðhitakerfið.

Öll reiknilíkön sem gerð hafa verið af Reykjanessvæðinu eru tiltölulega einföld og hefur kvörðun þeirra miðast við 50 kg/s meðalvinnslu. Áreiðanleiki allra reiknilíkana minnkar verulega ef framreikningar (extrapolation) líkansins ná langt út fyrir þau gildi sem líkanið er kvarðað fyrir. Við massatöku sem er meiri en tíu sinnum meiri en sú massataka sem líkanið er kvarðað fyrir, verða skekkjumörk í útreikningum víð og spádómsgildi reikninganna því afar lítið.

Hefð er komin á það hérlendis að virkja jarðhita í þrepum. Ætla verður að sama verði uppi á teningnum um virkjun á Reykjanesi. Þegar reynsla af hverju nýtingarþrepi liggur fyrir og viðbrögð svæðisins við vinnslunni í svo sem fimm ár er þekkt, er hægt að endurmeta vinnslugetu svæðisins t.d. með nýjum hermireikningum. Orkustofnun telur að ekki sé óvarlegt að heimila raforkuvinnslu á svæðinu en mælir með að það verði gert í fleiri en einu þrepi þannig að viðbrögð jarðhitageymisins við vinnslu fyrsta þrepsins sýni að frekari stækkun sé réttlætanleg út frá sjónarmiði auðlindanýting-ar.

Niðurstaða:

Orkustofnun mælir með jákvæðri afgreiðslu á umsókn Hitaveitu Suðurnesja hf., dags. 21. febrúar 2003, og er þá gengið út frá því að a) massataka úr jarðhitageymi í Svartsengi verði ekki aukin frá því sem nú er og b) að allt að 80 MW raforkuvinnsla á Reykjanesi verði virkjuð í tveim eða fleiri þrepum þannig að viðbrögð jarðhitageymisins við vinnslu fyrsta þrepsins sýni að frekari stækkun sé réttlætanleg frá sjónarmiði auðlindanýtingar.

Virðingarfyllst

Þorkell Helgason
orkumálastjóri

Valgarður Stefánsson
sérfræðingur á Auðlindadeild

Fylgiskjal III.

Landsvirkjun:

Norðlingaölduveita. Yfirlit um framkvæmd.

Með Norðlingaölduveitu er vatni veitt úr Þjórsá við Norðlingaöldu í Þórisvatnsmiðlun. Tilgangur veitunnar er bæta við rennsli í gegnum virkjanir sem þegar hafa verið við Vatnsfell, Sigöldu og Hrauneyjafoss og auka þar með orkuvinnslu þeirra.

Þann 30. janúar 2003 birti settur umhverfisráðherra úrskurð um kæru á úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Hinn kærði úrskurður, dagsettur 12. ágúst 2002, er felldur úr gildi að því er varðar ákvörðun um að fallast á lónhæð Norðlingaöldulóns 578 m y.s. Að öðru leyti fellst ráðherra á úrskurð Skipulagsstofnunar með nokkrum viðbótarskilyrðum.

Þau skilyrði í úrskurði ráðherra sem hafa mest áhrif á fyrirkomulag mannvirkja og hagkvæmni veitunnar eru eftirfarandi.

1. Vatnsborð Norðlingaöldulóns verði lækkað þannig að allt lónið verði utan friðlandsins og óheimilt er að reisa varnargarða innan friðlands Þjórsárvera.
2. Heimilt verður að færa stíflu í Þjórsá allt að 1,4 km neðar og breyta veituleið í tengslum við það.
3. Gert verði setlón vestan Þjórsárlóns, utan friðlandsins, með tilheyrandi leiðigörðum, stíflum og skurðum.
4. Úr setlóninu ber að veita vatni í kvíslar neðan þess til að halda sem næst óbreyttri grunnvatnsstöðu innan friðlandsins. Að öðru leyti er heimilt að veita vatni úr lóninu í Þjórsárlón (Kvíslaveitu).
5. Viðhalda skal meðalrennsli í Þjórsá yfir hádaginn á sumrin til að tryggja vatnsrennsli í fossum, eins og frekast er unnt.

Friðlandsmörkin eru við hæð 568,5 m y.s. Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá úrskurðinum hefur ekki verið unnt að fullmóta framkvæmdatilhögun en Landsvirkjun vinnur nú í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög að athugun á nánari útfærslu veitunnar er taki mið af áðurnefndum skilyrðum í úrskurði ráðherra. Hins vegar er ljóst að þegar komið er niður í hæð 566 m y.s. þrengist farvegur árinnar og botnhallinn verður brattari. Við þessa hæð er talið mögulegt að skola aurnum út í gegnum botnrásir. Útfærsla með þessari vatnsborðshæð var kynnt samtímis úrskurði ráðherra en hún er ekki eitt af skilyrðum úrskurðarins.

Við lónhæð utan friðlandsmarkanna verður hagkvæmara og nánast nauðsynlegt til að bæta rekstraröryggi að flytja stíflu og yfirfall neðar í ána eins og úrskurðurinn heimilar. Þar er hægt að koma fyrir stíflu með botnrás í farvegi árinnar en yfirfall yrði væntanlega í skarði skammt vestan stíflunnar. Í stað þess að veita vatni úr Norðlingaöldulóni um 12,6 km göng yfir í Þórisvatn, eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, yrði vatninu veitt (dælt) um skurði og göng, um 7 m í þvermál, alls um 4,5 til 6 km yfir í Kvíslaveitu (Grjótakvísl og Illugaverskvísl) og þaðan til Þórisvatns, sjá uppdrátt. Veituleiðin hefur ekki verið nákvæmlega valin og það verður ekki unnt fyrr en að loknum jarðfræðirannsóknum á sumri komandi en á meðfylgjandi uppdrætti eru sýndar nokkrar af þeim hugmyndum sem nú eru til athugunar. Gert er ráð fyrir að dælustöð verði við vesturenda ganganna (eða neðanjarðar á gangaleiðinni) og að í henni verði þrjár dælur, sem hver um sig geti dælt 20–25 m^3/s. Afl dælustöðvar er áætlað

19–23 MW. Að dælustöð þarf að leggja 66 kV háspennustreng frá Vatnsfells- eða Sigöldu-virkjun.

Í samræmi við skilyrði úrskurðarins er gert ráð fyrir setlóni í farvegi Vesturkvíslar, vestan við Þjórsárlón, sjá uppdrátt. Ennfremur er gert ráð fyrir veitu í setlónið með fyrirhleðslu og skurði frá kvísl nokkru vestar, sem nefnd hefur verið Litla Arnarfellskvísl. Úr setlóni verður veitt vatni til Þjórsárlóns en jafnframt er gert ráð fyrir að hleypa nægilegu vatni niður eftir farvegi Vesturkvíslar til að „grunnvatnsstaða innan friðlandsins haldist sem næst óbreytt“ eins og segir í úrskurði. Ekki er enn ljóst um hve mikið framhjárennsli er að ræða en reiknað er með að það verði aðeins lítill hluti af meðalársrennslinu, sem er talið um 9 m^3/s.

Miðað við framangreindar forsendur er orkugeta veitunnar áætluð um 570 GWst/ári og hefur minnkað um ríflega 100 GWst/ári frá þeirri grunntillögu sem Landsvirkjun lagði fram í matsskýrslu með lón í 575 m y.s.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að veita iðnaðarráðherra heimild til að leyfa stækkun Nesjavallavirkjunar með allt að 120 MW afli og byggingu nýrrar jarðvarmavirkjunar til raforkuframleiðslu á Reykjanesi með allt að 60 MW afli. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til raforkulaga er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra veiti heimild til virkjunarleyfis fyrir virkjunum stærri en 1 MW og er frumvarp þetta í samræmi við það. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1091. Frumvarp til laga [671. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Heimilt er að semja um að stækkun verksmiðjunnar fari fram af hálfu sjálfstæðs hlutafélags er verður í eigu sömu aðila og Norðurál hf. Iðnaðarráðherra er heimilt að semja um að aðrir hluthafar komi að slíku félagi. Það félag skal háð sömu réttindum og skyldum og Norðurál hf.

2. gr.

Á eftir orðunum „með möguleikum á aukinni framleiðslugetu“ í 2. gr. laganna kemur: í allt að 300.000 tonn af áli á ári.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Þrátt fyrir breytingar, sem síðar kunna að verða á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skal félagið greiða 18% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, er lægra en 18% 1. október 2007 skal það hlutfall gilda um félagið. Verði tekjuskattshlutfallið hækkað að nýju skal það gilda um félagið en skal þó aldrei vera hærra en 18%.
   b. Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 71. gr. laga nr. 75/1981 og A-liðar 2. gr., 6. tölul. 5. gr., sbr. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal 5% tekjuskattur lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögunum að því tilskildu að þeir séu búsettir í OECD-ríki og að 25% af hlutafé í félaginu séu í eigu hluthafans á skattári fyrir greiðslu arðs.
   c. Varanlegir rekstrarfjármunir vegna byggingar verksmiðjunnar skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna endurbóta á verksmiðjunni, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Fyrningu skal hagað í samræmi við 5. tölul. þessarar greinar.
   d. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa fleiri ára frá skattskyldum tekjum fram til 1. október 2007 skal sama gilda um félagið. Verði árunum fækkað síðar skal það sama gilda um félagið, þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu níu almanaksára.
   e. Félaginu skal óheimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan innri fjárfestingarsjóð fjárhæð sem svarar til 4% af nafnverði hlutafjár. Fé í fjárfestingarsjóði sem notað er til fjárfestinga í varanlegum fastafjármunum innan sex ára skal talið til skattskyldra tekna félagsins á því ári sem fjárfesting á sér stað. Þá skal félaginu heimilt að hraða afskriftum um þá fjárhæð sem tekin er úr fjárfestingarsjóði á því ári sem fjárfestingin á sér stað. Fé í fjárfestingarsjóði sem ekki hefur verið notað til fjárfestinga innan sex ára skal talið til skattskyldra tekna og skattlagt með skatthlutfalli því sem gilti þegar féð var lagt í fjárfestingarsjóðinn. Það sama skal gilda ef félaginu er slitið.

b. Við 6. tölul. 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir er verða 3. og 4. málsl. og orðast svo: Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 3.749.000 þús. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 90 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í febrúar 2003 (285 stig). Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 2.011.000 þús. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 60 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í febrúar 2003 (285 stig).

c. Við 6. tölul. 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Fasteignaskattur skv. 3. málsl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í u.þ.b. 180 þús. lesta álframleiðslu á ári. Fasteignaskattur skv. 4. málsl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í u.þ.b. 240 þús. lesta álframleiðslu á ári.

d. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:
   10. Félagið skal undanþegið ákvæðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
   11. Hafnarsjóði Grundartangahafnar er heimilt að gera sérstakan samning um vörugjöld með öðrum hætti en fram kemur í hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum, sbr. hafnarreglugerð og hafnagjaldskrá, sem sett eru á grundvelli þeirra.

e. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
   Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin álfyrirtæki.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ákvæði a-liðar 3. gr. kemur ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra verði heimilað að gera samninga við Norðurál hf. um stækkun álvers félagsins í allt að 300.000 tonn í tveimur áföngum.

1. Uppbygging og starfsemi álvers Norðuráls á Grundartanga.

Með lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, var iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um byggingu álvers á Grundartanga og voru samningar þessa efnis undirritaðir 7. ágúst 1997. Lá þá fyrir mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi fyrir allt að 180.000 tonna álveri á Grundartanga. Byggingu 1. áfanga álversins með um 60.000 tonna ársframleiðslugetu af áli lauk í júní árið 1998 og hófst þá framleiðsla í kerskálum álversins.

Lögunum var breytt með lögum nr. 12/2000 þegar veitt var heimild til ákvörðunar fasteignaskatts vegna stækkunar mannvirkja í tengslum við aukna framleiðslugetu úr 60.000 í 90.000 tonn. Stjórnvöld, Landsvirkjun og Norðurál undirrituðu viðauka við samninga um álverið 14. júní 2000 þegar ákvörðun var tekin um að stækka álverið úr 60.000 tonna ársframleiðslugetu í 90.000 tonn. Framkvæmdum við þann áfanga lauk um mitt ár 2001 og framleiðir félagið nú um 90.000 tonn á ári.

Á síðasta ári voru samþykkt lög nr. 75/2002, um breytingu á lögum nr. 62/1997, þar sem Norðuráli var heimilað að taka þátt í öðrum félögum og fjárfesta í öðrum atvinnurekstri en áliðnaði.

2. Aðdragandi samninga.

Í september árið 2000 óskaði Norðurál formlega eftir því við iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun að teknar yrðu upp hið fyrsta formlegar samningaviðræður um orku vegna þriðja áfanga álversins. Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að álverið yrði stækkað úr

90.000 tonnum í 180.000 tonn en tækniframfarir gerðu það að verkum að hagkvæmara er talið að stækka álverið úr 90.000 tonnum í 240.000 tonn.

Fljótlega varð ljóst að ekki væri unnt að afla orku til 150.000 tonna stækkunar í einum áfanga og var því tekin ákvörðun um að skipta stækkuninni í tvo áfanga. Jafnframt var ljóst að ekki væri unnt að taka ákvörðun um stækkun fyrr en fyrir lægi niðurstaða í mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Fyrir liggur nú úrskurður setts umhverfisráðherra þar sem fallist er á framkvæmdina að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Að samningaviðræðum við Norðurál hafa eftirtaldir komið af hálfu stjórnvalda: Frá iðnaðarráðuneyti Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri og Guðjón Axel Guðjónsson deildarsérfræðingur. Frá fjármálaráðuneyti Maríanna Jónasdóttir skrifstofustjóri. Frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar Garðar Ingvarsson framkvæmdastjóri og Andrés Svanbjörnsson yfirverkfræðingur. Lögfræðilegur ráðunautur stjórnvalda hefur verið Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Landslögum – lögfræðistofu. Af hálfu Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps hafa Hallfreður Vilhjálmsson, oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps, og Helgi Þorsteinsson, oddviti Skilmannahrepps, stýrt viðræðum en Ólafur Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Lex ehf. – lögmannsstofu, hefur verið lögfræðilegur ráðunautur þeirra. Þá hefur Gísli Gíslason, hafnarstjóri Grundartangahafnar, tekið þátt í viðræðum um hafnarmál.

Af hálfu Landsvirkjunar hafa Jóhann Már Maríusson, Bjarni Bjarnason framkvæmdastjóri, Stefán Már Pétursson framkvæmdastjóri og Edvard G. Guðnason deildarstjóri tekið þátt í viðræðunum. Lögfræðilegur ráðunautur Landsvirkjunar hefur verið Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður.

3. Lýsing á fyrirhugaðri stækkun.

Þótt aflað sé heimilda fyrir stækkun í allt að 300.000 tonn er gert ráð fyrir að stækkunin komi til framkvæmda í tveimur áföngum, annars vegar um 90.000 tonn sem lokið verður árið 2005 og hins vegar um 60.000 tonn árið 2009. Stefnt er að því að hefja byggingarframkvæmdir við fyrri hluta stækkunar álversins á þessu ári og er framkvæmdatími áætlaður 24–30 mánuðir. Stefnt er að því að gangsetning vegna framleiðsluaukningar um 90.000 tonn hefjist árið 2006. Til lengri tíma litið er ætlun Norðuráls að auka framleiðslugetu álversins með því að auka straum í kerskálum. Þannig miða áform fyrirtækisins að því að ná allt að 300.000 tonna framleiðslugetu þegar til lengri tíma er litið. Hefur fyrirtækið því nú þegar látið meta umhverfisáhrif og fengið starfsleyfi fyrir stækkun í allt að 300.000 tonn.

Helstu mannvirki fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar álversins í allt að 300.000 tonn eru tankar fyrir hráefni, kerskálar, steypuskáli, skautsmiðja, þurrhreinsibúnaður, spennistöð og starfsmannahús. Öll tækni og tæki sem koma til vegna ráðgerðrar stækkunar álversins verða sem fyrr í samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar á bestu fáanlegu tækni („Best Available Technique“ eða „BAT“) og er þá átt jafnt við framleiðslutækni sem tækni við hreinsun útblásturs með þurrhreinsibúnaði.

Viðbótarfjárfestingarkostnaður vegna stækkunar í 240.000 tonn er áætlaður um 525 milljónir bandaríkjadala. Áætlað er að kostnaður við fyrsta áfanga stækkunarinnar (í 180.000 tonn) verði um 330 milljónir bandaríkjadala en seinni hluti (í 240.000 tonn) kosti um 195 milljónir bandaríkjadala. Reikna má með að heildarfjárfesting Norðuráls á Grundartanga verði þá komin í um 825 milljónir bandaríkjadala eða um 66 milljarða íslenskra króna miðað við gengi í febrúar 2003.

Gera má ráð fyrir að árlegt útflutningsverðmæti Norðuráls tvöfaldist við stækkun í 180.000 tonn og verði að jafnaði rúmlega 20 milljarðar króna á ári miðað við spár um þróun

álverðs á Evrópumarkaði. Að loknum seinni áfanga stækkunar álversins í 240.000 tonn má búast við að árlegt útflutningsverðmæti Norðuráls verði um 40 milljarðar króna miðað við sömu forsendur.

4. Aðrar framkvæmdir.

Til að afla orku til álversins mun Landsvirkjun ráðast í gerð Norðlingaölduveitu auk þess sem Hitaveita Suðurnesja hf. mun ráðast í gerð nýrrar jarðvarmavirkjunar á Reykjanesi auk stækkunar virkjunar í Svartsengi og Orkuveita Reykjavíkur mun stækka Nesjavallavirkjun.

Að svo komnu máli er ekki gert ráð fyrir að ráðist verði í framkvæmdir við stækkun hafnarinnar á Grundartanga í tengslum við fyrirhugaða stækkun álversins. Hins vegar þarf að byggja nýjan veg að hafnarsvæðinu í samræmi við aðalskipulag svæðisins.

5. Viðaukasamningar.

Í gildi eru samningar við Norðurál hf. og Columbia Ventures Corporation um byggingu og rekstur allt að 90.000 tonna álvers að Grundartanga. Samkomulag um stækkun álversins felur í sér gerð annars viðauka við fjárfestingarsamning og annars viðauka við lóðarsamning. Viðaukasamningarnir hrófla ekki við þeim grundvallaratriðum sem felast í upprunalega samningnum heldur fela í sér frekari útfærslu vegna stækkunar álversins.

5.1. Drög að öðrum viðauka við fjárfestingarsamning.

Í drögum að öðrum viðauka við fjárfestingarsamning er kveðið á um breytingu á 2. gr. samningsins sem heimili Norðuráli þátttöku í öðrum félögum og fjárfestingar í öðrum greinum atvinnurekstrar en álframleiðslu.

Í öðru lagi er kveðið á um breytingu á 4. gr. samningsins varðandi útgáfu iðnaðarleyfis. Þá er kveðið á um að við 5. gr. samningsins bætist ný mgr. sem kveði á um að ríkisstjórnin skuli ekki leggja neina umhverfisskatta eða -gjöld tengd losun CO_2 eða SO_2 á félagið á meðan slík gjöld eða skattar hafa ekki almennt verið lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. álfyrirtæki.

Í 5. gr. samningsdraganna er kveðið á um breytingar á skattamálum Norðuráls en nánari grein er gerð fyrir þeim í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Í 6. gr. samningsdraganna er kveðið á um fasteignaskatt vegna stækkunar álversins úr 90.000 tonnum í 180.000 tonn annars vegar og úr 180.000 tonnum í 240.000 tonn hins vegar. Tæmandi listi yfir þær byggingar sem reistar verða vegna stækkunarinnar ásamt matsverði lóðar, sem mynda grunn fasteignagjalda, fylgja viðaukasamningi.

Í 7.–9. gr. samningsdraganna er kveðið á um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald en ákvæðin eru öll efnislega samhljóða núgildandi ákvæðum fjárfestingarsamnings vegna 90.000 tonna ársframleiðslugetu. Þá er kveðið á um undanþágur frá ákvæðum um rafmagnseftirlitsgjald skv. 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996.

5.2. Drög að öðrum viðauka við lóðarsamning.

Í drögum að öðrum viðauka við lóðarsamning er kveðið á um að ríkissjóður leigi Norðuráli viðbótarland sem nemur u.þ.b. 47 hekturum. Þá er leiga fyrir landið hækkuð úr 15.000 bandaríkjadölum í 23.500 bandaríkjadali á ári í samræmi við stækkun lóðarinnar.

5.3. Hafnarmál.

Í hafnarsamningi hafnarsjóðs Grundartangahafnar og Norðuráls er kveðið á um að Norðuráli sé heimilt að fá höfnina og hafnarmannvirki stækkuð í kjölfar stækkunar eða fyrir-

hugaðrar stækkunar bræðslunnar umfram 100.000 tonna ársframleiðslu. Fyrir liggur áhugi á stækkun hafnarinnar en að svo komnu máli er ekki unnt að taka ákvörðun um slíka stækkun. Í ljósi þessa hafa aðilar ákveðið að gert verði sérstakt samkomulag sem tekur á bótum vegna hugsanlegra tafa við lestun og losun skipa sem þjónusta álverið. Breytingar verða því ekki gerðar á hafnarsamningi aðilanna að svo komnu máli en Norðurál hefur eftir sem áður á grundvelli samningsins heimild til að krefjast stækkunar hafnarinnar.

6. Umhverfismál.

6.1. Almennt.

Undirbúningur stækkunar álvers Norðuráls á Grundartanga hefur farið fram í samræmi við gildandi löggjöf og hefur almenningur átt þess kost að hafa þar áhrif á undirbúningsstigi. Hér verður gerð nokkur grein fyrir niðurstöðum umhverfisrannsókna og vöktunar á Hvalfjarðarsvæðinu, skipulagi iðnaðarsvæðisins, mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfismálum.

6.2. Umhverfisrannsóknir og vöktun.

Umtalsverðar grunnrannsóknir hafa farið fram á umhverfisþáttum og lífríki umhverfis iðnaðarsvæðið á Grundartanga, bæði áður en Íslenska járnblendifélagið tók til starfa árið 1979 og áður en álver Norðuráls var gangsett. Grunnrannsóknir í tengslum við byggingu álversins voru gerðar á tímabilinu júní 1997 til júní 1998. Þessum rannsóknum var síðan haldið áfram þar til í júní 1999.

Í kjölfar grunnrannsókna hafa iðnfyrirtækin á Grundartanga staðið sameiginlega að umhverfisvöktun í Hvalfirði frá árinu 1999. Vöktunin er framkvæmd samkvæmt áætlun til 10 ára í senn og unnin í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins. Tilgangur vöktunar er m.a. að meta hvort kröfur starfsleyfis séu uppfylltar og skoða áhrif stækkunar á umhverfi með samanburði við grunngildi helstu umhverfisþátta. Vöktunaráætlun var samþykkt af Hollustuvernd ríkisins að undangenginni umfjöllun í ráðgjafarnefnd um umhverfisrannsóknir og vöktun umhverfis í Hvalfirði. Rannsóknir og vöktun ná til loftgæða, gróðurs, jarðvegs, jarðvatns, ferskvatns, úrkomu og búfénaðar.

Meginniðurstöður framangreindra rannsókna og vöktunar á Hvalfjarðarsvæðinu sýna að áhrif iðnfyrirtækjanna á Grundartanga hafa verið innan þeirra marka sem sett voru í starfsleyfi þeirra og að áhrif á umhverfið hafi verið í lágmarki. Iðnaðarsvæðið er svo sem gefur að skilja aðaluppspretta brennisteinstvíoxíðs og flúors, en þó er styrkur þessara efna í lofti vel innan viðmiðunarmarka fyrir loftgæði. Aðaluppspretta brennisteinstvíoxíðs til þessa hefur verið járnblendiverksmiðjan en aðaluppspretta flúors hefur verið álverið. Rannsóknir sýna einnig að meginuppspretta svifryks á Hvalfjarðarsvæðinu er utan iðnaðarsvæðisins. Nánari grein er gerð fyrir niðurstöðum umhverfisrannsókna og vöktunar í fylgiskjali III með frumvarpi þessu.

6.3. Skipulag svæðisins.

Öll mannvirki fyrirhugaðrar stækkunar í allt að 300.000 tonna ársframleiðslu verða innan núverandi iðnaðarsvæðis álversins samkvæmt gildandi aðalskipulagi 1997–2017. Því er ekki gert ráð fyrir að breyta þurfi gildandi aðalskipulagi. Ekki er heldur gert ráð fyrir að breyta þurfi svæðisskipulaginu í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir hefur deiliskipulag fyrir iðnaðarlóð Norðuráls verið endurskoðað.

6.4. Mat á umhverfisáhrifum.

Í nóvember 2000 sendi Norðurál Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum stækkunar Norðuráls á Grundartanga með framleiðsluaukningu í allt að 300.000 tonn á ári. Niðurstaða Skipulagsstofnunar lá fyrir 9. janúar 2001 og var tillagan samþykkt með skilyrðum. Í kjölfar þessa var unnin matsskýrsla vegna stækkunar álversins og var hún lögð fram hjá Skipulagsstofnun í mars 2002. Með úrskurði, dags. 27. maí 2002, féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaða stækkun Norðuráls á Grundartanga í allt að 300.000 tonn á ári.

7. Áhrif á þjóðarhag.

Að beiðni iðnaðarráðuneytis lagði efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins mat á þjóðhagsleg áhrif fjárfestinga í virkjunum, byggingu álvers í Reyðarfirði og stækkun álvers á Grundartanga. Niðurstöður efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins eru birtar í fylgiskjali VIII með frumvarpi til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, þskj. 842.

8. Áhrif á samfélag.

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum stækkunar Norðuráls á Grundartanga er gerð grein fyrir samfélagslegum áhrifum á rekstrartíma. Þar kemur fram að á undanförnum árum hefur fólki fjölgað á atvinnusvæði Norðuráls og að stækkun með verulegri fjölgun starfa stuðli að framhaldi á þeirri þróun. Gert er ráð fyrir 300–450 nýjum framtíðarstörfum í álveri Norðuráls eftir fulla stækkun í 300.000 tonna ársframleiðslu en heildarfjöldi starfsmanna í álverinu mun því verða 500–650. Hlutfall starfsmanna af Vesturlandi hefur verið að aukast frá því að Norðurál hóf starfsemi og er nú 84%, en aðrir starfsmenn koma af höfuðborgarsvæðinu. Líklegt er að raunin verði svipuð eftir stækkun álversins. Líklegt er talið að flestir þeirra sem flytjist til svæðisins af öðrum landsvæðum velji sér búsetu á Akranesi vegna nálægðar við álverið auk þess sem stærri staðir hafa almennt meira aðdráttarafl en minni, m.a. vegna fjölbreyttara atvinnulífs og þjónustu. Áætlað er að flutningur fólks innan áhrifasvæðisins verði nokkur, þ.e. að íbúar úr dreifbýli flytjist í þéttbýli.

Af núverandi starfsmönnum álversins eru um 14% konur og starfar rúmlega helmingur þeirra í viðhaldsdeild, kerskála eða skautsmiðju. Hlutfall kvenna í áliðnaði hefur vaxið á undanförnum árum og er það stefna Norðuráls að ráða sem flestar konur til starfa. Á undanförnum árum hefur störfum fyrir konur fækkað á svæðinu, m.a. vegna samdráttar í verslun á Akranesi með tilkomu Hvalfjarðarganga.

Samdráttur hefur verið í landbúnaði undanfarin ár og hefur störfum í greininni þar af leiðandi fækkað. Stækkun álversins mun stuðla að áframhaldandi búskaparmöguleikum. Bændur geta sótt störf í álverinu samhliða búskap sem gerir þeim kleift að búa áfram á jörðum sínum þrátt fyrir samdrátt í landbúnaði. Mörg smærri fyrirtæki í iðnaði og byggingarstarfsemi munu njóta góðs af framkvæmdum við stækkun álversins og umfangsmeiri rekstri þess. Áhrifin felast í sölu á þjónustu og vörum til álversins. Einnig munu skapast störf vegna tengdrar uppbyggingar á svæðinu. Mörg fyrirtæki hafa þegar byggst upp og öðlast reynslu í tengslum við uppbyggingu Norðuráls og er sú reynsla góður undirbúningur fyrir frekari stækkun. Stækkunin mun fela í sér aukna möguleika á verkefnum fyrir þessi fyrirtæki. Hugsanleg neikvæð áhrif felast í að önnur iðnfyrirtæki gætu misst starfsfólk til álversins vegna aukinnar samkeppni um vinnuafl.

Stækkun álversins mun leiða til aukinnar eftirspurnar eftir bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði á svæðinu. Aukin eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði ræðst af íbúafjölgun á svæðinu,

breytingum í fjölskyldustærð og þörf fyrir endurnýjun eldra húsnæðis. Líklegt er að eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði muni verða mest vart á Akranesi. Hennar gæti einnig orðið vart í öðrum sveitarfélögum, þ.e. Borgarbyggð, Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Þjónusta og grunngerð sveitarfélaga á áhrifasvæði álversins er góð og er ekki talið að grípa þurfi til viðamikilla ráðstafana á þeim sviðum, þótt fjölgun kunni að verða á íbúum á svæðinu í kjölfar stækkunar Norðuráls.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. laganna er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma laganna við hlutafélag og stofnanda þess um byggingu verksmiðju á Grundartanga til framleiðslu á áli. Hlutafélagið Norðurál hf. var stofnað af Columbia Ventures Corporation í þeim tilgangi að reisa og reka álbræðsluna og tengd mannvirki á Íslandi.

Í viðræðum um stækkun verksmiðjunnar kom fram ósk um að leyfilegt yrði að stofna nýtt hlutafélag um byggingu og rekstur stækkunar verksmiðjunnar úr 90.000 tonnum í 240.000 tonn. Eigandi þess yrði Columbia Ventures Corporation, en hugsanlegt er að aðrir fjárfestar verði jafnframt hluthafar í nýja félaginu. Með þessu er unnt að skilja á milli fjármögnunar mannvirkja sem tengjast stækkuninni og þeirra mannvirkja sem þegar eru á Grundartanga.

Í greininni er því lagt til að heimilað verði að semja við sjálfstætt hlutafélag er verði í eigu Columbia Ventures Corporation. Aðild annarra að hlutafélaginu er háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Í greininni er jafnframt tekið fram að félagið skuli háð sömu réttindum og skyldum og kveðið er á um í lögunum og fjárfestingarsamningi að skuli gilda um Norðurál.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um að heimildir samkvæmt lögum nr. 62/1997 verði afmarkaðar við 300.000 tonna framleiðslugetu á áli á ári. Í lögunum er ekki að finna neina afmörkun á stærð álversins en mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi fyrir verksmiðjuna gera ráð fyrir allt að 300.000 tonna ársframleiðslugetu. Í áætlunum Norðuráls er gert ráð fyrir að framleiðslugeta álversins verði aukin í 180.000 tonn árið 2005, 240.000 tonn árið 2009 með byggingu nýrra kerskála en með því að auka straum í kerskálum verði fyrirtækinu síðar kleift að ná allt að 300.000 tonna ársframleiðslugetu þegar til lengri tíma er litið án þess að til umtalsverðra framkvæmda komi.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til ýmsar breytingar á 6. gr. laga nr. 62/1997 sem fjallar um skattlagningu félagsins.

Í a-lið er í fyrsta lagi lagt til að tekjuskattshlutfall fyrirtækisins lækki úr 33% í 18%. Þá er lagt til að ef tekjuskattshlutfall á hlutafélög er lækkað fyrir 1. október 2007 niður fyrir það sem nú er þá gildi hin nýja almenna skattprósenta einnig fyrir Norðurál. Ástæða þessarar undanþágu er að samið er um starfsemi sem ekki hefur framleiðslu að fullu fyrr en árið 2009 og þykir eðlilegt að félagið njóti þeirra breytinga í sama mæli og önnur fyrirtæki fram að þeim tíma er rekstur hefst. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 62/1997 og fjárfestingarsamnings er félaginu heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu átta almanaksárum. Í öðru lagi er lagt til að eigendum Norðuráls verði gert að greiða 5% afdráttarskatt vegna arðs í stað 15% afdráttarskatts líkt og kveðið er á um í 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981. Í tvísköttunarsamningum sem Ísland gerir við önnur ríki er

almennt samið um lægri afdráttarskatt en 15% að uppfylltum tilteknum eignarhaldsskilyrðum. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1997 er að finna undanþágu frá afdráttarskatti. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði um fastafjármuni haldist óbreytt frá því sem nú er. Í fjórða lagi er lagt til að félaginu verði heimilað að draga frá eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum. Í greininni er jafnframt lagt til að ef íslenskum fyrirtækjum verði heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartaps fleiri ára frá skattskyldum tekjum þá skuli það sama gilda um félagið ef slíkar breytingar eiga sér stað fyrir 1. október 2007. Þá er gert ráð fyrir að ef árunum verði síðar fækkað skuli það sama gilda um félagið, þó þannig að því sé ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa vegna síðustu níu almanaksára. Lagt er til að heimild félagsins til að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan innri fjárfestingarsjóð fjárhæð sem svarar til 4% af nafnverði hlutafjár verði felld niður. Í viðaukasamningi við fjárfestingarsamning er nánar kveðið á um hvernig haga skuli skattalegri meðhöndlun þeirrar fjárhæðar sem í fjárfestingarsjóðnum er.

Í b-lið er lagt til að bætt verði við 6. tölul. 1. mgr. laganna tveimur nýjum málsliðum um heimild til ákvörðunar fasteignaskatts vegna stækkunar mannvirkja í tengslum við aukna framleiðslugetu úr 90.000 tonnum í 180.000 tonn og hins vegar úr 180.000 tonnum í 240.000 tonn. Sambærileg breyting var áður gerð á lögunum vegna stækkunar álversins úr 60.000 tonnum í 90.000 tonn.

Í c-lið er lagt til að bætt verði við 6. tölul. 1. mgr. laganna tveimur nýjum málsliðum sem kveða á um það hvenær fasteignaskattur skal lagður á eftir að framleiðslugetan hefur verið aukin. Sambærileg breyting var áður gerð á lögunum við stækkun álversins úr 60.000 tonnum í 90.000 tonn.

Í d-lið er lagt til að nýr töluliður bætist við 1. mgr. 6. gr. sem kveði á um að félagið verði undanþegið ákvæðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Með ákvæðinu er kveðið á um sambærilegar undanþágur og gilda um Íslenska járnblendifélagið hf., Alcan á Íslandi hf. og lagt hefur verið til að gildi um Fjarðaál sf.

Þá er lagt til að nýr töluliður bætist við 1. mgr. 6. gr. sem kveður á um að hafnarsjóði Grundartangahafnar sé heimilt að semja um vörugjöld með öðrum hætti en fram kemur í hafnalögum, hafnarreglugerð og hafnagjaldskrá. Með þessari breytingu er lagt til að aflað verði sérgreindrar heimildar fyrir samningsgerðinni en hún ekki byggð á almennri heimild svo sem nú er. Á grundvelli þessarar heimildar verður hafnarsjóði Grundartangahafnar heimilt að semja um afslátt frá gjaldskránni svo sem tíðkast hefur fyrir Íslenska járnblendifélagið hf. og Norðurál hf. til þessa.

Í e-lið er lagt til að við 6. gr. bætist ný málsgrein sem heimili að í fjárfestingarsamningi verði kveðið á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þ.m.t. álfyrirtæki. Ákvæðið er samhljóða ákvæði í frumvarpi til laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, en áþekk regla gildir í þessum efnum um Alcan á Íslandi hf. (ISAL).

Á síðasta ári samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar. Í stefnumörkuninni er kveðið á um að gert verði samkomulag við álfyrirtæki í landinu um aðgerðir til þess að halda útstreymi flúorkolefna við álframleiðslu innan við 0,14 tonn koltvíoxíðígilda á framleitt tonn af áli. Þá verði komið á formlegu samráði umhverfisráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins við fyrirtæki í áliðnaði um aðgerðir til þess að halda útstreymi gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu í lágmarki. Hvað varðar skatta og gjöld vegna losunar lofttegunda

eða annarra úrgangsefna gerir fyrirliggjandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum ekki ráð fyrir því að slíkir skattar eða gjöld verði lögð á gróðurhúsalofttegundir. Af hálfu viðsemjanda ríkisstjórnarinnar er talið mikilvægt að jafnræðis verði gætt við álagningu slíkra skatta eða gjalda ef til þess kemur.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist þegar gildi en ákvæði a-liðar 3. gr. frumvarpsins komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2009.

Fylgiskjal I.

Norðurál hf.

Lýsing á fyrirhugaðri stækkun álvers á Grundartanga.

1. Inngangur.

Norðurál hf. hóf framleiðslu áls á Grundartanga 11. júní 1998. Í byrjun var ársframleiðslugeta álversins 60.000 tonn (t) og sumarið 2001 var ársframleiðsla aukin í 90.000 t. Í upphaflegu starfsleyfi og mati á umhverfisáhrifum var gert ráð fyrir að fyrirtækið myndi framleiða allt að 180.000 t af áli og uppbyggingin yrði á tiltölulega skömmum tíma en þó í áföngum eins og raunin hefur orðið. Útflutningsverðmæti Norðuráls miðað við 90.000 t ársframleiðslu eru um 11,5 milljarðar króna miðað við verðlag í febrúar 2003.

Norðurál hf. er dótturfyrirtæki Columbia Ventures Corporation (CVC) í Washingtonfylki í Bandaríkjunum.

2. Fyrirhuguð stækkun.

Fyrirhugað er að bæta við tveimur kerskálum með 150.000 t ársframleiðslu samsíða núverandi skálum. Við þetta verður ársframleiðslan 60.000 t umfram upphaflegt starfsleyfi. Vegna framþróunar í tækni er einnig gert ráð fyrir að hægt verði að auka framleiðslugetu bæði í núverandi skálum sem og í nýjum kerskálum þannig að heildarframleiðsla gæti náð allt að 300.000 t þegar til lengri tíma er litið. Sem fyrr er gert ráð fyrir áfangaskiptingu í uppbyggingu fyrirtækisins og í næsta áfanga, sem er þriðji áfanginn í uppbyggingu álversins, er ætlunin að álverið verði stækkað í 180.000 t. Gangsetning þess áfanga er fyrirhuguð í lok árs 2005. Fjórði áfanginn, sem fyrirhugað er að gangsetja á árunum 2008 til 2009, verður stækkun um 60.000 t eða alls í 240.000 t.

Helstu mannvirki fyrirhugaðrar stækkunar eru eftirfarandi:

- Tankar fyrir hráefni: Reistur verður nýr súrálstankur við höfnina sambærilegur þeim sem fyrir er. Einnig verða settir upp daggeymar við ný hreinsivirki.
- Kerskálar: Reistir verða tveir kerskálar búnir 300 rafgreiningarkerum. Í fyrri áfanga verða 180 ker en í þeim seinni verður bætt við 120 kerum.
- Steypuskáli: Bætt verður við biðofni og steypulínu.
- Skautsmiðja: Reiknað er með nýrri byggingu undir skauthreinsun en með endurbótum er núverandi skautmiðja talin geta annað fyrirhugaðri stækkun.
- Þurrhreinsibúnaður: Bætt verður við tveimur hreinsivirkjum sambærilegum þeim sem fyrir eru. Þau verða í samræmi við kröfur um bestu fáanlegu tækni við hreinsun áls (BAT – Best Available Technology).

- Spennistöð: Spennistöð verður tvöfalt stærri en nú er. Bætt verður við þremur til fjórum stórum spennum og tveimur litlum.
- Starfsmannahús: Starfsmannahús verður stækkað til að skapa aðstöðu fyrir aukinn fjölda starfsmanna.

Fyrirkomulag helstu mannvirkja Norðuráls eru sýnd á mynd 1. Fyrirhugað er að notuð verði sama framleiðslutækni í kerskála og notuð er í dag eða frá Hydro Aluminium (áður VAW). Öll tæki álversins munu sem fyrr fullnægja kröfum um bestu fáanlegu tækni eins og hún er skilgreind í alþjóðlegum viðmiðum (BAT, Best Available Technique) samanber OSPAR 98/2. Er þá átt við framleiðsluaðferð og tækjakost sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs.

Fjárfestingarkostnaður vegna stækkunar í 240.000 tonn er áætlaður um 525 milljónir bandaríkjadala. Áætlað er að kostnaður við fyrsta áfanga stækkunarinnar verði um 330 milljónir bandaríkjadala en seinni hluti kosti um 195 milljónir bandaríkjadala. Reikna má með að heildarfjárfesting Norðuráls á Grundartanga verði þá komin í um 825 milljónir bandaríkjadala eða um 66 milljarða íslenskra króna miðað við gengi í febrúar 2003.

Reikna má með að árlegt útflutningsverðmæti Norðuráls tvöfaldist við stækkun í 180.000 tonn og verði að jafnaði um 288 milljónir bandaríkjadala á ári miðað við áætlað meðalverð á áli á Evrópumarkaði. Að loknum byggingu fjórða áfanga verksmiðjunnar má reikna með að árlegt útflutningsverðmæti Norðuráls verði um 384 milljónir bandaríkjadala eða tæplega 31 milljarður íslenskra króna miðað við gengi í febrúar 2003.

3. Hráefnisnotkun.

Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um hráefnis- og orkuþörf álversins á Grundartanga. Tölurnar byggja á raunverulegri notkun.

		Ársframleiðsla			
Hráefni	**Eining**	**90.000 t**	**180.000 t**	**240.000 t**	**300.000 t**
Súrál	tonn á ári	174.000	348.000	463.000	579.000
Álflúoríð	-	1.350	2.700	3.550	4.500
Forbökuð skaut	-	49.500	99.000	165.000	165.000
Eldsneyti	l á ári	1.277.000	2.100.000	2.554.000	3.200.000
Raforka	GWst á ári	1.350	2.700	3.550	4.500
Iðnaðarvatn	l/sek	1,5	3	4	5
Neysluvatn	-	2,5	5	8	10
Sjór	l/sek	240	330	390	

4. Raforkuöflun.

Norðurál er með samning við Landsvirkjun um öflun orku fyrir núverandi rekstur, um 1400 GWst á ári. Landsvirkjun mun sjá álverinu fyrir þeirri viðbótarorku sem þarf til stækkunar. Í þriðja áfanga mun orku verða aflað með Norðlingaölduveitu, auk þess sem Landsvirkjun hyggst semja við Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um hluta nauðsynlegrar orkuöflunar. Ekki liggur endanlega fyrir hvaðan orku verður aflað fyrir stækkun umfram 180.000 tonn.

Raforka til álversins kemur frá tengivirki við Brennimel í formi 220 kV riðspennu. Að Brennimel liggja tvær 220 kV raflínur, önnur frá Sultartanga en hin frá Geithálsi. Frá Brennimel liggja þrjár 220 kV línur að Grundartanga og 132 kV stofnlína norður í land.

Vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar Norðuráls í allt að 300.000 t þarf að Landsvirkjun að leggja eina línu til viðbótar að Brennimel, Sultartangalínu 3.

5. Umhverfismál og mat á umhverfisáhrifum.

Í upphaflegum úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og í starfsleyfi Hollustuverndar fyrir 180.000 t álver voru ákvæði þess efnis að óheimilt væri að hefja framkvæmdir við stækkun í 180.000 t ársframleiðslu nema að vöktun umhverfis sýni að losun mengandi efna frá fyrsta áfanga álversins sé innan þeirra marka sem tilgreind voru matsskýrslu. Í ljósi þessa ákvæðis og á grundvelli þeirra umhverfisrannsókna sem gerðar hafa verið frá því fyrir tíma álversins og eftir að reksturinn hófst, féllst Hollustuvernd ríkisins án athugasemda á stækkun álversins úr 60.000 í 90.000 t. Í kjölfarið hefur svo Hollustuvernd ríkisins staðfest að áhrif álvers Norðuráls á umhverfið sé innan þeirra marka sem gert var ráð fyrir í upphafi og þessi skilyrði því ekki í gildi lengur.

Töluverðar grunnrannsóknir hafa farið fram á umhverfisþáttum og lífríki umhverfis iðnaðarsvæðið á Grundartanga, bæði áður en Íslenska járnblendifélagið tók til starfa árið 1979 og áður en álver Norðuráls var gangsett. Grunnrannsóknir í tengslum við byggingu álversins voru gerðar á tímabilinu júní 1997 til júní 1998. Þessum sömu rannsóknum var síðan haldið áfram til júní 1999 en þá tók við umhverfisvöktun. Vöktunaráætlunin var samþykkt af Hollustuvernd ríkisins. Rannsóknir og vöktun ná til loftgæða, gróðurs, jarðvegs, jarðvatns, ferskvatns, úrkomu og búfénaðar. Umhverfi iðnaðarsvæðisins verður vaktað á meðan álver Norðuráls er í rekstri.

Meginniðurstöður umhverfisrannsókna og vöktunar á Hvalfjarðarsvæðinu sýna að áhrif iðnfyrirtækjanna á Grundartanga hafi verið innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi þeirra og að áhrif á umhverfið hafi verið í lágmarki.

Niðurstöður ofangreindra rannsókna voru lagðar til grundvallar mati á umhverfisáhrifum stækkunar álversins í allt að 300.000 tonn. Norðurál sendi Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum stækkunar Norðuráls í allt að 300.000 tonn, í nóvember 2000. Niðurstaða Skipulagsstofnunar lá fyrir 9. janúar 2001 og var tillagan samþykkt með skilyrðum. Í kjölfar þessa var unnin matsskýrsla vegna stækkunar álversins og var hún lögð fram hjá Skipulagsstofnun í mars 2002. Með úrskurði, dags. 27. maí 2002, féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaða stækkun Norðuráls á Grundartanga í allt að 300.000 tonn á ári án skilyrða.

Í mati á umhverfisáhrifum kom fram að fyrirhugaðar framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á sérstæðar jarðmyndanir, einstæðan eða sjaldgæfan gróður, sjaldgæfar tegundir dýra né mikilvæg varplönd eða uppeldissvæði fugla. Framkvæmdirnar eru í samræmi við gildandi aðalskipulag en unnið var að breytingum á deiliskipulagi iðnaðarlóðarinnar samhliða mati á umhverfisáhrifum.

Meginniðurstaða loftdreifingarspár var sú að ráðandi þynningarsvæði verði óbreytt frá því sem nú er. Ekki kemur því til breytinga á landnotkun utan núverandi þynningarsvæðis.

Í kjölfar stækkunar álversins geta orðið breytingar á gróðurfari innan þynningarsvæðis þar sem þekja viðkvæmra tegunda víkur hugsanlega fyrir þolnari tegundum. Ekki er mælt með því að landbúnaður og aðrar nytjar verði stundaðar innan svæðis þar sem búist er við því að styrkur loftborins flúoríðs verði meiri en 0,3 $\mu g/m^3$ yfir 6 mánaða tímabil (þynningarsvæði flúoríðs). Þynningarsvæði fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga er sýnt á mynd 2.

Að beiðni Skipulagsstofnunar voru áhrif vothreinsunar könnuð. Í ljós kom að áhrifa vothreinsunar gætir einungis á takmörkuðu svæði framundan iðnaðarlóðinni. Niðurstaða matsskýrslunnar er sú að ekki er talin þörf á því að setja upp vothreinsibúnað við álverið.

Rekstur álversins eftir stækkun í 300.000 t mun valda útstreymi á gróðurhúsalofttegundum sem nemur um 530.000 t á ári. Þetta útstreymi er innan þeirra marka sem lýst er í stefnu íslenskra stjórnvalda um losun gróðurhúsalofttegunda.

Meginniðurstaða mats á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar stækkunar álvers Norðuráls í allt að 300.000 t ársframleiðslu er sú að mengun verður vel innan viðmiðunarmarka utan þynningarsvæðis. Önnur umhverfisáhrif eru ekki þess eðlis að þau mæli gegn fyrirhugaðri framkvæmd.

6. Samfélagsleg áhrif.

Samfélagsleg áhrif fyrirhugaðrar stækkunar á álveri Norðuráls eru jákvæð og mun fjölgun starfa líklega stuðla að áframhaldandi íbúafjölgun á Vesturlandi. Áætluð mannaflaþörf á framkvæmdatíma stækkunar álversins og tengdra virkjanaframkvæmda er um 700–800 ársverk á ári að meðaltali. Þar af er gert ráð fyrir að þegar mest er muni 570 manns starfa við framkvæmdir Norðuráls. Gert er ráð fyrir um 300–450 nýjum framtíðarstörfum í stækkuðu álveri Norðuráls. Heildarfjöldi starfsmanna í álverinu mun þá verða á bilinu 500–650. Gert er ráð fyrir að 85% nýrra starfsmanna verði búsettir á Vesturlandi svipað því sem nú er, en 15% búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Það var mat þjóðhagsstofnunar að þjóðarframleiðsla muni aukast um 1,5% á framkvæmdatíma Norðuráls og tengdra virkjanaframkvæmda. Talið er að varanleg áhrif stækkunar Norðuráls á þjóðarframleiðslu verði 0,5% en 0,6% á landsframleiðslu.

7. Starfsleyfi.

Samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar var starfsleyfi fyrir allt að 300.000 t ársframleiðslu endurskoðað. Voru því drög að starfsleyfi kynnt um leið og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum. Að loknum kynningum og lögbundnu ferli tók Umhverfisstofnun ákvörðun um útgáfu starfsleyfis 24. febrúar 2003. Sem fyrr eru í starfsleyfi ákvæði þess efnis að mengunarvarnir og tæki álversins munu sem fyrr fullnægja kröfum um bestu fáanlegu tækni (BAT, Best Available Technique, sbr. OSPAR 98/2).



Mynd 1. Stækkun Norðuráls, fyrirkomulag helstu mannvirkja.



Mynd 2. Þynningarsvæði fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga.

Fylgiskjal II.

Landsvirkjun:

Greinargerð forstjóra Landsvirkjunar um fyrirhugaðan rafmagnssamning Landsvirkjunar og Norðuráls hf. vegna stækkunar álversins að Grundartanga.
(24. febrúar 2003.)

Gildandi rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. vegna álverksmiðju þess að Grundartanga í Hvalfirði, þar sem starfræksla hófst á árinu 1998, var gerður hinn 1. ágúst 1997 og fjallaði um afhendingu á raforku til upphafsáfanga álversins, er fólst í byggingu einnar kerjaraðar í tveimur kerskálum með árlegri framleiðslugetu sem svarar um 60.000 tonnum af frumbræddu áli. Hinn 2. október 1999 var samningnum svo breytt með viðauka, er laut að orkuafhendingu til annars áfanga álversins, er fólst í stækkun kerjaraðarinnar og kerskálanna sem svaraði framleiðslu á um 30.000 tonnum á ári til viðbótar. Voru þau stækkunarmannvirki tekin í gagnið í júní árið 2001, þannig að afkastageta álversins er nú um 90.000 tonn á ári. Samningsbundið rafmagn til álversins samkvæmt samningnum nemur í heild 161 MW (meðaltal á klst.) og 1400 GWst á almanaksári. Er meginhluti þess gerður tiltækur á tryggðum grundvelli, en nokkur hluti er afhentur sem afgangsorka, er Landsvirkjun hefur heimild til að skerða.

Samkvæmt samningnum ber Landsvirkjun ein ábyrgð gagnvart Norðuráli á afhendingu rafmagnsins, en í upphafi var hluta þess aflað á grundvelli samnings milli Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á jarðvarmaraforku frá Nesjavöllum, og við stækkunina var hluti rafmagnsins tryggður á svipaðan hátt með samningi milli Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja um kaup á orku frá jarðgufuvirkjun hennar í Svartsengi.

Norðurál hefur frá öndverðu lýst áhuga á frekari stækkun álversins, og frá því á árinu 1999 hefur það verið til umræðu milli aðilanna, hvaða möguleikar séu á orkuöflun til hennar að öðrum skilyrðum uppfylltum. Hefur umræðan aðallega miðast við stækkun með byggingu nýrrar kerjaraðar í tveimur kerskálum, er hefði 150.000 árstonna grunnafkastagetu, en kæmi til framkvæmda í tveimur áföngum, er svöruðu til 90.000 og 60.000 árstonna af frumbræddu áli. Af hálfu Norðuráls var því einnig lýst, að æskilegt væri að stefna að 300.000 tonna heildarframleiðslu síðar meir.

Vorið 2001 voru teknar upp formlegar viðræður milli Landsvirkjunar og Norðuráls um mögulega afhendingu á rafmagni til fyrsta áfangans að umræddri stækkun álversins, þ.e. nýrrar kerjaraðar og kerskála með um 90.000 árstonna afkastagetu. Leiddu þær til samkomulags um grundvöll að rafmagnssamningi vegna þessarar stækkunar, sem aðilarnir staðfestu með sameiginlegri yfirlýsingu (Memorandum of Understanding) hinn 2. ágúst 2002. Af hálfu Norðuráls var samkomulagið meðal annars bundið við, að unnt yrði að afla starfsleyfis frá umhverfisyfirvöldum fyrir 300.000 tonna ársframleiðslu alls, þar sem virki hinnar nýju kerjaraðar yrðu miðuð við, að unnt yrði síðar að auka afkastagetu hennar. Þetta skilyrði hefur nú gengið eftir, þar sem niðurstöður af umhverfismati á þessari heildarstækkun álversins hafa reynst jákvæðar, og hefur starfsleyfið nú verið gefið út til félagsins.

Af hálfu Landsvirkjunar var við það miðað, að rafmagns vegna stækkunarinnar yrði aflað á annan bóginn með orkuframkvæmdum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, sem einkum yrðu fólgnar í byggingu Norðlingaölduveitu samkvæmt áætlun þeirri, sem lögð var til umhverfismats vorið 2002, en á hinn bóginn með orkukaupum frá jarðgufuvirkjunum Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur. Hafði Landsvirkjun jafnhliða haldið uppi viðræðum við þau

fyrirtæki, sem einnig leiddu í ljós að hennar mati, að samkomulagsgrundvöllur væri fyrir hendi.

Hið umbeðna mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Norðlingaölduveitu hefur nú verið leitt til lykta með úrskurði setts umhverfisráðherra 30. janúar 2003. Í honum var fallist á áform Landsvirkjunar með mjög verulegum breytingum á tilhögun veituvirkjanna, svo sem kunnugt er. Hefur því reynst nauðsynlegt að endurmeta gildi framkvæmdarinnar og arðsemi nýtingar hennar í því skyni að standa undir aukinni orkusölu til Norðuráls. Þetta endurmat gefur til kynna, að bygging Norðlingaölduveitu ásamt setlóni, sem lýst er í úrskurðinum, megi teljast hagkvæmur virkjunarkostur.

Samkvæmt þessu er það afstaða Landsvirkjunar, að rétt sé að ganga til endanlegrar samningsgerðar við Norðurál um afhendingu á rafmagni til umræddrar stækkunar álversins að Grundartanga, er reist verði í meginatriðum á þeim grundvelli, sem lýst er í samkomulagi aðilanna frá 2. ágúst sl. Verði meðal annars leitast við að fylgja þeim tímamörkum um framkvæmdir af hálfu aðila, sem þá var um rætt, að meðtöldum framkvæmdum á vegum Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt samningsgerð milli þeirra og Landsvirkjunar.

Hér á eftir fer lýsing á þeim rafmagnssamningi, sem þannig er fyrirhugaður milli Landsvirkjunar og Norðuráls.

Forsendur samningsins.

Samningnum verður ætlað að sjá fyrir því aukna rafmagni, sem Norðurál þarf á að halda til að halda uppi rekstri á nýrri kerjaröð í tveimur kerskálum með um 90.000 árstonna framleiðslugetu til viðbótar núverandi framleiðslumannvirkjum sínum, þar sem ársafköst eru einnig um 90.000 tonn. Við það er miðað, að viðbótarmannvirkin búi við sama rekstraröryggi og núverandi verksmiðja að því er orku varðar, og að umgerð samningsins verði í megindráttum hin sama og er á núgildandi samningi. Er þess þannig vænst, að ekki verði gerður sérsamningur vegna þessa nýja áfanga, heldur verði samið um hið aukna rafmagn í viðauka við núverandi samning, þar sem á honum verði gerðar þær breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna aukningarinnar, á sama hátt og við fyrri stækkun og í eldri samningum vegna álversins í Straumsvík. Verð á viðbótarorkunni verður þó ákveðið sjálfstætt, og sjálfstæð ákvæði verða um gildistíma þess og viðaukans að öðru leyti.

Umrædd stækkun álversins verður byggð í einum áfanga, og verður að því stefnt, að unnt reynist að taka hann í notkun innan ársins 2005. Er þess þannig að vænta, að báðir aðilar hefjist handa um framkvæmdir vegna samningsins þegar á yfirstandandi ári.

Við það er miðað, að aukinnar orku vegna samningsins í hinu samtengda raforkukerfi Landsvirkjunar verði m.a. aflað með byggingu Norðlingaölduveitu í samræmi við úrskurð setts umhverfisráðherra frá 30.01.2003. Norðlingaöldulón verði allt utan friðlandsins, en úr því verði vatni veitt um göng og skurði yfir í veitu að Þórisvatni, þaðan sem það renni til orkuvera á svæðinu. Gert verði setlón vestan núverandi Þjórsárlóns (Kvíslaveitu), utan friðlands í Þjórsárverum, með tilheyrandi leiðigörðum, stíflum og skurðum. Úr setlóninu verði vatni veitt í kvíslar neðan þess til að varðveita sem mest óbreytta grunnvatnsstöðu innan friðlandsins, en að öðru leyti verði vatni veitt úr setlóninu í Kvíslaveitu, þaðan sem það renni í Þórisvatn. Unnið er að nánari útfærslu Norðlingaölduveitu.

Þess er vænst, að orkuvinnslugeta í kerfi Landsvirkjunar muni aukast um sem næst 570 GWst á ári við tilkomu miðlunar frá þessari Norðlingaölduveitu. Til viðbótar því magni mun Landsvirkjun festa kaup á u.þ.b. 40 MW í afli og 340 GWst í ársorku frá Hitaveitu Suðurnesja og svipuðu magni frá Orkuveitu Reykjavíkur, með samningum við hvort fyrirtæki um

sig á þeim grundvelli, sem um var rætt milli aðilanna á liðnu sumri. Á næstu vikum munu framangreind fyrirtæki ræða sín á milli hvernig mæta skuli þeirri orkuþörf sem útaf stendur eftir úrskurð setts umhverfisráðherra.

Meðal framkvæmda á vegum Landsvirkjunar sem þörf er á vegna samningsins verður Sultartangalína 3 frá tengivirkinu á Sultartanga að aðveitustöðinni á Brennimel í Hvalfirði, sem jafnframt mun nýtast til annarra þarfa. Sú framkvæmd bíður nú úrskurðar umhverfisráðherra en hans er að vænta á næstunni. Verður hún byggð fyrir 400 kV spennu, en rekin með 220 kV spennu fyrst um sinn.

Rafmagnsafhending.

Samningurinn mun kveða á um, hversu mikið rafmagn Landsvirkjun beri að hafa tiltækt á hverjum tíma handa álveri Norðuráls vegna stækkunar þess, frá og með föstum afhendingardegi. Verður það aðallega á tryggðum grundvelli (forgangsafl og forgangsorka), en einnig á ótryggðum grundvelli (afgangsafl og afgangsorka). Verður hlutfallið milli tryggðs og ótryggðs rafmagns (90:10) hið sama og eftir núgildandi samningi. Nánar tiltekið verður hið samningsbundna rafmagn, er við bætist, sem næst eins og hér segir:

	Tryggt	**Ótryggt**	**Samtals**
Afl (meðaltal á klst.)	137 MW	15 MW	152 MW
Orka á almanaksári	1188 GWst	132 GWst	1320 GWst

Skilgreining rafmagns á ótryggðum grundvelli verður hin sama og í núgildandi samningi, og felst í henni heimild til skerðingar á afli og orku innan tiltekinna marka, ef um er að ræða vatnsskort við virkjanir Landsvirkjunar eða truflanir í hinu samtengda raforkukerfi. Til þess verður ætlast, að slíkum skerðingum skuli beitt án mismununar milli kaupenda á sviði orkufreks iðnaðar.

Fyrirheitinu um tiltækt rafmagn mun fylgja skylda af hálfu Norðuráls til að kaupa eða greiða fyrir tiltekið orkumagn að lágmarki á almanaksári hverju, hvort sem það er nýtt eða ekki. Verður lágmarkið hliðstætt því sem um er mælt í gildandi samningi, þ.e. um 85% af hinu samningsbundna rafmagni í heild. Ber fyrirtækinu að standa skil á $\frac{1}{12}$ þessa orkumagns fyrir hvern mánuð, en hin árlega skuldbinding verður gerð upp eftir á samkvæmt meðaltali kaupskyldu og notkunar fyrir hver næstliðin tvö ár.

Upphaf afhendingar og bygging mannvirkja.

Hinn fasti afhendingardagur rafmagns samkvæmt samningsviðaukanum verður væntanlega snemma árs 2006, og verður aðilum ætlað að leiða nauðsynlegar framkvæmdir vegna samningsins til lykta fyrir þann tíma, nema tafir verði á þeim af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure).

Í samningsviðaukanum og fylgiskjölum með honum verður gerð grein fyrir meginþáttum framkvæmda á vegum hvors aðila og áætlunum um framvindu þeirra, ásamt viðurlögum, sem til greina geti komið, ef út af bregður. Jafnframt verður kveðið á um þau skilyrði, er aðilar þurfi að uppfylla til þess að samningurinn gangi og haldist í gildi. Mun Landsvirkjun meðal annars ætlast til þess, að sýnt verði fram á, að fjármögnun á byggingu og verklokum vegna stækkunar álversins hafi verið tryggð þannig að ásættanlegt sé fyrir báða aðila, með svipuðum hætti og gert var í upphaflegum samningi, að breyttu breytanda með tilliti til þess, að álver Norðuráls er nú fyrirtæki í fullum rekstri.

Rafmagnsverð.

Orkuverð samkvæmt samningsviðaukanum verður ákveðið sjálfstætt, sem fyrr segir, og við það er miðað, að gildistími samningsins um það og viðbótarorkuna verði hliðstæður tímalengd núverandi samnings, þ.e. 20 ár frá hinum fasta afhendingardegi, með möguleika á framlengingu um ekki minna en 10 ár með skilmálum, sem báðir aðilar geti fellt sig við.

Samkvæmt ákvörðun Landsvirkjunar og samkomulagi um trúnað milli aðila ber að fara með samningsákvæðin um rafmagnsverð sem viðskiptaleyndarmál, og er því ekki unnt að greina hér frá þeim í einstökum atriðum. Þó ber að taka fram, að hið umsamda orkuverð verður tiltekið sem einingarverð á hverja kílówattstund, sem afhent er eða fellur til greiðslu samkvæmt kaupskyldu, og ákvarðað mánaðarlega samkvæmt tengingu við alþjóðlegt markaðsverð á áli eftir umsaminni aðferð. Það verður og ákvarðað og greitt í bandaríkjadollurum.

Almenn ákvæði.

Við það er miðað, að almenn ákvæði samningsins verði að öllu verulega hin sömu og um er mælt í núverandi rafmagnssamningi milli Landsvirkjunar og Norðuráls, þannig að væntanlegur samningsviðauki falli inn í þann ramma, sem fyrir er. Þar á meðal má telja ákvæði um skyldur aðila til að reisa og reka mannvirki sín og halda þeim við í samræmi við bestu viðurkenndar venjur, ásamt ákvæðum um gagnkvæma takmörkun bótaábyrgðar og um óviðráðanleg öfl (force majeure) og áhrif þeirra.

Jafnframt má nefna ákvæði í núverandi samningi um rétt aðila til að óska viðræðna um breytingu eða aðlögun á samningnum, ef atburðir gerast, sem telja má til grundvallarbreytinga innan áliðnaðarins og leiða til röskunar á jafnvægi samningsins í grundvallaratriðum, þannig að öðrum hvorum aðilanum sé íþyngt með ósanngjörnum hætti. Má gera ráð fyrir, að þetta ákvæði, er einkum skiptir máli varðandi orkuverðið, muni einnig taka til samningsviðaukans samkvæmt viðeigandi afmörkun.

Um samningsviðaukann mun fara eftir íslenskum lögum, og ákvæði fyrri samnings um lausn deilumála fyrir íslenskum dómstólum eða umsömdum gerðardómi munu einnig eiga við um hann. Loks er þess að vænta, að núverandi ákvæði um takmarkanir við framsali á samningnum og réttindum og skyldum samkvæmt honum muni haldast óbreytt í meginatriðum. Samningsviðaukinn verður gerður á íslensku og ensku.

Arðsemi og áhrif á fjárhag.

Sjá mátti fyrir, þegar Landsvirkjun og Norðurál gáfu út hina sameiginlegu yfirlýsingu sína 2. ágúst 2002, að fyrirhugaður samningur þeirra vegna stækkunar álversins yrði fjárhagslega hagkvæmur fyrir Landsvirkjun miðað við þá tilhögun, sem ráðgerð var um framkvæmdir og orkuöflun af hennar hálfu. Verið er að leggja nýtt mat á hagkvæmni samningsins á grundvelli þeirra breytinga, sem nú má vænta á framkvæmdum vegna hans, og aðstæðna að öðru leyti. Því verki er ekki að fullu lokið, en gerðar athuganir að svo komnu gefa eindregið til kynna, að Landsvirkjun eigi hér kost á hagstæðum samningi, sem hafa muni jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Það er því mat Landsvirkjunar, sem fyrr segir, að rétt sé að ganga nú til umræddrar samningsgerðar við Norðurál hf.

Reykjavík, 24. febrúar 2003.

Friðrik Sophusson
forstjóri.

Fylgiskjal III.

Hönnun hf.:

Greinargerð um niðurstöður rannsókna og vöktunar.

1. INNGANGUR

Á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga eru starfandi tvö stóriðjufyrirtæki, Íslenska járnblendifélagið hf. og Norðurál. Norðurál hóf rekstur í júní 1998 en Íslenska járnblendifélagið haustið 1979. Meira er til af rannsóknum og vöktun á umhverfisþáttum og lífríki í nágrenni iðnaðarsvæðisins en á flestum öðrum sambærilegum svæðum hér á landi. Frá því að álverið hóf rekstur hafa fyrirtækin tvö staðið saman að umhverfisvöktun í nágrenni iðnaðarsvæðisins, en tilgangur hennar er að fylgjast með áhrifum iðnrekstrarins á umhverfið. Vöktunaráætlunin er samþykkt af starfsleyfisveitanda iðnfyrirtækjanna (Umhverfisstofnun) og gildir fram til ársins 2009. Rannsóknaraðilar vöktunarinnar eru óháðir og opinberir.

2. VÖKTUNARÁÆTLUN OG FYRIRKOMULAG

Fyrstu rannsóknir, sem fóru fram í tengslum við fyrirhugaða iðnaðarstarfsemi á Grundartanga, voru gerðar áður en Íslenska járnblendifélagið hóf starfsemi sína árið 1979. Áður en álver Norðuráls hóf rekstur voru síðan gerðar rannsóknir á völdum umhverfisþáttum sem haldið var áfram út fyrsta starfsár álversins (júní 1997–júní 1999). Í kjölfarið var sett á fót vöktunaráætlun þar sem fylgst er með ákveðnum þáttum í umhverfinu á rekstrartíma álversins. Vöktunin er framkvæmd samkvæmt áætlun til 10 ára (1999–2009) sem unnin var í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins. Umsjón með vöktunarþáttum og mælingar eru í höndum viðurkenndra aðila á nokkrum opinberum rannsóknastofnunum, en Hönnun hf. sér um verkefnastjórnun. Tilgangur vöktunarinnar er m.a. að meta hvort kröfur starfsleyfis séu uppfylltar og skoða áhrif stækkunar á umhverfi með samanburði við grunngildi helstu umhverfisþátta.

Tafla 1 sýnir vöktunaráætlunina fyrir iðnaðarsvæðið. Eins og taflan sýnir eru sumir þættir vaktaðir árlega en aðrir sjaldnar. Hvað varðar vöktun loftgæða, þá kemur eftirfarandi enn fremur fram í vöktunaráætluninni: „Við val á ári og tímabili, sem allar þrjár vöktunarstöðvar loftgæða eru reknar, skal taka mið af rekstri fyrirtækjanna, þannig að sem best gögn verði til um áhrif breytinga í rekstrinum.“ Dæmi um útfærslu þessa ákvæðis er að síðastliðið sumar var vöktunaráætlun loftgæða fyrir árið 2001 breytt vegna stækkunar Norðuráls úr 60.000 í 90.000 t ársframleiðslu sumarið 2001. Allar þrjár vöktunarstöðvarnar fyrir loftgæði voru reknar þetta ár en ekki ein eins og áætlað var.

Veðurmælingar eru einnig liður í vöktunaráætluninni þó þær komi ekki fram í töflu 1. Til ársloka 1999 var mældur hitastigull í Akrafjalli og vindátt, vindhraði og hiti í veðurstöð á Hálsnesi en frá árinu 2000 hefur eingöngu verið stuðst við veðurgögn frá Grundartangahöfn.

Tafla 1. Vöktunaráætlun fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga til ársins 2009. Staðsetningu vöktunarstöðvanna má sjá á mynd 1.

	Árleg vöktun	Vöktun á 3 ára fresti	Vöktun á 5 ára fresti	Vöktun á 6 ára fresti
Efna- og eðlisþættir í lofti og í regnvatni	Stekkjarás	Hálsnes og Smáholt		
Efna- og eðlisþættir í ferskvatni	Laxá í Leirársveit, Kalmansá, Urriðaá, Berjadalsá, Fossá			
Merki um áhrif flúors á kjálkum sláturfjár og flúormæling í beinum	Litla-Fellsöxl, Litli-Lambhagi, Katanes, Kirkjuból, Vogatunga, Skipanes, Skollholt, Leirá, Ferstikla, Kiðafell, Fell og Grjóteyri.			
Flúormælingar í gróðri (grasi, laufi og barri)	Stekkjarás, Fannahlíð, Fellsaxlarkot, Félagsgarður, Fossbrekka, Reynivellir.			
Vöktun á mosa og fléttugróðri		62 reitir		
Efna- og eðlisþættir í gróðri, heyi og jarðvegi	Flúormælingar í gróðri: Stekkjarás, Klafastaðir, Katanes, Galtarholt og Litla-Skarð.			Efna- og eðlisþættir mældir í gróðri og jarðvegi: Kiðafell, Neðri-Háls, Hrafnabjörg, Kalastaðir, Galtarholt, Litla-Fellsöxl, Gröf II, Katanes, Lyngholt, Belgsholt og Innri-Hólmi.
Mælingar á styrk cýaníðs og flúoríðs í sjó.	Mælingar við kerbrotagryfju.			
Mælingar á flúor, þungmálmum og PAH-efnum í Kræklingi.		Mælingar með sama hætti og árið 2000, a.m.k. fram til 2009.		

Eftir frekari stækkun álversins verður núverandi vöktunaráætlun fram til ársins 2009 haldið áfram. Hún verður þó endurskoðuð í kjölfar niðurstaðna fyrstu þriggja starfsáranna og þá gerð langtímaáætlun.

Norðurál hefur hingað til uppfyllt ákvæði starfsleyfis um eftirlit með flæðigryfju. Í ljósi nýrrar tilskipunar ráðs Evrópusambandsins (kom út árið 1999) er stefnt að því að leggja fram ítarlegri vöktunaráætlun um rannsókn á áhrifum kerbrotagryfja á umhverfið á miðju ári 2002.

Auk þess er stefnt að því að nota tímabilið 2002–2009 til að safna gögnum þannig að þegar ákvæði tilskipunarinnar taka gildi árið 2009 verði komin vöktunaráætlun fyrir flæðigryfjuna og rökstuðningur fyrir því hvort hún sé fýsilegur kostur eða ekki. Norðurál mun standa að árlegum efnamælingum á styrk cýaníðs og flúoríðs í sjó utan við þá kerbrotagryfju, sem er í notkun hverju sinni, og efnamælingum í kræklingi á 3 ára fresti, a.m.k. fram til ársins 2009. Eftir það verður vöktunaráætlunin endurskoðuð en ljóst er að ákveðnir umhverfisþættir verða vaktaðir svo lengi sem fyrirtækið er í rekstri.

3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Meginniðurstöður umhverfisrannsókna og vöktunar á Hvalfjarðarsvæðinu eru dregnar saman í töflu 2. Í stuttu máli má segja að niðurstöðurnar sýni að áhrif iðnfyrirtækjanna á Grundartanga hafi verið vel innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi þeirra. Iðnaðarsvæðið er aðaluppspretta brennisteinstvíoxíðs og flúors, en þó er styrkur þessara efna í lofti vel innan viðmiðunarmarka fyrir loftgæði. Aðaluppspretta brennisteinstvíoxíðs til þessa hefur verið járnblendiverksmiðjan en aðaluppspretta flúors hefur verið álverið. Rannsóknir sýna einnig að meginuppspretta svifryks á Hvalfjarðarsvæðinu er utan iðnaðarsvæðisins. Ríkjandi vindáttir á Grundartanga eru austlægar og norðaustlægar. Loftdreifing frá iðnaðarsvæðinu er því tíðust á haf út, annað hvort yfir Akrafjall eða beint út á Leirárvog. Þessi dreifing endurspeglast í vöktun loftgæða og lífríkis, þar sem hæstu gildin mælast yfirleitt að Stekkjarási og á mælireitum út með Akrafjalli í átt að Leirárvogi. Á mynd 1 er sýnd staðsetning vöktunarstöðva.

Á fyrstu starfsmánuðum Norðuráls var mun meiri losun flúors en á árunum þar á eftir. Ástæðu þess má rekja til þess að nokkurn tíma tekur að ná jafnvægi í rekstri nýrra rafgreiningarkera og annarra tækja. Flúorstyrkur í lofti hefur því farið minnkandi frá fyrsta starfsári álversins. Toppurinn fyrstu mánuðina endurspeglaðist í vöktun lífríkis. Að jafnaði hefur flúormagn í gróðri lækkað aftur frá fyrsta starfsári álversins og er það í góðu samræmi við mælingar á flúor í lofti. Haustið 2001 varð þó vart aukningar á magni loftborins flúors og brennisteins í næsta nágrenni iðnaðarsvæðisins sem má rekja til framleiðsluaukningar álversins sumarið 2001 upp í 90.000 t ársframleiðslu. Aukningin endurspeglaðist yfirleitt í magni flúors í gróðri á sömu stöðum. Ekki hefur orðið vart breytinga í efnasamsetningu ferskvatns á svæðinu og árið 2000 sýndu rannsóknir á kræklingi utan við iðnaðarsvæðið, einkum utan við flæðigryfjur í höfninni, að rekstur Norðuráls hefur ekki leitt til breytinga á efnainnihaldi hans.

Tafla 2. Yfirlit yfir þá þætti sem umhverfisrannsóknir og vöktun hafa tekið til og helstu niðurstöður.

	Mæliþættir	Mælistaðir (sjá mynd 1)	Meginniðurstaða	Athugasemdir
Loftgæði	• svifryk • brennisteinstvíoxíð (SO_2) • flúor í lofti og ryki. • úrkoma (sýrustig, flúor, klór, súlfat, *natríum* og nítrat). • vindátt, vindhraði, hitastig og rakastig.	*Á Grundartanga:* Stekkjarás og Smáholt. *Sunnan Hvalfjarðar:* Á Hálsnesi.	Allir mæliþættir eru vel undir viðmiðunarmörkum. Flúor í lofti hefur að jafnaði farið lækkandi frá fyrsta starfsári álversins, en þó hefur orðið varð vart lítillar hækkunar árin 2001 og 2002 samfara stækkun í 90.000 t.	Eftir árið 2001 verða allar þrjár mælistöðvarnar reknar þriðja hvert ár, en mælistöðin á Stekkjarási verður rekin á hverju ári.
Gróðurrannsóknir	Árið 1997 fór fram rannsókn á gróðurfari í nágrenni Grundartanga og var gert gróðurkort af 8 km^2 stóru svæði í kringum iðnaðarsvæðið, auk grunnlínumælinga á efnamagni í gróðri og jarðvegi.	Margir rannsóknastaðir á 8 km^2 svæði í nágrenni Grundartanga.	Tegundafjölbreytni fléttna og mosa breyttist ekki á tímabilinu 1976–1997. Þó sást töluverð hnignun á þekju fléttna í einstaka gróðurmælingarreit á Stekkjarási, sem er innan þynningarsvæðis fyrir brennisteinstvíoxíð og ryk. Ekki var þó hægt að rekja hnignunina beint til SO^2-mengunar.	Hér er skilið á milli gróðurrannsókna og reglubundinnar vöktunar, sem fer fram árlega eða með nokkurra ára millibili, og er hluti af starfsleyfiskröfum.
Gróðurvöktun	• uppskerumæling og gróðurgreining. • flúor, nitur og brennisteinn í gróðursýnum. • sýrustig í jarðvegi. • gróðurgreining og mat á þekju á fléttum og mosum. • flúor og brennisteinn í fléttum.	Margir sýnatökustaðir og mikil dreifing innan 20 km fjarlægðar frá Grundartanga. *Fléttur og mosar:* 18 stöðvar á Hvalfjarðarsvæðinu, frá Hafnarfjalli suður að Tíðaskarði og inn í Hvalfjarðarbotn.	Mælingar í grasi, laufi og barri sýna að mesta flúormagn sem mælist er ekki líklegt til að valda skaða eða trufla vöxt eða þroska gróðurs. Það sama á við um brennistein í gróðri. Á mel við Stekkjarás (staðsettur innan þynningarsvæðis) er magn flúors í mosa og fléttum þó komið nálægt þeim mörkum að vænta megi skaða á gróðrinum. Að jafnaði mælist styrkur flúors í grasi neðan við eða nálægt bakgrunnsgildi (10 mg/µg), en í laufi og barri hefur verið vart nokkurrar hækkunar.	Árleg gróðurvöktun tekur til flúors í grasi, laufi og barri. Aðrir þættir eru vaktaðir með lengra millibili.

	Mæliþættir	Mælistaðir (sjá mynd 1)	Meginniðurstaða	Athugasemdir
Jarðvegur og sigvatn	• Sýrustig, rúmþyngd og kalkþörf í jarðvegi. • Hitastig, leiðni, sýrustig, basavirkni, flúor, súlfat og klór í sigvatni.	Árin 1997 og 1999 voru gerðar mælingar í mismunandi gróðurlendi og dýpi á mörgum mælistöðum á 4 jörðum í nágrenni iðnaðarsvæðisins auk viðmiðunargilda frá Borgarfirði. Sigvatni var safnað á árunum 1997–1999 á 7 stöðum í nágrenni Grundartanga.	Ekki varð vart neinna marktækra breytinga á sýrustigi jarðvegs á tímabilinu. Sýrustig er fremur lágt eins og algengt er í mýrarjarðvegi á Vesturlandi. Styrkur aðalefna, flúors, þungmálma og annarra snefilefna í sigvatni var almennt lítill á tímabilinu, þó hærri en í straumvatni. Mikill breytileiki mældist í styrk súlfats í sigvatni vegna breytileika í úrkomu þar sem uppgufun úr sjó hefur mest áhrif.	
Ferskvatn	• sýrustig [pH] • leiðni • basavirkni • flúor [F] • súlfat [SO4] • klór [Cl] • rennsli og hitastig	Laxá í Leirvogssveit, Urriðaá, Kalmansá, Berjadalsá, Fossá, Þverá við Geitaberg, Kúludalsá, lækur úr Akrafjalli við Fellsenda.	Áhrif iðnaðarsvæðisins á nálæg straumvötn eru ekki sýnileg. Engin glögg breyting hefur orðið á efnasamsetningu straumvatna frá árinu 1997.	
Búfénaður	• flúor í beinum sauðfjár. • ástand kjálkabeina og tanna í sauðfé.	Margir sýnatökustaðir í allt að 15 km fjarlægð frá Grundartanga.	Niðurstöður sýna að skoðun á beinum sláturfjár og mælingar á flúormagni í beinösku gefa ekki til kynna flúorskemmdir. Niðurstöður efnamælinga í gróðri styðja þessa niðurstöðu.	
Sjávarlífverur	Mælingar í kræklingi árið 2000: • dauðatíðni • vöxtur, holdafar og meginefnaþættir • þungmálmar • PAH efni • Flúor	Fjórir sýnatökustaðir utan við iðnaðarsvæðið. Búr með kræklingi sett á 1 og 5 m dýpi.	Ekki varð vart aukningar í styrk flúors eða PAH í kræklingi. Aukning í magni einstakra þungmálma var ekki hægt að rekja til iðnrekstrar á Grundartanga.	



Mynd 1. Staðsetning vöktunarstöðva.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga við Norðurál hf. um stækkun álvers félagsins í allt að 300.000 tonn í tveimur áföngum. Ákvæði 2. gr. frumvarpsins eru að mestu sambærileg 5. gr. frumvarps til laga um samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Þar er m.a. lagt til að tekjuskattur verði 18% líkt og gildir gagnvart íslenskum fyrirtækjum, en geti ekki orðið hærri en 18% þrátt fyrir að íslenskum fyrirtækjum verði gert að greiða hærri skatt samkvæmt hærra skatthlutfalli. Einnig er lagt til að félaginu verði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að félagið greiði fasteignaskatt til Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps, sem nemi 0,75% af áætluðu verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu. Einnig er lagt til að hafnarsjóði Grundartangahafnar verði veitt heimild til að gera sérstakan samning um vörugjöld með öðrum hætti en fram kemur í hafnalögum. Um þessi atriði og fleiri er nánar fjallað í greinargerð frumvarpsins. Gera má ráð fyrir auknum skatttekjum af umsvifunum á framkvæmdatíma og þegar verksmiðjan er komin í fulla framleiðslu, en efnahagsskrifstofa hefur gert ráð fyrir að landsframleiðsla aukist varanlega um ½% vegna stækkunarinnar. Á framkvæmdatímanum er áætlað að landsframleiðslan verði á bilinu 1–1½% hærri en annars. Að öllu samanlögðu mun því afkoma ríkissjóðs að líkindum batna verði frumvarpið að lögum og ráðist verði í framkvæmdirnar.

1092. Svar [475. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Árið 2002 voru fjarvinnsluverkefni á vegum landbúnaðarráðuneytis og stofnana þess ekki flutt út á land.

1093. Lög [509. mál]

um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

(Afgreidd frá Alþingi 5. mars.)

Samhljóða þskj. 1061.

1094. Svar [221. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingvarsdóttur um komur á sjúkrastofnanir vegna heimilisofbeldis.

1. *Hversu margar komur á sjúkrastofnanir eru skráðar vegna heimilisofbeldis, sundurliðað eftir aldri og kyni?*

Leitað var til heilbrigðistölfræðideildar landlæknisembættisins til að fá svar við þessu. Landlæknisembættið hafði samband við slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og slysaskrá til að nálgast tölur og upplýsingar. Erfitt er að ná upplýsingum um þetta úr reglubundinni skráningu á sjúkrastofnunum. Er það vegna þess að ekki er til sérstakur flokkur í skráningakerfinu sem tekur til heimilisofbeldis eingöngu en einnig að margir sem verða fyrir ofbeldi á heimili gera ekki grein fyrir raunverulegum ástæðum áverkanna við komu á sjúkrastofnun. Ísland fylgir alþjóðlegum stöðlum varðandi slysaskráningar og innlagnarástæður og gefa þeir því miður ekki færi á að sundurgreina ástæður áverka eins og þyrfti til að svara fyrirspurninni. Ráðuneytið getur því ekki í raun svarað henni en leitaði almennra upplýsinga um tíðni heimilisofbeldis hjá ýmsum sem safna upplýsingum um það.

Leitað var til Kvennaathvarfsins um frekari upplýsingar en þangað leita að meðaltali um 360 konur og 93 börn ár hvert.

Erlendar rannsóknir benda til að milli 25 og 30% kvenna séu beittar líkamlegu ofbeldi á ævinni. Erfitt að að fá fram raunsanna mynd af því að rannsóknaraðferðir eru annmörkum háðar og vandamálið mjög oft hulið.

Engin ítarleg samantekt hefur verið kynnt á síðustu árum á því hve alvarlegt eða algengt heimilisofbeldi er hér á landi. Fyrsta rannsóknin hérlendis var gerð árið 1982 og var þar unnið úr sjúkraskrám slysadeildar Borgarspítalans. Í ljós kom að 79 konur höfðu leitað til slysadeildar árið 1979 vegna ofbeldis sem þær höfðu verið beittar innan veggja heimilis.

Könnun slysadeildarlækna, sem náði yfir árin 1974–1991, benti til að 41% kvenna sem leituðu á slysavarðstofu með ofbeldisáverka hefðu orðið fyrir árás heima hjá sér. Á árunum 1998–2000 komu 417 konur á slysadeild vegna heimilisofbeldis, 355 þeirra urðu fyrir ofbeldi á heimili sínu en 62 á heimili gerenda.

Einstaklingar sem leita til neyðarmóttöku vegna nauðgunar voru 119 árið 2002, þar af tveir karlar.

Viðamesta rannsóknin á þessu efni hér á landi var gerð á vegum dómsmálaráðuneytisins árið 1997. Gerð var símakönnun og spurningalisti lagður fyrir 3.000 manna handahófsúrtak úr þjóðskrá. Niðurstöður bentu til að um 1.100 konur og 650 karlar væru beitt ofbeldi innan veggja heimilanna árið 1996.

Vorið 2001 gerðu nemendur í Háskóla Íslands, Áslaug Einarsdóttir og Guðmundur Á. Skarphéðinsson, athugun á konum sem leituðu til Kvennaathvarfs og ofbeldismönnum þeirra. Athugunin náði til 1.231 konu sem leitaði til Kvennaathvarfsins á árunum 1995–2000. Ofbeldið er flokkað í þrjá flokka, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt. Aðeins hluti tveggja síðarnefndu flokkanna leitar til heilbrigðisþjónustunnar og enn færri þeirra sem verða fyrir andlegu ofbeldi. Um 63% ofbeldismannanna eiga við áfengis- og vímuefnavanda að glíma og þeir sem eru í neyslu vímuefna beita grófara ofbeldi. Gögnin sýna m.a. að aðeins um 10% kvenna í úrtakinu kæra ofbeldisverknað og því eru lögregluskýrslur heldur ekki góð heimild um umfang.

Ofbeldi gagnvart börnum er tvímælalaust vanskráð. Börn leita oft til heilbrigðisþjónustunnar í fylgd gerenda og stafar jafnvel ógn af því að veita upplýsingar. Skilgreiningar á því hvað er vanræksla og ofbeldi hafa verið til endurskoðunar og einnig ferli kæru og viðbragða. Nokkrar kannanir á umfangi hafa verið gerðar á síðustu árum en þær hafa ekki þótt gefa nægilega góðar vísbendingar. Sem dæmi má þó taka að árið 2002 komu 13 mæður til slysadeildar með meira en 25 börn sem voru beinir og óbeinir þolendur ofbeldis á heimilum. Slysadeild tilkynnti 127 mál til barnaverndaryfirvalda árið 2002 og var þar um vanrækslu eða ofbeldi að ræða.

Á næstunni mun ætlunin að endurskoða viðbrögð heilbrigðiskerfisins við ábendingum um ofbeldi gegn börnum og efla samstarf heilbrigðis- og barnaverndaryfirvalda hvað þetta varðar.

2. *Hversu mörg dauðsföll á síðustu tíu árum má rekja til heimilisofbeldis?*

Leitað var til Hagstofu Íslands til að fá svar við þessu. Því miður er enginn kóði sem segir nákvæmlega til um þetta, dánarorsakir eru ekki skráðar sem afleiðingar heimilisofbeldis sérstaklega. Því þyrfti að gera rannsókn til að fá fram rétta mynd af þessum fjölda, eða breyta skráningarkerfinu.

Þó liggur fyrir að sjö konur og 25 karlar létust á árunum 1981–98 af völdum líkamsáverka, en ekki liggja fyrir upplýsingar um hve stór hluti lést af völdum heimilisofbeldis. Það er þó athyglisvert að fimm af þessum konum létust á eigin lögheimili. Karlar sem deyja af völdum áverka deyja oftar utan heimilis en aðeins 10 af þessum 25 létust á eigin heimili.

Rétt er að minna á að hér er aðeins um vísbendingar að ræða og ekki er hægt að fullyrða neitt um hvort rekja megi þessi dauðsföll til heimilisofbeldis nema að undangenginni frekari skoðun.

Svar við þessari fyrirspurn sýnir að ekki liggi fyrir óyggjandi upplýsingar um umfang, alvöru og afleiðingar heimilisofbeldis hér á landi. Skráning í heilbrigðisþjónustunni gerir ekki ráð fyrir sérstökum flokkum fyrir þetta efni og upplýsingar Hagstofunnar ekki heldur.

Nauðsynlegt er að þróaðar verði aðferðir sem auka líkur á að þessar upplýsingar séu aðgengilegar á hverjum tíma, en þær gætu nýst við að styrkja aðgerðir gegn heimilisofbeldi.

1095. Fyrirspurn [672. mál]

til utanríkisráðherra um starfslokasamninga hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða reglur hafa gilt um starfslokasamninga við starfsmenn varnarliðsins 67 ára og eldri sl. fimm ár?
2. Hafa breytingar orðið á þessum reglum, og ef svo er, hvers vegna og hverjar?

1096. Fyrirspurn [673. mál]

til fjármálaráðherra um kröfur ríkisins um þjóðlendur.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða forsendur eru fyrir því að nefnd á vegum fjármálaráðherra, sbr. 10. gr. þjóðlendulaga, gerir kröfur í þinglýst eignarlönd bænda og annarra jarðeigenda?
2. Hvers vegna hefur kostnaður bænda og annarra jarðeigenda af hagsmunagæslu í þessum málum ekki verið greiddur eins og lög um þjóðlendur gera ráð fyrir, sbr. 17. gr. þeirra?

1097. Fyrirspurn [674. mál]

til menntamálaráðherra um höfundarétt.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvaða samtökum höfundaréttarfélaga hafa verið settar samþykktir skv. 6. mgr. 11. gr. höfundalaga, nr. 73/1972? Hvaða reglur gilda um félagsaðild, endurskoðun reikninga, úthlutun höfundalauna, kæruleiðir og upplýsingagjöf hjá þessum samtökum?
2. Telur ráðherra að ákvæði 3. mgr. 11. gr. laganna, um að höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eigi rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra hluti, samrýmist 65. gr. stjórnarskrárinnar um að allir skuli jafnir fyrir lögum, þ.e. að höfundar sumra hugverka fái innheimt gjöld fyrir atbeina löggjafans, m.a. af óskrifuðum geisladiskum og af tölvum, en ekki höfundar annarra hugverka, t.d. hugbúnaðar og ljósmynda, sem þó munu líklega geymd á þessum miðlum í mun meira mæli en hin fyrrnefndu?
3. Hvernig samrýmist það 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar að lög heimili ríkinu að innheimta gjald af einum hópi einstaklinga til að afhenda það öðrum hópi einstaklinga án fjárveitinga á fjárlögum?

1098. Frumvarp til laga [675. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum“ kemur: skv. 14. og 30. gr. laga um almannatryggingar og 3. gr. laga um félagslega aðstoð.
2. Í stað orðanna „skv. 14. gr. sömu laga“ kemur: skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. mgr. 17. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði“ í 1. málsl. kemur: lögum um fjármálafyrirtæki.
2. Í stað orðanna „skv. 23. gr. laga nr. 113/1996“ í 2. málsl. kemur: samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
3. Í stað orðanna „ákvæðum laga nr. 113/1996“ í 4. málsl. kemur: lögum um fjármálafyrirtæki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 30. gr. laganna:

1. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 1. tölul. A-liðar kemur: fjármálaráðherra.
2. Í stað orðanna „laga þessara“ í lokamálslið 4. mgr. 1. tölul. B-liðar kemur: laga nr. 154/1998.

4. gr.

Í stað orðanna „skv. lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði“ í 3. mgr. 5. tölul. 31. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

5. gr.

Í stað orðanna „1. málsl. 1. mgr. 31. gr.“ í inngangsmálslið 38. gr. laganna kemur: 1. mgr. 1. tölul. 31. gr.

6. gr.

Í stað orðanna „laga þessara“ í lokamálslið 4. mgr. 57. gr. B laganna kemur: laga nr. 154/1998.

7. gr.

Í stað orðanna „Byggingarsjóði ríkisins“ í 2. og 5. mgr. B-liðar 69. gr. laganna kemur: Íbúðalánasjóði.

8. gr.

Í stað orðanna „Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna“ í 1. tölul. 5. mgr. 72. gr. laganna kemur: Íbúðalánasjóður.

9. gr.

Orðin „Byggingarsjóði ríkisins og“ í 78. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Í stað orðsins „skylda“ í 1. málsl. 1. mgr. 94. gr. laganna kemur: skylt.

11. gr.

6. mgr. 96. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

100. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðum skattstjóra um endurákvörðun skv. 5. mgr. 96. gr. og kæruúrskurðum skv. 99. gr. má skjóta til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga um yfirskattanefnd.

13. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980“ í 1. mgr. 113. gr. laganna kemur: skv. IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

14. gr.

Í stað orðanna „verðbóta, sem greiða ber skv. 2. mgr.“ í 4. mgr. 121. gr. laganna kemur: álags, sem greiða ber skv. 1. mgr.

15. gr.

124. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf, sbr. lög um samvinnufélög, og stofnfjárbréf í sparisjóðum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.

16. gr.

Í stað orðanna „sem myndaður hefur verið skv. 37. gr. gildandi laga“ í ákvæði til bráðabirgða XLVI í lögunum kemur: sem myndaður var skv. 37. gr. laga nr. 75/1981 fyrir breytingu með lögum nr. 133/2001.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 133/2001 og lögum nr. 152/2002, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var ákveðið að endurútgefa lög um tekjuskatt og eignarskatt.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt í tengslum við fyrirhugaða endurútgáfu á lögunum. Ekki er um efnisbreytingar á lögunum að ræða, heldur einungis einfaldar lagfæringar, svo sem uppfærslu á tilvísunum í lög sem fallið hafa úr gildi og niðurfellingu eða breytingar á ákvæðum sem láðst hefur að gera í

tengslum við aðrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða í tengslum við breytingar á öðrum lögum.

1099. Fyrirspurn [676. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferðakostnað vegna tannréttinga.

Frá Þuríði Backman.

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á ákvæðum laga um greiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga barna og unglinga sem búa þar sem ekki er kostur á þjónustu tannréttingasérfræðinga?

1100. Fyrirspurn [677. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, sundurgreint á eftirfarandi:

a. ótekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
b. tekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
c. barnabætur alls í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
d. barnabætur alls á föstu verðlagi, samkvæmt vísitölu?

Skriflegt svar óskast.

1101. Fyrirspurn [678. mál]

til iðnaðarráðherra um jöfnun flutningskostnaðar.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér nú þegar fyrir aðgerðum til jöfnunar flutningskostnaðar í landinu og hvaða leiðir telur ráðherra árangursríkast að fara til að jafna flutningskostnað?

Skriflegt svar óskast.

1102. Fyrirspurn [679. mál]

til viðskiptaráðherra um félög í eigu erlendra aðila.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu mörg félög hér á landi eru að meiri hluta í eigu erlendra aðila, sundurliðað eftir árum 1998–2002?
2. Hve mörg þessara félaga voru með raunverulega atvinnustarfsemi hér á landi sl. tvö ár, þ.e. höfðu fasta starfsmenn og tekjur sem upprunnar voru hér á landi?
3. Eru þessi félög skattskyld hér á landi og hverjar hafa skattgreiðslur þeirra verið sl. fimm ár?
4. Er ástæða til að ætla að þessi félög séu að einhverju leyti notuð til að losna undan skattskyldu í öðrum löndum?

Skriflegt svar óskast.

1103. Frumvarp til laga [680. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

a. (5. gr.)

Ráðherra fer með yfirstjórn sjúkdómamála er varða dýr sem lög þessi ná til. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, sbr. 78. gr. laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, eftir því sem við á varðandi sjávardýr.

b. (6. gr.)

Heimilt er að flytja til landsins frá eldisstöð sjávardýr er lög þessi ná til, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem sjávarútvegsráðherra setur, að höfðu samráði við embætti yfirdýralæknis. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis um að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með undirritun EES-samningsins skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heibrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða, sem taka átti gildi í júlí 1994. Eitt meginmarkmið tilskipunarinnar er að samræma eftirlit og kveður hún á um nánari skilgreiningu þeirra heilbrigðisskilyrða sem þarf að uppfylla svo að milliríkjaviðskipti geti átt sér stað með lifandi eldisdýr innan og utan EES.

Almennt má segja að tilskipunin kveði á um nánari skilgreiningu þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla svo að milliríkjaviðskipti geti átt sé stað með lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr innan og utan EES. Tilskipunin lýsir þannig skilyrðum dýraheilbrigðis við inn- og útflutning eldisdýra, eldisafurða og notkun flutningstækja við slíkan flutning. Meginreglan er sú samkvæmt tilskipuninni að inn- og útflutningur fyrrgreindra afurða innan EES er heimill, enda sé heilbrigði dýra og afurða vottað af opinberum eftirlitsaðilum, hérlendis embætti yfirdýralæknis. Frekari takmarkanir koma til vegna smitnæmni tegunda, tegundar sjúkdóms, staðsetningar eldisstöðva eða ástands eldisstöðva. Utan EES hafa ákveðin lönd sem uppfylla tilteknar kröfur sömu heimild til innflutnings til EES-landa og lönd innan EES.

Íslensk stjórnvöld hafa haft víðtæka undanþágu frá framangreindri tilskipun en sú undanþága féll endanlega úr gildi 30. júní sl. og fékkst ekki framlengd. Innflutningur lifandi fiska, lindýra og krabbadýra, hrogna og svilja þeirra hefur þannig ekki verið heimill hingað til lands nema í undantekningartilvikum. Til að tryggja óbreytt heilbrigðisástand, ef tilskipun 91/67/EBE verður innleidd, hafa íslensk fisksjúkdómayfirvöld óskað eftir viðbótartryggingum gagnvart alvarlegustu sjúkdómunum. Slík trygging kveður á um sérstakar heimildir stjórnvalda til að verjast smitsjúkdómum á öflugri hátt en ella og takmarka innflutning. Formleg staðfesting ESA þess efnis fæst þó ekki fyrr en eftir innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE.

Miklir hagsmunir eru í húfi, jafnt hvað varðar útflutning á lifandi fiski, seiðum, hrognum og sviljum sem og heilbrigði íslenskra fiskstofna. Innleiðing tilskipunar 91/67/EBE gæfi nauðsynlegt stjórntæki til að gæta þess að innflutningur á sjávardýrum til eldis verði í samræmi við reglur á EES-svæðinu og að einungis verði flutt inn eldisdýr sem eru laus við sjúkdóma sem ekki fyrirfinnast hér á landi. Sóknarfæri íslenskra fyrirtækja eru mikil á næstu árum, ekki síst vegna góðs heilbrigðisástands hér á landi og nýtur það síaukinnar athygli erlendis og almennrar viðurkenningar.

Með lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, var staðfest að málaflokkurinn félli undir sjávarútvegsráðherra, en eldi ferskvatnsdýra er á verksviði landbúnaðarráðherra. Til að geta innleitt tilskipun 91/67/EBE er nauðsynlegt að breyta lögum nr. 33/2002, auk þess sem gera þarf breytingar á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, verði skýrt kveðið á um að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn fisksjúkdómamála og setji reglur um innflutning lifandi sjávardýra, óháð þroskastigi þeirra, þ.e. hvort sem er hrogna, svilja, seiða eða fullþroskaðra fiska. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji þær reglur að höfðu samráði við embætti yfirdýralæknis sem mun annast daglega framkvæmd fisksjúkdómaeftirlits, enda hefur starfsfólk þess sérþekkingu á fisksjúkdómum. Enn fremur er lagt til að ráðherra geti notið ráðuneytis fisksjúkdómanefndar sem landbúnaðarráðherra skipar samkvæmt lögum nr. 76/1970 varðandi álitaefni er snerta sjúkdóma í sjávardýrum.

Samhliða þessu frumvarpi hefur landbúnaðarráðherra lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lög-

um nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sem nauðsynlegar eru til að unnt verði að innleiða tilskipun 91/67/EBE.

Með þeim lagabreytingum sem lagt er til að verði gerðar er stjórnvöldum gert kleift að hafa eftirlit og stjórn með innflutningi á lifandi fiskum, krabbadýrum og lindýrum sem ætluð eru til eldis hér á landi í samræmi við reglur EES-samningsins. Jafnframt verður tryggt að útflytjendur slíkra afurða frá Íslandi munu eiga tryggari og auðveldari aðgang að mörkuðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að yfirstjórn fisksjúkdómamála tengdra sjávardýrum verði á hendi sjávarútvegsráðherra. Í 1. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar, en nauðsynlegt er að kveða skýrt á um að sjúkdómamál falli þar undir þar sem ástæða er til að ætla að innflutningur verði takmarkaður að einhverju leyti með tilvísun til stöðu sjúkdómamála í útflutningslandinu. Einnig er lagt til að ráðherra geti leitað ráðgjafar hjá fisksjúkdómanefnd, sem skipuð er af landbúnaðarráðherra, skv. 78. gr. laga nr. 76/1970. Af hálfu landbúnaðarráðherra hefur verið gerð tillaga um að fiskistofustjóri taki sæti í fisksjúkdómanefnd. Fiskistofa sér um framkvæmd laga um eldi nytjastofna sjávar, og hefur m.a. umsjón með leyfisveitingum og eftirliti með rekstri stöðva, þ.m.t. flutningi á fiski milli stöðva eða svæða.

Um b-lið.

Lagt er til að sjávarútvegsráðherra setji reglugerð um innflutning á lifandi fiski, krabbadýrum eða lindýrum, frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð. Þekking á þessum málaflokki er til staðar hjá embætti yfirdýralæknis og er eðlilegt að embættið fari með daglegan rekstur málaflokksins. Því er lagt til að reglur verði settar í samráði við embættið sem tryggir samræmi í meðferð mála varðandi ferksvatnsdýr og sjávardýr.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. ágúst 2003 svo að tími gefist til að gefa út nauðsynlegar reglugerðir til að innleiða að fullu tilskipun 91/67/EBE, og fá nauðsynlegar viðbótarábyrgðir frá ESA varðandi tiltekna fisksjúkdóma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum vegna innleiðingar á Evróputilskipun 91/67/EBE með það að markmiði að stjórnvöldum sé gert kleift að hafa eftirlit með og stjórn á innflutningi á þeim dýrum er lögin taka til.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

1104. Frumvarp til laga [681. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:

Eldisdýr: lagardýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, og tekin hafa verið úr náttúrulegu umhverfi sínu og eru alin við stýrðar aðstæður, svo og erfðaefni þeirra.

2. gr.

Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við inn- og útflutning eldisdýra er heimil notkun erlendra flutningstækja, svo sem brunnbáta, og búnaðar sem tengdur er þeim, enda skal flutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

3. gr.

1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, sem er formaður nefndarinnar, veiðimálastjóri, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

4. gr.

Fyrri málsliður 79. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

6. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

III. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bann við innflutningi eða útflutningi.
b. Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bann við innflutningi eða útflutningi.

8. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er í samráði við embætti yfirdýralæknis jafnframt heimilt að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra, til lengri eða skemmri tíma, til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

9. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning eldisdýra og afurða þeirra til að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma. Reglur varðandi sjávardýr skulu settar í samráði við sjávarútvegsráðherra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar sem eru lagðar til með frumvarpi þessu eru vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Nánar tiltekið eru framangreindar breytingar lagðar til vegna innleiðingar tilskipunar 91/67/EBE í íslenskan rétt. Þeirri tilskipun hefur verið breytt með tilskipunum 93/54/EBE, 95/22/EB, 97/79/EB og 98/45/EB.

Almennt má segja að tilskipunin kveði á um nánari skilgreiningu þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla til þess að milliríkjaviðskipti geti orðið með lifandi fisk innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Tilskipunin lýsir þannig hvaða skilyrði eru sett með tilliti til dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings eldisdýra og fiskeldisafurða og notkunar flutningstækja vegna slíks flutnings. Nánar tiltekið er um að ræða inn- og útflutning innan EES og innflutning frá löndum utan EES á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum frá eldisstöð eða fiski sem verið hefur villtur. Tilskipunin fjallar um lifandi fisk óháð þroskastigi.

Meginreglan er sú samkvæmt tilskipuninni að inn- og útflutningur framangreindra dýra og afurða innan EES er heimill, enda sé heilbrigði dýra og afurða vottað af opinberum eftirlitsaðilum, hérlendis embætti yfirdýralæknis. Frekari takmarkanir koma til vegna smitnæmis tegunda, tegundar sjúkdóms, staðsetningar eldisstöðva eða ástands eldisstöðva. Utan EES

hafa tiltekin lönd, sem uppfylla tilteknar kröfur, heimild til innflutnings til EES-landa með sama hætti og lönd innan EES.

Íslensk stjórnvöld hafa haft víðtæka undanþágu frá áðurgreindri tilskipun. Innflutningur lifandi fisks, lindýra og krabbadýra, hrogna og svilja þeirra, hefur þannig ekki verið heimill hingað til lands nema í undantekningartilvikum. Þannig hefur innflutningur á hrognum og sviljum laxa, regnbogasilungs og bleikju, ásamt barrahrognum, lúðuseiðum og lifandi humri til manneldis, verið heimill að gefnum ákveðnum heilbrigðisskilyrðum. Þar sem undanþága þessi féll úr gildi 30. júní 2002 er nauðsynlegt að innleiða tilskipunina með áorðnum breytingum.

Til að tryggja að núverandi heilbrigðisástand haldist hérlendis þegar tekin verður upp ný skipan innflutningsmála hér á landi hafa íslensk yfirvöld óskað eftir svokölluðum „viðbótartryggingum“ sem kveða á um sérstakar heimildir stjórnvalda til að takmarka innflutning með tilliti til tiltekinna sjúkdóma og landsvæða innan EES. Slíkar viðbótartryggingar kveða á um heimildir stjórnvalda til að verjast sjúkdómum með öflugri hætti en ella og takmarka innflutning. Jafnframt hefur verið unnin viðamikil samantekt yfir alla eftirlitsþætti og stöðu fisksjúkdóma á Íslandi. Tilgangurinn er að fá formlega viðurkenningu Evrópusambandsins (ESB) þess efnis að íslensk yfirvöld sinni öflugu eftirlitsstarfi og landið sé sannanlega laust við framantalda smitsjúkdóma. Umsókn Íslands er nú til meðferðar og verður afgreidd eftir innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE í íslenskan rétt.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um breytingar á þrennum lögum sem varða innflutning á fiski, hrognum og sviljum. Meginbreytingarnar eru eftirfarandi:

A. Í lögum nr. 76/1970, um lax og silungsveiði, er lagt bann við innflutningi lifandi laxfiska eða annarra fiska er lifa í ósöltu vatni. Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska. Innflutningsbann þetta stríðir gegn tilskipun 91/67/EBE og er því nauðsynlegt að það verði afnumið. Þar sem bann er lagt við innflutningi á notuðum eldisbúnaði í lögunum verður jafnframt að vera skýr heimild í lögum um notkun erlendra flutningstækja vegna fiskeldis, eins og brunnbáta, þar sem hér er um að ræða sérhönnuð flutningsför sem oft eru ekki til hér á landi en eru nauðsynleg til flutnings eldisdýra. Þá er gert ráð fyrir að fiskistofustjóri taki sæti í fisksjúkdómanefnd en með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að fisksjúkdómanefnd verði sjávarútvegsráðherra til aðstoðar og ráðuneytis varðandi fisksjúkdóma í sjávardýrum. Valdsvið nefndarinnar hefur því verið aukið á þann veg að það nær að þessu leyti til sjávardýra. Er því talið eðlilegt að fiskistofustjóri eigi sæti í nefndinni. Nefndin verður þá skipuð fjórum aðilum og miðað við að ef atkvæði verða jöfn ráði atkvæði formanns úrslitum.

B. Samkvæmt lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra. Ráðherra hefur þó heimild samkvæmt lögunum til að víkja frá banninu að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Þar sem ákvæði þetta kveður á um almennt innflutningsbann dýra er talið nauðsynlegt með frumvarpinu að kveða á um heimild til innflutnings lifandi eldisdýra með skýrum hætti í samræmi við tilskipunina, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

C. Í lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er með lagabreytingu þessari kveðið á um skyldu landbúnaðarráðherra til setningar reglugerðar vegna innleiðingar tilskipunar 91/67/EBE í íslenskan rétt, þ.e. til að takmarka útbreiðslu sjúkdóma. Reglur um sjávardýr skulu settar í samráði við sjávarútvegsráðherra. Jafnframt er kveðið

á um heimildir landbúnaðarráðuneytisins í samráði við embætti yfirdýralæknis til að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra, til lengri eða skemmri tíma, til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

Samkvæmt gildandi löggjöf hér á landi koma bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti að málum vegna innflutnings á lifandi eldisdýrum og erfðaefni þeirra. Í 13. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, er skýrt kveðið á um heimild landbúnaðarráðherra til að leyfa innflutning fiska og erfðaefnis þeirra. Um er að ræða fisk sem lifir í fersku vatni. Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, var ákvæði sem heimilaði sjávarútvegsráðherra að veita leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra og lindýra sem lifa í söltu vatni en það féll úr gildi 31. desember 2002. Tilskipun 91/67/EBE tekur bæði til eldisdýra sem lifa í fersku og söltu vatni. Tilskipunin varðar þannig starfssvið tveggja ráðuneyta. Eitt meginmarkmiða tilskipunar 91/67/EBE er samræming eftirlits með inn- og útflutningi lifandi eldisdýra og erfðaefnis þeirra. Þetta eftirlit mun hérlendis verða í höndum embættis yfirdýralæknis, sem er í samræmi við lög og reglur innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarp þetta felur í sér að innflutningsbanni lifandi laxfiska og annarra fiska, sem lifa í fersku vatni, er aflétt. Samhliða þessu frumvarpi leggur sjávarútvegsráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, sem hefur að geyma sambærilega heimild til innflutnings á eldisdýrum sjávar. Með frumvörpunum er því verið að samræma innflutningsreglur vegna lifandi fisks í fersku og söltu vatni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji með reglugerð, byggðri á tilskipun 91/67/EBE, með síðari breytingum, ákvæði sem nauðsynleg eru með tilliti til smitsjúkdómahættu vegna innflutnings sem leyfður verður á grundvelli þessara laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á hugtakinu eldisdýr sem ekki hefur áður komið fram í lögunum. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að heimil verði notkun erlendra flutningstækja og búnaðar sem tengdur er þeim. Tilskipun 91/67/EBE kveður á um notkun slíkra flutningstækja við inn- og útflutning. Í 1. mgr. 76. gr. laga nr. 76/1970 er innflutningur á notuðum fiskeldisbúnaði óheimill. Þar sem notuð erlend flutningstæki vegna inn- og útflutnings gætu talist notaður eldisbúnaður eru tekin af öll tvímæli um heimild til notkunar slíkra tækja við strendur landsins. Slík lagaheimild fyrir notkun flutningstækja er nauðsynleg forsenda fyrir innflutningi lifandi fisks til Íslands. Gert er ráð fyrir notkun erlendra flutningstækja enda er um að ræða sérhönnuð flutningsför sem ekki eru til hérlendis. Tilskipun 91/67/EBE kveður á um að flutningstæki skuli þrifið og sótthreinsað fyrir fram með sótthreinsiefni sem er opinberlega viðurkennt í útflutningslandi og skal fylgja opinbert vottorð þar um.

Um 3. gr.

Hér er breytt ákvæði 1. mgr. 78. gr. laganna og fiskistofustjóra fengið sæti í fisksjúkdómanefnd en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum nr. 33/2002 þar sem gert er ráð fyrir að fisksjúkdómanefnd verði sjávarútvegsráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um fisksjúkdóma í sjávardýrum samkvæmt lögunum. Með

þeim lögum er jafnframt opnað fyrir innflutning á lifandi sjávarfiski með sama hætti og gert er í þessu frumvarpi um fisk sem lifir í ósöltu vatni en ráðuneytin fara með hvorn málaflokk fyrir sig. Með þessu breytist hlutverk fisksjúkdómanefndar en það hefur hingað til verið bundið við fisk sem lifir í ósöltu vatni, sbr. lög nr. 76/1970. Þykir því nauðsynlegt að gera þessa breytingu. Með því að fiskistofustjóri tekur sæti í fisksjúkdómanefnd verður nefndin skipuð fjórum mönnum og getur því komið til þess að atkvæði um einstök mál verði jöfn. Til að leysa úr því er hér kveðið á um að í slíkum tilvikum ráði atkvæði formanns úrslitum.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að heimilaður verði innflutningur lifandi laxfiska eða annarra fiska sem lifa í ósöltu vatni. Lagabreyting þessi felur í sér að innflutningsbanni lifandi laxfiska og annarra fiska, sem lifa í fersku vatni, er aflétt. Innflutningurinn skal hins vegar háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur. Umrædd reglugerð mun byggjast á efni tilskipunar 91/67/EBE og setur ýmis skilyrði um heilbrigði vegna innflutnings. Þannig skal lifandi fiskur ekki sýna nein klínísk sjúkdómseinkenni, vera ætlaður til förgunar eða slátrunar eða koma frá eða komast í snertingu við dýr frá eldisstöð eða svæði sem um gilda opinberar takmarkanir vegna staðfestrar sýkingar eða rökstudds grunar um nánar tilgreinda sjúkdóma. Til viðbótar eru sett skilyrði, allt eftir smitnæmi tegunda, tegund sjúkdóms, staðsetningu eldisstöðva eða ástandi eldisstöðva.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að heimilaður verði innflutningur lifandi fiska, krabbadýra eða lindýra frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð. Lagabreyting þessi felur í sér að innflutningsbanni lifandi fiska, krabbadýra og lindýra og erfðaefnis þeirra er aflétt, enda gildir tilskipun 91/67/EBE um þessa dýraflokka. Hvað varðar heilbrigðisskilyrði vegna innflutningsins vísast til athugasemda við 4. gr. Innflutningurinn skal háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

Um 6. gr.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, skulu innflutt dýr sett í einangrun á sóttvarnastöð. Slíkt stangast á við ákvæði tilskipunar 91/67/EBE sem heimilar innflutning eldisdýra án einangrunar í sóttvarnastöð. Vegna þessa er hér kveðið á um breytingu á þessu ákvæði sem felur í sér að ekki verður þörf á að setja innflutt eldisdýr í sóttkví á einangrunarstöð.

Í 13. gr. laganna er hins vegar að finna efnisákvæði um einangrun dýra í einangrunarstöð. Slík ráðstöfun er í samræmi við tilskipun 91/67/EBE og heldur því gildi sínu.

Um 7. gr.

Í 8. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, er kveðið á um heimildir landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, til að fyrirskipa hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu tiltekinna sjúkdóma. Þessar ráðstafanir ráðherra eru taldar upp í ákvæðinu. Hér er bætt við ráðstöfunum sem felast í banni við innflutningi og útflutningi dýra, dýraafurða, fóðurs, húsdýraáburðar og annars sem mengað er og kann að bera smit. Eðlilegt þykir að kveða á um heimild ráðherra til að setja bann við innflutningi þar sem innflutningur verður nú heimill á lifandi eldisdýrum og afurðum þeirra en það getur haft í för með sér hættu á að sjúkdómar

berist hingað til lands og breiðist út. Sama gildir um útflutning en hér er miðað við að reglur í þessu efni verði gagnkvæmar og ráðherra veittar heimildir til að koma í veg fyrir útflutning dýra ef sjúkdóma verður vart hér á landi.

Um 8. gr.

Ákvæðið kveður á um heimildir landbúnaðarráðherra, í samráði við embætti yfirdýralæknis, til að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma. Hér er um að ræða eðlilegt öryggisákvæði sem gildir bæði um innflutning til landsins og útflutning frá landinu. Ákvæði þessu skal að sjálfsögðu einungis beitt í undantekningartilvikum. Slíku banni skal aflétta um leið og smithætta er liðin hjá.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta kveður á um skyldu landbúnaðarráðherra til að setja reglugerð byggða á tilskipun 91/67/EBE og samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993. Reglur um sjávardýr skulu settar í samráði við sjávarútvegsráðherra sem er talið eðlilegt þar sem sjávarútvegsráðherra fer með öll málefni er varða sjávardýr og lög sem um þau gilda.

Um 10. gr.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að innleiða tilskipun 91/67/EBE í íslenskan rétt. Til þess að tryggja megi óbreytt heilbrigðisástand við innleiðingu tilskipunarinnar hafa íslensk fisksjúkdómayfirvöld óskað eftir viðbótartryggingum gagnvart fimm alvarlegustu sjúkdómunum sem upp geta komið í fiski. Tilgangur umsóknarinnar er að fá formlega viðurkenningu ESB þess efnis að íslensk yfirvöld sinni öflugu eftirlitsstarfi og að landið sé sannanlega laust við alvarlega fisksjúkdóma. Slíkar tryggingar kveða á um sérstakar heimildir stjórnvalda til að verjast smitsjúkdómum með öflugri hætti en ella og takmarka innflutning. Gert er ráð fyrir að afgreiðsla viðbótartryggingarinnar taki um það bil fjóra mánuði eftir að frumvarpið er orðið að lögum en ekki verður unnt að fá viðbótartryggingarnar fyrr en tilskipunin hefur verið innleidd í íslensk lög. Hér er því lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. ágúst 2003 eða þann tíma sem áætlað er að þurfi til að fá viðbótartryggingarnar í gildi hér á landi. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að innleiða Evróputilskipun nr. 91/67/EBE um inn- og útflutning dýra og dýraafurða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1105. Fyrirspurn [682. mál]

til fjármálaráðherra um eign Íslendinga í erlendum félögum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hversu miklar fjárhæðir eiga íslenskir aðilar, félög og einstaklingar, í erlendum félögum?
2. Hvernig skiptast félög sem Íslendingar eiga meiri hluta í eftir löndum og svæðum?
3. Hvernig skiptast félögin eftir því hvort þau eru skráð á verðbréfamarkaði eða ekki?
4. Hversu mikið greiddu íslensku eigendurnir til þessara félaga á síðustu þremur árum sem vexti, arð eða þóknanir?

Skriflegt svar óskast.

1106. Nefndarálit [353. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (brot í opinberu starfi).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti og Róbert R. Spanó mag. jur. Þá bárust umsagnir frá Landssambandi lögreglumanna, Sýslumannafélagi Íslands, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, ríkissaksóknara, Bandalagi háskólamanna, Póst- og fjarskiptastofnun og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á XIV. kafla almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi. Helsta markmið frumvarpsins er að afmarka nánar hugtakið opinber starfsmaður í nánar tilgreindum ákvæðum kaflans þannig að skilgreining þess hóps opinberra starfsmanna sem ákvæði kaflans taka til verði skýrari. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar á nokkrum stöðum jafnframt því sem það er fært til nútímalegra horfs.

Helstu ástæður framangreindra breytinga eru þær að oft hefur skapast vandamál við ákvörðun þess hvort einstaklingur sé opinber starfsmaður í refsiréttarlegu tilliti. Með frumvarpinu er því lögð til sérstök refsiréttartúlkun á hugtakinu opinber starfsmaður og jafnframt orðuð sú leiðbeiningarregla að aðeins þeir opinberu starfsmenn, sem fengið hafa heimildir að lögum til að geta tekið eða hafa áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafa eða hafa áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna, verði taldir opinberir starfsmenn í þessum skilningi, nema annað verði skýrlega ráðið af túlkun á einstökum refsiákvæðum.

Með hliðsjón af þeirri almennu leiðbeiningarreglu sem hér um ræðir er lögð á það áhersla að við mat á því hvort tiltekið refsiákvæði XIV. kafla hegningarlaga eigi við um háttsemi starfsmanns hins opinbera verði að taka sérstaklega til skoðunar hvort honum hafi með lögum í rýmri merkingu verið veittar valdheimildir sem hafi til að bera þau einkenni sem lýst var hér að framan. Þetta á þó aðeins við þegar ákvæði XIV. kafla hegningarlaga hafa að

geyma almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður án nánari skýrgreiningar en ekki þegar hlutaðeigandi refsiákvæði kveða skýrt á um tilgreinda starfsmenn hins opinbera.

Loks er lagt til í frumvarpinu að gildissvið 133. gr. hegningarlaga um opinberan starfsmann sem gætir fanga verði rýmkað og nái nú einnig til þess þegar opinber starfsmaður hefur það verkefni að gæta sakbornings sem sviptur hefur verið frelsi sínu. Að gefnu tilefni skal tekið fram að hugtakið sakborningur hefur ákveðna refsiréttarlega merkingu og er notað um þann einstakling sem grunaður er um refsiverða háttsemi. Hér er því t.d. ekki átt við einstakling sem vistaður er í fangageymslu vegna ölvunar eða óspekta á almannafæri. Þegar gerður var samanburður á 133. gr. hegningarlaga og samsvarandi ákvæði 149. gr. dönsku hegningarlaganna kom í ljós að íslenska ákvæðið var efnislega þrengra. Þannig tekur danska ákvæðið samkvæmt orðalagi sínu og mati fræðimanna einnig til sakborninga á rannsóknarstigi máls, hvort sem um er að ræða gæsluvarðhaldsfanga eða sakborninga sem vistaðir eru í fangageymslu án þess að gæsluvarðhaldsúrskurður liggi fyrir. Danska ákvæðið var fyrirmynd hins íslenska ákvæðis þegar það var sett og því eru lagðar til framangreindar breytingar.

Þá hefur komið fram nauðsyn þess að lagfæra orðalag og efnisatriði í 5. gr. frumvarpsins sem og í 137. gr. laganna. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 137. gr. laganna. Þar er fjallað um starfsmann lögaðila sem fengið hefur opinbert leyfi til póstdreifingar eða til að annast fjarskipti á grundvelli slíks leyfis. Hugtakið póstdreifing er notað yfir afmarkaðan þátt póstþjónustunnar, þ.e. dreifinguna sem slíka. Í 4. gr. laga um póstþjónustu, nr. 19/2002, er póstþjónusta skilgreind sem þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu. Rekstrarleyfi eru gefin út til þeirra sem sinna póstþjónustu samkvæmt þessari skilgreiningu. Því leggur nefndin til að í stað hugtaksins póstdreifing komi póstþjónusta.

Þá hefur verið bent á að um langt skeið hefur póstdreifing í dreifbýli verið unnin af verktökum, t.d. eru allir svokallaðir landpóstar Íslandspósts verktakar. Þeir mundu þar af leiðandi ekki falla undir hugtakið starfsmenn lögaðila í 5. gr. frumvarpsins og verknaðarlýsing ákvæðisins tæki því ekki til þeirra. Því er lögð til sú breyting að það sé hafið yfir allan vafa að þeir sem sinna póstþjónustu eða fjarskiptum sem verktakar falli einnig undir 137. gr. almennra hegningarlaga.

Jafnframt hefur komið fram að hugtakið símamálefni í 137. gr. laganna er hvergi notað í núverandi löggjöf um fjarskipti. Samkvæmt orðsins hljóðan nær hugtakið líklega aðeins til hefðbundinnar talsímaþjónustu, þ.e. tals á milli tveggja manna. Fjarskipti í nútímaskilningi eru hins vegar orðin miklu víðtækari, t.d. gagnaflutningur, tölvupóstsendingar o.fl. Í 3. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, eru hugtökin fjarskipti og fjarskiptaþjónusta skilgreind á eftirfarandi hátt: „*Fjarskipti*: Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.“ „*Fjarskiptaþjónusta*: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.“ Þá er í 137. gr. fjallað um símamálefni. Með hliðsjón af því sem að framan greinir leggur nefndin til að í stað orðanna „póst- eða símamálefni“ komi orðin póst- eða fjarskiptaþjónustu til að samræmis sé gætt.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 137. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „póst- eða símamálefni“ kemur: póst- eða fjarskiptaþjónustu.
2. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um starfsmann lögaðila sem fengið hefur opinbert leyfi til póstþjónustu eða til að annast fjarskipti á grundvelli slíks leyfis eða verktaka sem sinnir póst- eða fjarskiptaþjónustu á ábyrgð lögaðila.

Katrín Fjeldsted, Lúðvík Bergvinsson, Pétur Bjarnason og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi var samþykkur afgreiðslu þess.

Alþingi, 25. febr. 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.
Ásta Möller.		Kjartan Ólafsson.

1107. Nefndarálit [601. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Erlu Pétursdóttur, Lilju Sturludóttur og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum banka og fjármálafyrirtækja, Félagi löggiltra endurskoðenda, Ríkisendurskoðun og Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem þegar hefur verið afgreitt úr nefndinni. Markmið frumvarpsins er að hluthafar í hlutafélögum um sameiginlega fjárfestingu, þ.e. hlutabréfasjóðum, missi ekki þær skattalegu ívilnanir sem við hlutabréfin eru tengd, sbr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, við það að félaginu er slitið.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Gunnar Birgisson.
Árni R. Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.

1108. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Páll Gunnar Pálsson frá fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson, Helgu Hákonardóttur og Gunnar Viðar frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Ólaf A. Sigurðsson frá Kauphöll Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Ráðgjöf og efnahagsspám ehf., Hafnabótasjóði, Siglingastofnun Íslands, Bandalagi háskólamanna, Samtökum banka- og verðbréfafyrirtækja, Félagi löggiltra endurskoðenda, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins, Kauphöll Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands, Neytendasamtökunum og refsiréttarnefnd.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um verðbréfaviðskipti.

Með nýjum lögum um fjármálafyrirtæki, sem afgreidd voru fyrir jól og tóku gildi 1. janúar sl., voru ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana, sem áður voru í lögum um verðbréfaviðskipti, sameinuð í ein heildarlög. Hegðunarreglur aðila á verðbréfamarkaði og reglur um réttindi og skyldur þeirra sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta eru hins vegar efni þessa frumvarps.

Þróun í löggjöf á sviði verðbréfaviðskipta er afar hröð. Frá því að gildandi lög um verðbréfaviðskipti voru sett 1996 hefur Alþingi tíu sinnum samþykkt breytingar á þeim. Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er byggt á grunni gildandi laga en ýmsar veigamikilar breytingar eru þó lagðar til. Fyrst er að nefna þá formbreytingu sem felst í flutningi ákvæða um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana yfir í lög um fjármálafyrirtæki. Í öðru lagi er gerð tillaga um að nýtt yfirhugtak, fjármálagerningur, nái til allra gerninga sem undir lögin falla, í þriðja lagi eru ákvæði um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja gerð ítarlegri og fyllri, í fjórða lagi eru ákvæði um almenn útboð þrengd, í fimmta lagi eru flöggunarreglur hertar með þeim hætti að flagga verður við hvern hálfan tug prósenta sem hlutur aðila eykst, í sjötta lagi eru ákvæði um yfirtökutilboð sem áður voru í reglugerðum tekin upp í lögin, í sjöunda lagi er skylda til að útbúa tilboðsyfirlit skilgreind nánar, í áttunda lagi er sett nýtt ákvæði um viðskiptavaka og í níunda lagi er innleitt nýtt refsiúrræði, stjórnvaldssektir, sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita fyrir tiltekin brot á ákvæðum laganna um innherjaviðskipti.

Eins og áður sagði er þróun löggjafar á sviði verðbréfaviðskipta hröð. Þrátt fyrir miklar breytingar á þessu sviði núna, annars vegar með lögum um fjármálafyrirtæki og hins vegar því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, er ljóst að ekki verður langt að bíða frekari breytinga á löggjöfinni. Til dæmis er væntanleg ný tilskipun á þessu sviði frá Evrópubandalaginu sem verður hluti af EES-samningnum og má jafnvel vænta þess að frumvarp til breytinga verði lagt fram strax á næsta þingi. Því er ljóst að endanleg niðurstaða um lagaumhverfi í þessum málaflokki er ekki í sjónmáli.

Mikil umræða fer fram um ýmis grundvallaratriði réttarins á þessu sviði. Þetta á t.d. við um skilgreiningu á innherjaupplýsingum. Samkvæmt gildandi lögum teljast innherjaupplýsingar upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerðar opinberar en eru líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð fjármálagerninga ef opinberar væru. Þessi skilgreining er nú tekin óbreytt upp í frumvarpið. Hvenær upplýsingar eru líklegar til að hafa áhrif er að sjálfsögðu matskennt og endanlegt mat um það hvort svo

sé heyrir undir dómstóla ef á reynir. Í athugasemdum við frumvarpið segir: „Við mat á því hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga ber hins vegar að leggja til grundvallar hvort heildarmynd skynsams fjárfestis af markaðsverðmæti útgefandans hefði breyst ef hann hefði vitað um upplýsingarnar en ekki hvort upplýsingarnar hafi í raun haft áhrif eftir að þær voru birtar opinberlega.“ Samkvæmt þessu tæmir það ekki sök þótt það liggi fyrir að upplýsingarnar hafi ekki í raun haft áhrif á markaðsverð ef þær teljast engu síður almennt til þess fallnar að hafa áhrif á það. Þessi túlkun er afar mikilvæg að mati nefndarinnar. Í umsögnum sem bárust nefndinni var lagt til að skilgreiningu innherjaupplýsinga yrði breytt á þann veg að upplýsingarnar yrðu að vera líklegar til að hafa *veruleg* áhrif á markaðsverð. Var þessi tillaga studd þeim rökum að gildandi skilgreining gerði þeim sem í hlut ættu mjög erfitt fyrir að meta hvenær þeir væru með innherjaupplýsingar í höndunum og að breytingin mundi draga úr þeirri óvissu. Nefndin fjallaði ítarlega um þetta atriði og er það álit hennar að svo stöddu að í slíkri breytingu gætu falist óheppileg skilaboð til markaðarins auk þess sem breytingin gæti haft þau áhrif að dómstólar mundu horfa til þess hvort upplýsingarnar hefðu í raun haft áhrif á markaðsverð, óháð því hvort þær hefðu verið til þess fallnar en slíkt er andstætt tilgangi ákvæðisins.

Ákvæði um yfirtökuskyldu aðila sem eignast ráðandi hlut í hlutafélagi hefur einnig verið mjög til umræðu. Hafa margir talið nauðsynlegt að lækka það hlutfall atkvæðisréttar sem leiðir til yfirtökuskyldu. Ljóst er að hluthafar eru í flestum tilvikum komnir með ráðandi hlut áður en skylda til yfirtökutilboðs stofnast samkvæmt gildandi reglum. Með lægra hlutfalli atkvæðisréttar sem leiðir til yfirtökuskyldu eru hagsmunir hluthafa í yfirteknu félagi betur tryggðir. Þá er talið að lækkun hlutfallsins leiði til skilvirkari hlutabréfamarkaðar. Nefndin leggur af þessum sökum til að hlutfallið verði lækkað niður í 40%. Ljóst er að slíkt atkvæðamagn gerir hluthöfum í flestum tilvikum kleift að hafa ráðandi áhrif á stjórnun félaga. Jafnvel má leiða að því líkur að ráðandi áhrif skapist oftast við enn lægra hlutfall atkvæðisréttar. Ekki er gengið lengra í lækkun hlutfallsins að þessu sinni en nefndin telur engu síður ástæðu til að taka það til gaumgæfilegrar skoðunar hvort rétt sé að lækka það enn meira.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í ii-lið b-liðar 7. tölul. 2. gr. og í b-lið 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. verði fjárfestingarsjóðir nefndir um leið og verðbréfasjóðir. Breytingin er í samræmi við frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem nú liggur fyrir þinginu.
2. Lögð er til breyting á 5. gr. þess efnis að það sé alveg skýrt að fjármálafyrirtækjum beri aðeins að afla sér upplýsinga um fjárhagsmálefni viðskiptavina sinna frá viðskiptavinunum sjálfum en hafi hvorki heimild né skyldu til sjálfstæðrar upplýsingaöflunar.
3. Lagt er til að orðinu „fjárhagslega“ verði skeytt á undan orðunum „ótengdum viðskiptavinum“ í 2. tölul. 14. gr. Þykir það orðalag skýrara og í samræmi við önnur hliðstæð ákvæði frumvarpsins.
4. Lagt er til að yfirtökuskylda myndist þegar aðili hefur eignast 40% atkvæðisréttar í félagi eða hefur á grundvelli samninga við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur sama atkvæðisrétti. Vísast til nánari umfjöllunar um þetta hér að framan.

   Í þessu samhengi er lögð til breyting á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins þess efnis að þeir sem hafa við gildistöku laganna yfir að ráða meira en 40% atkvæðisréttar séu undanþegnir tilboðsskyldunni. Rétt er að taka það skýrt fram að sama gildir um þá sem gert hafa samninga um eignayfirfærslu atkvæðisréttar fyrir gildisstöku laganna. Þannig hafi framvirkir samningar sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna ekki áhrif á til-

boðsskyldu aðila, þrátt fyrir að þeir komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en eftir gildistökuna.

Með orðalaginu „enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta verulega hlut“ er átt við að aðili verði tilboðsskyldur þegar hlutfall atkvæðisréttar hans nær næsta heila eða hálfa tug. Með tilvísun til 1. mgr. 27. gr. er gefið til kynna að einungis sé átt við að hlutfall atkvæðisréttar aðila nái heilum eða hálfum tug, þ.e. ekki ber að meta verulegan hlut eftir ákvæðum 28. gr. frumvarpsins. Sem dæmi má nefna að aðili sem á 41% hlut við gildistöku laganna verður tilboðsskyldur þegar hann nær 45% atkvæðisréttar, aðili sem átti 46% hlut verður tilboðsskyldur þegar hann nær 50% atkvæðisréttar o.s.frv.

5. Lagt er til nýtt orðalag í 39. og 42. gr. sem fjalla um gildissvið VIII. og IX. kafla frumvarpsins. Með breytingunni nær gildissvið kaflanna til allra skráðra fjármálagerninga og fjármálagerninga er byggjast á skráðum fjármálagerningum.
6. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 3. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 46. gr. Breytingarnar eru ekki efnislegar.
7. Loks er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2003. Gert er ráð fyrir að frumvarp um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði taki gildi á þeim degi og þykir skynsamlegt að þessi tvenn lög taki gildi á sama tíma þar sem í frumvarpi þessu er óbeint vísað til frumvarps til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Kristinn H. Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Gunnar Birgisson.
Árni R. Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	

1109. Breytingartillögur [347. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir orðinu „verðbréfasjóðir“ í ii-lið b-liðar 7. tölul. 2. gr. komi: og fjárfestingarsjóðir.
2. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo: Enn fremur skal fjármálafyrirtæki afla upplýsinga frá viðskiptavinum um fjárhagsstöðu þeirra séu þeir í viðvarandi viðskiptasambandi við fjármálafyrirtækið.
3. Á eftir orðinu „gagnvart“ í 2. tölul. 14. gr. komi: fjárhagslega.

4. B-liður 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. orðist svo: Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eða fjár festingarsjóða.
5. Í stað hlutfallstölunnar „50%“ í 1. og 4. tölul. 32. gr. komi: 40%.
6. 39. gr. orðist svo:
   Fjármálagerningar sem ákvæði kafla þessa taka til eru eftirfarandi:
   1. fjármálagerningar sem skráðir hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði og
   2. fjármálagerningar sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.
7. Í stað orðsins „opnar“ í 1. málsl. 3. mgr. 40. gr. komi: er opnaður.
8. 42. gr. orðist svo:
   Fjármálagerningar sem ákvæði kafla þessa taka til eru eftirfarandi:
   1. fjármálagerningar sem skráðir hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði og
   2. fjármálagerningar sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.
9. Í stað orðanna „innan útgefandans“ í 1. mgr. 46. gr. komi: hjá útgefanda.
10. 1. málsl. 60. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.
11. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Nú á eigandi hlutafjár meira en 40% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði við gildistöku laga þessara og er hann þá ekki tilboðsskyldur skv. 1. mgr. 32. gr. laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta verulega hlut, sbr. 1. mgr. 27. gr. Sama gildir hafi aðili á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 40% atkvæða í félaginu við gildistöku laga þessara.

1110. Frumvarp til laga [683. mál]

um breyting á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd nr. 120/1992, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Enn fremur ákveður nefndin laun og starfskjör prófessora, enda verði talið að þeir gegni því starfi að aðalstarfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Úrskurður kjaranefndar um laun og önnur starfskjör heilsugæslulækna frá 15. október 2002 skal gilda þar til núgildandi kjarasamningur milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands dags. 2. maí 2002 fellur úr gildi. Laun heilsugæslulækna samkvæmt kafla IX skulu þó hækka um 3% frá og með 1. janúar 2004 og aftur um 3% 1. janúar 2005 nema önnur niðurstaða verði ákveðin á grundvelli greinar 16.2 í kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands dags. 2. maí 2002, þá skal sú niðurstaða gilda.

Hvað varðar þann hluta úrskurðarins sem fjallar um afkastahvetjandi launakerfi, einkum kafla IX, liði 4 og 5, skal fjármálaráðherra taka upp viðræður við Læknafélag Íslands um hvort breyta skuli fyrirkomulagi á þeim hluta. Þeim viðræðum skal lokið fyrir 31. desember 2003. Aðilum er þó heimilt að framlengja viðræðurnar um allt að einn mánuð. Náist samkomulag um breytingar innan þess tíma kemur það í stað framangreinds hluta úrskurðarins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 150/1996, sem breyttu m.a. ákvæðum laga um Kjaradóm og kjaranefnd nr. 120/1992, var kjaranefnd falið að ákveða kjör heilsugæslulækna. Breytingin var gerð í framhaldi af yfirlýsingu fjármálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 10. september 1996, sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands f.h. fastráðinna lækna.

Framangreind breyting, sem heilsugæslulæknar beittu sér fyrir, hefur þó ekki orðið til þess að skapa frið um kjör heilsugæslulækna og telur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, að fenginni sex ára reynslu, heppilegra og eðlilegra að samningsréttur heilsugæslulækna verði með sama hætti og hjá öðrum heilbrigðisstéttum. Sama afstaða kemur fram í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á rekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík í september 2002 en þar segir m.a. á bls. 12: „Að mörgu leyti virðist eðlilegast að launakjör heilsugæslulækna ráð[i]st í samningaviðræðum þeirra við stjórnvöld, líkt og gildir um aðrar heilbrigðisstéttir í landinu, en ekki með úrskurði óháðs þriðja aðila.“ Í tengslum við viðræður, sem heilbrigðisráðherra átti við forystumenn Félags íslenskra heimilislækna síðastliðið haust um stöðu heilsugæslulækna og heilsugæslunnar, sendi hann frá sér viljayfirlýsingu 27. nóvember 2002 um úrbætur til að stuðla að eflingu heilsugæslunnar og aukinni nýliðun í röðum heimilislækna. Þar sagði m.a.: „Komi fram beiðni frá Félagi íslenskra heimilislækna um að heilsugæslulæknar fari undan kjaranefnd mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beina því til fjármálaráðherra að lagt verði fram lagafrumvarp hið fyrsta þar sem ákvörðun um laun heilsugæslulækna verði færð frá kjaranefnd þannig að samningsréttur þeirra verði með hliðstæðum hætti og hjá öðrum heilbrigðisstéttum.“ Með bréfi dags. 13. febrúar 2003 óskaði Félag íslenskra heimilislækna eftir því að ákvarðanir um kjör þeirra yrðu færðar frá kjaranefnd. Með bréfi dags. 17. febrúar 2003 beindi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra því til fjármálaráðherra að hann flytti frumvarp þess efnis.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvörðun um laun og launakjör heilsugæslulækna verði tekin undan kjaranefnd. Sú breyting felur í sér að um samningsrétt þeirra fari framvegis samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Gert er ráð fyrir því að samningsréttur vegna heilsugæslulækna verði, þegar þar að kemur, á hendi Læknafélags Íslands eins og fyrir aðra lækna. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að fram að þeim tíma gildi úrskurður kjaranefndar frá 15. október 2002 um starfskjör heilsugæslulækna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott orðin „og heilsugæslulækna“ í 8. gr. laganna. Með þeirri breytingu er ákvörðun um laun og önnur launakjör heilsugæslulækna tekin undan kjaranefnd og fer þá um þau samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og segir í almennum athugasemdum hér að framan felur frumvarpið í sér að ákvörðun launa og annarra launakjara heilsugæslulækna fari eftir ákvæðum laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en af því leiðir að Læknafélag Íslands mun fara með kjarasamningsgerð vegna heilsugæslulækna. Hinn 2. maí 2002 undirrituðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélag Íslands kjarasamning með gildistíma til 31. desember 2005. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að kjarasamningurinn skuli tekinn upp eða hann endurskoðaður, enda er með honum komin á friðarskylda milli aðila. Af þessum sökum er lagt til að fram til ársloka 2005 haldi úrskurður kjaranefndar, um laun og önnur starfskjör heilsugæslulækna, gildi sínu. Þykir slíkt eðlilegt þegar litið er til þess að í úrskurði kjaranefndar er tekið mið af kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands, sbr. kafla VIII, lið 2 í úrskurðinum. Gert er ráð fyrir því að laun heilsugæslulækna hækki í samræmi við ákvæði launaliðar í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands.

Í samræmi við yfirlýsingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá 27. nóvember 2002 er lagt til að fjármálaráðuneytið taki upp viðræður við fulltrúa Læknafélags Íslands um þróun afkastahvetjandi launakerfis innan heilsugæslunnar. Í úrskurði kjaranefndar er gert ráð fyrir því að hluti launa heilsugæslulækna fari eftir slíku kerfi. Með ákvæðinu er aðilum gefinn kostur á að móta frekar hinn afkastahvetjandi hluta úrskurðarins og leiði viðræðurnar til breytinga er gert ráð fyrir því að þær geti komið í stað hans. Ætlað er að aðilar hafi lokið viðræðum fyrir árslok en hafi þó möguleika á að framlengja þær um allt að einn mánuð. Hafi engar breytingar verið ákveðnar innan tilgreindra tímamarka mun úrskurður kjaranefndar að þessu leyti gilda óbreyttur til jafnlengdar gildistíma kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, með síðari breytingum.

Launakjör heilsugæslulækna hafa frá árinu 1996 fallið undir ákvörðunarvald kjaranefndar. Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvörðun um laun heilsugæslulækna verði færð frá kjaranefnd þannig að samningsréttur þeirra verði með hliðstæðum hætti og hjá öðrum heilbrigðisstéttum í samræmi við niðurstöðu viðræðna stjórnvalda við forustumenn Félags íslenskra heimilislækna síðastliðið haust. Sú breyting felur í sér að um samningsrétt þeirra fari framvegis samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að samningsréttur vegna heilsugæslulækna verði á hendi Læknafélags Íslands eins og fyrir aðra lækna. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að úrskurður kjaranefndar frá 15. október 2002 um starfskjör heilsugæslulækna gildi þar til núverandi kjarasamningur milli fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Læknafélags Íslands rennur út, eða til 31. desember árið 2005. Þó er miðað við að laun þeirra hækki um 3% frá og með 1. janúar 2004 og aftur um 3% 1. janúar 2005, eða jafnmikið og tiltekið er í kjarasamningi Læknafélags Íslands. Telja verður næsta víst að eins og tíðkast hefur undanfarin ár hefði kjaranefnd úrskurðað heilsugæslulæknum þessar sömu hækkanir árin 2004 og 2005 og gilda almennt

fyrir ríkisstarfsmenn. Þar sem launakjör heilsugæslulækna verða þau sömu fram til ársloka 2005 og þau hefðu orðið samkvæmt úrskurðum kjaranefndar er ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins leiði til aukinna launaútgjalda ríkissjóðs á því tímabili. Í frumvarpinu er einnig ákvæði um að fjármálaráðherra skuli á þessu ári taka upp viðræður við Læknafélag Íslands um hvort breyta skuli fyrirkomulagi á afkastahvetjandi hluta úrskurðar kjaranefndar. Í úrskurðinum hefur þegar verið gert ráð fyrir talsverðu svigrúmi fyrir slíkt launafyrirkomulag. Á þessu stigi er ekki hægt að segja fyrir um hvort gerðar verði breytingar á fyrirkomulaginu sem leiði til meiri kostnaðar við þann þátt en samkvæmt úrskurði kjaranefndar.

1111. Nefndarálit [556. mál]

um frv. til l. um neytendakaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu, Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar og Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum verslunarinnar, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði sérstakur lagabálkur sem hafi að geyma allar réttarreglur sem við eiga í hefðbundnum neytendakaupum, þ.e. þegar kaupandi er leikmaður andspænis seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu.

Frumvarpið felur í sér aukna neytendavernd sem felst einkum í því að ákvæði laganna, verði frumvarpið samþykkt, eru ófrávíkjanleg, þ.e. samningur seljanda og neytanda sem felur í sér kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af lögunum er ógildur. Lög um lausafjárkaup eru í þessum samanburði að meginstefnu til frávíkjanleg.

Verði frumvarpið að lögum verða lagaákvæði er varða neytendakaup auðskiljanlegri og aðgengilegri en nú.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Breytingarnar, auk orðalagsbreytinga, eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á ákvæði 14. gr. frumvarpsins um áhættuflutning þess efnis að neytandi beri ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verður meðan söluhluturinn er hjá seljanda, enda sé ekki unnt að rekja atburðinn til eiginleika hlutarins sjálfs. Sams konar ákvæði er að finna í kaupalögum.
2. Lagt er til að í stað orðsins „kvaðir“ í g-lið 2. mgr. 15. gr. verði notað orðið réttindi. Telja verður að hugtakið kvaðir geti verið of þröngt í því samhengi sem það er sett fram í ákvæðinu, auk þess sem notkun hugtaksins réttindi er í samræmi við norsku lögin sem frumvarpið tekur mið af.
3. Lagðar eru til breytingar á c-lið 1. mgr. 16. gr. Í breytingum felst að sönnunarbyrði fyrir því hvort söluhlutur svarar til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur veitt er lagður á seljanda.
4. Lögð er til breyting á 3. mgr. 37. gr. Lagt er til að ákvæðið orðist með sama hætti og sambærilegt ákvæði í kaupalögum. Breytingin felur í sér aukna neytendavernd þar sem orðalagið eftir breytinguna er þrengra.

5. Lagt er til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að aðilar að neytendakaupum geti snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa sem starfar samkvæmt bráðabirgðaákvæði í kaupalögum. Kærunefndinni var komið á fót til reynslu til ársins 2005 við lögfestingu laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000. Kærunefndin hefur frá upphafi fjallað um ágreiningsmál er snerta neytendakaup og er ekki ástæða til að breyta því. Í lok ársins 2005 er gert ráð fyrir að það verði metið hvort og þá á hvaða forsendum nefndin starfi áfram.

Alþingi, 6. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Ögmundur Jónasson.	Adolf H. Berndsen.

1112. Breytingartillögur [556. mál]

við frv. til l. um neytendakaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 14. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Neytandi ber þó ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verður meðan hluturinn er hjá seljanda, enda sé ekki unnt að rekja atburðinn til eiginleika hlutarins sjálfs.
2. Við 15. gr.
   a. Í stað orðanna „kvaðir frá þriðja manni“ í fyrri málslið g-liðar 2. mgr. komi: réttindi þriðja manns.
   b. Í stað orðsins „kvaðir“ í síðari málslið g-liðar 2. mgr. komi: réttindi.
3. Í stað orðanna „og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin“ í c-lið 1. mgr. 16. gr. komi: nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.
4. Á eftir orðinu „Jafnframt“ í upphafi 3. mgr. 27. gr. komi: er neytanda.
5. Í stað orðanna „þegar galli er“ í 32. gr. komi: galli sé.
6. 3. mgr. 37. gr. orðist svo:
   Seljandi getur ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikning. Þetta gildir ekki þegar augljóst er að kaupverðið er staðgreiðsluverð en seljandi hefur eigi að síður veitt greiðslufrest.
7. Fyrirsögn 40. gr. orðist svo: *Skylda neytanda til að stuðla að efndum kaupa.*
8. Í stað orðanna „gilda lögin“ í 61. gr. komi: gilda lög þessi.
9. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Greini aðila að neytendakaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000.

1113. Tillaga til þingsályktunar [684. mál]

um skipan starfshóps um tillögur til úrbóta fyrir loðdýrarækt.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Karl V. Matthíasson,
Sigríður Jóhannesdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa fimm manna starfshóp sem hafi það hlutverk að koma með tillögur til úrbóta fyrir loðdýrarækt í landinu. Starfshópurinn skal athuga það lánakerfi sem greinin býr við, fóðurmál, umhverfismál og byggðamál.

Greinargerð.

Framtíðarhorfur í loðdýrarækt hér á landi eru mjög góðar og hefur verið allnokkur vöxtur í greininni þrátt fyrir áföll. Tekjumöguleikar eru miklir og má, ef rétt er á haldið, margfalda gjaldeyristekjur sem greinin gefur af sér. Þær eru nú 400–500 millj. kr. á ári.

Loðdýrarækt á sér þónokkra sögu hérlendis, hún hefur verið stunduð með hléum frá fjórða áratug síðustu aldar og náði hámarki á fyrri hluta þess níunda. Voru bændur þá hvattir til að stunda loðdýrarækt, stundum meira af kappi en forsjá. Erfiðleikar voru í sauðfjárrækt á þessum tíma og talið að loðdýraræktin gæti komið í stað hennar. Þegar mest var urðu búin u.þ.b. 230 talsins. Þegar verðbréf féllu á mörkuðum árið 1986 féll einnig verð á skinnum. Áhugi hérlendis dvínaði jafnhratt, sem og stuðningur stjórnvalda við greinina. Því fylgdu fjöldamörg gjaldþrot og mikil fækkun búa en þau eru nú liðlega 40. Íslenskir loðdýrabændur stofnuðu með sér samtök fyrir um þrjátíu árum og hafa síðustu árin unnið skipulega að hagsmunum greinarinnar. Þeir hafa starfað með ræktendum á Norðurlöndum, t.d. með rekstri sameiginlegrar hönnunarmiðstöðvar. Í Danmörku og Finnlandi er mesta loðdýrarækt í heiminum en næst í röðinni eru Svíþjóð og Noregur.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur stuðningur við greinina verið mjög mikill og hafa Danir skarað þar fram úr. Þrátt fyrir verðfall á heimsmarkaði 1986 viðhéldu Danir stuðningskerfi sínu, svo sem hagstæðum lánum, og unnu að áframhaldandi rannsóknum, þróun og hagræðingu í greininni, enda höfðu þeir trú á að markaðurinn mundi opnast aftur og vildu vera tilbúnir þegar það gerðist. Á átta árum bættu þeir afköstin svo mjög að einn maður í fullu starfi getur nú annast 1.500 læður í stað 500 áður.

Íslendingar njóta þess að hafa aðgang að niðurstöðum norrænna rannsókna án þess að þurfa að greiða sérstaklega fyrir þær. Rannsóknirnar hafa t.d. verið unnar í samvinnu við dýraverndarsamtök. Þá hafa Norðurlöndin unnið sameiginlega að markaðssetningu og þróun í greininni síðustu ár og er markaðsstarf allt í föstum skorðum. Fer framleiðsla bænda hér eftir sömu leiðum og í öðrum norrænum ríkjum og mundi því aukin framleiðsla ekki leiða til meiri kostnaðar við markaðsstarf. Þá njóta bændur þess hér að þurfa ekki að greiða fyrir flutning vörunnar á markað, eins og bændur erlendis þurfa að gera.

Loðdýrarækt hentar mjög vel við íslenskar aðstæður. Í fyrsta lagi hentar veðráttan dýrunum vel, í öðru lagi er fóðurhráefni gott og loks er hér nægt landrými, en það er mikilvægt til að geta losað úrgang frá dýrunum. Úrgangurinn er blandaður heyi og hálmi og er það kjörið uppgræðsluefni fyrir landið. Greinin getur og stutt mjög vel við byggð í landinu, sérstaklega ef hún er efld skipulega á ákveðnum svæðum. Mikilvægt er að byggja upp ný bú í tengslum við fóðurstöðvar og þau bú sem til eru og nýta betur þá fjárfestingu sem fyrir er. Þannig má lækka fóðurkostnað, en hann er u.þ.b. 30% meiri hér en annars staðar á Norðurlöndum. Þá er, eins og áður sagði, mikið af góðu hráefni hér sem hentar vel í loðdýrafóður, svo sem fisk-

úrgangur, og einnig úrgangur frá sláturhúsum sem ekki má lengur gefa dýrum sem ætluð eru til manneldis. Þessi verðmæti gætu loðdýrabændur nýtt í mun meira mæli. Nýting hráefnisins í stað urðunar samræmist vel umhverfis- og mengunarsjónarmiðum.

Loðdýrarækt hefur fengið lítinn opinberan stuðning hér á landi á síðustu árum miðað við það sem gerist í nágranna- og samkeppnislöndum okkar. Íslenskir bændur eru farnir að skila árangri á heimsvísu, enda er hér fyrir mikil þekking, dugnaður og þrautseigja þeirra er eftir standa í greininni. Markaður fyrir loðfeldi er stór en Íslendingar eru einungis með 0,5% af honum. Framtíðarmöguleikar loðdýraræktar eru því mjög miklir.

1114. Fyrirspurn [685. mál]

til félagsmálaráðherra um meðferðarheimili Byrgisins.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hafa ákvarðanir verið teknar um framtíð meðferðarheimilis Byrgisins?
2. Á hvern hátt verður tekið á þeim fjárhagsvanda sem Byrgið á við að stríða?

1115. Fyrirspurn [686. mál]

til utanríkisráðherra um samskipti Íslendinga og bandarískra hermanna.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvaða reglur gilda um samskipti Íslendinga og bandarískra hermanna á Keflavíkurflugvelli varðandi eftirlit?
2. Á hvern hátt hafa íslensk stjórnvöld eftirlit með því að samskiptareglum sé framfylgt?

1116. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um meðhöndlun úrgangs.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigrúnu Ágústsdóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ögmund Einarsson frá Sorpu, Björn Guðbrand Jónsson frá Gróðri fyrir fólk og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Málið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sorpu, Sorpurðun Vestur-

lands hf., Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Reykjavíkurborg, Eyþingi, Gróðri fyrir fólk og Sorpeyðingarstöð Suðurlands.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins um urðun úrgangs 1999/31/EB en jafnframt er tekið mið af eldri tilskipunum á þessu sviði. Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og valdi ekki mengun. Auk þess er það markmið laganna að draga skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er með endurnotkun og endurnýtingu. Nefndin leggur áherslu á að tilskipunin er byggð á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Með sjálfbærri þróun eða sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda er átt við þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Hugmyndafræðin byggist m.a. á því að náttúruauðlindir skuli ekki nýttar á þann hátt að af hljótist mengun eða að umhverfinu sé spillt á annan hátt. Nefndin bendir á að gæta verður jafnt að öllum þremur þáttunum sem hugmyndafræðin er spunnin úr, þ.e. þeim efnahagslega, samfélagslega og vistfræðilega. Mikilvægt er að tengja ævinlega saman efnahagslegar og vistfræðilegar forsendur þegar fjallað er um meðhöndlun úrgangs og gæta þess að vistfræðilegum forsendum sé gert jafnhátt undir höfði og hinum efnahagslegu og tæknilegu.

Við umfjöllun málsins hjá nefndinni hafa sveitarfélög í landinu látið í ljós áhyggjur af verulegum kostnaðarauka sem miklar líkur eru á að lögfesting frumvarpsins muni hafa í för með sér. Hefur nefndin leitað leiða til að staðreyna að einhverju marki kostnaðinn við lögfestingu þess. Hins vegar hefur komið fram á fundum nefndarinnar með ýmsum aðilum að óvissuþættir varðandi framkvæmd laganna og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim eru það miklir að raunhæfu kostnaðarmati verður ekki komið við. Í tilskipun Evrópusambandsins eru sett fram markmið um að draga úr magni lífræns úrgangs sem fer til urðunar á ákveðnu tímabili, þ.e. næstu 15–20 ár. Sveitarfélögin munu þurfa að ákveða hvaða leiðir þau telja vænlegast að fara til að ná þessu markmiði. Mun það einnig hafa áhrif á það hver kostnaðaraukinn verður en fyrir liggur að hvaða leið sem valin verður mun hann verða töluverður. Tímafrestur sá sem Ísland hefur til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart EES-samningnum er hins vegar liðinn og hefur formleg athugasemd vegna innleiðingar tilskipunarinnar borist umhverfisráðuneytinu frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Í ljósi framangreinds mælist nefndin til þess að umhverfisráðherra beiti sér fyrir því að tryggt verði að markmiðum laganna verði náð með eins litlum kostnaðarauka og unnt er. Jafnframt að leitast verði við að tryggja að áhrif og framkvæmd laganna verði könnuð eftir því sem reynsla fæst af framkvæmd þeirra og sveitarfélögunum verði tryggðar tekjur til að standa undir þeim kostnaðarauka sem af þeim hlýst. Leggur nefndin til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að samráðsnefnd umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga verði sett á laggirnar og starfi frá gildistöku laganna til ársins 2010 um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð sex mönnum, þremur frá hvorum aðila, og skal hlutverk hennar vera að fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlendis og á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin skal einkum fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem af hlýst og skila árlega skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um og setja eftir þörfum fram tillögur um hvernig kostnaðinum verði mætt.

Í 15. gr. frumvarpsins eru reglur um starfsleyfistryggingu sem rekstraraðila urðunarstaðar er skylt að leggja fram og skal vera í gildi vegna vöktunar urðunarstaðar í 30 ár eftir að honum er lokað. Nokkur umræða fór fram í nefndinni um ákvæðið sem getur verið afar íþyngjandi fyrir rekstraraðila. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að tvær leiðir komi einkum til greina til að uppfylla ákvæðið eftir því hvort rekstraraðili er

einkaaðili eða sveitarfélag. Áætlað er að árlegur kostnaður við eftirlit á urðunarstað sé á bilinu 0,2–1,5 millj. kr. á ári eða allt upp í 45 millj. kr. á 30 árum. Sé sveitarfélag rekstraraðili er litið svo á að það geti ábyrgst þá fjárhæð sem starfsleyfistrygging miðast við. Ef hins vegar rekstraraðili er einkaaðili þarf hann að safna tilskilinni fjárhæð í sérstakan tryggingarsjóð. Við umfjöllun málsins var rætt um hvort þetta ákvæði leiddi til þess að einkaaðilar yrðu ekki samkeppnisfærir við rekstraraðila sem væri sveitarfélag. Í 11. gr. er gjaldtökuheimild þar sem rekstraraðila er gert að innheimta gjald fyrir allan kostnað við förgun úrgangs, þ.m.t. tryggginguna eða jafngildi hennar. Skiptir þar ekki máli hvort rekstraraðili er sveitarfélag eða einkaaðili. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að þessir aðilar verði í sömu stöðu.

Í 2. mgr. 17. gr. kemur fram að vakta skuli urðunarstað svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af honum, eða að jafnaði í 30 ár frá lokun hans. Lítur nefndin svo á að Umhverfisstofnun meti þörfina á vöktun og að meginreglan sé að urðunarstaður skuli vaktaður í 30 ár en víkja megi frá tímaviðmiðinu í báðar áttir.

Breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Í 2. gr. kemur fram að lögin gildi um meðhöndlun og aðra meðferð úrgangs. Bent var á við umfjöllun málsins að meðhöndlun úrgangs væri skilgreind í frumvarpinu en ekki fjallað frekar um aðra meðferð úrgangs. Er því lagt til að orðin verði felld út.
2. Lagt er til að orðið úrgangshafi verði ekki notað í frumvarpinu heldur verði texti skilgreiningarinnar færður inn í greinar frumvarpsins þar sem orðið kemur fyrir. Að mati nefndarinnar er hér um óheppilega orðmyndun að ræða og telur hún ekki rétt að festa hana í sessi. Í samræmi við þetta eru lagðar til breytingar á 3. gr., 2. mgr. 11. gr. og 12. gr.
3. Nefndin telur að það væri til bóta að skilgreining á losunarmörkum væri tekin upp í frumvarpið en fjallað er um í losunarmörk í nokkrum greinum frumvarpsins, m.a. 20. gr. Losunarmörk eru skilgreind í nokkrum reglugerðum, m.a. í gildandi reglugerð um sorpbrennslustöðvar, og leggur nefndin til að sú skilgreining verði notuð í 3. gr.
4. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. til að skerpa betur á hvert hlutverk heilbrigðisnefnda er gagnvart hlutverki Umhverfisstofnunar.
5. Til samræmis við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, en þar er sambærilegt ákvæði um undanþáguheimildir ráðherra. Er lagt til að auk Umhverfisstofnunar sé viðkomandi heilbrigðisnefnd einnig umsagnaraðili áður en tímabundin undanþága frá starfsleyfi er veitt.
6. Lagt er til að 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. falli brott. Þar er mælt fyrir um að óheimilt sé að geyma tæki sem teljast úrgangur, báta, ökutæki o.fl. á opinberum bifreiðastæðum, við götur, í fjöru eða annars staðar á almannafæri. Að mati nefndarinnar getur verið óljóst hvenær tæki teljist úrgangur. Eins hefur verið bent á að ef ekki liggur fyrir hver sé eigandi tækis eða beri ábyrgð á því geti viðkomandi sveitarfélag þurft að farga því með tilheyrandi kostnaði. Að mati nefndarinnar er nægilega tekið á þessu í 44. gr. náttúruverndarlaga. Aðrar breytingar sem nefndin leggur til við 10. gr. eru til skýringar.
7. Breytingar sem lagðar eru til við 11. gr. eru tvenns konar. Annars vegar að orðið almennt verði fellt út þar sem um er að ræða þjónustugjald og ekki er heimilt að innheimta hærra gjald en það sem hlýst af kostnaði við þjónustuna. Gjaldaheimildin verður því að vera alveg skýr. Hins vegar er um að ræða breytingu til samræmis við orðalag í 2. mgr. sömu greinar.
8. Lögð er til breyting á 3. málsl. 16. gr. og 6. mgr. 17. gr. þar sem vísun til Umhverfisstofnunar er of þröng. Ákvæðið getur átt við um aðra aðila, t.d. heilbrigðisnefndir. Breytingin er einnig til samræmis við ákvæði 2. málsl. 16. gr.

9. Lagt er til að frestur til að kæra ákvarðanir Umhverfisstofnunar til ráðherra í 2. mgr. 23. gr. verði lengdur úr tveimur vikum í sex. Að mati nefndarinnar eru tvær vikur of stuttur frestur.
10. Lögð er til breyting á viðurlagaákvæði frumvarpsins í 24. gr. Samkvæmt frumvarpinu geta brot á ákvæðum laganna, reglugerðum settum samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga varðað fangelsi allt að fjórum árum ef þau eru stórfelld eða um ítrekuð ásetningsbrot er að ræða. Að mati nefndarinnar eiga brot á samþykktum sveitarfélaga aðeins að geta varðað sektum og er lögð til breyting í samræmi við það.
11. Lagt er til að frestur í bráðabirgðaákvæði I verði lengdur til að gefa þeim sem hlut eiga að máli rýmri frest til að uppfylla skilyrði ákvæðisins.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Birgisson skrifar undir álit þetta með fyrirvara. Lýtur fyrirvarinn að kostnaði þeim sem frumvarpið hefur í för með sér.

Kristján Pálsson, Katrín Fjeldsted og Jóhann Ársælsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Gunnar Birgisson, með fyrirvara.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Ásta Möller.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

1117. Breytingartillögur [338. mál]

við frv. til l. um meðhöndlun úrgangs.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „og aðra meðferð“ í 1. málsl. falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. Skýring á orðinu úrgangshafi falli brott.
   b. Í stað orðsins „úrgangshafi“ í skýringu á orðinu úrgangur komi: framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.
   c. Ný orðskýring bætist við í réttri stafrófsröð, svohljóðandi: *Losunarmörk:* mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.
3. Við 4. gr.
   a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með meðhöndlun á úrgangi sem fellur ekki undir eftirlit með starfsleyfi og fjallað er um í 10. gr.
   b. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: 3. mgr.
4. Við 5. gr. Á eftir orðunum „að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar“ í 1. mgr. komi: og eftir atvikum heilbrigðisnefndar.

5. Við 10. gr.
   a. 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
   b. Við 3. mgr. bætist: samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
6. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „viðkomandi úrgangshafa“ í 2. mgr. komi: viðkomandi aðila.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara.
7. Við 12. gr. Í stað orðsins „úrgangshafi“ komi: framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.
8. Við 16. gr. Á eftir orðunum „ákvörðun Umhverfisstofnunar“ í 3. málsl. komi: eða viðkomandi eftirlitsaðila.
9. Við 17. gr. Á eftir orðunum „Heimilt er Umhverfisstofnun“ í 6. mgr. komi: eða viðkomandi eftirlitsaðila.
10. Við 23. gr. Í stað orðanna „tveggja vikna“ í 2. mgr. komi: sex vikna“
11. Við 24. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða varða brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim fangelsi allt að fjórum árum.
12. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað dagsetningarinnar „1. maí 2003“ í 1. mgr. komi: 31. desember 2003.
13. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
    Frá gildistöku laga þessara til ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð sex mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlendis og á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um hvernig kostnaðinum verði mætt. Tilnefningaraðilar skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í nefndinni.

1118. Nefndarálit [538. mál]

um frv. til l. um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hreiðarsson frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt Þorgerði Benediktsdóttur og Þór G. Þórarinssyni frá félagsmálaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá umboðsmanni barna, stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Öryrkjabandalagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, Skólaskrifstofu Suðurlands, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Þroskaþjálfafélagi Íslands, fræðslu- og menningarsviði Mosfellsbæjar, Félagi framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu fatlaðra, Svæðisskrifstofu Reykjaness, Barnageð-

læknafélagi Íslands, Félagi íslenskra barnalækna, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og landlæknisembættinu.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hóf starfsemi 1. janúar 1986 skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um Greiningar- og ráðgjafarstöðina. Markmið frumvarpsins er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar. Jafnframt er það markmið frumvarpsins að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði. Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins kemur fram að stofnunin þjóni fyrst og fremst þeim sem eru á aldrinum 0–18 ára, sbr. 1. gr. þess. Þetta er staðfesting á núverandi starfsháttum og á þeirri hugmyndafræði að sérhæfing starfseminnar sé byggð á því að beita markvissri meðferð á þroskaárum einstaklingsins þegar mestar líkur eru á því að hægt sé að hafa áhrif á taugaþroska til að draga úr áhrifum röskunarinnar. Lögð er áhersla á skyldur stofnunarinnar til að sinna börnum sem búa við alvarleg frávik í þroska og færni, bæði þeim sem eru ótvírætt fötluð og þeim sem má með markvissri þjálfun og meðferð koma til sjálfstæðis á fullorðinsárum. Þá er lögð áhersla á nána samvinnu við aðra þá aðila sem annast þjónustu við börn með alvarlegar þroskaraskanir og reynt að tryggja að þjónusta við hvert barn sé sem mest í nánasta umhverfi þess.

Starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hefur þróast mikið og vaxið að umfangi frá því að starfssvið hennar var fyrst skilgreint í lögum um málefni fatlaðra árið 1983. Þá hefur alþjóðleg þekking á undanförnum árum sýnt fram á að með réttum aðferðum megi hafa veruleg áhrif á framtíðarhorfur þeirra barna sem hér um ræðir. Tilgangur frumvarpsins er að tryggja að börn sem búa á Íslandi og eru með alvarlegar þroskaraskanir njóti þessarar þekkingar.

Nefndin ræddi sérstaklega stjórnskipulega stöðu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og telur nauðsynlegt að skýrar komi fram tenging hennar við félagsmálaráðuneytið og leggur því til að við 5. gr. frumvarpsins bætist að félagsmálaráðherra setji forstöðumanni erindisbréf í samræmi við 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá ræddi nefndin jafnframt þá breytingu á almennum hæfiskröfum forstöðumanns sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins. Það er mat nefndarinnar að óeðlilegt sé að þrengja hæfisskilyrðin með þeim hætti sem hér er lagt til. Þannig þykir ekki við hæfi að löggjafinn þrengi svo mjög að mati framkvæmdarvaldsins við ráðningar í einstakar stöður í stjórnsýslunni. Því leggur nefndin til að í lögunum verði kveðið á um að forstöðumaður skuli hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði fatlana- og þroskaraskana. Ekki verði kveðið á um í lögum að forstöðumaður skuli auk þessa hafa reynslu af stjórnun, kennslu og rannsóknum en síðargreind atriði munu vafalítið m.a. ráða ákvörðun um hæfi umsækjenda í stöðu forstöðumanns. Þá er einnig lögð til orðalagsbreyting á greininni. Nefndin telur að reglugerðarheimild ráðherra skv. 9. gr. frumvarpsins sé of opin og er því lagt til að reglugerðarheimildin sé sérstaklega bundin við þær aðstæður sem fram koma í 3. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr., þ.e. þegar Greiningar- og ráðgjafarstöðin þarf að semja við aðila um ákveðna sérfræðiþjónustu.

Að lokum leggur nefndin áherslu á nauðsyn þess að tryggt sé nægilegt fjármagn til Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar þannig að stöðin geti mætt aukinni eftirspurn og stytt biðlista eftir þjónustu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Í stað 2. og 3. málsl. komi fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði fatlana og þroskaraskana. Forstöðumaður fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og er í fyrirsvari fyrir hana út á við. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna. Félagsmálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, einkum um samstarf Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar við aðra aðila, sbr. 3. mgr. 4. gr., og varðandi sérstaka samninga við sveitarfélög, sbr. 4. mgr. 6. gr.

Kristján Pálsson og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Drífa Hjartardóttir.

Kjartan Ólafsson.

1119. Frumvarp til laga [687. mál]

um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159 20. desember 2002.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Um biðlaunarétt fastráðinna starfsmanna Norðurorku við stofnun hlutafélagsins fer eftir grein 11.1.1 í kjarasamningi Starfsmannafélags Akureyrarbæjar og launanefndar sveitarfélaga f.h. Akureyrarbæjar sem tók gildi 1. apríl 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við setningu laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku var það yfirlýst markmið að áunnin réttindi starfsmanna fyrirtækisins samkvæmt gildandi kjarasamningi yrðu ekki rýrð við formbreytingu rekstrarins, sbr. nefndarálit meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarpið, þskj. 759 í 457. máli þessa þings. Í lagatextanum er vísað til þess að um biðlaunarétt starfsmanna fari eftir lögum nr. 70/1996. Þau lög hafa aldrei gilt um biðlaunarétt starfsmanna heldur hefur biðlaunarétturinn verið samkvæmt kjarasamningi. Með frumvarpi þessu er ætlunin að færa lagatextann til þess horfs sem stefnt var að og fer samkvæmt því um biðlaunarétt

fastráðinna starfsmanna á þeim tíma er hlutafélagið var stofnað samkvæmt tilvitnuðum kjarasamningi.

1120. Tillaga til þingsályktunar [688. mál]

um fjármögnun sjóðs til að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að lýsa stuðningi við stofnun sjóðs sem sjávarútvegsráðherra hefur komið á fót og hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem stuðla að auknu verðmæti íslenskra sjávarafurða.

Jafnframt ályktar Alþingi að á næstu fimm árum, 2004–2008, verði sjóðurinn fjármagnaður með framlagi úr ríkissjóði þannig:

Árið 2004	200 millj. kr.
Árið 2005	250 millj. kr.
Árið 2006	300 millj. kr.
Árið 2007	350 millj. kr.
Árið 2008	400 millj. kr.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í janúar 2002 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd sem var falið að vinna skýrslu um hvernig mætti á næstu árum auka verðmæti sjávarfangs í þeim greinum sem fyrir eru og efla jafnframt nýsköpun. Í október 2002 skilaði nefndin skýrslu (svonefndri AVS-skýrslu) til ráðherra þar sem bent er á að á tímabilinu 1990–2001 hafi engin aukning orðið á raunverðmæti útfluttra sjávarafurða en útflutningsverðmæti sjávarafurða var um 130 milljarðar kr. á árinu 2001. Jafnframt kemur fram að þótt miðað sé við óbreyttan afla eru gríðarlegir möguleikar á að auka útflutningsverðmætið. Við vinnslu skýrslunnar var víða leitað fanga, ekki síst hjá fólki sem starfar við sjávarútvegsfyrirtæki og tengdar greinar, svo sem við sérhæfða tækjaframleiðslu og þekkingarvinnslu. Komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að með auknu rannsókna- og þróunarstarfi sé raunhæft markmið að útflutningsverðmætið geti orðið um 240 milljarðar kr. árið 2012. Í skýrslunni er talið að slík aukning verði fyrst og fremst borin uppi af fiskeldi, líftækni og vinnslu aukaafurða, auk bættrar tækni við fiskvinnslu. Þetta markmið næst því aðeins að aukin áhersla verði lögð á rannsókna- og þróunarstarf. Er sjóðnum ætlað að styrkja það starf.

Í skýrslunni er lagt til að gert verði átak til fimm ára til að auka virði sjávarafurða, og að átakið verði hugsanlega framlengt. Megintillaga skýrslunnar er að stofnaður verði sérstakur rannsóknasjóður sem komi til viðbótar þeim fjármunum sem nú er unnt að nýta til rannsókna og hafi hann 300 millj. kr. til ráðstöfunar á ári fyrir lok tímabilsins.

Undanfarin missiri hafa augu manna beinst að þorskeldi í ríkum mæli. Hér á landi hefur starfað sérstakur samstarfshópur á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, auðlindadeildar Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegsfyrirtækja um þorskeldi. Markmið verkefnisins eru að meta samkeppnishæfni þorskeldis á Íslandi, móta stefnu í rannsókna- og þróunarvinnu og afla og miðla upplýsingum um þorskeldi. Verkefnið hefur þegar eflt

mjög þekkingu og um leið stuðlað að kynningu á þessu sviði. Hópurinn tók saman ítarlega skýrslu um stefnumótun í rannsókna- og þróunarvinnu fyrir þorskeldi á Íslandi. Í tillögum samstarfshópsins var tekið mið af hugmyndum í AVS-skýrslunni þar sem m.a. er gert ráð fyrir að sérstökum verkefnahópi verði falið að fjalla um fiskeldi. Jafnframt lagði samstarfshópurinn til að ríkissjóður veitti árlega í fimm ár sérstakt 140 millj. kr. framlag að meðaltali til upplýsingamiðlunar, rannsókna- og þróunarverkefna í þorskeldi.

Sjávarútvegsráðherra hefur tekið tillögur í AVS-skýrslunni til athugunar og sett á fót sjóð sem hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem stuðla að auknu verðmæti íslenskra sjávarafurða. Sjóðurinn verður einvörðungu fjármagnaður af sjávarútvegsráðuneytinu árið 2003, en í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til sjóðsins taki mið af tillögum AVS-nefndarinnar og tillögum samstarfshópsins um þorskeldi og verði 200 millj. kr. árið 2004 og fari síðan stighækkandi og verði 400 millj. kr. árið 2008.

Stofnun sjóðs þessa gerir greininni gert kleift að ná miklum árangri á skömmum tíma. Skortur á fé til rannsókna í sjávarútvegi hefur háð nýsköpun. Með aukinni þekkingu og menntun fjölgar þeim sem koma auga á ný tækifæri og nýta þau. Verkefni þetta miðar fyrst og fremst að því að auka útflutningstekjur landsmanna af sjávarfangi. Útgerð og vinnsla sjávarafurða eru verkefni sjávarútvegsfyrirtækja sem langflest starfa á landsbyggðinni. Auknar tekjur sjávarútvegs munu því skila hærri tekjum og betri afkomu til fyrirtækjanna og starfsfólks þeirra.

Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að sjóðurinn styrki og stuðli að rannsóknum á margs konar verkefnum sem tengjast sjávarútvegi, svo sem í fiskeldi, líftækni, markaðsmálum, vinnslu sjávarfangs, meðferð hráefnis, fræðslu og menntun.

Í stjórn AVS-sjóðsins eiga sæti fulltrúar atvinnulífsins og stjórnvalda sem hafa þekkingu á hagsmunum sjávarútvegsins. Stjórnin skal móta stefnu fyrir sjóðinn og útfæra áherslusvið. Skal það gert í nánu samráði við hagsmunaaðila, vísindasamfélagið og stjórnvöld. Markmið og áherslur skulu vera í samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar.

Stjórn AVS-sjóðsins hefur yfirumsjón með meðferð umsókna um styrki sem sjóðnum berast. Stjórnin tekur ákvarðanir um styrkveitingar að teknu tilliti til niðurstöðu faglegs mats á umsóknum og með hliðsjón af þeim markmiðum sem sjóðurinn hefur sett sér. Þá fylgist stjórnin með framvindu verkefna sem sjóðurinn hefur styrkt. Stjórnin getur falið verkefnahópum að annast einstaka þætti í starfi sjóðsins, t.d. daglegan rekstur, mat á umsóknum og eftirfylgni, eða samið við utanaðkomandi aðila um framkvæmd þessara þátta.

Stjórn AVS-sjóðsins skal beita sér fyrir aukinni samvinnu aðila um framkvæmd verkefna og fjármögnun þeirra. Skal hún í því sambandi leitast við að hafa yfirsýn yfir helstu verkefni sem unnið er að á sviði sjávarútvegs. Jafnframt getur stjórnin beitt sér fyrir stofnun verkefnahópa um einstök fagsvið eða tekið þátt í slíkum hópum ef það er talið henta.

1121. Tillaga til þingsályktunar [689. mál]

um skógrækt 2004–2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að á árunum 2004–2008 skuli fjármagn veitt til skógræktar á Íslandi samkvæmt þeirri sundurliðun sem kemur fram í eftirfarandi töflum. Fjárhæðir miðast við verðlag í byrjun árs 2003 og skulu þær taka breytingum í samræmi við þróun verðlags á tímabilinu.

Fjármagni til landshlutabundinna skógræktarverkefna verði varið í samræmi við lög nr. 32/1991, um Héraðsskóga, lög nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, og lög nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Skógrækt ríkisins verji fjármagninu til yfirstjórnar, stjórnsýslu, rannsókna og umsjónar þjóðskóganna.

Áætlunina skal endurskoða að þremur árum liðnum.

Áætlun þessi tekur ekki til skógræktar á vegum skógræktarfélaga og almennings.

I. Landshlutabundin skógræktarverkefni.

Fjárhæðir í millj. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Héraðsskógar	103	108	108	108	108
Austurlandsskógar	34	44	54	64	74
Suðurlandsskógar	102	121	139	156	174
Vesturlandsskógar	59	65	72	80	87
Skjólskógar	44	49	55	61	67
Norðurlandsskógar	98	110	122	134	146
Samtals	**440**	**497**	**550**	**603**	**656**

II. Skógrækt ríkisins.

Fjárhæðir í millj. kr.	2004	2005	2006	2007	2008
Yfirstjórn	36	36	36	36	36
Stjórnsýsla	37	37	37	42	47
Rannsóknir	71	74	77	80	83
Þjóðskógarnir	78	80	82	84	86
Samtals	**222**	**227**	**232**	**242**	**252**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Landshlutabundin skógræktarverkefni.

Með lögum nr. 32/1991 samþykkti Alþingi stofnun Héraðsskóga á Austurlandi. Mikill áhugi var þegar fyrir verkefninu og árangur gróðursetningar framar öllum vonum. Héraðsskógar hafa síðan vaxið og dafnað og teljast nú veigamikill þáttur í atvinnu- og búsetumálum á Héraði. Í framhaldi af góðum árangri og ánægju þátttakenda var kallað eftir skógræktarverkefni með svipuðu sniði á Suðurlandi og með samþykkt laga frá Alþingi nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, voru Suðurlandsskógar stofnaðir. Þá þegar var kominn mikill þrýstingur frá öðrum landshlutum um skógræktarverkefni og í stað þess að setja ný lög fyrir hvern og

einn landshluta samþykkti Alþingi lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999, sem eru því sem næst samhljóða Suðurlandsskógalögunum. Á grundvelli þeirra laga setti landbúnaðarráðherra af stað verkefnin Norðurlandsskóga, Skjólskóga á Vestfjörðum og Vesturlandsskóga árið 2000. Árið 2001 var síðasta verkefnið, Austurlandsskógar, sett á laggirnar og þar með voru landshlutabundin skógræktarverkefni í öllum landshlutum orðin staðreynd.

Áætlanir og markmið.

Í 3. gr. laga um Héraðsskóga segir: „Gera skal sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdalshéraði sem er vel fallið til skógræktar. Áætlunin skal ná yfir 40 ár, skipt í 10 ára tímabil, og taka til allt að 15.000 ha. lands."

Í 3. gr. laga um Suðurlandsskóga segir: „Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem er fallið til skógræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til a.m.k. 15.000 ha lands til timburskógræktar, 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda plönturöð, og 20.000 ha lands til landbótaskógræktar."

Í 4. gr. laga um landshlutabundin skógræktarverkefni segir: „Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal vera til a.m.k. 40 ára og skiptast í tíu ára tímabil. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis."

Fyrri kostnaðaráætlanir.

Í samræmi við þessar lagagreinar voru gerðar áætlanir fyrir hvert og eitt skógræktarverkefni. Þar sem Héraðsskógaverkefnið er um áratug eldra en önnur hefur það verkefni verið haft að leiðarljósi. Alþingi hefur staðið myndarlega að fjárveitingum til þess verkefnis og eru þær nú að nálgast þá hámarksupphæð, 110 millj. kr., sem þörf verður árlega á í framtíðinni. Þær áætlanir sem gerðar voru um hin verkefnin eru mjög samhljóða enda markmiðin nánast ein og hin sömu. Þeim fylgdi skýr áætlun um fjárþörf sem tók mið af því að ná þeim ræktunarmarkmiðum sem lögin kveða á um. Áætlanirnar voru lagðar fyrir ráðherra og síðan ríkisstjórn.

Á grundvelli þessara áætlana hafa verkefnin starfað, gengið frá samningum við skógræktendur, útbúið skógræktaráætlanir fyrir hvert skógarbýli og staðið að jarðvinnslu og plöntukaupum. Þá hefur Alþingi staðið að fjárveitingum í samræmi við framangreindar áætlanir, að undanskildu árinu 2002, en þá var um litla sem enga hækkun að ræða frá árinu áður. Þá kom betur í ljós en áður hve nauðsynlegt það er fyrir verkefnin að fyrir liggi ákvarðanir um fjárveitingar fram í tímann. Því er þessi þingsályktunartillaga um fjárveitingar til næstu fimm ára lögð fram.

Langtímaáætlanir.

Eðli verkefnanna og framkvæmdir í skógrækt kalla á langtímaáætlanir um fjárveitingar. Þær tryggja trúverðugleika og markvissara og skilvirkara starf. Við gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana þarf að nota aðrar vinnuaðferðir en við áætlanagerð fyrir mörg önnur verkefni/stofnanir á vegum ríkisins. Ferlið frá því að landeigandi sækir um þátttöku í skógræktarverkefni þangað til að gróðursetning hefst getur verið allt að tvö ár.

Sem dæmi má nefna að landeigandi sendir inn umsókn haustið 2003. Skógfræðingur heimsækir landeiganda og metur skógræktarskilyrði á fyrirhuguðu skógræktarsvæði vorið 2004. Umsögn skógfræðings er jákvæð og landið er flokkað og kortlagt sumarið 2004. Veturinn 2004–2005 er á grundvelli upplýsinga unnin nákvæm skógræktaráætlun fyrir svæðið.

Vorið 2005 er skógræktaráætlunin tilbúin og landeigandi getur hafið framkvæmdir tveimur árum eftir að umsókn var send inn.

Einn af undirstöðuþáttum í skógræktarstarfinu er fræöflun og framleiðsla skógarplantna. Þessi ferill getur tekið allt að fjögur ár eftir því hvaða tegund plantna er verið að rækta. Á vegum verkefnanna eru aðallega notaðar eins til tveggja ára gamlar skógarplöntur. Þetta þýðir að plantan hefur verið í ræktun í gróðrarstöð í eitt til tvö ár. Verkefnin bjóða út framleiðslu skógarplantna og það verður að gera með góðum fyrirvara þannig að gróðrarstöðin hafi öll aðföng til reiðu þegar að sáningu kemur.

Annað dæmi skal tekið sem sýnir ferli frá útboði skógarplantna þar til plönturnar verða gróðursettar. Skógarbóndi ætlar að gróðursetja lerki (eins árs framleiðsla) árið 2006 og sitkagreni (tveggja ára framleiðsla) árið 2007. Haustið 2003 er ákveðið hvað þarf að bjóða út mikið af skógarplöntum. Í janúar 2004 eru skógarplöntur boðnar út. Í mars er ákveðið hvaða gróðrarstöð fær útboðið. Gróðrarstöðin aflar sér aðfanga, svo sem fræs, moldar og fjölpottabakka. Í mars 2005 fer sáning fræs til skógarplantna fram sem verða tilbúnar til afhendingar í maí 2006. Ári seinna eða 2007 er tveggja ára ræktunin tilbúin til afhendingar.
Á þessu má sjá að haustið 2003 þurfa verkefnin að vita hvaða fjármagn þau hafa til ráðstöfunar árið 2007, sem er fjögur ár fram í tímann.

Gildi verkefnanna.

Margsinnis hefur komið fram af hálfu forsvarsmanna verkefnanna, þátttakenda og annarra sem til þekkja, hve starf þeirra hefur haft mikil áhrif. Þótt aðalmarkmið verkefnanna sé að rækta skóg hafa þau einnig önnur markmið, svo sem eflingu byggða og atvinnulífs, auðlindasköpun og bindingu kolefnis. Þá hafa í kjölfar verkefnanna gefist færi á störfum á landsbyggðinni fyrir háskólamenntað fólk, vísindamenn og skógfræðinga.

Benda má á verkefni á Austurlandi sem hefur sérhæft sig í smíði gagnagrunns sem heldur utan um framkvæmdir í skógrækt. Að því hafa unnið kerfisfræðingar og forritarar og fleiri tölvufræðingar. Skógræktin hefur styrkt ferðaþjónustuaðila, jafnt gistihús sem veitingarekstur. Í þessari upptalningu er tæpt á ýmsum störfum sem liggja utan hefðbundins landbúnaðar en að sjálfsögðu hafa bændur svo verulega afkomu af vinnu við framkvæmdina sjálfa og skólakrakkar af sumarvinnu.

Vart verður bent á önnur sambærileg verkefni sem treysta frekar búsetu á landsbyggðinni, sem stendur um þessar mundir of víða höllum fótum. Skógræktarverkefnin styrkja ekki aðeins bændur á bújörðum, heldur kalla þau á nýja ábúendur, ekki hvað síst úr þéttbýlinu sem finna sér þar samastað, flytja lögheimili sín og gerast skattgreiðendur í nýju umhverfi. Með þeim koma nýir straumar, ný viðhorf, aukin þjónusta og mannlífið allt verður fjölbreyttara.

Með eflingu skógræktar er verið að skapa nýja auðlind á Íslandi. Skógurinn er auðlind Finna og Svía, Norðmanna og annarra nágranna. Meðal annarra þjóða er ekki litið á þá auðlind sem eign einhvers einstaklings heldur auðlind viðkomandi lands. Þannig verður það einnig hér á landi þegar fram líða stundir.

Hér skal ekki tíundað frekar gildi verkefnanna enda Alþingi vel kunnugt um mikilvægi þeirra. Hefur skilningur og áhugi alþingismanna margoft komið fram á fundum, í heimsóknum til verkefnanna og í umræðum og afgreiðslu Alþingis á fjármagni til þeirra.

II. Skógrækt ríkisins.

Uppbygging landshlutabundnu skógræktarverkefnanna kallar á aðlögun innan þess hluta skógræktargeirans sem fyrir var, einkum hjá Skógrækt ríkisins. Þar kemur fyrst og fremst til að rannsóknir og miðlun rannsóknaniðurstaðna og annarrar þekkingar er algjör forsenda fyrir

því að árangur landshlutaverkefnanna verði sem skyldi og að fjármunir sem til þeirra renna nýtist sem best. Þá eru kröfur um eftirlit, upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun sífellt að aukast bæði innan lands og á alþjóðavettvangi, ekki síst í tengslum við loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sumir kynnu að ætla að með uppbyggingu landshlutabundnu skógræktarverkefnanna mætti draga úr starfsemi Skógræktar ríkisins þar sem nýskógrækt félli nú niður sem eitt af hlutverkum hennar. Staðreyndin er hins vegar sú að fjárveiting til verkefnisins „Nytjaskógrækt á bújörðum“, sem var undanfari landshlutabundnu skógræktarverkefnanna og heyrði undir Skógrækt ríkisins, nam aldrei hærri upphæð en 15 millj. kr. á ári. Sú upphæð og meira til fer nú í að fjármagna þjónustu skógræktarráðunauta Skógræktar ríkisins í hverjum landsfjórðungi er gegna lykilhlutverki í þjónustu við skógarbændur.

Nú eru 14 ár liðin síðan gróðursetning af hálfu Skógræktar ríkisins var síðast verulegur hluti af nýskógrækt í landinu. Síðastliðinn áratug hefur gróðursetning Skógræktar ríkisins að stórum hluta tengst rekstri gróðrarstöðva, þ.e. afgangsplöntur úr gróðrarstöðvum voru gróðursettar í lönd stofnunarinnar. Með lokun gróðrarstöðvanna er sú gróðursetning að mestu úr sögunni auk þess sem möguleikar til sértekjuöflunar minnka. Sú vinna sem áður tengdist nýskógrækt hjá Skógrækt ríkisins hefur æ meira flust yfir í að sinna grisjun og umhirðu í þjóðskógunum og móttöku ferðafólks, „að opna skógana“ sem svo hefur verið nefnt.

Sú verkaskipting að landshlutabundnu skógræktarverkefnin hafi umsjón með mestum hluta nýskógræktar og Skógrækt ríkisins sinni flestöllum öðrum verkefnum er tengjast skógrækt hefur verið að þróast undanfarin 13 ár og er nú orðin nokkuð fastmótuð. Fjárframlög verða því ekki flutt frá Skógrækt ríkisins til landshlutaverkefnanna án þess að það komi niður á annarri starfsemi, svo sem rannsóknum, ráðgjöf eða umsjón með þjóðskógunum. Þvert á móti kallar aukin nýskógrækt á auknar rannsóknir, aukna ráðgjöf og aukið eftirlit. Þjóðskógarnir eru auk þess nauðsynlegar fyrirmyndir, en þar er að finna sýnishorn af því sem stefna ber að, því sem vænta má og „víti til varnaðar“. Þá eru þjóðskógarnir mjög mikilvægur vettvangur rannsókna og þjálfunar skógareigenda, t.d. í grisjun, og mikilvægasta erfðalind fyrir íslenska skógrækt, en stór hluti þess trjáfræs sem notað er kemur nú úr þjóðskógunum.

Rekstraráætlun Skógræktar ríkisins.

Í sundurliðun um fjárveitingar til Skógræktar ríkisins er starfseminni skipt upp í fjóra flokka; yfirstjórn, stjórnsýslu, rannsóknir og þjóðskóga. Þessi skipting endurspeglar verkefni stofnunarinnar að hluta til eins og þau eru nú en einkum eins og ætla má að þau verði eftir 5–10 ár. Gert er ráð fyrir áframhaldandi þróun á starfsemi stofnunarinnar þar sem áhersla á bæði stjórnsýslu (þ.m.t. upplýsingaöflun, eftirlit, árangursmat og fræðslu) og rannsóknir eykst hlutfallslega samanborið við yfirstjórn og rekstur þjóðskóganna.

Yfirstjórn.

Í þessum málaflokki er fastur kostnaður við rekstur Skógræktar ríkisins, svo sem laun skógræktarstjóra og kostnaður við fjármál, bókhald, tölvuþjónustu o.þ.h. Ekki er gert ráð fyrir raunaukningu á þessum rekstrarþætti og lækkar hann úr 16% niður í 14% af ríkisframlaginu til stofnunarinnar á tímabilinu.

Stjórnsýsla.

Þessi málaflokkur mun taka mestum breytingum á næstu 5–10 árum og er heitið „stjórnsýsla“ til marks um væntanlegar breytingar. Eðlilegra nafn málaflokksins núna væri

„fræðsla, ráðgjöf og áætlanagerð“ eða það sem nefnt hefur verið „skógarþjónusta“. Landshlutaverkefnin kalla nú þegar á aukið faglegt eftirlit með framkvæmdum sínum, einkum svo að þau geti metið árangur sinn í því skyni að bæta hann, en einnig til að þau geti staðið skil á upplýsingum til yfirvalda og almennings. Eðlilegt þykir að slíkt eftirlit eða árangursmat sé unnið af fjárhagslega óháðum aðila og er Skógrækt ríkisins eina stofnunin með faglega færni til að sinna því. Með þessu fyrirkomulagi fæst einnig aðskilnaður milli stjórnsýslu og stærsta hluta framkvæmda í skógrækt.

Fyrir liggur að verulega aukinnar upplýsingaöflunar verður krafist í tengslum við Kyotobókun loftslagssamningsins. Þar mun þurfa að staðsetja á korti og staðfesta með mælingum þá koltvísýringsbindingu sem á sér stað í allri íslenskri skógrækt síðan 1990. Einnig er sennilegt að auknar kröfur verði gerðar um upplýsingaöflun vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegra fjölbreytni. Þá mun ný tilskipun frá ESB um mat á umhverfisáhrifum áætlana, sem taka þarf upp hérlendis árið 2005, hafa aukna vinnu við upplýsingaöflun og eftirlit í för með sér.

Áætlunin gerir ráð fyrir að framlög til stjórnsýslumálaflokksins verði aukin um því sem nemur þremur stöðugildum, um 15 millj. kr., og að sú uppbygging eigi sér stað á árunum 2007–2009 þegar fyrsta viðmiðunartímabil Kyoto-samningsins gengur í garð. Ríkisframlag til þessa málaflokks samsvarar 10% af framlögum til landshlutabundnu skógræktarverkefnanna árið 2003. Þrátt fyrir þessa hækkun verður samsvarandi hlutfall í lok áætlunartímabilsins aðeins 7%.

Rannsóknir.

Reynsla síðustu ára sýnir að með auknum umsvifum í skógrækt vakna sífellt fleiri og flóknari spurningar, sem ekki verður svarað nema með rannsóknum. Meðal verkefnasviða sem vega mjög þungt á næstu tíu árum eru rannsóknir á kolefnisbúskap mismunandi skóga vegna loftslagssamningsins og rannsóknir á áhrifum skógræktar á lífríkið, jarðveg, vatn og aðra umhverfisþætti, ekki síst vegna krafna um mat á umhverfisáhrifum. Um leið eykst mikilvægi og hagnýtt gildi rannsókna á sviði ræktunartækni, á skaðvöldum í skógrækt og skógerfðafræði, svo sem kvæma- og klónaval, kynbætur og grunnrannsóknir á erfðalindum.

Undir lok áætlunartímabilsins verður komið að fyrstu grisjun í lerkiskógum á vegum Héraðsskóga og þá mun magn grisjunarviðar sem til fellur margfaldast frá því sem nú er. Tímabært er að leggja aukna áherslu á rannsóknir og þróun viðarnytja í því skyni að finna verðmætaaukandi notkunarmöguleika fyrir grisjunarvið.

Ríkisframlagið til skógræktarrannsókna samsvarar 19% af framlaginu til landshlutabundnu skógræktarverkefnanna árið 2003. Ekki er talin ástæða til að halda þessu hlutfalli, enda hlýtur rannsóknaþörfin, sem önnur þjónusta, að verða hlutfallslega hagkvæmari með aukinni stærð landshlutaverkefnanna. Sú hækkun sem lögð er til nemur 5–7% af árlegri hækkun til landshlutaverkefnanna, sem er nálægt því að vera það hlutfall af framlaginu til Héraðsskóga og Suðurlandsskóga sem nýtt hefur verið til rannsókna í þeirra þágu á undanförnum árum. Hér er sem sagt lagt til að samsvarandi upphæð renni beint til Skógræktar ríkisins til að þjóna rannsóknaþörf vegna landshlutaverkefnanna svo að fjármunir þeirra nýtist skógarbændum fyrst og fremst. Rætt hefur verið um að endurvekja fagráð í skógræktarrannsóknum með þátttöku landshlutaverkefnanna og skógarbænda til að tryggja þeim áhrif í ákvörðunum um verkefnaval. Þá er gert ráð fyrir að þessir fjármunir verði nýttir til kaupa á rannsóknum frá þriðja aðila eða til að styrkja rannsóknaverkefni framhaldsnema ekki síður en til að auka faglega færni innan Skógræktar ríkisins með mannaráðningum. Í lok

tímabilsins er gert ráð fyrir að framlag til rannsókna samsvari 12% af framlaginu til landshlutaverkefnanna.

Þjóðskógarnir.

Frá upphafi hefur Skógrækt ríkisins haft það hlutverk að vernda náttúrlega skóga og í því skyni eignaðist hún á sínum tíma einhver helstu og merkilegustu skóglendi landsins. Auk Hallormsstaðaskógar og Vaglaskógar má þar nefna Ásbyrgi, Þórsmörk og minna þekkta en ekki síður merkilega skóga, svo sem einhvern hávaxnasta birkiskóg landsins, Skuggabjargarskóg í mynni Fnjóskadals, stórvaxnasta birkiskóg á Vesturlandi, Vatnshornsskóg í Skorradal og marga fleiri.

Á árunum 1950–1990 lagði Skógrækt ríkisins höfuðkapp á gróðursetningu og urðu allstórir skógar til á þennan hátt. Nefna má Tumastaði, Þjórsárdal, Haukadal, Stálpastaði og fleiri svæði í Skorradal, Jafnaskarð við Hreðavatn, Reykjarhól við Varmahlíð, Vagli á Þelamörk og Hafursá/Mjóanes á Héraði. Á síðustu 15 árum hefur Skógrækt ríkisins eignast lönd sem einkum eru nýtt sem rannsóknasvæði og má þar nefna Mosfell í Grímsnesi og Höfða á Austur-Héraði. Auk þess hafa gömlu skóglendin öðlast nýtt gildi sem rannsóknasvæði og má segja að Hallormsstaðaskógur sé mesti rannsóknaskógur landsins.

Skóglendi í eigu og umsjón Skógræktar ríkisins kallast til samans þjóðskógarnir. Þjóðskógarnir eru sannir fjölnytjaskógar þar sem saman fara verndarsjónarmið, útivist fyrir almenning, rannsóknir og þróun og lítils háttar viðarframleiðsla.

Í uppbyggingu skógræktar að undanförnu hafa þjóðskógarnir orðið útundan. Lagt hefur verið kapp á stofnun og uppbyggingu landshlutaverkefnanna og innan Skógræktar ríkisins hefur uppbygging þjónustu við þau notið forgangs. Um leið hafa þjóðskógarnir tapað sinni helstu tekjulind, gróðrarstöðvarekstri, og hefur starfsemin dregist mjög mikið saman frá því sem áður var. Einkum vegna þeirrar þýðingar sem þjóðskógarnir hafa sem útivistarsvæði, rannsóknasvæði og sem fyrirmyndir fyrir aðra skógrækt verður ekki gengið lengra í þá átt að draga saman í rekstri þeirra án þess að skaði hljótist af. Þess vegna er lögð til hægfara aukning í framlögum til þess málaflokks og er þeirri aukningu einkum ætlað að koma til móts við þörf á umhirðu og kröfur almennings um bætta aðstöðu til útivistar. Hér er einnig gert ráð fyrir að hlutfall verktakavinnu aukist á komandi árum frekar en að auka starfsmannahald.

1122. Nefndarálit [489. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og Umferðarstofu.

Meginmarkmið frumvarpsins er að auðvelda tjónþola að fá bætur vegna umferðarslyss í EES-ríkjum og Sviss. Lagt er til að dómsmálaráðherra viðurkenni svonefndan tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð í þessu skyni. Ekki er þó gert ráð fyrir að komið verði á fót opin-

berri stofnun heldur að samtökin Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. annist þetta hlutverk.

Tilefni frumvarpsins er innleiðing tilskipunar 2000/26/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og um breytingar á tilskipunum 73/239/EBE og 88/237/EBE (svokallaðrar fjórðu tilskipunar um ökutækjatryggingar). Lagt er til að sömu ákvæði um ábyrgðartryggingu ökutækja og gilda nú gagnvart EES-ríkjunum gildi einnig gagnvart EFTA-ríkjunum sem ekki eru aðilar að EES, þ.e. Sviss, í samræmi við ákvæði hins nýja stofnsamnings EFTA (Vaduz-samningsins). Þá er lagt til með frumvarpinu að lagastoð nokkurra reglna varðandi vátryggingarskylduna verði styrkt, svo sem að því er varðar hvaða vátryggingafélög annast lögmæltar ökutækjatryggingar, og kveðið á um skylduaðild vátryggingafélaga sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að samtökunum Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. Loks er lagt til að felld verði niður sérstök viðurkenning eða skráning dómsmálaráðherra á vátryggingafélögum sem annast lögmæltar ökutækjatryggingar. Áskilnaður um viðurkenningu dómsmálaráðuneytisins á vátryggingafélagi sem annast ábyrgðartryggingu skráningarskyldra ökutækja er frá þeim tíma þegar vátryggingafélög þurftu ekki sérstakt leyfi til að annast vátryggingastarfsemi. Með núgildandi skipan á starfsleyfi til vátryggingastarfsemi verður ekki talin þörf á að áskilja sérstaka viðurkenningu dómsmálaráðherra vegna þeirrar tegundar vátrygginga sem hér um ræðir.

Fram hefur komið ábending um að í stað hugtaksins „tjónsuppgjörsaðili“ í frumvarpinu færi betur að nota hugtakið „tjónsuppgjörsmiðstöð“ þar sem fyrra hugtakið þykir of líkt hugtakinu „tjónsuppgjörsfulltrúi“ sem jafnframt er notað í frumvarpinu. Nefndin leggur til breytingu hvað þetta varðar.

Komið hefur fram að tilnefning tjónsuppgjörsfulltrúa og stofnun tjónsuppgjörsmiðstöðvar í öllum EES- og EFTA-ríkjunum muni auðvelda tjónþola að reka bótakröfu sína eftir umferðarslys í öðru aðildarríki. Það er mat nefndarinnar að þetta sé til mikilla bóta jafnframt því sem tjónþoli þurfi þá ekki lengur að reka kröfu sína gagnvart erlendu vátryggingafélagi, sem getur skapað misskilning vegna tungumálaerfiðleika, heldur getur hann rekið málið gagnvart tjónsuppgjörsfulltrúa vátryggingafélagsins í heimalandi sínu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „tjónsuppgjörsaðila“ í 2. efnismgr. 1. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: tjónsuppgjörsmiðstöð.
2. Við 3. mgr. a-liðar 5. gr. (94. gr. a) bætist: nr. 60/1994.

Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
	Ólafur Örn Haraldsson.	

1123. Nefndarálit [485. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Hjaltested frá samgönguráðuneytinu og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf.

Frumvarpið fylgir frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, sem allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar hjá tryggingafélögunum né hærri iðgjalda, enda er ekki um að ræða mörg tilvik.

Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á frumvarpinu. Breytingin er ekki efnisleg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðsins „tjónsuppgjörsaðila“ í fyrri málslið 1., 2. og 3. gr. komi: tjónsuppgjörsmiðstöðvar.

Hjálmar Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Ögmundur Jónasson.

1124. Nefndarálit [567. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Benedikt Bogason frá refsiréttarnefnd. Þá bárust umsagnir frá ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Fangelsismálastofnun ríkisins, lögreglustjóranum í Reykjavík, dómstólaráði og samtökunum Barnaheill.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum, einkum XXII. kafla sem fjallar um kynferðisbrot, m.a. með það í huga að auka refsivernd barna. Í fyrsta lagi er lögð til hækkun á refsimörkum vegna nánar tilgreindra kynferðisbrota sem beinast gegn börnum. Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði sem leggi refsingu við svonefndu mansali og loks er lögð til minni háttar breyting á skipan ákvæða í málsgreinar.

Helstu ástæður þess að lögð er til þynging hámarksrefsingar fyrir tiltekin kynferðisbrot gegn börnum eru að umrædd ákvæði taka til brota þar sem venjulega er mikill aldursmunur á milli barns og geranda, sem jafnframt brýtur gróflega gegn trúnaði sínum við barnið. Þau brot sem hér um ræðir eru mjög alvarleg og sífellt hefur orðið betur ljóst hve miklum skaða börn geta orðið fyrir þegar þau eru misnotuð kynferðislega.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að með því að leggja hér til hækkun á refisramma færast umrædd ákvæði í svokallaðan hærri brotaflokk sem þýðir að fyrningartími brotanna lengist. Fyrningarfrestur brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga reiknast frá þeim degi sem brotaþoli nær 14 ára aldri.

Í svonefndu mansali felst hagnýting á einstaklingi, oft í kynferðislegum tilgangi. Þótt háttsemin sem lýst er í frumvarpinu sé í flestu tilliti þegar refsinæm samkvæmt ákvæðum hegningarlaga er með frumvarpinu lögð sérstök áhersla á þessi brot þar sem þau þykja mjög alvarleg.

15. nóvember 2000 var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna samningur gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, svonefndur Palermó-samningur. Einnig voru samþykktar bókanir við samninginn, þar á meðal bókun til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Samningurinn og bókunin voru undirritað af Íslands hálfu 13. desember 2000 en hafa ekki enn verið fullgilt. Mansalsákvæðið á rætur sínar að rekja til þessa alþjóðasamnings og bókana við hann. Nefndin ræddi sérstaklega tilurð ákvæðisins og bendir á að fram hefur komið að við verknaðarlýsingu mansalsákvæðisins í frumvarpinu hafi verið höfð hliðsjón af 3. gr. bókunarinnar við Palermó-samninginn. Nefndin telur rétt að taka fram að það er ætlun löggjafans að efnislegt innihald hins nýja mansalsákvæðis í almennum hegningarlögum verði túlkað í samræmi við ákvæði í fyrrnefndum Palermó-samningi. Þá telur nefndin mikilvægt að hugað verði áfram að því að veita fórnarlömbum mansals nauðsynlega vernd, svo sem vitnavernd.

Nefndin ræddi sérstaklega kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins en þar kemur fram að ekki sé ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo að nokkru nemi. Skiptar skoðanir eru um það hvort hækkun refsinga leiði til lengri fangelsisvistar með tilheyrandi útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Á móti vega sjónarmið um varnaðaráhrif refsinga. Það er því mat nefndarinnar að engan veginn sé í raun hægt að meta hvort frumvarpið komi til með að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Að lokum leggur nefndin áherslu á að samningur gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, Palermó-samningurinn, sem þegar hefur verið undirritaður, verði fullgiltur við fyrsta tækifæri.

Nefndin leggur til orðalagsbreytingu við 5. gr. til frekari skýringar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „villu viðkomandi“ í 1. tölul. 1. efnismgr. 5. gr. komi: um aðstæður.

Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
	Ólafur Örn Haraldsson.	

1125. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um neysluvatn.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt frá síðasta þingi. Umsagnir bárust þá frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Iceland Spring, Manneldisráði Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Náttúruvernd ríkisins. Málið var sent til umsagnar að nýju og bárust umsagnir frá Landsvirkjun, Samtökum atvinnulífsins, Byggðastofnun, Orkustofnun, Iðntæknistofnun, Landvernd, Bændasamtökum Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Íslenska vatnsfélaginu ehf., Samorku og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum, málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.

Nefndin tekur ekki afstöðu til þess hvar vista ætti málefni neysluvatns en hjá umsagnaraðilum hafa komið fram mismunandi skoðanir á því.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Pétur H. Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.	Árni R. Árnason.	Árni Steinar Jóhannsson.
Kjartan Ólafsson.	Ólafur Örn Haraldsson.	

1126. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um innflutning dýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt frá síðasta þingi. Umsagnir bárust þá frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Æðarræktarfélagi Íslands, Forystufjárræktarfélagi Íslands, Geitfjárræktarfélagi Íslands, yfirdýralækni, Landssamtökum sauðfjárbænda, Litförótta félaginu, dýraverndarráði, Dýralæknafélagi Íslands, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Nautgriparæktarfélagi Íslands og Bændasamtökum Íslands.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga um innflutning dýra, og búnaðarlaga, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Karl V. Matthíasson.
Þuríður Backman.	Sigríður Ingvarsdóttir.	

1127. Svar [574. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmd laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

1. *Hver er skilningur ráðherra á ákvæði 2. mgr. 14. gr. laganna að því er varðar ávinnslu orlofsréttinda, þ.m.t. réttar til orlofslauna við orlofstöku, og hver er skoðun ráðherra á framkvæmdinni?*
2. *Er munur á framkvæmd 2. mgr. 14. gr. laganna eftir því hvort um er að ræða launþega hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði? Sé svo, telur ráðherra það eðlilegt og hvað þarf til að tryggja öllum sambærileg réttindi?*

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof er svohljóðandi: „Fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta.“ Ljóst er af orðalagi ákvæðisins að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, sbr. orðalagið „svo sem“. Enn fremur er tekið fram í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögunum: „Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða og er það gert með hliðsjón af því að menn kunna að semja um önnur réttindi síðar, svo sem námsleyfi.“ Má leiða að því líkur að gert hafi verið ráð fyrir því að fæðingarorlof reiknaðist til starfstíma við mat á þeim starfstengdu réttindum sem þegar hafi verið ákveðin í lögum á þeim tíma er frumvarpið varð að lögum. Ekki hefur verið talið ráðlegt að hafa upptalninguna í ákvæðinu tæmandi svo unnt væri að taka tillit til þeirra starfstengdu réttinda sem kæmu til síðar og gætu fallið undir ákvæðið.

Á þeim tíma er lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi voru í gildi lög um orlof, nr. 30/1987, sem enn gilda. Ákvæði 1. gr. þeirra er svohljóðandi: „Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum þessara laga.“ Í lögunum er kveðið á um ávinnslu lágmarksorlofsréttar (tveir dagar fyrir hvern unnin mánuð) en í 7. gr. segir: „Launþegi á rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári.“ Í athugasemdum um 7. gr. segir m.a. að í ákvæðinu felist að „allur réttur til launa í orlofi verður í formi orlofslauna sem greiðast af launagreiðanda til launþega við upphaf orlofstöku, nema til ráðningarslita komi, sbr. 8. gr.“

Fyrir liggur að foreldrar ávinna sér rétt til orlofstöku í fæðingarorlofi samkvæmt orðanna hljóðan í 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldrarorlof. Verður að ætla að um sé að ræða rétt til orlofstöku í skilningi laga um orlof. Með hliðsjón af framansögðu verður því ekki séð að unnt sé að undanskilja ávinnslu á rétti til greiðslna í orlofi sem foreldri ávinnur sér í fæðingarorlofi frá þeim starfstengdu réttindum sem fæðingarorlof skal reiknast til starfstíma við mat á.

Þá kemur að því álitaefni hver sé vinnuveitandi (launagreiðandi) þegar foreldri er í fæðingarorlofi en allt frá árinu 1943 hafa lög um orlof gert ráð fyrir að sá vinnuveitandi, sem launamaður ávann sér rétt til orlofstökunnar hjá, greiði orlofslaunin. Í því sambandi má annars vegar benda á að í 29. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof er tekið fram að ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda haldist óbreytt í fæðingarorlofi. Er enn fremur er gert ráð fyrir að starfsmaður eigi rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingarorlofi. Hins vegar verður að hafa hliðsjón af því að Fæðingarorlofssjóður bætir foreldrum upp launamissi í fæðingarorlofi með greiðslum er nema 80% af launum þeirra. Enn fremur verður að horfa til þess að skv. 1. mgr. 14. gr. laganna hefur þótt ástæða til að Fæðingar-

orlofssjóður taki á sig greiðslu mótframlags vinnuveitanda til lífeyrissjóða meðan á fæðingarorlofi stendur. Þegar litið er til þessara atriða verður að telja að síðari atriðin vegi þyngra og líta verði á Fæðingarorlofssjóð sem ígildi launagreiðanda í tilvikum þegar um lögbundin starfstengd réttindi er að ræða.

Í því skyni að meta hvernig reikna skuli þær orlofsgreiðslur sem foreldri á rétt til í fæðingarorlofi þótti ástæða til að kanna heimild félagsmálaráðherra skv. 10. gr. laga um orlof til að setja reglur um „útreikning orlofslauna launþega sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa". Ákvæði þetta kom fram í fyrstu lögunum um orlof, nr. 16/1943. Þar segir í 5. gr.: „Nú tekur maður ekki kaup beint frá vinnuveitanda, heldur fær kaupið greitt t.d. með þjórfé að öllu leyti eða nokkru leyti, og skal upphæð orlofsfjár þá miðast við framtal tekna til skatts næsta ár á undan, eða áætlun skattanefndar um vinnutekjur, ef ekki var talið fram til skatts." Þótti ekki ástæða til að skýra ákvæðið nánar í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögunum. Í athugasemdum við frumvarp er varð að lögum nr. 87/1971, um orlof, kemur fram að gert sé ráð fyrir reglugerð um útreikning orlofsfjár þeirra sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, sbr. þjórfé o.fl., í stað ákvæðis 5. gr. laga nr. 16/1943. Umrætt ákvæði er óbreytt í lögum nr. 30/1987 frá eldri lögunum að því frátöldu að í stað orlofsfjár kom orðið orlofslaun.

Þegar litið er til forsögu þessa ákvæðis hefur tilgangur þess ekki verið sá að reikna út orlofsgreiðslur vegna greiðslna í fæðingarorlofi enda hafa slíkar greiðslur komið til mun síðar. Engu síður virðist sem markmið ákvæðisins hafi verið að tryggja að launafólk fengi orlofsgreiðslur enda þótt það fengi ekki beinar launagreiðslur frá vinnuveitanda. Þykir það því renna enn frekari stoðum undir það að launamaður njóti greiðslna í orlofi sem hann hefur áunnið sér samkvæmt lögum, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2000. Ráðherra hefur ekki sett reglur á grundvelli 10. gr. laga um orlof. Í ljósi þess að ákvæðið á samkvæmt orðanna hljóðan ekki við um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og að teknu tilliti til eðlis greiðslnanna verður að telja eðlilegra að líta til reiknireglu 2. mgr. 7. gr. sömu laga við útreikninga á orlofsgreiðslum vegna þeirra.

Um fyrirkomulag orlofsgreiðslna vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði verður enn fremur að teljast eðlilegt að sjóðurinn nýti sér heimild 8. gr. laga um orlof til að greiða orlofsgreiðslur með síðustu greiðslu í fæðingarorlofi en þar segir: „Ljúki ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða launþeganum öll áunnin orlofslaun hans samkvæmt 2. mgr. 7. gr."

Í ljósi þess sem að framan er rakið er það álit ráðherra að ekki verði annað ráðið af lögum en að fæðingarorlof samkvæmt IV. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof teljist til starfstíma við mat á rétti til greiðslna í orlofi samhliða rétti til orlofstöku, sbr. lög um orlof. Ber því Fæðingarorlofssjóði að greiða foreldrum orlofslaun skv. 7. og 8. gr. laga um orlof, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum.

3. *Hvernig hefur verið brugðist við þeirri kjaraskerðingu sem reikniregla 13. gr. laganna um greiðslur úr fæðingarorlofssjóði getur haft í för með sér samanborið við eldri lög, annars vegar hvað varðar starfsmenn hins opinbera og hins vegar starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum?*

Greiðslur úr eldra kerfi fóru eftir 15. og 16. gr. þágildandi laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, ásamt reglugerðum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setti með stoð í þeim lögum. Um var að ræða tvenns konar greiðslur. Annars vegar

fæðingarstyrk sem greiddist móður við hverja fæðingu barns óháð því hvort hún var á vinnumarkaði eða ekki. Hins vegar var kveðið á um fæðingardagpeninga en rétt til þeirra áttu einungis foreldrar sem lögðu niður launuð störf í fæðingarorlofi. Var fjárhæð þeirra greiðslna misjöfn eftir starfshlutfalli foreldris. Fjárhæð þessara greiðslna svarar til lágmarksgreiðslna til þeirra foreldra sem eiga rétt á fæðingarorlofi skv. 8. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldrarorlof, ásamt greiðslum skv. 13. gr. sömu laga. Með lágmarksgreiðslum skv. 4. mgr. 13. gr. laganna var þannig tryggt að foreldrar á almennum vinnumarkaði öðluðust ekki lakari rétt samkvæmt gildandi kerfi en þeir hefðu samkvæmt eldra kerfi.

Um fæðingarorlofsgreiðslur til kvenna sem höfðu starfað hjá hinu opinbera í samfellt sex mánuði fyrir fæðingu barns var í gildi reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Reglugerð þessi var sett með heimild í þágildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Þar var kveðið á um að þær ættu rétt á dagvinnulaunum í þrjá mánuði og rétt til yfirvinnu- og álagsgreiðslna í þrjá mánuði. Lá því fyrir að hugsanlegt væri að einhverjar konur er störfuðu hjá hinu opinbera gætu orðið fyrir tekjutapi frá hinu eldra kerfi við það að núverandi kerfi væri komi á. Í því skyni að koma til móts við þessar konur var gert samkomulag milli Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands annars vegar og hins vegar fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga um að settur væri á fót fjölskyldu- og styrktarsjóður í þeim tilgangi að greiða framangreindan mismun. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að foreldrar fá 80% af meðaltali heildarlauna, óháð starfshlutfalli, í núverandi kerfi enda var markmið þess að röskun á tekjum heimilanna yrði sem minnst þegar foreldrar legðu niður störf vegna tilkomu nýs fjölskyldumeðlims sem þarfnaðist umönnunar þeirra. Ekki njóta því allar konur er starfa hjá ríkinu lakari réttar samkvæmt núverandi kerfi.

4. *Má að öðru leyti finna einhvern mismun á réttindum launþega samkvæmt efni laganna eða framkvæmd þeirra eftir því hvort þeir starfa hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði?*
5. *Sé um einhvern mismun að ræða samkvæmt framangreindu, hversu mikið fé má þá telja að þurfi til að eyða honum, sundurliðað eftir einstökum aðgerðum sem grípa þarf til, og hyggst ráðherra beita sér fyrir því að svo verði gert?*

Markmið laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldrarorlof, var m.a. að jafna rétt foreldra sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði til fæðingarorlofs. Átti það bæði við um mæður og feður, þá sem starfa á almennum vinnumarkaði og þá sem starfa hjá hinu opinbera, þá sem vinna launuð störf í annarra þjónustu og þá sem eru sjálfstætt starfandi. Enginn greinarmunur er gerður á þessum hópum í lögunum samkvæmt orðanna hljóðan né heldur í framkvæmd á efni þeirra. Í þessu sambandi ber að taka fram að samtökum aðila vinnumarkaðarins er frjálst að semja um betri rétt til handa félagsmönnum sínum kjósi þau að gera slíkt. Verður ekki litið á framangreint samkomulag öðruvísi en að um sé að ræða samkomulag samtaka aðila vinnumarkaðarins á hinum opinbera vinnumarkaði.

6. *Hversu margir hafa tekið fæðingarorlof frá því að lögin tóku gildi, skipt eftir kynjum og milli opinbera vinnumarkaðarins annars vegar og almenna markaðarins hins vegar?*

Í ljósi þess að enginn mismunur er í framkvæmd á því hvort foreldrar starfa á almenna vinnumarkaðinum eða hjá hinu opinbera er ekki unnt að greina milli þeirra í tölvukerfi Fæðingarorlofssjóðs. Tafla 1 sýnir fjölda foreldra sem hafa tekið fæðingarorlof á árunum 2001 og 2002 skipt eftir kyni. Enn fremur er unnt að sjá fjölda þeirra sem hafa kosið að taka

fæðingarorlof sitt í einu lagi eða kosið að nýta sér þann sveigjanleika í töku orlofsins sem lögin heimila.

Tafla 1. Fjöldi foreldra sem hafa tekið fæðingarorlof árin 2001 og 2002, skipt eftir kyni og tilhögun fæðingarorlofs.

	Feður	Mæður
Samfellt	2.220	4.311
Skipt	3.697	2.023
Samtals	**5.917**	**6.334**

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

7. *Hversu langt fæðingarorlof hafa feður að meðaltali tekið á grundvelli laganna og er einhver munur á lengd fæðingarorlofs eftir því hvort í hlut eiga feður á almennum vinnumarkaði eða starfsmenn hins opinbera?*

Varðandi upplýsingar um sundurgreiningu á töku fæðingarorlofs feðra eftir því hvort þeir starfa á almenna vinnumarkaðinum eða hjá hinu opinbera er vísað til svars við 6. tölulið fyrirspurnarinnar. Tafla 2 sýnir hversu margir feður hafa tekið fæðingarorlof í styttri eða lengri tíma en sjálfstæður réttur þeirra er. Sýnir taflan einnig meðalfjölda þeirra daga sem feður tóku í fæðingarorlof.

Tafla 2. Fjöldi feðra sem hafa tekið styttra eða lengra fæðingarorlof en einstaklingsbundinn réttur þeirra var árin 2001 og 2002, ásamt meðalfjölda fæðingarorlofsdaga.

	Fjöldi innan tíu daga	Fjöldi yfir grunnrétti	Fjöldi undir grunnrétti	Meðalfjöldi daga
Samfellt	2.059	210	293	44
Skipt	3.642	622	322	55
Samtals	**5.701**	**832**	**615**	**51**

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Eins og sjá má af töflu 2 eru þeir feður mun fleiri sem nýta sér sveigjanleikann í töku fæðingarorlofs en þeir sem taka fæðingarorlofið í einu lagi. Að meðaltali voru feður í 51 dag í fæðingarorlofi. Í því sambandi verður að taka tillit til þess að árið 2001 áttu feður sjálfstæðan rétt, sem ekki er framseljanlegur, til 30 daga fæðingarorlofs en það lengdist um einn mánuð árið 2002, eða upp í sem svarar til 60 daga. Töflur 3 og 4 sýna sömu upplýsingar og tafla 2, skipt eftir árum.

Tafla 3. Fjöldi feðra sem hafa tekið styttra eða lengra fæðingarorlof en einstaklingsbundinn réttur þeirra var árið 2001, ásamt meðalfjölda fæðingarorlofsdaga.

	Fjöldi innan tíu daga	Fjöldi yfir grunnrétti	Fjöldi undir grunnrétti	Meðalfjöldi daga
Samfellt	1.222	123	50	35
Skipt	1.607	331	57	42
Samtals	**2.829**	**454**	**107**	**39**

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

Tafla 4. Fjöldi feðra sem hafa tekið styttra eða lengra fæðingarorlof en einstaklingsbundinn réttur þeirra var árið 2002, ásamt meðalfjölda fæðingarorlofsdaga.

	Fjöldi innan tíu daga	Fjöldi yfir grunnrétti	Fjöldi undir grunnrétti	Meðalfjöldi daga
Samfellt	836	87	243	58
Skipt	2.034	289	266	67
Samtals	**2.870**	**376**	**509**	**64**

Heimild: Fæðingarorlofssjóður

Þegar töflur 3 og 4 eru bornar saman kemur í ljós að fleiri feður tóku fæðingarorlof lengra en sjálfstæður réttur þeirra var árið 2001 en árið 2002. Skýrist þetta líklega af að fæðingarorlof feðra lengdist milli þessara ára. Fæðingarorlofsdögum feðra fjölgar þrátt fyrir þetta um 25 daga að meðaltali milli ára. Samt sem áður virðist meiri hluti feðra taka fæðingarorlof skemur en í tíu daga.

8. *Hve margir foreldra utan vinnumarkaðar og í námi hafa fengið fæðingarstyrk árlega frá gildistöku laganna?*

Tafla 5 sýnir fjölda foreldra utan vinnumarkaðar og í námi sem hafa fengið fæðingarstyrk frá ársbyrjun 2001.

Tafla 5. Fjöldi foreldra sem hafa fengið fæðingarstyrk á árunum 2001 og 2002 skipt eftir kyni og tegund styrks.

	Feður	Mæður
Utan vinnumarkaðar	175	885
Í námi	393	871
Samtals	**568**	**1.756**

Heimild: Fæðingarorlofssjóður.

1128. Nefndarálit [568. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Hjaltested og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu og Benedikt Bogason og Viðar Má Matthíasson fyrir hönd réttarfarsnefndar. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og réttarfarsnefnd.

Með frumvarpinu er lagt til að innleitt verði í íslenskan rétt efni tilskipunar Evrópusambandsins um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga í þeim tilgangi að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélaga og slit þeirra og ákveðna lágmarkssamræmingu landsreglna sem gilda um þessi atriði.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram nokkrar athugasemdir við efni frumvarpsins frá réttarfarsnefnd. Nefndin leggur til nokkrar breytingar sem koma til móts við þær athugasemdir. Athugasemdirnar lutu einkum að því að óvarlegt væri að vísa til þess að íslensk lög eða dómar giltu um starfsemi sem fram færi erlendis. Breytingar nefndarinnar lúta að því að nægjanlegt sé að lögfesta ákvæði sem fela í sér að úrskurður dómstóls eða reglur í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins taki til útibús vátryggingafélags hér á landi. Með vísan til efnis tilskipunarinnar sem verið er að innleiða og þess að hún hefur öðlast gildi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu þá uppfyllir Ísland skyldu sína samkvæmt tilskipuninni með þessum hætti. Gera verður ráð fyrir að sams konar viðurkenning og hér er veitt komi til í öðrum ríkjum svæðisins gagnvart íslenskum lögum og dómum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali og vísar því jafnframt til viðskiptaráðuneytisins að einstakar athugasemdir réttarfarsnefndar verði skoðaðar gaumgæfilega í samstarfi við réttarfarsnefnd og frekari lagfæringar lagðar til ef nauðsynlegt er talið strax næsta haust.

Hjálmar Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Gunnar Birgisson.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Ögmundur Jónasson.	

1129. Breytingartillögur [568. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „heimild vátryggingafélags til að leita greiðslustöðvunar og nauðasamnings“ í 2. mgr. a-liðar komi: heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar og til að leita nauðasamnings.
   b. Í stað orðanna „heimild til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamnings“ í 1. málsl. 3. mgr. a-liðar komi: heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.
   c. 4. mgr. a-liðar orðist svo:
      Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags með aðalstöðvar í því aðildarríki tekur til útibúa vátryggingafélagsins hér á landi.
   d. 1. mgr. b-liðar orðist svo:
      Íslensk lög skulu gilda um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

e. Í stað orðanna „rétt veðhafa eignarréttinda“ í 1. málsl. 5. mgr. b-liðar komi: rétt veðhafa vegna eignarréttinda.
f. Í stað orðanna „heimildar vátryggingafélags til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamnings“ í 9. mgr. b-liðar komi: heimildar vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

2. 5. efnismgr. 3. gr. orðist svo:
Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú líftryggingafélags með aðalstöðvar í því ríki sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur til útibúa félagsins hér á landi.
3. 3. efnismgr. 4. gr. orðist svo:
Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú vátryggingafélags með aðalstöðvar í því ríki sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur einnig til útibúa félagsins hér á landi.
4. Við 5. gr.
a. 1. efnismgr. orðist svo:
Íslensk lög skulu gilda um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.
b. 7. efnismgr. orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda gerninga, nr. 7/1936, eða ákvæðum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

1130. Nefndarálit [611. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Erlu Pétursdóttur, Lilju Sturludóttur og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum atvinnulífsins, tollstjóranum í Reykjavík og Hafnasambandi sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að Kópavogshöfn verði aðaltollhöfn sem hefur þá þýðingu að skip sem eru í förum til og frá landinu geta fengið fyrstu og síðustu tollafgreiðslu hér á landi við höfnina.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Hjálmar Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Árni R. Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhanna Sigurðardóttir.

1131. Nefndarálit [154. mál]

um till. til þál. um nýtingu innlends trjáviðar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá hlunnindaráðunaut Bændasamtaka Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Suðurlandsskógum, Skógrækt ríkisins og Norðurlandsskógum.

Tillagan felur í sér áskorun til landbúnaðarráðherra um að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið, sem fellur til við grisjun, til framleiðslu listmuna, byggingarefnis, límtrés eða eldiviðar, jafnframt að gerð verði fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þau verðmæti sem til falla í skógum landsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „skora á“ í fyrri málslið tillögugreinarinnar komi: fela.

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Karl V. Matthíasson.

Þuríður Backman. Sigríður Ingvarsdóttir.

1132. Nefndarálit [375. mál]

um frv. til l. um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Elínu Vigdísi Hallvarðsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Jón Gunnarsson og Kristbjörn Óla Guðmundsson frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Þá bárust umsagnir frá Landlæknisembættinu, sýslumanninum í Bolungarvík, sýslumanninum á Hvolsvelli, Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd flugslysa, vegamálastjóra, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Veðurstofu Íslands, Rauða krossi Íslands, Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Almannavörnum ríkisins, Landhelgisgæslu Íslands, Lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, sýslumanninum í Reykjavík, sýslumanninum á Ísafirði, Sjómannasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga

á Suðurnesjum, Vélstjórafélagi Íslands, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi og Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði fyrsta heildstæða löggjöfin um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Í gildandi lögum er aðeins minnst á þessi hugtök eða önnur sambærileg á við og dreif í ýmsum lögum. Markmið frumvarpsins er að draga úr óvissu sem verið hefur um réttarstöðu þeirra einstaklinga sem vinna við björgunarstörf innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita.

Nefndin ræddi ítarlega ýmis atriði frumvarpsins. Í 1. gr. þess kemur fram að lögin taki til björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita. Forsaga málsins er sú að áður fyrr voru hér á landi starfandi ýmsar tegundir af björgunarsveitum, Slysavarnafélag Íslands, Hjálparsveit skáta og flugbjörgunarsveitirnar. Þessar sveitir lutu allar mismunandi yfirstjórn og olli það ýmsum vandkvæðum í útkalli. Svo fór að björgunarsveitarmenn ákváðu að sameinast í ein viðurkennd heildarsamtök björgunarsveita, Slysavarnafélagið Landsbjörg, stofnað 2. október 1999, með um 5.000 björgunarsveitarmenn innan sinna vébanda. Umrædd samtök eru þau einu sem viðurkennd eru af stjórnvöldum. Með viðurkenningu í þessum skilningi og skilningi frumvarpsins er ekki átt við að stjórnvöld viðurkenni samtökin formlega að fenginni umsókn heldur eru þau viðurkennd með ýmsum öðrum hætti, þ.e. í lögum, reglugerðum og í samningum stjórnvalda við samtökin. Þetta er það sem felst í því að vera „viðurkennd heildarsamtök“.

Björgunarsveitir eru í eðli sínu sjálfboðaliðasamtök sem byggst hafa upp hér á landi með beinum og óbeinum stuðningi stjórnvalda sem að sjálfsögðu njóta síðan góðs af með ýmsum hætti. Þeir opinberu aðilar sem bera ábyrgð á leit og björgun hafa gert samninga við sveitirnar og nú í seinni tíð er allt samstarf unnið á vettvangi hinna viðurkenndu heildarsamtaka. Því er í sjálfu sér ekki forsenda fyrir því að eitthvert stjórnvald (ráðuneyti) viðurkenni formlega slík heildarsamtök eða einstakar björgunarsveitir því að þá þyrfti að byrja á því að skilgreina hvað björgunarsveitir eða heildarsamtök þeirra þurfa að uppfylla til þess að fá viðurkenningu. Slysavarnafélagið Landsbjörg er nú starfandi í umboði allra björgunarsveita í landinu. Stjórnvöld hafa frá stofnun samtakanna starfað með þeim. Því er í sjálfu sér rökrétt skref stigið með því að segja að undir lögin um björgunarsveitir og björgunarmenn falli eingöngu þær sveitir sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita, þ.e. Slysavarnafélagsins Landsbjargar, því stjórnvöld eru fyrir löngu óbeint búin að viðurkenna Slysavarnafélagið Landsbjörg sem einu heildarsamtök björgunarsveita í landinu.

Mat nefndarinnar er að ein heildarsamtök björgunarsveita geri allt skipulag leitar og björgunar í landinu einfaldara og skýrara. Allt er þetta til þess fallið að einfalda skipulagið og gera það skilvirkara, öllum til hagsbóta.

Samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu stjórnvöld í 2. gr. frumvarpsins er átt við öll stjórnvöld sem lögum samkvæmt fara með yfirstjórn björgunar- og leitarmála á hverjum tíma. Nánari skýring á hugtakinu kemur fram í athugasemdum við greinina og er þar tekið fram að þau stjórnvöld sem nú eigi hlut að björgunarmálum séu dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, almannavarnaráð, almannavarnanefndir, Flugmálastjórn, rannsóknarnefnd flugslysa, Landhelgisgæslan, ríkislögreglustjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík og sýslumenn sem lögreglustjórar. Það er mat nefndarinnar að umræddri upptalningu á stjórnvöldum eigi að veita lagastoð og hún eigi því að vera í frumvarpstextanum. Með því er jafnframt eytt óvissu um hvaða stjórnvöld hér sé um að ræða. Þá leggur nefndin til að við upptalningu á þeim stjórnvöldum sem hér um ræðir verði bætt slökkviliðsstjórum. Skv. 10. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000, bera sveitarstjórnir hver í sínu umdæmi ábyrgð á starfsemi slökkviliðs en skv. 16. gr. laganna stjórnar slökkviliðsstjóri slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á

vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Því ber að líta á slökkviliðsstjóra sem stjórnvald í skilningi 2. gr. frumvarpsins.

Þá bendir nefndin á að ósamræmi er í skilgreiningu á hugtakinu gæsla í 2. gr. frumvarpsins og skýringu á þeirri skilgreiningu í athugasemdum við greinina. Þannig eru útskýringar í athugasemdum þrengri og efnislega ólíkar því sem fram kemur í frumvarpstextanum. Það er mat nefndarinnar að inntaki hugtaksins „gæsla“ sé vel lýst í frumvarpstextanum og við hann beri að miða, þ.e. að gæta manna og verðmæta, í víðtækri merkingu þess orðs, á svæðum sem lokað hefur verið vegna hættuástands, m.a. vegna stórslysa eða náttúruhamfara eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

Nefndin ræddi sérstaklega hvort sú gæsla sem skilgreind er í 2. gr. frumvarpsins taki til gæslu erlendra þjóðhöfðingja í opinberum heimsóknum, sbr. orðalag í athugasemdum við það ákvæði. Skv. 1. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er það m.a. hlutverk lögreglu að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, jafnframt því að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna. Þar af leiðandi er ljóst að gæsla erlendra þjóðhöfðingja er á ábyrgð ríkislögreglustjóra og eftir atvikum einstakra sýslumanna sem lögreglustjóra. Björgunarsveitum ber hins vegar að hefja björgun, leit og gæslu ef stjórnvöld óska þess og er þá aðallega haft í huga að utanaðkomandi vá steðji að, svo sem stórslys, náttúruhamfarir og þvíumlíkt. Ummæli í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er því útskýring á eðlilegri verkaskiptingu milli lögreglu og björgunarsveita.

Nefndin leggur til breytingu á fyrirsögn II. kafla frumvarpsins þannig að nánar sé lýst innihaldi hans.

Þá þykir rétt að vekja athygli á því að skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins skulu stjórnvöld í samráði við heildarsamtök björgunarsveita gera samkomulag um nánar tilgreind atriði. Varðandi það við hvaða stjórnvöld hér sé átt þá kemur fram í athugasemdum við greinina að um sé að ræða samkomulag milli heildarsamtaka björgunarsveita og æðri stjórnvalda. Í dæmaskyni er nefnt samkomulag milli Slysavarnafélagsins Landsbjargar og almannavarnaráðs. Þá hafi Slysavarnafélagið Landsbjörg og ríkislögreglustjóri einnig þegar hafið vinnu við að semja reglur um samskipti lögreglu og björgunarsveita. Þrátt fyrir þessa meginreglu kemur fram að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að sérstakt samkomulag verði gert við staðbundin stjórnvöld, t.d. vegna sérstakra staðhátta eða aðstæðna sem snúa að mannafla og búnaði. Það er mat nefndarinnar að hér sé um eðlilega leiðbeiningarreglu að ræða sem gefur færi á að sveitarfélög geti samið beint við heildarsamtök björgunarsveita við sérstakar aðstæður. Ekki þykir nauðsynlegt að tilgreina frekari skilyrði slíkra samninga við staðbundin stjórnvöld í löggjöf, né um hvaða staðbundnu stjórnvöld hér geti verið að ræða heldur verði það háð mati á aðstæðum hverju sinni.

Nefndin fjallaði sérstaklega um orðalag 4. gr. þess efnis að björgunarsveitum sé skylt að hefja björgun, leit og gæslu ef stjórnvöld óski þess. Fram hefur komið að hér er ekki um skylduákvæði að ræða varðandi útkall einstakra björgunarsveitarmanna. Það er björgunarsveitin sem undirgengst þessa skyldu. Á það hefur verið bent að menn ákveði sjálfir hvort þeir gerist félagar í björgunarsveit og þeir ákveði síðan sjálfir hvort þeir séu á útkallslista viðkomandi björgunarsveitar. Ekki er um viðurlagaákvæði að ræða og því ekki hægt að bregðast við ef út af skyldu þessari er brugðið. Fram kom í máli fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar að umrætt skylduákvæði væri ekki sett gegn vilja þess. Ákvæðið skerpti í raun aðeins þá hugsun sem fyrir væri í félaginu. Með hliðsjón af framangreindu og vísan til 32. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, þar sem kveðið er á um skyldu ákveðinna aðila við leit og björgunarstörf, leggur nefndin til að ákvæðið standi óbreytt.

Í 5. gr. er fjallað um tryggingar sem björgunarsveitum er m.a. skylt að kaupa fyrir félagsmenn sína. Í athugasemdum við greinina kemur fram að gert sé ráð fyrir því að björgunarsveitum eða heildarsamtökum björgunarsveita sé skylt að slysatryggja félagsmenn sína gegn öllu því tjóni sem þeir kunna að verða fyrir eða valda. Fram hefur komið að hér sé átt við að einstökum einingum björgunarsveita eða eftir atvikum heildarsamtökum björgunarsveita sé þetta skylt. Þá kemur jafnframt fram í athugasemdum við 5. gr. að í slysatryggingum björgunarsveita skuli tryggt að komi ákvæði sem tryggi bótastöðu þeirra í tilfellum sem leiða til veikinda björgunarsveitarmanna vegna utanaðkomandi aðstæðna, svo sem við ofkælingu, kal, ofhitnun og eitrun. Það er mat nefndarinnar að hér sé um mjög mikilvægt trygginga- og réttindamál björgunarsveitarmanna að ræða og því sé eðlilegt að það sé skýrt orðað í frumvarpstextanum þar sem athugasemdir við lagafrumvarp hafa ekki lagagildi sem slíkar.

Að lokum ræddi nefndin sérstaklega mögulega refsiábyrgð björgunarsveitarmanna, þ.e. hvort þeir gætu borið refsiábyrgð sem opinberir starfsmenn. Fram hefur komið að björgunarsveitir starfa á grundvelli sjálfboðaliðastarfs, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og gegna því ekki launuðu starfi. Björgunarsveitarmenn geta því ekki talist starfsmenn, hvorki opinberir starfsmenn né almennir, og geta því ekki borið refsiábyrgð sem opinberir starfsmenn. Í 20. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, segir að lögregla geti kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, m.a. við að afstýra óreglu og óspektum á almannafæri. Björgunarsveitir geta fallið undir þetta ákvæði þar sem almennt eru það lögreglustjórar sem kalla björgunarsveitir út. Skv. 2. mgr. 20. gr. sömu laga fara slíkir aðstoðarmenn lögreglu með lögregluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn. Samkvæmt athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögreglulögum er hér einungis átt við vernd viðkomandi einstaklinga en ekki mögulega refsiábyrgð og staðfestir þetta því framangreinda niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin telur að hér sé um mikla réttarbót að ræða fyrir björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, fyrir aðila sem starfað hafa í félögum og samtökum sem sjálfboðaliðar við slysavarna- og björgunarstörf og unnið þannig óeigingjarnt og mikið starf í þágu almannaheilla og mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. mgr. 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þau stjórnvöld sem nú eiga hlut að björgunarmálum eru dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, almannavarnaráð, almannavarnanefndir, Flugmálastjórn, rannsóknarnefnd flugslysa, Landhelgisgæslan, ríkislögreglustjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík, sýslumenn sem lögreglustjórar og slökkviliðsstjórar.
2. Í stað orðanna „eftir því er óskað af stjórnvaldi“ í 1. mgr. 4. gr. komi: stjórnvöld óska þess.
3. Við 1. mgr. 5. gr. bætist: þar sem m.a. skal tryggja bótastöðu þeirra í tilfellum sem leiða til veikinda þeirra vegna utanaðkomandi aðstæðna, svo sem við ofkælingu, kal, ofhitnun og eitrun.
4. Fyrirsögn II. kafla orðist svo: **Hlutverk, réttindi, skyldur og tryggingar björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.**

Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
	Ólafur Örn Haraldsson.	

1133. Breytingartillögur [347. mál]

við frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttir.

1. Við 4. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Fjármálafyrirtæki skulu starfa í samræmi við leiðbeiningarreglur sem Fjármálaeftirlitið gefur út um það hvað teljist góðir viðskiptahættir í verðbréfaviðskiptum.
2. Við 7. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Staðlaðir viðvarandi samningar skulu bornir undir Fjármálaeftirlitið áður en þeir koma til framkvæmda.
3. Við 8. gr.
   a. 1. málsliður orðist svo: Sala fjármálafyrirtækis eða milliganga þess um sölu á óskráðum verðbréfum og óskráðum afleiðusamningum til annarra en fagfjárfesta er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar, enda sé ekki um að ræða sölu eða milligöngu í almennu útboði verðbréfa.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Sala óskráðra verðbréfa og óskráðra afleiðusamninga.*
4. Við 55. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er orðist svo: réttindi og skyldur, skv. II. kafla.
   b. 2. mgr. falli brott.

1134. Breytingartillögur [453. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. 1. gr. falli brott.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:
   Ráðherra skipar fimm manna stjórnir heilsugæslustöðva. Skal einn tilnefndur af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn af starfsliði stöðvarinnar og þrír án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður. Stjórnir heilsugæslustöðva skulu skipaðar í upphafi kjörtímabils ráðherra og skal starfstími þeirra vera fram að næstu alþingiskosningum. Með reglugerð skal kveða nánar á um hlutverk stjórnar.
3. 7. gr. falli brott.
4. Við 8. gr.
   a. B-liður orðist svo: 2. mgr. falli brott.
   b. Á eftir b-lið komi nýr liður, svohljóðandi: 3. mgr. orðast svo:
   Sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir (ríkisspítalar), skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Skal þeim (öðrum en þeim sem um getur í 1. og 4. mgr.) stjórnað af fimm manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig að einn er tilnefndur af hlutaðeigandi sveitarstjórn, einn af starfsmannaráði spítalans og þrír án tilnefningar og skal einn þeirra þriggja vera formaður. Stjórnir sjúkrahúsa skulu skipaðar af ráðherra í upphafi kjörtímabils hans og skal starfstími þeirra vera fram að næstu alþingiskosningum. Kveða skal nánar á um hlutverk stjórnar með reglugerð sem ráðherra setur.
5. 9. og 10. gr. falli brott.

1135. Skýrsla [690. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002 áttu markaðir tekjustofnar til vegagerðar að viðbættum 9 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga að gefa 10.407 m.kr. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir sömu upphæð. Til viðbótar þessari upphæð komu inn á árinu 123 m.kr. vegna fjárveitinga úr ríkissjóði til flugmála. Auk þess var gert ráð fyrir 500 m.kr. viðbótarframlagi frá ríkissjóði til nýbygginga vega vegna sérstaks framkvæmdaátaks í vegagerð árin 1999–2002. Einnig var gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun, að fjárhæð 2.300 m.kr., sem aflað skyldi m.a. með sölu ríkiseigna en á móti kom 1.616 m.kr. frestun framkvæmda, þ.e. 684 m.kr. var ætlað að afla með sölu ríkiseigna. Þegar tekið hafði verið tillit til viðbótarframlags, sérstakrar fjáröflunar, frestunar framkvæmda og lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs auk umsýslugjalds sem greiðist í ríkissjóð, alls 52 m.kr., var niðurstöðutala vegáætlunar 11.359 m.kr. Fjárveitingar miðuðust við vegáætlun.

Með fjáraukalögum komu inn 70 m.kr. framlag ríkissjóðs til nýframkvæmda vegna sölu Steinullarverksmiðju ríkisins. Niðurstöðutala vegáætlunar var þá 11.429 m.kr.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi var innheimtan á mörkuðum tekjum, bensíngjaldi og þungaskatti 179 m.kr. minni en gert var ráð fyrir í vegáætlun og fjárveitingar á árinu gáfu til kynna. En tekjur af leyfisgjöldum flutninga voru hins vegar 8 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir. Tekjur af mörkuðum tekjum umfram fjárveitingar síðustu ára hafa verið geymdar í vegasjóði. Inneign í vegasjóði lækkar því í árslok 2002 um 171 m.kr. frá stöðu hans í ársbyrjun.

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Fjár-lög m.kr.	Fjárauka-lög m.kr.	Áætluð fjáröflun m.kr.	Raun-tekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur					
1. Bensíngjald	5.434	5.434	0	5.434	5.493
2. Þungaskattur, km-gjald	2.499	2.499	0	2.499	2.469
3. Þungaskattur, árgjald	2.465	2.465	0	2.465	2.257
	10.398	10.398	0	10.398	10.219
1.2. Umsýslugjald, 0,5%	-52	-52		-52	-52
	10.346	10.346	0	10.346	10.167
1.3. Aðrar tekjur					
1. Leyfisgjöld flutninga	9	9	0	9	17
2. Fjárveitingar úr ríkissjóði til flugmála	123	123	0	123	123
	10.478	10.478	0	10.478	10.307
1.4. Viðbótarfé	500	500		500	500
1.5. Sérstök fjáröflun	2.300	2.300	70	2.370	2.370
1.6. Frestun framkvæmda	-1.616	-1.616	0	-1.616	-1.616
	11.662	11.662	70	11.732	11.561
1.7. Lánsfé					
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40	0	-40	-40
2. Vegna ferja	-263	-263	0	-263	-263
Samtals	11.359	11.359	70	11.429	11.258

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2002 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna ferjanna Herjólfs og Baldurs samtals 263 m.kr., afborganir og vextir af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga 40 m.kr. og umsýslugjald 52 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðir 7.414 á árinu 2002 á móti 7.688 árið áður sem samsvarar 3,6% færri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 75 hópferðabifreiðir á móti 96 árið áður sem samsvarar um 21,9% færri skráningum. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.003 á árinu 2002 en voru 1.240 árið áður og er það um 19,1% fækkun skráninga.

Innflutningur og nýskráning bifreiða drógst saman á árinu 2002 og hefur ekki verið minni síðan á árinu 1995. Í töflunni hér á eftir má sjá að bifreiðaeign landsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár, þrátt fyrir að dregið hafi úr vextinum frá árinu 2001. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 561 samkvæmt bráðabirgðatölum.

	Bifreiða-eign 31.12.00	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.01	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.02
Fólksbifreiðir	158.936	0,58	159.865	1,16	161.721
Hópferðabifreiðir	1.673	2,27	1.711	-0,70	1.699
Vöru- og sendibifreiðir	19.432	2,87	19.990	1,44	20.278
Samtals:	180.041	0,85	181.566	1,17	183.698

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á árinu 2002 nam rúmlega 192 milljónum lítra og er salan um 0,9% meiri en á árinu 2001. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, 5.493 m.kr. árið 2002. Það er 59 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir eða um 1,1% meiri tekjur.

Á síðustu fimm árum hefur bensínsala á ári verið mjög svipuð, þrátt fyrir aukningu í bifreiðaeign landsmanna. Ástæður má líklega rekja til þess að meðalakstur á bifreið fari minnkandi með aukinni bifreiðaeign og að nýjar bifreiðir eru með sparneytnari vélar en þær eldri. Aðalástæðan er samt líklega sú að dísilbifreiðum, einkum dísilfólksbifreiðum, fjölgar hlutfallslega meira en bensínbifreiðum og hefur sú þróun verið undanfarin ár. Bensínbifreiðir eru þó enn í miklum meiri hluta á landinu og voru um 83% af bifreiðaeign í árslok 2002, en til samanburðar var þetta hlutfall 88,9% í árslok 1994.

Bensíngjald var ekki hækkað á árinu 2002 og hefur ekkert hækkað frá 1. júní 1999. Bensíngjald er nú 28,60 kr./l. Þegar bensíngjald var hækkað síðast hefði gjaldið mátt vera 31,16 kr./l ef fylgt hefði verið breytingum á byggingarvísitölu og hefði á sama hátt mátt vera 36,72 kr./l 1. janúar 2003.

Í ársbyrjun 2001 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 92,20 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Verð á bensíni lækkaði síðan 1. mars í 91,20 kr. og var verðið stöðugt þar til 1. júní er það hækkaði í 96 kr. Verðið fór síðan hækkandi og náði það hámarki er lítrinn var kominn í 99 kr. 1. nóvember.

Verð lækkaði síðan í 96,30 kr. 1. desember en hefur hækkað aftur síðan eða í ársbyrjun 2003 kostaði lítrinn 98,20 kr. sem jafngildir 6,5% hækkun frá byrjun árs 2002.

Ár	Bensínsala m.l.	Meðaleyðsla lítrar á bifreið	Verð á lítra 31.12. 92 okt.	95 okt.	98 okt.	Bensíngjald Blýbensín	Blýlaust
1991	175,7	1.451	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	180,1	1.479	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,2	1.492	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,2	1.536	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,6	1.515	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	182,6	1.493		77,0	81,7[1])	27,11	25,51
1997	183,8	1.437		77,2	81,9		26,60
1998	188,7	1.408		72,6	77,3		27,53
1999	190,7	1.350		86,3	91,0		28,60
2000	189,2	1.275		96,0	100,7		28,60
2001	190,4	1.260		94,2	98,9		28,60
2002	192,1*)	1.267*)		96,3	101,0		28,60
jan. 2003				98,2	102,9		28,60

1) Frá 1996 er 98 okt. bensín blýlaust

*) Bráðabirgðatölur

Eins og sjá má á töflunni hér að framan fer meðaleyðsla bensínbifreiða enn minnkandi.

1.1.2.-3. Þungaskattur

Innheimtar tekjur af km-gjaldi námu alls 2.469 m.kr. Tekjuspá vegáætlunar hljóðaði upp á 2.499 m.kr. og var því innheimt 30 m.kr. minna en gert var ráð fyrir. Innheimt árgjald þungaskatts var um 2.257 m.kr. en tekjuspá vegáætlunar hafði gert ráð fyrir 2.465 m.kr., þannig að tekjurnar af árgjaldinu reyndust 208 m.kr. minni en áætlað var.

Gjaldskrár þungaskatts voru ekki hækkaðar á árinu 2002. Gjaldskrá km-gjalds þungaskatts var lækkuð um 10% frá 11. febrúar 2001. Fast árgjald þungaskatts var síðast hækkað 1. júní 1999 og var þá gjaldskrá km-gjalds þungaskatts einnig hækkuð.

1.2. UMSÝSLUGJALD

Umsýslugjald var 52 m.kr. árið 2002 eða 0,5% af mörkuðum tekjum og rennur það í ríkissjóð.

1.3. AÐRAR TEKJUR

Aðrar tekjur eru annars vegar fjárveitingar úr ríkissjóði til styrktar almenningssamgöngum eð flugi og hins vegar innheimtir Vegagerðin leyfisgjöld flutninga. Framlög ríkisins til styrktar áætlunarflugi voru 123 m.kr. árið 2002. Vegagerðin sér um útgáfu leyfa til hóp-ferða-, sér- og vöruflutningaleyfishafa og atvinnuleyfa til leigubílstjóra og innheimtir gjald fyrir leyfin samkvæmt lögum. Innheimt leyfisgjöld námu alls um 17 m.kr. árið 2002 en gert var ráð fyrir 9 m.kr. eða 8 m.kr. minna.

1.4. VIÐBÓTARFÉ

Framkvæmdaátak í vegagerð var ákveðið vorið 1999 af ríkisstjórn og skyldi verja 500 m.kr. árlega árin 1999–2002 til nýbygginga vega. Árið 2002 komu 500 m.kr. sem viðbót við markaðar tekjur ársins. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var um lánsfé að ræða 1999, en bein framlög hin árin, sem ekki eiga að endurgreiðast af vegáætlun.

1.5. SÉRSTÖK FJÁRÖFLUN

Í meðförum Alþingis á þingsályktunartillögu um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 var samþykkt breytingartillaga um sérstaka fjáröflun á árunum 2000–2004 og þá einkum árin 2002–2004. Þessari sérstöku fjáröflun er ætlað að standa undir kostnaði við jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004, vegagerð á Austurlandi í tengslum við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir þar og sérstök verkefni á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þessa fjár verður aflað m.a. með sölu ríkiseigna. Samkvæmt vegáætlun fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir 2.300 m.kr. með sérstakri fjáröflun en vegna frestunar framkvæmda varð þessi fjárhæð 1.616 m.kr. lægri, eða 684 m.kr. Auk þess kom 70 m.kr. fjárveiting með fjáraukalögum sem sérstök fjáröflun og var þá framlag ríkissjóðs með sérstakri fjáröflun árið 2002 samtals 754 m.kr.

1.6. FRESTUN FRAMKVÆMDA

Með fjárlögum 2002 var gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum fyrir 1.616 m.kr. á árinu 2002 og var þessi fjárhæð dregin frá sérstakri fjáröflun.

1.7. LÁNSFÉ

Á árinu 2002 var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Auk þess voru greiddar afborganir og vextir af lánum vegna ferjanna Herjólfs og Baldurs samtals 263 m.kr.

II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2002. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 11.359 m.kr. Við afgreiðslu fjáraukalaga hækkaði sú tala um 70 m.kr.

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.

		Vegáætlun 2002	Breyting 2002	Fjárveiting 2002
2.1.	**Rekstur og þjónusta**			
	1. Yfirstjórn	264		264
	2. Upplýsingaþjónusta	56		56
	3. Umferðareftirlit	52		52
	4. Þjónusta	2.194		2.194
	1. Þjónustusvæði 300			
	2. Vegir og vegyfirborð 385			
	3. Brýr og veggöng 60			
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður 364			
	5. Þéttbýlisvegir 263			
	6. Vetrarþjónusta 822			
	5. Almenningssamgöngur	750		750
	1. Ferjur og flóabátar 518			
	þar af afborgun ferjulána til ríkissjóðs	-263		-263
	2. Áætlunarflug 123			
	3. Sérleyfi á landi 109			
	6. Rannsóknir	98		98
	Rekstur og þjónusta samtals	**3.151**		**3.151**
2.2.	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga	860		860
	2. Endurnýjun malarslitlaga	235		235
	3. Styrkingar og endurbætur	543		543
	4. Brýr, varnargarðar og veggöng	179		179
	5. Öryggisaðgerðir	130		130
	6. Vatnaskemmdir	123		123
	Viðhald samtals	**2.070**		**2.070**
2.3	**Stofnkostnaður**			
	1. Stofnvegir	3.944	70	4.014
	1. Almenn verkefni 424			
	2. Höfuðborgarsvæðið 1.191			
	3. Stórverkefni 2.329			
	Þar af afborgun láns v/Hvalfj.tenginga til rsj.	-40		-40
	2. Jarðgangaáætlun	300		300
	3. Tengivegir	477		477
	4. Til brúagerðar	206		206
	1. Brýr, 10 m og lengri 182			
	2. Smábrýr 24			
	5. Ferðamannaleiðir	346		346
	6. Orku- og iðjuvegir	370		370
	7. Girðingar	55		55
	8. Landsvegir	115		115
	9. Safnvegir	272		272
	10. Styrkvegir	54		54
	11. Reiðvegir	39		39
	Stofnkostnaður samtals	**6.138**	**70**	**6.208**
	Samtals	**11.359**	**70**	**11.429**

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 2002 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við gerð vegáætlunar fyrir árið 2002 var meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 2002 áætluð 6.740 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir um 6% hækkun milli ára. Í reynd varð hún 6.776 stig eða um 0,5% hærri en áætlað hafði verið.

Innheimta markaðra tekna var árið 2002 10.219 m.kr. eða 179 m.kr. lægri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar. Tekjur af leyfisgjöldum flutninga voru um 8 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir. Inneign í vegasjóði lækkar því um 171 m.kr.

Árið 2002 rann í ríkissjóð 52 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 500 m.kr. viðbótarfé og 754 m.kr. sérstaka fjáröflun. Einnig fékk Vegagerðin 123 m.kr. til greiðslu styrkja til innanlandsflugs. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 303 m.kr. á árinu og engin lán voru tekin á árinu.

Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 11.429 m.kr. sem er aðeins lægri upphæð að raungildi en árið 2001.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 1964 til 2002 á föstu verðlagi 2002.

Framlag til vegamála á föstu verðlagi 2002



Hér á eftir má sjá framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1964 til 2002. Sýnt er hlutfall miðað við verga landsframleiðslu í stað vergrar þjóðarframleiðslu, þar sem sú viðmiðun er orðin viðurkenndari fyrir alþjóðlegar tölfræði upplýsingar.



2.1. REKSTUR OG ÞJÓNUSTA

Fjárveiting í vegáætlun 2002 til reksturs og þjónustu var 3.151 m.kr.

Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, stjórnsýslu-, tækni og þróunarsviðs. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta, umferðareftirlit og öll þjónusta á vegakerfinu að sumri og vetri. Einnig almenningssamgöngur og rannsóknir.

2.1.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 357 um síðustu áramót í 349,8 stöðugildum en voru 352 árið 2001. Meðal starfsmannafjöldi á árinu 2002 var 384 en var 372 árið 2001. Heildarvinnuframlag á árinu 2002 reiknað í dagvinnustundum nam 478,3 mannárum og hafði hækkað úr 469,8 frá árinu 2001. Launagreiðslur voru 1.286 m.kr. á árinu 2002 og launatengd gjöld 220 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Samtals
Yfirstjórn, skrifstofa	22	4	4	4	7	4	3	3	51
Tæknilegur undirbúningur	49	8	7	8	4	5	15	6	102
Vegaeftirlit	6	0	0	0	0	0	2	0	8
Starfsmenn áhaldahúsa skv. lfl. BSRB	8	0	0	0	0	0	0	0	8
Iðnlærðir verkstjórar	3	1	0	1	1	3	1	2	12
Verkstjórar	4	4	5	5	7	3	7	7	42
Iðnaðarmenn	6	2	0	5	2	2	4	4	25
Vélamenn	6	5	11	10	13	7	6	10	68
Verkamenn	2	5	2	7	3	5	7	3	34
Ráðskonur, matreiðslumenn	1	0	0	1	1	1	1	2	7
Fastir starfsmenn 31. desember 2002	107	29	29	41	38	30	46	37	357
Fastir starfsmenn 31. desember 2001	103	27	29	40	38	30	48	37	352
Fastir starfsmenn 31. desember 2000	100	28	29	41	35	29	44	35	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1999	106	26	30	41	35	26	41	33	338
Fastir starfsmenn 31. desember 1998	94	26	41	43	33	26	43	33	339
Fastir starfsmenn 31. desember 1997	92	31	39	45	36	26	45	36	350
Fastir starfsmenn 31. desember 1996	90	33	39	42	35	25	46	37	347
Fastir starfsmenn 31. desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn 31. desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1993	86	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn 31. desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn 31. desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn 31. desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn 31. desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn 31. desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345

2.1.1. Yfirstjórn

Fjárveiting í vegáætlun 2002 var 264 m.kr.

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, stjórnsýslusvið, tæknisvið og þróunarsvið.

Stjórnsýslusvið nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannahald með bókasafni og útgáfustarfsemi. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

Á tæknisviði eru brúadeild, veghönnunardeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði eru gerðar verklýsingar, staðlar, reglur og leiðbeiningar um hönnun brúa og vega, viðhald og þjónustu. Þar fer fram hönnun brúa og vega og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Þar er einnig unnið að jarðtæknilegri hönnun vega og brúa. Haldið er utan um alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds, þjónustu, landsvega, safnvega, styrkvega, smábrúa og girðinga skipt milli umdæma

og þjónustusvæða. Á tæknisviði eru gerðar útboðsreglur og skilmálar fyrir útboð í nýbyggingum, viðhaldi og þjónustu og haldið utan um skráningu útboða og tilboða. Þar er einnig umsjón og eftirlit með leyfisveitingum og undanþágum vegna vöru-, efnis- og fólksflutninga. Vegagerðin rekur fjóra vinnuflokka og sér tæknisvið um rekstur og verksölu þeirra til umdæma. Tölvuþjónusta er rekin í Reykjavík fyrir allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með innkaupum og rekstri vélakosts Vegagerðarinnar, þar með talinn ferjurekstur, í samvinnu við umdæmin og einnig rekin birgðastöð. Höfð er umsjón með nýbyggingum og viðhaldi fasteigna Vegagerðarinnar. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum þróunar- og rannsóknarverkefnum í samvinnu við starfsmenn þróunarsviðs og umdæma.

Þróunarsvið nær yfir áætlanadeild, rannsóknadeild og umhverfisdeild. Unnið er að undirbúningi vegáætlunar, langtímaáætlunar og jarðgangaáætlunar ásamt annarri áætlanagerð. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur á hættulegum stöðum á vegakerfinu. Haldið er utan um gagnabanka og vegaskrá. Jarðfræðirannsóknir og námumál eru í umsjón þróunarsviðs. Einnig umsjón með tilraunafé ásamt innlendum og erlendum rannsókna- og þróunarverkefnum og þátttöku í þeim. Undirbúningur og umsjón með jarðgangaverkefnum. Á þróunarsviði er einnig umsjón með umhverfismálum Vegagerðarinnar og skipulagsmálum. Á þróunarsviði er haldið við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt vegalögum er þeim skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 2002.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	629	1006	498	875	3.008
Reykjanes	303	174	57	50	584
Vesturland	589	740	384	175	1.888
Vestfirðir	783	387	257	119	1.546
Norðurland vestra	423	618	371	315	1.727
Norðurland eystra	674	509	371	549	2.103
Austurland	904	494	350	374	2.122
Samtals	4.305	3.928	2.288	2.457	12.978

Á þróunarsviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birtar í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 2002 voru vegir með bundnu slitlagi 4.092 km, þar af 3.962 km á stofn- og tengivegum og 130 km á safn- og landsvegum. Frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum í samræmi við vegalög nr. 45/1994.



Á eftirfarandi mynd er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1980. Á árinu 2002 var áætluð umferð á stofn- og tengivegum 1.849 milljónir ekinna km og hafði aukist um 4% frá árinu áður. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum



og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum. Akstur á þessum vegum er meiri en annars staðar og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.

2.1.2. Upplýsingaþjónusta

Á þjónustudeild tæknisviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 56 m.kr. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við umdæmin. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

2.1.3. Umferðareftirlit

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar er deild innan þjónustudeildar tæknisviðs. Fjárveiting til þess verkefnis var 52 m.kr. Vegagerðin er samkvæmt lögum eftirlitsaðili með ökumælum, ökuritum og þungaskatti. Þá sinnir Vegagerðin einnig samkvæmt reglugerð nr. 136/95 eftirliti með aksturs- og hvíldartíma ökumanna ásamt lögreglu. Í desember 2000 var gerður sérstakur samstarfssamningur milli Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjórans um sameiginlegt umferðareftirlit. Er því ætlað auk verkefna umferðareftirlits Vegagerðarinnar að hafa eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, leyfisskyldri starfsemi sem varðar fólks-, vöru- og efnisflutninga á landi, skoðun á ástandi ökutækja, ökuréttindum, ökuhraða, ölvunarakstri og öðrum þeim hefðbundnu athugunum sem hægt er að fella að verkefnum umferðareftirlits Vegagerðarinnar og lögreglunnar. Vegagerðin leggur til verkefnis þessa fjórar eftirlitsbifreiðir sem merktar eru Vegagerðinni og Ríkislögreglustjóranum. Aðilar manna bíla þessa hvor með sínum manni. Vegagerðin greiðir að auki til Ríkislögreglustjórans ársfjórðungslega fasta umsamda greiðslu vegna starfa lögreglumanna við eftirlit þetta.


Ársumferð 2002
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

2.1.4. Þjónusta

Verkefni sem tilheyra þjónustu eru viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi, ásamt vetrarþjónustu.

Fjárveiting til þjónustu var 2.194 m.kr. og var skipt í sex meginflokka þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til vegmerkinga og vegbúnaðar, til þéttbýlisvega og til vetrarþjónustu.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til þjónustu þjóðvega á árunum 1992–2002. Frá árinu 2000 eru fjárveitingar til þjónustu þjóðvega í þéttbýli taldar með fjárveitingum til þjónustu í samræmi við vegáætlun. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2002.



Í stólparitinu hér á eftir kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu stofn- og tengivega frá 1992. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 2002. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega í þéttbýli er talinn með kostnaði frá árinu 1995.

Kostnaður við þjónustu á verðlagi ársins 2002



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði þjónustu stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1992–2002. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega í þettbýli er talinn með kostnaði frá árinu 1995. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2002.

Kostnaður við þjónustu á hverja 100 ekna km



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við þjónustu vegakerfisins skiptist milli hinna einstöku liða þjónustunnar og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar árið 2002.

Umdæmi	Þjónustu-svæði m.kr.	Vegir og vegyfirborð m.kr.	Brýr og veggöng m.kr.	Vegmerkingar og vegbúnaður m.kr.	Þéttbýlis-vegir m.kr.	Vetrar-þjónusta m.kr.	Samtals m.kr.
Sameiginlegt	44,9	4,7	0,6	74,8	2,6	55,6	183,2
Suðurland	38,2	75,5	0,8	44,6	13,7	54,5	227,3
Reykjanes	41,2	48,2	0,0	102,4	172,1	100,6	464,5
Vesturland	29,0	86,5	1,5	44,3	12,0	91,2	264,5
Vestfirðir	27,5	67,9	5,0	35,2	10,3	150,3	296,2
Norðurland vestra	25,5	52,7	2,7	30,8	11,6	76,9	200,2
Norðurland eystra	26,7	75,1	3,2	39,4	22,9	133,6	300,9
Austurland	39,9	67,8	3,7	40,1	22,1	115,7	289,3
Samtals	272,9	478,4	17,5	411,6	267,3	778,4	2.226,1

2.1.4.1. Þjónustusvæði

Fjárveiting til þessara verkefna var 300 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.1.4.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 385 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringar á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbindingu malarvega 2002.

Rykbundnir km *)

Umdæmi	klór-kalsíum	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	Dustex	samtals
Suðurland	0	210	0	0	0	210
Reykjanes	10	0	129	26	0	165
Vesturland	0	260	239	0	0	499
Vestfirðir	0	0	431	140	17	588
Norðurland vestra	0	0	324	0	39	363
Norðurland eystra	0	58	487	0	10	555
Austurland	101	129	201	45	0	476
Samtals	111	657	1.811	211	66	2.856

*) Hér eru taldir þeir km vega sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.1.4.3. Brýr og veggöng

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 60 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, veggöngum og varnargörðum.

2.1.4.4. Vegmerkingar og vegbúnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 364 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

2.1.4.5. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis var 263 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

2.1.4.6. Vetrarþjónusta

Fjárveiting til vetrarþjónustu í vegáætlun fyrir árið 2002 var 822 m.kr. Skuld frá fyrri árum var 255 m.kr., þannig að til ráðstöfunar voru 567 m.kr.

Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari.

Fyrri hluti janúarmánaðar var rigningasamur, suðlægar áttir voru ríkjandi og snjólétt. Þetta ástand leiddi til þess að mikið var um öxulþungatakmarkanir í mánuðinum. Seinni hluta janúar fór að snjóa og lokuðust þá ýmsir fjallvegir um tíma. Í febrúar gekk vont veður yfir landið með lokunum á flestum vegum bæði norðan- og sunnanlands, einnig í aprílmánuði gerði vont veður á Austurlandi svo vegir milli landshluta lokuðust. Fjallvegir opnuðust heldur fyrr en í meðalári. Haustið var snjólétt en nokkuð var um hálku á vegum. Niðurstaðan var sú að kostnaður við vetrarþjónustuna var um 778 milljónir nálægt fjárveitingu ársins en um 58 milljónum hærri en á síðasta ári. Skuld sem flyst til ársins 2003 er því um 211 m.kr.

Í töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 2002.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús. kr.
Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur	48	13,7	285
Holtavörðuheiði	37	8,8	238
Fróðárheiði	14	3,7	264
Steingrímsfjarðarheiði	47	8,8	187
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	25	9,6	384
Öxnadalsheiði	25	8,4	336
Dalvík-Ólafsfjörður	18	3,5	194
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	12,9	. 88
Vopnafjarðarheiði	51	6,4	125
Fjarðarheiði	24	2,5	104
Oddsskarð	23	9,5	413
Vegið meðaltal			192

Á töflunni hér að neðan má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 2002. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Jan	Febr	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls	% af 365 d.	Snjóm. dagar
Fróðárheiði	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	55
Svínadalur	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	21
Klettsháls	3	23	25	4	1	0	0	0	0	0	0	0	56	15	20
Hálfdan	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	63
Dynjandisheiði	18	28	31	17	0	0	0	0	0	0	0	0	94	26	11
Hrafnseyrarheiði	17	27	31	15	0	0	0	0	0	1	0	0	91	25	21
Steingrímsfjarðarheiði	0	2	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	6	2	93
Holtavörðuheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	124
Vatnsskarð-nyrðra ...	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	19
Siglufjv: Fljót-Siglufj.	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	50
Lágheiði	14	28	31	9	6	0	0	0	0	9	4	0	101	28	7
Öxnadalsheiði	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	114
Dalvík-Ólafsfjörður ..	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	94
Hólssandur	31	28	31	30	31	4	0	0	0	10	30	31	226	62	0
Öxarfjarðarheiði	31	28	31	30	31	12	0	0	0	10	26	3	202	55	1
Sandvíkurheiði	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	26
Vopnafjarðarheiði ...	0	3	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	4	1	44
Möðrudalsöræfi	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	41
Hellisheiði-eystri	18	28	31	14	13	2	0	0	0	12	8	0	126	35	10
Vatnsskarð-eystra	1	6	0	1	3	0	0	0	0	0	0	0	11	3	35
Fjarðarheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	119
Oddskarð	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	111
Breiðdalsheiði	1	5	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	9	2	37


Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins 2002.
11 d. oj.
4 d. 5 t.
53 d. oj.
39 d. oj.
29 d. oj.
11 d. 7 t.
20 d. oj.
15 d. 7 t.
22 d. oj.
15 d. 7 t.
49 d. oj.
57 d. 5 t.
7 d. 7 t.
49 d. oj.
8 d. 5 t.
5 d. oj.
2 d. 5 t.
5 d. oj.
46 d. oj.
13 d. 5 t.
56 d. oj.
57 d. 5 t.
1 d. 5 t.
55 d. 7 t.
41 d. 5 t.
7 d. 7 t.
22 d. oj.
17 d. oj.
53 d. 7 t.
54 d. oj.
14 d. 7 t.
33 d. 7 t.
21 d. 7 t.
21 d. 7 t.
22 d. 7 t.
54 d. 7 t.
21 d. 7 t.
22 d. 7 t.
12 d. 7 t.
14 d. 5 t.
16 d. 5 t.
5 d. 5 t.
19 d. 7 t.
38 d. 7 t.
37 d. 7 t.
9 d. 7 t.
10 d. 7 t.
21 d. oj.
3 d. 5 t.
39 d. 7 t.
43 d. 7 t.
25 d. 7 t.
41 d. 7 t.
37 d. 7 t.
15 d. 7 t.
8 d. 7 t.
1 d. oj.
13 d. 5 t.
17 d. 7 t.
17 d. 7 t.
2 d. oj.
4 d. 5 t.
26 d. 7 t.
4 d. 5 t.
14 d. 7 t.
47 d. 7 t.
25 d. 7 t.
15 d. oj.
27 d. 7 t.
7 d. 5 t.
33 d. 7 t.
33 d. 7 t.
26 d. 7 t.
26 d. 7 t.
14 d. 7 t.
25 d. 7 t.
19 d. 7 t.
7 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.t.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna ásþungi (5 t.).
7 tonna ásþungi (7 t.).
Kaflaskipting.
Kaflaskipting.
Vegna hættu á slitlagsskemmdum var ásþungi takmarkaður í 10 tonn á vegum í viðauka 1 skv. reglugerð nr. 528/1998, í 3.018 daga á 139 vegköflum. Þar af voru 26 kaflar takmarkaðir 10 sinnum eða sjaldnar, 96 kaflar takmarkaðir í 11-30 daga og 17 vegkaflar oftar en 30 sinnum.

2.1.5. Almenningssamgöngur

Fjárveiting í vegáætlun 2002 til almenningssamgangna var 750 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til reksturs á ferjum og flóabátum, afborganir af ferjulánum til ríkissjóðs, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi.

2.1.5.1 Ferjur og flóabátar

Fjárveiting í vegáætlun til þessa liðar árið 2002 var 518 m.kr. Heildarútgjöld voru hins vegar 567,5 m.kr. eða 49,5 m.kr. hærri en fjárveitingar. Stærsti hluti kostnaðar umfram fjárveitingar er til kominn vegna ákvörðunar samgönguráðherra um að fjölga ferðum Herjólfs. Frá árinu 2001 stóð eftir skuld að fjárhæð 110 m.kr. sem var að stórum hluta vegna yfirtöku á ferjufélögum á árinu 2001, þannig að eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 159,6 m.kr.

Árið 2002 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Allar ferjuleiðir hafa verið boðnar út nema ein en það er Mjóafjarðarferja.

Ríkið greiðir einnig afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 2002 voru þessi lán vegna tveggja ferja. Skuldir þessar voru upphaflega allar við ríkisábyrgðasjóð, þá nær allar í erlendri mynt og stór hluti með breytilegum Libor-vöxtum. Um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi eru þessar greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Ferjuleið	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur ...	188,4	127,8	12,5	328,7
Breiðafjarðarferja, Baldur	74,6	61,8	4,7	141,1
Ísafjarðardjúpsferja, Bliki	0,0	5,4	0,1	5,5
Hríseyjarferja, Sævar	0,0	42,5	2,1	44,6
Hríseyjarferja, nýsmíði	0,0	0,0	-0,8	-0,8
Grímseyjarferja, Sæfari	0,0	35,7	0,2	35,9
Mjóafjarðarferja, Anný	0,0	5,4	0,0	5,4
Norðurfjarðarflutningar	0,0	0,0	0,6	0,6
Sameiginlegt	0,0	0,0	6,5	6,5
Samtals	263,0	278,6	25,9	567,5

2.1.5.2. Áætlunarflug

Fjárveiting í vegáætlun var 123,3 m.kr. Heildarútgjöld á árinu 2002 voru rúmlega 118 m.kr. eða 5,3 m.kr. minni en fjárveitingar, sem verða geymdar til næsta árs auk 5,5 m.kr. frá árinu 2001.

Vegagerðinni var falin umsjón með styrktum leiðum í innanlandsflugi í maí árið 2001. Styrktar áætlunarleiðir voru 9 á árinu 2002.

Eftirfarandi leiðir eru styrktar:

1. Reykjavík–Bíldudalur–Reykjavík, lágmark 6 ferðir á viku allt árið

2. Ísafjörður–Bíldudalur–Ísafjörður, lágmark 3 ferðir á viku, 1. desember – 30. apríl
3. Reykjavík–Gjögur–Reykjavík, lágmark 2 ferðir á viku allt árið
4. Akureyri–Grímsey–Akureyri, lágmark 3 ferðir á viku allt árið
5. Akureyri–Vopnafjörður–Akureyri, lágmark 5 ferðir á viku allt árið
6. Akureyri–Þórshöfn–Akureyri, lágmark 5 ferðir á viku allt árið
7. Akureyri–Egilsstaðir–Akureyri, lágmark 3 ferðir á viku, 1. október – 30. apríl
8. Akureyri–Ísafjörður–Akureyri, lágmark 4 ferðir á viku allt árið
9. Reykjavík–Höfn–Reykjavík, lágmark 7 ferðir á viku allt árið

2.1.5.3 Sérleyfi á landi

Fjárveiting í vegáætlun var 109 m.kr. Heildarútgjöld voru hins vegar rúmlega 166,5 m.kr. eða 57,5 m.kr. hærri en fjárveitingar. Umframkostnaður var vegna þess að samgönguráðherra ákvað á árinu að auka styrki til sérleyfishafa. Frá árinu 2001 stóð eftir innstæða að fjárhæð 4,6 m.kr., þannig að eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 52,9 m.kr.

Á árinu 2002 styrkti ríkið 17 sérleyfishafa til að halda uppi almenningssamgöngum á landi, sem tengja saman byggðarlög landsins og tengja þau við helstu flugvelli í landinu. Á árinu 2002 voru gerðir þjónustusamningar við 17 sérleyfishafa.

Í september 2001 tóku gildi ný lög um fólksflutninga (nr. 73/2001), þar sem fram kemur að bjóða skuli út sérleyfisleiðir í síðasta lagi 1. ágúst 2005 en fram að þeim tíma skuli gera þjónustusamninga við sérleyfishafa.

2.1.6. Rannsóknir

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2002 nam fjárveitingin 98 m.kr. Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

Vegyfirborð
- Rykbinding með Dustex trjákvoðuefni

Tæki og búnaður
- Prófanir á Forsaga-malardreifara
- Uppsetning og prófanir á hreyfilhiturum fyrir bíla
- Vegmerkingar, ástandskönnun, skilgreining gæðakrafna
- Prófanir á mismunandi efnum og aðferðum til stikuþvotta
- Mælitækni til stýringar á þungatakmörkunum
- Röra-vegrið á snjóastaði
- EE-hjólbarðanaglar
- Samnorrænar tilraunir með endurskinsefni
- Prófanir á slitblöðum á snjóplóga og snjótennur
- Millistykki til framlengingar á vegstikum

Brýr og steinsteypa
- Steinsteypunefnd
- Steinsteypa rannsökuð án sýnatöku
- Steypt slitlög
- Sjálfútleggjandi steypa í brúargerð
- Jarðskjáltasvörun Þjórsárbrúar í Suðurlandsskjálfta 2000
- Tæring – tæringarvarnir

Vatnafar, snjór, jöklar og jökulhlaup
Breytingar á farvegi Skeiðarár í hlaupinu í nóvember 1996
Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
Jökulhlaupaset í farvegi Jökulsár á Fjöllum
Landris í nágrenni Vatnajökuls
Íssjármælingar á Kötlujökli
Afrennslisstuðlar fyrir snjóbráð og flóð af úrkomu á frosna jörð
Snjóflóðastaðir við helstu þjóðvegi. – Skráning, úrbætur o.fl.
Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla
Þróun Grímsvatna, eldgos, jarðhiti og vatnssöfnun
Rekstur vatnshæðarmæla
Umferðaröryggi
Upplýsingar um náttúruvá á þjóðvegum
Búnaður vegna hraðamyndavéla
Þróun umferðarhraða á þjóðvegum landsins
Áhrif Hvalfjarðarganga á umferðaröryggi
Úttekt á óhöppum í jarðgöngum
Óhöpp á einbreiðum brúm
Áhrif aðvörunarljósa við einbreiðar brýr á óhappatíðni
RANNUM – Rannsóknarráð umferðaröryggismála:
Umferðarfræðsla í skólum
Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum: Munur á meiðslum ökumanna jeppa og fólksbifreiða
Ástæður umferðaróhappa á þjóðvegi
Slysatíðni breyttra jeppa
Sálrænir þættir í umferðarslysum ungra ökumanna
Gagn og gaman: Mat á umferðarfræðslu barna á leikskólastigi
Könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum
Framanákeyrslur
Álagspunktar Hringvegar
Ungir ökumenn: akstursheğun og félagslegir áhættuþættir umferðaróhappa
Ljósvaki
Athugun á umferðaröryggi hringtorga á Íslandi
Umferðarkannanir 1985–2001: Niðurstöður og notkun
Slys á gatnamótum
Ökulag á þjóðvegum metið með gögnum umferðargreina
Mat á óstöðugleika (tognun) í hálshrygg eftir bílákeyrslur
Landfræðileg greining umferðaróhappa
Akstursháttir ungra ökumanna á Íslandi
Forgangur á T gatnamótum; T-regla
Rannsókn á bifhjólaslysum 1991–2000
Áfengisneysla og akstur á Íslandi
Sjálfbær upplýst umferðarmerki með endurskini
Samgöngu- og umferðarrannsóknir, arðsemi og fjármál
Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg þróun matsaðferða. Áfangi II
Inntaksgildi í hermunarforrit
Athugun á akstri út frá skráningu

Búnaður til gjaldtöku
Hraði þungra bíla í brekkum
Styrking þyngdarpunktalíkans
Umhverfismál
Endurheimt votlendis
Votlendi og vegagerð
Samsetning svifryksmengunar í Reykjavík
Notkun gróðurs með vegum, gróðurhönnun í umhverfi vega
Vegagerð og mótvægisaðgerðir
Gagnasöfnun og samantekt varðandi auglýsingar við vegi
Mat á umhverfisáhrifum áætlana
Jarðtækni
Athugun á stæðni hárra fyllinga
Athugun á fergingu vegstæðis á mýri
Rofvarnir og styrkingar jarðvegsfláa
Þjöppun og þjöppunarmælingar fyllinga og burðarlaga með notkun þjöppumælis
Athugun á langtímasigi mýrarjarðvegs
Steinefni, burðarlög og slitlög
Leiðbeiningar um vinnslu og frágang náma
Fínefni í malarslitlög
Þróun námukerfis – námufrágangur
NVF-34 Samanburður á efniskröfum Norðurlanda og CEN-kröfum
Raka-, hita- og falllóðsmælingar á tilraunaköflum
Hönnun malbiks og fl. bindiefnis skv. Superpave-aðferð
Athugun á möguleikum á uppsetningu „ódýrs“ búnaðar til að gera hraðað álagspróf á Íslandi
HVS-Ísland: Athugun á svörunarmælingum
Burðarþolshönnun vega með greiningaraðferðum
Viðhaldsaðferðir
Tilraunir með steypt slitlög á Suðurlandsvegi og Nesbraut
Skoðun á hegðun slitlaga, lagfærðum með Repave-aðferð
Slitmælingar 2002
Evrópustöðlun á nýju frostþolsprófi með saltlausn
Berggreining – leiðbeiningar og gæðaflokkun
Samanburður þríásaprófs, stórs stálhólks og CBR-prófs
Bikþeyta til festunar
Bikþeyta til klæðinga
Ýmis verkefni
Háskólasetur á Hornafirði
Erlent rannsóknarsamstarf
Kynningarstarf
Söfnun blaðaefnis um vega- og brúagerð á 19. öld
Orðanefnd byggingarverkfræðinga

Átaksverkefni þar sem lögð var áhersla á rannsóknir á slitlögum, burðarlögum og steinefnum í samstarfi við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, lauk að mestu í árslok 2000. Við tók umfangsmikið samstarf á sviði rannsókna

umferðaröryggismála og mun Vegagerðin leggja um 1/5 hluta af tilraunafé sínu árin 2001–2005 í þann málaflokk. Rannsóknarráð umferðaröryggismála (RANNUM) var stofnað í desember 2000. Í ráðinu sitja fulltrúar þeirra aðila sem óska eftir að taka þátt í þessu samstarfi og leggja til þess fé eða faglega þekkingu. Gert er ráð fyrir að starfið standi í fimm ár og að þeim tíma liðnum verði staða mála endurmetin. Hlutverk og markmið RANNUM er að standa fyrir hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys hér á landi, að afla nýrrar þekkingar innan lands og utan og leiða saman þá aðila sem vinna á þessu sviði og gera rannsóknir þannig faglegri og markvissari. Meðal stofnfélaga er Vegagerðin, Rauði kross Íslands, Landspítali – háskólasjúkrahús, Umferðarráð og ríkislögreglustjóri, ásamt fleiri aðilum.

2.2. VIÐHALD

Í vegáætlun 2002 var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 2.070 m.kr., og var henni varið til viðhalds á stofn- og tengivegum. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Í vegáætlun frá og með árinu 2000 er fjárveiting til viðhalds þjóðvega innan þéttbýlis felld inn í aðrar fjárveitingar til viðhalds. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þá breytingu á vegalögum sem tók gildi á árinu 1995.

Fjárveitingum til viðhalds vega er skipt í sex meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, öryggisaðgerðir og vatnaskemmdir.

Markmið viðhalds er að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu og hæfni þess til að bera þann umferðarþunga, sem því er ætlaður. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2002, var 8.233 km, og var áætluð umferð á þeim árið 2002 um 1.849 milljónir ekinna km. Eftirfarandi stólparit sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds þjóðvega á árunum 1992–2002. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2002.

Fjárveitingar til viðhalds á verðlagi ársins 2002



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega á árunum 1992–2002. Tölurnar eru á verðlagi 2002.

Kostnaður við viðhald á verðlagi ársins 2002



Stólparitið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1992–2002. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2002.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2002 skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga m.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga m.kr.	Styrkingar og endurbætur m.kr.	Viðhald brúa og varnargarða m.kr.	Öryggis-aðgerðir m.kr.	Vatna-skemmdir m.kr.	Samtals m.kr.
Sameiginlegt	34,5	2,4	5,4	16,9	40,8	1,2	101,2
Suðurland	103,0	34,6	119,8	33,7	7,6	9,4	308,1
Reykjanes	257,6	19,5	74,0	2,1	44,3	0,0	397,5
Reykjavík*	86,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	86,0
Vesturland	117,2	19,9	69,5	51,3	6,6	13,1	277,6
Vestfirðir	93,5	49,7	31,9	22,2	8,4	29,2	234,9
Norðurland vestra	57,4	17,9	52,7	6,0	1,0	0,4	135,4
Norðurland eystra	112,7	39,6	112,3	0,0	2,6	2,5	269,7
Austurland	69,1	2,5	27,5	31,7	8,3	107,2	246,3
Samtals	931,0	186,1	493,1	163,9	119,6	163,0	2056,7

Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Í samræmi við hana var af viðhaldsfé greiddur viðhaldskostnaður girðinga að upphæð 30,8 m.kr.

*Samkvæmt samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sér Reykjavíkurborg um viðhald þjóðvega innan borgarinnar.

2.2.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 860 m.kr. Lagðir voru 609 km af bundnu slitlagi sem samsvarar um 15% af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli.

Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og umdæmi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	klæðing km	klæðing þús. m²	malbik km	malbik þús. m²	alls km	alls þús. m²
Suðurland	121,6	729	8,0	48	129,6	777
Reykjanes	22,4	134	28,8	173	51,2	307
Reykjavík	0,0	0	10,3	86	10,3	86
Vesturland	77,8	467	0,0	0	77,8	467
Vestfirðir	75,6	454	0,0	0	75,6	454
Norðurland vestra	66,2	397	0,0	0	66,2	397
Norðurland eystra	89,3	536	0,8	5	90,1	541
Austurland	108,2	649	0,0	0	108,2	649
Samtals	561,1	3.366	47,9	312	609,0	3.678

2.2.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 235 m.kr. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 480 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

Umdæmi	óunnið efni km	óunnið efni m³	unnið efni km	unnið efni m³	mölburður alls km	mölburður alls m³
Suðurland	4	3.618	54	24.044	58	27.662
Reykjanes	3	540	26	10.061	29	10.601
Vesturland	23	4.789	73	15.587	96	20.376
Vestfirðir	2	400	62	20.400	64	20.800
Norðurland vestra	0	0	89	16.670	89	16.670
Norðurland eystra	0	0	106	18.463	106	18.463
Austurland	5	150	33	8.985	38	9.135
Samtals	37	9.497	443	114.210	480	123.707

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2002 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlög m³	Fyrir bundin slitlög m³	Fyrir burðarlög m³	Samtals m³
Suðurland	52.086	18.481	2.900	73.467
Reykjanes	0	530	0	530
Vesturland	23.174	9.356	5.793	38.323
Vestfirðir	30.808	15.131	66.509	112.448
Norðurland vestra	39.460	0	0	39.460
Norðurland eystra	36.684	19.011	17.826	73.521
Austurland	4.345	7.169	58.707	70.221
Samtals	186.557	69.678	151.735	407.970

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

2.2.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 543 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er um 92% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980–1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbótum á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 2002.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	2,9	11.400	9,4	8.122	8,8	7.680	21,1	27.202
Reykjanes	0,0	0	8,2	6.675	17,7	27.338	25,9	34.013
Vesturland	0,0	0	7,5	7.450	14,6	12.021	22,1	19.471
Vestfirðir	15,2	13.000	0,0	0	4,0	4.000	19,2	17.000
Norðurland vestra	0,0	0	7,4	5.373	0,0	0	7,4	5.373
Norðurland eystra	0,0	0	12,6	6.746	11,3	13.287	23,9	20.033
Austurland	2,6	6.122	5,9	4.425	11,1	11.600	19,6	22.147
Samtals	20,7	30.522	51,0	38.791	67,5	75.926	139,2	145.239

2.2.4. Brýr, varnargarðar og veggöng

Fjárveiting í vegáætlun var 179 m.kr. Stærstu verkefnin voru styrking á einum stöpli Borgarfjarðarbrúar og styrking og lagfæring á allmörgum brúm á Vestfjarðavegi í Barðastrandarsýslu til að unnt væri að heimila hækkaðan ásþunga bifreiða á þeirri leið. Um 18 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr. Um 11 m.kr. var varið til endurnýjunar á 5 einbreiðum brúm með stálrörum. Unnið var við styrkingu á 12 brúm með lélegt burðarþol og var varið til þess um 44 m.kr. Alls var unnið við ríflega 80 smá og stór verkefni víðs vegar um landið.

2.2.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting í vegáætlun var 130 m.kr. Af fjárveitingum til öryggisaðgerða var 30 m.kr. varið til fyrirbyggjandi aðgerða til að koma í veg fyrir umferðarslys í samstarfi Vegagerðarinnar, Ríkislögreglustjóra og Umferðarráðs. Gerður var sérstakur samningur milli þessara aðila um árangursstjórnun til að koma í veg fyrir umferðarslys. Lagt til fjármagn til breikkunar á einbreiðri brú á Laugaá á Biskupstungnabraut með stálrörum. Lagt var til fjármagn til byggingar hringtorga á Hringvegi við Breiðholtsbraut og Skarhólabraut. Unnið var víða um land við grjóthreinsun vegsvæða til að draga úr slysahættu við útafakstur. Auk þess var unnið við lagfæringar slysastaða í samræmi við umferðaröryggisáætlun, undirbúning lagfæringa og veglýsingu við vegamót og þéttbýlisstaði.

2.2.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 123 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Mikil úrkoma var á Austurlandi á árinu 2002. Í stórflóðum um miðjan júní skemmdust brýrnar á Kaldá á Hlíðarvegi í Jökulsárhlíð og Gljúfurá á Sunnudalsvegi í Vopnafirði auk annarra skemmda á vegum á Miðausturlandi. Um miðjan október gerði stórrigningar á Suðausturlandi og urðu þá miklar skemmdir á vegum og varnargörðum, sérstaklega frá Öræfum og austur í Hornafjörð. Einnig urðu þá nokkrar skemmdir vegna úrrennslis og skriðufalla á Miðausturlandi. Í lok nóvember gerði enn stórrigningar og urðu þá skemmdir frá Hornafirði og norður á Hérað. Heildarkostnaður vegna vatnaskemmda á Austurlandi var um 107 m.kr. og er þó endanlegum viðgerðum ekki lokið. Á Vestfjörðum urðu skemmdir vegna sjógangs í veðri í febrúar, en á árinu var unnið við viðgerðir vegna vatnaskemmda og skriðufalla sem urðu í nóvember 2001. Á öðrum stöðum var um minniháttar tjón að ræða.

2.3. STOFNKOSTNAÐUR

2.3.0. Fjárveitingar til stofnkostnaðar

2.3.0.1. Bráðabirgðalán

Eins og undanfarin ár standa bráðabirgðalán undir hluta af útgjöldum til stofnkostnaðar hjá Vegagerðinni. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar var hins vegar það góð að engin bráðabirgðalán voru tekin á árinu 2002. Tímabundinni fjárvöntun var mætt með lánum milli verkefna. Hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar endurlánaður.

Bráðabirgðalán í árslok, eftir uppfærslu vaxta og verðbóta námu alls 97,3 m.kr., þar af lánuðu sveitarfélög 88,4 m.kr. en Landsvirkjun endurlánaði 8,9 m.kr.

Lán til stofnvega voru í árslok engin, til tengivega 93,2 m.kr. og til safnvega 4,1 m.kr.

	Árslok 2001 m.kr.	Árslok 2002 m.kr.
Stofnvegir	3,2	0,0
Tengivegir	118,7	93.2
Safnvegir	4,0	4,1
Samtals	125,9	97,3

2.3.0.2 Fjárveitingar til stofnkostnaðar

Fjárveitingar til stofnkostnaðar voru samkvæmt vegáætlun 6.138 m.kr. þar af voru notaðar 40 m.kr. til afborgunar af láni vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga. Ríkisstjórnin ákvað á árinu að verja hluta af söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar, 70 m.kr., til vegaframkvæmda á Norðurlandi vestra og kom sú viðbót með afgreiðslu fjáraukalaga.

Fjármagn til stofnkostnaðar á árinu 2002 var því 6.208 m.kr. Uppsetningu vegáætlunar var breytt fyrir árið 2002 þannig að kaflinn sem hét áður „til nýrra þjóðvega“ og náði yfir kostnað við stofn- og tengivegi, heitir nú „stofnkostnaður“ og telst nú einnig til hans kostnaður við landsvegi, safnvegi, styrkvegi og reiðvegi. Til samanburðar milli ára er sambærileg tala fyrir „til nýrra þjóðvega“ árið 2002 5.728 m.kr.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá heildarframlag til nýrra þjóðvega (stofn- og tengivegir) á árunum 1964–2002. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2002.

Heildarframlag til stofn- og tengivega á verðlagi 2002



2.3.1. Stofnvegir

Fjárveitingar til stofnvega samkvæmt vegáætlun voru 3.944 m.kr., auk þess var veitt 70 m.kr. af fjáraukalögum 2002 til stofnvega eða samtals 4.014 m.kr.

2.3.1.1. Almenn verkefni

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 424 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. I. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. II.

2.3.1.2. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu voru 1.191 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. I. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. II.

2.3.1.3. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna voru 2.329 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til greiðslu afborgana lána til ríkissjóðs vegna Hvalfjarðarganga. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. I. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. II.

2.3.2 Jarðgangaáætlun

Fjárveitingar til jarðgangaáætlunar voru 300 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. I. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. II.

2.3.3. Tengivegir

Fjárveitingar til tengivega voru 477 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. I. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. II.

2.3.4. Til brúargerðar

2.3.4.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 182 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. I. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. II.

2.3.4.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 24 m.kr. og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. I. Gerð er grein fyrir einstökum framkvæmdum í fskj. II.

2.3.5. Ferðamannaleiðir

Fjárveiting til ferðamannaleiða var 346 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. I. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. II.

2.3.6. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi

Fjárveiting til orku- og iðjuvega á Austurlandi var 370 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. I. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. II.

2.3.7. Girðingar

Fjárveiting til girðinga var 55 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2002 og stöðu þessara mála í árslok.

	Óafgreitt 1.1.2002		Afgreitt 2002		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.2003	
Umdæmi	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk
Suðurland	120	0	41	0	123	0	202	0
Reykjanes	0	0	4	0	0	0	0	0
Vesturland	103	0	30	3	27	3	100	0
Vestfirðir	13	1	0	0	9	2	22	3
Norðurland vestra ...	8	2	0	0	1	1	9	3
Norðurland eystra ...	139	9	12	2	8	0	135	7
Austurland	28	1	12	1	5	0	21	0
Samtals	415	13	100	6	173	6	488	13

Unnið var að uppgræðslu vegkanta fyrir hluta af nýbyggingarfé vega og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 2002 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

Umdæmi	Framkvæmdir 2002 Sáning ha.	Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 2002 ha.
Suðurland	42	89	131	55
Reykjanes	28	34	62	0
Vesturland	174	76	250	350
Vestfirðir	111	55	166	0
Norðurland vestra	111	95	206	75
Norðurland eystra	162	188	350	355
Austurland	186	132	318	318
Samtals	814	669	1.483	1.153

2.3.8. Landsvegir

Fjárveiting til landsvega var 115 m.kr. og var henni skipt milli umdæma eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Umdæmi	fjárveiting í þús. kr.
Suðurland	43.200
Reykjanes	1.000
Vesturland	14.000
Vestfirðir	9.000
Norðurland vestra	20.000
Norðurland eystra	15.000
Austurland	20.000
Sameiginleg verkefni	1.150
Óskipt	850
Geymt frá fyrra ári	-9.200
Samtals	115.000

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðurland

Fjárveiting til landsvega á Suðurlandi var 43,2 m.kr. Unnið var við endurbætur á Fjallabaksleið nyrðri, Þórsmerkurvegi, Mýrdalsjökulsvegi og Öldufellsleið. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Reykjanes

Fjárveiting til landsvega á Reykjanesi var 1 m.kr. og var henni varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vesturland

Fjárveiting til landsvega á Vesturlandi var 14 m.kr. Unnið var að endurbótum og mölburði á Kaldadalsvegi og Langjökulsvegi og lagningu bundins slitlags á Dritvíkurvegi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vestfirðir

Fjárveiting til landsvega á Vestfjörðum var 9 m.kr. Gert hafði verið ráð fyrir að nota um 5 m.kr. til endurbóta á Tröllatunguvegi en þeim framkvæmdum var að hluta til frestað. Unnið var við endurbætur á Kollafjarðarheiði og Fjarðarhlíðarvegi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland vestra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi vestra var 20 m.kr. Lokið var við lagningu á Mælifellsdalsvegi frá Blöndustíflu að Vesturheiðarvegi og sett stálræsi í Bugakvísl. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland eystra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi eystra var 15 m.kr. Unnið var við endurbætur á Eyjafjarðarleið. Fjárveitingu var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Austurland

Fjárveiting til landsvega á Austurlandi var 20 m.kr. Unnið var við endurbætur á Jökulvegi á Skálafellsjökul og á Kollumúlavegi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

2.3.9. Safnvegir

Fjárveitingar til safnvega voru 272 m.kr. og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

	Fjárveiting 2002 í þús. kr.
1. Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga	11.532
2. Héraðsnefnd Rangæinga	22.369
3. Héraðsnefnd Árnesinga	28.261
4. Héraðsnefnd Suðurnesja	1.239
5. Reykjavík	3.073
6. Héraðsnefnd Kjósarsýslu	3.511
7. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	11.043
8. Héraðsnefnd Mýrasýslu	14.201
9. Vegasamlag Snæfellinga	11.678
10. Héraðsnefnd Dalasýslu	7.773
11. Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu	2.990
12. Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu	7.178
13. Vegasamlag Ísafjarðarsýslu	10.124
14. Héraðsnefnd Strandasýslu	6.929
15. Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	10.591
16. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga	9.711
17. Héraðsnefnd Skagfirðinga	18.367
18. Akrahreppur	3.839
19. Héraðsnefnd Eyjafjarðar	17.500
20. Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla	16.414
21. Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla	11.496
22. Héraðsnefnd Múlasýslna	32.313
23. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu	7.121
Sameiginleg verkefni	2.720
Samtals	272.000

2.3.10. Styrkvegir

Fjárveiting var 54 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	6.500
Vegir yfir fjöll og heiðar	24.800
Annað	20.350
Geymt frá fyrra ári	-15.982
Til sameiginlegra verkefna	540
Óskipt	17.792
Samtals	54.000

2.3.11. Reiðvegir

Fjárveiting í vegáætlun var 39 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 17 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum en 22 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga.

			Fjárveiting 2002 í þús.kr.
1.	Hestamannafélagið	Geysir, Rangárvallasýslu	1.500
2.	"	Ljúfur, Hveragerði og Ölfusi	1.000
3.	"	Sleipnir, Selfossi og nágrenni	1.500
4.	"	Logi, Biskupstungum	3.000
5.	Hestamannafélögin á Höfuðborgarsvæðinu (sameiginl.)		5.000
6.	Hestamannafélagið	Snæfellingur, Snæfellsnesi	2.900
7.	"	Léttfeti, Sauðárkróki og Stígandi, Skagafirði	1.500
8.	"	Neisti/Óðinn Austur-Húnavatnssýslu	2.500
9.	"	Þjálfi, Suður-Þingeyjarsýslu	2.000
10.	"	Hringur, Dalvík	1.100
		Samtals	22.000

Reiðvegir á Suðurlandi, Hringvegur og Landvegur	3.500
Reiðvegur á Hólmsheiði	5.000
Reiðvegur Borgarnes-Gufá	2.000
Reiðvegur í Miðdölum	1.000
Ýmsar reiðleiðir á Vesturlandi	2.500
Reiðvegur, Gauksmýri-Vatnsnesvegur	1.000
Reiðvegir á Vindheimamelum	500
Óráðstafað	1.500
Samtals	17.000

Fylgiskjal I.

1. Til stofnvega

1.1. Almenn verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
a6	um Skaftá	11
35	Biskupstungnabraut	
08-09	Laugarvatnsvegur - Gullfoss	41
359	Bræðratunguvegur	
01	um Hvítá	20
	Reykjanesumdæmi	
1	Hringvegur	
e1	lagfæringar	37
45	Garðskagavegur	
04	í Sandgerði	10
427	Ísólfsskálavegur	
04	Grindavík - Ísólfsskáli	4
	Vesturlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
g6	Borgarnes	16
54	Snæfellsnesvegur	
10	Sæluhús - Valavatn	16
574	Útnesvegur	
06	lýsing við Hellissand og Rif	3
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
01	Brattabrekka	37
61	Djúpvegur	
09	Kollafjörður	31
45	Hnífsdalur - Bolungarvík	40
	Norðurlandsumdæmi vestra	
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá - Skagavegur	72
01-02	Þverá - Skagavegur (fjáraukalög)	70
	Norðurlandsumdæmi eystra	
1	Hringvegur	
p4	Krossastaðir - Ólafsfjarðarvegur	15

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
x1	Suðursveit	38
85	Norðausturvegur	
34-35	Hölkná - Miðheiðarhryggur	14
92	Norðfjarðarvegur	
10	um Norðfjarðará	9
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
	lagfæringar á þjóðvegum	10
	Samtals:	494

1.2. Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
1	Hringvegur	
e3	lagfæring á gjá	10
f2	gatnamót við Víkurveg	100
f3	gatnamót við Skarhólabraut	50
f3	í Mosfellsbæ	16
40	Hafnarfjarðarvegur	
02	rampi í Kópavogi	10
41	Reykjanesbraut	
11	gatnamót við Stekkjarbakka	30
11	gatnamót við Breiðholtsbraut	250
12	Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	30
14	í Hafnarfirði	330
49	Nesbraut	
04	færsla Hringbrautar	130
432	Hallsvegur	
01	Hringvegur - Höfðabakki	25
450	Sundabraut	
	undirbúningur	50
	Göngubrýr og undirgöng	76
	Smærri verk og óráðstafað	84
	Samtals:	1.191

1.3. Stórverkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
	Djúpá, Hörgsá	
1	Hringvegur	
a2	um Djúpá og Laxá	39
	Þjórsá	
1	Hringvegur	
c8	um Þjórsá	409
	Biskupstungnabraut	
35	Biskupstungnabraut	
08-09	Laugarvatnsvegur - Gullfoss	48
	Reykjanesbraut, Hafnarfjörður - Keflavík	
41	Reykjanesbraut	
15-18	breikkun	134
	Hvalfjarðartengingar	
1	Hringvegur	
g1	Hvalfjarðartengingar	63
	Breikkun brúa á Vesturlandi	
1	Hringvegur	
h4	Norðurá í Heiðarsporði	65
	Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð	
54	Snæfellsnesvegur	
15	Kolgrafafjörður	21
	Vatnaheiði, Kerlingarskarðsvegur	
56	Vatnaleið	10
	Vestfjarðavegur, Brattabrekka - Svínadalur	
60	Vestfjarðavegur	
01	Brattabrekka	213
	Hálsasveitarvegur að Húsafelli	
518	Hálsasveitarvegur	
02-03	Reykholtsdalur - Húsafell	98
	Gilsfjörður	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	26
	Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur - Flókalundur	
60	Vestfjarðavegur	
29-31	Múli - Vattarnes	129

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
	Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði	
60	Vestfjarðavegur	
44	Gemlufallsheiði - Bjarnadalur	5
	Ísafjarðardjúp	
61	Djúpvegur	
31	Gilseyri - Kleifaós	106
	Barðastrandarvegur, Flókalundur - Patreksfjörður	
62	Barðastrandarvegur	
04	Kleifaheiði	49
	Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	
1	Hringvegur	
k8	um Vatnsdalsá	45
	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá - Skagavegur	35
	Hringvegur á Mývatnsheiði	
1	Hringvegur	
q9	Mývatnsheiði	100
	Norðausturvegur, Húsavík - Þórshöfn	
85	Norðausturvegur	
09	Tjörnes: Bangastaðir - Víkingavatn	265
24	um Svalbarðsá	5
	Tenging, Norðurland - Austurland	
1	Hringvegur	
s1-s2	Biskupsháls - Vegaskarð	45
s6-s7	Ármótasel - Skjöldólfsstaðir	23
	Hringvegur á Austurlandi	
1	Hringvegur	
s8-s9	Hofteigur - Hrólfsstaðir	94
u4	Búðaá - Hvannabrekka	86
u9	Melrakkanes - Blábjörg	55
v1	Þvottár- og Hvalnesskriður	33
v4	Jökulsá í Lóni	40
x1	Smyrlabjargaá - Staðará	32
	Suðurfjarðarvegur	
96	Suðurfjarðarvegur	
11	Kambanes - Sæhvammur	46
	Samgöngurannsóknir	**10**
	Samtals:	2.329
Afborgun lána vegna Hvalfjarðartenginga til ríkissj.	Samtals:	-40

2. Jarðgangaáætlun

(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2002
Siglufjörður - Ólafsfjörður og Reyðarfjörður - Fáskrúðsfjörður	300
Samtals:	300

3. Tengivegir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
	Suðurlandsumdæmi	
25	Þykkvabæjarvegur	
02	Hrafntóftir - Ásvegur	18
26	Landvegur	
02	Holtsmúli - Fellsmúli	36
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Önundarholtsvegur - Skipar	36
305	Villingaholtsvegur	
01	Kolsholt - Urriðafossvegur	4
310	Votmúlavegur	
01	Eyrarbakkavegur - Gaulverjabæjarvegur	6
329	Mástunguvegur	
01	Skyggnir - Laxárdalur	5
374	Hvammsvegur	
01	Sogn - Hringvegur	19
	Reykjanesumdæmi	
48	Kjósarskarðsvegur	
01-11	Hvalfjarðarvegur - Þingvallavegur	36
	Vesturlandsumdæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
02	Vatnshamraleið	42
505	Melasveitarvegur	27
508	Skorradalsvegur	
01	Fossamelar - Borgarfjarðarbraut	2
518	Hálsasveitarvegur	
01	lýsing við Reykholt	2

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
523	Hvítársíðuvegur	4
530	Ferjubakkavegur	3
5240	Bifrastarvegur	
01	lýsing við Bifröst	2
	Vestfjarðaumdæmi	
612	Örlygshafnarvegur	
01	Barðastrandarvegur - Örlygshöfn	21
629	Syðradalsvegur	
01	Djúpvegur - Geirastaðir	8
645	Drangsnesvegur	
01	Reykjarnes - Drangsnes	22
	Norðurlandsumdæmi vestra	
711	Vatnsnesvegur	
02	Skarð - Bergsstaðir	13
722	Vatnsdalsvegur	
04	refabú - Hringvegur	33
753	Vindheimavegur	
01	Hringvegur - Vindheimar	11
	Norðurlandsumdæmi eystra	
805	Svarfaðardalsvegur	
01	Húsabakkaskóli - Tunguvegur	72
	Austurlandsumdæmi	
925	Hróarstunguvegur	
02	Hallfreðarstaðir - Þórisvatn	18
931	Upphéraðsvegur	
01	Ekkjufell - Setberg	5
939	Axarvegur	
01-02	Skriðdalur - Berufjörður	22
	Göngubrú á Jökulsá í Lóni	10
	Samtals:	477

3. Til brúargerðar

3.1. Brýr 10 m og lengri

(fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
1	Hringvegur	
a6	Skaftá	39
1	Hringvegur	
x0	brýr á Hringvegi í Suðursveit	21
61	Djúpvegur	
01	Ósá í Bolungarvík	39
807	Skíðadalsvegur	
01	Skíðadalsá	53
93	Seyðisfjarðarvegur	
06	Fjarðará í Seyðisfirði	15
Óráðstafað		15
	Samtals:	182

3.2. Smábrýr

(fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
2540	Fíflholtsvegur	
01	Eyjafljót	2
54	Snæfellsnesvegur	
21	Leitisá	5
60	Vestfjarðavegur	
04	Ausuá	5
722	Vatnsdalsvegur	
03	Gilá í Vatnsdal	3
85	Norðausturvegur	
23	Kollavíkurá	3
1	Hringvegur	
u5	Hvítá í Berufirði	3
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	
01	Hafnará í Bakkafirði	3
	Samtals:	24

4. Ferðamannaleiðir
(fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
	Suðurlandsumdæmi	
52	Uxahryggjavegur frá Þingvöllum	40
	Vegur á Höfðabrekkuheiði	3
	Vegir í Vestmannaeyjum	10
215	Reynishverfisvegur	5
249	Þórsmerkurvegur	10
334	Gullfoss	7
	Reykjanesumdæmi	
408	Heiðmerkurvegur	11
426	Bláalónsvegur	11
	Vesturlandsumdæmi	
508	Skorradalsvegur	
01	Fossamelar - Borgarfjarðarbraut	11
571	Útnesvegur	
02	Arnarstapi - Malarrif	30
04	Hella - Hellissandur	5
	Vestfjarðaumdæmi	
612	Örlygshafnarvegur	
02-04	Flugvallarvegur - Látrabjarg	4
637	Seljalandsvegur	8
643	Strandavegur	
03	Bjarnarfjarðará - Deild	27
03-08	Drangsnesvegur - Norðurfjörður	6
	Norðurlandsumdæmi vestra	
717	Borgarvegur	
01	Síðuvegur - Borgarvirki	2
746	Tindastólsvegur	5
764	Hegranesvegur	
01-02	Hróarsdalur - Keldudalur og um Hegrabjarg	4
793	Skarðsvegur	
01	Flugvallarvegur - skíðasvæði	11
7350	Steinárvegur	
	brú á Svartá	7
F578	Arnarvatnsvegur	7

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2002
	Norðurlandsumdæmi eystra	
832	Vaðlaheiðarvegur	2
83703	Hlíðarfjallsvegur	35
	Vegur að Dettifossi	30
F863	Hólmatungnavegur	5
869	Langanesvegur	2
8716	Engidalsvegur (Engidalur - Stöng)	2
	Austurlandsumdæmi	
93	Seyðisfjarðarvegur	
06	við ferjuhöfn	35
939	Axarvegur	
01-02	Skriðdalur - Berufjörður	11
	Samtals:	346

6. Orku og iðjuvegir

Vegheiti	Fjárveiting 2002
Fljótsdalur	170
Reyðarfjörður	200
Samtals:	370

7. Girðingar

Vegheiti	Fjárveiting 2002
Fjárveiting í Vegáætlun	55
Samtals:	55

8. Landsvegir

Vegheiti	Fjárveiting 2002
Fjárveiting í Vegáætlun	115
Samtals:	115

9. Safnvegir

Vegheiti	Fjárveiting 2002
Fjárveiting í Vegáætlun	272
Samtals:	272

10. Styrkvegir

Vegheiti	Fjárveiting 2002
Fjárveiting í Vegáætlun	54
Samtals:	54

11. Reiðvegir

Vegheiti	Fjárveiting 2002
Fjárveiting í Vegáætlun	39
Samtals:	39

Samkvæmt Vegáætlun	6.138
Samkvæmt fjáraukalögum	70
Til framkvæmda	6.208

Fylgiskjal II. Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2002

Suðurland

1 Hringvegur

a2 um Djúpá og Laxá í Fljótshverfi
Umfang verks: Bygging nýrra brúa í stað einbreiðra á Djúpá, Laxá og Brúará í Fljótshverfi, ásamt varnargörðum og nýbyggingu vegar 4,04 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 230 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	54
Vegáætlun 2000	65
Flutt af Hörgsá, 1-a4	20
Flutt af Kerlingadalsá, 1-b2	10
Vegáætlun 2001	20
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	39
Bráðabirgðalán 2002	21
Samtals	229

Verkframvinda: Á árinu 2000 var unnið grjót á varnargarða og unnið efni til vegagerðar. Bygging brúa og vegar hófst síðla sumars 2001 og lauk í júlí 2002.
Verktaki: Vega- og brúargerð, Framrás ehf., Vík og Byggingarfélagið Klakkur ehf., Vík.

Kostnaður:	m.kr.
2000	9
2001	98
2002	122
Samtals	229

a6 um Skaftá
Umfang verks: Endurbygging brúa á Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri ásamt vegtengingu.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	11
Til brúargerðar	39
Samtals	50

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

b3 um Vík
Umfang verks: Endurbætur á Hringveginum gegnum þéttbýlið í Vík í Mýrdal til að bæta umferðaröryggi.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Götulýsing, samningur.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	21
Flutt af 1-b2, Kerlingardalsá	2
Flutt af 1-c0, Þverá	2
Samtals	25

Verkframvinda: Verk hófst í maí og lauk að mestu í ágúst 2000.
Verktaki: Ræktunarmiðstöðin sf., Hveragerði.

Kostnaður:	m.kr.
2000	24
2001	1
Samtals	25

c0 Þverá
Umfang verks: Nýbygging vegar á 0,6 km löngum kafla og bygging 54 m langrar brúar í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 84 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	90
Flutt á b3	-2
Bráðabirgðalán 2002	6
Samtals	94

Verkframvinda: Seinni hluta ársins 2001 voru steyptir niðurrekstrarstaurar fyrir brúna. Vinna við smíði brúarinnar hófst í apríl 2002 og lauk í júlí og annarri vinnu í ágúst.
Verktaki: Bygging brúar og uppsetning bráðabirgðabrúar, Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Framhjáhlaup Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli. Vegagerð Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	6
2002	88
Samtals	94

c8 um Þjórsá
Umfang verks: Bygging 170 m langrar brúar á Þjórsá í stað einbreiðrar brúar, ásamt 4,0 km vegtengingu.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 587 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	23
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	409
Samtals	432

Verkframvinda: Vinna við vegagerð hófst fyrri hluta september. Unnið var á árinu við sprengingar og vegfyllingar og undirbúningsvinnu vegna brúarframkvæmda. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki að hausti 2003.
Verktaki: Brúarsmíði, Normi ehf., Kópavogi. Vegagerð, Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2002	133

d5 vestan Selfoss
Umfang verks: Í 1. áfanga var endurbættur um 140 m langur kafli og gengið frá hringtorgi við gatnamót Hringvegar, Árbæjarvegar og Hrísmýrar ásamt veglýsingu. Í 2. áfanga voru vegamót Hringvegar og Biskupstungnabrautar stefnugreind og sett upp veglýsing.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, 22 m.kr. 2. áfangi, 13 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	22
Öryggisaðgerðir 2001	10
Fært af d3 2001	4
Samtals	36

Verkframvinda: 1. áfanga lauk á árinu 2000 og 2. áfanga á árinu 2001. Á árinu 2002 komu upp viðbótarverk vegna 1. áfanga. Sett var ræsi í opin skurð meðfram Hringvegi vegna slysahættu.
Verktaki: Verktækni ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	17
2001	19
2002	1
Samtals	37

22 Dalavegur
01 Skildingavegur - Heiðavegur
Umfang verks: Endurbygging á um 0,5 km löngum kafla Dalavegar í Vestmannaeyjum sem var að hluta til viðhald vegar, að hluta til nýbygging og að hluta verkefni Vestmannaeyjabæjar.
Framkvæmdaform: Útboð og samningar á vegum Vestmannaeyjabæjar.
Kostnaðaráætlun: 32 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 2001	15
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	10
Bráðabirgðalán 2002	6
Samtals	31

Verkframvinda: Verkið var framkvæmt á árinu 2001.
Verktaki: Einar og Guðjón sf., Vestmannaeyjum og Vestmannaeyjabær.

Kostnaður:	m.kr.
2001	31

Skýringar: Leitað verður eftir fjárveitingu til greiðslu bráðabirgðaláns við endurskoðun vegáætlunar.

25 Þykkvabæjarvegur
02 Hrafntóftir - Ásvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	18

Verkframvinda: Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar.

26 Landvegur
02 Hagabraut - Galtalækur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,7 km löngum kafla milli Holtsmúla og Fellsmúla. Fjárveiting á árinu 2002 var notuð til greiðslu skuldar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 122 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna fyrri áfanga .... -55
Vegáætlun 1999 21
Vegáætlun 2000 21
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001 23
Framlag Landsvirkjunar 2001 14
Vegáætlun 2002
Tengivegir 36
Bráðabirgðalán 2002 73
Samtals 135

Verkframvinda: Verkið var boðið út síðla árs 1999 en framkvæmdir hófust ekki fyrr en á árinu 2000 og lauk á árinu 2001.

Verktaki: Vörubílstjórafélagið Fylkir, Rangárvallasýslu.

Kostnaður: m.kr.
1999 4
2000 100
2001 30
2002 1
Samtals 135

Skýringar: Skuld er vegna framkvæmda sem unnar voru á árunum 1995-1997. Kostnaður 1999 er vegna lagfæringar á vegamótum Landvegar og Þjórsárdalsvegar. Á árunum 2000 og 2001, er talin með kostnaði endurgreiðsla lána frá Holta- og Landssveit.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur
06-08 Flúðir - Biskupstungnabraut

Umfang verks: Endurbygging á 7,3 km löngum kafla milli Flúða og Skipholts.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 88 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 31
Vegáætlun 2000 21
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2002 18
Bráðabirgðalán 2002 36
Samtals 108

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 1999 og lauk verktaki verkinu 2000. Árið 2001 var greitt fyrir vinnu við frágang á köntum og malar- og landbætur. Á árinu 2002 voru greiddar landbætur og sáð í vegsvæði.

Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.

Kostnaður: m.kr.
1999 22
2000 76
2001 9
2002 1
Samtals 108

Skýringar: Á verktímanum var ákveðið að lengja endurbygginguna um 0,8 km.

33 Gaulverjabæjarvegur
01 Hringvegur - Hamarsvegur

Umfang verks: Endur og nýbygging á 6,8 km löngum kafla milli Súlholtsvegar og Hamarsvegar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 80 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 33
Vegáætlun 2002
Tengivegir 36
Bráðabirgðalán 2002 27
Samtals 96

Verkframvinda: Verk hófst í nóvember 2001 og lauk í september 2002, nema eftir er jöfnun fláa að hluta og sáning.

Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

Kostnaður: m.kr.
2001 17
2002 79
Samtals 96

Skýringar: Á verktímanum var samið um framlengingu á útboðskaflanum um 0,5 km. Áætlaður kostnaður við ljúka við frágangi er um 4 m.kr.

34 Eyrarbakkavegur
01 á Selfossi

Umfang verks: Byggt var hringtorg ásamt 300 m vegkafla. Endurnýjaðar voru regnvatnslagnir og götulýsing á kaflanum.

Framkvæmdaform: Útboð. Verkið var boðið út sameiginlega fyrir Vegagerðina og sveitarfélagið Árborg og skiptist kostnaður til helminga.

Kostnaðaráætlun: 18 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2002 18
Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí og framkvæmdir hófust seinni hluta í ágúst og lauk í byrjun desember.
Verktaki: Vélgrafan ehf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2002 18
Skýringar: Fjárveiting til Hringvegar austan Selfoss, frá árinu 2000 var lánuð til þessa verkefnis.

35 Biskupstungnabraut
08 um Laugaá
Umfang verks: Endurbygging á 1,2 km löngum vegarkafla við Laugaá og sett niður ræsi í staðin fyrir einbreiða brú.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 31 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 2002 ... 15
Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2002 og verklok eru áætluð í júní 2003.
Verktaki: Vörubílstjórfélagið Mjölnir, Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2002 9

09 Laugarvatnsvegur - Gullfoss
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 7,12 km löngum kafla milli Tungufljóts og Kjalvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 102 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -8
Fjárveiting 2002
Almenn verkefni 41
Stórverkefni 48
Bráðabirgðalán 2002 32
Samtals 113
Verkframvinda: Verkið var boðið út um mitt sumar 2001 og framkvæmdum lauk að mestu í ágúst 2002.
Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr.
2001 41
2002 72
Samtals 113
Skýringar: Smávegis er eftir af lokafrágangi við verkið og er áætlaður kostnaður vegna þess 2 m.kr.

215 Reynishverfisvegur
Umfang verks: Endurbætur á vegi um Reynishverfi.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Ferðamannaleiðir 5
Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

F249 Þórsmerkurvegur
02 Þórsmerkurvegur ofan Markarvegar
Umfang verks: 1. áfangi, endurbygging á 3,24 km löngum kafla ofan Markarvegar. 2. áfangi, nýbygging á 2,3 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, 7 m.kr. 2. áfangi, 10 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 10
Vegáætlun 2001 11
Vegáætlun 2002
Ferðamannaleiðir 10
Samtals 31
Verkframvinda: 1. áfanga lauk á árinu 2001. 2. áfangi var unninn haustið 2002.
Verktaki: 1. áfangi, Tönnin ehf., Reykjavík. 2. áfangi, Suðurverk ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2001 6
2002 19
Samtals 25
Skýringar: Ákveðið var á verktímanum að lengja nýbygginguna, um 0,3 km, rífa brúna yfir Ljósá og setja í staðinn ræsi.

305 Villingaholtsvegur

01 Voli - Urriðafossvegur

Umfang verks: Bygging á 6,1 km löngum vegarkafla frá Vola að Kolsholti.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 63 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	31
Vegáætlun 2000	28
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	4
Samtals	64

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í september 1999 og lauk verkinu í júlí árið 2000 að undanteknum nokkrum frágangi. Fjárveiting árið 2002 var notuð til greiðslu skuldar.

Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	14
2000	47
2001	2
Samtals	63

319 Votmúlavegur

01 Kolsholt - Urriðafossvegur

Umfang verks: Endurbygging á 1,2 km löngum kafla milli Eyðisandvíkur og Byggðarhorns.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri framkvæmdum	-2
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	6
Bráðabirgðalán 2002	9
Samtals	13

Verkframvinda: Verk hófst í ágúst og lauk í október nema eftir er að fínjafna fláa og sá í vegsvæði.

Verktaki: Vélgrafan ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	13

329 Mástunguvegur

01 Skyggnir - Laxárdalur

Umfang verks: Endurbætur á núverandi vegi.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	5

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

334 Gullfoss

Umfang verks: Endur- og nýbygging 0,6 km langs vegar frá Biskupstungnabraut (35) að bílastæðum við Gullfoss. Byggð voru upp og lögð klæðing á bílastæði við Gullfoss.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	7

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í september og lauk að mestu í október. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar á bílastæði og veg og snyrta kanta.

Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	7

354 Sólheimavegur

01 Biskupstungnabraut - Sólheimar

Umfang verks: Endurbygging á 3,1 km löngum kafla milli Biskupstungnabrautar og Stærri-Bæjar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 49 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	23
Vegáætlun 2001	21
Bráðabirgðalán 2002	3
Samtals	47

Verkframvinda: Verkið var boðið út haustið 2000 og hófust framkvæmdir í nóvember. Uppbyggingu vegarkaflans er lokið og var lagt á hann bundið slitlag. Á árinu 2002 voru vegamót Sólheimavegar og Biskupstungnabrautar lagfærð og sáð var í vegsvæði.

Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni.

Kostnaður:	m.kr.
2000	10
2001	36
2002	1
Samtals	47

359 Bræðratunguvegur

01 um Hvítá

Umfang verks: Verkið er hluti af tengingu Bræðratunguvegar um Hvítá. Fyrsti áfangi verksins er nýbygging á 1,2 km löngum kafla sunnan Galtalækjar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 30 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	20

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember og tilboð opnuð í janúar 2003.

374 Hvammsvegur

01 Sogn - Hringvegur

Umfang verks: Endur- og nýbygging á 2,1 km kafla frá Sogni að Hringvegi.

Framkvæmdarform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	19
Bráðabirgðalán 2002	4
Samtals	23

Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2002, framkvæmdir hófust í lok apríl og lauk í ágúst 2002.

Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi

Kostnaður:	m.kr.
2002	23

52 Uxahryggjarvegur

Umfang verks: Endurbygging vegar frá Þingvöllum.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	40

Skýringar: Framkvæmdum frestað.

Vegur á Höfðabrekkuheiði

Umfang verks: Sett ræsi í stað lélegrar brúar.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 5 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	3
Styrkvegir	1
Samtals	4

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í júní og lauk í júlí.

Verktaki: Borgarvirki ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	5

Reykjanes

1 Hringvegur

e1 lagfæringar

Umfang verks: Undirbúningur klifurreinar ofan við Litlu kaffistofuna. Breikkun skeringa á Hringvegi á tveimur stöðum ofan Sandskeiðs.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	37
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	37
Flutt á 1-e2	-30
Flutt á 1-f3	-3
Flutt á 1-f7	-10
Samtals	31

Verkframvinda: Verk hófst í nóvember 2000 og var lokið við skeringar og fyllingar. Verkinu lauk í júlí 2001.

Verktaki: Ísar ehf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2000	21
2001	3
Samtals	24

f7 Hvalfjarðarvegur - Hvalfjarðargöng

Umfang verks: Gerð klifurreinar upp frá Hvalfjarðargöngum og stefnugreining gatnamóta Hringvegar og Hvalfjarðarvegar ásamt lýsingu.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 52 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Framlag frá Speli hf. 40
Flutt af kafla 1-e1 10
Samtals 50
Verkframvinda: Verk hófst í apríl 2002 og því lauk í september 2002.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2002 48

41 Reykjanesbraut
15-18 breikkun
Umfang verks: Breikkun Reykjanesbrautar úr tveimur akreinum í 4 akreinar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur. Fyrsti áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar á 8,5 km löngum kafla frá Hvassahrauni að Strandarheiði og bygging mislægra vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg, ásamt færslu Vatnsleysustrandarvegar á um 1,8 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi 1.100 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða fyrri áfanga 105
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 134
Samtals 239
Verkframvinda: 1. áfangi var boðinn út í október 2002 en framkvæmdir hófust ekki á árinu.
Verktaki: 1. áfangi Háfell ehf., Reykjavík, Jarðverk ehf., Reykjavík og Eykt ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2002 7

45 Garðskagavegur
04 í Sandgerði
Umfang verks: Lagfæringar og færsla Garðskagavegar í Sandgerði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Almenn verkefni 10
Verkframvinda: Verkið var í umsjón Sandgerðisbæjar og lauk á árinu 2002.
Verktaki: Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2002 11
Skýringar: Hluti kostnaðar er vegna uppkaupa á fasteignum sem voru fyrir í skipulagi.

48 Kjósarskarðsvegur
01-11 Hvalfjarðarvegur - Þingvallavegur
Umfang verks: Endurbætur á 5,7 km löngum kafla milli Hvalfjarðarvegar og Reynivalla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 85 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá Meðalfellsvegi .... -12
Vegáætlun 2000 29
Vegáætlun 2001 23
Vegáætlun 2002
Tengivegir 36
Bráðabirgðalán 2002 14
Samtals 90
Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2001 og því lauk í ágúst 2002.
Verktaki: Berglín ehf., Stykkishólmi.
Kostnaður: m.kr.
2001 34
2002 56
Samtals 90

426 Bláalónsvegur
Umfang verks: Nýbygging Bláalónsvegar á 5 km kafla frá heimkeyrslu að Bláalóni og að Nesvegi við Grindavík.
Framkvæmdaform: Útboð, samningur.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -11
Vegáætlun 1999 22
Vegáætlun 2000 10
Fjáraukalög 2000 1
Vegáætlun 2001 20
Vegáætlun 2002
Ferðamannaleiðir 11
Bráðabirgðalán 2001 22
Samtals 75

Verkframvinda: Verkinu er skipt í tvo áfanga. Fyrri áfanga lauk í október 2000 en í honum fólst að að ganga frá fyllingum og neðra burðarlagi ásamt ræsum. Seinna áfanga var áætlað að lyki 2001, en áður en til þess kom lýsti verktaki sig gjaldþrota. Verkið var boðið út aftur, en einungis bárust tvö tilboð og reyndust þau óhagstæð og var framkvæmdum við síðari áfangann því frestað.
Árið 2002 lauk vinnuflokkur Vegagerðarinnar við frágang vegarins undir bundið slitlag. Klæðing á veginn var síðan með í útboði fyrir klæðingarviðhald ársins og lauk gerð vegarins í júlí 2002.
Verktaki: Vegagerð 2001, Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði. Vegagerð 2002, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Lögn slitlags 2002, Klæðning ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	40
2001	4
2002	31
Samtals	75

427 Ísólfsskálavegur
04 Grindavík - Ísólfsskáli
Umfang verks: Endurbætur og ræsagerð á kafla um Festarfjall.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	51
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	4
Samtals	55

Verkframvinda: Áfanganum lauk á árinu 2002.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2002	4

Þingvallahátíð
vegir á Þingvallasvæði
Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar var um að ræða gerð vega, bílastæða og göngustíga á Þingvöllum og gerð reiðvegar með Þingvallavegi. Hins vegar voru mannvirki vegna gönguleiða þ.e. göngubrýr, tröppur og pallar úr timbri og stáli. Stór hluti mannvirkja var fjarlægður að hátíð lokinni.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Þingvallanefnd 1998	4
Þingvallanefnd 1999	66
Þingvallanefnd 2000	20
Lagt til af viðhaldsfé 2000	25
Fjáraukalög 2000	2
Lagt til af viðhaldsfé 2001	30
Lagt til af viðhaldsfé 2002	30
Bráðabirgðalán 2002	18
Samtals	195

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og verklok voru 15. júlí 2000.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík og GR verktakar, Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7
1999	68
2000	148
2001	-28
Samtals:	195

Skýringar: Fjárveitingar eru utan vegáætlunar. Verkið varð dýrara vegna aukningar í stígagerð og timburmannvirkjum auk annarra framkvæmda sem ekki var séð fyrir. Á árinu 2001 var bakfært álag á framkvæmdir á árunum 1998-2000.

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur

e2 Hafravatnsvegur - Breiðholtsbraut
Umfang verks: Gerð tvöfalds hringtorgs á gatnamótum Hringvegar og Breiðholtsbrautar ásamt aðlögun Breiðholtsbrautar að torginu.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 62 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af 1-e1	30
Lagt til af viðhaldsfé 2002	28
Bráðabirgðalán 2002	13
Samtals	71

Verkframvinda: Verk hófst í júní 2002 og lauk í september 2002.
Verktaki: Loftorka ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
2002	71

e3 lagfæring á gjá

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2002 Höfuðborgarsvæðið	10
Samtals	20

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

f2 gatnamót við Víkurveg
Umfang verks: Verkið felst í að byggja fyrri brú yfir Hringveg, leggja Víkurveg að og frá brúnni með hringtorgi, ljósagatnamótum og tilheyrandi römpum, byggja stoðveggi og undirgöng undir rampa, gera settjörn við Víkurveg, færa lagnir Orkuveitu Reykjavíkur og leggja vatnslögn í rampa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 305 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	20
Flutt af gatnamótum við Nesbraut	12
Vegáætlun 2001	204
Vegáætlun 2002 Höfuðborgarsvæðið	100
Bráðabirgðalán 2002	19
Samtals	355

Verkframvinda: Verkið var boðið út 2001 og lauk því í júlí 2002.
Verktaki: Jarðvinna, Jarðvélar sf., Reykjavík. Brúargerð, Sveinbjörn Sigurðsson ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	219
2002	136
Samtals	355

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Viðbótarverk var gerð göngustígs frá undirgöngum í rampa að Korpu.

f3 gatnamót við Skarhólabraut
Umfang verks: Gerð hringtorgs á mótum Hringvegar og Skarhólabrautar í Mosfellsbæ.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 67 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 2001	10
Lagt til af viðhaldsfé 2002	10
Flutt af 1-e1	3
Vegáætlun 2002 Höfuðborgarsvæðið	50
Samtals	73

Verkframvinda: Haustið 2001 var boðinn út fyrri áfangi verksins, þ.e. ferging í götustæði og honum lauk í byrjun júní 2002. Annar áfangi, gerð hringtorgsins ásamt aðliggjandi tengingum, var boðinn út í júní 2002. Verk hófst í byrjun september og lauk í nóvember 2002.
Verktaki: Fyrri áfangi, Arnarverk ehf., Kópavogi. Síðari áfangi, Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	11
2002	58
Samtals	69

f3 í Mosfellsbæ
Umfang verks: Á árunum 1997-8 var lagður var nýr 2 km langur kafli Hringvegar í Mosfellsbæ, ásamt aðliggjandi vegum og vegamótum.

Byggð voru tvö hringtorg, undirgöng og göngubrú.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Óráðstafað	39
Vegáætlun 1996	29
Vegáætlun 1998	210
Vegáætlun 1999	35
Vegáætlun 2000	42
Vegáætlun 2002 Höfuðborgarsvæðið	16
Bráðabirgðalán 2002	34
Samtals	405

Verkframvinda: Verk hófst 1997 og var vegurinn opnaður 1998. Á árinu 2001 var lagt efra lag malbiks og axlir malbikaðar.
Verktaki: Vegagerð, Völur hf., Reykjavík. Efra lag malbiks, Loftorka Reykjavík ehf.

Kostnaður:	m.kr.
1997	54
1998	277
1999	11
2000	5
2001	58
Samtals:	405

Skýringar: Verkið varð dýrara vegna mun meiri jarðvegsskipta en áætlað var. Kostnaður á árinu 1999 er vegna veglýsingar og frágangs. Kostnaður á árinu 2000 er vegna undirbúnings lagningar á efra malbikslagi.

40 Hafnarfjarðarvegur
02 rampi í Kópavogi
Umfang verks: Breikkun eystri akbrautar í Kópavogsgjá ásamt lengingu aðreinar af Digranesvegi til norðurs.
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	50
Vegáætlun 2002 Höfuðborgarsvæðið	10
Samtals	60

Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2002 og áætluð verklok 1. nóv. 2002. Vegna byggingarframkvæmda við hús yfir Kópavogsgjá á þessum kafla urðu tafir á verkinu, en því lauk að mestu í byrjun desember 2002. Vegna áðurnefndra byggingarframkvæmda hefur ekki verið hægt að taka nýju akreinina í notkun, en áætlað er að það verði í maí 2003.
Verktaki: Arnarverk ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	9
2002	32
Samtals	41

Skýringar: Á árinu 2001 var greidd skuld við Kópavogsbæ vegna hringtorgs við gatnamót rampans af Hafnarfjarðarvegi og Hamraborgar.

41 Reykjanesbraut
11 gatnamót við Stekkjarbakka

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002 Höfuðborgarsvæðið	30

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

11 gatnamót við Breiðholtsbraut
Umfang verks: 1. áfangi. Á árinu 2000 var gerð bráðabirgðatenging Breiðholtsbrautar við Reykjanesbraut vegna 2. áfanga þ.e. mislægra gatnamóta á mótum Breiðholtsbrautar, Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar sem kom til framkvæmda 2001. Um er að ræða gerð mislægra gatnamóta á mótum Breiðholtsbrautar og Reykjanesbrautar með gerð brúar yfir Reykjanesbraut, gerð brúar á Breiðholtsbraut yfir Álfabakka, gerð undirganga fyrir gangandi umferð undir Dalveg, Nýbýlaveg og Breiðholtsbraut ásamt tilheyrandi vegagerð, stígagerð og landmótun.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, 58 m.kr.
2. áfangi, 990 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 21
Vegáætlun 2001 808
Vegáætlun 2002
Höfuðborgarsvæðið 250
Óráðstafað 30
Bráðabirgðalán 2002 175
Samtals 1.284
Verkframvinda: 1. áfangi bráðabirgðatengingar var boðinn út í ágúst 2000 og verklok febrúar 2001. 2. áfangi var boðinn út í desember 2000 og voru gatnamótin opnuð formlega 8. október 2001. Verklok voru í júlí 2002.
Verktaki: Bráðabirgðatengingar, Háfell ehf., Reykjavík. Mislæg gatnamót Ístak hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2000 40
2001 .....1.073
2002 171
Samtals 1.284
Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. Óuppgerð er kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur.

12 Breiðholtsbraut - Fífuhvammsvegur
Umfang verks: Verkið er framhald tveggja verkáfanga sem unnir voru á árunum 1997 og 1998. Á árinu 1999 var vegurinn breikkaður í fjórar akreinar á um 1,7 km löngum kafla og byggð önnur brú yfir Fífuhvammsveg. Í veginn voru sett tvenn undirgöng fyrir gangandi umferð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 255 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða fyrri verkáfanga .. 53
Vegáætlun 1999 93
Vegáætlun 2000 116
Fjáraukalög 2000 1
Vegáætlun 2002
Höfuðborgarsvæðið 30
Samtals 293
Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lauk á árinu 2000. Kostnaður á árinu 2001 er vegna lokauppgjörs við verktaka. Á árinu 2002 var Fífuhvammsvegur breikkaður undir brúnum og lokið við frágang undirganga.
Verktaki: JVJ hf., Hafnarfirði.
Kostnaður: m.kr.
1999 203
2000 68
2001 5
2002 16
Samtals 292

14 í Hafnarfirði
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 359
Vegáætlun 2002
Höfuðborgarsvæðið 330
Samtals 689
Kostnaður: m.kr.
2001 38
Skýringar: Kostnaður á árinu 2001 er vegna kaupa á fasteignum á vegsvæði.

49 Nesbraut
03 Grensásvegur - Kringlumýrarbraut, breikkun
Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða breikkun syðri akbrautar Miklubrautar um eina akrein frá Háaleitisbraut að Grensásvegi á 0,5 km löngum kafla. Hins vegar er að breikka syðri akbraut Miklubrautar um eina akrein frá Kringlumýrarbraut að Háaleitisbraut á 0,7 km kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 72 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Flutt af Nesbraut (49-01) 15
Vegáætlun 2000 54
Bráðabirgðalán 2002 3
Samtals 72
Verkframvinda: Verk hófst í september 2000 og lauk í desember 2000 að undanskildum frágangi utan akbrauta sem lauk í ágúst 2001.
Verktaki: Frá Kringlumýrarbraut að Háaleitisbraut, Bragi Vignir Jónsson ehf., Bessastaðahreppi. Frá Háaleitisbraut að Grensásvegi, Arnarverk ehf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr.
2001 64
2002 8
Samtals 72
Skýringar: Verkið var unnið á vegum Reykjavíkurborgar og er kostnaður árið 2002 vegna uppgjörs við Reykjavíkurborg.

04 færsla Hringbrautar
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 54
Vegáætlun 2002
Höfuðborgarsvæðið 130
Samtals 184
Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

408 Heiðmerkurvegur
01 um Vífilsstaðahlíð
Umfang verks: Endurnýjað var slitlag við Rauðhóla.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga 17
Vegáætlun 2002
Ferðamannaleiðir 11
Samtals 28
Verkframvinda: Lagt var bikþeytumalbik á 0,6 km langan kafla við Rauðhóla.
Verktaki: Arnardalur sf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr.
2002 3

410 Elliðavatnsvegur
Umfang verks: Endurbætur á 3,3 km kafla á Elliðavatnsvegi frá Vífilsstaðavegi að malbiksenda í Vatnsendahverfi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2002 21
Verkframvinda: Gerð var tilraun með lögn á bikþeytumalbiki á árinu 2002.
Verktaki: Arnardalur sf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr.
2002 21

411 Arnarnesvegur
03 Hafnarfjarðarvegur - Bæjarbraut
Umfang verks: Uppsetning umferðarljósa á mótum Arnarnesvegar og Hafnarfjarðarvegar og á mótum Arnarnesvegar og Bæjarbrautar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Óráðstafað 25
Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2001.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2001 24
2002 1
Samtals 25
Skýringar: Kostnaður á árinu 2002 er vegna lokauppgjörs við undirverktaka.

432 Hallsvegur
01 Fjallkonuvegur - Víkurvegur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 41
Vegáætlun 2001 39
Flutt af Höfðabakka 2001 ... 24
Vegáætlun 2002
Höfuðborgarsvæðið 25
Samtals 129
Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2003 þar sem úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum voru kærðir.

445 Sundagarðar

Umfang verks: Gerð hringtorgs ásamt endurbótum á akreinaskiptingu.
Framkvæmdaform: Útboð á vegum Reykjavíkurborgar.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2002	15

Verkframvinda: Í samvinnu við Reykjavíkurborg var á árinu 2002 gert hringtorg móts við innkeyrslu að nýju vöruhóteli Eimskips og akreinaskipting endurbætt.

Kostnaður:	m.kr.
2002	15

Skýringar: Kostnaður er hlutdeild Vegagerðarinnar í verkefninu.

450 Sundabraut

Sundabraut, undirbúningur
Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir Kleppsvík og undirbúningi umhverfismats í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	20
Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2000	41
Vegáætlun 2001	54
Vegáætlun 2002	
Höfuðborgarsvæðið	50
Samtals	206

Verkframvinda: Á árunum 2001 og 2002 var unnið að undirbúningi mats á umhverfisáhrifum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	39
1999	17
2000	46
2001	6
2002	8
Samtals	116

470 Fjarðarbraut

02 um Ásbraut
Umfang verks: Í verkinu felst að gera nýtt hringtorg á gatnamótum Strandgötu og Fornubúða í Hafnarfirði ásamt gerð gangstíga, gróðurbeða og öðrum umhverfisfrágangi í og við torgið.
Kostnaðaráætlun: 24 m.kr.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	11
Vegáætlun 2001	8
Vegáætlun 2002	
Óráðstafað	13
Samtals	32

Verkframvinda: Verkinu lauk að mestu á árinu 2001.
Verktaki: JVJ ehf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2001	33
2002	-1
Samtals:	32

Skýringar: Aðstæður á verkstað reyndust erfiðari en ráð var fyrir gert sem leiddi af sér aukin jarðvegsskipti og ýmsar aðgerðir vegna lagna á svæðinu.

Göngubrýr og undirgöng

Umfang verks: Á árinu 2002 var boðin út gerð tveggja göngubrúa, annars vegar yfir Miklubraut við Kringluna í samvinnu við Reykjavíkurborg og hinsvegar yfir Hafnarfjarðarveg á Hraunsholti í samvinnu við Garðabæ.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	29
Vegáætlun 2002	
Höfuðborgarsvæðið	76
Samtals	105

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2002.
Verktaki: Stálsmíði og uppsetning brúa, Eldafl ehf., Njarðvík. Jarðvinna við Kringlu, Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ. Jarðvinna við Hraunsholt, Jarðkraftur ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	
Miklubraut	64
Hraunsholt	39
Samtals:	103

Smærri verk og óráðstafað

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar fyrri ára	14
Vegáætlun 2002	
Höfuðborgarsvæðið	84
Flutt á Arnarnesveg 2002	-25
Flutt á Fjarðarbraut 2002	-13
Flutt á Reykjanesbraut 2002	-30
Samtals	30

Vesturland

1 Hringvegur

g0 göng - Akrafjallsvegur

Umfang verks: Á árunum 1997-1998 var byggður nýr Hringvegur frá Hvalfjarðarvegi að sunnan að Hvalfjarðargöngum og frá Hvalfjarðargöngum að norðan að Hvalfjarðarvegi ásamt nýjum Akrafjallsvegi að Akranesvegi. Á árunum 1996-1997 var unnið að endurbótum á Innrahólmsvegi og Innnesvegi.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 1997	10
Spölur ehf. (lán)	411
Lán ríkissjóðs	240
Vegáætlun 1999	82
Vegáætlun 2000	75
Vegáætlun 2001	63
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	63
Samtals	944

Verkframvinda: Verk hófst 1996 og var vegurinn opnaður fyrir umferð sumarið 1998. Á árunum 1999 - 2000 var unnið að lagfæringum á vegamótum norðan Hvalfjarðar. Á árunum 2001- 2002 var unnið að gerð reiðvegar frá Grafargili og að Fellsendavegi og gert við missig á vegfyllingu á Hringvegi og Akrafjallsvegi.

Kostnaður:	m.kr.
1996	148
1997	426
1998	287
1999	17
2000	17
2001	19
2002	26
Samtals	940

Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga eru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf., sem endurgreiðast af veggjaldi og af láni sem ríkissjóður tók 1998. Á árinu 2002 voru endurgreiddar 40 m.kr. af láni ríkissjóðs og 15 m.kr. voru arðgreiðslur til hluthafa Spalar.

g6 um Borgarnes

Umfang verks: Bygging hringtorgs á gatnamótum Hringvegar og Snæfellsnesvegar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 59 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	16

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2002. Unnið var að jarðvegsskiptum og fyllingum á sigsvæði.

Verktaki: Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	13

h1 Norðurá í Heiðarsporði

Umfang verks: Byggð ný tvíbreið brú í stað einbreiðrar brúar á Norðurá.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 65 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	65

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2002.

Verktaki: Bráðabirgðatenging og tenging brúar, LG Vöruflutningar ehf., Borgarnesi. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2002	62

50 Borgarfjarðarbraut

02-03 Andakílsá - Kleppjárnsreykir

Umfang verks: Endurbygging á 9,2 km löngum kafla frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum og 68 m langri brú á Flókadalsá. Bygging á 7,9 km löngum nýjum vegi frá Andakílsá að Hesti og endurbygging á 3,5 km löngum kafla frá Hesti að Hnakkatjarnarlæk ásamt byggingu á 88 m langri brú á Grímsá.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Smíði stálbita í Flókadalsá og Grímsá, útboð. Bygging brúa, samningur.

Kostnaðaráætlun: 485 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	39
Vegáætlun 1997	30
Vegáætlun 1998	100
Vegáætlun 1999	69
Vegáætlun 2000	86
Fjáraukalög 2000	3
Vegáætlun 2001	70
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	42
Bráðabirgðalán 2002	94
Samtals	533

Verkframvinda: Framkvæmdir við kaflann frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum hófust síðla árs 1998 og var lagt á hann neðra lag klæðingar haustið 1999. Einnig var lokið við byggingu brúar yfir Flókadalsá sumarið 1999. Lokið var við lögn efra lags klæðingar á þann kafla á árinu 2000. Haustið 1999 hófust framkvæmdir við kaflann milli Andakílsár og Hnakkatjarnarlækjar og við undirstöður brúar yfir Grímsá. Haustið 2000 var lokið við byggingu brúar á Grímsá og lögn klæðingar á kaflann frá Hesti og að Hnakkatjarnarlæk. Á árinu 2001 var lokið við byggingu vegar frá Hesti og að Andakílsá ásamt 3,2 km kafla á Skorradalsvegi. Á árinu var unnið að lokafrágangi og lagningu.

Verktaki: Vegagerð Hnakkatjarnarlækur -Kleppjárnsreykir, LG vöruflutningar ehf., Borgarnesi. Vegagerð Andakílsá - Hnakkatjarnarlækur, Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni. Stálsmíði brúa yfir Flókadalsá og Grímsá, Formaco ehf., Reykjavík. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1996	3
1997	3
1998	9
1999	167
2000	205
2001	130
2002	16
Samtals	533

Skýringar: Framkvæmdum var frestað 1996 og 1997 vegna ágreinings um vegstæði. Kostnaður þau ár er vegna hönnunar á svonefndri sáttaleið.

54 Snæfellsnesvegur

04 Kaldá

Umfang verks: Stálplöturæsi sett í stað einbreiðrar brúar á Kaldá.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 20 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	31

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí 2001 og framkvæmdir hófust í september. Verkinu lauk í ágúst 2002.

Verktaki: Þróttur ehf., Akranesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	19
2002	1
Samtals	20

Skýringar: Verkin um Kaldá og Núpá voru boðin út sameiginlega.

05 Núpá

Umfang verks: Stálplöturæsi sett í stað einbreiðrar brúar á Núpá.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 20 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	23

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí 2001 og framkvæmdir hófust í september. Verkinu lauk í ágúst 2002.

Verktaki: Þróttur ehf., Akranesi.

Kostnaður: m.kr.
2001 17
2002 4
Samtals 21
Skýringar: Verkin um Kaldá og Núpá voru boðin út sameiginlega.

10 Bjarnarfoss - Egilsskarð
Umfang verks: Endurbygging á Snæfellsnesvegi á 3,4 km kafla frá Bjarnarfossi að Egilsskarði ásamt endurbyggingu 8,1 km kafla á Útnesvegi frá nýjum vegamótum Snæfellsnesvegar við Fróðárheiði að Kambsgili.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 203 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -6
Vegáætlun 1999 10
Vegáætlun 2000 98
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001 82
Flutt af 574-01 27
Bráðabirgðalán 2002 19
Samtals 232
Verkframvinda: Verkið hófst í desember 1999 og var því lokið að mestu haustið 2001. Kostnaður ársins 2002 er að mestu vegna fokskemmda á klæðingu.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
1999 15
2000 86
2001 125
2002 6
Samtals 232
Skýringar: Endurbygging Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar við Fróðárheiði var boðin út sameiginlega þar sem nokkur tilfærsla verður á vegunum þar sem þeir koma saman og nauðsynlegt var að verkin væru unnin samtímis. Því er fjárveiting í vegáætlun til Útnesvegar talin með þessu verkefni. Innistæða.
Hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem voru til Útnesvegar um Klifhraun eru fluttar til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum.

10 Sæluhús – Valavatn
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Almenn verkefni 16
Skýringar: Verkinu var frestað.

15 Kolgrafafjörður
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 21
Verkframvinda: Unnið var að rannsóknum á væntanlegu brúarstæði. Kostnaður er vegna gerðar fyllingar út í fjörðinn til að koma að tækjum til rannsókna.
Kostnaður: m.kr.
2001 10
2002 7
Samtals 17
Skýringar: Kostnaður 2001 og 2002 er vegna undirbúningsrannsókna í Kolgrafafirði.

21 Leitisá
Umfang verks: Sett stálrör í stað steyptrar einbreiðrar brúar á Leitisá og vegur breikkaður.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 5 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Smábrýr 5
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2002.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2002 4

56 Vatnaleið
Umfang verks: Bygging 16,3 km langs vegar um Vatnaleið frá Snæfellsnesvegi við Vegamót og að Snæfellsnesvegi í Helgafellssveit. Vegurinn leysir

af hólmi veg um Kerlingarskarð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 320 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	10
Vegáætlun 2000	137
Fjáraukalög 2000	3
Flutt af Búlandshöfða	22
Vegáætlun 2001	169
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	10
Bráðabirgðalán 2002	50
Samtals	401

Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2000 og hófust framkvæmdir í júní sama ár. Verkinu lauk að mestu í nóvember 2001 en lokafrágangur var unninn á árinu 2002.
Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1998	4
1999	6
2000	157
2001	184
2002	50
Samtals	401

60 Vestfjarðavegur
01-02 um Bröttubrekku
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins var endurbygging á 5,6 km löngum vegi frá Brúnkollugili ofan Suðurár að Breiðabólstað og var hann boðinn út 1999. Í lok árs 2000 var boðinn út 11,3 km langur kafli frá Hringvegi og yfir Bröttubrekku.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi: 90 m.kr. 2. áfangi: 436 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	56
Vegáætlun 2000	56
Fjáraukalög 2000	2
Vegáætlun 2001	78
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	213
Almenn verkefni	37
Samtals	442

Verkframvinda: Framkvæmdir við 1. áfanga hófust haustið 1999 og lauk í september 2000. Framkvæmdir við 2. áfanga hófust snemma árs 2001 og er áætlað að þeim ljúki haustið 2003.
Verktaki: 1. áfanga, Tak ehf., Borgarnesi. 2. áfanga, Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
1999	13
2000	78
2001	58
2002	193
Samtals	342

505 Melasveitarvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	27

Skýringar: Greidd skuld vegna framkvæmda 1997-1998.

508 Skorradalsvegur
01 Fossamelar - Dragavegur
Umfang verks: Endurbygging á 2,8 km kafla Skorradalsvegar frá Fossamelum og að Dragavegi (áður Borgarfjarðarbraut).
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	11
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	2
Ferðamannaleiðir	11
Bráðabirgðalán 2002	19
Samtals	43

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2001. Verklok voru haustið 2002.
Verktaki: LG vöruflutningar ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	16
2002	27
Samtals	43

518 Hálsasveitarvegur
01 Lýsing við Reykholt
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Tengivegir 2
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skulda.

02-03 Reykholtsdalur – Húsafell
Umfang verks: Endurbyggður kafli frá Reykholti og að Signýarstöðum og hann lagður bundnu slitlagi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 108 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 98
Bráðabirgðalán 2002 9
Samtals 107
Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2002 og var verkinu lokið um haustið.
Verktaki: Jörvi ehf., Hvanneyri.
Kostnaður: m.kr.
2003 107

523 Hvítársíðuvegur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Tengivegir 4
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skulda.

530 Ferjubakkavegur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Tengivegir 3
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skulda.

533 Álftaneshreppsvegur
01 Urriðaá
Umfang verks: Stálplöturæsi, hálfbogaræsi á steyptri undirstöðu, sett í stað einbreiðrar brúar á Urriðaá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 16 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Viðhald brúa 2000 4
Viðhald brúa 2001 4
Viðhald vega 2001 2
Vegáætlun 2001 3
Flutt af 54-02, Langá 4
Samtals 17
Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí 2001 og framkvæmdir hófust í nóvember. Verkinu lauk í júlí 2002.
Verktaki: Oddur Magnússon, Grundarfirði og Borgarverk ehf., Borgarnesi.
Kostnaður: m.kr.
2001 2
2002 15
Samtals 17

574 Útnesvegur
01-02 Snæfellsnesvegur - Hellnar
Umfang verks: Á árunum 1996 og 1997 var endurbyggður 2,0 km langur kafli frá Stóra-Kambi að Gröf og lagt á hann bundið slitlag 1998. Árið 1999 var boðin út endurbygging á 1,6 km löngum kafla milli Arnarstapa og Hellnavegar ásamt 2,2 km kafla á Hellnavegi.
Á árinu 2000 var tekin ákvörðun um að endurbyggja 3,4 km viðbótarkafla á Útnesvegi frá Hellnavegi og að mörkum þjóðgarðs við Háahraun.
Framkvæmdaform: Útboð og viðbótarsamningur.
Kostnaðaráætlun:
útboð 1999, 30 m.kr.
viðbótarverk, 28 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 4
Vegáætlun 1999 20
Vegáætlun 2000 31
Fjáraukalög 2000 1
Vegáætlun 2002
Ferðamannaleiðir 30
Samtals 86
Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 1999. Framkvæmdir hófust á vordögum 2000. Verkinu ásamt viðbótarverki var lokið haustið 2001.
Verktaki: Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.

Kostnaður: m.kr.
1996 5
1997 5
1998 10
2000 39
2001 19
2002 3
Samtals 81

04 Hella - Hellissandur
Umfang verks: Endurbygging á 3,7 km kafla á Útnesvegi frá Móðulæk að Gufuskálum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 24 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Ferðamannaleiðir 5
Bráðabirgðalán 2002 21
Samtals 26
Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2002 og lauk um haustið.
Verktaki: Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.
Kostnaður: m.kr.
2002 26

06 Lýsing við Hellissand og Rif
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Almenn verkefni 3
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skulda.

5240 Bifrastarvegur
01 Lýsing við Bifröst
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Tengivegir 2
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skulda.

Vestfirðir
60 Vestfjarðavegur
10 og 21 Gilsfjörður
Umfang verks: Nýbygging á 9,2 km löngum vegi yfir Gilsfjörð og 65 m langri brú í norðanverðum firðinum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1993 16
Vegáætlun 1994 27
Vegáætlun 1995 65
Vegáætlun 1996 124
Vegáætlun 1997 181
Vegáætlun 1998 394
Vegáætlun 1999 76
Vegáætlun 2000 30
Vegáætlun 2001 26
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 26
Bráðabirgðalán 2001 16
Samtals 981
Verkframvinda: Verk hófst í febrúar 1996 og voru verklok áætluð í júlí 1999. Lögn slitlags á veginn lauk 20. október og vígði samgönguráðherra veginn 30. október 1998. Unnið var að frágangi til áramóta 1998-9 og var verki að fullu lokið snemma sumars 1999.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
1993 10
1994 2
1995 32
1996 248
1997 280
1998 361
1999 38
2000 4
2001 1
2002 5
Samtals 981
Skýringar: Kostnaður árin 2000-2002 er vegna umhverfisrannsókna. Að öðru leyti eru fjárveitingar notaðar til greiðslu skulda. Síðasta lota rannsókna á staðnum var á þessu ári en úrvinnslu lýkur ekki fyrr en 2004.

29-31 Múli - Vattarnes
Umfang verks: Um er að ræða 19,2 km langan kafla af nýjum vegi frá Múla í Kollafirði, um Kollafjörð, Klettsháls, Skálmarfjörð og á Vattarnes.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 547 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	38
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	129
Bráðabirgðalán	45
Samtals	212

Verkframvinda: Kaflinn var boðinn út í nóvember 2001. Verkið hófst í apríl 2002 og unnið var fram að jólum að verkinu. Árið 2002 lauk að miklu leyti gerð fyllinga og lögn neðra burðarlags frá Múla um Kollafjörð og yfir Klettsháls að brún að vestan, nema hvað 1 km langur kafli er eftir í Botni Kollafjarðar. Samtals hafa verið lagðir rúmir 12 km. Hafin er vinnsla efnis í efra burðarlag. Kaflinn yfir hálsinn hefur verið tekinn í notkun.
Verktakar: Aðalverktaki er Fylling ehf., en undirverktakar Höttur sf. og Varðan ehf.

Kostnaður:	m.kr.
2002	212

42 Ausuá
Umfang verks: Setja stálhólk í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 5 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Smábrýr	5

Verkframvinda: Ekki tókst að útvega efni í hólkinn fyrr en síðla hausts þannig að verkinu var frestað til 2003.

44 Gemlufallsheiði
Umfang verks: Fyrri hluti verksins sem hófst árið 1999 felst í endurlögn á 5,1 km löngum kafla frá Gemlufallsá upp á háheiðina, ásamt því að stálhólkur var settur í Gemlufallsá í stað einbreiðrar brúar. Síðari hluti verksins felst í nýlögn á 3,2 km löngum kafla af háheiðinni niður í Bjarnardal ásamt endurlögn og breikkun slitlags á 3 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.
Kostnaðaráætlun: Fyrri áfangi 61 m.kr. Síðari áfangi 80 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	51
Vegáætlun 2000	39
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	5
Bráðabirgðalán 2002	53
Samtals	148

Verkframvinda: Framkvæmdir við fyrri áfanga hófust 1999 og var mestur hlutinn unninn þá, en árið 2000 var lagt slitlag á 1,8 km og unnið að frágangi. Framkvæmdir við nýlögn síðari áfanga hófust haustið 2000 og lauk honum haustið 2001. Einnig var lokið við endurlögn og breikkun slitlags í Bjarnardal.
Verktaki: Vegagerð, fyrri áfangi, Bergbrot ehf., Kópavogi, síðari áfangi, Höttur sf., Hólmavík. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	54
2000	54
2001	39
2002	1
Samtals	148

Skýringar: Kostnaður 2002 var einkum vegna landgræðslu.

61 Djúpvegur
09 Kollafjörður
Umfang verks: Endurlögn og nýlögn samtals 5,6 km frá Litla-Fjarðarhorni að Forvaða.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.
Kostnaðarætlun: 98 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá kafla 21	8
Vegáætlun 2001	49
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	31
Bráðabirgðalán	7
Samtals	95

Verkframvinda: Á árinu 2000 var unnið að undirbúningi, m.a. uppgreftri

á fornleifum. Verkið var boðið út snemma árs 2001 og er gerð fyllingar og lögn neðra burðarlags lokið það ár. Slitlag var lagt og frágangi að mestu lokið síðla sumars 2002. Eftir er þó að endurbæta nokkurn kafla og verða verklok því ekki fyrr en 2003.
Verktaki: Vegagerð, Fylling ehf., Hólmavík. Lögn slitlags vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	4
2001	49
2002	42
Samtals	95

61 Djúpvegur
Stórverkefninu, Ísafjarðardjúp, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

25-26 Laufskálagil - Ísafjarðará
Umfang verks: Um að ræða 16,1 km langan kafla. Byggja á brýr á Múlaá, 30 m og Ísafjarðará, 32 m á lengd. Setja á stálhólka í Álftagrófará og Gjörvidalsá í stað einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bygging brúa, útboð. Framleiðsla og rekstur niðurrekstrarstaura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 304 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuldir frá fyrri áfanga	-2
Vegáætlun 1999	63
Vegáætlun 2000	96
Fjáraukalög 2000	5
Vegáætlun 2001	138
Samtals	300

Verkframvinda: Vegagerð var boðin út á haustdögum 1999 en framkvæmdir hófust ekki 1999, nema steyptir voru staurar undir brýr. Árið 2000 var lagt slitlag á 8 km langan kafla frá Múlaá að Gjörvidalsá. Á haustdögum 2000 var boðin út brúargerð á Múlaá og Ísafjarðará. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar rak niður staura undir brúarstöpla haustið 2000. Verkinu lauk að mestu leyti 2001 og að fullu 2002.
Verktaki: Vegagerð, Myllan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla staura og niðurrekstur, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Bygging brúa, Brú Verktakar ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	2
2000	155
2001	140
2002	3
Samtals	300

31 Gilseyri – Kleifaós
Umfangs verks: Um er að ræða endurlögn 10 km kafla. Legu vegarins er breytt á tveimur stöðum, í Gilseyrarbrekku og við Borg, en er svo til óbreytt að öðru leyti. Breikkaðar eru tvær stuttar brýr á Hvalskurðará og Rjúkandi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 178 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	19
Vegáætlun 2002 Stórverkefni	106
Samtals	125

Verkframvinda: Verkið var boðið út vorið 2002 og vinna hafin í ágúst, lagfæringu á undirbyggingu og vinnslu efnis er lokið og einnig breikkun brúnna.
Verktakar: Vegagerð, Kubbur ehf., Ísafirði og undirverktaki Myllan ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Græðir sf., Flateyri.

Kostnaður:	m.kr.
2001	8
2002	115
Samtals	123

45 Hnífsdalur -Bolungarvík
Umfang verks: Um er að ræða nýjan vegarkafla 1,2 km langan ásamt nýrri 16 m langri brú á Ósá. Setja á upp lýsingu með vegarkaflanum.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 79 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Almenn verkefni 40
Til Brúargerðar 39
Samtals 79
Verkframvinda: Vorið 2002 var verkið boðið út ásamt hækkun Syðridalsvegar(629). Verkið hófst á vordögum og er gerð fyllingar ásamt byggingu brúar lokið, einnig er búið að mylja efni í burðarlag. Verklok eru áætluð 2003.
Verktaki: Vega- og brúargerð, Hólsvélar ehf., Bolungarvík. Mulningur efnis Myllan ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2002 66

62 Barðastrandarvegur
04 Kleifaheiði
Umfang verks: Leggja nýjan veg yfir Kleifaheiði frá Siglunesvegi að Örlygshafnarvegi, 12,5 km.
Framkvæmdaform: Vegagerð og efnisvinnsla, útboð. Lögn slitlags samningur.
Kostnaðaráætlun: 304 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri kafla ..... -7
Vegáætlun 2000 50
Fjáraukalög 2000 1
Vegáætlun 2001 152
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 49
Bráðabirgðalán 2002 48
Samtals 293
Verkframvinda: Vorið 2000 boðinn út kafli Patreksfjarðarmegin 5 km að lengd og lauk þeim kafla 2001. Árið 2001 var boðinn út annar kafli Barðastrandarmegin 7,0 km og lauk þeim kafla í aðalatriðum haustið 2002. Kaflinn var vígður af samgönguráðherra 27. september. Eftir er að leggja síðara lag slitlags á 7 km.
Verktaki: Vegagerð, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Efnisvinnsla, Myllan ehf., Egilsstöðum. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2000 61
2001 146
2002 86
Samtals 293
Skýringar: Umframkostnaður við kafla 03 Kross – Litlahlíð er greiddur af fjárveitingum til Kleifaheiðar.

612 Örlygshafnarvegur
01 Barðastrandarvegur - Örlygshöfn
Umfang verks: Lagður var nýr vegarkafli 2,6 km langur frá Skápadalsá út eftir. Á kaflanum voru tvær mjóar steinsteyptar rennur sem 2 m stálhólkar voru settir í.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt af 624 2
Vegáætlun 2002
Tengivegir 21
Viðhald brúa 2002 4
Samtals 27
Verkframvinda: Verkið var unnið á haustdögum og er lokið.
Verktaki: Vegagerð, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Efnisvinnsla, Sigurþór Pétur Þórisson, Hvalskeri.
Kostnaður: m.kr.
2002 27

02-04 Flugvallarvegur - Látrabjarg
Umfang verks: Endurlagður vegur um Vörðubrekku 2 km.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt af 624 2
Vegáætlun 2002
Ferðamannaleiðir 4
Bráðabirgðalán 2002 6
Samtals 12
Verkframvinda: Verkið var unnið á haustdögum 2002.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2002 12

629 Syðridalsvegur

01 Djúpvegur - Geirastaðir

Umfang verks: Hækkaður og endurbyggður vegarkafli 1,5 km.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 8 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	8

Verkframvinda: Verkið hófst á haustdögum en er ekki lokið. Verkið er hluti af útboðsverkinu á Djúpvegi um Ósá. Vegna tengsla verkanna var ekki mögulegt að ljúka verkinu 2002.

Verktaki: Hólsvélar ehf., Bolungarvík.

Kostnaður:	m.kr.
2002	5

637 Seljalandsdalsvegur

Umfang verks: Framlenging Seljalandsdalsvegar að nýrri skíðalyftu.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	8

Verkframvinda: verkið var unnið á árinu 2001.

Verktaki: Ísafjarðarbær.

Kostnaður:	m.kr.
2001	8

643 Strandavegur

04 um Bjarnarfjörð

Umfang verks: Endurlögn og styrking á 4,7 km vegarkafla í Bjarnarfirði frá Bjarnarfjarðará að Deildará.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun 30 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	27
Bráðabirgðalán 2002	2
Samtals	29

Verkframvinda: Verkið var boðið út haustið 2001 og hófst verkið strax. Lokið var á því ári að leggja burðarlag á mikinn hluta kaflans. Verkinu lauk í júlí 2002.

Verktaki: Vegagerð, Kubbur ehf., Ísafirði. Efnisvinnsla, Varðan ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	13
2002	16
Samtals	29

04-08 Bjarnarfjörður – Norðurfjörður

Umfang verks: Markmiðið er að lagfæra leiðina sem sumarveg og er því fyrst og fremst lögð áhersla á að bæta yfirborðið auk annarra smávægilegra lagfæringa.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	9
Vegáætlun 2000	6
Vegáætlun 2001	11
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	6
Samtals	32

Verkframvinda: Árið 1999, Skarfadalsá - Búðará: Breikkun og hreinsun rása ásamt afréttingu og mölburði með óunnu efni á um 10 km löngum kafla. Lagfærður snjóastaður rétt utan við Naustavík í Reykjafirði.

Árnes II – Norðurfjörður: Lagfæring snjóastaðar við Mela ásamt afréttingu og mölburði á um 7 km löngum kafla. Unnið malarslitlagsefni á tveimur stöðum, í Norðurfjarðarurðum og við Gjögur samtals 3.600 m^3.

Árið 2000, mölborinn og lagfærður lítillega kafli frá Sætrakleif að Reykjanesá. Einnig malað efni í Birgisvík í Veiðileysufirði.

Árið 2001, mölborið frá Kaldbaksvík að Birgisvík og frá Melum að Árnesi auk styttri kafla.

Verktaki: Efnisvinnsla, Varðan ehf., Hólmavík. Mölburður, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	8
2000	12
2001	5
Samtals	25

645 Drangsnesvegur
01 Reykjanes - Drangsnes
Umfang verks: Nýlögn og að hluta endurlögn á samtals 2,2 km vegarkafla um Hveravík frá Kleifum að Akranesi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 61 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-6
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	22
Bráðabirgðalán 2002	32
Samtals	48

Verkframvinda: Verkið var boðið út vorið 2002 og hófst verkið strax og lauk síðla hausts.
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2002	48

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002. Vegarkaflinn er nú með malaryfirborði en gert er ráð fyrir lagningu bundins slitlags eftir nokkur ár.

Norðurland vestra

1 Hringvegur
k8 Vatnsdalsá
Umfang verks: Endurbygging á einbreiðri brú á Vatnsdalsá en nýja brúin verður 70 m löng og tvíbreið. Einnig verður vegur aðlagaður á 0,7 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Vegagerð, smíði stálbita og framleiðsla eininga, útboð. Bygging brúar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 121 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	45
Bráðabirgðalán 2002	34
Samtals	79

Verkframvinda: Lokið var við gerð bráðabirgðabrúar og bráðabirgðavegar á árinu 2002. Einnig var lokið við rif gömlu brúarinnar og gerð undirstaða fyrir nýja brú.
Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Sauðárkróki. Smíði stálbita, Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi. Smíði forsteyptra eininga, Loftorka ehf., Borgarnesi. Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2002	79

711 Vatnsnesvegur
02 Skarð - Hamarsá
Umfang verks: Nýbygging 2,4 km kafla á Vatnsnesvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	13

Verkframvinda: Verki lauk að mestu á árinu 2002 en eftir er lokafrágangur.
Verktaki: SE verktakar ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2002	12

717 Borgarvegur
01 Síðuvegur - Borgarvirki
Umfang verks: Styrking á á 6,7 km vegarkafla rétt sunnan Stóru-Borgar að Síðuvegi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	2
Vegáætlun 2001	2
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	2
Samtals	6

Verkframvinda: Lokið var við styrkingu kaflans á árinu 2000, en verkinu lauk á árinu 2001.
Verktaki: Vörubílstjórafélag Vestur-Húnavatnssýslu.

Kostnaður:	m.kr.
2000	2
2001	4
Samtals	6

722 Vatnsdalsvegur
04 Steinkot - Hringvegur
Umfang verks: Nýbygging 2,7 km kafla á Vatnsdalsvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	33
Flutt af kafla 01	5
Flutt af 752	2
Samtals	40

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2002.
Verktaki: Fjörður sf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2002	40

03 um Gilá
Umfang verks: Stálrör í stað einbreiðrar brúar á Gilá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Smábrýr	3
Viðhald brúa	1
Samtals	4

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2002.
Verktaki: Fjörður sf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2002	4

744 Þverárfjallsvegur
01-02 Þverá - Skagavegur
Umfang verks: 1. áfangi nýbygging 12 km kafla frá Þverá að Skagavegi. Umsamin verklok voru í september 2002. 2. áfangi, nýbygging 2,5 km kafla frá Þverá að eyðibýlinu Skúfi. Umsamin verklok eru í september 2003.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi 309 m.kr. 2. áfangi 74 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	45
Vegáætlun 2000	45
Vegáætlun 2001	119
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	72
Stórverkefni	35
Fjáraukalög 2002	70
Samtals	386

Verkframvinda: 1. áfangi, verkið hófst í ágúst 2000 og var þá að mestu lokið við undirbyggingu á 7,5 km löngum kafla frá Þverá að Illugastöðum. Einnig var unnið við gerð stálplöturæsis í Laxá. Á árinu 2001 var lokið við undirbyggingu alls kaflans og gerð neðra burðarlags á 5 km löngum kafla frá Skagavegi og vestur fyrir Illugastaði. Á árinu 2002 var verkinu að mestu lokið en eftir er lokafrágangur vegsvæðis og eftir er að leggja seinna lag klæðingar. 2. áfangi, verkið hófst í október 2002 og lokið er við 80% af fyllingum.
Verktaki: 1. áfangi, Suðurverk hf., Reykjavík. 2. áfangi, Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2000	97
2001	90
2002	116
Samtals	303

746 Tindastólsvegur
Umfang verks: Nýbygging 4,0 km kafla frá Skagavegi að skíðasvæði í Lambárbotnum.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn malarslitlags, samningur.
Kostnaðaráætlun: 55 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign tengivega	7
Vegáætlun 1998	5
Vegáætlun 1999	14
Vegáætlun 2000	6
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	5
Samtals	37

Verkframvinda: Verkið hófst 1999 og lauk árið 2000.
Verktaki: Höttur sf., Hrútafirði sá um vegagerð en útlögn malarslitlags var unnin af Þórði Hansen og Sigurði Eiríkssyni, Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
1999	27
2000	10
Samtals	37

F752 Skagafjarðarleið
Umfang verks: Endurbætur á 6 km löngum kafla frá Giljum að Þorljótsstöðum og rásagerð meðfram 2 km löngum vegarkafla um Þorljótsstaðabrekkur.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 6 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	1
Vegáætlun 2000	2
Vegáætlun 2001	3
Samtals	6

Verkframvinda: Lokið var við endurbætur kaflans frá Giljum að Þorljótsstöðum árið 2000. Á árinu 2001 var lokið við að grafa vegrásir meðfram veginum frá Þorljótsstöðum og upp að Hraunadal alls 2 km. Efni úr rásunum var notað til að breikka veginn. Á árinu 2002 var leiðin fram að Laugafelli hefluð og grjóthreinsuð.
Verktaki: Þórður Hansen og Sigurður Eiríksson, Fjörður ehf. og Króksverk ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2000	3
2001	2
2002	1
Samtals	6

753 Vindheimavegur
01 Hringvegur - Vindheimar
Umfang verks: Styrking og endurbætur á 5,2 km frá Hringvegi að Vindheimamelum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðhaldsfé 2001	4
Vegáætlun 2002 Ferðamannaleiðir	11
Samtals	15

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2001.
Verktaki: Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2001	15

764 Hegranesvegur
01-02 Hróarsdalur - Keldudalur
Umfang verks: Nýbygging á 1,1 km löngum kafla frá Hróarsdal að Keldudal og endurbygging á 1,2 km löngum kafla við Hegrabjarg.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	11
Vegáætlun 2002 Ferðamannaleiðir	4
Samtals	15

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2000.
Verktaki: Steypustöð Skagafjarðar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	15

793 Skarðsvegur
01 Flugvallarvegur - skíðasvæði
Umfang verks: Nýbygging á 0,5 km löngum kafla um skíðasvæðið á Skarðsdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002 Ferðamannaleiðir	11
Bráðabirgðalán 2002	5
Samtals	16

Verkframvinda: Verkinu lauk að mestu á árinu 2002 en eftir er frágangur fláa og svæða við hlið vegar.
Verktaki: Bás ehf., Siglufirði.

Kostnaður:	m.kr.
2002	16

F578 Arnarvatnsvegur
Umfang verks: Styrking og endurbætur á 7 km löngum kafla frá Hólmavatni að Arnarvatni.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	7

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2002.
Verktaki: Þórarinn Kristinsson.

Kostnaður:	m.kr.
2002	8

7350 Steinárvegur
01 um Svartá
Umfang verks: Endurbygging á 36 m langri brú á Svartá í Svartárdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 20 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	10
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	7
Samtals	17

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2001.
Verktaki: Stálbær ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	16

Norðurland eystra

1 Hringvegur
p4 Krossastaðir - Ólafsfjarðarvegur
Umfang verks: Nýbygging á 3,8 km löngum kafla frá Krossastöðum að vegamótum Ólafsfjarðarvegar.
Framkvæmdir hófust 2001.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 106 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	67
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	15
Samtals	82

Verkframvinda: Vegagerð lauk á árinu 2001. Efra lag klæðingar var lagt 2002.
Verktaki: Vegagerð, Möl og sandur hf., Akureyri. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	74
2002	5
Samtals	79

q9 Mývatnsheiði
Umfang verks: Nýbygging og einföld klæðing á 12,96 km langan kafla frá Reykjadalsá að Helluvaði ásamt stálplöturæsi í Reykjadalsá í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdatími 2002 og 2003.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 288 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	100
Bráðabirgðalán 2002	76
Samtals	176

Verkframvinda: Lokið var endurbyggingu á 4,7 km löngum kafla og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Ístak hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	7
2002	169
Samtals	176

Skýringar: Eftir er að aka neðra- og efra burðarlagi og leggja klæðingu á 8,26 km langan kafla. Fjárveiting er í vegáætlun 2003.

r4- r5 Austaribrekka - Jökulsá
Umfang verks: Nýbygging á 17,1 km löngum kafla frá Hólmatungnavegi að Jökulsá á Fjöllum.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 228 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 83
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001 148
Bráðabirgðalán 2002 8
Samtals 241
Verkframvinda: Lagt var efra lag klæðingar á árinu 2002.
Verktaki: Vegagerð, Arnarfell ehf., Akureyri. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2000 82
2001 135
2002 24
Samtals 241

85 Norðausturvegur
06-09 Tjörnes
Umfang verks: Nýbygging á 25,7 km löngum kafla Norðausturvegar um Tjörnes og bygging 100 m langrar brúar á Lónsós. Verkið er unnið í þremur áföngum á árunum 1999-2003.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar og niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, Héðinshöfði – Hringver, 109 m.kr.
2. áfangi, Hringver – Breiðavík, 256 m.kr.
3. áfangi, Bangastaðir – Víkingavatn og brú á Lónsós, 613 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 104
Vegáætlun 2000 119
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001 269
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 265
Bráðabirgðalán 36
Samtals 795
Verkframvinda: Á árinu 1999 var lokið við 1. áfanga, nýbyggingu á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri. Á árunum 2000-2001 var lokið við 2. áfanga, nýbyggingu á 9,68 km löngum kafla frá Hringveri að Breiðuvík. Á árinu 2001 var boðinn út 10,4 km langur kafli frá Bangastöðum að Víkingavatni og hófust framkvæmdir við hann í nóvember. Á árinu 2002 var haldið áfram við gerð kaflans og byggð brú á Lónsós.
Verktaki: Vegagerð Héðinshöfði – Hringver, Klæðning ehf., Garðabæ. Vegagerð Hringver – Breiðavík, Suðurverk hf., Reykjavík. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Egilsstöðum. Vegagerð Bangastaðir – Víkingavatn, Ístak hf., Reykjavík. Brúargerð, Vík ehf., trésmiðja, Húsavík. Seinna lag klæðingar og niðurrekstur staura, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 99
2000 188
2001 116
2002 392
Samtals 795
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2003-2004.

23 Kollavíkurá
Umfang verks: Setja stálræsi í stað einbreiðrar brúar yfir Kollavíkurá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Smábrýr 3
Verkframvinda: Á árinu 2002 var keypt stálræsi og flutt á staðinn. Ræsið verður sett niður árið 2003.
Verktaki: Sandöx ehf., Raufarhöfn.
Kostnaður: m.kr.
2002 2

24 Um Svalbarðsá
Umfang verks: Endurbygging á 6,78 km löngum kafla frá Sandá að Sævarlandi ásamt byggingu á 80 m langri stálbitabrú með steyptu gólfi á Svalbarðsá.
Framkvæmdaform: Vegagerð, smíði stálbita, framleiðsla forsteyptra platna og niðurrekstrarstaura, útboð. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 200 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 88
Vegáætlun 2001 20
Flutt af kafla 11 22
Flutt af kafla 12 25
Vegáætlun 2002 .....
Stórverkefni 5
Bráðabirgðalán 2002 34
Samtals 194
Verkframvinda: Verkið var að mestu unnið á árinu 2001. Á árinu 2002 var lokið við 3,5 km langan kafla frá Sævarlandi um Svalbarðsá að Skerþúfuási.
Verktaki: Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Smíði stálbita, Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi. Framleiðsla forsteyptra platna, Malarvinnslan hf., Egilsstöðum. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2001 160
2002 34
Samtals 194
Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar á kaflann frá Sævarlandi að Skerþúfuási. Fjárveiting er á árinu 2003.

87 Kísilvegur
03 Grímsstaðaheiði - Hvammavegur
Umfang verks: Nýbygging á 2,2 km löngum kafla sunnan Hvammavegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 36 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Frá fyrri áfanga 13
Vegáætlun 2001 30
Samtals 43
Verkframvinda: Lokið var við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar á árinu 2001. Árið 2002 var lagt seinna lag klæðingar. Á árinu 2002 var hann einnig styrktur með bikbundnu lagi og lagt bundið slitlag á um 1 km kafla við enda slitlags í Mývatnssveit.
Verktaki: Styrking, Arnardalur sf., Reykjavík. Klæðing, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2001 26
2002 8
Samtals 34
Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag á kaflann sem styrktur var.

805 Svarfaðardalsvegur
01 Húsabakkaskóli - Tunguvegur

807 Skíðadalsvegur
01 um Skíðadals- og Svarfaðardalsá
Umfang verks: Endurbygging brúa á Hofsá og Skíðadalsá á Skíðadalsvegi (807) og Svarfaðardalsár á Tunguvegi (806) ásamt 8,28 km vegagerð á Skíðadals- og Svarfaðardalsvegi.
Framkvæmdaform: Vega- og brúagerð, útboð. Niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 294 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 92
Vegáætlun 2002
Tengivegir 72
Til brúargerðar 53
Samtals 217
Verkframvinda: Á Svarfaðardalsvegi var lokið 3,8 km löngum kafla og lagt á hann neðra lag klæðingar, einnig var burðarlagi ekið á 0,8 km langan kafla. Á Tunguveg var undirbyggt og lagt neðra burðarlag. Lokið var við byggingu brúa yfir Svarfaðardalsá og Skíðadalsá.
Verktaki: Vegagerð, Árni Helgason, Ólafsfirði. Brú á Svarfaðardalsá, Norðurvík ehf., Húsavík. Brú á Skíðadalsá, Lárus Einarsson sf., Mosfellsbæ. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk hf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2001 5
2002 175
Samtals 180

Skýringar: Eftir er að ljúka framkvæmdum á um 4,5 km kafla og að byggja brú á Hofsá. Fjárveiting er á vegáætlun 2003.

832 Vaðlaheiðarvegur
Umfang verks: Vegurinn afvatnaður (skurðgröftur) að austanverðu og styrktur og endurbættur á nokkrum stöðum.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	2
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	2
Samtals	4

Verkframvinda: Áfanganum lauk á árinu.
Verktaki: Jarðverk ehf., Nesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	1
2002	3
Samtals	4

837 Hlíðarfjallsvegur
03 Rangárvellir - Skíðastaðir
Umfang verks: Nýbygging á 4,26 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Rangárvöllum að Skíðastöðum. Áætluð verklok 1. ágúst 2003.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	35
Bráðabirgðalán	15
Samtals	50

Verkframvinda: Lokið var við 2,9 km langan kafla og lagt á hann neðra lag klæðingar og neðra burðarlag lagt á það sem eftir var af veginum.
Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	1
2002	49
Samtals	50

Skýringar: Fjárveiting er á Vegáætlun 2003.

F862 Hólmatungnavegur
02 Norðausturvegur - Vesturdalur
Umfang verks: Lagfæring vegar og lagt unnið malarslitlag á um 10 km kafla frá Norðausturvegi og að Vesturárdal.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	5

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2002.
Verktaki: Sandöx ehf., Öxarfirði

Kostnaður:	m.kr.
2002	3

869 Langanesvegur
Umfang verks: Lagfæringar á veginum út Langanes.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	4
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	2
Samtals	6

Verkframvinda: Styrktur og lagfærður um 17 km kafli frá Hrafnabjörgum og að Skoruvíkurbæ.
Verktaki: Þórshafnarhreppur.

Kostnaður:	m.kr.
2002	7

8716 Engidalsvegur
Engidalur - stöng
Umfang verks: Endurbygging á um 1,2 km kafla.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Ferðamannaleiðir	2

Verkframvinda: Lokið var við lagfæringu kaflans.
Verktaki: Sigurður Kristjánsson, Stöng Mývatnssveit.

Kostnaður:	m.kr.
2002	2

Vegur að Dettifossi

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Ferðamannaleiðir 30
Verkframvinda: Verkinu var frestað.

Austurland

1 Hringvegur

s1 Biskupsháls - Vegaskarð
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 9,6 km löngum kafla í Víðidal frá Biskupshálsi upp í Vegaskarð. Kaflinn er tvískiptur: fyrri hlutinn er 7,5 km, síðan er sleppt 3,4 km og þá teknir 2,1 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 244 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 45
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2002. Unnið við fyllingar, skeringar og ræsagerð.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2002 32

s1-s7 Biskupsháls - Skjöldólfsstaðir
Umfang verks: Nýbygging á 33 km löngum nýjum vegi frá Langadal að Ármótaseli og breikkun og lagfæring á leiðinni inn Langadal. Verkið er hluti af verkefninu tenging Norður- og Austurlands.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 606 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 50
Vegáætlun 1997 22
Vegáætlun 1998 184
Vegáætlun 1999 155
Vegáætlun 2000 127
Bráðabirgðalán 2002 25
Samtals 563
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í lok ágúst 1998. Undirbyggingu lauk frá Langadal að austurmörkum útboðs neðan Ármótasels. Um 2 km langur kafli um Ármótasel og yfir Víðidalsá tekinn í notkun síðla árs 1998. Árið 1999 var lagt neðra lag klæðingar á kaflann um Ármótasel og lokið að mestu undirbyggingu á öllum kaflanum. Árið 2000 var lokið við burðarlög, klæðingu og frágang vegsvæðis. Jafnframt var vegurinn inn Langadal að Hringvegi í Möðrudal (áður Norðausturvegur) lagfærður og breikkaður sumarið 2000. Nýr Hringvegur um Hárekksstaðaleið var formlega tekinn í notkun 20. október. Kostnaður á árunum 2001 og 2002 er vegna frágangs vegsvæðis og uppgjörs við verktaka.
Verktaki: Nýbygging vegar, Arnarfell ehf., Akureyri. Breikkun og lagfæringar í Langadal, Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 156
1999 213
2000 183
2001 8
2002 3
Samtals 563
Skýringar: Verkið var boðið út haustið 1997 en framkvæmdir frestuðust til 1998 vegna frekara mats á umhverfisáhrifum.

s6-s7 Ármótasel - Skjöldólfsstaðir
Umfang verks: Í fyrsta áfanga var unnið að endur- og nýbyggingu á 3,7 km löngum kafla frá Gilsá og um 0,8 km út fyrir Skjöldólfsstaði á Jökuldal og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Garðá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi: 60 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 40
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 23
Bráðabirgðalán 2002 14
Samtals 77
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust vorið 2001. Verki lokið með klæðingu

haustið 2001. Kostnaður á árinu 2002 er vegna lokafrágangs.
Verktaki: Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	74
2002	3
Samtals	77

s8-s9 Hofteigur - Hrólfsstaðir
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,5 km löngum kafla frá Svelgsá utan við Hofteig og 1,2 km út fyrir Hrólfsstaði á Jökuldal og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Hvanná.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 265 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-13
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2001	61
Vegáætlun 2002 Stórverkefni	94
Bráðabirgðalán 2002	65
Samtals	217

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í desember 2001. Komið neðra burðarlag á allan kaflann og búið að klæða um 6 km. Verklok áætluð haustið 2003.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	10
2002	207
Samtals	217

t9-u0 Ásunnarstaðir - Heydalir
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 12,1 km löngum kafla frá Ásunnarstöðum að Heydölum í Breiðdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 180 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	85
Bráðabirgðalán 2002	5
Samtals	90

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í apríl 2002. Undirbyggingu lokið með burðarlagi á allan kaflann og lokið klæðingu á 5,2 km. Verklok eru áætluð í september 2003.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	90

u4 Búðaá - Hvannabrekka
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 6,7 km löngum kafla frá Búðaá og inn fyrir Kelduskóga og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Skálaá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 135 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	50
Vegáætlun 2002 Stórverkefni	86
Samtals	136

Verkframvinda: Verkið hófst vorið 2001 og lauk árið 2002, en eftir er lokauppgjör við verktaka.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	68
2002	59
Samtals	127

u5 um Hvítá í Berufirði
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðrar brúar á Hvítá.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af Þórisá	6
Vegáætlun 2000 Smábrýr	3
Samtals	9

Verkframvinda: Keypt var stálrör en framkvæmdum frestað.

Kostnaður:	m.kr.
2002	2

u9 Melrakkanes - Blábjörg
Umfang verks: Endurbygging á 5 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	15
Vegáætlun 2002 Stórverkefni	55
Samtals	70

Verkframvinda: Verk hófst um mitt sumar 2002. Undirbyggingu og burðarlagi er lokið. Verklok eru áætluð í júní 2003.
Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2002	53

v1 Þvottár- og Hvalnesskriður

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-4
Vegáætlun 2002	33
Samtals	28

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

v4 Jökulsá í Lóni
Umfang verks: Brúin styrkt með viðbótar stálbitum og gólf endurnýjað og klætt með stálneti.
Framkvæmdaform: Stálsmíði, útboð. Styrking brúar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðhald brúa 2001	2
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	40
Samtals	42

Verkframvinda: Verk hófst vorið 2001 og lauk síðari hluta sumars það ár.
Verktaki: Stálsmíði, Vélsmiðja Sigurðar V Gunnarssonar ehf., Reykjavík. Styrking brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	40

v0 Hólmsá á Mýrum
Umfang verks: Bygging 60 m langrar stálbitabrúar með steyptu gólfi á Hólmsá á Mýrum í stað einbreiðrar brúar með lítið burðarþol og aðlögun vegar að nýju brúarstæði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, brúargerð 75 m.kr.
2. áfangi, tenging brúar 33 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	83
Flutt af x1 brýr í Suðursveit	3
Samtals	86

Verkframvinda: 1. áfangi, verkið hófst haustið 2001 og lauk vorið 2002.
2. áfangi verkið hófst vorið 2002 og er lokið með klæðingu.
Verktaki: 1. áfangi, Mikael ehf., Hornafirði. 2. áfangi, Ólafur Halldórsson, Tjörn.

Kostnaður:	m.kr.
2001	40
2002	46
Samtals	86

x1 Smyrlabjörg - Staðará
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 4 km löngum kafla milli Smyrlabjarga og Tröllaskarða í Suðursveit. Sett var stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar á Uppsalaá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 86 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-10
Vegáætlun 2001	21
Vegáætlun 2002	
Stórverkefni	32
Almenn verkefni	38
Bráðabirgðalán 2002	18
Samtals	99

Verkframvinda: Verk hófst vorið 2001 og var seinna lagi klæðingar lokið í vor. Þar með var komið bundið slitlag milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði og var af því tilefni settur upp skjöldur á áningarstað við Hestgerðiskamb.
Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	68
2002	31
Samtals	99

x0 Fláajökull
Umfang verks: Gerð 1,7 km langs varnargarðs við Fláajökul eftir hop jökulsins

til að halda Hólmsá í farvegi sínum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðhald brúa 2001	4
Viðhald brúa 2002	7
Flutt af x1 brýr í Suðursveit	19
Samtals	30

Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2001 og voru verklok í júlí 2002.

Kostnaður:	m.kr.
2001	4
2002	26
Samtals	30

Skýringar: Engar fjárveitingar voru til verksins í vegáætlun og var það fjármagnað af fjárveitingum til brúa á Hringvegi í Suðursveit og af viðhaldi brúa. Eftir er lokauppgjör við verktaka.

x0-x1 brýr á Hringvegi í Suðursveit
Umfang verks: Endurbygging einbreiðra brúa á Staðará og Smyrlabjargará í Suðursveit.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	27
Vegáætlun 2002	
Til brúargerðar	21
Samtals	48

Skýringar: Framkvæmdum var frestað. Fjárveitingar notaðar til að greiða umframkostnað vegna brúargerðar á Hólmsá, 3 m.kr. og vegna varnargarða við Fláajökul sem nauðsynlegt var að ráðast í eftir hop jökulsins til að halda Hólmsá í farvegi sínum, 19 m.kr. og eldri skuldar á kafla v9 á Hringvegi, 14 m.kr. Eftirstöðvar eru því 13 m.kr.

85 Norðausturvegur
34 Hölkná - Miðheiðarhryggur
Umfang verks: Endurbygging á 9,6 km löngum kafla frá Hölkná að Miðheiðarhrygg og setja stálplöturæsi í Hölkná og Skálafjallalæk.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 158 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	14

Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember og eru framkvæmdir ekki hafnar.
Verktaki: Nóntindur ehf., Búðardal.

43-44 Brunahvammsháls – Hringvegur
Umfang verks: Nýbygging á 8,2 km löngum kafla á Vopnafjarðarheiði ásamt stálplöturæsi í Hölkná í stað einbreiðrar brúar. Verkið samanstendur af 5,9 km kafla frá Hringvegi og út fyrir Hölkná sem lokið var með klæðingu og 2,3 km bráðabirgðatengingu, með malarslitlagi, þaðan upp í Brunahvammsháls.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 184 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	63
Vegáætlun 2001	68
Samtals	131

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2000. Lokið undirbyggingu á öllum kaflanum, klæðingu og malarslitlagi. Eftir er að ljúka lokauppgjöri við verktaka.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2000	23
2001	76
2002	4
Samtals	103

91 Hafnarvegur
um Hafnará
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 0,4 km löngum kafla. Setja á stórt stálplöturæsi í Hafnará í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 16 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Smábrýr	3
Viðhald brúa	3
Samtals	6

Verkframvinda: Framkvæmdir hefjast með vorinu 2003. Verklok eru áætluð í ágúst 2003.
Verktaki: Nóntindur ehf., Búðardal.
Skýringar: Verkið var boðið út með kaflanum Hölkná - Miðheiðarhryggur.

92 Norðfjarðarvegur
07 Reyðarfjörður Sómastaðir
Umfang verks: Nýbygging á 4,9 km löngum kafla frá Selsteinahæð að Sómastöðum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, 185 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	
Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	170

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 2001. Lokið undirbyggingu vegarins. Verklok eru áætluð í júní 2003.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2002	89

10 um Norðfjarðará
Umfang verks: Bygging á nýrri 36 m langri brú á Norðfjarðará í stað einbreiðrar brúar og nýbygging á 1,5 km löngum kafla, frá Skuggahlíðarbrekku norður undir vegamót Kirkjubólsvegar, til að tengja nýja brú á Norðfjarðará.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningur.
Kostnaðaráætlun: 90 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	91
Vegáætlun 2002	
Almenn verkefni	9
Samtals	100

Verkframvinda: Framkvæmdir við brúargerð hófust í september 2001 eftir að gamla brúin hafði laskast í vatnavöxtum og var lokið við að steypa brúna um miðjan desember. Vegagerð hófst í október 2001 og lauk á árinu 2002.
Verktaki: Vegagerð, Myllan ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	73
2002	20
Samtals	93

12 við frystihús
Umfang verks: Lagfæring á beygju við frystihús á Neskaupstað.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 13 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	8
Bráðbirgðalán 2002	1
Samtals	9

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust með vorinu og er lokið með klæðingu nema tenging niður í Naustahvamm.
Verktaki: Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	2
2002	7
Samtals	9

93 Seyðisfjarðarvegur
01 um Eyvindará
Umfang verks: Bygging steyptrar bogabrúar með 44 m löngum boga og 124 m langri akbraut ásamt 0,5 km langri vegtengingu í stað einbreiðrar brúar frá árinu 1919.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 128 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	92
Vegáætlun 2001	45
Samtals	137

Verkframvinda: Verkið boðið út haustið 2000 og framkvæmdir hófust rétt fyrir áramótin. Brúarsmíði lauk á árinu 2001 og var brúin tengd þá um haustið. Bundnu slitlagi og lokafrágangi lauk í sumarið 2002.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður: m.kr.
2000 4
2001 104
2002 19
Samtals 127

06 við ferjuhöfn
Umfang verks: Byggð 28 m löng steypt eftirspennt bitabrú, á Seyðisfjarðarvegi um nýja ferjuhöfn á Seyðisfirði og tengingar Seyðisfjarðarvegar.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Til brúargerðar 15
Ferðamannaleiðir 35
Bráðabirgðalán 2002 8
Samtals 58
Verkframvinda: Framkvæmdum við brú lauk á árinu. Vegagerð var boðin út með útboði á ferjuhöfninni á vegum Siglingastofnunar og Seyðisfjarðarbæjar. Framkvæmdum við vegagerð er ekki lokið.
Verktaki: Vegagerð, Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Mikael ehf., Hornafirði. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2002 58

96 Suðurfjarðavegur
11 Kambaskriður
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 4,6 km löngum kafla um Kambaskriður.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 210 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 80
Vegáætlun 2001 93
Vegáætlun 2002
Stórverkefni 46
Samtals 219
Verkframvinda: Verkið var boðið út fyrir áramót 2000 og framkvæmdir hófust í febrúar 2001. Verkinu lauk sumarið 2002. Eftir er lokauppgjör við verktaka.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.
Kostnaður: m.kr.
2001 105
2002 103
Samtals 208

97 Breiðdalsvíkurvegur
01 Hringvegur - Breiðdalsvík
Umfang verks: Endurbygging á 0,6 km langri tengingu við Breiðdalsvík frá Hringvegi hjá flugvelli.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 14
Verkframvinda: Undirbyggingu er lokið með fyrra lagi klæðingar.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.
Kostnaður: m.kr.
2002 10
Skýringar: Verkið var boðið út í ársbyrjun 2002 með verkinu Hringvegur, Ásunnarstaðir – Heydalir.

925 Hróarstunguvegur
02 Hallfreðarstaðir - Þórisvatn
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Tengivegir 18
Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

03 hjá Litla-Steinsvaði
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 7,2 km löngum kafla sem lokið var með malarslitlagi sumarið 2001.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 15
Vegáætlun 2001 5
Lagt til af viðhaldi 2002 4
Bráðabirgðalán 2002 11
Samtals 35
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust sumarið 2000. Unnið við skeringar,

fyllingar, ræsagerð og burðarlag. Verkinu lokið með malarslitlagi sumarið 2001. Lokafrágangur á námum fór fram sumarið 2002.
Verktaki: Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	19
2001	15
2002	1
Samtals	35

931 Upphéraðsvegur

01 Ekkjufell - Setberg
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 4,6 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 74 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	12
Vegáætlun 2002	
Tengivegir	5
Samtals	17

Verkframvinda: Verkið boðið út seinnipart sumars 2002 og framkvæmdir hófust um haustið. Lokið er undirbyggingu á hluta kaflans. Verklok eru áætluð í september 2003.
Verktaki: Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2002	12

Fljótsdalur
Umfang verks: Í vegáætlun 2000-2004 er fjárveiting til orku- og iðjuvega í Fljótsdal 600 m.kr. Gert er ráð fyrir endur- og nýbyggingu á um 17 km löngum kafla á nýjum Upphéraðsvegi frá Atlavík, um nýjar brýr á Gilsá, Jökulsá, Hengifossá og Bessastaðaá og að Valþjófsstað. Einnig er gert ráð fyrir endurbótum á núverandi vegi um Valþjófsstaðanes.
Framkvæmdaform: Vega- og brúagerð, útboð. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 600 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	300
Vegáætlun 2001	30
Framlag Landsvirkjunar 2001	150
Vegáætlun 2002	
Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	200
Samtals	680

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2000. Lokið var við styrkingu og endurbætur á 11,2 km löngum kafla á Upphéraðsvegi frá Brekku að Valþjófsstað og á 1,9 km löngum kafla um Valþjófsstaðanes frá Végarði að vegamótum við Kelduárkvísl með klæðingu, ásamt byggingu brúa á Hengifossá, Bessastaðaá og Jökulsá, haustið 2001. Verki lokið með klæðingu. Endur- og nýbygging á kaflanum frá Atlavík að Hjarðarbóli var lokið með klæðingu árið 2002 ásamt byggingu nýrrar brúar á Gilsá. Eftir er að ljúka lokauppgjöri við verktaka.
Verktaki: Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	17
2001	508
2002	130
Samtals	655

939 Axarvegur

01-02 Skriðdalur - Berufjörður
Umfang verks: Styrking og lagfæring á 20 km löngum vegaslóða á Öxi, frá Hringvegi í Skriðdal og að Hringvegi í Berufirði.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Fjármögnun: m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 1998 ... 7
Vegáætlun 1999 15
Vegáætlun 2000 10
Fjáraukalög 2000 1
Vegáætlun 2001 11
Vegáætlun 2002
Tengivegir 11
Ferðamannaleiðir 22
Bráðabirgðalán 2002 27
Samtals 104
Verkframvinda: 1. áfangi 1998: Endurbygging á 5 km löngum kafla á Öxi frá Stóralæk að Innri Víná.
2. áfangi 1999-2000: Endurbygging á 7 km löngum kafla frá Hringvegi í Skriðdal að Stóralæk annars vegar og hins vegar á 4 km löngum kafla frá Hemru að Hringvegi í Berufirði. Árið 1999 var byggð brú á Selá og á árinu 2000 brýr á Hemru og Innri-Víná. Brýrnar voru byggðar úr notuðu efni úr öðrum brúm.
3. áfangi 2001: Endurbygging á 4 km löngum kafla milli Innri Vínár og Hemru.
Verktaki: 1. áfangi, Ólafur Hjaltason, Skála í Berufirði. 2. og 3. áfangi, Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1998 7
1999 18
2000 30
2001 49
Samtals 104

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi
lagfæringar á þjóðvegum
Umfang verks: Árið 2002 var unnið við undirbyggingu vega, lagfæringu og kantsteina á ýmsum stöðum.
Framkvæmdaform: Samningur/útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -7
Vegáætlun 2002
Almenn verkefni 10
Bráðabirgðalán 2002 2
Samtals 5
Verkframvinda: Undirbyggingu og ræsalögn lokið, slitlag og kantsteinar eftir.
Verktaki: Vöggur ehf., Fáskrúðsfirði.
Kostnaður: m.kr.
2002 5

Göngubrú á Jökulsá í Lóni
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002
Tengivegir 10
Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

Annað
Jarðgangaáætlun
Umfang verks: Unnið var að undirbúningi útboða vegna jarðgangagerðar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar annars vegar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hins vegar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri árum 4
Vegáætlun 2001 200
Vegáætlun 2002
Jarðgangaáætlun 300
Samtals 504
Verkframvinda: Undirbúningsrannsóknum vegna fyrirhugaðrar gangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar lauk á árinu 2001. Lokið hefur verið við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og hönnun mannvirkja. Fortilkynning vegna fyrirhugaðs útboðs á evrópska efnahagssvæðinu var birt í lok ársins 2001. Á

árinu 2002 voru eftir forval valdir verktakar til þátttöku í lokuðu útboði. Í desember voru send til þeirra útboðsgögn vegna jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og gert ráð fyrir að senda út útboðsgögn vegna jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar snemma árs 2003.
Verktaki: Fjölmargar ráðgjafastofur á Norðurlandi, Austurlandi og í Reykjavík unnu að rannsóknum, hönnun og gerð útboðsgagna.

Kostnaður:	m.kr.
2001	102
2002	91
Samtals	193

Samgöngurannsóknir

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2001	10
Vegáætlun 2002 Stórverkefni	10
Samtals	30

Verkframvinda: Á árinu 2002 var unnið við gerð vegstaðla.

Kostnaður:	m.kr.
2002	2

Brýr 10 m og lengri

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá fyrri árum	15
Vegáætlun 2002 óráðstafað til brúargerðar	15
Samtals	30

Fylgiskjal III.

Landmótun við vegagerð

Í eftirfarandi töflu og stólparitum koma fram tölur um landmótun í vegagerð árið 2002. Þær eru teknar saman í umdæmunum og byggja að mestu á útboðsgögnum en sá hluti telst nokkuð ábyggilegur. Nokkur ónákvæmni gæti í sumum tilfellum stafað frá skiptingu milli ára í stærri verkum. Þar sem Vegagerðin kaupir jarðefni af handhöfum námuréttar, er frágangur á námum ekki skráður. Þetta á einkum við í Reykjanesumdæmi.

	Færsla jarðefna			Mótun yfirborðs			
				Óraskað land		Raskað land	
Umdæmi	Fyllingar þús. m^3	Burðarlög þús. m^3	Slitlög þús. m^3	Vegir þús. m^2	Námur þús. m^2	Vegir þús. m^2	Námur þús. m^2
Suðurland	486	207	41	118		394	358
Reykjanes	131	83	26			104	
Vesturland	379	114	66	74	1	100	25
Vestfirðir	801	182	49	295	920	328	241
Norðurland vestra	546	104	40	585	174	66	
Norðurland eystra	817	231	21	345	10	325	37
Austurland	1.083	327	24	454	154	324	86
Alls:	4.243	1.248	267	1.871	1.259	1.641	747

Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega

Birgðadeild og framkvæmdadeild taka árlega saman magntölur fyrir notkun á white spirit og aminum í slitlög og styrkingar. Notkun white spirit í klæðingar kemur fram á meðfylgjandi töflu og gröfum. Þar má einnig sjá heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall white spirit í þunnbiki. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi og er það árangur rannsókna og þróunar síðustu ára.

Á árinu 2000 voru notuð 96 tonn af aminum, þar af um 27 tonn í styrkingar.

Ár	Þunnbik þús. l	White spirit þús. l	Hlutfall %
1991	6.281	817	13,0
1992	8.524	1.108	13,0
1993	9.506	1.236	13,0
1994	10.081	1.311	13,0
1995	8.690	1.130	13,0
1996	8.767	1.052	11,2
1997	8.042	909	11,3
1998	8.893	934	10,5
1999	10.269	1.017	9,9
2000	11.026	1.157	10,5
2001	12.342	1165	9,4
2002	10.702	975	9,1

Spilliefni í vegmálningu

Á árinu 2002 voru 2.320 km merktir með leysiefnamálningu, 1.644 km með plastspray og 15 km með vatnsmálningu, samtals 3.979 km en voru alls 3.217 km á árinu 2001. Aukning milli ár var þannig tæp 24%. Merktir voru 2.649 km í miðlínu og 1.330 km í kantlínu. Leysiefnamálningin inniheldur um 50% leysiefni og voru notaðir 127.600 lítrar af henni á árinu. Hlutfall vegkafla merkta með leysiefnamálningu var nú 58% en var 59% árið 2001.

Gerðar voru samanburðarprófanir með vatnsmálningu sumarið 2002 auk tilrauna með plastmálningu. Vatnsmálningin er alltaf að verða samkeppnishæfari þar sem gæðin eru á við leysiefnamálninguna og verðið er orðið það sama ef ekki lægra. Árið 2003 gæti svo farið að vatnsmálningin komi að miklu leyti í stað leysiefnamálningar.

Losun á CO_2 frá umferð á vegum

Losun á CO_2 frá umferð má reikna út frá mældri og áætlaðri notkun á eldsneyti. Sala á bensíni er skattstofn og heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar. Sala á dísilolíu hefur verið áætluð m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Losun árið 2002 er metin miðað við tölur um bensínnotkun og áætlaða notkun á dísilolíu.

Þróun í losun bifreiða á síðustu árum má lesa af línuritinu.



Ökuhraði

Vegagerðin hefur á undanförnum árum fylgst með ökuhraða á nokkrum vegaköflum.

Mældur er hraði fólksbíla í km/klst. þar sem akstur er óþvingaður af annarri umferð. Reiknaður er meðalhraði allra bíla og „85% hraði“, sem er sá hraði sem 85% af bílunum halda sig innan.

Árið 1999 var þessum köflum fjölgað nokkuð og frá árinu 2000 hefur verið tekin saman skýrsla um hraðamælingar.

Þrátt fyrir það þykir rétt að birta hér í eftirfarandi töflu niðurstöður fyrir sömu staði og síðustu ár. Þrír þeirra eru á Hringveginum, í Þórustaðamýri í Ölfusi, á Hellisheiði og við Hvassafell í Norðurárdal. Fjórði staðurinn er á Grindavíkurvegi við Svartsengi.

Ár	Hringvegur í Þórustaðamýri 1 d6-01		Hringvegur á Hellisheiði 1 d8-01		Grindavíkurvegur við Svartsengi 443 01-04		Hringvegur við Hvassafell 1 h1-04	
	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%
1983	78,4	87,6	84,9	95,0				
1984	79,6	90,1	88,4	98,3				
1985	82,6	93,6	86,3	98,6	83,8	96,3		
1986	81,4	91,2						
1987			87,9	97,7				
1988	82,9	92,2	93,3	104,2	96,0	96,7		
1989	91,1	101,1	94,1	103,9				
1990	88,9	97,9	89,6	99,3	89,3	99,7	96,9	108,2
1991	86,5	95,9	93,0	102,5			90,8	101,3
1992	87,1	96,7	92,8	102,3	91,0	103,3	84,8	93,9
1993	88,9	95,3	93,0	102,3	92,1	101,4	91,6	102,0
1994								
1995								
1996	90,7	99,5	95,9	104,8			90,0	100,0
1997								
1998			96,4	104,0	95,5	106,7	98,9	110,0
1999	99,1	103,2	96,7	104,6	94,5	104,8	99,7	109,6
2000	92,2	99,8	94,7	103,1	93,5	102,9	97,0	108,3
2001	93,6	101,6	96,3	104,1	95,1	105,1	100,4	112,0
2002	93,4	101,7	96,6	105,6	94,1	104,0	95,0	105,5

Mælingarnar sýna verulega aukningu í ökuhraða. Þó eru vísbendingar um að dregið hafi úr aukningunni á allra síðustu árum. Sveiflur á milli ára á einstökum stöðum eru verulegar og má að hluta skýra þær með misjöfnu ástandi slitlaga.

Fyrir tveimur árum hófst uppsetning á umferðargreinum við vegi. Á þeim tíma er búið að setja upp 20 greina af þremur gerðum. Einfaldasta gerðin telur fjölda bíla, mælir hraða og bil milli bíla og stærðarflokkar bíla í fjóra flokka. Þessi gerð er aðallega notuð í þéttbýli og á þeim stöðum þar sem minni kröfur eru gerðar til stærðarflokkunar á bílum. Milligerðin telur að auki fjölda öxla og stærðarflokkar bíla í 13 flokka. Greinar af þessari gerð eru á þeim stöðum þar sem mikilvægt er að stærðarflokka umferðina og telja fjölda öxla undir stærri bílum. Í flóknustu gerðinni bætist vigtun á hverjum öxli við (WIM). Einn greinir af þessari gerð er við Esjumela á Kjalarnesi.

Síðastliðið haust var búið að setja upp umferðargreina frá Selfossi, vestur um og endað á Mývatnsöræfum, aðallega á Hringveginum. Næsta sumar er áætlað að „loka" hringnum og setja upp greina frá Austurlandi og suður um. Síðan verða greinar settir á fleiri leiðir út frá Hringveginum og er áætlað að þeir verði alls um 60 til 70.

Umferðargreinarnir skila miklu magni af tölfræðilegum gögnum um umferðina, hver á sínum stað. Þeir eru mjög góðir til að fylgjast með umferðinni, hraða og bili milli bíla. Það er fyrst og fremst gert út frá öryggissjónarmiðum. Auk þess er unnið að því að greina þyngd farartækja og með samanburði á stærðarflokkun umferðarinnar á að greina þungaálagið á vegakerfið. Þetta er mjög mikilvægt vegna aukinnar þungaumferðar og hraðara niðurbrots á vegum.

Orka

Upplýsingar um orkunotkun árið 2002 eru fengnar frá orkuveitum landsins og koma fram í töflunni hér á eftir.

Upplýsingarnar eru tengdar við staði og verða ekki auðveldlega losaðar úr þeim tengslum þar sem raforka er mæld í kWst. samkvæmt mismunandi samningum milli staða og heitt vatn er mælt í tonnum með mismunandi hitastigi milli staða. Til samanburðar milli ára á einstökum stöðum eru tölurnar þó í fullu gildi.

Á súluritunum hér á eftir má sjá þróun í almennri raforkunotkun á síðustu árum, annars vegar á umdæmisskrifstofum Vegagerðarinnar og rekstri tengdum þeim og hins vegar í áhaldahúsum.

Staðsetning	Rafmagn Alm.notkun kWh	Rafmagn Hitun kWh	Heitt vatn tonn
Borgartún 5	269.034		
Borgartún 7, 2/4 hæð	59.544		
Borgartún 5, skrifst.			1.717
Borgartún 5, austur			12.077
Borgartún 5, verkst.			3.471
Stórhöfði	199.356		
Stórhöfði			2.844
Stórhöfði			31.631
Áhh. Vík, Mýrdal	18.166	85.566	
Áhh. Hvolsvelli	8.136		2.472
Áhh. Selfossi	63.295		13.354
Áhh. Borgarnesi	128.062		7.790
Áhh. Ólafsvík	20.626	79.407	
Áhh. Búðardal	13.091		3.942
Áhh. Patreksfirði	16.125	110.014	2.897
Áhh. Ísafirði	94.263	254.765	
Áhh. Hólmavík	42.741	82.883	
Áhh. Hvammstanga	47.050		4.420
Áhh. Sauðárkróki	105.080		7.002
Áhh. Akureyri	113.160		8.498
Áhh. Húsavík	30.534		3.437
Áhh. Þórshöfn	18.624	83.516	
Áhh. Vopnafirði	9.906	86.017	
Áhh. Fellabæ	30.749		2.686
Áhh. Reyðarfirði	81.299	279.488	
Áhh. Höfn, Hornaf.	36.057	103.322	2.883
Samtals	1. 406.898	1.164.978	111.121

Notkun pappírs á skrifstofum

Fylgst er með notkun á ljósritunar- og tölvupappír. Innkaup eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur því mismunandi birgðastaða skekkt nokkuð niðurstöðu um ársnotkun. Á allra síðustu árum hefur notkunin staðið í stað, en innkaup síðustu ára voru eins og fram kemur í meðfylgjandi stólpariti.



Lögn nýrra bundinna slitlaga

Á árinu 2002 var lagt bundið slitlag á hér um bil 120 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi. Árlegur akstur á þessum vegaköflum er á sjöundu millj. km.

Eldsneytissparnaður vegna þessa slitlags er um 130 þús. lítrar á ári og minnkun á losun kolefnistvíildis um 300 tonn á ári.

Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun voru á árinu 2002 sendar 3 matsskýrslur vegna lögformlegs mats á umhverfisáhrifum fyrir eftirtalin verk:

Reykjanesbraut, tvöföldun frá Fífuhvammsvegi að Álftanesvegi
Reykjanesbraut, tvöföldun um Hafnarfjörð frá Álftanesvegi að Ásbraut
Álftanesvegur og lenging Vífilsstaðavegar í Garðabæ



Á grafinu má sjá þróun í fjölda þessara matsskýrslna frá upphafi.

Ný lög um mat á umhverfisáhrifum sem sett voru 2000 hafa leitt til nokkurrar fækkunar á matsskýrslum fyrir vegagerð miðað við eldri lög.

Skipulagsstofnun úrskurðaði um fyrir eftirtalin verkefni:

Reykjanesbraut, tvöföldun um Hafnarfjörð frá Álftanesvegi að Ásbraut
Álftanesvegur og lenging Vífilsstaðavegar í Garðabæ
Reykjanesbraut, breikkun milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit
Reykjanesbraut, tvöföldun frá Fífuhvammsvegi að Álftanesvegi

1136. Nefndarálit [511. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Þróunarstofu Austurlands, Samtökum atvinnulífsins og Byggðarannsóknastofnun Íslands.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi samþykki að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**
Pétur H. Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.	Árni R. Árnason.	Árni Steinar Jóhannsson.
Kjartan Ólafsson.		Ólafur Örn Haraldsson.

1137. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorvald Kristinsson frá Samtökunum 78, Baldur Þórhallsson frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Halldór Reynisson og Ragnheiði Sverrisdóttur frá Biskupsstofu. Þá bárust umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Samtökunum 78, Jafnréttisstofu, Félagi sam- og tvíkynhneigðra stúdenta við Háskóla Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í umsögnum kemur m.a. fram mikilvægi þess að gera heildarúttekt á þessum málum og bæta réttarstöðu þessa hóps til jafns á við aðra í samfélaginu. Með skipun nefndarinnar er stigið mikilvægt skref í því að fá heildarsýn hvað stöðu þessa hóps varðar, en eins og kemur fram í greinargerð með tillögunni sést afar skýrt hversu réttarstaða samkynhneigðra er slæm þegar hún er borin saman við réttarstöðu sambúðarfólks og þeirra sem eru í hjónabandi.

Til grundvallar tillögunni liggur skýrsla frá mars 2001 sem unnin var í dómsmálaráðuneytinu um réttarstöðu fólks í sambúð og hjónabandi. Samkynhneigðir eiga ekki þann valkost að geta skráð sig í sambúð eins og aðrir heldur einungis að fara í staðfesta samvist. Stefnumið síðustu ára hafa ótvírætt verið í þá átt að leggja sambúð án vígslu í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum og er í skýrslunni gerð grein fyrir lagaákvæðum á fjölmörgum réttarsviðum sem sett hafa verið um réttarstöðu einstaklinga í óvígðri sambúð. Í skýrslunni er sérstaklega tekið fram að ekki hafi verið gerð úttekt á því hvort og þá hvernig rétt væri að setja einstök lagaákvæði um réttarstöðu samkynhneigðra í óstaðfestri samvist. Nú er því mikil réttaróvissa um hvort og á hvaða réttarsviðum unnt er að leggja að jöfnu sambúð gagnkynhneigðra og sambúð samkynhneigðra og rétt er að leggja áherslu á að þetta snertir bæði réttindi og skyldur samkynhneigðra í sambúð.

Mikil þróun og umræða hefur átt sér stað á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu um þessi mál, og margar breytingar hafa verið gerðar á lögum til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Mikilvægt er að skoða þessi mál heildstætt, bæði stöðuna hér heima og í öðrum löndum og verður það m.a. hlutverk þeirrar nefndar sem hér er gerð tillaga um.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
	Ólafur Örn Haraldsson.	

1138. Svar [617. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um þriggja fasa rafmagn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir fengu aðgang að þriggja fasa rafmagni á orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða árin 2001 og 2002, sundurgreint eftir landsvæðum?*
2. *Hver var kostnaðurinn við aðgang að þriggja fasa rafmagni á þessum svæðum sömu ár?*
3. *Hve miklu fjármagni er ætlað að verja í framkvæmdir við þriggja fasa rafmagn á árinu 2003?*
4. *Hefur verið boðið upp á tímabundna úrlausn, t.d. með uppsetningu á tíðnibreytum sem breyta eins fasa rafmagni í þriggja fasa, og ef svo er, hversu margir hafa fengið slíka úrlausn?*
5. *Er spenna óstöðug á einhverjum hlutum þessara svæða?*
6. *Verður breyting á aðgengi að þriggja fasa rafmagni samkvæmt frumvarpi til raforkulaga sem er til umfjöllunar á Alþingi?*

Iðnaðarráðuneytið leitaði til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hf. um svör við þeim spurningum er fram koma í fyrirspurninni. Meðfylgjandi svör byggjast því að mestu leyti á upplýsingum frá þessum fyrirtækjum.

Aðgangur að þriggja fasa rafmagni á orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Á árunum 2001 og 2002 var haldið áfram endurnýjun rafdreifikerfa Rariks og Orkubús Vestfjarða til sveita með lagningu þriggja fasa strengja í stað gamalla loftlína sem ýmist voru einfasa eða þriggja fasa. Við þetta fjölgaði þeim notendum sem hafa tekið eða fengið aðgang að þriggja fasa rafmagni eins og fram kemur í töflunni hér á eftir.

	2001	2002
Vesturland	14	13
Norðurland vestra	14	33
Norðurland eystra	23	38
Austurland	10	39
Suðurland	29	55
Vestfirðir	0	4
Samtals	**90**	**182**

Kostnaður.

Á árunum 2001 og 2002 var kostnaður Rariks og Orkubús Vestfjarða við styrkingu, endurnýjun og nýlagnir í sveitum eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Þessu fjármagni hefur að mestu verið varið til lagningar jarðstrengja sem í öllum tilfellum eru þriggja fasa og til endurnýjunar á spennistöðvum sem í flestum tilfellum eru þriggja fasa. Þær línur sem verið er að endurnýja eru ýmist einfasa eða þriggja fasa en almennt voru aðallínur þriggja fasa en álmur og aðallínur á strjálbýlum svæðum einfasa.

Hjá Orkubúi Vestfjarða var um að ræða notendur er bjuggu við þriggja fasa dreifikerfi, en voru tengdir á síðasta ári.

	2001 millj. kr.	2002 millj. kr.
Vesturland	40	60
Norðurland vestra	30	34,5
Norðurland eystra	41	60,5
Austurland	28,5	58
Suðurland	55,5	48
Vestfirðir	0	0,3
Samtals	**195**	**261**

Fjárveitingar til framkvæmda við þriggja fasa rafmagn 2003.

Hjá Rarik er á árinu 2003 áformað að verja 297 millj. kr. til styrkingar, endurnýjunar og nýlagna í sveitum. Eins og áður fer meginhluti fjármagnsins í að leggja þriggja fasa strengi og setja upp tilheyrandi spennistöðvar. Samfara endurnýjun kerfisins eykst þannig aðgangur að þriggja fasa rafmagni. Hjá Orkubúi Vestfjarða er ekki fyrirhugað að verja sérstöku fjármagni til vinnu við þriggja fasa rafmagn á árinu 2003.

Uppsetning á tíðnibreytum.

Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hafa ekki sett upp tíðnibreyta hjá notendum. Tíðnibreytar eru settir upp við einstaka mótora og eru hefðbundin tæki til að stýra snúningshraða þeirra, einnig þar sem aðgangur er að þriggja fasa rafmagni. Nokkuð er um að notendur hafi sett upp tíðnibreyta til að geta keyrt þriggja fasa mótora þar sem einfasa raforkudreifing er fyrir hendi.

Hjá fjórum notendum hafa Rafmagnsveitur ríkisins sett upp í tilraunaskyni svonefnda „rafhrúta“ sem breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa. Hjá Orkubúi Vestfjarða hefur þessum búnaði verið komið upp hjá einum notanda, sem staðsettur er langt utan við flutningskerfi fyrirtækisins. Markmiðið með notkun þessa búnaðar er m.a. að bera saman mismunandi tegundir hans og fá reynslu af rekstri á slíkum búnaði frá mismunandi framleiðendum. Verði

reynsla af búnaði þessum jákvæð verður notkun hans væntanlega aukin og þá fyrst hjá þeim notendum er mesta þörf hafa fyrir þriggja fasa rafmagn.

Spenna á svæðum.

Spenna á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubúsins er almennt í samræmi við staðla. Vegna aukinnar rafmagnsnotkunar á einstökum svæðum getur álag tímabundið valdið spennulækkun og um leið miklum töpum í flutnings- og dreifikerfi. Í slíkum tilvikum er yfirleitt bætt fljótlega úr því og tilvik sem þessi hafa forgang við endurbætur á dreifikerfinu.

Frumvarp til raforkulaga.

Ekki verður séð að frumvarp til raforkulaga hafi bein áhrif á aðgang að þriggja fasa rafmagni. Dreifiveitur munu áfram þurfa að reikna með eðlilegri endurnýjun á dreifikerfum í gjaldskrám sínum sem byggist á tekjumörkum þeirra þar sem m.a. er tekið tillit til þessa kostnaðar.

1139. Svar [630. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um sérstaka slysastaði í vegakerfinu.

1. *Hvað er gert til að lagfæra sérstaka slysastaði, eða svokallaða „svarta bletti“, í vegakerfinu, þ.e. í*
   a. *dreifbýli og*
   b. *þéttbýli?*

Rétt er að hafa þann formála á þessu svari að taka strax fram að allar endurbætur á vegakerfi landsins miða að mati ráðuneytisins að því að auka umferðaröryggi og lagfæra þar með slysastaði. Þetta ber að hafa í huga nú þegar að framlög til vegamála hafa aldrei í sögu Íslands verið meiri.

Dreifbýli. Vegagerðin vinnur eftir ákveðnum reglum um úttekt á slysastöðum og gerir kerfisbundnar úttektir á þjóðvegakerfinu. Árið 2002 voru lagaðir 22 staðir í þjóðvegakerfinu og voru aðgerðir breytilegar, frá því að bæta merkingar til endurgerðar á gatnamótum. Auk þess bæta ýmsar nýframkvæmdir umferðaröryggið. Vegagerðin lætur skoða öll hönnunargögn fyrir stærri framkvæmdir af sérstökum vinnuhópi í þeim tilgangi að koma eins og kostur er í veg fyrir að vegir séu lagðir með annmörkum sem gætu leitt til slysa.

Þéttbýli. Gerð voru tvenn hringtorg, annars vegar Hringvegur/Breiðholtsbraut og hins vegar Hringvegur/Skarhólabraut og var kostnaður greiddur af fjárveitingum til umferðaröryggis og nýbygginga. Allar nýbyggingar á höfuðborgarsvæðinu eiga að bæta umferðaröryggið og má þar nefna ný gatnamót og göngubrýr.

2. *Hversu mikið fé rennur árlega til lagfæringa á slysastöðum og hversu hátt hlutfall er það af öllum nýframkvæmdum í vegamálum?*
3. *Gerir samgönguáætlun til 2006 ráð fyrir að unnið sé að slíkum lagfæringum?*

Árið 2002 voru veittar 130 millj. kr. til lagfæringa á „svartblettum“ og eftirlits með þunga ökutækja og hvíldartíma ökumanna, ásamt almennri löggæslu í samvinnu við ríkislögreglu-

stjóra. Í breytingatillögum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 er lagt til að veita til öryggisaðgerða 140 millj. kr. árið 2003, 153 millj. kr. árið 2004, 184 millj. kr. árið 2005 og 194 millj. kr. árið 2006 en af þessum upphæðum verður 30 millj. kr. varið til umferðareftirlits. Hlutfall til lagfæringa á „svörtum blettum“ af stofnkostnaði samkvæmt breytingatillögunum er 1,1% árið 2003, 1,4% árið 2004, 1,9% árið 2005 og 2,2 % árið 2006. Þessu til viðbótar kemur fé til nýframkvæmda sem í mörgum tilfellum fer til að auka umferðaröryggi, m.a. má þar nefna breikkun brúa, gerð göngubrúa og gerð mislægra gatnamóta.

4. *Hefur verið lagt mat á arðsemi þess að lagfæra „svarta bletti“?*

Vegagerðin hefur gert fjórar skýrslur um úttektir á „svörtum blettum“ (sjá heimasíðu Vegagerðarinnar http://vgvefur.vegagerdin.is/) og þar er arðsemi hverrar aðgerðar reiknuð út.

5. *Kæmi til greina að verja ákveðnum hundraðshluta þeirrar upphæðar sem ríkisstjórnin ákvað nýverið að setja í framkvæmdir í vegamálum til lagfæringa á „svörtum blettum“ eða annarra aðgerða til að auka umferðaröryggi?*

Nauðsynlegt er fyrir Vegagerðina að hafa sérstaka fjárveitingu til ýmissa minni háttar lagfæringa á stöðum sem reynast varasamir og til að geta brugðist fljótt við ef nauðsyn krefur. Þarna er af nógu að taka, t.d. bætt umhverfi vega, lagfæringar á gatnamótum, uppsetning leiðara og margt fleira. Hefur því verið lagt til í samgönguáætlun að fjárveiting til þessa liðar fari hækkandi á næstu árum, eins og fram kemur í svari við 2. tölulið fyrirspurnarinnar. Eðlilegt er hins vegar að sérstakar fjárveitingar komi til stærri verkefna, eins og verið hefur.

1140. Svar [494. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um samanburð á nýgengi krabbameins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er munur á nýgengi og tíðni krabbameins á Íslandi og í öðrum löndum OECD eða þeim löndum sem við berum okkur helst saman við? Ef svo er, í hverju er munurinn aðallega fólginn?

Norrænu krabbameinsskrárnar teljast með bestu krabbameinsskrám veraldar og hófu þær starfsemi sína á árunum 1948–56, sú íslenskra var stofnuð 1954. Teljast þær í hæsta gæðaflokki í krabbameinsskrám samkvæmt þeim kröfum sem til slíkra stofnana eru gerðar. Ná þær allar til hverrar þjóðar í heild sinni. Norrænu skrárnar eiga mikið samstarf og hefur mikil vinna verið lögð í góðar upplýsingar og að þær séu sambærilegar og samanburður því réttur á milli landanna.

Á Norðurlöndunum, öðrum en Íslandi, er lagaleg skylda um skráningu krabbameina og hefur verið svo um árabil. Telur ráðherra vonir standa til að úr þessu verði einnig bætt hér á landi.

Eftirfarandi eru upplýsingar sem byggjast á samstarfsverkefni norrænu skránna. Nýgengi krabbameina í heild sinni, sem og nokkurra tíðustu meinanna á Íslandi, er hér borið saman

við hin fjögur Norðurlöndin, en þau lönd verða að teljast helstu samanburðarlönd okkar Íslendinga.

Öll mein.

Ísland er nálægt meðaltali Norðurlandanna hvað varðar nýgengi allra krabbameina, heldur í hærri kantinum þó, bæði fyrir konur og karla. Heildarmyndin skýrist að talsverðu leyti af þeim meinum sem hafa langhæst nýgengi, en þar er um að ræða brjóstakrabbamein (27% allra meina í konum á Norðurlöndunum), blöðruhálskirtilskrabbamein (24% allra meina í körlum), krabbamein í lungum (13% og 7% allra meina í körlum og konum) og krabbamein í ristli og endaþarmi (13% allra meina bæði í körlum og konum).

Brjóst.

Nýgengið hefur vaxið hratt á Íslandi síðustu áratugi eins og í nágrannalöndunum. Engin aukning hefur þó verið hjá konum yngri en 40 ára. Á Íslandi er nýgengið rétt fyrir ofan miðbik norrænu dreifingarinnar, en Norðurlöndin eru meðal þeirra þjóða sem hafa hæst nýgengi í heiminum. Þó er það enn hærra í Bandaríkjunum og Hollandi.

Blöðruháls.

Hér er mikill munur milli Norðurlandanna og er hæsta nýgengið á Íslandi. Þetta mein hefur nokkra sérstöðu því nýgengið er mjög háð þeim aðferðum sem notaðar eru til greiningar og skimunar. Talsverð aukning varð er farið var að beita skurðaðgerð er nefnist „Trans Uretral Resection" (TURP) og er aðgerðin þá gerð gegnum þvagrás til að nema brott góðkynja æxli í blöðruhálsi. Enn frekari aukning fylgdi í kjölfar þess að farið var að mæla sértækt mótefni í blóði „Prostate Specific Antigen" (PSA), en hækkaður styrkur þess getur bent til þess að krabbamein hafi myndast í blöðruhálsi.

Aukin beiting þessara aðferða leiðir til þess að einkennalaus mein hafa greinst í auknum mæli, en það er ekki í öllum tilvikum jákvætt af því að mikill hluti krabbameina í blöðruhálsi reynist vera í hvíld (latent), þ.e. þau þróast mjög hægt og eru því ekki hættuleg. Ekki eru til próf sem greina á milli þessara meina og hinna sem eru lífshættuleg.

Nýgengi í Danmörku er langlægst á Norðurlöndunum, sem er talið skýrast af því að þar er PSA-próf mun minna notað en hjá bræðraþjóðunum.

Lungu.

Nýgengi hjá íslenskum körlum er fyrir neðan meðallag miðað við hin Norðurlöndin, en íslensku konurnar hafa fram á síðustu ár haft hærra nýgengi en norrænar kynsystur þeirra og dánartíðni íslenskra kvenna af völdum lungnakrabbameins hefur um árabil verið sú hæsta í heiminum. Dönsku konurnar haf þó á allra síðustu árum komist upp fyrir þær íslensku.

Fullvíst er talið að skýringanna megi leita í reykingavenjum fyrir áratugum síðan, en það tekur a.m.k. 10–15 ár fyrir meinið að myndast. Íslensku konurnar byrjuðu fyrr en aðrar norrænar konur að reykja í miklum mæli. Fyrsti samanburður milli Norðurlandanna hvað varðar reykingavenjur er frá 1965 og þá reyktu íslenskar konur mest af þeim norrænu. Árið 1975 voru dönsku konurnar að komast upp fyrir þær íslensku í reykingum og hafa frá þeim tíma haldið þeirri vafasömu forystu.

Ristill og endaþarmur.

Ísland liggur fyrir neðan meðallag hvað varðar nýgengi þessarra meina þegar þau eru skoðuð sem ein heild. Nýgengið er langhæst hjá Dönum og Norðmönnum og hefur það

nánast tvöfaldast í Noregi frá því að skráning hófst, en hækkunin er mun minni hjá hinum þjóðunum.

Magi.

Ísland hefur hæst nýgengi Norðurlandanna, en það hefur þó lækkað mjög mikið frá því að skráning hófst og er nú aðeins þriðjungur af því sem það var hjá íslenskum körlum og hefur helmingast hjá konum. Þær hafa allan tímann haft talsvert lægra nýgengi en karlarnir, nema hjá einstaklingum sem greinast yngri en 40 ára, þar er nýgengið álíka hátt. Lækkun nýgengisins er talið tengjast breytingum á umhverfisþáttum. Breytingar í mataræði, minna um reyktan og saltaðan mat og meira af ávöxtum og grænmeti, sem og lækkuð tíðni sýkinga af völdum sýkilsins helicobacter pylori eru taldir mikilvægustu þættirnir. Sýkingin er talin skýra 58% allra krabbameina í maga. Magakrabbamein eru komin niður í 4% allra meina í körlum á Norðurlöndum og 2,7% allra meina í konum.

Sortumein í húð.

Nýgengi sortumeina í húð hefur meira en þrefaldast frá upphafi skráningar á öllum Norðurlöndunum. Íslenskir karlar hafa langlægsta nýgengið af norrænum körlum. Íslensku konurnar deildu lengi neðsta sætinu með þeim finnsku en eru nú komnar talsvert upp fyrir þær. Langsterkasti áhættuþátturinn er sólargeislun eða sambærileg geislun og er hún talin skýra 95% allra tilfella. Sérstaklega er talið varasamt að fá mikinn geislaskammt í stuttan tíma. Sortumein í húð eru nú orðin 3,6% allra meina í körlum og 4% í konum á Norðurlöndunum.

Leghals.

Nýgengið hefur helmingast á Norðurlöndunum frá því um 1964, en lækkunin er minnst í Noregi. Þar hófst skipuleg leghálskrabbameinsleit ekki fyrr en 1995. Skipuleg leit hófst hins vegar árið 1964 á Íslandi og er talið að henni megi þakka að svo mikil lækkun varð á nýgengi í stað þeirrar hækkunar sem búast mátti við í kjölfar aukins frjálsræðis í kynlífsháttum eftir að notkun getnaðarvarnapillunnar varð almenn eftir 1964, en sýking af völdum veirunnar „human papilloma virus“ (HPV) er talin orsaka stærstan hluta leghálskrabbameina. Þau eru nú aðeins 2,9% allra meina á Norðurlöndunum.

1141. Svar [559. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um sérfræðimenntaða lækna.

1. *Hversu margir sérfræðimenntaðir læknar sem starfa hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur? Svar óskast sundurliðað eftir deildum og sérgreinasviðum.*

Af 416 sérfræðingum við Landspítala – háskólasjúkrahús eru 221 jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur.

Fjöldi lækna í hlutastarfi eftir sviði og deild.

Barnasvið	
Barnalækningar	17
Barnaskurðlækningar	2
Geðsvið	
Almennir geðlæknar	27
Barna- og unglingageðdeild	2
Meinafræðingar	8
Kvensjúkdómalæknar	11
Lyflækningasvið 1	
Gigtarsjúkdómar	5
Hjartasjúkdómar	14
Húð- og kynsjúkdómar	3
Innkirtlasjúkdómar	3
Lungnasjúkdómar	12
Meltingasjúkdómar	8
Nýrnasjúkdómar	3
Taugasjúkdómar	5
Lyflækningasvið 2	
Blóðlækningar	5
Lækningar krabbameina	7
Rannsóknarstofnun	10
Skurðlækningasvið	
Almennir skurðlæknar	8
Augnlæknar	10
Bæklunarskurðlæknar	9
Háls-, nef- og eyrnalæknar	12
Heila- og taugaskurðlæknar	4
Lýtalæknar	5
Þvagfæraskurðlæknar	7
Æðaskurðlæknar	3
Slysa- og bráðalækningar	4
Svæfing og gjörgæsla	4
Öldrunarlækningar	8
Aðrir	5
Samtals	**221**

2. *Byggjast kjör sérfræðimenntaðra lækna, sem starfa hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur, á kjarasamningum lækna?*

Fram að þessu hafa um 60 læknar fengið hluta af launum sínum sem verktakar við ferliverk, en frá og með 1. mars 2003 byggjast laun allra sérfræðinga við Landspítala – háskólasjúkrahús alfarið á kjarasamningum lækna.

3. *Hvert er starfshlutfall sérfræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, sundurliðað eftir deildum og sérgreinum?*

Fjöldi lækna með atvinnurekstur í hlutastarfi eftir sviðum og deildum.

Svið	Deild	Starfshlutfall	Fjöldi
Barnasvið		40,00%	2
		60,00%	1
		70,00%	8
		80,00%	4
		100,00%	4
Geðsvið		8,59%	1
		32,00%	1
		40,00%	2
		50,00%	1
		60,00%	2
		80,00%	13
		100,00%	9
Meinafræðingar		50,00%	1
		80,00%	7
Kvennasvið		10,00%	1
		75,00%	3
		80,00%	7
Lyflækningasvið I	Gigtarsjúkdómar	32,00%	1
		60,00%	3
		100,00%	1
Lyflækningasvið I	Hjartasjúkdómar	40,00%	1
	Hjartasjúkdómar	60,00%	1
	Hjartasjúkdómar	65,00%	1
	Hjartasjúkdómar	80,00%	10
	Hjartasjúkdómar	100,00%	1
Lyflækningasvið I	Húð- og kynsjúkdómar	25,00%	1
	Húð- og kynsjúkdómar	50,00%	1
	Húð- og kynsjúkdómar	75,00%	1
Lyflækningasvið I	Innkirtlasjúkdómar	80,00%	2
	Innkirtlasjúkdómar	100,00%	1
Lyflækningasvið I	Lungnasjúkdómar	20,00%	1
	Lungnasjúkdómar	50,00%	2
	Lungnasjúkdómar	60,00%	1
	Lungnasjúkdómar	80,00%	8
Lyflækningasvið I	Meltingasjúkdómar	5,00%	1
	Meltingasjúkdómar	50,00%	1
	Meltingasjúkdómar	60,00%	1
	Meltingasjúkdómar	65,00%	2
	Meltingasjúkdómar	80,00%	3
Lyflækningasvið I	Nýrnasjúkdómar	50,00%	1
	Nýrnasjúkdómar	75,00%	1
	Nýrnasjúkdómar	80,00%	1
Lyflækningasvið I	Taugasjúkdómar	50,00%	1
	Taugasjúkdómar	60,00%	2
	Taugasjúkdómar	80,00%	2

Svið	Deild	Starfshlutfall	Fjöldi
Lyflækningasvið 2	Blóðlækningar	25,00%	1
	Blóðlækningar	30,00%	1
	Blóðlækningar	50,00%	1
	Blóðlækningar	80,00%	1
	Blóðlækningar	100,00%	1
Lyflækningasvið 2	Lækningar krabbameina	40,00%	1
	Lækningar krabbameina	80,00%	5
	Lækningar krabbameina	100,00%	1
Rannsóknarstofnun LSH		20,00%	4
		35,00%	1
		40,00%	1
		50,00%	1
		60,00%	1
		80,00%	2
Skurðlækningasvið	Almennir skurðlæknar	80,00%	8
Skurðlækningasvið	Augnlæknar	35,00%	1
	Augnlæknar	40,00%	3
	Augnlæknar	80,00%	6
Skurðlækningasvið	Bæklunarskurðlæknar	50,00%	1
	Bæklunarskurðlæknar	60,00%	2
	Bæklunarskurðlæknar	70,00%	1
	Bæklunarskurðlæknar	80,00%	5
Skurðlækningasvið	Háls-, nef- og eyrnalæknar	17,60%	3
	Háls-, nef- og eyrnalæknar	20,00%	1
	Háls-, nef- og eyrnalæknar	50,00%	5
	Háls-, nef- og eyrnalæknar	60,00%	2
	Háls-, nef- og eyrnalæknar	80,00%	1
Skurðlækningasvið	Heila- og taugaskurðlæknar	80,00%	2
	Heila- og taugaskurðlæknar	100,00%	2
Skurðlækningasvið	Lýtalæknar	50,00%	4
	Lýtalæknar	75,00%	1
Skurðlækningasvið	Þvagfæraskurðlæknar	20,00%	2
	Þvagfæraskurðlæknar	60,00%	1
	Þvagfæraskurðlæknar	80,00%	3
	Þvagfæraskurðlæknar	100,00%	1
Skurðlækningasvið	Æðaskurðlæknar	80,00%	2
	Æðaskurðlæknar	100,00%	1
Slysa- og bráðasvið	Slysa- og bráðalækningar	20,00%	1
	Slysa- og bráðalækningar	40,00%	1
	Slysa- og bráðalækningar	75,00%	1
	Slysa- og bráðalækningar	80,00%	1
Sæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	Sæfing og gjörgæsla	40,00%	2
	Sæfing og gjörgæsla	70,00%	1
	Sæfing og gjörgæsla	80,00%	1

Svið	Deild	Starfshlutfall	Fjöldi
Aðrir	Læknar á rannsóknastyrkjum	20,00%	1
		25,00%	2
		40,00%	1
		50,00%	1
Öldrunarlækningar	Öldrunarlækningadeild	25,00%	1
Öldrunarlækningar	Öldrunarlækningadeild	30,00%	1
Öldrunarlækningar	Öldrunarlækningadeild	50,00%	2
Öldrunarlækningar	Öldrunarlækningadeild	60,00%	1
Öldrunarlækningar	Öldrunarlækningadeild	65,00%	1
Öldrunarlækningar	Öldrunarlækningadeild	80,00%	1
Öldrunarlækningar	Öldrunarlækningadeild	100,00%	1

4. *Eru kjör sérfræðimenntaðra lækna sem starfa eingöngu hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi þau sömu og sérfræðinga sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur?*

Kjör sérfræðimenntaðra lækna við Landspítala – háskólasjúkrahús fara alfarið eftir kjarasamningum Læknafélags Íslands og fjármálaráðuneytisins. Almennt gildir sú regla að sérfræðingar sem reka eigin stofu eru ekki í meira en 80% starfi á spítalanum. Undantekning er að nokkrir yfirlæknar eru í 100% starfi meðan á aðlögun stendur, en þeir hætta eigin stofurekstri innan ákveðins umsamins tíma, vilji þeir starfa áfram sem yfirlæknar. Þeir sérfræðingar, sem eru í 100% starfi á spítalanum og ekki eru með eigin rekstur, eiga kost á 10% viðbótarálagi fyrir að helga sig starfinu á spítalanum.

Enn fremur er í kjarasamningi heimilt að veita launabætur fyrir sérstök ábyrgðarstörf eða umsjón með ákveðnum verkþáttum og eru þeir læknar sem helga sig starfi á spítalanum, látnir ganga fyrir með slíkar ábyrgðarstöður. Hvað varðar heildarkjör þá eru þeir læknar sem reka eigin stofu að jafnaði talsvert betur launaðir en þeir sem helga sig störfum á spítalanum.

5. *Eru aðrir sérfræðingar í hlutastarfi hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, svo sem sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar og næringarráðgjafar? Ef svo er:*
   a. *er það þá samkvæmt kjarasamningum,*
   b. *hversu margir eru sérfræðingarnir,*
   c. *hvernig skiptast þeir eftir starfsgreinum og deildum?*

Almennt gildir sú regla að þeir sem vinna fulla vinnu við spítalann starfi ekki annars staðar líka. Þó hefur tíðkast að nokkrir sjúkraþjálfarar á endurhæfingasviði leigi aðstöðu inni á spítalanum eftir dagvinnutíma og greiða fyrir það aðstöðugjald. Þeir eru tíu og samningar þeirra falla úr gildi 31. mars 2003.

1142. Svar [589. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um úthlutun sérstaks greiðslumarks í sauðfjárrækt.

1. *Hvað líður ákvörðun ráðherra um að úthluta 7.500 ærgilda greiðslumarki til svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt, sbr. yfirlýsingu ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þar að lútandi á Alþingi 9. maí árið 2000?*

Í nóvember 2001 sendi framkvæmdanefnd búvörusamninga erindi til Byggðastofnunar þar sem óskað var eftir að stofnunin skilgreindi þau svæði sem féllu undir að vera sérstaklega háð sauðfjárrækt og ættu takmarkaða möguleika til annarrar tekjuöflunar. Í lok febrúar sl. svaraði Byggðastofnun erindinu. Stofnunin skilgreindi sauðfjársvæði og lagði fram tillögur um viðmiðunarreglur við úthlutun andvirðis 7.500 ærgilda, en sú upphæð er áætluð 37 millj. kr. í fjárlögum. Tillögunar eru nú til athugunar hjá ráðuneytinu og verða þær einnig ræddar í framkvæmdanefnd búvörusamninga á næstunni þar sem fulltrúi Byggðastofnunar mun gera nánari grein fyrir tillögum og áherslum stjórnar stofnunarinnar í málinu.

2. *Hyggst ráðherra auglýsa eftir umsóknum um hlut í þessu greiðslumarki áður en til úthlutunar kemur?*

Ekki hefur verið tekin afstaða til þess en Byggðastofnun leggur til að stjórnvöld auglýsi opinberlega hvernig staðið verði að umræddri úthlutun andvirðis 7.500 ærgilda greiðslumarks í samræmi við sjónarmið um jafnræði og vandaða stjórnsýsluhætti.

3. *Hafa verið mótaðar vinnureglur um hvernig staðið skuli að úthlutuninni og hvaða forsendur eru eða verða lagðar til grundvallar:*
   a. *landgæði,*
   b. *tekjur umsækjenda,*
   c. *almennt atvinnuástand á viðkomandi svæði,*
   d. *annað?*

Eins og fyrr greinir eru tillögur Byggðastofnunar í athugun í ráðuneytinu. Byggðastofnun byggir tillögur sínar á tveimur meginþáttum. Í fyrsta lagi á svæðaskilgreiningu, þar sem tekið er tillit til vægi landbúnaðar á viðkomandi svæði, hlutfalli sauðfjárræktar í landbúnaði og hlutfalli sauðfjárræktar af heildarársverkum. Í öðru lagi bústærð viðkomandi bónda. Byggðastofnun telur mikilvægt að fjárstuðningur þessi fari fyrst og fremst til þeirra bænda sem hafa lifibrauð sitt af sauðfjárrækt, þ.e. að meiri hluti tekna þeirra komi af framleiðslu sauðfjárafurða og möguleikar til annarrar atvinnusóknar séu takmarkaðir. Því leggur stofnunin til að skilyrði fyrir úthlutun sé að viðkomandi hafi yfir 250 kindur og jafnframt að meiri hluti tekna ábúenda komi af sauðfjárrækt. Þetta er þó gert með þeirri undantekningu að sauðfjárbændur í Árneshreppi njóti tvöföldunar í úthlutunarfjárhæð og þar verði miðað við bændur með 150 kindur eða fleiri. Krafa um að meiri hluti rekstrartekna komi frá framleiðslu sauðfjárafurða stendur óbreytt.

Gert er ráð fyrir að 368 bændur fái úthlutað rúmlega 100 þús. kr. og tillaga er gerð um jafnháa greiðslu til þeirra sauðfjárbænda sem uppfylla forsendur úthlutunarinnar og að hún verði greidd í einu lagi í apríl eða maí nk.

Nánar vísast til tillagna Byggðastofnunar, sjá fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Byggðastofnun, þróunarsvið:

Skilgreining sauðfjársvæða og tillögur um reglur sem til viðmiðunar verði við úthlutun andvirðis 7.500 ærgilda.
(Lagt fyrir stjórn Byggðastofnunar 14. febrúar 2003.)

Inngangur.

Í erindi framkvæmdanefndar um búvörusamninga til Byggðastofnunar, dags. 12. nóvember 2001, var óskað eftir því að Byggðastofnun skilgreindi þau svæði sem féllu undir það að vera sérstaklega háð sauðfjárrækt og eiga takmarkaða möguleika til annarrar tekjuöflunar.

Á stjórnarfundi Byggðastofnunar hinn 12. desember 2001 var samþykkt að verða við erindinu í samræmi við yfirlýsingu landbúnaðarráðherra á Alþingi 9. maí 2000 þar sem segir að framkvæmd úthlutunarinnar verði þannig að Byggðastofnun verði falið að skilgreina svæðin og undirbúa reglur sem til viðmiðunar verði hafðar við úthlutun.

Minnisblað þetta inniheldur tillögur Byggðastofnunar um svæðaskilgreiningar og úthlutun fjármuna sem nemur andvirði beingreiðslna 7.500 ærgilda greiðslumarks í sauðfé árin 2003 til 2007. Heildarráðstöfunarfjárhæð nemur um 36 millj. kr. á ári í fimm ár.

Svæðaskilgreiningar í sauðfjárrækt.

Svæðaskilgreiningar í þeim tilgangi að greiða mishátt framlag til sauðfjárbænda hafa ekki verið unnar áður.

Í skýrslu Byggðastofnunar „Staða sauðfjárræktar og áhrif á byggðaþróun" frá 1997 eru skilgreind landsvæði sem talin voru háð sauðfjárrækt. Sú mynd sem þar fékkst er í góðu samræmi við upplýsingar Hagstofu Íslands um atvinnusókn 2001 og jafnframt svæðaflokkun þá sem fékkst í skýrslunni „Byggðir á Íslandi" (atvinnuþróunarsvæði 1–2). Greinilega fer saman að þar sem sauðfjárrækt er aðalatvinnugrein þar er jafnframt lakasta staða svæða í byggðalegu tilliti, sama hvaða mælikvarðar eru notaðir (mannfjöldabreytingar, tekjur o.fl.).

Eftir ýmsar athuganir var það niðurstaðan að svæðaskilgreiningin mundi byggjast á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um atvinnusókn í október 2001, skýrslu Byggðastofnunar „Byggðir á Íslandi" frá 1999 um atvinnuþróunarsvæði og upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands um ásetning haustið 2001.

Úthlutun.

Heildargreiðslumark ársins 2002 var tæp 353.000 ærgildi og því er ráðstöfun andvirðis 7.500 ærgilda til svæðamismununar um 2,1% af heildinni. Til þess að aðgerð þessi hafi tilætluð áhrif er mikilvægt að sú fjárhæð sem varið verður til einstakra sauðfjárbænda verði ekki undir 100.000 kr. Úthlutun 7.500 ærgilda til sauðfjárbænda á ákveðnum landsvæðum er byggðastuðningur og því mikilvægt að hann sé fyrirséður til lengri tíma en eins árs. Því er lagt til að úthlutunin standi að óbreyttum forsendum út samningstíma samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, þ.e. út árið 2007.[1]

[1] Hér þarf að skilgreina hvað átt sé við með óbreyttum forsendum. Krafa um búsetu er ótvíræð en ekki er víst að skynsamlegt sé að fella niður stuðning þó svo að sauðfé fækki niður fyrir viðmið, þ.e. 250 kindur, né þó svo að mælihlutföll breytist svæðisbundið á tímabilinu.

Ljóst er að allnokkrir hagsmunir eru í húfi fyrir einstaklinga og svæði sem byggja efnahag sinn að stórum hluta til á sauðfjárrækt þegar stjórnvöld ákveða hvort og þá hvernig skuli úthluta byggðastyrkjum til sauðfjárbænda. Því er mjög brýnt að gætt sé að sjónarmiðum um jafnræði við úthlutun og að fullnægjandi grundvöllur sé fyrir slíkum ákvörðunum enda byggjast þær eðli máls samkvæmt á mati. Það leiðir af óskráðri grundvallarreglu stjórnsýsluréttar um jafnræði að stjórnvöld verða jafnan að framkvæma úthlutanir þannig að leitast sé við að tryggja jafna möguleika allra þeirra sem til greina koma til að sýna fram á þörf sína fyrir slíka úthlutun. Það er því betur í samræmi við sjónarmið um jafnræði og vandaða stjórnsýsluhætti að stjórnvöld auglýsi opinberlega að til standi að úthluta takmörkuðum gæðum svo sem andvirði greiðslumarks í sauðfjárrækt. Á grundvelli framanritaðs er lagt til að fyrirhuguð úthlutun verði auglýst og gerð grein fyrir svæðaskilgreiningu og úthlutunarreglum.

Skilyrði fyrir úthlutun.

Það er mikilvægt að fjárstuðningur þessi fari fyrst og fremst til þeirra bænda sem hafa lifibrauð sitt af sauðfjárrækt, þ.e. að meiri hluti tekna þeirri komi af framleiðslu sauðfjárafurða og að möguleikar til annarrar atvinnusóknar séu takmarkaðir. Því hafa verið sett þau skilyrði fyrir úthlutun að viðkomandi hafi fjárfjölda yfir 250 kindur og jafnframt að meiri hluti tekna ábúenda komi af sauðfjárrækt. Stuðningurinn er eingöngu ætlaður þeim sem hafa sauðfjárrækt að aðalatvinnu. Árið 2001 voru sauðfjáreigendur í landinu (sv.f.nr. >3000) 2.734 og þar af 742 með fleiri en 250 kindur.

Nánari skilyrði fyrir úthlutun:

A. Að bústofn sé 250 kindur eða fleiri samkv. forðagæsluskýrslu 2001.[2]
B. Að meiri hluti rekstrartekna viðkomandi komi af framleiðslu sauðfjárafurða.[3]

Við ákvörðun stærðarviðmiðunar er rétt að skoða hvaða fjárhæðir væru til ráðstöfunar til hvers og eins miðað við mismunandi stærðarmörk.

	Fjöldi bænda	Áætluð fjárhæð
Fleiri en 100 ær	569	63.269
Fleiri en 150 ær	523	70.039
Fleiri en 200 ær	442	83.916
Fleiri en 250 ær	368	100.559
Fleiri en 300 ær	301	120.401

Gerð er tillaga um jafna greiðslufjárhæð til þeirra sauðfjárbænda sem uppfylla forsendur úthlutunarinnar og að hún verði greidd í einu lagi í apríl/maí.

---

[2] Með þeirri undantekningu að sauðfjárbændur í Árneshreppi njóti tvöföldunar í úthlutunarfjárhæð og þar verði miðað við bændur með 150 kindur eða fleiri. Krafa um að meiri hluti rekstrartekna komi frá framleiðslu sauðfjárafurða stendur óbreytt.

[3] Krafa er sett um að meiri hluti rekstrartekna (samkvæmt tekjuhlið landbúnaðarframtals eða eftir því sem við á samræmingarblaði) komi af sauðfjárrækt. Með þessu móti er náð yfir tekjur af ferðaþjónustu, hlunnindum, skólaakstri, rekstri vörubifreiða o.fl. Því er ekki tekið tillit til tekna á persónuframtali, svo sem launatekna, ellilífeyrisgreiðslna, sjúkradagpeninga o.fl.

Skilgreining svæða.

Við skilgreiningu svæða er m.a. byggt er á gögnum frá Hagstofu Íslands og er miðað við búsetu 1. október 2001 og staðgreiðslu í þeim mánuði. Landbúnaður er skilgreindur sem deildir 01 og 02 (í ÍSAT-95) og sauðfjárrækt er skilgreind sem grein 01221, þ.e. blandaður búskapur telst ekki með. Taldar voru einstakar kennitölur í viðmiðunarmánuði.

Hagstofa Íslands fer fram á að farið verði með þessar upplýsingar sem vinnugögn. Úr þeim má ekki birta heildartölur, né má birta eftir einstökum sveitarfélögum þar sem fjöldi einstaklinga getur verið mjög lítill. Gögnin eru bráðabirgðaupplýsingar þar sem enn eftir að gera á þeim ýmsar leiðréttingar, einkum hvað varðar fjölda starfandi. Hagstofa Íslands telur þær þó vera nærri lagi.

Við skilgreiningu svæða voru notaðir eftirfarandi þrír mælikvarðar:

- vægi landbúnaðar á viðkomandi svæði,
- hlutfall sauðfjárræktar í landbúnaði,
- hlutfall sauðfjárræktar af heild.

Eftirfarandi tafla sýnir stigagjöf einstakra mælikvarða.

Hlutfall landbúnaðar	Stig	Hlutfall sauðfjárræktar af landbúnaði	Stig	Hlutfall sauðfjárræktar af heild	Stig
< 30 %	0	< 25 %	0	< 25 %	0
30–39,9 %	0,5	25–29,9 %	0,5	25–29,9 %	1
40–49,9 %	0,75	30–34,9 %	1	30–34,9 %	2
50–59,9 %	1	35–39,9 %	1,5	35–39,9 %	3
=> 60 %	1,25	40–44,9 %	2	=> 40 %	4
		45–49,9 %	2,5		
		50–54,9 %	3		
		=> 55 %	3,5		

Auk upplýsinga um vægi landbúnaðar/sauðfjárræktar í atvinnulífi svæða er sett skilyrði um að viðkomandi svæði hafi flokkast atvinnuþróunarsvæði 1 eða 2 í flokkum dreifbýlis og dreifbýlis-þéttbýlis í skýrslu Byggðastofnunar „Byggðir á Íslandi“ frá 1999. Í þeirri flokkun var litið til þéttleika byggðar, breytingar í íbúafjölda, fækkun ársverka í landbúnaði, atvinnusamsetningar, frávik í tekjum o.fl.

Eftirfarandi forsendur eru fyrir svæðaskilgreiningu sauðfjársvæða:

- Að svæðið falli undir atvinnuþróunarsvæði 1 eða 2 samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar „Byggðir á Íslandi“ frá 1999.
- Að matsvægi sé 3,5 eða hærra þegar litið er til hlutar landbúnaðar af heildaratvinnusókn svæðis og hlut sauðfjárræktar af landbúnaði og af heild.

Á „sauðfjársvæðum“ skilgreindum á þennan hátt eru um 47 % sauðfjárbúa með fleiri en 250 kindur en aðeins rúm 19 % á öðrum svæðum.

Bústærð	Sauðfjársvæði	Hlutfall	Önnur svæði	Hlutfall	Samtals
1–50	154	19,57%	740	38,01%	894
51–100	64	8,13%	270	13,87%	334
101–150	46	5,84%	234	12,02%	280
151–200	81	10,29%	198	10,17%	279
201–250	74	9,40%	131	6,73%	205
251–300	67	8,51%	99	5,08%	166
> 300	301	38,25%	275	14,12%	576
Samtals	**787**		**1.947**		**2.734**



1143. Breytingartillaga [563. mál]

við till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, ArnbjS, ÞKG, SI, MS).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2003–2006 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun:

1. ALMENN SAMGÖNGUVERKEFNI

Unnið skal að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum í samgöngumálum í samræmi við stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 (tólf ára áætlun). Á árunum 2003–2006 verði unnið að verkefnum sem falla undir öll fjögur meginmarkmið samgönguáætlunar, m.a. eftirfarandi:

1.1 Markmið um greiðari samgöngur.
Verkefni:
a. Farið yfir tilhögun og fjármögnun almenningssamgangna í þéttbýli í samráði við sveitarfélög og fjármálaráðuneyti.
b. Endurbætt stýring umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin.
c. Unnið verði að rannsóknum og þróun á viðmiðum og líkönum til þess að meta samgöngukerfið og árangur af samgönguáætlun.
d. Tryggt verði að Ísland hafi fullan aðgang að gervihnattakerfum sem komið verður upp til staðsetningar á sjó, landi og í lofti, svo sem GPS, EGNOS og Galileo.

1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
Verkefni:
a. Endurskoðuð tilhögun rekstrar hjá samgöngustofnunum með aukna hagræðingu og skilvirkni að leiðarljósi.
b. Unnin úttekt og settar fram tillögur um hvernig megi nýta markaðsöflin við fjármögnun, uppbyggingu og rekstur samgangna frekar en nú er gert.
c. Skoðuð gjaldtaka af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna.
d. Unnið verði að því að taka upp eignastjórnunarkerfi og nýta kosti þess þar sem hagkvæmt þykir.

1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
Verkefni:
a. Efldar verði hvers konar rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænni samgöngum.
b. Farið yfir skattlagningu á eignarhaldi og notkun flugvéla, skipa og bifreiða með tilliti til umhverfisáhrifa þeirra í samráði við fjármálaráðuneytið.
c. Skilgreind verði líffræðilega mikilvæg hafsvæði og settar reglur um siglingar þar í samráði við umhverfisráðuneytið.
d. Leitað verði leiða til þess að farga skipum sem komin eru úr notkun.

1.4 Markmið um öryggi í samgöngum.
Verkefni:
a. Efldar verði hvers konar rannsóknir sem stuðlað geta að auknu öryggi í samgöngum.
b. Stuðlað að ábyrgri hegðun í umferð á vegum og götum með aukinni fræðslu, áróðri og eftirliti.
c. Unnið verði að rannsóknum sem stuðla að minni hættu á að skipum hvolfi og þær tengdar upplýsingum um veður og sjólag.
d. Eflt verði upplýsingastreymi um hvers konar atvik og atburði í almennum flugsamgöngum til að stuðla að auknu flugöryggi.

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN
2.1 Fjármál.

Árið 2003 á verðlagi þess árs en árin 2004–2006 á áætluðu meðalverðlagi 2004.	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Tekjur og framlög					
Markaðar tekjur					
Flugvallagjald	607,0	619,1	651,8	683,4	2.561,3
Afgreiðslugjald	16,6	16,9	16,9	16,9	67,3
Framlög úr ríkissjóði	1.127,7	910,5	914,4	918,4	3.871,0
Ríkistekjur	151,2	154,2	154,2	154,2	613,8
Sértekjur					
Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu	1.377,6	1.474,0	1.530,0	1.585,1	5.966,7
Aðrar sértekjur	457,5	466,7	466,7	466,7	1.857,6
Tekjur og framlög alls	**3.737,6**	**3.641,4**	**3.734,0**	**3.824,7**	**14.937,7**
Viðskiptahreyfingar					
Lántökur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Afborganir lána	0,0	-64,3	-166,3	-115,3	-345,9
Viðskiptahreyfingar alls	**0,0**	**-64,3**	**-166,3**	**-115,3**	**-345,9**
Til ráðstöfunar alls	**3.737,6**	**3.577,1**	**3.567,7**	**3.709,4**	**14.591,8**
Gjöld					
Rekstur og þjónusta					
Yfirstjórn	266,6	271,9	271,9	271,9	1.082,3
Flugvalla- og leiðsöguþjónusta	886,4	873,5	873,5	873,5	3.506,9
Flugumferðarþjónusta innan lands	248,5	253,5	253,5	253,5	1.009,0
Framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu	97,5	104,3	108,3	112,2	422,3
Alþjóðaflugþjónusta	1.377,6	1.474,0	1.530,0	1.585,1	5.966,7
Eftirlit og öryggismál	156,0	147,9	147,9	147,9	599,7
Rannsóknir	12,0	5,1	18,4	18,4	53,9
Minjar og saga	5,0	5,1	5,1	5,1	20,3
Rekstrargjöld alls	**3.049,6**	**3.135,3**	**3.208,6**	**3.267,6**	**12.661,1**
Viðhald og styrkir					
Viðhaldssjóðir	127,0	155,1	126,4	129,6	538,1
Viðhald og styrkir alls	**127,0**	**155,1**	**126,4**	**129,6**	**538,1**
Stofnkostnaður					
Flugvellir í grunnneti	397,0	264,3	321,4	336,7	1.319,4
Áður framkvæmt/afborganir	0,0	-64,3	-166,3	-115,3	-345,9
Áætlunarflugvellir utan grunnnets	0,0	0,0	5,1	0,0	5,1
Aðrir flugvellir utan grunnnets	14,0	9,2	0,0	0,0	23,2
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	150,0	77,5	72,5	90,8	390,8
Stofnkostnaður alls	**561,0**	**286,7**	**232,7**	**312,2**	**1.392,6**
Gjöld alls	**3.737,6**	**3.577,1**	**3.567,7**	**3.709,4**	**14.591,8**

2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
2.2.1 Viðhald.

	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Yfirborð brauta og hlaða	36,0	59,2	51,0	41,8
Byggingar og búnaður	9,0	9,2	7,1	8,2
Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar	7,0	7,1	7,1	8,2
Tækjasjóður	75,0	79,6	61,2	71,4
	127,0	**155,1**	**126,4**	**129,6**

2.2.2 Stofnkostnaður.
2.2.2.1 Grunnnet.

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
I	**Reykjavíkurflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	89,5	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	131,0	0,0	5,1	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	22,0	36,7	13,3	19,4
	Samtals	**242,5**	**36,7**	**18,4**	**19,4**
I	**Akureyrarflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	8,2	16,3
	2. Byggingar	46,0	25,5	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9,0	8,2	46,9	8,2
	Samtals	**55,0**	**33,7**	**55,1**	**24,5**
I	**Egilsstaðaflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	8,5	2,6	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	20,4
	Samtals	**8,5**	**2,6**	**0,0**	**20,4**
II	**Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	8,2	12,2
	2. Byggingar	0,0	20,9	5,1	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	20,0	0,0	0,0	30,6
	Samtals	**20,0**	**20,9**	**13,3**	**42,8**
II	**Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri**				
	1. Flugbrautir og hlöð	12,5	64,3	53,0	58,2
	2. Byggingar	14,5	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	15,3	30,6
	Samtals	**27,0**	**64,3**	**68,3**	**88,8**

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
II	**Hornafjarðarflugvöllur**				
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	5,1
	Samtals	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**5,1**
II	**Bíldudalur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	3,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	20,4
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
	Samtals	**3,0**	**0,0**	**0,0**	**20,4**
III	**Grímsey**				
	1. Flugbrautir og hlöð	41,0	41,8	0,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
	Samtals	**41,0**	**41,8**	**0,0**	**0,0**
	Samtals vellir í grunnneti	**397,0**	**200,0**	**155,1**	**221,4**

2.2.2.2 Áætlunarvellir utan grunnnets.

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
III	Gjögurflugvöllur				
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	5,1	0,0
	Samtals	0,0	0,0	5,1	0,0
	Samtals áætlunarvellir utan grunnnets	**0,0**	**0,0**	**5,1**	**0,0**

2.2.2.3 Aðrir flugvellir.

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
IV, V	2. Byggingar	0,0	3,1	0,0	0,0
og VI	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
	Æfingaflugvöllur	14,0	6,1	0,0	0,0
	Samtals aðrir flugvellir	**14,0**	**9,2**	**0,0**	**0,0**

2.2.2.4 Ýmis stofnkostnaður, búnaður og verkefni.

	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Flugstjórnarmiðstöð	10,0	5,1	15,3	15,3
Leiðarflug	8,0	0,0	0,0	0,0
GPS/AIS/upplýsingaþjónusta	15,0	15,3	12,2	12,2
Flugprófunarbúnaður	0,0	0,0	0,0	17,3
Veðurupplýsingakerfi	10,0	7,1	3,1	3,1
Flugvernd og öryggismál	44,0	11,2	3,1	4,1
Til leiðréttinga og brýnna verkefna	8,0	20,4	20,4	20,4
Önnur verkefni	37,0	0,0	0,0	0,0
Stjórnunarkostnaður	18,0	18,4	18,4	18,4
	150,0	**77,5**	**72,5**	**90,8**

2.3 Flokkun flugvalla.

2.3.1 Flugvellir í grunnneti.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru í grunnneti: Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja/Bakka-, Ísafjarðar/Þingeyrar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir utan grunnnets: Vopnafjarðar- og Gjögurflugvöllur.

2.3.3 Aðrir flugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru aðrir flugvellir utan grunnnets: Húsavíkur-, Kópaskers-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs-, Siglufjarðar-, Blönduóss-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps- og Stykkishólmsflugvöllur.

Aðrir lendingarstaðir eru: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarnes, Dagverðará, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Grundarfjörður, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Króksstaðamelar, Hveravellir, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Skálavatn, Skógasandur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN

3.1 Fjármál.

Árið 2003 á verðlagi þess árs en árin 2004–2006 á áætluðu meðalverðlagi 2004.	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Tekjur og framlög					
Markaðar tekjur					
Skipagjald	63,9	65,2	65,2	65,2	260
Vitagjald	103,5	107,2	108,8	110,4	430
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	213,2	220,7	224,0	227,4	885
Markaðar tekjur alls	**380,6**	**393,1**	**398,0**	**403,0**	**1.575**
Framlög úr ríkissjóði	1.598,9	1.790,6	1.804,6	1.540,0	6.733
Aðrar ríkistekjur					
Vottorð	1,3	1,3	1,3	1,3	5
Aðrar ríkistekjur alls	**1,3**	**1,3**	**1,3**	**1,3**	**5**
Sértekjur	124,5	127,0	127,0	127,0	506
Tekjur og framlög alls	**2.105,3**	**2.312,0**	**2.330,9**	**2.071,3**	**8.819**
Viðskiptahreyfingar					
Skuldbinding ríkissjóðs við hafnarsjóði	-120,1	-67,2	0,0	0,0	-187
Lántökur	0,0	0,0	0,0	0,0	0
Viðskiptahreyfingar alls	**-120,1**	**-67,2**	**0,0**	**0,0**	**-187**
Til ráðstöfunar alls	**1.985,2**	**2.244,8**	**2.330,9**	**2.071,3**	**8.632**
Gjöld					
Rekstur og þjónusta					
Yfirstjórn	186,1	199,1	202,4	205,7	793
Vitar og leiðsögukerfi	105,0	108,7	110,3	112,0	436
Skipaskoðun	115,0	117,3	117,3	117,3	467
Vaktstöð siglinga	158,1	185,8	185,8	185,8	716

Árið 2003 á verðlagi þess árs en árin 2004–2006 á áætluðu meðalverðlagi 2004.	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Langtímaáætlun um öryggi sjófarenda	15,0	20,4	20,4	20,4	76
Þjónustusamningur um öryggismál	133,4	111,5	111,5	111,5	468
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	17,5	20,4	20,4	20,4	79
Rannsóknir og þróun	40,0	51,0	51,0	51,0	193
Minjavernd og saga	5,0	15,3	20,4	20,4	61
Rekstrargjöld alls	**775,1**	**829,5**	**839,5**	**844,5**	**3.289**
Stofnkostnaður					
Tæki og búnaður	20,7	21,1	25,5	25,5	93
Vitar og leiðsögukerfi	11,5	11,7	20,4	20,4	64
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	1.116,1	1.306,8	1.197,6	930,0	4.551
Áður framkvæmt/afborganir	-120,1	-67,2	0,0	0,0	-187
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	52,5	40,8	101,0	95,7	290
Lendingarbætur	3,8	3,9	5,1	5,1	18
Ferjubryggjur	6,5	6,6	8,2	8,2	30
Sjóvarnargarðar	102,5	74,7	103,0	111,3	392
Hafnabótasjóður, framlag	16,6	16,9	30,6	30,6	95
Stofnkostnaður alls	**1.210,1**	**1.415,3**	**1.491,4**	**1.226,8**	**5.346**
Gjöld alls	**1.985,2**	**2.244,8**	**2.330,9**	**2.071,3**	**8.635**

3.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

3.2.1 Rekstrargjöld.

Tafla 3-1. Útgjöld til langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda.

Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Menntun og þjálfun sjómanna verði efld með ýmsum hætti	1,5	3,1	3,1	3,1
Átak í öryggismálum farþegaskipa og farþegabáta	1,0	2,6	3,1	3,6
Átaksverkefni í fræðslu og áróðri	3,0	4,1	4,1	4,1
Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga	4,5	3,1	3,1	3,1
Söfnun og miðlun upplýsinga milli sjómanna og aðila í landi	1,0	0,5	0,5	0,5
Úrbætur í stöðugleikamálum skipa og báta	1,0	1,0	1,0	1,0
Verkefni tengd innleiðingu öryggis- og gæðastjórnunarkerfa	0,7	0,5	0,5	0,5
Kynning á lögum og reglum um öryggisatriði og aukið eftirlit	0,5	0,5	0,5	0,5
Rannsóknir, úttektir á sviði öryggismála og öryggismál almennt	1,8	5,0	4,5	4,0
Samtals	**15,0**	**20,4**	**20,4**	**20,4**

3.2.2 Stofnkostnaður.

3.2.2.1 Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar.

Tafla 3-2. Fjárveitingar til hafna í grunnneti, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Akranes	68,1	37,0	3,2	24,1	132,4
Snæfellsbær (Rif, Ólafsvík)	53,1	32,8	27,0	37,6	150,5
Grundarfjörður	7,2	6,1		4,5	17,8
Stykkishólmur	9,9	10,7		1,7	22,3

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Vesturbyggð (Patreksfjörður)		43,9	26,3	75,9	146,1
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)	51,4	30,7	49,1	74,7	205,9
Bolungarvík	15,4	27,8	35,6	20,3	99,1
Skagaströnd			14,3	6,1	20,4
Skagafjörður	0,1			15,9	16,0
	205,2	**189,0**	**155,5**	**260,8**	**810,5**
Norðausturkjördæmi					
Siglufjörður	20,5	5,1	44,0	25,7	95,3
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík, Ólafsfjörður)	40,5	8,5	31,3	4,8	85,1
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	30,4	50,1	41,3	30,6	152,4
Húsavík	97,0	50,0	42,9	20,3	210,2
Raufarhöfn			4,1	6,1	10,2
Þórshöfn	116,4	70,8	28,2		215,4
Vopnafjörður	102,4	32,0	28,1		162,5
Seyðisfjörður	98,0				98,0
Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður)	7,8	302,7	392,3	159,2	862,0
Fáskrúðsfjörður	18,7			5,5	24,2
Djúpivogur	2,0	29,3	3,1		34,4
	533,7	**548,5**	**615,3**	**252,2**	**1.949,7**
Suðurkjördæmi					
Hornafjörður	16,4	105,0	73,6	105,1	300,1
Vestmannaeyjar	122,6	151,4	65,5	62,7	402,2
Þorlákshöfn	64,9	58,1	145,4	55,7	324,1
Grindavík		148,1	118,1	181,1	447,3
Sandgerði		15,4	10,5	2,2	28,1
Reykjanesbær	50,2	15,3			65,5
	254,1	**493,3**	**413,1**	**406,8**	**1.567,3**
Óskipt til slysavarna o.fl.	3,0	10,1	13,7	10,2	37,0

Tafla 3-3. Hafnir í grunnneti, áður framkvæmt/afborganir.

Hafnir	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Vestmannaeyjar	15,1				15,1
Þorlákshöfn	12,0				12,0
Grindavík	93,0	67,2			160,2
Hafnir í grunnneti, afborganir alls	**120,1**	**67,2**			**187,3**
Fjárveitingar til hafna í grunnneti alls	**1.116,1**	**1.308,1**	**1.197,6**	**930,0**	**4.551,8**

Tafla 3-4. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum í grunnneti.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs. Verðlag er áætlað meðalverðlag ársins 2003 samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps.

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akranes					
Dýpkun við aðalhafnargarð, lokið samningsverki frá 2002 (um 28.000 m³, 3.000 m² sprengt)	38,0				75%
Stálþil, aðalhafnargarði (160 m, dýpi 8–10 m), lagnir og þekja (3.500 m²)	117,0	57,1			60%
Endurnýjun skipalyftu, hliðarfærslusleði, lyftupallur, færslusleðar, nemabúnaður og raflagnir	21,0	21,2	25,4		12,5%
Klæðning á austurhlið Ferjubryggju, 60 m asobe-þybbuklæðning og uppsetning á þybbum				6,7	60%
Endurröðun og styrking á grjótvörn, aðalhafnargarði (150 m, u.þ.b. 8.000 m³)				26,8	75%
Snæfellsbær					
Rifshöfn:					
Stálþilsbryggja við Norðurgarð (60 m, dýpi 4 m), lagnir og þekja (1.230 m²)	45,2	12,6			60%
Dýpkun við stálþilsbryggju, Norðurgarði (4.800 m³), og styrkt grjótvörn (um 35 m kafli)	12,6				75%
Lokið endurbyggingu trébryggju (5x18 m) og rif á eldri bryggju			26,8		60%
Tengibrautir að hafnarvog frá Staurakistu og stálþili (800+1.630 m²), slitlag og lýsing				7,5	60%
Lýsing við núverandi flotbryggju (ljósamastурshús 2x2, mastur og rafl.)				3,9	60%
Stigar á flotbryggjur (3 stk., sjá Ólafsvík)					60%
Dýpkun, viðhaldsdýpkun í innsiglingu og innan hafnar (sjá Ólafsvík)					75%
Ólafsvík:					
Dýpkun í 5 m milli Norðurtanga og trébryggju (7.300 m², grafið, að hluta sprengt)	48,5				75%
Endurbygging trébryggju, skipt um þybbuklæðningu og bætt í staurum, stigar, vatnslögn		41,0			60%
Stigar á flotbryggjur (Ólafsvík 19 stk., Rif 3 stk.)		1,0			60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingum og höfnum í Ólafsvík og Rifi (24.000 m³ dæling)			14,5		75%
Suður- og Norðurgarður, styrking grjótvarna (endurraða og bæta í um 7.000 m³)				41,0	75%
Grundarfjörður					
Smábátaaðstaða, uppsátur (5x30 m), flotbryggja (10 m), frágangur, lýsing, vatns- og raflögn	5,6	5,4			60%
Öryggismál, stigar á flotbryggju, laga og setja ljós í stiga á Stórubryggju og Suðurgarði	2,0				60%
Öldudempandi flái milli Stórubryggju og Litlubryggju	5,1				75%
Smábátaaðstaða, dýpkun (u.þ.b. 3.000 m³)		3,8			75%
Dýpkun á hafnarsvæði, viðhaldsdýpkun (u.þ.b. 10.000 m³ dæling)				6,0	75%
Stykkishólmur					
Stálþil næst brúarbási Súgandisey, lagnir og þekja (450 m²)	9,9				60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Dýpkun í höfn við þil Súgandisey og víðar (um 5.000 m³)	7,7				75%
Dráttarbraut Skipavík, styrkja braut, nýr sleði, 16 hliðarf.vagnar, rif á görðum og st. plan (3.000 m²)	7,0	85,5			12,5%
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús				2,8	60%
Vesturbyggð					
Patreksfjörður:					
Innsigling lagfærð, dýpkun (um 4.000 m³) og grjótvörn (500 m³) á enda Oddans	16,0				75%
Endurbygging stálþils 1. áfangi, (140 m, dýpi 6–8 m, þekja 2.800 m²)	6,8	73,2	43,8		60%
Endurbygging stálþils, seinni áfangi (140 m þil, dýpi 6 m, þekja 2.800 m²)				126,5	60%
Ísafjarðarbær					
Ísafjörður					
Sundahöfn, lagnir, lýsing og þekja (2.100 m²) við stálþilsbakka	28,0				60%
Ásgeirsbakki, endurbyggt þil frá 1947 (115 m, dýpi 8 m, þekja 2.800 m²)	68,6	44,2			60%
Endurbyggja flotbryggju í Sundahöfn, lokið verki frá 2002	4,0				60%
Innsiglingarrenna, endurnýjun á innsiglingarbaujum (4 stk.) og viðhaldsdýpkun (20.000 m³)	5,0		11,5		75%
Dráttarbraut, endurbygging á braut, vagni og spili miðað við 400 þungatonna skip		33,6			12,5%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)			2,4		60%
Ný flotbryggja Sundahöfn (40 m)			8,8		60%
Ásgeirsbakki, endurbygging þils frá 1955 (95 m, dýpi 8 m, þekja 1.900 m²)			56,4	38,1	60%
Bátahöfn við Olíumúla, lokið endurbyggingu				28,6	60%
Dýpkun við Olíumúla og Viðgerðarbryggju (u.þ.b. 23.000 m³ – gröftur)				46,1	75%
Bolungarvík					
Dýpkun hafnar og innsiglingar (55.000 m³)	59,0				75%
Grundargarður; breikkun og grjótvörn á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m³)		28,7			75%
Öldudempandi flái næst Brjót (100 m, um 3.000 m³)		8,4			75%
Endurbygging stálþils efst við Brjótinn (100 m, dýpi 7 m), lagnir og þekja (2.000 m²)			59,4	33,8	60%
Skagaströnd					
Lenging viðlegukants við hafnarvog, staurabryggja (40 m, dýpi 4 m)			15,7	10,2	60%
Dýpka við staurabryggju í 3–4 m (3.000 m³ gröftur)			7,1		75%
Skagafjörður					
Sauðárkrókur					
Þekja við stálþil Norðurgarði (malbik 700 m²)	2,4				60%
Dýpkun við Norðurgarð og í innsiglingu (26.000 m³ – frestað 2002)	13,0				75%
Sandfangari, lenging um 30 m				16,3	75%
Tengibraut Hafnargarður–Sandeyri (800 m²)				6,1	60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjörður					
Smábátahöfn, viðlegubryggja við vesturkant (40 m)	13,8				60%
Dýpkun í smábátahöfn, gröbbun frá landi (um 800 m³)	1,6				75%
Roaldsbryggja við Síldarminjasafn (göngubryggja 75x3 m)	16,4				60%
Styrking á grjótvörn norðan við Brjót (um 120 m kafli)		6,8			75%
Bæjarbryggja, endurbygging 1. áfangi, austurkantur (100 m, dýpi 10 m)			73,4	42,9	60%
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Ólafsfjörður:					
Togarabryggja, bryggjurif, nýtt stálþil (40 m, dýpi 7 m), lagnir og þekja (800 m³)	30,9	14,1			60%
Loðnulöndunarkantur, endurnýja staura (84 m, ⅓ hluti)			29,8		60%
Innsigling í Vesturhöfn, frágangur garðsenda			22,3		60%
Upptökubraut (5x20 m)				2,9	60%
Dalvík:					
Styrking grjótvarnar á Suðurgarði og grjótflái við verbúð (8.000 m³)	19,0				60%
Viðhaldsdýpkun utan við hafnarmynni (4.000 m³)	2,5				75%
Timburbryggja á Suðurgarði, endurbygging (65 m bryggja)	42,2				60%
Stækkun smábátaaðstöðu, flotbryggja (20 m)				5,1	60%
Hafnasamlag Norðurlands					
Akureyri:					
Fiskihöfn Vesturbakki, lagnir og þekja (1.300 m²) við 40 m stálþil	16,5				60%
Stálþil við Krossanes, 2. áfangi (80 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (2.400 m²)	69,4	33,6			60%
Ísbryggja ÚA, stálþil (80 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (1.600 m²)		49,8	41,8		60%
Sverrisbryggja rifin, ný bryggja fyrir fóðurskip (40 m)			20,4		60%
Dýpkað við Sverrisbryggju (um 4.000 m³)			3,1		75%
Upptökubraut (5x20 m)			2,9		60%
Togarabryggja við ÚA, endurbygging 1. áfangi (alls u.þ.b. 150 m, dýpi 8 m)				51,0	60%
Húsavík					
Bökugarður, stálþil (150 m, dýpi 10 m), lagnir og þekja (4.500 m²)	169,7	52,6			60%
Dýpkun við stálþil við Bökugarð (u.þ.b. 7.000 m³ gröftur, 1.200 m² sprengt)		24,5			75%
Endurbygging bryggju Suðurgarði, 1. áfangi (100 m stálþil, dýpi 6,5 m)			71,5	33,8	60%
Raufarhöfn					
Dýpkun innsiglingar, lokið verki frá 2002 og siglingamerki, 2 staurar við rennu	45,3				75%
Frágangur vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðsla við Hótel Norðurljós (120 m)	5,9				60%
Slitlag á smábátagarð (u.þ.b. 1500 m² klæðning)	3,0				60%
Breikkun þekju (10x55 m steypt) og tengibraut að löndunarbryggju (800 m² klæðning)			6,9		60%
Hafskipabryggja endurbygging (120 m), undirbúningsframkvæmd				10,2	60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Þórshöfn					
Dýpkuð innsigling og innan hafnar, lokið verki frá 2002, og uppsetning garðsenda- og leiðarljósa	87,0				75%
Bryggjurif, fjarlægja Olíubryggju (verksamningur við Sæþór ehf.)	1,4				60%
Stálþil (95 m, dýpi 9 m, 40 m, dýpi 6 m), lagnir og þekja (3.050 m²)	109,5	43,9			60%
Grjótfláa við tengibraut að Hafskipabryggju	8,4				60%
Trébryggja í framhaldi af nýju stálþili (40 m, dýpi 4 m)	29,0				60%
Smábátaaðstaða, færa núverandi flotbryggju og ný eining (20 m), lagnir og lýsing		7,8			60%
Endurbygging löndunarbryggju, stálþil (70 m, dýpi 8,6 m) og trébryggja (20 m, dýpi 6 m)		66,3	47,0		60%
Vopnafjörður					
Brimvarnargarður, milli Miðhólma og Skiphólma (130.000 m³)	144,0	21,4			75%
Dýpkun við vesturenda Löndunarbryggju, sprengt og grafið (2.000 m³)		15,3			75%
Bryggjurif, rífa Lýsisbryggju		1,5			60%
Tengibraut, Miðbryggja–Lýsisbryggja (u.þ.b. 1.800 m² klæðning og lýsing)		5,9			60%
Miðbryggja endurbyggð (grjótvarin fylling 13.000 m³, þekja 1.800 m², lagnir o.fl.)			46,9		60%
Seyðisfjörður					
Ferjulægi, sérbúnaður (þjónustuhús, bílabrú, landgangur o.fl.) – um ⅔ af framkvæmd	151,3				75%
Ferjulægi, bryggja (lagnir, lýsing, þekja steypt 4.100 m², malbik 2.500 m²)	70,0				60%
Fjarðabyggð					
Neskaupstaður:					
Skjólgarður norðan hafnar, byggður í áföngum (alls um 157.000 m³)	20,0	20,4	93,8		75%
Stálþil við bræðslu lengt (52 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (1.560 m²)			40,8	23,5	60%
Stálþil við Togarabryggju lengt (90 m, dýpi 9 m)				71,5	60%
Eskifjörður:					
Stálþil við bræðslu 80 m, dýpi 9 m, lagnir og þekja (2.400 m²)	67,0	30,1			60%
Dýpkað að stálþili við bræðslu (u.þ.b. 15.000 m³ dæling)			9,2		75%
Reyðarfjörður:					
Stóriðjuhöfn Hrauni, stálþilsbakki 380 m, dýpi 14,3 m, lagnir og steypt þekja (11.400 m²)	20,0	397,8	429,4	170,3	60%
Stóriðjuhöfnin, dýpkað við stálþil í 14,3 m (dæling, 118.000 m³) og siglingamerki		40,8	43,9		75%
Fáskrúðsfjörður					
Endurbygging Bæjarbryggju 1. áfangi, trébryggja (30 m, dýpi 7 m)	25,0				60%
Endurbygging Bæjarbryggju 2. áfangi, undirbúnings-framkvæmdir				9,2	60%
Djúpivogur					
Dýpkað við þil, Gleðivík í 7 m (um 1.800 m², 2.000 m³)	3,0				75%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Lengja viðlegukant, stálþil, inn í voginn (25 m, dýpi 6 m) og rífa trébryggju		30,7	5,1		60%
Flotbryggja, öldubrjótur (40 m) og færsla á gömlum flotbryggjum		13,5			60%
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður					
Viðhalds- og stofndýpkun í höfn (25.000 m³ á ári fyrstu 4 árin, síðan 15 þús.)	11,4	11,6	11,6	11,6	75%
Grynnslin, stofndýpkun/viðhaldsdýpkun (2003/30.000, 2004/110.000, 2005–2006/90.000 m³)	15,0	54,1	44,8	44,8	75%
Endurbygging Krosseyjarbakka (150 m, dýpi 8 m), lagnir og þekja (3.000 m²)		92,8	45,9		60%
Raflögn í Hvanneyjarvita			5,1		75%
Stálþilsbryggja, 100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja (3.000 m²)				81,6	60%
Faxeyrarhöfn, skjólgarður og dýpkun, undirbúnings-framkvæmdir				10,2	75%
Álaugareyjarbryggja, endurbygging (114 m), undirbúningur				10,2	60%
Vestmannaeyjar					
Friðarhöfn, Ískantur/suðurkantur, endurbyggt þil, lagnir og þekja (3.600 m² steypt)	40,0				60%
Friðarhöfn norður-/austurkantur, endurbyggt þil (150 m, dýpi 9 m), lagnir, þekja (3.800 m² steypt)	51,3	50,0			60%
Dýpkun, Pyttur og snúningssvæði 210 m í 8 m, innsigling í 8,5 m (sprengt/grafið/dælt 135.000 m³)	129,0	55,1			75%
Friðarhöfn vesturkantur, endurbyggt þil (195 m, dýpi 9 m), lagnir, þekja (5.600 m² steypt)		112,7	71,8		60%
Þurrkví, framkvæmd dreifist á árin 2003–2005 (frestað 2002)	98,0	100,0	101,0	101,0	12,5%
Básaskersbryggja endurbyggð (stálþil 210 m, dýpi 4–8 m), undirbúningsframkvæmdir			16,3	73,4	60%
Nausthamarsbryggja við flotbryggju, endurbyggt stálþil, 60 m, dýpi 5 m, undirbúningur				10,2	60%
Þorlákshöfn					
Svartaskersgarður, nýr skjólgarður norðan við (154.000 m³)	137,5	42,3			75%
Dýpkun norðan Svartaskersgarðs í 6 m (66.000 m³ dæling)		35,2			75%
Þil norðan Svartaskers (100 m, dýpi 8 m)			92,8		60%
Byggjurif, rífa Norðurvararbryggju			102,0		60%
Svartaskersgarður, þvergarður inn í höfn (25.000 m³)			38,0		75%
Stálþil (50 m, dýpi 10 m), lagnir og þekja (2.000 m²)				48,2	60%
Dýpkun hafnar við nýtt stálþil og viðhaldsdýpkun (sprengt, grafið um 30.000 m³)				35,7	75%
Grindavík					
Svíragarður endurbygging (160 m þil + 30 m endi, dýpi 7–9 m)		144,8	64,3		60%
Dýpkun hafnar við Svíragarð (6.200 m²), Miðgarð og víðar (áætlað 100.000 m³)		81,6	106,0	81,6	75%
Miðgarður, endurbygging (250 m stálþil, dýpi 7 m)				199,9	60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Sandgerði					
Stálþil Norðurgarði, lagnir, lýsing og þekja (1.500 m²)	6,5	13,9			60%
Suðurgarður, styrking og endurröðun á grjótvörn (u.þ.b. 300 m – 9.000 m³)		9,4	14,0		75%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)				3,6	60%
Reykjanesbær					
Grjótgarður í Njarðvík styrktur og lengdur um 60 m (57.000 m³)	60,0	20,4			75%
HAFNIR GRUNNNETS, ÓSKIPT					
Óskipt til slysavarna o.fl. (styrkhæfni ýmist 60% eða 75%, meðaltal áætlað 67%)	19,1	15,0	20,5	15,2	67%
Hafnir grunnnets sem njóta ríkisstyrks, heildarkostnaður hvers árs alls	**2.262,0**	**2.131,4**	**1.994,1**	**1.548,0**	

3.2.2.2 Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar.

Tafla 3-5. Fjárveitingar til hafna utan grunnnets, nýframkvæmdir.

Kjördæmi Hafnir/hafnasamlög	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Norðvesturkjördæmi					
Borgarnes	3,5				3,5
Snæfellsbær		7,3	1,1	1,1	9,5
Dalabyggð	0,6				0,6
Reykhólar				7,0	7,0
Vesturbyggð		1,8			1,8
Tálknafjörður			50,7	30,0	80,7
Ísafjarðarbær		3,0	3,8	17,6	24,4
Súðavík	1,8		24,1	5,4	31,3
Norðurfjörður	3,1			2,0	5,1
Drangsnes	5,0				5,0
Hólmavík		0,7		18,4	19,1
Blönduós				4,3	4,3
Skagafjörður		5,7	2,2	0,3	8,2
	14,0	**18,5**	**81,9**	**86,1**	**200,5**
Norðausturkjördæmi					
Hafnasamlag Eyjafjarðar		1,7			1,7
Hafnasamlag Norðurlands			1,7		1,7
Grímsey	9,9	16,2	13,9		40,0
Kópasker		0,3			0,3
Bakkafjörður	2,0			3,5	5,5
Borgarfjörður eystri				2,0	2,0
Stöðvarfjörður	17,3		1,2		18,5
Breiðdalsvík	6,4				6,4
	35,6	**18,2**	**16,8**	**5,5**	**76,1**
Óskipt til slysavarna o.fl.	2,9	4,1	2,3	4,1	13,4
Hafnir utan grunnnets, fjárveitingar til nýframkvæmda alls	**52,5**	**40,8**	**101,0**	**95,7**	**290,0**

Tafla 3-6. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum utan grunnnets.

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Borgarnes					
Bryggjurif, fylling (u.þ.b. 3.200 m³) við gömlu bryggjuna og frágangur við þá nýju	6,0				60%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Breikkun þekju (100 m²), skjólveggur og frágangur við niðurkeyrslu að höfn	6,5				60%
Ljósamasturs- og vatnshús (hús 2,5x5 m)		5,8			60%
Uppsátur fyrir smábáta, endurbyggt		4,5			60%
Dýpkun, viðhaldsdýpkun (800–1000 m³/ár)	1,1	1,5	1,5	1,5	75%
Dalabyggð					
Gamla bryggjan Búðardal, endurbyggja kanttré, þybbur, stiga og þekju (70 m²)	2,7				60%
Reykhólar					
Dýpkun, haft í innsiglingu (dæling 18.000 m³)				9,3	75%
Vesturbyggð					
Brjánslækur:					
Færa flotbryggju og endurbyggja legufæri		3,0			60%
Bíldudalur:					
Flotbryggja, lenging (20 m)	3,7				60%
Tálknafjörður					
Lagfæra stiga á stálþil og setja í þá lýsingu			2,0		60%
Endurbyggja gömlu bryggju (bryggjuhlutar 2, 3, 4 og endi, alls u.þ.b. 145 m), stálþil og þekja			77,6	42,8	60%
Endurnýjun á flotbryggjum (27 m og 37 m)			5,1	7,1	60%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri:					
Rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð og ganga frá kanti		5,0			60%
Dýpkun í smábátahöfn (um 3.000 m³)			5,1		75%
Endurbygging á innri hafnargarði, undirbúningsframkvæmd (stálþil 150 m)				10,2	60%
Suðureyri:					
Stækkun smábátahafnar, dýpkun (4.000 m³)	6,2				75%
Stækkun smábátahafnar, flotbryggja (30 m)	6,8				60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m³, dæling)				7,2	75%
Endurbygging Norðurgarðs og Vesturkants, undirbúningsframkvæmd (180 m stálþil)				10,2	60%
Súðavík					
Harðviðarbryggja við Frosta, lenging til norðurs (35 m, dýpi 6 m)			40,1		60%
Viðhaldsdýpkun við enda Norðurgarðs (u.þ.b. 10.000 m³, dæling)				7,2	75%
Norðurfjörður					
Endurbyggja þekju á gömlu bryggjunni, 35 m kafli efst (250 m²)	2,4				60%
Dýpka upp með gömlu bryggju að norðan í 2 m (5x8 m svæði)	2,2				75%
Flotbryggja, 10x2,5 m				3,4	60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Drangsnes					
Kokkálsvík, flotbryggja (20 m)	5,2				60%
Hólmavík					
Bæta aðstöðu smábáta, flotbryggja		5,1			60%
Stálþilsbryggja endurbyggð, undirbúningsframkvæmd				30,6	60%
Blönduós					
Endurbyggja steypta þekju efst á bryggju (950 m²)				8,7	60%
Skagafjörður					
Hofsós:					
Norðurgarður, styrking á grjótvörn		7,2			75%
Flotbryggja út frá Árgarði, 12 m			3,7		60%
Haganesvík:					
Viðhaldsdýpkun		0,4		0,4	75%
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Árskógssandur/Hauganes:					
Upptökubraut Árskógssandi (5x20 m)		2,9			60%
Hafnasamlag Norðurlands					
Hjalteyri:					
Viðhaldsdýpkun	1,0				75%
Grenivík:					
Upptökubraut (5x20 m)			2,9		60%
Grímsey					
Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (300 m²) og skvettmúr (50 m) – frestað 2002	13,6				60%
Endurbygging á kervegg við fremri hluta aðalhafnargarðs (25 m)		11,7			60%
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (300 steinar 6–10 t)		12,2			75%
Lenging harðviðarbryggju (20 m, dýpi 3 m)			16,1		60%
Dýpkað við lengingu harðviðarbryggju í 2 m (15x20 m svæði)			5,6		75%
Kópasker					
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)		4,2			60%
Bakkafjörður					
Lenging steyptrar skábrautar (u.þ.b. 5x5 m), hliðarveggir og grjóthleðsla				2,2	60%
Landrafmagn á flotbryggju, Sjafnarbryggju og við uppsátur				3,6	60%
Borgarfjörður eystri					
Flotbryggja fyrir smábáta (10 m)				3,3	60%
Stöðvarfjörður					
Grjótvörn utan á Gömlu bryggju styrkt (30 m kafli) og lengd (11.000 m³)	23,1				75%
Klæðning Gömlu bryggju við löndunarstað smábáta (30 m kafli)			2,0		60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m²)	11,0				60%

Höfn Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
HAFNIR UTAN GRUNNNETS, ÓSKIPT					
Óskipt til slysavarna o.fl. (styrkhæfni ýmist 60% eða 75%, meðaltal áætlað 67%)	4,4	6,1	3,5	6,1	67%
Hafnir utan grunnnets sem njóta ríkisstyrks, heildarkostnaður hvers árs alls	**95,9**	**69,6**	**165,2**	**153,8**	

3.2.2.3 Sjóvarnargarðar.

Tafla 3-7. Fjárveitingar til sjóvarna.

Kjördæmi Sveitarfélag	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður		11,0		8,8	19,8
Innri-Akraneshreppur	0,9			1,6	2,5
Snæfellsbær	0,6	7,1	5,8	3,4	16,9
Eyrarsveit		6,9			6,9
Dalabyggð	2,0				2,0
Reykhólahreppur	0,9				0,9
Vesturbyggð	5,7	10,6			16,3
Ísafjarðarbær	0,9	5,5	5,2	13,4	25,0
Súðavíkurhreppur				0,4	0,4
Árneshreppur	2,1				2,1
Kaldrananeshreppur		1,6			1,6
Hólmavíkurhreppur		1,7			1,7
Broddaneshreppur		2,6			2,6
Bæjarhreppur				6,0	6,0
Húnaþing vestra		2,0		5,1	7,1
Blönduósbær	6,0		10,9	10,9	27,8
Höfðahreppur	3,0				3,0
Skagahreppur	5,5				5,5
Skagafjörður				7,1	7,1
	27,6	**49,0**	**21,9**	**56,7**	**155,2**
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjarðarkaupstaður			7,4	1,9	9,3
Ólafsfjarðarkaupstaður			5,1		5,1
Dalvíkurbyggð	4,7	7,4			12,1
Hríseyjarhreppur				4,0	4,0
Arnarneshreppur				2,5	2,5
Svalbarðsstrandarhreppur			1,4		1,4
Grýtubakkahreppur	0,6	0,9			1,5
Húsavíkurkaupstaður	4,9				4,9
Vopnafjarðarhreppur	0,2				0,2
Fjarðabyggð	0,5				0,5
	10,9	**8,3**	**13,9**	**8,4**	**41,5**
SUÐURKJÖRDÆMI					
Mýrdalshreppur				2,7	2,7
Vestmannaeyjabær	4,5				4,5
Árborg	11,3		18,7		30,0
Ölfus	5,5		0,9	4,6	11,0

Kjördæmi Sveitarfélag	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Samtals millj. kr.
Grindavíkurkaupstaður	0,5				0,5
Sandgerðisbær	0,2	6,3	3,7	4,6	14,8
Gerðahreppur	2,6	3,2		6,0	11,8
Reykjanesbær	20,8				20,8
Vatnsleysustrandarhreppur	9,3		7,7	4,6	21,6
	54,7	**9,5**	**31,0**	**22,5**	**117,7**
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Bessastaðahreppur	4,1	2,9	16,0	2,0	25,0
Seltjarnarnesbær	5,1		11,6		16,7
	9,2	**2,9**	**27,6**	**2,0**	**41,7**
ÓSKIPT	0,1	5,0	8,6	21,7	35,4
Sjóvarnir samtals	**102,5**	**74,7**	**103,0**	**111,3**	**391,5**

Tafla 3-8. Sundurliðun framkvæmda við sjóvarnir.

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Akraneskaupstaður					
Veggurinn yst á Breið, SA-hluti (110 m – 1.650 m³)		3,7			7/8
Krókalón, nyrst (170 m – 2.700 m³)		6,0			7/8
Presthúsavör (80 m – 1.500 m³)		3,4			7/8
Langisandur austan Merkjaklappar (50 m – 150 m³)				0,3	7/8
Veggurinn yst á Breið, NV-hluti + skarð við olíutanka (100 m – 1.000 m³)				2,2	7/8
Lambhúsasund frá Haferninum að Bakkatúni (150 m – 3.000 m³) + námufrágangur				7,5	7/8
Innri-Akraneshreppur					
Ytri-Hólmur 2, frágangur móts við bæjarhúsin (500 m³)	1,0				7/8
Þaravellir eða Akrakot (100–150 m – 800 m³)				1,8	7/8
Snæfellsbær					
Hellissandur, Bátahöllin við Keflavíkurgötu (70 m – 1.000 m³) + námufrágangur		2,2			7/8
Ólafsvík, verbúðir við Snoppuveg (150 m – 2.400 m³)		5,9			7/8
Ólafsvík, við fiskverkun Snoppu (70 m – 2.450 m³)			6,6		7/8
Ólafsvík, við fiskverkun Klumbu (160 m – 1600 m³)				3,9	7/8
Eyrarsveit					
Grundarfjörður, Framnes–Torfabót (185 m – 2.000 m³) + námufrágangur		6,2			7/8
Grundarfjörður við Grundargötu (100 m – 800 m³)		1,8			7/8
Dalabyggð					
Búðardalur, suður frá bryggju með fram sláturhúsi, styrking/endurröðun (150 m – 500 m³)	2,0				7/8
Reykhólahreppur					
Flatey, viðbót við áður áætlaða 700 m³ við gamla frystihúsið og við bryggjuna (300 m³)	1,7				7/8
Vesturbyggð					
Patreksfjörður, kverkin ofan við Oddann (40 m – 900 m³)	2,8				7/8
Patreksfjörður, að Björgum (80 m – 1.200 m³)	3,7				7/8
Patreksfjörður, við vélsmiðjuna á Eyrinni (100 m – 1.500 m³) + námufrágangur		5,3			7/8

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Bíldudalur, norðan hafnar að saltfiskverkun (120 m – 2.000 m³) + námufrágangur		6,8			7/8
Ísafjarðarbær					
Flateyri, Ytri-Bót (100 m – 2.000 m³)		6,3			7/8
Hnífsdalur, sunnan rækjuverksmiðju (100 m – 2.000 m³) + námufrágangur			5,9		7/8
Ísafjörður, innan við skipasmíðastöð (100 m – 1.000 m³)				2,4	7/8
Þingeyri, utan við höfnina (gamla vélsmiðjan) (230 m – 3.900 m³) + námufrágangur				12,9	7/8
Súðavíkurhreppur					
Vigur, styrking á hlöðnum garði frá um 1800				0,5	7/8
Árneshreppur					
Við Gjögur, við lóðir 3 og 4 austan við Gjögurbryggju (70 m – 500 m³)	2,4				7/8
Kaldrananeshreppur					
Drangsnes, við Grundargötu (um 130 m – 680 m³)		1,9			7/8
Hólmavíkurhreppur					
Hólmavík, við Hlein (100 m – 800m³)		2,1			7/8
Broddaneshreppur					
Óspakseyri, suðurbakkinn við kaupfélagið (50 m – 300 m³)		0,9			7/8
Óspakseyri, norðurbakkinn við sláturhúsið (100 m – 600 m³)		2,0			7/8
Bæjarhreppur					
Borðeyri, norðurbakkinn (150 m – 1.800 m³ + 100 m – 800 m³)				6,8	7/8
Húnaþing vestra					
Reykir við Hrútafjörð, við íþróttahúsið, styrking (200 m³)		0,8			7/8
Reykir við Hrútafjörð, við byggðasafnið (80 m – 300 m³) + námufrágangur		1,5			7/8
Hamarsrétt á Vatnsnesi (120 m – 1.800 m³) + námufrágangur				5,8	7/8
Blönduósbær					
Norðan Blöndu (120 m – 2.400 m³)	7,2				7/8
Sunnan Blöndu frá nýlegri sjóvörn næst Blöndu að Háubrekku (150 m – 2.000 m³)			6,1		7/8
Sunnan Blöndu suður frá horninu á Háubrekku (200+ m – 4.000 m³) + námufrágangur			6,4	6,4	7/8
Upp með Blöndu að sunnan (330 m – 2.000 m³)				6,1	7/8
Höfðahreppur					
Sunnan við Hólanes, styrking (200 m – 900 m³ + 300 m³ endurraðað)	3,5				7/8
Skagabyggð					
Víkur (100 m – 1.100 m³) + námufrágangur	3,4				7/8
Kálfshamarsvík, eiðið fremst (70 m – 900 m³) + námufrágangur	2,8				7/8
Skagafjörður					
Haganesvík frá bryggju suður fyrir syðsta húsið á grandanum (300 m – 2.500 m³)				8,1	7/8

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjarðarkaupstaður					
Milli norður- og suðurhafnarsvæðis frá slippnum að Óskarsbryggju (370 m – 3.000 m³)			8,5		7/8
Siglunes. Við fiskverkun Stefáns Einarssonar (50 m – 300 m³)				2,2	7/8
Ólafsfjarðarkaupstaður					
Hækkun flóðvarnar við Námuveg (250 m) og lenging um 50 m (300 m – 2.250 m³)			5,8		7/8
Dalvíkurbyggð					
Dalvík, við Árhól, hækka vörn um 2–2,5 m (50 m – 400 m³ grjót)	1,2				7/8
Dalvík, sunnan Dalvíkurhafnar (150 m – 1.000 m³ + endurröðun)	2,8				7/8
Árskógssandur, við Brimnes (40 m – 650 m³) + námufrágangur	1,9				7/8
Dalvík, sunnan við Dalvíkurhöfn (300 m – 3.000 m³) + námufrágangur		8,5			7/8
Hríseyjarhreppur					
Styrking sjóvarna austast (160 m) og lenging við Varir (50 m) (210 m – 1.400 m³)				4,6	7/8
Arnarneshreppur					
Hjalteyri, norðan vitans og með fram Hjalteyrartjörn (150 m – 900 m³)				2,8	7/8
Svalbarðsstrandarhreppur					
Svalbarðseyri, styrking fjörukambs við tjörnina (100 m – 400 m³)			1,6		7/8
Grýtubakkahreppur					
Frágangur á grjótnámum		1,0			7/8
Húsavíkurkaupstaður					
Húsavíkurbakkar syðst, suður að Haukamýrarlæk (150 m – 2.100 m³)	5,8				7/8
Vopnafjarðarhreppur					
Innan við Kaupfélagsbryggju (140 m – 2.400 m³)	5,7				7/8
SUÐURKJÖRDÆMI					
Mýrdalshreppur					
Vík. Rannsóknir og undirbúningur (vegna hugsanlegrar grjótvarnar utan á flóðvarnargarðinum)				3,1	7/8
Vestmannaeyjabær					
Þrælaeiði. Endurröðun og styrking sjóvarnar á Eiðinu (120–150 m – 1.000 m³)	5,4				7/8
Árborg					
Stokkseyri, Kaðlastaðir–Hraunsá (1.050 m – 24.100 m³ og 150 m – 2.500 m³)	25,5		2,0		7/8
Stokkseyri, Íragerði 14 – Hásteinsvegur 18, styrking og endurröðun (130 m – 1.600 m³)	3,5				7/8
Eyrarbakki, styrking milli samkomuhúss og gömlu bryggju (30 m – 500 m³)	1,2				7/8
Stokkseyri, framan við Skipar (400 m – 4.000 m³)			6,9		7/8
Stokkseyri, framan við Grund (250 m – 3.000 m³)			5,2		7/8
Stokkseyri, frá Lóni að stað rúmlega 100 m vestan Markavörðu, (400 m – 3.600 m³) + námufrágangur			7,2		7/8

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Ölfus					
Þorlákshöfn. Þrengja op milli sjóvarnar við Malir og flóðvarnargarðs (50 m – 2.000 m³) + námufrágangur	5,2				7/8
Strandarkirkja – styrking (vélavinna og röðun)			1,0		7/8
Herdísarvík, leið c, sjóvörn ofan við tjarnarbakkann (1.200 m³) + námufrágangur				5,2	7/8
Sandgerðisbær					
Garðskagi–Lambarif, næst bæjarmörkum (120 m – 480 m³)	0,9				7/8
Þóroddsstaðir (160 m – 1.200 m³)		2,3			7/8
Kirkjuból, við golfvöll (250 m – 1.800 m³)		3,5			7/8
Við Norðurkot, styrking á sjóvörn, bætt í skörð (100–120 m – 750 m³)		1,4			7/8
Garðvegur, Sandgerði. Norðan við Norðurgarð, loka skarði (150 m³)			0,3		7/8
Flankastaðir (250 m – 2.000 m³)			3,9		7/8
Garðskagi–Lambarif, viðgerð suðurhluta kaflans (680 m – 2.700 m³)				5,2	7/8
Gerðahreppur					
Garðskagi–Lambarif, frá Garðskaga að bæjarmörkum (400 m – 1.620 m³)	3,1				7/8
Garðskagi – gamli vitinn, styrking á grjótvörn við stoðvegg (50 m³)	0,3				7/8
Hólmsvöllur í Leiru (170 m – 2.000 m³)	3,1				7/8
Lambastaðir (Von hf.) – Útskálarif, styrking (250 af 800 m – 2.000 m³)		3,7			7/8
Byggða- og sjóminjasafn – Helgarétt (150 m – 1.200 m³)				2,2	7/8
Helgarétt–Neðra Hof, styrking á hluta (200 m – 500 m³)				1,0	7/8
Neðra Hof–Lambastaðir (120 m – 2.000 m³)				3,7	7/8
Reykjanesbær					
Njarðvík, við Bakkastíg (330 m – 6.600 m³)	4,8				7/8
Njarðvík við skipaafgreiðslu Suðurnesja (60 m – 1.500 m³)	1,8				
Innri Njarðvík, Seylubakki (200 m – 3.000 m³)	3,0				
Innri Njarðvík, Kópa við Stapakot (140 m – 4.000 m³)	2,3				
Keflavík, við Ægisgötu (530 m – 19.000 m³)	11,9				7/8
Vatnsleysustrandarhreppur					
Brunnastaðahverfi, Skjaldarkot (270 + 50 m – 4.000 m³)	7,6				7/8
Auðnar (80 + 60 m – 800 m³)	2,9				7/8
Minna-Knarrarnes (250 m – 2.400 m³)			4,7		7/8
Stóra-Knarrarnes (155 + 20 m – 2.100 m³)			4,1		7/8
Minni-Vogar, í átt að Grænuborg (50 m – 400 m³)				0,9	7/8
Brunnastaðahverfi, Halakot, Naustakot, N-Brunnastaðir (styrking – 2.000 m³)				4,3	7/8

Sveitarfélag Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
SUÐVESTURKJÖRDÆMI					
Hafnarfjörður					
Hvaleyri, undirbúningur/mat á umhverfisáhrifum	0,6				7/8
Bessastaðahreppur					
Gesthús (225 m – 4.000 m³)	4,7	4,6			7/8
Kasttangi (285 m – 3.000 m³)			7,0		7/8
Kasttangi–Grund (300 m – 4.800 m³)			11,2		7/8
Við Hlið (70 m – 660 m³ + 40 m – 240 m³ = 900 m³)				2,3	7/8
Seltjarnarnesbær					
Kotagrandi, styrking við Bakkatjörn og sunnan hennar (150 af 270 m – 2.300 m³)	5,8				7/8
Golfvallarvegur–Svartibakki–Búðatjörn (830 m – 2.100 m³)			5,4		7/8
Lambastaðagrandi–botn víkurinnar (80 m – 800 m³ – fyrirhuguð skólpdælustöð)			2,0		7/8
Frá Melshúsabryggju austur fyrir Lambastaðavör (150 m + styrking 70 m – 1.800 m³)			4,6		7/8
Lambastaðagrandi–bæjarmörk, hækkun á krónu (140 m – 400 m³)			1,2		7/8
ÓSKIPT					
Óskipt til sjóvarna	0,1	5,7	9,8	24,8	7/8
Áætlaður heildarkostnaður við sjóvarnir samtals	**141,6**	**87,5**	**117,4**	**127,0**	
Alls 2003–2006				**473,5**	

3.3 Flokkun hafna.

3.3.1 Hafnir í grunnneti.

Eftirfarandi hafnir eru í grunnneti: Grundartangi, Akranes, Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík), Grundarfjörður, Stykkishólmur, Vesturbyggð (Patreksfjörður), Bolungarvík, Ísafjarðarbær (Ísafjörður), Skagaströnd, Skagafjörður (Sauðárkrókur), Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvíkurbyggð (Dalvík), Akureyri, Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörður, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður), Fáskrúðsfjörður, Djúpivogur, Hornafjörður, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði, Reykjanesbær (Keflavík/Njarðvík), Hafnarfjörður og Reykjavíkurhöfn.

3.3.2 Hafnir utan grunnnets.

Eftirfarandi hafnir eru utan grunnnets: Snæfellsbær (Arnarstapi), Dalabyggð (Búðardalur), Reykhólar, Vesturbyggð (Brjánslækur, Bíldudalur), Tálknafjörður, Ísafjarðarbær (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri), Súðavík, Norðurfjörður, Drangsnes, Hólmavík, Hvammstangi, Blönduós, Skagafjörður (Hofsós, Haganesvík), Dalvíkurbyggð (Árskógssandur), Hjalteyri, Hrísey, Grenivík, Grímsey, Kópasker, Borgarfjörður eystri, Bakkafjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík, Vogar og Kópavogur.

4. VEGÁÆTLUN

4.1 Fjármál.

Áætlun um fjáröflun.*

Fjárhæðir í millj. kr.		2003	2004	2005	2006
4.1.1	**Tekjur og framlög**				
1.1.	Markaðar tekjur				
	1. Bensíngjald	5.434	5.544	5.544	5.544
	2. Þungaskattur km-gjald	2.549	2.670	2.791	2.865
	3. Þungaskattur árgjald	2.539	2.659	2.781	2.853
	4. Leyfisgjöld flutninga	10	4	4	4
	5. Leyfisgjöld leigubifreiða	6	6	6	6
		10.538	**10.883**	**11.126**	**11.272**
1.2.	Umsýslugjald til ríkissjóðs 0,5%	-53	-54	-55	-56
	Markaðar tekjur alls	**10.485**	**10.829**	**11.071**	**11.216**
1.3.	Ríkisframlag	1.413	1.544	1.544	1.646
1.4.	Framlög til jarðganga	1.200	1.530	2.244	1.530
1.5.	Eignasala	300			
1.6.	Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	3.000	1.600		
	Framlag úr ríkissjóði alls	**5.913**	**4.674**	**3.788**	**3.176**
	Tekjur og framlög alls	**16.398**	**15.503**	**14.859**	**14.392**
4.1.2	**Viðskiptahreyfingar**				
	1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40	-40	-40
	2. Vegna ferja	-290	-327	-327	-327
	Afborganir alls	**-330**	**-367**	**-367**	**-367**
	SAMTALS	**16.068**	**15.136**	**14.492**	**14.025**

* Tölur ársins 2003 eru á verðlagi þessa árs (vísitala vegagerðar 6940), en tölur áranna 2004–2006 eru hækkaðar til áætlaðs verðlags 2004. Hækkun verðlags er áætluð 2% (vísitala vegagerðar 7080).

Skipting útgjalda.

Fjárhæðir í millj. kr.	2003	2004	2005	2006
GJÖLD				
4.1.3. Rekstur og þjónusta				
1. Yfirstjórn	**300**	**309**	**316**	**326**
2. Upplýsingaþjónusta	**74**	**79**	**82**	**83**
3. Umferðareftirlit	**55**	**60**	**63**	**63**
4. Þjónusta	**2.504**	**2.770**	**2.632**	**2.637**
1. Þjónustusvæði	330	342	348	348
2. Vegir og vegyfirborð	420	428	428	428
3. Brýr og veggöng	70	77	66	71
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	430	459	464	464
5. Þéttbýlisvegir	294	301	306	306
6. Vetrarþjónusta	960	1.163	1.020	1.020

Fjárhæðir í millj. kr.	2003		2004		2005		2006	
5. Almenningssamgöngur		**949**		**1.007**		**1.016**		**1.008**
1. Ferjur og flóabátar	658		710		719		711	
Þar af afborganir ferjulána til ríkissjóðs		**-290**		**-327**		**-327**		**-327**
2. Áætlunarflug	131		134		134		134	
3. Sérleyfi á landi	160		163		163		163	
6. Rannsóknir		**105**		**108**		**109**		**110**
7. Minjar og saga						**15**		**20**
Rekstur og þjónusta alls		**3.697**		**4.006**		**3.906**		**3.920**
4.1.4. Viðhald								
1. Endurnýjun bundinna slitlaga		**920**		**959**		**969**		**980**
2. Endurnýjun malarslitlaga		**223**		**219**		**216**		**216**
3. Styrkingar og endurbætur		**600**		**633**		**734**		**775**
4. Brýr, varnargarðar og veggöng		**190**		**214**		**235**		**255**
5. Öryggisaðgerðir		**140**		**153**		**184**		**194**
6. Vatnaskemmdir		**140**		**143**		**147**		**158**
7. Viðhald girðinga		**32**		**36**		**51**		**61**
Viðhald alls		**2.245**		**2.357**		**2.536**		**2.639**
4.1.5. Stofnkostnaður								
1. Grunnnet		**8.503**		**7.152**		**6.413**		**5.826**
1. Almenn verkefni	535		546		434		434	
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	1.520		1.421		1.540		1.594	
3. Verkefni á landsbyggð	2.048		1.895		2.052		2.227	
Þar af afborganir lána vegna Hvalfjarðarganga til ríkissjóðs		**-40**		**-40**		**-40**		**-40**
4. Orku- og iðjuvegir	200		119		102			
5. Jarðgangaáætlun	1.200		1.530		2.244		1.530	
6. Landsvegir í grunnneti			41		41		41	
7. Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	3.000		1.600					
Samtals grunnnet		**8.463**		**7.112**		**6.373**		**5.786**
2. Tengivegir		**525**		**541**		**541**		**541**
3. Til brúagerðar		**288**		**296**		**296**		**296**
1. Brýr 10 m og lengri	262		269		269		269	
2. Smábrýr	26		27		27		27	
4. Ferðamannaleiðir		**300**		**255**		**255**		**255**
5. Girðingar		**60**		**63**		**71**		**71**
6. Landsvegir utan grunnnets		**117**		**93**		**98**		**99**
7. Safnvegir		**278**		**306**		**306**		**306**
8. Styrkvegir		**55**		**61**		**61**		**61**
9. Reiðvegir		**40**		**46**		**49**		**51**
Samtals utan grunnnets		**1.663**		**1.661**		**1.677**		**1.680**
Stofnkostnaður alls		**10.126**		**8.773**		**8.050**		**7.466**
GJÖLD ALLS		**16.068**		**15.136**		**14.492**		**14.025**

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
4.2.1 Grunnnet.
4.2.1.1 Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
1	Hringvegur				
a3	Austan Eldvatnsbotna			15	
a6	Um Skaftá	18	6	10	
c0	Þverá	6			
c7	Landvegamót		26		
240	Stórhöfðavegur				
01	Um Strandveg				32
30	Hrunamannavegur				
06–08	Flúðir–Biskupstungnabraut	45	37		15
34	Eyrarbakkavegur				
01	Hringvegur–Kjarabót	2			
35	Biskupstungnabraut				
04	Um Brúará		7		
08	Um Laugaá	2			
37	Laugarvatnsvegur				
03	Um Brúará		3		
359	Bræðratunguvegur				
01	Um Hvítá	3			
427	Suðurstrandarvegur				
11–13	Sýslumörk–Þorlákshafnarvegur			36	15
1	Hringvegur				
e1	Lagfæringar		41		
36	Þingvallavegur				
12	Veglýsing um Helgafellsmela	15			
429	Sandgerðisvegur				
01	Lagfæring við Miðnesheiðarveg			5	
45	Garðskagavegur				
04	Um Sandgerði				21
417	Bláfjallavegur				
02	Bláfjallaleið–Krýsuvíkurvegur			41	41
407	Bláfjallaleið				
01	Bláfjallavegur–bifreiðastæði	21	13	16	
427	Suðurstrandarvegur	41	24		
1	Hringvegur				
g7	Borgarnes	34		37	46
50	Borgarfjarðarbraut				
02–03	Vatnshamraleið	8	75	13	
54	Snæfellsnesvegur				
10	Bjarnarfoss–Egilsskarð		3	3	
10	Fróðárheiði	29			
17	Um Gríshólsá				16
60	Vestfjarðavegur				
07	Búðardalur–Klofningsvegur			7	
531	Borgarbraut				
01	Brákarsund	5			
574	Útnesvegur				
10	Ólafsvík, lýsing			2	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
60	Vestfjarðavegur				
23	Reykhólasveit, breikkun	12			
23	Um Laxá			31	
61	Djúpvegur				
04–36	Breikkun slitlaga			26	61
	Leiðaval til suðurs frá Hólmavík	5			
09	Kollafjörður	4			
10	Hvalsárhöfði	8			
24	Lágidalur, breikkun		19		
38–39	Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð		16		
45	Hnífsdalur–Bolungarvík	9	22		
62	Barðastrandarvegur				
03	Hlíð–Kleifaheiði, breikkun		13		
64	Flateyrarvegur				
01–02	Vegamót við Flateyri			6	
67	Hólmavíkurvegur				
01	Djúpvegur–Hólmavík	21	7		
636	Hafnarvegur Ísafirði				
01	Djúpvegur–höfn	18			
1	Hringvegur				
m0	Um Blönduós				11
m6	Hringtorg við Varmahlíð			37	
72	Hvammstangavegur				
01	Hringtorg við Hvammstanga				16
74	Skagastrandarvegur				
02	Við Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná	23			
76	Siglufjarðarvegur				
13	Gránugata	30	7		
744	Þverárfjallsvegur				
01	Skagastrandarvegur–Skrapatunga		13		
01	Skrapatunga–Skúfur			25	25
01–02	Þverá–Skagavegur				10
04	Strandvegur, Sauðárkróki	23	58		
1	Hringvegur				
q6	Um Hrúteyjarkvísl		6		
82	Ólafsfjarðarvegur				
01	Um Hörgá		26		
06	Ólafsfjarðargöng, vatnsvörn			22	
83	Grenivíkurvegur				
	Snjóastaður			7	
85	Norðausturvegur				
03	Um Laxá				21
87	Kísilvegur				
01–02	Slitlagsendi–Geitafellsá			11	42
830	Svalbarðseyrarvegur				
01	Lýsing	5			
837	Hlíðarfjallsvegur				
01	Um Borgarbraut		7	15	
845	Aðaldalsvegur				
01	Hringvegur–Lindahlíð	38	39		
846	Austurhlíðarvegur				
01	Hjá Laugum			6	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
859	Hafnarvegur á Húsavík	34			
85	Norðausturvegur				
31	Brekknaheiði–Geysirófa				51
34–35	Hölkná–Miðheiðarhryggur	66	68	28	
917	Hlíðarvegur				
01	Hjá Fossvöllum			25	1
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi				
	Lagfæringar á þjóðvegum	10	10	10	10
	Samtals	**535**	**546**	**434**	**434**

4.2.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Vegnr.	Vegheiti Heiti verkefnis	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
1	**Hringvegur**				
	Gatnamót við Nesbraut	140	265		
	Breikkun, Víkurvegur–Skarhólabraut	100	306	102	
	Gatnamót við Hallsveg				10
40	**Hafnarfjarðarvegur**				
	Gatnamót við Nýbýlaveg			51	
41	**Reykjanesbraut**				
	Laugarnesvegur–Dalbraut			184	
	Gatnamót við Stekkjarbakka	545	128		
	Gatnamót við Breiðholtsbraut	95			
	Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	250	224	222	217
	Kaplakriki–Lækjargata		77	127	
	Lækjargata–Kaldárselsvegur	150	51		
49	**Nesbraut**				
	Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	50	166	599	204
409	**Hlíðarfótur**				
	Hringbraut–Flugstöð				102
411	**Arnarnesvegur**				
	Reykjanesbraut–Elliðavatnsvegur				102
415	**Álftanesvegur**				
	Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur				510
450	**Sundabraut**				
	Sæbraut–Geldinganes	50	51	102	306
	Göngubrýr og undirgöng	60	61	61	61
	Umferðarstýring	20	31	31	21
	Smærri verk og ófyrirséð	60	61	61	61
	Samtals	**1.520**	**1.421**	**1.540**	**1.594**

4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð (stórverkefni).

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Djúpá				
1 Hringvegur				
a2 Um Djúpá	20			
Þjórsá				
1 Hringvegur				
c8 Um Þjórsá	86			
Þjórsárdalsvegur				
32 Þjórsárdalsvegur				
02 Stóranúpsvegur–Ásólfsstaðir	17			
Biskupstungnabraut				
35 Biskupstungnabraut				
08–09 Laugarvatnsvegur–Gullfoss	30			
Bræðratunguvegur				
359 Bræðratunguvegur				
01 Um Hvítá				82
Gjábakkavegur				
365 Gjábakkavegur				
01 Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur			33	82
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík				
41 Reykjanesbraut				
15–18 Krýsuvíkurvegur–Víknavegur	300	306	255	255
Hvalfjarðartengingar				
1 Hringvegur				
Hvalfjarðartengingar	60	61	61	61
Hringvegur um Stafholtstungur				
1 Hringvegur				
h0–h1 Borgarfjarðarbraut–Hrauná		51	153	102
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð				
54 Snæfellsnesvegur				
15 Kolgrafafjörður	180	255	224	51
Vatnaleið				
56 Vatnaleið	37			
Vestfjarðavegur, Brattabrekka, Svínadalur				
60 Vestfjarðavegur				
01–02 Um Bröttubrekku	83	48		
08–09 Um Svínadal				41
Hálsasveitarvegur að Húsafelli				
518 Hálsasveitarvegur				
03 Hvítársíðuvegur–Kaldadalsvegur		61	102	
Gilsfjörður				
60 Vestfjarðavegur				
21 Gilsfjörður	21	15		
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur–Flókalundur				
60 Vestfjarðavegur				
27–28 Miðhús–Melanes			181	235
29–31 Múli–Vattarnes	200	153	44	
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði				
60 Vestfjarðavegur				
44 Gemlufallsheiði	53			

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Ísafjarðardjúp				
61 Djúpvegur				
26–29 Slitlagsendi–Hörtná				76
31 Gilseyri–Kleifar	70			
32–33 Kleifar–Bolaskógur		112	150	
33–34 Bolaskógur–Eiði			54	250
Djúpvegur, Súðavík–Bolungarvík				
61 Djúpvegur				
38–45 Súðavík–Bolungarvík			20	31
Barðastrandarvegur, Flókalundur–Patreksfjörður				
62 Barðastrandarvegur				
04 Kleifaheiði	41			
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði				
1 Hringvegur				
n0–n1 Norðurárdalur	10	102	255	82
Siglufjarðarvegur				
76 Siglufjarðarvegur				
06 Um Hofsá	25			
Þverárfjallsvegur				
744 Þverárfjallsvegur				
01 Skagastrandarvegur–Skúfur		51		
Hringvegur á Mývatnsheiði				
1 Hringvegur				
q9 Mývatnsheiði	170	31		
Lágheiði				
82 Ólafsfjarðarvegur				
09 Lágheiði		37	14	
Norðausturvegur, Húsavík–Þórshöfn				
85 Norðausturvegur				
09–10 Bangastaðir–Víkingavatn	162	51		
14–22 Katastaðir–Krossavík		102	276	286
24 Sævarland– Sandá	38			
Kísilvegur				
87 Kísilvegur				
01–05 Mývatnsvegur–sæluhús			26	76
Tenging Norðurland–Austurland				
1 Hringvegur				
s1–s7 Biskupsháls–Vegaskarð	140	86		
s2 Um Vegaskarð		67	55	
s2–s4 Vegaskarð–Langidalur			57	82
Hringvegur á Austurlandi				
1 Hringvegur				
s8–s9 Hofteigur–Hrólfsstaðir	120			
t6–t7 Skriðdalur				30
t9–u0 Ásunnarstaðir–Heydalir	60			
u9 Melrakkanes–Blábjörg		20		
v1–v5 Almannaskarð, Þvottár- og Hvalnesskriður		122	82	20
Hornafjarðarfljót				
1 Hringvegur				
v7–v9 Um Hornafjarðarfljót				204

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti		2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Jökulsá á Breiðamerkursandi					
1 Hringvegur					
x3 Um Jökulsá		20	31		
Norðausturvegur, Hringvegur–Vopnafjörður					
85 Norðausturvegur					
41–43 Sunnudalsvegur–Brunahvammsháls					102
Suðurfjarðavegur					
96 Suðurfjarðavegur					
11 Kambaskriður		16			
Breikkun brúa á Suðurlandi					
1 Hringvegur					
b5 Um Klifanda		10	123		
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra					
1 Hringvegur					
k1 Síká (Hrútafirði)					69
k8 Um Vatnsdalsá		69			
Samgöngurannsóknir		10	10	10	10
	Samtals	**2.048**	**1.895**	**2.052**	**2.227**

4.2.1.4 Orku- og iðjuvegir.

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti		2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
506 Grundartangavegur					
01 Hringvegur–hafnarsvæði		30	21		
92 Norðfjarðarvegur					
07 Reyðarfjörður–Eskifjörður		170	98	102	
	Samtals	**200**	**119**	**102**	

4.2.1.5 Jarðgangaáætlun.

Heiti verkefnis		2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Siglufjörður–Ólafsfjörður og Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður		1.200	1.530	2.244	1.530
	Samtals	**1.200**	**1.530**	**2.244**	**1.530**

4.2.1.6 Landsvegir í grunnneti.

Heiti verkefnis		2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Landsvegir í grunnneti			41	41	41
	Samtals		**41**	**41**	**41**

4.2.1.7 Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifærum.
a) Verkefni á höfuðborgarsvæðinu.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.
1	Hringvegur		
f3	Víkurvegur–Skarhólabraut, breikkun	100	
41	Reykjanesbraut		
12–13	Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	200	200
13–14	Kaplakriki–Lækjargata	100	
49	Nesbraut		
04	Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	200	100
411	Arnarnesvegur		
05	Reykjanesbraut–Elliðavatnsvegur	100	
	Samtals	**700**	**300**

Fjármagn til Hringvegar skal nota til að flýta breikkun vegarins frá Víkurvegi að Skarhólabraut ásamt bráðabirgðagatnamótum á þeirri leið.

Fé til Reykjanesbrautar skal nota til að flýta breikkun vegarins frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika og endurbótum í Hafnarfirði. Við þetta losna fjárveitingar samkvæmt áætluninni á árunum 2005 og 2006 og skal verja þeim til að flýta gerð mislægra gatnamóta við Arnarnesveg og síðan annarra gatnamóta á þessari leið.

Fé til Nesbrautar skal nota til að flýta færslu Hringbrautar. Fjárveitingar samkvæmt áætluninni, sem losna við þetta á árunum 2005–2006, skal nota í gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Fé til Arnarnesvegar skal nota til að flýta gerð vegarkafla í Leirdal.

b) Verkefni á norð-austursvæðinu.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.
85	Norðausturvegur		
07–09	Breiðavík–Bangastaðir	270	100
13–14	Um Núpasveit	150	50
1	Hringvegur		
s1–s7	Biskupsháls–Skjöldólfsstaðir	200	100
85	Norðausturvegur		
31	Sýslumörk–Finnafjarðará	80	50
	Samtals	**700**	**300**

Fé til Norðausturvegar um Tjörnes og í Núpasveit verði notað til að flýta því að unnt sé að ráðast í vegagerð á Hófaskarðsleið (Öxarfjarðarheiði).

Fjárveitingar til Hringvegar flýta vegagerð úr Víðidal í Langadal. Við það losna fjárveitingar samkvæmt áætluninni á árunum 2005 og 2006 og skal nota þær til að flýta framkvæmdum við vegtengingu frá Hringvegi til Vopnafjarðar.

Fjárveitingu í kafla 31 á Norðausturvegi skal nota til að flýta endurbótum vegarins um Geysirófu.

c) Suðurstrandarvegur, Hellisheiði og Gjábakkaleið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		2003 millj. kr.	2004 millj. kr.
427	Suðurstrandarvegur			
02–13	Grindavík–Þorlákshafnarvegur		250	250
1	Hringvegur			
d8–d9	Hellisheiði		150	50
365	Gjábakkavegur			
01	Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur		100	100
		Samtals	**500**	**400**

Fjárveitingar til Suðurstrandarvegar skal nota til að hefja uppbyggingu vegarins.

Fjárveitingar til Hringvegar skal nota til endurbóta á veginum um Svínahraun.

Fjárveitingar til Gjábakkavegar skal nota til að flýta endurbyggingu vegar um Lyngdalsheiði.

d) Vegagerð á Vestfjörðum og á Þverárfjallsvegi.

1.000 millj. kr. til Vestfjarða og 200 millj. kr. til Þverárfjallsvegar.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		2003 millj. kr.	2004 millj. kr.
60	Vestfjarðavegur			
29–31	Bjarkarlundur–Flókalundur		250	150
61	Djúpvegur			
09–10	Steinadalsvegur–Tröllatunguvegur		50	50
31–34	Gilseyri–Eiði		350	150
744	Þverárfjallsvegur			
01	Skagastrandarvegur–Skúfur		150	50
		Samtals	**800**	**400**

Fjárveitingar til Vestfjarðavegar skal nota til að flýta framkvæmdum við veginn úr Kollafirði í Vattarfjörð. Fjárveitingar samkvæmt áætluninni, sem losna við þetta á árunum 2004–2006, skal nota til að flýta framkvæmdum milli Þorskafjarðar og Kollafjarðar.

Fjárveitingar til Djúpvegar skal annars vegar nota til að flýta endurbótum á veginum um Hvalsárhöfða og hins vegar til að ljúka vegagerð um Skötufjörð og Hestfjörð. Síðar verði tekin ákvörðun um ráðstöfun fjárveitinga sem losna á árunum 2005 og 2006.

Fjárveitingar til Þverárfjallsvegar skal nota til að ljúka vegagerð á vesturhluta leiðarinnar. Fjárveitingar samkvæmt áætluninni, sem losna á árunum 2004–2006, skal nota til að hefja vegagerð upp frá Sauðárkróki.

e) Göng undir Almannaskarð.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		2003 millj. kr.	2004 millj. kr.
1	Hringvegur			
v5	Um Almannaskarð		300	200
		Samtals	**300**	**200**

Fjárveitingarnar skal nota til að gera jarðgöng undir Almannaskarð.

Samandregið.

		2003 millj. kr.	2004 millj. kr.
a) Verkefni á höfuðborgarsvæðinu		700	300
b) Verkefni á norð-austursvæðinu		700	300
c) Suðurstrandarvegur, Hellisheiði og Gjábakkaleið		500	400
d) Vegagerð á Vestfjörðum og á Þverárfjallsvegi		800	400
e) Göng undir Almannaskarð		300	200
	Samtals	**3.000**	**1.600**

4.2.2 Utan grunnnets.

4.2.2.1 Tengivegir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
25		Þykkvabæjarvegur				
	02	Hrafntóftir–Þykkvibær				16
26		Landvegur				
	02	Holtsmúli–Fellsmúli	35	33		
204		Meðallandsvegur				
	01	Ásgarður–Fossar	9	22	13	
215		Reynishverfisvegur				
	01	Hringvegur–Presthús	9	9		
242		Raufarfellsvegur				
	01	Hringvegur–Hringvegur		11		
246		Skálavegur				
	01	Hringvegur–Hringvegur				10
252		Landeyjavegur				
	01–02	Gunnarshólmavegur–Hólmavegur		22	38	23
254		Hólmavegur				
	01	Landeyjavegur–flugvöllur			15	
271		Árbæjarvegur				
	01	Hringvegur–Bjallavegur	13	13		29
282		Ásmundarstaðavegur				
	01	Hringvegur–Ásmundarstaðir				10
33		Gaulverjabæjarvegur				
	01	Önundarholtsvegur–Skipar	17	14		
302		Urriðafossvegur				
	01	Hringvegur–Villingaholtsvegur	5			
305		Villingaholtsvegur				
	01	Kolsholt–Urriðafossvegur	22	11		
310		Votmúlavegur				
	01	Eyrarbakkavegur–Gaulverjabæjarvegur	9			8
314		Holtsvegur				
	01–02	Ofan Stokkseyrar			8	
324		Vorsabæjarvegur á Skeiðum				
	01	Um Vorsabæ			10	
329		Mástunguvegur				
	01	Skyggnir–Laxárdalur			5	
340		Auðsholtsvegur				
	01	Um Syðra-Langholt		11	21	3
354		Sólheimavegur				
	01	Biskupstungnabraut–Sólheimar	30		36	55

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
364		Eyjavegur				
	01	Laugarvatnsvegur–Útey			5	
374		Hvammsvegur				
	01	Hringvegur–Hringvegur		4		
375		Arnarbælisvegur				
	01	Hringvegur–Auðsholt		3	2	
48		Kjósarskarðsvegur				
	01	Reynivellir–Vindáshlíð	40	27	21	
425		Nesvegur				
	02	Reykjanesviti–Staður			11	42
45		Garðskagavegur				
	05	Um Ósabotna		15	10	
50		Borgarfjarðarbraut				
	01	Um Andakílsá			10	
54		Snæfellsnesvegur				
	08	Um Staðará	5			
	09	Um Vatnsholtsá		7		
	10	Bjarnarfoss–Egilsskarð		9	4	
503		Innnesvegur				
	02	Esjubraut/Garðagrund, hringtorg		21		
504		Leirársveitarvegur				
	01	Leirá–Svínadalsvegur			42	14
508		Skorradalsvegur				
	02	Dragavegur–Hvammur	35			
513		Bæjarsveitarvegur				
	01	Borgarfjarðarbraut–Laugarholt	25			
574		Útnesvegur				
	01	Gröf–Arnarstapi			37	66
	04	Hella–Hellissandur	15	32		
576		Framsveitarvegur				
	01	Snæfellsnesvegur–Nýjabúð				12
585		Hlíðarvegur				
	01	Við Svarfhól		6		
586		Haukadalsvegur				
	01	Vestfjarðavegur–Smyrlahóll	4			
589		Sælingsdalsvegur	2			
5710		Arnarstapavegur	4	11		
5714		Lýsuhólsvegur		7		
60		Karlseyjarvegur				
	01	Reykhólasveitarvegur–Karlsey		5		
617		Tálknafjarðarvegur				
	03	Um Sveinseyri	13			
645		Drangsnesvegur				
	01	Reykjarnes–Drangsnes	41	51	56	56
702		Heggstaðanesvegur				
	02	Bálkastaðir–Heggstaðir			15	
704		Miðfjarðarvegur				
	01	Sunnan Melstaðar; um Króksstaði			12	
711		Vatnsnesvegur				
	04	Tjarnará–Þórsá	30			
	05	Ósar–Hólaá			25	

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
714		Fitjavegur				
	02	Finnmörk–Miðfjarðarvegur	24			
715		Víðidalsvegur				
	02	Hrappsstaðavegur–Dæli			13	
722		Vatnsdalsvegur				
	04	Hvammur–Steinkot		38		
726		Auðkúluvegur				
	01	Grundarflói				6
745		Skagavegur				
	01–03	Skagastrandarvegur–Hafnaá	10			
751		Efribyggðarvegur				
	01	Álfgeirsvellir–Skagafjarðarvegur		12		
752		Skagafjarðarvegur				
	03	Héraðsdalsvegur–Breið				53
764		Hegranesvegur				
	01	Sauðárkróksbraut–Helluland		15		
767		Hólavegur				
	02	Hólar–Hólalax				6
805		Svarfaðardalsvegur				
	01	Húsabakkaskóli–Tunguvegur	42			
813		Möðruvallavegur				
	01	Möðruvellir–Hörgárdalsvegur	27			
821		Eyjafjarðarbraut vestri				
	05	Sandhólar–Nes				39
828		Veigastaðavegur				
	01	Hringvegur–Vaðlaheiðarvegur			15	26
829		Eyjafjarðarbraut eystri				
	02	Litlihamar–Rútsstaðir		62	14	
842		Bárðardalsvegur vestri				
	01	Snjóastaðir			6	
849		Baldursheimsvegur				
	01	Lagfæring		4		
853		Hvammavegur				
	01	Slitlagsendi–virkjun			35	6
8984		Hvammsvegur		4		
94		Borgarfjarðarvegur				
	07	Á Vatnsskarði	6	27		
	08	Njarðvíkurskriður			21	
925		Hróarstunguvegur				
	02	Hallfreðarstaðir–Þórisvatn		13		
931		Upphéraðsvegur				
	01	Við Fellabæ				13
	01	Ekkjufell–Setberg	53			
	01–02	Setberg–Ormarsstaðaá			34	48
939		Axarvegur				
	01–02	Skriðdalur–Berufjörður		22	7	
		Samtals	**525**	**541**	**541**	**541**

4.2.2.2 Til brúagerðar. Brýr, 10 m og lengri.

Vegnr.	Heiti verkefnis	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
1	Skaftá	53			
35	Laugaá	14			
37	Brúará	75			
54	Staðará í Staðarsveit	48			
1	Hrúteyjarkvísl	32	29		
F910	Hrafnkela og Reykjará	25	10		
35	Brúará		88	9	
54	Vatnsholtsá		19		
82	Hörgá		107		
50	Andakílsá			87	
60	Laxá í Króksfirði			38	
744	Gönguskarðsá			66	
85	Laxá hjá Laxamýri			18	94
917	Laxá hjá Fossvöllum			31	
54	Gríshólsá				20
1	Hrútafjarðará				84
1	Staðará í Suðursveit				51
	Óráðstafað	15	16	20	20
	Samtals	**262**	**269**	**269**	**269**

4.2.2.3 Ferðamannaleiðir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
22		Dalavegur í Vestmannaeyjum	6			
35		Kjalvegur				13
52		Uxahryggjavegur	40	36	36	36
208		Skaftártunguvegur		7	2	
215		Reynishverfisvegur	7	11		
218		Dyrhólavegur	5			
249		Þórsmerkurvegur			8	10
268		Þingskálavegur			13	
2675		Lynghagavegur				2
3745		Vaðnesvegur	10			
		Vegur á Höfðabrekkuheiði			2	
		Bílastæði við Geysi	2			
		Bílastæði við Gullfoss	1			
		Gaddstaðaflatir		7		
426		Bláalónsvegur	12	10		
407		Bláfjallaleið	12			
408		Heiðmerkurvegur		10	20	20
504		Leirársveitarvegur				
	01	Leirá–Svínadalsvegur			5	
508		Skorradalsvegur				
	02	Dragavegur–Hvammur			21	20
574		Útnesvegur				
	01	Gröf–Arnarstapi		26		
	04	Hella–Hellissandur	31			
576		Framsveitarvegur				
	01	Snæfellsnesvegur–Nýjabúð				5

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
612	Örlygshafnarvegur				
02–04	Flugvallarvegur–Látrabjarg	6			
643	Strandavegur				
03–08	Drangsnesvegur–Norðurfjörður	21	26	26	26
	Vegur í Tungudal	4			
711	Vatnsnesvegur				
02	Um Hamarsá		12		
714	Fitjavegur				
02	Finnmörk–Miðfjarðarvegur	4			
722	Vatnsdalsvegur				
04	Hvammur–Steinkot		13	26	
733	Blöndudalsvegur				
01	Sunnan Blöndudalshóla				7
745	Skagavegur				
08	Skefilsstaðir–Hafragil, snjóastaðir				12
753	Vindheimavegur				
01	Undir Vindheimabökkum				6
758	Arnarvatnsvegur				
03	Arnarvatn–Hólmavatn	1			
7681	Víðimýrarvegur				
01	Hringvegur–Víðimýri	7			
7691	Löngumýrarvegur				
	Hringvegur–grasköggla verksmiðja	7			
793	Skarðsvegur				
01	Um skíðasvæði á Skarðsdal	12			
837	Hlíðarfjallsvegur				
03	Hlíðarbraut–skíðasvæði	31	6		
862	Hólmatungnavegur				
05	Dettifoss–Hringvegur	35	47	56	72
864	Hólsfjallavegur	15		15	
	Brekkuselsvegur				
	Skíðasvæði Dalvíkur		12		
	Langanesvegur		6		
93	Seyðisfjarðarvegur				
06	Ferjuhöfn Seyðisfirði	31	9		
923	Jökuldalsvegur			6	21
953	Mjóafjarðarvegur		17	19	
	Göngustígur á Egilsstaðanesi				5
	Samtals	**300**	**255**	**255**	**255**

4.3 Flokkun vega.

4.3.1 Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

Suðurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Kúðafljót sunnan Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum, um Heiðarveg og Strembugötu að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Hringvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.
26 Landvegur: Af Hringvegi í Holtum upp Holt og Land, um Galtalæk, austan við Þjórsá hjá Búrfelli að Þjórsárdalsvegi nálægt Sultarfit.
201 Vallavegur: Af Hringvegi vestan við Brúará á Hringveg austan við Brunná.
202 Prestbakkavegur: Af Hringvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.
204 Meðallandsvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðrifljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Hringveg austan Kúðafljóts.
205 Klausturvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
206 Holtsvegur: Af Hringvegi að Hunkubökkum.
208 Skaftártunguvegur: Af Hringvegi vestast í Eldhrauni, yfir Eldvatn hjá Ásum, um Skaftártungu að Fjallabaksleið nyrðri.
209 Hrífunesvegur: Af Hringvegi nálægt Laufskálavörðu, um Hrífunes, á Skaftártunguveg austan Tungufljótsbrúar.
210 Ljótarstaðavegur: Af Skaftártunguvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli, að vegamótum að Snæbýli.
211 Álftaversvegur: Af Hringvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði, á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti, um Jórvíkurhryggi, á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
214 Kerlingardalsvegur: Af Hringvegi að Kerlingardal.
215 Reynishverfisvegur: Af Hringvegi hjá Fossholtum, að Presthúsum.
216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt, á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.
218 Dyrhólavegur: Af Hringvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal, að heimreið að Vatnsskarðshólum.
219 Péturseyjarvegur: Af Hringvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Hringveg vestan Péturseyjar.
222 Mýrdalsjökulsvegur: Af Hringvegi á Sólheimasandi, að Sólheimakoti.
238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella, á Dalaveg við flugstöð.
239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut, um Eldfellshraun, að bílastæði ofan Viðlagafjöru.
240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, með fram vesturmörkum byggðar, að Stórhöfðavita.
242 Raufarfellsvegur: Af Hringvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Hringveg austan Svaðbælisár.
243 Leirnavegur: Af Hringvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Hringveg austan við Steina.
245 Hverfisvegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Hringveg austan Írár.
246 Skálavegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Hringveg austan við Hvamm.
247 Sandhólmavegur: Af Hringvegi við Hvamm, um Efraholt, á Hringveg hjá Fitjamýri.
248 Merkurvegur: Af Þórsmerkurvegi austan Markarfljóts, að Stórumörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Hringvegi austan Markarfljóts hjá Seljalandi, að Markarvegi.

250 Dímonarvegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli, fram hjá Stóra-Dímon, á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli, um Borgareyrar, á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Hringvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt, á Hringveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum, um Sel, yfir Landeyjaveg hjá Gunnarshólma, að Brúnalundi.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls, um Hólma, að flugstöð við Bakkaflugvöll.
255 Akureyjarvegur: Af Hringvegi við Hemlu, um Strönd, á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Hringvegi á Hvolsvelli, inn Fljótshlíð, um Múlakot, að Fljótsdal.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli, um Efrahvol, að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Hringvegi vestan Eystri-Rangár, upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt, niður Rangárvelli, á Hringveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Hringvegi vestan við Strönd, að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Hringvegi við Varmadal, að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk, á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Hringvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ og Nónholt, á Landveg hjá Köldukinn.
272 Bjallavegur: Af Árbjæjarvegi á Nónholti, um Bjalla, á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Hringvegi vestan við Lyngás, að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Hringvegi við Landvegamót, um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ, að Hrauk.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Hringvegi við Áshól, að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Hringvegi vestan við Einbúa, um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða, um Raftholt, Haga og Stúfholt, á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Hringvegi hjá Einbúa, um Hamra og Kálfholt, á Hringveg á Lónsheiði.
2027 Hrunavegur: Af Hringvegi, að Sléttu.
2050 Fossvegur: Af Hringvegi, að Fossi 2 og 3.
2075 Hörgslandsvegur: Af Hringvegi, að Hörgslandi.
2120 Giljavegur: Af Hringvegi, að Giljum.
2140 Brekknavegur: Af Hringvegi, að Ási.
2160 Hvolavegur: Af Hringvegi, að Hvoli.
2420 Skógavegur: Af Hringvegi, að kennarabústað.
2440 Skógafossvegur: Af Skógavegi, að dýralæknisbústað.
2480 Seljalandsvegur: Af Hringvegi, að Seljalandi.
2520 Skíðbakkavegur: Af Landeyjavegi, að Skíðbakka.
2530 Skeggjastaðavegur: Af Landeyjavegi, að Vestritungu.
2540 Fíflholtshverfisvegur: Af Akureyjarvegi, að Gerðum.
2560 Eyjarvegur: Af Hringvegi, að Berjanesi.
2570 Akureyjarkirkjuvegur: Af Akureyjarvegi, að Akurey.

2615 Torfastaðavegur: Af Fljótshlíðarvegi, að Torfastöðum.
2625 Lambeyjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi, að Bjargarkoti.
2645 Kirkjulækjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi, að Kirkjulækjarkoti.
2655 Vatnsdalsvegur: Af Fljótshlíðarvegi, að Tumastöðum.
2675 Lynghagavegur: Af Norðurgarði á Hvolsvelli, að Akri.
2699 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi, að Bakkakoti.
2715 Gunnarsholtsvegur: Af Rangárvallavegi, að starfsmannabústöðum.
2725 Akurhólsvegur: Af Gunnarsholtsvegi, að Akurhóli.
2735 Helluvaðsvegur: Frá Hellu, að Helluvaði.
2755 Hellatúnsvegur: Af Ásvegi, að Hellatúni.
2765 Háarimavegur: Af Ásvegi, að Háarima III.
2775 Bræðraborgarstígur: Af Ásvegi við Hábæjarkirkju, á Ásveg við Tjörn.
2820 Laugalandsvegur: Af Landvegi, að Nefsholti.
2840 Þverlækjarvegur: Af Hagabraut, að Stúfholtshjáleigu.
2860 Hjallanesvegur: Af Landvegi, að Hjallanesi.
2880 Laugavegur: Af Landvegi, að Laugum.
2907 Sumarliðabæjavegur: Af Hringvegi hjá Sléttalandi, um Sumarliðabæ, á Landveg hjá Þjóðólfshaga.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Hringvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stórulaxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum, á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum, um Laugarás og Skálholt, á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt, sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell, norðan Bjarnalóns yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Hringvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Hringvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi, um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Hringvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Reykholt, Vatnsleysu, Múla og Geysi að þjónustumiðstöð við Gullfoss.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Hringvegi nálægt Hveragerði, að Suðurvarargarði í Þorlákshöfn.
39 Þrengslavegur: Af Hringvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Hringvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss, á Villingaholtsveg nálægt Villingaholti.
303 Ölvisholtsvegur: Af Hringvegi við Kjartansstaði, um Miklaholtshelli, að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Hringvegi hjá Hraungerði, um Oddgeirshóla og Langholt, á Hringveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Hringvegi í Flóa, um Villingaholt, suður með Þjórsá, um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.

308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda, að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti, um Votmúla, á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu, um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðrivöll.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli, um Holt, á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík, að vegamótum að Litlu-Sandvík.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi móts við Löngumýri, að Skeiðháholti.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi, að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti, um Vorsabæ og Álfsstaði, á Skálholtsveg litlu austar.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár, um Hamarsheiði, á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl, að heimreið að Steinsholti.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minnanúpi, á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása, um Stóru-Mástungu, að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stórulaxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum, á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt, um Eyrarbakka, á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir, um Hruna, á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna, að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá, að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru, á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði, um Búrfell og Klausturhóla, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minniborg, um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum, á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu, á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Bræðratunguvegi á Pollengi austan Tungufljótsbrúar, um Einholt, á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Hrunamannavegi ofan Flúða, yfir Hvítá hjá Hvítárholti, á Biskupstungnabraut nálægt Felli.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Ýrufoss, um Grafning, á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin, að heimreið að Útey.

365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni, á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli, að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Hringvegi vestan Kögunarhóls, um Nýbýlahverfi og Gljúfur, á Hringveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Hringvegi hjá Sandhóli, að Auðsholti.
376 Breiðamörk: Af Hringvegi, um Hveragerði, fram hjá Grýtu, að Gufudal.
377 Reykjavegur Hverageröi: Af Breiðumörk nálægt hótel Örk, um Austurmörk og Reykjamörk, um brú á Varmá að garðyrkjuskóla.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn: Af Þorlákshafnarvegi að ferjuhöfn við Svartaskersbryggju.
3020 Laugardælavegur: Af Hringvegi, að Laugardælum.
3040 Ármótavegur: Af Oddgeirshólavegi, að Litlu-Ármótum.
3060 Forsætisvegur: Af Villingaholtsvegi, á Villingaholtsveg.
3080 Hróarsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi, að Læk.
3091 Ljónsstaðavegur: Af Votmúlavegi, að Ljónsstöðum.
3115 Arnarhólsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi, að Hólshúsum.
3130 Holtsbýlavegur: Af Holtsvegi, að Holti.
3136 Hryggjarvegur: Af Ölvisholtsvegi, að Hrygg 1.
3145 Grundarvegur: Af Gaulverjabæjarvegi, að Vestrigrund 2.
3160 Baugsstaðavegur: Af Gaulverjabæjarvegi, að Baugsstöðum.
3175 Lækjamótavegur: Af Votmúlavegi, að Lækjamótum.
3220 Reykjavegur Skeiðum: Af Skálholtsvegi, að Reykjum.
3240 Ósabakkavegur: Af Skálholtsvegi, að Ósabakka.
3260 Hlemmiskeiðsvegur: Af Skeiðavegi, að Hlemmiskeiði.
3270 Kálfhólsvegur: Af Skeiðháholtsvegi vestan Háholts að Kálfhóli II.
3275 Blesastaðavegur: Af Skeiðavegi að Blesastöðum.
3280 Fjallsvegur: Af Vorsabæjarvegi, að Fjalli.
3307 Sandlækjarkotsvegur: Af Skeiðavegi að Sandlækjarkoti.
3312 Skarðsvegur: Af Hrunamannavegi, að Skarði 2.
3315 Þrándarholtsvegur: Af Þjórsárdalsvegi að Þrándarholti.
3320 Hlíðarvegur: Af Hælsvegi, að Hæli.
3330 Knarrarholtsvegur: Af Þjórsárdalsvegi, að Brúnum.
3335 Háholtsvegur: Af Hælsvegi, að Vestra-Geldingaholti.
3339 Stóra-Núpsvegur: Af Stóra-Núpsvegi, að Stóra-Núpskirkju.
3346 Melhagavegur: Af Þjórsárdalsvegi, að Haga I.
3357 Heiðarbraut: Af Þjórsárdalsvegi, á Gnúpverjaveg.
3365 Búrfellsvegur eystri: Af Þjórsárdalsvegi, að Eiríksbúð.
3367 Ásólfsstaðavegur: Af Þjórsárdalsvegi, að Ásólfsstöðum.
3405 Grafarbakkavegur: Af Hrunavegi, að Hverabakka.
3415 Varmalandsvegur: Af Hrunamannavegi, að Varmalandi.
3425 Hrepphólavegur: Af Hrunamannavegi, að Breiðási.
3435 Hvammsvegur eystri: Af Hrunamannavegi, að Hvammi.
3445 Hvítárholtsvegur: Af Hrunamannavegi, að Borgarási.
3450 Selsvegur: Af Hvítárholtsvegi, að Efra-Seli.
3455 Miðfellsvegur: Af Hrunamannavegi, að Miðfelli 4a.
3465 Laugavegur: Af Hrunavegi, að Reykjabóli.
3475 Unnarholtsvegur: Af Auðsholtsvegi, að Unnarholti.
3485 Birtingaholtsvegur: Af Auðsholtsvegi, að Birtingaholti 4.

3495 Hrafnkelsstaðavegur: Af Langholtsvegi, að Hrafnkelsstöðum 3.
3510 Iðuvegur: Af Skálholtsvegi, að Iðu.
3520 Laugarásvegur: Af Skálholtsvegi, að Skálholtsvegi.
3530 Helgastaðavegur: Af Skálholtsvegi, að Helgastöðum.
3540 Skálholtsstaðarvegur: Af Skálholtsvegi, að prestssetri.
3542 Vesturbyggðarvegur: Af Skálholtsvegi, að Lyngbrekku.
3550 Hrosshagavegur: Af Biskupstungnabraut, að Hrosshaga.
3560 Dalbrúnarvegur: Af Biskupstungnabraut, á Biskupstungnabraut.
3570 Bergholtsvegur: Af Biskupstungnabraut, að Bergholti.
3580 Norðurbrúnavegur: Af Biskupstungnabraut, að Bergholtsvegi.
3590 Syðri-Reykjavegur: Af Reykjavegi, að Brún.
3612 Vatnsleysuvegur: Af Tjarnarvegi, að Vatnsleysu III.
3616 Tjarnarvegur: Af Tjarnarvegi, að Litlu-Tjörn.
3630 Hagavegur: Af Biskupstungnabraut, að Haga III.
3660 Efribrúarvegur: Af Þingvallavegi, að Ljósafossskólavegi.
3690 Bíldsfellsvegur: Af Grafningsvegi neðri, að Bíldsfelli.
3695 Nesjavallavegur: Af Grafningsvegi efri, að Nesjavöllum.
3710 Árbæjarvegur vestri: Af Hringvegi, að Hlöðutúni.
3720 Hlíðardalsskólavegur: Af Krýsuvíkurvegi, að Hlíðardalsskóla.
3730 Hraunsvegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Hrauni 3.
3740 Bæjarhverfisvegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Vötnum.
3741 Efstadalsvegur: Af Laugarvatnsvegi, að Efstadal III.
3753 Borgarbraut: Af Biskupstungnabraut, að Borgarbraut 6.
3760 Hvolsvegur: Af Hringvegi, að Kvíarhóli.
3765 Stærribæjarvegur: Af Sólheimavegi, að Stærribæ 3.
3767 Eyvíkurvegur: Af Sólheimavegi, að Eyvík 1.
3770 Þórustaðavegur: Af Hringvegi, að Kjarri.
3771 Ormsstaðavegur: Af Sólheimavegi, að Ártanga.
3780 Núpavegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Núpum.
3790 Bakkavegur: Af Þorlákshafnarvegi, að Bakka.
3874 Skjálgarvegur: Af Árbæjarvegi, að Hrísum.
3915 Kirkjuferjuvegur: Af Hringvegi, að Kirkjuferjuhjáleigu.
3937 Vallavegur: Af Hringvegi austan Varmár, að Völlum.
3973 Bjarnastaðavegur: Af Þorlákshafnarvegi vestan Hjalla, að Lækjarvegi.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda, á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
427 Suðurstrandarvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvog á Þorlákshafnarveg ofan Þorlákshafnar.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls, á Þingvallaveg.

Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna, ofan Reykjavíkur, um Mosfellssveit, Kjalarnes og í jarðgöng undir Hvalfjörð á móts við Tíðaskarð.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði, á Hringveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) á Kirkjusandi í Reykjavík (eftir Kringlumýrarbraut) um Kópavog og Garðabæ á Reykjanesbraut við Kaplakrika.

41 Reykjanesbraut: Af Nesbraut vestan Ánanausta í Reykjavík, um Ánanaust, með fram höfninni (eftir Sæbraut) um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur, að Leifsstöð.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, með fram Kleifarvatni, um Krýsuvíkurbæ á Suðurstrandarveg í Krýsuvík.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa, um Ránargötu, að Grindavíkurhöfn.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík, að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Gerðar og Sandgerði, ofan Básenda, á Hafnaveg austan Ósabotna.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut á Fitjum, um Njarðvík, að Njarðvíkurhöfn.
47 Hvalfjarðarvegur: Af Hringvegi við Ártúnsá, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Hvalfjarðarvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð, að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
49 Nesbraut: Af Hringvegi við Smálönd, um Miklubraut, Hringbraut, Eiðsgranda og Suðurströnd að heilsugæslustöð.
405 Sviðholtsvegur: Af Álftanesvegi gegnt Bessastaðavegi, að Hákotsvör.
409 Fossvogsbraut: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, suður með Öskjuhlíð, austur Fossvogsdal, á Reykjanesbraut austan Blesugrófar.
410 Elliðavatnsvegur: Af Breiðholtsbraut við Dimmu, um Vatnsenda, á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt, um Rjúpnadalshlíð og norðvesturhlíð Vatnsendahvarfs, á Breiðholtsbraut.
412 Vífilsstaðavegur: Frá hafnarsvæði í Arnarnesvogi, yfir Hafnarfjarðarveg sunnan Silfurtúns, um Garðabæ og Vífilsstaði, á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
413 Breiðholtsbraut: Af Hringvegi við Rauðavatn, um norðurhlíð Vatnsendahvarfs, yfir Reykjanesbraut í Mjódd, vestur Digranesháls (Nýbýlaveg), á Hafnarfjarðarveg við Fossvog.
414 Flugvallarvegur Reykjavík: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, um Njarðargötu og Þorragötu, að flugvelli.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Molduhrauni, um Engidal, út á Álftanes, að Hvoli.
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum, að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Hringvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells, á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
418 Bústaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Kringlumýrar, um norðanverða Öskjuhlíð, á Nesbraut á Miklatorgi.
419 Höfðabakki: Af Reykjanesbraut austan Blesugrófar í Reykjavík, yfir Elliðaár nálægt Árbæ, um Ártúnshöfða, yfir Grafarvog, á Hallsveg.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum, að höfn í Vogakauptúni.
423 Miðnesheiðarvegur: Af Garðskagavegi norðan Keflavíkur, á Sandgerðisveg á Miðnesheiði.

424 Keflavíkurvegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, um Flugvallarveg að Keflavíkurhöfn.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum, um Reykjanes, á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Suðurstrandarvegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík, um Ísólfsskála og Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
429 Sandgerðisvegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Miðnesheiði, á Garðskagaveg í Sandgerði.
430 Úlfarsfellsvegur: Af Hringvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells, á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Hringvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Hringveg við Þverholt.
432 Hallsvegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells, á Sundabraut nálægt Gufunesi.
450 Sundabraut: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) nálægt Holtavegi, yfir Elliðavog, um Gunnunes og Álfsnes, á Hringveg í Kollafirði.
453 Sundagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut), að athafnasvæði Eimskipa.
454 Holtavegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut), að Holtabakka.
458 Brautarholtsvegur: Af Hringvegi norðan Klébergs, að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls, á Hvalfjarðarveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns, á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.
470 Fjarðarbraut: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal um miðbæ Hafnarfjarðar, á Reykjanesbraut hjá Þorlákstúni.
4150 Hliðsnesvegur: Af Álftanesvegi nálægt Selskarði, að Hliðsnesi.
4225 Brunnastaðavegur: Af Vatnsleysustrandarvegi, að Traðarkoti.
4250 Útgarðsvegur: Af Garðskagavegi í Garði, um Útskála, á Garðskagaveg hjá Fitjum.
4315 Leirvogstunguvegur: Af Hringvegi, að Leirvogstungu.
4324 Dalsárvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal, að Dalsá.
4325 Hrísbrúarvegur: Af Þingvallavegi, að vegamótum að Víðihóli sunnan Köldukvíslar.
4326 Reykjahlíðarvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal, að Reykjahlíð.
4335 Mosfellsvegur: Af Þingvallavegi að Minna-Mosfelli.
4336 Æsustaðavegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal, að Röðli.
4345 Helgadalsvegur: Af Þingvallavegi, að Hreggsstöðum.
4355 Hraðastaðavegur: Af Helgadalsvegi um Hraðastaði, á Helgadalsveg hjá Túnfæti.
4365 Hrafnhólavegur: Af Þingvallavegi hjá Seljabrekku, að Selvangi.
4510 Varmadalsvegur: Af Hringvegi, að Varmadal III.
4520 Leiruvegur: Af Hringvegi, að Fitjakoti.
4530 Norðurgrafarvegur: Af Hringvegi, að Gryfju.
4540 Víðinesvegur: Af Hringvegi, að Víðinesi.
4550 Kollafjarðarvegur: Af Hringvegi í Kollafirði, að Kollafirði.
4560 Esjuvegur: Af Hringvegi við Kirkjuland, á Hringveg við Skrauthóla.
4570 Grundarhverfisvegur: Af Brautarholtsvegi um Vallargrund, að Grundarhverfi.
4580 Arnarholtsvegur: Af Brautarholtsvegi, að Arnarholti.
4619 Víðigrundarvegur: Af Reykjahlíðarvegi, að Furuvöllum.
4644 Röðulsvegur: Af Æsustaðavegi, að Skuld.
4650 Neðri-Hálsvegur: Af Hringvegi, að Neðrihálsi.

4730 Lykkjuvegur: Af Brautarholtsvegi, að Lykkju III.
4824 Þorláksstaðavegur: Af Meðalfellsvegi, að Káranesvegi.

Vesturlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðargöngum, inn fyrir Akrafjall, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
47 Hvalfjarðarvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni út Hvalfjarðarströnd á Hringveg sunnan Laxár í Leirársveit.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Hringvegi hjá Seleyri, um Vatnshamra, Hest og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Hringveg hjá Haugum.
51 Akrafjallsvegur: Af Hringvegi austan við Innrihólm, út fyrir Akrafjall, skammt austan Akraneskaupstaðar, inn með Akrafjalli norðanverðu, á Hringveg hjá Urriðaá.
52 Uxahryggjavegur: Af Borgarfjarðarbraut við Götuás, um Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
54 Snæfellsnesvegur: Af Hringvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði, þaðan til austurs um norðanvert Snæfellsnes, um Grundarfjörð, Helgafellssveit, Skógarströnd og Hörðudal, á Vestfjarðaveg við Stóraskóg.
55 Heydalsvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Vatnaleið: Af Snæfellsnesvegi við Vegamót, um Dufgusdal, austan Baulárvalla- og Selvallavatns, á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár, að ferjubryggju í Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
501 Innrahólmsvegur: Af Innnesvegi hjá Miðgarði, að Kirkjubóli.
502 Svínadalsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Dragaveg gegnt Geitabergi.
503 Innnesvegur: Af Akrafjallsvegi hjá Reyni, um Ytrahólm og Innnesveg á Akranesi, á Akranesveg.
504 Leirársveitarvegur: Af Hringvegi hjá Leirárbrú, um Leirá, á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Hringvegi hjá Skorholti, um Melasveit, á Hringveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Hringvegi hjá Klafastöðum, að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði, á Dragaveg sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
509 Akranesvegur: Af Akrafjallsvegi innan kaupstaðar um Þjóðbraut á Akranesi og Faxabraut að höfn.
510 Hvítárvallavegur: Af Hringvegi norðan Eskiholts, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum, um Hest, á Borgarfjarðarbraut norðan Hestfjalls.
511 Hvanneyrarvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan brúar á Andakílsá að Hvanneyrarskóla.

512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum, á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk, um Bæ, að Laugarholti.
514 Hvítárbakkavegur: Af Bæjarsveitarvegi, að Hvítárbakka III.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar, um Múlastaði, Skóga, Brennistaði, á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut með fram flugvelli á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp, á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum, á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóraás, Húsafell og Kalmanstungu, á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal, fram hjá Giljum, á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
520 Dragavegur: Af Hvalfjarðarvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga og Hestháls á Uxahryggjaveg við Götuás.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla, um Norðtungu og Hjarðarholt, á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum, á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litluþverár, að Helgavatni.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litluþverá, um Grjót, á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland, á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum í Norðurárdal.
528 Norðurárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal, á Hringveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Hringvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarbraut: Af Hringvegi, að Egilsgötu í Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Borgar, að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn, um Krossnes og Þverholt, á Snæfellsnesveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti, að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Urriðaárbrú, að vegamótum að Valshamri.
539 Hítardalsvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Raftási, um Staðarhraun, að Hítardal.
540 Hraunhreppsvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Fíflholtum, um Stóra-Kálfalæk, Akra og Hundastapa, á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
553 Langavatnsvegur: Af Hringvegi hjá Svignaskarði, að þjónustuhúsi Iðju.
566 Hítarnesvegur: Af Snæfellsnesvegi sunnan Kaldár, að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gerðubergslækjar, að Laugagerðisskóla.
571 Ölkelduvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Ölkeldu, að Álftavatnsvegi.
573 Rifshafnarvegur: Af Útnesvegi hjá Rifi, að höfn.

574 Útnesvegur: Af Snæfellsnesvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand, Rif og Ólafsvík, á Snæfellsnesveg norðan Fróðárheiðar.
575 Tunguvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Tunguóss, að vegamótum að Hrísum.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall, að Skallabúðum.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár, um Kóngsbakka, á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi, að Blönduhlíð.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli, að vegamótum að Vífilsdal.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ, á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda, um Kolsstaði og Kringlu, á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar, um Haukadal, að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt, að vegamótum við Spágilsstaði.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi, að vegamótum að Sámsstöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða, að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs, um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd, á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu, á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá, að vegamótum við Bjarnastaði.
5040 Fellsendavegur: Af Hringvegi nálægt Klafastöðum, um Stóru-Fellsöxl, á Akrafjallsveg hjá Litlu-Fellsöxl.
5150 Auðsstaðavegur: Af Reykdælavegi hjá Steindórsstöðum, að Búrfelli.
5178 Reykholtsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Reykholti, að þorpskjarna hjá kirkju.
5219 Þorgautsstaðavegur: Af Hvítársíðuvegi, að Þorgautsstöðum.
5240 Bifrastarvegur: Af Hringvegi, að gatnamótum íbúðahverfis á bak við skólahús.
5250 Kaðalstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut, að Kaðalstöðum.
5315 Heggstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut, að Kvígsstöðum.
5317 Grímarsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi hjá Hvítárvöllum, um Grímarsstaði á Hvanneyrarveg.
5350 Stórafjallsvegur: Af Hringvegi, að Stórafjalli 1.
5630 Kolbeinsstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi, um Lindartungu, á Heydalsveg.
5710 Arnarstapavegur: Af Útnesvegi, að Arnarstapahöfn.
5714 Lýsuhólsvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Lýsuhóli.
5730 Hellnavegur: Af Útnesvegi, að bryggju.
5750 Kvíabryggjuvegur: Af Snæfellsnesvegi, að Krossnesvegi.
60 Vestfjarðavegur: Af Hringvegi hjá Dalsmynni, um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfirði.
690 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Brunnár í Saurbæ um Holtahlíð að Garpsdalsvegi skammt innan Gilsfjarðarbrekku (þaðan er hann landsvegur yfir heiðina, að Steinadal).

Vestfjarðakjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Djúpveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfirði, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði og Önundarfjörð, um jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði á Djúpveg í Skutulsfirði.
61 Djúpvegur: Af Hringvegi vestan Hrútafjarðarár út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði, ofan Hólmavíkur, um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð, um Aðalstræti og Brimbrjótsgötu í Bolungarvík, að höfn.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd, yfir Kleifaheiði, um Raknadalshlíð, um Þórsgötu að höfn á Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdan til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal um Hvilftarströnd og Hafnarstræti að Túngötu við höfn á Flateyri.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í jarðgöngum undir Breiðadals- og Botnsheiði að ytri höfn á Suðureyri.
67 Hólmavíkurvegur: Af Djúpvegi við Hólmavík um Hólmavík, að höfn.
602 Garpsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi, um Garpsdal, að Steinadalsvegi í botni Gilsfjarðar.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, um Bakka og Tröllatungu á Djúpveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum, að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni, út Barmahlíð, um Reykhóla, að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni, yfir Þorskafjarðarheiði, á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
610 Brjánslækjarvegur: Af Barðastrandarvegi, að ferjubryggju.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð, um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall, að Hvallátrum um Látravík að Bjargtöngum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall, að vegamótum neðan Bjarngötudals.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili, um Gjögur, að Hænuvík.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi í Sauðlauksdal, að flugvelli á Sandodda.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar, um Sveinseyri, að Hrauni.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi við Bíldudal, út með Arnarfirði, að Feitsdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi á Hvassnesi, að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri, að Haukadal.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli, um Núp, að Alviðru.

625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, að Hjarðardal.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi, að Vífilsmýrum.
628 Hjarðardalsvegur: Af Vestfjarðavegi, að Hjarðardal í Dýrafirði.
629 Syðradalsvegur: Af Djúpvegi í Bolungarvík, að Geirastöðum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði, að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal, að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð, um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð, á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur, að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd, um Melgraseyri, að Laugalandsvegi, um Kaldalón að Unaðsdalskirkju.
636 Hafnarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi um Pollgötu, Suðurgötu og Njarðarsund að Sindragötu.
639 Skutulsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Ísafjarðarflugvelli, fyrir Skutulsfjörð á Djúpveg, á Hauganesi.
640 Borðeyrarvegur: Af Djúpvegi, að Borðeyri.
641 Krossárdalsvegur: Af Djúpvegi sunnan Krossárbrúar, að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð, um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd, um Drangsnes og Kaldrananes, á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði, að flugvelli.
690 Steinadalsvegur: Frá Steinadal, á Djúpveg í Kollafirði.
6009 Króksfjarðarnesvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi, að Vogalandi.
6020 Gautsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Geiradalsár, að Tindum.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Hringvegi hjá Stóraósi, að Hvammstangahöfn.
74 Skagastrandarvegur: Af Hringvegi hjá Blönduósi, að Skagastrandarhöfn.
75 Sauðárkróksbraut: Af Hringvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg hjá Narfastöðum.
76 Siglufjarðarvegur: Af Hringvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstugrund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga, að höfn á Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár, um Hofsós, á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Hringvegi í Hrútafirði nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð, á Hringveg utan við Melstað.
703 Hálsbæjavegur: Af Hringvegi á Hrútafjarðarhálsi, um Sveðjustaði, á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.

704 Miðfjarðarvegur: Af Hringvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan, á Hringveg hjá Laugarbakka.
711 Vatnsnesvegur: Af Hvammstangavegi við Klapparstíg á Hvammstanga, út Vatnsnes, um Hindisvík, yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Hringveg hjá Vatnshorni.
714 Fitjavegur: Af Hringvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal, um Ásland, yfir Miðfjarðarháls, á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur: Af Hringvegi hjá Deildarhóli, um Víðdalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, út austan Víðidalsár, á Hringveg vestan Lækjamóta.
716 Síðuvegur: Af Hringvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu, á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk, um Stóruborg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
721 Þingeyravegur: Af Hringvegi vestan við Sveinsstaði, að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Hringvegi hjá Sveinsstöðum, fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Hringveg nálægt Aralæk.
724 Reykjabraut: Af Hringvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns, á Svínvetningabraut hjá Tindum.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu, á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund, að Snæringsstöðum.
731 Svínvetningabraut: Af Hringvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri, á Hringveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri, að vegamótum við Blönduvirkjun.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri, að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði, að Fossum.
740 Hafnarvegur Blönduósi: Af Hringvegi, um Húnabraut og Hafnarbraut, að höfn.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka, á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal, um Mýrar og brú á Laxá hjá Skrapatungu og Norðurá, á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð, um Eyrarveg og Strandveg á Sauðárkróki, á Sauðárkróksbraut á Borgarsandi.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu og Laxárdal, á Þverárfjallsveg hjá Skíðastöðum.
747 Hafnarvegur Hofsósi: Af Hofsósbraut, um Norðurbraut og Hafnarbraut, að höfn.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði, að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi, að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi sunnan við Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Hringvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Litluhlíð.

753 Vindheimavegur: Af Hringvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa, að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breið, að Gilhaga.
757 Villinganesvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi II, að Tunguhálsi I.
759 Kjálkavegur: Af Hringvegi hjá Skeljungshöfða, að Flatatungu.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð, að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi, á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga, á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi, á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð, á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hrolleifsár, um Skálá, austan Sléttuhlíðarvatns, á Siglufjarðarveg norðan Sléttuhlíðarvatns.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, að Sigríðarstöðum.
788 Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar, um Sléttu og Skeiðsfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará, að flugvelli.
7020 Reykjaskólavegur: Af Hringvegi, að Reykjaskóla.
7040 Mýravegur: Af Heggstaðanesvegi, að Mýrum III.
7060 Staðarbakkavegur: Af Miðfjarðarvegi, að Staðarbakka.
7080 Laugarbakkaskólavegur: Af Miðfjarðarvegi, að Laugarbakkaskóla.
7125 Króksvegur: Af Fitjavegi, að Valdarásvegi.
7175 Hrappsstaðavegur: Af Víðidalsvegi, að Litluhlíðarvegi.
7185 Þorkelshólsvegur: Af Hringvegi, að Þorkelshóli.
7250 Árholtsvegur: Af Hringvegi sunnan Laxár á Ásum, að Neðraholti.
7350 Steinárvegur: Af Svartárdalsvegi, að Hólsvegi.
7420 Ásholtsvegur: Frá Skagaströnd, að Ásholti.
7425 Brekknavegur: Af Skagavegi, að Örlygsstaðavegi II.
7450 Neðribyggðarvegur á Skaga: Af Skagavegi hjá félagsheimilinu Skagaseli, að Hvalnesi.
7475 Sjávarborgarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Brennigerði, að Sjávarborg III.
7515 Reykjaborgarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Varmalæk, að Ljósalandi.
7575 Merkigarðsvegur: Af Héraðsdalsvegi hjá Reykjum, að Lambeyri.

7595 Stóruakravegur: Af Hringvegi, að Stóruökrum.
7620 Húsabakkavegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Glaumbæ, að Jaðri.
7630 Geldingaholtsvegur: Af Sauðárkróksbraut sunnan við Syðra-Skörðugil, að vegamótum vestan Geldingaholts I.
7650 Djúpadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miðgrund, að Kringlumýri.
7681 Víðimýrarvegur: Af Hringvegi, að Víðiholti í Skagafirði.
7750 Sleitustaðavegur: Af Siglufjarðarvegi austan Kolku, að Sleitustöðum.
7794 Neðraásvegur: Af Ásavegi, að Neðraási.
7875 Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi hjá Sólgörðum, að Barði.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, sunnan Grímsstaða á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Hringvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Hringvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni og Höfðahverfi, að Túngötu á Grenivík.
85 Norðausturvegur: Af Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð, að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Hringvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
801 Hafnarvegur Hrísey: Frá ferjuhöfn, að Norðurvegi.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir, að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum, á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan, að Dæli.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi, að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi, að Hauganesi.
810 Hafnarvegur Dalvík: Af Ólafsfjarðarvegi, að höfn.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi, að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli, á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga, að Myrkárbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan, á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, að Brávöllum.
818 Hlíðarvegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð, um Syðsta-Samtún, að Áslaksstöðum.

819 Hafnarvegur Akureyri: Af Hringvegi (Glerárgötu) skammt sunnan Glerár og niður með henni, um Tryggvagötu, Hjalteyrargötu og Laufásgötu, að höfn.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar, að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Hringvegi á Akureyri, um Hrafnagil, Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes, á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Af Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil, á Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá, á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla, á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
828 Veigastaðavegur: Af Hringvegi hjá Hallandi, um Veigastaði, á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Hringvegi á Leirum, um Laugaland, Munkaþverá og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Hringvegi, að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá, að Höfða.
833 Illugastaðavegur: Af Hringvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Hringvegi hjá Víðivöllum, að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Hringvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Hringvegi hjá Hálsi, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
837 Hlíðarfjallsvegur: Af Hringvegi (Glerárgötu) á Akureyri skammt sunnan Glerár, upp með henni og yfir hana (um Borgarbraut), suður Hlíðarbraut að vegamótum vegar að skíðasvæði í Hlíðarfjalli (þangað telst landsvegur).
838 Hafnarvegur Grenivík: Af Grenivíkurvegi við íþróttavöll, að höfn.
841 Fremstafellsvegur: Af Hringvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Hringvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts, að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum, á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Hringvegi hjá Einarsstöðum, á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Hringvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla, út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Hringvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnsvegur: Af Hringvegi hjá Arnarvatni, um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Hringvegi skammt austan Arnarvatns, að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Útkinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum, að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða, að Sandi.

853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun, á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi, að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur í Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni, að flugvelli.
859 Hafnarvegur Húsavík: Af Norðausturvegi, að höfn.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli, að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Hringvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand, á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi, að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú, að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn að Sauðanesi.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi, að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Þórshöfn: Af Langanesvegi utan Þórshafnar, að flugvelli.
8005 Grímseyjarvegur: Frá ferjubryggju, að flugvelli.
8010 Hæringsstaðavegur: Af Svarfaðardalsvegi, að vegamótum við Hæringsstaði.
8110 Lækjarbakkavegur: Af Möðruvallavegi, að Möðruvöllum I.
8120 Dunhagavegur: Af Hörgárdalsvegi, að Litla-Dunhaga.
8140 Auðnavegur: Af Hringvegi, að Bakka.
8160 Eyrarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Glæsibæ.
8170 Skjaldarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi, að Skjaldarvík.
8210 Leifsstaðavegur: Af Knarrarbergsvegi, að Leifsstöðum.
8220 Brekkuvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Svertingsstöðum.
8230 Garðsárvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Syðra-Hóli.
8240 Ytra-Laugalandsvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri, að Laugarholti.
8243 Þelamerkurvegur: Af Hringvegi við Bægisá, á Hringveg við Fossá.
8315 Halllandsvegur: Af Veigastaðavegi, að Halllandi.
8325 Mógilsvegur: Af Hringvegi, að Mógili II.
8335 Geldingsárvegur: Af Hringvegi, að Meyjarhóli.
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi, að skógarvarðarhúsi.
8420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi, að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi, að Granastöðum.
8460 Lundarbrekkubýli: Af Lundarbrekkuvegi, að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi, að Bjarnarstöðum.
8490 Knarrarbergsvegur: Af Veigastaðavegi, um Leifsstaði, á Eyjafjarðarbraut eystri.
8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi, að Rauðuskriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi, að Hraunkoti.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi, að Núpum.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi, að Árnesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi, að skóla.
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi, að Hraungerði.

8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi, að Glaumbæ.
8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi, að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi, að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi, að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi, að Brúnahlíð.
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi, að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Hallbjarnarstöðum.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi, að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi, að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi, að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi, að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi, að Grímsstöðum IIb.
8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi, að Ytri-Neslöndum.
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi, að Keldunesi.
8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi, að Reistarnesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi, að Gunnarsstöðum.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi, að Hallgilsstöðum.
8843 Laxamýrarvegur: Af Norðausturvegi, að Laxamýri 2a.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi, að Hvammi.

Austurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Víðidal og Langadal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal á Hringveg við Gestreiðarstaðaaxlir.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá, að verslunarhúsi.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum, um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð, að Skólavegi í Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði, að ferjubryggju á Seyðisfirði.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík, að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði, um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes, á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli, um Breiðdalsvík, á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi, að höfn í Gleðivík á Djúpavogi.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn, að bryggju í Álaugarey.
912 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár, að Bakkafjarðarhöfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk, að Hámundarstöðum I.

914 Skógavegur: Af Norðausturvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá, á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún, að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár, að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni, að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði, að Aðalbóli.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga, yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár, á Hringveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá, á Hringveg hjá Urriðavatni.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni, um Brekku, á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni, að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar, um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Vallholti, um Skóga á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum, að býlunum.
933 Fljótsdalsvegur: Af Upphéraðsvegi hjá Hjarðarbóli, um Skriðuklaustur, yfir Jökulsá í Fljótsdal hjá Víðivöllum ytri, um Hrafnkelsstaði, á Upphéraðsveg utan við Vallholt.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi austan Jökulsár, um brú á Kelduá, um Langhús, að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur: Af Fljótsdalsvegi austan brúar á Kelduárkvísl, að Klúku.
936 Þórdalsheiðarvegur: Frá Áreyjum, á Suðurfjarðaveg.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú, að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal, um Öxi, á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar, að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði, um Hjaltastað, að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum, um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi, á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, um brú á Fjarðará, að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum, að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi, að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Vestdalseyri, að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri, að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú, um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar, að Brekku.

954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað, að Stóru-Breiðuvík.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár, að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði, að höfn.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi, um Hafnarbraut, að höfn.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal, um Norðurdal, að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi hjá Heydölum, yfir Breiðdalsá hjá Sveinshyl, á Hringveg hjá Ósi.
966 Suðurbyggðarvegur í Breiðdal: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði, á Breiðdalsveg við Skammadalsá.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá, að flugvelli.
983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi, að Miðfelli.
984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar, að vegamótum við Birkifell.
986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár, að vegamótum að Rauðabergi II.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum, að Torfastöðum 2.
9130 Ytrihlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi, að Ytrihlíð I.
9160 Refstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi, að Refstað I.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi, að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri, að Mælivöllum II.
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi, að Hallfreðarstöðum II.
9340 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Fljótsdalsvegi hjá Végarði, að Valþjófsstað.
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi, að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Finnsstöðum II.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi, að Borg.
9617 Tóarselsvegur: Af Norðurdalsvegi í Breiðdal, að vegamótum að Skarði.
9727 Þinganesvegur: Af Hringvegi, að Sauðanesvegi.
9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi, að Framnesi.
9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi, að Hafnarnesi.
9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi, að Hólum II.
9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi, að Miðskeri.
9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi, að Stórulág.
9811 Stórabólsvegur: Af Hringvegi, að Klettatúni.
9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi, að Lækjarhúsum I.
9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi, að Jaðri.
9860 Halavegur: Af Hringvegi, að Hala II.
9868 Fagurhólsmýrarvegur: Af Hringvegi, að vegamótum Hemruvegar.
9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi, að Hnappavöllum I.
9882 Hofsvegur: Af Hringvegi, að Hofi I.
9887 Hofskotsvegur: Af Hofsvegi, að Hofi II.
9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi, að Suðurbæ.

Flokkun stofn- og tengivega í sundurliðun eftir kjördæmum í undirflokka.

Stofnvegir.

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri–Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
359 Bræðratunguvegur.
365 Gjábakkavegur.
376 Breiðamörk:
Hringvegur–Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut–Vatnsskarð
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut–Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut–Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Hvalfjarðarvegur.
49 Nesbraut.
409 Fossvogsbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur:
Reykjanesbraut–Túngata.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
423 Miðnesheiðarvegur.
424 Keflavíkurvegur.
427 Suðurstrandarvegur.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur–Hringvegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
453 Sundagarðar.
454 Holtavegur.
470 Fjarðarbraut.
50 Borgarfjarðarbraut.
51 Akrafjallsvegur.
54 Snæfellsnesvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Vatnaleið.
58 Stykkishólmsvegur.
503 Innnesvegur:
Höfði við Akranes–Akranesvegur.
509 Akranesvegur.
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur–Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur–Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.

72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur–Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur–Miðbraut.
837 Hlíðarfjallsvegur.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.
952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur–ytri vegamót Austurvegar.
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur–ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

Tengivegir.
Aðrir vegir í sundurliðun eftir kjördæmum eru tengivegir.

4.3.2 Ferjuleiðir.

1. **Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn.**
Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur.**
Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
3. **Ísafjörður–Æðey–Vigur.**
Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
4. **Árskógsströnd–Hrísey.**
Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
5. **Akureyri–Hrísey–Dalvík–Grímsey.**
Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
6. **Neskaupstaður–Mjóifjörður.**
Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

4.3.3 Grunnnet.
Stofnvegir í grunnneti:
Stofnvegir teljast allir til grunnnets nema Heydalsvegur.

Tengivegir í grunnneti:

25 Þykkvabæjarvegur
26 Landvegur
32 Þjórsárdalsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Hringvegur–Baldurshagi á Stokkseyri
35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatnsvegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur
44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir
52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Kaldadalsvegur
83 Grenivíkurvegur
94 Borgarfjarðarvegur
208 Skaftártunguvegur
250 Dímonarvegur
252 Landeyjavegur
Hringvegur–Gunnarshólmavegur
Hólmavegur–Gunnarshólmavegur
253 Gunnarshólmavegur
Landeyjavegur–Landeyjavegur
254 Hólmavegur
261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur
430 Úlfarsfellsvegur
431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur
518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur
606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhólaþorp
607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur á Þingeyri–flugvöllur
631 Flugvallarvegur Ísafirði
643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangsnesvegur
645 Drangsnesvegur
Strandavegur–Drangsnes
731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur
732 Kjalvegur
752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur
809 Hauganesvegur
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut–Eyjafjarðarbraut eystri
842 Bárðardalsvegur vestri
846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar
848 Mývatnsvegur
870 Kópaskersvegur
931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur

Landsvegir í grunnneti:

F26 Sprengisandsleið
F35 Kjalvegur
F208 Fjallabaksleið nyrðri
F550 Kaldadalsvegur

Ferjuleiðir í grunnneti:

Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn
Stykkishólmur–Brjánslækur
Hrísey–Árskógssandur

1144. Breytingartillaga [469. mál]

við till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, ArnbjS, ÞKG, SI, MS).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2003–2014 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við áætlun þessa sem felur í sér:

a. stefnumótun í samgöngumálum og helstu markmið sem vinna skal að,
b. skilgreiningu á grunnneti samgöngukerfisins sem nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur,
c. áætlun um fjáröflun til samgöngumála og
d. yfirlit um útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, svo og viðhalds og nýframkvæmda á sviði flugmála, siglingamála og vegamála.

1. STEFNUMÓTUN

Markmið um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins).

Stefnt skal að auknum flytjanleika í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skal ná með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins þar sem hún er takmörkuð, einnig með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3½ klst. ferðatíma.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Grunnnetið byggt upp samkvæmt tillögum um röð framkvæmda.
b. Þjónusta í grunnnetinu aukin.
c. Almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri.
d. Reykjavíkurflugvöllur áfram miðstöð innanlandsflugs og byggð verði þar samgöngumiðstöð.
e. Upplýsingaþjónusta við almenning og aðra notendur samgöngukerfisins aukin.

Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.

Stefnt skal að aukinni hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna. Þetta taki til samgöngumannvirkja, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu svo og samgangna í kerfinu að svo miklu leyti sem ríkið kemur að þeim.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Leitað leiða til þess að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.
b. Rekstur samgangna í lofti, á sjó og á landi, sem ríkið kemur að, boðinn út til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi.
c. Stefnt að sanngjarnri og skilvirkri gjaldtöku fyrir afnot af samgöngukerfinu.

Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Stefnt skal að sjálfbærum samgöngum, en það merkir meðal annars að (a) notkun á endurnýjanlegum auðlindum sé undir endurnýjunarhraða og (b) að ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir. Markmiðið tekur einnig til þess að umhverfisáhrifum samgangna, bæði hnattrænum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. Þannig sé miðað við að losun CO_2 frá samgöngum árið 2010 verði ekki meiri en árið 1990. Jafnframt verði dregið úr hávaða frá samgöngum og loftmengun verði haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Stuðlað að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa. Staðið verði fast við það markmið stjórnvalda að 20% af bifreiða- og fiskiskipaflota landsmanna noti vetni í stað jarðefnaeldsneytis árið 2020.
b. Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla með þeim hætti að léttari bílar og bílar sem nota olíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er.
c. Ísland í fararbroddi með að fullgilda alþjóðlegar samþykktir gegn mengun sjávar.
d. Stefnt að gildistöku alþjóðlegra samþykkta og reglna sem takmarka losun efna frá skipum og bílum.
e. Almenn fræðsla um akstur og aksturslag aukin með það í huga að draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð.
f. Aukin áhersla lögð á rannsóknir á ýmsum þáttum sem geta dregið úr mengun frá samgöngum.

Markmið um öryggi í samgöngum.

Stefnt skal að því að öryggi í samgöngum hér á landi verði eins og það gerist best með öðrum þjóðum.

Áfram verði innleiddar reglur Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA), sem Ísland er aðili að, eftir því sem þær verða til. Stefnt verði að því að Ísland taki frá byrjun virkan þátt í starfi Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA).

Áfram verði stefnt að því að fækka slysum á sjó enn frekar í samræmi við langtímaáætlun um öryggismál sjófarenda sem Alþingi samþykkti 2001, þ.e. um að minnsta kosti þriðjung til ársins 2004.

Stefnt verði að því að fækka banaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferðinni um 40% til 2012 miðað við meðaltal áranna 1996–2000 í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2001–2012 sem Alþingi hefur samþykkt.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda verði hluti samgönguáætlunar og taki mið af þessum sérstöku öryggisáætlunum.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

a. Reglur Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) og síðar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) fullgiltar á Íslandi eftir því sem þær verða til.
b. Komið upp gæðakerfi um öryggismál allra flugvalla sem í rekstri eru sem og í flugumferðarþjónustu.
c. Unnið eftir sömu stefnu í öryggismálum sjófarenda og mörkuð var með samþykkt langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.

d. Komið á fót vaktstöð siglinga til að annast leiðsögu- og öryggisþjónustu fyrir skip sem fara um íslenska efnahagslögsögu.
e. Áhersla lögð á öryggismál í höfnum, bæði við forgangsröðun verkefna og við hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja.
f. Stuðlað að ábyrgri hegðun í umferð á vegum og götum með aukinni fræðslu og áróðri og auknu eftirliti.
g. Götur og vegir og umhverfi vega gert öruggara, meðal annars með endurskoðun staðla, bættri öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu.
h. Unnið að enn virkara samstarfi við lögreglu, Umferðarstofu, Umferðarráð og sveitarfélög til að auka umferðaröryggi.
i. Efldar rannsóknir sem varða öryggismál allra greina samgangna.

2. GRUNNNETIÐ

Skilgreining.

Grunnnet samgöngukerfisins nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Það nær til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga til og frá landinu. Netið er samfellt, liggur um þéttbýlisstaði þegar svo háttar til á landinu og helstu samgönguæðar á stærstu þéttbýlisstöðunum teljast til netsins.

Flug.

Flugvellir í grunnneti skulu vera:

Reykjavík
Bíldudalur
Ísafjörður/Þingeyri*
Sauðárkrókur
Akureyri
Grímsey
Þórshöfn
Egilsstaðir
Höfn í Hornafirði
Vestmannaeyjar/Bakki*
Keflavík

*Flugvellir sem tengjast flugvöllum í grunnneti.

Haldið verður uppi nauðsynlegu þjónustustigi, sem þarf fyrir áætlunarflug, á Gjögri og á Vopnafirði.

Hafnir.

Hafnir í grunnneti skulu vera:

Grundartangi
Akranes
Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík)
Grundarfjörður
Stykkishólmur
Vesturbyggð (Patreksfjörður)
Bolungarvík
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)
Skagaströnd
Skagafjörður (Sauðárkrókur)
Siglufjörður
Ólafsfjörður
Dalvíkurbyggð (Dalvík)
Akureyri
Húsavík
Raufarhöfn
Þórshöfn
Vopnafjörður

Seyðisfjörður
Fjarðabyggð (Norðfjörður, Eskifjörður og Reyðarfjörður)
Fáskrúðsfjörður
Djúpivogur
Hornafjörður
Vestmannaeyjar
Þorlákshöfn
Grindavík
Sandgerði
Reykjanesbær (Keflavík/Njarðvík)
Hafnarfjörður
Reykjavík

Vegir.

Vegir í grunnneti skulu vera:

Stofnvegir:

1 Hringvegur
22 Dalavegur
30 Skeiða- og Hrunamannavegur
31 Skálholtsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Baldurshagi á Stokkseyri–Eyrarbakkavegur
34 Eyrarbakkavegur
35 Biskupstungnabraut
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamannavegur
36 Þingvallavegur
37 Laugarvatnsvegur
38 Þorlákshafnarvegur
39 Þrengslavegur
40 Hafnarfjarðarvegur
41 Reykjanesbraut
42 Krýsuvíkurvegur
Reykjanesbraut–Vatnsskarð
43 Grindavíkurvegur
44 Hafnavegur
Reykjanesbraut–Keflavíkurflugvöllur
45 Garðskagavegur
Reykjanesbraut–Sandgerði
46 Víknavegur
47 Hvalfjarðarvegur
49 Nesbraut
50 Borgarfjarðarbraut
51 Akrafjallsvegur
54 Snæfellsnesvegur
56 Vatnaleið
58 Stykkishólmsvegur
60 Vestfjarðavegur
61 Djúpvegur
62 Barðastrandarvegur
63 Bíldudalsvegur
64 Flateyrarvegur
65 Súgandafjarðarvegur
67 Hólmavíkurvegur
72 Hvammstangavegur
74 Skagastrandarvegur
75 Sauðárkróksbraut
76 Siglufjarðarvegur
77 Hofsósbraut
82 Ólafsfjarðarvegur um jarðgöng til Siglufjarðar
85 Norðausturvegur
Hringvegur–Kópasker og Raufarhöfn–Hringvegur
87 Kísilvegur
92 Norðfjarðarvegur
93 Seyðisfjarðarvegur
96 Suðurfjarðavegur um jarðgöng
97 Breiðdalsvíkurvegur
98 Djúpavogsvegur
99 Hafnarvegur
205 Klausturvegur
240 Stórhöfðavegur
343 Álfsstétt
359 Bræðratunguvegur
365 Gjábakkavegur
376 Breiðamörk
Hringvegur–Skólamörk
379 Hafnarvegur, Þorlákshöfn
409 Fossvogsbraut
410 Elliðavatnsvegur
411 Arnarnesvegur
412 Vífilsstaðavegur
413 Breiðholtsbraut

414 Flugvallarvegur, Reykjavík
415 Álftanesvegur
Reykjanesbraut–Túngata
418 Bústaðavegur
419 Höfðabakki
421 Vogavegur
423 Miðnesheiðarvegur
424 Keflavíkurvegur
427 Suðurstrandarvegur
429 Sandgerðisvegur
431 Hafravatnsvegur
Úlfarsárvegur–Hringvegur
432 Hallsvegur
450 Sundabraut
453 Sundagarðar
454 Holtavegur
470 Fjarðarbraut
503 Innnesvegur
Leynir við Akranes–Akranesvegur
509 Akranesvegur
531 Borgarbraut
574 Útnesvegur
Hellissandur–Ólafsvík
617 Tálknafjarðarvegur
Bíldudalsvegur–Lækjargata á Sveinseyri
619 Ketildalavegur
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur
622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þingeyri
636 Hafnarvegur, Ísafirði
744 Þverárfjallsvegur
808 Árskógssandsvegur
819 Hafnarvegur, Akureyri
820 Flugvallarvegur, Akureyri
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Hringvegur–Miðbraut
823 Miðbraut
829 Eyjafjarðarbraut eystri
Hringvegur–Miðbraut
837 Hlíðarfjallsvegur
Hringvegur–vegamót við Glerárbrú efri
845 Aðaldalsvegur
859 Hafnarvegur, Húsavík
867 Öxarfjarðarheiðarvegur
917 Hlíðarvegur
952 Hánefsstaðavegur
Seyðisfjarðarvegur–ytri vegamót Austurvegar
954 Helgustaðavegur
Norðfjarðarvegur–ytri vegamót Lambeyrarbrautar

Tengivegir:
25 Þykkvabæjarvegur
26 Landvegur
32 Þjórsárdalsvegur
33 Gaulverjabæjarvegur
Hringvegur–Baldurshagi á Stokkseyri
35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatnsvegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur
44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir
52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Kaldadalsvegur
83 Grenivíkurvegur
94 Borgarfjarðarvegur
208 Skaftártunguvegur
250 Dímonarvegur
252 Landeyjavegur
Hringvegur–Gunnarshólmavegur
Hólmavegur–Gunnarshólmavegur
253 Gunnarshólmavegur
Landeyjavegur–Landeyjavegur
254 Hólmavegur
261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur
430 Úlfarsfellsvegur
431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur
518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur
606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhólaþorp
607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur

622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur á Þingeyri–flugvöllur
631 Flugvallarvegur, Ísafirði
643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangsnesvegur
645 Drangsnesvegur
Strandavegur–Drangsnes
731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur
732 Kjalvegur
752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur
809 Hauganesvegur
821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut–Eyjafjarðarbraut eystri
842 Bárðardalsvegur vestri
846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar
848 Mývatnsvegur
870 Kópaskersvegur
931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur

Landsvegir:
F26 Sprengisandsleið
F35 Kjalvegur
F208 Fjallabaksleið nyrðri
F550 Kaldadalsvegur

Ferjuleiðir:
Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn
Stykkishólmur–Brjánslækur
Hrísey–Árskógssandur

3. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG ÚTGJÖLD

3.1 Flugmál

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Flugvallagjald	2.523	2.816	3.049
Afgreiðslugjald	66	66	66
Framlög úr ríkissjóði	3.817	3.617	3.617
Ríkistekjur	605	605	605
Sértekjur			
Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu	5.877	6.427	6.427
Aðrar sértekjur	1.830	1.830	1.830
Tekjur og framlög alls	**14.718**	**15.361**	**15.594**
Viðskiptahreyfingar			
Lántökur	0	0	0
Afborganir lána	-339	-339	0
Viðskiptahreyfingar samtals	-339	-339	0
Til ráðstöfunar alls	**14.379**	**15.022**	**15.594**
Gjöld			
Rekstur og þjónusta			
Yfirstjórn	1.066	1.066	1.066
Flugvalla- og leiðsöguþjónusta	3.456	3.426	3.426
Flugumferðarþjónusta innan lands	994	994	994
Framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu	416	455	455
Alþjóðaflugþjónusta	5.877	6.427	6.427
Eftirlit og öryggismál	591	580	580
Rannsóknir	53	72	72
Minjar og saga	20	20	20
Rekstur samtals	**12.473**	**13.040**	**13.040**

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Viðhald og styrkir			
Viðhaldssjóðir	530	658	833
Styrkir til innanlandsflugs	0	100	400
Viðhald og styrkir samtals	**530**	**758**	**1.233**
Stofnkostnaður			
Flugvellir í grunnneti	1.301	994	447
Áður framkvæmt/afborganir	-339	-339	0
Áætlunarflugvellir utan grunnnets	5	113	103
Aðrir flugvellir utan grunnnets	23	117	146
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	386	339	625
Stofnkostnaður samtals	**1.376**	**1.224**	**1.321**
Gjöld alls	**14.379**	**15.022**	**15.594**

3.2 Siglingamál.

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Skipagjald	256	256	256
Vitagjald	423	449	477
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	872	926	983
Markaðar tekjur samtals	**1.551**	**1.631**	**1.715**
Framlag úr ríkissjóði	**6.608**	**4.695**	**4.689**
Ríkistekjur	**5**	**5**	**5**
Sértekjur	**498**	**498**	**498**
Tekjur og framlög alls	**8.663**	**6.828**	**6.907**
Viðskiptahreyfingar			
Skuldbinding ríkissjóðs við hafnarsjóði	-186	0	0
Lántökur	0	0	0
Viðskiptahreyfingar samtals	**-186**	**0**	**0**
Til ráðstöfunar alls	**8.477**	**6.828**	**6.907**
Gjöld			
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn	781	839	889
Vitar og leiðsögukerfi	430	456	484
Skipaskoðun	460	460	460
Vaktstöð siglinga	705	729	729
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	78	80	80
Langtímaáætlun um öryggi sjófarenda	75	80	80
Þjónustusamningar um öryggismál	461	437	437
Rannsóknir og þróun	190	160	160
Minjar og saga	60	80	80
Rekstrargjöld alls	**3.239**	**3.320**	**3.399**

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Stofnkostnaður			
Tæki og búnaður	91	96	96
Vitar og leiðsögukerfi	63	80	80
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	4.458	2.400	2.400
Áður framkvæmt/afborganir	-186	0	0
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	285	360	360
Lendingabætur	18	20	20
Ferjubryggjur	29	32	32
Sjóvarnargarðar	386	400	400
Hafnabótasjóður framlag	93	120	120
Stofnkostnaður samtals	**5.237**	**3.508**	**3.508**
Gjöld alls	**8.477**	**6.828**	**6.907**

3.3 Vegamál.

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur	**42.946**	**45.113**	**46.424**
Framlag úr ríkissjóði	**12.752**	**12.152**	**9.332**
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	**4.600**	**0**	**0**
Ríkistekjur			
Sértekjur			
Tekjur og framlög	**60.298**	**57.265**	**55.756**
Viðskiptahreyfingar			
Lántökur	0	0	0
Afborganir	-1.413	-320	0
Afborganir	0	-500	0
Viðskiptahreyfingar samtals	**-1.413**	**-820**	**0**
Til ráðstöfunar alls	**58.885**	**56.445**	**55.756**
Gjöld			
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn	1.233	1.330	1.400
Upplýsingaþjónusta	313	330	350
Umferðareftirlit	238	250	270
Þjónusta	10.384	10.889	11.496
Almenningssamgöngur	3.920	3.070	2.770
Þar af afborgun lána	-1.253	-240	0
Rannsóknir	426	451	464
Minjar og saga	35	80	100
Rekstrargjöld alls	**15.296**	**16.160**	**16.850**
Viðhald samtals	**9.628**	**10.600**	**11.100**
Stofnkostnaður			
Grunnnet			
Almenn verkefni	1.920	1.740	1.740
Höfuðborgarsvæðið	5.986	7.246	7.762
Stórverkefni	8.100	9.319	8.914
Áður framkvæmt/afborgarnir	-160	-80	0
Orku- og iðjuvegir	417	0	0

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Jarðgöng	6.400	5.000	2.000
Landsvegir í grunnneti	120	200	520
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	4.600	0	0
Samtals grunnnet	**27.383**	**23.425**	**20.936**
Utan grunnnets			
Tengivegir	2.115	2.160	2.180
Til brúargerðar	1.158	1.160	1.160
Ferðamannaleiðir	1.050	1.100	1.100
Girðingar	262	300	350
Landsvegir utan grunnnets	397	400	400
Safnvegir	1.178	1.200	1.200
Styrkvegir	235	240	260
Reiðvegir	183	200	220
Samtals utan grunnnets	**6.578**	**6.760**	**6.870**
Afborgun skuldar frá 1999	**0**	**-500**	**0**
Stofnkostnaður samtals	**33.961**	**29.685**	**27.806**
Gjöld alls	**58.885**	**56.445**	**55.756**

4. ÁÆTLUN UM HELSTU FRAMKVÆMDIR Í GRUNNNETI

Helstu framkvæmdum í grunnneti skal raðað á tímabil eins og hér er gerð grein fyrir:

Flug.

Flugvellir í grunnneti	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Samtals framkvæmdakostnaður	**732**	**652**	**425**
Reykjavík	322	319	278
Akureyri	166	67	6
Egilsstaðir	31	87	0
Vestmannaeyjar/Bakki	96	96	40
Ísafjörður/Þingeyri	92	47	47
Sauðárkrókur	0	5	18
Hornafjörður	5	0	10
Bíldudalur	20	3	26
Þórshöfn	0	28	0

Hafnir.

Hafnir í grunnneti	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Akranes	131		
Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík)	148		
Grundarfjörður	18		
Stykkishólmur	22		
Vesturbyggð (Patreksfjörður)	143		
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)	202		
Bolungarvík	97		
Skagaströnd	10		

Hafnir í grunnneti	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Skagafjörður (Sauðárkrókur)	16		
Siglufjörður	94		
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík og Ólafsfjörður)	84		
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	152		
Húsavík	208		
Raufarhöfn	10		
Þórshöfn	213		
Vopnafjörður	161		
Seyðisfjörður	98		
Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður)	845		
Fáskrúðsfjörður	24		
Djúpivogur	31		
Hornafjörður	295		
Vestmannaeyjar	412		
Þorlákshöfn	331		
Grindavík	598		
Sandgerði	2		
Reykjanesbær	65		
Samtals	**4.410**	**2.320**	**2.320**
Viðskiptahreyfingar	-186		
Óskipt til slysavarna o.fl.	48	80	80
Hafnir í grunnneti alls, þrjú fjögurra ára tímabil	**4.272**	**2.400**	**2.400**

Vegir.

Verkefni á höfuðborgarsvæði.

Nafn vegar Heiti verkefnis	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Hringvegur			
Tengingar við Norðlingaholt		300	
Gatnamót við Breiðholtsbraut			120
Breikkun, Breiðholtsbraut–Nesbraut		400	
Gatnamót við Nesbraut	400		
Breikkun, Víkurvegur–Skarhólabraut	500		
Gatnamót við Hallsveg	10	490	
Gatnamót við Korpúlfsstaðabraut			500
Breikkun, Skarhólabraut–Langitangi		220	
Breikkun í Ullarnesbrekku			100
Hafnarfjarðarvegur			
Gatnamót við Listabraut		480	220
Breikkun, Fossvogur–Arnarnesvegur		156	314
Gatnamót við Nýbýlaveg	50		
Reykjanesbraut			
Laugarnesvegur–Dalbraut	180		
Gatnamót við Skeiðarvog			500
Gatnamót við Bústaðaveg		500	
Gatnamót við Stekkjarbakka	670		
Gatnamót við Breiðholtsbraut	96		
Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	900		
Arnarnesvegur, gatnamót		500	

Vífilsstaðavegur, gatnamót		400	
Urriðaholtsvegur, gatnamót		300	
Álftanesvegur–Lækjargata		50	850
Kaplakriki–Krýsuvíkurvegur	400		800
Nesbraut			
Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	1.000	1.300	500
Hlíðarfótur			
Hringbraut–Flugstöð	100	280	
Elliðavatnsvegur			
Kópavogur–Hafnarfjörður			100
Arnarnesvegur			
Reykjanesbraut–Breiðholtsbraut	100	300	300
Vífilsstaðavegur			
Hafnarsvæði–Hafnarfjarðarvegur		70	
Breiðholtsbraut			
Við Arnarnesveg			60
Álftanesvegur			
Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur	500		
Úlfarsfellsvegur			
Hringvegur–Hafravatnsvegur			258
Hallsvegur			
Hringvegur–Víkurvegur		160	
Sundabraut			
Sæbraut–Geldinganes	500	800	2.500
Göngubrýr og undirgöng	240	240	240
Umferðarstýring	100		
Smærri verk og ófyrirséð	240	300	400
Samtals	**5.986**	**7.246**	**7.762**

Verkefni á landsbyggð.

Heiti verkefnis	**1. tímabil 2003–2006 millj. kr.**	**2. tímabil 2007–2010 millj. kr.**	**3. tímabil 2011–2014 millj. kr.**
Þjórsá	86		
Bræðratunguvegur	80	520	80
Gjábakkavegur	112	338	
Hringvegur, Reykjavík–Hveragerði		100	500
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík	1.100	1.500	1.600
Suðurstrandarvegur		100	500
Hvalfjarðartengingar	240	120	
Hringvegur um Stafholtstungur	300	290	
Hálsasveitarvegur að Húsafelli	160		
Fróðárheiði			100
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð	700	160	
Vestfjarðavegur, Brattabrekka, Svínadalur	170	100	
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur–Flókalundur	800	800	1.000
Hólmavíkurvegur eða Tröllatunguvegur		400	500
Ísafjarðardjúp	700	800	400
Djúpvegur, Súðavík–Bolungarvík	50	50	104
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	440	280	
Siglufjarðarvegur	25		
Þverárfjallsvegur	50	191	300
Lágheiði	50		
Hringvegur á Mývatnsheiði	200		

Heiti verkefnis	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Tenging Norðurland–Austurland	480	190	
Skjálfandafljót			500
Norðausturvegur, Húsavík–Þórshöfn	900	950	950
Kísilvegur	100	240	
Hringvegur á Austurlandi	450	400	400
Hringvegur um Bragðavallahóla			220
Lagarfljót			700
Hornafjarðarfljót	200	400	
Jökulsá á Breiðamerkursandi	50	50	
Brýr í Öræfum		150	
Norðausturvegur, Þórshöfn–Bakkafjörður.			270
Norðausturvegur, Hringvegur–Vopnafjörður	100	850	
Breikkun brúa á Suðurlandi	130	100	200
Breikkun brúa á Vesturlandi		100	100
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	137	100	100
Breikkun brúa á Norðurlandi eystra			100
Breikkun brúa á Austurlandi			50
Samgöngurannsóknir	40	40	40
Skuldir, skuldbindingar og óráðstafað	250		200
Samtals	**8.100**	**9.319**	**8.914**

Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra.

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
a) Verkefni á höfuðborgarsvæðinu		**1.000**	
1 Hringvegur			
f3 Víkurvegur–Skarhólabraut, breikkun	100		
41 Reykjanesbraut			
12–13 Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	400		
13–14 Kaplakriki–Lækjargata	100		
49 Nesbraut			
04 Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	300		
411 Arnarnesvegur			
05 Reykjanesbraut–Elliðavatnsvegur	100		
b) Verkefni á norð-austursvæðinu		**1.000**	
85 Norðausturvegur			
07–09 Breiðavík–Bangastaðir	370		
13–14 Um Núpasveit	200		
1 Hringvegur			
s1–s7 Biskupsháls-Skjöldólfsstaðir	300		
85 Norðausturvegur			
31 Sýslumörk–Finnafjarðará	130		
c) Suðurstrandarvegur, Hellisheiði og Gjábakkaleið			
I) Suðurstrandarvegur		**500**	
427 Suðurstrandarvegur			
02–13 Grindavík–Þorlákshafnarvegur	500		

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
II) Hellisheiði		**200**	
1 Hringvegur á Hellisheiði			
d8–d9 Hellisheiði	200		
III) Gjábakkavegur		**200**	
365 Gjábakkavegur			
01 Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur	200		
d) Vegagerð á Vestfjörðum og á Þverárfjallsvegi.			
I) Verkefni á Vestfjörðum		**1.000**	
60 Vestfjarðavegur			
29–31 Bjarkarlundur–Flókalundur	400		
61 Djúpvegur			
09–10 Steinadalsvegur–Tröllatunguvegur	100		
31–34 Gilseyri–Eiði	500		
II) Þverárfjallsvegur		**200**	
744 Þverárfjallsvegur			
01 Skagastrandarvegur–Skúfur	200		
e) Göng undir Almannaskarð		**500**	
1 Hringvegur			
v5 Um Almannaskarð	500		
Samtals		**4.600**	

1145. Breytingartillaga [567. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal).

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:

Við 1. mgr. 206 gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu refsingu varðar það að kaupa vændi.

1146. Tillaga til þingsályktunar [691. mál]

um úttekt á stöðu og möguleikum á uppbyggingu ferðaþjónustu á Melrakkasléttu.

Flm.: Halldór Blöndal, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á því hvernig unnt sé að byggja upp ferðaþjónustu á Melrakkasléttu. Einkum skal horft til náttúru svæðisins, sögustaða og hlunninda og hvernig megi vekja athygli á Melrakkasléttu sem vænlegum kosti fyrir ferðamenn.

Til að fylgja verkefninu eftir er samgönguráðherra í samvinnu við landbúnaðarráðherra og ráðherra byggðamála falið að skipa nefnd sérfróðra manna og heimamanna sem skili áfangaskýrslu í apríl 2004 og endanlegum tillögum eigi síðar en ári síðar. Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur af viðkomandi ráðuneytum.

Þá skal ráðinn starfsmaður sem vinni með nefndinni og skal hann hafa aðsetur nyrðra, í Öxarfjarðarhreppi eða á Raufarhöfn. Kostnaður af störfum hans skal greiddur af Byggðastofnun.

Greinargerð.

Áður var talið búsældarlegt á Melrakkasléttu og sagt að þar þyrfti lítið fyrir lífinu að hafa. Á vorin gætu menn lagst upp í loft og æðurin yrpi ofan í þá. Þeir þyrftu ekki annað en leggjast á vatnsbakkann og þá synti silungurinn upp í þá. Og þegar vetur settist að var sóttur raftur í fjöruna og honum stungið inn um vegginn í eldstæðið og síðan ýtt inn eftir þörfum og eftir því sem brynni. Fjörubeit var hvergi betri og voru sjóarær teknar í fóstur fyrir bændur sem bjuggu lengra inn til landsins. Enn eru á vörum fólksins sögur af Sveinungsvíkurhvalnum sem rak á fjöruna þar í harðindunum upp úr 1870 og komu bændur með sleða úr Kelduhverfi og austan úr Vopnafirði til að sækja sér lífsbjörgina.

Melrakkaslétta er nú nyrsti hluti hins sameinaða Öxarfjarðarhrepps. Í þessari tillögu er sérstaklega horft til þess svæðis sem tilheyrði hinum forna Presthólahreppi og skiptist í Núpasveit, Vestur-Sléttu og Austur-Sléttu ásamt Raufarhöfn. Segja má að byggð sunnan Kópaskers hafi haldið sínum hlut og er nánast búið á hverjum bæ. Íbúafjöldi á Kópaskeri hefur verið svipaður síðustu ár og búa þar nú um 150 manns. Sá mikli jarðhiti sem fundist hefur í Öxarfirði skapar margvíslega möguleika á atvinnuuppbyggingu, sem gefur tilefni til bjartsýni á að byggð muni styrkjast þar á næstu árum.

Byggðin norðan Kópaskers á í vök að verjast og hefur íbúum og byggðum býlum fækkað. Þannig bjuggu rúmlega 50 manns á Leirhafnartorfunni þegar mest var á sjöunda áratug síðustu aldar og fram undir það var búið á nær hverjum bæ á Vestur- og Austur-Sléttu. Nú eru aðeins fjögur sauðfjárbú á öllu þessu svæði og aðrar jarðir annaðhvort komnar í eyði eða ekki horfur á að þar verði búið, nema eitthvað verði að gert.

Uppgangur Raufarhafnar hélst í hendur við hinar miklu síldveiðar um og eftir miðbik síðustu aldar, en eftir að síldin hvarf sumarið 1968 varð mikil breyting á, enda má segja að lífsbjörgin hafi verið tekin frá íbúunum í einu vetfangi. En Raufarhöfn lagaði sig að breyttum tímum og var þar um 30 ára skeið rekin öflug togaraútgerð ásamt útgerð smærri báta og reist gott frystihús. Frystihúsið, sem er í eigu ÚA, er í rekstri svo og loðnuverksmiðjan, sem er í eigu Síldarvinnslunnar. En staða sveitarfélagsins er erfið og íbúum hefur fækkað mikið á síðustu árum. Ný atvinnutækifæri verða að byggjast á landkostum og er þá nærtækt að horfa

til hafsins og ferðaþjónustunnar. Og svo að sjálfsögðu til jarðhitans í Öxarfirði, ef það tekst að nýta hann í stórum stíl.

Á næstu tveim árum verður búið að leggja bundið slitlag að Sveltingi í Öxarfirði og haustið 2004 verður vegurinn yfir heiðina um Hófaskarð boðinn út. Þetta eru mikil og góð tíðindi fyrir Norður-Þingeyinga. Fyrir ferðaþjónustuna getur þetta haft úrslitaþýðingu, af því að reynslan sýnir að ferðamennirnir fylgja bundna slitlaginu eftir. Norðausturland er að opnast. Það er að vísu rétt að með nýja veginum dregur úr daglegri umferð um Sléttu. En á móti kemur að þar opnast greið hringleið með öllum sínum fjölbreytileik, sögu, menningu og náttúru.

Hér er sem sagt lagt til að úttekt verði gerð á Sléttunni með uppbyggingu ferðaþjónustunnar fyrir augum vegna sérstöðu hennar. Nefna má fjölda heiðarbýla til sögunnar. Skemmtilegar gönguleiðir sem þarf að merkja. Kötluvatn og Rauðinúpur eru einstakir staðir með sínu fjölskrúðuga fuglalífi. Á Hraunhafnartanga er dys Þorgeirs Hávarssonar. Góð veiði er í ám og vötnum. Þverhnípt björg og selalátur undir Snartarstaðanúpi. Æðarfugl og vörp við strendur. Lífríki votlendis og vatna er mjög fjölbreytt, en rjúpur og fálki inn til heiðarinnar. Og á fjörukömbum eru rekaviðarstaflar, en gamlir gufukatlar úr skipsflökum í fjöruborði. Þar er gnótt af berjum og fjallagrösum, en tófugreni í seilingarfjarlægð. Þar er skemmtilegt að fara á sjóstöng og auðvelt að efna til ævintýraferða, hvort sem er á sumri eða vetri. Óvíða er miðnætursólin jafnfalleg og á Sléttu.

Þessi tillaga er flutt til að vekja athygli á þeim möguleikum sem ferðaþjónustan býr yfir fyrir hérað eins og Melrakkasléttu, eftir að hún er komin í fullnægjandi vegasamband. Það er ljóst að byggðir Norður-Þingeyjarsýslu hafa staðið höllum fæti. Þess vegna er brýnt að leita hollra leiða til þess að styrkja búsetu þar, m.a. með því að nýta landskosti til atvinnusköpunar eins og hér er lagt til.

Ekki er tími til að ræða þessa tillögu á þessu þingi, en með því að henni sé vísað umræðulaust til samgöngunefndar gefst svigrúm til að senda hana til umsagnar þeim sem rétt þykir.

1147. Svar [632. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um sérleyfi til fólksflutninga innan lands.

1. Hvaða sérleyfi til fólksflutninga voru endurnýjuð á síðasta ári og til hversu langs tíma?

Sérleyfi sem endurnýjuð voru, eða verða, frá 1. september 2002 til 31. júlí 2005:

1. Reykjavík–Leifsstöð (flugrúta).
2. Reykjavík–Reykjanesbær–Vogar.
3. Keflavík–Garður–Sandgerði.
4. Reykjavík–Grindavík.
5. Reykjavík–Akranes–Borgarnes.
6. Borgarnes–Reykholt (Borgarfjarðarhérað).
7. Borgarnes–Vatnaleið–Stykkishólmur–Grundarfjörður–Ólafsvík–Hellissandur.
8. Borgarnes–Búðardalur–Króksfjarðarnes–Reykhólar.
9. Bolungarvík–Ísafjörður.
10. Ísafjörður–Bíldudalur–Patreksfjörður.
11. Patreksfjörður–Tálknafjörður–Bíldudalur.

12. Ísafjörður–Súðavík–Hólmavík.
13. Hólmavík–Drangsnes–Brú.
14. Reykjavík–Borgarnes–Brú–Hvammstangi–Blönduós–Varmahlíð–Akureyri.
15. Blönduós–Skagaströnd.
16. Varmahlíð–Sauðárkrókur.
17. Sauðárkrókur–Siglufjörður.
18. Akureyri–Árskógssandur–Dalvík–Ólafsfjörður.
19. Akureyri–Húsavík.
20. Akureyri–Laugar–Skútustaðir–Reykjahlíð–Egilsstaðir.
21. Akureyri–Húsavík–Raufarhöfn–Þórshöfn.
22. Egilsstaðir–Bakkagerði (Borgarfjörður eystri).
23. Egilsstaðir–Seyðisfjörður.
24. Egilsstaðir–Reyðarfjörður–Eskifjörður–Neskaupstaður.
25. Egilsstaðir–Fáskrúðsfjörður–Stöðvarfjörður–Breiðdalsvík.
26. Djúpivogur–Höfn–Árnesflugvöllur.
27. Höfn–Djúpivogur–Breiðdalsvík–Egilsstaðir.
28. Selfoss–Hella–Hvolsvöllur–Vík–Kirkjubæjarklaustur–Höfn.
29. Reykjavík–Hveragerði–Selfoss.
30. Reykjavík–Þorlákshöfn–Eyrarbakki–Stokkseyri–Selfoss.
31. Selfoss–Laugarvatn–Reykholt–Laugarás.
32. Selfoss–Flúðir.

2. *Hvaða sérleyfi voru ekki endurnýjuð og hvers vegna?*

Sérleyfum til fólksflutninga er ætlað að liðka fyrir almenningssamgöngum milli þéttbýlisstaða, þ.e. tengja saman byggðarlög landsins og tengja þau við helstu flugvelli í landinu. Sérleyfishafar fá styrk til þess að halda uppi ferðaáætlun á ákveðinni leið eða leiðum hvort sem farþegar eru margir eða enginn, þ.e. að sjá almenningi fyrir ferðum milli staða gegn hóflegu gjaldi. Sjónarmið sem höfð voru að leiðarljósi við val á hvaða leiðir skyldu vera áfram sérleyfisleiðir, við endurúthlutun sérleyfa, voru í fyrsta lagi að á þéttbýlisstöðum væru yfir 100 íbúar allt árið og í öðru lagi að ekki væri verið að styrkja tvo eða fleiri aðila til að aka sömu leið.

Þær leiðir sem ekki var endurúthlutað sérleyfi á:

1. Reykjavík–Þingvellir.
2. Reykjanesbær–Leifsstöð–Bláa lónið–Grindavík.
3. Reykjavík–Ljósafoss–Úlfljótsvatn.
4. Selfoss–Þingvellir–Laugarvatn.
5. Reykjavík–Vatnaskógur.
6. Reykjavík–Borgarnes–Brú–Hvammstangavegamót–Blönduós–Varmahlíð–Sauðárkrókur–Hofsós–Siglufjörður.
7. Þórshöfn–Vopnafjörður–Egilsstaðir um Hellisheiði.
8. Egilsstaðir–Eiðar.
9. Egilsstaðir–Hallormsstaður.
10. Reykjavík–Laugardalur–Haukadalur (Geysir) og Gullfoss um Hveragerði og Selfoss.

Auk þess voru ekki öll sérleyfi endurnýjuð í sömu mynd og þau höfðu verið, þ.e. hluti af viðkomustöðum tekinn út:

11. Reykjavík–Bláa lónið–Grindavík (Bláa lónið tekið út).
12. Ísafjörður–Flókalundur–Brjánslækur–Látrabjarg (Flókalundur og Látrabjarg tekin út).

13. Reykjavík–Borgarnes–Brú–Hólmavík (Reykjavík–Borgarnes tekin út frá og með 1. júní 2003).

3. Hvaða fjárstyrkir voru veittir til sérleyfishafa 2001 og 2002, hversu háir voru þeir og til aksturs hvaða sérleiða voru þeir veittir?

Á meðfylgjandi tveimur töflum fyrir árin 2001 og 2002 getur að líta greiðslur til sérleyfishafa. Tekið skal skýrt fram að upphæðirnar eru ekki í öllum tilvikum samanburðarhæfar né gefa þær sjálfar samningsfjárhæðirnar til kynna. Inn í þær geta fléttast uppgjörsgreiðslur vegna sameiningar sérleyfishafa, sérstakar greiðslur vegna tölvuvæðingar miðakerfa og fyrirframgreiðslur og svo hitt að ekki er gerð allra þjónustusamninga lokið þannig að stemma þarf af milli áranna 2001 og 2003, en 2003 er ekki sýnt hér, og getur það breytt heildarmyndinni nokkuð.

Greiðslur til sérleyfishafa árið 2001:

Sérleyfishafi	Greiðslur
Allrahanda/Ísferðir ehf.	384.906
Austfjarðaleið ehf.	9.673.335
Austurleið – SBS hf.	29.096.020
Björn Fjalar Lúðvígsson	2.617.904
Bóas Ævarsson	1.510.084
BSH ehf.	4.525.301
Ferðaþjónusta Austurlands	2.634.075
Guðmundur Jónasson hf.	1.296.776
Haukur Elísson	2.865.628
Jakob Sigurðsson	998.843
Kynnisferðir	7.198.497
SBA – Norðurleið hf.	27.322.248
SBK hf.	2.626.033
Sérleyfisbílar HP hf.	17.594.240
Siglufj.–flugrúta	8.000.150
Suðurleiðir ehf.	0
Sæmundur Sigmundsson ehf.	15.842.016
Valdimar L. Gíslason	299.409
Þingvallaleið ehf.	1.786.696
Samtals	**136.272.161**

Greiðslur til sérleyfishafa árið 2002:

Sérleyfishafi	greiðslur
Stjörnubílar	385.202
Austfjarðaleið ehf.	9.980.900
Austurleið – SBS hf.	57.000.000
Björn Fjalar Lúðvígsson	2.591.200
Bóas Ævarsson	2.383.300
Ferðaþjónusta Austurlands	2.422.900
Guðmundur Jónasson hf.	1.380.000
Haukur Elísson	2.701.000
Jakob Sigurðsson	1.046.900
Kynnisferðir	5.886.731
SBA – Norðurleið hf.	36.000.004
SBK hf.	7.786.383
Siglufj. – flugrúta	5.325.450
Suðurleiðir ehf.	2.325.000
Sæmundur Sigmundsson ehf.	20.000.000
Valdimar L. Gíslason	460.254
Þingvallaleið ehf.	2.321.938
BSH ehf.	3.000.000
Samtals	**162.997.162**

1148. Svar [614. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um ferðakostnað ráðherra.

1. Hver var árlegur ferðakostnaður ráðherra erlendis, sundurliðað eftir ráðuneytum, heildarkostnaði, dagpeningum, risnu og öðrum kostnaði, árin 1999–2002?

Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunni.

Árlegur ferðakostnaður ráðherra erlendis árin 1999–2002.

	Dagpeningar	Risna	Annar kostnaður	Heildarkostnaður
Forsætisráðuneytið				
1999	878.776	296.519	2.396.130	3.571.425
2000	1.056.594	363.626	2.343.318	3.763.538
2001	916.610	282.497	2.050.833	3.249.940
2002	1.439.764	347.956	4.375.684	6.163.404
Samtals	**4.291.744**	**1.290.598**	**11.165.965**	**16.748.307**
Menntamálaráðuneytið				
1999	1.047.195	52.826	1.355.321	2.455.342
2000	1.270.292	37.236	2.524.472	3.832.000
2001	1.113.000	83.162	1.827.424	3.023.586
2002	568.813	16.698	1.194.797	1.780.308
Samtals	**3.999.300**	**189.922**	**6.902.014**	**11.091.236**
Utanríkisráðuneytið				
1999	1.640.067	425.044	3.967.623	6.032.734
2000	1.979.105	498.951	3.729.162	6.207.218
2001	2.101.080	338.679	3.883.078	6.322.837
2002	2.156.971	258.521	3.103.779	5.519.271
Samtals	**7.877.223**	**1.521.195**	**14.683.642**	**24.082.060**
Landbúnaðarráðuneytið				
1999	367.798	116.852	651.442	1.136.092
2000	466.685	0	566.124	1.032.809
2001	475.210	16.767	635.473	1.127.450
2002	576.184	35.805	991.058	1.603.047
Samtals	**1.885.877**	**169.424**	**2.844.097**	**4.899.398**
Sjávarútvegsráðuneytið				
1999	448.209	7.328	736.137	1.191.674
2000	1.251.717	90.869	1.980.051	3.322.637
2001	1.402.513	600.419	3.233.453	5.236.385
2002	1.519.303	353.124	3.788.319	5.660.746
Samtals	**4.621.742**	**1.051.740**	**9.737.960**	**15.411.442**
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið				
1999	212.136	28.849	517.895	758.880
2000	658.220	30.054	1.313.876	2.002.150
2001	766.776	0	1.903.537	2.670.313
2002	370.067	44.429	813.404	1.227.900
Samtals	**2.007.199**	**103.332**	**4.548.712**	**6.659.243**

	Dagpeningar	Risna	Annar kostnaður	Heildarkostnaður
Félagsmálaráðuneytið				
1999	165.501	18.012	339.914	523.427
2000	796.887	61.058	1.412.345	2.270.290
2001	654.948	123.397	1.647.899	2.426.244
2002	973.985	484.718	1.759.115	3.217.818
Samtals	**2.591.321**	**687.185**	**5.159.273**	**8.437.779**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið				
1999	298.267	16.886	527.034	842.187
2000	540.723	243.796	1.338.355	2.122.874
2001	705.402	158.385	1.119.035	1.982.822
2002	913.439	191.370	1.724.745	2.829.554
Samtals	**2.457.831**	**610.437**	**4.709.169**	**7.777.437**
Fjármálaráðuneytið				
1999	497.808	57.402	1.228.486	1.783.696
2000	664.237	47.753	1.518.586	2.230.576
2001	962.635	58.042	1.528.868	2.549.545
2002	1.089.877	618.808	2.395.660	4.104.345
Samtals	**3.214.557**	**782.005**	**6.671.600**	**10.668.162**
Samgönguráðuneytið				
1999	300.364	4.299	446.900	751.563
2000	1.010.574	181.702	1.398.591	2.590.867
2001	883.654	90.750	1.500.772	2.475.176
2002	786.797	45.854	1.265.288	2.097.939
Samtals	**2.981.389**	**322.605**	**4.611.551**	**7.915.545**
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið				
1999	459.639	227.205	1.307.205	1.994.049
2000	865.133	54.895	2.190.712	3.110.740
2001	937.834	155.199	1.648.496	2.741.529
2002	593.882	174.064	1.009.800	1.777.746
Samtals	**2.856.488**	**611.363**	**6.156.213**	**9.624.064**
Umhverfisráðuneytið				
1999	77.158	0	130.945	208.103
2000	630.222	6.355	1.165.989	1.802.566
2001	1.306.823	79.362	2.125.754	3.511.939
2002	921.662	19.631	1.711.359	2.652.652
Samtals	**2.935.865**	**105.348**	**5.134.047**	**8.175.260**

2. *Hver er skoðun ráðherra á því að upplýsingar um risnu- og ferðakostnað ráðuneyta og stofnana þeirra séu sundurliðaðar og aðgengilegar í ríkisreikningi?*

Með lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, voru gerðar umfangsmiklar breytingar á skilgreiningu þeirra aðila sem fjárlög og ríkisreikningur ná til, flokkun þeirra og framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Samkvæmt 1. gr. fjárreiðulaganna gilda ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur um bókhald ríkisaðila

enda sé ekki kveðið á um annað í fjárreiðulögunum sjálfum. Í samræmi við þetta var efnistökum og framsetningu ríkisreiknings breytt verulega frá því sem áður var í því skyni að hann gæfi glögga og aðgengilega mynd af rekstri ríkisjóðs og ríkisstofnana og að uppbygging hans fylgdi formi ársreikninga fyrirtækja. Hluti af þeirri breytingu var að draga úr birtingu margháttaðra séryfirlita um ýmsa afmarkaða þætti í starfsemi ríkisins frá því sem áður var. Alltaf er matsatriði hversu ítarlegar upplýsingar eigi að birta í skýringum með reikningnum sjálfum um einstaka þætti í starfseminni en þar vegast á sjónarmið um að reikningurinn gefi gott yfirlit og þess að í honum megi finna svör við sem flestum spurningum. Í gagnasafni Fjársýslu ríkisins er að finna upplýsingar um afmarkaða þætti í rekstri ríkisins, sem ýmist eru teknar saman vegna hagskýrslugerðar eða efni sem oft er spurt um eins og hér. Áformað er auka við það efni sem aðgengilegt er á heimasíðu Fjársýslunnar samhliða ríkisreikningnum sem þar er birtur.

3. *Telur ráðherra rétt að neita þeim sem sinna upplýsingaskyldu til almennings, eins og fjölmiðlum og Alþingi, um upplýsingar um kostnað tengdan starfi æðstu embættismanna og stjórnvaldshafa?*

Það fer eftir atvikum hverju sinni hvort orðið er við beiðni um afhendingu upplýsinga. Þannig gilda upplýsingalög um aðgang fjölmiðla að upplýsingum hjá hinu opinbera. Stjórnvöldum ber ekki skylda til þess samkvæmt upplýsingalögum að útskýra sérstaklega gögn sem ekki liggja fyrir þegar eftir þeim er leitað. Um rétt Alþingis til upplýsinga fer hins vegar skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinber málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.

Í 49. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, er að finna nánari fyrirmæli um form og fyrirkomulag fyrirspurna.

4. *Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða reglur um ferða- og dagpeningagreiðslur hjá ráðuneytum og stofnunum?*

Um ferða- og dagpeningagreiðslur hjá ráðuneytum og stofnunum gilda reglur nr. 39/1992, með síðari breytingum. Ekki liggja fyrir sérstakar ástæður til að breyta þessum reglum. Rétt er að taka fram að tilhögun greiðslu kostnaðar í ferðalögum er bundin af kjarasamningum við starfmenn ríkisins svo að henni verður ekki breytt nema með samningum við stéttarfélög starfsmanna.

1149. Breytingartillögur [453. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá Þuríði Backman, Steingrími J. Sigfússyni og Jóni Bjarnasyni.

1. 1. og 2. gr. falli brott.
2. Við 4. gr. A-liður orðist svo: Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri heilsugæslustöðva og vera ráðgefandi varðandi þjónustu stofnunarinnar.
3. 6. og 7. gr. falli brott.

4. Við 8. gr. B-liður orðist svo: Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri sjúkrahússins og vera ráðgefandi varðandi þjónustu þess.
5. 9. og 10. gr. falli brott.

1150. Fyrirspurn [692. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfisvöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar.

Frá Þuríði Backman.

1. Hyggst ráðherra koma á frekari vöktun umhverfisáhrifa Kárahnjúkavirkjunar á framkvæmdatíma virkjunarinnar, m.a. með tilliti til hreindýra, fugla, gróðurs og aksturs utan vega?
2. Mun ráðherra sjá til þess að Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofa Austurlands fái fjármagn til að sinna nauðsynlegri vöktun á umhverfi meðan á gerð Kárahnjúkavirkjunar stendur?
3. Mun ráðherra, í ljósi þess að framkvæmdir eru þegar hafnar við gerð Kárahnjúkavirkjunar án þess að sérstök áætlun um vöktun hafi verið sett í gang, beita sér fyrir að slíkri áætlun verði komið á og að viðkomandi stofnanir fái fjármagn til að sinna eftirlitshlutverki sínu?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fjölþættari umhverfisvöktun við Lagarfljót en fram hefur komið?
5. Hyggst ráðherra beita sér fyrir að nú þegar verði komið á sérstakri vöktun hreindýranna þar sem senn líður að burði hreinkúnna?
6. Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni löggæslu og eftirliti á svæðinu á framkvæmdatíma virkjunarinnar, m.a. til að koma í veg fyrir utanvegaakstur?

Skriflegt svar óskast.

1151. Fyrirspurn [693. mál]

til heilbrigðisráðherra um framlög til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum og meðferðar ungra fíkniefnaneytenda.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver eru framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum, hverjir fá þau greidd og hversu mikið hver?
2. Hver eru framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda?
3. Hver voru árleg framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum að núvirði árin 1995–2002, hverjir fengu þau greidd og hversu mikið hver?

4. Hver voru árleg framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda árin 1998–2002 að núvirði?

Skriflegt svar óskast.

1152. Nefndarálit [552. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Inga Tryggvason og Jón A. Ingólfsson frá rannsóknarnefnd sjóslysa, Grétar Jónasson frá Landssambandi lögreglumanna, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Guðjón Á. Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Kristbjörn Guðmundsson og Jón Gunnarsson frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Olíudreifingu ehf., Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Landssambandi lögreglumanna, Vélstjórafélagi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Eimskipafélagi Íslands hf., rannsóknarnefnd sjóslysa, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Siglingastofnun Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Ólafi J. Briem, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Sjómannasambandi Íslands, Almannavörnum ríkisins, dómsmálaráðuneytinu, Vélskóla Íslands og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar og lagfæringar á lögunum. Veigamesta breytingin felst í því að ráðherra eru veittar heimildir til að fela rannsóknarnefndinni að taka upp mál þar sem rannsókn er þegar lokið ef aðstæður krefjast þess.

Nefndin leggur til eina efnisbreytingu á frumvarpinu. Lagt er til að 6. gr. um skyldu rannsóknarnefndarinnar til að skila skýrslu innan þriggja mánaða falli brott. Með hliðsjón af því að umfang rannsókna og skýrslugerðar er mjög mismunandi þykir nefndinni rétt að miða áfram við þá meginreglu að skila beri skýrslu svo fljótt sem verða má í hverju tilviki fyrir sig. Jafnframt er lagt til að 2. efnismgr. 1. gr. um aðsetur nefndarinnar falli brott. Breytingin er ekki efnisleg þar sem ákvörðunarvald um aðsetur nefndarinnar verður eftir sem áður hjá ráðherra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Jón Bjarnason.

Kristján L. Möller.

1153. Breytingartillögur [552. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

Frá samgöngunefnd.

1. 2. efnismgr. 1. gr falli brott.
2. 2. gr. orðist svo:
   Við 5. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Rannsóknarnefnd sjóslysa er heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að fela erlendu ríki að annast rannsókn sjóslyss á íslensku yfirráðasvæði að hluta til eða öllu leyti.
   Þegar við á skal rannsóknarnefnd sjóslysa láta rannsókn ná til fyrirkomulags tilkynninga um sjóslys, til leitar, björgunaraðgerða og annarra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum sjóslysa.
   Samgönguráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka atriði sem varða almennt öryggi til sjós án þess að þau tengist sjóslysi.
3. Orðið „þessa“ í síðari efnismálslið 3. gr. falli brott.
4. 4. gr. falli brott.
5. 6. gr. falli brott.

1154. Tillaga til þingsályktunar [694. mál]

um nýtt tækifæri til náms.

Flm.: Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson,
Sigríður Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið er að hækka menntunarstig þjóðarinnar og skapa nýtt tækifæri til náms og auðvelda fólki að taka aftur upp þráðinn í náminu þar sem frá var horfið. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð og menntastofnanir. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi fyrir 1. desember 2003.

Greinargerð.

Nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskólanámi er eitt brýnasta verkefni í menntamálum samtímans. Samfélaginu ber skylda til að skapa þeim sem horfið hafa frá námi, t.d. vegna takmarkaðrar þjónustu menntakerfisins eða persónulegra erfiðleika, nýtt tækifæri. Þekkingu á ýmsum námsörðugleikum hefur fleygt fram og nú er t.d. hægt að greina bæði lestrar- og stærðfræðierfiðleika með viðeigandi greiningartækjum. Margir hurfu frá námi af félagslegum ástæðum og þurfa nú aðeins hvatningu, upplýsingar eða ráðgjöf til að hefja nám á ný. Með sérstöku átaki innan menntakerfisins opnast þessum hópi ný leið til menntunar.

Jöfnun námstækifæra.

Nýtt tækifæri til náms á að byggjast á aðgengilegu grunn- , framhalds- eða starfsnámi auk sérstakra námstilboða fyrir þá sem vilja bæta við fyrri menntun eða hasla sér völl á nýjum sviðum. Þannig má jafna tækifæri til náms, stuðla markvisst að því að allir nýti tækifæri sín og virkja þann auð sem hvað mestu skiptir, þ.e. mannauðinn. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar síðastliðin ár eru um 30% þeirra sem eru á vinnumarkaði með grunnskólapróf eða minni menntun. Þetta er markhópur umrædds átaks. Hluti þessa hóps er hinn svokallaði „brottfallshópur" framhaldsskólans sem talinn er vera allt að 33% af árgangi. Það bendir til þess að þörf sé á nýju tækifæri til náms, auk hins formlega framhaldsskólanáms. Þá er þessi hópur hlutfallslega stærstur meðal atvinnulausra og fellur fyrst út af vinnumarkaði þegar að þrengir.

Stéttaskipting framtíðar.

Átak um nýtt tækifæri til náms hefur einnig mikið gildi litið til framtíðar því að rannsóknir sýna tengsl milli háskólanáms og menntunar foreldra, sbr. t.d. sænska rannsókn sem sýnir að 9% barna verkafólks sæki háskóla en um 85% barna háskólamenntaðra. Stéttaskipting framtíðarinnar gæti markast af því hverjir hefðu tækifæri til menntunar og hverjir ekki og tekur verkefnið sem hér er gerð tillaga um mið af þessu. Annað markmið tillögunnar er að koma í veg fyrir að til verði tvær þjóðir í landinu, þ.e. sú sem hefur tækifæri til að afla sér þekkingar og hin sem ekki fær tækifæri til þekkingaröflunar.

Sí- og endurmenntun.

Mikil áhersla hefur verið lögð á sí- og endurmenntun undanfarin ár og margt gott verið gert í þeim efnum. Líkt og víða erlendis hefur það hins vegar komið í ljós hérlendis að sá hópur sem minnstrar menntunar hefur notið nýtir sér slík námstækifæri síður en aðrir. Er það mat flutningsmanna að ríkisvaldið, atvinnulífið, sveitarfélög og samtök launafólks þurfi að taka höndum saman um átak í þessum tilgangi. Er það sjálfsögð skylda samfélagsins að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms.

Skýringar á því hvers vegna þeir sem hafa styttri skólagöngu nýta sér síður tækifæri til sí- og endurmenntunar geta verið margar en þessar eru taldar helstar:

a. slæm reynsla og neikvæðar minningar frá fyrri skólagöngu,
b. langur tími liðinn frá því að nám var stundað,
c. lítil námshvatning úr umhverfinu,
d. lág laun og minni skilningur á gildi náms,
e. fá tækifæri til náms.

Margar nágrannaþjóðir hafa skipulagt sams konar átak til að hækka menntunarstigið. Má þar nefna Svía, Dani, Norðmenn og Skota sem hafa skipulagt sérstakt átak til að gefa þeim sem stysta skólagöngu hafa nýtt námstækifæri. Átakið byggist á þeim grunni að örar tæknibreytingar og alþjóðavæðing geri kröfur um aukna hæfni. Hugmyndafræðin er m.a. byggð á því að:

a. mannauðurinn sé mikilvægasta auðlindin sem ekki megi vannýta,
b. auka megi hæfni þjóðarinnar með því að leggja áherslu á nám fyrir þann hóp sem hefur stysta skólagöngu,
c. tryggja jafnan rétt allra til náms,
d. sí- og endurmenntun auki hæfni einstaklinga í atvinnulífinu til að mæta sem best kröfum morgundagsins.

Þjóðarsátt um nýtt tækifæri.

Til að átak sem þetta heppnist er nauðsynlegt að tryggja eins konar þjóðarsátt milli stjórnvalda, samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingar um hækkun menntunarstigs þjóðarinnar. Í því felst að skipta þarf kostnaði milli aðila þar sem allt samfélagið mun hagnast til lengri tíma litið. Í raun er fórnarkostnaður lítill þar sem átakið mun skila hagnaði til allra. Átakið þarf að taka mið af þörfum þeirra sem minnsta menntun hafa og skapa þeim jafnframt aðgengileg tækifæri til náms. Þarfir einstaklingsins þurfa að hafa forgang, námstilboðin þurfa að vera opnari og sveigjanlegri en þau sem boðið hefur verið upp á hingað til og fjölbreytni þarf að vera sem mest. Tengja þarf saman nám og vinnustaði, meta þá reynslu sem fæst með vinnu og auka tengsl fræðslustofnana og atvinnulífs. Þá þarf átakið að tryggja að einstaklingarnir hverfi ekki af vinnumarkaði þótt þeir afli sér viðbótarmenntunar.

Hvatning.

Mikilvægt er að tekið verði fullt tillit til þeirrar reynslu sem einstaklingar hafa aflað sér utan hins hefðbundna skólakerfis og hún verði metin sem hluti af námi. Byggt verði upp formlegt matskerfi sem mælir hæfni einstaklings umfram formlega skólamenntun. Slíkt er bæði hvatning til að bæta við þekkingu og til að nýta sér ný námstækifæri.

Fjölbreytt námsframboð.

Byggð verði upp ráðgjöf sem sniðin verði að þörfum þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi til að meta og aðstoða við skipulagningu námsins. Venjan er sú að meta fólk út frá formlegu námi en á tímum símenntunar þegar fólk aflar sér þekkingar eftir ýmsum leiðum, bæði formlega og óformlega, er afar brýnt að slík þekking verði metin á viðeigandi hátt.

Átakinu má skipta eftir hópum, t.d.:

1. þeim sem ekki hafa lokið grunnskólanámi,
2. þeim sem lokið hafa grunnskólanámi en þurfa styrkingar og upprifjunar við,
3. nýbúum án grunnmenntunar.

Mikilvægt er að allir eigi kost á raunverulegri náms- og starfsráðgjöf, en nú er nánast ekkert slíkt fyrir hendi. Í ráðgjöfinni fælist hvatning og stuðningur til náms og mat á þörfum fólks. Enn fremur þarf að veita fólki upplýsingar um námsframboð og leiðbeiningar um vinnubrögð í námi.

1155. Frumvarp til laga [695. mál]

um bann við umskurði á kynfærum kvenna.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

Hver sem með ásetningi eða gáleysi veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlku eða konu með umskurði á kynfærum hennar, þ.e. með því að fjarlægja hluta þeirra, skal sæta fangelsi allt að sex árum. Hafi verknaðurinn haft svo alvarlegar afleiðingar að bani hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna aðferðarinnar eða tækja sem notuð eru varðar brotið fangelsi allt að 16 árum.

Fyrir tilraun til brots og hlutdeild í broti samkvæmt lögum þessum skal refsa samkvæmt ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga.

2. gr.

Hver sá sem er íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi og fremur verknaðinn sem um getur í 1. gr. erlendis eða á hlutdeild í honum skal sæta refsingu samkvæmt þeirri grein, þótt verknaðurinn sé ekki refsiverður í landinu þar sem hann er framinn.

3. gr.

Fyrningarfrestur brota samkvæmt lögum þessum hefst daginn sem brotaþoli nær 14 ára aldri. Að öðru leyti gilda fyrningarreglur IX. kafla almennra hegningarlaga.

4. gr.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður var við að stúlka hafi verið umskorin eða eigi á hættu að verða umskorin er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 127. löggjafarþingi var lögð fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hvort tímabært væri að lögfesta bann við umskurði stúlkna og setja viðurlög við slíkum verknaði. Í svari ráðherrans kom fram að umskurður á stúlkum teldist vera líkamlegt ofbeldi en ekki læknisverk og því væri læknum óheimilt að framkvæma hann samkvæmt læknalögum. Samkvæmt refsilöggjöfinni ætti umskurður stúlkna því að falla undir líkamsmeiðingarákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 218. gr., sbr. síðari breytingar, og vera skilgreindur sem brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrár, barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sbr. 98. og 99. gr., og lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Þá er alveg ljóst að hann stríðir gegn samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, mannréttindasáttmála Evrópu og Samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1992.

Í svari ráðherra kom fram að í fortakslausu banni við umskurði stúlkna fælist ákveðin yfirlýsing og teldi hann ekkert því til fyrirstöðu að skoða hvort slíkt bann ætti að leiða í lög. Slíkt bann væri raunar í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem lögfestur var á Íslandi 1992, en þar er kveðið á um að aðildarríki skuli gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga, í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna og enn fremur að aðildarríki skuli gæta þess að ekkert barn sé látið sæta pyntingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, hefur hvatt aðildarríki sín til að taka skýra afstöðu gegn þessum verknaði, og Evrópuþingið hefur skorað á aðildarþjóðirnar að lögfesta refsiákvæði gegn þeim sem framkvæmir slíka aðgerð enda sé umskurður stúlkna í raun limlesting þar sem aðgerðin felur í sér brottnám hluta kynfæra og getur leitt af sér alvarlegar afleiðingar, jafnvel dauða. Þá hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin vakið athygli á því að hugsanlegt sé að beita þær þjóðir þvingunarúrræðum sem stunda umskurð á stúlkum. Þannig sé hægt að

skilyrða styrki til þjóðanna t.d. gegn því að þær samþykki að styðja aðgerðir gegn umskurði stúlkna.

Umskurður er afar frumstæður verknaður sem á sér djúpar rætur og hefur tíðkast um aldir. Þótt algengt sé að siðurinn sé tengdur við islam þá er hann er ekki bundinn við nein ákveðin trúarbrögð og er reyndar ekki trúarleg athöfn heldur miklu frekar samfélagslegur siður. Umskurður stúlkna er ekki síður tíðkaður í löndum þar sem þorri fólks telst til kristinnar trúar eins og í Eþíópíu og Kenýa, en talið er að hann eigi rætur að rekja til Afríku og þar mun hann vera útbreiddastur í dag. Ekki eru til margar áreiðanlegar rannsóknir á útbreiðslu umskurðar á stúlkum en hann er enn framkvæmdur í 28 Afríkulöndum og að einhverju leyti í löndum islams í Indónesíu, Sri Lanka, Malasíu og Indlandi, í Egyptalandi, Óman, Jemen og Sameinuðu arabísku furstadæmunum og hjá frumstæðum ættbálkum Suður-Ameríku.

Samtökin Amnesty International áætla að um 135 milljónir núlifandi kvenna og stúlkna í heiminum hafi þolað þessar misþyrmingar á kynfærum sínum og að um 2 milljónir stúlkubarna séu umskornar á hverju ári, um 6.000 á dag. Umskurður er yfirleitt framkvæmdur á ungum stúlkum allt frá sjö daga gömlum, en algengast er að þær séu á aldrinum frá fjögurra til 14 ára. Athöfnin er ævinlega framkvæmd við frumstæðar aðstæður og á rætur í frumstæðum hugmyndum um konur og kvenlíkamann. Bágbornar efnahagslegar og félagslegar aðstæður kvenna viðhalda vanþekkingunni og hindurvitnunum. Meðal þeirra skýringa sem gefnar eru fyrir verknaðinum er að tryggja meydóm, bæla niður náttúrulega kynhvöt, koma í veg fyrir lauslæti og samkynhneigð, auk þess sem umskurður er sagður tryggja konum farsælt hjónaband og barneignir.

Orðið umskurður dregur ekki fram alvarleika verknaðarins sem er í raun misþyrming, afskræming eða limlesting og eru siðvenjur tengdar honum mismunandi eftir löndum. Ákveðinn heiður er tengdur verknaðinum og því meiri eftir því sem umskurðurinn er meiri. Minnsta aðgerðin felst í því að fremsti hluti snípsins er fjarlægður, næsta að snípur er fjarlægður, þá eru snípur og ytri skapabarmar fjarlægðir að hluta eða alveg og mesta aðgerðin, „kynfæralokun", felst í því að snípur, ytri og innri skapabarmar eru fjarlægðir, sárið saumað saman og skilið eftir gat fyrir þvag og tíðablóð. Umskurði fylgir mikill líkamlegur og sálrænn sársauki, ör, blöðrur og bólgur. Eftirköstin geta verið bráðalost, sýkingar, skemmdir í þvagrás, örmyndun, stífkrampi, blöðrubólga, blóðeitrun, HIV-smit og lifrarbólga B. Til lengri tíma getur aðgerðin orsakað langvarandi og síendurteknar sýkingar í þvagrás og leggöngum, ófrjósemi, æxla- og kýlamyndanir, kvalafull taugaæxli, vaxandi erfiðleika við að hafa þvaglát, tíðaverki, uppsöfnun tíðablóðs í kviðarholi, sársauka við samfarir, kyndeyfð, þunglyndi og dauða. Þá getur umskurður tvöfaldað hættuna á að konur deyi af barnsförum og margfaldað hættuna á að börn fæðist andvana.

Mikill samfélagslegur þrýstingur er á að umskurður stúlkna sé framkvæmdur þar sem slíkt hefur tíðkast og hafa alþjóðastofnanir brugðist við með því að gera út sendifulltrúa og styðja samtök t.d. í Afríku sem berjast gegn umskurði. Kannanir hafa sýnt að áróður gegn umskurði er farinn að skila árangri. Í sumum þorpum hefur verið tekin sameiginleg ákvörðun um að leggja þessa hefð af en viðhalda hátíð, svipaðri fermingu, sem hefur verið haldin áður en umskurðurinn hefur verið framkvæmdur. Reynt hefur verið að hafa áhrif á þá sem sjá um að fremja verknaðinn og einnig foreldra með því að koma því á framfæri að menntaðir menn kjósi frekar óumskornar konur og gera þannig eftirsóknarvert að láta ekki umskera stúlkubörn.

Í kjölfar aukins fjölda innflytjenda frá löndum þar sem umskurður tíðkast hefur þörf fyrir lagasetningu er bannar verknaðinn aukist í löndum Evrópu. Vitað er að verknaðurinn hefur viðgengist í Danmörku, Bretlandi, Frakklandi, Spáni, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu

og því gæti þess verið skammt að bíða að siðurinn berist hingað til lands. Það hefur rekið á eftir lagasetningu af þessu tagi í Evrópulöndum að stúlkubörn hafa látist í kjölfar aðgerðar. Í Bretlandi voru t.d. sett ákvæði í lög 1985 um bann við hvers konar umskurði eða brottnámi kynfæra stúlkna en ekki fyrr en eftir að þrjár stúlkur dóu í kjölfar umskurðar. Í Bretlandi hefur þó aldrei verið refsað samkvæmt ákvæðinu en þónokkrar ákærur gefnar út.

Nú liggur fyrir frumvarp í danska þinginu sem bannar hvers konar umskurð á kynfærum stúlkna sem hafa danskan ríkisborgararétt eða eiga lögheimili í Danmörku. Frumvarp þetta tekur mið af því frumvarpi að viðbættum sérákvæðum um fyrningu sem eru í samræmi við fyrningarákvæði hegningarlaga varðandi kynferðisbrot á börnum, sbr. 82. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 63/1998, og hefst fresturinn á þeim degi er börnin ná fjórtán ára aldri. Umskurður er yfirleitt framkvæmdur á stúlkubörnum en uppgötvast oft ekki fyrr en við læknisskoðun á fullorðinsaldri, enda feimnismál og erfitt að fá stúlkur sem hafa verið umskornar til að tjá sig um hann fyrir utan sitt heimaland. Þannig gætu fyrningarákvæði íslenskra hegningarlaga komið í veg fyrir refsingu og telja flutningsmenn eðlilegt, með tilliti til alvarleika þessara brota, að veita brotaþolum aukna refsivernd og bætta réttarstöðu.

Þá telja flutningsmenn nauðsynlegt að árétta tilkynningarskyldu þeirra sem vinna með börnum og hafa sérstakt ákvæði í frumvarpinu, sambærilegt við ákvæði barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og gengur sú skylda framar þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta, en í Danmörku hafa komið upp nokkur álitamál um tilkynningarskyldu. Þá er mikilvægt við meðferð viðkvæmra mála sem þessara að hagsmunir og velferð brotaþola sé höfð í fyrirrúmi. Rétt er að vekja athygli á því að í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum, eru m.a. þau skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar í 5. gr. a að umsækjandi hafi ekki sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi. Það er mat flutningsmanna að þau brot er hér um ræðir girði fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

Eitt af því sem mælir með því að lög af þessu tagi verði lögfest á Íslandi er sú staðreynd að enn hefur ekki komið í ljós að verknaður af þessu tagi hafi verið unninn hér og það gefur okkur tækifæri til að fyrirbyggja slíkan verknað áður en skaðinn er skeður. Það væri jafnvel erfiðara að fást við lagasetningu sem þessa eftir að einhver dæmi um verknaðinn hefðu komið upp. Eftir því sem sérlög sem banna umskurð verða algengari verður erfiðara fyrir þjóðir að viðhalda þessari fornu hefð sem veldur tjóni á lífi, líkama, andlegri heilsu og líðan barna. Umskurður byggist einungis á fornum sið án þess að fyrir honum séu nokkur gjaldgeng rök.

Það er skylda Íslendinga í samfélagi þjóðanna að leggja sitt af mörkum til að þessi forna hefð verði aflögð og komið verði í veg fyrir limlestingu fjölda stúlkubarna. Verði frumvarpið að lögum er það fyrirbyggjandi aðgerð og skýr stuðningsyfirlýsing Íslendinga við baráttuna gegn þessum hroðalegu misþyrmingum og mannréttindabrotum á börnum og konum í heiminum.

1156. Nefndarálit [469. mál]

um till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson, Sigurberg Björnsson og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Helga Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni, Hermann Guðjónsson, Gísla Viggósson og Kristján Vigfússon frá Siglingastofnun Íslands, Þorgeir Pálsson frá Flugmálastjórn Íslands, Emil Sigurðarson og Þorstein Steinsson frá sveitarstjórn Vopnafjarðar og Árna Þór Sigurðsson og Ólaf M. Kristinsson frá Hafnasambandi sveitarfélaga.

Umsagnir um málið bárust frá Garðabæ, Siglingastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, Umferðarstofu, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, flugráði, Samtökum ferðaþjónustunnar, Vegagerðinni, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Byggðastofnun, Leið ehf., Bolungarvík, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Flugmálastjórn, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vélskóla Íslands og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Með lögum um samræmda samgönguáætlun, nr. 71/2002, sem samþykkt voru á seinasta þingi var samgönguráðherra falið að leggja fram á Alþingi á fjögurra ára fresti tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun sem tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstrar stofnana. Jafnframt skal í áætluninni skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna í landinu, gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngumálum og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Samhliða tólf ára áætlun ber samgönguráðherra að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun sem nánari sundurliðun. Fjögurra ára áætlun kemur í stað flugmálaáætlunar, siglingamálaáætlunar og vegáætlunar.

Samkvæmt framansögðu er hlutverk þessara tveggja áætlana nokkuð ólíkt. Tólf ára áætlunin felur fyrst og fremst í sér stefnumótun. Í fyrirliggjandi áætlun er markmiðið sett á greiðari samgöngur með auknum flytjanleika í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru með það að markmiði að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3 ½ klst. Þá er markið sett á meiri hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, að samgöngur verði umhverfislega sjálfbærar og öryggi aukist. Loks er skilgreint grunnnet samgangna sem tekur allt í senn til flugvalla, hafna og vega. Grunnnetið nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Fjögurra ára áætlunin er eins og áður segir nánari sundurliðun þar sem gerð er grein fyrir fjáröflun og útgjöldum, skipt eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi fyrir hvert ár.

Meiri hlutinn telur hina breyttu framsetningu veg-, flugmála- og siglingamálaáætlunar mjög til bóta sem og hina tólf ára stefnumótandi langtímaætlun, enda fæst nú í fyrsta sinn heildstæð yfirsýn samgöngumála í landinu. Þá telur meiri hlutinn að ávinningurinn felist ekki síst í því nána samstarfi sem skapast á milli Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Flugmálastjórnar Íslands í gegnum samgönguráð. Jafnframt telur meiri hlutinn ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um samgönguáætlun afar þýðingarmikið, en samkvæmt því skal samgönguráð minnst einu sinni á hverjum fjórum árum standa fyrir samgönguþingi sem ætlað er að vera til ráðgjafar og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar en til þess ber að bjóða öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála. Með þessu er skapaður grundvöllur fyrir virk skoðanaskipti um samgöngumál.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á fyrsta tímabili tillögunnar. Breytingarnar leiðir af þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 og er til nánari glöggvunar vísað til skýringa í nefndarálit meiri hlutans í því máli. Þá mælist meiri hlutinn jafnframt til þess að flokkun vega í grunnneti verði athuguð sérstaklega við næstu endurskoðun samgönguáætlunar og þá einkum með tilliti til safnvega og tengivega.

Að lokum telur meiri hlutinn eðlilegt að umferðaröryggisáætlun 2001–2012 sem Alþingi hefur samþykkt verði hluti samgönguáætlunar í framtíðinni. Meiri hlutinn telur sérstaklega að hraða þurfi úrbótum á stöðum þar sem liggja fyrir gögn um að umferðaröryggi sé ábótavant á þjóðvegi eitt.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Magnús Stefánsson. | Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Arnbjörg Sveinsdóttir. | Sigríður Ingvarsdóttir.

1157. Nefndarálit [563. mál]

um till. til þál. um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson, Sigurberg Björnsson og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Helga Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni, Hermann Guðjónsson, Gísla Viggósson og Kristján Vigfússon frá Siglingastofnun Íslands, Þorgeir Pálsson frá Flugmálastjórn Íslands, Emil Sigurðarson og Þorstein Steinsson frá sveitarstjórn Vopnafjarðar og Árna Þór Sigurðsson og Ólaf M. Kristinsson frá Hafnasambandi sveitarfélaga.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Siglingastofnun Íslands, Póst- og fjarskiptastofnun, Umferðarstofu, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Landhelgisgæslu Íslands, Flugráði, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Leið ehf., Bolungarvík, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Flugfélagi Vestmannaeyja, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Flugmálastjórn, Byggðastofnun, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vélskóla Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

Um almenna umfjöllun um tillöguna er vísað til nefndarálits meiri hlutans með tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Meiri hlutinn leggur til ýmsar breytingar á tillögunni sem nánar eru tilgreindar hér á eftir. Veigamestu breytinguna leiðir af því viðbótarfjármagni sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita til vegaframkvæmda til eflingar atvinnutækifærum. Vegagerðin hefur á undanförnum

vikum unnið ötullega að því, í nánu samstarfi við nefndina og þingmenn einstakra kjördæma, að móta tillögur um skiptingu fjárins á einstakar framkvæmdir. Niðurstaða þeirrar vinnu og tillögur meiri hlutans eru birtar á bls. 30–32 í breytingartillögunni. Sökum þess skamma fyrirvara sem verið hefur til skiptingar fjárins leggur meiri hlutinn til að farin verði sú leið að veita Vegagerðinni heimild til þess að breyta framkvæmdaröð og víxla verkum milli ára komi í ljós að það sé heppilegt vegna skipulagsmála eða undirbúningsvinnu fyrir viðkomandi verk. Þessar heimildir eru tilteknar í breytingartillögum meiri hlutans við tillögutextann undir hverri framkvæmd fyrir sig. Meiri hlutinn lítur svo á að túlka beri þær heimildir þannig að sem mest hagræðing náist.

Þá vill nefndin koma að eftirfarandi atriðum:

Meiri hlutinn vill geta þess að ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum við höfnina í Helguvík vegna áformaðrar pípuverksmiðju. Meiri hlutinn gerir hins vegar ráð fyrir því að þegar endanlegar ákvarðanir um verksmiðjuna hafa verið teknar muni ríkisstjórnin taka málið upp og gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Meiri hlutinn vekur jafnframt athygli á að nauðsynlegt er að klára framkvæmdir við brimvarnargarð milli Miðhólma og Skiphólma á Vopnafirði á þessu ári. Í áætlunni er gert ráð fyrir að framlag ríkishluta á árinu 2003 sé 108 millj. kr. og 15,8 millj. kr. á árinu 2004. Erfitt er að færa þessar fjárveitingar milli ára. Því er það álit meiri hlutans að nauðsynlegt sé að flytja fjárveitingar sem samsvara fjárveitingum ársins 2004 til Vopnafjarðarhafnar úr verkefnum hjá þeim sveitarfélögum sem kjósa að fresta framkvæmdum á árinu 2003 og að gerð verði tillaga þess efnis á fjáraukalögum á haustþingi. Fjárveitingum yrði síðan skilað á fjárlögum 2004.

Meiri hlutinn telur eðlilegt, og beinir því til Vegagerðarinnar, að við endurskoðun vegáætlunar eftir tvö ár verði framkvæmdaáætlun skipt upp í samræmi við nýja kjördæmaskipan. Jafnframt beinir meiri hlutinn því til Vegagerðarinnar að áfram verði unnið að hagkvæmisathugunum á styttingu vegalengda á milli landshluta og á helstu leiðum.

Að lokum telur meiri hlutinn rétt að taka fram að óvissa ríkir um tekjuöflun og rekstur Flugmálastjórnar Íslands. Álagning flugvallargjaldsins sem er helsti tekjustofn stofnunarinnar og notað til að fjármagna framkvæmdir á flugvöllum auk margs annars hefur verið kærður af Eftirlitsstofnun EFTA til dómstóls EFTA í Lúxemborg. Ef þessi gjaldtaka reynist ólögleg þarf að endurskoða tekjustofna Flugmálastjórnar. Það skal tekið fram hér að ekki hefur innan núverandi ramma samgönguáætlunar tekist að finna leiðir til þess að taka á framtíðarrekstrarvanda stofnunarinnar á næstu árum þó svo að árið 2003 eigi að teljast viðunandi. Rekstrarvandinn er einkum tilkominn vegna fækkunar flugfarþega og þar með minni tekna og hins vegar að aukin áhersla á flugöryggi og fyrirséð áform vegna flugverndar munu reynast mjög kostnaðarsöm. Fram hefur komið að Ríkisendurskoðun er að ljúka stjórnsýsluendurskoðun á Flugmálastjórn. Að þeirri niðurstöðu fenginni og með hliðsjón af framgangi mála í Lúxemborg telur nefndin rétt að samgönguráðherra vinni nýjar tillögur um tekjuöflun og rekstur stofnunarinnar sem kynnt yrði á Alþingi næsta haust í tengslum við gerð fjárlaga fyrir árið 2004.

Meiri hlutinn vekur athygli á að tillögur um framlög til ríkisstyrktra framkvæmda í siglingamálakafla tillögunnar voru ekki, vegna tímaskorts, sendar til umsagnar til sveitarfélaga eins og venja hefur verið með hafnaáætlun. Meiri hlutinn telur mikilvægt að haldið verði í þá venju sem skapast hefur að Siglingastofnun Íslands leiti álits sveitarfélaga og mun það vera ætlun stofnunarinnar samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

Lagt er til að allar áætlaðar fjárveitingar á árunum 2004, 2005 og 2006 verði hækkaðar til áætlaðs verðlags ársins 2004, eða um 2%.

Þá eru lagðar til eftirfarandi breytingar á einstökum hlutum tillögunnar:

I. Flugmálaáætlun:

1. Til að bregðast við aukinni fjárþörf vegna framkvæmda við flugvelli á árinu 2004 er lagt til að afborgun lána vegna Reykjavíkurflugvallar undir liðnum „Viðskiptahreyfingar" í lið 2.1 verði 64,3 millj. kr. í stað 113 millj. kr. árið 2004. Gert er ráð fyrir að afborganir árið 2005 hækki sem þessu nemi eða úr 113 millj. kr. í 166,3 millj. kr. Jafnframt breytist liðurinn „Áður framkvæmt/afborganir" samsvarandi þ.e. úr -113 millj. kr. árið 2004 í -64,3 millj. kr. og úr -113 millj. kr. í -166,3 millj. kr. 2005.
2. Lagt er til að liðurinn 2.1 „Flugvalla- og leiðsöguþjónusta" hækki um 30 millj. kr. á árinu 2003 til að leysa rekstrarvanda þessa verkefnis.
3. Lagt er til að liðurinn 2.1 „Eftirlit og öryggismál" hækki um 11 millj. kr. á árinu 2003 til að leysa rekstrarvanda þessa verkefnis.
4. Svo að mögulegt sé að fjármagna mjög brýnar framkvæmdir á Grímseyjarflugvelli er lagt til að „Viðhaldssjóðir" lækki um 16 millj. kr. á árinu 2003, úr 143 millj. kr. í 127 millj. kr. Samsvarandi lækkar liður 2.2.1 „Yfirborð brauta og hlaða" úr 57 millj. kr. í 36 millj. kr. á árinu 2003 og liðurinn „Tækjasjóður" hækki úr 70 millj. kr. í 75 millj. kr. Á árinu 2004 hækki „Viðhaldssjóðir" úr 134 millj. kr. í 155,1 millj. kr. og samsvarandi hækki liðurinn „Yfirborð brauta og hlaða" úr 48 millj. kr. í 59,2 millj. kr. og „Tækjasjóður" úr 70 millj. kr. í 79,6 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að „Viðhaldssjóðir" lækki úr 136 millj. kr. 2006 í 129,6 millj. kr. til að fjármagna framkvæmdir við Þingeyrarflugvöll. Samsvarandi lækki liður 2.2.1 „Yfirborð brauta og hlaða" úr 50 millj. kr. árið 2006 í 41,8 millj. kr.
5. Lagt er til að flugvellir í grunnneti hækki um 44 millj. kr. á árinu 2003 úr 353 millj. kr. í 397 millj. kr., á árinu 2004 úr 218 millj. kr. í 264,3 millj. kr., á árinu 2005 úr 242 millj. kr. í 321,4 millj. kr. og á árinu 2006 úr 258 millj. kr. í 336,7 millj. kr. Breyting þessi sundurliðast þannig að liðurinn „Reykjavíkurflugvöllur, byggingar" lækkar úr 141 millj. kr. í 131 millj. kr. árið 2003, liðurinn „Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri, flugbrautir og hlöð" hækkar um 5 millj. kr. vegna undirbúnings við lengingu flugbrautar á Þingeyri og sami liður hækkar um 5 millj. kr. vegna undirbúnings öryggissvæða við Ísafjarðarflugvöll. Samtals hækkar því liðurinn „Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri, flugbrautir og hlöð" um 10 millj. kr., þ.e. úr 2,5 millj. kr. í 12,5 millj. kr. árið 2003. Gert er ráð fyrir að á árinu 2004 hækki liðurinn „Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri, flugbrautir og hlöð" úr 13 millj. kr. í 64,3 millj. kr. vegna lengingar flugbrautar á Þingeyri. Af sömu ástæðu hækkar þessi liður úr 14 millj. kr. í 53 millj. kr. 2005 og af sömu ástæðu er hér lagt til að liður þessi verði 58,2 millj. kr. árið 2006. Gert er ráð fyrir að tvær framkvæmdir við aðflugs- og öryggisbúnað á Ísafjarðarflugvelli víxlist þannig á milli ára að árið 2005 verði flugbrautarljós endurnýjuð en aðflugsbúnaðurinn endurnýjaður árið 2006. Þetta þýðir að liðurinn „Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri, aðflugs- og flugöryggisbúnaður" verði árið 2005 15,3 millj. kr. í stað 30 millj. kr. og samsvarandi verði sami liður 30,6 millj. kr. árið 2006 í stað 15 millj. kr. Hér er gert ráð fyrir að við liðinn „Bíldudalur" bætist „flugbrautir og hlöð" að upphæð 3 millj. kr. 2003 vegna undirbúnings framkvæmda við öryggissvæði. Á lið 2.2.2.1 í flokki III „Grímsey, flugbrautir og hlöð" er lagt til veita 41 millj. kr. árið 2003 og 41,8 millj. kr. 2004 til að endurbyggja flugbraut á eynni.

6. Á 88. fundi flugráðs var afgreidd umsögn ráðsins um flutning snertilendinga í æfinga- og kennsluflugi á Reykjavíkurflugvelli. Þar leggur flugráð eftirfarandi til: „Í stað þess að byggja sérstakan flugvöll til þess að taka við snertilendingum eigi að leita leiða til þess að koma þessum æfingum fyrir á Keflavíkurflugvelli annars vegar og hins vegar verði hluta af þeim fjármunum sem fyrirhugað er að verja í æfingarflugvöll varið í að endurbæta Sandskeiðsflugvöll þannig að hann nýtist æfinga- og kennsluflugi til snertilendinga."

   Í samræmi við þetta leggur meiri hlutinn til að hætt verði við byggingu sérstaks æfingarflugvallar. Þó er gert ráð fyrir að heimilað verði að endurbæta æfingarflugvelli í nágrenni Reykjavíkur, einkum á Sandskeiði, þannig að á árinu 2003 verði framlag á liðnum 2.1 „Aðrir flugvellir utan grunnnets" 14 millj. kr. í stað 73 millj. kr. Á árinu 2004 lækki framlag úr 65 millj. kr. í 6 millj. kr. til æfingarflugvalla í nágrenni Reykjavíkur. Samtals verði því framlag til flugvalla utan grunnnets 9,2 millj. kr. árið 2004. Á árunum 2005 og 2006 er lagt til að ekkert framlag verði á þessum lið. Samsvarandi breytist liður 2.2.2.3 „Æfingarflugvöllur" þannig að í stað 73 millj. kr. árið 2003 komi 14 millj. kr. og í stað 65 millj. kr. árið 2004 komi 6,1 millj. kr. Árin 2005 og 2006 verði ekkert framlag á þessum lið.
7. Þá er lagt til að liðurinn 2.1 „Önnur mannvirki, búnaður og verkefni" lækki úr 160 millj. kr. árið 2003 í 150 millj. kr. Þetta er gert vegna framkvæmda á flugvöllum. Samsvarandi lækkar liður 2.2.2.4 „Önnur verkefni" úr 47 millj. kr. 2003 í 37 millj. kr. árið 2003.
8. Að lokum er lagt til að Keflavíkurflugvelli verði bætt við fremst í liðinn 2.3.1 „Flugvellir í grunnneti.

II. Siglingamálaáætlun:

1. Hafnasamlag Norðurlands, Akureyri: Nýtt verkefni „Upptökubraut" komi inn árið 2005. Áætlaður kostnaður 2,9 millj. kr. (hlutur ríkissjóðs 1,7 millj. kr.). Á móti lækkar áætlaður kostnaður við verkið „Sverrisbryggja rifin, ný bryggja fyrir fóðurskip (40m)" um sömu upphæð.
2. Hafnasamlag Norðurlands, Grenivík: Nýtt verkefni „Upptökubraut" komi inn árið 2005. Áætlaður kostnaður 2,9 millj. kr. (hlutur ríkissjóðs 1,7 millj. kr.). Liðurinn „Óskipt til slysavarna o.fl." lækki samsvarandi árið 2005.
3. Djúpivogur: Fjárveiting árið 2004 er hækkuð vegna uppgjörs verkefnisins „Stálþil í Gleðivík". Hlutur ríkissjóðs verði 2,8 millj. kr. Liðurinn „Óskipt til slysavarna o.fl." lækki samsvarandi árið 2004.
4. Sandgerði. Framkvæmdum við stálþil á Norðurgarði og uppsátur fyrir smábáta o.fl. er frestað til 2004 og síðar. Við það losna 25,5 millj. kr. sem lagt er til að fluttar verði í framkvæmdir við sjóvarnagarða samkvæmt nánari lýsingu hér á eftir. Fjárveitingum skal síðan skilað til Sandgerðis árin 2004–2006.
5. Árneshreppur. Lagt er til að sjóvörnum við Gjögur, sem vinna átti 2006 verði flýtt til ársins 2003. Áætlaður kostnaður er 2,4 millj. kr. (hlutur ríkissjóðs 2,1 m.kr).
6. Reykjanesbær. Lagt er til að sjóvörnum við Bakkastíg í Njarðvík, sem vinna átti 2004, verði flýtt til 2003. Áætlaður kostnaður er 4,8 millj. kr. (hlutur ríkissjóðs 4,2 millj. kr.).
7. Reykjanesbær. Lagt er til að sjóvörnum við Ægisgötu í Keflavík, sem vinna átti 2005, verði flýtt til 2003. Áætlaður kostnaður er 11,9 millj. kr. (hlutur ríkissjóðs 10,4 millj. kr.).

8. Reykjanesbær. Lagt er til að sjóvörnum, ný verkefni (við Skipaafgreiðslu Suðurnesja í Ytri-Njarðvík og Seylubakka og Kópu í Innri-Njarðvík) bætist við árið 2003. Áætlaður kostnaður er 7,1 millj. kr. (hlutur ríkissjóðs 6,2 millj. kr.).
9. Vatnsleysustrandarhreppur. Lagt er til að sjóvörnum við Auðnar, sem vinna átti 2004, verði flýtt til 2003. Áætlaður kostnaður er 2,9 millj. kr. (hlutur ríkissjóðs 2,6 m.kr).

III. Vegáætlun:

Lögð er til breyting á tekjuhlið í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um viðbótarfé til eflingar atvinnutækifærum, annars vegar 3.000 millj. kr. á árinu 2003 og 1.600 millj. kr. á árinu 2004. Gjaldamegin eru þessar upphæðir færðar undir stofnkostnað á grunnneti.

Gerð er grein fyrir skiptingu fjárins á einstök verkefni á bls. 30–32 í breytingartillögu meiri hlutans undir lið 4.2.1.7. Farin er sú leið að breyta áætluninni að öðru leyti sem minnst en gera sérstaka grein fyrir meðhöndlun þeirra fjárveitinga sem losna við þetta á síðari árum áætlunarinnar. Nánar verður síðan fjallað um þær tilfærslur við næstu endurskoðun.

Með hliðsjón af því markmiði að efla atvinnu á þessu ári og því næsta leggur meiri hlutinn til að Vegagerðinni verði heimilt að færa fé á milli verkefna eftir því sem þau verða tilbúin til framkvæmda. Þetta á fyrst og fremst við um árið í ár en endurgreiðslur kæmu þá á næsta ári og í undantekningartilfellum á árinu 2005.

Að öðru leyti er sundurliðun útgjalda hefðbundin. Skipting fjár til einstakra verkefna í almennum verkefnum, tengivegum, ferðamannaleiðum og milli kjördæma eru innan þess ramma sem lagt var upp með í tillögunni.

Loks er lagt til að lýsing eftirtalinna vega verði með svofelldum hætti:

1. Garðskagavegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Gerðar og Sandgerði, ofan Básenda, á Hafnaveg austan Ósabotna.
2. Innnesvegur: Af Akrafjallsvegi hjá Reyni, um Ytrahólm og Innnesveg á Akranesi, á Akranesveg.
3. Akranesvegur: Af Akrafjallsvegi innan kaupstaðar um Þjóðbraut á Akranesi og Faxabraut að höfn.
4. Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
5. Djúpavogsvegur: Af Hringvegi, að höfn í Gleðivík á Djúpavogi.
6. Breiðdalsvegur: Af Hringvegi hjá Heydölum, yfir Breiðdalsá hjá Sveinshyl, á Hringveg hjá Ósi.
7. Suðurbyggðarvegur í Breiðdal: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði, á Breiðdalsveg við Skammadalsá.

Alþingi, 10. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Magnús Stefánsson. | Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Arnbjörg Sveinsdóttir. | Sigríður Ingvarsdóttir.

1158. Lög [348. mál]

um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (rafræn stjórnsýsla).

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 384.

1159. Frumvarp til laga [377. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

Samhljóða þskj. 429 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

30. gr. laganna verður svohljóðandi:

Gjaldþol vátryggingafélags, sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi, skal á hverjum tíma nema minnst þeirri fjárhæð sem hærri er samkvæmt eftirfarandi útreikningi og nefnist lágmarksgjaldþol félagsins, sbr. þó 33. gr.:

1. Við útreikning á lágmarksgjaldþoli á grundvelli iðgjalda skal nota þá fjárhæð sem hærri er af bókfærðum iðgjöldum og iðgjöldum ársins samkvæmt rekstrarreikningi. Byggt skal á iðgjöldum að frádregnum endurgreiðslum og niðurfellingum, en án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Hækka skal iðgjöld í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. um 50%. Í gagnkvæmum vátryggingafélögum skal telja með iðgjöldum þau framlög eigenda á reikningsárinu sem jafna má til iðgjalda.

   Fjárhæð sem reiknuð er skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal skipt í tvennt, þannig að fyrri hlutinn nemi allt að 4.250 millj. kr. og sá síðari því sem umfram er. Fjárhæð þessi skal taka árlegum breytingum með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. 33. gr. Leggja skal saman 18% af fyrri hlutanum og 16% af því sem umfram er. Niðurstaða þeirrar samlagningar er síðan margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna síðustu þriggja reikningsára og samanlagðra tjóna í heild síðustu þrjú reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi, en þó aldrei með lægri tölu en 0,5.
2. Við útreikning á lágmarksgjaldþoli á grundvelli tjóna skal byggt á meðalfjárhæð tjóna ársins síðustu þrjú reikningsár, að frádregnum yfirteknum vátryggðum fjármunum og réttindum sem félagið öðlast, en án frádráttar á hlut endurtryggjenda. Áður en meðaltal er reiknað skal hækka tjón í greinaflokkum skv. 11., 12. og 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. um 50%. Reki vátryggingafélag starfsemi skv. 18. tölul. 1. mgr. 22. gr. skal leggja við tjónsfjárhæðir í þeirri grein allan kostnað sem félagið hefur borið vegna veittrar aðstoðar, jafnvel þótt hann kunni að falla undir aðra liði í rekstrarreikningi.

   Fjárhæð sem reiknuð er skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal skipt í tvennt, þannig að fyrri hlutinn nemi allt að 2.975 millj. kr. og sá síðari því sem umfram er. Fjárhæð þessi skal taka árlegum breytingum með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. 33. gr. Leggja skal saman 26% af fyrri hlutanum og 23% af því sem umfram er. Útkoma þeirrar samlagn-

ingar er síðan margfölduð með hlutfallinu milli samanlagðra eigin tjóna síðustu þriggja reikningsára og samanlagðra tjóna í heild síðustu þrjú reikningsár samkvæmt rekstrarreikningi en þó aldrei með lægri tölu en 0,5.

Í útreikningum skv. 1. mgr. skal miða við meðaltal sjö síðustu reikningsára í stað þriggja reki félagið aðallega starfsemi í óveðurs-, hagl- eða frostskaðatryggingum eða í greiðsluvátryggingum.

Ef lágmarksgjaldþol reynist vera lægra en á næstliðnu reikningsári skal það ekki lækka meira hlutfallslega en sem nemur hlutfallslegri lækkun eigin tjónaskuldar milli sömu ára.

Í sjúkratryggingum sem reknar eru samkvæmt tæknilegum reiknigrundvelli skal miða við 6% eða 5,33% bókfærðra iðgjalda í stað 18% eða 16% þegar reiknað er á grundvelli iðgjalda, og 8,67% eða 7,67% meðaltjónsfjárhæðar á síðustu þremur árum í stað 26% eða 23% þegar reiknað er á grundvelli tjóna og eftirfarandi skilyrðum er öllum fullnægt:

1. Iðgjöld eru reiknuð samkvæmt tryggingastærðfræðilegum aðferðum út frá sjúkratöflum.
2. Vátryggingaskuldin tekur m.a. mið af hækkandi aldri.
3. Kveðið er á um greiðslu viðbótariðgjalda til að koma upp hæfilegu öryggisálagi.
4. Vátryggingafélagið má segja vátryggingarsamningum upp fyrir lok 3. vátryggingarárs í síðasta lagi.
5. Vátryggingarsamningar kveða á um að hækka megi iðgjöld eða lækka bætur á vátryggingartímabilinu.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um hvort og hvernig tekið skuli tillit til hliðarstarfsemi skv. 11. gr. við útreikning á lágmarksgjaldþoli.

9. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinar laga þessara sem varða útreikning gjaldþols koma þó fyrst til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vegna reikningsársins 2004.

1160. Frumvarp til laga [347. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um verðbréfaviðskipti. Með verðbréfaviðskiptum er átt við:

1. Móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
2. Viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning.
3. Eignastýringu, þ.e. viðtöku fjármuna til fjárfestingar í fjármálagerningum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptavinar, gegn endurgjaldi.
4. Sölutryggingu í tengslum við útgáfu eins eða fleiri fjármálagerninga eða markaðssetningu slíkrar útgáfu.

5. Umsjón með útboði verðbréfa.

Einnig er með verðbréfaviðskiptum átt við eftirfarandi viðskipti eða starfsemi ef hún er í nánum tengslum við starfsemi eða viðskipti skv. 1. mgr.:

1. Vörslu og stjórnun í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga.
2. Öryggisvörslu fjár.
3. Veitingu lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef fjármálafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
4. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
5. Þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
6. Fjárfestingarráðgjöf varðandi einn eða fleiri fjármálagerninga.
7. Gjaldeyrisþjónustu ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.

2. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Fjármálafyrirtæki:* Fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
2. *Fjármálagerningur:*
   a. Verðbréf, þ.e. hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, svo sem hlutabréf, skuldabréf, áskriftarréttindi, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf.
   b. Afleiða, þ.e. samningur þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar á tilteknu tímabili, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfaverðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Með afleiðu er m.a. átt við:
      i. *framvirkan óframseljanlegan fjármálagerning*, þ.e. samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrir fram ákveðnum tíma,
      ii. *framtíðarsamning*, þ.e. staðlaðan og framseljanlegan samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrir fram ákveðnum tíma,
      iii. *skiptasamning*, þ.e. samning sem kveður á um að hvor samningsaðila greiði hinum fjárhæð sem tekur mið af breytingum á hvoru viðmiðinu fyrir sig á samningstímanum,
      iv. *valréttarsamning*, þ.e. samning sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kaupréttur) eða selja (söluréttur) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrir fram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki (lokadagur) eða innan tiltekinna tímamarka (gildistími valréttar). Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans.
   c. Hlutdeildarskírteini.
   d. Peningamarkaðsskjal.
   e. Framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé.
3. *Skráð verðbréf:* Verðbréf sem hefur verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.
4. *Skipulegur verðbréfamarkaður:* Markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

5. *Kauphöll:* Markaður samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
6. *Skipulegur tilboðsmarkaður:* Markaður samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
7. *Fagfjárfestar:*
   a. Eftirtaldir opinberir aðilar:
      i. ríkissjóður,
      ii. Seðlabanki Íslands og
      iii. Íbúðalánasjóður.
   b. Eftirtaldir aðilar með starfsleyfi á fjármálamarkaði:
      i. fjármálafyrirtæki,
      ii. verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir,
      iii. vátryggingafélög og
      iv. lífeyrissjóðir.
   c. Einstaklingar og lögaðilar óski þeir skriflega eftir því við fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfaviðskipta, enda uppfylli þeir skilyrði um faglega þekkingu, regluleg viðskipti og verulegan fjárhagslegan styrk, eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð.

II. KAFLI
Réttindi og skyldur.

3. gr.
Gildissvið kaflans.

Ákvæði kafla þessa taka til fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfaviðskipta.

4. gr.
Góð viðskiptavenja.

Fjármálafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfaviðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

5. gr.
Upplýsingar.

Fjármálafyrirtæki skal afla sér upplýsinga hjá viðskiptavinum sínum um þekkingu og reynslu þeirra í verðbréfaviðskiptum og markmið þeirra með fyrirhugaðri fjárfestingu, eftir því sem máli skiptir vegna þjónustunnar sem óskað er eftir. Enn fremur skal fjármálafyrirtæki afla upplýsinga frá viðskiptavinum um fjárhagsstöðu þeirra séu þeir í viðvarandi viðskiptasambandi við fjármálafyrirtækið. Í ljósi þessa skal fjármálafyrirtæki veita viðskiptavinum greinargóðar upplýsingar, m.a. um þá fjárfestingarkosti sem þeim standa til boða. Upplýsingar sem fjármálafyrirtæki veitir viðskiptavinum sínum skulu vera skýrar, nægjanlegar og ekki villandi þannig að viðskiptavinir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Fjármálafyrirtæki skal kunngera viðskiptavinum sínum fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptavinum með hæfilegum fyrirvara.

Fjármálafyrirtæki skal hafa aðgengilegar upplýsingar um réttarúrræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fjármálafyrirtækis skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækisins.

6. gr.

Óhlutdrægni og jafnræði.

Fjármálafyrirtæki skal gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni og ber því ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptavinir njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör.

7. gr.

Skriflegur samningur og yfirlit.

Taki fjármálafyrirtæki að sér þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem felur í sér viðvarandi viðskiptasamband, svo sem eignastýringu, skal gerður skriflegur samningur milli fjármálafyrirtækisins og viðskiptavinar þess, þar sem m.a. skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila.

Nú tekur fjármálafyrirtæki að sér eignastýringu og skal það þá senda viðskiptavinum sínum yfirlit tvisvar á ári þar sem fram koma upplýsingar um hvernig fjármunum viðskiptavinar hefur verið varið frá því fyrra yfirlit var gefið út, eignastöðu og áætlað verðmæti eigna við dagsetningu yfirlits. Fjármálafyrirtæki er ætíð skylt að senda viðskiptavinum sínum slíkt yfirlit án tafar fari viðskiptavinur fram á það.

8. gr.

Sala óskráðra verðbréfa.

Sala fjármálafyrirtækis eða milliganga þess um sölu á óskráðum verðbréfum til annarra en fagfjárfesta, sem hvorki hafa verið seld í almennu útboði né falla undir 23. gr., er háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar, enda sé ekki um að ræða sölu eða milligöngu í almennu útboði verðbréfa. Sama gildir um sölu fjármálafyrirtækis eða milligöngu þess um sölu á afleiðum sem tengdar eru einu eða fleiri óskráðum verðbréfum. Í slíkum tilfellum er fjármálafyrirtæki heimilt að synja um milligöngu með slíka fjármálagerninga ef það telur viðskiptavin ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk.

9. gr.

Besta framkvæmd.

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla skal fjármálafyrirtæki tryggja besta mögulega verð fyrir viðskiptavini sína og bestu framkvæmd að öðru leyti, eins og við á hverju sinni.

10. gr.

Sérgreining fjármuna og fjármálagerninga.

Fjármálafyrirtæki skal halda fjármunum og fjármálagerningum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins. Skulu fjármunir viðskiptavinar varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi.

11. gr.

Safnskráning.

Fjármálafyrirtæki sem heimilt er að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd

viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig samkvæmt þessari grein.

Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar getur viðskiptavinur á grundvelli skrárinnar skv. 1. mgr. tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

12. gr.

Framsalsáritun.

Fjármálafyrirtæki er heimilt að framselja framseljanlega fjármálagerninga í nafni viðskiptavinar síns hafi það fengið til þess skriflegt umboð. Framsalsáritun fjármálafyrirtækis telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til þess fylgi ekki framseljanlegum fjármálagerningi, enda sé þess getið í framsalsáritun að gerningurinn sé framseldur samkvæmt varðveittu umboði. Fjármálafyrirtækinu ber að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á gerningnum sem framseldur hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda gerningsins í té samrit umboðsins krefjist hann þess.

Fjármálafyrirtæki, sem býður upp á vörslu framseljanlegra fjármálagerninga, er heimilt að varðveita framsalsáritanir skv. 1. mgr. í sérstakri skrá meðan gerningurinn er í vörslu þess, enda séu slíkar framsalsáritanir færðar inn á bréfið þegar það hverfur úr vörslu fjármálafyrirtækisins. Fjármálafyrirtæki, sem hyggst nýta sér þessa heimild, ber að afla sér samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fyrirkomulagi vörslu og því upplýsingakerfi sem fyrirhugað er að nota.

Viðskiptavinur, sem veitt hefur fjármálafyrirtæki umboð skv. 1. mgr., getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti fjármálafyrirtækisins, nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

13. gr.

Aðskilnaður einstakra starfssviða.

Fjármálafyrirtæki skal sýna fram á að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra í verðbréfaviðskiptum með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þess (kínamúrar).

14. gr.

Viðskipti fyrir eigin reikning.

Í tengslum við verðbréfaviðskipti fjármálafyrirtækis fyrir eigin reikning og verðbréfaviðskipti stjórnenda, starfsmanna, eigenda virkra eignarhluta samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og þeirra sem eru fjárhagslega tengdir framangreindum aðilum skal fjármálafyrirtæki gæta eftirtalinna atriða:

1. að fyllsta trúverðugleika fjármálafyrirtækisins sé gætt,
2. að fullur trúnaður ríki gagnvart fjárhagslega ótengdum viðskiptavinum,
3. að viðskiptin séu sérstaklega skráð og
4. að stjórn fjármálafyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og hafi eftirlit með þeim.

15. gr.

Reglur fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki skal sýna fram á að ákvæðum 6., 13. og 14. gr. sé fylgt með setningu reglna þar að lútandi sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu. Í reglunum skal gera sérstaka grein fyrir eftirliti með framfylgni reglnanna innan fjármálafyrirtækisins. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum. Fjármálafyrirtæki ber að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir frávikum frá ákvæðum þeirra reglna.

III. KAFLI
Samningsbundið uppgjör afleiðna.

16. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla taka til skuldajafnaðar og tryggingarréttinda í tengslum við afleiður.

17. gr.

Skuldajöfnuður.

Skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt afleiðu skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnuði, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, skal halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

18. gr.

Tryggingarréttindi.

Tryggingarréttindum sem sett eru til tryggingar viðskiptum með afleiður verður ekki rift þrátt fyrir ákvæði 137. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

IV. KAFLI
Útboð verðbréfa.

19. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði kafla þessa taka til almennra útboða verðbréfa.

20. gr.

Almennt útboð.

Með almennu útboði verðbréfa er átt við sölu verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti, enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Almennt útboð verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga þessara.

21. gr.

Upplýsingar í útboðslýsingu.

Útboðslýsing skal geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum, eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð.

22. gr.

Undanþága frá birtingu útboðslýsingar.

Hafi útboðslýsing verið birt í samræmi við ákvæði 20. gr. er ekki þörf á að birta nýja útboðslýsingu í tengslum við almennt útboð nema liðið sé meira en 12 mánuðir frá birtingu útboðslýsingar til fyrsta söludags í nýju útboði eða ef orðið hafa breytingar á högum útgefanda sem ætla má að hafi veruleg áhrif á markaðsverð verðbréfanna.

23. gr.

Undanþága frá reglum um almennt útboð.

Undanþegin ákvæðum 20. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. Hlutabréf, samlagshlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin samkvæmt lögum eða samþykktum.
   b. Hlutabréf, samlagshlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin eigendum í félaginu, enda séu þeir færri en 50 og hlutafé, stofnfé samlagsfélags eða stofnsjóður B-deildar samvinnufélags lægri en 50 millj. kr.
   c. Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila án auglýsingar eða kynningar, enda séu ekki fleiri en 25 aðilar í hópnum sem ekki teljast fagfjárfestar.
   d. Áætlað heildarsöluverð verðbréfanna nemur ekki meira en 5 millj. kr.
   e. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi a.m.k. 5 millj. kr. til kaupa á verðbréfunum.
   f. Verðbréf eru eingöngu boðin fagfjárfestum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
   a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði a.m.k. 5 millj. kr. hvert.
   b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.
   c. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.
   d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.
   e. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.
   f. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi hafi boðið á hinum nýju verðbréfum ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.
   g. Verðbréf sem vinnuveitandi eða aðili tengdur honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.
   h. Verðbréf sem til eru komin vegna breytinga á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda samkvæmt valréttarsamningi, svo og verðbréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf, enda hafi útboðslýsing á hinum breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim verðbréfum sem valréttarsamningi fylgja, verið gefin út á Íslandi.
   i. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum, sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, og lúta ekki að hag sjálfra lögaðilanna.
   j. Verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Fjárhæðir í 1. mgr. skulu aldrei nema lægri fjárhæð en sem nemur jafnviði 40 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

24. gr.

Sölutrygging.

Með sölutryggingu er átt við samning milli fjármálafyrirtækis og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fjármálafyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa, innan tiltekins tímamarks og á fyrir fram ákveðnu verði, þann hluta verðbréfa sem áskrift næst ekki fyrir í almennu útboði.

Nú tekur fjármálafyrirtæki að sér sölutryggingu í tengslum við almennt útboð og skal þá litið svo á að það ábyrgist einungis að fullnægjandi áskrift fáist til að útboðið takist, nema um annað sé sérstaklega samið.

25. gr.

Umsjón með almennu útboði og athugun á útboðslýsingum.

Fjármálafyrirtæki sem til þess hefur heimild samkvæmt starfsleyfi sínu skal hafa umsjón með almennu útboði verðbréfa.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Þó skulu kauphallir annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll, enda er hún tekin sem gild útboðslýsing. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á útboðslýsingum öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. málsl.

Þóknun fyrir athugun á útboðslýsingum skal ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði skv. 2. mgr.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag í einstökum almennum útboðum í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

V. KAFLI

Breyting á eignarhaldi verulegs hlutar.

26. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um breytingar á eignarhaldi verulegs hlutar í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði.

27. gr.

Flöggunarskylda.

Með verulegum hlut í lögum þessum er átt við 5% atkvæðisréttar eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90%.

Þegar aðili nær verulegum hlut, eða hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir slíkan hlut, ber honum að tilkynna það til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar og hlutafélags þegar í stað. Tilkynning á grundvelli 8. tölul. 28. gr. skal fara fram á samningsdegi.

Í tilkynningu skv. 2. mgr. skulu koma fram upplýsingar um nafn og heimilisfang flöggunarskylds aðila, nafnverð hlutafjár og hlutfall þess af heildarhlutafé félagsins, hlutabréfaflokk ef það á við, fyrir og eftir hin tilkynningarskyldu viðskipti, og á hvaða grundvelli viðkomandi varð tilkynningarskyldur skv. 28. gr., ásamt öðrum þeim upplýsingum sem viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður metur nauðsynlegar.

28. gr.

Afmörkun verulegs hlutar.

Þegar ákvarðað er hvort um verulegan hlut sé að ræða skal litið til hlutabréfa sem:

1. viðkomandi aðili á sjálfur eða aðili sem hann er í fjárfélagi við,
2. annar eða aðrir ráða yfir í eigin nafni fyrir hönd viðkomandi aðila,
3. eru í eigu lögaðila sem viðkomandi aðili hefur yfirráð yfir,
4. eru í eigu þriðja aðila sem viðkomandi aðili hefur gert skriflegan samning við um að taka upp varanlega, sameiginlega stefnu um stjórn þess félags sem í hlut á,
5. viðkomandi aðili hefur gert skriflegan samning um að þriðji maður skuli fara með atkvæðisrétt yfir gegn endurgjaldi,
6. viðkomandi aðili hefur sett að veði, nema veðhafinn ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist notfæra sé réttinn, enda skal rétturinn þá talinn veðhafans,
7. viðkomandi aðili nýtur arðs af,
8. viðkomandi aðili á rétt á að öðlast eingöngu að eigin ákvörðun samkvæmt formlegum samningi, t.d. um kauprétt, og
9. viðkomandi aðili varðveitir og getur neytt atkvæðisréttar yfir án sérstakra fyrirmæla eiganda.

29. gr.

Undanþága frá flöggunarskyldu.

Undanþegin tilkynningarskyldu skv. 27. gr. eru fjármálafyrirtæki, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. um er að ræða veltubókarviðskipti,
2. ekki er farið yfir 10% af hlutafé eða samsvarandi hluta atkvæðisréttar,
3. ekki er ætlunin að hafa afskipti af stjórn félagsins,
4. viðskiptin eru innan venjubundinnar starfsemi fjármálafyrirtækis og
5. eignarhald fjármálafyrirtækis stendur ekki lengur en fimm viðskiptadaga frá því að tilkynningarskylda stofnast skv. 27. gr.

30. gr.

Birting upplýsinga um verulegan hlut.

Skipulegur verðbréfamarkaður skal miðla upplýsingunum um tilkynningar skv. 27. gr. í upplýsingakerfi sínu.

Félag, sem hefur hlutabréf sín skráð í kauphöll í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í ríki sem gerður hefur verið samstarfssamningur við, skal sjá til þess að upplýsingar um verulegan hlut séu birtar þar samkvæmt þeim reglum sem þar gilda.

VI. KAFLI

Yfirtökutilboð.

31. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtöku í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði.

32. gr.

Tilboðsskylda.

Hafi hlutur beint eða óbeint verið yfirtekinn í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skal sá er öðlast rétt yfir hlutnum, eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirtakan átti sér stað, gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að afhenda honum hlut sinn, enda hafi yfirtakan haft í för með sér að hann:

1. hefur eignast 40% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hefur öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu,
3. hefur fengið rétt til þess að stjórna félaginu á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið eða
4. hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 40% atkvæða í félaginu.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um eigendaskipti vegna erfða, gjafagernings eða fullnustuaðgerða veðhafa eða eigendaskipti innan félagasamstæðu.

Tilboðsgjafi skv. 1. mgr. skal gera tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði VII. kafla.

33. gr.

Skilmálar tilboðs.

Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skv. 32. gr. skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi hefur greitt fyrir hlutabréf sem hann hefur eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboðið var sett fram.

Í yfirtökutilboði skal tilboðsgjafi bjóða öðrum hluthöfum í viðkomandi félagi greiðslu í formi reiðufjár eða skráðra verðbréfa.

Gildistími yfirtökutilboðs skal hið skemmsta vera fjórar vikur, en tíu vikur hið lengsta.

34. gr.

Um afturköllun tilboðs.

Þó svo að yfirtökutilboð skv. 32. gr. hafi verið gert opinbert, sbr. 38. gr., er unnt að afturkalla það að fullnægðu einhverju eftirfarandi skilyrða:

1. Fram kemur tilboð sem er sambærilegt eða hagstæðara en yfirtökutilboð,
2. lagaleg atriði eða viðurkenning stjórnvalda, sem telja verður nauðsynleg til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutabréfunum, liggja ekki fyrir eða þeim hefur verið hafnað,
3. skilyrði sem tilboðið er háð og tekið er fram í tilboðsyfirliti er ekki uppfyllt eða
4. hlutafélag það sem yfirtakan beinist að eykur hlutafé sitt.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt, auk þeirra tilvika sem nefnd eru í 1. mgr., að leyfa afturköllun ef sérstakar ástæður mæla með því.

Afturköllun tilboðs skal birta opinberlega, sbr. 38. gr.

VII. KAFLI
Tilboðsyfirlit.

35. gr.

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um tilboðsyfirlit sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð og sölu, með opinberri auglýsingu eða kynningu, á verulegum hlut hlutafélags, sbr. 1. mgr. 27. gr., sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði.

36. gr.

Skylda til að gera tilboðsyfirlit.

Nú er tilboð um sölu á a.m.k. 10% nafnverðs hlutafjár í hlutafélagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði sett fram með opinberri auglýsingu eða kynningu og skal þá útbúa tilboðsyfirlit sem gert skal opinbert í samræmi við ákvæði þessa kafla, eftir því sem við á.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um veltubókarviðskipti, viðskipti skv. 40. gr. eða þegar atvik sem mælt er fyrir um í 23. gr. eru fyrir hendi.

Tilboð skv. 1. mgr. skal að hámarki gilda í einn mánuð.

37. gr.

Efni tilboðsyfirlits.

Í tilboðsyfirliti skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn, heimilisfang og kennitala hlutafélagsins sem tilboðið tekur til.
2. Nafn, heimilisfang og rekstrarform ef tilboðsgjafi er félag, svo og yfirlit um þá einstaklinga eða lögaðila sem væntanlega munu taka þátt í viðskiptunum ásamt tilboðsgjafa.
3. Upplýsingar um hve mikinn atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafi hefur þegar öðlast beint eða óbeint, eða tryggt sér með öðrum hætti, sem og áætlaðan atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafa eftir sölu, ef við á.
4. Verð sem miðað er við í tilboðinu.
5. Upplýsingar um hvernig greiðsla skuli fara fram eða, ef boðin eru fram skráð verðbréf, hvernig skiptin muni verða ákveðin.
6. Á hvaða degi hlutir skulu afhentir og hvenær unnt er að beita atkvæðisrétti sem þeim fylgir.
7. Önnur skilyrði sem tilboðið kann að vera háð, þ.m.t. undir hvaða kringumstæðum er unnt að afturkalla það.
8. Gildistími tilboðs.
9. Hvað tilboðsmóttakanda ber að gera til að samþykkja tilboðið.
10. Samantekt tilboðsgjafa um framtíðaráætlanir fyrir félagið, þ.m.t. áform um starfsemi og hvernig skuli nota fjármunalegar eignir félagsins, upplýsingar um áframhaldandi skráningu hlutabréfa félagsins í kauphöll, breytingar á samþykktum og væntanlega endurskipulagningu, ef það á við.
11. Upplýsingar um væntanlega samninga við aðra um að nýta atkvæðisrétt í félaginu, svo framarlega sem tilboðsgjafi á aðild að slíkum samningi eða honum er kunnugt um hann.

Uppfylli tilboðsyfirlit ekki þær kröfur sem nefndar eru í 1. mgr. getur viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður krafist þess að nánari upplýsingar verði gerðar opinberar innan sjö daga.

38. gr.

Opinber birting tilboðsyfirlits.

Birta skal auglýsingu opinberlega um tilboðsyfirlit í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eigi síðar en fjórum dögum áður en tilboð tekur gildi, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar um opinbera birtingu tilboðsyfirlits. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar nálgast má tilboðsyfirlit. Samhliða skal nafnskráðum hluthöfum í félagi, sem tilboð tekur til, send auglýsingin á kostnað tilboðsgjafa.

VIII. KAFLI
Verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði.

39. gr.
Gildissvið kaflans.

Fjármálagerningar sem ákvæði kafla þessa taka til eru eftirfarandi:

1. fjármálagerningar sem skráðir hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði og
2. fjármálagerningar sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.

40. gr.
Viðskiptavaki.

Fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfaviðskipta getur með samningi við útgefanda fjármálagerninga skuldbundið sig til að vera viðskiptavaki, þ.e. kaupa og selja fyrir eigin reikning eða reikning útgefanda tiltekna fjármálagerninga, í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim.

Viðskiptavaki skal tilkynna um samning skv. 1. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð. Tilkynningin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar um samninginn:

1. lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða,
2. hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern,
3. hámarksmun á kaup- og sölutilboðum og
4. hvernig fjármálafyrirtækið hyggst að öðru leyti fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum.

Viðskiptavaki skal dag hvern setja fram kaup- eða sölutilboð í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar áður en markaðurinn er opnaður. Verði tilboði viðskiptavaka tekið eða það fellt niður af hálfu viðskiptavaka skal hann setja fram nýtt tilboð eins fljótt og mögulegt er þar til hámarksfjárhæð viðskipta fyrir dag hvern hefur verið náð.

Geri fjármálafyrirtæki viðskiptavakasamning um viðskipti fyrir reikning útgefanda skal tryggt að útgefanda sé ekki unnt að hafa áhrif á ákvarðanir um viðskipti á grundvelli samningsins.

41. gr.
Markaðsmisnotkun og milliganga fjármálafyrirtækis.

Markaðsmisnotkun er óheimil. Með markaðsmisnotkun er átt við:

1. Að eiga viðskipti eða gera tilboð sem gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna.
2. Að eiga viðskipti eða gera tilboð sem leiða til óeðlilegs verðs á fjármálagerningum eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar.
3. Að dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefur eða er líklegur til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna.
4. Að halda eftir upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem veldur því að framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga er gefið ranglega eða misvísandi til kynna.

Fjármálafyrirtæki, sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta, er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við 1. mgr.

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um að viðskipti skv. 1. mgr. hafi farið fram skal fyrirtækið þegar í stað tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

IX. KAFLI
Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

42. gr.
Gildissvið kaflans.

Fjármálagerningar sem ákvæði kafla þessa taka til eru eftirfarandi:

1. fjármálagerningar sem skráðir hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði og
2. fjármálagerningar sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum skv. 1. tölul.

43. gr.
Innherjaupplýsingar og innherjar.

Með innherjaupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerðar opinberar en eru líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Tilkynningar til skipulegra verðbréfamarkaða teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Aðrar upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti.

Með innherja er átt við:

1. fruminnherja, þ.e. aðila sem býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar eða hefur að jafnaði aðgang að slíkum upplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa,
2. tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna starfs síns, stöðu eða skyldna og
3. annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

44. gr.
Innherjasvik.

Innherja er óheimilt að:

1. afla eða ráðstafa fjármálagerningum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum,
2. láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.

Ákvæði 1. mgr. nær einnig til lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning lögaðilans.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti ríkisins, Seðlabanka Íslands eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu ríkisins í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

45. gr.
Milliganga fjármálafyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki, sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta, er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði þessa kafla.

Vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um að viðskipti skv. 1. mgr. hafi farið fram skal fyrirtækið þegar í stað tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

46. gr.

Rannsóknarskylda fruminnherja.

Áður en fruminnherji á viðskipti með verðbréf útgefanda, sem hann er fruminnherji í, skal hann ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar hjá útgefanda. Sama gildir um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru slíkum verðbréfum og fyrirhuguð viðskipti aðila sem er fjárhagslega tengdur fruminnherja.

47. gr.

Tilkynningarskylda fruminnherja.

Fruminnherji skal áður en hann, eða aðili fjárhagslega tengdur honum, á viðskipti með verðbréf útgefandans, tilkynna það aðila sem tilnefndur hefur verið í samræmi við reglur sem útgefandi skal setja sér samkvæmt ákvæði 51. gr. laga þessara (regluverði). Fruminnherji skal með sama hætti tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt viðskipti með verðbréf útgefandans. Viðkomandi útgefandi skal samdægurs tilkynna um viðskiptin til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi verðbréf eru skráð eða óskað hefur verið eftir skráningu á þeim.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru verðbréfum skv. 1. mgr.

48. gr.

Birting upplýsinga um viðskipti fruminnherja.

Skipulegur verðbréfamarkaður skal birta opinberlega upplýsingar um þau viðskipti sem eru tilkynningarskyld skv. 47. gr., enda uppfylli viðskiptin eftirtalin skilyrði:

1. Markaðsvirði viðskiptanna nemi a.m.k. einni viðskiptalotu, sbr. 3. mgr.
2. Markaðsvirði hlutar eftir viðskipti samsvari tíu viðskiptalotum.
3. Markaðsvirði hlutar eftir viðskipti fari niður fyrir tíu viðskiptalotur.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tilgreina:

1. nafn útgefanda verðbréfa,
2. dagsetningu tilkynningar,
3. nafn fruminnherja, eða fjárhagslega tengds aðila ef við á,
4. tengsl fruminnherja við útgefanda verðbréfa,
5. dagsetningu viðskipta og hvenær dagsins þau fóru fram,
6. tegund fjármálagernings,
7. hvort um var að ræða kaup eða sölu,
8. nafnverð og gengi í viðskiptum,
9. nafnverð hlutar fruminnherja annars vegar og fjárhagslega tengdra aðila hins vegar eftir viðskipti og
10. dagsetningu lokauppgjörs viðskiptanna, ef við á.

Með viðskiptalotu er í lögum þessum átt við fjölda verðbréfa í sama flokki, eða lágmarksmarkaðsverðmæti sem þarf til þess að geta átt samfelld viðskipti í viðskiptakerfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar, samkvæmt reglum sem stjórn kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar setur.

49. gr.

Innherjaskrá.

Útgefandi skal senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, eftirfarandi upplýsingar um fruminnherja og tímabundna innherja:

1. heiti útgefanda,
2. skipulegan verðbréfamarkað sem verðbréf útgefanda eru skráð á eða hefur verið óskað skráningar á,
3. nafn, kennitölu og heimilisfang innherja,
4. tengsl innherja við útgefanda,
5. ástæðu skráningar innherja og
6. nöfn aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherja.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir fruminnherja og tímabundna innherja. Því er heimilt að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. Allar breytingar á upplýsingum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu þegar í stað. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Útgefandi skal einnig senda upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf útgefanda eru skráð eða þar sem óskað hefur verið eftir skráningu þeirra.

Upplýsingar um fruminnherja í innherjaskrá Fjármálaeftirlitsins skulu gerðar opinberar með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

50. gr.

Upplýsingaskylda útgefanda.

Útgefandi sem tilgreint hefur innherja til Fjármálaeftirlitsins skv. 49. gr. skal tilkynna viðkomandi innherja um það skriflega. Jafnframt skal útgefandi tilkynna innherja skriflega þegar hann hefur verið tekinn af skránni.

Útgefandi skal greina innherja frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð innherjaupplýsinga.

51. gr.

Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Stjórn útgefanda verðbréfa skal setja reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Í reglunum skal m.a. kveðið á um með hvaða hætti komið skuli í veg fyrir að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra er þarfnast þeirra vegna starfa sinna, hvernig viðskiptum innherja skuli háttað, þar með talið hvernig rannsóknarskyldu fruminnherja skv. 47. gr. skuli háttað, hver hafi eftirlit með því innan útgefanda að reglunum sé framfylgt (regluvörður) og um skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglnanna.

Stjórn útgefanda skal senda reglur skv. 1. mgr. til Fjármálaeftirlitsins og skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf útgefanda eru skráð eða þar sem óskað hefur verið skráningar þeirra. Reglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu setja sér reglur samkvæmt þessari grein.

X. KAFLI
Eftirlit og reglugerð.

52. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Að auki hefur skipulegur verðbréfamarkaður eftirlit með framkvæmd 40. gr. og V., VI. og VII. kafla laga þessara. Um valdheimildir skipulegra verðbréfamarkaða við eftirlit fer eftir lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Þegar brotið er gegn 40. gr. laga þessara um viðskiptavaka getur skipulegur verðbréfamarkaður einnig veitt viðskiptavaka viðvörun, áminningu eða birt opinberlega tilkynningu um vanefndir hans.

Í tengslum við athugun tiltekins máls er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg.

Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboð og veitt frest til úrbóta sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt dagsektir eða févíti á þá sem tengjast almennu útboði samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

53. gr.
Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Í reglugerð skal m.a. koma fram skilgreining á fagfjárfestum og ákvæði um útboð verðbréfa, þar sem verði kveðið á um aðdraganda að útboðslýsingu og útboðstímabil, efni hennar og tilhögun við birtingu, viðvarandi upplýsingaskyldu og heimildir Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágur frá birtingu tiltekinna upplýsinga í útboðslýsingu eða birtingu útboðslýsingar í heild.

Í reglugerð skal kveða nánar á um skyldu eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar, svo og hvenær veita megi undanþágur frá upplýsingaskyldunni. Einnig er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um upplýsingaskyldu þegar útgefandi hefur fengið fjármálagerninga sína skráða í fleiri en einni kauphöll.

Heimilt er að setja ákvæði um safnskráningu í reglugerð, m.a. um sviptingu heimildar til að skrá fjármálagerninga á safnreikning skv. 1. mgr. 11. gr. og auðkenningu safnreiknings, þar á meðal upplýsingar um fjölda eigenda á safnreikningi.

XI. KAFLI
Viðurlög.

54. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum 47.–51. gr. um innherjaviðskipti.

Stjórnvaldssektir geta numið frá 10 þús. kr. til 2 millj. kr. og skulu þær renna í ríkissjóð. Við ákvörðun sekta skal tekið tillit til alvarleika brots. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir má skjóta til kærunefndar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til kærunefndarinnar frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfir.

55. gr.

Sektir.

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. flöggunarskyldu skv. 27. gr.,
2. tilboðsskyldu skv. 1. mgr. 32. gr.,
3. tilboðsyfirlit skv. 3. mgr. 32. gr. og 36. gr. og
4. innherjaviðskipti skv. 47.–51. gr.

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara um réttindi og skyldur skv. II. kafla.

56. gr.

Fangelsi allt að einu ári.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. almennt útboð skv. 2. mgr. 20. gr.,
2. upplýsingar í útboðslýsingu skv. 21. gr. og
3. umsjón með almennu útboði verðbréfa skv. 1. mgr. 25. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um rannsóknarskyldu fruminnherja skv. 46. gr., enda hafi innherjaupplýsingar legið fyrir hjá þeim útgefanda sem þeir eru fruminnherjar í.

57. gr.

Fangelsi allt að tveimur árum.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. markaðsmisnotkun skv. 1. mgr. 41. gr.,
2. innherjasvik skv. 44. gr. og
3. milligöngu fjármálafyrirtækis skv. 2. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 45. gr.

58. gr.

Önnur refsiákvæði.

Nú er brot framið í starfsemi fjármálafyrirtækis eða annars lögaðila og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum laga þessara.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum.

XII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

59. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipana ráðsins nr. 89/298/EBE um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa, 89/592/EBE um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti, 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta og 2001/34/EB um samræmingu á skráningarkröfum sem gerðar eru til verðbréfa í kauphöllum og upplýsingaskyldu vegna slíkra verðbréfa.

60. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Með lögum þessum falla úr gildi lög um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, með síðari breytingum.

61. gr.
Breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum.

a. Í stað liðanna „skipulegur verðbréfamarkaður", „kauphöll" og „skipulegur tilboðsmarkaður" í 2. gr. laganna kemur nýr liður er orðast svo: *skipulegur verðbréfamarkaður:*
   1. kauphöll: markað þar sem opinber skráning fjármálagerninga og viðskipti með þá fara fram og sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara,
   2. skipulegan tilboðsmarkað: markað með fjármálagerninga sem ekki eru opinberlega skráðir í kauphöll og sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara,
   3. kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðra verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan,
   4. markaði skv. 3. tölul. sem eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

b. 19., 20. og 26. gr. og 3. mgr. 35. gr. laganna falla brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú á eigandi hlutafjár meira en 40% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði við gildistöku laga þessara og er hann þá ekki tilboðsskyldur skv. 1. mgr. 32. gr. laga þessara, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta verulega hlut, sbr. 1. mgr. 27. gr. Sama gildir hafi aðili á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 40% atkvæða í félaginu við gildistöku laga þessara.

1161. Frumvarp til laga [518. mál]

um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Viðtaka fjár frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu er einungis heimil verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfasjóður:* sjóður með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi, sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda af eignum sjóðsins.
2. *Fjárfestingarsjóður:* sjóður með starfsleyfi án heimildar til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu og gefur út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf.
3. *Rekstrarfélag:* rekstrarfélag verðbréfasjóðs, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skv. II. og III. kafla laga þessara og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu.
4. *Vörslufyrirtæki:* fjármálafyrirtæki, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði II. kafla C laga þessara.
5. *Fjármálagerningur:* fjármálagerningur samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
6. *Hlutdeildarskírteini:* fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína.
7. *Fagfjárfestir:* fagfjárfestir samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.

3. gr.
Heimildir til að hefja starfsemi og skrá yfir sjóði.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu skv. II. kafla og fjárfestingarsjóðum staðfestingu eða starfsleyfi skv. III. kafla. Fjármálaeftirlitið úrskurðar um hvort starfsemi fellur undir lög þessi.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóði. Breytingar á áður skráðum upplýsingum skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

4. gr.

Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

Rekstrarfélögum er heimilt að stofna sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki veita viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóði) og gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Rekstrarfélög skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stofnun sjóða samkvæmt þessari grein. Sjóðir samkvæmt þessari grein lúta ekki eftirliti samkvæmt þessum lögum.

Rekstrarfélög skulu setja fjárfestingarstefnu fyrir sjóði samkvæmt þessari grein og skal hún vera fjárfestum aðgengileg. Um upplýsingagjöf fer að öðru leyti eftir samningi rekstrarfélags og fjárfestis.

Ákvæði 23.–25. gr. um hlutdeildarskírteini gilda um sjóði samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI

Verðbréfasjóðir.

A. Staðfesting og afturköllun staðfestingar.

5. gr.

Veitandi staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum staðfestingu. Heimilt er að hefja starfsemi þegar staðfesting er fengin frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja verðbréfasjóð án staðfestingar Fjármálaeftirlitsins.

Óheimilt er að breyta verðbréfasjóðum samkvæmt lögum þessum í sjóði sem lögin taka ekki til.

Fjármálaeftirlitið veitir verðbréfasjóðum því aðeins staðfestingu að rekstrarfélög og vörslufyrirtæki þeirra uppfylli skilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

6. gr.

Umsókn um staðfestingu.

Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur sjóðsins skv. 12. gr., útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu skv. II. kafla H laga þessara, upplýsingar um stjórnendur verðbréfasjóðs og aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

7. gr.

Veiting staðfestingar.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu staðfestingar skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um staðfestingu verðbréfasjóða í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Synjun um staðfestingu.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um staðfestingu.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og skal hún tilkynnt umsækjanda innan eins mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

9. gr.

Afturköllun staðfestingar.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað staðfestingu verðbréfasjóðs:

1. hafi rekstrarfélag brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,
2. hafi rekstrarfélag ekki nýtt heimild til starfsemi verðbréfasjóðs innan tólf mánaða frá því að hún var veitt, henni ótvírætt afsalað eða starfsemi sjóðs hætt í meira en sex mánuði samfellt,
3. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 milljónum króna þremur mánuðum eftir veitingu staðfestingarinnar eða minnst 10 milljónum króna sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þúsund krónum.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1.–2. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

10. gr.

Tilkynning um afturköllun.

Afturköllun á staðfestingu verðbréfasjóðs skal tilkynnt stjórn rekstrarfélags og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Starfræki rekstrarfélag útibú verðbréfasjóðs eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynning send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

B. Stofnun og starfsemi.

11. gr.

Heiti.

Verðbréfasjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfasjóður“.

12. gr.

Reglur.

Rekstrarfélag skal setja verðbréfasjóði reglur. Eftirfarandi atriði skulu að minnsta kosti koma þar fram:

1. Heiti sjóðsins.
2. Hvort sjóðurinn starfi óskiptur eða í aðgreindum deildum.
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
4. Hvert sé vörslufyrirtæki sjóðsins og ákvæði um hvernig skipt verði um vörslufyrirtæki.
5. Þóknun rekstrarfélags.
6. Heimild til markaðssetningar sjóðsins á Íslandi og í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.
8. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.
9. Hvernig reikna skuli út innlausnarvirði hvers hlutar.
10. Hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði eða samruna deilda sama sjóðs.
11. Hvernig sjóði eða deild er slitið.

Breytingar á reglum verðbréfasjóðs öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingin öðlast gildi eigi síðar en þremur mánuðum eftir staðfestingu nema

Fjármálaeftirlitið ákveði annað. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna um breytingu í Lögbirtingablaðinu.

Rekstrarfélag skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs um hverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

13. gr.

Deildaskipting.

Heimilt er að verðbréfasjóður sé starfræktur í aðgreindum deildum. Hver sjóðsdeild skal hafa aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélags. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

14. gr.

Sjóðsmyndun.

Eignir myndast í verðbréfasjóði með samningi rekstrarfélags við viðskiptavin sem felur því að ávaxta fjármuni sína í tilteknum verðbréfasjóði innan sinna vébanda. Sjóðurinn myndast með afhendingu peninga viðskiptavinar gegn hlutdeildarskírteinum og samanstendur síðan af þeim eignum sem verða til við ráðstöfun þessara peninga til sameiginlegrar fjárfestingar.

15. gr.

Aðskilnaður reksturs og vörslu og óhæði.

Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki. Stjórnarmaður í rekstrarfélagi má ekki vera í stjórn vörslufyrirtækis.

Rekstrarfélög og vörslufyrirtæki skulu vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

16. gr.

Málshöfðunarréttur.

Rekstrarfélag getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

17. gr.

Rekstur verðbréfasjóða.

Rekstur verðbréfasjóða felst meðal annars í eftirfarandi verkefnum:

1. Fjárfestingum í samræmi við fjárfestingarstefnu.
2. Umsýslu.
   a. Bókhalds- og lögfræðiþjónustu.
   b. Þjónustu við viðskiptavini.
   c. Mati á verðmæti verðbréfa og annarra eigna.
   d. Innra eftirliti.
   e. Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina.
   f. Útreikningi innlausnarvirðis.
   g. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.
   h. Uppgjöri viðskipta.
   i. Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti.
3. Markaðssetningu.

18. gr.

Útvistun verkefna rekstrarfélags.

Rekstrarfélagi er heimilt að fela öðrum aðilum verkefni þau sem kveðið er á um í 17. gr. að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélagi er þó aldrei heimilt að útvista öll verkefni skv. 17. gr. Verkefni skv. 1. tölul. 17. gr. er ekki heimilt að fela vörslufyrirtæki eða öðru félagi fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni rekstrarfélags og eigenda hlutdeildarskírteina.

Nú felur rekstrarfélag öðru fyrirtæki hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr. og hefur það engin áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Í reglugerð skal setja nánari reglur um útvistun verkefna rekstrarfélaga.

19. gr.

Góðir viðskiptahættir og venjur.

Rekstrarfélag skal starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

C. Vörslufyrirtæki.

20. gr.

Starfsemi vörslufyrirtækis.

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

21. gr.

Viðurkenndir aðilar.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og útibú hliðstæðra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi geta hlotið viðurkenningu sem vörslufyrirtæki.

Óheimilt er að skipta um vörslufyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

22. gr.

Ábyrgð.

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 20. gr.

Vörslufyrirtæki er heimilt að fela öðru fyrirtæki, sem hæft er til að hljóta viðurkenningu skv. 21. gr. eða hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki og lýtur sambærilegu eftirliti og félög skv. 21. gr., varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs að hluta eða öllu leyti. Nú felur vörslufyrir-

tæki öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs og hefur það engin áhrif á ábyrgð vörslufyrirtækis gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina skv. 1. mgr.

D. Hlutdeildarskírteini.

23. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að verðbréfasjóði í formi hlutdeildarskírteinis, sbr. þó 3. mgr.

Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða einstakri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins.

Rekstrarfélagi er ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því.

Séu hlutdeildarskírteini gefin út sem rafbréf í verðbréfamiðstöð gilda um útgáfuna lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn eða á safnreikning, sbr. lög um verðbréfaviðskipti.

Hlutdeildarskírteini eru undanþegin stimpilgjöldum.

24. gr.

Upplýsingar í hlutdeildarskírteini.

Í hlutdeildarskírteini skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram, sbr. þó 4. og 5. mgr. 23. gr.:

1. Nafn verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafn og kennitala upphaflegs eiganda skírteinis.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafn og kennitala framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn rekstrarfélags. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

25. gr.

Skrá yfir hlutdeildarskírteini.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Í skránni skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Söludagur skírteinis.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið, sbr. þó 4. mgr. 23. gr.

26. gr.

Staðgreiðsla.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir dreifingu jöfnunarbréfa.

E. Innlausn.

27. gr.

Innlausnarskylda.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt nánari ákvæðum reglna verðbréfasjóðsins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er rekstrarfélagi heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs hafa verið sett á markað, skal tilkynnt um frestun innlausna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

28. gr.

Útreikningur innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og mat á markaðsvirði eigna.

29. gr.

Auglýsing innlausnarvirðis.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftar ef ástæða þykir til.

F. Fjárfestingarheimildir.

30. gr.

Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 13. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í:

1. Verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem skráð hafa verið, eða viðskipti eiga sér stað með, á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti. Með peningamarkaðsskjölum er í lögum þessum átt við greiðsluhæf skjöl sem verslað er með á peningamarkaði og ætíð er hægt að meta til verðs.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sýni verðbréfasjóðir fram á með fullnægjandi hætti

að mati Fjármálaeftirlitsins að sjóðirnir búi við sambærilegt eftirlit og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd eigenda skírteina sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

4. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóða í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
7. Peningamarkaðsskjölum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr.

Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í öðrum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum en þar getur.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga reiðufé eða auðseljanlegar eignir til skamms tíma. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

32. gr.

Yfirtaka eigna og eðalmálmar.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan átján mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í eðalmálmum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr.

Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma.

34. gr.

Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og tíma til að loka afleiðu.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem undirliggjandi eignir séu undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

35. gr.

Hámark fjárfestingar í einum útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða binda meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Verðbréfasjóði er ekki heimilt að eiga viðskipti með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða við sama aðila þar sem mótaðilaáhætta af samningnum nemur meira en 5% af eignum sjóðsins. Þetta hlutfall hækkar í 10% ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar fundin er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir samkvæmt þessari grein má ekki leggja saman. Því er verðbréfasjóði óheimilt að binda meira en 35% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánum eða afleiðum sama útgefanda. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

36. gr.

Vísitölusjóðir.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta allt að 20% í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að líkja eftir tiltekinni hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í einum útgefanda.

37. gr.

Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

38. gr.

Fjárfestingar í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (sjóðasjóðir). Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í einstaka verðbréfasjóði eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

39. gr.

Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi.
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa.
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. 10% af peningamarkaðsskjölum einstakra útgefenda.

40. gr.

Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

41. gr.

Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

42. gr.

Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan

sex mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

G. Markaðssetning utan heimalands.

43. gr.

Markaðssetning verðbréfasjóða með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.

Erlendur verðbréfasjóður með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins getur markaðssett skírteini sín hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá verðbréfasjóðnum. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Yfirlýsing lögbærra eftirlitsaðila í heimaríki verðbréfasjóðsins um að hann hafi staðfestingu í því ríki og uppfylli að öðru leyti settar kröfur í tilskipunum Evrópubandalagsins um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum.
2. Reglur verðbréfasjóðsins.
3. Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu. Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar skv. 6. tölul. þessarar málsgreinar.
4. Endurskoðaður ársreikningur næstliðins árs, sé hann fyrirliggjandi, og síðari hálfsársuppgjör.
5. Lýsing á framkvæmd fyrirhugaðrar starfsemi eða markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins.
6. Upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir verðbréfasjóðsins til að tryggja rétt eigenda skírteina til útgreiðslu hagnaðar, innlausnar hlutdeildarskírteina og þeirra upplýsinga sem sjóðnum er skylt að miðla.

Fjármálaeftirlitið getur hafnað því að verðbréfasjóður skv. 1. mgr. hefji markaðssetningu hér á landi ef hann uppfyllir ekki þau skilyrði sem gerð eru til verðbréfasjóða samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eða markaðssetningin stríðir að öðru leyti gegn ákvæðum laga. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja synjun skriflega til verðbréfasjóðsins áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út.

Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um eftirlit með verðbréfasjóðnum í heimaríkinu, starfsheimildir þess og starfsemi.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu þegar tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

44. gr.

Heimild til að banna starfsemi erlendra verðbréfasjóða.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum verðbréfasjóði að markaðssetja skírteini sín hér á landi hafi hlutaðeigandi verðbréfasjóður brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

45. gr.

Markaðssetning íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands.

Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hlutdeildarskírteini sín utan Íslands skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning er fyrirhuguð.

H. Upplýsingagjöf.

46. gr.

Ársreikningur og ársreikningur.

Í ársreikningi og ársreikningum rekstrarfélags skulu sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóð eða sérhverja deild hans. Í reglugerð skal setja nánari reglur um sérgreindar upplýsingar um verðbréfasjóði í ársreikningum og ársreikningum. Þá skulu rekstrarfélög senda Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit verðbréfasjóða í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

47. gr.

Útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu fyrir verðbréfasjóð.

Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í viðkomandi verðbréfasjóði. Í útdrætti úr útboðslýsingu skal draga fram meginatriði útboðslýsingar.

Rekstrarfélag skal senda Fjármálaeftirlitinu útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu í kjölfar breytinga á þeim.

Nánar skal kveðið á um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum vegna verðbréfasjóða í reglugerð, meðal annars um hvaða upplýsingar skuli birta í útboðslýsingum og útdráttum úr þeim.

48. gr.

Nánari upplýsingar í útboðslýsingu.

Í útboðslýsingu verðbréfasjóðs skal á ítarlegan hátt lýsa fjárfestingarstefnu sjóðsins og, ef við á, einstakra deilda hans og tilgreina þær tegundir fjárfestinga sem honum eru heimilar samkvæmt reglum sjóðsins.

Í útboðslýsingu skal tilgreina hvort sjóði, eða einstakri deild hans, er heimilt að fjárfesta í afleiðum og, sé slíkt heimilt, hvort notkun þeirra takmarkist við tækni til að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna.

Nú er verðbréfasjóði, eða einstakri deild hans, heimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta í afleiðum og skal þá í útboðslýsingu lýsa á ítarlegan hátt hugsanlegum áhrifum notkunar afleiðna á áhættu fjárfestinga í sjóðnum.

Fjárfesti verðbréfasjóður, eða einstök deild hans, í öðrum fjármálagerningum en verðbréfum eða peningamarkaðsskjölum skv. 30. gr., eða bindi fé sitt í innlánum, eða sjóði er samkvæmt fjárfestingarstefnu ætlað að líkja eftir tiltekinni verðbréfavísitölu, eða gengi sjóðs er líklegt til þess að sveiflast mikið vegna fjárfestingarstefnu eða tegunda fjárfestingartækifæra sem sjóðurinn fjárfestir í, skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og auglýsingum og allri kynningarstarfsemi um sjóðinn og fjárfestingarstefnu hans.

Ef bókfært virði eigna verðbréfasjóðs, eða einstakrar deildar hans, er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu og öðrum kynningarritum.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal í útboðslýsingu hans tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skulu bera. Í ársskýrslu verðbréfasjóðsins skal tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir sjóðirnir, sem hann fjárfestir í, bera.

Rekstrarfélagi er skylt að afhenda, óski eigandi hlutdeildarskírteinis í verðbréfasjóði eftir því, upplýsingar um aðferðafræði sjóðsins við áhættustýringu eigna sjóðsins með tilliti til áhættu og væntrar ávöxtunar í fjárfestingum sjóðsins undangengin missiri.

49. gr.

Aðgengi að upplýsingum.

Útdráttur úr útboðslýsingu skal boðinn fjárfesti endurgjaldslaust áður en viðskiptum með hlutdeildarskírteini er lokið. Útboðslýsing auk ársskýrslu og hálfsársuppgjörs skal vera fjárfesti í verðbréfasjóði aðgengileg endurgjaldslaust.

Ársreikningur og hálfsársuppgjör skulu vera almenningi aðgengileg með þeim hætti sem kveðið er á um í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu og Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Reglur verðbréfasjóðs skulu vera aðgengilegar fjárfestum í sjóðnum.

50. gr.

Þóknun.

Rekstrarfélög skulu kunngera fjárfestum í verðbréfasjóði fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina með hæfilegum fyrirvara.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

51. gr.

Kynningarstarfsemi.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi þessara aðila. Þess skal gætt að skýrt komi fram hvort sjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi skal vísað í útboðslýsingu eða útdrátt úr útboðslýsingu og hvar megi nálgast þau gögn.

III. KAFLI
Fjárfestingarsjóðir.
A. Fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutdeildarskírteini (hlutdeildarskírteinasjóðir).

52. gr.

Tilvísanir í II. kafla.

Sé fjárfestingarsjóður stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi gefur rekstrarfélag út skilríki fyrir eignarréttindum í fjárfestingarsjóði í formi hlutdeildarskírteinis. Um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði II. kafla A–D og H.

Fjárfestingarsjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“.

53. gr.

Innlausn.

Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstrarfélagi er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðs.

Þrátt fyrir 1. mgr. er fjárfestingarsjóðum heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðs við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina.

54. gr.

Fjárfestingarheimildir.

Ákvæði II. kafla F um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða gilda um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með eftirfarandi undantekningum:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða án tillits til 3. tölul. 30. gr. Þó má heildarfjárfesting fjárfestingarsjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.
2. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum án tillits til 1. mgr. 31. gr.
3. Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði samkvæmt þessum kafla. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.
4. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði.
5. Ákvæði 2. mgr. 40. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.
6. Ákvæði 41. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður á ekki í fórum sínum skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

55. gr.

Tilkynning um áhættu.

Rekstrarfélagi ber að greina fjárfestum frá þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í sjóði áður en viðskipti eiga sér stað.

B. Fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf (hlutabréfasjóðir).

56. gr.

Veitandi starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið veitir hlutabréfasjóðum starfsleyfi. Heimilt er að hefja starfsemi þegar starfsleyfi er fengið frá Fjármálaeftirlitinu. Óheimilt er að starfrækja hlutabréfasjóði án starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins.

57. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Umsókn hlutabréfasjóðs skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Upplýsingar um stofnun hlutafélags og staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár.
2. Samþykktir félags.
3. Útboðslýsing.
4. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt.
5. Upplýsingar um vörslufyrirtæki, ef við á.
6. Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og endurskoðanda.
7. Staðfesting á að framkvæmdastjóri hafi lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.
8. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki í fyrirhuguðum fjárfestingarsjóði og hlut hvers þeirra um sig.
9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirhugaðs hlutafélags við einstaklinga eða lögaðila í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

58. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi hlutabréfasjóða í Lögbirtingablaði.

59. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og skal hún tilkynnt umsækjanda innan eins mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar.

60. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi hlutabréfasjóðs:

1. hafi starfsleyfið verið fengið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. séu skilyrði til veitingar starfsleyfis ekki lengur uppfyllt,
3. sé brotið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,

4. sé starfsleyfið ekki nýtt innan tólf mánaða frá því að það var veitt, því ótvírætt afsalað eða starfsemi hætt í meira en sex mánuði samfellt,
5. fullnægi hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur ekki hæfisskilyrðum þessa kafla,
6. hafi sjóðurinn ekki yfir að ráða minnst 50 milljónum króna þremur mánuðum eftir veitingu starfsleyfisins eða minnst 10 milljónum króna sem skiptast á að minnsta kosti 50 aðila þannig að hlutur hvers þeirra nemi minnst 10 þúsund krónum og hljóði á nafn.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

61. gr.

Tilkynning um afturköllun.

Afturköllun á starfsleyfi hlutabréfasjóðs skal tilkynnt stjórn sjóðsins og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum.

62. gr.

Starfsemi.

Hlutabréfasjóðum er einungis heimilt að hafa með höndum rekstur fjárfestingarsjóðs.

Hlutabréfasjóður skal rekinn í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni hluthafa að leiðarljósi.

Hlutabréfasjóðum er einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“, sbr. þó 2. mgr. 52. gr.

Hlutabréf hlutabréfasjóða verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Ákvæði þetta skal ekki koma í veg fyrir útgáfu jöfnunarbréfa.

Ákvæði 47.–49. gr. um útboðslýsingar og útdrætti úr útboðslýsingum gilda um hlutabréfasjóði, eftir því sem við getur átt.

Í samþykktum hlutabréfasjóðs skulu að minnsta kosti eftirtalin atriði koma fram til viðbótar við ákvæði laga um hlutafélög:

1. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
2. Ákvæði um innlausn, ef við á.
3. Hvernig ráðstafa skuli arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins.

Hlutabréfasjóði er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðsins.

63. gr.

Tilvísanir í lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfaviðskipti.

Stjórn hlutabréfasjóðs skal skipuð eigi færri en þremur mönnum. Um stjórn fjárfestingarsjóðs og þagnarskyldu fer skv. VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.

Um eignarhluti og meðferð þeirra fer skv. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Framkvæmdastjóri hlutabréfasjóðs skal hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum í samræmi við VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Um ársreikninga og endurskoðun hlutabréfasjóða fer skv. XI. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði V.–IX. kafla laga um verðbréfaviðskipti gilda um hlutabréfasjóði.

64. gr.

Tilvísanir í lög um hlutafélög.

Lög um hlutafélög gilda um hlutabréfasjóði, sbr. þó 62. gr. Þó skulu allir hlutir ætíð hafa jafnan rétt í sjóðnum.

65. gr.

Fjárfestingarheimildir og tilkynning um áhættu.

Um fjárfestingarheimildir hlutabréfasjóða fer skv. 54. gr. og um tilkynningu um áhættu skv. 55. gr.

IV. KAFLI
Eftirlit og reglugerð.

66. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal Fjármálaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem lögin taka til og það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi aðila skv. 1. mgr. brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

67. gr.

Reglugerð.

Lög þessi heyra undir viðskiptaráðherra og skal hann kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð. Í reglugerð er meðal annars heimilt að kveða á um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, góða viðskiptahætti, útvistun verkefna rekstrarfélaga, innlausnarvirði, markaðssetningu utan heimalands, heimildir til markaðssetningar annarra sjóða en verðbréfasjóða utan heimalands og upplýsingagjöf verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Í reglugerðinni er einnig heimilt að kveða á um notkun afleiðusamninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og aðferðir til að meta áhrif þeirra á áhættu eignasafns sjóðanna.

V. KAFLI
Viðurlög.

68. gr.

Sektir.

Það varðar sektum liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. einkarétt verðbréfasjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið verðbréfasjóður (11. gr.),
2. útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóðs (1. mgr. 18. gr.),

3. markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða utan Íslands (45. gr.),
4. upplýsingagjöf verðbréfasjóða (II. kafli H),
5. einkarétt fjárfestingarsjóða til að nota til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarsjóður (2. mgr. 52. gr. og 3. mgr. 62. gr.),
6. útvistun verkefna rekstrarfélags fjárfestingarsjóðs (1. mgr. 52. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr.),
7. upplýsingagjöf fjárfestingarsjóða (1. mgr. 52. gr., sbr. II. kafla H, og 5. mgr. 62. gr.),
8. tilkynningu um áhættu (55. gr. og 65. gr.) og
9. virka eignarhluta (2. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 40. gr., 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. laga um fjármálafyrirtæki).

69. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um:

1. að leyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án staðfestingar eða starfsleyfis (3. mgr. 1. gr.),
2. breytingu á verðbréfasjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til (2. mgr. 5. gr.),
3. óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja verðbréfasjóða í störfum sínum og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi (2. mgr. 15. gr.),
4. starfsemi vörslufyrirtækis verðbréfasjóða (20. gr.),
5. fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða (II. kafli F),
6. markaðssetningu verðbréfasjóða hér á landi með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (1. mgr. 43. gr.),
7. breytingu á fjárfestingarsjóðum í sjóði sem lögin taka ekki til (1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr.),
8. óhæði rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja fjárfestingarsjóða í störfum sínum og skyldu þeirra til að hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi (1. mgr. 52. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr.),
9. starfsemi vörslufyrirtækis fjárfestingarsjóða (1. mgr. 52. gr., sbr. 20. gr.),
10. fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða (54. gr. og 65. gr.) og
11. þagnarskyldu (1. mgr. 63. gr., sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki).

Hver sá sem vísvitandi gefur rangar eða villandi upplýsingar um hagi verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs eða annað er þá varðar opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna sinna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum.

70. gr.

Refsiábyrgð lögaðila. Tilraun og hlutdeild. Fyrning sakar.

Nú er brot framið í starfsemi fjárfestingarsjóðs sem gefur út hlutabréf og er þá heimilt að gera fjárfestingarsjóðnum fésekt. Um refsiábyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.
71. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Þá falla úr gildi lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

72. gr.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Starfandi verðbréfasjóðir teljast hafa staðfestingu Fjármálaeftirlitsins við gildistöku þessara laga. Verðbréfasjóði skal slitið innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Rekstrarfélag verðbréfasjóðs skal senda Fjármálaeftirlitinu reglur sjóðsins skv. 12. gr. innan sama tímamarks.

II.

Verðbréfasjóðir sem hafa starfsleyfi skv. 27. gr. laga nr. 10/1993 við gildistöku laga þessara skulu óska eftir staðfestingu samkvæmt lögum þessum eigi síðar en þremur mánuðum frá gildistöku þeirra.

III.

Hlutabréfasjóðir og aðrir sjóðir sem veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar og heyra undir lög þessi skulu óska eftir staðfestingu eða sækja um starfsleyfi samkvæmt lögum þessum eigi síðar en við útgáfu nýs hlutafjár í félaginu. Ákvæði 1. málsl. á þó ekki við ef sjóðurinn er aðeins markaðssettur til fagfjárfesta.

Sjóðir skv. 1. mgr. sem óska eftir staðfestingu eða sækja um starfsleyfi sem fjárfestingarsjóðir samkvæmt lögum þessum skulu fá frest til 1. júlí 2004 til að uppfylla ákvæði 54. gr.

1162. Frumvarp til laga [556. mál]

um neytendakaup.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.
Almennt gildissvið laganna.

Lög þessi gilda um neytendakaup að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir í lögum.

Með neytendakaupum er átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu.

Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi.

Umboðsmaður seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu er samábyrgur seljanda vegna skyldna hans, nema neytanda hafi verið bent sérstaklega á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum. Samábyrgðin gildir ekki þegar seljandi sjálfur annast söluna.

Lög þessi gilda einnig um skipti eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Sérstakt gildissvið laganna.

Lög þessi gilda um:

a. pöntun hlutar sem búa skal til;
b. afhendingu á vatni;
c. kaup á kröfum og réttindum.

Lög þessi gilda ekki um:

a. fasteignakaup;
b. samninga um að reisa byggingar eða önnur mannvirki á fasteign;
c. afhendingu á raforku;
d. samninga þegar sá sem afhendir hlut skal jafnframt láta í té vinnu eða aðra þjónustu sem felur í sér mestan hluta af skyldum hans.

3. gr.

Lögin eru ófrávíkjanleg.

Ekki er heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

Ekki er heimilt að semja um að lög ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi um kaupsamning sem er nátengdur yfirráðasvæði ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins ef það leiðir til kjara sem eru neytandanum óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

4. gr.

Áhættan af sendingu tilkynninga.

Nú sendir samningsaðili tilkynningu í samræmi við ákvæði laga þessara og á þann hátt sem forsvaranlegt er miðað við aðstæður og getur sendandinn þá byggt á því að tilkynningin hafi verið send nógu snemma, komi annað ekki fram, þótt henni seinki, mistök verði við sendinguna eða hún nái ekki til gagnaðila.

II. KAFLI
Afhendingin.

5. gr.

Afhendingarstaður.

Söluhlut skal hafa til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandinn hafði atvinnustöð sína þegar kaup voru gerð. Ef kaup voru gerð án tengsla við atvinnustöð seljanda ber að afhenda hlutinn hjá neytandanum.

Ef seljandi hefur fleiri en eina atvinnustöð skal miðað við þá atvinnustöð sem kaupunum tengdist þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar miðuðu við þegar kaup voru gerð.

Aðilum er heimilt að semja um annan afhendingarstað.

6. gr.

Afhendingartími.

Leiði ekki annað af samningi skal afhenda hlutinn innan sanngjarns tíma frá því að kaupin voru gerð.

Ef samið hefur verið um svigrúm varðandi afhendingartíma á seljandinn rétt á að velja, nema atvik sýni að neytandi eigi að velja hann.

Ef seljanda í reiðukaupum er rétt að velja afhendingartíma skal hann tilkynna neytanda með nægum fyrirvara hvenær sækja megi hlutinn.

7. gr.

Afhendingin.

Söluhlutur telst afhentur þegar neytandi hefur veitt honum viðtöku.

8. gr.

Viðbótarskyldur við sendingarkaup.

Ef seljandi á að sjá um að senda hlut er honum skylt að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hann verði fluttur á ákvörðunarstað með viðeigandi hætti og samkvæmt venjulegum skilmálum um slíka flutninga.

Ef seljandi á ekki að kaupa tryggingar vegna flutnings hlutarins verður hann, ef neytandinn æskir þess, að gefa þær upplýsingar sem neytandanum eru nauðsynlegar til þess að hann geti keypt sér slíka tryggingu.

Ef seljandi afhendir flutningsmanni hlut án þess að greinilega komi fram með auðkenningu, í flutningsskjali eða á annan skýran hátt, að hluturinn eigi að fara til neytanda verður seljandi að tilkynna neytanda greinilega hvar hann eigi að veita hlutnum viðtöku.

9. gr.

Heimild seljanda til að halda eigin greiðslu.

Ef seljandi hefur ekki veitt lán eða greiðslufrest er hann ekki skyldur til að afhenda hlutinn, framselja skjöl eða á annan hátt að yfirfæra ráðstöfunarrétt yfir hlutnum, nema því aðeins að kaupverðið sé samtímis greitt.

Ef seljandi á að senda hlut til annars staðar getur hann ekki látið það hjá líða, en hann getur komið í veg fyrir að neytandinn fái umráðin þar til kaupverðið er greitt.

10. gr.

Kostnaður.

Seljandi greiðir kostnað vegna söluhlutar þar til hann hefur verið afhentur. Ákvæði þetta gildir ekki um kostnað sem stafar af því að afhendingu seinkar vegna atvika sem varða neytanda.

Ef senda skal söluhlut til neytanda má semja um það að neytandi greiði til viðbótar kaupverðinu kostnað af sendingunni.

11. gr.

Afrakstur af söluhlut.

Afrakstur af söluhlut, sem verður til fyrir umsaminn afhendingartíma, fellur til seljanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að afraksturinn félli til síðar. Afrakstur, sem síðar verður til, fellur til neytanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að hann félli til fyrr.

Aðilum er heimilt að semja á annan veg.

12. gr.

Hlutir og kröfur sem bera vexti.

Kaup á hlutum ná til þess arðs sem ekki var gjaldfallinn fyrir kaupin. Sama gildir um réttinn til áskriftar fyrir nýjum hlutum, enda hafi ekki verið unnt að nýta réttinn fyrir kaupin.

Kaup á kröfu sem ber vexti ná til áfallinna vaxta sem ekki eru gjaldfallnir á umsömdum afhendingartíma. Greiða skal jafnvirði vaxtanna sem viðbót við kaupverðið, enda hafi krafan ekki verið seld sem óvís krafa.

Aðilum er heimilt að semja á annan veg.

III. KAFLI
Áhættan af söluhlut.

13. gr.

Um það hvað í áhættu felst.

Þegar áhættan af söluhlut hefur flust yfir til neytanda fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki niður þótt hluturinn eftir það farist, skemmist eða rýrni ef um er að ræða atvik sem ekki verða rakin til seljanda.

14. gr.

Áhættuflutningur.

Áhættan flyst yfir til neytanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði 7. gr. Ef hlutar er ekki vitjað eða honum veitt viðtaka á réttum tíma og það má rekja til neytanda eða atvika sem hann varða flyst áhættan yfir á neytandann þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og vanefnd verður af hans hálfu við það að veita hlutnum ekki viðtöku.

Ef neytandi á að vitja söluhlutar annars staðar en hjá seljanda flyst áhættan yfir til neytanda þegar afhendingartíminn er kominn og neytanda er kunnugt um að hluturinn er honum heimill til ráðstöfunar á afhendingarstaðnum.

Áhættan flyst ekki yfir til neytanda fyrr en söluhlutur hefur verið auðkenndur honum með merkingu á flutningsskjölum eða það hefur á annan hátt verið gert ljóst að hlutur er ætlaður honum.

Ef söluhlutur hefur verið keyptur og afhentur til reynslu eða á annan hátt með rétti til að skila honum aftur ber neytandi áhættuna af hlutnum þar til seljandinn hefur aftur veitt honum viðtöku. Þetta gildir þó ekki þegar neytandinn hefur rétt til að skila söluhlut samkvæmt ákvæðum í lögum eða sambærilegan rétt á grundvelli samnings um neytendakaup.

Neytandi ber þó ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verður meðan hluturinn er hjá seljanda, enda sé ekki unnt að rekja atburðinn til eiginleika hlutarins sjálfs.

IV. KAFLI
Eiginleikar söluhlutar, gallar o.fl.

15. gr.

Eiginleikar söluhlutar.

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;

c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
e. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann;
f. vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð, ef neytandinn ætlar ekki að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar;
g. vera laus við réttindi þriðja manns, t.d. eignarrétt eða veðrétt. Söluhluturinn skal einnig vera laus við kröfur þriðja manns um réttindi í hlutnum, enda þótt þeim sé mótmælt, nema kröfurnar séu augljóslega órökstuddar.

16. gr.
Gallar.

Söluhlutur telst vera gallaður ef:
a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;
b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;
d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.

Regla c-liðar 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Þetta gildir þó ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess.

17. gr.
Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:
a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

18. gr.

Tímamark galla.

Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.

Seljandi ber einnig ábyrgð á galla sem kemur fram síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hlut megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu. Ábyrgðaryfirlýsing er bindandi fyrir yfirlýsingargjafann með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni og í auglýsingum tengdum henni.

V. KAFLI

Greiðsludráttur. Úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda.

19. gr.

Úrræði neytanda við greiðsludrátt.

Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er neytanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur neytandi:

a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 20. gr.;
b. krafist efnda samkvæmt ákvæðum 21. gr.;
c. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 23. gr.;
d. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 24. gr.

Réttur neytanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Ef seljandi fullnægir að öðru leyti ekki nógu snemma skyldum sínum samkvæmt samningnum gilda ákvæðin um greiðsludrátt, eftir því sem við getur átt, þó ekki ákvæði 3. og 4. mgr. 23. gr. Aðilum er heimilt að semja á annan veg.

20. gr.

Réttur neytanda til að halda eftir kaupverði.

Ef neytandi á kröfu á hendur seljanda vegna greiðsludráttar hins síðarnefnda getur neytandinn haldið eftir þeim hluta kaupverðsins sem nægir til þess að tryggja kröfu hans.

21. gr.

Réttur til efnda.

Ef söluhlutur hefur ekki verið afhentur á umsömdum afhendingartíma getur neytandi haldið fast við kaup og krafist efnda.

Þetta gildir ekki ef um er að ræða hindrun sem seljandi ræður ekki við og heldur ekki ef efndir hefðu í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni neytanda af efndum. Ef úr vandkvæðum greiðist innan hæfilegs tíma getur neytandi krafist efnda.

Neytandi glatar rétti sínum til efnda ef hann dregur óhæfilega lengi að krefjast þeirra.

22. gr.

Fyrirspurnir.

Nú beinir seljandi fyrirspurn til neytanda um það hvort hann vilji veita hlut viðtöku þrátt fyrir seinkun eða hann tilkynnir neytanda að hann muni afhenda hið selda innan tiltekins tíma, en neytandi svarar ekki án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk tilkynninguna. Getur neytandi þá ekki rift kaupunum ef efndir verða innan þess tíma sem nefndur var.

23. gr.

Riftun.

Neytandi getur rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir. Ef hlutur er afhentur of seint getur neytandi ekki rift kaupunum, nema hann tilkynni það seljanda innan sanngjarns tíma frá því að hann fékk vitneskju um afhendinguna.

Við mat á því hvort greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir skal leggja sérstaka áherslu á þýðingu greiðsludráttarins fyrir neytandann. Skal m.a. taka tillit til tegundar söluhlutar sem kaupin varða og þess hvort afhending átti að fara fram á ákveðnum tíma.

Einnig er unnt að rifta kaupum ef seljandi afhendir ekki söluhlut og efndir dragast fram yfir sanngjarnan viðbótarfrest sem neytandi hefur sett. Meðan viðbótarfrestur er að líða getur neytandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að seljandinn hafi lýst því yfir að ekki verði af efndum á þeim tíma eða ljóst er að hann muni ekki efna kaupin.

Ef kaup varða hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir neytanda samkvæmt fyrirmælum hans eða óskum, og geti seljandi af þeim sökum ekki ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns, getur neytandi því aðeins rift kaupunum að greiðsludráttur leiði til þess að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega.

24. gr.

Skaðabætur.

Neytandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.

Ef greiðsludrátt má rekja til þriðja manns sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu er seljandi því aðeins laus undan ábyrgð að þriðji maður væri það einnig samkvæmt reglu 2. mgr. Sama gildir ef greiðsludrátt má rekja til afhendingaraðila sem seljandi hefur notað eða til einhvers annars á fyrra sölustigi.

Lausn undan ábyrgð er til staðar meðan hindrun er fyrir hendi. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna kaupin en hann láti það hjá líða.

Um fjárhæð skaðabóta fer samkvæmt reglum XI. kafla.

25. gr.

Upplýsingaskylda um hindrun.

Ef hindrun kemur í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna neytanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Fái neytandi ekki slíka tilkynningu án ástæðulauss dráttar frá því að seljandi fékk eða gat fengið vitneskju um hindrunina getur neytandi krafist þess að það tjón sé bætt sem unnt hefði verið að komast hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara.

VI. KAFLI
Úrræði neytanda vegna galla á söluhlut.

26. gr.
Úrræði neytanda vegna galla.

Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;

Réttur neytanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum seljanda, eftir því sem við á. Unnt er að semja um annað. Það gildir þó ekki um skyldur seljanda samkvæmt kaupsamningi til uppsetningar á söluhlut.

27. gr.
Tilkynning.

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Jafnframt er neytanda heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

Neytandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan tímamarka greinarinnar. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

28. gr.
Réttur neytanda til að halda eftir kaupverði.

Ef neytandi á kröfu á hendur seljanda vegna galla söluhlutar getur neytandinn haldið eftir þeim hluta kaupverðsins sem nægir til þess að tryggja kröfu hans.

29. gr.
Krafa um úrbætur og nýja afhendingu.

Neytandi getur valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda. Þetta á ekki við ef fyrir hendi er hindrun sem seljandi ræður ekki við eða það hefur í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir seljanda.

Við mat á því hvort kostnaður er ósanngjarn skv. 2. málsl. 1. mgr. skal leggja áherslu á verðmæti ógallaðs söluhlutar, þýðingu gallans og hvort hægt er að beita öðrum úrræðum án verulegs óhagræðis fyrir neytandann.

Þótt neytandi krefjist ekki úrbóta eða nýrrar afhendingar er seljanda heimilt að bæta á eigin kostnað úr galla eða afhenda annan hlut án tafar. Ef seljandi býður fram úrbætur eða nýja afhendingu í samræmi við lögin getur neytandi ekki krafist afsláttar eða riftunar.

30. gr.

Framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar.

Úrbætur og ný afhending skulu fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.

Seljandi á ekki rétt á að bæta úr sama galla eða afhenda nýjan söluhlut vegna sama galla oftar en tvisvar sinnum nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem réttlæta frekari úrbætur eða afhendingu.

Ef úrbætur eða ný afhending seljanda hafa það í för með sér að neytandi getur ekki notað söluhlut í meira en eina viku getur neytandi krafist þess að fá sambærilegan hlut til umráða á kostnað seljanda. Þetta á þó aðeins við ef krafan telst sanngjörn með hliðsjón af þörfum neytandans og þeim kostnaði og óhagræði sem það hefur í för með sér fyrir seljanda.

Ef ekki reynist um galla að ræða getur seljandi aðeins krafist greiðslu fyrir þær athuganir sem nauðsynlegar voru til að komast að raun um hvort söluhlutur væri gallaður, og greiðslu fyrir lagfæringu á hlutnum ef seljandi hefur gert neytanda það ljóst að hann þurfi sjálfur að bera umræddan kostnað.

31. gr.

Afsláttur.

Ef ekki verður af úrbótum eða nýrri afhendingu skv. 29. og 30. gr. getur neytandi krafist afsláttar af kaupverði. Skal afslátturinn reiknaður þannig að hlutfallið milli hins lækkaða verðs og samningsverðsins svari til hlutfallsins milli verðgildis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartíma.

Ef sérstök rök mæla með því má ákveða afslátt með hliðsjón af þýðingu gallans fyrir neytanda.

Neytandi getur ekki krafist afsláttar þegar um er að ræða kaup á notuðum hlutum á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur.

32. gr.

Riftun.

Í stað afsláttar skv. 31. gr. getur neytandi rift kaupum nema galli sé óverulegur.

33. gr.

Skaðabætur.

Neytandi getur krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut.

Um fjárhæð skaðabóta fer samkvæmt reglum XI. kafla.

34. gr.

Tjón á öðrum munum.

Skaðabótaábyrgð seljanda fyrir tjón af völdum galla nær til, auk tjóns á söluhlutnum sjálfum, tjóns á hlutum sem söluhluturinn var notaður til framleiðslu á eða hlutum sem standa í nánu og beinu sambandi við fyrirhuguð not söluhlutar.

Neytandi getur krafist skaðabóta vegna annars tjóns á munum en fjallað er um í 1. mgr. nema þegar seljandi sýnir fram á að tjónið verði ekki rakið til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda.

Þegar seljandi greiðir skaðabætur vegna tjóns á öðrum munum en söluhlutnum sjálfum tekur seljandi yfir kröfur neytanda gegn framleiðanda samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð.

35. gr.

Krafa á hendur fyrri söluaðila.

Neytandi getur borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila.

Samningi við fyrri sölu, sem takmarkar rétt seljanda eða annars framsalshafa, verður ekki beitt gegn kröfu neytanda skv. 1. mgr. í víðtækara mæli en unnt hefði verið að semja um í skiptum neytandans og seljandans.

Ákvæði 27. gr. um tilkynningar gilda með samsvarandi hætti um ákvæði þessarar greinar.

Neytandi getur, með sömu skilyrðum og koma fram í 1.–3. mgr., gert kröfu vegna galla á hendur aðila sem samkvæmt samningi við seljanda eða fyrri söluaðila hefur framkvæmt vinnu við hlutinn.

Neytandi getur einnig gert kröfu á grundvelli 1. mgr. 84. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, ef það veitir honum víðtækari rétt en samkvæmt grein þessari.

Fyrri söluaðila er óheimilt að skuldajafna kröfu sinni á hendur seljanda á móti kröfu neytanda.

36. gr.

Ábyrgð á upplýsingum skv. 16. gr.

Þegar sá er hlut hefur búið til eða annar fyrri söluaðili hefur gefið upplýsingar þær sem nefndar eru í 2. mgr. 16. gr. ber hann ábyrgð á því tjóni sem neytandinn verður fyrir vegna upplýsinganna, eftir atvikum óskipt með seljanda.

VII. KAFLI
Skyldur neytanda.

37. gr.

Kaupverð.

Ef kaup eru gerð án þess að kaupverðið leiði af samningi eða upplýsingum frá seljanda, t.d. í auglýsingum eða útstillingum, skal neytandi greiða fyrir söluhlut það gangverð sem er á sams konar hlutum, seldum við svipaðar aðstæður, við samningsgerðina, enda sé verðið ekki ósanngjarnt. Ef ekki er um neitt slíkt gangverð að ræða skal neytandi greiða það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutar, gæði hans og atvik að öðru leyti.

Ef kaupverðið á að ráðast af fjölda, máli eða þyngd skal við þetta miðað á þeim tíma þegar áhættan af söluhlutnum flyst frá seljanda til neytanda. Þegar kaupverðið er ákveðið eftir þyngd skal fyrst draga frá þyngd umbúða.

Seljandi getur ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikning. Þetta gildir ekki þegar augljóst er að kaupverðið er staðgreiðsluverð en seljandi hefur eigi að síður veitt greiðslufrest.

38. gr.

Greiðsla kaupverðs. Réttur neytanda til að halda eftir kaupverði.

Leiði greiðslutíma ekki af kaupsamningnum skal neytandinn greiða kaupverðið þegar seljandinn krefst þess.

Ef ekki hefur verið samið um annað ber neytanda ekki skylda til að greiða kaupverðið fyrr en hluturinn er afhentur neytanda eða stendur honum til ráðstöfunar í samræmi við samninginn og lög þessi.

Neytandi er ekki bundinn af ákvæðum fyrir fram gerðs samnings um skyldu til að greiða kaupverð á ákveðnum tíma án tillits til þess hvort seljandi uppfyllir skyldur sínar á réttum tíma.

Áður en neytandinn greiðir kaupverðið á hann rétt á að rannsaka hlutinn á venjulegan hátt ef það er ekki ósamrýmanlegt umsaminni aðferð við afhendingu og greiðslu kaupverðsins.

39. gr.

Greiðslustaður kaupverðs.

Kaupverðið skal greiða á atvinnustöð seljanda. Ef seljandi hefur fleiri en eina atvinnustöð skal miðað við þá atvinnustöð sem kaupunum tengdist þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar miðuðu við þegar kaup voru gerð. Ef seljandi hefur ekki atvinnustöð sem tengist kaupunum skal miðað við heimili hans. Ef greiðsla á að fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals skal greiðslan innt af hendi á afhendingarstaðnum.

Seljandinn ber ábyrgð á auknum kostnaði við greiðslu sem stafar af því að hann hefur flutt atvinnustöð sína eftir að kaupin voru gerð.

40. gr.

Skylda neytanda til að stuðla að efndum kaupa.

Neytanda er skylt:

a. að stuðla fyrir sitt leyti að því, eftir því sem sanngjarnt er að ætlast til af honum, að seljandi geti efnt skyldur sínar og
b. taka við hlutnum með því að sækja hann eða veita honum viðtöku.

VIII. KAFLI

Afpöntun og skilaréttur.

41. gr.

Afpöntun fyrir afhendingu.

Ef neytandi afpantar hlut áður en hann er afhentur getur seljandi ekki haldið fast við kaupin og krafist greiðslu. Ef ekkert annað leiðir af samningi aðila getur seljandinn þess í stað krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afpöntunin veldur.

Aðilar geta samið um viðmiðunarskaðabætur við afpöntun. Viðmiðunarskaðabætur skulu þó ekki vera hærri en ætla mætti að skaðabætur yrðu skv. XI. kafla.

Ef ekki hefur verið samið um skaðabætur vegna afpöntunar fer um fjárhæð skaðabóta eftir XI. kafla.

42. gr.

Skilaréttur eftir afhendingu.

Eftir að söluhlutur hefur verið afhentur ber neytanda að greiða kaupverð þrátt fyrir að hluturinn sé endursendur seljanda.

Skylda neytanda til greiðslu kaupverðs fellur niður:

a. við riftun;
b. ef aðilar hafa samið um skilarétt, t.d. ef hluturinn er keyptur til reynslu;
c. ef neytandi hefur slíkan rétt samkvæmt ákvæðum í lögum eða sambærilegan rétt á grundvelli samnings um neytendakaup.

Neytandi getur skipt söluhlut ef samið hefur verið um rétt til skipta eða hann leiðir af almennum réttarreglum.

IX. KAFLI
Úrræði seljanda vegna vanefnda af hálfu neytanda.

43. gr.

Kröfur seljanda.

Ef neytandi greiðir ekki kaupverðið eða fullnægir ekki öðrum skyldum sínum samkvæmt samningnum eða lögum þessum, og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem hann varða, getur seljandinn:

a. krafist efnda samkvæmt ákvæðum 44. gr.;
b. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 45. gr.;
c. krafist skaðabóta og vaxta samkvæmt ákvæðum 46. gr.;
d. haldið eftir greiðslum samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Réttur seljanda til skaðabóta og vaxta fellur ekki brott þótt hann neyti annarra úrræða eða við það að slík úrræði verði ekki höfð uppi.

44. gr.

Réttur til að krefjast efnda.

Seljandi getur haldið fast við kaupin og krafið neytanda um greiðslu kaupverðsins. Þetta gildir þó ekki á meðan ekki er unnt að greiða vegna stöðvunar samgangna eða greiðslumiðlunar eða vegna annarra atvika sem neytandi getur hvorki stjórnað né yfirunnið.

Ef hlutur hefur ekki verið afhentur glatar seljandi rétti sínum til þess að krefjast efnda ef hann bíður óhæfilega lengi með að setja slíka kröfu fram.

Um rétt seljanda til að krefjast efnda á þeirri skyldu neytanda að hann stuðli að efndum gilda ákvæði 21. gr. eftir því sem við á.

45. gr.

Riftun.

Seljandi getur rift kaupum vegna dráttar á greiðslu kaupverðsins eða annarra samningsbrota þegar um verulegar vanefndir af hálfu neytanda er að ræða. Seljandi getur ekki rift kaupunum eftir að kaupverðið hefur verið greitt.

Einnig er unnt að rifta kaupum þegar neytandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur sett til efndanna. Seljandi getur ekki rift kaupum meðan viðbótarfrestur er að líða nema því aðeins að neytandi hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna kaupin á þeim tíma.

Ef neytandi hefur þegar veitt söluhlut viðtöku getur seljandi því aðeins rift kaupunum að hann hafi gert um það fyrirvara eða neytandi hafni hlutnum.

46. gr.

Skaðabætur. Vextir.

Ef kaupverðið er ekki greitt á réttum tíma getur seljandi krafist vaxta af kaupverðinu í samræmi við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu.

Seljandi getur einnig krafist skaðabóta fyrir tjón af völdum greiðsludráttar neytanda. Þetta á þó ekki við meðan neytandi sýnir fram á að greiðsludráttur stafi af stöðvun almennra samgangna eða greiðslumiðlunar eða annarri hindrun sem neytandi hefur ekki stjórn á og ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað haft í huga við samningsgerðina, komist hjá afleiðingunum af eða yfirunnið. Reglur 3. og 4. mgr. 24. gr. gilda eftir því sem við á.

Um fjárhæð skaðabóta fer samkvæmt reglum XI. kafla.

47. gr.

Upplýsingaskylda um hindrun.

Ef hindrun tálmar því að neytandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna seljanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til efnda. Fái seljandi ekki slíka tilkynningu innan sanngjarns tíma frá því að neytandinn vissi eða mátti vita um hindrunina getur seljandi krafist bóta fyrir það tjón sem hann hefði getað komist hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna í tíma.

48. gr.

Ákvörðun um einkenni hlutar.

Nú á neytandi að ákveða lögun hlutar, mál eða aðra eiginleika hans og gerir það ekki á umsömdum tíma eða án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk um það hvatningu frá seljanda. Getur seljandi þá sjálfur ákveðið þessi einkenni í samræmi við það sem hann má ætla að séu hagsmunir neytanda. Þetta kemur ekki í veg fyrir að seljandi geti haldið fram öðrum kröfum sem hann á.

Seljandi skal upplýsa neytanda um þau einkenni sem hann ákveður skv. 1. mgr. og veita neytanda hæfilegan frest til að gera á þeim breytingar. Geri neytandi það ekki án ástæðulauss dráttar, eftir að hafa fengið tilkynningu frá seljanda, verður ákvörðun seljanda um einkennin bindandi.

X. KAFLI

Sameiginlegar reglur um riftun og nýja afhendingu.

49. gr.

Réttaráhrif riftunar og nýrrar afhendingar.

Þegar kaupum er rift falla skyldur aðila til að efna þau niður.

Hafi kaup verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu samningsaðila má krefjast skila á því sem móttekið hefur verið. Aðili getur þó haldið því sem hann hefur móttekið þar til gagnaðili skilar því sem hann hefur tekið við. Sama á við þegar aðili á rétt til skaðabóta eða vaxta og fullnægjandi trygging er ekki sett.

Ef seljandinn á að afhenda söluhlut á ný getur neytandi haldið hjá sér því sem hann hefur móttekið þar til afhending hefur átt sér stað að nýju.

Riftun hefur engin áhrif á samningsákvæði um atvinnuleyndarmál, um lausn ágreiningsefna eða um réttindi og skyldur aðila sem leiðir af riftuninni.

50. gr.

Afrakstur og vextir þegar greiðslum er skilað.

Þegar kaupum er rift skal neytandi færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af hlutnum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum.

Ef seljandi á að endurgreiða kaupverðið ber honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er neytandi tilkynnti seljanda að hann mundi bera fyrir sig gallann. Seljanda ber á sama hátt að greiða vexti frá þeim degi er hann tók við greiðslunni þegar neytandi er krafinn um endurgjald fyrir not af söluhlut skv. 1. mgr.

51. gr.

Missir réttar til riftunar og afhendingar á ný.

Neytanda er því aðeins heimilt að rifta kaupum eða krefjast afhendingar á ný að hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var í þegar neytandi veitti honum viðtöku. Neytandi glatar þó ekki rétti sínum til þess að krefjast riftunar eða nýrrar afhendingar þegar

a. ástæður þess að ekki er unnt að skila hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni má rekja til eiginleika hans eða annarra aðstæðna sem ekki varða neytandann;
b. hluturinn hefur rýrnað, skemmst eða eyðilagst og það má rekja til verknaðar sem gera varð til að ganga úr skugga um hvort hann væri gallaður;
c. hluturinn hefur verið notaður af neytanda við fyrirhuguð not áður en neytanda varð ljós eða mátti verða ljós galli sá sem leiðir til riftunar eða kröfu um afhendingu á ný.

Neytandi glatar ekki heldur réttinum til riftunar eða nýrrar afhendingar ef hann við skilin bætir þá verðmætisrýrnun sem orðin er á hlutnum.

XI. KAFLI
Sameiginlegar reglur um skaðabætur.

52. gr.

Umfang skaðabóta.

Skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars samningsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Þetta gildir þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar.

Skaðabætur ná ekki til:

a. líkamstjóns;
b. tjóns í atvinnustarfsemi neytanda.

53. gr.

Verðmunur við riftun.

Ef kaupum er rift og neytandi kaupir af öðrum (staðgöngukaup) eða seljandi selur öðrum (staðgöngusala) með forsvaranlegum hætti og innan sanngjarns tíma frá riftun skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og verðið við staðgönguráðstöfunina.

Ef kaupum er rift án þess að gerðar séu staðgönguráðstafanir þær sem um ræðir í 1. mgr. og unnt er að staðreyna gangverð söluhlutar skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og gangverðið á riftunartímanum.

Gangverð er það verð sem er á sambærilegum hlutum á afhendingarstað. Þegar ekki er um gangverð að ræða á afhendingarstað skal miða við verðið á öðrum stað sem með sanngirni má jafna til afhendingarstaðarins, þó þannig að taka skal tillit til munar á flutningskostnaði.

54. gr.

Skylda til að takmarka tjón. Mildun ábyrgðar.

Samningsaðila, sem ber fyrir sig vanefndir af hálfu gagnaðila, er með sanngjörnum ráðstöfunum skylt að takmarka tjón sitt. Vanræki hann það ber hann sjálfur þann hluta tjónsins sem af því leiðir.

Skaðabætur má lækka ef þær teljast ósanngjarnar fyrir hinn bótaskylda þegar litið er til fjárhæðar tjónsins í samanburði við það fjártjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og atvika að öðru leyti.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Fyrirsjáanlegar vanefndir.

Um fyrirsjáanlegar vanefndir fer eftir 61. og 62. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup.

56. gr.

Gjaldþrot.

Um rétt til að ganga inn í kaup, halda eftir greiðslu eða rifta kaupum vegna gjaldþrots samningsaðila fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

57. gr.

Vanefndir að því er varðar hluta hins selda.

Ef vanefndir seljanda varða einvörðungu hluta hins selda eiga reglur um greiðsludrátt og galla í V. og VI. kafla við. Neytandi getur rift kaupunum með öllu ef vanefndir eru verulegar á samningnum í heild sinni.

Ef ráða má af atvikum að seljandi hafi lokið afhendingu af sinni hálfu, þótt umsamið magn hafi ekki allt verið afhent, eiga reglurnar um galla við.

58. gr.

Riftunarréttur neytanda við afhendingu í áföngum.

Ef seljandi á að afhenda hið selda í áföngum og vanefndir verða á tiltekinni afhendingu getur neytandi rift kaupum að því er hana varðar samkvæmt reglunum um riftun.

Ef vanefndir veita neytanda réttmæta ástæðu til að ætla að vanefndir verði á afhendingum síðar þannig að riftunarréttur skapist getur neytandi á þeim grundvelli einnig rift kaupum að því er síðari afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

Ef neytandi riftir kaupum að því er eina afhendingu varðar getur hann samtímis rift kaupunum varðandi fyrri eða síðari afhendingar ef slíkt samhengi er milli þeirra að þær nýtist ekki í þeim tilgangi sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina.

59. gr.

Riftunarréttur seljanda við afhendingu í áföngum.

Ef seljandi á að afhenda í áföngum og neytandi að greiða eða stuðla að efndum varðandi hverja afhendingu og vanefndir verða af neytanda hálfu á tiltekinni afhendingu getur seljandi rift að því er hana varðar samkvæmt reglum 45. gr.

Ef vanefndir veita seljanda réttmæta ástæðu til að ætla að slíkar vanefndir verði á síðari afhendingum að riftunarréttur skapist getur seljandi á þeim grundvelli einnig rift kaupum að því er þær afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

60. gr.

Umönnun söluhlutar.

Nú sækir neytandi ekki söluhlut eða veitir honum ekki viðtöku á réttum tíma eða önnur atvik, sem neytanda varða, leiða til þess að hann fær hlutinn ekki afhentan. Skal seljandi þá á kostnað neytanda annast um hlutinn með þeim hætti sem sanngjarnt er miðað við aðstæður, enda hafi hann hlutinn í vörslum sínum eða geti með öðrum hætti annast hann.

Hafni neytandi söluhlut sem hann hefur veitt viðtöku skal hann á kostnað seljanda annast um hlutinn á þann hátt sem sanngjarn er miðað við aðstæður. Hafni neytandi söluhlut sem hefur verið sendur til hans honum til ráðstöfunar á ákvörðunarstað skal hann annast um hlutinn á kostnað seljanda, enda sé honum það kleift án þess að greiða kaupverðið eða baka sér með því ósanngjörn útgjöld eða óhagræði. Þetta á þó ekki við ef seljandi sjálfur eða einhver á hans vegum getur annast hlutinn á ákvörðunarstað.

Samningsaðili, sem annast skal um söluhlut, getur falið það þriðja manni samkvæmt reglum 74. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Ákvæði 75., 76., 77. og 78. gr. sömu laga um rétt aðila til skaðabóta og tryggingar fyrir kostnaði, um sölu eða aðrar ráðstafanir á söluhlut og um reikningsgerð og reikningsfærslu gilda með sama hætti.

61. gr.

Sérreglur um neytendahugtakið í tilteknum alþjóðlegum kaupum.

Um kaupsamninga um söluhluti við aðila sem hafa atvinnustöð eða heimilisfesti í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins gilda lög þessi um kaup á hlut til persónulegra nota fyrir kaupandann, fjölskyldu hans eða heimilisfólk, nema seljandinn hafi við samningsgerð hvorki vitað né mátt vita að hluturinn var keyptur í því skyni.

XIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

62. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2000 frá 28. janúar 2000, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.

63. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2003.

Lög þessi gilda einvörðungu um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku laganna.

64. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Frá þeim tíma er lög þessi öðlast gildi verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup:

1. 4. gr. laganna fellur brott.
2. A-liður 3. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.
3. 4. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
4. 2. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.
5. 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.
6. 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.
7. Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. 3. og 4. mgr. falla brott.
   b. Í stað orðanna „1.–4. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 1. og 2. mgr.
8. Í stað orðanna „Í öðrum kaupum en neytendakaupum gildir þetta“ í 2. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: Þetta gildir.
9. Orðin „einnig í neytendakaupum“ í 2. málsl. 2. mgr. 22. gr. laganna falla brott.
10. Orðin „og gildir það einnig í neytendakaupum“ í 2. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna falla brott.
11. 4. mgr. 31. gr. laganna fellur brott.
12. 2. málsl. 1. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.
13. 2. mgr. 35. gr. laganna fellur brott.
14. Orðin „einnig í neytendakaupum“ í 2. málsl. 4. mgr. 41. gr. laganna falla brott.
15. 2. mgr. 45. gr. laganna fellur brott.
16. 4. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.
17. Orðin „einnig í neytendakaupum“ í 3. málsl. 79. gr. laganna falla brott.
18. Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Í öðrum kaupum en neytendakaupum getur kaupandi“ í 1. mgr. kemur: Kaupandi getur.
   b. 2. og 3. mgr. falla brott.
19. 2. mgr. 85. gr. laganna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greini aðila að neytendakaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000.

1163. Frumvarp til laga [549. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Orðin „samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að“ í inngangsmálslið falla brott.
b. Í stað orðanna „greiðsluskjöl á peningamarkaði“ í a-lið 7. tölul. kemur: peningamarkaðsskjöl.
c. C-liður 7. tölul. orðast svo: framtíðarsamninga og valréttarsamninga.
d. Við 7. tölul. bætist nýr stafliður sem orðast svo:
   6. fasteignir.
e. 11. tölul. orðast svo: Geymslu, umsjón, ráðgjöf og ávöxtun fjármálagerninga, þar með talinna rafbréfa.
f. 13. tölul. orðast svo: Verðbréfaviðskipti samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.
g. Við bætast fjórir nýir töluliðir sem orðast svo:
   15. Fasteignasölu.
   16. Skipamiðlun.
   17. Viðskipti með eðalmálma og eðalsteina þegar einstök viðskipti nema hærri fjárhæð en tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. og ef um lægri fjárhæð er að ræða ef viðskiptin fara fram í fleiri aðgerðum sem tengjast hver annarri.
   18. Viðskipti með listaverk þegar einstök viðskipti nema hærri fjárhæð en tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. og ef um lægri fjárhæð er að ræða ef viðskiptin fara fram í fleiri aðgerðum sem tengjast hver annarri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „stórfelldu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: meiri háttar.
b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Einnig er átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur að sér að geyma, dylja eða flytja slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.
c. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Með ávinningi er átt við hvers kyns hagnað og eignir hverju nafni sem nefnast, þar með talin skjöl sem ætlað er að tryggja rétthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Ef um er að ræða starfsemi sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 1. gr., skulu þó framangreind fjárhæðarmörk vera 1.000 evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við upphaf viðskipta með fjarsölu, stofnun samninga með notkun fjarskiptaaðferða eða á annan sambærilegan hátt ber að afla viðbótargagna um viðskiptamann ef nauðsyn krefur svo og að krefjast þess að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptamanns og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi lána- eða fjármálastofnun. Í reglum sem einstaklingum og lögaðilum er skylt að setja um innra eftirlit fyrir starfsemina, sbr. 10. gr., skal þegar það á við kveða nánar á um viðskipti með notkun fjarskiptaaðferða og varðveislu gagna um slík viðskipti.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ríkislögreglustjóra ber að veita einstaklingum og lögaðilum aðgang að almennum upplýsingum um peningaþvætti og hvernig unnt sé að greina viðskipti sem falla undir ákvæði þessara laga.

5. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. ber skylda til þess að gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur sem verða við framkvæmd viðskipta í starfsemi þeirra. Um varðveislu slíkra gagna fer samkvæmt ákvæðum 6. gr.

Lögaðilum sem nefndir eru í 1. mgr. 1. gr. ber við ráðningu starfsfólks að setja sérstakar reglur um hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda um stöður hjá fyrirtækjunum og í hvaða tilvikum skuli krafist sakavottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf.

6. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Fái Fjármálaeftirlitið, önnur stjórnvöld, fagaðilar og aðrir þeir sem hafa eftirlit með starfsemi sem talin er upp í 1. gr. í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast broti sem lýst er í 2. gr. eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist broti sem lýst er í 2. gr. skal það tilkynnt til ríkislögreglustjóra.

Lögaðilum sem nefndir eru 1. mgr. 1. gr. ber að gefa sérstakan gaum að þeim ríkjum eða ríkjasvæðum sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Fjármálaeftirlitið skal gefa út tilkynningar og leiðbeiningar ef þörf er á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1164. Frumvarp til laga [485. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Nýr töluliður bætist við 2. mgr. 21. gr. laganna, svohljóðandi: Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

4. tölul. 2. mgr. 64. gr. laganna verður svohljóðandi: Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. gr.

4. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna verður svohljóðandi: Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu og um nafn og aðsetur fulltrúa hér á landi sem hefur með höndum tjónsuppgjör, sbr. 5. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau vátryggingafélög sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 26. gr. laganna við gildistöku laga þessara skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að uppfylla skilyrði laga þessara.

1165. Frumvarp til laga [568. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Skilgreining á hugtakinu aðildarríki í 7. gr. laganna breytist og orðast svo: aðildarríki, ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

Á eftir 90. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

a. (90. gr. A.)

Endurskipulagning fjárhags.

Með endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags er átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóls og er ætlað að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu vátryggingafélags og hafa áhrif á réttindi aðila annarra en vátryggingafélagsins sjálfs. Til slíkra ráðstafana teljast greiðslustöðvun og nauðasamningar.

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gilda um heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar og til að leita nauðasamnings enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna beiðni vátryggingafélags um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef vátryggingafélagi er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags með aðalstöðvar í því aðildarríki tekur til útibúa vátryggingafélagsins hér á landi.

Tilkynna skal lánardrottnum úrskurð um heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skv. 13. og 44. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í tilkynningu skv. 5 mgr. til vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem eiga kröfu á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hafi á vátryggingasamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki er heimilt að lýsa kröfu skv. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Um heimild útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um aðstoðarmenn skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmenn með nauðasamningum.

b. (90. gr. B.)

Íslensk lög skulu gilda um endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélags nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur vátryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem eru í öðru aðildarríki þegar heimildin er veitt. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi vátryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur heimild vátryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum sé eign í öðru aðildarríki. Heimild vátryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hefur ekki áhrif á sölu vátryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar heimildin var veitt.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda gerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi vátryggingafélag eftir að heimild hefur verið fengin til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf skráð í verðbréfamiðstöð skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif heimildar vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem vátryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði þau sem aðstoðarmaður skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmaður með nauðasamningi geta beitt samkvæmt íslenskum lögum hafa þeir jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skulu þeir þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

3. gr.

95. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á líftryggingafélagi gilda lög um gjaldþrotaskipti sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Ákvæði 94. gr. um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins gilda og getur Fjármálaeftirlitið krafist allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Auk tilkynningar í Lögbirtingablaði skv. 2. mgr. 94. gr. skal Fjármálaeftirlitið tilkynna vátryggingatökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Slík tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar. Hafi sérstök meðferð líftryggingastofns verið ákveðin áður en beiðst er gjaldþrotaskipta hefur það ekki áhrif á framkvæmd samkvæmt þessari grein og 94. gr.

Við gjaldþrotaskipti líftryggingafélags skal hvorki telja eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni með eignum þrotabúsins né líftryggingaskuldina með skuldum þess. Hafi ekki tekist að ljúka greiðslu líftryggingakröfu með eignum þeim sem mæta eiga líftryggingaskuldinni fer um líftryggingakröfuna á hendur þrotabúi félagsins skv. 11. mgr. 96. gr.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna kröfu um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef bú líftryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú líftryggingafélags með aðalstöðvar í því ríki sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur til útibúa félagsins hér á landi.

Heimild líftryggingafélags til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu.

Þegar bú líftryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal skilastjórn skv. 93. gr. birta í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um skipun skilastjórnar, innköllun vegna gjaldþrota-

skiptanna og upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Útdrátt tilkynningarinnar skal jafnframt birta í Stjórnartíðindum ESB.

Skilastjórn skal tilkynna lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags. Fyrirsögn tilkynningarinnar skal vera *Innköllun vegna gjaldþrotaskipta, kröfulýsingarfrestur* á öllum tungumálum aðildarríkja.

Í tilkynningu skilastjórnar skv. 8. mgr. til vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á líftryggingafélag vegna líftryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi á líftryggingasamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en líftryggingafélag skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús líftryggingafélags hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um gjaldþrotaskipti útibús líftryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um skilastjórn.

4. gr.

96. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á vátryggingafélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi gilda lög um gjaldþrotaskipti sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna kröfu um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja ef bú vátryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um að bú vátryggingafélags með aðalstöðvar í því ríki sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur einnig til útibúa félagsins hér á landi.

Heimild vátryggingafélags til greiðslustöðvunar eða nauðasamnings kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að óska gjaldþrotaskipta á félaginu.

Fjármálaeftirlitið skal jafnskjótt og búið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta meta hvort hagsmuna vátryggingataka og vátryggðra verði best gætt með því að yfirfæra vátryggingastofna að öllu leyti eða að hluta til annars eða annarra vátryggingafélaga.

Berist tilboð er Fjármálaeftirlitið metur hagkvæmt fyrir vátryggingataka og vátryggða skal það leggja fram tillögu um flutning stofnsins og tilkynna í Lögbirtingablaðinu um helstu efnisatriði slíks samkomulags. Einnig skal auglýsa eftir athugasemdum vátryggingataka og vátryggðra er berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Fjármálaeftirlitið skal jafnframt tilkynna vátryggingatökum, vátryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning vátryggingastofnsins. Sú tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi hefur lögheimili, fasta búsetu eða aðal-

stöðvar. Að teknu tilliti til athugasemda skal Fjármálaeftirlitið að frestinum loknum taka ákvörðun um hvort unnt sé að yfirfæra vátryggingastofna á þann hátt sem lagt er til.

Þegar bú vátryggingafélags hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta skal skilastjórn skv. 93. gr. birta í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um skipun skilastjórnar, innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna og upplýsingar um hvaða lög gildi um gjaldþrotaskiptin. Útdrátt tilkynningarinnar skal jafnframt birta í Stjórnartíðindum ESB.

Skilastjórn skal tilkynna lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags. Fyrirsögn tilkynningarinnar skal vera *Innköllun vegna gjaldþrotaskipta, kröfulýsingarfrestur* á öllum tungumálum aðildarríkja.

Í tilkynningu skilastjórnar skv. 8. mgr. til vátryggingataka, vátryggðra og annarra sem kröfu eiga á vátryggingafélag vegna vátryggingasamninga og hafa lögheimili, fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um gjaldþrotaskipti hafi á vátryggingasamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar.

Lánardrottni sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða aðalstöðvar í öðru aðildarríki en vátryggingafélag skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu á tungumáli þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Vátryggingakröfur á hendur þrotabúi vátryggingafélagsins skulu ganga næst á undan kröfum skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að óska upplýsinga um meðferð þrotabús vátryggingafélags hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um gjaldþrotaskipti útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar utan aðildarríkja fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal litið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um skilastjórn.

5. gr.

Á eftir 96. gr. laganna kemur ný grein, 96. gr. A, svohljóðandi:

Íslensk lög skulu gilda um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags nema á annan veg sé fyrir mælt í þessari grein.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur vátryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Úrskurður um að bú vátryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem voru í öðru aðildarríki þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi vátryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur úrskurður um að bú vátryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum sé eign í öðru aðildarríki. Gjaldþrot vátryggingafélags hefur ekki áhrif á sölu vátryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda gerninga, nr. 7/1936, eða ákvæðum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi vátryggingafélag eftir úrskurð um að bú vátryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf skráð í verðbréfamiðstöð skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif úrskurðar um að bú vátryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem vátryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði sem skilastjórn getur beitt samkvæmt íslenskum lögum hefur hún jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skal skilastjórn þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

6. gr.

Við 97. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um frjáls slit vátryggingafélags gilda ákvæði 95., 96. og 96. gr. A eftir því sem við á.

7. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verður svohljóðandi: **Sérstakar ráðstafanir. Endurskipulagning fjárhags. Brottfall starfsleyfis. Félagsslit.**

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1166. Frumvarp til laga [427. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   3. *eignarhluti:* hlutdeild félagsaðila í hlutafélögum, einkahlutafélögum og eigin fé annarra félaga;
b. 4. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   4. *hlutdeildarfélag:* félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess; félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut í öðru félagi;
c. 5. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   5. *móðurfélag:* félag sem:
   a. á meiri hluta atkvæða í öðru félagi, eða

b. er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess, eða
c. er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til ákvörðunarvalds um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli samþykkta félagsins eða samninga við það, eða
d. er félagsaðili að öðru félagi og ræður yfir meiri hluta atkvæða í því á grundvelli samnings við aðra hluthafa, eða
e. á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess;

d. 7. tölul. 2. mgr. orðast svo:
7. *samstæða:* móðurfélag og dótturfélög þess;

e. Í stað 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Við útreikning á atkvæðamagni í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum skal:
a. leggja saman atkvæðamagn móðurfélags og dótturfélaga í viðkomandi félagi,
b. draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélaga þess og
c. draga frá atkvæðamagni móðurfélagsins það atkvæðamagn sem það hefur til tryggingar ef félagið beitir aðeins atkvæðisréttinum í samræmi við fyrirmæli þess sem setti trygginguna, eða ef umráðin eru liður í lánastarfsemi og atkvæðisréttinum er aðeins beitt í þágu þess sem setti tryggingunа.

2. gr.

1.–3. tölul. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
1. eignir nema 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „fjárstreymisyfirlit“ kemur: sjóðstreymi.
b. 3. málsl. fellur brott.

4. gr.

4.–7. gr. laganna falla brott.

5. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:
Ársreikningar skulu gerðir í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

Ef ákvæði laga nægja ekki til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé skal vikið frá þeim í undantekningartilvikum til þess að reikningurinn gefi glögga mynd í skilningi 1. mgr. Í skýringum með ársreikningi skal greina frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og hvaða áhrif þau hafa á afkomu og efnahag.

7. gr.

Í stað orðsins „má“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: skal, og í stað orðsins „félagasamstæðu“ kemur: samstæðu.

8. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæðu“ í 1. tölul. 1. mgr. og í 2. mgr. 11. gr. A laganna kemur: samstæðu, og í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 6. gr.“ í 4. tölul. 1. mgr. sömu greinar kemur: 2. mgr. 2. gr.

9. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. B laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Félög sem stofnuð eru á árinu skulu leggja fram umsókn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir stofnun þeirra ásamt rökstuðningi um að starfsemi þeirra muni uppfylla ákvæði 11. gr. A.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þær skulu ekki nema hærri fjárhæð en nauðsynlegt er talið.
b. 2. mgr. orðast svo:

Skuldbindingar skv. 1. mgr. má eigi nota til matsbreytinga á eignum eða jafna á móti eignum.

11. gr.

Í stað 2. málsl. 19. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Tekjur og gjöld sem varða fyrri reikningsár skulu færast til breytinga á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun þegar um er að ræða skekkju eða breytingu á reikningsskilaaðferð. Samanburðarfjárhæðum skal þá breytt til samræmis nema það sé bundið sérstökum vandkvæðum og skal það þá upplýst í skýringum.

12. gr.

C-liður 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

c. sýna í reikningsskilum allar matsbreytingar sem taka til skerðingar á verðgildi einstakra eigna, sbr. 24. gr., hvort sem skerðingin er varanleg eða ekki.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða framreiknuðu kostnaðarverði“ í 1. mgr. kemur: sbr. þó ákvæði 25. og 35. gr.
b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

14. gr.

Í stað orðanna „reikna afskriftir af hækkuðu bókfærðu verði þeirra eins og það er á hverjum tíma“ í 2. málsl. 23. gr. laganna kemur: hækka afskriftarstofn þeirra um þá endurmatshækkun.

15. gr.

3. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. 2. mgr., skal leysa upp til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar af mismun á endurmetnu verði og kostnaðarverði. Einnig skal leysa upp endurmatsreikning ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Birgðir skal meta á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.
b. Í stað orðsins „vörubirgðir“ í 2. mgr. kemur: birgðir.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra, sbr. 3. mgr. 22. gr. Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma þeim á núverandi stað og í það ástand sem þær eru. Dreifingarkostnað má ekki telja til kostnaðarverðs birgða.

17. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Ef kostnaður vegna óefnislegra réttinda, rannsókna eða þróunar er ekki gjaldfærður strax skal afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum.

Sé áætlaður nýtingartími lengri en fimm ár skal gera grein fyrir ástæðum þess í skýringum.

18. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Móðurfélag skal færa eignarhlut sinn í dótturfélagi til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé dótturfélagsins. Þó er heimilt að styðjast við kostnaðarverð þegar heimilt er að halda dótturfélögum utan samstæðureiknings, sbr. ákvæði 53. gr. C. Mismunur á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeildar í eigin fé dótturfélagsins á kaupdegi hins vegar skal enn fremur hafa áhrif á bókfært verð fjárfestingar í dótturfélaginu.

Einnig skal beita hlutdeildaraðferð við eignfærslu á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum. Þó er heimilt að styðjast við kostnaðarverð að uppfylltum skilyrðum 53. gr. C.

Nú rekur félag starfsemi í sameign með einu eða fleiri félögum og skal þá beita hlutdeildaraðferð vegna samrekstrarins, sbr. þó 53. gr. C.

19. gr.

Orðin „eða í skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings“ í 36. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæðu“ í 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: samstæðu.

21. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Áætlaður hagnaður af samningi um langtímaverkefni skal innleystur hlutfallslega eftir því sem verkefninu miðar. Áætlað tap á samningi um langtímaverkefni skal gjaldfært strax.

Þegar ekki er hægt að áætla hagnað eða tap á samningi um langtímaverkefni af nægilegri nákvæmni skulu tekjur af samningnum aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið. Kostnaður skal gjaldfærður þegar hann fellur til.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „frestaða skattskuldbindingu“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: eða skattinneign.
b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.
c. 4. mgr. fellur brott.
d. Orðin „og 4.“ í 5. mgr., sem verður 4. mgr., falla brott.

23. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Félag sem er hluti samstæðu skal tilgreina nafn og aðsetur móðurfélags síns og móðurfélags heildarsamstæðunnar.

Enn fremur skal upplýsa um hvar samstæðureikningar erlendra móðurfélaga skv. 1. mgr. liggja frammi.

24. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæða“ í lokamálslið 4. mgr. 52. gr. laganna kemur: samstæða, og í stað orðsins „félagasamstæðuna“ í 6. mgr. sömu greinar kemur: samstæðuna.

25. gr.

53. gr. laganna orðast svo:

Skylda til að semja samstæðureikning.

Móðurfélag skal semja samstæðureikning í samræmi við ákvæði þessa kafla fyrir öll dótturfélög sín án tillits til þess hvar þau eru skráð, sbr. þó 53. gr. A – 53. gr. C. Undanþágur skv. 53. gr. A – 53. gr. C gilda ekki þegar eitt félaganna sem fella á undir samstæðuna er félag með verðbréf sín til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki.

Enn fremur skulu félög sem falla ekki undir ákvæði 1. mgr. 1. gr. en eru móðurfélög, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 1. gr., semja samstæðureikninga í samræmi við lög þessi.

26. gr.

Á eftir 53. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (53. gr. A.)

Móðurfélag þarf ekki að semja samstæðureikning ef samstæðan í heild fer ekki fram úr tveimur af eftirfarandi stærðum á reikningsskiladegi, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 53. gr.:

1. eignir nema 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.

Heimildin til að beita ákvæði 1. mgr. breytist því aðeins að samstæðan hafi farið fram úr eða fari ekki lengur fram úr tveimur af stærðunum þremur tvö reikningsár í röð.

b. (53. gr. B.)

Félag sem jafnframt er dótturfélag og starfar á grundvelli laga í EES-ríki og ársreikningur þess er hluti af samstæðureikningi móðurfélags sem lýtur löggjöf EES-ríkis þarf ekki að semja samstæðureikning, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 53. gr., ef:

1. móðurfélagið á öll hlutabréfin eða hlutina í félaginu sem fær undanþáguna; hlutabréf eða hlutir í því félagi í eigu stjórnarmanna eða stjórnenda samkvæmt ákvæðum í lögum, stofnsamningi eða samþykktum skulu ekki taldir með eða
2. móðurfélagið:
   a. á minnst 90% eignarhlut í félaginu sem fær undanþáguna og aðrir hluthafar eða félagsaðilar þess hafa fallist á undanþáguna, eða
   b. á minna en 90% eignarhlut í félaginu sem fær undanþáguna, og eigendur minni hluta, sem eiga minnst 10% eignarhlut, hafa ekki krafist innan sex mánaða fyrir lok reikningsárs að samstæðureikningur verði saminn,
3. móðurfélagið sendir ársreikningaskrá ársreikning sinn ásamt samstæðureikningi, og
4. félagið gerir grein fyrir því í skýringum í ársreikningi að með stoð í þessari grein hafi það ekki samið samstæðureikning og skýrir frá nafni og aðsetri móðurfélagsins.

Ársreikningaskrá getur krafist þess að látnar verði í té sams konar upplýsingar um samstæðureikninga skv. 1. mgr. og hefðu átt að fylgja samstæðureikningi félagsins sjálfs samkvæmt lögum þessum. Ársreikningaskrá getur enn fremur krafist íslenskrar þýðingar á samstæðureikningnum.

Félag getur enn fremur sleppt að semja samstæðureikning ef það er sjálft dótturfélag félags sem heyrir undir lög í ríki sem ekki er EES-ríki og

1. stjórn félagsins hefur ekki innan sex mánaða fyrir lok reikningsárs móttekið kröfu um samningu samstæðureiknings, og
2. móðurfélag þess semur samstæðureikning í samræmi við löggjöf EES-ríkis um samstæðureikninga og endurskoðandi móðurfélagsins endurskoðar samstæðureikninginn.

Félag sem nýtir sér undanþáguheimildir skv. 1.–3. mgr. skal enn fremur:

1. upplýsa í ársreikningum sínum að það hafi, skv. 1.–3. mgr., ekki samið samstæðureikning og tilgreina nafn og aðsetur móðurfélags þess, og
2. senda ársreikningaskrá samstæðureikning móðurfélags þess, ásamt upplýsingum sem ársreikningaskrá krefst skv. 78. gr.

c. (53. gr. C.)

Halda má dótturfélagi utan samstæðureiknings, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 53. gr., ef:

1. það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag samstæðunnar vegna smæðar þess;
2. stjórnun þess er ekki lengur í höndum eigenda þess eða verulegar og varanlegar hömlur koma að miklu leyti í veg fyrir að móðurfélagið nýti rétt sinn yfir eignum dótturfélagsins eða til að stjórna því;
3. ekki er unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga tímanlega og án óeðlilegs kostnaðar; eða
4. það hefur ekki áður verið fellt inn í samstæðureikning og móðurfélagið aflaði eignarhlutanna eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. skulu félög, sem hvert um sig hafa óverulega þýðingu, innifalin í samstæðureikningi ef þau hafa verulega þýðingu samanlagt.

Ef starfsemi dótturfélags er svo ólík starfsemi móðurfélags að það gæfi villandi mynd af samstæðunni að fella það inn í samstæðureikning skal halda því utan við hann.

Sé dótturfélagi haldið utan samstæðureiknings skv. 1. eða 3. mgr. skal gerð grein fyrir því í skýringum samstæðureikningsins.

d. (53. gr. D.)

Ef félag, sem þarf ekki að semja samstæðureikning skv. 53. gr. A – 53. gr. C, semur samt slíkan reikning skal það gert samkvæmt ákvæðum laga þessara um samstæðureikninga að undanskilinni 69. gr.

27. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Gerð samstæðureiknings.

Félög í sömu samstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

Ef reikningsári dótturfélags lýkur meira en þremur mánuðum fyrir lok reikningsárs samstæðunnar skal samstæðureikningur saminn á grundvelli sérstakra reikningsskila sem gerð eru samkvæmt ákvæðum þessara laga og miðast við uppgjörsdag samstæðunnar. Ef reikningsári dótturfélags lýkur þremur mánuðum eða skemur fyrir lok reikningsárs samstæðunnar má fella ársreikning dótturfélagsins inn í samstæðureikningsskilin.

Í þeim tilvikum sem reikningsár eru ekki hin sömu skal veita upplýsingar um það í skýringum. Hafi á þeim tíma, sem líður milli loka reikningsárs dótturfélags og móðurfélags, orðið atburðir sem hafa veruleg áhrif á rekstur dótturfélagsins og fjárhagsstöðu skal einnig veita upplýsingar um það.

28. gr.

Á eftir 54. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (54. gr. A.)

Samstæðureikning skal semja samkvæmt ákvæðum þessa kafla og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Samstæðureikningur skal gefa glögga heildarmynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé allra félaga innan samstæðunnar.

Við gerð samstæðureiknings skulu sams konar tekju- og gjaldaliðir og eigna- og skuldaliðir lagðir saman. Gera skal nauðsynlegar leiðréttingar vegna sérstakra þátta sem eiga aðeins við um samstæðureikning.

Í samstæðureikningi skal fella niður fjárfestingu móðurfélags í dótturfélögum á móti hlutfallslegri eign móðurfélagsins í eigin fé þeirra.

Dótturfélag sem keypt er á reikningsárinu má aðeins taka með í samstæðureikning frá þeim tíma sem móðurfélag tekur við stjórn þess.

Dótturfélag sem selt er á reikningsárinu má aðeins taka með í samstæðureikning fram að þeim tíma sem móðurfélag lætur af stjórn þess.

b. (54 gr. B.)

Eignarhlutir í dótturfélögum sem heimilt er að halda utan samstæðureiknings skv. 53. gr. C skulu færðir sem sérstakur liður í efnahagsreikningi samstæðunnar. Kröfur og skuldir við þessi dótturfélög skulu sýndar sérstaklega í efnahagsreikningi samstæðunnar.

Hlutdeild samstæðu í hlutdeildarfélögum skal færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi samstæðunnar.

Hlutdeild minnihlutaeigenda í eigin fé dótturfélaga skal færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Hlutdeild minni hluta í afkomu dótturfélaga skal færð sem sérstakur liður í rekstrarreikningi.

c. (54. gr. C.)

Eignir og skuldir samstæðunnar skulu metnar með samræmdum aðferðum samkvæmt lögum þessum.

Í samstæðureikningi skulu notaðar sömu matsaðferðir og í ársreikningi móðurfélags. Noti dótturfélag í samstæðu aðrar matsaðferðir í eigin ársreikningi en móðurfélagið skulu unnin ný reikningsskil þar sem matsaðferðir eru í samræmi við samstæðureikning. Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. ef frávik í reikningsskilum dótturfélags frá reikningsskilum móðurfélags eru óveruleg. Séu frávik gerð skal þeirra getið í skýringum með samstæðureikningi og ástæður fyrir þeim tilgreindar.

Í samstæðureikningi skal meta eignarhluta samstæðunnar í hlutdeildarfélögum samkvæmt hlutdeildaraðferð nema eignarhlutarnir hafi óverulega þýðingu.

d. (54. gr. D.)

Ef dótturfélag, sem er hluti samstæðu, semur reikningsskil sín í öðrum gjaldmiðli en móðurfélagið ber að umreikna reikningsskil þess í gjaldmiðil móðurfélagsins áður en samstæðureikningur er saminn.

Ef um samþætta starfsemi við starfsemi móðurfélagsins er að ræða skulu peningalegar eignir og skuldir í efnahagsreikningi metnar á gengi í árslok. Fastafjármunir í ársbyrjun skulu umreiknaðir í gjaldmiðil móðurfélagsins með sömu fjárhæð og árið áður, en nýfjárfestingar á gengi kaupdags, og skulu þessar eignir síðan afskrifaðar með sama hætti og fastafjármunir móðurfélagsins. Eigið fé dótturfélags í ársbyrjun umreiknast með sömu fjárhæð (í gjaldmiðli móðurfélagsins) og í lok fyrra árs. Fjárhæðir í rekstrarreikningi, að undanskildum afskriftum fastafjármuna, skulu umreiknaðar í gjaldmiðil móðurfélagsins á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við þennan umreikning skal færður á rekstrarreikning.

Ef ekki er um samþætta starfsemi við starfsemi móðurfélagsins að ræða skulu fjárhæðir í efnahagsreikningi, að undanskildu hlutafé og óráðstöfuðu eigin fé, umreiknaðar í gjaldmiðil móðurfélagsins á gengi í árslok, en fjárhæðir í rekstrarreikningi á meðalgengi ársins. Hlutafé ber að færa á upphaflegu kaupverði og óráðstafað eigið fé í ársbyrjun skal nema sömu fjárhæð (í gjaldmiðli móðurfélagsins) og í lok fyrra árs. Gengismunur sem myndast við þennan umreikning skal færður á sérstakan reikning meðal eigin fjár.

e. (54. gr. E.)

Í samstæðureikningi skal gera grein fyrir samanlögðum eignum og skuldum, tekjum og gjöldum félaganna í heild. Við gerð reikningsins skulu eftirfarandi liðir falla niður:

1. kröfur og skuldir félaga innan samstæðunnar gagnvart öðrum félögum innan hennar;
2. tekjur og gjöld af gagnkvæmum viðskiptum félaga innan samstæðunnar og
3. óinnleystur hagnaður eða tap af þeim viðskiptum.

29. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Upphaf samstæðu.

Kaupaðferðin skv. 55. gr. A skal notuð við gerð samstæðureiknings, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Ef félög eru undir sama móðurfélagi eða háð ákvörðunarvaldi sömu aðila má beita samlegðaraðferðinni við upphaf samstæðunnar, sbr. 55. gr. B.

Samlegðaraðferðinni skv. 55. gr. B má enn fremur beita ef:

1. verðmæti félaganna innan samstæðunnar er ekki verulega frábrugðið hvort öðru,
2. móðurfélagið á að minnsta kosti 90% eignarhlut og atkvæðisrétt dótturfélagsins eftir skiptin á eignarhlutum og
3. móðurfélagið hefur við stofnun samstæðunnar aflað eignarhlutarins í krafti samkomulags sem felur í sér að:
   a. hvorki eigendur móðurfélags né eigendur dótturfélags hafa fengið ráðandi stöðu í móðurfélaginu við skiptin,
   b. eigendur félaganna hafa sömu réttindi eftir skiptin og
   c. greiðsla með öðrum verðmætum en með skiptum á eignarhlutum fer ekki yfir 10% að nafnverði þess eiginfjárhluta sem tekið er við.

30. gr.

Á eftir 55. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (55. gr. A.)

Kaupaðferð.

Ef samstæða er stofnuð með yfirtöku á félagi skal miðað við matsverð einstakra liða efnahagsreiknings á yfirtökudegi í samstæðureikningi. Mismunur á matsverði og bókfærðu verði skal afskrifaður með sama hætti og þeir liðir sem hann byggist á.

Hlutdeild móðurfélags í dótturfélagi, sbr. 3. mgr., skal jafnað út á móti hreinni eign dótturfélags.

Mismunur, sem eftir stendur þegar færð hefur verið leiðrétting vegna einstakra liða í efnahagsreikningi, sbr. 1. mgr., telst viðskiptavild. Jákvæð viðskiptavild færist sem sérstakur liður meðal eigna en neikvæð viðskiptavild skal færð sem sérstakur liður meðal skuldbindinga. Jákvæð viðskiptavild skal færast í rekstrarreikning á áætluðum nýtingartíma hennar, þó að hámarki á 20 árum. Neikvæð viðskiptavild skal tekjufærast á móti þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupunum, þó að hámarki á 20 árum.

Hlutir dótturfélags í móðurfélagi skulu færðir sem eigin hlutir í samstæðunni.

b. (55. gr. B.)

Samlegðaraðferð.

Með samlegðaraðferð er samstæðureikningur lagður fram fyrir reikningstímabilið þegar samlagningin á sér stað eins og félögin hefðu verið lögð saman frá og með upphafi tímabilsins. Við beitingu samlegðaraðferðarinnar eru einstakir liðir efnahagsreiknings á yfirtökudegi lagðir saman á bókfærðu verði. Samanburðarfjárhæðir sem sýndar eru í samstæðureikningi skulu einnig vera fyrir félögin samanlögð eins og um samstæðu hafi verið að ræða frá upphafi fyrsta reikningstímabils sem sýnt er. Mismunurinn á fjárhæð sem skráð er sem hlutafé ásamt yfirgengi, ef um það er að ræða, að viðbættu greiddu kaupverði, ef eitthvað er, og bókfærðu eigin fé dótturfélags skal færður á eigið fé.

c. (55. gr. C.)

Starfsemi í sameign.

Nú rekur félag innan samstæðu starfsemi í sameign með einu eða fleiri félögum og skal þá færa hlutdeild samstæðunnar í samrekstrinum í samstæðureikningi, sbr. þó 53. gr. C. Eignir og skuldir og tekjur og gjöld hins sameiginlega rekstrar skulu þá tekin inn í samstæðureikninginn í hlutfalli við aðild samstæðunnar að rekstrinum.

31. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Reikningsskilaaðferðir.

Í skýringum með samstæðureikningi skal veita upplýsingar um reikningsskilaaðferðir eins og félögin í samstæðunni væru eitt félag, sbr. IV. kafla.

Í skýringum um reikningsskilaaðferðir skal enn fremur eftirfarandi koma fram:

1. Ef dótturfélag er ekki tekið með í samstæðureikninginn ásamt nákvæmum og fullnægjandi rökstuðningi.
2. Ef annar uppgjörsdagur er hjá dótturfélagi í samstæðu en móðurfélagi, sbr. 54. gr. Hafi þýðingarmiklir atburðir átt sér stað milli þessara tveggja dagsetninga sem hafa haft áhrif á eignir og skuldir dótturfélagsins, á fjárhagsstöðu þess eða rekstrarafkomu skal það upplýst.
3. Ef notaðar eru aðrar aðferðir við útreikning og mat en notaðar eru í ársreikningi móðurfélags ásamt nákvæmum og fullnægjandi rökstuðningi fyrir notkun annarra aðferða.
4. Eftirstöðvar af viðskiptavild skv. 55. gr. A og 55. gr. B ásamt aðferðum sem notaðar eru við uppgjörið.

32. gr.

Á eftir 56. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (56. gr. A.)

Aðrar skýringar.

Í skýringum með samstæðureikningi skal veita sömu upplýsingar og tilgreindar eru í IV. kafla laganna. Í stað upplýsinga um fjárhæðir í einstökum félögum eru fjárhæðir félaganna sem mynda samstæðuna lagðar saman eftir sömu aðferðum og gilda um samstæðureikninginn.

Sleppa má upplýsingum ef þær varða viðskipti móðurfélags við dótturfélög eða samrekstur með öðru félagi, sbr. 55. gr. C.

Veita skal upplýsingar um breytingu á hlutfallslegri eign minni hluta í eigin fé dótturfélaga.

b. (56. gr. B.)

Fyrir hvert dótturfélag í samstæðureikningi og utan hans skal tilgreina í skýringum:

1. nafn og aðsetur,
2. hve stór hluti eigin fjár er í eigu samstæðunnar í heild,
3. ástæðu þess að dótturfélag er tekið með í samstæðureikningi, ef hluti eigin fjár í eigu samstæðunnar og atkvæðisréttur er ekki sá sami,
4. nákvæman og fullnægjandi rökstuðning ef félagi er haldið utan við samstæðuna, sbr. 53. gr. C, og
5. hvort samlegðaraðferðin skv. 55. gr. B hafi verið notuð.

Fyrir hvert hlutdeildarfélag skal gera grein fyrir:

1. nafni og aðsetri,
2. hve stór hluti eigin fjár er í eigu samstæðunnar í heild, og
3. hvort félagið er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Ef félag skv. 55. gr. C er tekið með í samstæðureikning skal fyrir hvert slíkt félag gera grein fyrir:

1. nafni og aðsetri,

2. hve stór hluti eigin fjár er í eigu samstæðunnar í heild, og
3. grundvelli fyrir sameiginlegri stjórn.

c. (56. gr. C.)

Skýrsla stjórnar.

Í skýrslu stjórnar um samstæðuna skal veita upplýsingar eins og félögin í samstæðunni væru eitt félag. Í stað upplýsinga um fjárhæðir einstakra félaga eru fjárhæðir félaganna sem mynda samstæðuna lagðar saman eftir sömu aðferðum og gilda um samstæðureikninginn.

Ákvæði um skýrslu stjórnar, sbr. 52. gr., gilda um samstæðuna eftir því sem við á.

Sameina má skýrslur stjórnar móðurfélags og samstæðunnar ef þar má vandkvæðalaust finna þær upplýsingar sem lög þessi krefjast.

d. (56. gr. D.)

Reikningsskil við samruna og skiptingu.

Þegar félög renna saman skal semja reikningsskil yfir samanlagðar eignir og skuldir félaganna. Ákvæði 54. gr. A – 55. gr. C skulu gilda um upphafsefnahagsreikning yfirtökufélags eða félags sem stofnað er við samrunann. Ákvæðin um móðurfélagið gilda um félagið sem heldur áfram starfsemi og ákvæðin um dótturfélag gilda um félagið sem hættir.

Í samrunareikningsskilum skal vera upphafsefnahagsreikningur yfirtökufélags eða félags sem stofnað er við samrunann, lokaefnahagsreikningur félaga sem renna saman og samrunafærslur sem samruninn krefst. Samrunareikningsskilum skulu fylgja skýringar sem eru nauðsynlegar til að gefa glögga mynd af félaginu sem heldur áfram starfsemi eða er stofnað við samrunann, ásamt þeim viðbótarupplýsingum sem þurfa að vera í samrunasamningnum.

e. (56. gr. E.)

Ákvæði 56. gr. D skulu gilda um skiptingu félags með þeim leiðréttingum sem leiðir af skiptingunni.

33. gr.

1. mgr. 57. gr. laganna orðast svo:

Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn, í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Í samþykktum má enn fremur fela opinberum eða öðrum aðilum að tilnefna einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn.

34. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæðu“ í 3. mgr. 60. gr. laganna kemur: samstæðu.

35. gr.

Orðin „og enginn varamaður er í hans stað“ í 3. mgr. 61. gr. laganna falla brott.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Orðin „samþykkta félagsins“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu sannreyna að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og vekja athygli á því í áritun sinni ef svo er ekki.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal félag skv. 1. gr. senda ársreikningaskrá ársreikning sinn, sbr. 3. gr., ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Á sama hátt skulu félög sem skyld eru til að semja samstæðureikninga skv. VI. kafla senda ársreikningaskrá samstæðureikning innan sama tímafrests ásamt skýrslu stjórnar og áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 2. mgr. 2. gr., heimilt að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu ársreiknings, sbr. 3. gr., ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.
d. 4. mgr., sbr. 3. gr. laga nr. 58/2001, orðast svo:
Ríkisskattstjóri starfrækir ársreikningaskrá.

38. gr.

70. gr. laganna fellur brott.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

40. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. gr.“ í 2. mgr. 76. gr. laganna kemur: 2. gr.

41. gr.

Í stað tilvísunarinnar „6. gr.“ í 2. mgr. 78. gr. laganna kemur: 2. gr.

42. gr.

Í stað orðsins „félagasamstæðunnar“ í 2. tölul. 1. mgr. 84. gr. laganna kemur: samstæðunnar.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Rannsóknarlögregla ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Ríkislögreglustjóri.
b. Í stað orðanna „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ í 4. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.

44. gr.

Í stað tilvísunarinnar „6. gr.“ í 2. mgr. 89. gr. laganna kemur: 2. gr., og í stað orðsins „ECU“ í sömu málsgrein kemur: evru.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

Ákvæði 37.–39. gr. taka þó gildi varðandi ársreikninga og samstæðureikninga vegna reikningsársins sem lýkur 31. desember 2002 eða síðar.

1167. Frumvarp til laga [461. mál]

um staðla og Staðlaráð Íslands.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Hugtökin staðall, alþjóðlegur staðall, stöðlun, tækniforskrift og sammæli skulu hafa alþjóðlega viðurkennda merkingu hér á landi eins og hún kemur fram í íslenskum staðli um íðorð í stöðlun og skyldri starfsemi.

2. gr.

Íslenskur staðall er staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlileg not hans.

3. gr.

Staðall er til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans og hlutaðeigandi laga. Skal hann þá staðfestur með reglugerð af hlutaðeigandi ráðuneyti og skal í reglugerð vísa til staðalsins.

4. gr.

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Aðild að ráðinu er öllum heimil.

Staðlaráð Íslands setur sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir þar sem m.a. skal kveða á um skipulag ráðsins, stjórn þess og daglega starfsemi. Staðlaráð Íslands ræður sér framkvæmdastjóra. Hann fer með daglega stjórn ráðsins og ber ábyrgð á rekstri þess gagnvart stjórn þess.

Stjórn Staðlaráðs Íslands hefur það hlutverk að staðfesta alþjóðlega staðla og annast gerð íslenskra staðla í samvinnu við hagsmunaaðila, svo sem hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, samtök og fyrirtæki.

Staðlaráð Íslands getur starfrækt fagstaðlaráð á einstökum fagsviðum í samvinnu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Hlutverk fagstaðlaráða er að samræma og hafa frumkvæði að stöðlunarvinnu á sínu sviði.

5. gr.

Staðlaráð Íslands á aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fer með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Heimilt er þó ráðinu að fela stofnun, fyrirtæki eða samtökum að annast í umboði þess þátttöku í alþjóðastaðlasamstarfi.

6. gr.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal á vegum Staðlaráðs Íslands gefa út Staðlatíðindi þar sem m.a. skal:

1. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
2. auglýsa frumvörp að íslenskum stöðlum og kalla eftir athugasemdum innan tiltekins tímafrests og
3. tilkynna um staðfestingu Staðlaráðs Íslands á nýjum íslenskum stöðlum.

Við útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests samkvæmt þessari grein skal miðað við að þeir sem hagsmuna hafa að gæta geti haft áhrif á gerð staðalsins.

Á vegum Staðlaráðs Íslands skal haldin skrá yfir alla gildandi íslenska staðla. Skráin skal birt eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Jafnframt skal Staðlaráð Íslands sjá til þess að á hverjum tíma séu til eintök af öllum gildandi íslenskum stöðlum.

7. gr.

Til að standa straum af starfsemi Staðlaráðs Íslands rennur hluti af gjaldstofni tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, til Staðlaráðs Íslands. Aðrar tekjur Staðlaráðs Íslands eru m.a. aðildargjöld, sem ráðið ákveður, tekjur af verkefnum fyrir opinbera aðila og sala á stöðlum og þjónustu.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, að fenginni umsögn Staðlaráðs Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um staðla, nr. 97/1992.

1168. Þingsályktun [13. mál]

um neysluvatn.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 13.

1169. Frumvarp til laga [538. mál]

um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI
Markmið.
1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar, enn fremur að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði.

Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem þjóni landinu öllu.

II. KAFLI
Skilgreiningar.
2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. Með *alvarlegri þroskaröskun* er átt við meðfætt eða áunnið ástand sem veldur því að þroski og færni víkur verulega frá því sem eðlilegt er talið og hindrar einstakling í að aðlagast venjulegum kröfum þjóðfélagsins án markvissrar aðstoðar á uppvaxtarárum.
2. Með *fötlun* er átt við það ástand sem skapast þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa vegna alvarlegrar þroskaröskunar eða annarrar röskunar á færni.
3. Með *frumgreiningu* er átt við formlega athugun á þroska og færni eftir að grunur um frávik í þroska hefur vaknað.
4. Með *greiningu* er átt við athugun og samráð sérfræðinga með alþjóðlega viðurkenndum aðferðum til mats á eðli röskunar, til flokkunar eftir alþjóðlegum greiningarviðmiðum og til staðfestingar á fötlun, þegar það á við. Enn fremur felur greining í sér mat á færni og aðstæðum einstaklingsins sem nýtist til sérhæfðrar ráðgjafar og meðferðar.
5. Með *ráðgjöf* er átt við miðlun upplýsinga til forráðamanna og þjónustuaðila um eðli þroskaröskunar og framtíðarhorfur og leiðsögn um þjónustu og meðferðarleiðir sem miða að því að draga úr áhrifum röskunarinnar. Einnig felur ráðgjöf í sér upplýsingar um aðstoð sem miðar að því að draga úr áhrifum röskunarinnar á fjölskylduna.
6. Með *eftirfylgd* er átt við að fylgst sé með aðstöðu og framförum einstaklingsins og að hann njóti viðeigandi þjónustu, svo sem ráðgjafar, sérkennslu, þjálfunar og meðferðar, félagslegs stuðnings og hjálpartækja, enn fremur endurmat á færni og aðstæðum eftir því sem við á.

III. KAFLI
Frumgreining.
3. gr.

Áður en til tilvísunar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins kemur skal hafa farið fram frumgreining skv. 17. og 18. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Frumgreining getur einkum farið fram hjá eftirtöldum aðilum: Barnadeildum sjúkrahúsa, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, sérfræðingum svæðis-

skrifstofa, greiningarteymum heilbrigðisstofnana, Sjónstöð, Heyrnar- og talmeinastöð og ýmsum öðrum sérfræðingum.

IV. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

4. gr.

Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er að annast eftirfarandi:

1. Greiningu barna og ungmenna með alvarlegar þroskaraskanir sem er vísað til athugunar að lokinni frumgreiningu.
2. Ráðgjöf og fræðslu til einstaklingsins, foreldra eða annarra aðstandenda og þjónustuaðila varðandi viðeigandi meðferð, þjálfun og önnur úrræði sem þörf er á.
3. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi njóti þar þeirrar þjónustu sem þörf er á hverju sinni.
4. Langtímaeftirfylgd vegna þeirra einstaklinga sem búa við óvenjuflóknar eða sjaldgæfar þroskaraskanir.
5. Faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila, sbr. 3. mgr., t.d. varðandi:
   a. uppbyggingu og starfrækslu greiningar- og ráðgjafarþjónustu,
   b. menntun og þjálfun starfsfólks,
   c. sérhæfðan tækjabúnað og aðgengi fatlaðra,
   d. kannanir á högum og þörfum fatlaðra,
   e. umsögn um þjónustu og vistun.
6. Öflun og miðlun þekkingar um fatlanir og alvarlegar þroskaraskanir, m.a. með því að fylgjast með nýjungum á alþjóðavettvangi.
7. Þróun, rannsókn og dreifingu á aðferðum og gögnum til greiningar á fötlunum og þroskaröskunum og á mismunandi meðferðaraðferðum.
8. Fræðilegar rannsóknir á sviði áunninna og meðfæddra fatlana og þroskaraskana og þátttöku í alþjóðastarfi, m.a. á sviði fátíðra fatlana.
9. Fræðslu á sviði fatlana og þroskaraskana og útgáfu fræðsluefnis.

Stofnunin þjónar fyrst og fremst þeim sem eru á aldrinum 0–18 ára, sbr. 1. gr.

Stofnunin skal hafa samráð við aðra aðila um þjónustu, kennslu og rannsóknir á sviði fatlana og þroskaraskana, t.d. svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra, sveitarfélög sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða, félagsþjónustu sveitarfélaga, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, heilbrigðisstofnanir, háskólastofnanir, landlækni, stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, svæðisráð málefna fatlaðra og hagsmunasamtök fatlaðra.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og sérþekkingu á sviði fatlana og þroskaraskana. Forstöðumaður fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og er í fyrirsvari fyrir hana út á við. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna. Félagsmálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

6. gr.

Stofnunin gerir árlega fjárlaga- og rekstrartillögur, sem og fjárhags- og framkvæmdaáætlun til fjögurra ára.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum hennar.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald, útgáfu fræðsluefnis og faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila, sbr. 5., 7. og 9. tölul. 1. mgr. 4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins getur með sérstökum samningum, gegn greiðslu, annast sérfræðiþjónustu grunnskóla, sbr. 2. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu skóla, nr. 386/1996, svo og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla, sbr. 16. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994, fyrir sveitarfélögin.

7. gr.

Starfsfólki Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ber að gæta þagnarskyldu um atvik er varða lögmæta einkahagsmuni skjólstæðinga stofnunarinnar eða aðstandenda þeirra sem því verða kunn í starfi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Um trúnað, þagnarskyldu, varðveislu persónuupplýsinga, upplýsingagjöf og afhendingu gagna fer að öðru leyti eftir ákvæðum í lögum um réttindi sjúklinga og lögum um heilbrigðisstarfsmenn. Um upplýsingaskyldu og afhendingu gagna fer jafnframt eftir barnalögum og barnaverndarlögum.

V. KAFLI
Eftirfylgd.

8. gr.

Í kjölfar greiningar fer fram eftirfylgd. Að jafnaði skal eftirfylgd vera í höndum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra eða sveitarfélaga sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða, sérfræðiþjónustu skóla, ráðgjafarþjónustu leikskóla og annarra sérfræðinga eftir því sem við á.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fer þó með eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma vegna einstaklinga með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir og þroskaraskanir og sérhæfð vandamál tengd fötlun þeirra.

Verði starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar þess áskynja að einstaklingur nýtur ekki fullnægjandi þjónustu ber þeim að gera forstöðumanni stofnunarinnar viðvart. Getur hann, í samráði við hinn fatlaða eða forráðamann hans, beint skriflegu erindi um málið til viðkomandi svæðisráðs málefna fatlaðra. Skal hann þá jafnframt senda afrit til viðkomandi trúnaðarmanns fatlaðra og svæðisskrifstofu eða sveitarfélags sem tekið hefur við málefnum fatlaðra.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild og gildistaka.

9. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, einkum um samstarf Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar við aðra aðila, sbr. 3. mgr. 4. gr., og varðandi sérstaka samninga við sveitarfélög, sbr. 4. mgr. 6. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2003. Jafnframt fellur úr gildi 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögin skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Skal endurskoðun laganna vera lokið fyrir 1. júní 2007.

1170. Frumvarp til laga [241. mál]

um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Erfðanefnd landbúnaðarins.

Landbúnaðarráðherra skipar sjö menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd landbúnaðarins að fengnum tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði,
b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðaauðlinda í landbúnaði,
c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðaauðlindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,
d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði,
e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um verkefni nefndarinnar og nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1171. Þingsályktun [106. mál]

um endurskoðun laga um innflutning dýra.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 106.

1172. Þingsályktun [154. mál]

um nýtingu innlends trjáviðar.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, og búnaðarlaga, nr. 70/1998, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

1173. Frumvarp til laga [338. mál]

um meðhöndlun úrgangs.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.

Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um meðhöndlun úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar. Ákvæði laga þessara um starfsleyfi taka til móttökustöðva fyrir úrgang. Um starfsleyfi fyrir aðra starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður og eftirlit með þeim gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. þó 3. mgr. 5. gr.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér greinir:

Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrum eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

Besta fáanlega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengi-

lega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

Brennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.

Endurnotkun: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

Endurnýting: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flokkunarmiðstöð: staður þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar, til endurnýtingar og/eða til förgunar.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Förgun úrgangs: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.

Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

Heimilisúrgangur (sorp): úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Losunarmörk: mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Óvirkur úrgangur: úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.

Samþættar mengunarvarnir: aðferð þar sem samþættum aðgerðum er beitt til að draga sem mest úr losun mengunarefna út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og stuðla að víðtækri umhverfisvernd með því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið ef mengun færist á milli lofts, láðs og lagar.

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Umflutningur: flutningur úrgangs í íslenska höfn og þaðan út aftur án tollafgreiðslu.

Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

Urðunarstaður: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður fyrir eigin úrgang og varanlegur staður þar sem úrgangur er geymdur til lengri tíma.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Vatn: grunnvatn og yfirborðsvatn.

Vöktun: kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Yfirborðsvatn: kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

4. gr.
Stjórnvöld.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með meðhöndlun á úrgangi sem fellur ekki undir eftirlit með starfsleyfi og fjallað er um í 10. gr.

Umhverfisstofnun skal gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar, sbr. 3. mgr. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar, þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, til að endurnota og endurnýta úrgang, förgunarleiðum o.s.frv. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi byggðasamlagi eða heilbrigðisnefnd að semja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn getur sett sveitarfélaginu sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og sambærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Útgáfa starfsleyfis.

Móttökustöð fyrir úrgang skal hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Áður en starfsleyfi er gefið út skal Umhverfisstofnun kanna hvort fyrirhuguð móttökustöð fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerða sem varða móttökustöðvar.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og annars konar starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þó skal Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við móttökustöðvar.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir annan atvinnurekstur sem hún veitir starfsleyfi sem heimilar starfsleyfishafa förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað. Skulu þá þau ákvæði starfsleyfisins er varða förgun úrgangs vera í samræmi við lög þessi.

Ef rekstraraðili móttökustöðvar hyggst gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið eða flytja reksturinn ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um það með hæfilegum fyrirvara. Umhverfisstofnun skal meta innan fjögurra vikna frá móttöku tilkynningar hvort nauðsynlegt er að gefa út nýtt starfsleyfi vegna þeirra breytinga sem rekstraraðili hefur tilkynnt um.

Ef forsendur breytast er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en gert var ráð fyrir þegar leyfið var gefið út, breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Ef fyrirhuguð móttökustöð er háð mati á umhverfisáhrifum skal ekki gefa út starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

6. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Í umsókn um starfsleyfi skal lýsa staðsetningu fyrirhugaðrar móttökustöðvar. Tilgreina skal umsækjanda, tegund og magn þess úrgangs sem fyrirhugað er að meðhöndla, móttökugetu stöðvarinnar og áætlaðan rekstrartíma. Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem rekstraraðili hyggst beita í því skyni að fyrirbyggja mengun og minnka hana, þ.m.t. tilhögun innra eftirlits, áætlun um vöktun, lokun og aðgerðir í kjölfar lokunar.

Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja upplýsingar um stöðu skipulags á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ef fyrirhuguð móttökustöð er háð mati á umhverfisáhrifum skulu jafnframt fylgja upplýsingar um stöðu matsins.

7. gr.

Gildissvið starfsleyfis.

Í starfsleyfinu skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu móttökustöðvar, tegund hennar, magn og tegund úrgangs sem heimilt er að taka við til meðhöndlunar, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis.

8. gr.

Skilyrði starfsleyfis.

Í starfsleyfi móttökustöðvar skulu vera ákvæði:

a. um undirbúning móttökustöðvarinnar,
b. sem tryggja að viðeigandi samþættar mengunarvarnir séu viðhafðar og til þess sé beitt bestu fáanlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma,
c. sem tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til þess að draga úr afleiðingum þeirra,
d. sem tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður tímabundið og viðeigandi aðgerðir á rekstrarsvæði þegar móttökustöð er lokað og í kjölfar lokunar,
e. um losunarmörk,
f. um tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa sem gætu haft mengun eða önnur óæskileg áhrif á umhverfið,
g. um innra eftirlit og eftirlit eftirlitsaðila,
h. um að stjórnandi móttökustöðvarinnar hafi nægilega tæknilega færni til að stjórna henni og starfslið hennar hljóti þá fræðslu og þjálfun sem til þarf,
i. sem tryggja að meðhöndlun úrgangsins samræmist viðeigandi áætlunum og viðmiðum um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem kveðið er á um í lögum þessum og reglum sem settar eru samkvæmt þeim,
j. um skýrslugjöf skv. 9. gr.,
k. um önnur þau atriði sem samræmast ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Skýrslugjöf.

Rekstraraðili skal a.m.k. árlega skila Umhverfisstofnun skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er, heildarmagn og árangur af vöktunaráætlun, sbr. 16. og 17. gr. Afrit skýrslunnar skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Varðandi framangreinda upplýsingagjöf er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða til ársskýrslu ef þar er að finna sömu upplýsingar.

10. gr.

Meðhöndlun úrgangs.

Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur samkvæmt nánari reglum þar um.

Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu.

Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, svo sem áramótabrennur, sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

11. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs.

Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 15. gr., áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta

gildir þó ekki um rekstraraðila sem aðeins annast förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpíláta og/eða þjónustustig.

Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara.

Sveitarfélögum er heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða framangreint gjald. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má innheimta með aðför.

12. gr.

Trygging vegna flutnings úrgangs.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja sem skilyrði fyrir leyfi til útflutnings, innflutnings og umflutnings spilliefna og annars úrgangs að framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni framvísi bankaábyrgð, vátryggingu eða annarri tryggingu, sem stofnunin metur fullnægjandi, fyrir kostnaði við förgun eða endurnýtingu úrgangsins og flutningskostnaði, þ.m.t. kostnaði við að flytja úrganginn á annan endurnýtingar- eða förgunarstað.

13. gr.

Reglugerðir um úrgang og móttökustöðvar fyrir úrgang.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um eftirtalin atriði varðandi framkvæmd laga þessara:

a. nánari skilgreiningar á spilliefnum og öðrum úrgangi, svo og lista yfir úrgang,
b. að hvaða leyti blöndun, móttaka og förgun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka er takmörkuð eða bönnuð,
c. aðferðir við móttöku og meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. förgunarleiðir,
d. hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla í hverjum flokki móttökustöðva,
e. nánari atriði varðandi innihald áætlana sveitarstjórna skv. 4. gr.,
f. starfsleyfistryggingu skv. 15. gr.,
g. nánari atriði sem varða skilyrði starfsleyfis, þ.m.t. meðhöndlun á hauggasi og sigvatni frá urðunarstöðum,
h. tíðni mælinga og sýnatöku vegna vöktunar og annars eftirlits, þar á meðal í kjölfar lokunar, sbr. 17. gr.,
i. kröfur um mælingar, losun og styrk mengandi efna í útblásturslofti, svifösku, ösku, botnleðju og fráveituvatni,
j. hvernig staðið skal að lokun móttökustöðvar,
k. eftirlit með útflutningi, umflutningi og innflutningi úrgangs, þ.m.t. tryggingu skv. 12. gr.,
l. önnur atriði sem samræmast lögum þessum.

III. KAFLI
Sérákvæði um urðunarstaði.

14. gr.
Umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað.

Í umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað skal auk þess sem fram kemur í 6. gr. lýsa fyrirhuguðum urðunarstað sérstaklega með tilliti til vatnafars og jarðfræði. Í slíkri umsókn skal einnig gera grein fyrir sérstakri fjárhagslegri tryggingu eða ábyrgð umsækjanda fyrir því að fylgt verði ákvæðum starfsleyfisins, þar á meðal ákvæðum um vöktun og umsjón eftir að urðunarstað hefur verið lokað. Ekki þarf þó að leggja fram slíka tryggingu ef eingöngu er urðaður óvirkur úrgangur á viðkomandi urðunarstað.

15. gr.
Starfsleyfistrygging.

Auk almennra skilyrða sem tilgreind eru í 8. gr. er það skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað að rekstraraðili hafi lagt fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að uppfylltar verði þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðarins. Ákvæði þetta gildir þó ekki um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað. Fjárhæð tryggingar skal tiltekin í starfsleyfi. Fjárhæð tryggingar skal samræmast kostnaði við lokun urðunarstaðarins og þá tíðni vöktunar og sýnatöku, skv. 17. gr., sem Umhverfisstofnun telur fullnægjandi og miðast við 30 ára vöktunartímabil.

Aðför má ekki gera í tryggingunni nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Tryggingin skal jafnframt undanskilin þrotabúi rekstraraðila verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta innan 30 ára frá lokun urðunarstaðarins.

16. gr.
Vöktun og aðgerðir.

Rekstraraðili skal fylgja áætlun um eftirlit og vöktun með urðunarstaðnum, sbr. ákvæði laga þessara, reglugerða sem um reksturinn gilda og starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun eða viðkomandi eftirlitsaðila um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun. Hann skal einnig hlíta ákvörðun Umhverfisstofnunar eða viðkomandi eftirlitsaðila um eðli og tímasetningu aðgerða til úrbóta sem grípa ber til.

17. gr.
Lokun urðunarstaðar.

Urðunarstað telst ekki endanlega lokað fyrr en eftirlitsaðili hefur skoðað vettvang og metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Umhverfisstofnun hefur veitt samþykki fyrir lokun.

Rekstraraðili urðunarstaðar ber ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins, vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni sem berst frá urðunarstaðnum og greiningu grunnvatns í nágrenni staðarins, eftir því sem nánar greinir í starfsleyfi, svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans. Umhverfisstofnun er heimilt að veita rekstraraðila undanþágu frá sýnatöku, eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með, vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi úr-

gangs sem urðaður hefur verið, hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekktri byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgang sem fellur til í þeirri afskekktu byggð. Áður en starfsleyfi er gefið út skal afmarkað það svæði þar sem sýnataka fer fram samkvæmt ákvæði þessu.

Umhverfisstofnun skal endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar.

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Umhverfisstofnunar um vöktun skal Umhverfisstofnun láta vinna verkið á kostnað rekstraraðila. Starfsleyfistrygging rekstraraðila skv. 15. gr. skal þá leyst út til greiðslu verksins.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við vöktunina og hlíta ákvörðun stofnunarinnar um nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.

Heimilt er Umhverfisstofnun eða viðkomandi eftirlitsaðila að gefa rekstraraðila fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður þótt rekstraraðili hafi ekki umráð viðkomandi landsvæðis. Eigandi eða umráðamaður lands þar sem eftirlit fer fram skal hlíta því að rekstraraðili framkvæmi lokunar-, vöktunar- og eftir atvikum hreinsunaraðgerðir eftir lokun urðunarstaðar samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Veiti eigandi eða umráðamaður lands ekki aðgang að landi sínu til að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir samkvæmt fyrirmælum Umhverfisstofnunar er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf svo að aðgerðirnar nái fram að ganga.

Verði eigandi eða umráðamaður lands sannanlega fyrir tjóni við framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem vegna jarðrasks og átroðnings, skal rekstraraðili bæta það tjón. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Umhverfisstofnun skal láta þinglýsa fyrirmælum um vöktun og umsjón með urðunarstað og nágrenni hans eftir lokun hans og láta aflýsa henni þegar vöktunartímabili telst lokið. Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu og aflýsingu.

IV. KAFLI
Sérákvæði um brennslustöðvar.

18. gr.
Umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöð.

Í umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöð skal auk þess sem fram kemur í 6. gr. gera grein fyrir tæknibúnaði til að framfylgja kröfum um loftgæði og förgun ösku.

19. gr.
Skilyrði starfsleyfis fyrir brennslustöð.

Í starfsleyfi fyrir brennslustöð skulu auk almennra skilyrða sem tilgreind eru í II. kafla vera ákvæði um losunarmörk fyrir mengunarefni eftir því sem við á með tilliti til samsetningar þess úrgangs sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Þegar sett eru útblástursmörk skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa þeirra mengunarefna sem um ræðir á umhverfi og heilsu manna.

20. gr.

Losunarmörk.

Mæla skal styrk mengandi efna í útblásturslofti frá brennslu og brennsluaðstæður eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð og starfsleyfi stöðvarinnar.

Sýni mælingar að farið hafi verið yfir losunarmörk sem tilgreind eru í starfsleyfi skal rekstraraðili gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að brennslustöðin fullnægi kröfum um losunarmörk, ella skal starfsemi stöðvarinnar hætt.

V. KAFLI
Eftirlit, þvingunarúrræði, málsmeðferð og viðurlög.

21. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með því að starfsleyfishafi sem hún veitir starfsleyfi fari að ákvæðum starfsleyfis samkvæmt lögum þessum. Heimilt er stofnuninni að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun er einnig heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Starfsmönnum Umhverfisstofnunar og öðrum eftirlitsaðilum samkvæmt lögum þessum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir settar samkvæmt þeim ná yfir.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim að afhenda nauðsynleg sýni endurgjaldslaust.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér samkvæmt lögum þessum. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Heimilt er utanríkisráðherra að setja gjaldskrá og innheimta gjald á varnarsvæðum.

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og hollustuháttaráðs áður en gjaldskrá er sett. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Hvert eftirlitssvæði skal hafa sameiginlega gjaldskrá og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Umhverfisráðherra skal gefa út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga.

22. gr.

Þvingunarúrræði.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit er heimilt að beita úrræðum samkvæmt grein þessari.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum er heimilt að veita viðkomandi aðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.

Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða aðila dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag.

Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað við verkið sem og dagsektir skv. 3. mgr. má innheimta með fjárnámi.

Ef svo alvarleg hætta stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað.

Sinni rekstraraðili ekki úrbótum og um alvarlegt eða ítrekað tilvik er að ræða getur Umhverfisstofnun svipt rekstraraðila starfsleyfi.

Leita skal aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd þvingunarúrræða.

23. gr.

Málsmeðferð og úrskurðir.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða samþykkta sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfa samkvæmt lögum þessum má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan sex vikna frá ákvörðun Umhverfisstofnunar. Rísi ágreiningur milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laganna.

24. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða varða brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim fangelsi allt að fjórum árum. Tilraun til brota gegn lögum þessum, reglugerðum og samþykktum sem settar eru á grundvelli þeirra varðar refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um hlutdeild í brotum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

VI. KAFLI

Gildistaka.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og eiturefni og hættuleg efni og varða úrgang halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samræmast lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rekstraraðilar urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu fyrir 31. desember 2003 senda Umhverfisstofnun áætlun um hvernig unnt sé að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laga þessara.

Þeir urðunarstaðir sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu uppfylla kröfur laganna fyrir 16. júlí 2009, ella skal þeim lokað.

Ef urðunarstaður er í rekstri í eyju hér við land við gildistöku laga þessara og er lokað eftir gildistöku laganna getur Umhverfisstofnun veitt undanþágu frá sýnatöku eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi þess úrgangs sem urðaður hefur verið. Slík undanþága er þó einungis heimil hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað sem getur að hámarki tekið við 15.000 tonnum af úrgangi eða að hámarki 1.000 tonnum á ári og er eini urðunarstaðurinn í eyjunni og þjónar henni einni.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um aðlögun starfandi urðunarstaða.

II.

Frá gildistöku laga þessara til ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð sex mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlendis og á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um hvernig kostnaðinum verði mætt. Tilnefningaraðilar skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í nefndinni.

1174. Frumvarp til laga [415. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með tjöru er í lögum þessum átt við hráa þéttingu tóbaksreyks, vatnsfirrta og nikótínlausa.

Með nikótíni er í lögum þessum átt við nikótínbeiskjuefni.

Með kolsýringi er í lögum þessum átt við kolmónoxíð (CO).

Með innihaldsefnum er í lögum þessum átt við öll efni eða efnisþætti, nema tóbakslauf og aðra náttúrulega eða óunna hluta tóbaksplöntunnar, sem eru notaðir við framleiðslu eða tilreiðslu á tóbaki og er enn að finna í fullunnu vörunni, jafnvel þótt í breyttu formi sé, þ.m.t. pappír, síur, blek og lím.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tjöru- og nikótíninnihald“ í 2. mgr. kemur: tjöru-, nikótín- og kolsýringsinnihald.
b. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal viðvörunartexta, stærð þeirra, letur, og annað sem máli kann að skipta, í samræmi við gildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki.

c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Óheimilt er með öllu að hafa á umbúðum tóbaks texta, heiti, vörumerki, myndir og myndræn eða annars konar tákn sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 7. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, 8. og 9. mgr., og orðast svo:

Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks gefi upplýsingar um innihald vörunnar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks leggi fram sýnishorn af vörunni eða geri prófanir sem eru nauðsynlegar til þess að meta eiginleika og áhrif hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

b. Við 8. mgr. sem verður 10. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við mælingar og prófanir samkvæmt þessari málsgrein, svo og við upplýsingar og prófanir skv. 8. og 9. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði c-liðar 2. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 30. september 2003.

1175. Frumvarp til laga [360. mál]

um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið o.fl.

Lög þessi gilda um öll íslensk skip.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti um erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra skipa á sjó, ám og vötnum og hvernig því eftirliti skuli haga.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um eftirlit með skipum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga samkvæmt samningi um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.m.t. skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lög þessi gilda um eru háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skal slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um skip í farþegaflutningum. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt þessari málsgrein, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

Markmið þessara laga er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna þeirra og farþega og efla varnir gegn mengun frá skipum. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um gerð og búnað skipa, skoðun skipa og eftirlit með þeim.

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninga og samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af Siglingastofnun Íslands.
4. Hafnarríkiseftirlit er eftirlit og skoðun sem Siglingastofnun Íslands framkvæmir á skipum undir erlendum fána í íslenskum höfnum.
5. Viðurkenndur skoðunaraðili er flokkunarfélag eða skoðunarstofa sem hefur starfsleyfi Siglingastofnunar Íslands til að annast skoðun og eftirlit með skipum og búnaði þeirra skv. 10. gr.

II. KAFLI
Eftirlit með skipum.

3. gr.

Smíði, búnaður, mengunarvarnir skipa o.fl.

Hvert skip skal smíðað og búið út á þann hátt að öryggi mannslífa sé tryggt eins og kostur er og með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

Skip skal fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um smíði, búnað og örugga starfsemi skips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnsþétta niðurhólfun, lagnakerfi, bol, björgunar- og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnabúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum.

Vinnusvæði og vistarverur skipverja skal hanna og búa með hliðsjón af öryggi og velferð skipverja.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð um smíði, stöðugleika, hleðslumerki og búnað skipa.

Ráðherra ákveður í reglum hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, skírteini og skipsbækur skuli vera um borð í skipum.

Skip skulu smíðuð og búin í samræmi við lög og reglur um varnir gegn mengun sjávar og stranda.

4. gr.

Aðbúnaður og vinnuskilyrði.

Ráðherra setur reglur um aðbúnað og vinnuskilyrði skipverja, svo sem hönnun og merkingar vinnusvæða, öryggisbúnað, notkun og viðhald vinnutækja og öryggisbúnaðar og heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum.

5. gr.

Gömul skip.

Ráðherra getur ákveðið að nýjar reglugerðir nái ekki til gamalla skipa og skipa sem kjölur hefur verið lagður að eða eru á hliðstæðu smíðastigi. Þó skal tekið tillit til varna gegn mengun, öryggis og aðbúnaðar um borð, enn fremur gerðar og fyrirhugaðrar notkunar skipanna. Sé gert ráð fyrir að ákvæði nýrra reglugerða nái til gamalla skipa skal þess getið sérstaklega. Þá skal að jafnaði veita eigendum slíkra skipa hæfilegan frest til að fara að nýjum ákvæðum.

6. gr.

Nýsmíði skipa.

Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingastofnunar Íslands í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa. Eigandi skips skal tilkynna Siglingastofnun um smíðina. Áður en smíði hefst skal sá sem tekið hefur að sér smíði skips senda Siglingastofnun smíðalýsingu, teikningar og önnur þau gögn sem siglingamálastjóri telur nauðsynleg vegna eftirlits.

Eiganda skips er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skips, enda sé skipið smíðað eftir reglum sem gilda hér á landi.

7. gr.

Breytingar á skipi.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipi, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni og stöðugleika, öryggi og/eða aðbúnað áhafnar, án þess að fyrir liggi samþykki Siglingastofnunar Íslands eða annars aðila sem stofnunin hefur veitt umboð. Breytingarnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði.

Sömu reglur um tilkynningarskyldu og eftirlit skulu einnig gilda um meiri háttar viðgerðir sem áhrif geta haft á öryggi skips, sjóhæfni og stöðugleika skips og aðbúnað áhafnar.

8. gr.

Innflutningur skipa.

Skip sem er keypt eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri.

Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Innflutningur skipa er háður samþykki Siglingastofnunar Íslands að öðrum skilyrðum uppfylltum.

III. KAFLI
Skoðun skipa og framkvæmd eftirlits.

9. gr.
Ábyrgð.

Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og yfirvélstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á.

Um starfsskyldur yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu fer skv. III. kafla sjómannalaga, nr. 35/1985.

10. gr.
Viðurkenndir skoðunaraðilar.

Starfsmenn Siglingastofnunar Íslands annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra.

Siglingastofnun Íslands hefur heimild til að fela öðrum að framkvæma skoðun og gefur út starfsleyfi þeim til handa. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi viðurkenndra skoðunaraðila.

11. gr.
Skoðun skipa.

Öll skip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu sæta skoðun Siglingastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði reglugerða sem samgönguráðherra setur um umfang, tíðni og framkvæmd skoðana á skipum. Við skoðun á skipum skal ganga úr skugga um að skip uppfylli ákvæði laga, reglna, alþjóðasamninga og samnings um Evrópska efnahagssvæðið um smíði, búnað og örugga starfsemi skips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnsþétta niðurhólfun, lagnakerfi, bol, björgunar- og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnabúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum.

Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni skuli skoðuð af Siglingastofnun Íslands með reglulegu millibili.

Sé skip í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og gildu flokkunarskírteini er framvísað skal sú skoðun sem fram fór á því til viðhalds á flokkuninni talin fullnægjandi um styrkleika bols, eimkatla, vél- og rafbúnaðar, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til, svo og skuldbindingum samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið og alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt og öðlast hafa gildi.

12. gr.
Framkvæmd skoðunar skipa.

Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglna um öryggi skipa og varnir gegn mengun frá skipum.

Þegar starfsmenn Siglingastofnunar eða þeir sem hún hefur veitt umboð eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip sem statt er í íslenskri höfn, innan íslenskrar

landhelgi eða í íslensk skip í erlendri höfn til þess að rannsaka það sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Sama gildir um skip í smíðum.

Komi í ljós að skip, búnaður eða örugg starfsemi þess er ekki í samræmi við lög þessi, reglur eða önnur fyrirmæli getur Siglingastofnun fyrirskipað að úr því skuli bætt þegar í stað eða innan ákveðins frests.

Starfsmenn Siglingastofnunar skulu gæta þess að valda ekki óþarfa töfum á skipi né torvelda vinnu umfram nauðsyn.

Starfsmenn Siglingastofnunar skulu framvísa starfsskírteinum sé þess óskað.

Eigendur, útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir sem starfa í umboði þeirra skulu veita Siglingastofnun alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er vegna eftirlits og öryggis skips, svo og upplýsingar um ástand skips, sem varðar lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim. Eigandi eða útgerðarmaður skal sjá til þess að skip sé aðgengilegt til skoðunar.

13. gr.

Aukaskoðun skipa.

Aukaskoðun skal fara fram á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar.
2. Þegar gerðar hafa verið breytingar eða endurbætur á skipi sem varða eða hafa áhrif á öryggi skips og áhafnar eða hættu á mengun frá skipi.
3. Þegar skip hefur orðið fyrir tjóni þar sem ætla má að skemmdir kunni að hafa áhrif á öryggi skips og áhafnar eða hættu á mengun frá skipi.
4. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, yfirvélstjóri, skipverji, stjórn stéttarfélags eða stofnun sem á réttmætra hagsmuna að gæta varðandi örugga starfsemi skips, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð eða mengunarvarnir krefst skoðunar eða leggur fram kvörtun nema Siglingastofnun Íslands telji slíka kröfu eða kvörtun ekki á rökum reista. Siglingastofnun er óheimilt að veita upplýsingar um það hver hafi lagt fram slíka kröfu eða kvörtun. Útgerðarmaður á þó rétt á þessum upplýsingum hafi krafa eða kvörtun reynst ástæðulaus.
5. Þegar Siglingastofnun Íslands telur annars ástæðu til að rannsaka öryggi tiltekinna hluta skips eða búnaðar þess eða atriði sem varða örugga starfsemi skips.

14. gr.

Hafnarríkiseftirlit.

Siglingastofnun Íslands skal skoða erlend skip sem koma til hafnar á Íslandi í samræmi við reglur Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit með skipum og skuldbindingar samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Ráðherra setur reglur um framkvæmd hafnarríkiseftirlits og um hæfniskröfur þeirra skoðunarmanna Siglingastofnunar sem annast hafnarríkiseftirlit.

15. gr.

Skyndiskoðun skipa.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun Siglingastofnunar Íslands eða Landhelgisgæslu Íslands á haffæri skips.

Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að taka skip sem lög þessi gilda um til skyndiskoðunar án fyrirvara til að ganga úr skugga um hvort ástand skipsins og búnaður þess sé í samræmi við lög og reglur sem og önnur atriði sem varða örugga starfsemi skipsins, svo sem hvort gætt sé ákvæða laga og reglna um fjölda í áhöfn skipsins, skírteini

þess, takmarkað farsvið og útivist, atvinnuréttindi áhafnar, lögskráningu og fjölda farþega á farþegaskipum.

Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit skv. 1. mgr. og gera með sér samstarfssamning um hvernig því skuli hagað.

16. gr.

Skírteini skips.

Að skoðunargerð lokinni úrskurðar Siglingastofnun Íslands hvort fullnægt er ákvæðum laga og reglna um smíði, búnað og örugga starfsemi skips og hvort útgáfa skírteina, áritun eða endurnýjun skírteina eigi sér stað.

Viðeigandi skírteini skulu gefin út til skipa sem falla undir ákvæði alþjóðasamninga og samnings um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við ákvæði þeirra og reglugerðar sem samgönguráðherra setur.

Haffærisskírteini eða önnur jafngild skírteini skulu gefin út til skipa sem falla ekki undir alþjóðasamninga og ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur, þar sem m.a. skal kveðið á um form og gildistíma slíkra skírteina. Eigi skal þó haffærisskírteini eða annað jafngilt skírteini gefið út fyrir skip sem er minna en 20 brúttótonn nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

17. gr.

Haffæri skips.

Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt viðeigandi skírteini eða haffærisskírteini samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta og/eða samnings um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, þar á meðal mengunarvarnabúnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

18. gr.

Skemmdir á skipi.

Hafi skip lent í árekstri, tekið grunn eða annað að borið svo að ástæða sé til að ætla að skip sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið. Starfsmenn Siglingastofnunar Íslands eða aðrir aðilar sem stofnunin hefur viðurkennt skulu framkvæma þá skoðun.

Þurfi að færa skip sem er óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingastofnun Íslands eða aðrir aðilar sem stofnunin hefur viðurkennt ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis skipsins, þeirra manna sem skipinu fylgja og mengunarhættu frá skipinu.

19. gr.

Upplýsingaskylda.

Löggæslumenn, hafnaryfirvöld, leiðsögu- og hafnsögumenn, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar, sem fá vitneskju um að lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja sig hafa ástæðu til að ætla

að skip sé ekki haffært, skulu tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingastofnunar Íslands viðvart. Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart sem tilkynnir það tafarlaust til næsta umdæmisstjóra.

IV. KAFLI
Farbann.

20. gr.
Farbann.

Eigi að leggja skipi úr höfn án þess að það hafi gild viðeigandi skírteini samkvæmt reglum samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta og/eða samnings um Evrópska efnahagssvæðið eða haffærisskírteini eða skip er annars óhaffært á ferð skal leggja farbann á það.

Enn fremur skal leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingastofnunar Íslands eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum.

21. gr.
Farbannsheimild.

Siglingamálastjóri getur lagt farbann á skip. Einnig geta þeir starfsmenn Siglingastofnunar Íslands lagt farbann á skip sem siglingamálastjóri hefur sérstaklega veitt til þess umboð. Skulu þeir tilkynna siglingamálastjóra þegar um farbann sem þeir leggja á.

22. gr.
Tilkynning um farbann.

Ákvörðun um farbann skal þegar í stað tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni skriflega. Ástæður fyrir farbanni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Starfsmenn Siglingastofnunar Íslands geta óskað eftir því ef nauðsyn krefur að lögreglustjórar og hafnar- og tollyfirvöld á hverjum stað, svo og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, veiti þeim fulltingi við framkvæmd farbanns og ber þeim að verða við þeirri ósk.

23. gr.
Brottfall farbanns.

Ef ástæður farbanns eru ekki lengur fyrir hendi skal farbanni aflétt þegar í stað.

Telji siglingamálastjóri að farbann, sem starfsmenn hans hafa lagt á, sé ekki á rökum reist skal hann þegar í stað fella það úr gildi.

24. gr.
Farbannsnefnd.

Útgerðarmaður skips og skipstjóri geta kært farbann til farbannsnefndar.

Samgönguráðherra skipar farbannsnefnd til þriggja ára í senn. Farbannsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum. Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu búa yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni í samræmi við verksvið nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

25. gr.
Verkefni farbannsnefndar.

Verkefni farbannsnefndar er að úrskurða um gildi farbanns.

Málshöfðun til ógildingar á úrskurði farbannsnefndar frestar ekki réttaráhrifum hans.

V. KAFLI
Málsmeðferð fyrir dómi.

26. gr.
Refsingar o.fl.

Um refsimál sem höfðað er út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála. Sé þörf sérkunnáttu við úrlausn máls skulu tveir sérfróðir meðdómendur skipa dóm, auk eins héraðsdómara.

Áður en ákærandi höfðar opinbert mál út af brotum á lögunum getur hann leitað umsagnar siglingamálastjóra liggi hún ekki þegar fyrir. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn svo fljótt sem verða má.

Ákærandi skal útvega samgönguráðuneyti og Siglingastofnun Íslands eftirrit dóma í málum út af brotum á lögum þessum.

27. gr.
Málsmeðferð.

Málum sem höfðuð eru til ógildingar á úrskurðum farbannsnefndar skv. 24. og 25. gr. skal hraða svo sem kostur er. Um mál þessi fer eftir almennri meðferð einkamála.

VI. KAFLI
Gjöld.

28. gr.
Gjöld.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá eins og hér segir:

Skráningarlengd skips	*Árlegt gjald (í kr.)*
< 8 metrar	6.250
8–15 metrar	11.200
15–24 metrar	25.000
24–45 metrar	49.600
45–60 metrar	81.900
≥ 60 metrar	108.400

Gjöldin skulu miðuð við skráningu 1. janúar ár hvert og er gjalddagi og eindagi þeirra sá sami, 1. apríl ár hvert. Við eigendaskipti ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á gjaldinu þar til umskráning hefur farið fram.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld skv. 1. mgr. innheimt af sýslumönnum en í Reykjavík skulu þau innheimt af tollstjóra. Innheimtumenn skulu skila gjöldum sem þeir innheimta skv. 1. mgr. í ríkissjóð. Ef skipagjald er ekki greitt á gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá næsta degi eftir gjalddaga, af þeirri fjárhæð sem þá er ógreidd fram að greiðsludegi.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra lögboðna þjónustu sem Siglingastofnun Íslands veitir skal eigandi greiða samkvæmt gjaldskrá sem samgönguráðherra setur að tillögu Siglingastofnunar Íslands og miðast hún við kostnað stofnunarinnar.

Gjöldum samkvæmt grein þessari fylgir lögveð í skipi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að halda eftir haffærisskírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt samningum og alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt, að skoðun lokinni, ef gjöld skv. 3. mgr. eru ekki greidd.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

VII. KAFLI
Refsingar, svipting réttinda o.fl.

29. gr.
Brot.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum og lúta meðferð opinberra mála.

30. gr.
Hlutdeild.

Um brot skv. 29. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

31. gr.
Svipting réttinda.

Þegar um brot er að ræða og sérstaklega miklar sakir eru má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu eigi skemur en sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

32. gr.
Svipting réttinda.

Svipting réttinda skv. 31. gr. skal gerð með dómi. Þó má ljúka máli um sviptingu réttinda með ákvörðun dómara hafi ákærði játað sekt sína og fallist skriflega á slík málalok enda mótmæli ákærandi þeim ekki.

Ákærandi skal tilkynna öllum lögreglustjórum í landinu um réttindasviptingu og senda samgönguráðuneyti réttindaskírteini.

Þegar tvö ár hið fæsta eru liðin frá því að réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra veitt réttindin á nýjan leik mæli sérstakar ástæður með því, enda þótt sviptingartími sé ekki liðinn.

33. gr.
Sektir.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Dómara er heimilt að ákveða að þeim fylgi lögveð í skipi og búnaði þess.

34. gr.
Önnur lög.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum þeirra laga halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við ákvæði þessara laga.

1176. Frumvarp til laga [390. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI
Breytingar á sjómannalögum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.
1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 15 ára við vinnu á skipi nema um skólaskip eða æfingaskip sé að ræða. Samgönguráðherra getur sett reglur um hærra aldurslágmark skipverja við tiltekin störf allt upp að 18 ára aldri.

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 18 ára við vinnu á farþegaskipum og flutningaskipum að nóttu til, þ.e. tímabil sem varir í a.m.k. níu samfelldar klukkustundir, þ.m.t. tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða menntun og þjálfun ungra sjómanna 16–18 ára að því er varðar fyrirframákveðin verkefni og áætlanir.

b. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

64. gr. laganna orðast svo:

Vinnu- og hvíldartími skipverja á fiskiskipum.

Sérhver skipverji skal eiga rétt á nægilegri hvíld og skal hámarksfjöldi vinnustunda á viku takmarkaður við 48 klukkustundir að meðaltali reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir.

Miða skal við að mörk vinnu- eða hvíldartíma séu annaðhvort:

1. hámarksvinnutími sem ekki má vera lengri en 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 72 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili, eða
2. lágmarkshvíldartími sem ekki má vera skemmri en 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 77 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vara að lágmarki í 6 klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.

Heimilt er með reglugerð eða í kjarasamningum að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. vegna hlutlægra eða tæknilegra ástæðna eða ástæðna er varða skipulag vinnunnar enda sé slíkt í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna.

Skipstjóri á fiskiskipi getur ávallt krafist þess að skipverji vinni þann fjölda vinnustunda sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, farms og annarra fjármuna sem á skipi eru eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.

Samgönguráðherra getur sett reglugerð um vinnu- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 7. gr. A og 7. gr. B, svohljóðandi:

a. (7. gr. A.)

Vinnu- og hvíldartími skipverja á íslenskum farþega- og flutningaskipum.

Miða skal við að mörk vinnu- eða hvíldartíma séu annaðhvort:

1. hámarksvinnutími sem ekki má vera lengri en 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 72 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili, eða
2. lágmarkshvíldartími sem ekki má vera skemmri en 10 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og 77 klukkustundir á hverju 7 daga tímabili. Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri tímabil en tvö og skal annað vara að lágmarki í 6 klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.

Heimilt er með reglugerð eða í kjarasamningum að víkja frá ákvæðum 1. mgr. vegna hlutlægra eða tæknilegra ástæðna eða ástæðna er varða skipulag vinnunnar enda sé slíkt í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna.

Skipstjóri á farþegaskipi og flutningaskipi getur ávallt krafist þess að skipverji vinni þann fjölda vinnustunda sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, farms og annarra fjármuna sem á skipi eru eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.

b. (7. gr. B.)

Vinnu- og hvíldartími skipverja á erlendum farþega- og flutningaskipum.

Ákvæði 7. gr. A tekur einnig til erlendra skipa sem fara um íslenskar hafnir.

Siglingastofnun er heimilt að framkvæma skoðun um borð í erlendum skipum sem fara um íslenskar hafnir til að ganga úr skugga um fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma og skipulag vakta um borð. Um framkvæmd skoðana fer eftir ákvæðum laga og reglna um hafnarríkiseftirlit. Siglingastofnun skal, ef kvörtun berst sem augljóslega er ekki tilefnislaus eða ef hún fær sannanir um að fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma um borð er ekki í samræmi við lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim, tilkynna skráningarríki skipsins um niðurstöðu skoðunar sem gerð hefur verið. Siglingastofnun Íslands er óheimilt að veita skipstjóra eða eiganda skipsins sem um ræðir neinar upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun.

Ef skoðun leiðir í ljós að aðbúnaður um borð stofnar öryggi og heilsu áhafnarinnar sannanlega í hættu skal Siglingastofnun gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrbætur eigi sér stað, t.d. með því að leggja farbann á skipið. Slíkt farbann skal tilkynnt skipstjóra, eiganda eða útgerðarmanni skipsins, fánaríki og skráningarríki skipsins. Eigandi eða útgerðarmaður skipsins getur kært farbann til farbannsnefndar sem starfar samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og frestar kæra ekki áhrifum farbannsákvörðunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2. gr. um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum tekur gildi 1. ágúst 2003. Frá þeim tíma falla úr gildi ákvæði laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53/1921.

1177. Frumvarp til laga [392. mál]

um vaktstöð siglinga.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða vaktstöð siglinga, en Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd þeirra svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Markmið og hlutverk.

Markmið þessara laga er að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Til að ná þessu markmiði skal Siglingastofnun Íslands setja á fót vaktstöð siglinga sem veitir skipum sem sigla um íslenska efnahagslögsögu m.a. eftirfarandi öryggisþjónustu:

a. vöktun og eftirlit sjálfvirks tilkynningarkerfis skipa (STK), þ.m.t. sjálfvirks alþjóðlegs auðkenningarkerfis skipa (AIS),
b. móttöku og miðlun tilkynninga frá skipum sem flytja hættulegan og/eða mengandi varning,
c. móttöku og miðlun neyðarkalla til viðeigandi aðila auk tilkynninga um óhöpp eða slys á sjó,
d. móttöku og miðlun tilkynninga frá farþegaskipum vegna talningar og skráningar farþega,
e. vöktun alþjóðlegs neyðar- og öryggisfjarskiptakerfis skipa (GMDSS) og ritstjórn fyrir þjónustu alþjóðlegs viðvörunarkerfis skipa (NAVTEX),
f. skráningu skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit,
g. móttöku tilkynninga og miðlun upplýsinga um bilanir í vitakerfinu og farartálma á sjó,
h. samskipti við hafnir sem Siglingastofnun Íslands hefur útnefnt sem neyðarhafnir,
i. önnur verkefni í þágu þriðja aðila sem Siglingastofnun Íslands heimilar,
j. önnur verkefni sem samgönguráðherra telur í þágu almannaheilla.

Ef tilkynning berst ekki frá skipi á reglulegum tíma eða ef vaktstöð siglinga berast upplýsingar sem gefa tilefni til að ætla að ástæða sé til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar skips í íslenskri efnahagslögsögu skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit eða björgun.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að bjóða út rekstur vaktstöðvar siglinga. Heimilt er að skipta útboðinu í einstaka þætti.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Skip:* Hvert það far sem er sex metrar á lengd eða lengra, mælt milli stafna, og notað á sjó.
2. *Leiðsögumaður:* Hver sá sem fengið hefur skírteini til leiðsögu skipa um tiltekið svæði eða við tilteknar aðstæður.
3. *Leiðsöguskylda:* Skylda til að hafa um borð leiðsögumann við siglingu skipa um tiltekið svæði eða við tilteknar aðstæður.
4. *Hafnsögumaður:* Leiðsögumaður sem fengið hefur skírteini til leiðsögu skipa um tiltekið hafnarsvæði.
5. *Hafnsöguskylda:* Skylda til að hafa um borð hafnsögumann við siglingu skipa um tiltekið hafnarsvæði eða við tilteknar aðstæður.
6. *Hafnarsvæði:* Svæði við höfn sem nánar er tilgreint í reglugerð um viðkomandi höfn.
7. *Farmsendandi:* Hver sá sem gerir samning við farmflytjanda um flutning á vörum á sjó eða samningurinn er gerður í hans nafni eða fyrir hans hönd.
8. *Umboðsmaður:* Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.
9. *Hættulegur varningur:* Hver sá varningur sem flokkaður er í IMDG-kóðanum, í 17. kafla IBC-kóðans eða í 19. kafla IGC-kóðans, þ.m.t. geislavirk efni sem vísað er til í INF-kóðanum.
10. *Mengandi varningur:* Olíur samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka við MARPOL, fljótandi eiturefni samkvæmt skilgreiningu II. viðauka við MARPOL og skaðleg efni samkvæmt skilgreiningu III. viðauka við MARPOL.

II. KAFLI
Tilkynningar skipa.

4. gr.

Tilkynningar sem skipum er skylt að senda samkvæmt ákvæðum þessara laga skulu sendar vaktstöð siglinga eða öðrum aðila eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

A. Tilkynningar um staðsetningu skipa.

5. gr.

Tilgangur með sjálfvirku tilkynningarkerfi skipa er að tryggja að vitað sé hvaða skip eru á sjó og hver sé staðsetning þeirra og að tryggja skjót viðbrögð við eftirgrennslan, leit og björgun ef skip lendir í sjávarháska.

Heimilt er að nota upplýsingar vaktstöðvarinnar í öðrum tilgangi, t.d. við fiskveiðieftirlit, skipaeftirlit og eftirlit með mengun sjávar. Siglingastofnun Íslands getur ákveðið og samið um að gjald komi fyrir aðgang að upplýsingum og/eða aðra þjónustu sem vaktstöðin veitir þriðja aðila.

Fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu skal eigandi hvers skips greiða árgjald sem rennur til að mæta kostnaði af rekstri sjálfvirka tilkynningarkerfisins.

6. gr.

Öll íslensk skip skulu tilkynna staðsetningu sína gegnum sjálfvirkt tilkynningarkerfi með tilteknu millibili eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Undanþegin ákvæðinu eru varðskip og skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni. Jafnframt er samgönguráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að skip sem stunda veiðar nálægt landi verði undanþegin ákvæðinu.

Erlend skip, sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu, skulu tilkynna um það. Í tilkynningunni skal koma fram nafn skips, heimahöfn, þjóðerni, eigandi skips og útgerðaraðili sé hann ekki eigandi, skipstjóri og umboðsmaður útgerðar hér á landi.

B. Tilkynningar um komu.

7. gr.

Tilkynning áður en haldið er til hafnar.

Skip, 300 brúttótonn að stærð og stærri, nema varðskip og fiskiskip styttri en 45 metrar, sem eru á leið til hafnar skulu tilkynna komu sína til vaktstöðvar siglinga með tilteknum fyrirvara sem ákveðinn er í reglugerð.

C. Tilkynningar vegna hættulegs varnings.

8. gr.

Tilkynning áður en haldið er til hafnar.

Öll skip, sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu með hættulegan eða mengandi varning í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skulu með tilteknum fyrirvara sem ákveðinn skal í reglugerð tilkynna um komu sína og gefa upplýsingar m.a. um auðkenni skips, ákvörðunarhöfn, brottfarartíma skips, áætlaðan komutíma og rétt tækniheiti hættulegs eða mengandi varnings.

9. gr.

Skyldur farmsendanda.

Ekki má bjóða hættulegan eða mengandi varning til flutnings með skipum eða taka hann um borð í íslenskri höfn nema skipstjóri eða rekstraraðili hafi í höndum yfirlýsingu með réttum tækniheitum varningsins, númerum Sameinuðu þjóðanna ef þau eru fyrir hendi, hættuflokki og magni slíks varnings og auðkennum hans ef hann er í flutningseiningum öðrum en tönkum.

Farmsendandi ber ábyrgð á að afhenda skipstjóra eða útgerð yfirlýsingu um að farmurinn sem boðinn er til flutnings sé raunverulega sá sem lýst er yfir skv. 1. mgr.

10. gr.

Undanþágur.

Siglingastofnun Íslands má veita útgerðum í áætlunarsiglingum milli hafna innan lands undanþágu frá kröfum um tilkynningu skv. 8. gr. ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a. að útgerðin haldi og uppfæri skrá yfir skip sem stunda þessa flutninga og afhendi hana vaktstöð siglinga eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð og
b. að upplýsingar um farm séu ætíð til reiðu.

Ef tvö eða fleiri aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins hafa samráð um alþjóðlegar áætlunarsiglingar sem eitt félag stundar geta þau í samráði veitt hlutaðeigandi félagi undanþágu í samræmi við kröfur sem kveðið er á um í þessari grein.

D. Tilkynningar um óhapp og slys á sjó.

11. gr.

Tilkynning um óhöpp og slys á sjó.

Skipstjóri skips sem siglir um landhelgi eða efnahagslögsögu Íslands skal eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð tilkynna tafarlaust um sérhvert óhapp eða slys sem hefur áhrif á öryggi áhafnar, farþega og skips, ógnar öryggi í siglingum og kann að valda mengun sjávar eða stranda Íslands.

III. KAFLI

Hafnsaga og leiðsaga.

12. gr.

Hafnsaga skipa.

Öll skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning í farmrými eða á þilfari í meira magni en tiltekið er í reglugerð skulu hafa um borð hafnsögumann við siglingu um hafnarsvæði. Hafnarstjórn er heimilt að veita staðkunnugum skipstjórum undanþágu frá hafnsöguskyldu.

Hafnarstjórnir ráða hafnsögumenn við hafnsöguskyldar hafnir.

13. gr.

Leiðsaga skipa.

Til að tryggja öryggi siglinga og varnir gegn mengun sjávar er samgönguráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að skip skuli hafa um borð leiðsögumann við siglingar um tiltekið svæði eða við tilteknar aðstæður. Ráðherra getur jafnframt með reglugerð falið vaktstöð siglinga að fara með leiðarstjórnun skipa um tiltekin svæði eða við tilteknar aðstæður.

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini fyrir leiðsögu- og hafnsögumenn. Skírteinið gildir fyrir tiltekið svæði til allt að fimm ára í senn, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs skírteinishafa. Um skírteinin skal nánar kveðið á í reglugerð.

Sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum getur öðlast skírteini til að vera hafnsögu- og leiðsögumaður skipa:

1. Er 25–69 ára að aldri.
2. Hefur fullnægjandi heilbrigðisvottorð.
3. Hefur lokið 2. stigs skipstjórnarnámi eða samsvarandi námi og hefur siglt sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi um svæði sem tilgreint er á skírteininu og þekkir til hlítar siglingaleiðir á svæðinu.
4. Hefur lokið námskeiði til að vera hafnsögu- og leiðsögumaður eftir því sem nánar segir í reglugerð.

Skilyrðum skv. 3. mgr. verður einnig að vera fullnægt eftir að skírteinið hefur verið gefið út.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá skilyrðum skv. 3. mgr. þegar sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skyldur leiðsögumanns.

Leiðsögumanni ber skylda til að aðstoða yfirvöld, svo sem löggæslu-, tolla-, heilbrigðis-, siglinga- og hafnaryfirvöld, við störf þeirra. Þá ber honum að aðstoða á allan hátt stjórnendur skipa sem hann leiðbeinir og ráðleggja um siglingu skipsins þannig að á sem hagkvæmastan

og öruggastan hátt sé komist á milli áfangastaða. Þá skal leiðsögumaður aðstoða við að koma skipi í festar þegar ekki er um að ræða aðstoð hafnsögumanns viðkomandi hafnar.

Sérstök varúð skal viðhöfð til að hindra mengun stranda og sjávar af völdum hættulegra efna og mengunarslys skal tilkynna þegar í stað. Leiðsögumaður er ábyrgur fyrir að tilkynningin berist réttum aðilum og skal reyna með öllum tiltækum ráðum að halda útbreiðslu mengunarinnar í lágmarki.

Leiðsögumaður ber ekki ábyrgð á siglingu skips sem hann leiðbeinir heldur aðeins á leiðbeiningunum.

15. gr.

Umboðsmaður skips.

Skylt er útgerð skips, sem siglir um íslenska efnahagslögsögu með hættulegan eða mengandi varning í farmrými eða á þilfari í meira magni en tiltekið er í reglugerð og áformar að hafa hér viðkomu, að hafa umboðsmann hér á landi. Sé skipið gert út af íslensku útgerðarfélagi telst útgerðin umboðsmaður. Umboðsmaður sér um að útvega leiðsögumenn til að fylgja skipinu.

Ef ástæða þykir til er heimilt að krefjast trygginga vegna hugsanlegs tjóns sem skipið kann að valda hér við land. Skal umboðsmaður skipsins hafa milligöngu um að leggja fram slíka tryggingu.

16. gr.

Undanþágur.

Undanskilin ákvæðum laga þessara um hafnsögu, leiðsögu og umboðsmann eru skip sem leita hafnar vegna bráðrar hættu eða til að setja á land alvarlega sjúka menn eða slasaða.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

17. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um hafnsögu- og leiðsöguskyldu skipa, umboðsmann skipa og tilkynningar skipa, þ.m.t. um staðsetningu, flutning hættulegs eða mengandi varnings og óhöpp og slys.

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu þeirra. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

18. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

Leiði brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim til skipstrands, árekstur skipa eða annarra sjóslysa skal viðkomandi sæta refsingu og eftir atvikum réttindasviptingu til skipstjórnar eða vélstjórnar skv. 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Svipta skal skírteinishafa samkvæmt lögum þessum rétti til starfa þess sem skírteinið veitir ef hann gerist sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt

þeim, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem skírteinishafa að varhugavert sé að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði og ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

19. gr.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini samkvæmt lögum þessum ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna til að öðlast slíkt skírteini eða vera skírteinishafi.

Nú telur Siglingastofnun Íslands að skilyrði skv. 3. mgr. 18. gr. séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnuninni þá heimilt að svipta viðkomandi aðila starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörðuð til þess tíma þegar endanleg ákvörðun dómstóls um sviptinguna liggur fyrir. Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

20. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum, og lög um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, með síðari breytingum.

1178. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Um útlendinga sem falla undir EES-samninginn eða stofnsamning EFTA gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins (EES-útlendingur) eða stofnsamnings EFTA (EFTA-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuðum ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári hafi hann leyfi sem jafngildir óbundnu atvinnuleyfi í EES- eða

EFTA-ríki og er ráðinn hjá aðila sem veitir þjónustu og hefur staðfestu eða starfsemi þar.

c. Í stað orðsins „EES-útlendingur“ í 2. mgr. (sem verður 3. mgr.) kemur: EES- eða EFTA-útlendingur.

3. gr.

Í stað orðsins „EES-útlendingur“ í upphafi 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: EES- eða EFTA-útlendingur, þó ekki útlendingur sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

4. gr.

Í stað orðsins „EES-útlendingi“ í 1. og 3. mgr. 42. gr. og 1. og 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: EES- eða EFTA-útlendingi.

5. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1179. Frumvarp til laga [350. mál]

um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI

Skráning hlutafélaga.

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, sbr. lög nr. 41/1997.

1. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

II. KAFLI

Skráning einkahlutafélaga.

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, sbr. lög nr. 43/1997.

3. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

III. KAFLI

Skráning samvinnufélaga.

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, sbr. lög nr. 44/1997.

5. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

7. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

IV. KAFLI

Skráning sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

Breyting á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999.

8. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

V. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

1180. Frumvarp til laga [351. mál]

um fyrirtækjaskrá.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

I. KAFLI
Markmið og stjórnsýsla.

1. gr.

Halda skal skrá, fyrirtækjaskrá, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Ríkisskattstjóri starfrækir fyrirtækjaskrá og annast útgáfu á kennitölum til annarra en einstaklinga.

Fjármálaráðherra fer með mál sem varða fyrirtækjaskrá.

II. KAFLI
Skráning og útgáfa á kennitölu.

2. gr.

Fyrirtækjaskrá skal geyma upplýsingar um:

1. Einstaklinga, félög og aðra aðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.
2. Stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins.
3. Stofnanir og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga.
4. Félög, samtök og aðila, aðra en einstaklinga, sem hafa með höndum eignaumsýslu, eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur.
5. Aðra starfsemi sem ríkisskattstjóri sér ástæðu til að skrá í fyrirtækjaskrá.

3. gr.

Í fyrirtækjaskrá skal halda aðgreinanlegar skrár yfir hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur samkvæmt þeim lögum sem gilda um þessi félög og stofnanir.

4. gr.

Í fyrirtækjaskrá skal skrá eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

1. Heiti.
2. Kennitölu.
3. Heimilisfang.
4. Rekstrar- eða félagsform.
5. Stofndag.
6. Nafn, lögheimili og kennitölu forráðamanna.
7. Atvinnugreinarnúmer samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands.
8. Slit félags.
9. Önnur þau atriði sem skylt er að skrá um starfsemi félaga og fyrirtækja samkvæmt lögum eða nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings.

5. gr.

Þeir aðilar sem falla undir 1.–4. tölul. 2. gr. eða óska skráningar skv. 5. tölul. 2. gr. skulu tilkynna sig til skráningar í fyrirtækjaskrá.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skulu vera á sérstökum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Tilkynningar mega vera á rafrænu formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ríkisskattstjóra er heimilt að færa aðila sem falla undir 1.–4. tölul. 2. gr. í fyrirtækjaskrá ef þeir vanrækja tilkynningarskyldu skv. 1. mgr.

6. gr.

Við skráningu í fyrirtækjaskrá skal hinum skráða gefin kennitala. Með kennitölu er átt við einkvæmt auðkennisnúmer hins skráða.

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu auðkenndir í fyrirtækjaskrá með kennitölu þeirra samkvæmt þjóðskrá.

Við nýskráningu í fyrirtækjaskrá ásamt útgáfu á kennitölu skal ríkisskattstjóri taka skráningargjald samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

7. gr.

Þeim sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá er skylt að tilkynna ríkisskattstjóra allar breytingar er varða skráningu skv. 1.–8. tölul. 4. gr. Opinberir aðilar skulu og láta ríkisskattstjóra í té upplýsingar sem þeir kunna að hafa og þörf er á til skráningar í fyrirtækjaskrá.

Ríkisskattstjóri uppfærir fyrirtækjaskrá eftir tilkynningum og upplýsingum skv. 1. mgr., svo og eftir öðrum óyggjandi heimildum um starfsemi skráðra fyrirtækja.

III. KAFLI
Aðgangur að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá.

8. gr.

Ríkisskattstjóri skal veita opinberum aðilum, fyrirtækjum og almenningi upplýsingar úr fyrirtækjaskrá.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðgang að fyrirtækjaskrá, veitingu upplýsinga úr henni svo og um gjaldtöku fyrir upplýsingar úr skránni, svo sem fyrir útgáfu vottorða og staðfestinga og önnur afnot af upplýsingum skrárinnar.

9. gr.

Hagstofu Íslands er heimilt að hagnýta gögn úr fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar og í því skyni tengja hana öðrum skrám ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri skal láta Hagstofunni í té afrit af skránni eða upplýsingar úr henni eftir því sem hún óskar og án þess að gjald komi fyrir. Hagstofunni er skylt að fara með skrána og önnur gögn tengd henni sem hagskýrslugögn sem um gildir trúnaður.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Nú vanrækir aðili sem fellur undir 2. gr. tilkynningarskyldu sína samkvæmt lögum þessum og getur ríkisskattstjóri þá skyldað hann til að fullnægja skyldunni að viðlögðum dagsektum allt að 10.000 kr. fyrir hvern dag.

Dagsektir skulu ákveðnar með úrskurði og falla á fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu hans þar til tilkynningarskyldu er sinnt.

Áfallnar dagsektir falla niður þegar ríkisskattstjóri telur að tilkynningarskylda hafi verið uppfyllt.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003 og skal fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands þá flytjast til ríkisskattstjóra og vera stofn fyrirtækjaskrár samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt falla úr gildi lög um fyrirtækjaskrá, nr. 62 28. maí 1969.

Frá sama tíma breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Orðin „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 9. gr. laga um matvæli, nr. 93 28. júní 1995, falla brott.
2. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 5. gr. áfengislaga, nr. 75 15. júní 1998, kemur: ríkisskattstjóra.
3. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 91. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980, kemur: ríkisskattstjóra.
4. Við fyrri málslið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80 18. maí 1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, bætist: eða ríkisskattstjóra.

1181. Frumvarp til laga [353. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (brot í opinberu starfi).

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Á eftir orðinu „gjöldum“ í 1. málsl. 129. gr. laganna kemur: þar á meðal þjónustugjöldum.

2. gr.

Í stað orðsins „rannsókn“ í 131. gr. laganna kemur: leit.

3. gr.

132. gr. laganna orðast svo:

Ef opinber starfsmaður, sem í 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lögmætra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, hald, leit, fangelsan eða framkvæmd refsingar, eða við beitingu annarra áþekkra úrræða, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.

4. gr.

133. gr. laganna orðast svo:

Ef opinber starfsmaður, sem á að gæta fanga, þ.m.t. sakbornings sem sviptur hefur verið frelsi sínu, eða annast framkvæmd refsidóma, lætur fanga eða sakborning komast undan, tálmar framkvæmd dóms, hlífir manni við að taka út hegningu eða kemur því til leiðar að refsing er framkvæmd með öðru og vægara móti en mælt er, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef brot er smáfellt.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 137. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „póst- eða símamálefni“ kemur: póst- eða fjarskiptaþjónustu.
b. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um starfsmann lögaðila sem fengið hefur opinbert leyfi til póstþjónustu eða til að annast fjarskipti á grundvelli slíks leyfis eða verktaka sem sinnir póst- eða fjarskiptaþjónustu á ábyrgð lögaðila.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein, 141. gr. a, svohljóðandi:

Opinber starfsmaður skv. 128., 129., 134., 135., 138., 139., 140. og 141. gr. þessara laga telst sá sem vegna stöðu sinnar eða heimildar í lögum getur tekið eða haft áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafað eða haft áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1182. Frumvarp til laga [391. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

1. *Norðvesturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Húnaþing vestra, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Höfðahreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

2. *Norðausturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarbær, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Hríseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

3. *Suðurkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Sveitarfélagið Árborg, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur.

2. gr.

Við b-lið 11. gr. laganna bætist: og umdæmiskjörstjórnir, sbr. 3. mgr. 13. gr.

3. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Yfirkjörstjórn getur ákveðið að í kjördæmi sé umdæmiskjörstjórn og ákveður umdæmi hennar. Skal hún kosin af yfirkjörstjórn og skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Umdæmiskjörstjórn kýs sér sjálf oddvita. Við sérstakar aðstæður getur ráðherra heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir í hverju kjördæmi sem kosnar skulu á sama hátt.

4. gr.

Í stað orðanna „og yfirkjörstjórn“ í 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: yfirkjörstjórn og umdæmiskjörstjórn.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Undirkjörstjórnir“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: og eftir atvikum umdæmiskjörstjórnir.
b. Í stað orðanna „og yfirkjörstjórna“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: yfirkjörstjórna og eftir atvikum umdæmiskjörstjórna.

6. gr.

Í stað orðanna „framkvæmdastjóra hennar“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: framkvæmdastjóra sveitarfélags.

7. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 52. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Fyrir framan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skal vera ferningur. Niður undan bókstafnum skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnarinnar“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar.
b. Á eftir orðunum „utanáskrift sinni“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Yfirkjörstjórn skal einnig senda umdæmiskjörstjórn viðeigandi umslög, sbr. 2. og 3. mgr., eftir því sem við á.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
Engum, sem ekki er á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema annað tveggja komi til:
1. Hann framvísi vottorði, undirrituðu af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélags, um að hann afsali sér kosningarrétti þar sem hann er á kjörskrá enda hafi kjörstjórn þess kjörstaðar þar sem kjósandi hyggst neyta atkvæðisréttar borist tilkynning um hvaða kjósendum sveitarstjórn hefur gefið vottorð.
2. Hann undirriti beiðni á sérstakt eyðublað um að afsala sér kosningarrétti í þeirri kjördeild þar sem nafn hans er á kjörskrá og að kjörstjórn á þeim kjörstað þar sem kjósandi óskar að neyta atkvæðisréttar staðfesti slíkt afsal með undirritun oddvita eða tveggja kjörstjórnarmanna.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Kjörstjórn er óheimilt að staðfesta vottorð eða beiðni um afsal kosningarréttar nema sannað verði, með þeim hætti sem kjörstjórn metur gilt, að nafn kjósanda standi á kjörskrá í annarri kjördeild í sama kjördæmi og hann hafi ekki neytt kosningarréttar þar. Skráð skal athugasemd á kjörskrá, þar sem nafn kjósanda er, um hvar hann neyti kosningarréttar og þess getið í kjörbók. Afsalið skal færa í kjörbók undirkjörstjórnar þar sem kjósandinn neytir kosningarréttar og vottorðið skal fylgja í frumriti til yfirkjörstjórnar með kjörbók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað.

10. gr.

1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo:
Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross í ferning fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem hann vill kjósa.

11. gr.

Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 4. mgr. 90. gr. laganna kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.

12. gr.

Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 92. gr. laganna kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 95. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar, sbr. 1. mgr. 97. gr.
b. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórn.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 96. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ef yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.

b. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:
Yfirkjörstjórn getur ákveðið að auk talningar hjá henni geti talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn, á öðrum stað í kjördæminu.

b. Á eftir orðinu „hún“ í 1. málsl. 1. mgr., er verður 2. mgr., kemur: eða umdæmiskjörstjórn.

c. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 2. málsl. 1. mgr., er verður 2. mgr., kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.

d. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 3. málsl. 1. mgr., er verður 2. mgr., kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.

16. gr.

Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 2. mgr. 98. gr. laganna kemur: eða umdæmiskjörstjórn.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórn.

b. Á eftir orðinu „Yfirkjörstjórn“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórn.

c. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórn“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: eða umdæmiskjörstjórn.

d. Á eftir orðinu „yfirkjörstjórnar“ í 2. mgr. kemur: eða umdæmiskjörstjórnar.

18. gr.

Í stað orðanna „framan við listabókstafinn en t.d. aftan við hann“ í 2. málsl. 1. mgr. 101. gr. laganna kemur: í ferning við listabókstafinn en t.d. utan hans.

19. gr.

103. gr. laganna orðast svo:

Nú kemur yfirkjörstjórn, eftir atvikum umdæmiskjörstjórn, og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur um gildi kjörseðils skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

Nú verður ágreiningur innan umdæmiskjörstjórnar eða á milli umdæmiskjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill er gildur eða ógildur og skal þá umdæmiskjörstjórnin senda hann til yfirkjörstjórnar sem úrskurðar um gildi hans.

Nú verður ágreiningur meðal yfirkjörstjórnar um gildi kjörseðils og skal afl atkvæða ráða úrslitum. Verði ágreiningur milli yfirkjörstjórnar og einhvers umboðsmanna um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur skal leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórnin hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna kynnir umdæmiskjörstjórn niðurstöðu talningar sinnar yfirkjörstjórn sem færir niðurstöðu kosninganna

í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Hafi talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn skal hún, eftir að starfi hennar er lokið, senda alla notaða kjörseðla undir innsigli til yfirkjörstjórnar og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum. Auk þess sendir hún yfirkjörstjórn undir innsigli utankjörfundaratkvæði sem fara eiga í kjördeild sem tilheyrir yfirkjörstjórn, sbr. 4. mgr. 90. gr., allar kjörskrár í innsigluðum umbúðum, kjörbækur undirkjörstjórna sem hún hefur móttekið og einnig gerðabók sína. Yfirkjörstjórn skal fara með þessi gögn á sama hátt og þau sem eru í hennar vörslu.

20. gr.

1. málsl. 3. mgr. 105. gr. laganna orðast svo: Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 97. gr. skal kjörstjórnin eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið.

21. gr.

Á eftir orðinu „yfirkjörstjórna“ í b-lið 123. gr. laganna kemur: og umdæmiskjörstjórna.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1183. Frumvarp til laga [489. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis).

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Í stað 1. mgr. 91. gr. laganna, sbr. lög nr. 116 20. desember 1993, koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá:

a. vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja,
b. erlendu vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og sem Fjármálaeftirlitinu hefur verið tilkynnt á lögformlegan hátt að taki að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja hér á landi.

Öll vátryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi skulu taka þátt í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar skv. 94. gr. a og upplýsingamiðstöðvar skv. 94. gr. b. Dómsmálaráðherra getur kveðið nánar á um slíka þátttöku í reglugerð.

Öll vátryggingafélög sem hyggjast taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi skulu auk þessa tilkynna það Umferðarstofu.

2. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. 92. gr. laganna, sbr. lög nr. 32 8. apríl 1998, kemur: 5. mgr.

3. gr.

Við 93. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Nú er ökutæki ekki vátryggt skv. 2. og 3. mgr. og ber þá ríkissjóður ábyrgð með sama hætti og vátryggingafélag sem tekið hefur að sér vátryggingu skv. 91. og 92. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu bóta vegna tjóna er ökutæki, sem undanþegin eru vátryggingarskyldu skv. 2. og 3. mgr., valda erlendis.

4. gr.

1. mgr. 94. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um framkvæmd vátryggingarskyldunnar, þar á meðal um skyldu vátryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja.

5. gr.

Á eftir 94. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 94. gr. a og 94. gr. b, er orðast svo:

a. (94. gr. a.)

Tjónsuppgjörsmiðstöð.

Dómsmálaráðherra skal viðurkenna tjónsuppgjörsmiðstöð sem greitt getur bætur vegna tjóns af völdum vélknúins ökutækis, ef

a. tjónþoli er búsettur hér á landi,
b. ökutækið er vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki, eða ef ökutækið er óþekkt, eða ef ekki er unnt að hafa upp á vátryggingafélagi því sem vátryggði ökutækið, og
c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Tjónsuppgjörsmiðstöð á enn fremur að geta greitt bætur vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem vátryggð eru hér á landi, ef

a. tjónþoli er búsettur í öðru EES- eða EFTA-ríki,
b. ökutækið er að jafnaði staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, og
c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsmiðstöð og um starfsemi hennar. Hann getur enn fremur sett nánari reglur um meðferð bótakrafna hjá vátryggingafélögum og tjónsuppgjörsfulltrúum vátryggingafélaga skv. 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.

b. (94. gr. b.)

Upplýsingamiðstöð.

Dómsmálaráðherra skal viðurkenna upplýsingamiðstöð til að aðstoða við öflun upplýsinga um vélknúið ökutæki sem valdið hefur tjóni og vátryggingu þess ef tjónþoli er búsettur hérlendis, ökutækið er vátryggt eða að öllu jöfnu staðsett hér, eða tjónið varð hér á landi. Þetta gildir þó því aðeins að

a. tjónþoli sé búsettur í EES- eða EFTA-ríki,
b. ökutækið sé vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í EES- eða EFTA-ríki,
c. tjónið hafi orðið í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar og um skyldu vátryggingafélaga og tjónsuppgjörsfulltrúa skv. 3. mgr. 94. gr. a til að láta upplýsingamiðstöð skv. 1. mgr. og upplýsingaskrifstofum í öðrum EES- eða EFTA-ríkjum í té upplýsingar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1184. Frumvarp til laga [567. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal).

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

2. málsl. 198. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1992, fellur brott og ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 200. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 40/1992:

a. Í stað orðanna „6 árum“ í 1. mgr. kemur: 8 árum.
b. Í stað orðanna „10 ára“ í 1. mgr. kemur: 12 ára.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 201. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 40/1992:

a. Í stað orðanna „6 árum“ í 1. mgr. kemur: 8 árum.
b. Í stað orðanna „10 ára“ í 1. mgr. kemur: 12 ára.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 202. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott og ný málsgrein, sem verður 2. mgr., bætist við, svohljóðandi:

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 4 árum.

b. Í stað orðanna „á aldrinum 14–16 ára“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: yngra en 18 ára.

5. gr.

Á eftir 227. gr. laganna kemur ný grein, 227. gr. a, svohljóðandi:

Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða annarri ótilhlýðilegri aðferð.
2. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1185. Nefndarálit [404. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Halldórsdóttur og Sigurð Þráinsson frá umhverfisráðuneyti og Jón Gunnar Ottósson og Ólaf Karl Nielsen frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Umsagnir bárust frá Reyni Bergsveinssyni veiðimanni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Bændasamtökum Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Arnóri Þóri Sigfússyni fuglafræðingi, Umhverfisstofnun, Náttúrustofu Austurlands, Eyþingi, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrustofu Suðurlands og SKOTVÍS.

Í frumvarpinu er lagt til bann við því að selja rjúpur og að það skuli gilda fram til ársins 2008. Er þetta gert til að bregðast við því mati Náttúrufræðistofnunar Íslands að nauðsynlegt sé að vernda rjúpnastofninn þar sem rjúpum hafi fækkað verulega á liðnum áratugum og að stofninn virðist nú vera í sögulegu lágmarki.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að áfram verði heimilt að selja rjúpur og rjúpnaafurðir sem fluttar eru inn til landsins. Nefndin telur að það muni gera það að verkum að afar erfitt verði að fylgja eftir sölubanni á rjúpum. Hugsanlega verður hægt að fylgjast með því að ekki verði seldar aðrar rjúpur en innfluttar í stórmörkuðum en líklegt verður að telja að sala á rjúpum á svörtum markaði verði ekki stöðvuð. Jafnframt kom fram í máli fulltrúa Náttúrufræði-

stofnunar Íslands að sölubann á rjúpum væri lítils virði án innflutningsbanns. Einnig kom fram það mat Náttúrufræðistofnunar að stofninn þoli ekki atvinnuveiðar.

Nefndin leggur til að fallið verði frá því að banna sölu á rjúpum og í stað þess verði leitað annarra leiða til að vernda rjúpnastofninn. Samkvæmt gildandi lögum er rjúpan friðuð en ráðherra er heimilt að aflétta friðun frá 15. október til 22. desember ár hvert. Jafnframt eru í lögum ákvæði sem banna notkun hunda og fjölskota skotvopna við veiðar. Að mati nefndarinnar eru því nauðsynleg ákvæði í lögum til að takmarka veiði. Telur nefndin helst koma til greina að stytta veiðitímabilið en það er umhverfisráðherra heimilt að gera með reglugerð. Af þessum sökum beinir nefndin því til ráðherra að stytta veiðitímabilið. Telur hún að það verði vænlegra til árangurs til að vernda rjúpnastofninn.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi:

BREYTINGU:

2. gr. falli brott.

Kristján Pálsson, Katrín Fjeldsted og Jóhann Ársælsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Gunnar Birgisson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Ásta Möller.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

1186. Nefndarálit [517. mál]

um till. til þál. um reynslulausn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga I. Jónsson frá Dómarafélagi Íslands, Guðjón Magnússon frá lögreglustjóranum í Reykjavík og Þorstein A. Jónsson frá Fangelsismálastofnun ríkisins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar skv. 40.–42. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Kannað verði m.a. hversu algengt er að beita því úrræði, hvernig háttað er eftirliti með því að skilyrði reynslulausnar séu haldin og hversu mörg brot eru framin af einstaklingum á reynslulausn. Jafnframt verði sérstaklega kannað hvort ástæða sé til þess að breyta framkvæmd reynslulausnar á þann veg að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus til reynslu í stað Fangelsismálastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga.

Nefndin telur nauðsynlegt að þessi könnun fari fram jafnframt því sem kannaður verði munur á veitingu reynslulausnar þegar fangi hefur afplánað ⅔ hluta refsitímans skv. 1. mgr.

40. gr. almennra hegningarlaga og þegar liðinn er helmingur refsitímans skv. 2. mgr. 40. gr. laganna.

Þá ræddi nefndin í þessu sambandi þær reglur sem gilda um fullnustu refsingar með samfélagsþjónustu skv. IV. kafla laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988. Skv. 24. gr. laga um fangelsi og fangavist er það Fangelsismálastofnun sem ákveður hvort fangelsisdómur verði fullnustaður með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildi um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi en tekið er fram að sá tími skuli þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir. Það er mat nefndarinnar að eðlilegt sé að sú nefnd sem skipuð verði samkvæmt tillögunni kanni einnig framkvæmd á veitingu samfélagsþjónustu þar sem það úrræði er í eðli sínu refsing. Jafnframt verði m.a. tekið til skoðunar hvort ákvörðun um fullnustu refsingar með samfélagsþjónustu eigi að vera hlutverk Fangelsismálastofnunar eða dómstóla með þeim röksemdum sem fram koma í greinargerð með tillögunni.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
	Ólafur Örn Haraldsson.	

1187. Nefndarálit [598. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97 10. maí 2002.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Kristinsson og Ástu S. Helgadóttur frá félagsmálaráðuneyti. Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Annars vegar er lögð til breyting á orðskýringu í 7. tölul. 3. gr. laganna um búsetuleyfi og hins vegar breyting á 14. gr. laganna til samræmis við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings. Lagt er til að undanþáguákvæði frá kröfu um atvinnuleyfi í lögunum verði gert skýrara. Þá er bætt við ákvæði um heimild til að kveða nánar í reglugerð á um stöðu þeirra útlendinga sem hvorki eru ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið né Sviss.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðrún Ögmundsdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Drífa Hjartardóttir.	Kjartan Ólafsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

1188. Lög [377. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1159 (sbr. þskj. 429).

1189. Lög [347. mál]

um verðbréfaviðskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1160.

1190. Lög [519. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 860.

1191. Lög [520. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 861.

1192. Lög [521. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 864.

1193. Lög [522. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 865.

1194. Lög [518. mál]

um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1161.

1195. Lög [556. mál]

um neytendakaup.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1162.

1196. Lög [547. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 894.

1197. Lög [548. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 895.

1198. Lög [549. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1163.

1199. Lög [601. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 962.

1200. Lög [485. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1164.

1201. Lög [568. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1165.

1202. Lög [461. mál]

um staðla og Staðlaráð Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1167.

1203. Lög [241. mál]

um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1170.

1204. Lög [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 890.

1205. Lög [338. mál]

um meðhöndlun úrgangs.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1173.

1206. Lög [415. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1174.

1207. Lög [360. mál]

um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1175.

1208. Lög [390. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1176.

1209. Lög [392. mál]

um vaktstöð siglinga.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1177.

1210. Lög [539. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 884.

1211. Lög [168. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1178.

1212. Lög [350. mál]

um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1179.

1213. Lög [351. mál]

um fyrirtækjaskrá.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1180.

1214. Lög [353. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (brot í opinberu starfi).

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1181.

1215. Lög [489. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis).

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1183.

1216. Tillaga til þingsályktunar [696. mál]

um kröfulýsingu fjármálaráðherra um þjóðlendur.

Flm.: Kristján Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á fjármálaráðherra að draga nú þegar til baka kröfulýsingu sína um þjóðlendur þar sem kröfurnar ná yfir þinglýst eignarlönd bænda og annarra jarðeigenda. Jafnframt verði kröfurnar færðar úr veðbókum.

Einnig verði bændum og öðrum landeigendum greiddur kostnaður þeirra af hagsmunagæslu í þjóðlendumálum, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga. Þá dragi fjármálaráðherra til baka dómsmál sem áfrýjað var um úrskurð óbyggðanefndar í Árnessýslu.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta var til afgreiðslu í Alþingi árið 1998 var það sagt höfuðmarkmiðið með frumvarpinu að ná utan um skipulag miðhálendis Íslands, þess svæðis sem telst einskis manns land. Eðlilegt þótti að lönd sem ekki teldust eign neins væru sjálfkrafa eign ríkisins. Hvergi í lögunum er að finna heimild til að gera kröfur í þinglýstar eignir manna.

Nefnd sem fjármálaráðherra skipaði gerir nú kröfur í þinglýst eignarlönd. Jafnvel er gerð krafa um lönd sem ríkissjóður hefur þegar afhent í landskiptum, sbr. kröfu í Skeiðarársand. Þegar ríkið keypti Skaftafell var gerður landskiptasamningur þar sem 435 ha. af Skeiðarársandi gengu til fyrri eigenda Skaftafells. Samninginn undirritaði menntamálaráðherra árið 1969. Í kröfugerð nefndar fjármálaráðherra er farið fram á að þetta land, sem landeigendur Skaftafells fengu í landskiptum árið 1969, verði núna gert að þjóðlendu. Þegar þjóðlendur eru færðar þjóðinni er ekki gert ráð fyrir greiðslum til yfirlýstra eigenda samkvæmt mati eða

markaðsvirði. Þessi krafa og fleiri eru líkari því að ríkið ætli sér að yfirtaka þinglýst eignarlönd án tillits til forsögu málsins og þeirra sjálfsögðu réttinda að sé eign manna tekin eignarnámi sé greitt sanngjarnt verð fyrir.

Meðfylgjandi er ályktun búnaðarþings 7. mars 2003 og ályktun bændafundar að Hofgarði í Öræfum 15. febrúar 2003.

Fylgiskjal I.

Ályktun búnaðarþings 2003 í þjóðlendumálum.

(Reykjavík, 7. mars 2003.)

Búnaðarþing 2003 ályktar eftirfarandi um þjóðlendumál:

- Búnaðarþing mótmælir því harðlega að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands skuli hafa áfrýjað úrskurði óbyggðanefndar í Árnessýslu til dómstóla. Ekki verður annað séð en stefnt sé að stórfelldri eignaupptöku á landi sem er í einkaeign. Búnaðarþing mótmælir því harðlega og minnir á ákvæði í 72. gr. stjórnarskrár Íslands um eignarrétt.
- Við ákvörðun þjóðlendumarka verði tekið fullt tillit til þinglýsts eignarréttar. Jafnframt er þess krafist að allar þinglýsingar á vegum fjármálaráðherra, sem fara í bága við eldri þinglýsingar, verði þegar í stað dregnar til baka og afmáðar úr veðbókum.
- Að kröfugerð fjármálaráðherra sem gengur í berhögg við ofangreind grundvallaratriði verði þegar í stað afturkölluð, bæði fyrir óbyggðanefnd og dómstólum.
- Að staðið verði við þau fyrirheit að ríkissjóður greiði allan kostnað landeigenda fyrir óbyggðanefnd og dómstólum.
- Óbyggðanefnd verði gert skylt að leita sátta með málsaðilum á hverju því landsvæði sem tekið er fyrir áður en mál eru tekin til úrskurðar.
- Óbyggðanefnd leggi fram á árinu 2003 áætlun um hvaða landsvæði hún hyggist taka til úrskurðar og í hvaða röð.
- Ef ekki fæst ásættanleg niðurstaða fyrir íslenskum dómstólum verði farið með málið fyrir mannréttindadómstólinn í Strassborg.

Fylgiskjal II.

Ályktun fundar bænda um þjóðlendumál sem haldinn var að Hofgarði í Öræfum 15. febrúar 2003.

Fundurinn skorar á alþingismenn að leggja þegar í stað fram breytingarfrumvarp á þjóðlendulögunum og samþykkja frumvarpið sem lög á yfirstandandi þingi. Í breytingarfrumvarpinu verði lögð áhersla á eftirfarandi atriði.

1. Við ákvörðun þjóðlendumarka verði tekið fullt tillit til þinglýstra eignarheimilda og allar þinglýsingar á vegum fjármálaráðherra sem fara í bága við eldri þinglýsingar verði þegar í stað afmáðar úr veðbókum.
2. Að sérstökum tölulið verði bætt inn í 7. gr. þjóðlendulaga, sem fjallar um hlutverk óbyggðanefndar, að nefndin skuli við upphaf hvers máls leita sátta með málsaðilum og leggja fram sjálfstæða sáttatillögu áður en mál eru tekin til úrskurðar.

3. Að kröfugerð fjármálaráðherra sem fer í bága við ofangreind grundvallaratriði verði þegar í stað dregin til baka bæði fyrir óbyggðanefnd og dómstólum.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga frá Reyni Ragnarssyni:

Fundurinn láti athuga möguleika á að kæra fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins fyrir kröfugerð í þjóðlendumálum fyrir óbyggðanefnd og dómstólum þar sem þær eiga sér enga stoð í þjóðlendulögunum.

Samþykkt samhljóða.

1217. Lög [567. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal).

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 1184.

1218. Fyrirspurn [697. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldtöku fyrir löggæslu á úti-, menningar- og byggðahátíðum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hafa reglur um gjaldtöku fyrir löggæslu á úti-, menningar- og byggðahátíðum verið endurskoðaðar og ef svo er, hvaða fyrirkomulag verður þá á þeim málum á komandi sumri?
2. Eru einhverjir fjármunir til ráðstöfunar hjá ráðuneytinu til að jafna kostnað við slíka löggæslu?
3. Stendur til að endurskoða reglur eða setja reglugerð um úti-, menningar- og byggðahátíðahald?

1219. Fyrirspurn [698. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands?
2. Hver er taxtinn á kílómetragjaldi vegna aksturs?
3. Hvernig er ákvörðunartöku háttað um þann taxta?
4. Hefur ráðherra íhugað endurskoðun á þeim taxta?
5. Hvernig er greitt fyrir dvalarkostnað?
6. Er í einhverjum tilfellum greitt fyrir vinnutap foreldra og fylgdarmanna barna?
7. Að hve miklu marki greiða vinnuveitendur og sjúkrasjóðir fyrir vinnutap foreldra vegna ferða þeirra með börn sín til þess að leita sérfræðiþjónustu eða til sjúkrahúsvistar?
8. Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á reglum um ferðakostnað og vinnutap foreldra með það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu?

Skriflegt svar óskast.

1220. Fyrirspurn [699. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um hjálpartæki fatlaðra.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um úthlutun hjálpartækja til fatlaðra?
2. Er sveigjanleiki í þeim reglum til að bregðast við sérstökum einstaklingsþörfum?
3. Hversu strangt mat þurfa fatlaðir að ganga í gegnum við endurnýjun hjálpartækja?
4. Hvernig er ákvörðunartöku háttað um ný hjálpartæki sem auka færni til sjálfsbjargar?
5. Hversu löng bið er eftir afgreiðslu og endurnýjun hjálpartækja?
6. Sjá einkaaðilar um einhverja þætti þjónustu í tengslum við hjálpartæki fatlaðra?
7. Eru áform um að bæta gagnagrunn Tryggingastofnunar ríkisins þannig að fatlaðir þurfi ekki í sífellu að endurnýja upplýsingar sem þegar liggja fyrir í stofnuninni?
8. Mun ráðherra beita sér fyrir bættri og skeleggari þjónustu við þá fatlaða sem nýta sér hjálpartæki til að auka færni sína til sjálfsbjargar?

Skriflegt svar óskast.

1221. Nefndarálit [469. mál]

um till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn er fylgjandi þeirri stefnu að samgöngumál séu skipulögð sem samstæð heild í stað þeirrar tilhögunar sem áður var að líta á hvern hinna þriggja þátta samgangna sem afmarkaðar stærðir, skipulagslega og hagrænt. Þá er og fagnaðarefni að auknu fjármagni sé varið til þessa málaflokks á næstu 18 mánuðum og sérstaklega til vegaframkvæmda á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Það ætti að vera forgangsverkefni að góður vegur með bundnu slitlagi komi um allar byggðir landsins.

Minni hlutinn tekur undir flestar áherslur og breytingartillögur meiri hlutans og vísar til nefndarálits meiri hlutans hvað varðar tölur og sundurgreiningu fjármagns á einstök verk og verkþætti.

Í þingsályktunartillögunum fyrir fjögurra ára og 12 ára samgönguáætlun er fjallað um „markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna“ og „meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði“:

a. Leitað leiða til þess að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.
b. Rekstur samgangna í lofti, á sjó og á landi, sem ríkið kemur að, boðinn út til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi.
c. Stefnt að sanngjarnri og skilvirkri gjaldtöku fyrir afnot af samgöngukerfinu.

Í umsögn Byggðastofnunar um þessi atriði segir svo: „Byggðastofnun leggur áherslu á að umrædd gjaldtaka vinni ekki gegn áðurnefndum byggðamarkmiðum, en stuðli að jafnræði óháðu búsetu. Þótt stefnt sé að markaðslausnum er ekki þar með sagt að beinar fjárhagslegar forsendur eigi þar að vera eini mælikvarðinn. Þar getur bæði þurft að taka til greina það sem á hagfræðimáli er nefnt almannahagsmunir (public interest) og ómælanlegir hagsmunir (intangibles), en báðir þessir þættir liggja til grundvallar áðurnefndum byggðamarkmiðum og byggjast á góðu og notendavænu samgöngukerfi. Þessa þætti er erfitt að verðleggja eða reikna ávinning af þeim í peningum, og það er einungis á færi hins opinbera að gæta þessara hagsmuna. Mikilvægt er því að huga að þeim við hagkvæmnimat og gjaldtöku samgöngukerfisins.“ Tekið er heilshugar undir þessi varnaðarorð.

Grunnnet samgöngukerfisins skal ná til allra byggðakjarna með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri og til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga til og frá landinu. Nokkur byggðahverfi eru þó ekki tengd grunnneti samgangna, svo sem flugvellirnir á Gjögri og Vopnafirði en þangað er reglubundið áætlunarflug. Enn fremur er vegurinn norður Strandir í Árneshrepp ekki hluti grunnnetsins.

Umferðaröryggismál.

Varðandi fjármagn til einstakra framkvæmdaþátta telur minni hlutinn að verja hefði átt hærri hlut til öryggismála, svo sem breikkun einbreiðra brúa, og til að lagfæra sérstaka slysastaði eða svokallaða svarta bletti í vegakerfinu. Í því sambandi skal bent á að Alþingi hefur samþykkt sérstaka umferðaröryggisáætlun og gert ráð fyrir að sérstakur fjárlagaliður verði merktur henni. Umferðaröryggisáætluninni er hvergi gerð skil í fjármögnun samgönguáætlunarinnar.

Sjálfbær þróun og Staðardagskrá 21.

Íslendingar hafa skuldbundið sig til að fylgja sjálfbærri þróun í samgöngum og hafa gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar í þeim efnum og takmörkun á mengun frá samgöngum. Að mati minni hlutans skortir mikið á að þeim markmiðum sé fylgt. Má þar benda á áherslur sem settar eru í Staðradagskrá 21. Þar er m.a hvatt til aukinna almenningssamgangna og bætt skilyrði fyrir umferð reiðhjóla og gangandi fólks. Þessa sést hvergi stað í samgönguáætluninni.

Safn- og tengivegir.

Framlög til safn- og tengivega, svokallaðra sveitavega, svo og styrkvega og ferðamannaleiða njóta ekki þess átaks sem annars er gert í vegmálum. Er það miður því að þörfin fyrir þessar vegabætur er afar brýn fyrir atvinnulíf og búsetu um hinar dreifðu byggðir.

Almenningssamgöngur.

Hlutur almenningssamgangna er afar rýr. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig á að ná því markmiði að reglubundnar almenningssamgöngur skulu ná til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri. Í markmiðunum er tekið fram að ferðatími skuli ekki vera meiri en um 3½ klukkustund með bíl eða flugi til höfuðborgarsvæðisins, en ekkert er kveðið á um tíðni ferða sem hlýtur þó að skipta öllu máli fyrir þjónustustigið.

Tekið er undir umsögn Reykjavíkurborgar þar sem segir: „Mörkuð er stefna um að ríkið styðji frekar við almenningssamgöngur í þéttbýli en nú er og lagt til að teknar verði upp viðræður ríkis og sveitarfélaga í þessu sambandi. Þessari stefnumörkun er fagnað og er Reykjavíkurborg reiðubúin að hefja viðræður um þessa hluti. Í umfjöllun um almenningssamgöngur er þó ekki fjallað um annað en ferjur og flóabáta, áætlunarflug og sérleyfi á landi. Er löngu tímabært að ríkisvaldið komi myndarlega að uppbyggingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að stórauka hlut þeirra og ráðstafi jafnframt fjármagni til þeirra í stað þess að beina því nær undantekningarlaust að hefðbundnum gatnagerðarframkvæmdum.“

Engin stefnumörkun liggur fyrir í almenningssamgöngum innan einstakra bæjarfélaga og byggðahverfa í landinu.

Skiptar skoðanir.

Skiptar skoðanir eru um réttlæti í úthlutun fjár til einstakra bæjarfélaga og landshluta. Vakin er athygli á athugasemd frá Akureyrarbæ um að ekki sé „gert ráð fyrir neinum fjármunum í lagningu og/eða endurbætur umferðarmannvirkja (þjóðvegir og tengd mannvirki) á Akureyri næstu 12 ár. Til samanburðar þá er gert ráð fyrir í fyrirliggjandi áætlun að 21 milljarður kr. fari til sambærilegra verkefna á höfuðborgarsvæðinu.“

Samgöngur á sjó.

Hvað varðar hlut hafnanna í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir lækkun á framlagi ríkisins til hafnamála á síðari hluta tímabilsins. Hafnasamband sveitarfélaga bendir á að „sú mikla lækkun sem gert er ráð fyrir milli fyrsta fjögurra ára tímabilsins annars vegar og þriðja tímabilsins hins vegar sé órökstudd og mundi hafa í för með sér afar alvarlegar afleiðingar fyrir fjölmargar hafnir og byggðarlög vítt og breitt um landið.“

Siglingar meðfram ströndum landsins verða alveg útundan í samgönguáætlun, sbr. umsögn Félags íslenskra skipstjórnarmanna.

Fyrir þinginu liggur tillaga um strandsiglingar sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja og kveður á um að gerð verði „úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land séu öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og öðru sem máli skiptir.“ Brýnt er að sú tillaga nái fram að ganga á þessu þingi.

Lokaorð.

Afar lítill tími gafst til þess innan samgöngunefndar að fjalla um tillöguna, stefnumörkun hennar og áherslur, forgangsröðun og fjárveitingar til einstakra þátta samgangna. Góðar samgöngur eru forsenda samkeppnishæfs atvinnulífs og búsetu vítt og breitt um landið.

Minni hlutinn getur stutt flest verkefni áætlunarinnar og fjárveitingar sem lagðar eru til þeirra en hefði viljað sjá aðrar áherslur í samræmi við það sem rakið er hér að framan í nefndarálitinu.

Alþingi, 11. mars 2003.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Hafnasambands sveitarfélaga um tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. (Reykjavík 25. febrúar 2003.)

II. Umsögn Félags íslenskra skipstjórnarmanna um tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. (Reykjavík 20. febrúar 2003.)

1222. Breytingartillaga [469. mál]

við brtt. á þskj. 1144 [Samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014].

Frá minni hluta samgöngunefndar (JB).

Við 2. kafla, Grunnnet. Við upptalningu flugvalla í grunnneti bætist tveir flugvellir: Gjögur; Vopnafjörður.

1223. Tillaga til þingsályktunar [700. mál]

um stefnumótun um markaðssetningu, framleiðslu og neyslu lífrænna afurða.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að gera úttekt á markaðsstöðu lífrænnar framleiðslu hér á landi og kostum hennar fyrir neytendur, byggðaþróun og útflutningsmöguleika.

Starfshópurinn setji fram tillögur um opinberar ráðstafanir sem gera þarf til þess að Ísland fái hagnýtt einstætt náttúrulegt forskot sitt til sóknar á ört vaxandi alþjóðamarkaði vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu og komist í flokk með helstu viðskipta- og nágrannaþjóðum á því sviði.

Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum ráðuneyta viðskipta-, umhverfis- og landbúnaðarmála, Neytendasamtakanna, VOR – landssamtaka bænda í lífrænum búskap, fagaðila á sviðum eftirlits og vottunar, Samtaka iðnaðarins, Útflutningsráðs Íslands, Verslunarráðs Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfshópurinn skili fyrsta áliti innan sex mánaða og ljúki störfum innan eins árs.

Greinargerð.

1. Hvað er lífræn framleiðsla?

Þjóðir heims taka í ört vaxandi mæli upp sjálfbærar aðferðir við framleiðslu á vörum og þjónustu. Vísindaleg stjórnun fiskveiða, þróun vistvænnar orkuframleiðslu og umhverfisvottuð ferðaþjónusta eru nokkur dæmi um hvernig atvinnulíf lagar sig að kröfum um sjálfbæra þróun. Stjórnvöld og almenningur víða um heim hafa lagst á sveif með þessari framvindu í fullvissu þess að hún skili bættum hag, betra umhverfi og auknu öryggi og heilbrigði borgaranna.

Vöxtur lífrænnar framleiðslu er e.t.v. skýrasta dæmið um sjálfbæra þróun í atvinnulífi undanfarinna áratuga. Lífrænar aðferðir eru skilgreindar í fjölþjóðlegum stöðlum og reglugerðum en þær byggjast á því að við framleiðsluna er fylgt ströngustu kröfum um verndun lífríkis. Þeim má beita við söfnun, ræktun og úrvinnslu hráefna til framleiðslu á matvælum (þ.m.t. matreiðslu), áburði og fóðurvöru, lyfjum og fæðubótarefnum, snyrtivöru, vefnaðarvöru, og öðrum iðnaðar- og neysluvörum úr náttúrulegum efnum. Þá býr lífræn framleiðsla við þá sérstöðu að allur ferill framleiðslunnar, allt frá söfnun og ræktun hráefna til úrvinnslu og pökkunar, er undir reglubundnu eftirliti faggiltrar vottunarstofu.

2. Hverjir eru kostir lífrænnar framleiðslu?

Lífræn framleiðsla hefur marga kosti fyrir neytendur. Á undanförnum árum hafa komið fram stórmerkar upplýsingar byggðar á vísindalegum rannsóknum sem benda til þess að lífrænar aðferðir hafi mikil og jákvæð heilsufarsleg áhrif. Þær benda og til þess að lífrænar afurðir séu auðugri af mikilvægum næringarefnum en sambærilegar afurðir framleiddar með hefðbundnum efna- og erfðatækniaðferðum og jafnvel að neysla þeirra hafi bein áhrif á heilsufar manna og dýra, þar á meðal á almennan vöxt og þroska, frjósemi, sjúkdómslíkur og á batahorfur. Þá auka lífrænar aðferðir á öryggi afurða gagnvart neytendum. Þetta er einkum rakið til þess að lífrænar afurðir eru framleiddar án skordýra- og sveppaeiturs, erfðabreyttra efna, hormóna og sýklalyfja. Sérstakrar varúðar er krafist við meðferð og val á lífrænum úrgangi til áburðar, t.d. gerjun búfjáráburðar og safnhaugagerð, og dregur það stór-

lega úr líkum á sýkingum og matareitrun. Þar sem notkun tilbúins áburðar er bönnuð í lífrænni framleiðslu ber mun minna á skaðlegum nítrötum í lífrænum afurðum en í sambærilegum hefðbundnum afurðum. Ekki hefur svo vitað sé orðið vart riðu í nautgripum sem ræktaðir eru og aldir með lífrænum aðferðum. Þá er vert að hafa í huga að meðan hefðbundin matvælaiðja leyfir notkun meira en 500 tegunda aukefna (samheiti fyrir ýmis íblöndunarefni) eru aðeins um 30 aukefni leyfð í vinnslu lífrænna afurða. Til dæmis eru öll efni sem vitað er að tengst hafi ofnæmi, verkjum, astma, vaxtarröskun, ofvirkni, gigt og hjartatruflunum bönnuð við úrvinnslu lífrænna afurða.

Lífræn framleiðsla getur haft margháttuð jákvæð áhrif á efnahagslega og félagslega þróun á landsbyggðinni. Hún skapar ný atvinnutækifæri og eykur verðmætasköpun til markaðssetningar á innlendum og erlendum gæðamörkuðum. Með lífrænum aðferðum er dregið úr ýmsum óbeinum útgjöldum, t.d. vegna landhreinsunar, sorpeyðingar og áburðarnotkunar. Þá hafa „lífræn héruð" ótvírætt aðdráttarafl fyrir ferðafólk og jafnvel fyrir fjárfesta og mögulega íbúa, vegna bættrar ímyndar svæðanna og aukinnar ásóknar í hrein og ómenguð matvæli. Auk þess hafa lífrænar aðferðir jákvæð áhrif á lífríkið og náttúruna, stuðla að hreinna starfsumhverfi og auka almenn lífsgæði þegnanna. Ýmsar aðrar þjóðir hafa komið auga á þessa möguleika og hagnýtt þá til varnar dreifðum byggðum.

Þótt Íslendingar státi af tiltölulega hreinu og ómenguðu umhverfi sem auðveldar þeim markaðssetningu afurða á erlendum vettvangi mun það eitt og sér ekki duga til þess að standast samkeppni frá ört vaxandi lífrænni framleiðslu annarra þjóða þar sem vottun samkvæmt ströngum alþjóðlegum kröfum ræður úrslitum. Takist okkur hins vegar að framleiða útflutningsafurðir okkar með lífrænum aðferðum kann það að skipta sköpum fyrir samkeppnisstöðu okkar á erlendum mörkuðum.

Þörungaverksmiðjan á Reykhólum er áhrifamikið dæmi um hvernig unnt er að efla íslenska útflutningsframleiðslu með því að taka upp lífrænar aðferðir. Verksmiðjan framleiðir mjöl úr sjávargróðri Breiðafjarðar sem hagnýtt er víða í Norður-Ameríku og Evrópu til áburðar, fóðurgerðar og margvíslegrar framleiðslu í matvælaiðnaði, lyfjaiðnaði og snyrtivöruiðnaði. Í viðtali við framkvæmdastjóra fyrirtækisins fyrir nokkru kom fram að lífræna vottunin hafi styrkt stöðu þess í samkeppni á erlendum mörkuðum og að hún hafi nánast undantekningarlaust aukið áhuga á viðskiptum.

3. Hver er staða lífrænnar framleiðslu hér á landi?

Eftirspurn eftir lífrænum afurðum á íslenskum markaði hefur aukist á undanförnum árum þrátt fyrir takmarkaða kynningu. Eftirspurn er í flestum tilvikum svo mikil að innlend framleiðsla dugar hvergi nærri til að mæta henni. Henni hefur að einhverju leyti verið svarað með því að nokkrir aðilar flytja nú inn árið um kring ferska ávexti, grænmeti og sífellt meira úrval af unnum vörum. Þeim Íslendingum fjölgar stöðugt sem gera sér grein fyrir að hreinleiki og fegurð fósturjarðarinnar er ekki næg trygging fyrir gæðum matvæla sem hér eru framleidd. Margir sem dvalist hafa erlendis hafa fengið mikla og góða reynslu af daglegri neyslu lífrænna afurða og æ fleiri erlendir ferðamenn sem hingað koma til að sjá hið hreina og fagra land okkar búast eðlilega við því að fá hér gnægð af lífrænt framleiddum matvælum líkt og þeir eiga kost á í heimalöndum sínum. Það má því búast við að eftirspurn eftir lífrænum afurðum muni aukast á komandi árum, líkt og gerist í öðrum löndum í kringum okkur, en það mun þó fyrst og fremst ráðast af því hvort íslenskir neytendur og framleiðendur verða upplýstir jafnvel og aðrar þjóðir um kosti lífrænnar framleiðslu og lífrænna aðferða.

Hvað framleiðslu lífrænna afurða snertir standa Íslendingar langt að baki nær öllum viðskiptaþjóðum sínum, einkum öðrum Norðurlöndum og löndum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um magn afurða og hlutdeild þeirra á markaðnum, en ljóst má vera að framboð innlendra afurða er enn mjög lítið, bæði hvað varðar magn, tegundir og árstíma. Samkvæmt upplýsingum frá vottunarstofunni Túni, sem annast hefur vottun lífrænna afurða frá árinu 1996, er vel innan við hálft prósent nytjalands á Íslandi vottað, þetta hlutfall er sexfalt hærra í Noregi og stefnir raunar í 10% innan fárra ára. Í Danmörku og Finnlandi er hlutfallið nú um 7% og í Svíþjóð 12%. Einungis um 30 bændur og 10 fyrirtæki hafa nú vottun til lífrænnar framleiðslu hér á landi. Þeir framleiða flestar algengustu tegundir íslenskra búvara, þ.e. grænmeti, brauð og kornvöru, mjólk og lambakjöt, svo og þaramjöl og nokkrar heilsu- og snyrtivörur. Það sem hér hefur þó verið gert má meðal annars þakka fordæmi nokkurra dugandi framleiðenda og kynningarstarfi vottunarstofunnar Túns. Í mörgum Evrópuríkjum er nú unnið eftir skipulegum áætlunum sem miða að því að stórauka lífræna framleiðslu á næstu 5–10 árum, en engin slík áætlun er hér á landi.

Stoðkerfi lífrænnar framleiðslu er enn á frumstigi og ekki ofsagt að það sé að mestu óþróað. Segja má að eini fullmótaði hlekkur þess sé vottunar- og eftirlitskerfi sem Tún hefur byggt upp í samræmi við alþjóðlega staðla og reglugerðir, ásamt landbúnaðarráðuneyti, Löggildingarstofu og fleiri aðilum. Rannsóknir og þróunarstarf varðandi hagnýtingu lífrænna aðferða við íslenskar aðstæður hafa hins vegar ekki náð fótfestu, og er brýnt að úr því verði bætt, en benda má á að samtök framleiðenda og fleiri lögðu fyrir nokkrum árum fram áætlun um forgangsverkefni á þessu sviði. Menntastofnanir atvinnulífsins hafa að mestu horft fram hjá þessari mikilvægu nýsköpunarstefnu í námskrám sínum, þótt einstaka skólar hafi boðið upp á námskeið þar sem fjallað er um lífrænar aðferðir. Hið sama má segja um leiðbeiningarþjónustu helstu atvinnugreinanna þar sem það er að mestu komið undir áhuga einstakra ráðgjafa hvort framleiðendur eiga völ á aðstoð. Þá hefur skort á að ýmis þróunar- og umhverfisverkefni sem sinnt er hér á landi hafi beitt sér fyrir því að lífrænar aðferðir verði teknar upp í framleiðslu eða sem liður í umhverfisstefnu sem þó liggur beint við.

Ýmsir aðilar hafa þó sýnt lífrænni framleiðslu áhuga í störfum sínum og stefnu og á sinn hátt myndað óformlegt stoðkerfi um lífræna nýsköpun. Má þar meðal annarra nefna Neytendasamtökin, MATVÍS, sem eru hagsmunasamtök matvælagreinanna, náttúrulækningahreyfinguna, Staðardagskrá 21, Verslunarráð Íslands, auk ýmissa fyrirtækja og stofnana sem lagt hafa málinu lið beint og óbeint hætti. Stuðningur þessara aðila ber vott um að þeir telji lífræna framleiðslu hafa mikið gildi fyrir neytendur, byggðaþróun og samkeppnisstöðu Íslands.

Í flestum ríkjum Vestur-Evrópu er stutt myndarlega við bakið á lífrænni framleiðslu. Auk þess að veita frumframleiðendum styrki til aðlögunar að kröfum styðja stjórnvöld jöfnum höndum við öflugt kynningar- og markaðsstarf. Það skilar sér í auknum áhuga almennings og aukinni eftirspurn eftir lífrænt framleiddum afurðum. Þannig hafa skapast miklir möguleikar til framleiðslu og markaðssetningar, og ekki síst til útflutnings á lífrænum gæðavörum, en mörg Evrópulönd þurfa að flytja inn mikið magn lífrænna afurða til þess að mæta eftirspurn. Má sem dæmi nefna að 65–70% lífrænna afurða sem seldar eru á breskum markaði eru innfluttar þrátt fyrir stöðuga og mikla aukningu heimaframleiðslu. Það hlýtur að teljast mikilvægt fyrir Íslendinga að hagnýta sér þau tækifæri sem felast í þessari þróun með því að verða virkir þátttakendur í henni.

4. Stefnumótunar hins opinbera er þörf.

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd og í framhaldi af því tekið þátt í mótun stefnu um sjálfbæra þróun þar sem m.a. er kveðið á um að efla skuli sjálfbæra og lífræna framleiðslu. Nýlega ályktuðu norrænir matvælaráðherrar um það mál.

Sem aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði hafa Íslendingar tekist á hendur skuldbindingar um að vinna samkvæmt evrópskum stöðlum um lífræna framleiðslu. Í ljósi þess að ESB og stjórnvöld einstakra aðildarríkja EES vinna að eða hafa þegar mótað stefnu um eflingu lífrænnar framleiðslu er ekki óeðlilegt að ætla íslenskum stjórnvöldum að hefjast einnig handa.

Lífræn framleiðsla snertir mörg svið þjóðlífsins. Hún tengist náið margvíslegum land- og sjávarnytjum, iðnaði, neytendavernd, heilbrigðismálum, byggðaþróun, verslun og utanríkisviðskiptum. Í ljósi þess að Íslendingar eru nú þegar orðnir langt á eftir flestum grannþjóðum sínum á þessu sviði er tímabært að stjórnvöld stuðli að því að kortleggja þá fjölþættu möguleika sem lífræn framleiðsla býður íslenskum neytendum og framleiðendum og hvernig hið opinbera geti stutt við þá þróun.

1224. Svar [514. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um styrki til vísindarannsókna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu miklu fé varði hið opinbera árlega í styrki til vísindarannsókna árin 1996–2002?*
2. *Hversu hátt hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu eru styrkirnir?*
3. *Hvernig skiptast styrkirnir milli verkefnasviða?*
4. *Hvernig standa Íslendingar í þessum efnum í samanburði við nágrannaþjóðir?*

Ráðuneytið lítur svo á að fyrispyrjandi eigi við upplýsingar um heildarframlög hins opinbera til rannsókna og þróunarstarfsemi árin 1996–2002. Sem svar er hér birt yfirlit yfir heildarframlög hins opinbera 1996–2002 samkvæmt ríkisreikningi og fjárlögum fyrir árið 2002 og er taflan svar við 1. og 3. lið fyrirspurnarinnar.

Framlög hins opinbera til rannsókna og þróunar í ríkisreikningum, fjárlögum og frumvarpi frá 1996–2002 í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

Markmið	Reikningsár 1996	Reikningsár 1997	Reikningsár 1998	Reikningsár 1999	Reikningsár 2000	Reikningsár 2001	Fjárlög 2002
Umhverfi og mengunarvarnir	15,2	12,4	18,6	16,8	20,0	27,4	26,0
Orkuframleiðsla og -dreifing	88,5	101,6	108,2	94,6	123,7	116,2	133,8
Samgöngumál og fjarskipti	56,7	55,0	52,6	105,9	78,6	135,0	210,5
Raunvísindi	138,3	142,5	166,7	170,6	187,0	189,9	190,8
Landbúnaður	247,4	209,4	280,2	272,6	283,3	319,5	308,3
Iðnaður almennt	139,3	174,3	168,8	395,0	401,5	429,8	588,7
Heilbrigðismál	236,6	249,8	304,6	704,3	747,3	845,9	814,1
Menningar-, skipulagsmál o.fl.	452,2	509,7	617,1	764,5	746,0	885,8	989,1
Almenn þróun vísinda	469,4	490,4	971,1	743,8	718,7	850,3	1.146,3
Fiskveiðar	633,5	679,8	801,9	923,9	872,3	1.018,3	1.241,2
Skóla- og kennslumál	954,9	1.062,4	1.584,0	1.773,7	1.847,8	2.058,0	1.934,0
Samtals	**3.432,0**	**3.687,3**	**5.073,9**	**5.965,6**	**6.026,2**	**6.876,1**	**7.582,7**

Samkvæmt þessu voru framlög hins opinbera rúmlega 7,5 milljarðar króna á árinu 2002. Heildarframlög Íslendinga til rannsókna og þróunar árið 2001 námu um 3% af vergri landsframleiðslu (VLF). Í þeirri tölu eru framlög hins opinbera, framlög atvinnulífs og erlent styrkfé. Samkvæmt könnunum OECD, sem gerðar eru annað hvert ár, eru aðeins tvö OECD-lönd með hærri framlög. Það eru Svíþjóð og Finnland.

Í 2. og 4. lið fyrirspurnarinnar er spurt um hlutfall framlaga hins opinbera af VLF og beðið um samanburð við nágrannaþjóðirnar árin 1996–2002. Í meðfylgjandi mynd eru upplýsingar um hlut hins opinbera í heildarfjármögnun rannsókna og þróunar árin 1995–2000 sem hlutfall af VLF. Árið 2001 var hlutur hins opinbera sem varið er til rannsókna og þróunar 1,06% af VLF. Ekki eru til sambærilegar upplýsingar fyrir árið 2002 enn sem komið er. Á myndinni kemur fram að hlutur hins opinbera er hæstur hér á landi í samanburði við önnur norræn ríki.



1225. Svar [623. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um mengun frá álverum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað sparast mikil*
   a. *CO_2-mengun,*
   b. *önnur mengun*

   við að framleiða ál með orku frá Kárahnjúkavirkjun í stað orku frá kolakyntu raforkuveri? Hver er sparnaðurinn í hlutfalli við heildarmengun þessara efna á landinu?

2. *Er verið að reisa álver í heiminum sem nota raforku sem framleidd er með kolum? Ef svo er, hvar og af hvaða stærð? Hvaða áhrif mun það hafa á hitnun jarðar?*

Samdráttur í losun koltvíoxíðs.

Ef framleiða ætti þær 4.700 gígavattstundir sem fyrirhugað álver í Reyðarfirði mun fá frá Kárahnjúkavirkjun með kolakyntu raforkuveri mundi losun koltvíoxíðs sem af því leiddi nema um 4,8 millj. tonna koltvíoxíðs á ári, miðað við meðallosun frá kolaverum í Bandaríkjunum á hverja orkueiningu en þessi losun er breytileg eftir því hvernig kol eru notuð við framleiðsluna. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi er rétt innan við 3 millj. tonna þannig að þessi losun samsvarar 160% af heildarlosun frá Íslandi.

Mengun.

Bruni kola leiðir einnig til losunar mengunarefna á borð við brennisteinsdíoxíð, níturoxíð og kvikasilfur. Erfitt er að meta hver losun brennisteinsdíoxíðs út í andrúmsloftið yrði frá slíku kolaveri þar sem mjög hefur færst í vöxt að fjarlægja það úr útblæstri kolavera. Myndun brennisteinsdíoxíðs við bruna kolanna sem þyrfti til nemur hins vegar 27 þús. tonna eða 77% af heildarlosun frá Íslandi. Kvikasilfur er sérstakt áhyggjuefni varðandi notkun kola til orkuframleiðslu en tveir þriðju af öllu því kvikasilfri sem berst út í andrúmsloftið kemur frá kolabrennslu. Kvikasilfur berst síðan langar leiðir og getur m.a. komist inn í lífkeðjuna á norðurslóðum og valdið það skaða.

Ný álver sem nota orku frá kolaverum.

Álver sem knúin eru raforku sem kemur frá brennslu kola eru víða í byggingu og er það áhyggjuefni. Þegar staðan í þessum málum var könnuð fyrir íslensk stjórnvöld 1998 kom í ljós að þeirri 8% framleiðsluaukningu á áli sem þá hafði orðið frá 1990 hafði að mestu leyti, eða 88% hennar, verið mætt með jarðefnaeldsneyti og þar var hlutur kola mestur. Árið 2001 var svo komið að hlutfall vatnsafls í álframleiðslu í heiminum fór í fyrsta sinn undir 50%. Hlutfall kola hafði aukist að sama skapi og var komið í tæp 36% en var 31% árið 1997.

Umhverfisráðuneytið hefur ekki undir höndum nákvæmar upplýsingar um einstök verkefni í þessu sambandi en hefur fengið fregnir af álverum í byggingu í Mósambík, Suður-Afríku, Ástralíu og Kína sem öll fá orku sína að mestu frá kolakyntum orkuverum og hafa samanlagða framleiðslugetu á aðra milljón tonna á ári.

Áhrif á hlýnun jarðar.

Þessari spurningu verður ekki svarað afdráttarlaust. Hins vegar er ljóst að notkun kola til raforkuframleiðslu er ein af mikilvægustu ástæðum þeirrar aukningar sem þegar hefur átt sér stað í styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Um 38% af rafmagnsframleiðslu í heiminum er enn sem komið er knúin af kolum, olía og gas standa undir 25% og kjarnorka 17%. Úr vatnsafli koma 18% af heimsframleiðslu af rafmagni og 2% frá öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem jarðhita, vindorku og sólarorku. Því er ljóst að auka þarf notkun endurnýjanlegrar orku til framleiðslu á áli. Það er mikilvæg aðgerð til að draga úr aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda og þar með til að draga úr veðurfarsbreytingum af manna völdum.

1226. Skýrsla [701. mál]

félagsmálaráðherra um framkvæmd verkefnis um reynslusveitarfélög.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Í 6. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, með síðari breytingum, segir að félagsmálaráðherra skuli hlutast til um að lagðar verði fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins. Hér á eftir fer lokaskýrsla verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga. Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd og framvindu verkefnis reynslusveitarfélaga á árunum 1999–2001 en verkefninu lauk formlega í árslok 2001.

Skýrsla verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins árin 1999–2001.

Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga hefur samkvæmt lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, haft yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins um reynslusveitarfélög. Samkvæmt 3. gr. laganna var það hlutverk verkefnisstjórnar að leiðbeina og aðstoða reynslusveitarfélög við undirbúning tilrauna og að vera tengiliður þeirra við einstök ráðuneyti, auk þess að veita viðkomandi ráðuneytum umsagnir um óskir reynslusveitarfélaga.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framkvæmd og framvindu verkefnis um reynslusveitarfélög á árunum 1999–2001 en verkefninu lauk formlega í árslok 2001. Hér er því um lokaskýrslu verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga að ræða.

1. Aðdragandi verkefnisins.

Verkefni reynslusveitarfélaga hófst árið 1994 með lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994. Hér var um að ræða eina stærstu tilraun hins opinbera með stjórnsýslu sveitarfélaga sem framkvæmd hefur verið. Sambærilegt verkefni hafði verið framkvæmt á hinum Norðurlöndunum og var reynslan af því góð.

1.1 Val sveitarfélaga — upphaf verkefnisins.

Aðdragandi tilraunaverkefnisins um reynslusveitarfélög var sá að sveitarfélaganefnd svokölluð setti fram tillögu í áfangaskýrslu sinni í október 1992 um að stofnað yrði til reynslusveitarfélaga sem lið í undirbúningi breytinga á fyrirkomulagi sveitarstjórnarmála hér á landi, en slík tilraunastarfsemi hafði gefist vel meðal sveitarfélaga annars staðar á Norðurlöndum. Á fundi fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var í febrúar 1993, var samþykkt ályktun um stofnun reynslusveitarfélaga. Sveitarfélaganefnd lagði það enn fremur til í lokaskýrslu sinni í mars 1993.

Hinn 8. maí 1993 samþykkti Alþingi ályktun sem heimilaði félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga. Ályktunin gerði einnig ráð fyrir að frumvarp til laga um reynslusveitarfélög yrði lagt fyrir Alþingi vorið 1994 að undangengnum viðræðum milli verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga, félagsmálaráðuneytis og annarra fagráðuneyta um hvernig standa skyldi að framkvæmd verkefnisins.

Auglýst var eftir sveitarfélögum til þátttöku í verkefninu haustið 1993. Gífurlegur áhugi reyndist á þátttöku og bárust alls 38 umsóknir frá yfir 50 sveitarfélögum en nokkrar umsóknir voru sameiginlegar frá sveitarfélögum sem voru í viðræðum um sameiningu. Verkefnisstjórnin samþykkti í janúar 1994 að velja 15 sveitarfélög úr þessum hópi umsækjenda til áframhaldandi samstarfs. Við val á reynslusveitarfélögum bar félagsmálaráðherra að gæta

þess að þau væru sem fjölbreytilegust að stærð og gerð. Lögbundið var að þau sveitarfélög sem sóttu um þátttöku í tengslum við sameiningu skyldu hafa forgang. Valin voru tólf sveitarfélög til þátttöku í verkefninu. Þau sveitarfélög voru: Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Snæfellsbær, Borgarbyggð, Dalabyggð, Vesturbyggð, Akureyrarkaupstaður, Neskaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær, og sameinað sveitarfélag Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna (síðar Reykjanesbær). Þessi tólf sveitarfélög sóttu samtals um 56 verkefni.

Í umsóknum sveitarfélaganna var áberandi hve mörg þeirra sóttu um verkefni á sviði félagslegra húsnæðismála, alls níu. Þá óskuðu átta sveitarfélög eftir verkefnum á sviði atvinnumála, svo sem vinnumiðlun, þjónustu við atvinnulausa, samþættingu atvinnuráðgjafar o.fl. Fimm sveitarfélög sóttust eftir því að gera tilraunir með verkefni og verkaskiptingu byggingarnefnda og byggingarfulltrúa. Sjö sveitarfélög höfðu áhuga á verkefnum í öldrunarmálum. Fjögur höfðu áhuga á að taka að sér heilsugæslu. Fjögur sveitarfélög sóttu um að taka að sér þjónustu við fatlaða og sex vildu ráðast í stjórnsýslutilraunir.

1.2 Lög um reynslusveitarfélög.

Lög um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, voru samþykkt á Alþingi í maí 1994. Samkvæmt lögunum gátu einstakir ráðherrar, á grundvelli umsókna, veitt reynslusveitarfélögum heimildir í tiltekinn tíma og í tilraunaskyni til að taka að sér framkvæmd nýrra verkefna, vera undanþegin tilteknum ákvæðum laga og reglugerða, reyna nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í tilteknum málaflokkum og þróa nýjungar í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í 1. gr. laganna var markmið verkefnisins það að gera sveitarfélögum kleift að framkvæma tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þá segir í lögunum að með tilraununum skuli að því stefnt að auka sjálfsstjórn sveitarfélaga, laga stjórnsýslu þeirra betur að staðbundnum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera.

Tekið var fram að tilraunirnar mættu ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá. Ráðherrum var ekki heimilt að víkja frá lögum nema tryggt væri að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt og að réttaröryggi þeirra héldist óskert.

Lög um reynslusveitarfélög veittu félagsmálaráðherra heimild til að víkja frá ákvæðum eftirtalinna laga:

a. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, varðandi félagslegar íbúðir,
b. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, varðandi þjónustu við fatlaða,
c. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, og laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985, varðandi þjónustu við atvinnulausa,
d. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, varðandi fjármögnun reynsluverkefna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra var með lögunum veitt heimild til að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, varðandi byggingu og/eða rekstur heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss og enn fremur ákvæðum laga um málefni aldraða, nr. 82/1989, varðandi þjónustu við aldraða.

Umhverfisráðherra var veitt heimild til að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa í reynslusveitarfélagi.

Þá var heimilað í 9. gr. laga um reynslusveitarfélög að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélag ætti í hlut. Heimildin náði þó ekki til ákvæða um sveitarstjórnir, byggðarráð og kjörstjórnir.

Reynslusveitarfélög hafa frá árinu 1995 starfað á grundvelli laganna. Á árinu 1999 var verkefnið framlengt um tvö ár með breytingalögum, nr. 114/1999, þ.e. til ársloka 2001.

2. Skipan verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga.

Nokkrar breytingar áttu sér stað á skipan verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga á árunum 1999 og 2000. Í verkefnisstjórn sátu Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri, og Sigríður Stefánsdóttir, sviðsstjóri, skipuð af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Hilmarsson, framkvæmdastjóri, og Hermann Sæmundsson, deildarsérfræðingur, skipaðir af félagsmálaráðherra. Gunnar óskaði eftir því að láta af formennsku og var Hermann skipaður formaður í hans stað í nóvember 1999. Ingimundur Sigurpálsson lét af störfum í október 2000 og tók Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri, sæti í verkefnisstjórn í hans stað. Þá tók Óskar Páll Óskarsson, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, við af Elínu Blöndal sem starfsmaður verkefnisstjórnarinnar í ársbyrjun 2000.

3. Starf verkefnisstjórnar árin 1999–2001.

3.1 Starf verkefnisstjórnar árið 1999.

Starf verkefnisstjórnarinnar árið 1999 markaðist að miklu leyti af því að gildistími laga, nr. 82/1994, rann út í lok ársins. Að mati verkefnisstjórnar var framhald nokkurra verkefna æskilegt svo tryggja mætti að nægjanleg reynsla fengist af framkvæmd þeirra. Öðrum verkefnum var hins vegar hægt að ljúka á tilsettum tíma. Leitast var því við að ganga frá málum varðandi lok verkefna eða framhald þeirra og samráð haft við sveitarfélög og ráðuneyti um það efni.

Í framhaldi af því lagði félagsmálaráðherra fram frumvarp til breytinga á lögum um reynslusveitarfélög á haustþingi 1999 þar sem tekið var mið af ábendingum verkefnisstjórnar og var frumvarp þetta samþykkt sem lög nr. 114/1999. Þar með var reynsluverkefnum á sviði húsnæðismála, byggingarmála, vinnumála og menningarmála formlega lokið, en verkefnum á sviði öldrunar- og heilbrigðismála, málefna fatlaðra og stjórnsýslutilrauna var hins vegar fram haldið til ársloka 2001.

Samhliða þessari lagabreytingu var skipulags- og byggingarlögum breytt á þann veg að sveitarfélögum var heimilað að fela byggingarfulltrúum meira svigrúm til afgreiðslu mála í sérstakri samþykkt. Þar með var sú jákvæða reynsla reynslusveitarfélaganna varðandi afgreiðslu mála fyrir byggingarnefndum gerð almenn þannig að þau sveitarfélög sem svo kjósa geta nú tekið upp þá tilhögun.

Ekki var þörf á frekari lagabreytingum vegna annarra reynsluverkefna sem lauk í árslok 1999, meðal annars vegna þess að lagabreytingar á tímabili reynsluverkefnisins höfðu á vissan hátt breytt forsendum fyrir tilraunastarfsemi sveitarfélaganna. Það á við lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, og lög um húsnæðismál, nr. 44/1998.

3.2 Starf verkefnisstjórnar árin 2000 og 2001.

Á árinu 2000 beindist starf verkefnisstjórnar að því að meta reynslu einstakra verkefna frá upphafi til ársloka 1999, sem og varðandi verkefnið í heild sinni. Í því sambandi átti verkefnisstjórnin fundi með einstökum reynslusveitarfélögum og ráðuneytum. Einnig gekkst verkefnisstjórnin fyrir tveimur sameiginlegum fundum með fulltrúum sveitarfélaganna, ráðuneytanna og óháðum úttektaraðila.

Í mars 2000 hélt verkefnisstjórnin opinn fund um stjórnsýslutilraunir reynslusveitarfélaganna. Á málþinginu gerðu fulltrúar reynslusveitarfélaganna grein fyrir þeim stjórnsýslutilraunum sem þau höfðu framkvæmt á reynslutímabilinu, hvort sem það hefur verið ákveðið verkefni viðkomandi reynslusveitarfélags eða gert í tengslum við það. Afar góð þátttaka var á fundinum sem að mati verkefnisstjórnar sýnir þann áhuga og þörf sem er á umræðu meðal sveitarstjórnarmanna um nýsköpun á sviði stjórnsýslu sveitarfélaga, uppbyggingu hennar og skipulag, m.a. í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á umhverfi sveitarfélaganna á síðustu árum.

Verkefnisstjórn heimsótti Akureyrarkaupstað hinn 4. apríl 2001. Hjá Akureyrarkaupstað var lögð áhersla á heilsugæslu- og öldrunarmál. Þann 29. júní 2001 heimsótti verkefnisstjórn síðan Sveitarfélagið Hornafjörð. Þar var lögð áhersla á rekstur sveitarfélagsins á heilsugæslu- og öldrunarmálum auk dagþjónustu fatlaðra.

Á árinu 2001 beitti verkefnisstjórnin sér fyrir því að sætta þau ágreiningsmál er höfðu komið upp milli reynslusveitarfélaga og ráðuneyta varðandi framhald verkefnisins að loknu reynslutímabili og reyndi að ýta á gerð framhaldssamnings milli ráðuneytanna og sveitarfélaganna á sviði málefni fatlaðra og heilbrigðis- og öldrunarmála.

4. Reynslusveitarfélög og verkefni árin 1999–2001.

4.1 Reynslusveitarfélög og verkefni árið 1999.

Árið 1999 höfðu átta sveitarfélög með höndum alls 22 verkefni en eins og áður sagði byrjuðu tólf sveitarfélög með verkefni sem voru af ýmsum toga. Sex sveitarfélög voru með verkefni í gangi á sviði byggingarmála, þ.e. Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður, Fjarðabyggð, Vestmannaeyjabær, Hafnarfjarðarkaupstaður og Garðabær. Fjögur sveitarfélög fóru með félagsleg húsnæðismál, þ.e. Reykjavíkurborg, Sveitarfélagið Hornafjörður, Fjarðabyggð og Hafnarfjarðarkaupstaður. Þá fór Reykjanesbær með verkefni á sviði vinnumála og tvö verkefni voru á sviði öldrunarmála og heilsugæslu (Akureyrarkaupstaður og Sveitarfélagið Hornafjörður). Enn fremur tóku tvö verkefni til málefna fatlaðra (Akureyrarkaupstaður og Vestmannaeyjabær) og eitt verkefni var á sviði menningarmála (Akureyrarkaupstaður). Sex sveitarfélög fengust við nýjungar á sviði stjórnsýslu, þ.e. Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður, Fjarðabyggð og Hafnarfjarðarkaupstaður. Auk þess var reynsluhverfið Grafarvogur hluti af verkefni Reykjavíkurborgar. Þau verkefni sem talin eru hér að framan eru á sviði félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

4.2 Reynslusveitarfélög og verkefni árin 2000 og 2001.

Á árunum 2000 og 2001 eru reynslusveitarfélögin aðeins fjögur, þ.e. Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær. Verkefnin eru enn fremur færri en hins vegar eru það umfangsmestu verkefnin sem enn eru í gangi, þ.e. verkefni á sviði málefna fatlaðra (Akureyrarkaupstaður og Vestmannaeyjabær), heilbrigðis- og öldrunarmála (Akureyrarkaupstaður og Sveitarfélagið Hornafjörður) og stjórnsýsluverkefna (Reykjavíkurborg/Grafarvogur og Akureyrarkaupstaður). Allt eru þetta umfangsmikil verkefni sem vert er að gefa gaum að, ekki síst í ljósi umræðunnar um yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga og eins þar sem verkefnið sýnir að sveitarfélög geta hæglega tekið að sér rekstur stærri verkefna á borð við heilbrigðis- og öldrunarmál. Þau verkefni sem talin eru hér að framan eru á sviði félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

4.3 Framhald verkefna.

Á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála var Akureyrarkaupstað og Sveitarfélaginu Hornafirði unnt að gera þjónustusamning við ríkið. Það sama á við um Akureyrarkaupstað og Vestmannaeyjabæ vegna málefni fatlaðra. Við slíka samningsgerð þarf m.a. að huga að umfangi þjónustunnar, greiðslur vegna hennar og tímalengd slíks þjónustusamnings.

Ekki er þörf á sérstökum aðgerðum vegna stjórnsýsluverkefna Akureyrarkaupstaðar og Reykjavíkurborgar þar sem slík breyting rúmast innan laga og reglna á þessu sviði.

Haft var samband við fulltrúa þessara fjögurra sveitarfélaga í júní 2001 og athugaður vilji þeirra á framhaldi á þeim reynslusveitarfélagaverkefnum sem þau hafa með höndum. Fram kom að mikill áhugi er hjá þessum sveitarfélögum að halda verkefninu áfram á sviði málefna fatlaðra og heilbrigðis- og öldrunarmála og nýta þannig þá vinnu og hagræðingu sem náðst hefur með verkefninu. Áhugi er á því að gera samning til lengri tíma til að auka stöðugleika við alla vinnu og möguleika á langtímaáætlunum. Samningar náðust milli Akureyrarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar við félagsmála- og heilbrigðisráðuneytið.

Þeir sem hafa komið að Grafarvogsverkefninu eru mjög ánægðir með árangur verkefnisins. Mikill áhugi er því hjá Reykvíkingum á að halda stjórnsýsluverkefninu áfram og nýta þannig þá vinnu og samþættingu sem náðst hefur með verkefninu. Borgarráð hefur tekið ákvörðun um að Miðgarður haldi áfram í óbreyttri mynd og í undirbúningi er að opna sambærilega fjölskylduþjónustu fyrir Grafarholtið og sérstök miðstöð, Vesturgarður, hefur verið opnuð fyrir vesturbæ. Vesturgarður er þó ekki eins sjálfstæð miðstöð og Miðgarður er.

5. Eftirlit.

5.1 Úttektir ráðgjafarfyrirtækisins PricewaterhouseCoopers.

Við upphaf verkefnisins um reynslusveitarfélög samdi félagsmálaráðuneytið við Hagvang hf., að undangengnu útboði, um að Hagvangur hf. væri sá óháði aðili sem taka skyldi út reynslusveitarfélagaverkefnið og meta árangur þeirra, sbr. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög. Fyrirtækið sameinaðist síðan öðrum ráðgjafarfyrirtækjum og hélt úttektin áfram á þeirra hendi undir nafni PricewaterhouseCoopers (PwC). Tilgangur skýrslugerða er að leggja mat á árangur einstakra verkefna reynslusveitarfélaganna.

PwC sendi m.a. frá sér skýrslu í apríl 2000 þar sem gerð var grein fyrir stöðu og mati á verkefnum reynslusveitarfélaga, sérstaklega á árinu 1999. Einkum var sjónum þar beint að málefnum fatlaðra, stjórnsýsluverkefninu í Grafarvogi, sem og heilbrigðis- og öldrunarmálum. Þá sendi fyrirtækið frá sér skýrslu í ágúst 2000 þar sem heildarmat var lagt á árangur reynslusveitarfélagaverkefnisins frá upphafi þess til ársloka 1999.

5.1.1 Heildarmat á árangri reynslusveitarfélagaverkefnisins.

PwC sendi frá sér skýrslu í ágúst 2000 þar sem heildarmat var lagt á árangur reynslusveitarfélagaverkefnisins frá upphafi þess á árinu 1994 til ársloka 1999. Meginniðurstaða úttektaraðila á verkefninu á umræddu tímabili var að á sviði byggingarmála, málefna fatlaðra, öldrunarmála og heilsugæslu hafi tilraunir reynslusveitarfélaga náð markmiðum sínum um að auka sjálfsstjórn þeirra, laga stjórnsýsluna betur að staðbundunm aðstæðum, bæta þjónustu við íbúa og nýta betur fjármuni hins opinbera.

Að mati verkefnisstjórnar eru helstu niðurstöður úr skýrslu PwC þar sem lagt var mat á árangur reynslusveitarfélagaverkefnisins frá upphafi þess til ársloka 1999 eftirfarandi:

- Íbúar og notendur þjónustu í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðis eru betur upplýstir um það að sveitarfélag þeirra er reynslusveitarfélag en íbúar og notendur þjónustu í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

- Árangur er mestur þar sem málaflokkar voru færðir í heild sinni frá ríki til sveitarfélaga með tilflutningi á fjármunum og aukinni ábyrgð sveitarfélaga á framkvæmd verkefna. Bent er á málefni fatlaða, öldrunarmál og heilsugæslu í því sambandi. Á tímabilinu 1997–1999 lækkaði meðalkostnaður á íbúa á föstu verðlagi um 0,7% hjá Akureyrarkaupstað og um 4% hjá Vestmannaeyjabæ vegna málefna fatlaðra. Á sama tíma jókst þjónustuframboð á þeim sviðum þjónustu sem voru til skoðunar. En á sviði heilbrigðis- og öldrunarþjónustu leikur meiri vafi á því hvort samlegðaráhrifin af því að samþætta þá málaflokka félagsþjónustunnar hafi náð fram að ganga.
- Góður árangur hefur náðst á sviði byggingarmála þar sem sex sveitarfélög fengu heimild til að færa ákveðnar afgreiðslur frá byggingarnefnd til byggingarfulltrúa. Kostnaður við embætti byggingarfulltrúa lækkaði í flestum tilfellum og afgreiðslutími styttist verulega.
- Reynsluverkefnið í Grafarvogi hefur reynst vel.
- Lítill árangur er af tilraunum á sviði húsnæðismála, ekki síst vegna þess að ný lög um húsnæðismál (sem m.a. tóku mið af sjónarmiðum reynslusveitarfélaga um reynsluverkefni) tóku gildi á tímabilinu og þar með var grundvöllur fyrir verkefni sem byggðust á fyrirkomulagi í eldri lögum horfinn.
- Á sviði vinnumála var unnið gott þróunarstarf hjá Reykjanesbæ sem hæglega getur nýst núverandi kerfi vinnumiðlana, en eins kemur það að góðum notum geri sveitarfélög í framtíðinni samninga um rekstur svæðisvinnumiðlana eða yfirtaki í heild sinni málaflokkinn aftur.

Í október 2001 skilaði PwC skýrslu sinni „Mat á árangri. Úttekt á verkefnum reynslusveitarfélaga árið 2000". Í skýrslunni setur fyrirtækið fram mat sitt á árangri reynslusveitarfélagaverkefnisins vegna ársins 2000.

Skýrslur PwC ásamt öðrum fróðleik um reynslusveitarfélagaverkefnið er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: felagsmalaraduneyti.is/Sveitarstjórnarmál/Reynslusveitarfélög.

5.1.2 Lokaskýrsla PricewaterhouseCoopers.

Samhliða þessari greinargerð verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga kom út lokaskýrsla PwC um reynslusveitarfélagaverkefnið. Skýrslan „Reynslusveitarfélög - Mat á árangri / Yfirlit yfir nokkra þætti verkefna reynslusveitarfélaga árið 2001" frá maí 2002 tekur til heildartímabils verkefnisins, þ.e. frá ársbyrjun 1995 til ársloka 2001. Í 2. kafla skýrslunnar um „þróunareinkenni" segir meðal annars:

„Í matsskýrslu vegna ársins 2000 sagði að þær niðurstöður sem kynntar voru í heildarmatsskýrslunni frá 1999 um árangur af framkvæmd verkefna reynslusveitarfélaga stæðu í meginatriðum. Jafnframt sagði þar að á milli áranna 1999 og 2000 hefðu einstaka þættir, sem verið hafa til skoðunar, breyst lítillega en að helstu þróunareinkenni einstakra verkefna hefðu haldið sér.

Fjárlagaheimildir vegna ársins 2001 bentu til þess að kostnaður reynslusveitarfélaga vegna málefna fatlaðra væri að fara fram úr kostnaði þeirra svæðisskrifstofa sem teknar hafa verið til samanburðar. Leitast var við að meta líklegar launa- og verðlagsbætur í fjáraukalögum 2001 og gaf sú mynd til kynna að reynslusveitarfélögin væru að fara fram úr svæðisskrifstofunum hvað varðaði kostnað. Gilti það bæði um heildarkostnað á verðlagi hvers árs og meðalkostnað á íbúa á föstu verðlagi sem hefur verið meginviðmið úttektarinnar. Nú þegar endanlegar tölur fyrir árið 2001 liggja fyrir kemur í ljós að reynslusveitarfélögin eru undir svæðisskrifstofum í fjárveitingum þegar litið er á reynslutímabilið í heild.

Auk fjárlagaheimilda á árinu 2001 bættust eftirfarandi liðir við hjá svæðisskrifstofum:

1. Viðbótarheimildir í fjáraukalögum 2001.

2. Millifærðar launaheimildir af launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytis sem voru allverulegar það ár vegna mikilla breytinga á kjarasamningum.
3. Heimildir sem millifærðar eru af 07-700, vegna nýrra verkefna eða á forsendum þeirra þjónustusamninga sem í gildi eru.
4. Heimildir sem voru millifærðar á stofnanir í kjölfar stofnunar fæðingarorlofssjóðs.

Á sviði öldrunarmála og heilsugæslu varð nokkur breyting á endanlegum tölum hjá heilsugæslustöðvum, öðrum en hjá reynslusveitarfélögum, við endanlega færslu af launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytis. Ekki reyndist unnt að afla nægjanlega nákvæmra upplýsinga um breytingar á fjárframlögum til öldrunarþáttarins þar sem halli áranna 2001 og 2002 er gerður upp í einni tölu.

Samkvæmt þessu stendur sú niðurstaða úttektaraðila að meginniðurstöður heildarmatsskýrslunnar um þjónustulegan og kostnaðarlegan ávinning af verkefnum reynslusveitarfélaga standi óbreyttar."

Samhliða úttekt PwC var framkvæmd könnun meðal þjónustuþega á árunum 1998 og 2001 á sviði málefna fatlaðra, öldrunarmála og heilsugæslu. Gerðir voru tveir ólíkir spurningalistar fyrir málefni fatlaðra eftir því hvort svarandi var foreldri/aðstandandi eða notandi þjónustunnar. Nauðsynlegt reyndist að kljúfa upp öldrunarmál og heilsugæslu vegna ólíkra leiða til þess að nálgast notendur þessara þjónustuþátta. Einn spurningalisti var sendur út um heilsugæslumál og var sú könnun framkvæmd þannig að notendur þjónustu heilsugæslunnar voru af handahófi beðnir um að svara spurningunum. Spurningalisti um öldrunarmál var sendur út eftir úrtaki úr skjólstæðingalista sveitarfélaganna. Niðurstöður þessara kannana á meðal þjónustuþega voru mjög jákvæðar gagnvart verkefninu. Varðandi frekari greiningu á niðurstöðum könnunarinnar skal m.a. vísað í skýrslu PwC „Mat á árangri. Úttekt á verkefnum reynslusveitarfélaga árið 2000", bls. 46–66.

5.2 Stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar.

Á árinu 2000 var af hálfu Ríkisendurskoðunar ákveðið að láta fara fram stjórnsýsluendurskoðun á samningum ríkisins við reynslusveitarfélög. Var ákveðið að taka til sérstakrar skoðunar samninga við reynslusveitarfélagið Akureyrarkaupstað, þ.e. samninga sem varða yfirtöku sveitarfélagsins á þjónustu sem ríkinu er skylt að veita. Laut athugun Ríkisendurskoðunar að því að kanna hvort samningar Akureyrarkaupstaðar sem reynslusveitarfélags við félagsmálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti hefðu verið nægilega skýrir að efni til en auk þess var leitast við að kanna árangur af samningunum.

Ríkisendurskoðun lauk athugun sinni með skýrslunni „Reynslusveitarfélög – Samningar við Akureyrarbæ – Stjórnsýsluendurskoðun", júlí 2000.

Á bls. 9 í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir um skort á eftirliti:

„Við athugun á ofangreindum samningum vekur athygli hve litla umfjöllun eftirlit fær. Þetta á jafnt við um faglegt eftirlit og kostnaðareftirlit. Hvað kostnaðareftirliti viðkemur er ekki fjallað um hvernig því skuli háttað."

Á bls. 10 í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir um ónákvæmni samninganna og skort á ýmsum atriðum:

„Hér er um að ræða samninga við reynslusveitarfélag og eru samningarnir gerðir í tilraunaskyni. Samningarnir eru um margt ónákvæmir sem gerir það að verkum að erfitt er að kanna hvort breytingar hafi átt sér stað á þjónustu og kostnaði við þjónustuna auk þess sem fyrir liggur að ýmis vafamál geta komið upp varðandi túlkun samninganna. Hefði að mati Ríkisendurskoðunar þurft að vanda betur til efnis samninganna til þess að unnt væri að afla

upplýsinga um árangur af þeim á aðgengilegan hátt og þannig leggja mat á það hvort um æskilegt fyrirkomulag sé að ræða."

Á bls. 16 í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir um mat á árangri:

„Markmið með samningum ríkisins og reynslusveitarfélaga var að flytja tiltekin verkefni milli stjórnsýslustiga, færa stjórn og ábyrgð á þjónustu yfir á eina hendi, stuðla að bættri nýtingu fjármagns og bæta þjónustu við þá sem í hlut eiga. Það er mat Ríkisendurskoðunar að ekki liggi fyrir haldbærar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta á faglegan og hlutlausan hátt hvort framangreind markmið hafi náðst með samningum við Akureyrarbæ. Þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu gefa til kynna að nokkuð skorti á að upphafleg markmið hafi gengið fram eins og áformað var."

Einnig var niðurstaða Ríkisendurskoðunar að kostnaður við málefni fatlaðra og heilbrigðis- og öldrunarmál hefði hækkað að raunvirði þegar árið 1996 var borið saman við árið 1998.

Hægt er að nálgast skýrslu þessa í heild sinni á heimasíðu Ríkisendurskoðunar www.rikisend.althingi.is/skyrslur2000/reynslusveitarfel.pdf.

5.2.1 Athugasemdir verkefnisstjórnar.

Það er fengur fyrir reynslusveitarfélagaverkefnið að Ríkisendurskoðun skuli hafa gert þessa athugun á samningum Akureyrarkaupstaðar við umrædd ráðuneyti. Skýrslan mun ásamt öðrum gögnum sem lögð hafa verið fram og skýrslum óháðs úttektaraðila vera mikilvægur liður í því að meta jafnt jákvæða sem neikvæða reynslu verkefnisins. Á grundvelli þessara gagna verður unnt að draga af lærdóm bæði hvað snertir einstök verkefni sem og verkefnið í heild sinni. Sérstaklega er skýrslan þó áminning um að vanda ber alla vinnu við samningsgerð og tryggja að unnt sé að meta framvindu þeirra og árangur, bæði fjárhagslegan og faglegan.

Rétt er þó að benda á að viðhorf til samninga af þessu tagi kunna að hafa breyst á tímabili reynslusveitarfélaga. Til dæmis má segja að reglugerð um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, nr. 262/1999, hafi markað ákveðin þáttaskil varðandi umgjörð um samningsgerð hins opinbera varðandi verklegar framkvæmdir og rekstrarverkefni. Umræddir samningar eru gerðir fyrir gildistöku þeirrar reglugerðar.

Eins og áður hefur komið fram var óháðum úttektaraðila falið að hafa eftirlit með framkvæmd verkefnisins og gera úttektir á árangri þess. Árlega hafa verið lagðar fram skýrslur um framvindu og stöðu verkefna. Þar koma fram niðurstöður úttektaraðila sem skírskota bæði til hinna almennu markmiða verkefnisins sem skilgreind eru í lögunum og þeirra sérstöku markmiða sem einstök verkefni hafa haft að leiðarljósi. Verkefnisstjórn telur að sú umfjöllun sé nógur grundvöllur til að álykta um árangur einstakra verkefna.

6. Mat verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga á verkefninu.

Það er mat verkefnisstjórnar að verkefnið hafi heppnast ágætlega þegar á heildina er litið. Hins vegar er ljóst að draga má ýmsan lærdóm af verkefninu og telur verkefnisstjórn nauðsynlegt að benda á nokkur atriði þar að lútandi.

6.1 Val á sveitarfélögum.

Eins og áður kom fram stóð upphaflega til að hafa reynslusveitarfélögin fimm. Niðurstaðan var hins vegar sú að tólf reynslusveitarfélög voru valin til þátttöku.

Þau sveitarfélög sem sóttu um þátttöku í verkefninu í tengslum við sameiningu höfðu forgang gagnvart öðrum sveitarfélögum. Athyglisvert er að flest þessara sameinaðra sveitarfélaga heltust fljótlega úr lestinni. Ástæðan fyrir því er sennilega sú að verkefni er tengdust sameiningunni sjálfri voru næg og sveitarfélögin ekki í stakk búin að sinna til viðbótar því að vera reynslusveitarfélag, sem kostaði bæði tíma og fjármuni. Þannig hafi skort skilning á aðstæðum sameiningarsveitarfélaga þar sem sameiningarsveitarfélög þurfa almennt á meiri stuðningi að halda, svo sem með stjórnunarráðgjöf, við að ganga í gegnum þær breytingar sem fylgja sameiningunni.

Sum sveitarfélög fóru aldrei af stað með verkefni sín. Ef til vill hefði verið þörf á að velja færri sveitarfélög til verkefnisins, en tryggja um leið þátttöku þeirra og framvindu í verkefninu.

6.2 Val á verkefnum sveitarfélaga.

Verkefnin sem reynslusveitarfélögin tóku sér fyrir hendur voru mjög mismunandi. Óhætt er að segja að sveitarfélögin hafi verið með ólíkar áherslur við val á verkefnum. Sum reynsluverkefni fólu í sér yfirtöku á stórum verkefnum frá ríkinu meðan önnur miðuðu meira að breyttri stjórnsýslu eða fyrirkomulagi sveitarfélagsins við að veita opinbera þjónustu. Sum sveitarfélög voru með mörg verkefni í gangi samtímis, önnur aðeins eitt eða fá. Það var því afar mismunandi reynsla sem sveitarfélögin öðluðust.

Nokkur sveitarfélaganna réðu sér starfsmann vegna þessa verkefnis og voru með virkar nefndir allan tímann. Þessi sveitarfélög hafa augljóslega afkastað mestu sem reynslusveitarfélög. Sveitarfélögin þurftu þannig að leggja sjálf verulega af mörkum til að ná árangri sem reynslusveitarfélag.

Verkefnið var byggt eftir norrænni fyrirmynd. Fylgt var þeirri hugmyndafræði að sveitarfélögin ættu sjálf að koma með hugmyndir að verkefnum. Þau væru best í stakk búin að móta hugmyndir þar sem þekkingin á aðstæðum væri hjá þeim. Vegna þessa var í sumum tilfellum um að ræða ofmat verkefnisstjórnar varðandi frumkvæði sveitarfélaganna sjálfra og vinnu þeirra við verkefnið. Í upphafi kynnti verkefnisstjórnin verkefnið vel fyrir sveitarfélögunum og gaf m.a. út handbók með ýmsum dæmum um verkefni. Í ljós kom að sveitarfélögin byggðu nær eingöngu á þessum dæmum. Lítið var því um frumhugmyndir frá sveitarfélögunum sjálfum og mörg þeirra voru ekki nægjanlega meðvituð eða skorti afl til að setja þann kraft í verkefnin sem til þurfti til að þau yrðu að veruleika. Einnig var vart við áhugaleysi sumra reynslusveitarfélaga á verkefninu þegar á leið.

Fljótlega kom fram sú gagnrýni sveitarfélaga að ákveðinnar tregðu gætti í vissum fagráðuneytum um að ganga til samninga við sveitarfélög um reynsluverkefni. Að mati sveitarfélaga voru viðkomandi ráðuneyti íhaldssöm og höfðu aðra sýn á hlutverk og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Jákvæðni skorti því hjá ýmsum embættismönnum ríkisins gagnvart tilraununum. Skortur á vilja og samstarfi ráðuneytanna dró því fljótt úr krafti viðkomandi sveitarfélags og það gafst fljótlega upp. Nefna má sem dæmi um þetta ósk Garðabæjar um að yfirtaka rekstur heilsugæslu í Garðabæ og ósk Sveitarfélagsins Hornafjarðar um að yfirtaka rekstur Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu gegn rammafjárveitingu frá ríkinu. Helsta ástæða þessa var að undirbúningur þessi kostaði bæði vinnu- og peningaútlát hjá ráðuneytunum sem ekki var búið að gera ráð fyrir. Að þessu leyti var verkefnið vanmetið strax frá upphafi.

Verkefnisstjórn tekur á vissan hátt undir þessi sjónarmið sveitarfélaganna. Verkefnisstjórn hefði einnig getað aðstoðað sveitarfélögin betur við undirbúning verkefnisins. Sérstaklega þegar vart var við ákveðinnar fyrirstöðu í viðkomandi fagráðuneytum. Þrátt fyrir vilja og til-

raunir tókst verkefnisstjórn ekki að halda nægilega góðum tengslum við öll fagráðuneytin meðan á verkefninu stóð.

Að mati verkefnisstjórnar hefði mátt nýta tækifæri þetta betur og ganga jafnvel lengra og reyna á sérlög sem menn telja að hamli skipulagi og stjórnsýslu sveitarfélaganna. Sem dæmi um slíkt má nefna skipulag og vinnubrögð sveitarstjórna. Verkefnisstjórn hefði einnig viljað sjá fleiri tilraunir með lýðræði og aukinni þátttöku íbúa sveitarfélaganna.

Með hliðsjón af þessum athugasemdum hefði ef til vill verið ákjósanlegra að undirbúa betur val á verkefnum og skyldur ráðuneyta til að vinna að þeim.

6.3 Samningsferlið og samskipti.

Við gerð þessara samninga í upphafi verkefnisins var lítil reynsla af slíkri samningagerð þannig að um frumkvöðlavinnu var að ræða. Þörf hefði verið á ráðgjafa með þekkingu á þessu sviði til aðstoðar við þessa samningagerð.

Í nokkrum tilfellum dróst samningsgerð á langinn og tók óeðlilega langan tíma. Sérstaklega á það við um reynsluverkefni sem fólu í sér yfirfærslu á verkefnum og þar af leiðandi fjármagni frá ríki til sveitarfélaga. Hinn langi aðdragandi samninga tafði klárlega fyrir því að verkefni hæfust og eins hafði slíkur dráttur áhrif á áhuga sveitarstjórnarmanna fyrir því að framkvæma verkefnið. Mjög bagalegt er þegar samningar dragast með slíkum hætti, en ástæður er bæði að finna hjá sveitarfélögum og ríkinu.

Sem dæmi um langan samningstíma má nefna samningsgerð um málefni fatlaðra og heilbrigðismál við Akureyri í árslok 2001 og tilraunir sveitarfélaganna um breytt fyrirkomulag félagslegra húsnæðismála, svo sem með yfirtöku sveitarfélagsins á félagslegum húsnæðismálum með rammasamningi við Húsnæðisstofnun ríkisins og flutningi verkefna frá Húsnæðisstofnun ríkisins til sveitarfélagsins. Mikill tími fór í samningagerð milli félagsmálaráðuneytis, Húsnæðisstofnunar ríkisins og reynslusveitarfélaga vegna þessa en ekkert varð af því verkefni. Aðalástæða þess var þó breytt skipan húsnæðismála með gildistöku laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, og stofnun Íbúðalánasjóðs.

Eins hefur verið bent á að of langur tími hafi farið í að semja um yfirfærslu verkefna og síðan hafi komið í ljós að ekki hafi reynst fyrir hendi nægur áhugi af hálfu ráðuneyta til að semja um raunverulega yfirfærslu verkefnanna. Verkefnisstjórn telur mikilvægt að á fyrstu stigum viðræðna milli ríkis og sveitarfélaga sé reynt að meta hvort raunverulegur vilji sé fyrir hendi hjá báðum samningsaðilum til að semja um yfirfærslu verkefnisins, samanber einnig það sem kom fram hér að framan.

Á síðari hluta ársins 2000 kom upp erfitt mál milli Akureyrarkaupstaðar annars vegar og heilbrigðis- og fjármálaráðuneytisins hins vegar vegna greiðsludráttar á umsömdum greiðslum til Akureyrarkaupstaðar vegna verkefna sveitarfélagsins á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála. Samkomulag milli þessara aðila náðist á árinu 2001.

Samskipti aðila verkefnisins, þ.e. ráðuneyta, reynslusveitarfélaga og verkefnisstjórnar hefðu ef til vill þurft að vera nánari. Í ráðuneytunum og reynslusveitarfélögunum sjálfum voru sérstakir tengiliðir. Verkefnisstjórn boðaði þessa aðila á fundi, svo sem til kynningar á skýrslum PwC. Samskipti og boðleiðir þessara aðila innbyrðis hefðu mátt vera virkari og gekk m.a. ekki nógu vel að fá upplýsingar og viðhorf þessara aðila til verkefnisins.

6.4 Innihald samninga.

Verkefnisstjórn telur að ákveðin reynsla sé komin á varðandi innihald samninga. Mjög mikilvægt sé að vanda vel til samningsgerðar þegar verkefni eru flutt frá ríki til sveitarfélaga. Innihald samnings þarf að vera skýrt og endurskoðunarákvæði samningsins ljós, samanber

athugasemdir Ríkisendurskoðunar. Erfiðustu vandamálin sem hafa komið upp varðandi þessi verkefni eru starfsmannamál vegna réttinda og skyldna þeirra starfsmanna sem færst hafa yfir til sveitarfélaga með verkefninu sjálfu. Í þessu sambandi má t.d. nefna laun þar sem launakjör eru mismunandi milli ríki og sveitarfélaga og jafnvel milli stéttarfélaga vegna sambærilegra starfa starfsmanna sveitarfélags. Einnig má nefna orlofsréttindi, tryggingar og stéttarfélög. Á þessi atriði reyndi á sviði málefna fatlaðra og heilbrigðismála á Akureyri.

Í samningunum var ekki nægilega tekið á atriðum eins og endurskoðunarástæðum og forsendum hækkana á greiðslum. Ástæða hefði verið til að skilgreina áhrif ýmissa breyttra forsendna samningsins þannig að ljóst væri hvernig þeim yrði mætt, svo sem launabreytingum. Eins og áður hefur komið fram gagnrýndi Ríkisendurskoðun það að ekki skyldi hafa verið lagt meira upp úr samningsgerðinni sjálfri og tekur verkefnisstjórn undir það sjónarmið.

Samningar milli ráðuneyta og reynslusveitarfélaga tóku mið af þeim viðhorfum og reglum sem giltu á þeim tíma sem upphaflegu samningarnir voru gerðir. Árið 1999 setti fjármálaráðuneytið reglugerð um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, nr. 262/1999. Reglugerðin gildir um samninga um verklegar framkvæmdir og rekstrarverkefni, sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs og er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Gildissvið reglugerðarinnar eru samningar um rekstrarverkefni. Í reglugerðinni er tíundað um innihald samninga, endurskoðun þeirra og staðfestingu. Setning reglugerðarinnar er tvímælalaust til bóta og efni hennar tekur á nokkrum þeim atriðum er skorti við samningsgerð reynslusveitarfélaganna og síðar urðu að ágreiningsmálum.

Verkefnisstjórn hefur haft mikinn áhuga á máli þessu og því hafa verið haldnir fundir með fagráðuneytum og viðkomandi reynslusveitarfélögum um samninga og samningsgerð.

6.5 Árangur af því að yfirfæra verkefni.

Verkefnisstjórn telur mikilvægt að benda á þrenns konar árangur sveitarfélaganna við að hafa yfirtekið verkefni:

A. Faglegur árangur.

Sú reynsla sem umrædd sveitarfélög hafa öðlast með því að hafa umsjón með þjónustu og samskipti við notendur þjónustunnar er mikilvæg. Hér koma sérstaklega til aðstæður skjólstæðinga og samþætting heildarþjónustu. Málefni fatlaðra er gott dæmi um þetta þar sem bæði Akureyrarkaupstaður og Vestmannaeyjabær hafa náð að samþætta þessa þjónustu við aðra félagsþjónustu sveitarfélagsins.

B. Fjármálalegur árangur.

Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar og óháðs úttektaraðila er ekki ljóst hvort fjárhagslegur ávinningur hefur náðst með yfirfærslu verkefna til reynslusveitarfélaga. Hvað sem því líður var það markmið sett með verkefninu að nýta betur fjármagn hins opinbera. Mat verkefnisstjórnar er að vísbendingar benda ótvírætt í þá átt að þjónustustigið bæði við fatlaða, sjúklinga og aldraða hefur hækkað í viðkomandi sveitarfélögum.

C. Stjórnsýslulegur árangur.

Mikill ávinningur er fyrir sveitarfélög að fara yfir stjórnsýslulegt skipulag þess. Auk þess er auðveldara að hafa yfirsýn yfir verkefnið þegar svipuð velferðarþjónusta er á einni hendi í stað tveggja áður.

Verkefnisstjórn telur að margar tilraunir reynslusveitarfélaganna á sviði stjórnsýslu hafi gefið góða raun. Þessar tilraunir eiga það sammerkt að með þeim var gerð tilraun til að bæta þjónustu sveitarfélaga á tilteknu sviði, auka aðgang íbúanna að henni, stytta biðtíma og auka skilvirkni stjórnsýslunnar.

6.6 Lærdómur og reynsla verkefnisins.

Helsti ávinningurinn við verkefni þetta var að sveitarstjórnarmenn og aðrir komu saman og íhuguðu hvaða breytingar og lagfæringar væri hægt að gera á gildandi stjórnsýslu og/eða fyrirliggjandi verkefnum sveitarfélagsins. Verkefnið stuðlaði þannig að breytingum á verkefnum og stjórnsýslu sveitarfélaga og vonandi úrbótum á því sviði.

Reynsluverkefnið er stór stjórnsýslutilraun sem ekki á sér fordæmi hér á landi. Með þessu stjórnsýsluverkefni hefur mikilvægur lærdómur skapast varðandi mat og úttektir tiltekinna verkefna á umræddu tímabili reynslusveitarfélagaverkefnisins. Hins vegar má spyrja sig hvernig hefði verið unnt að framkvæma verkefnið öðruvísi og hvaða lærdóm megi draga af þessu ferli ef til sambærilegra stjórnsýslutilrauna kæmi? Þátttakendur sjá nú að nauðsynlegt hefði verið að skilgreina árangursmælikvarða og þau viðmið sem nota á áður en verkefnin hefjast. Að öðrum kosti er erfitt að meta árangur verkefnis. Þörf er því á mun agaðri vinnubrögðum en notuð voru í upphafi verkefnisins.

Verkefni þetta var stórt en það var einungis kynnt vel í upphafi þess. Að mati verkefnisstjórnar hefði verið þörf á að halda verkefninu áfram á þeim nótum. Þörf hafi því verið á starfsmanni í heilu stöðugildi við verkefnið og tryggja hefði þurft nauðsynlegt fjármagn út allt verkefnið.

6.7 Einstök verkefni.

Verkefnisstjórn telur að mikilvæg reynsla hafi fengist hjá þeim sveitarfélögum sem tóku að sér verkefni frá ríkinu. Þetta á sérstaklega við um reynslusveitarfélögin Akureyrarkaupstað, Sveitarfélagið Hornafjörð og Vestmannaeyjabæ en þessi sveitarfélög hafa verið með verkefni á sviði málefna fatlaðra, heilbrigðis- og öldrunarmála. Flutningur á málefnum fatlaðra, heilbrigðis- og öldrunarmál til sveitarfélaga eru þannig dæmi um vel heppnaðan verkefnatilflutning. Hér er um að ræða erfiða málaflokka sem meta þarf bæði út frá magni og gæðum þjónustunnar. Lögð hefur verið mikil áhersla á nýtingu þeirra fjármuna sem farið hafa í þessi verkefni. Auk þess þarf að fara fram sérstök aðlögun verkefnisins við flutninginn.

Stærsta verkefnið á sviði stjórnsýsluverkefna var stjórnsýsluverkefnið í Grafarvogi en í Reykjavíkurborg var í gangi sérstakt tilraunaverkefni í einu hverfi borgarinnar, þ.e. Grafarvogi, í því skyni að samræma alla opinbera þjónustu sem yrði veitt á einni hverfisskrifstofu.

Nokkur sveitarfélög lögðu áherslu á stjórnsýslutilraunir og skipulagsbreytingar svo sem á stjórnsýslukerfi sveitarfélagsins. Hjá Akureyrarkaupstað voru gerðar verulegar skipulagsbreytingar á stjórnsýslukerfi bæjarins sem tókust vel.

Nokkur sveitarfélög sóttu um breytingu á ákvarðanatöku hjá embætti byggingarfulltrúa. Þannig fékk byggingarfulltrúi heimild til fullnaðarafgreiðslu byggingarleyfisumsókna og framkvæmdaleyfa, en umsækjendur gætu skotið úrlausn hans til byggingarnefndar. Umrædd sveitarfélög settu sér síðan sérstakar samþykktir um að víkja frá ákvæðum laganna um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa, sbr. breytingalög nr. 117/1999, á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Í sameinuðu sveitarfélagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna (síðar Reykjanesbæ) var unnið að því að sveitarfélagið sæi alfarið um vinnumiðlun og þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins í atvinnuleit. Meðal annars með því að koma á fót einni öflugri samskipta- og þjónustumið-

stöð þar sem öll þjónusta við atvinnulífið var veitt og boðið var upp á persónulega meðferðaráætlun. Einnig var um að ræða tímabundið verkefni á vegum Reykjavíkurborgar á þessu sviði. Vegna breytinga á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, þar sem ábyrgð á vinnumiðlun í landinu var flutt frá sveitarfélögum til ríkisins féll verkefni þetta niður.

Breytt fyrirkomulag félagslegra húsnæðismála svo sem með yfirtöku sveitarfélagsins á félagslegum húsnæðismálum með rammasamningi við Húsnæðisstofnun ríkisins og flutningi verkefna frá Húsnæðisstofnun ríkisins til sveitarfélagsins. Sú breyting sem gerð var á sviði húsnæðismála með gildistöku laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, leiddi til breytinga á sviði félagslegra húsnæðismála sem eru í góðu samræmi við þau markmið sem leitast átti við að ná fram með tilraununum. Verkefni á sviði húsnæðismála féllu því niður.

6.8 Lagalegt svigrúm verkefnisins.

Að áliti verkefnisstjórnar þarf að rýmka lagalegt svigrúm sveitarfélaga til nýjunga og yfirtöku nýrra sérverkefna frá ríkinu. Slíkar heimildir gætu verið í lögum er fjalla um viðkomandi málaflokk. Sem dæmi um slíkt má nefna 53. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, er fjallar um þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum og t.d. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er fjallar um verksvið byggingarfulltrúa. Enn fremur gæti slík lagaheimild verið almenn en háð því að viðkomandi fagráðherra staðfesti ákveðin tímabundin verkefni samkvæmt ósk viðkomandi sveitarfélags.

Verkefnisstjórn hefur hvatt til þess að formlegt eða óformlegt framhald verði á slíkri tilrauna- og nýsköpunarstarfsemi meðal sveitarfélaga þegar verkefni reynslusveitarfélaga lýkur, bæði á sviði stjórnsýslu og eins öðrum sviðum sveitarstjórna. Varðandi framhaldið telur verkefnisstjórn nauðsynlegt að undirbúa söfnun upplýsinga sem beinast að eftirfarandi þáttum:

- Í fyrsta lagi að safna saman upplýsingum um það svigrúm sem sveitarfélög hafa nú þegar til þess að fara nýjar leiðir í stjórnsýslu sinni eða við framkvæmd verkefna.
- Í öðru lagi að meta hvar væri unnt með einföldum hætti að gera breytingar á löggjöf eða reglugerðum sem miðuðu að því að auka þetta svigrúm sveitarfélaga.
- Í þriðja lagi að skapa vettvang fyrir sveitarfélög sem hafa áhuga á að fara nýjar og óhefðbundnar leiðir. Sveitarfélög yrðu þannig aðstoðuð við að koma slíkum verkefnum á fót, eitt sér eða fleiri saman, og upplýsingum um verkefni og árangur þeirra haldið til haga fyrir önnur sveitarfélög og hið opinbera í heild sinni.

6.9 Úttekt og eftirlit.

Mikilvægt er við framkvæmd verkefnis sem þessa að fylgst sé náið með einstökum sveitarfélögum og að árangur þeirra sé metinn reglulega, bæði hvað varðar faglega og fjárhagslega hlið verkefnisins. Þessi úttektarvinna var frumkvöðlavinna þar sem við lítið var að styðjast.

Samkvæmt 6. gr. laga um reynslusveitarfélög var gert ráð fyrir því að frá byrjun yrði óháður úttektaraðili fenginn til þess að fylgjast með framkvæmd verkefnisins. Að undangengnu útboði var fyrirtækið Hagvangur hf. valið. Hagvangur hf. varð síðar hluti af ráðgjafarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers.

Því er ekki að leyna að ákveðin vonbrigði voru hjá verkefnisstjórn með framkvæmd úttektar á fyrri hluta tímabilsins. Gagnrýnt var að forsendur fyrir úttektinni lágu ekki fyrir fyrr en langt var liðið á verkefnið, m.a. um aðferðafræði við úttektina og árangursmælikvarða. Að mati verkefnisstjórnar tókst úttektaraðila á seinni hluta verkefnisins betur að skilgreina

sína vinnu og telur verkefnisstjórnin að ágætlega hafi til tekist með úttektina. Nefndin telur enn fremur að þær skýrslur sem úttektaraðili hefur gefið út árlega um framkvæmd verkefnisins gefi greinargóða mynd af verkefninu þegar á heildina er litið.

Þrátt fyrir að óháður úttektaraðili hafi haft umsjón með verkefninu hefur verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga lagt á það mikla áherslu að einstök sveitarfélög og ráðuneyti leggi sjálf mat á árangur og framvindu verkefna. Það átti að mati verkefnisstjórnar að þjóna hagsmunum sveitarfélaga, ráðuneytanna og verkefnisstjórnar. Slíkt mat hjálpar þessum aðilum að átta sig á þeim árangri sem verkefnið var að skila og hvar veikleikana væri að finna. Nauðsynlegt er einnig að veita þessum aðilum og öðrum tækifæri til að bera saman mismunandi sjónarmið aðila til einstakra þátta verkefnisins.

Sveitarfélögin og ráðuneytin hafa hins vegar staðið misjafnlega vel að þessu og hefði það verið til bóta að meira hefði verið lagt upp úr ritun slíkra greinargerða. Nokkrar slíkar skýrslur eða minnisblöð frá sveitarfélögum liggja fyrir, en vissulega hefði þessi skýrslugjöf mátt vera meiri. Einnig hafi verið þörf á að verkefnisstjórn stýrði þeirri úttekt betur þannig að samanburður fengist á milli sveitarfélaga. Möguleiki hefði verið fyrir því að fá aðra aðila til að meta árangur verkefnisins, t.d. íbúa sveitarfélaganna eða Alþingi. En rétt er að geta þess að PwC gerði viðhorfskannanir meðal notenda þjónustu sveitarfélaga, svo sem vegna málefna fatlaðra og heilbrigðis- og öldrunarmála. Verkefnisstjórn hefur síðan leitast við að leggja sjálfstætt mat á verkefnið og þau gögn sem liggja til grundvallar.

Það er umhugsunarvert hvernig standa beri að slíkum úttektum í framtíðinni. Verkefnisstjórnin vill vekja máls á því hvort þörf hafi verið á því að fá „óháðan úttektaraðila“ eins og lögin um reynslusveitarfélög gerðu ráð fyrir. Líkur eru á því að sú vitneskja að „óháður úttektaraðili“ myndi fara yfir verkefnið hefur vafalaust dregið mjög úr metnaði sveitarfélaganna og fagráðuneytanna til að gera slíkar úttektir sjálf.

7. Lokaorð.

Verkefni reynslusveitarfélaga lauk formlega í árslok 2001. Síðustu tvö ár hafa það aðallega verið sveitarfélögin Akureyrarkaupstaður, Reykjavíkurborg, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær sem hafa unnið að verkefninu. Góður árangur hefur náðst af starfi þeirra. Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga hefur hvatt reynslusveitarfélögin til þess að framhald verði á tilrauna- og nýsköpunarstarfsemi þeirra.

Ánægjulegt er að mikill áhugi er hjá Akureyrarkaupstað, Sveitarfélaginu Hornafirði og Vestmannaeyjabæ að halda verkefninu við málefni fatlaðra og heilbrigðis- og öldrunarmál áfram og nýta þannig þá vinnu og hagræðingu sem náðst hefur með verkefninu.

Hinn 1. október 2001 tók sérstakt þróunarsvið til starfa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og í ársbyrjun 2002 skipaði stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þróunarnefnd til að fylgjast með og fjalla um nýsköpun og þróunarverkefni í sveitarfélögum og reynslunni af þeim. Sjá samband.is/Þróunarsvið. Verkefnisstjórn fagnar bæði setningu þróunarsviðs og skipun þróunarnefndar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og gerir miklar vonir til Sambandsins um framhald þróunarvinnu. Slík áframhaldandi þróunarvinna í sveitarfélögum er samvinnuverkefni ráðuneyta, Sambands íslenskra sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga. Enn fremur þarf að tryggja slíkum verkefnum lagalegt svigrúm og nauðsynlegt fjármagn.

Markmið reynslusveitarfélagaverkefnisins var að veita sveitarfélögum heimildir í tilraunaskyni til að taka að sér framkvæmd nýrra verkefna, reyna nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í tilteknum málaflokkum og þróa nýjungar í stjórnsýslu sveitarfélaga. Telja verður að í heildina sé árangur í samræmi við sett markmið verkefnisins, þrátt fyrir að verkefnis-

stjórn hefði viljað sjá fleiri langtímaverkefni. Telja verður að fyrirliggjandi skýrslur PwC styðji það álit verkefnisstjórnar.

Að áliti verkefnisstjórnar er nauðsynlegt að halda vinnu þessari áfram. Slíkt er nauðsynlegt til að unnt sé að nýta þá vinnu og reynslu sem sett hefur verið í reynslusveitarfélagaverkefnið og virkja þannig áhuga sem flestra sveitarfélaga á að halda þessu starfi áfram.

1227. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Ólaf Briem frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Stýrimannaskólanum í Reykjavík og Sjómannasambandi Íslands.

Í 1. mgr. 26. gr. laganna segir: Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri en þrjá mánuði, er skiprúmssamningi slitið nema öðruvísi sé um samið.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laganna á skipverji sem verður fyrir því að skiprúmssamningi er slitið af þeim sökum er greinir í 1. mgr. einungis rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns.

Ljóst er að menn sem lenda í framangreindum aðstæðum geta átt ýmis réttindi bæði samkvæmt lögum og kjarasamningum, t.d. skv. 36. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ef skipverjar verða óvinnufærir vegna sjúkdóms eða meiðsla haldi viðkomandi launum allt að tveimur mánuðum. Hins vegar liggur það jafnframt fyrir að upp geta komið, og upp hafa komið, tilvik þar sem skipverjar hafa ekki notið neinna réttinda þegar þeir hafa misst atvinnu sína af þeim sökum sem greinir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Úr því vill nefndin bæta.

Nefndin leggur til breytingu á efnisákvæði frumvarpsins sem ætlað er að sneiða þá galla af frumvarpinu sem nú má finna. Breytingin er efnislega samhljóða núgildandi 3. mgr. 26. gr. að því frátöldu að ekki skiptir máli hvort skip verði fyrir sjótjóni eða er dæmt óbætandi o.s.frv. erlendis eða hér heima, skipverjar njóti sama réttar eftir sem áður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsgrein 1. gr. orðist svo:

Verði skiprúmssamningi slitið af þeim ástæðum sem greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum ef hann er stýrimaður, vélstjóri eða bryti, en í einn mánuð frá sama tíma ef hann gegnir annarri stöðu á skipi.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Árni R. Árnason.	Jón Bjarnason.
Lúðvík Bergvinsson.		Jóhann Ársælsson.

1228. Nefndarálit [653. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá fjármálaráðuneytinu.

Með frumvarpinu er lagt til að útgjöld árið 2003 aukist um 4.700 m.kr. og verði samtals 264,8 milljarðar kr. Er það í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um átak í atvinnu- og byggðamálum frá 11. febrúar sl. með það að markmiði að efla atvinnutækifæri fram til þess tíma er áhrifa stóriðjuframkvæmda fer að gæta til fulls. Framlög til vegamála aukast um 3 milljarða kr., 1 milljarður kr. rennur til að framkvæma áætlun um menningarhús og fé til atvinnuþróunar er aukið um 700 m.kr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásta Möller, Einar Már Sigurðarson og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2003.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Drífa Hjartardóttir.

1229. Skýrsla [702. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996, í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Rannsóknarnefnd flugslysa tók þá við starfsemi flugslysarannsóknardeildar Flugmálastjórnar og starfsemi flugslysanefndar sem þá voru lagðar niður.

Rannsóknarnefnd flugslysa er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra, en starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum, sbr. 6. gr. laganna. Hún annast rannsókn allra flugslysa, þ.m.t. alvarlegra flugatvika svo og flugumferðaratvika. Flugslysarannsóknir miða að því einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa.

Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa er gerð grein fyrir orsök eða líklegri orsök flugslyssins, auk þess sem þar eru, ef við á, gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum. Þá skal rannsóknarnefnd flugslysa gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt áðurnefndum lögum, að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að draga fram sök eða ábyrgð.

Nefndina skipa eftirtaldir fimm menn:

- Þormóður Þormóðsson, B.S. í flugrekstrar- og tæknistjórnun, rannsóknarstjóri flugslysa.
- Þorkell Ágústsson, verkfræðingur M.Sc., aðstoðarrannsóknarstjóri flugslysa.
- Kristján Guðjónsson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins.
- Steinar Steinarsson, flugstjóri hjá Flugleiðum hf.
- Þorsteinn Þorsteinsson, sjálfstætt starfandi flugvélaverkfræðingur.

Þormóður og Þorkell eru ráðnir ótímabundið og eru fastir starfsmenn nefndarinnar. Hinir þrír nefndarmennirnir eru skipaðir til fjögurra ára í senn og núverandi skipunartímabil þeirra nær til 1. júlí árið 2004.

Svo sem fram kom í skýrslu samgönguráðherra fyrir árið 2001, þá sagði Þorsteinn Þorsteinsson, varaformaður og aðstoðarrannsóknarstjóri, starfi sínu lausu í lok ársins 2001 og tók sæti í nefndinni. Í stað Þorsteins var Þorkell Ágústsson ráðinn varaformaður og aðstoðarrannsóknarstjóri flugslysa, frá og með 1. janúar 2002. Hann sótti námskeið í rannsókn flugslysa hjá Southern California Safety Institute í Bandaríkjunum og var í starfsþjálfun fram í apríl.

Kostnaðaryfirlit.

Fjárheimildir til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa voru á árinu 2002 samtals 24,4 millj. kr. og greinast þannig: Framlag í fjárlögum var 20,1 millj. kr. Með fjáraukalögum var veitt 5 millj. kr. aukafjárheimild og að auki 2 millj. kr. af ráðstöfunarfé samgönguráðherra. Frá dregst skuld frá fyrra ári sem var 2,7 millj. kr. Heildarkostnaður við starfsemina var 29,2 millj. kr. og því færast 4,8 millj. kr. sem skuld til næsta árs.

Rekstur nefndarinnar og rannsóknarverkefni ársins urðu mun kostnaðarsamari en ráð var fyrir gert. Eftirfarandi atriði vega þar þungt:

- Ráðning (þjálfun) nýs aðstoðarrannsóknarstjóra flugslysa.
- Nauðsynleg endurnýjun á tölvubúnaði, m.a. vegna endurnýjunar á vefsíðu nefndarinnar og samningi við Skýrr hf. um vistun tölvugagna.
- Ferðakostnaður og kostnaður í tengslum við lestur flugrita vegna rannsóknar á alvarlegu flugatviki íslenskrar farþegaflugvélar við Gardermoen-flugvöll við Ósló 22. janúar 2002.
- Kostnaður við tilkvadda sérfræðinga vegna rannsóknar á björgunarþætti flugslyss TF-GTI við Reykjavíkurflugvöll 7. ágúst 2000.
- Kaup á sérfræðiþjónustu vegna rannsóknar á alvarlegu flugatviki einkaflugvélar yfir Breiðafirði 21. júní 2002.
- Ferðakostnaður og kostnaður í tengslum við lestur flugrita við rannsókn á alvarlegu flugatviki íslenskrar farþegaflugvélar yfir austurströnd Bandaríkjanna 19. október 2002.
- Ferðakostnaður og kostnaður í tengslum við lestur flugrita vegna rannsóknar á alvarlegu flugatviki íslenskrar farþegaflugvélar á Teesside-flugvelli á Englandi 16. október 2002.

Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2002.

Á árinu 2002 lauk rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í tveimur málum sem ólokið var í upphafi ársins. Það voru flugslys TF-JMB í Garðsárdal, Eyjafirði, 5. ágúst 2001 og flugslys N272BB við Vestmannaeyjar 6. mars 2001. Þá lauk rannsóknarnefnd flugslysa sjö öðrum málum frá árinu 2001 með bókun.

Árið 2002 skráði rannsóknarnefnd flugslysa samtals 93 atvik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Af þessum atvikum tók rannsóknarnefnd flugslysa samtals 38 atvik, sem skilgreind voru sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik, til formlegrar meðferðar og rannsóknar. Nefndin lauk rannsókn á tveimur þessara mála með útgáfu rannsóknarskýrslu, fimmtán málum var lokið með bókun og einu máli var lokið með bókun og sérstöku bréfi til Flugmálastjórnar. Þá skoðaði rannsóknarnefnd flugslysa nánar að ósk samgönguráðherra björgunarþáttinn í flugslysi TF-GTI við Reykjavíkurflugvöll hinn 7. ágúst 2000 og skilaði samgönguráðherra greinargerð á árinu með niðurstöðum rannsóknarinnar.

Engin slys urðu á mönnum í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu.

Í árslok átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka gerð rannsóknarskýrslu vegna eins máls sem varð árið 2001, flugatviks TF-JME á Hornafjarðarflugvelli hinn 2. desember, þegar Metro-flugvél Flugfélags Íslands hlekktist þar á í lendingu. Einnig átti nefndin eftir að ljúka rannsóknarskýrslum vegna átta mála sem urðu árið 2002 en rannsókn þeirra var að mestu lokið og munu rannsóknarskýrslur koma út í upphafi árs 2003.

Rannsóknarnefnd flugslysa átti töluvert samstarf við erlenda rannsakendur vegna nokkurra minni háttar atvika sem hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu. Jafnframt aðstoðaði nefndin og tók þátt í rannsóknum erlendra rannsakenda á átta atvikum er hentu íslenskskráðar flugvélar erlendis. Einni þessara rannsókna var lokið á árinu en það var rannsókn rannsóknardeildar flugslysa á Bretlandi (Air Accident Investigation Branch) sem gaf út rannsóknarskýrslu á árinu vegna flugatviks sem varð á B 747 flugvél Atlanta yfir Ermarsundi hinn 12. júní 2000. Hinum sjö var ólokið í árslok en það voru rannsóknir rannsóknarnefndar flugslysa í Danmörku (Havarikommissionen Civil Luftfart) á flugatviki er henti B 757 flugvél Flugleiða í Kaupmannahöfn hinn 28. júní 2001, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Danmörku á alvarlegu flugatviki er henti C 404 flugvél Jórvíkur hf. yfir Grænlandi

hinn 1. ágúst 2002, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Svíþjóð (Statens Haverikommission) á flugumferðaratviki er B 757 flugvél Flugleiða átti hlut að við Arlanda-flugvöll í Stokkhólmi hinn 25. janúar 2002, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Noregi (Havarikommisjonen for Sivil Luftfart) á alvarlegu flugatviki er henti B 757 flugvél Flugleiða við Gardermoen-flugvöll í Ósló hinn 22. janúar 2002, rannsókn Slysarannsóknastofnunar samgöngumála í Bandaríkjunum (National Transportation Safety Board) á flugatviki er henti B 757 flugvél Flugleiða yfir austurströnd Bandaríkjanna hinn 19. október 2002, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa á Spáni (Comisión de Investigación de Accidentes) á flugatviki er henti B 747 flugvél Iberia á Madrídarflugvelli hinn 14. september 2002 og rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Argentínu (Junta de Investigaciones de Accidentes de Aviación) á flugatviki er henti B 747 flugvél Atlanta við flugvöllinn í Buenos Aires í Argentínu hinn 22. október 2002.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals sex tillögur til úrbóta í öryggisátt í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2002 og skrifaði Flugmálastjórn sérstakt bréf vegna tiltekins atviks. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var öllum beint til Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 7. gr. laga nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa er flugmálayfirvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur rannsóknarnefndar flugslysa séu teknar til formlegrar afgreiðslu. Við frekari skoðun á björgunarþætti flugslyssins þegar TF-GTI fórst við Reykjavíkurflugvöll 7. ágúst 2000 gerði rannsóknarnefnd flugslysa fjórar athugasemdir við viðbúnað og verklag á flugvellinum í Reykjavík sem hún beindi til flugmálayfirvalda og yfirstjórnar leitar og björgunar á hafinu við strendur Íslands.

Flugstundir, flugslys og alvarleg flugatvik á íslenskum loftförum 1983–2002.

	Reglu-bundið flug	Flugslys og flug-atvik	Leigu-flug	Flugslys og flug-atvik	Þjón-ustu-flug	Flugslys og flug-atvik	Verkflug	Flugslys og flug-atvik	Einka-flug	Flugslys og flug-atvik	Kennslu-flug	Flugslys og flug-atvik	Svifflug	Flugslys og flug-atvik	Flug-stundir samtals	Flugslys/atvik samtals
1983	27.600	2	6.100	1	9.000	4	1.400	2	14.800	6	6.000	0	800	0	65.700	15
1984	29.500	4	7.000	0	8.700	2	1.500	0	12.200	4	5.400	0	800	0	65.100	10
1985	30.000	1	6.500	0	9.100	1	3.000	0	14.000	7	6.900	5	800	0	70.300	14
1986	33.000	2	6.000	0	9.300	1	3.500	0	14.000	9	7.800	0	800	1	74.400	13
1987	37.200	1	6.900	0	8.800	3	4.000	2	15.500	9	9.200	2	800	1	82.400	18
1988	35.000	4	6.500	0	8.500	1	4.000	2	17.100	11	8.700	1	800	0	80.600	17
1989	33.000	4	4.000	0	6.800	1	2.800	0	16.700	6	9.100	3	800	1	73.200	15
1990	37.900	3	5.400	2	9.100	1	2.200	1	15.100	6	7.800	4	800	2	78.300	19
1991	38.500	0	11.900	0	8.500	0	1.900	0	12.700	10	8.500	0	800	0	82.800	8
1992	36.082	1	5.549	0	6.641	2	2.138	0	11.234	4	6.189	0	800	2	68.633	9
1993	34.517	1	10.320	0	6.825	0	1.751	0	9.510	4	8.237	0	800	1	71.996	6
1994	39.684	1	12.272	0	7.101	1	2.119	1	10.952	5	7.766	1	800	3	80.694	12
1995	41.694	1	13.881	0	10.087	1	2.475	0	13.025	5	6.316	4	800	2	88.278	13
1996	47.682	2	21.464	3	6.159	2	2.131	0	14.106	11	10.750	0	800	0	103.092	18
1997	51.930	3	25.452	2	5.826	2	1.729	4	14.805	7	13.318	2	800	0	113.060	20
1998	60.549	5	34.434	6	6.756	1	2.004	2	10.753	7	16.052	2	930	0	131.480	23
1999	65.847	5	34.885	4	3.481	1	1.730	0	10.995	11	16.843	3	797	0	134.578	24
2000	70.833	9	39.961	3	2.614	2	1.955	0	11.042	11	12.462	8	700	0	139.567	33
2001	66.959	3	45.683	11	2.611	1	1.941	1	9.103	2	10.567	2	700	0	137.562	20
2002		8		8		4		1		7		6		0		34

Alvarleg flugatvik eru talin hér með frá 1995 og flugumferðaratvik frá 1997. Tölur um flugstundir fyrir árið 2002 lágu ekki fyrir þegar skýrslan var tekin saman.

1230. Nefndarálit [462. mál]

um frv. til raforkulaga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Helga Bjarnason og Kristínu Haraldsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason frá Orkustofnun, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja hf., Eirík Bogason frá Samorku, Friðrik Sophusson, Bjarna Bjarnason og Þórð Guðmundsson frá Landsvirkjun, Ólaf Eggertsson frá Landssambandi raforkubænda, Franz Árnason frá Norðurorku hf., Guðmund Þóroddsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Kristján Haraldsson frá Orkubúi Vestfjarða hf., Kristján Jónsson og Eirík Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins og Þórð Skúlason og Jón Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Akraneskaupstað, Hitaveitu Suðurnesja hf., Selfossveitum, Alcan á Íslandi hf., RARIK, Norðurorku hf., Akureyrarbæ, Byggðastofnun, Samorku, Samtökum raf-, hita- og vatnsveitna, Orkubúi Vestfjarða hf., Orkustofnun, Löggildingarstofu, Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Orkuveitu Reykjavíkur, Orkuveitu Húsavíkur, Alþýðusambandi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Umhverfisstofnun, Hafnarfjarðarbæ og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Það byggist á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem hafa rutt sér til rúms víða um heim á undanförnum árum, þ.e. að skilja á milli einkasöluþátta rafkerfisins (flutnings og dreifingar) og þeirra þátta þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu). Þá er frumvarpinu ætlað að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um innri markað raforku, 96/92/EB, sem varð hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 26. nóvember 1999.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu er varða m.a. bókhaldslegan aðskilnað, grundvöll arðsemisútreikninga og eftirlit og eru þessar helstar:

1. Lagðar eru til breytingar á orðalagi frumvarpsins um tilgang bókhaldslegs aðskilnaðar sem gat leitt til þess að greinin yrði skýrð of þröngt. Með henni er ætlunin að gera þær kröfur að greint sé á milli vinnslu og sölu í bókhaldi en ekki eingöngu á milli samkeppnis- og sérleyfisþátta.
2. Eftir að EBIT er tekið upp sem arðsemisviðmið á fjármagnskostnaður ekki lengur heima í tekjuramma. Lagðar eru til breytingar á grundvelli arðsemi þar sem eiginfjárviðmið er of óljóst og flókið og af því leiðir að gera verður breytingar á arðsemisrammanum. Þá er nauðsynlegt að kveða nánar á um tekjumörk í reglugerð.
3. Mikilvægt er að opinbert eftirlit sé í lágmarki og að treyst sé á innra eftirlit eins og kostur er. Lagt er til að eftirlitsskyldir aðilar geti tjáð sig um eftirlitið og þróun þess og með því haft áhrif þar á.
4. Rétt þykir að leggja höfuðáherslu á að eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi byggist nú á innra eftirliti orkufyrirtækjanna. Orkustofnun getur falið faggiltum skoðunarstofum athuganir á þessu innra eftirliti en þær sinna nú sambærilegum verkefnum á sviði rafmagnsöryggismála.

5. Lagt er til að gjaldtaka við eftirlit verði lækkuð. Kostnaður við eftirlit Samkeppnisstofnunar og umsýslu ráðuneytis og kærunefndar greiðist úr ríkissjóði. Þá var kostnaður við eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi ofáætlaður. Gjald sem innheimt er á grundvelli greinarinnar á þá eingöngu að standa undir eftirliti Orkustofnunar. Er rétt að fyrirtækin geti fylgst með og tjáð sig um hvernig sá kostnaður verður til og þróast.
6. Lagðar eru til breytingar sem eiga að tryggja að gjald skv. 33. gr. hækki í eðlilegu samræmi við aukna vinnu við útgáfu leyfa.
7. Lagðar eru til breytingar sem eiga að leiða til þess að fyrirtækin setji fyrst fram tillögu um hvernig bókhaldslegur aðskilnaður verði framkvæmdur en Orkustofnun grípi inn í einungis ef skiptireglur fyrirtækjanna eru óeðlilegar með hliðsjón af markmiðum aðskilnaðarins.
8. Lagt er til að tímamörk til að skila drögum um bókhaldslegan aðskilnað séu framlengd þar sem tímamörk frumvarpsins þykja of knöpp.
9. Lagt er til að flutningslínur á 66 kV spennu teljist til flutningskerfisins.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Pétur H. Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm. | Guðjón Guðmundsson. | Árni R. Árnason.

Kjartan Ólafsson. | Ólafur Örn Haraldsson.

1231. Breytingartillögur [462. mál]

við frv. til raforkulaga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, GuðjG, ÁRÁ, KÓ, ÓÖH).

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „raflínur“ í 1. tölul. komi: sem ekki teljast til flutningskerfisins.
   b. 2. tölul. falli brott.
   c. Í stað orðsins „Sá“ í 6. tölul. komi: Fyrirtæki.
   d. 2. málsl. 7. tölul. orðist svo: Flutningskerfi skal ná frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana að aðveituspennum dreifiveitna.
   e. 9. tölul. falli brott.
   f. Í stað orðsins „sama“ í 10. tölul. komi: samræmd.
   g. Í stað orðanna „132 og 220 kV“ í 11. tölul. komi: 66, 132 og 220 kV.
   h. Í stað orðsins „*Orkulindir*“ í 13. tölul. komi: *Orkulind*, og í stað orðsins „á“ í sama tölulið komi: í.
   i. Í stað orðsins „*Viðskipti*“ í 19. tölul. komi: *Raforkuviðskipti/viðskipti*.
   j. Á eftir orðunum „sem veitt er“ í 22. tölul. komi: samkvæmt lögum þessum.

2. Við 6. gr.
   a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Stærð virkjunar og afmörkun virkjunarsvæðis.
   b. Í stað orðanna „að rekstrartíma loknum“ í 6. tölul. 1. mgr. komi: þegar notkun þeirra er hætt.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „Í þeim tilgangi að fyrirbyggja slíkar niðurgreiðslur skal fyrirtækið“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Vinnslufyrirtæki skulu.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.
   c. 2. mgr. orðist svo:
      Skylt er vinnslufyrirtæki að hlíta ákvörðunum flutningsfyrirtækis um umfang framleiðslu svo að það geti uppfyllt skyldur sínar vegna kerfisstjórnunar skv. 9. gr. og skal koma fyrir það greiðsla samkvæmt samkomulagi við vinnslufyrirtæki.
4. Við 8. gr. Á eftir 3. málsl. 4. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.
5. Við 10. gr. Á eftir orðunum „eigenda flutningsvirkja“ í 3. mgr. komi: og flutningsfyrirtækis.
6. Við 12. gr.
   a. Orðið „fjármagnskostnaði“ í 1. tölul. 2. mgr. falli brott.
   b. 2. tölul. 2. mgr. orðist svo: Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal að jafnaði vera 2% eða hærri en þó ekki hærri en tveimur prósentustigum yfir markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.
   c. Orðin „eigin fjár“ í 4. tölul. 2. mgr. falli brott.
   d. Á eftir orðunum „ákvæði um“ í 5. mgr. komi: tekjumörk.
7. Við 15. gr. Í stað orðanna „að rekstrartíma loknum“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: þegar notkun þeirra er hætt.
8. Við 16. gr.
   a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.
   b. 2. málsl. 5. tölul. 3. mgr. falli brott.
9. Við 17. gr.
   a. Orðið „fjármagnskostnaði“ í 1. tölul. 2. mgr. falli brott.
   b. 2. tölul. 2. mgr. orðist svo: Arðsemi dreifiveitna skal að jafnaði vera 2% eða hærri en þó ekki hærri en tveimur prósentustigum yfir markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.
   c. Orðin „eigin fjár“ í 4. tölul. 2. mgr. falli brott.
   d. Á eftir orðunum „ákvæði um“ í 5. mgr. komi: tekjumörk.
10. Við 19. gr.
   a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Fyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.
11. Við 23. gr. Í stað orðsins „orkulinda“ í 5. mgr. komi: orkulindar.

12. Við 24. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
    Orkustofnun skal hafa samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd og þróun eftirlitsins. Í því skyni skal starfa sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila. Orkustofnun skal eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Samráðsnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Orkustofnunar. Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð, m.a. um skipan hennar.
13. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
    Vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur skulu koma á innra eftirliti með gæðum raforku og afhendingaröryggi.
    Í reglugerð skal kveða á um þær kröfur sem innra eftirlit skv. 1. mgr. skal uppfylla og hvernig því skuli háttað, þar á meðal um eftirlit faggiltra skoðunarstofa.
14. Við 31. gr.
    a. Í stað orðanna „0,50 aurum“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: 0,3 aurum.
    b. Í stað orðanna „1,1 eyri“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: 0,7 aurum.
    c. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
        Fyrir 15. september ár hvert skal orkumálastjóri gefa iðnaðarráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laga þessara. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár. Skýrslunni skal fylgja umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 24. gr., um áætlað rekstrarumfang næsta árs ásamt áliti orkumálastjóra á umsögninni. Til að samráðsnefndin geti gefið umsögn skal Orkustofnun eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta gjaldtöku skv. 1. mgr. skal iðnaðarráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.
15. Við 32. gr. Í stað orðanna „samkvæmt lögum þessum“ í 1. málsl. komi: skv. 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr., 13. gr. og 1. mgr. 18. gr.
16. Við 33. gr.
    a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Fyrir virkjunarleyfi, sbr. 4. gr., skal greiða gjald. Gjaldið skal vera sett saman úr fastagjaldi sem nemur 100.000 kr. og gjaldþætti sem er í hlutfalli við stærð virkjunar og nemur 10.000 kr. fyrir hvert MW.
    b. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: Fyrir leyfi til að reisa og reka dreifikerfi, sbr. 13. gr., skal greiða gjald. Gjaldið skal vera sett saman úr fastagjaldi sem nemur 50.000 kr. og gjaldþætti sem er í hlutfalli við íbúafjölda á dreifiveitusvæðinu og nemur 10 kr. fyrir hvern íbúa.
17. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
    Um ársreikninga fyrirtækja sem falla undir ákvæði laga þessara fer samkvæmt lögum um ársreikninga.
    Ef fyrirtæki á samkvæmt lögum þessum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi sinnar aðskildum í bókhaldi skal gera sérstaka grein fyrir hverri starfsemi í ársreikningi. Gera skal Orkustofnun grein fyrir sundurliðuninni í því formi sem stofnunin ákveður.
    Sameiginlegum rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.
    Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækis skv. 3. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skipti-

reglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Fastafjármunum sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt á hverja starfsemi í þeim hlutföllum sem eru á milli bókfærðs verðs þeirra fastafjármuna sem heimfæranlegir eru.
2. Skipta skal afskriftum af þeim eignum sem ekki er unnt að skipta í sömu hlutföllum og þeim sem skiptanlegar eru.
3. Rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í þeim hlutföllum sem eru milli tekna og kostnaðar sem heimfæranlegur er.

Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og afhendir aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, sbr. 1. mgr. 7. gr., skal fyrirtækið gera grein fyrir afkomu einstakra rekstrarþátta í ársreikningi. Skila skal Orkustofnun skýrslu um afkomuna í því formi sem stofnunin ákveður. Útreikningur á afkomu einstakra rekstrarþátta og skiptingu á sameiginlegum kostnaði skal vera í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækisins skv. 5. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Þeim sameiginlegu þáttum í rekstrar- og efnahagsreikningi sem getið er um í 3. mgr. skal skipt í hlutfalli við verðmæti þeirrar orku sem afhent er.
2. Verðmæti raforku, sbr. 1. tölul., skal miðast við meðalverð raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis, en að teknu tilliti til samninga við notendur sem nota meira en 100 GWst á ári.
3. Til þess að ákvarða verðmæti annarrar orku, sbr. 1. tölul., svo sem heits vatns og gufu, skal Orkustofnun skilgreina eðlilegt einingarverð á þeirri orku við afhendingu frá orkuverinu. Í því skyni skal stofnunin hafa hliðsjón af verði orkunnar þegar hún kemur til kaupenda en að frádregnum kostnaði við flutning, dreifingu og sölu hennar. Jafnframt skal höfð hliðsjón af því við ákvörðun þessa verðs að hlutfall arðs af fastafjármunum sem eru bundnir í jarðvarmaorkuverinu sé svipað hvort sem um er að ræða raforkuvinnslu eða aðra orkuvinnslu.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um bókhaldslegan aðskilnað, þ.m.t. þær upplýsingar sem skulu koma fram í ársreikningi fyrirtækja sem falla undir ákvæði þessarar greinar, og um skiptigrundvöll milli mismunandi starfsemi.

18. Við 43. gr. Í stað 2. og 3. málsl. komi nýr málsliður er orðist svo: Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.
19. Við 45. gr. Orðin „að fullu“ falli brott.
20. Við ákvæði til bráðabirgða V. Í stað orðanna „fyrir 1. maí 2003 skila Orkustofnun ársreikningi“ í 1. mgr. komi: fyrir 1. september 2003 skila Orkustofnun drögum að ársreikningi.
21. Við ákvæði til bráðabirgða VIII.
    a. Á eftir orðinu „Flutningskerfið“ í 2. mgr. komi: á gildistíma þessa ákvæðis, og í stað orðanna „132 og 220 kV“ í sömu málsgrein komi: 66, 132 og 220 kV.
    b. 1. málsl. 3. mgr. falli brott.

1232. Nefndarálit [463. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum á orkusviði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Helga Bjarnason og Kristínu Haraldsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason orkumálastjóra, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja hf., Eirík Bogason frá Samorku, Friðrik Sophusson, Bjarna Bjarnason og Þórð Guðmundsson frá Landsvirkjun, Ólaf Eggertsson frá Landssambandi raforkubænda, Franz Árnason frá Norðurorku hf., Guðmund Þóroddsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Kristján Haraldsson frá Orkubúi Vestfjarða hf., Kristján Jónsson og Eirík Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins og Þórð Skúlason og Jón Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umsagnir hafa borist frá Akraneskaupstað, Orkubúi Vestfjarða, Landsvirkjun, Akureyrarbæ og Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum á orkusviði sem eru nauðsynlegar vegna breytinga er felast í frumvarpi til raforkulaga, en það er lagt fram samhliða frumvarpi þessu. Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið í ljós að gera þarf nokkrar breytingar á frumvarpinu:

1. Í IX. kafla orkulaga þykir rétt að áfram komi fram með skýrum hætti hvernig nýjar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins skuli fjármagnaðar og 62. gr. falli því ekki brott.
2. Þá þykir skýrara að tiltaka lagagrundvöll fyrir gjaldtöku fyrirtækisins þar sem Rafmagnsveitur ríkisins eru stofnun.
3. Í 1. og 2. mgr. 15. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, og 4. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, er heimild til að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld vegna virkjunarframkvæmda og endurgreiða verktökum gjöld vegna notkunar vinnuvéla, skv. 1. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun. Ætlunin var að Kárahnjúkavirkjun félli undir ákvæðið eins og aðrar virkjanir sem heimilaðar hafa verið samkvæmt lögum um raforkuver, en hún lenti í upptalningu 2. mgr. 6. gr. Þykir rétt að fella breytinguna inn í frumvarpið þó að hún tengist ekki frumvarpi til raforkulaga og breyta 15. gr. þannig að niðurfellingar- og endurgreiðsluheimildin nái til 1. og 2. mgr. 6. gr.
4. Nauðsynlegt er að bæta nýjum kafla við frumvarpið um breytingu á lögum nr. 159/2002, um Norðurorku, sem sett voru í desember sl., þar sem gera þarf sambærilega breytingu á 5. gr. þeirra laga og lögð er til í frumvarpinu, þ.e. að einungis gjaldskrá á heitu vatni þurfi staðfestingu iðnaðarráðherra og birtingu í Stjórnartíðindum til að öðlast gildi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Pétur H. Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm. | Guðjón Guðmundsson. | Árni R. Árnason.

Kjartan Ólafsson. | Ólafur Örn Haraldsson.

1233. Breytingartillögur [463. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum á orkusviði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, GuðjG, ÁRÁ, KÓ, ÓÖH).

1. Við 4. gr. Efnismálsgrein orðist svo:
   Rafmagnsveitur ríkisins skulu stunda starfsemi á orkusviði, annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   63., 64., 66. og 67. gr. og 3. tölul. 68. gr. laganna falla brott.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   65. gr. laganna orðast svo:
   Um gjaldtöku vegna hitaveitustarfsemi fer skv. 3.–6. mgr. 32. gr. Um gjaldtöku vegna raforkustarfsemi fer samkvæmt raforkulögum.
4. Við 6. gr. Orðin „á greiðslu“ í efnismálsgrein falli brott.
5. Við 9. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Í stað orðanna „1. mgr. 6. gr.“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 1. og 2. mgr. 6. gr.
6. Á eftir VII. kafla komi nýr kafli, VIII. kafli, **Breyting á lögum nr. 159 20. desember 2002, um stofnun hlutafélags um Norðurorku**, með einni nýrri grein, 16. gr., svohljóðandi:
   Orðin „rafmagni og“ í 2. málsl. 5. gr. laganna falla brott.

1234. Nefndarálit [396. mál]

um frv. til l. um húsnæðissamvinnufélög.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Garðar Jónsson, Inga Val Jóhannsson og Óskar Pál Óskarsson frá félagsmálaráðuneyti, Reyni Ingibjartsson, Sigurjón Þorbergsson og Sigurþór Hafsteinsson frá laganefnd Búseta, Magnús M. Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Rúnar Jónsson frá Íbúðalánasjóði, Kormák Bragason og Steinar Júlíusson frá búsetufélaginu Trönuhjalla 13–17 og Gunnar Jónatansson frá Búseta. Þá bárust

umsagnir frá Búseta, Alþýðusambandi Íslands, laganefnd Landssambands húsnæðissamvinnufélaga, búsetufélaginu Trönuhjalla 13–17, Búmönnum – húsnæðissamvinnufélagi, Landssambandi eldri borgara, Íbúðalánasjóði, Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Meginmarkmið frumvarpsins er að gera lögin skýrari í framsetningu og setja traustari grunn undir ábyrgðarskiptingu milli húsnæðissamvinnufélaga og félagsmanna. Þá eru reglur um réttindi og skyldur félagsmanna gerðar skýrari jafnframt því sem tryggðar eru öruggari forsendur fyrir nauðsynlegu viðhaldi og rekstri. Loks er gerð tillaga um rýmkun á gildissviði laganna og ákvörðunarvald um starfshætti fært í meira mæli til húsnæðissamvinnufélaganna.

Fyrstu lög um húsnæðissamvinnufélög hér á landi voru lög nr. 24/1991. Nokkur húsnæðissamvinnufélög eru til hér á landi en þau stærstu eru Búseti í Reykjavík, stofnað í október 1983, og Búmenn, stofnað í nóvember 1998. Húsnæðissamvinnufélagsformið er víða þekkt og þá sérstaklega á Norðurlöndum. Það sameinar að mörgu leyti eignar- og leigurétt. Félagsmenn kaupa sér svokallaðan búseturétt fyrir ákveðna upphæð sem í upphafi er mismunur á áhvílandi langtímaláni og byggingarkostnaði. Síðan er greiddur mánaðarlegur kostnaður er kallast búsetugjald.

Núgildandi lög um húsnæðissamvinnufélög hafa að ýmsu leyti verið erfið í framkvæmd, m.a. þar sem gerð er krafa til íbúa/félagsmanna um að axla meiri ábyrgð en gert er á almennum fasteignamarkaði og þeim gert að gera áætlanir um framtíðarviðhald húseigna áratugi fram í tímann og tryggja að á hverjum tíma sé nægt fé til framkvæmda.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að innlausnarskylda húsnæðissamvinnufélaga á búseturétti er afnumin, endursala búseturéttar er gefin frjáls, ákvæði um númeraröð færð í samþykktir félaganna og tillaga er gerð um að viðhaldssjóðir verði einn sameiginlegur sjóður.

Afnám innlausnarskyldunnar felst í því að horfið er frá því að félagið greiði búseturéttarhöfum eignarhlut sinn ef hann selst ekki innan tólf mánaða frá uppsögn, jafnvel þótt enginn vilji kaupa hann. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að húsnæðissamvinnufélagið ákveði á aðalfundi og setji í samþykktir sínar með hvaða hætti endursala fari fram. Það er mat meiri hlutans að óeðlilegt sé að húsnæðissamvinnufélögin beri þessar byrðar enda einungis fjármögnuð með framlögum þeirra sem eftir eru í félögunum og því er breytingin talin eðlileg.

Þá tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið að verð búseturéttar ákvarðist af markaðsverði fremur en fyrir fram gefnum forsendum og í samræmi við það ákveði húsnæðissamvinnufélögin sjálf hvernig endursöluverð skuli ákveðið. Meiri hlutinn telur það jafnframt liggja skýrt fyrir að með einum öflugum viðhaldssjóði náist betri nýting fjármagns og aukin samræming á því sviði.

Meiri hlutinn leggur til orðalagsbreytingar við ákvæði 15. og 20. gr. frumvarpsins til frekari skýringa. Í 2. mgr. 15. gr. er fjallað um skyldu búseturéttarhafa til að annast á sinn kostnað viðhald á íbúð sinni. Meiri hlutinn leggur til að hér verði miðað við almennt viðhald á íbúð með vísan til inntaks þess hugtaks á hverjum tíma. Þá telur meiri hlutinn nauðsynlegt að benda á það misræmi í frumvarpinu að skv. 20. gr. þess er búsetusamningur óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélags en í 22. gr. frumvarpsins eru hins vegar tilgreind skilyrði húsnæðissamvinnufélags fyrir riftun á búsetusamningi. Ljóst er að stefnt er að því að riftun húsnæðissamvinnufélags á búsetusamningi sé heimil við þær aðstæður sem upp eru taldar í 22. gr. frumvarpsins og eru því lagðar til nauðsynlegar breytingar á 20. gr. þess til að samræmis sé gætt. Þá leggur meiri hlutinn til orðalagsbreytingu við 8. og 12. gr., jafnframt því sem lagfærðar eru tilvísanir í 16. og 19. gr. frumvarpsins. Að lokum leggur meiri hlutinn

til að fellt verði brott ákvæði til bráðabirgða I. Ástæður þessa eru að ákvæði til bráðabirgða eiga samkvæmt eðli sínu að vera tímabundin og mæla fyrir um sérstök réttaráhrif tengd því frumvarpi sem slík ákvæði eiga við um. Hér er hins vegar verið að lýsa ákveðinni réttarstöðu við lögfestingu laga um húsnæðismál, nr. 44/1998. Það er því mat meiri hlutans að ekki sé tilefni til þess að hafa ákvæðið í frumvarpinu og nægilegt hefði verið að kveða á um innihald þess í almennum athugasemdum við það.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „fá keyptan“ í 1. mgr. 8. gr. komi: kaupa.
2. Í stað orðanna „að semja sérstaklega um að búseturéttarhafi annist á sinn kostnað að hluta eða öllu leyti kostnað“ í 3. mgr. 12. gr. komi: að semja um að búseturéttarhafi annist að hluta eða öllu leyti kostnað.
3. Í stað orðsins „viðhald“ í 2. mgr. 15. gr. komi: almennt viðhald.
4. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 2. mgr. 15. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. 16. gr. komi: sbr. 3. mgr. 15. gr.
5. Í stað tilvísunarinnar „samkvæmt ákvæðum 1. mgr.“ í 4. mgr. 19. gr. komi: samkvæmt ákvæðum 1., sbr. 3. mgr.
6. Við 1. málsl. 1. mgr. 20. gr. bætist: sbr. þó riftunarákvæði 22. gr.
7. Ákvæði til bráðabirgða I falli brott.

Alþingi, 7. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Kjartan Ólafsson.		Kristinn H. Gunnarsson.

1235. Frumvarp til laga [703. mál]

um vátryggingarsamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. HLUTI

Skaðatryggingar.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Gildissvið I. hluta laganna.

Þessi hluti laganna gildir um samninga um skaðatryggingar.

Með skaðatryggingu er átt við vátryggingu gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, vátryggingu gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði og aðra vátryggingu sem ekki er persónutrygging.

Ákvæði I. hluta laganna gilda ekki um endurtryggingar. Viðskiptaráðherra er heimilt að undanskilja með reglugerð greiðsluvátryggingar, efndavátryggingar og aðrar sambærilegar vátryggingar gildissviði laganna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum hluta laganna hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:

a. *félagið,* sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita vátryggingu,
b. *vátryggingartaki*, sá sem gerir einstaklingsbundinn samning eða hópvátryggingarsamning við félagið,
c. *vátryggður*, sá sem samkvæmt vátryggingarsamningi á rétt á að krefja um bætur; í ábyrgðartryggingum er hinn vátryggði sá sem nýtur vátryggingarverndar á skaðabótaskyldri háttsemi sinni,
d. *hópvátrygging,* vátrygging þar sem réttindi og skyldur fyrir hópinn sem vátryggingin tekur til eru ákvörðuð með samningi sem vátryggingartaki gerir vegna eða til hagsbóta fyrir þá sem teljast til hópsins,
e. *varúðarreglur*, fyrirmæli í vátryggingarsamningi um:
   1. að vátryggður eða aðrir skuli gera tilteknar ráðstafanir sem fallnar eru til þess að fyrirbyggja eða takmarka tjón eða sjá til þess að þær verði gerðar,
   2. að vátryggður eða aðrir skuli við notkun, geymslu eða viðhald vátryggðs hlutar uppfylla tiltekin skilyrði um hæfni eða hafa tilgreind réttindi,
   3. að vátryggður eða aðrir skuli við notkun, geymslu eða viðhald vátryggðs hlutar, framkvæma það með tilteknum hætti,
f. *vátryggingaratburður*, atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið,
g. *vátryggingaráhætta*,
   1. þeir hagsmunir sem njóta vátryggingarverndar samkvæmt vátryggingarsamningi ef vátryggingaratburður verður og
   2. þeir þættir eða aðstæður sem leitt geta til þess að vátryggingaratburður verður,
h. *vátryggingarfjárhæð*, sú fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarsamningi og hagsmunir eru að hámarki vátryggðir fyrir,
i. *vátryggingarverðmæti*, verðmæti vátryggðra muna eða annarra hagsmuna þegar vátryggingaratburður verður,
j. *bundið vátryggingarverð*, fjárhæð sú, er samið er um sem fullnaðarbætur fyrir vátryggðan mun, óháð raunverulegu verðmæti hans,
k. *vátryggingarskírteini*, staðfesting vátryggingafélags á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður þar sem fram koma m.a. upplýsingar um hvaða vátryggingu sé um að ræða, vátryggingartaka og vátryggðan, svo og þær upplýsingar sem greinir í 10. gr.

3. gr.

Ófrávíkjanlegar reglur.

Óheimilt er, nema annað sé tekið fram, að víkja frá ákvæðum I. hluta laga þessara með samningi ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu samkvæmt vátryggingarsamningi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er í öðrum tegundum vátrygginga en ábyrgðartryggingum skv. 46. gr. heimilt að víkja frá ákvæðum þessa hluta þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar:

a. ef rekstraraðilinn hefur við gerð vátryggingarsamnings eða við endurnýjun hans fullnægt að minnsta kosti tveimur af eftirtöldum skilyrðum:
   1. hefur fleiri en 10 ársverk á reikningsári,
   2. hefur heildarveltu að fjárhæð meira en 500.000.000 kr. samkvæmt síðasta ársreikningi,
   3. að niðurstöðutala efnahagsreiknings nái 200.000.000 kr. samkvæmt síðasta ársreikningi,
b. ef starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis,
c. ef vátrygging er tekin vegna skráðs loftfars,
d. ef vátryggðar eru vörur í flutningi milli landa.

Fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í 2. mgr. skulu breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu eins og hún var 1. janúar 2002 og skulu fjárhæðirnar svo breyttar gilda í eitt ár.

II. KAFLI
Upplýsingaskylda félagsins.

4. gr.
Upplýsingar við töku vátryggingar.

Við töku vátryggingar skal félagið, eða sá sem kemur fram fyrir hönd þess, veita nauðsynlegar upplýsingar til þess að vátryggingartaki geti metið tilboð þess. Sérstaklega skal það gera grein fyrir því hvort verulegar takmarkanir séu á gildissviði vátryggingarinnar eða þeirri vernd er hún veitir.

Þá skal félagið upplýsa um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála er tengjast vátryggingarsamningum, svo og rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla.

5. gr.
Tungumál vátryggingarskilmála.

Vátryggingarskilmálar, sem boðnir eru vegna vátryggingaráhættu sem er hérlendis, skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem vátryggingartaki samþykkir og gerir honum kleift, áður en gengið er frá vátryggingarsamningi, að tileinka sér þau ákvæði skilmálanna sem skipta máli um efni þeirra, vátryggingarvernd og þau kjör sem í boði eru.

6. gr.
Upplýsingaskylda um efni löggjafar.

Þegar þörf krefur og áður en gengið er frá vátryggingarsamningi skal félagið, eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd, gefa vátryggingartaka upplýsingar um meginatriði þeirra laga sem um hann gilda. Í þeim tilvikum sem samið er um að lög annars lands gildi um samninginn skal veita vátryggingartaka upplýsingar um efni þeirrar löggjafar.

Val á löggjöf um vátryggingarsamning ásamt staðfestingu á að vátryggingartaki hafi fengið upplýsingar skv. 1. mgr. skal koma fram í samningnum sjálfum eða í fylgigögnum með honum.

7. gr.
Upplýsingaskylda um félagið sjálft.

Vátryggingartaki skal ávallt upplýstur um heiti og aðsetur þess félags sem vátrygginguna býður og vátryggingaráhættuna ber áður en hann er skuldbundinn samkvæmt vátryggingar-

samningi. Upplýsingarnar skulu ávallt koma fram á bréfum og öðrum tilkynningum til vátryggingartaka, svo og heiti og aðsetur aðalstöðva félagsins þegar um útibú er að ræða.

Öll bindandi tilboð, vátryggingarsamningar og ígildi þeirra skulu hafa að geyma upplýsingar um heiti og aðsetur þess félags sem ber vátryggingaráhættuna og aðalstöðvar þess. Þegar um ábyrgðartryggingu ökutækja er að ræða og veitt er þjónusta án starfsstöðvar skal nafn og heimilisfang þess fulltrúa félagsins sem annast tjónsuppgjör einnig koma fram.

8. gr.

Skilríki.

Hver sá sem hefur með höndum sölu vátrygginga á vegum vátryggingafélags skal framvísa fullnægjandi skilríkjum við störf sín sem útgefin eru af því félagi eða félögum sem hann starfar fyrir.

9. gr.

Skyldur félags við sölu vátrygginga og við tjón.

Vátryggingafélög skulu sjá til þess að starfsemi aðila skv. 8. gr. sé þannig háttað að við öflun vátrygginga sé gætt hags vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta.

Vátryggingafélög skulu sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar.

10. gr.

Vátryggingarskírteini.

Þegar er samningur hefur verið gerður og ákveðið er hvaða skilmálar gildi um vátrygginguna skal félagið afhenda vátryggingartaka skírteini til staðfestingar á því að samningur sé á kominn og vísa til skilmála hans. Auk skírteinisins skal félagið afhenda vátryggingartaka skilmálana.

Í vátryggingarskírteini skal koma fram:

a. heiti vátryggingar,
b. gildistími vátryggingarsamnings,
c. hverjir séu aðilar að vátryggingarsamningnum,
d. iðgjald vegna vátryggingarinnar og fyrirvarar sem tengjast greiðslu iðgjalds, ef einhverjir eru,
e. fyrirvarar, ef einhverjir eru, um takmörkun á ábyrgð í tengslum við breytingu á áhættu, sbr. 24. og 25. gr.,
f. hvaða varúðarreglur félagið hefur sett, en í því efni getur það vísað til varúðarreglna í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða hliðstæðum fyrirmælum eða reglum, ef sanngjarnt er að ætlast til að vátryggingartaki þekki efni þeirra; þá skal það upplýsa að vátryggður geti fengið eintak varúðarreglna hjá því,
g. hvaða frestur er til þess að tilkynna um vátryggingaratburð þegar hann hefur orðið, sbr. 1. mgr. 51. gr.

Hafi félagið vanrækt skyldur sínar um að veita upplýsingar í samræmi við 2. mgr. getur það aðeins borið fyrir sig hin tilteknu ákvæði ef vátryggingartaka eða vátryggðum var þrátt fyrir það kunnugt um skilmálann.

11. gr.

Upplýsingar við endurnýjun vátryggingar.

Við endurnýjun vátryggingar skal félagið upplýsa um nýja valkosti í vátryggingum þeim sem um ræðir eða viðbótarvernd sem það getur veitt og er tilkomin eftir að vátrygging var tekin eða endurnýjuð síðast.

Ef félagið hefur mælt fyrir um sérstakar takmarkanir á notkun vátryggðs hlutar eða mælt fyrir um varúðarreglur eða önnur sérstök samningsákvæði skal einnig minna á þau.

12. gr.

Eftirlitsskylda Fjármálaeftirlitsins. Reglugerðarheimild.

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því að upplýsingaskyldu samkvæmt þessum hluta laganna sé fullnægt.

Viðskiptaráðherra getur sett reglugerð með nánari reglum um upplýsingaskylduna.

III. KAFLI

Vátryggingarsamningurinn o.fl.

13. gr.

Ábyrgðartíminn.

Nú er annað ekki ákveðið í lögum eða samningi og hefst þá ábyrgð félagsins þegar það eða vátryggingartakinn hefur samþykkt tilboð hins.

Hafi félagið sent skriflegt samþykki til vátryggingartaka hefst ábyrgð þess kl. 0.00 þann dag sem samþykkið var sent, að því tilskildu að beiðni um vátryggingu hafi komið til félagsins í síðasta lagi deginum áður.

Hafi vátryggingartaki sent skriflega beiðni um tiltekna vátryggingu og ljóst er að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina ber það ábyrgð við móttöku hennar.

Ef ábyrgð félagsins á að hefjast á tilteknum degi, án þess að það sé tilgreint nánar, hefst ábyrgðin kl. 0.00 þann dag. Eigi vátrygging að gilda til ákveðins dags en ekki er tiltekið hvenær dags henni lýkur skal litið svo á að henni ljúki kl. 24.00.

14. gr.

Heimild vátryggingartaka til þess að segja upp vátryggingarsamningi.

Nú vill vátryggingartaki segja upp vátryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Vátryggingartaki getur á vátryggingartíma sagt upp vátryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn.

Sé um hópvátryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæði 2. mgr. í vátryggingarsamningi.

15. gr.

Heimild félagsins til að slíta vátryggingarsamningi á vátryggingartímabilinu.

Félagið getur sagt upp vátryggingarsamningi samkvæmt reglum 21. gr. og 3. mgr. 47. gr. Í öðrum tilvikum getur félagið því aðeins sagt upp vátryggingarsamningi að fyrir hendi séu sérstök atvik sem skýrlega eru tilgreind í vátryggingarskilmálum, enda megi telja uppsögnina sanngjarna.

Uppsögnin verður að fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veittu því rétt til uppsagnarinnar. Uppsögnin skal vera skrifleg og rökstudd. Sé ekki ákveðinn skemmri frestur í lögum þessum skal uppsagnarfrestur vera tveir mánuðir hið minnsta.

Félagið skal í tilkynningu um uppsögn skýra frá möguleikum á því að leggja ágreining um hana fyrir úrskurðarnefnd til úrlausnar skv. 141. gr.

Það sem segir um uppsögn í 2. málsl. 1. mgr. gildir einnig um fyrirvara um að vátryggingin skuli falla úr gildi ef tiltekin atvik koma upp.

16. gr.

Breyting á vátryggingarskilmálum á vátryggingartíma.

Félagið getur ekki áskilið sér rétt til að breyta vátryggingarskilmálum á vátryggingartímabilinu.

17. gr.

Uppgjör þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartímabili.

Nú er vátryggingarsamningi slitið á vátryggingartímabilinu og skal vátryggingartaki þá fá endurgreitt iðgjald fyrir þann tíma sem hann hefur greitt og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þótt félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Í skilmálum vátryggingarinnar skulu vera reglur um útreikning iðgjalds fyrir slík tilvik eða vísað til slíkra reglna.

18. gr.

Endurnýjun og breyting á vátryggingarskilmálum við endurnýjun vátryggingar.

Nú á vátrygging að gilda í tiltekinn tíma, eitt ár eða lengur, og félagið hyggst ekki framlengja hana fram yfir þann tíma og skal það þá tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Að öðrum kosti framlengist vátryggingartímabilið í eitt ár.

Félagið getur einungis neitað að endurnýja vátryggingu skv. 1. mgr. þegar fyrir liggja sérstakar ástæður sem leiða til þess að sanngjarnt er að segja henni upp. Þegar synjað er um endurnýjun gilda ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. og 3. mgr. sömu gr. Það sem segir í þessari málsgrein á ekki við ef ótvírætt er af vátryggingarsamningi að vátryggingin skuli falla úr gildi þegar vátryggingartímabilinu lýkur.

Vilji félagið breyta skilmálum vátryggingarinnar við endurnýjun hennar skal það, um leið og krafið er um iðgjöld fyrir næsta vátryggingartímabil, afhenda vátryggingartaka hina nýju skilmála og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri skilmálum. Séu settar nýjar varúðarreglur skal félagið afhenda vátryggingartaka eintak af nýju reglunum og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri reglum. Heimilt er að vísa til varúðarreglna ef sanngjarnt er að ætlast til að vátryggingartaki þekki til efnis þeirra. Í þeim tilvikum skal upplýst, að félagið muni afhenda vátryggingartaka eintak varúðarreglnanna, sem vísað er til, sé þess óskað. Félagið getur ekki borið fyrir sig skilmálabreytingu ef reglum þessarar málsgreinar er ekki fylgt.

IV. KAFLI
Almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins.

19. gr.
Skylda vátryggingartaka til að veita upplýsingar um áhættuna.

Við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings getur félagið óskað eftir upplýsingum um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Sé upplýsinganna aflað hjá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum skal skriflegt, upplýst samþykki viðkomandi liggja fyrir áður en upplýsinganna er aflað. Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Verði vátryggingartaka ljóst að hann hefur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna skal hann án ástæðulauss dráttar skýra félaginu frá því.

20. gr.
Takmörkun á ábyrgð félagsins vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu.

Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 19. gr. og vátryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð gagnvart honum.

Hafi vátryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta.

Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanræksla vátryggingartaka hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sök hans var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.

21. gr.
Réttur félagsins til að segja upp vátryggingunni þegar rangar upplýsingar hafa verið veittar.

Nú verður félaginu ljóst, að þær upplýsingar sem það hefur fengið um áhættuna eru rangar eða ófullnægjandi svo verulegu nemi og getur það þá sagt vátryggingunni upp með 14 daga fyrirvara. Regla 2. mgr. 15. gr. gildir um uppsögnina. Hafi vátryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið slitið vátryggingunni, svo og öðrum vátryggingarsamningum sem það hefur gert við vátryggingartaka, án fyrirvara.

22. gr.
Takmarkanir á heimildum félagsins til þess að bera fyrir sig ófullnægjandi upplýsingar.

Félagið getur ekki borið fyrir sig að það hafi fengið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar ef það vissi, eða mátti vita, að svo var þegar það fékk þær. Sama gildir ef atvik þau er upplýsingarnar varða skiptu ekki máli fyrir félagið eða gera það ekki lengur. Ef háttsemi vátryggingartaka er sviksamleg á framangreind takmörkun 1. málsl. því aðeins við að félagið hafi vitað að upplýsingarnar sem það fékk voru rangar eða ófullnægjandi.

23. gr.
Takmörkun á ábyrgð vegna atvika sem eru óljós og ekki er hægt að upplýsa.

Ef félagið á af sérstökum ástæðum ekki kost á því að afla upplýsinga um tiltekin atvik getur það gert fyrirvara um að bera ekki ábyrgð á þeim atvikum eða takmarkað ábyrgð sína

á þeim. Sé unnt að afla upplýsinganna að ákveðnum tíma liðnum gildir ábyrgðartakmörkunin aðeins þann tíma.

24. gr.

Takmörkun á ábyrgð vegna breytinga á vátryggðri áhættu.

Félagið getur gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef tiltekin atvik, sem hafa verulega þýðingu fyrir hina vátryggðu áhættu, breytast. Slíkan fyrirvara má þó ekki gera ef vátryggður hvorki vissi né mátti vita að atvik breyttust eða ef það að vátryggingaratburður verður er vegna annarra ástæðna en hinna breyttu atvika.

25. gr.

Fyrirvari um lækkun bóta vegna breytinga á vátryggðri áhættu.

Félagið getur gert fyrirvara um að ábyrgð þess á vátryggingaratburði skuli lækka að tiltölu ef ákvörðun iðgjalds er skýrlega háð því hvernig hinn vátryggði hlutur er notaður og að fylgt sé ákveðnum varúðarreglum.

Fyrirvara, sem greinir í 1. mgr., verður ekki beitt ef breytingarnar eru ekki orsök vátryggingaratburðar. Honum verður heldur ekki beitt ef breytingarnar eru hvorki af völdum vátryggðs né með samþykki hans og hann hefur gert þær ráðstafanir sem sanngjarnar má telja til að upplýsa félagið um þær án ástæðulauss dráttar frá því að hann vissi um þær.

26. gr.

Brot á varúðarreglum.

Félagið getur gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

27. gr.

Vátryggður veldur vátryggingaratburði.

Ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð. Ef vátryggður hefur ekki viðhaft sviksamlega háttsemi má þó leggja ábyrgð að hluta á félagið.

Hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Félagið getur ekki borið fyrir sig að vátryggður hafi valdið vátryggingaratburði ef háttsemi hans telst ekki ásetningur eða stórkostlegt gáleysi.

Félagið getur ekki borið fyrir sig reglurnar í þessari grein ef vátryggður, eða sá sem skv. 29. gr. er samsamaður honum, gat vegna aldurs eða andlegs ástands ekki gert sér grein fyrir afleiðingum háttsemi sinnar.

28. gr.

Skylda vátryggðs til að hindra vátryggingaratburð og tilkynna um hann.

Sé yfirvofandi hætta á að vátryggingaratburður verði, eða ef hann er orðinn, skal vátryggður gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón.

Megi vátryggðum vera ljóst að félagið gæti öðlast endurkröfu á hendur þriðja manni skal hann gera það sem nauðsyn krefur og með sanngirni má ætlast til af honum til að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

Hafi vátryggingaratburður orðið skal vátryggður skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

Hafi orðið tjón vegna þess að vátryggður hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar skv. 1.–3. mgr. má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Við mat á því skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti.

29. gr.

Háttsemi ættingja vátryggðs, aðstoðarmanna hans og annarra sem tengjast honum með svipuðum hætti.

Í vátryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, er óheimilt að semja með þeim hætti að vátryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má semja svo um að:

a. við vátryggingu ökutækja, annarra farartækja eða loftfara og húsdýra megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða,
b. við vátryggingu íbúðarhúsnæðis, orlofshúsnæðis og innbús megi félagið bera fyrir sig háttsemi maka hins vátryggða sem býr með honum og manns sem hinn vátryggði býr með í föstu varanlegu sambandi.

Í vátryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi má, með þeim takmörkunum sem leiðir af 1. mgr. 41. gr., semja um að vátryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa.

30. gr.

Ráðstafanir sem gerðar eru til að forðast tjón á mönnum eða munum.

Félagið getur ekki borið fyrir sig ákvæði 26.–29. gr., ef sú háttsemi sem um ræðir fól í sér viðleitni til þess að koma í veg fyrir tjón á mönnum eða munum og telja má hana hafa verið réttlætanlega miðað við aðstæður.

31. gr.

Tilkynningarskylda félagsins ef það hyggst bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð.

Nú hyggst félagið bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum þessa kafla, eða það hafi rétt til þess að segja upp vátryggingunni, og skal það þá tilkynna vátryggingartaka eða vátryggðum þá afstöðu sína. Tilkynningin skal send án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð. Í þessu sambandi skal félagið einnig upplýsa um möguleika til þess að bera álitaefni undir úrskurðarnefnd skv. 141. gr.

Vanræki félagið upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. glatar það rétti til að bera ábyrgðartakmörkun fyrir sig.

V. KAFLI
Iðgjaldið.

32. gr.
Gjalddagi, fyrsta tilkynning.

Þegar greiðsla iðgjalds er ekki skilyrði þess að ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi hefjist fellur það í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist samkvæmt samningnum. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans. Hafi ábyrgð félagsins hafist helst hún áfram þótt greiðsla sé ekki innt af hendi innan hins tilgreinda frests.

33. gr.
Greiðsludráttur á iðgjaldi, síðari tilkynningar.

Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 32. gr. og félagið ber ábyrgð getur það losnað undan henni með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Tilkynningin skal bera skýrlega með sér að vátryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests.

Nú er sýnt fram á að vátryggingartaki hafi ekki getað greitt fyrir lok frests skv. 1. mgr. vegna ófyrirséðra hindrana sem honum verður ekki um kennt og helst þá ábyrgð félagsins í þrjá mánuði til viðbótar eftir lok frestsins.

Ef iðgjaldið er greitt eftir lok greiðslufrestsins í 1. mgr. ber að líta á greiðsluna sem ósk um nýja vátryggingu. Regla 3. mgr. 13. gr. gildir þá með sama hætti, en ábyrgð félagsins hefst þó fyrst daginn eftir að iðgjaldið er greitt.

34. gr.
Hvenær telja ber greiðslu innta af hendi.

Þótt félagið hafi ekki móttekið greiðslu skal líta svo á að hún hafi verið innt af hendi þegar:

a. peningar, tékki eða önnur sambærileg ávísun er send til félagsins í pósti eða með skeyti,
b. fjárhæðin er greidd til pósthúss, banka eða sparisjóðs eða
c. fyrirmæli um greiðslu eru send til banka, sparisjóðs eða með öðrum óafturkallanlegum hætti.

VI. KAFLI
Almennar reglur um ábyrgð félagsins.

35. gr.
Útreikningur bóta. Vátryggingarverðmæti.

Sé ekki um annað samið í vátryggingarsamningi á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt.

Ef ákveða á bætur í samræmi við viðgerðarkostnað eða endurkaupsverð getur vátryggður krafist bóta fyrir slíkan kostnað þótt viðgerð eða endurkaup hafi ekki átt sér stað. Þetta gildir þó ekki ef annað leiðir af vátryggingarskilmálum eða lögum.

Vátryggður getur krafist greiðslu bóta í peningum þegar annað leiðir ekki af vátryggingarskilmálum eða lögum.

36. gr.

Bundið vátryggingarverð.

Samningi um að tiltekið tjón skuli bætt með ákveðnu verði má víkja til hliðar samkvæmt kröfu félagsins ef vátryggingartaki hefur gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem höfðu þýðingu fyrir verðákvörðunina. Ákvæði 19.–23. gr. og 31. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

37. gr.

Tvítrygging.

Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt vátryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skv. 1. mgr. skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða vátryggingu hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

38. gr.

Ábyrgð félagsins á björgunarkostnaði.

Félagið ber ábyrgð á tjóni og kostnaði sem vátryggður verður fyrir við þær aðstæður er greinir í 28. gr. þegar markmið með ráðstöfunum var að forðast tjón sem fellur undir vátrygginguna eða takmarka það og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanlegar. Hið sama á við um tjón sem valdið er manni er skv. 29. gr. var skylt að gera björgunarráðstafanir.

Sé vátryggður skyldur til að bæta tjón sem valdið er þriðja manni vegna ráðstafana er greinir í 1. mgr. gilda ákvæði 44. gr. um það tjón.

VII. KAFLI

Réttur þriðja manns samkvæmt vátryggingarsamningi.

39. gr.

Hverjum vátrygging er til hagsbóta.

Í vátryggingum sem ekki eru teknar vegna atvinnustarfsemi er vátryggingin til hagsbóta fyrir vátryggingartakann, maka hans og aðra sem teljast til heimilisfólks hans.

Vátrygging á fasteign er til hagsbóta fyrir vátryggingartakann og fyrir rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í eigninni.

Um vátryggingu lausafjár, sem hægt er að skrá sérstaklega í lausafjárbók, skipabók og bifreiðabók, sbr. 2.–4. tölul. 1. mgr. 8. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, rekstrartækja, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, og vörubirgða, sbr. 2. mgr. 33. gr. sömu laga, gilda ákvæði 2. mgr. einnig ef réttindum er þinglýst eða þau skráð í viðkomandi skrá.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1.–3. mgr. með samningi.

40. gr.

Eigendaskipti.

Ef eigendaskipti verða að vátryggðum hlut og ekki er um annað samið gildir vátrygging einnig til hagsbóta fyrir hinn nýja eiganda. Um vátryggingar þær sem greinir í 2. og 3. mgr. 39. gr. gildir þetta einnig þótt réttindum hins nýja eiganda sé ekki þinglýst eða þau skráð. Ef samið er um að vátrygging skuli falla brott við eigendaskipti að vátryggðum hlut er félagið samt ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum.

Regla 1. mgr. gildir ekki ef hinn nýi eigandi hefur sjálfur tekið vátryggingu og heldur ekki við búfjártryggingar.

41. gr.

Vernd meðvátryggðs gegn mótbárum félagsins.

Sá sem á vátryggða hagsmuni skv. 39. og 40. gr. þarf ekki að sæta því að félagið beri fyrir sig háttsemi vátryggingartaka eða annars vátryggðs sem greinir í reglum IV. kafla eða 47. gr.

Félagið getur þó borið fyrir sig atvik sem greinir í 2. mgr. 29. gr. gagnvart maka og öðru heimilisfólki vátryggðs, sbr. 1. mgr. 39. gr.

Gagnvart rétthafa í lausafé, sem nýtur vátryggingarverndar skv. 3. mgr. 39. gr., sbr. 40. gr., er þó heimilt að víkja frá reglum þessarar greinar með samningum.

42. gr.

Staða meðvátryggðs að öðru leyti.

Sé vátryggingarsamningi breytt, honum sagt upp eða slitið, hefur það ekki réttaráhrif gagnvart meðvátryggðum skv. 2. og 3. mgr. 39. gr. ef félagið hefur ekki tilkynnt það sérstaklega til hans með mánaðar fyrirvara.

Sé rétti veðhafa raskað getur félagið ekki með bindandi hætti fyrir meðvátryggðan skv. 2. og 3. mgr. 39. gr. samið við vátryggingartaka um uppgjör vátryggingabóta né greitt bætur til vátryggingartaka. Meðvátryggðir geta ekki andmælt því að öll vátryggingarfjárhæðin sé greidd til vátryggingartaka þegar endurbætur hafa farið fram eða sett er fullnægjandi trygging fyrir því að vátryggingarbætur verði notaðar til endurbóta á tjóni. Meðvátryggðir geta heldur ekki andmælt því að bætur séu lagðar inn á reikning í banka sem vátryggingartaki og meðvátryggður geta einungis farið með sameiginlega.

Ákvæði 2. mgr. gildir gagnvart meðvátryggðum skv. 1. mgr. 39. gr. og 40. gr. ef hann hefur tilkynnt félaginu um rétt sinn.

43. gr.

Samið um stöðu meðvátryggðs.

Ef vátrygging er einnig til hagsbóta fyrir annan en vátryggingartakann gilda ákvæði 1. mgr. 41. gr. og 42. gr. eftir því sem við á, sé ekki um annað samið.

44. gr.

Staða tjónþola við ábyrgðartryggingu.

Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð eru ekki bindandi fyrir vátryggðan.

Sé höfðað mál á hendur félaginu getur það krafist þess að tjónþoli beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum.

Félagið getur haft uppi sömu mótbárur gegn kröfu tjónþola og hinn vátryggði. Félagið getur einnig haft uppi aðrar mótbárur gegn tjónþola, svo fremi þær eigi ekki rót sína að rekja til háttsemi vátryggðs eftir að vátryggingaratburður varð.

Mál á hendur félaginu skal höfða á Íslandi ef annað leiðir ekki af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands.

Ákvæði þessarar greinar standa því ekki í vegi að sá sem stundar atvinnustarfsemi falli frá rétti sínum til þess að krefjast skaðabóta beint frá félaginu. Slíkur samningur hefur þó ekki réttaráhrif við gjaldþrot vátryggðs.

45. gr.

Staða tjónþola við lögboðna ábyrgðartryggingu.

Ef vátryggingartaki hefur tekið ábyrgðartryggingu til þess að fullnægja lagaskyldu gilda ákvæði 44. gr. að því leyti sem um stöðu tjónþola gilda ekki sérstakar reglur.

Félagið getur þó ekki haft uppi mótbárur, sem það gat haft uppi gagnvart tjónþola eða vátryggðum, ef það vissi eða mátti vita að um er að ræða lögboðna ábyrgðartryggingu.

Sé lögboðinni ábyrgðartryggingu sagt upp, eða hún fellur niður af öðrum ástæðum, hefur það áhrif gagnvart tjónþola að liðnum mánuði frá því að viðkomandi stjórnvald fékk tilkynningu félagsins um brottfall hennar, enda gildi ekki um það sérstakar reglur.

46. gr.

Staða tjónþola við ábyrgðartryggingar teknar í tengslum við viðamikla atvinnustarfsemi.

Ef vátrygging, sem fellur undir 2. mgr. 3. gr. laga þessara, tekur til skaðabótaábyrgðar vátryggðs er félagið ábyrgt gagnvart tjónþola með sama hætti og greinir í 44. gr. Krafa vátryggðs á hendur félaginu getur ekki orðið grundvöllur fullnustu á öðrum kröfum en skaðabótakröfunni.

Nú hefur bú vátryggðs verið tekið til gjaldþrotaskipta og gilda þá ákvæði 44. og 45. gr., sbr. og 2. og 3. mgr. 49. gr.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar greinar ef það leiðir til lakari stöðu tjónþola.

VIII. KAFLI

Uppgjör vátryggingabóta, fyrning o.fl.

47. gr.

Upplýsingaskylda vátryggðs við uppgjör bóta.

Við uppgjör bóta skal vátryggður veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.

Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann átti ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar. Sé háttsemi vátryggðs ekki alvarleg, hún varðar aðeins lítinn hluta kröfunnar eða sérstakar ástæður mæla með getur hann þó fengið bætur að hluta. Ákvæði 31. gr. gildir eftir því sem við getur átt.

Í þeim tilvikum sem greinir í 2. mgr. getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara. Ákvæði 1. og 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

48. gr.

Greiðsla bóta.

Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bótanna. Ef augljóst verður áður en endanlegt uppgjör bóta getur farið fram að félagið skuli að minnsta kosti greiða hluta þeirra skal það inna af hendi hlutagreiðslu sem því nemur.

49. gr.

Heimild félagsins til að skuldajafna.

Þegar vátryggingartaki öðlast rétt til bóta hefur félagið aðeins rétt til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi vegna þeirrar vátryggingar sem um ræðir eða annarra sem hann hefur hjá félaginu gegn bótum sem því ber að greiða.

Þegar bætur eiga að greiðast meðvátryggðum þriðja manni eða tjónþola við ábyrgðartryggingu getur félagið aðeins skuldajafnað iðgjaldi vegna sama vátryggingarsamnings. Skuldajöfnuður getur aðeins átt sér stað vegna þeirra fjárhæða sem ekki er unnt að fá greiddar skv. 1. mgr. Sé um fleiri meðvátryggða eða tjónþola að ræða sem eiga rétt á bótum skal skipta skuldajöfnuðinum hlutfallslega á þær fjárhæðir sem þeir fá greiddar.

Við lögboðna ábyrgðartryggingu gildir regla 2. mgr. 45. gr. með sama hætti um skuldajafnaðarrétt félagsins gagnvart tjónþola.

50. gr.

Vextir.

Vátryggður á rétt á almennum vöxtum af kröfu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um vátryggingaratburð var send félaginu.

Eigi félagið að bæta útlagðan kostnað vátryggðs stofnast skylda til greiðslu almennra vaxta fyrst tveimur mánuðum eftir að hann hefur innt greiðslu af hendi. Sem útgjöld skv. 1. málsl. þessarar greinar teljast einnig bætur vegna endurbyggingar við brunatryggingar. Fyrir þann hluta bótanna sem greiða á óháð endurbyggingu gildir regla 1. mgr.

Eigi félagið að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar eða afnotamissis stofnast skylda til greiðslu vaxta mánuði eftir lok þess tímabils sem félaginu ber að bæta.

Vanræki vátryggður að veita félaginu upplýsingar eða afhenda gögn sem tilgreind eru í 1. mgr. 47. gr. getur hann ekki krafist vaxta fyrir þann tíma sem líður af þessum ástæðum. Hið sama á við ef vátryggður hafnar uppgjöri í heild eða að hluta með óréttmætum hætti. Skyldan til að greiða vextina fellur einnig niður þegar félagið leggur bæturnar á bankareikning í samræmi við lokaákvæði 2. mgr. 42. gr.

Nú er krafa um bætur miðuð við verðlag síðar en vátryggingaratburður átti sér stað og skal þá krafan bera vexti samkvæmt framansögðu sem miðast við það tímamark.

Almennir vextir samkvæmt þessari grein skulu vera hinir sömu og greiða ber skv. II. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla þeirra laga.

Vexti skal greiða þótt greiðsla félagsins í heild verði með því hærri en vátryggingarfjárhæðin. Í vátryggingarskilmálum skal vakin athygli á rétti til vaxta samkvæmt þessari grein.

51. gr.

Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð og til lögfræðilegra aðgerða.

Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.

Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í slíkri tilkynningu er skylt að geta framangreinds frests, með hvaða hætti unnt er að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans.

52. gr.

Fyrning.

Krafa um bætur fyrnist á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð. Hafi félagið sent vátryggðum tilkynningu sem greinir í 2. mgr. 51. gr. fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur.

Í ábyrgðartryggingum fyrnist ábyrgð félagsins samkvæmt sömu reglum og gilda um fyrningu skaðabótaábyrgðar.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Fresturinn skv. 3. málsl. 1. mgr. framlengist þó ekki í samræmi við 15. gr. síðastgreindra laga.

IX. KAFLI
Sérstakar reglur um hópvátryggingar.

53. gr.

Tengsl við önnur ákvæði laganna.

Ef ekki leiðir annað af ákvæðum þessa kafla gilda aðrar reglur þessa hluta laganna einnig um hópvátryggingar að því leyti sem við getur átt.

54. gr.

Efni hópvátryggingarsamnings.

Samningur um hópvátryggingu skal hafa að geyma skilmála vátryggingarinnar eða reglur um hvernig ákvarða skuli þá.

Auk þess skal í samningi um hópvátryggingu kveðið á um:

a. hverjir séu og geti orðið hluti af hópi þeim sem vátryggingin tekur til,
b. hvort heimilt sé að gera fyrirvara um þátttöku,
c. hvernig þátttakendur verði áfram hluti af hópnum, geri fyrirvara við að verða hluti af honum og hætti í honum,
d. hvort haldin skal skrá yfir þátttakendurna og ef svo er hvort skráin skal haldin af vátryggingartaka eða félaginu,
e. hvort iðgjaldið skuli greiðast félaginu af vátryggingartakanum eða af hverjum einstökum þátttakanda í hópnum,
f. skyldur vátryggingartaka við tilkynningar til eða frá þátttakendum í hópnum og
g. hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að ábyrgð félagsins hefjist eða hægt sé að halda henni við.

55. gr.

Upplýsingar um vátrygginguna.

Félagið og vátryggingartaki skulu tryggja með fullnægjandi hætti að þeir sem eru, eða geta orðið, þátttakendur í hópnum fái upplýsingar um atvik sem nefnd eru í 54. gr. og um viðbótarvátryggingar sem gæti verið heppilegt fyrir þá að afla sér. Upplýsingar þessar skal gefa þegar hópvátryggingu hefur verið komið á og síðar er efni standa til. Ef skilmálarnir koma ekki fram í vátryggingarsamningnum skal einnig upplýsa viðkomandi um þá. Takmarkanir á notkun, varúðarreglur og fresti til að tilkynna um vátryggingaratburð, sbr. 10. gr., skal tilgreina sérstaklega.

56. gr.

Vátryggingarskírteini.

Sé haldin skrá yfir þátttakendur í hópi sem hópvátrygging tekur til skal sá sem heldur skrána án ástæðulauss dráttar sjá til þess að hver sá sem telst þátttakandi fái vátryggingarskírteini og þá skilmála sem um vátrygginguna gilda.

Nú hefur maður fengið vátryggingarskírteini skv. 1. mgr. og er þá hvorki unnt að bera fyrir sig að hann fullnægi ekki skilyrðum til þess að vera þátttakandi í hópnum sem vátryggingin tekur til né að hann eigi ekki rétt á þeim greiðslum sem fram koma í vátryggingarskírteininu. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir skýrlega af skírteininu að hann uppfylli ekki skilyrðin eða eigi ekki þær kröfur um greiðslu sem hann gerir. Þetta á heldur ekki við ef félagið losnar úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum 20. gr., eða hefur sent aðvörun um slit eða breytingu vátryggingarinnar skv. 58. gr.

57. gr.

Upphaf ábyrgðar félagsins.

Sé ekki um annað samið eða leiði af atvikum hefst ábyrgð félagsins þegar samningurinn er gerður.

Fyrir þátttakanda í hópnum sem síðar kemur til telst upphaf ábyrgðar félagsins þegar send er tilkynning um aðild hans samkvæmt samningnum eða greitt iðgjald fyrir hann eða, sé tilkynningar ekki krafist, þegar hann hefur uppfyllt skilyrði til þess að vera þátttakandi.

Ákvæði 4. mgr. 13. gr. gildir samkvæmt þessari grein.

58. gr.

Lok vátryggingarinnar.

Þegar þátttakandi í hópi sem nýtur hópvátryggingar, og skrá er haldin um, hættir í hópnum fellur vátrygging niður að því er hann varðar í fyrsta lagi 14 dögum eftir að félagið eða vátryggingartaki senda honum skriflega tilkynningu. Í hópvátryggingu þar sem ekki er haldin skrá yfir þátttakendur í hópnum eða þegar tilkynning sú sem að framan greinir er ekki send fellur vátrygging fyrst niður tveimur mánuðum eftir að þátttakandinn hætti í hópnum. Ákvæði 1. og 2. málsl. gilda ekki ef þátttakandinn hefur tekið aðra vátryggingu eða gengið inn í aðra sambærilega hópvátryggingu.

Ef vátryggingartaki eða félagið segja upp eða endurnýja ekki vátryggingu, eða ef ábyrgð félagsins fellur niður vegna vangreiðslu vátryggingartaka á iðgjaldi, skal senda skriflega tilkynningu til þeirra þátttakenda sem eru á skrá, sé hún færð, en ella með öðrum fullnægjandi hætti. Fyrir hvern einstakan þátttakanda fellur vátryggingin fyrst niður mánuði eftir að tilkynning er send samkvæmt framansögðu eða hann með öðrum hætti fékk upplýsingar um atvik. Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. gildir samkvæmt þessari málsgrein eftir því sem við getur átt.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um vátryggingu sem samkvæmt efni sínu er einungis tímabundin.

59. gr.

Breyting á skilmálum.

Ef skilmálum hópvátryggingar er breytt þannig að það rýri stöðu þátttakendanna gilda ákvæði 2. mgr. 58. gr., eftir því sem við getur átt.

60. gr.

Tilkynningar til eða frá einstökum þátttakendum í hópi sem nýtur hópvátryggingar.

Nú er tilkynning vegna vátryggingar send vátryggingartaka og er þá ekki hægt að bera það fyrir sig að hún hafi ekki komið til félagsins. Þetta á þó ekki við ef þátttakandinn hafði ástæðu til að ætla að tilkynningin hefði ekki komið til félagsins og hann átti þess kost að tilkynna því um það.

Hafi vátryggingartaka verið skylt samkvæmt lögum þessum eða samningi að senda tilkynningu til þátttakenda í hópi sem nýtur hópvátryggingar eða á annan hátt að tilkynna þeim, en gerir það ekki, hefur athafnaleysi hans sömu réttaráhrif gagnvart þeim og félagið hefði sýnt það af sér. Þetta gildir þó ekki ef þátttakandinn þekkti af öðrum ástæðum til efnis tilkynningarinnar og sanngjarnt má telja að hann hafi átt þess kost að fara eftir því.

II. HLUTI
Persónutryggingar.

X. KAFLI
Inngangur.

61. gr.

Gildissvið II. hluta laganna.

Þessi hluti laganna gildir um samninga um persónutryggingar.

Með persónutryggingu er í lögum þessum átt við líftryggingu, slysatryggingu og sjúkratryggingu. Vátryggingu má taka vegna lífs eða heilsu vátryggingartakans eða annarra.

Þegar rætt er um líftryggingu í þessum hluta laganna er einnig átt við heilsutryggingu nema annað sé tekið fram.

Ákvæði þessa hluta laganna gilda ekki um endurtryggingar og ekki heldur um tryggingar lífeyrissjóða, samkvæmt lögum sem um þá gilda, né tryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar.

62. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum hluta laganna hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:

a. *félagið*, sá sem með samningi skuldbindur sig til þess að veita vátryggingu,
b. *vátryggingartaki*, sá sem gerir einstaklingsbundinn samning eða hópvátryggingarsamning við félagið; sá telst einnig vátryggingartaki sem öðlast eignarrétt að vátryggingunni,
c. *vátryggður*, sá maður hvers lífs eða heilsu vátryggingin tekur til,
d. *höfuðstólstrygging*, vátrygging þar sem félagið skal greiða tiltekna fjárhæð sem þó getur verið skipt niður á fleiri en einn gjalddaga,
e. *lífeyristrygging*, vátrygging þar sem félagið á að greiða fjárhæð fyrir tiltekið tímabil svo lengi sem tilgreindur maður lifir eða þar til hann nær ákveðnum aldri,
f. *hópvátrygging*, vátrygging sem tekur til manna í nánar tilteknum hópi og eftir atvikum einnig maka þeirra, barna o.fl.
g. *vátryggingaratburður*, atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið,
h. *vátryggingarskírteini*, staðfesting félagsins á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður þar sem fram koma m.a. upplýsingar um hvaða vátryggingu sé um að ræða, vátryggingartaka og vátryggðan, svo og þær upplýsingar sem greinir í 70. gr.
i. *rétthafi*, sá sem vátryggingartaki tilgreinir í vátryggingarsamningi og á rétt til þess að fá vátryggingarfjárhæðina greidda eftir að vátryggingaratburður hefur orðið.

63. gr.

Ófrávíkjanlegar reglur.

Óheimilt er, nema annað sé tekið fram, að víkja frá ákvæðum þessa hluta laganna með samningi ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu samkvæmt vátryggingarsamningi.

XI. KAFLI
Upplýsingaskylda félagsins.

64. gr.

Upplýsingar við töku vátryggingar.

Við töku vátryggingar, sem fellur undir þennan hluta laganna, skal félagið, eða sá sem kemur fram fyrir þess hönd, sjá til þess að vátryggingartaki fái nauðsynlega ráðgjöf um hvernig þörfum hans um vátryggingarvernd er mætt með vátryggingunni.

Félagið skal veita vátryggingartaka upplýsingar um mikilvæg atriði þeirra tegunda vátrygginga sem fullnægt geta þörf hans fyrir vátryggingarvernd. Félagið skal meðal annars veita upplýsingar um gildistíma vátryggingarsamnings, skilmála, iðgjöld, ágóðahlutdeild þegar við á og takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar miðað við það sem vátryggingartaki má með réttu ætla að hún taki til.

Ef aðiljarnir geta ekki valið lög hvers lands eigi að gilda um vátryggingarsamninginn skal félagið upplýsa þá um lögin.

Þá skal félagið upplýsa um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála er tengjast vátryggingarsamningum, svo og um rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla.

65. gr.

Sérstök upplýsingaskylda.

Áður en vátryggingarsamningur er gerður í greinaflokkum líftrygginga og öðrum sem leyfi er veitt fyrir skv. 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi og á samningstímanum skal, þegar skuldbinding kemst á hér á landi, sbr. 8. gr. síðastgreindra laga, vátryggingartaki upplýstur á íslensku um eftirfarandi atriði:

a. allar tegundir bóta sem í samningnum felast og um rétt til breytinga á þeim á samningstímanum,
b. gildistíma líftryggingarinnar,
c. hvernig samningnum verði sagt upp,
d. hvernig iðgjöld skuli greidd, hve lengi og hvernig þeim verði breytt á samningstímanum,
e. hvernig ágóðahluti er reiknaður og hvernig og hvenær hann verði greiddur,
f. reglur um endurkaup og fritryggingu og að hvaða marki ábyrgst er að réttur til þess sé fyrir hendi,
g. sundurliðun iðgjalda á hverja grein líftrygginga (bótategunda) og vegna aukagreina þegar þær eru innifaldar,
h. um líftryggingar tengdar fjárfestingum, skilgreiningu á þeim hlutaeiningum sem tengdar eru bótum,
i. um líftryggingar tengdar fjárfestingum, hvers eðlis eignir að baki hlutaeiningum eru,
j. hvernig háttað er rétti vátryggingartaka til að hætta við að taka líftrygginguna,
k. um skatta sem ber að greiða vegna líftryggingarinnar.

Auk líftryggingarskilmála, bæði almennra skilmála og sérskilmála, sem látnir skulu í té, skal vátryggingartaki á samningstíma líftryggingar upplýstur um eftirfarandi:

a. sérhverjar breytingar varðandi atriði er snerta heiti félagsins, félagsform, heimilisfang aðalstöðva þess og þegar við á þess útibús sem samningur er gerður við,
b. sérhverjar breytingar varðandi vátryggingarskilmála eða breytingar á lögum er snerta a–h-liði 1. mgr.,
c. árlega um stöðu inneignar vegna ágóðahluta.

Heimilt er að veita upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. á öðru tungumáli en segir í 1. mgr. að fenginni beiðni vátryggingartaka eða þegar vátryggingartaki getur valið um þá löggjöf sem gildir um samninginn.

Hafi samningur um líftryggingu til a.m.k. sex mánaða komist á og sé um einstaklingslíftryggingu að ræða skal félagið tilkynna vátryggingartaka um gildistöku samningsins. Vátryggingartaki skal hafa 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynningin. Skrifleg uppsögn leysir aðila undan öllum skyldum sem síðar hefði leitt af samningnum.

Réttaráhrif og skilyrði uppsagnar fara að öðru leyti eftir þeim lögum sem um samninginn gilda.

Almenningi skal heimill aðgangur að upplýsingum um þann grundvöll sem útreikningur líftryggingarskuldar og ágóðahlutar er reistur á.

66. gr.

Tungumál vátryggingarskilmála.

Vátryggingarskilmálar, sem boðnir eru hér á landi og falla undir þennan hluta laganna, skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem vátryggingartaki samþykkir og gerir honum kleift, áður en gengið er frá vátryggingarsamningi, að tileinka sér þau ákvæði skilmálanna sem skipta máli um efni þeirra, vátryggingarvernd og þau kjör sem í boði eru.

67. gr.

Upplýsingaskylda um félagið.

Vátryggingartaki skal ávallt upplýstur um heiti, félagsform og aðsetur þess félags sem vátrygginguna býður og vátryggingaráhættuna ber áður en hann er skuldbundinn samkvæmt vátryggingarsamningi. Þegar við á skal vátryggingartaki upplýstur um aðsetur þess útibús sem vátryggingarsamningur er gerður við. Upplýsingarnar skulu ávallt koma fram á bréfum og öðrum tilkynningum til vátryggingartaka, svo og heiti og aðsetur aðalstöðva félagsins þegar um útibú er að ræða.

Öll bindandi tilboð, vátryggingarsamningar og ígildi þeirra skulu hafa að geyma upplýsingar um heiti og aðsetur þess félags sem ber vátryggingaráhættuna og aðalstöðvar þess.

68. gr.

Skilríki.

Hver sá sem hefur með höndum sölu vátrygginga á vegum vátryggingafélags skal framvísa fullnægjandi skilríkjum við störf sín, útgefnum af því félagi eða félögum sem hann starfar fyrir.

69. gr.

Skyldur félags við sölu vátrygginga og við tjón.

Vátryggingafélög skulu sjá til þess að starfsemi aðila skv. 68. gr. sé þannig háttað að við öflun vátrygginga sé gætt hags vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta.

Vátryggingafélög skulu sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar.

70. gr.

Vátryggingarskírteini.

Þegar er samningur um persónutryggingu hefur verið gerður og ákveðið er hvaða skilmálar gildi um vátrygginguna skal félagið afhenda vátryggingartaka skírteini til staðfestingar á því að samningur sé á kominn og vísa til skilmála hans. Auk skírteinisins skal félagið afhenda vátryggingartaka skilmálana.

Í vátryggingarskírteini skal koma fram:

a. heiti vátryggingar,
b. gildistími vátryggingarsamnings,
c. hverjir séu aðilar að vátryggingarsamningnum,
d. iðgjald vegna vátryggingarinnar og fyrirvarar sem tengjast greiðslu iðgjalds, ef einhverjir eru,
e. fyrirvarar, ef einhverjir eru, um takmörkun á ábyrgð vegna heilsu vátryggðs eða í tengslum við breytingu á áhættu, sbr. 86.–88. gr.,
f. hvaða varúðarreglur gilda, sbr. 90. gr.,
g. hvaða frestur er til þess að tilkynna um vátryggingaratburð þegar hann hefur orðið, sbr. 1. mgr. 124. gr.

Ef rétthafi er tilnefndur við töku vátryggingarinnar skal hann tilgreindur í vátryggingarskírteini.

Hafi félagið vanrækt skyldur sínar um að veita upplýsingar í samræmi við 2. mgr. getur það aðeins borið fyrir sig hin tilteknu ákvæði ef vátryggingartaka eða vátryggðum var þrátt fyrir það kunnugt um þau.

71. gr.

Upplýsingar á vátryggingartímanum.

Á vátryggingartímanum skal félagið með fullnægjandi hætti sjá til þess að vátryggingartaki hafi upplýsingar um þá þætti vátryggingarsamnings sem mikilvægt er fyrir hann að þekkja, þ.m.t. greiðslu iðgjalds, vátryggingarfjárhæð, ágóðahlutdeild þegar við á og útborgun hennar og endurkaupsverð ásamt ráðstöfunum á vátryggingunni. Séu ákveðnar sérstakar takmarkanir á vátryggingunni, sbr. 87. gr., eða varúðarreglur, sbr. 90. gr., skal félagið einnig minna á þær. Félagið skal einnig gefa upplýsingar um aðra kosti við vátryggingar sem til greina koma eða nýja viðbótarvátryggingarvernd sem það hefur boðið fram eftir að vátryggingin var tekin eða endurnýjuð síðast.

Ef vátrygging á að gilda í eitt ár eða skemur skulu upplýsingar skv. 1. mgr. veittar við endurnýjun hennar.

72. gr.

Eftirlitsskylda Fjármálaeftirlitsins. Reglugerðarheimild.

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því að upplýsingaskyldu samkvæmt þessum hluta laganna sé fullnægt.

Viðskiptaráðherra getur sett reglugerð með nánari reglum um upplýsingaskylduna.

XII. KAFLI
Vátryggingarsamningurinn o.fl.

73. gr.
Grundvöllur mats félagsins.

Þegar félagið tekur ákvörðun um hvort það veitir vátryggingu og metur áhættu sína skal það leggja til grundvallar heilsu hins vátryggða á því tímamarki er vátryggingartaki afhenti fullbúna umsókn um tiltekna vátryggingu. Félagið getur einnig tekið tillit til þess að heilsu vátryggðs hefur hrakað eftir að umsókn var afhent ef það tengist aðstæðum sem voru fyrir hendi við afhendingu hennar og skýrt er frá við athuganir þess.

74. gr.
Ábyrgðartíminn.

Nú er annað ekki ákveðið í lögum eða samningi og hefst þá ábyrgð félagsins þegar það eða vátryggingartakinn hefur samþykkt tilboð hins.

Hafi félagið sent skriflegt samþykki til vátryggingartaka hefst ábyrgð þess kl. 0.00 þann dag sem samþykkið var sent, að því tilskildu að beiðni um vátryggingu hafi komið til félagsins í síðasta lagi deginum áður.

Hafi vátryggingartaki sent skriflega beiðni um tiltekna vátryggingu og ljóst er að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina ber það ábyrgð við móttöku hennar. Þetta gildir þó ekki ef víst þykir að félagið hefði hafnað vátryggingunni. Félagið ber heldur ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem voru til staðar á því tímamarki sem umsókn var send ef þessi atvik hefðu komið í ljós við athugun félagsins og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað.

Ef ábyrgð félagsins á að hefjast á tilteknum degi, án þess að það sé tilgreint nánar, hefst ábyrgðin kl. 0.00 þann dag. Eigi vátrygging að gilda til ákveðins dags en ekki tiltekið hvenær dags henni lýkur skal litið svo á að henni ljúki kl. 24.00.

75. gr.
Heimild vátryggingartaka til þess að segja upp vátryggingarsamningi.

Vátryggingartaki getur, sé um líftryggingu að ræða, slitið samningnum hvenær sem er.

Nú vill vátryggingartaki segja upp samningi um slysa- eða sjúkratryggingu þegar vátryggingartímabili lýkur og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Vátryggingartaki getur á vátryggingartíma sagt upp gildandi samningi um slysa- eða sjúkratryggingu ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður.

Sé um hópvátryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 3. mgr. í vátryggingarsamningi.

76. gr.
Heimild félagsins til þess að slíta vátryggingarsamningi á vátryggingartímabili.

Sé um líftryggingu að ræða getur félagið ekki slitið vátryggingarsamningi í öðrum tilvikum en greinir í 84. gr.

Sé um að ræða slysa- eða sjúkratryggingu getur félagið slitið vátryggingarsamningi sem í gildi er samkvæmt reglum 84. gr. og 3. mgr. 120. gr. Í öðrum tilvikum getur félagið því aðeins sagt upp vátryggingarsamningi að fyrir hendi séu sérstök atvik sem skýrlega eru tilgreind í vátryggingarskilmálum, enda megi telja uppsögnina sanngjarna. Félagið getur þó

ekki áskilið sér rétt til uppsagnar vegna þess að heilsu hins vátryggða hafi hrakað eftir að vátryggingin var tekin.

Uppsögnin verður að fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veittu því rétt til hennar. Uppsögnin skal vera skrifleg og rökstudd. Sé ekki ákveðinn styttri frestur í lögunum skal uppsagnarfrestur eigi vera skemmri en tveir mánuðir.

Félagið skal í tilkynningu um uppsögn skýra frá möguleikum á því að leggja ágreining um hana fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr.

Það sem segir um uppsögn í 2. málsl., sbr. 3. málsl., 2. mgr. gildir einnig um fyrirvara þess efnis að vátrygging falli úr gildi ef tiltekin atvik eiga sér stað.

77. gr.

Uppgjör þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartíma.

Nú er vátryggingarsamningi slitið á vátryggingartímabilinu og skal þá reikna vátryggingartaka til tekna verðmæti vátryggingarinnar, þ.m.t. iðgjald, fyrir þann tíma sem hann hefur greitt og vátrygging er ekki í gildi. Þetta á við þótt félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

Í skilmálum skulu vera reglur um útreikning á verðmæti vátryggingarinnar og iðgjalds fyrir þessi tilvik eða vísað til slíkra reglna.

78. gr.

Aðvörun um lok líftryggingar.

Nú er um það samið að líftrygging skuli gilda í þrjú ár eða lengur, og skal þá félagið skemmst þremur mánuðum áður en vátryggingartímabilinu lýkur aðvara vátryggingartaka um að vátryggingunni muni ljúka og upplýsa hann um hugsanlegan rétt hans til að framlengja hana. Hafi vátryggingin verið framlengd er þriggja ára fresturinn reiknaður frá þeim tíma er hún var fyrst tekin.

79. gr.

Endurnýjun slysa- eða sjúkratryggingar og breyting á skilmálum.

Nú á slysa- eða sjúkratrygging að gilda í tiltekinn tíma, eitt ár eða lengur, og félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna fram yfir þann tíma og skal það þá tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Að öðrum kosti framlengist vátryggingartímabilið um eitt ár.

Félagið getur einungis neitað að endurnýja vátryggingu, sem nefnd er í 1. mgr., þegar fyrir liggja sérstakar ástæður. Þegar synjað er um endurnýjun gilda ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 76. gr. og 4. mgr. sömu greinar. Það sem segir í þessari málsgrein á ekki við ef ótvírætt er af vátryggingarsamningi að vátrygging skuli falla úr gildi þegar vátryggingartímabilinu lýkur.

Nú óskar félagið eftir nýjum upplýsingum um áhættuna í tengslum við endurnýjun, og verður það þá að senda skriflega fyrirspurn til vátryggingartaka. Ella endurnýjast vátryggingin á þeim grundvelli sem fyrir lá þegar vátryggingartakinn síðast gaf upplýsingar um áhættuna.

Vilji félagið breyta skilmálum vátryggingarinnar við endurnýjun hennar skal það, um leið og krafið er um iðgjöld fyrir næsta vátryggingartímabil, afhenda vátryggingartaka hina nýju skilmála og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri skilmálum. Breytingar sem ekki er gerð grein fyrir með þessum hætti getur félagið ekki borið fyrir sig.

Félagið getur ekki áskilið sér rétt til að breyta skilmálum í slysa- eða sjúkratryggingum á vátryggingartímabilinu.

80. gr.

Heimild til að halda áfram líftryggingu þegar endurkaupsverðið hefur verið greitt.

Sé endurkaupsverð einstaklingsbundinnar líftryggingar greitt vátryggingartaka eða kröfuhafa, sbr. 107. og 111. gr., getur vátryggingartaki án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar krafist þess að vátryggingin gildi áfram það sem eftir er af upphaflega umsömdum vátryggingartíma sem hrein áhættutrygging að frádregnu endurkaupsverði.

Félagið skal í síðasta lagi við greiðslu endurkaupsverðsins upplýsa vátryggingartaka um réttinn til að halda vátryggingunni áfram. Krafa um slíka vátryggingu skal sett fram minnst sex mánuðum eftir að tilkynning var send.

81. gr.

Bráðabirgðavernd í líftryggingum.

Hafi félagið gert fyrirvara í líftryggingu um að ábyrgð þess hefjist ekki fyrr en fyrsta iðgjald er greitt skal það bjóða vátryggingartaka bráðabirgðavernd vegna andláts sem ekki tengist heilsufarsástandi vátryggðs á því tímamarki er bráðabirgðaverndin öðlast gildi.

Leiði ekki annað af ákvæðum 4. mgr. eða samningi aðilja hefst bráðabirgðaverndin strax og iðgjald fyrir hana er greitt. Verndin fellur niður ef fullnægjandi umsókn um ákveðnar vátryggingar er ekki send félaginu í síðasta lagi mánuði eftir að bráðabirgðaverndin öðlaðist gildi. Sé slík umsókn send fellur bráðabirgðaverndin niður þegar sú vátrygging sem sótt var um er samþykkt eða henni hafnað, þó í síðasta lagi einum mánuði eftir að vátryggingartaki hefur fengið tilkynningu um greiðslu iðgjalds fyrir þá vátryggingu sem sótt er um. Hafi félagið sent tilboð um vátryggingu með öðrum skilmálum fellur verndin niður þegar fresturinn til að samþykkja tilboðið er liðinn.

Bráðabirgðaverndin skal vera hin sama og vernd þeirrar vátryggingar sem sótt er um ef ekki er gerður áskilnaður um lægri fjárhæð í skilmálum hennar.

Hafi félagið ekki í síðasta lagi þegar umsókn um ákveðna vátryggingu er móttekin gert vátryggingartaka grein fyrir möguleikanum á því að fá bráðabirgðavernd ber félagið sömu ábyrgð og sú vernd hefði verið umsamin.

XIII. KAFLI
Almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins.

82. gr.

Skylda vátryggingartaka og vátryggðs til þess að veita upplýsingar um áhættu. Takmarkanir á upplýsingagjöf.

Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita vátryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Sé upplýsinganna aflað hjá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum skal skriflegt, upplýst samþykki viðkomandi liggja fyrir áður en upplýsinganna er aflað. Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur

sé á að fá slíkar upplýsingar. Framangreint bann gildir þó ekki um athugun á núverandi eða fyrra heilsufari mannsins eða annarra einstaklinga.

Synji félagið að veita persónutryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.

83. gr.

Ábyrgð félagsins þegar upplýsingaskylda er vanrækt.

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. og vátryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð.

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta.

Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.

84. gr.

Réttur félagsins til þess að segja upp vátryggingunni og til breytinga á vátryggingarsamningi þegar upplýsingaskylda er vanrækt.

Nú verður félaginu ljóst á vátryggingartímanum að upplýsingaskylda hefur verið vanrækt og sú vanræksla vátryggingartaka eða vátryggðs telst ekki óveruleg og getur það þá sagt upp vátryggingunni með 14 daga fyrirvara. Ákvæði 3. mgr. 76. gr. gilda með sama hætti. Hafi vátryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið þó slitið vátryggingunni, svo og öðrum vátryggingarsamningum sem það hefur við vátryggingartaka, án fyrirvara.

Ef ætla má að félagið hefði, þótt það hefði haft réttar upplýsingar, veitt vátrygginguna gegn hærra iðgjaldi eða með öðrum kjörum getur vátryggingartaki innan uppsagnarfrests krafist þess að viðhalda vátryggingunni á slíkum skilmálum. Svo fremi sem ekki er samið um nýja skilmála gildir upphafleg vátrygging með þeim takmörkunum sem leiðir af 2. og 3. mgr. 83. gr., en þó ekki lengur en þrjá mánuði frá uppsögn. Rétturinn til þess að viðhalda vátryggingunni samkvæmt þessari málsgrein gildir ekki ef svikum hefur verið beitt.

Félagið skal í uppsögn gera vátryggingartaka grein fyrir því að hann geti átt kost á áframhaldandi vátryggingu og með hvaða skilmálum. Krefjist vátryggingartaki áframhaldandi vátryggingar getur félagið óskað eftir nýjum upplýsingum sem því er þörf á við mat sitt.

85. gr.

Takmarkanir á heimildum félagsins til þess að bera fyrir sig upplýsingaskort.

Félagið getur ekki borið fyrir sig að það hafi fengið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar ef það vissi eða mátti vita að svo var þegar það fékk þær. Sama gildir ef atvik þau er upplýsingarnar varða skiptu ekki máli fyrir félagið eða gera það ekki lengur. Ef háttsemi vátryggingartaka eða vátryggðs er sviksamleg á framangreind takmörkun í 1. málsl. því aðeins við að félagið hafi vitað að upplýsingarnar sem það fékk voru rangar eða ófullnægjandi.

Í líftryggingum getur félagið aðeins borið fyrir sig að upplýsingaskyldu hafi ekki verið fullnægt ef vátryggingaratburður hefur orðið eða félagið hefur veitt viðvörun skv. 94. gr. innan tveggja ára frá því að ábyrgð þess hófst. Þessi takmörkun gildir þó ekki ef svikum hefur verið beitt.

86. gr.

Ábyrgðartakmörkun vegna heilsufars vátryggðs.

Taki vátrygging til afleiðinga sjúkdóms eða meins getur félagið ekki gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð vegna þeirra tilvika að sjúkdómurinn eða meinið hafi verið fyrir hendi þegar ábyrgð þess hófst. Slíkur fyrirvari er þó gildur:

a. ef hann byggist á upplýsingum sem félagið hefur fengið með lögmætum hætti um hinn vátryggða eða
b. félaginu er af sérstökum ástæðum, öðrum er greinir í 2. mgr. 82. gr., útilokað að afla upplýsinga frá vátryggðum. Í slíkum tilvikum er félagið samt ábyrgt vegna sjúkdóms eða meins sem hinn vátryggði vissi ekki um þegar ábyrgð þess hófst.

Í sjúkratryggingum getur félagið í skilmálum gert fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi hafi einkenni hans komið fram eftir ákveðið tímamark. Hið sama á við um vátryggingu á örorku í tengslum við líftryggingu.

Hafi tímabundin vátrygging verið endurnýjuð getur fyrirvarinn einungis átt við um sjúkdóm eða mein sem hinn vátryggði var með er vátryggingin var tekin í upphafi.

87. gr.

Ábyrgðartakmörkun vegna hættulegrar starfsemi.

Nú hefur félagið gert þann fyrirvara um ábyrgð sína að vátryggður taki ekki þátt í tiltekinni starfsemi eða athöfnum eða setji sig ekki í tilgreinda hættu og er það samt ábyrgt fyrir vátryggingartilvikum ef vátryggingaratburður verður ekki vegna þessara ástæðna.

88. gr.

Fyrirvari um að samræma iðgjald aðstæðum vátryggðs.

Hafi félagið áskilið að iðgjaldið skuli vera háð aðstæðum vátryggðs, svo sem starfi hans og þess háttar, getur það gert vátryggingartaka að tilkynna um breytingar á þeim aðstæðum. Verði slík tilkynning ekki gefin í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir að breytingin varð, og leiði vanrækslan til þess að iðgjaldið verði ekki hækkað, getur félagið gert kröfu um að ábyrgð þess fyrir sérhvert vátryggingartilvik verði hlutfallslega lækkuð. Við mat á ábyrgðinni skal miðað við það iðgjald, sem félagið hefði krafið um ef það hefði vitað af breytingum á aðstæðum vátryggðs. Félagið skal í innheimtutilkynningum vegna iðgjalds minna vátryggingartakann á ákvöð þessa.

89. gr.

Vátryggingaratburði valdið af ásetningi.

Nú veldur vátryggður því af ásetningi að vátryggingaratburður verður og ber félagið þá ekki ábyrgð. Félagið ber þó ábyrgð ef vátryggður vegna aldurs eða andlegs ástands gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Félagið getur við slysatryggingar gert fyrirvara um að það beri ekki ábyrgð á sjálfsvígi eða sjálfsvígstilraun sem rakin verður til geðveiki.

Hafi vátryggður framið sjálfsvíg, eða gert tilraun til þess, ber félagið ábyrgð sé um líftryggingu að ræða ef meira en ár hefur liðið frá því að ábyrgð þess hófst eða ef telja má sannað að vátryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga. Hafi líftrygging, sem ætlað er að gilda í skamman tíma og tekur aðeins til dánaráhættu, verið endurnýjuð reiknast ársfresturinn frá því að vátryggingin var fyrst tekin.

90. gr.

Vátryggingaratburði valdið af gáleysi.

Hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Í öðrum tilvikum en þeim er greinir í 1. mgr. getur félagið ekki borið fyrir sig að hinn vátryggði hafi af gáleysi valdið vátryggingaratburði.

Félagið getur ekki borið fyrir sig reglur 1. mgr. ef hinn vátryggði gat ekki vegna aldurs eða andlegs ástands síns gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna.

91. gr.

Ráðstafanir til að varna tjóni á mönnum eða munum.

Félagið getur ekki borið fyrir sig ákvæði 87., 89. eða 90. gr. ef sú háttsemi sem um ræðir fól í sér viðleitni til að koma í veg fyrir tjón á mönnum eða munum og telja má hana hafa verið réttlætanlega miðað við aðstæður.

92. gr.

Tilkynning um vátryggingaratburð.

Nú hefur vátryggingaratburður orðið og skal þá hver sá sem telur sig eiga kröfu á félagið skýra frá því án ástæðulauss dráttar.

Geti félagið ekki rannsakað tildrög vátryggingaratburðar sem þýðingu hafa fyrir ábyrgð þess eða geti það ekki gert ráðstafanir er mundu hafa takmarkað umfang tjónsins vegna þess að einhver þeirra sem greinir í 1. mgr. hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt tilkynningarskyldu sína má lækka eða fella niður ábyrgðina gagnvart honum.

93. gr.

Ráðstafanir til að takmarka tjón.

Félagið getur gefið hinum vátryggða fyrirmæli um að gera ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að takmarka umfang ábyrgðar þess, og skal það ábyrgjast kostnað við slíkar ráðstafanir. Vátryggður er ekki skyldur að hlíta slíkum fyrirmælum ef þau fela í sér ósanngjarna takmörkun á athafnafrelsi hans.

Nú sinnir vátryggður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi ekki fyrirmælum sem honum er skylt að hlíta skv. 1. mgr. og má þá lækka eða fella niður ábyrgð félagsins.

94. gr.

Tilkynningarskylda félagsins ef það hyggst bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð.

Nú hyggst félagið bera fyrir sig að það sé samkvæmt ákvæðum þessa kafla laust úr ábyrgð að öllu leyti eða að hluta, eða geti sagt upp vátryggingunni, og skal það þá tilkynna vátryggingartaka eða þeim sem rétt á til vátryggingabóta skriflega um afstöðu sína. Tilkynningin skal send án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum samkvæmt ákvæðunum. Í því sambandi skal félagið einnig upplýsa um rétt til að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr.

Vanræki félagið að senda slíka tilkynningu glatar það rétti til þess að bera fyrir sig atvikin.

Í líftryggingum skal félagið samtímis því sem það sendir tilkynningu skv. 1. málsl. 1. mgr. skrá í líftryggingarskrá að það hafi borið fyrir sig atvikin.

XIV. KAFLI
Iðgjaldið.

95. gr.
Gjalddagi, fyrsta tilkynning.

Þegar greiðsla iðgjalds er ekki skilyrði þess að ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi hefjist fellur það í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist samkvæmt samningnum. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendir tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans. Hafi ábyrgð félagsins hafist helst hún áfram þótt greiðsla sé ekki innt af hendi innan hins tilgreinda frests.

96. gr.
Greiðsludráttur á iðgjaldi, síðari tilkynningar.

Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 95. gr. og félagið ber ábyrgð getur það losnað undan henni með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Tilkynningin skal bera skýrlega með sér að vátryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests.

Nú er sýnt fram á að vátryggingartaki hafi ekki getað greitt fyrir lok frests skv. 1. mgr. vegna ófyrirséðra hindrana sem honum verður ekki um kennt og helst þá ábyrgð félagsins í þrjá mánuði til viðbótar eftir lok frestsins.

Ef iðgjaldið í slysa- eða sjúkratryggingum greiðist eftir lok greiðslufrestsins í 1. mgr. ber að líta á greiðsluna sem ósk um nýja vátryggingu. Ákvæði 3. mgr. 74. gr. gildir þá með sama hætti, en ábyrgð félagsins hefst þó fyrst daginn eftir að iðgjaldið er greitt.

97. gr.
Réttur til að endurvekja líftryggingu án nýrra heilsufarsupplýsinga.

Nú hefur ábyrgð félagsins samkvæmt líftryggingarsamningi fallið niður eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta, og má þá endurvekja vátrygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangoldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að frestur skv. 1. mgr. 96. gr. rennur út. Hafi endurkaupsverð vátryggingarinnar verið greitt út er einnig heimilt að endurgreiða það til félagsins innan sama frests, sbr. þó 1. mgr. 80. gr. Félagið getur krafist dráttarvaxta af þeim fjárhæðum sem um ræðir. Ef vátryggingin er endurvakin hefst ábyrgð félagsins daginn eftir að fjárhæðin er greidd.

98. gr.
Sérstök tilkynningarskylda um iðgjald í líftryggingum.

Í líftryggingum skal félagið einnig senda tilkynningu skv. 1. mgr. 96. gr. til þess sem samkvæmt líftryggingarskrá er veðhafi í vátryggingunni. Maki vátryggingartaka, vátryggður og sá sem að lokum teldist rétthafi samkvæmt líftryggingu geta einnig krafist þess að fá slíka tilkynningu. Vanræki félagið að senda tilkynningar þær sem hér um ræðir getur það ekki borið fyrir sig vanefnd á greiðslu iðgjaldsins gagnvart þeim sem ekki fengu tilkynningu.

99. gr.

Hvenær telja ber greiðslu innta af hendi.

Þótt félagið hafi ekki móttekið greiðslu skal líta svo á að hún hafi verið innt af hendi þegar:

a. peningar, tékki eða önnur sambærileg ávísun er send til þess í pósti eða með skeyti,
b. fjárhæðin er greidd til pósthúss, banka eða sparisjóðs eða
c. fyrirmæli um greiðslu eru send til banka, sparisjóðs eða með öðrum óafturkallanlegum hætti.

XV. KAFLI

Ráðstafanir tengdar vátryggingu. Rétturinn til greiðslu frá félaginu.

100. gr.

Réttur til greiðslu frá félaginu þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað vátryggingunni.

Nú hefur vátryggingartaki ekki gert ráðstafanir í samræmi við ákvæði þessa kafla og gilda þá reglur 2.–6. mgr.

Vátryggingarfjárhæð, sem fellur til við andlát vátryggingartaka, rennur til maka hans. Þetta gildir þó ekki hafi fyrir andlát hans verið veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, eða kveðinn upp dómur um það eða hjúskapurinn ógiltur, þótt slík úrlausn sé ekki endanleg eða hafi öðlast réttaráhrif. Vátryggingarfjárhæð, eða hluti hennar, sem fellur til maka, telst ekki til þeirra eigna sem skipta á að jöfnu eftir 93. gr., sbr. 103. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, ef eftirlifandi maki yfirtekur ekki búið óskipt í samræmi við II. kafla erfðalaga, nr. 8/1962.

Vátryggingarfjárhæð, eða hluti hennar, sem fellur ekki til maka samkvæmt ákvæði 2. mgr., fellur til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Nú sat vátryggingartaki í óskiptu búi skv. II. kafla erfðalaga, og telst vátryggingarfjárhæðin þá til þeirra eigna sem skipta skal jafnt milli erfingja hins skammlífari og hins langlífari, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. erfðalaga.

Sé greiðsla vátryggingarfjárhæðar í heild eða að hluta háð því að tilteknir menn séu á lífi fellur greiðslan til þeirra.

Hafi fleiri en einn tekið vátryggingu sameiginlega og vátryggingarfjárhæðin kemur til greiðslu þegar sá fyrsti þeirra deyr fellur vátryggingarfjárhæðin til þess eða þeirra vátryggingartaka sem eru á lífi. Séu fleiri en einn á lífi, skiptist fjárhæðin jafnt á milli þeirra sé ekki um annað samið.

Vátryggingarfjárhæð, sem kemur til greiðslu af öðru tilefni en við andlát vátryggingartakans, fellur til hans.

101. gr.

Tilnefning rétthafa.

Vátryggingartaki getur tilnefnt einn eða fleiri rétthafa að vátryggingarfjárhæð ásamt ágóðahlutdeild, sem kann að verða, eða hluta af vátryggingarfjárhæðinni, þegar hún kemur til greiðslu. Sé vátryggingartaki í hjúskap ber að tilkynna maka hans um tilnefningu rétthafa, sbr. 105. gr.

Tilnefningu rétthafa má afturkalla nema vátryggingartaki hafi lýst því yfir við hann að hún sé óafturkallanleg.

102. gr.

Aðferð við tilnefningu rétthafa.

Tilnefningu rétthafa og afturköllun hennar verður að tilkynna félaginu skriflega. Við töku vátryggingar er þó hægt að upplýsa félagið um tilnefninguna með öðrum hætti.

Nú er í erfðaskrá gerð ráðstöfun tengd vátryggingu og ber þá að líta á hana sem tilnefningu á rétthafa eða afturköllun tilnefningar.

Tilnefning eða afturköllun á henni, sem ekki er gerð eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., er ógild.

103. gr.

Túlkunarreglur.

Sé ekki annað ákveðið eða leiði af atvikum gildir eftirfarandi:

a. Tilnefning á rétthafa tekur aðeins til þeirrar vátryggingarfjárhæðar, sem fellur til við andlát.
b. Hafi vátryggingartaki tilnefnt fleiri en einn rétthafa gildir 53. gr. erfðalaga um það.
c. Ef rétthafi deyr á undan vátryggðum skal vátryggingarfjárhæðin renna til lögerfingja rétthafans.
d. Sé maki vátryggðs tilnefndur sem rétthafi , gilda ákvæði 2. mgr. 100. gr. laga þessara.
e. Séu erfingjar vátryggðs tilnefndir tekur það einnig til bréferfingja.
f. Sé vátryggingin veðsett við andlát vátryggingartaka víkur rétthafi fyrir veðhafanum.

104. gr.

Réttur samkvæmt vátryggingarsamningi þegar rétthafi er tilnefndur.

Tilnefning rétthafa felur ekki í sér takmörkun á ráðstöfunarrétti vátryggingartaka yfir vátryggingunni eða rétti samkvæmt vátryggingarsamningi. Sé vátrygging veðsett stendur rétthafinn að baki veðhafanum, sé ekki um annað samið.

Sé tilnefning rétthafa óafturkallanleg hefur vátryggingartaki ekki heimild til þess að ráðstafa rétti samkvæmt vátryggingarsamningi þannig að það horfi til tjóns fyrir rétthafann.

Nú hefur vátryggingaratburður ekki orðið og getur þá rétthafinn ekki ráðstafað rétti sínum samkvæmt vátryggingarsamningi. Sé vátryggingartakinn látinn og vátryggingarfjárhæðin á að greiðast síðar yfirfærast öll réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi til rétthafans nema annað leiði af atvikum.

105. gr.

Tilnefningu rétthafa hnekkt eftir kröfu þeirra sem hafa verið á framfæri vátryggingartaka.

Sé það bersýnilega ósanngjarnt gagnvart maka eða öðrum skylduerfingjum, sem voru á framfæri vátryggingartaka eða hann var skuldbundinn til að framfæra og hefðu ella átt kröfu til vátryggingarfjárhæðarinnar skv. 100. gr., að vátryggingarfjárhæðin renni til rétthafa getur sá er framfærslu naut eða átti að njóta krafist þess að vátryggingarfjárhæðin verði greidd sér í heild eða að hluta. Við úrlausn þessa skal einkum líta til ástæðna tilnefningarinnar, þarfa þess er framfærslu naut eða átti að njóta, þarfa rétthafans og hvort sá fyrrnefndi hafi fengið tilkynningu um tilnefninguna innan sanngjarns frests fyrir andlátið.

Reglur 1. mgr. eiga einnig við um aðra skylduerfingja þegar makinn á kröfu til vátryggingarfjárhæðarinnar skv. 2. mgr. 100. gr.

Kröfur skv. 1. og 2. mgr. verður að hafa uppi með málshöfðun gegn rétthafanum eða maka innan árs frá andlátinu.

Ef rétthafinn eða makinn hefur fengið vátryggingarfjárhæðina greidda er hann ekki skuldbundinn til að endurgreiða meira af henni en þá upphæð sem eftir var þegar viðkomandi fékk upplýsingar um kröfuna.

106. gr.

Framsal vátryggingarinnar.

Ef vátrygging er framseld yfirfærast réttindin samkvæmt vátryggingarsamningi til framsalshafa, sé ekki um annað samið. Við framsalið falla fyrri tilnefningar á rétthöfum niður nema um annað sé samið eða leiði af aðstæðum.

107. gr.

Veðsetning vátryggingarinnar.

Höfuðstólstryggingu má veðsetja. Veðrétturinn felur í sér heimild til að fá vátryggingarfjárhæðina greidda þegar hún fellur til og réttinn til að fá endurkaupsverð vátryggingarinnar. Ágóðahlutdeild sem við kann að bætast telst ekki til hins veðsetta nema um það sé samið.

Án samþykkis veðhafa getur félagið ekki greitt gjaldfallnar greiðslur samkvæmt vátryggingunni, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um samningsveð.

Nú er veðkrafa fallin í gjalddaga og getur veðhafinn þá krafist þess að endurkaupsverð vátryggingarinnar verði greitt sér að því leyti sem þarf til fullnustu veðkröfunnar. Veðhafinn skal þó gefa veðþola tveggja mánaða frest til að greiða veðkröfuna eða greiða fjárhæð sem svarar til endurkaupsverðsins. Veðhafinn á ekki rétt á því að fá fullnustu veðkröfunnar með öðrum hætti.

Sé vátrygging veðsett við andlát vátryggðs og ef dánarbúið greiðir veðkröfuna getur það krafist endurgreiðslu af vátryggingarfjárhæðinni nema annað leiði af aðstæðum.

108. gr.

Brottfall réttar til að krefjast vátryggingabóta.

Ákvæði 23. gr. erfðalaga gilda um þann sem á rétt til vátryggingabóta samkvæmt þessum kafla. Hið sama á við um vátryggingarbætur sem greiddar eru vegna örorku sem er afleiðing háttsemi sem tilvitnað ákvæði erfðalaga tekur til. Við vátryggingu á lífi óvenslaðs manns falla greiðslur sem ekki renna til vátryggingartakans til vátryggðs eða ef hinn vátryggði er látinn til erfingja hans samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 100. gr.

109. gr.

Lífeyristrygging.

Reglur þessa kafla gilda um lífeyristryggingu sé annað ekki ákveðið í lögum eða vátryggingarskilmálum.

XVI. KAFLI

Réttarsambandið við skuldheimtumenn.

110. gr.

Almennar reglur um rétt skuldheimtumanna.

Hafi vátrygging ekki verið framseld öðrum en maka vátryggingartaka eða hinum vátryggða getur réttur samkvæmt vátryggingarsamningi ekki orðið andlag fullnustu skuldheimtumanna fyrr en eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Ef skuldheimtumenn framsalshafa leita fullnustu í réttindum samkvæmt vátryggingunni gilda ákvæði 3. mgr. 107. gr.

Vátryggingarfjárhæð sem greiðast skal við andlát verður ekki andlag fullnustu af hálfu skuldheimtumanna hins látna nema annað hafi verið ákveðið við tilnefningu rétthafa. Ákvæði 4. mgr. 107. gr. gilda um slík tilvik.

Ef vátryggingarfjárhæð kemur til greiðslu af öðrum ástæðum en við andlát vátryggðs geta skuldheimtumenn hans ekki leitað fullnustu í kröfu hans gegn félaginu í eitt ár frá því að hún kom til greiðslu. Hið sama á við um skuldheimtumenn maka er maki vátryggðs öðlast rétt til fjárhæðarinnar þegar hún kemur til greiðslu.

Við lífeyristryggingu geta skuldheimtumenn þess er lífeyris nýtur leitað fullnustu í lífeyrisgreiðslum til hans með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum 47. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

111. gr.

Riftun iðgjaldagreiðslu við gjaldþrotaskipti o.fl.

Þrotabú vátryggingartaka, skuldari ef nauðasamningur kemst á og skuldafrágöngubú geta krafist endurgjalds af félaginu fyrir greiðslu iðgjalds sem innt er af hendi á síðustu þremur árum fyrir frestdag skv. 2. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, að því leyti sem iðgjaldsgreiðslan, þegar hún fór fram, var bersýnilega ósanngjörn miðað við fjárhagsstöðu vátryggingartakans og atvik að öðru leyti. Endurgjaldið á að nema aukningu á verðmæti vátryggingarinnar sem á rætur að rekja til hinnar bersýnilega ósanngjörnu iðgjaldagreiðslu. Greiðsla iðgjalds í lífeyristryggingum, að því marki sem iðgjaldið var eða gat verið frádráttarbært við ákvörðun tekjuskattsstofns vátryggingartaka, skal ekki teljast ósanngjörn samkvæmt reglum þessarar málsgreinar.

Nú vill þrotabú, skuldari eftir að nauðasamningur hefur komist á eða skuldafrágöngubú hafa uppi endurgreiðslukröfu gegn félaginu og skal það þá einnig tilkynna vátryggingartaka og þeim sem á kröfu á vátryggingarfjárhæðinni, þegar hún fellur til, um kröfuna.

Ef vátryggingarfjárhæðin hefur verið greidd getur búið krafist fjárhæðar sem nefnd er í 1. mgr. frá þeim sem fengið hefur vátryggingarfjárhæðina greidda. Ákvæði 4. mgr. 105. gr. gildir eftir því sem við getur átt um slíkar greiðslur.

Sé vátrygging veðsett og veðsetningin er skráð í síðasta lagi daginn fyrir frestdag skv. 2. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er ekki unnt að hafa uppi endurgreiðslukröfu samkvæmt þessari grein í bága við hagsmuni veðhafa. Hafi vátryggingartaki framselt vátrygginguna eða tilnefnt með óafturkallanlegum hætti rétthafa gildir það sama að því leyti sem framsalshafi eða rétthafinn hafa greitt endurgjald fyrir réttinn.

Hafi rétthafi eða annar sem nýtur verndar skv. 1. mgr. 110. gr. greitt iðgjald gilda ákvæði í 1.–4. mgr. á sama hátt um samband þeirra við skuldheimtumenn.

XVII. KAFLI

Skráning líftrygginga.

112. gr.

Líftryggingarskráin.

Líftryggingafélag skal halda skrá um þá líftryggingarsamninga sem það gerir. Í skránni skulu koma fram eftirfarandi atriði um hvern einstakan samning:

a. vátryggingarskilmálar sem gilda um samninginn,
b. réttindi sem ákveðin eru um greiðslur í framtíðinni,
c. iðgjaldagreiðslur og
d. hver sé vátryggingartaki og hver sé vátryggður.

Hafi einhver öðlast rétt til vátryggingarinnar skal félagið samkvæmt kröfu skrá það. Ef rétturinn til vátryggingarinnar byggist á frjálsri ráðstöfun er það skilyrði skráningar að ráðstöfunin sé gerð af þeim sem samkvæmt skránni er vátryggingartaki. Félagið skal tilkynna um skráninguna til vátryggingartaka og til eiganda réttinda.

Hafi áður verið skráður annar rétthafi má krefjast þess að sú skráning sé afmáð ef lagðar eru fram sannanir um að rétturinn hafi fallið brott eða að eigandi réttinda samþykki það.

Afturkallanlega tilnefningu rétthafa má skrá eða afmá, enda sé það gert að beiðni þess, sem samkvæmt líftryggingarskrá er tilgreindur sem vátryggingartaki. Tilkynning vátryggingartaka skv. 1. mgr. 102. gr. telst beiðni um skráningu eða um að afmá hana.

Sé bú vátryggingartaka tekið til opinberra skipta skal það skráð að kröfu skiptastjóra, sbr. 54. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991. Ef heimild til að leita nauðasamnings hefur verið veitt, eða ef bú vátryggingartaka hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, skal skrá búið að kröfu tilsjónarmanns eða skiptastjóra, sbr. 43. og 87. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Hið sama á við ef vátryggingartaki er sviptur lögræði, sbr. 58. og 67. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997.

Krafa um skráninguna skal færð í dagbók sama dag og hún kemur til félagsins og í skrána eins fljótt og kostur er.

113. gr.

Endurrit.

Vátryggingartaki, maki hans, vátryggður, rétthafi samkvæmt óafturkallanlegri tilnefningu, veðhafi í vátryggingu eða í framveðrétti í vátryggingu, skiptastjóri eða tilsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum getur krafist endurrits af því sem skráð er í líftryggingarskrá.

Endurrit skv. 1. mgr. skal aðeins hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir þann sem krefst þess. Ella hefur félagið þagnarskyldu um efni líftryggingarskrár.

Viðskiptaráðherra skal setja nánari reglur um efni endurrits samkvæmt þessari grein.

114. gr.

Ósamþýðanleg réttindi.

Skráð réttindi yfir vátryggingu ganga framar réttindum sem ekki eru skráð í dagbók í síðasta lagi sama dag ef þau eru ósamþýðanleg. Séu fleiri réttindi skráð í dagbók sama dag eru þau jafnrétthá.

Þrátt fyrir það sem segir í 1. mgr. ganga eldri réttindi framar yngri ef til hinna yngri er stofnað með frjálsri ráðstöfun og framsalshafi, þegar réttur hans var skráður í dagbók, vissi eða mátti vita um hinn eldri rétt.

115. gr.

Staða grandlauss eiganda réttinda gagnvart félaginu.

Nú hefur maður í góðri trú fengið skráð réttindi sem reist eru á samningi. Getur þá félagið ekki haft uppi aðrar mótbárur gagnvart honum en þær sem reistar eru á upplýsingum þeim er koma fram í tilkynningu til rétthafa skv. 3. málsl. 2. mgr. 112. gr. Félagið getur þó haft uppi mótbárur sem reistar eru á:

a. atvikum sem greinir í XIII. kafla og félagið fyrst vissi um eftir að tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send,
b. að iðgjaldagreiðsla sé vanefnd eftir að tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send, sbr. þó 98. gr., eða

c. að félagið hafi greitt gjaldfallna lífeyrisgreiðslu eða aðra greiðslu sem samkvæmt samningi átti að greiðast í tiltekinn fjölda ára þótt greiðslan hafi verið innt af hendi áður en tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send.

116. gr.

Greiðsla vátryggingarfjárhæðar til þess sem telst rétthafi.

Hafi félagið í góðri trú greitt vátryggingarfjárhæðina eða endurkaupsverðið til þess sem skráður er rétthafi í líftryggingarskrá eða á rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar skv. 100. gr. verður því ekki borið við gagnvart félaginu að annar hafi átt betri rétt en sá er greiðsluna fékk.

117. gr.

Mótbárumissir þess sem kann að eiga rétt.

Nú hefur maður í góðri trú skráð réttindi er stofnað hefur verið til með samningi við þann sem samkvæmt líftryggingarskrá er vátryggingartaki og er þá ekki unnt að bera því við að réttindi hans byggist á ógildu framsali. Þetta á þó ekki við ef ógildingarástæðan er fölsun, ólögræði, geðveiki eða meiri háttar nauðung sem tilgreind er í 28. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936.

118. gr.

Ráðstafanir vátryggingartaka.

Það sem segir í þessum kafla um ráðstafanir vátryggingartaka gildir einnig um ráðstafanir sem gerðar eru af þeim er eiga takmörkuð réttindi í vátryggingunni.

119. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um líftryggingarskrá.

XVIII. KAFLI
Bótauppgjör, fyrning o.fl.

120. gr.

Upplýsingaskylda við uppgjör bóta.

Sá sem hyggst hafa uppi kröfu gegn félaginu skal veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann á aðgang að og félagið þarf til þess að geta metið ábyrgð sína og greitt út vátryggingarfjárhæðina.

Sá sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til glatar öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæla með því getur hann þó fengið bætur að hluta. Ákvæði 93. gr. gildir eftir því sem við getur átt.

Í þeim tilvikum sem greinir í 2. mgr. getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sem það hefur við viðkomandi með viku fyrirvara. Ákvæði 1., 2. og 4. málsl. 3. mgr. 76. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

121. gr.

Greiðsla bóta eða vátryggingarfjárhæðar.

Krafa um bætur eða vátryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna út endanlega fjárhæð bóta. Eigi félagið að bæta örorku er heimilt í vátryggingarskilmálum að kveða nánar á um mat á örorkunni.

Ef augljóst er áður en endanlegt uppgjör fer fram að félaginu ber að greiða að minnsta kosti hluta af bótum þeim sem gerð er krafa um skal það inna af hendi hlutagreiðslu sem því nemur.

122. gr.

Heimild félagsins til að skuldajafna.

Félagið hefur einungis rétt til þess að skuldajafna við bótagreiðslur eða vátryggingarfjárhæðina vangoldnu iðgjaldi vegna þeirrar vátryggingar sem um ræðir eða annarra sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu.

Þegar greiða á bætur eða vátryggingarfjárhæð til annars en vátryggingartaka er félaginu aðeins heimilt að skuldajafna iðgjaldi vegna sama vátryggingarsamnings. Ef greiða á fleirum en einum ber að beita skuldajöfnuði hlutfallslega gagnvart þeim öllum.

123. gr.

Vextir.

Félagið skal greiða almenna vexti af bótum eða vátryggingarfjárhæð þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um vátryggingaratburð var send því.

Eigi félagið að bæta útlagðan kostnað stofnast skylda til greiðslu almennra vaxta fyrst tveimur mánuðum eftir að kostnaður hefur verið greiddur. Ef félagið á að greiða dagpeninga eða þess háttar skal greiða vexti að liðnum mánuði eftir að það tímabil er liðið sem félagið á að greiða dagpeninga fyrir. Ef félagið á að greiða tiltekna fjárhæð og gjalddagi er ákveðinn fyrir fram skal reikna vexti frá gjalddaga.

Ef rétthafi bóta eða vátryggingarfjárhæðar vanrækir að veita upplýsingar eða afhenda gögn sem nefnd eru í 1. mgr. 120. gr. getur hann ekki krafist vaxta fyrir þann tíma sem líður vegna þess. Hið sama á við ef eigandi réttar gegn félaginu hafnar með óréttmætum hætti uppgjöri í heild eða að hluta.

Nú er krafa um bætur miðuð við verðlag síðar en vátryggingaratburður varð og skal þá krafan bera vexti samkvæmt framansögðu sem miðast við það tímamark.

Almennir vextir samkvæmt þessari grein skulu vera hinir sömu og greiða ber á skaðabætur samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla þeirra laga.

Vexti skal greiða þótt greiðsla félagsins í heild verði með því hærri en vátryggingarfjárhæð. Í vátryggingarskilmálum skal vekja athygli á rétti til vaxta samkvæmt þessari grein.

124. gr.

Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð í slysa- eða sjúkratryggingum og til lögfræðilegra aðgerða.

Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysa- eða sjúkratryggingu glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina. Í tilkynningu félagsins verður að koma fram hver lengd frestsins sé og hvernig honum verður slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert. Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905, gilda eftir því sem við getur átt um slit á frestum.

125. gr.

Fyrning.

Krafa um vátryggingarfjárhæð samkvæmt höfuðstólstryggingum fyrnist á tíu árum og aðrar kröfur um bætur á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum, en aðrar kröfur á 10 árum, eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð. Hafi félagið í slysa- eða sjúkratryggingum sent tilkynningu skv. 2. mgr. 124. gr. fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur.

Krafa samkvæmt lífeyristryggingu fyrnist þegar liðin eru tíu ár frá þeim degi sem síðasta lífeyrisgreiðsla var innt af hendi. Hafi ekki verið inntar af hendi neinar greiðslur hefst fresturinn á þeim degi er rétthafinn gat krafist fyrstu greiðslu. Krafa um gjaldfallnar greiðslur fyrnist auk þess að liðnum fjórum árum frá gjalddaga.

Að öðru leyti gilda reglur laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905, Frestur sá sem tilgreindur er í 3. málsl. 1. mgr. þeirra laga framlengist þó ekki skv. 10. gr. þeirra laga.

XIX. KAFLI
Sérstakar reglur um hópvátryggingar.

126. gr.

Tengsl við önnur ákvæði laganna.

Ef ekki leiðir annað af reglum þessa kafla gilda aðrar reglur þessa hluta laganna einnig um hópvátryggingar, að því leyti sem við getur átt.

127. gr.

Efni hópvátryggingarsamnings.

Í samningi um hópvátryggingu skal eftirfarandi koma fram:

a. greiðslur félagsins samkvæmt samningnum,
b. hvort heimilt sé að áskilja sér rétt til að vera ekki þátttakandi í hópnum,
c. hverjir séu eða geti orðið þátttakendur í hópnum,
d. hvernig bera eigi sig að til þess að verða þátttakandi í hópnum, áskilja sér rétt til þess að verða það ekki eða hætta þátttöku í hópnum,
e. hvort haldin skuli skrá yfir þátttakendur, og ef svo er, hvort skráin skuli haldin af vátryggingartaka eða félaginu,
f. hvort iðgjaldið skuli greiðast félaginu af vátryggingartaka eða hverjum einstökum þátttakanda,
g. skyldur vátryggingartaka í tengslum við tilkynningar til eða frá þátttakendum,
h. hver eigi kröfu á vátryggingarfjárhæðinni ef vikið er frá reglum 100. gr.,
i. hvaða skilyrði verða að vera fyrir hendi til þess að ábyrgð félagsins hefjist og henni verði haldið við og

j. heimildir þátttakenda til þess að ráðstafa rétti sínum samkvæmt vátryggingarsamningi, sbr. 137. og 138. gr.

Samningur um hóplífeyristryggingu skal kveða á um hvort hagnaður af henni skuli renna til vátryggingartaka eða þátttakendanna.

128. gr.

Upplýsingar um vátrygginguna.

Félagið og vátryggingartaki skulu tryggja með fullnægjandi hætti að þeir sem eru eða geta orðið þátttakendur í hópnum fái upplýsingar um atvik sem nefnd eru í 127. gr. og um viðbótarvátryggingar sem gæti verið heppilegt fyrir þá að afla sér. Upplýsingar þessar skal gefa þegar hópvátryggingu hefur verið komið á og síðar er efni standa til. Ef skilmálarnir koma ekki fram í vátryggingarsamningnum skal einnig upplýsa viðkomandi um þá.

129. gr.

Vátryggingarskírteini.

Sé haldin skrá skv. e-lið 127. gr. um þátttakendur í hópnum skal sá sem heldur skrána án ástæðulauss dráttar sjá til þess að hver sá sem verður þátttakandi fái vátryggingarskírteini og þá skilmála sem um vátrygginguna gilda.

Nú hefur maður fengið vátryggingarskírteini og er þá hvorki unnt að bera því við gegn honum að hann uppfylli ekki skilyrði til þess að vera þátttakandi í hópnum sem vátrygging tekur til, né að hann eigi ekki rétt á þeim greiðslum sem fram koma í skírteininu. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir skýrlega af vátryggingarskírteini að hann uppfylli ekki skilyrðin eða eigi ekki rétt á greiðslunum. Þetta á heldur ekki við ef félagið getur losnað úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum 83. gr. eða ef það hefur sent aðvörun um slit vátryggingarinnar eða breytingu á henni skv. 131. eða 133. gr.

130. gr.

Upphaf ábyrgðar félagsins.

Sé ekki um annað samið eða leiði af atvikum hefst ábyrgð félagsins þegar samningurinn er gerður.

Fyrir þann sem síðar verður þátttakandi í hópnum telst upphaf ábyrgðar félagsins vera þegar send er tilkynning um aðild hans samkvæmt samningnum eða greitt iðgjald fyrir hann eða, sé tilkynningar ekki krafist, þegar hann uppfyllir skilyrði þess að vera þátttakandi.

Ákvæði 4. mgr. 74. gr. gildir eftir því sem við getur átt.

131. gr.

Lok vátryggingarinnar.

Þegar þátttakandi í hópi sem nýtur hópvátryggingar, og skrá er haldin yfir, hættir í hópnum fellur vátrygging niður að því er hann varðar í fyrsta lagi 14 dögum eftir að félagið eða vátryggingartaki sendir honum skriflega tilkynningu. Í hópvátryggingu þar sem ekki er haldin skrá yfir þátttakendur í hópnum, eða þegar tilkynning sú er að framan greinir er ekki send, fellur vátryggingin fyrst niður tveimur mánuðum eftir að þátttakandi hætti í hópnum. Verði vátryggingaratburður sem félagið ber ábyrgð á skv. 1. eða 2. málsl. getur það dregið frá bótum að því leyti sem hann nýtur sambærilegrar vátryggingar og fær bætur samkvæmt henni.

Ef vátryggingartaki eða félagið segir upp eða endurnýjar ekki vátrygginguna eða ef ábyrgð félagsins fellur niður vegna vangreiðslu vátryggingartaka á iðgjaldi skal þátttakendum í hópnum tilkynnt það skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti. Fyrir hvern einstakan

þátttakanda fellur vátryggingin niður í slíkum tilvikum í fyrsta lagi einum mánuði eftir að tilkynning er send eða hann með öðrum hætti fékk vitneskju um atvik. Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. gildir eftir því sem við getur átt.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um vátryggingu sem samkvæmt efni sínu er einungis tímabundin.

132. gr.

Réttur þátttakanda til að viðhalda líftryggingu.

Þegar hóplíftryggingu lýkur hafa þátttakendur í hópnum, hver um sig, rétt til þess að halda áfram vátryggingunni með einstaklingsbundnum iðgjaldaútreikningi án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Sama rétt hefur þátttakandi sem af öðrum ástæðum en vegna aldurs hættir í hópi þeim sem vátrygging tekur til. Viðkomandi skal með skriflegum eða með öðrum fullnægjandi hætti tilkynnt um möguleika hans til þess að halda vátryggingunni áfram. Vilji þátttakandinn hagnýta sér réttinn skal hann gera það innan þriggja mánaða eftir að ábyrgð félagsins hefur fallið niður.

133. gr.

Breyting á skilmálum.

Félagið getur gert fyrirvara um að það megi breyta skilmálum og iðgjaldi á vátryggingartímanum.

Ef skilmálum vátryggingarinnar verður breytt með þeim hætti að það rýri stöðu þátttakendanna gilda reglur 2. mgr. 131. gr.

134. gr.

Tilkynningar til og frá þátttakendum.

Nú er tilkynning vegna vátryggingar send vátryggingartaka og er þá ekki unnt að bera fyrir sig að hún hafi ekki komið til félagsins. Þetta á þó ekki við ef þátttakandinn hafði ástæðu til að ætla að tilkynningin hefði ekki komið til félagsins og hann átti þess kost að tilkynna því um það.

Hafi vátryggingartaka verið skylt samkvæmt þessum lögum eða samningi að tilkynna þátttakendum í hópnum eitthvað eða með öðrum hætti láta þá vita en gerir það ekki hefur athafnaleysi hans sömu réttaráhrif gagnvart þeim og félagið hefði viðhaft það. Þetta gildir þó ekki ef þátttakandinn þekkti af öðrum ástæðum til efnis tilkynningarinnar og sanngjarnt má telja að hann hafi átt þess kost að fara eftir því.

135. gr.

Líftrygging án upplýsinga um áhættuna.

Í hóplíftryggingum er unnt, þrátt fyrir ákvæði 86. gr., að semja svo að félagið beri ekki ábyrgð á óvinnufærni sem kemur til innan tveggja ára frá því að ábyrgð félagsins hófst og rakin verður til sjúkdóms eða meins sem þátttakandinn hafði á því tímamarki og ætla má að hann hafi vitað um. Hið sama á við um ábyrgð sem tengist meðvátryggðum er ekki hefur afhent heilsufarsyfirlýsingu. Ákvæði 1. málsl. skal einnig beita um sérstakar greiðslur sem falla til eftirlifandi vegna andláts þátttakandans, en þó með þeim hætti að ekki má semja um að sá tími sem félagið er laust úr ábyrgð standi lengur en eitt ár frá því að hún hófst.

136. gr.

Réttur til vátryggingarfjárhæðar sem fellur til við andlát þátttakanda.

Í hópvátryggingu, sem ekki hefur framfærslu að markmiði, má semja um að vátryggingartaki öðlist rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar.

Sé tekin hópvátrygging til þess að tryggja líf starfsmanna má vinnuveitandi og starfsmaður eða stéttarfélag hans semja um hvaða ákvæði um rétt til vátryggingarfjárhæðar við andlát þátttakandans skuli taka inn í vátryggingarsamninginn. Hið sama á við þegar félag eða samtök hafa tekið hóplíftryggingu fyrir félagsmenn sína.

Sé ekki samið um það sem greinir í 1. og 2. mgr. og þátttakandi í hópi hefur ekki tilnefnt rétthafa, sbr. 137. gr., gilda reglur 2.–4. mgr. 100. gr. með sama hætti um erfingja hans.

137. gr.

Tilnefning rétthafa.

Í hópvátryggingu þar sem þátttakendurnir sjálfir tilkynna sig til félagsins með ósk um vátryggingu getur hver þeirra um sig tilnefnt rétthafa.

Hið sama á við í öðrum hópvátryggingum ef ekki er annað ákveðið í vátryggingarsamningi.

Við beitingu reglna 101.–105. gr. skulu ákvæði sem beinast að vátryggingartaka gilda með sama hætti um þátttakendur í hópvátryggingu.

138. gr.

Framsal og veðsetning.

Nú er krafa þátttakanda á hendur félaginu ekki fallin í gjalddaga og getur hann þá ekki framselt rétt sinn. Rétt samkvæmt hóplíftryggingu (höfuðstólstryggingu) má veðsetja, enda sé ekki annað ákveðið í samningnum.

139. gr.

Riftun iðgjaldagreiðslu.

Við beitingu reglna 1. mgr. 111. gr. skal greiðsla iðgjalds fyrir lífeyristryggingu ekki teljast ósanngjörn að því leyti sem það kom eða gat komið til lækkunar við útreikning á tekjuskattsstofni vátryggingartaka.

140. gr.

Skráning vátryggingar.

Við hópvátryggingu er félaginu ekki skylt að skrá þá sem eru þátttakendur í hópnum í líftryggingarskrá nema um það sé samið.

Nú sýnir maður fram á þátttöku í hópi sem nýtur hópvátryggingar þar sem þátttakendur eru ekki skráðir og getur hann þá krafist endurrits úr skránni.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð ákveðið að ákvæðum 113.–115. gr. skuli beitt um skrá yfir þátttakendur hópvátryggingar sem haldin er af vátryggingartakanum.

III. HLUTI
Almenn ákvæði.
XX. KAFLI
Ágreiningur o.fl.
141. gr.
Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Nú er í lögum þessum tekið fram að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar og er með því átt við úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfar samkvæmt samningi milli viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og samþykktum fyrir hana. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, til þess að vera dómari.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skal kveða upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda, en heimilt er aðiljum máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Viðskiptaráðherra skal annast birtingu samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skal vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

142. gr.
Útreikningur fresta.

Við útreikning á frestum samkvæmt lögum þessum, sem taldir eru í dögum, skal ekki telja með þann dag er fresturinn byrjar að líða. Þó skal telja með þann dag sem ráðstöfun er fresturinn varðar fyrst verður gerð eða má síðast vera gerð.

Frestum, sem reiknaðir eru í vikum, mánuðum eða árum, skal ljúka á þeim degi í síðustu viku, mánuði eða ári sem eftir nafni sínu eða tölu svarar til þess dags sem fresturinn byrjaði að líða. Ef sá dagur er ekki í þeim mánuði sem um ræðir skal frestinum ljúka á síðasta degi mánaðarins.

Ef fresti til aðgerða lýkur á laugardegi, helgidegi eða degi sem samkvæmt lögum er frídagur framlengist fresturinn til næsta virka dags þar á eftir.

XXI. KAFLI
Val á löggjöf.
143. gr.
Almenn ákvæði um val á löggjöf um vátryggingarsamninga.

Þegar lög þessi eða lög um vátryggingastarfsemi kveða á um að löggjöf ríkis skuli beitt er átt við að réttarreglur þess ríkis gildi, að frátöldum reglum um val á löggjöf um vátryggingarsamninga.

Ef ríki er meira en ein svæðisbundin eining, sem hver um sig hefur eigin réttarreglur um skuldbindingar samkvæmt samningum, skal litið á hverja svæðisbundna einingu sem eitt ríki þegar ákveðið er hvaða löggjöf skuli beitt.

Ófrávíkjanlegum réttarreglum, sem gilda hér á landi, skal beitt enda þótt löggjöf annars ríkis sé að öðru leyti lögð til grundvallar vátryggingarsamningnum.

Þegar vátrygging er lögboðin gilda um vátryggingarsamninginn ófrávíkjanlegar réttarreglur þess ríkis sem leggur á vátryggingarskylduna.

Ólögfestum alþjóðlegum reglum um val á löggjöf, er eiga við um skuldbindingar samkvæmt samningum, skal beitt því aðeins að þær stríði ekki gegn ákvæðum þessara laga.

144. gr.

Val á löggjöf í líftryggingum.

Lög þess ríkis þar sem skuldbindingin komst á gilda um vátryggingarsamning um líftryggingu. Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingartaki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Þegar vátryggingartaki líftryggingar er einstaklingur og ekki ríkisborgari þess ríkis þar sem hann hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið lög þess ríkis þar sem ríkisborgararétturinn er.

Þegar vátryggingartaki líftryggingar er lögaðili og skuldbindingin komst á hér á landi en hinn líftryggði hefur að jafnaði aðsetur í öðru ríki eða er ríkisborgari þess ríkis geta aðilar einnig valið löggjöf þess ríkis.

Þegar skuldbindingin komst á annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

145. gr.

Val á löggjöf í öðrum vátryggingum.

Í öðrum frumtryggingum en líftryggingum gildir um vátryggingarsamninginn löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaráhættan er þegar það er einnig ríkið þar sem vátryggingartakinn hefur að jafnaði aðsetur. Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingartaki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Þegar vátryggingaráhættan er annars staðar en þar sem vátryggingartaki hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið hvort sem er um vátryggingarsamninginn, löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaráhættan er eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingartakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingartaki hefur með höndum atvinnustarfsemi og vátryggingaráhættan vegna hennar er í fleiri en einu ríki og vátryggingarsamningurinn nær til fleiri en einnar tegundar áhættu geta aðilar valið um löggjöf þessara ríkja eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingartakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingaráhættan er annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en skv. 2. og 3. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

Þegar áhættan, sem samningurinn tekur til, takmarkast við tjónsatburði sem verða í öðru ríki en því þar sem vátryggingaráhættan er geta aðilar ávallt valið löggjöf þess ríkis þar sem tjónsatburðirnir verða.

Þegar áhætta í vátryggingum er stóráhætta, sbr. 8. gr. laga um vátryggingastarfsemi, geta aðilar ávallt valið þá löggjöf sem beita skal um vátryggingarsamninginn, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Hafi aðilar samnings um aðra vátryggingu en líftryggingu ekki samið um val á löggjöf svo að gilt sé og val á löggjöf leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda réttarreglur þess ríkis sem best telst eiga við um samninginn samkvæmt þessari grein. Þegar ekkert annað er tekið fram skal lagt til grundvallar að ríkið þar sem vátryggingaráhættan er eigi best eigi við um samninginn.

Þegar valið hefur verið skv. 7. mgr. en annað ríki meðal þeirra sem til greina geta komið telst eiga betur við um hluta samningsins má velja löggjöf þess ríkis um þann hluta samningsins þegar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. HLUTI
XXII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

146. gr.
Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. janúar 2005. Þau skulu gilda um alla nýja vátryggingarsamninga sem gerðir eru frá og með þeim degi, alla vátryggingarsamninga, sem eru endurnýjaðir eða framlengdir frá og með þeim degi svo og um alla aðra vátryggingarsamninga, sem eru í gildi á þeim degi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

147. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Eftirtaldar greinar og málsgreinar í lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, falla úr gildi er lög þessi öðlast gildi: 56. gr., 1. og 2. mgr. 57. gr., 2. og 3. mgr. 58. gr. og 59.–63. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi að samningu frumvarps til nýrra laga um vátryggingarsamninga. Meginefni frumvarpsins.

Viðskiptaráðherra skipaði 5. mars 1999 nefnd sem skyldi hafa það hlutverk að semja ný lög um vátryggingarsamninga er leystu af hólmi lög nr. 20/1954 um það efni. Í nefndina voru skipaðir Viðar Már Matthíasson prófessor, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT), Rúnar Guðmundsson, yfirlögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Birgir Már Ragnarsson deildarsérfræðingur, sem jafnframt skyldi vera ritari og starfsmaður nefndarinnar.

Birgir Már hætti störfum í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og tók Þóra Margrét Hjaltested deildarsérfræðingur við starfi hans sem ritari í nefndinni í október 1999. Vegna leyfis hennar frá störfum tók Hrafnkell Óskarsson deildarsérfræðingur sæti í nefndinni frá 1. júlí 2001, en Þóra Margrét sat einnig fundi í nefndinni frá byrjun maí 2002 og þar til nefndin lauk störfum.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a.:

„Þess er vænst að nefndin hagi störfum sínum þannig að unnt verði að leggja fram frumvarp til laga um vátryggingarsamninga á haustþingi árið 2000. Nefndin getur kallað eftir áliti eða umsögnum þeirra aðila er hún telur að kunni að hafa eitthvað það fram að færa er nýst getur í nefndarstarfinu.“

Á fyrsta fundi nefndarinnar, 6. apríl 1999, var tekin ákvörðun um að senda tilkynningu um skipan nefndarinnar til þeirra sem helst voru taldir hafa hagsmuna að gæta og/eða kynnu að hafa hugmyndir eða tillögur um skipan nýrra laga um vátryggingarsamninga. Var þeim gefinn kostur á að koma með ábendingar og tillögur áður en nefndin tæki að fullu til starfa. Þeir sem fengu slíka tilkynningu voru: Alþýðusamband Íslands, Árni Gunnar Vigfússon, vátryggingamiðlari, Arkitektafélag Íslands, Bandalag háskólamanna (BHM), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Félag fasteignasala, Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), Félag löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitið, Halldór Sigurðsson vátryggingamiðlari,

Húseigendafélagið, Kaupmannasamtök Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), Læknafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Neytendasamtökin, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Samband íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT), Samband íslenskra viðskiptabanka, Samband veitinga- og gistihúsa, Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök iðnaðarins, Samtök lífeyrissjóða, Samtök verðbréfafyrirtækja, Samtök verslunarinnar, Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Verslunarráð Íslands, Vinnumálasambandið (Samtök atvinnulífsins) og Vinnuveitendasambandið (Samtök atvinnulífsins).

Svör bárust frá Fjármálaeftirliti, LÍÚ og SÍT. Efnislegar ábendingar komu fram í bréfi Fjármálaeftirlitsins, en þar var m.a. bent á að rétt væri að flytja að meginstefnu til ákvæði VI. kafla laga um vátryggingastarfsemi í hin nýju lög, en þau ákvæði lúta að upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og val á löggjöf um vátryggingarsamninga. Einnig var bent á nauðsyn þess að sett yrðu ákvæði um hópvátryggingarsamninga, fyllri ákvæði um uppgjör tjóna, ákvæði um heimildir til að skuldajafna vangoldnum iðgjöldum við vátryggingarbætur og fyllri ákvæði um samninga um líftryggingar. Þá var bent á að mikilvægt væri að hugleiða fyrirkomulag gildandi laga um iðgjaldið og hvort ástæða væri til breytinga á því. Í bréfum fjármálaeftirlits og SÍT var bent á að þessir aðilar ættu fulltrúa í nefndinni og mundu þeir koma sjónarmiðum sínum að á vettvangi nefndarinnar.

Nefndin komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að tveir meginvalkostir væru fyrir hendi við samningu frumvarps til nýrra laga um vátryggingarsamninga. Annars vegar var endurskoðun gildandi laga um það efni, nr. 20/1954, sem fæli í sér breytingu á einstökum ákvæðum þeirra, eftir því sem talið væri nauðsynlegt, en heildarskipan þeirra að öðru leyti yrði látin óbreytt. Hins vegar var samantekt frumvarps með nýrri uppbyggingu og öðrum áherslum með ný norsk lög um vátryggingarsamninga sem fyrirmynd. Um vorið og fyrri hluta sumars árið 2000 voru settar fram tvær grófar hugmyndir að frumvarpsgreinum þar sem farnar voru þær tvær leiðir sem getið hefur verið um. Voru iðnaðar- og viðskiptaráðherra sendar þessar hugmyndir með bréfi sem dagsett var 22. júní 2000. Af hálfu nefndarinnar var talið eðlilegt að viðskiptaráðherra tæki ákvörðun um hvor leiðin skyldi farin áður en frekari vinna yrði lögð í málið. Var það m.a. rökstutt svo að það væri pólitísk ákvörðun að velja hvor leiðin skyldi farin, einkum í ljósi þess að sú útfærsla sem sækti fyrirmynd til norsku laganna um vátryggingarsamninga byggðist mjög á neytendaverndarsjónarmiðum og hugmyndum um að nauðsynlegt væri að tryggja þeim lágmarksvernd í lögum, en hin miðaði fremur við frelsi til þess að semja um efni vátryggingarsamninga nema annað væri tekið fram.

Af hálfu viðskiptaráðuneytis var nefndinni ritað bréf, dags. 7. maí 2001, eftir að starfsmenn ráðuneytisins höfðu átt fund með formanni nefndarinnar. Í því bréfi segir m.a. svo:

„Það er ósk ráðuneytisins að starfi nefndarinnar verði hraðað þannig að unnt verði að leggja fram frumvarp á haustþingi nk. Vilji ráðuneytisins er að nefndin hafi til hliðsjónar í starfi sínu gildandi norsk lög um sama efni sem byggja mjög á neytendasjónarmiðum, þó þannig að tekið sé tillit til séríslenskra aðstæðna."

Nefndin vann að verkefninu á þessum nótum og skilaði af sér frumvarpi til nýrra laga um vátryggingarsamninga með bréfi til viðskiptaráðherra, dags. 17. júlí sl.

Þar sem ætla mátti að efni frumvarpsins kynni að vekja áhuga almennings og hagsmunaaðila ákvað ráðherra að setja það á heimasíðu ráðuneytisins til kynningar. Jafnframt var hagsmunaaðilum ritað bréf, athygli þeirra vakin á frumvarpinu og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir til ráðuneytisins. Eftirtaldir aðilar fengu bréf af þessu tilefni: Alþýðusamband Íslands, Arkitektafélag Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtök Íslands, Dómarafélag Íslands, Efling, stéttarfélag, embætti landlæknis, Félag

fasteignasala, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Félag löggiltra endurskoðenda, Félag vátryggingamiðlara, Fjármálaeftirlitið, Háskóli Íslands (lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild), Háskólinn í Reykjavík (lagadeild), Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Húseigendafélagið, Kaupmannasamtök Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Læknafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Neytendasamtökin, Persónuvernd, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Samband íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, Samband veitinga- og gistihúsa, Samkeppnisstofnun, Samtök atvinnulífsins, Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök iðnaðarins, Samtök lífeyrissjóða, Samtök verslunarinnar, Samtök verslunar og þjónustu, Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Verslunarráð Íslands, Vinnumálasambandið, Vinnuveitendasambandið.

Eftirtaldir aðilar sendu ráðuneytinu athugasemdir: Félag löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitið, Halldór Bjarnason, Læknafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Neytendasamtökin, Persónuvernd, Samband íslenskra tryggingafélaga, Samlíf, Samtök atvinnulífsins, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Samtök verslunarinnar, Tryggingamiðstöðin hf., Vátryggingafélag Íslands hf.

Farið var yfir innsendar athugasemdir í viðskiptaráðuneytinu og ýmsar breytingar gerðar á texta frumvarpsins af þeim sökum. Frumvarpið var síðan búið í endanlega mynd af hálfu ráðuneytisins.

Frumvarpið er í fjórum hlutum. Í fyrsta hluta þess eru reglur um skaðatryggingar, en það eru þær vátryggingar sem einkum er ætlað að bæta raunverulegt fjárhagslegt tjón hins vátryggða í samræmi við þá grundvallarreglu í skaðatryggingum að enginn eigi að geta hagnast á vátryggingunni. Til skaðatrygginga teljast m.a. eignatryggingar, rekstrarstöðvunartryggingar og ábyrgðartryggingar. Skaðatryggingar eru venjulega skilgreindar neikvætt, þ.e. sem þær vátryggingar sem ekki teljast til persónutrygginga. Í öðrum hluta frumvarpsins eru reglur um persónutryggingar, en það eru vátryggingar sem vernda eiga hagsmuni sem felast í lífi manna eða heilsu. Til persónutrygginga teljast líftryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Í þriðja hluta frumvarpsins eru nokkrar almennar reglur og í fjórða hluta eru gildistökuákvæði og ákvæði um breytingar á öðrum lögum.

Megineinkenni frumvarpsins er að það hefur að geyma reglur um almenn atriði sem varða skaðatryggingar og persónutryggingar. Í því eru ekki tillögur um reglur er varða einstakar tegundir skaðatrygginga nema að því marki sem nauðsynlegt þykir að mæla fyrir um réttarstöðuna í ábyrgðartryggingum og hópvátryggingum á þessu sviði, svo og einstök sérákvæði. Ekki eru gerðar tillögur um sérstakan kafla um sjóvátryggingar og aðrar flutningavátryggingar, sbr. 59.–78. gr. gildandi laga, brunatryggingar, sbr. 79.–88. gr. gildandi laga, eða búfjártryggingar, sbr. 89.–90. gr. þeirra. Reglur frumvarpsins gilda um þessar tegundir skaðatrygginga eins og aðrar og mæla þannig fyrir um lágmarksvernd vátryggingartaka við gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga á þessum sviðum. Í einstökum tilvikum hefur þó verið talið nauðsynlegt að hafa sérreglur um tilteknar tegundir vátrygginga, sbr. t.d. 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins þar sem er að finna sérreglu um búfjártryggingar.

Uppbygging frumvarpsins er í meginatriðum hin sama og uppbygging norsku laganna um vátryggingarsamninga, nr. 69 frá 16. júní 1989, en þau tóku gildi 1. júlí 1990. Efnisskipan einstakra greina er einnig með svipuðum hætti, en um nokkur sérstök atriði er reglum þó skipað með öðrum hætti eða lagt til að lögfestar verði reglur sem ekki er að finna í norsku lögunum.

2. Stutt yfirlit um þróun íslensks vátryggingaréttar.

2.1 Inngangur.

Þótt flestum sé ljóst hvað felst í vátryggingum hafa menn ekki sammælst um eina óumdeilda skilgreiningu á þessu fyrirbæri. Kjarni vátrygginga er sá að vátryggingartakinn fær, gegn greiðslu iðgjaldsins, loforð um að vátryggjandinn greiði honum eða þriðja manni bætur ef tiltekin áhætta verður virk. Í þessu sambandi er það undirskilið að vátryggjandinn taki að sér fleiri áhættur og jafni þeim niður eftir lögmálum tölfræðinnar. Vátryggingastarfsemi að því leyti sem hún snýr að inntaki einstakra vátrygginga og ákvörðun iðgjalds byggist fyrst og fremst á lögmálum hinna stóru talna í þeim skilningi að áhættumatið byggist á reynslu, sem safnað hefur verið í tímans rás, af tjónatíðni í stóru safni sambærilegra vátryggingarsamninga.

Löggjöf um vátryggingar og vátryggingastarfsemi er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar eru reglur um vátryggingarsamninga, þ.e. um réttarsambandið milli vátryggingartaka/vátryggðs og vátryggjandans/félagsins. Hins vegar eru reglur, opinbers réttar eðlis, um vátryggingafélög, stofnun þeirra og skilyrði fyrir því að þau hafi starfsleyfi og um eftirlitskerfi með þeirri starfsemi. Löggjöf um síðarnefnda þáttinn hefur nýlega verið endurskoðuð og breytt í ýmsum atriðum í takt við kröfur nýrra tíma. Nú gilda lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, og lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, um þennan þátt.

Eitt megineinkenni vátrygginga er að þeirri áhættu sem einstaklingur eða lögaðili býr við er dreift milli fleiri aðila sem allir búa við sömu eða sams konar áhættu. Þörf fyrir að takmarka eða útiloka hættu á fjárhagslegu tjóni að því marki sem unnt er að fullnægja með vátryggingum hefur lengi verið fyrir hendi en hefur vaxið með viðgangi umfangsmikils atvinnurekstrar, tæknivæðingar og hvers konar tækjavæðingar í atvinnurekstri og í lífi einstaklinga. Aukin hagsæld og eignasöfnun eykur einnig þörf fyrir þá fjárhagslegu vernd sem vátryggingar geta veitt.

Ýmis afbrigði af vernd gegn áhættu, sem svipar til nútímavátrygginga, hafa lengi verið við lýði. Menn hafa á ýmsan hátt reynt að dreifa áhættu bæði af völdum náttúruafla og einnig af völdum manna. Dæmi um dreifingu áhættu af völdum náttúruafla eru svonefnd sjóveðlán sem tíðkuðust á dögum Hammúrabís Babýloníukonungs og síðar annars konar sjóveðlán sem Fönikíumenn notuðu og aðrir tóku síðar eftir þeim, t.d. Grikkir. Rómverjar notuðu einnig sjóveðlán. Sjóveðlán fólust almennt í því að eigandi skips fékk lán gegn mjög háum vöxtum, þó eftir áhættu, og setti að veði skip sitt og farm. Ef skipið fórst kom ekki til greiðslu lánsins, þ.e. skipseigandinn ábyrgðist lánið ekki persónulega eða með öðrum eignum sínum. Þannig gat skipseigandi fjármagnað siglingar sínar með vörur og fólst áhætta hans í því að skipið færist ekki eða lenti í sjótjóni. Sá sem veitti lánið fékk háa vexti en fékk ekki fullnustu á láninu ef skipið fórst. Var því áhætta hans mikil, einkum þegar siglt var um langan veg. Sjóveðlán eru ekki vátryggingar í nútímaskilningi.

Gagnkvæmar tryggingar tóku að tíðkast með ýmsu móti á Norðurlöndum tiltölulega snemma. Talið hefur verið að reglur 51. kafla fjárleiguþáttar Grágásar (Staðarhólsbókar) um húsbruna séu eitt af fyrstu dæmum um vátryggingar á Norðurlöndum. Þær fólu í sér gagnkvæma skyldutryggingu íbúa í sama hreppi gegn eldsvoða í tilteknum húseignum. Bæta skyldi helming af því verðmæti sem eyðilagðist, hinn helming mátti eigandi sjálfur bera og allt ef oftar brann en þrisvar hjá honum. Reglurnar eru af sumum fræðimönnum taldar geta átt rót sína að rekja til Skánsku laga, en það munu vera elstu norrænu reglurnar sem skráðar eru um þetta efni. Svipaðar reglur um gagnkvæmar tryggingar eru í 50. kafla fjárleiguþáttar Grágásar (Staðarhólsbókar). Þar er mælt svo fyrir að ef fallsótt kom í fé manns, svo að félli

fjórðungur nautfjár hans eða meira, skyldu hreppsmenn bæta honum hálfan skaðann eftir tilteknum reglum. Hreppurinn var því sjálfstæð eining að þessu leyti, þ.e. hin gagnkvæma trygging var bundin við bændur í sama hreppi. Þetta var eitt af þeim hlutverkum sem hreppar nir höfðu eftir stofnun þeirra á þjóðveldisöld. Ekki voru reglur um gagnkvæmar tryggingar í Jónsbók, sem lögtekin var 1281, og sýnast þær hafa lagst niður er þjóðveldið leið undir lok.

Hér skal einnig getið um reglur Grágásar um sameiginlegt sjótjón (d. groshavari, fælleshavari). Það fyrirbæri felur einnig í sér dreifingu áhættu. Sameiginlegt sjótjón er ekki tjón sem verður fyrir tilviljun, heldur tjón sem verður við það að verðmæti eru lögð í sölurnar eða lagt er í sérstakan kostnað af ráðnum hug í þágu sameiginlegs öryggis og í því skyni að forða eignum frá sameiginlegri hættu á sjó. Reglurnar um sameiginlegt sjótjón mæla fyrir um að tjóni eða kostnaði, sem verður við slíkar ráðstafanir, sé jafnað á eigendur þeirra hagsmuna sem í húfi voru, þ.e. á eiganda skipsins, eigendur farmgjaldsins og eigendur farmsins. Um sameiginlegt sjótjón var regla í 61. kafla festarþáttar Grágásar sem hljóðaði svo:

„Ef menn eru svo staddir í hafi að meira hlut manna þykir ráð að kasta, þá skal því fyrst kasta er ofast er höfgavöru, en jafnt skal allra skaði verða það er kastað er, þótt fáir hafi átt. Alla aura skal jafnt skerða."

Reglur um sameiginlegt sjótjón fela ekki í sér vátryggingu í nútímaskilningi, en úrræðið er skylt vátryggingum að því leyti að verið er að dreifa áhættu milli þeirra sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Reglur um sameiginlegt sjótjón eru nú í VI. kafla siglingalaga, nr. 34/1985, en þar er m.a. vísað til York/Antwerpen-reglnanna frá 1974.

Á miðöldum veittu gildin félagsmönnum sínum aðstoð í ríkum mæli ef þeir lentu í fjárhagslegum vandræðum, t.d. ef þeir urðu óvinnufærir vegna sjúkdóma, eða töpuðu eignum sínum vegna bruna, þjófnaðar eða sjótjóns.

Eiginlegar vátryggingar í þeirri merkingu sem við leggjum í orðið í dag eru ekki taldar hafa byrjað fyrr en á 14. öld. Talið er að fyrstu lögin um vátryggingaviðskipti hafi verið gefin út í Genúa á Ítalíu árið 1369, en þau munu fyrst og fremst hafa verið sett til þess að varna því að vátryggingar væru misnotaðar. Fyrstu vátryggingarnar gegn iðgjaldi voru sjóvátryggingar og breiddust þær fljótt út. Talið hefur verið að þær tryggingar hafi sótt fyrirmynd í þá tegund sjóveðlána sem tíðkuðust meðal Rómverja (foenus nauticus) þótt það væru ekki vátryggingar í nútímaskilningi eins og áður greinir. Aðrar tegundir vátrygginga breiddust síðar út, oft að gefnum sérstökum tilefnum. Bruninn mikli í Kaupmannahöfn í október 1728, þegar um 1.450 hús brunnu, ⅔ hlutar borgarinnar, varð t.d. hvatinn að stofnun fyrsta danska brunatryggingafélagsins, „Københavns Brandforsikrings Societet for Huse og Gader". Fyrstu líftryggingafélögin í Danmörku voru stofnuð um miðja 19. öld og höfðu þá ákveðin afbrigði slíkra trygginga, „tontiner", þróast um tveggja alda skeið. Ábyrgðartryggingar komu síðar til. Þær tóku að breiðast út í Þýskalandi í lok 19. aldar, en nokkru áður hafði verið komið þar á lagareglum sem leiddu til mjög strangrar ábyrgðar fyrir þá sem ráku járnbrautir, járn- og steinvinnslu og verksmiðjur. Í Danmörku byrjuðu vátryggingafélög að bjóða ábyrgðartryggingar skömmu fyrir fyrri heimstyrjöld og í framhaldi af því var gert að skyldu að taka ábyrgðartryggingar á sumum sviðum, t.d. varð ábyrgðartrygging ökutækja lögbundin árið 1918.

Hér á landi fara litlar sögur af vátryggingum fyrr en á síðari hluta 19. aldar, enda atvinnulíf fábrotið og verðmætasköpun afar takmörkuð fyrr en þá, er tekið var að nota stærri skip við fiskveiðar. Nokkur átök urðu um brunatryggingu húseigna í landinu á síðustu áratugum nítjándu aldar og upphafsárum þeirrar tuttugustu.

Hinn 14. febrúar 1874 var samþykkt sem tilskipun frumvarp sem verið hafði til meðferðar á þingi um nokkurt skeið. Tilskipunin, um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað o.fl., og reglugerð sett samkvæmt henni, nr. 30/1874, um ábyrgð Reykjavíkurkaupstaðar fyrir

eldsvoða á húsum bæjarins, mæltu fyrir um að öll timburhús og múrhús í Reykjavík skyldu vera brunatryggð samkvæmt mati. Skyldi þriðjungur áhættunnar vera á ábyrgð Reykjavíkurkaupstaðar, en tveir þriðju voru vátryggðir hjá „brunabótafélagi hinna dönsku kaupstaða". Eigendum torfbæja í Reykjavík var ekki skylt að tryggja þá, en til þess var þó heimild ef eigandinn óskaði. Fyrir fyrsta Alþingi sem fór með löggjafarvald var lagt frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík, en það hafði að geyma ýmis fyrirmæli um varúðarráðstafanir gegn eldsvoðum og brunamál. Með tilskipuninni komst á brunatrygging húseigna í Reykjavík, en ekki annars staðar á landinu. Margir urðu til að fjalla um nauðsyn þess að húseignir utan Reykjavíkur yrðu brunatryggðar. Var margsinnis á næstu árum hvatt til þess á opinberum vettvangi að menn í þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni skyldu bindast samtökum um að koma á skyldubundinni brunatryggingu húseigna, helst með Reykvíkingum. Ekki varð mönnum ágengt í þessari baráttu og sýnist ein meginástæðan hafa verð sú að Reykvíkingar höfðu ekki áhuga á málinu, enda búið að ráða fram úr brunatryggingamálum að því er þá varðaði. Margir undu þeirri úrlausn þó illa, enda varð barátta fyrir brunatryggingum utan Reykjavíkur þáttur í hvatningu um að losna undan dönskum áhrifum og þannig hluti af baráttunni fyrir sjálfstæði landsmanna. Var það gagnrýnt að Reykvíkingar greiddu háar fjárhæðir í iðgjöld til dansks brunatryggingafélags í stað þess að taka höndum saman við aðra þéttbýlisstaði á landinu og stofna innlendan ábyrgðarsjóð til að bæta brunatjón. Fyrsta frumvarp til laga um brunatryggingar í íslenskum kaupstöðum var flutt af Indriða Einarssyni á Alþingi árið 1891. Indriði var þingmaður Vestmannaeyinga, en þar hafði verið stofnað skipaábyrgðarfélag þegar árið 1862. Var það lengi elsta vátryggingafélag landsins en hætti formlega starfsemi 1. janúar 1995 er vátryggingastofnar þess voru yfirteknir af öðru starfandi vátryggingafélagi. Megininntak frumvarps Indriða Einarssonar var að skylda alla kaupstaði landsins (einnig Reykjavík) og verslunarstaði, þar sem samanlagt virðingarverð húseigna náði tiltekinni fjárhæð, til þess að mynda sameiginlegt brunabótafélag og átti eigendum húseigna að vera skylt að brunatryggja þær hjá félaginu. Skyldi landssjóður veita félaginu gagnábyrgð að tilgreindri fjárhæð. Frumvarpið hlaut góðar undirtektir í neðri deild Alþingis og var samþykkt þar eftir að hafa farið til meðferðar í nefnd sem gerði á því ýmsar breytingar. Frumvarpið var á hinn bóginn fellt af efri deild án þess að hafa verið til meðferðar í nefnd og án mikillar umræðu. Bentu þingmenn efri deildar einkum á að ekki væri rétt að þvinga Reykvíkinga til þátttöku í slíku félagi þar eð þeir nytu góðra kjara á sínum brunatryggingum, auk þess sem byrðar þær er landssjóður skyldi bera samkvæmt frumvarpinu uxu mörgum í augum. Landshöfðingi hafði frá upphafi lagst mjög gegn frumvarpinu. Nauðsyn brunatrygginga var til umfjöllunar á opinberum vettvangi, þar á meðal á Alþingi, annað slagið á næstu árum án þess að ráðið yrði fram úr vandanum sem fólst í því að aðrir kaupstaðir og verslunarstaðir en Reykjavík virtust ekki í stakk búnir til að stofna til félagsskapar um brunatryggingar húseigna. Voru lögð fram á Alþingi lagafrumvörp sem ekki náðu fram að ganga eða leiddu ekki til breytinga á ástandinu. Er dró að aldamótum urðu húsbrunar einnig tíðari og alvarlegri en áður og átti það rót sína að rekja til notkunar á nýjum eldunartækjum, án þess að gætt væri að því að hita einangra svonefndar reykpípur frá þeim.

Greiðlegar gekk að koma í gegn á Alþingi lögum um vátryggingu fyrir sveitabæi og önnur hús utan kauptúna. Lög um það efni voru samþykkt á Alþingi árið 1905, sem lög nr. 26/1905. Var í þeim mælt fyrir um heimild sveitarfélaga til þess að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna. Skyldu brunabótasjóðirnir bæta ⅔ hluta brunatjóns á húsum vátryggðum í þeim eftir nánari reglum. Árið 1906 voru settar tvær reglugerðir með heimild í lögunum sem lutu að framkvæmd þeirra. Ekki gekk þó sem skyldi að koma á þeirri vátryggingu sem heimiluð var með lögunum. Með lögum nr. 58/1907, um

stofnun brunabótafjelags Íslands, var ákveðið að landsstjórnin skyldi gangast fyrir því að sett yrði á stofn brunabótafélag með gagnkvæmri ábyrgð, sem tæki að sér brunatryggingar á húseignum á Íslandi, utan Reykjavíkur, sem ekki væru tryggingarskyldar í brunabótasjóði sem stofnaður væri eftir lögum nr. 26/1905 sem áður er getið. Með þessu var málinu þó ekki lokið. Tafir urðu á framkvæmdum í málinu, m.a. vegna þess að ekki tókst að afla endurtrygginga. Eftir breytingar á lögunum, sem gerðar voru árið 1915, var þó ráðist í stofnun Brunabótafélags Íslands árið 1917.

Saga sjóvátrygginga hér á landi hefst líka um og eftir miðja 19. öld, en þó var eitthvað um að þilskip hér á landi væru vátryggð í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi eða öðrum löndum fyrir miðbik 19. aldar. Árið 1854 stofnuðu Ísfirðingar fyrsta íslenska vátryggingafélagið um 15 þilskip sem þá voru í eigu þeirra. Ábyrgðin var gagnkvæm, en á vátryggingunni voru ýmsar takmarkanir, t.d. gilti hún eingöngu yfir sumarmánuðina og aðeins var bætt algert tjón og þá 50% af matsverði skips. Árið 1862 var stofnað bátaábyrgðarfélag í Vestmannaeyjum, eins og fyrr greinir, og 1868 var stofnað Hið eyfirska ábyrgðarfélag sem vátryggja skyldi skip á svæðinu. Á fyrsta ári voru 17 skip í því félagi, en 54 á hinu næsta. Vátryggingin var einnig ýmsum takmörkunum háð, gilti t.d. aðeins yfir sumartímann og tók einungis til hluta af matsverði skips, eftir því í hvaða flokk því var raðað. Fleiri slík félög voru stofnuð á 19. öld, en fá þeirra áttu sér langa lífdaga. Það var fyrst með tilkomu vélbátaútgerðar hér á landi um aldamótin 1900 sem bátaábyrgðarfélögin voru stofnuð hvert af öðru, fyrst Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga 1903. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var stofnuð 1909. Togaraútgerð hófst hér um og eftir fyrri heimsstyrjöld og var Samtrygging íslenskra botnvörpunga stofnuð árið 1923.

Sérstaklega ber hér að geta merkilegs framtaks kvenna á sviði vátrygginga, en árið 1885 voru stofnuð fyrstu samtök til vátryggingar nautpenings, a.m.k. frá þjóðveldisöld, en þetta var Kýrábyrgðarfélag Keldhverfinga. Stofnendur félagsins voru konur og konur munu alla tíð hafa staðið að því félagi og stjórnað því, en ekkjumenn munu þó einnig hafa verið gjaldgengir félagsmenn og einhverjir slíkir verið í félaginu. Ekki var félaginu kosin stjórn fyrr en frá 1925, en fram til þess tíma var kjörin til eins árs í senn forstöðukona sem fór með alla stjórn félagsins. Iðgjaldið var fyrst í stað tvö pund af smjöri fyrir hverja kú félagsmanns, en árið 1906 var ákveðið að greitt skyldi iðgjald í peningum, 1,50 kr. fyrir hverja kú. Félagið bætti að hálfu það tjón sem eigandi varð fyrir er kýr drapst. Á starfstíma félagsins mun það hafa bætt um 60 kýr. Vegna búháttabreytinga og tækniværðingar reyndist ekki grundvöllur fyrir starfsemi þess til frambúðar og mun það hafa hætt eiginlegri starfsemi fyrir lok áttunda áratugar síðustu aldar, en síðasta fundargerð þess mun vera frá árinu 1977. Félaginu hefur ekki formlega verið slitið.

Fyrsta almenna vátryggingafélagið sem stofnað var á Íslandi var Sjóvátryggingafélag Íslands sem stofnað var 1918.

Þess má einnig geta, að ábyrgðartrygging bifreiða var fyrst lögboðin hér á landi á árinu 1926, þ.e. með lögum nr. 34/1926.

2.2 Aðdragandi að setningu laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

Lög um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954 (VSL), eru samin að norrænni fyrirmynd. Önnur Norðurlönd höfðu með sér samstarf um samningu laga um vátryggingarsamninga og voru lög, samin í því samstarfi, sett í Danmörku og Noregi árið 1930, en 1927 í Svíþjóð og 1933 í Finnlandi. Íslendingar tóku ekki þátt í þessu lagasamstarfi, en settu sér síðar lög sama efnis. Því verður ekki á móti mælt að þau lög um vátryggingarsamninga á Norðurlöndum sem síðast greinir voru mjög vel heppnuð lagasmíð. Einstaka fræðimenn taka svo djúpt í árinni

að segja að þau séu frá lagatæknilegu sjónarmið nálægt því að vera fullkomin. Einkenni VSL er að þau eru að meginstefnu til frávíkjanleg og standa því ekki þróun innan vátryggingargeirans fyrir þrifum. Einstök ákvæði laganna eru þó ófrávíkjanleg. Lögin eru ekki tæmandi og um mörg álitaefni er ekki fjallað í þeim. Þau eru almenn lög um vátryggingarsamninga, en við hlið þeirra hafa jafnan gilt sérlög um einstakar tegundir vátrygginga sem löggjafinn hefur talið sérstakt tilefni til að skipa í sérlögum, svo sem um brunatryggingar húseigna, ábyrgðartryggingar bifreiða o.fl.

2.3 Reynslan af VSL.

Telja má víst að menn séu almennt sammála um að VSL hafi reynst vel á Íslandi eins og sambærileg lög annars staðar á Norðurlöndum. Þótt mörg álitaefni hafi komið fram um túlkun á lögunum og nokkuð margir dómar gengið um skýringu á þeim felur það ekki í sér neinn áfellisdóm um lögin og jafnvel þótt tekið sé tillit til þess að mikill fjöldi ágreiningsmála er leystur af nefnd sem starfað hefur á vegum vátryggingafélaganna og af úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfar á grundvelli samkomulags viðskiptaráðuneytis, Neytendasamtaka og SÍT. Hafa verður í huga að útbreiðsla vátrygginga hefur verið mjög mikil, einkum á síðustu áratugum, og ýmsar tegundir vátrygginga komið fram sem ekki voru til þegar lögin voru sett. Má sem dæmi nefna hópvátryggingar, ábyrgðartryggingar, ekki síst starfsábyrgðartryggingar, og ýmsar aðrar tegundir vátrygginga sem nú eru mjög útbreiddar. Tekist hefur furðuvel að samræma þessar tryggingar ákvæðum laganna, en því verður ekki neitað að ýmis álitaefni hafa komið upp, einkum varðandi hópvátryggingar.

3. Endurskoðun laga um vátryggingarsamninga annars staðar á Norðurlöndum.

Í upphafi áttunda áratugarins var annars staðar á Norðurlöndum mikið rætt um að kominn væri tími til þess að endurskoða lögin um vátryggingarsamninga. Voru skipaðar nefndir í því skyni í Danmörku (1975), Finnlandi (1977), Noregi (1974) og í Svíþjóð (1974). Ætlunin var að koma á fót sambærilegu norrænu samstarfi og gefið hafði svo góðan ávöxt í kringum 1930. Ísland tók ekki þátt í þessu norræna samstarfi. Ástæður þess að talið var tímabært að endurskoða lögin um vátryggingarsamninga voru fyrst og fremst þær að mikill vöxtur hafði hlaupið í svonefndar hópvátryggingar sem engin ákvæði voru um í gildandi lögum svo sem fyrr greinir. Auk þess höfðu ýmsar nýjar tegundir vátrygginga komið til eftir gildistöku laganna, nauðsynlegt var talið að veita neytendum meiri vernd en þeim var veitt í gildandi lögum, ekki einasta veita þeim vernd gegn ósanngjörnum skilmálum í vátryggingarsamningum, heldur einnig veita þeim öruggan aðgang að upplýsingum og ráðgjöf um álitaefni tengd vátryggingum og setja ákvæði um einfalt og fljótvirkt uppgjör vátryggingabóta.

Hugmyndin um norrænt lagasamstarf á þessu sviði gekk þó ekki eftir í þetta sinn. Lágu til þess ýmsar ástæður. Svíar höfðu þegar tekið ákvörðun um að láta vinnu við reglur um neytendavernd á sviði vátrygginga hafa forgang áður en hugað yrði sérstaklega að almennum reglum. Svíar settu sér sérstök lög um neytendavátryggingar (konsumentförsäkringslag, nr. 38/1980) sem tóku gildi 1. janúar 1981. Þeir hafa enn ekki sett sér ný almenn lög um vátryggingarsamninga. Danir tóku þátt í samstarfinu, en töldu þó hendur sínar bundnar af því að á sama tíma var uppi viðleitni til þess að samræma löggjöf landa Evrópusambandsins um vátryggingarsamninga. Danir sömdu því ekki sérstakt frumvarp til breytinga á gildandi lögum sínum um þetta efni. Danska nefndin var lögð niður árið 1983. Norðmenn töldu á hinn bóginn að rétt væri að endurskoða lögin í heild og að ekki væri brýn þörf á sérstökum lögum um neytendavátryggingar. Norska nefndin skilaði tveimur álitum, hinu fyrra á árinu 1983 um persónutryggingar (NOU 1983:56, Lov om avtaler om personforsikring) og hinu síðara á

árinu 1987 (NOU 1987:24, Lov om aftaler om skadeforsikring). Þessi tvö nefndarálit voru fljótlega tekin til meðferðar af stjórnvöldum sem ákváðu að slá tillögum nefndarinnar saman í eitt lagafrumvarp. Var samið og lagt fram frumvarp 1988–89 og var það eftir greiða meðferð í Stórþinginu samþykkt 16. júní 1989 sem lög nr. 69/1989. Finnar settu sér ný lög um vátryggingarsamninga 28. júní 1994. Finnsku lögin um vátryggingarsamninga, „Lag om försäkringsavtal", nr. 543/1994, taka til skaðatrygginga og persónutrygginga eins og norsku lögin. Skipan reglna í lögunum er þó með öðrum hætti en í norsku lögunum, þ.e. lögin eru ekki í tveimur meginhlutum þar sem settar eru fram reglur um hvorn flokk vátrygginga um sig, heldur eru finnsku lögin þannig fram sett að leitast er við að fjalla samtímis bæði um skaðatryggingar og persónutryggingar, en sérreglur hafðar um hvora tegund um sig þegar þörf er talin á.

Í mars 1999 var á ný skipuð nefnd í Danmörku til þess að endurskoða lögin um vátryggingarsamninga. Nefndarskipunin var að frumkvæði Þjóðþingsins og var hlutverk hennar tvíþætt. Annars vegar skyldi hún endurskoða ákvæði um slysatryggingar og sjúkratryggingar, einkum með það að markmiði að vátryggingafélag verði greiðsluskylt þótt sjúkdómseinkenna kunni að hafa orðið vart áður en vátrygging er tekin, ef endanleg sjúkdómsgreining á sér ekki stað fyrr en eftir að það er gert. Tilefni þessa var niðurstaða í dómi Hæstaréttar Danmerkur, sem birtur er í Ugeskrift for Retsvæsen (UfR) 1998, bls. 1380, þar sem greiðsluskyldu vátryggingafélags var hafnað þegar svo háttaði til sem áður greinir. Hins vegar skyldi nefndin yfirfara lögin um vátryggingarsamninga frá 1930 með tilliti til heildarendurskoðunar. Nefndin skilaði áliti um fyrra atriðið í janúar 2000 og var þegar gerð breyting á dönsku vátryggingarsamningalögunum að því leyti. Í nóvember 2002 skilaði nefndin af sér afar ítarlegri skýrslu um síðara atriðið, þ.e. endurskoðun laga um vátryggingarsamninga. Eru þar gerðar tillögur að breytingum á nokkrum ákvæðum laganna með það að markmiði að auka neytendavernd enn frekar. Nefndin leggur þó til að lögin verði óbreytt í flestum höfuðatriðum enn um sinn.

4. Þörf fyrir endurskoðun VSL.

Lög um vátryggingarsamninga hafa reynst vel á Íslandi, eins og lög á öðrum Norðurlöndum um sama efni, og þau hafa ekki staðið í vegi fyrir hinum mikla vexti og þeirri þróun sem orðið hefur í nær öllum tegundum vátrygginga. Lögin eru þó sniðin að öðrum veruleika en við blasir í dag og þau hafa ekki að geyma reglur um mikilvæg atriði sem sérstök ástæða er til að setja almennar reglur um, t.d. um hópvátryggingar og um stöðu þriðja manns, er orðið hefur fyrir tjóni sem ábyrgðartryggður aðili ber skaðabótaábyrgð á, gagnvart vátryggjanda. Sömu röksemdir sem mæla með endurskoðun laganna, svo sem auknar kröfur um neytendavernd, eiga við hér á landi eins og annars staðar á Norðurlöndum. Þess ber einnig að geta að við endurskoðun laga nr. 50/1978, um vátryggingastarfsemi, sem lauk með setningu laga nr. 60/1994, um sama efni, voru kröfur til vátryggingafélaga auknar á mörgum sviðum. Flestar reglur þar að lútandi varða stofnun vátryggingafélaga og þær kröfur sem gerðar eru til þess að þau hafi starfsleyfi, svo og starfsemi þeirra, en í VI. kafla laganna eru þó ítarlegar reglur um upplýsingaskyldu félaganna við gerð vátryggingarsamninga. Þær reglur varða fremur réttarsamband vátryggingafélags og vátryggingartaka eða vátryggðs og ættu með réttu að vistast í lögum um vátryggingarsamninga. Mælir það einnig með endurskoðun VSL og er í frumvarpi þessu lagt til að flestar reglur VI. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, verði með nokkrum breytingum fluttar í VSL.

5. Tengsl við EES-samninginn og löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á vettvangi Evrópuréttar hafa verið settar ýmsar reglur um vátryggingar. Þessar reglur lúta fyrst og fremst að vátryggingafélögum og starfsemi þeirra, en síður að efni vátryggingarsamninga milli félaganna og vátryggingartaka eða hins vátryggða. Það er þó ekki einhlítt og hefur því m.a. verið slegið föstu af EB-dómstólnum í forúrskurði í svonefndu Ferreira-máli, C-348/98, sem kveðinn var upp 14. september 2000, að tilteknar reglur ökutækjatilskipananna þriggja (72/166/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE) sem allar varða ábyrgðartryggingar vegna vélknúinna ökutækja, hefðu að geyma lágmarksákvæði um efni vátryggingarverndar ábyrgðartrygginga ökutækja. Dómurinn taldi t.d. að það væri andstætt 3. gr. annarrar tilskipunarinnar að útiloka þriðja mann frá bótaábyrgð einungis vegna þess að hann væri í fjölskyldusambandi við vátryggingartaka eða ökumann, svo sem gert var að portúgölskum lögum. Dómstóllinn taldi einnig að það stæðist ekki reglur tilskipananna að lög aðildarríkis gætu ákvarðað hámarksbætur lægri en kveðið væri á um í 2. mgr. 1. gr. annarrar tilskipunarinnar þegar þannig háttaði til að bótaábyrgð væri reist á hlutlægri ábyrgðarreglu. Aðildarríki gætu að sönnu ákvarðað bótagrundvöllinn, en þegar það væri gert yrði að fara eftir tilgreindum ákvæðum tilskipananna. Í þessu felst að ákvæði tilskipananna hafa áhrif á hvernig heimilt er að skipa efni lagareglna um ábyrgðartryggingar ökutækja.

Á vettvangi Evrópusambandsins, eða forvera þess, hafa verið settar tilskipanir um ýmis svið vátrygginga, svo sem um skaðatryggingar, ábyrgðartryggingar ökutækja, líftryggingar og endurtryggingar. Í almennum hluta greinargerðar, sem fylgdi frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, segir m.a. svo:

„Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem samþykktur var 2. maí 1992 skuldbindur Ísland sig til þess að lögfesta að efni til sams konar reglur um vátryggingastarfsemi og í gildi eru innan Evrópubandalagsins."

Í framhaldi af þessu eru svo taldar upp þær tilskipanir og tilmæli sem um ræðir. Með setningu laga nr. 60/1994 var því tekið tillit til skuldbindinga sem fólust í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Vátryggingastarfsemi telst til fjármálaþjónustu og fellur undir 3. kafla EES-samningsins (sbr. 49. gr. Rómarsáttmálans), auk þess sem reglur 2. kafla samningsins um staðfesturétt eiga við um vátryggingastarfsemi (sbr. 43. gr. Rómarsáttmálans).

Eins og áður greinir lýtur löggjöf á vettvangi Evrópuréttar á sviði vátrygginga mest að reglum um vátryggingafélög og starfsemi þeirra. Fyrstu tilskipanirnar miðuðu að því að tryggja frelsi til staðfestu á sviði vátrygginga í Evrópusambandslöndunum. Með samræmingu eftirlitskerfa aðildarlandanna og samræmi í skilyrðum til að stofna vátryggingafélög voru skapaðar forsendur til þess að félög, sem stofnuð voru í einu ríki, gætu sett á fót útibú í öðru. Í næstu tilskipunum var gengið skrefi lengra og leitast við að koma á frelsi til þess að vátryggingafélög gætu veitt vátryggingarþjónustu í aðildarríkjunum öðrum en heimaríki, en þessi heimild var þó takmörkuð. Í skaðatryggingum tók heimildin aðeins til stærstu vátrygginga og í persónutryggingum var út frá því gengið að félögin rækju ekki markaðssókn annars staðar en í heimaríkinu þótt vátryggingartakinn gæti leitað þjónustu hjá félögum í öðrum ríkjum en heimaríkjum þeirra. Í þeim þriðju er gengið enn lengra í því að tryggja rétt til þess að vátryggingafélög geti veitt þjónustu án takmarkana í öðrum löndum en heimaríki sínu og séu eingöngu háð leyfisveitingu í því ríki og eftirliti þar.

Af framangreindu leiðir að síður þarf að taka tillit til reglna um vátryggingastarfsemi, sem settar hafa verið á vettvangi Evrópusambandsins, þegar fjallað er um lög um vátryggingarsamninga, en þegar fjallað er um lög um vátryggingastarfsemi. Þetta er þó ekki einhlítt, svo sem getur að framan. Í ráðgefandi áliti dómstóls EFTA frá 17. nóvember 1999 í svonefndu Finanger-máli var það niðurstaða dómstólsins að tilteknar reglur norskra umferðarlaga um

brottfall bótaréttar þess sem tók sér far með bifreið þótt hann vissi að ökumaðurinn væri undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna eða deyfilyfja, væru ósamrýmanlegar tilteknum ákvæðum ökutækjatilskipana ESB sem áður er getið. Niðurstaðan hefur áhrif á skaðabótarétt tjónþola við þær aðstæður sem um ræðir og þar með á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækja. Taka ber fram að fræðimenn eru ekki á einu máli um hvernig skýra beri álitið og bera sumir brigður á réttmæti niðurstöðunnar. Ágreiningur um þetta kom til kasta Hæstaréttar Íslands haustið 2001. Hæstiréttur lýsti, í dómi frá 25. október 2001 í málinu nr. 129/2001, þeim skilningi að í tilskipunum felist fyrirmæli um skyldu ríkja Evrópska efnahagssvæðisins til að sjá svo um að fyrir hendi sé vátrygging, sem taki til skaðabótaskyldu, er stofnast vegna líkams- eða munatjóns við notkun ökutækis. Telur rétturinn að ljóst sé að þeim sé ætlað að tryggja að tjónþoli fái úr hendi vátryggjanda greiðslu á bótum sem hann á rétt til eftir skaðabótareglum og þurfi ekki að sæta mótbárum frá vátryggjanda um atriði sem falla undir tilskipanirnar. Engu að síður verður af þessum ástæðum að hafa hliðsjón af efni tilskipana, sem settar hafa verið á vettvangi Evrópuréttar, þegar efni reglna um vátryggingarsamninga er skipað. Hefur verið leitast við að gera það í frumvarpi þessu.

Þess skal getið að í Noregi hefur reynslan sýnt að aðild Noregs að Evrópska efnahagssvæðinu og þær skuldbindingar sem því fylgdu hafa til þessa einungis leitt til minni háttar breytingar á norskum lögum um vátryggingarsamninga, nr. 69/1989. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að Norðmenn settu sérstök lög um val á löggjöf við gerð vátryggingarsamninga, þ.e. lög nr. 111/1992 frá 27. nóvember það ár. Að því er íslenskan rétt varðar eru þær efnisreglur nú í VI. kafla laga nr. 60/1994, en með frumvarpi þessu er lagt til að þær verði fluttar í lög um vátryggingarsamninga. Loks skal tekið fram að reglur um varnarþing, þ.e. hvaða dómstólar eiga úrlausnarvald í vátryggingamálum, er að finna í 3. kafla Luganosamningsins um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var milli Evrópusambandslandanna og EFTA-landanna 16. september 1988 og byggist á svonefndum Brusselsáttmála frá 1968 sem gerður var milli Evrópusambandslandanna og var um sama efni. Lugano-samningnum var veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 68/1995, frá 10. mars það ár, um Lugano-samninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum. Í þessum kafla samningsins (3. kafla), þ.e. 7.–12. gr., er að finna tæmandi reglur um varnarþing í vátryggingamálum. Engin ástæða er til að leggja til að þær reglur verði fluttar í lög um vátryggingarsamninga.

6. Nánar um meginefni og helstu nýmæli í frumvarpinu.

6.1 Inngangur.

Frumvarp þetta hefur að geyma almennar reglur um vátryggingarsamninga. Þær lúta einkum að þeim hluta vátryggingastarfsemi sem tekur til réttarsambandsins milli vátryggingafélagsins og vátryggingartaka eða hins vátryggða. Reglur þess eru því einkaréttarlegs eðlis að meginstefnu til. Reglur frumvarpsins tengjast öðrum réttarreglum um stofnun, framkvæmd og slit samninga. Réttarsamband vátryggingafélags og vátryggingartaka eða hins vátryggða lýtur því almennum reglum samningaréttar og kröfuréttar að því leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um annað í frumvarpinu. Af þessu leiðir að reglur frumvarpsins tengjast reglum laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum, og ýmsum öðrum sérlögum á þeim réttarsviðum sem nefnd voru. Auk þess eiga ýmsar almennar og óskráðar réttarreglur samninga- og kröfuréttar við t.d. um túlkun vátryggingarsamninga. Ber að hafa þetta hugfast við beitingu þeirra reglna sem lagt er til að lögfestar verði með frumvarpi þessu.

6.2 Ófrávíkjanlegar reglur.

Svo sem greinir í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að reglur þess verði ófrávíkjanlegar nema annað sé sérstaklega tekið fram. Af 3. gr. VSL leiðir á hinn bóginn að reglur þeirra eru frávíkjanlegar, nema annað sé áskilið berum orðum, svo sem gert er í nokkrum ákvæðum þeirra, sbr. t.d. 20. gr. Þetta felur í sér grundvallarbreytingu og helgast af því markmiði að treysta betur en VSL gera réttarstöðu neytenda, þ.e. með því að veita þeim lágmarksvernd.

6.3 Meginþættir frumvarpsins.

Frumvarpi þessu er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta eru reglur um skaðatryggingar, í öðrum hluta reglur um persónutryggingar, en í þriðja hluta eru nokkur almenn ákvæði sem eiga við um allar tegundir vátrygginga. Uppbygging frumvarpsins er ólík VSL, en lögin eru þannig uppsett að í I. kafla eru almenn ákvæði, í II. kafla reglur um skaðatryggingar sem skipt er þannig að í A-hluta þeirra eru almenn ákvæði en í B-hluta reglur um sjóvátryggingar og aðrar flutningavátryggingar, í C-hluta reglur um brunatryggingar, í D-hluta reglur um búfjártryggingar og í E hluta reglur um ábyrgðartryggingar. Í III. kafla eru reglur um líftryggingar, í IV. kafla reglur um slysa- og sjúkratryggingar og í V. kafla gildistökuákvæði o.fl.

Í frumvarpinu eru ekki sérstakir kaflar eða þættir um einstakar tegundir skaðatrygginga eða persónutrygginga, einungis almennar reglur um allar tegundir vátrygginga sem falla innan þessara tveggja tilgreindu meginþátta. Í einstökum greinum er þó að finna sérreglur um tilteknar tegundir vátrygginga og einstakir kaflar, einkum í persónutryggingahlutanum, taka nánast eingöngu til tiltekinna persónutrygginga. Einkum ber við að sérreglur séu um líftryggingar, sbr. XVII. kafla, um skráningu líftrygginga. Leitast er við að halda sem mestu samræmi í efnisskipan í fyrsta hluta um skaðatryggingar og öðrum hluta um persónutryggingar. Kaflaheiti eru sem hér segir:

I. hluti.	Skaðatryggingar.
I. kafli.	Inngangur.
II. kafli.	Upplýsingaskylda félagsins.
III. kafli.	Vátryggingarsamningurinn o.fl.
IV. kafli.	Almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins.
V. kafli.	Iðgjaldið.
VI. kafli.	Almennar reglur um ábyrgð félagsins.
VII. kafli.	Réttur þriðja manns samkvæmt vátryggingarsamningi.
VIII. kafli.	Uppgjör vátryggingabóta, fyrning o.fl.
IX. kafli.	Sérstakar reglur um hópvátryggingar.
II. hluti.	Persónutryggingar.
X. kafli.	Inngangur.
XI. kafli.	Upplýsingaskylda félagsins.
XII. kafli.	Vátryggingarsamningurinn o.fl.
XIII. kafli.	Almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins.
XIV. kafli.	Iðgjaldið.
XV. kafli.	Ráðstafanir tengdar vátryggingu. Rétturinn til greiðslu frá félaginu.
XVI. kafli.	Réttarsambandið við skuldheimtumenn.
XVII. kafli.	Skráning líftrygginga.
XVIII. kafli.	Bótauppgjör, fyrning o.fl.
XIX. kafli.	Sérstakar reglur um hópvátryggingar.
III. hluti.	Almenn ákvæði.
XX. kafli.	Ágreiningur o.fl.

XXI. kafli. Val á löggjöf.
IV. hluti.
XXII. kafli. Ýmis ákvæði.

Þess er vænst að auðveldara verði að vinna með reglurnar, verði þær að lögum, með því að hafa slíkt samræmi milli fyrsta og annars hluta.

6.4 Frumvarpið hefur að geyma almennar reglur um tiltekna þætti vátryggingarsamninga.

Svo sem fyrr greinir eru reglur frumvarpsins almennar. Þótt þær séu ófrávíkjanlegar leiðir ekki af því að ekki sé svigrúm til samninga við gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga. Í fyrsta lagi er beinlínis tekið fram í ýmsum ákvæðum frumvarpsins að semja megi um tiltekin atriði. Í öðru lagi taka reglur frumvarpsins einungis til takmarkaðra þátta vátryggingarsamninga. Ekki er t.d. leitast við að setja því mörk gegn hvaða áhættu er vátryggt og í sjálfu sér er ekki amast við samningum um skýrar hlutlægar takmarkanir á ábyrgð vátryggingafélaga. Í þriðja lagi eru engin ákvæði um takmarkanir á ákvörðun iðgjalds eða með hvaða hætti er samið um hækkun þess, eða lækkun ef því er að skipta. Svigrúm til samninga er því verulegt og í frumvarpinu er ekki að finna reglur sem takmarka ættu möguleika vátryggingafélaga til samkeppni þeirra á milli um viðskiptavini.

6.5 Aukin neytendavernd.

Þess er áður getið að eitt af þeim tilefnum sem eru til þess að huga að endurskoðun VSL sé að það sé í takt við áherslu síðustu áratuga á aukna neytendavernd að tryggja betur en VSL gera lágmarksréttindi vátryggingartaka. Nefna má eftirfarandi atriði til stuðnings þeirri áherslu sem lögð er á vernd lágmarksréttinda vátryggingartaka og verður í því sambandi að hafa í huga þá meginreglu frumvarpsins að reglur þess eru ófrávíkjanlegar.

Í fyrsta lagi eru ítarleg ákvæði í frumvarpinu um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og annarra sem koma fram fyrir þeirra hönd, einkum við gerð vátryggingarsamninga. Í VSL eru ekki ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga, einungis um upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Lýtur upplýsingaskylda bæði að efni löggjafar, þegar við á, að atriðum sem varða vernd þá er vátrygging veitir og eftir atvikum ráðgjöf um viðbótarvernd. Upplýsingaskyldan er fyrst og fremst virk við gerð vátryggingarsamnings, en einnig er mælt fyrir um takmarkaðri upplýsingaskyldu við endurnýjun hans. Þess ber einnig að geta í þessu sambandi að upplýsingaskyldu er ekki létt af vátryggingartakanum miðað við reglur VSL. Hann verður að veita umbeðnar upplýsingar og á í sumum tilvikum að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, einkum um atriði er verulega þýðingu hafa fyrir mat félagsins á þeirri áhættu sem það undirgengst með vátryggingarsamningnum.

Í öðru lagi er leitast við að ráða bót á einu mesta álitaefni sem tengst hefur framkvæmd VSL, þ.e. hvaða mörk eigi að setja hlutlægum ábyrgðartakmörkunum, einkum þegar þær tengjast háttsemi hins vátryggða eða manna sem verða samsamaðir honum. Það er gert með því að skilgreina hugtakið varúðarreglur víðtækar en gert er í VSL, sbr. e-lið 2. gr. frumvarpsins, en einnig með því að félögunum er gert að upplýsa skýrlega í vátryggingarskírteini um hvaða varúðarreglur séu í samningnum sem leitt geti til takmörkunar á ábyrgð þess, sbr. 10. gr., auk þess sem 26. gr. frumvarpsins bannar að félagið beri fyrir sig fyrirvara vegna brota á varúðarreglum ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg. Að auki má leggja ábyrgð á félagið að hluta þótt félagið geti samkvæmt framangreindu borið fyrir sig brot á varúðarreglum. Ætti það einnig að vera til verndar vátryggðum í takmarkatilvikum.

Í þriðja lagi eru í frumvarpinu ýmsar reglur sem tryggja eiga lágmarksvernd vátryggingartaka eða hins vátryggða við framkvæmd vátryggingarsamnings. Margar þessara reglna

eru í VSL, en til viðbótar koma ýmsar nýjar reglur. Í IV. kafla frumvarpsins eru t.d. ýmsar reglur þar sem skorður eru settar við rétti félagsins til þess að takmarka ábyrgð sína. Er það gert með því að slíkar skorður megi setja ef „atvik að öðru leyti“ réttlæta það, sbr. t.d. 3. mgr. 20. gr. og 26. gr.

Í fjórða lagi eru í III. kafla frumvarpsins reglur um uppsögn vátryggingarsamninga, en efni þeirra er skipað með þeim hætti að vátryggingartaki hefur mikið svigrúm til þess að slíta samningnum af sinni hálfu, en miklar takmarkanir eru á heimildum félagsins til þess að slíta vátryggingarsamningi, ekki aðeins á vátryggingartímabilinu, heldur einnig við endurnýjun hans. Af þessum reglum leiðir að vátryggður á rétt á að halda vátryggingarvernd sinni, einnig við endurnýjun, nema sérstök rök réttlæti slit á samningnum. Um þetta vísast einkum til 15. og 18. gr. frumvarpsins.

Í fimmta lagi eru ýmsar reglur í frumvarpinu um uppgjör vátryggingabóta, en í VSL skortir slíkar reglur að öðru leyti en því að þar er að finna nokkrar reglur um greiðslutíma vátryggingabóta. Þessar reglur frumvarpsins lúta að því innan hvaða marka félögin geti skuldajafnað vangoldnum iðgjöldum af tiltekinni vátryggingu eða vátryggingum við gjaldfallnar bætur. Eru settar takmarkanir við rétti til skuldajafnaðar sem eru þrengri en leiða mundi af almennum reglum. Einnig er að finna takmarkanir á heimildum félagsins til þess að skuldajafna bótagreiðslum til þriðja manns við kröfur sem það kann að eiga vegna vátryggingarinnar eða á hendur þeim sem greiðsluna á að fá.

Í sjötta lagi eru ákvæði í frumvarpinu um mjög aukna vernd tjónþola þegar sá sem bótaskyldur er nýtur verndar ábyrgðartryggingar. Hin aukna vernd felst einkum í því að tjónþolinn á beinan rétt á hendur félaginu, þ.e. hann er ekki bundinn við það að beina kröfum sínum að hinum bótaskylda (ábyrgðartryggða) og leiða þær til lykta með samskiptum við hann. Leitast er við að tryggja einnig rétt þess sem er ábyrgðartryggður, þ.e. að því leyti að tjónþoli og félagið geti ekki gert tjón upp sín á milli án samráðs við hann þannig að bindandi sé fyrir hann.

Í sjöunda lagi eru í frumvarpinu sérstakar reglur um hópvátryggingar, en engin ákvæði eru um slíkar vátryggingar í VSL. Réttarstaðan í hópvátryggingum getur verið flókin. Um er að ræða þrjá aðilja, þ.e. félagið, vátryggingartakann og hina vátryggðu, þ.e. þá sem teljast til hópsins. Mikilvægt er að afmarkað sé hverjir það séu sem á hverjum tíma teljast til hópsins, þ.e. til hinna vátryggðu, og hvaða skilyrðum þurfi að vera fullnægt til þess að einhver teljist hluti af hópnum, svo og hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að sá sem telst til hópsins hætti að gera það. Þá er mikilvægt að tryggja að þátttakendur í hópnum fái nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína, t.d. skilmála, breytingar á þeim o.fl. Þess vegna þarf að taka af skarið um það á hverjum sú skylda hvílir að miðla upplýsingum til hópsins. Þá þarf að slá því föstu á hverjum skyldan til að greiða iðgjaldið hvílir. Loks þarf að taka afstöðu til þess hvort heimila eigi þeim sem tilheyrir hópnum en hættir í honum af tilgreindum ástæðum að viðhalda vátryggingum, einkum líftryggingum, sem einstaklingur án þess að þurfa að veita á ný heilsufarsupplýsingar eins og hann þyrfti ef hann stofnaði til sambærilegrar nýrrar líftryggingar. Lagt er til í frumvarpinu að þetta verði heimilað.

Í áttunda lagi er lagt til í frumvarpinu að settar verði skorður við því að vátryggingafélög geti krafið þann sem óskar eftir persónutryggingu, eða hefur óskað persónutryggingar, um nánar tilgreindar heilsufarsupplýsingar, þ.e. heilsufarsupplýsingar sem lúta að erfðafræðilegum þáttum. Eðlilegt er að slíkar takmarkanir séu settar. Ýmsir kostir eru tiltækir við skipan slíkra reglna, en í frumvarpinu er sett fram regla sem er sambærileg reglu um sams konar takmarkanir í dönskum rétti, en sú regla var sett þar í landi á árinu 1997. Vísast um þetta til 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins.

Í níunda lagi eru í frumvarpinu reglur þar sem lagt er til að lögfest verði tilvist úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og hvaða reglur eigi að gilda um hana og starfsháttu hennar. Vátryggingafélög hafa haft með sér samstarf um úrlausn ágreiningsmála er varða vátryggingar. Þá hefur verið samkomulag milli stjórnvalda, neytendasamtaka og vátryggingafélaga um starfrækslu úrskurðarnefndar á sviði vátryggingamála. Neytendur hafa því átt þess kost að afla skjótrar úrlausnar með ódýrum hætti um ágreining í slíkum málum. Eðlilegt er að grundvöllur úrskurðarnefndar í vátryggingamálum verði treystur með því að slá því föstu í lögum að slík nefnd skuli vera starfandi. Ekki þykir þó ástæða til að leggja til að grundvelli nefndarinnar að öðru leyti verði breytt. Var Neytendasamtökunum ritað sérstakt bréf þar sem leitað var álits samtakanna á því hvaða skipan þau kysu helst á slíkri nefnd, auk þess sem gerð var grein fyrir hugmyndum nefndarinnar um að auka starfssvið úrskurðarnefndarinnar með því að heimila málskot til hennar í ríkara mæli en tíðkast hefur til þessa. Neytendasamtökin lýstu því yfir að ástæðulaust væri að breyta grundvelli nefndarinnar, en rétt væri að rýmka starfssvið hennar. Tillögur um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem settar eru fram í 141. gr. frumvarpsins, eru í samræmi við þetta, þ.e. tilvist nefndarinnar er ákveðin með lögum, en um starfsemi hennar fer eftir samningi, eins og fyrr. Þá er verksvið hennar aukið verulega frá því sem nú er og réttur neytenda til að skjóta málum til úrlausnar með skjótum hætti því rýmkaður verulega.

Ljóst má vera að mörg af þeim atriðum, sem talin hafa verið upp hér að framan, muni leiða til nokkurs kostnaðarauka fyrir vátryggingafélögin ef frumvarp þetta verður að lögum. Á móti kemur að gera má ráð fyrir að skýrari og ítarlegri reglur um ýmis atriði muni leiða til fækkunar ágreiningsmála og þar með til minni kostnaðar sem tengist þeim. Verður að telja að aukin neytendavernd sé samfélaginu til hagsbóta þegar til lengri tíma er litið.

7. Rafræn viðskipti með vátryggingar.

Nefndin fjallaði ítarlega um það á nokkrum fundum hvort leggja ætti til í frumvarpi þessu reglur sem heimiluðu sérstaklega að vátryggingaviðskipti mættu fara fram að hluta eða í heild með rafrænum hætti. Nefndarmenn urðu sammála um að leggja ekki til að í frumvarpi þessu yrðu sérstök ákvæði um rafræn viðskipti við gerð eða framkvæmd vátryggingarsamninga. Nefndarmenn eru sammála um að rétt sé og heppilegt að slík viðskipti fari fram með rafrænum hætti sé þess kostur. Eðlilegt sé þá að um þau viðskipti gildi almennar reglur um rafræn viðskipti og þjónustu, sbr. lög nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, og lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir. Með því móti gildi almennar reglur um kröfur til öryggis búnaðar og hvenær sönnun um tilkynningar, samninga og annað sé fullnægt ef ekki er ástæða til að setja sérreglur um þessi atriði.

Vátryggingar, einkum persónutryggingar, fela oft í sér persónuupplýsingar og í sumum tilvikum viðkvæmar persónuupplýsingar, eins og þessi hugtök eru skýrð í 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Söfnun og meðferð slíkra upplýsinga af hálfu vátryggingafélaga er háð eftirliti Persónuverndar samkvæmt téðum lögum. Þarf því ekki að gera tillögur um slíkar reglur í þessu frumvarpi. Nefndin gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að vátryggingaviðskipti fari fram með munnlegum og eftir atvikum skriflegum samskiptum félagsins og vátryggingartaka eða hins vátryggða. Heimili almennar reglur rafræn samskipti í viðskiptum eða mæli fyrir um að þau séu jafngild munnlegum eða skriflegum samskiptum gildir það einnig um vátryggingaviðskipti, enda séu þau ekki sérstaklega undanþegin í lögum.

Nefndin gerir samkvæmt framansögðu ráð fyrir því að vátryggingaviðskipti fari í vaxandi mæli fram með rafrænum hætti í framtíðinni og telur reglur frumvarpsins ekki eiga að standa

slíkri þróun í vegi. Almennar reglur um rafræn viðskipti og um vernd persónuupplýsinga munu gilda um slík rafræn viðskipti í vátryggingum ásamt reglum frumvarpsins ef þau verða að lögum.

8. Tengsl við sérákvæði í öðrum lögum.

Frumvarp þetta hefur að geyma almennar reglur um gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga. Í ýmsum öðrum lögum eru ákvæði sem varða vátryggingarsamninga. Má sem dæmi nefna ýmis ákvæði XIII. kafla umferðarlaga, nr. 50/1987, um ábyrgðartryggingu ökutækja og reglugerðar nr. 556/1993 um sama efni og lög um brunatryggingar, nr. 48/1994, svo og ýmis ákvæði í lögum sem varða starfsábyrgðartryggingar einstakra starfsstétta, t.d. löggiltra fasteignasala, sbr. 5. gr. laga nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, lögmanna, sbr. 25. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, og endurskoðenda, sbr. 10. gr. laga um endurskoðendur, nr. 18/1997. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að hreyft verði við ákvæðum í sérlögum um vátryggingar. Áréttað skal, sem þó leiðir einnig af lögskýringarreglum, að sérákvæði í öðrum lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim um einstakar tegundir vátrygginga ganga framar hinum almennu ákvæðum þessara laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. hluta.

Í þessum hluta frumvarpsins eru reglur um skaðatryggingar. Skaðatryggingar eru skilgreindar með óbeinum hætti í 1. gr. frumvarpsins þar sem segir að með skaðatryggingum sé átt við vátryggingu gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, vátryggingu gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði eða aðra vátryggingu sem ekki er persónutrygging. Persónutryggingar eru líftryggingar hvers konar, svo og slysa- og sjúkratryggingar. Um efni kafla skal vísað til þess sem greinir í 6. tölul. í almennum athugasemdum. Ekki er heldur ástæða til að fjalla um efni einstakra greina, heldur vísast um það til greinargerðar um hvern kafla fyrir sig, svo og sérstakra skýringa við einstök ákvæði. Er einungis ástæða til að árétta hér að haldið er fast við þá meginreglu VSL að skaðatryggingar eigi ekki að bæta meira en raunverulegt tjón hins vátryggða af vátryggingaratburði. Þótt ekki sé í frumvarpinu regla sem svarar til 39. gr. VSL er leitast við að halda meginreglunni með öðrum hætti, sbr. skýringar við 36. gr. frumvarpsins. Hinu er ekki að neita að í framkvæmd hafa vátryggingafélög í skilmálum sínum samið um að bæta tjón á tilteknum munum umfram raunverulegt verðmæti þeirra. Á þetta einkum við um heimilistæki og þess háttar sem bætt er með endurkaupsverði nýrra hluta, þ.e. ekki er tekið tillit til aldurs og rýrnunar vegna notkunar. Þykir því ekki rétt að halda sem sérstakri grein hinni fortakslausu reglu 39. gr. VSL. Öðrum ákvæðum frumvarpsins, t.d. 19. gr. og 36. gr., er ætlað að koma í veg fyrir misnotkun á vátryggingum í hagnaðarskyni. Má því fullyrða að meginregla skaðatrygginga sem lýst var að framan verði enn í gildi ef frumvarpið verður að lögum.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru þrjár greinar og er yfirskrift þeirra sem hér segir:

a. 1. gr. Gildissvið I. hluta laganna.
b. 2. gr. Skilgreiningar.
c. 3. gr. Ófrávíkjanlegar reglur.

Áður hefur verið gerð grein fyrir þeirri skipan frumvarpsins að skipta reglum þess í tvo meginhluta, þ.e. annars vegar um skaðatryggingar og hins vegar um persónutryggingar. Í 1. gr. er gildissvið reglna um skaðatryggingar afmarkað. Nauðsynlegar skilgreiningar eru í 2.

gr. og er það gert til þess að skýra merkingu nokkurra mikilvægra hugtaka í reglum frumvarpsins.

Í 3. gr. er því lýst yfir að reglur frumvarpsins séu ófrávíkjanlegar. Frá því eru gerðar undantekningar þegar í hlut eiga þeir sem hafa með höndum viðamikinn atvinnurekstur.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að gildissvið I. kafla verði takmarkað við skaðatryggingar. Skaðatryggingar þarf að greina frá persónutryggingum, en einnig frá öðrum samningum sem geta ekki talist vátryggingarsamningar. Hér er átt við ýmiss konar ábyrgðir á framleiðslu- og söluvörum, ýmsa þjónustusamninga o.fl. Almennt á það ekki að valda vafa hvort þeir teljast til vátryggingarsamninga. Inntak slíks samnings ræður því hvort hann verður talinn vátryggingarsamningur eða ekki. Það ræður því ekki úrslitum hverjir eiga aðild að honum. Hin óbeina skilgreining á hugtakinu skaðatrygging, sem gerð er tillaga um í greininni, er fyrst og fremst til afmörkunar frá persónutryggingum. Henni er ekki ætlað að binda hendur yfirvalda eða dómstóla þegar metið er hvort einstaklingar eða lögaðilar stundi vátryggingastarfsemi sem kynni að fara í bága við lög nr. 60/1994 um það efni. Skilgreiningin er svo rúm að ætla má að hún muni einnig rúma nýjar tegundir vátrygginga er kunna að bætast við þær sem nú eru þekktar. Þessi skipan ætti að tryggja að slíkar nýjar tegundir vátrygginga féllu ekki sjálfkrafa utan gildissviðs laganna.

Í skilgreiningu á hugtakinu skaðatrygging, sem sett er fram í 2. mgr., er með orðunum tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, fyrst og fremst átt við hefðbundnar eignatryggingar, eins og brunatryggingar, innbrots- og þjófnaðartryggingar, kaskótryggingar bifreiða og skipa o.fl. Hinir vátryggðu hagsmunir í þessum tilvikum eru fyrst og fremst verðmæti hlutarins sjálfs, en oft er vátryggingunni ætlað að vernda aðra hagsmuni sem bundnir eru við hlutinn, t.d. afnotarétt eða önnur óbein eignarréttindi þriðja manns. Í skilgreiningunni segir einnig að til skaðatrygginga heyri vátryggingar gegn skaðabótaábyrgð. Með því er átt við ábyrgðartryggingar, en það er sú tegund vátrygginga sem hvað hraðast hefur vaxið á síðustu árum. Þegar vafi leikur á um hvort tiltekin vátrygging telst til ábyrgðartrygginga eða ekki mundi það oftast skera úr um hvort fjárhæð bóta yrði ákveðin eftir reglum skaðabótaréttar. Ef svo er yrði vátryggingin almennt talin til ábyrgðartrygginga óháð því hver ábyrgðargrundvöllurinn væri. Þannig mundu sjúklingatryggingar samkvæmt lögum nr. 111/2000 um það efni teljast ábyrgðartryggingar en ekki persónutryggingar, því að bótafjárhæðir samkvæmt lögunum ráðast af reglum skaðabótaréttar, þó að tilteknu hámarki. Það breytir ekki þessari niðurstöðu þótt ekki þurfi að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi til þess að eiga rétt til greiðslu úr sjúklingatryggingu, aðeins að tjón hafi orðið við tilteknar aðstæður. Loks er í skilgreiningunni miðað við að til skaðatrygginga teljist vátrygging gegn kostnaði, en með því er t.d. átt við svonefnda réttaraðstoðartryggingu sem oftast er t.d. hluti af þeim samsettu fjölskyldu- og heimilistryggingum sem boðnar eru á markaði hér á landi.

Eins og fyrr greinir er upptalningunni í 2. mgr. ekki ætlað að vera tæmandi. Vátryggingar sem ekki féllu sjálfkrafa undir kennimerki skaðatrygginga mundu samt falla undir reglur I. hluta laganna, svo fremi sem þær teldust ekki til persónutrygginga.

Í 3. mgr. er lagt til að endurtryggingar falli ekki undir gildissvið I. hluta og er gerð tillaga um sambærilegt ákvæði þegar gildissviði II. hluta er lýst. Þetta er í samræmi við reglur gildandi laga. Það hefur verið viðtekin skoðun að hið sérstaka eðli endurtrygginga, svo og sú staðreynd að aðiljar að slíkum samningum eru venjulega vátryggjendur sjálfir, valdi því að þær eigi ekki að sæta að öllu leyti sömu reglum og frumtryggingar. Á það enn frekar við í

því frumvarpi sem hér liggur fyrir þar sem leitast er við með sérstökum reglum að tryggja réttarstöðu neytenda og efni margra reglna skipað svo sem raun ber vitni til að tryggja að það markmið náist. Hentar það síður þegar jafnræði er með aðilum eins og oftast er í endurtryggingum.

Til álita kom að mæla fyrir um að I. hluti laganna, og þar með lögin í heild, skyldi ekki gilda um tvær tilteknar tegundir vátrygginga, þ.e. greiðsluvátryggingar og efndavátryggingar, en um er að ræða vátryggingategundir sem tilgreindar eru í 14. og 15. tölul. 22. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Ýmsar ástæður valda sérstöðu þessara tveggja tegunda vátrygginga. Þótt ótvírætt sé, miðað við skilgreiningu 2. mgr., að þær teljist til skaðatrygginga eru mörg einkenni þeirra með þeim hætti að þær greinast mjög frá hefðbundnum skaðatryggingum. Greiðsluvátrygging, einkum ábyrgðir, er meira í ætt við bankastarfsemi, enda hafa bankar og sparisjóðir lengi veitt ákveðin form ábyrgða. Skylda vátryggingafélags í slíkum tilvikum felst í því að veita tryggingu gegn tjóni sem verður vegna þess að skuldari vanrækir skyldur sínar. Þegar um ábyrgðir er að ræða verður að telja að réttarsamband vátryggingartaka, kröfuhafans og vátryggjanda, eigi fremur að ráðast af reglum kröfuréttar en vátryggingaréttar. Réttur vátryggingafélags til þess að krefja um endurgreiðslu á vátryggingabótum úr hendi skuldarans sem ekki hefur efnt skyldu sína ætti í raun réttri ekki að ráðast af reglum vátryggingaréttar heldur kröfuréttar, sem mundi auka svigrúm félagsins til endurheimtu. Þótt efndavátrygging kunni að sumu leyti að líkjast meira hefðbundnum skaðatryggingum, t.d. er réttarsambandið þar eingöngu milli vátryggingartaka, kröfuhafa og félagsins, er sérstaða þeirra trygginga samt svo mikil að ýmis rök standa til þess að láta ákvæði frumvarpsins ekki taka til þeirra.

Þrátt fyrir framanritað var ekki talin ástæða til þess að mæla beinlínis fyrir um að þessar tvær tegundir vátrygginga féllu ekki undir lögin. Mikil þróun er í greiðsluvátryggingum og efndavátryggingum og ekki útséð um hver framvindan verður á því sviði. Þykir því rétt að leggja til að viðskiptaráðherra geti með reglugerð undanskilið þessar vátryggingategundir, svo og aðrar sambærilegar vátryggingar, gildissviði laganna. Yrðu einkum rök til þess ef sýnt þykir af framkvæmdinni að reglur frumvarpsins, ef það verður að lögum, hentuðu ekki við gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga um þessar tegundir vátrygginga.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að nokkur lykilhugtök í I. hluta laganna verði skilgreind. Í 2. gr. gildandi VSL er einnig að finna skilgreiningar á mikilvægum hugtökum og fara þær um flest saman við skilgreiningar þær sem gerð er tillaga um í þessari grein, en vegna nýmæla eru þó skilgreiningarnar hér bæði fleiri og að sumu leyti öðru vísi en samkvæmt VSL.

Félagið er algengt hugtak í frumvarpinu og í VSL. Skilgreining þess hér er að efni til óbreytt frá gildandi lögum en útfærslan er þó önnur. Félagið, þ.e. vátryggjandinn, í frumvarpinu mundi oftast vera hlutafélag, gagnkvæmt félag eða aðrir sem fengið hafa hér starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Einnig er hugsanlegt að aðrir aðiljar geti talist félag í skilningi frumvarpsins, t.d. þeir sem kunna að bjóða vátryggingar samkvæmt sérstökum heimildum í öðrum lögum. Einnig yrði að telja þann sem býður vátryggingar án þess að hafa til þess heimild til félags samkvæmt frumvarpinu, ef álitaefni risu um slíkar vátryggingar sem rétt þætti að færu eftir ákvæðum þess.

Vátryggingartaki er skilgreindur með sama hætti og í VSL, en sérstaklega er þó tekið fram hver teljist vátryggingartaki í hópvátryggingum, þ.e. sá sem gerir slíkan samning við félagið, en oftast yrði það vinnuveitandi, félag, t.d. stéttarfélag, eða annars konar hagsmunafélag.

Skilgreining á orðinu vátryggður er einnig efnislega með sama hætti og í VSL. Þessi skilgreining er svo rúm að hún tekur einnig til þeirra sem eiga rétt til bóta á grundvelli hópvátryggingarsamnings. Rétt þykir þó að leggja til að sérstaklega verði tekið fram hver teljist vátryggður í ábyrgðartryggingum. Hér er þó ekki gerð tillaga um breytingar frá því sem vera mundi samkvæmt gildandi rétti. Þar sem reglur frumvarpsins miða að verulegum breytingum á stöðu þess sem verður fyrir tjóni og á rétt til bóta á hendur þeim sem hefur ábyrgðartryggingu, m.a. er gerð tillaga um að veita honum beinan rétt á hendur félaginu, þykir nauðsynlegt að taka af skarið um að hann teljist þó ekki hinn vátryggði.

Hópvátrygging er orð sem ekki er notað í VSL og yrði því nýtt í löggjöf ef frumvarp þetta verður að lögum. Þykir því nauðsynlegt að skilgreina það. Hugtakið hópvátrygging er ekki skilgreint með nákvæmlega sama hætti í þessum hluta frumvarpsins og í II. hluta, en það breytir því ekki að helstu einkenni hópvátrygginga eru hin sömu í báðum tilvikum, þ.e. samningurinn er gerður af vátryggingartaka, sem oftast er vinnuveitandi eða félag, til hagsbóta fyrir nánar tiltekinn hóp, t.d. starfsmenn vinnuveitandans eða félagsmenn í félagi. Hópvátrygging getur einnig gilt fyrir þá sem teljast til fjölskyldna þeirra sem tilheyra hópnum. Nauðsynlegt er að skilgreina í hópvátryggingum hverjir teljist til hópsins, eða hvaða skilyrðum þeir þurfi að fullnægja svo vátrygging geti átt við. Ekki er skilyrði að um einhvern tiltekinn lágmarksfjölda einstaklinga sé að ræða svo unnt sé að tala um hópvátryggingu. Oft getur risið vafi um hvort tiltekin vátrygging sé hópvátrygging eða ekki. Fjölskyldu- eða heimilistrygging telst ekki hópvátrygging þótt í skilmálum hennar sé tekið fram, að hún sé einnig til hagsbóta fyrir fjölskyldu eða heimilisfólk vátryggingartaka. Þegar vafi rís um, hvort vátrygging telst hópvátrygging yrðu dómstólar að skera úr um það að lokum.

Um varúðarreglur er fjallað í 51. gr. VSL. Varúðarreglur og mörk milli þeirra og svonefndra hlutlægra ábyrgðartakmarkana eru eitt af helstu álitaefnum sem verið hafa í vátryggingarétti. Með reglum frumvarps þessa er leitast við að eyða eða takmarka þá réttaróvissu sem verið hefur í þessum efnum. Er því sett fram sérstök skilgreining á hugtakinu varúðarreglur. Sú skilgreining sem hér er gerð tillaga um er nákvæmari og einnig víðtækari en leiða mundi af reglu 51. gr. VSL. Um varúðarreglur er nánar fjallað í skýringum við 26. gr. frumvarpsins, sem tekur til brota á þeim.

Skilgreiningar á hugtökunum vátryggingaratburður, vátryggingaráhætta, vátryggingarfjárhæð, vátryggingarverðmæti og bundið vátryggingarverð eru í samræmi við það sem byggt hefur verið á í gildandi rétti. Hið sama má í meginatriðum segja um hugtakið vátryggingarskírteini. Sú skilgreining er þó víðtækari en í gildandi rétti, sem helgast af því að í 10. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á félagið að tilgreina ákveðnar upplýsingar í skírteininu sem almennt má telja að hafa verulega þýðingu fyrir mat hins vátryggða á réttarstöðu sinni samkvæmt vátryggingarsamningnum. Tekið skal fram að skilgreining á orðinu vátryggingaráhætta er tvíþætt vegna þess að orðið er notað í tvenns konar merkingu í frumvarpinu. Það er bæði notað um þá hagsmuni sem njóta vátryggingarverndar samkvæmt vátryggingarsamningi og líka um þá þætti eða aðstæður sem leitt geta til þess að vátryggingaratburður verður. Oft eru það einungis tilteknir þættir eða aðstæður sem leitt geta til þess að vátryggingaratburður verður. Verði tjón af öðrum ástæðum fellur það utan vátryggingarsamningsins. Í slíkum tilvikum getur verið nauðsynlegt að tilgreina þættina eða atburðina, þ.e. vátryggingaráhættuna (áhættuna) með beinum eða óbeinum hætti. Vegna skilgreiningar á orðinu vátryggingarfjárhæð skal tekið fram að þótt það sé ekki skilgreiningaratriði, þá er iðgjald að jafnaði reiknað af vátryggingarfjárhæð.

Um 3. gr.

Meginregla gildandi VSL er, skv. 3. gr. þeirra, að reglur laganna séu frávíkjanlegar, þ.e. þær koma ekki til framkvæmda ef á annan veg er áskilið með berum orðum í vátryggingarsamningi eða verði talið í honum fólgið. Frá þessu eru undantekningar ef tekið er berum orðum fram í reglum laganna að þær séu ófrávíkjanlegar. Kemur það fram í ýmsum mikilvægum ákvæðum gildandi laga að ekki megi víkja frá þeim með samningi. Vafalaust hefur mátt telja það til kosta gildandi laga að þau væru frávíkjanleg, enda hefur það ekki staðið í vegi fyrir þeim vexti sem orðið hefur í vátryggingum síðan þau lög voru sett. Það er líka í samræmi við grundvallarreglu íslensks fjármunaréttar að mönnum sé frjálst að ráðstafa hagsmunum sínum, sem þeir hafa forræði á, með samningum.

Fram hjá því verður þó ekki litið að aðild að vátryggingarsamningum er langoftast háttað þannig að annars vegar er einstaklingur eða minni rekstraraðili, sem ekki hefur sérþekkingu á lögum eða vátryggingastarfsemi, og hins vegar vátryggingafélag sem hefur atvinnu af því að vátryggja hagsmuni og hefur mikla sérfræðiþekkingu og reynslu á því sviði. Sérþjálfað starfsfólk annast starfsemina. Auk þessa er það félagið, þ.e. vátryggjandinn, sem sér um að semja vátryggingarskilmálana og hlýtur við það að líta fyrst og fremst til hagsmuna félagsins. Vátryggingarskilmálar íslenskra vátryggingafélaga hafa þó ekki verið gagnrýndir sérstaklega fyrir að vera almennt ósanngjarnir eða fjandsamlegir vátryggingartökum eða þeim sem njóta vátryggingarverndar. Ástæður þessa geta verið ýmsar, t.d. að félögin sýni ábyrgð í starfsemi sinni og að samkeppni milli félaganna tryggi að vátryggingarskilmálar þeirra verði neytendavænir.

Sú áhersla sem í norrænni lögfræði hefur verið lögð á að tryggja hagsmuni neytenda á síðustu áratugum er sprottin af því að ríkt þörf hefur verið talin á að vernda þá sérstaklega, ekki síst á sviðum þar sem viðsemjendurnir eru stórir rekstraraðilar með mikla sérþekkingu, er sjá sjálfir um að semja öll ákvæði samninga sem gerðir eru við neytendur. Hin aukna áhersla á neytendavernd hefur leitt til þess að sett hafa verið ýmis lög á Íslandi til að tryggja réttarstöðu neytenda. Má sem nokkur dæmi nefna breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, fyrst með lögum nr. 11/1986 og svo síðar með lögum nr. 14/1995, lög nr. 96/1992, um húsgöngu og fjarsölu (síðar lög nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga), lög nr. 103/1992, um umboðssöluviðskipti, lög nr. 121/1994, um neytendalán, lög nr. 80/1994, um alferðir, og lög nr. 23/1997, um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis. Einnig má benda á að ný lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000, ný lög um fasteignakaup, nr. 40/2002, og ný lög um þjónustukaup, nr. 42/2000, bera þess merki að þar séu hagsmunir neytenda verndaðir í ríkara mæli en t.d. samkvæmt eldri lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922. Þörf fyrir neytendavernd er einnig fyrir hendi á sviði vátryggingastarfsemi. Eru aðstæður þar með slíkum hætti að neytandinn má sín oftast lítils gagnvart félaginu þegar til þess kemur að meta hvort hagsmunir hans séu nægilega verndaðir, hver staða hans verður ef vátryggingaratburður á sér stað og til að hafa áhrif á skilmála vátryggingarinnar. Þessar ástæður m.a. hafa valdið því að rétt þykir að gera tillögu um að lög um vátryggingarsamninga séu ófrávíkjanleg. Er gerð tillaga um það í 3. gr. frumvarpsins að vikið verði frá þeirri meginreglu sem gilt hefur að lög um vátryggingarsamninga verði frávíkjanleg og lagt til að því verði slegið föstu í 1. mgr. 3. gr. að þau verði að meginstefnu til ófrávíkjanleg. Sambærilegt ákvæði er í II. hluta laganna, sem tekur til persónutrygginga.

Eitt af markmiðum frumvarpsins er að veita vátryggingartökum og þeim sem vátryggðir eru, eða njóta með öðrum hætti réttar til greiðslu vátryggingabóta, lágmarksvernd. Ef lagt yrði til að lögin verði frávíkjanleg yrði markmiði þessu stefnt í hættu.

Eins og síðar greinir eru ýmsar undantekningar frá því að ekki megi víkja frá ákvæðum laganna með samningi og er það einkum í þeim tilvikum þegar ekki er talin þörf á þeirri vernd er að framan greinir. Þörfin fyrir lágmarksvernd er mismunandi eftir því hvort um skaðatryggingar er að ræða eða persónutryggingar. Hinar síðarnefndu eru nánast í öllum tilvikum neytendatryggingar, þ.e. það er neytandi sem er aðili að vátryggingarsamningnum. Þörfin fyrir ófrávíkjanlegar reglur er því meiri á því sviði en í skaðatryggingum, sem í mörgum tilvikum taka til hagsmuna rekstraraðilja. Ekki þykir þó rétt að binda ófrávíkjanleika laganna eingöngu við neytendur, enda verður að telja að flestir minni rekstraraðilar hafi alveg jafnmikla þörf fyrir þá lágmarksvernd sem reglum frumvarpsins er ætlað að veita. Á hinn bóginn er ekki ástæða til að koma í veg fyrir að stærri rekstraraðilar semji á annan hátt en reglur frumvarpsins gera ráð fyrir, jafnvel þótt það leiði til lakari kjara en ef reglunum væri fylgt. Ástæða þessa er sú að stærri rekstraraðilar eiga sjálfir að geta gætt hagsmuna sinna við gerð vátryggingarsamninga sem og annarra samninga og keypt sér þá sérfræðiþjónustu sem þarf við samningsgerðina. Auk þess er eðlilegt að slíkir aðilar hafi frelsi til þess að taka þá upplýstu ákvörðun að bera sjálfir einhvern hluta af tjóni ef vátryggingaratburður verður, eða takmarka rétt sinn á hendur félaginu að einhverju öðru leyti og greiða í staðinn lægri iðgjöld.

Þess ber að geta að frumvarpið miðar við að það séu reglur þess sem séu ófrávíkjanlegar, en í því felst að það eru einungis þau atriði sem reglurnar taka til sem ekki má víkja frá. Um önnur ólögmælt atriði mætti semja. Þannig er t.d. miðað við að almennt sé hægt að semja um umfang vátryggingarinnar, enda er það atriði almennt ekki til umfjöllunar í reglum frumvarpsins.

Í þessu sambandi skal undirstrikað að einungis er óheimilt að víkja frá ákvæðum laganna, ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu. Vissulega má semja um betri rétt þessum aðilum til handa en leiða mundi af reglum frumvarpsins. Í 1. mgr. er talað um þann sem öðlast kröfu á hendur félaginu, þ.e. hann nýtur þeirrar lágmarksverndar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Orðalagi er háttað þannig til þess að það geti átt við um vátryggingartaka, vátryggðan, ef hann er ekki hinn sami, og þriðja mann sem öðlast getur beina kröfu á hendur félagi á grundvelli ábyrgðartryggingar þess sem ber skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Full ástæða er til að þeir njóti sömu verndar og hinn vátryggði.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um að heimilt sé, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að víkja frá ákvæðum þessa hluta frumvarpsins við tilteknar aðstæður. Það er óhjákvæmilegt skilyrði þess að víkja megi frá ákvæðum frumvarpsins að vátrygging sé tekin vegna atvinnurekstrar. Þótt því skilyrði sé fullnægt þarf ýmislegt annað að koma til, þ.e. skilyrðum einhvers af stafliðum a–d þarf að vera fullnægt líka. Heimildin til að víkja frá reglum frumvarpsins með samningum tekur þó ekki til nokkurra þátta ábyrgðartrygginga, þ.e. þeirra sem reglur 46. gr. frumvarpsins taka til. Þær reglur miða að því að staða tjónþola, sem á skaðabótakröfu á þann sem ábyrgðartryggður er, verði betri en skv. 95. og 96. gr. VSL og að sú staða verði ekki rýrð. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 44. gr. frumvarpsins.

Svo sem fyrr greinir þarf, til viðbótar því meginskilyrði að vátrygging sé tekin vegna atvinnurekstrar, einu af þeim skilyrðum sem talin eru upp í stafliðum a–d að vera fullnægt. Þau skilyrði eru mismunandi og fyrir þeim eru mismunandi rök.

Skilyrði a-liðar lúta að stærð eða umfangi þess atvinnurekstrar sem í hlut á. Matsatriði er hvar setja á slík mörk. Sé tekið mið af stærðardreifingu íslenskra fyrirtækja eftir fjölda ársverka 1997 (heimild: Þjóðhagsstofnun) voru þau þá talin 33.949. Af þeim voru innan við 5% með fleiri starfsmenn en tíu. Það er því ljóst að meginþorri íslenskra atvinnufyrirtækja fellur undir þau stærðarmörk sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Fullnægja þarf tveimur af þeim þremur skilyrðum sem sett eru í a-lið. Fyrirtæki af þeirri stærð sem gert er ráð fyrir í a-lið hafa

ekki þörf fyrir þá lágmarksvernd sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ætla má að þau hafi aðgang að sérþekkingu til þess að geta með vissu lagt mat á hvernig hagsmunum þeirra sé best borgið að því er lýtur að vátryggingum.

Í b-lið er gerð tillaga um að heimilt sé að víkja frá reglum frumvarpsins ef vátryggingar lúta að atvinnustarfsemi sem að mestu leyti fer fram erlendis. Ástæður þess eru einkum þær að ekki er rétt að útiloka íslensk fyrirtæki frá því að vátryggja slíka hagsmuni hjá íslenskum vátryggingafélögum og ekki rétt að íslensk vátryggingafélög séu bundin af strangari reglum en vera mundi um keppinauta þeirra í því landi sem um ræðir. Skýra ber ákvæðið svo að það taki aðeins til rekstraraðila ef mestur hluti af heildarrekstri hans fer fram erlendis, en ekki ef aðeins mestur hluti tiltekins þáttar, t.d. tiltekinnar deildar, fer fram erlendis.

Í c-lið er lagt til að heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna, ef vátrygging er tekin vegna skráðs loftfars sem nýtt er í atvinnurekstri. Rökin fyrir þessari reglu eru fyrst og fremst þau að rekstur loftfara í atvinnuskyni er sérstakur og sérhæfður rekstur. Í XI. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir, eru reglur um skyldu umráðanda loftfars, sem notað er til loftferða samkvæmt þeim lögum, til þess að taka og viðhalda tilteknum tryggingum og ber að leita viðurkenningar Flugmálastjórnar á vátryggingafélagi og vátryggingarskilmálum áður en vátrygging er tekin, sbr. 1. mgr. 131. gr. laganna. Þessar reglur loftferðalaga eru ófrávíkjanlegar. Þegar komið er út fyrir gildissvið þeirra er eðlilegt að umráðamenn loftfara hafi heimild til að semja um skilmála vátrygginga, enda verður að ætla að þeir hafi þá sérþekkingu sem þarf til að semja um skilmála slíkra vátrygginga.

Til álita kom að hafa sambærilegt ákvæði um skráningarskyld skip sem notuð eru í atvinnuskyni. Með hliðsjón af því að mikill fjöldi smábáta er notaður í atvinnurekstri þar sem aðeins eigandinn eða umráðamaður og e.t.v. einn eða tveir starfsmenn eru var þó ekki talið rétt að gera um það tillögu. Verður ekki séð að á þessu sviði sé síður þörf fyrir þá lágmarksvernd sem frumvarpið gerir ráð fyrir en á öðrum sviðum.

Loks er í d-lið lagt til að heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna þegar vátryggðar eru vörur í flutningi milli landa. Byggist það fyrst og fremst á því að rétt er að íslensk vátryggingafélög eigi þess kost að keppa um vátryggingar á vörum sem fluttar eru til landsins, án þess að vera bundin af reglum um lágmarksvernd í ríkari mæli en keppinautar þeirra.

Í 3. mgr. er ákvæði sem mælir fyrir um breytingar á fjárhæðum sem tilgreindar eru í a-lið 2. mgr. til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Löng hefð er fyrir slíkum sjálfvirkum hækkunarákvæðum í íslenskum lögum, þótt hitt þekkist einnig að stjórnvöld hafi heimild eða skyldu til þess að breyta fjárhæðum samkvæmt nánar tilgreindum mælikvörðum.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru einkum reglur um upplýsingaskyldu félagsins til vátryggingartaka. Skylda til að veita upplýsingar á ekki aðeins við í aðdraganda þess að vátrygging er tekin, heldur einnig meðan vátryggingarsamningur er í gildi, þ.e. þegar kemur að endurnýjun hans, þótt ekki sé hún þá jafnvíðtæk og í upphafi.

Ýmsar reglur sem lagt er til að verði í þessum kafla er nú að finna í VI. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Eðlilegt þykir að reglur um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga sem lúta að vátryggingarsamningum þeirra við vátryggingartaka séu í frumvarpinu. Þótt einhverjar reglur II. kafla frumvarpsins um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga kunni að hafa á sér opinbersréttarlegan blæ geta þær þó allar haft einkaréttarleg áhrif, sumar í ríkum mæli. Af þeim sökum er lagt til að þær verði vistaðar í lögum um vátryggingarsamninga með eftirfarandi hætti. Í samræmi við þetta er lagt til að reglur þær sem nú eru í 56., 1. og 2. mgr. 57. gr., 2. og 3. mgr. 58. gr. og 59. gr. verði í þessum kafla. Reglur sem lúta

sérstaklega að líftryggingum eða öðrum persónutryggingum, þ.e. 60. gr., verði í II. hluta frumvarpsins um persónutryggingar, en reglur um val á löggjöf eða ákvörðun um það atriði, hvort heldur er í skaðatryggingum eða persónutryggingum, verði í III. hluta sem hefur að geyma almenn ákvæði. Ekki er gerð tillaga um að hreyft verði við reglum sem nú eru í 3. mgr. 57. gr. og 1. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1994, enda lúta þær reglur ekki með beinum hætti að réttarsambandi vátryggingafélags og vátryggjanda, heldur varða fyrst og fremst skyldur vátryggingafélaga gagnvart yfirvöldum.

Í VSL eru ekki sérstök ákvæði um upplýsingaskyldu félaga við vátryggingartaka. Ákvæði laganna um upplýsingar, sem félögum ber að senda til vátryggingartaka eða hins vátryggða, eru fremur tilkynningar og viðvaranir, sbr. t.d. 8. og 48. gr., sem ætlað er að varna brottfalli réttinda félagsins og eru í þess þágu. Ákvæðin eru ekki í þágu vátryggingartaka, vátryggðs eða þriðja manns, en það er hins vegar tilgangur þeirra reglna sem gerð er tillaga um í þessum kafla frumvarpsins.

Vátryggingar og samningar um þær eru flókið mál og fáir sem hafa þekkingu á þessum málaflokki. Þótt vátryggingafélög hafi vissulega veitt margs konar upplýsingar í kynningargögnum til viðskiptamanna sinna eða í almennum auglýsingum hefur það ekki verið kerfisbundið. Sjónarmið um aukna neytendavernd kalla á reglur um slíka upplýsingaskyldu vátryggingafélaga í þágu viðskiptamanna þeirra, eins og tillaga er gerð um í reglum kaflans.

Þegar gerð er tillaga um efni reglna um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga er nauðsynlegt að skipa reglum þannig að þær tryggi möguleika vátryggingartaka á nægilegum upplýsingum til þess að hann geti sjálfur metið efni vátryggingarsamningsins. Ekki má þó ganga svo langt að íþyngja félögunum með kvöðum um upplýsingaskyldu þegar vátryggingartakinn hefur eða á að hafa upplýsingarnar eða sýnilega er þarflaust af öðrum ástæðum að láta hann fá þær, t.d. vegna þess að engar breytingar hafa orðið á skilmálum samningsins. Ekki er lagt til að vátryggingafélögum verði gert skylt að leggja fyrir vátryggingartaka upplýsingar um kjör og skilmála annarra félaga áður en vátryggingarsamningur er gerður. Veiti félag á hinn bóginn slíkar upplýsingar verða þær að vera réttar, ella getur félagið bakað sér ábyrgð. Lagaákvæði um slíka upplýsingagjöf og almennt um upplýsingagjöf til neytenda er að finna í VI. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Er því óþarfi að hafa ítarlegri reglur um það hér.

Rétt er að taka af allan vafa um að ákvæði frumvarpsins takmarka ekki rétt vátryggingafélaga og vátryggingartaka til þess að nýta sér þá samskiptatækni sem almennt er á boðstólum. Þannig er ekkert sem kemur í veg fyrir að samskipti vátryggingartaka og vátryggingafélags megi fara fram með rafrænum hætti, t.d. með sendingu á tölvupósti á milli aðila, enda gefi vátryggingartaki sérstakt samþykki sitt fyrir slíkum samskiptamáta. Af sjálfu sér leiðir að ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, gilda um slík viðskipti, eftir því sem við á, sbr. og lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir. Sé þessi samskiptaháttur nýttur hvílir sú ábyrgð á vátryggingartaka að halda vátryggjanda ávallt upplýstum um þær breytingar sem kunna að verða á tölvupóstfangi hans. Á vátryggingafélagi hvílir sönnunarbyrði um að það hafi veitt tilskildar upplýsingar eða afhent rafrænt tilskilin gögn og skilmála komi til ágreinings um slíkt. Það verður því mikilvægt fyrir vátryggjanda að varðveita upplýsingar um þau samskipti sem hann hefur átt við vátryggingartaka. Ákvæði framvarpsins, sem kveða á um afhendingu tiltekinna upplýsinga, vátryggingarskírteina, vátryggingarskilmála eða annarra gagna, ber þar af leiðandi ekki að túlka svo að þau komi í veg fyrir rafræna miðlun upplýsinga.

Um 4. gr.

Í greininni er gerð tillaga að reglu um upplýsingaskyldu vátryggingafélags, eða þess sem kemur fram fyrir þess hönd, áður en vátryggingarsamningur er gerður. Reglan er mikilvæg vegna þess að á því stigi hefur vátryggingartaki mesta þörf fyrir upplýsingar og vandaða ráðgjöf.

Markmið reglunnar um upplýsingaskyldu vátryggingafélags kemur fram í 1. mgr., þ.e. það á að veita vátryggingartaka þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að hann geti metið tilboð félagsins. Þörf vátryggingartaka fyrir upplýsingar er mismunandi. Flestir þurfa miklar upplýsingar og marga þarf að upplýsa um grundvallaratriði, en aðrir hafa þekkingu á vátryggingum og þurfa því ekki miklar upplýsingar. Upplýsingaskyldan er samkvæmt þessu afstæð, þ.e. háð því hve ríka þörf vátryggingartaki hefur fyrir upplýsingar. Félagið verður að leggja mat á það hve miklar upplýsingar vátryggingartaki þarf og haga upplýsingagjöf í samræmi við það. Í skaðatryggingum er ekki gert ráð fyrir því að félagið þurfi að rannsaka sjálft hverjar séu þarfir vátryggingartaka fyrir tryggingu, heldur geti það byggt ráðgjöf sína um það á þeim upplýsingum sem hann sjálfur veitir og liggja fyrir. Aðrar og ríkari skyldur hvíla á vátryggingafélögum þegar um persónutryggingar er að ræða. Einnig eru þar sérákvæði um takmarkanir á heimildum vátryggingafélaga til þess að afla sér tilgreindra upplýsinga, t.d. um arfgenga sjúkdóma.

Sömu skyldur hvíla á vátryggingamiðlurum.

Í 2. málsl. 1. mgr. er sérstaklega hnykkt á því að félaginu beri að gera vátryggingartaka grein fyrir því hvort verulegar takmarkanir séu á gildissviði vátryggingar eða þeirri vernd sem hún veitir. Einnig hér verður félagið að meta það hvaða væntingar vátryggingartakinn hefur og af því ræðst upplýsingaskylda þess, svo sem fyrr greinir.

Í 2. mgr. er lögð sú skylda á félagið að upplýsa um, í vátryggingarskírteini eða vátryggingarskilmálum, hvaða aðiljar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar og ágreiningsmála sem varða vátryggingarsamninga og um rétt til þess að bera deilumál undir dómstóla. Sambærileg regla er nú í 2. málsl. 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/1994. Sjá enn fremur athugasemdir við 141. gr. frumvarpsins.

Sú skylda sem lögð er á félagið samkvæmt þessari grein til að veita viðsemjendum sínum upplýsingar er mjög þýðingarmikil fyrir þá. Því er mikilvægt að vel sé að henni staðið. Miðað við umfang vátryggingastarfsemi í nútímaþjóðfélagi er þó ljóst að upplýsingarnar hljóta a.m.k. að mestu að vera staðlaðar og kynntar þannig. Viðsemjandi vátryggingafélags hefur hér og nokkrar skyldur, einkum að því leyti að hann verður að bera sig eftir upplýsingum og leitast við að tileinka sér þær svo sem kostur er. Reglur um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga eru tilgangslausar ef ekki hvílir sú skylda á viðsemjendum félagsins að þeir leitist við, eftir því sem þeir hafa forsendur til, að biðja um upplýsingar og tileinka sér þær.

Í greininni er ekki að finna reglur um réttaráhrif þess að félagið sinnir ekki þeirri upplýsingaskyldu sem á því hvílir. Þau hljóta því að ráðast af almennum reglum og er svigrúm dómstóla nokkurt við ákvörðun um það. Oft gæti það leitt til þess að félagið gæti ekki borið fyrir sig takmarkanir á gildissviði vátryggingar, en önnur réttaráhrif kæmu einnig til greina.

Um 5. gr.

Í þessari grein er regla um tungumál vátryggingarskilmála. Sambærileg regla er í 59. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, og er þetta ein af þeim reglum sem lagt er til að fluttar verði í lög um vátryggingarsamninga. Reglan þarfnast ekki sérstakra skýringa hér. Hún er í samræmi við meginreglur samkeppnislaga um að auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku, sbr. 1. mgr. 22. gr. þeirra laga, svo og almennir skil-

mála þjónustuaðila sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, sbr. 2. mgr. 23. gr., sbr. og 3. gr. laga nr. 24/1994, um breyting á samkeppnislögum.

Um 6. gr.

Í greininni eru reglur um upplýsingaskyldu vátryggingafélags um efni löggjafar sem samningssambandið á að lúta. Ákvæði greinarinnar er miðað við að upplýsingaskylda félagsins sé misjafnlega rík eftir því hvort íslensk lög eiga að gilda um vátryggingarsamninginn eða erlend. Af sjálfu leiðir að oftast mundi vera um íslensk lög að ræða. Í þeim tilvikum hvílir ekki fyrirvaralaus skylda á vátryggingafélagi að upplýsa um efni löggjafar þeirrar sem gildir um samninginn. Upplýsingaskyldu er þá aðeins til að dreifa ef vátryggingartaki hefur þörf fyrir upplýsingar. Félagið verður að meta eftir aðstæðum hvort vátryggingartaki þurfi slíkar upplýsingar. Ljóst er að einstaklingar sem eru að vátryggja í fyrsta sinn, nýbúar og aðrir sem ekki er hægt að ætlast til að þekki til íslenskrar löggjafar hafa ríka þörf fyrir upplýsingar. Á hinn bóginn er ljóst að rekstraraðiljar sem hafa langa reynslu af töku vátrygginga og einstaklingar með reynslu og þekkingu af vátryggingu hafa mun síður, eða jafnvel alls ekki, þörf fyrir slíkar upplýsingar. Í þeim tilvikum sem lög annars lands eiga að gilda um réttarsambandið hvílir fyrirvaralaus upplýsingaskylda á félaginu. Umfang upplýsingaskyldunnar hlýtur reyndar einnig hér að vera mismunandi eftir þörfum vátryggingartakans fyrir upplýsingar. Íslenskur aðili sem tekur vátryggingu sem erlendar réttarreglur eiga að gilda um þarf greinargóðar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar til þess að geta metið réttarstöðu sína. Annað gæti átt við um borgara í því landi sem löggjöfin er frá.

Ákvæði sambærileg 6. gr. eru nú í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 56. gr. laga nr. 60/1994, en reglur frumvarpsins eru þó ekki eins fyrirvaralausar, enda má ætla að of langt sé gengið í efni tilgreindra lagareglna í þeim tilvikum sem íslenskar réttarreglur eiga að gilda um réttarsambandið.

Þess ber einnig að geta að stundum er þjónusta sú sem vátryggingafélagið veitir samsett, þ.e. annars vegar vátrygging en hins vegar annars konar fjármálaþjónusta, sem tengist vátryggingunni með einum eða öðrum hætti. Þetta er algengt í persónutryggingum og vísast til umfjöllunar í skýringum við ákvæði X. kafla frumvarpsins um það. Þegar skaðatryggingar eru boðnar sem hluti af samsettri þjónustu tekur upplýsingaskyldan einnig til efnis löggjafar um aðra þætti þjónustunnar, enda er slíkt nauðsynlegt til þess að vátryggingartakinn geti metið réttarstöðuna í heild sinni. Upplýsingaskyldan í þeim tilvikum er einnig afstæð í þeim skilningi sem rakinn er að framan.

Um 7. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um skyldur félagsins til þess að veita upplýsingar um það sjálft. Reglur þessar eru nú í 1. og 2. mgr. 57. gr. laga nr. 60/1994, en lagt er til að þær verði fluttar í lög um vátryggingarsamninga, enda lúta þær að skyldum félagsins gagnvart viðsemjendum þess, vátryggingartökum. Ekki þarf að skýra reglurnar frekar hér.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldur þeirra, sem hafa með höndum sölu vátrygginga á vegum vátryggingafélaga til þess að sanna á hvers vegum þeir starfa. Sama regla er nú í 1. málsl. 2. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1994. Regla 2. málsl. 2. mgr. 58. gr. er ekki tekin með hér, heldur er gerð tillaga um aðra reglu sem er meira í samræmi við meginregluna um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga í 4. gr. Sú regla mundi missa marks ef ekki yrðu gerðar sömu kröfur til þeirra sem koma fram fyrir hönd vátryggingafélaga, annast sölu vátrygginga eða

koma af öðrum ástæðum fram fyrir hönd félaganna fyrir, við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamninga. Þetta á einkum við um skaðatryggingar, þar sem ekki er viðtekin venja að fyrirvari sé á gildi vátrygginga. Öðru máli kann að gegna um persónutryggingar, en vísað er til sérstakra skýringa um þær.

Tekið skal fram að ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vátryggingamiðlara, enda gilda um þá og skyldur þeirra sérstakar reglur í IX. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Lagt er til að við þeim reglum verði ekki hreyft.

Um 9. gr.

Reglan í þessari grein er nú í 3. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1994, en lagt er til að hún verði í lögum um vátryggingarsamninga. Sú breyting á orðalagi reglunnar að vísa til annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta er til komin vegna hagsmuna þeirra sem bótarétt eiga á hendur þeim sem hefur ábyrgðartryggingu, enda gera aðrar reglur frumvarpsins ráð fyrir mun rýmri rétti þeirra gagnvart vátryggingafélagi, en núgildandi reglur VSL. Þótt regla 2. mgr. kveði á um upplýsingaskyldu um bótarétt og uppgjör er eðlilegt að skipa henni með reglum þessa kafla um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga. Oft getur verið rík þörf fyrir slíkar upplýsingar og rétt að taka af skarið um skyldu til þess að veita þær.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í greininni er tillaga að reglum um upplýsingaskyldu vátryggingafélagsins eftir að vátryggingarsamningur er á kominn. Kveðið er á um skyldu félagsins til þess að senda vátryggingartaka vátryggingarskírteini sem er staðfesting á því að vátryggingarsamningur sé á kominn. Enn fremur er gert ráð fyrir að skilmálum vátryggingar sé komið á framfæri við vátryggingartaka.

Vátryggingarskírteinið er svo sem fyrr greinir staðfesting um vátryggingu. Það á að hafa upplýsingar- og sönnunargildi um efni réttarsambandsins, en í því felst í sjálfu sér ekki samningur og upplýsingar sem í því eiga að vera eru ekki sjálfstæðir samningsskilmálar, heldur einungis upplýsingar um það sem áður hefur verið samið um.

Tilgangur vátryggingarskírteinis er í raun þríþættur, þ.e.:

Því er í fyrsta lagi ætlað að vera staðfesting á því að vátryggingarsamningur hafi komist á.

Í öðru lagi á skírteinið að hafa að geyma tilvísun til þeirra skilmála sem eiga að gilda um vátryggingarsamninginn,

Í þriðja lagi á að tilgreina í því þær reglur, þ.m.t. varúðarreglur, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir vátryggingartaka.

Verður komið að þessu nánar síðar.

Tilgangurinn með því að hafa reglur um útgáfu vátryggingarskírteinis sem staðfestingu vátryggingarsamnings er að minna vátryggingartakann á helstu atriði samningsins, þannig að hann verði meðvitaðri um þá vernd sem vátryggingin veitir honum og þær sérstöku skyldur sem á honum kunna að hvíla til þess að hann njóti verndarinnar. Af þessu leiðir að efni vátryggingarskírteinis þarf að vera eins skýrt og kostur er og aðgengilegt fyrir vátryggingartakann.

Vakin er sérstök athygli á því að orðalag 1. málsl. 1. mgr. mælir fyrir um að vátryggingarskírteini skuli senda þegar samningur hefur verið gerður og þegar ákveðið er hvaða skilmálar gildi um vátrygginguna. Þetta gefur til kynna að ekki þurfi alltaf að vera ljóst þegar vátryggingarsamningur er gerður hvaða skilmálar gildi um vátrygginguna. Nauðsynlegt er, þótt langoftast liggi þetta fyrir í stöðluðum skilmálum sem kynntir eru við gerð vátryggingar-

samnings, að gefa færi á því að efni skilmála kunni að verða endanlega ákveðið síðar. Á þetta einkum við um vátryggingar rekstraraðila þar sem nauðsynlegt kann að vera fyrir félagið að áskilja sér rétt til að skoða fasteignir og lausafé til þess að geta samið endanlega um efni skilmála, t.d. um varúðarráðstafanir sem vátryggingartakinn eða hinn vátryggði þarf að gera. Slík tilvik yrðu þó væntanlega mjög fátíð og almennt bundin við vátryggingar hjá rekstraraðilum. Það er augljós ókostur við þessa skipan að frá því að vátryggingarsamningur er gerður og þar til vátryggingarskírteini og skilmálar eru send getur liðið nokkur tími þar sem óvissa er um réttarstöðu vátryggingartakans og félagsins. Við þetta verður að una, en fram úr slíkri óvissu yrði, ef nauðsyn krefur, að ráða með túlkun þeirra gagna og upplýsinga sem fyrir lágu í aðdraganda samningsgerðarinnar.

Í 2. mgr. er tillaga um þau atriði sem fram eiga að koma í vátryggingarskírteini.

Í a-lið er kveðið á um að heiti vátryggingar skuli tilgreint í vátryggingarskírteini. Ætla má að heiti vátryggingarinnar sé lýsandi um gildissvið hennar og þá vátryggingarvernd sem vátryggingartaki má almennt ætla að hún veiti.

Efni b- og c-liðar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í d-lið er kveðið á um að tilgreina skuli iðgjald vátryggingarinnar og jafnframt skuli það koma fram ef vátryggjandi hefur gert þann fyrirvara um ábyrgð að hún hefjist fyrst þegar fyrsta iðgjaldið er greitt. Meginreglan er sú skv. 13. gr. frumvarpsins að ábyrgð félagsins hefst strax og það eða vátryggingartakinn hefur samþykkt tilboð hins, en þetta er þó eitt af þeim atriðum sem heimilt er að semja um, enda kemur það fram í 13. gr.

Í e-lið er félaginu gert að tilgreina hvaða takmarkanir það hafi gert á ábyrgð sinni í tengslum við breytingar á áhættu. Hér er um að ræða takmarkanir á ábyrgð sem tengjast ráðstöfunum sem vátryggði eða annar gerir á meðan vátryggingarsamningur er í gildi, en ekki undanþegnar áhættur í venjulegum skilningi. Ákvæði eins og þau sem hér falla undir geta skipt vátryggingartaka miklu máli, m.a. falið í sér leiðbeiningar um hvernig hann þurfi að meðhöndla vátryggðan hlut til þess að njóta hámarksverndar hverju sinni. Þess vegna er eðlilegt að vakin sé athygli hans á þessu í vátryggingarskírteininu.

Í f-lið skal koma fram hvaða varúðarreglur félagið hefur sett. Mælt er fyrir um að félagið geti um varúðarreglur vísað til tiltekinna reglna í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða hliðstæðum fyrirmælum, ef sanngjarnt er að ætla að vátryggingartaki þekki, eða geti þekkt, efni þeirra. Við mat á því hvað sanngjarnt skal telja í þessu sambandi yrði fyrst og fremst að líta til stöðu vátryggingartaka og sérþekkingar hans. Þó má almennt ætlast til að vátryggingartaka megi vera kunnugt um efni laga og stjórnvaldsreglna sem birt er með stjórnskipulega réttum hætti. Verður að hafa hér til hliðsjónar meginreglu 4. gr. um að félaginu sé skylt að haga upplýsingagjöf þannig að vátryggingartakinn sé í stakk búinn til þess að meta tilboð þess. Samkvæmt því ber félaginu að vekja athygli hans á efni þeirra varúðarreglna, sem gilda eiga þegar vátryggingarsamningur er gerður og í skírteininu á að rifja upp fyrir honum meginefni þessara reglna. Tilvísanir til varúðarreglna verða að vera skýrar og ótvíræðar þannig að ekki fari milli mála hvaða skyldur hvíla á vátryggingartaka eða vátryggðum vegna þeirra.

Í g-lið er kveðið á um að félagið eigi að tilgreina í vátryggingarskírteini hvaða frest vátryggingartaki hefur til þess að tilkynna um vátryggingaratburð. Reglur um þetta eru í 51. gr. frumvarpsins, en þar er kveðið á um að vátryggingartaki/vátryggður eigi að tilkynna félaginu um kröfu sína innan árs frá því að honum var kunnugt um þau atvik sem krafan grundvallast á. Nauðsynlegt þykir að athygli vátryggingartakans sé vakin á þessum fresti.

Atriði þau sem tilgreind eru í a–g-lið eru lágmarkskröfur sem til vátryggingafélaga eru gerðar. Sjálfsagt er fyrir þau að tiltaka fleiri atriði ef þau hafa sambærilega þýðingu fyrir réttarstöðu vátryggingartakans eða hins vátryggða, svo sem ef honum er skylt að senda til-

kynningar til félagsins af einhverjum tilteknum ástæðum. Varast ber þó að hafa vátryggingarskírteini of efnismikið, enda gæti það þá misst marks og ekki verið sú áminning sem því er ætlað. Vátryggingarskírteini er beint til vátryggingartaka og er ekki í reglum frumvarpsins um skaðatryggingar sérstaklega gert ráð fyrir því að aðrir fái það í hendur, jafnvel þótt þeir kunni að hafa af því brýna hagsmuni.

Í 3. mgr. 10. gr. er ákvæði um réttaráhrif þess að félagið vanræki skyldur sínar um að senda vátryggingarskírteini eða efni þess er ófullnægjandi. Meginreglan um afleiðingar þess er sú að félagið getur ekki borið fyrir sig viðkomandi ákvæði og ber því hallann af vanrækslu sinni. Frá þessu er gerð sú undantekning að ef félagið sannar að vátryggingartaka eða hinum vátryggða, ef hann er ekki hinn sami, hafi samt sem áður verið kunnugt um það atriði, sem þó var ekki getið um í vátryggingarskírteini. Takist slík sönnun getur félagið borið fyrir sig ákvæðið.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna reglur um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga við endurnýjun vátryggingar. Svo sem greinir að framan er þörf vátryggingartaka fyrir upplýsingar mest þegar vátryggingarsamningur er gerður. Að jafnaði er því ekki ástæða til viðamikillar upplýsingagjafar við endurnýjun vátryggingar. Frá þessu eru þó tvær meginundantekningar.

Annars vegar er lagt til að vátryggingafélagi verði skylt að upplýsa vátryggingartaka um nýja valkosti í vátryggingum sem skipt geta máli fyrir hann og um viðbótarvátryggingarvernd sem til er komin eftir að vátryggingarsamningur var gerður eða síðast endurnýjaður. Hér er um að ræða upplýsingar sem vátryggingartaki hefur ekki fengið áður frá félaginu en geta skipt máli fyrir hann þegar hann metur hvernig hann á að haga vátryggingarvernd á þeim hagsmunum sem hann hefur tekið vátryggingu á. Skýra verður þessa reglu svo að ekki hvíli skylda á félagi um að upplýsa vátryggingartaka um allar nýjungar sem til eru komnar eftir gerð vátryggingarsamnings eða síðustu endurnýjun hans, heldur aðeins nýjungar eða viðbótarvernd sem hafa þau tengsl við hina upphaflegu vátryggingu að eðlilegt kunni að vera að bæta henni við eða breyta um vátryggingar. Reglan gildir jafnframt aðeins um þær breytingar sem félagið getur ekki gert einhliða eftir þeim reglum sem er að finna í 18. gr. frumvarpsins, enda gilda samkvæmt þeirri grein sérstakar reglur um meðferð þeirra breytinga.

Hins vegar er í 2. mgr. kveðið á um að félagið skuli minna vátryggingartaka á það við endurnýjun vátryggingar ef það hefur mælt fyrir um sérstakar takmarkanir á notkun vátryggðs hlutar eða mælt fyrir um varúðarreglur eða önnur sérstök samningsákvæði sem geta skipt miklu fyrir vátryggingartakann ef hann gætir ekki að skyldum sínum í því sambandi. Með sérstökum samningsákvæðum er t.d. vísað til óvenjulega hárrar eigin áhættu vátryggingartaka eða vátryggðs.

Það mundi teljast fullnægjandi upplýsingagjöf samkvæmt þessari grein ef vátryggingafélag, í tilkynningu um fyrirhugaða endurnýjun vátryggingar, vísar til heimasíðu sinnar um frekari upplýsingar, sendir vátryggingartaka tölvupóst á uppgefið tölvupóstfang hans eða býður honum að hafa samband við félagið sem veitt getur frekari upplýsingar.

Um 12. gr.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 60/1994 skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með þeim sem reka starfsemi samkvæmt þeim lögum. Sú stofnun mun því búa yfir sérþekkingu um vátryggingafélög og starfsemi þeirra. Eðlilegt er að stofnunin hafi einnig eftirlit með því að skilmálar vátryggingafélaga og önnur gögn sem þau nota í starfi sínu til þess að sinna upplýsingaskyldu séu í samræmi við reglur þær sem fram koma í þessum kafla frumvarpsins. Einnig er

lagt til að mælt sé fyrir um sérstaka heimild viðskiptaráðherra til útgáfu reglugerðar um upplýsingaskylduna, þ.e. til þess að útfæra nánar reglur um hana og/eða til þess að lýsa því hvaða kröfur séu gerðar til þess að henni sé fullnægt.

Ekki er þörf á efnislegum skýringum á þessari grein.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru gerðar tillögur um ýmsar grundvallarreglur sem lúta að vátryggingarsamningum. Um er að ræða reglur (fyllingarreglur) sem varða upphaf ábyrgðar félagsins (13. gr.), heimildir vátryggingartaka til þess að slíta vátryggingarsamningi með uppsögn (14. gr.) og heimildir félagsins til hins sama (15. gr.). Þá eru tillögur um reglur er varða heimildir félagsins til þess að breyta skilmálum vátryggingarsamnings (16. gr.) og um uppgjör þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartímanum (17. gr.). Loks er í 18. gr. tillaga um reglur er varða endurnýjun og breytingu á skilmálum vátryggingar við endurnýjun hennar.

Í VSL eru ekki heildstæð ákvæði um þessi grundvallaratriði. Í þeim lögum eru ákvæði m.a. um upphaf ábyrgðar félagsins, ítarleg ákvæði um iðgjaldið og greiðslu þess, svo og um réttaráhrif vanskila. Auk þess er í 84. gr. laganna, sem er í kafla um brunatryggingar, ákvæði um framlengingu eða endurnýjun vátryggingarsamnings sem efnislega hefur verið farið eftir um aðrar tegundir vátrygginga.

Með þeim ákvæðum sem eru í þessum kafla frumvarpsins er leitast við að setja fram heildstæðar reglur um nokkur grundvallaratriði vátryggingarsamninga. Þess er ekki að vænta að reglurnar leiði til verulegra breytinga á réttarástandinu í þessum efnum, þótt lögfestar verði. Reglur þessa kafla tengjast sérstaklega reglum V. kafla um iðgjaldið og greiðslu þess. Verða þær reglur skýrðar í umfjöllun um þann kafla.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um upphaf og lok ábyrgðar félagsins, en eins og fram kemur í upphafi greinarinnar kann að vera samið um annað en leiðir af ákvæðinu, eða það ákveðið í lögum. Þess ber að geta að reglur 13. gr. mundu, ef frumvarpið verður að lögum, víkja nokkuð frá almennum reglum samningaréttar um tímamark þess að loforð öðlist skuldbindingargildi. Ef þær yrðu látnar gilda mundi upphaf vátryggingartímabils hefjast þegar samþykki við tilboði kemur til móttakandans, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Nauðsynlegt er að víkja frá hinum almennum reglum til þess að koma á samræmdri skipan, auk þess sem eðlilegt þykir að ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi hefjist í ýmsum tilvikum fyrr en leiða mundi af almennum reglum. Heimilt er að semja um upphaf vátryggingartímabils. Telji félagið að óeðlilegt sé að upphaf tímabilsins verði samkvæmt reglum þessarar greinar frumvarpsins yrði það að semja um annað tímamark.

Í 1. mgr. er til samræmis við framanritað lagt til að ábyrgð félagsins hefjist þegar það eða vátryggingartakinn hefur samþykkt tilboð, eða eftir atvikum gagntilboð, hins. Hér getur bæði verið um að ræða tilvik þar sem skilmálar eru staðlaðir og sérstaklega umsamdir. Upphafstími ábyrgðar félagsins er færður fram með þeirri reglu sem hér er gerð tillaga um, þ.e. ábyrgðin mun hefjast þegar viðkomandi hefur samþykkt tilboð hins, en ekki þegar samþykkið er komið til viðsemjandans, eins og leiða mundi af almennum reglum, sbr. það sem sagt er að framan. Það þarf því einungis að liggja fyrir ótvírætt samþykki, munnlegt eða skriflegt, til þess að vátryggingarsamningur öðlist gildi. Tilgangur ákvæðisins er að slá föstu að félagið beri ábyrgð á vátryggingaratburði sem verður frá því að samþykki liggur fyrir, þótt

samþykkið sé ekki komið til þess eða vátryggingartaka. Reglan er ströng í garð vátryggingafélaga, en verður að teljast eðlileg, því við samþykki hafa báðir aðiljar lagt mat á áhættuna og sammælst um skilmála og verð fyrir vátryggingu á henni. Á hinn bóginn er ljóst að það er sá sem heldur því fram að samþykki hafi legið fyrir sem hefur sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu. Samþykkið þarf að vera ótvírætt og það þarf að sanna að svo hafi verið.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um reglu sem einnig færir fram upphafstíma ábyrgðar félagsins miðað við það sem leiða mundi af almennum reglum. Ákvæðið getur einungis átt við þegar félagið hefur sent skriflegt samþykki til vátryggingartaka. Sé staðan sú hefst ábyrgð félagsins við upphaf þess dags þegar samþykki er sent. Áskilið er að beiðni um vátryggingu hafi komið til félagsins a.m.k. daginn áður en samþykki er sent. Þessi áskilnaður er nauðsynlegur til verndar félaginu, svo staðan verði ekki sú að ábyrgð þess hefjist áður en beiðni er send. Slíkt gæti auðveldlega freistað til misnotkunar. Ákvæði 2. mgr. mundu gilda hvort sem vátryggingartaki hefur leitað eftir vátryggingu með munnlegu eða skriflegu erindi. Komi upp tilvik þar sem ákvæði 1. og 2. mgr. skarast að því leyti að tímamarkið á upphafi vátryggingartímabils yrði ekki hið sama verður að skýra ákvæðin svo að það sé það tímamark er fyrr verður sem gildir. Í því felst að ef beiðni um vátryggingu berst t.d. til vátryggingafélags á mánudegi og það samþykkir beiðnina strax þann dag, t.d. í símtali, en sendir svo skriflegt samþykki daginn eftir, þ.e. á þriðjudegi, þá mundi upphaf vátryggingartímabils vera talið frá því tímamarki er samþykkið var gefið á mánudeginum, en ekki frá upphafi þriðjudagsins. Vátryggingaratburður sem yrði á mánudagskvöldi félli þannig undir vátryggingarsamninginn.

Í 3. mgr. er regla sem flýtt getur enn upphafi vátryggingartímabils miðað við almennar reglur. Lagt er til að félagið skuli bera ábyrgð frá móttöku skriflegrar beiðni um tiltekna vátryggingu í þeim tilvikum sem ljóst er að það hefði þegar samþykkt beiðnina. Telja verður að mörg tilvik gætu fallið undir þessa reglu, enda miðar hún við beiðni um tilteknar vátryggingar þar sem skilmálar, þ.m.t. iðgjald, er staðlað eða fyrir fram um samið, svo sem er í flestum tilvikum. Mest gildi mundi reglan hafa í vátryggingum sem ætlaðar eru neytendum, eins og það hugtak er skilgreint í lögfræði, þ.e. einstaklingar sem óska eftir tryggingum á persónulegum hagsmunum sínum, sem ekki eru hluti af atvinnurekstri þeirra. Vart er unnt að ætla að reglunni verði beitt um tilvik þar sem félagið hefur ekki fyrir fram kynnt staðlaða skilmála og iðgjald eða um þetta hafi sérstaklega verið samið áður. Orðin „við móttöku hennar“ hafa sömu merkingu og orðin „komin til“ í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1936, en rík hefð er á skýringu þeirra orða í samningarétti. Þarf því ekki að fjalla um það nánar hér. Sönnunarbyrðin fyrir því að ljóst sé að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina verður að hvíla á vátryggingartaka. Leiki vafi á um það hvort félagið hefði þegar samþykkt beiðnina yrði það laust undan ábyrgð. Eðli málsins samkvæmt getur félagið ekki samið sig undan þessu ákvæði.

Í 4. mgr. er gerð tillaga að reglu sem tekur af skarið um það hvenær dags ábyrgð félagsins hefst og hvenær dags henni lýkur, þ.e. þegar um þetta er ekki sérstaklega samið, þótt daguriinn sjálfur sé tilgreindur. Reglan þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 14. gr.

Í 14. og 15. gr. eru ákvæði um slit vátryggingarsamnings með uppsögn. VSL hafa ekki að geyma reglur um þessi mikilvægu atriði. Í vátryggingarskilmálum sem notaðir eru á íslenskum vátryggingarmarkaði eru yfirleitt ákvæði um uppsögn þess vátryggingarsamnings sem skilmálarnir varða. Oftast er báðum samningsaðiljum veittur réttur til uppsagnar við tilteknar aðstæður, yfirleitt innan tiltekins frests frá því að vátryggingaratburður verður. Í sumum skilmálum er þó aðeins félaginu veittur þessi réttur og því ekki æskilegt jafnræði með

aðiljum. Mikilvægt er að settar séu reglur um það hvenær heimilt sé að segja upp vátryggingarsamningum, því meginreglur kröfuréttar fela það í sér að ekki er heimilt að slíta tímabundnum samningum, eins og vátryggingarsamningar eru almennt, með uppsögn. Ákvæði 14. og 15. gr. frumvarpsins fela í sér aðra stefnu, þ.e. lagt er til að réttur vátryggingartaka til að slíta vátryggingarsamningi með uppsögn verði nokkuð rýmri en réttur félagsins, sem í raun er afar takmarkaður.

Þess skal einnig getið að sérreglur einstakra laga, t.d. um starfsábyrgðartryggingar ákveðinna starfsstétta, kunna að mæla fyrir um aðrar reglur um uppsagnir og mundu, eins og rakið er í almenna hluta greinargerðar þessarar, slík ákvæði ganga framar reglum þessarar greinar.

Í 1. mgr. er byggt á því að meginreglan sé sú að vátryggingarsamningur, sem gerður er til ákveðins tíma, framlengist. Mælt er fyrir um heimild til þess að slíta samningnum með uppsögn við lok vátryggingartímabils. Í þessu felst í raun að vátryggingartaki getur komið í veg fyrir framlengingu samningsins, þannig að vart er hér um eiginlega uppsögn að ræða, þótt orðalag sé til einföldunar við það miðað. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að vátryggingartaki verði að bregðast við innan tiltekins frests ef hann vill koma í veg fyrir framlengingu vátryggingarsamnings. Fresturinn er að hámarki mánuður frá því að hann fékk tilkynningu. Frestur þessi er miðaður við að félögin sendi tilkynningar um sex vikum fyrir lok tímabilsins. Lagt er til að vátryggingartaki þurfi þó aldrei að segja upp vátryggingunni fyrr en tveimur vikum fyrir lok þess. Af því leiðir að ef félagið sendir tilkynningu með lengri fyrirvara en sex vikum getur vátryggingartakinn haft lengri frest en þann sem tilgreindur er í 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Í 2. mgr. er regla um raunverulegar uppsagnarheimildir vátryggingartaka, þ.e. utan þeirra tilvika sem greinir í 1. mgr. Á meðan vátryggingarsamningur er í gildi getur vátryggingartaki slitið honum með uppsögn í tveimur megintilvikum. Annars vegar þegar hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna og hins vegar ef fyrir hendi eru önnur sérstök tilvik.

Fyrrnefnda tilvikið, þ.e. þegar vátryggingartaki hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna, mundi einkum eiga við þegar hann hefur selt hina vátryggðu hagsmuni eða losað sig við þá með öðrum hætti.

Síðarnefndu tilvikin, þ.e. að fyrir hendi séu önnur sérstök tilvik, verða að vera þess eðlis að þau réttlæti uppsögn. Það verða því að vera fyrir hendi málefnalegar ástæður fyrir uppsögninni, ástæður sem segja má að feli í sér að forsendur fyrir samningssambandinu við félagið séu brostnar. Í þessum tilvikum yrði að leggja til grundvallar sanngirnismat. Sönnunarbyrði fyrir því að sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem réttlæti uppsögn hvílir á vátryggingartakanum. Í ljósi meginreglunnar um að samningar séu skuldbindandi þann tíma sem þeir eiga að gilda verður að gera nokkrar kröfur til þeirra ástæðna sem vátryggingartaki byggir uppsögn á. Það teldust t.d. ekki sérstakar ástæður í þessum skilningi þótt vátryggingartaki fyndi út að annað félag byði betri vátryggingarvernd eða sömu vátryggingarvernd fyrir lægra iðgjald. Ýmis dæmi mætti nefna um tilvik þar sem telja má sanngjarnt að vátryggingartaki segi vátryggingunni upp. Það verður, svo sem fyrr greinir, að vera niðurstaða sanngirnismats að slíkt teljist heimilt. Ef vátryggingartaka verður ljóst að vátryggingarvernd sú sem hann nýtur sé allsendis ófullnægjandi og honum verður einnig ljóst að hann geti fengið þá vernd sem hann þarf hjá öðru félagi gæti verið að heimilt teldist að segja upp vátryggingunni. Við mat á því hvort sanngirnisskilyrðum teldist fullnægt skipti án efa máli hvort vátryggingartaki hefði gefið félagi því er veitti honum upphaflega vátryggingu kost á að breyta skilmálum í það horf sem hann telur sig hafa þörf fyrir. Meginreglan er samt sem áður ótvírætt sú, er að framan greinir, að það réttlæti ekki uppsögn þótt vátryggingartaki hafi spurnir af betri kjörum, t.d. lægra iðgjaldi, annars staðar. Annað, sem réttlætt gæti uppsögn, er ef ágreiningsmál

koma upp milli vátryggingartaka og félagsins vegna uppgjörs bóta eða þess háttar, þannig að eðlilegt sé að hann geti losnað úr viðskiptum við félagið.

Þótt gera eigi nokkrar kröfur til þeirra ástæðna sem uppsögn byggist á verður að greina á milli uppsagnar og riftunar og verða því ekki gerðar neinar slíkar kröfur til ástæðna uppsagnar sem þurfa að vera fyrir hendi til að réttlæta riftun.

Sérregla á skv. 3. mgr. að gilda um hópvátryggingar. Samkvæmt því er lagt til að í hópvátryggingum geti gilt aðrar reglur en mælt er fyrir um í 2. mgr. enda sé um það samið og er beinlínis tekið fram að í hópvátryggingum sé heimilt að víkja frá reglu 2. mgr. með samningum. Regla sú sem gerð er tillaga um í 3. mgr. er nauðsynleg vegna hinna sérstöku aðstæðna sem fyrir hendi geta verið í hópvátryggingum. Geta slíkir samningar bæði leitt til rýmri eða eftir atvikum þrengri réttar vátryggingartaka til að segja upp vátryggingarsamningi en leiðir af 2. mgr.

Um 15. gr.

Meginregla sú sem lögð er til um rétt vátryggingafélags til uppsagnar kemur fram í 1. mgr., en hún er á þann veg að almennt eigi félagið ekki að hafa rétt til að slíta vátryggingarsamningi með uppsögn á vátryggingartíma. Frá þessari meginreglu eru gerðar nokkrar undantekningar. Í fyrsta lagi er vátryggingafélagi heimilt að segja upp vátryggingarsamningi samkvæmt reglum 21. gr., þ.e. þegar vátryggingartaki hefur veitt í verulegum efnum rangar upplýsingar við gerð vátryggingarsamnings. Í öðru lagi ef vátryggingartaki hefur með ásetningi veitt rangar upplýsingar við uppgjör vátryggingabóta, sbr. 3. mgr. 47. gr., en það ákvæði felur í sér víðtækar uppsagnarheimildir fyrir félagið, sem hér gilda einnig. Um nánari útlistun þessara tveggja skilyrða vísast til skýringa við þær greinar sem vísað er til, enda hefur regla 1. málsl. vart sjálfstæða þýðingu, heldur er hún ítrekun á þeim reglum sem gilda samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum. Er nauðsynlegt samhengisins vegna og til að fá heildarmynd af uppsagnarheimildum félagsins að orða 1. mgr. með þeim hætti sem lagt er til. Utan þessara tveggja tilgreindu tilvika getur félagið því aðeins slitið vátryggingarsamningi með uppsögn að fyrir hendi séu sérstök atvik, sem að auki þarf að tilgreina skýrlega í vátryggingarskilmálum, enda sé það skilyrði líka uppfyllt að telja megi uppsögnina sanngjarna. Ljóst má vera að möguleikar félagsins til uppsagnar samkvæmt þessu eru takmarkaðir. Sem dæmi um sérstök atvik sem gætu fallið hér undir mætti nefna þegar trúnaðartraust milli félagsins og vátryggingartaka er ekki lengur fyrir hendi eða áhættumatið sem félagið lagði til grundvallar og miðaði iðgjaldið við hefur gerbreyst, án þess að félagið öðlist rétt til uppsagnar á grundvelli 21. gr. Í slíkum tilvikum má ætla að forsendur vátryggingarsamningsins séu brostnar og eðlilegt að félagið geti losnað við samningsskuldbindingar sínar með uppsögn, enda sé kröfunni um að sanngirnisrök leiði til hins sama fullnægt.

Ef félagið segir upp vátryggingarsamningi með stoð í reglum þessarar málsgreinar verður það að rökstyðja uppsögnina og það hefur sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði hennar séu fyrir hendi. Áskilnaður sá sem vátryggingafélög gera í skilmálum sínum í dag um heimild til uppsagnar innan tiltekins frests eftir að vátryggingaratburður hefur orðið yrði óheimill ef þessar reglur frumvarpsins yrðu að lögum. Hins vegar hefðu félögin, ef reglurnar yrðu lögfestar, traustan lagagrundvöll til þess að slíta vátryggingarsamningum við vátryggingartaka með uppsögn ef hann yrði vís að því að gefa af ásetningi rangar upplýsingar við uppgjör vátryggingabóta samkvæmt einum slíkum samningi.

Í 2. mgr. er lagt til að vátryggingafélaginu sé gert að segja upp vátryggingarsamningi án ástæðulauss dráttar eftir að því varð kunnugt um atvik sem veittu því rétt til uppsagnar. Félagið þarf því ekki að grípa strax til uppsagnar, heldur hefur það sanngjarnan tíma til þess að

meta, hvort það telur rétt að nýta uppsagnarrétt sinn. Viðskiptaleg sjónarmið geta leitt til þess að félag kýs ekki að nota heimildir sínar skv. 1. mgr. Eðlilegt er því að félagið hafi svigrúm til þess að meta afleiðingar uppsagnar, enda viðskiptaöryggi fyrir bestu að samningum sé ekki slitið án yfirvegunar. Í 2. og 3. málsl. 2. mgr. eru reglur um framkvæmd uppsagnar þegar félagið ákveður að neyta þess réttar síns. Þarfnast þær reglur ekki skýringa, en rétt er þó að geta þess að óhjákvæmilegt er að mæla fyrir um tveggja mánaða uppsagnarfrest, enda geta miklir hagsmunir verið í húfi fyrir vátryggingartaka og hann verður að hafa svigrúm til þess að vernda hagsmuni sína með öðrum hætti, t.d. með því að semja við önnur félög um vátryggingar. Vera má að tveir mánuðir séu langur frestur, einkum í ljósi þess að félagið ber fulla ábyrgð samkvæmt vátryggingarsamningi á meðan. Á hitt er þó einnig að líta að uppsögn á grundvelli 1. mgr. getur í sjálfu sér farið fram af ástæðum sem vátryggingartaka verður ekki um kennt. Því er eðlilegt að taka einnig tillit til hagsmuna hans þegar fresturinn er ákveðinn.

Áréttað skal það sem fram hefur komið að sérákvæði í lögum kunna að mæla fyrir um annan uppsagnarfrest. Það kann t.d. að gilda um lögboðnar starfsábyrgðartryggingar.

Í 3. mgr. er lagt til að félaginu sé skylt að upplýsa vátryggingartaka um málskotsleiðir þegar það segir upp samningnum. Tilkynningin skal vera rökstudd eins og segir í 2. mgr. og í henni verður að koma skýrlega fram hvaða málskotsleiðir séu fyrir hendi.

Reglu 4. mgr. er ætlað að girða fyrir að félögin hafi í skilmálum vátrygginga ákvæði um að vátryggingarsamningurinn, eða ábyrgð félagsins falli niður við tilteknar aðstæður. Af 4. mgr. leiðir að þær ástæður geta ekki verið með öðrum hætti en mælt er fyrir um að 2. málsl. 1. mgr. og sömu skilyrðum verður að vera fullnægt.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er mikilvæg regla um breytingar á skilmálum vátryggingarsamninga á vátryggingartímabili. Félaginu er heimilt að breyta skilmálum til hagsbóta fyrir vátryggingartaka hvenær sem er á tímabilinu. Ákvæðið á því aðeins við þegar breytingar á skilmálum rýra stöðu vátryggingartakans. Meginregla ákvæðisins er ótvíræð. Vátryggingafélag getur ekki breytt vátryggingarskilmálum á vátryggingartímabilinu, og er sú niðurstaða í samræmi við almennar reglur samningaréttar. Í ákvæðinu felst jafnframt að áskilnaður félags þessa efnis í vátryggingarsamningi mundi vera að vettugi virðandi. Þótt regla þessi kunni að vera ströng í garð félaganna er á það að líta að almennt er vátryggingartímabilið eitt ár. Sjaldgæft verður að telja að félagið hafi hagsmuni af því að breyta skilmálum á þessu eina ári. Má því ætla að hagsmunum félagsins sé borgið annars vegar með þeim heimildum sem það hefur til breytinga við endurnýjun skv. 18. gr. og hins vegar með heimildum þess til að segja upp vátryggingarsamningi skv. 15. gr. Eins og síðar verður vikið að gilda sérstök sjónarmið um breytingar á skilmálum í sumum tegundum persónutrygginga og í hóptryggingum og eru gerðar tillögur að sérstökum reglum um þau tilvik.

Um 17. gr.

Þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartímabilinu geta risið álitamál um hvernig uppgjör skuli vera, einkum vegna þess að iðgjaldið er oftast greitt fyrir fram að fullu eða fyrir hluta af vátryggingartímabilinu. Nauðsynlegt var því talið að gera tillögu að reglu um uppgjör í þessum tilvikum. Meginreglan er einföld og miðar við að vátryggingartaki greiði aðeins iðgjald fyrir þann tíma sem vátrygging var í gildi. Félaginu ber því að endurgreiða honum iðgjaldið vegna þess hluta tímabilsins sem hann hefur þegar greitt en vátrygging er ekki í gildi. Sérstaklega er tekið fram að þetta eigi við þótt félagið sé ella laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Með þessu er átt við tilvik þar sem félagið losnar úr ábyrgð t.d.

vegna þess að vátryggingartaki hefur af ásetningi valdið vátryggingaratburði. Í slíkum tilvikum verður uppgjör iðgjalds einnig að fara fram. Ljóst er þó að félagið getur skuldajafnað kröfum um skaðabætur, sem það á á hendur hinum vátryggða í slíkum tilvikum, við það iðgjald sem það þarf að endurgreiða. Regla þessi er sjálfsögð og þarf ekki að skipa henni í lagatextann. Um skuldajöfnuð við uppgjör er annars vísað til reglna VIII. kafla frumvarpsins. Það telst hins vegar ekki slit á vátryggingarsamningi þegar andvirði vátryggðs munar er greitt út við altjón og vátryggingin fellur niður af þeim orsökum. Þegar svo stendur á hefur vátryggjandi fullnægt ákvæðum samnings og skiptir þá engu hvenær á samningstímanum bætur eru greiddar. Sem dæmi um slíkt má nefna það tilvik er andvirði húftryggðs (kaskótryggðs) ökutækis er greitt út á miðju vátryggingartímabili.

Í 3. málsl. greinarinnar er gerð tillaga að reglu sem kveður á um að í skilmálum vátryggingarinnar skuli vera reglur um útreikning iðgjalds fyrir slík tilvik eða vísað til slíkra reglna. Skýra ber þetta ákvæði svo að með þessu sé félögunum veitt færi á því að víkja frá reglunni um nákvæmt hlutfallsuppgjör iðgjalds miðað við gildistíma tryggingar og upphaflegt vátryggingartímabil, sem greitt hefur verið iðgjald fyrir. Ekki er óeðlilegt að félagið geti áskilið sér nokkru hærri iðgjaldshluta ef gildistími vátryggingar verður helmingi styttri en upphaflega var um samið. Félagið hefur haft kostnað af gerð vátryggingarsamnings, skilmála og við að sinna upplýsingaskyldu þeirri sem lögð er til í frumvarpi þessu. Eðlilegt er líka að félagið hafi rétt til þess að kveða í skilmálum, eða í reglum sem þar er skýrlega vísað til, á um lágmark þeirrar fjárhæðar sem endurgreiða þarf og einnig að það geti áskilið sér endurgjald fyrir sannanlegan kostnað, t.d. í þeim tilvikum sem uppsögn fer fram af ástæðum sem vátryggingartaka verður um kennt. Verður að telja að í þessum efnum sé vátryggingartaka næg vernd í ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum.

Um 18. gr.

Í þessari grein eru ítarlegar reglur um framlengingu eða endurnýjun vátryggingarsamningsins og um heimildir til þess að breyta skilmálum hans í þeim tilvikum og hvernig farið skuli að í slíkum tilvikum.

Í 1. mgr. er félaginu heimilað að koma í veg fyrir framlengingu vátryggingarsamnings fram yfir umsaminn gildistíma hans. Taki félagið slíka ákvörðun er mælt fyrir um fresti til að tilkynna um hana.

Í 2. mgr. er lagt til að verulegar takmarkanir séu á heimildum vátryggingafélags til þess að nýta sér heimild 1. mgr. til að koma í veg fyrir framlengingu. Af reglu 2. mgr. leiðir að félagi er almennt skylt að framlengja vátryggingarsamning sem gerður er til ákveðins tíma, eins árs eða lengur, enda sé ekki skýrlega tekið fram í skilmálunum að vátrygging skuli falla úr gildi þegar vátryggingartímabilinu lýkur, sbr. lokamálslið málsgreinarinnar. Skilyrði þess að félagið geti komið sér hjá því að framlengja eru tilgreind í 2. mgr. Þau eru, að sérstakar ástæður leiði til þess að sanngjarnt sé að framlengja ekki samninginn. Ekki ber aðeins að líta til hagsmuna félagsins við sanngirnismatið, heldur ekki síður til hagsmuna vátryggingartakans. Verður að telja fátítt að skilyrðum þessum yrði talið fullnægt, a.m.k. við venjulegar kringumstæður. Flestir vátryggingarsamningar gera ráð fyrir að vátryggingin gildi í eitt ár og framlengist síðan. Hið umsamda vátryggingartímabil hefur þá einkum þá þýðingu að það afmarkar þann tíma sem iðgjald er greitt fyrir hverju sinni. Undir ákvæði þessarar greinar falla því langflestir vátryggingarsamningar og hefur hún því mikið hagnýtt gildi. Tilvísun í 2. mgr. til tiltekinna reglna 15. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er svo að finna reglur um hvernig félagið skal fara að ef ætlunin er að breyta skilmálum vátryggingarinnar við endurnýjun hennar. Við endurnýjun vátryggingarinnar er meginreglan sú að skilmálar hennar, þ.m.t. fjárhæð iðgjalds, séu óbreyttir. Vilji félagið breyta skilmálunum verður það að hafa frumkvæði að því og tilkynna vátryggingartaka um fyrirhugaðar breytingar um leið og krafið er um iðgjöld fyrir næsta tímabil. Félagið verður að afhenda vátryggingartaka hina nýju skilmála og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá gildandi skilmálum. Vátryggingartakinn verður að geta lagt mat á inntak þeirra breytinga sem um ræðir og meta hvort vátrygging með svo breyttum skilmálum fullnægir þeirri vernd sem hann óskar. Ef félagið vill breyta varúðarreglum, þannig að íþyngjandi sé fyrir vátryggingartakann, skal það afhenda honum eintak af hinum nýju varúðarreglum og gera honum grein fyrir breytingum sem ætlunin sé að gera. Víkja má frá þeirri skyldu félagsins að afhenda eintak af nýju varúðarreglunum innan þeirra marka sem tilgreind eru í 3. og 4. málsl.

Ef vátryggingartakinn greiðir iðgjaldið eftir að hafa fengið á réttum tíma þær upplýsingar sem getið er að framan felst í því samþykki á breytingunum og þar með framlenging vátryggingarsamningsins með hinum nýju skilmálum.

Félagið getur samkvæmt því sem mælt er fyrir um í lokamálslið 3. mgr. aðeins borið fyrir sig skilmálabreytingu ef hún er gerð eins og mælt er fyrir um í málsgreininni.

Regla 3. mgr. á einungis við um breytingar á skilmálum. Félagið á þess ekki kost á grundvelli 3. mgr. að gera svo róttækar breytingar á skilmálum vátryggingarinnar að í raun sé um nýja vátryggingu að ræða í staðinn fyrir eða til viðbótar við hina eldri. Til slíks þyrfti félagið ótvírætt samþykki frá vátryggingartakanum. Ekki er alltaf víst að auðvelt sé að greina á milli þess hvenær vátryggingu er breytt og hvenær telja ber að um nýja vátryggingu sé að ræða eða viðbótarvátryggingu. Við mat á því væri ekki eingöngu hægt að líta til þess hvort félagið kallar tilfæringar sínar breytingar á vátryggingu eða ekki. Meta yrði hvort hinir nýju skilmálar breyta eðli eða umfangi vátryggingar svo verulega að um nýja vátryggingu sé að ræða.

Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins, sbr. og inngang að athugasemdum við II. kafla.

Um IV. kafla.

Almennt.

Í þessum kafla eru tillögur að reglum um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins. Leitast er við að setja þær fram með heildstæðum hætti og er þeim ætlað að taka til þess hvaða kosti félagið hefur til þess að takmarka ábyrgð sína eða losna að fullu undan ábyrgð, ef hinar almennu forsendur fyrir ábyrgð þess bresta eða reynast rangar. Reglur um þetta eru dreifðar í VSL, t.d. eru í 4.–10. gr. reglur um upplýsingaskyldu vátryggingartaka við samningsgerð, í 18.–20. gr. eru reglur um tilvik þar sem vátryggður veldur því af ásetningi eða „vangá“ að vátryggingaratburður verður. Í 21. gr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu vátryggðs þegar vátryggingaratburður verður og afleiðingar þess að sú skylda er vanrækt og í 45.–50. gr. eru ákvæði um aukna áhættu og réttaráhrif þess. Í 51. gr. eru ákvæði um varúðarreglur og afleiðingar þess að eftir þeim er ekki farið og í 52. gr. eru fyrirmæli um ráðstafanir til að varna tjóni og réttaráhrif þess að þeim er ekki sinnt. Þá eru ýmis önnur ákvæði dreifð í VSL sem varða efnið, t.d. í kafla um flutningatryggingar og um brunatryggingar, sbr. t.d. 85. gr. laganna.

Svo sem fyrr greinir er í frumvarpi þessu leitast við að setja fram heildstætt reglur um atriði sem lúta að almennum forsendum fyrir ábyrgð félagsins. Þótt frumvarpið feli því að

formi til í sér miklar breytingar verður vart sagt að í því felist grundvallarbreytingar á þeim efnisreglum sem eru um sömu tilvik í VSL.

Eðli vátryggingarsamninga er að félagið tekur á sig fjárhagslega ábyrgð á afleiðingum tiltekinna atvika, þ.e. vátryggingaratburði. Samningurinn þarf því að skilgreina hvaða atvik eiga að vera á ábyrgð félagsins og hver eigi að falla utan þess. Það sem hvað vandasamast er að setja reglur um og hefur valdið hvað mestri réttaróvissu í vátryggingarétti er sú aðstaða að vátryggingartaki hefur óhjákvæmilega mikil áhrif á atriði sem varða áhættumat félagsins. Það er hann sem veitir félaginu þær upplýsingar við samningsgerð sem áhættumat þess byggist á. Eftir gerð vátryggingarsamningsins geta athafnir hans eða athafnaleysi orðið til þess að auka áhættu félagsins frá því sem ráð var fyrir gert við samningsgerðina og hann getur með háttsemi sinni haft mikil áhrif á umfang þess tjóns sem af vátryggingaratburði leiðir og þar með fjárhæð vátryggingabóta. Við skipan reglna um vátryggingarsamninga hefur því verið leitast við að leggja tilteknar skyldur á vátryggingartaka um upplýsingagjöf, svo og um að viðhafa tiltekna háttsemi, athafnir eða athafnaleysi. Til jafnvægis hefur verið leitast við að setja reglur sem takmarka heimildir félagsins til að mæla fyrir um það í vátryggingarskilmálum að háttsemi vátryggingartaka, sem hefur áhrif á áhættumatið eða það að vátryggingaratburður verður eða á umfang afleiðinga hans, leiði ævinlega til þess að ábyrgð félagsins fellur niður í heild eða að hluta. Slíkt á samkvæmt reglum frumvarpsins aðeins að gerast við tilteknar aðstæður sem skilgreina ber sérstaklega. Hefur meginstefnan verið sú, að háttsemi vátryggðs sem einungis telst almennt gáleysi eigi ekki að leiða til neinnar niðurfellingar á ábyrgð félagsins. Frá þessu hafa verið fáeinar undantekningar.

Við nýskipan reglna um skaðatryggingar verður að taka tillit til þess að upplýsingar vátryggingartaka í venjulegum vátryggingum, þ.e. svonefndum neytendavátryggingum og vátryggingum sem minni og meðalstór fyrirtæki taka, hafa í fæstum tilvikum áhrif á fjárhæð iðgjaldsins fyrir vátrygginguna. Eftir því sem vátryggingar verða sérhæfðari, svo sem fyrir stærri atvinnurekstur, hafa upplýsingar vátryggingartaka meiri þýðingu við ákvörðun iðgjalds.

Meginatriði reglna frumvarpsins í þessum kafla.

Eins og fyrr greinir er í meginatriðum byggt á sömu sjónarmiðum og í VSL, en reynt er að sníða af þá agnúa sem verið hafa í framkvæmdinni. Er það í sumum tilvikum gert með því að styrkja lágmarksvernd vátryggingartaka/vátryggðs.

a. Um upplýsingaskyldu vátryggingartaka.

Í 19.–23. gr. frumvarpsins eru reglur um upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Stefna VSL að því er varðar upplýsingaskyldu vátryggingartaka er sú að félagið geti ekki krafist niðurfellingar ábyrgðar í heild eða að hluta þótt hann hafi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við gerð vátryggingarsamnings, ef það er ekki vátryggingartakanum að kenna (sök). Þessari stefnu er í meginatriðum haldið í frumvarpinu. Lögð er til sú breyting um upplýsingaskylduna að vátryggingartaka sé ekki skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, heldur miðist skyldur hans fyrst og fremst við það að svara fyrirspurnum félagsins með réttum og fullnægjandi hætti. Þá er einnig miðað við að minni háttar yfirsjónir af hans hálfu eigi ekki að hafa sérstök réttaráhrif. Tekið skal fram að þrátt fyrir framanritað um að skylda vátryggingartaka standi aðeins til að veita upplýsingar, sem beðið er um, eru frá því tvenns konar undantekningar. Annars vegar er beinlínis mælt fyrir um að vátryggingartaka sé skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir félagið. Hins vegar gætu almennar reglur samningaréttar og kröfuréttar leitt til

þess að hann hafi skyldu til þess að veita óumbeðnar upplýsingar. Af þessu er ljóst að vátryggingartaki hefur í sumum tilvikum jákvæða upplýsingaskyldu.

b. Aukin áhætta.

Í 24. og 25. gr. er mælt fyrir um heimildir félagsins til þess að losna undan skyldum sínum í heild eða að hluta ef áhætta þess eykst. Fylgt er sömu efnisreglum og í VSL. Reglur um aukna áhættu, sem verður vegna háttsemi vátryggðs er hann hefur stjórn á, tengjast einu mesta álitaefni vátryggingaréttar, þ.e. aðgreiningu ábyrgðartakmarkana, sem félagið hefur fullt frelsi til þess að bera fyrir sig annars vegar og slíkra takmarkana sem skýra ber með hliðsjón af ófrávíkjanlegum reglum VSL hins vegar. M.ö.o. er hér um að ræða álitaefni sem lúta annars vegar að óumdeildum heimildum félagsins til þess að ákveða umfang þess sviðs sem vátryggingin tekur til og setja hlutlægar takmarkanir á ábyrgð, svo sem eins og þær að slysatrygging gildi ekki er vátryggður er í bjargsigi eða í hnefaleikum. Hins vegar er svo viðleitni til þess að takmarka ábyrgð í tilvikum þar sem fremur er um að ræða tiltekna háttsemi en ekki svið vátryggingarinnar sem slíkrar. Nefnt hefur verið sem dæmi tilvik þar sem félag undanþiggur sig ábyrgð samkvæmt ökutækjatryggingu ef viðhald bifreiðar hefur verið vanrækt. Þetta gæti talist hlutlæg ábyrgðartakmörkun og þannig heimil. Hins vegar má segja að í þessu felist í raun fyrirmæli til vátryggðs um að haga viðhaldi bifreiðar með tilteknum hætti. Þessi nálgun leiðir til þess að álitaefnið beri að meta í ljósi 51. gr. VSL, sem mælir fyrir um varúðarreglur og er ófrávíkjanleg. Samkvæmt henni þarf a.m.k. almennt gáleysi vátryggðs til í þessum efnum svo ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta. Í frumvarpinu er leitast við að koma böndum á þessa óvissu, m.a. með því að flokka allar reglur sem þetta geta varðað undir varúðarreglur, sbr. skilgreiningu á þeim í e-lið 2. gr. þess. Þá er einnig lögð sú skylda á félagið að skilgreina skýrlega í vátryggingarskilmálum hvaða atriði það eru sem séu varúðarreglur. Í vátryggingarskírteini á að minna vátryggingartaka á þessar varúðarreglur. Með þessu er leitast við að halda reglu 24. gr. utan við þetta álitaefni.

c. Reglur um takmörkun á ábyrgð og lækkun bóta.

Í frumvarpinu eru ýmsar reglur um takmörkun á ábyrgð og lækkun bóta af ýmsum ástæðum, sem allar tengjast þó því er nefnt hefur verið almennar forsendur félagsins fyrir vátryggingarsamningnum. Reglur frumvarpsins um þetta miða við að heimilt sé að lækka vátryggingarbætur að uppfylltum nánari skilyrðum, en að lækkunin sé háð mati og miðist við háttsemi vátryggðs og orsakatengsl.

d. Varúðarreglur og brot á þeim.

Varúðarreglur, sem félagið setur og gerir að skilyrði fyrir því að ábyrgð þess sé virk, geta verið þýðingarmikil tæki í höndum þess til að takmarka ábyrgð sína, ef þess er talin þörf. Í 51. gr. gildandi laga eru ákvæði um varúðarreglur. Samkvæmt þeim getur félagið losnað undan ábyrgð á tjóni ef varúðarreglur eru brotnar með vanrækslu af hálfu vátryggðs. Í frumvarpinu er lagt til, eins og fyrr segir, að fleiri tilvik verði talin til varúðarreglna en í VSL og að þeirri reglu gildandi laga að félagið geti að fullu losnað undan ábyrgð sinni verði breytt þannig að slíkt gerist ekki óhjákvæmilega, heldur sé þess kostur að leggja ábyrgð að hluta á félagið. Mat á því hver ábyrgð félagsins ætti að vera mundi þá ráðast af eðli varúðarreglunnar, sök vátryggðs, atvikum að vátryggingaratburði og atvikum að öðru leyti.

Undir varúðarreglur heyra fyrirmæli um notkun vátryggðs munar, sbr. 2. og 3. tölul. e-liðar 2. gr. frumvarpsins. Mikil hætta er á að reglur um notkun séu settar fram sem hlutlægar ábyrgðartakmarkanir og er það ástæðan fyrir sérstökum fyrirmælum í 2. gr. um að slíkar reglur teljist til varúðarreglna en ekki hlutlægra ábyrgðartakmarkana.

e. Vátryggður veldur því að vátryggingaratburður verður.

Það er grundvallarregla í skaðatryggingum að einungis sé hægt að vátryggja gegn tjóni sem frá sjónarhóli hins vátryggða verður vegna tilviljunar. Stefna VSL er sú að vátryggður glati ekki rétti til bóta nema hann hafi valdið vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af þessu leiðir að ekki má skv. 20. gr. laganna semja svo um, að ábyrgð félagsins falli niður þótt vátryggður valdi vátryggingaratburði af háttsemi sem telst almennt gáleysi. Þetta horfir við með öðrum hætti í persónutryggingum og verður vikið að því í II. hluta frumvarpsins. Reglur frumvarpsins miða við að grundvallarreglan eigi að vera óbreytt, sbr. 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 27. gr. þess. Gerð er tillaga um að mögulegt verði að víkja frá grundvallarreglunni í alveg sérstökum tilvikum, einkum þegar ekki er um vátryggingarsvik að ræða. Þessi tillaga tengist að hluta reglum frumvarpsins um samsömun.

f. Ráðstafanir til að varna tjóni og tilkynna um vátryggingaratburð.

Í 28. gr. frumvarpsins eru reglur um sama efni og nú er að finna í 21. gr. VSL. Reglur frumvarpsins eru í meginatriðum eins að efni til og tilvitnaðar reglur gildandi laga.

g. Samsömun.

Með samsömun er átt við að háttsemi tiltekinna manna sé lögð að jöfnu við háttsemi vátryggðs. Í þessu felst að ef tiltekinn maður, t.d. maki hins vátryggða, sem er samvistum við hann, veldur því af ásetningi að fasteign mannsins, sem þau hafa notað sameiginlega, eyðileggst í eldi, þá veldur það því að félagið þarf ekki að inna af hendi bótagreiðslu til vátryggðs í meira mæli en þó hann sjálfur hefði verið valdur að brunanum. Reglur um samsömun eru ekki heildstæðar í VSL. Leitast er við að bæta þar úr í frumvarpinu og er tillaga að reglu um það í 29. gr. Er þar lagt til að félaginu verði settar tilteknar skorður við að láta samsömun hafa réttaráhrif. Í ákvæðinu er tekið fram að það eigi einungis við um vátryggingar utan atvinnureksturs. Þetta atriði verður skýrt nánar síðar.

Um 19. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingartaka, en í 20. og 21. gr. eru reglur um afleiðingar þess að skyldunni er ekki fullnægt. Reglur um sama efni og 19. gr. frumvarpsins tekur til eru nú í 4. og 46. gr. VSL. Sérstök athygli er vakin á að upplýsingaskyldan skv. 19. gr. frumvarpsins hvílir á vátryggingartaka. Svo er einnig skv. 4. gr. VSL. Á hinn bóginn mælir 46. gr. VSL fyrir um að það sé vátryggður sem sé skyldur til að skýra félaginu frá því ef hann fær vitneskju um að áhætta þess eykst, án þess þó að það sé með vilja hans. Ef hann vanrækir þessa skyldu skal líta svo á að áhættuaukningin hafi orðið með hans vilja, en það leiðir til skerðingar eða niðurfellingar á rétti hans til vátryggingabóta. Svo sem fyrr greinir er lagt til að upplýsingaskyldan sé bundin við vátryggingartakann, sbr. orðalag greinarinnar. Spurningunni um það hvort skyldan hvíli samt á vátryggðum í einhverjum tilvikum, þannig að hann mundi glata rétti til bóta samkvæmt vátryggingarsamningi ef hann sinnir ekki þeirri skyldu sem samkvæmt ákvæðinu hvílir á vátryggingartaka, verður að svara með tilvísun til almennu reglunnar um samsömun í 29. gr. frumvarpsins. Samkvæmt henni gæti sú orðið raunin, ef skilyrði þeirrar reglu til að beita samsömun yrðu talin fyrir hendi.

Orðið vátryggingartaki í 19. gr. ber almennt að skýra samkvæmt orðanna hljóðan, þ.e. að með því sé átt við hann einan. Almennar reglur samningaréttar um staðgöngu geta þó leitt til þess að þeir sem hann beinlínis felur að koma fram fyrir sína hönd og veita félaginu upplýsingar, eða þeir sem eru honum svo tengdir að ætla má að þeir veiti upplýsingar fyrir hans hönd, t.d. maki við gerð vátryggingarsamnings um heimilis- eða fjölskyldutryggingu, falli undir orðið vátryggingartaki. Er það vegna þess að þeir teljast þá staðgöngumenn hans. Það athugast að þessu verður ekki víxlað saman við reglur 29. gr. um samsömun.

Kjósi vátryggingafélag að leita upplýsinga hjá þriðja manni, sem ekki kemur fram sem staðgöngumaður vátryggingartaka, skal það fyrst afla sér skriflegs, upplýsts samþykkis vátryggingartaka áður en það hefur samband við þriðja mann. Almennt skal við það miðað að um upplýsingaöflunina fari samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Lagt er til að meginreglan verði sú að vátryggingartaki þurfi ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, heldur standi skylda hans til þess að svara með réttum og tæmandi hætti spurningum félagsins. Spurningarnar verða að vera markvissar og lúta að tilteknum upplýsingum, þótt ekki sé við það miðað að vátryggingartaki geti með orðhengilshætti komið sér undan skyldum sínum um að svara. Félagið verður sjálft að meta hvaða upplýsinga það telur sig þurfa að afla, enda getur það best metið hvaða upplýsingar skipta máli fyrir áhættumat þess.

Frá meginreglunni er gerð sú undantekning að vátryggingartaki skal hafa frumkvæði að því að veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Skylda vátryggingartaka skv. 1. mgr. þessarar greinar er hin sama við gerð og endurnýjun vátryggingarsamnings, þótt hún hljóti almennt að vera viðameiri við gerð samningsins.

Í 2. mgr. er lögð sú skylda á vátryggingartaka að leiðrétta eða bæta úr án ástæðulauss dráttar upplýsingum sem hann hefur veitt og honum verður síðar ljóst að eru rangar eða ófullnægjandi.

Um 20. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um þau tilvik er í ljós kemur, eftir að vátryggingaratburður hefur átt sér stað, að veittar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Lagt er til að réttaráhrif þess geti orðið með tvennum hætti, háð því hver huglæg afstaða vátryggingartakans var þegar hinar röngu eða ófullnægjandi upplýsingar voru veittar.

Á 1. mgr. við um tilvik þar sem upplýsingaskylda skv. 19. gr. er vanrækt með sviksamlegum hætti. Eru réttaráhrif þeirra tilvika ótvíræð og ganga lengst, þ.e. félagið ber ekki ábyrgð gagnvart vátryggingartaka. Um ábyrgð þess gagnvart öðrum sem kunna að vera meðvátryggðir gildir þessi regla ekki, nema reglur um samsömun eigi við.

Í 2. mgr. er regla um tilvik þar sem vátryggingartaki hefur með öðrum hætti en svikum vanrækt þá upplýsingaskyldu sem á honum hvílir skv. 19. gr. Í þeim tilvikum gilda flóknari reglur um réttaráhrifin. Segir þar að upplýsingaskyldan þurfi að vera vanrækt í þeim mæli að það teljist ekki óverulegt. Í því felst að minni háttar yfirsjónir, sem litla eða enga þýðingu hafa, leiða ekki til skerðinga á kröfum vátryggðs á hendur félaginu. Gerð er tillaga um að orðalagið „ekki óverulegt“ sé notað, en ekki orðið „verulegt“ þar sem með því mundi gengið of langt í því að láta vanrækslu á upplýsingaskyldu ekki hafa nein áhrif. Á þessu er blæbrigðamunur, sem ástæða var talin til að gera, enda er svigrúm til þess að taka tillit til háttseminnar þegar metið er að hve miklu leyti eigi að fella ábyrgð félagsins niður. Með þessu eru útilokuð t.d. vægustu afbrigði almenns gáleysis. Ef þessu skilyrði um að vanræksla sé ekki óveruleg er fullnægt er heimilt að fella niður ábyrgð félagsins í heild eða að hluta. Við mat á því hve langt á að ganga í því að fella niður ábyrgð félagsins á grundvelli 2. mgr. gilda þær viðmiðunarreglur sem gerð er tillaga um í 3. mgr. greinarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. eru það fjórir þættir, sem líta ber til við matið.

Í fyrsta lagi ber að líta til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat félagsins á áhættu þess. Í 2. mgr. 6. gr. VSL er ákveði sem mælir fyrir um það í þeim tilvikum, sem 2. mgr. 20. gr. tekur til að ef félagið hefði veitt vátryggingu, en með öðrum kjörum, ætti það

að ábyrgjast að þeim mun sem það hefði gert fyrir hið breytta iðgjald. Þetta er nokkurs konar hlutfallsregla, sem felur það t.d. í sér að ef réttar upplýsingar til grundvallar áhættumati hefðu verið veittar félaginu mundi það hafa veitt vátryggingu, en gegn tvöfalt hærra iðgjaldi. Af þessu leiðir að það væri bara skuldbundið til að greiða helming bóta. Ekki er gerð tillaga um að þessari reglu verði haldið í frumvarpinu. Á hinn bóginn ætti þessi þáttur, sem hér er til umfjöllunar, að opna leið fyrir svipað hlutfallslegt mat, en þó ekki eins bindandi, auk þess sem þessi þáttur er aðeins einn af fjórum sem líta þarf til. Ef vanrækslan lýtur á hinn bóginn að upplýsingum sem engu skipta fyrir áhættumatið ætti þetta atriði að leiða til þess að félagið bæri fulla ábyrgð.

Í öðru lagi ber að líta til þess hve sök vátryggingartaka var mikil. Hér er átt við saknæma háttsemi hans, þó að frátöldum þeim svikatilvikum sem falla undir 1. mgr. Það er viðtekin regla, sem víða er að finna í íslenskri löggjöf, að láta sakarstig, sem svo er nefnt, með beinum eða óbeinum hætti hafa áhrif á rétt til bóta eða bótaskyldu. Sakarstig skiptir máli þegar metið er hvort ósanngjarnt er að bótaskyldur aðili greiði fullar bætur, eða hvort sá er bótakröfu á öðlist rétt til fullra bóta, sbr. t.d. 24. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Lagt er til í því tilviki sem hér er til umfjöllunar að beinlínis verði kveðið á um það að líta beri til sakarstigs vátryggingartaka þegar metið er hvort vanræksla á upplýsingaskyldu eigi að leiða til niðurfellingar á ábyrgð félagsins. Slíkt beint ákvæði gefur dómstólum betri fótfestu en ef eingöngu væri vísað til sanngirnismats.

Í þriðja lagi ber að líta til þess með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið. Í þessu felst m.a. að meta þarf hve náið orsakasamband er milli þeirra upplýsinga um grundvöll áhættumats, sem vanrækt var að veita, og vátryggingaratburðar. Ef upplýsingarnar skipta engu máli fyrir það að vátryggingaratburður varð eiga þær ekki að skipta máli fyrir ábyrgð félagsins. Komi til ágreinings á milli vátryggingartaka og vátryggjanda um ábyrgð félagsins verða dómstólar að hafa svigrúm til þess að meta hvert samband er á milli vátryggingaratburðar og vanræktrar upplýsingaskyldu til þess að geta metið hvort eða í hve ríkum mæli ábyrgð félagsins yrði felld niður.

Í fjórða lagi er kveðið á um það að líta beri til atvika að öðru leyti. Ekki er hér aðeins átt við atvik að vátryggingaratburðinum sem slíkum heldur öll atvik eða aðstæður sem máli geta skipt. Eru dómstólum ekki sett sérstök takmörk í þessu efni.

Um 21. gr.

Í þessari grein er tillaga um reglu sem taka á til tilvika er félaginu verður ljóst að þær upplýsingar sem það hefur fengið um áhættuna séu rangar eða ófullnægjandi svo verulegu nemi. Við þær aðstæður getur félagið sagt upp vátryggingunni með 14 daga fyrirvara. Ekki er skilyrði til þess að uppsögn verði beitt samkvæmt þessu ákvæði að upplýsingaskylda hafi verið vanrækt með saknæmum hætti. Uppsögn yrði því heimil þó ekkert væri við vátryggingartaka að sakast. Réttur til uppsagnar gæti því verið fyrir hendi í tilvikum þar sem vátryggður ætti rétt til fullra bóta, ef vátryggingaratburður verður áður en uppsögn tekur gildi.

Sök (þ.e. þegar hún er á því stigi að um svik sé að ræða) hefur þó þýðingu skv. 3. málsl. greinarinnar, en þar er mælt fyrir um heimildir félagsins þegar vátryggingartaki hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti. Í þeim tilvikum hefur félagið tvenns konar heimildir, þ.e. annars vegar getur það slitið vátryggingarsamningi þeim er svikin tengjast og hins vegar getur það slitið öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur gert við það. Samningsslit samkvæmt þessari grein lúta sömu formerkjum og riftun í kröfurétti. Þau eru fyrirvaralaus. Yfirlýsing um uppsögn eða samningsslit (riftun) samkvæmt þessari grein eru ákvaðir í skilningi samningaréttar. Yfirlýsingarnar öðlast því réttaráhrif

þegar þær „koma til“ vátryggingartaka og taka gildi 14 dögum síðar sé ákvöðin reist á 1. málsl. en þegar í stað sé hún reist á 3. málsl. Til samræmis við 15. gr. frumvarpsins verður að gera þær kröfur til þeirra ákvaða sem hér um ræðir að þær séu skriflegar og rökstuddar, auk þess sem tilgreint sé hvaða möguleika vátryggingartaki hefur til þess að leggja hugsanlegan ágreining fyrir úrskurðarnefnd.

Um 22. gr.

Regla þessarar greinar frumvarpsins tekur til sama efnis og 9. gr. VSL, þ.e. takmarkana á heimildum félagsins til þess að bera fyrir sig vanrækslu á upplýsingaskyldu.

Um er að ræða tvö megintilvik:

Annars vegar tekur reglan til þess þegar upplýsingaskylda hefur verið vanrækt, en félagið vitað eða mátt vita, þegar upplýsingar voru veittar, að þær voru rangar. Flokka má þessi tilvik í tvo undirflokka. Í fyrsta lagi tilvik þegar upplýsingaskylda er vanrækt, án þess að um sök sé að ræða, eða sök sé ekki svo mikil að það teljist til svika, en í þessum tilvikum getur félagið ekki borið fyrir sig að upplýsingar hafi verið rangar eða ófullnægjandi ef það vissi, eða mátti vita, að svo var. Í öðru lagi tilvik þegar vátryggingartaki hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti. Þá er félaginu heimilt að bera það fyrir sig, nema það hafi beinlínis vitað að upplýsingarnar voru rangar eða ófullnægjandi.

Hins vegar tekur reglan til tilvika þegar hinar röngu upplýsingar eða skortur á upplýsingum skipti ekki máli fyrir félagið, þegar þær voru veittar, eða eru hættar að skipta máli fyrir það. Ef staðan er með þessum hætti getur félagið ekki borið fyrir sig vanrækslu á upplýsingaskyldu, af hvaða ástæðu sem er. Er vakin athygli á því að lagt er til að svik veiti ekki rýmri rétt samkvæmt þessari grein, þótt vera kunni að slík háttsemi vátryggingartaka gæti talist „sérstakt atvik“ og því heimilað félaginu uppsögn skv. 15. gr. Álitaefni um það hvort skilyrðum uppsagnar væri fullnægt yrði að meta á grundvelli skýringa á síðastnefndri grein frumvarpsins.

Um 23. gr.

Þessi grein frumvarpsins tekur til svipaðra tilvika og falla nú undir 3. mgr. 10. gr. VSL, þ.e. veita félaginu heimild til þess að takmarka ábyrgð sína ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi.

Það er skilyrði þess að ábyrgðartakmörkun geti átt sér stað samkvæmt þessari grein að félagið geti af sérstökum ástæðum ekki aflað upplýsinga um tiltekin atvik. Ekki er nægilegt t.d. að vátryggingartaki hafi ekki þær upplýsingar sem máli skipta. Ef félagið getur aflað þeirra annars staðar getur það ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun á grundvelli þessarar greinar, enda er því skylt að afla þeirra upplýsinga sem þarf og það getur aflað. Telja verður líklegast að ákvæðið taki einkum til tilvika þar sem vátryggingartaki óskar eftir að félagið vátryggi viðameiri hagsmuni strax án þess að ráðrúm gefist til að kanna öll þau atriði sem þýðingu hafa fyrir áhættumat félagsins.

Það er líka skilyrði þess að ábyrgðartakmörkun geti átt sér stað samkvæmt þessari grein að um sé að ræða fyrirvara um tiltekin atvik. Félagið getur því ekki losnað undan ábyrgð á grundvelli þessarar greinar með því að gera almenna fyrirvara.

Fyrirvari sem gerður er með réttum hætti samkvæmt þessari grein gildir aðeins til þess tíma er ætla má að félagið hefði getað aflað upplýsinganna. Vanræksla af þess hálfu að þessu leyti leiðir þannig til brottfalls fyrirvarans.

Um 24. gr.

Reglu 24. gr. frumvarpsins er, ásamt 19. og 25. gr. þess, ætlað að koma í stað ákvæða 45.–50. gr. VSL sem fjalla um aukna áhættu. Í íslenskri dómaframkvæmd síðustu áratuga sýnist ekki hafa reynt mikið á reglurnar um aukna áhættu og réttaráhrif þess. Á hinn bóginn er algengt að vátryggingafélög leitist við í skilmálum vátrygginga að taka af skarið um það hvaða áhrif tilgreind áhættuaukning hefur. Sem dæmi má nefna skilmála tiltekinnar húftryggingar fiskiskipa, en þar er svofellt ákvæði: „Félagið er laust úr ábyrgð samkvæmt reglum 68. gr. laga nr. 20/1954 ef skipið fer út fyrir fiskveiðilandhelgi Íslands nema um sé að ræða siglingu til hafna í Vestur-Evrópu.“ Réttaráhrif áhættuaukningar eru þó ekki alltaf þau að félagið sé laust úr ábyrgð.

Stefnan sem valin er með frumvarpi þessu er að vátryggingafélög eigi þess áfram kost að takmarka ábyrgð sína ef áhættan eykst. Meginreglan um þetta er sett fram í 1. málsl. þessarar greinar. Ýmis skilyrði verður þó að setja þessum heimildum félaganna til þess að tryggja lágmarksvernd vátryggingartaka. Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða tiltekin tilvik sem leitt geta til takmörkunar á ábyrgð. Þessi atvik verða að vera svonefnd „utanaðkomandi atvik“, þ.e. atvik sem vátryggður hefur ekki stjórn á. Atvik sem hann hefur stjórn á mundu falla undir varúðarreglur. Í öðru lagi verða hin tilteknu atvik að hafa haft verulega þýðingu fyrir áhættuna sem vátryggt er gegn. Atvik sem aðeins hafa minni háttar þýðingu mundu ekki hafa áhrif í þessu viðfangi.

Í 2. málsl. greinarinnar eru einnig sett fram skilyrði, annars eðlis, til þess að félagi sé heimilt að takmarka ábyrgð sína vegna áhættuaukningar. Í fyrsta lagi getur félagið ekki borið fyrir sig slíkan fyrirvara ef hinn vátryggði var grandlaus um að atvik breyttust og í öðru lagi ef það er ekki orsakasamband milli þeirra breyttu atvika sem auka áhættuna og vátryggingaratburðar, þ.e. þegar áhættuaukningin skiptir ekki máli fyrir það að vátryggingaratburður átti sér stað.

Það athugast einnig að þessi grein stendur því ekki í vegi að félögin setji í skilmála ákvæði um að áhættuaukning skuli ekki leiða til þess að ábyrgð þess falli niður þrátt fyrir breytt atvik, sem valda áhættuaukningu, heldur skuli iðgjald hækka að tilteknu marki.

Um 25. gr.

Reglu 25. gr. er ætlað að taka til tilvika þar sem um er samið að iðgjald breytist til samræmis við þær aðstæður, áhættu, sem hinir vátryggðu hagsmunir eru í á hverjum tíma. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í VSL, þótt lesa megi svipaðar reglur út úr ákvæðum 45.–50. gr. þeirra. Í þessari grein er gerð tillaga um mikilvæg ákvæði sem falla undir varúðarreglur, sbr. skilgreiningu á þeim í e-lið 2. gr. frumvarpsins. Félaginu er því skylt að sinna þeirri sérstöku tilkynningarskyldu sem á það er lögð í f-lið 10. gr. frumvarpsins um þessa fyrirvara, þ.e. greina frá þeim í vátryggingarskírteini.

Í 1. mgr. er tekið fram að félaginu sé heimilt að semja svo um í vátryggingarsamningi að iðgjald skuli ráðast af því með hvaða hætti hinn vátryggði hlutur er notaður. Slík samningsákvæði geta eðli málsins samkvæmt verið margs konar, en til þeirra eru gerðar þær kröfur í þessari málsgrein að ákvörðun iðgjaldsins verður að vera skýrlega háð því hvernig hluturinn er notaður og tilgreina þarf skýrlega hvers konar notkun leiðir til hækkunar á iðgjaldi. Ekki er því nægilegt að mæla í vátryggingarsamningi fyrir um það að iðgjald hækki t.d. „ef vátryggður hlutur er notaður við hættulega starfsemi“. Ef félagið hefur í vátryggingarsamningi, skilmálum, slíkt ákvæði sem fullnægir þeim skýrleikakröfum sem hér hefur verið lýst getur það gert fyrirvara um lækkun vátryggingabóta ef notkun hefur verið með þeim hætti sem leitt hefði til hærra iðgjalds, ef það hefði verið tilkynnt réttilega til félagsins. Gert er ráð fyrir að

félaginu sé heimilt að tiltaka að ábyrgð þess skuli lækka að tiltölu. Hin hlutfallslega lækkun getur hvort heldur sem er verið tengd því hvert iðgjaldið hefði verið ef áhættuaukning hefði verið ljós, eða tengd því hvers konar notkun er um að ræða.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að þýðing fyrirvara, sem félagi er heimilt að gera skv. 1. mgr., sé háð því að orsakatengsl sé milli áhættubreytingar og vátryggingaratburðar. Samkvæmt þessu verður ekki lengur heimilt fyrir vátryggingafélög að takmarka ábyrgð sína með hlutlægum hætti á grundvelli slíkra ákvæða. Þá er einnig girt fyrir að slíkir fyrirvarar hafi þýðingu ef vátryggðum verður ekki kennt um áhættubreytingarnar og hann hefur gert þær ráðstafanir sem sanngjarnar má telja til að upplýsa félagið um þær. Með orðinu samþykki í 2. mgr. er ekki aðeins átt við beint samþykki, heldur einnig tómlæti af hálfu vátryggingartaka, sem túlka má sem samþykki.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar svarar í grófum dráttum til efnis 51. gr. VSL. Mælt er fyrir um hvernig fara skuli með tilvik er vátryggður brýtur þær varúðarreglur sem settar eru í vátryggingarsamningi.

Í e-lið 2. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á því hvað telja beri varúðarreglur. Sú skilgreining felur í sér þrjá möguleika, þ.e.:

Í fyrsta lagi getur verið um að ræða tilteknar varanlegar ráðstafanir hins vátryggða sem viðhalda skal meðan vátryggingarsamningurinn er í gildi. T.d. getur verið um að ræða uppsetningu eldþolinna veggja eða eldvarnarhurða milli rýma í brunatryggðu húsnæði. Nauðsynlegt er að um sé að ræða tilteknar ráðstafanir, þótt þeim þurfi ekki að lýsa í smáatriðum.

Í öðru lagi getur verið um að ræða hæfniskröfur sem félagið gerir til vátryggðs eða þeirra sem hafa með vátryggða muni að gera. Tryggast er félagið ef slíkar hæfniskröfur eru nákvæmlega tilgreindar, t.d. tekið fram að viðhald vátryggðs munar verði að vera framkvæmt af vélvirkja með sveinspróf. Oft mundi slíkt vera erfitt. Þegar það er ekki unnt, eða ekki gert, verður að leggja mat á það hvort slíkum kröfum um hæfni er fullnægt. Félagið hefur sönnunarbyrði fyrir því að viðkomandi uppfylli ekki þær hæfniskröfur sem það gerir og eftir því sem kröfurnar eru óljósari þeim mun erfiðara verður það fyrir félagið að sanna að þeim sé ekki fullnægt. Krafa um að eftirlit sé unnið af þar til bærum mönnum er t.d. óljós og erfitt að sanna að þessum hæfniskröfum sé ekki fullnægt.

Í þriðja lagi teljast til varúðarreglna öll tilvik þar sem mælt er fyrir um að vátryggður eða aðrir skuli nota, geyma eða viðhalda vátryggðum hlut með tilteknum hætti. Undir þetta mundu falla fyrirmæli um aðferðir við notkun vátryggðs hlutar, en sú mundi einnig vera raunin samkvæmt gildandi rétti. Á hinn bóginn féllu einnig undir þetta fyrirmæli í vátryggingarsamningi sem mæla fyrir um takmarkanir á ábyrgð félagsins ef vátryggður, með ráðstöfunum sínum á hinum vátryggðu hagsmunum, breytir áhættunni. Eftir núgildandi reglum féllu slík tilvik að líkindum flest undir reglur um áhættuaukningu, en samkvæmt frumvarpinu mundu þau teljast til brota á varúðarreglum. Undir varúðarreglur féllu einnig tilvik þar sem félagið leitast við í vátryggingarsamningi að afmarka svið þeirrar áhættu sem vátryggt er gegn, ef áhættan getur aðeins orðið virk vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs. Af þessu leiðir að ákvæði í vátryggingarsamningi um þjófnaðartryggingu sem mælti fyrir um að vátryggingin gilti aðeins um þjófnað vegna innbrots eða aðeins þjófnað úr læstum hirslum yrðu taldar varúðarreglur af því að þær fela í raun í sér fyrirmæli til vátryggðs um hvernig hann á að geyma vátryggðan hlut.

Í 1. málsl. greinarinnar er sett fram sú meginregla að félagið geti gert fyrirvara um ábyrgð sína ef varúðarreglum er ekki fylgt. Það er skv. 2. málsl. þó skilyrði að vátryggður hafi brotið

varúðarreglur með saknæmri háttsemi og að sökin verði ekki talin óveruleg. Þá er einnig gerð krafa um að orsakasamband sé milli brota vátryggðs á varúðarreglum og þess að vátryggingaratburður verður. Félagið hefði sönnunarbyrði fyrir því að vátryggður hafi brotið varúðarreglur með þeim hætti að huglægum skilyrðum sé fullnægt og fyrir því að orsakasamband sé milli þess brots og vátryggingaratburðar. Hér er því gerð tillaga um aðrar sönnunarreglur en í 51. gr. VSL og er þessi breyting mjög vátryggðum í hag. Regla 51. gr. VSL hefur verið skýrð svo, að sönnunarbyrði um að varúðarreglur hafi verið brotnar og það hafi verið gert af ásetningi eða gáleysi hvíli á félaginu, en ef vátryggður geti samt fært sönnur að því að háttsemi hans hafi ekki haft þýðingu fyrir það að vátryggingaratburður varð geti hann þó krafist bóta. Þessari sönnunarbyrði er létt af vátryggðum.

Þótt skilyrðum 1. og 2. málsl. sé fullnægt er samt unnt að leggja ábyrgð að hluta á félagið. Það er háð mati hver ábyrgð félagsins á að vera í slíkum tilvikum, en sérstaklega er tekið fram að við matið eigi að líta til þess hvers konar varúðarreglur hafi verið brotnar, hve mikil sök hins vátryggða var, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti. Vísast um skýringar á þessu til skýringa við 20. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru reglur um þau tilvik er vátryggður veldur því að vátryggingaratburður verður. Að efni til eru nú sambærilegar reglur í 18., 1. mgr. 19. og 20. gr. VSL.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að ef vátryggður, eða sá sem verður samsamaður honum, veldur vátryggingaratburði af ásetningi beri félagið ekki ábyrgð. Frá þessari meginreglu eru undantekningar. Reyndar er haldið fast við meginregluna í öllum tilvikum ef vátryggður veldur því með sviksamlegri háttsemi að vátryggingaratburður verður og ætlun hans er að verða sér út um vátryggingarbætur frá félaginu. Það er þó hugsanlegt að vátryggingaratburði sé vissulega valdið af ásetningi, en ásetningurinn sé þó að valda öðrum tjóni, t.d. maka eða sambúðarmaka. Í slíkum tilvikum er hugsanlegt að lögð verði ábyrgð að hluta á félagið. Er til þess grundvöllur í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar.

Með ásetningi í þessari málsgrein er átt við það þegar vátryggður viðhefur háttsemi sem hann veit eða með vissu mátti vita að ylli vátryggingaratburði. Yrði að styðjast við viðteknar skýringar á merkingu þessa hugtaks.

Í 2. mgr. er regla um þau tilvik er vátryggður veldur vátryggingaratburði af stórkostlegu gáleysi. Með sama hætti og kveðið er á um í 2. mgr. 18. gr. VSL losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta í þessum tilvikum. Við mat á því að hvaða marki félagið losnar undan ábyrgð skal líta til nokkurra atriða. Er þar fyrst nefnd sök, þ.e. meta á hve mikil sökin er. Einnig skal líta til þess hvernig vátryggingaratburð bar að, en með þessu er átt við, eins og skýrt hefur verið fyrr í frumvarpinu, að líta á til orsakasamhengis milli háttsemi og þess að vátryggingaratburður verður. Þá ber að líta til þess hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Í 20. gr. VSL er félaginu heimilt að semja svo um að það skuli laust úr ábyrgð ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburðinum í „ölæði, er honum verður sjálfum gefin sök á". Í því samhengi sem þessi regla er hefur hún verið skýrð svo að ölæði, sem vátryggður á sjálfur sök á, hafi sömu réttaráhrif og stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Ölæði hefur verið skýrt svo að alkóhólmagn í blóði þurfi að hafa verið meira en 1,20‰ og helst í námunda við 1,60‰ til þess að skilyrðinu væri örugglega fullnægt. Í frumvarpinu er gerð tillaga um sveigjanlega reglu að þessu leyti. Tillagan miðar við að eitt af því sem líta beri til er hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Ef sú er raunin getur það haft áhrif á rétt hans til bóta, en leiðir ekki sjálfkrafa til þess að félagið losnar úr ábyrgð í heild eða að hluta. Af þessu leiðir að ákvæðum í skilmálum sem mæla fyrir um að vátryggður

megi ekki smakka áfengi á vátryggingartímabilinu, og ef hann geri það leiði það til þess að félagið losnar úr ábyrgð, yrði ekki beitt. Loks ber að líta til atvika að öðru leyti. Tilvísun til atvika að öðru leyti er í frumvarpinu hugsuð til þess að gefa dómstólum visst svigrúm þegar kemur að því að skilgreina undantekningar frá meginreglunni.

Í þessari málsgrein segir að reglur hennar eigi ekki við í ábyrgðartryggingum. Þær eiga reyndar heldur ekki við í líftryggingum sem um verður fjallað í II. hluta frumvarpsins. Þegar sagt er að reglurnar eigi ekki við í ábyrgðartryggingum er átt við að það sé almenn regla í þeim vátryggingum að stórkostlegt gáleysi vátryggðs leiði ekki til þess að félagið losnar úr ábyrgð. Vera kann þó að háttsemi vátryggðs fari í bága við fyrirmæli í vátryggingarsamningi, sem félaginu er heimilt að semja um, t.d. varúðarreglur. Félaginu er heimilt að semja um slíkar reglur í ábyrgðartryggingum og ef þær eru brotnar af stórkostlegu gáleysi getur félagið almennt borið fyrir sig takmörkun eða niðurfellingu ábyrgðar, einnig gagnvart tjónþola, sbr. 44. gr. frumvarpsins. Í því sambandi ber að hafa í huga að við skyldubundnar ábyrgðartryggingar er vernd tjónþola þó meiri en í öðrum slíkum vátryggingum, sbr. 45. gr.

Í 3. mgr. er regla sem er sama efnis og 1. málsl. 20. gr. VSL og þarfnast ekki skýringa.

Loks er í 4. mgr. regla sem kveður á um að félagið geti aðeins borið fyrir sig reglurnar í þessari grein að vátryggður, eða sá sem hann er samsamaður með, hafi vitað að það, að vátryggingaratburður yrði væri sennileg afleiðing þeirrar háttsemi sem um ræðir. Ákvæðið er að efni til sambærilegt 1. mgr. 19. gr. VSL, en er þó sveigjanlegra og gerir ráð fyrir að það verði metið í hverju tilviki hvort vátryggður, vegna aldurs eða andlegs ástands, gerði sér grein fyrir afleiðingum háttsemi sinnar.

Um 28. gr.

Þessi grein er að efni til sambærileg 21. og 52. gr. VSL. Ekki er gerð tillaga um efnislegar breytingar á þeim reglum, þótt þær séu sameinaðar í þessa grein.

Í 1. mgr. er regla um skyldu vátryggðs til þess að hindra eða takmarka tjón sem af vátryggingaratburði getur leitt. Reglan um skyldu til að hindra eða takmarka tjón er gamalgróin í skaðabótarétti og í vátryggingarétti. Í vátryggingarétti á skyldan rót sína að rekja til þeirrar trúnaðarskyldu sem samningsaðilar bera hvor gagnvart öðrum. Hún er útfærð í frumvarpinu með sama hætti og sams konar regla í skaðabótarétti, þ.e. að vátryggður verður að gera allt, sem með sanngirni má ætlast til af honum til þess að hindra eða takmarka tjón. Um afleiðingar þess að vátryggður vanrækir þessa skyldu er fjallað í 4. mgr.

Regla 2. mgr. á einnig rætur að rekja til trúnaðarskyldu vátryggðs gagnvart viðsemjanda sínum, félaginu. Reglan er útfærð þannig í þessari málsgrein að honum beri að gæta hagsmuna félagsins í þeim mæli sem sanngjarnt er að ætlast til af honum til þess að tryggja hagsmuni þess gagnvart þriðja manni. Í þessu felst að hann kann að vera skyldur til þess að tilkynna vátryggingaratburð til lögreglu eða vinnueftirlits til þess að tryggja sönnun réttra málsatvika eða til þess að auka möguleika á að tjónvaldur finnist eða viðurkenni háttsemi sína. Í raun er þeim skyldum sem á vátryggðum hvíla samkvæmt þessari málsgrein og hinni fyrri ekki sett önnur mörk en þau sem leiða af sanngirniskröfunum. Skyldan getur því tekið til margs konar aðgerða af hans hálfu.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á vátryggðan að tilkynna til félagsins án ástæðulauss dráttar að vátryggingaratburður hafi orðið. Ekki er unnt að krefjast þess að hann tilkynni það strax, heldur hlýtur það að ráðast af eðli atburðarins hvaða kröfur beri að gera í þessu efni.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um afleiðingar þess að vátryggður vanrækir þær skyldur sem á hann eru lagðar í 1.–3. mgr. Í samræmi við gildandi rétt er kveðið á um það að einungis vanræksla sem rakin verður til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hans hafi réttaráhrif fyrir hann. Í þeim

tilvikum má fella niður ábyrgð félagsins í heild eða að hluta. Í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í öðrum greinum frumvarpsins er gerð tillaga um að það sé háð mati hvort og þá að hvaða marki ábyrgð félagsins verði felld niður. Við matið ber samkvæmt þessari málsgrein að líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti. Allir þessir þættir hafa verið skýrðir áður í frumvarpinu og er ekki ástæða til að gera það aftur. Einungis er þörf að geta þess að taka verður tillit til þess við matið að vátryggður kann að hafa orðið fyrir þess konar tjóni að ekki sé eðlilegt að gera ríkar kröfur til þess að hann tilkynni strax um vátryggingaratburð, auk þess sem það kann að orka tvímælis hvort vátryggingin taki til þeirrar áhættu sem um ræðir. Vátryggður verður því að hafa ráðrúm til að kanna stöðu sína að því leyti, áður en hægt er að krefjast þess að hann tilkynni um atburðinn. Einnig þarf að benda á, að óhæfilegur dráttur á tilkynningu, eða vanræksla á því að vátryggður geri sanngjarnar ráðstafanir til þess að hindra eða takmarka tjón, hefur oft í för með sér meira tjón eða aukinn kostnað fyrir félagið vegna björgunaraðgerða eða athugunar á atvikum. Eðlilegast er að það sé þessi aukakostnaður sem fyrst kemur til álita að létta af félaginu, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. VSL. Ekki er þó talið rétt að hafa slíka reglu í frumvarpinu, vegna þess að réttara er talið að dómstólar hafi óbundnar hendur við mat sitt á þeim þremur þáttum sem tilgreindir eru og að hve miklu leyti ábyrgð félagsins verður felld niður.

Um 29. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um samsömun, þ.e. að hvaða leyti háttsemi annarra en vátryggðs hefur sömu réttaráhrif og hann hefði viðhaft hana sjálfur. Í VSL er ekki að finna sambærilega reglu en í ýmsum ákvæðum þeirra laga er komið inn á efnið, t.d. í 1. mgr. 51. gr. Ákvæðinu er ætlað að gilda í öllum tilvikum þar sem til álita kemur að takmarka eða fella niður ábyrgð félagsins samkvæmt reglum IV. kafla frumvarpsins. Það gildir einnig um vanrækslu á upplýsingaskyldu. Slík vanræksla gæti leitt til takmörkunar á ábyrgð gagnvart meðvátryggðum. Félagið verður að gera sérstakan fyrirvara ef það ætlar sér að bera fyrir sig vanrækslu á upplýsingaskyldu gagnvart öðrum en þeim sem gefur upplýsingarnar. Takmarkanir á heimildum þess í því efni koma fram í 41. gr.

Lagt er til að reglan um samsömun verði tvíþætt, þ.e. annars vegar regla sem gildir um vátryggingar á hagsmunum tengdum atvinnurekstri og hins vegar í öðrum tryggingum, svonefndum neytendatryggingum. Í vátryggingum sem ekki tengjast atvinnustarfsemi (neytendatryggingum) hefur félagið þröngar heimildir til þess að takmarka ábyrgð sína með ákvæði í vátryggingarsamningi þess efnis að vátryggður glati rétti til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra, sem hafa við hann sambærileg tengsl. Meginreglan á ótvírætt að vera sú að vátryggður á aðeins að þurfa að gjalda fyrir eigin háttsemi með því að réttur hans til vátryggingabóta skerðist. Hann á því ekki að gjalda fyrir að aðrir, án hans vitundar eða samþykkis, hegði sér andstætt þeim forsendum sem félagið lagði til grundvallar áhættumati sínu eða brjóti varúðarreglur. Hið sama á við að því er varðar upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Eins og greinir í skýringum við 19. gr. frumvarpsins verður hann að sæta því að reglur samningaréttar leiði til þess að hann er samsamaður þeim sem telst staðgöngumaður hans. Félagið getur hins vegar ekki, vegna þessarar greinar, mælt fyrir um að hið sama skuli gilda um aðra sem það t.d. leitar til með upplýsingar vegna gerðar vátryggingarsamnings. Bannregla þessa ákvæðis um samsömun tekur aðeins til fólks sem er í nánum tengslum við vátryggðan, þ.e. ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa sambærileg tengsl við hann. Reglan á því ekki við um ákvæði þar sem félagið samsamar aðra með vátryggðum,

t.d. þjófa, eða þá sem fara með opinbert vald. Í þeim tilvikum er um að ræða takmörkun á áhættu og í því efni er frelsi til að semja.

Í 2. mgr. er að finna undantekningar frá 1. mgr. Ákvæði 2. mgr. er ekki sjálfstæð regla um samsömun, heldur mælir hún fyrir um það hvaða heimildir félagið hefur til þess að semja um samsömun. Geri félagið ekki slíkan fyrirvara mundu þeir sem upp eru taldir í 1. mgr. ekki verða samsamaðir vátryggðum.

Í a-lið þessarar málsgreinar er heimildin til að semja um samsömun látin ná til manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Hér þarf að koma til að vátryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins vátryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið vátryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti, og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef vátryggður annast um eða rekur hið vátryggða. Það skal einnig áréttað að tilgreining hinna vátryggðu hagsmuna sem reglan á við er tæmandi.

Í b-lið er regla sem er svipuð 85. gr. VSL en þó víðtækari, enda gildir hin tilvitnaða grein eingöngu um brunatryggingar, en þetta ákvæði frumvarpsins er einkum miðað við tilgreinda eignatryggingarþætti hefðbundinna neytendatrygginga. Regla frumvarpsins tekur einnig til sambúðarmaka sem býr í föstu varanlegu sambandi við vátryggðan. Hér er um matskennda reglu að ræða, en markmið hennar er að leggja að jöfnu sambúð og hjúskap þegar slík samstaða hefur verið með sambúðaraðiljum að eðlilegt er að jafna sambúðinni til hjúskapar. Hér þarf mikið til. Skráning dugir ekki ein og sér og verður ekki gerð að skilyrði, en á hinn bóginn er ljóst að gera verður kröfu um langan og samfelldan sambúðartíma. Eingöngu getur verið um sambúð gagnkynhneigðra að ræða og ekki er unnt að samsama börn með foreldrum eða systkin. Á hinn bóginn er eðlilegt að samkynhneigðir, eða tveir einstaklingar af sama kyni, sem hafa staðfest samvist sína í samræmi við reglur laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist, geta verið samsamaðir í þessu sambandi, enda er staðfest samvist um flest fjárhagsleg atriði lögð að jöfnu við hjúskap, sbr. einkum 5. og 6. gr. tilvitnaðra laga. Ljóst er að gera verður þá kröfu til þeirra sem eru í staðfestri samvist að þeir séu í raun samvistum. Ekki verða gerðar vægari kröfur til þeirra að þessu leyti en til hjóna.

Í 3. mgr. er regla sem tekur til heimilda félagsins til þess að semja um samsömun í vátryggingum tengdum atvinnurekstri. Meginreglan í þeim vátryggingum er sú að ekki skuli vera um samsömun að ræða nema um það sé sérstaklega samið í vátryggingarsamningi. Heimildum félagsins til slíkra samninga eru ekki sett önnur takmörk en þau sem leiða af kröfum um sanngirni. Það verður því að ætla að sá sem samsamaður er með vátryggðum hafi þá stöðu í atvinnurekstrinum að sanngjarnt sé að beita samsömun. Við sanngirnismatið yrði m.a. að líta til umfangs atvinnustarfseminnar og sérstakrar þarfar félagsins fyrir að takmarka ábyrgð sína.

Um 30. gr.

Greinin tekur til heimilda vátryggðs til athafna sem eru andstæðar skuldbindingum hans samkvæmt vátryggingarsamningi en eru viðhafðar í neyðartilvikum. Í 2. mgr. 19. gr. VSL er sambærileg regla, en gildissvið hennar er a.m.k. að formi til takmarkað við tilvik er vátryggður veldur því að vátryggingaratburður á sér stað. Slíka takmörkun er ekki að finna í þessari grein. Henni verður því beitt í öllum tilvikum sem félagið gæti takmarkað ábyrgð sína samkvæmt tilteknum greinum. Að öðru leyti yrði ekki um breytingar á gildandi rétti að ræða.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru reglur um tilkynningarskyldu félagsins ef það ætlar að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð samkvæmt reglum kaflans. Ákvæði um slíka tilkynningarskyldu eru nú í 8. og 48. gr. VSL, en gildissvið þeirra er þó takmarkað við brot á upplýsingaskyldu vátryggingartaka og áhættuaukningu. Í þessari grein er lagt til að reglan hafi mun almennara gildissvið, þ.e. taki til hvers konar ábyrgðartakmarkana sem byggjast á grundvelli reglna í þessum kafla frumvarpsins. Eðlilegt er að á félaginu hvíli skylda til þess að koma því á hreint gagnvart vátryggðum hvort það ætlar að bera fyrir sig takmarkanir á ábyrgð.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að tilkynningu félagsins skuli komið á framfæri við vátryggingartaka. Það gerir félagið með því að senda honum skriflega tilkynningu þar um, sbr. þó það er segir í inngangi athugasemda við II. kafla um möguleika vátryggingafélaga til þess að nýta sér rafræna samskiptahætti. Munnleg tilkynning nægir því ekki. Skal tilkynningin send án ástæðulauss dráttar. Mat á því hve mikið svigrúm félagsins er að þessu leyti verður að fara fram í hverju tilviki fyrir sig. Ekki verða gerðar þær kröfur til félagsins að það sendi strax tæmandi upplýsingar um hvernig það muni bregðast við. Nægilegt væri að það tilkynnti að til athugunar væri að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð, en nauðsynlegt væri þó í þeim tilvikum að strax og atvik væru ljós mundi send fullnaðartilkynning. Í tilkynningunni ber félaginu samkvæmt lokamálslið 1. mgr. að upplýsa vátryggðan um möguleika hans til þess að bera álitaefnið undir úrskurðarnefnd.

Í 2. mgr. er ákvæði um afleiðingar þess að félagið sinnir ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. Afleiðingarnar eru að félagið glatar rétti til þess að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð. Vanrækslan gæti falist í því að það dregur of lengi að senda tilkynningu, en einnig að form hennar eða efni sé ekki fullnægjandi, þ.e. að ekki sé bent á úrlausnaraðilja svo sem mælt er fyrir um í lok 1. mgr.

Um V. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru tillögur að reglum um greiðslu iðgjaldsins. Reglur um það efni eru nú í 12.–17. gr. VSL. Þær reglur eru flóknar og hefur framkvæmdin ekki verið í samræmi við þær, heldur hafa félögin mótað sér reglur um innheimtu iðgjaldsins og afleiðingar vanskila sem eru meira í samræmi við nútímaverklag en reglur gildandi laga. Þær reglur sem gerð er tillaga um í þessu frumvarpi eru fremur í samræmi við þær reglur sem notaðar eru í framkvæmdinni en reglur VSL.

Þegar skipað er reglum um greiðslu iðgjalds af vátryggingum og um afleiðingar vanskila togast á ýmis sjónarmið. Í fyrsta lagi er iðgjaldið endurgjald vátryggingartaka fyrir það að félagið tekur á sig fyrir hann fjárhagslega áhættu af tilteknu tjóni. Óhjákvæmilegt er að félagið eigi þess kost að losna undan skuldbindingum sínum innan hæfilegs tíma ef í ljós kemur að vátryggingartakinn greiðir ekki iðgjaldið. Ekki er heppilegt að félagið verði bundið í svo langan tíma að það neyðist til að innheimta vangoldið iðgjald eftir að það hefur lýst yfir samningsslitum, heldur er fremur ástæða til að haga reglum svo að iðgjaldsskuldin verði ekki svo há að félagið telji hag sínum best borgið með því að afskrifa hana, þótt því sé það ekki skylt. Í öðru lagi koma til sjónarmið sem lúta að hagsmunum vátryggingartaka, þ.e. því að það stefnir almennt hagsmunum hans í mikla tvísýnu að hann sé sviptur þeirri fjárhagslegu vernd sem vátryggingarsamningurinn veitir honum. Í fæstum tilvikum hafa vátryggingartakar fjárhagslega burði til að taka afleiðingum áfalla, sem þeir hafa vátryggt sig fyrir, án þess að fjármál þeirra lendi í ógöngum um ófyrirsjáanlegan tíma. Í þriðja lagi er heppilegt að leitast við að samræma reglur um þessi efni í skaðatryggingum og persónutryggingum bæði til að auðvelda vátryggingartökum að hafa yfirsýn yfir málið og vegna þess að oft eru vátryggingar

samsettar þar sem bæði skaðatryggingar og persónutryggingar eru hluti af samsettum vátryggingum. Líftryggingar hafa þó sérstöðu að þessu leyti og um þær gilda sérstakar reglur.

Með hliðsjón af framansögðu hefur verið talið eðlilegt að leggja til að reglum sé skipað þannig að félögin hafi heimildir til þess að slíta vátryggingarsamningi vegna vanskila á iðgjaldi tiltölulega snemma en hagsmunir vátryggingartaka séu tryggðir með því að áskilja honum rétt til aðvarana af hálfu félaganna. Félögunum yrði, ef þessar reglur frumvarpsins verða lögfestar, skylt að senda honum a.m.k. tvær aðvaranir áður en vátryggingin félli niður, auk þess sem frestur hans til að greiða verði hæfilegur. Þá yrði öryggisregla ef vanskil vátryggingartaka væru vegna atvika sem hann verður ekki sakaður um, t.d. alvarlegra sjúkdóma eða slysa sem gera honum ekki kleift að sinna þeim erindum sem hann þarf að sinna. Loks yrðu félögin skyld til þess að senda vátryggingartaka upplýsingar um afleiðingar vanskila hans, þannig að honum sé ljóst hvaða fjárhagslegu áhættu hann tekur á sig ef hann sinnir ekki kröfum um greiðslu á iðgjaldinu, sem hann hefur skuldbundið sig til að greiða.

Í kaflanum eru þrjár greinar. Efni þeirra er til samræmis við framanritað í stuttu máli það að fyrst er mælt fyrir um fyrstu tilkynningu um gjalddaga og greiðslufrest á iðgjaldi. Í þeirri næstu er kveðið á um skyldu til að senda aðra aðvörun og gerðar kröfur um efni hennar. Í þeirri þriðju eru fyllingarreglur um það hvenær telja beri greiðslu innta af hendi, þegar vátryggingartaki hefur greitt en félagið ekki móttekið greiðsluna.

Um 32. gr.

Í þessari grein eru reglur um gjalddaga og venjubundna greiðslufresti iðgjalda. Eins og fram kemur í 1. málsl. gilda reglur greinarinnar eingöngu þegar það er ekki skilyrði þess að skyldur félagsins verði virkar samkvæmt vátryggingarsamningi að iðgjaldið sé greitt. Ef svo er ekki, þá er því slegið föstu að iðgjaldið gjaldfellur þegar þess er krafist. Í þessu felst að gera þarf kröfu um greiðslu iðgjaldsins til þess að gjalddagi verði talinn kominn. Skv. 2. málsl. skal greiðslufrestur vera einn mánuður hið skemmsta frá því tímamarki sem fram kemur í greininni, sendingu tilkynningarinnar. Skv. 3. málsl. hafa vanskil á kröfu um iðgjald að jafnaði engin réttaráhrif fyrir vátryggðan, að öðru leyti en því að hann kann að baka sér skyldu til að greiða dráttarvexti, enda segir þar að vátryggingin haldist þótt greiðsla sé ekki innt af hendi innan þess frests sem settur er fyrir greiðslu iðgjaldsins. Þetta á þó aðeins við ef ábyrgð félagsins er orðin virk en ekki í þeim tilvikum sem félagið hefur áskilið að greiðsla iðgjaldsins sé forsenda þess að vátryggingin verði virk.

Um 33. gr.

Í þessari grein eru reglur um skyldu félagsins til þess að senda aðra aðvörun ef greiðsludráttur á iðgjaldi verður og ekki er um það samið að greiðsla þess sé forsenda fyrir því að ábyrgð félagsins verði virk. Í greininni er að finna reglur um skilyrði þess að vátrygging falli niður vegna vanskilanna.

Í gildandi lögum, þ.e. 14. gr., er mælt fyrir um það að ef iðgjaldið er ekki greitt sé ábyrgð félagsins lokið. Í því felst þó ekki að vátryggingarsamningurinn sé ekki í gildi, það sem gerist er að ábyrgð félagsins fellur niður og verður virk ef vátryggingartaki greiðir iðgjaldið. Skylda vátryggingartaka til að greiða iðgjaldið stendur óbreytt. Þessi staða að samningurinn sé í gildi, en þó ekki að því er varðar ábyrgð félagsins, sem eru meginskyldur þess samkvæmt vátryggingarsamningi, er sérstök og framandi. Hún á sér vart hliðstæðu í öðrum tegundum samninga. Lagt er til að þessi skipan verði lögð af ef frumvarpið verður að lögum. Skapar það hreinni línur og veitir vátryggingartaka betri vernd.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins getur félagið, ef vanskil verða skv. 32. gr., aðeins losnað undan skyldum sínum með því að senda nýja tilkynningu með aðvörun um að vátrygging falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan 14 daga. Félagið getur ákveðið að senda ekki slíka tilkynningu, en það felur þá í sér að ábyrgð þess er virk og með sama hætti að vátryggingartaki sé skyldur til að greiða iðgjaldið, enda stendur vátryggingarsamningurinn þá enn í fullu gildi. Ef greiðsla á sér ekki stað, þrátt fyrir tilkynningu með aðvörun skv. 1. mgr., fellur samningurinn niður og báðir aðiljar losna frá því tímamarki undan skyldum sínum samkvæmt honum. Fram til þess tímamarks eru skyldur þeirra óbreyttar. Ef félagið tíðkar að senda fleiri tilkynningar með aðvörunum yrði við það miðað að það væri síðasta tilkynningin sem þyrfti að fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar, þ.e. fela skýrlega í sér að vátrygging félli niður ef iðgjaldið yrði ekki greitt innan frestsins.

Í 2. mgr. er öryggisregla til verndar hagsmunum vátryggingartaka í þeim tilvikum er vanskil verða vegna ófyrirséðra hindrana sem honum er ekki um að kenna. Í þessum tilvikum framlengist fresturinn í þrjá mánuði frá því tímamarki sem talið er lokafrestur tilkynningar skv. 1. mgr. Það er forsenda þess að öryggisreglu þessarar málsgreinar verði beitt að hindrunin hafi komið til áður en fresturinn, sem tilgreindur er í tilkynningu skv. 1. mgr., rann út. Komi hún til síðar getur vátryggingartaki ekki borið ákvæði þessarar málsgreinar fyrir sig. Það er enn fremur skilyrði þess að ákvæðinu verði beitt að vátryggingartaki greiði strax og hindruninni er aflétt. Hann gæti því ekki beðið þar til í lok þriggja mánaða frestsins og greitt þá, ef hindruninni hefur í raun verið aflétt, t.d. eftir einn mánuð. Á umræddu þriggja mánaða tímabili helst ábyrgð félagsins óbreytt. Það eru aðeins hindranir sem eru ófyrirséðar og vátryggingartaka verður ekki um kennt sem veita honum rétt til að bera fyrir sig ákvæði þessarar málsgreinar, enda um öryggisreglu að ræða sem veitir honum sérstakan betri rétt en öðrum vátryggingartökum. Eins og áður greinir getur verið um að ræða alvarlega sjúkdóma eða slys sem koma í veg fyrir að hann geti sinnt nauðsynlegum erindum, svo sem eins og að greiða reikninga eða taka flóknar ákvarðanir. Almennar reglur fjármunaréttar leiða til þess að peningaleysi telst ekki hindrun í þessum skilningi og ekki aðrar hindranir sem hann sá eða mátti sjá fyrir. Að öðru leyti verður um skýringar á því hvað telja beri ófyrirséða hindrun, sem vátryggingartaka verður ekki um kennt, að vísa til annarrar löggjafar á sviði fjármunaréttar, einkum kauparéttar. Í ýmsum ákvæðum laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, t.d. 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 57. gr., og í ýmsum ákvæðum laga um fasteignakaup, nr. 40/2002, t.d. 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 43. gr., er aðili kaupsamnings leystur undan vanefndaáhrifum, ef slíkar hindranir koma í veg fyrir efndir af hans hálfu. Ljóst er að mikið þarf til svo að efndahindrun leysi mann undan vanefndaáhrifum og hann hefur sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði þess séu fyrir hendi.

Í 3. mgr. er regla sem samrýmist almennum reglum samningaréttar, þ.e. samþykki sem kemur of seint skal skoðast sem ósk um nýjan samning. Almennt yrði talið að líta bæri á síðbúna greiðslu sem ósk um sams konar vátryggingarsamning og áður gilti. Það felst í tilvísun til reglu 3. mgr. 13. gr. að slík beiðni veldur því að vátryggingarsamningur stofnast og þar með verður ábyrgð félagsins virk. Til þess að hamla gegn misnotkun verður það þó ekki fyrr en daginn eftir að iðgjaldið telst greitt.

Í greininni er ekki að finna sérstaka reglu um hvernig með á að fara ef greiðsludráttur verður á viðbótariðgjaldi, en félagið getur þurft að innheimta viðbótariðgjald í ýmsum tilvikum, t.d. þegar vátryggingartaki óskar eftir því á vátryggingartímabilinu að vátryggingarfjárhæðir verði hækkaðar, t.d. vegna verðmætisaukningar innbús eða annarra vátryggðra hagsmuna. Viðbótariðgjald getur einnig orðið vegna áhættuaukningar ef félagið hefur með réttum hætti áskilið sér hærra iðgjald við þær aðstæður. Ekki þykir ástæða til sérstakra reglna

um þessi tilvik. Miða verður við að reglur 32. og 33. gr. frumvarpsins eigi við um viðbótariðgjald að breyttu breytanda. Á hinn bóginn yrði meginreglan sú að vanskil á viðbótariðgjaldi ættu ekki að hafa áhrif á réttindi og skyldur aðiljanna samkvæmt vátryggingarsamningi að öðru leyti. Þó gæti svo verið í ýmsum tilvikum, t.d. ef viðbótariðgjald verður vegna verðmætisaukningar vátryggðra hagsmuna. Ef það er ekki greitt yrðu hagsmunirnir undirvátryggðir og yrði þá að líkindum beitt reglum sem um þau tilvik gilda. Ef viðbótariðgjald yrði vegna áhættuaukningar yrði að leggja mat á það hvort og þá hvaða heimildir félagið hefði t.d. til að slíta samningi, ef vanskil verða á því.

Um 34. gr.

Í þessari grein eru fyllingarreglur um það hvenær telja beri greiðslu iðgjalds innta af hendi í þeim tilvikum sem hún er farin frá vátryggingartaka en ekki komin til félagsins. Í 32. og 33. gr. eru mikilsverðir hagsmunir tengdir því að greiðsla sé innt af hendi innan tiltekins frests. Það þykir því nauðsynlegt að lögfestar séu fyllingarreglur til þess að taka af skarið um ýmis vafamál sem kunna að rísa um það hvenær telja beri greiðslu innta af hendi í skilningi tilgreindra lagagreina. Þær fyllingarreglur sem hér er gerð tillaga um eru að ýmsu leyti öðru vísi en leiða mundi af almennum reglum kröfuréttar. Þykir slíkt réttlætanlegt í því skyni að tryggja sem best hagsmuni vátryggingartaka, sem komið hefur frá sér greiðslu innan tilskilins frests, þótt hún hafi ekki borist félaginu. Í reglunum felst að vátryggingartaki er ekki látinn bera hallann af því að póstþjónustan, bankar, sparisjóðir eða aðrir slíkir aðiljar eða tölvuþjónustur skili ekki af sér greiðslum réttilega, þannig að vátryggingin helst í gildi. Þess ber þó að geta að fyllingarreglurnar eru miðaðar við að taka af skarið um hvenær greiðsla telst innt af hendi og þar með hvort vátryggingin helst í gildi eða hvort hún fellur úr gildi. Reglunum er á hinn bóginn ekki ætlað að firra vátryggingartaka endanlega ábyrgð á greiðslu sem félagið fær alls ekki, verður vátryggingartaki að bera endanlega ábyrgð á því gagnvart félaginu, þ.e. greiða á nýjan leik, en það hefur ekki þau réttaráhrif að vanskil teljist hafa orðið á fyrri greiðslunni.

Sé iðgjaldið greitt í reiðufé á starfsstöð félagsins getur vart risið vafi um hvenær það hafi verið innt af hendi. Slíkt er hins vegar afar fátítt nú orðið. Vátryggingafélög senda innheimtuseðla til vátryggingartaka, sem greiddir eru með ýmsum hætti. Fátítt er að peningar séu sendir með pósti sem greiðsla, þótt það kunni að vera eitthvað tíðkað. Flestir innheimtuseðlar eru greiddir gegnum banka, sparisjóði eða pósthús og þá þannig að greiðandinn kemur til þessara stofnana og borgar innheimtuseðlana eða óskar eftir því að seðilfjárhæðin verði tekin út af reikningi sínum og notuð til að greiða hann. Það verður æ algengara að einstaklingar og rekstraraðiljar greiði reikninga sína rafrænt, þ.e. í gegnum einkatölvur á heimilum eða vinnustað. Einnig er algengt að bankar og sparisjóðir annist greiðslu reikninga fyrir einstaklinga samkvæmt almennum samningi um það. Þessar fjölbreyttu aðferðir við greiðslu geta í mörgum tilvikum valdið vafa um hvenær telja eigi hana hafa farið fram.

Í a–c-lið er tekið af skarið um það hvenær telja beri greiðslu innta af hendi í þremur megintilvikum.

Í a-lið er kveðið á um, að greiðsla sem send er í pósti í formi peninga, tékka eða annarri sambærilegri ávísun á peninga, skuli teljast innt af hendi þegar hún hefur verið send. Ekki er áskilið að um ábyrgðarsendingu sé að ræða. Vátryggingartaki hefur sönnunarbyrði fyrir því hvort hann hafi sent greiðsluna og þá hvenær það gerðist. Póststimpill, eða kvittun, sé hún gefin, mundi oftast vera til sönnunar um sendingartíma. Í reglunni felst að vátryggingartaki ber ekki ábyrgð á hugsanlegri seinkun, sem verður hjá póstþjónustunni. Af sjálfu sér leiðir að það nægir ekki að sýna fram á að slík greiðsla eða ávísun á peninga hafi verið send,

ef hún er ekki innleysanleg þegar félagið lætur á það reyna. Slík greiðslutilboð eru ekki lögmæt.

Í b-lið er kveðið á um, að greiðsla skuli teljast innt af hendi þegar hún hefur verið greidd til pósthúss, banka eða sparisjóðs í því skyni að þessar stofnanir komi henni áfram til félagsins. Oftast mundi unnt að sanna þetta, t.d. með því að sýna greiðslustimpil frá viðkomandi stofnun.

Í c-lið er regla, sem líklega hefur mesta hagnýta þýðingu, því æ fleiri inna af hendi greiðslu með slíkum fyrirmælum, einkum eykst þýðing rafrænna greiðslufyrirmæla. Reglan kveður á um að greiðslan teljist innt af hendi, þegar fyrirmælin um greiðslu eru send. Vátryggingartaki hefur einnig hér sönnunarbyrði fyrir sendingartíma slíkra fyrirmæla. Slík sönnun á að jafnaði að vera honum léttbær.

Gera verður tvíþættar kröfur til slíkra fyrirmæla. Annars vegar verður að vera um gild fyrirmæli að ræða, þ.e. fyrirmæli sem unnt er að verða við. Þessi krafa felur það í sér, að ekki er nægjanlegt fyrir vátryggingartaka, að gefa rafræn greiðslufyrirmæli í einkatölvu sinni þess efnis að bankareikningur hans skuli skuldfærður fyrir fjárhæð, sem tilgreind er sem iðgjald á greiðsluseðli vátryggingafélags, ef ekki er innstæða á reikningnum, eða heimild til að yfirdraga hann. Hins vegar verður að vera um að ræða sérstök fyrirmæli, þ.e. fyrirmæli sem sérstaklega lúta að greiðslu iðgjaldsins. Í þessu felst að samningur vátryggingartaka við banka eða sparisjóð um greiðsludreifingu, sem felur í sér fyrirmæli til bankans eða sparisjóðsins um að greiða alla reikninga hans, teljast ekki fullnægja fyrirmælum þeim, sem c-liður tekur til.

Um VI. kafla.

6.1 Inngangur.

Í þessum kafla er að finna almennar reglur um ábyrgð félagsins þegar vátryggingaratburður á sér stað (35. og 36. gr.), um tvítryggingar (37. gr.) og um ábyrgð þess á björgunarkostnaði (38. gr.). Í VSL eru um þessi efni ítarleg ákvæði í 36.–43. gr., 52. og 53. gr. og 75. gr., auk þess sem í 35. gr. er ákvæði um tryggingarhagsmuni, þ.e. hvaða hagsmuni heimilt sé að vátryggja.

Þótt frumvarpið hafi ekki að geyma reglur sem ætlað er að breyta í verulegum atriðum þeirri réttarframkvæmd sem verið hefur á grundvelli VSL eru reglur þess mun einfaldari en hin tilgreindu ákvæði gildandi laga og gengið er út frá því að reglur um útreikning bóta verði að finna í vátryggingarsamningunum sjálfum, en ekki í lögum, og eru því ekki gerðar tillögur um það. Þær tillögur sem eru gerðar að reglum um tvítryggingar og um björgunarkostnað eru efnislega í samræmi við gildandi rétt en leitast er við að haga orðalagi þannig að eytt sé a.m.k. einhverju af þeim túlkunarvafa sem verið hefur uppi um þau efni.

6.2 Um efni 35. gr. VSL.

Í 35. gr. VSL segir að gegn skaða megi vátryggja sérhverja lögmæta hagsmuni er metnir verða til peningaverðs, hvort heldur eru hagsmunir vátryggingartaka sjálfs eða þriðja manns. Í ákvæðinu er að finna tvær takmarkanir á því að skaðatryggja megi hagsmuni, þ.e. hagsmunirnir verða að vera löglegir og þeir verða að vera þess eðlis að þá megi meta til peningaverðs. Ástæða er til að fjalla nánar um efni þessarar greinar, einkum þar sem ekki er gerð tillaga að sambærilegri grein í frumvarpinu.

Hugtakanotkun greinarinnar miðar við að í eignatryggingum sé það í raun ekki hluturinn sjálfur sem sé vátryggður heldur þeir fjárhagslegu hagsmunir sem við hann eru tengdir. Eigandi hlutar, t.d. bifreiðar, getur haft margs konar fjárhagslega hagsmuni tengda honum, af því

að eyðilegging eða tjón á hlutnum getur falið í sér margs konar fjárhagslegt tjón fyrir hann. Það má hugsa sér að hann noti bifreiðina til persónulegra þarfa sinna og fjölskyldu sinnar og að hann noti bifreiðina einnig í tengslum við atvinnurekstur sinn, en auk þess hafi hann veðsett bifreiðina til tryggingar láni sem hann hefur tekið. Hann getur líka hafa samið við ferðaskrifstofu um að leigja henni bifreiðina til aksturs ferðamanna í útsýnisferðum á háannatíma á sumrin þegar hann er sjálfur í sumarleyfi. Í þessu tilviki er staðan ekki eingöngu sú að bifreiðareigandinn, vátryggingartaki, eigi sjálfur fjölþætta hagsmuni af því að bifreiðin verði ekki fyrir skemmdum eða eyðileggingu, aðrir kunna að eiga hér beinna hagsmuna að gæta, t.d. veðhafinn.

Skilyrði 35. gr. VSL um lögmæta hagsmuni sýnist sjálfsagt og eðlilegt, en merking þess er þó fjarri því að vera ótvíræð í öllum tilvikum. Felst í þessari kröfu t.d. að heimilistæki í húsi, sem flutt hafa verið til landsins án þess að greiddir hafi verið af þeim lögboðnir tollar og gjöld, sem skemmast af eldi eða er stolið teljast ekki lögmætir hagsmunir og gætu þess vegna ekki verið grundvöllur bóta? Hvað með sumarhús, byggt úr timbri sem tekið hefur verið ranglega út í nafni annars aðilja og byggt af mönnum sem ekki hafa lagt virðisaukaskatt á þóknanir sínar, og skemmist í eldi? Á ekki að bæta það, t.d. eftir að fimm eða tíu ár eru liðin frá byggingartíma þess? Hvað um starfsemi sem rekin er í blóra við opinbersréttarlegar reglur um mengunarvarnir eða án nægilegra öryggisráðstafana fyrir starfsfólk? Ef niðurstaðan væri sú að hagsmunir eiganda gætu ekki talist löglegir, hvað þá með hagsmuni annarra sem tengdir eru þessum eignum, t.d. veðhafa? Á hið sama að gilda um þá? Af framangreindu má ráða að áskilnaðurinn um lögmæta hagsmuni er óljós í mörgum tilvikum og það verður að ráðast af mati á atvikum hverju sinni hvort hagsmunir teljast lögmætir eða ekki. Af þessum ástæðum er hæpið að hafa slíkan áskilnað í lögum, enda merking óljós eins og fyrr greinir. Það eru auk þess önnur og heppilegri úrræði til þess að hindra að félögin verði skuldbundin til þess að greiða bætur vegna hagsmuna sem víst er að séu ólögmætir. Í fyrsta lagi er ráð fyrir því gert í 58. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, að Fjármálaeftirlitið fái til skoðunar vátryggingarskilmála áður en þeir eru boðnir vátryggingartökum hér á landi. Sambærileg krafa er í 55. gr. laganna og þar er einnig að finna heimildir fyrir Fjármálaeftirlitið til þess að krefjast þess að vátryggingarskilmálar sem eru andstæðir lögum eða góðum viðskiptaháttum verði dregnir til baka eða þeim breytt. Í öðru lagi leiðir 36. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum, til þess að félagið getur neitað að greiða bætur ef í ljós kemur að hinir vátryggðu munir teljast fela í sér ólögmæta hagsmuni, eru t.d. fengnir með þjófnaði. Auk þess hefur það lengi verið óskráð regla í íslenskum rétti að ekki sé skylt að efna þá samninga sem fara í bága við lög og gott siðferði. Er þetta ein af grundvallarreglum samningaréttar og kennd í inngangsfræðum þeirrar greinar lögfræðinnar og gjarnan í því sambandi nefndar skuldir vegna fjárhættuspila, þóknanir vegna mútugreiðslna, vændis og þess háttar. Af framangreindu leiðir að það felur ekki í sér neina áhættu að hafa ekki lengur áskilnað um að aðeins megi vátryggja lögmæta hagsmuni, auk þess sem þeirri kröfu gildandi laga hefur aldrei verið hægt að fylgja eftir til hlítar.

Skilyrði 35. gr. VSL um að einungis megi vátryggja hagsmuni sem metnir verði til peningaverðs felur það í raun í sér að einungis sé hægt að vátryggja gegn fjártjóni. Í flestum tilvikum er ekki vafi á því hvaða hagsmunir verða metnir til peningaverðs. Samt má nefna ýmis tilvik þar sem hlutir hafa minjagildi fyrir tiltekna menn og verða jafnvel metnir til peningaverðs í hugum þeirra en verða ekki metnir til fjár eftir almennum mælikvarða. Hlutir kunna að hafa mikið minjagildi en afar takmarkað peningagildi, a.m.k. á almennan mælikvarða, t.d. ættargripir og þess háttar. Skilyrðinu um að hlutir verði metnir til fjár er vart unnt að fullnægja að öllu leyti, a.m.k. ekki í þeim skilningi að þeir hafi almennt fjárhagslegt gildi. Í 35.

gr. VSL er ekki kveðið á um það hve mikið fjártjónið getur verið eða hve hátt megi tryggja hluti (hagsmuni) sem uppfylla þau skilyrði að vera bæði lögmætir og metnir til peningaverðs. Um það er regla í 39. gr. VSL sem hefur náin tengsl við 35. gr. Samkvæmt fyrrnefndu greininni er félaginu óskylt að greiða hærri bætur en með þarf til þess að bæta það tjón sem orðið hefur, þótt samið sé um annað. Í 2. mgr. segir að sé kveðið á um ákveðið verð hinna vátryggðu muna í vátryggingarsamningum, eða samið um tiltekna aðferð við mat á tjóninu, þá séu þau ákvæði skuldbindandi fyrir félagið nema það sanni að bæturnar mundu þá nema meiru en upphæð tjónsins. Reglan felur í sér bann við því að vátryggður geti hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingar eiga að vera til þess að bæta tjón og veita vátryggðum fjárhagslegt öryggi en ekki til þess að menn geti hagnast á þeim. Ákvæði 39. gr. VSL hefur verið talið veita vátryggingum sem starfsgrein yfirbragð trausts. Menn hafa talið að hætta væri á misnotkun þess nauðsynlega úrræðis sem vátryggingar eru ef ekki nyti við þessa ákvæðis, enda gæti möguleiki á því að oftryggja leitt til fleiri tryggingarsvikamála. Hugmyndin með þeirri útfærslu sem felst í 35. og 39. gr. VSL er sú að menn fái í skaðatryggingum aðeins bætt raunverulegt fjártjón sitt. Þær röksemdir sem raktar hafa verið eru í sjálfu sér allra góðra gjalda verðar. Vandinn er á hinn bóginn sá að þessum meginreglum hefur alls ekki verið fylgt að öllu leyti í framkvæmd og má fullyrða að í sumum tilvikum mundu þær, ef þeim væri fylgt samkvæmt orðanna hljóðan, setja eðlilegri vátryggingastarfsemi óheppilegar skorður og leiða til þess að vátryggingartökum þætti sér ekki sýnd full sanngirni. Sem dæmi hefur það tíðkast mjög t.d. í heimilis- og fjölskylduvátryggingum, þ.e. innbúsþætti þeirra, að ákveðið sé í skilmálum að bætur greiðist á grundvelli verðs á nýjum sams konar hlutum og að frádráttur vegna aldurs og notkunar komi því aðeins til greina að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir vátryggðan. Í þessu felst að þvottavél eða sjónvarpstæki sem eyðileggst bætist með andvirði nýs, enda sé skilyrðinu um að notagildi sé ekki verulega minnkað fullnægt. Tækin kunna að hafa verið margra ára gömul. Nývirðistrygging, en svo eru þessar tryggingar oft nefndar, leiðir í raun til þess að vátryggingartaki hagnast fjárhagslega og þarf ekki að taka á sig verðrýrnun vegna notkunar. Nývirðistrygging samræmist því ekki banni 39. gr. VSL. Heimild til að nota nývirðistryggingar hefur þó ekki verið dregin í efa í seinni tíð og víst er að þær eru til mikils hagræðis fyrir vátryggingartaka.

Þá hafa mjög tíðkast vátryggingar þar sem vátryggingarverð er bundið, þ.e. fyrir fram er um það samið hvaða fjárhæð eigi að bæta tiltekinn vátryggðan hlut. Gert er ráð fyrir þeim t.d. í 2. mgr. 75. gr. VSL, auk þess sem 2. mgr. 39. gr. miðar við að slíkir samningar tíðkist. Ljóst er að samningar um bundið vátryggingarverð samrýmast oft illa banni 39. gr. um hagnað hins vátryggða af vátryggingum, því bætur kunna oft að vera hærri en sem nemur raunverulegu fjártjóni hans. Félögin bera afar sjaldan fyrir sig að bundið vátryggingarverð eigi ekki að leggja til grundvallar vegna 2. mgr. 39. gr. Er slíkt vitaskuld erfitt fyrir þau þar sem fyrir liggur samkomulag um verð. Fullyrða má að ekki hefur verið litið á þetta sem sérstakt vandamál í framkvæmd.

Af framangreindu leiðir að reglum 35. og 39. gr. VSL, þótt þær hafi verið taldar mikilvægar grundvallarreglur, hefur ekki verið fylgt að fullu í framkvæmd og raunverulegt sjálfstætt gildi þeirra, miðað við hljóðan reglnanna, hefur því verið takmarkað. Í frumvarpi þessu er því lagt til að ekki verði haldið fast við þær, heldur verði leitast við að viðhalda þeim efnislegu grundvallarreglum sem í þeim felast með öðrum hætti. Í þessu felst að meiri ábyrgð verður lögð á félögin um að gæta þess í framkvæmd að vátryggingar verði ekki misnotaðar og á eftirlitsaðilja um að fylgjast með að svo verði.

Ákvæði þessa kafla frumvarpsins miða við að löggjafinn láti sig minna varða útreikning bóta og samninga um vátryggingarfjárhæð en VSL gera ráð fyrir. Telja verður eðlilegt að

félögunum gefist kostur á því að ráða þessum atriðum til lykta í vátryggingarskilmálum og að svigrúm verði til mismunandi útfærslna sem leiða ætti til frekari samkeppni þeirra á milli. Ítrekað skal þó að með frumvarpi þessu er ekki stefnt að róttækum breytingum á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár.

Um 35. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er við það miðað að það sé samningsatriði milli félagsins og vátryggingartaka hver vátryggingarfjárhæðin sé og hvernig vátryggingarverðmætið skuli ákveðið. Það getur verið gert með ýmsu móti, t.d. að það skuli miðað við nýviröi vátryggðs munar, notagildi hans eða verðmæti á þeim degi er vátryggingaratburður varð. Þess vegna eru það fyrst og fremst ákvæði vátryggingarsamningsins sem ákvarða það hvaða vátryggingarbætur verða greiddar. Sé ekki um annað samið gerir ákvæðið ráð fyrir því að vátryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Enn er miðað við að aðeins fjártjón sé bætt. Orðið fjártjón er notað til samræmis við orðnotkun skaðabótalaga, nr. 50/1993, sem nota orðið um hvers konar fjárhagslegt tjón. Orðin „fullar bætur“ verður að skýra eftir samhengi þeirra. Ef samið er um vátryggingarverð mundi greiðsla þess teljast fullar bætur í skilningi ákvæðisins. Sé ekki um annað samið mundu fullar bætur teljast þær bætur sem samkvæmt reglum skaðabótaréttar bæri að greiða í því tilviki sem um ræðir. Þótt því mætti halda fram að reglur skaðabótaréttar mældu ekki fullar bætur, svo sem stundum hefur verið talið um bætur fyrir líkamstjón, þá mundi það ekki auka rétt hins vátryggða eða þriðja manns til bóta, hann yrði að lúta reglum skaðabótaréttar um ákvörðun þess hvað teldust fullar bætur. Séu hagsmunir einungis vátryggðir að hluta, eða hinn vátryggði ber hluta áhættunnar, er ljóst að fullar bætur felast í réttum efndum vátryggingarsamningsins, þótt það teldust ekki fullar bætur í skilningi skaðabótaréttar.

Oftast leikur ekki vafi á því þegar eignir eru að fullu vátryggðar hverjar vátryggingarbæturnar eigi að vera. Slíkt getur þó komið fyrir, t.d. þegar um er að ræða rekstrarstöðvunartryggingar, réttaraðstoðartryggingar og ábyrgðartryggingar. Í þeim tilvikum verður að ætla að félögin sjái til þess að nánari ákvæði um ákvörðun bóta verði í vátryggingarsamningi. Aðferðir við útreikning bóta skipta einnig miklu máli í eignatryggingum. Á slíku verður að taka í vátryggingarsamningum svo sem fyrr greinir, t.d. kveða á um að draga eigi frá bótum fjárhæðir vegna rýrnunar sem leiðir af aldri og notkun eða hvort greiða eigi bætur sem samræmast nýviröi hlutar. Sá tími sem mat á verðmæti muna miðast við á einnig að vera tilgreindur í vátryggingarskilmálum, ef hann skiptir þá máli.

Sú staðreynd að í 1. mgr. er gert ráð fyrir að samið kunni að verða þannig að vátryggður eigi ekki rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt felur það í sér að félögin geta í skilmálum sínum samið um hver áhrif undirvátryggingar eiga að hafa, þ.e. þegar vátryggt er undir verði, en um það er nú ákvæði í 40. gr. VSL. Einnig er unnt að semja um eigin áhættu vátryggðs, auk þess sem hægt er að semja um nýviröistryggingar, bundið vátryggingarverð o.s.frv. Ef óvissa verður um hvernig skýra beri vátryggingarsamninga að þessu leyti kemur til kasta fyllingarreglunnar í 1. mgr. um að vátryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Orðið fjártjón tekur aðeins til útreiknings á tjóni en ekki til þess hvaða þættir eru bættir. Slíkt mundi ráðast af skilmálunum sjálfum. Ef um eignatryggingu væri að ræða og hlutur sem vátrygging tekur til eyðileggst felst reglan um bætur fyrir fjártjón í að meta á verðmæti hlutarins sjálfs. Hún felur á hinn bóginn ekki í sér að meta eigi allt fjártjón óháð því hvers konar tjón er um að ræða. Vátryggður ætti því ekki á grundvelli hennar einnar og sér rétt á bótum fyrir fjártjón sem fælist í afnotamissi af hlutnum. Stoð fyrir slíkri kröfu yrði að vera í vátryggingarsamningnum réttilega túlkuðum.

Fyllingarreglan í 1. mgr. felur í sér að vátryggður á rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Það verður að skilja svo að hann þurfi ekki að sæta frádrætti á bótum vegna þess að vátryggt sé undir verði, nema um það sé sérstaklega samið í vátryggingarsamningi. Á hinn bóginn verður að skýra regluna svo að vátryggður verði að sætta sig við eðlilegar bætur, t.d. verði að sætta sig við enduröflunarverð vátryggðs hlutar en geti ekki krafist viðgerðarkostnaðar ef sá kostnaður fer langt umfram enduröflunarverðið. Um skýringu á orðunum fullar bætur vísast til þess sem segir hér að framan.

Í 2. mgr. er lagt til að tekið verði af skarið um rétt vátryggðs til bóta sem ákveðnar eru sem viðgerðarkostnaður eða enduröflunarverð, án tillits til þess hvort hann hafi framkvæmt viðgerð eða aflað nýs hlutar. Þessi regla er í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar um að þegar staðreynt hefur verið að tjónþoli hefur orðið fyrir fjártjóni á hann rétt á skaðabótum úr hendi þess sem bótaskyldur er, óháð því hvort hann hefur eða ætlar að gera við skemmdan hlut eða afla nýs í stað þess sem eyðilagður hefur verið. Ekki þykir rétt að skylda vátryggðan til viðgerða eða enduröflunar ef hann kýs það ekki sjálfur. Frá þessu yrði þó vikið ef um það væri samið í vátryggingarsamningi eða um það væru fyrirmæli í sérlögum.

Í 3. mgr. er tekið af skarið um að vátryggður eigi rétt á bótum í peningum, nema um annað sé samið, eða það leiði af lögum. Ákvæðið felur í sér að félögin geta áskilið sér að bæta t.d. eyðilögð eða horfin heimilistæki með nýjum, sem þau afla sjálf. Ekki er útilokað að félögin geti aflað slíkra muna á góðum kjörum vegna stöðu sinnar. Verður ekki séð að hagsmunir vátryggðs séu fyrir borð bornir þótt félögin leitist við að efna skyldur sínar með þessum hætti.

Um 36. gr.

Í þessari grein er að finna heimild til þess að víkja til hliðar samningi um að tjón á tilteknum hagsmunum skuli bæta með ákveðinni fjárhæð, þ.e. þegar vátryggingarverðið er bundið. Meginreglan er ótvírætt sú að félagið sé bundið við slíkan samning, enda á félagið að hafa alla burði til að leggja mat á það hvort umsamið vátryggingarverð sé hæfilegt eða ekki. Eðlilegt þykir þó að taka það sérstaklega fram að svo þurfi ekki alltaf að vera. Miðar ákvæðið við að félagið geti vikið frá slíkri ákvörðun vátryggingarverðs ef hún byggist á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum vátryggingartaka um atvik sem höfðu þýðingu við ákvarðanatökuna. Í 2. málsl. er kveðið á um að reglur 19.–23. gr. og 31. gr. gildi eftir því sem við getur átt. Tilvísun þessi felur í sér að við svik fellur ábyrgð félagsins niður að fullu, sbr. 1. mgr. 20. gr. Í öðrum tilvikum yrði það metið með hliðsjón af þeim atriðum sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr. 20. gr. hvaða áhrif vanræksla á upplýsingaskyldu hans hefði. Miða verður við að sé um vanrækslu á upplýsingaskyldu að ræða (þ.m.t. að rangar upplýsingar hafi verið veittar) mundi það almennt leiða til þess að ábyrgð félagsins yrði lækkuð frá hinu bundna vátryggingarverði til raunverulegs verðmætis hins vátryggða. Sé sök mikil, án þess að um svik hafi verið að ræða, yrði e.t.v. gengið lengra í að lækka ábyrgð félagsins. Tilvísun til 21. gr. heimilar félaginu að segja upp vátryggingarsamningi, en til slíks þarf ekki að koma sök af hálfu vátryggingartaka. Þá felur tilvísun til 22. gr. það í sér að ef félagið vissi eða mátti vita að upplýsingar voru ófullnægjandi eða rangar geti það ekki borið vanrækslu á upplýsingaskyldu fyrir sig. Tilvísun til 23. gr. getur haft þýðingu í þeim tilvikum t.d. sem ekki er ljóst hvort listmunur er ekta eða ekki. Getur þá félagið gert fyrirvara um að ábyrgð þess sé háð því að listmunurinn sé ósvikinn, en að það greiði lægri bætur ef svo reynist ekki vera.

Þess ber að geta að heimild félagsins til að víkja frá bundnu vátryggingarverði samkvæmt þessari grein er háð því að upplýsingaskylda hafi verið vanrækt. Ekki kemur fram í greininni að þetta geti verið heimilt af öðrum ástæðum. Þess vegna hefði framvinda eftir að samningur

var gerður venjulega ekki þessi réttaráhrif þótt aðstæður breyttust. Eðlilegt er að leggja á félögin að gera ráðstafanir til að gæta hagsmuna sinna við slíkar aðstæður. Ekki er þó útilokað að almennar reglur, t.d. 36. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum, heimilaði félaginu að losna úr ábyrgð að hluta ef skilyrði til beitingar hennar væru talin vera fyrir hendi. Regla 36. gr. síðastnefndra laga, eins og hún varð eftir breytingar þær sem gerðar voru með lögum nr. 11/1986, er fyrst og fremst sett til verndar neytendum eða öðrum þeim sem standa höllum fæti í samningssambandi. Gildissvið reglunnar er þó ekki bundið við slíka aðstöðu. Vátryggingafélag gæti reist rétt á því að vátryggður eigi ekki að geta borið fyrir sig ákvæði vátryggingarsamnings um bundið vátryggingarverð ef það yrði talið ósanngjarnt þegar litið væri til allra atvika, einnig atvika sem áttu sér stað eftir að vátryggingarsamningurinn var gerður. Ætti þetta einkum við ef raunverulegt verðmæti hins vátryggða hefði breyst verulega til lækkunar og vátryggðum væri um það kunnugt, en upplýsti félagið þó ekki um það. Við mat á því hvaða áhrif þetta ætti að hafa á ábyrgð félagsins yrði m.a. að líta til þess hve mikill munur væri á hinu bundna vátryggingarverði og raunverulegu verðmæti hins vátryggða, hve lengi vátryggður hefði greitt iðgjöld miðað við hið bundna vátryggingarverð og hversu mikið athafnaleysi félagsins hefði verið. Með þessu yrði komið í veg fyrir að hinn vátryggði hagnaðist stórlega með óréttmætum hætti á kostnað félagsins.

Um 37. gr.

Í þessari grein eru reglur um tvítryggingu. Lagt er til að þær reglur verði óbreyttar að mestu frá gildandi lögum, en í VSL eru reglur um þetta efni í 41.–44. gr. Tillagan í þessari grein gerir ráð fyrir mun einfaldari framsetningu reglna um efnið, en ætti þó ekki að leiða til efnislegra breytinga sem sérstaka þýðingu hafa.

Í 1. mgr. er lagt til að ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu geti vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Orðalagið er nægilega rúmt til þess að reglan verði sú að ekki á að skipta máli hvort tjónið fellur undir fleiri en eina vátryggingu hjá sama félagi eða fleiri en einu félagi, en 41. gr. VSL tekur eingöngu til síðarnefnda tilviksins. Valfrelsi vátryggðs í þessum efnum getur skipt hann miklu máli, t.d. getur verið að hann missi iðgjaldsafslátt á einum stað en ekki öðrum, eigináhætta hans getur verið mismunandi o.fl.

Af reglu 1. mgr. leiðir líka að tvítrygging getur ekki leitt til þess að vátryggður fái tvöfaldar bætur. Hann getur aðeins fengið bætt fjártjón sitt en ekki meira. Réttur hans stendur til þess að fá tjónið bætt eftir reglum þess vátryggingarsamnings sem veitir honum hæstar bætur. Ef vátryggingarverð í tveimur vátryggingarsamningum er bundið, en á mismunandi hátt, getur hann því valið að fá bætur á grundvelli þess sem færir honum hæstar bætur. Ef þær eru samt lægri en verðmæti hins vátryggða á hann rétt á að krefja um bætur á grundvelli hins samningsins þar til hann fær fjártjón sitt að fullu bætt. Reglur þessar eru ófrávíkjanlegar þannig að í vátryggingarsamningi er ekki hægt að rýra þann rétt sem vátryggður á eftir 1. mgr.

Í 2. mgr. er ákvæði um skiptingu ábyrgðar milli tveggja eða fleiri vátryggingafélaga sem ábyrgð bera á tjóni skv. 1. mgr. Mælt er fyrir um að ábyrgð þeirra skuli vera hlutfallsleg nema um annað sé samið. Ákvörðun vátryggðs um hvaða vátryggingarsamning hann kýs að leggja til grundvallar skiptir því ekki máli um ábyrgð félaganna innbyrðis og hugsanlegur ágreiningur félaga um innbyrðis uppgjör á ekki að skipta vátryggðan máli.

Um 38. gr.

Þessi grein tekur til ábyrgðar félagsins á björgunarkostnaði en um það eru nú reglur í 53. gr. VSL. Ekki er stefnt að neinum verulegum breytingum á gildandi rétti en fullyrða má þó að réttarstaða þriðja manns sé styrkt verulega, svo sem síðar verður lýst.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skilyrði þess að félagið beri ábyrgð á björgunarkostnaði og um það hverjir eigi rétt til bóta fyrir slíkt tjón.

Í málsgreininni er vísað til 28. gr. frumvarpsins en í þeirri grein eru m.a. ákvæði um skyldu vátryggðs til að hindra að vátryggingaratburður verði og til að hindra eða takmarka tjón. Í tilvísuninni felst að það er einungis við aðstæður þar sem um er að ræða „yfirvofandi hættu“ á að vátryggingaratburður verði, eða hann er þegar orðinn, sem ákvæðinu verður beitt og félagið getur borið ábyrgð. Það er jafnframt skilyrði skv. 1. mgr. að um sé að ræða ráðstafanir sem hafa það markmið að forða tjóni sem fellur undir vátrygginguna. Skilja verður orðið ráðstafanir svo að það taki bæði til athafna og athafnaleysis. Ef markmið ráðstafana er annað en að forða tjóni eru þær félaginu óviðkomandi. Þá er gerð sú krafa að um verði að vera að ræða sérstakar ráðstafanir, en af þessari kröfu leiðir að ráðstafanir er hafa í för með sér kostnað, svo sem viðhald eða endurbætur sem fela almennt í sér ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón, mundu ekki verða á ábyrgð félagsins. Loks er það skilyrði að ráðstafanirnar séu réttlætanlegar en það verður að meta með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Við það mat yrði að líta á atvik frá sjónarhóli þess sem greip til ráðstafananna, á því tímamarki er það var gert.

Í 1. mgr. eru því ekki sett sérstök takmörk hvers konar tjón og kostnað félagið getur þurft að bera samkvæmt reglunni, enda vart hægt að gera það.

Það er heldur ekki áskilið að björgunarráðstafanir þurfi að hafa heppnast til þess að félagið beri kostnað af þeim. Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í greininni verður að telja eðlilegt að félagið beri ábyrgð á kostnaði sem af ráðstöfunum leiðir óháð því hvort þær heppnist eða ekki.

Í 1. mgr. er einnig ákvæði um hverjir geti átt rétt til greiðslna úr hendi félagsins, auk vátryggðs sem nefndur er í 1. málsl. Í 2. málsl. eiga einnig þeir sem getið er í 29. gr. frumvarpsins sama rétt, en þar eru nefndir ættingjar hans, aðstoðarmenn og aðrir sem hafa við hann sambærileg tengsl. Þeir sem þarna ræðir öðlast beinan rétt á hendur félaginu um bætur vegna tjóns sem þeir verða fyrir við ráðstafanir sem ætlað er að hindra að vátryggingaratburður verði eða takmarka tjón. Öðrum skilyrðum, þ.e. um markmið o.fl., sem nefnd hafa verið þarf einnig að vera fullnægt.

Ef þriðja manni er valdið tjóni með ráðstöfunum sem 1. mgr. tekur til og vátryggður verður ábyrgur fyrir því tjóni eftir reglum skaðabótaréttar getur vátryggður krafist þess að félagið bæti slíkt tjón með vísan til 1. mgr. Af 2. mgr. leiðir, þ.e. tilvísun hennar til 44. gr., að þriðji maður getur sett kröfu sína um bætur í slíkum tilvikum fram beint gegn félaginu en þarf ekki að sæta því að hafa kröfuna fyrst uppi á hendur hinum vátryggða. Sama regla mundi gilda um þá sem vísað er til í 29. gr. er kunna að valda þriðja manni tjóni, þótt það segi ekki í 2. mgr., enda óþarft að taka það fram.

Ákvörðun greiðslna fyrir björgunarkostnað skv. 1. og 2. mgr. ræðst af reglum skaðabótaréttar en ekki vátryggingaréttar. Hér er um að ræða skaðabætur en ekki bætur samkvæmt vátryggingarsamningi. Af því leiðir að félagið getur ekki borið fyrir sig að vátryggingarfjárhæð samkvæmt vátryggingarsamningi þeim er um ræðir eigi að takmarka greiðsluskyldu þess. Þessi staðreynd leiðir af aðstæðum og er ekki ástæða til að hafa um þetta sérstaka reglu í frumvarpinu, svo sem er í 2. mgr. 53. gr. VSL.

Um VII. kafla.

7.1 Almennur inngangur.

Í þessum kafla frumvarpsins eru reglur um tvo mikilvæga þætti vátrygginga. Hinn fyrri snýst um að hvaða marki vátrygging á að vera til hagsbóta fyrir annan en vátryggingartaka og hvaða stöðu þriðji maður á að hafa gagnvart vátryggingafélaginu. Reglurnar í 39.–43. gr. frumvarpsins taka til þessa þáttar en um þetta eru nú reglur í 54.–58. gr. og 86.–88. gr. VSL. Reglur frumvarpsins um þennan þátt fela í meginatriðum í sér viðleitni til þess að einfalda reglur VSL og skýra atriði sem þótt hafa óljós í framkvæmd gildandi laga. Hinn síðari lýtur að stöðu tjónþola þegar hinn bótaskyldi er ábyrgðartryggður en um þetta eru reglur í 95. og 96. gr. VSL. Í 44.–46. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur að nýjum reglum um þennan þátt og fela þær í sér verulegar breytingar að því leyti að þeim er ætlað að styrkja verulega stöðu tjónþola gagnvart vátryggingafélagi í slíkum tilvikum. Má færa fyrir því rök að staða tjónþola í slíkum tilvikum hafi verið ótrygg eftir reglum VSL. Úr íslenskri dómaframkvæmd má nefna dæmi um tilvik þar sem reglur VSL hafa leitt til niðurstöðu sem efast má um að séu sanngjarnar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 14. desember 2000 í málinu nr. 289/2000. Er mikið misræmi milli réttarstöðu tjónþola sem á kröfu á hendur þeim sem er ábyrgðartryggður annars vegar samkvæmt reglum VSL og hins vegar samkvæmt reglum um ábyrgðartryggingar ökutækja í umferðarlögum, nr. 50/1987, sbr. einkum 95. og 97. gr. þeirra laga.

Um er að ræða mikilvæg ákvæði, enda hefur orðið mikill vöxtur í ábyrgðartryggingum og fátt sem bendir til annars en svo verði áfram í fyrirsjáanlegri framtíð.

7.2 Hverjir eru tryggðir og staða meðvátryggðra.

Álitaefni um til hverra vátrygging taki og stöðu meðvátryggðra eru meðal flóknari álitaefna vátryggingaréttarins. Eins og áður hefur verið rakið miðar hugtakanotkun VSL við að í eignatryggingum sé það ekki hluturinn sjálfur sem sé vátryggður, heldur þeir hagsmunir sem tengjast honum. Þótt hugtakanotkun VSL hafi verið með þessum hætti miða lögin ekki við að hver og einn eigandi hagsmuna í hinum vátryggða hlut annist vátryggingu sinna hagsmuna, heldur er á því byggt að vátrygging hlutar taki sjálfkrafa til þeirra hagsmuna sem við hann eru tengdir og einhverja þýðingu hafa, sbr. 1. mgr. 54. gr. laganna. Lögin gera ráð fyrir því að vátryggingartaki hafi rúmar heimildir til að koma fram gagnvart félaginu, einnig að því er varðar hagsmuni meðvátryggðra, en þessu eru þó nokkur takmörk sett. Af þessu getur leitt að vátryggingartaki getur hafa tæmt þann rétt sem meðvátryggður kann að eiga, án þess að hinum síðarnefnda sé það ljóst. Hjá félögunum er því oft óvissa um hverjir eigi þá hagsmuni sem kunna að tengjast vátryggðum hlutum. Þótt þetta leiði e.t.v. ekki til þess að þær bætur sem félagið þarf að greiða hækki, því 39. gr. VSL kemur í veg fyrir að hærri bætur séu greiddar en sem nemur tjóni vátryggðs, er nauðsynlegt að koma í veg fyrir óvissu sem þessu fylgir. Tillögur frumvarpsins lúta einkum að því að það verði einungis takmarkaður hópur sem sjálfkrafa telst meðvátryggður í eignatryggingum og hann verði efnislega afmarkaður með þeim hætti sem reynslan sýnir að hefðu notið vátryggingar ef samið hefði verið um slíkt. Auk þess miða tillögurnar við að fjölga megi meðvátryggðum með samningum milli vátryggingartaka og félagsins. Verði tillögur þessar að lögum mundi það leiða til mun meiri vissu um það fyrir fram hverjir gætu átt hagsmuna að gæta sem meðvátryggðir, án þess að líklegt sé að hagsmunir einhverra sem hafa raunverulegra hagsmuna að gæta yrðu fyrir borð bornir. Einnig er leitast við að taka skýrlega og aðgreint á því hver sé hinn efnislegi réttur meðvátryggðra og hver sé hinn formlegi réttur, þ.e. hver sé sjálfstæður réttur þeirra til að hafa uppi kröfur t.d. á hendur félaginu og á hvaða tímamarki það geti orðið.

7.3 Staða tjónþola þegar hinn bótaskyldi er ábyrgðartryggður.

Ábyrgðartrygging felst í því að félagið og vátryggingartaki semja svo um að félagið greiði hinum síðarnefnda, eða öðrum vátryggðum, bætur fyrir fjártjón sem hann verður fyrir ef þriðji maður gerir skaðabótakröfur á hendur honum á nánar tilteknu sviði. Það er eðli ábyrgðartrygginga að það er vátryggingartaki sem er hinn vátryggði en ekki sá þriðji maður sem bíður tjón, jafnvel þótt bætur frá félaginu kunni að renna beint til hans.

Mikill vöxtur hefur verið í ábyrgðartryggingum. Á það bæði við um svonefndar frjálsar ábyrgðartryggingar og ekki síður um svonefndar lögboðnar ábyrgðartryggingar. Af lögboðnum ábyrgðartryggingum eru ábyrgðartryggingar ökutækja án efa þýðingarmestar en á síðari árum hefur það verið gert að skilyrði fyrir starfsleyfi í mörgum starfsstéttum sjálfstætt starfandi sérfræðinga að þeir hafi ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þeir valda í starfi sínu með bótaskyldum hætti. Má sem dæmi nefna löggilta fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, sbr. lög nr. 54/1997, lögmenn, sbr. lög nr. 77/1998, endurskoðendur, sbr. lög nr. 18/1997, og verðbréfamiðlun, sbr. lög nr. 13/1996, með síðari breytingum. Þótt ekki verði sagt að lögboðnar ábyrgðartryggingar breyti eðli þessarar tegundar vátrygginga verður ekki fram hjá því litið að lagareglur um skyldu tiltekinna manna eða lögaðila til þess að hafa ábyrgðartryggingu eru yfirleitt ekki settar til verndar hagsmunum vátryggingartaka, heldur fyrst og fremst til þess að tryggja öryggi í ákveðnum greinum og tryggja hagsmuni þeirra sem fyrir tjóni verða. Í þessu felst að þessar ábyrgðartryggingar eru til komnar vegna hagsmuna þeirra sem verða fyrir tjóni í ákveðnum greinum. Staða tjónþola sem kann að eiga skaðabótakröfu á hendur þeim sem er ábyrgðartryggður hefur að gildandi rétti almennt ekki endurspeglað þetta markmið með reglunum. Tillögur frumvarpsins miða við að styrkja réttarstöðu tjónþola að því er varðar rétt hans til kröfugerðar á hendur félaginu. Leitast verður við að haga skipan reglna þannig að stöðu félagsins sé ekki stefnt í tvísýnu vegna mismunandi hagsmuna tjónþola og hins vátryggða og tryggja verður mótbárurétt félagsins bæði á grundvelli skaðabótaréttar gagnvart tjónþola og vátryggingaréttar gagnvart vátryggðum. Lúta nokkrar reglur frumvarpsins því að þeim atriðum.

Um 39. gr.

Í þessari grein er tillaga að reglum um hvaða einstaklingar falla undir vátryggingu. Hana verður að lesa í samhengi við 40. gr. sem er rýmri að því er varðar þá sem teljast meðvátryggðir er eigendaskipti verða að hlut. Reglan svarar til 1. mgr. 54. gr. VSL en er þó þrengri og afmarkaðri að því er varðar fjölda meðvátryggðra. Á hinn bóginn er hún rýmri að því er varðar skilgreiningu á þeim sem teljast til „skylduliðs“ en 55. gr. VSL, því lagt er til að orðið heimilisfólk verði notað án þess að haldið sé þeim áskilnaði 55. gr. að það þurfi að vera í persónulegri þjónustu hans. Þeir sem upp eru taldir í 39. og 40. gr. eru sjálfkrafa meðvátryggðir, að öðrum skilyrðum uppfylltum, en heimilt er þó í öðrum tilvikum en við eigendaskipti að semja með öðrum hætti.

Í 1. mgr. er regla sem er sambærileg 1. mgr. 55. gr. VSL en er þó rýmri eins og áður segir, auk þess sem hún tekur ekki aðeins til búsmuna. Reglan á við utan atvinnustarfsemi. Reglan, og þar með sú sjálfvirka vátryggingarvernd sem hún veitir meðvátryggðum, er ekki takmörkuð við eignatryggingar þótt hún hafi fyrst og fremst þýðingu í þeim tegundum vátrygginga, einkum í fjölskyldu- og heimilistryggingum. Í samsettum vátryggingum njóta þess vegna maki og heimilisfólk vátryggingartaka einnig verndar t.d. í ábyrgðartryggingarhluta þeirra, réttaraðstoðarþættinum o.fl. Hið sama á við í hreinum ábyrgðartryggingum. Maki telst til meðvátryggðra og er ekki áskilnaður um að hann sé samvistum við vátryggingartaka. Við skilnað fellur á hinn bóginn niður meðvátrygging maka, en eins og fyrr segir helst hún þótt

samvistarslit verði. Orðið heimilisfólk tekur til þeirra sem eru fastir heimilismenn vátryggingartaka. Í því felst að viðkomandi verður að hafa fasta búsetu hjá vátryggingartaka og sameiginlegt heimilishald með honum. Ekki er unnt að ganga svo langt að gera það að skilyrði að viðkomandi sé alltaf í heimilisfesti hjá vátryggingartaka, t.d. mundi námsmaður sem fer að heiman til skóladvalar um vetrartíma teljast til heimilisfólks í þessum skilningi, skiptinemi sem dvelur um afmarkaðan tíma í útlöndum o.fl. Gestir vátryggingartaka falla ekki undir þetta. Þó kann að vera að langtímadvöl á heimili, t.d. ársdvöl erlends skiptinema, leiði til þess að telja beri hann til heimilisfólks vátryggingartaka í þessum skilningi.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði sem eru sambærileg 1. mgr. 54. gr. VSL en gerð er tillaga um nokkuð þrengri afmörkun þeirrar reglu. Fjallað er um meðvátryggingarvernd fyrir þá sem eiga (beinan) eignarrétt að hlut, svo og veðréttindi og önnur tryggingarréttindi í fasteign, og í vissum tegundum lausafjár að því tilskildu að hin tilteknu réttindi séu skráð í skrám sem tilgreindar eru. Reglur 2. og 3. mgr. koma til fyllingar 1. mgr. Utan atvinnustarfsemi munu því allir þeir sem taldir eru upp í 1.–3. mgr. teljast vátryggðir. Andstætt því sem 1. mgr. miðar við, sbr. að framan, taka reglur 2. og 3. mgr. einungis til eignatrygginga eins og regla 1. mgr. 54. gr. VSL. Miða verður við að orðið eignatryggingar sé hér ekki skýrt rúmt. Ef fjölga á þeim sem telja ber meðvátryggða yrði að gera það með samningi vátryggingartaka og félagsins. Þess skal sérstaklega getið að reglur 2. og 3. mgr. eru ekki takmarkaðar við tilvik utan atvinnustarfsemi eins og ákvæði 1. mgr.

Hin sjálfvirka meðvátryggingarvernd tekur, að öðrum skilyrðum uppfylltum, í fyrsta lagi til þeirra sem eiga beinan eignarrétt að hlut. Í öðru lagi tekur hún til þeirra sem eiga tilgreind óbein eignarréttindi, þ.e. veðrétt eða annan tryggingarrétt. Séu skilyrðin (einkum um skráningu) uppfyllt mundi ekki skipta máli hvort veðrétturinn byggðist á samningsveði eða aðfararveði. Ákvæði 2. mgr. tekur eingöngu til fasteignar en í 3. mgr. eru tilgreindir sérstaklega þrenns konar lausafjármunir eða söfn slíkra muna, þ.e.:

- Lausafjármunir sem hægt er að skrá í lausafjárbók, skipabók og bifreiðabók, sbr. 2.–4. tölul. 1. mgr. 8. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978.
- Rekstrartæki eins og það orð er skilgreint í 2. mgr. 24. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.
- Vörubirgðir eins og það orð er skilgreint í 2. mgr. 33. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

Um annað lausafé gilda ekki reglur um sjálfkrafa meðvátryggingu og þarf því að semja sérstaklega svo um til þess að af því verði.

Í 4. mgr. greinarinnar er því slegið föstu að greinin sé frávíkjanleg. Í því felst að félagið og vátryggingartaki geta samið svo að einhver sem teldist meðvátryggður samkvæmt greininni verði það ekki eða þá að einhverjum sé bætt við. Gera verður kröfu til þess að það komi skýrlega fram í samningi og skilmálum vátryggingar ef undanþiggja á einhvern sem ella nyti sjálfkrafa meðvátryggingarverndar.

Um 40. gr.

Í þessari grein er tillaga að reglum um tilvik þegar vátryggður munur, lausafé eða fasteign, skiptir um eiganda á vátryggingartímabilinu. Ákvæði þessarar greinar er sambærilegt 2. mgr. 54. gr. VSL en snertir einnig atriði sem 1. mgr. 54. gr. tekur til.

Meginreglan sem sett er fram í 1. mgr. er sú að við eigendaskipti að hlut gildi vátrygging til hagsbóta fyrir hinn nýja eiganda. Hinn nýi eigandi er því meðvátryggður í þeim skilningi sem það orð er notað í frumvarpinu. Staða hins nýja eiganda er nokkru betri en þess sem áður átti, að því leyti að ekki er gert að skilyrði þess að hann njóti vátryggingarverndar að hann

hafi skráð réttindi sín, þau er greinir í 2. og 3. mgr. 39. gr., svo sem eldri rétthafi. Með skráningu réttinda öðlast hann þó sterkari stöðu gagnvart félaginu sjálfu, svo sem sjá má af 41. og 42. gr.

Þótt ákvæðið taki til stöðu hins nýja eiganda við eigendaskipti er ekki tekið á því hvenær eigendaskipti teljast hafa átt sér stað. Ástæða þess er sú að hæpið er að reyna að setja um það reglur í lögum um vátryggingarsamninga. Eðlilegra er að láta það ráðast af skýringum á reglum samningaréttar eða kröfuréttar, þ.e. þegar samningsaðiljar hafa ekki sjálfir samið um það sín á milli.

Það orðalag 1. mgr. að vátryggingin gildi „einnig til hagsbóta fyrir hinn nýja eiganda“ felur það í sér að ef fyrri eigandi á einhverja hagsmuni í hlutnum þá njóta þessir hagsmunir vátryggingar ásamt þeim hagsmunum sem hinn nýi eigandi kann að eiga.

Orðalag 1. mgr. gefur ekki tilefni til að ályktа öðru vísi en svo að það sé vátryggingin sem heild sem komi til hagsbóta hinum nýja eiganda. Í því felst að ef um samsettar vátryggingar er að ræða, t.d. ef bæði eignatryggingar- og ábyrgðartryggingarþáttur og e.t.v. aðrir þættir eru í henni, mundi hann njóta góðs af þeim líka en ekki bara eignatryggingunum.

Sá 14 daga frestur sem líður þar til vátryggingin fellur niður, þ.e. þegar um það er samið að hún falli brott, er hugsaður til þess að hinn nýi eigandi hafi svigrúm til þess að vátryggja hagsmuni sína annars staðar. Þess ber að geta að ákvæði greinarinnar breyta ekki þeim takmörkunum sem eru á vátryggingarvernd samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Fari hinn nýi eigandi, eða vátryggður hlutur, út fyrir mörk lögmætrar ábyrgðartakmörkunar fellur vátryggingarverndin niður, svo sem vera mundi hjá upphaflegum eiganda.

Ákvæði 1. mgr. er frávíkjanlegt með þeirri undantekningu sem leiðir af reglu 3. málsl. en það ákvæði takmarkar svigrúm félagsins og vátryggingartaka til þess að semja svo að hinn nýi eigandi skuli ekki njóta vátryggingarverndar. Reglan er eins og regla 2. mgr. 54. gr. VSL.

Um 41. gr.

Í þessari grein og hinni næstu eru reglur um réttarstöðu þess sem er meðvátryggður samkvæmt öðrum reglum frumvarpsins. Nánar tiltekið er í þessari grein að finna reglur um vernd meðvátryggðs gegn hugsanlegum mótbárum félagsins. Í VSL eru ekki sérreglur um þessi atriði.

Í 1. mgr. er sett fram meginregla sem er á þann veg að félagið geti ekki gagnvart þeim sem nýtur meðvátryggingar samkvæmt öðrum reglum frumvarpsins borið fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð gagnvart honum vegna háttsemi sem vátryggingartaki eða annar meðvátryggður hefur viðhaft og fellur undir reglur IV. kafla frumvarpsins eða 47. gr. þess. Í þessu felst, með svipuðum hætti og samkvæmt VSL, að meðvátryggður nýtur sjálfstæðrar verndar. Hin sjálfstæða vernd gildir um alla sem eru meðvátryggðir samkvæmt reglum 39. og 40. gr. Í 2. mgr. er þó undantekning frá meginreglunni og í 3. mgr. er gert ráð fyrir heimild til þess að semja að nokkru marki um aðra lausn en af meginreglunni leiðir. Meginreglunni verður beitt um allar mótbárur þegar háttsemi annars manns hefur þýðingu, enda sé því skilyrði fullnægt að um sé að ræða tilvik sem fellur undir reglur IV. kafla eða 47. gr. Þannig getur verið um að ræða brot á upplýsingaskyldu, aukna áhættu, brot á varúðarreglum, tilvik þar sem vátryggingaratburður verður af völdum manns o.fl. Af meginreglunni leiðir að félagið getur ekki borið fyrir sig gagnvart meðvátryggðum að vátryggingartaki hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína, þ.m.t. veitt rangar upplýsingar, og mundi í því efni ekki skipta máli hve alvarleg vanrækslan væri. Að þessu leyti mundu reglur frumvarpsins, ef þær yrðu að lögum, styrkja réttarstöðu meðvátryggðs miðað við reglur VSL, sem fela í sér að félagið getur haldið fram mótbárum sínum, þegar um vanrækslu á upplýsingaskyldu vátryggingartaka er að ræða. Gera

verður þó þá undantekningu hér, að ef félagið hefur með réttum hætti gert fyrirvara um ábyrgð sína, skv. 25. gr. frumvarpsins, þá mundi sá fyrirvari einnig gilda gagnvart meðvátryggðum.

Af ákvæðinu leiðir einnig að félagið getur ekki borið fyrir sig að háttsemi vátryggðs eða annarra meðvátryggðra sem fellur undir 26., 28., 29. eða 30. gr. frumvarpsins eigi að hafa áhrif á rétt meðvátryggðs. Af þessu mundi t.d. leiða að ef félagið hefur gert fyrirvara um ábyrgð sína, ef til þess kæmi að atvinnustarfsemi með eldfim efni hæfist í húsnæði og vátryggður eða aðrir meðvátryggðir vita um slíka starfsemi í húsnæðinu, en sá meðvátryggður sem kröfuna gerir, t.d. veðhafi, veit það ekki mundi félagið, að öðrum skilyrðum uppfylltum, þurfa að greiða honum bætur.

Eins og fyrr greinir á ákvæðið við í öllum tilvikum þegar háttsemi fellur undir IV. kafla frumvarpsins. Í þessu felst að ekki er aðeins um að ræða háttsemi vátryggingartaka eða annarra meðvátryggðra heldur einnig háttsemi manna sem verða samsamaðir með þeim.

Vert er að hafa í huga að félagið ber ekki ábyrgð umfram það svið sem vátryggingin tekur til. Réttur meðvátryggðs er háður því að tjónsatvik falli undir þá áhættu sem vátryggt er gegn og reglur þessa kafla hafa ekki áhrif á slíkar hlutlægar afmarkanir á áhættusviði vátryggingarinnar. Þess vegna mundi ákvæði vátryggingarsamnings um að vátryggingin gildi ekki ef stríð skellur á, eða ef galli reynist í efni sem hlutur er framleiddur úr eða notað er í hlut, gilda gagnvart meðvátryggðum. Þá er einnig vert að hafa í huga að félagið getur haft uppi mótbárur sem byggjast á því að meðvátryggður sjálfur eða einhver sem samsamaður er honum hafi viðhaft háttsemi sem valdi því að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

Í 2. mgr. er mikilvæg undantekning frá meginreglu 1. mgr. Ákvæðið á við þegar félagið hefur gert fyrirvara um samsömun samkvæmt reglum 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins. Í heimilis- og fjölskylduvátryggingum getur því félagið hafa áskilið að maki verði samsamaður með vátryggðum. Þetta gæti félagið borið fyrir sig ef maki meðvátryggðs viðhefði háttsemi sem takmarka ætti ábyrgð félagsins. Hið sama ætti við ef félagið hefði áskilið að vátryggður skyldi samsamaður manni sem hann hefði falið vörslur og meðferð ökutækis síns.

Í 3. mgr. er heimilað að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar um er að ræða rétthafa í lausafé sem njóta mundi meðvátryggingarverndar. Eðlilegt þykir að félögin eigi þess kost að víkja með samningi að einhverju marki frá hinni víðtæku reglu 1. mgr. Heimildin til að semja á annan hátt en leiðir af 1. mgr. er takmörkuð við þá sem nefndir eru í 3. mgr. 39. gr. en í því felst að maki eða heimilismaður sem er meðvátryggður í lausafé nýtur fullrar verndar samkvæmt reglum laganna í 1. og 2. mgr. 39. gr. Í 3. mgr. þessarar greinar (41.) eru því ekki sett takmörk hvernig heimilt er að semja sig undan meginreglunni. Líklegast er þó að það verði gert með þeim hætti að meðvátryggður njóti sömu réttarstöðu og hinn vátryggði en ekki betri rétt eins og hann mundi gera í mörgum tilvikum, svo sem rakið hefur verið.

Um 42. gr.

Í þessari grein er leitast við að setja reglur um réttarstöðu meðvátryggðs að öðru leyti en gert er í þeirri síðustu. Ákvæðið samsvarar 56.–58. og 86. gr. VSL þótt framsetningin sé ólík.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að breytingar á vátryggingarsamningi eða slit hans hafi ekki réttaráhrif gagnvart meðvátryggðum nema hann hafi fengið tilkynningu um það með tilgreindum fyrirvara. Meðvátryggðir sem njóta þessarar verndar eru þeir sem 2. og 3. mgr. 39. gr. taka til. Þeir hafa mesta þörf fyrir slíka vernd og það ætti að vera einfalt fyrir félagið að afla upplýsinga um það og tilkynna þeim breytingarnar eða slitin, því þá ætti að vera finna í opinberum skrám. Að auki verður að telja að félögin sæju sér sjaldan hag í því að senda

slíkar tilkynningar og þess vegna ætti sú tilkynningarskylda sem í þessari grein getur falist ekki að íþyngja þeim um of.

Í 2. og 3. mgr. eru reglur sem taka til þess að hvaða marki félaginu er heimilt, svo bindandi sé fyrir meðvátryggða, að semja við vátryggingartaka um uppgjör bóta og greiðslu þeirra til hans.

Í 1. málsl. 2. mgr. er því slegið föstu að félagið hafi ekki slíka uppgjörs- og greiðsluheimild svo bindandi sé gagnvart meðvátryggðum skv. 2. og 3. mgr. 39. gr. Af því leiðir að félagið verður að sjá til þess að þeir taki þátt í samningnum um uppgjör og greiðslu bóta og fái að koma þar að sjónarmiðum sínum. Félaginu er ekki heimilt að inna af hendi greiðslu bóta til vátryggingartaka eða hins vátryggða ef það fer í bága við rétt meðvátryggðra samkvæmt lögum eða samningi. Hér verður að líta til þess hvort hætta sé á að hagsmunum meðvátryggðs sé raskað með því að greiða bætur beint til vátryggingartaka. Ef augljóst er t.d. að verðmæti vátryggðs hlutar nægir til tryggingar veðkröfu þrátt fyrir tjón væri ekki varhugavert þó bætur rynnu beint til vátryggingartaka. Í 2. og 3. málsl. þessarar málsgreinar eru þó undantekningar sem ættu að fela í sér nokkurt hagræði fyrir félagið og forða því að það þurfi að annast ávöxtun fjármuna fyrir vátryggingartaka og/eða meðvátryggðan. Félaginu er þannig heimilt að greiða vátryggingartaka bætur þegar endurbætur á vátryggðum hlut hafa farið fram eða sett trygging fyrir því að það verði gert. Því er einnig heimilt leggja bæturnar inn á reikning ef svo háttar til að einungis vátryggingartaki og meðvátryggðir geta ráðstafað innstæðunni sameiginlega. Ætti því félagið að geta haldið sér utan við hugsanlegan ágreining þeirra um skiptingu bótanna.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði 2. mgr. gildi einnig gagnvart öðrum meðvátryggðum samkvæmt tilgreindum ákvæðum ef hann hefur tilkynnt félaginu um rétt sinn. Ekki er í 3. mgr. gerð krafa um að tilkynningin eigi sér stað fyrir vátryggingaratburð, þannig að ályktа verður svo að það geti einnig gerst eftir hann, en það verður þó að vera á ábyrgð meðvátryggðs ef tilkynning hans kemur svo seint að hann glati rétti sínum í heild eða að hluta. Gera verður þá kröfu til slíkra tilkynninga að þær séu skýrar og hefur sá meðvátryggði sem í hlut á sönnunarbyrði fyrir því að tilkynning hafi farið fram.

Um 43. gr.

Þessi grein tekur til þeirra tilvika er aðiljar vátryggingarsamnings hafa samið um að fleiri en þeir sem teljast meðvátryggðir samkvæmt lögunum eigi að njóta stöðu sem slíkir. Í þeim tilvikum mælir ákvæðið fyrir um að þessir meðvátryggðu hafi sömu stöðu og mælt er fyrir um í 41. og 42. gr. Er við það miðað að ákvæðin gildi að fullu og þykir það ekki varhugavert þegar samið hefur verið sérstaklega um að tilteknir menn njóti stöðu meðvátryggðs. Ef félagið eða vátryggingartaki vilja í einhverju takmarka þessa vernd girða reglur frumvarpsins ekki fyrir að þeir semji um það sín á milli.

Um 44. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um stöðu tjónþola þegar hinn bótaskyldi er ábyrgðartryggður. Greininni er ætlað að koma í stað 95. og 96. gr. VSL. Efni þeirra er í stuttu máli það að í fyrsta lagi heimilar 1. mgr. 95. gr. tjónþola að ganga inn í réttarstöðu vátryggðs að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum. Í öðru lagi er tjónþola veittur tiltekinn réttur til hlutagreiðslu úr hendi félagsins þegar samið hefur verið um skiptingu sakarefnis í bótamáli tjónþola gegn vátryggðum. Í þriðja lagi mæla gildandi reglur fyrir um hlutfallsskiptingu bóta þegar kröfur eru hærri en vátryggingarfjárhæð og í fjórða lagi er kveðið á um að félaginu sé bannað, með samningum við vátryggðan eftir að vátryggingaratburður hefur

orðið, að rýra þann rétt sem tjónþola er veittur með 95. gr. Staða tjónþola að því er varðar rétt hans til að hafa uppi kröfur á hendur félaginu er rýr eftir reglum 95. og 96. gr. VSL. Hefur það leitt til dómsúrlausna sem fela í sér niðurstöður er talist geta ósanngjarnar í hans garð svo sem dómur sá er vísað er til í almennum athugasemdum við þennan kafla sýnir.

Tilgangurinn með reglum frumvarpsins er að auka vernd tjónþola og leitast við að setja fram skýrari reglur um hana en gilt hafa. Það er gert með tillögu að reglu um að tjónþoli eigi í öllum tilvikum beina kröfu á hendur félagi sem ábyrgðartryggt hefur hinn bótaskylda. Samtímis því er óhjákvæmilegt að setja fram tillögur að reglum sem tryggja hagsmuni félagsins gegn misnotkun á stöðu þess og tryggja stöðu hins bótaskylda gegn misnotkun á stöðu hans. Reglur frumvarpsins eru víðtækari en tilvitnaðar reglur VSL og er m.a. leitast við að setja reglur um atriði sem ólögfest hafa verið, t.d. um réttarsamband félagsins og tjónþola að því er varðar kröfugerð hans á hendur félaginu og meðferð hennar.

Í 1. málsl. 1. mgr. er sett fram meginregla sem felur í sér veigamiklar breytingar frá gildandi rétti en samkvæmt henni á tjónþoli beinan rétt gegn félagi í þeim tilvikum sem vátrygging bætir tjón vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar hans, þ.e. þegar hann er ábyrgðartryggður. Það er ekki gert að skilyrði að tjónþoli hafi áður haft uppi kröfu um skaðabætur á hendur hinum bótaskylda, þótt það verði líklega oftast raunin. Það er heldur ekki skilyrði að tjónþoli tilkynni hinum bótaskylda að hann muni beina kröfum sínum gegn félaginu. Skyldan til að upplýsa hinn bótaskylda um þetta hvílir á félaginu. Tjónþola er ekki, samkvæmt reglum frumvarps þessa, skylt að beina kröfum gegn félaginu, heldur hefur hann val um það hvort hann gerir það eða heldur sig við hinn bótaskylda.

Tjónþoli hefur samkvæmt tillögu þeirri sem gerð er í þessari málsgrein sjálfstæðan rétt gegn félaginu. Félagið getur því ekki losnað undan skyldum sínum með því að greiða hinum vátryggða bætur. Þessi regla mun, ef frumvarpsgreinin verður lögfest, eiga við um allar ábyrgðartryggingar en hugsanlegt er þó að um um lögboðnar ábyrgðartryggingar gildi sérreglur og leiðir þá af lögskýringarreglum að þær sérreglur ganga framar. Að þessu verður vikið nánar síðar.

Orðalag 1. mgr. miðar við að tjónþoli geti „krafist bóta“ beint úr hendi félagsins. Orðið bætur er notað í þeirri merkingu að um sé að ræða skaðabætur, enda hefur hann uppi skaðabótakröfu. Vert er þó að benda á, eins og síðar mun rakið, að í málinu getur það atvikast að félagið hafi bæði uppi mótbárur á grundvelli reglna skaðabótaréttar og einnig reglna vátryggingaréttar. Þannig getur félagið borið fyrir sig ákvæði í vátryggingarsamningi um eigin áhættu hins vátryggða. Á hinn bóginn á hinn sjálfstæði réttur tjónþola gegn félaginu frá því að vátryggingaratburður verður að koma í veg fyrir að hún verði rýrð með samningum félagsins og hins vátryggða eða framkomu hins síðarnefnda. Takmarkanir á þessari réttarstöðu tjónþola verða ekki gerðar með samningum, ef frumvarpið verður að lögum. Tjónþoli yrði heldur ekki bundinn af reglum vátryggingarsamnings um að skorið skuli úr ábyrgð hins vátryggða eða félagsins með gerðardómi. Vert er einnig að minna á að viðurkenning vátryggðs á bótaskyldu gagnvart tjónþola er ekki bindandi fyrir félagið frekar en er eftir gildandi réttarframkvæmd.

Í 2. málsl. 1. mgr. er tillaga um nýja reglu sem ekki er að finna í VSL. Tilgangurinn með reglunni er að styrkja stöðu tjónþola í framkvæmd með því að skylda vátryggðan og félagið til þess að tilkynna honum um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi. Skylda félagsins verður virk þegar því er kunnugt um vátryggingaratburð. Er ekki ætlunin að leggja sérstaka rannsóknarskyldu á félagið með reglunni, einungis að mæla fyrir um tilkynningarskyldu þess þegar því verður kunnugt um vátryggingaratburð. Ekki er lýst hvers efnis tilkynning félagsins á að vera að öðru leyti en því að það á að láta vita um tilvist ábyrgðartryggingar. Slík til-

kynning mundi þó eðlilega fela í sér upplýsingar um hvers konar ábyrgðartryggingu væri um að ræða, vátryggingarfjárhæð og önnur atriði sem sérstaka þýðingu hafa fyrir tjónþolann, einkum ef þau takmarka rétt hans að einhverju leyti, svo sem vegna fyrri háttsemi hins vátryggða.

Í 1. málsl. 2. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu félagsins til vátryggðs, enda hefur hann mikla hagsmuni af því hver framvinda málsins verður. Það kann að hafa þýðingu vegna eigináhættu hans, vegna þess að tjón getur leitt til iðgjaldahækkunar o.fl. Í 2. málsl. þessarar mgr. er girt fyrir að félagið geti með yfirlýsingum um ábyrgð bundið vátryggðan. Telji félagið bótaskyldu vera fyrir hendi en vátryggður hafnar því hefur félagið tvo kosti. Það getur greitt bætur til tjónþola en sú greiðsla bindur ekki vátryggðan. Það getur neitað að greiða bætur en afleiðing þess yrði að líkindum sú að tjónþoli mundi höfða mál til heimtu bóta og þá verður hann, eins og síðar greinir, að beina málshöfðun gegn bæði félaginu og vátryggðum, ef félagið krefst þess, sem það mundi væntanlega oftast gera í slíkri stöðu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um framangreindan rétt félagsins til að krefjast þess að tjónþoli beini einnig málshöfðun gegn vátryggðum. Ef félagið setur fram slíka kröfu verður að telja að um samaðild sé að ræða í skilningi réttarfars. Ef tjónþoli sinnir ekki kröfu félagsins yrði máli að líkindum vísað frá dómi skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Regla 4. mgr. á sér ekki hliðstæðu í VSL þótt líklegt verði að telja að sambærilegar efnisreglur eigi við í framkvæmd. Hún mælir fyrir um að tjónþoli öðlist ekki betri stöðu gegn félaginu á grundvelli reglna skaðabótaréttar en hann nýtur gegn vátryggðum. Félagið hefur allar sömu mótbárur gegn honum og hinn vátryggði hefur á þessu réttarsviði. Þá er mælt fyrir um að félagið geti haft uppi aðrar mótbárur gegn tjónþola, þ.m.t. mótbárur byggðar á reglum vátryggingaréttar, nema þær eigi rætur að rekja til háttsemi vátryggðs eftir að vátryggingaratburður varð. Í þessu felst að tjónþoli á ekki að geta öðlast betri réttarstöðu gegn félaginu en vátryggður hefði haft ef hann hefði kosið að greiða tjónþola skaðabætur og beina svo kröfu til félagsins. Félagið getur þannig borið fyrir sig að vátrygging hafi ekki verið í gildi þegar tjón varð, tjónið falli ekki undir þá áhættu sem vátryggt er gegn, því sé ekki skylt að greiða því háttsemi vátryggðs fyrir vátryggingaratburð hafi leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður og að krafan sé ekki höfð uppi nægilega tímanlega eða í því horfi sem skylt er samkvæmt skilmálum vátryggingarsamningsins. Mörkin, sem sett eru, lúta að því að félagið getur ekki borið fyrir sig háttsemi vátryggðs eftir vátryggingaratburð. Hann og félagið geta því ekki rýrt rétt tjónþola eftir að tjónsatvik verður.

Í 5. mgr. er sérstakt ákvæði sem þó verður að telja eðlilegt í ljósi þess hver staða tjónþola gegn félaginu verður ef frumvarpið verður að lögum. Með reglunni er leitast við að koma í veg fyrir að mál verði höfðað gegn íslenskum vátryggingafélögum í öðrum löndum. Slíkt getur verið mikilvægt þar sem aðrar reglur gilda t.d. um ákvörðun bótafjárhæða fyrir fjárhagslegt eða ófjárhagslegt tjón. Undantekning er gerð frá þessari reglu ef annað leiðir af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands. Er þar fyrst og fremst vísað til reglna sem Ísland hefur undirgengist með svonefndum Lugano-samningi sem fjallað er um í almenna hluta athugasemda þessara. Regla þessarar málsgreinar verður skýrð í samhengi við 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989.

Í 6. mgr. er sérregla um heimild þess sem stundar atvinnustarfsemi til þess að afsala sér rétti til þess að krefjast bóta vegna tjóns í atvinnustarfseminni beint frá félaginu. Slíkt gæti komið til í samningi milli vátryggðs og tjónþola en miða verður við að um slík frávik frá meginreglu greinarinnar yrði að semja með ótvíræðum hætti. Þörf fyrir slíka heimild yrði sjaldnast rík en heimildin er þó eðlileg því samningssamband vátryggðs og tjónþola getur verið með þeim hætti að eðlilegt sé að virða samninga þeirra um að ljúka sjálfir ágreinings-

málum sínum. Þessa getur verið þörf í samningssamböndum þar sem trúnaðarsamband er mikilvægt. Slíkum samningum eru þó sett takmörk í 2. málsl., þ.e. þau að samningurinn hefur ekki réttaráhrif við gjaldþrotaskipti á búi vátryggðs.

Um 45. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur sem lúta að stöðu tjónþola við það sem nefnt er í yfirskrift greinarinnar „lögboðnar ábyrgðartryggingar“. Með því er átt við þau tilvik er vátryggingartaki hefur tekið ábyrgðartryggingu til að fullnægja lagaskyldu um það efni. Miða verður við að með lögboðnum ábyrgðartryggingum og ábyrgðartryggingu sem tekin er til að fullnægja lagaskyldu sé átt við lög í rýmri merkingu, þ.e. þegar sett lög annaðhvort bjóða vátryggingartaka að hafa ábyrgðartryggingu, eða tryggingu ótilgreint, eða hann fær um það fyrirmæli frá stjórnvaldshafa, sem byggjast á heimild í lögum. Ákvæðið á hins vegar ekki við ef skylda vátryggingartaka til að hafa ábyrgðartryggingu byggist á einkaréttarlegum samningi og er þá sama við hvern sá samningur er.

Í 1. mgr. er sú meginregla að ákvæði 44. gr. eigi einnig við lögboðnar ábyrgðartryggingar, þ.e. þegar ekki gilda sérstakar reglur um stöðu tjónþola í viðkomandi laga- eða stjórnvaldsfyrirmælum. Regla 1. mgr. veit fyrst og fremst að stöðunni á grundvelli reglna skaðabótaréttar, enda er vísað til stöðu tjónþola og krafa hans er skaðabótakrafa.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem fremur veit að hinni vátryggingaréttarlegu hlið, þ.e. að möguleikum félagsins til þess að hafa uppi mótbárur gagnvart tjónþola og vátryggðum. Ákvæðið mælir fyrir um verulegar takmarkanir á heimildum félagsins til þess að hafa uppi mótbárur þegar um lögboðnar ábyrgðartryggingar er að ræða. Takmarkanirnar eru háðar því að félagið hafi vitað eða mátt vita að um lögboðna ábyrgðartryggingu sé að ræða. Almennt væri félagi um það kunnugt, enda yfirleitt um sérstakar tryggingar að ræða sem eru meira og minna lagaðar að þeim laga- eða stjórnvaldsfyrirmælum sem um vátryggingarskylduna gilda. Takmarkanir þessar leiða til þess að félagið getur t.d. ekki borið fyrir sig að ábyrgð þess hafi fallið niður vegna þess að einhver þau atvik hafa gerst að forsendur þess fyrir vátryggingarsamningi skv. IV. kafla frumvarpsins hafi brostið.

Vert er þó að benda á að félagið getur haldið fast við að tjón hafi orðið vegna áhættu sem falli utan vátryggingarsamnings eða að það sé umfram vátryggingarfjárhæð.

Í 3. mgr. er kveðið á um að líða verði nokkur tími, þ.e. einn mánuður, frá tilkynningu félags til viðkomandi stjórnvalds um að lögboðinni vátryggingu sé sagt upp eða hún fellur niður af öðrum ástæðum og þar til það hefur réttaráhrif gagnvart tjónþola. Fyrirvari er þó gerður ef fyrirmæli eru um t.d. lengri frest eða önnur atriði í sérlögum eða öðrum sérreglum um hina tilteknu ábyrgðartryggingu.

Um 46. gr.

Í þessari grein er leitast við að viðhalda einnig þeirri ófrávíkjanlegu lágmarksvernd sem þörf er á þegar um er að ræða svið er samningsfrelsi ríkir ella á. Tjónþoli nýtur þá þeirrar verndar að félagið getur ekki greitt bætur til vátryggðs nema hann samþykki að tjónþolinn fái greiðslu á kröfu sinni og að bannað er að krafa vátryggðs á hendur félaginu verði grundvöllur fullnustu á öðrum kröfum en skaðabótakröfunni. Í 2. mgr. er sérregla sem gildir ef bú vátryggðs hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta en þá gilda hin tilgreindu ákvæði frumvarpsins að fullu.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru reglur um uppgjör vátryggingabóta og taka reglurnar til atvika sem eiga sér stað eftir að vátryggingaratburður verður. Í IV. kafla frumvarpsins eru ýmsar reglur sem lúta að skyldum vátryggðs þegar vátryggingaratburður verður og afleiðingar þess að hann vanrækir þær skyldur sínar, sbr. 28. og 29. gr. Í þessum kafla eru á hinn bóginn ákvæði sem lúta beinlínis að bótauppgjörinu sjálfu. Ákvæðin taka einkum til upplýsingaskyldu vátryggðs gagnvart félaginu um atriði sem varða uppgjör bóta, þ.m.t. afleiðingar þess að vátryggður veitir félaginu af ásetningi rangar upplýsingar til þess að fá bætur sem hann ekki á rétt á (svik). Jafnframt eru í kaflanum reglur um tímann er vátryggingarbætur falla í gjalddaga, hvenær eindagi er og einnig um heimildir félagsins til þess að skuldajafna við gjaldfallnar bætur, reglur um vexti og dráttarvexti og reglur um fyrningu bótakrafna.

Í VSL eru reglur um flest þau atriði sem nú hafa verið nefnd. Reglurnar eru í 22.–24. gr. og 29.–30. gr. Þær tillögur sem gerðar eru í þessum kafla frumvarpsins víkja að nokkru frá reglum VSL um þessi efni, auk þess sem í frumvarpinu eru ákvæði um ýmsa þætti tengda framangreindum atriðum sem ekki eru í gildandi lögum. Í því sambandi má einkum nefna reglur um svik í tengslum við uppgjör skaðabóta og reglur um skuldajafnaðarrétt vátryggingafélaga.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru reglur um upplýsingaskyldu vátryggðs við uppgjör vátryggingabóta. Greinin kemur í stað 21. gr. VSL.

Í 1. mgr. er lögð sú sjálfsagða skylda á vátryggðan að veita félaginu þær upplýsingar og afhenda því þau gögn sem hann hefur og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Þessi skylda mundi væntanlega hvíla á vátryggðum, þótt ekki væri hún lögfest eins og hér er lagt til. Samt þykir rétt að hefja þennan kafla, um skyldu vátryggðs við uppgjör bóta, á því að undirstrika þessa skyldu hans. Er það einnig vegna þess að vanræksla hennar hefur sérstök réttaráhrif fyrir hann. Þau eru reyndar ekki tilgreind í þessari málsgrein en koma fram í 50. gr. frumvarpsins. Réttaráhrifin verða þau að vátryggður öðlast ekki sama rétt til vaxta og hann ella hefði átt, uppgjör bótanna dregst en af því ber hann sjálfur tjón og ef hann fengi greiddar bætur ranglega getur félagið endurkrafið um ofgreiddar bætur.

Í 2. og 3. mgr. er lagt til að lögfestar verði reglur um að félagið losni undan ábyrgð sinni við tilgreindar aðstæður og öðlist rétt til þess að segja upp öðrum vátryggingum.

Í 2. mgr. er regla um það sem oft er nefnt vátryggingarsvik. Orðið „svik“ er þó ekki notað, heldur miðað við að vátryggður þurfi að hafa veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit, eða má vita, að leiði til þess að hann fái bætur sem hann á ekki rétt á. Ástæða þess að orðið svik er ekki notað er sú að dómstólar virðast oft veigra sér við að telja sannað að svikum hafi verið beitt. Má sem dæmi nefna að ákvæði 30. gr. samningalaga, sem heimilar að ógilda loforð sem fengin eru með svikum, hefur mjög sjaldan verið beitt í framkvæmd. Hið sama má segja um ýmis ákvæði áður gildandi laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, sem gera svik að skilyrði. Vátryggingarsvik eru alvarlegt vandamál sem stemma verður stigu við, einnig í lögum um vátryggingarsamninga, eftir því sem unnt er. Slík háttsemi verður að hafa alvarleg réttaráhrif fyrir þann sem beitir svikum. Miðað er við að auðveldara verði að beita ákvæðinu ef það er orðað með þeim hætti sem gert er, fremur en ef orðið svik væri notað. Orðalag ákvæðisins miðar við að tvennt þurfi að liggja fyrir til þess að því verði beitt. Annars vegar verður vátryggður að hafa veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og hins vegar verður því skilyrði að vera fullnægt að hann hafi gert þetta meðvitað í þeim tilgangi

að fá bætur eða hærri bætur en hann á rétt til. Ljóst er að félagið hefur sönnunarbyrði fyrir því að báðum þessum skilyrðum sé fullnægt.

Ef sú háttsemi vátryggðs sem lýst er að framan sannast er meginreglan samkvæmt þessum málslið sú að réttur hans samkvæmt þeim vátryggingarsamningi sem um ræðir fellur niður, þ.e. hann glatar öllum rétti sínum samkvæmt honum. Hið sama á við um rétt hans samkvæmt öðrum vátryggingarsamningum, því meginreglan kveður á um að hann glati öllum rétti til bóta á hendur félaginu vegna vátryggingaratburðarins. Það nægir t.d. að vátryggður reyni með þeirri háttsemi sem að framan greinir að hafa fé t.d. úr brunatryggingu fasteignar til að réttur samkvæmt t.d. innbústryggingu falli einnig niður, þ.e. vegna þess innbús sem skemmdist í sama vátryggingaratburði. Meginreglan miðar við að hann glati öllum rétti samkvæmt þeim vátryggingarsamningum sem hann hefur í tilgreindu félagi. Frá þessu verður að gagnálykta á þann veg að meginreglan taki ekki til vátrygginga í öðrum félögum.

Frá meginreglunni er gerð undantekning í 2. málsl. þessarar málsgreinar, sem er ný regla í lögum. Sú undantekningarregla heimilar að vátryggður fái tjón sitt bætt að hluta, en skilyrði þess er að háttsemi hans sé annaðhvort ekki alvarleg eða varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða sérstakar ástæður mæli með því að hann fái bætur að hluta. Undantekningarreglan miðar einungis við bætur að hluta en gerir aldrei ráð fyrir fullum bótum. Vert er að minna á þá skipan undantekningarreglunnar að aðeins einn þeirra þriggja þátta sem í henni eru nefndir þurfa að vera fyrir hendi svo beita megi henni.

Í 3. mgr. er regla um viðtæka uppsagnarheimild félagsins á vátryggingarsamningum sem það hefur haft við hinn vátryggða, er verður ber að þeirri háttsemi sem lýst er í 2. mgr. Eðlilegt verður að telja að félagið eigi þess kost að losna úr samningssamböndum við vátryggðan er brýtur trúnað við það með þeim hætti sem lýst er í 2. mgr. Þess ber sérstaklega að geta hér að orðalag 3. mgr. er svo rúmt og afdráttarlaust að það tekur einnig til tilvika þar sem vátryggður hefur sviksamlega tilkynnt um vátryggingaratburð þótt hann hafi aldrei orðið. Er því óþarft að lögfesta sérstaka uppsagnarreglu í þeim tilvikum. Þess ber einnig sérstaklega að geta að orðalag 3. mgr. er þannig að það girðir ekki fyrir að félagið noti rétt sinn til uppsagnar ef vátryggður verður ber að þeirri háttsemi sem greinir í 2. mgr., jafnvel þó svo að hann fái bætur að hluta vegna þess að eitthvert þeirra atvika sem í undantekningarreglunni greinir hafi verið til staðar. Reglan í 2. málsl. 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Í þessari grein eru reglur um gjalddaga vátryggingabóta og innborganir félagsins á kröfu hins vátryggða.

Í 1. málsl. er sama regla og nú er í 1. mgr. 24. gr. VSL. Markmið reglunnar er að stuðla að uppgjöri vátryggingabóta svo fljótt sem kostur er. Það kann að vera matskennt hve langan tíma félagið þarf til þess að meta vátryggingaratburð og ákvarða fjárhæð bótanna en oftast mundi liggja ljóst fyrir hvort nægileg gögn séu tiltæk um þetta eða ekki. Ekki þykir ástæða til að leggja til breytingar á þeim fresti sem gilt hefur.

Í 2. málsl. er mælt fyrir um að félaginu sé skylt að greiða hluta af bótum þegar greiðsluskylda þess er ótvíræð, án þess að endanlegt uppgjör geti þó farið fram. Sambærileg regla er nú í 2. mgr. 24. gr. VSL, en þó er orðalag þessarar málsgreinar frumvarpsins þannig að félagið á að inna af hendi hlutagreiðslu þótt vátryggður fari ekki sérstaklega fram á það. Regluna verður að framkvæma af skynsemi, enda ekki ætlunin með henni að félögin inni alltaf greiðslur af hendi þegar ljóst er að borð er fyrir báru í greiðslustöðu vátryggðs. Eðlilegt er að félögin inni af hendi hlutagreiðslur einungis í þeim mæli að alveg sé ljóst að ekki þurfi að koma til þess að þau neyðist til að endurkrefja um þegar greiddar bætur. Regluna verður

einnig að skýra svo að félagið geti ekki borið fyrir sig að ágreiningur sé um uppgjör að hluta og því sé þess vegna heimilt að bíða með uppgjör. Félaginu er skylt að inna af hendi greiðslu bóta að því marki sem ekki er um þær ágreiningur, þótt vátryggður geri fyrirvara um frekari kröfur á hendur því, eða fyrirvara sem miða að því að viðhalda rétti hans til kröfugerðar.

Um 49. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um heimildir félagsins til þess að skuldajafna hugsanlegum kröfum sínum við bótagreiðslur sem því ber að inna af hendi. Ekki er sambærilegt ákvæði í VSL. Brýn nauðsyn er á skýrum reglum um rétt félagsins til skuldajafnaðar, enda eru uppgjör bóta oft flókin, einkum þegar fleiri en einn eiga rétt til bóta og hafa e.t.v. fyrir einhver óuppgerð mál við félagið. Leitast er við að setja fram einfaldar reglur. Þær taka að líkindum ekki til allra tilvika sem upp geta komið. Yrði þá að beita almennum reglum um skuldajöfnuð ef reglur þessarar greinar tækju ekki til tilviks.

Í 1. mgr. er kveðið á um takmarkanir á skuldajafnaðarrétti félagsins gegn kröfu vátryggðs. Félagið getur aðeins beitt skuldajöfnuði að því leyti sem það á kröfur á hendur vátryggðum um vangoldin iðgjöld af þeirri tryggingu sem um ræðir svo og vegna annarra vátrygginga sem hann hefur hjá því. Félagið getur ekki notað aðrar hugsanlegar kröfur sínar á hann til skuldajafnaðar. Félag er veitt hefur manni lán til bifreiðakaupa sem komið er í vanskil getur þannig ekki notað kröfur sem af því spretta til skuldajafnaðar gegn kröfu mannsins um vátryggingarbætur, heldur einungis hugsanlegar iðgjaldaskuldir hans. Orðalag ákvæðisins felur það einnig í sér að það eru einungis vangoldin iðgjöld við þetta tiltekna félag sem nota má til skuldajafnaðar. Frá þessu yrði gagnályktað á þann veg að vangoldin iðgjöld við félag í sömu samstæðu gætu ekki orðið andlag skuldajafnaðar. Ef krafa um greiðslu iðgjalds væri fyrnd en félagið mundi samt hafa hana uppi til skuldajafnaðar yrði að leysa úr því máli á grundvelli reglna fyrningarlaga.

Í 2. mgr. eru reglur um skuldajafnaðarrétt félagsins gegn öðrum en vátryggingartaka. Í þeim tilvikum er skuldajafnaðarrétturinn enn þrengri en að framan greinir. Þá hefur félagið einungis heimild til að skuldajafna iðgjaldi vegna sama vátryggingarsamnings. Áður en til þess kemur verður þó félagið að beita þeim skuldajafnaðarrétti sem það kann að eiga skv. 1. mgr. og tæma hann. Í 3. málsl. er að finna reglu um hlutfallslega skiptingu skuldajafnaðar miðað við fjárhæðir sem greiða skal þegar um fleiri meðvátryggða eða tjónþola er að ræða.

Í 3. mgr. er sérregla um lögboðnar ábyrgðartryggingar en þær hafa um margt nokkra sérstöðu að því er varðar réttarstöðu tjónþola. Reglan felur það í sér að tjónþoli sem á kröfu á grundvelli lögboðinnar ábyrgðartryggingar nýtur verndar gegn sérhverjum skuldajöfnuði á iðgjaldi, að því gefnu að félagið viti eða megi vita að um lögboðna ábyrgðartryggingu sé að ræða. Eins og fyrr er sagt mundi félagið að jafnaði hafa slíka vitneskju.

Um 50. gr.

Í þessari grein eru reglur um vexti, þ.e. bæði almenna vexti og dráttarvexti, á kröfur um vátryggingarbætur. Greininni er ætlað að koma í stað 3. mgr. 24. gr. VSL en í því ákvæði segir eingöngu að félagið skuli greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti. Miklu skiptir að ákvarða upphafstíma almennra vaxta og dráttarvaxta. Þegar vátryggingafélag fær tilkynningu um tjón sem vátrygging tekur til færir það venjulega fé á vátryggingaskuld (áður kallað bótasjóður) sína. Vátryggingaskuld félaganna er ávöxtuð með sem hagkvæmustum hætti, en ávöxtun fer þó eftir þeim kostum sem bjóðast hverju sinni. Ekki er fært að miða reglur um vexti af kröfum um vátryggingarbætur við afkomu ávöxtunar vátryggingaskuldar viðkomandi félags. Er því, svo sem eðlilegt er, reglum skipað

þannig að vátryggður eigi rétt á almennum vöxtum og dráttarvöxtum af kröfu sinni. Það skiptir félögin miklu hvernig upphafstími vaxta er ákvarðaður, einkum eftir að almennir vextir, sem svo eru nefndir í II. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, voru hækkaðir verulega. Fyrir félögin, sem varðveita eðli málsins samkvæmt miklar fjárhæðir í vátryggingaskuld sinni, hefur upphafstími vaxta og vaxtahæð verulega þýðingu. Þótt e.t.v. hefði verið eðlilegt með tilliti til hagsmuna hins vátryggða að almennir vextir reiknist á kröfu strax og félagi er send tilkynning um vátryggingaratburð er frá sjónarhóli félagsins þó nauðsynlegt að því gefist ráðrúm til þess að leggja mat á hvort greiðsluskylda muni vera fyrir hendi hjá því og hvaða fjárhæðir á að leggja til hliðar sem vátryggingaskuld. Þykir sá tími sem mælt er fyrir um í greininni hæfilegur í þessu skyni.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að vátryggður eigi rétt á almennum vöxtum af inneign sinni að liðnum tveimur mánuðum frá því að tilkynning um vátryggingaratburð var send félaginu. Er það hæfilegur tími sem félaginu er ætlaður til þess að taka afstöðu til þeirra atriða sem greinir að framan. Frávik frá þessu er að finna í 5. mgr. og vísast um skýringar þangað.

Í 2. og 3. mgr. eru reglur um almenna vexti af útlögðum kostnaði hins vátryggða og þegar félaginu ber að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar eða afnotamissis. Þessar málsgreinar þarfnast ekki skýringa.

Í 4. mgr. er að finna reglur sem eru samkynja ákvæði 7. gr. laga nr. 38/2001. Regla þessarar málsgreinar tekur þó ekki aðeins til dráttarvaxta eins og hin tilvitnaða lagagrein, heldur einnig til almennra vaxta. Reglan er í samræmi við almennar reglur kröfuréttar um að skylda til að greiða vexti falli niður þegar greiðsla fer ekki fram eða dregst af ástæðum sem varða kröfuhafann. Er það almenn regla að réttaráhrif hvers konar vanefnda verða ekki virk ef þær verða af ástæðum sem kröfuhafa verður einum kennt um. Í 3. málsl. þessarar málsgreinar eru ákvæði sem eiga sér einnig skírskotun til almenna hluta kröfuréttarins, þ.e. þegar skuldari geymslugreiðir skuld sína, sbr. l. nr. 9/1978, um geymslufé, vegna atvika sem kröfuhafi ber ábyrgð á. Þar með fullnægir hann greiðsluskyldu sinni, þ.e. þegar skilyrði þess að geymslugreiða eru fyrir hendi. Sömu rök búa að baki reglu þeirri sem hér er til umfjöllunar.

Í 5. mgr. er ákvæði sem er sama efnis og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðbætur. Það er afar algengt við uppgjör munatjóna hjá vátryggingafélögum að vátryggingarbætur séu miðaðar við verðlag á greiðslutíma, eða þeim tíma sem niðurstaða mats um verðmæti vátryggðra muna lá fyrir. Skiptir þá ekki máli hvenær vátryggingaratburður varð eða hvenær félagið fékk tilkynningu um að vátryggður mundi hafa uppi kröfur á grundvelli vátryggingarsamnings. Í slíkum tilvikum yrði beinlínis rangt að miða upphafstíma vaxta við reglu 1. mgr. þessarar greinar. Er því lagt til að sett verði regla sem er sama efnis og tilvitnað ákvæði laga um vexti og verðtryggingu og tryggir í raun svipaða niðurstöðu og 1. mgr.

Í 6. mgr. eru reglur sem taka af skarið um það hvers konar vexti er átt við. Þarfnast regla 1. málsl. ekki skýringa. Í 2. málsl. er regla um dráttarvexti. Er þar mælt fyrir um að reglur III. kafla laga nr. 38/2001 gildi um það efni. Í því felst að greiða ber dráttarvexti frá gjalddaga sé hann fyrir fram ákveðinn. Sé hann ekki fyrir fram ákveðinn er heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi sem liðinn er einn mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Í 1. mgr. 48. gr. frumvarpsins er regla um gjalddaga vátryggingabóta. Segir þar að krefjast megi greiðslu 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að meta vátryggingaratburð og ákvarða fjárhæð bótanna. Skýra verður þessa reglu um gjalddaga saman með reglum 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, sem áður er lýst, svo og 9. gr. þeirra laga sem tekur til dráttarvaxta á skaðabætur þegar um ábyrgðartryggingar er að ræða. Verður því að telja, þegar þessi ákvæði eru skýrð saman, að félaginu beri að greiða dráttarvexti á kröfur um vátryggingarbætur þegar liðinn er mánuður frá því að krafa vátryggðs kom fram,

enda hafi hún komið fram eftir 14 daga frest þann sem tiltekinn er í 1. mgr. 48. gr. Er það sanngjarn tími. Félagið getur metið ábyrgð sína og reiknað út bætur þegar það hefur aflað eða fyrir það hafa verið lögð gögn og upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. orðalag 9. gr. laga nr. 38/2001.

Vekja ber athygli á 2. málsl. 48. gr. um skyldu félagsins til að inna af hendi greiðslu að hluta. Ber því að hafa sjálft frumkvæði að hlutagreiðslu svo sem áður segir. Þegar skilyrði til hlutagreiðslu eru fyrir hendi samkvæmt greininni ber félaginu að greiða dráttarvexti á kröfuna að liðnum mánuði frá því að skylt var að greiða að hluta. Ef þessi regla gilti ekki mundi skyldan til hlutagreiðslu ekki öðlast nægilegt vægi.

Í 1. málsl. 7. mgr. er regla sem ekki á sér hliðstæðu í VSL en er talin nauðsynleg til þess að taka af skarið um að vextir og dráttarvextir leggjast á kröfur um vátryggingarbætur óháð því hvort heildarkrafan verður hærri en vátryggingarfjárhæðin eða ekki. Er eðlilegt að undirstrikað sé að reglur um skyldu til greiðslu vaxta og dráttarvaxta séu óháðar reglum um vátryggingarfjárhæð. Verður að skoða reglu þessa í því ljósi að félagið á þess kost að ávaxta fé og hafa þannig af því vaxtatekjur. Það er því að skila vátryggðum þeirri ávöxtun, eða hluta hennar, sem það hefur getað haft á fjárhæðina á meðan hún var í þess vörslum. Í 2. málsl. er mælt fyrir um skyldu félagsins til þess að vekja athygli vátryggðs á rétti hans til vaxta. Er það í samræmi við þá auknu upplýsingaskyldu er lögð er á félögin með reglum frumvarps þessa og jafnframt þá ábyrgð sem ætlast er til að þau sýni.

Um 51. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um tómlæti vátryggðs og réttaráhrif þess. Um þetta eru nú ákvæði í 30. gr. VSL. Þær reglur sem gerð er tillaga um í frumvarpsgreininni eru nokkuð rýmri í garð vátryggðs, a.m.k. veita þær honum meiri lágmarksvernd en gildandi reglur.

Í 1. mgr. er kveðið á um að vátryggður glati rétti til bóta ef krafa hans er ekki tilkynnt innan árs frá því að hann vissi um atvik sem eru tilefni kröfu hans. Geri hann það ekki fellur réttur hans brott vegna tómlætis. Reglan kann að virðast ströng en er þó mun rýmri en heimild stendur til eftir ákvæðum VSL. Félögin hafa af því mikla hagsmuni að kröfur komi fram sem fyrst og það hefur samfélagslega þýðingu að ljúka slíkum málum sem fyrst. Upphaf frestsins miðast við þann tíma er vátryggður fékk upplýsingar um þau atvik sem eru tilefni kröfu hans um vátryggingarbætur. Ákvæðið gerir kröfur til vátryggðs af því að það er á hans ábyrgð ef hann gerir sér ekki grein fyrir að atvikin sem hann hefur fengið upplýsingar um veita honum rétt til vátryggingabóta. Er óhjákvæmilegt að skipa reglum með þessum hætti, enda verður að ætlast til að vátryggður hafi sjálfur vara á sér í þessum efnum og í raun ekki öðrum til að dreifa.

Í 2. mgr. er einnig regla um réttaráhrif tómlætis. Leggur hún þá skyldu á vátryggðan að höfða mál eða krefjast meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Gerð er krafa um að tilkynning félagsins um þetta sé í tilteknu formi, þ.e. skrifleg og hún sé tiltekins efnis, eins og lýst er í málsgreininni. Hvílir skylda á félaginu að kynna upplýsingarnar fyrir vátryggðum.

Um 52. gr.

Í þessari grein eru reglur um fyrningu krafna á hendur vátryggingafélagi. Reglur um það eru nú í 29. gr. VSL en þær eru þó víðtækari þar sem þær taka til allra krafna sem rísa af vátryggingarsamningi, þ.m.t. iðgjaldakrafna. Frumvarpsgreinin tekur á hinn bóginn einungis til krafna um bætur, enda kemur það skýrlega fram í upphafsorðum hennar. Miðað er við að

reglur fyrningarlaga, nr. 14/1905, taki að öðru leyti til fyrningar krafna sem rísa af vátryggingarsamningi.

Samkvæmt 1. mgr. fyrnist krafa um vátryggingarbætur á fjórum árum. Upphafstími fyrningarfrestsins er við lok þess almanaksárs sem vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Reglan er svipuð og regla 29. gr. VSL og mundi í flestum tilvikum leiða til sömu niðurstöðu. Hún leggur þó væntanlega stundum meiri skyldur á vátryggðan þar sem orðalagið gæti í einstaka tilvikum leitt til þess að fresturinn byrjaði að líða fyrr samkvæmt frumvarpsgreininni en samkvæmt tilvitnuðu ákvæði gildandi laga. Regla sú sem hér er gerð tillaga um er skýrari þar sem hún miðar einungis við eitt tímamark en gerir ekki jafnframt áskilnað um að vátryggður þurfi að eiga þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar. Reglan um tíu ára fyrningarfrest er einnig svipuð og regla gildandi laga en gæti þó í sumum tilvikum leitt til rýmri framkvæmdar þar sem miðað er við næstu áramót á eftir vátryggingaratburði en ekki við atburðinn sjálfan eins og í VSL. Skv. 3. málsl. getur vátryggður þó alltaf byggt á fresti sem settur er skv. 2. mgr. 51. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru sérstakar reglur um það sem nefnt er hópvátryggingar. Um það eru ekki ákvæði í VSL, enda voru slíkar vátryggingar óþekktar eða því sem næst þegar norræn lög um vátryggingarsamninga voru lögfest. Hópvátryggingar hafa náð nokkurri útbreiðslu og getað það í skjóli hinna frávíkjanlegu ákvæða VSL. Félögin hafa því getað, innan þess ramma sem VSL hafa sett þeim, samið um skilmála slíkra vátrygginga. Hópvátryggingar hafa um margt sérstöðu. Í venjulegu réttarsambandi á sviði vátryggingaréttar eru oftast tveir samningsaðiljar, þ.e. félagið og vátryggingartaki. Í hópvátryggingum eru þeir þrír, þ.e. félagið, vátryggingartaki og sá sem er þátttakandi í hóp sem vátryggður er. Milli vátryggingartaka og þátttakandans er oftast einnig réttarsamband annars eðlis, oft vinnuréttarsamband eða samband sem stofnað hefur verið til með félagssamningi. Það er vátryggingartaki sem venjulega gerir hópvátryggingarsamning við félagið fyrir hönd eða í þágu þátttakendanna í hópnum, oftast starfsmanna sinna eða félagsmanna í félagi. Hinn vátryggði í hópvátryggingum gerir því almennt ekki samninginn sjálfur. Sé hópvátryggingarsamningur í gildi er það ýmist að menn verða sjálfkrafa þátttakendur í honum ef þeir uppfylla tiltekin skilyrði, t.d. ráða sig til starfa hjá ákveðnum aðila eða ganga í tiltekið félag, eða þeir þurfa að sækja sérstaklega um að fá að taka þátt í hópnum.

Í þessum kafla eru settar fram tillögur um reglur er varða hópvátryggingar og taka einkum til eftirtalinna þátta: hvert á að vera efni hópvátryggingarsamnings, um upplýsingagjöf um vátrygginguna, þ.m.t. staðfestingu á vátryggingu, um upphaf og lok þátttöku í hópi og um upplýsingar til þátttakenda í hópi og frá þeim.

Í d-lið 2. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hópvátryggingu. Þar segir að það sé vátrygging þar sem réttindi og skyldur fyrir þá sem vátrygging tekur til, hópinn, séu ákvörðuð með samningi sem vátryggingartaki geri vegna eða til hagsbóta fyrir þá sem teljast til hópsins. Í skýringum við þessa skilgreiningu í athugasemdum við 2. gr. er sérstaklega tekið fram að fjölskyldu- eða heimilistrygging sé ekki hópvátrygging, þótt í skilmálum hennar sé tekið fram að hún gildi til hagsbóta fyrir tiltekna eða ótiltekna fjölskyldumeðlimi. Vátryggingarsamningurinn verður að bera með sér að um hópvátryggingu sé að ræða, enda ráðast iðgjöld af því hverjir og hve margir séu í hópnum og iðgjöld eru greidd fyrir hvern þátttakanda sérstaklega, hvort sem það er gert af hverjum einstökum eða vátryggingartakanum fyrir allan hópinn. Hópvátryggingarsamningar eru fátíðir í skaðatryggingum þótt fátt mæli gegn

notkun þeirra á því sviði. Þeir eru mun algengari í persónutryggingum og hafa þar meiri þýðingu.

Um 53. gr.

Í þessari grein er því einungis slegið föstu að sérreglur þessa kafla um hópvátryggingar eiga að ganga framar öðrum reglum laganna en þær gildi þó einnig um hópvátryggingarsamninga eftir því sem við getur átt. Eðlilegt er að hafa um þetta sérstaka yfirlýsingu í upphafi kaflans. Það er einnig heppilegast að sömu efnisreglur gildi um vátryggingarsamninga, hvort heldur þeir taka til einstaks manns eða hóps. Það er því einungis ástæða til þess að lögfesta sérreglur um hópvátryggingarsamninga að því leyti sem það er talið óhjákvæmilegt vegna hins sérstaka eðlis þeirra, ekki síst þeirrar „fjarlægðar“ sem hinn vátryggði er í frá réttarsambandi vátryggingartaka og félagsins. Orðalagið í greininni „að því leyti sem við getur átt“ á að veita dómstólum tækifæri til þess að skýra ákvæði laganna að teknu tilliti til sérstöðu hópvátrygginga, þótt ekki hafi verið talin ástæða til að setja sérreglu sem nær til þessarar sérstöðu.

Um 54. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um hvert vera skuli efni samnings um hópvátryggingu. Í greininni eru lágmarkskröfur til efnis slíkra samninga en ekkert mælir gegn því að þeir séu ítarlegri ef þörf verður talin á. Markmið greinarinnar er að leggja þá kvöð á félagið og vátryggingartaka að taka afstöðu til þeirra atriða sem að lágmarki þurfa að vera í samningnum. Um er að ræða mikilsverð atriði sem nauðsynlegt er að semja um áður en samningur stofnast.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um að samningurinn skuli hafa að geyma skilmála hópvátryggingarinnar eða reglur um hvernig þá skuli ákvarða. Nægir samkvæmt því að lýsa því hvaða reglur gildi um ákvörðun skilmálanna. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir því að allir skilmálar hóptrygginga þurfi ekki að vera ákveðnir í eitt skipti fyrir öll. Slíkt yrði í raun ekki hægt. Ástæðan er sú að hópvátryggingarsamningur um skaðatryggingar getur tekið til margra einstaklinga sem hafa mjög mismunandi hagsmuni og aðstæður. Nauðsynlegt getur verið að ákvarða skilmála fyrir hvern og einn í hópnum eða a.m.k. að möguleiki sé fyrir hendi til að gera það. Þess vegna verður að gera ráð fyrir að skilmálar þurfi ekki að vera endanlega ákveðnir. Ef svo er ekki er þó áskilið að reglum sé lýst um það hvernig skilmálarnir séu ákveðnir. Taki félag t.d. fjölskyldu- eða heimilistryggingu fyrir félagsmenn sína gæti regla um það hvernig skilmálar skulu ákveðnir verið efnislega á þann veg að um skilmála í hverju tilviki gildi almennir skilmálar félagsins sem svo yrðu aðlagaðir að aðstæðum hvers og eins.

Í 2. mgr. er því svo lýst hvaða efnisatriði þurfi að lágmarki að vera í hópvátryggingarsamningi.

Í a-lið er ákvæði sem mælir fyrir um að í samningi um hópvátryggingu skuli mælt fyrir um hverjir séu og geti orðið þátttakendur í þeim hópi sem vátryggingin tekur til. Þegar um sjálfvirka aðild eða þátttöku í hópnum er að ræða markar ráðningarsamningur eða félagsaðild venjulega þau skilyrði sem uppfylla þarf til aðildar. Stundum gæti verið um að ræða biðtíma þar til aðild hefst, t.d. þegar gerð er krafa um að starfsmaður þurfi að starfa þrjá mánuði í fyrirtæki áður en hann öðlast rétt til aðildar að hópnum. Þegar þörf er á umsókn eða tilkynningu til þess að fá aðild, þ.e. hún er ekki sjálfvirk, þarf að taka afstöðu til þess í samningnum hverjir geti átt rétt til aðildar. Í slíkum tilvikum gæti þurft að tilgreina hvers efnis umsókn eigi að vera og í hvaða formi, hvert eigi að beina henni o.fl.

Í b-lið er kveðið á um að tilgreina verði í samningi hvort megi gera fyrirvara um þátttöku. Þarfnast þessi liður ekki skýringa.

Í c-lið er mælt fyrir um að í hópvátryggingarsamningi komi fram hvernig menn viðhaldi þátttöku sinni í hópi og hvernig menn geri fyrirvara við að verða hluti af hópnum og hvernig menn hætti í honum. Um er að ræða fyrirmæli um aðferðir við og efni tilkynninga eða yfirlýsinga um þau efni er síðast greinir. Þegar um sjálfvirka þátttöku er að ræða þarf ekki að gera neinar ráðstafanir til þess að verða hluti af hópnum. Í þeim tilvikum þarf þó að liggja fyrir hvernig, ef það er unnt, menn geri fyrirvara um aðild sína og hætti þátttöku í hópnum. Þýðingarmikið atriði í þessu sambandi er hvert eigi að beina slíkum tilkynningum og með hvaða hætti eigi að senda þær eða koma til skila. Eðlilegt er að um þetta séu einföld fyrirmæli sem tilgreind eru í samningnum sjálfum. Það er afar mikilvægt fyrir hinn vátryggða, þ.e. þátttakanda í hópnum, að honum sé ljóst hvert hann eigi að beina tilkynningum sínum. Ef svo er um samið milli félagsins og vátryggingartaka að hinn síðarnefndi eigi að fá tilkynningar sem um ræðir í þessum staflið er ljóst að félagið ber eftir sem áður ábyrgð á mistökum af hans hálfu. Ef vátryggður fullnægir skyldum sínum að því er varðar tilkynningar, en vátryggingartaki kemur þeim ekki áfram til félagsins, er það á ábyrgð félagsins, enda verður að líta á vátryggingartaka sem umboðsmann félagsins að þessu leyti.

Í d-lið er kveðið á um að í hópvátryggingarsamningi skuli vera mælt fyrir um hvort halda skuli skrá yfir þátttakendur í hópi og hver skuli halda hana. Eins og í síðasta staflið er það félagið sem ber ábyrgð á réttri færslu slíkrar skrár og skiptir í því efni ekki máli þótt það hafi samið um það við vátryggingartaka að hann haldi skrána. Geri hann það er það í umboði félagsins. Gera má ráð fyrir að almennt sé þörf á að halda slíkar skrár yfir þá sem hópvátrygging í skaðatryggingum tekur til.

Í e-lið er mælt fyrir um að í hópvátryggingarsamningi skuli tilgreint hver skuli greiða iðgjaldið til félagsins. Það er aðferðin við greiðslu iðgjaldsins sem mæla á fyrir um. Slík fyrirmæli eru nauðsynleg, enda skiptir það miklu um réttaráhrif vanskila hver á að annast greiðsluna. Ef hver þátttakandi í hópnum um sig á að annast greiðslu sjálfur er ljóst að vanskil af hans hálfu leiða til þess að ábyrgð félagsins fellur niður. Ef vátryggingartaki á að annast greiðslu iðgjaldsins leiða vanskil af hans hálfu ekki til þess að ábyrgð félagsins falli strax niður, því hagsmunir vátryggðu mæla eindregið gegn svo strangri reglu. Verður að gera kröfu til þess að félagið sendi áður aðvörun til einstakra þátttakenda í hópnum til þess að ábyrgð þess geti fallið niður.

Í f-lið eru einnig reglur sem lúta að skipulagi réttarsambandsins, þ.e. hver eigi að senda og taka við tilkynningum til og frá þátttakendum. Ítrekað skal það, sem áður sagði, að ef félagið og vátryggingartaki semja svo um sín á milli að vátryggingartaki skuli taka við tilkynningum til og frá einstökum þátttakendum í hópnum leysir það félagið ekki undan ábyrgð. Það ber hallann af því gagnvart þátttakendunum að vátryggingartakinn stendur sig ekki við að koma tilkynningum, sem honum berast, til skila.

Loks er í g-lið ákvæði um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að vátrygging verði virk eða hægt sé að halda henni við. Greiðsla iðgjalds mundi venjulega skipta miklu hér en einnig gætu komið til önnur atriði.

Um 55. gr.

Í II. kafla frumvarps þessa eru ýmis ákvæði um upplýsingaskyldu félagsins gagnvart einstökum vátryggingartökum. Þessi grein frumvarpsins mælir á hinn bóginn fyrir um upplýsingaskyldu til vátryggðs í hópvátryggingum. Í reglum II. kafla er lögð höfuðáhersla á upplýsingaskylduna gagnvart vátryggingartaka, en í þessari grein er áhersla lögð á miðlun

upplýsinga til vátryggðs, þ.e. þátttakandans í þeim hópi sem vátrygging tekur til. Vakin er athygli á að orðalag greinarinnar leiðir til þess að bæði félagið og vátryggingartakinn hafa sjálfstæðar skyldur til þess að upplýsingaskyldu sé fullnægt. Í ákvæðinu eru tvær matskenndar reglur, þ.e. um hve oft upplýsingum skuli komið á framfæri og hvernig það skuli gert. Ekki er ástæða til að hafa um þessi atriði ítarlegar reglur, enda ræðst það mjög af atvikum hve oft er þörf á að dreifa upplýsingum og með hvaða hætti þarf að gera það. Í 2. málsl. er tekið af skarið um að upplýsingum skuli komið á framfæri þegar eftir að hópvátryggingarsamningur er kominn á og síðan þegar tilefni gefst til. Skylda til að upplýsa um viðbótartryggingar getur vart orðið víðtæk og verður aðeins skilin svo að það séu ákjósanlegar viðbætur við hina tilteknu hópvátryggingu en ekki að verið sé að skylda félagið til að upplýsa einatt um allar þær tryggingar sem heppilegt gæti verið fyrir fólk að hafa.

Um 56. gr.

Í 10. gr. eru reglur um skyldu til að senda vátryggingarskírteini sem staðfestingu á vátryggingu í einstaklingsbundnum vátryggingum. Sú skylda hvílir undantekningarlaust á félaginu. Í þessari grein er mælt fyrir um skyldu til að senda hverjum þátttakanda í hópi sem vátrygging tekur til sambærilegt vátryggingarskírteini. Í greininni er ekki aðeins miðað við að félaginu sé skylt að senda slík skírteini, heldur getur skylda til þess hvílt á vátryggingartaka, allt eftir efni samnings hans við félagið. Ef samið er um þeirra í milli að vátryggingartaki skuli senda vátryggingarskírteini, og eftir atvikum það sem þeim fylgir, er ljóst að félagið þarf að sjá honum fyrir upplýsingaefni og skírteini sem hann (vátryggingartaki) dreifir svo.

Samkvæmt reglu 1. málsl. 2. mgr. getur sá sem fengið hefur vátryggingarskírteini litið svo á að vátrygging sé í gildi. Þessi meginregla á þó ekki við, sbr. 2. málsl., ef það leiðir skýrlega af skírteininu að hann uppfylli ekki skilyrði þau sem gerð eru eða eigi ekki rétt á þeim greiðslum sem hann gerir kröfu um. Orðalag 2. málsl. leiðir til þess að gera verður miklar kröfur til þess sem semur vátryggingarskírteinið, þ.e. almennt félagsins, um að það sé skýrt og að ekki eigi að leika vafi á því að viðtakandi þess uppfylli ekki skilyrði þau sem hann þarf til að vera vátryggður eða eigi ekki rétt á greiðslum. Í 3. málsl. er önnur undantekningarregla en samkvæmt henni getur félagið haft uppi mótbárur vegna þess að vátryggður uppfyllir ekki upplýsingaskyldu sína eða félagið hefur með réttum hætti gefið aðvörun um slit vátryggingarinnar eða breytingu á henni skv. 58. gr.

Um 57. gr.

Í þessari grein eru reglur um upphaf ábyrgðar félagsins.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um upphaf ábyrgðar félagsins gagnvart þeim þátttakendum í hópi, sem vátrygging tekur til, sem síðar koma til en 1. mgr. gerir ráð fyrir. Tveir kostir eru um upphaf ábyrgðar félagsins gagnvart þeim. Annar miðar við tilkynningu um greiðslu iðgjalds fyrir hann en ef hennar er ekki krafist þá er miðað við það tímamark sem hann uppfyllir skilyrði til þess að vera þátttakandi. Það er á valdi félagsins og vátryggingartaka að semja um hvaða skilyrðum þurfi að vera fullnægt.

Í 3. mgr. er regla um það hvenær sólarhringsins nákvæmlega ábyrgð félagsins hefst þegar ekki er um það samið en þó miðað við að ábyrgð hefjist á tilteknum degi í framtíðinni. Þá gerir fyllingarregla 4. mgr. 13. gr. ráð fyrir því að ábyrgðin hefjist í upphafi þess dags.

Um 58. gr.

Í þessari frumvarpsgrein er að finna reglur um lok hópvátryggingar. Efni hennar er tvíþætt, þ.e. annars vegar tilvik þegar þátttakandi í hópi sem nýtur hópvátryggingar hættir í hópnum og hins vegar tilvik þegar samningi félagsins og vátryggingartaka, þ.e. hópvátryggingarsamningnum sjálfum, er slitið.

Í 1. mgr. er ákvæði um fyrrnefndu tilvikin, þ.e. þegar þátttakandi í hópi sem vátryggður er hættir í honum og hópvátryggingarsamningurinn gerir honum ekki kleift að njóta áfram þessarar vátryggingarverndar. Við þessar aðstæður fær þátttakandinn, þ.e. vátryggður, 14 daga frest frá því að honum er send skrifleg tilkynning um að vátryggingin falli niður. Þetta er stuttur frestur en nægilega langur fyrir hann til þess að taka ákvörðun um hvort hann vilji leita eftir sambærilegri einstaklingsvátryggingu eða hætta með þessa vátryggingarvernd. Almennt mundi vera um fremur einfaldar vátryggingar að ræða, þannig að ákvörðunin er ekki flókin. Tekið skal fram að ákvæðið felur í sér lágmarksvernd og það er ekkert því til fyrirstöðu að vátryggingartaki semji um rýmri frest og þar með meiri vernd fyrir þátttakendurna. Í 2. málsl. 1. mgr. er ákvæði um þau tilvik þegar ekki er tilkynnt svo sem mælt er fyrir í 1. mgr. Þá lengist fresturinn í tvo mánuði. Hið sama á við þegar ekki er haldin skrá um hópinn og enga tilkynningu hægt að senda.

Í 3. málsl. 1. mgr. er undantekning frá reglum greinarinnar sem á við þegar þátttakandinn hefur tekið aðra vátryggingu eða gengið inn í sambærilega hópvátryggingu, t.d. vegna þess að hann hefur störf hjá öðrum vinnuveitanda sem tekið hefur slíka vátryggingu fyrir starfsmenn sína. Orðalag ákvæðisins stendur því ekki í vegi að það verði einnig látið ná til tilvika þegar þátttakandinn hefur verið tvítryggður þegar hópvátryggingunni er slitið. Gæti hann þá sótt rétt á hendur því félagi sem hann er með hina vátrygginguna hjá en hópvátryggingin ætti samkvæmt þessari grein að falla niður.

Í 2. mgr. eru reglur um tilvik er hópvátryggingarsamningurinn fellur niður, t.d. vegna uppsagnar eða vegna þess að iðgjald er ekki greitt. Þá hefur hver einstakur þátttakandi nokkru rýmri rétt en að framan greinir, þ.e. einn mánuð eftir að hann fær tilkynningu samkvæmt málsgreininni. Fái hann enga tilkynningu heldur vátryggingin gildi sínu gagnvart honum. Það er því brýnt fyrir félagið að tryggja að hann fái tilkynninguna eða vitneskju um slitin með einhverjum öðrum (sannanlegum) hætti.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að rétt er að hnykkja á að ekki er um tímabundna vátryggingu að ræða í skilningi þess ef hún á að framlengjast sjálfkrafa.

Um 59. gr.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er ætlað að tryggja stöðu þátttakanda í hópi sem nýtur vátryggingar þegar skilmálum hennar er breytt þannig að það rýri rétt hans. Gilda þá ákvæði 2. mgr. 58. gr.

Um 60. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um ábyrgð félagsins þegar tilkynningar til eða frá þátttakendum í hópi sem nýtur vátryggingar misfarast.

Í 1. mgr. eru reglur um tilkynningar til félagsins. Meginreglan er sú að einstakur þátttakandi í hópnum á ekki að bera hallann af því að tilkynning, t.d. um að hann tilheyri hópnum eða um tjón, skili sér ekki til félagsins. Ef vátryggingartaki bregst í slíkum tilvikum ber félagið hallann af því. Það er einungis þegar þátttakandinn hafði ástæðu til að ætla að tilkynningin hafi ekki borist félaginu og hann átt þess kost að tilkynna því um það sem um ræðir sem félagið ber ekki hallann af því að tilkynningin misferst. Er ákvæði um það í 2. málsl.

Ástæðulaust er að láta hann njóta réttar skv. 1. málsl. er hann veit eða má vita, þ.e. hefur ástæðu til að ætla að tilkynning hafi farið úrskeiðis. Þetta getur t.d. átt sér stað þegar félag leysist upp, bú vinnuveitanda er tekið til gjaldþrotaskipta o.fl.

Í 2. mgr. er meginreglan sú að félagið ber ábyrgð ef tilkynningar sem vátryggingartaki átti að senda þátttakendum misfarast. Kemur hann í því efni fram fyrir hönd þess. Frá þessu er undantekning í lok málsgreinarinnar.

Um II. hluta.

Í þessum hluta laganna eru reglur um persónutryggingar. Með persónutryggingum er, eins og áður greinir, átt við líftryggingar hvers konar, svo og slysa- og sjúkratryggingar. Eins og heiti þeirra bendir til lúta þessar vátryggingar með beinum hætti að lífi manna eða heilsu. Það sem skilur þessar vátryggingar frá skaðatryggingum er einkum að skaðatryggingum er ætlað að bæta fjárhagslegt tjón og í þeim vátryggingum gildir sú meginregla að enginn skuli hagnast á því að hagsmunir hans voru vátryggðir. Þessi meginregla gildir ekki í persónutryggingum, enda ekki hægt með sama hætti og í skaðatryggingum að meta þau verðmæti sem vátryggð eru eftir almennum fjárhagslegum mælikvarða. Menn geta því tekið líftryggingar þar sem bætur við andlát geta verið mun hærri en þær launatekjur sem hinn vátryggði gæti hafa haft það sem eftir væri ævinnar. Hið sama á við um slysa- og sjúkratryggingar. Ekki hefur verið talin ástæða til að óttast um það traust sem vátryggingar verða að hafa í hugum borgaranna þótt slíkt samningsfrelsi hafi ríkt í persónutryggingum og því er ekki talið tilefni til að breyta því.

Um efni einstakra kafla vísast til þess sem segir í 6. tölul. í almennum athugasemdum og um efni einstakra greina vísast til sérstakra skýringa um þær.

Ítrekað er að uppbygging frumvarpsins er með þeim hætti að leitast er við, svo sem unnt er, að hafa samræmi í kaflaskipan í I. og II. hluta, svo og í innbyrðis efnisskipan greina í einstökum köflum.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru þrjár greinar og er yfirskrift þeirra sem hér segir:

a. 61. gr. Gildissvið II. hluta laganna.
b. 62. gr. Skilgreiningar.
c. 63. gr. Ófrávíkjanlegar reglur.

Efnisskipan greina í þessum kafla er með sama hætti og í I. kafla.

Um 61. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um gildissvið II. hluta laganna og er það takmarkað við persónutryggingar. Persónutryggingar eru yfirleitt tilgreindar með jákvæðum hætti en skaðatryggingar neikvæðum eða óbeinum, þ.e. sem vátryggingar gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, vátrygging gegn skaðabótaábyrgð eða önnur vátrygging sem ekki telst til persónutrygginga. Þótt þannig kunni að vera auðveldara að afmarka svið persónutrygginga en skaðatrygginga rísa ýmis álitamál þegar það er reynt. Þegar lagt er mat á það hvort samningur telst fela í sér persónutryggingu í skilningi vátryggingaréttar, eða annars konar samning, ræðst niðurstaðan af efni samningsins en ekki af heiti hans. Niðurstaðan ræðst heldur ekki af því hvort sá sem veitir vátryggingu hefur leyfi til rekstrar vátryggingastarfsemi samkvæmt lögum nr. 60/1994 eða ekki.

Þótt persónutryggingar veiti vátryggingarvernd lífi og heilsu vátryggðs þurfa þær ekki að vera einu vátryggingarnar sem það gera. Ábyrgðartryggingar, sem ætlað er að veita vátryggð-

um vernd gegn skaðabótaskyldu sem hann kann að baka sér eftir almennum reglum, bæta líkamstjón í þeirri víðtæku merkingu sem það hugtak er notað í skaðabótalögum, þ.e. bæði líftjón og líkamsmeiðsl, svo og heilsutjón sem stafa kann af sjúkdómum, allt að því gefnu að skilyrði til skaðabóta séu fyrir hendi og hin sérstöku skilyrði laganna uppfyllt. Þær teljast eftir sem áður til skaðatrygginga. Sjúklingatryggingar samkvæmt lögum um það efni, nr. 111/2000, veita þeim rétt til bóta sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni, eða missi framfæranda, einkum í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð, annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá sjálfstætt starfandi löggiltum heilbrigðisstarfsmanni. Sjúklingatryggingar teljast samt ekki persónutryggingar, heldur flokkast þær sem ábyrgðartryggingar og heyra þar með til skaðatryggingum, jafnvel þótt þær skilji sig frá ábyrgðartryggingum að því leyti að innan ramma þeirra er ekki áskilnaður um skaðabótaábyrgð eftir almennum reglum, heldur einungis að tjóni sé valdið við þær aðstæður sem undir lögin heyra.

Ítreka verður því að í vafatilvikum ræðst það af nánari skoðun á efni vátryggingarsamnings hvers konar vátryggingu verið sé að veita. Mikilvægt er að slík úrlausn sé reist á vandaðri athugun, enda getur það skipt miklu máli í ýmsum samböndum hvort fara beri eftir reglum I. eða II. hluta laganna. Það hefur líka oft þýðingu að skera úr um það hvort vátrygging er líftrygging eða annars konar persónutrygging, t.d. er mælt fyrir um skráningu líftrygginga og ýmissa réttinda í þeim í XVII. kafla, en sambærileg skráningarskylda gildir ekki um aðrar persónutryggingar.

Í 2. mgr. er nánari tilgreining á því hvað teljist til persónutrygginga en þar er þó ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu. Í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi er að finna útlistanir á þeim vátryggingum sem nefndar eru hér persónutryggingar. Sú tilgreining er þó ekki tæmandi, enda kann að fara svo að til verði fleiri afbrigði þessara vátrygginga í framtíðinni en nú eru þekkt. Eitt af einkennum persónutrygginga hefur verið talið að þær hafa verið nefndar summutryggingar, þ.e. vátryggingarsamningur hefur kveðið á um að tiltekin fjárhæð komi til greiðslu ef vátryggingaratburður verður, óháð raunverulegu fjárhagslegu tjóni.

Nauðsynlegt er að gera nokkra frekari grein fyrir efni þeirra vátrygginga, sem í frumvarpi þessu teljast til persónutrygginga.

Það sem fyrst og fremst einkennir líftryggingar er að þær vátryggja dánaráhættu þann tíma sem vátryggingarsamningur er við lýði. Auk dánaráhættu er einnig oft um að ræða vátryggingu gegn örorku, t.d. þannig að greiddar eru bætur ef líkamstjón veldur örorku samkvæmt skilgreiningu vátryggingarsamnings. Í líftryggingu er greint á milli þess sem nefna má hreinar líftryggingar, þ.e. áhættulíftrygginga og samsettra líftrygginga, en í þeim er einnig söfnunarþáttur. Í hinum síðarnefndu skuldbindur félagið sig til, auk þess að veita vernd gegn dánaráhættu, að greiða tiltekna fjárhæð á umsömdu tímamarki, svo sem þegar vátryggður hefur náð ákveðnum aldri t.d., 70 ára aldri. Vátryggingarfjárhæðin kemur því alltaf til útborgunar annaðhvort við andlát vátryggðs eða við lok samningstímans, þ.e. þegar tilteknum aldri er náð. Í líftryggingum er einnig greint á milli höfuðstólstrygginga og lífeyristrygginga, svo sem gert er í VSL. Það einkennir höfuðstólstryggingar að vátryggingarfjárhæðin greiðist í einu lagi við andlát vátryggðs eða á öðru umsömdu tímamarki, t.d. við tiltekinn aldur, en í lífeyristryggingum stendur skylda félagsins til þess að inna af hendi greiðslur með ákveðnum fresti, t.d. mánaðarlega eða á sex mánaða fresti á meðan vátryggður lifir eða þar til hann nær tilgreindum aldri.

Einkenni slysatrygginga er að vátryggt er gegn líftjóni (andláti) eða líkamstjóni sem hefur í för með sér örorku vegna slysa. Orðið örorka er hér notað í rúmri merkingu, enda þekkist

bæði að nota orðið um svonefnda læknisfræðilega örorku og fjárhagslega örorku, sbr. 5. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, auk þess sem örorkumat framkvæmt skv. 2. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, sbr. rgl. nr. 379/1999, er sérstakt mat ætlað til tiltekinna afnota. Við bætist svo að í reglum um einstaka lífeyrissjóði kunna að vera reglur um mat á örorku sem víkja að einhverju marki frá öllum þeim reglum sem að framan greinir. Slysatryggingar eiga það sameiginlegt með líftryggingum að vátryggt er gegn dánaráhættu, en það skilur þó á milli að líftryggingar taka til dánaráhættu óháð orsökum dauða, nema sérstakur fyrirvari sé réttilega gerður, en slysatryggingar vátryggja aðeins gegn dánaráhættu að andlátið orsakist af slysum. Slysatrygging er einnig frábrugðin líftryggingum að því leyti að slysatrygging er alltaf áhættuvátrygging en aldrei samsett með söfnunarvátryggingu.

Sjúkratryggingar eru um margt sambærilegar slysatryggingum. Það sem fyrst og fremst skilur á milli er að sjúkratryggingar vátryggja gegn heilsu- eða líftjóni af völdum sjúkdóma en ekki slysa eins og slysatryggingar. Venjulega veitir sjúkratrygging rétt til dagpeninga á meðan á sjúkdómsforföllum stendur og til endurgreiðslu lækniskostnaðar og annars sjúkrakostnaðar vegna veikinda.

Í 2. málsl. er sérstaklega tekið fram að vátryggja megi hvort sem er líf eða heilsu vátryggingartakans eða annarra, en þetta er sama regla og nú er í 97. og 119. gr. VSL.

Í 3. mgr. er sérstaklega mælt fyrir um að þegar rætt sé um líftryggingu í þessum hluta laganna sé einnig átt við heilsutryggingu, nema annað sé tekið fram. Undir heilsutryggingar fellur sjúkdómatrygging án uppsagnarréttar. Fer því um slíkar heilsutryggingar samkvæmt þeim reglum sem gilda um líftryggingar. Af því leiðir að um heilsutryggingar í þessum skilningi gilda reglur um skráningu í XVII. kafla o.fl. Þetta er, svo sem áður greinir, sama afmörkun og notuð er í 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Það er sammerkt þessum vátryggingum og líftryggingum og það ræður fyrst og fremst þessari flokkun að heilsutryggingar eru óuppsegjanlegar af hálfu félagsins og almennt ætlaðar til langs tíma.

Í 4. mgr. eru ákvæði um frekari afmörkun á gildissviði þessa hluta laganna.

Í fyrsta lagi kemur þar fram að ákvæði hlutans gildi ekki um endurtryggingar. Er þetta sama regla og gildir um skaðatryggingar, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Sama regla er í alið 2. mgr. 1. gr. VSL. Vísast um rök fyrir því að undanskilja endurtryggingar gildissviði laganna til skýringa við síðastnefnt ákvæði frumvarpsins.

Í öðru lagi er mælt fyrir um að þessi hluti laganna gildi ekki um tryggingar lífeyrissjóða. Í ýmsum tilvikum geta risið álitaefni um þessa afmörkun. Í skýringum við norsk lög um vátryggingarsamninga er gert ráð fyrir að þau geti átt við um tryggingar lífeyrissjóða. Hér á landi er löng hefð fyrir skylduaðild að lífeyrissjóði og eru lagaákvæði og annað regluverk um lífeyrissjóði ítarlegt og um flest endurskoðað fyrir skömmu. Lífeyrissjóðir hafa lögbundið hlutverk og er ætlað að veita sjóðfélögum tiltekna vernd, fyrst og fremst lífeyri þegar tilteknum aldri er náð, en einnig vernd ef þeir verða fyrir alvarlegri starfsorkuskerðingu og tilteknum aðstandendum vernd ef sjóðfélagi andast. Iðgjald í lífeyrissjóði er ekki ákveðið eftir sömu reglum og iðgjald vegna vátrygginga, heldur ræðst það einkum af því sem um semst í kjarasamningum. Reglum þessa hluta laganna er ekki ætlað að hreyfa við reglum um þá vernd sem lífeyrissjóðir veita. Það á bæði við um það sem nefna má tryggingar sameignarlífeyrissjóða og séreignarlífeyrissjóða og um skyldubundinn lífeyrissparnað og viðbótarlífeyrissparnað. Ekki skiptir máli hver fengið hefur heimild til að annast rekstur lífeyrissjóðs eða taka við og varðveita viðbótarlífeyrissparnað. Einstök vátryggingafélög, ásamt mörgum öðrum, gera í dag samninga um viðbótarlífeyrissparnað. Það veldur því ekki að þeir samningar verði vátryggingarsamningar. Þess ber þó að geta að það er ekki útilokað að í tengslum við slíkan sparnað geti verið gerðir vátryggingarsamningar og gilda þá ákvæði þessa hluta

um þá. Verður það, eins og fyrr segir, að ráðast af efni samninganna. Þess skal einnig getið að í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, er lífeyrissjóðum heimilað að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna, í heild eða að hluta, hjá vátryggingafélagi. Slíkir samningar væru að öðru jöfnu vátryggingarsamningar, þó ekki um persónutryggingu. Lífeyrissjóðum er einnig samkvæmt nefndum lögum heimilað að kaupa vátryggingarvernd fyrir einstaka sjóðfélaga sína hjá vátryggingafélagi. Slíkir samningar yrðu án efa taldir vera samningar um persónutryggingu.

Í þriðja lagi er kveðið á um að ákvæði þessa hluta laganna gildi ekki um tryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar. Um þær tryggingar gilda sérstök lög og þær lúta sérstökum sjónarmiðum sem einkum miðast við almenna lágmarksvernd hinna tryggðu, en ekki sömu reglum og gilda um vátryggingar. Er einmitt oft skilið á milli almannatrygginga og þær nefndar opinberar tryggingar til aðgreiningar frá einkavátryggingum sem reglur frumvarps þessa taka einkum til.

Geta má þess hér, þótt ekki hafi verið talin ástæða til að gera það í frumvarpstextanum, að þótt finna megi í lögum eða stjórnvaldsreglum orðið tryggingar, slysatryggingar, vátryggður og þess háttar þarf það ekki að þýða að um sé að ræða vátryggingar sem falla undir þennan hluta eða I. hluta laga þessara. Eins og áður greinir verður að meta það hverju sinni. Sem dæmi má nefna að í 1. mgr. 9. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, er mælt fyrir um að í kjarasamningi skuli m.a. kveðið á um tryggingar, þ.e. þeirra starfsmanna sem kjarasamningur tekur til. Með stoð í þessu ákvæði hafa verið settar reglur nr. 30/1990 og 31/1990, sem nefndar eru reglur um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum, vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi (eða utan starfs). Þótt þetta séu nefndar slysatryggingar og í reglunum talað um vátryggðan og þann sem tryggður er falla þessar tryggingar utan gildissviðs þessa hluta laganna, enda byggjast þær ekki á forsendum vátrygginga.

Þrátt fyrir framanritað er það vitaskuld ekki útilokað að dómstólar teldu sér heimilt að beita einhverjum ákvæðum þessa hluta laganna um annars konar „tryggingar“ með lögjöfnun ef þeir teldu skilyrði vera fyrir hendi.

Um 62. gr.

Í þessari grein eru skilgreiningar ýmissa hugtaka sem mikið eru notuð í II. hluta laganna. Er greinin um margt spegilmynd 2. gr. frumvarpsins og sum hugtakanna skilgreind með sama hætti. Í einstaka tilvikum er þó nauðsynlegt að gera afbrigði þar sem skilur á milli skaðatrygginga og persónutrygginga.

Skilgreiningar í a-, g- og h-lið eru hinar sömu og í 2. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Í b-lið er hugtakið vátryggingartaki skilgreint. Fyrri hluti skilgreiningarinnar er eins og í b-lið 2. gr. og þarfnast hann ekki frekari skýringa en fram koma í athugasemdum við þá grein. Vátryggingartaki í persónutryggingum tekur á hinn bóginn einnig til þess sem öðlast eignarrétt á vátryggingunni vegna framsals. Í 106. gr. er lagt til að heimilt verði að framselja vátryggingu svo sem heimilt er skv. 111. gr. VSL. Skilgreiningin leiðir til þess að framsalshafi öðlast þá stöðu vátryggingartaka samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Í c-lið er hugtakið vátryggður skilgreint. Það er gert með nokkuð öðrum hætti en í 2. gr. sem helgast bæði af því að hagsmunir þeir sem vátryggingin tekur til eru ólíkir og af sérstöðu ábyrgðartrygginga, sem teljast til skaðatrygginga. Orðið vátryggður er ekki notað í III. kafla VSL sem fjallar um líftryggingar, og einungis í einni grein í IV. kafla um slysa- og sjúkratryggingar, þ.e. í 123. gr. Notuð eru önnur orð, svo sem „sá sem tryggður er“ og „sá maður

er líf eða heilbrigði hefur verið tryggt“, sbr. 100. og 124. gr. VSL. Ekki er þó að sjá að þessi orðnotkun hafi verið skýrt afmörkuð í lögunum, því í athugasemdum með greinum þessara kafla er orðið vátryggður notað fullum fetum í sömu merkingu og framangreind orð (sjá Alþingistíðindi 1953, A-deild, bls. 242–246). Þótt ekki fari alltaf vel á því að tala um vátryggðan, þegar um persónutryggingar er að ræða, er hér lagt til að það orð verði notað, enda rík hefð fyrir því. Merking orðsins er skýr, þ.e. það á við um þann mann, hvers lífs eða heilsu vátrygging tekur til.

Í d-lið er orðið höfuðstólstrygging skilgreint. Eins og kemur fram í skilgreiningunni einkennir það höfuðstólstryggingar að félaginu ber að greiða tiltekna fjárhæð. Engu skiptir hvort greiðslur eigi að fara fram á einum gjalddaga eða fleirum, þótt hið fyrrnefnda sé venjulegast. Fer þá greiðsla ýmist fram við andlát hins vátryggða eða þegar hann nær tilteknum aldri. Í öðrum tilvikum greiðist hin tiltekna fjárhæð á ákveðnu tímabili. Þær tryggingar eru vissulega um margt líkar lífeyristryggingum, en sé fjárhæð sú sem félagið á að greiða í heild sinni fyrir fram ákveðin verður að telja að um höfuðstólstryggingu sé að ræða.

Í e-lið er orðið lífeyristrygging skilgreint. Það sem einkennir þær vátryggingar er að félaginu ber samkvæmt samningnum að inna af hendi greiðslur með tilteknu millibili sem nefna má lífeyri. Lífeyristryggingar eru aðgreindar frá höfuðstólstryggingum, eins og fyrr greinir, að því leyti að fjárhæð greiðslu félagsins er ekki fastákveðin fyrir fram. Greiðsluskyldan stofnast á tilteknu tímamarki, t.d. þegar vátryggður nær tilteknum aldri og varir þar til hann deyr, eða hún stofnast við andlát hans og varir svo lengi sem rétthafinn lifir eða t.d. þar til börn vátryggðs hafa náð tilteknum aldri.

Orðið hópvátrygging er skilgreint í f-lið. Í persónutryggingum er það almennt einkenni hópvátrygginga að þær taka til manna í tilteknum hópi og er ætlað til hagsbóta fyrir þá eða nánustu ættingja þeirra. Ekki er gerð krafa í skilgreiningunni um neinn lágmarksfjölda þátttakenda í hóp, enda geta aðstæður verið þannig að þeim fækki t.d. í einn, en hann getur haft ríka hagsmuni af því að tryggingin sé í gildi. Slíkt yrði þó að líkindum einsdæmi.

Í i-lið er orðið rétthafi skilgreint en það orð er ekki í 2. gr. Orðið er mikið notað í II. hluta laganna, sbr. t.d. XV. kafla. Ekki þykir ástæða til að skýra merkingu orðsins frekar en skilgreiningin gerir.

Um 63. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að ákvæði II. hluta laganna séu ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram. Sama regla gildir um ákvæði I. hluta, með undantekningu að því er lýtur að stærri rekstraraðiljum, sbr. 3. gr. Vísast til skýringa um þá grein framar í athugasemdum þessum. Því skal einungis bætt við að enn ríkari þörf er fyrir ófrávíkjanlegar reglur í persónutryggingum þar sem þær eru yfirleitt neytendatryggingar. Er því engin nauðsyn hér á þeirri undantekningu sem er í 3. gr. Í einstökum tilvikum er sérstaklega tekið fram að heimilt sé að semja á annan veg en mælt er fyrir um í tilteknum greinum frumvarpsins. Má sem dæmi um það nefna 86.–89. gr. Er eðlilegt að í ýmsum tilvikum sé félaginu veittur réttur til þess að takmarka áhættu sína eða binda hana skilyrðum. Verður ekki séð að gengið sé með ósanngjörnum hætti á hagsmuni vátryggingartaka, vátryggðs eða rétthafa þótt slíkar heimildir séu í sumum ákvæðum frumvarpsins.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um upplýsingaskyldu félagsins vegna persónutrygginga. Efni reglnanna svarar að verulegu leyti til efnis reglna II. kafla um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga vegna skaðatrygginga, en ýmis afbrigði verður þó að gera vegna ólíks eðlis þessara

tveggja meginflokka vátrygginga. Má um almennar athugasemdir að miklu leyti vísa til þess sem segir í almennum athugasemdum við II. kafla frumvarpsins. Eins og þar greinir eru engin ákvæði í VSL sem kveða á um upplýsingaskyldu félagsins í öðrum tilvikum en þegar því er það nauðsynlegt til þess að gæta hagsmuna sinna. Ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga í þessu frumvarpi eru hluti af því markmiði að styrkja réttarstöðu neytenda. Upplýsingagjöf í viðskiptum er hluti af neytendavernd. Ákvæði í lögum um vátryggingastarfsemi sem lúta að upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og eru einkaréttarlegs eðlis, þ.e. 60. gr. þeirra laga, eiga betur heima í lögum um vátryggingarsamninga. Er því, til samræmis við skipan reglna II. kafla, gerð tillaga um að efni 60. gr. laga um vátryggingastarfsemi verði flutt í lög um vátryggingarsamninga.

Vátryggingartaki hefur fyrst og fremst þörf fyrir upplýsingar fyrir og við gerð vátryggingarsamnings. Hann hefur einnig þörf fyrir upplýsingar við endurnýjun samningsins, þótt sú þörf sé ekki eins rík og við stofnun hans. Í líftryggingum, sem ætlað er að standa í lengri tíma, hefur vátryggingartaki einnig þörf fyrir upplýsingar, t.d. til að vera minntur á hvaða ráðstafanir hann hefur gert varðandi vátrygginguna og hverjar hinar sérstöku skyldur hans séu. Hann hefur einnig þörf fyrir upplýsingar þegar kemur að uppgjöri bóta, t.d. um forsendur þess o.fl. Leitast er við með reglum frumvarpsins að tryggja upplýsingagjöf til vátryggingartaka á öllum framangreindum stigum.

Um 64. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingafélags við töku vátryggingar. Svo sem fyrr greinir er þörf vátryggingartaka fyrir upplýsingar mest þá. Efnislega er reglan sambærileg 4. gr. frumvarpsins og má því að hluta styðjast við skýringar á þeirri grein. Andlag þeirrar vátryggingarverndar sem persónutryggingum er ætlað að veita er afmarkaðra og ekki eins fjölbreytilegt og í skaðatryggingum. Aðferðirnar við að veita vátryggingarvernd í persónutryggingu eru þó margbreytilegar, t.d. eru til fjölmörg afbrigði líftryggingar. Hagsmunir vátryggingartaka í upphafi felast því fremur í upplýsingum um aðferðir en gildissvið, þótt það skipti einnig máli. Þess ber einnig að geta að persónutryggingar eru stundum hluti af annars konar fjármálaþjónustu sem vátryggingafélög veita. Í slíkum tilvikum tekur upplýsingaskyldan einnig til fjármálaþjónustunnar og með hvaða hætti hún kann að hafa áhrif á efni vátryggingarsamningsins, einkum vátryggingarverndina. Orðalag greinarinnar tekur nokkurt mið af þessum aðstæðum.

Ekki er mælt fyrir um hvernig félaginu ber að koma upplýsingum sem því ber að veita samkvæmt þessari grein til vátryggingartaka. Er miðað við að það geti verið munnlega eða skriflega. Ekki er heldur kveðið á um það hvenær félagið á að hafa sinnt upplýsingaskyldu sinni, enda er augljóst að svo upplýsingar nýtist vátryggingartaka þarf hann að hafa fengið þær áður en hann tekur ákvörðun um hvort hann gerir vátryggingarsamning við félagið.

Í 1. mgr. er kveðið á um að upplýsingaskyldan hvíli á félaginu og að hún taki einnig til þess sem kemur fram fyrir hönd félagsins, þ.e. í umboði þess. Skyldan stendur til þess að veita nauðsynlega ráðgjöf. Í því felst að það er háð þekkingu vátryggingartaka og aðstæðum hverju sinni hve langt félaginu ber að ganga í upplýsingagjöf sinni. Í skýringum við 4. gr. er þess getið að félagið eigi ekki að þurfa að kanna sjálft hverjar séu þarfir vátryggingartaka í skaðatryggingum. Þessu er á annan veg farið í persónutryggingum. Félaginu ber að sjá til þess að hann fái nauðsynlega ráðgjöf um hvernig þörfum hans um vátryggingarvernd verði mætt með vátryggingu. Skyldur félagsins til að meta þörf vátryggingartaka eru því ríkari í persónutryggingum en skaðatryggingum. Það verður því að afla þeirra upplýsinga hjá honum sem nauðsyn ber til svo það geti metið þarfir hans. Vátryggingartakinn verður að veita allar

þær upplýsingar sem hann er beðinn um svo félagið geti sinnt skyldu sinni um að meta þarfir hans. Frá upplýsingaskyldunni eru frávik að því er varðar tilteknar upplýsingar, einkum um erfðafræðileg atriði sem sérstakt ákvæði er um í 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tillaga að reglum um nánari útfærslu á upplýsingaskyldu félagsins og lúta þessar upplýsingar að þeim vátryggingum sem til álita koma fyrir vátryggingartaka. Þau atriði sem tilgreind eru í málsgreininni eru þau sem almennt má ætla að séu mikilvæg fyrir vátryggingartaka, en þau eru ekki tæmandi talin eins og orðalagið ber með sér. Meðal þess sem félaginu ber að upplýsa um er ávöxtun á höfuðstól vátryggingarinnar, þegar við á. Sé hún breytileg ber félaginu eðlilega að vekja athygli á því. Að öðru leyti er ekki þörf á skýringum á þessari málsgrein.

Í 3. mgr. er ákvæði um upplýsingar um efni löggjafar. Samkvæmt orðanna hljóðan á reglan við þegar aðiljarnir geta ekki valið um löggjöf. Þá hefur félagið skyldu til þess að upplýsa vátryggingartakann um það og ef þörf krefur efni þeirrar löggjafar. Þörf vátryggingartaka fyrir upplýsingar er einnig afstæð að því er lýtur að efni löggjafar. Hin almenna regla 1. mgr. um inntak upplýsingaskyldu gildir einnig um löggjöf, enda er efni hennar hluti af mati vátryggingartaka á kostum hans við að taka ákvörðun um hvernig hann hagar vátryggingarvernd þeirri sem hann tekur. Ef aðiljar geta valið um löggjöf á ákvæði þessarar málsgreinar ekki við, en minnt skal á að þá gildir hin almenna regla 1. mgr.

Í 4. mgr. er ákvæði sem er sambærilegt að efni til og 2. mgr. 4. gr. Þar er lögð sú skylda á félagið að upplýsa um, í vátryggingarskírteini eða vátryggingarskilmálum, hvaða aðiljar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar og ágreiningsmála sem varða vátryggingarsamninga og um rétt til þess að bera deilumál undir dómstóla.

Um 65. gr.

Efni þessarar greinar er nú í 60. gr. laga um vátryggingastarfsemi að því frátöldu að ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar eru óþörf þar sem sömu reglur er að finna í 67. gr. frumvarpsins. Verður um skýringar að vísa til skýringa með 60. gr. í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem síðar varð að lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994 (sjá Alþingistíðindi 1993–94, A-deild, bls. 3094).

Um 66. gr.

Efni þessarar greinar er hið sama og efni 5. gr. frumvarpsins að því frátöldu að orðalagsmunur er á tilgreiningu á vátryggingarandlagi. Hefur það ekki efnislega þýðingu. Má um skýringar vísa til skýringa með 5. gr.

Um 67. gr.

Efni þessarar greinar er að mestu hið sama og efni 7. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er þó áskilið að tilgreint sé félagsform þess félags sem býður persónutryggingu. Þessi viðbótarkrafa kemur til vegna þess að slík regla er nú í 60. gr. laga um vátryggingastarfsemi og ekki ástæða til að breyta því. Sama ástæða er fyrir því að skylt er að tilgreina útibú samkvæmt því sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, en ekki í 1. mgr. 7. gr. Hvorugt þessara atriða þarfnast skýringa.

Ákvæði 2. mgr. er líka efnislega eins og 2. mgr. 7. gr. en í síðarnefndu greininni er þó sérákvæði um ábyrgðartryggingar ökutækja sem ekki á við í þessari grein. Efnislega þarfnast reglan ekki frekari skýringa en fram koma í athugasemdum með 7. gr.

Um 68. gr.

Þessi grein er samhljóða 8. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 69. gr.

Þessi grein er samhljóða 9. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 70. gr.

Í þessari grein er tillaga að reglum um vátryggingarskírteini í persónutryggingum. Í tillögum frumvarpsins um lagalega þýðingu vátryggingarskírteina í líftryggingum felast breytingar sem eðlilegt er að geta á þessu stigi. Vátryggingarskírteini í líftryggingum, líftryggingarskírteini, hafa til þessa talist til viðskiptabréfa í íslenskum rétti og um þau hafa almennt gilt reglur um viðskiptabréf. Þessi staða líftryggingarskírteina hefur m.a. byggst á 111.–115. gr. VSL, en samkvæmt þeim greinum öðlast sá sem fengið hefur framsal líftryggingarskírteinis öll þau réttindi gegn félaginu sem samningurinn veitir. Framsalshafi stendur að baki þeim sem á veðrétt í kröfu samkvæmt líftryggingarskírteini. Ákvæði 113. og 114. gr. VSL tryggja þó helst stöðu líftryggingarskírteinis sem viðskiptabréfs enda tryggja þau réttarstöðu þess sem í grandleysi eignast réttindi samkvæmt líftryggingarskírteini. Þótt ekki hafi farið fram á því athugun má að líkindum fullyrða að almenn þýðing líftryggingarskírteinis sem viðskiptabréfs hefur verið takmörkuð í viðskiptum hér á landi.

Í frumvarpinu er lagt til að hverju vátryggingafélagi sem veitir líftryggingar verði gert að færa líftryggingarskrá, þar sem m.a. eru skráðar allar kvaðir sem lagðar eru á réttindi samkvæmt samningi um líftryggingu. Ekki er gert ráð fyrir því að slíkar kvaðir séu jafnharðan færðar á líftryggingarskírteinið. Verður það því ekki lengur til þess fallið að þjóna sem viðskiptabréf, enda mun það ekki alltaf bera með sér þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið yfir réttindum samkvæmt líftryggingarsamningi. Eftir sem áður geta réttindi samkvæmt líftryggingarsamningi verið andlag viðskipta, hvort sem um veðsetningu, framsal eða aðra ráðstöfun er að ræða. Öryggið er ekki hið sama og áður, nema ef lagt er fram vottorð úr líftryggingarskrá. Það er hluti af eðlilegri þróun að mæla fyrir um að upplýsingum skuli safnað í líftryggingarskrá, sem að líkindum verður rafræn skráning. Er vart hægt að gera ráð fyrir því í framtíðinni að líftryggingarskírteini í skriflegu formi samkvæmt hefðbundinni merkingu verði notað í viðskiptum.

Efni 1. mgr. er hið sama og efni 1. mgr. 10. gr. og má um skýringar vísa þangað.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hvað fram skuli koma í vátryggingarskírteini í persónutryggingum. Markmið reglnanna er hið sama og sambærilegra reglna í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Eiga því einnig við hér, að breyttu breytanda, þær skýringar sem eru í athugasemdum með þeirri grein.

Ákvæði a–d-liðar eru efnislega samhljóða a–d-lið 2. mgr. 10. gr. og má um skýringar vísa til athugasemda við þau ákvæði.

Í e-lið er mælt fyrir um að tilgreina skuli í vátryggingarskírteini hvaða fyrirvara félagið hafi gert um takmörkun á ábyrgð vegna heilsu hins vátryggða eða í tengslum við breytingar á áhættu. Slíkar takmarkanir á ábyrgðinni geta verið með ýmsu móti, t.d. þannig að dvelji vátryggður erlendis í meira en hálft ár í senn geti félagið sagt upp vátryggingunni. Þá geta verið takmarkanir tengdar athöfnum vátryggðs, t.d. ef hann tekur þátt í hnefaleikum, svifflugi, teygjustökki o.fl. Eins geta verið fyrirvarar um ábyrgð félagsins ef vátryggður skiptir um starf og þarf það þá að koma fram í vátryggingarskírteini. Eins má vera að félagið undan-

þiggi sig ábyrgð vegna tilgreindra sjúkdóma og ber að tilgreina það í vátryggingarskírteini.

Í f-lið er mælt fyrir um að tilgreina skuli hvaða varúðarreglur gilda, en þær eru eðli máls samkvæmt öðru vísi í persónutryggingum en í skaðatryggingum. Í þessum staflið er vísað m.a. til 90. gr., en þar er mælt fyrir um að félagið geti losnað úr ábyrgð ef vátryggður veldur því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Varúðarreglur þekkjast vart í líftryggingum, en vera má að slíkar reglur séu settar í öðrum persónutryggingum. Þær geta t.d. lotið að skyldum vátryggðs til þess að leita læknis við tilteknar aðstæður eða sæta tiltekinni læknisrannsókn við sérgreindar aðstæður. Slíkar varúðarreglur þurfa að vera skýrar til þess að vera skuldbindandi fyrir hinn vátryggða og lagt er til í þessum staflið að þær beri að tilgreina í vátryggingarskírteini, enda fela þær í sér sérstakar kvaðir fyrir hinn vátryggða.

Ákvæði g-liðar er efnislega samhljóða g-lið 2. mgr. 10. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þann lið.

Samkvæmt 3. mgr. ber að tilgreina rétthafa sé hann tilnefndur við töku vátryggingarinnar. Tilnefning rétthafa er einhliða ákvörðun vátryggingartaka og er því ekki niðurstaða gagnkvæmra samninga eða eiginlegra skilmála vátryggingarinnar. Er því ekki sjálfgefið að það leiði af ákvæði 1. mgr. að tilnefning rétthafa yrði tilgreind í vátryggingarskírteini. Er því til öryggis mælt sérstaklega fyrir um það í þessari málsgrein. Mikilvægt er að slíkrar tilnefningar sé skilmerkilega getið í vátryggingarskírteini til þess að vátryggingartaka sé alltaf ljós sú ráðstöfun réttinda sem hann hefur þannig gert. Fleiri ákvæði frumvarpsins hafa þann tilgang að vátryggingartaki sé minntur á slíka ráðstöfun.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 10. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við síðarnefnda ákvæðið.

Um 71. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldu félagsins til þess að veita upplýsingar á vátryggingartíma. Greinin á sér ekki nákvæma hliðstæðu í I. hluta, en 11. gr. frumvarpsins hefur þó sama markmið. Munur á efni greinanna helgast af því tvennu að persónutryggingar eru oft til lengri tíma og þær eru nánast alltaf neytendatryggingar og þörf fyrir upplýsingar þess vegna meiri en í skaðatryggingum.

Í 1. mgr. eru ákvæði um tilvik þar sem iðgjald er ekki greitt árlega, heldur greitt að fullu eða fyrir lengri tíma. Í þeim tilvikum ber félaginu að sjá til þess að þörfum vátryggingartaka fyrir upplýsingar sé fullnægt. Er nokkurra atriða getið sérstaklega þar sem hann getur haft þörf fyrir upplýsingar. Vátryggingartaki hefur ríka hagsmuni af því að geta fylgst með ágóðahlutdeild þeirri sem honum hefur áskotnast af vátryggingunni. Hið sama má segja um upplýsingar um endurkaupsverð, enda geta þær haft skattalega þýðingu fyrir hann auk annars konar þýðingar. Eðlilegt er að minna vátryggingartaka á þær ráðstafanir sem hann hefur gert með réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi og hann getur einnig haft þörf fyrir áminningu um hvaða ráðstafanir honum séu heimilar, en þó öllu fremur óheimilar. Þetta á einkum við ef hann hefur framselt réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi með óafturkallanlegum hætti. Mælt er einnig fyrir um skyldu félagsins til þess að upplýsa um aðra kosti við vátryggingar sem til greina koma eða nýja viðbótarvernd sem það hefur boðið fram eftir að vátrygging var tekin eða endurnýjuð. Ástæða er til að árétta að ekki er lögð sú skylda á félagið í persónutryggingum, fremur en skaðatryggingu, að viðhafa svo víðtæka upplýsingaskyldu um aðra kosti við vátryggingar eða viðbótarvernd að það þurfi að gera vátryggingartaka grein fyrir vátryggingum sem önnur félög bjóða, eða viðbótarvernd, sem hann getur fengið þar.

Ef iðgjald er greitt árlega er eðlilegt að upplýsingagjöf sé almennt miðuð við það tímamark en ekki er þó hægt að útiloka að félaginu beri einnig að upplýsa vátryggingartaka ef sérstakt tilefni er til utan þess. Til að hnykkja á þessu er lögð sú skylda á félagið í 2. mgr. að veita upplýsingar skv. 1. mgr. við endurnýjun.

Um 72. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með því að upplýsingaskyldu samkvæmt lögunum sé fullnægt. Það fellur undir almennt eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins skv. V. kafla laga um vátryggingastarfsemi en eðlilegt þykir að hnykkja sérstaklega á því hér. Þarfnast greinin ekki efnislegra skýringa.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla eru mikilvægar reglur um gerð vátryggingarsamnings, um upphaf ábyrgðar félagsins, um vátryggingartímann og lok hans, um slit vátryggingarsamnings af ýmsum ástæðum og um uppgjör af því tilefni. Svipaðar reglur um skaðatryggingar eru í III. kafla frumvarpsins. Ákvæði VSL um þessi efni eru ekki eins heildstæð og þau sem hér er gerð tillaga um.

Það er nokkrum vandkvæðum bundið að setja fram sameiginlegar reglur um sjúkra- og slysatryggingar annars vegar og líftryggingar hins vegar. Þær fyrrnefndu hafa í framkvæmd farið í mörgum efnum eftir reglum um skaðatryggingar, t.d. um gildistíma o.fl., en líftryggingar hafa notið sérstöðu. Vegna sérstöðu líftrygginga hefur verið nauðsynlegt að gera tillögu um nokkrar sérreglur í kaflanum um þær, en að öðru leyti eiga sömu reglur við.

Andlag persónutrygginga er líf og heilsa vátryggðs. Upplýsingaöflun félaganna um vátryggðan lýtur þess vegna að öllu því sem skiptir máli um áhættuna tengda lífi og heilsu hans. Aldur hans, almennt heilsufar, sérstakir sjúkdómar og atvinna hans eru allt atriði sem skipta félagið máli við mat á áhættu þess. Í 4.–10. gr. VSL eru reglur um skyldu vátryggingartaka/vátryggðs til að veita upplýsingar, en skipan þessara reglna miðast fyrst og fremst við greiningu á því hvaða afleiðingar röng upplýsingagjöf hefur. Upplýsingagjöf vátryggingartaka/vátryggðs skiptir líka miklu máli fyrir mat á því hvenær vátryggingarsamningur kemst á. Eitt af því sem miklu varðar er hve lengi vátryggingartaki hefur upplýsingaskyldu. Lýkur henni þegar hann hefur afhent útfyllt eyðublað með beiðni um vátryggingu, eða lýkur henni ekki fyrr en félagið hefur samþykkt vátryggingarbeiðni hans? Hefur hann e.t.v. upplýsingaskyldu á vátryggingartímanum? Leitast er við að ráða fram úr þessum álitaefnum með ákvæðum frumvarpsins.

Þótt skipan reglna frumvarpsins sé þannig með öðrum hætti en í VSL eru ekki gerðar tillögur til stórfelldra breytinga á þeim reglum sem gilt hafa samkvæmt VSL eða mótast í framkvæmdinni. Í ýmsu tilliti er þó staða vátryggingartaka styrkt og verður m.a. vikið að því við skýringu á einstökum greinum.

Um 73. gr.

Efni þessarar greinar tengist ákvæðum frumvarpsins um hvenær ábyrgð félagsins hefst og um upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Greinin á sér ekki hliðstæðu í I. hluta laganna, enda efni hennar beinlínis tengt sérstöðu persónutrygginga.

Í greininni er þeirri reglu slegið fastri að vátryggingartakinn hafi, þegar heilsa hans versnar áður en vátryggingarsamningur er endanlega kominn á, fullnægt skyldu sinni til upplýsingagjafar þegar hann hefur í góðri trú fyllt út og afhent (sent) félaginu umsóknareyðublað sem félagið hefur gefið út. Vátryggingartakanum er samkvæmt greininni ekki skylt að leið-

rétta upplýsingar þær sem hann hefur gefið þótt hann verði síðar veikur, verði fyrir slysi eða honum verði síðar ljóst að upplýsingar þær sem hann veitti félaginu voru ekki réttar. Kjarni málsins er sá að hann hafi í upphafi veitt þær upplýsingar um heilsufar sitt sem hann vissi réttastar, þ.e. hann verður að vera grandlaus um þær breytingar sem síðar kunna að verða á heilsufari hans.

Í 1. málsl. er kveðið svo á að félagið eigi að reisa mat sitt á því hvort það veitir vátryggingu eða ekki á umsókninni og viðbótarupplýsingum sem það kann að afla þegar hún er til meðferðar. Félaginu er óheimilt að nota nýjar upplýsingar um versnandi heilsu vátryggðs sem koma fram eftir afhendingu umsóknar. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að skv. 82. gr. er hvorki vátryggingartaka né vátryggðum skylt að gefa upplýsingar eftir að félagið hefur samþykkt að veita vátryggingu.

Það er forsenda þess að framangreind meginregla eigi við að vátryggingartaki hafi afhent fullbúna umsókn um tiltekna vátryggingu. Rökin fyrir þessari reglu eru einkum þau að aðstæður verða að vera þannig að vátryggingartaki hafi tekið skuldbindandi ákvörðun af sinni hálfu, hann hafi metið þá vernd sem vátrygging veitir og hvað hann muni þurfa að greiða mikið iðgjald. Með samþykki félagsins er kominn á vátryggingarsamningur. Fram að þeim tíma er vátryggingartaki afhendir fullbúna umsókn um tiltekna vátryggingu verður hann að upplýsa félagið um allar breytingar sem honum er kunnugt um á heilsufari sínu eða slys sem hann verður fyrir. Félagið hefur líka heimildir til að biðja hann um viðbótarupplýsingar um þróun heilsufars hans. Með fullbúinni umsókn er átt við umsókn með þeim upplýsingum og í því horfi sem óskað er eftir. Í sumum tilvikum kann að vera óskað eftir upplýsingum frá lækni, að undangenginni skoðun hans. Það teldist ekki fullbúin umsókn ef vátryggingartaki veitti upplýsingarnar sjálfur án læknisskoðunar.

Í 2. málsl. er ákvæði sem takmarkar nokkuð þá meginreglu sem er í 1. málsl. Forsenda þess að félagið beri ábyrgð á versnandi heilsu vátryggðs er að sú að umsóknin sé fullbúin og rétt út fyllt, þannig að það hefði veitt vátrygginguna á grundvelli umsóknarinnar. Þótt félagið afli viðbótarupplýsinga og framkvæmi eigin athuganir útilokar það ekki að það beri ábyrgð þótt heilsufar vátryggingartaka versni, hvað þá ef hann verður fyrir slysi. Ef athuganir félagsins leiða hins vegar í ljós þá veikleika í heilsufari vátryggðs sem leiða til þess að heilsa hans versnar mundi félaginu heimilt að taka tillit til slíkra breytinga þegar það metur áhættu sína og ákveður iðgjaldið. Ef versnandi heilsufar vátryggðs á rætur að rekja til skyndilegs sjúkdóms, án sambands við ástand hans er hann afhenti umsóknina, eða til slyss eiga ekki að rísa nein álitaefni. Félagið ber í þeim tilvikum ábyrgð á slíkri áhættu.

Til skýringar framangreindu má nefna tilvik er miðaldra reykingamaður í yfirþyngd óskar eftir sjúkratryggingu. Hann fyllir út umsókn þar sem hann m.a. svarar því að hann hafi hvorki of háan blóðþrýsting né hjartasjúkdóma. Ef félagið, eftir móttöku umsóknar óskar staðfestingar læknis á þessum upplýsingum sem leiðir í ljós að vátryggingartaki er bæði með háþrýsting og/eða hjartasjúkdóm, getur það tekið tillit til þess þegar það svarar beiðni hans um vátrygginguna. Félagið gæti á hinn bóginn ekki borið fyrir sig að heilsufar hans hefði versnað ef það hefði verið vegna slyss eða nýrnasjúkdóms sem það hafði ekki tekið til athugunar.

Um 74. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hvenær ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi hefst. Efni greinarinnar er um flest samhljóða efni 13. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar að öðru leyti en hér greinir til þess sem segir í athugasemdum með þeirri grein.

Ákvæði 1. og 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. er samhljóða þremur fyrstu málsgreinunum í 13. gr.

Í 2. og 3. málsl. eru undantekningar frá reglunni í 1. málsl. Í fyrsta lagi á reglan ekki við ef ljóst er að félagið hefði hafnað beiðni um vátryggingu. Heilsu vátryggingartaka, eða þess sem á að vera vátryggður, kann að vera svo farið að félagið hefði örugglega hafnað beiðni um vátryggingu samkvæmt þeim reglum sem það beitir í framkvæmd. Önnur regla mundi gera vátryggingartaka/vátryggðan betur settan af því að félagið hefði ekki haft ráðrúm til að rannsaka umsóknina. Í öðru lagi ber félagið ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem voru til staðar á því tímamarki er umsókn var send ef þau hefðu komið í ljós við athugun félagsins og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað. Þessa reglu verður að skýra í samhengi við reglu 2. málsl. 73. gr. sem skýrð er að framan. Samkvæmt þessu verður félagið að hefja athugun í beinu framhaldi af því að umsókn er móttekin. Regla þessa málsliðar, sem hér er til athugunar, mælir aðeins fyrir um að félagið sé laust undan ábyrgð á afleiðingum slíkra atvika, sem verða áður en félagið getur tekið afstöðu til beiðni um vátryggingu. Hafi félagið samþykkt beiðnina ber það ábyrgð. Hafi félagið ekki framkvæmt athugun skv. 2. málsl. 73. gr. leysist það ekki undan ábyrgð. Hið sjálfstæða gildi reglunnar í þessum málslið felst í því að félagið ber ekki ábyrgð, ef það hefur ekki haft ráðrúm til að framkvæma athugun sem það hefði gert og hefði haft þær afleiðingar að félagið hefði hafnað beiðninni. Gagnálykta verður frá þessum reglum á þann veg að ef félagið hefði samþykkt vátrygginguna, en með hærra iðgjaldi, þá er það bundið, þ.e. ber ábyrgð en á rétt á hærra iðgjaldi. Önnur niðurstaða er vart tæk, enda útilokað að sanna með hlutlægum hætti, eftir að vátryggingaratburður hefur orðið, hvort vátryggingartaki hefði samþykkt hærra iðgjald. Hann kann að vera látinn úr slysi eða sjúkdómi eða skilyrði til að krefja um vátryggingarfjárhæðina uppfyllt með öðrum hætti. Ekki gagnar að spyrja hann, sé hann látinn, og verði hann spurður ella er eðlilegt að miða við að hann mundi svara játandi, enda hefur hann af því brýna hagsmuni. Er því eðlilegast að miða við að hann hefði samþykkt hærra iðgjald.

Ákvæði 4. mgr. er hið sama og sömu málsgreinar í 13. gr.

Um 75. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir vátryggingartaka til þess að segja upp vátryggingarsamningi. Ákvæði um sama efni í skaðatryggingum eru í 14. gr. frumvarpsins og eru þau um flest efnislega samhljóða. Sérregla gildir þó um líftryggingar.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ef um líftryggingu sé að ræða geti vátryggingartaki slitið henni hvenær sem er. Ekki þykir rétt að nota hér orðið uppsögn, því slitin geta verið fyrirvaralaus og styðjast ekki við heimild í samningnum sjálfum. Þetta er svipuð regla og nú er í 98. gr. VSL. Líftryggingar eru þess eðlis að ekki er unnt að skipa reglum svo að vátryggingartaki sé bundinn lengur en hann sjálfur kýs. Um hið fjárhagslega uppgjör vegna slíkra slita gilda reglur sem kveðið er á um í 77. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2.–4. mgr. eru samhljóða 1.–3. mgr. 14. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þær.

Um 76. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir vátryggingafélags til þess að slíta vátryggingarsamningi um persónutryggingar. Greint er á milli líftrygginga annars vegar og slysa- og sjúkratrygginga hins vegar.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimildir félagsins til þess að slíta vátryggingarsamningi um líftryggingu. Þær heimildir eru afar takmarkaðar og eru eingöngu fyrir hendi þegar upplýs-

ingaskylda hefur verið vanrækt, en um þau tilvik gilda ákvæði 84. gr. sem vísað er til í þessari málsgrein. Ef vátryggingartaki greiðir ekki iðgjald líftryggingar getur hún fallið niður, en í því tilviki er ekki um uppsögn eða eiginleg slit af félagsins hálfu að ræða. Ákveði félagið að slíta líftryggingu af því að það telur sér slíkt heimilt eftir reglum 84. gr. gilda reglur 3. mgr. þessarar greinar um hvernig félagið á að bera sig að við þau slit og um hugsanlegar tómlætisverkanir.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir félagsins til að slíta samningum um slysa- og sjúkratryggingu. Í þeim tilvikum eru heimildir félagsins til uppsagnar einnig háðar takmörkunum, en segja má að þær takmarkanir séu tvíþættar. Annars vegar er félaginu heimilt að slíta vátryggingarsamningi um þessar tvær tegundir persónutrygginga samkvæmt reglum 84. gr. og 3. mgr. 120. gr., þ.e. við ranga upplýsingagjöf við stofnun eða á vátryggingartíma eða við bótauppgjör. Hins vegar er félaginu heimilt að slíta slíkum vátryggingarsamningum með uppsögn ef fyrir hendi eru sérstök atvik sem skýrlega þurfa að vera tilgreind í vátryggingarskilmálum. Til viðbótar þessu er svo áskilnaður um að uppsögnin sé sanngjörn. Þetta er sama skilyrði og er í 1. mgr. 15. gr. um skaðatryggingar og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein. Til viðbótar skal þess getið að sérstaða slysa- og sjúkratrygginga veldur því að félagið getur gert áskilnað um rétt sinn til að segja upp vátryggingarsamningi um slíkar vátryggingar ef t.d. vátryggður skiptir um starf og byrjar í starfi sem er þannig að félagið hefði synjað um að veita vátryggingu ef hann hefði verið í því er hann óskaði hennar. Ef starfið er á hinn bóginn þannig að félagið hefði samþykkt vátrygginguna, en þó gegn hærra iðgjaldi, mundi það ekki hafa rétt til uppsagnar, heldur yrði að bíða til loka vátryggingartímabils. Ljóst er að vátryggingafélög kunna í öryggisskyni að freistast til að hafa slíkar uppsagnir víðtækari en samræmist ákvæði þessarar málsgreinar. Fjármálaeftirlitinu ber vegna eftirlitshlutverks síns að koma í veg fyrir að slíkar heimildir séu misnotaðar. Í öllum tilvikum verður því skilyrði að vera fullnægt að telja megi uppsögn vátryggingarsamnings sanngjarna. Í lokamálslið þessarar málsgreinar er undantekning frá heimildum félagsins til uppsagnar. Því er ekki heimilt að segja samningi um slysa- og sjúkratryggingar upp þótt heilsu hins vátryggða hafi hrakað eftir að vátrygging var tekin. Er þessi undantekning í samræmi við þær reglur sem fram koma í 73. og 74. gr. og skýrðar hafa verið.

Í 3. mgr. eru ákvæði um hvenær og hvernig félagið á að bera sig að við slit vátryggingarsamnings samkvæmt greininni. Málsgreinin er samhljóða 2. mgr. 15. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þá málsgrein. Ítrekað skal að þar sem skilyrði uppsagnar er að fyrir hendi séu tilgreindar ástæður ætti það ekki að vefjast fyrir félaginu að tilgreina þær í tilkynningu sinni. Þannig gæti vátryggður eða vátryggingartaki séð með vissu á hverju félagið reisti afstöðu sína og skotið hugsanlegum ágreiningi um réttmæti uppsagnarinnar til úrskurðarnefndar eða dómstóla. Sé uppsögn félagsins ólögmæt ber það ábyrgð á vátryggingaratburðum sem kunna að verða eftir að hún fer fram.

Ákvæði 4. og 5. mgr. eru sama efnis og 3. og 4. mgr. 15. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þær.

Um 77. gr.

Í þessari grein eru reglur um uppgjör þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartíma. Sambærilegt ákvæði um skaðatryggingar er í 17. gr. og má að hluta vísa þangað um skýringar. Nokkur efnislegur munur er á greinunum sem fyrst og fremst helgast af sérstöðu líftrygginga, einkum söfnunarlíftrygginga.

Það er grundvallarregla í líftryggingum að uppsafnaður sparnaður, ágóðahlutdeild sé um hana er að ræða og iðgjald sem búið er að greiða fyrir vátryggingartímabil, sem ekki er

komið eða ekki er liðið, telst eign vátryggingartaka. Ef vátryggingarsamningi um líftryggingu er slitið á hann rétt á því að fá endurgreiðslu vegna þessa og gildir einu hver orsök slitanna er. Þessi grundvallarregla felst í greininni. Í henni eru á hinn bóginn ekki reglur um aðferðir við útreikning á endurgreiðslu til vátryggingartaka en í lokamálslið greinarinnar er þó mælt fyrir um að slíkar reglur skuli vera í skilmálum eða vísað til þeirra þar. Réttur vátryggingartaka til endurgreiðslu við slit er ekki aðeins fyrir hendi í söfnunarlíftryggingum. Svo getur einnig verið í áhættulíftryggingu þegar vátryggingartaki hefur greitt það langt fram í tímann. Eru ýmsir kostir hugsanlegir í því efni.

Um 78. gr.

Í greininni eru sérstakar reglur um skyldu félagsins til þess að aðvara vátryggingartaka um lok líftryggingar. Fresturinn sem félaginu ber að gefa vátryggingartaka er þrír mánuðir. Um er að ræða langan frest, en það er nauðsynlegt, því vátryggingartaki getur þurft að endurmeta stöðu sína og gera í framhaldi af því ráðstafanir. Aðvörunarskyldan á bæði við um áhættulíftryggingar og söfnunarlíftryggingar, enda getur vátryggingartaki einnig þurft að gera ýmsar ráðstafanir vegna útborgunar úr söfnunarlíftryggingu eða hann gæti talið rétt að framlengja hana ef þess væri kostur. Í öðrum tilvikum getur hann einnig átt þess kost, með eða án nýrra heilsufarsupplýsinga, að framlengja vátrygginguna. Hér getur verið um mikla hagsmuni fyrir hann að ræða og flókið val.

Í 2. málsl. er ákvæði um nánari ákvörðun frestsins. Samkvæmt því skal samfelldur gildistími vátryggingarinnar hjá sama félagi reiknast sem ein heild. Í þessu felst að um sömu vátryggingu verður að vera að ræða þótt fjárhæðir hennar kunni að hafa verið mismunandi og hún hafi aðeins verið til eins árs í senn. Ekki mundi heldur skipta máli af hvaða ástæðum hún hefði verið framlengd. Skilyrðið um sömu líftryggingu felur það í sér að ólíkar vátryggingar, t.d. lífeyristrygging og höfuðstólstrygging, gætu ekki talist sama vátryggingin í þessum skilningi.

Um 79. gr.

Í greininni eru reglur sem lúta að endurnýjun slysa- eða sjúkratryggingar og breytingum á skilmálum. Er 18. gr. frumvarpsins um sama efni.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 18. gr. Þannig hafa slysa- og sjúkratryggingar verið í framkvæmdinni, en þetta er í samræmi við þá fyrirmynd sem er í 84. gr. VSL og gildir um brunatryggingar. Í þessu felst að þótt vátrygging sé einungis tekin til eins árs í senn, þá gildir hún áfram svo fremi sem félagið hafi ekki tilkynnt það innan þess frests sem settur er í greininni. Ákvæði 84. gr. VSL eru frávíkjanleg samkvæmt meginreglu þeirra laga. Sú breyting verður á, ef frumvarp þetta verður að lögum, að reglur um sjálfkrafa framlengingu, ef ekki er sagt upp, verða ófrávíkjanlegar og mun það styrkja stöðu vátryggingartaka, a.m.k. að formi til. Tilkynning félags um að vátrygging verði ekki framlengd er ákvöð. Ekki er gerð krafa um skriflegt form, en félagið hefur sönnunarbyrði fyrir því að það hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni ef það ber fyrir sig að ábyrgð þess sé ekki lengur fyrir hendi.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem takmarka heimildir félagsins til þess að neita að endurnýja vátryggingu. Samkvæmt reglum 1. málsl. getur félagið aðeins neitað um endurnýjun þegar fyrir hendi eru sérstakar ástæður. Í sambærilegri reglu í skaðatryggingum er einnig áskilnaður um að slík synjun félagsins þurfi að vera sanngjörn, en ekki þykir heppilegt að hafa slíka reglu í þessari grein þar sem sanngirnismat er hér mjög afstætt. Nýjar heilsufarsupplýsingar, sem félagið kallar eftir skv. 3. mgr., geta leitt til þess að það neitar að framlengja vátrygginguna, sem kann að vera ósanngjarnt gagnvart vátryggðum, en óhjákvæmilegt er þó að viðurkenna

rétt félagsins til að synja um endurnýjun. Tilvísun í 2. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 76. gr. tryggir að tilkynning félagsins um synjun á endurnýjun á að vera skrifleg og rökstudd, auk þess sem fram á að koma hvaða kosti vátryggingartaki/vátryggður hefur til að skjóta hugsanlegum ágreiningi til úrskurðarnefndar. Í 3. málsl. þessarar málsgreinar er ákvæði sem er samhljóða 3. málsl. 2. mgr. 18. gr. og þarfnast það ekki sérstakra skýringa hér.

Af 3. mgr. leiðir sú regla að vátryggingartaki eða vátryggður eru ekki skyldir til þess að eigin frumkvæði að koma nýjum heilsufarsupplýsingum til félagsins eða öðrum nýjum upplýsingum sem máli skipta. Óski félagið á hinn bóginn nýrra upplýsinga er skylt að veita þær. Gerð er krafa um skriflegt form slíkra fyrirspurna frá félaginu. Ef engin fyrirspurn berst og vátryggingin er endurnýjuð telst hið nýja tímabil og fyrri tímabil vera eitt samfellt vátryggingartímabil. Gilda þá sömu skilmálar og sömu kjör og áður nema félagið hafi fengið þeim breytt með réttum hætti.

Efni 4. mgr. er hið sama og hluta 3. mgr. 18. gr. en ekki er þörf fyrir svo ítarlegar reglur um ábendingarskyldu um varúðarreglur hér eins og er í 18. gr. Vakin er athygli á því að í þessari málsgrein er ekki gerð krafa um að félagið sendi nýja skilmála og geri grein fyrir breytingum með tveggja mánaða fyrirvara eins og í 1. mgr., heldur er gert ráð fyrir að þetta sé heimilt um leið og t.d. krafið er um iðgjöld fyrir næsta tímabil.

Í 5. mgr. er áréttað að ekki sé heimilt að breyta skilmálum slysa- og sjúkratryggingar á vátryggingartímabilinu. Er það sama regla og gildir um skaðatryggingar, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Áskilnaður um slíkar breytingar er ógildur.

Um 80. gr.

Í þessari grein er sérregla um einstaklingsbundnar líftryggingar. Mælt er fyrir um rétt vátryggingartaka, eftir að endurkaupsverð vátryggingarinnar hefur verið greitt honum eða kröfuhafa, til þess halda vátryggingunni áfram sem áhættutryggingu. Vátryggingin yrði ekki með sömu fjárhæðum og áður, því draga verður frá endurkaupsverðið. Hér er um mikilsverðan rétt fyrir vátryggingartaka að ræða sem þó stofnast ekki honum til handa nema hann óski sérstaklega eftir því. Þess vegna er í 2. mgr. sú skylda lögð á félagið að það tilkynni honum í síðasta lagi við greiðslu endurkaupsverðsins um rétt hans til að halda vátryggingunni áfram. Hagsmunir vátryggingartaka felast ekki síst í því að hann getur haldið vátryggingunni áfram í breyttu formi án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Heilsu hans kann að hafa hrakað svo að hann fengi alls ekki aðra líftryggingu eða aðeins á allt öðrum kjörum. Vátryggingartaki verður að setja fram slíka kröfu minnst sex mánuðum eftir að tilkynning félagsins skv. 2. mgr. var send. Ef vátryggingartaki ákveður að nota rétt sinn og framlengja vátrygginguna er ljóst að versnandi heilsa hans er á áhættu félagsins. Ef vátryggingaratburður hefur á hinn bóginn orðið eftir að endurkaupsverðið er greitt út, en áður en hann tilkynnir félaginu að hann hyggist nýta rétt sinn til að halda vátryggingunni áfram sem áhættutryggingu, yrði að líta svo á að hann ætti ekki rétt til vátryggingarfjárins. Önnur staða mundi setja félagið í óþolandi stöðu og e.t.v. umbuna vátryggingartakanum fyrir að hafa ekki tekið ákvörðun.

Um 81. gr.

Efni greinarinnar varðar bráðabirgðavernd í líftryggingum. Slíka bráðabirgðavernd ber félaginu að bjóða þegar það hefur gert þann fyrirvara að ábyrgð þess hefjist ekki fyrr en fyrsta iðgjald er greitt.

Samkvæmt 1. mgr. ber vátryggingafélagi sem hefur áskilið sér að ábyrgð þess hefjist ekki fyrr en fyrsta iðgjald er greitt að bjóða vátryggingartakanum bráðabirgðavernd. Sú vernd tæki að lágmarki til andláts vegna slysa eða skyndilegra sjúkdóma sem ekki tengjast heilsufari

hans þegar bráðabirgðaverndin öðlast gildi. Það er vátryggingartakans að segja til um hvort hann samþykkir boð félagsins um bráðabirgðavernd.

Í 2. mgr. eru nánari reglur um það hvenær bráðabirgðaverndin stofnast og hvenær henni lýkur. Meginreglan er að slík vernd hefjist þegar iðgjald vegna hennar er greitt. Bráðabirgðaverndin getur eðli máls samkvæmt ekki staðið um langa tíð. Gildistíma hennar eru sett ýmis mörk í málsgreininni. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að hún falli niður ef fullnægjandi umsókn um tiltekna vátryggingu er ekki send félaginu í síðasta lagi einum mánuði eftir að hún öðlast gildi. Þessi frestur verður að teljast nægur fyrir vátryggingartaka til þess að afla þeirra upplýsinga sem þarf til þess að skila fullbúinni umsókn um ákveðna vátryggingu. Ef hann sendir fullnægjandi umsókn innan frestsins gildir bráðabirgðaverndin áfram á meðan hún er til meðferðar hjá félaginu. Í öðru lagi er kveðið á um að ef fullnægjandi umsókn sé send falli bráðabirgðaverndin niður þegar slík umsókn er endanlega afgreidd af félaginu, samþykkt eða henni hafnað, þó í síðasta lagi einum mánuði eftir að vátryggingartaki hefur fengið tilkynningu um greiðslu iðgjalds fyrir þá vátryggingu sem sótt er um. Eins og fyrr hefur verið getið er slík tilkynning ákvöð og hún bindur vátryggingartakann þegar hún er komin til hans. Við skýringu á því hvenær telja má hana komna til hans verður að styðjast við almennar reglur. Í þriðja lagi fellur bráðabirgðaverndin niður ef félagið hefur sent tilboð um vátryggingu með öðrum skilmálum og frestur sem það hefur veitt vátryggingartaka til þess að taka afstöðu til þess tilboðs er liðinn. Ekki er tilgreindur ákveðinn samþykkisfrestur, en hann verður að vera hæfilegur miðað við aðstæður. Mundi unnt að styðjast við skýringu á 3. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að bráðabirgðaverndin skuli vera hin sama og vernd þeirrar vátryggingar sem sótt er um. Þótt eðlilegt sé að miða við þetta sem meginreglu er nauðsynlegt að hafa þann fyrirvara að félagið geti gert áskilnað um lægri fjárhæðir en í skilmálum þeirrar líftryggingar sem sótt er um. Félagið mundi að líkindum alltaf gera slíkan áskilnað þegar sótt hefur verið um líftryggingar með verulega háum fjárhæðum, eða sem eru óvenjulegar að einhverju leyti. Hafa ber í huga að ef félögin ganga lengra en eðlilegt má teljast í slíkum áskilnaði getur Fjármálaeftirlitið gripið í taumana í krafti eftirlitshlutverks síns.

Í 4. mgr. er ákvæði sem ætlað er að vernda vátryggingartaka þegar félagið af einhverjum ástæðum býður honum ekki bráðabirgðavernd í síðasta lagi þegar það móttekur umsókn hans um ákveðna vátryggingu. Slíkt mundi einkum koma til vegna gleymsku eða annarra mistaka af hálfu félagsins. Vátryggingartakinn nýtur þá bráðabirgðaverndar eins og hún hefði verið réttilega boðin af félaginu og samþykkt af honum.

Um XIII. kafla.

Almenn atriði.

Í þessum kafla eru ákvæði um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins í persónutryggingum en sambærileg ákvæði um skaðatryggingar eru í IV. kafla frumvarpsins. Í kaflanum er leitast við að halda með almennum hætti sömu stefnu og fjallað er um í almennum athugasemdum sem fylgja IV. kafla. Margt er þó ólíkt með ákvæðum þessa kafla og IV. kafla og helgast það einkum af þeim eðlismun sem er á persónutryggingum og skaðatryggingum. Er því nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir efni XIII. kafla í almennum inngangi sem hér fer á eftir.

Það gildir um persónutryggingar eins og skaðatryggingar að til grundvallar vátryggingastarfsemi í þessum vátryggingagreinum liggja mörg meginsjónarmið vátryggingaréttar. Þessi meginsjónarmið ráða mati félagsins á því hvort það eigi að veita vátryggingarvernd gegn áhættunni og hvaða iðgjald það á að áskilja sér og hvaða skilmálar eiga að gilda um vátrygg-

inguna. Frá þessum sjónarmiðum verður ekki vikið í starfsemi vátryggingafélaga. Eitt af einkennum vátryggingarsamninga, borið saman við aðrar samningstegundir, er að grundvöllur mats félagsins á því hvort það eigi að veita vátryggingu, þ.e. gera samning, eru aðstæður og atvik sem vátryggingartaki eða hinn vátryggði þekkja oftast mun betur til en félagið og geta haft áhrif á með háttsemi sinni. Þetta á við í enn ríkara mæli í persónutryggingum en skaðatryggingum, því andlag samningsins í fyrrnefndum vátryggingum er líf og heilsa hins vátryggða sjálfs. Upplýsingar vátryggingartaka um sig eða hinn vátryggða hljóta því að hafa mikla þýðingu í persónutryggingum og tilhneiging vátryggingafélaga til að hafa áhrif á háttsemi vátryggðs, t.d. með því að setja vátryggingarverndinni mörk er lúta að athöfnum hans og hvar hann heldur sig, er skiljanleg. Iðgjöld í persónutryggingum taka mið af einsleitum hópi einstaklinga. Þannig eru iðgjöld í líftryggingum ákvörðuð með hliðsjón af dánarlíkum Íslendinga almennt. Kyn og aldur hafa líka áhrif á iðgjaldsákvörðun. Meðalævi kvenna hér á landi er lengri en karla. Dánarlíkur þeirra eru því aðrar og þær greiða að sama skapi lægri iðgöld en karlar, svo dæmi sé tekið. Liður í áhættumati vátryggingafélags við gerð samnings um persónutryggingar er að afla upplýsinga um heilsufar þess sem vátryggja á og kanna hvort vátrygging skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum og venjulegu iðgjaldi. Leiði athugun í ljós að slíkt er ekki unnt kallar það á sérstaka afgreiðslu hjá félaginu, en tiltölulega sjaldgæft mun vera að beiðni um vátryggingu sé skýlaust hafnað. Við töku persónutrygginga þarf því iðulega að ganga frá formlegri vátryggingarbeiðni þar sem lagt er fyrir vátryggðan að veita upplýsingar er snúa að persónulegum högum hans, m.a. að heilsufari. Ef sérstakar ástæður þykja til er ráðgjafalæknum vátryggingafélagsins falið að kanna málið frekar, t.d. skoða einstaklinginn eða afla frekari gagna. Afgreiðsla félagsins getur svo orðið með ýmsum hætti, eftir eðli máls og ráðgjöf lækna. Þannig getur beiðnin eftir nánari skoðun verið samþykkt athugasemdalaust. Beiðni getur einnig verið samþykkt með skilyrðum, t.d. að ákveðinn sjúkdómur sé undanskilinn tímabundið eða varanlega, en ekki aðrir sjúkdómar, biðtími bóta vegna tiltekins sjúkdóms kann að verða lengdur eða bótatími á annan hátt styttur, og iðgjald hækkað tímabundið eða til frambúðar. Þá getur beiðni verið hafnað á grundvelli framkominna upplýsinga eða hafnað með skilyrðum, t.d. enn frekari læknisskoðunar krafist. Öryrkjar eftir slys, sem óska slysatryggingar, eru einnig skoðaðir og metnir sérstaklega. Ef unnt er, t.d. ef ætla má að afleiðingar slyss séu að fullu komnar fram, ástand sé orðið stöðugt og veruleg starfsorka sé fyrir hendi, er beiðni almennt samþykkt, ýmist að fullu eða með takmörkunum. Þannig mun almennt leitast við að koma til móts við þarfir einstaklinga, einnig þeirra sem átt hafa við afleiðingar slysa og sjúkdóma að stríða, og afgreiðslur eru byggðar á efnislegum forsendum, fyrst og fremst læknisfræðilegum.

Í þessum kafla frumvarpsins eru tillögur að reglum um upplýsingaskyldu vátryggingartaka og mörk hennar og hvort og þá í hvaða mæli félagið getur losnað undan ábyrgð vegna þess að forsendur vátryggingarsamningsins bresta. Um þetta eru ekki heildstæðar reglur í VSL, en eins og rakið er í athugasemdum með IV. kafla eru ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingartaka og hverju það varði ef hann sinnir ekki skyldum sínum í því efni. Þau ákvæði gilda einnig um persónutryggingar. Ákvæði 18.–20. gr. VSL um ásetnings- eða vangártilvik er valda því að vátryggingaratburður verður gilda einnig um báðar megintegundir vátrygginga. Ýmis ákvæði sem eiga eingöngu við um skaðatryggingar eru rakin í athugasemdum með IV. kafla. Hér er rétt að minna á nokkur sérákvæði í VSL um forsendur samninga um persónutryggingar, sbr. 99. gr. VSL um áhættuaukningu og skyldu til að skilgreina hana í vátryggingarskírteini, 100. gr. VSL um sjálfsvíg, 121. gr. VSL um áhættuaukningu í slysatryggingum og 124. gr. VSL um varúðarráðstafanir.

Eitt af því sem skilur á milli skaðatrygginga og persónutrygginga er að í þeim fyrrnefndu er það meginregla að hver sá sem á vátryggða hagsmuni samkvæmt vátryggingarsamningi (og þeir geta verið margir, t.d. eigandi vátryggðs hlutar, veðhafar í honum o.fl.) á aðeins að bera sjálfur halla af því að hann veldur vátryggingaratburði. Það hefur alla jafna ekki áhrif á rétt annarra vátryggðra til bóta samkvæmt vátryggingarsamningi. Samsömun leiðir sjaldan til réttindamissis í skaðatryggingum. Vanræksla á upplýsingaskyldu er undantekning frá þessari meginreglu í skaðatryggingum. Í persónutryggingum horfir þetta öðruvísi við. Þar er meginreglan sú að vátryggður og aðrir sem t.d. hafa fengið veð í réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi eða fengið þau framseld glati rétti sínum í slíkum tilvikum. Á þetta bæði við þegar upplýsingaskylda er vanrækt og í tilvikum þegar vátryggður veldur vátryggingaratburði eða fer út fyrir hlutlægar ábyrgðartakmarkanir, vanrækir varúðarreglur o.fl. Þessi meginregla byggist á því að í persónutryggingum eru það ekki fjárhagslegir hagsmunir þriðja manns sem eru vátryggðir, heldur líf og heilsa vátryggðs. Ef hann öðlast ekki rétt samkvæmt vátryggingarsamningi gildir hið sama um þá sem leiða meintan rétt sinn frá honum. Þessi munur á skaðatryggingum og persónutryggingum, sem glögglega kemur fram í VSL, veldur því að reglur um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins eru frábrugðnar eftir þessum megintegundum vátrygginga. Þessari réttarstöðu er breytt nokkuð í þeim reglum sem gerð er tillaga um í IV. kafla frumvarpsins, en enn meira í þeim reglum sem gerð er tillaga um í þessum kafla. Það er stefna frumvarpsins að draga einnig úr hlutlægum ábyrgðartakmörkunum í persónutryggingum og gera réttaráhrif þess að vátryggður veldur eða á þátt í að valda vátryggingaratburði sveigjanlegri þannig að þau verði ekki alltaf á þá leið að allur réttur til bóta glatist.

Taka ber þó fram að í persónutryggingum hafa álitamál tengd því sem nefnt er hlutlægar ábyrgðartakmarkanir ekki verið eins áberandi og í skaðatryggingum, en þó hafa komið til dómstóla tilvik þar sem reynt hefur á gildi hlutlægra ábyrgðartakmarkana í persónutryggingum, sbr. Hrd. frá 1. mars 2001 í málinu nr. 397/2000.

Það er einkum á þremur sviðum í persónutryggingum sem forsendubrestur félagsins eða rangar forsendur þess skapa lögfræðileg álitamál, en þau eru: Í fyrsta lagi þegar vátryggingartaki vanrækir upplýsingaskyldu. Í öðru lagi valda sjálfsvíg í líftryggingum ýmsum vafa. Í þriðja lagi rísa álitamál um ábyrgðartakmarkanir sem tengjast háttsemi vátryggðs í slysatryggingum. Í greinum kaflans er leitast við að setja fram tillögur að reglum sem ætlað er að fækka svo sem kostur er þeim álitaefnum sem verið hafa í réttarframkvæmd á þessu sviði. Hafa verður þó hugfast það sem áður greinir að tillögur eru gerðar um sveigjanlegri réttaráhrif þess þegar vátryggður veldur því að forsendur félagsins bresta eða reynast rangar. Er stundum lagt til að það verði háð sanngirnismati í hvaða mæli slíkt eigi að leiða til þess að ábyrgð félagsins falli niður, en ekki hlutlægum reglum. Stundum kunna slíkar matskenndar reglur að valda vafa, a.m.k. þar til dómstólar eða aðrir úrlausnaraðiljar hafa fjallað um þær. Verður að una við slíka óvissu til að ná framangreindum markmiðum sem eiga að koma vátryggðum til góða.

Meginefni reglna XIII. kafla.
Upplýsingaskylda.

Í 82.–85. gr. eru reglur um upplýsingaskyldu vátryggingartaka, um takmarkanir á upplýsingagjöf hans og um takmarkanir á heimildum félagsins til að afla og hagnýta sér upplýsingar sem það kann að eiga aðgang að eða búa yfir. Einnig er fjallað um vanrækslu á upplýsingaskyldu og heimildir félagsins til viðbragða af því tilefni.

Eins og áður greinir hlýtur upplýsingagjöf vátryggingartaka að hafa mikla þýðingu í persónutryggingum. Það er vátryggingartakinn, eða hinn vátryggði, sem að jafnaði býr yfir þeim upplýsingum sem félagið þarf á að halda. Oft er það þó svo að félagið gerir kröfu um upplýsingar beint frá læknum áður en tekin er afstaða til þess hvort veita á vátryggingu eða ekki. Í VSL er reglum um upplýsingaskyldu skipað svo að vátryggingartaki á að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf um atriði sem hann veit að skipta máli fyrir félagið, sbr. t.d. 7. gr. laganna. Í framkvæmdinni hefur þetta þó verið á þann veg að félögin hafa lagt fyrir vátryggingartaka eyðublöð með spurningum um þau atriði sem máli skipta fyrir þau. Vátryggingartakinn hefur mátt líta svo á að þar sé spurt um þau atriði sem þýðingu hafi og skylda hans standi til þess að gera réttilega grein fyrir þeim. Í frumvarpinu er lagt til að sú meginregla gildi að vátryggingartaki þurfi ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, heldur þurfi aðeins að svara því sem hann er spurður um. Er það eins og fyrr greinir í samræmi við framkvæmdina og ætti ekki að leiða til mikilla breytinga. Frá þessu er gerð tillaga um undantekningu þegar tilteknum skilyrðum er fullnægt, en þeim verður lýst síðar.

Annað atriði sem lagt er til að verði breytt er matið á því hvenær félagið getur brugðist við rangri upplýsingagjöf. Í sumum tilvikum nægir almennt gáleysi vátryggingartaka samkvæmt VSL, sbr. 1. mgr. 6. gr., til þess að félagið geti losnað úr ábyrgð í heild eða að hluta. Í 2. mgr. 83. gr. er lagt til að ábyrgð félagsins geti aðeins fallið niður í heild eða að hluta að vátryggingartaki eða vátryggður hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki teljist óverulegt.

Þriðja atriðið sem taka þarf til athugunar er hvaða úrræði félagið hefur þegar upplýsingaskylda er vanrækt. Í 6. og 7. gr. VSL eru gildandi reglur um þetta. Í frumvarpinu er lagt til að reglur um þetta verði sveigjanlegri en nú er, þ.e. það verði metið í hverju tilviki fyrir sig hvort og í hvaða mæli ábyrgð félagsins eigi að falla niður þegar upplýsingaskylda er vanrækt. Er því lýst í 3. mgr. 83. gr. til hvaða þátta beri einkum að líta við það mat.

Fjórða atriðið sem taka þarf til athugunar og mjög hefur borið á í skilmálum íslenskra vátryggingafélaga, einkum í slysatryggingum, er takmarkanir á ábyrgð þeirra vegna áhættuaukningar sem fylgir athöfnum vátryggðs eða því að hann viðhefur ekki varúðarráðstafanir. Um þetta eru ákvæði í 99. og 124. gr. VSL. Hinar hlutlægu ábyrgðartakmarkanir í slysatryggingum hafa gjarna lotið að því, að ábyrgð félagsins falli alveg niður ef vátryggður viðhefur tiltekna háttsemi, t.d. ef hann slasast á meðan hann er í íþróttakeppni, stundar svifdrekaflug, glímu, hnefaleika, svifflug eða fallhlífarstökk, tekur þátt í fjallaklifri, bjargsigi eða froskköfun. Tillögur frumvarpsins lúta að því að ábyrgð félagsins í slíkum tilvikum ráðist ekki ef hlutlægum takmörkunum, heldur verði að vera orsakasamband milli áhættuaukningarinnar og vátryggingaratburðar. Í þessu felst að þótt vátryggður þreyti glímu og slasist við það mundi ábyrgðartakmörkun félagsins ekki ná fram að ganga nema orsakasamband væri milli þeirrar áhættuaukningar sem ætla má að leiði af því að þreyta glímu og slyss á vátryggingartaka. Sem dæmi má taka að ábyrgðartakmörkun ætti við ef vátryggður lærbrotnaði er mótherji hans felldi hann harkalega með sniðglímu á lofti, en ekki ef hann lærbrotnaði við að detta um stól á leið frá búningsklefa til keppni.

Vátryggður veldur því að vátryggingaratburður verður. Sjálfsvíg.

Svo sem fyrr greinir er sú stefna tekin með frumvarpi þessu að afleiðingar þess að vátryggður veldur því að vátryggingaratburður verður verði sveigjanlegri en er samkvæmt núgildandi lögum og réttarframkvæmd.

Annað atriði þessu skylt eru tilvik þar sem vátryggður veldur vátryggingaratburði þegar hann er undir áhrifum áfengis. Í 20. gr. VSL er félaginu heimilt að áskilja sér að vera laust

undan ábyrgð ef vátryggður veldur vátryggingaratburði í ölæði sem hann á sjálfur sök á. Skilyrðið um ölæði hefur verið skýrt svo að vátryggingartaki þurfi að vera talsvert ölvaður, sbr. síðastgreindan dóm Hæstaréttar Íslands og skýringar við 27. gr. frumvarps þessa. Sé skilyrðinu fullnægt leysist félagið úr ábyrgð. Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að það verði metið sérstaklega hvort vátryggingaratburði er valdið af stórfelldu gáleysi eða ekki, einnig þegar vátryggður er ölvaður, sbr. 90. gr. Er þetta gert vegna þess að hugsanlegt er að ekki sé mikið við vátryggðan að sakast þótt hann sé ölvaður og valdi vátryggingaratburði. Það eigi a.m.k. að meta það með hliðsjón af atvikum hvort það eigi að leiða til þess að réttur hans til vátryggingabóta falli niður með öllu.

Þá er lagt til að frestur sá sem er í 100. gr. VSL um sjálfsvíg, þ.e. að réttur til líftryggingarbóta falli niður ef vátryggður fremur sjálfsvíg innan tveggja ára, verði styttur í eitt ár. Ástæðan er sú að það er almennt talið útilokað að maður hafi slíkan fyrirvara á sjálfsvígi sem nú er gert ráð fyrir og sýni jafnframt þá varfærni að kaupa líftryggingu. Sjálfsvíg er nánast alltaf skyndiákvörðun sem tekin er í andlegu sjúkdómsástandi, hugarvíli eða þegar fólk er miður sín vegna undanfarandi áfengis- eða fíkniefnaneyslu. Ársfrestur er í raun mjög langur frestur í þessu sambandi. Er því einnig lagt til að haldið verði þeirri viðbótarreglu sem er í VSL að félagið geti ekki borið fyrir sig að sjálfsvíg eigi að leiða til brottfalls greiðsluskyldu þess ef sannað er að vátryggingin var tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga, sbr. 2. mgr. 89. gr.

Þá eru í þessum kafla reglur um varúðarráðstafanir og tilkynningarskyldu um tjón og um það ef félagið ætlar að bera fyrir sig takmarkanir á ábyrgð. Verður gerð grein fyrir þessum reglum í skýringum með hverri grein.

Um 82. gr.

Í greininni eru reglur um skyldu vátryggingartaka og vátryggðs til þess að veita upplýsingar um áhættu og um takmarkanir á heimildum félagsins til upplýsingaöflunar og til að hagnýta sér upplýsingar sem það getur fengið eða hefur fengið aðgang að. Þá er ákvæði um skyldu vátryggingafélaga í persónutryggingum til þess að rökstyðja synjun um vátryggingarbeiðni.

Í 1. mgr. eru sem fyrr segir reglur um upplýsingaskyldu vátryggingartaka og vátryggðs. Er ekki gerður greinarmunur á skyldum þeirra. Í 5. gr. VSL eru ákvæði sem svipar til þeirra sem hér er gerð tillaga um.

Í 1. mgr. er tillaga að reglu sem afmarkar þann tíma sem segja má að upplýsingaskylda vátryggingartaka/vátryggðs standi. Er miðað við að félagið geti óskað eftir upplýsingum frá þeim þar til það hefur samþykkt að veita vátryggingu. Í 5. gr. VSL er miðað við svipað tímamark. Félagið getur þannig eftir móttöku beiðni um vátryggingu óskað eftir frekari upplýsingum og skýringum. Eini áskilnaðurinn er að þær hafi þýðingu fyrir mat þess á áhættu. Í framkvæmdinni er þetta á þann veg að vátryggingartaki/vátryggður fyllir út eyðublöð þar sem spurt er um atriði sem þýðingu hafa. Sé öllum spurningum svarað gæti félagið þó talið ástæðu til að óska viðbótarupplýsinga um heilsufar þeirra, óska eftir læknisrannsókn eða fela eigin lækni á grundvelli umboðs að afla nánari upplýsinga frá lækni sem vátryggingartaki/vátryggður kann að vísa til. Ákvæðið gerir ráð fyrir að fyrir liggi samþykki vátryggingartaka/vátryggðs sé upplýsinga aflað hjá öðrum en honum beint. Af reglunni leiðir að þegar beiðni hefur verið samþykkt geti félagið ekki krafist frekari upplýsinga.

Ákvæðið gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að vátryggingartaki/vátryggður þurfi ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, heldur standi skylda hans til að svara réttilega og tæmandi þeim spurningum félagsins sem til hans er beint. Það verður að vera undirskilið að

spurningar félagsins séu skýrar og lúti að tilteknum atriðum sem þýðingu hafa fyrir vátrygginguna. Séu þær óljósar og auðvelt að misskilja þær verður vátryggingartaka/vátryggðum ekki kennt um að þeim hafi ekki verið svarað réttilega.

Í lokamálslið 1. mgr. er undantekning frá framangreindri meginreglu. Samkvæmt henni er vátryggingartaka/vátryggðum skylt að hafa frumkvæði að því að veita upplýsingar við viss skilyrði. Til þess að frumkvæðisskylda hans komi til þurfa þrjú skilyrði að vera uppfyllt, þ.e. að upplýsingarnar lúti að sérstökum atriðum, að þær hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni og að honum hafi verið ljós þessi sérstöku atriði og vitað um þýðingu upplýsinganna fyrir félagið. Félagið hefur sönnunarbyrði fyrir því að þessum skilyrðum sé fullnægt.

Í 2. mgr. er nýmæli sem ekki á sér fyrirmynd í gildandi lögum. Tilefni þess að gerð er tillaga um slíka reglu eru miklar framfarir í læknavísindum, þ.e. einkum í þekkingu á áhrifum arfgengra þátta í orsökum sjúkdóma. Tilefnið er ekki misnotkun slíkra upplýsinga, heldur sú staða að hægt sé að spá fyrir um það með erfðafræðilegum rannsóknum, að ekki sé talað um rannsóknir á lífsýnum úr fólki, hvernig því muni farnast heilsufarslega í framtíðinni. Um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar sem gæta verður fyllstu varfærni um. Minna má einnig á tilmæli Norðurlandaráðs nr. 9/1991 til ríkisstjórna Norðurlandanna um samráð eða að efla samráð um samræmda löggjöf m.a. í því skyni að vernda einstaklinga og friðhelgi þeirra vegna erfðafræðilegra rannsókna sem gerðar kunna að hafa verið.

Telja verður að játa beri einstaklingum nokkurn rétt til vátryggingarverndar í persónutryggingum og að leggja verði að sama skapi skyldur á vátryggingafélög um að ekki sé aflað upplýsinga, eða hagnýttar fyrirliggjandi upplýsingar, um erfðafræðilega þætti þess sem óskar eftir vátryggingu og með því spáð fyrir um hvernig heilsufar hans þróist í framtíðinni. Ef ekki eru settar þær takmarkanir sem hér er gert ráð fyrir kann sú hætta að vera fyrir hendi að hópur einstaklinga, sem ekki hafa sjúkdómseinkenni svo vitað sé eða þeim er kunnugt um, en hafa arfgenga þætti sem valda því að líklegt er, eða jafnvel víst, að þeir fái tiltekna sjúkdóma í framtíðinni, fái ekki vátryggingarvernd.

Slíkar takmarkanir á heimildum félaga til upplýsingaöflunar hafa verið settar í ýmsum löndum Vestur-Evrópu, en þær eru mismunandi bæði að því leyti hvernig þær hafa verið ákveðnar og einnig að efni til. Í Bretlandi og í Svíþjóð byggjast þær ekki á skráðum lagaákvæðum heldur á samþykktum samtaka vátryggjenda í Bretlandi en á samningi samtaka vátryggjenda við stjórnvöld í Svíþjóð. Algert bann er við því í Svíþjóð að vátryggðum verði gert skylt að undirgangast erfðafræðilega rannsókn. Í Noregi er samkvæmt gr. 6–7 í lögum nr. 56/1994 um læknisfræðileg afnot af líftækni almennt bann við því að einstaklingar eða lögaðiljar hagnýti sér erfðafræðilegar upplýsingar. Þetta bann gildir, samkvæmt skýringum í lögskýringargögnum, einnig við töku vátrygginga. Í Noregi er ekki bannað að spyrjast fyrir um heilsufarssögu fjölskyldumeðlima, en eins og kunnugt er má af henni draga ályktanir um arfgenga sjúkdóma. Í Danmörku var lögum um vátryggingarsamninga breytt á árinu 1997, þ.e. með lögum nr. 413/1997, og bætt við gr. 3a, sem felur í sér ákveðnar takmarkanir á því að félögin geti aflað upplýsinga um erfðafræðileg atriði.

Við mat á því hvernig draga beri þau mörk sem takmarka heimildir vátryggingafélaga til upplýsingaöflunar um erfðafræðileg atriði varð niðurstaðan sú að byggja á gr. 3a í dönsku lögunum um vátryggingarsamninga sem bætt var inn í lögin árið 1997. Ástæðan er ekki síst sú að sú lagagrein er beinlínis samin til þess að vera hluti af löggjöf um vátryggingarsamninga, andstætt því sem er í Noregi þar sem beitt er almennu lagaákvæði um bann við hagnýtingu erfðafræðilegra upplýsinga. Lagaákvæðið er einnig sett fyrir örfáum árum og hefur því við samningu þess verið tekið mið af nýjum viðhorfum á þessu sviði. Ákvæðið er að efni til einfalt, en þó hefur orðalag þess verið gagnrýnt fyrir að það geti leitt til túlkunarvafa.

Hefur verið leitast við að ráða bót á því í útfærslu frumvarps þessa. Segja má að efni 2. mgr. byggist á tveimur meginsjónarmiðum. Annars vegar að bannað er að afla eða hagnýta sér með nokkrum hætti erfðafræðilegar upplýsingar eða óska eftir rannsóknum sem leitt geta slíkar upplýsingar í ljós, til þess að finna út hvort vátryggður sé líklegur til þess að fá eða þróa með sér sjúkdóma í framtíðinni. Hins vegar að því séu ekki sett sérstök takmörk hvaða upplýsinga má afla um fyrra heilsufar hans eða heilsufar hans þegar hann óskar eftir persónutryggingu.

Í fyrra efnisatriðinu felst að bannað er að afla eða hagnýta sér með einhverjum hætti upplýsingar um arfgenga þætti skyldmenna þess sem óskar vátryggingar til þess að leggja mat á hvort hann sé líklegur til þess að þróa með sér eða fá sjúkdóma í framtíðinni. Slík túlkun er mikilvæg, enda er hægt að fara nærri um að draga ályktanir um heilsufar þess sem óskar vátryggingar með því að rannsaka arfgenga þætti skyldmenna hans nægilega vel. Af síðara efnisatriðinu leiðir á hinn bóginn að afla má upplýsinga um heilsufar skyldmenna til þess að meta tilefni til þess að rannsaka fyrra eða núverandi heilsufar þess sem óskar vátryggingar.

Ljóst er að munur á þessu tvennu er ekki glöggur. Við rannsókn á núverandi heilsufari og heilsufarsupplýsingum um náin skyldmenni, t.d. kynforeldri, er ekki ólíklegt að í ljós komi að sá sem óskar vátryggingar hafi slíka arfgerð að verulegar líkur séu til þess að hann muni þróa með sér banvænan sjúkdóm í náinni framtíð, þótt hann hafi engin einkenni hans þegar hann óskar eftir vátryggingu. Við slíkar aðstæður mætti félagið ekki neita vátryggingu.

Eini kosturinn til þess að knýja fram hvaða ástæður eru fyrir hugsanlegri synjun félagsins eru að gefa þeim sem vátryggingar óskar kost á því að krefja um rökstuðning fyrir synjuninni. Það er gert með þeirri reglu sem tillaga er gerð um í 3. mgr. Ef maður unir ekki rökstuðningi félagsins eða telur hann ekki réttan getur hann skotið máli sínu til úrskurðarnefndar og/eða dómstóla.

Regla þessi gerir í raun ráð fyrir að vátryggingafélögum sem bjóða persónutryggingar sé að öðru jöfnu skylt að veita vátryggingar nema málefnalegar ástæður mæli því í mót. Kveðið er á um það að vátryggingafélagi sem synjar að veita persónutryggingu sé skylt, verði eftir því leitað, að rökstyðja synjunina. Fullnægi sá sem óskar vátryggingar almennum skilyrðum félagsins og reglna frumvarpsins um heilsufarsástand á hann að öðru jöfnu rétt á því að fá að njóta vátryggingarverndar sem hann óskar eftir. Hér er höfð hliðsjón af sömu reglu og gildir í íslenskum stjórnsýslurétti, sbr. V. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þ.e. að skylda félögin ekki fyrir fram til að rökstyðja synjun, heldur einungis ef fram kemur krafa um það. Er þá eðlilegt að gengið sé út frá því að félögin veki athygli á rétti til rökstuðnings þegar beiðni er synjað. Ekki eru undantekningar frá skyldunni til rökstuðnings. Ekki er getið hvers efnis rökstuðningur á að vera en gengið er út frá sömu sjónarmiðum og lýst er í 22. gr. stjórnsýslulaga. Það er þýðingarmikið fyrir þann sem óskar eftir vátryggingu að eiga kost á rökstuðningi, því þá getur hann metið hvort rétt sé fyrir hann að leita eftir úrlausn úrskurðarnefndar eða eftir atvikum dómstóla um réttmæti synjunarinnar.

Um 83. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um áhrif þess á ábyrgð félagsins þegar upplýsingaskylda vátryggingartaka/vátryggðs er vanrækt. Sambærilegt ákvæði um skaðatryggingar er í 20. gr.

Reglur greinarinnar eru tvíþættar, þ.e. annars vegar tilvik þar sem vátryggingartaki eða vátryggður hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi og hins vegar tilvik þar sem upplýsingaskyldan er vanrækt með öðrum hætti.

Ákvæði 1. mgr. um réttaráhrif þess að upplýsingaskylda er sviksamlega vanrækt er sama efnis og 1. mgr. 20. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þá málsgrein. Rétt er þó

að taka fram að skylda félagsins fellur alveg niður í persónutryggingum, en ekki aðeins gagnvart vátryggðum eins og orðalag 1. mgr. 20. gr. kveður á um. Er þetta vegna þess að vátryggingategundir þessar eru eðlisólíkar svo sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum með þessum kafla.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 20. gr., að frátöldum óhjákvæmilegum blæbrigðum, en efnislega er um sömu reglur að ræða sem ekki þarf að skýra hér.

Um 84. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir félagsins til þess að segja upp vátryggingarsamningi og til þess að krefjast breytinga á honum þegar upplýsingaskylda er vanrækt.

Samkvæmt 1. mgr. er það skilyrði þess að félagið geti brugðist við með uppsögn að vanræksla vátryggingartaka eða vátryggðs sé ekki óveruleg. Af þessu leiðir að vægari afbrigði almenns gáleysis mundu ekki koma honum í koll. Ef vanræksla hans telst ekki óveruleg getur félagið sagt upp vátryggingunni á vátryggingartímanum með 14 daga fyrirvara. Vísað er til 3. mgr. 76. gr. en þar er félaginu gert að grípa til aðgerða án ástæðulauss dráttar og skylt að hafa uppsögn í tilteknu formi og tiltekins efnis, sbr. og 3. mgr. þessarar greinar. Skv. 3. málsl. þessarar málsgreinar getur félagið slitið vátryggingarsamningnum (rift) og einnig öðrum samningum fyrirvaralaust ef vátryggingartaki hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Er þetta sama regla og er í niðurlagi 21. gr. frumvarpsins og þarfnast ekki frekari skýringa hér.

Í 2. mgr. eru reglur sem ætlað er að vernda vátryggingartaka/vátryggðan í þeim tilvikum þegar félagið getur brugðist við vanrækslu hans á upplýsingaskyldu. Hann á þess kost að viðhalda vátryggingunni en með öðrum kjörum, en þennan rétt á hann þó ekki ef svikum hefur verið beitt. Félaginu ber að tilkynna þeim um þennan rétt skv. 3. mgr. Þetta er svipuð regla og er í 2. mgr. 6. gr. VSL sem þó mælir fyrst og fremst fyrir um réttarstöðu vátryggingartaka/vátryggðs eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Ákvæði 2. málsl. miðar við að vátryggingartaki/vátryggður hafi tilkynnt félaginu að hann krefjist þess að vátryggingunni verði viðhaldið á breyttum kjörum. Ekki er settur ákveðinn frestur um það hvenær aðiljum ber að ljúka nýrri samningsgerð. Það getur dregist af ýmsum ástæðum, ekki aðeins vegna öflunar nýrra upplýsinga. Til þess að mál séu ekki í uppnámi um ófyrirséðan tíma er kveðið á um það að upphafleg vátrygging með þeim takmörkunum sem leiðir af 2. og 3. mgr. 83. gr. gildi í þrjá mánuði frá uppsögn. Ef þá hefur ekki verið lokið við að semja um nýja skilmála nýtur vátryggingartaki ekki verndar lengur. Hann verður þá að gera aðrar ráðstafanir eða bera hugsanlegan ágreining undir úrskurðarnefnd.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldur félagsins til að tilkynna vátryggingartaka/vátryggðum um rétt hans skv. 2. mgr. og um rétt þess til að afla nýrra upplýsinga sem því er þörf á. Þess skal getið að þótt verið sé að afla nýrra upplýsinga þýðir það ekki að um nýja vátryggingu sé að ræða heldur framhald hinnar fyrri með breyttum skilmálum. Vátryggingartaki/vátryggður hefur við ýmsar aðstæður hagsmuni af því að litið sé á réttarsambandið sem eina vátryggingu. Hún er líka í gildi, eftir atvikum með takmörkunum, á meðan upplýsinganna er aflað.

Um 85. gr.

Í þessari grein eru reglur um þær takmarkanir sem eru á heimildum félagsins til þess að bera fyrir sig upplýsingaskort. Koma þær til fyllingar reglum 84. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 22. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Í 2. mgr. er sérregla um líftryggingar sem kveður á um að félagið geti aðeins borið fyrir sig vanrækslu á upplýsingaskyldu innan tveggja ára frá því að ábyrgð þess hófst. Ástæður þessarar sérreglu um líftryggingar eru þær að þeim er venjulega ætlað að gilda um langan tíma og eðlilegt að ekki sé við þeim hróflað svo löngu eftir að þær eru komnar á. Mestu varðar þó að það mundi veikja viðskiptagildi réttinda samkvæmt líftryggingarsamningi ef kröfuhafar, t.d. veðhafar eða þeir sem fengið hefðu slík réttindi framseld, gætu átt á hættu að vátryggingarsamningi yrði slitið löngu eftir að hann komst á, vegna ástæðna sem voru fyrir hendi við gerð hans. Áréttað skal að þessi regla á þó ekki við ef vanræksla á upplýsingaskyldu var sviksamleg á sínum tíma.

Um 86. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir félagsins til þess að takmarka ábyrgð sína vegna heilsufarsástæðna vátryggðs sem voru fyrir hendi þegar vátryggingarsamningur var gerður.

Í 1. mgr. er félaginu í tveimur tilgreindum tilvikum, sem lýst er í a- og b-lið, heimilað að gera fyrirvara um ábyrgð sína, ef sjúkdómurinn eða meinið var fyrir hendi þegar samningur var gerður. Í a-lið er ákvæði sem heimilar félaginu að gera slíkan fyrirvara, ef hann byggist á upplýsingum, sem það hefur fengið með lögmætum hætti um hinn vátryggða. Í b-lið er ákvæði sem heimilar félaginu að gera slíkan fyrirvara ef það, af öðrum ástæðum en greinir í 3. mgr. 82. gr., er útilokað frá að afla upplýsinga frá vátryggðum. Ýmis atvik kunna að valda því að félaginu er útilokað að afla upplýsinga um heilsufar hins vátryggða. Frumvarpið, eins og VSL, gerir ráð fyrir því að hægt sé að vátryggja líf og heilsu þriðja manns. Ekki er víst að hann fallist á að veita upplýsingar um heilsufar sitt, eða a.m.k. ekki allar upplýsingar sem félagið telur þörf á að afla. Ef félagið gæti ekki gert slíkan fyrirvara mundi það bera áhættuna af því að sjúkdómur eða mein leiddi til þess að vátryggingaratburður yrði. Slík regla leiddi til þess að félögin höfnuðu að veita slíkar vátryggingar. Gerð er undantekning frá þessari reglu um sjúkdóma eða mein sem hinn vátryggði vissi ekki um þegar ábyrgð félagsins hófst. Þessi regla er í samræmi við ýmsar aðrar reglur í frumvarpinu sem eru reistar á því að félagið beri áhættu af sjúkdómi eða meini sem vátryggður gekk með er vátryggingarsamningur var gerður, en honum var ekki kunnugt um.

Í 2. mgr. er heimild fyrir félagið til þess að gera í skilmálum sínum um sjúkratryggingar fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómum sem koma fram eftir tiltekið tímamark. Sömu heimild hefur félagið í skilmálum líftrygginga þar sem einnig er örorkutrygging. Vátryggingafélögum er nauðsynlegt að hafa þennan möguleika til að sporna gegn hugsanlegri misnotkun í þessum tveimur vátryggingategundum. Þess ber þó að geta hér að ákvæði þetta raskar ekki því banni sem félagið er bundið af skv. 2. mgr. 82. gr. um að hagnýta sér ekki með nokkrum hætti erfðafræðilegar upplýsingar til ályktana um þróun heilsufars. Ákvörðun félagsins, sem þessi málsgrein heimilar því að taka, getur því ekki byggst á erfðafræðilegum upplýsingum og ályktunum dregnum af þeim um líkur til þess að vátryggður þrói með sér eða fái sjúkdóm sem hann hefur ekki einkenni um þegar vátrygging er samþykkt.

Í 3. mgr. eru ákvæði sem takmarka gildi þeirra fyrirvara sem hér um ræðir af hálfu félagsins í tímabundnum vátryggingum, eins og slysa- og sjúkratryggingar eru almennt. Þegar slíkar vátryggingar eru endurnýjaðar eiga slíkir fyrirvarar því aðeins við að sjúkdómurinn eða meinið hafi verið fyrir hendi þegar samningurinn var gerður upphaflega. Félagið getur þannig ekki endurtekið fyrirvarann við endurnýjun vátryggingarinnar.

Um 87. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um rétt félagsins til þess að takmarka eða undanþiggja sig með öllu ábyrgð þegar vátryggður setur sig í tilgreinda hættu. Greinin kemur að miklu leyti í stað 99. gr. og 121. gr. VSL en felur í sér tillögu að verulega breyttri réttarstöðu. Með greininni yrði ákvæðum um hlutlægar ábyrgðartakmarkanir í persónutryggingum sett ákveðin mörk. Greinin hefur fyrst og fremst þýðingu í slysatryggingum. Eins og greinir í almennum athugasemdum með þessum kafla er oft í skilmálum slysatrygginga ákvæði um að félagið sé laust úr ábyrgð ef vátryggður tekur þátt í tilteknum athöfnum, svo sem glímu, fjallaklifri eða svifdrekaflugi. Ekki er gerð tillaga um að vátryggingafélögum verði bannað að undanþiggja sig ábyrgð ef vátryggingaratburður verður við slíkar ástæður en þó er það gert að skilyrði að orsakasamband sé milli háttseminnar (athafnanna eða athafnaleysisins ef því er að skipta) og þess að vátryggingaratburður verður. Undanþága frá ábyrgð, sem eingöngu væri reist á hlutlægum takmörkunum, yrði því ekki lengur gild, ef frumvarpið verður að lögum. Það mundi væntanlega ráðast af orðalagi skilmálanna hvort vátryggður eða félagið hefði sönnunarbyrði fyrir því að um orsakasamband væri að ræða.

Vakin skal athygli á því að greinin tekur til tilvika þar sem félag gerir fyrirvara um ábyrgð sína vegna tiltekinnar starfsemi eða athafna vátryggðs eða að hann setji sig í tilgreinda hættu. Ábyrgðartakmarkanir sem væru reistar á almennum lýsingum, t.d. að vátryggður setji sig ekki í bráða hættu eða því um líkt féllu ekki hér undir. Gildi slíkra fyrirvara kæmi til athugunar eftir reglum 89. og 90. gr.

Um 88. gr.

Í þessari grein eru reglur sem einnig varða efni sem að hluta er skipað í 99. og 121. gr. VSL. Þær lúta að áhrifum þess að aðstæður vátryggðs breytast en fyrst og fremst er átt við breytingar á atvinnu hans.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um heimild félagsins til þess að leggja þá kvöð á vátryggðan að hann tilkynni breytingar á aðstæðum sínum, svo sem starfi sínu. Þessa heimild hefur félagið eingöngu þegar það hefur áskilið að iðgjaldið eigi að vera háð aðstæðum vátryggðs. Skýra verður orðið „aðstæður“ rúmt, enda getur það tekið til búsetu, notkunar á áfengi eða fíkniefnum o.fl. Í 2. málsl. eru svo reglur um hverju það varði vátryggðan ef hann sinnir ekki tilkynningarskyldu skv. 1. málsl. Ef vátryggingaratburður verður getur félagið krafist þess að ábyrgð þess lækki hlutfallslega. Samkvæmt þessu á að leggja hlutfallslegt mat á ábyrgð félagsins, þannig að ábyrgð þess verði aðlöguð að því iðgjaldi sem það hefur fengið greitt miðað við hinar nýju aðstæður. Af þessu leiðir að ef iðgjald hefði tvöfaldast vegna hinna nýju áhættu, þá ætti ábyrgð félagsins að verða helminguð. Ef áhættan hefur aukist svo mjög að félagið hefði alls ekki veitt vátrygginguna ætti ábyrgð þess að falla niður með öllu. Í 3. málsl. eru leiðbeiningarreglur um hvernig framkvæma á mat á ábyrgðinni skv. 2. málsl. og í 4. málsl. er lögð sú skylda á félagið að því beri að minna vátryggingartaka á það í innheimtutilkynningum vegna iðgjalds hvaða kvöð hvíli á honum að þessu leyti.

Um 89. gr.

Í þessari grein eru reglur um þau tilvik er vátryggður veldur vátryggingaratburði af ásetningi. Þessi grein og 90. gr. koma í stað þeirra almennu reglna sem nú eru í 18.–20. gr. VSL um sama efni. Að auki tekur svo þessi grein til tilvika sem nú eru reglur um í 100. gr. VSL, þ.e. um sjálfsvíg. Þegar sá sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi samkvæmt vátryggingu veldur vátryggingaratburði gilda reglur í 108. gr.

Í almennum athugasemdum með þessum kafla er vikið nokkuð að þeim reglum sem þessi grein og 90. gr. hafa að geyma. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í 1. málsl. 1. mgr. er meginregla um persónutryggingar þegar vátryggður veldur vátryggingaratburði af ásetningi. Hún er sú að þá beri félagið ekki ábyrgð. Sérreglur gilda svo um líftryggingar skv. 2. mgr., þannig að þessi meginregla hefur fyrst og fremst þýðingu í slysa- og sjúkratryggingum. Meginregla 1. málsl. er hin sama og gildir skv. 18. gr. VSL. Reglan er eðlileg, nema í líftryggingum, þar sem vátryggingin gengur beinlínis út á að veita lífi vátryggðs vernd. Í slysatryggingum felst verndin í því að vátryggður fær bætur ef vátryggingaratburður verður vegna „skyndilegs utanaðkomandi atviks, sem gerist án vilja hans“, en þannig er verndin yfirleitt skilgreind í skilmálum slysatrygginga. Í sjúkdómatryggingum felst verndin í því að vátrygging tekur til óvinnufærni af völdum sjúkdóms sem kemur til með öðrum hætti en fyrir slys. Í 2. málsl. er kveðið á um að félagið beri samt sem áður ábyrgð ef vátryggður vegna aldurs eða andlegs ástands gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Ákvæðið er orðað á annan veg en í 1. mgr. 19. gr. VSL og veitir svigrúm til þess að meta hvenær aldur eða andlegt ástand vátryggðs á að leiða til ábyrgðar fyrir félagið. Ekki er því um tiltekið aldursmark að ræða, heldur beitt svipuðum sjónarmiðum og gilda í skaðabótarétti um mat á skaðabótaskyldu barna og ungmenna. Ef vátryggingaratburði er valdið af vátryggðum í ölvunarástandi getur vátryggður ekki borið þetta ákvæði fyrir sig, enda gilda ákvæði 90. gr. um þau tilvik. Í 3. málsl. er félaginu heimilað, svo sem algengt er í skilmálum sem notaðir eru, að gera fyrirvara í skilmálum slysatrygginga um að það beri ekki ábyrgð á sjálfsvígi, eða tilraun til þess, sem rakin er til geðveiki. Þessa heimild ber að skýra þrengjandi ef kostur er fleiri en eins skýringarmöguleika. Hún er undantekningarregla og heimilar aðeins slíkan fyrirvara þegar í hlut á „geðveiki“, þ.e. geðsjúkdómur í læknisfræðilegum skilningi, en ekki skyndilegt ójafnvægi eða andlegt áfall sem leiðir til sjálfsvígs eða sjálfsvígstilraunar. Þá gildir heimildin einvörðungu í slysatryggingum. Heimildin er einnig takmörkuð við sjálfsvíg eða sjálfsvígstilraun. Þegar vátryggður vinnur sér mein í öðrum tilgangi, eða af því að hann skynjar ekki afleiðingar gerða sinna, gildir þessi undantekningarregla ekki.

Í 2. mgr. er ákvæði um sjálfsvíg sem ætlað er að koma í stað ákvæðis 100. gr. VSL. Nokkuð er fjallað um tillögur frumvarpsins í almennum athugasemdum. Tillagan er að tveggja ára fresturinn í 100. gr. VSL verði styttur í eitt ár en samt viðhaldið þeim möguleika að unnt sé að sanna að líftrygging hafi verið tekin af öðrum hvötum en þeim að tryggja fjárhag tilgreindra eftirlifenda við andlát. Lagt er til að einungis verði miðað við þær hvatir sem lágu að baki töku vátryggingarinnar á því tímamarki sem hún var tekin. Þetta er nokkuð einfölduð regla frá því sem er í téðri grein VSL, því þar er bæði miðað við hvatir er vátrygging var tekin og einnig að sjálfsvíg hefði farið fram, án tillits til þess hvort vátryggingin hefði verið við lýði. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar er regla sem ætlað er að árétta að miða á við upphaflega töku líftryggingar (með dánarárhættu), sem framlengd hefur verið, þegar ársfresturinn er notaður. Falli vátrygging á hinn bóginn niður og verði síðar tekin ný mundi fresturinn reiknast frá því að sú nýrri var tekin.

Vakin skal athygli á því orðalagi 2. mgr. að hún tekur bæði til sjálfsvígs og tilraunar til þess. Nú leiðir tilraun til sjálfsvígs sem ekki endar með andláti ekki til þess að vátryggingaratburður verði samkvæmt líftryggingu. Reglan um að einnig beri að telja með tilraun til sjálfsvígs hefur þó mikla þýðingu. Í líftryggingunni getur verið örorkutrygging sem gæti átt við um þá örorku sem vátryggður kann að búa við vegna sjálfsvígstilraunar. Auk þess kann örorka hans að leiða til þess að hann leysist undan iðgjaldagreiðslum líftryggingar, a.m.k. að hluta. Ákvæðið á einungis við þegar um sjálfsvíg eða tilraun til þess er að ræða, en

ekki um tilvik þar sem vátryggður vinnur sér mein í öðrum tilgangi en þeim að stytta sér aldur.

Um 90. gr.

Í þessari grein eru reglur um réttarstöðu vátryggðs í slysa- og sjúkratryggingum þegar hann veldur því af gáleysi að vátryggingaratburður verður. Með þessari grein frumvarpsins yrði komið í veg fyrir það að vátryggingafélög gætu fyrirvaralaust undanþegið sig ábyrgð þegar vátryggingaratburði er valdið af stórkostlegu gáleysi. Að þessu er vikið nokkuð í almennum athugasemdum að framan.

Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið svo á um að þótt vátryggingaratburði sé valdið af stórkostlegu gáleysi falli ábyrgð félagsins ekki fyrirvaralaust niður, heldur sé heimilt að lækka hana, eða eftir atvikum fella hana niður. Hið sama á við ef stórkostlegt gáleysi vátryggðs veldur því að afleiðingar vátryggingaratburðar verða meiri en ella hefðu orðið. Í 3. málsl. eru svo ákvæði um hvaða atriði það eru sem ráða eiga því hvort og í hve miklum mæli eigi að lækka ábyrgð félagsins. Nefnd er sök, atvik að vátryggingaratburði, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hefur sjálfviljugur neytt, en til þessara atriða er einnig vísað í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. sem gildir um þetta í skaðatryggingum. Er ekki þörf á að skýra þessi atriði frekar hér.

Í 2. málsl. er mælt fyrir um að beita eigi framangreindum reglum líka um þau tilvik er vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð, eða afleiðingar hans meiri en ella, með því að hlíta ekki varúðarreglum.

Í 2. mgr. er því slegið föstu að það hafi ekki þau réttaráhrif að ábyrgð félagsins verði takmörkuð þótt vátryggingaratburði sé valdið með almennu gáleysi.

Loks segir í 3. mgr. að 1. mgr. verði ekki beitt til lækkunar eða niðurfellingar á ábyrgð félagsins ef hinn vátryggði gat vegna aldurs eða andlegs ástands síns ekki gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Um þetta vísast til skýringa við 2. málsl. 1. mgr. 89. gr.

Um 91. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. frumvarpsins og má vísa um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 92. gr.

Greinin er að efni til sambærileg 3. og 4. mgr. 28. gr. frumvarpsins og má um skýringar líta til athugasemda við þær.

Um 93. gr.

Í þessari grein eru reglur um ráðstafanir til þess að takmarka tjón. Mælt er fyrir um heimildir félagsins til þess að skylda vátryggðan til þess að takmarka tjón og mörk þeirra heimilda. Ákvæði 2. mgr. er ítrekun á þeirri reglu sem kemur fram í 1. málsl. 1. mgr. 90. gr. Er ekki þörf á að skýra efni greinarinnar sérstaklega.

Um 94. gr.

Efni greinarinnar er sambærilegt efni 31. gr. frumvarpsins og má vísa til skýringa í athugasemdum við þá grein. Áréttað skal að orðalagið miðar einungis við að félagið tilkynni að það hyggist bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun, en því er ekki skylt að tilgreina nákvæmlega í fyrstu tilkynningu hve mikil lækkunin verður, enda getur það ráðist af mati á upplýsingum sem fást með síðari gagnaöflun.

Í 3. mgr. er tekið fram að skylt sé að tilkynna líftryggingarskrá ef félagið ætlar að bera fyrir sig þann rétt til takmörkunar á ábyrgð sem það telur sig eiga í líftryggingum. Slík tilkynning er nauðsynleg því í líftryggingarskrá eiga að vera skráðar m.a. allar takmarkanir á réttindum samkvæmt líftryggingum.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um iðgjaldið og innheimtu þess. Reglur um þetta efni í skaðatryggingum eru í V. kafla. Eins og gerð er grein fyrir í almennum inngangi að þeim kafla eru reglur VSL um iðgjaldið og innheimtu þess flóknar og í raun ekki eftir þeim farið í framkvæmdinni. Þar er þess einnig getið að mikilvægt sé að reglur um þessi efni í skaðatryggingum og persónutryggingum séu eins þannig að auðveldara verði fyrir neytendur að átta sig á efni þeirra. Viðurkenna verður þó að um iðgjaldið og innheimtu þess í líftryggingum þurfa að gilda sérstakar reglur að vissu marki. Reglur XIV. kafla eru því að verulegu leyti sama efnis og reglur 5. kafla en þó eru sérákvæði um líftryggingar. Lúta þau sérákvæði í fyrsta lagi að því hvernig háttað sé rétti vátryggðs til að endurvekja líftryggingu, sem fallin er niður vegna vangreiðslu á iðgjaldi, án nýrra heilsufarsupplýsinga og í öðru lagi að sérstakri tilkynningarskyldu félagsins við innheimtu iðgjaldsins. Hafi vátryggingartaki veðsett réttindi samkvæmt líftryggingarsamningi er ljóst að veðhafinn hefur mikla hagsmuni af því að fá tilkynningu um vanskil á iðgjaldi. Veðhafinn getur þá greitt iðgjaldið sjálfur til þess að verja réttindi sín. Hið sama má segja um þann sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi samkvæmt líftryggingu, svo og maka vátryggðs. Er reglum skipað svo að þessir aðiljar, beri þeir sig eftir því, geti átt kost á að fá viðvörun ef vanskil verða á iðgjaldi.

Um 95. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um fyrstu innheimtutilkynningu iðgjalds. Greinin er samhljóða 32. gr. um sama efni í skaðatryggingum og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 96. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um síðari tilkynningu félagsins um innheimtu iðgjalds og kosti þess til að losna undan vátryggingarsamningi vegna vangreiðslu á iðgjaldi. Greinin er samhljóða 33. gr. frumvarpsins um sama efni í skaðatryggingum, en þó er sérstaklega tekið fram að 3. mgr. gildi aðeins um slysa- og sjúkratryggingar. Um það efni gilda sérreglur í líftryggingum. Vísa má um skýringar til athugasemda við 33. gr. frumvarpsins.

Um 97. gr.

Í greininni, sem ekki á sér hliðstæðu í skaðatryggingahlutanum, eru ákvæði um rétt vátryggingartaka til þess að endurvekja líftryggingu, sem fallið hefur úr gildi vegna vangreiðslu á iðgjaldi, án þess að hann þurfi að veita nýjar heilsufarsupplýsingar.

Í 1. málsl. koma fram tvö skilyrði fyrir því að hægt sé að endurvekja líftryggingu, án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar, samkvæmt greininni. Fyrra skilyrðið er að iðgjald hafi áður verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta. Það kemur því ekki til beitingar þessa úrræðis vegna vangreiðslu á fyrsta iðgjaldi. Síðara skilyrðið er að hið vangoldna iðgjald (og eftir atvikum endurkaupsverð vátryggingarinnar og dráttarvextir, hafi félagið uppi kröfu um þá) sé greitt innan þriggja mánaða frá því að 14 daga frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. 96. gr. rann út. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt verður líftrygging ekki endurvakin samkvæmt þessari grein.

Upp kunna að rísa álitaefni ef vátryggður eða aðrir, sbr. úrræði 98. gr., greiða einungis hluta af skuld sinni við félagið, greiða t.d. hluta iðgjaldsins, eða einungis iðgjaldið en ekki dráttarvexti þótt þeirra hafi verið krafist, eða ekki endurkaupsverðið, án þess að krefjast þess að líftryggingin verði aðeins áhættutrygging. Ekki eru gerðar tillögur að reglum til að mæta slíkri aðstöðu, enda geta verið á henni mörg blæbrigði. Verður að leysa úr þessu eftir almennum reglum kröfuréttar, en þær miða við að greiðslutilboð eða tilraun til greiðslu, sem aðeins felur í sér hlutagreiðslu, sé ekki löglegt greiðslutilboð eða fullnægjandi greiðsla. Hlutagreiðsla mundi því ekki endurvekja líftryggingu nema því aðeins að félagið samþykkti það. Er ekki ráðlegt fyrir vátryggingartaka, vátryggðan, veðhafa eða aðra að taka áhættu í þessu efni.

Í 2. málsl. er mælt fyrir um að greiða verði til baka endurkaupsverð líftryggingar, hafi það verið greitt út. Tilvísun til 1. mgr. 80. gr. felur þó í sér að vátryggingartaki getur krafist þess að líftryggingin haldi áfram sem hrein áhættutrygging. Komi hann þeirri kröfu á framfæri getur hann endurvakið líftrygginguna sem áhættutryggingu með því að greiða iðgjaldið og eftir atvikum dráttarvexti en án þess að greiða endurkaupsverðið til baka.

Í 3. málsl. er áréttað að félagið eigi rétt til dráttarvaxta en þann rétt ætti félagið þótt slíkt væri ekki tekið fram. Það er aðeins gert til að taka af tvímæli um rétt félagsins og samsvarandi skyldu vátryggingartaka.

Í 4. málsl. er mælt fyrir um að ef ábyrgð félagsins er endurvakin með réttri greiðslu hefjist ábyrgð þess daginn eftir að greiðslan er innt af hendi. Óhjákvæmilegt er að fresta því til næsta dags að ábyrgðin hefjist. Önnur regla gæti leitt til þess að félagið yrði ábyrgt fyrir vátryggingaratburði sem orðið hefur áður en greiðslan fór fram. Réttaráhrif greiðslunnar eru þau að vátrygging er endurvakin. Þótt hún hafi þannig ekki verið í gildi í allt að þrjá mánuði raknar hún við að nýju og vátryggingartaki nýtur sama réttar eftir það og vátrygging hefði aldrei fallið úr gildi. Af sjálfu leiðir að félagið á því rétt til iðgjalds allan tímann, enda hefur það allan tímann búið við þann möguleika að vátryggingartaki mundi endurvekja líftrygginguna með sömu heilsufarsupplýsingum, þannig að það ber því áhættu á versnandi heilsu hans á þeim tíma sem líftryggingin var ekki í gildi. Verður slík skipan mála að teljast eðlileg, enda hafi vátryggingartaki verið grandlaus um versnandi heilsufar sitt.

Um 98. gr.

Í þessari grein eru reglur sem ætlað er að tryggja hagsmuni veðhafa í réttindum samkvæmt líftryggingu og eftir atvikum annarra sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta, en þeir verða þá að tilkynna félaginu um að þeir vilji fá tilkynninguna.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um óskoraða skyldu félagsins til þess að senda veðhafa í réttindum samkvæmt líftryggingu tilkynningu skv. 1. mgr. 96. gr., þ.e. síðari tilkynningu félagsins. Vátryggingafélagi er alltaf kunnugt um veðhafa í réttindum samkvæmt líftryggingu, enda ber að skrá slíka takmörkun í líftryggingarskrá skv. XVII. kafla. Einnig getur félaginu verið skylt að senda vátryggðum, maka vátryggingartaka og þeim sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi samkvæmt líftryggingu slíka tilkynningu, en því aðeins að þeir hafi gert kröfu til félagsins um að fá slíka tilkynningu senda. Um er að ræða tilkynningu skv. 1. mgr. 96. gr.

Það er mikið í húfi fyrir félagið að það sinni tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein. Verði það látið undir höfuð leggjast getur félagið, gagnvart þeim sem rétt eiga á tilkynningu, ekki borið fyrir sig vanefnd á greiðslu iðgjaldsins. Réttur þeirra verður með öðrum orðum óskertur.

Um 99. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um XV. kafla.

Almennt.

Í þessum kafla eru reglur um ráðstafanir tengdar vátryggingum, þ.e. persónutryggingum, eins og tilnefningu rétthafa, veðsetningu réttinda samkvæmt vátryggingu og framsal slíkra réttinda. Auk þess eru í kaflanum reglur um hver eigi rétt til greiðslna samkvæmt vátryggingunni þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað henni með neinum hætti. Reglum kaflans er ætlað að koma í stað 102.–112. gr. VSL, svo og 118. og 122. gr. þeirra laga. Þær reglur sem gerð er tillaga um í þessum kafla víkja verulega frá framangreindum ákvæðum VSL.

Stutt yfirlit um efni gildandi reglna.

Reglur um það hver eigi rétt til greiðslna úr hendi vátryggingafélags og um ráðstafanir yfir réttindum samkvæmt vátryggingunni eru í III. og IV. kafla VSL. Ýmsar reglur þessara kafla koma ekki til athugunar hér, heldur þegar fjallað verður um efni annarra kafla frumvarpsins.

Almennt gilda sömu reglur að þessu leyti um höfuðstólstryggingar og lífeyristryggingar, sbr. 118. gr. VSL, en í þeirri grein eru þó einnig sérreglur um síðarnefndu vátryggingarnar. Skv. 102. gr. VSL getur vátryggingartaki hvenær sem er við eða eftir töku vátryggingar tilnefnt annan mann í sinn stað sem rétthafa. Hann getur almennt afturkallað þessa ákvörðun nema hann hafi afsalað sér rétti til afturköllunar. Ráðstafanir þessar eru formbundnar skv. 103. gr. VSL. Þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi rennur vátryggingarfjárhæðin til dánarbús hans. Í því felst að hún mun skiptast milli erfingja hans eftir reglum erfðaréttar. Hafi hann tilnefnt annan mann, sem ekki er skylduerfingi hans, rétthafa í sinn stað, og sú ráðstöfun er ekki óafturkræf, gengur réttur eftirlifandi maka, lífserfingja, arfgengra kjörbarna eða lífserfingja þeirra framar rétti þess er tilnefndur hefur verið. Hafi tilnefning verið óafturkallanleg stendur hún. Um þetta eru reglur í 104. gr. VSL. Orðið lífserfingi er notað í 104. gr. VSL, sem og 105. gr. VSL, en það er ekki skýrt í athugasemdum með greininni í frumvarpi því sem síðar varð að VSL. Orðið lífserfingi er ekki þekkt í íslenskum erfðarétti, t.d. hvorki notað í erfðalögum, nr. 8/1962, né heldur skilgreint í íslenskum fræðiritum um erfðarétt. Það er á hinn bóginn notað bæði í dönskum og norskum erfðarétti um „en arvelaters etterkommere i rett nedstigende linje“, þ.e. niðja arfláta í beinan legg. Í 105.–107. gr. VSL og 110. gr. sömu laga eru ákvæði sem fela í sér túlkunarreglur er rétthafi er tilnefndur. Er óþarfi að gera grein fyrir efni þeirra hér. Í 108. gr. VSL er mælt fyrir um að tilnefning rétthafa leiði hvorki til skerðinga á rétti vátryggingartaka til þess að krefjast endurkaupsverðs vátryggingarinnar né til að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti þeim réttindum sem vátryggingarsamningur veitir honum. Það á þó ekki við ef hann hefur skuldbundið sig gagnvart rétthafa til þess að afturkalla ekki tilnefningu hans, því þá getur hann ekki ráðstafað réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi þannig að það fari í bága við hagsmuni rétthafans. Skv. 109. gr. VSL getur rétthafi, hvort sem réttur hans byggist á afturkallanlegri eða óafturkallanlegri tilnefningu, ekki framselt, veðsett eða ráðstafað með öðrum hætti þessum réttindum sínum fyrr en vátryggingaratburð hefur borið að höndum.

Um aðrar ráðstafanir yfir réttindum samkvæmt samningi um persónutryggingu en tilnefningu er það að segja að heimilt er að framselja líftryggingu, sbr. 111. gr. VSL. Þar er mælt svo fyrir um að við framsal líftryggingarskírteinis öðlist framsalshafi öll réttindi gegn félag-

inu sem samningurinn um framsalið veiti. Í öðrum ákvæðum laganna, sbr. einkum 113. og 114. gr. VSL, eru reglur sem tryggja viðskiptabréfseiginleika líftryggingarskírteinis. Í 111. gr. VSL er kveðið svo á að við framsal falli niður réttur þess sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi, þ.e. þegar vátryggingartaki hefur ekki afsalað sér rétti til þess að afturkalla þá ráðstöfun. Í 112. gr. VSL eru ákvæði um veðsetningu vátryggingartaka á réttindum samkvæmt líftryggingarsamningi. Slík veðsetning byggir ekki út þeim rétti sem sá hefur öðlast er tilnefndur hefur verið sem rétthafi, en hann stendur þó að baki rétti veðhafans, þ.e. þegar vátryggingartaki hefur ekki afsalað sér rétti til að afturkalla tilnefninguna. Hafi hann gert það ganga heimildir rétthafa framar rétti veðhafans. Í 2. og 3. mgr. 112. gr. VSL eru svo frekari reglur um réttarstöðu veðhafans og umfang veðréttarins.

Eins og fyrr greinir taka framangreindar reglur almennt einnig til lífeyristrygginga, sbr. 1. mgr. 118. gr. VSL. Í þeirri grein eru þó einnig sérreglur um þessa tegund líftryggingar sem mælir fyrir um að félagið losni undan skyldu sinni ef það greiðir lífeyrisgreiðslu, sem í gjalddaga er komin, þeim sem talinn er vera lífeyrisþegi, meðan það hefur ekki fengið vitneskju um að rétturinn til vátryggingarinnar hafi verið framseldur öðrum. Þetta gildir enda þótt eigi hafi verið ritað á skírteinið að greiðsla hafi farið fram. Er með þessu átt við einstakar lífeyrisgreiðslur. Loks er mælt fyrir um að ef greiða eigi lífeyri í lífstíð annars manns en vátryggingartaka skuli litið svo á að vátryggingartaki hafi tilnefnt hann sem rétthafa í sinn stað.

Yfirlit um tillögur að nýjum reglum, einkum efnislegar breytingar.

Eitt þýðingarmesta atriði sem reglur þessa kafla taka til er hvernig skipa eigi reglum um rétt til líftryggingarfjárhæðar við andlát vátryggðs. Margir kostir eru í því efni. Eins og gerð er grein fyrir að framan er það skipan gildandi laga að það skuli fara að reglum erfðaréttar hvernig líftryggingarfjárhæð er ráðstafað, en þó er vátryggingartaka skv. 102. gr. VSL veittur réttur til þess að ráðstafa réttindum samkvæmt vátryggingu. Þeirri ráðstöfun má þó hnekkja að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem þó eru engan veginn ströng. Tillögur þær sem gerðar eru um skipan efnis reglna í kaflanum lúta að því að styrkja rétt vátryggingartaka til þess að ráðstafa réttindum yfir vátryggingunni. Þegar réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi hefur ekki verið ráðstafað er það afstaða nefndarinnar að reglur erfðaréttar eigi ekki einar að ráða því hvernig vátryggingarfjárhæð dreifist til eftirlifenda. Rökin eru fyrst og fremst þau að það sé ekki víst að það leiði til þess að fjárhæðin renni til þess eða þeirra sem mesta hafa þörf fyrir hana. Lagt er til að staða maka í þessu efni verði styrkt verulega. Við andlát vátryggðs, sem ekki hefur ráðstafað réttindum samkvæmt líftryggingu, er líklegast að á maka hans brenni að gera fjárhagsráðstafanir til þess að halda í horfinu fyrst í stað með stöðu fjölskyldunnar.

Eins og gildandi lög heimila er gert ráð fyrir því í reglum frumvarpsins að vátryggingartaki geti ráðstafað réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi um persónutryggingar með sams konar löggerningum. Lagt er til að heimildir þær sem nú eru í 2. mgr. 104. gr. VSL til að hnekkja ráðstöfun hans á slíkum réttindum verði þrengdar, þ.e. bundnar við þrengri hóp en nú er. Réttur kröfuhafa til þess að leita fullnustu í vátryggingarfjárhæð í persónutryggingum verður þrengdur ef frumvarpið verður að lögum. Leiðir það bæði af 100. gr. og 110. gr. Má því ætla að síður verði þörf á því að ráðstafa réttindum samkvæmt vátryggingum í persónutryggingum en nú er, því lagt er til að slík ráðstöfun sé ekki forsenda þess að vernd fáist gegn kröfuhöfum.

Staða maka vátryggingartaka, sem ráðstafar réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi, raskast mjög við ráðstöfunina. Það réttlætir þó ekki takmörkun á ráðstöfunarrétti vátrygg-

ingartaka. Eðlilegt er þó að makinn fái tilkynningu um slíka ráðstöfun, enda kann það að kalla á sambærilegar ráðstafanir af hans hálfu yfir réttindum samkvæmt vátryggingu sem hann hefur tekið eða aðrar ráðstafanir til að tryggja framtíð sína.

Þær formkröfur sem gerðar eru til ráðstafana yfir réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi samkvæmt VSL yrðu að mestu einnig gildandi ef þetta frumvarp yrði að lögum. Til viðbótar er lagt til að heimilað verði að gera slíkar ráðstafanir með erfðaskrá, en þess er ekki kostur samkvæmt gildandi lögum.

Um nánari skýringar vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Um 100. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um réttinn til þess að fá greidda vátryggingarfjárhæðina, þ.e. um hver eigi rétt til hennar þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað henni. Eins og fyrr greinir miða VSL við að reglur erfðaréttar ráði skiptingu á vátryggingarfjárhæðinni milli eftirlifenda hins vátryggða. Tillögur frumvarpsins gera ráð fyrir því að horfið verði frá þeim reglum og réttur eftirlifandi maka styrktur, enda hefur hann við andlát oftast mesta þörf fyrir fjármuni til þess að halda málefnum fjölskyldunnar í horfinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna andlátsins og þeirra breytinga sem því fylgja, ekki síst á tekjur fjölskyldunnar. Á hinn bóginn eru um ýmis atriði sóttar fyrirmyndir til erfðalaga, svo sem síðar verður vikið að.

Í 1. mgr. er almenn yfirlýsing sem kveður á um að þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað vátryggingunni í samræmi við reglur kaflans gildi ákvæði 2.–6. mgr. Hin tilvitnuðu ákvæði gilda því aðeins ef ekki hafa verið gerðar ráðstafanir með réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi, þ.e. tilnefning rétthafa, framsal eða veðsetning. Ákvæði þetta hefur í raun ekki sjálfstætt gildi, en þó þykir rétt að taka af tvímæli um skipan efnis þessarar greinar.

Í 1. málsl. 2. mgr. er meginreglan sem vikið hefur verið að framar, þ.e. að vátryggingarfjárhæð sem fellur til við andlát vátryggingartaka renni til maka hans. Skv. 1. mgr. 104. gr. VSL skal vátryggingarfjárhæðin samkvæmt gildandi reglum renna til dánarbús hans. Í því felst að fjárhæðin kemur til skipta eins og aðrar eigur dánarbúsins. Hafa má efasemdir um réttmæti þessarar reglu. Líklegt er að vátryggingartaki sem ekki gerir sérstakar ráðstafanir yfir réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi kjósi helst að láta maka sinn njóta vátryggingarfjárhæðarinnar, einkum til þess að geta varðveitt stöðu fjölskyldunnar. Ef hann kýs að hafa annan hátt á standa honum til boða þeir kostir að ráðstafa fjárhæðinni. Frá þessari meginreglu er gerð undantekning í 2. málsl., en þar segir að ef fyrir andlát vátryggðs hafi verið veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng, lögskilnaður eða kveðinn upp dómur um það eða hjúskapur ógiltur eigi meginreglan í 1. málsl. ekki við. Þetta samrýmist 1. mgr. 26. gr. erfðalaga sem mælir fyrir um brottfall erfðaréttar milli hjóna „við skilnað að borði og sæng, við algeran hjónaskilnað [lögskilnað] og við ógildingu hjúskapar með dómi“, svo sem þar segir. Rétt er að taka af tvímæli um það að samvistarslit hjóna skipta hér engu máli. Auk þess ber að taka fram að veiting leyfis til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar nægir, svo og að dómur um ógildingu hafi verið kveðinn upp. Þá þarf einnig að geta þess, vegna tilvísunar að framan til 26. gr. erfðalaga að þótt skilyrði 2. mgr. þeirrar greinar væru fyrir hendi hafa þau enga þýðingu við beitingu þessa ákvæðis. Maki, sem grandsamur er í hjúskap, sem er ógildanlegur, ætti því rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt meginreglu 1. málsl.

Orðið maki í 1. málsl. tekur ekki til sambúðarmaka og heldur ekki til eftirlifandi samvistarmanns þótt til samvistar hafi verið stofnað samkvæmt lögum um það efni, nr. 87/1996. Rökin eru þau að oft er ekki sú festa komin á sambúð að rétt sé að láta sambúðarmaka sjálfkrafa ganga framar t.d. öðrum erfingjum hins vátryggða, hvort sem það eru börn hans

með öðrum eða með sambúðarmakanum sem eftir lifir. Telji vátryggingartaki/vátryggður að rétt sé að fjárhæðin gangi til sambúðarmaka hans mundi hann tilnefna hann sem rétthafa. Að því er varðar staðfesta samvist gilda nokkuð önnur rök en um hjúskap. Framfærslubyrði er eðli máls samkvæmt sjaldan veruleg meðal þeirra sem eru í staðfestri samvist, þótt slíkt verði vissulega ekki útilokað. Það eru þess vegna ekki sömu rök til að láta samvistarmann hafa þau sérstöku réttindi sem lagt er til að maki njóti, enda eru þau fyrst og fremst reist á þörf fyrir að viðhalda fjölskyldu, þ.m.t. börnum, er makinn andast. Verður að hafa í huga að reglan um þá sérstöðu sem lagt er til að maki njóti er frávik frá almennum reglum, t.d. erfðaréttar, um skiptingu eigna hins látna og þess vegna verða að vera fyrir henni sérstök rök.

Í 3. málsl. 2. mgr. er mælt fyrir um að vátryggingarfjárhæðin, sem renna skal til maka samkvæmt meginreglunni í 1. málsl. teljist ekki til þeirra eigna sem falla undir helmingaskiptaregluna, sem eru í hinum tilgreindu ákvæðum. Þessi regla er nauðsynleg til þess að tryggja að fjármunir þeir sem renna eiga til makans geri það í raun. Ef ekki væri tekið af skarið um þetta mundi meginreglan um rétt maka til vátryggingarfjárhæðarinnar ekki ganga eftir með réttum hætti. Ef eftirlifandi maki yfirtekur búið sem óskipt, sbr. II. kafla erfðalaga, og situr í því þannig, þá rennur vátryggingarfjárhæðin inn í búið óskipt ásamt öðrum eignum hins látna. Þegar hið óskipta bú kemur að lokum til skipta, hvort sem það er á meðan hinn langlífari maki lifir eða eftir andlát hans, skiptist vátryggingarfjárhæðin með sama hætti og aðrar eignir dánarbúsins eða búanna eftir reglum erfðaréttar. Ástæður þessarar tillögu eru fyrst og fremst þær að ef maki kýs að sitja í óskiptu búi nýtur hann eigna þess til venjulegrar framfærslu sinnar og barna. Eðlilegt er, enda regla 1. málsl. á því reist, að hann noti vátryggingarfjárhæðina einnig í því skyni. Það eru því ekki rök til að láta nein sérsjónarmið gilda um skipti á vátryggingarfjárhæðinni þegar hið „óskipta bú“ kemur loks til skipta, sem getur verið eftir mörg ár eða jafnvel áratugi. Eins og fyrr greinir verða að vera fyrir hendi sérstök rök til að skipa reglum eins og gert er í 1. málsl. og þau eru ekki fyrir hendi ef maki kýs að sitja í óskiptu búi.

Í 3. mgr. eru reglur um tilvik þegar vátryggður lætur ekki eftir sig maka sem fær vátryggingarfjárhæðina skv. 1. málsl. 2. mgr. Þegar svo háttar til fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Í þessu felst að engin rök eru til að beita sérstökum sjónarmiðum um vernd maka, enda hann ekki til, og þá er eðlilegast að fara með vátryggingarfjárhæðina eins og önnur verðmæti sem hinn látni lét eftir sig. Þess ber þó að geta að staða erfingja er styrkt frá því sem er eftir gildandi reglum VSL, því af greininni og 110. gr. frumvarpsins leiðir að þeir njóta ríkari verndar gagnvart kröfuhöfum ef frumvarpið verður að lögum. Verður vikið nánar að þessu í skýringum við 110. gr. Í 2. málsl. 3. mgr. er kveðið á um að ef vátryggingartaki sat í óskiptu búi eftir látinn maka sinn teljist vátryggingarfjárhæðin til þeirra eigna sem skipta á jafnt milli erfingja hans og hins skammlífari maka. Þessi regla er eðlileg, enda eru ekki fyrir hendi sérstök rök fyrir annarri reglu.

Ekki er ástæða til að skýra efnislega ákvæði 4. mgr. en þess skal þó getið að oftast mundu slíkar aðstæður koma upp í hóplíftryggingum þar sem ákvæði skilmála mæltu fyrir um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar, t.d. fyrir hvert barn sem hinn vátryggði lét eftir sig.

Í 5. mgr. er ákvæði sem einkum gæti tekið til tilvika þar sem fleiri en einn samstarfsaðiljar, t.d. sameigendur að firma, tækju líftryggingu sameiginlega til þess að vera betur í stakk búnir til að mæta því tjóni sem yrði ef einn þeirra félli frá. Þetta gæti t.d. átt við um sameiginlegt firma, eða sameiginlegan rekstur, sérfræðinga, svo sem hönnuða, verkfræðinga, endurskoðenda, lögmanna o.fl. Þegar um sameiginlegan rekstur fárra manna er að ræða verður oft veruleg röskun ef einn þeirra fellur frá. Gæti því verið skynsamlegt fyrir þá að fyrirbyggja mikið fjártjón með slíkum líftryggingum. Ákvæðið gæti einnig átt við um annars

konar samstarf eða samninga. Einnig gæti þetta átt við um sameiginlega töku hjóna á líftryggingu.

Í 6. mgr. er ákvæði sem tekur í fyrsta lagi til tilvika er vátryggingarfjárhæð skal greidd út þegar hinn vátryggði hefur náð tilteknum aldri, í öðru lagi tilvika þar sem greiða ber bætur við örorku hins vátryggða og í þriðja lagi þegar vátrygging er tekin á lífi annars manns, hvort sem vátryggingarfjárhæðin fellur til við andlát hans eða þegar hann nær tilteknum aldri. Vátrygging gæti verið tekin á lífi þriðja manns, en einnig gæti verið um það að ræða að hún hefði verið framseld. Í þessum tilvikum fellur vátryggingarfjárhæðin til vátryggingartaka, en framsalshafi réttinda samkvæmt vátryggingu telst vátryggingartaki í þessum skilningi.

Um 101. gr.

Í þessari grein eru reglur um tilnefningu rétthafa og er efni hennar að verulegu leyti hið sama og 102. gr. VSL. Í upphafi er meginreglan um að vátryggingartaki geti tilnefnt einn eða fleiri menn sem rétthafa að vátryggingarfjárhæð. Viðbótargreiðslur, svo sem ágóðahlutdeild, mundi að jafnaði greidd saman með vátryggingarfjárhæðinni, en vátryggingartakinn getur þó ráðstafað henni sérstaklega, kjósi hann það. Vátryggingartakinn hefur fullt frelsi til þess að gera fleiri en eina ráðstöfun, t.d. þannig að hann skipti fjárhæðinni eða þannig að ráðstöfun taki aðeins til hluta hennar, hinn hlutinn rynni þá til maka skv. 1. málsl. 2. mgr. 100. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um það að ef vátryggingartaki, sem tilnefnir rétthafa samkvæmt vátryggingarsamningi, er í hjúskap beri að tilkynna það maka hans. Er um þetta vísað til 105. gr. Ekki segir neitt í þessari grein hverju það varði ef maka er ekki tilkynnt um tilnefninguna. Tilvísun til 105. gr. veldur því að vanræksla á tilkynningu og þýðing þess fyrir maka er eitt af þeim atriðum sem koma til athugunar þegar metið er hvort sanngjarnt sé að heimila að hnekkja tilnefningu á rétthafa. Það er maki vátryggingartaka sem á að fá tilkynningu um tilnefningu rétthafa. Í þessu felst að reglan á aðeins við þegar vátryggingartaki hefur tekið vátryggingu á eigin lífi.

Hvað varðar tilkynningu til maka skv. 1. mgr. vegast á tvenns konar sjónarmið, annars vegar sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt vátryggingartaka og hins vegar um rétt maka með tilliti til fjárhagslegra sjónarmiða og jafnréttis á milli hjóna. Ef til vill má halda fram að óeðlilegt sé að löggjafinn skyldi þá sem taka líftryggingu að upplýsa aðra um hvert dánarbætur skuli renna, enda geti verið góð og gegn rök fyrir því að vátryggingartaki tilnefni annan aðila en maka sinn. Eðlilegra gæti verið að eingöngu væri tilkynnt um breytingar á réttthafaskráningu ef maki sem áður var skráður rétthafi félli út. Hins vegar verður að telja að réttur maka sé það ríkur að eðlilegt sé að honum sé tilkynnt um tilnefningu rétthafa, enda má ætla að sameiginlegar tekjur hjóna renni til greiðslu vátryggingarinnar. Tilkynningu þessa verður jafnframt að skoða með hliðsjón af ákvæði 105. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að heimilt sé að hnekkja tilnefningu rétthafa teljist hún bersýnilega ósanngjörn gagnvart maka eða öðrum skylduerfingjum. Til þess að maki geti notið réttar skv. 105. gr. er ljóst að hann verður að hafa upplýsingar um töku líftryggingar og hver sé tilnefndur rétthafi. Þannig tengjast ákvæði 101. og 105. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er regla sem er sama efnis og 1. málsl. 2. mgr. 102. gr. VSL. Reglan um frelsi vátryggingartaka til þess að afturkalla tilnefningu rétthafa er reist á því að rétthafinn eigi engan lögvarinn rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar þrátt fyrir tilnefninguna. Hann getur aðeins gert sér vonir um að fá fjárhæðina þegar hún kemur til greiðslu, þ.e. við vátryggingaratburð. Eftir að vátryggingaratburður verður er ekki heimilt að afturkalla tilnefningu og gildir einu hver ætti í hlut. Í 2. mgr. kemur fram að hægt er að lýsa því yfir að tilnefning sé óaftur-

kallanleg. Það getur vátryggingartaki gert með því að lýsa því yfir við rétthafann sjálfan. Slík viljayfirlýsing vátryggingartaka, er loforð af hans hálfu sem beint er til rétthafans og skuldbindandi þegar það kemur til vitundar móttakanda, þ.e. rétthafans. Vátryggingartakinn getur ekki afturkallað slíkt loforð, frekar en önnur loforð samkvæmt reglum samningaréttar. Í því efni skiptir ekki máli hvort loforðið hefur á sér blæ gjafagernings eða er liður í gagnkvæmu íþyngjandi samkomulagi þeirra. Viljayfirlýsing vátryggingartaka sem hann beinir til félagsins um að hann muni ekki afturkalla tilnefningu hefur ekki slík réttaráhrif, hún er í raun marklaus, því í henni einni og sér felst ekki þriðjamannsloforð. Skiptir í þessu efni ekki máli þótt félagið mundi skýra rétthafanum frá þessu.

Um skuldbindingargildi tilnefninga og loforða um að afturkalla þau ekki gagnvart börnum og öðrum ólögráða einstaklingum, svo og um slíkar yfirlýsingar af hálfu þess sem er ólögráða eða ekki fær um að gera sér grein fyrir þýðingu slíkra ráðstafana verður að vísa til samningaréttar og persónuréttar.

Um 102. gr.

Í greininni eru reglur um aðferðir við tilnefningu rétthafa en greinin kemur í stað 103. gr. VSL og er að mestu eins, þó með einu veigamiklu fráviki sem gerð verður grein fyrir síðar, sbr. umfjöllun um 2. mgr.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. verður vátryggingartaki að tilkynna félaginu skriflega ef hann ráðstafar réttindum samkvæmt vátryggingu með því að tilnefna rétthafa eða afturkalla tilnefningu. Frá þessu er gerð sú undantekning í 2. málsl. 1. mgr. að ef tilnefning er gerð við töku vátryggingar sé það hægt með öðrum hætti, einkum munnlega. Jafnvel í slíkum tilvikum er eðlilegt af vátryggingartaka að taka ekki áhættu og tilkynna það skriflega til félagsins. Þannig tryggir hann sér sönnun sem hann eða líklega fremur aðrir geta þurft á að halda síðar. Um afturköllun gilda sömu formreglur og um tilnefninguna sjálfa.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli. Þar er vátryggingartaka heimilað að gera ráðstafanir tengdar vátryggingu, þ.e. tilnefningu eða afturköllun hennar, í erfðaskrá. Það er vissulega rökrétt að heimila vátryggingartaka slíkar ráðstafanir í erfðaskrá, en með þeim hætti gæti hann í einu skjali ráðstafað eignum og öðrum réttindum sínum. Þó verður að hafa hugfast að um vátryggingarfjárhæðina og aðrar eignir og réttindi vátryggingartaka gilda ekki sömu reglur við andlát hans. Tilnefning rétthafa eða afturköllun hennar, sem gerð er í erfðaskrá, hefur sömu réttaráhrif og sú sem gerð er skv. 1. mgr. Það verður að gera þá kröfu að vátryggingartakinn ráðstafi réttindum samkvæmt vátryggingu sérstaklega, þ.e. kveði skýrlega á um það að hann sé að ráðstafa réttindum samkvæmt vátryggingunni. Almenn ráðstöfun allra eigna, án þess að vátryggingin sé nefnd, mundi ekki teljast tilnefning rétthafa eða afturköllun hennar. Slíkar ráðstafanir í erfðaskrá verða að uppfylla formkröfur erfðaréttar eins og aðrar ráðstafanir sem þannig eru gerðar. Á hinn bóginn er ljóst að túlkunarreglur 103. gr. frumvarpsins mundu, ef það verður að lögum, ganga framar túlkunarreglum erfðalaga að því er tekur til skýringa á tilnefningu eða afturköllun. Vilji vátryggingartaki skuldbinda sig gagnvart rétthafa til þess að afturkalla ekki tilnefningu sem hann hefur gert með erfðaskrá yrði hann að fara að í samræmi við fyrirmæli 49. gr. erfðalaga.

Í 3. mgr. greinarinnar segir að þau fyrirmæli sem er að finna í 1. og 2. mgr. um form tilnefningar og afturköllunar séu gildisskilyrði þeirra. Er slíkt óvenjulegt í fjármunarétti, en eðlilegt engu að síður þegar litið er til mikilvægis þeirra ráðstafana sem um ræðir.

Um 103. gr.

Í þessari grein eru fyllingarreglur sem beitt verður ef annað er ekki ákveðið eða leiðir af atvikum. Slíkar reglur er algengar í löggjöf á sviði fjármunaréttar og eru frávíkjanlegar réttarreglur eitt dæmi um slíkar reglur. Reglunum er ætlað að koma í stað 105.–107. gr. og 110. gr. VSL og tillögur frumvarpsins fela ekki í sér róttækar breytingar á efni gildandi reglna.

Í a-lið er sú fyllingarregla að tilnefning rétthafa skuli, sé ekki annað ákveðið, aðeins taka til þeirrar vátryggingarfjárhæðar er fellur til við andlát. Það er ekkert sem stendur því í vegi að einnig sú vátryggingarfjárhæð sem fellur til á meðan vátryggður sé líka ráðstafað til rétthafans, það verður einungis að gera það sérstaklega.

Af b-lið leiðir að þegar vátryggingartaki hefur tilnefnt fleiri en einn rétthafa skuli, í samræmi við 53. gr. erfðalaga, líta svo á að þeim sé öllum ætlaður jafnstór hlutur. Þetta á við þegar hann hefur ekki tiltekið hvaða hlutur á að falla til hvers rétthafa. Við aðstæður sem þessi stafliður tekur til geta oft risið álitamál. Það getur t.d. gerst þegar vátryggingartaki tilnefnir einn mann fyrst, en síðar annan. Oft mundi litið svo á að síðari tilnefningin fæli í sér afturköllun á hinni fyrri, en það réðist þó af atvikum.

Í c-lið er ákvæði sem ætlað er að koma í stað núgildandi 106. gr. VSL og er gerð tillaga um breytingu. Samkvæmt gildandi reglum fellur tilnefning niður ef rétthafinn deyr á undan vátryggingartaka. Tillaga frumvarpsins miðar við að í þeim tilvikum falli hlutur rétthafa til lögerfingja hans, en það er sú regla sem gildir í erfðarétti þegar bréferfingi deyr á undan arfláta.

Í d-lið er tekið af skarið um það að ef maki vátryggðs er tilnefndur sem rétthafi gildi ákvæði 2. mgr. 100. gr., sem á við í tilvikum er vátryggingarfjárhæðin fellur til maka vátryggingartaka við andlát hans, þ.e. þegar hann hefur ekki ráðstafað henni. Um skýringar á þessu vísast til athugasemda við 100. gr. Rétt er þó að taka fram að ákvæði þessa stafliðar tekur bæði til tilvika er vátryggingartaki hefur vátryggt eigið líf og tilnefnt maka sinn og líka þegar hann hefur vátryggt líf annars manns og tilnefnt maka hans sem rétthafa.

Í e-lið er regla sem mælir fyrir um að skýra skuli tilvísun til erfingja í tilnefningu svo að hún taki einnig til bréferfingja. Í þessu felst að reglur erfðaréttar eiga að ráða skiptingu vátryggingarfjárhæðarinnar, sem felur í sér að ef um skylduerfingja er að ræða gengur einungis sá hluti sem heimilt er að ráðstafa með erfðaskrá til bréferfingja. Við mat á því hvernig álitamálum um þetta ætti að ráða til lykta yrði að byggja á sjónarmiðum erfðaréttar.

Í f-lið eru ákvæði um það þegar vátrygging er veðsett við andlát vátryggingartaka sem ráðstafað hefur réttindum samkvæmt henni með tilnefningu rétthafa. Í þeim tilvikum á rétthafinn að víkja fyrir hagsmunum veðhafans.

Um 104. gr.

Í greininni eru reglur um hvernig fer með réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi þegar rétthafi er tilnefndur. Greinin kemur í stað reglna sem nú eru í 108.–110. gr. og 112. gr. VSL. Ekki eru gerðar tillögur um róttækar breytingar.

Í 1. málsl. 1. mgr. er ákvæði sem er efnislega eins og 1. mgr. 108. gr. VSL. Í ákvæðinu felst að sá sem tilnefndur er sem rétthafi öðlast ekki lögvarinn rétt til greiðslna samkvæmt vátryggingarsamningi, heldur getur aðeins gert sér vonir um greiðslur. Að þessu er áður vikið. Af þessu leiðir að vátryggingartakinn hefur áfram fullan ráðstöfunarrétt yfir vátryggingunni þótt það kunni að skerða hagsmuni rétthafans. Vátryggingartakinn hefur ekki aðeins heimildir til að gera ráðstafanir, heldur einnig rétt til þess að taka út endurkaupsverð vátryggingarinnar og skerða þar með hlut rétthafans, stytta eða lengja vátryggingartímann o.fl. Í 2.

málsl. er ákvæði um betri rétt veðhafa en þess sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi. Um er að ræða sömu reglu og í f-lið 103. gr.

Í 2. mgr. segir að þegar tilnefning hefur verið gerð óafturkallanleg með réttum hætti megi vátryggingartaki ekki með ráðstöfunum yfir vátryggingunni baka rétthafanum tjón. Reglan er efnislega eins og 2. mgr. 108. gr. VSL. Eins og áður greinir er það fyrst þegar rétthafinn hefur fengið loforð frá vátryggingartaka um að tilnefning sé óafturkallanleg sem hann öðlast lögvarinn rétt til þeirra greiðslna sem honum hafa verið ánafnaðar. Eftir það er vátryggingartakanum óheimilt að skerða hagsmuni hans með ósamþýðanlegum ráðstöfunum. Vátryggingartaki getur samt hætt að greiða iðgjaldið þótt hann kunni að baka sér við það bótaábyrgð gagnvart rétthafanum, allt eftir efni samninga þeirra.

Í 1. málsl. 3. mgr. er ákvæði sem efnislega svarar til 109. gr. VSL. Skv. 1. málsl. er rétthafanum óheimilt að ráðstafa réttindum sínum fram til þess tímamarks er vátryggingaratburður verður. Þetta gildir hvort sem tilnefning er óafturkallanleg eða ekki. Í 2. málsl. er ákvæði sem svarar til 110. gr. VSL en hún er fyrst og fremst miðuð við tilvik þegar vátryggingartaki hefur vátryggt líf þriðja manns, en tekur einnig til tilvika þegar vátryggingarfjárhæðin á að greiðast síðar en við andlát vátryggingartakans/vátryggðs. Við slíkar aðstæður yfirtekur rétthafinn allar heimildir vátryggingartaka, þ.m.t. rétt hans til ráðstöfunar yfir vátryggingunni. Vakin skal athygli á því að atvik geta leitt til annarrar niðurstöðu eins og sérstaklega er tekið fram í niðurlagi málsgreinarinnar.

Um 105. gr.

Reglur þessarar greinar frumvarpsins eiga að koma í stað reglna sem nú eru í 2. mgr. 104. gr. VSL. Þær reglur miða við að tilnefning falli niður við tilgreindar aðstæður og eru engir valkostir í því efni. Þær reglur sem hér er gerð tillaga um eru á aðra lund. Þær fela í sér kost á því að hnekkja tilnefningu rétthafa ef hún er bersýnilega ósanngjörn. Möguleikarnir til að hnekkja tilnefningu eru þrengri samkvæmt þeirri reglu sem hér er gerð tillaga um. Á hinn bóginn er í henni ekki gerður greinarmunur á afturkallanlegum og óafturkallanlegum tilnefningum eins og gert er í 2. mgr. 104. gr. VSL.

Samkvæmt 1. mgr. er mögulegt að hnekkja tilnefningu ef það er til hagsbóta fyrir maka eða skylduerfingja vátryggingartaka. Í 2. mgr. 104. gr. VSL er einnig notað orðið lífserfingi sem ekki er notað hér. Það er skilyrði fyrir því að heimildin verði notuð að vátryggingartaki hafi framfært eða verið skylt að framfæra skylduerfingja. Það er einnig skilyrði að ef tilnefning rétthafa hefði ekki verið gerð hefði makinn eða aðrir skylduerfingjar átt kröfu til vátryggingarfjárhæðarinnar skv. 100. gr. Það felst í framangreindu að ef vátryggingartaki lætur eftir sig maka, þá kemur ekki til álita að aðrir skylduerfingjar geti hnekkt tilnefningu, því skv. 1. málsl. 2. mgr. 100. gr. fellur öll vátryggingarfjárhæðin til maka hafi tilnefning ekki farið fram. Það er fyrst ef hjúskap er slitið á þann veg sem greinir í 2. mgr. 100. gr. sem aðrir skylduerfingjar gætu sett fram kröfur um að tilnefningu væri hnekkt. Þeir gætu það einnig ef vátryggingartaki léti ekki eftir sig maka.

Aðeins er unnt að hnekkja tilnefningu samkvæmt þessari grein ef hún er bersýnilega ósanngjörn gagnvart makanum eða öðrum skylduerfingjum. Af framangreindu er alveg ljóst að ekki kemur til þess að tilnefningu verði hnekkt nema í algerum undantekningartilvikum, svo þröngar eru heimildirnar til þess. Við sanngirnismatið ber að líta til þeirra atriða sem tilgreind eru í 2. málsl. Upptalningin þar er ekki tæmandi, eins og orðalagið ber með sér.

Ákvæðið miðar við að tilnefningu geti verið hnekkt í heild eða að hluta, allt eftir því hver verður niðurstaða sanngirnismatsins.

Í 2. mgr. er ákvæði sem ekki heimilar í sjálfu sér að hnekkja ráðstöfun, heldur felur í sér undantekningarheimild frá þeirri reglu sem er í 2. mgr. 100. gr. um að vátryggingarfjárhæðin falli til maka þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað henni. Einnig þá er gerð krafa um að það teljist bersýnilega ósanngjarnt að makinn hljóti alla vátryggingarfjárhæðina og líka er gerð krafa um að skylduerfinginn hafi verið á framfæri vátryggingartaka eða honum hafi verið skylt að framfæra hann.

Í 3. mgr. er regla um árs málshöfðunarfrest til þess að láta reyna á heimildir skv. 1. og 2. mgr. Frestinum telst slitið er mál er höfðað.

Ákvæði 4. mgr. tekur til þess þegar vátryggingarfjárhæðin hefur verið greidd. Þá er einungis unnt að hnekkja greiðslu til rétthafa eða maka að því leyti sem fjárhæðin er ennþá til hjá þeim þegar þeir fengu upplýsingar um kröfuna. Önnur regla gæti leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Um 106. gr.

Greinin lýtur að heimildum til að framselja réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi.

Af 1. málsl. leiðir að heimilt er að framselja réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi. Í raun er hagnýt þýðing þessarar reglu almennt einungis bundin við einstaklingsbundnar líftryggingar sem eru höfuðstólstryggingar. Regla 1. málsl. svarar til 1. málsl. 111. gr. VSL. Rétt er einnig að minna á skilgreiningu á orðinu vátryggingartaki í b-lið 62. gr. frumvarpsins, en eins og þar greinir tekur orðið einnig til þess sem fengið hefur eignarrétt að vátryggingunni. Í 2. málsl., sem er sama efnis og 2. málsl. 111. gr. VSL, segir að allar fyrri tilnefningar á rétthöfum falli brott nema um annað sé samið eða leiði af aðstæðum. Hafi rétthafa verið lofað því að tilnefning hans sé óafturkallanleg verða hagsmunir hans ekki skertir með framsali. Ráðstafanir sem eru ósamþýðanlegar réttindum hans yrðu leystar eftir reglum 114. gr. frumvarpsins. Sem dæmi um tilvik þar sem það getur leitt af aðstæðum að framsal eigi ekki að leiða til niðurfellingar á tilnefningu rétthafa er þegar vátryggingartaki, sem tilnefnt hefur barn sitt og maka síns sem rétthafa, framselur vátrygginguna til makans. Í slíku tilvik mundi tilnefning barnsins ekki endilega falla niður.

Um 107. gr.

Greinin hefur að geyma reglur um veðsetningu vátryggingarinnar. Í 112. gr. VSL eru reglur um sama efni og eru ekki gerðar tillögur um róttækar breytingar á þeim.

Í 1. málsl. er yfirlýsing um að höfuðstólstryggingu megi veðsetja. Í 2. og 3. málsl. eru á hinn bóginn ákvæði sem marka réttarstöðu veðhafans. Skv. 2. málsl. heimilar veðrétturinn veðhafanum að fá vátryggingarfjárhæðina greidda þegar hún fellur til og einnig rétt til þess að fá endurkaupsverð vátryggingarinnar. Til að öðlast þann rétt þarf vátryggingaratburður ekki að hafa orðið, sbr. síðar. Í 3. málsl. er kveðið svo á að veðrétturinn taki ekki til ágóðahlutdeildar sem við vátryggingarfjárhæðina kann að bætast. Hér er ekki um að ræða fyrir fram umsamda vexti eða ávöxtun á vátryggingarfjárhæðina heldur ófyrirséða ágóðahlutdeild sem kann að koma til af ýmsum ástæðum, t.d. vegna þess að tjónatíðni er lág í tilteknum hópi sem vátryggingartaki tilheyrir, eða af öðrum sérstökum ástæðum. Rökin fyrir því að slík ágóðahlutdeild falli utan veðréttarins eru fyrst og fremst þau að þetta séu fjármunir sem veðhafinn hafi ekki mátt reikna með að fá og það yrði því ávinningur fyrir hann sem hann ætti ekki rétt á. Eðlilegt er að vátryggingartakinn eða rétthafinn, sé um hann að ræða, njóti þess hagræðis að fá slíka óvænta ágóðahlutdeild.

Í 2. mgr. er kveðið á um það, með vísan til 2. mgr. 6. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, að félagið geti ekki án samþykkis veðhafans innt af hendi gjaldfallnar greiðslur

samkvæmt vátryggingunni til annarra en veðhafans. Í téðri grein laganna um samningsveð eru ítarlegar reglur um réttarstöðu veðhafa í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum. Tilvísun til greinarinnar felur í sér að þær reglur gildi um réttarstöðu veðhafa í réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi.

Í 3. mgr. eru reglur um þær aðstæður að veðkrafan fellur í gjalddaga áður en vátryggingarfjárhæðin fellur til. Þá á veðhafinn að liðnum þeim tveggja mánaða fresti sem tiltekinn er rétt á því að fá endurkaupsverð vátryggingarinnar greitt að því marki sem þarf til fullnustu veðkröfunnar. Veðhafinn á ekki aðra kosti tiltæka til að fá fullnustu á veðkröfunni við þessar aðstæður.

Ákvæði 4. mgr. á aðeins við í tilvikum þegar dánarbú vátryggðs greiðir veðkröfuna. Sérstaklega skal áréttað að þótt vátryggður hafi fyrir andlát sitt greitt veðkröfuna í heild að eða hluta getur dánarbúið ekki krafist endurgreiðslu af vátryggingarfjárhæðinni. Það á aðeins slíka kröfu hafi það sjálft innt af hendi slíka greiðslu eftir andlát vátryggðs.

Um 108. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um brottfall réttar til að krefjast vátryggingarfjárhæðarinnar. Greinin á sér ekki samsvörun í VSL. Reglur greinarinnar byggjast á þeirri forsendu að háttsemi sú sem um ræðir af hálfu þess er rétt á til vátryggingarfjárhæðarinnar leiði til þess að hann sé ekki verðugur hennar.

Í 1. málsl. er lagt til að ákvæði 23. gr. erfðalaga um brottfall erfðaréttar gildi um þann sem rétt á til vátryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt þessum kafla. Í 1. mgr. 23. gr. erfðalaga segir að hafi maður af ásetningi framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, sem haft hefur í för með sér dauða annars manns, megi ákveða með dómi að hann hafi fyrirgert sjálfum sér til handa rétti til þess arfs sem háður var dauða hins. Í 2. mgr. 23. gr. erfðalaga er heimilað að ákveða með dómi að maður skuli sviptur erfðarétti eftir foreldri sitt eða annan ættingja í beinan legg upp á við ef hann hefur haft í frammi vísvitandi ofbeldi, heitingar um það eða aðrar stórfelldar misgerðir svo refsivert sé. Svipting erfðaréttar í síðargreinda tilvikinu færi fram að kröfu þess sem misgert er við. Það verður að telja eðlilegt að sömu sjónarmið eigi við um rétt til vátryggingarfjár og rétt til arfs við slíkar aðstæður.

Tilvitnað ákvæði 1. mgr. 23. gr. erfðalaga á einungis við er arfláti deyr vegna háttsemi þess sem erfðarétt átti eftir hann. Í þeim fáu tilvikum sem annar en vátryggður gæti átt rétt til greiðslu á vátryggingabótum vegna örorku vátryggðs eru sömu rök fyrir fyrirgerð réttar til vátryggingarfjárins. Er því bætt við ákvæði í 2. málsl. greinarinnar þar sem segir að regla 1. málsl. eigi einnig við þegar örorka er afleiðing þeirrar háttsemi sem erfðalagaákvæðið tekur til.

Í 3. málsl. er ákvæði sem er nauðsynlegt í ljósi þess að réttaráhrif fyrirgerðar erfðaréttar eru þau að arfshluti sá er manni hefði borið gengur til þess sem taka mundi arf eftir hann samkvæmt lögerfðareglum. Hafi A þannig fyrirgert erfðarétti sínum eftir afa sinn tekur sonur A arfinn eins og A væri látinn. Ákvæði 3. málsl. tryggir að ef vátryggingarfjárhæðin rennur ekki til vátryggingartakans renni hún til vátryggðs, en sé hann látinn þá til erfingja hans samkvæmt tilvitnuðum reglum 100. gr.

Um 109. gr.

Reglur þessa kafla eru fyrst og fremst sniðnar að höfuðstólstryggingum. Margar þeirra eiga ekki eða illa við um lífeyristryggingar. Eðlilegt þykir þó að leggja til að reglur kaflans eigi einnig við um lífeyristryggingar nema annað sé ákveðið í lögum eða vátryggingarskil-

málum. Er þetta ekki síst vegna þess að útilokað er að spá fyrir um þróun á þessu sviði og ekki útilokað að fjölbreytni í persónutryggingum muni aukast í framtíðinni.

Um XVI. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um réttarsambandið við skuldheimtumenn. Um það eru nú ákvæði einkum í 116. og 117. gr. VSL. Nánar tiltekið eru í kaflanum reglur um möguleika kröfuhafa til þess að leita fullnustu í þeim verðmætum sem felast í persónutryggingum. Reglur eru um heimildir kröfuhafa til þess að leita fullnustu í vátryggingarfjárhæðum sem fallið hafa til og þeim sem ekki hafa fallið til, reglur um riftun iðgjaldagreiðslna við gjaldþrotaskipti o.fl. Í tillögum þeim sem gerðar eru með reglum þessa kafla felst aukin vernd gegn kröfuhöfum í þeim tilvikum er vátryggingarfjárhæð hefur fallið til. Auk þess eru möguleikar á riftun rýmkaðir því miðað er við að riftunarheimildir gildi einnig þegar nauðasamningur hefur verið staðfestur, svo og við opinber skipti á dánarbúum, en það samrýmist einnig reglum síðastgreindra laga og laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Rökin fyrir aukinni vernd gegn skuldheimtumönnum eru fyrst og fremst þau að persónutryggingar eru almennt teknar til þess að fólk geti haldið í horfinu fjárhagslega þrátt fyrir andlát, sjúkdóma og slys. Síðari tíma viðhorf hafa játað mönnum rýmri rétt til þess að halda sjálfir nauðsynlegustu heimilismunum og ýmsum lágmarksgreiðslum þótt þeir lendi í fjárhagslegum ógöngum. Þannig eru mestar líkur til þess að þeir geti náð sér fyrr á strik aftur í daglegu lífi. Þessi sjónarmið eiga einnig við um greiðslur samkvæmt persónutryggingum og því eru takmarkanir á því við hvaða aðstæður kröfuhafar geta leitað fullnustu krafna sinna.

Ekki eru gerðar tillögur um verulegar breytingar á réttarstöðu skuldheimtumanna fram að því tímamarki er vátryggingarfjárhæðin fellur til. Af því leiðir að ógjaldfallnar greiðslur samkvæmt persónutryggingum munu áfram njóta víðtækrar verndar gegn skuldheimtumönnum. Frá þessu eru undantekningar, ekki síst vegna riftunarheimilda við gjaldþrot, eftir staðfestingu nauðasamnings og við opinber skipti á dánarbúum, en það á þó fyrst og fremst við um riftun iðgjaldagreiðslna sem aftur leiðir til lækkaðrar vátryggingarfjárhæðar eða jafnvel til þess að hún fellur niður, allt eftir atvikum.

Á hinn bóginn eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á gildandi reglum þegar um er að ræða vernd gegn skuldheimtumönnum eftir að krafa samkvæmt vátryggingarsamningi er gjaldfallin, þ.e. hefur fallið til. Lagt er til að meginreglan verði sú að vátryggingarfjárhæð sem fellur til við andlát vátryggðs njóti (tímabundinnar) verndar gegn skuldheimtumönnum hins látna, óháð því hvort rétthafi hefur verið tilnefndur eða ekki, en það hefur samkvæmt VSL verið skilyrði slíkrar verndar. Um þetta má vísa til 1. mgr. 104. gr. VSL, en þó einkum til 1. mgr. 116. gr. VSL. Auk framangreinds eru einnig gerðar tillögur um nokkra vernd gegn skuldheimtumönnum vátryggðs þegar vátryggingarfjárhæðin fellur til á meðan hann er á lífi. Þetta eru fyrst og fremst tilvik þegar líftrygging kemur til greiðslu við það að tilteknum aldri er náð. Er gerð sú tillaga að eitt ár þurfi að líða frá því að slík greiðsla fellur til og þar til skuldheimtumenn geta leitað fullnustu í henni. Reglan hefur rýmra gildissvið, svo sem síðar verður gerð grein fyrir.

Um 110. gr.

Í þessari grein eru almennar reglur um rétt skuldheimtumanna sem fremur mætti þó lýsa sem reglum um takmarkanir á rétti þeirra. Í 1. mgr. er fjallað um aðstæður fram að því tímamarki er vátryggingaratburður verður en í 2. og 3. mgr. eru reglur um aðstæður eftir það tímamark. Loks eru í 4. mgr. sérstakar reglur um lífeyristryggingar.

Í 1. mgr. eru ekki gerðar tillögur að miklum breytingum á gildandi rétti, svo sem fyrr greinir. Meginreglan skv. 1. málsl. er að réttur samkvæmt vátryggingarsamningi getur ekki orðið andlag fullnustu skuldheimtumanna nema réttindin hafi verið framseld öðrum en maka vátryggingartaka eða hinum vátryggða. Það er í samræmi við gildandi rétt að maki njóti slíkrar verndar en lagt er til að reglan verði rýmkuð og látin ná einnig til vátryggðs. Það hefur einkum þýðingu þegar vátrygging er tekin á lífi þriðja manns. Í reglunni felst að þegar þriðji maður, þ.e. sá hvers líf er vátryggt, fær réttindin framseld eigi hann að fá sömu stöðu og vátryggingartaki og njóta sömu verndar. Vernd gegn skuldheimtumönnum er þess vegna aðeins aflétt að vátrygging sé framseld í venjulegri merkingu þess orðs, þ.e. á sömu forsendum og kröfur almennt eru framseldar sem liður í viðskiptum til annarra en maka og vátryggðs. Sá sem hefur verið tilnefndur rétthafi samkvæmt vátryggingu nýtur þannig verndar gegn skuldheimtumönnum. Verndin gildir einnig þótt tilnefning hans sé óafturkallanleg og það þótt hann hafi innt af hendi greiðslu fyrir. Meginreglan er því sú að kröfuhafaverndinni er einungis aflétt við framsal í venjulegri merkingu.

Í 2. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um að ef skuldheimtumenn framsalshafa leita fullnustu í andvirði vátryggingarinnar verði þeir að fara að eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 107. gr. frumvarpsins.

Reglur 1. mgr. eiga fyrst og fremst við um almennar samsettar líftryggingar, þ.e. líftryggingar þar sem endurkaupsverðið hefur sérstaka þýðingu fyrir kröfuhafa. Gildissvið reglnanna er þó ekki takmarkað við slíkar tryggingar, heldur er það persónutryggingar almennt, að frátöldum lífeyristryggingum, en um þær gilda sérstakar reglur, sbr. 4. mgr.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði um réttarstöðu gagnvart skuldheimtumönnum eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Á þessu sviði eru tillögur um nokkrar róttækar breytingar. Skv. 2. mgr. verður vátryggingarfjárhæð sem fellur til greiðslu við andlát ekki andlag fullnustu skuldheimtumanna hins látna nema annað hafi verið ákveðið við tilnefningu rétthafa. Vátryggingarfjárhæðin greiðist beint til þess eða þeirra sem eiga rétt til hennar samkvæmt reglum XV. kafla, án þess að skuldheimtumenn hins látna geti gert aðför í þeim. Það ber að leggja áherslu á það að verndin er aðeins gagnvart skuldheimtumönnum hins látna. Það er engin slík vernd til staðar gagnvart skuldheimtumönnum þess sem á rétt til greiðslunnar. Frávik frá þessu er þó að því er varðar skuldheimtumenn maka hins látna. Það er einnig gerð annars konar undantekning frá þessu, þ.e. ef annað hefur verið ákveðið við tilnefningu rétthafa. Það getur verið að vátryggingartaki hafi einmitt viljað að vátrygging sú sem hann tók á eigin lífi yrði notuð til þess að greiða skuldir hans eftir andlátið. Hann getur komið því við með þeim hætti að tilnefna dánarbú sitt sem rétthafa. Með því verður vátryggingarfjárhæðin andlag fullnustu skuldheimtumanna hans eins og aðrar eignir dánarbúsins.

Í 1. málsl. 3. mgr. eru reglur um að skuldheimtumenn verði að bíða í eitt ár með að leita fullnustu í kröfu vátryggðs til vátryggingarfjárhæðar sem fellur til á meðan hann er enn á lífi, en það á einkum við um líftryggingar sem koma til greiðslu við tiltekinn aldur eða vegna örorku hans. Að þessu ári liðnu fellur verndin niður. Verndin á aðeins við um kröfu á hendur félaginu á meðan fjárhæðin er varðveitt á reikningi þess. Ef vátryggður hefur fengið vátryggingarfjárhæðina greidda fellur verndin niður.

Í 2. málsl. 3. mgr. er mælt fyrir um að maki vátryggðs njóti sömu verndar gagnvart sínum skuldheimtumönnum og vátryggður nýtur skv. 1. málsl. Makinn nýtur þessarar verndar við allar tegundir persónutrygginga og hún er óháð því hvernig krafa makans á hendur félaginu stofnast.

Við lífeyristryggingar er um rétt skuldheimtumanna til þess að leita fullnustu í lífeyrisgreiðslum vísað til ákvæða aðfararlaga, nr. 90/1989. Í tilvitnuðu ákvæði aðfararlaga eru bæði

almenn og sérstök ákvæði um vernd gerðarþola gegn skuldheimtumönnum sínum. Sú sérstaka regla sem hér á einkum við er 5. tölul. 47. gr. aðfararlaga, en samkvæmt því ákvæði verður fjárnám ekki gert í kröfu um greiðslu samkvæmt frjálsri lífeyristryggingu ef sérstök lagaheimild leiðir til undanþágu hennar frá fjárnámi eða samið hefur verið um hana með gildum hætti í upphafi. Önnur ákvæði aðfararlaga um vernd gegn skuldheimtumönnum, sem einkum er að finna í 45.–50. gr. laganna, gilda einnig um vernd þess er lífeyris nýtur, eins og annarra. Er ekki ástæða til sérstakrar greinargerðar um stöðu hans almennt.

Um 111. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um riftun iðgjaldagreiðslu við gjaldþrotaskipti o.fl. Í greininni er einkum lýst skilyrðum riftunar, en um það verður líka að hafa til hliðsjónar ýmsar reglur XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum þær reglur sem lúta að endurgreiðslunni, að hverjum krafan getur beinst og fjárhæð hennar.

Í 1. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um að þrotabúi, skuldara ef nauðasamningur kemst á og dánarbúi, sem tekið er til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú og ákveðið er skv. 3. mgr. 62. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, að fara með eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti, sé heimilt að rifta iðgjaldsgreiðslum að uppfylltum síðar greindum skilyrðum. Í fyrirsögn greinarinnar og í athugasemdum þessum er notað orðið riftun um þetta réttarúrræði. Það er í samræmi við hugtakanotkun í XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Árétta ber þó að þetta er ekki riftun í skilningi fjármunaréttar, enda felst ráðstöfunin í kröfu um endurgjald sem ákveðið er með tilteknum hætti. Vátryggingarsamningnum er ekki rift, hann stendur eftir sem áður, en þó með breyttum skyldum félagsins til samræmis við það endurgjald sem það innir af hendi. Regla greinarinnar er sérregla um riftun. Í XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er safnað á einn stað reglum sem heimila riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti. Í 32. gr. laganna er mælt fyrir um að riftunarreglum XX. kafla verði almennt einnig beitt ef nauðasamningur kemst á og í 3. mgr. 62. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. kemur fram að við tilteknar aðstæður beri að fara með skipti skuldafrágöngubúa eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Sú tilvísun á við um riftunarreglur þeirra laga. Sérregla sú um riftun sem hér er gerð tillaga um hefur sama gildissvið, en taka verður það sérstaklega fram til þess að taka af öll tvímæli, enda er það ekki gert annars staðar í lögum.

Forsendur mats á því hvort riftun sé tæk er hvort iðgjald það sem greitt var á síðustu þremur árum fyrir frestdag var bersýnilega ósanngjarnt miðað við fjárhagsstöðu vátryggingartaka og atvik að öðru leyti. Viðmiðunin „bersýnilega ósanngjörn“ er ströng og víst að mikið þarf til að koma svo riftun verði heimiluð. Mál þurfa nánast að fela í sér undanskot fjármuna, a.m.k. hlutlægt séð, enda er hér ekki gerð krafa um grandsemi vátryggingartaka um fjárhagsstöðu hans. Á hinn bóginn kann það að skipta máli við sanngirnismatið hvort greiðsla iðgjaldsins hefur staðið lengi, t.d. hafist löngu áður en fjárhagur hans tók að versna. Slíkar aðstæður mundu almennt mæla gegn riftun.

Fjárhæð endurgjalds miðast við aukningu í verðmæti vátryggingarinnar sem á rætur að rekja til hinnar bersýnilega ósanngjörnu iðgjaldagreiðslu. Í þessu felst hlutfallslegt mat. Sem dæmi má taka vátryggingartaka sem greiddi 300.000 kr. í iðgjald á ári sem teldist innan marka, en allt umfram þá fjárhæð væri talið bersýnilega ósanngjarnt. Ef vátryggingartaki hefði greitt 600.000 kr. í iðgjald á ári, sem hefði leitt til þess að verðmæti vátryggingarinnar tvöfaldaðist, mundi helmingur hennar greiddur til baka við riftun samkvæmt greininni. Í lokamálslið 1. mgr. er þó regla sem getur breytt aðstæðum nokkuð. Hún á við í lífeyristryggingum og er reist á því að ef greiðsla iðgjalds hefur áhrif til lækkunar á tekjuskattsstofn

vátryggingartaka hlýtur það að skipta máli við sanngirnismatið, því þá hefur vátryggingartakinn þegar notið ávinnings af iðgjaldagreiðslum sínum sem ætti einnig að koma skuldheimtumönnum til góða í meiri eignum hans. Ekki er líklegt að þessi möguleiki hafi mikil áhrif samkvæmt gildandi löggjöf, a.m.k. ekki að því er varðar tekjur utan atvinnurekstrar, enda skattfrelsi iðgjaldagreiðslna þar háð því að um sé að ræða lífeyrisiðgjöld samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Kröfu um riftun og endurgreiðslu ber að hafa uppi á hendur félaginu. Það yrði gagnaðili í dómsmáli um riftun og endurgreiðslukröfu í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Hagsmunir félagsins af því að halda uppi vörnum eru þó takmarkaðir. Það eru fyrst og fremst hagsmunir vátryggingartaka eða þess sem taka á við vátryggingarfjárhæðinni sem yrðu varðir í slíku máli. Til þess að þeim gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna er í 2. mgr. lagt á þann sem höfðar málið að tilkynna þeim um málsóknina. Sá er höfðar málið hefur a.m.k. tvo kosti um tilkynningar til þess að fullnægja lagaskyldu sinni um það efni. Hann getur sent venjulega tilkynningu með sannanlegum hætti sem gæti þá gefið vátryggingartaka eða þeim sem getur átt rétt á greiðslu tilefni til þess að höfða meðalgöngusök í máli eftir reglum 20. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Hann gæti einnig stefnt þeim, svo sem gert er ráð fyrir í 21. gr. laganna, en einnig þá er það á valdi þeirra hvort þeir gerast aðiljar að máli með meðalgöngu, eða hvort þeir nýta eingöngu þær heimildir sem eru í 21. gr. til að freista þess að hafa áhrif á málsúrslit. Fari þeir þannig að eru þeir ekki málsaðiljar og hafa t.d. ekki heimild til þess að áfrýja máli. Það geta þeir einungis ef þeir gerast meðalgönguaðiljar í málinu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að riftunarkröfu og kröfu um endurgjald megi hafa uppi gegn þeim sem fengið hefur vátryggingarfjárhæð greidda. Það verður þó að gerast með sömu skilyrðum og lýst er í 4. mgr. 105. gr. ef fjárhæðin hefur verið notuð í heild eða að hluta frá því að greiðslan átti sér stað og þar til tilkynning um riftun og endurgjaldskröfu er send.

Í 4. mgr. eru reglur sem fela í sér undantekningar frá riftunarheimildinni og endurgjaldskröfunni að því leyti sem réttindi samkvæmt vátryggingu eru veðsett og einnig hafi þau verið framseld eða rétthafi tilnefndur með óafturkallanlegum hætti. Í tveimur síðari tilvikunum gildir þó undantekningin aðeins að því leyti sem framsalshafi eða rétthafinn hafa greitt fyrir það sem þeir hafa fengið eða verið lofað. Gengið er út frá því að veðhafinn hafi greitt kröfuna sem hann fær veðið til tryggingar á og er því ekki ástæða til að taka það fram sérstaklega. Sérstaklega skal getið að riftunarregla 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um riftun á veðsetningu á eldri skuld getur átt við um slíkar veðsetningar ef önnur riftunarskilyrði eru fyrir hendi.

Loks segir í 5. mgr. að reglur 1.–4. mgr. gildi einnig um tilvik er rétthafi eða annar sem vísað er til í málsgreininni hafa greitt iðgjald. Verður að telja að sömu rök eigi við um þá, enda njóta þeir ríkrar verndar gegn skuldheimtumönnum um rétt sinn eða væntingar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

Um XVII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um skráningu líftrygginga, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu. Tillögurnar munu leiða til þess að líftryggingarskírteini verða ekki lengur viðskiptabréf í lögfræðilegum skilningi.

Viðskiptabréf eru öll þau bréf sem ganga manna á milli í viðskiptum með sama hætti og skuldabréf, þannig að þörf sé á að sams konar reglur gildi um þau og gilda um skuldabréf, þ.e. svonefndar viðskiptabréfsreglur. Viðskiptabréf í íslenskri réttarframkvæmd hafa fyrst og fremst verið skuldabréf, nafnbréf eða handhafabréf, víxlar, tékkar, farmskírteini, hlutabréf

og líftryggingarskírteini. Kjarni viðskiptabréfsreglnanna, og það sem er grundvöllur þýðingar þeirra í viðskiptum, er að viðskiptabréfið stofnar rétt samkvæmt hljóðan sinni. Þessar reglur gera viðskipti með viðskiptabréf jafnörugg og raun ber vitni. Sá sem fær viðskiptabréf framselt á að geta verið viss um það að hann fær þau réttindi sem skráð eru á bréfið og tekur á sig þær skyldur eða takmarkanir á réttindum sem þar kunna að vera. Hann þarf þess vegna aðeins að kynna sér efni viðskiptabréfsins en ekki rannsaka þau viðskipti sem að baki því búa. Hann getur því öðlast meiri rétt en eigandi bréfsins átti í raun, þ.e. ef bréfið ber það með sér. Ýmsar mótbárur kunna að glatast við framsal. Viðskiptabréfsreglurnar gilda aðeins við framsal en sjaldnast við aðiljaskipti sem fram fara með öðrum hætti. Mörg viðskiptabréf hafa haft verulega þýðingu í viðskiptalífi. Nægir einkum að nefna skuldabréf, tékka, víxla og hlutabréf. Þótt viðskiptabréfsreglur hafi ekki breyst efnislega hafa ýmsar aðstæður í þjóðfélaginu breyst svo við það að tölvutækni hefur fleygt fram, að fjarað hefur undan viðskiptabréfum í viðteknum skilningi. Reyndar má fullyrða að þýðing líftryggingarskírteinis sem viðskiptabréfs í íslensku viðskiptalífi hafi alltaf verið takmörkuð, þótt eitthvað kunni það að vera breytilegt eftir tímum. Þær breytingar sem hafa orðið eru að í auknum mæli hefur verið hætt að gefa út á pappír skilríki fyrir þeim réttindum sem felast í viðskiptabréfum. Flokkar ýmissa skuldabréfa eru nú aðeins gefnir út rafrænt, hlutabréf eru í auknum mæli gefin eingöngu út rafrænt, þýðing víxla hefur minnkað verulega í viðskiptum og tékkar hafa að stórum hluta verið leystir af með greiðslukortum hvers konar, þar sem skuld- og tekjufærslur eru allar rafrænar.

Með lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, má segja að stigið hafi verið stórt skref í þá átt að hverfa frá beitingu viðskiptabréfsreglna í viðskiptum með þau bréf. Með lögunum er mælt fyrir um rafræna útgáfu verðbréfa (rafbréf), skráningu eignarréttinda yfir þeim með þeim réttaráhrifum sem kveðið er á um í lögunum. Rafbréf eru nefnd í lögunum framseljanleg rafrænt skráð verðbréf. Í lögunum er mælt fyrir um heimildir til að setja á stofn verðbréfamiðstöð og samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna skal skrá réttindi að rafbréfum í verðbréfamiðstöð, „ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi“, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna. Í 2. málsl. sömu greinar segir efnislega að óheimilt sé að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og að slík viðskipti séu ógild. Eru einnig ákvæði um skráninguna, aðferðir við hana, forgangsrétt og fleira. Í 19. gr. laganna segir að eftir að lokafærsla á sér stað í verðbréfamiðstöð verði réttindi grandlauss framsalshafa ekki vefengd. Það sé aðeins við meiri háttar nauðung og fölsun sem mótbárur glatist ekki. Með reglunum um rafræna eignarskráningu verðbréfa er í raun verið að hverfa frá kerfi sem byggist á því að viðskiptabréf (verðbréf) sé skjal sem beri með tæmandi hætti með sér öll þau réttindi og þær skyldur sem krafan lýtur að til kerfis þar sem öll réttindin og skyldurnar, sem tengdar eru skjalinu, séu skráð með tæmandi hætti í rafrænni miðstöð. Það kerfi er líkara kerfi því sem þinglýsingar byggja á, þótt það hafi til skamms tíma ekki verið rafrænt. Hin rafræna skráning mun að líkindum smám saman byggja út hinum hefðbundnu viðskiptabréfum og viðskiptabréfsreglurnar verða þá hafðar til hliðsjónar um réttarstöðu þeirra sem eiga eða eiga ekki rafrænt skráð réttindi.

Markmiðið með reglum þessa kafla er hvorki að breyta efnislega viðskiptabréfsreglum né hindra viðskipti með líftryggingarskírteini eða þau réttindi sem felast í líftryggingarskírteinum. Það er á hinn bóginn ekki hægt að gera ráð fyrir að nýjar reglur um vátryggingarsamninga, hér líftryggingarsamninga, geri ráð fyrir að líftryggingarskírteinið, þ.e. skjalið sjálft, beri með sér réttindi og takmarkanir á þeim með tæmandi hætti, svo sem verið hefur. Tillögur um líftryggingarskrár miða að því að koma á svipuðu kerfi um skráningu réttinda

og takmarkana á þeim samkvæmt líftryggingarsamningi, og komið hefur verið á með lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Sá kostur að hafa skráninguna á líftryggingarskírteinum í verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa er ekki heppilegur. Í fyrsta lagi hafa líftryggingarskírteini enga þá samstöðu með öðrum viðskiptabréfum sem þar eru skráð að nauðsyn sé á slíkri miðlægri skráningu. Í öðru lagi eru þau réttindi og takmarkanir á þeim svo sérstök að heppilegt er að hafa þau skráð sérstaklega. Í þriðja lagi verður umfang þeirra ekki svo mikið að ástæða sé til að haga skráningunni öðru vísi en svo að það sé ein skrá hjá hverju félagi sem veitir líftryggingarvernd. Í fjórða lagi er í mörgum tilvikum um að ræða málefni sem teljast viðkvæmar persónuupplýsingar eða geta tengst þeim, þannig að hugsanlegt er að Persónuvernd, á grundvelli laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, geri aðrar kröfur til varðveislu þeirra en upplýsinga sem skráðar eru á grundvelli laganna um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Ekki þykir heldur varhugavert að mæla fyrir um að hvert félag sem veitir líftryggingar haldi sína skrá, enda eru þau fá og mun það ekki torvelda eftirlit.

Fyrir vátryggingafélög sem veita líftryggingar mun slík skráning ekki valda neinum sérstökum vandamálum, en miklu varðar þó að þau haldi kerfisbundið, og eftir þeim reglum sem í frumvarpinu eru, utan um alla skráningu.

Ákvæði kaflans eiga eingöngu við um líftryggingar en ekki um aðrar persónutryggingar. Ekki er ástæða til að reglurnar hafi víðtækara gildissvið en hér er lagt til.

Um 112. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um líftryggingarskrá sem hvert einstakt líftryggingafélag á að halda. Skráin skal færð þannig að hver samningur verði færður sérstaklega og þau réttindi og takmarkanir á þeim sem honum tengjast. Þau eiga sér ekki, fremur en aðrar reglur þessa kafla, hliðstæðu í VSL.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um skyldu líftryggingafélags til þess að halda líftryggingarskrá. Í framhaldinu er svo kveðið á um hvað eigi að færa í skrána. Ákvörðun þess hvaða upplýsingar ber að færa í skrána miðar við að fullnægt sé þörfum viðskiptaöryggis. Þegar viðskipti, framsal, veðsetning o.fl. með réttindi samkvæmt líftryggingarsamningi eiga sér stað á að vera hægt að afla upplýsinga úr skránni um hver staða réttinda sé og hvaða skilmálar gildi um samninginn. Ákvæði greinarinnar og annarra ákvæða kaflans um það hvað skuli skrá eru ekki tæmandi í þeim skilningi að félagi sé óheimilt að skrá önnur atriði líka, einkum ef þau samrýmast því markmiði að tryggja viðskipti með réttindin.

Upptalningin í a–d-lið þarfnast ekki skýringa, en þó er rétt að vekja athygli á því, vegna tilgreiningar á vátryggðum í d-lið, að samkvæmt skilgreiningu í b-lið 62. gr. telst vátryggingartaki einnig sá sem öðlast hefur eignarrétt að vátryggingunni. Framsalshafi félli því undir þetta orð og bæri því að skrá hann.

Í 2. mgr. eru nánari ákvæði um skráningu á rétti sem einhver kann að öðlast til vátryggingarinnar. Slíkan rétt ber að skrá skv. 1. málsl. Ákvæðið er orðað svo að skrá eigi ef einhver „öðlast rétt“ til vátryggingarinnar. Hér er átt við yfirfærslu réttinda samkvæmt vátryggingarsamningnum. Það gerist t.d. við framsal, við yfirfærslu réttinda vegna erfða eða við að þau færast inn í óskipt bú, eða skv. 3. mgr. 104. gr. þegar vátryggingarfjárhæðin á að greiðast síðar en við andlát vátryggingartaka (vátrygging á lífi þriðja manns og tilvik þar sem vátrygging hefur verið framseld). Þá felst í hinum tilvitnuðu orðum að færa ber í skrána stofnun takmarkaðra eignarréttinda í vátryggingunni en með því er einkum átt við veðsetningu og tilnefningu á rétthafa með óafturkallanlegum hætti. Sérstaklega skal tekið fram að í hinu tilvitnuðu orðum felst ekki að skrá eigi samkvæmt þessari grein tilnefningar sem eru aftur-

kallanlegar, enda hefur ítrekað komið fram í athugasemdum þessum að „rétthafinn“ öðlast engan rétt í þeim tilvikum, heldur einungis væntingar um rétt. Í 2. málsl. er mælt fyrir um að það sé skilyrði, ef réttur byggist á frjálsri ráðstöfun, að ráðstöfun sé gerð af þeim sem samkvæmt skránni er vátryggingartaki (þ.m.t. sá er öðlast hefur eignarrétt að skránni). Þessi regla er hin sama og í þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sbr. 24.–26. gr. þeirra, en einnig má leiða þessa reglu af 2. mgr. 16. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, þótt það segi ekki beinlínis. Ekki eru reglur um það hvaða kröfur félagið eigi að gera þegar metið er hvort skrá eigi yfirfærslu réttinda fyrir erfð til óskipts bús eða skv. 3. mgr. 104. gr. Af því leiðir að félögin verða að meta sjálf hvað sé fullnægjandi sönnun fyrir því að slík yfirfærsla réttinda hafi átt sér stað. Er eðlilegast að miða við opinber gögn í því efni eftir því sem kostur er.

Spurningunni um það hver geti krafist færslu í skrána er ekki svarað í frumvarpinu, enda nærtækt að sá gangist fyrir skráningu sem hagsmuni hefur af því. Sú skylda sem lögð er á félagið skv. 3. málsl. að það tilkynni vátryggingartaka og eiganda réttinda um skráninguna ætti að koma í veg fyrir rangar skráningar andstætt réttmætum hagsmunum hans.

Þótt ekki sé lögð sú kvöð á félagið að rannsaka nákvæmlega hvort ráðstöfun er gild áður en skráning fer fram hvílir rík almenn aðgæsluskylda á því og þess vegna á það að hafna skráningu ef það telur ljóst að krafa um hana byggist á ógildri ráðstöfun. Verður þá sá sem skráningar krefst að leita úrlausnar um meintan rétt sinn.

Í 3. mgr. er ákvæði sem efnislega samsvarar 27. gr. þinglýsingalaga og heimilar að afmá ranga skráningu eða skráningu sem síðar er leitt í ljós að er röng, svo og skráningu sem eigandi réttinda samþykkir að verði afmáð.

Í 4. mgr. er undantekning frá þeirri reglu 2. mgr. að einungis rétt til vátryggingar skuli skrá. Heimilað er í málsgreininni að skrá afturkallanlega tilnefningu rétthafa, en einungis að það sé gert að beiðni vátryggingartaka. Félagið á því ekki að sinna beiðni rétthafans sjálfs um skráningu á þeim rétti, sem hann telur sig eiga í vændum. Vísan 2. málsl. þessarar málsgreinar til 1. mgr. 102. gr. felur það í sér að skráning mundi yfirleitt eiga sér stað samhliða tilnefningu, nema þegar tilnefning er gerð í erfðaskrá skv. 2. mgr. 102. gr., enda er þá ekki um að ræða tilkynningu til félagsins. Ekki þykir rétt að heimila rétthafanum sjálfum að krefjast skráningar. Slíkt gæti leitt til óvissu, því tilnefningin er hvenær sem er afturkallanleg og um það hefur rétthafinn ekkert að segja. Réttur sá sem hann á í vændum er því háður slíkri óvissu að hann hefur ekki ríka hagsmuni af skráningu hans miðað við það óhagræði sem það gæti haft í för með sér ef hann hefði heimild til að krefjast skráningar.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að færa skuli í líftryggingarskrá, sé þess krafist, tilgreindar breytingar á högum vátryggingartaka, þ.e. ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, heimild veitt til að leita nauðsamnings við skuldheimtumenn, eða búið tekið til opinberra skipta samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum o.fl. Ákvæði síðast greindra laga gilda um opinber skipti, önnur en gjaldþrotaskipti, ekki aðeins á dánarbúum, heldur einnig öðrum búum. Hið sama á við ef vátryggingartaki er sviptur lögræði. Það eru skiptastjórar sem mundu setja fram slíka kröfu í viðleitni sinni til að tryggja hagsmuni búsins eða kröfuhafa þess. Tilsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum mundi fyrir hönd skuldarans setja fram slíka kröfu en lögráðamaður f.h. hins lögræðissvipta. Ástæða þess að rétt þykir að heimila skráningu á svo breyttum högum vátryggingartaka er fyrst og fremst sú að hann gæti sjálfur misnotað stöðu sína og ráðstafað réttindum ef skráningin færi ekki fram. Það er ævinlega hætta á slíkri misnotkun, einkum þegar menn hafa misst fótanna í fjármálum sínum. Í þessu sambandi ber að árétta að vátryggingartakar, sem hér er átt við, fara samkvæmt lögum ekki með forræði þeirra hagsmuna sem um ræðir, heldur skiptastjórar, tilsjónarmaður eða lögráðamaður. Vá-

tryggingartaki í skilningi þessarar málsgreinar er, sem fyrr segir, bæði upphaflegur vátryggingartaki og sá, sem öðlast hefur eignarrétt að vátryggingunni.

Í 6. mgr. eru fyrirmæli um frumskráningu í dagbók, en endanlega skráningu eins fljótt og kostur er. Ekki er ólíklegt að unnt sé að ljúka færslu strax, þ.e. endanlegri færslu, og ber þá að gera það. Það kerfi sem hér er sett upp, þ.e. bráðabirgðafærsla í dagbók og endanleg skráning réttinda á sér fyrirmynd í þinglýsingalögum, sbr. II. kafla þeirra.

Um 113. gr.

Í þessari grein eru reglur um rétt til að krefjast endurrits úr líftryggingarskránni, um efni endurrita og um þagnarskyldu þeirra sem starfa við slíkar skrár. Meginreglan er sú að félagið og starfsmenn þess eigi að gæta þagnarskyldu um efni líftryggingarskrár og að þeir sem heimild hafa til að krefjast endurrits úr skránni eigi að vera tæmandi taldir. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að í skránni eru persónuupplýsingar í skilningi 1. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og ekki óhugsandi að af þeim mætti draga ályktanir um viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 8. tölul. sömu greinar laganna, einkum gætu verið upplýsingar um heilsuhagi í skilmálum vátryggingarinnar sem ályktа mætti frá, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr.

Í 1. mgr. er vátryggingartaka, maka hans, vátryggðum, rétthafa samkvæmt óafturkallanlegri tilnefningu, veðhafa í réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi eða framveðhafa, skiptastjóra í búi sem er til gjaldþrotaskipta, eða opinberra skipta, og tilsjónarmanni með nauðasamningum heimilað að krefjast endurrits úr skránni. Svo sem fyrr greinir er þetta tæmandi talning. Álitaefni kann að vera hvort maki vátryggingartaka ætti að vera í þessum hópi, en þar sem hagsmunir hans eru svo samofnir hagsmunum vátryggingartaka þykir það ekki varhugavert. Ekki er á hinn bóginn ástæða til að heimila rétthafa, hvers tilnefning er afturkallanleg, að krefjast endurrits úr líftryggingarskrá. Ástæðan er hin sama og oft hefur verið tilgreind, þ.e. að hann eigi engan rétt, aðeins væntingar um rétt. Hagsmunir hans eru ekki slíkir að rétt sé að heimila honum þann aðgang að skránni að hann geti krafist upplýsinga úr henni. Veðhafi, framveðhafi og rétthafi samkvæmt óafturkallanlegri tilnefningu hafa ólíka stöðu, sem rétt er að veita þá vernd að heimila aðgang að upplýsingum. Það verður þó að vera skilyrði að þessi réttindi séu skráð þegar þeir biðja um upplýsingar. Fram að skráningu þeirra verða þeir að fá upplýsingar frá vátryggingartaka eða í gegnum hann. Í síðari hluta 1. mgr. er regla sem mælir fyrir um að það séu upplýsingar sem skráðar eru í líftryggingarskrá, með þeim takmörkunum sem síðar greinir, sem veita ber. Í þessari reglu felst að það eru upplýsingar sem eru í skránni á því tímamarki sem endurritið er gefið sem veita á. Félagið hefur því aðeins skyldu til að láta í té skráðar upplýsingar, þ.m.t. þær sem komnar eru í dagbók.

Með sama hætti og hendir við þinglýsingar og gerð þinglýsingarvottorða og útgáfu veðbókarvottorða geta orðið mistök af hálfu vátryggingafélags við færslu líftryggingarskrár og gerð endurrita. Ekki er þó ástæða til að mæla fyrir um sérstakar skaðabótareglur og gilda því almennar reglur skaðabótaréttar um bótarétt vegna hugsanlegs tjóns sem af slíkum mistökum leiðir.

Í 2. mgr. er leitast við að takmarka þær upplýsingar sem fram eiga að koma í endurriti úr líftryggingarskrá. Leitast er við að setja fram reglu sem tryggir að aðeins eru veittar þær upplýsingar sem sá er krefst endurrits þarf á að halda. Ljóst er að þessi regla leiðir til matskenndrar ákvörðunar félagsins hverju sinni. Ágreiningur getur risið um það mat og verður sá er endurrits krefst að leita úrlausnar á þeim ágreiningi ef hann unir ekki niðurstöðu félagsins. Af tveimur kostum, þ.e. matskenndri reglu sem leiða kann til ágreinings eða víð-

tækri upplýsingagjöf um þær viðkvæmu upplýsingar sem kunna að vera í skránni, er talið rétt að velja hinn fyrri. Til að freista þess að takmarka óvissu er í 3. mgr. lagt til að viðskiptaráðherra setji reglur um efni endurrits samkvæmt greininni. Í þeim reglum mætti útfæra nánar hvaða upplýsingar má veita hverjum.

Um 114. gr.

Í greininni eru reglur sem ætlað er að leysa af hólmi reglur 113. gr. VSL en eru með allt öðrum hætti þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að skráning réttinda ráði réttarstöðunni, en ekki hvaða réttindi skjalið sjálft, líftryggingarskírteinið, ber með sér. Með reglum greinarinnar er leitast við að ráða fram úr hugsanlegum árekstrum ósamþýðanlegra réttinda yfir vátryggingunni. Sambærilegar reglur eru í þinglýsingalögum og í 16. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, en þær eru ekki nákvæmlega eins að efni til.

Meginreglan, sem sett er fram í 1. mgr., miðar við að það sé skráning réttinda í dagbók sem ræður rétthæð þeirra. Tímabilið, sem miðað er við, er dagurinn, þannig að réttindi sem skráð eru í dagbók sama dag eru jafnrétthá. Það eru fyrst og fremst ráðstafanir sem byggjast á löggerningum sem greinin tekur til en þó er orðalagið ekki bundið við það. Fjárnám í réttindum samkvæmt líftryggingarsamningi féllu því einnig undir regluna. Fjárnámshafi, sem ekki lætur skrá réttindi sín, stendur þannig að baki þeim sem skráir sín réttindi, þótt þau hafi komið til síðar. Skýra verður 1. og 2. mgr. saman, því það er skilyrði fyrir því að sá sem fyrr fær skráð réttindi öðlist betri rétt að hann hafi verið grandlaus um hinn eldri rétt þegar réttur hans var skráður í dagbók. Það á við hvort sem hinn eldri réttur heldur áfram að vera óskráður eða hann verður skráður á eftir þeim yngri. Tekið skal fram í þessu sambandi að þýðing grandleysis á aðeins við um réttindi sem stofnuð eru með samningi. Það er í samræmi við almennar reglur, sbr. Hrd. 1969, bls. 1095, Hrd. 1969, bls. 1414, og Hrd. 1989, bls. 171, að aðfararhafi öðlast rétt frá því að hann skráir (þinglýsir) réttindi þau er hann öðlast við aðförina hvort sem hann er grandlaus eða grandsamur um eldri réttindi sem ekki eru skráð (þinglýst).

Þær frjálsu ráðstafanir sem um ræðir í 2. mgr. eru þær sem lýst hefur verið í reglum frumvarps þessa að frátalinni tilnefningu sem er afturkallanleg, enda öðlast sá er tilnefndur er engan rétt, svo sem fram er komið.

Um 115. gr.

Í þessari grein eru reglur sem eiga við um stöðu grandlauss eiganda réttinda gagnvart félaginu. Í VSL eru ekki heildstæðar reglur um sama efni en þó eru ýmis ákvæði 114. gr. þeirra laga sem eiga við um efnið.

Meginregla 1. mgr. kveður á um að sá sem í góðri trú hefur fengið skráð réttindi sem reist eru á samningi þurfi ekki að sæta því að félagið hafi uppi mótbárur gegn réttindum hans sem ekki hafa komið fram í tilkynningum sem félaginu er skylt að senda skv. 3. málsl. 2. mgr. 112. gr. Félagið glatar því mótbárum við þessar aðstæður nema við eigi undantekningarreglur þær sem fram koma í a–c-lið 2. mgr.

Í 1. mgr. eru sett ýmis skilyrði fyrir því að félagið glati mótbárum sínum. Þannig þarf eigandi að skrá réttindi og um þarf að vera að ræða réttindi, hann þarf að hafa verið í góðri trú og réttindin þurfa að vera reist á samningi en ekki aðfaragerð, fengin fyrir erfðir, runnið til óskipts bús, eða orðið til skv. 3. mgr. 104. gr.

Þær mótbárur sem félagið getur haft uppi eru tilgreindar í áðurnefndum stafliðum. Af a-lið leiðir að félagið getur haft uppi mótbárur sem reistar eru á því að upplýsingaskylda hafi verið vanrækt, að um áhættuaukningu sé að ræða o.s.frv., allt að því gefnu að félagið hafi

ekki þekkt til atvika fyrr en eftir að tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send. Af b-lið leiðir að félagið getur haft uppi þá mótbáru að iðgjaldagreiðsla hafi verið vanefnd eftir að tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send, en það verður þá að hafa sent innheimtutilkynningu skv. 98. gr. frumvarpsins, þ.e. sinnt sérstakri tilkynningarskyldu í líftryggingum. Af c-lið leiðir svo að félagið getur borið fyrir sig að það hafi greitt gjaldfallnar lífeyrisgreiðslur, enda má almennt ganga út frá skilvísi vátryggingafélaga í því efni og ekki er ástæða til að gera kröfu um að það sé sérstaklega tiltekið í þeirri tilkynningu sem senda ber skv. 2. mgr. 112. gr.

Um 116. gr.

Í greininni eru reglur um stöðu félagsins sem greitt hefur vátryggingarfjárhæðina gagnvart þeim sem skráður er rétthafi eða á skv. 100. gr. rétt til greiðslu hennar. Í greininni felst að fyrir fram ber að ganga út frá því að upplýsingar í líftryggingarskrá séu réttar. Miðað er við efni skrárinnar á því tímamarki sem greiðsla fer fram. Ekki ber að skýra regluna þannig að gagnálykta eigi frá henni á þann veg að félag sem greiðir vátryggingarfjárhæðina geti ekki losnað undan ábyrgð þótt greiðslan hafi ekki verið í samræmi við efni skrárinnar. Ýmsar ástæður kunna að valda því að félaginu verður engan veginn um kennt en víst er að mikið þarf til að svo verði talið.

Um 117. gr.

Í þessari grein eru reglur um sambandið milli þess sem hefur skráð réttindi í góðri trú og þess sem á betri rétt í raun. Þegar réttindi hafa yfirfærst með samningi við skráðan vátryggingartaka og hafa verið skráð í líftryggingarskrá ber samkvæmt greininni að miða við að sú skráning sé rétt. Löglíkur eru þannig fyrir því að réttindi sem skráð eru í líftryggingarskrá séu réttilega skráð. Í 2. málsl. eru undantekningar frá meginreglu 1. málsl. Skv. reglu 2. málsl. er það aðeins við svonefndar sterkar ógildingarástæður sem grandlaus eigandi réttinda sem hefur fengið þau skráð í líftryggingarskrá þarf að þola að betri réttur annars manns gangi framar. Ógildingarástæðurnar eru taldar upp í málsliðnum og er sú upptalning tæmandi.

118. gr.

Reglur þessarar greinar um merkingu hugtaksins vátryggingartaki í kaflanum þarfnast ekki skýringa en rétt er þó að geta þess að þær tengjast sérstaklega reglum 112. og 117. gr. frumvarpsins.

Um 119. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XVIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um bótauppgjör, þ.m.t. upplýsingaskyldu félagsins við það tækifæri, skuldajafnaðarrétt félagsins, vexti, fyrningu og fleiri atriði. Ákvæðin eiga því við eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Í kaflanum er leitast við að safna saman þeim ákvæðum, sem lúta að uppgjöri kröfu samkvæmt vátryggingarsamningi á hendur félagi og líka hvernig þeirri kröfu getur lokið með öðrum hætti en greiðslu svo sem fyrningu. Um þessi efni eru dreifð ákvæði í VSL, sbr. 21.–24. gr., 29.–30. gr. og 124. gr., sbr. 52. gr. Tillögur frumvarpsins fela ekki í sér róttækar breytingar á efni gildandi reglna nema að tvennu leyti. Annars vegar er lagt til að reglur um lækkun eða niðurfellingu ábyrgðar félagsins vegna vanrækslu á tilkynningarskyldu o.fl. verði sveigjanlegri en gildandi reglur, þannig að það

verði háð mati á atvikum að hve miklu leyti ábyrgð félagsins verður takmörkuð. Hins vegar er lagt til að heimild til að víkja frá fyrningarreglum laganna, þ.e. með því að stytta fresti, sem nú er veitt í 30. gr. VSL, verði felld úr gildi.

Efni kaflans er hið sama og efni 8. kafla frumvarpsins um sömu atriði í skaðatryggingum og eru ákvæðin að verulegu leyti efnislega eins.

Um 120. gr.

Í greininni eru reglur um upplýsingaskyldu við uppgjör bóta. Reglurnar eru efnislega hinar sömu og í 47. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein. Sá orðalagsmunur sem er á þessari grein og 47. gr. felst einkum í því að hér er orðalag við það miðað að fleiri en vátryggður geti sett fram kröfur á hendur félaginu og hafi við það sömu skyldu, eftir því sem unnt er, og vátryggður. Þessi munur hefur engin efnisleg áhrif.

Um 121. gr.

Í þessari grein eru reglur um greiðslu bóta eða vátryggingarfjárhæðar. Efni hennar svarar að verulegu leyti til efnis 48. gr. frumvarpsins, en að hluta til er nokkur munur á sem gera verður grein fyrir. Reglan á sér hliðstæðu í 24. gr. VSL en orðalag er nokkuð annað og efnislegt frávik.

Í 1. málsl. 1. mgr. er ákvæði sem svarar til 1. málsl. 49. gr. og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein frumvarpsins.

Í 2. málsl. er sérregla sem á við í persónutryggingum, einkum slysa- og sjúkratryggingum. Ákvæðið heimilar félögunum að kveða nánar á um hvernig meta skuli örorku. Að íslenskum rétti eru ýmsar aðferðir til við mat á varanlegri örorku og er grundvallarmunur á sumum aðferðanna. Til skamms tíma hefur almennt verið miðað við læknisfræðilega örorku, svo sem tíðkað var í skaðabótarétti utan samninga allt fram til gildistöku skaðabótalaga, nr. 50/1993, en með þeim var tekið upp nýtt örorkumat, reist á fjárhagslegum áhrifum líkamstjóns. Einnig eru til aðrar aðferðir. Það er eðlilegt að vátryggingafélög eigi þess kost að bjóða upp á vátryggingar með mismunandi aðferðum við örorkumat. Hluti af þessu er að ákveða í skilmálum hvenær örorka skuli metin, t.d. í fyrsta lagi eða í síðasta lagi. Slíkt hefur áhrif á gjalddaga þar sem félaginu er ekki unnt að reikna út endanlega fjárhæð bóta fyrr en matið liggur fyrir. Ef félagið hefur áskilið sér of langan frest í þessu efni gæti það leitt til viðbragða Fjármálaeftirlitsins. Ekki verður heldur litið fram hjá því að sá sem á rétt til bótanna getur krafist hlutagreiðslu skv. 2. mgr. Verður því að telja að hagsmunir hans, séu þeir réttmætir, njóti nægilegrar verndar.

Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og efni 2. málsl. 48. gr. og þarf ekki að skýra það frekar hér.

Um 122. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimild félagsins til þess að beita skuldajöfnuði. Um þetta eru ekki skýrar reglur í VSL. Ákvæðið er að mestu sama efnis og 49. gr. frumvarpsins, en nokkur orðalagsmunur er, sem einkum ræðst af mismunandi aðstæðum í skaðatryggingum og persónutryggingum. Veigamestu þættirnir eru þó leystir með sama hætti og má því um skýringar vísa til athugasemda við 49. gr.

Í 1. mgr. er miðað við að félagið hafi eingöngu rétt til skuldajafnaðar vegna vangoldinna iðgjalda vátryggingartaka hjá félaginu, þ.e. vegna þess vátryggingarsamnings sem greiðsla tekur til og annarra. Þegar annar en vátryggingartaki krefur með réttu um greiðslu er skuldajafnaðarheimild félagsins þrengri en að framan greinir, því skv. 2. mgr. nær skuldajafnaðarrétturinn þá aðeins til þess vátryggingarsamnings sem greiðsla tekur til.

Um 123. gr.

Í þessari grein eru reglur um vexti á bótakröfur og kröfur um vátryggingarfjárhæð sem gerðar eru á hendur félagi. Í 50. gr. frumvarpsins eru reglur um sama efni en nokkur munur er þó á greinunum. Um þetta eru nú ákvæði í 3. mgr. 24. gr. VSL en þau ákvæði eru fátækleg og hafa því bæði ákvæði skilmála og fyllingarreglur laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, haft verulega þýðingu. Í frumvarpsgreininni er leitast við að setja ítarlegri reglur um vexti en gilt hafa.

Ákvæði 1. mgr. er sama efnis og 1. mgr. 50. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við hana. Er einungis ástæða til að árétta að tveggja mánaða fresturinn reiknast frá því tímamarki að tilkynning var send félaginu en ekki frá því hún kom til þess, svo sem almennar reglur samningaréttar hefðu leitt til, enda er tilkynningin ákvöð. Sendingin verður að vera með sannanlegum hætti. Þykir eðlilegt að sá sem rétt á til greiðslna frá félaginu teljist hafa sinnt skyldum sínum þegar hann hefur sent tilkynninguna. Verður að hafa hugfast í þessu sambandi að um er að ræða fremur langan frest, þ.e. tvo mánuði.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. er sama efnis og 1. málsl. 2. mgr. 50. gr. Í síðarnefnda ákvæðinu eru í framhaldi af því reglur um brunatryggingar sem ekki eiga við í þessari grein. Þess í stað er ákvæði um skyldu til að greiða vexti á dagpeninga, svo og um tilvik er félagið á að greiða tilteknar fjárhæðir á fyrir fram umsömdum gjalddögum. Þetta er algengt í slysa- og sjúkratryggingum þar sem samið eru fyrir fram um greiðslur vegna tímabundinna afleiðinga, t.d. vikulegar eða mánaðarlegar greiðslur. Báðum aðiljum er þá kunnugt um réttindi sín og skyldur og þess vegna ástæðulaust að láta rétt til vaxta vera háðan tilkynningum.

3. mgr. svarar að efni til 4. mgr. 50. gr. Hún er í samræmi við almennar reglur kröfuréttar um að viðtökudráttur af hálfu kröfuhafa leiði til brottfalls réttar til að krefja um vexti. Um meginregluna má vísa til 7. gr. laga um vexti og verðtryggingu en hún er víðtækari en svo að hún eigi einungis við er viðtökudráttur er. Hún er í samræmi við reglu þessarar málsgreinar. Allt hið sama á við er eigandi réttar gegn félaginu hafnar lögmætu greiðslutilboði þess, enda er það viðtökudráttur í skilningi kröfuréttar. Nauðsyn ber til að nota orðalagið „eigandi réttar gegn félaginu“ þar sem villandi gæti verið að nota orðið rétthafi, einkum í ljósi takmarkana á réttarstöðu hans sem gerð er grein fyrir að framan.

Í 4.–6. mgr. eru efnislega sömu reglur og í 5.–7. mgr. 50. gr. og þarf ekki að skýra þær frekar en gert er í athugasemdum við síðarnefndu málsgreinarnar.

Um 124. gr.

Reglur þessarar greinar um frest til að tilkynna um vátryggingaratburð í slysa- eða sjúkratryggingum og til lögfræðilegra aðgerða eru efnislega hinar sömu og reglur 51. gr. frumvarpsins. Vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 125. gr.

Í þessari grein eru reglur um fyrningu. Um fyrningu í skaðatryggingum eru ákvæði í 52. gr. en nokkur munur er á frestum og ýmsum öðrum atriðum. Reglur VSL um fyrningu eru í 29.–30. gr. og svipar ákvæðum fyrrnefndu greinarinnar til efnis þessarar. Ekki er á hinn bóginn ákvæði í þessu frumvarpi sem svarar til 30. gr. VSL, enda lagt til að þeim möguleika verði sleppt, eins og greinir að framan.

Þess skal getið að fyrningarreglur þær sem eru í greininni varða aðeins fyrningu á kröfu um bætur eða vátryggingarfjárhæð úr hendi félagsins. Aðrar kröfur sem tengst geta vátryggingarsamningi, t.d. krafa um iðgjaldið, fyrnast eftir hinum almennu reglum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905.

Í 1. mgr. er fyrst meginreglan um að krafa um vátryggingarfjárhæð í höfuðstólstryggingum fyrnist á tíu árum frá lokum þess almanaksárs sem sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um atvik sem krafan er reist á. Aðrar kröfur fyrnast á fjórum árum en það er sá fyrningarfrestur sem flestar algengustu tegundir krafna fyrnast á samkvæmt lögum um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Upphaf fjögurra ára frestsins ræðst af sömu reglum og tíu ára frestsins. Í 3. málsl. eru fyllingarreglur sem eiga við ef sá er kröfuna á fær ekki nauðsynlegar upplýsingar um atvik sem krafa hans er reist á. Þá falla kröfur um vátryggingarfjárhæð í höfuðstólstryggingum niður á 20 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð, en í öðrum tryggingum á tíu árum. Í 4. málsl. er enn fyllingarregla sem kveður á um að hafi tilkynning, sem félaginu ber að senda ef það hafnar kröfu um bætur eða vátryggingarfjárhæð, verið send ljúki fyrningarfresti ekki fyrr en árs frestur sá er tilgreina á í tilkynningunni er liðinn. Þetta getur leitt til framlengingar fyrningarfrestsins í einstökum málum.

Í 2. mgr. er sérregla um fyrningu á kröfum samkvæmt lífeyristryggingum. Samkvæmt henni fellur krafa eftir þeim vátryggingum niður að liðnum tíu árum frá því að síðustu greiðslu er krafist. Þetta er helmingi skemmri frestur en er í 2. mgr. 2. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Stytting frestsins þykir ekki varhugaverð. Verður að hafa í huga að síðasttilvitnuð lög eru nálægt því aldargömul. Upplýsingaskylda félagsins til þess sem rétt á til greiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er svo rík að óhugsandi er að sá sem kröfuna á gleymi henni. Má fremur ætla að greiðslur til hans gangi sjálfkrafa fyrir sig. Fyrningarfrestur í 20 ár er í engu samræmi við þarfir viðskiptalífs og vart nauðsynlegur fyrir þann sem kröfuna á. Fyrningarfrestur á hverri einstakri gjaldfallinni greiðslu er fjögur ár og er það í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Að öðru leyti en sérstaklega er tekið fram gilda ákvæði laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. ákvæði 3. mgr., þó með þeim fyrirvörum er þar greinir.

Um XIX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hópvátryggingar í persónutryggingum. Um sama efni í skaðatryggingum eru ákvæði í IX. kafla frumvarpsins en engar sérreglur eru í VSL um þessar tegundir vátrygginga sem munu lítt eða ekki hafa verið þekktar við gildistöku þeirra á Íslandi. Þýðing hópvátrygginga er mun meiri í persónutryggingum en í skaðatryggingum. Það virðist mun algengara að teknar séu líftryggingar, slysatryggingar eða sjúkratryggingar fyrir skilgreinda hópa en annars konar vátryggingar. Hópvátryggingar í persónutryggingum eru oft hugsaðar sem eins konar viðbót við þá félagslegu vernd sem fólk nýtur með almannatryggingakerfinu.

Eins og greinir í almennum inngangi að IX. kafla frumvarpsins er eitt einkenna hópvátrygginga að það eru þrír aðiljar sem eru í réttarsambandinu, þ.e. vátryggingartaki, oftast vinnuveitandi eða félag, félagið sem gerir hópvátryggingarsamning við vátryggingartaka og hinir vátryggðu, þ.e. þeir sem eru í hópnum á hverjum tíma. Það einkennir líka hópvátryggingar að iðgjaldið, vátryggingarfjárhæðir og skilmálar að öðru leyti eru ákveðnir með heildstæðum hætti eftir mati á hópnum sjálfum en ráðast ekki af upplýsingum um hvern einstakan í hópnum. Ýmis afbrigði eru möguleg í hópvátryggingum. Í sumum tilvikum getur hver þátttakandi í hópnum þurft að hafa frumkvæði að því að njóta verndar vátryggingarinnar en í öðrum tilvikum getur verið að maður öðlist sjálfkrafa vernd, t.d. við það að taka við starfi eða ganga í tiltekið félag. Það er ekki sjálfgefið að nákvæmlega sömu reglur eigi að gilda um þessi tvö afbrigði.

Telja verður nauðsyn bera til að setja reglur um ýmis atriði í hópvátryggingum á sviði persónutrygginga, eins og á sviði skaðatrygginga. Réttur til ráðstöfunar yfir vátryggingu er t.d. sérstakt álitaefni í hópvátryggingum á sviði persónutrygginga. Eðlilegt er að líta svo á að það sé vátryggður sem í meginatriðum fari með þann rétt en vátryggingartaka séu óheimilar ráðstafanir yfir réttindum samkvæmt vátryggingunni, andstætt því sem gildir um einstaklingsbundnar vátryggingar. Annað atriði, sem sjálfgefið er að geti valdið óvissu, er hvernig haga eigi réttarsambandinu milli félagsins og hinna vátryggðu, einkum hvaða hlutverk og ábyrgð vátryggingartakinn eigi að hafa í því efni. Þriðja atriðið, sem getur valdið óvissu, er hvenær ábyrgð félagsins hefst varðandi hvern og einn. Er það við tilkynningu til félagsins, er það er hann verður þátttakandi í hópnum, eða við eitthvert annað tímamark? Fjórða atriðið er hvort og þá að hvaða marki eigi að játa félaginu rétt til þess að gera hlutlæga fyrirvara í hópvátryggingum. Í einstaklingsbundnum vátryggingum á vátryggingartaki að veita réttar upplýsingar um heilsufar sitt o.fl. Geri hann það er það á ábyrgð félagsins er heilsa hans versnar, jafnvel þótt einkennin hafi verið fyrir hendi er vátryggingin var tekin. Staðan getur verið sú í hópvátryggingum að félagið leitar almennt ekki eftir heilsufarsupplýsingum hjá hverjum og einum þátttakanda í hópnum, heldur er látin nægja einföld yfirlýsing, t.d. vinnuveitanda um að sá sem verður þátttakandi sé að fullu vinnufær. Frávik geta vissulega verið frá þessu en yfirleitt mundu atvik vera þannig að maður verði þátttakandi í hópnum og öðlast því vátryggingarvernd með takmörkuðum heilsufarsupplýsingum. Við þessar aðstæður er eðlilegt að játa félaginu rétt til þess að takmarka ábyrgð sína með hlutlægum hætti, þannig að það beri ekki ábyrgð ef einkenni, sem þátttakandinn var grandsamur um, voru til staðar við upphaf ábyrgðar þess, fyrr en eftir að það hefur kallað eftir ítarlegri heilsufarsupplýsingum. Fimmta atriðið, sem ráða þarf fram úr, er hver eigi að vera staða þátttakanda í hópi, sem nýtur vátryggingar, til þess að halda vátryggingu áfram og um rétt hans til tilkynninga ef vátryggingartaki og félagið hyggjast slíta vátryggingarsamningnum. Er leitast við að setja reglur um þessi atriði í kaflanum, svo og um ýmis önnur atriði. Reglur hans eiga mikla samstöðu með reglum IX. kafla, en þó er ýmis frávik sem eru nauðsynleg vegna eðlis persónutrygginga.

Um 126. gr.

Greinin er samhljóða 53. gr. og þarf ekki að skýra hana hér, enda eðlilegt að aðrar reglur um persónutryggingar gildi um hópvátryggingar á því sviði.

Um 127. gr.

Í þessari grein eru reglur um hvert skuli að lágmarki vera efni hópvátryggingarsamnings. Ekkert er því til fyrirstöðu að efni vátryggingarsamnings sé ítarlegra en hér er gert ráð fyrir. Efni greinarinnar er um flest hið sama og efni 54. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa þangað. Ýmis ákvæði eru þó sérstök fyrir persónutryggingar, og þarfnast sérstakra skýringa.

Í a-lið er mælt fyrir um að greiðslur félagsins samkvæmt samningnum skuli koma fram í honum. Reglan er sjálfgefin og mundi sjaldnast leiða til álitaefna og þarf ekki að skýra hana.

Í b-lið er mælt fyrir um að tiltaka skuli í hópvátryggingarsamningi hvort heimilt sé að áskilja sér að vera ekki þátttakandi í hópi sem nýtur vátryggingar. Ákvæðið er efnislega hið sama og regla b-liðar 54. gr. en með nokkru öðru orðalagi sem þó á ekki að leiða til mismunandi skýringar.

Í c-lið er sama regla og í a-lið 54. gr. og vísast um skýringar til þess sem segir í athugasemdum við þann staflið.

Í d-lið er ákvæði sem er sama efnis og c-liður 54. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þann lið. Þar er m.a. greint frá tilvikum þar sem menn verða sjálfkrafa þátttakendur í hópi. Því er við að bæta að í tilvikum þar sem svo er ekki, þ.e. maður þarf að gera tilteknar ráðstafanir til þess að verða þátttakandi, verður að koma fram í samningnum hvort beina á tilkynningum til vátryggingartaka eða til félagsins og hvaða upplýsingar á að veita.

Í e-, f-, g- og i-lið eru ákvæði sem eru eins og ákvæði d-, e-, f- og g-liðar 54. gr. og má vísa um skýringar til athugasemda við þá stafliði.

Í h-lið er mælt fyrir um að tilgreina skuli í hópvátryggingarsamningi ef vikið er frá ákvæðum 100. gr. frumvarpsins og ráðstafað vátryggingarfjárhæðinni. Ákvæðið á einungis við um höfuðstólstryggingar, enda lúta lífeyristryggingar öðrum reglum að þessu leyti.

Í j-lið er ákveðið að það skuli tilgreina í hópvátryggingarsamningi hvernig sé háttað heimildum þátttakenda til að tilnefna rétthafa, til framsals og veðsetningar á réttindum samkvæmt samningnum. Það er ekki sjálfgefið að slíkar heimildir eigi yfirleitt að vera fyrir hendi í hópvátryggingarsamningum, einkum í ljósi þess að oft eru þær hugsaðar sem viðbót við þá félagslegu vernd sem menn njóta af almannatryggingum. Hagnýting slíkra réttinda í persónulegum viðskiptum er því umhugsunarefni. Ekki þykir þó fært að leggja til takmarkanir á ráðstöfunarrétti hins vátryggða í þessum tilvikum, enda um að ræða réttindi sem hann á. Þyrftu að vera alveg sérstök rök til að setja ráðstöfunarrétti hans þröng mörk.

Eins og fram hefur komið getur orðið sérstakur ágóði í sumum tegundum líftrygginga. Hann getur ráðist af lágri tjónatíðni eða öðrum atvikum. Ákveða þarf skv. 2. mgr. þessarar greinar hvernig slíkum ágóða skal ráðstafað í hópvátryggingum, því ekki er sjálfgefið að hann renni til vátryggingartaka eins og vera mundi í einstaklingsbundnum vátryggingum. Má ætla að oft yrði ákveðið að hann rynni með einhverjum hætti til vátryggðra, þ.e. þátttakendanna í hópnum.

Um 128. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um upplýsingagjöf um vátrygginguna. Greinin er samhljóða fyrstu þremur málsliðum 55. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 129. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu til að gefa út vátryggingarskírteini og hvert vera skuli efni þess. Greinin er efnislega eins og 56. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um 130. gr.

Í greininni eru reglur um upphaf ábyrgðar félagsins. Greinin er efnislega eins og 57. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um 131. gr.

Í greininni eru reglur um lok ábyrgðar félagsins. Greinin er efnislega eins og 58. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um 132. gr.

Í greininni eru reglur um rétt þátttakanda í hópi sem nýtur hóplíftryggingar til þess að viðhalda vátryggingunni sjálfur ef henni lýkur. Greinin á, eins og fram er komið, eingöngu við um hóplíftryggingar.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um rétt hvers og eins af þátttakendunum til að halda líftryggingu áfram án þess að gefa nýjar heilsufarsupplýsingar, ef hópvátryggingu sem þeir hafa notið lýkur. Rökin fyrir reglunni eru fyrst og fremst þau að líftrygging getur verið mikilvæg fyrir fjárhagslegt öryggi fjölskyldna og iðgjöld og skilmálar geta ráðist mjög af aldri og heilsufari. Sá sem verið hefur starfsmaður vátryggingartaka í t.d. 30 ár og notið hóplíftryggingar á grundvelli heilsufarsupplýsinga sem hann veitti réttilega 25 ára gamall getur verið í mun lakari stöðu til að afla sér sambærilegrar verndar ef hópvátryggingin fellur niður og hann hyggst reyna að fá nýja líftryggingu með sambærilegri vernd. Hann hefur því mikla hagsmuni af því að eiga þess kost að halda líftryggingunni áfram án nýrra heilsufarsupplýsinga en með sömu vernd. Á hinn bóginn getur hann ekki gert kröfu um að iðgjaldið verði ákveðið með sama hætti og þegar hópurinn var allur undir, heldur að það verði ákveðið með sama hætti og í einstaklingsbundnum líftryggingum. Í 2. málsl. er mælt fyrir um sama rétt þess sem af öðrum ástæðum en vegna aldurs hættir í hópi sem vátrygging tekur til, t.d. vegna þess að hann hættir að starfa hjá vátryggingartaka eða hættir aðild að félagi sem tekið hefur hópvátryggingu.

Félagið ber ábyrgð á því að honum sé tilkynnt um þennan möguleika hans og ef félagið hefur falið vátryggingartaka að annast tilkynningar til þátttakenda í hópnum ber hann einnig ábyrgð á því að tilkynning sé send. Félagið losnar þó ekki undan ábyrgð sinni við það. Í tilkynningu þarf að koma fram hver réttur þátttakandans sé og hve langan frest hann hefur. Samkvæmt lokamálslið greinarinnar hefur þátttakandinn þrjá mánuði til þess að hagnýta sér rétt sinn. Miðað er við þrjá mánuði frá því að ábyrgð félagsins féll niður. Ef heilsa hans versnar á þessu tímabili er það á áhættu félagsins, en ekki hans, því honum er ekki skylt að veita nýjar upplýsingar og í rétti hans felst heimild til að framlengja áður gildandi líftryggingu.

Ef tilkynningarskylda félagsins (eða vátryggingartaka) er vanrækt mundi það eftir sem áður bera ábyrgð samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, en sú ábyrgð teldist skaðabótaábyrgð þótt inntak hennar yrði hið sama og ábyrgðar félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi.

Um 133. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir félagsins til þess að breyta skilmálum vátryggingarinnar. Tilvísun til 2. mgr. 131. gr. tryggir að þátttakendum er tilkynnt skriflega um slíkar breytingar. Félagið verður að hafa gert fyrirvara um rétt sinn til þess að geta breytt skilmálunum og iðgjaldi. Tekið skal fram að ákvæði þessarar greinar geta vart átt við um hópvátryggingar sem einungis hafa tímabundið gildi og er ekki ætlað að framlengjast. Má sem dæmi nefna hópslysatryggingu félagsskapar á meðan á tilteknu ferðalagi hans stendur, hópslysatryggingu þátttakenda á sýningu eða öðrum viðburði o.fl. Það hlyti að teljast afar fátítt að réttur til breytinga á skilmálum eða iðgjaldi teldist vera fyrir hendi í slíkum tilvikum.

Um 134. gr.

Í greininni eru reglur um tilkynningar til eða frá einstökum þátttakendum í hópi sem nýtur hópvátryggingar. Greinin er efnislega eins og 60. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um 135. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir félagsins til þess að takmarka ábyrgð sína í hópvátryggingum. Heimildirnar eru þröngar, svo sem fram kemur af orðalagi greinarinnar.

Í 1. málsl. er félaginu í hóplíftryggingum, sem einnig felur í sér vátryggingu gegn örorku, heimilt að semja svo um að það beri ekki ábyrgð á óvinnufærni, sem kemur til innan tveggja ára frá því að ábyrgð þess hófst. Það er forsenda ábyrgðartakmörkunar að óvinnufærnin verði rakin til sjúkdóms eða meins sem þátttakandinn hafði á því tímamarki sem ábyrgð félagsins hófst og ætla má að hann hafi vitað um. Það er félagið sem hefur sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum þessum sé fullnægt en létt er á sönnunarbyrðinni með orðalaginu „sem ætla má að hann hafi vitað um“. Ábyrgðarundanþága félagsins samkvæmt þessari grein getur því aldrei orðið hlutlæg og fyrirvaralaus. Takmörkunin gildir einnig aðeins um óvinnufærni (örorku) en ekki dauða. Félagið má einnig gera takmörkun um ábyrgð sína vegna maka, barna og annarra sem teljast meðvátryggðir ásamt þeim sem er þátttakandi í hópi, ef þeir njóta vátryggingar samkvæmt skilmálum hennar. Vakin skal athygli á því að orðalag 2. málsl. er á þann veg að félagið megi gera fyrirvara um „ábyrgð“ sem tengist meðvátryggðum, en af því leiðir að félagið getur takmarkað ábyrgð sína í hverju sem hún felst. Það getur því takmarkað ábyrgðina, ekki aðeins á óvinnufærni (örorku), heldur einnig dauða, slysi eða öðru.

Í 3. málsl. er ákvæði sem heimilar félaginu að takmarka ábyrgð sína vegna annarra greiðslna en vátryggingarfjárhæðarinnar sjálfrar sem eiga að ganga til eftirlifandi vegna andláts maka. Hér kann að vera um ýmsar greiðslur að ræða, t.d. greiðslu útfararkostnaðar. Félagið getur þó ekki takmarkað ábyrgð sína vegna þessara greiðslna lengur en eitt ár frá því hún hófst.

Um 136. gr.

Í þessari grein eru reglur um rétt til vátryggingarfjárhæðar í hópvátryggingum sem fellur til við andlát þátttakanda, þ.e. hins vátryggða.

Í 1. mgr. eru ákvæði um hópvátryggingar sem ekki hafa framfærslu að markmiði. Í þeim tilvikum heimilar ákvæðið að samið sé svo um að vátryggingartaki öðlist rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar. Þetta er nauðsynlegur valkostur, ekki síst fyrir einstaklinga. Slíkar vátryggingar má t.d. hugsa sér að banki, sparisjóður eða lánastofnun taki fyrir þá sem þeir veita lán í tilteknum lánaflokki og hafa ekki tryggingar fyrir lánunum. Lánastofnunin gæti þá tekið líftryggingu fyrir hópinn, miðað fjárhæð hennar við fjárhæð lánsins á hverjum tíma og áskilið sér í vátryggingarsamningi rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar við andlát vátryggðs, þ.e. þátttakandans. Slíkar vátryggingar má einnig hugsa sér að vinnuveitandi taki fyrir lykilstarfsmenn sína og miði fjárhæðir við það tjón sem hann telur líklegt að hann verði fyrir vegna hugsanlegs fráfalls þeirra, t.d. vegna ráðningar, menntunar og þjálfunar eftirmanna. Einnig má hugsa sér að slíkar vátryggingar yrðu teknar af hópi manna sem starfar saman til að forðast tjón sem hópurinn yrði fyrir vegna andláts hvers og eins.

Í 2. mgr. er heimilað í þeim tilvikum sem þar greinir að semja um að ákvæði um rétt til vátryggingarfjárhæðar séu tekin inn í vátryggingarsamning. Þetta á við þegar hópvátrygging er tekin til þess að vátryggja líf starfsmanna og einnig þegar hún er tekin af félögum eða samtökum til þess að vátryggja líf félagsmanna eða þeirra sem eru í samtökunum. Í þessum tilvikum geta atvik verið sérstök og eðlilegt að heimildir séu til þess að ákveða um rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar.

Í 3. mgr. eru reglur um þau tilvik þegar ekki eru gerðar ráðstafanir sem heimilaðar eru í 1. og 2. mgr. Í þeim tilvikum skal beita hinum almennu reglum um persónutryggingar. Þetta er í samræmi við ákvæði 126. gr. um að ákvæði laganna um einstaklingsbundnar persónutryggingar skuli gilda um hópvátryggingar á því sviði eftir því sem við getur átt.

Um 137. gr.

Í þessari grein eru reglur um tilnefningu rétthafa í hópvátryggingum. Greint er á milli hópvátrygginga þar sem þátttakendur þurfa að tilkynna sig sérstaklega til þess að öðlast vátryggingarvernd og annarra hópvátrygginga þar sem menn öðlast verndina sjálfkrafa við það eitt að verða þátttakendur.

Í 1. mgr. eru ákvæði um fyrrnefndu tilvikin. Við þær aðstæður hafa þátttakendur sömu heimildir og vátryggingartakar í einstaklingsbundnum persónutryggingum. Hefur verið um það fjallað.

Í 2. mgr. er fjallað um síðarnefndu tilvikin. Þótt ekki sé sjálfgefið að þátttakendur hafi við þær aðstæður jafnrúmar heimildir til þess að tilnefna rétthafa og í hinum fyrrnefndu er þó talið rétt að leggja það til, þ.e. ef ekki er á annan veg mælt fyrir um í vátryggingarsamningi. Þau tilvik sem hér um ræðir eru t.d. þegar hópvátryggingar eru teknar af vinnuveitanda eða af stéttarfélögum vegna félagsmanna sinna. Vátryggingartakar í þeim tilvikum hafa oft réttmæta hagsmuni af því að hafa nokkuð um það að segja hvernig slíkum vátryggingarfjárhæðum sé ráðstafað. Vera kann að vinnuveitandi kaupi hóplíftryggingu fyrir starfsmenn sína eftir samninga við stéttarfélag eða starfsmannafélag og rökin fyrir samningnum séu þau að tryggja fjárhag nánustu ættingja starfsmanna ef þeir skyldu falla frá. Einnig mætti hugsa sér að stéttarfélag vildi tryggja félagsmönnum sínum slíka líftryggingu. Í þessum tilvikum væri óeðlilegt ef starfsmaðurinn, eða félagsmaðurinn ef því er að skipta, tæki ákvörðun um að fjárhæðin rynni eitthvað annað, t.d. til golfklúbbs hans, hundaræktarfélags eða þess háttar. Ýmis rök eru fyrir því að sporna við slíku þegar til hóplíftryggingarsamnings er stofnað á þeim forsendum sem hér er lýst, svo og í ýmsum öðrum tilvikum.

Í 3. mgr. er hnykkt á þeirri sjálfsögðu reglu að við beitingu reglna 101.–105. gr. skuli ákvæði sem miðast við vátryggingartaka eiga við með sama ætti um þátttakendur í hópvátryggingu. Þarf ekki að skýra þessa reglu.

Um 138. gr.

Í greininni eru ákvæði um heimildir þátttakenda til að framselja og veðsetja réttindi samkvæmt hópvátryggingu og takmarkanir á þeim. Réttur til framsals er mun takmarkaðri en samkvæmt einstaklingsbundnum vátryggingum á sviði persónutrygginga. Það helgast ekki síst af hinu félagslega eðli sem oft einkennir hópvátryggingar á þessu sviði. Á hinn bóginn eru ekki talin rök fyrir því að hindra veðsetningu þátttakenda á þeim rétti sem þeir eiga samkvæmt hópvátryggingarsamningi, enda geta þeir oft haft hagsmuni af því að fá að nota réttindin sem veðandlag, oft eiga þeir ekki völ á neinu öðru veðandlagi. Heimilt er þó í hópvátryggingarsamningi að semja um takmarkanir á heimildum til veðsetninga. Slíkt gæti verið rökrétt, t.d. að takmarka veðsetningarheimild við lán til húsnæðiskaupa í tilvikum þar sem markmið hópvátryggingarinnar er að vernda nánustu ættingja þátttakandans.

Um 139. gr.

Í þessari grein eru reglur um riftun iðgjaldagreiðslu í hópvátryggingum. Reglurnar eru svipaðar að efni til og inntakið í 111. gr. frumvarpsins, en nauðsyn ber til að taka af skarið um að ef iðgjaldagreiðsla hefur áhrif á tekjuskattsstofn vátryggingartaka til lækkunar (þ.e. ekki þátttakandans sem nýtur vátryggingar og kemur oftast í stað vátryggingartaka) þá teljist hún ekki (bersýnilega) ósanngjörn að því leyti. Það á með öðrum orðum að taka tillit til þess við sanngirnismatið.

Um 140. gr.

Í þessari grein eru fáein sérákvæði um skráningu líftrygginga í hópvátryggingum. Í grundvallaratriðum eiga ákvæði XVII. kafla um líftryggingarskrá við um hópvátryggingar, en nauðsyn ber þó til að setja nokkrar sérreglur. Sérreglurnar eru einfaldar og er ekki þörf á efnislegum skýringum á þeim.

Um III. hluta.

Í þessum hluta laganna eru ýmis almenn ákvæði sem eiga við um allar tegundir vátrygginga. Ákvæðum hlutans má skipta í þrennt eftir efni þeirra. Í fyrsta lagi eru í 141. gr. reglur um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, í öðru lagi eru í 142. gr. fyllingarreglur um útreikning fresta og í þriðja lagi eru í 143.–145. gr. reglur um val á löggjöf sem gilda á um vátryggingarsamninga. Þau ákvæði eru nú í 61.–63. gr. laga um vátryggingastarfsemi, en rétt þykir að leggja til að þau verði flutt í lög um vátryggingarsamninga.

Um XX. kafla.

Í þessum kafla eru tvær greinar, þ.e. 141. og 142. gr.

Um 141. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um setningu lagaákvæða um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Víða í frumvarpinu er ráð fyrir því gert að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar. Um nokkurra ára skeið hefur verið starfandi úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfað hefur á grundvelli samnings milli viðskiptaráðherra, Neytendasamtaka og Sambands íslenskra tryggingafélaga. Úrskurðarnefndinni hafa einnig verið settar sérstakar samþykktir sem birtar hafa verið sem fylgiskjal með auglýsingu viðskiptaráðherra í B-deild Stjórnartíðinda. Við samningu frumvarpsins var sérstaklega kannaður hugur Neytendasamtakanna til þess hvort og hvernig skipa ætti reglum um nefnd þessa í frumvarpinu. Neytendasamtökin og aðrir aðiljar sem að úrskurðarnefndinni standa eru sammála um að rétt sé að viðhalda óbreyttri skipan en þó gera þær breytingar að lögfesta starfsemi nefndarinnar og færa mjög út starfssvið hennar. Byggist frumvarpið á þessum viðhorfum. Ef samningi um nefndina yrði slitið af einhverjum ástæðum þyrfti löggjafinn að bregðast við því með breytingu á þessari grein. Nefndin hefur á síðustu árum afgreitt um 300 ágreiningsmál á ári og verður að telja að reynsla af störfum hennar sé góð. Nefndin hefur gefið út valda úrskurði árlega.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er ekki stjórnsýslunefnd, hún fer ekki með stjórnsýsluvald og mælir ekki fyrir um réttindi og skyldur þeirra sem fara með mál fyrir nefndina. Úrskurðir hennar eru ekki bindandi og þeim verður ekki skotið til stjórnvalda. Nefndarmenn eru ekki opinberir starfsmenn. Nefndinni má helst líkja við samningsbundinn gerðardóm.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að þar sem í frumvarpinu segi að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar sé átt við nefnd þá sem starfað hefur og mun starfa áfram á grundvelli téðs samnings. Ástæða þykir til þess að mæla fyrir um almennar hæfiskröfur formanns nefndarinnar en að öðru leyti gilda almennar reglur um hæfi nefndarmanna, svo og reglur um sérstakt hæfi. Ekki þykir rétt að hafa reglur um hæfisskilyrði annarra nefndarmanna, en þeir hafa verið þrír.

Úrskurðarnefndinni ber samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. að kveða upp rökstudda úrskurði, svo sem hún hefur gert. Vilji annar málsaðilja eða hvorugur una niðurstöðum nefndarinnar verða þeir að fara með mál sitt til dómstóla.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa umfram það sem segir í almennum skýringum við grein þessa.

Nauðsynlegt þykir að taka af skarið um það hvar nefndin skuli vistuð. Er eðlilegt að það verði hjá Fjármálaeftirlitinu, þar sem nefndin hefur til þessa verið vistuð. Skapar það vissa festu um starfsemi hennar að vista hana hjá þeirri opinberu stofnun sem hefur eftirlit með starfsemi vátryggingafélaga. Til upplýsingar skal þess getið að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sem fjallar um ágreining sem upp kann að koma á milli viðskiptamanns og fjármálafyrirtækis, er enn fremur vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um 142. gr.

Í þessari grein eru fyllingarreglur um útreikning fresta samkvæmt lögunum. Rétt þykir til alls öryggis að gera tillögu að slíkri reglu en ekki þykir þörf á skýringum við hana, enda ekki um sjálfstæðar efnisreglur að ræða.

Um XXI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um val á löggjöf sem gilda á um réttarsamband það sem stofnað er með vátryggingarsamningum. Ákvæði sama efnis eru í 61.–63. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994. Um skýringar vísast til skýringa með þeim í frumvarpi því sem síðar varð að téðum lögum. Eru ekki gerðar tillögur til breytinga á reglum þessara greina og því ekki ástæða til nýrra skýringa.

Um IV. hluta.

Í þessum hluta eru tvær greinar, 146. og 147. gr., og lúta þær að gildistöku og brottföllnum lögum. Ákvæðin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að geta verður þess að ýmsir kostir eru um hvernig og hvenær lögin ættu að öðlast gildi, ef samþykkt verða af Alþingi. Ljóst er að vátryggingafélög verða að þjálfa nánast allt sitt starfsfólk með námskeiðshaldi o.fl. áður en þau öðlast gildi. Þá er einnig ljóst að nánast öllum vátryggingarskilmálum sem í gildi eru þarf að breyta, sumum verulega. Félögin munu þurfa að gera breytingar á hugbúnaði í tölvukerfum sínum og smíða ný forrit. Á hinn bóginn er æskilegt, ef frumvarpið verður að lögum, að þau öðlist gildi svo fljótt sem kostur er. Þegar vegin eru saman þessi sjónarmið og tekið tillit til þess að óheppilegt væri að skipta gildistökunni og hafa þannig tvö kerfi af reglum í gildi er lagt til að gildistakan verði 1. janúar 2005 og hún taki þá til allra vátryggingarsamninga, bæði þeirra sem þá eru í gildi og gerðir verða, endurnýjaðir eða framlengdir eftir hana. Þetta er lagt til miðað við að Alþingi kjósi að afgreiða frumvarpið, með breytingum sem kunna að verða gerðar, sem lög á vorþingi 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vátryggingarsamninga.

Með frumvarpi þessu er lögð til heildarendurskoðun laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954. Jafnframt eru felld inn í frumvarpið nokkur ákvæði laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, sem einkum lúta að réttarsambandi vátryggingartaka og vátryggjanda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1236. Nefndarálit [661. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Sigurberg Björnsson frá samgönguráðuneytinu, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Árna Þór Sigurðsson frá Hafnasambandi sveitarfélaga.

Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi með nokkrum breytingum. Þá var það sent til umsagnar og bárust umsagnir frá eftirtöldum: Akraneskaupstað, Póst- og fjarskiptastofnun, Borgarfjarðarhreppi, Vegagerðinni, Almannavörnum ríkisins, Grindavíkurkaupstað, Slysavarnaskóla sjómanna, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, sveitarfélaginu Árborg, Siglingastofnun, Byggðastofnun, Samtökum iðnaðarins, Reykjavíkurhöfn, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Vestmannaeyjahöfn, Hafnarfjarðarhöfn, Hafnasamlagi Norðurlands, Landhelgisgæslu Íslands, Þórshafnarhreppi, Samtökum ferðaþjónustunnar, Vopnafjarðarhreppi, Eimskipafélagi Íslands, Olíudreifingu ehf., Grundartangahöfn, Húsavíkurkaupstað, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Hafnasambandi sveitarfélaga, Akraneshöfn, Siglufjarðarkaupstað, Landssambandi smábátaeigenda, Náttúruvernd ríkisins, Reykjavíkurborg, Stykkishólmsbæ, Vélstjórafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sveitarfélaginu Ölfusi, Eyþingi, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sandgerðisbæ, Þjóðhagsstofnun og Íslenska járnblendifélaginu og Norðuráli.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um hafnir sem fela í sér grundvallarbreytingar á starfsemi hafna í landinu. Þær helstu eru að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra. Höfnum verði gefinn kostur á að velja sér rekstrarform, þ.m.t. hlutafélagaform, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og dregið verði úr ríkisafskiptum og ríkisstyrkjum. Ein meginforsenda frumvarpsins er að rekstur hafna verði virðisaukaskattsskyldur en því er ætlað að vega upp á móti minni ríkisstyrkjum, ásamt því að gjaldtaka verður gefin frjáls. Fyrir þinginu liggur frumvarp fjármálaráðherra um breytingu á virðisaukaskattslögum sem tryggir þetta.

Frumvarpið er að stofni til afrakstur sérstakrar hafnalaganefndar sem samgönguráðherra skipaði 9. desember 1999. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar hafna í landinu og fulltrúi notenda hafna, auk þess sem með henni störfuðu bæði fulltrúar samgönguráðuneytisins og Siglingastofnunar. Ítarlega var fjallað um málið í samgöngunefnd á síðasta þingi og margar breytingar lagðar fram sem nú hafa skilað sér inn í frumvarpið. Í sumar var svo skipaður sérstakur vinnuhópur til að fara yfir frumvarpið og sætta sjónarmið. Fullyrða má að það hafi nú tekist enda mælir Hafnasamband sveitarfélaga með samþykkt frumvarpsins.

Ljóst er að frumvarpið snertir veigamikla hagsmuni margra byggðarlaga í landinu og því mikilvægt að vel takist til við lagasmíðina. Það er álit meiri hlutans að frumvarpið sé nú sem best verði á kosið og ljóst að ekki verður búið við óbreytt lög áfram.

Með hliðsjón af framangreindu telur meiri hlutinn afar brýnt að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi og leggur til að það verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 14. gr. Fellt er brott orðið „smærri“ í 5. málsl. þar sem vísun í 24. gr. er nægjanleg. Allar hafnir sem eiga rétt á styrk skv. 24. gr. halda þeim réttindum sínum í fimm ár frá gildistöku laganna þrátt fyrir að þær flytjist í flokk þar sem styrkhæfni er takmarkaðri. Þá er áréttað að sama gildi um styrkhæfni hvort sem þessar hafnir sameinist öðrum höfnum við myndun hafnasamlags eða við sameiningu sveitarfélaga.
2. Lagt er til að 2. málsl. 2. mgr. 17. gr. falli brott. Almennar reglur um gjaldtöku opinberra fyrirtækja eru mjög skýrar og tryggja réttindi og hagsmuni notenda þjónustunnar.
3. Nefndin hefur farið yfir tölulegar forsendur styrkja til hafna skv. 24. gr. frumvarpsins. Það er mat meiri hlutans að nauðsynlegt sé að breyta viðmiðunum b- og c-liðar 24. gr. í því skyni að ná fram meira jafnvægi í styrktarflokkum hafna. Meiri hlutinn telur að hækkun þessara marka séu nauðsynleg til þess að markmið frumvarpsins um að styrkja stöðu minni hafna nái fram að ganga. Samkvæmt upplýsingum samgönguráðuneytisins verður kostnaður ríkissjóðs af þessu innan þeirra marka sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
4. Þá leggur meiri hlutinn til að nokkur atriði verði tiltekin sérstaklega sem endurskoðunarnefndinni samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV sé gert að kanna. Verði frumvarpið samþykkt má búast við nokkrum breytingum á starfsumhverfi hafna þar sem andstæður munu skerpast og samkeppni aukast. Augljóst er öllum að það er aðeins hluti hafna sem tekur þátt í einhverri samkeppni að ráði. Mat meiri hlutans er að allar líkur séu á því að nýtt jafnvægi skapist öllum til hagsbóta. Mikilvægt er að stjórnendur allra hafna afli sér nýrrar þekkingar sem gerir þeim kleift að takast á við nýjar áskoranir. Hugsanlega kann þó að vera skynsamlegt að marka sumum höfnum annan ramma sökum mismunandi rekstrarskilyrða. Heildarhagsmunir þjóðarinnar krefjast þess að skoðuð sé staða svokallaðra samgönguhafna, sem eru fyrst og fremst mikilvægar í samfélagslegu tilliti. Mikilvægt er að slíkir hlekkir í samgöngukerfinu bresti ekki og vandi getur verið fólginn í því að greina hlutverk hafna í samfélagi annars vegar sem hluta af samfélagsþjónustu, sem ríkisvaldið kemur að, og hins vegar atvinnurekstur sem starfar eftir almennum markaðslögmálum. Mjög mikilvægt er að endurskoðunarnefndin hafi þetta í huga þegar hún fer yfir hvernig til hefur tekist. Skuldastaða tiltekinna hafna, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu, er greinilega mjög erfið. Ástæður þessa geta verið margvíslegar en nefna má að þrátt fyrir ýmis hagstæð áhrif, sem fylgja sameiningu hafna í hafnasamlag og hafna í sameinuðum sveitarfélögum, hefur úrelding hluta hafnarmannvirkjanna í vissum tilvikum haft mikinn kostnað í för með sér sem viðkomandi hafnir hafa átt erfitt með að standa undir. Álit meiri hlutans er að slíkar hafnir nái að rétta úr kútnum og vissulega er margt sem bendir til þess. Staða þeirra er samt mjög viðkvæm og því telur meiri hlutinn að endurskoðunarnefndin verði að skoða stöðu þeirra sérstaklega að þremur árum liðnum.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Hjálmar Árnason. | Arnbjörg Sveinsdóttir.

Sigríður Ingvarsdóttir. | Árni R. Árnason.

1237. Breytingartillögur [661. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, HjÁ, ArnbS, SI, ÁRÁ).

1. Við 14. gr.
   a. Orðið „Smærri“ í 5. málsl. 14. gr. falli brott.
   b. Við bætist nýr málsliður er verði 6. málsl. og orðist svo: Þetta gildir einnig um sömu hafnir ef þær verða hluti af öðrum hafnarsjóði við sameiningu sveitarfélaga.
2. 2. málsl. 2. mgr. 17. gr. falli brott.
3. Við 24. gr.
   a. Í stað orðanna „15 millj. kr.“ í 1. málsl. b-liðar 1. mgr. komi: 20 millj. kr.
   b. Í stað orðanna „enda liggi fyrir staðfesting frá Samkeppnisstofnun um að styrkurinn skekki ekki samkeppnisstöðu hafna“ í 2. málsl. b-liðar 1. mgr. komi: m.a. þegar aflaverðmæti viðkomandi hafnar gefur sannanlega ekki rétta mynd af eðlilegum tekjum hennar miðað við aðrar hafnir.
   c. Í stað orðanna „30 millj. kr.“ í 1. málsl. c-liðar 1. mgr. komi: 40 millj. kr.
4. Í stað orðanna „2003–2014 til og með árinu 2006“ í 2. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II komi: 2003–2006.
5. Við ákvæði til bráðabirgða IV bætist: Þá skal nefndin kanna hvort og að hvaða marki raunveruleg samkeppni ríki á milli hafna og jafnframt hvort ástæða sé til þess að skilgreina og skilja á milli hafna í samkeppni og hafna sem eru það ekki. Nefndin skal sérstaklega skoða hag þeirra hafna sem teljast mikilvægar í samgöngukerfi landsins og koma með tillögur til úrbóta ef þörf krefur. Jafnframt ber nefndinni að skoða sérstaklega stöðu skuldugustu hafnanna og koma með tillögur til úrbóta telji hún ástæðu til.

1238. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Magnússon, Sólveigu Guðmundsdóttur og Hólmfríði Grímsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Unu Björk Ómarsdóttur og Ingu J. Arnardóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd, Guðmund H. Pétursson og Þorbjörgu Kjartansdóttur frá Lyfjastofnun, Sigurð Guðmundsson, Hauk Valdimarsson og Sigríði Haraldsdóttur frá landlæknisembættinu, Sigurbjörn Sveinsson og Gunnar Ármannsson frá Læknafélagi Íslands, Ólaf Þór Ævarsson geðlækni, Kristin Tómasson frá Geðverndarfélagi Íslands og Sigurbjörgu Ármannsdóttur og Pétur Hauksson frá Mannvernd.

Umsagnir bárust frá Félagi eldri borgara, Persónuvernd, Lyfjastofnun, landlæknisembættinu, Samtökum verslunarinnar, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Geðlæknafélagi Íslands, Mannvernd, Verslunarráði Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Læknafélagi Íslands, Geðverndarfélagi Íslands,

Öryrkjabandalagi Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Félagi um rannsóknir á lyfjanotkun.

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingastofnun verði gert að koma upp tveimur gagnagrunnum með upplýsingum um lyfjanotkun landsmanna. Er gert ráð fyrir að annar gagnagrunnurinn geymi ópersónugreinanlegar upplýsingar um afgreiðslu lyfja til sjúklinga en hinn hafi að geyma persónugreinanlegar upplýsingar. Auk Tryggingastofnunar er lagt til að landlæknir og Lyfjastofnun hafi aðgang að gagnagrunnunum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Við umfjöllun málsins hafði nefndin nokkur grundvallarsjónarmið til viðmiðunar og þá fyrst og fremst að friðhelgi einkalífs einstaklinga væri tryggð eins og kostur væri og að ákvæðin væru í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt þeim lögum teljast upplýsingar um heilsuhagi manna, þar með talið um lyfjanotkun, til viðkvæmra persónuupplýsinga. Upplýsingar þær sem geymdar verða í gagnagrunnunum, einkum þeim sem hefur að geyma persónugreinanlegar upplýsingar, teljast því til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt þeim lögum. Í ljósi þess fjallaði nefndin um frumvarpið í samráði og samvinnu við Persónuvernd. Einnig hafði nefndin í huga að eitt af markmiðum frumvarpsins er að efla eftirlit með ávísanaskyldum ávana- og fíknilyfjum. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu hefur umræða farið fram í þjóðfélaginu um meinta misnotkun þeirra. Frumvarpið er samið í kjölfar tillagna stýrihóps sem ráðherra skipaði þar sem þarfir þriggja stofnana, landlæknisembættisins, Tryggingastofnunar ríkisins og Lyfjastofnunar, fyrir upplýsingar úr lyfjagagnagrunni eru skilgreindar og metnar samkvæmt hlutverkum þeirra í lögum. Að mati nefndarinnar er því einnig mikilvægt að frumvarpið þjóni sem best því hlutverki að efla eftirlit með ávísunum á ávana- og fíknilyf en þó þannig að sjónarmiða sem fyrr eru nefnd sé gætt. Þá er gagnagrunnunum ætlað að vera tæki til að hafa eftirlit með lyfjakostnaði. Nú stefnir í að hlutur Tryggingastofnunar í lyfjakostnaði landsmanna verði 6 milljarðar kr. á þessu ári. Telur nefndin afar mikilvægt að Tryggingastofnun verði gert kleift að sinna því hlutverki sínu að hafa eftirlit með lyfjakostnaði á sem skilvirkastan hátt. Lyfjakostnaður hefur aukist mikið á síðustu árum og er talið að hann eigi enn eftir að aukast á næstu árum. Að mati nefndarinnar er því brýnt að því fé sem fer í að greiða niður lyfjakostnað einstaklinga sé varið á sem bestan hátt og að eftirlitið leiði til aukinnar hagkvæmni.

Nefndin leggur til að 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. lyfjalaga verði látinn halda sér en með breytingum. Í gildandi lögum er kveðið á um að lyfsölum sé skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænt upplýsingar um alla afgreiðslu lyfja samkvæmt lyfseðlum. Það kemur ekki fram í greininni en samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun eru þessar upplýsingar dulkóðaðar áður en þær eru sendar. Þar sem hér er um grundvallaratriði við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á ákvæðinu og kveðið skýrt á um það í lögunum að persónuupplýsingar á lyfseðlum séu dulkóðaðar og með því sett lagastoð fyrir framkvæmdinni. Jafnframt er lagt til að kveðið verði skýrt á um að landlæknir beri ábyrgð á dulkóðun og afkóðun þessara gagna.

Fjallað er um gagnagrunnana tvo í einni nýrri grein í frumvarpinu og er lagt til að henni verði bætt inn í VIII. kafla lyfjalaga þar sem fjallað er um rekstur lyfjabúða. Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á þessari uppsetningu þannig að fjallað verði um gagnagrunnana í sérstökum kafla með þremur nýjum greinum. Í einni grein verði almenn ákvæði sem eigi við um báða gagnagrunnana en svo verði fjallað um hvorn gagnagrunn um sig í sérstakri grein. Í samræmi við þá breytingu er lögð til breyting á tilvísunum milli greina í lögunum og á tilvísun til lyfjalaga í almannatryggingalögum. Að mati nefndarinnar verður framsetning ákvæðanna skýrari með þessum hætti.

Með nýrri 25. gr. leggur nefndin til að skylt verði að starfrækja tvo gagngagrunna, tölfræðigagnagrunn og lyfjagagnagrunn, með upplýsingum um afgreiðslu lyfja sem Tryggingastofnun fær afhentar rafrænt frá lyfsölum skv. 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. Vinna skal með upplýsingar úr gagnagrunnunum í samræmi við markmiðin með rekstri þeirra, þ.e. að gera Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun kleift að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með ávana- og fíknilyfjum og lyfjaávísunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna. Leggur nefndin til að jafnframt verði kveðið á um að Persónuvernd hafi eftirlit með öryggi persónuupplýsinga í gagnagrunnunum og starfrækslu þeirra að öðru leyti í samræmi við hlutverk hennar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nefndin skoðaði eðli hvors gagnagrunns og þann tilgang og þær þarfir sem þeim er ætlað að þjóna. Til að afmarka betur gagnagrunnana hvorn frá öðrum leggur nefndin til að sá þeirra sem verður með ópersónugreinanlegum upplýsingum verði nefndur tölfræðigagnagrunnur og gagnagrunnurinn með persónugreinanlegu upplýsingunum lyfjagagnagrunnur. Þá leggur nefndin til að gagnagrunnarnir verði ekki skilgreindir út frá því hvort þeir hafi að geyma persónugreinanlegar eða ópersónugreinanlegar upplýsingar eins og gert er í frumvarpinu. Að mati nefndarinnar er sú orðnotkun ekki nógu skýr. Nefndin leggur til að í stað þess verði notað viðmiðið persónuauðkenni. Með persónuauðkenni er átt við auðkenni sem aðgreina einstakling frá öðrum einstaklingum, þ.e. nafn og kennitölu hans.

Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun sjái um rekstur tölfræðigagnagrunns. Í hann fara engin persónuauðkenni, hvorki lækna né sjúklinga. Leggur nefndin til að persónuauðkennum þeirra skuli eytt, þannig að óafturkræft sé, áður en upplýsingar af lyfseðlum eru vistaðar í gagnagrunninum. Markmiðið með grunninum er að safna upplýsingum um lyfjanotkun sem geri kleift að sinna fræðslu og söfnun tölfræðiupplýsinga um lyf, lyfjaávísanir, lyfjanotkun og lyfjakostnað. Eins og bent er á í greinargerð er tölfræðigagnagrunninum ætlað að veita heilbrigðisyfirvöldum góða yfirsýn yfir lyfjanotkun landsmanna. Til þess að þjóna þeim tilgangi er ekki þörf á persónuauðkennum sjúklinga og lækna. Hins vegar hefur verið bent á nauðsyn þess að hægt verði að greina fjölda einstaklinga og skoða mismunandi sjúklingahópa með tilliti til greiðslubyrði og lyfjanotkunar, t.d. að hægt verði að skoða og greina greiðsluþátttökukerfi lyfja svo að hægt sé að meta áhrif breytinga á greiðsluþátttöku, bæði á kostnað Tryggingastofnunar ríkisins og sjúklinga. Að mati nefndarinnar verða því upplýsingar um sama einstakling að dulkóðast eins í hvert sinn við dulkóðun hjá lyfsölum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að auk landlæknis, Lyfjastofnunar og Tryggingastofnunar geti aðrir aðilar fengið upplýsingar úr gagnagrunninum. Leggur nefndin til að aðgangur verði heimill að gagnagrunninum til að sinna fræðslu og rannsóknum og að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð, þar á meðal um hvernig nota má upplýsingarnar og um aðgang að gagnagrunninum.

Nefndin leggur til með nýrri 27. gr. að safna megi upplýsingum í lyfjagagnagrunn til að auðvelda almennt eftirlit landlæknis með ávísunum lækna á lyf samkvæmt læknalögum og vegna eftirlits hans með ávana- og fíknilyfjum. Gert er ráð fyrir að persónuauðkenni sjúklinga og lækna verði dulkóðuð sérstaklega. Eins og að framan er getið teljast upplýsingar um lyfjaneyslu einstaklinga viðkvæmar persónuupplýsingar og því verður að fara með þær í samræmi við það. Upplýsingar um lyfjaávísanir lækna teljast almennt ekki viðkvæmar persónuupplýsingar nema í þeim undantekningartilvikum þegar læknir hefur orðið brotlegur við lög og það varðar refsingu. Nefndin leggur áherslu á að persónuauðkenni séu ekki geymd lengur en þörf er á til að þjóna þeim tilgangi sem þeim er ætlaður. Samkvæmt upplýsingum frá stofnununum sem munu nota upplýsingar úr lyfjagagnagrunninum er ekki þörf á að geyma

persónuauðkenni lengur en tvö til þrjú ár. Nefndin leggur til að bætt verði við ákvæði um að dulkóðuðum persónuauðkennum í grunninum skuli eytt eftir þrjú ár. Með eyðingu er átt við að persónuauðkennum verði eytt með óafturkræfum hætti þannig að ekki verði með neinu móti hægt að nálgast þau að því loknu.

Með hliðsjón af eftirlitsskyldu landlæknis leggur nefndin til að lyfjagagnagrunnurinn verði starfræktur á ábyrgð hans en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun beri þá ábyrgð. Leggur nefndin til að landlækni verði falið að stýra aðgangi að gagnagrunninum eftir því sem þörf krefur í samræmi við ákvæði frumvarpsins í stað þess að stofnanirnar þrjár hafi beinan aðgang að honum. Nefndin leggur áherslu á að viðkvæmar persónuupplýsingar krefjast þess að hófs sé gætt í allri umgengni við gagnagrunninn og að tryggt verði að þegar viðkomandi stofnanir óska eftir upplýsingum úr grunninum verði ekki veittar frekari upplýsingar en þörf er á hverju sinni svo að þær geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Í samræmi við þetta leggur nefndin til að landlækni verði falið að bera ábyrgð á dulkóðun persónuauðkenna og varðveiti einn lykil að henni, bæði til dulkóðunar og afkóðunar. Eins og fyrr segir er lagt til að landlækni verði falið að stýra aðgangi að gagnagrunninum. Tryggingastofnun og Lyfjastofnun munu því þurfa að sækja um aðgang að honum til landlæknis þegar þau skilyrði eru uppfyllt sem veitt geta þeim aðgang að dulkóðuðum upplýsingum og nánar eru tilgreind í frumvarpinu. Til að föst regla komist á þá framkvæmd leggur nefndin til að landlæknir setji verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um aðgang að lyfjagagnagrunninum. Skal þar kveðið á um af hverju óskað er eftir upplýsingunum og hvernig meðferð og úrvinnslu upplýsinganna verði háttað. Lítur nefndin svo á að í reglunum skuli koma skýrt fram að landlæknir meti það hversu miklar upplýsingar skuli veita og hvenær þörf sé á að veita upplýsingar um persónuauðkenni.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á heimildum Tryggingastofnunar til að óska aðgangs að lyfjagagnagrunni sem koma fram í b-lið 1. tölul. 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins. Telur hún ekki þörf á að fela stofnuninni að kanna lyfjaávísanir og ávísanavenjur lækna vegna rökstuddra grunsemda um óeðlilegar eða ólögmætar lyfjaávísanir þar sem það eftirlit er þegar í höndum landlæknis. Nefndin er hins vegar samþykk eftirliti Tryggingastofnunar með lyfjaávísunum og ávísanavenjum lækna til að kanna lyfjakostnað að því tilskildu að ekki komi fram persónuauðkenni sjúklinga, enda skipta þau engu máli við þetta eftirlit.

Tiltekið er í þremur liðum í hvaða tilvikum landlæknir hefur aðgang að lyfjagagnagrunninum. Við umfjöllun málsins hefur verið bent á að landlæknir hafi skv. 19. gr. læknalaga almennt eftirlit með lyfjaávísunum lækna og þróun lyfjanotkunar. Bent var á að landlæknir þyrfti að hafa möguleika á eftirliti með lyfjaávísunum lækna á önnur lyf en þau sem skilgreind eru sem eftirritunarskyld en mörg lyf geta valdið ávana og fíkn og eru notuð sem fíkniefni. Auk þess eru önnur lyf sem ekki eru eftirritunarskyld sem hafa þarf eftirlit með, t.d. anabólískir sterar og sýklalyf. Nefndin leggur því til að bætt verði við nýjum lið þar sem landlækni er heimilaður aðgangur að lyfjagagnagrunninum til að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og fylgjast með þróun lyfjanotkunar skv. 19. gr. læknalaga.

Við umfjöllun málsins kom fram ósk frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um að bætt yrði inn í frumvarpið breytingu á lyfjalögum. Lyfjastofnun óskaði eftir breytingu á gjaldskrá nr. 109/2001, fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur sem Lyfjastofnun innheimtir. Var m.a. óskað eftir að bætt yrði við nýjum lið vegna mats á fæðubótarefnum og náttúruvöru. Í bréfi Lyfjastofnunar var m.a. vísað til þess að stofnunin fjalli einungis um skaðsemi (skaðleysi) fæðubótarefna og náttúruvara á skilgreindu lyfjaformi sem flutt eru til landsins til dreifingar og endursölu. Á árinu 2002 afgreiddi Lyfjastofnun um 950 erindi um slíkar vörur. Einn starfsmaður í 75% starfi sinnir þessu verki en

þegar upp koma vafatilvik koma aðrir starfsmenn að málum, svo sem læknir og lyfjafræðingur. Engar tekjur eru af þessum málaflokki en það telur Lyfjastofnun ekki réttlætanlegt. Í raun sé málaflokkurinn greiddur af öðrum tekjustofnum en segja má að almennt standi eftirlitsþegar undir rekstri stofnunarinnar. Leggur nefndin til í samræmi við framangreint að nýrri málsgrein verði bætt við 3. gr. lyfjalaga sem veitir heimild til gjaldtökunnar vegna þessa.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í fylgiskjali með frumvarpinu kemur fram að hvorki sé gert ráð fyrir viðbótarkostnaði hjá Lyfjastofnun né landlæknisembættinu verði frumvarpið að lögum. Þetta er ekki rétt þar sem það kemur fram í skýrslu stýrihóps sem vann að mati á þörfum fyrir upplýsingar úr lyfjagagnagrunni frá september 2002 að til að unnt verði að sinna eftirliti á fullnægjandi hátt verði að gera ráð fyrir viðbótarstarfsmanni hjá landlæknisembættinu til að sinna nánar tilgreindum verkefnum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þuríður Backman skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Einar Oddur Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 2003.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Þuríður Backman, með fyrirvara.	Ásta Möller.	Björgvin G. Sigurðsson.

1239. Breytingartillögur [423. mál]

við frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 1. gr. Við bætist þrír nýir liðir, svohljóðandi:
   a. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
      Umsækjandi um faglegt mat á skaðlegum eiginleikum (skaðleysi) fæðubótarefna og náttúruvöru skv. 1. mgr. vegna fyrirhugaðrar dreifingar hennar og endursölu skal greiða Lyfjastofnun gjald er standa skal undir kostnaði við matið.
   b. Í stað „3.–5. mgr.“ í 6. mgr. kemur: 3.–6. mgr.
   c. Í stað „1.–3. tölul. 8. mgr.“ í 9. mgr. kemur: 1.–3. tölul. 9. mgr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Lyfsölum er jafnframt skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænt allar upplýsingar sem fram koma á lyfseðlum um afgreiðslu lyfja með persónuupplýsingum á dulkóðuðu formi, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir ber ábyrgð á dulkóðun og afkóðun þessara gagna.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli, **Gagnagrunnar**, með þremur nýjum greinum og breytist númeraröð annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (25. gr.)

Starfrækja skal tvo gagnagrunna, tölfræðigagnagrunn og lyfjagagnagrunn, sem hafa að geyma upplýsingar sem Tryggingastofnun fær afhentar frá lyfsölum, sbr. 2. mgr. 24. gr. Markmiðið með rekstri gagnagrunnanna er að gera Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun kleift að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með ávana- og fíknilyfjum og lyfjaávísunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna.

Persónuvernd hefur, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eftirlit með öryggi persónuupplýsinga í tölfræðigagnagrunni og lyfjagagnagrunni og starfrækslu þeirra að öðru leyti.

b. (26. gr.)

Í þeim tilgangi að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og til að vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna rekur Tryggingastofnun tölfræðigagnagrunn um afgreiðslu lyfja til sjúklinga, sbr. 2. mgr. 24. gr., þar sem safnað er saman tölfræðiupplýsingum um lyf, ávísanir á lyf, lyfjanotkun og lyfjakostnað.

Persónuauðkennum sjúklinga og lækna skal eytt áður en dulkóðuð gögn frá lyfsölum eru færð í tölfræðigagnagrunninn. Skal Tryggingastofnun sjá um að þetta sé gert innan mánaðar frá því að gögnin berast stofnuninni.

Tryggingastofnun, Lyfjastofnun og landlækni er heimilt að fá upplýsingar úr tölfræðigagnagrunninum til að sinna fræðslu og rannsóknum. Öðrum aðilum er einnig í sama tilgangi heimilt að fá upplýsingar úr gagnagrunninum. Ráðherra setur reglugerð um notkun upplýsinganna og um aðgang að gagnagrunninum.

c. (27. gr.)

Landlæknir starfrækir lyfjagagnagrunn um afgreiðslu lyfja í þeim tilgangi að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og vegna eftirlits með ávana- og fíknilyfjum.

Persónuauðkenni sjúklinga og lækna skulu vera sérstaklega dulkóðuð í lyfjagagnagrunninum. Dulkóðuðum persónuauðkennum sem eldri eru en þriggja ára skal eytt úr honum. Landlæknir ber ábyrgð á dulkóðun persónuauðkennanna og varðveitir einn lykil að henni, bæði til dulkóðunar og afkóðunar.

Lyfjastofnun og Tryggingastofnun ríkisins geta sótt um aðgang að persónuupplýsingum úr lyfjagagnagrunninum. Landlæknir getur veitt slíkt leyfi ef:

1. Tryggingastofnun ríkisins æskir aðgangs:
   a. vegna endurgreiðslu lyfjakostnaðar sjúklings og fyrir liggur samþykki hans,
   b. til að kanna lyfjaávísanir og ávísanavenjur lækna vegna eftirlits með lyfjakostnaði, enda komi ekki fram persónuauðkenni sjúklings í þeim tilvikum.
2. Lyfjastofnun æskir aðgangs í samræmi við eftirlitshlutverk stofnunarinnar samkvæmt þessum lögum:
   a. þegar rökstuddur grunur er um fölsun lyfseðils fyrir ávana- og fíknilyf eða að tilurð hans hafi orðið með öðrum ólögmætum hætti,
   b. þegar rökstuddur grunur er um ranga afgreiðslu lyfseðils fyrir ávana- og fíknilyf.

Landlæknir hefur sjálfur aðgang að lyfjagagnagrunninum í samræmi við eftirlitshlutverk embættisins samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, læknalögum og lögum þessum þegar eitthvert af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:

a. þegar ástæða er til að ætla að einstaklingur hafi fengið ávísað miklu af ávana- og fíknilyfjum frá mörgum læknum,
b. þegar ástæða er til að ætla að læknir hafi ávísað ávana- og fíknilyfjum á sjálfan sig,
c. þegar ástæða er til að ætla að einstaklingur hafi fengið ávísað meira af ávana- og fíknilyfjum en eðlilegt getur talist á tilteknu tímabili,
d. til að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og fylgjast með þróun lyfjanotkunar skv. 19. gr. læknalaga.

Landlæknir setur verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um aðgang að lyfjagagnagrunninum. Skal þar m.a. kveðið á um skyldu umsækjanda til að gera grein fyrir tilefni þess að óskað er eftir upplýsingum úr grunninum og hvernig meðferð og úrvinnslu upplýsinga verði háttað.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Eftirtaldar breytingar verða á tilvísunum í lögunum:
a. Í stað tilvísunar til 40. gr. í 10. gr. kemur: 43. gr.
b. Í stað tilvísunar til 35. gr. í 6. mgr. 20. gr. kemur: 38. gr.
c. Í stað tilvísunar til 6. mgr. 30. gr. í 3. mgr. 21. gr. kemur: 6. mgr. 33. gr.
d. Í stað tilvísunar til 40. gr. í 39. gr. kemur: 43. gr.
e. Í stað tilvísunar til XIV. kafla í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða kemur: XV. kafla.
f. Í stað tilvísunar til 30. gr. í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 33. gr.
5. Við 5. gr. 4. efnismgr. orðist svo:
Landlæknir sækir upplýsingar í lyfjagagnagrunn vegna eftirlits skv. 1.–3. mgr. eins og nánar er mælt fyrir um í IX. kafla lyfjalaga.
6. Við 7. gr. Í stað orðanna „gefinn kostur á því að skýra málstað sinn“ í 1. efnismgr. komi: veittur andmælaréttur.
7. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað orðanna „41. gr. lyfjalaga“ í c-lið 1. mgr. 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, kemur: 44. gr. lyfjalaga.
8. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
Fram til 1. janúar 2005 skal vera aðlögunartímabil fyrir þær breytingar sem lögin gera ráð fyrir. Tryggingastofnun er heimilt að senda Lyfjastofnun og landlækni upplýsingar af lyfseðlum um ávana- og fíknilyf sem sérstök hætta er á að séu misnotuð og Tryggingastofnun hefur móttekið frá lyfsölum til að fyrrgreindar stofnanir geti sinnt eftirlitshlutverki sínu að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

1240. Skýrsla [704. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árið 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Samgönguráðherra skipar rannsóknarnefnd sjóslysa í samræmi við lög um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000.

Nefndina skipa nú:

Ingi Tryggvason héraðsdómslögmaður, formaður nefndarinnar.
Emil Ragnarsson skipaverkfræðingur.
Hilmar Snorrason skipstjóri og skólastjóri Slysavarnarskóla sjómanna.
Pétur Ágústsson skipstjóri.
Pálmi K. Jónsson vélfræðingur.

Starfsmenn eru Jón A. Ingólfsson sem er framkvæmdastjóri nefndarinnar og Guðmundur Lárusson sem er fulltrúi og var ráðinn frá áramótum 2002.

Fjárveiting til nefndarinnar á fjárlögum ársins 2002 var 23,8 m.kr. Við það framlag bættist síðan 8,4 m.kr. fjárheimild vegna flutnings verkefna út á land, en starfsemi nefndarinnar var flutt til Stykkishólms á árinu.

Kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar var sem hér segir á árunum 1993 til 2002. Tölur eru á verðlagi hvers árs en sambærilegar þar eð á árinu 2002 hefur verið tekið tillit til óreglulegs 8,4 m.kr. kostnaðar vegna flutnings á starfsemi nefndarinnar út á land.

1993	6.621.823 kr.
1994	7.705.328 kr.
1995	8.707.209 kr.
1996	8.756.513 kr.
1997	11.555.170 kr.
1998	16.204.272 kr.
1999	14.914.467 kr.
2000	17.659.880 kr.
2001	20.664.366 kr.
2002	24.791.935 kr.

Á árinu 2002 voru gefnar út skýrslur nefndarinnar fyrir árin 1998 og 1999 í hefðbundnu formi. Þá var lokið við innsetningu skýrslu 1998 inn á nýtt vefsetur nefndarinnar (www.RNS.is) og einnig var skýrsla 1999 mestu komin þar inn í lok ársins. Stefnt er að því að lokaskýrslur nefndarinnar fyrir árin 2000 og 2001 verði aðgengilegar með vefrænum hætti á fyrri hluta ársins 2003 svo og þau mál sem þegar hafa verið afgreidd árið 2002. Þá er einnig stefnt að því að skýrsla fyrir árið 2000 í nýju prentuðu formi verði gefin út á árinu 2003.

Vinna við nýtt vefsetur nefndarinnar gekk hægar en upphaflega var ætlað vegna tæknilegra örðugleika en í árslok var það nokkuð vel á veg komið og lofar góðu þegar yfir lýkur þ.e. fyrri hluta ársins 2003. Gert er ráð fyrir að vefsetrið verði öflugur þáttur í starfi nefndarinnar í framtíðinni þar sem t.d. lokaskýrslur koma til með að birtast jafnóðum og þær eru afgreiddar.

Árið 2002 komu 149 mál til nefndarinnar og voru það heldur fleiri mál en meðaltal undanfarinna tíu ára. Skýringin á því er sú viðleitni starfsmanna nefndarinnar að fá menn til að sinna tilkynningum um slys til nefndarinnar betur en áður. Til þessa má rekja a.m.k. 35 mál. Að því undanskildu má segja að um meðalár hafi verið að ræða.

Á árinu 2002 voru haldnir 9 fundir og í árslok var búið að afgreiða 61 mál frá því ári. Einnig var lokið við að afgreiða 19 mál ársins 2000 af 116 málum og 106 mál ársins 2001 af 121 máli. Samanlagt var því fjallað um og lokið við að afgreiða 186 mál á árinu. Um áramót voru 88 mál óafgreidd frá árinu 2002.

Eins og fram kemur í *töflu I* fjölgar málum til nefndarinnar á milli áranna 2001 og 2002 úr 121 máli í 149 eða um 19%. En ef frá eru tekin 35 mál bættra tilkynninga um slys til nefndarinnar verður samanburðurinn hagstæður um sjö mál og heildarmálafjöldinn hefði því verið 114 mál fyrir árið 2002. Öll voru þessi 35 mál flokkuð sem slys á fólki. Þrátt fyrir það er aukning á slysum á fólki eða 68 tilfelli sem er það mesta frá árinu 1994. Þess má geta að þessi 35 mál koma öll frá vöruflutningageiranum, sem að ósk nefndarinnar hóf á árinu að senda nefndinni öll tilvik sem áður höfðu einungis verið tilkynnt til Tryggingastofnunar ríkisins.

Tafla I. Yfirlit um mál sem komið hafa til nefndarinnar sl. 10 ár.

Eðli máls	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Skip sekkur	14	10	17	6	7	8	4	10	6	4
Skip strandar	27	28	19	17	10	14	7	14	10	11
Árekstur	7	5	7	11	4	2	8	6	11	7
Eldur um borð	4	14	12	11	7	6	3	8	15	5
Leki að skipi	3	3	1	1	1	0	0	3	1	5
Annað	13	6	3	12	6	10	7	8	8	12
Slys á fólki	41	69	56	65	55	63	56	64	63	103
Dauðaslys	9	4	2	9	5	3	1	3	7	2
Samtals:	**118**	**139**	**117**	**132**	**95**	**106**	**86**	**116**	**121**	**149**

Auk þess sem fram kemur í *töflu I* þá var eitt dauðaslys á erlendum sjómanni sem fór á milli skips og bryggju í íslenskri höfn.

Á árinu var einnig hafin rannsókn á björgunarferli sjóslyss sem varð í desember 2001 og er það fyrsta rannsókn nefndarinnar af því tagi. Þetta var gert samkvæmt sérstakri ósk frá samgönguráðuneytinu og var vinnu við það verkefni ekki lokið í árslok.

Tafla II sýnir fjölda bótaskyldra slysa samkvæmt tilkynningum til Tryggingastofnunar ríkisins. Eins og þar kemur fram varð fjölgun frá árinu á undan eða um 16%.

Tafla II. Tilkynningar um slys á sjómönnum 1993–2002 til Tryggingastofnunar ríkisins.

Ár	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Fjöldi	505	473	417	436	388	378	381	361	348	413

1241. Skýrsla [705. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

I. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

Hinn 19. maí 2001 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem samgönguráðherra lagði fram á Alþingi, en hún hefur verið birt í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 99/2001. Í þingsályktuninni segir að samgönguráðherra skuli fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar og hvernig henni miðar í átt að settu marki.

II. Aðdragandi.

Í byrjun ársins 2000 ákvað samgönguráðherra að hefja vinnu við að gera langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Skipuð var sérstök verkefnisstjórn 16. febrúar 2000 til að halda utan um verkið og var hún skipuð eftirfarandi fulltrúum, aðalmönnum og varamönnum: Frá samtökum sjómanna Guðjón Ármann Einarsson og Halldór A. Guðmundsson, frá samtökum útgerðarmanna Guðfinnur Johnsen og Örn Pálsson, frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg Hilmar Snorrason og Gunnar Tómasson, frá Siglingastofnun Íslands Jón Bernódusson og Ari Guðmundsson og frá samgönguráðuneyti Helgi Jóhannesson formaður og Jósef H. Þorgeirsson varaformaður.

Langtímaáætlunin var unnin í samráði við hagsmunaaðila og kynnt á fundum siglingaráðs. Undirbúningur verksins fór fram innan Siglingastofnunar Íslands sem réð til sín tímabundið Ingimund Valgeirsson verkfræðing til að vinna að verkefninu. Á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands, www.sigling.is/oryggi2000, var kynning á verkefninu og var öllum sem láta sig öryggismál sjómanna varða gefinn kostur á að koma eigin sjónarmiðum að. Til að geta betur metið leiðir sem þarf að fara til að bæta öryggi sjófarenda almennt var óskað eftir athugasemdum og tillögum frá sjómönnum, útgerðum og öllum sem málið varðar. Tekin voru saman ýmis sjónarmið sem fram hafa komið í skýrslum og almennri umræðu, svo sem í blöðum, tímaritum og á ráðstefnum. Sérsniðnar spurningar um öryggismál voru sendar til útgerðarfyrirtækja og sjómanna. Svör bárust frá um 120 starfandi sjómönnum og auk þess komu fram ýmsar aðrar skriflegar og munnlegar athugasemdir. Teknar voru saman upplýsingar úr þeim tilkynningum um slys á sjómönnum sem bárust Tryggingastofnun ríkisins árið 1999. Skoðaðar voru nýlegar sjóslysaskýrslur og rætt var við ýmsa aðila sem hafa góða þekkingu á ákveðnum sviðum öryggismálanna.

Þegar athugasemdir og tillögur lágu fyrir kom í ljós að af ýmsu var að taka. Nauðsynlegt var að meta athugasemdir og velja úr og forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og umfangi. Í sumum athugasemdunum fólst talsverð gagnrýni á ákveðna aðila og sjálfsagt er hægt að grafast fyrir um hvort hún er á rökum reist en varast þarf að dæma heildina út frá einstaka tilvikum innan hvers málaflokks. Þegar áðurnefnd atriði höfðu verið skoðuð og metin dró verkefnisstjórn út atriði varðandi öryggismálin og tengd málefni sem skoða ætti sérstaklega.

III. Tilgangur og markmið.

Tilgangur með þingsályktun um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda er að hrinda af stað átaki í öryggismálum sjófarenda og að unnið verði eftir sérstakri áætlun í þeim málum

á árunum 2001 til og með 2003. Markmið áætlunarinnar er að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra, sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Stefnt er að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004.

IV. Fjármögnun.

Í þingsályktun Alþingis um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda er gert ráð fyrir að veittar verði til hennar 10 millj. kr. á árinu 2001, 15 millj. kr. á árinu 2002 og 20 millj. kr. á árinu 2003, alls 45 millj. kr. á tímabilinu öllu.

Í fjárlögum fyrir árið 2001 var ekki kveðið á um sérstaka fjárveitingu til áætlunarinnar á árinu 2001. Í ákvæði til bráðabirgða með lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, sem samþykkt voru á Alþingi 20. maí 2001 kom eftirfarandi fram: „Undanþágusjóður, sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, skal lagður niður. Andvirði sjóðsins skal notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda."

Vegna þessa ákvæðis skrifaði samgönguráðuneytið bréf, dags. 15. maí 2001, til undanþágunefndar sem starfar samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna og vakti athygli nefndarinnar á nefndu ákvæði til bráðabirgða. Í bréfi ráðuneytisins kom þetta m.a. fram: „Í ljósi þessara breytinga telur ráðuneytið rétt að engar greiðslur eigi sér stað úr sjóðnum fram til 1. júlí nk. og að innheimt verði gjald fyrir veittar undanþágur til og með 30. júní nk. Svo fljótt sem verða má eftir þann tíma skal ganga frá uppgjöri sjóðsins og andvirði hans afhent Siglingastofnun Íslands til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda." Undanþágunefnd lauk uppgjöri undanþágusjóðs með bréfi til samgönguráðuneytis, dags. 23. nóvember 2001. Andvirði sjóðsins 1. júlí 2001 þegar hann var lagður niður reyndist vera 6.086.234 kr. og barst sú fjárveiting Siglingastofnun í desember 2001. Það sem upp á vantaði að 10 millj. kr. fjárveitingu væri náð til verkefnisins ráðstafaði samgönguráðuneytið af fjárlagaliðnum 10.190.1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna.

Fjárveiting til áætlunarinnar árið 2002, 15. millj. kr., var ákveðin í fjárlögum fyrir það ár. Fjárveiting fyrir árið 2003 er 15 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 2003 sem er lækkun um 5 millj. kr. frá því sem kveðið var á um í samþykkt áætlunarinnar á Alþingi 19. maí 2001, þ.e. 15 millj. kr. í stað 20 millj. kr.

V. Framkvæmd áætlunarinnar.

Samgönguráðuneytið fól Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 25. maí 2001 að annast framkvæmd áætlunarinnar, en í bréfinu segir m.a.:

„Ráðuneytið felur Siglingastofnun hér með að fara með framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda, sem samþykkt var á Alþingi 19. maí sl. Ráðuneytið leggur áherslu á að nú þegar verði hafist handa við að koma verkefnum samkvæmt áætluninni í framkvæmd. Sérstök athygli er vakin á því að samgönguráðherra skal fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar og hvernig henni miði í átt að settu marki.

Ráðuneytið telur rétt að verkefnisstjórn sem vann að málinu komi jafnframt að framkvæmd hennar til að stéttarfélög sjómanna, útgerðir og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafi

þar aðkomu og ábyrgð og verði hlutverk hennar að hafa ákveðið eftirlit með framgangi áætlunarinnar og stuðla að samstarfi þeirra aðila sem að málinu þurfa að koma."

Eins og áður er komið fram skipaði samgönguráðherra verkefnisstjórn 16. febrúar 2000 til að undirbúa og gera tillögur að langtímaáætlun. Verkefnisstjórn skilaði tillögum sínum til samgönguráðherra með bréfi dags. 19. desember 2000, sem urðu grunnur að tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem samgönguráðherra lagði fram á Alþingi í byrjun árs 2001.

Siglingastofnun Íslands hefur, í samvinnu við verkefnisstjórn, gert sérstaka framkvæmdaáætlun um að koma einstökum verkefnum samkvæmt áætluninni í framkvæmd. Með bréfi dags. 21. desember 2001 óskaði Siglingastofnun Íslands eftir staðfestingu samgönguráðherra á þeirri framkvæmdaáætlun og staðfesti samgönguráðherra hana með bréfi dags. 19. febrúar 2002. Vegna þeirra tafa sem urðu við fjármögnun áætlunarinnar fyrir árið 2001 hefur dregist að setja sum verkefni af stað, en vonir standa til þess að á þessu ári takist að vinna upp þá seinkun. Meðfylgjandi er staðfest framkvæmdaáætlun sem hefur að geyma yfirlit um einstök verkefni áætlunarinnar, markmið þeirra, stöðu mála, ábyrgð og umsjón, fjármögnun, tímaramma, forgangsröðun og framvindu hvers verkefnis miðað við 15. mars 2002.

VI. Samgönguáætlun 2003–2014.

Í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er lagt til að unnið verði áfram samkvæmt sérstakri áætlun um öryggi sjófarenda og að öryggismál sjófarenda verði hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002, og að byggt verði áfram á þeim hugmyndum sem lágu að baki langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.

Lagt er til að á tímabilinu 2003–2006 verði varið 75 millj. kr. til framkvæmdar áætlunarinnar, þ.e. 15 millj. kr. árið 2003, 20 millj. kr. á ári á árunum 2004, 2005 og 2006.

Miðað er við að framkvæmd þessarar áætlunar verði með sama hætti og framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda 2001–2003, þ.e. að Siglingastofnun annist framkvæmd áætlunarinnar samkvæmt sérstakri framkvæmdaáætlun og að verkefnisstjórn komi að málinu með sama hætti og áður. Eftir er að útfæra nánar í hvaða einstök verkefni verður ráðist, en í eftirfarandi töflu í kafla 3.3.1 í tillögunni eru sett fram nokkur meginverkefni og sundurliðun fjárveitinga til hvers og eins verkefnisflokks:

Útgjöld til langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda.

Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Menntun og þjálfun sjómanna verði efld með ýmsum hætti	1,5	3,0	3,0	3,0
Átak í öryggismálum farþegaskipa og farþegabáta	1,0	2,5	3,0	3,5
Átaksverkefni í fræðslu og áróðri	3,0	4,0	4,0	4,0
Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga	4,5	3,0	3,0	3,0
Söfnun og miðlun upplýsinga milli sjómanna og aðila í landi	1,0	0,5	0,5	0,5
Úrbætur í stöðugleikamálum skipa og báta	1,0	1,0	1,0	1,0
Verkefni tengd innleiðingu öryggis- og gæðastjórnunarkerfa	0,7	0,5	0,5	0,5
Kynning á lögum og reglum um öryggisatriði og aukið eftirlit	0,5	0,5	0,5	0,5
Rannsóknir, úttektir á sviði öryggismála og öryggismál almennt	1,8	5,0	4,5	4,0
Samtals	**15,0**	**20,0**	**20,0**	**20,0**

Framkvæmdaáætlun í öryggismálum sjófarenda 2001–2003.

1.1 Samræming sjómannamenntunar og aðlögun að alþjóðasamþykktum STCW og STCW-F
1.2 Endurmenntun skipstjórnarmanna
1.8 Ýmislegt fjarnám verði eflt og notað í eins miklum mæli og hægt er

Markmið
Að nám í íslenskum sjómannaskólum sé samræmt kröfum alþjóðasamþykkta. Að nám, þjálfun og endurmenntun skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sé skipulagt þannig að það skili viðkomandi einstaklingi sem mestu, bæði í sjómannsstarfinu og í mati á náminu/þekkingunni innan almenna skólakerfisins og til annarra starfa í þjóðfélaginu. Að auka möguleika sjómanna á að afla sér menntunar samhliða starfi sínu.

Staða mála
Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar hefur unnið að endurskoðun námskráa fyrir skipstjórnar- og vélstjórnarmenntun. Vorið 2001 voru sett lög nr. 76/2001, um áhafnir farþega- og flutningaskipa, sem grundvallast á STCW-samþykktinni, samþykkt á Alþingi. Þingsályktun um fullgildingu á STCW-F var samþykkt á Alþingi 24. apríl 2002, en það er alþjóðasamningur um menntun og þjálfun, vaktstöður og skírteini áhafna á fiskiskipum (STCW-F). Ísland fullgilti samninginn 28. maí 2002. Til að flýta fyrir gildistöku samningsins stendur Alþjóðasiglingamálastofnunin nú fyrir kynningu á þessari samþykkt um sjómenn á fiskiskipum meðal aðildarríkja sinna og leitaði stofnunin til Siglingastofnunar Íslands um að útbúa kynningarefni fyrir sérstök námskeið um þetta efni. Slíkt námskeið var haldið í Suður-Kóreu í desember 2002 og næsta í Tanzaníu í mars 2003 og þar verður starfsmaður Siglingastofnunar einn fyrirlesara.

Stýrimannaskólinn, Endurmenntun vélstjóra, LHS Fossvogi og Slysavarnaskóli sjómanna hafa í boði ýmis námskeið og endurmenntun fyrir sjómenn og aðila sem þjónusta þá. Lög nr. 76/2001 gera kröfu um að þeir yfirmenn sem ekki hafa farið á sjó í fimm ár fari á endurmenntunarnámskeið vegna endurnýjunar atvinnuréttinda.

Framboð á fjarnámi í ýmsum skólum hefur aukist síðustu ár og hafa sjómenn átt þess kost að stunda þannig nám. Notkun gervihnattasambands og farsíma gerir þetta mögulegt fyrir sjómenn sem eru á sjó en kostnaður við gagnaflutning er mjög hár við þessar aðstæður. Mikilvægt er að sjómenn hafi kost á fjarnámi á sem flestum sviðum og að kostnaði þeirra við það sé haldið í lágmarki.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun fer með ábyrgð og umsjón málsins.

Sjómannaskólar hafi yfirumsjón með öllu skipulögðu námi, þjálfun og endurmenntun sjómanna, og stuðli að fjarnámi fyrir sjómenn á sem flestum sviðum.

Samstarfsaðilar
Menntamálaráðuneyti, starfsgreinaráð, sjómannaskólar, samgönguráðuneyti, hagsmunasamtök sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Vinna að þessum verkefnum sé fjármögnuð af menntamálaráðuneyti og viðkomandi stofnunum.
Langtímaáætlun styrki fjarnám sjómanna um:
0,4 millj. kr. árið 2001,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Samstarfsaðilar vinni að útfærslu þessara mála og Siglingastofnun Íslands verði virkari í skipulagningu sjómannamenntunar.

Námskrár sjómannaskóla þurfa að vera endurskoðaðar reglulega með tilliti til tækniframfara og alþjóðasamþykkta. Jafnframt skal stuðla að öflugri verklegri þjálfun og símenntun allra sjómanna.

Áætlanir verði gerðar um fjarnám sérstaklega ætlað sjómönnum.

Tímasetningar
Þess er vænst að sjómannamenntun sé metin og endurskoðuð reglulega í framtíðinni. Jafnframt sé þörf fyrir endurmenntun metin árlega og í boði séu viðeigandi námskeið og þjálfun fyrir sjómenn.

Lög og reglugerðir
Lög um áhafnir íslenskra farþega- og flutningaskipa, nr. 76/2001, 3. og 5. gr.
Reglugerð um nám til skipstjórnarréttinda á skipi sem er 30 brúttótonn eða minna, nr. 531/2001.
Lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Lög um slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991.
Reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001, með síðari breytingum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8, 9, 14, 15, 18, 20 og 21.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Lagt hefur verið fram frumvarp um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, sem miðar að því að víkka gildissvið laganna og láta þau taka til allra skipa. Með frumvarpinu eru leidd í lög nauðsynleg ákvæði vegna alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, vaktstöður og skírteini sjómanna á fiskiskipum, þ.e. STCW-F. Í frumvarpinu eru m.a. ákvæði um endurmenntun skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna vegna alþjóðasamþykktarinnar. Samhliða frumvarpinu mun utanríkisráðherra leggja fram tillögu til þingsályktunar um fullgildingu á alþjóðasamþykktinni (STCW-F).

Siglingastofnun er að yfirfara námskrár sjómannaskóla með tilliti til alþjóðlegra krafna STCW og hefur lokið því fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands.

Siglingastofnun er einnig að yfirfara námskrár sjómannaskóla með tilliti til endurmenntunarnámskeiða samkvæmt STCW, sjá ákvæði 5. gr. laga nr. 76/2001. Stýrimannaskólinn, Endurmenntun vélstjóra, LHS Fossvogi og Slysavarnaskóli sjómanna hafa í boði ýmis námskeið og endurmenntun fyrir sjómenn og aðila sem þjónusta þá.

Siglingastofnun Íslands mun leita eftir tillögum sjómannaskóla um fjarnám fyrir sjómenn.
Mars 2003.
Siglingastofnun hefur farið yfir námskrár fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Slysavarnaskóla sjómanna með tilliti til alþjóðlegra krafna STCW og komu í ljós nokkrir minni háttar ágallar sem hafa verið lagfærðir.

Sjómannaskólarnir hafa jafnframt útbúið námskrár fyrir endurmenntunarnámskeið sem Siglingastofnun hefur tekið út með tilliti til alþjóðasamninga um það efni. Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninganna þurfa skólarnir jafnframt að búa sig undir gæðavottun sem á að eiga sér stað fyrir 1. ágúst 2004.

1.2 Fræðsla og þjálfun í stöðugleika
3.1 Stöðugleikamál skipa og báta, hættur samfara ofhleðslu

Markmið
Að námskeið og fræðsla um stöðugleika smábáta séu sem aðgengilegust fyrir sjómenn um land allt og boðið verði upp á fjarnám á þeim vettvangi.

Staða mála
Samkvæmt rannsóknarnefnd sjóslysa hafa sjóslys oft verið rakin til ófullnægjandi þekkingar skipstjórnarmanna á stöðugleika eigin skipa (á einkum við um smábáta). Siglingastofnun hefur gert fræðsluefni og staðið fyrir átaksverkefnum í fræðslu um stöðugleika skipa, einnig eru í boði í Stýrimannaskólanum í Reykjavík sérstök námskeið í stöðugleika smábáta. Talin er þörf á að efla þessa fræðslu til muna.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun fer með ábyrgð og umsjón málsins.

Samstarfsaðilar
Stýrimannaskóli, Slysavarnaskóli sjómanna, Landssamband smábátaeigenda og tryggingafélög.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun kosti gerð fræðsluefnis og styrki námskeiðahald:
1,0 millj. kr. árið 2001,
1,5 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.
Jafnframt verði aflað viðbótarfjármagns hjá styrktaraðilum, svo sem með auglýsingum.

Framkvæmd
Gert verði fræðsluefni á myndbandi og DVD og bæklingur sem dreift verði til smábátasjómanna. Jafnframt verði haldið uppi áróðri í fjölmiðlum, svo sem fréttabréfum og boðið verði upp á verkleg námskeið í stöðugleika sem víðast. Samstarfsaðilar skilgreina og skipuleggja þetta verkefni nánar.

Tímasetningar
Gerð fræðsluefnis verði lokið fyrir ágúst 2002. Í framhaldi af því verði hafin áróðursherferð sem standi yfir í um tvo mánuði og verði síðan endurtekin að vori 2003. Námskeið verði í boði meðan áróðursherferðir standa yfir.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 11, 13, 14 og 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Ákveðið hefur verið að fræðsluefni um stöðugleika verði útbúið og er undirbúningur þeirrar vinnu hafinn (tengist lið 4.1).
Mars 2003.
Á árinu 2002 var unnið að endurgerð bæklings um kynningu á stöðugleika fiskiskipa sem Siglingamálastofnun ríkisins gaf út árið 1988. Mikil eftirspurn hefur verið eftir honum og hann mikið notaður, einkum af nemendum sjómannaskóla og á smábátanámskeiðum. Hann verður væntanlega gefinn út vorið 2003 og dreift endurgjaldslaust í öll skip á íslenskri skipaskrá og stefnt er að því að hann verði aðgengilegur á heimasíðu um öryggismál.

Fullbúið er fræðslumyndband um stöðugleika fiskiskipa sem Siglingastofnun hefur þýtt og endurútgefið með leyfi frá samtökum útgerðarmanna við Norður-Kyrrahaf (NPFVOA). Myndbandið getur komið að góðum notum við kennslu í stöðugleika fiskiskipa. Ákveðið er að fjölfalda myndbandið á DVD og dreifa því um borð í öll íslensk skip og jafnframt hafa það aðgengilegt á heimasíðu um öryggismál sjómanna.

Siglingastofnun hefur útbúið rannsóknaráætlun í tengslum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Þar eru verkefni sem tengjast stöðugleika skipa:

„Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum. Ákvörðun um sjósókn er háð ýmsum þáttum. Veður og sjólag skiptir auðvitað miklu og þá getur aðgangur að nýjum upplýsingum skipt höfuðmáli. Til að varast að fiskiskip verði fyrir áföllum eða hvolfi er brýnt að þekkja tengslin milli stöðugleika skipsins og hæfni þess til að bregðast við áhrifum frá umhverfinu. Beiting slíkrar þekkingar gæti fallið undir áhættustjórnun. Fyrsta skrefið í slíkri áhættustjórnun er að íhuga ásættanlegt áhættustig. Að mati Siglingastofnunar ber að veita sjómönnum á fiskiskipum leiðbeiningar sem ættu að minnsta kosti að fela í sér ráðgjöf svo að halda megi áhættunni innan marka. Í leiðbeiningunum ætti einnig að benda á vænlegustu úrræðin til að draga úr hættu á að skipi hvolfi. Enn sem komið er hefur tengslunum milli stöðugleika skips og hæfni þess til að standast áhrif frá umhverfinu verið gefinn lítill gaumur. Áhersla hefur verið lögð á löggjöf um lágmarksstöðugleika án þess að taka mið af áhrifum frá umhverfinu. Þetta hefur í mörgum tilvikum leitt til þess að sjómenn treysta um of á sjóhæfni skipa sinna, stundum með hörmulegum afleiðingum. Rannsóknir Siglingastofnunar Íslands á hreyfistöðugleika skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila hafa leitt til einfaldari útfærslu á stöðugleikagögnum fyrir fiskiskip og þróuð hafa verið tengsl milli hreyfistöðugleika skipa og áhættumats á brotöldum sem fyrir liggur í upplýsingakerfi stofnunarinnar. Til að gera vinnu um borð í fiskiskipum öruggari er grundvallaratriði að draga úr veltingi eins og hægt er. Þetta er gert m.a. með andveltigeymi og í þróun er búnaður til að hámarka nýtingu andveltigeyma með samhæfingu við hleðslu- og stöðugleikaforrit og stöðugleikamæli (RT-stöðugleikavakt) sem þegar er í notkun í nokkrum skipum.

Siglingastofnun mun, í samvinnu við verkfræðistofur, gera hleðslu- og stöðugleikagögn og gögn um vöktun á stöðugleika aðgengileg og notendavæn svo að upplýsingar um stöðugleika skips liggi ljósar fyrir stjórnanda þess á hverjum tíma. Þessi búnaður mun geta hámarkað nýtingu andveltigeyma. Siglingastofnun mun halda áfram að þróa upplýsingakerfi um veður og sjólag og vinna m.a. að ölduspám fyrir hafnir, grunnsævi og rastir og viðvörunarkerfi fyrir aftakaveður og sjávarflóð.“

1.4 Verk- og öryggisstjórnunarfræðsla fyrir yfirmenn á skipum

Markmið
Að þekking yfirmanna í skipum um verkstjórn og vinnuhagræðingu sé almennt góð í öllum íslenska skipaflotanum. Að sem flestir yfirmenn í skipum sæki endurmenntun á námskeiðum í verkstjórn og öryggisstjórnun.

Staða mála
Nú er verkstjórnarfræðsla hluti af námi stýrimannsefna í Stýrimannaskólanum í Reykjavík en mikilvægt er að þeir sem luku námi áður en verkstjórnarfræðslan var tekin upp fái endurmenntun í þeim fræðum. Til að sjómenn og verkstjórnendur í skipum komi á slík námskeið þarf að vera fyrir hendi hvati þannig að eftirsóknarvert sé að fá slíka menntun.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Sjómannaskólar skipuleggi endurmenntunarnámskeið yfirmanna í þessum fræðum.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun Íslands.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun veiti styrk til námskeiðahalds um 0,5 millj. kr. árið 2002 og annar kostnaður greiðist af þátttakendum á námskeiðum.

Framkvæmd
Unnið verði fræðsluefni fyrir þátttakendur námskeiða í byrjun árs 2002 og verði námskeið síðan auglýst sem víðast.

Tímasetningar
Í boði verði nokkur námskeið á ári frá og með árinu 2002.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003.
Slysavarnaskóli sjómanna býður upp á námskeið í öryggisstjórnun/verkstjórn í samvinnu við Endurmenntun vélstjóra og Öryggiskeðjuna.

1.5 Öryggisfræðsla sjómanna á fimm ára fresti

Markmið
Að sjómenn sæki öryggisfræðslunámskeið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Staða mála
Í Slysavarnaskóla sjómanna eru haldin námskeið í öryggisfræðslu sjómanna sem standa í fimm daga vegna STCW-krafna en voru þau einungis fjórir dagar áður. Fræðsla og þjálfun skiptir miklu í öryggismálum og því nauðsynlegt að standa vel að þeim málum gagnvart sjómönnum. Það er staðreynd að ekki dugir að koma einu sinni á námskeið því fræðin sem kennd eru vilja falla í gleymsku og jafnframt er þróun öryggisbúnaðar í skipum sem betur fer nokkur og því þörf á að notkun nýrra tækja, búnaðar og aðferða sé kennd.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Samgönguráðuneyti setji kröfur um endurmenntun í öryggisfræðslu.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Kostnaður fjármagnast af þátttakendagjöldum á endurmenntunarnámskeiðum.

Framkvæmd
Sett verði reglugerð sem kveði á um þau skilyrði fyrir lögskráningu að skipverji sæki öryggisfræðslunámskeið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að skipuleggja og halda endurmenntunarnámskeið í öryggisfræðslu. Siglingastofnun samþykki umfang og námsefni endurmenntunarnámskeiða.

Tímasetningar
Á árinu 2002 verði haldin endurmenntunarnámskeið í öryggisfræðslu sjómanna.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna.
Reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001, gerir kröfu um endurmenntun á öryggisfræðslu sjómanna á fimm ára fresti, sjá 2. mgr. 4. gr. Skipverjar sem gengust undir námskeið í öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila á árinu 1997 eða fyrr hafa frest til að gangast undir slíkt námskeið til 1. janúar 2005.
Mars 2003.
Í reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001, felst að ákvæði um að skipverjar skuli endurnýja öryggisfræðslu sína á fimm ára fresti kemur að fullu til framkvæmda 1. janúar 2005 og að eftir þann tíma verður þessi krafa skilyrði fyrir lögskráningu skipverjans. Slysavarnaskóli sjómanna heldur þessi námskeið og mun leggja sérstaka áherslu á þau á árinu 2003 og 2004.

Áformað er að endurgera gamalt myndband um öryggisfræðslu sjómanna (21 mín.) frá 1994 og fjölfalda og dreifa ásamt öðrum fræðslumyndum um öryggismál sjómanna.

1.6 Námskeið í notkun og meðhöndlun búnaðar til hífinga (tengist 4.3)

Markmið
Í menntun sjómanna verði lögð aukin áhersla á þjálfun þeirra í stjórnun krana og vindu. Gerð verði krafa um sérstök réttindi þeirra sem sjá um stjórnbúnað krana eða vindu.

Staða mála
Í landi er þess krafist að stjórnendur krana sæki sérstök námskeið til að öðlast réttindi á þá, en í skipum er ekki gerð nein krafa um þjálfun eða réttindi þeirra sem hafa með höndum stjórnun krana eða vindu þrátt fyrir að stjórnun krana í skipum sé mun erfiðari en krana í landi vegna hreyfingar skips. Mikilvægt er að gera áætlun um fræðslu og þjálfun sjómanna í notkun krana og vindu.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að gera tillögu að fyrirkomulagi námskeiða og að semja samræmt námsefni fyrir stjórnun krana og vindu í skipum.

Samstarfsaðilar
Samtök útgerða og stéttarfélaga sjómanna, Siglingastofnun, skipafélög og Vinnueftirlit ríkisins komi að þessu verkefni.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki gerð samræmds fræðsluefnis um:
0,2 millj. kr. árið 2001,
0,3 millj. kr. árið 2002,
0,3 millj. árið 2003.
Aðrir kostnaðarliðir leggist á útgerðir viðkomandi skipa.

Framkvæmd
Samið verði sérstakt samræmt fræðsluefni um hífingar fyrir áhafnir skipa og haldin verði námskeið sem veiti þátttakendum réttindi til að stjórna krönum og vindum um borð í skipum.

Hjá Vinnueftirliti ríkisins hafa verið í boði námskeið í notkun krana og mikilvægt er að gott samstarf náist við starfsmenn þess.

Tímasetningar
Gerð fræðsluefnis ljúki fyrri hluta ársins 2002 og frá júlí 2002 verði haldin nokkur námskeið á ári í stjórnun krana og vindu í skipum.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8, 13 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð fræðsluefnis um hífingar sem ætlunin er að ljúka á fyrri hluta ársins 2002.
Mars 2003.
Gefinn var út fræðslubæklingur um hífingar, þar sem fjallað er um forvarnir, hættur, styrkleika búnaðar, slys við hífingar og sýndar staðlaðar bendingar við hífingar. Upplag bæklingsins var 20.000 stk. Búið er að dreifa um 13.000 eintökum af honum, t.d. til allra skipa á íslenskri skipaskrá með fréttablaði Siglingastofnunar. Auk þess var hann sendur út með fréttablöðum samtaka útgerða og sjómannasamtaka. Hægt er að nálgast bæklinginn hjá samtökum útgerðarmanna og sjómanna, sjómannaskólum, tryggingafélögum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnun Íslands og samgönguráðuneytinu. Bæklingurinn er hluti af þjálfunarhandbók sem á að vera um borð í öllum fiskiskipum lengri en 24 metrar. Á vefsíðu um öryggismál sjómanna verður jafnframt hægt að nálgast þetta efni.

Gerð var stuttmynd (6,30 mín.) um öryggi við hífingar. Myndbandið er til upplýsingar um öll öryggisatriði sem hafa ber í huga við hífingar. Ákveðið er að fjölfalda myndbandið á DVD og dreifa því um borð í öll íslensk skip og jafnframt hafa það aðgengilegt á heimasíðu um öryggismál sjómanna.

1.7 Námskeið fyrir leiðsögumenn/hafnsögumenn

Markmið
Að treysta öryggi íslenskra sem erlendra skipa á siglingu við land og inn á hafnir landsins.

Staða mála
Vandamál hafa komið upp varðandi leiðsögn skipa hér við land vegna misskilnings í samskiptum þar sem staðlað orðaval samkvæmt samþykkt IMO er ekki notað. Æskilegt er að leiðsögumenn/hafnsögumenn sæki sérstök námskeið og fái viðeigandi starfsþjálfun.

Sérstök námskeið fyrir hafnsögumenn hafa verið í boði hjá Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Samgönguráðuneyti og Siglingastofnun skilgreini kröfur til hafnsögumanna/leiðsögumanna.

Samstarfsaðilar
Stýrimannaskóli, hafnir og hafnasamlög.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki námskeiðahald um 0,2 millj. kr. árið 2001.

Framkvæmd
Stýrimannaskóli skipuleggi og haldi námskeið fyrir leiðsögumenn/hafnsögumenn.

Tímasetningar
Haldin verði námskeið eftir þörfum hvert ár.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 34/1993, um leiðsögu skipa.
Reglugerð um leiðsögu skipa.
Væntanlegt frumvarp um öryggi siglinga og öryggisþjónustu við skip.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 16.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Verið er að vinna að frumvarpi til laga um öryggi siglinga og fjarskiptaþjónustu við skip þar sem m.a. verður fjallað um leiðsögu skipa og menntun og þjálfun leiðsögumanna.
Siglingastofnun mun, í samstarfi við Stýrimannaskólann, fjalla um námskeið fyrir starfsmenn hafna.
Mars 2003.
Í frumvarpi til laga um vaktstöð siglinga er m.a. fjallað um leiðsögu skipa og menntun og þjálfun leiðsögumanna og munu þau lög leysa af hólmi lög um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er m.a. verið að innleiða tilskipun EB 2002/59 sem fjallar m.a. um eftirlit með skipaumferð og leiðarstjórnun skipa sem ætlað er að draga úr hættu á slysum og skyldu skipa yfir 300 brúttótonnum til að vera búin sjálfvirku auðkenniskerfi (AIS) og siglingaritakerfi (VDR). Miðað er við að hvert aðildarríki hafi stjórnstöð sem geti fylgst með ferðum skipa með sjálfvirkum hætti, þar sem m.a. komi fram stefna og hraði skips. Í framhaldi af þessu er líklegt að hlutverk leiðsögumanna skipa muni breytast.

2.1 Áhættumat á siglingaleiðum farþegaskipa

Markmið
Að auka öryggi við siglingu skipa sem flytja farþega við landið. Að hættulegar siglingaleiðir séu kortlagðar og að sigling farþegaskipa verði takmörkuð við öruggar siglingaleiðir. Jafnframt að gerð sé áætlun fyrir viðbragðsaðila ef neyðarástand verður um borð í innlendu eða erlendu farþegaskipi við landið.

Staða mála
Siglingar með farþega í skemmti- og skoðunarferðum hafa aukist mikið hér við land síðustu ár og einungis hluti skipanna fellur undir ströngustu öryggiskröfur laga og reglugerða varðandi farþegaskip og farþegabáta. Samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa hafa orðið óhöpp hjá farþegaskipum vegna vanhugsaðra siglinga í slæmu veðri á ókortlögðu svæði og þegar siglt er of nærri landi.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Hafnasvið og skipasvið Siglingastofnunar hafi forgöngu um að áhættumat sé gert.

Samstarfsaðilar
Útgerðir farþegaskipa, Landhelgisgæsla, Almannavarnir og björgunarsveitir.
Aðilar sem eru sérhæfðir í áhættugreiningu sambærilegra verkefna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki verkefnið um:
0,7 millj. kr. árið 2001,
1,2 millj. kr. árið 2002,
0,7 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Skipaður verði starfshópur sem vinni að áhættumati og tillögum til úrbóta. Helstu siglingaleiðir farþegaskipa og farþegabáta verði metnar með hliðsjón af farsviði hvers skips og ákvarðað hvort þörf sé á að takmarka eða banna siglingu þeirra á tilteknum svæðum og/eða árstímum. Starfshópurinn geri viðbragðsáætlanir vegna mismunandi neyðaraðstæðna hjá farþegaskipum á siglingaleiðum þeirra við landið.

Tímasetningar
Verkefninu verði lokið á árinu 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 13.

Framvinda verkefnis
Mars 2003.
Undirbúningur að áhættumati á siglingaleiðum er hafinn hjá Siglingastofnun.

Siglingastofnun hefur útbúið rannsóknaráætlun í tengslum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Þar eru verkefni sem tengjast siglingaleiðum skipa:

„*Siglingaleiðir.* Stefnt verður að mælingum á stöðugleika skipa á siglingaleiðum. Unnin verður skýrsla um siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður við núverandi leiðir. Þessi skýrsla verður unnin í samvinnu við þá aðila sem starfað hafa með Siglingastofnun að þróun upplýsingakerfis um hættulegar öldur og stöðugleika minni fiskiskipa, auk þeirra aðila sem unnið hafa að reiknilíkani um sjávarföll. Jafnframt verður unnið að setningu reglna um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.

Unnið er að könnun á hugsanlegum ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og lands með ferjulægi við Bakkafjöru. Gerðir hafa verið öldufarsreikningar á siglingaleiðinni og samið hefur verið við Vestmannaeyjahöfn um reglulegar dýptarmælingar við Bakkafjöru til að fylgjast með botnbreytingum. Gert er ráð fyrir að mælingarnar fari fram yfir sumar, haust, vetur og á vorin á tímabilinu 2002–2006."

2.2 Námskeið í stjórnun farþega á neyðarstundu

Markmið
Þekkingu og þjálfun áhafna farþegaskipa og farþegabáta sé viðhaldið til að tryggja eins og unnt er öryggi við siglingu með farþega á íslenskum skipum.

Staða mála
Í lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, er kveðið á um að áhafnir farþegaskipa sæki námskeið um farþegaflutninga á skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem skipulagt sé af sjómannaskóla í samráði við Siglingastofnun.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Sjómannaskólar skipuleggi námskeið samkvæmt kröfum laga og reglugerða um slíkt nám.

Samstarfsaðilar
Útgerðir farþegaskipa og Siglingastofnun.

Áætluð fjármögnun
Námskeiðahald verði fjármagnað með þátttakendagjöldum.

Framkvæmd
Áhafnir allra farþegaskipa og farþegabáta skulu hafa sótt námskeið í stjórnun mannfjölda á neyðarstundu eigi síðar en 1. júní 2002 og síðan verði haldin slík námskeið að vori hvers árs fyrir nýja áhafnarmeðlimi og sem símenntun áhafna farþegaskipa.

Tímasetningar
Námskeið verði haldin í þeim mæli að unnt sé að uppfylla kröfur laga nr. 76/2001.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 3. mgr. 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 14.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Slysavarnaskóli sjómanna hefur fengið viðurkenningu Siglingastofnunar á námskrá fyrir námskeið í „neyðarstjórnun" og „hópstjórnun" og hafa slík námskeið þegar verið haldin. Námskeið verða haldin í þeim mæli að unnt sé að uppfylla kröfur laga nr. 76/2001.

Mars 2003.
Slysavarnaskóli sjómanna og Stýrimannaskólinn í Reykjavík hafa fengið viðurkenningu Siglingastofnunar til að halda slík námskeið. Slysavarnaskóli sjómanna hefur haldið námskeið í neyðarstjórnun og hópstjórnun á helstu útgerðarstöðum farþegabáta og má gera ráð fyrir að flestir í áhöfn farþegaskipa og farþegabáta hafi sótt slík námskeið. Við framkvæmd lögskráningar á farþegaskip verður gengið úr skugga um að allir í áhöfn skipsins uppfylli þá lagaskyldu að hafa sótt námskeið í stjórnun mannfjölda á neyðarstundu.

2.3 Úrbótatillögur vinnuhóps framkvæmdar o.fl.

Markmið
Að bæta öryggi farþegaskipa og farþegabáta með því að koma á og viðhalda skipulögðu fyrirkomulagi í öryggismálum þeirra.

Staða mála
Vinnuhópur starfsmanna Siglingastofnunar og Slysavarnaskóla sjómanna gerði úttekt á öryggismálum í skipum með leyfi til farþegaflutnings og kynnti tillögur til úrbóta í byrjun árs 2000 þar sem staða mála var ekki í nægilega góðum farvegi. Þörf er á að taka öryggismál farþegaskipa föstum tökum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggur aðgerðir sem stuðla að bættu fyrirkomulagi öryggismála farþegaskipa.

Samstarfsaðilar
Sjómannaskólar, útgerðir farþegaskipa, LHG, lögregla og lögskráningarstjórar.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki verkefni um:
0,6 millj. kr. árið 2001,
0,8 millj. kr. árið 2002,
0,8 millj. kr. árið 2003.
Umframkostnaður greiðist af Siglingastofnun og útgerðum farþegaskipa.

Framkvæmd
1. Eftirlit Siglingastofnunar með skipum og búnaði verði aukið, t.d. tvær skoðanir á ári.
2. Öryggisbúnaður farþegaskipa verði skoðaður og metinn sérstaklega.
3. Áhafnamál séu metin og mönnun skoðuð með tilliti til öryggisþátta.
4. Markvisst verði unnið að eflingu sjálfshjálpar meðal farþega.
5. Farþegaskip og farþegabátar vinni samkvæmt gæðastaðli.
6. Í farþegaskipum haldi áhafnir æfingar með farþegum einu sinni eða oftar á sumri.
7. Öryggisplani sé viðhaldið og neyðaráætlun sé stöðugt uppfærð miðað við áhöfn hverju sinni.
8. Lýsandi merkingum við útgönguleiðir sé komið upp og þeim sé haldið við.
9. Í farþegaskipum sé fjórblöðungur um öryggismál viðkomandi skips.

Tímasetningar
Atriði í 5. tölul. verði lögleitt fyrir 2003 og vinna að öðrum atriðum hefjist í lok ársins 2001.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 463/1998, um leyfi til farþegaflutninga með skipum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 14.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Hluta þessara verkefna verður framfylgt samhliða lögum nr. 76/2001 sem fjalla m.a. um menntun og þjálfun áhafnar, öryggismönnun og vaktstöður á farþegaskipum. Sett hefur verið reglugerð á grundvelli þeirra laga um vaktstöður um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum nr. 599/2001 og gerðar hafa verið kröfur um að allir í áhöfnum farþegaskipa sæki námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu, sbr. verkefni 2.2.

Í reglugerð nr. 666/2001 eru ítarleg ákvæði um smíði og búnað farþegaskipa í innanlandssiglingum sem taka til allra nýrra farþegaskipa og gamalla farþegaskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri.

Siglingastofnun mun efla þennan þátt eftirlits í aðalskoðunum og skipulagi skyndiskoðana.

Siglingastofnun mun gera drög að bæklingi fyrir farþega um öryggi farþegaskipa sem útgerðir skipanna gætu nýtt sér við gerð eigin bæklings.

Mars 2003.

Siglingastofnun lagði sérstaka áherslu á skyndiskoðanir á farþegaskipum á árinu 2002.

Gerðar hafa verið auknar kröfur um menntun og þjálfun áhafna farþegaskipa í framhaldi af alþjóðasamningi (STCW) þar um, þ.e. námskeið í stjórnun mannfjölda á neyðarstundu.

Siglingastofnun stendur fyrir rannsóknum um siglingaleiðir skipa, þ.m.t. farþegaskipa.

Siglingastofnun og verkefnisstjórn langtímaáætlunar vinnur að gerð bæklings fyrir farþega um öryggi farþegaskipa í samvinnu við Ferðamálaráð og Samtök ferðaþjónustunnar. Stefnt er að útgáfu bæklingsins vorið 2003.

Hafinn er undirbúningur að gerð fræðslumyndbands um móttöku farþega í farþegaskipum sem unnið verður að í samvinnu við Ferðamálaráð og Samtök ferðaþjónustunnar. Stefnt er að útgáfu þess síðari hluta ársins 2003.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á æfingar um borð í skipum, sjá nánar 3.11.

Siglingastofnun hefur gert samantekt um lög og reglur sem varða rekstur farþegaskips og birt á heimasíðu sinni. Er það einkum gert til fróðleiks fyrir rekstraraðila slíkra skipa en gagnrýni hefur komið fram að lagaumhverfið sé flókið í þeim efnum. Jafnframt kemur samantektin að notum fyrir starfsmenn eftirlitsaðila, svo sem Siglingastofnun, Landhelgisgæslu, lögreglu og embætti sýslumanna og tollstjórans í Reykjavík í tengslum við lögskráningu sjómanna og útgáfu atvinnuskírteina skipstjórnar- og vélstjórnarmanna.

3.2 Átak til að nýliðafræðslu sé betur sinnt
3.10 Frágangur og umgengni á neyðarbúnaði skipa
3.11 Mikilvægi skipulagðra æfinga og þjálfunar í skipum

Markmið

Að fækka slysum sem tengjast þekkingarleysi starfsmanna sem eru að hefja störf eða sinna nýju starfi um borð í skipi.

Að tryggja gott ástand neyðarbúnaðar og að rétt sé brugðist við ef neyðarástand verður í skipi.

Staða mála

Nýliðafræðsla er lögbundin skv. 8. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, en samkvæmt heimildum er brotalöm á að þetta ákvæði sé virt í íslenskum skipum. Sama má segja um björgunar- og eldvarnaæfingar, þ.e. að reglur eru til en almennt er ekki farið eftir þeim. Frágangur og umgengni um neyðarbúnað skipa eru stundum gagnrýnd. Stuðla þarf að því að rétt sé gengið frá búnaðinum í skipum.

Það er fullyrt að góð starfsþjálfun og nýliðafræðsla sé ein árangursríkasta leiðin til að fækka vinnuslysum til sjós og æfingar eru grundvöllur þess að rétt sé brugðist við raunverulegum neyðaraðstæðum og því mikilvægt að taka á þessum málum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd

Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að gera kynningarefni og halda uppi áróðri.
Siglingastofnun skipuleggi aðgerðir varðandi fyrirkomulag eftirlits.

Samstarfsaðilar

LÍU, SÍK, LHG og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun

Langtímaáætlun ráðstafi fé til að gera kynningarefni og til áróðurs og auglýsingar:
0,5 millj. kr. árið 2001,
0,5 millj. kr. árið 2002,
0,5 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd

Gert verði sérstakt kynningarefni og átaki komið af stað til þess að:
- nýliðafræðslu sé sinnt betur,

- neyðarbúnaður sé rétt settur upp í skipum,
- umgengni um neyðarbúnað skipa sé ávallt góð,
- æfingar og þjálfun í skipum séu skipulagðar og haldnar samkvæmt kröfum.

Átakið feli í sér áróður sem beint verði til skipstjórnarmanna og áhafna. Jafnframt verði eftirlit Siglingastofnunar og Landhelgisgæslu aukið með þessum þáttum öryggismálanna.

Tímasetningar
Átaksverkefni fari fram á árunum 2001–2003.

Lög og reglugerðir
Sjómannalög, nr. 35/1985, 8. gr.
Reglur nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.
Reglugerð nr. 26/2000, um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 8 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð fræðslubæklinga um ýmsa þætti öryggismála sem dreift verður til útgerða og sjómanna.

Unnið er að því að auka eftirlit Siglingastofnunar og Landhelgisgæslu með þessum þáttum öryggismála, sbr. verkefni 13.2 og 13.5.
Mars 2003.
Nýliðafræðsla:

Gefinn var út fræðslubæklingur um nýliðafræðslu þar sem fjallað er um ákvæði laga og reglna um nýliðafræðslu, hvernig standa eigi að nýliðafræðslu og útbúinn sérstakur gátlisti í því efni. Upplag bæklingsins var 20.000 stk. Búið er að dreifa um 13.000 eintökum af honum, t.d. til allra skipa á íslenskri skipaskrá með fréttablaði Siglingastofnunar. Auk þess var hann sendur út með fréttablöðum samtaka útgerða og sjómannasamtaka. Hann má nálgast hjá samtökum útgerðarmanna og sjómanna, sjómannaskólum, tryggingafélögum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnun Íslands og samgönguráðuneytinu. Bæklingurinn er hluti af þjálfunarhandbók sem á að vera um borð í öllum fiskiskipum stærri en 24 metrar. Á vefsíðu um öryggismál sjómanna verður jafnframt hægt að nálgast bæklinginn og aðrar upplýsingar um nýliðafræðslu.

Áformað er að endurgera gamalt myndband um nýliðafræðslu (21 mín.) frá 1993 og fjölfalda og dreifa ásamt öðrum fræðslumyndum um öryggismál sjómanna.

Frágangur og umgengni á neyðarbúnaði skipa:

Gerðar voru stuttmyndir um léttbátinn (5,39 mín.), frágang gúmmíbjörgunarbáta (7,52 mín.) og notkun línubyssu (9,28 mín.). Myndirnar eru m.a. til upplýsingar um frágang og umgengni við þennan neyðarbúnað. Ákveðið er að fjölfalda myndirnar á DVD og dreifa þeim um borð í öll íslensk skip og jafnframt hafa þær aðgengilegar á heimasíðu um öryggismál sjómanna.

Æfingar um borð:

Gefinn var út fræðslubæklingur um æfingar um borð í skipum þar sem fjallað er um ákvæði laga og reglna um æfingar, tilgang og undirbúning æfinga, æfingaáætlun fyrir hvert ár, gátlisti yfir það sem á að gera á hverri æfingu, hvernig meta eigi árangur æfinga og frágang búnaðar að æfingu lokinni. Upplag bæklingsins var 20.000 stk. Búið er að dreifa um 13.000 eintökum af honum með sama hætti og bæklingi um nýliðafræðslu sem getið er að ofan.

Útbúið var eyðublað um áætlun um æfingar fyrir hvert ár ásamt gátlista fyrir bátaæfingu og brunaæfingu. Dæmi um æfingar er þegar skip er yfirgefið, eldur um borð, léttbátar, maður fyrir borð, flutningur slasaðra, móttaka þyrlu, árekstur, strand, eiturefnaleki og mengun. Þessu eyðublaði var dreift um borð í öll skip fyrir öryggisviku sjómanna sem haldinn var af öllum hagsmunaaðilum vikuna 26. september–3. október 2002, en meginþema vikunnar voru æfingar um borð í skipum. Í vikunni hélt Slysavarnaskóli sjómanna fræðslu, á ýmsum stöðum vítt og breitt um landið, fyrir sjómenn um æfingar og þann 1. október var mælst til þess að allir íslenskir sjómenn tækju höndum saman um að halda björgunaræfingar um borð í skipum sínum hvar sem þau væru stödd.

Gerð var stuttmynd um æfingar um borð í skipum (8 mín.) og er henni ætlað að vera til upplýsingar um alla þætti er varða æfingar um borð í skipum. Ákveðið er að fjölfalda myndina á DVD og dreifa um borð í öll íslensk skip og jafnframt hafa hana aðgengilega á heimasíðu um öryggismál sjómanna.

Í framhaldi af aukinni áherslu og kynningu á mikilvægi æfinga um borð mun Siglingastofnun leggja aukna áherslu á eftirlit með að farið sé eftir ákvæðum laga og reglna um að æfingar séu haldnar.

3.3 Leiðbeiningar fyrir öryggisfulltrúa
12. Stuðla þarf að því að öryggistrúnaðarmannakerfi verði tekið upp til reynslu í fiskiskipum
13.4 Öryggisfulltrúar útgerða og áhafna séu skipaðir

Markmið
Að útgerðarmenn og áhöfn beri sameiginlega ábyrgð á því að fyrirkomulag öryggismála í skipum sé í góðu horfi. Að áhafnir skipa axli ábyrgð gagnvart öryggi og heilsu og verði virkari í mótun öryggismála og vinnuumhverfis í eigin skipum.

Staða mála
Í fyrirtækjum á landi hefur það tíðkast um langt skeið að sérstakir öryggisfulltrúar séu skipaðir og hafa þeir samstarf við Vinnueftirlitið sem gerir fræðsluefni og heldur námskeið fyrir þá. Slíkt fyrirkomulag hefur ekki tíðkast í skipum, en vert væri að stuðla að því. Í reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna í skipum, er meðal annars ákvæði um tilnefningu öryggis- og heilbrigðisfulltrúa. Gera þarf átak til að kynna reglugerðina og fylgja þarf eftir að unnið sé eftir kröfum hennar.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun Íslands.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, LÍÚ, SÍK, SÍ, Slysavarnaskóli sjómanna, Vinnueftirlitið og samtök sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki gerð fræðsluefnis og ráðgjöf fyrir öryggisfulltrúa um 1,0 millj. kr. á árinu 2002.

Framkvæmd
Útbúa þarf fræðslu- og leiðbeiningarefni fyrir öryggis- og heilbrigðisfulltrúa þar sem ábyrgð og verksvið þeirra er skilgreint. Til hliðsjónar væri hægt að hafa fyrirkomulag Vinnueftirlitsins eða það sem notað er hjá nágrannaþjóðum, svo sem í dönskum skipum.

Skipaðir öryggis- og heilbrigðisfulltrúar í skipum skulu tilkynntir til Siglingastofnunar.

Huga þarf að því hvort þörf sé á að hafa í boði sérstök námskeið fyrir öryggis- og heilbrigðisfulltrúa.

Meta þarf notagildi öryggistrúnaðarmannakerfis og hugsanlega taka upp slíkt kerfi til reynslu í íslenskum skipum.

Tímasetningar
Fræðsluefni verði útbúið á árinu 2002 og dreift til útgerða og skipaðra öryggisfulltrúa, t.d. á netinu.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna í skipum.

Forgangsröð: B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 9, 12 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að samningu fræðslurits fyrir öryggisfulltrúa í skipum. Eftirlit með skipan öryggisfulltrúa verður hjá Siglingastofnun.
Mars 2003.
Lokið er gerð fræðslurits fyrir öryggisfulltrúa í skipum, sem verður prentað og dreift innan tíðar og birt á vefsíðu um öryggismál sjómanna. Í framhaldi af því mun Siglingastofnun ganga eftir því að öryggisfulltrúar verði skipaðir.

3.4 Skipulegt eftirlit áhafna með öryggisþáttum, svo sem búnaði
(3.5 Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða)
3.6 Kostir öryggisstjórnunarkerfa fyrir útgerðir og áhafnir
11. Stuðla þarf að því að öryggis- og gæðastjórnunarkerfi séu notuð á sem flestum sviðum

Markmið
Útgerðarmenn og áhöfn beri sameiginlega ábyrgð á því að fyrirkomulag öryggismála í skipum sé í góðu horfi. Að hvetja útgerðir og áhafnir til að vinna saman að reglulegu og virku eftirliti með öryggisþáttum í skipum.

Staða mála
Vegna alþjóðakrafna eru útgerðir kaupskipa að innleiða öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt ISM-staðli í skipum sínum. Vænlegt er að huga að sambærilegum leiðum varðandi öryggismál annarra skipa og sérstaklega fiskiskipa. Ljóst er að bæta má öryggismál í fiskiskipum með því að skipuleggja fyrirbyggjandi aðgerðir, fræðslu og þjálfun fyrir áhöfn og eftirlit með búnaði skipa. Hinn 21. apríl 1998 staðfestu fulltrúar FFSÍ, LÍÚ, SSÍ, VSFÍ og SVFÍ samþykkt um að æskilegt væri að skipuleggja samræmt öryggiskerfi fyrir sæfarendur og hefur SVFÍ í samvinnu við áhafnir nokkurra fiskiskipa unnið drög að slíku kerfi.

Í nýjustu reglugerðum er varða öryggismál fiskiskipa eru ákvæði um skipulagt forvarnastarf, reglubundið eftirlit með búnaði og að notaðir séu gátlistar við eftirlit. Slíkar kröfur eru í samræmi við kröfur öryggisstjórnunarkerfa.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun setji fram kröfur til öryggisstjórnunarkerfa sem stofnunin mundi viðurkenna. Útgerðir sem velja að nota öryggisstjórnunarkerfi skipuleggi þau í samræmi við kröfur Siglingastofnunar.

Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að gera kynningarefni um öryggisstjórnunarkerfi.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, LÍÚ, SSÍ, FFSÍ, VSFÍ og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki gerð kynningarefnis, áróður og ráðgjöf um:
0,2 millj. kr. árið 2001,
0,5 millj. kr. árið 2002,
0,5 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Unnið verði kynningarefni um öryggisstjórnunarkerfi sem samræmast kröfum Siglingastofnunar til slíkra kerfa sem yrðu viðurkennd af stofnuninni eða öðrum aðilum sem stofnunin viðurkennir.

Velja þyrfti aðila sem tækju að sér að aðstoða útgerðarfélög við gerð öryggisstjórnunarkerfa og að koma þeim formlega á.

Huga þyrfti að leiðum til að hvetja útgerðir til að taka upp öryggisstjórnunarkerfi og til að tryggja að áhafnir vinni eftir skipulagi þess.

Tímasetningar
Kröfur til öryggistjórnunarkerfa verði skilgreindar fyrri hluta ársins 2002 og kynning fari fram seinni hluta þess.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 15 og 20.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Hjá Slysavarnaskóla sjómanna er verið að þróa öryggisstjórnunarkerfi fyrir fiskiskip og gætu útgerðir hugsanlega aflað fanga þar. Kynningarefni um öryggisstjórnunarkerfi almennt verður gert á árinu 2002.
Mars 2003.
Kynningarefnið ásamt íslenskri þýðingu á ISM-kóðanum verður sett á vefsíðu um öryggismál sjómanna um mitt ár 2003.

3.5 Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða
3.8 Kynna að til sé margvíslegur öryggisbúnaður auk skyldubúnaðar
3.9 Kynning á öryggisbúnaði fyrir smábáta
3.13 Varnir gegn fallhættu

Markmið
Að sjómenn öðlist meiri vitneskju um áhættuþætti og fái betri upplýsingar um aðferðir og búnað sem hægt er að beita til að minnka áhættuna.

Staða mála
Oft er viðhorf áhafna skipa slíkt að ekki þurfi að huga að öryggismálum þar sem skipið sé skoðað einu sinni á ári af skoðunarmönnum í landi og því hljóti öll öryggisatriði að vera í góðu lagi á gildistíma haffærisskírteinis. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að skoðunarvottorð segir eingöngu til um hvernig ástand skips var á þeim degi þegar skoðað var og að lögbundinn öryggisbúnaður hafi verið um borð þann dag. Þess vegna þarf að leggja áherslu á að hvetja áhafnir til að viðhalda góðu ástandi skips og búnaðar milli skoðana og að hægt sé að gera betur í öryggismálum en eingöngu að uppfylla þær lágmarkskröfur sem tilgreindar eru í lögum og reglugerðum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að útbúa kynningarefni og halda uppi áróðri um áhættu og varnir.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, SÍ og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun ráðstafi fé til að gera kynningarefni og til áróðurs:
1,0 millj. kr. árið 2001,
1,0 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Samið verði sérstakt kynningarefni og hafið átak til þess að:
- kynna fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða, svo sem viðhald búnaðar, hreinlæti og umgengni,
- vekja áhafnir skipa til umhugsunar um fallhættu og varnir gegn henni,
- kynna ýmsar leiðir til að bæta öryggi um borð í skipum,
- kynna öryggisbúnað fyrir smábáta, svo sem líflínur, bárufleyg, öryggisslár.

Átakið feli í sér áróður sem beint verði til útgerða og áhafna.

Tímasetningar
Átaksverkefni fari fram á árunum 2001–2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 10, 11,12, 13 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að samningu fræðslubæklinga um ýmsa þætti öryggismála sem dreift verður til útgerða og sjómanna.
Mars 2003.
Eldvarnir:
Gefinn var út fræðslubæklingur um eldvarnir í skipum þar sem fjallað er um forvarnir, grunnþekkingu skipverja, fyrstu viðbrögð, flótta, slökkvistörf og björgun manna. Samband íslenskra tryggingafélaga styrkti útgáfu hans. Upplag bæklingsins var 20.000 stk. Búið er að dreifa um 13.000 eintökum af honum, t.d. til allra skipa á íslenskri skipaskrá með fréttablaði Siglingastofnunar. Auk þess var hann sendur út með fréttablöðum samtaka útgerða og sjómannasamtaka. Hann má nálgast hjá samtökum útgerðarmanna og sjómanna, sjómannaskólum, tryggingafélögum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnun Íslands og samgönguráðuneytinu. Bæklingurinn er hluti af þjálfunarhandbók sem á að vera

um borð í öllum fiskiskipum stærri en 24 metrar. Á vefsíðu um öryggismál sjómanna verður jafnframt hægt að nálgast bæklinginn og aðrar upplýsingar um eldvarnir í skipum.

Unnið er að endurskoðun sérrits Siglingamálastofnunar ríkisins „Eldur um borð" sem gefið var út árið 1990.

Áformað er að endurútgefa fræðslumyndbandið „Eldur um borð" frá árinu 1994 (17 mín.) og fjölfalda á DVD ásamt öðrum fræðslumyndum um öryggismál sjómanna og dreifa um borð í öll íslensk skip og jafnframt hafa hana aðgengilega á heimasíðu um öryggismál sjómanna.

Fallhætta:

Gefinn var út fræðslubæklingur um fallhættu í skipum, þar sem fjallað er um forvarnir, orsakir fallslysa, slysahættu og öryggisráðstafanir. Upplag bæklingsins var 20.000 stk. Búið er að dreifa um 13.000 eintökum af honum með sama hætti og bæklingi um eldvarnir í skipum sem fyrr er getið.

Gerð var stuttmynd um fallhættu í skipum (5 mín.) og er henni ætlað að vera til upplýsingar um allt sem tengist fallhættu. Ákveðið er að fjölfalda myndina á DVD ásamt öðrum stuttmyndum og dreifa um borð í öll íslensk skip og jafnframt hafa hana aðgengilega á heimasíðu um öryggismál sjómanna.

3.7 Kynning á lögum og reglum sem taka gildi
13.3 Fræða þarf útgerðarmenn og áhafnir um tilgang laga og reglna

Markmið

Að útgerðir og áhafnir skipa fái ávallt vitneskju um lög og reglugerðir sem taka gildi.

Staða mála

Lög og reglugerðir sem taka gildi eru birt í Stjórnartíðindum og oft hefur Siglingastofnun kynnt þau í fréttabréfi sínu „Til sjávar". Komið hefur fyrir að Siglingastofnun haldi sérstaka kynningu um reglugerðir fyrir málsaðila. Í sjómannaalmanaki eru jafnframt lög og reglugerðir sem tengjast öryggi sjófarenda. Þrátt fyrir það virðist sem áhafnir skipa hafi almennt litla þekkingu eða vitneskju um mörg lög og reglur sem varða öryggismál þeirra. Finna þarf leiðir til að bæta þekkingu þeirra á lögum og reglum og tilgangi þeirra.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd

Siglingastofnun Íslands.

Samstarfsaðilar

Samgönguráðuneyti.

Fjármögnun

Framkvæmd

Siglingastofnun skipuleggi og komi á formlegu fyrirkomulagi kynninga á lögum og reglugerðum og kynni þau mikilvægustu sem víðast.

Lög og reglugerðir um öryggismál sjómanna séu aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar.

Tímasetningar

Lög og reglugerðir séu kynnt þeim er málið varðar við gildistöku þeirra.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: B.

Tilvísanir

Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 12, 15, 18, 21, 22 og 23.

Framvinda verkefnis

Mars 2002.

Innan Siglingastofnunar er unnið að því að einfalda og samhæfa laga- og reglugerðarumhverfi öryggismála og verða þau aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar.

Mars 2003.

Með opnun nýrrar heimasíðu Siglingastofnunar eiga öll lög og reglur sem varða siglingamál og öryggismál sjómanna að vera aðgengileg á rafrænu formi. Á heimasíðunni eru m.a. birtar fréttir um ný lög og reglugerðir og innihald og markmið þeirra.

Siglingastofnun hefur gert samantekt um lög og reglur sem varða rekstur farþegaskips og birt á heimasíðu sinni. Er það einkum gert til fróðleiks fyrir rekstraraðila slíkra skipa en gagnrýni hefur komið

fram um að lagaumhverfið sé flókið í þeim efnum. Jafnframt kemur samantektin að notum fyrir starfsmenn eftirlitsaðila, svo sem Siglingastofnun, Landhelgisgæslu, lögreglu og embætti sýslumanna og tollstjórans í Reykjavík í tengslum við lögskráningu sjómanna og útgáfu atvinnuskírteina skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Unnið er að gerð fleiri slíkra samantekta, t.d. um rekstur skemmtibáta og fiskiskipa.

3.12 Greining áhættu í vinnuumhverfi sjómanna

Markmið
Að áhafnir skipa séu hæfar til að vinna skipulega að greiningu áhættu í eigin vinnuumhverfi og að vinna markvisst að forvörnum gegn slysum, óhöppum og heilsutjóni.

Staða mála
Á grundvelli tilskipunar Evrópuráðsins nr. 89/391/EBE var sett reglugerð nr. 786/1998 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum. Í reglugerðinni er ákvæði um forvarnavinnu gegn áhættu í skipum sem felur m.a. í sér að framkvæmt sé hættumat varðandi öryggi og heilsu á vinnustað.

Í mörgum löndum Evrópusambandsins er þetta ákvæði tekið alvarlega og hafa stofnanir lagt metnað í að aðstoða áhafnir við gerð áhættumats í skipum, enda er tekið hart á þeim sem virða ekki þetta ákvæði. Mikilvægt er að stuðlað sé að því að áhættumat sé gert í íslenskum skipum samkvæmt reglugerðinni.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun ber ábyrgð á gerð áhættumats.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, LÍÚ, SÍK og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki gerð fræðsluefnis og ráðgjöf fyrir áhafnir um:
1,0 millj. kr. árið 2002,
1,3 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Útfærsla og umfang áhættumats sé skilgreint af Siglingastofnun, ásamt kröfum um upplýsingaskyldu til stjórnvalda og söfnun staðfestinga á að áhættumat hafi verið gert.

Gerðar verði leiðbeiningar fyrir áhafnir um áhættumat og forvarnir.

Kröfur reglugerðarinnar séu kynntar og því fylgt eftir að þær séu virtar í öllum viðkomandi skipum.

Tímasetningar
Áhættumat í skipum verði skilgreint og fræðsluefni gert á árinu 2002. Áhafnir skipa ljúki áhættumati um borð í eigin skipum á árinu 2003.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 9, 12, 13 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Árin 1998 og 1999 gerði SVFÍ tilraun með notkun viðurkenndrar áhættugreiningaraðferðar í samstarfi við áhafnir nokkurra fiskiskipa. Mögulega væri hægt að nýta reynslu sem fékkst við þá vinnu.

Leiðbeiningar um áhættumat verða gerðar aðgengilegar fyrir útgerðir og áhafnir á árinu 2002.
Mars 2003.
Leiðbeiningar um áhættumat verða settar á vefsíðu um öryggismál sjómanna um mitt árið 2003.

4.1 Handbækur, bæklingar eða myndbönd um öryggismál
4.2–4.5 Fræðsluefni um æfingar, hífingarbúnað, frágang neyðarbúnaðar, vinnuöryggi o.fl.

Markmið
Að stuðla að auknum forvörnum gegn slysum og óhöppum til sjós. Að fræðsluefni og leiðbeiningar um öryggismál sjófarenda sé til á íslensku og sé aðgengilegt sjómönnum um borð í eigin skipum, þannig að skipuleg fræðsla geti farið fram um borð til að viðhalda og efla þekkingu sjómanna á öryggismálum þeirra.

Staða mála
Ýmislegt fræðsluefni hefur verið gert, en mikið af því er komið til ára sinna, er úrelt eða ekki hæft til fjölföldunar og dreifingar. Jafnframt hafa verið gerð drög að margs konar fræðsluefni sem ekki hefur tekist að klára vegna skorts á fjármagni o.fl. Myndbanki sjómanna hefur verið óvirkur um árabil og þyrfti að huga að breytingum á fyrirkomulagi hans og styrkja sem víðast gerð, útgáfu og dreifingu fræðsluefnis um öryggismál sjófarenda.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun felur aðilum að vinna eða semja um ákveðna verkhluta.

Samstarfsaðilar
SÍK, LÍÚ, LS, FFSÍ, VSFÍ, SSÍ, Slysavarnaskóli sjómanna, Stýrimannaskóli, Vélskóli, Myndbanki sjómanna, Endurmenntun vélstjóra, Vinnueftirlitið.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrkir gerð og útgáfu fræðsluefnis um:
3,0 millj. kr. árið 2001,
4,0 millj. kr. árið 2002,
4,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
- Gerð verði samantekt á fræðsluefni sem gefið hefur verið út um öryggismál sjófarenda.
- Tekið verði saman hvaða efni er hæft til dreifingar og hvaða efni þyrfti að útbúa.
- Ákvarða skal hvaða nýtt fræðsluefni skuli gert og hverjir skuli vinna handrit og semja um útgáfu.
- Koma þyrfti sem mestu af góðu fræðsluefni, myndböndum og prentuðu máli, á tölvutækt form til dreifingar á tölvudiskum og á netinu.
- Semja þyrfti við erlenda framleiðendur fyrsta flokks fræðsluefnis um þýðingu efnis á íslensku og dreifingu þess hér á landi.
- Semja þarf við íslenska framleiðendur fræðsluefnis um söfnun, fjölföldun og dreifingu á efni frá þeim.

Tímasetningar
Ákvörðun um fræðsluefni sem á að vinna skal liggja fyrir í lok janúar 2002. Vinna að gerð fræðsluefnis og dreifing fari fram árin 2002 og 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 8, 9, 15, 20 og 22.
Fundargerðir verkefnisstjórnar 2. og 3. fundur 2001.
Listi Siglingastofnunar um útgefið fræðsluefni.
Listi Slysavarnaskóla sjómanna um aðgengilegt og æskilegt fræðsluefni.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Ákveðið hefur verið að endurgera ýmislegt eldra fræðsluefni. Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um að útbúa margvíslegt nýtt fræðsluefni um öryggismál sjófarenda. Þetta efni verður aðgengilegt á sérstakri heimasíðu um öryggismál sjófarenda og verður jafnframt dreift til útgerða og sjómanna.
Mars 2003.
Fræðslubæklingar:
Búið er að gefa út fimm fræðslubæklinga, þ.e. æfingar um borð í skipum, eldvarnir í skipum, nýliðafræðsla í skipum, öryggi við hífingar og fallhætta í skipum. Samband íslenskra tryggingafélaga styrkti útgáfu bæklings um eldvarnir í skipum. Upplag hvers um sig var 20.000 stk. Búið er að dreifa um

13.000 eintökum af hverjum þeirra, t.d. til allra skipa á íslenskri skipaskrá með fréttablaði Siglingastofnunar. Auk þess voru þeir sendir út með fréttablöðum samtaka útgerða og sjómannasamtaka. Þá má nálgast hjá samtökum útgerðarmanna og sjómanna, sjómannaskólum, tryggingafélögum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnun Íslands og samgönguráðuneytinu. Þeir eru hluti af þjálfunarhandbók sem á að vera um borð í öllum fiskiskipum stærri en 24 metrar. Á vefsíðu um öryggismál sjómanna verður jafnframt hægt að nálgast þá og aðrar upplýsingar um öryggismál sjómanna.

Unnið er að gerð bæklinga um öryggi í höfnum, öryggi farþega í farþegaskipum, öryggi smábáta, vinnuvistfræði sjómanna, sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa (STK). Jafnframt hafa komið fram hugmyndir um að útbúa fræðsluefni um vinnuöryggi í fiskiskipum, vinnuöryggi í flutningaskipum, öryggi kafara, öryggi skemmtibáta og áhættumat í fiskiskipum.

Endurgerð sérrita Siglingamálastofnunar ríkisins:

Í kringum 1990 voru gefin út rit á vegum Siglingamálastofnunar ríkisins um öryggismál sjómanna. Þar sem upplag margra þessara rita er uppurið og efni þeirra þarfnast endurskoðunar er nú unnið að því að endurskoða efni þeirra og gefa þau út á nýjan leik. Stefnt er að því að þessi rit verði send til allra skipa á íslenskri skipaskrá og birt á vefsíðu um öryggismál sjómanna. Þessi rit eru:

1. Notkun gúmmíbjörgunarbáta, gefið út 1981.
2. Lækningabók fyrir sjófarendur, gefin út 1982.

Siglingastofnun Íslands hefur fengið heimild systurstofnunar sinnar í Danmörku til að þýða bók sem hún gaf út í Danmörku um þetta efni. Lokið er þýðingu hennar og er stefnt að því að prentun hennar verði lokið um miðjan apríl 2003. Miðað er við að bókin verði seld á kostnaðarverði.

3. Kynning á stöðugleika skipa, gefið út 1988, sjá umfjöllun um 1.3.
4. Eldur um borð, gefið út 1990.
5. Björgun úr köldum sjó, gefið út 1986.

Fræðslumyndir.

Stuttmyndir frá 1993:

Lokið er við að gera 11 stuttmyndir um eftirtalin efni:

Léttbáturinn	5,39 mín.
Frágangur gúmmíbjörgunarbáta	7,52 mín.
Móttaka þyrlu	6,28 mín.
Notkun línabyssa	9,28 mín.
Æfingar um borð	8,00 mín.
Öryggi skips og áhafnar	8,00 mín.
Hættuleg efni um borð	7,27 mín.
Vinnuöryggi á vinnsluþilfari	7,40 mín.
Vinnuöryggi við fiskveiðar	15,30 mín.
Fallhætta á skipum	5,02 mín.
Öryggi við hífingar	6,30 mín.

Áformað er að fjölfalda þessar stuttmyndir á DVD og dreifa um borð í öll íslensk skip og jafnframt hafa þær aðgengilega á heimasíðu um öryggismál sjómanna. Tryggingafélög styrktu gerð stuttmyndar um öryggi skips og áhafnar.

Endurgerð eldri myndbanda:

Áformað er að endurgera gömul myndbönd og fjölfalda og dreifa með sama hætti og nýjum stuttmyndum sem fyrr er getið, en þessar myndir eru:

Nýliðafræðsla	21 mín 1993
Eldur um borð	17 mín. 1994
Öryggisfræðsla sjómanna	21 mín.1994
Skyndihjálp – endurlífgun	5 mín. 2001
Skyndihjálp – aðskotahlutur í hálsi	5 mín. 2001
Sæstrengir við Ísland	3 mín. 2001
Sæstrengir við Reykjavík	3 mín. 2001
Í köldum sjó	21 mín. 1991
Öryggi og heilbrigði vélstjóra	14 mín. 1991

Átök gegn slysum til sjós (9 stuttmyndir)	23 mín. 1992
Um björgunarbúninga og gúmmíbáta	26 mín. 1995
Á sama báti I	30 mín. 1997
Á sama báti II	33 mín. 1997
Björgun með þyrlu	25 mín. 1997
Stöðugleiki fiskiskipa	25 mín. 2003

Ný myndbönd: Áformað er að gera nýjar fræðslumyndir og fjölfalda og dreifa með sama hætti og öðrum myndum sem fyrr er getið. Ákveðið hefur verið að gera fræðslumynd um öryggismál smábáta og móttöku farþega í farþegaskipum.

4.6 Merkingar á hættusvæðum í skipum
4.7 Viðvörunarspjöld og leiðbeiningar

Markmið
Að auka öryggi í skipum með betri merkingum/viðvörunum um áhættu og betri aðgangi að leiðbeiningum um öryggistæki og öryggisráðstafanir.

Staða mála
Víða í skipum leynast hættur sem nauðsynlegt er að merkja og/eða benda á til að vekja athygli skipverja á hættunni. Mikilvægt er að merkja vel öll hættusvæði í skipum.

Kröfur um leiðbeiningar um notkun öryggisbúnaðar í skipum eru ekki uppfylltar í öllum tilvikum og þrýsta þarf á seljendur búnaðar og útgerðir um að leiðbeiningarnar séu aðgengilegar fyrir áhafnir skipa.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að hættusvæði í skipum séu merkt, að útbúin séu viðeigandi viðvörunarspjöld og að leiðbeiningar um meðferð öryggistækja séu aðgengilegar um borð í skipum.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, stéttarfélög sjómanna, LHG, Slysavarnaskóli sjómanna, Vinnueftirlitið, söluaðilar öryggisbúnaðar.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um 2 millj. kr. af fjárframlagi ársins 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi aðgerðir til að bæta úr merkingum og aðgengi áhafna skipa að leiðbeiningum, og sér til þess í samvinnu við málsaðila að merkingar og leiðbeiningar sem vantar séu gerðar og settar upp í skipum. Merkingar verða að þola það álag sem þær verða fyrir á hverju svæði þar sem þær eru settar upp, t.d. það að límmiðar endast stutt á vinnusvæðum í skipum.

Tímasetningar
Verkefnum ljúki á árinu 2003.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.
Reglur nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8, 9, 11, 14 og 20.
Listi Slysavarnaskóla sjómanna um aðgengilegt og æskilegt fræðsluefni.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003.
Gerð hefur verið tillaga að leiðbeiningum, viðvörunarspjöldum og merkingum sem þyrftu að vera til.

5.1 Slysa- og óhappaskráning í skipum
5.2 Sérstakt eyðublað í skip fyrir athugasemdir um öryggismál sjófarenda
5.5 Skráningarkerfi fyrir „næstum því slys og óhöpp“

Markmið
Að auka þekkingu á orsökum slysa og óhappa í íslenskum skipum og stuðla að bættri vitneskju um ástand öryggismála sjófarenda hverju sinni þannig að unnt sé að vinna markvisst að úrbótum.

Staða mála
Slysaskráningu hefur verið ábótavant og hingað til hafa upplýsingar um slys og orsakir þeirra ekki verið nægilega aðgengilegar þannig að óljóst hefur verið hvernig skuli standa að úrbótum í öryggismálum sjófarenda hér við land. Áhafnir mættu standa betur að skráningu slysa og óhappa í eigin skipum þannig að útgerðum gefist kostur á að bæta úr þeim atriðum sem aflaga hafa farið. Ábendingar sjófarenda um atriði sem þarfnast lagfæringar hafa ekki fengið formlega meðhöndlun hjá opinberum aðilum og því oft „týnst í kerfinu“. Nauðsynlegt er að bæta úr þessum atriðum og stuðla að meiri upplýsingasöfnun um þessi mál.

Virkja ber sjófarendur í að benda á það sem betur má fara víðs vegar við landið.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Rannsóknarnefnd sjóslysa hafi forgöngu um að fyrirkomulag slysa- og óhappaskráningar sé skilgreint. Siglingastofnun skilgreini fyrirkomulag vegna athugasemda um öryggismál sjófarenda.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, Tryggingastofnun, landlæknisembættið, Slysaskrá Íslands, tryggingafélög, útgerðir og stéttarfélög sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Verkefnið verði kostað af fjárveitingum rannsóknarnefndar sjóslysa.

Framkvæmd
Komið verði upp gagnagrunni þar sem unnt verði að skrá öll slys og óhöpp sem verða á íslenskum skipum og þegar þörf er á verði upplýsingum miðlað aftur til útgerða og áhafna skipa, svo sem þegar alvarleg slys eða mörg sambærileg hafa orðið. Samhliða verði sendar út tillögur að úrbótum ef unnt er.

Fyrirkomulag vegna ábendinga sjófarenda um atriði sem bæta þarf úr verði skipulagt, skráningu athugasemda verði komið á og meðhöndlun upplýsinga verði með formlegum hætti.

Stuðlað verði að því að slysa- og óhappaskráning sé tekin upp í öllum skipum, úrbætur séu gerðar af áhöfnum og útgerðum og að upplýsingum sé miðlað til annarra sambærilegra skipa.

Leggja þarf áherslu á að slys og óhöpp séu skráð í skipsbækur.

Tímasetningar
Fyrirkomulag skráninga verði ákvarðað 2002 og unnið verði samkvæmt skipulagi eftir að það liggur fyrir.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.
Reglugerð nr. 133/2001, um rannsókn sjóslysa.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 9, 10, 16, 19 og 21.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003.
Rannsóknarnefnd sjóslysa vinnur að gerð eyðublaðs fyrir slysa- og óhappaskráningu í skipum sem skal útfylla og senda til nefndarinnar þegar slys eða atvik verða.

5.3 Endurnýjuð sjókort séu gefin út og þau séu aðgengileg sem víðast
5.4 Ákvörðun þarf að taka um siglingaleiðir olíuskipa

Markmið
Að treysta öryggi skipa sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Að minnka líkur á mengunarslysum við strendur Íslands.

Staða mála
Í nýjum mælingum hafa verulegar skekkjur komið fram í sumum sjókortum sem gerð voru eftir gömlum handlóðsmælingum. Mikilvægt er að siglingaleiðir við landið séu kortlagðar og úrelt kort séu endurnýjuð og gefin út.

Nefnd sem skipuð var til að móta reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu skilaði skýrslu í byrjun árs 2001. Mikilvægt er að ákvarðanir séu teknar um siglingaleiðir olíuskipa þannig að öryggi þeirra sé tryggt á siglingu við landið og komið sé í veg fyrir mengunarslys.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Landhelgisgæsla og Siglingastofnun geri áætlun um mælingar og útgáfu sjó- og hafnarkorta. Hollustuvernd ríkisins hafi frumkvæði að áhættugreiningu vegna siglinga skipa er flytja hættulegan farm.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, Landhelgisgæsla, Sjómælingar, Hollustuvernd ríkisins, kaupskipaútgerðir, samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um 0,6 millj. kr. árið 2002 og 0,8 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Verkefni verði skipulögð af ábyrgðar-/umsjónaraðilum og viðkomandi samstarfsaðilum. Kostnaður vegna framkvæmda verði kynntur fyrir ráðuneytum sem gætu óskað fjármagns í næstu fjárlagafrumvörpum.

Tímasetningar
Verkefni verði skipulögð árið 2002 og síðan unnin samkvæmt gerðu skipulagi.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 17.
Skýrsla um niðurstöður nefndar um takmörkun siglinga við suðvesturströnd Íslands, janúar 2001.
Ráðstafanir til leiðarstjórnunar skipa við suðvesturströnd Íslands, skýrsla byggð á skýrslu DNV, febrúar 2001.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að frumvarpi um öryggi siglinga og öryggisþjónustu við skip. Umhverfisráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Siglingastofnun Íslands á tiltæk kort með dýptarmælingum við hafnir vegna framkvæmda við þær. Unnið er að því að setja þessi kort á netið.

Undirbúningur að áhættumati á siglingaleiðum er hafinn hjá Siglingastofnun.
Mars 2003.
Á Alþingi er til umfjöllunar frumvarp til laga um vaktstöð siglinga, en með því er m.a. verið að innleiða tilskipun EB 2002/59 sem fjallar m.a. um leiðarstjórnunarkerfi og siglingaleiðir.

Siglingastofnun hefur útbúið rannsóknaráætlun í tengslum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Þar eru verkefni sem tengjast siglingaleiðum skipa:

„Siglingaleiðir. Stefnt verður að mælingum á stöðugleika skipa á siglingaleiðum. Unnin verður skýrsla um siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður við núverandi leiðir. Þessi skýrsla verður unnin í samvinnu við þá aðila sem starfað hafa með Siglingastofnun að þróun upplýsingakerfis um hættulegar öldur og stöðugleika minni fiskiskipa, auk þeirra aðila sem unnið hafa að reiknilíkani um sjávarföll. Jafnframt verður unnið að setningu reglna um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.

Unnið er að könnun á hugsanlegum ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og lands með ferjulægi við Bakkafjöru. Gerðir hafa verið öldufarsreikningar á siglingaleiðinni og samið hefur verið við Vestmannaeyjahöfn um reglulegar dýptarmælingar við Bakkafjöru til að fylgjast með botnbreytingum. Gert er ráð fyrir að mælingarnar fari fram yfir sumar, haust, vetur og á vorin á tímabilinu 2002–2006.“

5.6 Aðgengi skipverja að upplýsingum um ástand skips
5.7 Sérstök heimasíða um öryggismál sjómanna
5.8 Upplýsingum dreift á netinu, með WAP-tækni og textavarpi

Markmið
Að allt aðgengi sjómanna að nauðsynlegum upplýsingum sem tengjast öryggi þeirra á sjó sé aukið.

Staða mála
Upplýsingar um ástand skipa, stöðugleika, athugasemdir skoðunarmanna, réttindamál áhafna o.s.frv. hafa ekki verið sérlega aðgengilegar fyrir áhafnir viðkomandi skipa. Nauðsynlegt er að þessar upplýsingar verði mun aðgengilegri en nú fyrir útgerðir, áhafnir og eftirlitsaðila, og jafnvel ætti að vera hægt að skoða þær á netinu.

Upplýsingar um öryggismál sjómanna almennt þyrftu að vera aðgengilegar á netinu og þar þyrfti að vera hægt að sækja og fylla út sem flest eyðublöð er varða sjófarendur.

Upplýsingakerfi SÍ um veður og sjólag er til bóta fyrir sjófarendur og skoða þarf möguleika á dreifingu upplýsinga sem víðast, svo sem í textavarpi sjónvarps og með nettengingu farsíma.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um þessi mál.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, Veðurstofa, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkisútvarpið o.fl.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um:
0,7 millj. kr. árið 2001,
0,4 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi þessa vinnu í samráði við viðkomandi samstarfsaðila.

Tímasetningar
Unnið verði að þessum verkefnum árin 2001–2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 10 og 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Ákveðið hefur verið að setja upp sérstaka heimasíðu um öryggismál sjófarenda. Útbúin hafa verið drög að veftré fyrir síðuna og verður hún opnuð síðar á árinu 2002.

Unnið er að gerð nýrrar skipaskrár og er stefnt að því að upplýsingar um ástand skips verði aðgengilegar.
Mars 2003.
Unnið er að því að setja inn efni á heimasíðu um öryggismál sjófarenda og hefur það verk tafist en nú er stefnt að því að hún verði opnuð formlega um mitt ár. Siglingastofnun hefur tekið í notkun nýtt tölvukerfi fyrir skipaskrá og er verið að uppfæra það kerfi í ljósi þeirrar reynslu sem komin er og í framhaldi af því verður skoðað að hvaða marki hún verður opnuð og gerð aðgengileg með rafrænum hætti.

5.9 Úrbætur séu gerðar á farsímasambandi við land
5.10 Skilgreind verði neyðarsímsvörun í 112 fyrir sjómenn

Markmið
Að öryggi skipa og báta á siglingu við landið verði aukið.

Staða mála
Víða nærri landi er farsímasamband lélegt og bæta þarf úr því á þeim svæðum þar sem það er mest aðkallandi með tilliti til öryggis sjófarenda.

Smábátasjómenn nota oft farsíma til að láta vita ef hætta steðjar að og því þyrfti að athuga hvort skilgreina ætti símanúmerið 112 þannig að sú neyðarsímsvörun gæti tekið við neyðarhringingum frá sjómönnum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun og Póst- og fjarskiptastofnun hafi forgöngu um þessi mál.

Samstarfsaðilar
Landhelgisgæsla, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landssíminn, Gufunes, Neyðarlínan, lögregla.

Áætluð fjármögnun
Verður fjármagnað af fjárlögum hverju sinni.

Framkvæmd
Vitasvið Siglingastofnunar og Póst- og fjarskiptastofnun skipuleggi þessa vinnu í samráði við samstarfsaðila.

Tímasetningar
Unnið verði að þessum verkefnum árin 2002 og 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 17.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð frumvarps til laga um öryggi siglinga og fjarskiptaþjónustu við skip.
Mars 2003.
Fjarskiptaþjónusta við skip er til umfjöllunar með frumvarpi til laga um vaktstöð siglinga á Alþingi.

5.11 Veðurstöðvum sé fjölgað við land
5.12 Úrbætur vegna NAVTEX-sendinga

Markmið
Að bæta upplýsingasöfnun um veður við landið og bæta upplýsingastreymi um veður til skipa á hafsvæðum umhverfis allt land.

Staða mála
Veðurstöðvar þurfa að vera sem víðast við land og forgangsraða þarf uppsetningu þeirra eftir óskum sjófarenda.

Mikilvægt er að úrbætur séu gerðar á skilyrðum fyrir NAVTEX-sendingar norður og austur af landinu.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Hafnasvið og vitasvið Siglingastofnunar og Póst- og fjarskiptastofnun geri áætlun um nauðsynlegar úrbætur vegna veðurupplýsinga til skipa á siglingu hér við land.

Samstarfsaðilar
Veðurstofa Íslands, Landssíminn, samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti.

Áætluð fjármögnun
Lagt er til að fjár til þessara verka verði óskað sérstaklega í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003 og síðari ára.

Framkvæmd
Verkefni verði skipulögð af ábyrgðar-/umsjónaraðilum og samstarfsaðilum. Kostnaður vegna framkvæmda verði kynntur fyrir viðkomandi ráðuneytum sem gætu óskað eftir fjármagni í næstu fjárlagafrumvörpum.

Tímasetningar
Verkefni verði skipulögð árið 2002 og síðan unnin samkvæmt gerðu skipulagi.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að frumvarpi til laga um öryggi siglinga og fjarskiptaþjónustu við skip þar sem m.a. verður fjallað um NAVTEX-sendingar.
Mars 2003.
Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um vaktstöð siglinga, þar sem m.a. er fjallað um Navtex-þjónustu við skip. Brýnt er orðið að taka í notkun langbylgjusendi fyrir Navtex svo hægt verði að þjónusta hafsvæðið fyrir austan land.

7.1 Gögn/ábendingar um stöðugleika séu á íslensku og stöðluð
7.2 Sérstakt leiðbeiningarspjald um hleðslu smábáta (sbr. 4.7 og 14.1)
7.3 Merkingar á dyrum og lúgum sem eiga að vera lokaðar á rúmsjó (sbr. 4.7)
7.4 Könnun á stöðugleika opinna báta (sbr. 14.3)
Skipuleggja þyrfti öryggisviku í kringum alþjóðasiglingadaginn í september.

Markmið
Að upplýsingar um stöðugleika allra íslenskra skipa og báta séu til og að þær séu aðgengilegar og augljósar skipstjórnarmönnum viðkomandi skipa.

Staða mála
Siglingastofnun varðveitir stöðugleikagögn fyrir öll íslensk þilfarsskip og vinnur að uppfærslu þeirra. Mikilvægt er að nákvæmar upplýsingar um stöðugleika liggi fyrir á hverjum tíma, svo sem vegna breytinga á skipum. Siglingastofnun og rannsóknarnefnd sjóslysa hafa lagt til ýmsar tillögur til úrbóta í stöðugleikamálum íslenskra skipa og þörf er á að hrinda mörgum þeirra í framkvæmd.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun tryggi að stöðugleiki skipa sé þekktur og stuðli að því að áhafnir þeirra viti hvaða annmarkar eru á stöðugleika eigin skips.

Samstarfsaðilar
Útgerðir.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki úrbætur í stöðugleika skipa og báta um:
0,3 millj. kr. árið 2001,
0,6 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi framkvæmd úrbóta þannig að unnt sé að ljúka öllum nauðsynlegum verkefnum fyrir árslok 2003. Dæmi um atriði sem þarf að skoða:
- Reglur um hallaprófun allra skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni.
- Reglur um hvernig gengið sé frá stöðugleikagögnum.
- Reglur um vatnsþétta niðurhólfun skips neðan og ofan aðalþilfars.
- Gögn/ábendingar um stöðugleika skipa séu á íslensku og stöðluð.
- Stöðugleikagögn fyrir smábáta – sérstakt leiðbeiningarspjald um hleðslu (sbr. 4.7 og 14.1).
- Reglur um stöðugleikaprófun opinna báta.
- Dyr og lúgur sem ekki má opna á rúmsjó á að merkja sérstaklega (sbr. 4.7).
- Könnun á stöðugleika opinna báta (sbr. 14.3).
- Hleðslumerki á bátum með mestu lengd allt að 15 metrum (sbr. 13).
- (Ábyrgð vélaverkstæða, skipasmiðja og dráttarbrauta vegna breytinga á skipum.)

Tímasetningar
Öllum nauðsynlegum verkefnum verði lokið á árinu 2003.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 26/2000, um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.
Reglur um stöðugleika báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 8, 11 og 23.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003.
Innan Siglingastofnunar er verið að vinna að breytingum á reglugerð nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem felur það í sér að gildissvið reglugerðarinnar verður rýmkað í skip 15 metrar og lengri og taki einnig til gamalla skipa.

Unnið er að gerð fræðsluefnis um stöðugleikamál.

Hjá Siglingastofnun er verið að þróa stöðugleikagögn skipa með það að markmiði að gera þau einfaldari í notkun fyrir skipstjórnarmenn. Jafnframt er stefnt að því að tengja þau upplýsingakerfi stofnunarinnar um veður og sjólag og verða þau aðgengileg skipstjórnarmönnum þar.

11.1 Gæðastjórnunarkerfi séu notuð við skoðanir og eftirlit með skipum
11.2–11.4 Öryggisstjórnunarkerfi séu notuð í öllum farþegaskipum og farþegabátum, við eftirlit með öryggi í höfnum, séu tekin upp í öllum íslenskum fiskiskipum o.fl.

Markmið
Að bæta skilvirkni og einsleitni opinbers eftirlits, sem og eftirlit einkaaðila með öryggisatriðum á stöðum sem þeir bera ábyrgð á.

Staða mála
Siglingastofnun hefur undanfarin ár unnið að gæðastjórnunarkerfi fyrir stofnunina sem stuðla á meðal annars að einsleitari skoðun eftirlits í öllum umdæmum. Mikilvægt er að þeirri vinnu miði vel áfram. Öryggisstjórnunarkerfi hafa verið að sanna gildi sitt við notkun á mörgum sviðum og því ætti að reyna notkun þeirra á öllum sviðum öryggismála sjófarenda.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að skilgreina kröfur til öryggisstjórnunarkerfa.

Samstarfsaðilar
Útgerðir farþegaskipa, SÍK, LÍÚ, hafnir og hafnasamlög og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki vinnu að gerð öryggisstjórnunarkerfa á ýmsum sviðum um:
0,1 millj. kr. árið 2001,
0,2 millj. kr. árið 2002,
1,2 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun ljúki vinnu við gerð gæðastjórnunarkerfis sem nær yfir starfsemi stofnunarinnar og skoðanir allra gerða skipa fyrir árslok 2003.

Siglingastofnun skilgreini kröfur til öryggisstjórnunarkerfa í skipum og höfnum á árinu 2002 og 2003.

Tímasetningar
Sjá framkvæmd.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 14, 16, 19 og 20.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð gæðastjórnunarkerfa innan sjómannaskóla samkvæmt lögum nr. 76/2001. Siglingastofnun mun hafa eftirlit með að nám og kennsla í sjómannaskólum uppfylli kröfur alþjóðasamþykkta, þar á meðal kröfur um gæðastjórnunarkerfi.

Siglingastofnun er að leggja lokahönd á gerð gæðastjórnunarkerfis fyrir stofnunina sem m.a. á að leiða til einsleitari skipaskoðana og unnið er að öryggishandbók fyrir hafnir.
Mars 2003.
Unnið er að því að breyta reglugerð um öryggi fiskiskipa, nr. 26/2000, þannig að hún nái til gamalla og nýrra skipa yfir 15 m að lengd. Með því næst heildstæð mynd á reglugerðarumhverfið tengt fiskiskipum. Þetta hefur leitt til þess að unnið er nú að því að endurskoða skoðunarskýrslur og handbækur samkvæmt þessum breytingum og einnig er unnið að nýsmíðaskýrslum og handbókum. Jafnframt er þetta til skoðunar í tengslum við væntanlega gildistöku nýrra laga um eftirlit með skipum sem taka eiga gildi 1. janúar 2004 en þar er m.a. annars kveðið á um breytta tíðni skoðana.

Siglingastofnun hefur nú fjárfest í Focal-gæðahandbókarkerfi og er nú t.d. mun auðveldara að halda utan um skoðunarhandbækur og skoðunarskýrslur. Einnig var fjárfest í innri og ytri úttektarkerfum og kvartanakerfi sem er liður í gæðastjórnunarkerfum.

13.1 Efla þarf skilvirkni og samstarf eftirlitsaðila
13.2 Skipuleggja þarf fyrirkomulag skyndiskoðana í íslenskum skipum
13.5 Reglubundnar athuganir á æfingahaldi og starfsþjálfun í skipum
13.6 Reglum um öryggisráðstafanir við hífingar sé betur fylgt eftir
13.7 Skilvirkara eftirlit með aðbúnaði í skipum

Markmið
Að stuðla að því að samstarf eftirlitsaðila sé eflt þannig að skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti aukist og að meiri áhersla verði lögð á eftirfylgni með að lög og reglur séu virt.

Staða mála
Eftirlit um borð í skipum er á höndum margra aðila, SÍ, LHG, flokkunarfélaga, Póst- og fjarskipta-stofnunar, Hollustuverndar, Fiskistofu og einkaaðila. Mikilvægt er að allt eftirlit sé metið með tilliti til möguleika á aukinni samvinnu eftirlitsaðila þannig að hagkvæmni eftirlits og þjónusta við útgerðir skipa verði bætt. Eftirlit með öryggisatriðum þarf að bæta og fylgja þarf betur eftir að ástand skipa, búnaðar og áhafna sé samkvæmt lögum og reglum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi aðgerðir er stuðla að bættu eftirliti og virðingu fyrir lögum og reglugerðum.

Samstarfsaðilar
SÍ, LHG, flokkunarfélög, Póst- og fjarskiptastofnun, Hollustuvernd, Fiskistofa, Vinnueftirlitið.

Áætluð fjármögnun
Verkefni verði kostuð af eftirlitsaðilum en langtímaáætlun styrki þau um:
0,3 millj. kr. árið 2001,
0,5 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að eftirlitsaðilar geri samkomulag um samstarf sem stuðli að aukinni skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti með búnaði og áhöfnum skipa. Samstarfsaðilar skipuleggi fyrirkomulag eftirlits og skyndiskoðana í skipum og við þá vinnu sé stuðst við ábendingar í þingsályktunartillögu um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda og ábendingar rannsóknarnefndar sjóslysa. Dæmi um atriði sem fylgja þarf eftir:
- Æfingahald og starfsþjálfun í skipum sé samkvæmt reglum.
- Öryggisráðstafanir við hífingar séu í samræmi við reglur.
- Aðbúnaður áhafna sé samkvæmt kröfum, svo sem loftræsting, hávaði, titringur.
- Skráning í skipsbækur sé samkvæmt lögum.
- Hleðslumerki séu á öllum fiskiskipum með mestu lengd allt að 15 metrum.
- Unnið sé samkvæmt þeim reglum sem gilda um vinnuöryggi almennt um borð í skipum.

- Frágangur stiga í lestum og landganga sé samkvæmt reglum.
- Öryggisatriði í höfnum séu samkvæmt reglum.
- Sigling, sjóbúnaður og viðhald skipa sé samkvæmt reglum þar að lútandi.

Tímasetningar
Vinna að þessum atriðum hefjist í byrjun árs 2002 og verði viðhaldið á komandi árum. Samkomulag um samstarf eftirlitsaðila liggi fyrir í lok ársins 2002.

Lög og reglugerðir
Öll lög og reglugerðir er varða öryggi sjófarenda.

Forgangsröð: A.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003.
Gert er ráð fyrir að með notkun gæðastjórnunarkerfis Siglingastofnunar við eftirlit með skipum verði bætt úr flestum þessara atriða.

14.1 Auka þarf og festa í sessi samstarf Íslendinga og nágrannaþjóða í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna
14.2 Upplýsingum um ýmsar rannsóknir sem verið er að vinna að eða hafa verið gerðar ætti að safna saman á einn stað þannig að aðilar viti hver af öðrum
14.4 Rannsóknir á stjórnun stöðugleika fiskiskipa

Markmið
Að efla rannsóknir, þróun og hönnun á ráðstöfunum er aukið gætu öryggi sjómanna og stuðla að samstarfi sem víðast á þeim vettvangi. Að stuðla að því að upplýsingum um rannsóknir sé miðlað milli rannsóknaraðila til að efla samstarf og koma í veg fyrir tvíverknað.

Staða mála
Oft koma upp hugmyndir að lausnum er gætu stuðlað að auknu öryggi sjómanna, en oft vilja þær falla í dvala vegna tíma- eða fjárskorts. Einnig hafa verið unnar margar rannsóknir er tengjast öryggismálum sjómanna víða um heim, en talsvert vantar að upplýsingar um þessar rannsóknir séu aðgengilegar þannig að hætta er á að verið sé að endurtaka sömu hlutina margoft. Með því að safna saman og miðla upplýsingum um rannsóknir ásamt því að styrkja þær fjárhagslega er hægt að efla rannsóknarstarf til muna.

Siglingastofnun hefur unnið að rannsóknum á hreyfistöðugleika skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila. Ágætt væri að þessir aðilar héldu áfram með rannsóknirnar.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun meti tillögur að samstarfsverkefnum og fjármagni vænleg verkefni.

Samstarfsaðilar
Allir sem að öryggismálum sjófarenda koma:

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun ráðstafi fé til upplýsingasöfnunar og samstarfsverkefna:
0,9 millj. kr. árið 2002,
1,4 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun meti tillögur að samstarfsverkefnum í rannsóknum, þróun og hönnun og samþykki styrkveitingu til vænlegra verkefna. Auglýsa mætti þennan styrk til að hvetja hugvitsmenn til að koma með tillögur að úrlausnum í öryggismálum sjómanna. Dæmi um verkefni:
- Stöðugleikagögn fyrir smábáta.
- Vaktafyrirkomulag í skipum.
- Öryggisbúnaður við línuveiðar smábáta.
- Öryggi vegna vinnu við toghlera og á togþilförum.
- Landgangar fyrir minni tvíþilja fiskiskip.
- Fjarlækningabúnaður og lækningatæki.

Upplýsingum um rannsóknar- og þróunarverkefni sem varða öryggismál sjómanna verði safnað saman á heimasíðu Siglingastofnunar. Auglýsa þarf þessa söfnun sem víðast.

Tímasetningar
Ákvörðun um ráðstöfun fjár til verkefna skal liggja fyrir á fyrri hluta ársins 2002.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 8, 10, 11, 13, 21 og 23.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Borist hafa eftirfarandi erindi um rannsóknarverkefni:
1. Rannsókn á svefni, svefnmynstri og heilsu sjómanna.
2. Undirbúningur að verkefni um áhættu- og nertigreiningu.
3. Stöðugleikaforrit fyrir skip og báta.

Mars 2003.
Langtímaáætlun hefur styrkt rannsókn á svefngæðum og álagstíðni sjómanna.

Siglingastofnun hefur útbúið rannsóknaráætlun í tengslum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Kostnaður við rannsóknir og þróun árið 2003 er áætlaður 40 millj. kr., en 50 millj. kr. á ári 2004–2006. Í þingsályktunartillögunni er gerð ítarleg grein fyrir fyrirhuguðum rannsóknum á sviði Siglingastofnunar.

Þar kemur fram að með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Unnið verður að frumáætlunum vegna endurbóta á höfnum og innsiglingum samkvæmt verkefnum á samgönguáætlun. Helstu rannsóknarverkefni sem ráðgerð eru á árunum 2003–2006 eru:

Hafnar- og strandrannsóknir.
Öldufarsrannsóknir við hafnir.
Öldufarsrannsóknir við suðurströndina. Nú er unnið að rannsóknum á öldufari og straumum og áhrifum þess á siglingaöryggi mismunandi tegunda skipa á siglingaleiðum við Suðvesturland.
Siglingaleiðir. Stefnt verður að mælingum á stöðugleika skipa á siglingaleiðum. Unnin verður skýrsla um siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður við núverandi leiðir.
Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum, sjá 1.2. og 3.1.
Sjávarföll og sjávarflóð.
Rannsóknir sem tengjast öryggi sjófarenda. Árlegur kostnaður fyrsta árið er áætlaður 5 millj. kr. en síðar 10 millj. kr. á ári. Á síðari tímabilum áætlunarinnar verður aukin áhersla lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkostað að lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna. Helstu verkefni eru:
Vatnsþéttleiki skipa
- Vatnsþétt niðurhólfun skipa.
- Loftræsting og loftskipti milli lokaðra rýma skipsins.
- Stöðugleiki skips í löskuðu ástandi – lekastöðugleiki.
- Hönnunarforsendur á lokunarbúnaði opa á vatnsþéttum þiljum.

Hleðsla og ofhleðsla smábáta.
Loftflæði til aðalvéla skipa.
Hávaðarannsóknir.

14.3 Nauðsynlegt er að gerðar séu reglulega kannanir, úttektir og prófanir á ástandi og fyrirkomulagi öryggisbúnaðar í skipum og í höfnum

Markmið
Að stuðla að því að fyrirkomulag og ástand öryggisbúnaðar sé eins gott og mögulegt er hverju sinni.

Staða mála
Mörg atriði varðandi staðsetningu og frágang björgunar- og öryggisbúnaðar í skipum og í höfnum þarfnast skoðunar. Nauðsynlegt er að gera reglulega kannanir, úttektir og prófanir á ástandi og fyrirkomulagi öryggisbúnaðar og kynna fyrir málsaðilum niðurstöður og úrbótatillögur.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að kannanir, úttektir og prófanir fari fram.

Samstarfsaðilar
Allir sem að öryggismálum sjófarenda koma.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þetta verkefni um:
0,5 millj. kr. árið 2002 (af fjárframlögum 2001),
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Setja þarf ákvæði í reglur þannig að hægt sé að standa vel að öllum könnunum, úttektum og prófunum, ásamt ákvæðum ef þörf er á að krefjast breytinga á fyrirkomulagi öryggisbúnaðar. Dæmi um atriði sem þarfnast skoðunar:
- Staðsetning björgunarbáta með losunar- og sjósetningarbúnaði.
- Frágangur gúmmíbjörgunarbáta í skipum.
- Staðsetning neyðarhandtalstöðva.
- Stærðir og gerð björgunarbúninga sem valdir eru í einstök skip.
- Staðsetning björgunarvesta og björgunarbúninga.
- Gerð, staðsetning, uppfærsla og kynning neyðaráætlana og öryggisplana.
- Fyrirkomulag neyðarútganga í skipum.
- Staðsetning og fyrirkomulag handslökkvitækja í skipum.
- Stöðugleiki opinna báta.
- Hálkuvarnir í skipum og á bryggjum og skóbúnaður sjómanna.
- Vinnuaðstæður við toghlera, í rennum, við frystitæki og í lestum.
- Aðstæður við landgöngu úr skipum.
- Öryggisbúnaður og aðstæður almennt í höfnum.

Tímasetningar
Verkefni verði unnin eftir því sem fjárhagur leyfir árin 2002 og 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 11, 12, 13 og 16.

Framvinda verkefnis
Mars 2003.
Úttektir í höfnum.
Unnið hefur verið að því að kortleggja þær kröfur sem gerðar er til hafna, t.d. með reglum um slysavarnir í höfnum, nr. 247/2000, með síðari breytingum. Búið er að setja upp skoðunarskýrslu og skoðunarhandbók fyrir úttektarmenn Siglingastofnunar og einnig geta þær hafnir sem þess óska notað þau gögn fyrir innri úttektir hafnanna sjálfra.

Í samvinnu við Grundarfjarðarhöfn og fleiri hafnir er unnið að öryggishandbók sem á að vera fyrsti vísir að gæðahandbók hafnarinnar. Þar er að finna, skipurit innra eftirlits, reglugerðir, lýsingu á björgunar- og öryggisbúnaði, upplýsingar um starfsfólk, neyðaráætlun, öryggisplan, skoðunarskýrslu og skoðunarhandbók, endurmenntun og aðrar upplýsingar.

Siglingastofnun hefur tekið út tvær hafnir með tilliti til öryggis þeirra, þ.e. Grundarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn, og er stefnt að því að búið verði að taka út allar hafnir í árslok 2004.

1242. Skýrsla [706. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er að finna stuttorðar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2001 á hverjum stað fyrir sig og tölur um fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VII. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja. Þá er í skýrslunni stutt samantekt um það helsta í rannsóknum Siglingastofnunar Íslands á sviði hafnamála og greinargerð fyrir megindráttum í starfsemi stofnunarinnar á árinu 2002 og birtar eru tölur úr rekstri.

Árið 2002 var eftirgreindum fjárhæðum varið til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	2002 millj. kr.	2001 millj. kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.870,0	1.164,5
Ferjubryggjur	15,5	0,1
Samtals	1.885,5	1.164,6

Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

Grundartangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Akranes.

Í október 2002 var dýpkun Akraneshafnar boðin út. Í verkinu felst í aðalatriðum að dýpkað verður í 8,5 til 10 m dýpi við væntanlegt þil Aðalhafnargarðs og er flatarmál dýpkunarsvæðisins um 15.000 m^2. Þrjú tilboð bárust í verkið. Lægst var tilboð Hagtaks ehf. í Hafnarfirði, 59.529.500 kr. er nam 93,6% af kostnaðaráætlun hönnuða og var gengið til samninga við fyrirtækið á grundvelli tilboðs þess.

Verkið hófst í lok október 2002 og er áætlað að því ljúki í byrjun mars 2003.

Undirbúningur að uppsetningu stálþils meðfram innsta hluta Aðalhafnargarðs hófst á árinu 2002 en verkið verður unnið á árinu 2003. Verkfræðistofan Burður ehf. annaðist hönnun á þili og festingum. Þilið verður um 160 m langt og er gert ráð fyrir að dýpi við það verði 10 m. Þarna hefur farið fram löndun á uppsjávarfiski og mun aðstaðan batna mjög með auknu dýpi.

Útboð á efni hefur farið fram en úrslit úr því eru ekki fengin.

Framkvæmdakostnaður: 37,4 millj. kr.

Borgarnes.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Snæfellsbær.

Arnarstapi: Þar var grjótgarður lengdur og gert við hann. Framkvæmdin fólst í því að lengja grjótgarðinn um því sem næst 45 m og gera við þann hluta hans sem fyrir var með því að bæta grjóti utan á hann og styrkja hann þannig. Unnið var viðbótarverk sem fólst í að skjólveggur var endurbyggður og færður til. Við það stækkaði þekjan um u.þ.b. 210^2 og er steypu þessarar þekju lokið.

Verkið var boðið út í júlí 2001 en megin hluti þess var unninn á árinu 2002.

Í viðgerðina á garðinum fóru um 6.000 m^3 af grjóti og kjarna og varð viðgerðin mun umfangsmeiri og kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir í samningi við verktaka.

Í lengingu garðsins fóru um 8.500 m^3 af grjóti og kjarna. Grjótnáma var við Malarrif. Innifalið í verkinu var að sprengja og fjarlægja tvö til þrjú sker við enda garðsins og fjarlægja laust efni innst í höfninni. Brottnám skerjanna og dýpkun á klöpp varð til muna umfangsmeiri en áætlað var og jókst því kostnaður við þennan verklið verulega frá því sem gert var ráð fyrir í útboðinu. Alls var dýpkað 1.570 m^2 svæði í 2 til 3 m dýpi og 2.700 m^3 fjarlægðir.

Þegar unnið var að dýpkun meðfram trébryggju sem næst er grjótgarði kom í ljós að styrkja þurfti undirstöður hennar. Lárus Einarsson verktaki úr Mosfellsbæ var fenginn í það verk. Aðalverktaki við framkvæmdirnar var Stafnafell ehf., undirverktaki við dýpkun var Hagtak hf.

Á fjárlögum ársins 2001 voru ætlaðar 38 millj. kr. í verkið og annað eins á fjárlögum 2002.

Rifshöfn: Þar stendur yfir bygging viðlegugarðs, svonefnds Norðurþils, samkvæmt hafnaáætlun. Verkið felst í því að keyra út um 80 m langa fyllingu og ramma við hana um 94 m langt stálþil. Í verkinu felst einnig að fjarlægja gömlu staurakistuna og dýpka í 2 m við nýja stálþilið. Sú dýpkun mun þó hvorki vera endanleg né fullnægjandi.

Verkið var boðið út í október 2002. Tilboð voru opnuð þann 12. nóvember 2002 og að svo búnu samið við lægstbjóðanda, Ísar ehf. í Hafnarfirði, er hóf störf í desember. Er áformað að ljúka þessum verkhluta vorið 2003. Verður þá boðin út vinna við þekju og lagnir og einnig raflagnir og lýsing.

Á fjárlögum voru ætlaðar 24 millj. kr. til verksins og einnig voru 24 millj. kr. ætlaðar til að endurbyggja trébryggjuna. Að fengnu leyfi Siglingastofnunar voru þessi fjárframlög sameinuð í framkvæmdina við Norðurþil þar sem fyrirséð var að fé það sem ætlað var til verksins væri ekki nægjanlegt.

Ólafsvík: Árið 2001 var flotbryggja næst Suðurgarði lengd um 20 m og einnig voru fjarlægðar tvær úr sér gengnar flotbryggjur innan og austan við trébryggjuna og ein 20 m flotbryggja sett í staðinn. Árið 2002 var lokið við að setja stiga á flotbryggjurnar í samræmi við nýlega reglugerð um slysavarnir í höfnum og gengið frá slitlagi ofan við landgang.

Í fjáraukalögum 2002 var fjárveiting að upphæð 5,0 millj. kr. færð frá Snæfellsbæ til Raufarhafnar þar sem lenging grjótgarðs á Arnarstapa hafði reynst ódýrari en ætlað var.

Framkvæmdakostnaður: 81,9 millj. kr.

Grundarfjörður.

Þar var unnið að lengingu Stórubryggju, steypt þekja og settar vatnslagnir og ídráttarlagnir fyrir rafmagn.

Vinna við þil og skjólgarð utan á bryggjunni var boðin út í júní 2001 og var samið við Ísar ehf. í Hafnarfirði sem lauk framkvæmdinni í apríl 2002 og einnig var steypt upp ljósamastur og vatnshús.

Vinna við þekju og lagnir var boðin út í júní 2002. Lægsta tilboðið barst frá Almennu umhverfisþjónustunni ehf. á Grundarfirði að upphæð 24.670.632 kr. og var samið við fyrirtækið á grundvelli þess. Verkið fólst í því að steypa tæplega 4.000 m^2 þekju, leggja vatnslagnir og koma fyrir ídráttarrörum fyrir rafmagn. Þessum verkhluta lauk að mestu á árinu 2002.

Vinna við raflagnir og lýsingu á hafnarsvæði var boðin út í september 2002 og samið við lægstbjóðanda, Kristmund Harðarson rafverktaka á Grundarfirði, er bauð 3.340.000 kr. Verktaki lauk störfum að mestu á árinu 2002 en úttekt fer ekki fram fyrr en í janúar 2003.

Framkvæmdakostnaður: 50,7 millj. kr.

Stykkishólmur.

Þar var lengt stálþil austan við ferjulægi Baldurs í Súgandisey um 30 m ásamt um 10 m gafli. Enn fremur var steyptur kantur á þilið og komið fyrir pollum.

Verkið var boðið út í september 2002 og gengið til samninga við lægstbjóðanda, skipasmíðastöðina Skipavík hf. í Stykkishólmi, er bauð 8.283.600 kr. Stálþil og festingar komu til landsins í október 2002 og varð kostnaður við þennan lið 5,5 millj. kr.

Verkið er á fjárlögum og voru ætlaðar þar til þess 16,0 millj. kr.

Ljósamasturs- og vatnshús í Skipavík var á hafnaáætlun ársins 2001 en var þá frestað og svo var einnig nú og féð lánað til framkvæmdarinnar við stálþilið í Súgandisey þar sem gert var ráð fyrir að áætlað fé til þess verks myndi ekki hrökkva til.

Framkvæmdakostnaður: 13,6 millj. kr.

Dalabyggð.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Reykhólahöfn.

Dýpkað var meðfram bryggjunni og í höfninni. Samið var við GP-krana um gröbbun og við heimamenn um að flytja efni frá krananum. Haft var samráð við heimamenn og forsvarsmenn Þörungaverksmiðjunnar um val á verktíma. Verkið hófst í október og var lokið fyrir árslok 2002.

Veittur var tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði til að lagfæra tjón á garðinum fram á bryggju. Gert var við grjótvörnina og þekja o.fl. sem skemmst hafði var lagfært.

Framkvæmdakostnaður: 3,0 millj. kr.

Tjónastyrkur úr hafnabótasjóði: 2,8 millj. kr.

Vesturbyggð.

Patreksfjörður: Þar var samkvæmt hafnaáætlun veitt fé á fjárlögum 2002 til að dýpka og breikka innsiglingaropið og setja grjótvörn á enda Oddans, en heimamenn afréðu að fresta framkvæmdum.

Bíldudalur: Þar var veitt fé á síðasta ári til lengingar flotbryggju en heimamenn frestuðu verkinu og svo var einnig í ár.

Tálknafjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Bolungarvík.

Fjárveitingu í Grundargarð, sem á síðasta ári var lánuð til Vopnafjarðar, var endurúthlutað á fjárlögum 2002 og einnig var veitt fé samkvæmt hafnaáætlun til niðurrifs skjólveggs við

Brjótinn. Heimamenn ákváðu að fresta báðum þessum verkefnum og leggja í staðinn áherslu á að dýpka innsiglinguna og höfnina. Ekki var þó byrjað á dýpkun á árinu enda er það verkefni kostnaðarsamt og krefst mikils undirbúnings.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Veitt var fé samkvæmt hafnaáætlun til að rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð, en framkvæmdinni var frestað.

Flateyri: Þar var steypt þekja við hafnarkantinn, lagðar ídráttarlagnir fyrir vatn og rafmagn, gengið frá ljósamastursh úsi og settir upp tveir úttaksbrunnar. Steypt var 1.240 m^2 þekja, lögð út 345 m^2 klæðning og steyptur upp 15 x 1 m skvettmúr á landgafl á þili.

Verkið var boðið út að undanteknum raflagnaþættinum, en um hann var samið við Pólinn hf. á Ísafirði að undangenginni verðkönnun. Tilboð voru opnuð þann 22. maí 2002. Tvö tilboð bárust, hið lægra frá Eiríki og Einari Val hf. á Ísafirði að upphæð 12.674.000 kr. og var samið við fyrirtækið um framkvæmd verksins fyrir þessa upphæð. Samningsverð við Pólinn hf. var 2.917.120 kr.

Verk Eiríks og Einars Vals hf. hófst þann 9. júlí og lauk þann 14. september. Raflagnavinnu Pólsins var ekki að fullu lokið við áramót þar sem Orkubú Vestfjarða átti eftir að byggja spennistöð og leggja heimtaug. Mun þetta verða gert vorið 2003.

Suðureyri: Þar var samkvæmt hafnaáætlun veitt fé til stækkunar á smábátahöfninni, en þeim framkvæmdum var frestað.

Ísafjörður: Enn var frestað lögnum og þekjusteypu við nýja stálþilsbakkann í Sundahöfn, en samkvæmt hafnaáætlun var úthlutað fjárveitingu í það verk í fyrra og einnig í ár.

Í Sundahöfn á Ísafirði var samkvæmt hafnaáætlun veitt fé á fjárlögum til að endurbyggja elstu flotbryggjuna. Því var frestað, en í staðinn var flotholti með landgangi bætt við endann á ferjubrúnni. Flotholtið er 4 m á breidd og 10 m á lengd og hæðin er 0,9 m. Landgangurinn er 9 m að lengd. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta aðstöðu ferðaþjónustubáta.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 23. apríl 2002. Þrjú tilboð bárust, hið lægsta frá Trésmiðjunni ehf. í Hnífsdal að upphæð 2.595.501 kr. er nam 87,23% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var samið við Trésmiðjuna ehf. á grundvelli tilboðsins og unnu starfsmenn fyrirtækisins verkið í apríl og maí.

Heimilað var að ráðast í endurbyggingu elsta hluta Ásgeirsbakka. Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að endurbygging hæfist árið 2004, en skoðun leiddi í ljós að ástand mannvirkisins er nú þegar orðið það slæmt að hætta stafar af og því nauðsynlegt að flýta framkvæmdum. Hafinn var undirbúningur en ekki byrjað á sjálfu verkinu fyrir áramót.

Viðgerðarbryggja skipasmíðastöðvar sem gert var ráð fyrir í hafnaáætlun var felld út í niðurskurði á framlagi til hafnagerða sem ákveðinn var í fjárlögum.

Framkvæmdakostnaður: 23,1 millj. kr.

Súðavík.

Þar var lokið framkvæmdum við 45 m langan skjólgarð við Suðurgarð og endurröðun og styrkingu grjótvarnar við Suðurgarð til að mynda skjól fyrir smábáta. Verkið var boðið út í október 2001 og hófst litlu síðar. Lægstbjóðandi var Jónas H. Jónbjörnsson á Húsavík er bauð 4.376.794 kr. sem nam 71,7% kostnaðaráætlunar. Í verkið fóru 4.334 m^3 af kjarna og 1.231 m^3 af grjóti. Endurraðað var 491 m^3 en viðbótargrjót sótt í Súðavíkurnámu.

Verkinu lauk í janúar 2002 og var tekið út í lok mánaðarins.

Undirbúningur að byggingu trébryggju á Súðavík hófst seint á árinu 2002. Mannvirkið er hannað hjá Siglingastofnun Íslands. Upphaflega var ráðgert að byggja 15 m langa léttbyggða

viðlegubryggju en heimamenn óskuðu eftir því að hún yrði lengd í 30 m og höfð fullsterk. Varð því að endurhanna bryggjuna að hluta. Í núverandi verkáætlun felst að garður við bryggju verður breikkaður, 20 m landveggur byggður og einnig 30 x 7 m furubryggja.

Úrslit útboðs fást í lok janúar 2003 og verða svo gerðir samningar vegna verksins. Hluti efnis hefur þegar verið keyptur.

Framkvæmdakostnaður: 10,7 millj. kr.

Norðurfjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Drangsnes.

Þar var steypt utan á bryggjuvegginn á um 19 m kafla næst landi. Gengið var frá kanttré á bryggjubrún og settir tveir stigar og þybbur. Innan við vegginn var fyllt upp og planið hækkað í sömu hæð og fremri hluti bryggju. Að svo búnu var steypt 424 m^2 þekja yfir. Gengið var frá vatnslögn undir þekju og ídráttarrörum fyrir rafmagn.

Verkið var að mestu unnið í júní og júlí 2002. Frágangur við stiga og þybbur dróst þó fram á haustið og verkinu var lokið að fullu í desember.

Kostnaður og umfang við verkið var innan þeirra marka að skylt væri að bjóða það út og var leitað tilboðs hjá Grundarási ehf. á Hólmavík og gerður samningur við fyrirtækið þann 21. september 2001. Samningsverð var 6.788.745 kr. Aukaverk fólust í því að bætt var við polla, niðurfalli frá vatnsbrunni, tengd ídráttarrör milli ljósamasturs og brunns og sett hitaveitulögn niður á bryggju. Að auki varð magn steypu meira en áætlað var, aðallega í vegg og utan á bryggju. Þetta olli tæplega 17% hækkun frá samningsverði.

Lögð var klæðning á alls 1.544 m^2 plan ofan við bryggjuna í Kokkálsvík og fram garðinn að bryggjunni. Í ljós kom að stærð svæðisins hafði verið vanmetin í hafnaáætlun og reyndist það rúmlega þriðjungi stærra en þar var gert ráð fyrir og skýrir það að verkið varð nokkru dýrara en áætlað var.

Verkfræðistofan Stoð á Sauðárkróki sá um undirbúningsmælingu og ákvarðaði hæðarlegu á plani en Siglingastofnun Íslands sá um gerð verklýsingar fyrir jarðvinnu.

Leitað var eftir tilboði frá Val Þórðarsyni á Hólmavík í jarðvinnuna og Vegagerðin á Ísafirði fengin til að sjá um útlagningu slitlags.

Mælingar og undirbúningur fór fram í júní. Byrjað var á jarðvinnu undir slitlag í júlí og lauk þeim störfum seint í ágúst. Vegagerðin lagði slitlagið þann 18. september 2002.

Framkvæmdakostnaður: 11,3 millj. kr.

Hólmavík.

Leiðrétt var uppgjör frá árinu 2001 vegna framkvæmda við upptökubraut. Heimamenn lögðu raflögn á flotbryggjuna til landtengingar og veitti Siglingastofnun samþykki sitt fyrir því að sú framkvæmd yrði metin styrkhæf, falli undir endurbætur á smábátaaðstöðunni sem hafnaáætlun gerði ráð fyrir.

Í fjáraukalögum var ónotuð fjárveiting, 3,5 millj. kr., færð frá Hólmavík til Raufarhafnar þar eð hluta af áformuðum framkvæmdum á Hólmavík var slegið á frest.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 millj. kr.

Húnaþing vestra.

Hvammstangi: Ekki var unnið að styrkhæfum framkvæmdum á árinu.

Í fjáraukalögum var ónotuð fjárveiting að upphæð 13,0 millj. kr. færð frá Hvammstanga til Raufarhafnar þar sem dýpkun Hvammstangahafnar var frestað.

Blönduós.

Ekki var unnið að styrkhæfum framkvæmdum á árinu.

Skagaströnd.

Í byrjun ágúst var samið við Björgun ehf. um að dýpka höfnina og innsiglinguna. Alls var farið yfir um 30.000 m^2 svæði. Dýpkunarskipið Perlan dældi upp um 15.000 m^3 af efni og losaði það í sjó vestur af Spákonufellshöfða. Innsiglingin var dýpkuð í rúma 7 m. Innan hafnar var miðað við að ná 7 m dýpi og tókst það að mestu en þó varð eftir haft út af enda nýju stálþilsbryggjunnar þar sem dýpi er 6,5 til 7 m. Verkinu lauk þann 27. ágúst.

Skömmu fyrir áramót var samið við M&T ehf. um kaup á upplýsingakerfi fyrir sjófarendur. Uppsetningu þess var ekki lokið við áramót.

Fyrri hluta sumars var lokið við viðgerð á siglingamerki á Brúnkollu og það sett upp að nýju, en siglingamerkið hafði brotnað af skerinu í miklu brimi í fyrrahaust. Var veittur tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði til viðgerðarinnar.

Dýpkun Skagastrandarhafnar reyndist kosta minna en ætlað var og í fjáraukalögum var ónotuð fjárveiting að upphæð 1,2 millj. kr. færð frá Skagaströnd til Raufarhafnar.

Framkvæmdakostnaður: 7,8 millj. kr.

Tjónastyrkur: 0,6 millj. kr.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Í júní lauk Elinn ehf. verkþætti sínum við 130 m langt stálþil á Norðurgarði. Í því fólst að reka niður þilið, ganga frá festingum, fylla að og steypa kant.

Í byrjun júlí var boðin út þekjusteypa og lagnir við stálþil á Norðurgarði og samið við lægstbjóðanda, G. Þorsteinsson ehf. á Hornafirði. Lauk hann verkinu um mánaðamótin október nóvember. Lagðar voru vatnslagnir og ídráttarrör fyrir rafmagn í bryggjuna og steypt 3.309 m^2 þekja. Ákveðið var að malbika 700 m^2 af þekjunni og verður það verk unnið á næsta ári.

Um haustið var gengið til samninga við Rafsjá um raflagnir í bryggjuna. Samningsupphæð var 2.788 þús. kr. Einnig var sett upp spennistöð fyrir bryggjuna ásamt heimtaug. Því verki var ekki að fullu lokið um áramót.

Samkvæmt hafnaáætlun var veitt fé til að dýpka við Norðurgarðinn og í innsiglingu. Dýpkunarskipið Perlan var fengið til að dæla upp um 4.000 m^3 og dýpka í 8,5 m meðfram nýja stálþilinu, en ákveðið var að fresta megin hluta dýpkunarinnar fram á næsta ár. Hugmyndin er að nýta efni úr dýpkun í uppfyllingu við fyrirhugaða breikkun Strandvegar sem Vegagerðin ráðgerir að bjóða út á næsta ári.

Rekstur þilsins var mjög erfiður og var dýpkað frá því til að kanna hvort það hefði skemmst í rekstrinum. Í ljós komu skemmdir á einni plötu og var gatinu lokað með stálplötu og þétt með steypu. Einnig var komið fyrir steyptri rofvörn á botninum framan við viðgerðu plötuna.

Bygging stálþils á Norðurgarði reyndist ódýrari en ætlað var og var því fjárveiting að upphæð 7,0 millj. kr. flutt til Raufarhafnar í fjáraukalögum 2002.

Haganesvík: Þar var grafinn upp sandur sem borist hafði að bryggjunni og notuð til þess fjárveiting frá síðasta ári. Kostnaður við það varð um 170 þús. kr.

Framkvæmdakostnaður: 58,9 millj. kr.

Siglufjörður.

Þar var boðin út þekja og lagnir við lengingu Óskarsbryggju. Útboð fór fram í júní og var í framhaldi af því gengið til samninga við lægstbjóðanda, Bás ehf. á Siglufirði. Steypt var 2.355 m^2 þekja ásamt rafbúnaðarhúsi og gengið frá ídráttar- og vatnslögnum. Verkinu lauk þann 28. október 2002. Í framhaldi af því var gengið til samninga við Rafbæ sf. um rafbúnað og lagnir. Því verki lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 29,3 millj. kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður: Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að endurbyggja loðnulöndunarkant en Alþingi frestaði fjárveitingu í það verkefni.

Veitt var fé samkvæmt hafnaáætlun til að rífa gamla trébryggju við vesturenda togaralöndunarkants og hefja framkvæmdir við 40 m langt stálþil, en heimamenn tóku ákvörðun um að fresta því verki. Í staðinn fengu þeir heimild til að dýpka höfnina og til að styrkja grjótvörn á Norðurgarði. Dýpkunin var boðin út í nóvember ásamt dýpkun Akureyrarhafnar við Krossanes og bauð Björgun ehf. lægst í þessi verkefni, tæplega 10,8 millj. kr. sem var 69% af áætluðum kostnaði. Byrjað var að dýpka á Ólafsfirði í desember og lauk verkinu fyrir áramót, en lokauppgjör fer ekki fram fyrr en dýpkun í Krossanesi er lokið svo hægt verði að mæla bæði verkin í einu. Dælt var á um 23.000 m^2 svæði austan til í höfninni og við hafnarmynnið, alls um 6.200 m^3.

Samið var við Árna Helgason á Ólafsfirði um styrkingu grjótvarnar á Norðurgarði á 60 m kafla. Um áramót hafði verktaki flutt grjót á staðinn en sjálf styrking grjótvarnarinnar var lítið komin af stað.

Dalvík: Þar var veitt fé samkvæmt hafnaáætlun til að endurraða og styrkja grjótvörn á Suðurgarði en ekki var byrjað á verkinu fyrir áramót.

Árskógssandur / Hrísey: Þar var unnið að uppsetningu búnaðar sem auðvelda á fötluðum að komast að og frá borði Hríseyjarferjunnar Sævars. Þetta var lokahnykkurinn til að endurbæta aðstöðuna fyrir nýju Hríseyjarferjuna, en framkvæmdir við það hófust árið 2000. Hönnunarforsendur voru þær að unnt yrði að koma hjólastólum að og frá ferjunni með breiðum spil- eða vökvadrifnum landgangi. Landganginum varð að vera hægt að fjarstýra frá skipinu.

Verkfræðistofan Burður hannaði búnaðinn og samið var við Kötlu ehf. á Árskógssandi um að vinna verkið í tímavinnu. Það hófst í júlí og var unnið þá að mestu leyti en endanlega var lokið við það í nóvember.

Hauganes: Þar var sett grjótvörn á hafnarsvæði við gömlu bryggjuna. Þetta var smáverk og var það unnið með sjóvörninni. Hallgrímur Hreinsson á Dalvík vann verkið í september 2002.

Framkvæmdakostnaður: 13,0 millj. kr.

Grímsey.

Þar var grjótvörn á hafnargarði lagfærð og einnig var byggður sjóvarnargarður (sjá kafla um sjóvarnargarða). Var þetta gert vegna þess að veður hafði valdið tjóni á hafnarmannvirkjum og var verkið að hluta fjármagnað með styrk úr Hafnabótasjóði. Samkvæmt hafnaáætlun hefði átt að steypa þekju, alls um 300 m^2 og laga skvettmúr, en því var frestað til ársins 2003, og fjárveitingin notuð til að styrkja grjótvörnina.

Verkið var boðið út og þrjú tilboð bárust sem opnuð voru þann 20. júní 2002. Lægstbjóðandi reyndist Árni Helgason verktaki í Ólafsfirði og var samið við hann um verkið. Samningsupphæð var 16.046.000 kr. er nam 90,7% af kostnaðaráætlun hönnuða. Í verkinu

fólst að skapa aðstöðu í Grímsey til að vinna verkið. Flytja þangað vinnuvélar og tæki og enn fremur stórgrýti frá námu á Árskógssandi, alls 208 steina 8–14 tonn. Grjót í milliflokka, um 4.240 m^3, var unnið úr námu í Grímsey. Af því fóru um 2.000 m^3 í sjóvörnina. Verktaki hóf störf í byrjun júlí og lauk verki þann 15. september. Þörf er á að styrkja grjótvörn hafnargarðsins enn frekar með grjóti úr landi og brýnt að það verði gert á næstu árum.

Framkvæmdakostnaður: 8,6 millj. kr. (án sjóvarnar).

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 10,0 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Akureyri: Þar var unnið að II. áfanga vesturbakka í fiskihöfn. Efni í stálþil hafði verið keypt árið 2001 og var ætlunin þá að lengja bakkann um 70 m og setja 35 m langan landgafl. Heimamenn óskuðu eftir því að þilið yrði stytt og framhliðin ekki höfð nema 30 m, en landgaflinn óbreyttur, þ.e. 35 m. Þilið er hannað fyrir 9 m dýpi og landgaflinn fyrir 4,5 m, en þar eiga minni bátar að geta legið.

Útboð fór fram í apríl og tilboð voru opnuð í lok mánaðarins. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Kötlu ehf. á Árskógssandi, sem bauð 15.354.500 kr., 83% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að reka niður stálþil og ganga frá festingum, fylla að og steypa kant, sem varð 69 m langur, og koma fyrir pollum, niðurföllum og stigum. Fríholt voru sett upp og gengið frá bráðabirgðalýsingu. Fyllt var í þilið með kjarna og möl en efsta burðarlagið var sótt að Þverá. Að síðustu var svæðið jafnað með hörpuðu efni.

Verktaki hóf störf í maí 2002 og lauk verkinu þann 16. október og úttekt fór fram þann 31. nóvember.

Lokið var uppgjöri vegna dýpkunar sem unnið var að í fiskhöfn á síðasta ári, en fullnaðardýpkun er þó ekki lokið. Áformað er að dýpkunarskip verði á Akureyri í febrúar eða mars 2003 og er ætlunin að ljúka þá við dýpkunina.

Samkvæmt hafnaáætlun kom fjárveiting árin 2001 og 2002 til að rífa Sverrisbryggju og byggja í staðinn bryggju fyrir fóðurskip, en heimamenn frestuðu framkvæmd. Sömuleiðis var frestað byggingu uppsáturs fyrir smábáta, en fjárveiting var í þá framkvæmd árið 2001.

Í staðinn var fengin heimild til að flýta framkvæmdum við annan áfanga bryggjugerðar í Krossanesi. Byrjað var á uppfyllingu við væntanlegt stálþil og dýpkun boðin út ásamt dýpkun í Ólafsfirði. Björgun ehf. átti lægsta tilboðið, en ekki var byrjað að dýpka á Akureyri fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 27,2 millj. kr.

Húsavík.

Þar var unnið að gerð brimvarnargarðs á Böku, en það verk hófst í byrjun ágúst 2001 og vísast til skýrslu ársins 2001 um verkundirbúning og framkvæmdir þess árs.

Samið var við Ístak hf. um verkið að undangengnu útboði á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem Ístak hf. reyndist lægstbjóðandi. Samningsverð var 398.426.658 kr. sem nam 80,2% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Í verkinu felst bygging um 300 m langs brimvarnargarðs af bermugerð út frá fyllingu við Bökuna utan við Norðurgarð á Húsavík. Garðurinn nær út á 12 m dýpi. Hann er byggður úr fimm grjótflokkum auk sprengds kjarna. Í garðinn fara um 275.000 m^3 af efni, þar af um 140.000 m^3 af grjóti og um 135.000 m^3 af kjarna. Megnið af grjótinu var sótt í námu í Hlíðarhorni á Tjörnesi en hluti af smærra grjótinu og kjarnanum í Kötlunámu rétt sunnan Húsavíkur.

Áformað var að verkinu lyki í lok september 2002 en vegna þess að nokkur magnaukning varð, er einkum stafaði af því að dýpi undir garðinum reyndist meira en ætlað var, og að gerð var útrás í gegnum garðinn að beiðni Húsavíkurbæjar, lauk verkinu ekki fyrr en þann 18. desember og fór lokaúttekt fram í desember 2003. Enn er þó eftir að ganga frá endanlegu uppgjöri við verktaka.

Kostnaður við verkið á árinu 2002 skiptist í greiðslur fyrir grjótnám, eftirlits- og umsjónarkostnað auk verktakakostnaðar.

Framkvæmdakostnaður: 325 millj. kr.

Tjörneshöfn.

Engar ríksstyrktar framkvæmdir.

Kópasker.

Fram fór dýpkun í höfninni á Kópaskeri. Fjarlægðir voru 5.126 m^3 af efni.

Óskað var eftir tilboði frá Björgun ehf. í verkið og var samið um það við fyrirtækið. Einnig sá Vökvaþjónusta Eyþórs ehf. á Kópaskeri um hluta af verkinu sem fólst í dýpkun frá landi þar sem fyrirséð var að tæki Björgunar kæmust ekki að grynnsta hluta dýpkunarsvæðis.

Verkið hófst í júlí 2002 og var lokið í ágúst. Höfnin var dýptarmæld í september. Innsiglingarbauja við höfnina var endurnýjuð og var veittur styrkur af óskiptri fjárveitingu í það verk.

Gerð viðlegubryggju fyrir smábáta var frestað og fjárveiting er til hennar var ætluð, að upphæð 1,8 millj. kr., var flutt til Raufarhafnar.

Framkvæmdakostnaður: 4,5 millj. kr. (að meðtöldu framlagi af óskiptri fjárveitingu).

Raufarhöfn.

Dýpkunarframkvæmdir sem hafnirnar á Raufarhöfn og Þórshöfn standa að í sameiningu hófust í maí 2002 að undangengnu útboði og er ráðgert að þeim ljúki þann 1. mars 2003, sbr. lýsingu á þessu verki í kaflanum um Þórshöfn. Þar sem framkvæmdir við dýpkun innsiglingarrennu á Raufarhöfn eru fyrr á ferð en upphaflega var áætlað var fjárveiting til verksins hækkuð um 104,0 millj. kr. í fjáraukalögum 2002.

Unnið var að undirbúningi upplýsingakerfis um veður og sjólag. Útbúið var þráðlaust fjarskiptakerfi vegna þessa, sem ekki hefur verið gert áður. Áformað er að kerfið verði sett upp og taki til starfa vorið 2003.

Frestað var framkvæmdum við frágang vegna niðurrifs á bryggjum og grjóthleðslu við hótel Norðurljós. Var fjárveiting sem ætluð var í það verk notuð í dýpkunarframkvæmd.

Framkvæmdakostnaður: 71,6 millj. kr.

Þórshöfn.

Suðurkantur Hafskipabryggunnar var lengdur um 15 m árið 2001 með því að rekið var niður stálþil til suðvesturs. Steyptur var kantur með pollum og stigum ásamt þybbum, sbr. skýrslu um hafnaframkvæmdir ársins 2001. Þessu verki lauk laust eftir áramótin 2001 / 2002 og var tekið út þann 15. janúar 2002.

Þekja og lagnir á lengingu suðurkants Hafskipabryggjunnar var boðin út og tilboð opnuð þann 8. ágúst 2002. Í verkinu fólst að fjarlægt var óburðarhæft fyllingarefni og nothæft efni sett í staðinn og jafnað. Steypt var 547 m^2 þekja, lagðar lagnir fyrir vatn, ídráttarlagnir fyrir raflagnir, sett stigaljós og gengið frá úttaksbrunni fyrir vatn og rafmagn. Rafbúnaðarhús var byggt, sett upp aðaltafla og allt rafmagn tengt.

Aðeins barst eitt tilboð í verkið, frá Vökvaþjónustu Kópaskers ehf., að fjárhæð 6.008.420 kr., er var 86,3% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var samið við fyrirtækið á grundvelli þessa tilboðs.

Verkið hófst í lok ágúst 2002 og því lauk í október 2002. Lenging suðurkants Hafskipabryggju var upphaflega á hafnaáætlun árið 2000 og var þá veitt fé til verksins. Frestun framkvæmda og breytingar á framkvæmdatíma hafa leitt til þess að kostnaður fór talsvert fram úr því sem upphaflega var áætlað.

Viðgerð fór fram á norðurhlið Hafskipabryggjunnar, en hún hafði orðið fyrir skemmdum er togarinn Stakfell ÞH lamdist við hana í ofsaveðri. Veittur var styrkur úr Hafnabótasjóði til verksins. Í verkinu fólst að skemmt bryggjutimbur var fjarlægt og nýtt sett í staðinn. Óskað var eftir verðtilboði frá Trésmiðjunni Brú á Þórshöfn og var samið við fyrirtækið um viðgerðina fyrir 2.118.760 kr. Nokkur aukaverk bættust við á verktíma þannig að heildargreiðsla til verktaka var 3.583.460 kr.

Verkið hófst í byrjun apríl og lauk þann 10. maí 2002.

Þann 12. mars 2002 voru opnuð tilboð í dýpkun innsiglingar og hafnar á Þórshöfn og dýpkun innsiglingar inn að nýjum stálþilskanti við Löndunarbryggjuna á Raufarhöfn. Alls bárust fimm tilboð í verkið og varð Sæþór ehf. lægstur með tilboð í bæði verkin að fjárhæð 275.268.545 kr. er nam 56% af kostnaðaráætlun Siglingastofnunar. Var gengið til samninga við fyrirtækið á grundvelli þessa tilboðs.

Verkið hófst í lok maí 2002 og á samkvæmt verksamningi að ljúka þann 1. september 2003. Fjárveitingu til dýpkunarframkvæmda, sem lánuð var til Vopnafjarðar árið 2001, var endurúthlutað á fjárlögum 2002.

Frestað var framkvæmdum við stálþilsbryggju sem samkvæmt hafnaáætlun áttu að hefjast á árinu og fjárveitingin notuð í dýpkun.

Framkvæmdakostnaður: 102,4 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 3,9 millj. kr.

Bakkafjörður.

Boðin var út lenging löndunarbryggju og Sjafnarbryggju í nýju höfninni á Bakkafirði. Voru tilboð opnuð þann 2. júlí 2002 og í framhaldi var gengið til samninga við lægstbjóðanda, Mælifell ehf., á grundvelli tilboðs fyrirtækisins að upphæð 9.081.720 kr. sem var aðeins yfir kostnaðaráætlun. Helstu efniskaup fólust í því að keyptur var harðviður af Channel Timber Ltd. með milligöngu Ríkiskaupa fyrir 3,6 millj. kr. og boltaefni var keypt frá Sandblæstri og málmhúðun fyrir um 350.000 kr.

Vinna við löndunarbryggju hófst um miðjan september og framkvæmdum við hana lauk um miðjan nóvember 2002. Bryggjan var lengd um 20 m til lands, steyptur var landveggur og ofan við bryggjuna var steypt 250 m^2 þekja, sem ekki hafði verið áformuð í upphafi.

Vegna mikils hæðarmunar á veginum niður á hafnarsvæði og nýju bryggjunni var ákveðið að lækka veginn og þurfti þess vegna að moka burt talsverðu efni, eða um 740 m^3. Þessar breytingar og viðbótarverk höfðu í för með sér talsverða hækkun á greiðslu til verktaka umfram það sem samningsbundið var og munaði þar mest um þekjusteypuna.

Pantaðir voru furustaurar og timbur í Sjafnarbryggju en tafir urðu á afhendingu efnisins þannig að ekki var unnt að hefja verkið eins og áætlað var. Er búist við að timbrið berist í ársbyrjun 2003.

Framkvæmdakostnaður: 19,1 millj. kr.

Vopnafjörður.

Sett var þekja á löndunarbryggju á Vopnafirði að stærð 2.358 m^2, lagðar ídráttarlagnir fyrir rafmagn og vatnslagnir, stigaljós sett, gengið frá úttaksbrunnum fyrir vatn og rafmagn, sett upp aðaltafla og allt rafmagn tengt.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 24. maí 2002. Tvö tilboð bárust og var samið við Mælifell ehf. á Vopnafirði á grundvelli tilboðs fyrirtækisins er hljóðaði upp á 15.607.760 kr. og nam 74,2% af kostnaðaráætlun. Aukaverk urðu fá og smá, en heildarupphæð vegna þeirra nam 162.800 kr. Vinna við raflagnir var utan útboðs og nam 1.700.000 kr.

Verkið hófst í byrjun júlí 2002 og var þekja steypt og kláruð í lok ágúst ásamt ídráttarlögnum og vatnslögnum.

Innsiglingarleið innan Skipahólma að Vopnafjarðarhöfn var dýpkuð, en það verk hófst árið 2001 samkvæmt sérstökum ákvörðunum. Rennan innan við hólmann, sem er 41 m á breidd, var dýpkuð í 9,0 m dýpi inn á móts við Kaupfélagsbryggjuna. Rennan frá Kaupfélagsbryggju að snúningshring var dýpkuð í 8,6 m dýpi. Lengd rennu er 450 m inn að bryggju. Í heild var dýpkað á 51.328 m^2 svæði.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 8. ágúst 2001. Tvö tilboð bárust og var því lægra, sem barst frá Sæþóri ehf. tekið, að upphæð 97.500.000 kr.

Verkið hófst í lok maí 2001 og var það tekið út þann 1. júní 2002.

Á árinu 2001 námu greiðslur til verktaka 62.724.915 kr. og árið 2002 55.583.146 kr.

Sett voru upp innsiglingarmerki fyrir nýju innsiglingarleiðina og voru þau tekin í notkun þann 25. september 2002. Þá var um svipað leyti komið fyrir tveimur nýjum baujum sem marka ytri enda á siglingaleiðinni.

Snemma á árinu heimilaði Hafnaráð greiðslu á tjónastyrk að upphæð 1,9 millj. kr. vegna viðgerðar á stálþili löndunarbryggju. Stálþilið hafði orðið fyrir skemmdum í byggingu og skipta þurfti um 10 plötur á miðkafla þilsins. Var það verk unnið síðastliðið haust og lauk skömmu fyrir áramót 2002/2003. Þá var innheimt verktrygging að upphæð kr 4,5 millj. frá þeim verktaka sem vann að byggingu stálþilsins á sínum tíma.

Framkvæmdakostnaður: 72,7 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 1,9 millj. kr.

Greidd verktrygging: 4,5 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Heimild var veitt til að nota ónotaða fjárveitingu frá dýpkun sem unnið var að á síðasta ári í ýmsan frágang við bátahöfnina í Hafnarhólma. Bátauppsátur var lengt og slitlag við höfnina endurnýjað á nokkrum stöðum.

Þá var veittur styrkur af óskiptri fjárveitingu til að setja upp ný leiðarmerki sem merkja siglingaleiðina inn á bátahöfnina við Hafnarhólma.

Framkvæmdakostnaður: 1,9 millj. kr. (að meðtöldu framlagi af óskiptri fjárveitingu).

Seyðisfjörður.

Þar var unnið að byggingu nýrrar ferjuhafnar. Standa að þeim framkvæmdum Siglingastofnun, Vegagerðin og Seyðisfjarðarbær. Verkefnið var ekki á samþykktri hafnaáætlun fyrir árin 2001–2004, en Alþingi tók ákvörðun um að veita í það 199,9 millj. kr. á fjárlögum 2002. Framlag ríkisins til hafnarmannvirkja þetta árið hækkaði því frá því sem hafnaáætlun gerði ráð fyrir en á móti kom lækkun á nokkrum stöðum þannig að heildarframlag varð 1.397 millj. kr. í stað 1.291,5 millj. kr. sem hafnaáætlun gerði ráð fyrir.

Byrjað var á fergingu á svæði fyrir væntanlega bryggju, þjónustuhús og brú á Fjarðará. Í verkinu fólst að keyrður var út fyrirstöðugarður og gengið frá sigplötum. Síðan var efni dælt úr dýpkun inn fyrir garðana og sá Björgun ehf. um það verk. Strax og búið var að dæla hluta efnis bak við garðinn hófst vinna við fargið. Efni til verksins var tekið úr námum við suðurströnd Seyðisfjarðar utan byggðar úr skriðum undir Strandatindi. Var annars vegar tekið efni úr skeringum meðfram vegi og hins vegar úr námum í svonefndum Borgartanga. Þessar námur eru í u.þ.b. 2,0 til 3,5 km fjarlægð frá vinnusvæðinu á leirunum. Aðkeyrt efni í fyrirstöðugarðinn og fargið var um 34.000 m^3. Einnig var tekið efni í fargið, um 45.000 m^3, úr ósi Sörlastaðaár með dýpkunarskipi frá Björgun ehf.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 11. desember 2001. Höfðu þá borist 11 tilboð. Lægstbjóðandi var Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. er bauð 18.125.000 kr. sem nam 76% af kostnaðaráætlun hönnuða og var gerður verksamningur við fyrirtækið.

Verkið hófst í byrjun janúar 2002 og lauk í endaðan apríl 2002. Var verkið nokkuð á eftir áætlun. Orsakaðist það m.a. af óvenjulegu hlýviðri og stórrigningum í janúar sem gerðu verktaka erfitt fyrir. Varð að takmarka öxulþunga á vegum að námum austan bæjarins sem varð til þess að verktaki gat ekki nýtt sér vegina. Einnig gerði bleytan það að verkum að erfitt var að nota efnið úr Borgartanga. Var þá dýpkunarskip frá Björgun ehf. fengið til að flytja efni sjóleiðina úr ós Sörlastaðaár að vinnusvæði við leirurnar. Þessar breytingar og tafir sem urðu á verktímanum ollu nokkurri hækkun á kostnaði.

Boðinn var út fyrri áfangi dýpkunar við nýja ferjulægið og voru tilboð opnuð þann 3. janúar 2002. Þrjú tilboð bárust, hið lægsta frá Björgun ehf. að upphæð 18.095.000 kr., er nam 87,0% af kostnaðaráætlun hönnuða, og var gerður verksamningur við Björgun ehf.

Verkið hófst í lok febrúar 2002 og var tekið út þann 22. maí 2002. Magn dýpkunar nam um 44.000 m^3 og var efni úr dýpkuninni dælt í landfyllingu innan fyrirstöðugarðs eins og lýst er hér að framan.

Gerður var samningur við Verkfræðstofu Austurlands og Björn Kristleifsson arkitekt um skipulag svæðisins og gerð útboðsgagna fyrir þjónustubyggingu, landgang, götur, bílaplön og lagnir. Verkfræðistofan Burður og Siglingastofnun sáu um hönnun og útboðsgögn fyrir bryggju og akstursrampa.

Um vorið bauð Vegagerðin út byggingu brúar yfir Fjarðará. Framkvæmdum við brúna lauk á haustmánuðum.

Bygging stálþilsbryggju ásamt seinni áfanga dýpkunar var boðin út í maí og samið við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf, sem bauð 72.968.740 kr. í verkið. Var það 78% af kostnaðaráætlun Siglingastofnunar. Stálþil og festingar var keypt frá Anker Schröder fyrir 59.112.752 kr. að undangengnu útboði. Vinna við stálþilið hófst í júní og í júlí og ágúst var fjarlægt farg af hafnar- og brúarstæðinu. Síðan var hafin römmun stálþils, fylling að þili og kantsteypa. Þilið er 170 m langt hannað fyrir 10 m dýpi. Þvert á vesturenda þess kemur 34 m langt þil þar sem byggður verður akstursrampur. Gáma- og tækjaleigan átti samkvæmt samningi að hafa lokið verki sínu 15. nóvember en um áramót var enn eftir að ljúka frágangi kantbita og dýpkun var ekki að fullu lokið.

Þann 16. júlí voru opnuð tvö tilboð sem fólu í sér lokaverkþætti við gerð ferjulægisins. Þar var annars vegar um að ræða byggingu þjónustuhúss og landgangs og hins vegar gatnaog vegagerð, bílaplön og lagnir og þekju við stálþilið. Malarvinnslan ehf. á Egilsstöðum átti lægsta tilboð í bæði verkin. Bauð 137.401.597 kr. í þjónustuhús og landgang, 108% af áætlun, og 119.789.732 kr. í götur, vegi, plön og þekju og var það 91% af kostnaðaráætlun hönnuða. Vegagerðin er aðili að síðara útboðinu ásamt hafnar- og bæjarsjóði Seyðisfjarðar. Verksamningar voru undirritaðir við Malarvinnsluna og í ágústbyrjun hófust framkvæmdir

við þjónustuhús og gatnagerð. Miðað er við að 15. maí 2003 verði framkvæmdir komnar á það stig að hægt verði að taka á móti nýrri ferju Smyril Line og í ágústbyrjun 2003 á framkvæmdum að vera að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður: 260,2 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Mjóifjörður: Samkomulag var gert milli Fjarðabyggðar og Mjóafjarðarhrepps um að Fjarðabyggð yfirtæki höfnina í Mjóafirði. Hafnarreglugerð fyrir Mjóafjarðarhöfn var felld úr gildi með reglugerð nr. 732/2002 og höfnin felld undir Hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðarbyggðar nr. 390/2000.

Smábátahöfnin á Mjóafirði var stækkuð. Hafnarkvíin var dýpkuð um 3.800 m^3 til vesturs og gerður var 68 m langur skjólgarður utan með dýpkunarsvæðinu. Í það fóru 7.780 m^3 af grjóti.

Verkið var ekki boðið út heldur óskað eftir tilboði frá Vélaleigu Sigga Þórs hf. og var gerður verksamningur við þetta fyrirtæki að upphæð 7.840.000 kr.

Verkið hófst í lok ágúst 2002 og lauk þann 9. október.

Gerður var landstöpull, settar niður þrjár flotbryggjueiningar og landgangur. Samið var við Árverk ehf. um gerð landstöpulsins að undangenginni verðkönnun, en við Einar Dalberg Einarsson um að smíða þriggja eininga flotbryggju. Starfsmenn Mjóafjarðarhrepps sáu um að festa flotbryggju og annan frágang.

Vinna við landstöpul hófst í lok október 2002 og lauk í desember. Vinna við flotbryggjur hófst í desemberbyrjun 2002 og lauk í janúar 2003.

Eskifjörður: Lokið var uppgjöri frá árinu 2000 vegna hafskipabryggju.

Neskaupstaður: Togarabryggjan í Neskaupstað var lengd til suðurs um 83 m. Rekið var niður stálþil, steyptur kantur með pollum og stigum ásamt þybbum. Verk þetta var boðið út og bárust fimm tilboð er opnuð voru þann 24. júlí 2001. Var svo gengið til samninga við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands, er bauð 21.003.050 kr. í verkið og nam sú fjárhæð 76,2% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verktaki hóf störf í lok september 2001, verklok voru í febrúarbyrjun 2002 og verkið var tekið út þann 4. apríl 2002. Þær breytingar voru gerðar að í stað þess að reka stálþil í gafl var ákveðið að lengja bryggjuþilið um 13 m. Efni í fyllingu innan stálþils var tekið úr Viðfirði.

Á árinu var síðan gengið frá lögnum og bryggjuþekju við lengingu togarabryggjunnar. Í verkinu fólst að ónothæft fyllingarefni var fjarlægt og burðarefni sett í þess stað, steypt var 1.494 m^2 þekja, lagðar ídráttarlagnir fyrir rafmagn og vatnslagnir. Sett voru stigaljós, gengið frá úttaksbrunni fyrir vatn og rafmagn, sett upp aðaltafla og allt rafmagn tengt.

Verkið var boðið út og þrjú tilboð bárust. Tvær tilboðsfjárhæðir voru jafn háar, tilboð Nestaks ehf. og Haka ehf., bæði í Neskaupstað, en gengið var til samninga við Haka ehf. Samningsverð var 12.000.000 kr. er nam 85,3% af kostnaðaráætlun.

Utan útboðsverksins var unnið að malbikun þekju, u.þ.b. 950 m^2 og sáu bæjarstarfsmenn um það verk. Einnig vann fyrirtækið Rafalda ehf. að raflögnum og kostaði það verk 2.000.000 kr. Ekki voru gerðar umtalsverðar breytingar á verkinu.

Verk hófst í byrjun júlí 2002 og var þekjan steypt og fullgerð fyrir septemberlok ásamt ídráttarlögnum og vatnslögnum.

Gerður var hafnargarður við fiskihöfnina í Neskaupstað. Í verkinu fólst að taka upp kjarna og grjót úr núverandi hafnargarði og að vinna kjarna og flokkað grjót í námu í Skuggahlíðarbjargi. Kjarni og grjót frá þessum stöðum var flutt í nýtt garðstæði austan við núverandi hafnargarð. Um það bil 24.000 m^3 af flokkuðu grjóti og kjarnafyllingu fóru í garðinn.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 22. maí 2002. Þá höfðu borist sex tilboð, hið lægsta frá Klæðningu ehf. í Kópavogi, að upphæð 24.480.000 kr. og nam það 82,7% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var gengið til samninga við fyrirtækið á grundvelli tilboðsins. Verktaki hóf störf í júlíbyrjun og lauk verkinu í októberbyrjun 2002. Verkþættir utan útboðsverks voru einungis raflagnir að garðsendaljósum.

Fiskihöfnin í Neskaupstað var dýpkuð í 9,5 m og hluti efnisins sem þaðan barst var notaður í undirfyllingu í skjólgarð norðan innsiglingar inn í fiskihöfnina. Heildarmagn efnis úr dýpkun var um 150.000 m^3.

Verkið var boðið út og bárust í það átta tilboð sem opnuð voru þann 20. júní 2002. Lægstbjóðandi var Gáma- og tækjaleiga Austurlands á Reyðarfirði og var samið við fyrirtækið um verkið á grundvelli tilboðs þess að fjárhæð 55.840.000 kr. er nam 66,8% af kostnaðaráætlun.

Verkinu var ekki að fullu lokið um áramót.

Jarðvegsrannsóknir í stæði væntanlegs skjólgarðs norðan innsiglingar leiddu í ljós að byggja þarf garðinn í áföngum. Á þessu ári var losað efni úr dýpkun í garðstæðið, en gert er ráð fyrir að ljúka garðinum á næstu þremur árum.

Reyðarfjörður: Unnið var að undirbúningsrannsóknum og umhverfismati fyrir væntanlega stóriðjuhöfn við Hraun. Framkvæmdum var að öðru leyti frestað og var fjárveiting til verksins, að upphæð 24,0 millj. kr., færð til Raufarhafnar í fjáraukalögum 2002.

Framkvæmdakostnaður: 125,5 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Fjárveitingu í loðnubryggju, sem á síðasta ári var lánuð til Vopnafjarðar, var endurúthlutað á fjárlögum 2002.

Byggð var 40 m löng harðviðarbryggja við loðnuverksmiðjuna á Fáskrúðsfirði. Um 9.000 m^3 af fyllingarefni var ekið út til að fá bryggjuna í sömu línu og eldri bryggju lítið eitt norðar í firðinum. Steyptur var 41 m langur landveggur og burðarvirki bryggjunnar fest í hann. Reknir voru niður 28 staurar og bryggjan stífuð með láréttum stálbitum. Dýpi við þessa nýju bryggju verður um 8,5 m.

Verkið var boðið út og tilboð í það opnuð þann 8. maí 2002. Borist höfðu sex tilboð og var gengið til samninga við Elinn ehf. á grundvelli tilboðs fyrirtækisins að upphæð 16.237.000 kr. er nam 81% kostnaðaráætlunar og var lægst tilboðanna.

Einnig var leitað eftir kostnaðaráætlun hjá fjórum smiðjum vegna smíði stálfestinga fyrir bryggjuna. Lægst varð stálsmiðjan Stálstjörnur ehf. og var samið við fyrirtækið um þetta verk fyrir 1.678.204 kr.

Nokkuð vantaði upp á magn fyllingar í útboðsgögnum, eða um 3.000 m^3, önnur aukaverk voru minni háttar.

Utan útboðsverksins var grjóti raðað í fláa við norðurhorn bryggjunnar.

Verkið hófst í júní 2002 og var tekið út í desember 2002. Nokkrar tafir urðu á því og var verkinu skilað um hálfum öðrum mánuði síðar en verksamningur kvað á um.

Helstu efniskaup fólust í kaupum á harðviði af Channel Timber Ldt. með milligöngu Ríkiskaupa fyrir um 12,9 millj. kr. Einnig var keypt boltaefni af Ísól hf. fyrir um 1,2 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 39,0 millj. kr.

Stöðvarfjörður.

Þar var gengið frá uppgjöri framkvæmda við smábátahöfn, slitlagi og lýsingu við tengibraut o.fl., sem eftir var við lokafrágang á árunum 2000 og 2001.

Framkvæmdakostnaður: 4,7 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Á Breiðdalsvík voru gerðar lagfæringar á grjótvörn utan á veg sem liggur niður að nýja stálþilskantinum, en þessi grjótvörn hafði laskast mikið í óveðri sem gekk yfir landið í byrjun febrúar 2002. Viðgerðin fólst í því að endurraðað var um 500 m^3 af grjóti og bætt við um 700 m^3 af flokkuðu grjóti.

Veittur var tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði til viðgerðarinnar.

Verkið var ekki boðið út heldur samið við fyrirtækið Dal-Björgu ehf. um framkvæmd þess. Samningsverð var 2.075.000 kr.

Verkið hófst um miðjan september 2002 og var það tekið út í nóvember 2002.

Innsiglingarbauja við höfnina var endurnýjuð. Samþykkt var að veita styrk af óskiptri fjárveitingu til að kaupa nýja bauju og koma henni fyrir. Einnig var veittur styrkur af óskiptri fjárveitingu til að flytja grjót frá Kambanesskriðum inn á Breiðdalsvík. Vegagerðin þurfti að fjarlægja grjótið og þótti hagkvæmt að eiga það til síðari nota við höfnina á Breiðdalsvík.

Frágangi á lögnum og þekjusteypu við stálþilsbryggju var frestað og fjárveiting til verksins að upphæð 5,0 millj. kr. færð til Raufarhafnar í fjáraukalögum 2002.

Framkvæmdakostnaður: 2,4 millj. kr. (að meðtöldu framlagi af óskiptri fjárveitingu).

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 2,5 millj. kr.

Djúpivogur.

Steypt var þekja, alls 1.980 m^2, á þilið sem rekið var niður árið 2001. Byggt var ljósamasturshús og raflýsingu komið upp á þekjunni. Lagðar voru vatns- og raflagnir undir þekjuna og vatnsbrunnar voru settir upp við kantinn. Einnig voru sett ljós við neyðarstiga á bryggjunni. Kostnaðaráætlun verksins hljóðaði upp á 24.965.786 kr.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 30. maí 2002. Höfðu borist níu tilboð, þar af þrjú frávikstilboð. Gengið var til samninga við Austverk ehf. á grundvelli tilboðs fyrirtækisins að upphæð 19.919.986 kr., er nam 79,8% af kostnaðaráætlun og var það lægst hinna almennu tilboða.

Verkið hófst um miðjan júlí 2002 og var tekið út þann 27. nóvember 2002.

Fylliefni í steinsteypu voru fengin ofan af Héraði. Steypusýni voru send Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og stóðust þau þær kröfur um brotþol sem settar voru fram í verklýsingu.

Verkið gekk samkvæmt áætlun. Aukaverk voru nokkur og fólust einkum í því að háspennustrengur var lagður frá spennistöð við loðnuverksmiðju niður að hafnarsvæðinu. RARIK sá um þessa framkvæmd. Byggja þurfti spennistöð utan um búnað og var hún höfð áföst ljósamasturshúsinu. Þá var steyptur aukafleki af þekju til að bæta aðkomu að svæðinu. Verktakinn sá einnig um að steypa brunna fyrir loðnubræðsluna. Undirbyggja þurfti veginn frá verksmiðjunni niður að bryggju, en reiknað hafði verið með að hægt yrði að malbika beint ofan á veginn eins og honum var skilað árið áður.

Um haustið voru sett upp leiðarmerki fyrir innsiglinguna að nýju höfninni í Gleðivík og voru þau tekin í notkun í lok árs. Þá var skipt um tvær baujur á siglingarleið inn á gömlu höfnina. Veittur var til þess styrkur af óskiptri fjárveitingu.

Gerð löndunarkants í Gleðivík reyndist ekki eins kostnaðarsöm og ætlað var og voru 15,0 millj. kr. færðar af fjárveitingu ársins 2002 til Raufarhafnar með fjáraukalögum 2002.

Framkvæmdakostnaður: 28,7 millj. kr. (að meðtöldu framlagi af óskiptri fjárveitingu).

Höfn í Hornafirði.

Unnið var að venjubundinni viðhaldsdýpkun og dældi dýpkunarpramminn Soffía um 24.000 m^3 úr höfninni.

Byggðir voru tveir leiðigarðar í mynni hafnarinnar, annars vegar út frá Mikley og hins vegar frá Óslandi. Í þá fóru alls um 2.000 m^3 af flokkuðu grjóti (0,1–0,8 t) og um 8.000 m^3 af sprengdum kjarna. Sett var ljós á enda garðsins út frá Óslandi.

Grjót og kjarni til verksins var sótt í námu við gömlu öskuhaugana rétt utan við Höfn.

Verkið var boðið út og voru tilboð opnuð þann 20. september 2001. Einungis bárust 2 tilboð og voru bæði frá Rósabergi ehf. Var annað tilboðið frávikstilboð sem gerði ráð fyrir að opnuð yrði grjótnáma í Mikley, en verkkaupi hafnaði þeirri hugmynd.

Gengið var til samninga við Rósaberg ehf. á grundvelli tilboðs fyrirtækisins að fjárhæð 17.447.500 kr. er var 3,8% yfir kostnaðaráætlun.

Aukaverk fólust í því að raðað var grjóti í fláa að trébryggju við Óslandsgarð. Einnig fór meira af kjarna í Mikleyjargarð en gert hafði verið ráð fyrir. Nam kostnaðarauki vegna þessa 1.168.500 kr.

Verkið hófst í janúar 2002 og var það tekið út í júní 2002.

Byggð var upp aðstaða fyrir smábáta í norðvesturhorni hafnarinnar. Framkvæmdir fólust í að dýpkuð var hafnarkví í 2,5 m dýpi. Alls var mokað þar upp um 7.000 m^3 af efni. Grjóti var raðað í fláa umhverfis höfnina. Þá voru steyptir tveir landstöplar og flotbryggjur festar á þá. Keyptar voru tvær 15x3 m steinsteyptar flotbryggjur og gömlu bryggjurnar tengdar við þær. Raflýsingu var komið upp, steyptir stöplar undir tvö ljósamöstur og þau sett upp. Tengistólpar voru settir á flotbryggjurnar.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 20. september 2001. Aðeins barst eitt tilboð, frá Rósabergi ehf., og hljóðaði það upp á 8.252.600 kr. er var 91,5% kostnaðaráætlunar og var samið við fyrirtækið á grundvelli tilboðs þess. Einnig var samið við Króla ehf. um kaup og niðursetningu á flotbryggjum og var sá samningur að upphæð 6.717.624 kr.

Aukaverk fólust í því að um 1.700 m^3 af sprengdum kjarna fór í að verja fláann í kvínni þar sem efnið var leirkennt og stóð illa. Þá var vatn lagt að smábátaaðstöðunni og gert þar plan. Samtals nam kostnaður við þessi aukaverk 2.171.915 kr.

Verkið hófst í byrjun desember 2001 og var tekið út í júní 2002.

Undirbúningur að Faxeyrarhöfn, sem fé var veitt til árin 2000 og 2001, reyndist ekki eins kostnaðarsamur og ráð var fyrir gert. Því voru fluttar 6,0 millj. kr. af fjárveitingu til Raufarhafnar í fjáraukalögum 2002.

Framkvæmdakostnaður: 39,4 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Stálþil við Ískant og Suðurkant var endurnýjað. Í verkinu fólst að rekið var niður 142 m stálþil og var nýja þilið rekið niður um 1,5 m framan þess gamla. Einnig var steyptur kantur og komið fyrir pollum og fyllt að þilinu og skipt um fyllingu að hluta. Einnig þurfti að sprengja um 60 m skurð fyrir þilinu. Stálþil og festingaefni var keypt fyrir 29. 362.717 kr. frá Anker Schröder að undangengnu útboði.

Rekstur stálþilsins var boðinn út þann 26. apríl 2002 og gengið til samninga við lægstbjóðanda, Ísar ehf., á grundvelli tilboðs fyrirtækisins að upphæð 46.254.300 kr., 76%

af áætlun Siglingastofnunar. Verkið hófst í júníbyrjun og var að mestu lokið í október. Nýja þilið er gert fyrir 9,0 m dýpi.

Endurbygging þekju og lagna í I. áfanga Nausthamarsbryggju var boðin út í október 2001 og samið við lægstbjóðanda, 2–Þ ehf. í Vestmannaeyjum. Tilboð fyrirtækisins hljóðaði upp á 15.842.479 kr. Flatarmál þekju í þessum áfanga varð um 1.680 m^2, nokkru meira en gert var ráð fyrir í útboði.

Endurbygging þekju og lagnir í II. áfanga Nausthamarsbryggju var boðin út í maí 2002 og samið við lægstbjóðanda, Vélaþjónustu Þórðar ehf. í Vestmannaeyjum. Tilboð fyrirtækisins hljóðaði upp á 27.268.040 kr. og var það 84% af áætlun Siglingastofnunar. Lagðar voru vatnslagnir í bryggjuna og ídráttarrör fyrir rafmagn. Flatarmál þekju í þessum áfanga var um 3.160 m^2. Verki lauk haustið 2002 að frátöldum minni háttar frágangi og bíður uppgjör þess að honum verði lokið.

Eftir er að bjóða út raflögnina á Nausthamarsbryggjuna.

Heildarkostnaður við endurbyggingu Nausthamarsbryggju var í árslok 2002 orðinn um 225 millj. kr.

Framkvæmdum við smábátahöfn sem hófust árið 2000 var haldið áfram, sbr Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir fyrir árin 2000 og 2001 og er nú aðeins eftir að ganga frá lýsingu og vatni á bryggjurnar. Mun það væntanlega verða gert í febrúar eða mars 2003.

Grafskip Vestmannaeyjarhafnar dýpkaði við Nausthamarsbryggju og Friðarhafnarkant. Eftir er að dýptarmæla til að ganga endanlega úr skugga um hversu mikið hefur verið fjarlægt, en áætlað magn er 10.000 m^3.

Fjárveiting var á fjárlögum til að byrja framkvæmdir við norður- og austurkant Friðarhafnar. Unnið var að hönnun og undirbúningi og stálþil og festingaefni boðið út skömmu fyrir áramót.

Samþykkt var að veita styrk af óskiptri fjárveitingu til að setja upp ný kanttré efst við Nausthamarsbryggjuna á þeim hluta hennar sem ekki hefur verið endurnýjaður. 2Þ ehf. annaðist verkið.

Endurbygging Nausthamarsbryggju reyndist ódýrari en áætlað var og voru fluttar 18,0 millj. kr. af fjárveitingu til verksins til Raufarhafnar í fjáraukalögum 2002.

Samkvæmt hafnaáætlun var áformað að vinna að byggingu þurrkvíar í Vestmannaeyjum árin 2002–2005. Alþingi ákvað að lækka fjárveitingu til verksins á árinu 2002 um 44,6 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir í hafnaáætlun. Það varð því ekki af framkvæmdum á árinu og er byggingu þurrkvíar slegið á frest í bili.

Framkvæmdakostnaður: 150,8 millj. kr. (að meðtöldu framlagi af óskiptri fjárveitingu).

Þorlákshöfn.

Samkvæmt hafnaáætlun var unnið að endurbótum á tunnu á enda Suðurvarargarðs. Tunnan var byggð þegar höfnin var stækkuð á árunum 1975–76 og hefur verið undir stöðugu álagi síðan. Nú er svo komið að staurar í efri hluta hennar eru við það að detta í sundur og hætta á að grjót fari að hrynja út.

Verkfræðistofan Burður var fengin til að gera tillögur um úrbætur og í framhaldinu að annast hönnun samkvæmt þeirri lausn sem valin var. Efni til viðgerðar var pantað og keypt í gegnum Guðmund Arason ehf. og Ísbolta hf. og samið var um framkvæmd verksins við Sjóverk ehf. í nóvember 2002. Umsaminn kostnaður er um 4,9 millj. kr. Beðið er eftir hagstæðu sjólagi til að vinna verkið.

Unnið var að lítilsháttar viðhaldsdýpkun við Suðurvararbryggju í september 2002. GPkranar önnuðust verkið.

Framkvæmdakostnaður: 3,3 millj. kr.

Grindavík.

Þar var unnið að byggingu brimvarnargarða austan og vestan innsiglingarrennu. Verkið var boðið út á síðasta ári og samið við lægstbjóðanda, Suðurverk hf., í byrjun maí 2001. Tilboðsupphæð verktaka var 146.722.380 kr. Framkvæmdum við garðana lauk þann 11. nóvember 2002. Vígsla mannvirkja fór fram litlu síðar að viðstöddum samgönguráðherra.

Efnisþörf í garðana reyndist nokkru meiri en útboðsgögn gerðu ráð fyrir. Olli einkum erfiðleikum magnaukning í stærsta grjótflokki, 16 til 30 tonna steinar, en grjótnáman gaf minna af grjóti í þeim stærðarflokki en reiknað var með. Þurfti því að losa talsvert meira af efni í námunni í Eldvarpahrauni en notað var í garðana til að fá nægjanlegt magn í stærsta flokki. Heildarmagn í vesturgarð varð 73.803 m^3 og í austurgarð fóru 102.809 m^3, samtals 176.612 m^3 í báða garða og þar af eru 7.750 m^3 í stærsta flokki.

Rafmagn var lagt fram báða garðana og komið fyrir lýsingu á enda þeirra.

Vegna magnaukningar og vegna þess að náma var lélegri en rannsóknir höfðu gefið til kynna urðu greiðslur til verktaka talsvert hærri en verksamningur hljóðaði upp á. Þrátt fyrir þetta nam heildarkostnaður frá upphafi við báða garðana einungis rétt um 200 millj. kr., sem er 16% undir því sem hafnaáætlun gerði ráð fyrir.

Ákveðið var að setja upp bauju, svonefnt stangardufl, við innsiglinguna. Veittur var styrkur til verksins af óskiptri fjárveitingu.

Framkvæmdakostnaður: 144,0 millj. kr.

Sandgerði.

Unnið var að dýpkun hafnarinnar samkvæmt samningi sem gerður var við Hagtak hf. í nóvember á síðasta ári. Á um 1.800 m^2 svæði við enda Norðurgarðs, þar sem stálþilsbryggja á að koma, var dýpkað í 9 m og sunnan og vestan við þetta svæði voru 3.300 m^2 dýpkaðir í 6 m. Að auki var dýpkað um 1.200 m^2 svæði í innsiglingunni við snúninginn utan hafnarmynnis. Á öllum þessum svæðum var klöpp í botni sem þurfti að sprengja. Sem viðbótarverk var samið við verktaka um að nema á brott um 1.500 m^3 af lausu efni við flotbryggjur sunnan til í höfninni. Allt efni úr dýpkun var losað í sjó út við Garðskaga. Verkið var tekið út með mælingu 6. júní 2002.

Í hafnaáætlun var heimild til að hefja dýpkunarframkvæmdir fyrir 165 millj. kr. árið 2001 en ríkisframlag það ár var aðeins fyrir um 1/3 hluta verksins. Samkvæmt áætluninni áttu 2/3 hlutar fjárveitingar frá ríkinu að koma árið 2004. Vegna samdráttar í útgerð og minni umsvifa við höfnina í Sandgerði ákváðu heimamenn að fara hægar í sakirnar og halda verkinu innan þeirra marka sem fjárveiting 2001 miðaðist við.

Boðin var út 50 m stálþilsbryggja við enda Norðurgarðs og bárust sjö tilboð og eitt frávikstilboð. Samið við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson ehf. um framkvæmdina, en tilboð hans nam 90,2% af kostnaðaráætlun hönnuða. Byrjað var á verkinu í lok apríl og var lokið við að steypa kant í ágúst. Bryggjan var lengd um 25 m í átt að innsiglingu og er hönnunardýpi 9,0 m.

Á árinu 2003 er áformað að ljúka við þekju og lagnir.

Gerð flotbryggju árið 2000 varð ódýrari en ætlað var og voru fluttar 2,0 millj. kr. af fjárveitingu þess verks til Raufarhafnar.

Samkvæmt hafnaáætlun var áformað að lengja norðurhlið Suðurbryggju í Sandgerði til austurs með 65 m löngu stálþili, en þessu verki var slegið á frest og framkvæmdafé varið í annað á fjárlögum 2002.

Framkvæmdakostnaður: 75,6 millj. kr.

Hafnasamlag Suðurnesja.

Hafnasamlag Suðurnesja nær nú aðeins til hafnarsvæðis Reykjanesbæjar (Njarðvík, Keflavík, Helguvík og Hafnir) þar sem Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur sögðu sig úr hafnasamlaginu árið 2002.

Lokið var framkvæmdum við öldudempara við Helguvíkurhöfn. Sprengt var úr bergstálinu á um 70 m kafla upp af brimvarnargarðinum. Sprengdum kjarna var síðan ýtt fram og grjóti raðað utan á. Er þetta gert til að draga úr því að alda sem leiðir fyrir enda brimvarnargarðsins endurkastist inn í höfnina. Samhliða því að unnið var grjót í brimvörn utan á Garðsbryggju árið 1999 var sprengdur stallur á því svæði þar sem öldudemparinn átti að koma. Verkinu var síðan fram haldið árið 2002 og lauk skömmu fyrir áramótin. SEES ehf. í Njarðvík annaðist framkvæmd við öldudemparann.

Framkvæmdir við grjótgarð í Njarðvík voru undirbúnar. Samkvæmt hafnaáætlun var veitt 5 millj. kr. til verksins á árinu 2002 og gert er ráð fyrir að því ljúki árið 2004. Verkfræðistofa Suðurnesja vann að hönnun og gerð útboðsgagna með aðstoð frá Siglingastofnun.

Frestað var framkvæmd við tvo festipolla í Helguvík, sem gert var ráð fyrir árið 2002 samkvæmt hafnaáætlun. Heimamenn sjá fram á að þurfa að lengja hafnarbakkann í Helguvík ef verður af byggingu stálröraverksmiðju þar. Fari svo verða pollar byggðir samhliða lengingu kantsins.

Framkvæmdakostnaður: 21,5 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. Sjá kafla hér á eftir um framkvæmdir sem voru ekki ríkisstyrktar.

Kópavogur.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Reykjavík.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. Sjá kafla hér á eftir um framkvæmdir sem voru ekki ríkisstyrktar.

Hafnarframkvæmdir sem voru ekki ríkisstyrktar.

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem voru ekki ríkisstyrktar. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á þeirra vegum á framfæri við Siglingastofnun.

Grundartangi.

Þar var hafinn undirbúningur að stækkun hafnarinnar með því að leita upplýsinga um matsskyldu hjá Skipulagsstofnun o.fl. Kostnaður var um 1 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Unnið var að landgerð og lóðaframkvæmdum í Suðurhöfninni við Hvaleyrarbakka.

Framkvæmdakostnaður: 39,1 millj. kr.

Reykjavík.

Í fjárhags- og framkvæmdaáætlun Reykjavíkurhafnar fyrir árin 2002 var gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé hafnarsjóðs yrði að megin hluta varið til að ljúka áföngum í uppbyggingu hafnarmannvirkja og lands í Sundahöfn fyrir áætlanasiglingar en þessi verk hafa staðið yfir undanfarin fjögur ár. Þessum framkvæmdum lauk flestum á miðju ári 2002 og þá tóku við ný verkefni í þróun og uppbyggingu hafnarinnar. Þessi verkefni voru til dæmis landgerð og undirbúningur að þróun hafnar á Klettasvæði í Sundahöfn og bygging hafnarbakka við Norðurgarð í gömlu höfninni.

Vegna áforma um byggingu tónlistahúss, ráðstefnumiðstöðvar og hótels í Austurhöfn er reiknað með að löndunaraðstaða fiskiskipa muni færast burt úr Austurhöfn og því komið að aðstöðubótum fyrir sjávarútveg í Vesturhöfninni en þangað er miðað við að sjávarútvegsstafsemi muni í framtíðinni færast í auknum mæli. Fyrsti áfangi þessa verks er uppbygging nýrrar hafnaraðstöðu við Norðurgarð fyrir útgerðarstarfsemi Granda hf.

Lokið var frágangi og dýpkun við Kleppsbakka í Vatnagörðum fyrir farmstöð Eimskips. Samhliða frágangi bakka var lokið landgerð og frágangi lands sunnan bakkans, en þar hefur Eimskip verið úthlutað fimm hektara viðbótarlandi sem tekið var í notkun um mitt ár 2002. Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum í tengslum við byggingu á nýju og glæsilegu vöruhóteli Eimskips við Sundabakka sem hafin var bygging á vorið 2002 og tekið var í notkun nú í lok febrúar 2003.

Lokið var frágangi Vogabakka í Kleppsvík fyrir farmstöð Samskipa. Samhliða frágangi bakka var lokið landgerð og frágangi lands við bakkann, en þar hefur Samskip verið úthlutað tveggja hektara viðbótarlandi sem tekið var í notkun um mitt ár 2002. Unnið var að dýpkun nýrrar innsiglingar að Kleppsvík á árinu. Hér er um stórt dýpkunarverk að ræða sem hófst á árinu 2001 og miðað er við að ljúki vorið 2003. Allt efni sem upp kemur við dýpkun er nýtt til landgerðar á nálægum svæðum.

Hafnar voru framkvæmdir við nýjan hafnarbakka við Norðurgarð og lokið var greftri efnisskiptaskurðar.

Í framkvæmdaáætlun var reiknað með að hefjast handa við undirbúning að hafnargerð á Klettasvæði þegar fram kæmi á árið 2002. Hafnarmannvirki á Klettasvæði, Skarfabakki og Skarfagarður, eru mannvirki sem þurfa mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þeirri vinnu er nú lokið og fallist hefur verið á byggingaráform mannvirkjanna. Niðurstöður þessa máls fengust ekki fyrr en í lok árs 2002 og upphafs framkvæmdir við hafnargerð hafa því frestast fram á árið 2003.

Aðrar helstu framkvæmdir á vegum Reykjavíkurhafnar á árinu voru ýmis verkefni við þróun hafnarlands og landgerð bæði í gömlu höfninni og eins í Sundahöfn. Gatnagerð er nú í fyrsta skipti eignfærð og talin með fjárfestingaframkvæmdum.

Framkvæmdakostnaður ársins 2002 var 496,9 millj. kr.

Ferjubryggjur.

Mjólkárbryggja: Þar var gert við grjótgarðinn við bryggjuna og burðarviðir hennar endurnýjaðir að hluta til. Sett var ný þybba, fríholt og stigi. Verkið var ekki boðið út heldur samið við Græði á Flateyri um viðgerð á grjótgarði fyrir 1.160.000 kr. og Trésmiðjuna í Hnífsdal um viðgerð á timburverki fyrir 1.000.000 kr.

Æðeyjarbryggja: Þar var landveggur endurbyggður og lengdur og einnig kanttré, fríholt og stigi. Trésmiðjan í Hnífsdal sá um verkið.

Vigurbryggja: Þar var gert flotholt við ferðamannabryggju. Vigurbændur sáu sjálfir um verkið.

Bæjabryggja: Þar var steypt í göt á landvegg og keri og þybba, stigi og fríholt endurnýjuð. Trésmiðjan í Hnífsdal sá um verkið.

Reykjanesbryggja: Þar var steypt utan um ker og landvegg, kanttré, fríholt og þekja lagfærð, nýr stigi settur upp og innsiglingarvörður lagfærðar og málaðar. Trésmiðjan í Hnífsdal sá um verkið.

Framkvæmdakostnaður vegna ferjubryggja: 15,5 millj. kr.

Sjóvarnargarðar.

Akranes: Gerður var um 120 m langur sjóvarnargarður við Bræðrapart og Kárabæjarlóð. Einnig var gerður um 25 m langur sjóvarnargarður við Vesturgötu og nokkur bílhlöss af grjóti voru sett við Presthúsabót.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 11. apríl 2002. Þrjú tilboð bárust og eitt frávikstilboð. Ísar ehf. í Hafnarfirði reyndist lægstbjóðandi með 2.654.160 kr. er nam 65% af kostnaðaráætlun hönnuða og var gengið til samninga við fyrirtækið á grundvelli tilboðs þess. Verkið var aukið um sjóvarnargarðinn við Vesturgötu og Presthúsabót og nam því heildargreiðsla til verktaka 3.467.760 kr.

Efnisnáma var í landi Kirkjubóls þar sem teknir voru 3.508 m^3 af efni. Verkið hófst í lok apríl, sóttist vel og var lokið þann 15. maí 2002.

Samkvæmt sjóvarnaáætlun átti einnig að koma til framkvæmda á þessu ári að verja 100 m kafla á Breiðinni meðfram fyllingu við ÞÞÞ, en lokið var við gerð sjóvarna á þessu svæði árið 2001.

Ólafsvík: Gerður var sjóvarnargarður meðfram Ólafsbraut og vestan við Ytra-Klif þar sem félagsheimili bæjarins stendur. Sameiginlegt útboð Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar fór fram í desember 2001 og var síðan samið við lægstbjóðanda, Suðurverk ehf.

Grjót var sótt í grjótnámuna á Rifi. Verkið var unnið í apríl og maí 2002 og sá Vegagerðin um eftirlitið. Kostnaður varð um 1,8 millj. kr.

Grundarfjörður: Á sjóvarnaáætlun var gert ráð fyrir sjóvörn á tveimur stöðum, á 120 m kafla við Sæból og 50 m kafla við Framnes. Hafnarstjórn Eyrarsveitar æskti leyfis til að láta gera 120 m langa sjóvörn við Skallabúðir einnig og fékkst það.

Samið var við Ísar ehf., sem var með útboðsverk við Grundarfjarðarhöfn, og fengust hagstæð einingaverð. Settir voru um 2.000 m^3 af grjóti í sjóvörn við Framnes, 1.200 m^3 við Skallabúðir og 600 m^3 við Sæból. Efni í sjóvörnina var tekið úr sömu námu og efnið í hafnarframkvæmdina.

Verkinu lauk í febrúar 2002. Kostnaður við það nam rúmlega 5,7 millj. kr.

Flatey: Í samræmi við sjóvarnaáætlun var gert við gamla sjóvörn austan við Flateyjarbryggju þar sem sjór hafði brotið tvö skörð í hana.

Gengið var til samninga við Friðgeir V. Hjaltalín sf. í Grundarfirði um framkvæmd verksins og lauk því í október. Frekari sjóvarnarframkvæmdir eru fyrirhugaðar vestan Flateyjarbryggju á árinu 2003.

Ísafjarðarbær/Flateyri: Grjóti í sjóvarnargarði við Brimnesveg á Flateyri á að endurraðaða og byggja upp garðinn á um 140 m löngum kafla frá íþróttahúsi að Ytri-Bót. Byggja síðan áfram til norðurs um 50 m langan nýjan garð. Grjót kemur úr Ísafjarðarnámu.

Verkið var ekki boðið út heldur leitað eftir kostnaðartölum hjá Græði sf. á Flateyri, sem hafði unnið við sjóvörnina þar áður. Græðir sf. bauð 5.712.700 kr. sem nam um 82% af kostnaðaráætlun hönnuða og var samið við fyrirtækið um framkvæmdina.

Verktakinn hóf störf þann 30. október en þar sem bleyta var óvenjulega mikil varð að fresta verkinu fram yfir áramót og er gert ráð fyrir að ljúka því í janúar 2003.

Framkvæmdakostnaður: 3.332.300.

Súðavík: Gerð var 100 m sjóvörn neðan við olíuport og þvottaplan. Samið var við Tígur ehf. um verkið að undangengnu útboði. Var samningsverð 2.973.813 kr.

Verkið hófst þann 7. nóvember. Verktaki fékk heimild til að gera hlé á framkvæmdinni vegna starfa að öðru verki en tók til starfa aftur um áramót og er verkið langt komið.

Kaldrananeshreppur: Gerð var sjóvörn á Drangsnesi á um 43 m kafla framan við iðnaðarhúsnæðið Framtíðina og á 80 m kafla vestast við Grundargötu. Leitað var eftir tilboði í verkið hjá Norðurtaki ehf. og samið í framhaldi af því. Samningsverð var 1.511.700 kr. Byrjað var á verkinu í september og því lauk um miðjan október. Grjót fékkst úr vegskeringum inn við Hveravík og víðar, alls um 630 m^3.

Höfðahreppur: Gerð var sjóvörn á tveim stöðum við Skagaströnd, vestan hafnar framan við ullarverksmiðjuna Árblik og við Fjörubraut. Við Árblik var byggður um 60 m langur sjóvarnargarður framan við húsið. Frá enda sjóvarnar eru rúmir 50 m að hafnargarðinum. Við Fjörubraut var gerður 55 m langur garður frá enda sjóvarnargarðs sem kominn var og suður fyrir iðnaðarhús við Vallarbraut.

Leitað var eftir tilboði í verkið hjá Norðurtaki ehf. og samið í framhaldi af því. Samningsverð var 3.552.000 kr. Byrjað var á verkinu í mars og því lauk 20. apríl. Grjót var tekið úr námu í ásnum við Hvammskotsbruna, alls um 1.670 m^3.

Dalvíkurbyggð: Gerð var sjóvörn norðan hafnar á Hauganesi í framhaldi af fyrra verki norðaustan við hús Ektafisks þar. Verklýsing og teikningar voru til. Hallgrímur Hreinsson á Dalvík og Katla ehf. á Árskógssandi unnu verkið sem hófst í september 2002 og lauk þann 1. október. Heildarkostnaður nam 1.566.113 kr.

Grýtubakkahreppur: Þar var lokið verki sem hófst haustið 2001 við sjóvörn sunnan Gömlubryggju.

Grímsey: Þar gekk sjór á land í óveðri sl. vetur og olli tjóni við fiskverkunarhús Sigurvonar. Heimild fékkst til að nota óskipta fjárveitingu ársins 2002, 2,2 millj. kr. til að gera sjóvarnargarð frá Hraunkolli og út fyrir fiskverkunarhúsið, alls um 160 m að lengd. Verkið var boðið út um leið og endurbætur á grjótvörn hafnargarðsins og samið við Árna Helgason verktaka í Ólafsfirði (sjá kafla um ríkisstyrktar hafnarframvæmdir). Grjót í sjóvörnina, um 2.000 m^3, var tekið við flugvöllinn í Grímsey.

Kópasker: Þar var gerður um 70 m langur sjóvarnargarður vestan við verksmiðjuhús Geflu hf. Í verkinu fólst m.a. að grafin var 76 m löng rás í fjöruna og undirlag jafnað undir sjóvörnina. Grjóti var síðan komið fyrir í garðfæti og að svo búnu hlaðið upp grjóti af I. II. og III. flokki. Magn grjóts var 1.082 m^3.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð þann 30. apríl 2002. Tvö tilboð bárust og var gengið til samninga við Vökvaþjónustu Kópaskers ehf. er átti lægra tilboðið, að fjárhæð 1.484.200 kr.

Verkið hófst þann 11. júní og var tekið út þann 8. ágúst. Heildarkostnaður við það nam 1.968.789 kr. Þar af var undirbúnings-, mælinga-, hönnunar- og eftirlitskostnaður 280.962 kr.

Vopnafjarðarhreppur: Veitt var fé til sjóvarnar innan Kaupfélagsbryggju samkvæmt sjóvarnaáætlun. Að ósk heimamanna var verkinu frestað fram á næsta ár. Þá mun verða farið í brimvarnargarð milli Miðhólma og Skiphólma og sjóvörnin unnin samhliða.

Fjarðabyggð: Á Neseyri við Neskaupstað var 120 m langur sjóvarnargarður lagfærður. Grafin var 120 m löng rás í fjöruna og undirlag jafnað undir sjóvörnina. Grjóti var síðan

komið fyrir í garðfæti og því næst var grjóti úr I. II. og III. flokki komið fyrir. Magn grjóts var um 1.300 m^3 og magn kjarna um 600 m^3. Verkið var ekki boðið út heldur var óskað eftir verðtilboði frá Klæðningu ehf. Var svo gerður samningur við fyrirtækið á þeim grunni og var samningsverð 3.200.000 kr. Ekki voru gerðar neinar breytingar á verkinu og ekki kom til aukaverka. Verkið hófst í októberbyrjun 2002 og því lauk þann 1. nóvember 2002.

Árborg: Um er að ræða 1.200 m langa sjóvörn vestan Stokkseyrar (Kaðlastaðir – Hraunsá) í framhaldi af eldri sjóvörn við byggðina í samræmi við sjóvarnaáætlun. Nýja sjóvörnin er byggð ofan á og framan við gamla sjóvarnargarðinn án þess að raska honum. Sjóvörnin er til að draga úr hættu á yfirrennsli og til að hindra að sjórinn brjóti skörð í gamla garðinn. Við Hraunsá verður útbúin þrenging til að minnka innrennsli.

Verkið var boðið út í nóvember 2002 og bárust 12 tilboð. Samið var við lægstbjóðanda, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., sem bauð 67,2% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið hófst í lok desember og er gert ráð fyrir að því ljúki í apríl 2003.

Kostnaður vegna undirbúnings féll á verkið á árinu 2002 en verktakareikningar munu allir berast á árinu 2003.

Grindavík: Þar var unnið að sjóvörnum vestan Grindvíkur í Staðarhverfi við Húsatóftavöll og við aðstöðu Stofnfisks og við Litlubót. Einnig við Hraun austan Grindavíkur. Samið var við Suðurverk um grjótvinnslu fyrir verkið um leið og gerðir voru samningar um brimvarnargarða við innsiglingu. Um áramót var búið að vinna 6.400 m^3 af grjóti í sjóvörnina í námunni við Eldvarpahraun, en ekki var byrjað á görðunum.

Vatnsleysustrandarhreppur: SEES lauk gerð sjóvarnargarðs samkvæmt verksamningi frá í nóvember 2001. Byggður var um 177 m langur sjóvarnargarður frá enda sjóvarnar við Minni Voga í átt að Grænuborg. Verktakinn sá um að útvega grjót, alls um 4.400 m^3.

Bessastaðahreppur: Þar var gerð sjóvörn við Kasthúsatjörn á um 250 m kafla. Endurraðað var um 1.000 m^3 af grjóti. Flokkað grjót úr námu var um 3.000 m^3 og magn kjarna var um 700 m^3. Grjót skal sækja í námu í Kapelluhrauni. Verkið var ekki boðið út heldur samið við Suðurverk hf. um framkvæmd þess. Samningsverð var 5.361.468 kr. Verkið hófst í lok nóvember 2002 og var ekki lokið við áramót.

Seltjarnarnes: Byggð var sjóvörn við Kotgranda, alls um 230 m. Alls fóru um 1.650 m^3 af flokkuðu grjóti og um 1.000 m^3 af kjarna í byggingu þessarar sjóvarnar. Verkið var ekki boðið út heldur var samið við Borgarvirki ehf. um framkvæmd þess og var samningsverð 4.669.500 kr. Grjót var sótt í námu í Kapelluhrauni. Verkið hófst um miðjan september 2002 og var tekið út í lok nóvember 2002.

Rannsóknir Siglingastofnunar Íslands í hafnamálum.

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum á sviði hafnamála fyrir 42,5 millj. kr. Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Dýptarmælingar voru gerðar á Bakkafjöru, Djúpavogi og í Þorlákshöfn.

Byggt var líkan af Þorlákshöfn og unnið við líkanið út árið 2002. Tilgangur tilraunanna var að leggja drög að framtíðarþróun hafnarinnar. Við lok ársins lágu fyrir tillögur að nýrri hafnarkví norðan og austan við núverandi Svartaskersgarð er afmörkuð verður af nýjum skjól- og brimvarnargarði, Austurgarði. Núverandi hafnarmynni helst óbreytt, Norðurvarargarður, eða L-ið, verður tekið upp, enda er það að hruni komið, en garður verður byggður út í höfnina frá Svartaskersgarði sem skýla á innri hluta hafnarinnar.

Unnið var áfram að öldufarsrannsóknum fyrir Þorlákshöfn. Í tengslum við þingsályktunartillögu um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru frá desember 2000 var unnið að öldu-

farsreikningum með það að markmiði að kortleggja öldufar á mögulegum siglingaleiðum frá Vestmannaeyjum upp á Bakkafjöru. Unnið var að öldufarsreikningum vegna leiðastjórnunar verkefnis, sem miðar að afmörkun á siglingaleiðum olíu- og flutningaskipa, með kortlagningu á öldu á siglingaleiðum fyrir suðvesturlandi. Hafinn var undirbúningur að öldufarsreikningum fyrir Hornafjarðarós og Breiðamerkursand, en síðara verkefnið er unnið í samvinnu við Vegagerðina.

Unnið var að frumathugunum og frumtillögum fyrir höfn í Arnarfirði fyrir kalkþörungaverksmiðju. Fyrir Snæfellsbæ voru gerðar bergmálsmælingar í Ólafsvík, innan og utan hafnar, til að kanna möguleika á hafnarköntum með meira dýpi en þar er. Jafnframt voru athugaðir möguleikar á bergmálsmælingum á Rifi, en ekki er talið að sú mæliaðferð henti vegna botngerðar. Haldið var áfram að fylgjast með og kanna botnbreytingar á Grynnslunum framan við Hornafjarðarós.

Unnið var að stafrænum gagnagrunni með sjávardýpi fyrir suðaustur- og norðurlandi ásamt Breiðafirði. Haldið var áfram uppsetningu sjávarfallalíkans með þéttu neti (2x2 km) fyrir norðvesturland og Breiðafjörð. Einnig var unnið við þróun reklíkans fyrir olíu og rek hluta.

Jafnframt var áfram unnið að tilraunum með hreyfistöðugleika skipa og framsetningu stöðugleikagagna.

Á árinu voru birtar tvær greinar sem unnar voru annars vegar í samvinnu við Háskóla Íslands og háskólann í Bologna á Ítalíu og hins vegar við tæknistofnunina SINTEF í Þrándheimi og Kystverket í Noregi. Fyrri greinin var birt á alþjóðlegri ráðstefnu ICCE 2002 í Bretlandi, „On the Application of a Conceptual Abrasion on Six Icelandic Breakwaters." Seinni greinin var birt á PIANC ráðstefnu í Sydney „Berm Breakwaters: A Flexible Construction – An Excellent Wave Breaker Some Results from Model Tests."

Starfsemi Siglingastofnunar Íslands árið 2002.

Starfsemi Siglingastofnunar skiptist í þrjá meginþætti: hafnamál, skipamál og vita- og leiðsögumál. Í þessari framkvæmdaskýrslu er fjallað ítarlega um eftirlit og umsjón Siglingastofnunar með ríkisstyrktum sjóvarna- og hafnarframkvæmdum, rannsóknir á sviði hafnamála og uppbyggingu sjóvarna og hafna. Hér á eftir er í stuttu máli fjallað um helstu verkefni stofnunarinnar á öðrum sviðum.

Samkvæmt lögum um skráningu skipa heldur Siglingastofnun aðalskipaskrá. Undanfarin ár hefur skipum á aðalskipaskrá fjölgað en að þessu sinni fækkar um 57 skip í flotanum. Í upphafi ársins 2002 voru alls 2.465 skip á skrá en 2.408 í árslok. Þrátt fyrir fækkunina er heildarbrúttótonnatala skipastólsins 4.756 tonnum hærri en fyrir ári. Skýringuna er m.a. að finna í stórum skipum sem skráð voru á árinu. Þilfarsskip á skrá eru samtals 1.135 og brúttótonnatala þeirra er 235.775. Opnir bátar eru samtals 1.273 og brúttótonnatala þeirra er 7.473.

Siglingastofnun gefur út á ári hverju skrá yfir íslensk skip og báta miðað við 1. janúar ár hvert. Í henni er að finna frekari upplýsingar um breytingar á skipa- og bátaflotanum milli ára auk ítarlegra tæknilegra upplýsinga um hvert skip, eiganda þess, heimahöfn o.fl.

Skoðunarsvið Siglingastofnunar sinnir lögbundnu eftirliti stofnunarinnar með skipum. Aðalskrifstofa sviðsins er í Kópavogi en sjö umdæmisskrifstofur sinna skipaeftirliti á landsbyggðinni. Árlega eru gerðar um tíu þúsund skoðanir, að stærstum hluta aðalskoðanir og aukaskoðanir. Aðalskoðun skips skiptist í árlega búnaðar- og vélskoðun, bolskoðun, sem gerð er annað hvert ár, og öxulskoðun á fjögurra ára fresti. Aðrar skoðanir eru t.d. skyndiskoðanir, skoðanir á fjarskiptatækjum, brunavarnakerfum, hallaprófanir, rafmagnsskoðanir, skoðanir vegna nýsmíði o.fl.

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit eru árlega skoðuð um a.m.k. 25% erlendra kaupskipa sem hér koma í höfn. Tilgangur hafnarríkiseftirlitsins er að stemma stigu við siglingum skipa sem ekki uppfylla alþjóðakröfur um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti áhafna kaupskipa, atvinnuréttindi þeirra og mengun frá skipum. Hér á landi voru skoðuð 85 skip frá 28 þjóðlöndum af þeim 326 sem í höfn komu, eða 26%.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu atvinnuréttindaskírteina, þjónustu við mönnunar- og undanþágunefndir sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Þá er alþjóðasamstarf á sviði siglingamála mikið og tekur Siglingastofnun m.a. þátt í starfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO.

Framkvæmd langtímáætlunar í öryggismálum sjófarenda er á hendi Siglingastofnunar í samvinnu við verkefnisstjórn, en í henni sitja fulltrúar stéttarfélaga sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Siglingastofnunar og samgönguráðuneytis. Árið 2002 voru gefnir út og dreift fræðslupésum um öryggismál sjófarenda í þeim tilgangi að bæta aðgengi sjómanna að fræðsluefni og leiðbeiningum um öryggismál sjófarenda. Pésarnir fjalla um æfingar um borð í skipum, nýliðafræðslu, eldvarnir, fallhættu og öryggi við hífingar.

Lokið var við gerð stuttmynda um öryggismál sem bera heitin: Frágangur gúmmíbjörgunarbáta, Móttaka þyrlu, Æfingar um borð, Öryggi skips og áhafnar, Notkun línubyssa, Léttbáturinn, Öryggi við hífingar, Fallhætta, Öryggi við veiðarfæri, Frágangur varasamra efna, Öryggi í vinnslunni.

Unnið er að því að útgefið fræðsluefni og myndbönd verði einnig aðgengileg á sérstökum vef um öryggismál sjómanna.

Fræðast má frekar um framkvæmd áætlunarinnar í sérstakri skýrslu sem samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi. Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að öryggismál sjófarenda verði hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun nr. 71/2002.

Siglingastofnun tók þátt í undirbúningi ýmissa lagafrumvarpa sem varða starfssvið stofnunarinnar. Frumvörpin fjalla m.a. um þurrleiguskráningu fiskiskipa, skipamælingar, vitagjald og staðsetningu mannvirkja á sjó, vinnutíma sjómanna, eftirlit með skipum og vaktstöð siglinga. Jafnframt hefur Siglingastofnun tekið þátt í gerð tillögu að samgönguáætlun að því marki sem fjallað er um framkvæmdir við hafnir, vita, sjóvarnir, öryggismál sjófarenda og önnur mál er varða rekstur og starfssvið Siglingastofnunar. Innan Siglingastofnunar var unnið að undirbúningi ýmissa reglugerða, t.d. reglugerðar um eftirlit og skoðanir íslenskra skipa, reglugerðar um breytingu á reglugerð nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri og reglugerðar um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Með nýjum lögum um rannsóknir sjóslysa nr. 68/2000 breyttist aðild Siglingastofnunar að þeim málum. Hlutverk Siglingastofnunar er nú m.a. að sjá til þess að tillögur til úrbóta í öryggismálum á sjó sem berast frá nefndinni séu teknar til formlegrar afgreiðslu og sendir nefndinni skýrslu um niðurstöður. Þá ber Siglingastofnun samkvæmt reglugerð nr. 133/2002 að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Á undanförnum misserum hefur staðið yfir vinna við endurskipulagningu og gerð frumvarps um vaktstöð siglinga. Markmið frumvarpsins er að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Til að ná þessu markmiði er lagt til að Siglingastofnun Íslands setji á fót vaktstöð siglinga. Við undirbúning frumvarpsins var lögð áhersla á mikilvægi þess að gefa einni strandarstöð aukið hlutverk sem byggist á því að vera vaktstöð siglinga í íslenskri efnahagslögsögu.

Helstu verkefni vaktstöðvar siglinga verða að vera miðstöð skipaumferðar í íslenskri efnahagslögsögu og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins, vöktun og eftirlit með sjálfvirka tilkynningakerfinu, STK, hlustun á alþjóðlegum neyðartíðnum, GMDSS og umsjón með NAVTEX-tilkynningum til sjófarenda, skráning allra skipa sem falla undir hafnarríkiseftirlit, eftirlit með siglingum skipa sem flytja hættulegan varning, umsjón með tilkynningum um bilaða siglingavita og dufl og rekstur fjarskiptakerfis vegna ofangreindra verkefna.

Formlegt eftirlit með framkvæmd samstarfssamninga samgönguráðuneytis og Slysavarnafélagsins Landsbjargar var falið Siglingastofnun sl. vor. Um er að ræða m.a. samning um starfrækslu Slysavarnaskóla sjómanna, samning um starfrækslu sjálfvirka tilkynningakerfisins fyrir íslensk skip og báta styttri en 24 m, samning um rekstur björgunarbáta og samning um starfrækslu þjálfunar- og fræðslumiðstöðvar að Gufuskálum.

Siglingastofnun annast uppbyggingu og rekstur landsvitakerfisins og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu og rekstri hafnarvita og innsiglingarmerkja.

Meginþungi eftirlits með búnaði vita og viðhalds á vitabyggingum er á sumrin. Einnig er sinnt viðhaldi á baujum og radíóvitum. Að jafnaði er reynt að sinna viðhaldi á fimmtu hverri vitabyggingu árlega en alls rekur stofnunin 104 ljósvita á ströndum landsins. Á árinu 2002 var sinnt viðhaldi á 21 vitabyggingu. Sinnt var eftirliti með búnaði í 65 vitum á árinu og 14 baujum.

Í eftirlitsferðunum var auk þess lokið við að taka ljósmyndir af vitum landsins fyrir útgáfu bókarinnar Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878–2002, sem út kom haustið 2002. Bókin er menningarsögulegt rit um sögu og þróun vitamála á Íslandi og í henni er að finna fjölda mynda og teikninga auk umfjöllunar um alla íslenska vita. Rakin er saga íslensku vitaþjónustunnar frá upphafi, fjallað um vitaskipin og þátt vitavarðanna og breytileg vitatækni er skýrð og skilgreind. Einnig er fjallað um byggingarlist íslenskra vita og tengsl byggingarstíls þeirra við strauma og stefnur í byggingarlist á hverjum tíma.

Fréttabréf Siglingastofnunar, Til sjávar, og vefur, www.sigling.is, mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Fimm tölublöð voru gefin út af fréttabréfinu árið 2002 og því dreift til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga og alþingismanna auk fjölda fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu er jafnan að finna greinar og fréttir um það helsta sem er að gerast á vettvangi stofnunarinnar. Sömu sögu er að segja um vef stofnunarinnar. Unnið var að breytingum á vefnum í því skyni að auðvelda aðgengi að upplýsingum sem þar er að finna, svo sem öll lög og reglur á starfssviði Siglingastofnunar, þ.e. um hafnir, vita, sjóvarnir, köfun, siglingar, skráningu skipa, skipamælingar, leiðsögu skipa, eftirlit með skipum, öryggismál, leit og björgun á sjó, menntun og þjálfun áhafna skipa og réttindi og skyldur sjómanna að ógleymdu upplýsingakerfinu um veður og sjólag.

Tölur úr rekstri Siglingastofnunar Íslands árið 2002 (fjárhæðir í millj. kr.).

Tekjur	Almennir viðskipta-vinir	Af fjár-lögum	Tekjur samtals 2002	Tekjur samtals 2001
Ýmsar tekjur, bókhaldsþjónusta, þóknun, vaxtatekjur	22		22	34
Langtímaáætlun í öryggismálum sjómanna	0	15	15	0
Vita- og leiðsögukerfi, rekstur og stofnkostnaður	27	122	149	144
Rannsóknir	0	44	44	43
Hafnasvið, framkvæmdir og áætlanir	88	27	115	101
Skipaverkefni	10	59	69	56
Skoðunarsvið	37	100	137	147
Hafnarríkiseftirlit	0	12	12	11
Tækjaleiga og vörusala	7	0	7	12
Tekjur samtals	**191**	**379**	**570**	**548**

	Gjöld 2002	Gjöld 2001
Launakostnaður	356	314
Önnur gjöld	186	161
Stofnkostnaður	26	21
Gjöld samtals	**568**	**496**
Tekjuafgangur	**2**	**52**

Tafla I. Kostnaður við hafnaframkvæmdir 2002 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildar-kostnaður		Ríkis-hluti
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir					
Akranes	Dýpkun við aðalhafnargarð	75%	36,7		
	Stálþil á aðalhafnargarði	60%	0,7	37,4	27,9
Snæfellsbær	Ólafsvík, lenging á flotbryggjum	60%	0,6		
	Arnarstapi, lenging grjótgarðs	75%	59,5		
	Arnarstapi, viðgerð á bryggju ofl.	60%	5,6		
	Rifshöfn, staurakista	60%	16,2	81,9	58,1
Grundarfjörður	Lenging Stórubryggju, stálþil	60%	45,6		
	Lenging Stórubryggju, grjótvörn	75%	5,1	50,7	31,2
Stykkishólmur	Stálþil næst Brúarbás í Súgandisey	60%	13,6	13,6	8,2
Búðardalur	Leiðrétting uppgjörs 2000				-0,1
Reykhólahöfn	Dýpkun, grabbað upp meðfram bryggju	75%	3,0		
	Tjón, viðgerð á garði	100%	2,8		
	Hafnabótsjóður		-2,8	3,0	2,3
Ísafjörður	Ísafjörður, endurbygging flotbryggju	60%	3,4		
	Flateyri, endurbygging hafnarkants	60%	19,7	23,1	13,9
Súðavík	Suðurgarður, þvergarður og styrking.	75%	1,5		
	Viðlegubryggja við Suðurgarð	60%	9,2	10,7	6,6
Drangsnes	Drangsnesbryggja, veggur, þekja	60%	9,1		
	Kokkálsvík, slitlag við bryggjur	60%	2,2	11,3	6,8
Hólmavík	Bæta aðstöðu fyrir smábáta	60%	0,9		
	Bæta aðstöðu fyrir smábáta, dýpka	75%	0,1		
	Leiðrétt uppgjör 2001	60%	0,2	1,2	0,7
Skagaströnd	Dýpkun í höfn og innsiglingu	75%	7,8		
	Tjón á innsiglingarmerki	100%	0,6		
	Hafnarbótasjóður, styrkur	100%	-0,6	7,8	5,9
Skagafjörður	Sauðárkrókur, dýpkun og snúningssvæði	75%	3,5		
	Sauðárkrókur, stálþil Norðurgarði	60%	55,2		
	Haganesvík, viðhaldsdýpkun	75%	0,2	58,9	35,9
Siglufjörður	Óskarsbryggja, 75 m þil og steypt þekja	60%	29,3	29,3	17,6
Hafnasamlag Eyjafj.	Ólafsfjörður, togarabryggja stálþil	60%	0,3		
	Ólafsfjörður, dýpkun	75%	5,7		
	Árskógssandur, ferjuaðstaða	75%	2,8		
	Hrísey, ferjuaðstaða	75%	3,4		
	Hauganes, grjótvörn á hafnarsvæði	75%	0,8	13,0	9,7
Grímsey	Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs	75%	8,6		
	Tjón á aðalhafnargarði	100%	10,0		
	Hafnabótasjóður, tjónastyrkur	100%	-10,0	8,6	6,5
Hafnasamlag Norðurl.	Akureyri, dýpkun við Krossanes II. áfangi	75%	2,4		
	Akureyri. Fiskihöfn, Vesturbakki stálþil	60%	21,2		
	Akureyri, stálþil Krossanesi II. áfangi	60%	2,1		
	Akureyri, dýpkun í fiskihöfn	75%	1,5	27,2	16,9
Húsavík	Brimvarnargarður við Böku	75%	325,0	325,0	243,8
Kópasker	Dýpkun hafnar	75%	3,5	3,5	2,6

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildar-kostnaður		Ríkis-hluti
Raufarhöfn	Dýpkun innsiglingarennu, merking	75%	71,6	71,6	53,7
Þórshöfn	Tjón á hafskipabryggju	100%	3,9		
	Hafnabótasjóður, styrkur		-3,9		
	Dýpkun innsiglingar og hafnar	75%	90,4		
	Hafskipabryggja, lenging	60%	12,0	102,4	75,0
Bakkafjörður	Lenging löndunarbryggju	60%	15,1		
	Lenging Sjafnarbryggju	60%	4,0	19,1	11,5
Vopnafjarðarhöfn	Löndunarbryggja	60%	16,9		
	Hafnarbótasjóður, styrkur	75%	-1,9		
	Tjón á stálþili		1,9		
	Kranaþjónustan, greidd verktrygging	60%	-4,5		
	Dýpkun innsiglingar og merking	75%	60,3	72,7	52,7
Borgarfjörður eystri	Dýpkun sunnan gömlu bryggju	75%	0,9	0,9	0,6
Seyðisfjarðarhöfn	Ferjulægi, stálþil	60%	141,7		
	Sérbúnaður við ferjulægi	75%	81,2		
	Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn	75%	37,3	260,2	173,9
Fjarðabyggð	Neskaupstaður. Lenging togarabryggju, þekja.	60%	29,5		
	Neskaupstaður, dýpkun	75%	49,4		
	Neskaupstaður, skjólgarður	75%	31,5		
	Eskifjörður, stálþil uppgjör 2001	60%	1,3		
	Mjóifjörður, skjólgarður, dýpkun	75%	11,2		
	Mjóifjörður, flotbryggja og frágangur	60%	2,6	125,5	89,1
Fáskrúðsfjörður	Stækkun löndunarbryggju	60%	39,0	39,0	23,4
Stöðvarfjörður	Uppgjör	60%	4,7	4,7	2,8
Breiðdalsvík	Tjón, viðgerð á garði	100%	2,5		
	Hafnabótasjóður, styrkur		-2,5		
Djúpivogur	Löndunarkantur, stálþil Gleðivík	60%	27,2	27,2	16,3
Hornafjarðarhöfn	Faxeyrarhöfn, umhverfismat og undirbúningur	75%	0,1		
	Viðhaldsdýpkun hafnar	75%	10,9		
	Leiðigarðar	75%	17,3		
	Þinganesgarður	75%	0,1		
	Smábátaaðstaða dýpkun	75%	3,5		
	Smábátaðstaða, flotbryggjur ofl.	60%	7,5	39,4	28,4
Vestmannaeyjar	Friðahöfn, Norður/Austurkantur endurb. stálþil	60%	0,1		
	Heimtaug á Löngu	60%	1,0		
	Nausthamarsbryggja, endurbygging	60%	49,0		
	Dýpkun í innsiglingu	75%	11,0		
	Friðarhöfn. Ískantur/Suðurkantur	60%	84,2		
	Dýpkun við Nausthamarsbryggju/Friðarhöfn	75%	4,3	149,6	90,4
Þorlákshöfn	Tunna á garðsenda	75%	2,1		
	Dýpkun hafnar	75%	1,2	3,3	2,5
Grindavíkurhöfn	Skjólgarðar	75%	142,9	142,9	107,2
Sandgerði	Dýpkun við Norðurgarð	75%	30,3		
	Norðurgarður, lenging stálþils	60%	45,3	75,6	49,7
Hafnasamlag Suðurn.	Öldudempari í Helguvík	75%	20,5		
	Grjótgarðar Njarðvík	75%	1,0	21,5	16,1

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildar-kostnaður		Ríkis-hluti
Af óskiptu fé	Kópasker, endurnýjun innsiglingarmerkja	75%	1,0		
	Borgarfjörður eystri innsiglingarmerki	75%	1,0		
	Djúpivogur, innsiglingarmerki	75%	1,5		
	Grindavík, ljósdufl	75%	1,1		
	Vestmannaeyjar, öryggismál	60%	1,2		
	Breiðdalsvík, innsiglingamerki	75%	1,8		
	Breiðdalsvík, grjótnám	75%	0,6	8,2	5,5
	Alls ríkistyrktar framkvæmdir		**1870,0**	**1870,0**	**1.293,3**
		60%	712,9		
		75%	1157,1		
	Samtals		**1870,0**		
II. Ferjubryggjur					
	Flatey á Breiðafirði	100%	2,3		2,3
	Mjólká	100%	2,4		2,4
	Vigur	100%	0,5		0,5
	Æðey	100%	3,5		3,5
	Reykjanes	100%	5,7		5,7
	Bæir	100%	1,1		1,1
	Alls ferjubryggjur		**15,5**		**15,5**

Tafla II. Kostnaður við sjóvarnir 2002 (fjárhæðir í millj. kr.).

	Heildarkostnaður	**Ríkishluti**
Akranes	4,1	3,6
Snæfellsbær	1,1	0,9
Eyrarsveit	5,6	4,9
Dalabyggð	1,4	1,2
Reykhólahreppur	2,1	1,8
Ísafjarðarbær	4,0	3,5
Súðavíkurhreppur	1,3	1,1
Kaldrananeshreppur	1,9	1,6
Höfðahreppur	4,6	4,0
Dalvíkurbyggð	1,8	1,5
Grenivík	1,9	1,7
Grímsey	3,3	2,9
Öxarfjarðarhreppur	2,1	1,8
Fjarðabyggð	2,9	2,5
Árborg	1,3	1,1
Ölfushreppur	10,7	9,3
Grindavík	0,4	0,4
Vogar	4,0	3,5
Bessastaðahreppur	5,9	5,1
Seltjarnarnes	5,5	4,8
Samtals millj. kr.	**65,9**	**57,2**

Tafla III. Kostnaður við rannsóknaverkefni 2002 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar rannsóknir		
Rannsóknir, óskipt	2,5	
Fræðigreinar	0,6	
Stjórnvaldsverkefni	0,4	
Brimvarnargarðar	0,6	
Þorlákshöfn, líkantilraunir	17,9	
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	5,3	
Rannsóknir við Suðurströndina	4,6	
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	2,1	
Sjávarföll, sjávarflóð	1,5	
Hreyfistöðugleiki skipa	0,5	35,9
Rannsóknaverkefni í höfnum		
Rannsóknir í höfnum, óskipt	0,6	
Reykjavík	0,4	
Snæfellsbær	0,5	
Grundarfjörður	0,3	
Bíldudalur	0,8	
Akureyri	0,2	
Húsavík	0,2	
Vopnafjörður	0,5	
Seyðisfjörður	0,1	
Djúpivogur	0,5	
Hornafjörður	1,3	
Þorlákshöfn	2,5	
Reykjanesbær	0,1	
Hafnarfjörður	0,1	8,1
Samtals		**44,0**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerðar 2002 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 2001		Ríkishluti framkvmda	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 2002	
	Vantar	Ónotað	2002	2002	Vantar	Ónotað
Akranes	0,1		27,9	52,8		24,8
Borgarnes		0,1	0,0			0,1
Snæfellsbær		25,1	58,1	51,8		18,6
Grundarfjörður		15,9	31,2	21,0		5,8
Stykkishólmur	1,3		8,2	13,2		3,7
Búðardalur		0,9	-0,1			1,0
Reykhólahöfn		0,1	2,3	2,6		0,5
Vesturbyggð		2,0	0,0	16,3		18,3
Tálknafjörður		0,2	0,0			0,2
Bolungarvík		6,7	0,0	22,2		28,9
Ísafjarðarbær		21,5	13,9	21,9		29,6
Súðavík		0,5	6,6	9,7		3,6
Drangsnes		3,9	6,8	1,0	1,9	
Hólmavík		6,8	0,7	-3,5		2,6
Húnaþing vestra		13,1	0,0	-13,0		0,1
Blönduós		0,9	0,0			0,9
Skagaströnd		1,2	5,9	6,5		1,9
Skagafjörður		9,0	35,9	36,4		9,5
Siglufjörður		6,0	17,6	9,4	2,1	
Hafnasamlag Eyjafjarðar		0,7	9,7	32,6		23,6
Grímsey	1,7		6,5	5,6	2,6	
Hafnasamlag Norðurlands		18,4	16,9	25,1		26,6
Húsavík		99,7	243,8	155,6		11,5
Kópasker		1,9	2,6	2,8		2,1
Raufarhöfn	1,5		53,7	112,7		57,5
Þórshöfn		0,6	75,0	117,8		43,4
Bakkafjörður			11,5	10,9	0,6	
Vopnafjörður		41,2	52,7	20,5		9,1
Borgarfjörður eystri		0,6	0,6			
Seyðisfjörður		28,6	173,9	199,9		54,6
Fjarðabyggð		27,7	89,1	124,6		63,2
Fáskrúðsfjörður		0,2	23,4	18,0	5,2	
Stöðvarfjörður		2,4	2,8		0,4	
Breiðdalsvík		5,2	0,0	-5,0		0,2
Djúpivogur		2,3	16,3	13,3	0,8	
Hornafjarðarbær		31,0	28,4	1,8		4,4
Vestmannaeyjar		43,8	90,4	99,8		53,2
Eyrarbakki		1,0	0,0			1,0
Þorlákshöfn	3,9		2,5	37,8		31,5
Grindavík	162,2		107,2	110,6	158,8	
Sandgerði		50,9	49,9	26,3		27,3
Hafnasamlag Suðurnesja	6,7		16,1	17,3	5,5	
Óskipt		10,8	5,5	5,7		11,0
Rannsóknir ofl.			15,0	15,0		
Samtals:	**177,4**	**480,9**	**1308,5**	**1397,0**	**177,9**	**570,3**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 2002 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar hafnir:		1.397,0
Lendingabætur:		
Þernuvík	0,5	
Grunnavík	0,2	
Drangar	1,0	
Gjögur	0,5	
Reykir á Reykjaströnd	1,0	
Lagarfljótsbrú	0,6	3,8
Ferjubryggjur:		15,5
Samtals fjárveitingar		**1.416,3**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 2002 (fjárhæðir í millj. kr.).

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-335)	
Akranes	6,5
Snæfellsbær	1,6
Reykhólahreppur	2,5
Ísafjarðarbær	6,7
Súðavíkurhreppur	3,2
Kaldrananeshreppur	1,6
Höfðahreppur	4,1
Grýtubakkahreppur	2,2
Öxarfjarðarhreppur	1,9
Vopnafjörður	4,8
Árborg	17,7
Sveitarfélagið Ölfus	7,9
Grindavík	7,0
Bessastaðahreppur	8,1
Seltjarnarnes	5,0
Samtals	**80,8**

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2002 (fjárhæðir í millj. kr.).

Styrkir		
a) Styrkir til nýframkvæmda		
Snæfellsbær	0,8	
Grundarfjörður	5,3	
Stykkishólmur	3,3	
Reykhólar		0,5
Vesturbyggð	3,3	
Bolungarvík	2,0	
Súðavík		2,1
Drangsnes		0,3
Hafnasamlag Eyjafjarðar	0,2	
Grímsey		1,5
Húsavík		31,1
Kópasker		0,9
Raufarhöfn	18,1	
Þórshöfn		8,5
Bakkafjörður	2,7	
Vopnafjörður	16,9	
Seyðisfjörður	46,6	
Djúpivogur	7,1	151,2
b) Tjónastyrkir		
Breiðdalsvík	3,0	
Grímsey		10,0
Skagaströnd	0,6	
Vopnafjörður	1,9	15,5
Styrkir alls		**166,7**
Lán		
a) Engin lán veitt á árinu	0,0	
b) Lán út á væntanlega fjárveitingu	0,0	
Lán alls		**0,0**

1243. Nefndarálit [56. mál]

um till. til þál. um skipan nefndar til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Hafrannsóknastofnuninni, Félagi áhugamanna um auðlindir í almannaþágu, Vélstjórafélagi Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Hagstofu Íslands.

Tillagan felur í sér skipan nefndar til að gera úttekt á kostum og göllum færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Margir hafa bent á að taka ætti upp hið færeyska kerfi hérlendis. Engin úttekt hefur hins vegar verið gerð á því í samanburði við núverandi fyrirkomulag fiskveiða á Íslandi. Nefndin telur að gera þurfi slíka úttekt þannig að hægt verði að bera saman kerfin tvö með hliðsjón af sem flestum þáttum, svo sem þjóðhagslegri hagkvæmni, áhrifum á byggðir, fiskgengd, tengslum vinnslu og útgerðar, brottkasti, veiðarfærum, stærð fiskiskipa o.s.frv.

Nefndin telur því að efni tillögunnar falli vel að áformum sjávarútvegsráðherra, sem hann hefur kynnt, um frekari athuganir og útfærslu á stjórn fiskveiða og leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Árni Steinar Jóhannsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Jóhann Ársælsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Árni R. Árnason, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Adolf H. Berndsen.		Hjálmar Árnason.

1244. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt. Umsagnir bárust frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Hagstofu Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hólaskóla, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Byggðastofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Umhverfisstofnun og Hraðfrystihúsinu Gunnvör hf.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að setja á laggirnar miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum er hafi það hlutverk að standa fyrir og efla

rannsóknir á þessu sviði í samvinnu við háskóla- og rannsóknastofnanir og efla starfsemi rannsóknastofnana á svæðinu í því skyni.

Sjávarútvegsnefnd telur að tillagan falli vel að áformum ríkisstjórnarinnar um eflingu byggða og atvinnulífs í landinu, sem og rannsóknastarfsemi hérlendis, og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Árni Steinar Jóhannsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Jóhann Ársælsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Árni R. Árnason, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Adolf H. Berndsen.		Hjálmar Árnason.

1245. Nefndarálit [35. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á þorskeldi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt. Umsagnir bárust um það á síðasta þingi frá Hólaskóla, Byggðastofnun, Landssambandi smábátaeigenda, Verslunarráði Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Vélstjórafélagi Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þjóðhagsstofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra verði falið að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði stórauknar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.

Sjávarútvegsnefnd telur brýnt að móta heildarstefnu í þessum málum og með vísan til þeirrar vinnu sem stjórnvöld eru að vinna nú þegar leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Árni Steinar Jóhannsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Jóhann Ársælsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Árni R. Árnason, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Adolf H. Berndsen.		Hjálmar Árnason.

1246. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Garðar Jónsson og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Vatnsleysustrandarhreppi, Djúpavogshreppi, Hríseyjarhreppi, Samtökum atvinnulífsins, Sveitarfélaginu Hornafirði, Grindavíkurkaupstað, Skagafjarðarveitum, Ólafsfjarðarbæ, Kolbeinsstaðahreppi, Vatnsveitu Árborgar, Hitaveitu Suðurnesja, Kópavogsbæ, Samorku – samtökum raf-, hita- og vatnsveitna, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Þórhalli Pálssyni, forstöðumanni umhverfissviðs Austur-Héraðs, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Súðavíkurhreppi og Eyþingi.

Frumvarpið er endurflutt frá 127. þingi m.a. að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem nefndinni bárust við málið. Meginmarkið þess er að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Lagt er til það nýmæli að vatnsveitu verði heimilt að framselja einkarétt sinn á rekstri vatnsveitu og sölu vatns til stofnunar eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Þá er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna og hindra eftir megni sóun neysluvatns. Loks hefur komið fram að ekki sé ætlunin að samþykkt frumvarpsins leiði til hækkunar á gjaldskrám vatnsveitna.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og telur meiri hlutinn rétt að gera ýmsar breytingar á frumvarpinu, m.a. á þeim ákvæðum sem varða stjórn og eignarhald vatnsveitna. Þannig telur meiri hlutinn að ekki sé kveðið nægilega skýrt á um það í hvaða tilvikum sveitarfélög eiga einkarétt á að leggja og starfrækja vatnsveitu. Þá hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til þess að aðrir en sveitarstjórn geti átt eða starfrækt vatnsveitu. Nauðsynlegt þykir að kveða frekar á um skilyrði og kvaðir eignarréttar á stofnkerfi vatnsveitu þar sem um mikilsverða hagsmuni er að ræða og líklegt að framsal einkaréttarins verði til langs tíma. Þá verða ekki séð nein rök fyrir því að vatnsveitum sem ekki eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga verði heimilt að áskilja sér hærri arð en vatnsveitur sem að öllu leyti eru í eigu sveitarfélaga og er því lagt til að ákvæði þar að lútandi falli brott. Að lokum er það mat meiri hlutans að vandséð sé hvernig ákvæði 9. gr. frumvarpsins um að gjaldskrá þurfi staðfestingu eigenda eigi að vera í framkvæmd og því er lögð til breyting á því.

Meiri hlutinn telur rétt að benda á að eðlilegra hefði verið að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um vatnsveitur sveitarfélaga í stað þess að leggja fram frumvarp með breytingum á 10 af 14 greinum laganna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Ekki er kveðið nægilega skýrt á um það í frumvarpinu í hvaða tilvikum sveitarfélög eiga einkarétt á að leggja og starfrækja vatnsveitu. Til að bæta úr þessum ágalla er lagt til að við bætist nýtt ákvæði sem breyti 1. gr. laganna. 1. mgr. 1. gr. laganna er þá að mestu efnislega óbreytt en í stað þess að tala um að bæjarstjórn skuli starfrækja vatnsveitu í kaupstöðum og bæjum er lagt til að fjallað verði um sambærilegar skyldur sveitarfélaga í þéttbýli jafnframt því sem vísað er til nýrrar 3. mgr. ákvæðisins sem fjallar um undanþáguákvæði frá gildissviði laganna. Ný 2. mgr. er einnig efnislega óbreytt en í stað þess að ræða um heimild hreppsnefnda til þess að starfrækja vatnsveitu í hreppum er nú lagt til að fjallað verði um heimildir sveitarstjórna í dreifbýli. Í nýrri 3. mgr. ákvæðisins er síðan tekið fram að ákvæði laganna gildi ekki um vatnsveitur sem vatnsveitufélög eða aðrir starfrækja samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923. Þá er talið nauðsynlegt að taka fram í nýrri 4. mgr. ákvæðisins að ákvæði 4. gr. um einkarétt sveitarfélaga til að eiga og reka vatnsveitu gildi ekki um landsvæði þar sem ekki er talið hagkvæmt að leggja vatnsveitu, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.
2. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er ekki tekið tillit til þess að aðrir en sveitarstjórn geti átt eða starfrækt vatnsveitu. Því er lögð til breyting á ákvæðinu þannig að skýrt komi fram að með orðunum stjórn vatnsveitu í lögunum sé átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn vatnsveitu sem skipuð er skv. 2. mgr. greinarinnar eða annan þann aðila sem fer með málefni vatnsveitu skv. 3. eða 4. gr. laganna.
3. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um einkarétt sveitarfélaga á rekstri vatnsveitu og heimild þeirra til að framselja þann rétt. Fram kemur að framsal sé heimilt um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til. Það er mat meiri hlutans að rétt sé að skylda sveitarfélögin til þess að setja inn skilyrði og kvaðir varðandi eignarrétt á stofnkerfi vatnsveitna, verð til notenda veitunnar og innlausnarrétt. Hér er um mikilsverða hagsmuni að ræða og líklegt að framsal einkaréttarins verði til langs tíma. Tryggja verður því hagsmuni sveitarfélaga og íbúa gagnvart því að stofnkerfið geti ávallt nýst íbúunum og sveitarfélaginu þar með. Jafnframt er talið nauðsynlegt að tryggja möguleika komandi sveitarstjórna til að geta innkallað einkaréttinn, t.d. ef rekstur og viðhald vatnsveitunnar er óviðunandi. Þá telur meiri hlutinn að tryggja verði hagsmuni íbúa sveitarfélagsins gagnvart gjaldtöku þar sem hér er um þjónustugjald að ræða og lögskylt verkefni sveitarfélaga sem ætlað er að sinna einni frumforsendu þess að hægt sé að lifa í sveitarfélaginu. Rétt er að benda á í þessu sambandi að íbúar eiga ekki annarra úrkosta völ en að þiggja vatn frá viðkomandi vatnsveitu. Meiri hlutinn leggur því til breytingu hvað þetta varðar.
4. Lögð er til breyting á 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins um eignarhald og viðhaldsskyldu á heimæðum. Þannig er lagt til að það skuli að öðru leyti haldast óbreytt en skylt sé vatnsveitu að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda. Ástæður þessa eru að nú eru 12 ár liðin síðan sett voru lög um vatnsveitur sveitarfélaga sem m.a. gerðu ráð fyrir að vatnsveitur sæju um og ættu heimæðar fasteigna í framhaldi af endurnýjun þeirra. Ekki er lengur þörf á að vernda vatnsveitur fyrir skyldu til að endurnýja og viðhalda illa frá-

gengnum heimæðum og því eðlilegt að húseigendur geti losnað undan þeirri kvöð að eiga heimæðarnar og bera ábyrgð á þeim og skaða af þeirra völdum.

5. Lagt er til að 2. málsl. 3. gr. frumvarpsins falli brott. Ástæður þessa eru að ekki verða séð nein rök fyrir því að vatnsveitum sem ekki eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga verði heimilt að áskilja sér hærri arð en vatnsveitur sem að öllu leyti eru í eigu þeirra. Slíkt leiðir til óeðlilegs misræmis gagnvart íbúum landsins. Þá verður að hafa í huga að um er að ræða þjónustugjald vegna skylduverkefnis sveitarfélaga en slík gjöld mega ekki vera hærri en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita þjónustuna. Skv. 3. gr. frumvarpsins er þó heimilt að hafa gjaldið hærra sem nemur 7% af eigin fé og telst það ekki í andstöðu við stjórnarskrá og reglur um þjónustugjöld þar sem sérstök lagaheimild er fyrir því.
6. Lögð er til orðalagsbreyting við 3. og 4. málsl. 1. efnismgr. 4. gr. og 4. efnismgr. 6. gr. frumvarpsins. Þannig er lagt til að beiðnum um lagningu heimæðar, leyfisumsóknum um breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum eiganda sjálfs og við ákvörðun á endurgjaldi fyrir vatn til kaupanda við ákveðnar aðstæður verði vísað til viðkomandi vatnsveitu í stað þess að vera vísað til stjórnar hennar.
7. Þá er lögð til breyting á 5. málsl. c-liðar 5. gr. frumvarpsins um innheimtu vatnsgjalds þannig að heimilt verði að innheimta vatnsgjald með fasteignasköttum og skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds þá hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.
8. Lögð er til breyting á lokamálslið 9. gr. frumvarpsins um staðfestingu eigenda á gjaldskrá þar sem vandséð er hvernig slíkt eigi að vera í framkvæmd. Ekkert er getið um það hvort vatnsveita þurfi samþykki allra eigenda eða hvort samþykki meiri hluta sé nóg eða jafnvel hvort einungis þurfi samþykki þeirra eigenda sem gjaldskráin snertir. Þar að auki telur meiri hlutinn óeðlilegt, t.d. í hlutafélögum, að samþykki eigenda þurfi fyrir tilteknum atriðum. Venjan er sú að hluthafar hafa eingöngu vald á hluthafafundum og þá ræður tiltekinn meiri hluti hluthafa. Jafnframt er ljóst að þegar búið er að taka tillit til framangreindra breytinga á 3. gr. frumvarpsins er ekki þörf á staðfestingu eigenda. Hagsmunir notenda vatnsveitu eiga að vera tryggðir með almennu hámarki vatnsgjalds, sbr. 5. gr. frumvarpsins, auk þess sem ekki er heimilt að taka hærra gjald en sem nemur kostnaði við stofnun og rekstur vatnsveitunnar, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr. frumvarpsins að sveitarfélög setji m.a. skilyrði um verð til notenda veitunnar. Staðfesting eigenda er því óþörf og illframkvæmanleg.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Drífa Hjartardóttir.

Jónína Bjartmarz.

1247. Breytingartillögur [422. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (ArnbS, GÖ, PHB, MS, ÁRJ, DrH, JBjart).

1. Við bætist ný grein sem verður 1. gr., svohljóðandi:
   1. gr. laganna orðast svo:
   Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er, nema í þeim tilvikum sem um ræðir í 3. mgr.
   Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar, enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlun að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.
   Ákvæði laga þessara gilda ekki um vatnsveitur sem vatnsveitufélög eða aðrir starfrækja samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923.
   Ákvæði 4. gr. um einkarétt sveitarfélaga til að eiga og reka vatnsveitu gilda ekki um landsvæði þar sem ekki er talið hagkvæmt að leggja vatnsveitu, sbr. 2. mgr.
2. Við 1. gr. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:
   Með orðunum stjórn vatnsveitu er í lögum þessum átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn vatnsveitu sem skipuð er skv. 2. mgr. eða annan þann aðila sem fer með málefni vatnsveitu skv. 3. eða 4. gr.
3. Við 2. gr.
   a. 1. efnismgr. orðist svo:
      Sveitarfélag hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. Einkaréttinn getur sveitarstjórn framselt stofnun eða fyrirtæki sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga ákveðið tímabil í senn. Við slíkt framsal er sveitarfélaginu skylt að setja skilyrði varðandi eignarrétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar og innlausnarrétt sveitarfélags á einkarétt-indum og eignum á tímabilinu auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.
   b. Í stað 3. málsl. 2. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Eignarhald og viðhaldsskylda skal að öðru leyti haldast óbreytt. Skylt er vatnsveitu að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda.
4. 2. efnismálsl. 3. gr. falli brott.
5. Í stað orðanna „stjórnar vatnsveitu“ í 3. og 4. málsl. 1. efnismgr. 4. gr. og „stjórn vatnsveitu“ í 4. efnismgr. 6. gr. komi: vatnsveitu.
6. 5. efnismálsl. c-liðar 5. gr. orðist svo: Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignasköttum og skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.
7. 3. efnismálsl. 9. gr. orðist svo: Stjórn vatnsveitu skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

1248. Frumvarp til laga [453. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

1. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Þar sem aðstæður leyfa skulu heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein heilbrigðisstofnun.

2. gr.

Orðin „að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 2. málsl. 15. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði.
b. 4., 5. og 6. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Ríkissjóður er eigandi heilsugæslustöðva.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 1. og 4. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús skulu framkvæmdastjórn, læknaráð og starfsmannaráð vera sameiginleg fyrir alla stofnunina.
c. 6. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva sem gegna a.m.k. hálfu starfi til fimm ára í senn og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr., sbr. og 8. mgr. 30. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr.
d. Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Á heilsugæslustöðvum skal starfa framkvæmdastjórn undir yfirstjórn framkvæmdastjóra. Auk hans skulu yfirlæknir (lækningaforstjóri) og hjúkrunarforstjóri skipa framkvæmdastjórn. Heimilt er að fjölga fulltrúum í framkvæmdastjórn sé gert ráð fyrir því í skipuriti stofnunar. Framkvæmdastjórn skal vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar um rekstur heilsugæslustöðvar og skal hann hafa samráð við hana um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu og rekstur stöðvarinnar.
   Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með starfsmannaráði stofnunar a.m.k. fjórum sinnum á ári.
   Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með sveitarstjórn eða sveitarstjórnum á starfssvæði stöðvarinnar a.m.k. tvisvar á ári.

5. gr.

22. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Orðin „að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Á sjúkrahúsum skv. 24. gr. og heilbrigðisstofnun skv. 2. mgr. 12. gr. skal starfa framkvæmdastjórn undir yfirstjórn framkvæmdastjóra. Auk hans skulu yfirlæknir (lækningaforstjóri) og hjúkrunarforstjóri skipa framkvæmdastjórn. Heimilt er að fjölga fulltrúum í framkvæmdastjórn sé gert ráð fyrir því í skipuriti stofnunar. Framkvæmdastjórn skal vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar og skal hann hafa samráð við hana um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi þjónustu og rekstur sjúkrahússins eða heilbrigðisstofnunarinnar.

Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með starfsmannaráði stofnunar a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfunda með sveitarstjórn eða sveitarstjórnum á starfssvæði stofnunarinnar a.m.k. tvisvar á ári.

b. Í stað orðsins „stjórn“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: framkvæmdastjóri, og sama orð í 2. málsl. sömu málsgreinar fellur brott.

c. 2. málsl. 5. mgr. fellur brott.

d. Orðin „gagnvart stjórn stofnunarinnar“ í 3. málsl. 5. mgr. falla brott.

e. Orðin „að fengnum umsögnum viðkomandi sjúkrahússtjórna“ í 6. mgr. falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Landspítali – háskólasjúkrahús skal vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn spítalans að öðru leyti falin sjö manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig að starfsmannaráð spítalans, sbr. 3. mgr. 32. gr., tilnefnir tvo menn, Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar spítalans samkvæmt stjórnskipulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri spítalans í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

b. 2. og 3. mgr. falla brott.

c. 6. og 7. mgr. orðast svo:

Stefnt skal að því að framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 8. mgr. 29. gr. og forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss skv. 1. mgr. þessarar greinar hafi sérþekkingu á rekstri sjúkrahúsa. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa sérþekkingu á sviði rekstrar, starfsmannamála og stjórnsýslu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ríkisins eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn.

Framkvæmdastjórar skulu gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a.m.k. fjögur ár

fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við framkvæmdastjórn, forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra sérdeilda sjúkrahúsanna. Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til staðfestingar. Ráðherra staðfestir stjórnskipulag Landspítala – háskólasjúkrahúss að fengnum tillögum stjórnarnefndar og forstjóra.

d. Í stað orðsins „ríkisspítala“ og „3. mgr.“ í 1. málsl. 8. mgr. kemur: Landspítala – háskólasjúkrahúss, og: 8. mgr. 29. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „stjórnarnefnda“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: framkvæmdastjóra.
b. Í stað orðanna „5. mgr. 29. gr.“ í 1. málsl 2. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. kemur: 8. mgr. 29. gr.
c. Orðin „sbr. þó 21. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
d. Í stað orðsins „sjúkrahússtjórn“ í 3. mgr. kemur: framkvæmdastjóra, og orðin „sbr. þó 21. gr.“ í sömu málsgrein falla brott.
e. Orðin „og viðkomandi sjúkrahússtjórnar“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
f. Í stað orðsins „sjúkrahússtjórn“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: framkvæmdastjóra.

10. gr.

Orðin „sem sjúkrahússtjórnir staðfesta“ í 2. mgr. 32. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal framlag ríkissjóðs við byggingu og búnað sjúkrahúsbygginga skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 24. gr. vera 100%.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Fari fram blönduð starfsemi á sjúkrahúsi, sbr. flokkun sjúkrahúsa í 24. gr. og heilsugæslustöðva í 13. gr., skal skipting kostnaðar fara eftir umfangi hverrar starfsemi. Við skiptingu kostnaðar skal hafa til hliðsjónar stærð húsnæðis og áætlaðan fjölda rýma undir hverja starfsemi fyrir sig. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skiptingu kostnaðar samkvæmt þessari málsgrein.
c. 4. mgr., sem verður 5. mgr., orðast svo:
   Ríkissjóður er eigandi sjúkrahúsbygginga skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 24. gr. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar að öðrum sjúkrahúsbyggingum í hlutfalli við framlög til þeirra.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 18. gr. og 5. mgr. 34. gr. laganna verða sveitarfélög áfram eigendur þeirra eignarhluta í heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsbyggingum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 24. gr. sem þau áttu fyrir 31. desember 2002. Sveitarfélög geta ekki krafist innlausnar á 15% eignarhluta sínum nema afnotum eignanna í þágu heilbrigðisþjónustu ljúki. Í þeim tilvikum skulu ríki og viðkomandi sveitarfélög ráðstafa slíkum fasteignum sameiginlega að

teknu tilliti til endurmetinna eignarhlutfalla. Við slíkt endurmat skal tekið tillit til nýframkvæmda og lagt til grundvallar að eignarhluti sveitarfélaga í umræddum fasteignum afskrifist á 15 árum í jöfnum árlegum áföngum.

II.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I geta sveitarfélög ekki krafist innlausnar á 15% eignarhluta sínum í íbúðarhúsnæði sem telst hluti heilsugæslustöðva, sbr. 2. mgr. 18. gr. laganna, ef annað íbúðarhúsnæði fyrir sömu heilbrigðisstarfsmenn er keypt eða byggt í viðkomandi sveitarfélagi í stað þess sem fyrir var. Í slíkum tilvikum skal eignarhluti sveitarfélagsins endurmetinn og mynda nýjan eignarhlut í nýja húsnæðinu.

III.

Kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði bygginga og búnaðar er um ræðir í 1.–3. tölul. 1. mgr. 24. gr. og 18. gr. laganna og ríkissjóður tekur yfir, sbr. 3. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna, og eru á framkvæmdastigi við gildistöku laga þessara, skal taka mið af stöðu framkvæmda 31. desember 2002.

1249. Frumvarp til laga [464. mál]

um breyting á lögum um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti (stjórnsýsla almannavarna).

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1985, orðast svo:

Ríkislögreglustjóri stýrir starfsemi almannavarna í umboði dómsmálaráðherra að höfðu samráði við almannavarnaráð, sbr. 6. gr.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Landlæknir fer í umboði heilbrigðisráðherra með stjórn þeirra þátta almannavarna er varða málefni heilbrigðisstofnana, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum. Stjórn sóttvarna er í höndum sóttvarnalæknis.

Landlæknisembættið hefur með höndum forvarnir, leiðbeiningar og almannafræðslu er varða málefni sem ógna heilsu manna.

Forráðamönnum heilbrigðisstofnana ber samkvæmt tilmælum landlæknis að undirbúa og framkvæma ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ríkislögreglustjóri annast heildarskipulagningu almannavarna og sér um framkvæmdir á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla að höfðu samráði við almannavarnaráð, sbr. 4. mgr. Í því felst meðal annars að samhæfa gerð almannavarnaáætlana sveitarfélaga og stofnana og hafa eftirlit með endurskoðun og viðhaldi þeirra.

Meðal verkefna ríkislögreglustjóra vegna almannavarna eru:

a. Að tryggja fjarskipti milli lögregluumdæma.
b. Vöktun og mat á hættu ásamt öflun upplýsinga í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
c. Viðbúnaður vegna geisla- og kjarnorkuvár í samvinnu við Geislavarnir ríkisins.
d. Viðbúnaður vegna mengunaróhappa í samvinnu við Umhverfisstofnun og landlæknisembættið.
e. Að hafa samvinnu við yfirdýralækni og landlæknisembættið um viðbrögð og varnaraðgerðir gegn dýrasjúkdómum sem ógnað geta almannaheill.
f. Að annast viðvaranir vegna yfirvofandi eða viðvarandi hættuástands í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
g. Forvarnir, leiðbeiningar og almenningsfræðsla í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
h. Samhæfing á þjálfun og fræðslu yfirmanna og leiðbeinenda.
i. Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.
j. Að halda yfirlit yfir björgunarbúnað og staðsetningu hans.
k. Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum.
l. Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana.
m. Umsjón með almannavörnum í héraði.
n. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður í samráði við ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri skal jafnframt stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir sem miða að því að draga úr líkum á líkams- og eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, svo sem með gerð varnarvirkja eða með öðrum verndarráðstöfunum.

Sérstakt ráð, almannavarnaráð, skal vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um almannavarnir. Ráðið skal starfa með ríkislögreglustjóra þegar almannavarnaástand skapast. Í ráðinu eiga sæti forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, ríkislögreglustjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, forstjóri Landssíma Íslands, vegamálastjóri, veðurstofustjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjörg og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar óháðan formann ráðsins án tilnefningar. Ráðherra getur sett nánari reglur um aðild að ráðinu og starf þess.

4. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 85/1985, orðast svo:

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi, og skulu þeir starfa með almannavarnanefndum sem sveitarstjórnir skipa, sbr. 8. gr.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Í hverju sveitarfélagi skal vera starfandi almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar. Heimilt er sveitarstjórnum að semja um að koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd, en nái slík sameining yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi er slík sameining háð staðfestingu ráðherra. Skal þá ráðherra ákveða hvaða lögreglustjóri starfi með nefndinni.

Almannavarnanefnd skal auk lögreglustjóra skipuð lykilmönnum sem stýra í starfi sínu viðbrögðum sem tryggja öryggi hins almenna borgara gagnvart aðsteðjandi vá. Þær sveitarstjórnir sem að nefndinni standa ákveða fjölda nefndarmanna, en nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann. Sveitarstjórnir ákveða um ráðningu starfsmanna almannavarnanefnda og standa undir kostnaði af starfi þeirra.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Þær skulu gera áætlanir um skipulag almannavarna í samvinnu við ríkislögreglustjóra og almannavarnaráð. Þeim er þannig falin framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma sinna samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur:

a. Skipulag og samræming hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður.
b. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
c. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.
d. Uppbygging og rekstur stjórnstöðvar.
e. Skipulag og uppbygging fjarskipta innan umdæmis.
f. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.
g. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
h. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksviðbúnað að almannavörnum í héraði. Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkislögreglustjóri láti undirbúa og koma á lágmarksviðbúnaði í héraði á kostnað sveitarsjóðs eða sveitarsjóða hafi ákvæðum um lágmarksviðbúnað ekki verið hlítt.

7. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1985, orðast svo:

Á hættutíma hefur ríkislögreglustjóri ákvörðunarvald um flutning hjálparliðs á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra og almannavarnaráð.

8. gr.

Í stað orðsins „almannavarnaráðs“ í 26. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1985, kemur: ríkislögreglustjóra.

9. gr.

Í stað orðsins „almannavarnaráð“ í 3. mgr. 27. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 85/1985, kemur: ríkislögreglustjóra.

II. KAFLI
Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður er orðast svo: að fara með yfirstjórn almannavarna í umboði ráðherra að höfðu samráði við almannavarnaráð.

b. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður er orðast svo: að starfrækja almannavarnadeild sem annist verkefni á sviði almannavarna.

III. KAFLI
Breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55 2. júní 1992.
11. gr.

Í stað orðanna „Almannavarnir ríkisins“ í 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 35/1995, kemur: ríkislögreglustjóra.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49 23. maí 1997.
12. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Ríkislögreglustjóri skal undir yfirstjórn dómsmálaráðherra og að höfðu samráði við almannavarnaráð annast gerð neyðaráætlana, svo og sjá um leiðbeiningar og almannafræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofu Íslands.

13. gr.

3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir ríkislögreglustjóra, almannavarnaráði og hlutaðeigandi almannavarnanefndum.

V. KAFLI
Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 107 28. desember 1999.
14. gr.

1. málsl. 2. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Í neyðartilvikum, svo sem þegar um er að ræða eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni ríkislögreglustjóra, að höfðu samráði við almannavarnaráð, mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti.

VI. KAFLI
Gildistaka.
15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1250. Þingsályktun [132. mál]

um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 132.

1251. Þingsályktun [511. mál]

um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 849.

1252. Frumvarp til laga [375. mál]

um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita.

2. gr.
Skilgreiningar.

Með *björgunarsveit* er átt við félag sem á grundvelli sjálfboðaliðastarfs tekur þátt í björgun, leit og gæslu að beiðni stjórnvalda.

Með *björgunarsveitarmanni* er átt við skráðan einstakling í björgunarsveit sem tekur þátt í björgun, björgunaræfingum, leit og gæslu.

Með *stjórnvöldum* er átt við öll stjórnvöld sem lögum samkvæmt fara með yfirstjórn björgunar- og leitarmála á hverjum tíma. Þau stjórnvöld sem nú eiga hlut að björgunarmálum eru dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, almannavarnaráð, almannavarnanefndir, Flugmálastjórn, rannsóknarnefnd flugslysa, Landhelgisgæslan, ríkislögreglustjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík, sýslumenn sem lögreglustjórar og slökkviliðsstjórar.

Með *björgun* er átt við björgun manna eða verðmæta frá yfirvofandi hættu eða tjóni.

Með *leit* er átt við leit að mönnum eða verðmætum.

Með *gæslu* er átt við aðstoð við að gæta manna og verðmæta á svæðum sem lokað hefur verið vegna hættuástands.

II. KAFLI
Hlutverk, réttindi, skyldur og tryggingar björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

3. gr.
Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna er að starfa í þágu almannaheilla með þátttöku við björgun, leit og gæslu á ábyrgð stjórnvalda og í samvinnu við þau.

Stjórnvöld skulu í samráði við heildarsamtök björgunarsveita gera samkomulag um samskipti og samstarf björgunaraðila þar sem er kveðið á um skipulag björgunarmála, upplýsingaskyldu, útköll og boðskipti.

4. gr.

Skyldur björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

Björgunarsveitum er skylt að hefja björgun, leit og gæslu ef stjórnvöld óska þess.

Björgunarsveitarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um mál sem þeir fá vitneskju um við störf samkvæmt lögum þessum og leynt skulu fara samkvæmt fyrirmælum stjórnvalda og eðli máls.

5. gr.

Tryggingar.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa slysatryggingar fyrir félagsmenn sína þar sem m.a. skal tryggja bótastöðu þeirra í tilfellum sem leiða til veikinda þeirra vegna utanaðkomandi aðstæðna, svo sem við ofkælingu, kal, ofhitnun og eitrun.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa eignatryggingar fyrir því tjóni sem þær og björgunarsveitarmenn, vegna persónulegra muna, kunna að verða fyrir á eigum sínum við æfingar, björgun, leit og gæslu.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa ábyrgðartryggingar sem ná til tjóns sem athafnir björgunarsveitarmanna kunna að valda mönnum og tjóns á dýrum, munum og umhverfi.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

1253. Lög [675. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1098.

1254. Lög [687. mál]

um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159 20. desember 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 1119.

1255. Nefndarálit [602. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 38 15 maí 1990, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Ólaf S. Ástþórsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árna Bjarnason og Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi heimild skipstjóra fiskiskips til að undanskilja allt að 5% af heildarafla í botnfiski sem reiknast ekki til aflamarks skipsins verði framlengd um tvö fiskveiðiár. Tilgangur ákvæðisins var að koma í veg fyrir brottkast og hefur reynslan af því verið góð.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram tillaga um breytingu þannig að heimildin gilti um allar tegundir, þ.e. ekki einungis botnfisksafla heldur einnig uppsjávarafla, enda slæðast aðrar tegundir með þar eins og í botnfiskveiðum. Lagt er til að heimilt verði að undanskilja allt að 0,5% af uppsjávarafla fiskiskips.

Þá var á það bent að stofnanir og sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu sótt um styrki í þann sjóð er fæst fyrir umframaflann og rennur til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: Á fiskveiðiárunum 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meiru en sem nemur 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð því að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2003.

Árni R. Árnason, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Guðjón A. Kristjánsson.
Adolf H. Berndsen.		Hjálmar Árnason.

1256. Tillaga til þingsályktunar [707. mál]

um gerð námsefnis um hlutskipti kvenna um víða veröld.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Björgvin G. Sigurðsson, Guðmundur Árni Stefánsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um gerð fræðsluefnis fyrir grunnskólastig um misjafnt hlutskipti og kjör kvenna um víða veröld.

Greinargerð.

Alþekkt er hér á landi hversu mikill munur hefur verið á réttindum kvenna og karla. Hægt er að nefna mörg hryggileg dæmi því til stuðnings. Viðhorf til kvenna hefur löngum verið í þá veru að konan eigi ekki að njóta sama réttar, sömu virðingar og sömu sæmdar og karlinn. Til dæmis sést þetta vel þegar við lítum í sögu kosningalöggjafar og menntamála. Núgildandi lög um jafnrétti kynjanna eru góðra gjalda verð en nauðsynlegt er að allir fái inngróna tilfinningu fyrir því að konunni ber sama staða og karlinum í samfélagi voru. Þá fyrst verður um raunverulegt jafnrétti og réttlæti á milli kynjanna að ræða.

Víða um veröldina er hlutur kvenna mjög bágborinn og í sumum löndum ríkir mikil kvennakúgun og konur ganga sums staðar kaupum og sölum og eru jafnvel þvingaðar í vændi á Vesturlöndum og víðar.

Sífellt er bent á slæma stöðu kvenna í mörgum þróunarríkjum og hversu illa er farið þar með konur. Nefna má mýmörg dæmi um umskurn kvenna og fleira. Frægt viðtal við sómölsku fyrirsætuna Waris Dirie vakti margan af værum blundi og einnig skelfilegar fréttir um konur í Bangladess sem brenndar höfðu verið í andliti með sýru vegna þess að þær hryggbrutu biðla sína.

Á undanförnum missirum hefur umræða aukist um nauðganir, vændi, klám og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og konum. Er það ekki síst vegna fjölgunar ákæra og brota í þessum efnum. Margir telja að tilkoma netsins og aukin og fjölbreyttari fjölmiðlun eigi nokkurn þátt í þessu, þ.e. að virðing fyrir lífi og líkama annarra hafi farið þverrandi og einnig að kærleiksástin njóti ekki sömu viðurkenningar samfélagsins og fyrr. Hægt er að nefna mörg dæmi um sora sem unglingar og jafnvel börn hafa verið vitni að á þessu sviði. Ljóst er að slíkt hefur slæm mótandi áhrif á þá sem á horfa og getur bjagað og afskræmt það sem fallegt er og fagurt í augum Guðs og manna.

Við þessu ber að sporna af alefli. Það verður einungis gert með viðhorfsbreytingu og gæti gerð námsefnis um misjöfn kjör kvenna um víða veröld verið lóð á vogarskálarnar. Það ætti líka að vera vel til þess fallið að vekja börnin almennt til umhugsunar um það hversu skammt maðurinn er kominn á leið sinni í átt til réttlætis og einnig ætti slíkt efni að auka kærleika barna og unglinga í garð hvers annars og benda þeim á hversu hver einstaklingur er mikilvægur í því að skapa betri heim með kærleiksríkri framkomu.

1257. Nefndarálit [600. mál]

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Pál Ásgrímsson frá Landssímanum og Ágúst Sindra Karlsson og Ingvar Garðarsson frá Íslandssíma.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Íslandssíma hf., Persónuvernd, Landssíma Íslands hf., Póst- og fjarskiptastofnun, Vélstjórafélagi Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Byggðastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um Póst- og fjarskiptastofnun. Breytingarnar sem lagðar eru til leiðir af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lögum um póstþjónustu og nú er lagt til að gerðar verði á lögum um fjarskipti, sbr. frumvarp til laga um fjarskipti sem liggur fyrir þinginu.

Helstu breytingar frá gildandi lögum samkvæmt frumvarpinu eru að verkefnalisti Póst- og fjarskiptastofnunar er endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af samruna fjarskipta- og upplýsingatækni, kveðið er nánar á um upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda, kveðið er á um umsagnarrétt hagsmunaaðila áður en stofnunin tekur veigamiklar ákvarðanir, kveðið er á um skyldu Póst- og fjarskiptastofnunar til að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnanir í öðrum ríkjum EES, nánar er kveðið á um rétt neytenda og fjarskiptafyrirtækja til að bera fram kvartanir og loks er gjaldaheimildum laganna breytt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Árni R. Árnason.	Lúðvík Bergvinsson.

Jóhann Ársælsson.

1258. Nefndarálit [599. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Pál Ásgrímsson frá Landssímanum og Ágúst Sindra Karlsson og Ingvar Garðarsson frá Íslandssíma.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Íslandssíma hf., Alþýðusambandi Íslands, Persónuvernd, Landssíma Íslands hf., Póst- og fjarskiptastofnun, Samkeppnisstofnun, Ríkisútvarpinu, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Eyþingi, Byggðastofnun og ríkislögreglustjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um fjarskipti. Jafnframt er innleidd í íslenskan rétt ný fjarskiptalöggjöf ESB. Markmið tilskipana ESB er að draga úr flóknu regluverki fjarskipta og færa það jafnframt í átt til samkeppnisréttar.

Helstu breytingar í frumvarpinu eru að ekki er lengur krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskipti, reglum samkeppnisréttar er beitt við mat á því hvort fyrirtæki hafi markaðsráðandi stöðu, kveðið er á um dreifingu útvarps, heimild er veitt til að gera dreifingu ákveðinna útvarpsdagskráa að skyldu, sett eru ítarlegri ákvæði um vernd notenda fjarskiptaþjónustu, reglur um alþjónustu eru endurbættar og lágmarksréttur notenda styrktur, skilmálar um aðgang að netum og þjónustu eru endurskoðaðir og settar markvissari reglur um nýtingu á aðstöðu.

Nefndin ræddi nokkuð um það hvort rétt væri að kveða á um rétt neytenda um einn reikning vegna fjarskiptaþjónustu. Eftir nánari skoðun er það álit meiri hlutans að heppilegra sé að fjarskiptafyrirtækin komi sér saman um að bjóða upp á slíka þjónustu heldur en að skikka þau til þess með lagaboði, enda er ljóst að slíkt lagaákvæði gæti orðið torvelt í framkvæmd án samvinnu fjarskiptafyrirtækjanna. Meiri hlutinn hvetur því fjarskiptafyrirtækin til að reyna til þrautar að ná samningum sín á milli um þessi mál.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu og er hún í samræmi við breytingartillögu meiri hluta allsherjarnefndar við frumvarp til laga um almannavarnir o.fl.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „að beiðni almannavarnaráðs“ í 2. mgr. 72. gr. komi: að beiðni ríkislögreglustjóra, að höfðu samráði við almannavarnaráð.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Lúðvík Bergvinsson og Jóhann Ársælsson skrifa undir álitið með fyrirvara við framsetta breytingartillögu.

Alþingi, 11. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Árni R. Árnason.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	

1259. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem er endurflutt og var sent til umsagnar á 126. löggjafarþingi. Umsagnir bárust þá frá Sambandi íslenskra loðdýraræktenda, Bændasamtökum Íslands, Skógrækt ríkisins, Félagi hrossabænda, Æðarræktarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins, Landssamtökum sauðfjárbænda og landbúnaðarráðuneyti.

Tillagan felur í sér áskorun til ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndin telur málið mjög þarft og mikilvægt að landbúnaðarráðherra verði falið að beita sér fyrir aðgerðum sem veita bændum sem stunda lífrænan landbúnað og öðrum sem vilja hefja slíkan landbúnað ekki einungis aðlögunarstuðning heldur einnig almennan stuðning við lífrænan búskap.

Nefndin leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Karl V. Matthíasson.

Þuríður Backman. Sigríður Ingvarsdóttir.

1260. Svar [593. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla, hvað það varðar að auka rétt foreldra til að sinna langveiku barni heima?

Í yfirgripsmikilli og metnaðarfullri stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir m.a.: „Ráðist verði í aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og ungmenni.“ Þó svo að ekki séu viðhöfð mörg orð í stefnuyfirlýsingunni um þennan málaflokk hafa efndirnar orðið þeim mun meiri. Þar ber hæst nýjan og glæsilegan barnaspítala á Landspítalalóð sem vígður var í upphafi þessa árs og tekur við af barnadeild Landspítalans sem tekin var í notkun árið 1965.

Tilkoma nýs barnaspítala veldur byltingu hvað varðar alla aðstöðu sjúkra barna og ungmenna og aðstandenda þeirra.

Í annan stað var barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri flutt í nýtt sérhannað húsnæði í október 2001, sem gjörbreytt hefur allri aðstöðu sjúkra barna og ungmenna og aðstandenda þeirra.

Í þriðja lagi mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið í byrjun september nk. hefja rekstur heimilis fyrir 12 langveik börn sem þarfnast vistunar án þess að leggjast á sjúkrahús. Landspítali – háskólasjúkrahús mun leggja til húsnæði og Velferðarsjóður barna greiðir allan kostnað við endurnýjun húsnæðisins, húsbúnað og tækjabúnað fyrir allt að 50 millj. kr. Ríkissjóður mun fjármagna rekstur heimilisins, en sá kostnaður er áætlaður 20 millj. kr. á árinu 2003 og um 84 millj. kr. á ári eftir það.

Í fjórða lagi samþykkti ríkisstjórnin árið 2000 stefnu í málefnum langveikra barna. Þar kemur fram að langveikum nemendum hefur fjölgað mikið í grunnskólum landsins. Mikilvægt er að skapa þeim ákjósanleg skilyrði til náms og efla m.a. starf skólahjúkrunarfræðinga, sem gegna veigamiklu hlutverki við móttöku og umönnun langveikra barna í skólum. Í samræmi við þessa stefnu ríkisstjórnarinnar hefur verið samþykkt fjárveiting til að efla skólaheilsugæslu fyrir langveik börn. Ákveðið hefur verið að þessir fjármunir verði nýttir til að styrkja sérstök verkefni til uppbyggingar þjónustu fyrir langveik börn í skólum annars vegar og hins vegar til að efla þjónustu vegna tímabundinna aðstæðna sem upp koma í einstökum tilvikum.

Auk þessa hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið beitt sér fyrir fjölmörgum aðgerðum til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga eins og fram kemur í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga (þskj. 1268 í 594. máli). Auðvitað má alltaf bæta þjónustu við sjúk börn og aðstandendur þeirra. Það er hins vegar engum vafa undirorpið að aðgerðir stjórnvalda til að bæta þjónustu við sjúk börn og ungmenni og aðstandendur þeirra á yfirstandandi kjörtímabili eru víðtækari og umfangsmeiri en á nokkru öðru tímabili í sögu þjóðarinnar.

1261. Tillaga til þingsályktunar [708. mál]

um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson, Karl V. Matthíasson, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs og setji m.a. fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá. Skoðaðir verði kostir þess og gallar að afnema verðtryggingu á inn- og útlánum í áföngum sem og að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

Nefndin skal skipuð með aðild aðila vinnumarkaðarins, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Greinargerð.

Verðtrygging hefur verið á inn- og útlánum á Íslandi í rúmlega 30 ár, en meginforsendan fyrir verðtryggingunni var að hindra að sparifé landsmanna brynni upp í mikilli verðbólgu eins og raunin hafði verið á sjötta og sjöunda áratugnum. Jafnframt hafði verðtrygging verulega þýðingu til að jafna út greiðslubyrði lántakenda á tímum mikilla hagsveiflna. Verðtryggingu hefur aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf.

Þótt verðtrygging fjárskuldbindinga hafi sína kosti hefur hún sætt mikilli gagnrýni, ekki síst í byrjun níunda áratugarins þegar mikið misgengi varð milli launa og lánskjara með því að vísitala launa var tekin úr sambandi en verðtryggingu fjárskuldbindinga viðhaldið.

Stigin hafa verið skref í þá átt að draga úr verðtryggingu á skammtímaskuldbindingum. Árið 1995 var ákveðið að minnka verðtryggingu í áföngum. Síðasta skrefið var stigið 1998 en þá var gert óheimilt að verðtryggja styttri innlán en þriggja ára og styttri útlán en fimm ára. Þetta hefur ekki haft veruleg áhrif og lítið dregið úr verðtryggingu fjárskuldbindinga. Er verðtryggingin enn á flestöllum lengri skuldbindingum. Eins og áður sagði hefur verðtryggingu ekki verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf. Verðtryggingu ríkisskuldabréfa er að finna í átta OECD-ríkjum: Ástralíu, Bretlandi, Danmörku, Írlandi, Íslandi, Kanada, Nýja Sjálandi og Svíþjóð. Hlutfall verðtryggingar á ríkisskuldabréfum er hæst hér á landi, um 86%, í Bretlandi er það um 18%, í Svíþjóð rúm 7%, í Ástralíu um 4% en lægra annars staðar.

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Afar mikilvægt er að kostir og gallir þess séu metnir af fyllstu varfærni, en ljóst er að verðtrygging fjárskuldbindinga snertir mikla hagsmuni. Lagt er til að nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila, atvinnulífs og hins opinbera. Jafnframt er lagt til að sett skuli fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabanka um verðbólguspá. Eins og af þessu sést er hér lagt til að varlega sé farið í sakirnar. Vissulega er það svo að rök eru bæði með og á móti verðtryggingu. Þar má nefna að verulegum hluta áhættunnar vegna veðskulda og lánasamninga er komið yfir á skuldara. Sömuleiðis kemur misvægi í þróun launa og verðlags illa við fjárhag skuldara, skekkir allar fjárhagsáætlanir heimilanna og hækkar oft verulega með sjálfvirkum hætti höfuðstól lána. Þekkt er líka að ýmsir þættir sem við höfum engin áhrif á, eins og verðhækkanir erlendis, geta keyrt upp vísitöluna. Nefna má einnig að verðtryggingin er oft tortryggileg í augum erlendra fjárfesta og getur því torveldað og jafnvel komið í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi sem ekki þekkja til notkunar verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Trú á viðvarandi stöðugleika er líka forsenda þess að hægt sé að stíga stórt skref í afnámi verðtryggingar því ella er hætta á að lánveitendur vilji áskilja sér verulega hátt áhættuálag sem kemur fram í hærri vöxtum. Afnám verðtryggingar gæti líka leitt til styttri lánstíma og hærri raunvaxta ef ekki er farið varlega í sakirnar.

Líta verður líka á að efnahagslegar aðstæður eru hér allt aðrar en þær sem kölluðu á verðtryggingu undir lok áttunda áratugarins þegar verðbólgan var mjög sveiflukennd og sparifé landsmanna brann upp á verðbólgubálinu. Á sl. einum og hálfum áratug hefur orðið veruleg breyting á fjármálamarkaðinum. Umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hafa vaxið mikið og tekið verulegum stakkaskiptum með auknu frjálsræði á fjármagnsmarkaði, opnara þjóðfélagi og sívaxandi alþjóðavæðingu. Auk þess sem innleitt hefur verið frelsi í vaxtaákvörðunum er fjármagnsflæði milli landa orðið vaxandi þáttur í atvinnulífinu, jafnframt því sem fyrir-

tæki eru í auknum mæli að færa út starfsemi sína til annarra landa. Verðtryggingin hafði vissulega afar jákvæð áhrif á fjármálamarkaðinn, einkum fyrir peningalegan sparnað, og var því nauðsynleg á tímum niðursveiflu og mikillar verðbólgu.

Stöðugleiki hefur varað nú í hartnær tíu ár með nokkrum undantekningum í verðbólguskotum sem staðið hafa í tiltölulega skamman tíma. Þau verðbólgumarkmið sem Seðlabankinn vinnur nú eftir ættu líka að auðvelda gerð skipulegrar áætlunar um afnám verðtryggingar í áföngum. Vissulega er mikilvægt að markaðurinn hafi trú á viðvarandi stöðugleika og sterkri peningamálastjórn og það er einmitt ein meginástæða þess að rétt er að fara varlega í sakirnar eins og hér er gert ráð fyrir og að verðbólgumarkmið Seðlabankans gangi fram á næstunni. Engu síður er mikilvægt að kannaðir séu kostir þess og gallar að fjárskuldbindingar heimila og fyrirtækja séu án verðtryggingar eins og er í flestum löndum í kringum okkur. Með ólíkindum er reyndar að þrátt fyrir verðtrygginguna séu vextir með þeim hæstu sem þekkjast og vaxtamunur inn- og útlána eins mikill og raun ber vitni. Til sanns vegar má að vísu færa að á Íslandi eru hvað mestar sveiflur í efnahagsmálum miðað við önnur vestræn ríki og hagkerfi okkar er lítið þannig að líkur eru á að sveiflur verði áfram meiri hér en annars staðar. Því reynir enn meira á styrka stjórn peninga- og efnahagsmála hér á landi ef afnema á verðtryggingu á fjárskuldbindingum.

Flutningsmenn telja að fyrsta skrefið sé að gera þá úttekt sem hér er lögð til og áður hefur verið lýst og að gerðar verði áætlanir til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá. Líklegt er að skynsamlegt sé að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum fyrst í stað á lánveitingum til skemmri tíma en 20 ára. Einnig er lögð áhersla á að skoðað verði að heimila að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

1262. Nefndarálit [462. mál]

um frv. til raforkulaga.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Frumvarp til nýrra raforkulaga hefur tvisvar áður verið lagt fram á Alþingi án þess að vera rætt, þ.e. bæði á 126. og 127. þingi. Í fyrra skiptið var því vísað til iðnaðarnefndar sem vann nokkuð í því. Á 127. þingi kom frumvarpið fram með nokkrum breytingum sem studdust við ábendingar sem fram höfðu komið við vinnu nefndarinnar árið áður. Nefndin vann ekkert í málinu á 127. þingi.

Þæfingur hefur verið um þetta mál hjá stjórnarflokkunum og eins og sjá má á því frumvarpi sem nú liggur fyrir er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki þrek til að takast á við málið í heild sinni. III. kafla er vísað til nefndar og enn fremur fyrirkomulagi flutnings á raforku, þ.m.t. stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri þess skuli háttað, uppbyggingu á gjaldskrá fyrir flutning á raforku og jöfnun raforkukostnaðar. Þessir þættir frumvarpsins eru óafgreiddir þótt frumvarpstextinn eins og hann er verði að lögum. Meðan málin eru í nefnd bíður orkugeirinn þess sem verða vill og aðrir þeir sem hagsmuna eiga að gæta. Það er miður. Þeir kaflar frumvarpsins sem nú stendur til að afgreiða endanlega hafa hins vegar verið vel unnir.

Ný raforkulög eiga að svara efni tilskipunar frá Evrópusambandinu sem Alþingi samþykkti að fella inn í EES-samninginn vorið 2000. Með þeirri samþykkt lagði Alþingi grunn-

inn að breytingunum sem hér eru til afgreiðslu. Þær átti að vera búið að innleiða í íslensk lög 1. júlí 2002. Samkvæmt frumvarpinu ber að tryggja forsendur samkeppni í sölu og vinnslu raforku. Lagðar eru til reglur sem eiga að tryggja jafnræði aðila til vinnslu og sölu raforku og jafnan aðgang að flutnings- og dreifikerfi. Flutningur og dreifing orkunnar eru náttúrulegir einokunarþættir þar sem ekki er gert ráð fyrir nema einu kerfi sem allir framleiðendur og notendur hafi aðgang að. Eitt fyrirtæki mun stýra flutningi orkunnar um landið en mörg geta dreift henni á afmörkuðum svæðum. Samkeppni getur orðið á milli þeirra sem framleiða orkuna og síðan á milli þeirra sem selja hana á mismunandi dreifingarsvæðum, smásalanna í raforkunni.

Samfylkingin er ekki á móti þeirri hugmynd frumvarpsins að forsendur verði skapaðar fyrir samkeppni þar sem hún á við. Öll viðleitni í þá átt að skapa jafnræði á markaði og gegnsæi ákvarðana er af hinu góða. Býsna margir fullyrða að raforkuverðið muni hækka. Því hafa menn eðlilega áhyggjur af því hver niðurstaðan verður fyrir neytendur og einnig af því hvernig gengið verður frá félagslega þættinum. Þó að ágreiningsefni séu komin í nefnd eru þau ekki leyst.

Fyrsti minni hluti getur ekki mælt með stuðningi við frumvarpið í þeim búningi sem það er nú. Með stuðningi gætu þingmenn allt eins verið að styðja ákvæði III. kafla frumvarpsins óbreytt því að ef nefndin sem skipuð verður samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII nær ekki samkomulagi tekur kaflinn gildi eins og hann er í frumvarpinu. Sama nefnd á einnig að fjalla um hvernig jafna eigi kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku. Þar liggur ekkert fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar. III. kafli frumvarpsins gæti því tekið gildi óbreyttur 1. júlí 2004 án niðurstöðu um jöfnun kostnaðar. Það væri algerlega óviðunandi staða.

Það sýnir þrekleysi ríkisstjórnarinnar að hafa ekki getað tekist á við þetta verkefni á þeim árum sem hún hefur haft til verksins svo að Alþingi gæti afgreitt frá sér heildstæða löggjöf á þessu sviði. Þess í stað eru hlutar frumvarpsins afgreiddir nú en því sem aðalágreiningurinn hefur staðið um vísað í nefnd.

Alþingi, 11. mars 2003.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir.

1263. Nefndarálit [463. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum á orkusviði.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Þetta frumvarp er eitt af þeim sem fylgja frumvarpi til nýrra raforkulaga. Þar er verið að fella brott ýmis lagaákvæði sem ekki eru talin eiga við eftir að ný raforkulög taka gildi.

Fulltrúar Samfylkingarinnar munu sitja hjá við afgreiðslu frumvarps til nýrra raforkulaga þar sem ekki er um heildstæða afgreiðslu málsins að ræða heldur er ákvörðunum um mikilvæg atriði skotið á frest með því að setja þau í nefnd og ef sú nefnd nær ekki samkomulagi í tíma tekur III. kafli gildi eins og hann stendur í því frumvarpi. Nefndin á einnig að fjalla

um með hvaða hætti jafna eigi kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku. Þar liggur ekkert fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þetta frumvarp er órofa tengt frumvarpi til nýrra raforkulaga og munu þingmenn Samfylkingarinnar því einnig sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 11. mars 2003.

Svanfríður Jónasdóttir.
frsm.

Bryndís Hlöðversdóttir.

1264. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Tilgangur þessa frumvarps er að afla iðnaðarráðherra heimilda til að leyfa gerð Norðlingaölduveitu, stækkun Nesjavallavirkjunar og byggingu nýrrar jarðvarmavirkjunar til raforkuframleiðslu á Reykjanesi. Frumvarpið er fram komið vegna viðræðna milli Landsvirkjunar, stjórnvalda og Norðuráls um stækkun álversins á Grundartanga. Í þeim viðræðum hefur verið gert ráð fyrir að stækkunin komi til framkvæmda í tveimur áföngum. Stækkun sem fæli í sér 90 þús. tonna ársafkastagetu yrði tekin í notkun snemma árs 2006 og 60 þús. tonna afkastageta bættist svo við árið 2009.

Fyrir liggur samkomulag á milli Landsvirkjunar og Norðuráls um orkuafhendingu til fyrri áfanga áformaðrar stækkunar. Í áætlunum Norðuráls er reiknað með að framleiðsla álversins kunni síðar að aukast í allt að 300 þús. tonn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stækkun á Nesjavallavirkjun en þar eru nú þrjár vélasamstæður með 30 MW afli hver, eða samtals 90 MW. Tvær þessara vélasamstæðna voru teknar í notkun 1998, en 16. júní 1997 veitti iðnaðarráðherra Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa allt að 60 MW virkjun á grundvelli heimilda í lögum um raforkuver. Þriðja vélasamstæðan var síðan tekin í notkun árið 2001 samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra. Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að Nesjavallavirkjun verði stækkuð í allt að 120 MW. Það felur einnig í sér heimild til að stækka raforkuverið í Svartsengi, en þar er nú unnið heitt vatn sem hitar upp alla byggðina á Suðurnesjum. Gert er ráð fyrir að í Svartsengi megi auka orkuframleiðsluna um 16 MW. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að Alþingi veiti lagaheimild fyrir 80 MW raforkuvinnslu á Reykjanesi. Loks er gert ráð fyrir Norðlingaölduveitu, en með henni er vatni veitt úr Þjórsá af Norðlingaöldu í Þórisvatnsmiðlun. Tilgangur Norðlingaölduveitu er að bæta við rennsli í gegnum virkjanir sem þegar hafa verið reistar við Vatnsfell, Sigöldu og Hrauneyjarfoss og auka þar með orkuvinnslu þeirra.

Þær upplýsingar hafa komið fram á fundum með forsvarsmönnum orkuveitufyrirtækjanna í Svartsengi og á Nesjavöllum að óhætt sé talið að auka rafmagnsframleiðsluna í Svartsengi um 16 MW. Jafnframt hefur komið fram að varlega þurfi að fara í sakirnar vegna virkjunar á Reykjanesi. Hingað til hefur verið talið að það þurfi að bora, skoða hvernig svæðið vinnur og virkja í áföngum. Það kemur því algjörlega á óvart ef nú er allt í einu talið óhætt að virkja 80 MW á Reykjanesi á einu bretti til þess að afhenda rafmagn á tilsettum tíma til stækkunar

álversins á Grundartanga. Að því er Nesjavallasvæðið varðar hefur einnig komið fram að það þætti ráðlegt að bíða með frekari orkuvinnslu á því svæði vegna þess að þar hefur orðið vart örlítils niðurdráttar. Það er því full ástæða til að staldra við, rannsaka þessi svæði frekar og skoða málin frá öllum sjónarhornum. Það er ákaflega mikilvægt að hafa heildstæða mynd af orkuvinnslugetu Nesjavallasvæðisins vegna þess að hér er ekki aðeins um raforkuframleiðslu að ræða heldur vinnslu á heitu vatni fyrir höfuðborgarsvæðið. Hér er mikið í húfi og nauðsynlegt að kortleggja orkubúskap svæðisins með tilliti til afhendingarmöguleika á höfuðborgarsvæðið til langs tíma.

Um Norðlingaölduveitu vísast til umsagnar minni hluta umhverfisnefndar en þar er sérstaklega fjallað um umhverfisþátt þessa máls. Umsögnin er birt með nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar í þessu máli.

Eins og ljóst má vera eru í frumvarpinu heimildir til iðnaðarráðherra til víðtækra leyfisveitinga fyrir umfangsmiklum virkjunum með það að markmiði að afhenda rafmagn til stóraukinnar álframleiðslu hjá Norðuráli. Með því væri enn aukin hlutdeild þungaiðnaðar í raforkukaupum hér á landi og enn frekari áhersla lögð á einhæfni íslensks atvinnulífs þegar einmitt er brýn þörf fyrir nýsköpun og fjölbreytni. 1. minni hluti iðnaðarnefndar minnir á rammaáætlun sem unnið er að um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og telur einsýnt að bíða eigi með allar ákvarðanir um framkvæmdir á þessu sviði þar til heildaráætlun liggur fyrir sem byggð er á því starfi.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur 1. minni hlutinn til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 12. mars 2003.

Árni Steinar Jóhannsson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Mat á umhverfisáhrifum við virkjun jarðhita. Reynsla af framkvæmd. Hólmfríður Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun. (Málþingsrit Jarðhitafélags Íslands 16. október 2002. Rit 5/2002.)

1265. Tillaga til þingsályktunar [709. mál]

um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnunina að *friða í varúðarskyni þau svæði á hafsbotni sem brýnast er talið að vernda til að koma í veg* fyrir meira tjón á lífríki og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska en orðið er.

Jafnframt verði gerð áætlun um frekari rannsóknir á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og um aðgerðir til að draga úr skaðlegum áhrifum af þeirra völdum og til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa hafsbotnsins innan efnahagslögsögunnar.

Við undirbúning og meðferð málsins verði leitað eftir samvinnu við umhverfisráðherra, rannsóknastofnanir, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og samtök áhugamanna eftir því sem við á.

Skorti á lagaheimildir til æskilegra verndaraðgerða og til að tryggja sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing tillögur þar að lútandi, sem og skýrsla um framvindu verndaraðgerða og fjárþörf vegna æskilegra rannsókna.

Greinargerð.

Stöðugt fjölgar vísbendingum um tjón sem orðið hafi á lífríki hafsbotnsins við hömlulitla notkun botnveiðarfæra. Fyrir nokkrum árum sýndi sjónvarpið myndir sem drógu ljóslifandi fram áhrif veiða á kórallasamfélög á hafsbotni við Noreg. Slíkum gögnum hefur farið fjölgandi og þekkingu fleytt fram. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun sumarið 2002 voru m.a. á dagskrá málefni hafsbotnsins og gildi búsvæða hans, þar á meðal kórallasamfélaga, fyrir sjálfbæra þróun lífríkis sjávar. Þörf kerfisbundinna rannsókna á þessu sviði hefur blasað við lengi en alltof lítið verið að gert hérlendis. Á meðan frekari þekkingar er aflað er brýnt að gripið sé til varúðarráðstafana eins og tillagan gerir ráð fyrir og með hliðsjón af Ríó-yfirlýsingunni.

Á 122. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga frá Hjörleifi Guttormssyni um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins (fylgiskjal I). Í þingsályktuninni var gert ráð fyrir þriggja ára rannsóknarátaki á slíkum áhrifum og að til þess yrði varið um 63 millj. kr. næstu þrjú árin samkvæmt áætlun frá Hafrannsóknastofnuninni sem fylgdi tillögunni. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 samþykkti Alþingi fjárveitingu til að hefja störf í samræmi við ályktunina. Um rökstuðning fyrir þeirri tillögu sem hér er flutt vísast m.a. í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni á sínum tíma (þskj. 337 í 269. máli 122. löggjafarþings). Þar var gerð grein fyrir rannsóknarverkefninu „Botndýr á Íslandsmiðum“ sem aukið hefur þekkingu á botndýrategundum innan efnahagslögsögunnar, útbreiðslu þeirra og tengsl við aðrar sjávarlífverur. Sjálfsagt er að hafa hliðsjón af þessu rannsóknarverkefni við frekari rannsóknir og aðgerðir á þessu sviði.

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, eins og þeim var breytt með lögum nr. 72/1984, er m.a. eftirfarandi talið upp meðal markmiða Hafrannsóknastofnunarinnar:

- Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.
- Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.
- Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
- Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hag kvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.

Rannsóknir til að leggja grunn að þekkingu á hafsbotninum og botnlægum lífverum falla þannig augljóslega undir verksvið Hafrannsóknastofnunarinnar og starfsmenn hennar búa öðrum framar yfir þekkingu til að leggja á ráðin um fyrirbyggjandi verndaraðgerðir á lífríki botnsins. Fleiri geta hins vegar eflaust lagt talsvert af mörkum, sem og aflað frekari þekkingar, og eru því eðlilegir samráðsaðilar um málið. Í þeim hópi þurfa að vera samtök sjómanna og útvegsmanna, tillagan snertir hagsmuni þeirra og samtök þeirra geta eflaust lagt fram gögn og vitneskju sem taka ber tillit til við umfjöllun um vernd og sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins.

Á yfirlitsuppdrætti með tillögu þessari (fylgiskjal II) eru sýnd þau svæði við landið þar sem talið er að sé að finna verðmætustu samfélög kóralla.

Sérstaka þýðingu í sambandi við tillögu þessa hafa lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, meðal annars 8. og 9. gr. laganna sem veita ráðherra heimildir til að gera ráðstafanir til að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna, um skiptingu veiðisvæða og tímabundið bann við öllum veiðum eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði.

Eitt meginefni tillögunnar er að fela ráðherra, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, að friða án tafar í varúðarskyni, a.m.k. fyrir botnlægum eða hreyfanlegum veiðarfærum, þau svæði á hafsbotni sem brýnt er talið að vernda. Augljóst er að það fer eftir gerð og eðli veiðarfæra hvort þau kunna að valda röskun á lífríki hafsbotnsins og þá hversu mikilli. Botnvarpa og dragnót eru dæmi um veiðarfæri sem mest eru í sviðsljósinu í þessu sambandi, en fleira getur komið til. Á hinn bóginn eru krókaveiðar augljóslega ekki skaðvaldur í þessu samhengi og veiðar í net geta einnig verið óskaðlegar með tilliti til áhrifa á botninn. Nánari rannsóknum er hins vegar ætlað að leiða í ljós áhrif einstakra gerða veiðarfæra í þessu samhengi og flutningsmenn leggja ríka áherslu á framgang þeirra. Gert er ráð fyrir að við undirbúning og vinnslu málsins verði haft samráð við rannsóknastofnanir, hagsmunasamtök og samtök áhugamanna. Vert er að vekja athygli á upplýsingaöflun sem í vetur hefur farið fram á vegum Félags dagabátaeigenda á gildi lífríkis hafsbotnsins og áhrifum veiðarfæra á það.

Þá er rétt við meðferð málsins að hafa í huga ákvæði í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar er kveðið á um að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind samkvæmt lögunum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr. laganna, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra og óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherra.

Rétt er að minna á ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, þar sem segir í 54. grein:

Friðlýsing náttúruminja í hafi.

Umhverfisráðherra getur, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúruverndar ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands, friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruminjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu.

Ákvæði annarra greina þessa kafla gilda eftir því sem við á um friðlýstar náttúruminjar í hafi.

Til álita koma einnig ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem og lög um stjórnun fiskveiða og eftirlit með veiðum. Sérstaklega þarf að meta hvernig best verður staðið að því að tryggja varanlega vernd og friðun ákveðinna svæða og/eða tímabundna vernd eftir því sem við á.

Fylgiskjal I.

Þingsályktun um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins.
(Samþykkt á Alþingi 28. maí 1998.)

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega verði kannað hver áhrif veiðanna eru á botnfiskstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið.

Til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar.

Fylgiskjal II.

Hafrannsóknastofnunin:

Steinkórall (*Lophelia pertusa*) sem myndar kóralgarða í Norður-Atlantshafi.
(Sýndir eru fundarstaðir *Lophelia pertusa* við Ísland samkvæmt gögnum verkefnisins Botndýr á Íslandsmiðum.)



1266. Svar [606. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um rekstur framhaldsskóla.

1. *Hefur þeim fjármunum verið ráðstafað sem samkvæmt fjárlögum fyrir þetta ár eru til ráðstöfunar hjá menntamálaráðuneytinu til að styrkja rekstur framhaldsskólanna?*

Í kaflanum Breytingar Alþingis á frumvarpi til fjárlaga 2003, bls. 265 í fjálögum 2003, segir m.a um fjárlagaliðinn 02 319 190 Framhaldsskólar óskipt: „Veitt er 200 m.kr. hækkun á fjárveitingu til framhaldsskóla af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er veitt 100 m.kr. hækkun vegna nemendafjölgunar sem ekki var séð fyrir við gerð frumvarpsins. Nýjar upplýsingar um fjölda ársnemenda á vorönn 2002 og innritana í framhaldsskólana í haust benda til þess að ársnemendur verði nokkru fleiri en forsendur frumvarpsins miðast við. Í öðru lagi er um að ræða endurskoðun á reiknilíkani framhaldsskóla um skiptingu fjárveitinga milli skóla sem veldur því að framlög til sumra skóla lækka en hækka til annarra miðað við líkanið sem lagt var til grundvallar í frumvarpinu. Þetta veldur skólum vanda og er veitt 100 m.kr. hækkun svo að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum líkansins."

Upphæðinni (100 millj. kr.) vegna nemendafjölgunar hefur verið skipt milli þeirra skóla sem sýndu fjölgun nemenda árið 2002 (samkvæmt áfanga- og bekkjalistum frá skólunum) sem gera má ráð fyrir að haldist yfir á árið 2003. Upphæðinni var skipt á milli skólanna í hlutfalli við fjölgunina miðað við forsendur fjárlaganna 2003 og að því marki sem samræmist skólasamningum ráðuneytisins og skólanna.

Í öðru lagi hefur reiknilíkanið verið endurskoðað með tilliti til reiknings á notuðu húsnæði skólanna, þ.e. hversu mikið húsnæði skólarnir teljast þurfa undir skilgreinda starfsemi sína. Sú breyting, miðuð við eldra líkan, kom harðar niður á þeim skólum sem búa rúmt, ekki síst fámennum skólum. Þannig myndaðist bil á milli fjárveitinga og þeirrar leigu sem skólarnir þurfa að greiða Fasteignum ríkisins vegna viðhalds húsnæðis. Menntamálaráðuneytið mat svo, að rétt væri að koma til móts við einstaka skóla um lausn á þeim vandkvæðum sem þetta misræmi gæti valdið.

Í tveimur tilfellum hafa reiknuð framlög á skóla vegna húsnæðis verið látin koma á móti nemendafækkun sem varð á árinu 2002, þ.e. hjá Iðnskólanum í Reykjavík og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

2. *Hvaða skólar hafa fengið fjármuni til styrktar rekstri, hve háa upphæð hefur hver skóli fengið og hvaða vinnureglur eru lagðar til grundvallar við úthlutun umræddra fjármuna?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflu 1.

Tafla 1. Aukin rekstrarframlög 2003. Allar upphæðir eru í millj. kr.

Skólar	Lagfæringar á líkani og leiðréttingar	Nemenda-fjölgun 2003	Alls
301 Menntaskólinn í Reykjavík	0,6	2,2	2,9
302 Menntaskólinn á Akureyri			
303 Menntaskólinn að Laugarvatni			
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	2,1	15,0	17,1
305 Menntaskólinn við Sund	7,9	2,6	10,4
306 Menntaskólinn á Ísafirði	3,8		3,8

Skólar	Lagfæringar á líkani og leiðréttingar	Nemenda-fjölgun 2003	Alls
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	1,3		1,3
308 Menntaskólinn í Kópavogi	20,0		20,0
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	0,5		0,5
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	3,1		3,1
351 Fjölbrautaskólinn við Ármúla	3,2	15,5	18,7
352 Flensborgarskóli	2,2	5,2	7,4
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,5	2,7	7,3
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,5	2,7	7,1
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	2,6	4,3	6,9
356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra			
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	3,7		3,7
358 Verkmenntaskóli Austurlands	11,0		11,0
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	10,0	8,2	18,2
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4,8	12,1	17,0
361 Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellsýslu	1,8	5,2	7,0
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	1,1		1,1
363 Framhaldsskólinn á Laugum	6,4	3,2	9,6
365 Borgarholtsskóli	1,8	8,3	10,1
506 Vélskóli Íslands	3,3	3,5	6,8
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0,8		0,8
514 Iðnskólinn í Reykjavík			
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	0,8	9,1	9,9
Alls	**101,9**	**100,0**	**201,9**

3. *Hvaða framhaldsskólar voru reknir með halla sl. fimm ár? Hve mikinn rekstrarhalla var hver skóli með árlega þessi ár?*

Á töflu 2 má sjá hver rekstrarafkoma einstakra framhaldsskóla var árin 1998–2001. Endanlegar tölur fyrir árið 2002 liggja ekki enn fyrir. Vísbendingar eru um að um helmingur skólanna hafi verið rekinn með halla, en um helmingur hafi skilað rekstrarafgangi það ár.

Rétt er að undirstrika að hallarekstur einstakra skóla fyrir einstök ár þarf ekki að þýða að viðkomandi skóli hafi eytt umfram heimildir fjárlaga. Í sumum tilvikum skýrast slíkar hallatölur af því að útgjöld sem greidd eru af geymdum fjárheimildum fyrri ára eru gjaldfærð á viðkomandi ári.

Tafla 2. Rekstrarafkoma framhaldsskóla sem falla undir reiknilíkan árin 1998–2001.

Upphæðir í millj. kr.	1998	1999	2000	2001
301 Menntaskólinn í Reykjavík	12,3	15,9	7,8	-14,9
302 Menntaskólinn á Akureyri	-7,4	14,3	10,3	-22,8
303 Menntaskólinn að Laugarvatni	-8,3	15,1	4,8	-11,1
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	6,6	19,4	11,8	-4,6
305 Menntaskólinn við Sund	-4,3	-7,5	-3,9	18,4
306 Menntaskólinn á Ísafirði	-10,5	-3,3	9,2	10,5
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	-0,1	11,5	3,3	1,2
308 Menntaskólinn í Kópavogi	-13,1	-35,4	-36,6	-37,9
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	1,6	5,5	1,1	6,5

Upphæðir í millj. kr.	1998	1999	2000	2001
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-39,3	-22,2	-7,2	-8,7
351 Fjölbrautaskólinn við Ármúla	-4,9	-20,4	-4,9	4,4
352 Flensborgarskóli	3,2	-21,9	10,8	11,6
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-6,0	11,4	9,2	-15,3
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands	-5,9	-12,8	-11,7	-23,9
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	-1,2	9,0	4,0	5,1
356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-7,7	-10,3	-9,6	2,8
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	2,8	-0,6	21,2	25,8
358 Verkmenntaskóli Austurlands	0,0	15,0	-7,8	-1,2
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	-17,5	-11,7	7,4	-46,2
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-16,6	18,5	5,2	2,4
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu	-3,6	4,9	-1,8	3,3
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	-5,6	8,2	-3,7	-9,3
363 Framhaldsskólinn á Laugum	-2,5	-0,7	6,7	16,7
365 Borgarholtsskóli	-37,2	12,4	6,9	0,9
506 Vélskóli Íslands	2,6	5,4	1,3	-6,4
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-4,0	9,5	-1,3	3,0
514 Iðnskólinn í Reykjavík	-3,4	18,1	-13,6	33,4
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	0,4	4,6	-6,0	0,4
Alls	**-164,2**	**48,1**	**12,9**	**-55,9**

4. *Í hvaða framhaldsskólum er kennd rafeindavirkjun í vetur, skólaárið 2002–2003, og í hvaða framhaldsskólum hefur hún verið kennd sl. fimm ár?*

Í vetur er kennd rafeindavirkjun í Iðnskólanum í Reykjavík, Iðnskólanum í Hafnarfirði og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Síðastliðin fjögur ár hefur rafeindavirkjun að auki verið kennd í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

5. *Hve margir nemendur eru við nám í bifvélavirkjun í vetur og hversu margir í vélvirkjun?*

Á þessu skólaári stunda 70 nemendur nám í bifvélavirkjun og 53 í vélvirkjun í verkmenntaskólum samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands fyrir haustönn 2002.

6. *Hve margir nemendur voru við nám í bifvélavirkjun og hversu margir í vélvirkjun, árin 1997–2001, sundurliðað eftir skólum og skólaárum?*

Á eftirfarandi töflum má sjá hve margir nemendur voru í námi í bifvélavirkjun (tafla 3) og vélvirkjun (tafla 4) árin 1997–2001 og hvernig þeir skiptust á skóla samkvæmt endanlegum tölum frá Hagstofu Íslands. Nemendur geta stundað hluta námsins í vissum skólum en allt til loka í öðrum. Nemendur í grunndeildarnámi í bifvélavirkjum og vélvirkjun koma ekki fram í þessum tölum. Sérstök lína er í töflunni fyrir þá nema sem voru í starfsþjálfun hjá fyrirtækjum, þ.e. ekki í skóla, umrædd skólaár.

Tafla 3. Bifvélavirkjun.

Skóli	Skólaár 2001–02	2000–01	1999–2000	1998–99	1997–98
Borgarholtsskóli	50	47	50	43	59
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	0	0	0	1	1
Fjölbrautaskóli Suðurlands	0	0	0	0	1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1	1	1	1	1
Fjölbrautaskóli Vesturlands	0	1	0	0	0
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	0	0	1	0	2
Iðnskólinn í Reykjavík	1	4	6	6	3
Iðnskólinn í Hafnarfirði	0	0	0	1	2
Menntaskólinn á Ísafirði	1	0	1	0	0
Verkmenntaskóli Austurlands	0	0	1	1	0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1	8	4	1	2
Fjöldi alls í skóla	*54*	*61*	*64*	*54*	*71*
Í starfsþjálfun í fyrirtækjum	9	18	35	41	51

Tafla 4. Vélvirkjun/vélsmíði.

Skóli	Skólaár 2001–02	2000–01	1999–2000	1998–99	1997–98
Borgarholtsskóli	34	37	49	58	80
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	0	1	2	2	6
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	0	1	2	2	3
Fjölbrautaskóli Suðurlands	1	4	11	19	12
Fjölbrautaskóli Vesturlands	2	14	19	20	22
Framhaldsskólinn á Húsavík	0	0	0	3	7
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	2	11	7	4	7
Iðnskólinn í Reykjavík	1	4	2	2	5
Iðnskólinn í Hafnarfirði	11	8	13	13	8
Menntaskólinn á Ísafirði	0	0	1	5	5
Verkmenntaskóli Austurlands	1	5	3	12	9
Verkmenntaskólinn á Akureyri	9	2	3	2	6
Fjöldi alls í skóla	*61*	*87*	*112*	*142*	*170*
Í starfsþjálfun í fyrirtækjum	87	118	123	131	131

7. *Hve margir nemendur eru við nám í bakaraiðn í vetur og hve margir voru í slíku námi 1997–2001, sundurliðað eftir skólum og skólaárum?*

Á skólaárinu 2002–2003 eru 18 nemendur í námi í bakaraiðn í skóla samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Á töflu 5 má sjá hve margir nemendur voru í námi í bakaraiðn árin 1997–2001 og hvernig þeir skiptust á skóla samkvæmt endanlegum tölum frá Hagstofu Íslands. Nemendur geta stundað hluta námsins í vissum skólum en allt til loka í öðrum. Sérstök lína er í töflunni fyrir þá nema sem voru í starfsþjálfun í fyrirtækjum, þ.e. ekki í skóla, umrædd skólaár.

Tafla 5. Bakarariðn.

Skóli	Skólaár 2001–02	2000–01	1999–2000	1998–99	1997–98
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	0	1	0	0	0
Iðnskólinn í Reykjavík	1	1	0	0	1
Menntaskólinn í Kópavogi	24	24	28	23	20
Verkmenntaskóli Austurlands	0	0	0	3	0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	0	0	0	0	1
Fjöldi alls í skóla	*25*	*26*	*28*	*26*	*22*
Í starfsþjálfun í fyrirtækjum	27	33	31	38	47

1267. Svar [679. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um félög í eigu erlendra aðila.

1. *Hversu mörg félög hér á landi eru að meiri hluta í eigu erlendra aðila, sundurliðað eftir árum 1998–2002?*

Haft var samband við fyrirtækja- og hlutafélagaskrá Hagstofu Íslands til þess að kanna hvaða upplýsingar liggja fyrir hjá aðilum sem viðskiptaráðuneytið hefur aðgang að. Skráin upplýsti að unnt væri handfært að fara í gegnum tilkynningar um stofnun félaga og finna þau félög þar sem erlendir aðilar eru meðal stofnenda. Það verður þó ekki gert innan þess tímafrests sem gefinn er til svara í þessu tilviki. Hafa verður í huga að stofnuð hlutafélög eru á milli 15–20 þúsund talsins. Fyrirtækja- og hlutafélagaskrá benti enn fremur á að upplýsingar um eigendur að eignarhlutum í félögum á hverjum tíma þurfa ekki að vera í samræmi við skráða stofnendur þar sem eignarhlutar ganga kaupum og sölum. Upplýsingar um hverjir eru eigendur hluta í félögum á hverjum tíma er því ekki að finna í hlutafélagaskrá. Í þeim tilvikum sem um hlutafélög er að ræða er þær upplýsingar að finna í hlutaskrá viðkomandi hlutafélags.

Auk fyrirtækja- og hlutafélagaskrár Hagstofu Íslands hafa Kauphöll Íslands og Verðbréfaskráning Íslands upplýsingar um hluthafa í skráðum félögum. Samkvæmt reglum Kauphallar Íslands skulu skráð félög gera grein fyrir því í ársreikningum sínum hverjir séu tíu stærstu hluthafar viðkomandi félags. Kauphöll Íslands upplýsti ráðuneytið um það að ekkert skráðra félaga væri í meirihlutaeigu erlendra aðila.

Verðbréfaskráning Íslands heldur skrá um eigendur skráðra verðbréfa, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997. Þar eru á hverjum tíma skráðir eigendur hluta í skráðum hlutafélögum. Samkvæmt 14. gr. tilvitnaðra laga, sbr. og 8. gr., er óheimilt að gefa upplýsingar úr skránni nema í hagtölulegum tilgangi og að fengnu samþykki Persónuverndar.

2. *Hve mörg þessara félaga voru með raunverulega atvinnustarfsemi hér á landi sl. tvö ár, þ.e. höfðu fasta starfsmenn og tekjur sem upprunnar voru hér á landi?*

Ekki er að finna upplýsingar um raunverulega atvinnustarfsemi fyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila hér á landi í þeim gagnagrunnum sem ráðuneytinu eru tiltækir.

3. *Eru þessi félög skattskyld hér á landi og hverjar hafa skattgreiðslur þeirra verið sl. fimm ár?*

Þessi liður varðar skattamálefni fyrirtækja sem heyra ekki undir viðskiptaráðherra. Var af þeim sökum óskað eftir svörum fjármálaráðherra og byggist eftirfarandi á svari hans.

Eins og áður er komið fram liggja ekki fyrir upplýsingar um þau félög sem hér um ræðir eða hvers eðlis starfsemi þeirra er. Af þeim sökum er erfitt að fullyrða nokkuð um skattskyldu þeirra. Þó má reikna með að þau fyrirtæki sem hér eru stofnuð og eru í meirihlutaeigu erlendra aðila séu hlutafélög eða einkahlutafélög í almennri atvinnustarfsemi og þar af leiðandi skattskyld af tekjum sínum og eignum. Ekki liggja fyrir sérgreindar upplýsingar um skattgreiðslur fyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu erlendra aðila.

4. *Er ástæða til að ætla að þessi félög séu að einhverju leyti notuð til að losna undan skattskyldu í öðrum löndum?*

Þessi liður varðar skattamálefni fyrirtækja sem heyra ekki undir viðskiptaráðherra. Var af þeim sökum óskað eftir svörum fjármálaráðherra og byggist eftirfarandi á svari hans.

Ótal ástæður geta legið að baki ákvörðun um staðsetningu eða kaup á fyrirtæki hér á landi en ekki í öðru landi. Skattalegt umhverfi er einn af þeim þáttum, en önnur atriði eins og náttúruauðlindir, vel menntað vinnuafl, stöðugleiki, aðgengi o.fl. geta einnig skipt veigamiklu máli, allt eftir eðli starfseminnar.

1268. Svar [594. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla á sviði heilbrigðis- og tryggingamála,

a. *í þjónustu fyrir langveik börn og aðstandendur þeirra á sjúkrahúsum, þ.e.*
   - *að stuðla að eflingu þverfaglegrar teymisvinnu til að auka fjölskylduráðgjöf o.fl.,*
   - *að efla búnað til fjarkennslu og fjarfunda,*
   - *að stofna hjúkrunarheimili fyrir langveik og langveik fötluð börn, og*
   - *að undirbúa opnun deildar fyrir langtímameðferð á vegum Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans fyrir unglinga;*
b. *í skólaheilsugæslu og heilsugæslu, þ.e.*
   - *að auka samstarf heilbrigðis- og menntakerfisins til að tryggja samfellu og gæði í umönnun langveikra barna í skólum,*
   - *að auka sálfræðiþjónustu hvað varðar greiningu, meðferð og stuðning,*
   - *að stofna fagráð um skólaheilsugæslu og gefa út handbók um skólaheilsugæslu,*
   - *að koma á heilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum sem taki mið af þörfum langveikra ungmenna, og*
   - *að efla sérfræðiþjónustu (sálfræðinga, iðjuþjálfa eða félagsráðgjafa) vegna greiningar og meðferðar barna með geðraskanir á þremur heilsugæslustöðvum?*

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar „Í fremstu röð á nýrri öld“ frá 28. maí 1999 segir að ráðist skuli í aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og ungmenni. Í stefnu ríkisstjórnar-

innar í málefnum langveikra barna sem samþykkt var í febrúar árið 2000 er kveðið á um aðgerðir á sviði heilbrigðis- og tryggingamála, félagsmála og menntamála auk annarra aðgerða sem ríkisstjórnin mun stuðla að. Ráðist hefur verið í fjölmargar aðgerðir til að framfylgja stefnu ríkistjórnarinnar á þessum sviðum.

A. Þjónusta fyrir langveik börn og aðstandendur þeirra á sjúkrahúsum.

Fyrst ber að nefna að lokið er byggingu Barnaspítala Hringsins en starfsemi barnadeildanna mun flytja þangað á næstu dögum. Við flutning í nýjan barnaspítala mun aðstaða fyrir öll veik börn og fjölskyldur þeirra gjörbreytast til batnaðar. Við undirbúning á starfsemi hins nýja spítala hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu þverfaglegrar teymisvinnu. Nokkur teymi eru þegar að störfum og hafa sum starfað í langan tíma svo sem á sviði krabbameinssjúkdóma og teymi fyrir sykursjúk börn. Teymi á sviði taugasjúkdóma er einnig starfandi o.fl. Önnur teymi eru einnig til staðar á sjúkrahúsinu þótt ekki sé um langveik börn að ræða nema í sumum tilfellum en dæmi um slíkt er brunateymi Landspítala – háskólasjúkrahúss þar sem fulltrúar barnadeildarinnar taka þátt í starfinu, teymi fyrir skoðun nýbúa og fleiri. Nokkur teymi eða starfshópar eru í undirbúningi og tengjast skipulagi á nýjum barnaspítala. Sem dæmi má nefna teymi á sviði hjartasjúkdóma, meltingarsjúkdóma, lungnasjúkdóma, asma o.fl. Við undirbúning hins nýja spítala hefur verið lögð áhersla á aukna dag- og göngudeildarþjónustu og er teymisvinnan þar einnig stór þáttur.

Barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hefur einnig flutt í nýtt og sérhannað húsnæði en það var í desember árið 2000. Við það varð mikil breyting til batnaðar á aðstöðu fyrir börnin og aðstandendur þeirra. Á deildinni hefur um alllangt skeið verið starfandi þverfaglegt teymi vegna þroskamats og fleira. Við deildina hefur sl. tvö ár starfað sálfræðingur í hlutastarfi og deildin hefur aðgang að þjónustu félagsráðgjafa á spítalanum.

Fjarkennslubúnaður er til á öllum barnadeildum landsins. Nettenging er einnig til staðar en aðgangur barna og unglinga er með breytilegum hætti. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur hefur jafnframt gert samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem felur í sér að Reykjavíkurborg tekur að sér að sjá um kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkurborgar en dveljast á sjúkrahúsum í sveitarfélaginu. Þetta þýðir iðulega að um fjarkennslu er að ræða og hefur Fræðslumiðstöð Reykjavíkur útvegað búnað til viðkomandi skóla til að svo megi verða en barnadeildirnar búa allar yfir slíkum búnaði eins og fram hefur komið. Í þessu sambandi má einnig geta þess að samningur um aukið aðgengi að sérfræðiþjónustu á sviði barnalækninga var undirritaður í maí árið 2002 en hann er á milli Landspítala – háskólasjúkrahúss annars vegar og hins vegar Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands, Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ og Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Markmið samningsins er að auka aðgengi að sérfræðiþjónustu á sviði barnalækninga á landsbyggðinni en í samningnum er m.a. kveðið á um að fjarfundabúnaður verði settur upp á barnasviði Landspítalans og mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið styrkja verkefnið í þrjú ár frá og með árinu 2002 en sá styrkur felur m.a. í sér kaup og uppsetningu fjarfundabúnaðar.

Hinn 9. febrúar sl. var skrifað undir samkomulag milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Velferðarsjóðs barna og Landspítala – háskólasjúkrahúss um að standa að uppbyggingu á hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik og langveik fötluð börn. Þetta er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna en þar segir að stefna skuli að fjölgun úrræða fyrir hjúkrunar- og langtímameðferð langveikra barna og unglinga og er sérstaklega kveðið á um að leggja skuli áherslu á stofnun hjúkrunarheimilis fyrir langveik og langveik fötluð börn að lokinni byggingu Barnaspítala Hringsins. Velferðarsjóður

barna mun leggja til allan stofnkostnað heimilisins, endurnýjun húsnæðis, húsbúnað og tækjabúnað fyrir 45–50 millj. kr. Jafnframt hefur verið tryggð 20 millj. kr. fjárveiting á fjárlögum fyrir árið 2003 til að hefja rekstur heimilisins haustið 2003. Reiknað er með að árlegur rekstrarkostnaður heimilisins verði u.þ.b. 84 millj. kr. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hyggst fela Landspítala – háskólasjúkrahúsi rekstur heimilisins á grundvelli samkomulagsins en heimilið mun hafa sérstakan fjárlagalið.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna er jafnframt kveðið á um að ráðist verði í undirbúning að opnun deildar fyrir langtímameðferð á vegum barna- og unglingageðdeildar Landspítalans (BUGL) fyrir unglinga að lokinni byggingu Barnaspítala Hringsins. Það mál er nú til skoðunar hjá ráðuneytinu. Á umliðnum árum hefur verið veitt aukið fé til að efla starfsemi BUGL, m.a. með opnun sérstakrar bráðamóttöku og ráðningu fleira fagfólks. Á síðasta ári var Landspítala – háskólasjúkrahúsi einnig veitt sérstakt framlag til að efla móttöku og göngudeildarstarfsemi og þá einkum og sér í lagi til að mæta geðrænum vandamálum barna og unglinga á höfuðborgarsvæðinu. Eins og fram hefur komið á Alþingi og í fjölmiðlum síðustu daga eru málefni BUGL nú í sérstakri skoðun bæði af hálfu Landspítala – háskólasjúkrahúss og ráðuneytisins og munu tillögur til að bæta þjónustuna þar liggja fyrir á næstunni.

B. Skólaheilsugæsla og heilsugæsla.

Skólaheilsugæslu fyrir langveik börn í grunnskólum er sinnt frá viðkomandi heilsugæslustöð og hefur verið tekið á hverju einstöku tilfelli fyrir sig. Í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna er kveðið á um að skipuð verði nefnd fjögurra ráðuneyta, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, til að fylgja eftir stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sjá um að samræma aðgerðir sem falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og vera tengiliður við hlutaðeigandi aðila. Nefnd þessi var skipuð í apríl árið 2000 og hefur fundað reglulega síðan. Þar hafa fulltrúar heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis farið yfir ýmis mál sem lúta að samstarfi og hefur sérstök áhersla verið lögð á að efla nemendaverndarráð þar sem skólahjúkrunarfræðingar eiga sæti til þess að tryggja samfellu og gæði í umönnun langveikra barna í skólum en skólahjúkrunarfræðingar eru víða mjög virkir í nemendaverndarráðunum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur tvisvar auglýst styrki til að efla skólaheilsugæslu fyrir langveik börn og hafa þrjú verkefni hlotið styrk. Það eru verkefni á vegum Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar, Heilsugæslustöðvar Snæfellsbæjar og Heilsugæslustöðvar Akraness.

Eins og málum er nú háttað felst sálfræðiþjónusta í skólum fyrst og fremst í greiningarvinnu sem sálfræðingar á vegum fræðsluyfirvalda annast. Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins sem vinnur að undirbúningi að stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum barna hefur skoðað þetta sérstaklega með það í huga að leggja fram tillögur um uppbyggingu á frekari þjónustu í skólum, einkum varðandi meðferð og ýmiss konar stuðning.

Árið 2000 var stofnað fagráð í skólaheilsugæslu ásamt fleiri fagráðum á vegum landlæknisembættisins. Ráðin eru skipuð eftir ákveðinni meginstefnu, þ.e. heilsugæslulæknir og heilsugæsluhjúkrunarfræðingur (annar þeirra utan af landi), kennarar úr læknadeild og hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands eða frá Háskólanum á Akureyri. Síðan er annað fagfólk skipað eftir eðli ráðanna. Þeir sem voru tilnefndir í fagráð um skólaheilsugæslu voru heilsugæslulæknir, heilsugæsluhjúkrunarfræðingur (skólahjúkrunarfræðingur), námsráðgjafi, barnageðlæknir, lektor frá læknadeild Háskóla Íslands og kennari frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Á vegum landlæknisembættisins hafa verið gerð drög að handbók í skólaheilsugæslu þar sem stuðst er við klínískar leiðbeiningar, leiðbeiningar frá nágrannalöndum og ráðgjöf innlendra sérfræðinga. Handbókin er enn í vinnslu og verður vonandi tilbúin fyrir næsta skólaár. Í kafla um börn með sérþarfir er m.a. fjallað um börn með langvinna sjúkdóma.

Ekki hefur verið komið á fót skipulagðri þjónustu frá heilsugæslustöðvum við langveik ungmenni í framhaldsskólum. Þó hefur viðkomandi heilsugæslustöð sem veitt hefur einstökum nemendum heimahjúkrun reynt að mæta þörf þeirra fyrir þjónustu í skólunum. Um langt skeið hefur einnig verið starfandi hjúkrunarfræðingur í Menntaskólanum í Hamrahlíð en þar hafa margir fatlaðir nemendur stundað nám sem þurft hafa á hjúkrunarþjónustu að halda. Einnig hófst árið 2001 þriggja ára tilraunaverkefni með skólaheilsugæslu í Menntaskólanum í Kópavogi (með stuðningi Zoroptimista.) Á sl. árum hefur jafnframt verið sett á laggirnar sérstök unglingamóttaka við heilsugæslustöðvar í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, á Akureyri og víðar. Einnig fer nú fram undirbúningur fyrir opnun slíkrar móttöku á nokkrum heilsugæslustöðvum. Með þessu er reynt að uppfylla sérstakar þarfir ungmenna og aðgengi þeirra að þjónustu heilsugæslunnar er aukið.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna er kveðið á um að efld verði sérfræðiþjónusta (sálfræðinga, iðjuþjálfa eða félagsráðgjafa) vegna greiningar á meðferð barna með geðraskanir á þremur heilsugæslustöðvum til reynslu í tvö ár. Í ráðuneytinu var ákveðið að styðja áfram tvö tilraunaverkefni sem voru í gangi, annars vegar á Selfossi og hins vegar á Akranesi. Verkefnið á Selfossi fólst í sálfræðiþjónustu við heilsugæslustöðvar á Suðurlandi og verkefnið á Akranesi fólst í starfsemi barnateymis sem m.a. vann að greiningu á ofvirkni o.fl. röskunum. Bæði þessi verkefni hafa verið framlengd. Auk þessa var sérstakt framlag veitt til heilsugæslunnar í Mosfellsbæ árið 2002 til að efla forvarnir og geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga. Í því skyni stóð til að ráðinn yrði geðhjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi við stöðina. Auk þess voru veittir sérstakir fjármunir til Heilsugæslunnar í Reykjavík sama ár til að efla fjölskyldumeðferð og geðþjónustu í umdæmi heilsugæslunnar en geðvernd er meðal þess sem mest áhersla er lögð á í hinni nýmótuðu stefnu heilsugæslunnar í Reykjavík.

Loks ber að nefna hér að ýmsar laga- og reglugerðarbreytingar hafa verið gerðar til að tryggja betur rétt langveikra barna og foreldra þeirra á sviði almannatrygginga og varðandi fjárhagslega aðstoð. Má þar nefna breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, um þátttöku í greiðslu vegna dvalarkostnaðar innan lands þegar barn þarf að leggjast inn á sjúkrahús fjarri heimili sínu og breytingu á reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, þar sem aldursmörk vegna umönnunargreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins voru færð úr 16 og 18 ára í 18 og 20 ára. Jafnframt var með breytingu á sömu reglugerð heimilað að framlengja umönnunargreiðslur í allt að sex mánuði eftir andlát langveiks eða fatlaðs barns sem notið hefur umönnunargreiðslna. Nokkru síðar var gerð breyting á sömu reglugerð varðandi fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna þar sem skilgreining á henni var rýmkuð, þ.e. tekið var út orðið „lífshættuleg“ og breytt í „alvarleg og langvarandi“. Þá var einnig gerð breyting sem felur í sér að heimilt er að meta til hækkunar greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þegar um er að ræða þunga umönnun framfærenda vegna fatlaðra og langveikra barna jafnvel þótt börnin séu vistuð á stofnun. Með breytingu á reglugerð nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, var lækkaður lækniskostnaður vegna langveikra barna og í reglugerð nr. 815/2002, um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar, var endurgreiðsluhlutfall vegna tannréttinga hækkað í 95% vegna barna sem eru með skarð í vör og gómi og aðra alvarlega fæðingargalla (sjá nánar fylgiskjal).

Fylgiskjal.

Aðgerðir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

1. Lög nr. 61/2000, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Með lögunum er komið til móts við foreldra veikra og langveikra barna um greiðslu dvalarkostnaðar innan lands þegar barn þarf að leggjast inn á sjúkrahús fjarri heimili sínu. Þegar um er að ræða erfiða meðferð við lífshættulegum sjúkdómi nær heimild til greiðslu dvalarkostnaðar til beggja foreldra.
2. Reglugerð nr. 229/2000, um breytingu á reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Breytingarnar fólust m.a. í því að aldursmörk vegna umönnunargreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins voru færð úr 16 og 18 ára í 18 og 20 ára og heimilt var að framlengja umönnunargreiðslur í allt að sex mánuði eftir andlát langveiks eða fatlaðs barns sem notið hefur umönnunargreiðslna.
3. Reglugerð nr. 130/2001, um (2.) breytingu á reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Með reglugerðinni var orðinu „lífshættulega“ breytt í orðin „alvarlega og langvarandi“ og leiddi það til verulegrar rýmkunar á réttindum samkvæmt reglugerðinni.
4. Reglugerð nr. 519/2002, um (3.) breytingu á reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Breytingin felur í sér að heimilt er að meta til hækkunar greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þegar um er að ræða þunga umönnun framfæranda vegna fatlaðra og langveikra barna jafnvel þótt börnin séu vistuð á stofnun.
5. Reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu var breytt í desember 2001 þar sem lækniskostnaður fatlaðra og langveikra barna var lækkaður. Samkvæmt breytingunni gildir umönnunarkort til lækkunar á lækniskostnaði þannig að langveik og fötluð börn með umönnunarkort greiða alltaf afsláttargjald fyrir læknisþjónustu.
6. Reglugerð nr. 815/2002, um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar, frá í nóvember 2002, heimilar endurgreiðslur til barna hvort sem þau eru búsett á heimili eða á stofnun. Styrkur vegna kostnaðar við tannréttingar var hækkaður um 50% fyrir börn yngri en 20 ára. Þá var endurgreiðsluhlutfall vegna tannréttinga hækkað í 95% vegna barna sem eru með skarð í vör og gómi og aðra alvarlega fæðingargalla (var áður 50%, 75% eða 90%).

1269. Frumvarp til lokafjárlaga [710. mál]

fyrir árið 2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2000 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	0,0	0,0
Menntamálaráðuneyti	191,3	163,1
Utanríkisráðuneyti	81,2	81,2
Landbúnaðarráðuneyti	85,4	85,4
Sjávarútvegsráðuneyti	50,4	50,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9,6	9,6
Félagsmálaráðuneyti	-530,4	-530,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-12,4	-12,4
Fjármálaráðuneyti	-42,6	-42,6
Samgönguráðuneyti	49,6	49,6
Iðnaðarráðuneyti	103,6	103,6
Viðskiptaráðuneyti	9,7	9,7
Hagstofa Íslands	12,9	12,9
Umhverfisráðuneyti	61,2	61,2
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**69,5**	**41,3**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2000 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	2,7	2,7
Forsætisráðuneyti	-21,8	-21,8
Menntamálaráðuneyti	586,2	586,2
Utanríkisráðuneyti	61,7	61,7
Landbúnaðarráðuneyti	-64,5	-64,5
Sjávarútvegsráðuneyti	6,1	6,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-26,9	-26,9
Félagsmálaráðuneyti	84,6	-388,6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-1.119,7	-1.119,7
Fjármálaráðuneyti	-25.447,0	-744,8
Samgönguráðuneyti	37,5	37,5
Iðnaðarráðuneyti	1,3	1,3
Viðskiptaráðuneyti	-60,6	-60,6
Hagstofa Íslands	1,0	1,0
Umhverfisráðuneyti	-2,3	-2,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-645,1	694,0
Samtals	**-26.606,8**	**-1.038,7**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2000 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni 3,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,2

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma 1,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,0

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 23,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 23,2

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 26,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,8

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun 1,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,6
02-971 Ríkisútvarpið	
Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	151,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	123,5
Viðskiptahreyfingar	28,2
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,6
02-975 Menningarsjóður útvarpsstöðva	
Almennur rekstur:	
1.10 Menningarsjóður útvarpsstöðva	-40,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-40,8
02-982 Listir, framlög	
Almennur rekstur:	
1.51 Höfundaréttarsjóður	27,3
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	-4,0
1.54 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	0,7
Almennur rekstur samtals	24,0
Gjöld samtals	**24,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,0

	m.kr.
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**191,3**
Greitt úr ríkissjóði	**-13,0**
Innheimt af ríkistekjum	**176,1**
Viðskiptahreyfingar	**28,2**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.02 Varnarmálaskrifstofa	-1,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-1,2

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	7,6
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	7,1
Almennur rekstur samtals	14,7
Gjöld samtals	**14,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	14,7

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	78,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	78,2

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	-10,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,5

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**81,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-10,5**
Innheimt af ríkistekjum	**91,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.12 Mat á búvörum 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,6

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir ..... -1,0
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum ..... -52,9
Almennur rekstur samtals ..... -53,9

Gjöld samtals ..... **-53,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,0
Innheimt af ríkistekjum ..... -52,9

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins 2,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,1

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk ..... -41,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -41,0

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 82,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,6

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 33,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,9

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara ..... -17,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -17,9

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár ..... -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,4

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 37,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,6

m.kr.

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross ..... -3,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,9

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 43,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 43,1

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **85,4**
Greitt úr ríkissjóði **95,1**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-9,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	33,4
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	-21,8
Almennur rekstur samtals	11,6
Gjöld samtals	**11,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,3
Innheimt af ríkistekjum	5,3

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	-25,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-25,5

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	-7,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-7,0

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Kvótaþing	0,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,7

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	70,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,6
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**50,4**
Greitt úr ríkissjóði	**77,6**
Innheimt af ríkistekjum	**-27,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:	
1.01 Lögbirtingablað	-2,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2,6

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	-1,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-1,6

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	0,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,4

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	9,2
1.10 Ökunám	3,2
Almennur rekstur samtals	12,4
Gjöld samtals	**12,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1
Innheimt af ríkistekjum	12,3
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**9,6**
Greitt úr ríkissjóði	**1,5**
Innheimt af ríkistekjum	**8,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	23,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,7
Innheimt af ríkistekjum	22,3

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	13,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-30,5
Innheimt af ríkistekjum	43,6

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-545,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-545,8

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-20,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,7

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-530,4**
Greitt úr ríkissjóði	**-596,3**
Innheimt af ríkistekjum	**65,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	-22,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-22,5

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	2,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,6

08-373 Sjúkrahús í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni	0,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,9

08-395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjaeftirlit ríkisins	-20,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,6

08-396 Lyfjanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjanefnd	24,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,1
Innheimt af ríkistekjum	0,4

m.kr.

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.90 Forvarnasjóður 2,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-12,4**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-16,3**
Innheimt af ríkistekjum **3,9**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	-42,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,1
Innheimt af ríkistekjum	-41,5
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-42,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-1,1**
Innheimt af ríkistekjum	**-41,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-0,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,7

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	2,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,4

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-1,7
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnamannvirki	8,3
Gjöld samtals	**6,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,9
Innheimt af ríkistekjum	-0,3

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	0,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,4
Innheimt af ríkistekjum	-0,7

m.kr.

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur flugvalla 59,4

Stofnkostnaður:
6.80 Flugvellir, framkvæmdir ..... -5,0

Gjöld samtals **54,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,4
Innheimt af ríkistekjum ..... -5,0

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin ..... -13,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -31,2
Innheimt af ríkistekjum 17,4

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur **49,6**
Greitt úr ríkissjóði **38,2**
Innheimt af ríkistekjum **11,4**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 59,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 59,4

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 43,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,7

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 0,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,5

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 103,6
Greitt úr ríkissjóði 44,2
Innheimt af ríkistekjum 59,4
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.20 Icepro-nefnd 0,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,1

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa ..... -10,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,1
Innheimt af ríkistekjum ..... -5,2

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara ..... -23,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -23,1

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 42,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,8

	m.kr.
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**9,7**
Greitt úr ríkissjóði	**14,7**
Innheimt af ríkistekjum	**-5,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-1,9
1.50 Þjóðskráin	14,8
Almennur rekstur samtals	12,9
Gjöld samtals	**12,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	12,9
13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**12,9**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**12,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri	1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:	
1.10 Hreindýraráð	4,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,4

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Hollustuvernd ríkisins	0,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,7
Innheimt af ríkistekjum	-0,1

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Eyðing spilliefna	-13,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-13,1

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald	75,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,7

m.kr.

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun ..... -8,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -8,3

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 0,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,9

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **61,2**
Greitt úr ríkissjóði **61,3**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-0,1**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 2,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,9

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur ..... -0,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,2

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **2,7**
Greitt úr ríkissjóði **2,7**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Stofnkostnaður:
6.52 Minningarkapella á Ljósavatni ..... -15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -15,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar ..... -6,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,8

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-21,8**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-21,8**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála 0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,3

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 23,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,5

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 19,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,4

02-303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 36,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,2

m.kr.

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 26,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,3

02-306 Framhaldsskóli Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 8,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,1

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 9,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,3

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 34,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,5

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

m.kr.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 0,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 60,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,7

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 23,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,7

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 18,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,9

m.kr.

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 21,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,4

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 19,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,9

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,8

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 14,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,2

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 23,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,8

m.kr.

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,1

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 42,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,0

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 15,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,3

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,6

m.kr.

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,6

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 22,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,8

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 10,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,9

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 4,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,8

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

m.kr.

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 67,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,5

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 16,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,6

02-563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Tónlistarskólinn í Reykjavík 0,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,9

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 12,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,0

02-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:
1.90 Rekstrarhagræðing 12,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,7

	m.kr.
02-985 Alþjóðleg samskipti	
Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	-14,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-14,3
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**586,2**
Greitt úr ríkissjóði	**586,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.91 Undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða	8,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,1

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	0,2
1.14 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael	3,8
1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	60,1
Almennur rekstur samtals	64,1
Gjöld samtals	**64,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	64,1

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	-1,0
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,6
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-0,5
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	-0,1
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)	-2,1
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	0,2
1.39 Evrópuráðið	-0,6
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	-0,3
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	5,4
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	10,8
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	2,3

	m.kr.
1.72 EFTA-dómstóllinn	3,1
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	-26,9
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-1,4
Almennur rekstur samtals	-10,5
Gjöld samtals	**-10,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,5
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**61,7**
Greitt úr ríkissjóði	**61,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	-0,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,6

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	4,5
1.02 Lífeyrissjóður bænda	3,4
Almennur rekstur samtals	7,9
Gjöld samtals	**7,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,9

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	-73,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-73,6

04-840 Lán til fiskeldis

Almennur rekstur:	
1.01 Lán til fiskeldis	-12,6

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -12,6

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 14,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,1

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-64,5**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-64,5**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun	10,9
1.49 Úrskurðarnefndir	-7,1
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	0,6
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	1,9
Almennur rekstur samtals	6,3
Gjöld samtals	**6,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,3

05-209 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips

Stofnkostnaður:	
6.60 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	-0,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,2

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6,1**
Greitt úr ríkissjóði	**6,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	-0,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,4

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	0,4
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	0,3
Almennur rekstur samtals	0,7
Gjöld samtals	**0,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,7

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.11 Meðdómsmenn	-6,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,8

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	-206,7
1.20 Réttargæslumenn	6,2
Almennur rekstur samtals	-200,5
Gjöld samtals	**-200,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	96,9
Gjöld umfram tekjur	**-103,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-103,6

m.kr.

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	13,8
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	7,5
Almennur rekstur samtals	21,3
Gjöld samtals	**21,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	13,1
Gjöld umfram tekjur	**34,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,4

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	-15,7
Sértekjur:	
Sértekjur	34,7
Gjöld umfram tekjur	**19,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,0

06-390 Ýmis löggæslumál

Almennur rekstur:	
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips	31,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,1

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	-2,4

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,4

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,6

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:
1.11 Kirkjugarðar 2,7
1.13 Kirkjugarðasjóður ..... -10,9
Almennur rekstur samtals ..... -8,2

Gjöld samtals ..... **-8,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -8,2

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 6,5
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 0,4
1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands 0,7
Almennur rekstur samtals 7,6

Gjöld samtals **7,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,6

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 1,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,1

	m.kr.
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-26,9**
Greitt úr ríkissjóði	**-26,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.90 Reynslusveitarfélög	1,6
1.99 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	-1,7
Almennur rekstur samtals	-0,1
Stofnkostnaður:	
6.21 Bifreiðar	-0,9
Gjöld samtals	**-1,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	1,2
Gjöld umfram tekjur	**0,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,2

07-273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla

Stofnkostnaður:	
6.21 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla	15,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,7

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	121,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,8

07-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:	
1.90 Rekstrarhagræðing	8,7

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,7

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota ..... -74,1

Sértekjur:
Sértekjur 83,0

Gjöld umfram tekjur **8,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -30,5
Innheimt af ríkistekjum 43,6
Viðskiptahreyfingar ..... -4,2

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -509,7
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva ..... -2,8
1.31 Kjararannsóknarnefnd ..... -0,8
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði 52,9
1.41 Framlög og styrkir 16,4
1.45 Starfsmenntasjóður ..... -5,1
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda 5,9
Almennur rekstur samtals ..... -443,2

Gjöld samtals ..... **-443,2**

Sértekjur:
Sértekjur 351,9

Gjöld umfram tekjur ..... **-91,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -545,8
Viðskiptahreyfingar 454,5

m.kr.

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... -6,3

Sértekjur:
Sértekjur 8,5

Gjöld umfram tekjur **2,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -20,7
Viðskiptahreyfingar 22,9

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 3,6
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 16,9
1.50 Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga ..... -0,3
1.53 Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög ..... -1,8
Almennur rekstur samtals 18,4

Gjöld samtals **18,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,4

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **84,6**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-432,2**
Innheimt af ríkistekjum **43,6**
Viðskiptahreyfingar **473,2**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	13,9
1.15 Umönnunarbætur	-5,4
1.21 Makabætur	-0,2
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	1,5
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	-60,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	-1,4
1.41 Heimilisuppbót	4,6
1.45 Sérstök heimilisuppbót	21,1
1.51 Uppbætur	15,6
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	-5,4
Almennur rekstur samtals	-15,7
Gjöld samtals	**-15,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,7

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	19,5
1.15 Örorkulífeyrir	-6,8
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	85,9
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	-1.080,6
1.31 Örorkustyrkur	5,0
1.35 Barnalífeyrir	-12,8
1.41 Fæðingarorlof	-37,4
1.91 Annað	-219,5
Almennur rekstur samtals	-1.246,7
Gjöld samtals	**-1.246,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	4,7
Gjöld umfram tekjur	**-1.242,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.242,0

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	17,1
1.15 Lyf	39,5
1.21 Hjálpartæki	23,2
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	1,8
1.31 Þjálfun	9,0
1.35 Tannlækningar	13,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	-7,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	-43,6
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-3,6
1.55 Sjúkradagpeningar	11,5
1.91 Annað	-11,7
Almennur rekstur samtals	49,2
Gjöld samtals	**49,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	49,2

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	4,7
1.15 Bætur til framfærslu	34,6
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	17,4
1.21 Stjórnunarkostnaður	-5,8
Almennur rekstur samtals	50,9
Gjöld samtals	**50,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	28,4
Gjöld umfram tekjur	**79,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,3

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	10,7

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	14,4
Gjöld umfram tekjur	**25,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,1

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	-0,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,5

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	-0,1
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	-15,4
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	1,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	-0,6
Almennur rekstur samtals	-15,1
Gjöld samtals	**-15,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,1

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-1.119,7**
Greitt úr ríkissjóði	**-1.119,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.07 Athugun á virðisaukaskattskerfi	2,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,8

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	-160,7
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5,9
Almennur rekstur samtals	-154,8
Gjöld samtals	**-154,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	94,4
Gjöld umfram tekjur	**-60,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-60,4

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-16.780,9
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	278,9
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	27,7
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-939,6
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	191,4
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	20,2
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	-12,3
1.19 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga	-80,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	-245,0
Almennur rekstur samtals	-17.539,6
Gjöld samtals	**-17.539,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar ..... -17.539,6

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna 53,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,2

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ..... -291,5

Sértekjur:
Sértekjur 2,1

Gjöld umfram tekjur ..... **-289,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -289,4

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna ..... -7.350,7

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar ..... -7.350,7

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur ..... -363,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -363,4

m.kr.

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur ..... -72,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -72,1

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur ..... -128,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -128,6

09-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:
1.90 Rekstrarhagræðing 27,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,1

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 188,1
6.15 Tjónabætur 13,6
Stofnkostnaður samtals 201,7

Gjöld samtals **201,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,6
Viðskiptahreyfingar 188,1

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:
6.23 Skattstofa Suðurlands ..... -7,6
6.80 Listaskóli 37,6
Stofnkostnaður samtals 30,0

Gjöld samtals **30,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0
09-989 Launa- og verðlagsmál	
Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	50,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,1
09-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.09 Rekstrarhagræðing	2,4
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	-14,6
1.19 Ýmsar endurgreiðslur	-2,3
1.31 Lífeyrissjóður bænda	17,2
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	0,1
1.60 Dómkröfur	-13,5
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	3,5
1.92 Rekstrarkostn. biðreikn. Útvegsb. Ísl.	-0,5
Almennur rekstur samtals	-7,7
Gjöld samtals	**-7,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,7
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-25.447,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-744,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-24.702,2**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.16 Landflutningasjóður	15,3
1.25 GPS-staðsetningarkerfi	7,7
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	0,1
1.43 Heilsárshótel á landsbyggðinni	3,0
1.46 Uppbygging ferðamála í Scoresbysundi á Grænlandi.	14,4
Almennur rekstur samtals	40,5
Gjöld samtals	**40,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**37,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,5

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**37,5**
Greitt úr ríkissjóði	**37,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.41 Vegalagning vegna álvers á Grundartanga 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.31 Starf hjá framkvæmdastjórn EB 3,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,3

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun ..... -6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1,3**
Greitt úr ríkissjóði **1,3**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

12-490 Tap á sölu bréfa í Samábyrgðinni hf.

Almennur rekstur:
1.01 Tap af sölu hlutabréfa í félaginu ..... -61,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -61,6

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -60,6
Greitt úr ríkissjóði ..... -60,6
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:
1.90 Rekstrarhagræðing 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur 1,0
Greitt úr ríkissjóði 1,0
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.39 Mengunarslys 0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,3

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ..... -2,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,6

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-2,3**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-2,3**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-453,4
1.20 Inneignarvextir af ríkistekjum	-191,7
Almennur rekstur samtals	-645,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	694,0
Viðskiptahreyfingar	-1.339,1
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-645,1**
Greitt úr ríkissjóði	**694,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-1.339,1**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2000 eru lagðar fram niðurstöður ríkisrekstursins fyrir það ár og lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga auk tillagna um niðurfellingu fjárheimilda í árslok. Í fylgiskjali með frumvarpinu er yfirlit yfir geymdar fjárveitingar sem færast til ársins 2001 og umframgjöld sem koma til lækkunar á fjárheimildum þess árs. Í frumvarpinu eru notaðar sömu vinnureglur um uppgjör og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok og stuðst var við í lokafjárlögum fyrri ára.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárheimildir breytist vegna þess að skilað er til stofnana og verkefna hlutdeild þeirra í rekstrartekjum og mörkuðum tekjum. Er miðað við eftirfarandi fjórar vinnureglur við þá tillögugerð: 1. Almennt er miðað við að mismunur á áætluðum tekjum og niðurstöðu ríkisreiknings komi til breytinga á fjárheimild ársins. 2. Í nokkrum tilvikum er fjárheimild miðuð við skil á tekjum og á það við um verkefni þar sem lög ákvarða útgjöldin óháð tekjunum. Á sú regla t.d. við um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa. 3. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða tekjur sem renna til aðila utan A-hluta ríkissjóðs er miðað við álagðar en ekki innheimtar tekjur. Má þar nefna sem dæmi iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins og gjöld sem innheimt eru af verðmæti búvöru og renna til Bændasamtala Íslands. 4. Loks er í ákveðnum tilvikum lagt til að útgjöld eins og þau eru ákveðin af Alþingi í fjárlögum ráði skilum á tekjum. Þar má helst nefna framlög til vegagerðar og þau tilvik að tekjustofnar hafa verið skertir með lögum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að staða í árslok verði felld niður en flytjist ekki yfir á næsta ár. Getur þar bæði verði um að ræða afgangsheimildir eða útgjöld umfram áætlanir í fjárlögum. Stuðst er við þá meginreglu að í þeim tilvikum að útgjöld ráðast af öðrum lögum, svo sem útgjöld almannatrygginga, er staða ekki færð yfir til næsta árs. Þá er staða fjárlagaliða sem ræðst af hagrænum breytingum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, ekki færð yfir til næsta árs og því lagt til að verði felld niður. Þá er lagt til að felld verði niður staða verkefna sem er lokið eða verkefna ekki lúta stjórn ákveðins ábyrgðaraðila svo sem staða á launa- og verðlagsliðum. Er í öllum tilvikum um hefðbundna afgreiðslu að ræða sem hefur lítið breyst frá því sem tíðkaðist fyrir breytingu á framsetningu ríkisfjármála árið 1998, ef frá er talin sú breyting að fjárlög eru nú á rekstrargrunni og í ríkisreikningi er sýnd niðurstaða reksturs stofnana sem ekki eru ríkisaðilar, einkum sjálfseignarstofnana. Afgangsheimildir framhaldsskóla sem rekja má til rekstrarstöðvunar vegna verkfalls kennara árið 2000 eru felld niður og færast ekki yfir á árið 2001, enda var skólunum bættur kostnaðurinn það ár við að ljúka kennslu og prófum.

Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs fyrir árið 2000 og er vísað til greinargerðar í fjárlögum, fjáraukalögum og skýringar við ríkisreikning árið 2000

um framvindu ríkisfjármála það ár. Þá liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2000 og um hana hefur verið fjallað í fjárlaganefnd.

Afgangsheimildir og umframgjöld. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að staða tiltekinna fjárheimilda í árslok færist ekki á milli ára, eða með öðrum orðum er sótt um niðurfellingar á afgangsheimildum og um heimildir til að fella niður skuldir vegna gjalda umfram fjárheimildir. Er þar unnið eftir þeim viðmiðunarreglum sem að framan greinir. Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um að 2,5 milljarða króna afgangsheimildir falli niður og að 29,1 milljarðs útgjöld umfram heimildir komi ekki til frádráttar heimildum næsta árs. Er breyting einstakra heimilda vegna þessa sýnd í sundurliðun 2. Þær afgangsheimildir og umframgjöld sem lagt er til að falli ekki niður og flytjist til ársins 2001 eru sýndar í fylgiskjali í samræmi við ákvæði 45. gr. fjárreiðulaga. Þar af er lagt til að 13,5 milljarðar króna flytjist af ónýttum afgangsheimildum og bætist við fjárheimildir ársins 2001 og 10,4 milljarðar króna af umframgjöldum komi til frádráttar frá fjárheimildum ársins 2001. Samtals flytjast því nettó 3,1 milljarða kr. ónýttar fjárheimildir frá árinu 2000 til ársins 2001, en var 3,4 milljarðar frá árinu 1999 til 2000. Þar af eru 578 m.kr. vegna reksturs, 848 m.kr. vegna tilfærsluútgjalda og 1.692 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Vísað er í fylgiskjal um nánari sundurliðun á stofnanir og verkefni.

Nýting lántökuheimilda árið 2000. Í fjárlögum fyrir árið 2000 og í fjáraukalögum var ríkissjóði heimilað að taka að láni samtals 25,5 milljarða króna og endurlána þar af 5,1 milljarð kr. Samkvæmt ríkisreikningi voru lántökur samtals 39,8 milljarðar kr. og endurlán 5,4 milljarðar kr. Skýringin á 14,3 milljarða kr. lántökum umfram heimild í 5. gr. fjárlaga er að afborganir urðu meiri en áætlað var í fjárlögum. Þannig voru afborganir lána samtals 50,5 milljarðar en voru áætlaðar 39,3 milljarðar í fjárlögum. Afborganir umfram nýjar lántökur urðu 10,5 milljarðar kr. í stað 9,9 milljarðar kr. og var því meira greitt niður af lánum en áformað var. Nánari upplýsingar um lánsfjármál og samanburð við heimildir er að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun á ríkisreikningi 2000 og í ríkisreikningi fyrir árið 2000.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er sótt um að fjárheimildir hækki samtals um 69,5 m.kr. vegna frávika á áætlun ríkistekna frá niðurstöðu ríkisreiknings. Er þar um að ræða mismun á áætlun annarra rekstrartekna og markaðra tekna í samræmi við þær verklagsreglur sem lýst er í inngangi hér að framan. Helstu frávik til hækkunar tekna eru 151,7 m.kr. vegna hærri tekna af afnotagjöldum Ríkisútvarpsins sjónvarps en áætlað var, 82,6 m.kr. tekjum af búnaðargjaldi umfram áætlun er skilað til Búnaðarsjóðs, 78,2 m.kr. lendingargjöldum til Flugmálastjórnar

í Keflavík, 75,7 m.kr. vegna aukinna skilagjalda til Endurvinnslunnar, 70,6 m.kr. tekjur Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og loks má nefna 59,4 m.kr. tekjur Einkaleyfastofu af eftirlitsgjöldum. Frávik í áætlun tekna sem kemur til lækkunar fjárheimildum eru þær helstar að tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af atvinnutryggingagjaldi voru ofmetnar um 545,8 m.kr. í fjárlögum, eftirlitsgjöld Yfirdýralæknis voru 53,9 m.kr. lægri, verðtilfærslugjald á mjólk 41 m.kr. lægra en áætlun og loks urðu tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva 40,8 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum svo það helsta sé nefnt. Nánari sundurliðun á frávikum ríkistekna er að finna í sundurliðun 1.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er sótt um niðurfellingu á 26,6 milljarða útgjöldum umfram fjárheimildir á rekstrargrunni, eða 1,7 milljörðum á greiðslugrunni. Helstu umframgjöld sem lagt er til að verði felld niður eru 17,5 milljarða króna lífeyrisskuldbindingar sem færðar voru á árið 2000 eftir kjarasamninga við grunn- og framhaldsskólakennara. Þá urðu afskriftir skattkrafna 7,4 milljörðum kr. hærri en áætlað var í fjárlögum, lífeyristryggingar 1,2 milljörðum hærri, vaxtagjöld ríkissjóðs 645,1 m.kr. umfram áætlanir, útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum voru 289,4 m.kr. umfram fjárheimildir og fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 363,4 m.kr. umfram fjárheimildir. Loks má nefna að málskostnaður í opinberum málum varð 206,7 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Einnig er í 2. gr. farið fram á að ónýttar fjárheimildir falli niður og eru þær helstar að lagt er til að afgangheimildir framhaldsskóla sem rekja má til verkfalls framhaldsskólakennara árið 2000, samtals 583 m.kr., falli niður. Tapaðar kröfur og tjónabætur eru 201,7 m.kr. umfram áætlun, aðstoð við endurreisnarstarf í Bosníu-Hezegóvínu 60,1 m.kr., áætluð lögbundin framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga voru ofmetin um 121,8 m.kr. og útgjöld Slysatrygginga ofáætluð um 79,3 m.kr. Nánari skiptingu á hvert verkefni er að finna í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti		**577,8**	**848,4**	**-807,1**	**2.499,3**	**3.118,4**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***-15,7***	***-2,9***	***38,8***	***27,2***	***47,4***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**-18,9**	**-0,2**	**1,3**	**10,9**	**-6,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-111,5				-111,5
101-1.30	Bessastaðir	101,1				101,1
101-1.50	Fálkaorðan	0,1				0,1
101-1.81	Opinberar heimsóknir	-8,6	-0,2			-8,8
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald			1,3		1,3
101-6.01	Tæki og búnaður				4,1	4,1
101-6.11	Bifreiðar				6,8	6,8
00-201	**Alþingi**	**-27,4**	**0,7**	**37,5**	**-27,9**	**-17,1**
201-1.01	Alþingiskostnaður	24,6				24,6
201-1.03	Fastanefndir	-22,0				-22,0
201-1.04	Alþjóðasamstarf	4,1	-2,0			2,1
201-1.06	Almennur rekstur	-0,7	-0,5			-1,2
201-1.07	Sérverkefni	-20,6	3,2			-17,4
201-1.10	Rekstur fasteigna	-12,8				-12,8
201-5.20	Fasteignir			37,5		37,5
201-6.01	Tæki og búnaður				-219,9	-219,9
201-6.21	Fasteignir				192,0	192,0
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**				**44,2**	**44,2**
205-6.50	Nýbygging				44,2	44,2
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**1,5**	**-0,3**			**1,2**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	1,5	-0,3			1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**29,1**	**-3,1**			**26,0**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	29,1	-3,1			26,0
01 Forsætisráðuneyti		***329,5***	***-277,6***	***3,8***	***31,1***	***86,8***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-18,9**	**7,2**			**-11,7**
101-1.01	Yfirstjórn	-13,1	7,2			-5,9
101-1.20	Stjórnarráðshús	-5,8				-5,8
01-190	**Ýmis verkefni**	**328,3**	**-274,8**		**-4,4**	**49,1**
190-1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	-4,4	10,0			5,6
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag		22,6			22,6
190-1.14	Ritun sögu Stjórnarráðsins	3,9				3,9
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	7,0	-0,1			6,9
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	-0,2				-0,2
190-1.23	Hrafnseyri	8,9	-2,2			6,7
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	-0,6	5,5			4,9
190-1.42	Grænlandssjóður	-2,0	1,5			-0,5
190-1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	40,9	-44,6			-3,7
190-1.53	Landafundanefnd	289,7	-252,4			37,3
190-1.54	Ráðstefnan Konur og lýðræði	-3,4	-0,2			-3,6
190-1.90	Ýmis verkefni	-11,5	-14,9			-26,4
190-6.53	Stafkirkja í Vestmannaeyjum				-4,4	-4,4
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**-5,4**		**3,3**		**-2,1**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-5,4				-5,4
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis			3,3		3,3
01-211	**Þjóðhagsstofnun**	**13,8**				**13,8**
211-1.01	Þjóðhagsstofnun	13,8				13,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**17,0**	**-10,0**			**7,0**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	17,0	-10,0			7,0
01-241	**Umboðsmaður barna**	**-0,6**				**-0,6**
241-1.01	Umboðsmaður barna	-0,6				-0,6
01-251	**Safnahús**	**16,2**			**-13,1**	**3,1**
251-1.01	Safnahús	16,2				16,2
251-6.01	Tæki og búnaður				-13,1	-13,1
01-261	**Óbyggðanefnd**	**-6,7**				**-6,7**
261-1.01	Óbyggðanefnd	-6,7				-6,7
01-271	**Ríkislögmaður**	**-6,0**				**-6,0**
271-1.01	Ríkislögmaður	-6,0				-6,0
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**-8,2**		**0,5**	**34,7**	**27,0**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-8,2				-8,2
902-5.01	Fasteignir			0,5		0,5
902-6.01	Nýframkvæmdir				8,9	8,9
902-6.21	Fasteignir				25,8	25,8
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**13,9**	**13,9**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				13,9	13,9
02 Menntamálaráðuneyti		***532,3***	***-237,4***	***2,1***	***328,4***	***625,4***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-15,5**	**13,9**			**-1,6**
101-1.01	Yfirstjórn	-15,5	13,9			-1,6
02-199	**Ráðstöfunarfé**		**6,5**			**6,5**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		6,5			6,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-201	**Háskóli Íslands**	**615,8**	**-368,1**	**29,4**	**-59,5**	**217,6**
201-1.01	Kennsla	169,4	-12,8			156,6
201-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	446,4	-355,3			91,1
201-5.50	Fasteignir			29,4		29,4
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				-59,5	-59,5
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**49,0**	**-11,3**			**37,7**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	52,2	-10,3			41,9
202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	-3,2	-1,0			-4,2
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**-5,1**	**-1,4**			**-6,5**
203-1.01	Yfirstjórn	17,6	1,3			18,9
203-1.02	Rekstur fasteigna	-5,5	-0,1			-5,6
203-1.03	Rannsóknastofur	-17,2	-2,6			-19,8
02-204	**Stofnun Sigurðar Nordals**	**1,8**	**-2,2**			**-0,4**
204-1.01	Stofnun Sigurðar Nordals	0,6	-1,5			-0,9
204-1.11	Íslenskukennsla erlendis	1,2	-0,7			0,5
02-205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**	**-6,4**	**-1,8**			**-8,2**
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	-8,4	2,2			-6,2
205-1.20	Bókaútgáfa	2,0	-4,0			-2,0
02-206	**Orðabók Háskólans**	**6,0**	**2,5**			**8,5**
206-1.01	Orðabók Háskólans	6,0	2,5			8,5
02-207	**Íslensk málstöð**	**4,7**				**4,7**
207-1.01	Íslensk málstöð	4,7				4,7
02-208	**Örnefnastofnun Íslands**	**2,3**	**-0,3**			**2,0**
208-1.01	Örnefnastofnun Íslands	2,3	-0,3			2,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**10,7**	**27,2**			**37,9**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	87,2	-1,9			85,3
210-1.02	Rannsóknastarfsemi	-76,5	29,1			-47,4
02-211	**Tækniskóli Íslands**	**-101,9**	**-0,5**			**-102,4**
211-1.01	Tækniskóli Íslands	-101,9	-0,5			-102,4
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**-105,8**	**123,2**			**17,4**
215-1.01	Almennur rekstur	-10,6	-2,9			-13,5
215-1.02	Rannsóknastarfsemi	-77,1	95,7			18,6
215-1.05	Kennsla	-5,7	30,4			24,7
215-1.10	Íslenska menntanetið	-12,4				-12,4
02-223	**Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála**	**-1,1**	**-1,5**			**-2,6**
223-1.01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	-1,1	-1,5			-2,6
02-225	**Samvinnuháskólinn**	**0,0**				**0,0**
225-1.01	Samvinnuháskólinn	0,0				0,0
02-231	**Rannsóknarráð Íslands**	**8,7**	**-12,4**			**-3,7**
231-1.01	Rannsóknarráð Íslands	8,7	-12,4			-3,7
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**-0,6**				**-0,6**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	-0,6				-0,6
02-235	**Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum**				**-27,4**	**-27,4**
235-6.60	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum				-27,4	-27,4
02-236	**Vísindasjóður**	**9,2**	**-26,6**		**-30,9**	**-48,3**
236-1.01	Yfirstjórn	9,2	-26,6			-17,4
236-6.60	Vísindasjóður				-30,9	-30,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-237	**Tæknisjóður**	**11,7**	**-12,9**		**-65,4**	**-66,6**
237-1.01	Yfirstjórn	11,7	-12,9			-1,2
237-6.60	Tæknisjóður				-65,4	-65,4
02-238	**Bygginga- og tækjasjóður**				**134,8**	**134,8**
238-6.60	Bygginga- og tækjasjóður				134,8	134,8
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**4,1**	**-24,2**			**-20,1**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	4,1	-24,2			-20,1
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**8,1**	**147,9**	**156,0**
269-5.21	Viðhald			8,1		8,1
269-6.21	Stofnkostnaður				147,9	147,9
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**-1,9**	**60,6**			**58,7**
299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-1,9	60,6			58,7
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**39,0**	**-1,4**			**37,6**
301-1.01	Almennur rekstur	39,0	-1,4			37,6
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-0,3**	**-0,9**			**-1,2**
302-1.01	Almennur rekstur	-26,8	-0,9			-27,7
302-1.09	Önnur verkefni	26,5				26,5
02-303	**Menntaskólinn á Laugarvatni**	**-4,0**				**-4,0**
303-1.01	Almennur rekstur	-21,2				-21,2
303-1.09	Önnur verkefni	17,2				17,2
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**38,1**	**-1,1**			**37,0**
304-1.01	Almennur rekstur	-2,3	-1,1			-3,4
304-1.09	Önnur verkefni	40,4				40,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**-21,9**	**-0,1**			**-22,0**
305-1.01	Almennur rekstur	-21,9	-0,1			-22,0
02-306	**Framhaldsskóli Vestfjarða**	**-7,5**	**-1,0**			**-8,5**
306-1.01	Almennur rekstur	-34,6	-1,0			-35,6
306-1.09	Önnur verkefni	27,1				27,1
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**5,5**	**-1,8**			**3,7**
307-1.01	Almennur rekstur	-39,5	-1,8			-41,3
307-1.09	Önnur verkefni	45,0				45,0
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**-114,4**	**-7,8**			**-122,2**
308-1.01	Almennur rekstur	-124,8	-7,8			-132,6
308-1.09	Önnur verkefni	10,4				10,4
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**5,9**	**-1,0**			**4,9**
309-1.01	Almennur rekstur	5,9	-1,0			4,9
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**			**-35,4**		**-35,4**
316-5.21	Viðhald			-35,4		-35,4
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**				**185,1**	**185,1**
318-6.60	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ				17,0	17,0
318-6.65	Borgarholtsskóli				-62,8	-62,8
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt				230,5	230,5
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt				0,4	0,4
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**461,5**	**-244,6**			**216,9**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	11,5	-7,7			3,8
319-1.12	Orlof kennara	21,8	-10,5			11,3
319-1.13	Forfallakennsla	-18,5				-18,5
319-1.14	Sérkennsla	8,4	25,7			34,1
319-1.15	Prófkostnaður	-2,8	-9,6			-12,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	27,7	-10,4			17,3
319-1.17	Námsskrárgerð	44,0	-20,5			23,5
319-1.18	Námsefnisgerð	46,2	-43,4			2,8
319-1.19	Kennslueftirlit	5,3	-6,8			-1,5
319-1.20	Framhaldsdeildir	9,1				9,1
319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna	20,2	-12,0			8,2
319-1.23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	1,5	-1,6			-0,1
319-1.26	Þróunarsjóður	-1,0	23,8			22,8
319-1.27	Íslenskukennsla	30,2	-25,4			4,8
319-1.28	Mat á skólastarfi	50,0	-37,5			12,5
319-1.30	Endurmenntun	-2,1	2,7			0,6
319-1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík		0,2			0,2
319-1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	95,9	-85,0			10,9
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	114,1	-26,6			87,5
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-97,5**	**-0,8**			**-98,3**
350-1.01	Almennur rekstur	-64,4	-0,8			-65,2
350-1.09	Önnur verkefni	-33,1				-33,1
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**-15,7**	**-20,2**			**-35,9**
351-1.01	Almennur rekstur	-43,2	-20,2			-63,4
351-1.09	Önnur verkefni	27,5				27,5
02-352	**Flensborgarskóli**	**-20,5**	**-2,3**			**-22,8**
352-1.01	Almennur rekstur	-32,9	-2,3			-35,2
352-1.09	Önnur verkefni	12,4				12,4
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**29,1**	**-6,8**			**22,3**
353-1.01	Almennur rekstur	27,2	-13,8			13,4
353-1.09	Önnur verkefni	1,9	7,0			8,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-37,0**	**-0,4**			**-37,4**
354-1.01	Almennur rekstur	-68,0	-0,4			-68,4
354-1.09	Önnur verkefni	31,0				31,0
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**13,2**	**-0,7**			**12,5**
355-1.01	Almennur rekstur	3,2	-0,7			2,5
355-1.09	Önnur verkefni	10,0				10,0
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**-36,8**	**-1,0**			**-37,8**
356-1.01	Almennur rekstur	-78,9	-0,9			-79,8
356-1.09	Önnur verkefni	42,1	-0,1			42,0
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**24,8**	**-1,1**			**23,7**
357-1.01	Almennur rekstur	-16,4	-1,1			-17,5
357-1.09	Önnur verkefni	41,2				41,2
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**7,9**	**-3,4**			**4,5**
358-1.01	Almennur rekstur	-17,6	-2,9			-20,5
358-1.09	Önnur verkefni	25,5	-0,5			25,0
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**-28,2**	**-0,3**			**-28,5**
359-1.01	Almennur rekstur	-19,7	-1,5			-21,2
359-1.09	Önnur verkefni	-8,5	1,2			-7,3
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-2,0**	**-1,2**			**-3,2**
360-1.01	Almennur rekstur	-19,1	-1,2			-20,3
360-1.09	Önnur verkefni	17,1				17,1
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**-1,6**	**-0,1**			**-1,7**
361-1.01	Almennur rekstur	-10,4	-0,1			-10,5
361-1.09	Önnur verkefni	8,8				8,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**0,1**				**0,1**
362-1.01	Almennur rekstur	0,1				0,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-2,6**	**-1,6**			**-4,2**
363-1.01	Almennur rekstur	-15,6	-0,3			-15,9
363-1.09	Önnur verkefni	13,0	-1,3			11,7
02-365	***Borgarholtsskóli***	**-34,7**	**-1,2**			**-35,9**
365-1.01	Almennur rekstur	-58,7	-1,2			-59,9
365-1.09	Önnur verkefni	24,0				24,0
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**	**-19,7**	**11,7**			**-8,0**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-13,2	-5,2			-18,4
430-1.02	Nám táknmálstúlka	-6,5	16,9			10,4
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**20,6**	**-1,2**			**19,4**
441-1.01	Kennsla	24,2				24,2
441-1.02	Annað en kennsla	-3,6	-1,2			-4,8
02-451	**Símenntun og fjarvinnsluverkefni**	**61,9**	**-55,2**			**6,7**
451-1.11	Símenntun og fjarvinnsluverkefni	61,9	-55,2			6,7
02-506	**Vélskóli Íslands**	**33,7**				**33,7**
506-1.01	Almennur rekstur	28,0				28,0
506-1.09	Önnur verkefni	5,7				5,7
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	**-4,2**				**-4,2**
507-1.01	Almennur rekstur	-15,7				-15,7
507-1.09	Önnur verkefni	11,5				11,5
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**5,7**	**-4,1**			**1,6**
514-1.01	Almennur rekstur	-17,4	-4,1			-21,5
514-1.09	Önnur verkefni	23,1				23,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**-1,6**				**-1,6**
516-1.01	Almennur rekstur	-33,6				-33,6
516-1.09	Önnur verkefni	32,0				32,0
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,2**	**-0,1**			**0,1**
541-1.01	Kennsla	-14,4				-14,4
541-1.02	Annað en kennsla	14,6	-0,1			14,5
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**					
551-1.01	Kennsla	-1,9				-1,9
551-1.02	Annað en kennsla	1,9				1,9
02-562	**Leiklistarskóli Íslands**					
562-1.01	Kennsla í dagskóla	-11,3				-11,3
562-1.02	Annað en kennsla	11,3				11,3
02-563	**Tónlistarskólinn í Reykjavík**	**12,2**	**-11,1**			**1,1**
563-1.10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	12,2	-11,1			1,1
02-564	**Listdansskólinn**	**-37,8**	**-0,2**			**-38,0**
564-1.01	Kennsla	-26,5				-26,5
564-1.02	Annað en kennsla	-11,3	-0,2			-11,5
02-571	**Sjómannaskólahúsið**	**-0,2**				**-0,2**
571-1.01	Sjómannaskólahúsið	-0,2				-0,2
02-581	**Verslunarskóli Íslands**	**3,6**				**3,6**
581-1.01	Almennur rekstur	3,6				3,6
02-610	**Fasteignir héraðsskóla**	**1,9**	**-3,4**			**-1,5**
610-1.10	Fasteignir Héraðsskólans á Núpi	-5,0	-0,4			-5,4
610-1.20	Fasteignir Héraðsskólans á Reykjanesi	-9,0				-9,0
610-1.30	Fasteignir Héraðsskólans í Reykholti	9,8				9,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
610-1.40	Fasteignir Alþýðuskólans á Eiðum	3,2				3,2
610-1.50	Fasteignir Framhaldsskólans á Skógum	2,9	-3,0			-0,1
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**-26,8**	**32,6**			**5,8**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	20,7	-28,7			-8,0
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	-0,6	2,4			1,8
720-1.35	Samræmd próf		4,0			4,0
720-1.37	Endurmenntun	-13,8	0,7			-13,1
720-1.70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	-30,5	49,6			19,1
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	-2,6	4,6			2,0
02-725	**Námsgagnastofnun**	**17,2**				**17,2**
725-1.01	Námsgagnastofnun	17,2				17,2
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	**-8,3**				**-8,3**
804-1.01	Kvikmyndaskoðun	-8,3				-8,3
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**-77,9**	**99,5**			**21,6**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	-0,1	0,8			0,7
884-1.10	Skólaakstur	-77,8	98,7			20,9
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**-13,7**	**5,0**		**-5,2**	**-13,9**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	-12,7	-1,6			-14,3
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	-1,0	6,6			5,6
902-6.01	Tæki og búnaður				-5,2	-5,2
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**2,7**	**-0,9**			**1,8**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	2,7	-0,9			1,8
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**21,5**	**6,2**		**22,0**	**49,7**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	21,5	6,2			27,7
905-6.05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur				16,3	16,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
905-6.06	Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands				15,8	15,8
905-6.71	Íslenskar fornbókmenntir á Netinu				-10,1	-10,1
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**1,9**	**0,5**			**2,4**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	1,9	0,5			2,4
02-907	**Listasafn Íslands**	**17,8**	**-1,2**		**8,1**	**24,7**
907-1.01	Listasafn Íslands	12,8	-1,2			11,6
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	5,0				5,0
907-6.01	Listaverkakaup				8,1	8,1
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**-4,0**	**-0,3**			**-4,3**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	-4,0	-0,3			-4,3
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**2,5**	**0,3**			**2,8**
919-1.90	Söfn	2,5	0,3			2,8
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**				**19,5**	**19,5**
969-6.21	Endurbótasjóður menningarstofnana				15,5	15,5
969-6.93	Tónlistar- og ráðstefnumiðstöð í Rvík				4,0	4,0
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**-13,7**	**-0,4**			**-14,1**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	-13,7	-0,4			-14,1
02-973	**Þjóðleikhús**	**66,0**	**-66,1**			**-0,1**
973-1.01	Þjóðleikhús	66,0	-66,1			-0,1
02-976	**Menningarsjóður**	**0,8**	**-7,5**			**-6,7**
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	0,8	-7,5			-6,7
02-978	**Listasjóðir**	**-10,2**	**19,3**			**9,1**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	-10,2	19,3			9,1
02-979	**Húsafriðunarsjóður**				**-18,1**	**-18,1**
979-6.10	Húsafriðunarsjóður				-18,1	-18,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-980	**Listskreytingasjóður**				**11,6**	**11,6**
980-6.01	Listskreytingasjóður				11,6	11,6
02-981	**Kvikmyndasjóður**	**-48,1**	**47,9**			**-0,2**
981-1.01	Kvikmyndasjóður	-53,1	48,0			-5,1
981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands	5,0	-0,1			4,9
02-982	**Listir, framlög**	**-31,4**	**52,9**			**21,5**
982-1.15	Þýðingarsjóður	-0,2	10,0			9,8
982-1.16	Bókmenntakynningarsjóður	-6,7	6,9			0,2
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	-0,1	2,9			2,8
982-1.25	Starfsemi hljómsveita		0,8			0,8
982-1.27	Tónlist fyrir alla	-5,1	5,0			-0,1
982-1.28	Barnamenningarsjóður	-0,7	1,4			0,7
982-1.29	Íslensk tónverkamiðsstöð		-1,0			-1,0
982-1.30	Íslenska óperan		-1,1			-1,1
982-1.51	Höfundaréttarsjóður		-5,8			-5,8
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila		-3,3			-3,3
982-1.90	Listir	-18,6	37,1			18,5
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**-28,5**	**27,9**			**-0,6**
983-1.10	Fræðistörf		-9,7			-9,7
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	0,2	5,4			5,6
983-1.16	Hið íslenska fornritafélag		0,5			0,5
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	-0,4	0,7			0,3
983-1.20	Iðnsaga Íslands	-19,4	21,8			2,4
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	-8,9	9,2			0,3
02-984	**Norræn samvinna**	**-11,1**	**16,9**			**5,8**
984-1.90	Norræn samvinna	-11,1	16,9			5,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-90,9**	**77,4**			**-13,5**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-90,9	77,4			-13,5
02-988	**Æskulýðsmál**	**-2,9**	**7,1**			**4,2**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	-2,4	3,3			0,9
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir		1,5			1,5
988-1.90	Æskulýðsmál	-0,5	2,3			1,8
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**-14,5**	**21,4**			**6,9**
989-1.15	Skólaíþróttir	-3,1	4,6			1,5
989-1.16	Íþróttasjóður	-2,5	6,5			4,0
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	-22,3	20,4			-1,9
989-1.90	Ýmis íþróttamál	13,4	-10,1			3,3
02-995	**Tungutækni**	**39,3**				**39,3**
995-1.01	Verkefnisstjórn	39,3				39,3
02-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**5,9**	**5,9**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				5,9	5,9
02-999	**Ýmislegt**	**-17,8**	**17,8**			
999-1.11	Forvarnastarf í skólum	-0,5	6,2			5,7
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	-10,0	5,1			-4,9
999-1.43	Skriðuklaustur	-20,5	16,9			-3,6
999-1.90	Ýmis framlög	13,2	-10,4			2,8
03	***Utanríkisráðuneyti***	***-840,0***	***969,2***	***-44,3***	***405,0***	***489,9***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-34,8**	**-2,8**		**-6,3**	**-43,9**
101-1.01	Yfirstjórn	10,7	-1,9			8,8
101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	-34,0	-0,9			-34,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
101-1.53	Þýðingamiðstöð	-11,5				-11,5
101-6.01	Tæki og búnaður				-6,3	-6,3
03-190	**Ýmis verkefni**	**-133,8**	**-14,6**			**-148,4**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-2,4	4,6			2,2
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	-2,1	2,5			0,4
190-1.14	Heimssýning í Hannover	-133,1	-23,6			-156,7
190-1.22	American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa		-2,4			-2,4
190-1.90	Ýmis verkefni	3,8	4,3			8,1
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	**-31,8**	**-0,2**	**4,0**	**1,2**	**-26,8**
201-1.01	Yfirstjórn	23,9				23,9
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	-78,2				-78,2
201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	2,8	-0,2			2,6
201-1.30	Fíkniefnaeftirlit	19,7				19,7
201-5.20	Fasteignir			4,0		4,0
201-6.01	Tæki og búnaður				1,2	1,2
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	**187,6**	**36,7**	**-18,8**	**-37,2**	**168,3**
211-1.01	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	187,6	36,7			224,3
211-5.21	Fasteignir			-18,8		-18,8
211-6.01	Tæki og búnaður				-37,2	-37,2
03-301	**Sendiráð Íslands í Berlín**	**-0,5**				**-0,5**
301-1.01	Sendiráð Íslands í Berlín	-0,5				-0,5
03-302	**Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn**	**1,9**				**1,9**
302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1,9				1,9
03-303	**Sendiráð Íslands í London**	**8,0**				**8,0**
303-1.01	Sendiráð Íslands í London	8,0				8,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-304	**Sendiráð Íslands í Moskvu**	**-9,6**				**-9,6**
304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	-9,6				-9,6
03-305	**Sendiráð Íslands í Ósló**	**-1,2**				**-1,2**
305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	-1,2				-1,2
03-306	**Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO**	**5,6**	**-0,6**			**5,0**
306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	5,6	-0,6			5,0
03-307	**Sendiráð Íslands í Stokkhólmi**	**4,4**				**4,4**
307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	4,4				4,4
03-308	**Sendiráð Íslands í Washington**	**-8,1**	**-1,8**			**-9,9**
308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	-8,1	-1,8			-9,9
03-309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Ísla**	**-11,8**				**-11,8**
309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í	-11,8				-11,8
03-310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu**	**3,3**				**3,3**
310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	3,3				3,3
03-311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**	**1,1**				**1,1**
311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1,1				1,1
03-312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**	**-1,4**				**-1,4**
312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-1,4				-1,4
03-313	**Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu**	**2,6**				**2,6**
313-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	2,6				2,6
03-314	**Sendiráð Íslands í Peking**	**-0,3**				**-0,3**
314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	-0,3				-0,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-315	**Aðalræðismannsskrifstofa Íslands í Winnipeg**	**-2,7**	**-0,6**			**-3,3**
315-1.01	Aðalræðismannsskrifstofa Íslands í Winnipeg	-2,7	-0,6			-3,3
03-317	**Sendiráð Íslands í Helsinki**	**8,7**				**8,7**
317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki	8,7				8,7
03-318	**Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu**	**1,9**				**1,9**
318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	1,9				1,9
03-320	**Sendiráð, almennt**	**6,8**		**-29,5**	**447,3**	**424,6**
320-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	6,8				6,8
320-5.90	Viðhald			-29,5		-29,5
320-6.21	Sendiráð Íslands í Berlín				62,2	62,2
320-6.25	Sendiherrabústaður í Berlín				50,0	50,0
320-6.26	Sendiráð Íslands í Ottawa				81,4	81,4
320-6.27	Sendiráð Íslands í Tókíó				230,2	230,2
320-6.90	Tæki og búnaður				23,5	23,5
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**-638,0**	**644,6**			**6,6**
390-1.01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	-638,0	644,6			6,6
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**-7,5**	**13,8**			**6,3**
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-7,5	13,8			6,3
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**-190,4**	**294,7**			**104,3**
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA		97,9			97,9
401-1.85	Friðargæsla	-190,4	197,8			7,4
401-1.91	Átak í lækkun skulda þróunarríkja		-1,0			-1,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04	*Landbúnaðarráðuneyti*	*-583,3*	*201,2*	*40,5*	*57,9*	*-283,7*
04-101	**Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-2,6**	**1,3**			**-1,3**
101-1.01	Yfirstjórn	-2,6	1,3			-1,3
04-190	**Ýmis verkefni**	**14,1**	**-16,4**			**-2,3**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	3,9	-2,0			1,9
190-1.12	Mat á búvörum	-24,5				-24,5
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	3,9				3,9
190-1.16	Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	2,5				2,5
190-1.90	Ýmis verkefni	28,3	-14,4			13,9
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	**-15,1**	**14,2**	**7,6**	**8,2**	**14,9**
211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-15,1	14,2			-0,9
211-5.01	Viðhald			7,6		7,6
211-6.01	Tæki og búnaður				4,3	4,3
211-6.20	Fasteignir				3,9	3,9
04-221	**Veiðimálastofnun**	**-21,1**	**18,8**			**-2,3**
221-1.01	Veiðimálastofnun	-21,1	18,8			-2,3
04-222	**Veiðimálastjóri**	**-2,1**	**2,3**			**0,2**
222-1.01	Veiðimálastjóri	-2,1	2,3			0,2
04-233	**Yfirdýralæknir**	**-129,4**	**-2,7**	**6,9**	**5,5**	**-119,7**
233-1.01	Yfirdýralæknir	-48,8	-2,7			-51,5
233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	-43,5				-43,5
233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir	24,3				24,3
233-1.61	Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	-61,4				-61,4
233-5.90	Dýralæknisbústaðir			6,9		6,9
233-6.21	Fasteignir				5,5	5,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	**5,5**				**5,5**
236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins	5,5				5,5
04-261	**Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði**	**-53,8**	**-2,6**	**1,0**	**11,1**	**-44,3**
261-1.01	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	-53,8	-2,6			-56,4
261-5.01	Viðhaldsfé			1,0		1,0
261-6.01	Tæki og búnaður				1,8	1,8
261-6.20	Fasteignir og lóðir				9,3	9,3
04-271	**Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**	**-13,8**	**-3,1**	**-21,4**	**14,6**	**-23,7**
271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	-13,8	-3,1			-16,9
271-5.01	Viðhaldsfé			-21,4		-21,4
271-6.01	Tæki og búnaður				-3,7	-3,7
271-6.20	Fasteignir og lóðir				18,3	18,3
04-283	**Garðyrkjuskóli ríkisins**	**-28,9**	**-2,3**	**8,5**	**4,9**	**-17,8**
283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	-28,9	-2,3			-31,2
283-5.01	Viðhald			8,5		8,5
283-6.01	Tæki og búnaður				5,1	5,1
283-6.21	Fasteignir				-2,7	-2,7
283-6.25	Tilraunagróðurhús				2,5	2,5
04-293	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**-0,6**				**-0,6**
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	-0,6				-0,6
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	**-33,8**	**65,2**	**13,3**	**-40,1**	**4,6**
311-1.01	Landgræðsla ríkisins	33,8	-22,0			11,8
311-1.90	Fyrirhleðslur	-67,6	87,2			19,6
311-5.01	Viðhaldsfé			13,3		13,3
311-6.01	Tæki og búnaður				-37,6	-37,6
311-6.20	Fasteignir				-10,0	-10,0
311-6.41	Leiðsla undir Markarfljót				7,5	7,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**-141,4**	**45,5**	**24,6**	**32,5**	**-38,8**
321-1.01	Skógrækt ríkisins	-177,0	-13,6			-190,6
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	-34,7	18,8			-15,9
321-1.90	Sérstök verkefni	70,3	40,3			110,6
321-5.01	Viðhaldsfé			24,6		24,6
321-6.01	Tæki og búnaður				11,3	11,3
321-6.20	Fasteignir, óskipt				21,2	21,2
04-324	**Landgræðslusjóður**				**139,4**	**139,4**
324-6.60	Landgræðslusjóður				139,4	139,4
04-331	**Héraðsskógar**	**2,1**	**5,7**			**7,8**
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	2,1	5,7			7,8
04-341	**Átak í landgræðslu og skógrækt**	**-111,9**	**122,7**			**10,8**
341-1.10	Átak í landgræðslu og skógrækt	-111,9	122,7			10,8
04-343	**Landshlutabundin skógrækt**	**-47,9**	**48,3**			**0,4**
343-1.10	Suðurlandsskógar	-8,7	5,5			-3,2
343-1.13	Vesturlandsskógar	-7,7	9,5			1,8
343-1.15	Skjólskógar, Vestfjörðum	-11,0	12,1			1,1
343-1.16	Norðurlandsskógar	-20,5	21,2			0,7
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**	**-4,2**	**-150,1**			**-154,3**
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull og gærum		-111,7			-111,7
805-1.10	Vaxta- og geymslukostnaður	-3,3	-94,9			-98,2
805-1.30	Uppkaup á fullvirðisrétti	-0,9	21,3			20,4
805-1.32	Afsetning birgða		-17,1			-17,1
805-1.33	Hagræðing og vöruþróun		51,8			51,8
805-1.34	Umhverfisverkefni		0,5			0,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-818	**Búnaðarsjóður**		**5,3**			**5,3**
818-1.10	Búnaðarsjóður		5,3			5,3
04-823	**Lánasjóður landbúnaðarins**				**-5,3**	**-5,3**
823-6.60	Lánasjóður landbúnaðarins				-5,3	-5,3
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**				**-108,9**	**-108,9**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				-108,9	-108,9
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**1,6**	**48,1**			**49,7**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	1,6	48,1			49,7
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**		**1,0**		**-4,0**	**-3,0**
891-1.91	Loðdýrafóður		1,0			1,0
891-6.91	Ýmis stofnkostnaður				-4,0	-4,0
05	***Sjávarútvegsráðuneyti***	***472,1***	***-92,8***	***1,9***	***59,9***	***441,1***
05-101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**	**9,4**	**-3,7**			**5,7**
101-1.01	Yfirstjórn	5,1	-3,7			1,4
101-1.11	Fiskveiðisamningar	4,3				4,3
05-190	**Ýmis verkefni**	**38,5**	**-3,9**			**34,6**
190-1.20	Eldi sjávardýra		4,1			4,1
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	13,0	-10,4			2,6
190-1.23	Matvælasetur	5,3	-5,2			0,1
190-1.25	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1				1,1
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	-12,8	18,0			5,2
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	14,4				14,4
190-1.90	Ýmislegt	17,5	-10,4			7,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
05-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**	**1,0**			**0,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1	1,0			0,9
05-202	**Hafrannsóknastofnunin**	**62,5**	**-46,0**		**46,8**	**63,3**
202-1.01	Almenn starfsemi	115,9	-46,0			69,9
202-1.30	Rannsóknaskip	-53,4				-53,4
202-6.31	Tæki og búnaður í skip				29,9	29,9
202-6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa				16,9	16,9
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**-102,9**	**22,9**		**55,5**	**-24,5**
203-1.01	Almenn starfsemi	-102,9	22,9			-80,0
203-6.01	Tæki og búnaður				55,5	55,5
05-204	**Fiskistofa**	**77,5**	**-0,1**		**-19,5**	**57,9**
204-1.01	Fiskistofa	73,8	-0,1			73,7
204-1.10	Landamærastöðvar	18,1				18,1
204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	-14,4				-14,4
204-6.01	Tæki og búnaður				-19,5	-19,5
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	**15,4**	**34,0**			**49,4**
207-1.10	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	15,4	34,0			49,4
05-208	**Bygging hafrannsóknaskips**				**-33,6**	**-33,6**
208-6.41	Bygging hafrannsóknaskips				-33,6	-33,6
05-211	**Kvótaþing**	**7,2**				**7,2**
211-1.01	Kvótaþing	7,2				7,2
05-213	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**25,1**	**-3,5**			**21,6**
213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	25,1	-3,5			21,6
05-215	**Gengismunasjóður**	**67,5**	**-26,2**			**41,3**
215-1.01	Gengismunasjóður	67,5	-26,2			41,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
05-216	**Gæða- og orkufjársjóður**	**18,9**	**-8,4**			**10,5**
216-1.01	Gæða- og orkufjársjóður	18,9	-8,4			10,5
05-217	**Sjávarspendýrasjóður**	**27,1**	**-24,0**			**3,1**
217-1.01	Sjávarspendýrasjóður	27,1	-24,0			3,1
05-218	**Veiðarfærarannsóknir**	**25,1**	**-11,2**			**13,9**
218-1.01	Veiðarfærarannsóknir	25,1	-11,2			13,9
05-219	**Tækjasjóður matvælarannsókna**	**33,4**	**-21,2**			**12,2**
219-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna	33,4	-21,2			12,2
05-272	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**14,6**			**10,6**	**25,2**
272-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	14,6				14,6
272-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins				10,6	10,6
05-273	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**61,4**				**61,4**
273-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	61,4				61,4
05-274	**Húsbyggingarsjóður**	**64,1**				**64,1**
274-1.01	Húsbyggingarsjóður	64,1				64,1
05-811	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**				**0,1**	**0,1**
811-6.41	Þróunarsjóður sjávarútvegsins				0,1	0,1
05-901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**27,4**	**-2,5**	**1,9**		**26,8**
901-1.01	Yfirstjórn	23,2	-0,3			22,9
901-1.30	Keldnaholt	4,2	-2,2			2,0
901-5.30	Keldnaholt, viðhald			1,9		1,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06	*Dóms- og kirkjumálaráðuneyti*	*79,7*	*-6,3*	*-12,4*	*76,6*	*137,6*
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**5,5**	**-4,5**			**1,0**
101-1.01	Yfirstjórn	5,5	-4,5			1,0
06-102	**Stjórnartíðindi**	**0,2**				**0,2**
102-1.01	Stjórnartíðindi	0,2				0,2
06-103	**Lagasafn**	**18,6**				**18,6**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	18,6				18,6
06-105	**Lögbirtingablað**	**31,9**				**31,9**
105-1.01	Lögbirtingablað	31,9				31,9
06-190	**Ýmis verkefni**	**19,2**	**15,3**			**34,5**
190-1.10	Fastanefndir	10,2				10,2
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	1,1	-0,1			1,0
190-1.41	Útgáfa norræns dómasafns	1,4				1,4
190-1.42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	0,8	-0,1			0,7
190-1.51	Innheimta meðlaga	0,6				0,6
190-1.53	Kostnaður vegna lögræðislaga	12,3				12,3
190-1.73	Rannsókn á viðurlögum við afbrotum	-1,0	7,2			6,2
190-1.90	Ýmislegt	-6,2	8,3			2,1
06-201	**Hæstiréttur**	**-3,0**	**-0,1**			**-3,1**
201-1.01	Yfirstjórn	-5,6	-0,1			-5,7
201-1.02	Útgáfa hæstaréttardóma	2,6				2,6
06-210	**Héraðsdómstólar**	**-26,5**	**-0,5**		**11,6**	**-15,4**
210-1.01	Héraðsdómstólar	-26,5	-0,5			-27,0
210-6.01	Tæki og búnaður				11,6	11,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-251	**Persónuvernd**	**15,4**			**2,7**	**18,1**
251-1.01	Persónuvernd	15,4				15,4
251-6.01	Tæki og búnaður				2,7	2,7
06-301	**Ríkissaksóknari**	**8,6**				**8,6**
301-1.05	Ríkissaksóknari	8,6				8,6
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**-48,6**	**-0,8**		**-91,4**	**-140,8**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	-7,6	-0,8			-8,4
303-1.05	Innheimta sekta	-3,4				-3,4
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-37,6				-37,6
303-6.01	Tæki og búnaður				1,9	1,9
303-6.11	Bifreiðar				-93,3	-93,3
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**13,5**				**13,5**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	13,5				13,5
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**-26,3**	**1,5**		**-2,5**	**-27,3**
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-26,3	1,5			-24,8
311-6.01	Tæki og búnaður				-2,5	-2,5
06-321	**Almannavarnir ríkisins**	**0,9**	**-0,5**			**0,4**
321-1.01	Almannavarnir ríkisins	0,9	-0,5			0,4
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**2,8**	**-0,7**			**2,1**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	2,8	-0,7			2,1
06-331	**Umferðarráð**	**12,5**	**-6,1**			**6,4**
331-1.01	Yfirstjórn	38,1	-6,1			32,0
331-1.10	Ökunám	-38,0				-38,0
331-1.11	Ökuhermar fyrir grunnskólabörn	12,4				12,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**0,9**	**0,1**		**5,0**	**6,0**
341-1.20	Fíkniefnamál	1,5	0,1			1,6
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	-0,6				-0,6
341-6.05	Tæki til fíkniefnarannsókna				5,0	5,0
06-390	**Ýmis löggæslumál**	**46,6**	**-1,4**			**45,2**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	0,2	-1,4			-1,2
390-1.12	Tölvulesanleg vegabréf	45,9				45,9
390-1.22	Löggæsla vegna skemmtanahalds	0,5				0,5
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**				**10,8**	**10,8**
391-6.21	Fasteignir				10,8	10,8
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**-10,2**	**-24,9**		**12,9**	**-22,2**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-10,2	-24,9			-35,1
395-6.01	Tæki og búnaður				12,9	12,9
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**				**13,5**	**13,5**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands				13,5	13,5
06-397	**Schengen-samstarf**	**-6,9**	**32,6**		**58,3**	**84,0**
397-1.01	Schengen-samstarf	-6,9	32,6			25,7
397-6.01	Tæki og búnaður				58,3	58,3
06-398	**Útlendingaeftirlitið**	**-22,5**	**-8,8**			**-31,3**
398-1.01	Útlendingaeftirlitið	-22,5	-8,8			-31,3
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**-3,2**				**-3,2**
411-1.01	Yfirstjórn	-3,2				-3,2
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**9,1**				**9,1**
412-1.01	Yfirstjórn	11,6				11,6
412-1.20	Löggæsla	-2,5				-2,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**-6,3**				**-6,3**
413-1.01	Yfirstjórn	-14,2				-14,2
413-1.20	Löggæsla	7,9				7,9
06-414	**Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**	**0,6**				**0,6**
414-1.01	Yfirstjórn	-18,4				-18,4
414-1.20	Löggæsla	19,0				19,0
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**1,4**				**1,4**
415-1.01	Yfirstjórn	2,9				2,9
415-1.20	Löggæsla	-1,5				-1,5
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**-15,5**				**-15,5**
416-1.01	Yfirstjórn	-10,3				-10,3
416-1.20	Löggæsla	-5,2				-5,2
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**-0,6**				**-0,6**
417-1.01	Yfirstjórn	-2,2				-2,2
417-1.20	Löggæsla	1,6				1,6
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**					
418-1.01	Yfirstjórn	-9,3				-9,3
418-1.20	Löggæsla	14,0				14,0
418-1.40	Tollgæsla	-4,7				-4,7
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**0,4**				**0,4**
419-1.01	Yfirstjórn	3,9				3,9
419-1.20	Löggæsla	-3,5				-3,5
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**4,5**				**4,5**
420-1.01	Yfirstjórn	5,7				5,7
420-1.20	Löggæsla	-1,2				-1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-5,8**				**-5,8**
421-1.01	Yfirstjórn	-5,4				-5,4
421-1.20	Löggæsla	-1,4				-1,4
421-1.40	Tollgæsla	1,0				1,0
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**1,1**				**1,1**
422-1.01	Yfirstjórn	1,1				1,1
06-423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**	**0,2**				**0,2**
423-1.01	Yfirstjórn	4,0				4,0
423-1.20	Löggæsla	-3,8				-3,8
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**9,0**	**1,0**			**10,0**
424-1.01	Yfirstjórn	4,4	1,0			5,4
424-1.20	Löggæsla	5,3				5,3
424-1.40	Tollgæsla	-0,7				-0,7
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**5,7**				**5,7**
425-1.01	Yfirstjórn	6,1				6,1
425-1.20	Löggæsla	-0,4				-0,4
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**-3,4**				**-3,4**
426-1.01	Yfirstjórn	-19,1				-19,1
426-1.20	Löggæsla	21,4				21,4
426-1.40	Tollgæsla	-5,7				-5,7
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**10,1**				**10,1**
428-1.01	Yfirstjórn	5,9				5,9
428-1.20	Löggæsla	4,2				4,2
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**-2,9**				**-2,9**
429-1.01	Yfirstjórn	-6,4				-6,4
429-1.20	Löggæsla	3,5				3,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**-3,6**				**-3,6**
430-1.01	Yfirstjórn	-0,9				-0,9
430-1.20	Löggæsla	-2,7				-2,7
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**-2,6**				**-2,6**
431-1.01	Yfirstjórn	-2,5				-2,5
431-1.20	Löggæsla	-0,1				-0,1
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**12,0**				**12,0**
432-1.01	Yfirstjórn	-1,3				-1,3
432-1.20	Löggæsla	16,2				16,2
432-1.40	Tollgæsla	-2,9				-2,9
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**-43,5**	**-0,1**			**-43,6**
433-1.01	Yfirstjórn	-38,7	-0,1			-38,8
433-1.20	Löggæsla	1,4				1,4
433-1.40	Tollgæsla	-6,2				-6,2
06-434	**Sýslumaðurinn í Keflavík**	**-23,0**				**-23,0**
434-1.01	Yfirstjórn	-15,7				-15,7
434-1.20	Löggæsla	-6,0				-6,0
434-1.40	Tollgæsla	-1,3				-1,3
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**20,7**	**-0,1**			**20,6**
436-1.01	Yfirstjórn	-20,4	-0,1			-20,5
436-1.20	Löggæsla	58,3				58,3
436-1.40	Tollgæsla	-17,2				-17,2
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**10,0**				**10,0**
437-1.01	Yfirstjórn	-8,4				-8,4
437-1.20	Löggæsla	18,4				18,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**-20,7**				**-20,7**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	2,9				2,9
490-1.11	Útgáfa ökuskírteina	-18,3				-18,3
490-1.60	Gagnalínukostnaður	4,3				4,3
490-1.63	Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	-9,6				-9,6
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**			**21,8**	**33,8**	**55,6**
491-5.01	Viðhald húseigna			21,8		21,8
491-6.01	Tæki og búnaður				1,0	1,0
491-6.14	Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi				-4,4	-4,4
491-6.19	Húsnæði sýslumannsins á Hólmavík				-6,3	-6,3
491-6.23	Húsnæði sýslumannsins á Selfossi				1,0	1,0
491-6.26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði				-1,6	-1,6
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna				44,1	44,1
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**70,3**	**-5,7**	**-34,2**		**30,4**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	70,3	-5,7			64,6
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga			-34,2		-34,2
06-591	**Fangelsisbyggingar**				**3,3**	**3,3**
591-6.10	Stofnframkvæmdir				3,3	3,3
06-701	**Biskup Íslands**	**23,1**	**-2,6**			**20,5**
701-1.01	Þjóðkirkja Íslands	23,1	-2,7			20,4
701-1.16	Langamýri í Skagafirði		0,1			0,1
06-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**18,6**	**18,6**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				18,6	18,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07	***Félagsmálaráðuneyti***	***84,5***	***-87,9***		***-136,0***	***-139,4***
07-101	**Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**4,1**	**-1,4**			**2,7**
101-1.01	Yfirstjórn	4,1	-1,4			2,7
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**0,7**			**-2,8**	**-2,1**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	0,7				0,7
302-6.01	Tæki og búnaður				-2,8	-2,8
07-311	**Jafnréttisráð**	**8,8**	**-2,5**			**6,3**
311-1.01	Jafnréttisráð	6,4	-1,3			5,1
311-1.10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	1,7	-1,2			0,5
311-1.12	Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	0,7				0,7
07-313	**Jafnréttisstofa**	**-0,2**				**-0,2**
313-1.01	Jafnréttisstofa	-0,2				-0,2
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**34,4**	**-1,8**		**10,8**	**43,4**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	34,4	-1,8			32,6
331-6.01	Tæki og búnaður				10,8	10,8
07-400	**Barnaverndarstofa**	**134,9**	**-111,2**			**23,7**
400-1.01	Yfirstjórn	-47,1	-0,2			-47,3
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	209,3	-110,3			99,0
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-27,3	-0,7			-28,0
07-401	**Barnaverndarráð**	**1,2**				**1,2**
401-1.01	Barnaverndarráð	1,2				1,2
07-700	**Málefni fatlaðra**	**90,6**	**-52,9**			**37,7**
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.		-15,2			-15,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
700-1.90	Ýmis verkefni	16,9	-3,8			13,1
700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	73,7	-33,9			39,8
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-133,8**	**66,3**			**-67,5**
701-1.01	Svæðisskrifstofa	-108,6	66,6			-42,0
701-1.10	Svæðisráð	-1,6				-1,6
701-1.20	Sambýli	22,3				22,3
701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71	-8,7	-0,3			-9,0
701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-66,3				-66,3
701-1.60	Dagvistun	56,0				56,0
701-1.61	Skammtímavistun	0,3				0,3
701-1.77	Vistheimili fyrir börn	-27,2				-27,2
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-10,8**	**29,2**			**18,4**
702-1.01	Svæðisskrifstofa	-104,0	36,8			-67,2
702-1.10	Svæðisráð	1,1				1,1
702-1.20	Sambýli	125,5	-2,7			122,8
702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-8,3	-3,6			-11,9
702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	1,8				1,8
702-1.40	Leikfangasafn Keflavík	-0,1				-0,1
702-1.60	Skammtímavistun	-56,8				-56,8
702-1.61	Dagvistun Keflavík	1,3				1,3
702-1.64	Hæfingarstöðvar	1,2	-1,3			-0,1
702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi	8,6				8,6
702-1.72	Gistiheimili Kópavogi	0,2				0,2
702-1.73	Vistheimili fyrir börn	18,7				18,7
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**-0,2**	**5,3**			**5,1**
703-1.01	Svæðisskrifstofa	-6,6	5,6			-1,0
703-1.10	Svæðisráð	0,9				0,9
703-1.20	Sambýli Akranesi	23,5				23,5
703-1.21	Sambýli Borgarnesi	-6,1				-6,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
703-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-0,1	-0,3			-0,4
703-1.30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	-4,1				-4,1
703-1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi	-0,1				-0,1
703-1.61	Skammtímavistun	-7,6				-7,6
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**4,9**	**-7,1**			**-2,2**
704-1.01	Svæðisskrifstofa	-1,3	-7,1			-8,4
704-1.10	Svæðisráð	2,0				2,0
704-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	16,5				16,5
704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	-4,5				-4,5
704-1.32	Þjónusta í Strandasýslu	-6,2				-6,2
704-1.33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	0,6				0,6
704-1.34	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	-2,2				-2,2
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**8,0**	**-7,8**			**0,2**
705-1.10	Svæðisráð	-0,1				-0,1
705-1.86	Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	8,1	-7,8			0,3
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**13,7**	**-14,1**			**-0,4**
706-1.01	Svæðisskrifstofa	3,7	-1,4			2,3
706-1.10	Svæðisráð	1,0				1,0
706-1.20	Sambýli	10,3	-1,0			9,3
706-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,2	-1,4			-0,2
706-1.85	Samn. við Héraðsn.Þing.um þjón.v.fatlaða	-11,9	0,2			-11,7
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	9,4	-10,5			-1,1
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**-11,3**	**13,7**			**2,4**
707-1.01	Svæðisskrifstofa	-3,4	13,0			9,6
707-1.10	Svæðisráð	1,5				1,5
707-1.20	Sambýli	-6,4	-0,9			-7,3
707-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-7,0	1,9			-5,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
707-1.30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	-5,0				-5,0
707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	9,0	-0,3			8,7
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**-27,8**	**6,4**			**-21,4**
708-1.01	Svæðisskrifstofa	-7,3	10,9			3,6
708-1.10	Svæðisráð	0,9				0,9
708-1.20	Sambýli Selfossi	-5,4	4,4			-1,0
708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	13,7	-8,9			4,8
708-1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	-25,5				-25,5
708-1.50	Vistheimili fyrir börn	5,0				5,0
708-1.70	Lambhagi	-9,2				-9,2
07-711	**Styrktarfélag vangefinna**	**-13,0**				**-13,0**
711-1.64	Skammtímavistun Hólabergi	-13,0				-13,0
07-720	**Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ**	**0,0**				**0,0**
720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,0				0,0
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**-18,2**				**-18,2**
750-1.01	Yfirstjórn	-18,2				-18,2
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**				**-144,0**	**-144,0**
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra				-144,0	-144,0
07-980	**Vinnumálastofnun**	**33,2**	**-84,9**			**-51,7**
980-1.01	Yfirstjórn	34,2	-109,1			-74,9
980-1.11	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	-1,0	24,2			23,2
07-981	**Vinnumál**	**-22,7**	**28,4**			**5,7**
981-1.10	*Félagsdómur*	-0,5	-0,7			-1,2
981-1.90	Ýmislegt	-22,2	29,1			6,9
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**-12,0**	**46,5**			**34,5**
999-1.30	Sjómannastofur		3,3			3,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
999-1.31	Félagasamtök, styrkir		14,8			14,8
999-1.46	Fjölskylduráð	1,6				1,6
999-1.60	Verkefni á sviði húsnæðismála	-1,0	-0,8			-1,8
999-1.90	Ýmis framlög	-12,6	29,2			16,6
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		***-848,8***	***-26,1***	***-65,7***	***-20,3***	***-960,9***
08-101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-1,8**	**3,1**		**-5,1**	**-3,8**
101-1.01	Yfirstjórn	-1,8	3,1			1,3
101-6.01	Tæki og búnaður				-5,1	-5,1
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**-94,8**	**-16,0**		**40,9**	**-69,9**
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-109,4	-16,0			-125,4
201-1.90	Rekstrarhagræðing	14,6				14,6
201-6.01	Tæki og búnaður				40,9	40,9
08-301	**Landlæknir**	**-37,5**	**-3,6**			**-41,1**
301-1.01	Yfirstjórn	-53,9	-2,9			-56,8
301-1.10	Læknaráð	-2,3				-2,3
301-1.20	Sjúkraflutningaráð	0,8				0,8
301-1.30	Slysavarnaráð	15,4	-0,7			14,7
301-1.40	Siðaráð	2,5				2,5
08-311	**Héraðslæknir í Reykjavík**	**5,9**				**5,9**
311-1.01	Héraðslæknir í Reykjavík	5,9				5,9
08-315	**Héraðslæknir á Norðurlandi eystra**	**0,5**				**0,5**
315-1.01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	0,5				0,5
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**-184,7**	**157,9**		**3,0**	**-23,8**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-184,7	157,9			-26,8
324-6.10	Fasteign				3,0	3,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-86,3**	**80,6**			**-5,7**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-86,3	80,6			-5,7
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**5,2**	**-5,3**		**-0,5**	**-0,6**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	5,2	-5,3			-0,1
327-6.01	Tæki og búnaður				-0,5	-0,5
08-330	**Manneldisráð**	**0,8**				**0,8**
330-1.01	Manneldisráð	0,8				0,8
08-340	**Málefni fatlaðra**	**-4,2**	**17,1**		**1,9**	**14,8**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra		12,9			12,9
340-1.80	Gigtarráð	-4,2	5,5			1,3
340-1.90	Ýmis starfsemi		-1,3			-1,3
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				1,9	1,9
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**	**15,9**	**-0,5**	**-52,3**	**-9,0**	**-45,9**
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	15,9	-0,5			15,4
358-5.01	Fasteign			-52,3		-52,3
358-6.01	Tæki og búnaður				0,2	0,2
358-6.50	Nýbygging				-9,2	-9,2
08-368	**Sólvangur, Hafnarfirði**	**17,0**				**17,0**
368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	17,0				17,0
08-370	**Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**	**54,9**	**-1,2**		**32,8**	**86,5**
370-1.01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	5,2	-1,2			4,0
370-1.91	Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili	49,7				49,7
370-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar				32,8	32,8
08-373	**Sjúkrahús í Reykjavík**	**-272,8**	**-79,3**	**-7,8**	**-8,4**	**-368,3**
373-1.01	Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni	-272,8	-79,3			-352,1
373-5.60	Viðhald			-7,8		-7,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
373-6.01	Tæki og búnaður				72,2	72,2
373-6.21	Barnaspítali				189,2	189,2
373-6.60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður				-534,8	-534,8
373-6.70	Nýframkvæmdir				265,0	265,0
08-378	**Læknishéraðasjóður**	**-1,3**	**5,0**			**3,7**
378-1.01	Læknishéraðasjóður	-1,3	5,0			3,7
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**51,3**				**51,3**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	51,3				51,3
08-381	**Sjúkrahús og læknisbústaðir**			**0,7**	**-75,6**	**-74,9**
381-5.50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt			0,7		0,7
381-6.60	Tækjakaup, óskipt				52,7	52,7
381-6.90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða				-128,3	-128,3
08-385	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**-9,1**	**-11,0**		**-31,6**	**-51,7**
385-1.01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	-9,1	-11,0			-20,1
385-6.01	Stofnkostnaður og endurbætur				-31,6	-31,6
08-393	**Lyfjamál**	**0,1**				**0,1**
393-1.11	Lyfjaverðsnefnd	-3,1				-3,1
393-1.41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	-0,5				-0,5
393-1.51	Evrópska lyfjaskráin	0,6				0,6
393-1.61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	0,3				0,3
393-1.71	Samheitaverðskrá lyfja	2,8				2,8
08-395	**Lyfjaeftirlit ríkisins**	**-9,0**				**-9,0**
395-1.01	Lyfjaeftirlit ríkisins	-9,0				-9,0
08-396	**Lyfjanefnd**	**17,3**				**17,3**
396-1.01	Lyfjanefnd	17,3				17,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**-149,0**	**119,6**			**-29,4**
399-1.13	Úrskurðarnefnd almannatrygginga	0,9				0,9
399-1.15	Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	-30,5				-30,5
399-1.17	Vísindasiðanefnd	1,2				1,2
399-1.50	Tannverndarsjóður	-19,5	19,6			0,1
399-1.53	Tóbaksvarnir	-102,1	87,6			-14,5
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili		2,0			2,0
399-1.67	Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	3,9	-0,1			3,8
399-1.90	Ýmis framlög	-1,4	8,9			7,5
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	-1,5	1,6			0,1
08-400	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**	**-43,9**				**-43,9**
400-1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-43,9				-43,9
08-408	**Sunnuhlíð, Kópavogi**	**0,0**				**0,0**
408-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	0,0				0,0
08-422	**Hlaðgerðarkot**	**0,0**				**0,0**
422-1.01	Hlaðgerðarkot	0,0				0,0
08-435	**Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða**	**0,0**				**0,0**
435-1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,0				0,0
08-490	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-2,4**				**-2,4**
490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-2,4				-2,4
08-495	**Daggjaldastofnanir**	**94,6**	**-399,1**			**-304,5**
495-1.11	Seljahlíð, Reykjavík	3,4	-36,7			-33,3
495-1.12	Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík	6,2	-87,2			-81,0
495-1.15	Dalbær, Dalvík	2,4	-15,5			-13,1
495-1.19	Hjallatún, Vík	1,0	-1,6			-0.6
495-1.21	Höfði, Akranesi	4,3	-53,4			-49,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
495-1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	2,5	-16,7			-14,2
495-1.25	Barmahlíð, Reykhólum	1,0	-6,4			-5,4
495-1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	2,2	-0,2			2,0
495-1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	0,6	1,6			2,2
495-1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	1,0	0,1			1,1
495-1.35	Jaðar, Ólafsvík	0,4	-22,7			-22,3
495-1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1,8	-1,1			0,7
495-1.41	Hrafnista, Reykjavík	6,4	-17,7			-11,3
495-1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	5,4	-25,7			-20,3
495-1.45	Grund, Reykjavík	5,8	-38,2			-32,4
495-1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	6,8	-40,6			-33,8
495-1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	4,6	-10,6			-6,0
495-1.51	Fellsendi, Búðardal	1,2	-3,4			-2,2
495-1.53	Reykjalundur, Mosfellsbæ	7,8	-14,9			-7,1
495-1.55	D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	0,1	-2,1			-2,0
495-1.57	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	1,3	-3,3			-2,0
495-1.63	Hlíðabær, Reykjavík	0,9	-4,1			-3,2
495-1.65	Lindargata, Reykjavík	0,9	-2,3			-1,4
495-1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	1,3	-13,3			-12,0
495-1.69	Múlabær, Reykjavík	1,3	-5,7			-4,4
495-1.71	Dagvistun aldraðra, aðrar	2,2	-6,4			-4,2
495-1.81	Hjúkrunarheimili í Garðabæ	2,8	-16,4			-13,6
495-1.83	Hjúkrunarheimili á Fáskrúðsfirði	1,5	3,4			4,9
495-1.95	Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra	10,0				10,0
495-1.96	Greiðslur frá vistmönnum	5,8				5,8
495-1.97	Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	0,2	5,0			5,2
495-1.98	Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	1,5	37,0			38,5
08-496	**Reynslusveitarfélagið Akureyri**	**-39,4**	**39,4**			
496-1.11	Hjúkrunarrými	-38,0	33,8			-4,2
496-1.21	Dagvistun aldraðra	-1,4	5,6			4,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-497	**Reynslusveitarfélagið Hornafjörður**	**0,0**				**0,0**
497-1.11	Hjúkrunarrými	0,0				0,0
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**46,6**	**-12,0**	**-6,3**	**23,0**	**51,3**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	46,6	-12,0			34,6
500-5.01	Viðhald, óskipt			-6,3		-6,3
500-6.01	Tæki og búnaður				-2,5	-2,5
500-6.90	Tölvuvæðing				25,5	25,5
08-501	**Sjúkraflutningar**	**17,8**	**-3,1**			**14,7**
501-1.11	Sjúkraflutningar	17,4	-5,3			12,1
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	0,6	-1,0			-0,4
501-1.15	Sjúkraflug	-0,2	3,2			3,0
08-505	**Heilsugæsla í Reykjavík**	**-66,7**	**-0,1**			**-66,8**
505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	-66,7	-0,1			-66,8
08-510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**	**-66,0**	**59,7**			**-6,3**
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-66,0	59,7			-6,3
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**1,7**	**-0,2**			**1,5**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1,7	-0,2			1,5
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**0,1**	**-0,3**			**-0,2**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,1	-0,3			-0,2
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**0,1**				**0,1**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,1				0,1
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**1,7**				**1,7**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	1,7				1,7
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**1,5**				**1,5**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	1,5				1,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**1,8**				**1,8**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	1,8				1,8
08-553	**Reynslusveitarfélagið Akureyri**	**-25,0**				**-25,0**
553-1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	-25,0				-25,0
08-571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**	**2,4**				**2,4**
571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	2,4				2,4
08-572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**	**0,4**				**0,4**
572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,4				0,4
08-574	**Heilsugæslustöðin Rangárþingi**	**-0,3**				**-0,3**
574-1.01	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	-0,3				-0,3
08-576	**Heilsugæslustöðin Laugarási**	**0,3**				**0,3**
576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,3				0,3
08-578	**Heilsugæslustöðin Hveragerði**	**4,4**	**-0,1**			**4,3**
578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	4,4	-0,1			4,3
08-579	**Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn**	**3,7**				**3,7**
579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	3,7				3,7
08-582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**	**-4,3**	**-1,8**			**-6,1**
582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-4,3	-1,8			-6,1
08-583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**	**4,5**	**-0,1**			**4,4**
583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	4,5	-0,1			4,4
08-584	**Heilsugæsla í Kópavogi**	**-6,6**	**-0,5**			**-7,1**
584-1.01	Heilsugæsla í Kópavogi	-6,6	-0,5			-7,1
08-585	**Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**	**-1,7**				**-1,7**
585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-1,7				-1,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-586	**Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ**	**-7,3**				**-7,3**
586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	-7,3				-7,3
08-621	**Forvarnasjóður**	**-24,5**	**26,6**			**2,1**
621-1.10	Áfengis- og vímuvarnaráð	-26,0	2,2			-23,8
621-1.90	Forvarnasjóður	1,5	24,4			25,9
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**-89,4**				**-89,4**
711-1.01	Heilsugæslusvið	-10,2				-10,2
711-1.11	Sjúkrasvið	-79,2				-79,2
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-8,2**				**-8,2**
721-1.01	Heilsugæslusvið	-2,6				-2,6
721-1.11	Sjúkrasvið	-5,6				-5,6
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**-1,3**				**-1,3**
725-1.01	Heilsugæslusvið	-22,5				-22,5
725-1.11	Sjúkrasvið	21,2				21,2
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**10,8**				**10,8**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-21,1				-21,1
731-1.11	Sjúkrasvið	31,9				31,9
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-11,7**				**-11,7**
735-1.01	Heilsugæslusvið	8,0				8,0
735-1.11	Sjúkrasvið	-19,7				-19,7
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**1,6**				**1,6**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-21,2				-21,2
741-1.11	Sjúkrasvið	22,8				22,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**8,2**				**8,2**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-2,7				-2,7
745-1.11	Sjúkrasvið	10,9				10,9
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**39,9**				**39,9**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-16,0				-16,0
751-1.11	Sjúkrasvið	55,9				55,9
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**15,6**				**15,6**
755-1.01	Heilsugæslusvið	-2,8				-2,8
755-1.11	Sjúkrasvið	18,4				18,4
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-19,4**				**-19,4**
761-1.01	Heilsugæslusvið	5,9				5,9
761-1.11	Sjúkrasvið	-25,3				-25,3
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**54,5**	**-0,9**			**53,6**
777-1.01	Heilsugæslusvið	30,8	-0,9			29,9
777-1.11	Sjúkrasvið	23,7				23,7
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**6,5**				**6,5**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-11,6				-11,6
781-1.11	Sjúkrasvið	18,1				18,1
08-785	**Heilbrigðisstofnunin Selfossi**	**-8,1**				**-8,1**
785-1.01	Heilsugæslusvið	-2,8				-2,8
785-1.11	Sjúkrasvið	-5,3				-5,3
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-59,7**				**-59,7**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-42,3				-42,3
791-1.11	Sjúkrasvið	-17,4				-17,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**8,3**	**8,3**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				8,3	8,3
09	*Fjármálaráðuneyti*	*546,0*	*395,9*	*-386,7*	*190,5*	*745,7*
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**26,5**	**-0,7**		**-16,9**	**8,9**
101-1.01	Yfirstjórn	26,5	-0,7			25,8
101-6.01	Tæki og búnaður				-16,9	-16,9
09-103	**Ríkisbókhald**	**4,9**	**-1,6**		**0,3**	**3,6**
103-1.01	Ríkisbókhald	4,9	-1,6			3,3
103-6.01	Tæki og búnaður				0,3	0,3
09-104	**Ríkisfjárhirsla**	**9,3**			**5,0**	**14,3**
104-1.01	Ríkisfjárhirsla	9,3				9,3
104-6.01	Tæki og búnaður				5,0	5,0
09-199	**Ráðstöfunarfé**		**10,6**			**10,6**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		10,6			10,6
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**-33,8**	**-1,2**		**37,1**	**2,1**
201-1.01	Yfirstjórn	-37,2	-1,2			-38,4
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	0,1				0,1
201-1.20	Skatteftirlit	3,3				3,3
201-6.01	Tæki og búnaður				37,1	37,1
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**3,4**	**-1,2**		**4,2**	**6,4**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	3,4	-1,2			2,2
202-6.01	Tæki og búnaður				4,2	4,2
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**0,2**				**0,2**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	0,2				0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**-0,2**				**-0,2**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	-0,2				-0,2
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**0,4**				**0,4**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	0,4				0,4
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**1,3**	**-0,4**			**0,9**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	1,3	-0,4			0,9
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**2,6**				**2,6**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	2,6				2,6
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**-0,9**				**-0,9**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-0,9				-0,9
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-0,2**				**-0,2**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-0,2				-0,2
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**6,0**	**-0,6**			**5,4**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	6,0	-0,6			5,4
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**76,9**	**3,0**			**79,9**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	6,6	2,8			9,4
212-1.02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	0,5				0,5
212-1.03	Forúrskurðir í skattamálum	16,2				16,2
212-1.04	Útgáfa úrskurða í skattamálum	24,7				24,7
212-1.05	Gæða- og þjónustumál skattstofa	7,2				7,2
212-1.06	Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	-4,8				-4,8
212-1.10	Skatteftirlit	27,9				27,9
212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli		0,2			0,2
212-1.30	Þungaskattur	0,8				0,8
212-1.40	Fjármagnstekjuskattur	-2,2				-2,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-214	**Yfirskattanefnd**	**18,3**			**1,2**	**19,5**
214-1.01	Yfirskattanefnd	18,3				18,3
214-6.01	Tæki og búnaður				1,2	1,2
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**-0,7**	**-0,3**		**0,5**	**-0,5**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-0,7	-0,3			-1,0
215-6.01	Tæki og búnaður				0,5	0,5
09-261	**Ríkistollstjóri**	**42,3**	**-0,6**		**-4,7**	**37,0**
261-1.01	Ríkistollstjóri	42,3	-0,6			41,7
261-6.01	Tæki og búnaður				-4,7	-4,7
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**45,1**	**-3,9**		**-36,1**	**5,1**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	45,1	-3,9			41,2
262-6.01	Tæki og búnaður				-36,1	-36,1
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**49,9**	**-0,4**		**-60,4**	**-10,9**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	52,1	-0,4			51,7
402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd	-2,2				-2,2
402-6.01	Tæki og búnaður				-60,4	-60,4
09-901	**Framkvæmdasýslan**	**41,4**				**41,4**
901-1.01	Framkvæmdasýslan	41,4				41,4
09-905	**Ríkiskaup**	**2,8**	**-1,1**			**1,7**
905-1.01	Ríkiskaup	2,8	-1,1			1,7
09-972	**Lánasýsla ríkisins**	**-0,6**	**-2,0**			**-2,6**
972-1.01	Lánasýsla ríkisins	-0,6	-2,0			-2,6
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**39,7**			**-38,5**	**1,2**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	63,8				63,8
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-24,1				-24,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
980-6.21	Húsnæði				-56,8	-56,8
980-6.41	Tölvubúnaður				18,3	18,3
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			**16,3**	**-6,1**	**10,2**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga			16,3		16,3
981-6.05	Stjórnarráðsbyggingar				-6,1	-6,1
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**451,8**		**-403,0**		**48,8**
984-1.01	Yfirstjórn	468,5				468,5
984-1.11	Rekstur fasteigna	-16,7				-16,7
984-5.21	Viðhald fasteigna			-403,0		-403,0
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**25,7**			**25,7**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		25,7			25,7
09-995	**Skýrsluvélakostnaður**	**-83,6**			**283,1**	**199,5**
995-1.01	Launagreiðslukerfi	24,7				24,7
995-1.02	Tekjubókhaldskerfi	-12,9				-12,9
995-1.03	Skattvinnslukerfi	-80,2				-80,2
995-1.04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	-19,5				-19,5
995-1.05	Innheimtuskilakerfi	1,9				1,9
995-1.06	Forsendukerfi innheimtugagna	9,5				9,5
995-1.07	Tollakerfi vegna EDI- samskipta	-9,4				-9,4
995-1.09	Fjárlagakerfi	2,3				2,3
995-6.01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi				66,0	66,0
995-6.02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				87,2	87,2
995-6.03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				74,2	74,2
995-6.04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR				19,5	19,5
995-6.08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal				0,7	0,7
995-6.09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi				17,2	17,2
995-6.90	Tölvukerfi, óskipt				18,3	18,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**9,7**	**9,7**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				9,7	9,7
09-999	**Ýmislegt**	**-156,8**	**370,6**		**12,1**	**225,9**
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	37,4				37,4
999-1.11	Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	24,8				24,8
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	0,2				0,2
999-1.13	Kjarasamningar	2,1	-0,1			2,0
999-1.15	Kjararannsóknir	-2,3				-2,3
999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	0,4				0,4
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		30,0			30,0
999-1.45	Ýmsar nefndir	-9,5				-9,5
999-1.65	Kjaradómur og kjaranefnd	-20,8				-20,8
999-1.70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	69,3	-29,8			39,5
999-1.71	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri		50,0			50,0
999-1.75	Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	-285,5	304,0			18,5
999-1.90	Óviss útgjöld	27,1	16,5			43,6
999-6.91	Hagræðingarmál				4,0	4,0
999-6.92	Reiknilíkön og hagræðingarverkefni í starfsemi ráðuneyta				8,1	8,1
10	***Samgönguráðuneyti***	***176,2***	***-101,7***	***-401,2***	***1.150,9***	***824,2***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-10,3**	**-6,7**			**-17,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-10,3	-6,7			-17,0
10-190	**Ýmis verkefni**	**21,0**	**35,1**			**56,1**
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	0,5	-1,0			-0,5
190-1.14	Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	1,4	20,1			21,5
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	1,1				1,1
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	4,3	-3,7			0,6
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	-3,3	11,0			7,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	10,0	-6,6			3,4
190-1.27	Slysavarnafélag Íslands		-2,8			-2,8
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	-5,3	28,0			22,7
190-1.34	Flugskóli Íslands	-3,1	3,0			-0,1
190-1.42	Ferðamál og markaðsstarf	5,4	-7,9			-2,5
190-1.90	Ýmislegt	5,8	-3,8			2,0
190-1.91	Athugun á öryggi fiskiskipa	4,2	-1,2			3,0
10-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**			**5,0**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0			5,0
10-211	**Vegagerðin**	**-84,4**	**-123,9**	**-401,2**	**807,1**	**197,6**
211-1.01	Yfirstjórn	-189,7	-2,7			-192,4
211-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	105,3	-121,2			-15,9
211-5.05	Þjónusta			-395,9		-395,9
211-5.10	Viðhald			-5,3		-5,3
211-6.10	Nýframkvæmdir				968,7	968,7
211-6.21	Landsvegir				-156,5	-156,5
211-6.40	Tilraunir				1,0	1,0
211-6.43	Safnvegir				-54,6	-54,6
211-6.45	Styrkvegir				10,3	10,3
211-6.47	Reiðvegir				38,2	38,2
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**-3,4**	**-3,0**		**620,0**	**613,6**
335-1.01	Yfirstjórn	-3,4	-3,0			-6,4
335-6.01	Tæki og búnaður				-4,8	-4,8
335-6.60	Vitabyggingar				15,4	15,4
335-6.70	Hafnamannvirki				609,4	609,4
10-471	**Flugmálastjórn**	**430,8**	**-259,2**			**171,6**
471-1.01	Flugmálastjórn	297,3	-9,7			287,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	296,9	-439,3			-142,4
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	-163,4	189,8			26,4
10-472	**Flugvellir**	**-63,5**			**-276,2**	**-339,7**
472-1.01	Rekstur flugvalla	-63,5				-63,5
472-6.80	Flugvellir, framkvæmdir				-276,2	-276,2
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-1,5**				**-1,5**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-1,5				-1,5
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**131,2**	**7,9**			**139,1**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	79,6	7,9			87,5
512-1.11	Rekstur strandarstöðva	51,6				51,6
10-651	**Ferðamálaráð**	**-243,7**	**243,1**			**-0,6**
651-1.01	Ferðamálaráð	-17,9	7,5			-10,4
651-1.11	Ferðamálasamtök landshluta		13,0			13,0
651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-21,6	20,4			-1,2
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	21,2	-6,1			15,1
651-1.81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	-225,4	208,3			-17,1
11 Iðnaðarráðuneyti		***394,7***	***9,0***		***-41,7***	***362,0***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-3,1**	**-0,2**		**0,3**	**-3,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-3,1	-0,2			-3,3
101-6.01	Tæki og búnaður				0,3	0,3
11-102	**Einkaleyfastofan**	**120,8**			**2,6**	**123,4**
102-1.01	Einkaleyfastofan	120,8				120,8
102-6.01	Tæki og búnaður				2,6	2,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**46,3**	**-60,4**		**28,3**	**14,2**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	46,3	-60,4			-14,1
201-6.01	Tæki og búnaður				28,3	28,3
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**25,7**	**-8,0**		**-3,7**	**14,0**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	25,7	-8,0			17,7
203-6.01	Tæki og búnaður				-3,7	-3,7
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**6,9**	**-4,6**			**2,3**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	6,9	-4,6			2,3
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**	**-0,2**	**50,0**			**49,8**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	-0,2	50,0			49,8
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**16,7**	**-8,1**			**8,6**
299-1.19	Staðlaráð	-2,0	20,0			18,0
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	0,3				0,3
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	8,1	-7,0			1,1
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	-3,0	-15,6			-18,6
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	13,3	-5,5			7,8
11-301	**Orkustofnun**	**179,5**	**-32,0**		**-69,2**	**78,3**
301-1.01	Yfirstjórn	-391,1	-10,9			-402,0
301-1.02	Orkumálasvið	248,1	-19,2			228,9
301-1.03	Orkurannsóknir	325,8	-1,9			323,9
301-1.04	Sala rannsókna	-3,3				-3,3
301-6.01	Tæki og búnaður				-69,2	-69,2
11-399	**Ýmis orkumál**	**2,1**	**72,3**			**74,4**
399-1.18	Hitaveitur á köldum svæðum		72,3			72,3
399-1.21	Nýskipan orkumála	2,1				2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
12 Viðskiptaráðuneyti		*90,5*	*16,5*		*-30,5*	*76,5*
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-6,9**	**3,0**			**-3,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-6,9	3,0			-3,9
12-190	**Ýmis verkefni**	**-3,4**	**10,5**			**7,1**
190-1.10	Neytendasamtökin		-1,7			-1,7
190-1.15	Fastanefndir	1,9				1,9
190-1.20	Icepro-nefnd		1,6			1,6
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-5,3	10,6			5,3
12-302	**Löggildingarstofa**	**44,1**			**-27,3**	**16,8**
302-1.01	Löggildingarstofa	44,1				44,1
302-6.01	Tæki og búnaður				-27,3	-27,3
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**52,2**				**52,2**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	52,2				52,2
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**4,5**	**3,0**		**-3,2**	**4,3**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	4,5	3,0			7,5
902-6.01	Tæki og búnaður				-3,2	-3,2
13 Hagstofa Íslands		*-20,9*	*16,2*		*-4,7*	*-9,4*
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**-20,9**	**16,2**		**-4,7**	**-9,4**
101-1.01	Yfirstjórn	-67,8	16,2			-51,6
101-1.50	Þjóðskráin	46,9				46,9
101-6.01	Tæki og búnaður				-4,7	-4,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14	*Umhverfisráðuneyti*	*181,0*	*73,1*	*16,1*	*405,0*	*675,2*
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**14,9**	**-3,6**		**-7,4**	**3,9**
101-1.01	Yfirstjórn	14,9	-3,6			11,3
101-6.01	Tæki og búnaður				-7,4	-7,4
14-190	**Ýmis verkefni**	**46,1**	**-33,0**			**13,1**
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	15,2	-23,2			-8,0
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	7,8	-8,9			-1,1
190-1.35	Umhverfisvöktun	-3,0	7,9			4,9
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	16,3	-16,2			0,1
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	11,2	6,0			17,2
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	4,2	-3,5			0,7
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	1,4				1,4
190-1.59	Náttúruverndarráð	-5,7	4,9			-0,8
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-1,3				-1,3
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-0,2**	**-0,3**			**-0,5**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-0,2	-0,3			-0,5
14-205	**Náttúruvernd ríkisins**	**-5,8**	**-2,2**	**13,2**	**-17,2**	**-12,0**
205-1.01	Yfirstjórn	-12,5	-1,9			-14,4
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	6,7	-0,3			6,4
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			13,2		13,2
205-6.01	Tæki og búnaður				-17,2	-17,2
14-210	**Veiðistjóri**	**16,7**	**-13,6**			**3,1**
210-1.01	Veiðistjóri	16,7	-13,6			3,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-213	**Hreindýraráð**	**19,5**	**-19,3**			**0,2**
213-1.10	Hreindýraráð	19,5	-19,3			0,2
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	**-1,7**	**-0,6**		**0,9**	**-1,4**
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	-1,7	-0,6			-2,3
221-6.01	Tæki og búnaður				0,9	0,9
14-283	**Hreinsun umhverfis**	**100,0**				**100,0**
283-1.11	Hreinsun olíu úr flaki skipsins El Grillo á botni Seyðisfjarðar	100,0				100,0
14-285	**Spilliefnasjóður**	**-139,6**	**138,6**			**-1,0**
285-1.01	Almennur rekstur	-8,1				-8,1
285-1.10	Eyðing spilliefna	-131,5	138,6			7,1
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-25,7**	**37,2**			**11,5**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-46,2	37,2			-9,0
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	11,0				11,0
301-1.12	Skipulag miðhálendis	9,5				9,5
14-310	**Landmælingar Íslands**	**20,2**			**-5,6**	**14,6**
310-1.01	Landmælingar Íslands	20,2				20,2
310-6.01	Tæki og búnaður				-5,6	-5,6
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**146,5**	**-2,5**		**-14,7**	**129,3**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	145,5	-1,7			143,8
321-1.10	Námssjóður	-0,4	-0,8			-1,2
321-1.20	Brunamálaskóli	1,4				1,4
321-6.01	Tæki og búnaður				-14,7	-14,7
14-381	**Ofanflóðasjóður**				**458,3**	**458,3**
381-6.60	Ofanflóðasjóður				458,3	458,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2001 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2000

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-13,5**	**-0,5**	**2,9**	**-0,7**	**-11,8**
401-1.01	Yfirstjórn	0,5	0,5			1,0
401-1.02	Setur í Reykjavík	-12,5	-1,0			-13,5
401-1.03	Setur á Akureyri	-1,5				-1,5
401-5.21	Fasteignir			2,9		2,9
401-6.11	Bifreiðar				-0,7	-0,7
14-403	**Náttúrustofur**	**26,2**	**-20,2**			**6,0**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	6,2	-5,6			0,6
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	1,9	-4,5			-2,6
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	12,0	-5,0			7,0
403-1.15	Náttúrustofa Reykjanesi	6,1	-5,1			1,0
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**-1,6**	**-0,8**		**0,1**	**-2,3**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-1,6	-0,8			-2,4
407-6.01	Tæki og búnaður				0,1	0,1
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-21,0**	**-6,1**		**-8,7**	**-35,8**
410-1.01	Almenn starfsemi	-21,0	-6,1			-27,1
410-6.01	Tæki og búnaður				-11,4	-11,4
410-6.11	Bifreiðar				2,7	2,7

1270. Nefndarálit [446. mál]

um frv. til l. um námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Gunnar Jóhann Birgisson frá menntamálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá Öryrkjabandalagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Menntaskólanum að Laugarvatni, Garðyrkjuskóla ríkisins, Framhaldsskólanum á Laugum, Kennaraháskóla Íslands, Iðnnemasambandi Íslands og Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu eða efnahags. Helstu efnislegu breytingar eru þær að skilgreining á þeim sem njóta námsstyrkja er rýmkuð og látin ná til erlendra ríkisborgara. Þannig er tekið tillit til réttar þeirra sem grundvallast á alþjóðlegum skuldbindingum. Þá er lagt til að þær reglur sem byggt hefur verið á í framkvæmd, m.a. samkvæmt reglugerð nr. 576/2002, komi með skýrum hætti fram í lögunum og hafi þannig ótvíræða lagastoð. Að lokum er lagt til að málsmeðferð samkvæmt lögunum verði breytt þannig að allir tímafrestir verði styttri en verið hefur. Ástæða fyrir því er sú að nemendum er nauðsynlegt að fá endanlega ákvörðun varðandi umsóknir á sem stystum tíma.

Fram kom við meðferð málsins í nefndinni að rétt væri að breyta 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. til frekari skýringa þannig að í stað þess að meðal skilyrða fyrir námsstyrk sé að viðkomandi stundi reglubundið framhaldsnám hér á landi verði notað orðið framhaldsskólanám. Með því er ljóst að í frumvarpinu er um að ræða nám á framhaldsskólastigi í skólum landsins. Þá kom fram að efnisatriði og tilvísun til 2. gr. í 2. málsl. 3. tölul. 3. gr. væri óþörf og leggur nefndin því til breytingu hvað það varðar. Loks telur nefndin rétt að benda á að skýringar á einstökum hugtökum frumvarpsins koma fram í athugasemdum við lagafrumvarpið. Skýringar þessar hafa því ekki lagagildi heldur er hér um lögskýringargagn að ræða við túlkun á ákvæðum laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „framhaldsnám“ í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. komi: framhaldsskólanám.
2. 2. málsl. 3. tölul. 3. gr. falli brott.

Sigríður Jóhannesdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Gunnar Birgisson, form., frsm. | Ólafur Örn Haraldsson. | Einar Már Sigurðarson.

Sigríður Ingvarsdóttir. | Kjartan Ólafsson.

1271. Svar [579. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um lyfjaverð og lyfjakostnað.

1. *Hvaða breytingar hafa verið gerðar á hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði í hinum ýmsu greiðsluflokkum frá árinu 1995?*

Yfirlit yfir greiðsluþátttökureglur Tryggingastofnunar í lyfjakostnaði 1995–2002.

Sjúklingur greiðir

B-merkt		**1.jan.1995**	**15.mar.1996**	**1.jan.1997**	**1.jan.1998**
Almennt	Fyrstu	500 kr.	600 kr.	800 kr.	900 kr.
	Hlutfall	12,5%	16,0%	24,0%	30,0%
	Hámark	1.500 kr.	1.500 kr.	1.500 kr.	1.700 kr.
Elli- &	Fyrstu	150 kr.	200 kr.	250 kr.	300 kr.
örorkulífeyrisþegar	Hlutfall	5,0%	8,0%	12,0%	15,0%
	Hámark	400 kr.	400 kr.	400 kr.	500 kr.
E-merkt					
Almennt	Fyrstu	500 kr.	600 kr.	800 kr.	900 kr.
	Hlutfall	25,0%	30,0%	40,0%	60,0%
	Hámark	3.000 kr.	3.000 kr.	3.000 kr.	3.300 kr.
Elli- &	Fyrstu	150 kr.	200 kr.	250 kr.	300 kr.
örorkulífeyrisþegar	Hlutfall	10,0%	12,5%	20,0%	30,0%
	Hámark	800 kr.	800 kr.	800 kr.	900 kr.

B-merkt		**1.jan.1999**	**1.jan.2000**	**15.jún.2000**	**1.jan.2002**
Almennt	Fyrstu	1.000 kr.	1.200 kr.	1.550 kr.	1.700 kr.
	Hlutfall	40,0%	60,0%	65,0%	65,0%
	Hámark	1.800 kr.	2.400 kr.	3.100 kr.	3.400 kr.
Elli- &	Fyrstu	350 kr.	400 kr.	550 kr.	600 kr.
örorkulífeyrisþegar	Hlutfall	20,0%	30,0%	50,0%	50,0%
	Hámark	600 kr.	800 kr.	950 kr.	1.050 kr.
E-merkt					
Almennt	Fyrstu	1.000 kr.	1.200 kr.	1.550 kr.	1.700 kr.
	Hlutfall	80,0%	80,0%	80,0%	80,0%
	Hámark	3.500 kr.	3.800 kr.	4.500 kr.	4.950 kr.
Elli- &	Fyrstu	350 kr.	400 kr.	550 kr.	600 kr.
örorkulífeyrisþegar	Hlutfall	40,0%	50,0%	50,0%	50,0%
	Hámark	1.000 kr.	1.100 kr.	1.250 kr.	1.375 kr.

2. *Hvaða lyf við algengum sjúkdómum hafa verið flutt milli greiðsluflokka og hvaða áhrif hefur það haft á lyfjakostnað sjúklinga?*

1. janúar 1995 voru greiðslureglur Tryggingastofnunar eins fram kemur í fyrsta dálki í yfirlitinu á svari við 1. lið fyrirspurnarinnar. Síðan hafa breytingar orðið þessar:

Reglugerð nr. 327/1995 — 1. júní 1995.

Viðmiðunarverðskrá.

Hinn 1. ágúst 1995 tók gildi ný reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði. Leysti hún af hólmi reglugerð sama efnis nr. 515/1992, sem gilt hafði frá 18. janúar 1993, með einni breytingu gerðri 1. mars 1994. Aðalnýmælið í þessari reglugerð var að endurgreiðsla almannatrygginga á samheitalyfjum miðaðist að hámarki við viðmiðunarverð þeirra sem reiknað var út frá lægsta verði hverrar pakkningar í sama formi og styrkleika. Samheitalyfjum, þ.e. skráðum lyfjum sem innihalda sama virka lyfjaefnið og eini munurinn er mismunandi framleiðendur, er í viðmiðunarskránni skipt í samanburðarflokka samkvæmt áðurnefndri skilgreiningu. Viðmiðunarverðið er fundið með því að bæta 5% ofan á lægsta verð í hverjum flokki. Almannatryggingar greiða sinn hlut í verðinu eins og áður, en hámark greiðslunnar er nú viðmiðunarverðið. Ef sjúkratryggður velur samheitalyf sem er dýrara en viðmiðunarverð greiðir hann umframkostnaðinn sjálfur.

Í reglugerðinni er kveðið á um að viðmiðunarverðskráin skuli endurskoðuð og endurreiknuð á þriggja mánaða fresti samtímis því að sérlyfjaskrá og viðaukar við hana taka gildi.

Önnur atriði sem breyttust með þessari reglugerð.

Lyfjum í eftirtöldum lyfjaflokkum má nú aðeins ávísa til 30 daga í senn:

A02B	Lyf við sársjúkdómi.
D01B	Sveppalyf til inntöku.
J02	Sveppalyf.
N06AB	Geðdeyfðarlyf.

Eftirfarandi lyfjaflokkur var fluttur úr greiðslureglu „100“ eða „*“ (greitt að fullu af TR) undir greiðslureglu „E“.

H01BA	Vasopressin og skyld lyf.

Eftirfarandi lyfjaflokkar voru fluttir úr greiðslureglu „E“ í greiðslureglu „0“ (ekkert greitt af TR):

D06	Sýklalyf.
D09	Umbúðir.
D10A	Lyf til útvortis notkunar við bólum.

Lyf samkvæmt lyfseðlum gefnum út á göngudeildum geðdeilda í flokkum N04A andkólínvirk lyf, N05A sterk geðlyf og N06A geðdeyfðarlyf voru greidd að fullu af Tryggingastofnun en falla nú undir greiðslureglu „B“. Í þeim tilfellum að smásöluverð ávísaðs lyfs er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur.

Reglugerð nr. 64/1996 — 22. janúar 1996.

Lágmark, hlutfall og hámark samkvæmt greiðslureglum „B“ og „E“ breyttist (sjá dálk merktan 15. mars 1996 í yfirliti í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

Reglugerð nr. 158/1996 — 15. mars 1996.

Helstu breytingar samkvæmt þessari reglugerð voru:

Tryggingastofnun hætti þátttöku í greiðslu undanþágulyfja.

Lyfjanefnd ríkisins hætti að ákveða greiðsluþátttöku almannatrygginga í nýskráðum lyfjum. Sú ákvörðun var flutt til ráðuneytisins og Tryggingastofnunar í sameiningu.

Flogaveikilyf (N03) og lyf við Parkinsonsjúkdómi (N04) urðu greidd samkvæmt greiðslureglu „E" nema fyrir flogaveika og sjúklinga með Parkinsonsjúkdóm sem fengu lyfin greidd að fullu gegn framvísun lyfjaskírteinis.

Lyf eingöngu notuð til forvarnar við malaríu voru greidd að fullu af sjúklingi.

Takmarkað var ávísanamagn veirulyfja (J05AB) við 30 daga nema fyrir sjúklinga sem þurftu að nota þau í lengri tíma. Hér er ekki átt við lyf við alnæmi.

Lyf notuð við þvagfærasýkingum (G04A) voru sett í „O" greiðslureglu (ekkert greitt af TR) eins og önnur sýklalyf.

Vefaukandi lyf (A14A) og næringarlyf (V06D) í „E,O" flokki og greidd samkvæmt skírteini voru nú sett í „O" greiðsluflokk en eftir sem áður mátti greiða þau samkvæmt skírteini.

Reglugerð nr. 507/1996 — 18. september 1996.

Ákvæðið um greiðslur Tryggingastofnunar samkvæmt viðmiðunarverðskrá. Reglan var að viðmiðunarverð samheitalyfja var 5% hærra en verð ódýrasta lyfs í viðmiðunarflokki en varð nú jafnt og lægsta verðið.

Reglugerð nr. 654/1996 — 10. desember 1996.

Lágmarki, hlutfalli og hámarki samkvæmt greiðslureglum „B" og „E" var breytt (sjá dálk merktan 1. janúar 1997 í yfirliti í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

Reglugerð nr. 711/1997 — 15. desember 1997.

Difenhydramin (R06AA02) voru flutt úr greiðslureglu „E" í greiðslureglu „O".

Lágmarki, hlutfalli og hámarki samkvæmt greiðslureglum „B" og „E" var breytt (sjá dálk merktan 1. janúar 1998 í yfirliti í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

Reglugerð nr. 748/1998 — 15. desember 1998.

Veirulyf (J05AB) bættust við í þann flokk lyfja sem aðeins má ávísa til 30 daga í einu.

Flogaveikilyf (N03) og lyf við Parkinsonsjúkdómi (N04) voru flutt úr greiðslureglu „100" eða „*" í greiðslureglu „E".

Lyfjaflokkar sem fluttust úr greiðslureglu „E" í greiðslureglu „O":

A02A	Sýrubindandi lyf.
A12AA	Kalsíum.
G04BE	Lyf við stinningarvandamálum.
J06BA01	Immúnóglóbúlín, normal, manna, sem ekki eru gefin í æð.
M01AE51	Íbúprófen í blöndum.
M03AC	Önnur kvarter ammóníumsambönd.
N01	Svæfinga- og deyfingalyf.
N02AA59	Kódeín í blöndum.
N05B	Róandi lyf (nema N05BE azspíródekanafbr.).
N05C	Svefnlyf.
N07AA	Kólínesterasablokkarar.
N07B	Hjálparefni til að hætta reykingum.

P Sníklalyf, skordýraeitur og skordýrafælur (nema lyf I flokki P01BA02 og P01BC01).

Lágmarki, hlutfalli og hámarki samkvæmt greiðslureglum „B“ og „E“ var breytt (sjá dálk merktan 1. janúar1999 í yfirliti í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

Reglugerð nr. 877/1999 — 17. desember 1999.

Sveppalyf til inntöku (D01B) var flutt úr greiðslureglu „E“ í greiðslureglu „O“.

Neflyf til inntöku (R01B) var flutt úr greiðslureglu „O“ í greiðslureglu „E“.

Lágmarki, hlutfalli og hámarki samkvæmt greiðslureglum „B“ og „E“ var breytt (sjá dálk merktan 1. janúar 2000 í yfirliti í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

Reglugerð nr. 400/2000 — 15. júní 2000.

Sveppalyf (J02) var flutt úr greiðslureglu „E“ í greiðslureglu „O“.

Mígrenilyfi (N02CC), sem áður var hægt að ávísa til 100 daga notkunar eins og flestum öðrum lyfjum, var nú aðeins hægt að ávísa í takmörkuðu magni í einu (mörkin voru skráð í sérlyfjaskrá).

Lágmarki, hlutfalli og hámarki samkvæmt greiðslureglum „B“ og „E“ var breytt (sjá dálk merktan 15. júní 2000 í yfirliti í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

Reglugerð nr. 845/2000 — 30.október 2001.

Eftirfarandi flokkar fluttir úr greiðslureglu „E“ í greiðslureglu „O“:

A07FA Lyf með stoppandi verkun.
A08A Lyf við offitu, önnur en sérfæði.
G02G Staðvirk getnaðarvarnalyf.
J05AH Neuramíndasahemlar.

Tryggingastofnun tók ekki þátt í greiðslu lyfja í eftirfarandi flokkum nema læknir staðfesti tiltekna ábendingu, en þá var greitt samkvæmt greiðslureglu „E“:

C10A Blóðfitulækkandi lyf.
H01CA Gónadótrópínleysandi hormón.
L02AE04 Triptórelín.

Reglugerð nr. 947/2001 — 18. desember 2001.

Lágmarki og hámarki samkvæmt greiðslureglum „B“ og „E“ var breytt (sjá dálk merktan 1. janúar 2002 í yfirliti í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar).

3. Hversu mikið hefur lyfjakostnaður sjúklinga aukist á tímabilinu 1995–2003?

Greiðsluhlutfall Tryggingastofnunar lækkar milli áranna 2001 og 2002. Skýringin er tvíþætt, annars vegar var greiðslureglum breytt 1. janúar 2002 og hins vegar lækkaði lyfjaverð í kjölfar styrkingar íslensku krónunnar en við það breyttist hluti Tryggingastofnunar meira en hluti sjúklings þar sem ákveðið þak er á greiðslum sjúklinga.

Athygli er vakin á að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar í lyfjum er reiknuð miðað við hámarksverð lyfja og þar sem sjúklingar njóta oft á tíðum afsláttar af greiðsluhluta sínum er greiðsluhlutfall Tryggingastofnunar í raun hærra en hér er gefið upp.

Ár	Staða	Greiðsluþátttaka TR	Greiðsluþátttaka sjúklinga m.v. hámarksverð
2001*	Almennir	51,0%	49,0%
	Lífeyrisþegar	76,4%	23,6%
	Alls	64,4%	35,6%
2002	Almennir	49,8%	50,2%
	Lífeyrisþegar	74,6%	25,4%
	Alls	63,2%	36,8%

* Greiðsluhlutfallið fyrir 2001 sem hér er gefið upp er annað en það sem gefið var upp í svari við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur dags. 9. apríl 2002. Ástæðan er að núverandi fyrirspurnarkerfi Tryggingastofnunar í lyfjamálum var ekki komið í notkun á þeim tíma sem fyrirspurnin var gerð. Fyrri fyrirspurnir voru búnar til í hvert skipti sem þörf var á upplýsingum úr gagnagrunni og gat því myndast ósamræmi í skiptingu gagna. Í dag eru fyrirspurnirnar alltaf framkvæmdar með sama hætti og eiga því að gefa samanburðarhæfar niðurstöður milli ára.

4. Hvernig hafa reglur um endurgreiðslur til sjúklinga breyst frá 1995?

Yfirlit yfir útreikningsreglur fyrir endurgreiðslu á sjúkrakostnaði, sbr. reglur um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

Reglur nr. 231/1993 og reglur HTR 30. desember 1993.

Kostnaður vegna allra lyfja lagður til grundvallar útreikningi.

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður, sex mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
<999.999	18.000 kr.	90%
1.000.000 – 1.999.999	30.000 kr.	75%
2.000.000 – 2.999.999	42.000 kr.	60%
>3.000.000		0%

Reglur nr. 70/1996, um breytingar á reglum nr. 231/1993.

Kostnaður vegna nauðsynlegra lyfja var lagður til grundvallar útreikningi, þ.e. kostnaður vegna lyfja sem eru utan greiðsluþátttöku er ekki talinn með. Enn fremur eru endurgreiðslur miðaðar við viðmiðunarverð lyfja.

Reglur nr. 546/1997.

Öllum lyfjakostnaði vegna barna til sex ára aldurs hefur verið bætt við grunn til útreiknings endurgreiðslna.

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður, þrír mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
<850.000	7.000 kr.	90%
850.000 – 1.199.999	9.000 kr.	90%
1.200.000 – 1.999.999	15.000 kr.	75%
2.000.000 – 2.999.999	21.000 kr.	60%
>3.000.000		0%

Reglur nr. 401/2000.

Öllum lyfjakostnaði vegna barna til 18 ára aldurs hefur verið bætt við grunn til útreiknings endurgreiðslna.

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður, þrír mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
<1.399.999	0,7% af tekjum	90%
1.400.000 – 2.199.999	0,7% af tekjum	75%
2.200.000 – 3.199.999	0,7% af tekjum	60%
>3.200.000		0%

Tekið er tillit til fjölskyldustærðar þegar tekjur eru skoðaðar. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast 200.000 kr. frá árstekjum.

Reglur nr. 958/2001.

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður, þrír mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
<1.543.999	0,7% af tekjum	90%
1.544.000 – 2.426.999	0,7% af tekjum	75%
2.427.000 – 3.529.999	0,7% af tekjum	60%
>3.530.000		0%

Tekið er tillit til fjölskyldustærðar þegar tekjur eru skoðaðar. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast 220.000 kr. frá árstekjum.

e. Hversu margir hafa fengið endurgreiðslu vegna mikils lyfjakostnaðar á hverju ári frá 1995?

Ekki reyndist unnt að greina fjölda einstaklinga sem liggja að baki umsóknum innan þess tímaramma sem gefinn var til að svara fyrirspurninni.

f. Hversu margir hafa á sama tímabili sótt um slíka endurgreiðslu en ekki fengið? Allar upplýsingar óskast tilgreindar eftir árum.

Endurgreiðslur vegna umtalsverðs læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar:

1995	4.203.152 kr.
1996	5.132.524 kr.
1997	3.173.855 kr.
1998	3.239.968 kr.
1999	3.816.783 kr.
2000	3.787.467 kr.
2001	5.433.391 kr.
2002	9.682.980 kr.

Fjöldi umsókna skipt niður á þau ár sem kostnaður fellur til hjá sjúklingi/fjölskyldu:

	Fjöldi umsókna	Fjöldi umsókna samþykktar	Fjöldi umsókna hafnað	Fjöldi umsókna samþykktar, %	Fjöldi umsókna hafnað, %
1996	2002	531	1471	27%	73%
1997	1675	408	1267	24%	76%
1998	1498	447	1051	30%	70%
1999	1721	473	1248	27%	73%
2000	1852	585	1267	32%	68%
2001 *	1804	722	1082	40%	60%
2002 *	931	488	443	52%	48%

* Tölur fyrir árin 2001og 2002 eru ekki samanburðarhæfar við hin árin þar sem enn eiga eftir að berst umsóknir fyrir þessi tímabil. Sambærilegar upplýsingar eru ekki til fyrir 1995.

Sótt er um endurgreiðslu á kostnaði fyrir þrjá mánuði í senn (ársfjórðung) og heimilt er að endurgreiða kostnað allt að tvö ár aftur í tímann.

Hver fjölskylda getur átt allt að fjórar umsóknir fyrir hvert ár ef sótt er um fyrir hvern ársfjórðung.

1272. Svar [558. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um komugjöld sjúklinga.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á komugjöldum sjúklinga á sjúkrahúsum á árunum 1997–2002?*

Komugjöld á slysa- og bráðamóttöku hafa tekið mið af slysastofutaxta. Komugjald fyrir nýkomu var 2.370 kr. frá 1993 til ársloka 2001. Með nýjum reglugerðum um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu voru eldri tilkynningar um slysastofutaxta fallnar úr gildi. Landspítalinn – háskólasjúkrahús hækkaði slysastofutaxta 1. janúar 2002 í 3.170 kr. til samræmis við þær hækkanir sem höfðu orðið á töxtum fyrir sérfræðilæknisþjónustu.

Nú er í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu unnið að gerð heildstæðrar reglugerðar þar sem tilgreind er sú þjónusta sem taka má gjald fyrir á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og utan stofnana og hvaða gjald skuli taka fyrir hvern þjónustuþátt. Þannig verður skýrt kveðið á um hámarksgjald sem sjúklingar greiða hverju sinni, auk þess sem sjúklingar geta séð á einum stað hvaða gjald er leyfilegt að taka fyrir heilbrigðisþjónustu.

Fullt gjald fyrir komu til röntgengreiningar (nú geisla- og myndgreiningar) var 1.000 kr. við upphaf þessa tímabils, hinn 1. júlí 2001 hækkaði fullt gjald í 1.500 kr. + 40% af heildarverði rannsóknar, þó aldrei hærra en 6.000 kr. á hverja komu, sem hækkaði síðan í 18.000 kr. 1. janúar 2002.

Heildarverð fyrir röntgengreiningu ræðst af einingarverði sem Tryggingastofnun ríkisins og ráðuneytið semur um við einkareknar röntgenstofur.

Greiðslur fyrir komur á göngudeildir eru samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt reglugerð nr. 68/1996 var fullt gjald fyrir komu á göngudeild í upphafi þessa tímabils 1.400 kr. + 40% af umsömdu eða áætluðu verði sem er umfram 1.400 kr. Hinn 1. apríl 1999 var hámarksgreiðsla fyrir komu til sérfræðings ákveðin 5.000 kr. Jafnframt var ákveðið að börn að 18 ára aldri skyldu, auk 500 kr. grunngjalds fyrir börn, greiða ⅓ af mismuni á heildarverði og grunngjaldi. 1. júlí 2001 hækkaði fullt gjald í 1.800 kr. + 40% af umframkostnaði, þó að hámarki 6.000 kr. 1. febrúar 2002 lækkaði fullt gjald í 1.600 kr. + 40% af umframkostnaði, þó að hámarki 18.000 kr.

Ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar og börn að 18 ára aldri greiða u.þ.b. ⅓ af fullu komugjaldi á slysa- og bráðamóttöku, á röntgendeildir og göngudeildir. Sama á við um þá sem hafa greitt hámarksgjald á almanaksárinu og hafa fengið afsláttarskírteini.

Samkvæmt yfirliti í Staðtölum almannatrygginga 2001 greiða sjúkratryggðir u.þ.b. 30% af kostnaði við komur til sérfræðilækna á árinu 2001.

Rétt er að taka fram þar sem hér er spurt um komugjöld og sjúkrakostnað að í gildi eru reglur þar sem Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að koma til móts við fjölskyldur sem bera þurfa mikinn læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnað. Reglurnar voru upphaflega settar árið 2000, en samkvæmt breytingum er tekjuviðmiðunin eins og fram kemur í endurskoðuðum reglum nr. 958/2001:

„Reglur nr. 958/2001
um (1.) breytingu á reglum nr. 401/2000, um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	**Grunnkostnaður, þrír mánuðir**	**Þátttaka TR umfram grunnkostnað**
undir 1.543.999	0,7% af tekjum	90%
1.544.000–2.426.999	0,7% af tekjum	75%
2.427.000–3.529.999	0,7% af tekjum	60%
3.530.000 og yfir		0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer, samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands, skulu teljast til fjölskyldu. Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækkun tekna er að ræða, svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast 220.000 kr. frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við þrjá mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa náð 3.530.000 kr. er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

Ekki verður greidd út lægri upphæð en 500 kr.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2002.“

2. *Hver er breytingin hlutfallslega milli ára á*
   a. *bráðamóttöku,*
   b. *slysadeild,*
   c. *röntgendeild,*
   d. *göngudeildum?*

Hlutfallsleg breyting á grunngjaldi hefur verið eftirfarandi:

	1997	2001	2002	Breyting 1997–2001	Breyting 2001–2002
Bráðamóttaka/slysadeild	2.370	2.370	3.170	0,0%	33,8%
Röntgendeild	1.000	1.500	1.500	50,0%	0,0%
Göngudeildir	1.400	1.800	1.600	28,6%	-11,1%

3. *Eru sömu komugjöld á öllum sjúkrahúsum?*

Gjöld sem sjúklingar greiða á göngudeildum sjúkrahúsa eiga að vera í samræmi við reglugerðir um hlutdeild sjúkratryggðra í sjúkrakostnaði. Sömu komugjöld eiga því að vera á öllum sjúkrahúsum.

1273. Svar [476. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Á undanförnum missirum hefur mikið verið rætt um flutning fjarvinnsluverkefna út á land. Í fyrsta flokki verkefna í þeirri umræðu eru þjónustuverkefni af ýmsum toga, svo sem gagnaskráning, símsvörun og úthringiþjónusta. Annar flokkur verkefna eru svonefnd yfirfærsluverkefni sem unnin eru í dag á höfuðborgarsvæðinu en talið er að hægt væri að vinna annars staðar. Þriðji flokkur verkefna tekur svo til tilvika þar sem oft er krafist sérfræðimenntunar auk verulegrar þekkingar og reynslu starfsmanna.

Þjónustuverkefni: Flutningur fjarvinnsluverkefna heilbrigðisþjónustunnar út á land er ýmsum annmörkum háður. Meginástæðan er einfaldlega sú að skráning heilbrigðisupplýsinga er með þeim hætti á heilbrigðisstofnunum að þær eru framkvæmdar á ábyrgð og undir eftirliti yfirlæknis eða lækningaforstjóra á hverjum stað. Það er því erfitt eða nánast útilokað að koma við skráningu gagna annars staðar en á viðkomandi heilbrigðisstofnunum. Hugmyndum um að koma á sérstakri fjarvinnslu við skráningu upplýsinga í heilbrigðiskerfinu eru því settar mjög strangar skorður vegna reglna um trúnað starfsfólks og öryggi gagna.

Yfirfærsluverkefni: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur undanfarin ár unnið að því að efla og styrkja þjónustu á landsbyggðinni. Heilbrigðisstofnanir á Austfjörðum, í Ísafjarðarbæ, Norður-Þingeyjarsýslu og í Rangárþingi hafa verið sameinaðar. Sameining

heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hefur ekki aðeins falið í sér breytingar á stjórnkerfi og skipulagi þessara stofnana heldur og ekki síður hafa orðið umskipti í rekstrar- og upplýsingamálum. Verið er að byggja upp víðtæk upplýsinga- og rekstrarkerfi og víða er verið að taka í notkun rafræna sjúkraskrá. Allar þessar breytingar kalla á sérhæfðara starfsfólk og endurmenntun þess starfsfólks sem fyrir er, en eitt af meginmarkmiðum sameiningar heilbrigðisstofnana víða um land er að treysta viðkomandi starfsemi með því að byggja upp fullnægjandi umhverfi fyrir sérhæft starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar.

Sérfræðiþjónusta: Með eflingu stofnana á landsbyggðinni hefur þjónusta þeirra verið aukin og samfara þeirri breytingu má víða sjá að sjúklingar leita í minna mæli eftir þjónustu sérfræðinga á höfuðborgarsvæðinu. Uppbygging fjarlækninga og fjölgun ferliverka á sjúkrahúsum á landsbyggðinni eru dæmi um aukna þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Hér er um dýra sérfræðiþjónustu að ræða sem getur dregið verulega úr ferðakostnaði sjúklinga. Með tilkomu sérstakrar samninganefndar ráðuneytisins í ársbyrjun 2002, sem ætlað er að annast samningagerð við stofnanir og sjálfstætt starfandi sérfræðinga, skapast betri möguleikar á að færa ferliverkaþjónustu nær íbúunum og nýta þá aðstöðu sem fyrir er á heilbrigðisstofnunum.

Loks má geta þess að reglulega er hugað að því hvort ný verkefni heilbrigðiskerfisins og starfsemi stofnana eins og Tryggingastofnunar ríkisins og Lyfjastofnunar ríkisins geti farið fram að hluta utan höfuðborgarsvæðisins. Má þar til að mynda nefna ýmiss konar rannsóknar- og þróunarverkefni ásamt skráningarvinnu og úrvinnslu á heilbrigðisupplýsingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið telur að frekari möguleika á flutningi fjarvinnsluverkefna út á land verði að skoða með hliðsjón af áformum um uppbyggingu og þróun upplýsingakerfa heilbrigðisþjónustunnar. Við það mat er mikilvægt að gera sér grein fyrir stöðu upplýsingamála heilbrigðiskerfisins og þeim verkefnum sem unnið er að um þessar mundir. Forgangsverkefni á sviði upplýsingamála heilbrigðiskerfisins eru *heilbrigðisnet, rafræn sjúkraskrá og fjarlækningar.*

Auk þessara verkefna er fræðslustarfsemi einnig vaxandi þáttur á sviði fjarlækninga. Notaður er fjarfundabúnaður til þess að veita heilbrigðisstarfsmönnum aðgang að fræðslufundum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og víðar. Íslensk sjúkrahús hafa jafnframt fengið aðgang að fræðslufundum við erlenda háskóla.

Á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra er unnið að víðtækum verkefnum á sviði fjarlækninga sem annars vegar miða að því að tengja saman stofnanir á þessum landsvæðum, og hins vegar að því að koma þeim í tengsl við sérhæfðar miðstöðvar á hinum ýmsu sviðum læknisfræðinnar. Fjarlækningar eru sá þáttur heilbrigðisþjónustunnar sem búist er við að eigi eftir að skapa víðtækari möguleika til þess að tryggja betur en nú er sem jafnast aðgengi allra landsmanna að öllum þáttum heilbrigðisþjónustunnar.

Eitt af því mikilvægasta sem hægt er að gera til þess að bæta heilsufar þjóðarinnar á næstu árum er að nýta okkur upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustunni. Gagnaöflun, bætt skráning, aukið öryggi gagnanna og greiður aðgangur að þeim ræður mestu um árangurinn á þessu sviði. Greiðari aðgangur að heilsufarsgögnum mun til að mynda leiða til skjótari ákvarðana, og meðferð sjúklinga verður markvissari og áreiðanlegri.

Þar fyrir utan skal vakin athygli á því að með upplýsingavæðingunni ættu allar upplýsingar um rekstur að vera til staðar fyrr og auðvelda stjórnendum markvissari stjórnun heilbrigðisþjónustunnar. Þannig geta e.t.v. skapast möguleikar til að nýta þá fjármuni betur sem varið er til heilbrigðismála.

Þau verkefni á sviðið upplýsingamála sem unnið er að um þessar mundir eru fyrst og fremst þróunarverkefni sem ætlunin er að verði lögð til grundvallar uppbyggingu upplýsinga-

kerfa heilbrigðiskerfisins á næstu árum. Upplýsingar um hugsanlegan fjölda þeirra starfa sem þannig kynnu að skapast eða unnt væri að flytja út á land eru með öðrum orðum ekki tiltækar og þeirra er ekki að vænta fyrr en meginniðurstöður þróunarverkefnanna liggja fyrir og meira er vitað um hvernig unnt verður að nýta gagnagrunna heilbrigðiskerfisins við vinnslu heilbrigðistölfræði og heilbrigðisupplýsinga.

1274. Svar [459. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingvarsdóttur um ástæður komu á bráðamóttöku.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptust ástæður komu á bráðamóttöku eftir eftirtöldum flokkum árin 1999, 2000 og 2001, sundurliðað eftir kyni og aldri:

1. *sjúkdómur,*
2. *slys og óhöpp,*
3. *ofbeldisverk:*
   a. *slagsmál, handalögmál,*
   b. *kynferðisleg árás,*
   c. *vanræksla o.þ.h.,*
   d. *ofbeldisverk, önnur tilgreind,*
   e. *ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind,*
4. *sjálfsskaði af ásettu ráði:*
   a. *sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun,*
   b. *víma af efnum,*
   c. *sjálfsmeiðingar,*
   d. *sjálfsskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur,*
   e. *sjálfsskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur?*

Ráðuneytið leitaði upplýsinga hjá heilbrigðistölfræðisviði landlæknisembættisins um ástæður komu á bráðamóttöku. Landlæknisembættið sendi fyrirspurnina áfram til þeirra stofnana sem reka bráðamóttöku. Erfiðlega gekk að fá svör frá stofnunum því að í öllum tilvikum þurfti að setja starfsfólk í að skoða sjúkraskrár sem gerðar hafa verið um komur á bráðamóttökur þau þrjú ár sem óskað var upplýsinga um, en slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir í samantekt. Ekki tókst að ná inn ítarlegri og fyllri upplýsingum en raun ber vitni og fram kemur hér á eftir innan þeirra tímamarka er skrifleg fyrirspurn setur. Þá eru ýmsir fyrirvarar settir um samanburð milli stofnana og er vafasamt að draga ályktanir um umfang á grundvelli þessara upplýsinga. Til að ná fram slíkum upplýsingum þarf í raun rannsókn, en að sönnu er um að ræða vísbendingar sem að gagni mega koma.

Fyrirkomulag bráða- og slysamóttöku er mismunandi eftir sjúkrahúsum. Á stærstu sjúkrahúsunum eru starfræktar sérstakar slysa- og/eða bráðamóttökur en á smærri sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnum hafa sjúkrahús og heilsugæslustöðvar samvinnu um þessa starfsemi. Skráningar á ástæðum fyrir komu á slysa- og bráðamóttökur sjúkrahúsa eru ekki fyllilega sambærilegar milli stofnana. Skráning er hvað nákvæmust á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi. Þar hefur verið skráð í samræmi við norrænt slysaflokkunarkerfi frá árinu 1997 (Nomesco). Sú skráning leyfir niðurbrot á ástæðum komu eins og beðið er um í fyrirspurn-

inni. Skráning á Sjúkrahúsi Akraness leyfði slíkt niðurbrot að hluta og sama má segja um skráningu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ. Var því ákveðið að senda beiðni um upplýsingar til þessara fjögurra stofnana. Engin þeirra átti þessar tölur sundurgreindar eins og beðið er um í fyrirspurninni og þurftu þær því að vinna sérstaklega úr fyrirliggjandi skráningargögnum. Sérstakar úrvinnslur hafa í för með sér vinnu og kostnað fyrir stofnanirnar. Reynt var hraða úrvinnslu sem frekast mátti.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Til slysa- og bráðasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss heyra slysa- og bráðadeild í Fossvogi og bráðamóttaka við Hringbraut. Skráning samkvæmt norrænu slysaflokkunarkerfi fer eingöngu fram á slysa- og bráðadeild í Fossvogi en ekki við Hringbraut og því eru upplýsingar í töflu 1 eingöngu frá slysa- og bráðadeild í Fossvogi.

Á þriggja ára tímabilinu 1999–2001 var fjöldi koma á slysa- og bráðasvið eins og sést í eftirfarandi töflu.

Tafla 1. Slysa- og bráðaþjónusta á LSH.

	Fjöldi koma		
	2001	**2000**	**1999**
Komur v/slysa og annarra óhappa í Fossvogi	29.209	29.451	28.601
Ofbeldisverk og handalögmál	1.549	1.644	1.374
Bráðveikir o.fl. Fossvogi [1)]	14.431	13.656	11.996
Bráðamóttaka Hringbraut	16.085	16.705	15.456
Slysa- og bráðasvið samtals	**61.274**	**61.456**	**57.427**

[1)] O.fl. er m.a. komur í áfallahjálp, neyðarmóttöku og blóðprufu vegna gruns um ölvunarakstur.

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi.

Á sjúkrahúsi Akraness er slysadeild þar sem fram fer móttaka slasaðra og bráðveikra sjúklinga. Almennt gildir sú regla að ef meira en sólarhringur er liðinn frá slysi og sjúklingur er ekki bráðveikur er honum bent á að leita til heilsugæslulæknis. Slysadeild er í senn endurkomu- og speglanadeild.

Mjög ítarlegar upplýsingar um slysadeild SHA er að finna í ársskýrslu sjúkrahússins, m.a. töflur yfir slysstað, orsakir slysa, slysa- og sjúkdómsgreiningar, búsetu sjúklinga, aldursdreifingu, afdrif sjúklinga og meðferð, sjá m.a. töflu 2.

Tafla 2.

Slysadeild - Nýkomur - Tafla 2 - Ástæða komu

Ástæða komu:	Kk	Kvk	Fjöldi 2001	2000	1999
Umferðarslys	35	35	70	70	88
Vinnuslys	378	65	443	422	379
Íþróttaslys	111	56	167	146	127
Önnur slys	457	307	764	728	720
Ekki slys	139	103	242	144	115
Samtals:	**1120**	**566**	**1686**	**1510**	**1429**

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er slysadeild og þangað er hægt að leita vegna slysa og/eða bráðra veikinda.

FSA tekur fram í tengslum við fyrirspurnina að slysaskráning með fulkominni Nomesco-greiningu er enn nokkuð gloppótt en unnið er að úrbótum. Sjúkrahúsið telur að Nomesco-greining sé ekki skráð á um fjórðung koma og teljast þær því ekki með í úrvinnslunni, sjá töflu 3 og 4. Árið 2000 voru skráðar um 5.500 komur með Nomesco-greiningu en í árs-skýrslu sjúkrahússins frá árinu 2000 má lesa eftirfarandi:

- Samanlagt eru komur á slysadeild um 9.700 á ári, komur til sérfræðinga um 9.500 og komur til heilsugæslulækna um 3.700. Til viðbótar má telja komur á skurðstofu og neyðarmóttöku.
- Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis er innan slysadeildar.
- Árið 2000 voru nýkomur á slysadeild FSA 6.999 og endurkomur 2.261, samtals 9.260.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.

Slysadeild er rekin í tengslum við skurð- og göngudeild. Upplýsingar fengust um heildar-fjölda koma eftir ástæðum árin 1999–2001, sjá töflu 3 og 4.

Heildarfjöldi koma skipt eftir ástæðum.

Gróflega má flokka ástæður komu á bráðamóttökur sjúkrahúsanna fjögurra eins og sést í töflu 3 árin 1999–2001. Reiknaður var meðalfjöldi koma á ári fyrir hverja stofnun í sam-ræmi við skiptinguna í fyrirspurninni.

Heildarfjöldi koma skipt eftir ástæðum og kyni.

Eingöngu LSH í Fossvogi og Sjúkrahúsið á Akranesi gátu unnið kyngreindar upplýsingar með fullnægjandi hætti fyrir viðkomandi tímabil og innan þess tímaramma sem fyrirspurnin leyfði. Kyngeindar upplýsingar fylgja með í töflu 4.

Heildarfjöldi koma skipt eftir ástæðum, kyni og aldri.

Eingöngu LSH í Fossvogi gat unnið kyn- og aldursgreindar upplýsingar með fullnægjandi hætti innan þess tímaramma sem fyrirspurnin leyfði. Kyn- og aldursgreindar upplýsingar frá LSH koma fram í töflum 5, 6 og 7.

Tafla 3.

	LSH 1999–2001 Mtal/ári	**Akranes 1999–2001 Mtal/ári**	**FSA 2000–2001 Mtal/ári**	**FSÍ 1999–2001 Mtal/ári**
1. Sjúkdómur	12.932	167	2.219	18
2. Slys og óhöpp	29.080	1.375	3.850	790
3. Ofbeldisverk, samtals	1.524	66	82	25
a. Slagsmál, handalögmál	1.223		66	21
b. Kynferðisleg árás	2			0,3
c. Vanræksla o.þ.h.	1			
d. Ofbeldisverk, önnur tilgreind	243		15	2
e. Ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind	56		1	1,7
Sjálfskaði af ásettu ráði, samtals	**88**	**16**	**34**	**2,7**
a. Sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun	46	4	17	1
b. Víma af efnum	11	12	10	0,3
c. Sjálfsmeiðingar	19		5	0,7

	LSH 1999–2001 Mtal/ári	Akranes 1999–2001 Mtal/ári	FSA 2000–2001 Mtal/ári	FSÍ 1999–2001 Mtal/ári
d. Sjálfskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur	5		3	0,3
e. Sjálfskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur	8			0,3
Annað	*427*			*4,7*
Samtals	**44.052**	**1.624**	**6.184**	**868**

Tafla 4. Fjöldi skráðra koma á bráða- og slysamóttökur 1999, 2000 og 2001 greint eftir ástæðum og kyni.

	1999 LSH, Fossvogi			2000 LSH, Fossvogi			2001 LSH, Fossvogi		
	kk.	kvk.	alls	kk.	kvk.	alls	kk.	kvk.	alls
1. Sjúkdómur	**6.112**	**5.884**	**11.996**	**6.664**	**6.357**	**13.021**	**7.032**	**6.746**	**13.778**
2. Slys og óhöpp	**16.869**	**11.732**	**28.601**	**17.408**	**12.038**	**29.446**	**17.579**	**11.615**	**29194**
3. Ofbeldisverk, samtals	**1.001**	**373**	**1.374**	**1.227**	**419**	**1.646**	**1.115**	**437**	**1.552**
a. Slagsmál, handalögmál	867	282	1.149	983	261	1.244	952	324	1276
b. Kynferðisleg árás	1		1			0		4	4
c. Vanræksla o.þ.h.			0		1	1		1	1
d. Ofbeldisverk, önnur tilgreind	112	70	182	201	130	331	136	80	216
e. Ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind	21	21	42	43	27	70	27	28	55
Sjálfskaði af ásettu ráði, samtals	**39**	**23**	**62**	**45**	**51**	**96**	**52**	**55**	**107**
a. Sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun	19	13	32	22	22	44	30	31	61
b. Víma af efnum	3	1	4	6	13	19	5	6	11
c. Sjálfsmeiðingar	11	5	16	7	11	18	9	13	22
d. Sjálfskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur	3	3	6	3	3	6	1	1	2
e. Sjálfskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur	3	1	4	7	2	9	7	4	11
Annað	*115*	*71*	*186*	*302*	*240*	**542**	*314*	*240*	*554*
Samtals	**24.136**	**18.083**	**42.219**	**25.646**	**19.105**	**44.751**	**26.092**	**19.093**	**45.185**

	1999 Sjúk. Akranesi			2000 Sjúk. Akranesi			2001 Sjúk. Akranesi		
	kk.	kvk.	alls	kk.	kvk.	alls	kk.	kvk.	alls
1. Sjúkdómur	**65**	**50**	**115**	**73**	**71**	**144**	**139**	**103**	**242**
2. Slys og óhöpp	**874**	**440**	**1.314**	**940**	**426**	**1.366**	**981**	**463**	**1.444**
3. Ofbeldisverk, samtals	**42**	**15**	**57**	**64**	**15**	**79**	**46**	**17**	**63**
a. Slagsmál, handalögmál									
b. Kynferðisleg árás									
c. Vanræksla o.þ.h.									
d. Ofbeldisverk, önnur tilgreind									
e. Ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind									
Sjálfskaði af ásettu ráði, samtals	**6**	**3**	**9**	**14**	**12**	**26**	**6**	**8**	**14**
a. Sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun	1	1	2	5	1	6	2	3	5
b. Víma af efnum	5	2	7	9	11	20	4	5	9
c. Sjálfsmeiðingar									
d. Sjálfskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur									
e. Sjálfskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur									
Annað									
Samtals	**987**	**508**	**1.495**	**1.091**	**524**	**1.615**	**1.172**	**591**	**1.763**

	2000 FSA alls	2001 FSA alls	1999–2001 Fsjh. Ísafirði Meðalfjöldi/ári
1. Sjúkdómur	**1.971**	**2.467**	**18**
2. Slys og óhöpp	**3.481**	**4.218**	**790**
3. Ofbeldisverk, samtals	**74**	**89**	**25**
a. Slagsmál, handalögmál	63	68	21
b. Kynferðisleg árás	1		0,3
c. Vanræksla o.þ.h.			
d. Ofbeldisverk, önnur tilgreind	10	20	2
e. Ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind		1	1,7
Sjálfskaði af ásettu ráði, samtals	**32**	**35**	**2,7**

	2000 FSA alls	2001 FSA alls	1999–2001 Fsjh. Ísafirði Meðalfjöldi/ári
a. Sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun	13	21	1
b. Víma af efnum	10	9	0,3
c. Sjálfsmeiðingar	7	2	0,7
d. Sjálfskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur	2	3	0,3
e. Sjálfskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur			0,3
Annað			*4,7*
Samtals	**5.558**	**6.809**	**868**

Tafla 5. Landspítali – háskólasjúkrahús.

Slysa- og bráðasvið G2, Fossvogi, 1. janúar 1999 – 31. desember 1999.

	kk.	kvk.	Alls
Ástæður samskipta ekki nánar tilgreindar			
0–4 ára	1	0	**1**
15–19 ára	2	1	**3**
20–24 ára	1	1	**2**
25–29 ára	1	0	**1**
30–34 ára	2	0	**2**
35–39 ára	0	1	**1**
45–49 ára	3	2	**5**
55–59 ára	1	1	**2**
60–64 ára	1	0	**1**
65–69 ára	1	1	**2**
eldri en 80 ára	0	1	**1**
Samtals	**13**	**8**	**21**
Ástæður samskipta, aðrar tilgreindar			
0–4 ára	7	4	**11**
5–9 ára	2	4	**6**
10–14 ára	2	1	**3**
15–19 ára	6	9	**15**
20–24 ára	5	9	**14**
25–29 ára	9	7	**16**
30–34 ára	11	1	**12**
35–39 ára	12	5	**17**
40–44 ára	10	1	**11**
45–49 ára	3	0	**3**
50–54 ára	3	8	**11**
55–59 ára	5	3	**8**
60–64 ára	2	5	**7**
65–69 ára	2	1	**3**
70–74 ára	3	2	**5**
75–79 ára	1	2	**3**
eldri en 80 ára	3	1	**4**
Samtals	**86**	**63**	**149**
Kynferðisleg árás			
40–44 ára	1	0	**1**
Samtals	**1**	**0**	**1**
Lögmæt íhlutun og hernaðaraðgerðir			
15–19 ára	5	0	**5**
20–24 ára	5	0	**5**
25–29 ára	2	0	**2**
30–34 ára	2	0	**2**
55–59 ára	1	0	**1**
60–64 ára	1	0	**1**
Samtals	**16**	**0**	**16**

	kk.	kvk.	Alls
Ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind			
10–14 ára	1	0	**1**
15–19 ára	3	2	**5**
20–24 ára	4	4	**8**
25–29 ára	6	5	**11**
30–34 ára	1	2	**3**
35–39 ára	4	2	**6**
40–44 ára	1	5	**6**
50–54 ára	0	1	**1**
55–59 ára	1	0	**1**
Samtals	**21**	**21**	**42**
Ofbeldisverk, önnur tilgreind			
0–4 ára	1	0	**1**
5–9 ára	1	0	**1**
10–14 ára	10	3	**13**
15–19 ára	15	12	**27**
20–24 ára	21	19	**40**
25–29 ára	16	10	**26**
30–34 ára	9	2	**11**
35–39 ára	9	6	**15**
40–44 ára	9	12	**21**
45–49 ára	8	3	**11**
50–54 ára	7	1	**8**
55–59 ára	1	2	**3**
60–64 ára	2	0	**2**
65–69 ára	2	0	**2**
eldri en 80 ára	1	0	**1**
Samtals	**112**	**70**	**182**
Sjálfskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur			
25–29 ára	2	1	**3**
35–39 ára	1	0	**1**
Samtals	**3**	**1**	**4**
Sjálfskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur			
15–19 ára	0	2	**2**
20–24 ára	1	0	**1**
30–34 ára	0	1	**1**
35–39 ára	1	0	**1**
40–44 ára	1	0	**1**
Samtals	**3**	**3**	**6**
Sjálfsmeiðingar			
15–19 ára	1	1	**2**
20–24 ára	7	2	**9**
25–29 ára	0	1	**1**
30–34 ára	2	1	**3**
70–74 ára	1	0	**1**
Samtals	**11**	**5**	**16**
Sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun			
15–19 ára	4	6	**10**
20–24 ára	4	3	**7**
25–29 ára	2	1	**3**
30–34 ára	5	1	**6**
35–39 ára	1	1	**2**
45–49 ára	2	1	**3**
65–69 ára	1	0	**1**
Samtals	**19**	**13**	**32**

	kk.	kvk.	Alls
Sjúkdómur og ástand án beins samhengis við meinsemd af ytri orsök			
0–4 ára	92	97	**189**
5–9 ára	109	90	**199**
10–14 ára	115	97	**212**
15–19 ára	335	469	**804**
20–24 ára	586	610	**1.196**
25–29 ára	508	470	**978**
30–34 ára	526	398	**924**
35–39 ára	482	379	**861**
40–44 ára	439	363	**802**
45–49 ára	424	349	**773**
50–54 ára	403	341	**744**
55–59 ára	340	321	**661**
60–64 ára	276	228	**504**
65–69 ára	359	292	**651**
70–74 ára	372	346	**718**
75–79 ára	317	403	**720**
eldri en 80 ára	429	631	**1.060**
Samtals	**6.112**	**5.884**	**11.996**
Slagsmál, handalögmál			
5–9 ára	2	2	**4**
10–14 ára	26	4	**30**
15–19 ára	186	50	**236**
20–24 ára	225	57	**282**
25–29 ára	121	46	**167**
30–34 ára	94	22	**116**
35–39 ára	76	30	**106**
40–44 ára	56	33	**89**
45–49 ára	34	13	**47**
50–54 ára	19	12	**31**
55–59 ára	17	8	**25**
60–64 ára	5	1	**6**
65–69 ára	2	1	**3**
70–74 ára	2	2	**4**
75–79 ára	1	1	**2**
eldri en 80 ára	1	0	**1**
Samtals	**867**	**282**	**1.149**
Slys og önnur óhöpp			
0–4 ára	1.338	1.029	**2.367**
5–9 ára	1.497	1.115	**2.612**
10–14 ára	1.488	1.426	**2.914**
15–19 ára	2.299	1.376	**3.675**
20–24 ára	2.191	1.109	**3.300**
25–29 ára	1.690	758	**2.448**
30–34 ára	1.295	625	**1.920**
35–39 ára	1.169	625	**1.794**
40–44 ára	961	534	**1.495**
45–49 ára	709	557	**1.266**
50–54 ára	656	492	**1.148**
55–59 ára	430	384	**814**
60–64 ára	302	287	**589**
65–69 ára	276	345	**621**
70–74 ára	236	318	**554**
75–79 ára	186	289	**475**
eldri en 80 ára	146	463	**609**
Samtals	**16.869**	**11.732**	**28.601**

	kk.	kvk.	Alls
Víma af efnum			
15–19 ára	0	1	**1**
20–24 ára	2	0	**2**
40–44 ára	1	0	**1**
Samtals	**3**	**1**	**4**
Samtals	**24.136**	**18.083**	**42.219**

Tafla 6. Landspítali – háskólasjúkrahús.
Slysa- og bráðasvið G2, Fossvogi, 1. janúar 2000 – 31. desember 2000.

	kk.	kvk.	Samtals
Ástæður samskipta ekki nánar tilgreindar			
0–4 ára	1	5	**6**
5–9 ára	2	0	**2**
10–14 ára	2	3	**5**
15–19 ára	6	2	**8**
20–24 ára	8	4	**12**
25–29 ára	18	3	**21**
30–34 ára	7	4	**11**
35–39 ára	7	3	**10**
40–44 ára	5	8	**13**
45–49 ára	5	6	**11**
50–54 ára	6	3	**9**
55–59 ára	8	5	**13**
60–64 ára	2	1	**3**
65–69 ára	5	1	**6**
70–74 ára	1	0	**1**
75–79 ára	1	5	**6**
eldri en 80 ára	1	7	**8**
Samtals	**85**	**60**	**145**
Ástæður samskipta, aðrar tilgreindar			
0–4 ára	8	12	**20**
5–9 ára	9	7	**16**
10–14 ára	8	11	**19**
15–19 ára	22	14	**36**
20–24 ára	21	27	**48**
25–29 ára	22	19	**41**
30–34 ára	21	15	**36**
35–39 ára	18	10	**28**
40–44 ára	18	7	**25**
45–49 ára	11	11	**22**
50–54 ára	3	10	**13**
55–59 ára	11	6	**17**
60–64 ára	3	8	**11**
65–69 ára	12	3	**15**
70–74 ára	8	9	**17**
75–79 ára	4	2	**6**
eldri en 80 ára	5	5	**10**
Samtals	**204**	**176**	**380**
Lögmæt íhlutun og hernaðaraðgerðir			
10–14 ára	1	0	**1**
15–19 ára	3	2	**5**
20–24 ára	3	1	**4**
25–29 ára	1	0	**1**
30–34 ára	2	0	**2**
35–39 ára	1	0	**1**

	kk.	kvk.	Samtals
40–44 ára	1	1	**2**
60–64 ára	1	0	**1**
Samtals	**13**	**4**	**17**
Ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind			
0–4 ára	0	1	**1**
10–14 ára	4	0	**4**
15–19 ára	7	6	**13**
20–24 ára	9	4	**13**
25–29 ára	10	3	**13**
30–34 ára	2	2	**4**
35–39 ára	3	2	**5**
40–44 ára	1	5	**6**
45–49 ára	2	2	**4**
50–54 ára	2	1	**3**
55–59 ára	3	0	**3**
70–74 ára	0	1	**1**
Samtals	**43**	**27**	**70**
Ofbeldisverk, önnur tilgreind			
5–9 ára	4	2	**6**
10–14 ára	10	4	**14**
15–19 ára	36	27	**63**
20–24 ára	42	28	**70**
25–29 ára	41	20	**61**
30–34 ára	24	13	**37**
35–39 ára	8	10	**18**
40–44 ára	13	12	**25**
45–49 ára	9	8	**17**
50–54 ára	10	3	**13**
55–59 ára	0	1	**1**
60–64 ára	2	0	**2**
65–69 ára	1	1	**2**
70–74 ára	1	0	**1**
eldri en 80 ára	0	1	**1**
Samtals	**201**	**130**	**331**
Sjálfskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur			
15–19 ára	1	1	**2**
20–24 ára	1	0	**1**
25–29 ára	1	0	**1**
30–34 ára	1	0	**1**
35–39 ára	0	1	**1**
40–44 ára	3	0	**3**
Samtals	**7**	**2**	**9**
Sjálfskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur			
15–19 ára	0	1	**1**
25–29 ára	1	0	**1**
30–34 ára	1	0	**1**
35–39 ára	0	1	**1**
40–44 ára	1	1	**2**
Samtals	**3**	**3**	**6**
Sjálfsmeiðingar			
10–14 ára	1	0	**1**
15–19 ára	2	4	**6**
20–24 ára	2	3	**5**
25–29 ára	1	0	**1**
30–34 ára	1	0	**1**
40–44 ára	0	1	**1**

	kk.	kvk.	Samtals
50–54 ára	0	1	**1**
55–59 ára	0	2	**2**
Samtals	**7**	**11**	**18**
Sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun			
15–19 ára	4	7	**11**
20–24 ára	3	3	**6**
25–29 ára	3	1	**4**
30–34 ára	3	3	**6**
35–39 ára	4	2	**6**
40–44 ára	1	2	**3**
45–49 ára	2	1	**3**
50–54 ára	1	0	**1**
55–59 ára	1	3	**4**
Samtals	**22**	**22**	**44**
Sjúkdómur og ástand án beins samhengis við meinsemd af ytri orsök			
0–4 ára	118	102	**220**
5–9 ára	115	103	**218**
10–14 ára	108	106	**214**
15–19 ára	376	502	**878**
20–24 ára	718	735	**1.453**
25–29 ára	636	552	**1.188**
30–34 ára	569	415	**984**
35–39 ára	506	427	**933**
40–44 ára	513	446	**959**
45–49 ára	370	386	**756**
50–54 ára	391	310	**701**
55–59 ára	401	365	**766**
60–64 ára	297	256	**553**
65–69 ára	333	297	**630**
70–74 ára	424	387	**811**
75–79 ára	352	363	**715**
eldri en 80 ára	437	605	**1.042**
Samtals	**6.664**	**6.357**	**13.021**
Slagsmál, handalögmál			
5–9 ára	3	2	**5**
10–14 ára	24	7	**31**
15–19 ára	225	40	**265**
20–24 ára	289	59	**348**
25–29 ára	136	39	**175**
30–34 ára	87	24	**111**
35–39 ára	69	30	**99**
40–44 ára	55	24	**79**
45–49 ára	44	18	**62**
50–54 ára	19	8	**27**
55–59 ára	25	6	**31**
60–64 ára	3	3	**6**
65–69 ára	3	1	**4**
70–74 ára	1	0	**1**
Samtals	**983**	**261**	**1.244**
Slys og önnur óhöpp			
0–4 ára	1.438	1.051	**2.489**
5–9 ára	1.496	1.082	**2.578**
10–14 ára	1.703	1.443	**3.146**
15–19 ára	2.100	1.308	**3.408**
20–24 ára	2.320	1.168	**3.488**
25–29 ára	1.760	877	**2.637**

	kk.	kvk.	Samtals
30–34 ára	1.271	610	**1.881**
35–39 ára	1.152	634	**1.786**
40–44 ára	1.002	551	**1.553**
45–49 ára	809	601	**1.410**
50–54 ára	617	482	**1.099**
55–59 ára	513	444	**957**
60–64 ára	315	332	**647**
65–69 ára	282	318	**600**
70–74 ára	253	358	**611**
75–79 ára	185	289	**474**
eldri en 80 ára	192	490	**682**
Samtals	**17.408**	**12.038**	**29.446**
Vanræksla og þess háttar			
eldri en 80 ára	0	1	**1**
Samtals	**0**	**1**	**1**
Víma af efnum			
15–19 ára	2	6	**8**
20–24 ára	2	2	**4**
25–29 ára	2	1	**3**
35–39 ára	0	2	**2**
40–44 ára	0	2	**2**
Samtals	**6**	**13**	**19**
Samtals	**25.646**	**19.105**	**44.751**

Tafla 7. Landspítali – háskólasjúkrahús.
Slysa- og bráðasvið G2, Fossvogi, 1. janúar 2001 – 31. desember 2001.

	kk.	kvk.	Samtals
Ástæður samskipta ekki nánar tilgreindar			
0–4 ára	5	8	**13**
5–9 ára	5	5	**10**
10–14 ára	3	2	**5**
15–19 ára	19	10	**29**
20–24 ára	24	19	**43**
25–29 ára	22	7	**29**
30–34 ára	15	8	**23**
35–39 ára	16	3	**19**
40–44 ára	10	7	**17**
45–49 ára	10	3	**13**
50–54 ára	16	7	**23**
55–59 ára	13	6	**19**
60–64 ára	5	1	**6**
65–69 ára	4	1	**5**
70–74 ára	5	8	**13**
75–79 ára	3	3	**6**
eldri en 80 ára	2	9	**11**
Samtals	**177**	**107**	**284**
Ástæður samskipta, aðrar tilgreindar			
0–4 ára	7	10	**17**
5–9 ára	5	6	**11**
10–14 ára	1	2	**3**
15–19 ára	9	7	**16**
20–24 ára	16	21	**37**
25–29 ára	15	10	**25**
30–34 ára	15	10	**25**
35–39 ára	14	7	**21**

	kk.	kvk.	Samtals
40–44 ára	10	9	**19**
45–49 ára	3	13	**16**
50–54 ára	5	8	**13**
55–59 ára	10	9	**19**
60–64 ára	9	3	**12**
65–69 ára	3	2	**5**
70–74 ára	4	5	**9**
75–79 ára	1	5	**6**
eldri en 80 ára	2	4	**6**
Samtals	**129**	**131**	**260**
Kynferðisleg árás			
20–24 ára	0	1	**1**
35–39 ára	0	1	**1**
40–44 ára	0	1	**1**
45–49 ára	0	1	**1**
Samtals	**0**	**4**	**4**
Lögmæt íhlutun og hernaðaraðgerðir			
15–19 ára	1	0	**1**
20–24 ára	5	0	**5**
25–29 ára	1	0	**1**
30–34 ára	0	1	**1**
40–44 ára	0	1	**1**
50–54 ára	1	0	**1**
Samtals	**8**	**2**	**10**
Ofbeldisverk, ekki nánar tilgreind			
5–9 ára	1	0	**1**
10–14 ára	1	2	**3**
15–19 ára	3	3	**6**
20–24 ára	2	3	**5**
25–29 ára	8	6	**14**
30–34 ára	5	4	**9**
35–39 ára	1	3	**4**
40–44 ára	0	4	**4**
45–49 ára	1	3	**4**
50–54 ára	1	0	**1**
55–59 ára	3	0	**3**
60–64 ára	1	0	**1**
Samtals	**27**	**28**	**55**
Ofbeldisverk, önnur tilgreind			
0–4 ára	1	0	**1**
5–9 ára	6	0	**6**
10–14 ára	8	9	**17**
15–19 ára	18	16	**34**
20–24 ára	31	15	**46**
25–29 ára	21	14	**35**
30–34 ára	15	3	**18**
35–39 ára	10	8	**18**
40–44 ára	14	6	**20**
45–49 ára	4	4	**8**
50–54 ára	2	2	**4**
55–59 ára	3	2	**5**
60–64 ára	1	0	**1**
65–69 ára	1	1	**2**
75–79 ára	1	0	**1**
Samtals	**136**	**80**	**216**

	kk.	kvk.	Samtals
Sjálfskaði af ásettu ráði, ekki nánar tilgreindur			
15–19 ára	0	2	**2**
20–24 ára	4	0	**4**
25–29 ára	0	2	**2**
35–39 ára	1	0	**1**
55–59 ára	1	0	**1**
65–69 ára	1	0	**1**
Samtals	**7**	**4**	**11**
Sjálfskaði af ásettu ráði, annar tilgreindur			
15–19 ára	0	1	**1**
40–44 ára	1	0	**1**
Samtals	**1**	**1**	**2**
Sjálfsmeiðingar			
10–14 ára	0	1	**1**
15–19 ára	1	9	**10**
20–24 ára	2	2	**4**
25–29 ára	1	0	**1**
35–39 ára	3	0	**3**
40–44 ára	1	1	**2**
45–49 ára	1	0	**1**
Samtals	**9**	**13**	**22**
Sjálfsvígstilraun og hugsanleg sjálfsvígstilraun			
10–14 ára	0	1	**1**
15–19 ára	3	8	**11**
20–24 ára	15	8	**23**
25–29 ára	2	4	**6**
30–34 ára	1	0	**1**
35–39 ára	2	4	**6**
40–44 ára	4	4	**8**
50–54 ára	3	0	**3**
55–59 ára	0	1	**1**
70–74 ára	0	1	**1**
Samtals	**30**	**31**	**61**
Sjúkdómur og ástand án beins samhengis við meinsemd af ytri orsök			
0–4 ára	129	109	**238**
5–9 ára	111	101	**212**
10–14 ára	137	129	**266**
15–19 ára	375	504	**879**
20–24 ára	723	773	**1.496**
25–29 ára	700	572	**1.272**
30–34 ára	545	457	**1.002**
35–39 ára	570	441	**1.011**
40–44 ára	575	474	**1.049**
45–49 ára	496	449	**945**
50–54 ára	430	378	**808**
55–59 ára	395	372	**767**
60–64 ára	296	264	**560**
65–69 ára	321	303	**624**
70–74 ára	405	377	**782**
75–79 ára	376	393	**769**
eldri en 80 ára	448	650	**1.098**
Samtals	**7.032**	**6.746**	**13.778**
Slagsmál, handalögmál			
5–9 ára	2	3	**5**
10–14 ára	44	13	**57**
15–19 ára	200	56	**256**

	kk.	kvk.	Samtals
20–24 ára	268	69	**337**
25–29 ára	163	42	**205**
30–34 ára	78	31	**109**
35–39 ára	71	28	**99**
40–44 ára	50	32	**82**
45–49 ára	25	23	**48**
50–54 ára	26	13	**39**
55–59 ára	14	9	**23**
60–64 ára	6	2	**8**
65–69 ára	2	0	**2**
70–74 ára	2	1	**3**
75–79 ára	1	1	**2**
eldri en 80 ára	0	1	**1**
Samtals	**952**	**324**	**1.276**
Slys og önnur óhöpp			
0–4 ára	1.450	1.047	**2.497**
5–9 ára	1.447	1.069	**2.516**
10–14 ára	1.916	1.429	**3.345**
15–19 ára	2.010	1.246	**3.256**
20–24 ára	2.305	1.126	**3.431**
25–29 ára	1.716	772	**2.488**
30–34 ára	1.275	559	**1.834**
35–39 ára	1.177	601	**1.778**
40–44 ára	1.007	555	**1.562**
45–49 ára	845	548	**1.393**
50–54 ára	634	499	**1.133**
55–59 ára	496	373	**869**
60–64 ára	305	338	**643**
65–69 ára	297	315	**612**
70–74 ára	238	322	**560**
75–79 ára	204	313	**517**
eldri en 80 ára	257	502	**759**
Samtals	**17.579**	**11.615**	**29.194**
Vanræksla og þess háttar			
10–14 ára	0	1	**1**
Samtals	**0**	**1**	**1**
Víma af efnum			
15–19 ára	1	1	**2**
20–24 ára	2	0	**2**
25–29 ára	1	3	**4**
30–34 ára	0	1	**1**
40–44 ára	0	1	**1**
50–54 ára	1	0	**1**
Samtals	**5**	**6**	**11**
Samtals	**26.092**	**19.093**	**45.185**

1275. Svar [235. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um útselda hjúkrunarþjónustu.

1. *Hver er ástæða þess að heilbrigðisstofnanir á föstum fjárlögum kaupa útselda hjúkrunarþjónustu?*
2. *Hvaða heilbrigðisstofnanir kaupa eða hafa keypt útselda hjúkrunarþjónustu og af hverjum hefur sú þjónusta verið keypt, sundurgreint eftir stofnunum og sviðum eða deildum?*
3. *Hver var kostnaður hvers sviðs eða deildar við aðkeypta hjúkrunarþjónustu á síðasta ári, sundurgreint eftir útseldum tímum hvers mánaðar?*
4. *Hvernig er staðið að kaupum á útseldri hjúkrunarþjónustu og hvernig kemur þjónustan út rekstrarlega og faglega í samanburði við þjónustu fastráðinna hjúkrunarfræðinga?*
5. *Hefur verið kannað hvort þetta fyrirkomulag hafi haft áhrif á nýráðningar eða starfshlutfall þeirra hjúkrunarfræðinga sem fyrir eru í starfi?*
6. *Hve margir hjúkrunarfræðingar eru á samningi við Tryggingastofnun ríkisins og á hvaða sviðum vinna þeir?*
7. *Er áformað að fjölga sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingum*
   a. *á heilbrigðisstofnunum,*
   b. *utan heilbrigðisstofnana?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leitaði svara við framangreindum spurningum þingmannsins og sendi þær viðkomandi stofnunum auk þess að leita upplýsinga hjá fyrirtækjum sem selja hjúkrunarþjónustu. Tafsamt var að ná saman þessum upplýsingum og þegar svör bárust kom í ljós misræmi milli upplýsinga sem heilbrigðisstofnanirnar og fyrirtækin veittu. Einnig reyndust stofnanirnar ýmist taka fyrirspurninni svo að óskað væri upplýsinga um kostnað vegna útseldrar þjónustu á árinu 2002 eða árinu 2001. Innan tímaramma fyrirspurnarinnar reyndist ekki unnt að senda út bréf á ný til að afla nákvæmari upplýsinga. Af framangreindum ástæðum er ekki unnt að veita sundurliðaðar upplýsingar um kostnaðarskiptingu eins og óskað var eftir. Þær upplýsingar um kostnað sem hér koma fram veita þó ákveðna vísbendingu um umfang þessarar þjónustu.

Útseld hjúkrunarþjónusta.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust ráðuneytinu hafa eftirtaldar heilbrigðisstofnanir á föstum fjárlögum keypt útselda hjúkrunarþjónustu:

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Droplaugarstaðir – hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Reykjavík.

Sunnuhlíð – hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi.

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi.

St. Franciskusspítali í Stykkishólmi.

Heilsugæslustöðvarnar í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði hafa með sér samkomulag um sameiginlega kvöldþjónustu í heimahjúkrun.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Þau fyrirtæki sem framantaldar stofnanir hafa keypt af hjúkrunarþjónustu eru Alhjúkrun ehf., Liðsinni ehf., Hjúkrun og heilsa ehf. og Lampinn ehf.

Helstu ástæður sem forsvarsmenn framangreindra stofnana tilgreina fyrir kaupum á útseldri þjónustu eru þessar:

Í fyrsta lagi *skortur á hjúkrunarfræðingum*. Ýmist getur verið um að ræða viðvarandi skort á hjúkrunarfræðingum og mönnunarvanda vegna þess eða tímabundinn skort á hjúkrunarfræðingum vegna fría eða veikinda.

Í öðru lagi *tímabundið aukið álag á deildum*. Tímabundið álag getur stafað af lengri fjarvistum starfsfólks eða verið vegna ófyrirséðra álagstoppa. Með kaupum á útseldri þjónustu er unnt að brúa tímabil þegar álag er óvenjumikið í stað þess að manna deildir ávallt miðað við hámarksálag.

Í þriðja lagi *sérstök verkefni*. Hér má nefna þegar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fól Landspítala – háskólasjúkrahúsi að taka að sér tímabundinn rekstur hjúkrunardeildar fyrir aldraða meðan beðið var eftir opnun Sóltúnsheimilisins í Reykjavík. Sjúkrahúsið samdi þá við tvo hjúkrunarfræðinga um rekstur tuttugu og tveggja rúma hjúkrunardeildar undir merkjum Lampans ehf. Einnig má hér nefna samkomulag heilsugæslustöðvanna í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði um sameiginlega kvöldþjónustu í heimahjúkrun og vegna hjúkrunarþjónustu í Eirarhúsum.

Kostnaður við aðkeypta hjúkrunarþjónustu.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, dags. 20. 11. 2002, hafði sjúkrahúsið þá greitt á árinu 27 millj. kr. vegna aðkeyptrar þjónustu á eftirtöldum sviðum: geðsviði, öldrunarsviði og lyflækningasviði.

Samkvæmt upplýsingum Landspítala – háskólasjúkrahúss þurfa sviðsstjórar sem kjósa að fara þessa leið í rekstri, þ.e. að kaupa útselda hjúkrunarþjónustu, að gera það með formlegum hætti. Fyrir þarf að liggja greining á mannaflaþörf, faglegri stöðu og styrkleika/veikleika, áætlanir um á hvaða forsendum utanaðkomandi mannafli kemur inn og enn fremur mat á kostnaði við að fara þessa leið. Samningar um kaup á hjúkrunarþjónustu frá utanaðkomandi aðila eru alltaf gerðir í samvinnu við viðkomandi deildarstjóra.

Faglegar hliðar: Samkvæmt upplýsingum Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa kaup á hjúkrunarþjónustu reynst faglega vel, yfirleitt sé um að ræða hjúkrunarfræðinga með mikla reynslu sem geti unnið sjálfstætt og séu fljótir að komast inn í störf á viðkomandi deild. Sá ókostur er þó nefndur að þar sem unnið er í teymisvinnu sé mikilvægt að hjúkrunarfræðingar séu vel að sér um málefni hvers sjúklings, t.d. þegar kemur að fjölskyldufundum. Þessu séu takmörk sett þegar um aðkeypta hjúkrunarþjónustu er að ræða.

Rekstrarlegar hliðar: Samkvæmt upplýsingum Landspítala – háskólasjúkrahúss er jafnan reynt að manna vaktir með starfsfólki sjúkrahússins frekar en aðkeyptri þjónustu, enda sé það ódýrara í krónum talið. Þessi möguleiki skipti þó miklu máli til að hægt sé að halda álagi á starfsfólk innan hóflegra marka en mikið álag getur leitt til aukinna veikinda starfsfólks. Í mörgum tilvikum þyrfti deildarstjóri að standa vaktina þegar aðra kosti þryti og þá er aðkeypt þjónusta hjúkrunarfræðinga hagkvæmari.

Droplaugarstaðir.

Droplaugarstaðir hafa keypt hjúkrunarþjónustu vegna tímabundins skorts á hjúkrunarfræðingum og einnig vegna fría eða veikinda. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni í desember 2002 var greiddur kostnaður á árinu vegna aðkeyptrar hjúkrunarþjónustu rúmar 170.000 krónur.

Í svari Droplaugarstaða kemur fram að aðkeypt þjónusta sé dýrari en fastráðning hjúkrunarfræðinga en með þessu móti megi viðhalda þjónustu þegar skortur sé á hjúkrunarfræðingum. Þá sé hagkvæmara að kaupa þessa þjónustu frekar en að hafa of mikið álag á hjúkr-

unarfræðinga stofnunarinnar. Einnig sé dýrt ef vinnunni er þannig háttað að frítökuréttur komi til.

Sunnuhlíð.

Í svari frá Sunnuhlíð kemur fram að kaupa hafi þurft hjúkrunarþjónustu til að unnt væri að manna allar vaktir með hjúkrunarfræðingum. Ekki þurfti aðkeypta hjúkrunarþjónustu árið 2001 en árið 2002 (jan.–nóv.) nam kostnaður vegna þessa rúmum 500.000 kr. Fram kemur að samið hafi verið um kaup á þessari þjónustu fyrir ákveðnar vaktir á tilteknum tímabilum. Um rekstrarlega útkomu segir að dýrara sé að kaupa þessa þjónustu en að vera með fastráðna hjúkrunarfræðinga. Þá segir að fagleg vinna aðkeyptra hjúkrunarfræðinga sé ekki síðri en þeirra fastráðnu. Aftur á móti hafi þeir ekki sömu forsendur að byggja á í starfi og fastráðnir hjúkrunarfræðingar.

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi.

Fyrri hluta ársins 2002 tókst ekki að fullmanna stöðugildi hjúkrunarfræðinga á handlækninga- og lyflækningadeild og var af þeim sökum keypt hjúkrunarþjónusta fyrir tæpar 370.000 kr.

St. Franciskusspítali í Stykkishólmi.

Vegna tímabundins skorts á hjúkrunarfræðingum var keypt hjúkrunarþjónusta árið 2001 til að brúa ákveðið tímabil þar sem hjúkrunarfræðing vantaði til starfa. Hjúkrunarfræðingur á vegum fyrirtækisins sem þjónustan var keypt af var fyrrverandi starfsmaður sjúkrahússins og þekkti því vel til aðstæðna.

Heilsugæslustöðvarnar í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.

Samkomulag er milli heilsugæslustöðvanna í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði um sameiginlega kvöldþjónustu í heimahjúkrun. Heilsugæslustöðin Sólvangi greiðir laun fyrir þessa þjónustu og endurkrefur heilsugæsluna fyrir hlut Kópavogs. Kostnaður vegna þess í ellefu mánuði árið 2002 (jan.–nóv.) nam 2.542.000 kr. Einnig greiðir heilsugæslan fyrir kaup á hjúkrunarþjónustu frá Eir til að sinna Eirarhúsum samkvæmt samkomulagi þar um. Kostnaður vegna þess í ellefu mánuði árið 2002 (jan.–nóv.) nam 3.620.000 kr.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja keypti ekki útselda hjúkrunarþjónustu fyrr en í nóvember 2002 vegna uppsagna heilsugæslulækna stöðvarinnar. Þá var keypt þjónusta hjúkrunarfyrirtækis og sinntu hjúkrunarfræðingar fyrirtækisins símsvörun og bráðaþjónustu á heilsugæslusviði virka daga, vegna skorts á læknum.

Áhrif á nýráðningar eða starfshlutfall.

Ráðuneytið hefur ekki kannað sérstaklega hvort kaup á útseldri hjúkrunarþjónustu hafi haft áhrif á nýráðningar eða starfshlutfall þeirra hjúkrunarfræðinga sem fyrir eru í starfi. Af svörum stofnana að dæma er yfirleitt ekki talið að kaup á útseldri þjónustu hafi haft áhrif á nýráðningar eða starfshlutfall hjúkrunarfræðinga sem fyrir eru. Umfangsmestu kaup á útseldri hjúkrunarþjónustu eru við Landspítala – háskólasjúkrahús. Í svari sjúkrahússins kemur fram að fjöldi heimilaðra stöðugilda hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala – háskólasjúkrahús sé um 940 og áætlað að um 870 þeirra séu setin. Meðalstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga hefur verið um 80% og segir í svarinu að ekki sé merkjanlegt að kaup á hjúkr-

unarþjónustu hafi haft þar áhrif. Helst megi greina þau áhrif að fækkað hafi keyptum vinnustundum hjúkrunarfræðinga í tímavinnu (þ.e. af lífeyrisþegum, lausráðnum hjúkrunarfræðingum eða hjúkrunarfræðingum með tímavinnusamning).

Hjúkrunarfræðingar á samningi við Tryggingastofnun ríkisins.

Leitað var upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins um hjúkrunarfræðinga á samningi við stofnunina. Samkvæmt samningi stofnunarinnar við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (gildistími til 30. apríl 1998 – 31. des. 2002) um hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa voru í desember sl. starfandi 44 hjúkrunarfræðingar í 25 starfsleyfum. Starfsleyfi fara eftir sérsviðum hjúkrunar og greinast þannig:

	Sérsvið	Fjöldi
1.	Hjúkrun deyjandi sjúklinga	14,5
2.	Geðhjúkrun	2,0
3.	Barnahjúkrun	4,0
4.	Hjúkrun aldraðra	2,0
5.	Hjúkrun stómíusjúklinga	0,5
6.	Óháð starfsgrein	2,0
	Starfsleyfi samtals	25,0

Sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar.

Engin áform eru um það af hálfu ráðuneytisins að fjölga sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingum.

1276. Svar [586. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um úthlutun byggðakvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir sóttu um byggðakvóta samkvæmt auglýsingu ráðherra frá 6. desember sl., sundurliðað eftir þeim landsvæðum sem ráðuneytið úthlutaði til?*
2. *Hverjir fengu byggðakvóta úthlutað (nafn og skipaskrárnúmer) og hvað fékk hver í sinn hlut, skipt eftir tegundum í tonnum og hlutfallslega, og hvernig skiptist úthlutunin eftir landsvæðum?*
3. *Eftir hvaða reglum var farið við úthlutunina?*

1. Tafla 1 sýnir umsækjendur um byggðakvóta, skipt eftir þeim landsvæðum sem ráðherra úthlutaði til.

2. Tafla 2 sýnir úthlutun byggðakvóta, skipt eftir landsvæðum. Úthlutun byggðakvóta samkvæmt reglugerð nr. 909/2002 til einstakra skipa er ekki lokið, en tafla 3 sýnir þá úthlutun á einstök skip sem þegar hefur átt sér stað. Miðað er við slægðan fisk.

3. Við úthlutun byggðakvóta var farið eftir reglugerð nr. 909, 19. desember 2002, um úthlutun á 2.000 lestum af þorski til sjávarbyggða, sbr. fylgiskjal.

Tafla 1. Umsækjendur um byggðakvóta, skipt eftir svæðum.

Nafn	Staður	Bátur
Svæði 1: Suðurland og Suðvesturland (frátalin Reykjavík, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur)		
Aðalsteinn Einarsson		Hringur GK 18
Arnar Magnússon		
Arnar Sigurjónsson	Garður	
Arnar Sigurjónsson	Garður	Gunnhildur (1232)
Arnar Sverrisson	Selfoss	
Ármann Halldórsson	Garður	Guðrún Petrína
Árni Vikarsson	Keflavík	Vikar KE 121 (1794)
Bergþór Baldvinsson	Sandgerði	
Birgir Kristinsson	Sandgerði	
Björn Ingi Bjarnason	Stokkseyri	
Eðvarð Ólafsson	Sandgerði	Elín GK 32 (1836)
Einar Sigurðsson	Þorlákshöfn	
Erlingur Kr. Ævar Jónsson	Þorlákshöfn	Eyrún ÁR 66
Eyjólfur Vilberg Gunnarsson	Grindavík	Tryllir GK 600
Gísli Ólafsson	Sandgerði	Alda GK 71(1582)
Grétar Mar Jónsson	Sandgerði	Una SU 89
Grétar Pálsson	Sandgerði	Sæljómi GK 150 (2050)
Guðfinnur Birgisson	Sandgerði	Kristjana GK 818
Guðjón Bragason	Sandgerði	Ingólfur GK 43 (6856)
Guðjón Þ. Ólafsson	Sandgerði	Óli Gísla GK 112 (2185)
Guðmundur Sveinn Áskelsson	Þorlákshöfn	Láki ÁR 12
Gunnar Pálmason	Sandgerði	Jóa litla (7410)
Gunnar Sturluson	Þorlákshöfn	Danski-Pétur VE 423 (1146)
Gústaf Adolf Gústafsson	Sandgerði	Sindri GK 505 (7361)
Gústaf Adolf Ólafsson	Grindavík	
Gylfi Traustason	Sandgerði	Sæljón
Hafsteinn Sæmundsson	Grindavík	Tryllir GK 600 (6998)
Halldór Ármannsson	Garður	Sigurbjörg Ásgeirs (1600)
Halldór Hafdal Halldórsson	Sandgerði	Dagur GK 55 (6443)
Halldór Pétursson	Garður	
Halldór Þórðarson	Sandgerði	Freyja GK 364 (1927)
Hannes Sigurðsson	Þorlákshöfn	
Haraldur Ó. Haraldsson	Sandgerði	Addi afi GK 106
Haukur Benediktsson	Þorlákshöfn	
Haukur Jónsson	Eyrarbakki	Máni ÁR 70
Heiðar Þorsteinsson	Garður	Guðrún GK 69 (2085)
Heimir Karlsson	Sandgerði	Bjössi GK 235 (7079)
Helgi Ármannsson	Sandgerði	Óli Gísla GK 112 (2185)
Hermann Kristjánsson	Sandgerði	Beta VE 36 (2364)
Hermann Ólafsson	Grindavík	
Hjörleifur Brynjólfsson	Þorlákshöfn	
Hólmar Víðir Gunnarsson	Þorlákshöfn	Júlíus Garðar ÁR 111 (1929)
Ingimar Sumarliðason	Sandgerði	Ransý GK 313
Jens V. Óskarsson	Grindavík	Askur GK 65 (1873) og Manni GK 38
Jóhann Gunnar Jónsson	Sandgerði	Muggur GK 70 (2510)
Jóhann Jóhannsson	Þorlákshöfn	Álaborg ÁR 25 (1359)
Jón Magnússon	Sandgerði	
Jón Páll Kristófersson		
Jónas Frímann Árnason	Garður	Jónas Guðmundsson GK 275 (1499)
Karl Grétar Karlsson	Sandgerði	Helgi GK 404 (2195)
Karl Ólafsson	Garður	
Karl S. Njálsson	Garður	Röstin GK 120
Kolbeinn Grímsson	Þorlákshöfn	Eydís ÁR 26

Nafn	Staður	Bátur
Kristinn Arnberg	Grindavík	Gullfaxi GK 14 (297) og Gullfaxi II GK 3 (1666)
Kristján Gauti Guðlaugsson	Þorlákshöfn	Nökkvi ÁR 101 (2014)
Lúðvík Júlíusson	Sandgerði	
Lúther Harðarson	Garður	Una (1238 og Árvík (1737)
Níels Rafn Guðmundsson	Sandgerði	
Ólafur Ólafsson	Grindavík	Örninn GK 62 2545)
Rafn Guðbergsson	Garður	Brynhildur KE 83
Reinhard Svavarsson	Sandgerði	Þjóðbjörg GK
Reynir Ragnarsson	Vík í Mýrdal	Farsæll VS 1 og Fengsæll VS 3
Róbert Jónsson	Stokkseyri	
Sigurður Aðalsteinsson	Sandgerði	Gæfa GK 114 (1201)
Sigurður Friðriksson	Sandgerði	Guðfinna KE 199
Sigurður Haraldsson	Sandgerði	Svala Dís GK 89
Sigurður Jóhannsson	Sandgerði	
Sigurður Páll Hauksson	Sandgerði	Júlía GK 400 (2094)
Sigurður Valur Ásbjarnarson	Sandgerði	
Snorri Ólafsson	Árborg	
Stefán Hauksson	Þorlákshöfn	
Sturla Erlendsson	Eyrarbakki	
Svavar Ingibergsson	Sandgerði	
Sveinn Lárusson	Garður	Reynir GK 1777
Theodór Guðbergsson	Garður	Stafnes KE 130
Útgerðarfélagið Júlíuss ehf.	Þorlákshöfn	Júlíus Garðar ÁR 111 (1929)
Valdimar Elísson	Kópavogur	Byr KÓ 9
Vilbert Gústafsson	Reykjanesbær	Gauja GK 80
Þorsteinn Grétar Einarsson	Sandgerði	
Þorsteinn Óskarsson	Grindavík	Ásrún GK 266
Þorvaldur Halldórsson	Garður	Gunnar Hámundarson GK 357 (500)
Þórhallur Frímannsson	Garður	Árdís GK 27 (2006)
Svæði 2: Vesturland frá Akranesi til Snæfellsness		
Aldís Rögnvaldsdóttir	Ólafsvík	Gunnar afi SH 474
Ásgeir Árnason	Stykkishólmur	Gísli Gunnarsson SH 85 (1850)
Baldvin Leifur Ívarsson	Ólafsvík	Fanney
Bjarni Ólafsson	Ólafsvík	Ármann SH 323 (6037)
Björgvin Lárusson	Grundarfjörður	
Brynjar Kristmundsson	Ólafsvík	Mímir I SH 187 (6825)
Böðvar Ingvason	Akranes	Emilía AK 57
Börkur Jónsson	Akranes	Harpa II AK 55 (6353)
Ellert Ágústsson	Stykkishólmur	Grettir (182)
Ellert Svavarsson	Ólafsvík	Kló SH 363 (7363)
Gísli Gunnar Marteinsson	Ólafsvík	Glaður SH 226 (2384)
Gísli Hallbjörnsson	Akranes	Sigrún AK 71 (1780)
Gísli Ólafsson	Grundarfjörður	Birta SH 203, Láki SH 55
Gísli S. Einarsson	Akranes	Farsæll AK 30 (6451)
Guðmundur E. Magnússon	Ólafsvík	Fanney
Guðný Elín Vésteinsdóttir		Elín MB 11 (6001)
Gunnar Bergmann Traustason	Ólafsvík	Gísli SH 721 (7121)
Gunnar Hjálmarsson	Grundarfjörður	Haukaberg SH 20
Gunnar Sturluson	Ólafsvík	Leifur Halldórsson SH 217
Gunnlaugur Árnason	Stykkishólmur	Grettir SH 104 (182)
Hafsteinn Guðmundsson	Flatey Breiðafirði	Sæberg SH 475 (5665)
Halldór Jónasson	Stykkishólmur	Þórsnes SH 108, Þórsnes II SH 109
Hjörtur Björgvin Árnason	Borgarnes	
Jakob Hendriksson	Akranes	
Jóhann R. Kristinsson	Rif	Særif (2289)

Nafn	Staður	Bátur
Jóhannes Eyleifsson	Akranes	Leifi AK 2 (6976)
Jóhannes S. Ólafsson	Akranes	Hrólfur AK 29 (1959)
Jón Óskar Ágústsson		Smári HF 122 (6395)
Kristinn J. Friðþjófsson	Rif	Hamar SH 224, Litli Hamar SH 222
Kristinn J. Friðþjófsson	Rif/Grundarfjörður	Hamar SH, Helgi SH, Hringur SH
Kristín Vigfúsdóttir	Ólafsvík	
Kristján Guðmundsson	Ólafsvík	Farsæll SH 30 (1629)
Kristján Torfason	Grundarfjörður	Þorleifur SH 120
Kristjón Grétarsson	Rif	Bliki SH 130 (7202)
Ólafur Högnason	Snæfellsbær	Hamar SH, Helgi SH
Pétur F. Karlsson	Ólafsvík	Jói á Nesi SH 359 (617)
Pétur Ingi Vigfússon	Rif	Fúsi (2306)
Rafnar Birgisson	Hellissandur	Sólberg SH 72
Reynir Axelsson	Hellissandur	Bugga SH 102 (2055)
Sigurbjörn Sævar Magnússon	Ólafsvík	
Skarphéðinn Árnason	Akranes	Kveldúlfur AK 25 (6518)
Steindór Oliversson	Akranes	Þura II AK 82 (7037)
Sveinn G. Pálmason	Grundarfjörður	Magnús í Fell SH 177
Torfi Sigurðsson	Ólafsvík	
Valdimar Eyjólfs Geirsson	Akranes	Valdimar AK 15 (1644)
Þorgrímur Benjamínsson	Ólafsvík	Benjamín Guðmundsson SH 208
Þorsteinn Reynir Hauksson	Ólafsvík	Gunnar Bjarnason SH 122
Þráinn Sigtryggsson	Ólafsvík	Sveinbjörn Jakobsson SH 10 (260)
Þröstur Albertsson	Ólafsvík	Ásþór SH 888 (1618)

Svæði 3: Syðri hluti Vestfjarða, Vesturbyggð og Tálknafjörður

Aðalsteinn Gíslason	Patreksfjörður	Gylfi BA 18
Arnar B. Atlason	Tálknafjörður	
Árni Magnússon	Patreksfjörður	
Davíð Páll Bredesen	Patreksfjörður	Hólmaröst BA 94 (2134)
Dröfn Árnadóttir		
Eggert Björnsson	Patreksfjörður	Svanur BA (7437)
Einar Jónsson		
Einar Jónsson		
Erlendur Kristjánsson	Patreksfjörður	Vestfirðingur (7263)
Geir Gestsson	Patreksfjörður	
Grétar M. Guðfinnsson	Patreksfjörður	Tálkni BA 123 (6674)
Guðfinnur Pálsson	Patreksfjörður	
Guðjón Indriðason	Tálknafjörður	Kópur BA 175
Guðlaug Björnsdóttir	Tálknafjörður	Bangsi BA 333
Guðmundur Magnússon	Tálknafjörður	Gyllir BA 214
Gunnar Bjarnason	Patreksfjörður	Sæfari BA 110 (6857)
Gunnar Jóhannsson	Hólmavík	Sigurbjörg BA 155 (2475)
Gunnhildur Grímsdóttir	Bíldudalur	Aðalvík BA 109 (1944)
Hafþór G. Jónsson	Patreksfjörður	Jón Páll BA 133 (7096
Halldór Árnason	Patreksfjörður	Sæbjörg BA 59 (1188)
Hans P. Djurhuus	Tálknafjörður	Gyða BA 277 (7354)
Heimir Ingvason	Vesturbyggð	
Hjörleifur Guðmundsson	Patreksfjörður	Hrannar BA 70 (7368)
Hlynur Ársælsson	Tálknafjörður	Bjarmi BA 326 (1321)
Hrólfur Björnsson	Tálknafjörður	Kristjana Þorsteins BA 89 (6978)
Jóhannes Héðinsson		
Jón Ingi Jónsson	Tálknafjörður	
Jóna Magnúsdóttir	Patreksfjörður	Gylfi BA 18
Kolbeinn Pétursson	Tálknafjörður	
Kolbeinn Pétursson	Tálknafjörður	

Nafn	Staður	Bátur
Leifur Halldórsson	Patreksfjörður	Bensi BA 46 (7456)
Magnús Guðmundsson	Tálknafjörður	
Magnús Jónsson	Patreksfjörður	Ásborg (1109)
Magnús Jónsson	Bíldudalur	Þrándur BA 67 (2417)
Markfiskur ehf.	Bíldudalur	Atlavík BA 108 (1263)
Ólafur H. Haraldsson		
Páll Líndal Jensson	Patreksfjörður	
Sigurður Gunnarsson	Tálknafjörður	Sæberg BA 224
Sigurður Viggósson		
Skúli T. Haraldsson	Patreksfjörður	
Sturla M. Jónasson	Patreksfjörður	
Sverrir Garðarsson	Bíldudalur	Bjarmi BA 85
Tryggvi Ársælsson		Sæli BA 333 (2435)
Útgerðarfélag Arnfirðinga	Bíldudalur	
Útgerðarfélagið Aðalsteinn sf.	Tálknafjörður	
Þór Magnússon	Tálknafjörður	Bangsi BA 333
Þórður Sveinsson	Vesturbyggð	
Þórhallur Óskarsson	Tálknafjörður	Ferskur BA 103 (7453)
Þórir G. Hinriksson	Brjánslækur	Sigurjón BA 23 (1185)
Svæði 4: Nyrðri hluti Vestfjarða, Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavík		
Agnar Ebeneserson		
Aldís Rögnvaldsdóttir	Bolungarvík	Þristur ÍS 203
Arnar Kristjánsson	Ísafjörður	
Arngrímur Kristinsson	Bolungarvík	Örkin ST 19 (1653)
Árni Árnason	Suðureyri	Unna ÍS 77 (1909)
Ástvaldur Pétursson	Þingeyri	Petra ÍS 78 (2335)
Benedikt Guðmundsson	Bolungarvík	Páll Helgi ÍS 142
Benedikt Sigurðsson	Bolungarvík	
Björgvin Bjarnason	Bolungarvík	
Brynjar Gunnarsson	Þingeyri	Kristín Þórunn ÍS 6214)
Davíð Kjartansson		
Eggert Jónsson	Ísafjörður	
Einar Guðbjartsson		
Einar Guðmundsson		
Einar Valur Kristjánsson		
Elías Ketilsson	Bolungarvík	Sæbjörn ÍS 121 (1118) Nanna ÍS 321
Elías Oddsson		
Erlingur Hjálmarsson	Bolungarvík	Bjargfuglinn (5143)
Finnbjörn Elíasson	Hnífsdalur	Mímir ÍS 30 (0089)
Gísli Jón Kristjánsson	Ísafjörður	Aldan ÍS 47
Grétar Helgason	Ísafjörður	
Guðmundur A. Einarsson		
Guðmundur B. Hagalínsson	Flateyri	
Guðmundur Einarsson		
Guðmundur Jens Jóhannsson	Ísafjörður	Magnús H
Guðmundur Svavarsson		
Guðrún Pálsdóttir	Flateyri	Blossi ÍS 125 (2320)
Gunnar Guðmundsson	Ísafjörður	
Gunnlaugur Á. Finnbogason	Ísafjörður	
Hafsteinn Aðalsteinsson	Þingeyri	Sól Dögg ÍS 39 (7352)
Halldór Arason	Vesturbyggð	
Halldór Egilsson	Þingeyri	
Halldór Magnússon	Súðavík	Kofri ÍS 404 (1381)
Halldór Mikkaelsson	Flateyri	
Hallgrímur Guðfinnsson	Bolungarvík	Tjaldur ÍS 6 (1583)

Nafn	Staður	Bátur
Hinrik Kristjánsson	Flateyri	
Hreiðar Svavarsson	Bolungarvík	Uggi ÍS 404 (1785)
Jakob Flosason		
Jóhann Bjarnason	Suðureyri	Berta G ÍS 161 (1998)
Jón Guðbjartsson		
Jón Pálmason	Ísafjörður	
Jónas Helgason	Ísafjörður	
Júlíus S. Pálsson	Ísafjörður	
Ketill Elíasson	Bolungarvík	Glaður ÍS 421 (2529)
Konráð Eggertsson		
Kristján A. Guðjónsson	Ísafjörður	
Kristján Þorleifsson		
Kristján Þorleifsson	Bolungarvík	Ölver ÍS 49 (7479)
Kristmundur Finnbogason	Þingeyri	Mýfell ÍS 123 (1811)
Kristmundur Finnbogason	Þingeyri	Ver ÍS
Kristmundur Finnbogason	Þingeyri	Mýrfell ÍS 123 (1811)
Norðurborg eh.	Þingeyri	
Ólöf Aðalbjörnsdóttir	Suðureyri	Golan ÍS 10
Páll Björnsson	Þingeyri	Bibbi Jóns ÍS 65 (2199)
Ragnar I. Hálfdánarson		
Ragnar Ólafur Guðmundsson	Þingeyri	Bára ÍS 48 (7415)
Ragnar Traustason	Suðureyri	Trausti ÍS 111
Sigurgeir Þórarinsson	Bolungarvík	Guðný Anna ÍS 9 (2086)
Sigurvin Magnússon		
Skarphéðinn Gíslason		
Snorri Sturluson		
Svavar Geir Ægisson	Bolungarvík	Marína ÍS 888 (7346)
Svavar Geir Ævarsson	Bolungarvík	Marína ÍS 888 (7346)
Sveinn Björnsson	Bolungarvík	
Valur Harðarson	Ísafjörður	Gulltoppur ÍS 178 (6589)
Vilmundur Vilmundarson	Flateyri	Tímon BA 4 (7311)
Þórður J. Sigurðsson	Ísafjörður	Dýrfirðingur ÍS 58 (1730)
Þórður St. Árnason	Vesturbyggð	

Svæði nr. 5: Byggðir við Húnaflóa

Ágúst Ómarsson		
Ármann Halldórsson	Keflavík	Kristján ST-78
Ásbjörn Magnússon	Drangsnes	Sundhani ST 3
Ásgeir Blöndal	Blönduós	
Baldur Arason	Hvammstangi	Dínó HU 70
Birgir Guðmundsson		
Bjarni Einarsson	Blönduós	
Bjarni Elíasson	Drangsnes	Hafrún ST 4
Bragi Árnason		
Böðvar Hrólfsson	Hólmavík	
Elísabet Pálsdóttir	Hólmavík	Bensi Egils ST 13
Gestur Guðmundsson	Blönduós	
Guðjón Vilhjálmsson	Drangsnes	Dóri ST 42
Guðmundur G. Jónsson	Húnaflói	Guðmundur Gísli ST 23
Guðmundur Guðmundsson	Drangsnes	Gummi ST 31
Guðmundur Jónsson	Húnaflói	Fiskavík ST 44
Guðmundur R. Guðmundsson		
Guðmundur R. Jóhannsson	Hólmavík	Ösp ST 22
Guðmundur V. Gústafsson	Hólmavík	Sæbjörg ST 7
Gunnar Þór Gunnarsson	Blönduós	
Gunnsteinn Gíslason	Húnaflói	Óskar III ST 40

Nafn	Staður	Bátur
Gunnsteinn Gíslason	Húnaflói	Óskar III ST 40
Halldór Guðmundsson	Drangsnes	Æður ST 41
Haraldur Árnason	Skagaströnd	
Haraldur F. Arason	Hvammstangi	
Hlynur Freyr Vigfússon	Drangsnes	Jón Magnússon ST 88
Hlynur Freyr Vigfússon	Drangsnes	Jón Magnússon ST 88
Hrafnkell Gunnarsson	Hvammstangi	Fanney SK 83
Húnaþing vestra	Hvammstangi	
Ingvar Pétursson		
Ívar Snorri Halldórsson	Blönduós	
Jóhannes Þórðarson	Blönduós	
Jón E. Alfreðsson	Hólmavík	Hilmir ST 1
Jón Óskar Ágústsson		Jónas Gunnlaugsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir	Blönduós	
Kári Snorrason	Blönduós	
Magnús B. Jónsson	Skagaströnd	
Matthías Sigursteinsson	Blönduós	
Már Ólafsson		
Ólafur Halldórsson	Hólmavík	Bára RE 31
Ómar Karlsson		
Runólfur Aðalbjörnsson		
Sigurður Ágúst Guðbjörnsson	Hvammstangi	Góa HU
Stefán Sveinsson		
Steinar Jónsson	Blönduós	Sómi 900
Sævar Rafn Hallgrímsson	Skagaströnd	Hafgeir HU 21
Svæði nr. 6: Byggðir við Skagafjörð og Siglufjörð		
Arngrímur Jónsson	Siglufjörður	Alfa SI 65
Jökull ehf.	Skagaströnd	Ólafur Magnússon
Lýður Hallbertsson	Skagaströnd	Dagrún ST 12
Vík ehf.	Skagaströnd	Alda HU 12
Ragnhildur Rögnvaldsdóttir	Siglufjörður	Viggó SI 32
Útgerðar- og fiskvinnslu-fyrirtækið Bergeyjan ehf.	Hofsós	
Bjarni Egilsson	Skagaströnd	Hrönn SK 70
Daníel Baldursson	Siglufjörður	
Krókur ehf.	Siglufjörður	
Fiskbúð Siglufjarðar	Siglufjörður	
Siglunes ehf.	Siglufjörður	Mávur SI 76
Jóhann Jónsson	Siglufjörður	Jón Kristinn SI 52
Bæjarráð Siglufjarðar	Siglufjörður	
Guðni Sigtryggsson	Siglufjörður	Dúan SI 130
Sverrir Björnsson	Siglufjörður	Viggó SI 32
Björn R. Arason		
Ari Sigþór Eðvaldsson	Ólafsfjörður	Smári ÓF 20
Stefán Einarsson	Siglufjörður	Emma SI 164
Pétur Guðmundsson	Siglufjörður	Farsæll SI 93
Árni Egilsson	Hofsós	
Haukur Steingrímsson	Sauðárkrókur	Gammur SK 12
Hörður Ársæll Ólafsson	Sauðárkrókur	Sjöfn ÁR 123
Viggó Jón Einarsson	Hofsós	Óskar Sk 13
Haukur Jónsson		
Sverrir Sveinsson	Siglufjörður	Guðrún Jónsdóttir SI
Þorleifur Ingólfsson	Sauðárkrókur	Fannar SK 11

Nafn	Staður	Bátur
Svæði nr. 7: Byggðir við Eyjafjörð og Grímsey		
Aðalbjörn Sigurlaugsson	Ólafsfjörður	Blíðfari ÓF 70
Aðalsteinn Helgason	Dalvíkurbyggð	Haukur E
Aðalsteinn Helgason	Dalvíkurbyggð	Sæþ.
Alfreð Garðarsson		
Almar Björnsson		
Arngrímur Jónsson	Dalvík	Muggur EEA 26
Auðun Benediktsson	Akureyri	Þingey ÞH 51
Árni Halldórsson	Hauganes	Níels Jónsson EA106
Árni Halldórsson	Hauganes	Níels Jónsson EA 106
Árni Kristinsson		
Bergur Guðmundsson	Dalvík	
Bergur Guðmundsson	Dalvík	
Bjarni Gylfason		
Bjarni R. Magnússon	Grímsey	T.B Fiske EA 33
Björn Halldórsson	Ólafsfjörður	Marvin ÓF 28
Brynjar Baldvinsson	Árskógssandur	Kópur EA 325
Davíð Stefánsson	Dalvík	Búi EA 100
Erlendur Steinar Friðriksson	Akureyri	
Friðrik Eyfjörð Jónsson	Grenivík	Anna ÞH 131
Friðrik Sigurjónsson	Akureyri	Sigurjón Friðriksson EA 50
Friðrik Þorsteinsson		
Frímann Ingólfsson	Ólafsfjörður	Þröstur ÓF 24
G. Ingason hf.	Hrísey	
Gestur Matthíasson	Dalvík	Bliki EA 12
Gísli Sigurðsson		
Guðlaugur Jóhannesson	Eyjafjörður	Svalur EA 22
Guðlaugur Óli Þorlákssón	Akureyri	Hafbogar EA 152
Guðríður Finnsdóttir	Akureyri	Björn EA 220
Guðríður Friðfinnsdóttir	Akureyri	
Guðríður Friðfinnsdóttir	Akureyri	Sæbjörg EA 184
Gunnar Ágústsson	Ólafsfjörður	Sigurður Pálsson ÓF 66
Gunnar F. Sigursteinsson	Dalvík	Embla EA 78
Gunnar Þór Magnússon	Ólafsfjörður	
Gylfi Gunnarsson	Grímsey	Konráð EA-90, Hafaldan EA 87
Hafsteinn Sigfússon	Grenivík	Guðrún Björg EA 105
Halldór Halldórsson	Hauganes	Gunnar Níelsson EA 555
Hallgrímur Sigmundsson	Hrísey	
Hallsteinn Guðmundsson	Svalbarðseyri	
Hannes Arnar Gunnarsson	Grímsey	Stella EA 183
Hannes Sigurðsson	Þorlákshöfn	
Hartmann Kristjánsson	Dalvík	Valþór EA 313
Henning Jóhannesson	Grímsey	Mímir og Anna
Hermann Guðmundsson		
John Snorri Sigurjónsson	Ólafsfjörður	
Jóhann P. Jóhannsson	Hrísey	
Jóhannes Hermannsson	Hjalteyri	
Jón Kr. Kristjánsson	Akureyri	Slyngur EA 74
Jón Þorsteinsson	Grenivík	Fengur ÞH 207
Júlíus Magnússon	Ólafsfjörður	Freymundur ÓF 6
Kristinn A. Gunnarsson	Akureyri	Fjóla EA 200
Kristján S. Sigurðsson	Akureyri	Dögg
Kristján Þorvaldsson	Eyjafjörður/Grímsey	Valþór EA 313
Lilja Kristinsdóttir	Ólafsfjörður	Arnar ÓF 3
Ottó Jakobsson		
Ólafsfjarðarbær	Ólafsfjörður	Marvin ÓF, Blóðfari ÓF 70

Nafn	Staður	Bátur
Ólafur Baldvinsson	Grenivík	Sindri ÞH 6421
Óli Austfjörð	Akureyri	Kvikk ÞH 112
Ótto Jakobsson	Eyjafjörður/Grímsey	Guðrún Þórhildur EA 023
Páll Sigurjónsson	Grímsey	Kósý EA 27
Pétur Sigurðsson	Árskógssandur	Þytur EA 96, Særún EA 251
Pétur Sigurðsson	Árskógssandur	Þyt EA 96
Pétur Stefánsson	Hrísey	Hrönn EA 6499
Ragnar R. Jóhannesson	Dalvík	Hulda EA 628
Rúnar Þór Ingvarsson	Árskógssandur	Oli Lofts EA
Sigurbjörn Ögmundsson	Hrísey	Hafrún EA 154
Sigurður Gunnarsson	Ólafsfjörður	Ljón ÓF 5
Sigurður Gunnarsson	Ólafsfjörður	Arnar ÓF 3
Sigurður Gunnarsson	Ólafsfjörður	Marvin ÓF 28
Sigurður Konráðsson	Árskógssandur	Særún EA 251
Snæbjörn Ólafsson		
Stefán Garðar Nielsson	Hauganes	Njáll EA 105
Stefán Garðar Nielsson	Hauganes	Njáll EA 105
Stefanía Traustadóttir	Ólafsfjörður	Marvin ÓF 28
Stígandi ehf.	Ólafsfjörður	Freygð ÓF 18
Stígandi hf./ Sigga Árna útgerð ehf.	Ólafsfjörður	Sigga Árna ÓF 10
Sveinbjörn Guðmundsson	Grenivík	Elín ÞH 82
Sævar Ingvarsson	Árskógssandur	Guðrún Þórhildur EA 023
Sævar Sæmundsson	Akureyri	Blær EA 068
Theodóra Kristjánsdóttir		
Tryggvi Ingimarsson	Eyjafjörður	Inga EA 57
Þorsteinn Már	Dalvík	
Þorvaldur Baldvinsson	Dalvík	Sindri EA 160
Þröstur Jóhannsson		
Þröstur Jóhannsson		
Svæði nr. 8: Skjálfandi og Axarfjörður		
Þórður Ásgeirsson	Skjálfandi/Axarfjörður	Ásgeir ÞH 198
Bragi Sigurðsson	Húsavík	Árni ÞH 127
Stefán Þóroddsson	Kópasker	Þórey ÞH 303
Guðmundur Wium	Húsavík	Ösp ÞH 205
Jón Grímsson	Kópasker	
Trausti Jónsson	Húsavík	Nonni ÞH 9
Kristján Þ. Halldórsson	Axarfjörður	Viðar ÞH 17
Ósk Þorkelsdóttir	Skjálfandi/Axarfjörður	Dalaröst ÞH 40
Guðmundur Baldursson	Kópasker	Jóhanna ÞH 280
Önundur Kristjánsson	Kópasker	Þorsteinn GK 15
Önundur Kristjánsson	Raufarhöfn	Þorsteinn GK 15
Ólafur Sigurðsson	Húsavík	
Sigurður V. Olgeirsson		
Heimir Bessason		Össur ÞH 242
Ingólfur H. Árnason	Skjálfandi/Axarfjörður	Hrönn ÞH 36
Héðinn Jónasson	Skjálfandi/Axarfjörður	Gæfa GK 114
Gunnar Gunnarsson	Skjálfandi/Axarfjörður	Eyrún ÞH 2
Gunnlaugur Karl Hreinsson	Skjálfandi/Axarfjörður	
Óðinn Sigurðsson	Skjálfandi/Axarfjörður	Fram ÞH 62
Karl Geirsson	Húsavík	Sæborg ÞH 55
Guðmundur Annas Jónsson	Húsavík	Jón Jak ÞH 8
Vilhjálmur Jónasson	Húsavík	
Gunnar Óli Hákonarson	Skjálfandi	
Elvar Árni Lund	Axarfjörður	

Nafn	Staður	Bátur
Eiríkur Marteinsson		
Jón Óli Sigurjónsson	Skjálfandi/Axarfjörður	
Sigurður Kristjánsson	Húsavík	Von ÞH 54
Pétur Geir Helgason	Kópasker	Röst ÞH 212
Aðalsteinn Karlsson	Húsavík	Höfði ÞH 234
Stefán Eggertsson		
Hilmar Stefánsson	Húsavík	Gulltoppur EA 229
Júlíus Bessason	Húsavík	Skýjaborgin ÞH 118
Svæði 9: Norðausturland frá Raufarhöfn til Borgarfjarðar eystri		
Aðalsteinn Sigvaldason	Raufarhöfn	Guðný ÞH 85
Agnar Víðir Indriðason	Raufarhöfn	Friða ÞH 175
Áki Guðmundsson	Bakkafjörður	Halldór NS 302
Árni Pétursson	Raufarhöfn	Jensen ÞH 6280
Ásgeir Kristjánsson		
Baldur Hólmsteinsson	Raufarhöfn	Fönix ÞH 24
Birgir Ingvarsson	Bakkafjörður	Dodda NS 2
Birgir Ingvarsson	Bakkafjörður	Dodda NS 2
Björn Ingimarsson	Þórshöfn	Nonni NS 112
Daníel Gunnarsson		
Einar E. Sigurðsson	Raufarhöfn	Andri ÞH 28
Einar Guðnason	Vopnafjörður	Heiða Ósk NS 144
Einar Jóhannsson	Raufarhöfn	Bára ÞH 7
Einar Sigurjónsson	Vopnafjörður	
Eiríkur Guðmundsson	Raufarhöfn	
Eiríkur Gunnþórsson	Borgarfjörður eystri	Góa NS 8
Ellert Ólafsson	Bakkafjörður	Anna NS 83
Emil H. Ólafsson	Vopnafjörður	Fiskanes NS 37
Emil Sævar Gunnarsson	Borgarfjörður eystri	Góa NS 8
Emil Þór Erlingsson	Vopnafjörður	Hafdís NS 68
Emil Þór Erlingsson	Vopnafjörður	Hafdís NS 68
Guðjón Guðjónsson	Vopnafjörður	Sæljón NS 19
Guðný Hrund Karlsdóttir	Raufarhöfn	
Gunnar J. Magnússon	Vopnafjörður	Eva NS 197
Gunnar J. Magnússon	Bakkafjörður/Vopnafjörður	Hjördís NS 92
Halldór Jóhannsson	Þórshöfn	Leó II ÞH 66
Heiðar Kristbergsson		Hólmi NS 56
Heiðar Kristbergsson	Vopnafjörður	Hólmi NS 56
Helgi Hlynur Ásgrímsson	Borgarfjörður	Baui frændi NS 28
Helgi Hólmsteinsson	Raufarhöfn	
Hilmar Ágústsson	Raufarhöfn	Örn II ÞH 80
Hólmgrímur Jóhannsson	Raufarhöfn	
Hörður Þorgeirsson	Raufarhöfn	
Hörður Þorgeirsson	Raufarhöfn	
Ingvar Jónasson	Bakkafjörður	Hróðgeir hvíti NS 89
Ingvar Jónasson	Bakkafjörður	Hróðgeir hvíti NS 89
Jóhann Sigvaldason	Raufarhöfn	Auðbjörg ÞH 13
Jóhannes Sigfússon	Bakkafjörður	
Karl Sveinsson	Borgarfjörður eystri	
Kári Borgar Ásgrímsson	Vopnafjörður	Nonni NS 112
Kristinn Pétursson	Bakkafjörður	
Kristján Friðbjörn Marteinsson	Vopnafjörður	Marvin NS 150
Kristján Jónsson	Vopnafjörður/Bakkafjörður	Guðrún NS 111
Kristján Ólafsson		
Magnús Þorsteinsson	Borgarfjörður	
Margrét Vilhelmsdóttir	Raufarhöfn	

Nafn	Staður	Bátur
Marinó Jónsson	Bakkafjörður	Digranes NS 124
Marinó Jónsson		Digranes NS 124
Ólafur Hallgrímsson	Raufarhöfn	Eydís NS 32
Ómar Viðarsson	Raufarhöfn	
Ragnar Jóhannsson		
Snorri Sturluson	Raufarhöfn	Gæska ÞH 69
Stefán Bjartur Stefánsson	Borgarfjörður eystri	
Stefán Guðnasson	Vopnafjörður	
Stefán Hjaltason	Raufarhöfn	Þröstur ÞH 247
Vilhjálmur Jónsson	Vopnafjörður	Nonni NS 112
Vilhjálmur Jónsson	Vopnafjörður	
Vilhjálmur Vilhjálmsson	Vopnafjörður	Sunnuberg NS, Brettingur NS
Þorsteinn Sigurbjörnsson	Skeggjastaðahreppur	
Þorsteinn Steinsson	Vopnafjörður	
Örn 11 ÞH 80 ehf.	Raufarhöfn	Örn II ÞH 80
Örn Trausti Hjaltason	Raufarhöfn	Hafsóley ÞH 119
Svæði nr. 10: Miðfirðir Austurlands frá Seyðisfirði til Fjarðabyggðar		
Alfreð Sigmarsson	Seyðisfjörður	Þeysir NK 6
Einar Birgir Kristjánsson	Neskaupstaður	
Einar Eyjólfsson	Eskifjörður	Rúna SU 2
Elísabet Guðrún Birgisdóttir	Fjarðabyggð	Hafþór NK 44
Guðjón Hjaltason	Fjarðabyggð	
Guðmundur Ásgeirsson	Neskaupstaður	
Guðmundur Erlendsson	Eskifjörður	Hafborg SU 4
Guðni Brynjar Ársælsson	Fáskrúðsfjörður/Stöðvarfj.	
Gylfi Þór Eiðsson	Eskifjörður	Guðmundur Þór SU 121
Haraldur Sigmarsson		
Kjartan Pétursson	Reyðarfjörður	
Sigfús Vilhjálmsson	Mjóifjörður	Ása SU 192
Sævar Örn Jónsson	Fjarðabyggð	Mónes NK 26
Svæði nr. 11: Suðurfirðir Austurlands til Hornafjarðar		
Aðalsteinn Helgason	Stöðvarfjörður	
Albert Eymundsson	Hornafjörður	
Ágúst Bogason	Djúpivogur	Víkingur SU 430
Birgir Albertsson	Stöðvarfjörður	Mardís SU 64
Bj. Hafþór Guðmundsson	Djúpivogur	
Eðvald Ragnarsson	Djúpivogur	Orri SU 260
Eðvald Ragnarsson	Djúpivogur	Gulltindur SU 5
Einar Kristjánsson	Hornafjörður	Sindri SF 26
Elís Hlynur Grétarsson		
Gísli Hreiðarsson	Stöðvarfjörður	
Guðmundur Kristinsson	Djúpivogur	
Guðni Þórir Jóhannsson		
Helgi Örn	Hornafjörður	Öðlingur SF 165
Hilmar Jónsson	Djúpivogur	Tjálfi SU 63
Hjalti Jónsson	Djúpivogur	Eyrún SU 12
Hreinn Guðmundsson	Djúpivogur	Már SU 145
Hringur Arason	Djúpivogur	Þreyr SU 17
Ingvar Ágústsson	Höfn	
Ívar Björgvinsson	Djúpivogur	Magga SU 26
Jóhann Þórisson	Djúpivogur	Haförn NK 15
Jón Þórólfur Ragnarsson	Djúpivogur	Seley SU 500
Kristín Ellen Hauksdóttir	Breiðdalsvík	Donna SU 55
Páll Guðmundsson	Höfn	Mundi Sæm SF 1

Nafn	Staður	Bátur
Ríkharður Jónasson	Breiðdalsvík	
Rúnar Björgvinsson	Breiðdalsvík	Björg SU 3
Sigfríður Þorsteinsdóttir	Breiðdalshreppur	
Sigurður Guðjónsson	Djúpivogur	Silla SU 152
Sigurður Jónsson	Djúpivogur	Glaður SU 97
Sigurður Oddsson	Stöðvarfjörður	Sómi SU 644
Sigþór Borgar Steindórsson	Breiðdalsvík	Bryndís SU 288
Sívar Árni Scheving	Höfn í Hornafirði	Öðlingur SF 165
Snjólfur Gíslasson	Breiðdalsvík	Vonin SU 36
Stefán Arnórsson	Djúpivogur	Sigurvin SU 380
Sturlaugur J. Einarsson	Stöðvarfjörður	Kambanes SU 34
Sverrir Ingi Jónsson	Stöðvarfjörður	Stína SU 400
Tryggvi Gunnlaugsson	Djúpivogur	Vigur SU 60
Tryggvi Gunnlaugsson		
Viðar Örn Þórisson		
Þóra Kristjánsdóttir	Fáskrúðsfjörður	Friðrik Steinsson UK 25
Þóra Kristjánsdóttir	Fáskrúðsfjörður	Friðrik Steinsson UK 254
Þráinn Sigurðsson	Djúpivogur	Birna SU 147
Þröstur Þorgrímsson	Breiðdalsvík	Dofri SU 500
Ævar Ármannsson	Stöðvarfjörður	Sigmundur SU 56
Svæði nr. 12: Vestmannaeyjar		
Ástvaldur Valtýsson	Vestmannaeyjar	
Guðfinnur Þorgeirsson	Vestmannaeyjar	Inga VE 74
Gunnar Þór Friðriksson	Vestmannaeyjar	Haförn VE 21
Hermann Kristjánsson	Vestmannaeyjar	Sjöfn VE 1852
Hermann Kristjánsson	Sandgerði	Beta VE 36
Hólmfríður Björnsdóttir		
Hörður Rögnvaldsson	Vestmannaeyjar	
Jón Ólafur Svansson		
Sigurður Frans Þráinsson	Vestmannaeyjar	Svanborg VE 52
Stefán Friðriksson	Vestmannaeyjar	
Sævar Sveinsson	Vestmannaeyjar	María Pét.
Valdimar Gestur Hafsteinsson	Vestmannaeyjar	Birta VE 8
Valur Andersen	Vestmannaeyjar	Lundi VE 205
Viðar Elíasson	Vestmannaeyjar	Narfi VE 108
Vignir Sigurðsson	Vestmannaeyjar	Frú Magnhildur VE 22
Svæði nr. 13: Annað		
Aðalsteinn Á. Baldursson	Skjálfandi/Axarfjörður	
Albert Eymundsson	Hornafjörður	
Árni Sigfússon	Reykjanesbær	
Ásbjörn Jónsson	Reykjavík	Ástþór RE
Björg Ágústsdóttir	Grundarfjörður	
Daðey S. Einarsdóttir		
Einar Einarsson		Sigga danska HF 124
Einar Guðmundsson	Bolungarvík	
Guðmundur Einarsson		
Guðmundur Gunnlaugsson	Siglufjörður	
Gullsjór ehf.	Vogar	Katrín GK 117
Hafþór Guðmundsson	Djúpivogur	
Halldór Ólafsson	Hólmavík	
Hannes Sigurðsson	Þorlákshöfn	
Hjördís Sigursteinsdóttir	Möðruvellir	
Höskuldur Ragnarsson		Guðbjörg Kristín RE 92
Ketill Elíasson	Bolungarvík	

Nafn	Staður	Bátur
Konráð Júlíusson		Öngull RE 111
Kristinn Þór Jósepsson	Hafnarfjörður	Sæbjörg SU 170
Ólafur Halldórsson		
Páll Kristjánsson		Dúan
Reinhard Reynisson	Skjálfandi/Axarfjörður	
Sigurjón Gunnlaugsson	Hafnarfjörður	Gulley HF 159
Stefán Sch. Árnason	Hafnarfjörður	Ösk HF 210
Valdimar Bragason	Dalvík	
Vigfús R. Jóhannesson	Dalvík	Hulda EA 621
Þorvaldur Gunnlaugsson		
Örlygur Ólafsson	Hafnarfjörður	

Tafla 2. Úthlutun byggðakvóta, skipt eftir landsvæðum.

Fyrirtæki	Staður	Úthlutun í tonnum
Svæði 1: Suðurland og Suðvesturland (frátalin Reykjavík, Hafnarfjörður, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur)		
Nesfiskur ásamt dótturfélögunum	Sandgerði/Garður	30
Hólmaröst ehf., Krossfiskur ehf.	Stokkseyri	35
Portland ehf.	Þorlákshöfn	35
Gunnar Hámundarson ehf.	Garður	20
Sandgerðisbær	Sandgerði	100
Samtals		**220**
Svæði 2: Vesturland frá Akranesi til Snæfellsness		
Þórsnes hf.	Stykkishólmur	25
Sjávariðjan, Hraðfrystihús Hellissands og Guðmundur Runólfsson hf.	Hellissandur/ Grundarfj.	29
Sigurður Ágústsson hf.		25
Samtals		**79**
Svæði 3: Syðri hluti Vestfjarða, Vesturbyggð og Tálknafjörður		
Þórsberg ehf.	Tálknafjörður	13
Annes ehf., Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf. og Njörður ehf.	Tálknafjörður	13
Marnes seafood ehf.	Patreksfjörður	20
Oddi hf., Bjarg ehf., Fiskvon ehf. og Einherji ehf.	Patreksfjörður	80
Samtals		**126**
Svæði 4: Nyrðri hluti Vestfjarða, Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavík		
Ísfirðingur ehf.	Ísafjörður	10
Norðurborg ehf., Haraldur Árni Haraldsson og útgerðir eftirfarandi báta: Bibbi Jóns ÍS, Sól Dögg ÍS, Álftin ÍS, Petra ÍS, Petra II ÍS, Tímon BA	Þingeyri	25
Jakob Valgeir ehf., Hrannar ehf., Útgerðarfélagið Elín ehf., Ölli ehf., Hulda Kela ehf. og Þói ehf.	Bolungarvík	12
Bakkavík hf., Útgerðarfélagið Ós ehf., Kálfatindur ehf., Freyfís sf., Mávaberg ehf., Ragnar I. Jakobsson, Klúka ehf., Súlnastapi ehf., Siggi Bjartar ehf. og Páll Helgi ehf.	Bolungarvík	13
Hlunnar ehf. og Fiskverkun EG	Flateyri	8
Fiskvinnslan Íslandssaga hf., Skræpa ehf., Klofningur ehf., Krækir ehf., Flugalda ehf., Útgerðarfélagið Kristín ehf., Þorsteinn Guðbjörnsson, Golan ehf., Aðalsteinn Oddsson, Guðbjartur ehf., Percy ehf.,	Suðureyri	160
Útgerðarfélagið Fimman ehf., Guðmundur Ingimarsson, Krosshamar ehf., Jens ehf. og Akstur og löndun ehf.	Ísafjörður	10
Útgerðarfélagið Öngull ehf., Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. og Stál og hnífur ehf.	Ísafjörður	10
FT-sjávarafurðir ehf.	Ísafjörður	10

Fyrirtæki	Staður	Úthlutun í tonnum
Fiskvinnslan Kambur ehf., Kaldeyri ehf., Polli ehf., Hvilft ehf., Hvalsteinn ehf., Litlagil ehf. og Jaspis ehf.	Flateyri	47
Samtals		**305**
Svæði 5: Byggðir við Húnaflóa		
Særún	Blönduós	50
Norðurströnd og Norðurós	Blönduós/Skagaströnd	60
Húnaþing vestra	Húnaþing vestra	90
Fiskverkun Haraldar Arnarsonar	Skagaströnd	20
Fiskvinnslan Drangur, GRG-útgerð ehf., Nesfell ehf., ST 2" ehf., Jón Magnússon, Haraldur V. Ingólfsson, Innra-Nes ehf., Hermann Ingimundarson, Ingi V. Ingimarsson, Sæfar ehf., Útgerðarfélagið Skúli ehf., Theodór Magnússon, Þensla ehf.	Drangsnes	35
Óráðstafað		75
Samtals		**330**
Svæði 6: Byggðir við Skagafjörð og Siglufjörð		
Höfði ehf.	Hofsós	25
Árni og Sverrir ehf.	Siglufjörður	24
Samtals		**49**
Svæði 7: Byggðir við Eyjafjörð og Grímsey		
Brynjar Baldvinsson	Árskógssandur	9
Söndungur ehf.	Árskógssandur	9
Sólrún ehf.	Árskógssandur	10
Hreppsnefnd Hríseyjar fyrir hönd Rifs ehf., Útgerðarfélagsins Hvamms hf., Ragnars Víkingssonar og Þorfinns EA 120 ehf.	Hrísey	100
Ólafsfjarðarbær fyrir hönd fiskvinnslufyrirtækisins Stíganda ehf. og eftirfarandi báta: Marvin ÓF 28, Blíðfari ÓF 70, Þröstur ÓF 24, Arnar ÓF 3, Freymundur ÓF 6, Ljón ÓF 5, Egill ÓF 27, Sigurður Pálsson ÓF 66, Smári ÓF 20, Siggi Árna ÓF 10 og Freygerður ÓF 18.	Ólafsfjarðarbær	75
Samtals		**203**
Svæði 8: Byggðir við Skjálfanda og Axarfjörð		
Hólmsteinn Helgason ehf.	Kópasker	53
GP-fiskverkun	Húsavík	53
Samtals		**106**
Svæði 9: Norðausturland frá Raufarhöfn til Borgarfjarðar		
Þórshafnarhreppur, Árvík ÞH 258, Draupnir ÞH 180, Geir ÞH 150, Litlanes ÞH 52, Manni ÞH 81, Nonni NS 112, Leo II ÞH 66	Þórshöfn	60
Vopnafjarðarhreppur	Vopnafjörður	20
Halldór fiskverkun ehf.	Bakkafjörður	20
Gunnólfur ehf.	Bakkafjörður	29
Fiskverkun Karls Sveinssonar	Borgarfjörður	35
Óráðstafað		45
Samtals		**209**
Svæði 10: Miðfirðir Austurlands frá Seyðisfirði til Fjarðabyggðar		
Síldey ehf., Egilsstöðum	Seyðisfjörður	10
Tandraberg ehf.	Neskaupstaður	35
Eljuberg ehf.	Eskifjörður	10
Elísabet G. Birgisdóttir vegna Hafþórs NK 44	Fjarðabyggð	10
Gylfi Þór Eiðsson	Eskifjörður	32
Óráðstafað		50
Samtals		**147**

Fyrirtæki	Staður	Úthlutun í tonnum
Svæði 11: Suðurfirðir Austurlands til Hornafjarðar		
Útgerðarfélag Breiðdælinga hf.	Breiðdalsvík	62
Naustavogur ehf.,	Djúpivogur	15
Ósnes ehf., Hreinn Guðmundsson vegna Más SU 145	Djúpivogur	46
Sólborg ehf.	Fáskrúðsfjörður	10
Skútuklöpp ehf. og Lukka ehf.	Fáskrúðsfj./Stöðvarfj.	10
Sturlaugur J. Einarsson	Stöðvarfjörður	10
Ýlmir hf.	Stöðvarfjörður	10
Sólhóll ehf.	Höfn, Hornafirði	10
Bestfiskur ehf.	Höfn, Hornafirði	10
Samtals		**183**
Svæði 12 : Vestmannaeyjar		
Godthaab í Nöf, Hlíðardalur og Aðgerðarþjónustan Kútmagakot í samstarfi við Sæhamar vegna MS Gjafars VE	Vestmannaeyjar	41
Samtals		**41**

Tafla 3. Úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2002/2003, samkvæmt reglugerð nr. 909/2002, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Tölur eru gefnar upp með fyrirvara um leiðréttingar. Miðað er við slægðan fisk. Úthlutun samkvæmt reglugerðinni til einstakra skipa er ekki lokið.

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur
10	Fróði	ÁR	33	22.816	7.010	4.716	2.185
233	Óli á Stað	GK	4	39.113	12.018	8.055	3.745
396	Sigurður Pálsson	ÓF	66	4.172	1.282	862	400
500	Gunnar Hámundarson	GK	357	13.038	4.006	2.695	1.249
711	Sif	HU	39	13.690	4.206	2.830	1.311
741	Grímsey	ST	2	2.791	858	577	267
978	Svanur	EA	14	53.735	19.335	13.275	5.938
1039	Gjafar	VE	600	26.727	8.212	5.525	2.560
1063	Kópur	BA	175	8.474	2.604	1.752	812
1081	Harpa	HU	4	6.519	2.003	1.347	624
1206	Öðlingur	SF	165	6.519	2.003	1.347	624
1252	Bjarni Svein	SH	107	16.297	5.007	3.369	1.561
1337	Skafti	SK	3	32.594	10.015	6.737	3.122
1417	Breiðdælingur	SU	62	40.417	12.419	8.354	3.871
1502	Páll Helgi	ÍS	142	706	217	146	68
1524	Ingimar Magnússon	ÍS	650	69.530	21.370	1.437	666
1540	Fleygur	ÞH	301	4.200			
1587	Hafborg	SU	4	6.519	2.003	1.347	624
1751	Hásteinn	ÁR	8	22.816	7.010	4.716	2.185
1790	Ásgeir	ÞH	198	4.200			
1791	Sædís	ÍS	67	706	217	146	68
1834	Neisti	HU	5	10.430	3.205	2.156	999
1846	Kristinn Friðriksson	SH	3	16.297	5.007	3.369	1.561
1909	Unna	ÍS	77	6.953	2.137	1.437	666
1928	Halldór	NS	302	13.038	4.006	2.695	1.249
1971	Hafursey	ÍS	600	7.823	3.116	1.772	864
1991	Mummi	ST	8	1.404	431	290	134
1998	Berti G	ÍS	161	6.953	2.137	1.437	666
2032	Sævar Guðjóns	ST	45	1.096	337	227	105
2045	Guðmundur Þór	SU	121	20.860	6.410	4.312	1.998

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur
2049	Hrönn	ÍS	303			1.437	666
2064	Gola	ÍS	103	6.953	2.137	1.437	666
2091	Egill	ÓF	27	3.976	1.222	822	381
2161	Hallvarður á Horni	ST	17	3.407	1.047	704	326
2162	Álftin	ÍS	553	1.811	556	374	173
2166	Særún	EA	251	5.867	1.803	1.213	562
2177	Sunna	ÍS	653			1.437	666
2178	Þytur	EA	96	6.519	2.003	1.347	624
2186	Góa	HU	20	13.690	4.206	2.830	1.311
2199	Bibbi Jóns	ÍS	65	1.811	556	374	173
2207	Völusteinn	ÍS	89	706	217	146	68
2209	Sjófugl	ÍS	220	706	217	146	68
2225	Kristbjörg	ÍS	225	1.811	556	374	173
2243	Friðrik Steinsson	SU	254	6.519	2.003	1.347	624
2316	Auður Ósk	ÍS	811	5.106	1.569	1.056	489
2320	Blossi	ÍS	125	5.215	1.602	1.078	499
2338	Kristrún	ÍS	72	5.106	1.569	1.056	489
2346	Draupnir	ÍS	435			1.437	666
2347	Popparinn	ÍS	812	5.106	1.569	1.056	489
2349	Björg Hauks	ÍS	127	6.519	2.003	1.347	624
2357	Norðurljós	ÍS	3	3.260	890	671	384
2362	Hrefna	ÍS	267	6.953	2.137	1.437	666
2387	Dínó	HU	70	7.823	2.404	1.617	749
2394	Birta Dís	ÍS	135	6.953	2.137	1.437	666
2406	Kristbjörg	ST	6	4.948	1.520	1.023	474
2414	Stekkjarvík	ÍS	313			1.437	666
2415	Siggi Gísla	EA	255	8.996	691	197	293
2438	Petra	ÍS	105	3.622	1.113	749	347
2442	Margrét	ÍS	42	3.622	1.113	749	347
2451	Svanni	ÍS	117	5.106	1.569	1.056	489
2452	Gyllir	ÍS	251	5.106	1.569	1.056	489
2453	Kristján	ÍS	95	5.106	1.569	1.056	489
2460	Síldey	NS	25	6.519	2.003	1.347	624
2482	Guðbjörg	ÍS	46			1.437	666
2484	Hrólfur Einarsson	ÍS	255	706	217	146	68
2485	Narfi	SU	680	6.519	2.003	1.347	624
2490	Mummi	ÍS	535			1.437	666
2502	Skúli	ST	75	1.866	573	386	179
2505	Guðmundur Einarsson	ÍS	155	706	217	146	68
2520	Hermóður	ÍS	248	706	217	146	68
2547	Siggi Bjartar	ÍS	50	706	217	146	68
5313	Freymundur	ÓF	6	5.215	1.602	1.078	499
5316	Siggi Árna	ÓF	10	3.976	1.222	822	381
5713	Blíðfari	ÓF	70	5.215	1.602	1.078	499
5796	Kristín	ST	61	434	133	90	42
6002	Kristján	ST	78	942	289	195	90
6169	Þröstur	ÓF	24	4.042	1.242	835	387
6230	Haförn	NK	15	9.778	3.004	2.021	936
6243	Sæbjörn	ST	68	788	242	163	75
6433	Þorfinnur	EA	120	1.362	4	3	12
6488	Andri	SI	10	15.645	4.807	3.234	1.498
6598	Freygerður	ÓF	18	4.042	1.242	835	387
6628	Gæfan	ÍS	403			1.437	666
6725	Anna	SI	6			1.437	666
6796	Kambanes	SU	34	6.519	2.003	1.347	624
6804	Hafþór	NK	44	6.519	2.003	1.347	624

Skip nr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur
6822	Unnur	ST	21	2.637	810	545	253
6855	Nonni	EA	32	1.095			
6931	Smári	ÓF	20	3.976	1.222	822	381
6987	Ljón	ÓF	5	5.215	1.602	1.078	499
7008	Neisti	ÍS	218	706	217	146	68
7062	Freydís	ÍS	80	706	217	146	68
7104	Már	SU	145	29.987	9.214	6.198	2.872
7116	Blikanes	ÍS	51			1.437	666
7147	Sigrún	ÍS	37	706	217	146	68
7172	Logi	ÍS	79	706	217	146	68
7235	Arnar	ÓF	3	5.085	1.562	1.051	487
7261	Stefnir	ST	47	2.021	621	418	194
7286	Marvin	ÓF	28	3.976	1.222	822	381
7311	Kría	ÍS	803	1.811	556	374	173
7322	Kópur	EA	325	5.867	1.803	1.213	562
7334	Fönix	ST	84	480	147	99	46
7352	Sól Dögg	ÍS	39	1.811	556	374	173
7394	Sigmundur	SU	56	6.519	2.003	1.347	624
7417	Jói	ÍS	10	1.956		251	
	Samtals:			*780.221*	*237.156*	*159.504*	*73.918*
	Eftirstöðvar:			*523.548*	*163.443*	*109.990*	*50.944*
	Alls:			**1.303.769**	**400.599**	**269.494**	**124.862**

Fylgiskjal.

Sjávarútvegsráðuneyti:

Reglugerð nr. 909, 19. desember 2002, um úthlutun á 2.000 lestum af þorski til sjávarbyggða.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu 2002/2003 skal úthluta 2000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum reiknað til stuðnings sjávarbyggðum, sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal skipting þessa magns vera þannig:

1. 220 lestir samtals til sjávarbyggða á Suðurlandi og Suðvesturlandi annarra en Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar og Vatnsleysustrandarhrepps.
2. 79 lestir samtals til sjávarbyggða frá Akranesi til Snæfellsness.
3. 126 lestir samtals til sjávarbyggða við syðri hluta Vestfjarða; Vesturbyggðar og Tálknafjarðar.
4. 305 lestir samtals til sjávarbyggða við nyrðri hluta Vestfjarða; Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur.
5. 331 lest samtals til sjávarbyggða við Húnaflóa.
6. 49 lestir samtals til sjávarbyggða við Skagafjörð og Siglufjörð.
7. 203 lestir samtals til sjávarbyggða við Eyjafjörð og Grímseyjar.
8. 106 lestir samtals til sjávarbyggða við Skjálfanda og Axarfjörð.
9. 209 lestir samtals til sjávarbyggða á Norðausturlandi frá Raufarhöfn til Borgarfjarðar.

10. 148 lestir samtals til sjávarbyggða á miðfjörðum Austurlands frá Seyðisfirði til Fjarðabyggðar.
11. 183 lestir samtals til sjávarbyggða á suðurfjörðum Austurlands til Hornafjarðar.
12. 41 lest samtals til Vestmannaeyja.

Ofangreindu magni skal úthlutað í eftirfarandi tegundum: Þorski, ýsu, ufsa og steinbít og skal það skipast hlutfallslega miðað við leyfilegan heildarafla í þessum tegundum og gildandi þorskígildisstuðla.

2. gr.

Ráðherra úthlutar aflaheimildum samkvæmt 1. gr. til einstakra aðila á grundvelli umsókna um aflaheimildir sem borist höfðu ráðuneytinu eigi síðar en 16. desember 2002 eða verið póstlagðar fyrir þann tíma. Við mat á umsóknum skal ráðherra m.a. líta til eftirfarandi atriða:

1. Stöðu og horfa í einstökum byggðarlögum með tilliti til þróunar veiða og vinnslu.
2. Hvort telja megi líklegt, m.a. miðað við þær áætlanir sem fram koma í umsókn um aflaheimildir, að úthlutunin styrki sjávarbyggð til lengri tíma.
3. Hvort um sé að ræða samstarfsaðila í veiðum og vinnslu innan byggða eða landsvæða.
4. Hvort aðrar sértækar aðgerðir hafa verið gerðar til styrkingar viðkomandi sjávarbyggðum.
5. Rökstuðnings sem fram kemur í umsókn.

3. gr.

Þegar fyrir liggur ákvörðun ráðherra um úthlutun aflaheimilda kynnir ráðuneytið umsækjendum niðurstöðu hans. Sé aflaheimildum úthlutað til umsækjanda, sem óskað hefur eftir aflaheimildum á ákveðið fiskiskip, verður aflamarki viðkomandi fiskiskips breytt í samræmi við aukninguna. Sé aflaheimildum úthlutað til annars aðila verður hlutaðeigandi að tilkynna til Fiskistofu hvaða fiskiskip muni nýta þær aflaheimildir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

1277. Svar [581. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um kostnað við rannsóknir í heilbrigðisþjónustunni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða breytingar hafa verið gerðar á hlutdeild sjúklinga í kostnaði við rannsóknir, þar á meðal röntgenrannsóknir, í heilbrigðisþjónustunni frá 1995? Upplýsingar óskast um hvenær hver breyting var gerð og hvað fólst í henni.

Reglugerð nr. 14/1993 tók gildi 25. janúar 1993.

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent var til rannsóknar á rannsóknastofu var greiðsla sjúklings sem hér segir:

sjúkratryggðir almennt:	900 kr.
lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta	300 kr.

Fyrir hverja komu til röntgengreiningar:

sjúkratryggðir almennt:	900 kr.
lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta	300 kr.

Þegar sjúkratryggðir einstaklingar á aldrinum 16–67 ára höfðu greitt 12.000 kr. á sama almanaksári áttu þeir rétt á afsláttarskírteini. Sama átti við um börn undir 16 ára aldri þegar greiddar höfðu verið fyrir þau 6.000 kr. á sama almanaksári. Börn undir 16 ára aldri í sömu fjölskyldu töldust einn einstaklingur. Elli- og örorkulífeyrisþegar áttu rétt á afsláttarskírteini þegar þeir höfðu þurft að greiða 3.000 kr. á sama almanaksári.

Sjúkratryggðir einstaklingar með afsláttarskírteini þurftu að greiða sem hér segir fyrir röntgengreiningu og rannsóknir:

sjúkratryggðir almennt:	300 kr.
lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta	100 kr.

Reglugerð nr. 68/1996 tók gildi 1. febrúar 1996.

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýnum sendum til rannsóknar á rannsóknastofu var greiðsla sjúklings sem hér segir:

sjúkratryggðir almennt:	1.000 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta	300 kr.

Fyrir hverja komu til röntgengreiningar:

sjúkratryggðir almennt:	1.000 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta	300 kr.

Þegar sjúkratryggðir einstaklingar á aldrinum16–70 ára höfðu greitt 12.000 kr. á sama almanaksári áttu þeir rétt á afsláttarskírteini. Sama átti við um börn undir 16 ára aldri þegar greiddar höfðu verið fyrir þau 6.000 kr. á sama almanaksári og elli- og örorkulífeyrisþega þegar þeir höfðu þurft að greiða 3.000 kr. á sama almanaksári.

Sjúkratryggðir með afsláttarskírteini þurftu að greiða sem hér segir fyrir röntgengreiningu og rannsóknir:

sjúkratryggðir almennt:	400 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta	100 kr.

Reglugerð nr. 236/1999 tók gildi 8. apríl 1999.

Gjöld fyrir hverja komu barna yngri en 18 ára til rannsóknar og röntgengreiningar voru lækkuð úr 900 kr. í 300 kr. til samræmis við gjöld fyrir lífeyrisþega.

Reglugerð nr. 509/2001 tók gildi 1. júlí 2001.
Fyrir hverja komu til röntgengreiningar þurfti sjúklingur að greiða:

sjúkratryggðir almennt:	1.500 kr. + 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 6.000 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn yngri en 18 ára sem njóta umönnunarbóta	500 kr. + 13,33% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 6.000 kr.

Viðmiðunarupphæð til að fá afsláttarskírteini hækkaði í 18.000 kr. fyrir sjúkratryggða einstaklinga á aldrinum 16–70 ára og í 4.500 kr. fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Óbreytt viðmiðun var fyrir börn, 6.000 kr.

Greiðslur fyrir röntgengreiningu sjúkratryggðra með afsláttarskírteini breyttust sem hér segir:

sjúkratryggðir almennt:	500 kr. + 13,33% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 6.000 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn yngri en 18 ára sem njóta umönnunarbóta	⅓ af fullu gjaldi, að lágmarki 200 kr. og að hámarki 6.000 kr.

Reglugerð nr. 953/2001 tók gildi 1. janúar 2002.
Reglugerðin fól í sér að börn með umönnunarkort, samkvæmt reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, skyldu greiða 100 kr. fyrir rannsókn en ⅓ af fullu gjaldi fyrir röntgenrannsókn, að lágmarki 200 kr. en að hámarki 18.000 kr. fyrir hverja komu.

Hámarksgreiðsla fyrir röntgengreiningu hækkaði í 18.000 kr.

Breytingar á hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við rannsóknir.

	Reglugerð 14/1993 25. jan. 1993	Reglugerð 68/1996 1. febr. 1996	Reglugerð 236/1999 8. apríl 1999	Reglugerð 509/2001 1. júlí 2001	Reglugerð 953/2002 1. jan. 2002
Koma í röntgenrannsókn					
Lífeyrisþegar	300 kr.	300 kr.	300 kr.	500 kr. + 13,33%	óbreytt
Börn með umönnunarkort*	300 kr.	300 kr.	300 kr.	500 kr. + 13,33%	1/9 af alm. gjaldi
Börn	900 kr.	900 kr.	300 kr.	500 kr. + 13,33%	
Aðrir	900 kr.	900 kr.	1.000 kr.	1.500 kr. + 40%	óbreytt
Koma í rannsókn					
Lífeyrisþegar	300 kr.	300 kr.	300 kr.	óbreytt	óbreytt
Börn með umönnunarkort*	300 kr.	300 kr.	300 kr.	óbreytt	100 kr.
Börn	900 kr.	900 kr.	300 kr.	óbreytt	
Aðrir	900 kr.	900 kr.	1.000 kr.	óbreytt	óbreytt
Afsláttarþak					
Lífeyrisþegar	3.000 kr.	3.000 kr.	3.000 kr.	4.500 kr.	óbreytt
Börn í sömu fjölskyldu	6.000 kr.	6.000 kr.	6.000 kr.	6.000 kr.	óbreytt
Aðrir	12.000 kr.	12.000 kr.	12.000 kr.	18.000 kr.	óbreytt
Hámark greiðslu á hverja komu					
Allir hópar				6.000 kr.	18.000 kr.
Greiðslur þegar afsláttarþaki er náð					

Þegar afsláttarþaki er náð lækka greiðslur sjúkratryggðra við komu hvort heldur er á heilsugæslustöð eða til sérfræðilæknings. Fyrir sérfræðilæknisþjónustu er almenna reglan sú að einstaklingur greiðir u.þ.b. þriðjung þess gjalds sem hann greiddi áður.

*Frá 1. janúar 2002 greiða börn með umönnunarkort fyrir heilbrigðisþjónustu eins og væru þau búin að ná afsláttarþaki, en fram að þeim tíma greiddu þau fyrir þjónustuna eins og önnur börn.

1278. Nefndarálit [683. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Björnsson og Þórhall Vilhjálmsson frá fjármálaráðuneytinu og Sigríði Dóru Magnúsdóttur og Gunnar Ármannsson frá Félagi íslenskra heimilislækna.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvörðun um laun og launakjör heilsugæslulækna verði tekin undan kjaranefnd. Breytingin er lögð til að beiðni Félags íslenskra heimilislækna. Jafnframt er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að úrskurður kjaranefndar frá 15. október 2002 gildi þar til núgildandi kjarasamningur milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands dags. 2. maí 2002 fellur úr gildi með nánar tilgreindum hætti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni R. Árnason og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Adolf H. Berndsen.	Össur Skarphéðinsson.	Jóhann Ársælsson.

Jón Bjarnason.

1279. Nefndarálit [34. mál]

um till. til þál. um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Biskupsstofu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Landssambandi eldri borgara, Eyþingi, Öryrkjabandalagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Kvenréttindafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum atvinnulífsins.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Í því skyni verði skipuð nefnd með fulltrúum samtaka launafólks, auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi, sem skal skila áliti innan árs.

Nefndin telur að hér sé um þarft málefni að ræða og leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Drífa Hjartardóttir.

Jónína Bjartmarz.

1280. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Kjartan Gunnarsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Garðar Ingvarsson frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, Jón Sveinsson hrl., Valgarð Stefánsson frá Orkustofnun, Friðrik Sophusson, Bjarna Bjarnason, Björn Stefánsson og Stefán Pétursson frá Landsvirkjun, Ásgeir Margeirsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Má Haraldsson, oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Lúðvík Elíasson og Þórarin G. Pétursson frá Seðlabanka Íslands, Ársæl Valfells frá Landsbanka Íslands, Ingunni S. Þorsteinsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Helga Jensson frá Umhverfisstofnun, Gísla Gíslason frá Akraneskaupstað,

Pál S. Brynjarsson frá Borgarbyggð, Hallfreð Vilhjálmsson frá Hvalfjarðarstrandarhreppi, Helga Ómar Þorsteinsson frá Skilmannahreppi og Tómas Sigurðsson frá Norðuráli.

Nefndin óskaði eftir umsögn umhverfisnefndar um málið og bárust umsagnir frá meiri og minni hluta nefndarinnar og eru þær birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Frumvarp þetta tengist samningum um stækkun álvers á Grundartanga og lýtur að orkuöflun til þeirrar starfsemi. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Landsvirkjun fái leyfi iðnaðarráðherra til að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra frá 30. janúar 2003. Í annan stað er iðnaðarráðherra gefin heimild til að veita sameignarfyrirtækinu Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 120 MW afli. Þá er iðnaðarráðherra með sama hætti heimilt að veita Hitaveitu Suðurnesja hf. leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Reykjanesi með allt að 80 MW afli, enda liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, og stækka jarðvarmavirkjun félagsins í Svartsengi um 16 MW.

Fram kom í máli fulltrúa orkufyrirtækjanna að orkuöflun vegna stækkunar Norðuráls á Grundartanga ætti að geta orðið að veruleika svo fremi að samningar náist milli orkufyrirtækjanna annars vegar og Norðuráls hins vegar og tilskilin leyfi fáist. Stefnt er að því að fyrri hluti stækkunar Norðuráls verði tilbúinn á árinu 2005.

Eftir úrskurð setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003, um Norðlingaölduveitu var ljóst að Landsvirkjun gat ekki útvegað næga orku frá eigin orkuverum og var því leitað til Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um framleiðslu á þeirri orku er á skorti. Frumvarpið byggist á því að veita heimildir vegna þessara áforma að uppfylltum skilyrðum.

Í fylgiskjali III með frumvarpinu er lýst hugmyndum Landsvirkjunar um útfærslu á Norðlingaölduveitu samkvæmt úrskurði setts umhverfisráðherra. Í máli oddvita Gnúpverjahrepps og skriflegri umsögn var bent á nokkur atriði í því sambandi. Nefndi hann einkum þjú atriði: Áhrif á fossa í Þjórsá, lónshæðina við Norðlingaöldu og veitulón við Þjórsárjökul. Nefndin leggur áherslu á að samkvæmt úrskurði setts umhverfisráðherra er gert ráð fyrir að Landsvirkjun hafi fullt samráð við heimamenn og Umhverfisstofnun um útfærslu á veitunni. Fram kom hjá gestum nefndarinnar að slíkt samráðsferli er þegar orðið virkt.

Í umsögn meiri hluta umhverfisnefndar kemur eftirfarandi fram:

„Lagt er til að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa uppistöðulón við Norðlingaöldu. Byggist það á úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar sl. Í úrskurðinum er skýlaust kveðið á um að friðlandinu í Þjórsárverum skuli hlíft og vatnsborð uppistöðulóns skuli ekki ná inn fyrir friðlandsmörkin. Jafnframt er skýrt kveðið á um að samráð skuli haft milli fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar. Markmið þess er að ná fullri sátt um verkefnið þannig að röskun á umhverfi verði sem minnst. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig úrskurður setts umhverfisráðherra verður útfærður. Á fylgiskjali III með frumvarpinu er yfirlit um framkvæmd vegna Norðlingaölduveitu. Komið hefur fram að verið er að skoða hvaða leiðir verði farnar. Lítur nefndin svo á að þær leiðir sem tilgreindar eru í fylgiskjalinu séu ekki bindandi á nokkurn hátt.

Þá felur frumvarpið í sér heimild til Orkuveitu Reykjavíkur til að framleiða allt að 120 MW raforku með jarðhitagufu á Nesjavöllum. Jafnframt er sambærileg heimild til Hitaveitu Suðurnesja til að framleiða allt að 80 MW raforku með jarðhitagufu á Reykjanesi, og stækka jarðvarmavirkjun félagsins í Svartsengi um 16 MW. Leyfi fyrir raforkuframleiðslu með jarðhitagufu hjá þessum tveimur orkuframleiðendum er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og útgáfu sérstakra starfsleyfa.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda skal farið eftir úrskurði setts umhverfisráðherra og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.“

Meiri hluti iðnaðarnefndar tekur undir þetta sjónarmið og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Kjartan Ólafsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Árni R. Árnason.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur borist bréf iðnaðarnefndar, dags. 11. mars sl., þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, 670. mál.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor, Ragnhildi Sigurðardóttur frá Umhverfisrannsóknum ehf., Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Má Haraldsson, oddvita Gnúpverjahrepps, Sveinbjörn Björnsson, verkefnisstjóra rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, Tryggva Felixson frá Landvernd, Kristin Hauk Skarphéðinsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, og Kristínu Svavarsdóttur, Landgræðslunni, frá starfshópi setts umhverfisráðherra Jóns Kristjánssonar vegna Norðlingaölduveitu, Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur frá Landvernd, Ólaf Andrésson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og Árna Bragason frá Umhverfisstofnun.

Í frumvarpinu er veitt heimild til þriggja þátta er varða raforkuframleiðslu.

Lagt er til að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa uppistöðulón við Norðlingaöldu. Byggist það á úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar sl. Í úrskurðinum er skýlaust kveðið á um að friðlandinu í Þjórsárverum skuli hlíft og vatnsborð uppistöðulóns skuli ekki ná inn fyrir friðlandsmörkin. Jafnframt er skýrt kveðið á um að samráð skuli haft milli fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar. Markmið þess er að ná fullri sátt um verkefnið þannig að röskun á umhverfi verði sem minnst. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig úrskurður setts umhverfisráðherra verður útfærður. Á fylgiskjali III með frumvarpinu er yfirlit um framkvæmd vegna Norðlingaölduveitu. Komið hefur fram að verið er að skoða hvaða leiðir verði farnar. Lítur nefndin svo á að þær leiðir sem tilgreindar eru í fylgiskjalinu séu ekki bindandi á nokkurn hátt.

Þá felur frumvarpið í sér heimild til Orkuveitu Reykjavíkur til að framleiða allt að 120 MW raforku með jarðhitagufu á Nesjavöllum. Jafnframt er sambærileg heimild til Hitaveitu Suðurnesja til að framleiða allt að 80 MW raforku með jarðhitagufu á Reykjanesi, og stækka jarðvarmavirkjun félagsins í Svartsengi um 16 MW. Leyfi fyrir raforkuframleiðslu með jarðhitagufu hjá þessum tveimur orkuframleiðendum er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og útgáfu sérstakra starfsleyfa.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda skal farið eftir úrskurði setts umhverfisráðherra og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Alþingi, 11. mars 2003.

Magnús Stefánsson, form.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.
Jóhann Ársælsson.
Gunnar Birgisson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, 670. mál. Til að fjalla um málið fékk nefndin gesti sem taldir eru upp í umsögn meiri hluta nefndarinnar og eru nöfn þeirra ekki endurtekin hér.

Mat minni hluta umhverfisnefndar er að mál það er hér um ræðir sé að mörgu leyti vanbúið og hreint ekki komið á það stig að tímabært sé að leggja það fram til afgreiðslu. Minni hlutinn gagnrýnir það að málið skuli hafa verið lagt fram með þeim hætti sem raun ber vitni og að iðnaðarnefnd skuli hafa fallist á flýtimeðferð sem kemur í veg fyrir faglega umfjöllun um málið. Þá er einnig rétt að gagnrýna það að umhverfisnefnd skuli ekki hafa fengið til umsagnar umhverfisþátt frumvarps til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, 671. mál.

Það er mat minni hlutans að óðagot ríkisstjórnarinnar við að ganga frá samningum um stóriðju sé löngu farið úr böndunum og sjáist menn ekki fyrir í þessum efnum. Þannig virðist ríkisstjórnin ekki ætla að taka nokkurt mið af rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma við útdeilingu virkjanakosta til stóriðjuverkefnanna sem hún gengur með í maganum. Er þessi staðreynd sýnu dapurlegri þegar á það er litið að niðurstaða 1. áfanga rammaáætlunar er á næsta leiti. Sveinbjörn Björnsson, formaður verkefnisstjórnar rammaáætlunarinnar, gerði nefndarmönnum grein fyrir því að verið sé að leggja lokahönd á skýrslur einstakra faghópa og verkefnisstjórnin geri ráð fyrir að fjalla um skýrslur og tillögur faghópanna í apríl nk. Í ljósi þessa telur minni hlutinn algerlega óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli ekki meta neins þá vinnu sem hún sjálf setti af stað með fögrum fyrirheitum um að rammaáætlunin yrði tæki til að sætta ólík sjónarmið um nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem hér um ræðir. Gert er ráð fyrir að í 1. áfanga Rammaáætlunarinnar verði metnir 23 kostir í vatnsafli og 19 í jarðvarma. Allir kostirnir sem frumvarpið fjallar um eru þar á meðal og verður ekki séð annað en skynsamlegast sé að bíða niðurstöðunnar, á þann hátt einan verður hægt að komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Eitt af því sem minni hlutinn gerir alvarlegar athugasemdir við er sú staðreynd að Landsvirkjun telur sig ekki bundna af tillögu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., sem úrskurður setts umhverfisráðherra, Jóns Kristjánssonar, um Norðlingaölduveitu byggist á. Í viðtali við Morgunblaðið 26. febrúar sl. segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, að markmið Landsvirkjunar sé fyrst og fremst að halda lóninu utan friðlandsins, því geti lón-

hæðin farið í allt að 568,5 metra, sem er 2,5 metrum hærra en tillaga VST gerir ráð fyrir. Það munar mikið um slíka hækkun þar sem lón í 566 m.y.s. yrði einungis 3,3 km^2 að stærð en lón í 568,5 m.y.s. yrði helmingi stærra eða 6,6 km^2 og við það færi Eyfafen undir vatn.

Gestir nefndarinnar, þau Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Kristín Svavarsdóttir, áttu bæði sæti í starfshópi sem settur umhverfisráðherra, Jón Kristjánsson, skipaði til að vinna álit um rof, setmyndun, gróður og fugla í tengslum við úrskurð vegna Norðlingaölduveitu. Í máli þeirra kom fram að þau teldu Landsvirkjun ekki bundna af tillögu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. en þau bentu bæði á að mikil óvissa ríkti um eitt atriði úrskurðarins, nefnilega það sem segir í 1. tölulið hans um að Norðlingaöldulón megi ekki hafa nein langtímaáhrif á friðlandið.

Eitt af því sem minni hlutinn gagnrýnir varðandi áætlanir um Norðlingaölduveitu er fyrirhugað setlón vestan Þjórsárlóns, sem fjallað er um í úrskurði setts umhverfisráðherra. Þar er um að ræða framkvæmd sem í öllum meginatriðum er sambærileg við 6. áfanga Kvíslaveitu, sem miklar deilur hafa staðið um árum saman. Á sínum tíma, þegar friðlýsing Þjórsárvera var ákveðin, var alfarið fallið frá 6. áfanga Kvíslaveitna vegna mögulegra óafturkræfra umhverfisáhrifa, en ákveðið að gera ekki ágreining um hina áfangana fimm. Fyrir tveimur árum skaut svo 6. áfanginn upp kollinum á nýjan leik, þrátt fyrir það að Landsvirkjun hafi fallið frá honum áður. Þá spunnust um hann talsverðar deilur, sem m.a. má lesa um á síðum Morgunblaðsins og lyktaði þeim þannig að Landsvirkjun féll aftur frá áformum um 6. áfangann og setti eingöngu fram matsskýrslu um Norðlingaölduveitu. Á sameiginlegum fundi iðnaðarnefndar og umhverfisnefndar Alþingis um úrskurð setts umhverfisráðherra sem haldinn var í byrjun febrúar sl. svaraði Friðrik Sophusson því til, aðspurður, að eini munurinn á áformuðum 6. áfanga Kvíslaveitu og set- og veitulóni vestan Þjórsárlóns væri sá að hugmyndin í úrskurði setts umhverfisráðherra væri mótvægisaðgerð en ekki sjálfstæð framkvæmd eins og Landsvirkjun hefði hingað talið 6. áfangann. Það er mat minni hlutans að áhrif set- og veitulónsins séu óafturkræf og svo mikil að ekki sé réttlætanlegt að heimila það án undangengins sjálfstæðs mats á umhverfisáhrifum. Gestir umhverfisnefndarinnar staðfestu þetta sjónarmið minni hlutans með því að benda á að set- og veitulónið eigi, skv. hugmyndum þeim sem úrskurður setts umhverfisráðherra byggist á, að vera talsvert stærra en úrskurður Skipulagsstofnunar frá 12. ágúst 2002 gerði ráð fyrir. Þar hafi verið gert ráð fyrir því að flatarmál þess væri 2,7 km^2 en verði farin sú leið sem úrskurður setts umhverfisráðherra byggist á frá VST verður það 3,3 km^2. Þar með er lónið orðið matsskylt sem sjálfstæð framkvæmd skv. 17. tölul. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í ljósi þessa er eðlilegt að véfengja vald setts umhverfisráðherra til að leggja þessa tilteknu framkvæmd til sem mótvægisaðgerð. Ólafur Andrésson líffræðingur benti nefndinni á að dæmi séu um það frá löndum Evrópusambandsins að mótvægisaðgerð sem fari yfir viðmiðunarmörk sé dæmd í mat á umhverfisáhrifum.

Í máli Árna Bragasonar, forstöðumanns náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, kom fram að takmarkaðir möguleikar séu á að verða við 5. ákvæði úrskurðarins er lýtur að því að tryggja vatnsrennsli í fossum Þjórsár neðan stíflu. Undir það sjónarmið tók Már Haraldsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þá vildi Már koma á framfæri því sjónarmiði heimamanna að besta leiðin til að tryggja rennsli neðan veitunnar og draga um leið úr sjónrænum áhrifum sé að sleppa leiðigörðum og stíflu við Litlu-Arnarfellskvísl og láta hana renna óskipta í Norðlingaöldulón. Taldi Már þetta atriði ásamt lónshæðinni 566 m.y.s. vera forsendu þess að hægt verði að ná sátt um úrskurðinn. Undir þetta sjónarmið tók Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor og einnig formaður Landverndar sem benti á ályktun stjórnar Landverndar vegna úrskurðarins, en í henni kemur fram ótti við áhrif set- og veitulónsins og hvet-

ur stjórnin til þess að ekki verði ráðist í þennan hluta framkvæmdarinnar fyrr en allir þættir málsins hafa verið vel rannsakaðir og kynntir fyrir almenningi og félagasamtökum. Þá taldi formaður Landverndar líkur á að framgangsmáti og verklag við ákvarðanatökur um framkvæmdir af þessu tagi geti strítt gegn 9. grein skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Geta verður um óvandaðan frágang frumvarpsins og gera alvarlega athugasemd við það að í fylgiskjali III með frumvarpinu, þar sem Landsvirkjun gerir grein fyrir mögulegri útfærsluhugmynd, er vísað í uppdrætti sem alls ekki eru til staðar. Engir uppdrættir fylgja þessu yfirliti og er því ómögulegt að gera sér grein fyrir því hvaða hugmyndum er hér verið að lýsa. Skrifast þessi mistök á óðagotið við afgreiðslu málsins.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur minni hlutinn málið allt mjög vanbúið til afgreiðslu og gild rök hníga að því að leggjast gegn því. Vinnubrögð þau sem viðhöfð hafa verið við afgreiðslu þess hafa verið flaustursleg og nefndum Alþingis til lítils sóma. Fyrir þrábeiðni þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs fékkst málið þó tekið til skoðunar í umhverfisnefnd þingsins, en sú skoðun var í skötulíki þar sem góðum gestum var boðið upp á klukkustundarlangan sameiginlegan fund með nefndinni. Þetta eru að mati minni hlutans fráleit vinnubrögð og ættu ekki að líðast í jafn stórum og afdrifaríkum málum og hér um ræðir. Til að leggja enn frekari áherslu á sjónarmið minni hlutans í þessu máli eru látnar fylgja þessari umsögn tvær greinar sem báðar birtust í Morgunblaðinu 15. febrúar sl. Önnur er eftir Hjörleif Guttormsson náttúrufræðing en hin eftir Guðmund Pál Ólafsson náttúrufræðing. Auk þess fylgir erindi sem Eysteinn Jónsson flutti á fundi Sambands náttúruverndarsamtaka Íslands í apríl 1977 þar sem lýst er sjónarmiðum varfærni og yfirvegunar við allar framkvæmdir í náttúru Íslands, sjónarmið sem einu sinni áttu hljómgrunn innan Framsóknarflokksins, en eiga þar ekki skjól lengur, þar sem þungaiðnaður er nú orðinn hornsteinn atvinnustefnu flokksins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Kolbrún Halldórsdóttir.

Með fylgiskjalinu, umsögn minni hluta umhverfisnefndar, voru eftirtalin fylgiskjöl:

1. Iðnþróun – Náttúruvernd – Orkustefna. Erindi flutt á fundi Sambands náttúruverndarsamtaka Íslands í apríl 1977. Eysteinn Jónsson, Tíminn, 24. apríl 1977.
2. Þjórsárver og veitulón norðan Arnarfells. Hjörleifur Guttormsson, Morgunblaðið, 15. febrúar 2003.
3. Þyrmum Þjórsárverum! Guðmundur Páll Ólafsson, Morgunblaðið, 15. febrúar 2003.

1281. Nefndarálit [671. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Kjartan Gunnarsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Garðar Ingvarsson frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, Jón Sveinsson hrl., Valgarð Stefánsson frá Orkustofnun, Friðrik Sophusson, Bjarna Bjarnason, Björn Stefánsson og Stefán Pétursson frá Landsvirkjun, Ásgeir Margeirsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Má Haraldsson, oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Lúðvík Elíasson og Þórarin G. Pétursson frá Seðlabanka Íslands, Ársæl Valfells frá Landsbanka Íslands, Ingunni S. Þorsteinsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Helga Jensson frá Umhverfisstofnun, Gísla Gíslason frá Akraneskaupstað, Pál S. Brynjarsson frá Borgarbyggð, Hallfreð Vilhjálmsson frá Hvalfjarðarstrandarhreppi, Helga Ómar Þorsteinsson frá Skilmannahreppi og Tómas Sigurðsson frá Norðuráli.

Markmið frumvarpsins er að ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að gera samninga við Norðurál hf. um stækkun álvers félagsins í allt að 300 þúsund tonn.

Hinn skattalegi þáttur frumvarpsins er að flestu leyti sambærilegur við samninginn við Alcoa en er að öðru leyti byggður á samkomulagi fyrirtækisins við sveitarfélög og ríkisvald.

Um efnahagsleg áhrif framkvæmdanna voru efnahagssérfræðingar þeir sem á fund nefndarinnar komu sammála um að með skynsamlegri stýringu og aðhaldi í ríkisfjármálum mætti halda vöxtum og verðbólgu innan þolmarka enda um óverulega skörun að ræða við virkjanaframkvæmdir á Austurlandi. Ætlað er að fyrri hluta stækkunar Norðuráls verði lokið árið 2005 um það leyti sem framkvæmdir á Austurlandi ná hámarki. Ljóst er að ríki og sveitarfélög munu hafa verulegar tekjur af umsvifum á framkvæmdatímanum en eftir að verksmiðjan er komin í fullan rekstur er búist við að landsframleiðsla aukist varanlega um hálft prósent vegna stækkunarinnar. Fjölgun varanlegra starfa eftir stækkun Norðuráls gæti orðið allt að 200 störf. Reiknað er með að meiri hluti nýrra starfsmanna komi af Vesturlandi eins og verið hefur hingað til.

Í máli fulltrúa sveitarfélaganna sem Norðurál starfar í kom fram almenn ánægja með samstarfið við Norðurál. Almennur og sterkur stuðningur er við starfsemi Norðuráls og stækkunina meðal sveitarfélaga á Vesturlandi öllu. Sveitarstjórnarfulltrúar töldu samskipti við Norðurál til fyrirmyndar í alla staði. Enn fremur bentu þeir á að meðaltekjur starfsmanna Norðuráls væru þær hæstu sem greiddar væru á Vesturlandi. Umhverfisvöktun hefur verið afar virk og opin frá því að Norðurál tók til starfa. Er hún í fullu samráði við sveitarfélögin og hagsmunasamtök og hefur skilað tilætluðum árangri. Undir þetta sjónarmið tók fulltrúi Umhverfisstofnunar. Sveitarfélögin virðast vel í stakk búin til að taka við stækkun Norðuráls og þeim auknu umsvifum sem henni fylgir. Starfsleyfi er bundið ströngustu skilyrðum.

Það er skoðun meiri hlutans að reynslan af starfsemi Norðuráls sé einkar jákvæð hvort heldur er litið til efnahagslífs þjóðarinnar, jákvæðra byggðaáhrifa, fjölgunar vel launaðra starfa eða almennrar uppbyggingar á Vesturlandi.

Að framansögðu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 10. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Árni R. Árnason.	Kjartan Ólafsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

1282. Nefndarálit [671. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Sú reynsla sem fengist hefur af starfrækslu álvers á Grundartanga, Norðuráls, er góð ef marka má umsagnir þeirra sem iðnaðarnefnd leitaði til. Það hefur jafnframt vakið athygli að þau mótmæli sem voru vegna byggingar verksmiðjunnar virðast nú þögnuð. Þá liggur bæði fyrir starfsleyfi og umhverfismat vegna stækkunarinnar.

Þær miklu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á Austurlandi við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers við Reyðarfjörð, Fjarðaáls, hafa leitt til mikillar umfjöllunar um þróun efnahagslífsins á næstu árum. Á það hefur verið bent að til skamms tíma geti það verkefni haft neikvæð áhrif á efnahagslífið sem birtist í hærra raungengi og síðar hærri vöxtum en ella. Gríðarlegt gjaldeyrisinnstreymi mun verða á framkvæmdatímanum sem mun að óbreyttu auka spennu á vinnumarkaði og stuðla að hærra gengi krónunnar. Hin aukna spenna mun einnig setja þrýsting á verðbólgu. Þessi áhrif framkalla svokölluð ruðningsáhrif, þ.e. starfsemi sem ræður ekki við ýkt skammtímaáhrif framkvæmdanna, eða er ekki eins framleiðin og stóriðjan, lætur undan síga af völdum hás gengis og/eða hárra vaxta. Þá má ætla að sú atvinnustarfsemi sem ekki getur keppt við stóriðjuna í launum láti einnig undan síga. Stefnt er að því að þær framkvæmdir sem hér um ræðir verði á undan framkvæmdunum fyrir austan þannig að aðalframkvæmdatími þeirra verði liðinn þegar framkvæmdir eystra verða í hámarki. Sú framkvæmd sem hér um ræðir mun því, ásamt þeim framkvæmdum sem fylgja orkuöflun vegna hennar, verða til þess að stjórnvöld þurfa að hafa styrka stjórn á ríkisfjármálum fyrr en reiknað var með og jafnvel spurning hvort þær flýtiframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru, sbr. frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum, 653. mál, sem gera ráð fyrir viðbótarfjárfestingum fyrir á sjöunda milljarð kr. á næstu 18 mánuðum, muni ekki þarfnast endurskoðunar í ljósi þess hraða sem verður á álversframkvæmdum á Grundartanga og virkjanaframkvæmdum þeim tengdum. Það er alveg ljóst að ef af öllum þeim framkvæmdum verður sem fyrirhugaðar eru mun reyna mjög á hagstjórnina. Fullrúar Samfylkingarinnar leggja höfuðáherslu á að sem best samvinna takist við stjórn peninga- og ríkisfjármála svo og samvinna við aðila vinnumarkaðarins til að sem mestur ávinningur verði af framkvæmdunum fyrir þjóðarbúið allt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar telja óeðlilegt og óæskilegt að þegar stóriðjufyrirtæki hafa verið sett niður á Íslandi skuli samið við hvert þeirra fyrir sig um afslætti frá þeim reglum, þ.m.t. skattareglum, sem íslenskum fyrirtækjum er ætlað að búa við. Markmiðið hlýtur að vera að öllum fyrirtækjum í landinu sé boðið upp á ásættanlegt skattaumhverfi þannig að ekki þurfi að semja sérstaklega um frávik þegar laða á atvinnustarfsemi inn í landið. Samfylkingin telur að frávikin sem gerð hafa verið fyrir sum fyrirtæki sem hefja starfsemi hér á landi sýni hvers fyrirtækin þurfi við og ætti þá að verða til þess að stjórnvöld litu til slíkra breytinga fyrir öll fyrirtæki sem starfa á Íslandi. Þar vill Samfylkingin sérstaklega benda á lækkun og afnám stimpilgjalda og bendir á frumvarp Margrétar Frímannsdóttur, varaformanns Samfylkingarinnar, þar að lútandi en það hefur hún ítrekað flutt ásamt þingmönnum úr þingflokki Samfylkingarinnar.

Þá bendir Samfylkingin á mikilvægi þess að ef talið er að styrkja þurfi fyrirtæki eða beita sérstökum aðgerðum til að ná erlendri fjárfestingu inn í landið eigi að gilda um það almennar, gegnsæjar reglur sem byggist á jafnræði þar sem hið sama gildi fyrir alla sem eins er ástatt um. Í því sambandi benda fulltrúar Samfylkingarinnar á margflutta tillögu sína um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs þar sem hvatt er til þess að skoðaðir verði möguleikar þess að stofna sjóð sem veitt geti stofnstyrki á faglegum forsendum ef talin er nauðsyn á stuðningi við fyrirtæki til að hafa áhrif á þróun atvinnulífsins eða til að ná tiltekinni starfsemi inn í landið.

Þá leggja fulltrúar Samfylkingarinnar áherslu á alvöru þess að íslensk stjórnvöld skuli gera samninga og síðan lögfesta ákvæði, sbr. e-lið 3. gr. frumvarpsins, sem sníða því stakk með hvaða hætti unnt verður að beita hagrænum stjórntækjum varðandi útblástur og mengun. Reglur eiga að vera þannig að fyrirtæki njóti jafnræðis og sé ekki mismunað þannig að samkeppnisforsendur þeirra raskist. Hitt er fullkomlega óeðlilegt að í samingum við einstök fyrirtæki séu því settar skorður með hvaða hætti stjórnvöld geti tekist á við útblástur mengandi lofttegunda í framtíðinni. Fulltrúar Samfylkingarinnar mótmæla þessum vinnubrögðum stjórnvalda harðlega

Afstaða þingmanna Samfylkingarinnar gagnvart einstökum greinum frumvarpsins mun koma fram við atkvæðagreiðslu um málið en þingflokkurinn styður málið í heild.

Alþingi, 11. mars 2003.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir.

1283. Nefndarálit [650. mál]

um frv. til l. um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi samþykki breytingar á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður til samræmis við samkomulag sveitarfélaganna. Samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, hefur félagsmálaráðuneytið breytt mörkunum til staðfestingar á nefndu samkomulagi. Skv. 129. gr. laga um kosningar til

Alþingis, nr. 24/2000, verður ákvæðum um kjördæmamörk ekki breytt nema Alþingi samþykki það með ⅔ hluta atkvæða, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðrún Ögmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Jónína Bjartmarz.
Lúðvík Bergvinsson.	Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.
Kjartan Ólafsson.		Ólafur Örn Haraldsson.

1284. Nefndarálit [668. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Ástu Valdimarsdóttur og Elínu Jónsdóttur frá Einkaleyfastofu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að samræma ákvæði um einkaleyfishæfi uppfinninga á sviði líftækni en með líftækni er átt við starfsemi þar sem notaðar eru örverur, dýra- eða plöntufrumur eða frumuhlutar til að framleiða afurðir eða umbreyta þeim, kynbæta plöntur eða dýr eða breyta örverum í hagnýtum tilgangi. Í tilskipuninni eru jafnframt skýr ákvæði um að ekki megi veita einkaleyfi á aðferðum við að klóna menn eða breyta erfðaeiginleikum kynfrumna manna. Einnig er kveðið á um bann við veitingu einkaleyfis á notkun fósturvísa í hagnaðarskyni eða á öðrum uppfinningum sem stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þurfa nauðsynlegar lagabreytingar að hafa tekið gildi eigi síðar en 31. júlí 2003.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1285. Nefndarálit [667. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Sólveigu Guðmundsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum.

Tilskipun 2001/37/EB fellir úr gildi tilskipanir 89/622/EBE og 90/239/EBE um merkingu tóbaksvarnings og um leyfilegt hámark tjöru sem sígarettur mega gefa frá sér. Meginmarkmið tilskipunarinnar er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um hámarksmagn tjöru, nikótíns og kolsýrings sem vindlingar mega gefa frá sér og viðvaranir er varða heilsufarsleg atriði og aðrar upplýsingar á umbúðum tóbaksvarnings með það fyrir augum að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum með þessa vöru. Þá er mælt fyrir um tilteknar ráðstafanir sem varða innihaldsefni og lýsingu á tóbaksvörum þar sem heilsuvernd er höfð að leiðarljósi.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þegar hlutast til um það með framlagningu lagafrumvarps (415. mál, þskj. 524). Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi 10. mars sl.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1286. Nefndarálit [666. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002, um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE.

Meginefni tilskipunarinnar fjallar um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Evrópusambandsins fyrir umferð á sjó, jafnframt því sem felld er úr gildi tilskipun 93/75/EBE um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins. Gert er ráð fyrir að yfirvöld hvers aðildarríkis haldi utan um upplýsingar um skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning. Markmið slíks eftirlits- og upplýsingakerfis með umferð skipa er að draga úr hættu á mengunarslysum og -óhöppum og draga jafnframt úr áhrifum slíkra slysa eða óhappa á umhverfi sjávar og á heilsu manna. Þá er kveðið á um auðkenningarkerfi skipa, ferðaskráningarkerfi, ráðstafanir til að draga úr hættu á óhöppum, aðstoð við skip í nauðum og samstarf milli ríkja.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og lagði samgönguráðherra fram lagafrumvarp þess efnis í nóvember á síðasta ári (392. mál, þskj. 453) og var málið afgreitt sem lög frá Alþingi 10. mars sl.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1287. Nefndarálit [665. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Val Árnason frá menntamálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

Megintilgangur tilskipunarinnar er að samræma reglur um gjald til höfunda vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Samkvæmt gildandi lögum miðast gjald til höfunda við 10% af söluverði verkanna. Innleiðing tilskipunarinnar mun hafa þau áhrif að endursölugjald lækkar og mun almennt verða í kringum 5%.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þurfa nauðsynlegar breytingar að hafa verið gerðar fyrir 1. janúar 2006.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1288. Nefndarálit [664. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Megintilgangur tilskipunarinnar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana og vissa lágmarkssamræmingu landsreglna um þessi atriði.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneyti mun stefnt að því að leggja fram frumvarp til nauðsynlegra lagabreytinga á 130. löggjafarþingi, en undirbúningur að innleiðingu tilskipunarinnar er nýlega hafinn.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1289. Nefndarálit [663. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármála-þjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópu-

þingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001, um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga.

Megintilgangur tilskipunarinnar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum ríkja efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags og slit vátryggingafélaga og vissa lágmarkssamræmingu landsreglna sem gilda um þessi atriði.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er frestur til 20. apríl nk. til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum. Viðskiptaráðherra lagði fram lagafrumvarp þess efnis fyrir skömmu (568. mál, þskj. 919) og var málið afgreitt sem lög frá Alþingi 10. mars sl.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	

1290. Nefndarálit [639. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Þóru Hjaltested frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB frá 5. mars 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 79/267/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol líftryggingafyrirtækja, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB frá 5. mars 2002, um breytingu á tilskipun ráðsins 73/239/EBE að því er varðar kröfu um gjaldþol skaðatryggingafyrirtækja.

Meginmarkmið tilskipananna er breytingar á reglum um gjaldþol vátryggingafélaga en það felur m.a. í sér að lágmarksfjárhæðir gjaldþols eru hækkaðar verulega miðað við gildandi íslenskan rétt og taka þarf inn bein ákvæði um matsheimildir eftirlitsstjórnvalda og skyldu þeirra til afskipta af málum telji þau réttindum vátryggingartaka stefnt í hættu. Þá verða kröfur vegna tiltekinna skilgreindra aðstæðna auknar í einhverjum tilfellum.

Innleiðing tilskipananna kallar á lagabreytingar hér á landi og lagði viðskiptaráðherra fram lagafrumvarp þess efnis á haustþingi (377. mál, þskj. 429) sem var afgreitt sem lög frá Alþingi hinn 10. mars sl.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Steingrímur J. Sigfússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Einar K. Guðfinnsson.
Jónína Bjartmarz.		Katrín Fjeldsted.

1291. Nefndarálit [638. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002 frá 8. nóvember 2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002, um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Megintilgangur reglugerðarinnar er að samræma regluverk um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa og tengist samþykkt nýs sáttmála um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa, svokallaðs Montreal-samnings frá 1999.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er gert ráð fyrir að frumvarp til laga um breytingu á loftferðalögum verði lagt fram á 130. löggjafarþingi. Jafnframt er gert ráð fyrir að Ísland fullgildi Montreal-samninginn.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Steingrímur J. Sigfússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Einar K. Guðfinnsson.
Jónína Bjartmarz.		Katrín Fjeldsted.

1292. Nefndarálit [619. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins; sameiginlega yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um fyrirsvar starfsmanna.

Markmið tilskipunarinnar er að setja fram lágmarksskilyrði um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs innan fyrirtækja og er aðildarríkjunum falið að skilgreina hvernig staðið skuli að því í samræmi við lög og venjur sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í hverju landi. Gert er ráð fyrir því að aðildarríkin geti valið fyrir hversu stór fyrirtæki tilskipunin skuli gilda, þ.e. hvort hún gildi um fyrirtæki sem hafa a.m.k. 50 starfsmenn í vinnu eða a.m.k. 20 starfsmenn.

Aðildarríkjunum er falið að ákveða hvort efni hennar verði innleitt með lagasetningu eða ákvæðum í kjarasamningum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Steingrímur J. Sigfússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Einar K. Guðfinnsson.
Jónína Bjartmarz.		Katrín Fjeldsted.

1293. Nefndarálit [618. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002, um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna póstþjónustu bandalagsins enn frekar fyrir samkeppni.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að opna póstmarkaðinn í Evrópu enn frekar fyrir samkeppni. Samkvæmt efni hennar verður áfram unnt að veita rekstrarleyfishöfum með svonefndar alþjónustuskyldur einkarétt til að tryggja ákveðna lágmarksþjónstu en einkaréttarþjónusta skal takmarkast við ákveðna þyngdarflokka sendinga. Frá 1. janúar 2003 skulu þyngdarmörkin vera 100 g en lækka í 50 g frá 1. janúar 2006. Þá er kveðið skýrar á um nokkur atriði til hagsbóta fyrir neytendur.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi. Frestur til að innleiða efni hennar var til 1. janúar 2003. Samgönguráðherra lagði fram frumvarp þess efnis á haustþingi og varð það að lögum í lok síðasta árs sem lög nr. 136/2002. Að mati samgönguráðuneytisins felur fyrrnefnd lagabreyting í sér fullnægjandi innleiðingu tilskipunarinnar í landsrétt.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Steingrímur J. Sigfússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Einar K. Guðfinnsson.
Jónína Bjartmarz.		Katrín Fjeldsted.

1294. Nefndarálit [648. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Sementsverksmiðjunni hf. Akranesi, Starfsmannafélagi Sementsverksmiðjunnar, Verkalýðfélaginu á Akranesi, Akraneskaupstað og iðnaðarráðuneyti ásamt fulltrúa frá Samtökum iðnaðarins.

Minni hlutinn er efnislega ekki á móti sölu á Sementsverksmiðjunni hf. en gerir athugasemd við aðferðafræði ríkisstjórnarinnar og þar með iðnaðarráðherra. Innflutningur á sementi hefur aukist á undanförnum missirum. Sement er nú flutt inn frá Danmörku og mun hlutdeild innflutts sements vera 20–25% af heildarnotkun í landinu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem minni hlutinn hefur er verð innflutta sementsins mun lægra en í útflutningslandinu og jafnframt lægra en sementsverð í öðrum löndum sem viðkomandi aðilar flytja út til. Sementsverksmiðjan hf. hefur kært meint undirboð samkeppnisaðilans til samkeppnisyfirvalda. Þau mál eru enn óútkljáð enda þótt ESA hafi kveðið upp þann úrskurð að Sementsverksmiðjan sé ekki ráðandi á markaði hérlendis. Það er alveg ljóst að biðtími eftir úrskurði ESA hefur verið verksmiðjunni dýrkeyptur og það hefur verið skoðun minni hlutans að ríkisstjórnin eða iðnaðarráðherra hefði átt að setja einhliða lágmarksverð á sement í landinu þar til málefni veksmiðjunnar væru komin á hreint.

Minni hlutinn telur að standa beri vörð um Sementsverksmiðjuna hf. og að strax hefði átt að setja lágmarksverð á sement til þess að vinna tíma og ganga úr skugga um samkeppnismál verksmiðjunnar og verðmyndun á innfluttu sementi. Minni hlutinn minnir á þingsályktunartillögu undirritaðs og Jóns Bjarnasonar á þskj. 32 um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi.

Minni hlutinn minnir einnig á tillögu sömu flutningsmanna á þskj. 133 um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna. Reikna má með að flestir landsmenn viti hvert meginhlutverk Sementsverksmiðjunnar á Akranesi er, en líklega hafa fæstir áttað sig á því að Sementsverksmiðjan getur gegnt lykilhlutverki hvað varðar förgun spilliefna og notkun á iðnaðarúrgangi. Nú þegar hefur verksmiðjan unnið brautryðjandastarf á því sviði. Í ofni Sementsverksmiðjunar er brennt talsvert af olíu, framköllunarefnum og leysiefnum og hefur sú brennsla sparað umtalsverð kaup verksmiðjunnar á eldsneyti erlendis frá. Komið hefur fram í viðtölum við forráðamenn verksmiðjunnar að hún geti hæglega tekið að sér förgun aukins hluta úrgangsefna sem til falla. Má þar nefna gúmmí, svo sem hjólbarða sem hægt væri að nota í brennsluferli verksmiðjunnar, en einnig timburafganga og olíur af ýmsu tagi í meira mæli en gert hefur verið fram að þessu. Í fyrrgreindri þingsályktunartillögu er lagt til að gengið verði úr skugga um hvernig Sementsverksmiðjan getur í enn ríkari mæli unnið að förgun úrgangsefna. Gríðarlegt magn úrgangsefna fellur til í landinu, afgangsolíur af ýmsu tagi, timbur og gúmmíafgangar. Pappír sem til fellur er t.d. um 15–20 þús. tonn, timbur 14–15 þús. tonn, dagblöð 10–12 þús. tonn, plast 1.500–2.000 tonn og hjólbarðar 1.500–2.000 tonn. Verksmiðjan fargar nú þegar um 5.000 tonnum af fljótandi efnum sem eru nær eingöngu úrgangsolíur. Sum þessara efna eru flutt úr landi til förgunar en vegna eðlis sementsverksmiðja þar sem vara er unnin við mjög hátt brennslustig er talið að hún geti auðveldlega sinnt mun stærri hluta þessarar nauðsynlegu förgunar og jafnframt gæti það styrkt rekstur verksmiðjunnar að einhverju leyti.

Minni hlutinn telur afar brýnt að þessi úttekt á framtíðarhlutverki verksmiðjunnar varðandi förgun úrgangsefna fari fram áður en áformað verður að selja Sementsverksmiðjuna hf. Í umsögnum kemur fram að Sementsverksmiðjan hefur í samstarfi við Efnamóttökuna hf. látið vinna drög að skýrslu um brennslu úrgangsefna í ofni fyrirtækisins og telur þá málinu til framdráttar að fulltrúar frá fleiri aðilum hafa einnig komið að málinu. Forsvarsmenn Sementsverksmiðjunnar benda á að framtíðarförgun á þessum efnum sé að vísu háð því að hægt verði að tryggja framtíðarverkefni fyrirtækisins. Í umsögn Efnamóttökunnar hf. kemur fram að sementsverksmiðjur erlendis hafa lagt mikla áherslu á að fá úrgangsefni til brennslu í stað olíu og kola. Þannig losna verksmiðjurnar við kaup á eldsneyti og fá jafnvel greitt með brennslu úrgangsefnanna og viðkomandi samfélag þarf ekki að leggja til land undir urðun þeirra úrgangsefna sem þannig er unnt að brenna eða eyða þeim með öðrum og oft dýrari hætti. Með úrvinnslulögum skapast hagrænir hvatar til að safna umbúðaúrgangi, hjólbörðum o.fl. og þau

lönd sem hafa á annað borð einhver umhverfismarkmið leitast við að nýta urðun úrgangs eins og kostur er. Sum úrgangsefni er hægt að endurvinna sem hráefni í aðra framleiðsluvöru en fyrir önnur efni þarf að finna aðrar úrvinnsluaðferðir. Á Íslandi er núna engin úrvinnsluaðferð fyrir hjólbarða nema urðun. Hjólbarða og ýmsan umbúðaúrgang er tiltölulega einfalt að brenna til orkuvinnslu eða til að koma í stað annarra orkugjafa. Þannig getur Sementsverksmiðjan hf. gegnt stóru hlutverki. Það yrði því verulegt áfall fyrir úrvinnsluiðnaðinn hér á landi ef brennslu úrgangsefna yrði hætt í Sementsverksmiðjunni hf. Þá þarf að koma þessum efnum annað, í flestum tilfellum til útlanda með tilheyrandi kostnaði. Einnig þarf að hafa í huga að reglur um flutning úrgangsefna á milli landa verða sífellt strangari. Það er því ákaflega mikilvægt að tryggja megi rekstur Sementsverksmiðjunnar á Akranesi til frambúðar.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. mars 2003.

Árni Steinar Jóhannsson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal, umsagnir um þingsályktunartillögu um úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna (133. mál 128. löggjafarþings):

Umsögn samtaka atvinnulífsins. (25. nóvember 2002.)
Umsögn Byggðastofnunar, þróunarsviðs. (26. nóvember 2002.)
Umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. (2. desember 2002.)
Umsögn Efnamóttökunnar hf. (2. desember 2002.)
Umsögn Samtaka iðnaðarins. (18. nóvember 2002.)
Umsögn spillefnanefndar. (5. desember 2002.)
Umsögn Hollustuverndar ríkisins. (5. desember 2002.)
Umsögn Iðntæknistofnunar. (2. desember 2002.)
Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu. (2. desember 2002.)

1295. Nefndarálit [544. mál]

um frv. til l. um Orkustofnun.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Kristínu Haraldsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason frá Orkustofnun, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja hf., Eirík Bogason frá Samorku, Friðrik Sophusson, Þórð Guðmundsson og Bjarna Bjarnason frá Landsvirkjun, Franz Árnason frá Norðurorku, Guðmund Þóroddsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Kristján Haraldsson frá Orkubúi Vestfjarða, Kristján Jónsson og Eirík Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins, Ólaf Eggertsson frá Landssambandi raforkubænda og Þórð Skúlason og Jón Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umsagnir bárust frá Selfossveitum, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknarráði Íslands, Byggðastofnun, Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Orkustofnun, Norðurorku, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Orkubúi Vestfjarða hf., Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, Alþýðusambandi Íslands, Skipulagsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eyþingi.

Frumvarpið er byggt á niðurstöðum nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðherra og átti að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið með lögum um rannsókn og nýtingu auðlinda í jörðu, nr. 57/1998, og lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, svo og hlutverk stofnunarinnar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga og koma með tillögur um framtíðarskipulag hennar.

Í frumvarpinu er lagt til að skipulagi Orkustofnunar verði breytt svo koma megi í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu skapast vegna hins aukna stjórnsýsluhlutverks sem stofnuninni er fengið í fyrrnefndum lögum og er í því skyni lagt til að rannsóknarsviðið verði skilið frá stofnuninni, starfsemi vatnamælinga rekin sem sjálfstæð eining og stofnuninni fengið aukið eftirlitshlutverk að lögum. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir breytingum á hlutverki Orkuráðs sem verður orkumálastjóra til ráðgjafar í stefnumarkandi málum en ábyrgð á rekstri og stefnumótun verður hjá orkumálastjóra.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að með frumvarpinu væri verið að setja Orkustofnun almennan ramma en hlutverk stofnunarinnar ekki tíundað nákvæmlega. Nefndin leggur til breytingar á frumvarpinu sem snúa að Orkusjóði og eru til þess fallnar að skýra hlutverk hans betur og gera hann sjálfstæðari við hlið orkumálastjóra. Yfirumsjón með sjóðnum er samkvæmt frumvarpinu í höndum iðnaðarráðherra. Þá leggur nefndin til að Orkuráð geri tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði en ekki Orkustofnun að fengnum tillögum ráðsins, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „og við gerð tillagna“ í 3. málsl. komi: og að gera tillögur.
2. Við 7. gr. er verði 8. gr.
   a. 5. mgr. orðist svo:
      Heimilt er að semja við aðila, sem hafa leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.
   b. 6. mgr. orðist svo:
      Orkuráð skal gera tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Alþingi, 10. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Svanfríður Jónasdóttir.	Árni R. Árnason.
Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

1296. Nefndarálit [610. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Erlu Pétursdóttur, Lilju Sturludóttur og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneytinu, Helga Jensson fyrir hönd umhverfisráðuneytisins, Örn Sigurðsson frá Fornbílaklúbbnum og Jónas Þór Steinarsson frá Bílgreinasambandinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Umferðarstofu, Ríkisendurskoðun, Trausta – félagi sendibílstjóra, Fornbílaklúbbi Íslands, tollstjóranum í Reykjavík og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Í frumvarpinu er lögð til lækkun vörugjalds af nokkrum flokkum ökutækja.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu. Lögð er til lækkun vörugjalds í 13% af fólksbifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum 40 ára og eldri. Þessar bifreiðar falla nú í sama flokk og aðrar fólksbifreiðar til almennra nota þar sem vörugjaldshlutfallið er 30% eða 45% eftir sprengirými aflvélar. Nefndin telur eðlilegt, með hliðsjón af takmarkaðri notkun slíkra fornbifreiða og menningarlegs tilgangs þeirra, m.a. með tilkomu bílasafna víða um land, að eðlilegt sé að innheimt séu af þeim lægri vörugjöld en almennt gerist.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við a-lið 1. mgr. 1. gr. bætist nýr stafliður er orðist svo: Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.

Árni R. Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Jóhann Ársælsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 12. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jón Bjarnason.

Jóhann Ársælsson,
með fyrirvara.

1297. Nefndarálit [669. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneytinu, Sigurberg Björnsson frá samgönguráðuneytinu og Árna Þór Sigurðsson frá Hafnasambandi sveitarfélaga.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær aðskildar breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags, eins og þær eru nánar skilgreindar í frumvarpi til hafnalaga sem nú liggur fyrir þinginu, verði virðisaukaskattsskyldar en það er ein meginforsenda þeirrar nýju skipanar hafnamála sem lögð er til í frumvarpinu. Í annan stað er lagt til að gildandi heimild samkvæmt ákvæði til bráðabirgða X í lögunum um virðisaukaskatt, sem fjallar um heimild til endurgreiðslu ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003, verði framlengd til 31. desember 2005.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni R. Árnason og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Hjálmar Árnason.	Adolf H. Berndsen.	Jóhann Ársælsson.

1298. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um strandsiglingar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Jafnframt var málið sent til umsagnar á síðasta þingi og bárust þá nefndinni umsagnir frá Vegagerðinni, Byggðastofnun, Siglingastofnun Íslands og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Nefndin telur efnisatriði málsins þess eðlis að rétt sé að þau séu skoðuð af ríkisstjórninni og þeim stofnunum ríkisins sem í hlut eiga.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. mars 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Jón Bjarnason.	Lúðvík Bergvinsson.

Jóhann Ársælsson.

1299. Nefndarálit [597. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús K. Hannesson frá utanríkisráðuneyti.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu var undirritaður í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001 og tók hann gildi 1. júní 2002. Fullgilding samningsins kallaði á fjölmargar lagabreytingar hér á landi sem voru að hluta til gerðar með lögum nr. 76/2002, um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, en málið var til meðferðar í utanríkismálanefnd á síðasta þingi (þskj. 1088, 672. mál). Eftir gildistöku þeirra laga kom í ljós að frekari lagabreytinga var þörf og er bætt úr því með þessu frumvarpi. Markmið lagabreytinganna er sem áður fyrst og fremst að veita svissneskum ríkisborgurum og lögaðilum rétt til samræmis við EES-borgara þar sem það leiðir af nýjum stofnsamningi EFTA.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að í frumvarpið vantaði enn breytingar á nokkrum lagaákvæðum og leggur nefndin því til að þeim verði bætt við.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og gerð er grein fyrir hér að framan.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1300. Breytingartillögur [597. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „í EES-landi“ í 6. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
2. Á eftir III. kafla komi tveir nýir kaflar, IV. kafli, **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**, með sjö nýjum greinum, 22.–28. gr., og V. kafli, **Iðnaðarráðuneyti**, með þremur nýjum greinum, 29.–31. gr., svohljóðandi:
   a. (22. gr.)
   Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.
   2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993 og 4. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunarleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
   b. (23. gr.)
   Breyting á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.
   Í stað orðanna „og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993 og 10. gr. laga nr. 76/2002, kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
   c. (24. gr.)
   Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.
   2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993 og 14. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ljósmæðraleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
   d. (25. gr.)
   Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.
   2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993 og 16. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tannlækningaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
   e. (26. gr.)
   2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993 og 18. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi frá landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
   f. (27. gr.)
   Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.
   2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993 og 19. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á læknaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

g. (28. gr.)

2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993 og 21. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

h. (29. gr.)

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

Við 1. mgr. 65. gr. a laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1996 og 1. gr. laga nr. 132/1997, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ákvæðin taka einnig til ríkisborgara og lögaðila aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

i. (30. gr.)

Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Á eftir orðunum „samningi um Evrópska efnahagssvæðið“ í 2. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

j. (31. gr.)

Við 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 69/2002, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sama réttar.

3. Við 22. gr., er verði 33. gr. Við 2. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.
4. Á eftir 23. gr., er verði 34. gr., komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 4. tölul. 18. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

5. Á undan 32. gr., er verði 45. gr., komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

6. Við 35. gr., er verði 48. gr. A-liður orðist svo: Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. kemur: og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
7. Á eftir VI. kafla, er verði VIII. kafli, komi nýr kafli, IX. kafli, **Viðskiptaráðuneyti**, með sex nýjum greinum, 50.–55. gr., svohljóðandi:

a. (50. gr.)

Breyting á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Við 36. gr. d laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 14/1995, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ef ákvæði samnings tengist landsvæði aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu með samsvarandi hætti skal neytandinn eigi njóta lakari verndar en samkvæmt löggjöf viðkomandi lands á svæðinu.

b. (51. gr.)

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1997 og 62. gr. laga nr. 76/2002, kemur: í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

c. (52. gr.)

Breyting á lögum nr. 159/1994, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sama réttar og í ákvæðunum felast enda sé um gagnkvæmni að ræða.

d. (53. gr.)

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 117/1997 og 67. gr. laga nr. 76/2002, kemur: í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

e. (54. gr.)

Breyting á lögum nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í b-lið 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

f. (55. gr.)

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í a-, b- og c-lið 22. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

1301. Breytingartillaga [453. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá Jónínu Bjartmarz.

12. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu 3. gr., 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I, II og III gilda frá 1. janúar 2003.

1302. Nefndarálit [648. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Gunnar Örn Gunnarsson frá Sementsverksmiðjunni, Gísla Gíslason, Guðmund Pál Jónsson og Guðrúnu Elsu Gunnarsdóttur frá Akraneskaupstað, Jón Jónsson og Elínbjörgu Magnúsdóttur frá Verkalýðsfélagi Akraness og Lilju Aðalsteinsdóttur, Kristján Guðmundsson og Jens H. Ragnarsson frá Sementsverksmiðju ríkisins.

Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að selja allan eignarhlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. Ríkið á allt hlutafé verksmiðjunnar en hlutafélag var stofnað um rekstur hennar árið 1993. Reksturinn hefur verið erfiður vegna minnkandi sementssölu

og harðnandi samkeppni og þarf verksmiðjan á auknu rekstrarfé að halda til að geta nýtt þau tækifæri sem bjóðast á markaðinum.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að í ljósi þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru í stóriðju séu nokkur tækifæri fyrir sementsframleiðslu hér á landi. Þá kom einnig fram að hlutverk verksmiðjunnar í förgun spilliefna mundi aukast í nánustu framtíð og að í því fælust tækifæri. Nú þegar eyðir verksmiðjan og hagnýtir þar með nær allan olíuúrgang sem fellur til í landinu.

Meiri hlutinn telur mikilvægt fyrir Akraneskaupstað og nágrenni, sem og þjóðarbúið í heild, að áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar sé tryggður. Þá mælir meiri hlutinn með að ákvæði laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62/1973, verði tekin til endurskoðunar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 10. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Svanfríður Jónasdóttir.	Árni R. Árnason.
Kjartan Ólafsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	

1303. Nefndarálit [545. mál]

um frv. til l. um Íslenskar orkurannsóknir.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Kristínu Haraldsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason frá Orkustofnun, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja hf., Eirík Bogason frá Samorku, Friðrik Sophusson, Þórð Guðmundsson og Bjarna Bjarnason frá Landsvirkjun, Franz Árnason frá Norðurorku, Guðmund Þóroddsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Kristján Haraldsson frá Orkubúi Vestfjarða, Kristján Jónsson og Eirík Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins, Ólaf Eggertsson frá Landssambandi raforkubænda og Þórð Skúlason og Jón Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Selfossveitum, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknarráði Íslands, Byggðastofnun, Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Orkustofnun, Norðurorku, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Orkubúi Vestfjarða hf., Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, Alþýðusambandi Íslands, Skipulagsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eyþingi.

Með frumvarpinu er lagt til að rannsóknasvið Orkustofnunar verði gert að sérstakri ríkisstofnun sem heyri undir stjórn iðnaðarráðherra og eru gerðar samsvarandi breytingar á Orkustofnun með frumvarpi sem lagt var fram samhliða þessu. Aðskilnaður þessi þykir nauðsyn-

legur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu skapast við breytingar á starfsumhverfi orkufyrirtækja samkvæmt frumvarpi til raforkulaga.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að með frumvarpinu er leitast við að skapa almennan ramma fyrir stofnunina sem líkastan fyrirtækjarekstri og er ætlunin að með því fáist ákveðin reynsla á reksturinn. Stofnunin mun starfa á viðskiptalegum forsendum og er því mikilvægt að starfsskilyrði stofnunarinnar verði sem líkust starfsskilyrðum hlutafélaga og er í því skyni lagt til að skipuð verði fimm manna stjórn.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu varðandi skipun forstjóra, þ.e. að forstjóri sé ráðinn af stjórn stofnunarinnar en ekki af ráðherra og telur nefndin það til þess fallið að gera stofnunina sjálfstæðari og samrýmast betur starfsskilyrðum hlutafélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. málsl. 4. gr. orðist svo: Forstjóri Íslenskra orkurannsókna er ráðinn af stjórn stofnunarinnar.
2. Önnur málsgrein ákvæðis til bráðabirgða falli brott.

Alþingi, 10. mars 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Svanfríður Jónasdóttir.	Árni R. Árnason.
Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

1304. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust umsagnir um það frá Bændasamtökum Íslands, Landvernd, oddvita Árneshrepps og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf.

Nefndin telur að stuðla eigi að verndun þess menningararfs sem felst í búsetu og búsetuminjum í jaðarbyggðum Íslands. Við umfjöllun málsins var bent á að jaðarbyggðir landsins endurspegli mjög vel tengsl þjóðarinnar við landið í aldanna rás og með hvaða hætti þjóðin nýtti sér gæði þess sér til lífsviðurværis. Því væru þær afar mikilvægur þáttur í menningarsögu þjóðarinnar.

Árneshreppur á Ströndum er á margan hátt einstök jaðarbyggð, landfræðilega afmarkaður, nokkuð þéttbýll, auk þess sem þar er að finna fjölbreyttar minjar um búsetu, atvinnuhætti og sögu þjóðarinnar.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar.

Ísólfur Gylfi Pálmason, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Katrín Fjeldsted.
Gunnar Birgisson.		Ásta Möller.

1305. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Frumvarpið er tengt frumvarpi til laga um álbræðslu á Grundartanga en í þessu frumvarpi er leitað heimilda vegna þeirrar orkuöflunar sem þarf til fyrirhugaðrar stækkunar Norðuráls. Þar er um það að ræða að:

a. Orkuveita Reykjavíkur fái leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 120 MW afli,
b. Hitaveita Suðurnesja fái leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Reykjanesi með allt að 80 MW afli, enda liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, og til að stækka jarðvarmavirkjun félagsins í Svartsengi um 16 MW.

Síðan fylgja umsagnir Orkustofnunar um þessar fyrirhuguðu framkvæmdir.

Þá verður Landsvirkjun samkvæmt frumvarpinu heimilað, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra, að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar. Með frumvarpinu fylgir loks sem fylgiskjal III yfirlit Landsvirkjunar yfir framkvæmdirnar við Norðlingaöldu.

Í úrskurði setts umhverfisráðherra sem tiltekinn er í lagagreininni er skýrt kveðið á um það að um útfærsluna skuli vera samráð milli fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar. Markmið þess samráðs er að full sátt náist um útfærsluna og vísa margir til þeirrar útfærslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. sem almenn ánægja var með þegar kynnt var. Það kom því vægast sagt á óvart, og hefur ýft geð margra sem áður höfðu fagnað úrskurði setts umhverfisráðherra, að sjá yfirlit Landsvirkjunar sem sérstakt fylgiskjal með frumvarpinu. Fulltrúar Samfylkingarinnar ítreka það að þeir líta svo á að þær leiðir sem þar eru einhliða birtar séu ekki bindandi á nokkurn hátt enda samráðsferli hafið sem á að skila niðurstöðu sem allir geta sæst á. Með þessu nefndaráliti fylgja ábendingar Más Haraldssonar, oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps, svo að ljóst megi vera hver sjónarmið þeirra eru og menn geti þá borið þær saman við fylgiskjal III.

Þá hlýtur það að vera öllum hlutaðeigandi umhugsunarefni að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum geti umhverfisráðherra úrskurðað þannig í málum að niðurstaðan verði raunverulega ný framkvæmd sem ekki virðist þarfnast umhverfismats. Spurningin er hvort

hér er verið að setja fordæmi fyrir framtíðina og hvers við megum þá vænta. Ekki er víst að það eigi alltaf við að almennari ánægja ríki með úrskurð ráðherra en Skipulagsstofnunar.

Ástæða er til að vekja eftirtekt á því að eftir að ný raforkulög hafa tekið gildi, væntanlega 1. júlí í sumar, þarf ráðherra ekki að leita til Alþingis með ákvarðanir um einstakar virkjanir. Þá má velta því fyrir sér af hverju leitað er til Alþingis með einstakar veitur þar sem ákvæði í vatnalögum gera það óþarft.

Það er bagalegt þegar framsetning þingmáls er með þeim hætti að yfir upp deilur sem áður hafði tekist að setja niður. Þrátt fyrir það treysta fulltrúar Samfylkingarinnar því að samráð heimamanna, Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar leiði til niðurstöðu sem sátt getur orðið um.

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja frumvarpið, enda verði farið eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum og útfærsla Norðlingaölduveitu verði í samræmi við úrskurð setts umhverfisráðherra.

Alþingi, 12. mars 2003.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir.

Fylgiskjal.

Már Haraldsson,
oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Greinargerð um Norðlingaölduveitu.
(8. mars 2003.)

Áhrif á fossa í Þjórsá:

Mjög takmarkaðir möguleikar á að stýra rennsli vegna lítils miðlunarrýmis, hugsanlega hægt að auka rennsli 4 tíma á dag í 2–3 ár af hverjum 4.

Svo takmörkuð lausn er ekki í samræmi við væntingar heimamanna né almennings og stangast á við 37. gr. náttúruverndarlaga.

Það verður því að horfast í augu við þá staðreynd að með framkvæmdinni er verið að fórna þessum náttúrufyrirbærum.

Lón við Norðlingaöldu:

Í úrskurði ráðherra er gert að skilyrði að lón og mannvirki séu utan friðlandsins og hafi ekki áhrif á náttúrufar innan þess.

Í tillögu VST er miðað við lónhæð 566 mys.fyrst og fremst vegna þess að aurskolun virkar ekki við hærri lónhæð (minni landhalli í og við lón, mun stærri flötur, gróið land).

Sú sátt sem er um úrskurðinn byggir alfarið á hugmyndinni um lónhæð 566 mys. bæði vegna umfangs lóns og auðleystari vandamála við setmyndun.

Ef gerð er krafa um hærri lónhæð er sáttin úr sögunni enda þótt skilyrðum um lón og mannvirki utan friðlands sé fullnægt.

Veitulón við Þjórsárjökul:

Besta leiðin til að tryggja rennsli neðan veitunnar og draga um leið úr sjónrænum áhrifum er að sleppa leiðigörðum og stíflu við Litlu-Arnarfellskvísl og láta hana renna óskipta í Norðlingaöldulón.

1306. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hlutinn telur frumvarp þetta meingallað þótt gerðar hafi verið á því nokkrar breytingar frá eldra frumvarpi sem flutt var á síðasta þingi og eins þótt til standi samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans að reyna enn að lagfæra gallana. Eftir stendur þó að verið er að heimila með frumvarpi þessu að halda inn á þá háskalegu braut að hlutafélagavæða og að hluta til einkavæða rekstur vatnsveitna. Þessari stefnu er minni hlutinn andvígur og telur að vatnsveitur beri að skilgreina sem undirstöðuþjónustu, undirstöðu veitustarfsemi sem eðli málsins samkvæmt er nánast dæmd til að lúta náttúrulegri einokun. Halda beri rekstri vatnsveitna algjörlega aðgreindum frá kröfum um hagnað/arð til eigenda í viðskiptalegum skilningi. Arðurinn af rekstri vatnsveitna á eingöngu að vera fólginn í þeim grundvallarréttindum einstaklinga, mannlífs og atvinnulífs að eiga aðgang að ódýru og góðu vatni. Óvíða ef nokkurs staðar í heiminum eru aðstæður einmitt betri til þess en á Íslandi. Rekstur vatnsveitna á ekkert erindi inn í samkeppnisumhverfi venjulegs atvinnurekstrar. Eðlilegast væri að ganga þannig frá málum að þau sveitarfélög sem kjósa að breyta sameinuðum orku- eða veitufyrirtækjum sínum, þar á meðal vatnsveitum, yfir í hlutafélög skilji þá neysluvatnsveitur eftir í eigu sveitarfélaganna og á þeirra vegum sé, vegna breyttra aðstæðna, t.d. í viðskiptaumhverfi orkuöflunar, orkusölu og dreifingar, talið nauðsynlegt að gera slíkar breytingar á að halda vatnsveitum þar utan við.

Þótt gerðar séu nokkrar tilraunir til að laga ágalla frumvarpsins í breytingartillögum meiri hlutans skortir enn verulega á að frumvarpið sé ásættanlegt sem slíkt að viðbættum þeim pólitíska ágreiningi um grundvallarstefnu í málinu sem gerð var grein fyrir hér að framan. Í 2. gr. frumvarpsins á nú samkvæmt breytingartillögunum að gera einkarétt sveitarfélaga á rekstri vatnsveitna afdráttarlausan í stað þess að í frumvarpinu sjálfu er talað um að sveitarfélag „sem lagt hefur vatnsveitu“ hafi einkarétt á rekstri hennar. Þessi breyting yrði að sjálfsögðu til bóta, enda ótrúlegur frágangur á frumvarpinu eins og það var lagt fram, en dugar þó engan veginn. Fyrir utan liggur eignarhaldið sjálft. Einkaréttur á rekstri jafngildir ekki sjálfkrafa eign sveitarfélags.

Ákvæðin um heimildir sveitarfélaga til að framselja einkarétt sinn til rekstrar veitna eru einnig verulega gölluð. Þó svo að skilyrði sé að stofnun eða fyrirtæki sem rétturinn er seldur til sé að meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélags er ljóst að í gegnum slíkt fyrirkomulag gæti rekstur veitnanna orðið einkavæddur a.m.k. að 49%. Einnig er sérkennilegt að engin tímamörk eru sett um það til hve langs tíma framsalið megi standa. Eingöngu er talað um að það skuli vera til ákveðins tímabils í senn. Væntanlega má túlka það eftir vilja og áhuga hvers og eins; getur eins tekið til 99 ára eins og til fimm eða tíu ára.

Annað meingallað ákvæði þessa frumvarps er svo ákvæði 3. gr. um að eiganda vatnsveitu sé ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé vatnsveitunnar. Með þessu ákvæði frumvarpsins er undirstrikað að verið sé að leggja rekstur vatnsveitu að nánast öllu leyti að jöfnu við hvern annan atvinnurekstur sem rekinn yrði í hagnaðarskyni. Draga verður mjög í efa að það samræmist lögum að heimila sveitarfélögum almenna tekjuöflun með þessum hætti við ákvörðun vatnsgjalds til þess að tryggja sér 7% arð af eigin fé vatnsveitu.

Frumvarpið að öðru leyti gengur út á það að gjaldtaka vatnsveitna skuli miðast við almenn sjónarmið um þjónustugjöld, þ.e. ekki sé um skatt eða eiginlega tekjuöflun að ræða. Um þjónustugjöld á hins vegar að gilda sú meginregla að fyrir utan að byggjast á skýrum lagaheimildum beri að gæta þess við ákvörðun gjaldanna að þau séu ekki hærri en sem nemur þeim kostnaði sem almennt stafar af því að veita viðkomandi þjónustu. Sé farið út fyrir þessi mörk er í reynd um tekjuöflun að ræða og þá verður sú tekjuöflun, hvort heldur sem er til ríkis eða sveitarfélaga, að byggjast á fullnægjandi skattlagningarheimild, sbr. 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Um nánari rökstuðning fyrir þessu sjónarmiði er vísað til umsagnar Samtaka atvinnulífsins sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Það verður að telja stóran ljóð á þessu frumvarpi að höfundarnir hafa með öllu horft fram hjá þróun á alþjóðavettvangi hvað varðar það að meta nægan aðgang að hollu og góðu drykkjarvatni sem grundvallarmannréttindi og að ekki beri að líta á vatn sem verslunarvöru. Benda má á nýgerða samþykkt Sameinuðu þjóðanna í þessu sambandi.

Þá hefði verið eðlilegt ef endurskoða á lagaákvæði um vatnsveitur sveitarfélaganna að líta til yfirstandandi viðræðna á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og líklegra skuldbindinga samkvæmt svonefndum GATS-samningum sem þar koma væntanlega til sögunnar. Höfundar frumvarpsins virðast ekki hafa kynnt sér þá neikvæðu reynslu sem orðið hefur af einkavæðingu vatnsveitna víða erlendis sem aftur hefur svo leitt til þess að ríkisstjórnir margra landa, t.d. Hollands, hafa gripið til róttækra aðgerða til að ná aftur tökum á ástandinu.

Með vísan til alls þessa er það niðurstaða minni hlutans að frumvarp þetta sé á engan hátt tækt til afgreiðslu og það beri að vinna betur. Minni hlutinn leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. mars 2003.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. (14. febrúar 2003.)
II. Umsögn Samtaka atvinnulífsins. (14. febrúar 2003.)

1307. Nefndarálit [171. mál]

um till. til þál. um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Frá félagsmálanefnd.

Tillagan felur í sér að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytis félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála og fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefur að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Jafnframt geri starfshópurinn kostnaðaráætlun um verkefnið. Lagt er til að starfshópurinn leggi fram tillögur sínar fyrir 1. október 2003 og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins verði formaður hans.

Nefndin tekur undir markmið tillögunnar því að þótt ýmislegt hafi áunnist hér á landi í réttindamálum fatlaðra á undanförnum árum og áratugum má sjá að enn er mikið verk óunnið og því leggur nefndin til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Drífa Hjartardóttir.

Jónína Bjartmarz.

1308. Svar [644. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um stöðu rafmagnseftirlits og ástand raflagna á sveitabýlum.

1. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við upplýsingum sem fram koma í skýrslum Löggildingarstofu – rafmagnsöryggisdeildar, nú síðast í desember 2002, um alvarlegt ástand raflagna á sveitabýlum?*

Hlutverk Löggildingarstofu er samkvæmt lögum nr. 146/96, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, að stuðla að því að draga sem mest úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum þeirra. Það gerir stofnunin m.a. með því að láta framkvæma úrtaksskoðanir á neysluveitum í rekstri (gamalskoðun) og miðla síðan upplýsingum um niðurstöður slíkra skoðana til fagmanna og almennings í landinu.

Þetta er nákvæmlega það sem Löggildingarstofa hefur gert varðandi könnun á ástandi raflagna á sveitabýlum. Löggildingarstofa lét framkvæma skoðanir á fjórða hundrað sveitabýla vítt og breitt um landið og voru þau skoðuð af óháðum faggiltum skoðunarstofum samkvæmt skilgreindum verklags- og skoðunarreglum. Skýrslu Löggildingarstofu um niðurstöðu þessara skoðana var síðan dreift til allra lögbýla og til allra löggiltra rafverktaka í landinu.

Það eru eigendur og umráðamenn sveitabýla sem bera svo ábyrgð á ástandi raflagna á sveitabýlum og því þeirra að sjá til þess að nauðsynlegar úrbætur fari fram á raflögnum, sé þess þörf.

Það sama á við um ástand raflagna í öðru húsnæði. Eigendur húsnæðis bera ábyrgð ástandi og viðhaldi raflagnanna. Það er hins vegar stjórnvalda, í þessu tilfelli Löggildingarstofu að miðla upplýsingum til fagmanna og almennings um það sem betur má fara.

Löggildingarstofa mun halda áfram á þeirri braut sem hér að framan hefur verið lýst og nú er stofnunin að láta framkvæma úrtaksskoðanir á veitingahúsum, skemmtistöðum, hótel- og gistiheimilum, iðnaðarhúsnæði, verkstæðum og fiskvinnsluhúsum. Niðurstöður þessara skoðana verða kynntar síðar og á sama hátt og gert er í skýrslu um ástand raflagna á sveitabýlum.

Það er einmitt á þennan hátt sem hægt er að beita sér fyrir auknu rafmagnsöryggi í landinu, þ.e. með úrtaksskoðunum og aukinni fræðslu til fagmanna og almennings.

2. *Hyggst ráðherra endurskoða framkvæmd rafmagnseftirlits í landinu með tilliti til þess hve öryggisþáttum raflagna og rafbúnaði er ábótavant?*

Eins og margoft hefur komið fram hefur verið byggt upp öflugt og skilvirkt fyrirkomulag rafmagnsöryggismála í landinu. Teknar hafa verið upp úrtaksskoðanir í stað alskoðana með það að markmiði að ná hliðstæðum árangri en með minni tilkostnaði. Löggiltir rafverktakar og raforkufyrirtækin hafa komið sér upp skilgreindu innra öryggisstjórnunarkerfi með eigin starfsemi og því er rafverktökum og starfsmönnum raforkufyrirtækja treyst til þess að vinna verk sín af kostgæfni án óþarfa afskipta ríkisins. Upplýsingamiðlun til fagmanna og almennings hefur verið stóraukin frá því sem áður var.

Þrátt fyrir að á mörgum sveitabýlum hafi viðhaldi raflagna ekki verið sinnt á fullnægjandi hátt er ekkert sem bendir til að tjónum af völdum rafmagns hafi fjölgað. Árlegar skýrslur Löggildingarstofu um tjón og slys af völdum rafmagns gefa ekkert slíkt til kynna.

Því verður ekki séð að nein efnisleg rök séu fyrir því að breyta framkvæmd rafmagnseftirlits hér á landi.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir að rafmagnseftirlitsmenn starfi svæðisbundið eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, þ.e. að rafskoðunarstofur séu starfandi úti um land?*

Löggildingarstofa lætur árlega framkvæma úrtaksskoðanir á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri, ásamt úrtaksskoðunum á rafföngum á markaði fyrir á fimmta tug millj. kr. Þessar úrtaksskoðanir eru framkvæmdar af óháðum faggiltum skoðunarstofum. Skoðunarstofurnar eru í einkaeigu og því getur ráðherra ekki hlutast til um það hvar skoðunarmenn þessara fyrirtækja eru staðsettir á landinu.

Rétt er þó að benda á að síðustu árin hefur ein skoðunarstofa á rafmagnssviði verið með skoðunarmann staðsettan á Egilsstöðum.

1309. Nefndarálit [462. mál]

um frv. til raforkulaga.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Í frumvarpinu segir að markmið laganna sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal í fyrsta lagi skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna, í öðru lagi stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu á raforku, í þriðja lagi tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda og í fjórða lagi stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Iðnaðarnefnd kallaði til sín marga umsagnaraðila, m.a. frá orkuvinnslufyrirtækjum og sveitarfélögum, Samorku og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og fékk fjölda umsagna um málið. Meiri hlutinn leggur fram breytingartillögur við frumvarpið í 21 lið samkvæmt ábendingum, aðallega frá stærstu orkufyrirtækjunum, Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og Norðurorku á Akureyri, ásamt fleiri aðilum.

Hér er um að ræða heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku. Hún er sögð byggjast á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem rutt hafa sér til rúms víða um heim á undanförnum árum og fela það í sér að skilið er á milli einstakra þátta raforkukerfisins, flutnings og dreifingar og þeirra þátta þar sem samkeppni verður við komið, eins og vinnslu og sölu. Þá er með frumvarpinu verið að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um innri markað á raforku, 96/92/EB, sem varð hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 26. nóvember 1999. En aðalmarkmiðið með orkutilskipun Evrópusambandsins var að auka hagkvæmni og nýtingu kerfisins á meginlandi Evrópu þar sem talið var að um 20% offramleiðslu væri að ræða. Samkeppni á markaði á meginlandi Evrópu í framhaldi af þessum kerfisbreytingum mun hafa leitt til betri nýtingar og orðið til verulegrar lækkunar á rafmagni til iðnaðar, a.m.k. tímabundið, en lítils háttar lækkunar til almennra notenda.

Hér eru hins vegar allt aðrar aðstæður og er 2. minni hluti þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin hefði átt að sækja um undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins á þeirri forsendu að Ísland hefur sjálfstætt og einangrað raforkukerfi og vinnsla, dreifing og sala því óháð öðrum hlutum Evrópu. Það hefur sýnt sig að þau raforkukerfi sem ekki voru tengd innan Evrópusambandsins, t.d. á Spáni, hafa ekki notið verðlækkunar á rafmagni við þessar breytingar enda mun lítið hafa verið um flutningslínur milli Spánar og annarra landa í Evrópu. Þessi sérstaða Spánar hefur leitt til þess að rafmagn hefur heldur hækkað þar.

Það er mat flestra orkufyrirtækja hér á landi að verði þetta frumvarp að lögum hafi það í för með sér umtalsverðan nýjan kostnað og muni það valda hækkun orkuverðs en ekki lækkun eins og ýmsir hafa haldið fram. Þessi kostnaðarauki stafar m.a. af auknum kostnaði vegna mælinga, eftirlits og uppgjörs og arðsemiskröfu vegna flutnings- og dreifikerfa. Því er haldið fram að leitað verði allra leiða til þess að minnka þennan kostnað og hefur meiri hlutinn með breytingartillögum sínum gert ráðstafanir til að lágmarka þennan kostnaðarauka. Það er þó mat 2. minni hluta að verði þetta frumvarp að lögum muni það leiða til hækkaðs orkuverðs í landinu og því getur hann ekki stutt frumvarpið.

Í frumvarpinu eru ákvæði til bráðabirgða þess efnis að iðnaðarráðherra skipi nefnd sem í eigi sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi, fimm fulltrúar frá Samorku, tveir

frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa í nefndina og iðnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um fyrirkomulag flutnings á raforku, sem er eitt meginmálið varðandi allar þessar breytingar, þar á meðal tillögur um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfis og kerfisstjórnar skuli háttað svo að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal þessi nefnd móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku, svo og tillögur um hvernig jafna eigi kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku. Þessi nefnd á að skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 31. desember árið 2003. Að mati 2. minni hluta er algjörlega ótækt að samþykkja eins viðamikið raforkulagafrumvarp og hér um ræðir án þess að taka á stærstu þáttum hvað varðar raforkuvinnslu og raforkudreifingu heldur vísa þeim til nefndar í ákvæði til bráðabirgða.

Þá er algjörlega óviðunandi að ekki skuli tekið á félagslegri hlið þessara mála sem snýr að langmestu leyti að orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins eru að stærstum hluta kaupendur raforku og framleiða aðeins um 7% af eigin afli til dreifiveitna sinna. Orkubú Vestfjarða er einnig stór kaupandi raforku. Bæði þessi fyrirtæki kaupa raforku frá Landsvirkjun fyrir dreifikerfi sín en þó er Orkubú Vestfjarða að því leyti betur sett að það framleiðir um 40% af raforku fyrir sitt eigið svæði. Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins dreifa orkunni að stærstum hluta í dreifbýli, sem gerir það að verkum að notendur á þeim svæðum búa við miklu hærra orkuverð en tíðkast á höfuðborgarsvæðinu og t.d. á Akureyri og Suðurnesjum. 2. minni hluti telur að bíða ætti með þessar kerfisbreytingar þar til heildstæðar lausnir hafa verið settar fram á því hvernig staðið verði að jöfnun orkukostnaðar. Í löndunum í kringum okkur hefur verið tekið á því með ýmsu móti. Sums staðar er sett framleiðslugjald á raforkuna, annars staðar er jafnað með mismunandi skattlagningu á orku, þ.e. lægri skattlagningu í dreifbýli. Annars staðar er stuðlað að jöfnun með beinum framlögum úr ríkissjóði þar sem orkuveitufyrirtækjunum er greitt fyrir að afhenda orku í dreifbýli. Þau sjónarmið komu sterklega fram í umræðum í iðnaðarnefnd að e.t.v. væri heppilegt í þessu samhengi að taka á þessu hér á landi með innheimtu sérstaks mælagjalds. Undir öllum kringumstæðum verða þessi atriði að liggja ljós fyrir þar sem ekki er hægt að sætta sig við að stór hluti landsmanna búi við miklu hærra orkuverð en aðrir eins og raunin er nú.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur 2. minni hluti því til að frumvarpinu verði **vísað aftur til ríkisstjórnarinnar** og það unnið á þann hátt að tekið sé á öllum þáttum sem óleystir eru í sambandi við fyrirkomulag flutnings á raforkunni, stærð flutningskerfis, hvernig rekstri flutningskerfisstjórnar skuli háttað og uppbyggingu gjaldskrár í landinu fyrir flutning raforku. Jafnframt verður að liggja fyrir með hvaða hætti eigi að jafna kostnað við flutning og dreifingu orkunnar.

Alþingi, 12. mars 2003.

Árni Steinar Jóhannsson.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:
I. Umsögn ASÍ. (20. febrúar 2003.)

II. Umsögn Samorku. (18. febrúar 2003.)
III. Umsögn Orkubús Vestfjarða. (18. febrúar 2003.)

1310. Nefndarálit [671. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1977, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Annar minni hluti telur ekki tímabært að samþykkja frumvarp sem heimilar stækkun á álveri Norðuráls í Hvalfirði í 300 þús. tonn, enda er þegar fyrir hendi heimild til stækkunar álversins úr 90 þús. tonn í 180 þús. tonn á ári.

Norðurál hóf framleiðslu á Grundartanga 11. júlí 1998. Í byrjun var ársframleiðsla álversins 60 þús. tonn en sumarið 2001 var framleiðslan aukin í 90 þús. tonn á ári. Í upphaflegu starfsleyfi og mati á umhverfisáhrifum var gert ráð fyrir að fyrirtækið mundi framleiða allt að 180 þús. tonn af áli og uppbyggingin yrði á tiltölulega skömmum tíma en þó í áföngum eins og raunin hefur orðið. Norðurál hefur því nú þegar leyfi fyrir 180 þús. tonna álveri. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir því að fyrirtækinu verði heimilt að stækka í allt að 300 þús. tonn ef samningar nást við Landsvirkjun um orkuafhendingu. Upplýst er að fyrirtækið hyggst stækka fyrst í 180 þús. tonn eins og heimild er fyrir og síðan í 240 þús. tonn, en um áframhaldandi stækkun upp í 300 þús. tonn mun vera óljóst. Forsendur þessarar stækkunar er auðvitað að um semjist við Landsvirkjun um afhendingu á rafmagni. 2. minni hluti hefur þegar gert athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um heimildir til virkjana sem eru grundvöllur þess að hægt sé að afhenda aukna orku til Norðuráls í Hvalfirði. Er þar um að ræða stækkun í Svartsengi um 16 MW, heimild til 80 MW virkjunar á Reykjanesi og stækkun úr 90 í 120 MW á Nesjavöllum auk Norðlingaölduveitu. 2. minni hluti hefur gert alvarlegar athugasemdir við undirbúning þessara mála. Minnt skal á að unnið er að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í landinu og telur 2. minni hluti einsýnt að fresta beri ákvarðanatöku um orkuvinnslu á öllum þessum svæðum þar til slík áætlun hefur verið lögð fram og samþykkt. Í ljósi þessa telur 2. minni hluti ekki tímabært að samþykkja frumvarp um heimild til stækkunar álvers Norðuráls í Hvalfirði í 300 þús. tonn.

Alþingi, 12. mars 2003.

Árni Steinar Jóhannsson.

1311. Svar [501. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um tekjutap sveitarfélaga.

1. *Er ráðherra sammála því mati Sambands íslenskra sveitarfélaga að sveitarfélögin verði af 1½ milljarði kr. í útsvar á þessu ári vegna fjölgunar einkahlutafélaga á síðasta ári? Ef svo er ekki, hvað áætlar fjárlagaskrifstofa tekjutap sveitarfélaganna mikið á þessu ári?*

Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er áætlað að tekjutap sveitarfélaga vegna tilfærslu frá einkarekstri yfir í rekstur einkahlutafélaga hafi numið 1,1 milljarði kr. í fyrra. Við þessa áætlun eru þó gerðir ýmsir fyrirvarar og bent á að erfitt sé „... *að draga fram óumdeilanleg áhrif á sveitarfélögin nema með mjög ítarlegum og tímafrekum rannsóknum*".

Sem dæmi má nefna að ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda þeirra rekstraraðila sem hafa breytt rekstrarformi úr einstaklingsrekstri í einkahlutafélög heldur einungis um breytingar í hvorum þessara flokka fyrir sig.

Auk þess er rétt að benda á að í lok ársins 2001 voru gildandi reglur um reiknað endurgjald hertar þannig að nú ber öllum sem starfa við eigin atvinnurekstur, hvort heldur er um að ræða einstaklingsrekstur, einkahlutafélög eða hlutafélög, að reikna sér tiltekin lágmarkslaun. Jafnframt var viðmiðunarflokkum reiknaðs endurgjalds fjölgað og viðmiðunarfjárhæðir hækkaðar verulega.

Þessi aðgerð ætti að óbreyttu að leiða til umtalsverðrar hækkunar á útsvarsstofni sveitarfélaga og þar með vega á móti hugsanlegu tekjutapi vegna tilfærslu úr einstaklingsrekstri í einkahlutafélög.

Að öllu samanlögðu er fjármálaráðuneytið sammála því mati Sambands íslenskra sveitarfélaga um að afar erfitt sé að meta áhrif þeirra breytinga sem hér um ræðir nema að undangengnum ítarlegum rannsóknum. Ekki er heldur unnt að fullyrða nokkuð um niðurstöðu slíkra athugana hvað afkomu sveitarfélaga varðar.

2. *Hvað má áætla að tekjutap ríkissjóðs verði (miðað við fjölgun einkahlutafélaga á síðasta ári) vegna þeirrar yfirfærslu sem varð á síðasta ári á einkarekstri yfir í einkahlutafélög og hver var áætlun fjárlagaskrifstofu í því efni þegar skattalagabreytingarnar voru lagðar fram á haustþingi 2001?*

Á haustþingi 2001 voru samþykkt lög sem meðal annars kváðu á um lækkun tekjuskatts lögaðila úr 30% í 18%. Að mati efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins var áætlað að hreint tekjutap ríkissjóðs af þeim breytingum gæti numið 2,7 milljörðum kr. Þessar áætlanir byggðust meðal annars á efnahagslegu mati á áhrifum þessara breytinga á almenn umsvif í þjóðarbúskapnum sem mundu skila sér í auknum skatttekjum. Ekkert mat var hins vegar lagt á áhrif hugsanlegrar tilfærslu milli rekstrarforma af sömu ástæðum og tilgreindar eru í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar.

3. *Hvaða áhrif má ætla að yfirfærslan á síðasta ári á einkarekstri yfir í einkahlutafélög hafi á vaxta- og barnabætur þar sem einungis 50% arðstekna koma til útreiknings þeirra tekna sem skerða tekjutengdar bætur?*

Ekki er unnt að svara þessari spurningu af sömu ástæðum og tilgreindar eru í svari við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar.

4. *Hvernig áformar ráðherra að bæta sveitarfélögunum tekjutapið, sbr. 1. lið?*

Ekki liggur fyrir að um verði að ræða tekjutap sveitarfélaga, sbr. svör við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar.

1312. Svar [264. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um tekjuskatta einstaklinga.

1. *Hver var fjárhæð álagðra tekjuskatta (almennur tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, útsvar og fjármagnstekjuskattur), barnabóta og vaxtabóta á hverju áranna 1995–2002, tilgreint á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi?*

Meðfylgjandi tafla sýnir fjárhæð tekjuskatta, barnabóta og vaxtabóta á árunum 1995–2002 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi. Ártölin fyrir tekjuskatta eru álagningarár og er þar miðað við tekjur ársins á undan. Upphæðir barna- og vaxtabóta miðast hins vegar við þau ár sem bæturnar eru greiddar út.

Í millj. kr.	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002 [1]
Á verðlagi hvers árs								
Almennur tekjuskattur	26.324	27.875	32.767	28.889	34.453	38.905	45.346	52.070
Sérstakur tekjuskattur	458	358	459	561	941	1.183	1.576	1.422
Útsvar	20.673	21.775	23.444	33.094	37.875	42.956	47.800	56.046
Fjármagnstekjuskattur	-	-	91	1.316	1.460	2.475	3.290	4.144
Barnabætur	4.731	4.853	4.645	4.167	3.942	3.702	4.559	4.806
Vaxtabætur	3.155	3.486	3.644	3.822	3.950	4.309	4.721	5.124
Á verðlagi 2002								
Almennur tekjuskattur	33.779	34.982	40.391	35.047	40.491	43.481	47.635	52.070
Sérstakur tekjuskattur	587	449	566	681	1.106	1.322	1.655	1.422
Útsvar	26.528	27.326	28.898	40.149	44.513	48.009	50.213	56.046
Fjármagnstekjuskattur	-	-	112	1.597	1.716	2.766	3.456	4.144
Barnabætur	6.071	6.090	5.726	5.055	4.633	4.137	4.789	4.806
Vaxtabætur	4.048	4.375	4.492	4.637	4.642	4.816	4.959	5.124

Heimild: RSK. 1) Bráðabirgðatölur

2. *Hver var tekjuskattsbyrði einstaklinga á árunum 1995–2002 í heild og eftir tekjum og fjölskyldugerð? Með tekjuskattsbyrði er hér átt við álagða tekjuskatta (almennan tekjuskatt, sérstakan tekjuskatt, útsvar og fjármagnstekjuskatt) alls, að frádregnum barnabótum og vaxtabótum, sem hlutfall af heildartekjum (launum, lífeyri, rekstrartekjum, fjármagnstekjum o.s.frv.) viðkomandi einstaklinga. Í svarinu verði greint á milli einhleypra annars vegar og hjóna og fólks í sambúð hins vegar. Flokkun eftir tekjum miðist við að í hvern flokk komi 10% framteljenda raðað eftir fjárhæð heildartekna þannig að í neðsta flokkinn komi þau 10% sem lægstar heildartekjur hafa á hverju ári, í þann næsta þau 10% sem næst koma o.s.frv. Efsti flokkurinn verði þó sundurgreindur í tvennt þannig að í hvorn hluta komi 5% tekjuhæstu framteljendanna.*

Rétt er að hafa í huga að samanburður af þessu tagi er engan veginn einhlítur og mikilvægt að hafa á honum nokkra fyrirvara. Þar vegur þyngst að í þessum útreikningum er ekki greint á milli áhrifa mismunandi og í mörgum tilvikum misvísandi atriða eins og áhrifa hagsveiflunnar, skattkerfisbreytinga o.fl.

Á árinu 1995 var efnahagslífið að taka við sér á ný eftir langvarandi niðursveiflu. Vegna innbyggðrar sveiflujöfnunar í tekjuskattskerfinu hér á landi sem og annars staðar er almenn skattbyrði í lágmarki við slíkar aðstæður. Næstu ár á eftir rétti þjóðarbúskapurinn hins vegar rækilega úr kútnum og við tók einhver mesta efnahagsuppsveifla sem hér hefur orðið og náði hámarki árin 2000–2001. Til marks um þessa uppsveiflu má nefna að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna jókst um nálægt 30% á þessu tímabili. Við þessar aðstæður gengur sveiflujöfnun tekjuskattskerfisins í hina áttina og skattbyrðin þyngist því, að öðru óbreyttu.

Á þessum árum var enn fremur gripið til umfangsmikilla skattkerfisbreytinga sem hafa áhrif á niðurstöður útreikninganna. Þar vega þyngst lækkun tekjuskattshlutfalls ríkissjóðs um 4% á árunum 1997–1999, skattfrelsi lögbundinna lífeyrisiðgjalda launafólks 1995–1996 og skattfrelsi viðbótarlífeyrissparnaðar 1999–2000 auk hækkunar barnabóta í áföngum árin 2001–2003. Auk þess má nefna upptöku samræmds fjármagnstekjuskatts 1996/1997.

Samandregið má fullyrða að áhrif hagsveiflunnar yfir þetta tímabil hafi verið í átt til aukinnar skattbyrði vegna innbyggðrar sveiflujöfnunar skattkerfisins. Hins vegar er ljóst að áhrif skattkerfisbreytinga á þessum árum hafi verið í gagnstæða átt, þ.e. í átt til lækkunar skattbyrði. Enn fremur má benda á að þessi samanburður tekur ekki til tekjuáranna 2002 og 2003 en bæði þessi ár einkennast af nokkurri lægð í efnahagslífinu sem endurspeglast í minnkandi skattbyrði eins og áætlanir benda til. Auk þess gætir einungis áhrifa fyrsta áfanga af þremur í hækkun barnabóta í þessum samanburði. Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar niðurstöður þessara útreikninga eru skoðaðar og túlkaðar.

Meðfylgjandi töflur sýna heildartekjur og greidda skatta að frádregnum greiðslum barnabóta og vaxtabóta, annars vegar fyrir hjón og sambýlisfólk og hins vegar einstaklinga fyrir tekjuárin 1995–2001, þ.e. álagningarárin 1996–2002.

1. Hjón og sambýlisfólk.

	Tíund												
										X			
1995	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	Samtals	Neðri hl.	Efri hluti	Samtals
Fjöldi	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.445	2.719	2.726	54.396
Tekjur	1.063,3	1.530,6	1.856,8	2.181,6	2.497,5	2.830,9	3.217,2	3.677,4	4.345,4	6.491,4	5.243,2	7.736,3	2.969,6
Skattar	-93,4	-33,6	81,1	212,0	354,2	505,3	662,3	841,3	1.100,2	1.933,2	1.450,4	2.414,7	556,4
Skattbyrði, %	-8,8	-2,2	4,4	9,7	14,2	17,8	20,6	22,9	25,3	29,8	27,7	31,2	18,7
1996													
Fjöldi	5.463	5.463	5.463	5.463	5.463	5.463	5.463	5.463	5.463	5.468	2.731	2.737	54.635
Tekjur	1.112,6	1.617,6	1.986,9	2.358,0	2.707,2	3.072,2	3.493,5	3.990,2	4.721,4	7.089,3	5.694,6	8.480,9	3.215,2
Skattar	-83,1	-4,4	123,6	270,0	422,9	577,6	738,7	932,3	1.207,1	2.079,6	1.586,1	2.572,1	626,6
Skattbyrði, %	-7,5	-0,3	6,2	11,4	15,6	18,8	21,1	23,4	25,6	29,3	27,9	30,3	19,5
1997													
Fjöldi	5.522	5.522	5.522	5.522	5.522	5.522	5.522	5.522	5.522	5.523	2.761	2.762	55.221
Tekjur	1.181,7	1.744,1	2.152,6	2.563,1	2.957,4	3.357,3	3.800,4	4.344,8	5.138,5	8.014,9	6.240,8	9.788,4	3.525,6
Skattar	-94,3	21,0	146,4	299,9	464,4	633,1	815,6	1.032,3	1.330,7	2.251,9	1.748,6	2.755,0	690,1
Skattbyrði, %	-8,0	1,2	6,8	11,7	15,7	18,9	21,5	23,8	25,9	28,1	28,0	28,1	19,6
1998													
Fjöldi	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	5.439	2.719	2.720	54.390
Tekjur	1.272,6	1.896,1	2.389,8	2.855,7	3.296,7	3.746,4	4.249,7	4.871,7	5.799,3	9.051,9	7.057,8	11.045,2	3.943,0
Skattar	-77,3	56,2	211,8	379,5	558,2	739,3	936,0	1.163,1	1.497,8	2.539,9	1.956,7	3.123,0	800,5
Skattbyrði, %	-6,1	3,0	8,9	13,3	16,9	19,7	22,0	23,9	25,8	28,1	27,7	28,3	20,3
1999													
Fjöldi	5.426	5.426	5.426	5.426	5.426	5.426	5.426	5.426	5.426	5.427	2.713	2.714	54.261
Tekjur	1.410,5	2.116,0	2.668,6	3.185,9	3.661,4	4.150,0	4.702,8	5.387,0	6.447,2	10.472,6	7.963,0	12.981,3	4.420,3
Skattar	-57,1	116,7	285,5	473,7	661,7	846,7	1.049,7	1.292,3	1.656,6	2.772,8	2.175,4	3.369,9	909,9
Skattbyrði, %	-4,0	5,5	10,7	14,9	18,1	20,4	22,3	24,0	25,7	26,5	27,3	26,0	20,6
2000													
Fjöldi	5.519	5.519	5.519	5.519	5.519	5.519	5.519	5.519	5.519	5.519	2.759	2.760	55.190
Tekjur	1.520,1	2.305,1	2.919,3	3.486,1	4.003,6	4.537,0	5.132,3	5.863,5	6.998,9	11.818,1	8.639,4	14.995,5	4.858,4
Skattar	-53,7	142,5	337,3	543,7	750,0	946,9	1.160,1	1.413,9	1.801,2	3.044,5	2.372,2	3.716,6	1.008,6
Skattbyrði, %	-3,5	6,2	11,6	15,6	18,7	20,9	22,6	24,1	25,7	25,8	27,5	24,8	20,8
2001													
Fjöldi	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.545	2.768	2.777	55.378
Tekjur	1.710,3	2.567,4	3.263,6	3.893,9	4.463,9	5.037,7	5.689,4	6.502,4	7.720,3	13.815,1	9.437,6	18.178,4	5.467,6
Skattar	-26,0	213,4	442,6	676,8	897,6	1.115,2	1.354,8	1.639,7	2.050,5	3.450,6	2.675,8	4.222,9	1.181,9
Skattbyrði, %	-1,5	8,3	13,6	17,4	20,1	22,1	23,8	25,2	26,6	25,0	28,4	23,2	21,6

Heimild: Hagstofa Íslands.

2. Einhleypir.

	Tíund												
										X			
1995	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	Samtals	Neðri hluti	Efri hluti	Samtals
Fjöldi	8.226	8.226	8.226	8.226	8.226	8.226	8.226	8.226	8.226	8.227	4.113	4.114	82.261
Tekjur	88,3	285,6	478,3	648,3	764,7	892,0	1.049,3	1.268,7	1.620,4	2.678,9	2.096,1	3.261,6	977,5
Skattar	-5,9	-9,5	-15,7	-22,1	-4,8	35,9	92,3	170,1	317,0	719,7	503,0	936,4	127,7
Skattbyrði, %	-6,7	-3,3	-3,3	-3,4	-0,6	4,0	8,8	13,4	19,6	26,9	24,0	28,7	13,1
1996													
Fjöldi	8.287	8.288	8.286	8.287	8.287	8.287	8.287	8.287	8.287	8.294	4.143	4.151	82.877
Tekjur	103,1	329,4	533,5	692,4	816,0	953,1	1.126,9	1.373,8	1.764,9	2.931,4	2.282,7	3.578,9	1.062,6
Skattar	-5,9	-9,6	-18,4	-23,0	12,5	57,9	120,1	205,5	363,5	790,0	561,9	1.017,8	149,3
Skattbyrði, %	-5,8	-2,9	-3,5	-3,3	1,5	6,1	10,7	15,0	20,6	27,0	24,6	28,4	14,1
1997													
Fjöldi	8.497	8.497	8.497	8.497	8.497	8.497	8.497	8.497	8.497	8.497	4.248	4.249	84.970
Tekjur	101,8	349,8	568,4	731,2	872,5	1.022,7	1.212,8	1.490,1	1.915,9	3.189,2	2.473,8	3.904,5	1.145,4
Skattar	-9,0	-15,5	-31,3	-30,1	14,5	69,3	127,9	229,1	396,6	853,2	607,5	1.098,9	160,4
Skattbyrði, %	-8,9	-4,4	-5,5	-4,1	1,7	6,8	10,5	15,4	20,7	26,8	24,6	28,1	14,0
1998													
Fjöldi	8.649	8.649	8.650	8.648	8.649	8.649	8.649	8.649	8.649	8.651	4.324	4.327	86.492
Tekjur	117,4	392,3	626,2	798,8	960,7	1.128,6	1.349,1	1.665,9	2.151,1	3.588,8	2.786,9	4.390,1	1.278,0
Skattar	-8,4	-16,7	-32,5	-23,4	37,9	95,7	159,7	275,9	454,4	972,3	689,0	1.255,4	191,5
Skattbyrði, %	-7,2	-4,3	-5,2	-2,9	3,9	8,5	11,8	16,6	21,1	27,1	24,7	28,6	15,0
1999													
Fjöldi	8.797	8.797	8.797	8.797	8.797	8.797	8.797	8.797	8.797	8.798	4.398	4.400	87.971
Tekjur	144,1	446,5	685,1	875,4	1.052,8	1.242,6	1.497,6	1.852,9	2.386,4	4.065,3	3.084,1	5.046,0	1.424,9
Skattar	-10,7	-19,6	-32,7	-4,3	62,3	123,6	198,4	324,0	518,2	1.075,0	763,2	1.386,7	223,4
Skattbyrði, %	-7,4	-4,4	-4,8	-0,5	5,9	9,9	13,2	17,5	21,7	26,4	24,7	27,5	15,7
2000													
Fjöldi	9.048	9.048	9.048	9.048	9.048	9.048	9.048	9.048	9.048	9.054	4.524	4.530	90.486
Tekjur	175,3	518,5	768,4	970,4	1.165,6	1.378,8	1.666,8	2.055,7	2.625,3	4.467,9	3.365,4	5.568,8	1.579,5
Skattar	-15,3	-25,6	-34,5	16,1	85,3	154,1	237,1	378,1	584,5	1.178,6	841,2	1.515,5	255,9
Skattbyrði, %	-8,7	-4,9	-4,5	1,7	7,3	11,2	14,2	18,4	22,3	26,4	25,0	27,2	16,2
2001													
Fjöldi	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.164	4.579	4.585	91.595
Tekjur	184,4	539,5	815,7	1.056,8	1.276,1	1.526,8	1.861,9	2.292,5	2.919,4	5.041,7	3.730,1	6.351,6	1.751,7
Skattar	-16,1	-25,9	-32,3	38,7	118,2	194,0	293,7	454,1	681,8	1.331,1	969,9	1.691,8	303,8
Skattbyrði, %	-8,7	-4,8	-4,0	3,7	9,3	12,7	15,8	19,8	23,4	26,4	26,0	26,6	17,3

Heimild: Hagstofa Íslands.

3. *Hver yrðu áhrifin á tekjuskattsbyrðina í sundurliðun 2. liðar ef tekjusköttum væri breytt um 1,5 milljarða kr. og breytingin gerð með:*
   a. *lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins,*
   b. *hækkun persónuafsláttar,*
   c. *lækkun sérstaka tekjuskattsins,*
   d. *hækkun fjármagnstekjuskatts?*

   Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 5 milljarða kr. breytingu?

Rétt er að benda á að allar fjárhæðir og hlutfallstölur sem hér fara á eftir miðast við tekjuárið 2001, þ.e. álagningarárið 2002.

1. Miðað við 1,5 milljarða kr. breytingu:

a. Almenna tekjuskattshlutfallið mundi lækka úr 26,08% í 25,72%, eða um 0,36%. Meðfylgjandi tafla sýnir heildartekjur og skattbyrði á tekjuárinu 2001 eftir breytinguna.

	Tíund									X			
Einstaklingar	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	Samtals	Neðri hluti	Efri hluti	Samtals
Fjöldi	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.164	4.579	4.585	91.595
Tekjur	184,4	539,5	815,7	1.056,8	1.276,1	1.526,8	1.861,9	2.292,5	2.919,4	5.041,7	3.730,1	6.351,6	1.751,7
Skattar	-16,1	-25,9	-33,6	35,3	114,2	189,5	288,1	447,0	672,7	1.317,1	958,1	1.675,6	298,9
Skattbyrði, %	-8,7	-4,8	-4,1	3,3	8,9	12,4	15,5	19,5	23,0	26,1	25,7	26,4	17,1
Hjón og sambýlisfólk													
Fjöldi	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.545	2.768	2.777	55.378
Tekjur	1.710,3	2.567,4	3.263,6	3.893,9	4.463,9	5.037,7	5.689,4	6.502,4	7.720,3	13.815,1	9.437,6	18.178,4	5.467,6
Skattar	-30,1	205,3	431,9	664,0	882,8	1.098,5	1.336,1	1.618,4	2.025,7	3.418,7	2.646,6	4.188,2	1.165,5
Skattbyrði, %	-1,8	8,0	13,2	17,1	19,8	21,8	23,5	24,9	26,2	24,7	28,0	23,0	21,3

b. Persónuafsláttur mundi hækka úr 25.245 kr. á mánuði í 25.931 kr., eða um 686 kr. á mánuði. Meðfylgjandi tafla sýnir heildartekjur og skattbyrði á tekjuárinu 2001 eftir breytinguna.

	Tíund									X			
Einstaklingar	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	Samtals	Neðri hluti	Efri hluti	Samtals
Fjöldi	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.164	4.579	4.585	91.595
Tekjur	184,4	539,5	815,7	1.056,8	1.276,1	1.526,8	1.861,9	2.292,5	2.919,4	5.041,7	3.730,1	6.351,6	1.751,7
Skattar	-16,1	-25,9	-35,5	30,9	110,4	186,5	286,0	446,4	674,2	1.323,6	962,2	1.684,6	298,1
Skattbyrði, %	-8,7	-4,8	-4,4	2,9	8,7	12,2	15,4	19,5	23,1	26,3	25,8	26,5	17,0
Hjón og sambýlisfólk													
Fjöldi	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.545	2.768	2.777	55.378
Tekjur	1.710,3	2.567,4	3.263,6	3.893,9	4.463,9	5.037,7	5.689,4	6.502,4	7.720,3	13.815,1	9.437,6	18.178,4	5.467,6
Skattar	-35,6	198,2	426,8	660,8	881,4	1.099,0	1.338,7	1.623,6	2.034,5	3.435,7	2.660,2	4.208,6	1.166,6
Skattbyrði, %	-2,1	7,7	13,1	17,0	19,7	21,8	23,5	25,0	26,4	24,9	28,2	23,2	21,3

c. Sérstaki tekjuskatturinn mundi falla niður. Meðfylgjandi tafla sýnir heildartekjur og skattbyrði á tekjuárinu 2001 eftir breytinguna.

	Tíund									X			
Einstaklingar	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	Samtals	Neðri hluti	Efri hluti	Samtals
Fjöldi	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.164	4.579	4.585	91.595
Tekjur	184,4	539,5	815,7	1.056,8	1.276,1	1.526,8	1.861,9	2.292,5	2.919,4	5.041,7	3.730,1	6.351,6	1.751,7
Skattar	-16,1	-25,9	-32,3	38,7	118,2	194,0	293,7	454,1	681,8	1.291,6	969,3	1.613,4	299,8
Skattbyrði, %	-8,7	-4,8	-4,0	3,7	9,3	12,7	15,8	19,8	23,4	25,6	26,0	25,4	17,1
Hjón og sambýlisfólk													
Fjöldi	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.545	2.768	2.777	55.378
Tekjur	1.710,3	2.567,4	3.263,6	3.893,9	4.463,9	5.037,7	5.689,4	6.502,4	7.720,3	13.815,1	9.437,6	18.178,4	5.467,6
Skattar	-26,0	213,4	442,6	676,8	897,6	1.115,2	1.354,8	1.639,7	2.048,4	3.315,2	2.615,7	4.012,5	1.168,1
Skattbyrði, %	-1,5	8,3	13,6	17,4	20,1	22,1	23,8	25,2	26,5	24,0	27,7	22,1	21,4

d. Fjármagnstekjuskatturinn hækkar úr 10% í 13,5%. Meðfylgjandi tafla sýnir heildartekjur og skattbyrði á tekjuárinu 2001 eftir breytinguna.

	Tíund									X			
Einstaklingar	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	Samtals	Neðri hluti	Efri hluti	Samtals
Fjöldi	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.164	4.579	4.585	91.595
Tekjur	184,4	539,5	815,7	1.056,8	1.276,1	1.526,8	1.861,9	2.292,5	2.919,4	5.041,7	3.730,1	6.351,6	1.751,7
Skattar	-15,3	-24,2	-30,6	39,8	119,6	196,1	296,4	457,1	685,7	1.358,5	975,3	1.741,1	308,4
Skattbyrði, %	-8,3	-4,5	-3,8	3,8	9,4	12,8	15,9	19,9	23,5	26,9	26,1	27,4	17,6
Hjón og sambýlisfólk													
Fjöldi	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.545	2.768	2.777	55.378
Tekjur	1.710,3	2.567,4	3.263,6	3.893,9	4.463,9	5.037,7	5.689,4	6.502,4	7.720,3	13.815,1	9.437,6	18.178,4	5.467,6
Skattar	-21,5	218,6	447,6	681,5	902,3	1.120,7	1.360,6	1.647,0	2.063,0	3.597,2	2.698,3	4.493,3	1.202,0
Skattbyrði, %	-1,3	8,5	13,7	17,5	20,2	22,2	23,9	25,3	26,7	26,0	28,6	24,7	22,0

2. Ef miðað væri við 5 milljarða kr. breytingu:

a. Almenna tekjuskattshlutfallið mundi lækka úr 26,08% í 24,9%, eða um 1,2%. Meðfylgjandi tafla sýnir heildartekjur og skattbyrði á tekjuárinu 2001 eftir breytinguna.

	Tíund									X			
Einstaklingar	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	Samtals	Neðri hluti	Efri hluti	Samtals
Fjöldi	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.164	4.579	4.585	91.595
Tekjur	184,4	539,5	815,7	1.056,8	1.276,1	1.526,8	1.861,9	2.292,5	2.919,4	5.041,7	3.730,1	6.351,6	1.751,7
Skattar	-16,1	-25,9	-36,1	27,2	104,3	177,9	274,2	429,6	650,5	1.283,2	929,9	1.636,1	286,9
Skattbyrði, %	-8,7	-4,8	-4,4	2,6	8,2	11,6	14,7	18,7	22,3	25,5	24,9	25,8	16,4
Hjón og sambýlisfólk													
Fjöldi	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.545	2.768	2.777	55.378
Tekjur	1.710,3	2.567,4	3.263,6	3.893,9	4.463,9	5.037,7	5.689,4	6.502,4	7.720,3	13.815,1	9.437,6	18.178,4	5.467,6
Skattar	-39,0	186,7	407,5	634,6	848,8	1.060,2	1.292,7	1.569,1	1.968,1	3.343,1	2.578,0	4.105,7	1.127,5
Skattbyrði, %	-2,3	7,3	12,5	16,3	19,0	21,0	22,7	24,1	25,5	24,2	27,3	22,6	20,6

b. Persónuafsláttur mundi hækka úr 25.245 kr. á mánuði í 27.553 kr., eða um 2.308 kr. á mánuði. Meðfylgjandi tafla sýnir heildartekjur og skattbyrði á tekjuárinu 2001 eftir breytinguna.

	Tíund									X			
Einstaklingar	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	Samtals	Neðri hluti	Efri hluti	Samtals
Fjöldi	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.159	9.164	4.579	4.585	91.595
Tekjur	184,4	539,5	815,7	1.056,8	1.276,1	1.526,8	1.861,9	2.292,5	2.919,4	5.041,7	3.730,1	6.351,6	1.751,7
Skattar	-16,1	-25,9	-38,3	12,5	91,4	167,4	267,0	427,2	654,9	1.304,5	942,9	1.665,6	284,5
Skattbyrði, %	-8,7	-4,8	-4,7	1,2	7,2	11,0	14,3	18,6	22,4	25,9	25,3	26,2	16,2
Hjón og sambýlisfólk													
Fjöldi	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.537	5.545	2.768	2.777	55.378
Tekjur	1.710,3	2.567,4	3.263,6	3.893,9	4.463,9	5.037,7	5.689,4	6.502,4	7.720,3	13.815,1	9.437,6	18.178,4	5.467,6
Skattar	-53,0	162,9	389,7	623,1	843,5	1.061,0	1.300,4	1.585,4	1.996,3	3.398,5	2.622,1	4.172,3	1.131,1
Skattbyrði, %	-3,1	6,3	11,9	16,0	18,9	21,1	22,9	24,4	25,9	24,6	27,8	23,0	20,7

1313. Svar [88. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi sjávarútvegsráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Þar sem skilgreining á hugtakinu frjáls félagasamtök virðist nokkuð óljós er hér birtur listi yfir alla styrki sem sjávarútvegsráðuneytið veitti á árunum 1998–2001 að frátöldum styrkjum til einstaklinga, fyrirtækja og opinberra stofnana. Einnig er að finna í listanum veitta styrki til frjálsra félagasamtaka á árinu 2002. Á árinu 1998 veitti ráðuneytið Styrktarfélagi vangefinna styrk vegna útgáfu geisladisks, eins og fram kemur í áðurnefndum lista. Því miður eru gögn um ábyrgðarmann félagsins ekki tiltæk og vantar því nafn hans á listann.

Styrkir til frjálsra félagasamtaka 1998–2002.

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Verkefni	Kr.	Fjárlagaliður
2002			
Blái herinn – Tómas Knútsson	Hreinsun hafna	150.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
High North Alliance – Rune Frövik	Kynningar- og markaðsstarf	1.000.000	Sjávarspendýrasjóður
Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands – Gústaf H. Hjálmarsson	Matvæladagurinn 2002	100.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Klúbbur matreiðslumeistara – Gissur Guðmundsson	Þátttaka í matreiðslukeppni	1.500.000	Ýmis verkefni
2001			
Blái herinn – Tómas Knútsson	Hreinsun hafna á Suðurnesjum	150.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Blátindur VE 21, áhugamannafélag – Sigtryggur Helgason	Endurbygging vélbátsins Blátinds VE 21	1.000.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
IWMC World Conservation Trust – Eugene Lapointe	Verkefni um nýtingu náttúruauðlinda	756.150	Sjávarspendýrasjóður
Félag hrefnuveiðimanna – Guðmundur Haraldsson	Undirbúningur nýtingar sjávarspendýra	8.000.000	Sjávarspendýrasjóður
High North Alliance – Rune Frövik	Kynningar- og markaðsstarf	1.000.000	Sjávarspendýrasjóður
Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda – Teitur Stefánsson	Rannsóknarverkefni um díoxínmælingar	2.500.000	Ýmis verkefni
Matvæla- og næringafræðafélag Íslands – Heiða Björg Hilmisdóttir	Matvæladagurinn 2000	200.000	Ráðstöfunarfé ráðherra

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Verkefni	Kr.	Fjárlagaliður
Klúbbur matreiðslumeistara – Gissur Guðmundsson	Þátttaka í matreiðslukeppni í Frakklandi	300.000	Ýmis verkefni
Köfunarskólinn – Matthías Bjarnason	Gerð heimildamyndar um loðnu	500.000	Ólögmætur sjávarafli
2000			
Sportkafaraskóli Íslands – Tómas Knútsson	Hreinsun hafna á Suðurnesjum	150.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Kristilega sjómannastarfið í Hafnarfirði – Einar Stefánsson	Útgáfa á kristilegum myndböndum	100.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Verslunarráð Íslands – Vilhjálmur Egilsson	Ráðstefnan Hafsjór tækifæranna	500.000	Ýmis verkefni
Hjálparsveit skáta í Hafnarfirði – Guðjón Sigurðsson	Rekstur sporhunda	1.000.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Félag hrefnuveiðimanna – Guðmundur Haraldsson	Styrkur til hrefnuveiðimanna	16.000.000	Sjávarspen-dýrasjóður
High North Alliance – Rune Frövik	Kynningar- og markaðsstarf	2.000.000	Ýmis verkefni
Stafnbúi – félag sjávarútvegsfræðinema – Þórarinn Ólafsson	Kynnisferð til Færeyja	80.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands – Anna Pála Vignisdóttir	Skipulagning og framkvæmd matvæladagsins	200.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti – Guðjón Magnússon	Þátttaka í European Classes í Belgíu	100.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
1999			
Menningarsjóður Stafkirkjusvæðis – Guðjón Hjörleifsson	Kaup á tréskipinu Gullborgu	1.000.000	Ýmis verkefni
Sjóminjasafn Íslands – Ágúst Georgsson	Viðgerð á sexæringnum Ögra	500.000	Ýmis verkefni
Líffræðifélag Íslands – Guðjón Ingi Eggertsson	Ráðstefnuhald	50.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Stafnbúi – félag sjávarútvegfræðinema – Elvar Árni Lund	Útgáfustyrkur vegna alþjóðlegrar sjávarútvegssýningar	200.000	Ýmis verkefni
Sportkafaraskóli Íslands – Tómas Júlían Höiriis	Hreinsun hafna	150.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Landssamband íslenskra smábátaeigenda – Arthúr Bogason	Ráðstefna Alþjóðasamtaka strand-veiðimanna og fiskverkafólks	300.000	Ráðstöfunarfé ráðherra
Landssamband íslenskra smábátaeigenda – Arthúr Bogason	Ráðstefna Alþjóðasamtaka strand-veiðimanna og fiskverkafólks	500.000	Ýmis verkefni
High North Alliance – Rune Frövik	Kynningar- og markaðsstarf	300.500	Ýmis verkefni
1998			
Styrktarfélag vangefinna	Útgáfa geisladisks	50.000	Aðalskrifstofa
Örverufræðifélag Íslands – Hjörleifur Einarsson	Ráðstefnuhald um örverur í hafinu	150.000	Ýmis verkefni
Félag haf- og fiskifræðibókavarða – Eiríkur Eiríksson	Alþjóðleg ráðstefna haf- og fiskifræðibókavarða	50.000	Ýmis verkefni
Félag hrefnuveiðimanna – Guðmundur Haraldsson	Árlegur styrkur til hrefnuveiði-manna	8.000.000	Ýmis verkefni

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Verkefni	Kr.	Fjárlagaliður
Samlíf, félag líffræðikennara – Þórir Haraldsson	Endurmenntunarnámskeið í tilefni árs hafsins	100.000	Ár hafsins
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti – Guðjón Magnússon	Ferðastyrkur vegna árs hafsins	200.000	Ár hafsins
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ – Aðalbjörg Helgadóttir	Ferðastyrkur kennara vegna árs hafsins	50.000	Ár hafsins

1314. Svar [658. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um útflutning á óunnum fiski.

1. *Hve mikið var flutt út af óunnum fiski á síðasta fiskveiðiári og hvernig skiptist sá afli eftir fisktegundum og verstöðvum?*

Tafla 1 sýnir umbeðnar upplýsingar fyrir fiskveiðiárið 2001/2002. Staðsetning miðast við heimahöfn viðkomandi skipa og fyrirtækja 1. september 2002.

2. *Hve mikið var flutt út af óunnum fiski frá 1. september sl. til 1. mars sl. og hvernig skiptist sá afli eftir fisktegundum og verstöðvum?*

Tafla 2 sýnir umbeðnar upplýsingar fyrir tímabilið 1. september 2002–28. febrúar 2003 og miðast staðsetning einnig við heimahöfn viðkomandi skipa og fyrirtækja 1. september 2002.

Rétt er að taka sérstaklega fram að magn útflutts ísaðs afla sem fram kemur í fylgiskjölunum miðast við slægðan botnfisk, annan en karfa. Magn karfa og annars afla miðast við óaðgerðan afla.

Tafla 1. Útfluttur ísfiskur í gámum og með veiðiskipum fiskveiðiárið 2001/2002. – Staðsett miðað við heimahöfn skipa og fyrirtækja sem áttu ísfiskinn 1. september 2002. Magn í kg. – Botnfiskur annar en karfi slægt. Annað óslægt.

Heimahöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Lýsa	Karfi/ Gullkarfi	Langa	Blálanga	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Skötu-selur	Lúða	Grálúða/ Svarta spraka	Skarkoli	Þykkva-lúra/ Sólkoli	Djúp-karfi	Annað	Alls
Vestmannaeyjar	1.475.929	2.196.247	193.210	505.722	4.496.754	84.392	197.473	209.777	499.169	130.577	44.719	2.781	128.041	158.171	539.960	174.882	**11.037.804**
Stokkseyri	753	2.945	20	880	136			8.798		1.384	2.437		711	138.277		2.158	**158.499**
Selfoss																2.149	**2.149**
Þorlákshöfn	425.980	211.305	2.176	29.025	260.311	2.413	12.928	84.628		18.822	13.161	102	170.917	11.227	144.625	91.827	**1.479.447**
Grindavík	15.586	71.358	14	217	826.276	61.297	5.214	63.484		303	18.475	9	452	3.509	67.084	2.173	**1.135.451**
Sandgerði	253.601	44.980	10	7.273	158.992	15	8.733	460.223		142.279	3.010	2.600	33.813	9.083		26.143	**1.150.755**
Garður	273.423	345.515	22	514	14	149	278	14.423		1.239	3.571		17.442	9.673		705	**666.968**
Keflavík	32.891	2.477	2.194	1.109	5.680			25.094		3.322	14		135	3		26.381	**99.300**
Vogar	35	85.550	9	22	655.776	25	5.775	488		155	17		90	1.369	83.502	255	**833.068**
Hafnarfjörður	79.518	43.736	4.255	185		1.100			119.709	1.532	1.131	340	3.608	3.711		41	**258.866**
Reykjavík	1.029.072	387.297	5.578	3.350	474.160	764	3.406	312.278		106.703	47.890	316	396.649	24.478		17.919	**2.809.860**
Hellissandur	462	14.889			5.514								2.110	857		3	**23.835**
Rif		7.273						14.779			39	12.288	2.786	1.341		452	**38.958**
Ólafsvík	129.248	28.846	3.916	543	520	39		1.499		91	180		5.418	237		21.596	**192.133**
Grundarfjörður	1.083.010	308.912	928	124	115.248	836	832	571.961	53.403	588	11.825	7	234.411	36.282		7.180	**2.425.547**
Brjánslækur	5.348	210														0	**5.558**
Haukabergsvaðall	5.401															0	**5.401**
Patreksfjörður	288.981	37.309	53		16	49		3.090			126 11.437		197.438	1.122		1.766	**541.387**
Bíldudalur	11.473										178		63.265	49		7	**74.972**
Þingeyri	48.626	2.711				40		194			29		239			110	**51.949**
Suðureyri	773	2.145														26	**2.944**
Bolungarvík	2.479															15	**2.494**
Súðavík	602	475			17	118	123	2.056			900					223	**4.514**
Drangsnes	6.763	9									36		7.260	20		10	**14.098**
Hólmavík	17.922	5.642	255		6.342	3		328			151		1.895	90		69	**32.697**
Sauðárkrókur	33.700	17.545	440	48	2.418	196		1.143		602	41		17.727	820		375	**75.055**
Grímsey	483															0	**483**
Hauganes	16.579	11.861	78	506	6.254	389		3.034		614	152		499	1.782		432	**42.180**
Akureyri	2.327	890	8.580		1.230.101	26	1.073	21			473	1.579			438.501	442	**1.684.013**
Grenivík	124.777	433.899	376	927	108.009	330	970	16.332		956	1.883		46.439	14.131		2.124	**751.153**
Húsavík	19.097	37.101	8.563	6.513	35.686	4.716	2.186	3.667		50.521	1.725		82.411	1.126		4.966	**258.278**
Þórshöfn	663	278											11.541			18	**12.500**
Bakkafjörður																4.579	**4.579**

Heimahöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Lýsa	Karfi/ Gullkarfi	Langa	Blá-langa	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Skötu-selur	Lúða	Grá-lúða/ Svarta spraka	Skarkoli	Þykkva-lúra/ Sólkoli	Djúpkarfi	Annað	Alls
Borgarfjörður eystri	5.380															0	**5.380**
Seyðisfjörður	115.714	20.343	8.545		1.046.706	8.424	31.269	16.892		2.620	726	61.154	842	1.252		22.021	**1.336.508**
Neskaupstaður	21.818	1.723	10.215		176.733	2.107	4.862	17.644		2	81	7.619	1.171	25	98.632	1.492	**344.124**
Eskifjörður	7.789	89	3										9.549			11	**17.441**
Fáskrúðsfjörður	54.220	4.244	140		4.002	99		13.543		22	21		75	53		5.740	**82.159**
Stöðvarfjörður	36.072	8.390	10					44.171			3		1.014			127	**89.787**
Hornafjörður	42.840	11.960	592	330	448	18		27.409		1.320	376		19.468	3.200		745	**108.706**
Hafnarheiti vantar	9.261				136											0	**9.397**
Samtals	**5.678.596**	**4.348.154**	**250.182**	**557.288**	**9.616.249**	**167.545**	**275.122**	**1.916.956**	**672.281**	**463.778**	**164.681**	**88.795**	**1.457.416**	**421.888**	**1.372.304**	**419.162**	**27.870.397**

Tafla 2. Útfluttur ísfiskur í gámum og með veiðiskipum 1. september 2002 – 28. febrúar 2003. – Staðsett miðað við heimahöfn skipa og fyrirtækja sem áttu ísfiskinn 1. september 2002. Magn í kg. – Botnfiskur annar en karfi slægt. Annað óslægt.

Heimahöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Lýsa	Karfi/ Gullkarfi	Langa	Blálanga	Stein-bítur	Skötu-selur	Lúða	Grálúða/ Svarta spraka	Skarkoli	Þykkva-lúra/ Sólkoli	Djúp-karfi	Annað	Alls
Vestmannaeyjar	590.762	1.015.727	61.128	375.658	2.023.563	20.050	154.311	16.917	57.372	17.710	279	11.491	13.693	1.157.954	88.803	**5.605.418**
Eyrarbakki														364	5.644	**6.008**
Selfoss															18.857	**18.857**
Þorlákshöfn	464.330	153.374	4.504	7.163	272.519	5.951	16.500	99.211	25.224	9.027	95	95.104	14.085	254.885	34.347	**1.456.319**
Grindavík	3.770				442.217		1.717							22.647	0	**470.351**
Sandgerði	54.735	19.009			15.632		5.971	207.439	96.787	2.047	4.118	30.000	2.350		2.018	**440.106**
Keflavík	45.000	10.972	447	1.007				22.030	4.554	2.363		106.810	3.508		107.789	**304.480**
Vogar					384.243	18	10.007							10.699	0	**404.967**
Hafnarfjörður	43.733	5.601	6.621			22		82	2.991	1.594		982			14.629	**76.255**
Kópavogur	23.397	3.382		2.733				12.493							0	**42.005**
Reykjavík	372.430	117.092	862	691	198.073	511	2.824	178.373	35.425	18.035	326	259.994	27.877	4.035	24.137	**1.240.685**
Akranes										166					0	**166**
Rif	9	9		4				13.923		90	446.147	2	4		0	**460.188**
Ólafsvík	47.483	28.359		32				2.227		48		6.873			7.647	**92.669**
Grundarfjörður	619.145	215.287	137	314	70.207	369	664	511.018	526	12.430	147	189.803	33.585	43.920	11.749	**1.709.301**
Patreksfjörður	12.842	3.608	10	5				839	102	4.449		86.639	265		174	**108.933**
Tálknafjörður	112.554	23.066	12		4	24		3.586		673		23.474	123		780	**164.296**
Bíldudalur	9.280						10			950		21.332	48		2	**31.622**
Þingeyri	2.993	904													0	**3.897**
Suðureyri	1.573	3.214													0	**4.787**
Súðavík	1.749	465						1.581							0	**3.795**
Drangsnes	16.235	1.849										3.660			0	**21.744**
Sauðárkrókur										9		11.147			59	**11.215**
Ólafsfjörður	15.041														0	**15.041**
Dalvík	13.601											2.635	15		0	**16.251**
Árskógsströnd	53.815														0	**53.815**
Akureyri					691.683			2.834							0	**694.517**
Grenivík	18.319	173.740	5		50.770	46		1.072	150	321		1.382	4.642		137	**250.584**
Húsavík	33.495	8.432			4.495	24	4	16.913	438	341		19.029	419		486	**84.076**
Þórshöfn	37.513	287						799		21		26.162	14		20	**64.816**
Bakkafjörður															13.144	**13.144**
Seyðisfjörður	21.487	9.060	2.356	703	308.005	4.079	10.918	25.850	1.262	763	2.272	953	2.188	244.654	6.241	**640.791**
Neskaupstaður	25.949	6.700			107.804			890			1.411	27			943	**143.724**

Heimahöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Lýsa	Karfi/ Gullkarfi	Langa	Blálanga	Stein-bítur	Skötu-selur	Lúða	Grálúða/ Svarta spraka	Skarkoli	Þykkva-lúra/ Sólkoli	Djúp-karfi	Annað	Alls
Eskifjörður	788	3.064	2.956		41.174	714		6.448			38	7.410	41		247	**62.880**
Reyðarfjörður			8.605		98.929			1.017						21.957	0	**130.508**
Fáskrúðsfjörður	1.863	1.280	7					863				2			20	**4.035**
Stöðvarfjörður	7.974	392													0	**8.366**
Breiðdalsvík			3.095		16.659	24		609							21	**20.408**
Hornafjörður	38	13.691		3.336	369	17		231	12	180		23.159	84		13	**41.130**
Hafnarheiti vantar	6.980	12.894			14.074			30.028	4	25		502	16		1.460	**65.983**
Samtals	**2.658.883**	**1.831.458**	**90.745**	**391.646**	**4.740.420**	**31.849**	**202.926**	**1.157.273**	**224.847**	**71.242**	**454.833**	**928.572**	**102.957**	**1.761.115**	**339.367**	**14.988.133**

1315. Nefndarálit [396. mál]

um frv. til l. um húsnæðissamvinnufélög.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Að lokinni umfjöllun um málið í félagsmálanefnd telur minni hlutinn rétt að fresta afgreiðslu málsins enda er efni þess ekki nægilega vel unnið. Af svörum umsagnaraðila má ráða að félagsmálaráðuneytið hafi haft mjög takmarkað samráð við helstu hagsmunaaðila við vinnslu frumvarpsins og er það aðfinnsluvert. Nefndinni hefur gefist mjög skammur tími til að rannsaka málið og athugasemdir og rök umsagnaraðila gefa sterklega til kynna að fjölmörg atriði þarfnist rækilegrar endurskoðunar. Það verður því að telja óforsvaranlegt að setja ný heildarlög um húsnæðissamvinnufélög sem bæta gildandi lög að óverulegu leyti og eru um margt félagsmönnum húsnæðissamvinnufélaga til baga.

Þau atriði sem minni hlutinn telur að helst þurfi nánari skoðunar við eru ákvæði um viðhaldssjóð, hlutverk búsetufélaga, búseturétt og flutning á valdi frá búsetufélögum til húsnæðissamvinnufélaga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir einum sameiginlegum viðhaldssjóði fyrir hvert húsnæðissamvinnufélag í stað þess að búsetufélögin sjálf sjái um viðhald eignanna. Með þeirri breytingu færist ábyrgð og yfirsýn frá búsetufélögunum til húsnæðissamvinnufélaganna og hætt er við að viðhald verði bæði ómarkvisst og dýrara en við gildandi fyrirkomulag. Í frumvarpið vantar sárlega skýrari reglur um búseturéttinn sem slíkan og virðist það ekki bæta úr gildandi lögum. Þá telur minni hlutinn að ekki hafi verið sýnt fram á að réttur félagsmanna skv. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga um forgangsrétt verði af þeim tekinn bótalaust en engin ákvæði eru í frumvarpinu um hvernig skuli fara með réttindi þeirra félagsmanna sem keypt hafa sér búseturétt og áunnið sér forgangsrétt til vals á eignum. Minni hlutinn telur rök standa til þess að sá réttur sé varinn af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvörðunarvald verði að verulegu leyti flutt frá búsetufélögunum til húsnæðissamvinnufélaganna og þau þannig gerð áhrifalítil. Það er kunnara en frá þurfi að segja að sjaldan hefur þótt vænlegt til árangurs að flytja valdið frá fólkinu til stórra miðstýrðra eininga. Að lokum er rétt að fram komi að rétt hefði verið að setja skýr ákvæði sem tryggi búsetufélögunum fulltrúa á aðalfundi húsnæðissamvinnufélaganna.

Minni hlutinn telur að eins og frumvarpið er úr garði gert af hálfu félagsmálaráðuneytisins sé með öllu óforsvaranlegt að Alþingi afgreiði það sem lög. Lagasetning af þessu tagi varðar veruleg fjárhagsleg réttindi fjölskyldna og einstaklinga í landinu og er með öllu ótækt að kastað sé höndunum til verksins og lítið sem ekkert tillit tekið til athugasemda og ábendinga sem borist hafa.

Alþingi, 7. mars 2003.

Ásta R. Jóhannesdóttir, frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

1316. Skýrsla [711. mál]

dómsmálaráðherra um stöðu umferðaröryggismála fyrir árið 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. Almennt

Skýrsla um stöðu umferðaröryggismála sem nú er lögð fyrir Alþingi er í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 20. apríl 2002, um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. Í ályktuninni segir m.a.: „Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.“

Í skýrslunni er einkum fjallað um stöðu umferðaröryggismála eins og hún var í árslok 2002 og hvernig miðað hefur í átt að settu markmiði.

Með þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi þann 20. apríl 2002 ályktaði Alþingi að stefnt skuli að fækkun banaslysa og annarra alvarlegra umferðarslysa um 40% fyrir árslok árið 2012 þannig að þau verði færri en 120 á ári í lok tímabilsins. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, áhugahópa um umferðaröryggismál og alls almennings.

Með umferðaröryggisáætlun sem gekk í gildi árið 2002 var sett það markmið að fjöldi þeirra sem slasast alvarlega eða látast í umferðarslysum verði innan við 120 á ári í lok ársins 2012. Einnig er sett það metnaðarfulla langtímamarkmið að fjöldi þeirra sem slasast alvarlega eða látast í umferðarslysum verði innan við 52 á ári fyrir árið 2025. Framtíðarsýnin er sú að enginn látist eða slasist alvarlega í umferðarslysi á Íslandi. Til að þessu takmarki verði náð þarf ýmsar aðgerðir og markvisst fræðslustarf til að breyta hugsunarhætti og viðhorfum til umferðaröryggismála.

Umferðaröryggisáætlun 2002–2012 leggur áherslu á nokkra meginþætti. Þeir eru helstir:

Skipan umferðaröryggisstarfsins.
Öruggari hraði.
Bílbelti – öryggisbúnaður.
Öruggari ökumenn – ökunám, endurmenntun og ökupróf.
Áfengi, lyf – þreyta.
Öruggari vegir, götur og umhverfi vega.
Auknar forvarnir – löggæsla, fullnusta og upplýsingar.

2. Staða

Árið 2002 létust 29 manns í 22 umferðarslysum hér á landi, 14 karlar, 10 konur og 5 börn. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um fjölda alvarlega slasaðra árið 2001 en áætlað er að fjöldi þeirra sé 174. Skráningu alvarlega slasaðra árið 2002 er ekki lokið og því liggur ekki fyrir fjöldi þeirra.

Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni

2002	Fjöldi látinna	Hlutfall
Karl	15	51,72%
Kona	14	48,28%

Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri

2002	Fjöldi látinna	Hlutfall
0–14	5	17,24%
15–24	4	13,79%
25–34	3	10,34%
35–44	1	3,45%
45–54	6	20,69%
55–64	4	13,79%
65+	6	20,69%

Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungum

2002	Fjöldi	Hlutfall
janúar–mars	9	40,91%
apríl–júní	6	27,27%
júlí–september	5	22,73%
október–desember	2	9,09%

Dreifbýli/þéttbýli

27 manns létust í slysum í dreifbýli og 2 í þéttbýli. Í báðum þeim tilvikum var ekið á staur.

2002	Fjöldi slysa	Hlutfall
Dreifbýli	27	93,00%
Þéttbýli	2	7,00%



Mynd 1. Þróun í fjölda látinna í umferðarslysum í dreifbýli sem hlutfall af heildarfjölda látinna árin 1971–2001.

Flokkun látinna

2002	Fjöldi slysa	Hlutfall
Ökumenn	12	41,38%
Farþegar	16	55,17%
Gangandi vegfarendur	1	3,45%

Tegund banaslysa

2002	Fjöldi látinna
Árekstur	12
Útafakstur	8
Bifreið fýkur	4
Ekið á staur	2
Bílvelta	2
Ekið á gangandi	1

Fjöldi banaslysa og látinna eftir landsvæðum

2002	Fjöldi	Fjöldi látinna
Reykjavík	1	1
Reykjanes	3	3
Suðurland	6	8
Austurland	3	3
Norðurland eystra	2	2
Norðurland vestra	2	5
Vestfirðir	2	4

Samanburður milli ára – markmið og þróun

	Látnir	Alvarlega slasaðir
1991	27	230
1992	21	228
1993	17	246
1994	12	242
1995	24	239
1996	10	229
1997	15	203
1998	27	229
1999	21	222
2000	32	169
2001	24	174*
2002	29	174**

* Bráðabirgðatala.

** Áætluð tala. Skráningu er ekki lokið.



Mynd 2.

3. Aðgerðir og verkefni á árinu 2002

3.1. Lög og reglur

3.1.1 Skipan umferðaröryggisstarfsins

Með lögum nr. 83/2002, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, voru gerðar breytingar á stjórnsýslu bifreiðamála og ökuréttinda, sem tóku gildi þann 1. október 2002. Með þeim var leitast við að koma á heildstæðu skipulagi á stjórnsýslu umferðarmála með því að sameina verkefni Skráningarstofunnar hf. og stofnunarinnar Umferðarráðs og ýmis verkefni dómsmálaráðuneytisins og fela þau einni stofnun, Umferðarstofu, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Með þessum breytingum var að því stefnt fyrst og fremst að tryggja markvissa framkvæmd umferðaröryggismála í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda, með því að sameina á einum stað málefni ökutækja, umferðarfræðslu og umferðaröryggis og fleiri verkefna sem tengjast ökutækjum og umferð. Einnig á að nást með þessu rekstrarleg hagkvæmni, m.a. vegna samnýtingar sérhæfðs húsnæðis, búnaðar og starfskrafta. Þannig starfa innan sömu stofnunar aðilar sem vinna að reglum um gerð og búnað ökutækja, skráningu bifreiða, umferðarfræðslu og umferðaröryggi. Sérþekking þessara aðila ætti að geta nýst heildstætt

innan stofnunarinnar, og skilar vonandi auknu öryggi í umferðinni. Stofnun sem fjallar heildstætt um bifreiða- og umferðaröryggismál á einnig að vera mjög vel í stakk búin til að sinna því hlutverki að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál og taka þátt í að gera tillögur að reglum er varða ökutæki og umferð á innlendum vettvangi og vettvangi EES-samstarfsins. Breytingar þessar eru í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2002–2012 um að stjórnsýsla umferðaröryggismála verði skýrari.

Þrátt fyrir þessa breytingu mun Umferðarráð, sem skipað er 22 fulltrúum hinna ýmsu aðila sem koma að umferðarmálum, starfa áfram en með breyttri tilhögun. Meginhlutverk þess verður áfram að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum með öllum tiltækum ráðum. Jafnframt er ráð fyrir því gert að Umferðarráð verði dómsmálaráðherra til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar.

Með vísan til ályktunar Alþingis skipaði dómsmálaráðherra sérstaka umferðaröryggisnefnd til þriggja ára, sem ætlað er að vinna að framgangi þingsályktunarinnar. Skal hún ásamt Umferðarráði leitast við að ná sem víðtækastri samstöðu í þjóðfélaginu um bætta umferðarmenningu og leita allra tiltækra leiða til þess að stemma stigu við alvarlegum umferðarslysum. Skal að því stefnt að sem flestir aðilar sem koma að umferðaröryggismálum með einhverjum hætti setji sér skýr markmið og vinni samkvæmt þeim.

Þá var skipuð úr hópi nefndarmanna fimm manna framkvæmdastjórn umferðaröryggisáætlunar. Hlutverk stjórnarinnar skal vera að gera starfs- og framkvæmdaáætlun um framgang umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt þingsályktun Alþingis. Skal hún í umboði dómsmálaráðuneytis kalla eftir upplýsingum um aðgerðir frá helstu aðilum sem sinna umferðaröryggisstarfi og gera í framhaldi af því athugasemdir ef þörf krefur. Skal að því stefnt að aðilar setji sér skýr markmið um aðgerðir sem stuðla að auknu umferðaröryggi og vinni síðan samkvæmt þeim. Á þann hátt leggi hver og einn fram sinn skerf til öruggari umferðar svo ná megi þeim meginmarkmiðum sem þingsályktunin gerir ráð fyrir. Jafnframt er stjórninni ætlað að vinna að tillögugerð til ráðuneytisins um þær breytingar á umferðarlögum og reglugerðum sem hún telur að stuðli að öruggari umferð í landinu.

3.1.2 Akstursmat

Nýjar reglur um akstursmat í umferðarlögum hafa tekið gildi með lögum nr. 83/2002 og breytingum á reglugerð um ökuskírteini, nr. 4/2003. Samkvæmt reglunum þarf ökumaður, sem er með bráðabirgðaskírteini, að fara í akstursmat áður en hann fær bráðabirgðaskírteinið endurnýjað eða fær fullnaðarskírteini. Á undanförnum árum hefur oft verið rætt um að hækka aldursmörk til almennra ökuréttinda úr 17 í 18 ár. Tillaga starfshóps sem vann að endurskoðun umferðarlaga, og skilaði dómsmálaráðherra skýrslu þann 7. mars 2001, lagði til að í stað hækkunar á bílprófsaldri yrði farin sú leið að gefa ökumönnum kost á sérstöku akstursmati undir handleiðslu ökukennara. Mat starfshópsins var að sú leið væri vænlegri til árangurs og hefði þann höfuðkost að umbuna þeim ökumönnum sem sýndu þá ábyrgu hegðun í umferðinni fyrsta akstursárið að fá ekki refsipunkta vegna brota gegn umferðarlögum. Nánar er fjallað um þessa nýju leið í kafla 3.6 um unga ökumenn.

3.1.3 Sektir

Nýjar reglur um sektir tóku gildi í júlí 2001 þar sem sektir voru hækkaðar verulega, sbr. reglugerð nr. 75/2001, um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Með reglugerð nr. 742/2002, um breytingu á reglugerð nr. 75/2001, kom nýtt ákvæði um sekt að fjárhæð kr. 5.000 við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiðar, en samkvæmt 47. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 91/2001, er

notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar bönnuð. Ákvæðið öðlaðist gildi 1. nóvember 2001 en þó skildi eigi refsa fyrir brot gegn því fyrr en ár væri liðið frá gildistöku þess.

Töflurnar hér að aftan sýna annars vegar útsend sektarboð og hins vegar útsendar sektargerðir. Þegar litið er til sektarboða má sjá að þeim fjölgaði um tæplega 11%. Þrátt fyrir fjölgun útsendra sektarboða hefur hlutfall greiddra sektarboða haldist nokkuð stöðugt á tímabilinu og á það sama við um heildar hlutfall afgreiddra sektarboða af heildarfjölda. Þegar litið er til þróunar í fjölda útsendra sektargerða má sjá að öfugt við útsend sektarboð fækkaði sektargerðum á síðasta ári um rúmlega 9%.

	Útsend sektarboð	Greidd sektarboð %	Afgreidd af gjaldföllnum sektarboðum %
1999	35.933	76,7	93,0
2000	36.687	75,0	93,0
2001	38.080	77,4	92,0
2002	42.193	76,6	93,0

Tafla 1. Fjöldi útsendra sektarboða, hlutfall greiddra sektarboða og heildarhlutfall gjaldfallinna sektarboða sem voru afgreidd frá 1999 til 2002, miðað við stöðu mála 1. janúar 2003.

	Útsendar sektargerðir	Greiddar sektargerðir %	Afgreiddar af gjaldföllnum sektargerðum %
1999	3.183	63,9	91,1
2000	3.836	61,1	89,6
2001	3.123	55,7	89,1
2002	2.839	56,1	89,1

Tafla 2. Fjöldi útsendra sektargerða, hlutfall greiddra sektargerða og heildarhlutfall gjaldfallinna sektargerða sem voru afgreiddar frá 1999 til 2002, miðað við stöðu mála 1. janúar 2003.

3.1.4 Ýmsar reglugerðir

Á árinu 2002 setti dómsmálaráðherra reglugerð um sektir vegna brota á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Þá voru gerðar breytingar á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, reglugerð um gerð og búnað ökutækja og reglugerð um skoðun ökutækja, sem allar stuðla að auknu umferðaröryggi með einum eða öðrum hætti.

3.2. Ökuhraði

Umferðarhraði á þjóðvegum landsins er ennþá allt of mikill. Þrátt fyrir sérstök átaksverkefni lögreglunnar til að stemma stigu við hraðakstri hefur viðvarandi árangur ekki náðst. Skýringar á því geta verið af margvíslegum toga, m.a. að vikmörk frá leyfðum hraða eru rúm. Á myndum 3 og 4 sést annars vegar þróun á hraða á þjóðvegum frá 1988 til 2002 og hins vegar hraðadreifing tveggja ára á Reykjanesbraut og er sú mynd dæmigerð fyrir marga aðra vegi. Rúmlega 15% ökumanna aka löglega og 15% aka hraðar en 104 km/klst. Meðalhraði

er um 97 km/klst. Á höfuðborgarsvæðinu hefur tekist að halda niðri hraða á safnvegum og tengivegum en síður á þjóðvegunum.



Mynd 3.



Mynd 4.

3.3 Ölvunarakstur

Lögreglan í Reykjavík setti sér þau markmið í upphafi ársins 2002 að beina kröftum sínum að alvarlegustu brotunum í umferðinni, þar með talið ölvunarakstri. Í lok ársins var lögreglan í Reykjavík með sérstakt átak með það að markmiði að fækka ölvunarakstursbrotum. Tölur um fjölda ökumanna sem grunaðir voru um ölvun við akstur benda til að átak lögreglu gegn ölvunarakstri hafi skilað sér í færri brotum.

Hjá Lögregluskóla ríkisins var haldið réttindanámskeið fyrir sýnatökumenn til öflunar öndunarsýna.

Hér á eftir má sjá fjölda grunaðra um ölvun við akstur og fjölda slasaðra í ölvunarakstursmálum. Sjá má að á síðustu þremur árum hefur orðið nokkur fækkun í fjölda grunaðra vegna ölvunar við akstur og er fjöldinn árið 2002 svipaður og árið 1999. Á sama tíma hafa verið sveiflur í fjölda slasaðra, sérstaklega árið 2001 er 51 slasaðist í óhöppum þar sem grunur var um ölvun en hin árin hefur sambærilegur fjöldi verið á bilinu 31 til 35.

Fjöldi kærðra, handtekinna og sakborninga í ölvunarakstursbrotum

	1999	2000	2001	2002
Grunaðir um ölvun við akstur	2.066	2.587	2.180	1.950

Ölvun við akstur - fjöldi kærðra sem voru mældir — Prómill í blóði

	Undir mörkum	0.5-0.609	0.61-0.759	0.76-0.909	0.91-1.109	1.11-1.199	1.20+	Alls
1999	160	103	196	146	212	71	814	1.702
2000	289	159	222	183	258	108	971	2.190
2001	174	133	186	177	215	101	900	1.886
2002	186	124	185	157	205	88	780	1.725
%								
1999	9,4	6,1	11,5	8,6	12,5	4,2	47,8	100
2000	13,2	7,3	10,1	8,4	11,8	4,9	44,3	100
2001	9,2	7,1	9,9	9,4	11,4	5,4	47,7	100
2002	10,8	7,2	10,7	9,1	11,9	5,1	45,2	100

Umferðaróhöpp þar sem einnig var skráð ölvun við akstur

	1999	2000	2001	2002
Kærðir fyrir ölvun í umferðaróhöppum	278	266	307	234



Mynd 5. Fjöldi grunaðra, handtekinna og sakborninga vegna ölvunar við akstur og fjöldi slasaðra í þessum málum á árunum 1999 til 2002.

3.4. Bílbelti og öryggisbúnaður fyrir börn

Könnun Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Árvekni og Umferðarráðs á árinu 2002 um öryggi barna í bílum sýnir að enn vantar á að öll börn noti viðeigandi öryggisbúnað í bifreiðum. Könnunin leiddi í ljós að hlutfall barna án öryggisbúnaðar hefur hækkað frá árinu 2001. Í tímaritinu Björgun sem Slysavarnafélagið Landsbjörg gaf út vorið 2002 er að finna umfjöllun um öryggisbúnað barna í bílum.

Dómsmálaráðuneytið hefur falið Umferðarstofu, í samvinnu við Árvekni og Löggildingarstofu, að yfirfara núgildandi reglur um notkun öryggis- og verndarbúnaðar barna með tilliti til hugsanlegra breytinga á umferðarlögum og reglugerðum þannig að tryggt verði að börn noti sérstakan öryggis- og verndarbúnað þeim ætluðum og að notkun búnaðarins sé með réttum hætti.

Á árinu 2002 voru breytingar gerðar á tollalögum þar sem almennur tollur af barnabílstólum var felldur niður.

3.5. Umferðarmannvirki

Samkvæmt skýrslu um framkvæmdir í umferðaröryggi hjá Vegagerðinni fyrir árið 2002 þá voru 23 slysastaðir lagfærðir af fjárveitingu til umferðaröryggis og 2 staðir fyrir fjárveitingu til umferðaröryggis og nýbygginga. Þá voru einnig gerð ný mannvirki á 18 stöðum sem m.a. eiga að stuðla að bættu umferðaröryggi. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um endurbætur í þéttbýlisstöðum landsins en í tillögu til nýrrar samgönguáætlunar fram til ársins 2014 hefur verið reynt að meta hverju framkvæmda- og þjónustumarkmið hennar gætu skilað í auknu umferðaröryggi. Niðurstaðan er sú að alvarlegum slysum gæti fækkað um a.m.k. 20% í lok áætlunarinnar miðað við meðaltal áranna 1996–1999.

3.6. Ungir ökumenn

Ein meginorsök umferðarslysa ungra ökumanna er ofmat á eigin getu eða vanmat á umferðaraðstæðum. Nýjar reglur um akstursmat í umferðarlögum hafa tekið gildi með lögum nr. 83/2002 og breytingum á reglugerð um ökuskírteini, nr. 4/2003. Samkvæmt reglunum þarf ökumaður, sem er með bráðabirgðaskírteini, að fara í akstursmat áður en hann fær bráðabirgðaskírteinið endurnýjað eða fær fullnaðarskírteini. Þannig þurfa allir nýliðar að fara í akstursmat eftir minnst eins árs reynslu í umferðinni.

Ökumaður getur fengið fullnaðarskírteini hafi hann haft bráðabirgðaskírteini samfellt í 12 mánuði og ekki á þeim tíma fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota og farið í akstursmat. Vilji ökumaðurinn ekki nýta sér þessa heimild eða fullnægi hann ekki skilyrðunum, gildir bráðabirgðaskírteinið áfram þar til það rennur út eftir tvö ár frá útgáfudegi. Að þeim tíma liðnum fær ökumaðurinn fullnaðarskírteini, fullnægi hann áður nefndum skilyrðum. Fullnægi hann þeim hins vegar ekki, fær hann útgefið bráðabirgðaskírteini á ný til tveggja ára.

Með því að heimila ökumönnum að fá fullnaðarskírteini eftir eitt ár í staðinn fyrir tvö, eftir áfallalausan akstursferil og að undangengnu akstursmati, er verið að umbuna þeim sem hafa staðið sig vel í umferðinni. Það hefur jafnframt þau hvetjandi áhrif á unga ökumenn að vanda sig við akstur. Sá sem hagar sér vel í umferðinni og brýtur ekki af sér getur sem sagt fengið fullnaðarskírteini ári fyrr en ella. Hinir sem brjóta eitthvað af sér sem færir þeim punkta fá ákveðið aðhald með akstursmati og bráðabirgðaskírteini á ný. Þeir teljast þannig byrjendur í umferðinni þar til þeir hafa að baki eitt samfellt refsipunktalaust ár.

Í akstursmati felst að kannað er hvort mat ökumanns á eigin akstурshæfni, aksturshættum og öryggi í umferðinni er í samræmi við raunverulega getu hans. Markmið akstursmats er að ökumaðurinn geri sér grein fyrir hæfni sinni og getu í umferðinni með tilliti til umferðaröryggis. Ökukennarar annast akstursmat sem fer þannig fram að ökumaðurinn lýsir fyrir ökukennaranum eigin mati á akstурshæfni sinni og öryggi í umferðinni. Að því loknu skal ökumaðurinn aka bifreið sem hann sjálfur leggur til en ökukennarinn fylgist með akstrinum og skráir hjá sér athugasemdir um þau atriði sem hann telur jákvæð og neikvæð í akstrinum. Að akstursmati loknu ritar ökukennarinn umsögn um hæfni ökumannsins. Í umsögninni mælir ökukennarinn annaðhvort með því eða gegn að ökumaðurinn fái útgefið fullnaðarskírteini. Það er skilyrði fyrir útgáfu fullnaðarskírteinis að ökukennarinn mæli með útgáfunni í umsögn sinni.

4. Verkefni ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja og félagasamtaka

4.1. Ráðuneyti og stofnanir

4.1.1 Dómsmálaráðuneyti

Dómsmálaráðuneytið er aðili að „High-Level Group“ sem er æðsta stofnun Evrópusambandsins sem fer með umferðaröryggismál. Mikilvægt er að Íslendingar séu virkir þátttakendur í þessu starfi en hagur okkar er ótvíræður vegna þeirra rannsókna og upplýsinga sem við fáum aðgang að með aðild að þessari stofnun.

Dómsmálaráðuneytið tekur jafnframt þátt í nefnd framkvæmdastjórnar ESB um ökuskírteini. Nefndin fjallar um allt sem snertir laga- og reglusetningu varðandi ökupróf og ökukennslu, afturköllun og skilyrði til þess að mega öðlast ökuskírteini, heilbrigðisskilyrði ökumanna og ýmsa aðra tæknilega þætti viðvíkjandi ökuskírteinum sem og helstu umhverfisþáttum umferðar.

Í ársskýrslu rannsóknarnefndar umferðarslysa fyrir árið 2000 kemur fram að nefndin hafi orðið þess vör í allnokkrum tilfellum að viðbrögð við slysum hafi ekki verið eins og best

verður á kosið. Lagði nefndin því til að unnið yrði að heildarskipulagi um viðbúnað allra hlutaðeigandi aðila vegna slysa (trauma system). Í samráði við heilbrigðisráðherra skipaði dómsmálaráðherra í mars 2002, starfshóp til þess að gera tillögur til úrbóta á þessu sviði. Hlutverk hópsins skal vera að fjalla um stjórn og samræmingu aðgerða bæði á vettvangi og fyrir landið í heild, um þjálfun heilbrigðisstarfsmanna í meðhöndlun slasaðra, einkum viðbrögðum á vettvangi, og aðra þætti í skipulögðum viðbrögðum þjóðfélagsins vegna slysa með það að markmiði að hér á landi verði komið á heildarskipulagi á þessu sviði. Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum til ráðuneytisins í formi skýrslu eigi síðar en í nóvember 2003.

Um alllangt skeið hefur ráðuneytið unnið að því að koma upp æfingaaksturssvæði fyrir ökunema hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem ökumenn og ökunemar fái sérstaka þjálfun til að aka við fjölbreyttar aðstæður svo sem á malarvegum, í hálku og í bleytu. Að þessum undirbúningi hafa komið ökukennarar, Samband íslenskra tryggingafélaga, Vegagerðin, Umferðarráð, Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og haft hefur verið samband um málið við fleiri aðila. Málið hefur lítið þokast áfram síðan dómsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra tryggingafélaga, Vegagerðin og Ökukennarafélag Íslands undirrituðu þann 30. nóvember 2000 samkomulag um stofnun félags er hafi það að markmiði að byggja upp og starfrækja æfingasvæði til ökukennslu á lóð sem Reykjavíkurborg muni úthluta félaginu við Gufunes í Reykjavík. Hefur Reykjavíkurborg samið við ökukennara um úthlutun á svæði í Gufunesi. Í nóvember 2002 fól dómsmálaráðherra Umferðarstofu að taka þetta mál til vandlegrar könnunar. Fengin var verkfræðistofan Fjölhönnun ehf. til að endurskoða fyrri athugun um æfingasvæði og skilaði hún skýrslu í lok janúar 2003. Hefur ráðuneytið í framhaldi þess óskað eftir viðræðum við viðkomandi aðila um þessi mál.

Starfshópur sem dómsmálaráðherra skipaði árið 2001 og falið var að fjalla um þingsályktun Alþingis sem samþykkt var 15. desember 2000 um flutning á hættulegum efnum um jarðgöng, og dómsmálaráðherra var falin framkvæmd á, skilaði skýrslu í lok árs 2002. Starfshópurinn telur að þrátt fyrir að áhætta í Hvalfjarðargöngunum sé lítil þegar litið er til sambærilegra mannvirkja í öðrum löndum sé unnt að auka öryggið enn frekar. Hefur starfshópurinn lagt fram ýmsar tillögur að aðgerðum og reglugerðarbreytingum sem fallist hefur verið á að hrinda í framkvæmd.

4.1.2 Umferðarráð

Þann 1. október 2002 tóku gildi breytingar um starfsemi Umferðarráðs, Umferðarstofu o.fl. Samkvæmt þeim tók Umferðarstofa við stjórnsýsluverkefnum á sviði umferðarmála sem áður heyrðu undir Umferðarráð, þ.e. umferðarfræðslu, slysaskráningu og umsjón og eftirliti með ökunámi og ökuprófum. Við þessi tímamót fluttust 6 starfsmenn Umferðarráðs yfir til Umferðarstofu en tveir létu af störfum. Framkvæmdastjóri Umferðarráðs, sem jafnframt gegnir formennsku í ráðinu, hefur starfsaðstöðu hjá Umferðarstofu, svo og framkvæmdastjóri rannsóknarnefndar umferðarslysa. Við þessa breytingu lauk starfsemi stofnunarinnar Umferðarráðs og var skrifstofuhúsnæði því sem hún hafði haft á leigu frá árinu 1992 í Borgartúni 33 sagt upp.

Verkefni sem Umferðarráð vann að á árinu voru m.a. eftirtalin:

Í ársbyrjun var gerður samningur til þriggja ára við Frumherja hf. um að fyrirtækið tæki að sér framkvæmd ökuprófa. Viðhorfskönnun um umferðarmálefni var kynnt í febrúar en hún var gerð af Gallup fyrir Umferðarráð, ríkislögreglustjórann og Vegagerðina. Umferðarfulltrúar Umferðarráðs og Slysavarnafélagsins Landsbjargar voru 6 að störfum í þrjá mánuði sl. sumar og unnu að margvíslegum verkefnum á sviði umferðaröryggismála. Stuttir leiknir

umferðarþættir fyrir útvarp voru gerðir í tengslum við þetta starf og þeim útvarpað á Rás 2. Árleg umferðarkönnun Umferðarráðs fór fram síðustu vikuna í júní 2002, og önnuðust lögreglumenn um allt land hana að venju. Umferðarblaði, „Horfum fram á veginn“, sérriti um umferðaröryggismál, var dreift með Morgunblaðinu í júlí 2002 að frumkvæði dómsmálaráðuneytisins, en það var gefið út í samstarfi ráðuneytisins, Umferðarráðs, ríkislögreglustjórans og Skráningarstofunnar hf. Útvarp Umferðarráðs hefur verið fastur liður í útvarpshlustun landsmanna, en frá því að starfsemi þess hófst 31. júlí 1992 til 30. september 2002 var samtals sent út 26.305 sinnum á öllum helstu útvarpsstöðvum landsins. Könnun á öryggi barna í bílum var gerð í aprílmánuði eins og mörg undanfarin ár á vegum Umferðarráðs, Árvekni, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og náði til 2203 barna. Umferðarráð og rannsóknarnefnd umferðarslysa unnu á árinu 2002 skýrslu fyrir Bifhjólasamtök lýðveldisins, Sniglana, um bifhjólaslys á árunum 1991–2000. Fræðsluefni var dreift til erlendra ferðamanna á árinu, bæði til þeirra ökumanna sem komu með Norröna til Seyðisfjarðar og til þeirra sem tóku bíl á leigu á bílaleigum. Bæklingarnir voru unnir í samstarfi Samtaka ferðaþjónustunnar, Sjóvár-Almennra og Umferðarráðs. Bæklingarnir eru á 6 tungumálum, auk íslensku. Umferðarnámskeið fyrir fimm og sex ára börn fóru að venju fram á vegum Umferðarráðs, lögreglu og sveitarfélaga sl. sumar og stóðu yfir í 13 daga. Námskeiðin voru samtals 85 á 55 stöðum í 10 sveitarfélögum og sóttu þau liðlega 3.700 börn og 1.400 fullorðnir. Um verslunarmannahelgina starfrækti Umferðarráð að venju upplýsingamiðstöð og var m.a. útvarpað frá henni á öllum helstu útvarpsstöðum. Árið 2000 samdi Umferðarráð við Spöl hf. um að ökukennarar ættu þess kost að aka með nemendur sína um Hvalfjarðargöngin án greiðslu. Á þennan hátt öðluðust ökunemar reynslu af akstri um jarðgöng, auk þess sem þessi tilhögun myndi hvetja til þess að kennarar af höfuðborgarsvæðinu færu í auknum mæli með nemendur út á vegi og kennarar frá Vesturlandi og víðar að kæmu með nemendur í borgarumferðina. Samtals hafa nú á fjórða þúsund ökunemar farið um Hvalfjarðargöngin. Í ágúst 2002 sendi Umferðarráð, í samstarfi við Námsgagnastofnun, fræðsluefni til allra barna sem voru að hefja skólagöngu í fyrsta sinn. Umferðarþing, hið fimmta í röðinni, var haldið í Reykjavík í nóvember 2002. Þingið var að miklu leyti helgað verkefnum á sviði rannsókna sem Rannum styrkti árin 2001 og 2002. Samtals voru 9 slík verkefni kynnt, auk þess sem greint var frá því starfi sem unnið hefur verið að á vegum Rannum frá stofnun þess árið 2000. Dagskrá Umferðarþings tók mið af umferðaröryggisáætlun til ársins 2012. Viðurkenning Umferðarráðs, „Umferðarljósið“ var veitt „viðbragðsaðilum á vettvangi umferðarslysa“ fyrir mikil og árangursrík störf við björgun mannslífa á liðnum árum.

4.1.3 Umferðarstofa

Umferðarstofu ber lögum samkvæmt að annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál og styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi. Starfið á því sviði mótast meðal annars af þingsályktun Alþingis um stefnumótun og aukið umferðaröryggi og öðrum markmiðum sem sett eru á hverjum tíma. Þar sem Umferðarstofa tók til starfa síðari hluta árs 2002, eins og fram kom í kafla 3.1.1, verður hér fyrst og fremst fjallað um það sem er fram undan hjá Umferðarstofu.

Eitt mikilvægasta verkefnið 2003 er að stemma stigu við hröðum akstri með því að vekja athygli ökumanna á því hvaða afleiðingar hraðakstur getur haft og þannig að unnt verði að breyta viðhorfi ökumanna til ökuhraða.

Notkun bílbelta dregur verulega úr hættunni á því að ökumenn og farþegar verði fyrir alvarlegu líkamstjóni í umferðarslysi. Talsvert vantar á að bílbeltanotkun sé nógu mikil og

gerir Umferðarstofa ráð fyrir að leggja mikla áherslu á öryggi ökumanna og farþega í bílum á árinu 2003. Einnig verður mikil áhersla áfram lögð á öryggi barna í bílum.

Ölvunarakstur er meðal stærstu orsakaþátta umferðarslysa á Íslandi eins og í flestum nágrannalöndunum. Mikilvægt er að efla enn frekar löggæslu og fræðslu í þeim efnum og auka vitund ökumanna um hættuna sem af því stafar að aka þreyttur og að aka undir áhrifum áfengis eða lyfja. Ekki er síst ástæða til að finna betri leiðir en nú er kunnugt um til að greina og mæla neyslu fíkniefna.

Umferðarstofa stefnir að áframhaldi samstarfi við lögreglu og veghaldara til að vinna að markmiðum umferðaröryggisáætlunar, sem og aðra þá sem starfa að umferðaröryggismálum. Hér er um að ræða opinbera aðila, fyrirtæki og frjáls félagasamtök. Verið er að koma á fót vinnuhópum þar sem unnið verður að undirbúningi og skipulagi umferðaröryggisaðgerða og línur lagðar fyrir mat á árangri þess sem gert verður. Framhald verður á könnunum á notkun bílbelta og annars öryggisbúnaðar í bílum, ökuhraði verður mældur bæði í þéttbýli og dreifbýli og fleiri þættir sem nauðsynlegt er að hafa yfirsýn yfir til að meta hvort hlutir stefna í rétta átt.

Gert er ráð fyrir a.m.k. þremur stórum umferðaröryggisaðgerðum á árinu 2003, ef hægt verður að afla til þess nægs fjármagns. Stefnt er að ráðningu umferðarfulltrúa um allt land í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg eins og gert hefur verið á undanförnum árum Slysaskráningar hafa verið efldar verulega og starfa nú þrír starfsmenn við skráningu á umferðarslysum samkvæmt lögregluskýrslum. Fyrirhugað er að skráningin, sem nú er 1–2 árum á eftir, nái til dagsins í dag í lok ársins 2003.

Ákveðið hefur verið að hefja endurskoðun á námsefni umferðarskólans Ungir vegfarendur og að efni fyrir einn árgang verði endurskoðað á ári, þannig að því verki ljúki árið 2007. Einnig verður námsefni námskeiða fyrir fimm og sex ára börn endurskoðað. Stefnt er að eflingu umferðarfræðslu í skólum í samstarfi við fulltrúa grunnskóla, Námsgagnastofnun og aðra aðila sem starfa á opinberum vettvangi og tengjast lífsleikni í skólum landsins. Bæði er gert ráð fyrir að fara hefðbundnar leiðir í gerð námsefnis og einnig að nýta internetið og tölvutækni.

Unnið er að mati á starfsemi Umferðarútvarpsins og eflingu þess í samráði við forráðamenn útvarpsstöðva, lögreglu, veghaldara og almenning.

Huga þarf að málefnum aldraðra í umferðinni, meðal annars með hliðsjón af aukinni þátttöku þeirra í umferðinni og vegna breyttra aðstæðna.

4.1.4 Ríkislögreglustjórinn

Áhersla lögreglu á umferðarlöggæslu var mikil árið 2002. Umferðareftirliti var hagað með svipuðum hætti og árin á undan en aukin áhersla var á samstarf milli lögreglustjóranna og skipulagt samstarf þeirra í landshlutunum. Þá var stuðlað að auknu eftirliti með þátttöku umferðardeildar ríkislögreglustjórans sem samanstendur af sérhæfðum lögreglumönnum á sviði umferðarlöggæslu og tækjabúnaði svo sem hraðamyndavélum, öndunarsýnatækjum og myndbandsupptökubúnaði.

Markmið umferðarlöggæslunnar er fækkun umferðarslysa. Til að ná því var lögð áhersla á eftirlit með of hröðum akstri, ölvunarakstri og notkun öryggisbúnaðar í bifreiðum, bæði meðal barna og fullorðinna.

Aukin hefur verið fræðsla til lögreglumanna um umferðarmálefni m.a. með aðkomu lögregluskólans. Ratsjártæki í lögreglubifreiðum hafa verið endurnýjuð og þeim fjölgað. Á árinu var tekið í notkun nýr ratsjárbúnaður af gerðinni Golden Eagle með myndbandsupptöku-

búnaði. Þá var keypt laser-hraðamælingatæki sem verið er að prófa og unnið er að vinnureglum um notkun slíkra tækja.

Lögregluskýrslum vegna umferðarlagabrota hefur fjölgað á undanförnum árum. Árið 2002 voru rúmlega 73% af brotum skráðum í málaskrá lögreglu vegna umferðarlagabrota. Umferðareftirlit er því stór þáttur í daglegri vinnu lögreglunnar.

Umferðareftirlit var aukið yfir sumarið, m.a. með auknu samstarfi á milli lögregluembætta. Þá var eftirlit sérstaklega hert um Verslunarmannahelgina bæði af hálfu lögregluembættanna og umferðardeildar ríkislögreglustjórans og notkun hraðamyndavéla var aukin.

Á árinu gerðu ríkislögreglustjórinn, Vegagerðin og Umferðarráð árangursstjórnunarsamning til að koma í veg fyrir umferðarslys. Þá voru gerðir samstarfssamningar milli ríkislögreglustjórans, Vegagerðarinnar og viðkomandi lögreglustjóra vegna Reykjanesbrautar, Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar um aukið umferðareftirlit á þessum vegum. Hefur þannig verið unnið að því að gera umferðarlöggæslu markvissari með því að nýta aukna skráningu upplýsinga og tölulega úrvinnslu.

Áhersla hefur beinst að þeim þáttum sem leiða til fækkunar umferðarslysa svo sem að stemma stigu við hraðakstri og ölvunarakstri en einnig hefur verið aukið eftirlit með notkun öryggisbúnaðar í bifreiðum.

Einnig má nefna hert eftirlit með frágangi farms og innan skamms er að vænta nýrrar reglugerðar varðandi þann þátt. Eftirlit hefur verið aukið með hópbifreiðum, vöruflutningabifreiðum, kerrum og aðhald hefur verið aukið með því að dökkar filmur séu ekki í hliðarrúðum bifreiða að framan.

Lögreglan hefur staðið fyrir slysalausum degi í umferðinni. Hugmyndin þar að baki er að hafa uppi áróður um það hversu mörg óhöpp eru í umferðinni og hver kostnaður samfélagsins er af þeim. Skilaboð lögreglu eru að ökumenn taki sig saman og sýni að við getum haft einn slysalausan dag í umferðinni. Þetta hefur tekist bærilega, þótt dagurinn hafi reyndar ekki orðið alveg slysalaus. Lögreglan hefur þannig sent erindi til fjölmiðla og annarra aðila og fengið þá í samstarf og það gengið vel. Fjölgað hefur verið lögreglumönnum að starfi úti í umferðinni og ökutæki lögreglu verið staðsett með áberandi hætti. Lögreglan í Reykjavík hefur átt frumkvæðið að slysalausum degi en önnur embætti hafa einnig tekið þátt í átakinu.

4.1.5 Rannsóknarnefnd umferðarslysa

Árið 2002 gaf rannsóknarnefnd umferðarslysa út þrjár skýrslur sem fjalla um umferðaröryggismál. Nefndin skilaði skýrslu um útafakstur í dreifbýli til Rannsóknarráðs umferðaröryggismála árið 2002, skýrslu um bifhjólaslys árin 1991–2000 í samstarfi við Umferðarráð og skýrslu um banaslys í umferðinni 2001.

Í skýrslu um banaslys í umferðinni birtir nefndin ábendingar sínar, en þær eru sá lærdómur sem nefndin hefur dregið af rannsóknum sínum og telur mikilvægast að koma á framfæri. Á fundi með dómsmálaráðherra í júní 2002 fór rannsóknarnefndin yfir þessar ábendingar og síðar með sérfræðingum dómsmálaráðuneytisins á fundi þann 25. 11. 2002. Auk þess hefur nefndin sent ýmsum aðilum bréf með athugasemdum. Þá kom nefndin að ýmsum fundum og fyrirlestrum á árinu.

Rannsóknarnefndin er nú að hefja orsakagreiningu banaslysa í umferðinni fyrir árið 2002 og mun skila niðurstöðum til dómsmálaráðherra í maí 2003.

4.1.6 Lögregluskóli ríkisins

Hefðbundin kennsla í grunnnámi skólans var endurskoðuð á árinu og umferðaröryggismál gerð að sérstöku viðfangi. Framkvæmdastjóri rannsóknarnefndar umferðarslysa var ráðinn til að verkstýra þeim þætti grunnnámsins. Annað starf í grunnnámi var hefðbundið og þjálfun og kennsla í umferðarmálum um 100 kennslustundir til lögregluprófs. Á árinu var hafin endurskoðun akstursþjálfunar lögreglunema með það fyrir augum að minnka áhættu af henni og reyna að tryggja að lögreglunemar verði betri ökumenn.

Á reglulegum símenntunarnámskeiðum skólans var fjallað um umferðaröryggismál og nýmæli í málaflokknum. Starfandi lögreglumenn sækja slík námskeið. Meðal þess sem lögð var áhersla á að kynna var umferðaröryggisáætlun til ársins 2012.

Árið 2002 voru haldin nokkur sérmenntunarnámskeið á vegum skólans, námskeið fyrir bifhjólalögreglumenn, réttindanámskeið fyrir sýnatökumenn til öflunar öndunarsýna, réttindanámskeið á hraða- og rauðljósamyndavélar og leiðbeinendanámskeið fyrir leiðbeinendur lögregluliðanna á hraðamælingartæki lögreglunnar. Á sama tíma var skipulagt átak í endurmenntun starfandi lögreglumanna í hraðamælingum.

Á sérnámskeið fyrir rannsóknarlögreglumenn voru rannsóknir umferðarslysa teknar til sérstakrar skoðunar með það fyrir augum að koma á framfæri upplýsingum um aðferðir til að meta hraða ökutækja sem lenda í umferðaróhöppum og slysum.

Starfshópur um stefnumótun í rannsóknum umferðarslysa lögreglu var skipaður á árinu af ríkislögreglustjóranum að frumkvæði Lögregluskólans og undir forystu hans. Starfshópurinn á að vinna tillögur að kennsluefni um rannsóknir umferðarslysa og mun ljúka störfum á fyrri hluta ársins 2003.

4.1.7 Samgönguráðuneytið

Af hálfu samgönguráðuneytisins fer Vegagerðin með framkvæmd vega- og umferðarmála. Aðkoma samgönguráðuneytisins hefur helst falist í því að standa fyrir endurskipulagningu og samræmingu áætlanagerðar í samgöngum og er nú í fyrsta skiptið lögð fram á Alþingi samgönguáætlun 2003–2012 og fjögurra ára áætlun hennar 2003–2006 sem kemur í stað sex annarra áætlana.

Samgönguáætlun hefur ýmsar nýjungar fram að færa og er ein þeirra sú að mótuð er stefna í samgöngumálum til næstu 12 ára, sem ekki var gert í fyrri áætlunum. Í stefnumótuninni eru tilgreind fjögur meginmarkmið og er eitt þeirra markmið um öryggi í samgöngum.

Sett er fram það áform að vinna að því að fækka dauðaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferðinni um 40% til ársins 2012 í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2001–2012 sem Alþingi hefur samþykkt.

Í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2003–2014 eru tilgreindar nokkrar aðgerðir til þess að ná markmiði um öryggi í samgöngum. Þær eru m.a. að efla rannsóknir á sviði umferðaröryggismála, stuðla að ábyrgari hegðun með aukinni fræðslu og áróðri, gera umhverfi vega og gatna öruggara og að vinna að enn virkara samstarfi við lögreglu, Umferðastofu, Umferðarráð og sveitarfélaga til þess að auka umferðaröryggi.

Þá eru í tillögunni að finna tillögur um margar framkvæmdir, svo sem að fækka einbreiðum brúm, sem flestar stuðla að auknu umferðaröryggi.

Vísað er til þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2003–2014 og um fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar 2003–2006 um nánari skýringar sem og til svars Vegagerðarinnar við sama erindi.

4.1.8 Vegagerðin

Vegagerðin gaf út stefnu sína í umferðaröryggismálum í október 2001. Hún vinnur eftir umferðaröryggisáætlun sem er samhljóða markmiðum stjórnvalda um fækkun alvarlega slasaðra og látinna.

Gerðar hafa verið aðgerðaráætlanir sem taka mið af því að hægt verði að ná þessum markmiðum. Vegagerðin vinnur eftir ákveðnum reglum um úttekt á slysastöðum og gerir kerfisbundnar úttektir á þjóðvegakerfinu.

Á árinu 2002 voru veittar 130 millj. kr. til lagfæringa á svartblettum og til eftirlits með þunga ökutækja og hvíldartíma ökumanna ásamt almennri löggæslu í samvinnu við ríkislögreglustjórann. Lagaðir voru 25 staðir á þjóðvegakerfinu og voru aðgerðir breytilegar frá því að bæta merkingar til endurgerðar á gatnamótum.

Vegagerðin lætur skoða öll hönnunargögn af sérstökum vinnuhópi í þeim tilgangi að koma eins og kostur er í veg fyrir að vegir séu byggðir með annmörkum sem gætu leitt til slysa.

Vegagerðin vinnur eftir gæðastöðlum í vetrar- og sumarþjónustu.

Sett voru upp skilti um leyfðan hámarkshraða þegar ekið er út úr þéttbýlisstöðum.

Vegagerðin hefur gert samning við ríkislögreglustjóra um umferðareftirlit og einnig við Samskip og Flytjanda um bætt umferðaröryggi í flutningum.

Sett hafa verið á vegakerfið fjöldi mælitækja sem eiga að bæta upplýsingar til vegfarenda m.a. um ástand vega og færð, umferð og hraða ökutækja. Einnig hafa verið settar upp myndavélar á helstu fjallvegi til að auðvelda vegfarendum ákvarðanatöku um ferðalög. Allar þessar upplýsingar eru birtar á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Vegagerðin fjármagnar að mestu Rannsóknarráð umferðaröryggismála, en ráðið veitir fjármagni til einstakra rannsóknarverkefna.

4.1.9 Rannsóknarráð umferðaröryggismála

Rannum, sem er samstarfsvettvangur Vegagerðarinnar, Rauða kross Íslands, Umferðarráðs, Landspítala háskólasjúkrahúss og 13 annarra aðila, veitti á árinu 2001 18 umsækjendum styrk til rannsókna á sviði umferðaröryggismála. Nam styrkupphæðin samtals um 23 millj. kr.

Á árinu 2002 veitti Rannum styrk til 23 fjölbreyttra verkefna, sem varða meðal annars unga ökumenn frá ýmsum sjónarhornum, um slysatíðni þar sem breyttir jeppar koma við sögu, um ýmsa þætti sem tengjast slysum og umferðaröryggi á þjóðvegum og fleira. Styrkupphæðin árið 2002 nam samtals um 24 millj. kr.

Samstarf innan Rannum hófst árið 2000 og mun standa yfir í fimm ár. Að þeim tíma liðnum verður starfsemin metin og ákvörðun um framhald tekin.

4.1.10 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001 eru slysavarnir eitt af sjö forgangsmarkmiðum.

Í áætluninni eru þau markmið sett að slysum og dauðaslysum fækki um 25% til ársins 2010. Slysavarnaráð og aðrar stofnanir ráðuneytisins vinna nú skipulega að framgangi þessara markmiða.

4.1.11 Umhverfisráðuneytið

Á síðasta ári var unnin á vegum ríkisstjórnarinnar stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 (Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, ágúst 2002). Þó svo ekki sé þar sérstaklega fjallað um umferðaröryggi er líf og heilbrigði íbúa mikilvægur þáttur sjálf-

bærrar þróunar. Þegar til þess er litið að minnst er á vanda aukinnar bílaumferðar með tilliti til mengunar og loftgæða er ekki síður athyglisvert að benda á umferðaröryggisþætti sem ávinning af breyttum og umhverfisvænni samgöngukostum svo sem þegar lögð er aukin áhersla á almenningssamgöngur.

Bersýnilegust tengsl umhverfisráðuneytis við umferðaröryggismál eru fyrirmæli um gerð aðalskipulags og deiliskipulags. Veigamikill hluti öryggis í bílaumferð er hönnun vega, gatna og gatnamóta. Skipulagsstofnun hefur því hlutverki að gegna m.a. að vinna leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnir og hönnuði um gerð skipulagsáætlana sem og að vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um ýmis atriði skipulagsmála. Í því samhengi er eðlilegt að virkja ásetning umferðaröryggisáætlunar 2002–2012. Ætlar umhverfisráðuneytið að koma slíkri ábendingu á framfæri við Skipulagsstofnun.

4.1.12 Landbúnaðarráðuneytið

Ráðuneytið hefur lengi barist fyrir úrbótum á því er varðar lausagöngu búfjár. Því er nauðsynlegt til þess að fá yfirlit yfir störf ráðuneytisins á þessu sviði að líta til fleiri ára en ársins 2002.

Á árinu 2002 var sett reglugerð um girðingar, nr. 748/2002. Reglugerð þessi gildir um uppsetningu og frágang girðinga. Markmið reglugerðarinnar er að kveða á um ýmsa staðla og orðskýringar og hvaða lagaskilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Jafnframt er mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga. Þess er vænst að reglugerð þessi muni stuðla mjög að öryggi girðinga, ekki síst meðfram þjóðvegum.

Nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytisins sem í áttu sæti auk fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins fulltrúar frá dómsmálaráðuneytinu, samgönguráðuneytinu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Bændasamtökum Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga skilaði áliti sínu á árinu 2001, þar sem settar eru fram margar tillögur til úrbóta er varðar búfé á vegsvæðum.

Skýrsla nefndarinnar og tillögurnar voru sérstaklega kynntar dómsmálaráðherra og samgönguráðherra með ósk um samvinnu og viðbrögð af þeirra hálfu. Því miður hefur minna þokast áleiðis hvað tillögurnar varðar en vonast var eftir en þó má greina viðbrögð svo sem hvað varðar auknar merkingar með vegum og þátttöku Vegagerðarinnar í ákvörðunum og kostnaði við girðingar.

Ráðuneytið hefur verið ráðleggjandi og að hluta til þátttakandi í aðgerðum þar sem girt hafa verið beitarhólf, svo sem á Mosfellsheiði og við Berufjörð sem miða að því að draga úr ágangi búfjár á þjóðvegi.

4.2. Sveitarfélög

Beðið var um upplýsingar frá 10 fjölmennustu sveitarfélögunum. Eftirtalin sveitarfélög svöruðu erindinu og eru hér á eftir birtar helstu niðurstöður úr svörum þeirra.

4.2.1 Reykjavíkurborg

Borgarráð samþykkti á vormánuðum 2002 nýja umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavík 2002–2007. Leitast verður við að taka heildstætt á umferðaröryggismálum í borginni. Borgarstjórn samþykkti fjárhags- og framkvæmdaáætlun til ársins 2007. Áætlun var send til almennrar kynningar og bárust sjö athugasemdir og fer umfjöllun nú fram í samgöngunefnd borgarinnar. Í umferðaröryggisáætluninni eru skilgreind 26 meginverkefni og ábyrgðaraðilar ákveðnir. Helstu verkþættir á árinu 2002 voru endurbygging og lagfæring á svartblettum,

gerð 30 km svæða, uppsetning umferðarljósa/gangbrautarljósa og ýmsar lagfæringar á aðalgatnakerfinu, þar á meðal gerð mislægra gatnamóta.

4.2.2 Seltjarnarnes

Á árinu 2002 var leyfður hámarkshraði endurskoðaður á Seltjarnarnesi og skiltum breytt í samræmi við það og ýmsar lagfæringar gerðar á merkingum. Ný gangbrautarljós voru tekin í notkun. Í samstarfi við Mýrarhúsaskóla og fleiri aðila var gert átak í því að auka öryggi barna í umferðinni með því að kenna börnunum á göngustígakerfi að skólanum ásamt því að umferðarskipulagi var breytt við Mýrarhúsa- og Valhúsaskóla.

4.2.3 Kópavogur

Umferðarnefnd samþykkti framkvæmdaáætlun um aðgerðir sem ætlað er að stuðla að bættu umferðaröryggi í bæjarfélaginu. Í aðalskipulagi Kópavogs fyrir árin 2000–2012 kemur fram að meginmarkmið sé að auka öryggi allra vegfarenda og draga úr óþægindum af bílaumferð. Á vegum bæjarins var unnið að framkvæmdum í 22 liðum vegna 30 km hverfa og samþykkt hefur verið framkvæmdaáætlun um hljóðvarnaraðgerðir í bænum. Stefnt er að því að ný umferðaröryggisáætlun fyrir Kópavog verði tilbúin á fyrri hluta árs 2004.

4.2.4 Garðabær

Markvisst er stefnt að flokkuðu gatnakerfi í bænum í því skyni að minnka umferð og bæta öryggi í íbúðargötum. Bærinn hefur starfrækt tvö hraðamælingatæki í þeim tilgangi minnka hraðakstur, komið fyrir hraðahindrunum þar sem þess er þörf og veitt lögreglunni upplýsingar um hraðakstur. Öll íbúðarsvæði í bænum hafa verið skilgreind sem 30 km svæði. Ákveðið hefur verið að gera úttekt á hægri forgangi í bænum og úttekt á umferðarslysum eftir 1995 til viðbótar sambærilegri úttekt fyrir árin 1992 til 1995.

4.2.5 Hafnarfjörður

Undanfarin ár hefur markvisst og samkvæmt áætlun verið unnið að uppbyggingu 30 km hverfa í bænum og hefur eitt hverfi verið tekið fyrir á hverju ári. Leitast er við að lagfæra verstu slysastaði samkvæmt svartblettaskoðun, sem er stöðugt unnið að, og í samstarfi við Vegagerðina hafa gatnamót og götukaflar á þeim götum sem tilheyra vegsvæðum Vegagerðarinnar verið lagfærðir í því skyni að koma í veg fyrir slys. Þá hefur árlega og með víðtæku samstarfi verið efnt til umferðarviku í bænum, allt frá árinu 1999.

4.2.6 Reykjanesbær

Árið 2001 var samþykkt nýtt umferðarskipulag í bænum og er markmið þess að auka umferðaröryggi á sem viðtækastan hátt og þá sérstaklega í íbúðarhverfum. Stefnt er að því að öll íbúðahverfi verði 30 km hverfi en aðalgötur og götur í iðnaðarhverfum verði með 50 km/klst. leyfðan hraða. Framkvæmdir eru þegar hafnar og verður dreift á nokkur ár. Árið 2002 var ýmislegt framkvæmt í þágu aukins umferðaröryggis, svo sem gerð nýrra gangbrauta, sérstakar aðgerðir við grunnskóla, unnið að umferðarmerkingum og gert nýtt hringtorg.

4.2.7 Akranes

Á Akranesi var að störfum vinnuhópur sem gerði tillögur um úrbætur og hefur verið unnið eftir þeim tillögum síðan. Helstur aðgerðir árið 2002 voru gegn óhóflegum umferðarhraða, en hraðahindrunum, sem jafnframt eru gangbrautir var komið fyrir á þremur stöðum, yfir-

borðsmerkingar voru bættar með aðaláherslu á gangbrautir, aðstæður við skóla voru bættar, m.a. með uppsetningu gangbrautarljósa, gönguleiðir voru lagfærðar, breyting var gerð á gatnamótum til þess að skilgreina umferðarforgang betur og ákveðnar voru takmarkanir á umferð vöru- og flutningabifreiða í bænum.

4.2.8 Árborg

Undirbúningur var gerður að 30 km svæðum en ekki hefur verið farið í framkvæmdir. Unnin hefur verið skrá um svartbletti og í framhaldi af því gerð tvö hringtorg á gatnamótum þar sem mörg slys höfðu orðið. Engar nýjar hraðahindranir voru teknar í notkun á árinu 2002.

4.2.9 Mosfellsbær

Nýlega var samið við verkfræðifyrirtæki um að gera tillögur um staðsetningu 30 km svæða/gatna, hraðahindrana og gangbrauta í bæjarfélaginu. Frá 1998 hefur verið unnið að því að bæta umgengni fyrir fatlaða í samræmi við úttekt sem þá var gerð. Í nýsamþykktu aðalskipulagi fyrir Mosfellsbæ 2002–2024 er gerð grein fyrir umferðarskipulagi í nýjum hverfum. Þar er tekið fram að við gatnaframkvæmdir og skipulagsgerð skuli við það miðað að hámarks umferðarhraði í húsagötum verði 30 km. Jafnframt að hugað skuli að umferðaröryggismálum í eldri hverfum og er sú úttekt sem nú er unnið að liður í þeirri áætlun.

4.3. Vátryggingafélög

4.3.1 Sjóvá-Almennar-tryggingar hf.

Félagið sinnir forvarnarstarfi á mjög mörgum sviðum, þ.e. í fyrirtækjum, á heimilum og sumarhúsum og hjá bæjarfélögum, en mest þó í umferðarmálum. Helstu verkefni á því sviði eru:

Árlega eru haldin milli 30 og 40 námskeið um land allt fyrir unga ökumenn. 6–800 manns koma árlega á námskeiðin og hafa athuganir félagsins sýnt að árangur er mjög góður eða allt að þrefalt lægri tjónatíðni hjá hópnum en hjá þeim sem ekki koma á námskeið. Þá hefur greinilega komið í ljós að tjón þeirra sem lenda í tjóni eftir námskeið eru ekki eins alvarleg og hinna sem ekki koma. Milli 30 og 40% námskeiðanna eru á landsbyggðinni.

Félagið býður þeim viðskiptavinum sem hafa marga bíla í tryggingu að halda námskeið fyrir ökumenn þeirra. Nokkur þessara fyrirtækja hafa þetta sem fastan lið og með góðum árangri.

Félagið hefur tekið upp þá nýbreytni að vara ökumenn ákveðinna fyrirtækja við vondu veðri, m.a. hjá Flytjanda. Þegar von er á stormi (yfir 20 m/sek) er send út viðvörun, misalvarleg eftir því hversu miklum vindi er spáð.

Félagið hefur sérstaklega unnið að því að auka öryggi erlendra vegfarenda með öflugu samstarfi við stærstu bílaleigurnar á landinu og Umferðarráð.

Ökuskólum hefur verið boðið upp á þá þjónustu að fjalla um tryggingar og tjón samkvæmt námskrá. Stór hluti ökunema á höfuðborgarsvæðinu nýtur þessarar þjónustu ásamt nokkrum á landsbyggðinni.

Starfsmenn heimsækja marga grunnskóla og framhaldsskóla og eru með kynningu sem tengist umferðinni. Í grunnskólum eru það aðallega valhópar í umferðarfræðslu sem nýta þessa kynningu.

Félagið vinnur að ýmsum öðrum verkefnum, ýmist í samstarfi við aðra eða á eigin vegum. Má nefna ÖKULEIKNINA í samstarfi við Bindindisfélag ökumanna (BFÖ), Umferðarráð, Landsbjörg og fleiri og verkefnið „Akstur krefst athygli“ í samstarfi við BFÖ, Flytjanda, Skeljung og Umferðarráð.

Veltibíllinn, sem er sameign félagsins, BFÖ og Umferðarráðs, hefur verið fastur þáttur í fræðslustarfi um bílbelti um margra ára skeið.

„Fyrirmyndarökumaðurinn" hefur verið átaksverkefni undanfarin sumur þar sem ökumenn eru hvattir á jákvæðan hátt til að vera til fyrirmyndar í umferðinni.

Átak gegn ölvunarakstri í samstarfi við önnur tryggingafélög, BFÖ, lögreglu o.fl. hefur verið fastur liður undanfarin ár.

Áhersla er lögð á að vegfarendur noti allan öryggisbúnað, svo sem bílbelti, endurskinsmerki, barnabílstóla o.fl. Í því skyni hefur félagið boðið viðskiptavinum sínum sérkjör á barnabílstólum, bæði til leigu og kaups. Þá hefur félagið látið gera um 20.000 endurskinsmerki af ýmsum gerðum sem dreift er til vegfarenda.

Fulltrúar félagsins hafa heimsótt ýmis félög eldri borgara og haldið fundi með eldri ökumönnum. Heimsóknirnar hafa gefist vel og mun verða haldið áfram.

Félagið á aðild að Fararheill, sem er sameiginlegur vettvangur bifreiðatryggingafélaganna í umferðaröryggismálum.

4.3.2 Tryggingamiðstöðin hf.

Félagið kom á árinu 2002 sem og undanfarin ár að umferðaröryggismálum á margan hátt. Beinn útlagður kostnaður vegna stuðnings við átaksverkefni og auglýsingar með opinberum aðilum, svo sem Umferðarráði og lögreglu, klúbbum og félagssamtökum út um allt land nam um kr. 3.500.000 á árinu 2002.

Þess utan hefur félagið dreift á annan tug þúsunda endurskinsmerkja í samvinnu við lögreglu um allt land og Strætó bs. TM hefur boðið í Netverslun TM ýmsar öryggisvörur á lágmarksverði þar á meðal vegna umferðaröryggis og voru sendir út kynningarbæklingar á um það bil 20.000 heimili á síðasta ári.

Umferðaröryggisfundir hafa verið haldnir m.a. með Sniglum, 4x4 klúbbnum og fleirum auk þess sem TM og Strætó bs. eru með mjög virkan starfshóp með tveimur fulltrúum frá hvorum aðila sem greina öll óhöpp sem verða hjá Strætó bs. Fyrirlestrar hafa verið haldnir fyrir bílstjóra Strætó o.fl. sem liður í að lágmarka umferðaróhöpp hjá fyrirtækinu.

Starfsemi Fararheilla sem eru forvarnasamtök á vegum SÍT er sívirk og var á hennar vegum m.a. framkvæmd umfangsmikil könnun á umferð við fjölförnustu gatnamót landsins, Miklabraut/Kringlumýrarbraut á árinu 2002.

4.3.3 Vátryggingafélag Íslands

Félagið hélt 160 umferðarfundi, um afleiðingar umferðarslysa, um land allt þar sem tæplega 5000 ungmenni mættu. Gefið var út blaðið STANZ með viðtölum við fórnarlömb umferðarslysa og aðstandendur þeirra og var því blaði dreift á umferðarfundunum. Framleitt var nýtt forvarnamyndefni á fundunum. Árangur af umferðarfundum VÍS er sá að tjóns- og slysatíðni ungmenna, sem sótt hafa fundina, er að meðaltali 26% lægri en meðal þeirra sem ekki hafa mætt.

Haldin voru forvarnanámskeið fyrir eldri borgara og þungaflutningabílstjóra.

Efnt var til Þjóðarátaks gegn umferðarslysum yfir sumarmánuðina og límmiða dreift í bíla á bensínstöðvum ESSO. Um var að ræða tíu umferðarheit sem birtust vikulega í Morgunblaðinu til þess að hvetja vegfarendur til þjóðarátaks gegn slysum í umferð.

VÍS sá um vikulegan umferðarþátt á Stöð tvö í sex mánuði „VÍS í umferð" þar sem fjallað var um umferðaröryggismál.

Leigðir voru út barnabílstólar VÍS, sem taldir eru í hæsta gæðaflokki.

VÍS rekur sérstaka póst- og netverslun með öryggisvörur, þar sem m.a. eru seld endurskinsvesti- og merki, reiðhjólabúnaður og handfrjáls búnaður fyrir farsíma.

VÍS átti samstarf við Popp-tíví og BMW þar sem þátttakendur af umferðarfundum VÍS tóku þátt í ökuskóla BMW.

VÍS tók á móti fjölda barna af leikjanámskeiðum, yngstu bekkjum grunnskóla og elstu deildum leikskóla og kynnti m.a. fyrir þeim notkun hjálma, bílbelta auk þess sem fjallað var um almennar umferðarreglur.

Fulltrúi VÍS mætti á fjölmarga „umferðardaga“ á landsbyggðinni og tók þátt í hliðstæðum verkefnum.

VÍS er aðili að Fararheill, samstarfsverkefni bifreiðatryggingafélaganna um umferðaröryggismál. Eitt stærsta verkefni Fararheilla á síðasta ári var að vekja athygli á nauðsyn mislægra gatnamóta á Kringlumýrarbraut og Miklubraut.

Forvarnastefna VÍS var kynnt víðs vegar á fundum og samkomum á síðasta ári.

4.4. Ýmis félagasamtök

4.4.1 Slysavarnafélagið Landsbjörg

Stærsta einstaka slysavarnaverkefni SL hefur undanfarin ár verið tengt umferðinni, þ.e. samstarf við Umferðarráð um störf umferðarfulltrúa yfir sumartímann. Sumarið 2002 voru þeir sex, á Norðurlandi, Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi/Reykjanesi og á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig hefur félagið unnið mörg önnur verkefni í tengslum við umferðina ýmist í samstarfi við fyrirtæki, félög, einingar sínar eða eitt og sér. Umferðarfulltrúar SL og Umferðarráðs gerðu samtals á landinu öllu yfir hundrað kannanir á hraða og komu niðurstöðum til lögreglu og á hina ýmsu fjölmiðla sem oftar en ekki eru staðbundnir við það svæði sem þeir eru að vinna á. Einnig gerðu þeir fjölmargar kannanir, svo sem á hjálmanotkun, beltanotkun, notkun á öryggisbúnaði barna í bílum, ökuljósanotkun og stefnuljósanotkun. Könnun var gerð á landsvísu um öryggisbúnað barna í bílum í samvinnu við Árvekni og Umferðarráð. Könnunin er gerð af einingum SL og nemum í leikskólakennaraskori í KHÍ.

Hjóladaga skipuleggja slysavarnadeildir oft á vorin áður en skóla lýkur, í samvinnu við lögreglu og oft fleiri aðila. Þar er farið yfir búnað hjóla, ástand hjálma o.fl. Sumar slysavarnadeildir gefa hjálma til mismunandi aldurshópa, jafnt elstu grunnskólabörnum sem þeim yngstu. Þá eru til bæklingar hjá félaginu um línuskauta, hlaupahjól og hjólabretti. Auk þess sem félagið er með bækling um reiðhjól sem gerður var með Umferðarráði og lögreglunni. Bæklingur er til hjá félaginu um öryggi ferðamanna þar sem komið er m.a. inn á akstur á vegum og á hálendinu, vélsleðaakstur, hjólreiðar og reiðmennsku. Félagið hefur haft endurskinsmerki sem félagseiningar og umferðarfulltrúar hafa dreift til almennings.

Umferðarfulltrúarnir hafa komið að umferðaröryggisstarfinu með því að vera áberandi á vegum úti, verið með áróður til ökumanna, farið inn í leikskóla, gert kannanir o.fl. Áróður hefur verið í gangi um áfengi og þreytu, sem m.a. umferðarfulltrúarnir hafa haldið á lofti. Félagið hefur þannig verið með áróður af ýmsu tagi tengt umferðinni eins og póstkort, „löggumiða“, límmiða, einblöðunga, uppfyllingarefni í sjónvarpi, auglýsingar í blöðum og lesnar og leiknar auglýsingar í útvarpi. Þá hafa umferðarfulltrúarnir sent hundruð ábendinga um það sem má bæta í vegakerfinu. Allt frá hinum smæstu atriðum eins og merkingum til þess að koma með tillögur að breytingum á vegum.

4.4.2 Ökukennarafélag Íslands

Ökukennarafélagið hefur á undanförnum árum kappkostað að hafa á boðstólum vandað kennsluefni fyrir öll stig ökunáms. Á síðastliðnu ári var unnið að endurskoðun og endurútgáfu kennslubóka. Þá hefur verið unnið ötullega að því að aksturskennslusvæði á höfuðborgarsvæðinu geti orðið að veruleika. Á síðastliðnu ári var unnið áfram að málinu í samvinnu við yfirvöld en erfiðlega hefur gengið að útvega nægilegt fjármagn til verksins eða finna fjárfesta sem væru tilbúnir að leggja til fé. Virðist skipta þar mestu að koma þarf á skyldunámi á æfingasvæði, sbr. kafla 5.4.2 í umferðaröryggisáætlun, til að hægt sé að tryggja rekstrargrundvöll slíks svæðis.

Haustið 2001 gerði Ökukennarafélagið samning við finnska aðila um að taka upp og bjóða kennslu í vistakstri undir merkinu „EcoDriving“. Norrænu samtökin (NTU) höfðu áður samþykkt að gera vistakstur að samnorrænu verkefni. Á árinu 2002 var síðan unnið að þýðingu efnis og þjálfun fyrstu kennarana og í þeim tilgangi komu hingað tveir finnskir sérfræðingar. Félagið hefur haldið námskeið fyrir félagsmenn sína, en kennari þarf að sitja slíkt námskeið til að mega kenna undir þessum merkjum. Vistakstur er akstur þar sem áhersla er lögð á að eldsneytiseyðsla verði sem minnst og þar með mengun, og sem minnst álag á ökutækið. Með þessu aksturslagi næst jafnframt verulegur árangur í umferðaröryggi.

4.4.3 Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Félagið vinnur að eflingu umferðaröryggis og umferðarmenningar í samræmi við lög félagsins.

FÍB gefur út FÍB blaðið sem dreift er í um 20 þúsund eintökum fjórum sinnum á ári. FÍB leggur sérstaka áherslu á umferðaröryggismál í blaðinu og einnig er regluleg umfjöllun um málaflokkinn á heimasíðu félagsins, www.fib.is.

Í júní 2002 var haldið fjölskyldurall FÍB sem er blanda aksturs og þess að leysa ýmsar þrautir og umferðaröryggisverkefni á áfangastöðum.

Á vormánuðum 2002 voru fjölsótt FÍB námskeið um akstur erlendis í samvinnu við Umferðarráð o.fl. Á námskeiðunum er sérstaklega fjallað um umferðarreglur.

FÍB er í samstarfi við Bílgreinasambandið um aukin gæði og fagmennsku í tjónaviðgerðum m.a. til að tryggja umferðaröryggi með öruggari ökutækjum í umferð. Á árinu 2002 voru gæðaúttektir á verkstæðum og sérstaklega fylgst með afskráningu tjónabíla.

FÍB hefur á undanliðnum árum sent erlendum bifreiðaklúbbum og alþjóðasamtökum bifreiðaeigenda upplýsingar og bæklinga frá Umferðarráði um hættur við akstur á Íslandi. Alþjóðasamtökin vinna að framgangi og eflingu umferðaröryggis og hafa í tengslum við það unnið að samanburðarrannsóknum á stöðu umferðaröryggismála. FÍB tekur þátt í þessu starfi og í stefnumótun alþjóðasamtaka bifreiðaeigenda á sviði umferðaröryggismála.

Önnur mál sem FÍB hefur komið að á árinu eru m.a. samstarf við ökukennara um kynningu á vistakstri, við ND á Íslandi ehf. um SÖGU ökulagssíritann. FÍB stendur ásamt Landvernd, Orkuveitunni og fleirum að bæklingi og kynningarstarfi varðandi ágæti vélarhitara sem auka umferðaröryggi í vetrarumferðinni. Á undanliðnum árum hefur FÍB í samstarfi við Umferðarráð, BGS, lögregluna o.fl. staðið að ökuljósaátaki þegar skammdegið eykst.

4.4.4 Bindindisfélag ökumanna

Í öllum áróðri félagsins hefur meginmarkmið verið ökuhraði, bílbeltanotkun og ölvunarakstur. Félagið hefur verið í samstarfi við Umferðarráð og Sjóvá-Almennar um ÖKULEIKNINA, þar sem megináherslan sumurin 1998–2001 var fræðsla til unglinga í vinnuskólum, hópsins sem er að læra á bíl. Fræðslan var ýmist í formi kynninga eða leikrits og

„go-kart“ bílar notaðir til að auka gildi hennar. Með notkun bílanna fengu krakkarnir innsýn í akstur og skynjuðu m.a. hversu ölvunarakstur er hættulegur með því að aka á milli keiluhliða með ölvunargleraugu. Verkefninu lauk svo með „Go-Kart leikni“, þar sem reynir á skilning og hæfni til að aka farartæki við þröngar aðstæður. Ökuleikninni fylgir einnig fræðsla og keppni fyrir hjólreiðakrakka ásamt Ökuleikni á bílum fyrir þá sem hafa ökuleyfi. Undanfarin ár hafa umferðarfulltrúar Umferðarráðs og Slysavarnafélagsins Landsbjargar tekið þátt í þessu verkefni.

Veltibíllinn sem er í eigu BFÖ, Umferðarráðs og Sjóvá-Almennra hefur mikið verið notaður við áróður fyrir aukinni notkun bílbelta. Félagar í BFÖ hafa séð um rekstur bílsins auk þess sem BFÖ hefur fjármagnað kaup á bifreið til að draga veltibílinn um landið. Veltibíllinn hefur mikið verið notaður og á árinu 2002 hafa um 17.000 manns farið veltu. Ýmsir aðilar hafa nýtt bílinn í fræðslu, svo sem skólar, björgunarsveitir og sjúkraflutningamenn. Meðal þess sem kennt er, er hvernig losa eigi belti á hvolfi og hvernig bjarga eigi fólki sem hangir í beltum í bíl á hvolfi.

BFÖ stóð fyrir verkefni árið 2002 sem nefnist „Akstur krefst athygli“ í samstarfi við Umferðarráð, Flytjanda, Skeljung og Sjóvá-Almennar. Það miðaðist fyrst og fremst við að auka öryggi flutningabílstjóra í akstri. Stórir límmiðar voru settir aftan á bíla Flytjanda og starfsmenn BFÖ, umferðarfulltrúar og starfsmenn Sjóvá-Almennra fylgdust með akstri bílstjóranna. Þeir fengu reglulega viðbrögð á akstur sinn, bæði jákvæð og neikvæð. Þetta verkefni fékk ökumenn til að hugsa enn betur um akstur og öryggi og hefur umferðartengdum tjónum hjá Flytjanda stórlega fækkað í kjölfarið. Eftir sumarið var fyrirmyndarökumaður Flytjanda valinn og fékk hann utanlandsferð að launum. Þetta verkefni er enn í gangi og mun halda áfram á árinu 2003.

BFÖ hefur beitt sér fyrir áróðri gegn ölvunarakstri og var það eitt af meginmarkmiðum Ökuleikninnar sl. sumar ásamt bílbeltanotkun. Í ljósi þess hve ölvunarakstur hefur aukist yfir sumartímann var ákveðið árið 2002 að tileinka Ökuleiknina því verkefni. Starfsmenn félagsins og Sjóvá-Almennra, ásamt umferðarfulltrúum, fóru út í umferðina með lögreglunni vítt og breitt um landið og stöðvuðu ökumenn. Spjallað var við þá um bílbeltanotkun og ölvunarakstur.

Fyrir jólin hefur félagið jafnan bent á mikilvægi þess að aka ekki undir áhrifum áfengis. Félagið hefur notað ýmsar leiðir til þess. Síðast voru ölvunargleraugun notuð. Heimsóttar voru helstu verslunarmiðstöðvar og fólki boðið að prófa þau, bæði með að ganga á línu og að leysa af hendi þrautir á hlaupahjóli.

Á árinu 2003 mun félagið halda áfram starfi með óbreyttum hætti. Í tilefni 50 ára afmælis félagsins í haust verður efnt til norrænnar ráðstefnu um umferðarmál 12.–14. september.

Félagið hefur lagt mikla áherslu á lækkun prómillmarka og mun halda áfram baráttu sinni fyrir breytingu á umferðarlögum til lækkunar þeirra. Þá mun félagið leggja aukna áherslu á áróður gegn fíkniefnum í akstri og benda á mikilvægi lögreglu í því sambandi. BFÖ telur að ný tækni muni hjálpa mikið í baráttu gegn fíkniefnaakstri. Þá er horft til þeirrar aðferðar sem Bretar hafa verið að þróa með munnvatnssýnamæli, en sú tækni hefur einnig verið að þróast víðar.

Fylgiskjal.



Mynd 6. Samanburður á fjölda látinna miðað við 100 þúsund íbúa í nokkrum viðmiðunarlöndum. Heimild: IRTAD-International Road Traffic and Accident Database (Alþjóðlegur grunnur með upplýsingum um umferð og slys á vegum). Gagnagrunnurinn er á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

1317. Breytingartillaga [56. mál]

við till. til þál. um skipan nefndar til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Á eftir orðunum „Samtökum fiskvinnslustöðva“ í tillögugreininni komi: Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva án útgerðar.

1318. Nefndarálit [488. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Pál Hreinsson frá Persónuvernd og Friðrik Skúlason tölvufræðing. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Persónuvernd, Íslenskri erfðagreiningu, Jóhannesi Björnssyni frá Rannsóknastofu Háskólans, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Samtökum atvinnulífsins, vísindasiðanefnd, landlæknisembættinu, Alþýðusambandi Íslands, Hagstofu Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Megintilgangur frumvarpsins er í fyrsta lagi að kveða skýrar á um rafræna vöktun upplýsinga en gert er í núgildandi lögum þar sem fram hefur komið að núgildandi ákvæði séu villandi og óljós. Þannig er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að hugtakið rafræn vöktun taki í fyrsta lagi til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Jafnframt er greininni ætlað að skýra betur en núverandi ákvæði gera að undir hugtakið „rafræn vöktun“ falli svonefnd sjónvarpsvöktun þótt hún hvorki leiði né geti leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Slík vöktun skuli lúta sömu skilyrðum og önnur rafræn vöktun eftir því sem við á.

Í öðru lagi miðar frumvarpið að því að skapa lagastoð fyrir heilbrigðisgagnagrunn og vinnslu ættfræðiupplýsinga hér á landi. Fram hefur komið að með setningu laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafi ekki verið ætlunin að koma í veg fyrir ættfræðigrúsk almennings og því sé með frumvarpinu lögð til breyting hvað það varðar.

Fram kom við meðferð málsins í nefndinni að sá hluti frumvarpsins sem lýtur að heilbrigðisgagnagrunninum og vinnslu ættfræðiupplýsinga þarfnist frekari skoðunar. Frumvarpið taki t.d. ekki nægilega á því að ættfræðiupplýsingar varða tengsl milli aðila. Þannig koma iðulega fleiri en einn aðili að upplýsingum og aðilar eru oft ekki sammála um að leyfa aðgang að þeim. Þá þurfi að taka tillit til þess að upplýsingar úreldast auk þess sem ættfræðiupplýsingar þurfa ekki að vera viðkvæmar ef langt er um liðið frá tilteknum atburði og tekur frumvarpið ekki á þessum atriðum. Loks þyrfti m.a. að kanna hvort öll form ættfræðiupplýsinga eigi að vera jafngild. Nefndin telur almennan ættfræðiáhuga landsmanna ánægjulegan en nauðsynlegt sé að fara betur yfir þessi mál svo að tekið verði á öllum þeim vafaatriðum sem liggja

fyrir í málinu. Það er því mat nefndarinnar að fara verði betur yfir þessi mál og leggur því til að 3. og 4. gr. frumvarpsins verði felldar brott.

Nefndin bendir á að ákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er nú að finna í 2. mgr. 8. gr. gildandi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með þessari tilfærslu ákvæða er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur er einungis lagt til að öllum ákvæðum um rafræna vöktun sé skipað saman í eina grein. Nefndin leggur því til að 2. mgr. 8. gr. laganna verði felld brott. Þá leggur nefndin til breytingu á 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem fram hefur komið að láðst hefur að geta tilvísana í nokkrar greinar laganna svo sem gert er í núgildandi lögum. Þær greinar sem hér um ræðir gilda um sjónvarpsvöktun og þykir rétt að halda því óbreyttu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 3. efnismgr. 2. gr. orðist svo:
   Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á, ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.
2. Í stað 3. og 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

Guðrún Ögmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Jónína Bjartmarz.
Lúðvík Bergvinsson.	Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.
Kjartan Ólafsson.		Ólafur Örn Haraldsson.

1319. Svar [280. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

1. *Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbyggðar?*

Störf á vegum ráðuneytisins eru hér skilgreind sem störf sem unnin eru hjá stofnunum sem eru á fjárlögum undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að undanskildum öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum ásamt sjálfstæðum endurhæfingarstofnunum eins og Reykjalundi, heilsuhæli NLFÍ og meðferðarstofnunum vegna vímuefna eins og SÁÁ, Hlaðgerðarkot o.s.frv. Flestar þessar stofnanir eru með þjónustusamning við ráðuneytið eða eru nú á daggjöldum, þannig að ráðuneytið kaupir þjónustu af sjálfstæðum rekstraraðilum og hefur ekki yfirlit yfir hvaða fjöldi starfsmanna vinnur við þjónustuna.

Ársverk á Borgarspítalanum/Sjúkrahúsi Reykjavíkur eru innifalin í eftirfarandi tölum:

Landshluti	Árið 1991	Árið 2000	Breyting	%
Vesturland	239,0	252,4	13,4	6%
Vestfirðir	235,0	289,4	54,4	23%
Norðurland vestra	272,2	292,1	19,9	7%
Norðurland eystra	578,9	723,0	144,1	25%
Austurland	176,4	188,6	12,2	7%
Suðurland / Suðurnes	268,0	378,7	110,8	41%
Landsbyggðin	**1.769,4**	**2.124,2**	**354,8**	**20%**
Höfuðborgarsvæðið	**4.829,0**	**4.987,8**	**158,8**	**3%**
Samtals	**6.598,5**	**7.112,0**	**513,6**	**8%**

2. *Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?*

Á meðfylgjandi yfirliti yfir fjölda ársverka kemur fram að stofnunum hefur ekki fjölgað á landsbyggðinni á þessu tímabili. Mest aukning hefur orðið á fjölda hjúkrunarheimila sem eru nú á daggjöldum og eru hér ekki flokkaðar sem stofnanir innan ráðuneytisins. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld haft þá stefnu að fækka stofnunum með sameiningu til að ná fram öflugri einingum sem geta veitt íbúunum betri þjónustu. Sem dæmi má nefna Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar.

Aftur á móti hefur orðið umtalsverð fjölgun hjúkrunarheimila og dvalarrýma á þessum áratug og þá sérstaklega á landsbyggðinni.

3. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Ekki liggja fyrir tölur um starfsmannafjölda þeirra stofnana sem eru utan við þessa könnun.

4. *Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?*
5. *Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?*

Engar stofnanir hafa verið fluttar frá höfuðborginni til landsbyggðar.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA ÁRSVERKA ÁRIN 1991 OG 2000

Heiti	Árið 1991	Árið 2000
Höfuðborgarsvæðið	**4.829,0**	**4.987,8**
Heilsugæslustöð Garðabæ	13,7	20,0
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	98,0	97,0
Heilsugæslustöð Hafnarfirði	35,0	49,7
Heilsugæslustöð Kópavogi	39,5	52,1
Heilsugæslustöð Mosfellsbæ (*áður Reykjalundur)*	0,0	17,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti aðalskrifstofa	26,9	36,4
Tryggingastofnun ríkisins	0,0	168,5
Tryggingastofnun ríkisins	186,9	0,0
Landlæknir	9,8	18,5
Héraðslæknir í Reykjavík	0,0	2,2
Tryggingaeftirlitið	6,8	0,0
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	0,0	18,1
Hollustuvernd ríkisins	31,2	0,0
Sjónstöð Íslands	5,4	6,3
Geislavarnir ríkisins	7,1	10,6
Manneldisráð	0,0	2,5
Sjúkrahús í Reykjavík	0,3	0,0
Framkvæmdasjóður aldraða	0,0	0,3
Lyfjamál	0,5	1,2
Lyfjaverðlagsnefnd	0,5	0,0
Lyfjaeftirlit ríkisins	3,9	5,7
Lyfjanefnd	3,8	12,9
Eiturefnanefnd	0,1	0,0
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	4,3	6,3
Heilugæslustöðvar, almennt	1,9	0,8
Heilsugæsla í Reykjavík	0,0	192,3
Heilsugæslustöðvar Reykjavíkurhéraðs	126,2	103,9
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	80,2	0,0
Héraðslæknir í Reykjavík	4,3	0,0
Þroskaþjálfaskóli Íslands	10,0	0,0
Lyfjatæknaskóli Íslands	4,7	0,0
Sjúkraliðaskólinn	1,9	0,0
Áfengisvarnir og bindindismál	3,1	3,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	1,8
Borgarspítalinn – Sjúkrahús Reykjavíkur	1.283,5	1.476,0
Ríkisspítalar, stofnanir með föst fjárlög	2.815,2	2.651,4
Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi	24,2	32,9
Vesturland	**239,0**	**252,4**
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	161,0	165,8
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	13,6	13,6

Heiti	Árið 1991	Árið 2000
Heilsugæslustöð Búðardal	6,5	6,4
Heilsugæslustöð Grundarfirði	3,9	5,2
Heilsugæslustöð Ólafsvík	9,2	9,8
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	45,0	51,7
Heilsugæslustöð Stykkishólmi	-0,1	0,0
Vestfirðir	**235,0**	**289,4**
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	20,0	22,8
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	12,0	
Heilsugæslustöð Hólmavík	12,0	22,0
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	79,5	93,4
Heilsugæslustöð Ísafirði	67,5	91,6
Heilsugæslustöð Þingeyri	7,0	18,9
Heilsugæslustöð Flateyri	5,0	9,5
Heilsugæslustöð Patreksfirði	32,0	31,2
Norðurland vestra	**272,2**	**292,1**
Heilsugæslustöð Blönduósi	57,6	61,6
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	40,0	41,0
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	54,0	68,3
Heilsugæslustöð Sauðárkróki	120,6	121,2
Norðurland eystra	**578,9**	**723,0**
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	0,0	2,0
Heilsugæslustöð Akureyri	57,1	52,7
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	2,1	0,0
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	403,0	518,2
Heilsugæslustöð Dalvík	8,2	8,5
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	98,0	125,4
Heilsugæslustöð Ólafsfirði	0,0	4,8
Heilsugæslustöð Raufarhöfn	3,2	3,0
Heilsugæslustöð Þórshöfn	4,3	4,5
Heilsugæslustöð Kópaskeri	3,0	4,0
Austurland	**176,4**	**188,6**
Heilsugæslustöð Fáskrúðsfirði	5,4	0,0
Heilsugæslustöð Djúpavogi	5,5	0,0
Heilbrigðisstofnun Austurlands	141,0	184,2
Heilsugæslustöð Eskifirði	9,0	0,0
Heilsugæslustöð Höfn	9,5	0,0
Heilsugæslustöð Vopnafirði	5,9	4,4
Suðurland / Suðurnes	**268,0**	**378,7**
Heilsugæslustöð Laugarási	8,5	9,6
Heilsugæslustöð Hveragerði	4,5	6,1
Heilsugæslustöð Vík	4,0	4,0
Heilsugæsla Rangárþings	3,6	11,8
Heilsugæslustöð Hellu	4,9	0,0

Heiti	Árið 1991	Árið 2000
Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri	4,1	3,7
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	93,5	131,0
Heilsugæslustöð Selfossi	-0,1	0,0
Heilsugæslustöð Þorlákshöfn	4,7	4,5
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	68,3	75,4
Heilbrigðistofnunin Suðurnesjum	72,0	132,5
SAMTALS	**6.598,5**	**7.112,0**
Landsbyggðin	**1.769,4**	**2.124,2**
Höfuðborgarsvæðið	**4.829,0**	**4.987,8**

Stofnun	Heiti	Árið 1991	Árið 2000
08583	Heilsugæslustöð Garðabæ	13,7	20,0
08795	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	98,0	97,0
08582	Heilsugæslustöð Hafnarfirði	35,0	49,7
08584	Heilsugæslustöð Kópavogi	39,5	52,1
08586	Heilsugæslustöð Reykjalundi	0,0	17,8
08101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti aðalskrifstofa	26,9	36,4
08201	Tryggingastofnun ríkisins	0,0	168,5
08271	Tryggingastofnun ríkisins	186,9	0,0
08301	Landlæknir	9,8	18,5
08311	Héraðslæknir í Reykjavík	0,0	2,2
08323	Tryggingaeftirlitið	6,8	0,0
08324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	0,0	18,1
08325	Hollustuvernd ríkisins	31,2	0,0
08326	Sjónstöð Íslands	5,4	6,3
08327	Geislavarnir ríkisins	7,1	10,6
08330	Manneldisráð	0,0	2,5
08370	Sjúkrahús í Reykjavík	0,3	0,0
08385	Framkvæmdasjóður aldraðra	0,0	0,3
08393	Lyfjamál	0,5	1,2
08394	Lyfjaverðlagsnefnd	0,5	0,0
08395	Lyfjaeftirlit ríkisins	3,9	5,7
08396	Lyfjanefnd	3,8	12,9
08397	Eiturefnanefnd	0,1	0,0
08399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	4,3	6,3
08500	Heilugæslustöðvar almennt	1,9	0,8
08505	Heilsugæsla í Reykjavík	0,0	192,3
08510	Heilsugæslustöðvar Reykjavíkurhéraðs	126,2	103,9
08511	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	80,2	0,0
08591	Héraðslæknir í Reykjavík	4,3	0,0
08602	Þroskaþjálfaskóli Íslands	10,0	0,0
08603	Lyfjatæknaskóli Íslands	4,7	0,0
08604	Sjúkraliðaskólinn	1,9	0,0
08621	Áfengisvarnir og bindindismál	3,1	3,0
08996	Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	1,8
88	Ríkisspítalar stofnanir með föst fjárlög	2.815,2	2.651,4
08585	Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi	24,2	32,9
	Höfuðborgarsvæðið	**3.545,5**	**3.511,8**
08711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	161,0	165,8

Stofnun	Heiti	Árið 1991	Árið 2000
08522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	13,6	13,6
08526	Heilsugæslustöð Búðardal	6,5	6,4
08525	Heilsugæslustöð Grundarfirði	3,9	5,2
08524	Heilsugæslustöð Ólafsvík	9,2	9,8
08715	St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	45,0	51,7
08523	Heilsugæslustöð Stykkishólmi	-0,1	0,0
	Vesturland	**239,0**	**252,4**
08731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	20,0	22,8
08535	Heilsugæslustöð Bolungarvík	20,0	0,0
08735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	12,0	
08536	Heilsugæslustöð Hólmavík	12,0	22,0
08725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	79,5	93,4
08532	Heilsugæslustöð Ísafirði	67,5	91,6
08533	Heilsugæslustöð Þingeyri	7,0	18,9
08534	Heilsugæslustöð Flateyri	5,0	9,5
08721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	32,0	27,3
08531	Heilsugæslustöð Patreksfirði	32,0	31,2
	Vestfirðir	**287,0**	**316,7**
08542	Heilsugæslustöð Blönduósi	57,6	61,6
08741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	40,0	41,0
08755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	54,0	68,3
08544	Heilsugæslustöð Siglufirði	54,0	51,4
08751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	120,6	118,3
08543	Heilsugæslustöð Sauðárkróki	120,6	121,2
	Norðurland vestra	**446,8**	**461,8**
08315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	0,0	2,0
08553	Heilsugæslustöð Akureyri	57,1	52,7
08595	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	2,1	0,0
	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	403,0	518,2
08552	Heilsugæslustöð Dalvík	8,2	8,5
08761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	98,0	125,4
08551	Heilsugæslustöð Ólafsfirði	0,0	4,8
08556	Heilsugæslustöð Raufarhöfn	3,2	3,0
08557	Heilsugæslustöð Þórshöfn	4,3	4,5
08555	Heilsugæslustöð Kópaskeri	3,0	4,0
	Norðurland eystra	**578,9**	**723,0**
08566	Heilsugæslustöð Fáskrúðsfirði	5,4	0,0
08567	Heilsugæslustöð Djúpavogi	5,5	0,0
08777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	141,0	184,2
08565	Heilsugæslustöð Eskifirði	9,0	0,0
08568	Heilsugæslustöð Höfn	9,5	0,0
08561	Heilsugæslustöð Vopnafirði	5,9	4,4
	Austurland	**176,4**	**188,6**
08576	Heilsugæslustöð Laugarási	8,5	9,6
08578	Heilsugæslustöð Hveragerði	4,5	6,1
08572	Heilsugæslustöð Vík	4,0	4,0
08574	Heilsugæsla Rangárþings	3,6	11,8
08575	Heilsugæslustöð Hellu	4,9	0,0
08571	Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri	4,1	3,7
08785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	93,5	131,0
08577	Heilsugæslustöð Selfossi	-0,1	0,0
08579	Heilsugæslustöð Þorlákshöfn	4,7	4,5
08781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	68,3	75,4
	Suðurland	**196,0**	**246,2**

Stofnun	Heiti	Árið 1991	Árið 2000
08791	Heilbrigðistofnunin Suðurnesjum	72,0	132,5
	Suðurnes	**72,0**	**132,5**
	SAMTALS	**5.541,6**	**5.833,0**
	Landsbyggðin	**1.996,0**	**2.321,2**

1320. Nefndarálit [334. mál]

um till. til þál. um úttekt á aðstöðu til hestamennsku.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Félagi hrossabænda, Landssambandi hestamannafélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Bændasamtökum Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Byggðastofnun, Ungmennafélagi Íslands og Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggi fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar.

Hestamennska er sívaxandi atvinnugrein og að mati landbúnaðarnefndar einn helsti vaxtarbroddurinn í íslenskum landbúnaði og ferðaþjónustu. Þá er hestamennska mikilvægur þáttur í heilbrigðu félagsstarfi fyrir æsku landsins og eru félagsmenn í hestamannafélögum nú um átta þúsund og mynda stærsta sérsambandið innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Karl V. Matthíasson.
Þuríður Backman.		Sigríður Ingvarsdóttir.

1321. Nefndarálit [636. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti. Umsögn um málið barst frá Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpinu er landbúnaðarráðherra heimilað að greiða verðjöfnun við útflutning fullunninna vara er innihalda innlend landbúnaðarhráefni. Skal verðjöfnunin vera jöfn mismun á innlendu viðmiðunarverði og erlendu viðmiðunarverði hverrar tegundar hráefnis sem notað er við framleiðslu vörunnar.

Nefndin telur málið mjög þarft og leggur til að það verði **samþykkt óbreytt.**

Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. mars 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. | Kristinn H. Gunnarsson. | Karl V. Matthíasson.

Þuríður Backman, með fyrirvara. | Sigríður Ingvarsdóttir.

1322. Breytingartillögur [453. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá Þuríði Backman.

1. Við 8. gr.
   a. A-liður orðist svo: 1. mgr. orðast svo:

      Landspítali – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn hvors spítala að öðru leyti falin sjö manna stjórnarnefndum. Hvor nefnd skal skipuð þannig að starfsmannaráð spítalans, sbr. 3. mgr. 32. gr., tilnefnir tvo menn, Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Forstjórar Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri skulu skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar spítalans samkvæmt stjórnskipulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri spítalans í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

b. Í stað orðanna „forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss“ í 1. efnismgr. c-liðar komi: forstjórar Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og í stað orðanna „Landspítala – háskólasjúkrahúss“ í 2. efnismgr. sama liðar komi: og Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.
c. D-liður orðist svo: Í stað orðsins „ríkisspítala“ og „3. mgr.“ í 1. málsl. 8. mgr. kemur: Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og: 5. mgr. 29. gr.

2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 31. desember 2003. Þó skulu 3. og 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I, II og III öðlast þegar gildi.

1323. Nefndarálit [653. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að útgjöld árið 2003 aukist um 4.700 millj. kr. og verði samtals 264,8 milljarðar kr. Það sem kemur á óvart er að sú fjárhæð sem hefur verið í umræðunni er 6 milljarðar kr. en ekki 4,7 milljarðar kr. Almennur stuðningur er við að fara í átak er varðar atvinnu- og byggðamál en 1. minni hluti gagnrýnir hvernig staðið var að undirbúningi og bendir á að í málum sem þessum er nauðsynlegt að haft verði að leiðarljósi víðtækt samráð og samvinna við stjórnarandstöðu, verkalýðshreyfinguna og samtök atvinnulífsins. Það var ekki gert í þessu máli.

Alþingi, 13. mars 2003.

Gísli S. Einarsson, frsm. Björgvin G. Sigurðsson.

1324. Nefndarálit [599. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Þær breytingar sem verið er að gera á núgildandi lögum um fjarskipti kveða fyrst og fremst á um að innleiða í íslensk lög þær breytingar sem hafa orðið á löggjöf um fjarskipti hjá Evrópusambandinu. Þótt flestar séu þessar breytingar til bóta ber þó að vera á varðbergi gagnvart gagnrýnislausum innleiðingum þessara tilskipana. Hafa verður í huga að þjóðfélagsgerð Íslendinga og ekki hvað síst búsetumynstur sker sig verulega úr samanborðið við flest önnur lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins. Meginhluti þjóðarinnar býr á suðvesturhorni landsins en að öðru leyti er byggð mjög dreifð. Það reynir því á samstöðu þjóðarinnar, sam-

hug og samábyrgð við uppbyggingu og rekstur grundvallarþjónustu við almenning eins og fjarskipti eru. Einkavæðing sem felur í sér að fjarskiptafyrirtæki geti fleytt rjómann af markaðinum og skilið fámennari landsvæði eftir á framfæri ríkisins og fólksins sem þar býr er andstæð þeim grundvallarhugsjónum um jöfnuð, samhjálp og samábyrgð sem Vinstri hreyfingin grænt framboð stendur fyrir.

Ávallt verður að hafa í huga að tilskipanir sem henta í þéttbýlum svæðum Evrópu henta stundum alls ekki þeim aðstæðum sem hér eru.

Sérstaklega skal vakin athygli á V. kafla frumvarpsins um markaði. Þar eru auknar heimildir til að skipta landinu upp í markaðssvæði landfræðilega og bjóða út alþjónustu sem allir landsmenn eiga að hafa jafnan aðgang að. Minni hlutinn styður ekki þessa tilhögun og leggur áherslu á að öll svæði landsins þar sem föst búseta er fyrir hendi séu skilgreind sem eitt markaðs- og þjónustusvæði.

Alþjónusta er skilgreind sem tiltekin fjarskiptaþjónusta sem allir landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnréttisgrunni. Ísland mætti eiga frumkvæði að því að auka þá þjónustu sem flokkast undir alþjónustu, t.d. með því að skilgreina breiðbandþjónustu og GSM-farsímaþjónustu í byggð og á aðalþjóðvegum landsins þar undir. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs hafa flutt þingsályktunartillögu um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu og er hún nú til meðferðar í þinginu.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um skilamál og gjaldskrár. Mikilvægt er að verðskrár séu gagnsæjar og einfaldar. Er það ekki síður mikilvægt þegar fleiri en einn þjónustuaðili er á markaðinum. Þetta á jafnt við einstaklingsþjónustu og samningsbundna þjónustu þar sem ýmiss konar afslættir eru í boði. Heilbrigð samkeppnni verður aðeins virk með gagnsæjum viðskiptum. Lágmarksskilyrði sem viðskiptaskilmálar skulu uppfylla eru tilgreind í 37. gr. Í fylgiskjali með áliti þessu er birt könnun Neytendasamtakanna þar sem glögglega má sjá hversu flóknar gjaldskrár fjarskiptafyrirtækjanna eru.

Minni hlutinn telur þrátt fyrir framangreint að margt í frumvarpinu tryggi betur gæði fjarskiptaþjónustunnar og möguleika til að framfylgja samkeppnisreglum en leggur þó ríka áherslu á að byggðir landsins verði skilgreindar sem eitt markaðs- og þjónustusvæði í fjarskiptaþjónustu. Minni hlutinn getur ekki fallist á þær tilskipanir sem kveða á um landfræðilega skiptingi landsins í markaðssvæði í fjarskiptaþjónustu né aðra hugmyndafræði frumvarpsins sem kveður á um að almannaþjónusta, sem fjarskipti eru, sé sett á frjálsan markað. Að mati minni hlutans er enginn grundvöllur fyrir því að almenn samkeppni tryggi jöfnuð í verði, gæðum og útbreiðslu á fjölþættum grunnfjarskiptum hjá svo lítilli og dreifbýlli þjóð sem Íslendingar eru.

Fari þessi þjónusta að fullu á samkeppnismarkað mun þar ávalt ríkja fákeppni ef ekki einokun á ákveðnum sviðum. Þá er mikilvægt að hindra að einstök fyrirtæki geti komið og fleytt rjómann af viðskiptum við þéttbýlustu svæðin en ekki borið neinar skyldur gagnvart öðrum landsvæðum þar sem meira þarf fyrir hlutunum að hafa. Við þau skilyrði er mikilvægt að þjóðin eigi hið ráðandi þjónustufyrirtæki og beiti styrk þess til að efla og bæta fjarskiptanetið um allt land og tryggja jafnframt jöfnuð í verði og gæðum þjónustunnar hvar sem er á landinu á grundvelli hugsjóna félagshyggju og samábyrgðar þjóðarinnar allrar.

Alþingi, 13. mars 2003.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal.

Neytendasamtökin:

Síminn – Hvað kostar þegar ég hringi?
Verðkönnun í janúar 2003.
(www.ns.is)

Fréttin um könnunina.

Með tilkomu fleiri símafyrirtækja á Íslandi varð útreikningur á símakostnaði aðeins flóknari en áður, því fyrir neytendann skiptir máli að vita hvaða kerfi hann er að hringja úr og í hvaða kerfi hann er að hringja í.

Okkur hér hjá Neytendasamtökunum lék forvitni á að vita, hvort hægt væri að sjá einfaldasta formið á svona útreikningi og þá var símtólið einfaldlega tekið upp og hringt. Það er annarsvegar að hringja í Símann eða Íslandssíma. Á báðum stöðum var þjónustan frábær og ekki stóð á svörunum. Við bárum upp þessa einföldu spurningu: „Hvað kostar að hringja úr þessum síma í þennan síma?“ Svo reiknuðum við hvað símtalið kostar í fimm mínútur og hvað ef talað er í fimmtán mínútur.

Ein orsök þess að við gerðum könnunina er hve einfalt það er að hringja í vin sinn eða vinkonu, maður bara tekur upp heyrnartólið og potar í tölustafina alla sjö og bíður svo eftir að hann eða hún svari. Þetta er svo einfalt og eðlilegt, að börnin eru orðin rétt talandi þegar þau þurfa að nota símann og svolítið eldri þurfa þau að fá GSM-síma. Foreldrar, sem vinna úti hafa heimilissíma og hvort sinn GSM-símann og börnin 18, 14 og 12 ára hafa einnig GSM-síma.

Það hafa verið alls konar skýringar á því hvers vegna börnin þurfi síma en sú skondnasta er sú, að þá geti foreldrar vitað hvar börnin eru og gagnkvæmt. Þá er gengið út frá því að allir segi satt í símann. Svo koma símareikningarnir og enginn skilur neitt í þessum fjárhæðum því enginn þykist hafa notað símann, rétt lyft honum til að tala við vin sinn eða vinkonu.

SÍMTALAKOSTNAÐUR
VERÐKÖNNUN NEYTENDASAMTAKANNA Í JAN. 2003

Kvöldtaxti er virka daga kl. 19 til kl. 8 að morgni – og um helgar kl. 19 á föstudegi til kl. 8 á mánudagsmorgni.

Hringt úr Síminn Fastlína í:	Tími	Upphafs-gjald, kr.	Mínútan, kr.	Samtal í 5 mínútur, kr.	Samtal í 15 mínútur, kr.
Síminn Fastlína	DAGUR	3,45	1,69	11,90	28,80
	KVÖLD	3,45	0,99	8,40	18,30
Síminn-GSM	DAGUR	3,45	17,00	88,45	258,45
	KVÖLD	3,45	14,60	76,45	222,45
Íslandssími Fastlína	DAGUR	3,84	1,97	13,69	33,39
	KVÖLD	3,84	1,22	9,94	22,14
Aðra GSM	DAGUR	3,84	20,11	104,39	305,49
	KVÖLD	3,84	16,03	83,99	244,29

Hringt úr Síminn-GSM í:	Tími	Upphafs-gjald, kr.	Mínútan, kr.	Samtal í 5 mínútur, kr.	Samtal í 15 mínútur, kr.
Síminn Fastlína	DAGUR	2,00	15,00	77,00	227,00
	KVÖLD	2,00	13,00	67,00	197,00
Síminn-GSM	DAGUR	1,00	11,00	56,00	166,00
	KVÖLD	1,00	11,00	56,00	166,00
Íslandssími Fastlína	DAGUR	2,40	15,27	78,75	231,45
	KVÖLD	2,40	13,22	68,50	200,70
Aðra GSM	DAGUR	2,40	23,90	121,90	360,90
	KVÖLD	2,40	19,90	101,90	300,90

Hringt úr Íslandssími Fastlína í:	Tími	Upphafs-gjald, kr.	Mínútan, kr.	Samtal í 5 mínútur, kr.	Samtal í 15 mínútur, kr.
Síminn Fastlína	DAGUR	3,45	1,57	11,30	27,00
	KVÖLD	3,45	0,87	7,80	16,50
Síminn-GSM	DAGUR	3,45	17,00	88,45	258,45
	KVÖLD	3,45	15,00	78,45	228,45
Íslandssími Fastlína	DAGUR	3,45	1,57	11,30	27,00
	KVÖLD	3,45	0,87	7,80	16,50
Íslandssími-GSM	DAGUR	3,45	12,00	63,45	183,45
	KVÖLD	3,45	10,00	53,45	153,45

Hringt úr Íslandssími - GSM í:	Tími	Upphafs-gjald, kr.	Mínútan, kr.	Samtal í 5 mínútur, kr.	Samtal í 15 mínútur, kr.
Síminn Fastlína	DAGUR	0,00	16,00	80,00	240,00
	KVÖLD	0,00	13,00	65,00	195,00
Síminn-GSM	DAGUR	0,00	17,00	85,00	255,00
	KVÖLD	0,00	14,60	73,00	219,00
Íslandssími Fastlína	DAGUR	0,00	10,50	52,50	157,50
	KVÖLD	0,00	8,50	42,50	127,50
Íslandssími-GSM	DAGUR	0,00	12,00	60,00	180,00
	KVÖLD	0,00	10,00	50,00	150,00

1325. Nefndarálit [600. mál]

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpinu eru verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar skilgreind og heimildir stofnunarinnar til að fylgja eftir ákvæðum um þjónustuskyldur, verðlagningu og samskiptareglur við neytendur og samkeppnisaðila í póstþjónustu og fjarskiptum styrktar.

Minni hlutinn leggur áherslu á að Póst- og fjarskiptastofnun fylgi því eftir að settar séu skilgreindar þjónustukröfur og gæðastaðlar fyrir öryggi og gæði þjónustunnar sem fyrirtæki

veita á póst- og fjarskiptamarkaði. Jafnframt er lögð áhersla á að stofnunin hafi bolmagn til að fylgja eftir þeim lögum og reglum sem henni er ætlað að framfylgja í þessum efnum.

Alþingi, 13. mars 2003.

Jón Bjarnason.

1326. Þingsályktun [469. mál]

um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 774, sbr. brtt. á þskj. 1144.

1327. Þingsályktun [563. mál]

um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 911, sbr. brtt. á þskj. 1143.

1328. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

(Eftir 2. umr., 13. mars.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rannsóknarnefnd sjóslysa, starfslið hennar og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Um aðgang að rannsóknargögnum fer samkvæmt ákvæðum 13. gr.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Rannsóknarnefnd sjóslysa er heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að fela erlendu ríki að annast rannsókn sjóslyss á íslensku yfirráðasvæði að hluta til eða öllu leyti.

Þegar við á skal rannsóknarnefnd sjóslysa láta rannsókn ná til fyrirkomulags tilkynninga um sjóslys, til leitar, björgunaraðgerða og annarra aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum sjóslysa.

Samgönguráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka atriði sem varða almennt öryggi til sjós án þess að þau tengist sjóslysi.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, aðra opinbera aðila og annað björgunar- og hjálparlið. Er þessum aðilum skylt að veita rannsóknaraðstoð.

4. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. laganna koma fjórar málsgreinar, svohljóðandi:

Óheimilt er að veita aðgang að eftirfarandi gögnum sem rannsóknarnefnd sjóslysa aflar við rannsókn sjóslyss eða upplýsingar um þau, sbr. þó 3. og 4. mgr.:

a. upptökum eða endurritum af framburði þeirra sem nefndin yfirheyrir við rannsókn máls,
b. hvers konar skráðum fjarskiptum eða upptökum af fjarskiptum milli þeirra sem tengst hafa sjóslysi,
c. læknisfræðilegum og öðrum persónulegum gögnum sem varða þá sem tengst hafa sjóslysi,
d. hvers konar álitsgerðum sem nefndin hefur aflað í tengslum við mat á gögnum skv. a–c-lið.

Veita má umsagnaraðilum skv. 13. gr. aðgang að gögnum skv. 2. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd sjóslysa ætlar að sé nauðsynlegt til að þeir geti veitt umsögn.

Rannsóknarnefnd sjóslysa skal fella út úr lokaskýrslu sinni beina tilvísun til gagna skv. 2. mgr. nema að því leyti sem nauðsynlegt er talið til greiningar á orsökum sjóslyss.

Þegar veittur er aðgangur að gögnum skv. 3. mgr. skal virða nafnleynd þeirra sem tengjast sjóslysi. Sama á við um lokaskýrslu nefndarinnar.

5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknarnefnd sjóslysa getur endurupptekið þegar rannsakað mál, sbr. 13. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati.

Þegar sérstaklega stendur á getur samgönguráðherra falið rannsóknarnefnd sjóslysa að rannsaka nánar tiltekið sjóslys eða sérstök atriði sem tengjast sjóslysi, einkum ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1329. Frumvarp til laga [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. mars.)

1. gr.

Á eftir orðunum „Vélknúin farartæki á landi“ í 2. málsl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: önnur en vélsleða og fjórhjól.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. október 2003.

1330. Þingsályktun [517. mál]

um reynslulausn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 857.

1331. Svar [590. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Páls Magnússonar um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kosningar.

1. *Telur ráðherra að eðlilegt sé að takmarka gerð eða banna opinbera birtingu skoðanakannana um fylgi stjórnmálaflokka og framboða í aðdraganda kosninga til Alþingis?*

Takmarkanir á opinberri umfjöllun þurfa samkvæmt íslenskum rétti að styðjast við sterk rök og vera nauðsynlegar til þess að vernda ríka almanna- eða einkahagsmuni. Í íslenskri löggjöf eru fáein dæmi þess að opinberri umfjöllun séu settar skorður, svo sem vegna réttinda og mannorðs einstaklinga eða til þess að vernda börn og ungmenni. Eðlilegt er að taka afstöðu til spurningarinnar á grundvelli sömu sjónarmiða og búa að baki reglum um vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti. Skoðanakannanir eru viðtekinn þáttur í umfjöllun fjölmiðla um stjórnmál sem gefa almenningi vísbendingar um hugsanlegar niðurstöður kosninga og verður ekki séð að birting þeirra skerði hagsmuni sem réttlæti frávik frá grundvallarsjónarmiðum um tjáningarfrelsi og prentfrelsi. Bann við opinberri birtingu skoðanakannana um fylgi stjórnmálaflokka og framboða í aðdraganda alþingiskosninga getur því varla talist eðlileg takmörkun á rétti fólks til upplýsinga sem það kann að vilja nýta, enda sé ekki um að ræða rangar upplýsingar sem ógni almannaheill.

2. *Hvernig er þeim málum háttað í nágrannalöndum okkar, þ.e. annars staðar á Norðurlöndum og í Norður-Evrópu?*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað hefur verið í ráðuneytinu er Frakkland eina landið í Norður-Evrópu sem hefur sett bann við birtingu skoðanakannana viku fyrir kosningar en óljóst er hvernig þeim hefur tekist að halda þessu banni til streitu. Það er m.a. vegna þess að skoðanakannanir hafa birst í fjölmiðlum nágrannaríkjanna meðan birting þeirra er óheimil í Frakklandi, en Frakkar hafa vitaskuld greiðan aðgang að fjölmiðlum á netinu. Því má í raun álykta að bann þeirra við birtingu skoðanakannana fyrir kosningar sé orðið úrelt.

3. *Hvaða forsendur liggja að baki ákvörðun í löndum þar sem birting eða gerð skoðanakannana síðustu daga fyrir kosningar er bönnuð?*

Þeir sem gagnrýnt hafa birtingu skoðanakannana stuttu fyrir kosningar hafa sagt þær hafa áhrif á hegðun kjósenda. Helstu kenningarnar sem settar hafa verið fram um slík áhrif eru annars vegar þær sem vísa til leiðtogaáhrifa og hins vegar til minnimáttaráhrifa, þ.e. að kjósendur muni fylkjast í lið með þeim sem hefur forustu í könnunum eða veita þeim sem illa gengur nokkurs konar samúðarstuðning. Rannsóknir hafa hins vegar bent á að áhrif skoðanakannana á kjósendur séu óveruleg.

4. *Hvernig er framkvæmd háttað þar sem í gildi er slíkt bann við gerð eða birtingu skoðanakannana?*

Þar sem Frakkland er eina landið í Norður-Evrópu sem viðheldur slíku banni eru mjög takmarkaðar upplýsingar til um hvernig framkvæmd banns er háttað. Eins og bent hefur verið á í 2. lið er hins vegar erfitt að framfylgja þessum takmörkunum þar sem hagsmunaaðilar virðast hafa leitast við að fara í kringum slík bönn.

1332. Svar [569. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um þróun og horfur í atvinnumálum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða breytingar urðu á fjölda ársverka á tímabilinu 1995–2002, sundurliðað eftir atvinnugreinum og kjördæmum?*
2. *Hver er spá um vöxt í atvinnulífinu næstu tíu ár, sundurliðað eftir atvinnugreinum og kjördæmum:*
   a. *með fyrirhuguðum stóriðjuframkvæmdum,*
   b. *án fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda?*
3. *Hvað þarf að skapa mörg störf árlega næstu tíu ár með hliðsjón af mannfjöldaspá, sundurliðað eftir atvinnugreinum og kjördæmum?*

Ekki liggja fyrir gögn um þróun ársverka eftir 1997 er Þjóðhagsstofnun hætti að reikna út ársverk á grundvelli skattagagna. Tölur um ársverk eftir kjördæmum og atvinnugreinum liggja ekki heldur fyrir.

Ef litið er til mannfjöldaþróunar á árunum 1995–2002 var fjöldi fólks á aldrinum 16 til 70 ára eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1.

Ár	Fjöldi 16–70 ára
1995	179.450
1996	181.440
1997	183.537
1998	186.305
1999	189.089
2000	192.135
2001	194.293
2002	195.532

Þá eru tiltækar áætlanir Hagstofu Íslands um fjölda starfandi fólks frá 1995–2001 eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 2.

Ár	Fjöldi starfandi
1995	141.800
1996	142.000
1997	142.000
1998	147.900
1999	153.300
2000	156.400
2001	159.000

Í töflu 3 má sjá áætlun Hagstofunnar um fjölda starfandi fólks miðað við grófa atvinnugreinaflokkun fyrir árin 1995–2001. Rétt er að árétta að hér er um að ræða áætlun um fjölda starfandi en ekki ársverk.

Tafla 3.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Allt landið, samtals	**141.800**	**142.000**	**142.000**	**147.900**	**153.300**	**156.400**	**159.000**
Landbúnaður og fiskveiðar	13.500	13.500	12.200	12.700	13.700	13.000	12.400
Iðngreinar	35.100	34.500	36.200	37.300	35.400	35.900	36.000
Þjónustugreinar	93.200	94.000	93.600	97.900	104.200	107.400	110.700
Höfuðborgarsvæði	**84.500**	**84.600**	**85.500**	**89.900**	**94.400**	**95.700**	**99.500**
Landbúnaður og fiskveiðar	1.700	2.200	1.800	1.800	1.900	1.500	1.900
Iðngreinar	17.000	16.700	17.800	19.400	19.000	19.300	20.000
Þjónustugreinar	65.800	65.700	65.900	68.700	73.500	74.900	77.600
Utan höfuðborgarsvæðis	**57.300**	**57.400**	**56.500**	**58.000**	**58.900**	**60.700**	**59.600**
Landbúnaður og fiskveiðar	11.800	11.300	10.400	10.900	11.900	11.400	10.400
Iðngreinar	18.100	17.800	18.300	17.800	16.400	16.600	16.000
Þjónustugreinar	27.400	28.300	27.700	29.200	30.700	32.600	33.100

Ekki er fyrirliggjandi spá um þróun þessara talna.
Í töflu 4 er mannfjöldaspá Hagstofu Íslands til ársins 2014.

Tafla 4.

Ár	Mannfjöldaspá
2002	285.805
2003	288.261
2004	290.723
2005	293.174
2006	295.631
2007	298.081
2008	300.513
2009	302.937
2010	305.354
2011	307.765
2012	310.163
2013	312.551
2014	314.928

Spá um fjölda þeirra sem verða á aldrinum 16–70 ára til ársins 2014 má sjá í töflu 5.

Tafla 5.

Ár	Fjöldi 16–70 ára
2002	193.780
2003	195.314
2004	197.183
2005	199.596
2006	201.851
2007	204.427
2008	206.727
2009	209.101
2010	211.571
2011	213.837
2012	215.910
2013	217.939
2014	219.537

Varhugavert er að draga of víðtækar ályktanir af þessum tölum um hve mörg störf muni skapast eða þurfi að skapast á næstu árum. Kemur þar margt til, t.d. skiptir miklu hver atvinnuþátttaka ungs fólks og eldra fólks verður. Breytingar á eftirlaunaaldri og fjölda námsmanna geta þar skipt sköpum. Uppi eru hugmyndir um að auka sveigjanleika hvað varðar starfslok. Nefnd sem fjallaði um sveigjanleg starfslok og skilaði áliti í október 2002 taldi það verðugt og setti fram tillögur um framkvæmd sveigjanlegra starfsloka. Slíkar breytingar gætu haft áhrif á eftirspurn eftir störfum á hverjum tíma.

Loks má nefna að spár um þróun atvinnu eftir landsvæðum eða kjördæmum verða ætíð mikilli óvissu háðar.

1333. Svar [655. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um útgáfu ritverksins Saga Íslands.

1. *Hvað líður útgáfu ritverksins Saga Íslands sem samið er að tilhlutan þjóðhátíðarnefndar 1974?*

Út eru komin fimm bindi af Sögu Íslands. Fimmta bindið kom út árið 1990. Sakir fjárskorts var þá ekki unnt að halda verkinu áfram og lagðist það því af í nokkurn tíma. Í desember 1997 gerðu forsætisráðuneytið og Hið íslenzka bókmenntafélag með sér samning sem tryggir fjárhagslegan grundvöll söguritunarinnar. Verkinu hafa verið tryggð framlög í fjárlögum og greiðslufyrirkomulag er með þeim hætti að útgefandi fær greiddan einn þriðja hluta meðan á vinnslu stendur en tvo þriðju við útkomu hvers bindis fyrir sig.

2. *Hver hefur framvinda verksins verið?*

Lengri tíma tók en ætlað var að koma verkinu af stað á nýjan leik og ná upp dampinum. Finna þurfti hæfa skrásetjara og gera við þá samning. Oft og tíðum voru og eru viðkomandi sagnfræðingar við vinnu erlendis sem valdið hefur töfum. Tafir hafa einnig orðið á verkinu vegna forfalla og andláts höfunda. Auk þess var farið í viðameiri heimilda- og myndasöfnun en áætlað hafði verið í fyrstu.

3. *Hvenær er gert ráð fyrir að næsta bindi Sögu Íslands komi út og hver eru áætluð verklok útgáfunnar?*

Nú er unnið að ritun 6., 7. og 8. bindis og gera má ráð fyrir að samtals verði Saga Íslands 10–11 bindi. Gert er ráð fyrir að sjötta bindi komi út í ár og ef til vill það sjöunda. Að öðrum kosti verður það útgefið árið 2004 ásamt áttunda bindi. Ritstjóri getur því miður ekki enn sem komið er sagt til um endanleg verklok. Ástæður þess eru m.a. framangreindar tafir og enn er ekki búið að fá höfund eða höfunda til að semja alla síðustu hluta verksins. En óhætt er að fullyrða að verkið er í fullum gangi núna og komin eru drög fram á síðustu öld. Nánari upplýsingar um ritun Sögu Íslands er hægt að fá hjá ritstjóranum, Sigurði Líndal.

4. *Hverjir sitja nú í ritstjórn verksins, hversu lengi hafa þeir setið þar og hvað hefur valdið þeirri töf sem orðið hefur á útgáfu Sögu Íslands?*

Eiginleg ritstjórn er ekki starfandi lengur. Þann 7. nóvember 1978 voru skipaðir í ritnefnd Sögu Íslands þeir Gísli Jónsson menntaskólakennari, Jakob Benediktsson prófessor og Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar. Tveir hinna fyrrnefndu eru nú látnir og hafa nýir ekki verið skipaðir í þeirra stað. Sigurður Líndal hefur verið ritstjóri Sögu Íslands frá árinu 1972 og honum til aðstoðar eru söguritarar hver á sínum tíma. Hvað varðar tafir á útgáfunni sjá svör við 2. og 3. lið.

1334. Svar [631. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um umferðarsektir.

1. *Hversu miklar umferðarsektir hafa verið lagðar á árlega frá árinu 1995 og hvað hefur mikið af þeim verið innheimt, sundurliðað eftir lögregluumdæmum?*

Embætti ríkislögreglustjóra tók til starfa 1. júlí 1997 og fljótlega eftir stofnun þess var hafist handa við þróun nýs sektakerfis fyrir lögregluna, í tengslum við gerð nýrrar reglugerðar um lögreglustjórasáttir, sem tók gildi í janúar 1998 og var hið nýja sektakerfi þá tekið í notkun. Fram að því hafði hvert embætti sinn háttinn á við vinnslu sektanna, jafnt við álagningu sem innheimtu. Ekkert miðlægt kerfi var í notkun, annað en tekjubókhald ríkisins, og notuðu sum embætti heimasmíðuð forrit til að halda utan um sektamálin. Í ársbyrjun 1999 leitaðist ríkislögreglustjóri við að fá samanburð frá fyrri árum vegna álagðra sekta á árinu 1998, en það reyndist ókleift. Í ljós kom að embættin notuðu áður mismunandi álagningarflokka hjá tekjubókhaldi ríkisins og var í mörgum tilvikum ógerlegt að greina á milli hvaða tekjur fyrir ríkissjóð verið var að innheimta. Af þessum sökum er ekki unnt að veita upplýsingar um sektir, álagningu og innheimtu þeirra lengur en aftur til ársins 1998, en frá og með því ári liggja fyrir mjög greinargóðar upplýsingar.

Meðfylgjandi eru listar sem unnir eru úr sektakerfi ríkislögreglustjóra og sýna heildarfjölda álagðra sektarboða vegna umferðarlagabrota, fjölda þeirra sem greidd voru áður en afsláttarfrestur rann út, fjölda sem greiddur var eftir að afsláttarfrestur rann út, fjölda sektarboða sem send voru til dómsáritunar, fjölda þeirra sem lauk með viðurlagaákvörðun eða dómi eftir ákærumeðferð, fjölda þeirra sem enn eru í vinnslu hjá lögreglu og fjölda þeirra sem eru til meðferðar á ákærustigi. Listarnir eru sundurliðaðir eftir lögregluumdæmum og liggur fyrir einn listi fyrir hvert áranna 1998 til og með 2002 og miðast við stöðu sektarboðanna 3. mars 2003.

Enn fremur fylgir samantekt Fjársýslu ríkisins vegna álagðra og greiddra sektarboða fyrir árin 1995–2001, miðað við stöðu innheimtunnar í febrúar 2002. Á árunum 1995–1997 voru sektir fyrir öll brot, sem innheimtar voru með gíró- eða greiðsluseðlum, færðar á þennan tekjulið, en frá og með árinu 1998 hafa einungis sektir vegna umferðarlagabrota verið færðar á þennan lið. Á listunum er gengið út frá nettó álagningu sekta, eftir að frá hefur verið dreginn 25% afsláttur þeirra sem greiða innan 30 daga frests, sem og niðurfellingar sektanna í tekjubókhaldi, eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að senda sektina til dómsáritunar eða að ákæra vegna brotsins

2. *Hversu hátt hlutfall af sektum hvers lögregluumdæmis hefur runnið til viðkomandi lögregluumdæmis á sama tíma?*

Innheimtar sektir renna beint í ríkissjóð og blandast á engan hátt fjárveitingum til lögregluumdæmanna. Ljóst er að rekstrarkostnaður lögregluembættanna eykst með fjölgun sekta, þar sem innheimta þeirra og fullnusta krefst aukins mannafla. Þau sjónarmið hafa því verið uppi um það að vænlegt væri til árangurs að hluti sekta sem nemur innheimtukostnaði renni til lögreglu, þó ekki þannig að tekjur lögregluembætta verði beinlínis árangurstengdar. Starfshópur um umferðaröryggisáætlun stjórnvalda um fækkun alvarlegra umferðarslysa 2002–2012 hefur lagt til að hér á landi verði tekin upp sambærileg tilhögun og í Bretlandi þar sem hluti af innheimtum sektum rennur beint til lögreglu þannig að virkara löggæslueftirlit íþyngi ekki lögregluembættunum fjárhagslega. Segja má að þessar hugmyndir séu ekki óumdeildar, enda er ljóst að markmið með sektum er ekki að auka tekjur lögregluumdæmanna heldur fyrst og fremst að stemma stigu við umferðarlagabrotum og auka þannig öryggi í umferðinni.

Innheimta sektarboða árið 1998, miðað við stöðuna 3. mars 2003.

Embætti	Greitt fyrir afsláttardag		Greitt eftir afsláttardag		Greitt alls		Dómsáritun		Viðurlagaákvæði /Dómur		Í vinnslu		Á ákærustigi		Heildarfjöldi sekta	
Akranes	225	72,1%	74	23,7%	299	95,8%	6	1,9%	4	1,3%	0	0%	3	1%	312	1,0%
Akureyri	1.772	75,4%	503	21,4%	2.275	96,9%	17	0,7%	54	2,3%	0	0%	3	0,1%	2.349	7,6%
Blönduós	928	79%	162	13,8%	1.090	92,8%	81	6,9%	0	0%	1	0,1%	2	0,2%	1.174	3,8%
Bolungarvík	15	65,2%	3	13%	18	78,3%	3	13%	0	0%	1	4,3%	1	4,3%	23	0,1%
Borgarnes	427	78,8%	73	13,5%	500	92,3%	37	6,8%	0	0%	2	0,4%	3	0,6%	542	1,8%
Búðardalur	1	50%	1	50%	2	100,0%	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%	2	0,0%
Eskifjörður	120	70,2%	27	15,8%	147	86,0%	17	9,9%	5	2,9%	0	0%	2	1,2%	171	0,6%
Hafnarfjörður	1.348	64,4%	478	22,8%	1.826	87,2%	218	10%	7	0,3%	10	0,5%	32	1,5%	2.093	6,8%
Hólmavík	92	78%	16	13,6%	108	91,5%	10	8,5%	0	0%	0	0%	0	0%	118	0,4%
Húsavík	206	77,4%	60	22,6%	266	100,0%	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%	266	0,9%
Hvolsvöllur	268	70,9%	60	15,9%	328	86,8%	49	13%	0	0%	0	0%	1	0,3%	378	1,2%
Höfn	46	74,2%	13	21%	59	95,2%	2	3,2%	0	0%	0	0%	1	1,6%	62	0,2%
Ísafjörður	433	69,4%	133	21,3%	566	90,7%	55	8,8%	1	0,2%	1	0,2%	1	0,2%	624	2,0%
Keflavík	1.042	60,4%	362	21%	1.404	81,4%	265	15%	4	0,2%	4	0,2%	47	2,7%	1.724	5,6%
Keflavíkurflugvöllur	46	68,7%	12	17,9%	58	86,6%	0	0%	0	0%	9	13%	0	0%	67	0,2%
Kópavogur	1.516	65,5%	516	22,3%	2.032	87,7%	271	12%	7	0,3%	0	0%	6	0,3%	2.316	7,5%
Neskaupstaður	12	70,6%	4	23,5%	16	94,1%	1	5,9%	0	0%	0	0%	0	0%	17	0,1%
Ólafsfjörður	60	75,9%	15	19%	75	94,9%	4	5,1%	0	0%	0	0%	0	0%	79	0,3%
Patreksfjörður	37	52,9%	26	37,1%	63	90,0%	6	8,6%	0	0%	1	1,4%	0	0%	70	0,2%
Reykjavík	9.347	63,1%	3.113	21%	12.460	84,1%	2.160	14,6%	110	0,7%	9	0,1%	69	0,5%	14.808	48,1%
Sauðárkrókur	327	76,2%	84	19,6%	411	95,8%	0	0%	0	0%	0	0%	18	4,2%	429	1,4%
Selfoss	1.112	64,7%	359	20,9%	1.471	85,6%	242	14,1%	2	0,1%	3	0,2%	1	0,1%	1.719	5,6%
Seyðisfjörður	193	72,6%	65	24,4%	258	97,0%	8	3%	0	0%	0	0%	0	0%	266	0,9%
Siglufjörður	58	79,5%	13	17,8%	71	97,3%	2	2,7%	0	0%	0	0%	0	0%	73	0,2%
Stykkishólmur	559	79,3%	121	17,2%	680	96,5%	4	0,6%	19	2,7%	0	0%	2	0,3%	705	2,3%
Vestmannaeyjar	151	64,8%	61	26,2%	212	91,0%	20	8,6%	0	0%	1	0,4%	0	0%	233	0,8%
Vík	109	78,4%	13	9,4%	122	87,8%	14	10%	0	0%	0	0%	3	2,2%	139	0,5%
	20.450	**66,5%**	**6.367**	**20,7%**	**26.817**	**87,2%**	**3.492**	**11,4%**	**213**	**0,7%**	**42**	**0,1%**	**195**	**0,6%**	**30.759**	

Innheimta sektarboða árið 1999, miðað við stöðuna 3. mars 2003.

Embætti	Greitt fyrir afsláttardag		Greitt eftir afsláttardag		Greitt alls		Dómsáritun		Viðurlagaákvæði /Dómur		Í vinnslu		Á ákærustigi		Heildarfjöldi sekta	
Akranes	482	69,5%	119	17,1%	601	86,6%	89	12,8%	2	0,3%	1	0,1%	1	0,1%	694	2,0%
Akureyri	2.364	71,5%	757	22,9%	3.121	94,3%	77	2,3%	20	0,6%	0	0%	90	2,7%	3.308	9,4%
Blönduós	1.062	74,9%	197	13,9%	1.259	88,8%	151	10,7%	3	0,2%	0	0%	4	0,3%	1.417	4,0%
Bolungarvík	69	60,5%	18	15,8%	87	76,3%	22	19,3%	0	0%	2	1,8%	3	2,6%	114	0,3%
Borgarnes	520	68,2%	128	16,8%	648	85,0%	105	13,8%	0	0%	2	0,3%	7	0,9%	762	2,2%
Búðardalur	1	100%	0	0%	1	100,0%	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%	1	0,0%
Eskifjörður	289	70,3%	90	21,9%	379	92,2%	27	6,6%	0	0%	0	0%	5	1,2%	411	1,2%
Hafnarfjörður	1.377	58,8%	485	20,7%	1.862	79,5%	330	14,1%	0	0%	15	0,6%	135	5,8%	2.342	6,6%
Hólmavík	145	75,1%	33	17,1%	178	92,2%	15	7,8%	0	0%	0	0%	0	0%	193	0,5%
Húsavík	384	75,7%	90	17,8%	474	93,5%	29	5,7%	0	0%	3	0,6%	1	0,2%	507	1,4%
Hvolsvöllur	484	71,5%	111	16,4%	595	87,9%	78	11,5%	0	0%	0	0%	4	0,6%	677	1,9%
Höfn	40	54,8%	19	26%	59	80,8%	8	11%	0	0%	0	0%	6	8,2%	73	0,2%
Ísafjörður	422	66%	130	20,3%	552	86,4%	87	13,6%	0	0%	0	0%	0	0%	639	1,8%
Keflavík	1.545	57%	504	18,6%	2.049	75,6%	626	23,1%	0	0%	18	0,7%	17	0,6%	2.710	7,7%
Keflavíkurflugvöllur	140	71,1%	44	22,3%	184	93,4%	0	0%	0	0%	13	6,6%	0	0%	197	0,6%
Kópavogur	2.059	58,6%	753	21,4%	2.812	80,0%	689	19,6%	1	0%	0	0%	13	0,4%	3.515	10,0%
Neskaupstaður	52	65,8%	19	24,1%	71	89,9%	3	3,8%	5	6,3%	0	0%	0	0%	79	0,2%
Ólafsfjörður	59	73,8%	13	16,3%	72	90,0%	4	5%	1	1,3%	0	0%	3	3,8%	80	0,2%
Patreksfjörður	88	49,2%	73	40,8%	161	89,9%	11	6,1%	0	0%	1	0,6%	6	3,4%	179	0,5%
Reykjavík	7.408	60,7%	2.728	22,3%	10.136	83,0%	1.906	15,6%	47	0,4%	4	0%	121	1%	12.214	34,6%
Sauðárkrókur	380	75,2%	75	14,9%	455	90,1%	9	1,8%	0	0%	1	0,2%	40	7,9%	505	1,4%
Selfoss	1.846	63,6%	568	19,6%	2.414	83,2%	461	15,9%	2	0,1%	0	0%	26	0,9%	2.903	8,2%
Seyðisfjörður	162	75%	43	19,9%	205	94,9%	9	4,2%	0	0%	0	0%	2	0,9%	216	0,6%
Siglufjörður	60	65,9%	21	23,1%	81	89,0%	10	11%	0	0%	0	0%	0	0%	91	0,3%
Stykkishólmur	621	71,7%	154	17,8%	775	89,5%	85	9,8%	1	0,1%	0	0%	5	0,6%	866	2,5%
Vestmannaeyjar	235	56,4%	89	21,3%	324	77,7%	42	10,1%	0	0%	0	0%	51	12,2%	417	1,2%
Vík	143	72,6%	28	14,2%	171	86,8%	0	0%	0	0%	2	1%	24	12,2%	197	0,6%
	22.437	**63,5%**	**7.289**	**20,6%**	**29.726**	**84,2%**	**4.873**	**13,8%**	**82**	**0,2%**	**62**	**0,2%**	**564**	**1,6%**	**35.307**	

Innheimta sektarboða árið 2000, miðað við stöðuna 3. mars 2003.

Embætti	Greitt fyrir afslátardag		Greitt eftir afsláttardag		Greitt alls		Dómsáritun		Viðurlagaákvæði /Dómur		Í vinnslu		Á ákærustigi		Heildarfjöldi sekta	
Akranes	474	69,1%	132	19,2%	606	88,3%	77	11,2%	0	0%	0	0%	3	0,4%	686	1,9%
Akureyri	2.625	70,4%	844	22,6%	3.469	10,0%	130	3,5%	0	0%	2	0,1%	126	3,4%	2.625	7,2%
Blönduós	1588	73,3%	321	14,8%	1.909	88,1%	219	10,1%	0	0%	4	0,2%	35	1,6%	2.167	6,0%
Bolungarvík	42	60,9%	23	33,3%	65	94,2%	1	1,4%	0	0%	3	4,3%	0	0%	69	0,2%
Borgarnes	538	68,4%	126	16%	664	84,5%	109	13,9%	0	0%	2	0,3%	11	1,4%	786	2,2%
Búðardalur	23	92%	2	8%	25	100,0%	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%	25	0,1%
Eskifjörður	239	64,2%	79	21,2%	318	85,5%	42	11,3%	0	0%	1	0,3%	11	3%	372	1,0%
Hafnarfjörður	1.916	55,5%	787	22,8%	2.703	78,3%	741	21,5%	0	0%	1	0%	9	0,3%	3.454	9,5%
Hólmavík	217	76,1%	37	13%	254	89,1%	31	10,9%	0	0%	0	0%	0	0%	285	0,8%
Húsavík	277	72,9%	74	19,5%	351	92,4%	24	6,3%	0	0%	1	0,3%	4	1,1%	380	1,0%
Hvolsvöllur	457	70,5%	116	17,9%	573	88,4%	74	11,4%	0	0%	0	0%	1	0,2%	648	1,8%
Höfn	29	64,4%	13	28,9%	42	93,3%	2	4,4%	0	0%	0	0%	1	2,2%	45	0,1%
Ísafjörður	341	60,8%	117	20,9%	458	81,6%	102	18,2%	0	0%	0	0%	1	0,2%	561	1,5%
Keflavík	1.454	54,1%	512	19%	1.966	73,1%	661	24,6%	0	0%	56	2,1%	5	0,2%	2.688	7,4%
Keflavíkurflugvöllur	463	59,8%	180	23,3%	643	83,1%	0	0%	0	0%	131	17%	0	0%	774	2,1%
Kópavogur	1.421	57,2%	511	20,6%	1.932	77,8%	518	20,9%	0	0%	5	0,2%	29	1,2%	2.484	6,8%
Ólafsfjörður	42	82,4%	8	15,7%	50	98,0%	1	2%	0	0%	0	0%	0	0%	51	0,1%
Patreksfjörður	24	38,7%	24	38,7%	48	77,4%	14	22,6%	0	0%	0	0%	0	0%	62	0,2%
Reykjavík	7.269	58,6%	2.942	23,7%	10.211	82,3%	1796	14,5%	0	0%	23	0,2%	372	3%	12.402	34,1%
Sauðárkrókur	397	71,1%	100	17,9%	497	89,1%	61	10,9%	0	0%	0	0%	0	0%	558	1,5%
Selfoss	1.391	58,2%	548	22,9%	1.939	81,1%	438	18,3%	0	0%	2	0,1%	13	0,5%	2.392	6,6%
Seyðisfjörður	334	68,7%	110	22,6%	444	91,4%	40	8,2%	0	0%	0	0%	2	0,4%	486	1,3%
Siglufjörður	60	67,4%	16	18%	76	85,4%	13	14,6%	0	0%	0	0%	0	0%	89	0,2%
Stykkishólmur	330	68,5%	90	18,7%	420	87,1%	62	12,9%	0	0%	0	0%	0	0%	482	1,3%
Vestmannaeyjar	258	64%	86	21,3%	344	85,4%	36	8,9%	0	0%	5	1,2%	18	4,5%	403	1,1%
Vík	215	79,9%	34	12,6%	249	92,6%	15	5,6%	0	0%	3	1,1%	2	0,7%	269	0,7%
	22.424	**61,7%**	**7.832**	**21,5%**	**30.256**	**83,2%**	**5.207**	**14,3%**	**0**	**0%**	**239**	**0,7%**	**643**	**1,8%**	**36.345**	

Innheimta sektarboða árið 2001, miðað við stöðuna 3. mars 2003.

Embætti	Greitt fyrir afsláttardag		Greitt eftir afsláttardag		Greitt alls		Dómsáritun		Viðurlagaákvæði /Dómur		Í vinnslu		Á ákærustigi		Heildarfjöldi sekta	
Akranes	403	68,1%	116	19,6%	519	87,7%	70	11,8%	0	0%	0	0%	3	0,5%	592	1,6%
Akureyri	1.766	67%	633	24%	2.399	91,1%	102	3,9%	0	0%	18	0,7%	115	4,4%	1.766	7,0%
Blönduós	1557	71,7%	307	14,1%	1.864	85,9%	263	12,1%	0	0%	2	0,1%	42	1,9%	2.171	5,7%
Bolungarvík	57	66,3%	24	27,9%	81	94,2%	5	5,8%	0	0%	0	0%	0	0%	86	0,2%
Borgarnes	1302	70,8%	266	14,5%	1.568	85,2%	246	13,4%	0	0%	3	0,2%	23	1,3%	1.840	4,9%
Búðardalur	70	63,1%	27	24,3%	97	87,4%	9	8,1%	0	0%	2	1,8%	3	2,7%	111	0,3%
Eskifjörður	219	64,4%	77	22,6%	296	87,1%	41	12,1%	0	0%	2	0,6%	1	0,3%	340	0,9%
Hafnarfjörður	1.662	57,7%	580	20,2%	2.242	77,9%	593	20,6%	0	0%	6	0,2%	37	1,3%	2.878	7,6%
Hólmavík	164	78,8%	27	13%	191	91,8%	16	7,7%	0	0%	0	0%	1	0,5%	208	0,6%
Húsavík	430	78,2%	72	13,1%	502	91,3%	43	7,8%	0	0%	3	0,5%	2	0,4%	550	1,5%
Hvolsvöllur	538	71,7%	114	15,2%	652	86,9%	82	10,9%	0	0%	11	1,5%	5	0,7%	750	2,0%
Höfn	75	65,8%	22	19,3%	97	85,1%	11	9,6%	0	0%	0	0%	6	5,3%	114	0,3%
Ísafjörður	343	63,6%	99	18,4%	442	82,0%	96	17,8%	0	0%	0	0%	1	0,2%	539	1,4%
Keflavík	1.628	56,4%	550	19%	2.178	75,4%	647	22,4%	0	0%	56	1,9%	8	0,3%	2.889	7,6%
Keflavíkurflugvöllur	486	58,6%	188	22,7%	674	81,2%	108	13%	0	0%	46	5,5%	2	0,2%	830	2,2%
Kópavogur	2.095	61,2%	608	17,8%	2.703	79,0%	657	19,2%	0	0%	18	0,5%	45	1,3%	3.423	9,1%
Ólafsfjörður	91	75,8%	19	15,8%	110	91,7%	8	6,7%	0	0%	0	0%	2	1,7%	120	0,3%
Patreksfjörður	83	53,5%	55	35,5%	138	89,0%	16	10,3%	0	0%	1	0,6%	0	0%	155	0,4%
Reykjavík	7.473	60,7%	2.598	21,1%	10.071	81,8%	1937	15,7%	0	0%	37	0,3%	271	2,2%	12.316	32,6%
Sauðárkrókur	502	68,7%	133	18,2%	635	86,9%	82	11,2%	0	0%	4	0,5%	10	1,4%	731	1,9%
Selfoss	1.625	61,2%	505	19%	2.130	80,2%	505	19%	0	0%	4	0,2%	16	0,6%	2.655	7,0%
Seyðisfjörður	399	72,9%	98	17,9%	497	90,9%	49	9%	0	0%	0	0%	1	0,2%	547	1,4%
Siglufjörður	48	65,8%	20	27,4%	68	93,2%	5	6,8%	0	0%	0	0%	0	0%	73	0,2%
Stykkishólmur	376	73,3%	76	14,8%	452	88,1%	48	9,4%	0	0%	1	0,2%	12	2,3%	513	1,4%
Vestmannaeyjar	260	63%	92	22,3%	352	85,2%	53	12,8%	0	0%	7	1,7%	1	0,2%	413	1,1%
Vík	225	74,8%	28	9,3%	253	84,1%	29	9,6%	0	0%	19	6,3%	0	0%	301	0,8%
	23.877	**63,2%**	**7.334**	**19,4%**	**31.211**	**82,6%**	**5.721**	**15,1%**	**0**	**0%**	**240**	**0,6%**	**607**	**1,6%**	**37.779**	

Innheimta sektarboða árið 2002, miðað við stöðuna 3. mars 2003.

Embætti	Greitt fyrir afsláttardag		Greitt eftir afsláttardag		Greitt alls		Dómsáritun		Viðurlagaákvæði /Dómur		Í vinnslu		Á ákærustigi		Heildarfjöldi sekta	
Akranes	534	67,5%	125	15,8%	659	83,3%	111	14%	0	0%	17	2,1%	4	0,5%	791	1,9%
Akureyri	2.103	70,4%	498	16,7%	2.601	87,1%	114	3,8%	0	0%	220	7,4%	52	1,7%	2.103	7,1%
Blönduós	1.676	72,8%	312	13,5%	1.988	86,3%	239	10,4%	0	0%	57	2,5%	19	0,8%	2.303	5,5%
Bolungarvík	34	66,7%	10	19,6%	44	86,3%	0	0%	0	0%	7	13,7%	0	0%	51	0,1%
Borgarnes	1.057	68%	235	15,1%	1.292	83,1%	197	12,7%	0	0%	55	3,5%	10	0,6%	1.554	3,7%
Búðardalur	70	59,8%	18	15,4%	88	75,2%	21	17,9%	0	0%	5	4,3%	3	2,6%	117	0,3%
Eskifjörður	279	73%	53	13,9%	332	86,9%	34	8,9%	0	0%	15	3,9%	1	0,3%	382	0,9%
Hafnarfjörður	1.143	60,1%	301	15,8%	1.444	76,0%	273	14,4%	0	0%	153	8%	31	1,6%	1.901	4,5%
Hólmavík	539	85,6%	58	9,2%	597	94,8%	25	4%	0	0%	0	0%	8	1,3%	630	1,5%
Húsavík	589	72,4%	137	16,8%	726	89,2%	74	9,1%	0	0%	11	1,4%	3	0,4%	814	1,9%
Hvolsvöllur	460	67,8%	101	14,9%	561	82,7%	42	6,2%	0	0%	62	9,1%	13	1,9%	678	1,6%
Höfn	113	74,8%	13	8,6%	126	83,4%	19	12,6%	0	0%	4	2,6%	2	1,3%	151	0,4%
Ísafjörður	368	62,2%	94	15,9%	462	78,0%	74	12,5%	0	0%	55	9,3%	1	0,2%	592	1,4%
Keflavík	1.279	56%	354	15,5%	1.633	71,6%	451	19,8%	0	0%	146	6,4%	52	2,3%	2.282	5,4%
Keflavíkurflugvöllur	307	58%	105	19,8%	412	77,9%	9	1,7%	0	0%	73	13,8%	35	6,6%	529	1,3%
Kópavogur	2.087	63%	487	14,7%	2.574	77,7%	418	12,6%	0	0%	213	6,4%	108	3,3%	3.313	7,9%
Ólafsfjörður	148	72,9%	26	12,8%	174	85,7%	21	10,3%	0	0%	3	1,5%	5	2,5%	203	0,5%
Patreksfjörður	78	60%	39	30%	117	90,0%	7	5,4%	0	0%	6	4,6%	0	0%	130	0,3%
Reykjavík	10.116	60,6%	3043	18,2%	13.159	78,8%	2.292	13,7%	0	0%	799	4,8%	442	2,6%	16.692	39,6%
Sauðárkrókur	489	72,8%	87	12,9%	576	85,7%	75	11,2%	0	0%	14	2,1%	7	1%	672	1,6%
Selfoss	2.254	64,4%	588	16,8%	2.842	81,2%	404	11,5%	0	0%	162	4,6%	93	2,7%	3.501	8,3%
Seyðisfjörður	194	69,5%	54	19,4%	248	88,9%	12	4,3%	0	0%	13	4,7%	6	2,2%	279	0,7%
Siglufjörður	55	60,4%	24	26,4%	79	86,8%	9	9,9%	0	0%	0	0%	3	3,3%	91	0,2%
Stykkishólmur	386	67,7%	90	15,8%	476	83,5%	78	13,7%	0	0%	13	2,3%	3	0,5%	570	1,4%
Vestmannaeyjar	331	61,9%	97	18,1%	428	80,0%	39	7,3%	0	0%	67	12,5%	1	0,2%	535	1,3%
Vík	284	77,8%	28	7,7%	312	85,5%	33	9%	0	0%	20	5,5%	0	0%	365	0,9%
	26.973	**64%**	**6.977**	**16,6%**	**33.950**	**80,6%**	**5.071**	**12%**	**0**	**0%**	**2.190**	**5,2%**	**902**	**2,1%**	**42.113**	

Innheimt sektarboð árin 1998, 1999, 2000, 2001 og 2002, miðað við stöðuna 3. mars 2003.

Embætti	1998		1999		2000		2001		2002	
Akranes	299	95,8%	601	86,6%	606	88,3%	519	87,7%	659	83,3%
Akureyri	2.275	96,9%	3.121	94,3%	3.469	93,1%	2.399	91,1%	2.601	87,1%
Blönduós	1.090	92,8%	1.259	88,9%	1.909	88,1%	1.864	85,9%	1.988	86,3%
Bolungarvík	18	78,3%	87	76,3%	65	94,2%	81	94,2%	44	86,3%
Borgarnes	500	92,3%	648	85,0%	664	84,5%	1.568	85,2%	1.292	83,1%
Búðardalur	2	100,0%	1	100,0%	25	100,0%	97	87,4%	88	75,2%
Eskifjörður	147	86,0%	379	92,2%	318	85,5%	296	87,1%	332	86,9%
Hafnarfjörður	1.826	87,2%	1.862	79,5%	2.703	78,3%	2.242	77,9%	1.444	76,0%
Hólmavík	108	91,5%	178	92,2%	254	89,1%	191	91,8%	597	94,8%
Húsavík	266	100,0%	474	93,5%	351	92,4%	502	91,3%	726	89,2%
Hvolsvöllur	328	86,8%	595	87,9%	573	88,4%	652	86,9%	561	82,7%
Höfn	59	95,2%	59	80,8%	42	93,3%	97	85,1%	126	83,4%
Ísafjörður	566	90,7%	552	86,4%	458	81,6%	442	82,0%	462	78,0%
Keflavík	1.404	81,4%	2.049	75,6%	1.966	73,1%	2.178	75,4%	1.633	71,6%
Keflavíkurflugvöllur	58	86,6%	184	93,4%	643	83,1%	674	81,2%	412	77,9%
Kópavogur	2.032	87,7%	2.812	80,0%	1.932	77,8%	2.703	79,0%	2.574	77,7%
Neskaupstaður	16	94,1%	71	89,9%						
Ólafsfjörður	75	94,9%	72	90,0%	50	98,0%	110	91,7%	174	85,7%
Patreksfjörður	63	90,0%	161	89,9%	48	77,4%	138	89,0%	117	90,0%
Reykjavík	12.460	84,1%	10.136	83,0%	10.211	82,3%	10.071	81,8%	13.159	78,8%
Sauðárkrókur	411	95,8%	455	90,1%	497	89,1%	635	86,9%	576	85,7%
Selfoss	1.471	85,6%	2.414	83,2%	1.939	81,1%	2.130	80,2%	2.842	81,2%
Seyðisfjörður	258	97,0%	205	94,9%	444	91,4%	497	90,9%	248	88,9%
Siglufjörður	71	97,3%	81	89,0%	76	85,4%	68	93,2%	79	86,8%
Stykkishólmur	680	96,5%	775	89,5%	420	87,1%	452	88,1%	476	83,5%
Vestmannaeyjar	212	91,0%	324	77,7%	344	85,4%	352	85,2%	428	80,0%
Vík	122	87,8%	171	86,8%	249	92,6%	253	84,1%	312	85,5%
	26.817	**87,2%**	**29.726**	**84,2%**	**30.256**	**83,2%**	**31.211**	**82,6%**	**33.950**	**80,6%**

Innheimtar tekjur vegna sektarboða samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins.

Embætti	1995	1996	1997	Alls	1998	1999	2000	2001	Alls	Samtals
Akranes	1.433.950	1.650.560	2.492.444	5.576.954	1.595.750	4.086.500	3.872.250	3.739.672	13.294.172	18.871.126
Akureyri	7.836.500	11.285.100	22.605.077	41,726,677	16.886.157	20.579.715	22.771.441	18.516.953	78,754,266	120,480,943
Blönduós	1.076.000	851.000	1.541.998	3.468.998	6.405.500	6.519.000	9.260.545	13.096.085	35.281.130	38.750.128
Bolungarvík	265.500	131.000	357.250	753.750	105.000	497.750	442.500	574.250	1.619.500	2.373.250
Borgarnes	0	414.979	1.573.875	1.988.854	3.783.317	6.232.935	5.200.493	14.235.571	29.452.316	31.441.170
Búðardalur	0	42.500	159.250	201.750	13.250		157.000	694.500	864.750	1.066.500
Eskifjörður	665.000	785.000	1.103.600	2.553.600	923.795	2.190.750	2.078.000	2.399.750	7.592.295	10.145.895
Hafnarfjörður	10.362.358	11.358.000	15.311.713	37.032.071	15.089.900	13.109.367	20.045.425	20.851.111	69.095.803	106.127.874
Hólmavík	0	40.500	261.500	302.000	778.838	1.037.449	1.537.500	1.156.750	4.510.537	4.812.537
Húsavík	1.233.500	1.541.400	1.785.053	4.559.953	1.921.950	2.807.500	2.254.539	4.167.673	11.151.662	15.711.615
Hvolsvöllur	0	40.500	209.000	249.500	2.248.000	3.533.177	3.571.750	5.630.025	14.982.952	15.232.452
Höfn	431.500	469.000	586.511	1.487.011	283.750	347.000	457.750	770.750	1.859.250	3.346.261
Ísafjörður	169.500	155.570	82.500	407.570	3.563.655	3.156.547	2.693.675	2.998.437	12.412.314	12.819.884
Keflavík				0	9.454.500	13.354.277	12.407.726	15.276.838	50.493.341	50.493.341
Keflavíkurflugvöllur	1.337.668	1.475.452	1.921.024	4.734.144		1.279.862	3.806.250	4.573.732	9.659.844	14.393.988
Kópavogur	719.000	6.614.666	17.098.577	24.432.243	16.518.560	18.231.052	11.668.721	20.917.154	67.335.487	91.767.730
Neskaupstaður				0	22.881	582.881			605.762	605.762
Ólafsfjörður	316.830	726.472	639.750	1.683.052	494.250	512.000	416.000	850.761	2.273.011	3.956.063
Patreksfjörður	318.000	386.498	657.000	1.361.498	271.750	1.020.540	1.020.540	800.500	3.113.330	4.474.828
Reykjavík	31.318.502	35.906.825	41.740.287	108.965.614	86.795.000	65.889.500	83.534.419	98.358.186	334.577.105	443.542.719
Sauðárkrókur	444.750	657.000	2.622.250	3.724.000	2.820.500	2.626.500	3.049.928	4.791.942	13.288.870	17.012.870
Selfoss	1.145.550	6.886.388	7.988.236	16.020.174	9.157.621	13.983.097	11.409.325	16.154.314	50.704.357	66.724.531
Seyðisfjörður				0	1.483.241	1.505.721	2.890.912	3.398.998	9.278.872	9.278.872
Siglufjörður	323.000	394.500	452.500	1.170.000	338.250	483.750	389.500	523.500	1.735.000	2.905.000
Stykkishólmur	1.570.000	1.800.500	2.926.000	6.296.500	4.909.500	4.900.500	2.870.083	3.756.292	16.436.375	22.732.875
Vestmannaeyjar	647.500	629.988	1.153.000	2.430.488	1.048.874	1.706.204	1.846.194	1.945.948	6.547.220	8.977.708
Vík	0	5.000	19.000	24.000	955.750	1.276.000	1.919.250	3.702.426	7.853.426	7.877.426
	61.614.608	**84.248.398**	**125.287.395**	**271.150.401**	**187.869.539**	**191.449.574**	**211.571.716**	**263.882.118**	**854.772.947**	**1.125.923.348**

Álagning og innheimta sketarboða árin 1998–2001 samkvæmt upplýsingum Fjársýslu ríkisins.

	1998		1999		2000		2001		Samtals	
Embætti	Nettó-álagning	Greitt	Nettó-álagning	Greitt	Nettó-álagning	Greitt	Nettó-álagning	Greitt	Nettó-álagning	Greitt
Akranes	1.595.750	1.595.750	4.098.500	4.086.500	3.872.250	3.872.250	3.980.096	3.739.672	13.546.596	13.294.172
Akureyri	16.884.238	16.886.157	20.565.629	20.579.715	23.126.494	22.771.441	21.690.907	18.516.953	21.690.907	18.516.953
Blönduós	6.407.500	6.405.500	6.572.000	6.519.000	9.330.720	9.260.545	14.750.879	13.096.085	37.061.099	35.281.130
Bolungarvík	117.000	105.000	515.750	497.750	472.500	442.500	584.250	574.250	1.689.500	1.619.500
Borgarnes	3.783.810	3.783.317	6.236.831	6.232.935	5.228.429	5.200.493	15.935.338	14.235.571	31.184.408	29.452.316
Búðardalur	13.250	13.250	0		165.000	157.000	758.500	694.500	936.750	864.750
Eskifjörður	911.919	923.795	2.190.750	2.190.750	2.098.000	2.078.000	2.695.750	2.399.750	7.896.419	7.592.295
Hafnarfjörður	15.171.900	15.089.900	13.219.134	13.109.367	20.235.515	20.045.425	22.739.485	20.851.111	71.366.034	69.095.803
Hólmavík	769.069	778.838	1.032.957	1.037.449	1.537.500	1.537.500	1.226.750	1.156.750	4.566.276	4.510.537
Húsavík	1.921.950	1.921.950	2.847.500	2.807.500	2.307.908	2.254.539	4.464.673	4.167.673	11.542.031	11.151.662
Hvolsvöllur	2.248.000	2.248.000	3.505.230	3.533.177	3.571.750	3.571.750	5.796.855	5.630.025	15.121.835	14.982.952
Höfn	283.750	283.750	347.000	347.000	457.750	457.750	970.750	770.750	2.059.250	1.859.250
Ísafjörður	3.734.731	3.563.655	3.153.402	3.156.547	2.699.913	2.693.675	3.266.121	2.998.437	12.854.167	12.412.314
Keflavík	9.467.500	9.454.500	13.504.707	13.354.277	12.994.005	12.407.726	17.230.192	15.276.838	53.196.404	50.493.341
Keflavíkurflugvöllur	0		1.407.850	1.279.862	4.850.250	3.806.250	5.353.566	4.573.732	11.611.666	9.659.844
Kópavogur	16.563.950	16.518.560	18.364.028	18.231.052	11.822.981	11.668.721	23.833.542	20.917.154	70.584.501	67.335.487
Neskaupstaður	22.881	22.881	582.881	582.881	0		0		605.762	605.762
Ólafsfjörður	494.250	494.250	512.000	512.000	408.500	416.000	849.598	850.761	2.264.348	2.273.011
Patreksfjörður	291.750	271.750	1.022.540	1.020.540	1.022.540	1.020.540	957.500	800.500	3.294.330	3.113.330
Reykjavík	86.817.000	86.795.000	65.923.500	65.889.500	83.904.879	83.534.419	115.318.508	98.358.186	351.963.887	334.577.105
Sauðárkrókur	2.859.000	2.820.500	2.684.000	2.626.500	3.093.928	3.049.928	5.268.220	4.791.942	13.905.148	13.288.870
Selfoss	9.169.621	9.157.621	13.971.168	13.983.097	11.426.082	11.409.325	18.582.997	16.154.314	53.149.868	50.704.357
Seyðisfjörður	1.506.867	1.483.241	1.529.437	1.505.721	2.926.354	2.890.912	3.589.979	3.398.998	9.552.637	9.278.872
Siglufjörður	338.250	338.250	483.750	483.750	389.500	389.500	523.500	523.500	1.735.000	1.735.000
Stykkishólmur	4.909.500	4.909.500	4.900.500	4.900.500	2.854.492	2.870.083	4.056.557	3.756.292	16.721.049	16.436.375
Vestmannaeyjar	1.037.343	1.048.874	1.707.339	1.706.204	1.872.750	1.846.194	2.142.181	1.945.948	6.759.613	6.547.220
Vík	955.750	955.750	1.289.000	1.276.000	1.949.250	1.919.250	4.198.334	3.702.426	8.392.334	7.853.426
	188.276.529	**187.869.539**	**192.167.383**	**191.449.574**	**214.619.240**	**211.571.716**	**300.765.028**	**263.882.118**	**895.828.180**	**854.772.947**

1335. Tillaga til þingsályktunar [712. mál]

um stjórnmálasögusafn.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd valinkunnra manna sem undirbúi stofnun sérstakrar safndeildar um íslenska stjórnmálasögu innan Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Greinargerð.

1. Almennt um varðveislu sögulegra heimilda.

Varðveisla samtímaheimilda hér á landi hefur batnað verulega á síðustu árum með því að löggjöf um hana hefur orðið skýrari og nákvæmari. Gögn sem varða starfsemi hins opinbera renna beint til Þjóðskjalasafns og skjalasafna héraða og bæja og eru varðveitt þar. Þessi þróun er gríðarleg framför, enda öllum í hag að gögn séu varðveitt bæði vegna sagnaritunar framtíðarinnar og hvers kyns málareksturs hins opinbera síðar. Segja má að með bættri skjalavarðveislu sé minni þjóðarinnar skerpt.

En söguritunin, rannsóknir og greining fræðimanna seinni tíma, þarf þó alltaf á meiru að halda en opinberum gögnum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að bestu verk sagnfræðinga, hvort sem um er að ræða samtímasögu þar sem heimildamenn kunna enn að vera á lífi, eða sagnfræði fyrri alda, styðjast ævinlega við fjölbreyttara safn heimilda og lykillinn að sögulegum skilningi er oftar en ekki fólginn í heimildum sem liggja utan hins opinbera. Þegar stjórnmálasagan er annars vegar má því fullyrða að saga hvers samtíma verður æði fábreytt ef ekki koma til persónulegar heimildir þeirra sem hildina háðu til viðbótar við þau gögn sem hið opinbera hefur reglur um að skuli varðveitt.

Víða erlendis starfa skjalasöfn, oftast á vegum eða með fjármögnun opinberra aðila, sem hafa það sérstaka verkefni að safna, varðveita og rannsaka persónulegar heimildir stjórnmálamanna, diplómata, stjórnmálaleiðtoga og annarra sem á einn eða annan hátt hafa tengst stjórnmálaþróun samtíma síns á innlendum eða erlendum vettvangi. Slík söfn eru ekki aðeins geymslustaðir heldur í mörgum tilfellum miðstöðvar rannsókna á afmörkuðum sviðum og má nefna forsetasöfnin í Bandaríkjunum sem dæmi um slík söfn.

2. Um brýna þörf á sérstakri safndeild um stjórnmálasögu.

Enn þá vantar með öllu sérsafn um samtímastjórnmál og stjórnmálasögu hér á Íslandi og er það vaxandi áhyggjuefni. Stjórnmálaþróun hér eins og annars staðar í heiminum verður smám saman flóknari, fleiri þátttakendur og aðilar að ákvörðunum og stefnumörkun gera að verkum að opinber gögn geta aldrei orðið fullnægjandi heimildir. Því er bráðnauðsynlegt að þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til að íslenskt stjórnmálasögusafn verði til sem hefði það að verkefni að varðveita persónulegar heimildir og yrði jafnframt miðstöð fyrir rannsóknir á sviði íslenskrar stjórnmálasögu. Besta leiðin til að gera þetta er að stofna deild innan handritadeildar Landsbókasafns sem hefði þetta hlutverk. Því má bæta við að uppistaðan í handritadeildinni er safn Jóns Sigurðssonar og því má segja að byggt sé að mjög gömlum grunni. Það er því mjög við hæfi að efla það starf sem Jón sinnti svo vel á sínum tíma.

3. Sérstök rök fyrir stofnun safndeildar um stjórnmálasögu innan Landsbókasafns.

Draga má fram fern rök sem mæla skýrt með stofnun sérstakrar deildar um íslenska stjórnmálasögu:

a. *Persónulegar heimildir eru sjónarhorn á atburði sem getur breytt skilningi á þeim.* Persónulegar heimildir stjórnmálamanna, svo sem dagbækur, bréf, minnisblöð og fleira sem varðar bakgrunn stjórnmálanna, gefa sjónarhorn á atburði sem er hvergi annars staðar að finna. Það er ekki aðeins svo að slíkar heimildir bæti eða skerpi þá mynd sem er fyrir heldur eru mörg dæmi um að þær breyti í grundvallaratriðum skilningi á einstökum atburðum eða atburðarás. Oft breyta slíkar heimildir líka skilningi manna á mikilvægi einstaklinga svo að hlutur þeirra sem höfðu áhrif í raun er metinn að verðleikum.

b. *Skýr farvegur persónulegra gagna tryggir varðveislu þeirra.* Safn af þessu tagi getur skapað persónulegum heimildum um stjórnmálasöguna skýran farveg. Vitað er að afkomendur látinna stjórnmálamanna eiga oft í mestu vandræðum með að ákveða hvað gera eigi við skjala- og bréfasöfn sem þeir skilja eftir sig. Fólk treystir ekki einstaklingum fyrir þessum söfnum og gerir sér jafnvel ekki fulla grein fyrir sögulegu mikilvægi þeirra. Einnig eru dæmi um að afkomendur hafi hreinlega ákveðið að farga slíkum gögnum vegna þess að engar skýrir kostir hafa staðið þeim opnir. Söfnun og varðveisla persónulegra heimilda stjórnmálamanna og annarra sem þeim tengjast gæti tryggt þeim og afkomendum þeirra hagfellda leið til að koma þessum viðkvæmu gögnum í öruggt skjól. Handritadeildin hefur á löngum starfsferli komið sér upp ákveðnum vinnureglum í sambandi við varðveislu og aðgang fræðimanna að persónulegum heimildum sem tryggja að með þau sé farið af fullri alúð og trúmennsku. Þar er meðal annars hægt að takmarka aðgang að sérstaklega viðkvæmum gögnum með margvíslegu móti. Aðalatriði er að um leið og persónulegar heimildir komast í hendur sérfræðinga á handritadeild er hægt að tryggja öryggi þeirra og varðveislu í samvinnu við þá sem afhenda heimildirnar.

c. *Safndeild um stjórnmálasögu er þáttur í þróun rannsóknahluta Landsbóksafns.* Sérsafn um stjórnmálasögu er þáttur í uppbyggingu Landsbókasafnsins sem rannsóknabókasafns. Rannsóknir eiga að vera snar þáttur í starfsemi safnsins en til þess að svo megi verða þarf að skapa þá aðstöðu að það geti gerst í raun og veru. Með því að búa yfir þaulskipulögðu og lifandi safni persónulegra heimilda stjórnmálamanna getur safnið í raun stofnað til rannsóknastarfs innan vébanda sinna. Augljóslega mun safn af þessu tagi einnig auka mjög notagildi þeirra prentuðu heimilda um samtíma og stjórnmál sem safnið varðveitir.

d. *Verkefnið tengir Landsbókasafnið traustari böndum við háskólasamfélagið.* Stjórnmálasögusafn sem er í senn persónulegt heimildasafn og rannsóknamiðstöð um stjórnmálasögu tengir Landsbókasafnið traustari böndum við háskólasamfélagið. Það má hugsa sér að safn af þessu tagi verði snar þáttur í kennslu og í rannsóknum framhaldsnema, einnig að rannsóknabókaverðir sem tengjast því gætu reynst háskólakennurum og nemendum mikilvæg aðstoð við rannsóknir og leit að heimildum.

1336. Nefndarálit [661. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að dregið verði verulega úr ríkisstyrkjum til hafna og lögmál samkeppni og markaðssjónarmiða innleidd. Markmiðið er að etja höfnum landsins saman í verðsamkeppni sem mun að lokum leiða til fækkunar hafna og nauðsynlegrar hagræðingar að mati ráðamanna. 1. minni hluti er almennt þeirrar skoðunar að samkeppni sé hagkvæm og til hagsbóta fyrir heildina. Hér gilda hins vegar sérstök sjónarmið sem gera það að verkum að forsendur samkeppni vantar. Byggðirnar eiga allt sitt undir því að hafnirnar starfi og ef stjórnvöld búa höfnum slíkt starfsumhverfi að rekstrargrundvöllur einhverra þeirra brestur er ríkisstjórnin í reynd að taka þá pólitísku ákvörðun að leggja þær niður.

Það er mat 1. minni hluta að heiðarlegra hefði verið af ríkisstjórninni, úr því að hún hefur tekið þessa ákvörðun og vill gera þessa aðför að landsbyggðinni, að segja það hreint út hvar skuli vera byggð og hvar ekki í stað þess að etja byggðunum saman á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir. Það er eðli samkeppninnar að einhver verður undir í henni og þegar menn stofna til samkeppni um lífsbjörgina sjálfa getur tjónið orðið óbætanlegt og skyldu menn hafa það í huga þegar þeir fjalla um þessi mál. Það þarf ekki að hafa mörg orð um þær afleiðingar sem þetta mun hafa í þeim byggðum sem verða undir, t.d. hvað varðar þróun fasteignaverðs.

Fyrsti minni hluti hefur mjög miklar efasemdir um ágæti þeirra breytinga sem hér eru lagðar til og óttast að verði þær að veruleika sé verið að tefla í tvísýnu hvaða byggðir muni lifa og hverjar ekki. Einnig verður að viðurkenna að uppbygging hafna á landinu hefur ekki tekið mið af því hvar væri hagkvæmast að hafa þær. Önnur sjónarmið hafa verið höfð að leiðarljósi og þá einkum byggðasjónarmið og krafan um að þéttbýli og þéttbýliskjarnar fái notið nábýlis síns við sjávarauðlindina. Núverandi fiskveiðistjórnarkerfi gerir það að verkum að staða margra hafna og byggðarlaga ræðst fyrst og fremst af því hvar takmörkuðum sjávarafla er uppskipað. Fiskveiðistjórnarkerfið er því enn ein rök gegn þessu frumvarpi. Engar forsendur eru fyrir því nú að samþykkja lög sem gera ráð fyrir að þessar hafnir keppi sín á milli með þeim hætti sem fyrirhugað er. Í frumvarpinu felst að stjórnvöld treysta sér einfaldlega ekki til að tryggja búsetu í byggðum landsins né hafa þau dug í sér til að taka ákvörðun um það hvaða byggðir skuli lifa og hverjar ekki. Þess í stað á að etja þeim saman á ógeðfelldan hátt. Slík vinnubrögð eru þinginu ekki sæmandi og því leggst 1. minni hluti gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. mars 2003.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Kristján L. Möller.

1337. Nefndarálit [653. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Annar minni hluti fagnar því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp til fjáraukalaga nú í þinglok. Ríkisstjórnin hefur tíðkað það á undanförnum árum að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda Alþingis eftir á. 2. minni hluti hefur gagnrýnt þau vinnubrögð á Alþingi enda eru þau ekki samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Annar minni hluti lagði fram á síðasta þingi frumvarp til breytinga á lögum um fjárreiður ríkisins þess eðlis að fjármálaráðherra skuli leggja fram frumvarp til fjáraukalaga að vori og að hausti eftir því sem tilefni gefast til. Vonandi er þetta fyrirboði þess að hér eftir verði föst regla að leggja fram frumvarp til fjáraukalaga að vori í lok vorþings ef breytingar liggja fyrir á einstökum gjalda- eða teknaliðum.

Með þessu frumvarpi er verið að ráðstafa auknu fjármagni til „aðgerða í atvinnu- og byggðamálum“ þar sem 3 milljarðar kr. renna til vegamála, 1 milljarður kr. til byggingar svokallaðra menningarhúsa og 700 m.kr. til Byggðastofnunar til atvinnuþróunar.

Annar minni hluti fagnar því að aukið fjármagn sé veitt til samgöngumála og þeirra verkefna sem tíunduð eru í frumvarpinu. Þessar ákvarðanir hefði þó verið eðlilegra að taka við afgreiðslu fjárlaga í desember sl.

Annar minni hluti telur að Alþingi hefði átt að gefa sér meiri tíma er varðar forgangsröðun verkefna með tilliti til þeirra markmiða sem sett voru varðandi aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum. Enn fremur bendir 2. minni hluti á að ekki liggur fyrir sundurliðun á verkefni er varðar 1 milljarðs kr. framlag til byggingar menningarhúsa og 700 m.kr. framlag til Byggðastofnunar. Verði af þeim stórframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á Austurlandi og Grundartanga telur 2. minni hluti að horfa þurfi sérstaklega til verkefna í öðrum landshlutum.

Alþingi, 13. mars 2003.

Jón Bjarnason.

1338. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til barnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Drífu Pálsdóttur frá dómsmálaráðuneyti, Valborgu Þ. Snævarr frá sifjalaganefnd, Þórhildi Líndal, umboðsmann barna, Hrefnu Friðriksdóttur frá Barnaverndarstofu, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Reyni Tómas Geirsson og Guðbjörgu Hermannsdóttur frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Ingibjörgu Bjarnadóttur frá Félagi einstæðra foreldra, Garðar Baldvinsson frá Félagi ábyrgra feðra og Sif Konráðsdóttur frá Lögmannafélagi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Tryggingastofnun ríkisins, Dómarafélagi Íslands, Tilveru, fjölskylduþjónustu kirkjunnar,

dómstólaráði, Vilhjálmi Sigurlinnasyni, Félagi einstæðra foreldra, umboðsmanni barna, Barnaverndarstofu, Barnaheillum, Biskupsstofu, Lögmannafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Félagi ábyrgra feðra, Jafnréttisstofu, Sýslumannafélagi Íslands, barnaverndarnefnd Reykjavíkur og Læknafélagi Íslands.

Með gildandi barnalögum frá árinu 1992 voru gerðar verulegar breytingar á íslenskum barnarétti og margvísleg nýmæli tekin upp. Síðan þá hafa enn orðið miklar breytingar á viðhorfum og sjónarmiðum í barna- og fjölskyldurétti og því var talið tímabært að endurskoða lögin í ljósi fenginnar reynslu og þróunar. Við samningu frumvarpsins var jafnframt höfð sérstök hliðsjón af þeim alþjóðlegu samningum og samþykktum sem Ísland er aðili að og varða málefni á sviði barnaréttar. Sérstaklega var litið til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland er aðili að, sbr. lög nr. 18/1992, mannréttindasáttmála Evrópu og norræns samstarfs á sviði sifjaréttar. Þá var við samningu frumvarpsins jafnframt hugað sérstaklega að uppbyggingu þess hvað varðar aðgengi og skýrleika í framsetningu, ekki síst með það að markmiði að auðvelda ólöglærðum að glöggva sig á efni þess, og því er lögð til uppstokkun á kaflaskipan þess frá núgildandi lögum.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru m.a. þau að lagt er til í 1. gr. að móður verði gert skylt að feðra barn. Þrátt fyrir augljósa hagsmuni barns af því að vera feðrað hefur fram til þessa ekki þótt rétt að skylda móður til þess með beinum lagafyrirmælum en nú er talið tímabært að stíga það mikilvæga skref. Með þessu er stefnt að því að réttur barns til að þekkja foreldra sína verði virtur. Lagt er til að lögfest verði ákvæði í 5. gr. sem afdráttarlaust kveður á um að kona sem elur barn eftir tæknifrjóvgun teljist móðir þess. Hér eru sérstaklega hafðar í huga framfarir í læknavísindum og ný tækni og þannig komið í veg fyrir hugsanlegar deilur um móðerni barns við slíkar aðstæður. Þá er í 6. gr. kveðið á um réttarstöðu sæðisgjafa en sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Í 10. gr. er lögð til breyting á málsaðild í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 18. desember 2000 en þar er fjallað um heimild manns til þess að fá úr því skorið með dómi hvort hann sé faðir barns. Samkvæmt gildandi barnalögum getur sóknaraðili faðernismáls verið barnið sjálft eða móðir þess. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að ákvæði barnalaga brytu gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar. Takmarkanir barnalaga á aðild faðernismáls gætu því ekki staðið í vegi fyrir því að maðurinn fengi úrlausn dómstóla um efniskröfur sínar. Því er nú lagt til að maður sem telur sig föður barns geti höfðað faðernismál. Þá er í frumvarpinu að finna það nýmæli að sérstaklega er tiltekið að meðal forsjárskyldna sé skylda forsjármanna til að vernda barn gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Þótt leiða megi þessa skyldu af hinum almennt orðuðu ákvæðum gildandi barnalaga þykir rétt vegna mikilvægis hennar að færa hana berum orðum í barnalög. Lögð er til breyting á sjálfvirkri forsjá stjúpforeldris og sambúðarmaka þannig að þessir aðilar öðlist aðeins forsjá barns með foreldri þess þegar foreldrið fer eitt með forsjá. Í samræmi við reglur lögræðislaga um heimild foreldris til þess að ákveða hver skuli að því látnu vera fjárhaldsmaður barns er lagt til að lögfest verði heimild fyrir foreldra til þess að mæla fyrir um, með sérstakri yfirlýsingu, hver skuli fara með forsjá barns þeirra að þeim látnum. Þá er lagt til að dómstólum verði veitt heimild í vissum tilvikum til þess að dæma um meðlag og umgengni en úrlausnarvald þeirra verði þó bundið við þau mál sem dómstólar hafa til meðferðar og varða ágreining foreldra um forsjá barns eða faðerni. Fram hefur komið að áður en dómari leysir úr kröfum aðila um forsjá barns fari yfirleitt fram ítarleg rannsókn á högum þess og foreldranna. Nauðsynlegar upplýsingar liggi því fyrir í málinu til þess að einnig megi taka afstöðu til krafna um umgengni og meðlagsgreiðslur, enda séu öll þessi atriði efnislega samofin. Lagt er til að dómari fái heimild til þess að ákveða umgengni og meðlagsgreiðslur til bráðabirgða meðan forsjármál er til meðferðar, auk þess sem hann getur ákveðið að forsjá

verði áfram sameiginleg meðan mál er til lykta leitt. Með þessu er ætlunin að stuðla að því að barn haldi tengslum við báða foreldra sína undir rekstri máls og draga úr líkum á því að annað foreldrið öðlist betri stöðu en hitt ef mál dregst á langinn, auk þess að tryggja barni framfærslu beggja foreldra sinna. Skylda til að veita barni færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri er því ekki bundin við 12 ára aldur þess heldur ræðst það af atvikum máls og þroska barns hverju sinni. Loks eru lögð til ný þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti, þ.e. að umgengni verði komið á með beinni aðfarargerð ef álagning og innheimta dagsekta skila ekki viðunandi árangri.

Nefndin ræddi framangreind atriði og mörg önnur ítarlega á fjölmörgum fundum. Fram hefur komið að skv. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að móður verði skylt að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur 2. gr., um börn hjóna og foreldra í skráðri sambúð, eiga ekki við. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að börn séu feðruð og vísar í því sambandi til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem m.a. er mælt svo fyrir að barn eigi frá fæðingu rétt til, eftir því sem unnt er, að þekkja foreldra sína.

Nefndin ræddi ítarlega 28. gr. frumvarpsins, um inntak forsjár. Skv. 2. mgr. þeirrar greinar felur forsjá barns í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Það er mat nefndarinnar að við túlkun á þessu ákvæði beri að hafa hliðsjón af 19. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þar kemur fram að aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra. Lagt er til í 6. mgr. 28. gr. að foreldrum beri að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta, eftir því sem aldur og þroski þess gefur tilefni til. Það er mat nefndarinnar að í samráðsrétti felist annars vegar að foreldrum beri að hafa barnið með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar í persónulegum málum þess og hins vegar felist í samráðsréttinum viðurkenning þess að barn eigi rétt til að hafa eigin skoðanir og rétt til að láta þær í ljós og eins að foreldrar hlusti á þær. Þá verði börn jafnframt að njóta stigvaxandi réttinda miðað við aldur og þroska.

Samkvæmt 8. mgr. 28. gr. er öðru foreldri óheimilt að fara með barn úr landi án samþykkis hins. Ákvæðið hefur verið í barnalögum frá árinu 1995 og tengist aðild Íslands árið 1996 að Haag-samningi um afhendingu brottnuminna barna og Evrópusamningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna o.fl. Ákvæðið er í samræmi við meginreglur Haag-samningsins. Komið hefur fram að ástæða sé til að leggja áherslu á að hér undir falla allar ferðir til útlanda, þ.m.t. sumarleyfisferðir. Í þessu sambandi telur nefndin rétt að benda á að sé um að ræða ómálefnalega synjun foreldris vegna utanfarar barns, t.d. í sumarleyfisferð, með hinu foreldrinu er hægt að fara fram á úrskurð sýslumanns skv. 47. gr. frumvarpsins.

Í 33. og 40. gr. frumvarpsins er kveðið á um sáttaumleitan við nánar tilgreindar aðstæður. Nefndin telur rétt að aðilar nýti sér þá sérþekkingu sem til staðar er í þjóðfélaginu á sviði fjölskylduráðgjafar og sáttaumleitana.

46. gr. frumvarpsins fjallar um umgengnisrétt. Sú meginregla kemur fram í 1. mgr. að barn eigi rétt á að umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Í 2. mgr. greinarinnar er síðan kveðið á um rétt og skyldu foreldris sem barn býr ekki hjá til að rækja umgengni og samneyti við barn og er það ákvæði óbreytt frá gildandi lögum. Í 2. málsl. 2. mgr. er hins vegar lagt til að lögfest verði sú óskráða meginregla að foreldri sem nýtur umgengnisréttar greiði kostnað vegna umgengninnar nema annað sé ákveðið með samningi eða úrskurði. Nefndin leggur áherslu á að

hér er gert ráð fyrir að foreldrar geti samið sérstaklega um þessi atriði. Þá er jafnframt fyrir hendi sá möguleiki að sýslumaður ákveði að foreldri sem barn býr hjá greiði að nokkru eða öllu leyti kostnað vegna umgengninnar.

Kveðið er á um fjárnám fyrir dagsektum í 49. gr. frumvarpsins. Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að þar sem vafi hefur þótt leika á því hver teljist gerðarbeiðandi vegna kröfu um fjárnám fyrir dagsektum skal tekið fram að gerðarbeiðandi er sá sem tálmað er að njóta umgengnisréttar þótt dagsektir renni í ríkissjóð.

Samkvæmt 60. gr. frumvarpsins er heimilt að úrskurða þann sem meðlagsskyldur er til að inna af hendi sérstakt framlag vegna nánar tilgreindra útgjalda. Að gefnu tilefni telur nefndin rétt að árétta að með orðunum önnur sérstök tilefni í greininni er átt við tilefni sem eru sérstaks eðlis en ekki almenns því að reglubundnum meðlagsgreiðslum með barni er ætlað að standa straum af almennri framfærslu þess. Meðal þess sem rétt er að telja almenna framfærslu má nefna kostnað við tónlistarnám barns eða íþróttaiðkun, svo og kostnað við almennar tannviðgerðir.

Í 2. mgr. 1. gr. gildandi barnalaga segir að réttarstaða barna sé í hvívetna hin sama, nema lög mæli á annan veg. Nefndin leggur á það sérstaka áherslu að réttur barna til jafnrar réttarstöðu er varinn af ákvæðum í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, jafnframt því sem í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er m.a. mælt svo fyrir um að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum, án mismununar af nokkru tagi. Því þykir ekki lengur þörf á að hafa sérstakt ákvæði á þessa lund í barnalögum. Nefndin bendir á í þessu sambandi að ákvæði um kjörbörn eru í lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, og um málefni fósturbarna er kveðið í XII. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Fram hefur komið gagnrýni á frumvarpið hvað varðar útfærslu þess á samskiptum úrskurðaraðila samkvæmt barnalögum og barnaverndaryfirvalda. Ákveðin afskipti barnaverndarnefnda eru til staðar og bent hefur verið á að þessum málum væri ef til vill betur komið fyrir hjá félagsmálayfirvöldum. Nefndin leggur til að ekki verði hróflað við stöðu mála að svo stöddu heldur verði sifjalaganefnd falið að fylgja framkomnum athugasemdum eftir að höfðu samráði við félagsmálayfirvöld og þannig verði skoðað sérstaklega hvort rétt sé að gera breytingar á verkaskiptingu framangreindra aðila á þessu sviði.

Þar sem hér er um að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um börn telur nefndin mikilvægt að dómsmálaráðuneytið fylgi því eftir með öflugri fræðslu, jafnframt því sem vinnubrögð sýslumanna á þessu sviði verði samræmd á landsvísu hvað varðar leiðbeiningar um sambúð, upphaf hennar og slit, skilnað, inntak forsjár, sameiginlega forsjá o.s.frv., þar sem borið hefur á því að almenningur geri sér ekki nægilega grein fyrir réttaráhrifum þessu tengdum.

Að lokum er það mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að leita leiða til þess að finna lausn á þeim vanda sem tengist skattalegum ívilnunum varðandi ákvörðun um lögheimili barns.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. Lagt er til að karlmaður sem kona kennir barn sitt geti ekki lengur gengist við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu fyrir presti. Nauðsynlegt þykir að leggja til þessa breytingu þannig að ekki sé um mismunun trúfélaga að ræða.
2. Í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. kemur fram að stefnandi faðernismáls geti verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns. Lagt er til að við bætist orðin: enda hafi barnið ekki verið feðrað. Með breytingunni er lögð á það áhersla að hafi barn verið feðr-

að eftir almennum feðrunarreglum sé málshöfðun ekki heimil samkvæmt þessu ákvæði. Megintilgangurinn er að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir.

3. Lagt er til að við 5. mgr. 32. gr. bætist að sýslumanni sé skylt að senda Þjóðskrá ljósrit af staðfestum samningi foreldra um forsjá. Skv. 6. mgr. 34. gr. er dómara skylt að senda Þjóðskrá upplýsingar um niðurstöðu máls um forsjá barns á eyðublaði sem Hagstofa Íslands leggur til. Í samræmi við þetta telur nefndin eðlilegt að sýslumaður sendi Þjóðskrá umrædd gögn með hagskýrslugerð og tölfræði í huga.
4. Lagt er til að við 35. gr. bætist ný málsgrein., 9. mgr., þar sem fram kemur að ákvæði 6. mgr. 34. gr. eigi við um úrskurði skv. 1.–3. mgr.
5. 38. gr. frumvarpsins fjallar um málsmeðferð ef ágreiningur er um forsjá barns. Í 2. mgr. þeirrar greinar er það nýmæli að kveðið er á um að stefnanda máls vegna forsjár barns verði ekki gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Var þá aðallega hafður í huga bágur fjárhagur foreldris. Fram hefur komið að eðlilegt geti verið að gera kröfu um málskostnaðartryggingu, sérstaklega til þess að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir. Nefndin leggur því til að þetta verði fellt brott og telur sjónarmið um meinfýsi aðila vega þyngra en efnaleysi.
6. Lagt er til að 4. mgr. 43. gr. frumvarpsins verði umorðuð með það að markmiði að skerpa skilin milli barnalaga og barnaverndarlaga. Þannig skuli dómari tilkynna barnaverndarnefnd um aðstæður barns ef þörf er á. Ber barnaverndarnefnd þá að taka málið til meðferðar á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga og beita viðeigandi úrræðum til stuðnings barni þegar það á við. Tekið skal fram að orðalagið sem nefndin leggur hér til er sameiginleg niðurstaða fulltrúa félagsmála- og dómsmálaráðuneytis og fulltrúa Barnaverndarstofu.
7. Lagt er til að í stað orðsins „tilsjónarmanns“ í 1. málsl. 4. mgr. 48. gr. verði talað um umsjónarmann. Er það gert til þess að gæta samræmis við 4. mgr. 47. gr. en jafnframt er verið að skerpa skilin milli barnalaga og barnaverndarlaga. Í síðarnefndu lögunum hefur orðið „tilsjónarmaður“ ákveðna merkingu og þykir ekki rétt að nota það orð í barnalögum þar sem ekki er þar um sambærilega merkingu þess að ræða.
8. Lögð er til breyting á 67. gr. frumvarpsins þannig að í stað þess að Tryggingastofnun ríkisins sé skylt að greiða rétthafa greiðslna skv. IV. og IX. kafla sem á framfærslurétt hér á landi, að öðrum skilyrðum greinarinnar uppfylltum, verði hér miðað við þann sem búsettur er hér á landi, í samræmi við 2. mgr. 9. gr. a laga um almannatryggingar, nr. 117/1993.
9. Lagðar eru til breytingar á 74. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að tilvísun í 4. mgr. 43. gr. falli brott vegna þeirra breytingartillagna sem gerðar hafa verið við þá grein. Þá er lagt til að við bætist nýr málsliður sambærilegur við 5. tölul. breytingartillagna hér að framan. Hér er þó lagt til að það verði sýslumaður sem tilkynni barnaverndarnefnd um aðstæður barns.
10. Að lokum er lögð til nauðsynleg breyting á gildistöku frumvarpsins til þess að ráðuneytinu vinnist tóm til þess að vinna að gerð ýmissa leiðbeininga fyrir sýslumenn og almenning. Tekið skal fram að stefnt er að því að þær verði birtar á heimasíðu ráðuneytisins.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þuríður Backman áheyrnarfulltrúi er samþykk afgreiðslu þess.

Alþingi, 11. mars 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Jónína Bjartmarz.	Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
Ólafur Örn Haraldsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	

1339. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Nú gengst karlmaður, sem kona kennir barn sitt, við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu sinni fyrir sýslumanni, fyrir dómara í máli skv. II. kafla eða bréflega, og telst hann þá faðir barnsins.
2. Við 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. bætist: enda hafi barnið ekki verið feðrað.
3. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. 32. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Sýslumaður skal senda Þjóðskrá ljósrit af staðfestum samningi foreldra um forsjá.
4. Við 35. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði 6. mgr. 34. gr. á við um úrskurði skv. 1.–3. mgr.
5. Við 38. gr. 2. mgr. falli brott.
6. Við 43. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Ef þörf er á skal dómari tilkynna til barnaverndarnefndar um aðstæður barns. Ber barnaverndarnefnd að taka málið til meðferðar á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga og beita viðeigandi úrræðum til stuðnings barni þegar það á við.
7. Í stað orðsins „tilsjónarmanns“ í 1. málsl. 4. mgr. 48. gr. komi: umsjónarmanns.
8. Í stað orðanna „á framfærslurétt hér á landi“ í 67. gr. komi: búsettur er hér á landi.
9. Við 74. gr.
   a. Orðin „í samræmi við 4. mgr. 43. gr.“ falli brott.
   b. Við bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef þörf er á skal sýslumaður tilkynna barnaverndarnefnd um aðstæður barns. Ber barnaverndarnefnd að taka málið til meðferðar á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga og beita viðeigandi úrræðum til stuðnings barni þegar það á við.
10. Við 80. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Lög þessi taka gildi 1. nóvember 2003.

1340. Nefndarálit [254. mál]

um till. til þál. um nefnd til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Fasteignamati ríkisins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Byggðastofnun, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Félagi fasteignasala.

Í tillögunni er lagt til að kannað verði hver þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni hafi verið samanborið við höfuðborgarsvæðið.

Nefndin leggur til breytingar á tillögugreininni. Auk orðalagsbreytinga þykir nauðsynlegt að tiltaka hvaða tímabil skuli skoðað og jafnframt er lengdur sá frestur sem nefndin hefur til að ljúka starfi sínu.

Nefndin tekur undir efni tillögunnar og leggur til að hún verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið síðastliðin tíu ár. Nefndin skoði ítarlega hvernig fasteignir fólks á landsbyggðinni hafi rýrnað í verði og þá hversu mikið, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2003.

Hjálmar Árnason og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. mars 2003.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Gunnar Birgisson.	Árni R. Árnason.
Adolf H. Berndsen.	Össur Skarphéðinsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

1341. Frumvarp til laga [713. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Chia, Mary Celestine, f. 12. maí 1967 í Singapúr.
2. Cybulska, Marzenna Katarzyna, f. 24. nóvember 1978 í Póllandi.
3. Fadel, Fadel Abd El Mogeth, f. 6. desember 1973 í Egyptalandi.
4. Gokorian, Alla, f. 28. febrúar 1972 í Rússlandi.
5. Kristbjörnsson, Gemma Fernandez, f. 12. október 1969 á Filippseyjum.
6. Michel, Marie Jacqueline Belinda, f. 6. desember 1964 í Máritíus.
7. Padron, Jaliesky Garcia, f. 28. janúar 1975 á Kúbu.
8. Vassell, Keith Christophe, f. 28. júlí 1971 í Kanada.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefur borist 21 umsókn um ríkisborgararétt á seinni hluta 128. löggjafarþings en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 8 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

1342. Nefndarálit [661. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Það frumvarp sem hér er til umræðu er í helstu atriðum samhljóða því frumvarpi sem samgönguráðherra lagði fram á Alþingi fyrir einu ári.

Það er samdóma álit þeirra sem sendu inn umsagnir á síðasta þingi að þörf sé á því að endurskoða lögin. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram á síðasta þingi og eru þær flestar til bóta. Hugmyndafræðin er þó óbreytt og langtímaáhrif þessarar lagasetningar, ef af henni verður, munu verða gífurleg á byggðir á Íslandi og reynast fiskihöfnum vítt og breitt um landið þung í skauti.

Helstu nýmæli í þessu frumvarpi frá gildandi hafnalögum eru tilgreind í greinargerð með frumvarpinu en þar segir:

1. Gert er ráð fyrir að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra.

2. Leyft verður að reka hafnir undir fleiri rekstrarformum, þ.m.t. undir hlutafélagaforminu.
3. Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra hafna landsins.
4. Móttökuskylda hafna er skilgreind.
5. Ríkisafskipti af höfnum eru minnkuð en áfram er gert ráð fyrir að viðhaldsdýpkanir, lagfæringar og viðhald á skjólgörðum sé greitt að hluta til úr ríkissjóði.
6. Framtíð smærri fiskihafna er betur tryggð en í núgildandi lögum.
7. Önnur stjórnvaldsafskipti af höfnum eru betur skilgreind.

Annar minni hluti gerir sérstakar athugasemdir við lið 1 og 2 í framangreindri upptalningu.

Hafnirnar eru hluti grunnnets samgöngukerfis landsins og hafa byggst upp vegna samgangna á sjó og sem nauðsynleg þjónustumannvirki fyrir fiskiskipaflotann. Hafnirnar eru forsenda atvinnulífs og búsetu í sjávarþorpum og bæjum víða um land. 2. minni hluti lítur því á hafnir í flestum tilvikum sem þjónustumannvirki, hluta af almannaþjónustu við atvinnulíf og búsetu í landinu. Hugmyndafræðin að baki frumvarpinu felst í því að heimila einkavæðingu hafnarmannvirkja vítt og breitt um landið og innleiða frjálsa samkeppni hafna innbyrðis, þ.e. að láta þær keppa hverja við aðra um að fá til sín viðskipti og þjónustu. Samkvæmt frumvarpinu verður dregið verulega úr ríkisstyrkjum til hafna og notendum hafnanna, einkum sjávarútveginum, gert að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum og viðhaldi hafnanna. Búast má við harðri samkeppni milli hafna þegar fram líða stundir og í slíkri samkeppni munu einhverjar hafnir óhjákvæmilega verða undir.

Í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins segir: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélög geti framselt rekstur hafna til annars rekstrarforms skv. 3. tölul. 8. gr. Gert er almennt ráð fyrir að slíkt félag verði áfram í eigu viðkomandi sveitarfélags en þó eru í frumvarpinu engar takmarkanir settar á að sveitarfélög geti síðar selt hlut sinn öðrum aðilum."

Annar minni hluti getur ekki fallist á þessa einkavæðingarhugmyndafræði sem teygir sig sífellt lengra inn á svið almannaþjónustunnar.

Loks gagnrýnir 2. minni hluti þá tæmandi sundurliðun gjaldheimilda sem finna má í 17. gr. frumvarpsins. Greinilegt er að ákvæðið er eingöngu sniðið að stórum umsvifamiklum höfnum og ljóst að smærri hafnir eiga óhægt með að sundurliða og kostnaðargreina sín gjöld eins og krafist er. Þá er ljóst að tæmandi talning gjaldheimilda getur verið mjög heftandi í starfsemi hafna.

Með vísan til framangreinds getur 2. minni hluti ekki stutt frumvarpið.

Alþingi, 13. mars 2003.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Umsagnir um frumvarp til hafnalaga (386. mál á 127. löggjafarþingi).

Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna. (25. mars 2002.)

Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. (26. mars 2002.)

Umsögn Vélstjórafélags Íslands. (15. mars 2002.)

Umsögn Ísafjarðarbæjar. (8. apríl 2002.)

1343. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Við 31. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:
   Við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við slit óvígðrar sambúðar foreldra, skulu þeir ákveða hvar barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu.
   Foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns nema sérstaklega sé samið um að forsjá þess skuli vera í höndum annars hvors.
2. Við 32. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Foreldrar, sem ekki fara sameiginlega með forsjá barns, geta samið um að forsjáin verði sameiginleg.
   b. Í stað orðanna „samningur um sameiginlega“ í 2. mgr. komi: sameiginleg.

1344. Nefndarálit [59. mál]

um till. til þál. um skipulagða áfallahjálp í sveitarfélögum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið í samstarfi við sveitarfélög að koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga. Tillagan gerir ráð fyrir að í hverju sveitarfélagi eða í samstarfi nærliggjandi sveitarfélaga verði komið á markvissri stjórn áfallahjálpar sem bregðast mundi við ef þörf krefði

Að mati nefndarinnar er mikilvægt að skipulagðri áfallahjálp verði komið á alls staðar á landinu. Ljóst er að á sumum stöðum er þegar gert ráð fyrir þessari aðstoð og því ekki þörf á að hreyfa við málum þar.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar.

Ásta Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Oddur Kristjánsson og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2003.

Jónína Bjartmarz, form., frsm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Katrín Fjeldsted. Þuríður Backman.

1345. Frumvarp til laga [597. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(Eftir 2. umr., 13. mars.)

I. KAFLI

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 133/1993, bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir orðunum „að Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 138/1996, kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í a-lið 1. mgr. 133. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1999, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 3. mgr. 17. gr. laganna bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/2001:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. 2. mgr. orðast svo:

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

6. gr.

Við 13. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2001, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.

II. KAFLI

Félagsmálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

8. gr.

Á eftir orðunum „til annars EES-ríkis“ í 4. málsl. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 47/1998, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

9. gr.

Á eftir orðunum „í EES-landi“ í 6. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

10. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu að greiða ríkisborgara í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

Breyting á lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, með síðari breytingum.

11. gr.

Á eftir orðunum „til annars EES-ríkis“ í 4. málsl. 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1998, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

12. gr.

Á eftir orðunum „í öðrum EES-ríkjum“ í 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

13. gr.

Við 6. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

14. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

III. KAFLI

Fjármálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

15. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 8. tölul. 11. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 143/1997, kemur: eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

16. gr.

Á eftir orðunum „ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum.

17. gr.

Við 1. tölul. 5. mgr. 6. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

18. gr.

2. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „ríki Evrópska efnahagssvæðisins“ í skilgreiningu hugtaksins *evrópskt tæknisamþykki* kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í skilgreiningu hugtaksins *sameiginleg tækniforskrift* kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

20. gr.

Á eftir orðunum „ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í c-lið 7. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

21. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

IV. KAFLI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

22. gr.

2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993 og 4. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunarleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðanna „og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993 og 10. gr. laga nr. 76/2002, kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

24. gr.

2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993 og 14. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ljósmæðraleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.

25. gr.

2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993 og 16. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tannlækningaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

26. gr.

2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993 og 18. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi frá landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

27. gr.

2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993 og 19. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á lækningaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

28. gr.

2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993 og 21. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

V. KAFLI

Iðnaðarráðuneyti.

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

29. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. a laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1996 og 1. gr. laga nr. 132/1997, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ákvæðin taka einnig til ríkisborgara og lögaðila aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

30. gr.

Á eftir orðunum „samningi um Evrópska efnahagssvæðið“ í 2. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

31. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 69/2002, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sama réttar.

VI. KAFLI

Landbúnaðarráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, með síðari breytingum.

32. gr.

6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 150/2001, orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM), skuldbindingar Íslands skv. I. og II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og skuldbindingar Íslands samkvæmt viðauka F við stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

33. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi landbúnaðarráðherra, fengið viðurkenningu til að starfa sem sérfræðingur í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Umsóknir um sérfræðingsleyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.

Breyting á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt.

34. gr.

Á eftir orðunum „að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

35. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 4. tölul. 18. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

36. gr.

Fyrri málsliður 24. gr. laganna orðast svo: Hafi yrkishafi hvorki búsetu eða aðsetur hér á landi, í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu er unnt að beina erindum til umboðsmanns hans.

VII. KAFLI
Menntamálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.

37. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1997, 1. gr. laga nr. 49/2001 og 1. gr. laga nr. 127/2002, orðast svo:

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipanir 89/48/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, 92/51/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, eða 1999/42/EB, sem og viðauka við þær svo sem þeir eru á hverjum tíma, sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu ná til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

38. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 76/1994, kemur: og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

39. gr.

Á eftir orðunum „annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

40. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal menntamálaráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari með sömu skilyrðum enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

VIII. KAFLI

Samgönguráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

41. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1995, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

42. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 60/1995 og 14. gr. laga nr. 7/1996, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

43. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1995, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.

44. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

45. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. 127. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

46. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Fólks-, vöru- og efnisflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins og milli aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Þeir sem hafa almennt leyfi skv. 4. gr. geta sótt um leyfi til Vegagerðarinnar til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga á milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða innan lands í þeim ríkjum. Vegagerðin veitir slík leyfi á grundvelli reglna sem um slík leyfi gilda. Sama gildir um leyfi sem veitt eru á grundvelli samninga við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

47. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum, EES-

samningnum, sbr. tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB frá 22. nóvember 1994, um lágmarksþjálfun sjómanna, sbr. tilskipun ráðsins nr. 98/35/EB frá 25. maí 1998, og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

48. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. kemur: og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í síðari málslið 5. mgr. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

49. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um umsóknir frá ríkisborgurum aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

IX. KAFLI
Viðskiptaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

50. gr.

Við 36. gr. d laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 14/1995, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ef ákvæði samnings tengist landsvæði aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu með samsvarandi hætti skal neytandinn eigi njóta lakari verndar en samkvæmt löggjöf viðkomandi lands á svæðinu.

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

51. gr.

Í stað orðanna „aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1997 og 62. gr. laga nr. 76/2002, kemur: í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 159/1994, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

52. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sama réttar og í ákvæðunum felast enda sé um gagnkvæmni að ræða.

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

53. gr.

Í stað orðanna „í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 117/1997 og 67. gr. laga nr. 76/2002, kemur: í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir.

54. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í b-lið 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

55. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í a-, b- og c-lið 22. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

X. KAFLI

Gildistaka.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1346. Þingsályktun [618. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 989.

1347. Þingsályktun [619. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 990.

1348. Þingsályktun [638. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1034.

1349. Þingsályktun [639. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2002 og 165/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1035.

1350. Þingsályktun [663. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1079.

1351. Þingsályktun [664. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1080.

1352. Þingsályktun [665. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1081.

1353. Þingsályktun [666. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1082.

1354. Þingsályktun [667. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1083.

1355. Þingsályktun [668. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1084.

1356. Lög [464. mál]

um breyting á lögum um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti (stjórnsýsla almannavarna).

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1249.

1357. Lög [427. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1166.

1358. Lög [375. mál]

um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1252.

1359. Lög [538. mál]

um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1169.

1360. Lög [391. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1182.

1361. Lög [611 mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 974.

1362. Lög [552. mál]

um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1328.

1363. Lög [598. mál]

um breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97 10. maí 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 959.

1364. Lög [671. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 1091.

1365. Frumvarp til laga [544. mál]

um Orkustofnun.

(Eftir 2. umr., 13. mars.)

1. gr.

Orkustofnun er sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Orkustofnunar er:

1. að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál,
2. að standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotnsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra,

3. að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings,
4. að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins og hafsbotnsins,
5. að stuðla að samvinnu þeirra sem sinna orkurannsóknum og samræmingu á rannsóknarverkefnum,
6. að fylgjast í umboði ráðherra með framkvæmd opinberra leyfa sem gefin eru út til rannsóknar og nýtingar jarðrænna auðlinda og reksturs orkuvera og annarra meiri háttar orkumannvirkja,
7. að annast umsýslu Orkusjóðs.

Orkustofnun skal enn fremur annast önnur stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Orkustofnun er heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd skilgreindra verkefna, sbr. 2. og 3. tölul. 1. mgr. Leita skal staðfestingar ráðherra á samningum sem gerðir eru til lengri tíma en tveggja ára.

Orkustofnun er heimilt að hafa samvinnu við stofnanir eða fyrirtæki um þjónustustarfsemi, svo sem rekstur húsnæðis, símvörslu, tölvuþjónustu o.fl.

3. gr.

Starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Skal einingin standa undir þeim kostnaði sem af starfsemi hennar hlýst með sölu á þjónustu.

Í reikningum og fjárveitingum til Orkustofnunar skal sérgreina það fé sem varið er til rannsókna skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Jafnframt skal fé sem varið er til kaupa á þjónustu vatnamælinga sérgreint.

4. gr.

Orkustofnun skal gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn um þau verkefni sem stofnunin vinnur að skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Skal hún endurskoðuð árlega og lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

5. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann Orkustofnunar til fimm ára í senn. Nefnist hann orkumálastjóri. Orkumálastjóri fer með stjórn og daglegan rekstur Orkustofnunar. Orkumálastjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

6. gr.

Hjá Orkustofnun skal starfa orkuráð. Ráðherra skipar fimm menn í orkuráð til fjögurra ára í senn. Verkefni orkuráðs skulu m.a. fólgin í ráðgjöf við framkvæmd verkefna skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. og að gera tillögur um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Um starfssvið orkuráðs skal nánar mælt í reglugerð.

7. gr.

Ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlunargerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins skal framkvæmdaraðili endurgreiða Orkustofnun þann kostnað þegar honum er veitt virkjunar- eða nýtingarleyfi. Kostnaðarliðir skulu framreiknaðir með vísitölu neysluverðs til gjalddaga. Orkustofnun skal leggja fram rökstudda

greinargerð um endurgreiðslukröfu í hverju tilviki. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal hann lagður í gerð þriggja manna að kröfu annars aðila eða beggja á grundvelli laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Endurgreiddu fé skal varið til að fjármagna rannsóknir á orkulindum landsins sem gerðar eru skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara.

8. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra. Orkustofnun annast daglega umsýslu Orkusjóðs.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Þetta skal gert með því:

1. að veita lán til að leita að jarðvarma þar sem hagkvæmt þykir til að draga úr kostnaði þjóðfélagsins við upphitun húsnæðis,
2. að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda,
3. að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi,
4. að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni.

Orkusjóði er ekki heimilt að veita Orkustofnun styrki eða lán af fé sjóðsins.

Tekjur Orkusjóðs eru:

1. vextir af fé sjóðsins,
2. fé það sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er að semja við aðila, sem hafa leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.

Orkuráð skal gera tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Í reglugerð skal mæla nánar fyrir um skilyrði fyrir framlögum úr Orkusjóði, undirbúning úthlutunar, lánveitingar, þ.m.t. um vexti og önnur útlánakjör, greiðslur, eftirlit með framkvæmdum sem Orkusjóður veitir fé til og heimildir til að fella niður endurgreiðsluskyldu lántaka.

9. gr.

Ráðherra getur í reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Orkustofnunar og framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

I. kafli orkulaga, nr. 58/1967, og lög nr. 49/1999, um Orkusjóð, falla brott 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Iðnaðarráðherra ákveður í samráði við Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir hvaða eignir og skuldir Orkustofnunar skuli tilheyra hvorri stofnun. Þó skulu allar rannsóknaniðurstöður og gagnasöfn sem fjármögnuð hafa verið með opinberu fé áfram vera eign Orkustofnunar.

1366. Frumvarp til laga [545. mál]

um Íslenskar orkurannsóknir.

(Eftir 2. umr., 13. mars.)

1. gr.

Íslenskar orkurannsóknir eru sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Íslenskra orkurannsókna er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Íslenskra orkurannsókna til fjögurra ára og ákveður stjórnarlaun.

Stjórnin hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun hennar og starfsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal send ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Forstjóri Íslenskra orkurannsókna er ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar og ákveður starfssvið þess. Hann hefur á hendi daglega stjórn Íslenskra orkurannsókna og umsjón með rekstri.

5. gr.

Íslenskar orkurannsóknir starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afla sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði Íslenskra orkurannsókna.

6. gr.

Íslenskum orkurannsóknum er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð.

7. gr.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Íslenskra orkurannsókna og framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmönnum rannsóknasviðs Orkustofnunar, sem lagt er niður með lögum um Orkustofnun, skal boðið sambærilegt starf hjá Íslenskum orkurannsóknum. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

1367. Frumvarp til laga [488. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. mars.)

1. gr.

6. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: *Rafræn vöktun:* Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:

a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Rafræn vöktun.

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.

3. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1368. Nefndarálit [680. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Snorra Rúnar Pálmason og Guðríði Margréti Kristjánsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða, sem íslensk stjórnvöld skuldbundu sig til með undirritun EES-samningsins. Eitt meginmarkmið

tilskipunarinnar er að samræma eftirlit og kveður hún á um nánari skilgreiningu þeirra heilbrigðisskilyrða sem þarf að uppfylla svo milliríkjaviðskipti geti átt sér stað með lifandi eldisdýr innan og utan EES. Meginreglan samkvæmt tilskipuninni er sú að inn- og útflutningur fyrrgreindra afurða innan EES er heimill, enda sé heilbrigði dýra og afurða vottað af opinberum eftirlitsaðilum, hérlendis embætti yfirdýralæknis.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að engar reglur séu í gildi um innflutning á dýrum þar sem bráðabirgðaákvæði laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, sem kvað á um að sjávarútvegsráðherra skyldi veita leyfi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra eða lindýra sem lifa í söltu vatni gilti einungis til 31. desember 2002. Með innleiðingu tilskipunarinnar fæst nauðsynlegt stjórntæki til að gæta þess að innflutningur á sjávardýrum til eldis verði í samræmi við reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og að einungis verði flutt inn eldisdýr sem eru laus við sjúkdóma sem ekki fyrirfinnast hér á landi.

Til að tryggja óbreytt heilbrigðisástand hafa fisksjúkdómayfirvöld óskað eftir viðbótartryggingu gagnvart alvarlegustu sjúkdómum, en sú trygging kveður á um sérstakar heimildir stjórnvalda til að verjast smitsjúkdómum á öflugri hátt en ella og takmarka innflutning frá löndum þar sem þeir finnast. Eru því miklir hagsmunir í húfi fyrir heilbrigði íslenskra fiskistofna. Formleg staðfesting ESA þess efnis fæst þó ekki fyrr en eftir innleiðingu tilskipunarinnar.

Þá kom einnig fram að lögfesting tilskipunarinnar er til þess fallin að bæta stöðu útflutningsgreina með því að geta sýnt fram á að svæðið uppfylli EES-reglur og sé laust við sjúkdóma fáist gæðastimpill á útflutningsvörur.

Nefndin telur málið mjög þarft og mælir með því að það verði **samþykkt óbreytt.**

Guðmundur Hallvarðsson var fjarverandi við afgreiðslu máls þessa.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 12. mars 2003.

Árni R. Árnason, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Adolf H. Berndsen.	Hjálmar Árnason.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	

1369. Breytingartillaga [680. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

Frá Árna R. Árnasyni.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

1370. Nefndarálit [421. mál]

um frv. til l. um Lýðheilsustöð.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Að lokinni umfjöllun nefndarinnar um málið hefur minni hlutinn komist að þeirri niðurstöðu að óvarlegt sé að samþykkja frumvarpið eins og það er úr garði gert.

Stór hluti umsagnaraðila taldi málið vanbúið og að vinna þyrfti það betur. Landlæknisembættið lagði til að frumvarpið í heild yrði unnið nánar og endurskoðað enda þyrfti að vinna grunnhugmynd málsins betur. Lagði landlæknir m.a. til að skilgreining á lýðheilsu yrði endurskoðuð og hugað nánar að málefnum sem ekki tengdust lögbundnum nefndum og ráðum, sem fara t.d. með mál tengd geðrækt, hreyfingu og umhverfisþáttum. Einnig yrði hugað að almennu lýðheilsustarfi, kostum lýðheilsuskóla og mati á hagkvæmni þess að fella starfsemi lýðheilsustöðvar að núverandi skipulagi lýðheilsumála í landinu í stað þess að setja nýja stofnun á fót, t.d. með því að koma starfseminni fyrir hjá landlæknisembættinu eða efla heilsugæsluna í Reykjavík. Í umsögn Læknafélags Íslands komu m.a. fram efasemdir um réttmæti þess að setja nýja stofnun yfir margvíslegt forvarnastarf sem þegar er í landinu. Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn frumvarpinu og telur fjármunum betur varið til verkefna en frekari yfirbyggingar yfir starfsemi sem sé nú þegar í góðu horfi og undir það sjónarmið tekur m.a. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og telur að ákvarða þurfi betur umfang stöðvarinnar. Þá má nefna að Geðverndarfélag Íslands sagði ljóst að frumvarpið þyrfti rækilegrar endurskoðunar við áður en það yrði afgreitt sem lög frá Alþingi. Á heildina litið telja flestir umsagnaraðilar að hlutverk þessarar nýju stofnunar sé illa skilgreint og að fjármunum verði örugglega betur varið með auknu samstarfi fagnefnda og -ráða með aðstoð stofnana sem fyrir eru í stað þess að auka við yfirbygginguna sem hefur í för með sér verulegan kostnað fyrir ríkissjóð.

Valdsvið forstjóra gagnvart landsnefnd og sérfræðiráði er illa skilgreint. Ekki er ljóst hver ber ábyrgð á faglegum ákvörðunum, forgangsröðun verkefna og skiptingu fjármagns. Einnig má deila um hvort staðsetning stöðvarinnar í stjórnkerfinu sé rétt, þ.e. sem sjálfstæð lítil eining undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Að mati margra umsagnaraðila er hlutverk lýðheilsustöðvarinnar illa skilgreint og óljóst hvert starfrænt samhengi við aðrar stofnanir, sérstaklega embætti landlæknis, er og tekur minni hlutinn undir það. Heilsugæslan taldi hlutverk sitt samkvæmt frumvarpinu óljóst og mörk verksviðs hennar og Lýðheilsustöðvarinnar loðin. Nauðsynlegt hefði verið að endurskoða lög um hlutverk landlæknis, heilsugæslunnar og ýmissa sérfræðiráða samhliða lagasetningu um lýðheilsustöð.

Við stofnun Lýðheilsustöðvar er nauðsynlegt að skilgreina hvar hún á best heima í stjórnkerfinu, ekki síst þegar hugað er að þverfaglegu hlutverki hennar. Lýðheilsustöð verður að starfa í samhengi við aðrar stofnanir sem vinna að lýðheilsumálefnum. Sérstaklega var vakin athygli á núverandi hlutverki landlæknisembættisins í lýðheilsustarfi í frumvarpinu. Hefð er fyrir því að landlæknisembættið sinni svipuðum verkefnum og hinni nýju stöð er ætlað, þ.e. fræðslu, samræmingu og samstarfi. Samhliða lagasmíð um stofnun lýðheilsustöðvar hefði því óhjákvæmilega þurft að endurskoða lög um landlæknisembættið. Án slíkrar endurskoðunar munu starfssvið landlæknis og stöðvarinnar skarast, hætta er á að heildarsýn verði óljós, hlutverkaskipting ómarkviss og þar með verði hin nýja Lýðheilsustöð ekki sú efling fyrir lýðheilsustarf sem efni standa til. Embætti landlæknis nýtur trausts og virðingar og er þekkt

fræðslustofnun um lýðheilsumálefni. Hætta er á að þetta glatist ef starfsemin verður flutt til nýrrar stofnunar sem er óþekkt meðal almennings. Því þarf að meta hvort lýðheilsustofnunin eigi ekki að vera hluti af embættinu eða hvort starfseminni sé betur borgið á annan hátt.

Rannsóknarhlutverk stöðvarinnar er alltof veikt í frumvarpinu og þarf að vera miklu meira og ákveðnara en gert er ráð fyrir. Lýðheilsustöð þarf að vera leiðandi afl í því að finna og greina þekkingu á heilsufari þjóðarinnar og þarf starf hennar að taka m.a. til félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra þátta. Vegna þessa er grundvallaratriði að rannsóknir séu óaðskiljanlegur hluti stofnunarinnar. Þetta vantar í frumvarpið.

Mjög óskýrt er hvaða umboð eða hlutverk landsnefndin hefur í starfsemi stöðvarinnar, t.d. hvaða fjárveitingar hún hefur. Sérstaklega þarf að skýra betur valdsvið hennar gagnvart forstjóra og landlækni. Hætta er á að landsnefndin verði stórt og þunglamalegt bákn. Á þetta bendir m.a. Félag um lýðheilsu og tekur minni hlutinn undir það.

Frumvarpið markast um of af núverandi starfsemi einstakra ráða í stað heildarsýnar. Benda má á að fjöldi fagráða starfar á vegum landlæknisembættisins, t.d. um mæðravernd, ung- og smábarnavernd, hjarta- og æðasjúkdóma og um öldrun. Í frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir því hvort breyting verði á hlutverki þeirra við skipan sérfræðiráða Lýðheilsustöðvarinnar. Þetta endurspeglar þann þrönga ramma sem stöðinni er skapaður með sameiningu aðeins fjögurra ráða.

Sá rammi sem frumvarpið gefur varðandi fjármögnun er takmarkaður við tvo starfsmenn, auk þeirra sem fylgja ráðunum fjórum, og gefur því ekki mörg ný sóknarfæri til að efla lýðheilsu á Íslandi. Í frumvarpinu vantar upp á að Lýðheilsustöðinni sé tryggður fastur tekjustofn í fjárlögum sem nægi henni til að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem bíða.

Málefni lýðheilsu á Íslandi, sem eru heilbrigðismál í sínum víðasta skilningi, eru ákaflega mikilvægur málaflokkur og munu hafa afgerandi áhrif á það hvernig íslenskri þjóð vegnar. Því er mikilvægt að vel sé vandað til undirbúnings stofnunar Lýðheilsustöðvar. Engum er greiði gerður með flýtilausnum í þessu efni og mjög slysalegt og jafnvel hættulegt fyrir þróun í lýðheilsumálum þjóðarinnar ef rokið er til og stofnun sett á laggirnar sem hefur enga burði til að vera sú lyftistöng sem þarf vegna ónógs undirbúnings. Því miður ber þetta frumvarp þess merki að engin heildarstefna hefur verið tekin í málaflokknum, engin yfirsýn og athugun á núverandi starfsemi og samræmingu og samhæfingu hennar hefur farið fram. Þá er stefnumótun í lýðheilsumálum ekki fyrir hendi í þessu frumvarpi.

Minni hlutinn er hlynntur hugmynd um stofnun Lýðheilsustöðvar en eins og reifað hefur verið hér að framan er málið allt illa undirbúið og allsendis vanbúið til afgreiðslu frá Alþingi. Það væri því góðu málefni til trafala að samþykkja frumvarpið í þessu formi.

Alþingi, 11. mars 2003.

Ásta R. Jóhannesdóttir, frsm.	Björgvin G. Sigurðsson.	Þuríður Backman.

1371. Fyrirspurn [714. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðakvóta.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver voru markmið Byggðastofnunar við úthlutun byggðakvótans, sem stofnunin hefur til ráðstöfunar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum um stjórn fiskveiða, og hvaða reglum var fylgt við úthlutun hans?
2. Hverjir fengu úthlutað byggðakvóta og í hvaða magni?
3. Hver hefur verið þróun fiskveiðiheimilda, landaðs afla og skipastóls í þeim byggðum sem byggðakvóta var ráðstafað til?
4. Hvaða áhrif má ætla að þessi aukning aflaheimilda muni hafa á skilyrði til búsetu í þeim byggðum sem hér um ræðir?

Skriflegt svar óskast.

1372. Nefndarálit [421. mál]

um frv. til l. um Lýðheilsustöð.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Svein Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurð Guðmundsson frá landlæknisembættinu og slysavarnaráði, Hauk Valdimarsson og Harald Briem frá landlæknisembættinu, Lúðvík Ólafsson og Þórunni Ólafsdóttur frá Heilsugæslunni í Reykjavík, Gunnar Ármannsson og Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands, Geir Gunnlaugsson og Valgerði Gunnarsdóttur frá Félagi um lýðheilsu, Þorgrím Þráinsson frá tóbaksvarnanefnd, Þorgerði Ragnarsdóttur frá áfengis- og vímuvarnaráði, Helgu Ágústsdóttur frá tannverndarráði og Laufeyju Steingrímsdóttur frá manneldisráði

Umsagnir bárust frá Árvekni, Umhverfisstofnun, manneldisráði, tannverndarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, landlækni, Læknafélagi Íslands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Samtökum sykursjúkra, Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands, áfengis- og vímuvarnaráði, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, tóbaksvarnanefnd, Félagi um lýðheilsu, slysavarnaráði, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Lyfjastofnun. Einnig var stuðst við umsagnir sem bárust þegar málið var til meðferðar á 127. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði Lýðheilsustöð og er markmið hennar að efla lýðheilsu með því að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum. Lýðheilsustöðinni er m.a. ætlað að efla og samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu. Lagt er til að áfengis- og vímuvarnaráð, mann-

eldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnanefnd starfi innan Lýðheilsustöðvar og verði sérfræðiráð hennar. Einnig er gert ráð fyrir að ýmis heilsueflingar- og forvarnaverkefni verði flutt til hennar, m.a. tannverndarráð, gigtarráð og Árvekni.

Við umfjöllun málsins var rætt nokkuð um hvaða áhrif Lýðheilsustöð hefði á þá starfsemi á sviði lýðheilsu sem fyrir er. Var þar einkum komið inn á skörun við verkefni landlæknisembættisins og heilsugæslunnar. Lögbundið hlutverk landlæknis er að vera ráðgjafi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, annast faglegt eftirlit með heilbrigðisstéttum og heilbrigðisstofnunum og lyfjanotkun, sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu, annast skýrslugerð um heilbrigðisþjónustu og bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna. Í þessu samhengi er jafnframt vert að geta um ný og þýðingarmikil verkefni landlæknis, svo sem ábyrgð hans á lyfjagagnagrunni samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum og læknalögum sem nefndin hefur nýlega afgreitt. Ekki er gert ráð fyrir að Lýðheilsustöð muni breyta að neinu leyti hlutverki landlæknis. Við umfjöllun málsins kom fram athugasemd um að eitt af hlutverkum Lýðheilsustöðvar um að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um stefnumótun á sviði lýðheilsu skaraðist við ráðgjafarhlutverk landlæknis. Meiri hlutinn sér hins vegar enga annmarka á því að þessir aðilar sinni ráðgjafarhlutverkum sínum samhliða heldur telur þvert á móti til bóta að tveir aðilar veiti ráðgjöf í stað eins áður. Það er því ítrekað að ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessu hlutverki landlæknis. Þá vill meiri hlutinn taka fram að þótt ekki séu í lögum eða reglugerðum ákvæði um verkefni landlæknis á sviði forvarna og lýðheilsu hefur landlæknir einnig sinnt ýmsum verkefnum á þessu sviði og er gert ráð fyrir að svo verði áfram en að það verði gert í samráði og samvinnu við Lýðheilsustöð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir náinni samvinnu milli Lýðheilsustöðvar og landlæknis enda mun landlæknir sitja í landsnefnd um lýðheilsu skv. 4. gr. og tilefna fulltrúa í sérfræðiráð þau sem starfa hjá Lýðheilsustöð skv. 5. gr.

Við umfjöllun málsins var rætt um hlutverk fagráða þeirra sem starfa hjá landlæknisembættinu. Fagráðin voru sett á fót í upphafi ársins 2000 í þeim tilgangi að vera landlækni til ráðgjafar um áherslur í forvarnastarfi, heilsuvernd og heilsueflingu á ýmsum sviðum heilsugæslu. Er fagráðunum ætlað að gera tillögur til landlæknis um áherslur í heilsuvernd á hverjum tíma, m.a. við gerð klínískra leiðbeininga, kynningu og fræðslu fyrir fagfólk og gerð fræðsluefnis fyrir almenning. Fagráðin eru því vettvangur nýrra hugmynda og þróunarstarfs landlækni til ráðgjafar varðandi þróun á viðkomandi sérsviðum. Starfandi eru átta fagráð, um geðvernd, heilsueflingu, heilsuvernd aldraða, heyrnarvernd, mæðravernd, sjónvernd, ung- og smábarnavernd og vinnuvernd, auk stýrihóps um sjálfsvígsforvarnir. Lítur meiri hlutinn svo á að við mótun hlutverks Lýðheilsustöðvar verði skerpt á verkaskiptingu milli þessara aðila, annars vegar á hlutverkum fagráða sem starfa hjá landlækni og hins vegar fagráðum sem starfa hjá Lýðheilsustöð.

Við umfjöllun málsins var rætt hvernig hlutverk Lýðheilsustöðvar skarast við verkefni heilsugæslunnar en hún á lögum samkvæmt að sinna heilsuvernd og forvörnum. Heilsugæslan í Reykjavík sinnir ráðgjafarþjónustu fyrir heilsugæslustöðvar á landsvísu, t.d. á sviði mæðraverndar og barnaverndar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að heilsugæslan muni eftir sem áður starfa að forvörnum á þessum sviðum og öðrum. Meiri hlutinn telur að með tilkomu Lýðheilsustöðvar eigi það starf að geta eflst. Til að mynda má gera ráð fyrir að Lýðheilsustöðin muni sjá um gerð kennslu- og fræðsluefnis sem hægt verður að nýta í heilsugæslunni og á öðrum heilbrigðisstofnunum. Margar heilsugæslustöðvar eru litlar með fáu starfsfólki og því hafa þær ekki forsendur til að búa til eigið fræðsluefni. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöðin muni hafa samstarf við allar heilsugæslustöðvar á landinu og m.a. láta þeim í té kennsluefni, fræðslu og þjálfun til að starfa að bættri

lýðheilsu á hverjum stað. Að mati meiri hlutans mun Lýðheilsustöðin því ekki taka við hlutverki heilsugæslustöðva heldur sé hún til þess fallin að bæta enn þjónustu þeirra við íbúa á hverjum stað.

Við umfjöllun um málið komu fram áhyggjur af því að Lýðheilsustöðin yrði til þess að draga úr starfsemi frjálsra félagasamtaka. Þó komu þau sjónarmið einnig fram að hún yrði til að efla og ýta undir starf þeirra en henni er m.a. ætlað að hafa samræmingar- og fræðsluhlutverk og styðja við frjáls félagasamtök og stofnanir. Meiri hlutinn treystir því að Lýðheilsustöðin leiði til þess að starfsemi frjálsra félagasamtaka eflist og áfram verði nýttur sá mikli auður sem felst í starfi þeirra.

Til umræðu kom hvernig rannsóknir tengjast hlutverki Lýðheilsustöðvar. Eitt af hlutverkum hennar verður að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna á sviði lýðheilsu og samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir. Niðurstöður rannsókna eru jafnan grundvöllur forvarnastarfs og mun Lýðheilsustöðin taka þátt í og stuðla að rannsóknum bæði innan stöðvarinnar og í samstarfi við aðra.

Meiri hlutinn lítur svo á að með frumvarpinu sé lagður grunnur að eflingu forvarnastarfs á mörgum mikilvægum sviðum lýðheilsumála og að með því að færa forvarnastarf undir eina stofnun geti stefnumótun og forgangsröðun verkefna orðið markvissari og fjárveitingar til forvarnastarfs nýst betur. Jafnframt telur meiri hlutinn að hlutverk og starf Lýðheilsustöðvar muni smám saman mótast frekar. Hlutverk hennar er skilgreint vítt í frumvarpinu enda nær lýðheilsa yfir mjög breitt svið þar sem fátt er undanskilið í umhverfi og gjörðum almennings. Gert er ráð fyrir að fleiri þættir og fleiri fagráð muni koma inn í starfsemina en fyrsta skrefið er að koma stofnuninni á fót. Bendir meiri hlutinn t.d. á að ofeldi og sjúkdómar af þess völdum er vaxandi vandamál hér á landi. Við umfjöllun málsins kom m.a. fram að manneldisráð hefur engan markaðan tekjustofn eins og t.d. áfengis- og vímuvarnaráð og tóbaksvarnanefnd. Kynnt var hugmynd sem nefndinni finnst vert að huga að um gjald á sölu gosdrykkja sem rynni til eflingar starfsemi manneldisráðs.

Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að forstjóri stýri Lýðheilsustöðinni og jafnframt að fjármálastjóri starfi við stofnunina. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til framangreindra verkefna verði færðar til stöðvarinnar en þær nema 165 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 2002. Meiri hlutinn minnir á að hafa þurfi í huga við fjárveitingar til Lýðheilsustöðvar að hún fái nauðsynlegt fjármagn til að starfsemin geti vaxið og dafnað og sinnt því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 11. mars 2003.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.		Ólafur Örn Haraldsson.

1373. Nefndarálit [649. mál]

um frv. til l. um Ábyrgðasjóð launa.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Kristinsson og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti.

Umsögn um málið barst nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Helstu nýmæli sem frumvarpið felur í sér eru að lagt er til að Ábyrgðasjóður launa taki á sig ábyrgð á vangreiddum iðgjöldum sem nemi allt að 4% af iðgjaldsstofni á grundvelli samnings um viðbótarlífeyrissparnað og samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Lögð er til hækkun á hámarksábyrgð sjóðsins vegna krafna launamanna og er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið viðmiðunarfjárhæðina með reglugerð til eins árs í senn. Þá verður ábyrgð sjóðsins vegna orlofslauna bundin hámarki. Aðrar helstu breytingar frá gildandi lögum eru að kröfuhafi hafi meira val en áður um aðferðir við atvinnuleit og að önnur atriði en regluleg skráning hjá opinberri vinnumiðlun komi til greina við mat á því hvort uppfylltar séu kröfur um virka atvinnuleit. Tekin eru af tvímæli um að ábyrgð á bótum vegna líkamstjóns sem starfsmenn verða fyrir í vinnu sinni komi aðeins til álita þegar tryggingar vinnuveitanda taka ekki til bótakröfu starfsmannsins. Þá eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarundanþágur vegna tengsla kröfuhafa við eigendur eða forsvarsmenn hins gjaldþrota vinnuveitanda. Loks eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslu Ábyrgðasjóðs launa.

Nefndin telur þær breytingar sem lagðar eru til á löggjöfinni vera í heild til verulegra bóta. Við athugun nefndarinnar á málinu kom hins vegar í ljós að ákvæði 23. gr. frumvarpsins um gjaldtöku stangast á við 77. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt með 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 og leggur nefndin því til breytingar á því ákvæði. Lagt er til að álagningarhlutfallið verði hið sama og það er í dag eða 0,04% af gjaldstofni. Komi í ljós að tekjur sjóðsins nægi ekki til greiðslu skuldbindinga hans verður að breyta álagningarhlutfallinu með lögum á sama hátt og öðrum sköttum. Til samræmis við það er lagt til að heimild ráðherra í 3. mgr. 23. gr. til að hækka gjaldhlutfallið í sérstökum tilfellum falli brott. Loks eru lagðar til smávægilegar lagfæringar á 3. mgr. 22. gr. til samræmis við framangreindar breytingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi:

BREYTINGUM:

1. Við 22. gr. Í stað 1. og 2. málsl. 3. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórn sjóðsins skal fyrir lok september ár hvert gera ráðherra grein fyrir fjárhagsstöðu sjóðsins og áætlun um þróun útgjalda.
2. Við 23. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Ábyrgðargjaldið skal vera 0,04% af gjaldstofni.

b. 3. málsl. 3. mgr. falli brott.

Alþingi, 11. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Drífa Hjartardóttir.		Jónína Bjartmarz.

1374. Nefndarálit [622. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Gylfa Kristinsson og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti og Þórð Skúlason og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að laga sveitarstjórnarlög að þeim breytingum sem orðið hafa á rekstrarumhverfi sveitarfélaga á síðustu árum. Í frumvarpinu er lagt til að skýrar verði kveðið á um valdframsal sveitarstjórnar, þagnarskyldu starfsmanna og ráðstafanir til að takmarka áhættu við meðferð fjármuna. Einnig er nánar kveðið á um skyldur sveitarstjórna til að afla álits sérfróðs aðila áður en ráðist er í tiltekna fjárfestingu eða staðfestir eru samningar um framkvæmdir eða þjónustu við íbúa sem hafa í för með sér langtímaskuldbindingu fyrir sveitarsjóð. Gildir þetta einnig um samninga um sölu og endurleigu tiltekinna eigna og skal í þeim tilvikum gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart um áformin.

Við umfjöllun málsins var rætt um þá breytingu sem lögð er til á 64. gr. laganna um að sveitarstjórn skuli gæta ábyrgðar í meðferð fjármuna sveitarfélagsins og tryggja örugga ávöxtun þeirra. Um er að ræða meðferð almannafjár og mikilvægt að hægt sé að treysta því að varkárni verði gætt við val á ávöxtunarleiðum. Orðalagið sem lagt er til felur í sér að sveitarstjórn beri ábyrgð á því hvaða leið verði farin við ávöxtun fjármuna sveitarfélagsins. Í þessu sambandi minnir nefndin á að kaup á hlutabréfum í félögum sem ekki eru skráð í kauphöll geti ekki talist traust ávöxtun skv. 64. gr. Lítur nefndin svo á að ríkisskuldabréf séu eina fjárfestingin sem telja megi örugga en telur þó að veita verði sveitarfélögunum svigrúm til að leggja sjálfstætt mat á fjárfestingarkosti.

Ekki er lengur sjálfgefið að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar eigi húsnæði þar sem fram fer opinber starfsemi á þeirra vegum. Nefndin leggur til að nýrri málsgrein verði bætt við 64. gr. laganna þar sem kveðið sé á um að sveitarstjórn skuli á hverjum tíma tryggja umráðarétt yfir fasteignum sem eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélaga verði rækt. Ákvæðið er sett fram sem almenn regla sem sé til þess fallin til að tryggja að samningar um sölu fasteigna sveitarfélags leiði ekki til þess að umráð yfir nauðsynlegum fasteignum

vegna lögboðinna verkefna sveitarfélags falli niður. Það felur í sér að sveitarfélögunum beri að tryggja að þau hafi t.d. forkaupsrétt eða leigurétt að fasteignum til að nauðsynlegt starf á þeirra vegum geti farið fram ótruflað. Nefndin bendir einnig á að taki sveitarfélag húsnæði á leigu undir lögboðna starfsemi þess verður að gæta þess að leigusamningar feli í sér nægilega langan uppsagnarfrest til að ávallt sé svigrúm fyrir sveitarstjórn til að bregðast við ef útvega þarf nýtt húsnæði fyrir starfsemina.

Við umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins var rætt um rétt ráðherra til að setja sveitarstjórnum skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess telji eftirlitsnefnd að ráðstöfun sé líkleg til að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins þegar til lengri tíma er litið. Var minnt á sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaganna og bent á að eðlilegra væri að eftirlitsnefndin gerði tillögur til viðkomandi sveitarstjórnar um ráðstöfun söluandvirðis enda stjórni sveitarfélög almennt fjármálum sínum sjálf. Leggur nefndin til að greininni verði breytt til samræmis við framangreint en bendir á að skv. 102. gr. sveitarstjórnarlaga hefur ráðherra eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni lögbundnum skyldum sínum og getur jafnframt beitt þær viðurlögum ef hann telur svo ekki vera.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr.
   a. A-liður orðist svo: Við bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

      Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar í meðferð fjármuna sveitarfélagsins og tryggja örugga ávöxtun þeirra.

      Sveitarstjórn skal á hverjum tíma tryggja umráðarétt yfir fasteignum sem eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélagsins verði rækt.
   b. B-liður orðist svo: Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Útgjöld úr sveitarsjóði og meðferð fjármuna og fasteigna.*
2. Við 7. gr. 3. málsl. 2. efnismgr. a-liðar orðist svo: Eftirlitsnefnd getur sett fram tillögur sínar til viðkomandi sveitarstjórnar um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Drífa Hjartardóttir.		Jónína Bjartmarz.

1375. Svar [564. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ferliverk á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur.

1. *Hve mörg ferliverk voru unnin á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur á árunum 1997–2002, sundurliðað eftir árum?*

Ferliverk voru flutt frá Tryggingastofnun ríkisins yfir til sjúkrahúsanna um mitt ár 1998 og eru fyrirliggjandi upplýsingar miðaðar við árið 1999 sem var fyrsta heila árið þar sem upplýsingar liggja fyrir. Þær upplýsingar sem ráðuneytið hefur um ferliverk byggjast á einingafjölda en ekki á komum og eru þessar upplýsingar því gefnar í einingum. Í júní 2001 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um ferliverk á sjúkrahúsum 1999–2000 en þar koma fram skilgreiningar á ferliverkum.

Stofnanir	1999	2000	2001
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	508.003	597.761	665.071
St. Jósefsspítali	550.360	543.268	544.432
Sjúkrahúsið á Akranesi	374.701	335.116	332.184
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	268.714	345.381	312.125
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	79.985	120.875	113.974
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	16.959	20.511	20.623
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar	40.606	40.626	38.685
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	19.539	62.979	65.006
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	47.984	116.710	54.177
Heilbrigðisstofnun Austurlands	14.468	44.469	65.957
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	34.861	43.591	39.502
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	0	10.063	0
Samtals:	**1.956.180**	**2.281.350**	**2.251.736**

2. *Hvernig skiptast ferliverk eftir sérfræðigreinum?*

Sjá fylgiskjöl I, II og III.

3. *Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild, fyrir augnaðgerð, fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun? Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1997–2002.*

Hlutdeild sjúklinga í kostnaði við göngudeildaraðgerðir eru samkvæmt reglugerðum eins og þær eru hverju sinni. Á árinu 1997 og fram til 8. apríl 1999 var ekki hámark á kostnaðarhlutdeild sjúklinga. Ekki liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar um hver hafi verið hámarksgreiðsla fyrir göngudeildarþjónustu á þessum tímabili. Sjúklingur greiddi göngudeildargjald sem var 1.400 kr. auk 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði. Með reglugerð sem sett var 8. apríl 1999 var sett hámark á kostnaðarþátttöku sjúklings 5.000 kr. Þann 1. júlí 2001 hækkaði hámarkið í 6.000 kr. og síðan þann 1. janúar 2002 í 18.000 kr.

Inniliggjandi sjúklingar greiða engan kostnað við aðgerðir.

4. *Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir? Hafa þær greiðslur verið samræmdar?*

Þessar greiðslur hafa ekki verið samræmdar en í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í júní 2001 er gerð grein fyrir hvernig málum sé háttað hjá þeim stofnunum sem úttektin nær yfir þar sem framkvæmd eru flest ferliverk.

Fylgiskjal I.

Ferliverk á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur árið 1999.

Ferilverk í janúar - desember 1999, brúttóeiningar, unnin verk skv. skýrslum frá sjúkrahúsum

Stofnanir	Augnlæknar	Barnalæknar	Bæklunarlæknar	Geðlæknar	HNE-læknar	Kvensjúkdómalæknar	Lyf- og meltingafæral.	Lyflæknar aðrir	Lýtalæknar	Röntgenlæknar	Skurðlæknar	Svæfingalæknar	Taugalæknar	Þvagfæralæknar	Öldrunarlæknar	Samtals
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	2.624	4.524	100.983	9.131	25.178	58.091	34.884	62.871			73.716	135.945	56			**508.003**
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	63.812		95.695		12.080	24.528	166.510	9.433	33.970		18.741	125.591				**550.360**
Sjúkrahúsið á Akranesi		2.850	80.711		39.671	48.280	46.022	25.419			37.681	86.003		8.064		**374.701**
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	2.390	7.531	28.705		40.213	93.866	6.224				35.604	51.500		2.681		**268.714**
Heilbrigðisstofnunin Selfossi		5.277	1.823		380	13.873	12.443	3.264			35.711	6.149		1.065		**79.985**
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi											16.959					**16.959**
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar						2.220		3.216			29.197				5.973	**40.606**
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki			1.756			4.885		8.936			3.261			701		**19.539**
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga						2.157	27.503	254			18.070					**47.984**
Heilbrigðisstofnun Austurlands			1.402			838	1.104	5.372			1.777	2.712		1.263		**14.468**
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	87		480				3.202	775		9.804	20.513					**34.861**
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði																**0**
Samtals:	**68.913**	**20.182**	**311.555**	**9.131**	**117.522**	**248.738**	**297.892**	**119.540**	**33.970**	**9.804**	**291.230**	**407.900**	**56**	**13.774**	**5.973**	**1.956.180**

Fylgiskjal II.

Ferliverk á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur árið 2000.

Ferilverk í janúar - desember 2000, brúttóeiningar, unnin verk skv. skýrslum frá sjúkrahúsum

Stofnanir	Augnlæknar	Barnalæknar	Bæklunarlæknar	Geðlæknar	HNE-læknar	Krabbameinslæknar	Kvensjúkdómalæknar	Lyf- og meltingafæral.	Lyflæknar aðrir	Lýtalæknar	Röntgenlæknar	Skurðlæknar	Svæfingalæknar	Þvagfæralæknar	Öldrunarlæknar	Samtals
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	7.346	8.074	115.821	5.874	37.622		55.144	43.468	61.368			53.264	171.232	38.101	450	**597.761**
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	67.956		98.290		27.506		28.069	166.047		32.443		8.135	114.822			**543.268**
Sjúkrahúsið á Akranesi		5.600	55.599		39.309		45.776	44.294	26.785	3.330		25.641	80.598	8.184		**335.116**
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	2.724	9.847	42.618		38.027	96.426	5.364	39.184				39.184	68.437	3.570		**345.381**
Heilbrigðisstofnunin Selfossi		6.395					16.444		4.571			44.061	49.404			**120.875**
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi												20.511				**20.511**
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar									8.914			31.712				**40.626**
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki																**62.979**
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga							9.941	29.511				18.903	58.355			**116.710**
Heilbrigðisstofnun Austurlands			7.959		1.102		1.908	14.610				4.145	13.827	918		**44.469**
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	112		28.440					3.845	780		9.906				509	**43.591**
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði									3.265			1.767	5.032			**10.063**
Samtals:	**78.138**	**29.916**	**348.727**	**5.874**	**143.566**	**96.426**	**162.646**	**340.958**	**105.683**	**35.773**	**9.906**	**247.322**	**561.706**	**50.773**	**958**	**2.281.350**

Fylgiskjal III.

Ferliverk á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur árið 2001.

Ferilverk í janúar - desember 2001 bráttóeiningar, unnin verk skv. skýrslum frá sjúkrahúsum

Stofnanir	Augnlæknar	Barnalæknar	Bæklunarlæknar	Geðlæknar	HNE-læknar	Krabbameinslæknar	Kvensjúkdómalæknar	Lyf- og meltingafæral.	Lyflæknar aðrir	Lýtalæknar	Röntgenlæknar	Skurðlæknar	Svæfingalæknar	Þvagfæralæknar	Öldrunarlæknar	Ótilgreint	Samtals
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	13.374	19.644	106.215	26.971	39.520	3.641	79.636	49.156	63.349			88.558	173.263		1.744		**665.071**
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	73.463		78.245		30.470		30.509	182.111		26.049		15.160	108.425				**544.432**
Sjúkrahúsið á Akranesi		7.940	24.946		40.696		53.717	50.562	25.630	23.290		19.807	74.593	11.003			**332.184**
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.048	9.624	39.508		39.973		79.640	6.575				38.435	77.378	19.944			**312.125**
Heilbrigðisstofnunin Selfossi		459					28.285		7.107			42.751	35.372				**113.974**
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi												20.623					**20.623**
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar												30.939			7.746		**38.685**
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki			5.590	16.907			14.396	14.682				10.086		3.345			**65.006**
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga							10.185	26.899				17.093					**54.177**
Heilbrigðisstofnun Austurlands			6.582				3.276		24.444	1.335		11.074	18.444	473		329	**65.957**
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja								858	7.115		8.754	22.623			152		**39.502**
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði																	**0**
Samtals:	**87.885**	**37.667**	**261.086**	**43.878**	**150.659**	**3.641**	**299.644**	**330.843**	**127.645**	**50.674**	**8.754**	**317.149**	**487.475**	**34.765**	**9.642**	**329**	**2.251.736**

1376. Svar [565. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ferliverk á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

1. *Hve mörg ferliverk voru unnin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi á árunum 1997–2002, sundurliðað eftir árum?*

Ferliverk voru flutt frá Tryggingastofnun ríkisins yfir til sjúkrahúsanna um mitt ár 1998 og eru fyrirliggjandi upplýsingar miðaðar við árið 1999, sem er fyrsta heila árið sem upplýsingar liggja fyrir um. Þær upplýsingar sem ráðuneytið hefur um ferliverk byggjast á einingafjölda en ekki á komum og eru þessar upplýsingar því gefnar í einingum. Í júní 2001 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um ferliverk á sjúkrahúsum 1999–2000 en þar koma fram skilgreiningar á ferliverkum. Það verður að gera fyrirvara um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram og eru fengnar frá viðkomandi stofnunum og eins úr fyrrgreindri skýrslu Ríkisendurskoðunar. Til dæmis vantar yfirlit yfir heildarumfang ferliverka á LSH í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar frá árinu 2002.

	1999	**2000**	**2001**	**2002**
Sjúkrahús Reykjavíkur	777.549	758.950		
Ríkisspítalar	552.167	469.293		
LSH			1.476.994	
Samtals	**1.349.716**	**1.228.243**	**1.476.994**	**0**

Á árinu 2000 er skipting á sérgreinar hjá SHR áætluð miðað við skiptingu samningsbundinna ferliverka það ár. Eins lágu ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar frá Ríkisspítölum samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar.

2. *Hvernig skiptast ferliverk eftir sérfræðigreinum?*

Tölur fyrir árið 2000 eru ekki áreiðanlegar bæði hvað varðar skiptingu á sérgreinar og eins heildareiningafjölda. Upplýsingar fyrir síðasta ár liggja ekki fyrir eins og er.

	1999			**2000**			**2001**
	SHR	**RSP**	**Samtals**	**SHR**	**RSP**	**Samtals**	**LSH**
Sérgreinar							
Augnlæknar		311.743	311.743		283.100	283.100	365.735
Barnalæknar	32.897	1.808	34.705				
Bæklunarlæknar	25.586	7.228	32.814				
Blóðmeinalækningar				20.160		20.160	18.202
Geðlæknar							
HNE-læknar	24.838		24.838	18.276		18.276	11.163
Hjartalækningar			0	150.558		150.558	127.897
Krabbameinslæknar	72.210	20.494	92.704	109.834		109.834	83.227

	1999			2000			2001
	SHR	RSP	Samtals	SHR	RSP	Samtals	LSH
Kvensjúkdómalæknar							
Lyf- og meltingarfæralæknar	234.144	170.390	404.534	264.837	186.193	451.030	436.070
Lyflæknar aðrir	151.759	59.353	211.112	45.711		45.711	21.356
Lýtalæknar		688	688				
Lýta- og skurðlæknar	45.211		45.211				
Röntgenlæknar			0				315.950
Skurðlæknar		-704	-704	24.926		24.926	28.395
Svæfingarlæknar	73.914	1.284	75.198	20.080		20.080	10.194
Taugalæknar	15.685		15.685				
Þvagfæralæknar	99.501	1.136	100.637	104.567		104.567	47.833
Öldrunarlæknar			0				
Ótilgreint	1.804	-1.253	551				10.972
Samtals	**777.549**	**572.167**	**1.349.716**	**758.950**	**469.293**	**1.228.243**	**1.476.994**

3. *Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild, fyrir augnaðgerð, fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun? Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1997–2002.*

Hlutdeild sjúklinga í kostnaði vegna göngudeildaraðgerða er samkvæmt reglugerðum eins og þær eru hverju sinni. Á árinu 1997 og fram til 8. apríl 1999 var ekki hámark á kostnaðarhlutdeild sjúklinga. Ekki liggja fyrir aðgengilegur upplýsingar um hver hafi verið hámarksgreiðsla fyrir göngudeildarþjónustu á þessum tímabili. Sjúklingur greiddi göngudeildargjald sem var 1.400 kr. auk 40% af heildarverði. Með reglugerð sem sett var 8. apríl 1999 var sett hámark á kostnaðarþátttöku sjúklings, 5.000 kr. 1. júlí 2001 hækkaði hámarkið í 6.000 kr. og síðan 1. janúar 2002 í 18.000 kr.

Inniliggjandi sjúklingar greiða engan kostnað vegna aðgerða.

4. *Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir? Hafa þær greiðslur verið samræmdar?*

Læknar, sem vinna ferliverk, hafa greitt mismunandi hlutfall af aðgerðarkostnaði sem byggist á þeirri aðstöðu sem spítalinn útvegar. Hæst er kostnaðarhlutdeild, um 60%, vegna hjartaómskoðana en hjá öðrum læknum er kostnaðarhlutdeildin almennt á bilinu 40–45%. Landspítali – háskólasjúkrahús sagði upp ferliverkasamningum á síðasta ári og frá og með 1. mars 2003 féllu greiðslur fyrir ferliverk niður.

5. *Hefur samræmd reglugerð um ferliverk verið sett?*

Reglugerð var sett 9. september 1992 um ferliverk þar sem hugtakið ferliverk er skilgreint og fjallað um hvernig greiðsluþátttöku sjúklinga skuli háttað.

1377. Frumvarp til laga [715. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, SI, SJóh, EOK, KVM, GuðjG).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verður 9. tölul., sem orðast svo: Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætluð eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein, að undanskildum 9. tölul. 1. mgr. Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu skv. 9. tölul. 1. mgr. Gera má að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar tolls samkvæmt þessari grein að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til þess að fella niður verð- og magntoll af hráefni og efnivörum sem flokkast sem landbúnaðarvörur og bera magntoll (A1) samkvæmt tollskrá. Tekið er fram að sé aðvinnsla sem á sér stað hér á landi óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, teljist framleiðsluvara ekki vera innlend og verður tollur samkvæmt því ekki felldur niður af hráefni, efnivöru eða hlutum í framleiðsluvöruna.

Í núgildandi lögum er fjármálaráðherra veitt heimild í 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. til að ákveða með reglugerð skilyrði niðurfellingar á tollum af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur svo framarlega sem ekki er um landbúnaðarhráefni að ræða sem ber magntoll samkvæmt tollskrá. Er því óheimilt að fella niður toll af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar á grundvelli innlendrar landbúnaðarstefnu.

Með því að veita landbúnaðarráðherra heimild til að ákveða með reglugerð skilyrði niðurfellingar á tollum af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar samkvæmt innlendri landbúnaðarstefnu og ætlað er til framleiðslu á innlendum vörum er innlendum framleiðslufyrirtækjum gert mögulegt að nota erlent landbúnaðarhráefni í innlendar framleiðsluvörur. Er þar um að ræða hráefni sem lýtur reglum um úthlutun tollkvóta, þ.e. vörur sem tilgreindar eru í viðaukum IIIA og B og IVA og B við tollalög. Þar er m.a. um að ræða kjötvörur, mjólkurafurðir, egg og grænmeti. Einnig er um að ræða staðgönguvörur smjörs, svo sem smjörlíki.

1378. Svar [582. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um aðgerðir unnar af sérfræðilæknum á stofum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða aðgerðir eru unnar af sérfræðilæknum á stofum, hver er kostnaðarþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í þessum aðgerðum og hvað greiða sjúklingar fyrir þær?

Svarið óskast sundurliðað eftir tegund aðgerða og á árin 1997–2002.

Hér er verið að fjalla um þær aðgerðir sem sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar greiðir. Ekki eru til upplýsingar um aðgerðir, eins og fegrunaraðgerðir, sem greiðast ekki af Tryggingastofnun og eru framkvæmdar utan sjúkrahúsa.

Hlutdeild sjúklinga í kostnaði vegna sérfræðilækna.

Samkvæmt staðtölum Tryggingastofnunar frá árinu 2001 (bls. 56) voru meðalútgjöld á komu árin 1998–2001 eftirfarandi:

Ár	Sjúklingur	Tryggingastofnun	Samtals
1998	1.876	2.718	4.594
1999	1.697	3.400	5.097
2000	1.586	3.720	5.306
2001	1.737	4.172	5.909

Starfsemi sérfræðilækna.

	Árið 1999		Árið 2000		Árið 2001		Árið 2002 (ekki endanl.)	
	Komur	Einingar	Komur	Einingar	Komur	Einingar	Komur	Einingar
Augnlæknar	135.126	1.216.991	146.689	1.330.658	150.822	1.382.862	158.492	1.454.642
Barnalæknar	49.977	808.656	64.498	998.984	72.558	1.118.631	80.104	1.225.572
Bæklunarlæknar	39.090	985.591	34.890	988.325	38.852	1.106.215	39.248	1.141.617
Geðlæknar	26.394	895.830	28.008	916.958	30.234	995.655	31.305	1.038.022
Barnageðlæknar	0	0	1.583	78.314	3.149	159.176	3.964	195.909
Háls-, nef- og eyrnalæknar	34.080	890.481	35.744	931.004	35.643	927.199	35.850	929.200
Húðlæknar	57.353	598.711	67.623	698.114	79.418	818.394	85.800	875.648
Kvensjúkdómalæknar	50.600	787.483	50.995	807.386	52.008	832.562	54.446	882.189
Blóðmeinafræðingar	4.041	61.185	3.835	58.676	4.139	62.895	5.108	78.728
Efnaskiptalæknar	5.915	92.058	5.901	91.975	6.149	96.086	6.340	100.260
Gigtarlæknar	22.514	322.457	22.579	323.591	22.671	323.453	23.242	335.405
Hjartalæknar	17.553	568.930	18.647	596.845	18.662	594.788	18.210	570.024
Lungnalæknar	9.258	136.013	9.846	145.521	11.864	214.406	12.092	214.542
Meltingarlæknar	7.044	152.729	9.196	222.555	9.835	224.091	12.112	258.982
Nýrnalæknar	3.131	40.886	3.583	46.850	3.855	50.718	3.655	48.268
Ofnæmis- og ónæmislæknar	3.192	64.180	3.150	62.554	4.068	79.922	4.816	93.366
Smitsjúkdómalæknar	347	5.706	280	5.010	237	4.273	60	1.075
Lyflæknar alm. (rest)	506	7.927	764	22.771	798	25.452	843	26.784
Frumumeinafræði	717	11.294	652	10.269	781	12.302	758	11.939

	Árið 1999		Árið 2000		Árið 2001		Árið 2002 (ekki endanl.)	
	Komur	**Einingar**	**Komur**	**Einingar**	**Komur**	**Einingar**	**Komur**	**Einingar**
Rannsóknalæknar	377.220	2.157.998	421.672	2.433.699	441.235	2.593.401	425.899	2.514.296
Röntgenstofur	8.997	246.069	8.541	240.758	8.973	265.569	8.655	253.649
Læknisfræðileg myndgreining	36.712	2.034.135	38.607	2.076.026	38.990	2.263.844	38.895	2.374.041
Þorsteinn Blöndal röntgen	720	28.099	283	3.905	201	5.628	292	8.176
Ómröntgenstofan	852	24.336	1.255	149.335	1.487	167.923	463	47.841
Íslensk myndgreining	2	42	5.673	152.275	9.617	359.812	10.262	485.900
Ómar/Pálmar Hallgrímsson	0	0	2	90	1.122	50.490	464	19.980
Skurðlæknar	20.094	515.777	24.701	678.106	24.705	703.377	24.812	682.836
Svæfingarlæknar	24.804	1.053.797	28.284	1.275.692	31.813	1.493.480	28.190	1.470.112
Krabbameinslæknar	2.854	86.271	2.650	79.472	2.574	78.940	3.211	96.432
Taugalæknar	10.707	210.432	11.190	219.216	10.547	209.769	10.042	200.977
Þvagfæralæknar	11.859	282.026	11.904	308.838	14.890	344.533	18.400	378.892
Öldrunarlæknar	325	12.419	491	18.603	479	18.256	255	10.213
Lýtalæknar	10.347	227.635	10.686	235.462	14.568	323.973	12.082	291.993
Lasermeðferðir	1	152	656	91.553	1.301	202.053	1.490	244.175
Samtals	**972.332**	**14.526.291**	**1.075.058**	**16.299.386**	**1.148.245**	**18.110.124**	**1.159.857**	**18.561.681**

Tegundir aðgerða sem greiddar eru af Tryggingastofnun.

Heiti	**Komur**	**Einingar**
Augnlæknar		
Viðtal og skoðun augnlæknis	52.641	631.692
Viðtal og skoðun aunglæknis án sérgreindra rannsókna og/eða aðgerða	4.975	74.625
Vitjun	48	1.200
Amslers-netrannsókn	99	396
Applantions tonometria	33.801	135.260
Dýptarskynspróf (a.m. titmus)	1.141	4.564
Exophthalmometria (a.m. hertel)	80	320
Keratometria	437	1.748
Keratoscopía	27	108
Litarskynspróf (a.m.ishihara)	407	1.628
Snertiskynsmæling hornhimnu (a.m.cho chet-bonnet)	6	24
Táraflæðispróf (a.m. schirmer)	535	2.140
Dýptarmæling framhólfs	27	189
Epilatio	207	1.456
Fluoresceinpróf á táragöngum	16	112
Frárennslispróf	93	651
Gonioscopia	306	2.142
Refractionsmæling (subj. refraction)	22.797	159.614
Rofnir samvextir í auga	44	308
Samhæfispróf	5.986	41.923
Skuggapróf	5.653	39.578
Táragöng könnuð	573	4.011

Heiti	Komur	Einingar
Þykktarmæling hornhimnu	0	0
Augnbotnamyndataka	871	8.710
Augnlokamyndataka	214	2.140
Raufsjármyndataka	51	510
Smásjárskoðun á augnbotni	13.356	133.780
Smásjárskoðun á innanþekju (endothelium)	12	120
Subconjunctival inndæling lyfs	4	40
Tekin minni háttar húðæxli/húðbreytingar, vörtur	83	908
Glæra fryst, brennd eða skafin	61	732
Kampimetria (bjerrum)	8	96
Saumtaka undir smásjá	121	1.452
Aðskotahlutur tekinn úr glæru	581	8.715
Chalazion-aðgerð	84	1.253
Opnaður abscess á tárasekk	12	180
Orthoptiskur status	1.627	24.405
Retrobulber inndæling lyfs	0	0
Táragöng stíluð (skurðstofuvinna með viðtali)	77	1.155
Biometria	259	4.403
Pachymetria	2	34
Leiðsludeyfing á auga	13	260
Sjónsviðspróf með tækjum	2.563	51.260
Terapeutiskar contaclinsur mátaðar	70	1.400
Botulinum inj. í vöðva kringum auga, á hálsi eða aðra grunnlæga staði hv. sk.	3	105
Aðgerð með hátíðnistraumi eða frystingu	158	7.584
Fotocoagulatio minni háttar	57	2.736
Fluorescein angiografia	15	1.020
Minni háttar staðdeyfingar (t.d. vegna æxlis í húð)	43	176
Leiðsludeyfing á auga	197	1.970
Aðgerð með hátíðnistraumi eða frystingu	46	2.225
Táragöng stíluð	37	1.500
Chalazion aðgerð	96	4.575
Xantelasma og tumor brottnám af augnloki	29	1.275
Fyrsta viðgerð á slímhúð á auga og táragöngum	29	1.425
Augnglufa þrengd	0	0
Entropion aðgerð	1	40
Ectropion aðgerð	20	1.600
Tárasekkur tekinn	0	0
Entropion aðgerð með vöðvatilfærslu	19	1.620
Blepharochalasis aðgerð efra/neðra	72	6.372
Ptosis aðgerð	31	3.245
Aðgerð á augntóft	1	153

Heiti	Komur	Einingar
Barnalæknar		
Sprautuviðtal barnalæknis	798	5.985
Viðtal og skoðun	36.903	719.609
Vitjun	2	50
Ráðgjafarviðtal	565	22.035
Álag v/skoðunar barns yngra en tveggja ára	16.605	66.420
Skyndigreining á streptococca bakteríum í hálsi hjá börnum	1.518	6.072
Blóðtaka í rannsóknarskyni hjá börnum 2ja–4ra ára	0	0
Hjartarit (EKG) – úrlestur innifalinn	1.861	12.097
Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	600	3.900
Nákvæmt mat sérhæfðs barnalæknis	8.322	83.220
Molluscum contagiosum teknir í svæfingu	0	0
Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi	31	341
Nákv. neurologisk sk. sérfr. í taugasjúkdómum og taugaskurðlækningum	1.004	12.048
Ofnæmisrannsókn (percutan og intracutan seria)	2.302	66.758
Penicilín-próf	204	8.160
Óm- og doplerskoðun af hjarta ætíð án viðtals	504	42.336
Ómskoðun á hjarta	1.338	69.576
Viðtal og skoðun	0	0
Álag v/skoðunar barns yngra en tveggja ára	0	0
Skyndigreining á streptococca bakteríum í hálsi hjá börnum	0	0
Blóðtaka í rannsóknarskyni hjá börnum 2ja–4ra ára	0	0
Áreynslupróf með spirometrium og berkjuvíkkandi lyfi	1	25
Bæklunarlæknar		
Artroscopia (til rannsókn. á lið) 75% tækjagjald	1	38
Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	4	150
Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús (75% tækjagj.)	1	38
Sett gifs eða plastgifs – 75%	1	24
Aðgerð v.tendov. stenosans	2	90
Bunionectomi við litla liði (hönd, fót) síðari aðgerð, 75%	1	46
Fasciotomia á útlim (75% aðg.l.)	0	0
Flexor tenotomiur (75%)	0	0
Meitlun á exostosum (litlum)	0	0
Miðhlutun smábeina/smáliða (t.d. hamartá), 75%	1	45
Op. v. mb. Morton 75%	1	45
Artroscopia (til rannsókn. á lið) 75%	2	158
Tekið osteosyntesmateria [miðlungs]	1	60
Tenotomiur (t.d. homan) 75% aðg.l.	1	60
Aðgerð v.pseudoarthrosis á os navicularis (75 %)	1	75
Losun á hælsinaslíðri 75%	0	0
Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt) 75%	1	75
Meitlun á exostosum á leggbeinum 75%	0	0
Stendler stripping	23	1.725
Tekið osteosyntesumat (meiri háttar) 75%	1	75

Heiti	Komur	Einingar
Tekinn metatatsalhaus	0	0
Aðgerð v. hallux valgus-metatarsal osteotomia 75%	19	1.710
Artrodesa og artroplastic á litlum lið 75%	0	0
Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu (75% aðg. l.)	2	180
Plastikar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu (75%)	1	90
Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	10	1.388
Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús (75%)	6	870
Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði 75%	0	0
Artroscopia (til rannsóknar á lið)	29	1.450
Artroscopia á öxl (til rannsóknar á lið)	21	1.050
Aðgerð á liðbrjóski, liðb., liðpoka (hné...)	5	250
Artroscopia – saumaður liðþófi	1	50
Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	465	23.250
Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús)	338	16.900
Decompression á öxl, artroscopisk	197	9.850
Krossbandaaðgerð á hné (læknir 1)	0	0
Viðtal og skoðun	20.506	328.096
Álag v/sérhæfðs mats(nákvæm orthopedisk skoðun) sérfr. í bæklunarlækningum	7.511	75.110
Beinabiopsíur, perkutan	4	112
Liðhlaup sett (fingur/tá/olnbogi/öxl/hnéskel)	1	32
Losun á stórum lið í svæfingu	44	864
Sett gifs eða plastgifs	524	10.176
Tekið osteosyntesmaterial (minni háttar)	60	1.808
Aðgerð v. tendov. stenosans	57	2.820
Beinflutningur (graft)	7	210
Bunionectomi við litla liði (hönd, fót)	11	630
Fasciotomia á útlim	4	150
Fingur eða tær teknar	6	330
Flexor tenotomiur	3	180
Meitlun á exostosum (litlum)	28	1.440
Miðhlutun smábeina/smáliða (hamartá) (fyrri fótur)	65	3.060
Op. v. mb. Morton	8	420
Synovial biopsia	8	330
Tekið ganglion	70	3.750
Tekin bursa (b.olecrani)	16	870
Transfixation á litlum lið (fingur, tá)	33	990
Aðgerð v. hallus valgus-debasering á stórutá	15	1.080
Artroscopia (til rannsóknar á lið)	71	7.195
Tekið osteosyntesmaterial (miðlungs)	41	2.800
Tekið sesam bein	2	160
Tenotomiur (t.d. homan)	28	1.960
Aðgerð v. brota á handarbeinum	3	200
Aðgerð v. pseudoarthrosis á os navicularis	1	100
Artrotomia	32	1.950
Caput radii/ulna resectio	1	100

Heiti	Komur	Einingar
Epiphyseodesis prox. eða dist (hné, ökkli)	1	100
Innri festing á broti (minni háttar)	4	350
Lat. release	5	500
Losun á hælsinaslíðri	12	1.200
Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt)	63	3.500
Meitlun á exostosum á leggbeinum	17	1.600
Osteot. v. pes transversop. (helal)	10	800
Resectio á clavicula lat	47	2.500
Réttisinar saumaðar	3	250
Stendler stripping	27	2.650
Taug losuð eða flutt	228	16.100
Tekið osteosyntesumat. (meiri háttar)	45	4.150
Tekið stórt, fasciubundið æxli	5	500
Tekinn metatarsalhaus	6	450
Tumor tekinn djúpt í holdi (extra-facialt)	34	3.150
Artroscopia á öxl (til rannsóknar á lið), (án tækjagjalds)	394	23.700
Aðgerð v. hallux valgus-matatarsal osteotomia	86	10.080
Aðgerð v. pseudoarthrosis (meiri háttar)	2	240
Artrodesa og artroplastic á litlum lið	38	3.480
Artroscopia á öxl (til rannsóknar á lið)	81	8.785
Beygjusinar saumaðar	4	360
Borun í lið (pride)	0	0
Kjarnaborun (t.d. mjöðm, patella)	9	720
Lófafell tekið (meiri háttar, reop.)	74	7.320
Mein tekið úr beini	26	2.640
Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	24	2.760
Plastikar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu	42	4.560
Reconstr. á ligamentum	57	6.540
Recsectio lig. coracoacromiale	2	180
Sina-transpl. (hvor áfangi í tveggja áfanga op.)	2	240
Sinafærsla	21	2.160
Sinalengingar, ein eða fleiri	1	120
Synovectomia	83	9.720
Tekin baker cysta	4	480
Tuberositasflutningur	0	0
Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	14	1.620
Artroscopia með meniskect (án tækjagjalds)	0	0
Aðgerð á liðbrjóski, liðb., liðpoka (hné...)	9	1.690
Artroscopia – saumaður liðþófi	1	210
Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	1.004	187.540
Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús)	760	142.700
Decompression á öxl, artroscopisk	466	87.780
Decompression á öxl, opin	43	4.960
Saumaður rotator cuff	63	6.640
Inndæling í sinafestur, ein eða fleiri	1.299	9.828

Heiti	Komur	Einingar
Liðstunga á aðra liði en mjaðmarlið	3.099	28.698
Liðstunga í mjaðmarlið	215	3.128
Krossbandaaðgerð á hné (læknir 1)	0	0
Krossbandaaðgerð á hné (læknir 2)	0	0
König aðgerð 75%	4	114
Opnuð ígerð, blóðhlaup	4	128
Tekin nögl	4	80
Teknar minnih. húðbr. <2cm/vörtur 1–3 stk.	2	32
König aðgerð fyrri fótur	26	931
Tekið subcutan æxli	0	0
Aðskotahlutur tekinn djúpt í holdi	5	285
Kirurgisk revision af sári (m.a. bruni, fótasár)	0	0
Lagfært ör (lítið)/húðslípun	3	158
Lagfærð meiri háttar ör með plastik og flipa	3	414
Minni háttar staðdeyfing (t.d. v/æxlis í húð)	19	76
Minni háttar leiðsludeyfing, fingurblokk	10	40
Minni háttar leiðsludeyfing á taugum ekki nefndum	1	4
Medianus deyfing	7	70
Meiri háttar staðdeyfingar (aðgerð djúpt í holdi)	19	190
Ulnaris deyfing	1	10
Meiri háttar leiðsludeyfing axillaris, supra, infraclavicularis	8	152
Plexus cervicalis profundus deyfing	2	38
Ökklablokk	8	152
Geðlæknar		
Viðtal og skoðun geðlæknis (ætíð án annarra læknisv.) sjúkl. skemur en 20 mín.	182	2.548
Geðlækning, 1/2 klst. hvert skipti sjúklingur ekki skemur en 20 mín.	4.415	88.300
Geðlækning 1 klst. hvert skipti sjúklingur ekki skemur en 45 mín.	25.193	881.755
Hjónameðferð, 1 1/2 klst. hvert skipti sjúklingar ekki skemur en 70 mín.	299	14.352
Fyrsta viðtal barnageðlæknis	0	0
Fjölskyldumeðferð, 2 klst. hvert skipti sjúklingar ekki skemur en 100 mín.	145	8.700
Barnageðlæknar		
Viðtal og skoðun geðlæknis (ætíð án annarra læknisv.) sjúkl. skemur en 20 mín.	0	0
Geðlækning, 1/2 klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 20 mín. hjá lækn.	1	20
Stutt viðtal barnageðlæknis, sjúklingur ekki skemur en 20 mín. hjá lækn.	0	0
Geðlækning, 1 klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 45 mín. hjá lækn.	720	25.200
Hjónameðferð, 1 1/2 klst. hvert skipti sjúkl. ekki skemur en 70 mín. hjá lækn.	12	576
Viðtal barnageðlæknis, sjúklingur ekki skemur en 45 mín. hjá lækn.	965	46.320
Fjölskyldumeðferð, 2 klst. hvert skipti sjúkl. ekki skemur en 100 mín. hjá lækn.	187	11.220
Foreldraviðtal barnageðlækn. 1 1/2 klst. hvert skipti, ekki skemur en 70 mín.	1.264	75.840
Háls-, nef- og eyrnalæknar		
Microlar. sc.í sv. gerð með leiser, innif. e. þörfum biops eða brottn. sepa	0	0
Uvulopalatoplastik – gerð með leiser	31	1.325

Heiti	Komur	Einingar
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku) – gerð með leiser	55	2.750
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku) ásamt röraísetningu/ást.– gerð m. laser	2	100
Fess functional endoscopic sinus surgery, með tækjagj. fyrir endoscope	23	1.150
Fess með ethmoiectomiu, með tækjagjaldi fyrir endoscope	25	1.250
Viðtal án sérgreindra rannsókna	14.318	229.088
Viðtal ítarlegt	9.758	224.434
Viðtal og skoðun vegna heyrnar	3.054	82.458
Viðtal og skoðun v/heyrnarm., hljóðhimnustunga (sb aðra 32 ein. pakka)	0	0
Viðtal og ítarleg heyrnarrannsókn	28	896
Viðtal og skoðun vegna svima	359	11.488
Viðtal og skoðun á nefholi	2.109	67.488
Viðtal og skoðun á barka	404	12.928
Endurtekin kjálkaholuskolun gegnum rör	114	2.497
Hljóðhimnuástunga í staðdeyfingu (1 eða 2)	130	3.900
Rör sett í/stungið á hljóðhimnu annars vegar í svæfingu	302	8.775
Ígerð opnuð	18	576
Minni háttar æxli eða vefjasýni tekið	92	2.720
Slímhúð/ofholdgun brennd eða fjarlægð	547	17.136
Skoluð kjálkahola annars vegar	136	4.256
Steinn tekinn úr munnvatnsgöngum	7	224
Skoluð kjálkahola beggja vegna	121	3.737
Tunguhaft fjarlægt	48	1.536
Rör sett í/stungið á hljóðhimnu beggja vegna í svæfingu	1.479	55.974
Aðgerð vegna nefbrots	11	462
Conchotomia. á bæði við hefðbundna og submucous	20	546
Slímsepar teknir	58	2.352
Æxli fjarlægt úr munni eða koki	66	2.730
Nefkokskirtlar teknir	221	10.560
Nefkokskirtlar teknir og sett rör (1 eða 2) eða stungið á hljóðhimnum	914	53.012
Djúp eitlabiopsia	4	256
Microlaryngoscopia í svæfingu	8	512
Microlar.sc. í sv. gerð m. leiser, innif. e. þörfum biops eða brottn. sepa	2	171
Sinoscopia	4	256
Uvulopalatoplastik	12	903
Uvulopalatoplastik – gerð með leiser	63	6.745
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku)	292	29.000
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku) – gerð með leiser	106	13.150
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku) ásamt röraísetningu/ástungu	10	1.190
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku ásamt röraísetningu/ást. – gerð með leiser	5	695
Fess functional endoscopic sinus surgery, með tækjagj. fyrir endoscope	48	7.346
Myringoplastik	51	6.414
Septumplastik	264	31.941
Fess með ethmoiectomiu, með tækjagjaldi fyrir endoscope	51	9.460
Septorhinoplastik	37	8.880
Teknar húðbr. úr andliti með skurðað – gerð 1 stk.	12	360

Heiti	Komur	Einingar
Teknar minni háttar húðbr. <2cm/vörtur 1–3 stk.	4	128
Tekið subcutan æxli	15	551
Aðskotahlutur tekinn djúpt í holdi	0	0
Djúp biopsía, eitlabiopsia	3	143
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 2–4 stk.	2	118
Teknar stórar húðbreytingar>/=2cm í þvermál óháð fjölda	1	59
Teknar minni háttar húðbr.<2 cm/vörtur 4–10 stk.	8	512
Lagfært ör (lítið)/húðslípun	1	79
Rhinoplastik	1	79
Sköpulagsaðgerð á eyra	12	1.062
Fjarlægt æxli af andliti með flipa	0	0
Minni háttar staðdeyfing (t.d. v/æxlis í húð)	148	592
Minni háttar leiðsludeyfing, n. supraorb., n. infraorb.	20	80
Intravenös deyfing	9	171
Húðlæknar		
Viðtal og skoðun	14.963	194.519
Viðtal og skoðun án sérgreindra rannsókna og eða aðg.	16.918	253.770
Vitjun	9	225
Innspýting í húðmein	2.642	15.975
Rafmagnsaðgerð	563	3.665
Ofnæmisrannsókn	211	2.110
Zinklímsumbúðir	14	120
Strok frá húð og/eða smásjárgreining	3.918	30.835
Skorið í ígerðir	148	1.392
Tekin minni háttar húðæxli eða húðbreytingar, vörtur	11.334	76.874
Vefjasýni tekið	1.683	16.374
Meðferð við vörtum, önnur en extirpation (eitt gjald)	4.154	49.836
Fjarlægð húðbreyting, skorin með hnífog saumað/fjarl. illkynja æxli	3.947	41.753
Meðferð vegna condylomata (eitt gjald)	89	1.513
Teknar húðbreytingar og blettir úr andliti	1.544	19.491
Víðtæk skurðaðgerð v/illkynja húð æxlis skv. greinargerð	7	133
Epicutan seria (lappapróf)	742	14.860
Xanthelasma tekið af augnloki	6	80
Leiser-meðferð við húðmeinum öðrum en valbrá	1.310	24.263
Ofnæmisrannsókn (percutan og intra-cutan seria)	360	9.000
Útvíkkuð skurðaðgerð vegna illkynja húðæxlis samkvæmt greinargerð	54	1.605
Tekið subcutan æxli	8	228
Kirurgisk revision af sári (m.a. bruni, fótasár)	1	34
Skinnflutningur (meiri háttar)	1	47
Minni háttar staðdeyfing (t.d. v/æxlis í húð)	14.753	59.156
Minni háttar leiðsludeyfing, fingurblokk	22	88
Medianus deyfing	0	0
Meiri háttar staðdeyfingar (aðgerð djúpt í holdi)	7	70

Heiti	Komur	Einingar
Ulnaris deyfing	0	0
Ökklablokk	10	380
Kvensjúkdómalæknar		
Viðtal og skoðun	1	0
Cystoscopia	9	135
Laparosc. Til rannsóknar á getnaðarfærum	3	150
Legholsspeglun með aðgerð	0	0
Laporosc. með aðgerðum á getnaðarfærum	125	6.250
Viðtal og skoðun	30.424	532.420
Tekið stroksýni til leggangafrumurannsóknar v/krabbameinsleitar	8.737	52.452
Útskaf frá leghálsi	43	230
Útvíkkun á þvagopi	12	120
Sérhæft mat	1.057	10.570
Hringvöðvi eða endaþarmsop víkkað	1	11
Ígræðsla á östrogen á breytingaskeiði	391	4.301
Skorið í igerðir	18	270
Tekið vefjasýni	58	788
Tekin minni háttar húðæxli eða húðbreytingar, vörtur	47	698
Tekið stroksýni úr legholi til frumurannsókna	4	48
Þvaginkontinens próf (Marshall)	18	216
Tekið stroksýni úr legholi t. frumur ásamt töku stroksýnis til leggangafr.	3	42
Aðgerð vegna atresia humenalis	67	1.005
Leg blásið eða pertubatio	1	8
Ómskoðun með abdominal próp	58	870
Ómskoðun með vaginal próp	8.860	132.900
Postcoital próf	2	30
Tekið stungusýni úr brjóstum til meinfrumurannsókna	0	0
Pertubatio með laporosc., viðbótargjald	160	2.400
Meðferð v/condylomata (eitt gjald)	182	3.094
Einföld kolposkopia (án sýnatöku)	175	3.150
Subcutan æxli	11	200
Tekinn gyllinæðarhnútur	1	59
Cervix cerclage	1	24
Sýni tekið úr legbol (til vefjagreiningar)	281	6.732
Aðgerð vegna glandula bartholini	4	112
Kolposkopia með biopsíum og útskafi úr leghálsi	115	3.192
Cystoscopia	19	724
Ómskoðun m/vaginal próp skv. tilvísun frá öðrum kvensjúkdómalækni, án viðtals	248	7.440
Tekið æxli úr brjósti	0	0
Lagfærð ör	4	140
Leg skafið	169	6.212
Perineoplastic	14	574
Sett upp eða fjarlægð lykkja í svæfingu	23	882
Konisation	16	800

Heiti	Komur	Einingar
Laparosc. til rann. og/eða annarra aðgerða á getnaðarfærum	2	280
Brennsla/resectio á condylomata í svæfingu	44	1.760
Laporosc. til rannsóknar á getnaðarfærum	41	6.656
Legholsspeglun með aðgerð	0	0
Laporosc. með aðgerðum á getnaðarfærum	244	43.282
Minni háttar staðdeyfingar (t.d. vegna æxlis í húð)	308	1.312
Blóðtaka vegna rannsóknar annars staðar	3	11
Minni háttar staðdeyfing (t.d. v/æxlis í húð)	4	16
Lyflæknar		
Viðtal skemmra en 15 mín	1	14
Viðtal og skoðun	2.172	42.354
Sérhæft mat	139	1.390
Blóðsýni tekið úr slagæð til blóðgasamælinga	6	42
Hjartarit (EKG) – úrlestur innifalinn	17	111
Innhelling í æð (infusion með t.d. cytostatika)	277	2.770
Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	3	30
Blóðtaka í lækningaskyni s.s. v/hemos iderosis eða polycytemia vera	331	3.310
Blóðfrumumagn (hæmatocrit)	11	40
Blóðtaka vegna rannsóknar annars staðar	279	1.004
Blóðflögur taldar	78	351
Netfrumur taldar	2	9
Hver sérlitun við mergskoðun	75	338
Blóðstrok rannsakað + deilitalning hvítra blóðkorna	1	5
Blóðhagur ii (með electrón. teljurum) (hb, hct, rblk, mcv, hbk, mchc)	139	1.001
Sérfræðileg rannsókn blóðstroka (vandamálablóðstroka)	106	848
Blóðhagur ii, blóðsökk og blóðstrok + deilitalning gerð samtímis	169	1.977
Beinmergsbiopsia	3	45
Mergstunga (aspirat) með einnota áhaldi	125	1.875
Fullkomin mergr. m/deilit., mati á frumum., útr. á m:e hlutfalli/leit að mergf.	122	3.660
Mergbíopsía með einnota áhaldi	65	1.625
Yfirlitsrannsókn á þvagi (smásjárskoðun + kemi)	18	97
Viðtal og skoðun	4.061	79.190
Hjartarit (EKG)	108	702
Blóðsykurmæling sérfræðings í efnask- og innk. l. ásamt túlkun	1.247	8.729
Innhelling í æð (infusion m/t.d. cytostatika)	0	0
Sérhæft mat	706	7.060
Tekið stungusýni til meinfrumurannsókna	27	405
Viðtal og skoðun gigtarlæknis	12.352	240.864
Sérhæft mat	2.358	24.160
Vitjun	12	300
Hjartarit (EKG) úrlestur innifalinn	20	137
Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	0	0
Inndæling í sinafestur	4.005	23.508
Húðsýnataka	17	170

Heiti	Komur	Einingar
Innhelling í æð (infusion m/t.d. cyto-statika)	0	0
Liðstunga á aðra liði en mjaðmarliði	3.699	31.700
Liðvökvarannsókn (mucinleit-kristallaleit)	188	2.304
Liðstunga í mjaðmarlið	19	285
Vöðvasýnataka	1	25
Viðtal og skoðun	330	6.435
Viðtal og skoðun með EKG	15.066	399.249
Holterpróf, ætíð án viðtals	230	5.520
Ómskoðun á hjarta, ætið án viðtals	1.148	59.696
Áreynsluhjartaritun með viðtali	1.446	86.760
Óm- og dopplerskoðun af hjarta, ætið án viðtals	442	37.128
Viðtal og skoðun	6.598	128.661
Sérhæft mat (hám. 5% af heildarkomum)	391	3.910
Hjartarit (EKG) úrlestur innifalinn	202	1.313
Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	2.041	13.267
Blóðtaka í rannsóknarskyni hjá börnum innan tveggja ára	2	14
Blóðsýni tekið úr slagæð til blóðgasamælinga	197	1.379
Inndæling í sinafestur, ein eða fleiri	0	0
Blóðtaka í lækningaskyni s.s.v/hemos iderosis. eða polycytemia vera	0	0
Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	0	0
Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi	6	66
Spirometria með flæðilykkju í inn- og útöndun	1.907	20.977
Stíf rectosigmoidoscopia	0	0
Áreynslupróf með spirometrium og berkjuvíkkandi lyfi	11	275
Áreynsluhjartaritun og mat á áreynsluþoli með þrekhjóli og mæl. súrefnisupp.	14	854
Skimun fyrir kæfisvefn	400	41.200
Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	10	65
Ofnæmisrannsókn	2	18
Ofnæmisrannsókn (percutan og intracutan seria)	83	2.407
Magaspeglun (vélinda, magi, skeifugörn)	201	5.025
Magaspeglun með þræðingu á brisgangi (ERP)	0	0
Ristilspeglun stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia eða vinstri colonoscopia)	2	50
Ristilspeglun (fullkomin)	151	7.399
Magaspeglun (vélinda, magi, skeifugörn)	170	3.400
Ristilspeglun stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia eða vinstri coloniscopia)	132	2.640
Viðtal og skoðun	5.621	109.610
Scopiuviðtal	1.223	14.676
Hjartarit (EKG) – úrlestur innifalinn	6	39
Blóðtaka í lækningaskyni, svo sem v/hemosiderosis eða polycytemia vera	1	10
Innhelling í æð (infusion með t.d. cytostatika)	16	160
Einfaldari sýnatökur við speglanir til meinfr.r. eða biopsíur, eitt gjald	421	4.210
Hot biopsia	34	375
Mæling á hægðalosun	1	20
Polypectomia með snöru	77	1.330
Skynpróf í endaþarmi	2	40

Heiti	Komur	Einingar
Viðameiri sýnatökur við speglanir eitt gjald	366	7.320
Magaspeglun (vélinda, magi, skeifugörn)	401	16.630
Ristilspeglun, stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia eða vinstri colonoscopia)	265	10.630
Magaspeglun (vélinda, magi, skeifugörn)	426	18.405
Magaspeglun með þræðingu á brisgangi (ERP)	0	0
Ristilspeglun, stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia eða vinstri colonoscopia)	9	445
Vélindaþrengsli víkkuð (malloney, eder-peustow, pneumatic dilatatio)	1	30
Ristilspeglun (fullkomin)	309	21.647
Liðstunga á aðra liði en mjaðmarliði	1	10
Liðvökvarannsókn. (mucinleit-kristallaleit)	1	12
Viðtal skemur en 15 mínútur	10	140
Viðtal og skoðun	1.808	35.256
Sérhæft mat	361	3.610
Sérstök þvagskoðun	1.604	11.228
Hjartarit (EKG) – úrlestur innifalinn	68	442
Blóðsýni tekið úr slagæð til blóðgasamælinga	0	0
Blóðtaka í lækningaskyni s.s. v/hemos iderosis eða polycytemia vera	2	20
Innhelling í æð (infusion með t.d. cytostatika)	0	0
Fjölskylduviðtal 1,5 klst. hvert skipti til undirb. blóð/kviðskilunarmeðferð	0	0
Viðtal og skoðun	1.814	35.373
Hjartarit (EKG) – úrlestur innifalinn	55	358
Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	499	3.244
Ofnæmisrannsókn	223	2.007
Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi	216	2.376
Áreynslupróf með spirometrium og – berkjuvíkkandi lyfi	1	25
Ofnæmisrannsókn (percutan og intracutan seria)	1.260	36.540
Viðtal og skoðun	201	3.920
Sérhæft mat	31	310
Hjartarit (EKG)	1	7
Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	1	7
Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	3	30
Viðtal og skoðun sérfræðings í klíniskri fysiologiu	357	4.284
Áreynsluhjartaritun	441	21.168
Viðtal og skoðun	391	6.452
Tekið stungusýni til meinfrumurannsókna	390	5.850
Skurðlæknar		
Liðstunga í mjaðmarlið	2	30
Æxli fjarlægt úr munni eða koki	1	42
Aðgerð vegna atresia humenalis	1	15
Einföld kolposkopia (án sýnatöku)	1	18
Stíf rectosigmoidoscopia	0	0
Ristilsp., stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia/vinstri colonoscopia (Þráinn))	3	30
Stíf rectosigmoidoscopia	150	2.550
Scopiuviðtal	71	852

Heiti	Komur	Einingar
Stíf rectosigmoidoscopia	206	3.630
Polypectomia með snöru	1	10
Ristilsp., stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia/vinstri colonoscopia (Þráinn))	5	160
Seps (perforant aðgerð) 75%	0	0
Tekin nögl 75%	0	0
König aðgerð 75%	16	456
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd 75%	1	89
Tumor tekinn djúpt í holdi (extrafacialt) 75%	0	0
Barnakviðslit/minni háttar kviðslit fullorðinna 75%	1	86
Kviðslit ein hlið (ekki recidiv)	0	0
Kviðslit ein hlið með neti (ekki recidiv) 75%	3	299
Seps (perforant aðgerð) 75%	0	0
Æðahnútar ein hlið, síðari aðgerð	660	75.735
Æðahnútar ein hlið, síðari aðgerð 75%	1	115
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	0	0
Kviðarholsspeglun, eingöngu v/greiningar	1	50
Seps (perforant aðgerð)	1	50
Viðtal og skoðun	11.353	181.648
Álag lýtalæknis/skurðlæknis vegna sérhæfðs mats	1.166	11.660
Doppler skoðun bláæða og slagæða eingöngu ætlað æðaskurðlæknum	1.549	18.588
Nákvæm neurologisk skoðun notað í hám. 65% af viðtölum	1.776	21.312
Stíf rectosigmoidoscopia	243	2.916
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 1 stk.	115	2.385
Húðbreytingar brenndar/frystar 1–10	218	3.632
Innhelling lyfs í æð	3	48
Lagðar zinklímsumbúðir	2	48
Opnuð ígerð, blóðhlaup	49	1.504
Saumað minni háttar sár/klippt upp úr sári	19	608
Tekið vefjasýni	135	3.520
Tekin nögl	15	416
Teknar minni háttar húðbr. <2cm/vörtur 1–3 stk.	369	8.336
Dorsal slit	2	51
Hringvöðvi/endaþarmsop víkkað	31	1.121
König aðgerð fyrri fótur	150	5.016
Sclerosering af gyllinæð/æðahnútum (eitt gjald)	1.680	63.840
Tekið subcutan æxli	366	10.973
Tekið subcutan æxli/ber úr brjósti	12	418
Tekið tunguhaft	23	855
Umskurn	22	1.054
Aðskotahlutur tekinn djúpt í holdi	31	1.596
Biopsia af arteria temporalis/annarri æð	4	200
Djúp biopsía, eitlabiopsia	21	1.140
Kirurgisk revision af sári (m.a. bruni, fótasár)	7	399
Tekið æxli úr brjóstvef	40	2.052
Tekin valbrá <10 cm í þvermál	4	236

Heiti	Komur	Einingar
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 2–4 stk.	104	4.278
Teknar stórar húðbreytingar>/=2cm í þvermál óháð fjölda	78	4.189
Aðgerð v. tendov. stenosans	2	120
Dregið í stóran lið	2	90
Tekið ganglion	29	1.680
Tekin bursa (b.olecrani)	2	120
Teknar minni háttar húðbr.<2 cm/vörtur 4–10 stk.	241	10.016
Aðgerð vegna fissura ani/condiloma/sepa/fistils	130	9.614
Ómskoðun á endaþarmi	3	231
Lagfært ör (lítið)/húðslípun	79	4.938
Meiri háttar perineopla	1	79
Rhinoplastik	0	0
Skinnflutningur (meiri háttar)	2	158
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 5–10 stk.	41	1.343
Aðgerð vegna gyllinæðar	72	6.793
Aðgerð vegna sinus pilonidalis	71	6.745
Lyfjabrunnur	1	95
Tekinn fleygur úr brjóstvef	73	6.888
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	2	236
Gynecomastia ásamt fitusogi	9	1.002
Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt)	4	400
Taug losuð eða flutt	4	400
Tekið fasciubundið æxli >5 cm	21	2.050
Tumor tekinn djúpt í holdi (extra-facialt)	61	5.750
Barna kviðslit/minni háttar kviðslit fullorðinna	183	20.178
Mastektómia simplex (ekki cancer)	3	228
Blepharopl. efri/neðri	4	354
Endursköpun geirvörtu	1	118
Fjarlægt æxli með plastik á bol og útlimum	1	118
Leisermeðferð á örum í andliti post acne	1	143
Sköpulagsaðgerð á eyra	34	3.186
Tekið taugabundið æxli í andliti	0	0
Lófafell tekið (meiri háttar, reop.)	1	120
Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	3	360
Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	3	300
Kviðarholsspeglun, eingöngu v/greiningar	3	449
Kviðslit ein hlið (ekki recidiv)	69	9.177
Kviðslit ein hlið með neti (ekki recidiv)	146	19.418
Fjarlægt æxli af andliti með flipa	3	414
Lagfærð meiri háttar ör með plastik og flipa	17	2.277
Sköpulagsaðgerð á nefi vegna áverka/fæðgalla	1	138
Seps (perforant aðgerð)	6	1.122
Æðahnútar ein hlið	894	136.476
Inndæling í sinafestur	92	732
Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	5	50

Heiti	Komur	Einingar
Minni háttar staðdeyfing (t.d. v/æxlis í húð)	1.490	5.960
Minni háttar leiðsludeyfing, fingurblokk	19	76
Medianus deyfing	2	20
Meiri háttar staðdeyfingar (aðgerð djúpt í holdi)	75	750
Ulnaris deyfing	3	30
Penisdeyfing	1	11
Þvagflæðimæling	4	12
Blöðruspeglun án aðgerða	1	15
Blöðruspeglun með víkkun á þvagopi	6	120
Vatns-sæðishaulsstunga	1	28
Þvagflæðimæling	7	205
Frenuloplastik	1	34
Þvagrásarþrengsli karla víkkuð	5	136
Blöðruspeglun án aðgerða	6	354
Blöðruspeglun með víkkun á þvagopi	14	846
Forhúðarplastik	32	1.796
Opnar pungaðgerðir	1	57
Orchidopexia	5	570
Sværingarlæknar		
Aðgerð með hátíðnistraumi eða frystingu	0	0
Táragöng stíluð	35	1.368
Chalazion aðgerð	22	888
Xantelasma og tumor brottnám af augnloki	3	120
Fyrsta viðgerð á slímhúð á auga og táragöngum	3	144
Entropion aðgerð	0	0
Ectropion aðgerð	2	156
Entropion aðgerð með vöðvatilfærslu	4	264
Blepharochalasis aðgerð efra/neðra	72	6.264
Ptosis aðgerð	19	2.146
Aðgerð á augntóft	1	151
Aðgerð v. tendov. stenosans	2	87
Bunionectomi við litla liði (hönd/fót)	1	44
Fasciotomia (75% sv.l.)	0	0
Flexor tenotomiur (75%)	0	0
Miðhlutun smábeina/smáliða (t.d. hamartá), (síðari fótur)	0	0
Op. v. mb. Morton (75%)	1	44
Artroscopia (til rannsóknar á lið) (75% v/svæfingal.)	2	117
Tekið osteosyntesmaterial [miðlungs]	1	59
Losun á hælsinaslíðri	0	0
Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt) 75% (sv.l)	1	74
Meitlun á exostosum á leggbeinum 75%	0	0
Stendler stripping	24	1.764
Tekið osteosyntesumat (meiri háttar) svæfl. 75%	1	74
Tekinn metatarsalhaus	0	0

Heiti	Komur	Einingar
Aðgerð v. hallux valgus-metatarsal osteomia 75%	17	1.505
Artrodesa og artroplastic á litlum lið 75%	1	89
Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu, eða bursu 75% (sv. l)	1	89
Plastikar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu (75%)	1	89
Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	9	1.067
Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús (75% v/svæfingarl.)	6	711
Beinabiopsíur, perkutan	3	75
Losun á stórum lið í svæfingu	40	750
Sett gifs eða plastgifs	401	6.015
Tekið osteosyntesmaterial (minni háttar)	10	240
Aðgerð v. tendov. stenosans	56	2.668
Beinflutningur (graft)	7	203
Bunionectomi við litla liði (hönd, fót)	10	522
Fasciotomia á útlim	4	145
Fingur eða tær teknar	4	203
Flexor tenotomiur	3	174
Meitlun á exostosum (litlum)	26	1.334
Miðhlutun smábeina/smáliða (hamartá) (fyrri fótur)	50	2.088
Op. v. mb. Morton	7	348
Synovial biopsia	7	290
Tekið ganglion	60	3.045
Tekin bursa (b.olecrani)	11	551
Transfixation á litlum lið (fingur, tá)	32	928
Aðgerð v. hallus valgus-debasering á stórutá	15	1.053
Artroscopia (til rannsóknar á lið)	68	4.953
Tekið osteosyntesmaterial (miðlungs)	35	2.262
Tekið sesam bein	1	78
Tenotomiur (t.d. homan)	25	1.599
Aðgerð v. brota á handarbeinum	2	98
Aðgerð v. pseudoarthrosis á os navicularis	0	0
Artrotomia	30	1.764
Caput radii/ulna resectio	1	98
Epiphyseodesis prox. eða dist (hné, ökkli)	1	98
Innri festing á broti (minni háttar)	4	343
Lat. release	5	490
Losun á hælsinaslíðri	12	1.176
Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt)	62	3.332
Meitlun á exostosum á leggbeinum	17	1.568
Osteot. v. pes transversop. (helal)	9	735
Resectio á clavicula lat.	46	2.401
Réttisinar saumaðar	3	245
Stendler stripping	28	2.744
Taug losuð eða flutt	221	15.239
Tekið osteosyntesumat. (meiri háttar)	43	3.871
Tekið rófubein	1	49

Heiti	Komur	Einingar
Tekið stórt, fasciubundið æxli	2	196
Tekinn metatarsalhaus	6	441
Tumor tekinn djúpt í holdi (extra-facialt)	25	2.205
Artroscopia á öxl (til rannsóknar á lið), (án tækjagjalds)	362	21.417
Aðgerð v. hallux valgus-metatarsal osteotomia 75%	1	88
Aðgerð v. hallux valgus-matatarsal osteotomia	88	10.119
Aðgerð v. pseudoarthrosis (meiri háttar)	2	236
Artrodesa og artroplastic á litlum lið	38	3.363
Artroscopia á öxl (til rannsóknar á lið)	108	7.965
Beygjusinar saumaðar	4	354
Borun í lið (pride)	0	0
Kjarnaborun (t.d. mjöðm, patella)	9	767
Lófafell tekið (meiri háttar, reop.)	69	6.785
Mein tekið úr beini	26	2.596
Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	25	2.714
Plastikar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu	38	4.130
Reconstr. á ligamentum	56	6.313
Recsectio lig. coracoacromiale	1	118
Sina-transpl. (hvor áfangi í 2ja áfanga op.)	2	236
Sinafærsla	21	2.124
Sinalengingar, ein eða fleiri	1	118
Synovectomia	83	9.558
Tekin baker cysta	4	472
Tuberositasflutningur	0	0
Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	14	1.593
Artroscopia með meniskect (án tækjagjalds)	0	0
Aðgerð á liðbrjóski, liðb., liðpoka (hné...)	10	1.580
Artroscopia – saumaður liðþófi	4	632
Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	986	155.709
Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús)	761	120.238
Decompression á öxl, artroscopisk	459	70.389
Decompression á öxl, opin	36	4.424
Saumaður rotator cuff	63	8.927
Inndæling í sinafestur, ein eða fleiri	0	0
Liðstunga á aðra liði en mjaðmarlið	7	33
Liðstunga í mjaðmarlið	0	0
Krossbandaaðgerð á hné (læknir 2)	0	0
Viðtal ítarlegt	0	0
Hljóðhimnuástunga í staðdeyfingu (1 eða 2)	0	0
Rör sett í/stungið á hljóðhimnu annars vegar í svæfingu	129	3.374
Ígerð opnuð	0	0
Minni háttar æxli eða vefjasýni tekið	8	120
Slímhúð/ofholdgun brennd eða fjarlægð	32	735
Skoluð kjálkahola annars vegar	12	270
Steinn tekinn úr munnvatnsgöngum	0	0

Heiti	Komur	Einingar
Skoluð kjálkahola beggja vegna	55	1.278
Tunguhaft fjarlægt	26	718
Rör sett í/stungið á hljóðhimnu beggja vegna í svæfingu	1.394	50.004
Aðgerð vegna nefbrots	5	200
Conchotomia. á bæði við hefðbundna og submucous	9	200
Slímsepar teknir	5	120
Æxli fjarlægt úr munni eða koki	4	160
Nefkokskirtlar teknir	204	9.338
Nefkokskirtlar teknir og sett rör (1 eða 2) eða stungið á hljóðhimnum	912	50.960
Djúp eitlabiopsia	4	248
Microlaryngoscopia í svæfingu	8	496
Microlar.sc. í sv. gerð m. leiser, innif. e. þörfum biops eða brottn. sepa	2	93
Sinoscopia	1	62
Uvulopalatoplastik	13	884
Uvulopalatoplastik – gerð með leiser	40	2.744
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku)	265	25.823
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku) – gerð með leiser	81	7.889
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku) ásamt röraísetningu/ástungu	7	819
Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku ásamt röraísetningu/ástungu – gerð með leiser	3	351
Fess functional endoscopic sinus surgery, með tækjagj. fyrir endoscope	48	5.688
Myringoplastik	48	6.000
Septumplastik	235	29.000
Fess með ethmoiectomiu, með tækjagjaldi fyrir endoscope	45	7.110
Septorhinoplastik	35	8.330
Meðferð <10x10 cm vasculight eða photoderm (svæfing)	1	58
Meðferð >10x10 cm vasculight eða photoderm (svæfing)	2	156
Meðferð >10x10 cm vasculight og photoderm (svæfing)	9	1.062
Valbrá í andliti og eða hálsi	1	58
Valbrá í andliti og eða hálsi/svæfing	0	0
Valbrá, stærri en a.m.k. 1 fersentimetri á bol eða útlimum/svæfing	0	0
Valbrá í andliti og eða hálsi/svæfing	2	176
Valbrá í andliti og eða hálsi/svæfing	1	118
Innspýting í húðmein	30	165
Tekin minni háttar húðæxli eða húðbreytingar, vörtur	30	182
Tekið stroksýni til leggangafrumurannsóknar v/krabbameinsleitar	2	12
Útskaf frá leghálsi	42	220
Útvíkkun á þvagopi	0	0
Skorið í ígerðir	0	0
Tekið vefjasýni	5	38
Tekin minni háttar húðæxli eða húðbreytingar, vörtur	3	38
Aðgerð vegna atresia humenalis	1	15
Leg blásið eða pertubatio	53	398
Ómskoðun með abdominal próp	0	0
Ómskoðun með vaginal próp	1	15

Heiti	Komur	Einingar
Pertubatio með laporosc., viðbótargjald	97	1.455
Meðferð v/condylomata (eitt gjald)	9	153
Einföld kolposkopia (án sýnatöku)	4	72
Subcutan æxli	10	179
Tekinn gyllinæðarhnútur	1	59
Aðgerð vegna glandula bartholini	2	56
Kolposkopia með biopsíum og útskafi úr leghálsi	3	70
Cystoscopia	0	0
Lagfærð ör	3	100
Leg skafið	171	6.253
Perineoplastic	12	492
Sett upp eða fjarlægð lykkja í svæfingu	24	923
Konisation	16	800
Laparosc. til rann. og/eða annarra aðgerða á getnaðarfærum	91	12.740
Brennsla/resectio á condylomata í svæfingu	25	1.040
Laporosc. til rannsóknar á getnaðarfærum	14	1.624
Legholsspeglun með aðgerð	0	0
Laporosc. með aðgerðum á getnaðarfærum	180	27.540
Stíf rectosigmoidoscopia	74	962
Polypectomia með snöru	1	10
Ristilsp,stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia/vinstri colonoscopia (þráinn)	3	78
Ristilspeglun, stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia eða vinstri colonoscopia)	1	28
Æðahnútar ein hlið, síðari aðgerð	24	2.706
Tekin nögl	0	0
König aðgerð síðari fótur	7	189
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	8	576
Tumor tekinn djúpt í holdi (extrafacialt) svæfl. 75%	0	0
Barnakviðslit/minni háttar kviðslit fullorðinna 75%	1	84
Kviðslit ein hlið (ekki recidiv)	2	197
Kviðslit ein hlið með neti (ekki recidiv) svæfl. 75%	2	197
Lagfærð meiri háttar ör með plastik og flipa (75% svæfingarl.)	3	306
Seps (perforant aðgerð) 75%	0	0
Æðahnútar ein hlið, síðari aðg. 75%	648	73.160
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 1 stk.	7	140
Húðbreytingar brenndar/frystar 1–10	19	510
Innhelling lyfs í æð	0	0
Opnuð ígerð, blóðhlaup	0	0
Saumað minni háttar sár/klippt upp úr sári	2	60
Tekið vefjasýni	3	60
Tekin nögl	7	135
Teknar minni háttar húðbr. <2cm/vörtur 1–3 stk.	79	1.410
Dorsal slit	2	48
Hringvöðvi/endaþarmsop víkkað	14	450
König aðgerð fyrri fótur	37	1.098
Sclerosering af gyllinæð/æðahnútum (eitt gjald)	788	28.368

Heiti	Komur	Einingar
Tekið subcutan æxli	96	2.016
Tekið subcutan æxli/ber úr brjósti	16	324
Tekið tunguhaft	7	216
Umskurn	20	870
Aðskotahlutur tekinn djúpt í holdi	60	2.090
Djúp biopsía, eitlabiopsia	6	275
Kirurgisk revision af sári (m.a. bruni, fótasár)	3	165
Tekið æxli úr brjóstvef	35	1.678
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 2–4 stk.	11	428
Teknar stórar húðbreytingar>/=2cm í þvermál óháð fjölda	20	912
Aðgerð v. tendov. stenosans	1	58
Tekið *ganglion*	11	551
Tekin bursa (b.olecrani)	1	58
Teknar minni háttar húðbr. <2 cm/vörtur 4–10 stk.	41	1.643
Aðgerð vegna fissura ani/condiloma/sepa/fistils	123	8.843
Ómskoðun á endaþarmi	0	0
Lagfært ör (lítið)/húðslípun	123	6.969
Rhinoplastik	0	0
Skinnflutningur (meiri háttar)	4	231
Tekin valbrá >10 cm í þvermál	0	0
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 5–10 stk.	1	77
Aðgerð vegna gyllinæðar	74	6.836
Aðgerð vegna sinus pilonidalis	78	7.208
Lyfjabrunnur	1	93
Tekinn fleygur úr brjóstvef	71	6.603
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	18	1.584
Gynecomastia ásamt fitusogi	39	3.168
Lagfærð inndregin geirvarta með mikroscopi	3	240
Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt)	7	588
Taug losuð eða flutt	12	1.078
Tekið fasciubundið æxli >5 cm	12	1.127
Tumor tekinn djúpt í holdi (extrafacialt)	23	2.058
Barna kviðslit/minni háttar kviðslit fullorðinna	178	19.376
Mastektómia simplex (ekki cancer)	3	224
Blepharopl. efri/neðri	22	1.914
Endursköpun geirvörtu	6	638
Fjarlægt æxli með plastik á bol og útlimum	7	812
Leisermeðferð á örum í andliti post acne	2	232
Settur inn vefjaþenjari með ventli	1	116
Sköpulagsaðgerð á eyra	78	6.910
Tekið taugabundið æxli í andliti	2	232
Beygjusinar saumaðar	0	0
Lófafell tekið (meiri háttar, reop.)	14	1.534
Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	5	590
Plastiskar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu	2	236

Heiti	Komur	Einingar
Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	15	1.711
Kviðarholsspeglun, eingöngu v/greiningar	3	393
Kviðslit ein hlið (ekki recidiv)	70	9.105
Kviðslit ein hlið með neti (ekki recidiv)	152	19.716
Fjarlægt æxli af andliti með flipa	9	1.156
Lagfærð meiri háttar ör með plastik og flipa	151	18.564
Sköpulagsaðgerð á nefi vegna áverka/fæðgalla	12	1.634
Seps (perforant aðgerð)	12	1.586
Æðahnútar ein hlið	876	132.201
Leisermeðferð á útbreiddum örum í andliti post acne	4	624
Brjóstaminnkun (>3 tímar)	1	156
Radiofrequency deyfing undir skyggnimagnara	491	2.946
Rf-deyfing, einstakl. með einkenni frá fleiri en einum líkamshluta (EEFL)	0	0
Rf-deyfing, einstakl. með langvarandi verki (ELVV)	0	0
Viðtal og skoðun	2.587	36.218
Minni háttar staðdeyfing (t.d. v/æxlis í húð)	1.231	6.504
Minni háttar leiðsludeyfing, fingurblokk	117	812
Minni háttar leiðsludeyfing, n.supraorb., n.infraorb	42	180
Minni háttar leiðsludeyfing á taugum ekki nefndum	61	292
Deyfðir verkir í stoðkerfi, ein eða fleiri deyfing	928	8.715
Svæfingarálag v/yngri en 5 ára eða eldri en70 ára, eða asa. Einfalt gjald	283	2.830
Svæfingarálag v/yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald 50%	1	5
Svæfingarálag v/yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald 60%	14	84
Svæfingarálag v/yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald 75%	176	1.320
Svæfingarálag v/yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald	27	243
Svæfingarálag vegna yngri en 5 ára	1.322	13.220
Svæfingarálag v/eldri en 70 ára	63	630
Svæfingarálag, aðgangur að öndurnarvegum er hindraður v/aðg. í nefi, munni, koki	1.498	14.980
75% svæfingarálag v/sjúkl. yngri en tveggja ára – einfalt gjald	1	8
Svæfingarálag – notast ef sjúkl. er yngri en tveggja ára – einfalt gjald	206	2.060
Leiðsludeyfing á n. sacrales (ein eða fleiri)	1	7
Leiðsludeyfing á n. occipitalis major	70	845
Leiðsludeyfing á n. cutaneous femoralis lat	7	91
Medianus deyfing	2	40
Meiri háttar staðdeyfingar (aðgerð djúpt í holdi)	421	6.790
Ulnaris deyfing	2	30
Penisdeyfing	3	66
100% endurgr. v/svæf. hjá tannlækni fyrir hvern hálftíma til viðbótar fyrstu tveim	53	1.590
75% endurgr. v/svæf. hjá tannlækni fyrir hvern hálftíma til viðbótar fyrstu tveim	1.325	29.835
60% endurgr. v/svæf. hjá tannlækni fyrir hvern hálftíma til viðbótar fyrstu tveim	112	2.016
90% endurgr. v/svæf. hjá tannlækni fyrir hvern hálftíma til viðbótar fyrstu tveim	172	4.658
100% endurgr. v/svæf. hjá tannlækni fyrsti hálftími	30	1.050
75% endurgr. v/svæf. hjá tannlækni fyrsti hálftími	971	25.489
60% endurgr. v/svæf. hjá tannlækni fyrsta hálftímann	78	1.638
90% endurgr. v/svæf. hjá tannlækni fyrir hvern fyrsta og annan hálftímann	104	3.276

Heiti	Komur	Einingar
Leiðrétt endurgr. v/svæf. hjá tannlækni úr 60% í 75%	7	163
Intercostal deyfing, ein eða fleiri	9	342
Intravenös deyfing	19	684
Meiri háttar leiðsludeyfing axillaris, supra, infraclavicularis	6	228
Ökklablokk	21	798
Ischiadicus og femoralis blokk	1	50
Sympaticus deyfing (cervikal, lumbal)	11	550
Epidural deyfing (cervikal, thoracal, lumbal, caudal)	139	7.620
Viðtal og skoðun	1.023	14.322
Minni háttar leiðsludeyfing, n. supraorb., n. infraorb	10	52
Deyfðir verkir í stoðkerfi, (ein eða fleiri deyfing)	1.641	8.525
Leiðsludyfing á n. occipitalis (ein eða fleiri)	1	13
Leiðsludeyfing á n. occipitalis major	87	1.034
Leiðsludeyfing á n. cutaneous femoralis lat	14	169
Intercostal deyfing, ein eða fleiri	5	152
Intravenos deyfing (ivra)	0	0
Plexus cervicalis profundus deyfing	9	190
Sympaticus deyfing (cervical, lumbal)	6	225
Epidural deyfing (cervical, thoracal, lumbal, caudal)	190	6.270
Intrathecal deyfing (spinal)	0	0
Viðtal og skoðun vegna radiofreq. verkjameðferðar, 15–20 mín.	875	12.250
Fyrsta viðtal og skoðun v/radiofreq verkjameðf., 30 mín.	371	7.420
Radiofrequency deyfing undir skyggnimagnara	916	59.223
Rf-deyfing, einstakl. með einkenni frá fleiri en einum líkamshluta (EEFL)	0	0
Rf-deyfing, einstakl. með langvarandi verki (ELVV)	0	0
Grófnálasýni úr prostata	1	26
Grófnálasýni úr prostata ásamt transrektalómun	0	0
Transrektalómun prostata	0	0
Þvagafgangsmæling	45	1.170
Cystometria	0	0
Dorsal slit	1	32
Frenuloplastik	6	128
Meðferð vegna condylomata	3	96
Tekin húðsýni, systur etc	0	0
Þvagrásarþrengsli karla víkkuð	8	208
Blöðruspeglun án aðgerða	93	4.371
Blöðruspeglun með blöðrusýnitöku	15	705
Blöðruspeglun með fjarlægingu blöðrustein	1	47
Blöðruspeglun með víkkun á þvagopi	28	1.293
Blöðruspeglun með víkkun á þvagrás karla	8	353
Optisk urethrotomia	10	470
Umskurn	6	212
Ureter stent tekinn	0	0
Forhúðarplastik	70	3.768
Miðhlutun sáðganga	59	3.163

Heiti	Komur	Einingar
Opnar pungaðgerðir	24	1.210
Uretersteinn dreginn	1	55
Ureter stent settur upp	1	55
Opnar náraaðgerðir	1	93
Æxli brennt úr þvagblöðru	2	186
Nesbit aðgerð	8	896
Orchidopexia	6	672
Kviðslið fullorðinna	7	917
Krabbameinslækningar		
Vitjun	19	665
Vitjun	287	11.767
Vitjun með fjölskyldufundi, kviðarholsástungu eða brjóstholsástungu	32	1.664
Taugalæknar		
Stutt viðtal	46	644
Viðtal og skoðun	4.315	84.143
Álagsviðtal (fer ekki með 84-7-1)	317	12.522
Vitjun	26	650
Inndæling í sinafestur ein eða fleiri	5	40
Mixed nerve conduction (MNC)	5	55
Proximal nerve conduction (PNC)	441	4.851
Nákv. neurologisk skoðun (fer ekki með 84-3-1)	2.390	28.680
Motor nerve conduction (MCV)	999	20.979
Repetitive stimulation	8	208
Sensory nerve conduction (SNC)	995	25.870
Vöðvarit	998	30.938
Þvagfæralækningar		
Aðgerð vegna gyllinæðar	2	190
Minniháttar staðdeyfing (t.d. v/æxlis í húð)	11	56
Meiri háttar staðdeyfingar (aðgerð djúpt í holdi)	224	2.260
Analgesi vegna blöðruspeglun karla ásamt intravenös	91	1.705
Penisdeyfing	201	2.607
Grófnálasýni úr prostata ásamt transrektalómun	75	2.100
Transrektalómun prostata	293	8.204
Þvagafgangsmæling	644	1.932
Þvagafgangsmæling ásamt þvagflæðimælingu	175	1.050
Þvagflæðimæling	43	129
Blöðruspeglun án aðgerða	577	8.655
Blöðruspeglun með blöðrusýnitöku	12	240
Blöðruspeglun með fjarlægingu blöðrusteina	1	20
Blöðruspeglun með víkkun á þvagopi	51	1.020
Blöðruspeglun með víkkun á þvagrás karla	17	340
Optisk urethrotomia	11	220

Heiti	Komur	Einingar
Ureter stent tekinn	4	80
Uretersteinn dreginn	1	20
Æxli brennt úr þvagblöðru	4	80
Viðtal og skoðun	6.384	102.144
Álag vegna sérhæfðs mats	1.334	13.340
Bta próf vegna blöðrukrabba	21	588
Fínnálarsýni úr prostata	2	56
Grófnálasýni úr prostata	105	2.926
Grófnálasýni úr prostata ásamt transrektalómun	126	4.956
Intracavernous sprauta+kennsla	34	952
Lyfjainnhelling í þvagblöðru	1	28
Transrektalómun prostata	415	14.924
Vatns-sæðishaulsstunga	47	1.316
Þvagafgangsmæling	1.355	40.427
Þvagafgangsmæling ásamt þvaðflæðimælingu	386	12.074
Þvagflæðimæling	111	3.312
Þvagincontinencepróf	91	2.548
Dorsal slit	5	170
Frenuloplastik	32	867
Meðferð vegna condylomata	56	1.938
Tekin húðsýni, systur etc	38	986
Þvagrásarþrengsli karla víkkuð	24	782
Blöðruhálskontractura opnuð	4	276
Blöðruspeglun án aðgerða	1.262	72.098
Blöðruspeglun með blöðrusýnitöku	30	1.796
Blöðruspeglun með fjarlægingu blöðrustein	3	187
Blöðruspeglun með víkkun á þvagopi	115	6.915
Blöðruspeglun með víkkun á þvagrás karla	41	2.489
Optisk urethrotomia	22	1.298
Umskurn	20	956
Ureter stent tekinn	15	921
Forhúðarplastik	108	6.156
Miðhlutun sáðganga	214	12.056
Opnar pungaðgerðir	29	1.539
Uretersteinn dreginn	2	134
Opnar náraaðgerðir	1	95
Æxli brennt úr þvagblöðru	6	610
Nesbit aðgerð	8	912
Orchidopexia	1	114
Kviðslið fullorðinna	7	931
Öldrunarlækningar		
Viðtal og skoðun öldrunarlæknis, 1/2 klst., ekki skemur en 20 mín.	19	380
Meiri háttar viðtal öldrunarlæknis, 1 klst., ekki skemur en 45 mín.	284	9.940
Fyrsta viðtal sjúklings ásamt greinargerð/viðtal v. fjölsk. á hverjum 18 mán.	76	3.952

Heiti	Komur	Einingar
Fjölskylduviðtal að lágmarki 2 klst.	1	60
Vitjun öldrunarlæknis til mats á heilsufari, sbr. þó 87-006-01 v. fyrsta viðt.	72	2.520
Fyrsta vitjun/viðtal sjúkl. ásamt greinarg. og viðtal við fjölsk. á h.18. mán.	27	1.404
Lýtalækningar		
Xantelasma og tumor brottnám af augnloki	2	75
Sett gifs eða plastgifs	2	32
Synovial biopsia	1	60
Réttisinar saumaðar	0	0
Aðgerð vegna nefbrots	2	84
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd 75% tækjagj.	1	15
König aðgerð 75%	2	57
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd 75%	4	339
Taug losuð eða flutt 75%	2	150
Lagfærð meiri háttar ör með plastik og flipa (75%)	2	207
Æðahnútar ein hlið, síðari aðgerð	6	689
König aðgerð síðari fótur	1	29
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	4	80
Gynecomastia ásamt fitusogi	19	310
Lagfærð inndregin geirvarta með mikroscopi	1	15
Leisermeðferð á örum í andliti post acne	1	25
Leisermeðferð á útbreiddum örum í andliti post acne	2	62
Viðtal og skoðun	4.889	78.224
Álag lýtalæknis/skurðlæknis vegna sérhæfðs mats	45	450
Doppler skoðun bláæða og slagæða eingöngu ætlað æðaskurðlæknum	0	0
Teknar húðbr. úr andliti með skurðað – gerð 1 stk.	209	4.695
Húðbreytingar brenndar/frystar 1–10	16	464
Innhelling lyfs í æð	12	288
Lagðar zinklímsumbúðir	0	0
Opnuð ígerð, blóðhlaup	21	576
Saumað minni háttar sár/klippt upp úr sári	4	128
Tekið vefjasýni	14	384
Tekin nögl	7	192
Teknar minnih. húðbr. <2cm/vörtur 1–3 stk.	534	13.680
Hringvöðvi/endaþarmsop víkkað	13	475
König aðgerð fyrri fótur	105	3.420
Sclerosering af gyllinæð/æðahnútum (eitt gjald)	49	1.862
Tekið subcutan æxli	418	12.027
Tekið subcutan æxli/ber úr brjósti	20	456
Tekið tunguhaft	1	38
Inndæling í vefjaþenslupoka	6	234
Umskurn	2	74
Aðskotahlutur tekinn djúpt í holdi	64	2.480
Biopsia af arteria temporalis/annarri æð	1	57
Djúp biopsía, eitlabiopsia	4	228

Heiti	Komur	Einingar
Kirurgisk revision af sári (m.a. bruni, fótasár)	5	285
Tekið æxli úr brjóstvef	8	399
Tekin valbrá <10 cm í þvermál	4	207
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 2–4 stk.	356	14.927
Teknar stórar húðbreytingar >/=2cm í þvermál óháð fjölda	205	10.650
Aðgerð v. tendov. stenosans	25	1.320
Dregið í stóran lið	0	0
Fingur eða tær teknar	3	120
Flexor tenotomiur	13	570
Tekið ganglion	44	2.580
Tekin bursa (b. olecrani)	3	180
Teknar minni háttar húðbr. <2 cm/vörtur 4–10 stk.	687	24.224
Aðgerð vegna fissura ani/condiloma/sepa/fistils	1	76
Lagfært ör (lítið)/húðslípun	330	21.212
Meiri háttar perineopla	2	119
Rhinoplastik	1	79
Skinnflutningur (meiri háttar)	11	672
Tekin valbrá >10 cm í þvermál	0	0
Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 5–10 stk.	54	3.911
Aðgerð vegna gyllinæðar	3	285
Aðgerð vegna sinus pilonidalis	12	1.093
Lyfjabrunnur	1	95
Tekinn fleygur úr brjóstvef	3	285
Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	25	2.269
Gynecomastia ásamt fitusogi	37	3.031
Lagfærð inndregin geirvarta með mikroscopi	5	437
Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt)	24	2.200
Taug losuð eða flutt	126	11.750
Tekið fasciubundið æxli >5 cm	31	3.000
Tumor tekinn djúpt í holdi (extra-facialt)	99	9.350
Barna kviðslit/minni háttar kviðslit fullorðinna	1	114
Mastektómia simplex (ekki cancer)	0	0
Blepharopl. efri/neðri	17	1.534
Endursköpun geirvörtu	15	1.593
Fjarlægt æxli með plastik á bol og útlimum	22	2.537
Leisermeðferð á örum í andliti post acne	3	404
Settur inn vefjaþenjari með ventli	1	118
Sköpulagsaðgerð á eyra	58	5.192
Tekið taugabundið æxli í andliti	5	590
Beygjusinar saumaðar	1	120
Lófafell tekið (meiri háttar, reop.)	58	6.720
Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	7	840
Plastiskar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu	6	720
Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	23	2.760
Kviðslit ein hlið (ekki recidiv)	2	200

Heiti	Komur	Einingar
Kviðslit ein hlið með neti (ekki recidiv)	3	333
Fjarlægt æxli af andliti með flipa	40	5.451
Lagfærð meiri háttar ör með plastik og flipa	193	24.633
Sköpulagsaðgerð á nefi vegna áverka/fæðgalla	10	1.380
Æðahnútar ein hlið	8	1.224
Leisermeðferð á útbreiddum örum í andliti post acne	4	663
Brjóstaminnkun (>3 tímar)	1	158
Inndæling í sinafestur	7	40
Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	20	180
Minni háttar staðdeyfing (t.d. v/æxlis í húð)	4.310	17.244
Minni háttar leiðsludeyfing, fingurblokk	41	164
Medianus deyfing	157	1.570
Meiri háttar staðdeyfingar (aðgerð djúpt í holdi)	899	8.990
Ulnaris deyfing	52	520

1379. Svar [525. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra leggja fram áfangaskýrslu um þá vinnu sem unnin hefur verið á kjörtímabilinu á vegum ríkisstjórnarinnar um breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins?

Við endurnýjun stjórnarsamstarfsins boðaði ríkisstjórnin að stjórnarráðslögin yrðu tekin til endurskoðunar á kjörtímabilinu, m.a. með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Eins og áður þegar slík stefnumál hafa verið sett á dagskrá hefur pólitísk athygli fyrst og fremst hvílt á skipan ráðuneyta og verkaskiptingu ráðuneyta og vissulega hefur nokkuð áunnist í tilflutningi verkefna, sameiningu og fækkun stofnana. Af ástæðum sem raktar voru nýlega í svari við fyrirspurn á þskj. 70, 70. máli 128. löggjafarþings, hafa ekki orðið fleiri breytingar á verkaskiptingu en samið var um í upphafi kjörtímabilsins. Á hinn bóginn hefur á kjörtímabilinu komið fram að ástæða er til að huga að ýmsu öðru í innviðum stjórnkerfisins en verkaskiptingunni eingöngu.

Stjórnarráðslögin voru á sínum tíma sett til að skapa festu um það los sem þáverandi forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson, taldi komið á skipan og starfshætti Stjórnarráðsins. Þau voru þá algert nýmæli í sögu íslenskrar stjórnskipunar og líklega einsdæmi í stjórnarfari ríkja er búa við sambærilega stjórnskipun og hér. Þessi lagasetning er athyglisverð fyrir margra hluta sakir og þá kannski helst fyrir það hversu nærri hún gengur þeim valdheimildum sem talið hafði verið að ríkisstjórnin hefði á sinni hendi skv. 15. gr. stjórnarskrárinnar. Stjórnarráðslögin takmarka þessar valdheimildir á tvo vegu: Annars vegar er með lögum sett þak á tölu ráðuneyta og íhlutunarvald löggjafans við breytingar þar á tryggt. Með því að hvert ráðuneyti skal óskipt lagt til eins ráðherra er um leið komið í veg fyrir að ráðherrar verði fleiri en ráðuneytin. Ekkert mælir hins vegar á móti því að ráðherrar í ríkisstjórn fari með

fleiri en eitt ráðuneyti eins og raunin hefur og orðið. Þessar takmarkanir hafa þannig alltaf verið virtar og e.t.v. ekki íþyngt stjórnvöldum svo mjög að nokkurn tímann hafi verið efast um stjórnskipulegt gildi þeirra. Hins vegar hefur sú takmörkun sem felst í því að forsætisráðherra er bundinn af hinu lögbundna skipulagi ráðuneyta við verkaskiptingu ráðherra og af því að skipa málum í ráðuneyti, er „eðli sínu samkvæmt eiga þar heima", e.t.v. bundið svigrúm stjórnsýslunnar óþarflega sterkum böndum.

Þegar til þess er litið að ráðuneytum hefur aðeins fjölgað um eitt á þeim rúmu 30 árum sem liðin eru frá setningu stjórnarráðslaganna, fjöldi ráðherra hefur sjaldnast náð því hámarki sem lögin setja og verkaskipting ráðuneyta verður að teljast í nokkuð föstum skorðum, verður að ætla að dr. Bjarna hafi tekist sæmilega það ætlunarverk sitt að koma reglu á óregluna og sporna við óhóflegri þenslu í stjórnkerfinu, a.m.k. að þessu leytinu til. Hitt er annað að þenslan kann að hafa fundið sér aðra farvegi og ýmislegt bendir til að ekki hafi tekist að skapa sömu festu um vöxt og viðgang annarra greina stjórnkerfisins.

Þannig liggja nú fyrir tvær skýrslur, sem unnar hafa verið á kjörtímabilinu, þar sem bent er á ýmsa annmarka á þróun stjórnkerfisins og vísað á leiðir til úrbóta. Önnur er skýrsla nefndar, er forsætisráðherra skipaði, um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Þessi skýrsla var lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi og tekin þar til umræðu. Þar er megindráttum í hefðbundinni uppbyggingu stjórnkerfisins lýst og á hvern hátt stjórnunar- og eftirlitsheimildir æðri stjórnvalda með lægra settum stjórnvöldum eru innbyggðar í þessa uppbyggingu með því að stjórnskipunin gerir almennt ráð fyrir að ráðherra fari með yfirstjórn þeirra stjórnarmálefna sem undir ráðuneyti hans heyra. Stofnun sjálfstæðra stofnana og stjórnsýslunefnda feli hins vegar í sér þau veigamiklu frávik frá þessari uppbyggingu að ráðherra er í raun sviptur þeim almennu stjórnunar- og eftirlitsheimildum sem stjórnskipunin leggur annars til grundvallar. Stundum sé stjórnsýsluleg staða stofnana að lögum jafnvel ekki nægilega skýr að þessu leyti. Einnig sé óljóst hvort eftirlit ráðuneytis skv. 9. gr. stjórnarráðslaganna taki einvörðungu til þeirra stjórnvalda sem þeim eru lægra sett eða einnig til sjálfstæðra stjórnvalda. Bent er á að sjálfstæðum stjórnsýslunefndum hafi fjölgað mikið án þess að nein heildarstefnumörkun búi þar að baki. Eftir því sem fleiri sjálfstæðum stjórnvöldum er komið á fót þeim mun erfiðara verði hins vegar fyrir ríkisstjórn að stjórna og samhæfa aðgerðir innan stjórnsýslukerfisins. Einnig fylgi sú hætta, ef sjálfstæðum stjórnsýslunefndum fjölgar mikið, að erfitt geti reynst að manna þær hæfum einstaklingum, auk þess sem kostnaður við stjórnsýslu eykst og stjórnsýslukerfið verður flóknara. Í ljósi þess hve smátt íslenskt stjórnkerfi er í sniðum er í skýrslunni bent á að skynsamlegra kunni að vera að sameina nefndir á ákveðnum sviðum og gera þær öflugri, ef ástæða þyki á annað borð til að færa vald frá ráðherra til nefnda. Loks er talið æskilegt að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins þar sem m.a. verði tekin afstaða til þess í hvaða tilvikum talið sé réttlætanlegt að gera þá undantekningu frá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar að gera stofnanir eða nefndir sjálfstæðar.

Hin er skýrsla nefndar er fjármálaráðherra skipaði til að fjalla um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að stofnanakerfi ríkisins hafi mótast á margvíslegan og ómarkvissan hátt án heildarstefnumörkunar. Verulegt misræmi sé á milli ákvæða almennra laga og fjölmargra sérlaga að því er varðar ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna. Þá sé einnig mikið misræmi á milli hinna ýmsu sérlaga að því er ákvæði um stjórnun stofnana varðar. Stjórnsýslustaða stofnana, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna sé oft óljós og af því leiði að oft sé óljóst hver beri ábyrgð á rekstri stofnunar. Þar sem heildarstefnumörkun skorti hafi nefndin þó ekki talið forsendur til að gera tillögur að lagabreytingum til að samræma ákvæði hinna ýmsu sérlaga

ákvæðum almennra laga, svo sem starfsmannalaga og laga um fjárreiður ríkisins. Þess í stað lagði nefndin til að lögleidd yrðu heildstæð ákvæði um skipulag og stjórnun stjórnsýslukerfisins, meginreglur um stjórnsýslustöðu stofnana, ábyrgð og verkefni forstöðumanna og stjórna og stjórnunar- og eftirlitshlutverk ráðherra og sérlögum breytt í samræmi við það. Þá taldi nefndin koma til greina að útvíkka lög um Stjórnarráð Íslands þannig að þau tækju til stjórnsýslukerfis ríkisins í heild sinni og tiltók nokkur áhersluatriði við athugun á því.

Í ljósi þessara og fleiri ábendinga um þróun innviða stjórnkerfisins sjálfs virðist full ástæða til að endurskoðun stjórnarráðslaganna taki ekki eingöngu til verkaskiptingar ráðuneytanna – eins og stjórnmálamenn hafa kannski mestan part einblínt á þegar þau lög koma til umræðu – heldur einnig til stjórnkerfisins í víðara samhengi, þar á meðal til þeirra atriða sem vikið er að hér að framan.

1380. Svar [596. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla á sviði menntamála,

a. varðandi leikskólavist langveikra barna og aðstöðu, gjaldtöku og forgang systkina,
b. að fella reglugerð um leikskóla að þörfum langveikra barna,
c. að langveik börn fái kennslu við hæfi, sbr. grunnskólalög,
d. að efla fræðslu fyrir kennara um langveik börn,
e. að efla nemendaverndarráð,
f. að gera ráð fyrir langveikum unglingum í framhaldsskólum, og
g. að auka samvinna sérfræðiþjónustu skóla og heilsugæslu?

a. **Leikskólavist langveikra barna, gjaldtaka og forgangur systkina.**

Í aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 1999 er fjallað um sérþarfir barna. Lög um leikskóla eru frá árinu 1994.

Leikskólar og grunnskólar eiga lögum samkvæmt að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska, fötluðum börnum og ófötluðum og börnum af innlendum sem erlendum uppruna. Ráðuneytið gaf í árslok 2002 út skýrslu um hvernig það hyggst ná settum markmiðum í kjölfar svokallaðrar Dakar-yfirlýsingar um *Menntun fyrir alla*. Markmið yfirlýsingarinnar eru í sex liðum og ber hverju aðildarlandi UNESCO að skilgreina hvernig það hyggst ná markmiðunum fyrir árið 2015. Fyrsta markmiðið í Dakar-skýrslunni um menntun fyrir alla er að auka skuli og bæta alla umönnun og menntun ungra barna, einkum þeirra sem verst eru á vegi stödd. Í skýrslunni segir að börn sem búa við erfiðar aðstæður, eða eru illa á vegi stödd að öðru leyti, séu forgangshópur á leikskólum en slík ákvæði eru þegar í reglugerð um starfsemi leikskóla, nr. 225/1995. Í skýrslunni segir enn fremur að huga þurfi sérstaklega að langveikum börnum og brýnt sé að þörfum þeirra sé sinnt með samstarfi við skóla.

Engin sérstök ákvæði eru í reglugerðum um gjaldtöku og systkinaafslátt fyrir langveik börn. Ráðuneytið hefur þó upplýsingar um að almennt tíðkist að veita langveikum og fötluðum börnum forgang í leikskóla. Einnig hefur ráðuneytið upplýsingar um að systkinaafsláttur sé gefinn en ákvörðun um hann er tekin í viðkomandi sveitarfélagi.

Í ráðuneytinu er að hefjast vinna við að móta verklag við úttektir á aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem tóku gildi 1999. Í þeim úttektum gefst tækifæri til að skoða hvernig lögunum er framfylgt, m.a. er varðar réttindi langveikra barna og ungmenna til aðstoðar og þjálfunar á þessum skólastigum. Í kjölfar slíkrar úttektar er eðlilegt að lagt verði mat á hvort eða hvernig þurfi að breyta lögum um viðkomandi skólastig, reglugerðum og námskrárákvæðum til að taka af öll tvímæli um rétt langveikra barna í menntakerfinu.

b. Að fella reglugerð um leikskóla að þörfum langveikra barna.

Reglugerð um starfsemi leikskóla tekur ekki sérstaklega á málefnum langveikra barna en eins og að framan getur eru öll börn sem standa höllum fæti forgangshópur samkvæmt gildandi reglugerð.

c. **Að langveik börn fái kennslu við hæfi, sbr. grunnskólalög.**

Í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, sem menntamálaráðuneytið gaf út 1999 kemur skýrt fram á bls. 14 að grunnskólinn skuli „leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. ... Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili“.

Samkvæmt grunnskólalögum skal hver skóli gefa árlega út skólanámskrá og í aðalnámskrá grunnskóla er nánari útfærsla á þessu lagaákvæði. Þar kemur m.a. fram, bls. 26, að í skólanámskrá þurfi að gera grein fyrir kennslufræðilegri stefnu skólans, sérkennsluúrræðum og kennslu langveikra barna.

Reglugerð um sérkennslu, nr. 389/1996, var endurskoðuð í kjölfar flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Grundvöllur sjúkrakennslu grunnskólanemenda er í 15. gr. reglugerðar um sérkennslu, nr. 389/1996. Bent er á að skv. 1. gr. laga nr. 77/1996, um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, hefur Samband íslenskra sveitarfélaga frumkvæði að lausn málefna grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag, ef þeim er ekki skipað með öðrum hætti í lögum, reglugerðum eða með samkomulagi aðila. Kennsla á sjúkrahúsum þar sem nemendur eru frá mörgum sveitarfélögum getur fallið undir ákvæði þessara laga. Undirbúningur er hafinn í ráðuneytinu vegna nýrrar endurskoðunar á reglugerðinni.

Heildarúttekt hefur ekki verið gerð á sérkennslu í grunnskólum, eðli hennar og umfangi en samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið frá sveitarfélögum hefur sérkennsla aukist eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaga, í sumum tilvikum verulega. Sérstaklega er vakin athygli á úttekt á sérkennslu í Reykjavík sem gerð var árið 2001 en þar kemur m.a. fram að aukning hefur verið til sérkennslu á undanförnum árum, bæði hvað varðar fjármagn og fjölda nemenda. Í ýmsum tilvikum er slík aukning tilkomin vegna skólagöngu langveikra barna sem sækja í auknum mæli heimaskóla og njóta fjarkennslu frá skólunum þegar þau dvelja á sjúkrahúsum eða eru veik heima. Einnig hefur þjónusta við langveik vörn aukist í sérdeildum og sérskólum. Fjarkennsla á grunnskólastigi hefur á undanförnum árum auðveldað langveikum börnum að stunda nám eins og aðrir jafnaldrar þeirra og viðhalda félagslegum

tengslum við bekkjarfélaga með viðeigandi tæknibúnaði. Þessi fjarkennsluþjónusta hefur komið til viðbótar þjónustu við langveik börn sem veitt er samkvæmt sérkennslureglugerð.

Skipuð hefur verið nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins til að huga að endurskoðun á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla. Í nýrri reglugerð um sérfræðiþjónustu verða ákvæði sem skylda grunnskóla til að framkvæma greiningu á sértækri lesröskun með kerfisbundnum hætti. Þar verður enn fremur kveðið á um hvaða aðferðum skuli beitt við greininguna og hvaða skyldur skólar bera gagnvart nemendum sem greinast með sértæka lesröskun. Ráðuneytið leggur áherslu á að lestrarerfiðleikar greinist sem fyrst á skólagöngu barnsins svo að hægara sé að leita leiða til úrbóta. Ræða þarf verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þessu sambandi, svo og skiptingu ábyrgðar, auk þess sem nauðsynlegt er að skilgreina ábyrgð og verkaskiptingu ráðuneyta. Í reglugerð um sérfræðiþjónustu verður einnig fjallað um málefni langveikra barna og hlutverk þjónustunnar skilgreind.

d. **Að efla fræðslu fyrir kennara um langveik börn.**

Menntamálaráðuneytinu er kunnugt um að málefni langveikra barna hafa fengið aukna áherslu í kennaranámi að undanförnu, bæði í námi grunnskólakennara og leikskólakennara, og veittir hafa verið styrkir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til námskeiða fyrir kennara um málefni langveikra barna.

e. **Að efla nemendaverndarráð.**

Menntamálaráðuneytið hefur fellt tvo úrskurði á grundvelli gildandi reglugerðar um nemendaverndarráð, nr. 388/1996, annan árið 1999 og hinn 2001, og þannig skýrt og styrkt stöðu nemendaverndarráða. Stefnt er að því festa frekar í sessi stöðu og hlutverk ráðanna, m.a. varðandi málefni langveikra barna. Nemendaverndarráð hafa á undanförnum árum eflst mjög víða í grunnskólum og orðið skilvirkari í meðferð og úrlausn mála hvað varðar einstaka nemendur. Einnig hefur teymisvinna innan skóla víða aukist í þeim tilgangi að styrkja kennara í að koma til móts við þarfir nemenda sem eiga við ýmsan vanda að etja. Loks hefur samstarf skólaþjónustu og barnaverndaryfirvalda við úrlausn mála aukist.

f. **Að gera ráð fyrir langveikum unglingum í framhaldsskólum.**

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá eiga langveikir nemendur í framhaldsskóla að fá kennslu og nauðsynlegan stuðning í skólanum. Framhaldsskólum ber að greina frá þjónustu við langveik ungmenni í skólanámská viðkomandi skóla. Fjarnám er einnig orðið algengt á framhaldsskólastigi og hentar það vel til að veita langveikum ungmennum þjónustu.

Á undanförnum árum hefur orðið hröð þróun í uppbyggingu sérdeilda framhaldsskóla. Gerð hefur verið sérstök námskrá og eiga nemendur rétt á fjögurra ára námi í sérdeildum. Stóraukið fjármagn hefur verið veitt til sérkennslu innan framhaldsskóla á undanförnum árum. Almenn heilbrigðisþjónusta hefur einnig verið efld í nokkrum framhaldsskólum í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld.

g. **Að auka samvinnu sérfræðiþjónustu skóla og heilsugæslu.**

Málefni langveikra barna hafa verið til umfjöllunar í samráðsnefnd ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka kennara og skólastjóra. M.a. hefur verið rædd nauðsyn þess að sérfræðiþjónusta skóla vinni samhæft með heilbrigðisyfirvöldum og félagsmálayfirvöldum. Í vinnu nefndar forsætisráðuneytisins um stefnu í málefnum barna og ungmenna

hefur verið fjallað um eflingu heilsugæslu í skólum á öllum skólastigum. Skýrslan er á lokastigi.

Í Dakar-skýrslunni, sem getið er undir a-lið, segir að efla þurfi og samhæfa betur sérfræðiþjónustu og ráðgjöf, leggja þurfi áherslu á þróun mats- og greiningartækja, auka þurfi samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála og skilgreina rétt einstaklinga til sérfræðiþjónustu vegna fötlunar og námsörðugleika, t.d. vegna lesröskunar.

Loks skal þess getið að ráðuneytisstjórum menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis hefur verið falið að ræða sérstaklega ýmis málefni sem skarast milli ráðuneyta og finna þeim málum farsælan farveg og úrlausn. Sérfræðiþjónusta vegna langveikra barna er eitt þeirra mála sem eðlilegt er að verði rædd á þeim vettvangi.

1381. Svar [497. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um skiptingu rannsókna- og þróunarfjár á milli háskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklu af því fé sem notað var til rannsókna og þróunar á Íslandi, samkvæmt áætlun hagtöludeildar Rannís fyrir árið 2001, var varið innan háskóla eða í tengslum við háskóla? Hvernig er skiptingin á milli þeirra? Hver var þróunin árin fimm þar á undan?

Eins og fram kemur í svari ráðherra við fyrirspurn um uppruna rannsókna- og þróunarfjár (þskj. 1382, 495. mál) er hagtalna um rannsóknir og þróun aflað á tveggja ára fresti og er vinnsla talna fyrir árið 2001 á lokastigi. Þar er m.a. um að ræða upplýsingar um heildarfjármagn sem háskólar hafa til ráðstöfunar til rannsókna og þróunar, þ.e. styrkir af ýmsum toga, innlendir og erlendir, og önnur framlög og sértekjur, auk opinberra framlaga. Framlög hins opinbera gefa því aðeins hluta af heildarmyndinni. Í yfirlitinu hér að neðan eru tilgreind framlög hins opinbera til rannsókna við háskóla og stofnanir.

Ríkisframlag til rannsókna við háskóla og stofnanir sem tengjast þeim 1996–2003.

Verðlag hvers árs, millj. kr.	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Stofnun Sigurðar Nordals	0,3	0,5	0,4	0,5	0,5	0,5	0,6	0,8
Íslensk málstöð	3,5	4,5	6,4	7,5	3,0	6,9	6,8	7,4
Samvinnuháskólinn		6,7	7,1	7,8	9,8	12,0	13,2	17,4
Garðyrkjuskóli ríkisins	9,5	7,8	9,1	9,9	13,7	11,4	18,1	12,8
Viðskiptaháskólinn í Reykjavík*				18,1	25,8	34,6	36,1	46,0
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	13,5	12,7	16,2	15,8	18,0	23,2	20,6	25,0
Orðabók Háskólans	15,3	12,1	16,5	17,6	20,1	19,2	18,0	21,4
Bændaskólinn á Hvanneyri	16,5	20,7	20,5	22,8	22,5	23,7	31,5	30,5
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	14,8	20,2	27,0	29,3	31,0	30,8	31,7	35,4
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	21,3	23,0	37,8	46,2	29,5	30,1	192,1	100,0
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	31,4	35,4	49,6	62,6	117,3	166,9	215,0	73,1
Kennaraháskóli Íslands			127,5	140,3	160,8	186,6	169,5	201,8

Verðlag hvers árs, millj. kr.	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Háskólinn á Akureyri	72,6	105,1	126,9	158,6	143,5	174,0	155,6	218,0
Raunvísindastofnun Háskólans	138,3	142,5	166,7	170,6	187,0	189,9	190,8	209,0
Háskóli Íslands	782,7	856,1	1.327,5	1.395,1	1.452,2	1.592,7	1.488,6	2.111,3
Samtals	**993,6**	**1.103,7**	**1.916,2**	**2.102,7**	**2.234,7**	**2.502,5**	**2.588,2**	**3.109,9**

* Varð síðar Háskólinn í Reykjavík.

Heimild: Skrifstofa Rannís mars 2003.

Í janúar 2003 höf störf nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem falið hefur verið að taka saman yfirlit um fjárstreymi til rannsókna og æðri menntunar 2001. Meðal verkefnanna er að varpa skýrara ljósi á hlut rannsókna í starfi háskólanna sem heyra undir ráðuneytið. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum á útmánuðum. Nefndin mun vinna yfirlit og skilgreina hvernig framsetning þessarar tölfræði gefur sem skýrasta mynd af fjárstreymi til æðri menntunar og rannsókna. Ráðuneytið hefur í hyggju að afla sambærilegra upplýsinga frá háskólunum árlega. Með þessu móti verður auðveldara að fá mynd af því starfi sem fer fram innan háskólanna. Verður þá unnt að svara fyrirspurnum með betri hætti en áður og yfirlitið mun gagnast við gerð fjárlaga

1382. Svar [495. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um uppruna rannsókna- og þróunarfjár.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið af því fé sem varið var til rannsókna og þróunar á Íslandi, samkvæmt áætlun hagtöludeildar Rannís fyrir árið 2001, kom frá opinberum aðilum, hversu mikið frá íslenskum fyrirtækjum og hversu mikið frá útlöndum? Hver var þróunin árin fimm þar á undan?

Upplýsingar þær sem hér er óskað eftir eru teknar saman af hagdeild skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands á tveggja ára fresti. Svo hefur verið frá 1971 en þá tóku Íslendingar að birta OECD-gögn um framlög til rannsókna og þróunar með reglulegum hætti. Raunar eru til í gagnagrunni Rannís tölur allt aftur til 1950, en það er fágætt. Ástæður þess að OECD gengst fyrir athugunum á framlögum til rannsókna og þróunar á tveggja ára fresti eru tvær. Annars vegar verða sjaldan svo stórar breytingar frá ári til árs að talinn sé verulegur ávinningur af því að vinna og birta heildartölur árlega. Hins vegar er upplýsinganna aflað úr gögnum sem leita þarf sérstaklega eftir. Kannanir þær sem Rannís gerir eru umfangsmiklar og það tekur fyrirtæki og stofnanir tíma að veita þau svör sem leitað er eftir. Tölurnar eru unnar út úr bókhaldi og ársreikningum og er mismunandi hvenær unnt er að leggja í þá vinnu.

Tölurnar sem hér birtast eru frá árunum 1991, 1993, 1995, 1997, 1999 og áætlaðar tölur fyrir 2001. Úrvinnsla skrifstofu Rannís vegna 2001 er á lokastigi og tölurnar eru því birtar með fyrirvara. Gert er ráð fyrir að endanlegar tölur liggi fyrir í apríl. Þess má geta að gert er ráð fyrir verulegri hækkun á útgjöldum til rannsókna og þróunar frá 1999 til 2001. Þar sem um svo mikla breytingu er að ræða hefur skrifstofa Rannís lagt áherslu á varfærni þar til endanlegar tölur liggja fyrir á komandi vikum.

Upplýsingar um framlög hins opinbera eru byggðar á ríkisreikningi og tölur ársins 2001 eru því, enn sem komið er, mun áreiðanlegri en áætlanir um erlend framlög og framlög frá fyrirtækjum það ár.

Heildarfjármagn til rannsókna og þróunar, skipt eftir fjármögnunaraðila, þús. kr.

Verðlag hvers árs.	*2001	1999	1997	1995	1993	1991
Atvinnufyrirtæki	11.400	6.305	4.087	2.406	1.858	1.130
Sjálfseignarstofnanir	360	216	89	254	125	80
Hið opinbera	6.876	5.978	4.873	3.989	3.341	3.221
Erlendis frá	3.084	2.023	602	308	174	189
	21.720	**14.522**	**9.651**	**6.958**	**5.498**	**4.619**

*Áætlun 2001.

Heildarfjármagn til rannsókna og þróunar, skipt eftir fjármögnunaraðila, þús. kr.

Á verðlagi 2001.	*2001	1999	1997	1995	1993	1991
Atvinnufyrirtæki	11.400	6.974	4.682	2.877	2.292	1.522
Sjálfseignarstofnanir	360	239	103	304	154	108
Hið opinbera	6.876	6.612	5.584	4.770	4.121	4.339
Erlendis frá	3.084	2.238	689	368	214	255
	21.720	**16.064**	**11.058**	**8.320**	**6.781**	**6.224**

* Áætlun 2001.

1383. Svar [496. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um skiptingu rannsókna- og þróunarfjár á milli fræðasviða og starfsgreina.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptist það fé sem varið var til rannsókna og þróunar á Íslandi, samkvæmt áætlun hagtöludeildar Rannís fyrir árið 2001, annars vegar á milli fræðasviða og hins vegar starfsgreina? Hver var þróunin árin fimm þar á undan?

Til rannsókna er varið opinberu fé, framlögum atvinnulífsins og auk þess hafa íslenskir vísindamenn aflað umtalsverðra styrkja erlendis frá. Hagtalna um rannsóknir og þróun er aflað á tveggja ára fresti. Er í því efni fylgt vinnulagi OECD, enda er það sjaldgæft að svo miklar breytingar verði milli ára að ástæða sé talin til þess að safna þessum tölum árlega. Því er ekki unnt að veita upplýsingar um árin 2000, 1998 og 1996 eins og farið er fram á. Þær tölur hafa ekki verið teknar saman.

Þess í stað eru birtar tölur fyrir annað hvort ár frá 1993–2001 á verðlagi ársins 2001. Sú skipting sem hér er spurt um er síðasti þátturinn í gerð skýrslu skrifstofu Rannís fyrir 2001 sem birt verður á næstu vikum. Þar sem hér er um að ræða fyrstu tölur kynnu einhverjar breytingar að verða þegar endanlegar upplýsingar liggja fyrir.

Í starfsgreinatengdum rannsóknum fara einnig fram grunnrannsóknir og er ætlað að um 30% grunnrannsókna í landinu fari fram utan háskólastofnana. Á sama hátt fer nokkuð af hagnýtum rannsóknum fram við háskólastofnanir.

Flokkunin sem fylgt er í eftirfarandi töflu byggist á aðferðafræði OECD. Nákvæmari sundurliðun á skiptingu fjárins milli einstakra fræðigreina liggur ekki fyrir.

Flokkun fjármagns til rannsókna og þróunar eftir viðfangsefnum 1993–2001. Þús. kr.						
Vísitala vöru og þjónustu án húsnæðis		211,4	191,1	184,5	176,8	171,4
Verðlag 2001		**2001**	**1999**	**1997**	**1995**	**1993**
Hagnýtar rannsóknir og þróun:						
1	**Fiskveiðar og landbúnaður**	**2.743.270**	**2.393.140**	**1.928.669**	**1.403.578**	**1.429.809**
1,1	Landbúnaður	726.950	445.649	409.953	340.270	357.953
1,2	Fiskveiðar	1.683.032	1.726.218	1.195.183	801.210	758.234
1,3	Fiskeldi	333.288	221.273	323.533	262.098	313.622
2	**Iðnaður**	**4.422.907**	**4.286.782**	**3.264.046**	**2.431.080**	**2.044.313**
2,1	Fiskiðnaður	150.557	794.321	982.253	765.009	655.150
2,2	Almennur iðnaður	1.188.505	1.429.178	1.138.359	858.015	928.055
2,3	Byggingarstarfsemi	300.496	253.401	242.013	280.978	175.902
2,4	Tölvuv. og hugbúnaðarg.	2.783.349	1.809.882	901.421	527.078	285.206
3	**Orkuframl. og dreifing**	**596.955**	**353.265**	**358.465**	**479.393**	**420.804**
3,1	Vatnsorka	390.283	218.961	212.435	260.165	346.839
3,2	Jarðvarmi	198.708	128.721	135.129	204.111	69.758
3,3	Aðrir orkugjafar	7.964	5.583	10.901	15.116	4.207
4	**Samgöngumál og fjarskipti**	**396.984**	**282.810**	**219.921**	**198.036**	**173.862**
5	**Skipulagsmál bæja o.fl.**	**21.954**	**63.628**	**54.841**	**30.774**	**19.698**
6	**Umhverfi og mengunarvarnir**	**342.376**	**277.597**	**209.440**	**157.232**	**164.041**
7	**Heilbrigðismál**	**8.726.125**	**3.992.505**	**1.618.608**	**808.264**	**564.949**
8	**Félags- og tryggingamál**	**574.862**	**422.810**	**350.880**	**244.620**	**20.262**
9	**Menningarmál, fjölmiðlar o.fl.**	**279.954**	**246.030**	**128.460**	**135.015**	**52.690**
10	**Skóla- og kennslumál**	**333.874**	**325.834**	**203.076**	**103.068**	**84.549**
11	**Atvinnusjúkd. og vinnuaðstaða**	**60.172**	**9.618**	**445**	**4.012**	**555**
12	**Efnahagsmál og opinber stjórn-un**	**333.717**	**254.347**	**114.082**	**92.928**	**19.913**
13	**Náttúruauðlindir og nýting**	**299.984**	**299.987**	**323.425**	**163.097**	**161.964**
13,1	Landgrunnsrannsóknir	12.449	15.155	8.191	4.472	10.378
13,2	Auðlindaleit	17.378	16.269	93.394	8.381	7.400
13,3	Veðurfarsrannsóknir	119.913	162.517	173.146	68.795	68.231
13,4	Aðrar rannsóknir	150.245	106.045	48.693	81.450	75.955
	Samtals hagnýtar rannsóknir og þróun	**19.133.133**	**13.208.352**	**8.774.357**	**6.251.096**	**5.274.579**
Grunnrannsóknir, almenn þróun vísinda						
14,1	Tækni- og verkfræði	299.738	277.211	234.176	620.369	280.236
14,2	Raunvísindi	1.035.774	894.691	805.042	211.718	299.244
14,3	Læknavísindi	791.072	525.060	573.144	407.588	413.181
14,4	Fiskveiðar og landbúnaður	329.662	384.859	254.989	287.950	277.251
14,5	Félagsvísindi	335.183	263.500	216.145	124.508	163.105
14,6	Hugvísindi	673.541	499.843	344.530	353.083	148.491
14,7	Þverfaglegt	0	10.722	0	0	1.211
	Samtals grunnrannsóknir	**3.464.970**	**2.855.885**	**2.428.026**	**2.062.686**	**1.582.719**
	ALLS	**22.598.103**	**16.064.236**	**11.202.383**	**8.313.782**	**6.857.298**

1384. Frumvarp til laga [716. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 78. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, sem er formaður nefndarinnar, veiðimálastjóri, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning sjávardýra í samráði við sjávarútvegsráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu leggur landbúnaðarnefnd fram breytingar sem nauðsynlegar eru vegna frumvarps sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

Samkvæmt frumvarpi sjávarútvegsráðherra verður heimilt að flytja inn sjávarfisk. Þá er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn sjúkdómamála í sjávarfiskum og er fisksjúkdómanefnd samkvæmt frumvarpinu honum til aðstoðar og ráðuneytis. Með þessu breytist hlutverk fisksjúkdómanefndar en það hefur hingað til einskorðast við fisk sem lifir í ósöltu vatni. Valdsvið nefndarinnar er aukið með þessari breytingu og þykir því nauðsynlegt að fiskistofustjóri taki sæti í nefndinni. Með því verður hún skipuð fjórum aðilum og því miðað við að verði atkvæði jöfn ráði atkvæði formanns úrslitum.

Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim fer landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála er lögin taka til. Með frumvarpinu er honum gert að setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning sjávardýra í samráði við sjávarútvegsráðherra.

1385. Breytingartillaga [423. mál]

við brtt. á þskj. 1239 [Lyfjalög og læknalög].

Frá Þuríði Backman.

Við 3. tölul.

a. Orðin „í þeim tilgangi að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og“ í 1. mgr. c-liðar falli brott.
b. B-liður 1. tölul. 3. mgr. c-liðar falli brott.
c. D-liður 4. mgr. c-liðar falli brott.

1386. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Helgu Birnu Ingimundardóttur frá Bandalagi háskólamanna, Sigurð Á. Friðjónsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jóhann Elí Guðjónsson frá Félagi ungra lækna, Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirlitinu, Magnús Pétursson, Aðalstein Pálsson og Jóhannes M. Gunnarsson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Samiðn – sambandi iðnfélaga, Vélstjórafélagi Íslands, Félagi ungra lækna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Vinnueftirlitinu, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins, Umhverfisstofnun, ráðgjafarnefnd um opinbert eftirlit, Ökukennarafélagi Íslands, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Tryggingastofnun ríkisins.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðs Evrópusambandsins 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Gert er ráð fyrir að teknar verði upp meginreglur tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lögleiddar verði ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/391/EBE. Í ákvæðum tilskipunarinnar felst m.a. skylda atvinnurekenda til að meta áhættu í vinnuumhverfi fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Þá eru lagðar til breytingar á skipulagi Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar verkaskiptingu forstjóra og stjórnar í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi stjórnsýslunnar hér á landi frá gildistöku laganna.

Bent hefur verið sérstaklega á að efni 22.–26. gr. frumvarpsins um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir muni að miklu leyti ráðast af þeim fyrirmælum sem félagsmálaráðherra er ætlað að setja að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Eigi það ekki síst við um

þau skilyrði sem starfsmönnum fyrirtækja verður gert að uppfylla til að geta annast mat á áhættu og heilsuvernd á vinnustað. Skilyrði af því tagi sem hér um ræðir geta skipt miklu um hvernig til tekst og hvaða aukakostnað framkvæmdin kann að hafa í för með sér fyrir fyrirtæki og stofnanir. Jafnframt sé mikilvægt að þau nýju hugtök sem þarna eru notuð séu skýrð í lagatextanum sjálfum til að auka gagnsæi reglnanna, skýrleika og jafnframt til þess að veita þeim lagagildi.

Það er skilningur nefndarinnar að atvinnurekandi sem ber, skv. 22. gr. frumvarpsins, ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, eigi sjálfur að geta annast gerð þess áhættumats og heilsuverndaráætlunar sem í henni felst nema aðstæður séu þannig á viðkomandi vinnustað að þörf sé sérstakrar færni sem hann eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða. Framkvæmdin eigi að geta verið tiltölulega einföld nema aðstæður séu þannig að vitað sé um eða grunur leiki á að ákveðnir þættir í vinnuumhverfi starfsmanna hafi áhrif á öryggi þeirra og heilbrigði sem atvinnurekandi geti ekki metið. Þær hæfniskröfur sem gerðar verða til starfsmanna atvinnurekanda sem sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað hljóta að taka mið af því auk almennra reglna um meðalhóf.

Nefndin telur rétt að benda á að með áætlun um heilsuvernd er átt við forvarnir sem beinast að því að koma í veg fyrir eða draga úr áhættuþáttum í vinnuumhverfi starfsmanna sem haft geta áhrif á öryggi og heilsu þeirra. Hér er því ekki um að ræða heilsufarsskoðun sem felst í sérhæfðri læknisskoðun sem starfsmenn eiga kost á starfi þeir við slík starfsskilyrði að ætla megi að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma. Þá hefur verið bent á að heilsufarsskoðun nái svo aftur ekki til almennrar heilsugæslu starfsmanna vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda. Nefndin telur rétt að frekar verði unnið að því að skilgreina ýmis hugtök laganna, t.d. þau sem eiga við um hættuleg efni og vörur og jafnframt hugtök varðandi heilsuvernd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á efnismálslið b-lið ar 9. gr. þar sem lagt er til að tekin verði upp í 38. gr. laganna heimild fyrir ráðherra til að setja reglur til að koma í veg fyrir og uppræta einelti á vinnustöðum og tekið er fram í ákvæðinu að starfsmenn eigi ekki að þurfa að þola áreitni eða aðra ótilhlýðilega háttsemi á vinnustað, þar með talda kynferðislega áreitni eða annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi. Það er mat nefndarinnar að hér sé um mjög flókið mál að ræða og því vandasamt að orða reglu af þessu tagi í lagatexta. Jafnframt verði að líta til þess að vinnuveitanda verður ekki gert að bera alla ábyrgð hér á. Því leggur nefndin til að málsliðurinn orðist svo: um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum. Nefndin telur nauðsynlegt að haft verði samráð við aðila vinnumarkaðarins við setningu slíkra reglna.
2. Lögð er til breyting á 2. málsl. 5. efnismgr. 16. gr. þar sem orðalagið þykir ekki nógu skýrt og getur valdið misskilningi. Þannig má nefna að orðalagið „að koma úrgangi fyrir“ má skilja sem förgun úrgangs. Slíkt er ekki um að ræða hér og auk þess ekki innan gildissviðs frumvarpsins. Í stað þess að hættulegum efnaúrgangi og spilliefnum skuli komið fyrir með öruggum hætti á vinnustað leggur nefndin til að hættulegur efnaúrgangur og spilliefni skuli geymd með öruggum hætti á vinnustað.
3. Lagðar eru til breytingar á 17. gr. Lagt er til að áréttað verði í 1. mgr. að reglusetning félagsmálaráðherra verði tilgreind varðandi viðeigandi þætti á vinnustöðum. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 3. efnismgr.

4. Þá er lögð til breyting á 2. tölul. b-liðar 19. gr. (52. gr. a.), þannig að við bætist í upptalningu á greinum 53. gr. a. Í ákvæði b-liðar 52. gr. a. laganna eru taldir upp þeir aðilar sem ákvæði kaflans um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma gilda ekki um. Þannig kemur fram í 2. tölul. greinarinnar að ákvæði kaflans gildi ekki um lækna í starfsnámi, sbr. 53., 54., 57. og 58. gr. Með þessari neikvæðu framsetningu er því með öðrum orðum sagt að ákvæði þeirra greina sem hér hafa verið taldar upp gildi um lækna. Með gagnályktun yrði því skýrt að ákvæði 53. gr. a., 55. gr. og 56. gr. ættu hins vegar ekki við um þá. Komið hefur í ljós að ætlunin var að ákvæði 53. gr. a. ættu einnig að gilda um lækna í starfsnámi og því leggur nefndin til breytingu þess efnis.
5. Nefndin leggur til breytingu á 3. efnismgr. 25. gr. 1. efnismgr. greinarinnar fjallar um skyldu atvinnurekanda til þess að leita sér aðstoðar þjónustuaðila þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða. Í 3. efnismgr. eru gerð skilyrði um ákveðnar menntunarkröfur þjónustuaðila. Nefndin leggur til breytingu þess efnis að í stað þess að þjónustuaðili skuli vera fær um að veita heildstæða þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum og að hann eða starfsmenn hans skuli hafa nánar tilgreinda menntun, þá verði miðað við að þjónustuaðili sem veitir heildstæða þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum skuli hafa aðgang að sérfræðingum sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt að hafi fullnægjandi nánar tilgreinda menntun. Þannig verði við það miðað að þjónustuaðili eða þeir sérfræðingar sem hann hefur aðgang að hafi fullnægjandi þekkingu á viðkomandi sviðum að mati Vinnueftirlitsins.
6. Lögð er til breyting á 38. gr. um tilkynningarskyldu atvinnurekanda ef slys ber að höndum og skuli hann tilkynna um slíkt án ástæðulauss dráttar. Lagt er til að tilkynning skuli berast eigi síðar en innan sólarhrings frá atvikinu. Breytingin er til þess fallin að leggja enn frekari áherslu á nauðsyn þess að tilkynning um slys berist viðeigandi aðilum eins fljótt og unnt er.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2003.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Drífa Hjartardóttir.		Jónína Bjartmarz.

1387. Breytingartillögur [550. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Efnismálsliður b-liðar 9. gr. orðist svo: um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum.
2. Síðari málsliður 5. efnismgr. 16. gr. orðist svo: Hættulegur efnaúrgangur og spilliefni skulu geymd með öruggum hætti á vinnustað.
3. Við 17. gr.
   a. 1. efnismgr. orðist svo:
      Vinnueftirlit ríkisins gefur út eiturefnaleyfi til einstaklinga og fyrirtækja sem við framkvæmd vinnu nota að staðaldri eiturefni eða efnavöru sem flokkast sem eiturefni að uppfylltum skilyrðum 50. gr. og reglugerðar sem sett er skv. 3. mgr. Í eiturefnaleyfi skal tilgreina þau efni sem leyfið nær til. Þetta ákvæði á ekki við um eiturefnaleyfi fyrir varnarefni, nagdýra- og skordýraeitur. Vinnueftirlit ríkisins skal árlega láta Umhverfisstofnun í té upplýsingar um leyfishafa og um hvaða eiturefni leyfið á við.
   b. Í stað orðanna „flutning og notkun efna eða efnavara sem geta stofnað heilsu starfsmanna í hættu eða leitt til lakari aðbúnaðar á vinnustöðum“ í 3. efnismgr. komi: flutning efna og efnavöru á vinnustöðum og notkun þeirra sem geta stofnað heilsu starfsmanna í hættu eða leitt til lakari aðbúnaðar á vinnustöðum.
4. Á eftir tilvísuninni „sbr. þó 53.“ í 2. tölul. b-liðar 19. gr. (52. gr. a) komi: 53. gr. a.
5. Í stað 1. málsl. og orðanna „Hann eða starfsmenn hans skulu því hafa menntun á heilbrigðissviði“ í 2. málsl. 3. efnismgr. 25. gr. komi: Þjónustuaðili sem veitir heildstæða þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum skal hafa aðgang að sérfræðingum sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt að hafi fullnægjandi þekkingu á heilbrigðissviði.
6. Á eftir orðunum „án ástæðulauss dráttar“ í 1. málsl. 1. efnismgr. 38. gr. komi: og eigi síðar en innan sólarhrings.

1388. Fyrirspurn [717. mál]

til dómsmálaráðherra um akstur undir áhrifum lyfja og vímuefna.

Frá Karli V. Matthíassyni.

1. Hyggst ráðherra láta endurskoða VII. kafla umferðarlaga, nr. 50/1987, þ.e. ákvæðin um akstur undir áhrifum vímuefna, lyfja eða annarra örvandi eða deyfandi efna, með hliðsjón af ákvæðum laganna um vínandamagn í blóði?
2. Telur ráðherra að ákvæði gildandi laga hafi valdið vandkvæðum við sakfellingu manna sem grunaðir eru um akstur undir áhrifum framangreindra efna?

Skriflegt svar óskast.

1389. Frumvarp til laga [446. mál]

um námsstyrki.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

2. gr.

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta nemendur sem:

1. eru íslenskir ríkisborgarar eða erlendir ríkisborgarar sem eiga rétt til námsstyrks samkvæmt samningi íslenska ríkisins við önnur ríki,
2. stunda reglubundið framhaldsskólanám hér á landi,
3. annaðhvort eru það efnalitlir að efnaleysi torveldar þeim nám eða verða að dveljast fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað.

Eigi skulu þeir njóta styrks sem eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

3. gr.

Námsstyrkir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Dvalarstyrkur sem samanstendur af ferðastyrk, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk. Skilyrði dvalarstyrks er að nemandi verði að vista sig a.m.k. 30 km frá lögheimili og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Þó er heimilt að veita dvalarstyrk þótt fjarlægð sé styttri en 30 km ef samgöngur til og frá skóla eru nemanda sérstaklega erfiðar, m.a. með tilliti til veðráttu, ástands vega eða skorts á almenningssamgöngum.
2. Skólaaksturssstyrkur. Skilyrði skólaaksturssstyrks er að nemandi verði að sækja skóla fjarri fjölskyldu sinni og eigi ekki rétt á dvalarstyrk.
3. Sérstakir styrkir sem námsstyrkjanefnd er heimilt að veita efnalitlum nemendum.

4. gr.

Fjárhæð styrkja samkvæmt lögum þessum er ákveðin með hliðsjón af þeirri heildarfjárhæð sem veitt er til námsstyrkja á fjárlögum ár hvert.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna námsstyrkjanefnd sem skal sjá um úthlutun námsstyrkja. Námsstyrkjanefnd er skipuð sem hér segir: Tveir nefndarmanna skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skal skipaður eftir tilnefningu fjármálaráðuneytis og einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu samtaka framhaldsskólanemenda eða eftir reglum sem ráðherra setur.

6. gr.

Námsstyrkjanefnd leggur fyrir menntamálaráðherra tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laga þessara sem skulu grundvallast á upplýsingum um ferðakostnað, fæðiskostnað og húsnæðiskostnað nemenda, kostnað nemenda vegna skólaaksturs sem og öðrum upplýsingum sem við eiga hverju sinni. Í tillögum nefndarinnar skal koma fram hvernig fjárveitingar skulu skiptast á milli styrktegunda.

Námsstyrkjanefnd auglýsir eftir umsóknum um styrki sérstaklega fyrir vor- og haustönn og úthlutar styrkjum að umsóknarfresti loknum. Útborgun námsstyrkja skal fara fram í tvennu lagi fyrir vor- og haustönn. Skilyrði úthlutunar er að viðkomandi skóli hafi staðfest námsástundun og námsárangur umsækjanda í lok haustannar og í lok vorannar.

7. gr.

Ef nemandi gerir athugasemdir við niðurstöðu námsstyrkjanefndar skal nefndin taka mál hans fyrir að nýju. Athugasemdir við niðurstöðu námsstyrkjanefndar skulu vera skriflegar og hafa borist nefndinni innan 30 daga frá því að nemanda var tilkynnt um niðurstöðuna. Ákvörðun nefndarinnar skal liggja fyrir eigi síðar en 30 dögum eftir að gagnaöflun lýkur.

Ef nemandi sækir um styrk vegna efnaleysis er námsstyrkjanefnd heimilt að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum um efnahag nemanda og foreldra hans hjá skattyfirvöldum og öðrum opinberum stofnunum.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í reglugerðinni skal mælt fyrir um fresti til að skila umsóknum, form og efni skjala sem byggt skal á við umsókn styrkja, fyrirkomulag útborgunar á námsstyrkjum, hvaða upplýsingar umsækjandi skuli veita þegar sótt er um námsstyrk og aðrar reglur er varða nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, með síðari breytingum.

1390. Frumvarp til laga [599. mál]

um fjarskipti.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

Samhljóða þskj. 960 með þessari breytingu:

72. gr. hljóðar svo:

Á ófriðartímum getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

Í neyðartilvikum, svo sem við eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni ríkislögreglustjóra, að höfðu samráði við almannavarnaráð, mælt fyrir um

takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

1391. Frumvarp til laga [602. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

1. gr.

Í stað 1. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: Á fiskveiðiárunum 2002/2003, 2003/2004 og 2004/2005 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meiru en sem nemur 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð því að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1392. Lög [453. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1248 með þessari breytingu:

12. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu 3. gr., 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I, II og III gilda frá 1. janúar 2003.

1393. Lög [597. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1345.

1394. Lög [544. mál]

um Orkustofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1365.

1395. Lög [545. mál]

um Íslenskar orkurannsóknir.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1366.

1396. Lög [650. mál]

um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæmis suður.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1059.

1397. Lög [488. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1367.

1398. Frumvarp til laga [649. mál]

um Ábyrgðasjóð launa.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1055 með þessum breytingum:

22. gr. hljóðar svo:

Varsla Ábyrgðasjóðs launa, dagleg umsýsla og reikningshald eru á ábyrgð stjórnar sjóðsins í umboði félagsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Auk þeirra verkefna sem lúta að stjórnsýslulegri meðferð þeirra mála sem berast sjóðnum skal stjórn Ábyrgðasjóðs launa annast fyrirsvar fyrir sjóðinn og sinna öðrum þeim verkefnum sem lúta að framkvæmd laga þessara.

Stjórn sjóðsins skal fyrir lok september ár hvert gera ráðherra grein fyrir fjárhagsstöðu sjóðsins og áætlun um þróun útgjalda. Jafnframt skal stjórnin fyrir sama tíma gera tillögu til ráðherra um hámarksfjárhæðir skv. 1. mgr. 6. gr.

23. gr. hljóðar svo:

Ábyrgðasjóður launa skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi, hvaða nafni sem nefnist, sem skattskylt er. Ákvæði laga um tryggingagjald eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu ábyrgðargjalds.

Ábyrgðargjaldið skal vera 0,04% af gjaldstofni.

Skorti sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal þá leggja sjóðnum til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka.

Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Kostnaður af rekstri Ábyrgðasjóðs launa greiðist af tekjum hans.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

1399. Frumvarp til laga [610. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo:

3. 13% vörugjald:

a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
b. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
c. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
e. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
f. Ökutæki, sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna,
h. Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.

2. 4. tölul. fellur brott.

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

8. Vörugjald af bifreiðum sem eru sérstaklega útbúnar og notaðar til líkflutninga skal vera:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1400. Tillaga til þingsályktunar [718. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 14. mars 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

1401. Svar [645. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um stöðu nautakjötsframleiðslu.

1. *Hvenær er ráðgert að vinnuhópur um stöðu nautakjötsframleiðslunnar skili áliti?*
Vinnuhópurinn skilaði áliti sínu til ráðherra í formi minnisblaðs í janúar sl.

2. *Hvernig mun ráðherra bregðast við þeirri þróun sem orðið hefur á smásöluverði nautakjöts og verði til bænda frá 1998?*
Smásöluverðlagning var gefin frjáls árið 1998 og því getur landbúnaðarráðherra ekki beitt sér í þeim efnum.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir uppruna- og flokkunarmerkingum á nautakjöti?*
Landbúnaðarráðuneytið hefur sett reglugerð nr. 427/2002, um merkingu búfjár, og tryggir hún rekjanleika búfjár að slátrun. Verksvið landbúnaðarráðherra tekur eingöngu til búfjár og slátrunar þess en eftir það tekur við valdsvið umhverfisráðherra.

4. *Hvernig er hægt að tryggja neytendum að saman fari verð og flokkun, þ.e. að í hæstu verðflokkum smásölunnar sé eingöngu gæðakjöt í flokki UNI Ú A og UNI Ú B?*
Með reglugerð nr. 484/1998, um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða, er tryggt að sláturafurðir séu merktar með gæðaflokksmerki. Þá tekur við verksvið umhverfisráðherra að tryggja að gæðamerkingarnar skili sér til neytenda. Eins og fram hefur komið er smásöluverðlagning frjáls og því er það ekki á valdi ráðuneytanna að stýra verðlagningu einstakra flokka í smásölu.

5. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir að landbúnaðarvörur séu seldar undir framleiðslukostnaðarverði?*
Samkvæmt lögum getur ráðherra ekki hindrað eða komið í veg fyrir að landbúnaðarvörur séu seldar undir framleiðslukostnaðarverði þar sem verðlagning í smásölu er frjáls. Aftur á móti er það til athugunar í ráðuneytinu með hvaða hætti hægt er að stýra framleiðslu landbúnaðarvara með sem hagkvæmustum hætti og hagræða í greininni þannig að framleiðslan standi að sem mestu leyti undir framleiðslukostnaði.

6. *Hverjar telur ráðherra vera framtíðarhorfur þeirra bænda sem stunda nautgriparækt eingöngu til kjötframleiðslu?*
Afurðaverð nautgripakjöts til bænda hefur lækkað mjög mikið undanfarið og greinin hefur ekki notið opinbers stuðnings. Raunar er nautgripakjötsframleiðslan á Íslandi eina nautgripakjötsframleiðslan innan landa EES-svæðisins sem ekki nýtur opinbers stuðnings.
Framtíðarhorfur greinarinnar eru því ekki góðar nema til komi stuðningur við hana. Því hefur landbúnaðarráðherra velt upp þeim möguleika að veittar verði 45 millj. kr. á þessu ári til stuðningsaðgerða við greinina og einnig að samsvarandi upphæð verði tekin inn á fjárlög fyrir árið 2004.

7. *Hvenær mega nautakjötsframleiðendur búast við aðgerðum af hálfu ráðherra?*
Málið er til meðferðar hjá ráðuneytinu og innan tíðar mun skýrast hvort stjórnvöld treysta sér til að veita greininni umræddan stuðning.

1402. Nefndarálit [689. mál]

um till. til þál. um skógrækt 2004–2008.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Níels Árna Lund frá landbúnaðarráðuneyti og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands. Þá bárust umsagnir frá Skógrækt ríkisins, Héraðsskógum, Austurlandsskógum, Norðurlandsskógum, Skjólskógum á Vestfjörðum, Suðurlandsskógum, Vesturlandsskógum og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að á árunum 2004–2008 skuli fjármagni veitt til skógræktar á Íslandi samkvæmt nánari sundurliðun sem kemur fram í tillögugreininni og gerir kleift að gera áætlanir fram í tímann fyrir hvert og eitt skógræktarverkefni.

Fyrir liggur að samstaða er um skiptingu milli landshlutabundinna skógræktarverkefna um fjármagn og leggur nefndin því til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Guðjón Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Jónína Bjartmarz.	Karl V. Matthíasson.	Þuríður Backman.

Sigríður Ingvarsdóttir.

1403. Frumvarp til laga [680. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

a. (5. gr.)

Ráðherra fer með yfirstjórn sjúkdómamála er varða dýr sem lög þessi ná til. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, sbr. 78. gr. laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, eftir því sem við á varðandi sjávardýr.

b. (6. gr.)

Heimilt er að flytja til landsins frá eldisstöð sjávardýr er lög þessi ná til, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem sjávarútvegsráðherra setur, að höfðu samráði við embætti yfirdýralæknis. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis um að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1404. Frumvarp til laga [396. mál]

um húsnæðissamvinnufélög.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til félaga sem rekin eru að hætti samvinnufélaga og hafa að markmiði að byggja, kaupa, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem íbúðir með búseturétti sem tryggir þeim ótímabundin afnot af þeim gegn greiðslu búseturéttargjalds og búsetugjalds. Með sama hætti er félögum þessum heimilt að byggja, kaupa, eiga og reka húsnæði sem tengist starfsemi félagsins, svo sem þjónustu- og dvalarhúsnæði.

Félögum skv. 1. mgr. er jafnframt heimilt að stofna félag og eiga aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögunum um samvinnufélög, og hlutafélögum, þar með töldum einkahlutafélögum, enda standi slík félög að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir starfsemi húsnæðissamvinnufélaga.

Félag sem ákvæði þessara laga taka til skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slíkt heiti.

2. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Búsetuíbúð* er íbúð í eigu húsnæðissamvinnufélags.
2. *Búseturéttur* er ótímabundinn afnotaréttur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi af búsetuíbúð.
3. *Búseturéttarhafi* er félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi sem keypt hefur búseturétt.
4. *Búsetusamningur* er samningur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi við félagið um búseturétt.
5. *Búseturéttargjald* er það gjald sem félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi greiðir til þess að kaupa búseturétt.

6. *Búsetugjald* er það gjald sem búseturéttarhafi greiðir mánaðarlega til húsnæðissamvinnufélags vegna rekstrar-, viðhalds- og fjármagnskostnaðar af búsetuíbúð.
7. *Búsetufélag* er félag búseturéttarhafa í tilteknu húsi í eigu húsnæðissamvinnufélags og starfar sem deild innan húsnæðissamvinnufélagsins.
8. *Húsnæðissamvinnufélag* er samvinnufélag sem á og hefur yfirumsjón með rekstri íbúða sem það hefur byggt eða keypt til þess að veita félagsmönnum sínum búseturétt gegn greiðslu búseturéttargjalds.

II. KAFLI
Húsnæðissamvinnufélög.

3. gr.
Félagsstofnun, skráning og slit.

Við stofnun húsnæðissamvinnufélags skal boða til stofnfundar. Stofnfund skal boða með opinberri auglýsingu og með þeim hætti að ætla megi að berist til allra þeirra sem hag geta haft af þátttöku í starfsemi félagsins. Á stofnfundi skal bera stofnun húsnæðissamvinnufélagsins upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 aðilar eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun, bindast samtökum og gerast félagsmenn setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi og kjósa því stjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn. Er þá félagið löglega stofnað.

Um félagsstofnun, skráningu, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags, sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um, skal eftir því sem við getur átt farið eftir ákvæðum laga um samvinnufélög á hverjum tíma.

4. gr.
Samþykktir.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélags skal meðal annars fjallað um eftirfarandi atriði:

1. Heiti félagsins, heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið og starfsemi félagsins.
3. Almenn skilyrði um aðild að félaginu og um brottfall aðildar.
4. Aðild lögaðila að félaginu ef um það er að ræða.
5. Fjármál félagsins, eigið fé og fjárhagslega ábyrgð.
6. Inntökugjald, félagsgjald og búseturéttargjald.
7. Reikningsár og endurskoðun.
8. Fjölda stjórnarmanna, varastjórnarmanna, skoðunarmanna og endurskoðenda, svo og hvernig kjöri þeirra skuli háttað.
9. Viðhaldsráð félagsins, kosningu og verksvið.
10. Deildaskipun félagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og kosningu fulltrúa deilda á aðalfund.
11. Ráðningu framkvæmdastjóra og starfssvið hans.
12. Hver geti skuldbundið félagið.
13. Hlutverk, valdsvið og verkefni félagsfunda (deildarfunda) og stjórnarfunda.
14. Hvenær aðalfund skal halda ár hvert og dagskrá aðalfundar.
15. Rétt til fundarsetu, fundarboðun, fundarstjórn, atkvæðagreiðslur og vægi atkvæða á félagsfundum (deildarfundum), stjórnarfundum og aðalfundum.
16. Réttindi og skyldur búseturéttarhafa og búsetufélaga.

17. Stofnun búseturéttar.
18. Búsetugjald og greiðslutilhögun.
19. Kaupverð búseturéttar og greiðsluform þess.
20. Endurgreiðslu búseturéttar.
21. Mat og úttekt á búsetuíbúð.
22. Tilhögun framkvæmda, viðhald og rekstur fasteigna.
23. Ráðstöfun eigna félagsins ef því er slitið án gjaldþrotaskipta.

Félagsmálaráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum skv. 2. mgr.

Félagsmálaráðuneytið heldur skrá yfir húsnæðissamvinnufélög sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra.

Allar breytingar á samþykktum húsnæðissamvinnufélags skulu tilkynntar félagsmálaráðuneytinu þegar í stað.

Samþykktir sem félagsmálaráðuneytið hefur þegar staðfest vegna húsnæðissamvinnufélaga halda gildi sínu.

5. gr.

Fjáröflun.

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins.
b. Með árlegu félagsgjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið er á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess.
c. Með gjöldum fyrir veitta þjónustu við félagsmenn og aðra sem renna í rekstrarsjóð félagsins.
d. Með lánum úr Íbúðalánasjóði samkvæmt lögum um húsnæðismál og með öðrum lánum á almennum markaði.
e. Með framlagi í varasjóð sem nema skal 1% af byggingarkostnaði eða kaupverði hverrar íbúðar. Í varasjóð rennur enn fremur árlegt framlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

6. gr.

Lánveitingar.

Sé húsnæðissamvinnufélagi veitt lán á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagið uppfylla þau skilyrði sem þar eru sett fram.

7. gr.

Kvaðir.

Húsnæðissamvinnufélögum er óheimilt að selja íbúðir sínar á meðan á þeim hvíla lán Íbúðalánasjóðs eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum nema að fengnu samþykki Íbúðalánasjóðs.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur búseturéttarhafa.

8. gr.

Stofnun búseturéttar.

Félagsmenn öðlast rétt til að kaupa búseturétt samkvæmt samþykktum húsnæðissamvinnufélags.

Þegar félagsmaður notfærir sér rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 9. gr.

Búseturétt geta þeir einir eignast eða keypt sem eru orðnir fjárráða.

Hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán vegna viðkomandi íbúðar á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagsmaður jafnframt uppfylla skilyrði sem þar eru sett.

9. gr.

Búseturéttargjald.

Þegar búsetuíbúð er ráðstafað í fyrsta skipti af húsnæðissamvinnufélagi skal búseturéttargjaldið ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar og hins vegar af lánsfé til lengri tíma og af framlagi í varasjóð.

Við síðari ráðstöfun búsetuíbúðar skal búseturéttargjaldið ákvarðast skv. 3. mgr. 25. gr. Húsnæðissamvinnufélag skal í samþykktum sínum kveða nánar á um ákvörðun búseturéttargjalds við kaup og sölu búseturéttar, þar á meðal hvenær það skuli innt af hendi.

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 12. gr.

10. gr.

Búseturéttur.

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn afnotarétt yfir íbúð enda brjóti félagsmaður ekki gegn ákvæðum laga þessara. Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 19. gr. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Húsnæðissamvinnufélagi skal heimilt að ráðstafa búseturétti til ríkis, sveitarfélaga, almannasamtaka eða félaga, óski þessir aðilar eftir því, og skal þess þá gætt að ekki verði með þeim hætti ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

11. gr.

Búsetusamningur.

Hver sá sem hefur fengið keyptan búseturétt skal gera skriflegan búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í.

Í búsetusamningi skal m.a. koma fram:

1. Nöfn, heimilisföng og kennitölur samningsaðila.
2. Greinargóð lýsing á húsnæðinu og afhendingartími þess.
3. Gildistími búsetusamnings og upphæð búseturéttargjalds.
4. Ráðstöfun búseturéttar.
5. Búsetugjald.
6. Hvar og hvernig skuli greiða búsetugjaldið.
7. Réttindi og skyldur búseturéttarhafa.
8. Réttindi og skyldur búsetufélags.
9. Dagsetning úttektaryfirlýsingar sem er hluti af samningnum.
10. Sérákvæði ef um þau er samið og lög heimila.

Búsetusamningi skal þinglýst sem kvöð á viðkomandi íbúð.

12. gr.

Búsetugjald.

Búsetugjald er gjald fyrir afnot af íbúð. Fjárhæð búsetugjalds er ákveðin af stjórn húsnæðissamvinnufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 2. mgr., sbr. einnig 1. mgr. 28. gr.

Í búsetugjaldi felst eftirfarandi:

1. Rekstrarkostnaður, svo sem hita-, vatns- og rafmagnskostnaður, fasteignagjöld og tryggingariðgjöld.
2. Framlag í hússjóð búsetufélags.
3. Framlag í viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélags.
4. Afborganir af lánum og fjármagnskostnaður.

Í búsetusamningi er heimilt að semja um að búseturéttarhafi annist að hluta eða öllu leyti kostnað skv. 1. tölul. 2. mgr.

Búsetugjald skal greiða fyrsta dag hvers mánaðar fyrir fram fyrir einn mánuð í senn nema um annað sé samið. Ef gjalddaga ber upp á almennan frídag skal hann vera næsti virki dagur þar á eftir.

Nú hefur búseturéttarhafi eigi gert skil á búsetugjaldinu innan 14 sólarhringa frá gjalddaga og er þá húsnæðissamvinnufélagi rétt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af því frá gjalddaga til greiðsludags.

13. gr.

Ástand búsetuíbúðar.

Við afhendingu íbúðar skal húsnæðið vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess, aldur og sambærilegar íbúðir í sama húsi. Húsnæðið skal við afhendingu vera hreint, rúður heilar, tréverk og gólfefni í góðu ástandi, læsingar og rofar virkir, hreinlætis-, hitunar- og eldhústæki í lagi, sem og vatns-, rafmagns- og frárennslislagnir.

14. gr.

Úttekt á búsetuíbúð.

Við upphaf og lok búsetusamnings skal fara fram úttekt á búsetuíbúð. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu sem húsnæðissamvinnufélag leggur til skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á búsetuíbúð og ástandi hennar og getur búseturéttarhafi þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta. Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega búsetuíbúð og geta fylgifjár, dagsetningar búsetusamnings og aðila hans.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í tvíriti og skulu aðilar búsetusamnings undirrita hana og halda einu eintaki hvor. Úttektaryfirlýsinguna skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu búseturéttarhafa við skil húsnæðisins. Úttektaryfirlýsing er hluti af búsetusamningi, sbr. 9. tölul. 11. gr.

15. gr.

Viðhald búsetuíbúðar.

Búseturéttarhafa er skylt að fara vel með húsnæðið og í samræmi við umsamin afnot þess.

Búseturéttarhafa er skylt að annast á sinn kostnað almennt viðhald á íbúð sinni, svo sem á gólf- og veggefnum, tréverki, innréttingum, hurðum, hreinlætistækjum, raftækjum og eldavél og annast kostnað við endurnýjun og viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum, rafmagnsinnstungum, blöndunartækjum og öðru smálegu.

Kostnaður við endurnýjun á gólf- og veggefnum, innréttingum, tréverki, hurðum, rúðum, hreinlætistækjum, raftækjum og eldavél skal greiðast úr viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags samkvæmt nánari reglum sem húsnæðissamvinnufélagið setur sér. Reglur þessar skulu kynntar búseturéttarhafa við gerð búsetusamnings.

Verði húsnæðið eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum búseturéttarhafa, heimilismanna eða annarra manna sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það skal búseturéttarhafi gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu svo fljótt sem verða má. Ef búseturéttarhafi vanrækir þessar skyldur sínar er húsnæðissamvinnufélagi heimilt að láta fara fram viðgerð á kostnað búseturéttarhafa. Áður skal þó húsnæðissamvinnufélag veita búseturéttarhafa frest í einn mánuð til þess að ljúka viðgerðinni.

Húsnæðissamvinnufélag skal kaupa húseigendatryggingu sem skal innifalin í búsetugjaldi.

Í búsetusamningi er heimilt að víkja frá reglum um skiptingu kostnaðar vegna viðhalds og endurnýjunar skv. 2. og 3. mgr., enda séu slík frávik skilmerkilega greind í búsetusamningi.

16. gr.

Viðhaldssjóður húsnæðissamvinnufélags.

Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags skal ákveða gjald í viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélags, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. Úr viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags skal greiða kostnað vegna viðhalds á ytra byrði hússins, búnaði, kerfum og lögnum. Kostnaður vegna endurnýjana, sbr. 3. mgr. 15. gr., skal greiddur úr viðhaldssjóði húsnæðissamvinnufélags samkvæmt nánari reglum sem húsnæðissamvinnufélagið setur sér.

Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags kýs viðhaldsráð sem áætlar viðhald hvers húss, tekur ákvörðun um framkvæmdir að beiðni búsetufélaga eða að eigin frumkvæði og hefur yfirumsjón með þeim. Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags ákveður skipan viðhaldsráðs og starfstíma og setur ráðinu starfsreglur.

Stjórn búsetufélags skipar ákveðinn aðila sem skal annast samskipti við viðhaldsráð fyrir hönd búsetufélagsins, sbr. 27. gr.

17. gr.

Breytingar á búsetuíbúð.

Búseturéttarhafa er heimilt að gera breytingar eða endurbætur á húsnæðinu eða búnaði þess hafi húsnæðissamvinnufélagið samþykkt þær og fallist á skiptingu kostnaðar og hvernig með skuli fara við lok búsetusamnings. Að öðrum kosti eignast húsnæðissamvinnufélag endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok búsetusamnings nema það kjósi á þeim tíma eða áður að krefjast þess að búseturéttarhafi komi húsnæðinu í upphaflegt horf.

18. gr.

Aðgangur að búsetuíbúð.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að láta framkvæma nauðsynlegar viðgerðir á búsetuíbúð og er búseturéttarhafa í slíkum tilvikum skylt að veita aðgang að íbúðinni. Búseturéttarhafa er skylt að veita húsnæðissamvinnufélagi aðgang að íbúð sinni til eftirlits ef félagið hefur rökstuddan grun um grófar vanefndir á viðhaldsskyldum eða að húsnæðið sé notað á annan veg en leyfilegt er.

19. gr.

Ráðstöfun og framleiga búseturéttar.

Búseturéttarhafa er óheimilt að framselja búseturétt sinn eða framleigja íbúðina án skriflegs samþykkis húsnæðissamvinnufélags. Óski búseturéttarhafi eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga.

Húsnæðissamvinnufélag getur heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka eða lögerfingja við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt skal um leið fá aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseturéttarhafa, enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu.

Leigusamningur, sem eigi er áritaður af húsnæðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigjandi fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1., sbr. 3. mgr., og krafist útburðar leigjanda.

Búseturéttarhafa er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.

20. gr.

Uppsögn búseturéttar.

Búsetusamningur er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélags, sbr. þó riftunarákvæði 22. gr. Uppsagnarfrestur af hálfu búseturéttarhafa er sex mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send. Búseturéttarhafi skal hafa lokið rýmingu og frágangi húsnæðisins eigi síðar en kl. 13 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk eða í samræmi við skriflegt samkomulag við nýjan búseturéttarhafa.

21. gr.

Riftun búsetusamnings.

Búseturéttarhafa er heimilt að rifta búsetusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef verulegur dráttur er á afhendingu húsnæðis.
2. Ef húsnæðið spillist af ástæðum sem ekki verða raktar til búseturéttarhafa eða ef það telst heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.
3. Ef húsnæðissamvinnufélag vanefnir skyldur sínar samkvæmt búsetusamningi eða lögum þessum.

22. gr.

Riftun búsetusamnings.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að rifta búsetusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef búseturéttarhafi greiðir ekki búsetugjaldið á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan sjö sólarhringa skriflegri áskorun húsnæðissamvinnufélags um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og húsnæðissamvinnufélag þar tekið fram að það muni beita riftunarheimild sinni.
2. Ef búseturéttarhafi nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða búsetusamningur mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu húsnæðissamvinnufélags.
3. Ef búseturéttarhafi framselur búseturétt sinn eða misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu eða ef framleigjandi gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilar húsnæðissamvinnufélagi riftun gagnvart búseturéttarhafa.

4. Ef búseturéttarhafi meinar húsnæðissamvinnufélagi eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að húsnæðinu í bága við ákvæði 18. gr.
5. Ef húsnæðið spillist í umsjá búseturéttarhafa vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra sem hann ber ábyrgð á og hann sinnir eigi án tafar kröfu húsnæðissamvinnufélags um úrbætur.
6. Ef búseturéttarhafi vanrækir, þrátt fyrir skriflega áminningu húsnæðissamvinnufélags, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í húsnæðinu eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart húsnæðissamvinnufélagi, búsetufélagi eða öðrum íbúum viðkomandi húss.
7. Ef búseturéttarhafi vanrækir að öðru leyti en hér að framan greinir skyldur sínar samkvæmt búsetusamningi eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

Nú neytir húsnæðissamvinnufélag ekki réttar síns til riftunar skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að félaginu varð kunnugt um vanefndir búseturéttarhafa eða búseturéttarhafi hefur að fullu bætt úr því er aflaga fór og fellur réttur húsnæðissamvinnufélags til riftunar þá niður. Þetta gildir þó ekki þegar búseturéttarhafi hefur vanefnt skyldur sínar með sviksamlegum hætti eða þegar riftunarástæðan er vanskil á búsetugjaldi, sbr. 1. tölul. 1. mgr.

23. gr.

Bótakrafa vegna riftunar.

Nú er búsetusamningi rift af einhverri þeirri ástæðu sem talin er í 22. gr. og skal búseturéttarhafi þá bæta húsnæðissamvinnufélagi það tjón sem leiðir beint af vanefndum hans. Auk þess skal búseturéttarhafi greiða bætur sem jafngilda búsetugjaldi í allt að sex mánuði eftir rýmingu íbúðar.

Húsnæðissamvinnufélag skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráðstafa húsnæðinu hið allra fyrsta til annars búseturéttarhafa og skal búsetugjald sem húsnæðissamvinnufélagið fær frá nýjum búseturéttarhafa koma til frádráttar búsetugjaldi skv. 1. mgr. Um endurgreiðslu andvirðis búseturéttar fer samkvæmt ákvæðum 25. gr.

24. gr.

Skil búsetuíbúðar.

Búseturéttarhafi skal skila búsetuíbúð ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við henni. Ber búseturéttarhafi óskerta bótaábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum sem voru búseturéttarhafa sannanlega óviðkomandi.

25. gr.

Endurgreiðsla andvirðis búseturéttar.

Búseturéttarhafi skal segja upp afnotum af íbúð með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara.

Búseturéttarhafi ber ábyrgð á greiðslu búsetugjalds á uppsagnartímanum. Takist húsnæðissamvinnufélagi ekki að selja búseturéttinn á uppsagnartímanum ber það ábyrgð á búsetugjaldi eftir að uppsagnartíma lýkur og hefur þá umráðarétt yfir íbúðinni og er heimilt að leigja hana þar til nýr kaupandi finnst. Fyrri íbúi skal hafa forleigurétt óski hann þess.

Um kaupverð búseturéttar, greiðsluform þess og endurgreiðslu búseturéttar fer samkvæmt samþykktum húsnæðissamvinnufélags, sbr. 19. og 20. tölul. 2. mgr. 4. gr.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að kaupa búseturétt. Verð á búseturétti til húsnæðissamvinnufélags miðast við samkomulag við seljanda.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélags skal kveðið á um hvernig hagað skuli mati og úttektum á búsetuíbúðum, þar á meðal vegna endurbóta og vanrækts viðhalds. Nái aðilar búsetusamnings ekki samkomulagi á grundvelli þeirra reglna skal fara eftir ákvæðum húsaleigulaga um úttektir og mat á leiguhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

IV. KAFLI
Búsetufélög.

26. gr.
Stofnun búsetufélags.

Búseturéttarhafar í tilteknu húsi skulu stofna með sér búsetufélag og kjósa því stjórn. Búsetufélagið starfar sem sérstök deild innan húsnæðissamvinnufélagsins og ber ábyrgð á þeim verkefnum sem því er ætlað að sinna.

Búsetufélagi er heimilt að gera þjónustusamning við húsnæðissamvinnufélagið um að það annist þau verkefni að hluta eða öllu leyti sem búsetufélagið skal annast samkvæmt lögum þessum.

Um atriði sem hvorki er getið í samþykktum búsetufélags né sérstaklega kveðið á um í þessum lögum skal eftir því sem við getur átt fara eftir ákvæðum laga um fjöleignarhús.

Búsetufélag skal skila staðfestum og samþykktum ársreikningum til húsnæðissamvinnufélags fyrir 15. apríl ár hvert.

27. gr.
Hlutverk búsetufélags.

Hlutverk búsetufélags er að hafa umsjón með að hagnýting hússins sé ávallt með eðlilegum hætti svo að verðgildi þess haldist.

Í húsi þar sem eingöngu eru íbúðir í eigu húsnæðissamvinnufélags skal búsetufélagið setja sér húsreglur um hagnýtingu eignarinnar þar sem fram koma ákvæði um sambýlishætti, umgengni og afnot sameiginlegra rýma og skiptingu afnota ef slíkt er ákveðið.

Stjórn búsetufélags tilnefnir sérstakan aðila til að annast samskipti við viðhaldsráð, sbr. 16. gr.

28. gr.
Hússjóður búsetufélags.

Aðalfundur búsetufélags skal ákveða gjald í hússjóð búsetufélags, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 12. gr., sem innheimt er með búsetugjaldi og búsetufélag ráðstafar. Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags getur ákveðið lágmarksgjald í hússjóð búsetufélags.

Úr hússjóði búsetufélags skal greiddur kostnaður vegna viðhalds bílastæða, lóðar og innra byrðis hússins ásamt öðru er tengist sameiginlegum rekstri og umhirðu. Til innra byrðis hússins telst allt húsrými innan húss, þó ekki íbúðirnar, sem allir búseturéttarhafarnir eða sumir í tilteknu húsi hafa aðgang að eða afnot af.

Stjórn búsetufélags skal kosin á aðalfundi búsetufélags og fer stjórnin með málefni félagsins milli aðalfunda sem haldnir skulu árlega fyrir marslok.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.
Setning reglugerðar.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

30. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

31. gr.
Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi lög um húsnæðissamvinnufélög, nr. 161/1998.

Samþykktir sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest fyrir húsnæðissamvinnufélög og einstök búsetufélög í tíð eldri laga halda gildi sínu.

Búsetusamningar sem gerðir hafa verið á grundvelli eldri laga halda gildi sínu. Óski aðilar samþykkta og búsetusamninga í tíð eldri laga eftir því að með málefni þeirra sé farið samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktum samkvæmt þeim er stjórn húsnæðissamvinnufélags skylt að verða við slíkum óskum.

Viðhaldssjóðir, sem nú eru í vörslu búsetufélaga, skulu við gildistöku laga þessara renna í sameiginlegan viðhaldssjóð húsnæðissamvinnufélagsins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við endurgreiðslu búseturéttargjalds til þeirra er gert hafa búsetusamning fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 9. og 25. gr., skal enn fremur gæta ákvæða 6. mgr. 76. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

1405. Frumvarp til laga [423. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

I. KAFLI
Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem verður 9. tölul. og orðast svo: Að hafa sértækt eftirlit með ávana- og fíknilyfjum er lýtur að afgreiðslu, gerð og áritun lyfseðla og afhendingu ávana- og fíknilyfja úr lyfjabúð. Í reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni skal kveðið nánar á um framkvæmd eftirlitsins.
b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Umsækjandi um faglegt mat á skaðlegum eiginleikum (skaðleysi) fæðubótarefna og náttúruvöru skv. 1. mgr. vegna fyrirhugaðrar dreifingar hennar og endursölu skal greiða Lyfjastofnun gjald er standa skal undir kostnaði við matið.

c. Í stað „3.–5. mgr.“ í 6. mgr. kemur: 3.–6. mgr.

d. Í stað „1.–3. tölul. 8. mgr.“ í 9. mgr. kemur: 1.–3. tölul. 9. mgr.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Lyfsölum er jafnframt skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænt allar upplýsingar sem fram koma á lyfseðlum um afgreiðslu lyfja með persónuupplýsingum á dulkóðuðu formi, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir ber ábyrgð á dulkóðun og afkóðun þessara gagna.

3. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli, **Gagnagrunnar**, með þremur nýjum greinum og breytist númeraröð annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (25. gr.)

Starfrækja skal tvo gagnagrunna, tölfræðigagnagrunn og lyfjagagnagrunn, sem hafa að geyma upplýsingar sem Tryggingastofnun fær afhentar frá lyfsölum, sbr. 2. mgr. 24. gr. Markmiðið með rekstri gagnagrunnanna er að gera Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun kleift að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með ávana- og fíknilyfjum og lyfjaávísunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna.

Persónuvernd hefur, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eftirlit með öryggi persónuupplýsinga í tölfræðigagnagrunni og lyfjagagnagrunni og starfrækslu þeirra að öðru leyti.

b. (26. gr.)

Í þeim tilgangi að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og til að vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna rekur Tryggingastofnun tölfræðigagnagrunn um afgreiðslu lyfja til sjúklinga, sbr. 2. mgr. 24. gr., þar sem safnað er saman tölfræðiupplýsingum um lyf, ávísanir á lyf, lyfjanotkun og lyfjakostnað.

Persónuauðkennum sjúklinga og lækna skal eytt áður en dulkóðuð gögn frá lyfsölum eru færð í tölfræðigagnagrunninn. Skal Tryggingastofnun sjá um að þetta sé gert innan mánaðar frá því að gögnin berast stofnuninni.

Tryggingastofnun, Lyfjastofnun og landlækni er heimilt að fá upplýsingar úr tölfræðigagnagrunninum til að sinna fræðslu og rannsóknum. Öðrum aðilum er einnig í sama tilgangi heimilt að fá upplýsingar úr gagnagrunninum. Ráðherra setur reglugerð um notkun upplýsinganna og um aðgang að gagnagrunninum.

c. (27. gr.)

Landlæknir starfrækir lyfjagagnagrunn um afgreiðslu lyfja í þeim tilgangi að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og vegna eftirlits með ávana- og fíknilyfjum.

Persónuauðkenni sjúklinga og lækna skulu vera sérstaklega dulkóðuð í lyfjagagnagrunninum. Dulkóðuðum persónuauðkennum sem eldri eru en þriggja ára skal eytt úr honum.

Landlæknir ber ábyrgð á dulkóðun persónuauðkennanna og varðveitir einn lykil að henni, bæði til dulkóðunar og afkóðunar.

Lyfjastofnun og Tryggingastofnun ríkisins geta sótt um aðgang að persónuupplýsingum úr lyfjagagnagrunninum. Landlæknir getur veitt slíkt leyfi ef:

1. Tryggingastofnun ríkisins æskir aðgangs:
   a. vegna endurgreiðslu lyfjakostnaðar sjúklings og fyrir liggur samþykki hans,
   b. til að kanna lyfjaávísanir og ávísanavenjur lækna vegna eftirlits með lyfjakostnaði, enda komi ekki fram persónuauðkenni sjúklings í þeim tilvikum.
2. Lyfjastofnun æskir aðgangs í samræmi við eftirlitshlutverk stofnunarinnar samkvæmt þessum lögum:
   a. þegar rökstuddur grunur er um fölsun lyfseðils fyrir ávana- og fíknilyf eða að tilurð hans hafi orðið með öðrum ólögmætum hætti,
   b. þegar rökstuddur grunur er um ranga afgreiðslu lyfseðils fyrir ávana- og fíknilyf.

Landlæknir hefur sjálfur aðgang að lyfjagagnagrunninum í samræmi við eftirlitshlutverk embættisins samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, læknalögum og lögum þessum þegar eitthvert af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:

a. þegar ástæða er til að ætla að einstaklingur hafi fengið ávísað miklu af ávana- og fíknilyfjum frá mörgum læknum,
b. þegar ástæða er til að ætla að læknir hafi ávísað ávana- og fíknilyfjum á sjálfan sig,
c. þegar ástæða er til að ætla að einstaklingur hafi fengið ávísað meira af ávana- og fíknilyfjum en eðlilegt getur talist á tilteknu tímabili,
d. til að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og fylgjast með þróun lyfjanotkunar skv. 19. gr. læknalaga.

Landlæknir setur verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um aðgang að lyfjagagnagrunninum. Skal þar m.a. kveðið á um skyldu umsækjanda til að gera grein fyrir tilefni þess að óskað er eftir upplýsingum úr grunninum og hvernig meðferð og úrvinnslu upplýsinga verði háttað.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á tilvísunum í lögunum:

a. Í stað tilvísunar til 40. gr. í 10. gr. kemur: 43. gr.
b. Í stað tilvísunar til 35. gr. í 6. mgr. 20. gr. kemur: 38. gr.
c. Í stað tilvísunar til 6. mgr. 30. gr. í 3. mgr. 21. gr. kemur: 6. mgr. 33. gr.
d. Í stað tilvísunar til 40. gr. í 39. gr. kemur: 43. gr.
e. Í stað tilvísunar til XIV. kafla í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða kemur: XV. kafla.
f. Í stað tilvísunar til 30. gr. í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 33. gr.

II. KAFLI

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

5. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Landlæknir hefur almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og fylgist með þróun lyfjanotkunar.

Landlæknir hefur sértækt eftirlit með ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf.

Landlæknir hefur eftirlit með öllum ávísunum lækna á ávana- og fíknilyf til eigin nota.

Landlæknir sækir upplýsingar í lyfjagagnagrunn vegna eftirlits skv. 1.–3. mgr. eins og nánar er mælt fyrir um í IX. kafla lyfjalaga.

6. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Verði læknir uppvís að því að ávísa sjálfum sér eða öðrum lyfjum þannig að óhæfilegt þyki leggur landlæknir málið fyrir ráðherra sem er þá heimilt að svipta lækninn leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 27. og 28. gr.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Áður en leyfissvipting fer fram skv. 20. gr. skal lækni veittur andmælaréttur.

Læknir, sem ekki hefur leyfi til ávísana á tiltekin lyf, má með leyfi ráðherra að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

Ráðherra getur afturkallað leyfissviptinguna samkvæmt þessum kafla að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjastofnunar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Í stað orðanna „41. gr. lyfjalaga“ í c-lið 1. mgr. 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, kemur: 44. gr. lyfjalaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2005 skal vera aðlögunartímabil fyrir þær breytingar sem lögin gera ráð fyrir. Tryggingastofnun er heimilt að senda Lyfjastofnun og landlækni upplýsingar af lyfseðlum um ávana- og fíknilyf sem sérstök hætta er á að séu misnotuð og Tryggingastofnun hefur móttekið frá lyfsölum til að fyrrgreindar stofnanir geti sinnt eftirlitshlutverki sínu að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

1406. Frumvarp til raforkulaga. [462. mál]

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.
2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.
3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.

4. Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. *Dreifikerfi:* Raflínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug sem ekki teljast til flutningskerfisins. Enn fremur mælar og mælabúnaður hjá notendum.
2. *Dreifiveita:* Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
3. *Dreifiveitusvæði:* Landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.
4. *Endurnýjanlegar orkulindir:* Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka, sjávarföll og sólarorka.
5. *Flutningsfyrirtæki:* Fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.
6. *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Flutningskerfi skal ná frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana að aðveituspennum dreifiveitna.
7. *Flutningsvirki:* Raflína og búnaður henni tengdur til flutnings raforku.
8. *Gjaldskrársvæði:* Svæði þar sem samræmd gjaldskrá gildir fyrir dreifingu.
9. *Meginflutningskerfi:* Flutningskerfi Landsvirkjunar á 66, 132 og 220 kV spennu eins og það er við gildistöku laga þessara. Enn fremur viðbætur eftir þann tíma á 132 kV og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Til meginflutningskerfisins teljast jafnframt tengilínur við raforkuver sem eru yfir 7 MW og hafa meira en 3.000 klst. árlegan nýtingartíma.
10. *Notandi:* Sá sem kaupir raforku til eigin nota.
11. *Orkulind:* Náttúruleg uppspretta orku í ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhitageymir, sjávarföll, vindur og sólarljós, en einnig olíu- og gaslindir og kolanámur.
12. *Raflína:* Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfis.
13. *Raforkukerfi:* Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
14. *Raforkumarkaður:* Skipulegur markaður með raforku.
15. *Raforkuver/virkjun:* Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.
16. *Raforkuviðskipti/viðskipti:* Kaup og sala raforku.
17. *Sölufyrirtæki:* Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
18. *Vinnsla/raforkuvinnsla:* Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku, í raforku.

19. *Vinnslufyrirtæki:* Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.
20. *Virkjunarleyfi:* Leyfi sem veitt er samkvæmt lögum þessum til að reisa og reka raforkuver.

II. KAFLI
Raforkuvinnsla.

4. gr.
Veiting virkjunarleyfis.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi.

Virkjunarleyfi fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til ráðherra.

Áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á eignarlandi á grundvelli leyfis þarf að hafa náðst samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða ákvörðun um eignarnám skv. 23. gr. að liggja fyrir. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 90 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður. Ákvæði þetta gildir einnig um nýtingu auðlinda í þjóðlendum eftir því sem við á.

5. gr.
Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila.

Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Öll skilyrði skulu tilgreind í reglugerð.

Tengja skal virkjun flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Samningur um tengingu við flutningskerfið skal liggja fyrir þegar sótt er um leyfi. Ráðherra er, þegar sérstaklega stendur á, heimilt að víkja frá tengiskyldu vegna virkjana sem eru undir 3,5 MW og varðandi eldsneytisstöðvar sem fyrst og fremst eru nýttar þegar truflanir koma upp í flutnings- eða dreifikerfinu.

Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á viðkomandi vatnasviði. Ef ekki næst samningar sker ráðherra úr ágreiningi og er úrskurður hans endanlegur á stjórnsýslustigi. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum þeim sem nýta sama jarðhitasvæði. Þá er ráðherra heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um það að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Ráðherra er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

6. gr.
Efni virkjunarleyfis.

Í virkjunarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Stærð virkjunar og afmörkun virkjunarsvæðis.
2. Hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.

3. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.
4. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
5. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
6. Ráðstöfun mannvirkja og tækja þegar notkun þeirra er hætt.
7. Önnur atriði er lúta að skilyrðum leyfis og skyldum leyfishafa samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

7. gr.

Starfsemi og skyldur vinnslufyrirtækis.

Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Vinnslufyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.

Skylt er vinnslufyrirtæki að hlíta ákvörðunum flutningsfyrirtækis um umfang framleiðslu svo að það geti uppfyllt skyldur sínar vegna kerfisstjórnunar skv. 9. gr. og skal koma fyrir það greiðsla samkvæmt samkomulagi við vinnslufyrirtæki.

III. KAFLI
Flutningur.

8. gr.

Rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Eitt fyrirtæki, sem ráðherra tilnefnir, skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera sjálfstæður lög- og skattaðili.

Ráðherra skal beita sér fyrir stofnun fyrirtækis um rekstur flutningskerfisins meðal þeirra sem eiga flutningsvirki hér á landi við gildistöku laganna. Náist að stofna slíkt fyrirtæki gerir ráðherra samning við fyrirtækið um þau atriði sem greinir í 1. mgr. og tilnefnir það síðan sem flutningsfyrirtækið. Heimilt er að tímabinda slíkan samning.

Takist ekki að stofna fyrirtæki skv. 2. mgr. skal stofna fyrirtæki í eigu ríkisins til að annast rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Flutningsfyrirtækið skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna kerfisstjórnunar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

Fari flutningsfyrirtækið ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum samnings skv. 2. mgr. eða annarra samninga sem tengjast honum skal ráðherra veita flutningsfyrirtækinu skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef flutningsfyrirtækið sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra endurskoðað samninginn eða rift honum.

9. gr.

Skyldur flutningsfyrirtækisins.

Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki.

Leyfi ráðherra þarf ef reisa á línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Ráðherra getur bundið leyfið skilyrðum er lúta að þeim atriðum sem greinir í 1. mgr. auk skilyrða er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu.

Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að:

1. Tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá, sbr. 12. gr. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.
2. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
3. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
4. Tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.
5. Sjá til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins.

Flutningsfyrirtækið ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að:

1. Stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki í þessu sambandi.
2. Tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls við rekstur kerfisins.
3. Ákvarða notkunarferla þar sem aflmæling fer ekki fram.
4. Mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu í samræmi við reglugerð þar að lútandi, halda utan um mælingar og skila gögnum til viðkomandi aðila svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.
5. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum og til að tryggja jafnræði í viðskiptum með raforku.

Flutningsfyrirtækið skal í samráði við raforkufyrirtæki setja reglur um kerfisstjórnunina sem ráðherra staðfestir. Í reglunum skal m.a. kveðið nánar á um þau atriði sem tilgreind eru í 1.–5. tölul. 4. mgr.

Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt hlutverk sitt.

Flutningsfyrirtækið skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi flutningsfyrirtækisins, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við flutningskerfið.

10. gr.

Eigendur flutningsvirkja.

Aðrir eigendur flutningsvirkja en flutningsfyrirtækið skulu veita því full afnot af virkjum sínum. Afnotin skulu vera gegn endurgjaldi sem byggjast skal á viðmiðum 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. eftir því sem við á. Ágreiningi um endurgjald verður skotið til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr.

Eigendum flutningsvirkja ber að viðhalda virkjum sínum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau. Telji flutningsfyrirtækið að eigandi flutningsvirkis sinni ekki nauðsynlegu viðhaldi getur það látið gera slíkar framkvæmdir á kostnað eiganda.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um samskipti eigenda flutningsvirkja og flutningsfyrirtækis, afnot flutningsfyrirtækis af flutningsvirkjum og endurgjald fyrir þau.

11. gr.

Flutningsvirki utan flutningskerfis.

Dreifiveitur geta óskað þess að ráðherra undanskilji flutningskerfinu flutningsvirki sem flytja raforku alfarið innan sama dreifiveitusvæðis, enda tengist þau ekki virkjun sem skylt er að tengjast flutningskerfinu, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Sækja má um leyfi ráðherra til að reisa flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda, enda telji flutningsfyrirtækið kerfið ekki anna þessum flutningum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr.

Ráðherra getur bundið leyfi skv. 1. og 2. mgr. sömu skilyrðum og greinir í 2. mgr. 9. gr. eigi viðkomandi línur að flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri.

12. gr.

Gjaldskrá.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk flutningsfyrirtækisins út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, kostnaði við orkutöp, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal að jafnaði vera 2% eða hærri en þó ekki hærri en tveimur prósentustigum yfir markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.
4. Komi í ljós að arðsemi hjá fyrirtækinu síðastliðin þrjú ár er utan þeirra marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Gjaldskráin skal byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. Skilgreina skal gjald fyrir tengingu við flutningskerfið og gjald fyrir mötun og úttekt í hverjum tengipunkti flutningskerfisins. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun í öllum tengipunktum flutningskerfisins og fyrir úttekt í öllum tengipunktum meginflutningskerfisins. Þó skal taka tillit til afhendingaröryggis. Gjald fyrir úttekt í öðrum hlutum

flutningskerfisins skal metið út frá eðlilegum kostnaði, sbr. 1. tölul. 2. mgr., vegna viðkomandi flutningsvirkja og afhendingaröryggis, auk kostnaðar í viðkomandi tengipunkti meginflutningskerfisins.
2. Einstakir notendur sem tengjast flutningskerfinu skulu njóta betri kjara ef þeir sýna fram á að viðskipti þeirra leiða eða hafa leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins.

Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um tekjumörk, viðskiptaskilmála og gjaldskrá, þ.m.t. um afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.

IV. KAFLI
Dreifing.

13. gr.
Sérleyfi til dreifingar.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði.

14. gr.
Skilyrði sérleyfis.

Dreifiveita skal vera sjálfstæður skatt- og lögaðili.

Ráðherra er heimilt að binda leyfi skv. 13. gr. skilyrðum er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu til að byggja upp og reka dreifikerfið og öðrum skilyrðum sem eiga að tryggja öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins og umhverfisvernd. Dreifikerfi skal tengjast flutningskerfinu. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður, svo sem ef um lítið einangrað svæði er að ræða. Sé um nýtt dreifikerfi að ræða skal umsækjandi leggja fram lýsingu á kerfinu og áætlun um framkvæmdir og sýna fram á að unnt sé að tengja dreifikerfið flutningskerfinu með viðunandi hætti, sbr. þó 3. málsl.

15. gr.
Efni sérleyfis.

Í sérleyfi skal m.a. tilgreina eftirfarandi:
1. Afmörkun svæðis sem sérleyfi til dreifingar nær til.
2. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt samkvæmt lögunum.
3. Öryggis- og umhverfisráðstafanir á framkvæmda- og rekstrartíma.
4. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
5. Hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði þegar notkun þeirra er hætt.
6. Önnur atriði er tengjast skilyrðum leyfis og skyldum dreifiveitna samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

16. gr.

Starfsemi og skyldur dreifiveitu.

Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Stundi dreifiveita aðra starfsemi en raforkudreifingu skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Reki sama dreifiveita dreifikerfi á fleiri en einu gjaldskrársvæði skal fyrirtækið halda aðskilda reikninga í bókhaldi sínu fyrir hvert svæði. Eigi dreifiveita flutningsvirki skal fyrirtækið í bókhaldi sínu aðskilja reikninga vegna þeirra frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Óheimilt er dreifiveitu að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Dreifiveitu er m.a. skylt að:

1. Tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.
2. Tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.
3. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
4. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
5. Mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við reglur þar að lútandi.
6. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum.
7. Gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Dreifiveita getur krafist þess að notkun einstakra notenda sé mæld með samfelldri aflmælingu á kostnað notanda ef notkun samræmist ekki notkunarferlum eða umfang notkunar er mikið. Notendur og sölufyrirtæki geta farið fram á samfellda aflmælingu, enda greiði þeir kostnað af henni.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við dreifikerfið.

17. gr.

Gjaldskrá.

Dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk einstakra dreifiveitna út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi dreifiveitu, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu.
2. Arðsemi dreifiveitna skal að jafnaði vera 2% eða hærri en þó ekki hærri en tveimur prósentustigum yfir markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtæki veitir.
4. Komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er utan þeirra marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Ráðherra skal skilgreina gjaldskrársvæði í reglugerð. Heimilt er ráðherra, ef með þarf, að breyta skilgreiningu gjaldskrársvæðis. Á hverju gjaldskrársvæði skal vera samræmd gjaldskrá fyrir alla notendur.

Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um tekjumörk, viðskiptaskilmála, gjaldskrá, afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.

V. KAFLI
Raforkuviðskipti.

18. gr.
Leyfi til að stunda raforkuviðskipti.

Leyfi ráðherra þarf til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Umsækjandi skal sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar.

Iðnaðarráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til raforkuviðskipta.

19. gr.
Skyldur sölufyrirtækja.

Sölufyrirtæki er m.a. skylt að:

1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Veita Orkustofnun upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.
3. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr., auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.
4. Tilkynna Orkustofnun og flutningsfyrirtæki um öll viðskipti með raforku.
5. Tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur.

Heimilt er sölufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Fyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.

20. gr.
Orkuviðskipti.

Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Telji notandi að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur hann kvartað til Orkustofnunar.

Orkukaupandi skal geta sagt upp orkusölusamningi með þriggja mánaða eða skemmri fyrirvara. Heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest við notendur sem árlega nota meira en 1 GWst af raforku.

Nánari reglur um viðskipti með raforku skulu settar í reglugerð. Í reglugerð skal m.a. mæla fyrir um hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu-, flutnings-, dreifi- og sölufyrirtækja skuli háttað, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig staðið skuli að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsingar sem birta skal með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda.

VI. KAFLI
Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði.

21. gr.
Umferðarréttur.

Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á ef nauðsyn krefur vegna undirbúnings að starfsemi samkvæmt lögum þessum. Ekki má hefja virkjunarframkvæmdir, leggja raflínur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum fyrr en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Við afnot og nýtingu lands samkvæmt lögum þessum ber að gæta þess að framkvæmdir stofni hvorki mönnum, munum né búpeningi í hættu eða valdi þeim skaða. Jafnframt skal þess gætt að ekki sé valdið óþarfa mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang svæðis ef nýting leggst af.

22. gr.
Skaðabætur.

Nú hefur aðili rétt samkvæmt lögum þessum til umferðar eða framkvæmda á eignarlandi og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi, mannvirkjum og öðrum eignum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

23. gr.
Eignarnám.

Nú nær fyrirtæki ekki samkomulagi við landeiganda eða eiganda orkulinda vegna framkvæmda á grundvelli laga þessara, þar með talið um endurgjald fyrir landnot, vatnsréttindi, jarðhitaréttindi eða aðrar orkulindir, og getur ráðherra þá tekið eignarnámi nauðsynlegt land, landgæði, mannvirki, aðstöðu og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til. Ráðherra afhendir viðkomandi fyrirtæki þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Ráðherra getur heimilað fyrirtækinu að framkvæma eignarnámið og ber það allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi orkulindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu, sbr. 1. mgr., eða til að koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu orkulindar utan landareignarinnar.

Ef eignarnám skv. 1. og 2. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

Nú fellur leyfi til dreifingar úr gildi og samkomulag næst ekki um afnot nýs leyfishafa af dreifikerfinu og er ráðherra þá heimilt að ákveða að taka dreifikerfið eignarnámi og afhenda það nýjum leyfishafa. Ráðherra getur heimilað leyfishafa að framkvæma eignarnámið. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu. Sama gildir um flutningskerfið eftir því sem við á.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli laga þessara fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta vegna orkulindar skal taka sérstakt tillit til óvissu um orkulindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

VII. KAFLI
Eftirlit og úrræði.

24. gr.
Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum. Orkustofnun skal hafa samráð við Samkeppnisstofnun um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á.

Orkustofnun skal hafa samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd og þróun eftirlitsins. Í því skyni skal starfa sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila. Orkustofnun skal eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Samráðsnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Orkustofnunar. Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð, m.a. um skipan hennar.

Orkustofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. fyrir sína hönd. Í reglugerð skal kveða nánar á um eftirlit faggiltra skoðunarstofa.

25. gr.
Heimildir Orkustofnunar.

Orkustofnun getur krafið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið. Þá getur Orkustofnun krafist þess að eftirlitsskyldur aðili komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur.

Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Orkustofnun getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eftirlitsskylds aðila og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis, ákvæðum samnings skv. 8. gr. eða öðrum heimildum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

26. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Telji Orkustofnun að eftirlitsskyld starfsemi samræmist ekki skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, ákvæðum samnings skv. 8. gr., skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10–500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

Telji Orkustofnun að gjaldskrá sem tilkynnt hefur verið uppfylli ekki kröfur laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim tekur gjaldskráin ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt að mati stofnunarinnar. Þá getur Orkustofnun gert flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum að breyta gjaldskrá sinni að viðlögðum dagsektum.

27. gr.

Eftirlit Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnislög gilda um atvinnustarfsemi sem lög þessi ná til.

Ef fyrirtæki stundar vinnslu eða sölu á raforku er því óheimilt að niðurgreiða þá starfsemi með sérleyfisstarfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíka niðurgreiðslu er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þ.m.t. fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og starfsemi er nýtur sérleyfis eða hefur sambærilega stöðu.

28. gr.

Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.

Vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur skulu koma á innra eftirliti með gæðum raforku og afhendingaröryggi.

Í reglugerð skal kveða á um þær kröfur sem innra eftirlit skv. 1. mgr. skal uppfylla og hvernig því skuli háttað, þar á meðal um eftirlit faggiltra skoðunarstofa.

29. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn stofnana sem annast eftirlit á grundvelli laga þessara eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa á vegum stofnananna eða aðra þá sem sinna eftirliti fyrir þær, svo sem starfsmenn faggiltra skoðunarstofa.

30. gr.

Úrskurðarnefnd raforkumála.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli laga þessara og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.

Í nefndinni sitja þrír menn sem skipaðir eru af iðnaðarráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

Sú stofnun er tók hina kærðu ákvörðun skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á að afla frá henni.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni barst kæra.

Formaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Nefndarmenn og ráðgjafar þeirra eru bundnir þagnarskyldu skv. 29. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum fer um meðferð máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um málsmeðferð og starfshætti nefndarinnar.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

Ákvarðanir sem aðeins verða kærðar til úrskurðarnefndar verða ekki bornar undir dómstóla fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Þetta gildir þó ekki frá þeim tíma þegar sex mánuðir eru liðnir frá því að kæra barst nefndinni án þess að hún hafi lagt úrskurð á málið.

31. gr.

Gjaldtaka.

Til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld sem hér segir:

1. Flutningsfyrirtækið skal greiða gjald af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið sem nemur 0,3 aurum á hverja kWst.
2. Dreifiveitur skulu greiða gjald af raforku sem er móttekin frá flutningskerfi eða beint frá virkjunum sem nemur 0,7 aurum á hverja kWst.

Fyrir 15. september ár hvert skal orkumálastjóri gefa iðnaðarráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laga þessara. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár. Skýrslunni skal fylgja umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 24. gr., um áætlað rekstrarumfang næsta árs ásamt áliti orkumálastjóra á umsögninni. Til að samráðsnefndin geti gefið umsögn skal Orkustofnun eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta gjaldtöku skv. 1. mgr. skal iðnaðarráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

Orkustofnun skal annast innheimtu gjalda þessara fyrir ríkissjóð. Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert vegna þess almanaksárs og byggjast á rauntölum vegna fyrri helmings ársins en áætlun fyrir seinni helminginn. Við álagningu næsta árs skal taka tillit til frávika rauntalna

frá áætlun fyrir seinni helming liðins árs. Aðför má gera til fullnustu kröfum um gjaldið án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa, enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði um leyfisveitingar.

32. gr.
Framsal leyfisveitingarvalds.

Ráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr., 13. gr. og 1. mgr. 18. gr. að hluta eða öllu leyti. Fer Orkustofnun þá einnig með heimildir ráðherra skv. 36. gr.

33. gr.
Gjaldtaka vegna útgáfu leyfa.

Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld til leyfisveitanda:

1. Fyrir virkjunarleyfi, sbr. 4. gr., skal greiða gjald. Gjaldið skal vera sett saman úr fastagjaldi sem nemur 100.000 kr. og gjaldþætti sem er í hlutfalli við stærð virkjunar og nemur 10.000 kr. fyrir hvert MW.
2. Fyrir leyfi til að reisa og reka dreifikerfi, sbr. 13. gr., skal greiða gjald. Gjaldið skal vera sett saman úr fastagjaldi sem nemur 50.000 kr. og gjaldþætti sem er í hlutfalli við íbúafjölda á dreifiveitusvæðinu og nemur 10 kr. fyrir hvern íbúa.
3. Fyrir leyfi til að stunda raforkuviðskipti, sbr. 18. gr., skal greiða 50.000 kr.

34. gr.
Málsmeðferð.

Leyfi samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Áður en ráðherra veitir virkjunarleyfi, leyfi til að byggja flutningsvirki eða sérleyfi til dreifingar raforku skal hann leita umsagnar Orkustofnunar. Áður en sérleyfi til dreifingar raforku er veitt skal ráðherra auk þess leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga. Umsagnir skulu berast innan tveggja mánaða frá því að beiðni þar að lútandi var send.

Ráðherra skal kynna umsókn með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Þar skal gefa þeim aðilum er málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Umsækjandi skal kosta birtingu slíkrar auglýsingar.

Synjun um leyfi samkvæmt lögum þessum skal rökstudd.

35. gr.
Framsal leyfa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

36. gr.
Afturköllun leyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast leyfinu eða öðrum heimildum skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörunar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.
Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar, sem ekki verða kærðar til úrskurðarnefndar raforkumála skv. 30. gr., verða kærðar til iðnaðarráðherra. Kæra til iðnaðarráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

38. gr.
Framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign.

Ráðherra hefur heimild til að semja við flutningsfyrirtækið og þá aðila, sem fá leyfi samkvæmt lögum þessum til framkvæmda á eignarlöndum ríkisins, um endurgjald fyrir land og landgæði þau er um ræðir hverju sinni. Haft skal samráð við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Um framkvæmdir á þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

39. gr.
Raforkuskýrsla.

Ráðherra leggur fyrir Alþingi á fjögurra ára fresti skýrslu um raforkumálefni. Í skýrslunni skal m.a. fjalla um:

1. Yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin fjögur ár.
2. Raforkuþörf og yfirlit um líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um orkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til.
3. Rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu.
4. Raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.
5. Styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf.
6. Gæði raforku, m.a. með hliðsjón af öryggi afhendingar.
7. Þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

40. gr.
Veiting rannsóknarleyfa.

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um leyfi til þess að kanna og rannsaka orkulindir til undirbúnings raforkuvinnslu. Auk þeirra skilyrða sem þar eru talin

skal umsækjandi um rannsóknarleyfi leggja fram mat á því hvernig tengja megi fyrirhugaða virkjun raforkukerfi landsins.

41. gr.

Ársreikningar.

Um ársreikninga fyrirtækja sem falla undir ákvæði laga þessara fer samkvæmt lögum um ársreikninga.

Ef fyrirtæki á samkvæmt lögum þessum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi sinnar aðskildum í bókhaldi skal gera sérstaka grein fyrir hverri starfsemi í ársreikningi. Gera skal Orkustofnun grein fyrir sundurliðuninni í því formi sem stofnunin ákveður.

Sameiginlegum rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækis skv. 3. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Fastafjármunum sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt á hverja starfsemi í þeim hlutföllum sem eru á milli bókfærðs verðs þeirra fastafjármuna sem heimfæranlegir eru.
2. Skipta skal afskriftum af þeim eignum sem ekki er unnt að skipta í sömu hlutföllum og þeim sem skiptanlegar eru.
3. Rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í þeim hlutföllum sem eru milli tekna og kostnaðar sem heimfæranlegur er.

Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og afhendir aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, sbr. 1. mgr. 7. gr., skal fyrirtækið gera grein fyrir afkomu einstakra rekstrarþátta í ársreikningi. Skila skal Orkustofnun skýrslu um afkomuna í því formi sem stofnunin ákveður. Útreikningur á afkomu einstakra rekstrarþátta og skiptingu á sameiginlegum kostnaði skal vera í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækisins skv. 5. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Þeim sameiginlegu þáttum í rekstrar- og efnahagsreikningi sem getið er um í 3. mgr. skal skipt í hlutfalli við verðmæti þeirrar orku sem afhent er.
2. Verðmæti raforku, sbr. 1. tölul., skal miðast við meðalverð raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis, en að teknu tilliti til samninga við notendur sem nota meira en 100 GWst á ári.
3. Til þess að ákvarða verðmæti annarrar orku, sbr. 1. tölul., svo sem heits vatns og gufu, skal Orkustofnun skilgreina eðlilegt einingarverð á þeirri orku við afhendingu frá orkuverinu. Í því skyni skal stofnunin hafa hliðsjón af verði orkunnar þegar hún kemur til kaupenda en að frádregnum kostnaði við flutning, dreifingu og sölu hennar. Jafnframt skal höfð hliðsjón af því við ákvörðun þessa verðs að hlutfall arðs af fastafjármunum sem eru bundnir í jarðvarmaorkuverinu sé svipað hvort sem um er að ræða raforkuvinnslu eða aðra orkuvinnslu.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um bókhaldslegan aðskilnað, þ.m.t. þær upplýsingar sem skulu koma fram í ársreikningi fyrirtækja sem falla undir ákvæði þessarar greinar, og um skiptigrundvöll milli mismunandi starfsemi.

42. gr.

Tryggingar.

Ráðherra getur krafist þess að þeir sem starfa á grundvelli laga þessara taki ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, afli sér bankatryggingar eða leggi fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur jafngildar og bæta tjón er þeir kunna að valda með störfum sínum. Kveðið skal nánar á um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, í reglugerð.

43. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

44. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

45. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Raforkuskýrsla skv. 39. gr. laga þessara skal í fyrsta sinn lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á árinu 2005.

II.

Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum, enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara.

III.

Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að reisa eða reka kerfi til dreifingar raforku halda þeim rétti sínum, enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara.

IV.

Til og með 31. desember 2004 geta eingöngu þeir sem kaupa 100 GWst af raforku eða meira á ári keypt raforku af öðrum en dreifiveitu á sínu dreifiveitusvæði. Frá 1. janúar 2005 geta notendur sem eru aflmældir og nota meira afl en 100 kW valið þann raforkusala sem þeir kjósa. Frá 1. janúar 2007 skulu allir geta valið þann raforkusala sem þeir kjósa. Dreifiveitum er skylt að selja raforku til þeirra notenda sem ekki eiga þess kost að velja sér raforkusala vegna bráðabirgðaákvæðis þessa.

Gjaldskrár dreifiveitna sem í gildi eru við gildistöku laganna skulu þrátt fyrir 17. gr. laganna halda gildi sínu til 1. júlí 2004. Dreifiveitur geta þó að fenginni staðfestingu Orkustofnunar ákveðið gjaldskrárlækkun. Þá geta dreifiveitur að fenginni staðfestingu Orkustofnunar hækkað gjaldskrá sína í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eða sannanlegar og óviðráðanlegar hækkanir á kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við starfsemina. Á þessu tímabili skulu gjaldskrársvæði dreifiveitna vera hin sömu og starfssvæði þeirra.

V.

Fyrirtæki sem eiga samkvæmt lögunum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi aðskildum í bókhaldi skulu fyrir 1. september 2003 skila Orkustofnun drögum að ársreikningi miðað við 31. desember 2002 ásamt greinargerð til þess að sýna með hvaða hætti fyrirtækið hyggst uppfylla skilyrði 41. gr. Telji Orkustofnun að ársreikningurinn sé ekki í samræmi við lögin eða reglugerðir settar samkvæmt þeim skal hún mæla fyrir um breytingu þar á.

Mat á varanlegum rekstrarfjármunum og undirbúningskostnaði skal byggjast á bókfærðu verði eins og það er í árslok 2002 samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Sömu reikningsskilaaðferðum skal beitt við mat þeirra og fyrirtækin hafa beitt á undanförnum árum.

VI.

Frá gildistöku laga þessara til loka ársins 2009 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd laganna. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að stuðla að greiðri framkvæmd laganna og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af iðnaðarráðherra og í henni skulu sitja sjö fulltrúar. Orkustofnun, Samtök atvinnulífsins, Neytendasamtökin og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu tilnefna einn fulltrúa hver. Samorka skal tilnefna tvo fulltrúa en einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

VII.

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa í nefndina og iðnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku, þ.m.t. um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal nefndin móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku.

Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 31. desember 2003.

VIII.

Ákvæði III. kafla laga þessara skulu taka gildi 1. júlí 2004 nema annað sé tekið fram í bráðabirgðaákvæði þessu. Sama á við um 6. og 9. tölul. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga þessara. Fram að þeim tíma skal bráðabirgðaákvæði þetta gilda um flutning raforku.

Flutningskerfið á gildistíma þessa ákvæðis er raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 66, 132 og 220 kV spennu og tilheyra Landsvirkjun við gildistöku laga þessara, enn

fremur viðbætur Landsvirkjunar eftir þann tíma á 132 kV spennu og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Hið sama gildir um línur annarra á þessari spennu sem þeir semja við Landsvirkjun um að tilheyri flutningskerfinu. Til að byggja nýjar flutningslínur þarf Landsvirkjun leyfi iðnaðarráðherra.

Samningur um tengingu við flutningskerfið skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi. Virkjun sem tengist dreifikerfi þarf að hafa samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald fyrir reiðuafl og tengigjald. Skal Orkustofnun gæta að því að endurgjaldið taki mið af hlutlægum og gegnsæjum viðmiðum og að jafnræðis sé gætt.

Landsvirkjun skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun í samræmi við ákvæði 9. gr. laga þessara.

Landsvirkjun skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna flutnings raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Sama á við um reikninga vegna kerfisstjórnunar. Flutningur raforku og kerfisstjórnun skal heyra undir sjálfstæða stjórn.

Landsvirkjun skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar sem skal birt opinberlega að fenginni staðfestingu Orkustofnunar. Gjaldskráin skal standa undir kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við flutning raforku og kerfisstjórnun, þ.m.t. kostnaði vegna reiðuafls, viðhalds og afskrifta á nauðsynlegum eignum vegna reksturs kerfisins, fjármagnskostnaði, kostnaði við orkutöp og almennum rekstrarkostnaði. Þá er Landsvirkjun heimilt að áskilja sér eðlilega arðsemi af því fjármagni sem bundið er í flutningskerfinu og kerfisstjórnun.

Landsvirkjun skal skilgreina gjald fyrir tengingu við flutningskerfið og gjald fyrir mötun annars vegar og úttekt hins vegar í hverjum tengipunkti flutningskerfisins. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun og úttekt í öllum tengipunktum. Þó getur notandi sem notar 100 GWst af raforku á ári eða meira samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald vegna flutnings. Slíkir samningar verða að byggjast á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum og mega ekki að mati Orkustofnunar valda hækkun á kostnaði við flutning hjá öðrum notendum. Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

1407. Frumvarp til laga [463. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

(Eftir 2. umr., 14. mars.)

I. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 49. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Um leyfi til að virkja fallvatn fer samkvæmt raforkulögum.

2. gr.

2. mgr. 50. gr. og 54.–67. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI
Breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

3. gr.

II. og IV. kafli laganna falla brott.

4. gr.

1. mgr. 61. gr. laganna orðast svo:

Rafmagnsveitur ríkisins skulu stunda starfsemi á orkusviði, annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki.

5. gr.

63., 64., 66. og 67. gr. og 3. tölul. 68. gr. laganna falla brott.

6. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Um gjaldtöku vegna hitaveitustarfsemi fer skv. 3.–6. mgr. 32. gr. Um gjaldtöku vegna raforkustarfsemi fer samkvæmt raforkulögum.

7. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og gjaldskrám settum samkvæmt þeim má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva afhendingu hitaorku ef ekki er staðið í skilum á settum gjalddaga.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60 4. júní 1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

8. gr.

4.–7. mgr. 2. gr. og 3. og 6. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

9. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

10. gr.

3. gr., 4. mgr. 6. gr., 7. gr., 13. og 18. gr. laganna falla brott.

Í stað orðanna „1. mgr. 6. gr.“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 1. og 2. mgr. 6. gr.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 10 19. mars 2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

11. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja hf. einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga, sem aðild eiga að fyrirtækinu, eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfi þeirra.

12. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 40 30. maí 2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

13. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Orkubús Vestfjarða hf., að ákveða að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn einkarétti félagsins, svo sem bygging og rekstur jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga sem þess óska.

14. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 139 21. desember 2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

15. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Gjaldskrár fyrir sölu á heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 159 20. desember 2002, um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

16. gr.

Orðin „rafmagni og“ í 2. málsl. 5. gr. laganna falla brott.

IX. KAFLI

Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

1408. Breytingartillögur [462. mál]

við frv. til raforkulaga.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Við 3. gr. 1. málsl. 1. tölul. orðist svo: Raflínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug.
2. Við ákvæði til bráðabirgða VII. Á eftir orðunum „Alþýðusambandi Íslands“ í 1. mgr. komi: Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

1409. Lög [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1329.

1410. Lög [636. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1031.

1411. Lög [446. mál]

um námsstyrki.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1389.

1412. Lög [599. mál]

um fjarskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1390.

1413. Lög [600. mál]

um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 961.

1414. Lög [602. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1391.

1415. Lög [648. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1053.

1416. Lög [649. mál]

um Ábyrgðasjóð launa.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1398 (sbr. þskj. 1055).

1417. Lög [680. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1403.

1418. Fjáraukalög [653. mál]

fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1063.

1419. Lög [610. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1399.

1420. Lög [683. mál]

um breyting á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1110.

1421. Lög [713. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 1341.

1422. Þingsályktun [59. mál]

um skipulagða áfallahjálp í sveitarfélögum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. mars.)

Samhljóða þskj. 59.

1423. Lög [670. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1090.

1424. Frumvarp til barnalaga. [180. mál]

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

I. KAFLI

Móðerni og faðerni barns.

1. gr.

Réttur barns til að þekkja foreldra sína.

Barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína. Móður er skylt að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur 2. gr. eiga ekki við.

2. gr.

Feðrunarreglur um börn hjóna og foreldra í skráðri sambúð.

Eiginmaður móður barns telst faðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra. Hið sama gildir ef barn er alið svo skömmu eftir hjúskaparslit að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins eða ef móðir þess giftist eða skráir sambúð sína í þjóðskrá, með öðrum manni, fyrir fæðingu barnsins.

Nú giftist móðir barns eftir fæðingu þess manni sem hún hefur lýst föður barnsins og telst hann þá faðir þess, enda sé barnið þá ófeðrað.

Ef móðir barns og maður sem hún lýsir föður þess hafa skráð sambúð sína í þjóðskrá við fæðingu þess telst hann faðir barnsins. Sama er ef móðir barns og maður er hún lýsir föður þess skrá sambúð sína í þjóðskrá síðar, enda sé barnið þá ófeðrað.

3. gr.

Ákvörðun um faðerni barns er ákvæði 2. gr. taka ekki til.

Ef feðrunarreglur 2. gr. eiga ekki við verður barn feðrað með faðernisviðurkenningu manns, sbr. 4. gr., samþykki skv. 6. gr. eða dómsúrlausn, sbr. II. kafla.

4. gr.

Faðernisviðurkenning.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir barn sitt, við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu sinni fyrir sýslumanni, fyrir dómara í máli skv. II. kafla eða bréflega, og telst hann þá faðir barnsins. Sé yfirlýsingin gefin bréflega skal undirritun hennar staðfest af héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða tveimur vitundarvottum. Þar skal tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess eða þeirra er undirskriftina staðfesta. Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs.

Dómsmálaráðuneytið getur mælt svo fyrir að faðernisviðurkenning sem fengin er erlendis sé jafngild faðernisviðurkenningu sem fengist hefur hér á landi.

Ef lýstur faðir er ósjálfráða skal yfirlýsing hans gefin fyrir sýslumanni eða dómara að viðstöddum lögráðamanni hins ósjálfráða manns.

Nú er sálrænum högum lýsts föður svo háttað að ekki þykir fullvíst að hann geri sér grein fyrir þýðingu faðernisviðurkenningar og skal þá úr máli leyst með dómi.

Nú skýrir móðir frá því að hún hafi haft samfarir við fleiri menn en einn á hugsanlegum getnaðartíma barns og skal þá leyst úr máli með dómi. Þess er þó eigi þörf ef fyrir liggja niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna er benda eindregið til þess að tiltekinn maður, sem móðir hefur lýst sennilegan föður barns, sé faðir þess. Getur þá sá maður gengist við faðerni barnsins.

Ef niðurstaða mannerfðafræðilegrar rannsóknar útilokar að sá maður sé faðir barns sem móðir hefur lýst föður þess skal greiða úr ríkissjóði kostnað vegna rannsóknar sem sýslumaður hefur talið rétt að efna til.

5. gr.

Móðerni barns við tæknifrjóvgun.

Kona sem elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun telst móðir þess.

6. gr.

Faðerni barns við tæknifrjóvgun.

Maður sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun telst faðir barns sem þannig er getið. Sama á við um mann og konu sem skráð hafa sambúð sína í þjóðskrá.

Maður sem gefur sæði í þeim tilgangi að það verði notað við tæknifrjóvgun á annarri konu en eiginkonu sinni eða sambúðarkonu, sbr. 1. mgr., samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun verður ekki dæmdur faðir barns sem getið er með sæði hans.

Maður sem gefið hefur sæði í öðrum tilgangi en greinir í 2. mgr. telst faðir barns sem getið er með sæði hans nema sæðið hafi verið notað án vitundar hans eða eftir andlát hans.

7. gr.

Skráning á faðerni barns.

Barn skal skráð í þjóðskrá þegar eftir fæðingu þess.

Læknir eða ljósmóðir sem tekur á móti barni skal spyrja móður sem ekki er í hjúskap um faðerni þess og skrá yfirlýsingu hennar um það. Skal yfirlýsingin undirrituð af móður og send Þjóðskrá. Sá sem móðir lýsir föður barns verður þó ekki skráður faðir þess í þjóðskrá nema barnið sé feðrað samkvæmt lögum þessum. Ráðherra Hagstofu Íslands getur sett nánari ákvæði um form og framkvæmd skráningar skv. 1. og 2. mgr. í reglugerð.

Hafi barn ekki verið feðrað innan sex mánaða frá fæðingu þess skal Þjóðskrá tilkynna sýslumanni, þar sem móðir á lögheimili, að barn sé enn ófeðrað.

Þegar sýslumanni berst tilkynning skv. 3. mgr. skal hann með bréfi vekja athygli móður á ákvæði 1. gr. laganna og skora á hana að gera ráðstafanir til að barnið verði feðrað. Skal henni leiðbeint um skyldur sínar í þessu sambandi og rétt barnsins, svo og um málshöfðunarheimild manns sem telur sig föður barns.

II. KAFLI
Dómsmál til feðrunar barns.

8. gr.
Lögsaga.

Dómsmál um faðerni barns er unnt að höfða hér á landi ef:

a. aðili er búsettur hér á landi,
b. dánarbú stefnda er eða hefur verið til skipta hér á landi,
c. barn er búsett hér á landi.

Leyst skal úr máli, sem rekið er á grundvelli þessarar greinar, eftir íslenskum lögum.

Ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að skulu ganga framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

9. gr.
Varnarþing.

Faðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi aðila.

Nú á hvorugur aðili eða enginn þeirra varnarþing hér á landi og má þá höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

10. gr.
Málsaðild.

Stefnandi faðernismáls getur verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns, enda hafi barnið ekki verið feðrað. Nú hefur móðir barns höfðað mál og hún andast áður en því er lokið og getur þá sá sem við forsjá barns tekur haldið málinu áfram. Ef maður sem telur sig föður barns höfðar mál og hann andast áður en máli er lokið getur sá lögerfingja hans sem gengi barninu næst eða jafnhliða að erfðum haldið málinu áfram.

Höfði barnið sjálft mál eða móðir þess skal stefnt þeim manni eða mönnum sem eru taldir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barns. Nú er maður látinn áður en mál er höfðað og má þá höfða það á hendur þeim lögerfingja hans sem gengi barninu jafnhliða eða næst að erfðum.

Ef maður sem telur sig föður barns höfðar mál skal móður þess stefnt, en sé hún látin, barninu sjálfu.

11. gr.
Málskostnaður.

Nú er barn stefnandi máls og skal þá greiða þóknun lögmanns stefnanda sem dómari ákveður úr ríkissjóði, svo og annan málskostnað stefnanda, þar með talinn kostnað við öflun mannerfðafræðilegra rannsókna og annarra sérfræðiskýrslna.

12. gr.

Málsmeðferð.

Faðernismál sæta almennri meðferð einkamála að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

Þinghald í faðernismáli skal háð fyrir luktum dyrum.

13. gr.

Málsvari.

Ef ekki er sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu máls eða þingsókn hans fellur á síðari stigum niður getur dómari, þegar sérstaklega stendur á, skipað honum málsvara. Málsvari skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður við úrlausn málsins þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði, en kveða má svo á að stefnda beri að endurgreiða þóknunina að nokkru leyti eða öllu.

14. gr.

Aðilaskýrslur.

Aðilum máls er skylt að verða við kvaðningu dómara um að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu. Láti stefnandi það undir höfuð leggjast skal málinu vísað frá dómi. Eins skal farið að ef stefnandi neitar sjálfur að gangast undir rannsókn skv. 15. gr., eða láta barnið gangast undir hana ef hann fer með forsjá þess. Neiti aðili að öðrum kosti að koma fyrir dóm getur dómari neytt sömu úrræða gagnvart honum og beita má við vitni.

15. gr.

Mannerfðafræðilegar rannsóknir.

Dómari getur, samkvæmt kröfu, ákveðið með úrskurði að blóðrannsókn verði gerð á aðilum máls og barninu og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þar á meðal mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru þeir sem í hlut eiga skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur með sama hætti ákveðið með úrskurði að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fara fram á foreldrum og eftir atvikum systkinum aðilanna, svo og á öðrum börnum þeirra. Úrskurð samkvæmt þessari málsgrein má kæra til Hæstaréttar.

Lögreglu er skylt að verða við tilmælum dómara um aðstoð við að flytja aðila til rannsóknar skv. 1. mgr.

16. gr.

Gagnaöflun dómara.

Dómari getur, ef nauðsynlegt þykir, aflað sjálfur sönnunargagna, enda hafi hann áður árangurslaust beint því til aðila að afla þeirra.

17. gr.

Sönnun.

Maður skal talinn faðir barns ef niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna benda eindregið til þess að hann sé faðir þess.

18. gr.

Lyktir máls.

Máli sem rekið er samkvæmt ákvæðum þessa kafla verður lokið með dómsátt ef aðilar svo kjósa en ella með dómi nema því sé vísað frá eða það fellt niður.

Dómari skal senda Þjóðskrá upplýsingar um feðrun barns á eyðublaði sem Hagstofa Íslands leggur til.

19. gr.

Nafnleynd og birting dóms.

Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls skal afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til einkahagsmuna.

III. KAFLI
Dómsmál til vefengingar á faðerni barns eða ógildingar á faðernisviðurkenningu.

20. gr.

Lögsaga og varnarþing.

Um lögsögu og varnarþing í málum samkvæmt þessum kafla fer skv. 8. og 9. gr.

21. gr.

Málsaðild.

Dómsmál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað barnið sjálft og móðir þess, einnig sá sem skráður er faðir barns skv. 2. gr. og að honum látnum sá erfingi hans er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

Mál til ógildingar á faðernisviðurkenningu getur barn höfðað, sá sem viðurkennt hefur faðerni barns og móðir þess.

Máli barns eða móður skal beint að föður, en að honum látnum að þeim erfingja hans sem gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum. Máli föður eða þess sem í hans stað kemur skal beint að móður barns, en að henni látinni að barninu sjálfu.

22. gr.

Málsmeðferð o.fl.

Ákvæði 11., 12., 13., 14., 15. og 16. gr., 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. eiga við um mál sem rekin eru samkvæmt þessum kafla.

23. gr.

Vefenging á faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun.

Nú hefur maður samþykkt að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu sinni, sbr. 1. mgr. 6. gr., og er þá í máli samkvæmt þessum kafla því aðeins unnt að taka til greina kröfu um vefengingu á faðerni barns að ljóst sé að það sé ekki getið við tæknifrjóvgunina.

24. gr.

Lyktir máls.

Máli sem rekið er samkvæmt þessum kafla verður lokið með dómsátt ef aðilar svo kjósa, í samræmi við niðurstöður mannerfðafræðilegra rannsókna, en ella með dómi nema því sé vísað frá eða það fellt niður.

IV. KAFLI
Greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.

25. gr.
Framlög til móður.

Sýslumaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með móður þess samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns, að kröfu hennar, ef sérstaklega stendur á.

Nú veikist móðir vegna meðgöngu eða barnsfara og er sýslumanni þá heimilt, að kröfu hennar, að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en níu mánuði eftir fæðingu.

Skylda má mann til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein þótt barn fæðist andvana.

26. gr.
Kostnaður vegna meðgöngu, barnsfara o.fl.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 58. gr. skal sýslumaður úrskurða hann að kröfu hennar til að greiða allan kostnað er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Að kröfu konu getur sýslumaður enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga hennar, sbr. 1. mgr., til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

27. gr.
Gjalddagi o.fl.

Framlög þau sem greind eru í 25. og 26. gr. eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim nema sýslumaður ákveði annað í úrskurði.

Framlög skv. 1. mgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

Framlög skv. 25. og 26. gr. skulu renna til móður barns.

V. KAFLI
Foreldraskyldur og forsjá barns.

28. gr.
Inntak forsjár.

Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum.

Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði. Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirsvar barns.

Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það. Foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmælts stjórnvalds.

Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.

Ef annað forsjárforeldra barns er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum eru nauðsynlegar ákvarðanir hins um persónulega hagi barns gildar.

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er öðru foreldrinu þá óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

29. gr.

Forsjármenn.

Barn á rétt á forsjá beggja foreldra sinna sem eru í hjúskap, sbr. þó 3. mgr. 31. gr., eða hafa skráð sambúð sína í þjóðskrá.

Nú eru foreldrar barns hvorki í hjúskap né skráðri sambúð við fæðingu barns og fer móðir þá ein með forsjá þess, sbr. þó 1. mgr. 32. gr.

Ef foreldri, sem er ekki í hjúskap og fer eitt með forsjá barns síns, gengur í hjúskap eða tekur upp sambúð með öðrum en hinu foreldrinu er forsjá barns einnig hjá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, enda hafi skráð sambúð í þjóðskrá staðið samfleytt í eitt ár. Forsjá stjúpforeldris eða sambúðarforeldris varir eingöngu meðan hjúskapur eða sambúð stendur, sbr. þó 2. mgr. 30. gr.

Ákvæði 28. gr., 5. og 6. mgr. 30. gr., 3.–5. mgr. 32. gr. og 33.–35. gr. eiga einnig við um aðra en foreldra sem fara með forsjá barns samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við getur átt.

30. gr.

Forsjá við andlát forsjárforeldris.

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og annað þeirra andast og fer þá eftirlifandi foreldri eitt með forsjána ásamt maka sínum eða sambúðarmaka, sbr. 3. mgr. 29. gr., ef því er að skipta.

Nú hefur annað foreldrið farið með forsjá barns og fer þá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, sbr. 3. mgr. 29. gr., áfram með forsjá eftir andlát forsjárforeldris.

Við andlát foreldris sem farið hefur eitt með forsjá barns hverfur forsjá þess til hins foreldrisins.

Við andlát forsjárforeldris má með samningi skv. 32. gr. eða dómi fela öðrum forsjá barns, að kröfu hans, en þeim sem forsjá annars fellur til skv. 1.–3. mgr. ef það er barni fyrir bestu.

Verði barn forsjárlaust vegna andláts forsjárforeldra hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar.

Nú hafa forsjárforeldrar ákveðið hver eða hverjir fara skuli að þeim látnum með forsjá barns þeirra og skal þá eftir því farið nema sú ákvörðun sé andstæð lögum eða annað þyki barni fyrir bestu.

Yfirlýsing skv. 6. mgr. skal gefin bréflega og skal undirritun hennar staðfest af sýslumanni eða héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess er undirskriftina staðfestir og að honum hafi verið leiðbeint um réttaráhrif yfirlýsingarinnar.

31. gr.

Forsjá við skilnað eða samvistarslit foreldra.

Forsjá barns skal ávallt skipa við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við slit sambúðar foreldra sem skráð hefur verið í þjóðskrá.

Foreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði sameiginleg eða í höndum annars hvors.

Nú slíta giftir foreldrar samvistum án þess að hjúskap ljúki og geta þeir þá ákveðið að annað þeirra fari með forsjá barns.

Ef ágreiningur rís um forsjá barns við skilnað foreldra eða við slit sambúðar foreldra, sem skráð hefur verið í þjóðskrá, fer um það mál eftir því sem kveðið er á um í 34. gr.

32. gr.

Samningar foreldra um forsjá.

Foreldrar geta samið um að forsjá barns verði sameiginleg. Í samningi um sameiginlega forsjá skal greina hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa fasta búsetu.

Foreldrar geta samið um breytingu á forsjá barns þannig að forsjá flytjist frá öðru foreldri til hins eða að samningur um sameiginlega forsjá falli niður og forsjá verði í höndum annars foreldris.

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barns síns með samningi, enda mæli barnaverndarnefnd með þeirri skipan. Ef forsjá barns er í höndum annars foreldrisins skal leitað umsagnar hins foreldrisins.

Samning foreldra um forsjá barns má tímabinda, þó ekki skemur en til sex mánaða.

Samningur um forsjá barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Sýslumaður skal senda Þjóðskrá ljósrit af staðfestum samningi foreldra um forsjá. Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings. Hann getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns og ber að gera það ef hann er andstæður lögum.

33. gr.

Sáttaumleitan.

Sýslumaður skal bjóða aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sá sem veitir ráðgjöf getur rætt við barn, sem mál varðar, telji hann það þjóna hagsmunum þess, enda séu forsjárforeldrar því samþykkir.

Sýslumaður getur látið hjá líða að bjóða sérfræðiráðgjöf skv. 1. mgr. ef hann telur hana ónauðsynlega eða tilgangslausa.

Þeim sem veitir ráðgjöf skv. 1. mgr. er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðgjöf skv. 1. mgr., svo og um tilhögun þjónustusamninga við þá sem annast slíka ráðgjöf.

34. gr.

Dómur um forsjá barns o.fl.

Þegar foreldra greinir á um forsjá barns sker dómari úr málinu með dómi hafi sátt ekki tekist um forsjá þess. Ef foreldrar leita skilnaðar fyrir dómi leysir dómari um leið úr ágreiningi um forsjá. Sýslumaður getur veitt leyfi til skilnaðar hjóna þótt ágreiningsmál um forsjá barns þeirra sé rekið fyrir dómi.

Dómari kveður á um hjá hvoru foreldra forsjá barns verði, eftir því sem barni er fyrir bestu. Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi, en foreldrar geta með dómsátt ákveðið að forsjáin verði sameiginleg.

Við úrlausn máls um forsjá skal m.a. líta til þess hvort foreldri, sem krefst forsjár barns síns, hefur verið tálmuð umgengni við barnið.

Í ágreiningsmáli um forsjá barns ber dómara að kröfu annars foreldris eða beggja að kveða á um meðlag í dómi, sem og um inntak umgengnisréttar barns og foreldris, eftir því sem barni er fyrir bestu, hafi sátt ekki tekist um þessi efni, enda hafi krafa um það verið gerð í stefnu eða greinargerð stefnda. Dómari getur hafnað því að ákveða inntak umgengnisréttar ef slík úrlausn er barni fyrir bestu.

Um meðferð þessara mála fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum VI. kafla.

Dómari skal senda Þjóðskrá upplýsingar um niðurstöðu máls um forsjá barns á eyðublaði sem Hagstofa Íslands leggur til.

35. gr.

Úrskurður til bráðabirgða um forsjá barns o.fl.

Í máli um forsjá barns hefur dómari heimild til að úrskurða til bráðabirgða að kröfu aðila hvernig fara skuli um forsjá þess eftir því sem barni er fyrir bestu. Í sama úrskurði getur dómari kveðið á um umgengni og meðlag til bráðabirgða.

Hafni dómari kröfu um niðurfellingu sameiginlegrar forsjár meðan forsjármál er til meðferðar fyrir dómi getur hann eigi að síður kveðið á um lögheimili barns, umgengni og meðlag til bráðabirgða. Í slíku máli getur dómari enn fremur ákveðið að barn skuli búa hjá foreldrum sínum á víxl, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns.

Breyta má úrskurði skv. 1. og 2. mgr. vegna sérstakra ástæðna þyki það vera barni fyrir bestu.

Nú hefur forsjármáli eigi verið ráðið til lykta fyrir héraðsdómi og getur dómari þá, að kröfu málsaðila, kveðið svo á í úrskurði að ekki megi að óloknu máli fara með barnið úr landi. Sé forsjármál rekið fyrir Hæstarétti getur hann á sama hátt tekið ákvörðun um að óheimilt sé að fara með barnið úr landi. Dómari skal þegar í stað senda úrskurð um farbann til embættis ríkislögreglustjóra.

Heimilt er að kæra úrskurð héraðsdómara skv. 1.–4. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum. Kæra úrskurðar um farbann skv. 4. mgr. frestar þó ekki réttaráhrifum úrskurðar.

Úrskurður skv. 1.–4. mgr. bindur ekki hendur dómara þegar ákveða skal forsjá, umgengni eða meðlag skv. 34. gr.

Dómari verður ekki vanhæfur til að leysa úr máli skv. 34. gr. af þeirri ástæðu einni að hann hefur kveðið upp úrskurð skv. 1.–4. mgr.

Úrskurður skv. 1.–4. mgr. fellur sjálfkrafa niður þegar dómur um forsjá er kveðinn upp. Þetta gildir þó ekki hafi dómari ákveðið að áfrýjun dóms fresti réttaráhrifum hans. Þegar svo stendur á fellur úrskurðurinn sjálfkrafa niður þegar annaðhvort héraðsdómur í málinu verður bindandi um úrslit sakarefnis, sbr. 1. mgr. 44. gr., eða dómur fellur í Hæstarétti.

Ákvæði 6. mgr. 34. gr. á við um úrskurði skv. 1.–3. mgr.

VI. KAFLI
Dómsmál vegna ágreinings um forsjá barns.

36. gr.

Lögsaga.

Dómsmál vegna ágreinings um forsjá barns er unnt að höfða hér á landi ef:

a. stefndi er búsettur hér á landi,
b. barn eða börn, sem málið varðar, eru búsett hér á landi,
c. stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi þar sem hann býr eða þar sem stefndi eða börn búa, eða
d. báðir foreldrar eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir sig eigi andvígan því að mál sé höfðað hér á landi.

Leyst skal úr máli sem rekið er á grundvelli 1. mgr. eftir íslenskum lögum.

Ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að skulu ganga framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

Nú er gerð krafa um forsjá barns í hjúskaparmáli og gilda þá reglur hjúskaparlaga um lögsögu og varnarþing. Um forsjárþátt málsins skal að öðru leyti gæta ákvæða þessa kafla.

37. gr.

Varnarþing.

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi barns eða á heimilisvarnarþingi stefnda að öðrum kosti. Ef hvorugt þeirra á heimilisvarnarþing hér á landi má höfða mál á heimilisvarnarþingi stefnanda.

Eigi hvorki aðilar né barn heimilisvarnarþing hér á landi má höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

38. gr.

Málsmeðferð.

Mál vegna forsjár barns verður rekið eftir almennum reglum um einkamál nema að því leyti sem mælt er fyrir á annan veg í lögum þessum.

Þinghald í forsjármáli skal háð fyrir luktum dyrum.

Flýta skal meðferð forsjármáls.

39. gr.

Málsvari.

Ef ekki er sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu máls eða þingsókn hans fellur á síðari stigum niður getur dómari, þegar sérstaklega stendur á, skipað honum málsvara. Málsvari skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður við úrlausn málsins þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði, en kveða má svo á að stefnda beri að endurgreiða þóknunina að nokkru leyti eða öllu.

40. gr.

Sáttaumleitan.

Dómari getur ákveðið að sátta verði leitað milli aðila eftir ákvæði 33. gr. í stað þess að gera það sjálfur.

41. gr.

Málsástæður.

Aðilar geta borið fram nýjar málsástæður og haft uppi ný andmæli allt til þess er mál er dómtekið.

Dómari er ekki bundinn af málsástæðum aðila.

42. gr.

Gagnaöflun.

Dómari fylgist með öflun sönnunargagna. Aðilum máls er skylt að verða við kvaðningu dómara um að mæta fyrir dóm og gefa skýrslu. Aðila má knýja til að koma fyrir dóm í samræmi við ákvæði 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála.

Dómari getur lagt fyrir aðila að afla tilgreindra gagna sem varða aðstæður þeirra eða barna þeirra. Verði aðili ekki við tilmælum dómara eða er það ókleift getur dómari sjálfur aflað gagna sem hann telur nauðsynleg til að leggja megi dóm á mál.

Dómari getur lagt fyrir aðila að afla sérfræðilegrar álitsgerðar ef hann telur hennar þörf. Dómari getur að eigin frumkvæði bætt matsatriðum við dómkvaðningu. Um álitsgerðir samkvæmt þessari málsgrein fer að öðru leyti samkvæmt reglum um dómkvadda matsmenn.

Dómari getur ákveðið að kostnaður af gagnaöflun sem hann mælir fyrir um eða vegna gagna sem hann aflar sjálfur samkvæmt þessari grein greiðist úr ríkissjóði.

43. gr.

Réttur barns til að tjá sig um mál o.fl.

Veita skal barni, sem náð hefur nægilegum þroska, kost á að tjá sig um mál nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Dómari getur falið sérfróðum manni að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það samkvæmt ákvæðum 42. gr. Þegar sérfróður maður hefur ekki verið dómkvaddur getur dómari falið sérfræðingi að kynna sér viðhorf barns og gefa skýrslu um það.

Dómari getur ákveðið að öðrum málsaðila eða báðum sé óheimilt að vera viðstaddur er hann kannar viðhorf barns. Sérfróður maður, sem dómari hefur falið að kanna viðhorf barns, hefur sömu heimildir.

Kynna skal aðilum hvað fram hafi komið um afstöðu barns. Ef aðilum er ekki veittur aðgangur að skýrslu um afstöðu barns skal bókað um það hvaða upplýsingar þeim voru veittar.

Ef þörf er á skal dómari tilkynna til barnaverndarnefndar um aðstæður barns. Ber barnaverndarnefnd að taka málið til meðferðar á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga og beita viðeigandi úrræðum til stuðnings barni þegar það á við.

44. gr.

Dómsorð, nafnleynd og birting dóms.

Í dómsorði skal héraðsdómari ávallt tiltaka hvort áfrýjun dóms fresti réttaráhrifum hans. Frestur til að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar er einn mánuður. Þegar héraðsdómari ákveður að áfrýjun fresti réttaráhrifum dóms verður dómur fyrst bindandi um úrslit sakarefnis við lok áfrýjunarfrests, enda hafi áfrýjunarstefna þá ekki verið gefin út. Slíkur dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis afsali aðilar sér skriflega rétti til áfrýjunar. Þegar dómi er áfrýjað innan áfrýjunarfrests frestast réttaráhrif hans hafi svo verið tiltekið í dómsorði. Slíkur dómur verður þó bindandi um úrslit sakarefnis ef mál er fellt niður fyrir Hæstarétti eða því er vísað þar frá dómi.

Um nafnleynd og birtingu dóms fer samkvæmt því sem segir í 19. gr.

VII. KAFLI
Framkvæmd forsjárákvörðunar.

45. gr.
Framkvæmd forsjárákvörðunar.

Ef sá sem barn dvelst hjá neitar að afhenda það réttum forsjármanni getur héraðsdómari, að kröfu hans, ákveðið að forsjánni verði komið á með aðfarargerð. Fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 13. kafla laga um aðför, en þó skal gæta þar ákvæða 43. gr. laga þessara. Ekki skal greiða gjald í ríkissjóð vegna kröfu samkvæmt þessari grein.

Ef aðili sem barn dvelst hjá neitar þrátt fyrir úrskurð héraðsdómara að afhenda barnið eða veita upplýsingar, sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs gerðinni, getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda kveðið upp úrskurð um dagsektir, sbr. 48. gr. Skulu dagsektir ákvarðaðar fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar þar til barn er afhent gerðarbeiðanda eða umkrafðar upplýsingar veittar sýslumanni. Dagsektir renna í ríkissjóð. Ákvæði 48. og 49. gr. eiga við um dagsektir samkvæmt þessari grein.

Ef til aðfarar kemur skv. 1. mgr. skal sýslumaður boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan gerðina og skal hann gæta hagsmuna barns. Sýslumaður getur leitað liðsinnis lögreglu við gerðina og er lögreglu skylt að verða við slíkum fyrirmælum sýslumanns. Lögreglumenn skulu vera óeinkennisklæddir við gerðina. Framkvæmd aðfarar skal hagað þannig að sem minnst álag verði fyrir barn og er sýslumanni heimilt að stöðva gerðina telji hann sérstaka hættu á að barn hljóti skaða af framhaldi hennar.

VIII. KAFLI
Umgengnisréttur o.fl.

46. gr.
Umgengnisréttur.

Barn á rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Við skilnað eða slit á sambúð hvílir sú skylda á báðum foreldrum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur.

Foreldri sem barn býr ekki hjá á í senn rétt og ber skylda til að rækja umgengni og samneyti við barn sitt. Skal það foreldri greiða kostnað vegna umgengninnar nema annað sé ákveðið með samningi, sbr. 3. mgr., eða úrskurði, sbr. 1. mgr. 47. gr.

Foreldrar geta samið um hvernig skipa skuli umgengnisrétti, enda fari sú skipan ekki í bága við hag og þarfir barnsins.

Foreldrar geta óskað staðfestingar sýslumanns á samningi skv. 3. mgr. Sýslumaður skal leiðbeina þeim um réttaráhrif samnings. Sýslumaður getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns.

47. gr.
Úrskurður sýslumanns um umgengni.

Sýslumaður tekur ákvörðun um umgengni samkvæmt þessari grein með úrskurði. Ákvörðun skal ávallt tekin eftir því sem barni er fyrir bestu.

Ef foreldra greinir á um umgengni úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um inntak umgengnisréttar og hversu honum verði beitt, þar á meðal hvort foreldra skal bera kostnað af ferðum barns. Ef sérstaklega stendur á getur sýslumaður að ósk foreldris sem barn býr ekki hjá mælt fyrir um rétt þess til að hafa bréfa- og símasamband við barn svo og annað samband með hliðstæðum hætti.

Nú er annað foreldra barns látið eða bæði, eða foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn, og geta þá nánir vandamenn þess foreldris krafist úrskurðar sýslumanns um umgengni þeirra við barn í samræmi við 2. mgr.

Þegar sérstök ástæða er til getur sýslumaður mælt svo fyrir í úrskurði, að undangengnu samráði við barnaverndarnefnd, að umgengni skuli fara fram undir eftirliti eða með liðsinni barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds umsjónarmanns.

Sýslumaður getur breytt eða fellt úr gildi úrskurð eða samning um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu.

Sýslumaður getur hafnað því að ákveða inntak umgengnisréttar eða breyta ákvörðun um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu.

Ef sérstök atvik valda því að mati sýslumanns að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag og þörfum þess getur hann kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við.

Þótt inntak umgengnisréttar hafi verið ákveðið með dómi eða dómsátt, sbr. 34. gr., hefur sýslumaður sömu heimildir til breytinga á þeirri skipan og hefði hún verið ákveðin með úrskurði hans.

Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum XI. kafla.

48. gr.

Dagsektir til að koma á umgengni.

Umgengni við barn samkvæmt úrskurði, dómi, dómsátt foreldra eða samningi þeirra, staðfestum af sýslumanni, verður þvinguð fram með dagsektum tálmi sá sem hefur forsjá barns hinu foreldrinu eða öðrum sem eiga umgengnisrétt við barnið að neyta hans.

Sýslumaður getur, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn skv. 1. mgr., skyldað þann sem með forsjá barnsins fer til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum allt að 30.000 kr. fyrir hvern dag. Dagsektir verða ekki lagðar á fyrir lengra tímabil en 100 daga í senn. Dagsektir verða ekki lagðar á fyrr en að liðnum kærufresti skv. 78. gr. eða að gengnum úrskurði dómsmálaráðuneytis hafi úrskurður sýslumanns um umgengni verið kærður. Hafi umgengni verið ákveðin með héraðsdómi verða dagsektir ekki lagðar á fyrr en að liðnum áfrýjunarfresti eða að gengnum dómi Hæstaréttar.

Sýslumaður getur, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn skv. 1. mgr., úrskurðað að dagsektir falli ekki niður fyrr en látið hafi verið af tálmunum og að umgengni hafi farið þrisvar fram undir eftirliti fulltrúa barnaverndarnefndar í samræmi við gildandi skipan á umgengni.

Við rannsókn máls getur sýslumaður óskað liðsinnis barnaverndarnefndar eða sérstaklega tilnefnds umsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins. Sýslumaður getur frestað því í allt að sex vikur að taka afstöðu til kröfu um dagsektir ef sérstaklega stendur á. Um meðferð þessara mála fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XI. kafla.

Dagsektir skulu ákveðnar með úrskurði og falla á fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu hans þar til látið er af tálmunum.

Áfallnar dagsektir falla niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmunum.

Dagsektarkrafa fyrnist á einu ári. Fyrningarfrestur telst frá uppkvaðningu úrskurðar.

49. gr.

Fjárnám fyrir dagsektum.

Gera má fjárnám fyrir dagsektum samkvæmt kröfu þess sem tálmað er að njóta umgengnisréttar og renna þær í ríkissjóð. Ekki skal greiða gjald í ríkissjóð vegna kröfu samkvæmt þessari grein.

50. gr.

Umgengni komið á með aðför.

Tálmi forsjármaður umgengni þrátt fyrir úrskurð um dagsektir og fjárnám fyrir þeim getur héraðsdómari, að kröfu þess sem rétt á til umgengni við barn, heimilað að henni verði komið á með aðfarargerð. Um meðferð máls og framkvæmd aðfarar gilda ákvæði 45. gr.

51. gr.

Fyrirhugaður flutningur barns úr landi.

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi nema því foreldri sem umgengnisréttinn á sé sannanlega tilkynnt um fyrirhugaðan brottflutning með minnst 30 daga fyrirvara. Verði foreldrar ekki sammála um hvernig þá skuli skipa umgengni má bera mál undir sýslumann til úrskurðar. Flýta skal meðferð málsins.

52. gr.

Réttur til upplýsinga um barn.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu upplýsingar um hagi þess, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá leikskólum, skólum, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingagjöf sé skaðleg fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til dómsmálaráðuneytis.

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjárforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 78. gr.

IX. KAFLI
Framfærsla barns.

53. gr.

Framfærsluskylda foreldra o.fl.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt svo sem eigið barn þess væri ef það fer með forsjá þess skv. 3. mgr. 29. gr. Sama á við um sambúðarforeldri sem fer með forsjá barns samkvæmt sama ákvæði.

54. gr.

Meðlag með barni við skipan forsjár þess.

Meðlagsgreiðslur með barni skal ávallt ákveða við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við ákvörðun um forsjá barns vegna slita foreldra á sambúð, sem skráð

hefur verið í þjóðskrá. Sama á við þegar foreldrar gera með sér samning um breytingu á forsjá skv. 32. gr.

55. gr.

Samningur um meðlag.

Samningur um meðlag með barni er því aðeins gildur að sýslumaður staðfesti hann eða að gerð sé sátt fyrir dómi um meðlagið.

Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri nemur eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. Nefnist það einfalt meðlag í lögum þessum.

Eigi má takmarka meðlagsskyldu foreldris við lægri aldur barns en 18 ár. Þegar svo háttar til að foreldrar gera með sér tímabundinn samning um forsjá, sbr. 4. mgr. 32. gr., er þó heimilt að semja um meðlagsgreiðslur til jafnlangs tíma og forsjá er ákveðin samkvæmt samningnum.

56. gr.

Hverjir krafist geta meðlags.

Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns getur krafist þess að meðlag sé ákveðið og innheimt, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða barn búi hjá honum samkvæmt lögmætri skipan.

Nú hefur verið innt af hendi meðlag af hálfu hins opinbera og hefur þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann sem greinir í 1. mgr.

57. gr.

Úrskurður eða dómur um meðlag.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni og getur sýslumaður þá úrskurðað það til greiðslu meðlags með því. Meðlag verður þó ekki ákvarðað lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

Meðlag skal ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.

Í meðlagsúrskurði má hvorki ákveða lægri meðlagsgreiðslu en einfalt meðlag né heldur takmarka meðlagsskyldu foreldris við lægri aldur barns en 18 ár.

Þegar svo háttar til að foreldrar hafa gert með sér tímabundinn samning um forsjá, sbr. 4. mgr. 32. gr., er þó heimilt að úrskurða meðlag til jafnlangs tíma og forsjá er ákveðin samkvæmt samningnum.

Dómsmálaráðuneytið gefur út leiðbeiningar um viðmiðunarfjárhæðir vegna krafna um meðlag umfram lágmarksmeðlag skv. 3. mgr.

Þegar dómari sker úr ágreiningsmáli um faðerni eða forsjá barns skal hann einnig, að kröfu, leysa úr ágreiningi um meðlag í dómi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

58. gr.

Séráhvæði um framfærsluskyldu.

Nú hefur faðir barns sætt dómi fyrir brot skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess og telja verður að barn sé getið við þessa háttsemi og er þá heimilt að úrskurða hann til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

59. gr.

Úrskurður um meðlagsgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Nú hefur verið sett fram krafa um meðlag með barni, en fyrirsjáanlegt er að mál muni dragast á langinn þar sem foreldri, sem krafa beinist gegn, er búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum er bundið að ná til þess og getur þá sýslumaður kveðið upp bráðabirgðaúrskurð um meðlag með barninu frá Tryggingastofnun ríkisins. Bráðabirgðameðlag verður ekki ákvarðað hærra en nemur einföldu meðlagi og ekki lengra aftur í tímann en krafan á hendur foreldri tekur til. Slík krafa verður þó aldrei úrskurðuð lengra aftur í tímann en eitt ár, enda hafi barnið verið búsett hér á landi þann tíma. Bráðabirgðameðlag, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkvæmt þessari málsgrein, verður innheimt hjá hinu meðlagsskylda foreldri í samræmi við úrskurð sýslumanns á hendur því en er óafturkræft að öðru leyti.

Ef svo háttar til að foreldri, sem er búsett erlendis, hefur með erlendri ákvörðun verið gert að greiða foreldri barns, sem búsett er hér á landi, meðlag með því, sem er lægra en einfalt meðlag, getur sýslumaður úrskurðað að Tryggingastofnun ríkisins greiði til foreldris sem barn býr hjá meðlag sem nemur mismuninum á fjárhæð meðlagsins og einföldu meðlagi. Ef ákveðið hefur verið í erlendri meðlagsákvörðun að foreldri, sem er búsett erlendis, skuli ekki greiða meðlag með barni getur sýslumaður úrskurðað að Tryggingastofnun ríkisins greiði einfalt meðlag til foreldris sem barn býr hjá.

60. gr.

Úrskurður vegna sérstakra útgjalda.

Heimilt er að úrskurða þann sem meðlagsskyldur er til að inna af hendi sérstakt framlag vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlag skv. 1. mgr. verður því aðeins úrskurðað að krafa um það sé uppi höfð við sýslumann innan þriggja mánaða frá því að svara varð til útgjalda nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

Dómsmálaráðuneytið gefur út leiðbeiningar um viðmiðunarfjárhæðir vegna krafna um sérstök framlög samkvæmt þessari grein.

61. gr.

Lok framfærsluskyldu.

Framfærsluskyldu lýkur er barn verður 18 ára.

Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma ef barn gengur í hjúskap nema sýslumaður ákveði annað.

62. gr.

Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar.

Þrátt fyrir ákvæði 61. gr. er heimilt að úrskurða foreldri til að greiða barni sínu framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt kröfu þess frá 18 ára aldri og allt til þess er það nær 20 ára aldri. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. á hér við að sínu leyti.

Sýslumaður getur breytt úrskurði skv. 1. mgr. ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldris eða barns hafi breyst.

63. gr.

Greiðsla meðlags.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram nema annað sé löglega ákveðið.

Meðlag samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni og skal notað í þágu þess. Sá sem krafist getur meðlags skv. 56. gr. innheimtir þó meðlag og tekur við greiðslum þess í eigin nafni.

64. gr.

Breyting á samningi eða dómsátt um meðlag.

Sýslumaður getur með úrskurði breytt staðfestum samningi um meðlag eða dómsátt, sbr. 55. gr., ef rökstudd krafa kemur fram um það, ef

a. aðstæður hafa breyst verulega,
b. samningur eða dómsátt gengur í berhögg við þarfir barns eða
c. samningur eða dómsátt er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu foreldra.

Ákvörðun um meðlag, sem fallið er í gjalddaga áður en krafa er uppi höfð, verður þó ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

65. gr.

Breyting á úrskurði eða dómi um meðlag.

Sýslumaður getur breytt meðlagsúrskurði stjórnvalds og ákvörðun um meðlag, sem tekin hefur verið með dómi, ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldra eða barns hafi breyst.

Ákvæði 2. mgr. 64. gr. á hér við að sínu leyti um meðlagsúrskurði stjórnvalda.

X. KAFLI
Greiðsla meðlags og framfærslueyris. Innheimtuúrræði.

66. gr.

Fjárnámsheimild.

Gera má fjárnám fyrir meðlagi á grundvelli dóms, dómsáttar eða úrskurðar. Hið sama gildir um aðrar greiðslur sem sýslumaður úrskurðar skv. IV. og IX. kafla.

Fyrir greiðslum skv. 1. mgr., sem samningur staðfestur af sýslumanni tekur til, má einnig gera fjárnám.

67. gr.

Greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða rétthafa greiðslna skv. IV. og IX. kafla, sem búsettur er hér á landi, samkvæmt dómi, dómsátt, úrskurði sýslumanns eða samningi staðfestum af honum, þó innan þeirra marka sem lög um almannatryggingar setja.

XI. KAFLI
Meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

68. gr.

Lögsaga íslenskra stjórnvalda.

Stjórnvöld geta leyst úr þeim málum er tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

a. ef barn sem málið varðar er búsett hér á landi,
b. ef sá sem krafa beinist að er búsettur hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga um lögsögu sem Ísland er aðili að ganga framar ákvæðum 1. mgr.

69. gr.

Úrskurðarumdæmi.

Úrskurða skal ágreiningsmál, er sæta úrlausn sýslumanns eftir lögum þessum, í umdæmi þar sem barn býr. Nú flytur barn milli umdæma áður en máli er lokið og ákveður þá sýslumaður, sem málið hefur til meðferðar, hvort hann lýkur málinu eða framsendir það sýslumanni í því umdæmi sem barn hefur flust til.

Sé barn ekki búsett hér á landi skal úrskurða mál þar sem sá er krafa beinist að er búsettur.

Séu samtímis rekin samkynja mál er varða systkin sem eru ekki búsett í sama úrskurðarumdæmi skal sameina málin og úr þeim leysa í því umdæmi þar sem úrskurða átti um þá kröfu er kom fyrr fram.

Dómsmálaráðuneytið ákveður úrskurðarumdæmi ef hvorki barn né sá sem krafan beinist að er búsett hér á landi eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

70. gr.

Kröfur aðila og tilkynning um meðferð máls.

Aðilum máls ber að gera skýrar kröfur fyrir sýslumanni. Eftir að fram er komið erindi frá aðila máls skal gagnaðili boðaður til fyrirtöku þess hjá sýslumanni eða honum veitt færi á að tjá sig skriflega um það, sbr. 2. og 3. mgr. 71. gr.

Ef aðili sinnir ekki tilmælum sýslumanns um að mæta við fyrirtöku máls eða senda skriflega greinargerð um viðhorf sín til þess skal sýslumaður senda honum gögn málsins með sannanlegum hætti og gefa honum frest til að tjá sig skriflega um málið eða tækifæri til að mæta á fund sýslumanns á tilteknum tíma. Í bréfinu skal gerð grein fyrir því hverju það varði að sinna ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns.

Ef gagnaðili á lögheimili eða þekkt aðsetur í öðru ríki fer um birtingu tilkynningar eftir lögum þess ríkis. Móttekið ábyrgðarbréf eða birting tilkynningar af stefnuvotti telst þó ávallt nægileg birting. Hið sama gildir riti gagnaðili undir tilkynningu frá sýslumanni um að samrit hafi verið afhent sér.

Sýslumaður má birta tilkynningu um meðferð máls í Lögbirtingablaði ef:

a. upplýsinga verður ekki aflað um heimili gagnaðila,
b. erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að birta tilkynningu um meðferð máls,
c. birting tekst ekki samkvæmt lögum þess ríkis þar sem reynt var að birta tilkynninguna eða
d. neitað hefur verið viðtöku ábyrgðarbréfs á heimili gagnaðila.

Í tilkynningu sem birt er í Lögbirtingablaði skal geta um nafn, kennitölu og síðasta þekkta heimilisfang aðilans, ef unnt er, efni kröfu og tilvísun til þeirrar lagaheimildar sem hún byggist á, áskorun til aðilans um að mæta til fyrirtöku málsins á tilteknum stað og tíma, og loks hverju það varði að sinna ekki kvaðningu sýslumanns. Birta skal tilkynningu í Lögbirtingablaði hið minnsta 30 dögum áður en málið verður tekið fyrir.

Ef tími til nýrrar fyrirtöku máls er ákveðinn við fyrirtöku þess er ekki þörf frekari tilkynninga um þá ákvörðun til aðila sem er staddur þar þegar hún er kynnt.

71. gr.

Málsmeðferð.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum fer um meðferð máls samkvæmt stjórnsýslulögum.

Sýslumaður ákveður hvort hann kveður aðila, saman eða hvorn í sínu lagi, á sinn fund til umræðu um málið eða hvort hann gefur þeim kost á að tjá sig skriflega um það, allt eftir eðli og umfangi þess svo og þörfum málsaðila. Sýslumaður skal þó ávallt verða við ósk aðila um að mega tjá sig munnlega um mál sitt.

Sýslumaður getur ákveðið að fyrirtaka máls varðandi gagnaðila fari fram í umdæmi þess sýslumanns þar sem gagnaðili býr.

Um rétt barns til að lýsa viðhorfum sínum í ágreiningsmálum um umgengni fer samkvæmt ákvæðum 43. gr. að breyttu breytanda.

72. gr.

Rannsókn máls.

Aðilum máls ber að afla þeirra gagna sem sýslumaður telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur sýslumaður aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Ef úrskurðarbeiðandi sinnir eigi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um framlagningu gagna, sbr. 1. og 2. mgr. 70. gr., er sýslumanni heimilt að synja um úrlausn. Synjun sýslumanns um að veita úrlausn skal vera skrifleg og afrit hennar sent gagnaðila hafi honum verið kynnt krafa úrskurðarbeiðanda.

Nú sinnir gagnaðili máls eigi kvaðningum eða tilmælum sýslumanns um gagnaöflun, sbr. 70. gr., og getur sýslumaður þá krafist afhendingar ljósrits af skattframtali hans, sakavottorðs eða lögregluskýrslu frá hlutaðeigandi stjórnvaldi.

73. gr.

Sáttaumleitan.

Sýslumaður leitar sátta með aðilum áður en hann tekur ákvörðun í ágreiningsmáli nema sáttaumleitan sé bersýnilega tilgangslaus eða aðili sinni ekki ítrekuðum kvaðningum sýslumanns. Ef aðilar máls búa eða dvelja hvor í sínu umdæmi má leita sátta þar sem úrskurða skal mál eða þar sem hvor aðili býr eða dvelst.

Hafi sérfræðileg ráðgjöf verið veitt í samræmi við ákvæði 33. gr. er eigi þörf fyrir sáttaumleitan sýslumanns skv. 1. mgr.

74. gr.

Álitsumleitan o.fl.

Sýslumaður getur leitað umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til og liðsinnis hennar við meðferð máls. Ef þörf er á skal sýslumaður tilkynna barnaverndarnefnd um aðstæður barns. Ber barnaverndarnefnd að taka málið til meðferðar á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga og beita viðeigandi úrræðum til stuðnings barni þegar það á við.

75. gr.

Upplýsingaréttur aðila.

Ákvæði 15.–19. gr. stjórnsýslulaga gilda um rétt aðila til að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál varða.

Sýslumanni er heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum er veita upplýsingar um afstöðu barns ef ætla má að það geti reynst barni skaðlegt eða sambandi barns og foreldris.

Ef gögn eru í heild undanþegin aðgangi aðila skal sýslumaður þó kynna honum niðurstöðu þeirra ef til greina kemur að á þeim verði byggt við úrlausn máls.

76. gr.

Form og efni úrskurðar.

Úrskurður sýslumanns skal ávallt vera skriflegur og undirritaður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Afrit úrskurðar skal varðveitt af sýslumanni.

Í úrskurði skal m.a. greina eftirfarandi atriði:

a. nöfn og kennitölur aðila,
b. nafn og kennitölu barns eða barna er mál varðar,
c. kröfur aðila,
d. meginrök og málsástæður aðila,
e. stutta og glögga lýsingu á málsatvikum,
f. rökstuðning fyrir niðurstöðu máls, sbr. 22. gr. stjórnsýslulaga,
g. aðalniðurstöðu sem skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð,
h. embættisheiti sýslumanns, er úrskurðar í máli, og dagsetningu úrskurðar.

Í úrskurði skal veita leiðbeiningar um kæruheimild, kærufrest og hvert beina skuli stjórnsýslukæru.

Í úrskurðarorði skal geta fullnustu- og þvingunarúrræða, ef þeim er að skipta, svo og hvort kæra til dómsmálaráðherra fresti réttaráhrifum úrskurðarins.

77. gr.

Birting úrskurðar.

Úrskurður sýslumanns skal birtur aðilum máls af stefnuvotti, sendur með ábyrgðarbréfum eða kynntur á annan sannanlegan hátt.

78. gr.

Stjórnsýslukæra.

Aðilum máls er heimilt að kæra úrskurð sýslumanns til dómsmálaráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans. Um meðferð kærumálsins fer samkvæmt stjórnsýslulögum og ákvæðum þessara laga eftir því sem við getur átt.

Sýslumaður getur ákveðið í úrskurði að kæra til dómsmálaráðherra fresti réttaráhrifum hans.

XII. KAFLI
Reglugerð, gildistaka, lagaskil o.fl.

79. gr.

Reglugerð.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um málsmeðferð og starfshætti sýslumanna, svo og um einstök atriði er varða framkvæmd þessara laga í reglugerð.

80. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. nóvember 2003.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi barnalög, nr. 20/1992, ásamt síðari breytingum, og 8. tölul. 36. gr. laga nr. 37/1993, sbr. þó ákvæði 81. gr.

81. gr.

Lagaskil.

Beita skal lögum þessum um dómsmál skv. II., III. og VI. kafla laganna sem hafa verið þingfest eftir 1. janúar 2003.

Dómsmál sem hafa verið þingfest fyrir 1. janúar 2003 en hefur ekki verið lokið þá skulu rekin og dæmd eftir barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum. Hið sama gildir ef úrskurður í slíku máli er kærður til Hæstaréttar eða dómi áfrýjað.

Beita skal lögum þessum um stjórnsýslumál sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum eftir gildistöku laganna.

Um meðferð og úrlausn stjórnsýslumála sem komið hafa til meðferðar hjá sýslumönnum fyrir 1. janúar 2003 en hefur ekki verið lokið þá skal farið samkvæmt barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum. Hið sama gildir ef úrskurður í slíku máli er kærður til dómsmálaráðherra.

Beita skal lögum þessum um endurupptöku mála þótt þau hafi verið dæmd fyrir gildistöku laganna. Hið sama gildir um endurupptöku stjórnsýslumála.

Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 23. gr. verður ekki beitt um börn sem fædd eru fyrir 1. júlí 1992.

Efnisreglur laga þessara gilda einungis um atvik sem gerast eftir gildistöku laganna.

Breytingar á öðrum lögum.

82. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðanna „skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í 10. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, kemur: samkvæmt barnalögum.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993:
   a. Orðin „skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í fyrri málslið 1. mgr. falla brott.
   b. Í stað orðanna „III. kafla barnalaga, nr. 20/1992“ í síðari málslið 1. mgr. kemur: IX. kafla barnalaga.
   c. Í stað orðanna „1. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í a-lið 2. mgr. kemur: 1. mgr. 25. gr. barnalaga.
   d. Í stað orðanna „2. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í b-lið 2. mgr. kemur: 2. mgr. 25. gr. barnalaga.
   e. Í stað orðanna „1. mgr. 22. gr. barnalaga, nr. 20/1992“ í c-lið 2. mgr. kemur: 1. mgr. 26. gr. barnalaga.
3. Í stað orðanna „1. mgr. 13. gr.“ tvívegis í 3. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118 23. desember 1993, kemur: 1. mgr. 62. gr.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., nr. 160 27. desember 1995:
   a. Í stað orðanna „63. gr. barnalaga um þinghöld og 75. gr.“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: 3. mgr. 38. gr. barnalaga um þinghöld og 45. gr.
   b. Í stað orðanna „4. mgr. 34. gr.“ í 17. gr. kemur: 43. gr.

1425. Lög [396. mál]

um húsnæðissamvinnufélög.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1404.

1426. Lög [423. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1405.

1427. Frumvarp til hafnalaga. [661. mál]

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til allra hafna sem notaðar eru til afgreiðslu og þjónustu skipa, afgreiðslu á vörum, ökutækjum og farþegum og við löndun á fiski.

2. gr.

Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Siglingastofnun Íslands annast þátt ríkisins samkvæmt lögunum og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.

3. gr.

Orðskýringar.

1. *Höfn* táknar í lögum þessum svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega.
2. *Hafnarmannvirki* eru í lögum þessum varnargarðar, viðlegumannvirki og innsiglingar, leiðarmerki og skipalægi.
3. *Skjólgarðar* eru í lögum þessum varnarmannvirki sem ætlað er að veita viðlegumannvirkjum og innsiglingum skjól fyrir öldum, straumum og sandburði.

4. *Viðlegumannvirki* eru í lögum þessum bryggjur og önnur mannvirki innan hafnar sem ætluð eru til viðlegu fyrir fljótandi för.
5. *Rekstur hafnar* í lögum þessum táknar að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki sem og rekstur hafntengdrar atvinnuaðstöðu, þ.e. leigu á landi, vöruhúsum, tækjum og þess háttar, upptökumannvirkjum hvers konar í því skyni að þjóna skipum eða fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega og farm, og jafnframt rekstur hafntengdrar þjónustu, þ.e. hafnsöguþjónustu, festarþjónustu, vigtarþjónustu, sorphirðu, sölu vatns og rafmagns og sambærilega þjónustu er lýtur að skipum. Undir rekstur hafna fellur einnig rekstur vöruhúsa og þjónustumiðstöðva á hafnarsvæðum.
6. *Hafnarstjórn* merkir í lögum þessum að sveitarfélög eða aðrir eigendur hafnar kjósi sérstaka hafnarstjórn og feli henni stjórnunarlega ábyrgð á höfninni.
7. *Málaflokkur* merkir í lögum þessum afmarkaða rekstrareiningu í bókhaldi sveitarfélags þar sem tekjum og gjöldum er haldið aðskildum frá öðrum rekstri þess.

4. gr.

Hafnarreglugerð.

Öllum höfnum sem falla undir lög þessi skv. 1. gr. skal sett reglugerð er tilgreinir mörk hafnar auk annarra nauðsynlegra ákvæða er varða öryggi og stjórnun hennar. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda hafna og umsögn Siglingastofnunar Íslands, reglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Starfsheimildir, starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
3. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
4. Viðurlög við brotum.
5. Kosningu og starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Siglingastofnun hefur eftirlit með því að höfn uppfylli skyldur sínar samkvæmt hafnarreglugerð.

II. KAFLI

Skipulag hafnarsvæða og hafnarmannvirki.

5. gr.

Skipulag hafnarsvæðis og leyfi til mannvirkjagerðar.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Ef leyfi til mannvirkjagerðar er eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

6. gr.

Lágmarkskröfur um hafnarmannvirki, slysavarnir og staðfesting á fjármögnun.

Öll mannvirkjagerð í höfnum skal vera í samræmi við gildandi skipulag fyrir viðkomandi sveitarfélag. Siglingastofnun Íslands skal fylgjast með að við hönnun og byggingu hafnarmannvirkja sé fylgt að minnsta kosti lágmarkskröfum um styrkleika mannvirkja og öryggi notenda hafnanna. Hafnir skulu tilkynna Siglingastofnun Íslands um fyrirhugaðar fram-

kvæmdir og leggja fyrir stofnunina gögn um gerð mannvirkjanna til samþykktar áður en framkvæmdir eru hafnar. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita einstökum höfnum undanþágu frá þessu byggingareftirliti, enda geti þær sýnt fram á að starfsmenn þeirra hafi yfir nægri tækniþekkingu að ráða og fyrir hendi sé vel skilgreint innra eftirlit. Hafnir sem njóta opinberra framlaga til framkvæmda skulu að auki leggja fram staðfesta fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda til samþykktar Siglingastofnunar Íslands. Samgönguráðherra getur sett reglugerð er kveður á um lágmarkskröfur um hafnarmannvirki að fenginni tillögu Siglingastofnunar Íslands.

Ráðherra skal setja reglur um slysavarnir í höfnum.

7. gr.

Ábyrgð eiganda hafnarmannvirkja.

Eigandi hafnar er ábyrgur fyrir því að mannvirki, búnaður og rekstur hafnarinnar sé ætíð í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Hafnarstjórn er heimilt að nema brott á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af ef eigandi sinnir ekki tilmælum um úrbætur innan eðlilegs tímafrests.

III. KAFLI
Rekstrarform og upplýsingaskylda hafna.

8. gr.

Rekstrarform hafna.

Höfn má reka sem:

1. Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.
2. Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.
3. Hlutafélag, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélag, sameignarfélag eða sem einkaaðila í sjálfstæðum rekstri. Hafnir sem reknar eru samkvæmt þessum tölulið teljast ekki til opinbers rekstrar.

9. gr.

Upplýsingar um hafnir.

Hafnir skulu á hverjum tíma miðla upplýsingum um lengd, breidd og djúpristu þeirra skipa sem þær geta tekið á móti. Siglingastofnun Íslands skal starfrækja gagnagrunn á heimasíðu sinni þar sem þessar upplýsingar koma fram.

Höfn sem nýtur ríkisstyrks er skylt að senda endurskoðaða ársreikninga sína árlega til Siglingastofnunar sem og aðrar upplýsingar sem Siglingastofnun kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar. Öðrum höfnum er skylt að veita Siglingastofnun þær upplýsingar sem hún óskar eftir og snerta rekstur hafnanna, enda séu þær nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks Siglingastofnunar samkvæmt lögunum. Þá er höfn skylt að veita Siglingastofnun upplýsingar um farþega og vörumagn sem um höfnina fer.

IV. KAFLI
Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.

10. gr.

Stjórnun, rekstur og starfsheimildir.

Höfn samkvæmt kafla þessum skal rekin sem sérstakur málaflokkur undir stjórn sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem höfnin er. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka hafnarnefnd.

Hafnir samkvæmt þessum kafla hafa starfsheimildir í samræmi við 5. tölul. 3. gr.

11. gr.
Gjöld.

Höfn samkvæmt kafla þessum er heimilt að innheimta gjöld skv. 17. gr. Notendur hafna geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað við þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.

12. gr.
Breyting á rekstrarformi.

Sveitarstjórn getur ákveðið að breyta skuli rekstrarformi hafnar í höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags, sbr. 2. tölul. 8. gr., eða í félag, sbr. 3. tölul. 8. gr., og skal þá taka mið af hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja, sbr. 1. mgr. 18. gr.

V. KAFLI
Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

13. gr.
Stjórnun og rekstur.

Höfn samkvæmt kafla þessum skal rekin sem opinbert fyrirtæki með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Sérstakar hafnarstjórnir, sem kosnar eru af sveitarstjórnum, skulu hafa á hendi stjórn hafna og hafnarsjóða í samræmi við reglugerð skv. 4. gr. Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnar. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

Hafnarstjórn skal innan valdsviðs síns gæta hagsmuna hafnar. Hafnarstjórn ber ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á rekstri og viðhaldi hafnar.

14. gr.
Hafnasamlög.

Eigendur hafna geta myndað hafnasamlög um rekstur þeirra. Leggja skal fyrir ráðherra tillögur að stofnsamningi, skipulagi og nýtingu landsvæða og mannvirkja og rökstuðning fyrir að hafnasamlagið hafi rekstrarhagræði í för með sér. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda þeirra hafna sem vilja mynda hafnasamlag, reglugerð fyrir það, sbr. ákvæði 4. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um hafnasamlög þar sem við á. Hafnir á byggðasvæðum sem rétt eiga á ríkisstyrk samkvæmt viðmiðunum 24. gr. halda þeim rétti sínum í fimm ár frá því að sameining tekur gildi þrátt fyrir að hafnirnar falli undir hafnasamlag sem er yfir þessum sömu viðmiðunarmörkum. Þetta gildir einnig um sömu hafnir ef þær verða hluti af öðrum hafnarsjóði við sameiningu sveitarfélaga. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um þetta atriði.

15. gr.
Starfsheimildir.

Höfn samkvæmt kafla þessum hefur starfsheimildir í samræmi við 5. tölul. 3. gr.

16. gr.
Skattskylda, rekstur og endurskoðun.

Tekjum og eignum hafnar sem rekin er skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum. Eigendur hafnar bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

17. gr.
Gjöld.

Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld fyrir rekstur hafna samkvæmt kafla þessum:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn; bryggjugjöld og lestargjöld sem eru miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við að reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu. Gjald þetta skal standa undir kostnaði af aðstöðu við bryggju og á hafnarbakka.
3. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju til þess að standa straum af kostnaði við aðstöðu og búnað fyrir farþega og bíla.
4. Leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru.
5. Gjald fyrir geymslu vöru á hafnarsvæði til að standa straum af kostnaði við rekstur vöruaðstöðu.
6. Leigugjöld fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þ.m.t. upptökumannvirkjum og löndunarkrönum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun mannvirkjanna.
7. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 5. gr. Gjaldið skal standa straum af undirbúningskostnaði veittra leyfa.
8. Lóðargjöld og lóðarleigu.
9. Hafnsögugjöld sem skulu standa straum af kostnaði við hafnsöguþjónustu.
10. Gjöld fyrir þjónustu dráttarbáta sem skulu standa straum af kostnaði við rekstur dráttarbáta.
11. Festargjöld sem nota skal til að greiða kostnað við festarþjónustu sem höfnin veitir.
12. Gjöld fyrir sölu á vatni og rafmagni.
13. Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði.
14. Vigtargjald sem standa skal straum af kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun hafnarvogar.
15. Umsýslugjald til þess að standa straum af kostnaði vegna umsýslu og yfirstjórnar, t.d. launum og skrifstofukostnaði.

Gjaldtaka hafnar skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður viðlegumannvirki innan hafnarsvæðis og skal þá semja um hversu hátt gjald skal greiða til hafnar til þess að standa straum af sameiginlegum rekstri hennar.

Höfn er heimilt að gera langtímasamning við notendur um gjöld skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. fyrir afnot af bryggjum.

18. gr.
Breyting á rekstrarformi.

Sveitarstjórn getur ákveðið að breyta skuli rekstrarformi hafnar í félag skv. 3. tölul. 8. gr. og skal þá taka mið af hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja við eignfærslu þeirra í efnahagsreikning félagsins. Hafi viðkomandi mannvirki notið ríkisframlags skal leita samþykkis ráðherra fyrir framsali þeirra.

Höfn getur samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar orðið að höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags, sbr. 1. tölul. 8. gr.

Rekstrarformi hafnar skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir. Sveitarstjórn er þó heimilt með samþykki samgönguráðherra að veita aukið fjármagn til hafnar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar.

VI. KAFLI
Höfn sem telst ekki til opinbers reksturs.

19. gr.
Stjórn og rekstur.

Rekstrarform hafnar samkvæmt þessum kafla fer eftir ákvæðum 3. tölul. 8. gr. Stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga fara með valdsvið hafnarstjórna. Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 8. gr. er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda sinna eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar sem sett er skv. 4. gr.

20. gr.
Starfsheimildir og gjöld vegna reksturs hafnar.

Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 8. gr. hefur starfsheimildir án takmarkana.

Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar. Notendur hafnar geta krafið hafnarstjórn upplýsinga um kostnað við þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.

VII. KAFLI
Móttökuskylda hafnar.

21. gr.
Móttökuskylda og ábyrgð eigenda skipa.

Skylt er að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Höfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda og fyrir förgunarkostnaði skips séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar. Höfn er heimilt að láta fjarlægja skip á kostnað eiganda þegar rými hafnarinnar er takmarkað. Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði eða hættu getur hafnarstjóri fyrirskipað úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt er heimilt að láta fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda.

VIII. KAFLI
Framlög ríkisins til hafnamála og framkvæmdir í höfnum.

22. gr.
Frumrannsóknir.

Ríkissjóður greiðir allt að fullu kostnað við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Siglingastofnun Íslands skal hafa umsjón með frumrannsóknum sem kostaðar eru af ríkissjóði og hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn þar sem við á.

23. gr.

Samgönguáætlun.

Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög nr. 71/2002, um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Við tillögugerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat er taki mið af hagkvæmni framkvæmdar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið.

24. gr.

Ríkisstyrktar framkvæmdir.

Heimilt er að veita framlög úr ríkissjóði til eftirfarandi verkefna á sviði hafnargerðar á vegum hafnarsjóða þegar um er að ræða hafnir sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr.

Ríkissjóði er heimilt að styrkja:

a. Endurbyggingu, endurbætur og lagfæringar á skjólgörðum í höfnum þar sem erfiðar náttúrulegar aðstæður valda því að lítið skjól er fyrir úthafsöldu og dýpkun í innsiglingu þar sem reglulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf á minnst fimm ára fresti. Stofnkostnað við hafnsögubáta á stöðum þar sem aðstæður í höfn og nágrenni hennar kalla á slíkt öryggistæki. Greiðsluþátttaka ríkisins getur þó aldrei orðið hærri en 75% og er ákvörðuð hverju sinni í samgönguáætlun.
b. Framkvæmdir á vegum lítils hafnarsjóðs innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA með tekjur undir 20 millj. kr. og þar sem verðmæti meðalafla síðustu þriggja ára er undir 600 millj. kr. Ríkissjóði er heimilt að víkja frá þessum viðmiðunarmörkum við sérstakar aðstæður, m.a. þegar aflaverðmæti viðkomandi hafnar gefur sannanlega ekki rétta mynd af eðlilegum tekjum hennar miðað við aðrar hafnir. Ríkisstyrktar framkvæmdir skulu takmarkast við merkingu innsiglingar, dýpi, varnarmannvirki og viðlegu. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt þessum lið skal vera allt að 90% og er ákvörðuð hverju sinni í samgönguáætlun sem samþykkt er af Alþingi.
c. Framkvæmdir á vegum hafnarsjóðs innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA með heildartekjur undir 40 millj. kr. og þar sem verðmæti meðalafla síðustu þriggja ára er undir 1.500 millj. kr. og völuflutningar sem um höfnina fara eru undir 50 þús. tonnum. Ríkissjóði er heimilt að víkja frá þessum viðmiðunarmörkum við sérstakar aðstæður, enda liggi fyrir staðfesting frá Samkeppnisstofnun um að styrkurinn skekki ekki samkeppnisstöðu hafna. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt þessum lið getur aldrei orðið meiri en 60% vegna dýpkana og 40% vegna viðlegumannvirkja sem unnið er við árið 2007 eða síðar.

Samgönguráðherra er heimilt í stað þess að veita styrki skv. a–c-lið 2. mgr. að stofna þróunardeild Hafnabótasjóðs, sbr. 26. gr., sem yrði fjármögnuð með framlagi af fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis. Þróunardeild Hafnabótasjóðs er heimilt að veita styrki til hafnarsjóða óháð rekstrarformi vegna framkvæmda við dýpkanir, skjólgarða, viðlegumannvirki og merkingu innsiglingar sem nema allt að 50% kostnaðar. Þó geta litlar byggðahafnir, sbr. b-lið 2. mgr., sótt um styrk sem nemur allt að 90% kostnaðar við framkvæmdir. Hafnir skulu senda inn umsóknir um styrki þar sem lögð er fram viðskiptaáætlun hafnar, upplýsingar um viðkomandi framkvæmdir, fjármögnun framkvæmda og aðrar þær upplýsingar sem stjórn sjóðsins ákveður að leggja skuli fram. Ákveði ráðherra að nýta þetta ákvæði er ekki skylt að sundurliða framkvæmdir í samgönguáætlun.

25. gr.

Umsóknir um ríkisframlög.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði skulu sendar Siglingastofnun Íslands. Stofnunin vinnur úr umsóknum og tekur þær fyrir við endurskoðun samgönguáætlunar, sbr. 23. gr.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ávallt tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 24. gr. Staðfesting Siglingastofnunar skal liggja fyrir um að höfn hafi nýtt alla kosti sína til tekjuöflunar áður en umsókn um ríkisstyrk er tekin fyrir svo að framlagið raski ekki samkeppni við aðrar hafnir. Staðfesting þessi skal m.a. byggjast á samanburði við gjaldtöku annarra sambærilegra hafna.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru sett á samgönguáætlun og tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti við endurskoðun samgönguáætlunar, sbr. 23. gr.

26. gr.

Hafnabótasjóður.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Hlutverk A-deildar sjóðsins er að fjármagna hlut ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum en B-deildar að fjármagna tjónaviðgerðir, sbr. 3. tölul. 3. mgr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru tekjur af starfsemi sjóðsins og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán vegna starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Hafnaráð ráðstafar fé Hafnabótasjóðs að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands með samþykki ráðherra á eftirgreindan hátt:

1. Fjármagnar framkvæmdir ríkisins samkvæmt samgönguáætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.
2. Hafnabótasjóði er heimilt að starfrækja þróunardeild hafna samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnu sérstöku fjárframlagi samkvæmt samþykkt Alþingis. Markmið þróunardeildarinnar er að styðja minni hafnir á landsbyggðinni sem eru mikilvægar fyrir byggðarlagið og atvinnuuppbyggingu þess.
3. Hafnabótasjóði er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem eru styrkhæf skv. a-lið og b-lið 2. mgr. 24. gr., þ.m.t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

Siglingastofnun Íslands annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

Heimilt er með samþykki ráðherra að fela lánastofnun umsýslu lána sjóðsins.

IX. KAFLI

Kæruheimild.

27. gr.

Kæruheimild.

Notendum hafna er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórna samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands.

Ákvörðunum Siglingastofnunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

X. KAFLI
Viðurlög, gildistaka o.fl.

28. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

29. gr.
Breytingar á verðlagi.

Allar verðmætaviðmiðanir samkvæmt lögum þessum skulu taka sömu breytingum á milli ára og vísitala neysluverðs frá gildistíma laganna.

30. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Ákvæði til bráðabirgða I öðlast þegar gildi.

Allar hafnir skulu leitast við að taka ákvörðun um rekstrarform fyrir 1. júlí 2003, en þá taka ný rekstrarform hafna samkvæmt lögum þessum gildi.

Sé engin ákvörðun tekin um rekstrarform hafnar fyrir 1. júlí 2003 skal rekstrarform hennar vera höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Við breytingu núverandi hafnarforms frá höfn með hafnarstjórn í höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags skal sveitarstjórn taka við stjórn hafnarinnar og ábyrgð á rekstri hennar.

B-deild Hafnabótasjóðs skv. 26. gr. skal yfirtaka núverandi eignir sjóðsins við gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.
Gjaldskrá.

Við gildistöku ákvæðisins setur samgönguráðherra gjaldskrá fyrir allar hafnir til 12 mánaða fyrir lestar- og bryggjugjöld, farþegagjald og vörugjöld, þ.m.t. aflagjald. Heimilt er einstökum höfnum að hækka eða lækka þessi gjöld um 20%. Skal gjaldskráin við það miðuð að hafnir landsins geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri miðað við forsendur þessara laga. Þó er óheimilt að hækka gjöld einstakra hafna umfram það sem þörf krefur til þess að standa undir rekstri hafnar, sbr. skilgreiningu 3. gr. Samgönguráðherra er heimilt að gefa út sérstaka gjaldskrá til 12 mánaða fyrir hverja höfn sem undir þetta getur fallið. Í lok þessa 12 mánaða tímabils flytjast gjaldtökuákvarðanir til hafna.

II.
Ríkisstyrkir.

Þrátt fyrir 24. gr. þessara laga er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum samkvæmt samþykktri hafnaáætlun 2001–2004, sbr. eldri hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Jafnframt er heimilt að styrkja framkvæmdir í siglingamálakafla samgönguáætl-

unar 2003–2006 á grundvelli eldri hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Áður skal þó liggja fyrir áætlun Siglingastofnunar Íslands um hvernig nýta megi fjármuni best við að gera hafnir jafnsettar í framkvæmdalegu tilliti á aðlögunartímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. er Hafnabótasjóði heimilt að veita lán eða styrk skv. 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1994 fram til 1. janúar 2007.

III.

Sérstakt vörugjald.

Innheimt skal sérstakt vörugjald fram til júníloka 2004 sem renna skal í ríkissjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjöld, eins og þau verða ákveðin í gjaldskrá samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I.

IV.

Endurskoðunarnefnd.

Ráðherra skal í síðasta lagi að þremur árum liðnum frá gildistöku laganna, en fyrr ef nauðsyn krefur, skipa sérstaka endurskoðunarnefnd sem hafi það hlutverk að meta hvernig til hafi tekist við framkvæmd laganna og gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar breytingar ef við á. Nefndin skal sérstaklega kanna hvort töluleg viðmið 24. gr. þurfi breytinga við í ljósi reynslunnar. Þá skal nefndin kanna hvort og að hvaða marki raunveruleg samkeppni ríki á milli hafna og jafnframt hvort ástæða sé til þess að skilgreina og skilja á milli hafna í samkeppni og hafna sem eru það ekki. Nefndin skal sérstaklega skoða hag þeirra hafna sem teljast mikilvægar í samgöngukerfi landsins og koma með tillögur til úrbóta ef þörf krefur. Jafnframt ber nefndinni að skoða sérstaklega stöðu skuldugustu hafnanna og koma með tillögur til úrbóta telji hún ástæðu til.

1428. Raforkulög. [462. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1406 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Skilgreiningar.

1. *Dreifikerfi:* Raflínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug. Enn fremur mælar og mælabúnaður hjá notendum.
2. *Dreifiveita:* Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
3. *Dreifiveitusvæði:* Landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.
4. *Endurnýjanlegar orkulindir:* Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka, sjávarföll og sólarorka.
5. *Flutningsfyrirtæki:* Fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.

6. *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Flutningskerfi skal ná frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana að aðveituspennum dreifiveitna.
7. *Flutningsvirki:* Raflína og búnaður henni tengdur til flutnings raforku.
8. *Gjaldskrársvæði:* Svæði þar sem samræmd gjaldskrá gildir fyrir dreifingu.
9. *Meginflutningskerfi:* Flutningskerfi Landsvirkjunar á 66, 132 og 220 kV spennu eins og það er við gildistöku laga þessara. Enn fremur viðbætur eftir þann tíma á 132 kV og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Til meginflutningskerfisins teljast jafnframt tengilínur við raforkuver sem eru yfir 7 MW og hafa meira en 3.000 klst. árlegan nýtingartíma.
10. *Notandi:* Sá sem kaupir raforku til eigin nota.
11. *Orkulind:* Náttúruleg uppspretta orku í ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhitageymir, sjávarföll, vindur og sólarljós, en einnig olíu- og gaslindir og kolanámur.
12. *Raflína:* Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfis.
13. *Raforkukerfi:* Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
14. *Raforkumarkaður:* Skipulegur markaður með raforku.
15. *Raforkuver/virkjun:* Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.
16. *Raforkuviðskipti/viðskipti:* Kaup og sala raforku.
17. *Sölufyrirtæki:* Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
18. *Vinnsla/raforkuvinnsla:* Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku, í raforku.
19. *Vinnslufyrirtæki:* Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.
20. *Virkjunarleyfi:* Leyfi sem veitt er samkvæmt lögum þessum til að reisa og reka raforkuver.

Ákvæði til bráðabirgða VII hljóðar svo:

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti fimm fulltrúar frá Samorku, tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum atvinnulífsins og Neytendasamtökunum. Þá skal fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa í nefndina og iðnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku, þ.m.t. um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá skal nefndin móta tillögur um uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutning raforku. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku.

Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 31. desember 2003.

1429. Lög [463. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1407.

1430. Frumvarp til laga [60. mál]

um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

1. gr.

3. mgr. 26. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði skiprúmssamningi slitið af þeim ástæðum sem greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum ef hann er stýrimaður, vélstjóri eða bryti, en í einn mánuð frá sama tíma ef hann gegnir annarri stöðu á skipi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1431. Þingsályktun [34. mál]

um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun í starfi vegna aldurs.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 34.

1432. Þingsályktun [171. mál]

um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 172.

1433. Þingsályktun [55. mál]

um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 55.

1434. Þingsályktun [334. mál]

um úttekt á aðstöðu til hestamennsku.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 364.

1435. Þingsályktun [254. mál]

um nefnd til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd sem kanni þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið síðastliðin tíu ár. Nefndin skoði ítarlega hvernig fasteignir fólks á landsbyggðinni hafi rýrnað í verði og þá hversu mikið, leiti úrræða og komi með tillögur til úrbóta.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2003.

1436. Þingsályktun [718. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1400.

1437. Frumvarp til laga [622. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

1. gr.

44. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. þessara laga, að fela nefnd, ráði eða stjórn sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 2. mgr. er sveitarstjórn heimilt að fela öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 3. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 2. mgr., getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Þegar sveitarstjórn neytir heimildar skv. 2. eða 3. mgr. skal jafnframt kveðið á um það í samþykkt sveitarfélagsins hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

2. gr.

Við 57. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmenn sveitarfélaga eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins.
b. Við 5. mgr. bætist: og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru skv. 4. mgr. 67. gr. um fjárhagsáætlanir.

4. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef sveitarstjórn tekur ákvörðun um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáætlun, þ.m.t. langtímaskuldbindingar samkvæmt leigusamningum, samningum um rekstur fasteigna eða þjónustu við íbúa eða sambærilegum samningum, skal hún tilkynna þá ákvörðun til eftirlitsnefndar, sbr. 74. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eins mánaðar“ kemur: tveggja mánaða.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Form þriggja ára áætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings og stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru skv. 4. mgr. 67. gr. um þriggja ára áætlanir.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar í meðferð fjármuna sveitarfélagsins og tryggja örugga ávöxtun þeirra.

Sveitarstjórn skal á hverjum tíma tryggja umráðarétt yfir fasteignum sem eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélagsins verði rækt.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Útgjöld úr sveitarsjóði og meðferð fjármuna og fasteigna.*

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Á sama hátt skal afla álits sérfróðs aðila áður en sveitarstjórn staðfestir samninga um framkvæmdir eða þjónustu við íbúa sveitarfélagsins sem gilda eiga til langs tíma og hafa í för með sér verulegar skuldbindingar fyrir sveitarsjóð. Þetta gildir einnig um samninga um sölu og endurleigu fasteigna sem falla undir 2. mgr. 73. gr.

Ákveði sveitarstjórn að selja fasteignir sveitarfélags sem falla undir 2. mgr. 73. gr. skal hún tilkynna þá ákvörðun til eftirlitsnefndar. Eftirlitsnefnd skal kanna hvaða fjárhagslegu áhrif salan hefur á rekstur sveitarfélagsins. Eftirlitsnefnd getur sett fram tillögur sínar til viðkomandi sveitarstjórnar um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess. Ráðherra getur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sett í reglugerð nánari fyrirmæli um form tilkynninga, viðmiðanir við athugun eftirlitsnefndar og önnur atriði er varða framkvæmd ákvæðisins.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Miklar fjárfestingar og sala fasteigna.*

8. gr.

Á undan 74. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: VII. KAFLI, **Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga,** og breytast númer kafla samkvæmt því.

9. gr.

2. mgr. 74. gr. laganna orðast svo:

Nefndin skal fylgjast með reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, bera saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar og hafa eftirlit með að fjárstjórn sveitarfélaga sé í samræmi við 3. mgr. 61. gr. Leiði athugun eftirlitsnefndar í ljós að afkoma sveitarsjóðs er ekki í samræmi við 3. mgr. 61. gr. eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum. Samhliða skal nefndin upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig hún hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1438. Frumvarp til laga [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

1. gr.

C-liður 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur“ í 7. gr., 2. mgr. 14. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 34. gr., 38. gr., 47. gr. og 2. mgr. 95. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

3. gr.

Á eftir orðunum „og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: og heilsuvernd starfsmanna.

4. gr.

III. kafli laganna fellur brott.

5. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: XI. kafla um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir.

6. gr.

Við 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nemar og lærlingar teljast einnig til starfsmanna, jafnvel þótt þeir inni af hendi vinnu án endurgjalds, enda sé vinna þeirra liður í skipulögðu námi.

7. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur eða tekið ákvarðanir“ í 35. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

8. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal setja nánari reglur“ í 3. mgr. 36. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „eða of mikils álags“ í a-lið kemur: eða hvernig dregið verði úr áhrifum andlega eða líkamlega einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða.
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum.

10. gr.

Í stað orðanna „skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins hlutast til um að“ í 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um að.

11. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur“ í 40. og 43. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra setur reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

12. gr.

Í stað orðanna „setur stjórn Vinnueftirlits ríkisins sérstakar reglur“ í 44. gr. laganna kemur: setur félagsmálaráðherra sérstakar reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

13. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að setja á markað eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formskilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur, sem sett eru samkvæmt lögum þessum, sérreglum sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndum stöðlum er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um kröfur sem tegund véla, tækja eða annars búnaðar verður að uppfylla til þess að teljast örugg og þær aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi tegundar við settar reglur.

14. gr.

Á eftir 48. gr. laganna kemur ný grein, 48. gr. a, svohljóðandi:

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að banna markaðssetningu og notkun á þeim tegundum véla, tækja eða annars búnaðar sem fullnægja ekki ákvæðum laga þessara, annarra sérreglna sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Áður en ákvörðun um bann er tekin skal atvinnurekanda, framleiðanda tegundar eða fulltrúa hans, eftir því sem við á, veittur hæfilegur frestur til að bæta úr annmörkum hennar.

Telji Vinnueftirlit ríkisins tegund véla, tækja eða annars búnaðar sérstaklega hættulega getur það krafist afturköllunar allra eintaka hennar. Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af slíkri afturköllun.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi og heilsu fólks eða eigna stafi hætta af einhverri tegund véla, tækja eða annars búnaðar er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar tímabundið í allt að fjórar vikur eða setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu og notkun þótt tegundin uppfylli formskilyrði laga þessara og viðkomandi

sérreglna. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hefja rannsókn á öryggi tegundar án ástæðulauss dráttar. Þá er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt. Framleiðandi eða fulltrúi hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna tegundar sem eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins hefur bannað tegund skv. 1.–3. mgr. er því heimilt að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök tegundar með öruggum hætti eða skylda þá, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra tegundina þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda sams konar tegund vélar, tækis eða annars búnaðar eða endurgreiða andvirði hennar.

Torveldi atvinnurekandi, framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn og skoðun Vinnueftirlits ríkisins á viðkomandi tegund eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar er stofnuninni heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar.

Þegar tegund er ekki í samræmi við settar reglur skal framleiðandi eða fulltrúi hans bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur í samráði við forstjóra Vinnueftirlitsins“ í 1. mgr. kemur: sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, og í samráði við forstjóra.

b. 2. mgr. orðast svo:

Félagsmálaráðherra setur gjaldskrá, að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu og skoðun farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og lyftubúnaðar, rúllustiga, geyma, þrýstihylkja og katla, þar á meðal um aukaskoðun sem þarf að gera ef vanbúnaður kemur í ljós við reglubundna skoðun og aukaskoðun vegna uppsetningar, breytinga eða viðgerða á framangreindum vélum, tækjum eða öðrum búnaði sem eru með gilda reglubundna skoðun.

c. Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlitsins setur reglur“ í 3. mgr. kemur: Félagsmálaráðherra setur reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

16. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur, efnaúrgangur eða spilliefni, þar með talin sprengifim efni, eldfim efni og sprengiefni, eru notuð eða kunna að vera notuð skal atvinnurekandi gæta þess að þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum sé beitt sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, mengun og sjúkdómum.

Þegar áhættumat skv. 65. gr. a gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin vegna hættulegs efnis, efnavöru, efnaúrgangs eða spilliefna skal atvinnurekandi sjá til þess að öryggisblöð og skriflegar leiðbeiningar, eftir því sem við á, liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við hættuleg efni eða efnavörur.

Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða, sé þess ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt. Hann skal ávallt leitast við, með tilliti til eðlis starfseminnar, að nota efni eða efnavöru sem teljast hættulaus eða síður hættuleg heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem þau eru notuð.

Mengun á vinnustað skal ekki fara yfir gildandi mengunarmörk efnis. Þegar mengun stafar frá fleiri en einu efni eða efnavöru skal tekið tillit til samverkandi áhrifa.

Efni eða efnavara sem stofnar eða getur stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skal vera í öruggum umbúðum á vinnustöðum. Hættulegur efnaúrgangur og spilliefni skulu geymd með öruggum hætti á vinnustað.

17. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins gefur út eiturefnaleyfi til einstaklinga og fyrirtækja sem við framkvæmd vinnu nota að staðaldri eiturefni eða efnavöru sem flokkast sem eiturefni að uppfylltum skilyrðum 50. gr. og reglugerðar sem sett er skv. 3. mgr. Í eiturefnaleyfi skal tilgreina þau efni sem leyfið nær til. Þetta ákvæði á ekki við um eiturefnaleyfi fyrir varnarefni, nagdýra- og skordýraeitur. Vinnueftirlit ríkisins skal árlega láta Umhverfisstofnun í té upplýsingar um leyfishafa og um hvaða eiturefni leyfið á við.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að merkingar, notkun, geymsla og flutningur efnis og efnavöru á vinnustöðum fullnægi gildandi lögum, reglum og viðurkenndum stöðlum. Vinnueftirlitinu er heimilt að banna framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og efnavara á vinnustöðum þegar það þykir sýnt að heilsu manna er hætta búin. Sama á við um efni þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu, meðferð, notkun eða vörslu þeirra.

Félagsmálaráðherra skal setja nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfisráðuneytis, um skilyrði eiturefnaleyfis, mengunarmörk, meðferð, umbúðir, áfyllingu, merkingu, geymslu, flutning efna og efnavöru á vinnustöðum og notkun þeirra sem geta stofnað heilsu starfsmanna í hættu eða leitt til lakari aðbúnaðar á vinnustöðum.

18. gr.

Á eftir 51. gr. laganna kemur ný grein, 51. gr. a, svohljóðandi:

Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eða efnavörur eru notuð eða kunna að vera notuð í þeim mæli að við slys geti skapast umfangsmikil hætta fyrir fólk og umhverfi skal atvinnurekandi gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir slík slys. Enn fremur skal atvinnurekandi gera ráðstafanir til að unnt sé að bregðast við slíkum slysum svo að tafarlaust megi draga úr afleiðingum þeirra.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að viðeigandi skilyrðum sé fullnægt og að nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna hættu á slysi, sbr. 1. mgr., hafi verið gerðar.

Félagsmálaráðherra skal skipa sérstaka fjögurra manna samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði að fengnum tilnefningum frá Brunamálastofnun, Almannavörnum ríkisins, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins.

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja samráð og samstarf hlutaðeigandi stofnana í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna, almennings og umhverfis þegar stórslys í iðnaði ber að höndum.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um varnir gegn og viðbrögð við slíkum slysum á vinnustöðum að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og samráðsnefndar um stórslysavarnir í iðnaði.

19. gr.

IX. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Hvíldartími, frídagar og hámarksvinnutími**, orðast svo:

a. (52. gr.)

Í kafla þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Vinnutími:* Sá tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur.
2. *Hvíldartími:* Sá tími sem ekki telst til vinnutíma.
3. *Næturvinnutími:* Tímabil sem ekki er skemmra en sjö klukkustundir og skal ná yfir tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Um nánari afmörkun tímabilsins fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
4. *Næturvinnustarfsmaður* er:
   a. starfsmaður sem venjulega vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og/eða
   b. starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
5. *Vaktavinna:* Vinna sem skipt er niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.
6. *Vaktavinnustarfsmaður:* Starfsmaður sem vinnur vaktavinnu.

b. (52. gr. a.)

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:

1. þá sem starfa við flutning á vegum og falla undir reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins,
2. lækna í starfsnámi, sbr. þó 53., 53. gr. a, 54., 57. og 58. gr.,
3. æðstu stjórnendur eða aðra þá sem ráða vinnutíma sínum sjálfir,
4. sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynlegri öryggisstarfsemi og brýnum rannsóknarhagsmunum á sviði löggæslu, vinnu sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörfum vegna snjóflóðavarna.

c. (53. gr.)

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld.

Með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarandi ófyrirséðra atburða, að því marki sem nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Sé daglegur hvíldartími styttur skv. 2. eða 3. mgr. skal starfsmaður fá samsvarandi hvíldartíma síðar.

d. (53. gr. a.)

Starfsmaður á rétt á hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

e. (54. gr.)

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá að minnsta kosti einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma skv. 53. gr.

Ef sérstök þörf er á vegna eðlis hlutaðeigandi starfa er heimilt með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga. Þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg má þó ákveða með samkomulagi á vinnustað að fresta vikulegum hvíldartíma þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á hverjum tveimur vikum.

Enn fremur er heimilt að fresta vikulegum frídegi þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvarandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu, enda fái starfsmaður samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komið.

f. (55. gr.)

Hámarksvinnutími starfsmanna á viku að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að reikna hámarksvinnutíma starfsmanna út frá viðmiðunartímabili sem má vera allt að sex mánuðir.

Ef fyrir liggja hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa er samtökum aðila vinnumarkaðarins heimilt að ákveða með samningum að hámarksvinnutími starfsmanna skuli reiknaður út frá viðmiðunartímabili sem er allt að 12 mánuðir, að gættum meginreglum laga þessara um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

Einungis vinnutími, sbr. 1. tölul. 52. gr., skal talinn við meðaltalsútreikninga skv. 1.–3. mgr. Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum og veikindaforföll skulu ekki talin með við meðaltalsútreikningana.

g. (56. gr.)

Vinnutími næturvinnustarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að lengja vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglulegastur.

Um viðmiðunartímabil og viðmið við útreikning á meðalvinnutíma næturvinnustarfsmanna fer skv. 55. gr.

Næturvinnustarfsmenn sem gegna sérstaklega áhættusömum störfum eða störfum sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag skulu ekki vinna lengur en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Félagsmálaráðherra skal setja reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um hvað teljist sérstaklega áhættusöm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag, sbr. 4. mgr.

h. (57. gr.)
Næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem sannanlega verða rakin til vinnutíma skulu þegar kostur er færðir til í dagvinnustörf sem henta þeim.

i. (58. gr.)
Atvinnurekendum er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara um vinnutíma, þar með taldar upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra.

20. gr.

Við 1. mgr. 62. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Vinnu þar sem hætta er á ofbeldi eða annarri sérstakri hættu að því undanskildu að ungmennin starfi með fullorðnum.

21. gr.

Í stað orðanna „að fengnum tillögum“ í 63. gr. f laganna kemur: að fenginni umsögn.

22. gr.

65. gr. laganna orðast svo:
Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu, sbr. 65. gr. a, og áætlun um heilsuvernd, sbr. 66. gr. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla.
Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Skal áætlunin vera aðgengileg hjá atvinnurekanda fyrir stjórnendur þess, starfsmenn og Vinnueftirlit ríkisins.
Endurskoða skal áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum hennar.
Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um skipulag eftirlitsins.

23. gr.

Á eftir 65. gr. laganna kemur ný grein, 65. gr. a, svohljóðandi:
Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum.
Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt.
Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um áhættumat að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, þar á meðal um áhættumat fyrir sérstaka áhættuþætti og gerð og frágang skjala sem tengjast því.

24. gr.

66. gr. laganna orðast svo:
Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um heilsuvernd sem byggð er á áhættumati, sbr. 65. gr. a, þar sem meðal annars kemur fram áætlun um forvarnir, þar á meðal um aðgerðir sem grípa þarf til í því skyni að draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og slysum.

Markmið heilsuverndar er að:

a. stuðla að því að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum,
b. stuðla að því að vinnu sé hagað þannig að starfsmenn fái verkefni við hæfi og stuðla að andlegri og líkamlegri aðlögun þeirra að starfsumhverfi,
c. draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi og viðhalda heilsu starfsmanna á vinnustað,
d. stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

Í áætlun um forvarnir skal koma fram lýsing á hvernig hættum og þeirri áhættu sem þeim fylgir samkvæmt áhættumati skuli mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttingum á vinnustað eða öðrum forvörnum. Skal leggja áherslu á almennar ráðstafanir áður en gerðar eru ráðstafanir til verndar einstökum starfsmönnum.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um heilsuvernd, þar á meðal um heilsuvernd sem tekur mið af sérstökum áhættuþáttum, forvarnir með hliðsjón af eðli starfa, stærð vinnustaða og gerð og frágang skjala sem tengjast áætlun um heilsuvernd.

25. gr.

Á eftir 66. gr. laganna kemur ný grein, 66. gr. a, svohljóðandi:

Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Skal atvinnurekandi upplýsa þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna. Enda þótt atvinnurekandi njóti þjónustu slíkra aðila ber hann engu að síður ábyrgð á að áætlunin sé gerð og henni fylgt eftir.

Þjónustuaðili skal hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins áður en hann hefur starfsemi. Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna þjónustuaðila sem uppfylla skilyrði ákvæðis þessa og reglugerðar sem sett er skv. 6. mgr. Fullnægi þjónustuaðili ekki settum skilyrðum síðar er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að afturkalla viðurkenninguna í heild eða að hluta þannig að hún takmarkist við ákveðna tegund starfsemi.

Þjónustuaðili sem veitir heildstæða þjónustu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum skal hafa aðgang að sérfræðingum sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt að hafi fullnægjandi þekkingu á heilbrigðissviði, í félagsvísindum, á tæknisviði eða öðru sambærilegu sérsviði þannig að þeir séu færir um að meta og bregðast við hættum eða hvers konar öðrum óþægindum vegna eðlisfræðilegra, efnafræðilegra, líffræðilegra, vistfræðilegra og sálfræðilegra þátta. Að öðrum kosti er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að takmarka viðurkenningu skv. 2. mgr. við ákveðna tegund starfsemi.

Þjónustuaðila er heimilt að gera samninga við aðra aðila um einstaka þætti vegna þjónustu skv. 3. mgr. Skulu þeir aðilar uppfylla skilyrði þau sem sett eru fyrir viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins. Samningar þessir skulu liggja fyrir þegar óskað er eftir viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins skv. 2. mgr.

Þjónustuaðili skal gæta trúnaðar í starfi sínu. Hann skal fara með allar upplýsingar sem hann kemst að í starfi sínu og varða persónuleg málefni og einkahagi starfsmanna sem trúnaðarmál. Sama gildir um upplýsingar er tengjast fyrirtækjum er hann starfar fyrir.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um nánari skilyrði sem þjónustuaðilar skulu fullnægja áður en þeir hefja starfsemi sína og um þá hæfni sem starfsmenn atvinnurekanda er sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað skulu fullnægja.

26. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn skulu eiga kost á heilsufarsskoðun á kostnað atvinnurekanda áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, enda séu starfsskilyrði þeirra slík að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma.

Í reglum sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og landlæknis, skal nánar kveðið á um í hverju heilsufarsskoðun skuli fólgin, tíðni eftirlits og hvaða mælingar og aðrar rannsóknir skuli gerðar að teknu tilliti til starfsumhverfis. Heimilt er að setja slíkar reglur fyrir einstakar starfsgreinar.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni sem hefur sérþekkingu er tengist starfinu.

b. Í stað orðsins „stjórnar“ í d-lið 2. mgr. kemur: forstjóra.

28. gr.

Í stað orðanna „Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur“ í 70. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

29. gr.

Í stað orðanna „skal stjórn Vinnueftirlits“ í 72. gr. laganna kemur: skal Vinnueftirlit ríkisins.

30. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verður: **Áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir.**

31. gr.

73. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

74. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og annast stjórnsýslu og eftirlit á því sviði er lögin ná til.

Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni.

Kostnaður af starfsemi stofnunarinnar skal greiðast með hlutdeild í tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, og af öðrum tekjum stofnunarinnar.

Vinnueftirlit ríkisins innheimtir gjöld fyrir þrýstiraunir, gas- og súrefnismælingar í lokuðum rýmum, mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis og inniloftsþáttum, skoðun á leiktækjum og verkpöllum, átaksprófanir, námskeið og próf, útgáfu skírteina og leyfa og útgáfu- og fræðsluefni samkvæmt gjaldskrá sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

33. gr.

75. gr. laganna orðast svo:

Verkefni sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að annast eru meðal annars að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara,
b. veita stofnunum, fyrirtækjum, félögum og starfsmönnum ráðgjöf,
c. veita þeim starfsmönnum er starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., leiðbeiningar í störfum þeirra,
d. afla og viðhalda þekkingu á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
e. fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði og tækni- og tækjabúnað,
f. veita fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum, svo sem um nýja tækni og þekkingu sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
g. stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum,
h. vinna að rannsóknum á sviði vinnuverndar,
i. sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, andlega sem líkamlega, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu,
j. sjá um að haldin sé skrá yfir tíðni vinnuslysa eftir starfsgreinum,
k. annast markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir lög þessi,
l. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

34. gr.

76. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnueftirlits ríkisins til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tvo tilnefnda af Samtökum atvinnulífsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun Vinnueftirlits ríkisins og er félagsmálaráðherra og forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Stjórnin skal gera tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar, þar á meðal um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Ráðherra og forstjóri skulu leita umsagnar stjórnarinnar við undirbúning að setningu laga, reglugerða og annarra reglna um mál er heyra undir lög þessi.

35. gr.

77. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að skipa vinnuverndarráð einstakra starfsgreina, að fenginni rökstuddri tillögu stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, í því skyni að vinna að tillögum um úrbætur í málum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum innan viðkomandi starfsgreinar.

Samtök aðila vinnumarkaðarins innan tiltekinnar starfsgreinar tilnefna hvert sinn fulltrúa í ráðið og velja þeir sér sjálfir formann og varaformann. Félagsmálaráðherra ákveður skipunartíma sérhvers ráðs sem þó skal aldrei vara lengur en fjögur ár í senn. Vinnuverndarráð starfsgreina skulu senda tillögur sínar til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins sem fjallar sérstaklega um þær og veitir félagsmálaráðherra umsögn um þær.

Kostnaður af starfsemi vinnuverndarráða starfsgreina skal greiðast af tekjum Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 3. mgr. 74. gr.

36. gr.

78. gr. laganna orðast svo:

Atvinnurekandi skal skrá öll slys sem eiga sér stað á vinnustaðnum og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Hið sama gildir um þá sjúkdóma sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun eða vitneskju um að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Einnig skal atvinnurekandi skrá óhöpp sem eiga sér stað á vinnustaðnum og eru til þess fallin að valda slysum.

Vinnueftirlit ríkisins, þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu hafa aðgang að skránni.

Atvinnurekandi og þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. skulu fara með persónuupplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu slysa, óhappa og sjúkdóma.

37. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.

Læknir, sem kemst að því eða fær grun um að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi atvinnusjúkdóm, atvinnutengdan sjúkdóm eða hafi orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, skal án ástæðulausrar tafar tilkynna það til Vinnueftirlits ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af tilkynningum um slys á vinnustöðum sem henni berast.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um tilkynningu slysa að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

38. gr.

80. gr. laganna orðast svo:

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en innan sólarhrings um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hvers konar hættuleg efni eða efnavörur geti valdið mengun. Skal atvinnurekandi veita upplýsingar um aðstæður á slysstað, um hvers konar efni er að ræða og hvaða ráðstafana gripið hefur verið til eftir því sem frekast er unnt.

Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið eða óhappið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.

Atvinnurekandi skal upplýsa þá starfsmenn sem er hætta búin eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hættuleg efni og efnavörur geti valdið mengun.

Vinnueftirlit ríkisins skal tilkynna Umhverfisstofnun um tilvik þar sem hætta er á að mengunin dreifist út fyrir vinnustaðinn.

39. gr.

81. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins skal rannsaka orsakir slysa, óhappa og mengunar sem tilkynnt er um skv. 79. og 80. gr. í þeim tilgangi að stuðla að því að komið sé í veg fyrir að slíkt endurtaki sig á vinnustöðum.

Þegar Vinnueftirliti ríkisins hefur borist tilkynning skulu starfsmenn þess fara á staðinn án ástæðulauss dráttar til að hefja vettvangskönnun. Óheimilt er að breyta aðstæðum á slysstað umfram það sem nauðsynlegt er vegna björgunaraðgerða áður en vettvangskönnun hefur farið fram. Telji Vinnueftirlitið ekki þörf á sérstakri vettvangskönnun skal það tilkynna atvinnurekanda þar um án ástæðulauss dráttar.

40. gr.

82. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins skal fylgjast með að atvinnurekendur, er lög þessi taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu fara í eftirlitsheimsóknir inn í fyrirtækin til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Skulu þeir enn fremur sinna markaðsgæslu og markaðseftirliti í eftirlitsheimsóknum sínum. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu sýna skilríki um starf sitt.

Í eftirlitsheimsóknum skulu starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafa samband við atvinnurekanda eða fulltrúa hans og þá aðila sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og skulu þeir gefa allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið. Enn fremur er starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins heimilt að krefja aðra starfsmenn sem eru í vinnu eða hafa verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði um sömu upplýsingar.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hafa aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem eiga að vera fyrir hendi innan fyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

Starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt gerist nauðsynlegt.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu halda skrá yfir eftirlitsheimsóknir sínar samkvæmt ákvæði þessu þar sem skráðar eru athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrirmæli og tilkynningar er varða vinnuskilyrði. Skal atvinnurekanda afhent afrit af þeim hluta skrárinnar er viðkemur starfsemi hans.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd eftirlitsins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið að tiltekin eftirlitsverkefni Vinnueftirlits ríkisins verði falin annarri opinberri stofnun eða faggiltum skoðunarstofum.

41. gr.

Í stað 2. mgr. 86. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Atvinnurekanda ber jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfir, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki er unnt að ná sambandi við yfirmann eða starfsmann sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf.

Aðgerðir skv. 1. eða 2. mgr. gera þá aðila sem þar greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhvarfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja og er óheimilt að láta þá gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkurn hátt.

42. gr.

87. gr. laganna orðast svo:

Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir mega nema allt að 100.000 krónum á sólarhring. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta skal meðal annars taka tillit til þess hve aðkallandi umbæturnar eru og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Aðila er heimilt að kæra ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um beitingu dagsekta til félagsmálaráðuneytis innan fjórtán daga frá því honum var tilkynnt um ákvörðunina. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra barst til úrskurðar.

Ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til félagsmálaráðuneytis frestar aðför.

43. gr.

88. gr. laganna fellur brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 93. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „reglum, sem Vinnueftirlit ríkisins setur, eða eftir fyrirmælum forstjóra stofnunarinnar“ í 1. mgr. kemur: fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.
b. 2. mgr. fellur brott.

45. gr.

Í stað orðanna „og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins“ í 94. gr. laganna kemur: gildandi reglum og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

46. gr.

Orðin „eða stjórnar“ í 2. mgr. 96. gr. laganna falla brott.

47. gr.

XIV. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Kæruheimild**, orðast svo:

(98. gr.)

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins til félagsmálaráðuneytis innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

48. gr.

Lög þessi eru meðal annars sett til innleiðingar á tilskipun nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sem vísað er til í 8. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 28. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 42/96, og tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna, sem vísað er til í 29. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 43/96.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal skipa nýja stjórn Vinnueftirlits ríkisins innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara og fellur þá niður umboð fyrri stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Hin nýja stjórn tekur við verkefnum fráfarandi stjórnar sem lúta að faglegri stefnumótun Vinnueftirlits ríkisins en stofnunin tekur við öðrum verkefnum hennar.

1439. Þingsályktun [689. mál]

um skógrækt 2004–2008.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1211.

1440. Lög [622. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1437.

1441. Lög [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1438.

1442. Lög [60. mál]

um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1430.

1443. Barnalög. [180. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1424.

1444. Hafnalög. [661. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1427.

1445. Lög [421. mál]

um Lýðheilsustöð.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 530.

1446. Lög [669. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1086.

1447. Lög [716. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1384.

1448. Lög [715. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1377.